Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum	15
4. Yfirlit þjóðhagsspár	23
Fylgiskjal: Töfluviðauki	27

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og kynntar helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins - síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum


Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Nýtt hagvaxtarskeið er hafið

Nýtt hagvaxtarskeið er hafið hér á landi sem getur orðið hið lengsta í íslenskri hagsögu. Næstu ár munu framkvæmdir við uppbyggingu stóriðju ráða miklu um hagvöxtinn. Þær gera kröfur um ábyrga hagstjórn til að viðhalda þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf undanfarin ár. Mikilvægasta verkefnið er að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau haldi aftur af innlendri eftirspurn þegar framkvæmdirnar eru sem mestar.

Hagvöxtur 2001–2007



Aukið aðhald í ríkisfjármálum 2004

Þessi atriði hafa verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004. Þar er gert ráð fyrir tæplega 6½ milljarðs króna tekjuafgangi eða sem nemur ¾% af landsframleiðslu. Ekki er reiknað með tekjum af eignasölu enda voru viðskiptabankarnir tveir seldir einkaaðilum á árinu 2003. Sambærileg tala fyrir árið 2003, þ.e. að frátöldum tekjum af eignasölu, er neikvæð um liðlega 6 milljarða króna. Afkomubatinn milli ára nemur því rúmlega 12½ milljarði króna, eða 1½% af landsframleiðslu. Þessi þróun endurspeglar aukið aðhald í ríkisfjármálum á árinu 2004.

Góður árangur efnahagsstefnunnar

Þróun efnahagsmála hér á landi að undanförnu staðfestir þann mikla árangur sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað. Þetta á bæði við um hið kröftuga hagvaxtarskeið, sem hófst um miðjan síðasta áratug, og ekki síður um það hvernig tókst að komast klakklaust í gegnum

mikla uppsveiflu á árunum 1999–2000. Margir spáðu því að íslenska hagkerfið myndi brotlenda og að hér skapaðist ófremdarástand með atvinnuleysi og óðaverðbólgu. Þessar spár rættust sem betur fer ekki.

Ekki er deilt um skýringarnar

Ekki er deilt um skýringarnar. Um það eru helstu efnahagssérfræðingar sammála, bæði hér á landi og erlendis. Þannig kemur fram í nýjustu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hina hröðu aðlögun hagkerfisins að breyttum aðstæðum megi fyrst og fremst rekja til þeirra umfangsmiklu skipulagsbreytinga, sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir, og hagstjórnar stjórnvalda sem miðaði að því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Sömu sjónarmið hafa komið fram hjá öðrum erlendum aðilum, svo sem OECD og öllum helstu matsfyrirtækjunum. Helstu breytingar, sem hér eru nefndar til sögunnar, eru aukið frelsi á fjármagnsmarkaði auk afnáms hafta á fjármagnshreyfingum í tengslum við aðild að EES, bætt staða ríkisfjármála, einkavæðing ríkisfyrirtækja auk almennrar markaðsvæðingar í hagkerfinu og breytingar á stjórn peningamála með auknu sjálfstæði Seðlabankans ásamt verðbólgumarkmiði og flotgengi.

Stefnumótun til næstu ára markar tímamót

Ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun markar tímamót í hagstjórn hér á landi. Jafnframt gefur hún færi á meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum, rennir traustari stoðum undir hagstjórn, styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu.

Ríkisfjármál í lykilhlutverki í hagstjórn

Ríkisfjármálunum verður beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst og að sama skapi til að örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Stefnan í ríkisfjármálum verður því í lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum eru eftirfarandi:

- Á árunum 2005–2007 verði varið um 20 milljörðum króna til skattalækkana og allt að 3 milljörðum króna til tiltekinna verkefna, s.s. til hækkunar barnabóta.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 3 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verði aftur auknar um 3 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008.
- Aðhald í ríkisfjármálum verði aukið. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu á árunum 2005–2007 ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2½% að raungildi á árunum 2006–2007.
- Afgangur á ríkissjóði verði ekki undir 1¾% af landsframleiðslu á árinu 2005 og 1% árið 2006.

Verulega verði dregið úr vexti samneyslu

Á útgjaldahlið er gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði ýtrasta aðhalds í almennum rekstri, bæði í launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum. Miðað er við að verulega dragi úr vexti samneyslu ríkisins frá því sem verið hefur og að árlegur vöxtur nemi að hámarki 2% að raungildi, eða 1% undir meðalvexti undanfarinna ára. Nánari útfærsla á þessu markmiði verður ákveðin við fjárlagagerð hverju sinni.

Framkvæmdir minnka um sinn

Óhjákvæmilegt er að draga verulega úr framkvæmdum á vegum ríkisins á næstu árum þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst. Framkvæmdir verða síðan auknar á ný þegar dregur úr hagvexti.

Vöxtur tilfærsluútgjalda verði hóflegur

Tilfærsluútgjöld munu aukast nokkuð á næstu árum í samræmi við óbreytt lög, meðal annars vegna fjölgunar fólks á lífeyrisaldri. Minna atvinnuleysi, og þar með minni útgjöld til atvinnuleysisbóta, vegur hér á móti. Leitast verði við að halda árlegum raunvexti tilfærsluútgjalda í 2½% að jafnaði með auknu aðhaldi.

Stórfelldar skattalækkanir á næstu árum

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum skapar svigrúm til lækkunar skatta og aukinna útgjalda í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Lækkun skatta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem einkum verður horft til lækkunar tekjuskatts einstaklinga, afnáms eignarskatta og lækkunar virðisaukaskatts. Jafnframt verða barnabætur hækkaðar.

Ábyrg hagstjórn tryggir stöðugleika í efnahagsmálum

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmdanna. Mikilvæg forsenda þessa er að fylgt verði aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu eins og lýst er hér að framan. Jafnvægi í efnahagsmálum er enn fremur forsenda þess að íslenskt atvinnulíf geti haldið sínum hlut í samkeppni við önnur lönd og þar með skapað skilyrði fyrir auknum þjóðartekjum og batnandi lífskjörum íslensku þjóðarinnar. Það er meginmarkmið þessa fjárlagafrumvarps.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2003

Fjárlög voru afgreidd með 11,5 milljarða króna tekjuafgangi en með fjáraukalögum í vor minnkaði afgangurinn um 2,1 milljarð vegna aukinna útgjalda til byggða- og vegamála og varð 9,4 milljarðar. Að teknu tilliti til fjáraukalaga var lánsfjárafgangur áætlaður 19,8 milljarðar og var hann borinn uppi af tekjum af sölu eignarhluta í fyrirtækjum.

Auknar tekjur af veltusköttum

Tekjuáætlun fjárlaga 2003 ásamt fyrri fjáraukalögum ársins gerði ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 274,2 milljarðar króna. Áætlunin byggðist á spá fjármálaráðuneytisins um þróun helstu efnahagsstærða árið 2003 og innheimtuþróun á árinu 2002. Við endurskoðun tekjuáætlunar fyrir árið 2003 hefur fyrst og fremst verið litið til þróunar á innheimtum tekjum og breytinga í efnahagsmálum. Þrátt fyrir skýr merki þess að uppsveifla sé hafin í efnahagslífinu hækka skatttekjur ríkissjóðs aðeins lítillega frá áætlun fjárlaga 2003. Skýringa er að leita í minni launabreytingum, meðal annars vegna meira atvinnuleysis en spáð var, sem hefur áhrif á tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald. Á móti hafa tekjur af veltusköttum aukist vegna aukinna neysluútgjalda heimilanna og aukinna umsvifa í efnahagslífinu. Heildartekjur ríkissjóðs hækka meira en skatttekjur, einkum vegna meiri tekna af arðgreiðslum ríkisfyrirtækja. Að öllu samanlögðu eru tekjur ríkissjóðs árið 2003 áætlaðar 277,2 milljarðar króna og skatttekjur 237,8 milljarðar.

Aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum

Í fjárlögum fyrir árið 2003 voru útgjöld áætluð 260 milljarðar króna. Með fjáraukalögum, sem Alþingi samþykkti 14. mars sl., voru fjárheimildir auknar um 4,7 milljarða vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum. Nú er áætlað að útgjöld verði 6,2 milljarðar umfram heimildir í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum fyrir árið 2003. Þar af er áætlað að rekstrarútgjöld, það er launakostnaður og önnur rekstargjöld, verði 3,6 milljarðar umfram heimildir, einkum vegna útgjaldaauka sjúkrahúsa og menntastofnana. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði tæplega 4 milljarðar umfram forsendur fjárlaga og munar þar mestu um ríflega einn miljarð í auknar atvinnuleysisbætur og greiðslu vaxtabóta umfram áætlun. Þá má nefna um hálfs milljarðs króna umframgjöld sjúkratrygginga og 300 m.kr. neyðaraðstoð við Írak. Loks má nefna 350 m.kr. tekjur og gjöld af úrvinnslugjaldi sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum þar sem lög um úrvinnslusjóð voru staðfest eftir afgreiðslu fjárlaga.

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna stofnkostnaðar verði nokkuð innan við heimildir fjárlaga, einkum hjá Vegagerðinni og vegna byggingar menningarhúsa. Að öllu samanlögðu er áætlað að útgjöld ríkissjóðs árið 2003 verði 271 milljarður.

Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2003 gerir ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 6,2 milljarðar eða 3,2 milljörðum minni en í samþykktum fjárlögum og fyrri fjáraukalögum. Breyting á tekjuafkomu hefur bein áhrif á lánsfjárafgang en á móti kemur að innheimtar afborganir veittra lána verða meiri en áætlað var í fjárlögum. Lánsfjárafgangur rýrnar því aðeins um rúma 2 milljarða og er áætlaður 17,6 milljarðar og er gert ráð fyrir að honum verði annars vegar ráðstafað í að greiða niður skuldir um 9,1 milljarð og hins vegar til að styrkja stöðu lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins um 7,5 milljarða. Staðan gagnvart Seðlabanka í árslok batnar samkvæmt því um tæplega einn milljarð króna.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004

Tekjuafgangur eykst

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 6,4 milljarðar króna þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir tekjum af söluhagnaði eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum. Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2003 gerir ráð fyrir 12,4 milljarða króna hagnaði af sölu eignarhluta í fyrirtækjum og 6,2 milljarða króna tekjuafgangi. Skýringin á því að tekjuafgangur hækkar á milli ára, þrátt fyrir að ríflega 12 milljarða tekjur af sölu eignarhluta falli niður, eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er beitt ýtrasta aðhaldi í útgjöldum og lagðar fram tillögur um 3,7 milljarða króna lækkun útgjalda þannig að í heild aukast útgjöldin aðeins um rúma 2 milljarða frá áætlun 2003. Í öðru lagi gætir vaxandi hagvaxtar á næsta ári sem skilar sér í aukinni veltu og kaupmætti. Skatttekjur hækka því um 14½ milljarð króna milli ára og heildartekjur um 2,2 milljarða þrátt fyrir minni eignatekjur. Lánsfjárafgangur er í frumvarpinu áætlaður 13,6 milljarðar og lækkar um tæplega 4 milljarða frá áætlun þessa árs. Þar koma annars vegar fram áhrifin af minni eignasölu og hins vegar bætt afkoma sem kemur fram í tæplega 12 milljarða króna styrkingu á handbæru fé frá rekstri. Einnig verða innheimtar afborganir af veittum lánum meiri á næsta ári vegna afborgunar Seðlabanka af láni sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001. Áformað er að lánsfjárafgangur næsta árs gangi til þess að greiða niður skuldir um 4 milljarða, styrkja stöðu lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins um 7,5 milljarða og bæta stöðuna gangvart Seðlabanka um rúmlega 2 milljarða.

Afkoma ríkissjóðs 2002–2004

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2002	Fjárlög [4] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Tekjur	259,2	274,2	277,2	279,4
Gjöld	267,3	264,8	271,0	273,0
Tekjujöfnuður	**-8,1**	**9,4**	**6,2**	**6,4**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-4,2	-20,1	-20,1	-8,5
Handbært fé frá rekstri	**-12,3**	**-10,7**	**-13,9**	**-2,1**
Fjármunahreyfingar [2]	8,5	30,5	31,5	15,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-3,8**	**19,8**	**17,6**	**13,7**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Aukin umsvif í efnahagslífinu

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2004 endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu enda skýr merki um að uppsveifla sé hafin og að fram undan sé tímabil aukins hagvaxtar. Spá fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3½% á árinu 2004 og verðbólgan verði um 2½%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um 2½%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3½%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið 252,3 milljörðum króna og hækki um 6% að nafnvirði milli ára. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar lítillega samhliða auknum hagvexti, úr 29,2% í 29,3%. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar geta numið allt að 279½ milljarði króna. Þær hækka mun minna en skatttekjurnar milli ára enda er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna á árinu 2004.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 273 milljarðar árið 2004 og hækka um 8,2 milljarða frá samþykktum fjárlögum og fjáraukalögum þessa árs en um 2 milljarða frá áætlaðri útkomu ársins. Heildargjöld lækka þannig að raungildi um 1,6% frá áætlaðri útkomu ársins. Þar af standa rekstrargjöld nánast í stað; sama má segja um neyslu- og rekstrartilfærslur þrátt fyrir aukin útgjöld til almannatrygginga í kjölfar sam-

komulags við Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara. Kemur þar tvennt til. Annars vegar er spáð minnkandi atvinnuleysi og hins vegar koma ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til lækkunar útgjalda. Þá lækkar fjárfesting og stofnkostnaðartilfærslur um 20% og nær sú lækkun til nær allra sviða ríkisins að frátöldum stofnkostnaði í hjúkrunarheimilum. Loks standa vaxtagjöld nánast í stað.

Aðhald með útgjöldum

Útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins markast af sérstökum ráðstöfunum sem skila samtals 3,7 milljarða króna útgjaldasparnaði. Þar af lækka rekstrargjöld um 700 m.kr., tilfærsluútgjöld um 1.500 m.kr. og stofnkostnaður um tæplega 1.500 m.kr. Lækkun rekstargjalda felst í því að lagt er til að ríkissjóður hverfi frá endurgreiðslu hluta af tryggingagjaldi til atvinnurekenda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launþega. Á sínum tíma var um tímabundna ráðstöfun að ræða sem ekki er talin þörf fyrir lengur enda hefur verið samið í kjarasamningum um hærri mótframlög en var í upphafi og þá er sparnaðurinn frádráttarbær frá tekjuskatti. Samtals er áætlað að útgjöld ríkisins lækki um ríflega hálfan milljarð vegna þessa. Þá er gerð 1% hagræðingarkrafa til stjórnsýslustofnana sem skilar um 100 m.kr. útgjaldasparnaði. Lækkun neyslu- og rekstrartilfærslna felst í 740 m.kr. lækkun útgjalda sjúkratrygginga, einkum vegna lyfjakostnaðar, hjálpartækja og sérfræðilæknisaðstoðar. Þá lækka vaxtabætur um 600 m.kr. þar sem lagt er til að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 5,5% í stað 7% af skuldum vegna íbúðakaupa enda hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert frá því að 7% markið var sett. Loks er gert ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 m.kr. þar sem lagt er til að í stað þess að bætur reiknist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana o.fl. Lækkun stofnkostnaðar felst í 1.000 m.kr. lækkun framlaga til vegagerðar frá fjárlögum þessa árs auk þess sem framlög til ýmissa stofnkostnaðarverkefna og tækjakaupa ríkisstofnana lækka samtals um 500 m.kr.

Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna

	Reikn. 2000	Reikn. 2001	Reikn. 2002	Fjárlög 2003	Áætlun 2003	Frv. 2004
Tekjur umfram gjöld	**-4,3**	**8,6**	**-8,1**	**9,4**	**6,2**	**6,4**
Óregluleg gjöld	37,6	8,5	26,3	8,5	8,5	8,7
Óreglulegar tekjur	3,8	1,1	11,7	12,9	13,0	0,5
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**29,5**	**16,0**	**6,5**	**5,0**	**1,7**	**14,6**

Batnandi afkoma


Taflan að ofan sýnir afkomu ríkissjóðs þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum. Með óreglulegum tekjum er talinn hagnaður af sölu eigna og endurmat ríkisfyrirtækja sem fært er um tekjuhlið. Með óreglulegum gjöldum eru meðal annars gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Á þennan mælikvarða koma áhrif hagsveiflunnar á ríkissjóð glöggt fram. Þrátt fyrir að gripið hafi verið til sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum í ár, sem meðal annars eru fjármagnaðar með tekjum af sölu eigna, verður óverulegur tekjuafgangur á þessu ári. Breytingin yfir á næsta ár er talsverð eða úr 1,7 milljarða afgangi í 14,6 milljarða afgang. Eins og áður hefur komið fram gætir þar uppsveiflu í efnahagslífinu á næsta ári og lækkun ríkisútgjalda sem að framan er rakin.

Skuldir lækka

Lánsfjárafgangur hefur verið á ríkissjóði frá árinu 1998 ef frá eru talin tvö ár. Samtals nemur uppsafnaður lánsfjárafgangur áranna 1998–2004 63,5 milljörðum króna á verðlagi hvers árs. Hefur lánsfjárafgangi verið varið til að efla stöðu lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til að greiða niður skuldir auk þess sem staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka hefur styrkst. Þannig kemur fram í ríkisreikningi fyrir árið 2002 að innborganir ríkissjóðs til lífeyrissjóðanna fram til ársloka 2002 hafa orðið til þess að fyrirsjáanleg sjóðþurrð LSR hefur frestast frá árinu 2014 til ársins 2025 og mun verða úr sögunni á tiltölulega fáum árum haldi greiðslurnar áfram.

Niðurgreiðslur skulda ríkissjóðs hafa tekið mið af stöðunni á lánsfjármarkaði hverju sinni og þess svigrúms sem er til að greiða niður erlendar skuldir. Á meðfylgjandi mynd sést hvernig vaxtajöfnuður ríkissjóðs, það er vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, hefur þróast frá árinu 1998 til 2004.

Vaxtajöfnuður ríkissjóðs 1998–2004



Eins og fram kemur á myndinni var vaxtajöfnuðurinn neikvæður um 7,7 milljarða árið 1998 á verðlagi þess árs en var neikvæður um 0,6 milljarða samkvæmt ríkisreikningi 2002 og er áætlaður nánast í jafnvægi í fjárlagafrumvarpinu.

3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

3.1 Inngangur

Á undanförnum árum hefur stefnumörkun stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn. Slík stefnumörkun gefur færi á meiri yfirsýn yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og rennir þannig traustari stoðum undir almenna hagstjórn. Sérstaklega er kveðið á um stefnumörkun af þessu tagi í lögum um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi 1997 en þar segir í 28. grein:

> Langtímaáætlun. Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlun endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar.

Þessu hefur verið fylgt eftir í fjárlagafrumvörpum síðustu ára og hefur þar jafnan birst framreikningur útgjalda eftir ráðuneytum til þriggja ára í senn. Enn fremur hefur þar verið fjallað um horfur í efnahags- og ríkisfjármálum til nokkurra ára. Þessi umfjöllun hefur verið almenns eðlis fremur en að þar hafi verið gerð ítarleg grein fyrir þróun einstakra þátta á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar. Engu að síður hefur þessi áætlunargerð verið gagnleg og gefið vísbendingar um stöðu og stefnu í ríkisfjármálum með tilliti til almennra markmiða stjórnvalda í efnahagsmálum.

Auknar kröfur til hagstjórnar

Stefnumörkun stjórnvalda til nokkurra ára í senn styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Framkvæmdir við byggingu álvers og virkjunar á Austurlandi gera miklar kröfur til hagstjórnar á komandi árum og mikilvægasta verkefnið er að beita ríkisfjármálunum með þeim hætti að þau haldi aftur af innlendri eftirspurn þegar framkvæmdirnar standa sem hæst.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar endurspeglar þessi sjónarmið en þar eru helstu markmið efnahagsstefnunnar skilgreind svo:

> Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
>
> Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram til þess að draga úr kostnaði og verklag við fjárlagagerð þróað áfram til þess að styrkja afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Mikilvægt er í þessu samhengi að horft verði til lengri tíma en eins árs í senn.
>
> Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum. Á kjörtímabilinu verður m.a. tekjuskattsprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að 4%, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattskerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings. Enn fremur er ætlunin að auka möguleika almennings á skattfrjálsum viðbótarlífeyrissparnaði. Skattalækkanir verði nánar ákveðnar í tengslum við gerð kjarasamninga.

3.2 Helstu þættir ríkisfjármálastefnunnar

Markmið í ríkisfjármálum

Í því skyni að tryggja framgang þeirrar stefnu sem mörkuð er í stefnuyfirlýsingunni hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum til loka kjörtímabilsins:

- Á árunum 2005–2007 verði um 20 milljörðum króna varið til skattalækkana og allt að 3 milljörðum króna til tiltekinna verkefna, s.s. til hækkunar barnabóta.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 3 milljarða króna árið 2005 og 2 milljarða árið 2006. Framkvæmdir verði aftur auknar um 3 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008.
- Aðhald í ríkisfjármálum verði aukið. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu á árunum 2005–2007 ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2½% að raungildi á árunum 2006–2007.
- Afgangur ríkissjóðs verði ekki undir 1¾% af landsframleiðslu á árinu 2005 og 1% árið 2006.

3.3 Forsendur langtímaáætlunar

Lækkun skatta

Á tekjuhlið ríkisfjármála er gert ráð fyrir um 20 milljarða króna skattalækkun á árunum 2005–2007. Hér er fyrst og fremst horft til lækkunar tekjuskatts einstaklinga, afnáms eignarskatts og lækkunar virðisaukaskatts. Nánari útfærsla mun tengjast framgangi almennra kjarasamninga.

Lækkun tekjuskatts einstaklinga stuðlar að aukinni atvinnuþátttöku sem er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að stóriðjuframkvæmdirnar kalla á verulega aukið framboð á vinnuafli. Þótt atvinnuþátttaka hér á landi sé með því mesta sem þekkist má ætla að lækkun tekjuskatts geti orðið til þess að auka hana enn frekar.

Eðlilegt er að hverfa frá álagningu eignarskatta í ljósi þess að nú eru allar eignatekjur skattlagðar með sambærilegum hætti. Meirihluti eignarskatts einstaklinga lendir á fólki um og yfir miðjum aldri og má ætla að afnám hans leiði fremur til aukins sparnaðar en meiri neyslu. Álagning eignarskatta á fyrirtæki er nú orðið nær óþekkt í helstu samkeppnislöndum og rýrir því samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Tímabært er að endurskoða álagningu virðisaukaskatts enda skatthlutfallið hér á landi með því hæsta sem þekkist. Einnig þarf að endurskoða álagningu mishárra vörugjalda á ýmsar vörur og halda þannig áfram að draga úr neyslustýringu skatta. Mikilvægt er að skoða alla þessa þætti í samhengi með tilliti til jafnræðis- og jöfnunarsjónarmiða, hagkvæmni í innheimtu skatta og tekjuöflunar ríkissjóðs.

Hægari vöxtur samneyslu

Á útgjaldahlið er gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði ýtrasta aðhalds í almennum rekstri ríkissjóðs og að gripið verði til aðgerða til að mæta frávikum frá markaðri stefnu. Þá er mikilvægt að launabreytingar opinberra starfsmanna verði ekki hærri en gerist í samkeppnisgreinunum. Í áætluninni er miðað við að draga úr vexti samneyslu ríkisins frá því sem verið hefur þannig að árlegur vöxtur nemi að hámarki 2% að raungildi eða 1% undir meðalvexti undanfarinna ára. Jafnframt er gert ráð fyrir umtalsverðum samdrætti í framkvæmdum á vegum ríkisins á næstu árum. Þær verða síðan auknar á ný þegar álvers- og virkjunarframkvæmdum á Austurlandi lýkur.

Tilfærsluútgjöld munu aukast nokkuð á næstu árum í samræmi við óbreytt lög, meðal annars vegna fjölgunar fólks á lífeyrisaldri. Hins vegar má gera ráð fyrir að nokkuð dragi úr fjölgun öryrkja vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði. Loks dregur úr atvinnuleysi og þar með útgjöldum til atvinnuleysisbóta. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að tilfærsluútgjöld aukist að meðaltali um 2½% árlega enda verði gætt aðhalds og ekki ráðist í kostnaðarsamar breytingar nema því verði mætt með auknu aðhaldi á öðrum sviðum.

Almennt er í áætluninni miðað við framreikning útgjalda í ljósi gildandi laga og núverandi umfang þjónustu. Annars vegar er miðað við almennar forsendur um þróun útgjalda, t.d. um 1% árlegan raunvöxt útgjalda til stjórnsýslu, og hins vegar hagrænar spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í árgangi í framhalds- og háskólum o.fl. Gert er ráð fyrir að meðan á framkvæmdum stendur verði gætt aðhalds í vexti samneyslu með virkari útgjaldastýringu og að dregið verði úr sjálfvirkum vexti útgjalda.

Gert er ráð fyrir að 1 milljarði króna á ári verði varið til forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar á árunum 2005–2007 og að þeim verkefnum verði mætt með breyttri forgangsröðun verkefna. Loks er tekið tillit til langtímaskuldbindinga og samgönguáætlana.

Þær efnahagsforsendur sem langtímaáætlunin byggist á taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptalöndunum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls taka mið af spám fjármálaráðuneytisins með hliðsjón af virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem gengið er út frá tilteknum forsendum um fiskafla á næstu árum. Loks er gengið út frá því að niðurstaða komandi kjarasamninga á árunum 2004–2005 taki mið af þeim efnahagslegu aðstæðum sem fram undan eru og raski ekki þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika og lágri verðbólgu og tryggja atvinnu.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þau meginmarkmið sem áætlunin byggist á. Þannig er talið að ekki verði komist hjá nokkurri hækkun vaxta þegar framkvæmdir standa sem hæst. Aukið aðhald í ríkisfjármálum mun hins vegar halda hækkun vaxta í lágmarki.

3.4 Niðurstöður langtímaáætlunar

Mikill hagvöxur

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmdanna. Á árunum 2004–2006 eru horfur á umtalsverðum hagvexti. Árið 2007 hægir hins vegar talsvert á en á móti vega þá áhrif aukinna framkvæmda á vegum ríkisins. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna leiðir óhjákvæmilega til nokkurs halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar framkvæmdum lýkur og álútflutningur nýrrar verksmiðju segir til sín. Búast má við að verðbólga aukist tímabundið þegar framkvæmdirnar eru í hámarki en lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun aukast verulega og atvinnuleysi verður hverfandi allt tímabilið.

Helstu þjóðhagsstærðir 2004–2007

Magnbreytingar, %	Frumvarp 2004	Áætlun 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007
Einkaneysla	3½	5	3¾	3
Samneysla	1	2	2	2
Fjárfesting	8½	16½	6	-19¾
Þjóðarútgjöld alls	4	7	4	-2¾
Útflutningur vöru og þjónustu	4½	3	2½	11½
Innflutningur vöru og þjónustu	5¾	6¼	4¼	1¾
Landsframleiðsla	3½	5½	3¼	¾
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-3¼	-4¾	-5¾	-3¼
Tekju- og verðlagsbreytingar, %				
Ráðstöfunartekjur á mann	5	7	6	4½
Launabreytingar	5	7	4½	3½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2½	4	2¾	1¾
Vísitala neysluverðs	2½	3	3	2½
Gengisvísitala, stig	125	127	128	129
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2½	2	2½	3

Stöðugleika viðhaldið

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum skapar svigrúm til lækkunar skatta og aukinna útgjalda í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Þannig verður umtalsverður afgangur á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki. Jafnframt lækka skuldir ríkissjóðs.

Óhjákvæmilegt er að nokkur halli verði á ríkissjóði þegar framkvæmdum lýkur enda dregur þá verulega úr hagvexti sem eðlilegt er að

bregðast við með auknum framkvæmdum á vegum ríkisins. Skattalækkanirnar stuðla einnig að auknum hagvexti.

Helstu þættir ríkisfjármála 2004–2007

Milljarðar króna	Frumvarp 2004	Áætlun 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007
Heildartekjur	279,4	300,0	312,8	319,7
Þar af skatttekjur	252,3	270,1	280,8	286,4
Heildargjöld	273,0	284,7	303,2	325,4
Rekstrargjöld	124,3	131,3	139,1	147,4
Fjármagnskostnaður	15,1	15,0	14,9	15,2
Tilfærsluútgjöld	112,9	120,8	129,1	137,7
Viðhald	4,0	4,5	4,8	5,1
Fjárfesting	16,7	13,0	15,4	20,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs	6,4	15,4	9,6	-5,7
Lánsfjárjöfnuður	13,7	7,2	8,5	-7,4
Hreinar skuldir ríkissjóðs	155,0	154,9	149,1	159,9
% af landsframleiðslu				
Heildartekjur	32,4	32,1	31,3	31,0
Þar af skatttekjur	29,3	28,9	28,1	27,8
Heildargjöld	31,7	30,4	30,4	31,6
Tekjuafkoma ríkissjóðs	0,7	1,6	1,0	-0,6
Lánsfjárjöfnuður	1,6	0,7	0,8	-0,7
Hreinar skuldir ríkissjóðs	18,0	16,6	14,9	15,3

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að í forsendum langtímaáætlunar er hvorki gert ráð fyrir framkvæmdum vegna stækkunar Norðuráls á framreikningstímabilinu né tekjum af sölu Landssímans. Hér ráða varfærnissjónarmið ferðinni eins og eðlilegt er í slíkri áætlanagerð.


Það verður hins vegar að teljast líklegt að Landssíminn verði seldur á kjörtímabilinu, að hluta eða að öllu leyti. Það mun skila umtalsverðum sölutekjum í ríkissjóð og gefur færi á lækkun skulda umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins mun því geta lækkað umtalsvert sem aftur bætir afkomu ríkissjóðs. Stækkun Norðuráls mun einnig hafa umtalsverð efnahagsleg áhrif sem birtast bæði í auknum hagvexti og betri afkomu ríkissjóðs.

Að öllu samanlögðu verður því að teljast líklegt að afkoma ríkissjóðs verði að jafnaði betri á framreikningstímabilinu en hér er sýnt og að ekki komi til hallareksturs árið 2007.

Sveiflujöfnun

Stefnan í ríkisfjármálum miðar að því að draga úr uppsveiflunni á árunum 2004–2006 og vinna á móti niðursveiflunni árið 2007. Þessi sveiflujöfnunaráhrif koma skýrt fram á meðfylgjandi línuriti sem sýnir annars vegar afkomu ríkissjóðs samkvæmt niðurstöðu þjóðhagsreikningauppgjörs og hins vegar þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum hagsveiflunnar. Aðhaldið eykst í uppsveiflunni og þá er sveifluleiðrétt afkoma jákvæð en verður síðan neikvæð þegar slaknar á árið 2007.

Afkoma ríkissjóðs 2000–2007



Í meðfylgjandi töflu er sýnd þróun ríkisútgjalda eftir einstökum málaflokkum miðað við fyrrnefndar forsendur á grundvelli núgildandi laga og spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í hverjum árgangi, samninga o.fl.

Útgjöld helstu málaflokka 2004–2007

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Almenn opinber þjónusta	14.598	14.727	14.843	14.974
Löggæsla og öryggismál	11.834	11.937	12.060	12.204
Fræðslumál	25.147	26.105	26.985	27.761
Heilbrigðismál	73.578	75.526	77.642	79.838
Almannatr. og velferðarmál	61.860	62.706	64.482	66.513
Húsn.-, skipul.- og hreinsunarmál	3.554	3.643	3.682	3.451
Menningar- og kirkjumál	10.603	10.644	10.603	10.677
Eldsneytis- og orkumál	2.170	2.177	1.984	1.958
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.366	14.410	14.482	14.579
Iðnaðarmál	1.064	1.206	1.333	1.380
Samgöngumál	18.106	16.778	17.776	17.358
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.460	4.296	4.274	4.310
Önnur útgjöld ríkissjóðs	31.694	31.917	32.144	32.376
Frestun framkvæmda		-3.000	-2.000	3.000
Launa-, verðlags- og vaxtabr.o.fl.		11.604	22.936	35.018
Samtals	**273.034**	**284.676**	**303.226**	**325.397**

Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2004 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

4 Yfirlit þjóðhagsspár

4.1 Helstu niðurstöður

Umtalsverður hagvöxtur framundan

Horfur eru á umtalsverðum hagvexti hér á landi á næstu árum. Hagvöxtur verður þó minni en fyrri spá ráðuneytisins gerði ráð fyrir sem einkum má rekja til þess að ekki er lengur reiknað með stækkun Norðuráls á Grundartanga. Aukið aðhald í ríkisfjármálum og frestun framkvæmda stuðlar að lægri vöxtum en ella, skapar svigrúm til skattalækkana og tryggir áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum.

Helstu uppsprettur hagvaxtar eru annars vegar stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi og hins vegar umtalsverð kaupmáttaraukning heimilanna sem leiðir til aukinna neyslu- og fjárfestingarútgjalda. Á móti vegur að talsverður hluti aukinna þjóðarútgjalda stafar af kaupum á innfluttum vörum og viðskiptahalli fer því vaxandi á næstu árum. Verulega hægir á hagvexti þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur en á móti vega áhrif skattalækkana og aukinna framkvæmda á vegum ríkisins.

Stöðugleiki

Þrátt fyrir verulega aukin efnahagsumsvif helst verðbólga tiltölulega stöðug næstu ár þótt hún geti aukist tímabundið þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst. Aukið aðhald í ríkisfjármálum skiptir hér miklu máli auk þess sem gert er ráð fyrir að aðhald í peningamálum verði aukið.

Áhrif uppsveiflunnar í efnahagslífinu og stóriðjuframkvæmdanna sérstaklega endurspeglast í þróun launa á almenna markaðnum. Þannig má búast við að launabreytingar verði heldur meiri þegar framkvæmdirnar eru í hámarki. Jafnframt verður atvinnuleysi hverfandi. Kaupmáttur heimilanna mun því halda áfram að vaxa á næstu árum.

Afkoma ríkissjóðs styrkist samhliða auknum umsvifum í efnahagslífinu. Gert er ráð fyrir umtalsverðum afgangi á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar standa sem hæst þrátt fyrir áformaðar skattalækkanir. Þegar framkvæmdum lýkur má þó búast við nokkrum halla, meðal annars vegna aukinna útgjalda til framkvæmda. Stækkun Norðuráls myndi hins vegar gjörbreyta þessum horfum.

Mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstu árum er að stefnan í ríkisfjármálum hamli gegn innlendri eftirspurn, ekki síst vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi. Hér skiptir mestu máli frestun framkvæmda og aðhald í almennum ríkisrekstri, ekki síst á sviði launamála.

4.2 Framvinda efnahagsmála 2003

Meginniðurstaða vorskýrslu ráðuneytisins var að nýtt tímabil hagvaxtar væri hafið hér á landi þar sem gert væri ráð fyrir ríflegum hagvexti og töluverðri aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2003. Framvinda efnahagsmála á undanförnum mánuðum staðfestir þessa niðurstöðu.

Þjóðarútgjöld vaxa

Reiknað er með að hagvöxtur verði um 1¾% á árinu 2003 sem er 1% lægra en spáð var í vorskýrslunni. Þar skiptir mestu að ekki er lengur gert ráð fyrir stækkun álverksmiðju Norðuráls í Hvalfirði með tilheyrandi virkjunarframkvæmdum. Auk þess hefur innflutningur vöru og þjónustu verið meiri en áður var reiknað með og viðskiptahallinn aukist. Þrátt fyrir minni hagvöxt en áður var spáð er gert ráð fyrir meiri vexti þjóðarútgjalda eða um 4¼% að raungildi í stað 3½% og munar hvað mest um meiri einkaneyslu og samneyslu. Fjárfesting er talin aukast um 7¾% að raungildi á árinu 2003. Þar af er reiknað með að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 14½% sem er umtalsverður viðsnúningur frá samdrætti áranna 2001 og 2002. Samhliða þessum vexti þjóðarútgjalda er reiknað með að innflutningur vöru og þjónustu aukist verulega á yfirstandandi ári. Aftur á móti er reiknað með að heildarútflutningur dragist saman um ½% að raungildi sem að töluverðu leyti má rekja til 2% samdráttar í útflutningsframleiðslu sjávarafurða vegna minni aflabragða. Að öllu samanlögðu stefnir í meiri viðskiptahalla á árinu 2003 en áður var spáð eða sem nemur um 2½% af landsframleiðslu.

Verðbólga lækkar

Verðbólga hefur lækkað ört síðustu misseri og var 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans náð í nóvember 2002. Frá þeim tíma hefur enn dregið úr verðbólgu, einkum vegna verulegrar styrkingar krónunnar enda er gert ráð fyrir að raungengi hækki um tæplega 7% á mælikvarða almenns verðlags á árinu 2003. Auk þess gætir hér áhrifa af áframhaldandi framleiðsluslaka í hagkerfinu og hlutfallslega háu atvinnuleysi að undanförnu. Gert er ráð fyrir að verðbólga mælist um 2% að meðaltali milli áranna 2002 og 2003 og að atvinnuleysi verði um 3¼% af vinnuafli á árinu 2003. Síðustu tölur um skráð atvinnuleysi benda til

þess að atvinnuástandið fari ört batnandi. Reiknað er með að launakostnaður á ársverk hækki um 5% og að teknu tilliti til verðbólgu og skatta er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um 1½% á yfirstandandi ári.

4.3 Efnahagshorfur 2004–2005

Aukinn hagvöxtur

Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi hafa mikil áhrif á framvindu efnahagsmála hér á landi allt til ársins 2007. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3½% árið 2004. Hagvöxtur mun enn aukast og verða um 5½% árið 2005.

Yfirlit þjóðhagsspár 2002–2005

	ma.kr. 2002	Bráðab. 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Einkaneysla	418,3	-1,1	3¼	3½	5
Samneysla	198,8	4,0	3½	1	2
Fjármunamyndun	146,8	-14,8	7¾	8½	16½
Birgðabreytingar [1]	-0,2	0,4	0	0	0
Þjóðarútgjöld alls	763,6	-2,9	4¼	4	7
Útflutningur vöru og þjónustu	309,0	3,7	-½	4½	3
Innflutningur vöru og þjónustu	293,7	-2,3	5¾	5¾	6¼
Landsframleiðsla	779,0	-0,6	1¾	3½	5½
Þjóðartekjur	762,0	0,6	2¼	3½	5¼
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	0,2	-¼	-½	0
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	-	0,8	2	3	5¼
Viðskiptajöfnuður	-0,5	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-0,1	-2½	-3¼	-4¾
Breyting kaupm. ráðstöfunart./mann (%)	-	-0,2	1½	2½	4
Breyting neysluverðs (%)	-	4,8	2	2½	3

[1] Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs, reiknað á föstu verði.

Reiknað er með að þjóðarútgjöld aukist um 4% á árinu 2004. Hér munar mest um tæplega 8½% aukningu í fjárfestingu sem skiptist þannig að fjárfesting atvinnuvega eykst um 15% og íbúðafjárfesting um 4%. Hins vegar dregst fjárfesting hins opinbera saman um 8%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla og samneysla aukist samanlagt um 4½% á árinu 2004. Þrátt fyrir 6% aukningu sjávarvöruframleiðslunnar mun viðskiptahallinn aukast og verður samkvæmt spánni um 3¼% af landsframleiðslu árið 2004. Vaxandi viðskiptahalli er rakinn til aukningar þjóðarútgjalda, sérstaklega vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Atvinnuleysi minnkar

Samhliða auknum umsvifum í efnahagslífinu vex eftirspurn eftir vinnuafli og atvinnuleysi minnkar. Almennt verðlag er talið hækka um 2½% milli áranna 2003 og 2004. Framleiðsluslaki í efnahagslífinu mun minnka en verður þó að einhverju leyti áfram til staðar á árinu 2004. Hins vegar er reiknað með að atvinnuástandið verði í jafnvægi.

Samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði um 5½% árið 2005 enda munu virkjunarframkvæmdir á Austurlandi þá standa hvað hæst. Bygging álverksmiðjunnar á Reyðarfirði mun hins vegar ná hámarki árið 2006. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um rúmlega fjórðung að raungildi árið 2005 og einkaneyslan um 5%. Samanlagt eru þjóðarútgjöld talin hækka um tæplega 7% að raungildi árið 2005. Viðskiptahallinn mun því aukast og verða um 4¾% af landsframleiðslu.

Með auknum stóriðjuframkvæmdum er búist við að töluvert dragi úr atvinnuleysi og að það verði um 2% á árinu 2005. Gangi þessi spá eftir má reikna með umtalsverðri framleiðslu- og vinnumarkaðsspennu. Samhliða þessum umskiptum er gert ráð fyrir að verðbólgan verði um ½% fyrir ofan 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans árið 2005. Í spá ráðuneytisins hefur verið reiknað með nokkurri hækkun stýrivaxta Seðlabankans þegar framkvæmdirnar eru í hámarki eða sem nemur allt að 2½% frá núgildandi stýrivöxtum. Þessi forsenda er þó óviss og mun, þegar upp er staðið, ráðast af stöðu efnahagsmála á þeim tíma.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	29
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	30
3.	Skipting ríkissjóðstekna	31
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	32
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	33
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	34
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	35
8.	Veitt og tekin lán ríkissjóðs	36
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	37
10.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins	38

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2002	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Skatttekjur	**211.729**	**220.510**	**237.001**	**237.776**	**252.273**
Skattar á tekjur einstaklinga	58.676	61.290	69.140	68.580	73.900
Skattar á tekjur lögaðila	9.551	8.807	8.250	7.900	7.900
Tryggingagjöld	21.909	23.397	27.744	27.122	29.007
Eignarskattar	10.596	11.001	7.954	7.954	8.260
Virðisaukaskattur	72.147	76.271	79.700	81.400	86.021
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	37.467	37.469	40.333	41.379	44.944
Skattar ótaldir annars staðar	1.383	2.275	3.881	3.442	2.241
Aðrar rekstrartekjur	**23.274**	**25.782**	**22.409**	**24.681**	**25.470**
Arðgreiðslur	1.917	3.095	2.537	4.101	3.726
Vaxtatekjur	14.727	15.629	13.523	14.173	15.121
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.630	7.058	6.349	6.407	6.623
Sala eigna	1.065	11.722	12.940	12.940	540
Fjárframlög	1.288	1.196	1.850	1.850	1.143
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	0	0	0	0
Tekjur samtals	**237.356**	**259.210**	**274.200**	**277.246**	**279.425**
Æðsta stjórn ríkisins	2.111	2.596	2.299	2.310	2.390
Forsætisráðuneyti	1.146	1.444	1.031	1.150	1.130
Menntamálaráðuneyti	26.803	30.173	32.271	33.100	32.250
Utanríkisráðuneyti	4.965	5.489	5.292	5.648	5.457
Landbúnaðarráðuneyti	11.039	11.610	11.465	11.665	11.743
Sjávarútvegsráðuneyti	2.813	2.883	2.933	2.983	3.071
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	12.901	13.883	14.367	14.557	15.176
Félagsmálaráðuneyti	16.767	20.695	21.558	23.182	22.944
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	84.559	96.361	100.742	103.632	110.181
Fjármálaráðuneyti	23.706	41.963	27.653	28.100	26.000
Samgönguráðuneyti	15.869	15.902	20.569	19.529	17.982
Iðnaðarráðuneyti	2.972	2.891	3.905	3.955	3.442
Viðskiptaráðuneyti	1.450	1.468	1.446	1.446	1.467
Hagstofa Íslands	399	500	539	550	514
Umhverfisráðuneyti	3.290	3.469	3.273	4.163	4.149
Vaxtagjöld ríkissjóðs	17.923	16.005	15.500	15.030	15.140
Gjöld samtals	**228.713**	**267.332**	**264.842**	**271.000**	**273.035**
Tekjujöfnuður	**8.643**	**-8.122**	**9.358**	**6.246**	**6.390**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 2001	Reikningur 2002	Fjárlög [2] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Handbært fé frá rekstri	**0,5**	**-12,3**	**-10,7**	**-13,9**	**-2,1**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	-12,5	12,0	14,7	15,9	15,7
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	-11,3	0,0	15,8	15,6	0,1
Fjármunahreyfingar samtals	**-23,8**	**12,0**	**30,5**	**31,5**	**15,8**
Afföll af teknum lánum	2,7	3,5			
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-26,0**	**-3,8**	**19,8**	**17,6**	**13,7**
Framlag til LSR	**-14,3**	**-10,9**	**-7,5**	**-7,5**	**-7,5**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	-40,3	-14,7	12,3	10,1	6,2
Fjármögnun	**41,6**	**13,5**	**-11,1**	**-9,1**	**-4,0**
Greiðsluafkoma	**1,3**	**-1,2**	**1,2**	**1,0**	**2,2**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	0,1	-1,6	-1,3	-1,7	-0,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-3,5	-0,5	2,4	2,2	1,6
Greiðsluafkoma	0,2	-0,2	0,1	0,1	0,3

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

[2] Fjárlög 2003 sýna fjárlög að viðbættum fjáraukalögum sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2002	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
I Skatttekjur	**211.729**	**220.510**	**237.001**	**237.776**	**252.273**
Skattar á tekjur og hagnað	68.896	71.569	79.790	79.140	83.220
Einstaklingar	58.676	61.290	69.140	68.580	73.900
Tekjuskattur einstaklinga	50.862	53.976	62.600	61.600	66.900
Sérstakur tekjuskattur	1.644	1.077	1.540	1.480	1.400
Skattur á fjármagnstekjur	6.170	6.237	5.000	5.500	5.600
Lögaðilar	9.551	8.807	8.250	7.900	7.900
Ótalið annars staðar	669	1.472	2.400	2.660	1.420
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	56	721	1.500	1.760	500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	613	751	900	900	920
Tryggingagjöld	21.909	23.397	27.744	27.122	29.007
Eignarskattar	10.596	11.001	7.954	7.954	8.260
Skattar á vörur og þjónustu	109.614	113.740	120.033	122.779	130.965
Virðisaukaskattur	72.147	76.271	79.700	81.400	86.021
Almenn vörugjöld	11.161	11.461	16.232	16.142	16.978
Vörugjald af ökutækjum	2.853	2.804	3.200	4.000	4.290
Almennt vörugjald af bensíni	1.981	1.890	1.995	2.008	2.157
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.447	5.493	5.434	5.470	5.871
Aðrir sértækir veltuskattar	7.468	6.700	3.950	4.170	4.581
Bifreiðagjald	2.628	2.916	2.975	3.030	3.060
Þungaskattur	4.894	4.704	5.088	5.088	5.573
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.035	1.501	1.459	1.471	2.434
Aðrir skattar	714	803	1.481	782	821
II Aðrar rekstrartekjur	**23.274**	**25.782**	**22.409**	**24.681**	**25.470**
Arðgreiðslur	1.917	3.095	2.537	4.101	3.726
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	14.727	15.629	13.523	14.173	15.121
Neyslu- og leyfisgjöld	5.782	6.313	5.582	5.640	5.811
Annað	848	745	767	767	812
III Sala eigna	**1.065**	**11.722**	**12.940**	**12.940**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**1.288**	**1.196**	**1.850**	**1.850**	**1.143**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
Heildartekjur ríkissjóðs.	**237.356**	**259.210**	**274.200**	**277.246**	**279.425**
Sjóðshreyfing	**224.042**	**244.338**	**261.280**	**263.209**	**264.544**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2002	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp [2] 2004
Rekstrargjöld					
Afkoma ríkissjóðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður 6,4 milljarðar árið 2004 en er áætlaður 6,2 milljarðar árið 2003. Tekjuafgangurinn er þannig nær óbreyttur á milli ára þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir hagnaði af sölu eignarhluta í fyrirtækjum árið 2004. Í tekjuáætlun fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að söluhagnaður hlutabréfa nemi 12,5 milljörðum króna. Á móti kemur að ríkisstjórnin ákvað tímabundnar aðgerðir í atvinnu- og byggðamálum sem auka útgjöld ríkissjóðs um 4,7 milljarða á þessu ári. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að útgjöld verði lækkuð um samtals 3,7 milljarða króna með sérstökum aðgerðum og frestun framkvæmda. Loks endurspeglar tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2004 aukin umsvif í efnahagslífinu en spáð er að vöxtur landsframleiðslu árið 2004 verði 3½% frá fyrra ári.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2002	Fjárlög [4] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Tekjur	259,2	274,2	277,2	279,4
Gjöld	267,3	264,8	271,0	273,0
Rekstrarafkoma	**-8,1**	**9,4**	**6,2**	**6,4**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-4,2	-20,1	-20,1	-8,5
Handbært fé frá rekstri	**-12,3**	**-10,7**	**-13,9**	**-2,1**
Fjármunahreyfingar [2]	8,5	30,5	31,5	15,8
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-3,8**	**19,8**	**17,6**	**13,7**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna, sem skilar sér í ríkissjóð á árinu, fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 12,3 milljarða samkvæmt niðurstöðu ríkisreiknings árið 2002 og er áætlað að það verði neikvætt um 13,9 milljarða árið 2003 en um rúmlega 2 milljarða árið 2004. Koma þar fram áhrif hagsveiflunnar auk aðgerða ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og byggðamálum árið 2003 og áform um lækkun útgjalda árið 2004. Í áætlun fjármálaráðuneytisins fyrir næstu ár er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði jákvætt frá árinu 2005. Nánar er fjallað um þá áætlun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Áætlað er að lánsfjárafgangur verði 17,6 milljarðar árið 2003 og 13,7 milljarðar árið 2004. Skýringar á miklum lánsfjárafgangi á þessu ári eru tekjur af sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Búnaðarbanka og Landsbanka Íslands en söluandvirðið kemur að mestu til greiðslu í ár. Lánsfjárafgangur næsta árs skýrist einkum af minni rýrnun handbærs fjár frá rekstri og auknum afborgunum af veittum lánum ríkissjóðs en á næsta ári koma til greiðslu 11,5 milljarðar af láni sem ríkissjóður veitti Seðlabanka Íslands árið 2001. Frá árinu 1998 til 2004 stefnir uppsafnaður lánsfjárafgangur að óbreyttu í rúmlega 63 milljarða króna. Áætlað er að heildarskuldir ríkissjóðs verði um 32% af landsframleiðslu árið 2004 en þær voru 51% árið 1995. Skuldir að frádregnum endurlánum og kröfum ríkissjóðs á aðra aðila eru áætlaðar 18% í árslok 2004 en voru 34% árið 1995.

Efnahagsforsendur. Spá fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3½% á árinu 2004 og verðbólgan um 2½%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn munu aukast um allt að 2½%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3½%. Atvinnuleysi minnkar og verður um 2½%. Viðskiptahalli mun hins vegar aukast og verða nálægt 3¼% af landsframleiðslu.

Tekjuhlið. Tekjuáætlun frumvarpsins tekur mið af spám um aukinn hagvöxt á næsta ári enda skýr merki þess að uppsveifla sé hafin og að fram undan sé tímabil aukins hagvaxtar. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 279,4 milljarðar og hækka aðeins um 0,8% frá þessu ári þar sem ekki er gert ráð fyrir tekjum af söluhagnaði hlutabréfa á næsta ári. Skatttekjur eru áætlaðar 252 milljarðar króna og hækka um 6% frá áætlun 2003 en það skýrist fyrst og fremst af auknum umsvifum í efnahagslífinu. Nánar er fjallað um tekjuáætlun ríkissjóðs í næsta kafla.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs árið 2004 eru áætluð 273,0 milljarðar króna og aukast um rúma 8 milljarða eða 3,1% frá samþykktum fjárlögum og fjáraukalögum en um rúmlega 2 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs. Útgjöld ríkissjóðs lækka því um 1,6% að raungildi frá yfirstandandi ári. Rekstrargjöld ríkissjóðs, það er laun og önnur rekstrargjöld, standa nánast í stað að raungildi frá áætlaðri útkomu þessa árs. Neyslu- og rekstrartilfærslur aukast um 3,1% á milli ára þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi og sérstakar aðgerðir til lækkunar tilfærsluútgjalda. Skýringin felst einkum í samkomulagi ríkissjóðs við eldri borgara og öryrkja um hækkun tiltekinna liða almannatrygginga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að

stofnkostnaður lækki um 20% frá árinu 2003. Munar þar mestu um að tímabundnum verkefnum verður lokið á þessu ári og að meginþungi aðgerða í atvinnu- og byggðamálum fellur á yfirstandandi ár auk þess að gert er ráð fyrir að ýmsum stofnkostnaði verði frestað. Loks er gert ráð fyrir að fjármagnskostnaður verði nær óbreyttur á milli ára. Nánari grein er gerð fyrir breytingum á útgjöldum ríkissjóðs í 3. kafla.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs fyrir árið 2004 út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Auk þess er gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2003.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2003. Í fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs ásamt fyrri fjáraukalögum ársins, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2003 yrðu 274,2 milljarðar króna. Þessi áætlun byggðist meðal annars á niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 2001, innheimtuþróun ársins 2002 og spá fjármálaráðuneytisins um þróun helstu hagstærða á árinu 2003. Við endurskoðun á tekjum ársins 2003 er fyrst og fremst horft til þróunar á innheimtum tekjum á yfirstandandi ári og breyttra efnahagsforsendna.

Þrátt fyrir að talsverðar breytingar hafi orðið á efnahagsforsendum fjárlaga vegna meiri efnahagsumsvifa hækka skatttekjur ríkissjóðs aðeins lítillega frá fjárlagaáætlun. Skýringin er sú að heildarlaunabreytingar, sem hafa áhrif á tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald, eru taldar svipaðar og jafnvel ívið minni en fyrri spár gáfu til kynna en það má meðal annars rekja til aukins atvinnuleysis. Á móti vegur að heildarumsvif í efnahagslífinu, einkum neysluútgjöld heimilanna, hafa aukist en það hefur skilað sér í auknum veltusköttum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar lítillega frá fjárlagaáætlun eða úr 29,0% í 29,2%. Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar taldar munu hækka meira en skatttekjur eða um 3 milljarða króna. Af þeirri fjárhæð er 1½ milljarður vegna aukinna arðgreiðslna ríkisfyrirtækja, einkum Landssímans.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2004. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu enda skýr merki um að uppsveifla sé hafin og að fram undan sé tímabil aukins hagvaxtar. Spá fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3½% á árinu 2004 og verðbólgan verði um 2½%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um allt að 2½%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3¼%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið rúmlega 252 milljörðum króna eða 6% meira en árið áður. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar lítillega samhliða auknum hagvexti eða úr 29,2% í 29,3%. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar geta numið allt að 279½ milljarði króna. Þær hækka mun minna en skatttekjurnar milli ára enda er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna á árinu 2004.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2002	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
I Skatttekjur	**211.729**	**220.510**	**237.001**	**237.776**	**252.273**
Skattar á tekjur og hagnað	68.896	71.569	79.790	79.140	83.220
Einstaklingar	58.676	61.290	69.140	68.580	73.900
Tekjuskattur einstaklinga	50.862	53.976	62.600	61.600	66.900
Sérstakur tekjuskattur	1.644	1.077	1.540	1.480	1.400
Skattur á fjármagnstekjur	6.170	6.237	5.000	5.500	5.600
Lögaðilar	9.551	8.807	8.250	7.900	7.900
Ótalið annars staðar	669	1.472	2.400	2.660	1.420
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	56	721	1.500	1.760	500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	613	751	900	900	920
Tryggingagjöld	21.909	23.397	27.744	27.122	29.007
Eignarskattar	10.596	11.001	7.954	7.954	8.260
Skattar á vörur og þjónustu	109.614	113.740	120.033	122.779	130.965
Virðisaukaskattur	72.147	76.271	79.700	81.400	86.021
Almenn vörugjöld	11.161	11.461	16.232	16.142	16.978
Vörugjald af ökutækjum	2.853	2.804	3.200	4.000	4.290
Almennt vörugjald af bensíni	1.981	1.890	1.995	2.008	2.157
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.447	5.493	5.434	5.470	5.871
Aðrir sértækir veltuskattar	7.468	6.700	3.950	4.170	4.581
Bifreiðagjald	2.628	2.916	2.975	3.030	3.060
Þungaskattur	4.894	4.704	5.088	5.088	5.573
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.035	1.501	1.459	1.471	2.434
Aðrir skattar	714	803	1.481	782	821
II Aðrar rekstrartekjur	**23.274**	**25.782**	**22.409**	**24.681**	**25.470**
Arðgreiðslur	1.917	3.095	2.537	4.101	3.726
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	14.727	15.629	13.523	14.173	15.121
Neyslu- og leyfisgjöld	5.782	6.313	5.582	5.640	5.811
Annað	848	745	767	767	812
III Sala eigna	**1.065**	**11.722**	**12.940**	**12.940**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
V Fjárframlög	**1.288**	**1.196**	**1.850**	**1.850**	**1.143**
Heildartekjur ríkissjóðs.	**237.356**	**259.210**	**274.200**	**277.246**	**279.425**
Sjóðshreyfing	**224.042**	**244.338**	**261.280**	**263.209**	**264.544**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2003

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2003 bendir til þess að heildartekjur ríkissjóðs verði 277,2 milljarðar króna eða 3 milljarði hærri en í fjárlögum. Skatttekjur eru taldar verða 237,8 milljarðar króna eða 0,8 milljörðum hærri en í fjárlögum. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun eru skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila taldir verða rétt um 79 milljarðar króna og lækka lítillega frá fjárlagaáætlun eða um rúmlega ½ milljarð. Þetta má rekja til þess að almennar atvinnutekjur hafa ekki hækkað eins mikið og gert var ráð fyrir, meðal annars vegna aukins atvinnuleysis, og því er áætlað að tekjuskattar einstaklinga lækki um rúmlega milljarð frá fjárlagaáætlun. Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga er hins vegar áætlaður 5½ milljarður króna eða hálfum milljarði hærri en í fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði lægri en áætlað var en það má einkum rekja til þess að ríkisreikningur fyrir árið 2002 sýndi lakari útkomu en miðað var við í fjárlagaáætlun. Þessi áætlun er afar óviss en skýrist við álagningu á lögaðila í októberlok.

Tryggingagjöld. Tekjur af tryggingagjaldi hafa einnig verið heldur undir áætlun það sem af er ári en það skýrist af minni heildarhækkun launa en áður var spáð. Hér er miðað við að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum lækki um rúmlega hálfan milljarð króna frá fjárlagaáætlun.

Eignarskattar. Heildarálagning eignarskatta á árinu 2003 er talin nema tæplega 8 milljörðum króna. Þar af eru eignarskattar einstaklinga og lögaðila tæplega 2,8 milljarðar króna, rúmlega 3 milljörðum króna lægra en árið 2002 vegna lækkunar á almennum eignarskatti úr 1,2% af eignarskattsstofni í 0,6% og afnáms sérstaks eignarskatts.

Skattar á vöru og þjónustu. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að skattar af vörum og þjónustu hækki um rúma 2,7 milljarða króna. Stærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur, 81,4 milljarðar króna, sem hækkar um 1,7 milljarða umfram fjárlög. Þessa hækkun má sem fyrr segir einkum rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Aukin neysla kemur einna skýrast fram í stórauknum innflutningi bifreiða en gert er ráð fyrir að alls verði fluttir inn 12.000 bílar á árinu 2003 en tæplega 8.500 bílar voru fluttir inn á árinu 2002. Þessi aukning hefur skilað sér í meiri vörugjaldstekjum sem talið er að verði 800 m.kr. hærri en í fjárlagaáætlun. Aftur á móti hafa tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum dregist saman þrátt fyrir gjaldskrárhækkun í upphafi ársins og hefur tekjuáætlun ársins verið lækkuð um 340 m.kr.

Lög um úrvinnslugjald voru samþykkt á seinni hluta síðasta árs og er gert ráð fyrir að tekjur af því nemi rúmlega hálfum milljarði króna. Á móti fellur niður spilliefnagjald sem hefði skilað nálægt 160 m.kr. Markmið laganna er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs með það að leiðarljósi að draga úr því magni sem fer til förgunar og tryggja viðeigandi meðferð á honum. Úrvinnslugjaldið er lagt á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Aðrar rekstrartekjur. Búist er við að aðrar rekstrartekjur aukist um rúma 2,2 milljarða króna. Stærstan hluta þessarar hækkunar má rekja til aukinna arðgreiðslna frá ríkisfyrirtækjum. Tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs hækka um einn milljarð. Þessi hækkun er metin í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi 2002 þar sem þessar tekjur voru 2,4 milljörðum króna yfir fjárlögum. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs lækki um 350 milljónir króna vegna lækkunar vaxtastigs.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2004

Yfirlit. Gert er ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2004 verði 279,4 milljarðar króna og hækki um 2,2 milljarða frá áætlun ársins 2003. Skatttekjur eru taldar verða 252,3 milljarðar og hækka um 14½ milljarð frá 2003. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu liðum í tekjuáætlun ríkisins.

Skattar á tekjur og hagnað. Samtals er talið að skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila geti numið 83,2 milljörðum króna sem er 4 milljarða króna hækkun frá áætlun 2003.

Skattar á tekjur og hagnað 2002–2004

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Fjárlög 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Einstaklingar	61.290	69.140	68.580	73.900
Tekjuskattur einstaklinga	53.976	62.600	61.600	66.900
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.077	1.540	1.480	1.400
Fjármagnstekjuskattur	6.237	5.000	5.500	5.600
Lögaðilar	8.807	8.250	7.900	7.900
Ótalið annars staðar	1.472	2.400	2.660	1.420
Samtals	**71.569**	**79.790**	**79.140**	**83.220**

Tekjuskattar einstaklinga. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga tekur mið af stöðunni á vinnumarkaði og áætluðum launahækkunum. Samkvæmt spá fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að laun hækki um 5% og að skattgreiðendum fjölgi um 1½%. Á þeim forsendum er áætlað að tekjuskattar einstaklinga nemi 66,9 milljörðum króna árið 2004 en áætlað er að þeir nemi 61,6 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Hækkunin milli ára nemur 8½%. Gert

er ráð fyrir að sérstakur tekjuskattur verði lækkaður úr 5% í 4% á árinu 2004 og að hann skili 1,4 milljörðum króna. Áætlun um fjármagnstekjuskatt er sem næst óbreytt frá árinu 2003 og reiknað er með að hann skili 5,6 milljörðum króna árið 2004.

Tekjuskattar lögaðila. Tekjuskattar lögaðila er sú stærð sem jafnan er erfiðast að áætla enda eru svo margir þættir sem hafa þar áhrif. Almenn staða efnahagslífsins skiptir hér auðvitað miklu máli en eins má nefna sameiningu fyrirtækja o.fl. Hér er áætlað að tekjuskattar lögaðila skili 7,9 milljörðum króna árið 2004 eða sömu fjárhæð og árið 2003. Þar sem skattálagning lögaðila liggur ekki fyrir fyrr en í októberlok kann þessi áætlun að taka breytingum fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga.

Tryggingagjöld. Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi eru 29 milljarðar króna. Það er tæplega 1,9 milljarða króna hækkun frá endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár sem stafar alfarið af áætlaðri hækkun launa milli ára.

Eignarskattar. Álagðir eignarskattar á árinu 2004 eru taldir nema tæpum 8,3 milljörðum króna og hækka um rúmlega 300 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 2003. Hækkunin endurspeglar áætlaða hækkun fasteignamats milli ára.

Eignarskattar 2002–2004

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Fjárlög 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Eignarskattar einstaklinga	3.655	1.720	1.720	1.810
Eignarskattar lögaðila	2.262	1.050	1.050	1.080
Erfðafjárskattur	769	800	800	800
Stimpilgjöld	3.151	3.300	3.300	3.448
Sértækir eignarskattar	1.162	1.084	1.084	1.122
Samtals	**10.999**	**7.954**	**7.954**	**8.260**

Skattar á vöru og þjónustu. Heildarskattar á vöru og þjónustu eru taldir nema tæplega 131 milljarði króna árið 2004 og hækka um rúmlega 8 milljarða frá áætlun 2003. Þessi hækkun endurspeglar fyrst og fremst aukin umsvif í efnahagslífinu á næsta ári.

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs og skilar um þriðjungi af öllum skatttekjum hans. Áætlun virðisaukaskatts tekur í megindráttum mið af forsendum um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra þátta sem hafa áhrif á innlenda veltu, svo sem verðlag og laun. Spá fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3½% á árinu 2004. Á þessum forsendum er talið að heildartekjur af virðisaukaskatti geti numið 86 milljörðum króna árið 2004 og hækki um 4,6 milljarða frá áætlun 2003.

Skattar á vörur og þjónustu 2001–2004

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Fjárlög 2003	Áætlun 2003	Frumvarp 2004
Virðisaukaskattur	76.271	79.700	81.400	86.021
Vörugjöld	21.619	22.825	23.884	25.701
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.068	2.079	2.079	2.177
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	777	700	700	732
Vörugjöld af ökutækjum	2.804	3.200	4.000	4.290
Vörugjald af bensíni	1.890	1.995	2.008	2.157
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.493	5.434	5.470	5.871
Flutningsjöfnunargjöld	689	646	646	646
Áfengisgjald	5.925	6.932	6.792	7.056
Ýmis vörugjöld	1.973	1.839	2.189	2.772
Tóbaksgjald	2.719	4.000	3.700	3.559
Tollar og innflutningsgjöld	2.474	2.704	2.704	3.045
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1.536	1.282	1.502	1.572
Bifreiðaskattar	7.620	8.063	8.118	8.633
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.501	1.458	1.471	2.434
Samtals	**113.740**	**120.032**	**122.779**	**130.965**

Vörugjöld af ökutækjum. Innflutningur á bifreiðum hefur tekið mikinn kipp á árinu 2003 eftir mikinn samdrátt á undanförnum árum. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að bílainnflutningur haldi áfram að aukast en mun hægar en 2003 eða úr 12.000 í 13.000 bíla. Tekjur af vörugjöldum af bifreiðum eru samkvæmt þessu áætlaðar tæpir 4,3 milljarðar króna.

Vörugjöld af bensíni. Vörugjöld á seldan bensínlítra eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem varið er til vegamála. Þessi gjöld hafa verið óbreytt frá árinu 1999 á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 18%. Í forsendum tekjuáætlunar er gert ráð fyrir að þessi gjöld hækki um 8% á næsta ári og skili þannig um 600 m.kr. tekjuauka. Almennt vörugjald hækkar úr 10,50 krónum í 11,35 krónur og sérstakt vörugjald hækkar úr 28,60 krónum í 30,90 krónur.

Talið er að þessar gjaldskrárhækkanir geti valdið 0,12% hækkun á neysluverðsvísitölunni. Ekki er gert ráð fyrir aukningu á bensínsölu frá fyrra ári. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að tekjur af vörugjöldum af bensíni verði rúmir 8 milljarðar króna.

Bifreiðagjöld og þungaskattur. Tvenns konar skattar eru lagðir á bifreiðaeign, bifreiðagjöld og þungaskattur. Bifreiðagjald er greitt af bifreiðum, sem skráðar eru hér á landi, og er gjaldið miðað við eigin þyngd bifreiðar. Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum, bæði sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Þetta er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Í forsendum tekjuáætlunar er gert ráð fyrir að þunga-

skattur hækki um 8% á næsta ári í takt við hækkun vörugjalda af bensíni sem áætlað er að skili um 400 m.kr. tekjuauka á heilu ári. Áætlaðar tekjur af þungaskatti á árinu 2004 eru tæpir 5,6 milljarðar króna. Hækkun þungaskatts hefur ekki bein áhrif á vísitölu neysluverðs.

Aðrir neysluskattar, leyfisgjöld og aðrir skattar. Þessi liður nær yfir fjölmörg neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Reiknað er með að þessir liðir skili 2,4 milljörðum í tekjur á árinu 2004, einum milljarði meira en gert er ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2003. Þessa hækkun má einkum rekja til nýrra laga um veiðigjald. Gjaldið verður lagt á frá og með 1. september 2004. Við ákvörðun á veiðigjaldi er lagt til grundvallar aflaverðmæti að frádregnum reiknuðum kostnaði. Hlutfall veiðigjalds verður 6% fyrir árið 2004 og er gert ráð fyrir að það skili um 900 m.kr. í ríkissjóð á árinu 2004.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlaðar rekstrartekjur ríkisins fyrir árið 2004 eru um 25½ milljarður króna og hækka um 800 m.kr. frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur og leigutekjur lækki á milli ára um 375 m.kr. en vaxtatekjur ríkissjóðs hækka lítillega.

Sala eigna. Í tekjuáætlun er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu eigna umfram jarða- og fasteignasölu og eru áætlaðar tekjur af þessum lið einungis 540 m.kr. en þær voru tæplega 13 milljarðar króna á yfirstandandi ári.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmlega 1,1 milljarður króna og lækki um 700 m.kr. frá fyrra ári. Lækkunin skýrist alfarið af fyrirframgreiðslu Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2003 vegna framkvæmda við Háskólann.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta árið 2004, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málefnaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum skýrð. Gerð er grein fyrir forsendum fyrir framreikningi útgjalda næstu árin og útgjaldastefnu ríkisstjórnarinnar. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2004 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 2,5% frá árinu 2003 til 2004 og að gengisvísitalan verði að meðaltali 125 stig árið 2004. Launabreytingar taka mið af kjarasamningum og kjaraúrskurðum og er almennt gert ráð fyrir að laun hækki um 3% í upphafi árs 2004 nema kjarasamningar kveði á um annað. Í samræmi við ákvæði laga um bætur almannatrygginga er gert ráð fyrir að bætur hækki almennt um 3% á milli ára og kemur sú hækkun til viðbótar sérstökum hækkunum á einstökum liðum í samræmi við samkomulag við Landsamband eldri borgara og við Öryrkjabandalag Íslands.

3.1 Heildaryfirlit gjalda.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2004 eru áætluð 273,0 milljarðar króna og hækka um rúmlega 8 milljarða eða 3,1%, frá samþykktum fjárlögum og fjáraukalögum en um 2 milljarða frá áætlaðri útkomu þessa árs eða um tæplega 1%. Útgjöldin lækka því um 1,6% að raungildi frá áætlun þessa árs. Mest lækkar stofnkostnaður á milli ára eða um 20% og lækkar fjárfesting jafnt í vegagerð sem í húsbyggingum og ýmsum framkvæmdum að undanskildum hjúkrunarheimilum. Rekstrargjöld standa nánast í stað eða lækka lítillega að raungildi. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um rúm 3% á milli ára þrátt fyrir að spáð sé minnkandi atvinnuleysi og lagðar séu til aðhaldsaðgerðir. Má nær alfarið rekja hækkun tilfærsluútgjalda til samkomulags ríkisins við Landsamband eldri borgara og við Öryrkjabandalagið um sérstaka hækkun á einstökum liðum almannatrygginga.

Lækkun heildarútgjalda ríkissjóðs að raungildi frá áætlun þessa árs má rekja til aðhaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar sem felast í því að haldið er aftur af nýjum verkefnum, framkvæmdum er frestað og lagðar eru til sérstakar aðgerðir til að lækka útgjöld. Samtals nema aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið frumvarpsins 3,7 milljörðum króna. Þar af lækka rekstrarútgjöld um rúmlega 700 m.kr., tilfærsluútgjöld um 1.500 m.kr. og stofnkostnaður um tæplega 1.500 m.kr. Ef ekki hefði komið til framangreindra aðhaldsaðgerða hefðu gjöldin hækkað um 6 milljarða króna á milli ára. Nánar er fjallað um þessi áform hér á eftir.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 266,1 milljarður kr. en heildargjöld á rekstrargrunni eru áætluð 273 milljarðar eins og fram hefur komið. Mismunurinn á útgjöldum og greiðslum er 6,9 milljarðar kr. og skýrist einkum af þrennu: Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur, sem ekki koma til greiðslu, áætlaðar 4 milljarðar króna. Í öðru lagi er mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum áætlaður 2,4 milljarðar. Í þriðja lagi er áætlað að gjaldfærðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar verði 0,9 milljarðar umfram það sem greitt verður í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna á árinu. Á móti koma ýmsar viðskiptahreyfingar, einkum vegna stofnkostnaðarverkefna, svo sem greiðslur til sveitarfélaga vegna hafnarframkvæmda og afborgana Vegagerðarinnar af ferjulánum.

Framsetning gjaldahliðar. Heildarútgjöld ríkissjóðs skiptast í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum er sá hluti sem fjármagnaður er með sértekjum. Þær breytingar eru gerðar á framsetningu fjárlagafrumvarpsins frá síðustu fjárlögum að rekstrarviðhald hjá Vegagerðinni er fært af liðnum viðhald og stofnkostnaður á almenn rekstrargjöld og greiðslur almannatrygginga til dagvistarheimila eru nú færðar sem almenn rekstrargjöld hjá viðkomandi stofnunum en ekki sem útgjaldaliður almannatrygginga. Breytingarnar hafa í för með sér að annars vegar færast rúmir 2,2 milljarðar af viðhaldi yfir á önnur rekstrargjöld sem hækka samsvarandi og hins vegar lækka neyslu- og rekstrartilfærslur um tæplega 1,8 milljarða og hækka rekstrargjöld um sömu fjárhæð. Þannig eru önnur rekstrargjöld samtals fjórum milljörðum hærri en þau voru samkvæmt fyrri framsetningu. Leiðrétt er fyrir þessum breytingum í umfjöllun um þróun útgjalda á milli ára.

Í séryfirlitum á bls. 253 og bls. 259 er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum auk þess sem gerð er grein fyrir ráðstöfun þeirra til stofnana og verkefna. Markaðar tekjur vísa til þess að tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðinn hlut í viðkomandi tekjustofni og geta myndað kröfu á ríkissjóð um skil á tekjunum eða ríkissjóður getur átt kröfu á viðkomandi aðila ef meira hefur verið greitt en sem nemur tekjunum. Samkvæmt yfirlitinu eru markaðar tekjur samtals áætlaðar 49.015,7 m.kr. þar af koma 2.068,2 m.kr. fram sem viðskiptahreyfing sem krafa verkefna á markaðar tekjur. Ekki er gert ráð fyrir að markaðar tekjur verði skertar í frumvarpinu. Helstu kröfur á ríkissjóð vegna markaðra tekna eru inneignir Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vegasjóðs en helstu kröfur ríkissjóðs á markaðar tekjur eru framlög úr ríkissjóði umfram markaðar tekjur til ábyrgðasjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs. Helsta breyting frá fjárlögum 2003 er að Úrvinnslusjóður kemur nýr í fjárlagafrumvarpið með ríflega 1 milljarð í markaðar tekjur. Í séryfirliti yfir aðrar rekstrartekjur kemur fram að þær eru áætlaðar 5.250 m.kr. og er þar um að ræða skatttekjur sem varið er til að fjármagna tiltekin verkefni A-hluta ríkissjóðs. Loks er á bls. 264 yfirlit yfir lögbundin framlög úr ríkissjóði en það eru framlög sem ráðast af öðrum lögum en fjárlögum og þarf sérstaka lagaheimild til að breyta. Samtals er áætlað að lögbundin framlög nemi 8.327,5 m.kr. árið 2004.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002	Áætlun 2003	Breytt framsetning	Frumvarp 2004	Breyting 2003-2004
Rekstrargjöld					
Laun	71.456	75.360	-	77.192	1.832
Lífeyrisskuldbindingar	16.321	4.555	-	4.704	149
Önnur gjöld	55.155	54.910	-4.005	61.011	2.096
Sértekjur	-21.040	-17.116	-	-18.613	-1.496
Rekstrargjöld samtals	**121.892**	**117.708**	**-4.005**	**124.294**	**2.581**
Fjármagnskostnaður	**16.005**	**15.030**	-	**15.140**	**110**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	22.190	25.326	585	28.939	4.198
Sjúkratryggingar	12.695	14.057	-	14.216	159
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.718	7.500	-	7.310	-190
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.800	6.000	-	6.427	427
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	6.240	7.109	1.178	5.793	-138
Barnabætur	4.756	5.430	-	5.430	0
Fæðingarorlofssjóður	4.654	5.292	-	5.546	254
Vaxtabætur	5.117	5.205	-	4.505	-700
Afskriftir skattkrafna	9.811	4.000	-	4.000	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.645	3.028	-	3.412	384
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.002	4.268	-	3.314	-954
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.426	2.640	-	2.739	99
Ríkisútvarpið	2.248	2.171	-	2.188	17
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	18.195	19.195	-	19.126	-69
Rekstrar- og neyslutilfærslur samtals	**107.497**	**111.220**	**1.763**	**112.945**	**3.488**
Viðhald					
Vegagerðin	4.399	4.327	2.242	2.085	0
Annað	1.737	1.725	-	1.868	143
Viðhald samtals	**6.136**	**6.052**	**2.242**	**3.953**	**143**
Fjárfesting					
Vegagerðin	5.354	9.070	-	8.070	-1.000
Heilbrigðisstofnanir	1.159	1.420	-	1.818	399
Hafnarframkvæmdir	1.586	1.201	-	1.072	-130
Háskólar og framhaldskólar	1.130	2.236	-	1.062	-1.174
Flugvellir	455	693	-	287	-406
Annað	6.119	6.370	-	4.394	-1.976
Fjárfesting samtals	**15.803**	**20.990**	**0**	**16.703**	**-4.287**
Gjöld samtals	**267.333**	**271.000**	**0**	**273.035**	**2.035**

Horfur árið 2003. Áætlað er að heildarútgjöld árið 2003 verði 6,2 milljarðar króna umfram fjárheimildir í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum fyrir árið 2003. Fjárlög fyrir árið 2003 voru samþykkt á Alþingi 6. desember 2002 og í þeim var áætlað að heildargjöld

næmu 260,1 milljarði króna. Alþingi samþykkti fjáraukalög 14. mars sl. vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum og námu heildarfjárheimildir í þeim 4,7 milljörðum króna. Samtals var því gert ráð fyrir að útgjöldin yrðu 264,8 milljarðar en nú er áætlað að útgjöld ríkissjóðs árið 2003 verði 271 milljarður. Samtals er því frávik frá fjárlögum og fjáraukalögum 6,2 milljarðar. Þar af er áætlað að rekstrargjöld verði 3,6 milljarðar umfram fjárlög. Helstu frávik í almennum rekstri eru vegna umframútgjalda sjúkrahúsa og menntastofnana. Áætlað er að neyslu- og rekstrartilfærslur verði tæplega 4 milljarðar umfram fjárheimildir. Helstu frávik eru að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verða ríflega milljarður króna umfram áætlun fjárlaga vegna meira atvinnuleysis en spáð var og vaxtabætur 600 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga verði tæplega hálfur milljarður króna umfram fjárlög vegna lyfjakostnaðar og útgjalda til hjálpartækja. Þá tóku gildi í ársbyrjun ný lög um úrvinnslugjald sem auka útgjöld og tekjur ríkissjóðs um 350 m.kr. Loks má nefna að ríkisstjórnin samþykkti 300 m.kr. neyðaraðstoð til uppbyggingar í Írak og sérstaka 170 m.kr. greiðslu til að úrelda sláturhús. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar verði innan heimilda fjárlaga þar sem fjárheimildum til vegagerðar og menningarhúsa verður ekki að fullu ráðstafað á árinu. Nánari grein er gerð fyrir útgjöldum árið 2003 í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verður fyrir Alþingi í byrjun október.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004. Ríkisstjórnin ákvað í lok maí sl. útgjaldaramma og markmið í ríkisfjármálum að tillögu fjármálaráðherra. Með ákvörðuninni var metið svigrúm til nýrra verkefna og sett markmið um lækkun ríkisútgjalda í samræmi við stefnuna í efnahagsmálum. Ráðuneytin forgangsröðuðu verkefnum innan útgjaldaramma fyrir lok júní og í ágúst voru teknar lokaákvarðanir um skiptingu útgjaldasvigrúms á verkefni og teknar ákvarðanir um lækkun útgjalda.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vöru og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Eru rekstrargjöld áætluð 124,3 milljarðar árið 2004 og aukast um rúmlega 5,4% frá fjárlögum 2003 en um 2,2% frá áætlaðri útkomu ársins 2003. Rekstrargjöldin standa því nánast í stað að raungildi frá áætlaðri útkomu yfirstandandi árs og hefur þá verið tekið tillit til breytinga á framsetningu sem valda fjögurra milljarða króna hækkun rekstrarargjalda eins og nánar er fjallað um framar í þessum kafla. Helstu breytingar á rekstrargjöldum eru eins og undanfarin ár vegna aukinna framlaga til menntamála, til að stytta biðlista eftir sambýlum fyrir fatlaða og til reksturs sjúkrastofnana og hjúkrunarheimila. Á móti kemur að ýmis tímabundin útgjöld falla niður og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs lækkar vegna minni hagnaðar af sölu eigna en gert er ráð fyrir á þessu ári. Loks skila aðhaldsaðgerðir 700 m.kr. lækkun rekstrargjalda og munar þar mest um ríflega hálfan milljarð sem ríkið greiðir í mótframlag af tryggingagjaldi vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launþega. Samhliða fjárlaga-

frumvarpinu verður lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að því verði hætt enda var um tímabundna ráðstöfun að ræða sem ekki er talin þörf fyrir lengur. Þá er gert ráð fyrir rúmlega 100 m.kr. sparnaði hjá aðalskrifstofum ráðuneyta og í stjórnsýslustofnunum þar sem gerð er 1% hagræðingarkrafa á rekstrargjöld þessara aðila og er þeim ætlað að ná sparnaðinum með aðhaldi í ferðakostnaði.

Sértekjur eru greiðslur notenda fyrir veitta þjónustu eða vörur sem ríkisstofnanir í A-hluta selja. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Sértekjur eru áætlaðar 18,6 milljarðar og hækka um tæplega 1,5 milljarða frá fjárlögum. Breytingarnar eru vegna endurskoðunar tekna í ljósi niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2002 en þar eru bókfærðar sértekjur 21 milljarður. Frávik frá áætlun fjárlaga eru aðallega í menntamálum vegna rannsóknarstyrkja og tekjum rannsóknastofnana og er í frumvarpinu leiðrétt fyrir 900 m.kr. í þeim málaflokki. Þá eru áætlaðar sértekjur Flugmálastjórnar hækkaðar um rúmlega 200 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun. Einu efnislegu breytingarnar eru að áformað er að endurskoða komugjöld á heilsugæslustöðvar sem skili um 40–50 m.kr. í auknar tekjur og verður þeim ráðstafað til heilbrigðismála.

Launagjöld eru áætluð 77,2 milljarðar króna og hækka um 2,4% frá áætlaðri útkomu ársins en 5,5% frá fjárlögum 2003. Kjarasamningar gera ráð fyrir almennri 3% hækkun launa ríkisstarfsmanna ef frá eru taldir samningar við framhaldsskólakennara þar sem hækkun í upphafi ársins er nokkru lægri eða um 1,5%. Að meðaltali er því gert ráð fyrir rúmlega 2,8% hækkun launa og að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verði nær óbreyttar frá þessu ári eða 4,7 milljarðar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan lið falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvöru, framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og önnur fjárframlög til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana utan A-hluta. Áætlað er neyslu- og rekstrartilfærslur nemi samtals 112,9 milljörðum króna á næsta ári og aukist um 3,1% frá áætlun þessa árs. Breyting á framsetningu veldur því að tæplega 1,2 milljarðar færast af bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og 0,6 milljarðar af lífeyristryggingum yfir á önnur rekstrargjöld sem hækka um 1,8 milljarða. Breytingin stafar af því að styrkir til dvalarheimila, sem greiddir eru af almannatryggingum, eru færðir á viðkomandi stofnanir eins og gildir um framsetningu hjúkrunarheimila. Að teknu tilliti til breytinga á framsetningu hækka lífeyristryggingar um tæplega 17% eða rúma 4 milljarða fá áætlun þessa árs. Munar þar mestu um samkomulag við Landsamband eldri borgara og við Öryrkjabandalag Íslands um sérstaka krónutöluhækkun einstakra bótaflokka auk þess sem öldruðum fjölgar. Áætlað er að útgjöld lífeyristrygginga aukist um ríflega 2–3 milljarða vegna samkomulagsins og um tæplega milljarð vegna fjölgunar aldraðra og öryrkja. Loks er gert ráð fyrir að bætur hækki almennt um 3% í upphafi ársins. Aðrar helstu breytingar á neyslu- og rekstrartilfærslum eru hækkun á fram-

lögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, aukin framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í samræmi við áætlaða fjölgun lánþega og hækkun á grunnframfærslu. Þá hækka framlög til Úrvinnslusjóðs vegna gjalds á endurvinnanlegar umbúðir o.fl. og aukast tekjur ríkissjóðs að sama skapi. Loks má nefna aukin framlög til Fæðingarorlofssjóðs og til Þróunarsjóðs EFTA. Á móti kemur að spáð er minna atvinnuleysi en á þessu ári og lækka framlög til atvinnuleysisbóta um tæplega milljarð frá áætlun þessa árs. Aðrar breytingar eru minni og stafa af framreikningi á ýmsum lögboðnum tilfærsluútgjöldum. Á móti hækkunum á neyslu- og rekstrartilfærslum er í frumvarpinu gert ráð fyrir 1.500 m.kr. lækkun útgjalda vegna sérstakra ráðstafnana ríkisstjórnarinnar í samræmi við stefnuna í efnahagsmálum. Þar af er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar lækki um 740 m.kr., vaxtabætur um 600 m.kr. og útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 170 m.kr. Nánari grein er gerð fyrir þeim áformum í greinargeð um hvern þessara fjárlagaliða.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að áfallnir gjaldfærðir vextir ríkissjóðs nemi 15,1 milljarði á næsta ári og hækki um 100 m.kr. frá áætlun þessa árs en lækki um tæplega einn milljarð frá reikningi 2002. Miðast áætlunin við núverandi vaxtakjör ríkissjóðs og forsendur frumvarpsins um þróun verðlags og gengis. Áætlað er að almennt verðlag hækki um 2,5% frá árinu 2003 til 2004 og að gengisvísitalan verði að meðaltali 125 stig. Áætlanir fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með tekjuafgangi næstu árin og að honum verði ráðstafað til að styrkja stöðu ríkissjóðs, m.a. með áframhaldandi lækkun skulda eftir aðstæðum á lánsfjármarkaði hverju sinni.

Viðhaldsverkefni. Áætlað er að viðhald nemi 3,9 milljörðum króna á næsta ári og hækki um 2,4% frá árinu 2003. Sú breyting er gerð á framsetningu að 2,2 milljarðar, sem áður voru flokkaðir sem almennt viðhald hjá Vegagerðinni, eru nú færðir sem önnur rekstrargjöld þar sem um þjónustu er að ræða, svo sem hreinsun vegmerkinga, vegheflun, vetrarþjónustu o.fl. Leiðrétt hefur verið fyrir þeirri breytingu á framsetningu í umfjölluninni.

Stofnkostnaður. Áætlað er að stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur nemi 16,7 milljörðum á næsta ári og lækki um 20% frá áætlun 2003. Lækkun frá fjárlögum og fjáraukalögum 2003 er nokkru meiri eða tæplega 24% þar sem gert er ráð fyrir að heimildir þessa árs verði ekki að fullu nýttar. Helstu breytingar frá yfirstandandi ári eru að verkefni, sem lokið verður við á þessu ári og falla niður, nema um 2 milljörðum króna. Þar munar mestu um að lokið verður við að byggja Náttúrufræðihús í Vatnsmýrinni, lokið verður við innréttingu á nýju sendiráði í Kaupmannahöfn og framlög til nýrra fjárhagskerfa ríkissjóðs lækka. Þá falla niður ýmis tímabundin framlög til endurbóta á byggingum er falla undir menntamálaráðuneyti. Tímabundið framlag til vegagerðar, sem kom inn í fjáraukalögum 2003 og nam 3 milljörðum, lækkar og verður 1,6 milljarðar í samræmi við framvindu verkefna. Þá lækka framlög til flugvalla í samræmi við samgönguáætlun og framlög til hafnarmannvirkja lækka

vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af hafnarmannvirkjum. Helstu ný framlög til stofnkostnaðar eru vegna byggingar á hjúkrunarheimilum í samræmi við samkomuleg við Félag eldri borgara og hækkun á framlagi til að mæta vaxtaniðurgreiðslu leiguíbúðalána Íbúðalánasjóðs. Aðrar breytingar eru minni. Loks eru sérstakar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í samræmi við stefnuna í efnahagsmálum og skila samtals um 1.500 m.kr. lækkun á stofnkostnaði. Þar af er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum í vegagerð um sem nemur 1.000 m.kr. og að framlög til ýmissa stofnkostnaðarverkefna og tækjakaupa lækki samtals um 500 m.kr. Þar munar mestu um almenna 10% lækkun á ýmsum tækja- og búnaðarkaupum stofnana sem lækka útgjöld samtals um 150 m.kr., 130 m.kr. lækkun framlaga til Ofanflóðasjóðs og 100 m.kr. lækkun á fjárveitingu til endurbóta á húsnæði Orkustofnunar við Grensásveg í Reykjavík.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Í 3. kafla fyrra heftis fjárlagafrumvarpsins er greinargerð um langtímaáætlun í ríkisfjármálum þar sem skýrðar eru almennar efnahagsforsendur áætlunarinnar og greint er frá niðurstöðutölum um afkomu ríkissjóðs. Hér er fjallað um helstu forsendur fyrir útgjaldahlið stefnumörkunarinnar og í upphafi hvers ráðuneytiskafla er fjallað ítarlegar um málaflokka sem falla undir viðkomandi ráðuneyti. Útgjaldaáætlunin tekur mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og áformum um tekjuafkomu og skattalækkanir auk þess sem lagt er til grundvallar reiknilíkan um þróun útgjalda. Útgjaldaáætlunin markast þannig af aðhaldsamri ríkisfjármálastefnu þar sem stefnt er að því að samneysla ríkisins vaxi ekki umfram 2% árlega til ársins 2007 og að neyslu- og rekstrartilfærslur vaxi að hámarki um 2,4% á ári. Þá er gert ráð fyrir sérstakri frestun á stofnkostnaði ríkissjóðs á meðan framkvæmdir við stóriðju og virkjanir eru í hámarki sem síðan gangi til baka eftir að framkvæmdum er lokið. Fyrirhugað er að beita ríkisfjármálunum til að draga úr eftirspurn á meðan mestu framkvæmdirnar standa yfir en að útgjöld hækki tímabundið eftir að þeim lýkur auk þess sem skattar lækki. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrri nokkru minni aukningu útgjalda en í síðasta fjárlagafrumvarpi. Þó er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum og að árleg raunaukning til menntamála verði þannig 3,4% að meðtöldum framlögum til rannsókna. Mest hækkun er þó til iðnaðarmála og skýrist hún alfarið af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum sem rakin er í næsta kafla. Samkvæmt áætluninni hækka framlög í Tæknisjóð úr 200 m.kr. árið 2004 í 500 m.kr. árið 2007 en sjóðurinn er flokkaður með iðnaðarmálum. Gert er ráð fyrir að framlög til heilbrigðismála hækki árlega um 2,8% en það er nokkru lægra en í fyrri áætlunum. Er þá tekið tillit til áætlaðrar þarfar fyrir hjúkrunarrými og öldrunarstofnanir en dregið úr aukningu framlaga til sjúkrahúsa og heilsugæslu frá því sem var áætlað í síðasta fjárlagafrumvarpi. Samtals hækka því framlög til heilbrigðismála um 2,8% árlega. Loks má nefna að gert er ráð fyrir að útgjöld almannatrygginga og velferðarmála aukist um 2,4% árlega. Þar af er gert ráð fyrir að útgjöld lífeyristrygginga aukist um 3% árlega en útgjöld sjúkratrygg-

inga um 5%, einkum vegna aukins lyfjakostnaðar. Gert er ráð fyrir að önnur útgjöld til almannatrygginga aukist á bilinu 2–2,5% árlega. Á móti kemur að reiknað er með að nokkuð dragi úr atvinnuleysi með vaxandi umsvifum í efnahagslífinu.

Niðurstöður framreikninganna eru í eftirfarandi töflu sem sýnir magnbreytingar á helstu málaflokkum ríkissjóðs auk áætlaðra verðlags- og launabreytinga og áform um frestun framkvæmda:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	14.598	14.727	14.843	14.974	0,9
Löggæsla og öryggismál	11.834	11.937	12.060	12.204	1,0
Fræðslumál	25.147	26.105	26.985	27.761	3,4
Heilbrigðismál	73.578	75.526	77.642	79.838	2,8
Almannatryggingar og velferðarmál	61.860	62.706	64.482	66.513	2,4
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.554	3.643	3.682	3.451	-1,0
Menningar- og kirkjumál	10.603	10.644	10.603	10.677	0,2
Eldsneytis- og orkumál	2.170	2.177	1.984	1.958	-3,4
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.366	14.410	14.482	14.579	0,5
Iðnaðarmál	1.064	1.206	1.333	1.380	9,1
Samgöngumál	18.106	16.778	17.776	17.358	-1,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.460	4.296	4.274	4.310	-1,1
Önnur útgjöld ríkissjóðs	31.694	31.917	32.144	32.376	0,7
Frestun framkvæmda		-3.000	-2.000	3.000	
Launa-, verðlags og vaxtagjaldabreytingar o.fl.		11.604	22.936	35.018	
Samtals	**273.034**	**284.676**	**303.226**	**325.397**	

3.3 Nýskipan rannsóknarmála, efling vísinda- og tækniþróunarsjóða

Í ársbyrjun 2003 staðfesti Alþingi þrenn lög um stjórnsýslu og stoðkerfi vísindarannsókna og tækniþróunar. Lögin eru staðfesting á þeim vilja sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að auka veg menntunar og rannsókna sem forsendu fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Þetta eru lög um Vísinda- og tækniráð, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Hlutverk Vísinda- og tækniráðs er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið mótar stefnu í vísinda- og tæknimálum undir stjórn forsætisráðherra auk þess sem a.m.k. þrír aðrir ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs eiga þar sæti.

Ríkið styður rannsóknir með margvíslegum hætti. Beinar fjárveitingar til háskóla og rannsóknastofnana skapa þeim fastan starfsgrundvöll svo að þeir geti byggt tiltekna aðstöðu og grunnþekkingu sem þarf að vera fyrir hendi. Þessi starfsgrundvöllur gerir þeim kleift að afla viðbótarfjár með því að keppa um framlög og gera samninga við notendur rannsókna.

Stefna ráðsins er sú að stuðningur ríkisins byggist í auknum mæli á samkeppni um styrki úr opinberum sjóðum á grundvelli góðra hugmynda, vel skilgreindra verkefna og hæfra umsækjenda. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir, þar á meðal háskólar. Lögð verði áhersla á verkefni rannsóknarfólks af ólíkum fræðasviðum sem líkleg eru til árangurs í nýsköpun og fyrirtæki myndu að öðru jöfnu ekki sinna. Einnig verði lögð áhersla á samstarf háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs, m.a. á nýjum þekkingar-, fræða- og nýsköpunarsviðum og í tengslum við átaks- eða markáætlanir. Opinberar fjárveitingar til rannsókna hvetji háskóla til samstarfs við fyrirtæki og stofnanir um menntun og þjálfun ungra vísindamanna til rannsókna og nýsköpunar á öllum sviðum þjóðlífsins. Rannsóknamiðstöð Íslands, stjórnum rannsóknasjóða, rannsóknaháskólum, öðrum rannsóknastofnum ríkisins og ráðuneytum er ætlað að fylgja stefnunni eftir í framkvæmd.

Rannsóknamiðstöð Íslands hefur það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu, þar á meðal að umsýsla sjóði og safna og miðla upplýsingum um rannsóknir og þróunarstarf.

Rannsóknasjóður styrkir skilgreind verkefni á sviði vísindarannsóknir og geta einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki sótt um. Styrkir eru veittir samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati þannig að sambærileg viðmið gildi við mat á öllum styrkumsóknum.

Tækniþróunarsjóður styður þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækni sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Hann mun í meginatriðum starfa sem samkeppnissjóður sem veitir styrki til verkefna fyrirtækja, rannsóknastofnana og háskóla.

Tækjasjóður veitir háskólum og öðrum rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun er tekið mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma og að öðru jöfnu njóta forgangs þær umsóknir sem fela í sér samstarf rannsóknaraðila og samfjármögnun tækjakaupa.

Rannsóknarnámssjóður veitir styrki til einstaklinga sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi að loknu grunnnámi við háskóla.

Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarafurða stendur á bak við fimm ára átak í rannsóknum og þróunarstarfi til að auka virði íslenskra sjávarafurða.

Tækniþróunarsjóð er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Hann fjármagnar nýsköpunarverkefni sem m.a. eru unnin í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki, markáætlanir sem treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna og sprotafyrirtæki.

Framlög í frumvarpinu til vísinda- og tæknisjóða á vegum ráðuneyta menntamála, iðnaðar og sjávarútvegs aukast um 370 m.kr. frá gildandi fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að framlögin hækki árlega og verði 918 m.kr. hærri í lok kjörtímabilsins en í upphafi þess og er það 116% hækkun á fjórum árum.

Áformuð framlög til vísinda- og tæknisjóða	Fjárlög 2003	Frumvarp 2004	Áætlun 2005	Áætlun 2006	Áætlun 2007
Menntamálaráðuneyti	702	772	872	953	1.005
Sjávarútvegsráðuneyti	0	100	100	100	100
Iðnaðarráðuneyti	90	290	440	560	605
Samtals	**792**	**1.162**	**1.412**	**1.613**	**1.710**

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.988,2	2.095,2	2.245,9	7	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	60,1	56,3	52,2	-7	-13
Stofnkostnaður og viðhald	548,2	147,0	91,9	-37	-83
Samtals	**2.596,5**	**2.298,5**	**2.390,0**	**4**	**-8**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.298,5	2.390,0	4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**2.298,5**	**2.390,0**	**4**	-

Heildargjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 2004 eru áætluð um 2.410 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 20 m.kr. en þær nema 0,8% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 2.390 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.246 m.kr. og hækka um 151 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, aðallega vegna launa- og verðlagshækkana.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 4 m.kr. og verður 52 m.kr. en er 56 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Lækkunin stafar af tilfærslum í fjárveitingum Alþingis til samræmis við rekstraráætlun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 92 m.kr. og er það 55 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar felast í 38 m.kr. lækkun tímabundinna framlaga til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Alþingi og 10 m.kr. lækkun framlaga til viðhaldsverkefna.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar ríkisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrar- og stofnkostnaði sem nemur 22 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna sem alls nema 45 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með kostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar ríkisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Embætti forseta Íslands	129	130	131	132
Alþingi og stofnanir þess	1.967	1.945	1.963	1.981
Ríkisstjórn	191	193	195	197
Hæstiréttur	104	105	106	107
Samtals	**2.391**	**2.373**	**2.395**	**2.417**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Þess má þó geta hér að lækkun útgjalda hjá Alþingi

og stofnunum þess milli áranna 2004 og 2005 skýrist af niðurfellingu tímabundinna framlaga til viðhalds Alþingishúss og skönnunar eldri árganga Alþingistíðinda.

Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum þeirra stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	153,3	124,7	128,5	3,0	-16,2
Alþingi	1.395,8	1.586,7	1.601,1	0,9	14,7
Framkvæmdir á Alþingisreit	488,8	3,0	0,0	-100,0	-100,0
Ríkisstjórn	140,7	152,8	191,0	25,0	35,7
Hæstiréttur	82,4	85,9	103,6	20,6	25,7
Umboðsmaður Alþingis	70,9	75,8	78,3	3,3	10,4
Ríkisendurskoðun	264,6	269,6	287,5	6,6	8,7
Samtals	**2.596,5**	**2.298,5**	**2.390,0**	**4,0**	**-8,0**

101 Embætti forseta Íslands. Framlög til embættisins eru áætluð 128,5 m.kr. og hækka um 3,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er 4 m.kr. en framlag til stofnkostnaðar lækkar um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 1.601,1 m.kr. og hækka um 14,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður falla fjárveitingar sem veittar voru tímabundið, alls 125 m.kr., gerðar eru tillögur um ný framlög að fjárhæð 35 m.kr. en á móti er lögð til 18,2 m.kr. lækkun framlaga til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum og rekstri stjórnsýslustofnana. Launa- og verðlagsbætur nema 122,6 m.kr. Framlög til rekstrarverkefna eru 1.512 m.kr. og hækka um 66,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 54,8 m.kr. vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga og gert er ráð fyrir 14,3 m.kr. lækkun framlaga til að mæta markmiði um aðhaldi í rekstri stjórnsýslustofnana. Áformað er að kostnaður við rekstur á skrifstofum nefndasviðs og alþjóðasviðs verði framvegis vistaður á almennum rekstri þannig að á viðföngin *1.03 Fastanefndir* og *1.04 Alþjóðasamstarf* færist aðeins beinn kostnaður við þingnefndirnar og alþjóðasamstarf. Því til viðbótar er skipting fjárveitinga milli rekstrarviðfanga Alþingis uppfærð til samræmis við rekstraráætlun stofnunarinnar. Samanlagt leiða þessar breytingar til 118,5 m.kr. tilfærslna á fjárveitingum milli rekstrarviðfanga Alþingis. Breytingar á fjárveitingum til einstakra rekstrarviðfangsefna frá gildandi fjárlögum eru sem hér segir. Framlag til viðfangs *1.01 Alþingiskostnaður* hækkar um 28,9 m.kr. en þar af eru almennar launa- og verðlagsbætur 25,3 m.kr. Niður fellur 30 m.kr. tímabundið framlag

til greiðslu biðlauna og 2 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins þingfararkostnaðar á kosningaári. Á grundvelli úrskurðar Kjaradóms frá 10. maí sl. er lögð til 67,8 m.kr. hækkun fjárveitingar til þingfararkaups alþingismanna. Lagt er til að 26,1 m.kr. verði millifærð til annarra rekstrarviðfanga Alþingis til samræmis við rekstraráætlun. Loks er lögð til 6,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Framlag til viðfangs *1.03 Fastanefndir* lækkar um 60,8 m.kr. Þar munar mest um 62,2 m.kr. millifærslu til annarra rekstrarviðfanga Alþingis en aðrar breytingar eru 1,6 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna launa- og verðlagsreiknings og 0,2 m.kr. lækkun vegna hagræðingarkröfu. Framlag til viðfangs *1.04 Alþjóðasamstarf* lækkar um 21,4 m.kr. Mest munar um 20,7 m.kr. millifærslu til annarra rekstrarviðfanga Alþingis auk þess sem fjárveiting lækkar um 0,7 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Framlag til viðfangs *1.06 Almennur rekstur* hækkar um 107,9 m.kr. en þar af eru launa- og verðlagsbætur 23,5 m.kr. Mest munar um 106,4 m.kr. tilfærslur frá öðrum rekstrarviðföngum Alþingis en að öðru leyti eru breytingar þær að niður fellur 15 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003 til endurskipulagningar á skjalaskráningu og til að mæta auknum kröfum um upplýsinga- og tölvuþjónustu. Þá lækkar fjárveiting um 1,2 m.kr. vegna sértekna sem millifærðar eru af viðfangi *1.07* og um 5,8 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Framlag til viðfangs *1.07 Sérverkefni* lækkar um 5,3 m.kr. og munar þar mest um 9,5 m.kr. millifærslu til annarra rekstrarviðfanga Alþingis. Aðrar breytingar eru þær að lagt er til að 7 m.kr. fjárveiting til skönnunar á eldri árgöngum Alþingistíðinda, sem veitt var tímabundið til tveggja ára á fjárlögum 2003, hækki um 2,5 m.kr. og verði 9,5 m.kr. Þá hækkar fjárveiting um 0,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsreiknings og um 1,2 m.kr. vegna millifærslu sértekna á viðfang *1.06* en lækkar um 0,2 m.kr. vegna hagræðingarkröfu. Framlag til viðfangs *1.10 Rekstur fasteigna* hækkar um 17 m.kr. og munar þar mest um 12,1 m.kr. tilfærslur frá öðrum rekstrarviðföngum Alþingis. Lögð er til 2,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til að styrkja rekstur fasteigna en kostnaður við rekstur þjónustuskála og bílastæðakjallara hefur reynst hærri en áætlað var. Að öðru leyti skýrast breytingar af 3,7 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna launa- og verðlagsreiknings og 1,3 m.kr. lækkun vegna hagræðingarkröfu. Framlög til viðhaldsverkefna eru 54 m.kr. og lækka um 10 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður fellur 25 m.kr. tímabundið framlag til utanhússviðhalds Alþingishúss og 15 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds og endurbóta á 1. hæð. Á móti er lagt til að veitt verði 30 m.kr. tímabundin fjárveiting til viðbótar við almennt viðhaldsfé til breytinga og lagfæringa á 2. hæð í Alþingishúsinu. Framlög til stofnkostnaðarverkefna eru 35,1 m.kr. og lækka um 41,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður fellur 18 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði, 15 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar á tölvubúnaði alþingismanna og 5 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á húsgögnum og búnaði fyrir þjónustuskála og Alþingishús. Til viðbótar er lögð til 3,9 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

205 ***Framkvæmdir á Alþingisreit.*** Felld er niður 3 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var á fjárlögum 2003 til að vinna að frekari undirbúningi að framtíðarskipulagi á Alþingisreitnum. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til liðarins í frumvarpinu.

301 ***Ríkisstjórn.*** Laun ráðherra, að undanskildu þingfararkaupi, og laun aðstoðarmanna ráðherra eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 191 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er 38,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af hækkun á launum ráðherra á grundvelli úrskurðar Kjaradóms þann 10. maí sl. og kostnaði vegna fyrirhugaðra ráðherraskipta.

401 ***Hæstiréttur.*** Laun hæstaréttardómara eru greidd af þessum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 103,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er 17,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af hækkun á launum hæstaréttardómara á grundvelli úrskurðar Kjaradóms þann 10. maí sl.

610 ***Umboðsmaður Alþingis.*** Gert er ráð fyrir 78,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er 2,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er 3,2 m.kr. en á móti kemur 0,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Niður fellur 3 m.kr. fjárveiting, sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003, vegna athugana sem tengdust stjórnsýslu sveitarfélaga en á móti er lögð til 3 m.kr. fjárveiting til að efla frumkvæðisathuganir embættisins almennt.

620 ***Ríkisendurskoðun.*** Gert er ráð fyrir 287,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 17,9 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 13,7 m.kr. en á móti kemur 2,8 m.kr. lækkun fjárveitingar til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. fjárveiting vegna aukins húsnæðiskostnaðar en stofnunin tók viðbótarhúsnæði á leigu í upphafi þessa árs. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er einnig sótt um fjárveitingu vegna aukins húsnæðiskostnaðar á árinu.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	841,5	551,9	631,8	14	-25
Neyslu- og rekstrartilfærslur	336,4	349,9	333,9	-5	-1
Stofnkostnaður og viðhald	266,0	129,3	163,8	27	-38
Samtals	**1.443,9**	**1.031,1**	**1.129,5**	**10**	**-22**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.031,1	1.129,5	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**1.031,1**	**1.129,5**	**10**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 1.155 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæpar 26 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur nema rúmum 1.129 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 632 m.kr. og hækka um 80 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 20 m.kr. tímabundið framlag í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi og 16 m.kr. hækkun fjárveitingar til að styrkja starfsemi Óbyggðanefndar.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 16 m.kr. og verður 334 m.kr. Þyngst vegur að niður fellur 12 m.kr. tímabundið framlag til Vesturfarasetursins á Hofsósi.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 164 m.kr. og er það 35 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 70 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á húseignum á Stjórnarráðsreit og að niður fellur 18 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Minningarsafns um Halldór Laxness og 9 m.kr. nýbyggingarframlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 3 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 151 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	415	397	400	393
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir	100	100	0	0
Annað	614	610	615	620
Samtals	**1.129**	**1.107**	**1.015**	**1.013**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samninga við Vesturfarasetrið á Hofsósi eins og tilgreint er í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Vesturfarasetrið á Hofsósi		22,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Samtals		**22,0**	**10,0**	**10,0**	**10,0**	**0,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	228,4	199,9	205,4	2,8	-10,1
Ýmis verkefni	400,5	187,9	204,8	9,0	-48,9
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**628,9**	**392,8**	**415,2**	**5,7**	**-34,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 12,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Mest munar um 20 m.kr. framlag í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi og niðurfellingu á 12 m.kr. framlagi í samræmi við samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlög til skrifstofunnar eru áætluð 205,4 m.kr. og hækka um 5,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun vegna launa- og verðlagsbóta er 7,5 m.kr. þannig að framlög lækka um 2 m.kr. að raungildi til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

190 Ýmis verkefni. Framlög til þessa fjárlagaliðar nema 204,8 m.kr. og hækka um 16,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af er 2,3 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Aðrar breytingar eru þessar: Lagt er til að framlag til viðfangs *1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag* hækki um 6,1 m.kr. og verði 10 m.kr. Hið íslenska fornritafélag hefur notið styrkja frá forsætisráðuneytinu til útgáfu Biskupa sagna í tilefni þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi. Tvö af fimm bindum eru þegar

komin út og þriðja bindið er tilbúið til prentunar. Stefnt er að því að hraða útgáfu þeirra binda sem eftir eru. Á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* fellur niður 2,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003 til viðhaldsframkvæmda á íbúðarhúsinu á Hrafnseyri, safni Jóns Sigurðssonar, kapellu og burstabæ en á móti er gerð tillaga um að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2004 til að hefja frumathugun og áætlanagerð á umhverfisskipulagi að Hrafnseyri og til undirbúnings 200 ára afmælishátíðar Jóns Sigurðssonar forseta. Á viðfangi *1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi* fellur niður 12 m.kr. tímabundið framlag frá árinu 1999 sem veitt var til 5 ára samkvæmt samningi. Á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* er lögð til 20 m.kr. tímabundin fjárveiting til að minnast þess að á næsta ári verða liðin eitt hundrað ár frá íslenskri heimastjórn og á viðfangi *5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum* er tillaga um 1 m.kr. árlegt framlag í fjögur ár til fyrirbyggjandi viðhalds á kirkjunni.

Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 303 Kristnihátíðarsjóður.

303 Kristnihátíðarsjóður. Á þennan fjárlagalið er nú í fjórða sinn fært 100 m.kr. árlegt framlag sem veitt var til 5 ára á fjárlögum 2001 samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum sem haldinn var í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini; 261 Óbyggðanefnd: 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 62,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 70 m.kr. hækkun á stofnkostnaðarframlagi til fasteigna Stjórnarráðsins vegna endurbóta húsnæðis á Stjórnarráðsreit við Arnarhvol og flutnings ráðuneyta, 16 m.kr. hækkun fjárveitingar til reksturs óbyggðanefndar og að niður fellur 18 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Minningarsafns um Halldór Laxness.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	55,7	54,5	56,9	4,4	2,2
Fasteignir Stjórnarráðsins	44,8	25,0	95,0	280,0	112,1
Þjóðhagsstofnun	86,0	0,0	0,0	-	-100,0
Norræna ráðherranefndin	121,0	116,2	125,3	7,8	3,6
Umboðsmaður barna	20,7	24,3	25,2	3,7	21,7
Þjóðmenningarhúsið	56,3	72,3	75,2	4,0	33,6
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	72,1	9,7	9,9	2,1	-86,3
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	71,3	44,6	25,0	-43,9	-64,9
Óbyggðanefnd	54,8	48,1	65,8	36,8	20,1
Ríkislögmaður	41,6	45,5	50,4	10,8	21,2
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	90,9	78,1	70,6	-9,6	-22,3
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	20,0	15,0	-25,0	-
Samtals	**715,2**	**538,3**	**614,3**	**14,1**	**-14,1**

201 ***Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 56,9 m.kr. og hækki um 2,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af um 1,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Lögð er til 6,3 m.kr. hækkun fjárveitingar á viðfang *1.01* til að styrkja rekstrargrundvöll liðarins. Halli hefur verið á rekstrinum undanfarin ár og fjárveitingar ekki dugað fyrir reglubundnum útgjöldum. Á viðfangi *5.25* er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag sem hluta af alls 30 m.kr. tímabundnu framlagi til seinni áfanga viðhaldsverkefna sem brýnt hefur verið um langt skeið að ráðast í. Um er að ræða víðtæk knýjandi viðhaldsverkefni skv. áætlun byggingadeildar, m.a. á þaki Staðarstaðar, endurbætur á þaki og lögnum Þingvallabæjar, framkvæmdir við öryggismál og tenging öryggiskerfa á Bessastöðum, Staðarstað, Stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað. Fjárveitingin skiptist þannig að 5 m.kr. eru veittar árið 2004, 15 m.kr. árið 2005 og 10 m.kr. árið 2006. Á móti kemur að niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2003 til fyrri áfanga viðhaldsframkvæmdanna.

203 ***Fasteignir Stjórnarráðsins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 95 m.kr. og hækki um 70 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að veitt verði 70 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við endurbætur á Skuggasundi 3, Lindargötu 9 og Arnarhvoli sem tengist flutningi ráðuneyta í húsnæðið. Einnig er sótt um 75 m.kr. fjárveitingu vegna framkvæmdanna í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 125,3 m.kr. og hækki um 9,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 2,8 m.kr. Lagt er til að veitt verði 6,5 m.kr. tímabundin fjárveiting þar sem Ísland mun gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Ísland gegnir formennsku í norrænu samstarfi 5. hvert ár. Formennskuhlutverkinu fylgir aukið umfang og kostn-

aður, s.s. við undirbúning, almannatengsl, þýðingar, útgáfu- og kynningarstarf, ferðakostnað og risnu. Þá lækka framlög um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 25 m.kr. og lækki um 19,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður fellur 2,5 m.kr. rekstrarframlag og 18 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem veitt voru tímabundið á fjárlögum 2003. Launa- og verðlagsbætur eru 0,9 m.kr.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til óbyggðanefndar verði 65,8 m.kr. og hækki um 17,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 1,8 m.kr. Til að styrkja rekstur nefndarinnar er lögð til 15,9 m.kr. hækkun fjárveitingar. Starfsemi óbyggðanefndar hefur orðið umfangsmeiri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir og kostnaður vegna úrskurða og málflutningslauna hærri. Reikna má með því að umfang starfseminnar sé hvað mest á fyrstu starfsárum nefndarinnar og eru bundnar vonir við að í kjölfar úrlausna dómstóla náist sættir í hluta ágreiningsmálanna þannig að afgreiðsla mála gangi hraðar og verki nefndarinnar ljúki fyrr en ella en upphaflega var áætlað að takast mætti að ljúka verkefnum nefndarinnar árið 2007. Ómögulegt er að áætla með neinni vissu kostnað við málflutningslaun í þeim málum sem koma til afgreiðslu nefndarinnar og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er sótt um fjárveitingu til að mæta auknu umfangi og halla áranna 2002 og 2003.

271 Ríkislögmaður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til embættisins verði 50,4 m.kr. og hækki um 4,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af um 2,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Gerð er tillaga um 3,3 m.kr. hækkun fjárveitingar. Verkefnum embættisins hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem lögfræðilegum álitsgerðum og lögfræðilegri aðstoð við ráðuneyti vegna samningsgerðar af ýmsu tagi. Til að vinna upp halla frá árinu 2001 hefur embættið starfað með skertum stöðugildafjölda. Í upphafi árs 2003 bættist við stöðugildi og er embættið nú mannað fimm stöðugildum lögfræðinga og einu stöðugildi ritara. Miðað við umfang er ljóst að núverandi fjárhagsrammi nægir ekki til að endar nái saman og er þessi hækkun ætluð til að koma rekstri embættisins í jafnvægi. Þá lækka framlög um 0,5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 70,6 m.kr. og lækki um 7,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Niður falla alls 8,5 m.kr. stofnkostnaðarframlög sem veitt voru tímabundið á fjárlögum 2003 til byggingar starfsmannabústaðar og seinni áfanga snyrtiaðstöðu við þjónustumiðstöðina á Leirunum. Launa- og verðlagsbætur eru 1 m.kr.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag á liðinn og er það 5 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið skiptist milli tveggja sameiginlegra verkefna ráðuneyta, annars vegar eru 10 m.kr. ætlaðar í vefmál Stjórnarráðsins og hins vegar 5 m.kr. til þróunarverkefnis um rafræna stjórnsýslu. Ekki er gerð krafa um mótframlög frá ráðuneytinu vegna þessara verkefna.

Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið var gefin út í október 1996 og var þróunarverkefni um framkvæmd stefnunnar formlega lokið í febrúar sl. Ráðgjafarfyrirtæki, sem mat verkefnið, taldi það hafa skilað góðum árangri. Á þessum tímamótum var ákveðið að setja málefni upplýsingasamfélagsins í nýjan farveg undir stjórn forsætisráðuneytisins. Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið var lögð niður og sett á laggirnar samráðsnefnd ráðuneyta. Samráðsnefndinni var falið að gera tillögur um forgangsröðun stærri verkefna á sviði upplýsingatækni við fjárlagagerð, innan ákveðins ramma, og ákveðið að farið yrði með tillögur um önnur verkefni eins og önnur fjárlagaerindi. Að þessu sinni gerði nefndin tillögu um 94 m.kr. ný framlög til verkefna gegn því að ráðuneytin legðu til a.m.k. jafn hátt mótframlag þannig að í heildina yrði a.m.k. 173 m.kr. varið í verkefnin árið 2004. Ráðuneytin bættu um betur og samtals er áætlað fyrir 233 m.kr. í framlög á fjárlagaliðum íslenska upplýsingasamfélagsins í frumvarpinu. Unnið er að endurskoðun stefnunnar frá 1996 og mótun framtíðarsýnar sem tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og alþjóðlegum straumum.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	18.776,7	19.122,0	20.628,8	8	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	8.711,5	8.969,3	9.863,7	10	13
Stofnkostnaður og viðhald	2.685,2	3.179,6	1.757,2	-45	-35
Samtals	**30.173,4**	**31.270,9**	**32.249,7**	**3**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	27.524,5	29.130,8	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	3.746,4	3.118,9	-17	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**31.270,9**	**32.249,7**	**3**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 34.984 m.kr. á rekstrargrunni sem er 6% hækkun frá áætlun fjárlaga 2003. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.734 m.kr. en þær nema 7,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 32.250 m.kr. og hækka um 3,1% frá áætlun fjárlaga. Af þeirri fjárhæð eru 29.130 m.kr. fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði og 3.119 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Alþingi samþykkti fyrr á yfirstandandi ári 1.000 m.kr. aukafjárveitingu til menntamálaráðuneytisins vegna stofnkostnaðar menningarhúsa. Að teknu tilliti til þeirrar fjárheimildar lækka framlög til menntamálaráðuneytisins milli áranna 2003 og 2004 sem nemur launa- og verðlagsþróun.

Rekstrargjöld, sem fjármögnuð eru með sértekjum, hækka að raungildi um 901 m.kr. frá fjárlögum 2003 vegna leiðréttingar á grundvelli upplýsinga í ríkisreikningi þriggja síðustu ára. Sértekjur ráðuneytisins voru að meðaltali 3.200 m.kr. á ári þessi þrjú ár eða 1.500 m.kr. meira en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 20.629 m.kr. og hækka um 1.507 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana, sem nema 480 m.kr., munar þar mest um 878 m.kr. vegna nemendafjölgunar í háskólum, 165 m.kr. til rannsókna og 90 m.kr. vegna nemendafjölgunar í framhaldsskólum. Aðrar breytingar nema 47 m.kr. Á móti kemur að niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 154 m.kr., þar af voru 135 m.kr. til rannsókna.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 894 m.kr. og verður 9.868 m.kr. en er 8.969 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Auk 50 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana vega þyngst 381 m.kr. vegna fjölgunar námslánaþega og hækkunar á framfærslugrunni sem lán miðast við, 60 m.kr. vegna samnings um eflingu símenntunar í atvinnulífinu, 40 m.kr. til kvikmyndamála og 32 m.kr. til listahátíða og menningarkynninga, höfundarréttargjöld hækka um 30 m.kr. vegna ríkistekna. Hækkun um 392 m.kr. skýrist með því að hluti af framlögum til rannsóknarmála er nú flokkaður sem tilfærslur í stað þess að vera flokkaður undir stofnkostnað og 15 m.kr. hækkun er vegna breyttrar flokkunar á öðrum liðum. Aðrar hækkanir nema alls 32 m.kr. Á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð 98 m.kr. falla niður.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.757 m.kr. og er það 1.422 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að tímabundin útgjöld að fjárhæð 1.011 m.kr. falla niður. Þar af eru 727 m.kr. vegna hröðunar framkvæmda við Náttúrufræðahús Háskóla Íslands á yfirstandandi ári. Þá lækka framlög til framkvæmda framhaldsskóla og menningarstofnana og til kaupa á tækjum og búnaði um 107 m.kr., að stærstum hluta vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Breytt flokkun á gjaldategundir skýrir 407 m.kr. lækkun. Á móti kemur 68 m.kr. hækkun til rannsóknarmála og 35 m.kr. til ýmissa verkefna.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	450	454	458	463
Háskólar og rannsóknir	10.415	10.717	11.095	11.457
Framhaldsskólar	10.494	10.997	11.379	11.669
Grunnskólar	485	489	493	498
Námsaðstoð	3.909	4.016	4.126	4.240
Söfn, listastofnanir o.fl.	5.907	5.882	5.887	5.892
Annað	592	592	588	589
Samtals	**32.252**	**33.147**	**34.026**	**34.808**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér skal getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi er í spánni miðað við að *framlög til háskóla* aukist um 4% milli ára. Í spá sem birt var í fjárlagafrumvarpi 2003 var miðað við 5% aukningu framlaga. Við framreikning útgjaldanna var tekið mið af mannfjöldaspá Hagstofu Íslands þar sem reiknað með að 20–24 ára fólki fækki að meðaltali um 2% milli ára árin 2004–2007 en jafnframt var tekið mið af þeirri þróun síðustu ára að stærra hlutfall hvers árgangs fari í háskóla. Í öðru lagi er miðað við að svigrúm sé til að auka *framlag til rannsókna* og annarra verkefna háskóla að raungildi um 2% milli ára. Þetta er til viðbótar við þá hækkun sem ráðherrar í Vísinda- og tækniráði munu beita sér fyrir sem gerir ráð fyrir 100 m.kr. hækkun árið 2005, 80 m.kr. hækkun árið 2006 og 53 m.kr. hækkun árið 2007. Þetta er heldur meiri hækkun en er samkvæmt þeirri spá sem birtist í fjárlagafrumvarpi 2003. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að *framlög til framhaldsskóla* aukist um liðlega 3% á ári. Í spá sem birt var í fjárlagafrumvarpi 2003 var miðað við 4%. Tekið er mið af því að mannfjöldaspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir að árin 2004–2007 fjölgi fólki á aldrinum 16–19 ára um nálægt 3,5% á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til sérkennslu í framhaldsskólum, á óskiptum lið, aukist um 5% milli ára en ekki 15% samkvæmt fyrri spá. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að framlög til framkvæmda við húsnæði framhaldsskólanna hækki árið 2005 um 230 m.kr. og um 100 m.kr. til viðbótar árið 2006. Í sjötta lagi er spáð 3% raunaukningu *útgjalda til námslána* vegna fjölgunar lánþega í stað 5% samkvæmt fyrri spá. Er þá reiknað með að fjölgun námsmanna leiði ekki til samsvarandi fjölgunar lánþega auk þess sem raunhækkun á tekjum lánþega haldi aftur af vaxandi þörf fyrir framlög til námslána úr ríkissjóði. Í áttunda lagi má nefna að *tímabundnar fjárveitingar* falla niður og munar mest um 30 m.kr. til menningarkynningar í Frakklandi sem fellur niður árið 2005. Að lokum er reiknað með að útgjöld til *safnastarfsemi* aukist um 1% milli ára í stað 3% samkvæmt fyrri spám.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 2,7 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Taflan tekur ekki til samninga ráðuneytisins við stofnanir sínar á grundvelli samþykkar ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Aðrar fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Samningar, sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna

þeirra áætlaður 1.702 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 257 m.kr. á árinu. Að lokum eru 1.035 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 3 milljarðar króna bundnir árlega vegna framangreindra verkefna. Endanleg niðurstaða samninga kann að verða önnur en fram kemur í töflunni.

Unnið er að endurnýjun samninga við Háskólann í Reykjavík, Viðskiptaháskólann á Bifröst og ÍSÍ um afreksmannasjóð sem renna allir úr í árslok 2003. Sama er að segja um samning við Akureyrarbæ um menningarmál sem rann úr í árslok 2002. Samningur um Vetraríþróttamiðstöð, sem rann út í árslok 2002, hefur verið framlengdur til ársloka 2008. Samningur við Listaháskólann og um menningarstarf í 16 austfirskum sveitarfélögum renna út 2004 og er gert ráð fyrir að endurnýja þá. Sama er að segja um samninga við Verslunarskólann, um höfundarréttargreiðslur vegna fjölföldunar efnis í skólum og Íslensku óperuna sem allir renna úr á árinu 2005.

Miðað er við að gera samning um að Listahátíð í Reykjavík verði haldin árlega frá árinu 2005 með 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði.

Eftirtaldir nýir samningar hafa verið án þess að greint væri frá þeim í sams konar greinargerð í fjárlagafrumvarpi 2003. Á árinu 2002 var gerður samningur við Reykjavíkurborg um undirbúning framkvæmda við tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík. Gerður hefur verið samningur við ASÍ og SA um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins út árið 2006. Samningur við Menntafélagið ehf. um rekstur á Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólanum í Reykjavík tók gildi í haust og nær fram á árið 2008. Samningur um uppbyggingu Síldarminjasafns á Siglufirði er til þriggja ára.

Rekstrargrunnur	Teg.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	2005 m.kr.	2006 m.kr.	2007 m.kr.
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	64	64	64	64	64
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	391	407	407	407	407
Listaháskóli Íslands, listnám á háskólastigi	A	368	426	426	426	426
Stoðþjónusta, viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	85	87	87	87	87
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	486	562	562	562	562
Viðskiptaháskólinn á Bifröst, háskólanám	A	128	156	156	156	156
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	37	38	38	38	38
Íslenska óperan	B	157	160	160	160	160
Menningarstarf í 16 austfirskum sveitarfélögum	B	34	34	34	-	-
Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð, undirbúningur	B	84	25	20	20	-
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	25	25	25	25	25
Evrópska skólamálanetið	C	2	2	2	-	-
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	5	5	5	5	-
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	C	53	62	62	62	62
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	145	154	154	154	154
Hafnarfjarðarleikhúsið, leikstarfsemi	C	10	10	-	-	-
Háhraðanet framh.sk. og símenntunarmiðst.	C	134	147	147	37	-
Heimili og skóli	C	2	2	-	-	-
Hraðbraut	C	55	108	170	170	170
Húsavíkurskólinn Hallormsstað, framhaldsskóli	C	17	17	17	17	17
Húsavíkurskólinn í Reykjavík, framhaldsskóli	C	19	23	23	23	23
Lektorsstaða v/Humbolt háskóla í Berlín	C	3	3	3	3	-
Listahátíð í Reykjavík	C	16	28	30	30	30
Menningarborgarsjóður	C	15	15	-	-	-
Möguleikhúsið	C	4	-	-	-	-
Námskrá framhaldsskóla hjá starfsgreinaráðum	C	14	-	-	-	-
Nemendagarðar á Akureyri	C	13	25	25	25	25
Nemendagarðar á Akureyri, stofnkostnaður	C	15	15	-	-	-
Rekstur Vélskóla og Stýrimannaskóla	C	171	205	205	205	205
Síldarminjasafn á Siglufirði	C	12	14	9	-	-
Símenntunarmiðstöðvar á 9 stöðum	C	81	81	81	-	-
Snorrastofa í Reykholti	C	12	6	1	-	-
Tungumálamiðstöð í Austurríki	C	2	2	2	-	-
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	37	37	37	-	-
Upplýsingakerfi framhaldssk., rekstur og hýsing	C	6	6	6	-	-
Upplýsingakerfi framhaldsskóla, þjónusta	C	7	7	3	-	-
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	5	5	5	-	-
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk.	C	20	30	30	30	35
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, rekstur	C	3	3	3	-	-
Samtals		**2.733**	**2.993**	**2.997**	**2.705**	**2.644**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 449,7 m.kr. og hækkar um 10,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er að útgjöld aðalskrifstofu hækka um 15 m.kr. vegna skipulagsbreytinga í kjölfar laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og laga um Vísinda- og tækniráð. Á móti kemur 4,1 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldi í rekstri stjórnsýslustofnana.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniháskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 235–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Samkvæmt nýsamþykktum lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir tekur Rannsóknamiðstöð Íslands við verkefnum Rannsóknarráðs Íslands, Rannsóknasjóður tekur við verkefnum Vísindasjóðs og Tæknisjóðs og Tækjasjóður við verkefnum Bygginga- og tækjasjóðs.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 12.299,5 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 1.055,8 m.kr. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 1.885 m.kr. sem er hækkun um 642,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sértekjur háskólastofnana voru vanmetnar um 1 milljarð króna í fjárlögum 2002. Hækkun á áætluðum sértekjum hefur ekki áhrif á fjárveitingar ríkisins heldur er um að ræða skref til að leiðrétta umsvif stofnana með hliðsjón af ríkisreikningi síðustu ára. Þær sértekjur, sem hér um ræðir, eru aðallega vegna styrkja til rannsóknarverkefna, sölu á sérfræðiþjónustu og vegna námskeiðahalds. Takist ekki að afla áætlaðra sértekna lækka útgjöld að sama skapi.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 10.414,5 m.kr. og hækkar um 168,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að framlög vegna nemendafjölgunar hækka um 878,1 m.kr. og framlög til rannsókna um 179,7 m.kr. Á móti kemur að tímabundið 724 m.kr framlag til framkvæmda við Náttúrufræðahús sem fjármagnað var með lántöku Happdrættis Háskóla Íslands fellur niður og sömuleiðis tímabundin framlög til rannsókna að fjárhæð 181,5 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	4.441,6	4.909,9	4.525,2	-7,8	1,9
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	128,8	124,6	128,3	3,0	-0,4
Raunvísindastofnun Háskólans	208,4	209,0	215,6	3,2	3,5
Stofnun Sigurðar Nordals	17,4	19,1	19,6	2,6	12,6
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	106,3	91,2	103,2	13,2	-2,9
Orðabók Háskólans	20,9	25,2	26,0	3,2	24,4
Íslensk málstöð	17,7	17,2	17,9	4,1	1,1
Örnefnastofnun Íslands	13,2	14,6	14,6	0,0	10,6
Háskólinn á Akureyri	594,8	595,6	684,1	14,9	15,0
Tæknihaskóli Íslands	447,3	398,3	550,8	38,3	23,1
Kennaraháskóli Íslands	962,0	943,2	1.166,7	23,7	21,3
Námsmatsstofnun	23,1	19,7	20,1	2,0	-13,0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	109,4	127,8	156,2	22,2	42,8
Háskólinn í Reykjavík	389,0	422,1	418,3	-0,9	7,5
Listaháskóli Íslands	315,0	367,9	426,2	15,8	35,3
Rannsóknamiðstöð Íslands	64,3	65,1	93,9	44,2	46,0
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-	109,4	112,7	3,0	-
Rannsóknir og þróun í uppl.tækni og umhv.m.	102,4	95,0	85,0	-10,5	-17,0
Rannsóknasjóður	412,1	412,0	415,0	0,7	0,7
Tækjasjóður	50,5	90,0	115,0	27,8	127,7
Rannsóknarnámssjóður	54,0	40,0	50,0	25,0	-7,4
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	661,9	170,0	170,0	0,0	-74,3
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	75,7	232,5	383,9	65,1	407,1
Alþjóðleg samskipti	528,4	501,4	516,2	3,0	-2,3
Samtals	**9.744,2**	**10.000,8**	**10.414,5**	**4,1**	**6,9**

Eins og í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir rekstri háskólanna með hliðsjón af reglum nr. 646/1999, um fjárveitingar til háskóla, og reiknilíkani sem skiptir fjárveitingum milli skólanna í samræmi við samninga menntamálaráðuneytisins við skólana eða ákvörðun ráðuneytisins liggi samningur ekki fyrir. Samkvæmt reglunum fylgir ákveðið meðalframlag hverjum ársnemanda en það er mælikvarði á nám nemanda sem gengur til prófa í 30 einingum á ári. Framlög hækka milli ára í samræmi við almenna launa- og verðlagsforsendu frumvarpsins. Í töflu með verðflokkum eru nú einnig sýnd hlutföll sem eru fundin með því að deila verði í lægsta flokknum upp í hina flokkana.

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti en gera má ráð fyrir að verðhlutföll séu á bilinu 3,0–6,5 eftir listgreinum. Frá reiknuðum framlögum samkvæmt töflunni eru síðan dregnar tekjur af skrásetningargjaldi sama fjölda ársnemenda og greitt er fyrir og reiknuð fjárhæð vegna fjárbindingar í húsnæði sem byggt eða keypt hefur verið fyrir fé ríkisins, þar með taldar tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands, og er umfram ákveðna nemendaviðmiðun. Þetta þýðir að rekstrarframlag til skóla lækkar eftir því sem ríkið fjárfestir í stærra húsnæði vegna kennsluþáttarins í starfi hans.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verð-hlut-fall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	384	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	607	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	650	1,7
Hjúkrunarnám og annað hliðstætt sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	685	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verklegar æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar	874	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.221	3,2
Nám í tannlækningum	2.038	5,3

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að gera samninga um að greiða framlag fyrir 10.448 ársnemendur í háskólum miðað við meðalverðhlutfallið 1,55 eða tæpar 600 þús.kr. á ársnemanda fyrir frádráttarliði.

Ársnemendur	HÍ	KHÍ	HA	HR	THÍ	VHB	LHÍ	Áætlað 2004	Áætlað 2003
Félags- og mannvísindi	3.195	0	300	580	270	345	0	4.690	3.993
Tölvufræði og stærðfræði	220	0	65	350	0	0	0	635	645
Kennaranám o.þ.h.	90	1.400	360	0	0	0	30	1.880	1.508
Hjúkrunarfræði	400	0	200	0	0	0	0	600	550
Verk-, tækni-, efnafræði	900	0	85	0	400	0	36	1.421	1.126
Læknisfræði	350	0	0	0	0	0	0	350	350
Tannlækningar	45	0	0	0	0	0	0	45	45
Listnám	0	0	0	0	0	0	277	277	260
Framhaldsskólastig	0	0	0	0	185	25	0	210	210
Óskiptur liður	0	0	0	0	0	0	0	340	180
Samtals 2004	**5.200**	**1.400**	**1.010**	**930**	**855**	**370**	**343**	**10.448**	**8.867**
Áætlað 2003	**4.500**	**1.100**	**886**	**900**	**700**	**300**	**301**		
Meðal verðhlutfall	1,5	1,7	1,6	1,2	1,8	1,0	3,2	1,55	

Samkvæmt uppgjöri við háskóla voru 7.784 ársnemendur í skólunum árið 2001. Þeim fjölgaði um 13% á árinu 2002 eða í 8.815. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 8.867 ársnemendum en endurskoðuð spá bendir til mun meiri fjölda eða allt að 9.900. Gangi sú spá eftir fjölgar um 12% milli ára. Til þess að koma til móts við fjölgunina er sótt um 300 m.kr. aukafjárveitingu 2003 þannig að alls verði veitt fé fyrir 9.400 ársnemendum í háskólum árið 2003 sem er 7% fjölgun milli ára. Menntamálaráðuneytið hefur af þessu tilefni endurskoðað ákvæði samninga við háskólana um hámarksfjölda nemenda sem greitt er fyrir. Áætlað er að ársnemendur verði 10.448 árið 2004 sem er fjölgun um 1.581 frá forsendum fjárlaga 2003 eða 18% en 11% sé miðað við þá 9.400 ársnemendur sem sótt verður um fjárheimild fyrir í ár. Spár skólanna fyrir 2004 benda til að ársnemendur geti orðið 10.900 eða 500 fleiri en áætlað er fyrir í frumvarpinu. Ef þær spár rætast er um að ræða 40% fjölgun ársnemenda á þremur árum. Spárnar eru háðar óvissu, sérstaklega spár þeirra

skóla sem leggja sig fram um að fjölga nemendum án þess að stýra fjölguninni með því að setja viðbótarinntökuskilyrði eins og lög heimila. Reynist ársnemendur verða fleiri en fjárveitingar miðast við þurfa skólarnir að stýra útgjöldum sínum þannig að nemendafjölgun hafi ekki áhrif á afkomu þeirra. Ekki eru bein tengsl á milli framlags á hvern viðbótarnemanda og útgjalda skólans vegna hans, meðal annars vegna þess að viðbótarkostnaður við hvern nemanda getur verið annað en meðalframlagið sem skólinn fær greitt. Í samningum menntamálaráðuneytisins við skóla og reglum þess um fjárveitingar til skóla þarf að gera sérstaka kröfu um að skólar haldi útgjöldum sínum innan fjárheimilda.

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands bendir til þess að á næstu árum, þ.e. 2004–2007, fækki fólki á aldrinum 20–24 milli ára og alls verði 4,8% færri á þessum aldri en á tímabilinu 2000–2003. Árið 2008 fjölgar aftur. Rétt er að geta þess að 64% þeirra 2.668 sem skráðu sig í fyrsta skipti í háskólanám hér á landi haustið 2000 var 20–24 ára eða 39% af meðalfjölda í þessum aldursárgöngum. Sé þeim sem eru á þessum aldri og fara utan í háskólanám bætt við fer hlutfallið upp í liðlega 43%. Nýrri tölur um skólasókn benda til 13–14% aukningar frá árinu 2000, hlutfallslega þó mun meiri í eldri aldurshópum.

1 Háskóli Íslands og stofnanir hans. Hér er fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum en þær eru Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum; Raunvísindastofnun Háskólans; Stofnun Sigurðar Nordals; Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi; Orðabók Háskóla Íslands; Íslensk málstöð og Örnefnastofnun Íslands.

Heildargjöld framantalinna stofnana eru áætluð 6.626 m.kr. og þar af er áætlað að 1.575,6 m.kr. séu fjármagnaðar með sértekjum eða 23,8%. Gjöld og sértekjur hækka um 385,9 m.kr. með hliðsjón af upplýsingum í ríkisreikningi um sértekjur síðustu ára. Að frátöldum sértekjum nema gjöldin 5.050,4 m.kr. og lækka um 486,5 m.kr. að raungildi. Aðalskýringin er sú að 724 m.kr. tímabundin útgjöld vegna framkvæmda við Náttúrufræðahús falla niður og sömuleiðis 122,5 m.kr. tímabundin framlög til rannsókna. Á móti kemur 343,7 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar og 16,3 m.kr. hækkun í annað.

Gjöld umfram sértekjur eru fjármögnuð með 4.550,7 m.kr. ríkisframlagi og 350 m.kr. tekjum af hagnaði Happdrætti Háskóla Íslands, 147 m.kr. tekjum af innritunargjaldi, 1,7 m.kr. tekjum af almanaksgjaldi og 1 m.kr. tekjum af fisksjúkdómagjaldi.

Auk launa- og verðlagsbreytinga munar mestu um eftirfarandi breytingar: Útgjöld á viðfangsefnalið *1.01 Kennsla* hjá Háskóla Íslands aukast um 343,7 m.kr. þar sem áætlað er að ársnemendum fjölgi um 700 frá forsendum fjárlaga yfirstandandi árs og greitt verði fyrir 5.200 ársnemendur að hámarki miðað við meðalverðhlutfallið 1,5. *1.02 Rannsóknir og önnur verkefni* lækka samtals um 121,5 m.kr. þar sem niður falla tímabundin framlög til rannsókna almennt, rannsókna á kúamjólk og rannsókna á forsendum fyrir heilsuböðum. Á safnlið *299-1.91 Háskólar- og rannsóknastarfsemi* er áætlað fyrir framlagi til rannsókna sem menntamálaráðuneytið skiptir. *1.13 Háskólasjóður* sem fær tekjur af sóknargjaldi hækkar um 6,6 m.kr. vegna hækkunar á meðaltekjuskattsstofni milli áranna 2003 og 2004.

Viðfangsefnaliðirnir *5.50 Fasteignir* og *6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup* eru fjármagnaðir með tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Fyrri liðurinn er óbreyttur en sá síðari lækkar um 724 m.kr. þar sem í fjárlögum 2003 var áætlað fyrir að Happdrættið tæki lán til að ljúka framkvæmdum við Náttúrufræðahúsið í Vatnsmýrinni og ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2004.

Útgjöld *250 Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi* aukast um 9 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar eru 5,5 m.kr. ætlaðar til að mæta auknum umsvifum almennt og hins vegar 3,5 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við öryggisgæslu.

Útgjöld *208 Örnefnastofnunar* lækka um 1 m.kr. þar sem framlag til tímabundins samstarfsverkefnis IWW ehf. og stofnunarinnar fellur niður.

2 Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Tækniháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Heildarútgjöld ríkisins vegna skólanna eru áætluð 3.618,4 m.kr. og hækka að raungildi um 406,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, auk þess sem útgjöld ríkisháskóla, sem greidd eru með sértekjum, hækka um 204,2 m.kr. Útgjöld og framlög til þriggja síðasttöldu skólanna, sem reknir eru af sjálfseignarstofnunum, eru lægri en til hinna skólanna sem nemur áætluðum tekjum af lögbundnum skráningargjöldum af nemendum. Auk launa- og verðlagshækkana eru helstu breytingar þessar:

210 Háskólinn á Akureyri hækkar um 69,2 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar um 124 ársnemendur og er gert ráð fyrir að honum verði lagt til framlag vegna 1.010 ársnemenda miðað við meðalverðhlutfallið 1,6. *211 Tækniháskóli Íslands* hækkar um 117,2 m.kr. vegna fjölgunar um 155 ársnemendur og er miðað við að ársnemendur verði að hámarki 855 miðað við meðalverðhlutfallið 1,8. Að auki fær skólinn tímabundið 19,7 m.kr. framlag vegna áætlaðra biðlauna fyrrverandi starfsmanna Tækniskóla Íslands. Hluti af biðlaunakostnaðinum fellur á yfirstandandi ár. *215 Kennaraháskóli Íslands* hækkar um 191,4 m.kr. vegna fjölgunar um 300 ársnemendur og er reiknað með að skólinn fái framlag fyrir að hámarki 1.400 ársnemendur miðað við meðalverðhlutfallið 1,7. *225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst* hækkar um 24,1 m.kr. vegna fjölgunar um 70 ársnemendur og er miðað við að greitt sé framlag vegna 370 nemenda að hámarki miðað við meðalverðhlutfallið 1,0. *227 Háskólinn í Reykjavík* hækkar um 4,7 m.kr. vegna fjölgunar um 30 ársnemendur og er miðað við 930 ársnemendur að hámarki og meðalverðhlutfallið 1,2. Tímabundið 20 m.kr. framlag til að efla rannsóknir við skólann fellur niður. Á safnlið *299-1.91 Háskólar- og rannsóknastarfsemi* er hins vegar áætlað fyrir framlagi til rannsókna sem menntamálaráðuneytið mun skipta. *228 Listaháskóli Íslands* hækkar um 46,4 m.kr. vegna fjölgunar nemenda samkvæmt samningi og hækkunar á framlagi til tónlistarnáms sem áformað er að semja um.

3 Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um Rannsóknamiðstöð Íslands, Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora, Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð. Heildargjöld á þessum liðum eru áætluð 896,6 m.kr. sem er um 54 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun.

231 Rannsóknamiðstöð Ísland sem tók við verkefnum Rannsóknaráðs Íslands hækkar um 26 m.kr. vegna kostnaðar við stjórnsýslu rannsóknasjóða sem áður var greiddur af sjóðunum. Framlag á *235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum* lækkar um 10 m.kr. og nemur 85 m.kr. á árinu 2004 sem er síðasta ár áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sérstakur sjóður, Samkeppnissjóður, taki við af markáætluninni og að framlög hækki á næstu árum. Hlutverk hans verður að efla íslenska háskóla sem rannsóknarstofnanir. Hugmyndin er sú að háskóladeildir og rannsóknarhópar geti keppt um styrkveitingar úr sjóðnum eftir sambærilegum kröfum og gert er ráð fyrir hjá Rannsóknasjóði. Framlag *í 234 ritlauna- og rannsóknasjóð* er óbreytt að raungildi. Fjárveiting til sjóðsins verður millifærð á háskóla í samræmi við skiptingu kjaranefndar á grundvelli upplýsinga um rannsóknarstörf prófessora. Á síðustu árum hefur bróðurparturinn runnið til Háskóla Íslands. *236 Rannsóknasjóður* fær 415 m.kr. framlag en það er 3 m.kr. meira en Vísindasjóður og Tæknisjóður fá samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs en vegna þess að allur stjórnsýslukostnaður færist til Rannsóknamiðstöðvar eykst svigrúm til styrkveitinga um 26 m.kr. milli ára. Áætlað er að útgjöld *238 Tækjasjóðs* sem tók við hluta af verkefnum Bygginga- og tækjasjóðs aukist um 25 m.kr. og nemi 115 m.kr. eða sem svarar tekjum af einkaleyfisgjaldi sem Happdrætti Háskóla Íslands greiðir í ríkissjóð. Framlag í *239 Rannsóknarnámssjóð* eykst um 10 m.kr. og nemur 50 m.kr. samkvæmt frumvarpinu.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 170 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru 40 m.kr. ætlaðar í viðhald. Þar af fara 20 m.kr. til bygginga Háskólans á Akureyri en 20 m.kr. eru óskiptar. Til endurbygginga á húsnæði Háskólans á Akureyri er áætlað að verja 130 m.kr.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Útgjöld á liðnum eru áætluð 383,9 m.kr. og hækka um 140,4 m.kr. umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin kemur fram á *1.91 Háskólar, óskipt* þar sem áætlað er fyrir 287,1 m.kr. framlagi. Annars vegar er veitt 60 m.kr. framlag til að efla rannsóknir í háskólum til viðbótar við 50 m.kr. sem voru fyrir á liðnum vegna rannsókna. Að viðbættri launa- og verðlagshækkun eru 113,2 m.kr. ætlaðar til að efla rannsóknir á viðfangsefnaliðnum. Miðað er við að verja hluta af fjárhæðinni til að bæta við grunnframlag einstaka háskóla til rannsókna. Til greina kemur að skipta því sem eftir stendur á grundvelli árangurs skólanna á sviði rannsókna, líkt og greint var frá í greinargerð fjárlagafrumvarps 2001 þótt útfærslan verði með aðeins öðrum hætti. Hins vegar er 81,4 m.kr. raunhækkun til að mæta nem-

endafjölgun í háskólum og er því alls áætlað fyrir 173,9 m.kr. til að mæta nemendafjölgun. Það svarar til framlags vegna um það bil 340 ársnemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið millifæri framlög af fjárlagaliðum háskóla sem eiga að fá lægra framlag vegna færri ársnemenda en fjárlög gera ráð fyrir yfir á þennan viðfangsefnalið og á sama hátt af liðnum yfir á skóla sem ákveðið verður að fái hærra framlag vegna fleiri nemenda.

985 Alþjóðlegt samstarf. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 516,2 m.kr. sem er 14,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrargjöld á *1.90 Alþjóðleg samskipti* hækka vegna launa- og verðlagsbreytingar en lækka á móti um 0,9 m.kr. vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana. Tilfærsluframlag á *1.91 Aðildargjöld ESB* hækkar um 14,3 m.kr. Í fjárlögum 2003 er veitt 399,9 m.kr. til greiðslu aðildargjalda að ýmsum sameiginlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það er 30 m.kr. meira en samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár og er þá ekki tekið tillit til væntanlegra endurgreiðslna. Við áætlanagerðina er tekið mið af þessu og jafnframt gert ráð fyrir nálægt 10% raunhækkun á milli áranna 2003 og 2004 vegna tilkomu nýrra landa í ESB.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–365; 505–551 og 581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarkennsla; 563–564 Listaskólar og 571 Sjómannaskólahúsið.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 10.888,9 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 566 m.kr. Áætlað er að sértekjur standi undir 395,2 m.kr. sem er hækkun um 244 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs á sama verðlagi. Sértekjur framhaldsskóla voru vanmetnar um liðlega 400 m.kr. í fjárlögum 2002 samkvæmt ríkisreikningi. Meðal annars er um að ræða tekjur vegna endurgreiðslu á efniskostnaði, af námskeiðahaldi og útleigu á húsnæði. Hækkun á áætluðum sértekjum hefur ekki áhrif á fjárveitingar ríkisins heldur er stigið skref til að leiðrétta umsvif stofnana með hliðsjón af ríkisreikningi síðustu ára. Afli stofnanir ekki teknanna lækka útgjöldin að sama skapi.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 168,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

Framlag til rekstrar og rekstrartilfærslna hækkar um 152,2 m.kr. og nemur 10.061,7 m.kr. Skýringin er í fyrsta lagi 89,7 m.kr. hækkun vegna nemendafjölgunar. Í öðru lagi eru 60 m.kr. til að efla starfsfræðslu í atvinnulífinu samkvæmt samningi við ASÍ og SA um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í þriðja lagi eru 2,5 m.kr. millifærðar af lið *999-1.90 Ýmislegt, ýmis framlög* vegna Heimilisiðnaðarskólans.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	328,3	313,7	320,2	2,1	-2,5
Menntaskólinn á Akureyri	292,4	300,5	296,5	-1,3	1,4
Menntaskólinn að Laugarvatni	113,3	108,8	90,5	-16,8	-20,1
Menntaskólinn við Hamrahlíð	485,7	410,0	458,5	11,8	-5,6
Menntaskólinn við Sund	304,7	285,3	294,9	3,4	-3,2
Menntaskólinn á Ísafirði	163,4	147,4	156,8	6,4	-4,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	157,2	154,2	163,5	6,0	4,0
Menntaskólinn í Kópavogi	524,1	459,0	468,2	2,0	-10,7
Kvennaskólinn í Reykjavík	231,2	216,4	215,3	-0,5	-6,9
Fasteignir framhaldsskóla	103,4	29,4	66,0	124,5	-36,2
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	334,1	498,0	422,0	-15,3	26,3
Framhaldsskólar, almennt	410,7	1.120,0	648,9	-42,1	58,0
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	654,6	588,4	641,8	9,1	-2,0
Fjölbrautaskólinn Ármúla	417,7	313,9	400,6	27,6	-4,1
Flensborgarskóli	281,5	236,1	247,8	5,0	-12,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	339,3	308,4	341,6	10,8	0,7
Fjölbrautaskóli Vesturlands	321,0	291,0	296,5	1,9	-7,6
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	130,7	118,0	124,9	5,8	-4,4
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	211,5	195,1	183,0	-6,2	-13,5
Fjölbrautaskóli Suðurlands	388,1	357,9	383,6	7,2	-1,2
Verkmenntaskóli Austurlands	137,9	107,8	117,9	9,4	-14,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	593,6	540,2	626,2	15,9	5,5
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	313,0	219,5	288,6	31,5	-7,8
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	62,8	48,8	63,9	30,9	1,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	79,9	76,3	77,8	2,0	-2,6
Framhaldsskólinn á Laugum	82,6	80,3	82,4	2,6	-0,2
Borgarholtsskóli	441,5	428,0	468,3	9,4	6,1
Snæfellsskóli	-	-	25,6	-	-
Menntaskólinn Hraðbraut	-	-	107,6	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	174,6	144,6	153,6	6,2	-12,0
Símenntun og fjarkennsla	92,8	103,0	165,0	60,2	77,8
Vélskóli Íslands	114,4	115,6	144,6	25,1	26,4
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	53,7	58,1	60,5	4,1	12,7
Iðnskólinn í Reykjavík	952,8	890,1	855,6	-3,9	-10,2
Iðnskólinn í Hafnarfirði	302,5	320,0	369,6	15,5	22,2
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	18,4	18,8	23,1	22,9	25,5
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16,1	16,5	17,0	3,0	5,6
Tónlistarskólinn í Reykjavík	19,3	13,2	6,6	-50,0	-65,8
Listdansskólinn	71,3	57,5	56,5	-1,7	-20,8
Sjómannaskólahúsið	36,2	35,4	0,0	-100,0	-100,0
Verslunarskóli Íslands	463,5	485,6	562,2	15,8	21,3
Samtals	**10.219,8**	**10.210,8**	**10.493,7**	**2,8**	**2,7**

Stofnkostnaður lækkar um 76 m.kr. og nemur 432 m.kr. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr útgjöldum, auk þess sem tímabundin framlög falla niður.

Áætlun um útgjöld vegna kennslu í öllum framhaldsskólunum nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra er byggð á reiknilíkani og árangursstjórnunarsamningum menntamálaráðuneytisins við skólana. Líkanið hefur verið útvíkkað til að skipta framlögum til verkefna sem eru mismunandi eftir skólum, svo sem sérkennslu og kjarnaskóla, og áætlað er fyrir á 319 Framhaldsskólar almennt í fjárlögum yfirstandandi árs.

Í fyrsta lagi er gerð breyting á húsnæðisforsendum reiknilíkansins til að skipta 100 m.kr. hækkun á fjárlagagrunni sem ákveðin var við 2. umræðu fjárlaga 2003. Hækkar þetta undantekningalítið framlag til skóla sem búa við rúmgott húsnæði. Á móti falla niður sérstök framlög til húsnæðiskostnaðar þriggja skóla, þ.e. *302 Menntaskólans á Akureyri*, 12 m.kr., *303 Menntaskólans að Laugarvatni*, 8 m.kr. og *363 Framhaldsskólans á Laugum*, 4 m.kr. Í öðru lagi er 207 m.kr. eða 80% framlaga á *319-1.14 Sérkennsla* í fjárlögum yfirstandandi árs skipt á skólana samkvæmt sérstakri áætlun þar að lútandi. Í þriðja lagi er 9,8 m.kr. framlagi til kjarnaskóla sem áætlað var fyrir á *lið 319-1.16 Nýjungar í skólastarfi* millifært yfir á viðkomandi skóla. Í fjórða lagi eru 170 m.kr. færðar af lið *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* og skipt á skóla í samræmi við nemendabreytingar auk 90 m.kr. hækkunar á framlagi vegna nemendafjölgunar. Í fimmta lagi fær *350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti* 2 m.kr. framlag vegna launa fyrirsætna í listnámsáföngum skólans. Í sjötta lagi er áætlað fyrir 25 m.kr. framlagi til rekstrar nýs framhaldsskóla *367 Snæfellsskóla* frá haustinu 2004 en á móti lækkar sérstakt framlag til *354 Fjölbrautaskóla Vesturlands* vegna stjórnunar og samskipta við útibú á Snæfellsnesi úr 4 m.kr. í 1 m.kr. Í sjöunda lagi er áætlað fyrir 105 m.kr. framlagi til samnings um rekstur *369 Menntaskólans Hraðbrautar*. Í áttunda lagi er 0,2 m.kr. framlag til samstarfs framhaldsskóla á Austurlandi um fjarkennslu og deildarstjórn millifært *af 319-1.16 Nýjungar í skólastarfi* yfir á *358 Verkmenntaskóla Austurlands* sem stjórnar verkefninu árið 2004 og skiptir því á milli skóla í fjórðungnum í samræmi við vinnuframlag. Í níunda lagi eru 254,1 m.kr. sem áætlað var fyrir vegna nemendafjölgunar á *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* skipt á skólana. Í tíunda og síðasta lagi er áætlað fyrir framlögum til *564 Listdansskólans*, *541 Húsmæðraskólans í Reykjavík* og *541 Húsmæðraskólans á Hallormsstað* í samræmi við reiknilíkanið.

Samkvæmt bráðabirgðatölum nemendaskrár Hagstofu Íslands fyrir haustið 2002 voru alls 17.512 nemendur skráðir í nám í dagskóla framhaldsskóla sem fá framlög með hliðsjón af reiknilíkani. Fjölgaði þeim um 547 frá fyrra ári, eða um 3,2%. Um 90,5% 16 ára ungmenna voru skráðir í skóla haustið 2002 en þeir voru 89% ári áður. Að meðaltali sóttu 77,4% allra 16–19 ára ungmenna framhaldsskóla haustið 2002 en 75,5% árið áður og er það 2,5% aukning. Taka ber fram að nemendur, sem skrá sig í fleiri en einn skóla eða bæði í dagskóla og fjarnám og svo framvegis, eru taldir margsinnis. Tölur benda til að fjöldi nemenda í fjarnámi hafi næstum tvöfaldast. Þá ber þess að geta að upp undir helmingur fjarnámsnemenda eru dagskólanemendur sem vilja flýta fyrir sér í námi. Úttektir benda til þess

að þeir sem eru í fjarnámi taki að meðaltali brot af námi venjulegs dagskólanemanda og skili sér síður í próf en þeir. Þá benda úttektir til að hluti eldri nemenda taki einn og einn áfanga í kvöldskóla og fjarnámi án þess að taka próf. Af þeim 3.866 sem voru skráðir í kvöldskóla og fjarnám haustið 2002 voru 28% yfir þrítugt.

Fjöldi í framhaldsskólum	Dagskóli	Kvöldskóli	Fjarnám	Utan skóla
Bráðabirgðatölur haustið 2001	16.965	2.411	810	127
Bráðabirgðatölur haustið 2002	17.512	2.290	1.576	93
Mismunur	**547**	**-121**	**766**	**-34**

Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að árin 2004–2007 fjölgi fólki á aldrinum 16–19 ára og verði alls 6,4% fleiri en á árunum 2000–2003. Árið 2008 er því spáð að fjölgunin gangi lítillega til baka. Hlutfall úr framangreindum aldursárgöngum, sem sótti dagskóla framhaldsskóla, var nokkuð stöðugt seinni hluta síðasta áratugar en árið 2001 jókst skólasókn um 3% frá árinu á undan og síðan varð 2,2% aukning árið 2002. Svipaða sögu er að segja um breytingar á skólasókn 20–29 ára í dagskóla. Fólk á þeim aldri er fjölmennast í fjarnámi og kvöldskólum framhaldsskólanna samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Samkvæmt tölum Hagstofunnar frá haustinu 2001 voru 82% þeirra sem skráðu sig þá í fyrsta skipti í framhaldsskólanám 16 ára.

Framlög til kennslu í framhaldsskólunum nema 9.647,2 m.kr. árið 2004 áður en tekið er tillit til tekna af skráningargjöldum. Miðað er við að ársnemendur verði 16.220 árið 2004 og skiptist eins og eftirfarandi tafla sýnir. Það er nálægt 400 ársnemenda fjölgun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 2,5%. Kostnaður vegna um það bil helmings þessarar nemendafjölgunar er borinn af hækkun framlags en hinn hlutinn fjármagnaður með svigrúmi sem myndast vegna hærra hlutfalls en var áætlað 2003. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá skólunum lítur út fyrir að ársnemendur verði 16.550 árið 2003. Í fjáraukalagafrumvarpi 2003 verður sótt um 250 m.kr. til að koma til móts við hugsanlega fjölgun á yfirstandandi ári og svarar það til framlags fyrir um það bil 540 ársnemendur. Fyrir afgreiðslu fjárlaga verður ákveðið hvernig brugðist verður við ef nemendafjölgun reynist verða önnur en miðað er við í frumvarpinu.

	Reiknaðir ársnem. 2001	Reiknaðir ársnem. 2002	Áætlaðir árnem. 2003	Áætlaðir árnem. 2004	Áætlað hlutfall bóknáms	Framlag á lið 1.01, m.kr.	Þús. kr. á árs-nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	742	760	747	750	97,2	320,2	427
Framhaldsskólinn á Laugum	94	114	95	90	98,2	68,1	757
Menntaskólinn á Akureyri	532	630	600	610	97,5	278,0	456
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	137	130	120	97,1	76,2	635
Snæfellsskóli	-	-	-	50	97,0	25,6	512
Menntaskólinn við Sund	709	687	672	690	97,0	294,9	427
Menntaskólinn við Hamrahlíð	931	966	858	920	96,5	404,4	440
Menntaskólinn á Egilsstöðum	287	325	264	280	96,0	146,7	524
Kvennaskólinn í Reykjavík	504	500	503	500	96,0	215,3	431
Framhaldsskólinn á Húsavík	103	121	119	120	95,5	77,8	648
Menntaskólinn Hraðbraut	-	-	-	243	95,0	109,7	451
Flensborgarskóli	518	543	514	530	93,8	247,8	468
Verslunarskóli Íslands	1.016	1.056	1.090	1.215	93,4	503,9	415
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	85	90	63	85	92,1	62,4	734
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	540	592	489	600	91,4	288,6	481
Fjölbrautaskólinn Ármúla	762	920	658	800	91,2	384,1	480
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	196	208	201	190	90,7	114,1	601
Menntaskólinn í Kópavogi	904	818	874	830	90,5	408,7	492
Fjölbrautaskóli Suðurlands	681	736	695	720	88,1	345,7	480
Menntaskólinn á Ísafirði	225	229	237	230	87,9	139,1	605
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	595	628	607	630	87,6	315,4	501
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	330	334	353	300	83,4	165,5	552
Fjölbrautaskóli Vesturlands	520	552	538	510	81,7	274,6	538
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	55	80	78	80	78,6	54,0	675
Verkmenntaskólinn á Akureyri	793	1.010	990	1.010	78,2	585,3	580
Verkmenntaskóli Austurlands	114	131	132	130	75,8	104,6	805
Borgarholtsskóli	607	729	697	750	74,3	425,9	568
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	994	1.031	1.028	1.030	73,6	524,7	509
Vélskóli Íslands	153	165	152	190	57,0	136,4	718
Iðnskólinn í Reykjavík	1.240	1.229	1.295	1.200	46,8	771,5	643
Iðnskólinn í Hafnarfirði	388	447	437	470	40,5	369,6	786
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	40,0	16,2	675
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	24	24	40,0	16,1	671
Listdansskólinn	93	139	129	129	8,2	49,7	385
Framhaldsskólar almennt, v/nem.fj.	-	-	540	180	-	85,5	475
Framhaldsskólar alm, sameiginlegt	-	-	-	-	-	515,0	32
Samtals	**14.889**	**15.955**	**15.833**	**16.230**	**83,2**	**8.921,3**	**563**

316 ***Fasteignir framhaldsskóla.*** Útgjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 64,8 m.kr. og aukast um 35,4 m.kr. þar sem sú fjárhæð er millifærð af lið 571 Sjómannaskólahúsið.

318 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 422 m.kr. og lækka um 76 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna tímabundinna verkefna og aðhalds í ríkisútgjöldum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætluð framlög til fram-

kvæmda og kaupa á tækjum og búnaði árið 2004. Hefur þá verið tekið tillit til allra samninga við sveitarfélög um stofnframkvæmdir vegna framhaldsskóla.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004
Menntaskólinn í Kópavogi	60,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	50,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	70,0
Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist	15,0
Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	28,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	52,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	60,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	69,0
Tæki og búnaður, óskipt	18,0
Samtals	**422,0**

Gert er ráð fyrir að 150 m.kr. útgjöld ríkisins á árinu 2004 samkvæmt nýlegu samkomulagi við Reykjavíkurborg um húsnæðismál framhaldsskóla í Reykjavík verði greidd af ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum.

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem ekki er áætlað fyrir á lið einstaka framhaldsskóla, þar á meðal sameiginlegum útgjöldum og óskiptum framlögum. Heildargjöld liðarins eru áætluð 648,9 m.kr. og lækka um 471,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu breytingar eru sem hér segir: Framlag á *1.14 Sérkennsla* lækkar um 207 m.kr. þar sem fjárhæðin er millifærð yfir á lið einstakra framhaldsskóla samkvæmt forsendum í sérstakri áætlun um sérkennslu. Á liðnum standa eftir 93,6 m.kr. Miðað er við að menntamálaráðuneytið bregðist við frávikum frá áætluninni með því að millifæra framlög af liðnum til skóla sem eiga að fá lægra framlag til sérkennslu og á sama hátt af liðnum yfir á skóla sem eiga að fá hærra framlag. Framlag til kjarnaskóla sem áætlað var fyrir á *1.16 Nýjungar í skólastarfi,* lækkar um 10 m.kr. þar sem fjárhæðinni er skipt á milli skóla sem gegna hlutverki kjarnaskóla. Sérstakur viðfangsefnaliður í fjárlögum yfirstandandi árs vegna námskeiða skipstjórnarmanna, sem Slysavarnafélag Íslands hefur annast, fellur niður þar sem framlagið er millifært yfir á óskiptan lið framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir breytingum á samningi um námskeiðahaldið. Framlag á *1.23 Ólympíuleikar í raungreinum*, áður Ólympíuleikar í eðlisfræði, hækkar um 1,7 m.kr. og nemur 2,4 m.kr. Á nýjum lið *1.24 Iðnnemasamband Íslands* er áætlað fyrir 5,1 m.kr. framlagi til samnings um upplýsingagjöf við nemendur. *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækkar um 254,1 m.kr. að raungildi þar sem framlög eru færð yfir á fjárlagaliði skóla. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 94,5 m.kr. framlagi á liðinn. Þar af er gert ráð fyrir að leggja Heimilisiðnaðarskólanum til 2,5 m.kr. í stað 2 m.kr. sem hann fær á lið 999-1.90 Ýmislegt, ýmis framlög í

fjárlögum yfirstandandi árs. Að auki er áætlað að verja 6,5 m.kr. til samnings um námskeið fyrir skipstjórnarmenn. Þá standa eftir 85,5 m.kr. til að mæta óvissum nemendafjölda í framhaldsskólum. Það svarar til framlags vegna um það bil 180 ársnemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið millifæri framlög af fjárlagaliðum framhaldsskóla, sem eiga að fá lægra framlag vegna færri ársnemenda en fjárlög gera ráð fyrir, yfir á þennan viðfangsefnalið og á sama hátt af liðnum yfir á skóla sem eiga að fá hærra framlag vegna fleiri nemenda.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	148,6	147,0	150,8	2,6	1,5
Námsgagnastofnun	315,7	327,2	333,7	2,0	5,7
Samtals	**464,3**	**474,2**	**484,5**	**2,2**	**4,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 10,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Auk almennar launa- og verðlagsbreytingar lækkar framlag til Námsgagnastofnunar tímabundið um 2,5 m.kr. vegna mótframlags sem stofnunin leggur til verkefnis sem það vinnur með Umhverfisstofnun og er áætlað fyrir á *14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið.*

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.644,6	3.028,0	3.412,0	12,7	29,0
Jöfnun á námskostnaði	475,1	484,5	496,6	2,5	4,5
Samtals	**3.119,7**	**3.512,5**	**3.908,6**	**11,3**	**25,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 396,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þegar frá eru taldar breytingar vegna launa-, verðlags- og gengisáhrifa hækkar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 278 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar námsmanna og um 103 m.kr. vegna hærri framfærslugrunns. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingarsjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands; 982 Listir framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	25,5	34,9	36,6	4,9	43,5
Þjóðminjasafn Íslands	214,1	263,6	240,0	-9,0	12,1
Þjóðskjalasafn Íslands	113,5	119,3	123,3	3,4	8,6
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	413,2	446,6	459,5	2,9	11,2
Listasafn Einars Jónssonar	9,0	10,1	11,0	8,9	22,2
Listasafn Íslands	103,0	88,8	90,2	1,6	-12,4
Kvikmyndasafn Íslands	22,9	43,7	43,1	-1,4	88,2
Blindrabókasafn Íslands	51,4	52,5	57,6	9,7	12,1
Safnasjóður	52,8	58,0	66,0	13,8	25,0
Söfn, ýmis framlög	120,5	181,8	81,0	-55,4	-32,8
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	403,0	403,3	318,5	-21,0	-21,0
Ríkisútvarpið	2.248,0	2.171,0	2.188,0	0,8	-2,7
Íslenski dansflokkurinn	58,6	66,2	71,6	8,2	22,2
Þjóðleikhús	468,1	475,3	487,1	2,5	4,1
Sinfóníuhljómsveit Íslands	242,0	250,0	257,2	2,9	6,3
Menningarsjóður	11,1	13,0	13,0	0,0	17,1
Höfundarréttargjöld	94,3	67,0	96,8	44,5	2,7
Listasjóðir	239,0	254,3	261,9	3,0	9,6
Húsafriðunarnefnd	69,3	94,3	36,8	-61,0	-46,9
Listskreytingasjóður	17,4	8,0	7,2	-10,0	-58,6
Kvikmyndamiðstöð Íslands	269,8	331,4	372,7	12,5	38,1
Listir, framlög	450,8	553,6	587,8	6,2	30,4
Samtals	**5.697,3**	**5.986,7**	**5.906,9**	**-1,3**	**3,7**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 6.307,2 m.kr. á rekstrargrunni. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 400,3 m.kr. sem er hækkun um 111,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs á sama verðlagi. Sértekjur málefnaflokksins voru vanmetnar um tæpar 200 m.kr. í fjárlögum 2002. Hækkun á áætluðum sértekjum hefur ekki áhrif á fjárveitingar ríkisins og er skref til að leiðrétta umsvif stofnana með hliðsjón af ríkisreikningi síðustu ára. Takist ekki að afla áætlaðra sértekna lækka útgjöld að sama skapi.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er 5.906,9 m.kr. og lækkar um 146 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar til hækkunar eru þær að framlag til Ríkisútvarps á móti tekjum af afnotagjöldum og framlag á móti tekjum af höfundarréttargjöldum aukast samtals um 46,8 m.kr. Þá hækkar

framlag til kvikmyndagerðar um 40 m.kr. Að lokum hækkar framlag til listviðburða um 32,3 m.kr. Á móti koma lækkanir, annars vegna þess að niður falla tímabundin framlög, aðallega til styrkja, að fjárhæð 258,9 m.kr. og hins vegar vegna þess að 37,4 m.kr. stofnkostnaðarframlög falla niður vegna aðhalds í ríkisrekstri.

Söfn

Hér verður fjallað í einu lagi um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðum 901-919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Heildarútgjöld eru áætluð 1.373,5 og þar af er gert ráð fyrir að sértekjur standi undir 165,2 m.kr. útgjöldum sem er 56,1 m.kr. meiri tekjur en áætlað er fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag úr ríkissjóði nemur 1.208,3 m.kr. og lækkar að raungildi um 122,6 m.kr. frá fjárlögum en eykst lítils háttar sé miðað við ríkisreikning 2002. Aðalskýring lækkunar er sú að 145,3 m.kr. tímabundin framlög falla niður auk þess sem framlög lækka vegna aðhalds í ríkisrekstri um 7,8 m.kr., aðallega til stofnkostnaðar.

901 Fornleifavernd ríkisins lækkar um 1 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar til að mæta tilfallandi kostnaði við neyðarrannsóknir á fornleifum, en á móti kemur 0,4 m.kr. lækkun vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana. Hjá *902 Þjóðminjasafni Íslands* falla niður eftirtalin tímabundin framlög að fjárhæð samtals 35 m.kr.: 15 m.kr. til undirbúnings opnunar sýningarsala, 8 m.kr. til rannsókna og kynninga á Gásum í Hörgárbyggð, 6 m.kr. til rannsókna í Reykholti í Borgarfirði, 3 m.kr. til safnahúss í Garðinum, 2 m.kr. til bátasafns í Stykkishólmi og að lokum 1 m.kr. til Byggðasafnsins Grafar í Hrunamannahreppi. Framlag til tækja og búnaðar lækkar um 0,2 m.kr. Á móti kemur 4,3 m.kr. hækkun vegna reksturs hönnunarsafns. Stofnkostnaður *907 Listasafns Íslands* lækkar um 1,2 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri og sama er að segja um *908 Kvikmyndasafn Íslands* sem lækkar um 1,5 m.kr. *909 Blindrabókasafn Íslands* hækkar um 3 m.kr. vegna námsefnisgerðar og þjónustu safnsins. *918 Safnasjóður* fær 8 m.kr. hækkun á framlagi. *919 Söfn, ýmis framlög* lækkar um 100,8 m.kr. og eru skýringar þessar: Í fyrsta lagi er um að ræða 7 m.kr. hækkun til Síldarminjasafnsins á Siglufirði en gerður hefur verið samningur um samtals 35 m.kr. ríkisframlag árin 2003–2005. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 14 m.kr. framlagi til verkefnisins og er sótt um 11,7 m.kr. í aukafjárlögum 2003. Farið verður fram á þær 9,3 m.kr. sem eftir standa í fjárlögum 2005. Í fjárlögum yfirstandandi árs var veitt 7 m.kr. framlag til safnsins sem ekki telst til samningsfjárhæðar. Í öðru lagi falla niður eftirtalin tímabundin framlög að fjárhæð samtals 103,3 m.kr.: 12,1 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög*, 7 m.kr. til Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík, 7 m.kr. til Safnahúss í Búðardal, 7 m.kr. til Saltfisksetursins í Grindavík, 7 m.kr. til Sögusafns í Reykjavík, 7 m.kr. til Geysisstofu, 7 m.kr. til Sögusetursins á Hvolsvelli, 7 m.kr. til Galdrasýningar á Ströndum, 6 m.kr.

til safnahúss í Neskaupsstað, 4 m.kr. til Tryggvaskála á Selfossi, 4 m.kr. til minningarstofu um Kjarval, 4 m.kr. til tölvuvæðingar bókasafna, 3,5 m.kr. til endurbyggingar á eikarbátnum Sædísi, 3,5 m.kr. til endurbyggingar á vélbátnum Gesti, 3 m.kr. til Brydebúðar, 0,2 m.kr. til Sjóminjasafns Íslands og 7 m.kr. *á 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður* vegna Samgöngusafnsins. Í þriðja og síðasta lagi lækkar safnliður fyrir um 4,5 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag á þennan lið nemur 318,5 m.kr. en það er lækkun um 84,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útgjöld Endurbótasjóðs menningarstofnana eru áætluð 305 m.kr. og lækka annars vegar um 30 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum og hins vegar um 9 m.kr. þar sem tímabundið framlag fellur niður. Þá lækkar framlag til byggingar tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík um 31,8 m.kr. samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg og er áætlað 13,5 m.kr. árið 2004. Að lokum falla niður tímabundin framlög á sérstökum viðfangsefnaliðum í fjárlögum til endurbóta á tveimur byggingum: 7 m.kr. til Kaupvangs á Vopnafirði og 7 m.kr. til Duushúsa í Reykjanesbæ. Áformað er að skipta framlagi Endurbótasjóðs þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004
Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	180,0
Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55,0
Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	20,0
Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
Þjóðleikhús, endurbætur	10,0
Listasafn Íslands	10,0
Viðhald, óskipt	10,0
Samtals	**305,0**

970 Ríkisútvarpið. Framlag hækkar um 17 m.kr. sem er áætluð hækkun tekna af afnotagjöldum vegna fjölgunar greiðenda afnotagjalda. Fjallað er um fjárreiður fyrirtækisins í skýringum við B-hluta fjárlaga.

972 Íslenski dansflokkurinn. Framlag hækkar um 3 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar.

979 Húsafriðunarnefnd. Helstu breytingar eru sem hér segir. Í fyrsta lagi er umfang húsafriðunarsjóðs leiðrétt með hliðsjón af ríkisreikningi síðustu ára með því að hækka útgjöld um 45 m.kr. og sértekjur um sömu fjárhæð. Sjóðurinn fær lögbundið framlag frá sveitarfélögunum sem ekki hefur verið áætlað fyrir í fjárlögum. Í öðru lagi er stofnaður nýr viðfangsefnaliður fyrir rekstur húsafriðunarnefndar með 15,4 m.kr. útgjöldum. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til endurbóta og viðhalds gamalla

mannvirkja að fjárhæð samtals 53,8 m.kr.: 7 m.kr. til Vatneyrarbúðar á Patreksfirði, 7 m.kr. til Norska hússins í Stykkishólmi, 7 m.kr. til Fríkirkjunnar í Hafnarfirði, 5 m.kr. til gufubaðs og smíðahúss á Laugarvatni, 5 m.kr. til gamla kaupfélagshússins í Breiðdalsvík, 5 m.kr. til gamla félagsheimilisins á Hólmavík, 4 m.kr. til Syðstabæjarhússins í Hrísey, 3 m.kr. til Hellnahellis á Landi, 2 m.kr. til Flateyrarkirkju í Breiðafirði, 2 m.kr. til Pakkhússins í Borgarbyggð, 2 m.kr. til Gamla spítala á Akureyri, 2 m.kr. til Þingeyrarkirkju, 1,8 m.kr. til Hraunsréttar í Aðaldal og 1 m.kr. til gamla íbúðarhússins að Héðinshöfða á Tjörnesi. Í fjórða og síðasta lagi lækkar framlag til sjóðsins um 4,5 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri.

980 Listskreytingasjóður. Framlag lækkar um 0,8 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands. Liðurinn hækkar um 40 m.kr. auk launa og verðlagsbreytinga. Annars vegar er um að ræða 25 m.kr. hækkun til sjóðs sem er ætlað að styðja við gerð stutt-, hreyfi- og heimildamynda. Hins vegar er tímabundið 15 m.kr. framlag ætlað í nýjan sjóð sem styðja á við gerð leikins sjónvarpsefnis. Að auki eru 45,4 m.kr. millifærðar af viðfangsefnalið kvikmyndasjóða yfir á almennan rekstur. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 30 m.kr. verði varið til kynningarmála.

982 Listir, framlög. Liðurinn hækkar samtals um 27,3 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi er 20 m.kr. tímabundin hækkun til menningarkynningar í Frakklandi árið 2004 til viðbótar við þær 10 m.kr. sem voru fyrir í fjárlagaramma. Í fjárlögum yfirstandandi árs er 10 m.kr. veitt til verkefnisins og nemur heildarframlag þá 40 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi er 12,3 m.kr. hækkun til Listahátíðar í Reykjavík þar sem árið 2004 er listahátíðarár og nemur framlagið 28,3 m.kr. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að hátíðin verði haldin árlega frá og með árinu 2005 og að framlag ríkisins nemi 30 m.kr. á ári. Í þriðja lagi hækkar framlag til starfsemi atvinnuleikhópa um 3 m.kr. Í fjórða lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag til að stofna Leikminjasafn Íslands. Í fimmta og síðasta lagi fellur niður tímabundin 2 m.kr. hækkun á framlagi til Tónverkamiðstöðvarinnar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 995 Tungutækni; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	31,9	23,8	24,7	3,8	-22,6
Kvikmyndaskoðun	10,0	9,0	9,2	2,2	-8,0
Ýmis fræðistörf	38,0	51,5	47,0	-8,7	23,7
Norræn samvinna	16,6	13,0	13,0	0,0	-21,7
Æskulýðsmál	87,2	113,7	106,4	-6,4	22,0
Ýmis íþróttamál	231,3	246,6	238,9	-3,1	3,3
Tungutækni	21,1	15,0	13,5	-10,0	-36,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	25,2	98,5	87,5	-11,2	247,2
Ýmislegt	79,4	92,6	51,6	-44,3	-35,0
Samtals	**540,7**	**663,7**	**591,8**	**-10,8**	**9,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 71,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að niður falla tímabundin framlög til ýmissa styrkja að fjárhæð 42,4 m.kr. Þá eru 26,5 m.kr. millifærðar yfir á aðra málefnaflokka menntamálaráðuneytisins. Nýtt fé til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins lækkar um 11 m.kr. Á móti kemur að framlag til Vetraríþróttamiðstöðvar hækkar um 10 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf. Tímabundin 5 m.kr. hækkun styrkja til útgáfumála á safnliðinum *1.11 Styrkir til útgáfumála* fellur niður.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn nemur 106,4 m.kr. sem er 7,3 m.kr. lækkun. Niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 13,3 m.kr. Annars vegar 10 m.kr. vegna unglingalandsmóts um verslunarmannahelgina 2003 og hins vegar 3,3 m.kr. á safnliðnum æskulýðsmál. Á móti kemur 6 m.kr. hækkun vegna millifærslu á safnliðinn *1.90 Æskulýðsmál* af fjárlagaliðnum *999 Ýmis framlög.* Ráðgert er að sú fjárhæð renni í Tómstundasjóð barna og ungmenna sem ráðgert er að stofna til að veita styrki til starfsemi samtaka á sviði félags- og tómstundamála, rannsókna og þróunarverkefna.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag á liðinn hækkar um 42,3 m.kr. Helstu breytingar eru þessar: Í fyrsta lagi er 10 m.kr. hækkun á tímabundnu stofnkostnaðarframlagi til Vetraríþróttamiðstöðvar á Akureyri samkvæmt nýlegum samningi við Akureyrarbæ. Nemur stofnkostnaðarframlag þá 30 m.kr. á árinu 2004. Með samningnum er gert átak til að ljúka framkvæmdum í Hlíðarfjalli og er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til þeirrar uppbyggingar nemi samtals 180 m.kr. árin 2003–2008 sem er $^1/_3$ hluti áætlaðs kostnaðar. Í öðru lagi falla niður tímabundin framlög að fjárhæð 24,1 m.kr. samtals sem skiptist þannig: 7 m.kr. vegna uppbyggingar á Gaddastaðaflötum, 7 m.kr. vegna uppbyggingar skíðasvæðisins í Skarðsdal, 5 m.kr. tímabundin hækkun á safnliðnum ýmis íþróttamál, 2,6 m.kr. til reksturs Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands samkvæmt samningi við Akureyrar-

bæ og að lokum 2,5 m.kr. til undirbúnings þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra 2004. Samkvæmt samningi um Vetraríþróttamiðstöðina verður rekstrarframlag til hvors aðila 3 m.kr. árið 2003 og hækkar í áföngum í 3,6 m.kr. árið 2007. Í þriðja lagi eru millifærðar 6 m.kr. af *999 Ýmislegt* yfir á *1.90 Ýmis íþróttamál.* Þar af er ráðgert að verja 1 m.kr. til samning um verkefnið Education through Sport og hækka framlag til lyfjaeftirlits um 5 m.kr.

995 Tungutækni. Framlag til fjárlagaliðarins lækkar um 1,5 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum og nemur framlagið þá 13,5 m.kr. Alls nemur framlag til þróunar tækni við meðferð tungumálsins í tölvum og hugbúnaði 93 m.kr. árin 2001–2004.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framlag á fjárlagaliðinn nemur 87,5 m.kr. sem er lækkun um 11 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Á liðinn er fært framlag til að greiða kostnað við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 94 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 17 m.kr. í hlut verkefna menntamálaráðuneytisins en það er lækkun um 11 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til viðbótar kemur 17 m.kr. mótframlag frá fjárlagaliðum ráðuneytisins og eru því 34 m.kr. til ráðstöfunar til þeirra verkefna sem nefndin mælti með. Sú fjárhæð skiptist þannig að 10 m.kr. eru til verkefnisins sem varðar upplýsingatækni fyrir blinda, 14 m.kr. í verkefni um stafræna menningu og 10 m.kr. í menntabrýr. Auk framlags til framangreindra þriggja verkefna eru 53,5 m.kr. á liðnum og mun menntamálaráðuneytið ráðstafa þeim til annarra upplýsingatækniverkefna.

999 Ýmislegt. Framlag til ýmissa verkefna á þessum lið nemur 51,6 m. og er það 41 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Að frátalinni 0,5 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga skýrist breytingin á 41,5 m.kr. lækkun á *1.90 Ýmis framlög.* Framlög af þeim viðfangsefnalið eru millifærð yfir á aðra liði menntamálaráðuneytisins vegna tilfærslu verkefna og breyttrar forgangsröðunar útgjalda, sem hér segir: *205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*, 5,5 m.kr., *319 Framhaldsskólar, almennt* vegna Heimilisiðnaðarskólans, 2,5 m.kr., 902 Þjóðminjasafn Íslands vegna Hönnunarsafns, 4,5 m.kr., *909 Blindrabókasafn Íslands*, 3 m.kr., *918 Safnasjóður*, 8 m.kr., *972 Íslenski dansflokkurinn*, 3 m.kr., 982 Listir, framlög vegna starfsemi atvinnuleikhópa, 3 m.kr. *988, Æskulýðsmál*, safnliður, 6 m.kr. og að lokum *989 Ýmis íþróttamál*, safnliður, 6 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.076,5	3.043,3	3.210,1	5	-21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.206,3	2.015,1	2.172,7	8	80
Stofnkostnaður og viðhald	205,8	234,0	74,5	-68	-64
Samtals	**5.488,6**	**5.292,4**	**5.457,3**	**3**	**-1**
Greitt úr ríkissjóði	-	4.418,2	4.556,4	3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	874,2	900,9	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**5.292,4**	**5.457,3**	**3**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 5.667 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 209 m.kr. en þær nema 3,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.457 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.556 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 901 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.210 m.kr. og hækka um 167 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 75 m.kr. framlag til áframhaldandi uppbyggingar íslensku friðargæslunnar.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 158 m.kr. og verður 2.173 m.kr. en er 2.015 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Þyngst vegur 140 m.kr. framlag til nýs Þróunarsjóðs EFTA og verður framlagið samtals 250 m.kr. á árinu 2004 án launa- og verðlagshækkana.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 75 m.kr. og er það 160 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru að fellt er niður 140 m.kr. tímabundið framlag frá fjárlögum 2003 til innréttingar á nýju sendiráði í Kaupmannahöfn, auk niðurfellingar á 23 m.kr. tímabundnu framlagi til viðgerða á sendiherrabústað í Brussel.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 63 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 54 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	859	867	875	878
Keflavíkurflugvöllur	1.121	1.138	1.156	1.174
Sendiráð og fastanefndir	1.553	1.568	1.583	1.598
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	1.670	1.943	1.936	1.960
Útflutningsmál	255	258	261	264
Samtals	**5.458**	**5.774**	**5.811**	**5.874**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2003, eru í fyrsta lagi að nú er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Keflavíkurflugvöllur* aukist um 1,5% á ári í stað 4% aukningar að jafnaði í fyrri spá. Skýrist það m.a. af því að reiknað er með hægari fjölgun farþega um Keflavíkurflugvöll en í forsendum fyrri áætlana. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til málefnaflokksins *Þróunarmál og alþjóðastofnanir* aukist um 16% milli áranna 2004 og 2005. Skýrist það af því að reiknað er með því að framlag til Þróunarsjóðs EFTA hækki um 250 m.kr. á árinu 2005. Í langtímaáætlun fyrra árs var hins vegar gert ráð fyrir að framlög til sjóðsins féllu niður á árinu 2004. Að öðru leyti eru forsendur fyrir langtímaáætluninni þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga 2003.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	824,3	763,8	811,3	6,2	-1,6
Ýmis verkefni	237,0	40,5	34,5	-14,8	-85,4
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	0,0	8,0	-	-
Samtals	**1.061,3**	**809,3**	**858,8**	**6,1**	**-19,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 17,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 811,3 m.kr. og hækka um 47,5 m.kr. frá fjárlögum 2003. Gjöld á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* hækka um 24,4 m.kr. og nema 669 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. tímabundin hækkun vegna formennsku Íslands hjá Alþjóðabankanum 2003–2006. Í fjárlögum 2003 var veitt 25 m.kr. tímabundið framlag til 2006 vegna formennskunnar og var gert ráð fyrir að framlagið yrði 35 m.kr. á árunum 2004 og 2005 og lækkaði síðan í 25 m.kr. árið 2006. Heildarkostnaður er áætlaður 120 m.kr. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 7,1 m.kr. tímabundið framlag vegna ráðherrafundar EFTA sem halda á á Íslandi á árinu 2004. Í þriðja lagi er lagt til að 5,5 m.kr. framlag, sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2000 til að fjármagna stöðugildi vegna samninga hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO, verði veitt áfram ótímabundið. Í fjórða lagi er millifært 4 m.kr. mótfram-

lag ráðuneytisins á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis um orðtökuforrit. Í fimmta lagi eru millifærðar 2 m.kr. frá lið *391-1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna* til aðalskrifstofunnar sem veittar voru tímabundið til að greiða ferða- og dvalarkostnað fyrrverandi nemenda skólans. Framlagið var veitt í fjárlögum 2003 sem hluti af 40 m.kr. framlagi til nýrra verkefna þess árs. Í sjötta lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag vegna formennsku í Norðurskautsráðinu 2002–2004. Á viðfangsefni *1.53 Þýðingamiðstöð* er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna þýðingar á reikningsskilastaðli sem er fylgifiskur reglugerðar sem tekin var upp í EES-samninginn í mars 2003. Loks er aðalskrifstofunni gert að lækka útgjöld um 8,6 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar lækkar um 6 m.kr. og verður 34,5 m.kr. Annars vegar fellur niður 8 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2003 vegna niðurlagningar Umsýslustofnunar varnarmála. Hins vegar er lagt til að veitt verði 1,4 m.kr. framlag til miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa undir kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 94 m.kr. sérstöku framlagi. Þar af koma 4 m.kr. í hlut verkefna utanríkisráðuneytisins. Til viðbótar kemur 4 m.kr. mótframlag frá aðalskrifstofu ráðuneytisins og eru því 8 m.kr. til ráðstöfunar til verkefnis um orðtökuforrit. Í fjárlögum yfirstandandi árs er ekki áætlað fyrir framlagi á þessum fjárlagalið hjá ráðuneytinu.

Keflavíkurflugvöllur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld málefnaflokksins nema 1.120,7 m.kr. og hækka um 23,5 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 529,2 m.kr. og hækka um 21,5 m.kr. Á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* er lagt til að veitt verði 4,5 m.kr. framlag vegna útgáfu nýrra aðgangsskírteina að Keflavíkurflugvelli. Endurnýja þarf öll skírteini sem nú eru í umferð auk nýútgáfu og er gert ráð fyrir að tekjur komi í ríkissjóð á móti útgjöldunum. Á viðfangsefni *1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli* er í fyrsta lagi gerð tillaga um að tímabundið 69,1 m.kr. framlag frá fjárlögum 2002 vegna herts öryggiseftirlits í kjölfar 11. september 2001 verði veitt ótímabundið. Sótt er um ótíma-

bundna fjárveitingu nú þar sem ljóst er að öryggisráðstafanirnar verða varanlegar. Í öðru lagi hækkar greiðsla úr ríkissjóði um 4,5 m.kr. þar sem áætlaðar tekjur af tollafgreiðslugjöldum til embættisins lækka. Á viðfangsefni *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli* er í fyrsta lagi lagt til að tímabundið 22 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2002 og 2003 vegna sameiginlegs eftirlits á varnarsvæðunum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001, verði veitt eitt ár í viðbót. Í öðru lagi lækkar greiðsla úr ríkissjóði um 11,5 m.kr. þar sem áætlaðar tekjur af framlagi Bandaríkjamanna til löggæslu hækka. Á viðfangsefni *1.30 Fikniefnaeftirlit* er lagt til að veitt verði 23,1 m.kr. útgjaldaheimild á móti sértekjum vegna tilfærslu öryggisverkefna til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Tilfærslan þýðir flutning starfsmanna Flugmálastjórnar til sýslumannsembættisins og munu verkefni þessara starfsmanna verða í umsjón sýslumanns til frambúðar. Greiðsla frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli færist sem sértekjur hjá sýslumanni. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og verðlagsbreytinga.

211 ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og vopnaleitargjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verði samtals 591,5 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir að ríkistekjur af lendingargjöldum lækki um 2 m.kr. og verði 443,5 m.kr. og hins vegar er gert ráð fyrir að ríkistekjur af vopnaleitargjaldi hækki um 4 m.kr. og verði 148 m.kr. Framlag, sem rennur til stofnunarinnar í B-hluta fjárlaga, hækkar því um 2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

Sendiráð og fastanefndir

Breyting er gerð á þessum málefnaflokki þannig að hann verður einn liður, 300 Sendiráð Íslands. Öll fjárframlög sendiráða og fastanefnda Íslands á erlendri grund eru millifærð á þennan nýja lið. Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 1.552,7 m.kr. og lækkar um 148,9 m.kr. Framlag til rekstrar sendiráða og fastanefnda verður 1.500 m.kr. og hækkar um 17,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 166,1 m.kr. milli ára og munar þar mest um niðurfellingu á 140 m.kr. tímabundnu framlagi til innréttingar nýs sendiráðs í Kaupmannahöfn fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	1.527,2	1.701,6	1.552,7	-8,8	1,7
Samtals	**1.527,2**	**1.701,6**	**1.552,7**	**-8,8**	**1,7**

Helstu breytingar á framlögum á liðnum eru eftirfarandi: Á rekstrarviðfangsefni *1.01 Sendiráð Íslands* er í fyrsta lagi lagt til að veitt verði 20 m.kr. framlag til fastanefndar Ís-

lands í New York. Ráðgert er að fjölga annars vegar um einn útsendan ritara og hins vegar um sérfræðing hjá nefndinni. Fjölgun hefur orðið í starfsliði fastanefndarinnar undanfarin ár en vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009–2010 er smám saman verið að styrkja nefndina. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,2 m.kr. framlag vegna hækkunar rekstrarkostnaðar við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn. Sendiráðið mun seinni hluta árs 2003 flytja í nýtt húsnæði við Norðurbryggju. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5,8 m.kr. framlag vegna hækkunar húsaleigu fyrir aðalræðismann í New York. Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag til að fjölga um einn staðarráðinn ritara í Berlín, m.a. til að manna móttöku sendiráðsins. Í fimmta lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag vegna hækkunar húsaleigu skrifstofuhúsnæðis og embættisbústaðar sendiherra í Moskvu. Á viðhaldsviðfangsefni *5.21 Viðhald fasteigna* fellur niður 23 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2003 vegna viðgerða á sendiherrabústaðnum í Brussel. Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður 140 m.kr. fjárveiting vegna innréttingar á nýju sendiráði Íslands á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða auk launa- og gengisbreytinga, samtals 26,7 m.kr. Skipting áætlaðra útgjalda til einstakra sendiráða og fastanefnda árið 2004 er sýnd í töflunni hér fyrir neðan í samanburði við áætlun 2003.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Áætlun 2003 m.kr.	Áætlun 2004 m.kr.	Breyting frá áætl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	70,9	68,3	73,4	7,5	3,5
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	61,3	59,8	70,9	18,6	15,7
Sendiráð Íslands í London	93,8	93,6	86,4	-7,7	-7,9
Sendiráð Íslands í Moskvu	79,3	75,9	71,9	-5,3	-9,3
Sendiráð Íslands í Ósló	57,9	60,4	55,2	-8,6	-4,7
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	106,3	90,7	92,2	1,7	-13,3
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	40,4	40,0	40,8	2,0	1,0
Sendiráð Íslands í Washington	93,1	112,7	102,4	-9,1	10,0
Fastanefnd og aðalræðismaður í New York	158,6	148,4	160,5	8,2	1,2
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	107,9	109,2	110,9	1,6	2,8
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	80,6	75,4	76,5	1,5	-5,1
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	74,9	73,0	71,0	-2,7	-5,2
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	47,3	50,0	50,8	1,6	7,4
Sendiráð Íslands í Peking	72,1	64,4	58,5	-9,2	-18,9
Sendiráð Íslands í Ottawa	54,9	51,7	53,1	2,7	-3,3
Sendiráð Íslands í Tókíó	66,4	67,2	61,9	-7,9	-6,8
Sendiráð Íslands í Helsinki	40,7	42,9	43,6	1,6	7,1
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	30,7	29,1	29,6	1,7	-3,6
Sendiráð Íslands í Mapútó	20,9	21,0	19,1	-9,0	-8,6
Samtals	**1.358,0**	**1.333,7**	**1.328,7**	**-0,4**	**-2,2**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	432,9	468,0	474,9	1,5	9,7
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	269,5	185,0	176,4	-4,6	-34,5
Alþjóðastofnanir	692,0	793,6	1.018,4	28,3	47,2
Samtals	**1.394,4**	**1.446,6**	**1.669,7**	**15,4**	**19,7**

Fjárveiting til málefnaflokksins nemur 1.669,7 m.kr. og hækkar um 223,1 m.kr. Helstu breytingar eru þær að framlag til áframhaldandi uppbyggingar íslenskrar friðargæslu hækkar um 75 m.kr. og framlag til Þróunarsjóðs EFTA hækkar um 140 m.kr. og verður 250 m.kr. Launa- og gengisbreytingar lækka framlag til málefnaflokksins um 40 m.kr., auk breytinga vegna aðhaldsmarkmiða. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til þessa liðar nemur 474,9 m.kr. og hækkar um 6,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum Á stofnkostnaðarviðfangsefni *1.11 Þróunaraðstoð* hækkar framlag um 5,7 m.kr. úr 433,1 m.kr. í fjárlögum 2003 í 438,8 m.kr. í frumvarpinu. Breytingin er af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að framlag hækki um 50 m.kr. sem mun m.a. renna til aukinna verkefna í Malaví, Mósambík, Namibíu og Úganda. Hins vegar lækkar framlagið um 43,3 m.kr. vegna hagstæðrar gengisþróunar á árinu 2003. Þar sem enginn gengisleiðrétting er á stofnunina í frumvarpi til fjáraukalaga 2003 er kaupmáttur fjárveitinganna í dollurum nánast óbreyttur milli ára. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til aðhaldsmarkmiða.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlag til þessa liðar nemur 176,4 m.kr. og lækkar um 8,6 m.kr. Í fyrsta lagi eru millifærðar 2 m.kr. af viðfangsefni *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna* til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem veittar voru til að greiða ferða- og dvalarkostnað fyrrverandi nemenda skólans. Í öðru lagi fellur niður 4 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefni *1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna* sem veitt var á fjárlögum 2003 vegna námskeiðshalds sérfræðinga skólans í Víetnam. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 1.018,4 m.kr. og hækkar um 224,8 m.kr. Á viðfangsefni *1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)* er lagt til að veitt verði 4 m.kr. hækkun á framlagi til sjóðsins. Á viðfangsefni *1.40 Efna-*

hagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD, er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag í 6 ár vegna endurbóta á höfuðstöðvum OECD í París. Gert er ráð fyrir að kostnaðarhluti Íslands verði um 18 m.kr. sem er 0,1% af heildarkostnaði framkvæmdanna. Á viðfangsefni *1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO,* er lagt til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár til byggingar nýrra höfuðstöðva Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Á viðfangsefni *1.73 Þróunarsjóður EFTA* er lagt til að framlag hækki um 140 m.kr. og nemi 250 m.kr. án launa- og verðlagshækkana. Breytingar á viðfangsefninu eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi fellur niður 110 m.kr. framlag frá fjárlögum 2003 og var varið til að greiða hlut Íslands í framlagi EFTA/EES-ríkjanna í þróunarsjóð fyrir fátækustu ríki Evrópusambandsins. Í öðru lagi er veitt 250 m.kr. til nýs þróunarsjóðs hjá EFTA. Sjóðnum er ætlað að ná yfir 5 ár frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2008. Á þeim tíma er sjóðnum heimilt að samþykkja verkefni en ætla má að greiðslur úr sjóðnum dreifist yfir lengri tíma þar sem þær eru háðar framkvæmdahraða samþykktra verkefna. Framlag á viðfangsefni *1.87 Íslensk friðargæsla* hækkar um 84,4 m.kr. og verður 329,8 m.kr. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar hefði framlagið á árinu 2004 átt að hækka um 125 m.kr. en vegna markmiða um aðhald í ríkisrekstri er lagt til að framlagið hækki að raungildi um 75 m.kr. Á viðfangsefni *1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja* er lagt til að veitt verði 30 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að standa megi við HIPC-skuldbindingar Íslands um framlag vegna afléttingar á skuldum fátækustu ríkja heims. Í fjárlögum 2003 fékkst 47 m.kr. framlag vegna sama verkefnis en nú er lagt til að framlagið verði framlengt um tvö ár og lækki um 17 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð er eini liður þessa málefnaflokks. Framlag til ráðsins nemur 255,4 m.kr. á árinu 2004 og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Framlagið hækkar um 17,7 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga í samræmi við áætlaðar tekjur af gjaldinu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.968,7	2.048,9	2.133,8	4	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.154,4	8.874,8	9.055,7	2	-1
Stofnkostnaður og viðhald	487,2	541,4	553,3	2	14
Samtals	**11.610,3**	**11.465,1**	**11.742,8**	**2**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	10.104,1	10.133,9	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.361,0	1.608,9	18	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**11.465,1**	**11.742,8**	**2**	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 12.344 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 601 m.kr. en þær nema 4,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.743 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.134 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.609 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.134 m.kr. og hækka um 85 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. framlög til skógræktarverkefna.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 181 m.kr. og verður 9.056 m.kr. en er 8.875 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Þyngst vegur 180 m.kr. hækkun á tekjum og gjöldum fóðursjóðs og er það leiðrétt framsetning í samræmi við uppgjör á sjóðnum í ríkisreikningi árið 2002. Auk þess lækkar samningsbundið framlag í sauðfjársamningi um 129 m.kr. Loks hækkar búnaðargjald um 58 m.kr. sem leiðir til hækkunar á framlagi Búnaðarsjóðs og Lánasjóðs landbúnaðarins. Aðrar breytingar eru ekki verulegar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 553 m.kr. og er það 12 m.kr. hækkun milli ára. Stærsta breytingin er 17 m.kr. tímabundið framlag til Skógræktar ríkisins vegna tækjakaupa og er hluti af söluandvirði jarðarinnar Straums.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstri sem nemur 11 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	279	281	283	285
Landbúnaðarstofnanir	1.145	1.105	1.114	1.123
Skógrækt og landgræðsla	1.118	1.128	1.138	1.168
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.310	7.347	7.392	7.407
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.891	1.860	1.860	1.854
Samtals	**11.743**	**11.721**	**11.787**	**11.837**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka landbúnaðarráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Skógræktar og landgræðslu* aukist að jafnaði um 1,5% á ári. Skýrist það einkum af skógræktaráætlun sem er ný og landgræðsluáætlun frá árinu 2002. Greiðslur vegna búvöruframleiðslu ákvarðast af samningum þar um, auk þess er gert ráð fyrir um 1% meðalhækkun á framleiðslumagni mjólkur. Loks má nefna tímabundin framlög til dæmis vegna rannsóknarfjóss við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, reiðskemmu á Hólum og tækjakaupa skógræktarinnar, framlög til hrossaræktar og niðurgreiðslu loðdýrafóðurs en öll þessi framlög, alls 102 m.kr. á árinu 2004, falla niður 2005.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.510 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.


Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	3.935,4	3.990,0	3.990,0	0,0	0,0
Sauðfjársamningur	B	2.607,0	2.540,0	2.540,0	2.540,0	2.540,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	583,6	597,5	592,5	592,5	588,5
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	280,0	280,0	280,0	280,0	250,0
Hestamiðstöð Íslands	B	15,0	15,0	0,0	0,0	0,0
Hrossaræktarfélög, átaksverkefni	B	10,0	10,0	0,0	0,0	0,0
Landgræðsluskógar	B	20,0	20,0	20,0	20,0	20,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	15,7	15,7	15,7	15,7	15,7
Stofnfiskur	B	24,0	24,0	24,0	24,0	0,0
Aksturskostnaður dýralækna	C	8,2	8,2	8,2	8,2	8,2
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin	A	5,6	5,6	5,6	5,6	5,6
Skógræktarfélag Íslands, rekstrarframlag	C	5,5	5,5	5,5	5,5	5,5
Samtals		**7.510,0**	**7.511,5**	**7.481,5**	**3.491,5**	**3.433,5**

Samningar sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra er áætlaður 589,2 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 6.907,1 m.kr. Að lokum eru 13,7 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem landbúnaðarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samning-

ar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 7.500 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Verkefni og árangursmælingar– Skógrækt og landgræðsla

Hlutverk málaflokksins er fyrst og fremst að vernda og bæta landkosti með því að stöðva jarðvegsrof og sandfok, græða land og rækta skóga. Undirmarkmið málaflokksins eru m.a. að tryggja að landnýting sé með sjálfbærum hætti, stuðla að aukinni jarðvegsvernd, efla náttúrulegar varnir gegn vindum, skafrenningi og flóðum, vernda og efla líffræðilegan fjölbreytileika, bæta skilyrði fyrir búsetu, útivist og ferðaþjónustu, skapa grundvöll fyrir timbursölu og aðrar landnytjar sem seldar eru á markaði. Við slíkar landbætur binst kolefni í gróðri og jarðvegi sem er jafnframt einn af mælikvörðum árangurs í málaflokknum þótt vissulega séu markmið stofnananna fjölbreytt og skili sér misvel í mælanlegri kolefnisbindingu.




Fjárhæðir 1990-2001 eru skv. ríkisreikningi og uppfærðar á meðalverðlag 2003 miðað við neysluvöruvísitölu. Fjárhæðir 2003 miðast við fjárlög og fjáraukalagafrumvarp og 2004 miðast við fjárlagafrumvarp.

Kolefnisbinding með landgræðslu og skógrækt felst í því að umbreyta koltvísýringi, CO_2, í lífræn efni sem geymd eru í gróðri og jarðvegi. Samdráttur CO_2-mengunar og kolefnisbinding eru því tvær mismunandi leiðir að sama markmiði, þ.e. að koma í veg fyrir breytingar á loftslagi jarðar. Í Kyoto-bókuninni er kveðið á um að nota megi kolefnisbindingu skóga, sem ræktaðir eru frá og með 1990, til frádráttar frá útstreymi koltvísýrings. Á aðildarþingi loftslagssamningsins haustið 2001 var auk þess ákveðið að þjóðir heims megi nota m.a. kolefnisbindingu með landgræðslu, skógarumhirðu og beitarstjórnun sem leiðir til að mæta skuldbindingum vegna Kyoto-bókunarinnar. Aðeins er tekið tillit til skóga á landsvæði sem hefur verið skóglaust í meira en 50 ár. Nýskógar, sem gróðursettir eru eftir 1989,

verða hér eftir kallaðir Kyoto-skógar vegna þess að það er eingöngu CO_2-binding í þeim skóglendum sem er frádráttarbær frá CO_2-losun. Binding í landgræðslu reiknast á svipaðan hátt.

Á mynd hér fyrir neðan eru tölur yfir bindingu kolefnis sem dregst frá losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Aðstæður til kolefnisbindingar með landgræðslu og skógrækt þykja óvenjugóðar hér á landi. Það stafar m.a. af því að um 96% skóglendis og um 50% gróðurs hér á landi hafa eyðst frá landnámi ásamt miklum jarðvegi. Þessari hnignun landkosta hefur fylgt stórkostleg röskun vistkerfa og tap á lífrænu efni. Ígildi um 1.600 milljóna tonna af CO_2 hafi glatast frá landnámsöld. Miðað við núverandi uppgræðsluhraða tæki það 500–600 ár að vinna upp það sem tapast hefur. Hvert uppkomið tré mun halda áfram að binda kolefni í um 100 ár frá gróðursetningu. Við landgræðslu heldur bindingin áfram í um það bil 60 ár eftir sáningu eða aðrar landbótaaðgerðir. Heildarkoldíoxíðslosun Íslendinga er um þrjár milljónir tonna árlega.



Heimild: Landgræðsla og Skógrækt ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málefnaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé ráðherra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	156,0	178,3	180,4	1,2	15,6
Ýmis verkefni	119,8	91,7	92,7	1,1	-22,6
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**275,8**	**276,0**	**279,1**	**1,1**	**1,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 3,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum sem skýrist aðallega af almennum launa- og verðlagsbreytingum.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Tímabundið 2 m.kr. framlag í fjárlögum 2001–2003 vegna aukins aksturskostnaðar starfsmanna fellur niður. Liðurinn lækkar um 1,8 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Loks er 2,5 m.kr. framlag millifært yfir á lið Íslenska upplýsingasamfélagsins. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsbóta.

190 Ýmis verkefni. Alls hækkar liðurinn um 1,3 m.kr. að raungildi. Á viðfangi *1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða* lækkar framlag um 0,1 m.kr. vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana. Á viðfangi *1.31 Skógræktarfélag Íslands* er tillaga um 4 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við samning um verkefni við Landgræðsluskóga en niður fellur 4 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003. Þá er lögð til 0,5 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna launa framkvæmdastjóra. Framlag ríkissjóðs til Skógræktarfélags Íslands verður því 25,5 m.kr. en þar af eru 20 m.kr. vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og 5,5 m.kr. vegna launa framkvæmdastjóra samtakanna. Á viðfangi *1.90 Ýmis verkefni* er farið fram á 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknar á íslenska kúakyninu en vegna mistaka við þinglega meðferð fjárlagafrumvarps 2003 féll framlagið niður. Þá er farið fram á 3 m.kr. tímabundið framlag í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar þann 1. júlí sl. Þar var lögð til fjárveiting vegna kostnaðar við ársfund Norður-Atlantshafslaxverndunarsamtakanna (NASCO) sem áformað er að halda hér á landi í júní á næsta ári í boði landbúnaðarráðherra. Niður fellur tímabundin 6,8 m.kr. hækkun sem veitt var á viðfangið í fjárlögum 2003 og vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana lækkar framlag á viðfangið um 0,3 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum eru vegna launa- og verðlagsbóta.

Landbúnaðarstofnanir.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri; 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Framlög til málefnaflokksins eru 1.144,7 m.kr. og hækka um 17,8 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	222,0	196,0	200,9	2,5	-9,5
Veiðimálastofnun	53,7	52,3	43,5	-16,8	-19,0
Veiðimálastjóri	17,8	24,1	26,1	8,3	46,6
Yfirdýralæknir	342,4	346,1	360,8	4,2	5,4
Aðfangaeftirlit ríkisins	19,6	23,9	45,8	91,6	133,7
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	181,5	189,7	193,3	1,9	6,5
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	170,1	177,3	159,4	-10,1	-6,3
Garðyrkjuskóli ríkisins	102,1	99,5	96,1	-3,4	-5,9
Hagþjónusta landbúnaðarins	16,9	18,0	18,8	4,4	11,2
Samtals	**1.126,1**	**1.126,9**	**1.144,7**	**1,6**	**1,7**

*211 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.*** Til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum lækkar framlag til stofnkostnaðar um 0,4 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*221 **Veiðimálastofnun.*** Tímabundið 10 m.kr. framlag, sem veitt var á fjárlögum 2003 til að rannsaka gönguleiðir laxa í sjó, fellur niður. Einnig eru umsvif stofnunarinnar, sem fjármögnuð eru með sértekjum, leiðrétt um 30 m.kr. og hækka tekjur og gjöld um þá fjárhæð. Um er að ræða þjónustuverkefni fyrir stofnanir og einkaaðila, þar á meðal vegna virkjanaframkvæmda. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*233 **Yfirdýralæknir.*** Framlag hækkar um 8 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af matvælaeftirliti og heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum þar sem áætlað er að tekjurnar vaxi um 8 m.kr. Þá lækkar framlag ríkissjóðs um 2,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

*236 **Aðfangaeftirlit ríkisins.*** Alls hækkar liðurinn um 21 m.kr. að raungildi. Mestu munar um að tekið hefur verið upp eftirlit með gæðum fiskimjöls og lýsis sem flutt er út. Eftirlitið er í samræmi við ákvæði í fyrsta viðauka 2. kafla við EES-samninginn, sbr. lög nr. 22/1994. Áætlað er að eftirlitið kosti 17 m.kr. sem fjármagnað er með eftirlits-

gjöldum. Þá hækkar framlag um 4,2 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun á ríkistekjum af öðrum eftirlitsgjöldum stofnunarinnar. Framlag lækkar um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um hagræðingu í rekstri stjórnsýslustofnana. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum lækkar stofnkostnaðarframlag um 0,7 m.kr. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsreiknings.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Heildargjöld skólans eru áætluð 268,6 m.kr. og hækka um 25,4 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, aðallega vegna 40 m.kr. hækkunar gjalda vegna leiðréttingar á umsvifum til samræmis við ríkisreikning. Sértekjur hækka einnig um 40 m.kr. og framlag ríkissjóðs er af þeim sökum óbreytt. Niður fellur 22 m.kr. tímabundið framlag vegna sölu Búshúss og til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum lækkar stofnkostnaðarframlag um 0,2 m.kr. Aðrar breytingar stafa af launa- og verðlagsbreytingum.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Alls lækkar liðurinn um 6,5 m.kr. að raungildi. Niður fellur tímabundið 3,3 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2001–2003 til rannsókna á áhrifum særoks á trjágróður. Einnig fellur niður tímabundið 3 m.kr. framlag til frumhönnunar á húsnæði fyrir skólann. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 0,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsuppfærslu.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 331 Héraðsskógar og 343 Landshlutabundin skógrækt. Auk framlaga til framangreindra fjárlagaliða fá tvenn frjáls félagasamtök, sem falla innan málefnaflokksins, framlög á fjárlögum. Skógræktarfélag Íslands fær 25,5 m.kr. og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs fær 4 m.kr. en framlög til beggja þessara verkefna eru vistuð á lið 190 Ýmis verkefni. Gjöld málefnaflokksins hækka um 54,4 m.kr. Þar af hækka framlög til Héraðsskóga og landshlutabundinna skógræktarverkefna um 30 m.kr. og einnig kemur til 17 m.kr. tímabundið framlag vegna tækjakaupa Skógræktarinnar. Vísað er í umfjöllun um þróun málefnaflokksins í sérstakri greinargerð í inngangi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	401,2	446,1	450,2	0,9	12,2
Skógrækt ríkisins	222,0	223,2	242,9	8,8	9,4
Héraðsskógar	92,8	99,7	99,0	-0,7	6,7
Landshlutabundin skógrækt	216,1	294,2	325,5	10,6	50,6
Samtals	**932,1**	**1.063,2**	**1.117,6**	**5,1**	**19,9**

311 ***Landgræðsla ríkisins.*** Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 4,6 m.kr. til að mæta kröfum um aðhald í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

321 ***Skógrækt ríkisins.*** Liðurinn hækkar um 14,4 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er farið fram á 17 m.kr. tímabundið framlag til tækjakaupa samkvæmt samkomulagi um ráðstöfun á söluandvirði jarðarinnar Straums. Í öðru lagi lækkar um 2 m.kr. tímabundið framlag sem var veitt til aðlögunar vegna tekjutaps þar sem Skógræktin gat ekki lengur selt vörur sínar samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar. Framlagið mun lækka um 2 m.kr. á ári til ársins 2006 er aðlöguninni lýkur. Til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum lækkar framlag til stofnkostnaðar um 0,6 m.kr. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsbóta.

331 ***Héraðsskógar.*** Framlagið lækkar um 2,9 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi fellur niður tímabundið 10 m.kr. framlag vegna gagnagrunns sem hafði það að markmiði að einfalda og samræma skráningu á gögnum um skógræktarframkvæmdir í landinu. Farið er fram á 7,1 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við niðurstöðu ráðherranefndar um ríkisfjármál um framlög til skógræktar og fellur undir verkefni Héraðsskóga. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagsbóta.

343 ***Landshlutabundin skógrækt.*** Alls hækka framlögin um 22,9 m.kr. að raungildi. Þar af hækka framlög til Suðurlandsskóga um 6,5 m.kr., Austurlandsskóga um 6,1 m.kr, Norðurlandsskóga um 4,4 m.kr., Vesturlandsskóga um 3,4 m.kr. og Skjólskóga á Vestfjörðum um 2,5 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsreikningi.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Gjöld málefnaflokksins lækka um 13,8 m.kr. sem skýrist aðallega af niðurfellingu tímabundins framlags til uppkaupa á greiðslumarki sauðfjár og lækkun á greiðslumarki mjólkur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.294,9	4.363,8	4.420,0	1,3	2,9
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.799,9	2.680,0	2.610,0	-2,6	-6,8
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	254,1	280,0	280,0	0,0	10,2
Samtals	**7.348,9**	**7.323,8**	**7.310,0**	**-0,2**	**-0,5**

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Framlag til liðarins hækkar um 56,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi hækkar framlag um 94,1 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir hækkun á grundvallarverði mjólkur. Í öðru lagi lækkar framlag um 70,4 m.kr. þar sem greiðslumark mjólkur lækkar um 1 milljón lítra framleiðsluárið 2003–2004. Farið er fram á 31,3 m.kr. hækkun framlags í samræmi við endurskoðaða áætlun um kostnað í mjólkurframleiðslu. Loks er farið fram á 1,2 m.kr. hækkun framlags vegna lífeyrisskuldbindinga sem miðast við 4% af greiðslum til beingreiðsluhafa undir 70 ára aldri.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Framlag til liðarins lækkar um 70 m.kr. frá gildandi fjárlögum og um 134,2 m.kr. að raungildi. Niður fellur 129 m.kr. tímabundið framlag til álagsgreiðslna vegna uppkaupa á greiðslumarki og samfara því lækkar framlag vegna lífeyrisgreiðslna um 5,2 m.kr. en það miðast við 4% af beinum greiðslum til bænda. Farið er fram á heimild til millifærslu 276 m.kr. framlags af viðfangsefninu *1.01 Beinar greiðslur til bænda* yfir á nýtt viðfangsefni, *1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar*. Samkvæmt gildandi samningi um framleiðslu sauðfjárafurða skal á árinu 2004 verja 15% af beingreiðslum til bænda sem taka þátt í gæðastýringunni. Launa- og verðlagsbætur liðarins nema 64,2 m.kr.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskiræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki; 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld málefnaflokksins hækka um 216,2 m.kr. Þyngst vegur hækkun hjá Fóðursjóði, Búnaðarsjóði og Lánasjóði landbúnaðarins í samræmi við hækkun tekna af gjaldi á fóðurinnflutning og búnaðargjaldi, samtals 237,6 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	348,3	401,8	420,7	4,7	20,8
Búnaðarsjóður	286,6	233,4	268,4	15,0	-6,4
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	165,0	190,0	185,0	-2,6	12,1
Lánasjóður landbúnaðarins	197,6	162,4	185,0	13,9	-6,4
Verðmiðlun landbúnaðarvara	120,9	121,6	101,6	-16,4	-16,0
Fóðursjóður	495,2	340,0	520,0	52,9	5,0
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	137,6	72,0	72,0	0,0	-47,7
Fiskeldisrannsóknir	26,1	24,0	24,0	0,0	-8,0
Fiskræktarsjóður	19,4	17,0	17,7	4,1	-8,8
Greiðslur vegna riðuveiki	38,0	52,0	52,0	0,0	36,8
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	79,8	40,0	25,0	-37,5	-68,7
Íslenska upplýsingasamfélagið		21,0	20,0	-4,8	-
Samtals	**1.914,5**	**1.675,2**	**1.891,4**	**12,9**	**-1,2**

811 Bændasamtök Íslands. Alls hækkar liðurinn um 3,2 m.kr. að raungildi vegna samningsbundinna hækkana. Viðfangið *1.01 Leiðbeiningarstarfsemi, landsþjónusta* lækkar um 1,1 m.kr. Þar af eru 2 m.kr. samningsbundin lækkun og 0,9 m.kr. hækkun á lífeyrisskuldbindingum. Viðfangið *1.92 Leiðbeiningarstarfsemi, héraðsþjónusta* hækkar um 0,8 m.kr. vegna 2,3 m.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingum og 1,5 m.kr. samningsbundinnar lækkunar. Viðfangið *1.96 Búfjárrækt* lækkar samkvæmt samningi um 1,5 m.kr. og viðfangið *6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni* hækkar um 5 m.kr. í samræmi við samning við Bændasamtökin. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsreikningi.

818 Búnaðarsjóður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 268,4 m.kr. og hækki um 35 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs í samræmi við áætlun um hlutdeild sjóðsins í ríkistekjum af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu.

821 Framleiðnisjóður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 185 m.kr. og lækki um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna lækkunar á framlagi til atvinnuuppbyggingar í sveitum í samræmi við ákvæði 12. gr. samnings, dags. 6. mars 2002, við Bændasamtök Íslands um verkefni sjóðsins samkvæmt búnaðarlögum.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 185 m.kr. og hækki um 22,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við áætlun um hlutdeild sjóðsins í ríkistekjum af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 101,6 m.kr. og lækki um 20 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við áætlun um ríkistekjur af verðmiðlunargjöldum landbúnaðarins.

827 Fóðursjóður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 520 m.kr. og hækki um 180 m.kr. frá fjárlögum 2003 í samræmi við áætlun um ríkistekjur af aðflutningsgjöldum af fóðri sem renna til sjóðsins. Nokkurt vanmat er á tekjum í fjárlögum 2003 en samkvæmt niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2002 námu tekjur sjóðsins 495 m.kr.

843 Fiskiræktarsjóður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 17,7 m.kr. og hækki um 0,7 m.kr. í samræmi við áætlun um ríkistekjur af gjaldi af skírum veiðitekjum veiðifélaga og gjaldi af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 25 m.kr. og lækki um 15 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs þar sem tímabundin 15 m.kr. niðurgreiðsla á loðdýrafóðri fellur niður.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa undir kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Koma 10 m.kr. í hlut verkefna landbúnaðarráðuneytisins sem er lækkun um 3,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til viðbótar kemur 10 m.kr. mótframlag frá fjárlagaliðum ráðuneytisins og eru því 20 m.kr. til ráðstöfunar. Sú fjárhæð skiptist þannig að 10 m.kr. eru til verkefnisins Nytjalands sem er gagnagrunnur um jarðir á Íslandi og 10 m.kr. til upplýsingatækni í dreifbýli.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.855,5	1.900,8	1.993,5	5	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	214,6	161,6	259,2	60	21
Stofnkostnaður og viðhald	812,8	870,2	818,7	-6	1
Samtals	**2.882,9**	**2.932,6**	**3.071,4**	**5**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.766,9	1.869,7	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.165,7	1.201,7	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**2.932,6**	**3.071,4**	**5**	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2004 eru áætluð 3.519 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 448 m.kr. en þær nema 12,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.071 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.870 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.202 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1,994 m.kr. og hækka um 93 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 36 m.kr. útgjöld Fiskistofu sem fjármögnuð eru með ríkistekjum.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 98 m.kr. og verður 259 m.kr. en er 162 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Hækkunin skýrist af 100 m.kr. framlagi ríkisins í nýjan sjóð sem ætlað er að auka verðmæti sjávarfangs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 819 m.kr. og er það 52 m.kr. lækkun milli ára. Stærsta breytingin er að tímabundið 53 m.kr. framlag á yfirstandandi ári vegna viðgerða á hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni fellur niður.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.


Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	344	347	350	353
Rannsóknir og eftirlit	1.975	1.993	2.000	2.018
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	742	742	742	742
Annað	10	10	10	10
Samtals	**3.071**	**3.092**	**3.102**	**3.123**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.


Í kafla 3.2 er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Verkefni og árangursmælingar -Veiðieftirlit Fiskistofu


Eitt af lögbundnum hlutverkum Fiskistofu er að annast eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum um fiskveiðar, nýtingu sóknardaga- og aflaheimilda, meðferð fisks og fiskvinnslu. Eftirlitsmenn fara í veiðiferðir skipa og fylgjast með löndun og flutningum á afla. Veiðieftirlit hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum árin svo sem vegna breytinga á útgerðarháttum, þróunar í fjarskipta- og upplýsingatækni og breytinga á lögum og reglum. Meðal nýrra verkefna er eftirlit með eldi nytjastofna sjávar.



Kostnaður við eftirlitið hefur farið vaxandi á síðustu fjórum árum og verður um 402 m.kr. árið 2003 samkvæmt kostnaðarmati Fiskistofu. Vaxandi hluti þessa kostnaðar hefur verið innheimtur með veiðieftirlitsgjaldi sem reiknast af úthlutuðum aflaheimildum, en auk þess er innheimt gjald vegna eftirlits í fullvinnsluskipum, skipum frá ESB ríkjum og íslenskum skipum á svokölluðu NAFO svæði. Áætlað er að tekjur af eftirlitinu nemi 415,4 m.kr. árið 2003 og standi því undir kostnaði við eftirlitið. Á árunum 2000–2002 er hins vegar áætlað að ríkissjóður hafi greitt um 100 m.kr. af kostnaðinum sem er nálægt 10%. Ástæða meiri kostnaðar er ekki síst sú að veiðieftirlit hefur aukist.



Eftirlitsmenn eru nú 34 og er það tvöföldun frá árinu 1992 og vera þeirra um borð í skipum hefur margaldast. Með aukinni veru eftirlitsmanna um borð í skipum fá stjórnvöld betri ráðgjöf um þörf á skyndilokun veiðisvæða en alls stóðu skyndilokanir yfir í 139 daga árið 2002. Lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, gera ráð fyrir að Fiskistofa beiti þá sem brjóta gegn lögum og reglum ýmsum úrræðum. Þannig skal t.d. svipta brotleg fiskiskip leyfi til veiða í atvinnuskyni í skemmri eða lengri tíma og birta nöfn þeirra opinberlega og leggja gjald á útgerðir vegna ólögmæts afla sem nemur andvirði hins ólögmæta afla.



Beiting úrræða	2000	2001	2002
Gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fjöldi álagninga	142	111	129
Veiðileyfissvipting skv. 14. gr. laga 57/1996	52	34	132
Veiðileyfissvipting skv. 15. gr. laga 57/1996	56	123	106
Mál kærð til lögreglu	18	13	21

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málefnaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 15,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	145,6	143,4	153,2	6,8	5,2
Ýmis verkefni	198,8	177,8	188,2	5,8	-5,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**344,4**	**324,2**	**344,4**	**6,2**	**0,0**

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Liðurinn hækkar um 3,6 m.kr. að raungildi. Þar vegur *þyngst* 5 m.kr. framlag vegna aukins umfangs alþjóðlegra verkefna sem falla undir ráðuneytið. Á móti kemur 1,4 m.kr. lækkun vegna aðhalds í ríkisrekstri.

190 Ýmis verkefni. Liðurinn hækkar um 11,7 m.kr. að raungildi. Mestu munar um tímabundna 7 m.kr. hækkun vegna mælinga á díoxíni í sjávarfangi á viðfangsefnaliðnum *1.90 Ýmislegt.* Í fjárlögum 2003 er 7 m.kr. veitt til verkefnisins og nemur því framlag alls 14 m.kr. á árinu 2004. Þá bætist við 4,7 m.kr. framlag á liðinn *6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna* en fyrir var 7 m.kr. heimild og verður því framlagið 11,7 m.kr. árið 2004. Millifærðar eru 8 m.kr. af *1.49 Úrskurðarnefndir* yfir á viðfangið *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir.*

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 210 Sjóður til síldarrannsókna, 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins, 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknarstofnana atvinnuveganna. Rannsóknasjóðurinn er nýr fjárlagaliður.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 2.418,7 m.kr. og þar af er gert ráð fyrir að 443,7 m.kr. verði greiddar af sértekjum stofnana. Gjöld umfram tekjur nema 1.975 m.kr. og hækka um 65 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs umfram launa- og verðlagsbreytingar. Helstu skýringar eru þær að veittar eru 100 m.kr. til sjóðs um aukið verðmæti sjávarafurða og gert ráð fyrir 36 m.kr. meiri útgjöldum Fiskistofu sem fjármögnuð eru af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Á móti kemur að 53 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða á m.s. Bjarna Sæmundssyni fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	956,6	1.007,2	973,1	-3,4	1,7
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	152,0	135,5	137,2	1,3	-9,7
Fiskistofa	569,3	590,4	637,1	7,9	11,9
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	54,1	35,0	35,0	0,0	-35,3
Sjóður til síldarrannsókna	-6,7	0,0	0,0	-	-
Verðlagsstofa skiptaverðs	23,5	22,5	22,8	1,3	-3,0
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	3,1	11,6	10,4	-10,3	235,5
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	-	-	100,0	-	-
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	59,0	57,2	59,4	3,8	0,7
Samtals	**1.810,9**	**1.859,4**	**1.975,0**	**6,2**	**9,1**

202 ***Hafrannsóknastofnunin.*** Alls lækkar liðurinn um 59,8 m.kr. að raungildi. Þyngst vegur niðurfellt tímabundið 53 m.kr. framlag vegna viðgerða á m.s. Bjarna Sæmundssyni. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 3,1 m.kr. vegna almennrar rekstrarhagræðingar. Rekstrarframlag lækkar um 3 m.kr. og er fjárhæðin millifærð á aðra liði ráðuneytisins í samræmi við breytta forgangsröðun útgjalda. Að lokum lækkar liðurinn um 0,7 m.kr. vegna mótframlags sem millifært er á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis sem áætlað er fyrir á þeim lið.

204 ***Fiskistofa.*** Alls hækkar liðurinn um 28,5 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að gjöld, sem fjármögnuð eru með ríkistekjum, hækki um 36 m.kr. Þar af er áætlað að tekjur af veiðieftirlitsgjaldi hækki um 23 m.kr., tekjur af gjaldi fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni um 6 m.kr. og tekjur af gjaldi fyrir tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks um 7 m.kr. Í öðru lagi lækkar framlagið um 6,7 m.kr. vegna aðhalds í ríkisútgjöldum og breyttrar forgangsröðunar innan ráðuneytisins. Loks er 0,8 m.kr. framlag millifært yfir á *996 Íslenska upplýsingasamfélagið.*

801 ***Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.*** Áætlað er í fyrir 100 m.kr. framlagi í rannsóknarsjóð sem ætlað er að straum af fimm ára átaki í rannsóknum og þróunarstarfi til að auka virði íslensks sjávarfangs. Talið er að með auknu rannsókna- og þróunarstarfi sé raunhæft að setja markmið um nálægt tvöföldun á útflutningsverðmæti sjávarafurða á liðlega tíu árum. Áformað er að sjóðurinn fái framlag í fjárlögum næstu fimm árin en á yfirstandandi ári veitti ráðherra liðlega 20 m.kr. til verkefna samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins af fjárveitingu á öðrum liðum.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn er stofnun í C-hluta og er fjármagnaður af ríkistekjum. Tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Reiknað er með að álagt þróunarsjóðsgjald á skip og aflamark standi óbreytt frá árinu 2003 eða 742 m.kr.

Annað

Íslenska upplýsingasamfélagið er eini fjárlagaliðurinn í þessum málefnaflokki. Á liðinn er fært framlag til að standa undir kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 94 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 5 m.kr. í hlut verkefna sjávarútvegsráðuneytisins sem er hækkun um 1,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til viðbótar kemur 5 m.kr. mótframlag frá fjárlagaliðum ráðuneytisins og eru því 10 m.kr. til ráðstöfunar í verkefni sem varðar gagnvirk samskipti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og viðskiptavina þessara stofnana.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	10.901,5	11.327,2	12.040,7	6	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.766,3	2.708,9	2.850,9	5	3
Stofnkostnaður og viðhald	215,5	331,0	284,2	-14	32
Samtals	**13.883,3**	**14.367,1**	**15.175,8**	**6**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	-	14.050,2	14.826,2	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	316,9	349,6	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**14.367,1**	**15.175,8**	**6**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 15.946 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 770 m.kr. en þær nema tæplega 5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 15.176 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 14.826 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og um 350 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.041 m.kr. og hækka um 714 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir um 484 m.kr. en afgangurinn er vegna ýmissa verkefna og stofnana á vegum ráðuneytisins. Þar munar mest um tæplega 60 m.kr. hækkun framlags til löggæslu, m.a. til að fjölga lögreglumönnum um átta víðs vegar um landið. Í annan stað hækkar málskostnaður í opinberum málum, kostnaður við gjafsóknir og kostnaður við lög um aukatekjur ríkissjóðs um samtals 50 m.kr. en útgjöld þessara þriggja fjárlagaliða ákvarðast af lagafyrirmælum. Í þriðja lagi hækkar framlag til Fangelsismálastofnunar um 35 m.kr. og til héraðsdómstóla um 15 m.kr. vegna aukinna verkefna. Þá hækkar framlag til Umferðarstofu tímabundið um 27 m.kr. til að standa straum af kostnaði við að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um rafræna ökurita. Í fimmta lagi hækkar framlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis alls um 24 m.kr., m.a. vegna flutnings í nýtt húsnæði og tímabundins framlags til að vinna að stefnumótun í löggæslu. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. hækkun á fjárheimild Útlendingastofnunar til að standa undir auknum kostnaði við hælisleitendur. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir samtals 16 m.kr. hækkun á fjárveitingu til sýslumannsembættanna í Reykjavík og Kópavogi vegna aukinna umsvifa sem leiða einkum af því að íbúum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Á móti kemur að nokkrir liðir lækka frá gildandi fjárlögum og munar þar

mest um lækkun framlags til kosninga um 42 m.kr. Þá hafa rekstrarfjárveitingar stofnana ráðuneytisins verið lækkaðar alls um rúmlega 8 m.kr. vegna markmiða í frumvarpinu um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 142 m.kr. og verður 2.851 m.kr. Er þar aðallega um að ræða hækkun lögboðinna framlaga til sókna og kirkjugarða en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára og fólksfjölgun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 284 m.kr. og er það um 47 m.kr. lækkun milli ára. Af þeirri fjárhæð má rekja um 31 m.kr. til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum. Einnig falla niður fjárveitingar til framkvæmda sem lokið verður við á næsta ári og munar þar mest um 15 m.kr. framlag til viðbyggingar við lögreglustöð í Keflavík.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldsaðgerðum sem alls nema 40 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 155 m.kr. Vikið er nánar að helstu áformum um aðhald og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	357	360	373	406
Dómsmál	1.270	1.282	1.294	1.306
Löggæslustofnanir og öryggismál	4.906	4.952	4.999	5.046
Sýslumenn	4.075	4.115	4.155	4.196
Fangelsismál	658	665	672	679
Kirkjumál	3.910	3.975	4.033	4.100
Samtals	**15.176**	**15.349**	**15.526**	**15.733**

Útgjaldaþróunin byggir á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlaga-frumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Útgjaldaspáin fyrir málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggist á þeim forsendum að því undanskildu að reiknað er með að framlög til málaflokksins *Ráðuneyti* hækki nokkru meira árin 2006 og 2007. Skýrist það af því að útgjöld við kosningar tilheyra þessum málaflokki og er tekið mið af því að sveitarstjórnarkosningar verða á árinu 2006 og alþingiskosningar á árinu 2007.

Skuldbindandi samningar


Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.074 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	962,3	1.190,4	1.190,4	1.190,4	1.190,4
Fasteignamat ríkisins, Landskrá fasteigna	B	20,0	30,0	31,0	0,0	0,0
Skálholtsskóli	B	7,5	8,1	8,1	8,1	8,1
Neyðarlínan hf.	C	74,9	84,1	84,1	84,1	84,1
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	5,6	5,7	5,7	5,7	5,7
Rauði kross Íslands v/flóttamanna (áætlun)	C	2,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Alþjóðleg björgunarsveit	C	2,1	2,2	2,2	2,2	2,2
Samtals		**1.074,4**	**1.320,5**	**1.321,5**	**1.290,5**	**1.290,5**


Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 1.229 m.kr. á næsta ári. Að lokum eru um 92 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Rauða kross Íslands vegna flóttamanna rennur út um áramótin og mun allur kostnaður falla á ríkið frá og með næstu áramótum að óbreyttu. Að frátöldum samningi um Landskrá fasteigna, sem rennur út á árinu 2005, má gera ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að til jafnaðar verði nálægt 1.300 m.kr. skuldbundnar árlega.

Verkefni og árangursmælingar - Fangelsismál


Nánari umfjöllun um fjárreiður þessara verkefna á næsta ári samkvæmt frumvarpinu kemur fram aftar í þessum kafla en hér er leitast við að draga fram þróun málaflokksins yfir lengra tímabil og hvernig meta má kostnaðarskilvirkni og þjónustustig. Megin hlutverk Fangelsismálastofnunar er að sjá um fullnustu refsinga en jafnframt annast stofnunin skilorðseftirlit og annað sambærilegt eftirlit auk þess að sinna félagslegri þjónustu við skjólstæðinga sína og sjá um að þeim sé veitt önnur sérhæfð þjónusta. Fimm fangelsi eru starfrækt í þessu skyni: á Litla-Hrauni, Kvíabryggju, Skólavörðustíg, í Kópavogi og á Akureyri. Fangarými að undanskildum einangrunarklefum eru 126 en þar af eru 77 á Litla-Hrauni. Nýting rýmanna hefur verið á bilinu 75-90% síðustu árin en meðalfjöldi fanga á dag hefur verið í kringum 105. Útgjöld þessa málaflokks á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs hafa þróast eins og sýnt er í grafinu hér á eftir. Útgjöldin aukast að jafnaði um nálægt 4% að raungildi á ári á tímabilinu 1993 til 2004.



Rekstrarkostnaður fangelsiskerfisins hefur á þessu tímabili vaxið úr um 455 m.kr. í um 710 m.kr. á ári og er orðinn sem svarar til um 6,8 m.kr. á hvern fanga sem vistaður er innan veggja fangelsa. Um 50 m.kr. af kostnaðinum er fjármagnaður með tekjum af vörum sem fangar framleiða, t.d. með sölu á bílnúmerum. Fjöldi fanga getur verið nokkuð breytilegur og hefur verið á bilinu 100 til 139 fangar á dag og að meðaltali 115 á tíu ára tímabilinu frá 1993 til 2002. Árlegir afplánunardagar í fangelsum hafa verið nálægt 38.500 að meðatali. Fjöldi afplánunardaga ræðst af tíðni afbrota í þjóðfélaginu, árangri og afköstum löggæslu og dómstóla, lengd dóma og síðast en ekki síst af þeim kvöðum sem umgerð og reglur löggjafans setja stofnuninni. Föngum sem heimilað er að afplána dóma utan fangelsa hefur fjölgað og eru þeir nú yfirleitt um 14 á dag eða um 12% af heildinni, aðallega hjá Vernd og meðferðarstofnunum. Tilkostnaður við það er verulega lægri en þegar afplánun fer fram innan veggja fangelsa. Grafið hér á eftir sýnir hvernig rekstrarkostnaður fangelsiskerfisins á hvern afplánunardag hefur þróast á föstu verðlagi undangengin tíu ár. Tölur fyrir árin 2003 og 2004 eru áætlaðar miðað við að fjöldi fanga verði óbreyttur frá árinu 2002. Kostnaðurinn hefur aukist úr um 13,1 þús. kr. á dag í um 18,5 þús. kr. eða sem nemur um 41%. Á það að stærstum hluta rætur að rekja til launahækkana starfsmanna umfram almennar verðlagshækkanir. Ljóst er að aukin afplánun utan fangelsa hefur leitt til þess að kostnaðarhækkunin hefur orðið minni en ella væri.




Á því tímabili sem hér um ræðir hefur skilorðsbundnum refsivistardómum fjölgað lítillega en óskilorðsbundnum fækkað. Að meðaltali hafa 760 einstaklingar verið dæmdir til refsingar á ári. Á sama tíma hefur fjöldi sekta samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum nær tvöfaldast, úr liðlega 700 árið 1993 í tæplega 1.400 árið 2002.



Samfélagsþjónusta var fyrst heimiluð á miðju ári 1995 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Árið 2000 var einnig heimilað að fullnusta vararefsingu vegna fésekta með samfélagsþjónustu. Um 60% af umsækjendum uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir afplánun með samfélagsþjónustu og flestir þeirra standast þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og afplána þar með sína refsingu. Góð reynsla er af samfélagsþjónustunni fyrir við-

komandi einstaklinga, hún er hagkvæm fyrir þjóðfélagið í heild og hefur létt á fangelsunum. Grafið hér á eftir sýnir þessa þróun.



Ný úræði eins og afplánun utan veggja fangelsis, samfélagsþjónusta og aukin beiting sektardóma hafa dregið úr vexti í rekstrarkostnaði fangelsiskerfisins. Dómsmálaráðuneytið leggur áherslu á að auka notkun á meðferðarúrræðum af ýmsum toga og endurhæfingu eftir því sem fjárhagslegt svigrúm leyfir.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um rúmar 26 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Lækkunin er að mestu að rekja til um 42 m.kr. lækkunar á framlagi til kosninga auk lækkunar á framlagi til nokkurra verkefna á safnlið. Á móti hækkar framlag til aðalskrifstofu um 22 m.kr., m.a. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	217,2	228,9	263,9	15,3	21,5
Stjórnartíðindi	16,5	4,2	4,3	2,4	-73,9
Lagasafn	0,2	0,0	0,0	-	-
Lögbirtingablað	27,0	26,7	26,7	0,0	-1,1
Kosningar	12,0	43,1	0,7	-98,4	-94,2
Ýmis verkefni	71,1	55,4	50,3	-9,2	-29,3
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**344,0**	**369,3**	**356,9**	**-3,4**	**3,7**

101 Aðalskrifstofa. Útgjöld hækka um 22 m.kr. að raungildi og eru áætluð 263,9 m.kr. á næsta ári. Á þessu ári flytur aðalskrifstofa ráðuneytisins í nýtt húsnæði og hækka leigugjöld og rekstrarkostnaður af þeim sökum um 11,8 m.kr. Launagjöld hækka um 7,6 m.kr. þar sem fyrirhugað er að fjölga starfsmönnum. Um er að ræða hálft starf bókasafnsfræðings og hlutastarf sérfræðings en erindum sem ráðuneytinu berast til afgreiðslu og úrlausnar hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum. Að lokum er veitt tímabundið 5 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum við vinnu að stefnumótun á sviði löggæslu og tillögugerð um framtíðarskipulag löggæslu í landinu. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir að tekin verði til skoðunar atriði er snúa að fjölda og stærð umdæma lögreglustjóra og sýslumanna, þjónustu umræddra stofnana, menntun og þjálfun lögreglumanna o.fl. Á móti vegur að fjárveiting til aðalskrifstofunnar er lækkuð um 2,4 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í rekstrarútgjöldum stjórnsýslustofnana.

111 Kosningar. Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 0,7 m.kr. og lækkar um 42,4 m.kr. milli ára. Á næsta ári eru hvorki sveitarstjórnarkosningar né Alþingiskosningar. Kjörtímabil forseta rennur út á árinu. Komi til forsetakosninga verða gerðar ráðstafanir vegna þess kostnaðar á fjáraukalögum næsta árs. Sú fjárhæð sem eftir stendur á fjárlagaliðnum er ætluð til að standa undir kostnaði við landskjörstjórn sem starfar einnig milli kosninga.

190 Ýmis verkefni. Heildarfjárveiting til verkefna sem falla undir þennan lið í frumvarpinu er 50,3 m.kr. að frádregnum sértekjum, sem er 5,8 m.kr. raunlækkun miðað við fjárlög þessa árs. Framlag að fjárhæð 3,4 m.kr. sem ætlað er til að standa undir útgjöldum vegna lögræðislaga er flutt af þessum lið á fjárlagalið málskostnaðar í opinberum málum þar sem réttara þykir að gjaldfæra þennan kostnað undir þeim lið. Þá fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag til Hins íslenska biblíufélags sem veitt var til vinnu við biblíuþýðingar.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	65,4	70,7	73,4	3,8	12,2
Héraðsdómstólar	634,8	629,7	712,7	13,2	12,3
Málskostnaður í opinberum málum	219,7	256,2	281,5	9,9	28,1
Opinber réttaraðstoð	105,8	87,4	104,8	19,9	-0,9
Bætur brotaþola	14,2	40,0	40,0	0,0	181,7
Persónuvernd	52,2	60,6	57,9	-4,5	10,9
Samtals	**1.092,1**	**1.144,6**	**1.270,3**	**11,0**	**16,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um rúmar 45 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar frá gildandi fjárlögum eru 19 m.kr. hækkun rekstrarframlags til héraðsdómstóla, 15 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna málskostnaðar í opinberum málum og 15 m.kr. hækkun vegna gjafsóknarkostnaðar. Á hinn bóginn lækkar framlag til Persónuverndar um 5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir minni eftirlitskostnaði vegna miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Ríkistekjur af gjaldi á rekstrarleyfishafa gagnagrunnsins lækka um sömu fjárhæð.

210 Héraðsdómstólar. Fjárveiting til héraðsdómstóla er 712,7 m.kr. og hækkar um 17,3 m.kr. að raungildi. Rekstrarframlag hækkar um 15 m.kr. vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika dómstólanna. Fyrirhugað er að fram fari viðræður við dómstólaráð um hvernig fé þessu skuli varið. Þá er rekstrarframlagið hækkað um 4 m.kr. til viðbótar til að mæta auknum útgjöldum vegna meðdómsmanna undanfarin ár. Sá kostnaður fellur til eftir því sem kvaddir eru til meðdómsmenn og er því erfitt að stemma stigu við honum. Að lokum lækkar framlag til tækja og búnaðar um 1,7 m.kr. og verður 14,8 m.kr.

231 Málskostnaður í opinberum málum. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar er 281,5 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 18,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á fjárlagaliðinn er færður sakarkostnaður sem er endurkræfur hjá brotamanni en þar er um að ræða óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamála, s.s. þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola, kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld o.fl. Sakarkostnaðurinn hefur farið vaxandi undanfarin ár og tekur fjárheimildin mið af því. Að auki er flutt á þennan fjárlagalið 3,4 m.kr. fjárheimild vegna framkvæmd lögræðislaga sem áður var færð á viðfangsefni undir safnliðnum *06-190 Ýmis verkefni.*

232 ***Opinber réttaraðstoð.*** Fjárveiting til opinberrar réttaraðstoðar er 104,8 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 15 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Hækkuninni er ætlað að mæta kostnaði við gjafsóknir sem hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin í samræmi við fjölgun mála. Málafjöldinn var 378 á árinu 2001 en 433 árið 2002. Hlutfallsleg aukning mismunandi málaflokka sem fá gjafsókn hefur verið frekar svipuð en þó hefur verið einna mest fjölgun í skaðabótamálum vegna slysa og líkamstjóns. Annar stór málaflokkur á þessu sviði tekur til forsjármála sem voru 107 talsins árið 2002 miðað við 95 árið 2001.

251 ***Persónuvernd.*** Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru 57,9 m.kr. í frumvarpinu og lækka um 5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir að vinna stofnunarinnar í tengslum við eftirlit með rekstri á miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði verði minni en verið hefur. Á móti kemur að ríkistekjur, sem rekstraraðila gagnagrunnsins er skylt að greiða fyrir eftirlitið, lækka í sama mæli.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 325 Neyðarsímsvörun; 333 Umferðarstofa; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	75,5	79,7	83,8	5,1	11,0
Ríkislögreglustjóri	674,0	640,9	637,2	-0,6	-5,5
Lögregluskóli ríkisins	232,7	141,4	151,3	7,0	-35,0
Lögreglustjórinn í Reykjavík	2.041,6	1.920,7	1.984,7	3,3	-2,8
Almannavarnir ríkisins	42,4	0,0	0,0	-	-100,0
Neyðarsímsvörun	74,9	78,3	84,1	7,4	12,3
Umferðarráð	49,5	0,0	0,0	-	-100,0
Umferðarstofa	30,5	343,1	377,9	10,1	-
Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	188,5	0,0	0,0	-	-100,0
Áfengis- og fíkniefnamál	0,0	90,5	93,1	2,9	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	44,3	84,9	89,2	5,1	101,4
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	10,0	10,0	0,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	1.099,3	1.121,6	1.151,5	2,7	4,7
Landhelgissjóður Íslands	-18,5	0,0	0,0	-	-
Schengen-samstarf	64,6	53,6	54,4	1,5	-15,8
Útlendingastofnun	113,2	149,3	188,6	26,3	66,6
Samtals	**4.712,5**	**4.714,0**	**4.905,8**	**4,1**	**4,1**

Fjárveiting til stofnana og verkefna á sviði löggæslu- og öryggismála aukast alls um 191,8 m.kr. frá fjárlögum 2003. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 146,3 m.kr. og nemur hækkunin því 45,5 m.kr. að raungildi en þá hefur jafnframt verið tekið tillit áforma um að draga úr útgjöldum sem nemur 18,3 m.kr. á þessu sviði, einkum í stofnkostnaði, til að mæta markmiðum frumvarpsins um aðhald í ríkisstarfseminni.

Rekstrargjöld eru áætluð 4.705 m.kr. á næsta ári og hækka um 56,3 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Helstu hækkunartilefnin eru í fyrsta lagi tímabundið 27 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við að innleiða tilskipun ESB um rafræna ökurita. Í annan stað hækkar framlag til Útlendingastofnunar um 20 m.kr. vegna aukins kostnaðar í tengslum við hælisleitendur. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárheimild til að efla hverfalöggæslu í Reykjavík. Að lokum hækkar framlag til lögregluskólans um 5 m.kr. vegna nýs náms fyrir stjórnendur í löggæslustofnunum. Framlag til embættis ríkislögreglustjóra lækkar um 6 m.kr. þar sem tímabundið framlag til að standa undir kostnaði við formennsku Íslands í PTN fellur niður og lækkar einnig um sömu fjárhæð þar sem fjárheimild sem svarar til kostnaðar við eitt starf lögreglumanns er flutt til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli. Rekstrarframlag málaflokksins lækkar um samtals 5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

Tilfærsluframlag á fjárlagaliðnum *390 Ýmis löggæslu- og öryggismál* hækkar um 2,5 m.kr. Um er að ræða framlag vegna slysatrygginga björgunarsveitarmanna í kjölfar nýrra laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Í tengslum við setningu laganna var gert samkomulag við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um styrk vegna slysatrygginga og samkvæmt því verður framlagið 2,5 m.kr. árið 2004, 3,7 m.kr. árið 2005 og 5 m.kr. árið 2006 og eftirleiðis.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 13,3 m.kr. og er sú lækkun liður í áformum frumvarpsins um aðhald með ríkisútgjöldum.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

303 Ríkislögreglustjóri. Fjárveiting til embættisins er 637,2 m.kr. og lækkar um 22,8 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Framlag til rekstrar lækkar alls um 12 m.kr. af tveimur tilefnum. Annars vegar fellur niður tímabundið framlag sem veitt var til tveggja ára í fjárlögum 2002 vegna kostnaðar við formennsku Íslands í samstarfi lögreglu og tollyfirvalda á Norðurlöndunum (PTN). Hins vegar er millifærð 6 m.kr. fjárheimild frá embætti ríkislögreglustjóra til embættisins á Hvolsvelli. Ríkislögreglustjóri hefur lagt embættinu til einn lögreglumann á þessu ári og með þessari tillögu er gert ráð fyrir að festa þá ráðstöfun í sessi. Hins vegar hækkar framlagið um 1,2 m.kr. vegna breytingar á fyrirkomulagi starfsemi almannavarnaráðs sem gerð var við setningu nýrra laga um almannavarnir fyrr á þessu ári. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 12 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*305 **Lögregluskóli ríkisins.*** Fjárheimild skólans er 151,3 m.kr. og hækkar að raungildi um 5 m.kr. til að standa undir kostnaði við stjórnunarnám við framhaldsdeild Lögregluskólans. Fyrirhugað er að bæta úr námsframboði á sviði stjórnunar í lögreglunni og er námið skipulagt í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

*311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Heildarframlag til embættisins nemur samtals 1.984,7 m.kr. í frumvarpinu en hækkun umfram launa- og verðlagsbreytingar er 5,1 m.kr. Veitt er 15 m.kr. framlag til eflingar á löggæslu með það að markmiði að gera löggæsluna sýnilegri, efla forvarnarstarf og styrkja samvinnu lögreglunnar í Reykjavík og borgaryfirvalda á ýmsum sviðum. Sérstakur viðræðuhópur ráðuneytisins, borgaryfirvalda og lögreglunnar í Reykjavík er nú að störfum og hefur það verkefni að móta tillögur í þessa veru. Á móti lækkar framlag um 10 m.kr. vegna tilfærslu á verkefnum þar sem afgreiðsla vegabréfa hefur verið flutt frá lögreglunni í Reykjavík til Útlendingastofnunar samkvæmt samkomulagi milli embættanna.

*333 **Umferðarstofa.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildargjöld Umferðarstofu verði 491,1 m.kr. á næsta ári en frá því dragist sértekjur að fjárhæð 113,2 m.kr. Framlag úr ríkissjóði hækkar tímabundið í eitt ár um 27 m.kr. til þess að innleiða tilskipun ESB um rafræna ökurita. Undirbúningskostnaðurinn er aðallega fólginn í samstarfi við EES-löndin um samhæfingu á útgáfu ökumannskorta og annarra korta sem tengjast eftirlitskerfi með reglum um aksturs- og hvíldartíma, búnaðar til þess að gefa kortin út og tölvukerfa, sem tengjast kortaútgáfukerfum EES-landanna. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði endurheimtur með álagi á sölu ökumannskorta eftir mitt ár 2004. Á hinn bóginn er framlag til stofnunarinnar lækkað um 4,2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum. Hluti starfseminnar er fjármagnaður með hlutdeild í ríkistekjum og er þar um að ræða 35 m.kr. tekjur af umferðaröryggiseftirlitsgjaldi og 250 m.kr. tekjur af skráningargjöldum ökutækja. Til stofnunarinnar renna einnig 9 m.kr. framlög sveitarfélaga til reksturs Umferðarskólans. Fyrirhugað er að leggja fram á haustþinginu lagafrumvarp þar sem lögð verði til hækkun á umferðaröryggisgjaldi og gjaldi fyrir einkanúmer með það að markmiði að fjármagna átak í umferðaröryggismálum á vegum Umferðarstofu í samræmi við umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 sem samþykkt var á Alþingi fyrr á þessu ári.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Framlag til Landhelgisgæslu Íslands er 1.151,5 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum. Í byrjun þessa árs var komið á fót starfshópi til að fara yfir fjárhagsáætlanir Landhelgisgæslunnar og fjárhagsútkomu rekstrarins. Var hópnum falið að greina þann vanda sem við væri að etja og benda jafnframt á leiðir til að koma á markvissari áætlanagerð og upplýsingagjöf í rekstri stofnunarinnar ásamt reglubundinni endurskoðun á þeim áherslum og markmiðum sem stofnunin setur

sér til lengri tíma. Var hópnum falið að hafa í starfi sínu til hliðsjónar skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Landhelgisgæslunnar frá árinu 2001 og niðurstöðu vinnuhóps um fjármál Landhelgisgæslunnar sem lauk störfum á síðasta ári. Þess er vænst, að starfshópurinn ljúki fljótlega störfum en innan dómsmálaráðuneytisins er hafinn undirbúningur að nýrri stefnumótun fyrir Landhelgisgæsluna og endurskoðun löggjafar á þessu sviði.

398 Útlendingastofnun. Fjárheimild næsta árs er 188,6 m.kr. og er aukin um 33,3 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir. Framlagið hækkar í fyrsta lagi um 20 m.kr. vegna fjölgunar hælisleitenda og aukins kostnaðar við dvöl þeirra. Í lok þessa árs rennur út samningur við Rauða kross Íslands um umönnun flóttafólks og mun allur kostnaður falla á ríkið frá og með næstu áramótum að óbreyttu. Í öðru lagi hefur stofnunin tekið við afgreiðslu vegabréfa frá lögreglunni í Reykjavík og hækkar framlag hennar af þeim sökum um 10 m.kr. Í þriðja lagi er talið að kostnaður aukist um 3,2 m.kr. vegna reglna Schengen-samstarfsins um samræmt form dvalarleyfa sem tekur gildi í ágúst 2003 en Ísland mun þurfa að láta framleiða sérstök dvalarleyfiskort og dvalarleyfismiða. Í fjórða lagi hækkar rekstrarframlag um 1,6 m.kr. vegna flutnings Útlendingastofnunar í nýtt húsnæði. Húsnæðið er töluvert stærra sem leiðir til aukins leigu- og rekstrarkostnaðar. Að lokum er fellt niður 1,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til búnaðarkaupa í fjárlögum þessa árs.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	3.514,7	3.601,6	3.796,1	5,4	8,0
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	252,6	199,4	231,4	16,0	-8,4
Húsnæði og búnaður	-2,4	67,5	47,0	-30,4	-
Samtals	**3.764,9**	**3.868,5**	**4.074,5**	**5,3**	**8,2**

Fjárveiting til starfsemi sýslumanna nemur 3.796,1 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 72,4 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar frá fjárlögum fyrir árið 2003.

Rekstrargjöld sýslumannsembætta hækka um 92,9 m.kr. að raungildi. Gert ráð fyrir að fjölga um átta störf lögreglumanna við embættin á Blönduósi, Seyðisfirði, Eskifirði, Hvolsvelli, Hafnarfirði og í Kópavogi og nemur kostnaðarauki vegna þess alls um 42 m.kr. Framlag til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli hækkar einnig um 5,1 m.kr. vegna sektarinnheimtudeildar sem færð var frá embætti ríkislögreglustjóra í fjárlögum þessa árs. Að auki

hækka framlög til sýslumannsembættanna í Reykjavík og Kópavogi um samtals 16 m.kr. vegna mikillar málafjölgunar. Þá hækkar framlag til ýmiss rekstrarkostnaðar sýslumannsembætta um 26,3 m.kr., að mestu vegna kostnaðar samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Á móti lækkar heildarrekstrarframlag um 2,5 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinna framlaga, annars vegar til embættisins á Akranesi vegna viðbótarkostnaðar í húsfélagi og hins vegar hjá embættinu í Vestmannaeyjum vegna tímabundinnar fjárveitingar til fíkniefnaleitar með hundi.

Stofnkostnaður á fjárlagaliðnum *06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna* lækkar alls um 20,5 m.kr. Tvær fjárveitingar falla niður þar sem gert er ráð fyrir að verkefnunum verði lokið á þessu ári, annars vegar 15 m.kr. vegna viðbyggingar við lögreglustöðina í Keflavík og hins vegar 2,5 m.kr. vegna bílastæða við húsnæði sýslumannsins í Reykjavík. Að auki lækkar almennt framlag á óskiptum safnliðum um 3 m.kr. vegna áforma í frumvarpinu um aðhald í ríkisútgjöldum.

411 Sýslumaðurinn í Reykjavík. Rekstrarframlag embættisins er 245,2 m.kr. á næsta ári og hækkar að raungildi um 12 m.kr. til að standa undir kostnaði við aukið umfang starfseminnar. Málum sem embættinu berast hefur fjölgað hlutfallslega langt umfram íbúaþróun. Hefur það leitt til þess að embættið hefur orðið að draga saman á öllum sviðum rekstrarins til að mæta auknum launakostnaði.

420 Sýslumaðurinn á Blönduósi. Fjárveiting er 103 m.kr. í frumvarpinu og hækkar að raungildi um 2 m.kr. til að unnt verði að fjölga um einn lögreglumann. Vegna breytinga á vaktkerfi nemur kostnaðaraukinn þó ekki launum lögreglumannsins. Undanfarin ár hefur lögreglan á Blönduósi verið með einum lögreglumanni fleiri vegna verkefnisins „Ástæður umferðaróhappa á þjóðvegi“ sem hefur gert embættinu kleift að gera breytingar á vaktafyrirkomulagi. Við það hefur yfirvinna minnkað verulega og er frítökuréttur vegna hennar nánast úr sögunni.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. Framlag til embættisins hækkar að raungildi um 7 m.kr. og verður 145,7 m.kr. á næsta ári. Hækkunin er ætluð til að efla umferðarlöggæslu í umdæmi sýslumannsins á meðan stórframkvæmdir standa yfir á Austurlandi en vegna stóraukinnar umferðar er nauðsynlegt að fjölga um einn lögreglumann á Seyðisfirði og halda úti sérstakri umferðareftirlitsbifreið.

428 Sýslumaðurinn á Eskifirði. Rekstrarframlag næsta árs nemur 155,1 m.kr. og hækkar um 12 m.kr. vegna tveggja nýrra starfa til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða 6 m.kr. hækkun á framlagi vegna nýs starfs lögreglumanns. Brýnt þykir að gera embættinu kleift að sinna sem best eftirliti vegna mikilla þungaflutninga og aukinnar almennrar umferðar í tengslum við stórfram-

kvæmdir á Austurlandi. Reistar hafa verið fjölmennar vinnubúðir á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði vegna jarðgangagerðar og einnig verða miklar vegaframkvæmdir á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Hins vegar er 6 m.kr. hækkun til að gera embættinu kleift að ráða í nýtt starf tollvarðar. Tollafgreiðslur við embættið hafa aukist verulega undanfarin ár en Eskifjörður er aðaltollhöfn.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Framlag verður 114,3 m.kr. á næsta ári samanborið við 94,2 m.kr. í fjárlögum þessa árs og svarar það til 16,1 m.kr. hækkunar að raungildi. Fyrirhugað er að fjölga lögreglumönnum um tvo. Þar af er framlag vegna annars starfsins flutt frá embætti ríkislögreglustjóra, sem hefur lagt embættinu til einn lögreglumann á þessu ári, en með þessari ráðstöfun er gert ráð fyrir að sú tilhögun verði til frambúðar. Mikil ferðaþjónusta er á svæðinu og hefur veitingastöðum fjölgað mjög á undanförnum árum svo og sumarbústöðum. Auk þess er umdæmið víðlent og fjölsóttir ferðamannastaðir á hálendinu, s.s. Þórsmörk og Landmannalaugar þar sem ferðamannastraumur er jafnt á sumrin sem veturna. Þá er gert ráð fyrir 5,1 m.kr. fjárheimild vegna sektarinnheimtudeildar en embættið tók við deildinni af embætti ríkislögreglustjóra í upphafi árs 2003. Gert er ráð fyrir að starfsmaður í hálfu starfi sinni þessum verkefnum en kostnaður hefur einnig aukist vegna fjölgunar sektarboða og hækkunar póstburðargjalda.

436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði. Fjárveiting næsta árs er 412,3 m.kr. og er aukin um 5 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Gert er ráð fyrir að þessu framlagi verði varið til að fjölga lögreglumönnum í því skyni að efla löggæslu í Garðabæ.

437 Sýslumaðurinn í Kópavogi. Fjárveiting embættisins hækkar um 15 m.kr. á föstu verðlagi og verður heildarframlagið 334,6 m.kr. á næsta ári. Fyrirhugað er að störfum lögreglumanna verði fjölgað um tvö og er kostnaður við það áætlaður 11 m.kr. Þá er rekstrarframlagið einnig hækkað um 4 m.kr. til að ráða sérfræðing við embættið. Verkefni á öllum sviðum starfseminnar hafa aukist mjög mikið vegna fjölgunar íbúa og fyrirtækja í bæjarfélaginu á síðustu árum en íbúum hefur fjölgað um 48% síðan 1992. Á mörgum sviðum hefur hin síðari ár orðið meiri fjölgun mála en sem nemur íbúafjölguninni. Má þar einkum nefna fjölgun fjárnáma svo og nauðungarsölur.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verður 231,4 m.kr. á næsta ári. Jafngildir það 26,3 m.kr. hækkun að raungildi og er hún af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru 20 m.kr. vegna kostnaðar samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem farið hefur vaxandi. Hér er um að ræða kostnað vegna beiðna sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs um fjárnám og nauðungarsölur. Í annan stað hækkar rekstrarframlag til útgáfu ökuskírteina um 3,8 m.kr. Þegar nýtt fyrirkomu-

lag á útgáfu ökuskírteina var tekið upp var talið að rekstrarkostnaður yrði lægri en framlag í fjárlögum og var mismuninum ætlað að greiða niður halla fyrri ára. Þær forsendur hafa ekki gengið eftir heldur hefur rekstarkostnaðurinn verið heldur meiri en fjárveitingin. Kemur það til af því að kostnaður við gerð hvers skírteinis reyndist hærri en talið var. Að lokum hækkar framlag til sáttaumleitana sýslumannsembætta vegna forsjár barna um 2,5 m.kr. í ljósi reynslutalna. Á 126. löggjafarþingi var samþykkt breyting á barnalögum sem fól í sér að sýslumönnum var heimilað að bjóða sérfræðiráðgjöf til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Foreldrar hafa í auknum mæli nýtt sér þessa ókeypis þjónustu og hefur kostnaður við hana aukist.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	575,3	603,0	658,3	9,2	14,4
Fangelsisbyggingar	1,3	10,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**576,6**	**613,0**	**658,3**	**7,4**	**14,2**

Rekstrarframlag til Fangelsismálastofnunar verður 658,3 m.kr. á næsta ári og hækkar um 35 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Stofnunin hefur átt við rekstrarvanda að stríða undanfarin ár sem m.a. má rekja til fjölgunar fanga og aukins rekstrarkostnaðar af þeim sökum. Hækkunin kemur til viðbótar framlagi sem veitt var í fjárlögum 2003 til að treysta fjárhagsstöðu stofnunarinnar og er henni ætlað að laga reksturinn að þessum ramma að öðru leyti.

Fjárveiting til að undirbúa byggingu nýs fangelsis að fjárhæð 10 m. kr. fellur niður. Lóð hefur verið tryggð undir nýtt fangelsi hjá Reykjavíkurborg í Hólmsheiði og hefur forval farið fram. Næstu skref eru nú til athugunar hjá ráðuneytum dómsmála og fjármála en ákvörðun um bygginguna og aðrar stærri opinberar framkvæmdir verða teknar með hliðsjón af efnahagsástandi og áhrifum af stórframkvæmdum á Austurlandi á næstu árum.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	967,5	1.060,0	1.171,0	10,5	21,0
Kirkjumálasjóður	144,1	153,5	161,5	5,2	12,1
Kristnisjóður	47,7	61,5	65,1	5,9	36,5
Kirkjugarðsgjöld	605,8	645,0	678,8	5,2	12,1
Sóknargjöld	1.392,3	1.486,2	1.569,0	5,6	12,7
Jöfnunarsjóður sókna	235,8	251,5	264,6	5,2	12,2
Samtals	**3.393,2**	**3.657,7**	**3.910,0**	**6,9**	**15,2**

701 Þjóðkirkjan. Framlag til þjóðkirkjunnar er 1.171 m.kr. á næsta ári. Þar af eru rekstrargjöld að frádregnum sértekjum áætluð 1.125,3 m.kr. og eru í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýju framlagi að fjárhæð 5,3 m.kr. til að standa undir kostnaði við sérþjónustuprest vegna áfengis- og vímuefnavandans. Prestinum er ætlað að sinna sálgæslu, leiðsögn og helgihaldi meðal þeirra sem glíma við áfengis- og vímuefnavandann og ráðgjöf við presta og djákna um það hvernig á þessum málum skuli tekið. Stofnkostnaðarliðir lækka alls um 3,3 til að mæta aðhaldi í ríkisútgjöldum.

733-736 Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld. Fjárveitingar á þessum fjárlagaliðum hækka alls um 141,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verða 2.739 m.kr. á næsta ári. Þessi lögboðnu framlög vegna kirkjugarða og sókna aukast í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2002 og 2003. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna taka einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Á fjárlagaliðnum *733 Kirkjugarðsgjöld* er fellt niður 3 m.kr. framlag til Kirkjugarðasambands Íslands sem veitt var tímabundið í eitt ár til að styrkja vinnu að skráningu legstaða- og söguupplýsinga í eldri kirkjugörðum á Íslandi sem birtar verða á veraldarvefnum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.515,2	5.309,5	5.657,9	7	25
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.724,2	15.750,4	16.677,0	6	6
Stofnkostnaður og viðhald	454,8	497,9	608,9	22	34
Samtals	**20.694,2**	**21.557,8**	**22.943,8**	**6**	**11**
Greitt úr ríkissjóði	-	13.545,9	14.442,3	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	8.011,9	8.501,5	6	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**21.557,8**	**22.943,8**	**6**	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 24.068 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.124 m.kr. en þær nema 4,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 22.944 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 14.442 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 8.502 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.658 m.kr. og hækka um 348 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 132 m.kr. framlag til málefna fatlaðra.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.127 m.kr. og verður 16.677 m.kr. en er 15.750 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Auk launa- og verðlagsbreytinga vegur þar þyngst samtals 605 m.kr. hækkun af hagrænu tilefni annars vegar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 609 m.kr. og er það 111 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 90 m.kr. til niðurgreiðslu vaxtamunar leiguíbúða eða til stofnstyrkja.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 178 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 200 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald í rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	235	237	239	241
Húsnæðismál	300	390	420	360
Stjórnsýslustofnanir	374	377	381	385
Málefni barna	640	647	653	659
Málefni fatlaðra	5.662	5.799	5.939	6.083
Sveitarfélög	6.427	6.556	6.687	6.821
Vinnumál	8.840	8.307	8.708	9.473
Annað	466	472	478	484
Samtals	**22.944**	**22.785**	**23.505**	**24.506**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum

og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *húsnæðismála* aukist að jafnaði um 90 m.kr. á ári fram á mitt ár 2006 til greiðslu á vaxtamun lána til leiguíbúða eða til stofnstyrkja. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir *málefni fatlaðra*, vaxi árlega um 2,4% að meðaltali. Skýrist það einkum af því að þjónusta við fatlaða hefur aukist verulega síðustu ár og stefnt er að því að innan tíðar verði unnt að mæta eftirspurn eftir þjónustu. Í þriðja lagi er miðað við að framlög til *sveitarfélaga* fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er fjármagnaður með hlutfalli af skatttekjum og útsvarsstofni. Í fjórða lagi er miðað við að útgjöld til *vinnumála* lækki nokkuð á árinu 2004 vegna minnkandi atvinnuleysis og lægri framlaga í ábyrgðasjóð launa. Á síðari hluta tímabilsins er gert ráð fyrir nokkurri aukningu útgjalda til vinnumála.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.663 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 1.540 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 122 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði um 1.700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga við einkaaðila sem annast rekstur sambýla. Þá er unnið að samningi við Sólheima í Grímsnesi.

Frá því að frumvarp ársins 2003 var lagt fram hafa eftirtaldir samningar verið gerðir vegna þjónustu við fatlaða: við Blindrafélagið um rekstur vinnustofu, Héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða á Norðausturlandi, Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu og við Styrktarfélag vangefinna og Félagsþjónustu Reykjavíkur um ákveðna þætti þjónustu við fatlaða í Reykjavík.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	65,3	67,3	67,3	67,3	67,3
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	0,8	0,8	0,8	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	24,1	27,9	27,9	27,9	13,9
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	48,9	50,4	50,4	50,4	50,4
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	31,1	34,8	34,8	34,8	34,8
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	36,0	37,1	37,1	37,1	37,1
Torfastaðir, meðferð barna og ungmenna	A	23,3	23,9	23,9	23,9	23,9
Handverkstæðið Ásgarður	A	13,4	13,8	13,8	13,8	0,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	12,3	12,7	13,1	13,1	13,1
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	13,6	14,0	14,0	14,0	14,0
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	8,5	11,2	14,0	14,0	14,0
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	418,7	432,2	448,3	428,3	428,3
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	199,6	205,4	205,4	205,4	205,4
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	464,8	489,7	489,7	489,7	489,7
Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða	A	54,7	57,2	59,1	59,1	59,1
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	15,3	15,7	15,7	15,7	15,7
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	17,1	17,6	0,0	0,0	0,0
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	60,2	62,6	64,8	64,8	64,8
Árvellir, meðferð barna og ungmenna	C	62,4	75,9	0,0	0,0	0,0
Skjöldólfsstaðir, meðferð barna og ungmenna	C	14,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	40,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	A	32,6	52,5	52,5	52,5	52,5
Byggðastofnun	C	5,0	5,1	5,1	5,1	5,1
Samtals		**1.662,5**	**1.707,8**	**1.637,7**	**1.616,9**	**1.589,1**

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	180,7	172,9	178,1	3,0	-1,4
Ýmis verkefni	37,2	48,9	51,8	5,9	39,2
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**217,9**	**226,8**	**234,9**	**3,6**	**7,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 0,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gerð er krafa um 2 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stofnana. Þá hækkar framlag á viðfangsefni *190 1.90 Ýmis verkefni* um 1,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að nýta þá fjárhæð til að endurskipuleggja þjónustu við erlenda ríkisborgara á Íslandi.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	43,3	52,0	53,7	3,3	24,0
Jafnréttisstofa	26,5	31,7	33,1	4,4	24,9
Vinnueftirlit ríkisins	312,0	276,9	286,7	3,5	-8,1
Samtals	**381,8**	**360,6**	**373,5**	**3,6**	**-2,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru ætluð 286,7 m.kr. en eru 276,9 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 8,1 m.kr., eru helstu breytingar þær að lagt er til að veitt verði 5 m.kr. framlag vegna aukins umsýslukostnaðar Vinnueftirlits ríkisins í kjölfar breytinga á lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum sem kveða á um aukið eftirlit með heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Þá er gerð krafa um 3,3 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

Málefni barna

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa. Liðurinn 401 Barnaverndarráð fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	563,4	626,3	640,3	2,2	13,6
Barnaverndarráð	12,9	15,7	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**576,3**	**642,0**	**640,3**	**-0,3**	**11,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 21 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar skýrast annars vegar af 7 m.kr. framlagi til Barnaverndarstofu vegna samninga við meðferðarheimili sem rekin eru af einkaaðilum. Hins vegar fellur niður 12 m.kr. tímabundið framlag til meðferðarheimilisins að Árvöllum. Enn fremur fellur niður 15,9 m.kr. fjárheimild Barnaverndarráðs en ráðið var lagt niður í júlí 2002. Þá er gerð krafa um 1 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700–722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	35,5	246,8	75,5	-69,4	112,7
Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.217,1	1.389,8	1.522,0	9,5	25,1
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	943,9	898,8	1.133,3	26,1	20,1
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	163,6	171,5	175,5	2,3	7,3
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	119,1	122,5	127,4	4,0	7,0
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	200,4	206,7	215,4	4,2	7,5
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	520,6	553,5	569,4	2,9	9,4
Málefni fatlaðra, Austurlandi	186,6	186,7	202,7	8,6	8,6
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	285,5	299,5	348,7	16,4	22,1
Styrktarfélag vangefinna	418,7	432,2	448,3	3,7	7,1
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	197,6	201,3	208,8	3,7	5,7
Sólheimar í Grímsnesi	150,9	153,6	159,2	3,6	5,5
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	158,9	171,9	178,3	3,7	12,2
Framkvæmdasjóður fatlaðra	251,4	274,4	297,9	8,6	18,5
Samtals	**4.849,8**	**5.309,2**	**5.662,4**	**6,7**	**16,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 164,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir um 141,4 m.kr. til starfsemi nýrra heimila og þjónustustofnana fyrir fatlaða. Þá hækka samningsbundin útgjöld um 26,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra hækki um 23 m.kr. Þá falla niður þrjár tímabundnar heimildir í fjárlögum 2003, alls að fjárhæð 26,3 m.kr. Þessar breytingar eru skýrðar nánar í eftirfarandi fjárlagaliðum:

700 Málefni fatlaðra. Framlag á þennan fjárlagalið er 75,5 m.kr. og lækkar um 171,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu skýringar á lækkun þessa fjárlagaliðar eru að færðar eru um 173 m.kr. til svæðisskrifstofa vegna útskriftar af Kópavoghæli og nýrra verkefna á vegum svæðisskrifstofanna á árinu 2003. Þá er felld niður tímabundin heimild að fjárhæð 18,8 m.kr. vegna greiðslu á uppsöfnuðum halla á viðfangsefni *1.50 Laun vegna forfalla orlofs. o.fl.* Þá hækkar liðurinn um rúmar 20 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta en hins vegar um 17 m.kr. sem færðar eru á viðfangsefni *190 Ýmis verkefni.* Með þeirri fjárveitingu er horfið frá því að greiða af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra kostnað vegna annars vegar félagslegrar hæfingar og endurhæfingar, sbr. 27. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og hins vegar kostnað vegna starfa stjórnarnefndar málefna fatlaðra, sbr. 52. gr. sömu laga. Á árinu 2003

var úthlutað úr Framkvæmdasjóði 8 m.kr. til félagslegrar hæfingar og endurhæfingar og 9 m.kr. til starfsemi og rekstrar stjórnarnefndarinnar.

701–702 ***Málefni fatlaðra, Svæðisskrifstofur í Reykjavík og Reykjanesi.*** Farið er fram á 100 m.kr. til nýrra heimila fyrir fatlaða á þessum svæðum í samræmi við áætlun starfshóps um styttingu biðlista eftir þjónustu við fatlaða. Gert er ráð fyrir fjórum nýjum sambýlum, tveimur á hvoru svæði, frá miðju ári 2004 í samræmi við áætlun starfshópsins og eru í því skyni ætlaðar 48 m.kr. Þá er áætlað fyrir heilsársrekstri nýrrar dagvistarstofnunar á Reykjanesi og hækkun á framlagi til skammtímavistunar í Reykjavík, samtals um 52 m.kr., og eru þessar tillögur einnig í samræmi við áætlun um styttingu biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofunum. Um 129 m.kr. eru millifærðar á svæðisskrifstofurnar í tengslum við útskrift íbúa af Kópavogshæli og er þá lokið þeim áfanga að útskrifa 20 manns á sambýli á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra frá janúar 2002.

702–708 ***Málefni fatlaðra, aðrar svæðisskrifstofur.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjárveitingar til þessara fjárlagaliða hækki um tæpar 99 m.kr. en þar af eru tæpar 58 m.kr. launa- og verðlagsbætur. Helstu breytingar eru 18 m.kr. framlag til nýrra verkefna í þágu fatlaðra á Suðurlandi. Annars vegar er gert ráð fyrir nýju sambýli á Suðurlandi frá miðju ári 2004 sem ætlað er geðfötluðum og eru í því skyni ætlaðar 12 m.kr. Hins vegar er um 6 m.kr. varið til að fjölga rýmum á dagvistarstofnun á Suðurlandi. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld á þessum fjárlagaliðum hækki um 22 m.kr. vegna samninga við sveitarfélög og einkaaðila. Loks fellur niður 2,5 m.kr. tímabundin fjárheimild til Fjöliðjunnar á Vesturlandi og 5 m.kr. framlag til þróunarverkefnis á vegum Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og fleiri aðila.

795 ***Framkvæmdasjóður fatlaðra.*** Farið er fram á 23,5 m.kr. hækkun á framlagi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðstöfunarfé sjóðsins hækki eigi að síður um 40 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar sem horfið er frá því að láta sjóðinn greiða kostnað vegna tveggja rekstrarverkefna, annars vegar kostnað við félagslega hæfingu og endurhæfingu, sbr. 27. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og hins vegar kostnað vegna starfa stjórnarnefndar málefna fatlaðra, sbr. 52. gr. sömu laga. Í fjárlagafrumvarpinu er áætlað fyrir kostnaði vegna þessara verkefna á fjárlagalið *700 1.90 Ýmis verkefni*, sbr. umfjöllun þar. Þá er gerð sú breyting á framsetningu sjóðsins að fjárheimildum hans er skipt upp eftir útgjaldatilefnum, þ.e. til rekstrar, viðhaldsverkefna og stofnkostnaðar.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 480 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.800,5	5.966,0	6.427,0	7,7	10,8
Samtals	**5.800,5**	**5.966,0**	**6.427,0**	**7,7**	**10,8**

801 Jöfnunarsjóður. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga sem eru í samræmi við samkomulag sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga í lok árs 2002. Samkomulagið felur í sér breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem reiknuð hafa verið sem hlutfall af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Í því felst að framlag ríkisins af þessum stofni er reiknað sem eitt heildarframlag af innheimtum skatttekjum. Samkvæmt samkomulaginu skal framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að teknu tilliti til breytinga sem samkomulagið hefur í för með sér vera 2,12% frá og með 1. janúar 2003. Engar breytingar voru á hinn bóginn gerðar á útreikningi framlaga sem byggja á álagningarstofni útsvars. Framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eru því í fyrsta lagi 5.148 m.kr. sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi er 1.279 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög eru því 6.627 m.kr.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlofssjóður.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 128,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 238 m.kr. og 58,9 m.kr. til ábyrgðasjóðs launa. Í frumvarpinu er miðað við að meðalatvinnuleysi ársins 2004 verði 2%.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Vinnumálastofnun	158,0	161,7	171,7	6,2	8,7
Vinnumál	26,7	28,5	32,2	13,0	20,6
Ábyrgðasjóður launa	685,9	441,1	527,0	19,5	-23,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.810,8	2.362,0	2.512,0	6,4	-10,6
Félagsmálaskóli alþýðu	23,4	23,5	23,9	1,7	2,1
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	0,9	15,9	16,8	5,7	1.766,7
Fæðingarorlof	4.654,3	5.292,0	5.546,0	4,8	19,2
Samtals	**8.370,0**	**8.334,7**	**8.839,6**	**6,1**	**5,6**

Farið fram á 40 m.kr. tímabundið framlag til starfsmenntunar sjómanna. Enn fremur er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. til að efla vinnumarkaðsrannsóknir auk 3,4 m.kr. tímabundins framlags til að framlengja stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Niður fellur 46 m.kr. tímabundið framlag frá 2001 sem samþykkt var í kjölfar samkomulags aðila vinnumarkaðarins frá mars 2000. Loks er 170 m.kr. lækkun útgjalda til vinnumála til að mæta markmiðum stjórnvalda um aðhald í ríkisfjármálum. Gert er ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 170 m.kr. vegna áforma um að lögum verði breytt á þann veg að í stað þess að bætur greiðist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana o.fl.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.093,4	2.472,0	2.719,0	10,0	29,9
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	56,2	58,0	60,0	3,4	6,8
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	112,4	115,0	118,0	2,6	5,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	158,2	175,0	77,0	-56,0	-51,3
Kjararannsóknarnefnd	34,3	33,0	34,0	3,0	-0,9
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	87,8	112,0	112,0	0,0	27,6
Framlög og styrkir	76,0	81,0	75,0	-7,4	-1,3
Starfsmenntasjóður	57,7	60,0	60,0	0,0	4,0
Rekstur úthlutunarnefnda	64,6	57,0	59,0	3,5	-8,7
Vaxtatekjur	-8,3	-47,0	-48,0	2,1	478,3
Samtals	**2.732,3**	**3.116,0**	**3.266,0**	**4,8**	**19,5**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Hér er einnig gerð grein fyrir liðnum 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	60,0	150,0	240,0	60,0	300,0
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	4,6	8,5	10,0	17,6	117,4
Félagsmál, ýmis starfsemi	370,7	500,0	456,1	-8,8	23,0
Samtals	**495,3**	**718,5**	**766,1**	**6,6**	**54,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 37 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 90 m.kr. aukin framlög til niðurgreiðslu vaxta eða stofnstyrkja til leiguíbúða, 55 m.kr. ný framlög til ýmissa félagsmála en auk þess falla niður verkefni samtals að fjárhæð 108,2 m.kr. Þessar breytingar eru skýrðar nánar í eftirfarandi fjárlagaliðum:

205 Leiguíbúðir. Lagt er til að veitt verði 90 m.kr. framlag til niðurgreiðslu vaxta vegna leiguíbúða í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í júlí 2001 um átak til að bæta ástand á leigumarkaði til viðbótar við 150 m.kr. framlag í fjárlögum 2003. Samkomulagið gerir annars vegar ráð fyrir að aflað verði lánsfjárheimilda í fjárlögum til átaks um byggingu allt að 400 leiguíbúða á ári í 4 ár á 3,5% breytilegum vöxtum en gert verði ráð fyrir eðlilegu svigrúmi á milli ára. Lánin verði veitt sveitarfélögum, félögum fatlaðra, öryrkja, aldraða og námsmanna er leigja íbúðirnar til þeirra sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk skv. VIII. kafla húsnæðislaga. Hins vegar er gert ráð fyrir lánsheimildum til byggingar eða kaupa 150 leiguíbúða á ári í 4 ár á 4,5% breytilegum vöxtum. Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög um að þau taki þátt í umræddu átaki. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamunar þessara lána sem taki mið af inn- og útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs hverju sinni og stöðu lána.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Tillaga verkefnisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að í hlut félagsmálaráðuneytisins komi 5 m.kr. sem ætlaðar eru í upplýsingakerfi um þjónustu við fatlaða. Mótframlag félagsmálaráðuneytisins er 5 m.kr. og kemur sú fjárveiting af fjárlagalið *190 1.90 Ýmis verkefni.*

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Á viðfangsefni *1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992* fellur niður tímabundin fjárveiting að fjárhæð 89 m.kr. sem nýtt var til að jafna skuld félagsmálaráðuneytisins við Tryggingastofnun ríkisins á greiddum meðlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárveiting til viðfangsefnisins hækki um 30 m.kr. til samræmis við þróun útgjalda hjá Tryggingastofnun. Á viðfangsefnum *1.31 Félagasamtök, styrkir* og *1.41 Stígamót* falla niður tímabundnar fjárveitingar samtals að fjárhæð 15,7 m.kr. Lagt er til að framlag til *1.44 Byrgisins, líknarfélags*, hækki um 12,3 m.kr. í samræmi við samkomulag sem unnið hefur verið að um starfsemi Byrgisins. Jafnframt er lögð til 8 m.kr. hækkun á viðfangsefni *190 Ýmis framlög* til greiðslu á húsaleigu fyrir það húsnæði sem Byrgið hefur afnot af að Efri Brú, Grímsnesi.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	45.176,4	51.097,5	56.989,8	12	26
Neyslu- og rekstrartilfærslur	49.021,7	47.781,4	50.656,6	6	3
Stofnkostnaður og viðhald	2.163,0	1.862,6	2.534,5	36	17
Samtals	**96.361,1**	**100.741,5**	**110.180,9**	**9**	**14**
Greitt úr ríkissjóði	-	80.474,9	89.252,3	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	20.266,6	20.928,6	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	**-**	**100.741,5**	**110.180,9**	**9**	**-**

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 113.505 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.324 m.kr. en þær nema 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 110.181 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 89.252 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 20.929 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 56.990 m.kr. og hækka um 5.892 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hækkun milli ára nemur 3.665 m.kr. af frádregnum launa- og verðlagsbreytingum. Þar eru 1.850 m.kr. millifærðar af tilfærslum yfir á rekstrargjöld og skýrist það að mestu leyti af breyttri framsetningu á framlögum ríkisins til dvalarrýma. Fram til þessa hafa framlög til þeirra verið talin til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og lífeyristrygginga almannatrygginga en eru nú sýnd á fjárlagaliðum

einstakra öldrunarstofnana. Framlög til öldrunarmála hækka um 400 m.kr. til að fjölga hjúkrunarrýmum og dagvistarrýmum á árinu 2004 í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og eldri borgara. Þar af er 340 m.kr. framlag til að auka framboð á hjúkrunarrýmum um 150 á árunum 2004 og 2005 og 40 m.kr. til að auka framboð á dagvistarrýmum fyrir aldraða. Framlög til sjúkrahúsa hækka um 840 m.kr. að frádregnum verðlagsbreytingum og munar þar mest um 500 m.kr. framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss og 100 m.kr. framlag til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri og tæpar 140 m.kr. til að bæta margvíslega þjónustu við geðsjúka innan heilbrigðiskerfisins. Auk þess er 64 m.kr. framlag til að hefja rekstur hvíldarheimilis fyrir langveik börn. Rekstrarframlög til heilsugæslu og heilbrigðisstofnana hækka um 441 m.kr. að frádregnu verðlagi og skýrist hækkunin einkum af 150 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrarstöðu stofnananna. Þá eru um 77 m.kr. til þjónustusamninga um rekstur heilsugæslu og vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og 50 m.kr. til að auka heimahjúkrun í samræmi við samkomulag við eldri borgara.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 2.875 m.kr. og verður 50.657 m.kr. en er 47.781 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Að teknu tilliti til breytinga á framsetningu er hækkunin 4.726 m.kr. Þyngst vegur 1.000 m.kr. framlag til hækkunar grunnlífeyris öryrkja með tilliti til aldurs í samræmi við samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands. Þá hækkar tekjutrygging og tekjutryggingaauki elli- og örorkulífeyrisþega um samtals 1.090 m.kr. í samræmi við samkomulag við aldraða. Enn fremur hækka bætur almannatrygginga um tæpar 2.050 m.kr. vegna magnaukningar og fjölgunar bótaþega og munar þar mestu um 765 m.kr. hækkun í bótaflokkum elli- og örorkulífeyrisþega. Þá er áætlað að magnaukning og tilfærsla lyfja úr eldri í dýrari lyf kosti á milli 500 og 600 m.kr. og 192 m.kr. aukning er vegna hjálpartækja. Á móti kemur að millifærðar eru um 1.850 m.kr. af tilfærslum og þá einkum á rekstur dvalarrýma.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.535 m.kr. og er það 672 m.kr. hækkun milli ára en þar af eru um 90 m.kr. vegna niðurfellingar á 15% hlut sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrastofnana, sbr. lög nr. 78/2003. Stærstu breytingarnar eru 437 m.kr. tímabundið framlag til að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða umfram 484 m.kr. stofnframlög Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þá hækka viðhalds- og stofnkostnaðarframlög til sjúkrahúsa, m.a. til að koma á fót lokaðri deild fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga sem þurfa mikla gæslu og stofnframlög til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri til kaupa á nýju segulómtæki og innréttinga á viðbótarhúsnæði.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 802 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 1.286 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	399	390	394	398
Tryggingamál	50.715	52.578	54.521	56.456
Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	29.139	29.631	30.198	30.777
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.	14.644	15.013	15.407	15.813
Heilsugæsla	5.274	5.371	5.470	5.571
Heilbrigðisstofnanir	8.254	8.419	8.587	8.758
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	696	702	708	714
Annað	1.060	1.067	1.074	1.081
Samtals	**110.181**	**113.171**	**116.359**	**119.568**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *tryggingamála* aukist að jafnaði um 3,6% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg fjölgun bótaþega lífeyrisbóta og félagslegrar aðstoðar verði um 3%, árleg aukning sjúkratrygginga verði 5% og árleg aukning lyfjaútgjalda 7% og er það í samræmi við auknar komur til sérfræðinga utan sjúkrahúsa og aukið vægi lyfja í meðferð. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *sjúkrastofnanir, heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar* verði árlega um 2% að meðaltali. Í þriðja lagi er spáð fyrir að aukning í þjónustu öldrunarstofnana verði 3% á ári. Þá er miðað við að árleg aukning í umsýslu eftirlitsstofnana verði að jafnaði um 1%.

Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 4.634 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 4.634 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 5.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning um endurnýjun samninga um sjúkraflutninga á Akureyri og sjúkraflug til Vestmannaeyja. Einnig er stefnt að endurnýjun samninga um rekstur heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla, vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og krabbameinsleit.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	109,0	113,8	0,0	0,0	0,0
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	399,6	453,5	453,5	0,0	0,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	209,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	39,7	40,5	40,5	40,5	40,5
Víðines, Reykjavík	A	176,8	195,0	195,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	507,3	548,6	548,6	548,6	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	166,9	173,5	173,5	173,5	0,0
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	0,0	238,2	238,2	238,5	238,5
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	644,4	706,5	706,5	706,5	706,5
Gistiheimili RKÍ	A	62,6	64,3	0,0	0,0	0,0
Reykjalundur	A	868,5	903,8	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	344,8	372,7	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, stofnkostn.	A	25,0	15,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	7,8	8,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, heilsugæsla fanga	A	1,1	1,1	0,0	0,0	0,0
Heimilislæknastöðin ehf., rekstur heilsugæslu	A	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	177,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar í Árnessýslu	A	26,1	27,3	27,3	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	37,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	37,8	39,6	39,6	39,6	39,6
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	262,3	274,6	274,6	0,0	0,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	54,8	56,2	56,2	0,0	0,0
Sjúkraflug á Vestfirði og suðursvæði	A	32,9	33,9	33,9	0,0	0,0
Flugfélag Íslands - sjúkraflug á Norðursvæði	A	49,7	51,2	51,2	0,0	0,0
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	12,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	305,7	349,9	349,9	349,9	0,0
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	74,2	79,2	79,2	79,2	0,0
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	0,0	88,6	97,9	107,6	119,5
Samtals		**4.633,5**	**4.835,0**	**3.365,6**	**2.283,9**	**1.144,6**

Þá hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti gert árangurstjórnunarsamninga við flestar heilbrigðisstofnanir og tóku þeir gildi á árinu 2001. Yfirlit þeirra samninga er birt í töflu fyrir neðan. Samningarnir kveða nánar á um starfsskyldur, verkefni, áætlunargerð og mat á árangri stofnananna. Með gerð áætlana sem samningarnir kveða á um er mótuð stefna um þjónustu og rekstur til lengri tíma. Árangursstjórnunarsamningarnir renna allir út í lok þessa árs en stefnt er endurnýjun samninga við stofnanirnar fyrir áramót sem gildi frá ársbyrjun 2004 til ársloka 2006.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004
Heilbrigðisstofnunin Akranesi, rekstur	C	1.010,8	1.058,7
St. Franciskusspítali, rekstur	C	263,0	274,7
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, rekstur	C	167,9	178,0
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, rekstur	C	555,3	597,7
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, rekstur	C	104,1	107,4
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, rekstur	C	92,9	96,3
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, rekstur	C	189,3	198,3
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, rekstur	C	274,8	288,0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, rekstur	C	560,7	599,5
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, rekstur	C	272,0	289,2
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, rekstur	C	575,8	625,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur	C	1.080,4	1.168,7
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	C	435,6	462,0
Heilbrigðisstofnunin Selfossi, rekstur	C	664,4	713,9
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, rekstur	C	885,8	975,3
Samtals		**7.132,8**	**7.633,1**

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 190 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	296,6	309,6	391,1	26,3	31,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**296,6**	**317,6**	**399,1**	**25,7**	**34,6**

Heildargjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 399,1 m.kr. og hækka um 66,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 21 m.kr. framlagi til að flytja aðalskrifstofu ráðuneytisins í stærra og hentugra húsnæði um mitt næsta ár. Einnig er farið fram á 11,5 m.kr. tímabundið framlag til að mæta kostnaði við þátttöku Íslands í aðalstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, til viðbótar við 8 m.kr. tímabundið framlag sem þegar hefur verið samþykkt. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. framlagi til að fjölga starfsmönnum aðalskrifstofunnar. Í stofnkostnaði er gert ráð fyrir 30 m.kr. tímabundnu framlagi vegna flutnings aðalskrifstofu ráðuneytisins í nýtt húsnæði. Loks er gert ráð fyrir 3,4 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um aðhald í stjórnsýslustofnunum.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkra-

tryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Liðurinn 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva fellur niður en fjárheimildir liðarins eru millifærðar á einstaka stofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	775,7	823,8	905,3	9,9	16,7
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.240,3	7.109,0	5.793,0	-18,5	-7,2
Lífeyristryggingar	22.394,9	25.326,0	28.939,0	14,3	29,2
Sjúkratryggingar	12.653,7	13.626,7	14.216,0	4,3	12,3
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	0,0	31,0	0,0	-100,0	-
Slysatryggingar	628,1	624,0	672,9	7,8	7,1
Sjúklingatryggingar	1,5	28,1	28,1	0,0	1.773,3
Eftirlaunasjóður aldraðra	170,9	160,3	160,3	0,0	-6,2
Samtals	**42.865,1**	**47.728,9**	**50.714,6**	**6,3**	**18,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.659,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar og ráðstafanir til aðhalds í ríkisútgjöldum. Að teknu tilliti til breyttrar framsetningar er hækkunin 3.509 m.kr. eða rúmlega 7%. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að örorkulífeyrir hækki um 1.000 m.kr. í samræmi við samkomulag stjórnvalda við Öryrkjabandalags Íslands um hækkun grunnlífeyris öryrkja með tilliti til aldurs við örorku. Enn fremur hækkar tekjutrygging og tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega um 1.090 m.kr. í samræmi við samkomulag stjórnvalda við aldraða. Þá hækkar málefnaflokkurinn um tæpar 2.050 m.kr. sem rekja má til hagrænna þátta, svo sem fjölgunar bótaþega. Á hinn bóginn eru millifærðar 1.850 m.kr. af fjárlagaliðum tryggingamála. Loks er lagt til að framlög til málefnaflokksins lækki um 753 m.kr. til að mæta hagræðingarmarkmiðum ríkisstjórnar.

201 ***Tryggingastofnun ríkisins.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 905,3 m.kr. en eru 823,8 m.kr. í fjárlögum. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar liðurinn um 60,4 m.kr. en það skýrist m.a. af 26 m.kr. framlagi til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar. Viðfangsefnið *1.90 Rekstrarhagræðing* er fellt niður og fjárheimildir þess færðar undir almennan rekstur. Í stofnkostnaði er gert ráð fyrir 47 m.kr. tímabundnu stofnframlagi til áframhaldandi smíði á nýju greiðslukerfi fyrir lífeyristryggingar. Lok er gert ráð fyrir 12,6 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

203 ***Bætur samkvæmt lögum um félaglega aðstoð.*** Til samræmis við ákvæði laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, er heitum nokkurra viðfangsefna undir þessum lið breytt frá því sem er í gildandi fjárlögum. Viðfangsefnið *1.15 Umönnunargreiðslur* var

áður Umönnunarbætur; *1.21 Makabætur og umönnunarbætur* var áður Makabætur; *1.25 Dánarbætur* var áður Ekkju- og ekkilsbætur; *1.51 Frekari uppbætur* var Uppbætur og *1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa* var Bifreiðakaupastyrkir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra - og feðralaun	267,6	290,0	309,0	6,6	15,5
Umönnunargreiðslur	837,0	961,0	958,0	-0,3	14,5
Makabætur og umönnunarbætur	38,1	55,0	67,0	21,8	75,9
Dánarbætur	57,0	63,0	65,0	3,2	14,0
Endurhæfingarlífeyrir	393,9	438,0	510,0	16,4	29,5
Barnalífeyrir vegna menntunar	75,6	73,0	82,0	12,3	8,5
Heimilisuppbót	1.966,8	2.210,0	2.256,0	2,1	14,7
Frekari uppbætur	2.448,6	2.821,0	1.342,0	-52,4	-45,2
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	157,1	198,0	204,0	3,0	29,9
Samtals	**6.241,7**	**7.109,0**	**5.793,0**	**-18,5**	**-7,2**

Útgjöld til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 5.793 m.kr. en eru 7.109 m.kr. í fjárlögum 2003 eða 1.484,8 m.kr. lækkun ef frá eru taldar verðlagsbreytingar sem nema 168,8 m.kr. Að teknu tilliti til breytinga á framsetningu er liðurinn svo til óbreyttur að raungildi. Helstu breytingar eru 33 m.kr. framlag vegna endurskoðunar áætlana um fjölgun bótaþega. Millifærðar eru 1.145 m.kr. af viðfangsefni *1.51 Frekari uppbætur* til viðfangsefna *1.11 Dvalarrými* á fjárlagaliðum öldrunarstofnana til að sýna með skýrari hætti framlög ríkisins til dvalarrýma. Enn fremur eru 340 m.kr. til greiðslu vasapeninga millifærðar af sama lið til tveggja nýrra viðfangsefna lífeyristrygginga, annars vegar 281,6 m.kr. á viðfangsefni *1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega* og hins vegar 58,4 m.kr. á viðfangsefni *1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega*. Vasapeningar hafa hingað til verið flokkaðir með uppbótum en eru í raun greiðslur samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga en ekki laga um félagslega aðstoð.

204 Lífeyristryggingar. Viðfangsefnin *1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega* og *1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega* eru ný undir þessum lið. Þá hefur viðfangsefni 1.26 Tekjutryggingarauki verið skipt upp í tvö viðfangsefni *1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega* og *1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega.*

Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 28.939 m.kr. á árinu 2004 en eru 25.326 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er 2.770 m.kr. hækkun að frátöldum verðlagsbreytingum frá fjárlögum yfirstandandi árs. Raunhækkun á milli ára að teknu tilliti til breytingar á framsetningu nemur hins vegar 3.355 m.kr. eða 13,2%. Þar vegur þyngst tillaga um 1.000 m.kr. hækkun grunnlífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins til að koma sérstaklega

til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Er gert ráð fyrir að þeir sem yngstir verða öryrkjar fái hækkun sem nemi allt að tvöföldun núverandi grunnlífeyris en þeir sem verði öryrkjar síðar á lífsleiðinni fái grunnlífeyri í ákveðnu hlutfalli sem tekur mið af aldri þegar örorka hefst. Þá hækkar liðurinn í heild um 925 m.kr. vegna fjölgunar lífeyrisþega.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	6.134,4	6.560,0	6.700,0	2,1	9,2
Örorkulífeyrir	2.532,7	2.705,0	3.955,0	46,2	56,2
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.549,9	8.770,0	9.381,0	7,0	24,3
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.626,6	4.195,0	4.869,0	16,1	34,3
Tekjutryggingarauki	672,0	1.330,0	0,0	-100,0	-100,0
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	0,0	0,0	953,0	-	-
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	0,0	0,0	747,0	-	-
Vasapeningar ellilífeyrisþega	0,0	0,0	290,0	-	-
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	0,0	0,0	60,0	-	-
Örorkustyrkur	128,8	138,0	122,0	-11,6	-5,3
Barnalífeyrir	1.455,0	1.550,0	1.756,0	13,3	20,7
Annað	295,5	78,0	106,0	35,9	-64,1
Samtals	**22.394,9**	**25.326,0**	**28.939,0**	**14,3**	**29,2**

Enn fremur er lögð til 770 m.kr. hækkun tekjutryggingar og 320 m.kr. hækkun tekjutryggingarauka í samræmi við tillögur starfshóps sem ríkisstjórn skipaði í september 2002 um málefni aldraða og er hækkuninni skipt á viðfangsefnin *1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega* og *1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega*, *1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega* og *1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega.* Millifærðar eru annars vegar 225 m.kr. af *1.11 Ellilífeyrir* og 360 m.kr. af *1.15 Örorkulífeyrir* til einstakra dvalarheimila en áformað er að styrkur ríkis til reksturs dvalarrýma komi fram með skýrari hætti í fjárlögum. Loks eru millifærðar 340 m.kr. af *1.51 Frekari uppbætur* á tvö ný viðfangsefni undir þessum lið, *1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega* og *1.28 Vasapeningar örorkulífeyrisþega.*

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 14.216 m.kr. en eru 13.625,7 m.kr. í fjárlögum 2003. Hækkun á milli ára er 296 m.kr. ef frá eru taldar verðlagsbreytingar og áhrif gengis á einstaka liði. Helstu breytingar á liðnum eru af hagrænum eða kerfislægum toga, svo sem magnaukning eða fjölgun bótaþega, og hækkar liðurinn um 1.042 m.kr. af þessum sökum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 740 m.kr. lækkun útgjalda til að koma til móts við markmið stjórnvalda um aðhald í ríkisútgjöldum. Fyrir neðan verður gerð grein fyrir helstu breytingum á viðfangsefnum liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	3.001,7	3.023,7	3.103,0	2,6	3,4
Lyf	5.440,8	5.573,0	5.922,0	6,3	8,8
Hjálpartæki	1.178,7	1.300,0	1.367,0	5,2	16,0
Hjúkrun í heimahúsum	105,9	126,0	130,0	3,2	22,8
Þjálfun	967,5	1.198,0	1.206,0	0,7	24,7
Tannlækningar	980,7	1.126,0	1.196,0	6,2	22,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	156,2	167,0	193,0	15,6	23,6
Brýn meðferð erlendis	417,9	601,0	580,0	-3,5	38,8
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	88,6	138,0	133,0	-3,6	50,1
Sjúkradagpeningar	212,5	252,0	260,0	3,2	22,4
Annað	103,2	122,0	126,0	3,3	22,1
Samtals	**12.653,7**	**13.626,7**	**14.216,0**	**4,3**	**12,3**

Lækniskostnaður verður samkvæmt frumvarpinu 3.103 m.kr. sem er um 11 m.kr. lækkun að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Annars vegar er gert ráð fyrir magnaukningu í læknisverkum en á móti koma áform um lækkun útgjalda til samræmis við markmið ríkisstjórnar um aðhald í ríkisútgjöldum. Er áformað að hækka komugjöld til sérfræðilækna og endurskoða greiðslur til sérfræðilækna samkvæmt samningum sem samninganefnd heilbrigðisráðuneytis hefur staðið að. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld á árinu 2004 vegna lyfja 5.922 m.kr. en er 5.573 m.kr í fjárlögum 2003. Gert er ráð fyrir að lyfjakostnaður sjúkratrygginga verði um 5.730 m.kr. á þessu ári og í fjáraukalagafrumvarpi er lagt til að lyfjakostnaður hækki um 160 m.kr. frá fjárlögum ársins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður hækki um 800 m.kr. á milli ára að meðtöldum verðlagsbreytingum og er þá jafnframt gert ráð fyrir magnaukningu og tilfærslu frá eldri lyfjum yfir í ný og dýrari lyf. Á hinn bóginn er lögð til 450 m.kr. lækkun á framlagi til lyfja miðað við áætlaðan lyfjakostnað á árinu 2004. Til að ná fram þeirri lækkun verða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakostnaði endurskoðaðar og lyf, sem talin eru hafa sambærilega virkni og ódýrari lyf, verða felld af greiðslulista eða færð á milli greiðsluflokka. Þá er m.a. gert ráð fyrir lækkun lyfjaverðs til meira samræmis við lyfjaverð í nágrannalöndum og að tekið verði upp á árinu breytt greiðsluþátttökukerfi lyfja með það að markmiði að nýta betur það fjármagn sem ætlað er til niðurgreiðslu lyfja fyrir þá sem helst þurfa á því að halda. Einnig er lögð til 192 m.kr. hækkun á framlögum til hjálpartækja vegna fjölgunar bótaþega en á móti koma áform um 150 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta hagræðingarmarkmiði ríkisstjórnar. Er m.a. áformað að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku ríkisins í öndunargrímum jafnframt því að lengja þann tíma sem liðið getur á milli þess að veita styrki til endurnýjunar á bifreiðakaupum hreyfihamlaðra en hann er nú fjögur ár. Á viðfangsefni þjálfunar er áætlað fyrir 15 m.kr. vegna magnaukningar en jafnframt er lögð til 45

m.kr. hækkun framlaga í samræmi við ákvæði samnings við sjúkraþjálfara sem gerður var árið 2002. Einnig eru 37 m.kr. millifærðar af viðfangsefninu vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi fyrir sjúkraþjálfun á göngudeildum sjúkrahúsa en í stað þess að Tryggingastofnun greiði fyrir þjónustuna verður hún fjármögnuð með framlagi á fjárlögum. Þá er lögð til 50 m.kr. lækkun á framlagi til þjálfunar til að mæta hagræðingarmarkmiði ríkisstjórnar en fyrir liggur að breyta reglum um fyrirkomulag á greiðslum Tryggingastofnunar vegna sjúkraþjálfunar. Loks er gert ráð fyrir 35 m.kr. hækkun tannlæknakostnaðar vegna fjölgunar bótaþega og 20 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkraflutninga og ferða innan lands en kostnaður á þessu viðfangsefni hefur verið að aukast á undanförnum árum.

*207 **Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Á síðasta ári voru 730 m.kr. færðar af þessum lið til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana í þeim tilgangi að færa greiðslur vegna rannsókna til þeirra stofnana sem þær ákveða þannig að saman fari fjárhagsleg og fagleg ábyrgð. Eftirstöðvar á liðnum er 31 m.kr. og er sú fjárheimild færð til nokkurra heilbrigðisstofnana. Liðurinn fellur því niður.

*208 **Slysatryggingar.*** Farið er fram á 40 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta útgjöldum við slysatryggingar sjómanna. Á fjárlögum eru 160 m.kr. til að mæta þessum útgjöldum en þau voru 195,7 m.kr. á árinu 2002. Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa en stofnunin greiðir hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni. Á árinu 2002 voru meðalútgjöld á hvert slys um 470 þús.kr. miðað við 413 tilkynnt slys. Áætlað er fyrir 424 slysum á árinu 2004 sem er árlegt meðaltal tilkynntra slysa síðustu 10 ár eða um 200 m.kr. sem er 40 m.kr. umfram áætlun fjárlaga 2003.

*209 **Sjúklingatryggingar.*** Framlag á þennan fjárlagalið er 28,1 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá yfirstandandi ári. Sjúklingatrygging er nýr bótaflokkur sem stofnaður var með lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, en þau tóku gildi í ársbyrjun 2001.

*214 **Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Áætlað er að hlutur ríkisins í eftirlaunum aldraðra verði 160,3 m.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem eru fæddir 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð, sem er nýr liður; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun. Liðurinn 330 Manneldisráð fellur niður en fjárheimildir sem þar voru eru fluttar á lið *305 Lýðheilsustöð.*

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	189,2	173,2	172,5	-0,4	-8,8
Héraðslæknir í Reykjavík	11,8	0,0	0,0	-	-100,0
Héraðslæknir á Norðurlandi vestra	7,8	0,0	0,0	-	-100,0
Lýðheilsustöð	0,0	0,0	212,4	-	-
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	164,2	99,7	103,1	3,4	-37,2
Sjónstöð Íslands	60,5	57,9	71,0	22,6	17,4
Geislavarnir ríkisins	46,6	61,7	65,2	5,7	39,9
Manneldisráð	21,1	17,8	0,0	-100,0	-100,0
Lyfjastofnun	146,5	144,3	144,0	-0,2	-1,7
Samtals	**647,7**	**554,6**	**768,2**	**38,5**	**18,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 194,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar má rekja til stofnunar Lýðheilsustöðvar og millifærslu verkefna til stöðvarinnar frá öðrum liðum. Fjallað er um einstaka liði málaflokksins fyrir neðan.

301 Landlæknir. Heildarútgjöld embættisins eru 172,5 m.kr. en eru 173,2 m.kr. í fjárlögum þessa árs og lækka um 6,4 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Lækkun skýrist m.a. af því að verkefnið Heilsuefling er fært frá embættinu til Lýðheilsustöðvar og með því 4,3 m.kr. fjárheimild. Enn fremur er færð 0,6 m.kr. fjárheimild Slysavarnarráðs til Lýðheilsustöðvar. Samnefnt viðfangsefni, *1.30 Slysavarnarráð,* er jafnframt fellt niður og 12,3 m.kr. fjárheimild til slysaskráningar, sem þar er vistuð, er færð undir almennan rekstur. Þá er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til hagræðingar í stjórnsýslustofnunum.

305 Lýðheilsustöð. Stofnunin tók til starfa 1. júlí 2003 samkvæmt lögum um lýðheilsustöð, nr. 18/2003. Áfengis- og vímuvarnarráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð starfa innan Lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar. Þá skal Lýðheilsustöð ráðstafa fé úr Forvarnasjóði samkvæmt 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Heildargjöld liðarins eru 212,4 m.kr. sem skiptist þannig að 71 m.kr. er til almenns reksturs og 141 m.kr. er til-

færsluframlag. Til stöðvarinnar eru millifærðar 60,3 m.kr. til rekstrar. Frumvarpið gerir ráð fyrir 10,9 m.kr. hækkun á rekstarframlagi til stöðvarinnar samkvæmt kostnaðarmati til viðbótar við 8 m.kr. fjárveitingu þessa árs sem er millifærð af *1.90 Ýmis framlög* undir lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Til rekstrar er í öðru lagi millifært 7,3 m.kr. framlag af *1.63 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga* af fyrrgreindum fjárlagalið. Í þriðja lagi eru 19 m.kr. millifærðar frá Miðstöð tannverndar af lið 510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Í fjórða lagi koma 13 m.kr. af lið 330 Manneldisráð og í fimmta lagi 8,1 m.kr. sem er fjárheimild áfengis- og vímavarnaráðs undir lið 621 Forvarnasjóður. Loks er færð undir rekstrarviðfangsefni stöðvarinnar 4,3 m.kr. fjárheimild verkefnisins Heilsuefling og 0,6 m.kr. fjárheimild slysavarnarráðs frá Landlækni. Áætlaðar tilfærslur stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru í heild 141,4 m.kr. en þar af er færð 70,2 m.kr. fjárheimild Forvarnasjóðs sem var áður undir lið 621 Forvarnasjóður en viðfangsefnið flyst undir Lýðheilsustöð. Þá eru 55,4 m.kr. millifærðar af viðfangsefninu *1.53 Tóbaksvarnir* undir lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 10 m.kr. frá *1.50 Tannverndarsjóður*. Loks eru millifærðar 4 m.kr. af *1.80 Gigtarráð* undir lið 340 Málefni fatlaðra. Að síðustu er gert ráð fyrir 2,1 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um hagræðingu í stjórnsýslustofnunum.

326 ***Sjónstöð Íslands.*** Útgjöld stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 71 m.kr. sem er 10 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2003 þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkun framlagsins er ætluð til að styrkja rekstrargrunn stöðvarinnar og til kaupa á tölvuhjálpartækjum fyrir sjónskerta og blinda.

327 ***Geislavarnir ríkisins.*** Útgjöld stofnunarinnar eru 65,2 m.kr. að frádregnum 5,8 m.kr. sértekjum en eru 61,7 m.kr. í fjárlögum 2003. Hækkun milli ára að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum er 1,3 m.kr. sem skýrist annars vegar af 4 m.kr. framlagi til öflunar og viðhalds faggildingar hjá Geislavörnum ríkisins í samræmi við kostnaðarmat við lög nr. 44/2002, um geislavarnir, og hins vegar niðurfellingar á 2,5 m.kr. tímabundnu framlagi til stofnkostnaðar vegna gildistöku laganna. Þá er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. lækkun útgjalda vegna hagræðingar í stjórnsýslustofnunum.

330 ***Manneldisráð.*** Fjárlagaliðurinn er felldur niður og 17,8 m.kr. fjárheimild er færð á lið 305 Lýðheilustöð en samkvæmt lögum um lýðheilsustofnun, nr. 18/2003, skal manneldisráð starfa innan Lýðheilsustöðvar. Af 17,9 m.kr. fjárheimild fjárlaga 2003 er nú fellt niður 1,8 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds á gagnagrunni um efnainnihald matvæla og 3 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára vegna landskönnunar á mataræði.

397 Lyfjastofnun. Heildarútgjöld stofnunarinnar eru 144 m.kr. að frádregnum 5,6 m.kr. sértekjum. Samtals lækka útgjöld stofnunarinnar um 1,5 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum og vegna hagræðingar hjá stjórnsýslustofnunum. Stofnunin er að mestu fjármögnuð af mörkuðum tekjum, þ.e. lyfjaeftirlitsgjaldi, árgjaldi lyfja og gjaldi vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja, sem eru áætlaðar 83 m.kr. og tekjum af markaðsleyfum sem eru áætlaðar 49,7 m.kr. Beint framlag úr ríkissjóði umfram markaðar tekjur eru því 11,3 m.kr.

Sjúkrastofnanir

Þessum málefnaflokki er skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta er fjallað um almenna sjúkrahúsþjónustu og eru heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þann hluta, 28.454,3 m.kr. Í síðari hluta kaflans er fjallað um sérgreinda sjúkrahúsþjónustu og nema heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þann hluta, 685 m.kr. Heildarútgjöld málefnaflokksins eru því 29.139,3 m.kr. en eru 27.381,2 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er 1.758,1 m.kr. hækkun á milli ára eða 965 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar.

1. Almenn sjúkrahúsþjónusta. Undir þennan hluta falla fjárlagaliðirnir 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt og 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.620,3	2.675,0	2.961,0	10,7	13,0
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	49,8	0,0	0,0	-	-100,0
Landspítali - háskólasjúkrahús	24.209,7	23.481,7	24.776,0	5,5	2,3
Sjúkrahús, óskipt	0,0	377,6	363,9	-3,6	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	221,8	306,4	353,4	15,3	59,3
Samtals	**27.101,6**	**26.840,7**	**28.454,3**	**6,0**	**5,0**

Heildarfjárveiting til almennra sjúkrahúsa er 28.454,3 m.kr. en er 26.840,7 m.kr. í fjárlögum 2003. Hækkun á milli ára um 840 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af vega þyngst samtals 600 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn Fjórðungssjúkrahússins Akureyri og Landspítala – háskólasjúkrahús miðað við óbreytta starfsemi. Nánar er fjallað um sjúkrahúsin hér að neðan.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Heildargjöld á þessum fjárlagalið samkvæmt frumvarpinu eru 2.961 m.kr. að frádregnum 181,4 m.kr. sértekjum en eru 2.675 m.kr. í fjárlögum og hækka um 206,4 m.kr. að frádregnum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Þar vegur þyngst 100 m.kr. framlag til leiðréttingar á rekstrargrunni miðað við

óbreytta starfsemi, 17,4 m.kr. framlag vegna aukins rekstrarkostnaðar samfara nýju segulómtæki auk þess sem gert er ráð fyrir 3,4 m.kr. hækkun á rekstrarkostnaði vegna stækkunar húsnæðis. Þá hafa 12 m.kr. verið millifærðar af lið 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana og er vísað til skýringa undir þeim lið. Enn fremur er millifært 2,1 m.kr. framlag af *1.31 Þjálfun* undir lið 206 Sjúkratryggingar vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi á sjúkraþjálfun sem veitt er á göngudeild. Til stofnkostnaðar er gert ráð fyrir 35 m.kr. tímabundnu framlagi til innréttingar á 0-hæð í suðurálmu sjúkrahússins og 30 m.kr. tímabundnu framlagi til kaupa á nýju segulómtæki. Þá hækka framlög ríkisins til sjúkrahússins um 15,2 m.kr. en samkvæmt lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, fellur niður 15% framlag sveitarfélaga til meiriháttar viðhalds og stofnkostnaðar bygginga og búnaðar sjúkrahúsa og hækkar framlag ríkisins sem nemur niðurfellingunni. Að lokum er gert ráð fyrir 9,5 m.kr. lækkun útgjalda til tækja og búnaðar sem má rekja til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

373 ***Landspítali – háskólasjúkrahús.*** Heildarútgjöld sjúkrahússins eru áætluð 24.776 m.kr. að frádregnum 1.500,9 m.kr. sértekjum en eru 23.481,7 m.kr. í fjárlögum 2003. Útgjöldin hækka um 600 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkun á rekstrarútgjöldum spítalans skýrast í fyrsta lagi af 500 m.kr. framlagi til leiðréttingar á rekstrargrunni miðað við óbreytta starfsemi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 76 m.kr. til stækkunar göngu- og legudeildar barna- og unglingageðdeildar. Í þriðja lagi er fjölgað tímabundið um 20 rými fyrir hvíldarinnlagnir og er gert ráð fyrir 22,5 m.kr. í það verkefni. Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 11 m.kr. til heilsársreksturs hreyfanlegs fagteymis fyrir einstaklinga sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum og þurfa mikla gæslu en auk þess er millifærð 10 m.kr. fjárveiting til þessa verkefnis í fjárlögum 2003 af lið 379 Sjúkrahús, óskipt. Í fimmta lagi eru millifærðar 30,7 m.kr. af viðfangsefni *1.31 Þjálfun* undir Sjúkratryggingum vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi sjúkraþjálfunar á göngudeild sjúkrahússins. Í sjötta lagi eru færðar af liðnum 501 Sjúkraflutningar 24,4 m.kr. til sjúkrahússins vegna flutninga sjúklinga á milli spítala en því er eftirleiðis ætlað að standa undir þeim kostnaði. Í áttunda lagi er millifærð af sama lið 5,3 m.kr. fjárveiting til kaupa á rekstrarvörum í sjúkrabifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Í níunda lagi eru 11,3 m.kr. færðar til sjúkrahússins af lið sjúkratrygginga til kaupa á gerviaugasteinum og 1 m.kr. af sama lið til að mæta kostnaði við sjúklinga í líknandi meðferð vegna krabbameins. Loks koma til lækkunar 15 m.kr. sem eru færðar af sjúkrahúsinu vegna fyrirhugaðra breytinga í rekstri Gunnarsholts. Í stofnbúnaði fellur niður 55 m.kr. framlag til byggingar barnaspítala þar sem byggingu hans er lokið en 35 m.kr. eftirstöðvar, sem er upphaflegt framlag Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur til barnaspítala, eru færðar til baka á *6.01 Tæki og búnað.* Viðfangsefnið lækkar hins vegar um 21,8 m.kr. til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisútgjöldum.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Heildarútgjöld liðarins eru áætluð 363,9 m.kr. og lækka um 13,7 m.kr. á milli ára en þar vega þungt millifærslur á aðra liði. Helstu breytingar á rekstrarframlögum liðarins eru að gert er ráð fyrir 20 m.kr. framlagi til að hefja rekstur lokaðrar deildar fyrir einstaklinga sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum og þurfa mikla gæslu. Þá lækka rekstrarviðfangsefni liðarins um 118 m.kr. vegna millifærslna á aðra liði. Í fyrsta lagi eru 8 m.kr. millifærðar til liðarins frá Norræna lýðheilsuskólanum í samræmi við breytta forgangsröðun ráðuneytis. Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að 41,3 m.kr. verði færðar af liðnum til 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandann í samræmi við þjónustusamning sem hefur verið undirritaður. Í þriðja lagi eru millifærðar 35 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum og 20 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til hækkunar á rekstrargrunni þeirra. Í fjórða lagi er lagt til að 20 m.kr., sem veittar eru í fjárlögum 2003 til að hefja rekstur hvíldarheimilis fyrir börn, verði færðar á sérstakan fjárlagalið 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn. Loks er 10 m.kr. fjárveiting flutt til Landspítala – háskólasjúkrahúss til hreyfanlegs fagteymis fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga, sem þurfa mikla öryggisgæslu, til viðbótar við 11 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis í fjárlögum 2003. Viðhalds- og stofnframkvæmdir hækka hins vegar um 84,6 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að 64 m.kr. fari til framkvæmda við lokaða deild fyrir alvarlega geðsjúka sem þurfa mikla gæslu. Þá hækka framlög til liðarins um 10,6 m.kr. en samkvæmt lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, fellur niður 15% framlag sveitarfélaga til meiriháttar viðhalds og stofnkostnaðar bygginga og búnaðar heilsugæslustöðva og hækkar framlag ríkisins sem nemur niðurfellingunni. Enn fremur eru millifærðar á liðinn 10 m.kr. af stofnkostnaðarstyrk Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags til samræmis við samning um uppbyggingu stofnunarinnar og framgang framkvæmda.

*381 **Sjúkrahús og læknisbústaðir.*** Heildarútgjöld liðarins eru áætluð 354,4 m.kr. og hækka um 47 m.kr. frá fjárlögum 2003. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir 54,1 m.kr. framlagi er kemur í stað niðurfellingar 15% hlutdeildar sveitarfélaga til meiriháttar viðhalds og stofnkostnaðar bygginga og búnaðar heilbrigðisstofnana í samræmi við lög nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Þá fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til nýframkvæmda við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn en með framlögum í ár lýkur fjármögnun framkvæmdanna. Að síðustu er gert ráð fyrir 2,1 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

2. Sérgreind sjúkrahúsþjónusta. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn, sem er nýr liður; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna; 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	0,0	0,0	86,5	-	-
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	137,3	140,9	145,0	2,9	5,6
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	443,9	399,6	453,5	13,5	2,2
Samtals	**581,2**	**540,5**	**685,0**	**26,7**	**17,9**

384 ***Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn.*** Lögð er til 64 m.kr. hækkun framlags til heimilisins en í fjárlögum þessa árs eru 20 m.kr. á fjárlagalið 379 Sjúkrahús, óskipt til að hefja rekstur hvíldar- og endurhæfingarheimilis fyrir langveik og fötluð börn sem eru færðar á þennan lið. Rekstur heimilisins verður falinn Landsspítala – háskólasjúkrahúsi og verður hann aðskilinn frá öðrum rekstri fjárhagslega en tengist Barnaspítala Hringsins faglega.

388 ***Samtök áhugamanna um áfengisvandann.*** Heildarframlög liðarins nema 453,5 m.kr. en eru 399,6 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er hækkun um 41,3 m.kr. af frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Lagt er til að millifærðar verði 31 m.kr. af fjárlagalið 379 Sjúkrahús, óskipt til að efla starfsemi sjúkrastöðvar samtakanna í samræmi við þjónustusamning sem hefur verið undirritaður. Þá er einnig lagt til að millifærðar verði 10,3 m.kr. af sama lið til að mæta kostnaði við skimun HIV-veiru meðal sjúklinga sjúkrastöðvarinnar í samræmi við þjónustusamning.

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir o.fl.

Undir þennan málefnaflokk falla öldrunar- og endurhæfingarstofnanir auk annarra stofnana sem veita skylda þjónustu. Málefnaflokknum er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um dvalar- og hjúkrunarheimili og framlög til hjúkrunarrýma, dvalarrýma og dagvista. Í öðrum hluta er fjallað um dvalarrými aldraðra án starfstengsla við hjúkrunarheimili. Í þriðja hluta er fjallað um dagvistir aldraðra og aðra umönnunarþjónustu sem rekin er án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarheimili. Í síðasta hluta er fjallað um endurhæfingarstofnanir og skylda starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalar- og hjúkrunarheimili	9.107,2	9.482,2	12.025,0	26,8	32,0
Dagvistun og önnur umönnun aldraðra	386,3	338,7	362,9	7,1	-6,1
Dvalarrými, önnur	0,0	0,0	481,4	-	-
Endurhæfingarstofnanir	1.718,2	1.699,7	1.774,6	4,4	3,3
Samtals	**11.211,7**	**11.520,6**	**14.643,9**	**27,1**	**30,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins samkvæmt frumvarpinu er 14.643,9 m.kr. en er 11.520,6 m.kr.í fjárlögum 2003. Heildarfjárveitingin hækkar um 2.729,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Þar af eru um 1.763 m.kr. millifærðar af almannatryggingum. Á undanförnum árum hefur framsetning þessa málaefnaflokks tekið miklum breytingum en það gerir samanburð á milli ára erfiðan nema með ítarlegri umfjöllun. Stefnt er að því að reiknilíkan skipti framlögum ríkisins til reksturs hjúkrunarrýma með hliðsjón af umönnunarþyngd. Hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti unnið að aðlögun reiknilíkansins undanfarin ár sem mun koma að fullum notum við fjárlagagerð ársins 2005.

Í þessu fjárlagafrumvarpi er styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma sýndur undir fjárlagalið hvers dvalar- og hjúkrunarheimilis en dvalarrými, sem eru ekki í starfstengslum við hjúkrunarheimili, eru sýnd undir fjárlagalið 460 Dvalarrými aldraðra, önnur. Heimilin eru að öllu jöfnu í eigu einkaaðila, félagasamtaka, sveitarfélaga eða sjálfseignastofnana og bera þau ábyrgð á rekstri þeirra.

1. Dvalar- og hjúkrunarheimili. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 400–447 en þar á meðal eru fjárlagaliðirnir 401 Hjúkrunarheimili, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra og fjárlagaliðir einstakra dvalar- og hjúkrunarheimila. Liðurinn 444 Vífilsstaðir, Garðabæ er nýr. Útgjöldin eru færð á viðfangsefnin *1.01 Hjúkrunarrými*, *1.11 Dvalarrými* og *1.15 Dagvist* eftir því sem við á hjá hverri stofnun. Í einstaka tilvikum er um fjölbreyttari þjónustu að ræða sem er færð á sérstakt viðfangsefni ef tilefni er til.

Heildargjöld dvalar- og hjúkrunarheimila er samkvæmt frumvarpinu 12.025 m.kr. en er 9.482,2 m.kr. í fjárlögum 2003 og er hækkun á milli ára að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum um 2.200 m.kr. Annars vegar skýrist sú hækkun af breytingu á framsetningu, þar sem útgjöld dvalarrýma er sýnd fyrir hverja stofnun, og hafa um 1.300 m.kr. verið færðar til stofnanna af þessu tilefni af viðfangsefninu *1.51 Frekari uppbætur* á lið 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og viðfangsefnum *1.11 Ellilífeyrir* og *1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega* á lið 204 Lífeyristryggingar. Hins vegar skýrist hækkunin á auknum framlögum til reksturs hjúkrunarrýma. Þar má m.a. nefna 310 m.kr. framlag, sem ákveðið var á síðasta ári til hefja rekstur hjúkrunarheimils að Vífilsstöðum í samræmi við tillögur samráðsnefndar stjórnvalda og eldri borgara, og auk þess 340 m.kr. til að fjölga hjúkrunarrýmum um 150 á árinu 2004 og 2005. Þá er lagt til að 437 m.kr. verði varið til bygginga hjúkrunarheimila til viðbótar við framlög Framkvæmdasjóðs aldraðra. Lagt er til að 62,5 m.kr. verði ráðstafað til að flýta fyrir að hjúkrunarrými, sem nú eru á lokabyggingarstigi, komist í rekstur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	602,6	567,8	-5,8	-
Framkvæmdasjóður aldraðra	775,5	885,0	904,0	2,1	16,6
Hrafnista, Reykjavík	752,5	779,2	1.261,1	61,8	67,6
Hrafnista, Hafnarfirði	640,7	639,6	838,2	31,1	30,8
Grund, Reykjavík	729,2	741,3	964,9	30,2	32,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	321,6	320,3	339,3	5,9	5,5
Hjúkrunarheimilið Skjól	500,9	478,3	478,2	0,0	-4,5
Hjúkrunarheimilið Eir	602,8	557,3	793,0	42,3	31,6
Garðvangur, Garði	209,7	178,0	188,2	5,7	-10,3
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	429,0	368,3	401,1	8,9	-6,5
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	335,2	292,2	316,9	8,5	-5,5
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	132,1	94,5	131,4	39,0	-0,5
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	77,9	71,6	91,6	27,9	17,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	95,7	84,6	113,1	33,7	18,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	32,3	29,1	68,4	135,1	111,8
Seljahlíð, Reykjavík	121,0	122,3	180,5	47,6	49,2
Sólvangur, Hafnarfirði	444,2	430,6	382,9	-11,1	-13,8
Víðines	195,7	176,8	169,8	-4,0	-13,2
Höfði, Akranesi	183,3	175,0	266,2	52,1	45,2
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	79,9	80,1	153,3	91,4	91,9
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	37,4	39,1	61,2	56,5	63,6
Fellaskjól, Grundarfirði	24,2	38,2	54,6	42,9	125,6
Jaðar, Ólafsvík	18,3	19,8	48,5	144,9	165,0
Fellsendi, Búðardal	46,0	53,1	72,1	35,8	56,7
Barmahlíð, Reykhólum	53,2	48,8	58,8	20,5	10,5
Dalbær, Dalvík	111,4	102,1	154,4	51,2	38,6
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	548,4	470,9	653,9	38,9	19,2
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	53,7	53,1	79,8	50,3	48,6
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um öldrunarþ.	170,5	154,1	193,6	25,6	13,5
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	62,5	65,0	81,3	25,1	30,1
Hjallatún, Vík	44,6	42,5	60,5	42,4	35,7
Kumbaravogur, Stokkseyri	162,1	166,1	229,3	38,0	41,5
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	245,3	256,5	405,1	57,9	65,1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	111,8	105,4	150,3	42,6	34,4
Holtsbúð, Garðabæ	134,6	116,4	178,6	53,4	32,7
Vífilsstaðir, Garðabæ	0,0	0,0	226,6	-	-
Sóltún, Reykjavík	624,0	644,4	706,5	9,6	13,2
Samtals	**9.107,2**	**9.482,2**	**12.025,0**	**26,8**	**32,0**

a. Hjúkrunarrými, reiknilíkan. Heildarframlagi til hjúkrunarrýma er skipt kerfisbundið samkvæmt reiknilíkani og er tekið mið af umönnunarþyngd til að tryggja að greiðslur verði í samræmi við heilsufarsástand. Heildarframlag hverrar stofnunar samkvæmt frumvarpinu er reiknað sem daggjald og miðast við fulla nýtingu og að jafnframt sé veitt að lágmarki tilskilin þjónusta. Greiðsla til hvers heimilis tekur hins vegar mið af daglegri nýtingu rýma og getur því orðið önnur.

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Þyngd um-önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar-kostnaður m.kr.	Verðlags-breyting m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.
Hjúkrunarheimili, almennt	0,98	17	44,1	31,2	2,1	77,4
Hrafnista, Reykjavík	1,02	221	609,3	413,3	30,5	1.053,1
Hrafnista, Hafnarfirði	1,01	148	403,9	279,1	20,3	703,3
Grund, Reykjavík	1,06	181	518,4	333,2	25,3	876,9
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,02	72	198,4	135,3	9,9	343,6
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,02	105	289,4	198,8	14,5	502,6
Hjúkrunarheimilið Eir	1,02	173	476,8	325,5	23,9	826,2
Garðvangur, Garði	1,05	41	116,3	75,8	5,7	197,8
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,07	70	202,4	131,9	9,9	344,2
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,06	68	194,8	128,8	9,6	333,1
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,06	25	71,6	47,4	3,5	122,5
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,99	17	45,5	31,8	2,3	79,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,98	20	53,0	37,3	2,7	93,0
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	1,07	11	31,6	19,9	1,5	53,0
Seljahlíð, Reykjavík	0,98	28	74,1	53,0	3,8	130,9
Sólvangur, Hafnarfirði	1,01	85	232,0	159,0	11,6	402,5
Víðines	0,99	38	101,6	71,6	5,2	178,5
Höfði, Akranesi	0,99	41	109,7	77,5	5,6	192,7
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1,01	20	54,6	37,2	2,7	94,5
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,86	10	23,2	18,4	1,2	42,8
Fellaskjól, Grundarfirði	0,88	10	23,8	18,6	1,3	43,6
Jaðar, Ólafsvík	0,96	6	15,6	11,2	0,8	27,6
Fellsendi, Búðardal	0,93	17	42,7	30,9	2,2	75,8
Barmahlíð, Reykhólum	0,90	13	31,6	24,6	1,7	57,9
Dalbær, Dalvík	0,93	24	60,3	45,2	3,1	108,6
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,01	110	300,2	205,7	15,0	520,9
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,97	13	34,1	24,6	1,7	60,3
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð, öldrunarþj.	1,03	26	72,4	48,0	3,6	124,0
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,94	17	43,2	31,4	2,2	76,8
Hjallatún, Vík	0,94	11	27,9	20,4	1,4	49,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	1,02	42	115,8	76,3	5,7	197,8
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,93	26	65,3	48,2	3,4	117,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,93	25	62,8	47,4	3,3	113,5
Holtsbúð, Garðabæ	0,93	40	100,5	74,7	5,2	180,4
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,02	50	137,8	93,5	6,9	238,2
Samtals		**1.821**	**4.984,5**	**3.406,7**	**249,2**	**8.640,4**

Taflan fyrir ofan, sem byggð er á upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sýnir skiptingu reiknilíkans á heildarframlagi til hjúkrunarrýma. Taflan sýnir einnig fjölda leyfðra hjúkrunarrýma eftir heimilum á árinu 2004 sem eru 1.821 en voru í upphafi yfirstandandi árs 1.673 og fjölgar þeim því um 148 á milli ára eða um tæp 9%. Auk þess eru 92 hjúkrunarrými í Sóltúni í Reykjavík en það fær greiðslur samkvæmt sérstökum samningi sem einnig tekur mið af umönnunarþyngd.

b. Dvalarrými aldraðra á hjúkrunarheimilum. Dvalarrými eru rekin í starfstengslum við 23 af 35 hjúkrunarheimilum. Samkvæmt frumvarpinu er heildarstyrkur til dvalarrýma, sem rekin eru í starfstengslum við hjúkrunarheimili, 1.299 m.kr. Á yfirstandandi ári er vistgjald á dvalarheimili aldraða 5.530 kr. á dag samkvæmt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur og er vistgjaldið það sama og hjá dvalarstofnunum sem reknar eru án starfstengsla við hjúkrunarheimili.

c. Dagvistun aldraðra á hjúkrunarheimilum. Nokkur dvalar- og hjúkrunarheimili fá einnig framlög vegna dagvistar. Framlögin eru reiknuð út með sama hætti og á við um aðrar dagvistir sem reknar eru án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarrými. Á yfirstandandi ári er gjald á dagvistun fyrir aldraða 3.210 kr. samkvæmt reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld vegna dagvistunar aldraðra í starfstengslum við dvalar- og hjúkrunarheimili verði 118,6 m.kr. á árinu 2004.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Hrafnista, Hafnarfirði	17,5	18,0	2,9
Sunnuhlíð, Kópavogi	12,5	12,4	-0,8
Hjúkrunarheimilið Eir	0,0	6,9	-
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð	0,0	2,8	-
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	4,0	4,1	2,5
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	1,3	2,8	115,4
Höfði, Akranesi	13,4	13,8	3,0
Jaðar, Ólafsvík	0,0	1,4	-
Dalbær, Dalvík	9,4	9,7	3,2
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	19,9	27,7	39,2
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, öldrunarþ.	4,3	4,4	2,3
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,7	0,7	0,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	6,7	6,9	3,0
Holtsbúð, Garðabæ	0,0	7,0	-
Samtals	**89,7**	**118,6**	**32,2**

2. Dvalarrými aldraðra, önnur. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagalið 460 Dvalarrými aldraðra, önnur. Víða um land eru dvalarheimili sem rekin eru án starfstengsla við dvalar- og hjúkrunarheimili. Þessi heimili eru ekki sundurliðuð í fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildarstyrkur ríkissjóðs til þeirra nemi 481,4 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalarrými aldraðra, önnur	0,0	0,0	481,4	-	-
Samtals	**0,0**	**0,0**	**481,4**	-	-

3. Dagvistun aldraðra, aðrar. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 470–477. Þessar stofnanir reka flestar dagvistir fyrir einstaklinga sem sökum sjúkdóms eða fötlunar þurfa aðstoð við daglegar athafnir. Gistiheimili Rauða kross Íslands er hins vegar sjúkrahótel fyrir einstaklinga sem eru yfirleitt langt að komnir til lækninga eða aðgerða. Greiðslur til þessara stofnana hafa í flestum tilvikum verið daggjald samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem heilbrigðisráðuneyti gefur út eða fara eftir sérstökum samningum. Heildarstyrkur ríkissjóðs til dagvista og annarrar umönnunarþjónustu utan dvalar- og hjúkrunarheimila er samkvæmt frumvarpinu 362,9 m.kr. og er gert ráð fyrir að aukið verði um 20 dagvistarrými frá því sem nú er og fellur undir liðinn 477 Dagvistir aldraðra, aðrar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vesturhlíð, Reykjavík	10,0	9,9	10,2	3,0	2,0
Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	61,4	49,4	50,8	2,8	-17,3
Hlíðabær, Reykjavík	35,7	32,3	33,2	2,8	-7,0
Lindargata, Reykjavík	30,9	30,0	30,9	3,0	0,0
MS-félag Íslands, Reykjavík	66,3	58,6	60,3	2,9	-9,0
Múlabær, Reykjavík	52,3	45,5	46,8	2,9	-10,5
Fríðuhús, Reykjavík	25,9	24,3	25,0	2,9	-3,5
Dagvistun aldraðra, aðrar	103,8	88,7	105,7	19,2	1,8
Samtals	**386,3**	**338,7**	**362,9**	**7,1**	**-6,1**

4. Endurhæfingarstofnanir o.fl. Í þessum hluta er fjallað um fjárlagaliðina 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélag Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun; 494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða.

Heildarútgjöld til endurhæfingarstofnana samkvæmt frumvarpinu er 1.774,6 m.kr. en er 1.699,7 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er 25,1 m.kr. hækkun á milli ára að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum. Hækkunin skýrist m.a. af 15 m.kr. framlagi til Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands til að auka endurhæfingarþjónustu og 2,5 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi sjúkraþjálfunar á göngudeild stofnunarinnar. Þá eru millifærðar af fjárlagalið Heilsustofnunar 10 m.kr. af stofnkostnaðarstyrk til uppbyggingar stofnunarinnar til samræmis við samning og framgang framkvæmda.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	36,2	36,6	37,7	3,0	4,1
Hlaðgerðarkot	61,9	61,8	63,6	2,9	2,7
Reykjalundur, Mosfellsbæ	917,9	868,5	903,8	4,1	-1,5
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	337,8	369,8	387,7	4,8	14,8
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	295,4	293,2	309,5	5,6	4,8
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	69,0	69,8	72,3	3,6	4,8
Samtals	**1.718,2**	**1.699,7**	**1.774,6**	**4,4**	**3,3**

Framlög til Sjálfsbjargar, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnunar, hækka um 7,8 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar enda verði gengið frá þjónustusamningi um rekstur hennar. Þá hækka framlög til Reykjalundar um 9,8 m.kr. og er þar annars vegar um að ræða 5 m.kr. sem eru millifærðar af lið 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva til kaupa á rannsóknarþjónustu og hins vegar 4,8 m.kr. vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi sjúkraþjálfunar á göngudeild stofnunarinnar sem eru millifærðar af lið sjúkratrygginga.

Heilbrigðisstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir frá 700–799, þ.e. heilbrigðisstofnanir sem eru sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í sameiginlegum rekstri. Framlög til heilbrigðisstofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Heildarfjárveiting til heilbrigðisstofnana samkvæmt frumvarpinu er 8.253,6 m.kr. en er 7.630,3 m.kr.í fjárlögum 2003. Heildarfjárveitingin hækkar um 181 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkun komugjalda til heilbrigðisstofnana er áætluð í heild 18,2 m.kr. og er hlutdeild hverrar stöðvar færð til tekna á fjárlagalið viðkomandi stöðvar. Helstu breytingar eru þær að farið er fram á 100 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn heilbrigðisstofnana en nokkrar þeirra glíma við talsverðan rekstrarvanda og er rekstrarstaða þeirra til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun. Áformað er að niðurstaða þeirra skoðunar liggi fyrir síðari hluta októbermánaðar. Á fjárlagaliðum einstakra heilbrigðisstofnana eru þær breytingar helstar að framlög til Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum hækka um 35 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn beggja starfssviða stofnunarinnar. Enn fremur eru 20 m.kr. til beggja starfssviða Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga af sama tilefni. Þá er lagt til í frumvarpinu að framlög til Heilbrigðisstofnunar Austurlands hækki um 21,9 m.kr. og vegur þar þyngst aukinn kostnaður við heilsugæslu á virkjanasvæði við Kárahnjúka.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	0,0	0,0	100,0	-	-
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.014,0	1.010,8	1.058,7	4,7	4,4
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	256,3	263,0	274,7	4,4	7,2
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	168,5	167,9	178,0	6,0	5,6
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	554,4	555,3	597,7	7,6	7,8
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	106,3	104,1	107,4	3,2	1,0
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	95,8	92,9	96,3	3,7	0,5
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	184,6	189,3	198,3	4,8	7,4
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	306,0	274,8	288,0	4,8	-5,9
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	564,7	560,7	599,5	6,9	6,2
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	299,2	272,0	289,2	6,3	-3,3
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	617,2	575,8	625,4	8,6	1,3
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.102,0	1.080,4	1.168,7	8,2	6,1
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	476,5	435,6	462,0	6,1	-3,0
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	691,3	664,4	713,9	7,5	3,3
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	907,3	885,8	975,3	10,1	7,5
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	524,2	497,5	520,5	4,6	-0,7
Samtals	**7.868,3**	**7.630,3**	**8.253,6**	**8,2**	**4,9**

Frumvarpið gerir ráð fyrir 15 m.kr. hækkun framlags til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki til að hefja rekstur á lokaðri deild fyrir heilabilaða. Jafnframt er 3,9 m.kr. fjárveiting til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði til kaupa á gerviaugasteinum sem er millifærð af lið sjúkratrygginga og 3 m.kr. sem er millifærð af lið *207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva* til að spítalinn annist sjálfur greiðslur fyrir rannsóknir sem hann óskar eftir. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir 18,2 m.kr. hækkun komugjalda á heilsugæslusviðum stofnananna.

Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús.

Undir þennan málefnaflokk falla stofnanir á fjárlagaliðum 500–588. Fjárlagliðurinn 588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi er nýr.

Heildarfjárveiting til heilsugæslustöðva samkvæmt frumvarpinu er 5.274,2 m.kr. en er 4.524,5 m.kr.í fjárlögum 2003. Heildarfjárveitingin hækkar um 219 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Hækkun komugjalda í heilsugæslu eru áætluð í heild 27,8 m.kr. og er hlutdeild hverrar stöðvar færð til tekna á fjárlagalið viðkomandi stöðvar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknishéraðasjóður	1,9	-	-	-	-100,0
Heilsugæslustöðvar, almennt	33,9	393,6	485,9	23,5	1.333,3
Sjúkraflutningar	525,2	561,9	553,5	-1,5	5,4
Heilsugæsla í Reykjavík	1.134,9	1.077,0	1.244,2	15,5	9,6
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	491,7	429,7	495,2	15,2	0,7
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	110,7	97,7	108,4	11,0	-2,1
Læknavaktin	188,4	177,8	200,9	13,0	6,6
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	79,6	74,6	90,8	21,7	14,1
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	70,8	56,2	67,4	19,9	-4,8
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	35,2	30,6	39,3	28,4	11,6
Heilsugæslustöðin Búðardal	55,8	51,4	63,1	22,8	13,1
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	31,4	31,3	38,8	24,0	23,6
Heilsugæslustöðin Dalvík	53,5	49,4	60,4	22,3	12,9
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	308,5	295,7	349,9	18,3	13,4
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð, heilsug.	74,7	74,2	79,2	6,7	6,0
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	33,8	29,7	37,1	24,9	9,8
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	29,8	30,2	39,8	31,8	33,6
Heilsugæslustöðin Rangárþingi	77,6	69,5	86,4	24,3	11,3
Heilsugæslustöðin Laugarási	53,9	54,4	66,0	21,3	22,4
Heilsugæslustöðin Hveragerði	53,1	44,8	61,0	36,2	14,9
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	28,3	28,4	34,0	19,7	20,1
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	282,4	249,1	279,5	12,2	-1,0
Heilsugæslustöðin Garðabæ	105,7	102,0	113,4	11,2	7,3
Heilsugæsla í Kópavogi	297,4	261,8	294,1	12,3	-1,1
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	145,4	154,7	156,2	1,0	7,4
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	116,5	98,8	126,6	28,1	8,7
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	0,0	0,0	103,1	-	-
Samtals	**4.420,1**	**4.524,5**	**5.274,2**	**16,6**	**19,3**

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Heildargjöld þessa liðar samkvæmt frumvarpinu eru 485,9 m.kr. en eru 393,6 í fjárlögum 2003. Að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum hækkar liðurinn um 81,7 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir um 77 m.kr. til að gera þjónustusamninga um rekstur heilsugæslustöðva og vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi er veittar 50 m.kr. til að bæta úrræði í þjónustu og heimahjúkrun í samræmi til álit samráðsnefndar stjórnvalda og eldri borgara og jafnframt verði unnið að betri samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir 25 m.kr. til að bæta rekstrarhalla minni heilsugæslustöðva. Á móti kemur að færðar eru af liðnum 40 m.kr. til reksturs heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi. Þá eru 10,4 m.kr. færðar af liðnum til nokkurra heilsugæslustöðva til að mæta kostnaði þeirra vegna langvarandi og alvarlegra veikinda starfsmanna. Jafnframt eru millifærðar 10 m.kr. til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri til að styrkja rekstur stöðvarinnar og 6,2 m.kr. til heilsugæslustöðvarinnar í

Hverageröi vegna húsaleigu. Loks eru millifærðar 4,1 m.kr. til nokkurra heilsugæslustöðva vegna námsleyfa hjúkrunarfræðinga. Á viðfangsefni *113 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva* sem er nýtt er færðar 47 m.kr. af viðfangsefninu *6.90 Tölvubúnaður* en fjárhæðinni er ætlað að mæta kostnaði við þjónustu sjúkraskrárkerfa heilsugæslustöðva. Viðhalds- og stofnkostnaður liðarins hækkar um 9,2 m.kr. en samkvæmt lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, fellur niður 15% framlag sveitarfélaga til meiriháttar viðhalds og stofnkostnaðar bygginga og búnaðar heilsugæslustöðva og hækkar framlag ríkisins sem nemur niðurfellingunni. Loks er gert ráð fyrir 8,2 m.kr. lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

501 Sjúkraflutningar. Heildargjöld liðarins eru 553,5 m.kr. og lækka um 29,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingarnar skýrast af 24,4 m.kr. sem eru millifærðar af liðnum til 373 Landspítala – háskólasjúkrahúss vegna flutninga sjúklinga á milli sjúkrahúsa en Landspítala er eftirleiðis ætlað að standa undir þeim kostnaði. Þá eru færðar á sama lið 5,3 m.kr. til að mæta kostnaði til kaupa á rekstrarvörum í sjúkrabíla á höfuðborgarsvæði.

505 Heilsugæsla í Reykjavík. Heildarútgjöld liðarins eru 1.244,2 m.kr. og hækka um 36,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til liðarins hækki um 25 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn heilsugæslunnar miðað við óbreytta starfsemi. Í öðru lagi eru millifærðar 20,9 m.kr. af heilsugæslustöðinni Seltjarnarnesi til Miðstöðvar heimahjúkrunar. Þá er lögð til 20 m.kr. fjárveiting til að koma á fót tilraunaverkefni um samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í heilsugæslunni. Tilgangur verkefnisins er að efla þjónustu heilsugæslunnar og leggja grunn að fyrsta stigs þjónustu við einstaklinga með geðræn vandamál, einkum börn og ungmenni og aðstandendur þeirra, stuðla að betri samþættingu þeirrar þjónustu sem þeim er veitt og bregðast fyrr við eftir atvikum til að koma í veg fyrir frekari vanda. Loks er lagt er til að annars vegar 12 m.kr. fjárveiting vegna Miðstöðvar heilsuverndar barna verði millifærð af liðnum til 510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og hins vegar 16,9 m.kr., sem færðar voru á liðinn þegar embætti héraðslækna voru lögð niður, verði einnig færðar til Heilsuverndarstöðvar þar sem hún sér um málefni sem tengd voru embættinu. Samkvæmt ársreikningi 2002 námu tekjur Heilsugæslu í Reykjavík umfram gjöld 1.135 m.kr. sem eru um 96 m.kr. umfram framlög ríkissjóðs. Á árinu 2001 var hallinn tæpar 20 m.kr. og 53 m.kr. á árinu 2000.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Heildargjöld stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu eru 495,2 m.kr. en eru 429,7 m.kr. í fjárlögum 2003. Frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun á milli ára sem nemur 50,6 m.kr. Farið er fram á 26 m.kr. til að mæta kostnaði við

rannsóknir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma. Millifærð er 16,9 m.kr. vegna starfa sem héraðslæknir gegndi áður af lið 505 Heilsugæsla í Reykjavík. Þá er millifært af sama lið 12 m.kr. framlag vegna Miðstöðvar heilsuverndar barna. Enn fremur eru millifærðar 11 m.kr. af lið 207 Verkgreiðslur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva til greiðslu kostnaðar vegna rannsókna. Þá eru millifærðar af liðnum 19 m.kr. til Lýðheilsustöðvar en með stofnun hennar eru verkefni Miðstöðvar tannverndar færð þangað.

*515-588 **Heilsugæslustöðvar.*** Undir þessum lið er fjallað um helstu breytingar á útgjöldum annarra heilsugæslustöðva. Þar vegur þyngst opnun nýrrar heilsugæslustöðvar frá og með næstu áramótum í Salahverfi í Kópavogi en heildarútgjöld hennar samkvæmt frumvarpinu eru 103,1 m.kr. en þar af eru 14,5 m.kr. til greiðslu húsaleigu. Millifærðar er af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt 10 m.kr. til heilsugæslunnar á Akureyri til að styrkja rekstur hennar og loks eru 6,2 m.kr. millifærðar af sama lið til greiðslu húsaleigu heilsugæslustöðvarinnar í Hveragerði.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Liðurinn 621 Forvarnasjóður fellur niður en fjárheimildir, sem þar voru, falla undir Lýðheilsustöð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	169,3	173,2	167,6	-3,2	-1,0
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	734,4	783,0	782,9	0,0	6,6
Forvarnasjóður	80,8	78,6	0,0	-100,0	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	22,4	49,0	37,5	-23,5	67,4
Samtals	**1.006,9**	**1.083,8**	**988,0**	**-8,8**	**-1,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins samkvæmt frumvarpinu er 988 m.kr. en er 1.083,8 m.kr. í fjárlögum 2003. Fjárveitingin lækkar um 119 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að fjárheimild Forvarnasjóðs lækkar um 1,5 m.kr. þar sem 1,5 m.kr. tímabundið framlag til Gamla apóteksins, Ísafirði fellur niður en eftirstöðvar, 77,1 m.kr., eru fluttar undir Lýðheilsustöð. Þá lækkar liðurinn 340 Málefni fatlaðra um 12 m.kr. ef frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Þá er 4 m.kr. fjárheimild Gigtarráðs flutt til Heilsustofnunar. Loks lækka framlög til Íslenska upplýsingasamfélagsins um 11,5 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Útgjöld þessa liðar eru samkvæmt frumvarpinu 782,9 m.kr. en eru 783 í fjárlögum 2003 sem er lækkun um 17,2 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum. Helstu breytingar á liðnum skýrast annars vegar af tillögu um samtals 75,6 m.kr. hækkun framlaga en á hinn bóginn er lagt til að 69,7 m.kr. verði millifærðar á aðra liði og felld verði niður verkefni að fjárhæð 23,2 m.kr. Hækkun framlaga skýrist í fyrsta lagi af tillögu um 14,6 m.kr. framlag til reksturs lyfjagagnagrunna og 12,1 m.kr. í stofnkostnað en í fjáraukalagafrumvarpi 2003 er gert ráð fyrir 12,1 m.kr. stofnkostnaði í þetta sama verkefni undir fjárlagalið Tryggingastofnunar ríkisins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. viðbótarframlagi til Krabbameinsfélags Íslands en þjónustusamningur við félagið rennur út í lok þessa árs. Í þriðja lagi er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til alnæmissjóðs Sameinuðu þjóðanna en sjóðnum var komið á fót 2001 og samþykkti ríkisstjórn að greiða framlag í sjóðinn. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir 14 m.kr. til að mæta kostnaði við lögboðna bólusetningu barna. Liðurinn lækkar eins og áður segir um 69,7 m.kr. vegna millifærslna. Í fyrsta lagi eru millifærðar 80,7 m.kr. af liðnum á lið 305 Lýðheilsustöð en Lýðheilsustöð hefur verið falin umsjón með verkefnum sem hafa til þessa fallið undir viðfangsefni *1.50 Tannverndarsjóður*, *1.53 Tóbaksvarnir* og *1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga*. Auk samtals 72,7 m.kr. fjárheimilda þessara viðfangsefna eru 8 m.kr. millifærðar sem er fjárveiting til reksturs stöðvarinnar í fjárlögum 2003. Enn fremur eru 8 m.kr. færðar af viðfangsefni *1.71 Norræni heilsuháskólinn* á fjárlagalið 379 Sjúkrahús óskipt í samræmi við breytta forgangsröðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Á hinn bóginn eru 15 m.kr. millifærðar á liðinn af fjárlagalið 373 Landspítali – háskólasjúkrahús og loks 4 m.kr. til kaupa hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa sem fært er af lið 340 Málefni fatlaðra. Loks falla niður ýmis verkefni samtals að fjárhæð 23,2 m.kr.

Í fjárlögum 2003 er 67 m.kr. óskipt fjárheimild á *1.90 Ýmis verkefni* og birtist skipting Alþings í fjárlögum undir Sundurliðun 2. Á undanförnum árum hafa þar einnig verið færð ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að þessu viðfangsefni verði skipt upp og ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði færð á nýtt samnefnt viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis*. Í framhaldi af þessari breytingu er lagt til að 20 m.kr. framlag til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands á *1.90 Ýmis verkefni* verði flutt á sérstakt viðfangsefni *1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna*. Þá er lagt til að fjögur síðasttöldu verkefnin í neðangreindri töflu, samtals að fjárhæð 9,4 m.kr., verði flutt af *1.90 Ýmis verkefni* á *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis*. Enn fremur falla niður verkefni á viðfangsefni *1.90 Ýmis verkefni* samtals að fjárhæð 23 m.kr. og standa þá eftir óskiptar 13,8 m.kr. Í töflu fyrir neðan er sýnd heildarfjárhæð á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* samkvæmt frumvarpinu hvernig hún skiptist niður á einstaka tillögur.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Alnæmissjóður Sameinuðu þjóðanna.	15,0
Rekstur Gunnarsholts færður af Landspítala; millifært af 373-1.01	15,0
Til reksturs lyfjagagnagrunna	14,6
Til stofnkostnaðar lyfjagagnagrunna	12,1
Samningur um heilbrigðistæki; millifært af 399-1.90	3,0
Til gæðastyrkja; millifært af 399-1.90	2,5
Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri; millifært af 399-1.90	2,0
Þátttökugjald Missoc; millifært af 399-1.90	1,9
Samtals	**66,1**

Stofnkostnaður

Hér eru á einum stað dregin saman framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðunum 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	39,1	65,0	132,0	103,1	237,6
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	16,5	0,0	0,0	-	-100,0
Landspítali - háskólasjúkrahús	882,0	308,0	231,0	-25,0	-73,8
Sjúkrahús, óskipt	0,0	77,5	162,1	109,2	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	208,3	286,4	329,9	15,2	58,4
Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	0,0	437,5	-	-
Framkvæmdasjóður aldraðra	360,4	420,5	484,5	15,2	34,4
Heilsugæslustöðvar, almennt	14,9	77,2	26,4	-65,8	77,2
Samtals	**1.521,2**	**1.234,6**	**1.803,4**	**46,1**	**18,6**

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru samtals 1.803,4 m.kr. en eru 1.234,6 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er 569 m.kr. hækkun á milli ára. Hækkunin skýrist af 437 m.kr. tímabundnu framlagi til viðbótar við framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að hraða uppbyggingu hjúkrunarrýma í samræmi við álit samráðnefndar stjórnvalda og eldri borgara. Þá hækkar liðurinn 379 Sjúkrahús, óskipt um 85 m.kr. en þar vegur þyngst 64 m.kr. tímabundið stofnframlag til lokaðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga sem þurfa mikla gæslu. Enn fremur hækka stofnframlög til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri um 67 m.kr., að mestu tímabundið, m.a. til kaupa á ómtæki og til innréttingar á húsnæði spítalans. Jafnframt hækka stofnframlög Framkvæmdasjóðs aldraðra um 64 m.kr. Er þar annars vegar um að ræða hækkun vegna aukinna tekna og hins vegar millifærslu af rekstarviðfangsefni sjóðsins. Fjárlagaliðurinn 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir hækkar um 43,5 m.kr., einkum vegna framlaga ríkissjóðs sem koma í stað niðurfellingar á framlagi sveitarfélaga til meiri-

háttar viðhalds og stofnkostnaðar bygginga og búnaðar heilbrigðisstofnana. Á móti kemur að stofnframlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss lækka um 77 m.kr. og vegur þar þyngst að tímabundið framlag til barnaspítala fellur niður þar sem framkvæmdum er lokið og lækkun útgjalda sem má rekja til markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum. Loks lækka stofnkostnaðarframlög til heilsugæslu um 50,8 m.kr. en þar vegur þyngst 47 m.kr. fjárheimild til tölvunota sem er millifærð á rekstrarviðfangsefni undir sama lið.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	19.898,5	11.346,9	10.055,5	-11	-49
Neyslu- og rekstrartilfærslur	20.510,8	14.553,5	14.449,2	-1	-30
Stofnkostnaður og viðhald	1.554,2	1.752,9	1.495,5	-15	-4
Samtals	**41.963,5**	**27.653,3**	**26.000,2**	**-6**	**-38**
Greitt úr ríkissjóði	-	21.795,3	20.520,9	-6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	346,0	410,3	19	-
Viðskiptahreyfingar	-	5.512,0	5.069,0	-8	-
Samtals	-	**27.653,3**	**26.000,2**	**-6**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð 29.336 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.336 m.kr. en þær nema 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 26.000 m.kr. og af þeirri fjárhæð er 20.521 m.kr. fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði og 410 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 5.069 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 10.055 m.kr. og lækka um 1.291 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Það skýrist að mestu af tveimur veigamiklum breytingum til lækkunar. Þyngst vegur að fjármagnstekjuskattur, sem ríkissjóður greiðir, lækkar um 1 milljarð króna þar sem gert er ráð fyrir að hagnaður af sölu eigna verði mun minni á næsta ári en samkvæmt gildandi fjárlögum. Í annan stað lækka rekstrargjöldin um 417 m.kr. í samræmi við áform um að ríkissjóður hætti að veita sérstök mótframlög vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna. Þá hafa rekstrarfjárveitingar stofnana ráðuneytisins verið lækkaðar alls um 19 m.kr. vegna markmiða í frumvarpinu um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Á móti vega nokkur tilefni til hækkunar á rekstrarkostnaði ráðuneytisins en þar má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til skattkerfisins hækki um 90 m.kr. til að mæta auknum verkefnum í kjölfar breytinga á skattalögum, að 48 m.kr. framlag til að standa

undir rekstri fyrirtækjaskrárinnar er flutt frá Hagstofunni til embættis ríkisskattstjóra og að gert er ráð fyrir 40 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta sívaxandi kostnaði við dómkröfur sem falla á ríkissjóð. Mikil lækkun er á rekstrargjöldunum í frumvarpinu miðað við ríkisreikning ársins 2002 og skýrist það af því að það ár voru færðar til gjalda óvenjumiklar lífeyrisskuldbindingar í kjölfar sérstaks endurmats á þeim. Svipað á við um verulega lækkun á tilfærsluframlögum frá reikningi fyrir árið 2002 því að þá var einnig gert sérstakt endurmat á afskriftum skattkrafna sem leiddi til óvenjuhárrar gjaldfærslu á þeim lið reikningshaldsins.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 104 m.kr. og verður 14.449 m.kr. en er 14.554 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Það skýrist einkum af 100 m.kr. lækkun á vaxtabótum vegna húsnæðislána miðað við fjárlög þessa árs en fyrirhugað er að bæturnar miðist að hámarki við 5,5% vexti af skuldum í stað 7% samkvæmt núgildandi reglum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.496 m.kr. og er það 257 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru þær að 100 m.kr. fjárheimild, sem veitt var tímabundið til framkvæmda við húsnæði í eigu ríkisins á Grensásvegi 9, fellur niður og að fjárveiting til eignakaupa og hugbúnaðarsmíði í tengslum við nýtt fjárhagskerfi ríkisins lækkar um 112 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldsaðgerðum sem nema alls um 1,3 milljörðum króna. Fjallað er nánar um helstu áform um aðhald og breytingar á forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti o.fl.	504	509	514	519
Skatta- og tollamál	3.236	3.268	3.300	3.332
Lífeyrir og eftirlaun	4.704	4.798	4.894	4.992
Barnabætur og vaxtabætur	9.935	10.035	10.135	10.235
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	4.710	4.710	4.710	4.710
Verðlagsmál	300	300	300	300
Þjónusta við ríkisaðila	1.540	1.373	1.393	1.413
Annað	1.071	1.075	1.079	1.083
Samtals	**26.000**	**26.068**	**26.325**	**26.584**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málaflokksins *Þjónusta við ríkisaðila* lækki um 170 m.kr. árið 2005. Skýrist það einkum af því að framlög til reksturs eldri bókhaldskerfa ríkisins falla niður þegar nýtt fjárhagskerfi verður að fullu komið í notkun og að framlag til uppbyggingar á Landskrá fasteigna fellur niður þar sem smíði kerfisins verður lokið. Gengið er út frá því að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og fjárheimildir til að mæta frávikum í *Verðlagsmálum* haldist óbreyttar frá árinu 2004 en að gjaldfærður *Lífeyrir og eftirlaun* hækki í takt við lífeyrisréttindi sem ríkisstarfsmenn ávinna sér árlega. Veruleg óvissa er jafnan um áætlanir um útgjöld þessara þriggja málaflokka. Reiknað er með að *Vaxtabætur* aukist árlega um 100 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áforma frumvarpsins um lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuldum sem mynda stofn til útreiknings á bótunum. Þá er

áætlunin sett fram með óbreyttum útgjöldum vegna *Barnabóta* þótt fyrirhugað sé að auka þær greiðslur á næstu árum en útfærsla á þeim áformum liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 766 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2003, eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	166,0	206,0	206,0	206,0	206,0
Launagreiðslukerfi	A	70,0	50,0	10,0	10,0	10,0
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	A	56,0	50,0	8,0	8,0	8,0
Tekjubókhaldskerfi	A	203,0	203,0	203,0	203,0	203,0
Innheimtukerfi	A	32,0	32,0	32,0	32,0	32,0
Skattavinnslukerfi	A	239,4	239,4	239,4	239,4	239,4
Samtals		**766,4**	**780,4**	**698,4**	**698,4**	**698,4**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með því að árlegur kostnaður við hann verði um 206 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og Bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins fara lækkandi frá og með árinu 2005 en eldri kerfin verða samrekin með því nýja einu ári lengur en gert var ráð fyrir í síðasta fjárlagafrumvarpi þar sem aðlögun og yfirfærsla gagna hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Þá verður nauðsynlegt að reka grunnhluta eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattavinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema um 240 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samning um Sögukerfi og veffframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna eftir að nýtt fjárhagskerfi hefur leyst þau eldri af hólmi.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	432,6	483,1	498,0	3,1	15,1
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**432,6**	**489,1**	**504,0**	**3,0**	**16,5**

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins er 498 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Sú lækkun er liður í áformum frumvarpsins um aðhald í rekstrarútgjöldum stjórnsýslustofnana.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202–211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	799,2	817,0	889,3	8,8	11,3
Skattstofan í Reykjavík	309,6	317,8	342,8	7,9	10,7
Skattstofa Vesturlands	50,2	51,1	52,8	3,3	5,2
Skattstofa Vestfjarða	29,7	30,7	32,3	5,2	8,8
Skattstofa Norðurlands vestra	31,8	32,5	34,1	4,9	7,2
Skattstofa Norðurlands eystra	74,0	77,0	83,2	8,1	12,4
Skattstofa Austurlands	37,8	37,7	39,5	4,8	4,5
Skattstofa Suðurlands	44,5	51,6	53,8	4,3	20,9
Skattstofa Vestmannaeyja	20,5	20,8	22,0	5,8	7,3
Skattstofa Reykjaness	183,7	183,4	210,3	14,7	14,5
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	49,6	77,9	114,0	46,3	129,8
Yfirskattanefnd	90,4	90,1	94,2	4,6	4,2
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	122,5	121,2	124,2	2,5	1,4
Innheimtukostnaður	198,1	212,2	217,6	2,5	9,8
Tollstjórinn í Reykjavík	859,7	891,9	926,1	3,8	7,7
Samtals	**2.901,3**	**3.012,9**	**3.236,2**	**7,4**	**11,5**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka alls um 125 m.kr. frá gildandi fjárlögum umfram launa- og verðlagshækkanir. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi að 48 m.kr. framlag til að standa undir rekstri fyrirtækjaskrárinnar er flutt frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra og í öðru lagi að gert er ráð fyrir að framlög til skattkerfisins hækki um 90 m.kr. til að mæta auknum verkefnum í kjölfar breytinga sem orðið hafa á skattalögum. Gert er ráð fyrir ýmsum öðrum minni framlögum og tilflutningi á fjárveitingum til verkefna þessa málefnaflokks en á móti kemur um 14 m.kr. lækkun á útgjöldum þeirra til að mæta markmiði um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

201 Ríkisskattstjóri. Fjárveiting embættisins nemur 889,3 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 48 m.kr. að raungildi. Samkvæmt lögum nr. 17/2003 tók embætti ríkisskattstjóra við umsjón með fyrirtækjaskrá af *Hagstofu Íslands* þann 1. júlí 2003. Í framhaldi af því er 48 m.kr. fjárheimild flutt til embættisins frá Hagstofunni í frumvarpinu til að standa undir árlegum kostnaði við fyrirtækjaskrána. Innheimt eru gjöld fyrir skráningar í fyrirtækjaskrána og afnot hennar og eru tekjur af þeim áætlaðar 61,3 m.kr. Gjöldin færast sem ríkistekjur á tekjuhlið A-hluta ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á rekstrarkostnaðinum og koma fram undir fjármögnunarliðnum *Hlutdeild í ríkistekjum* í sundurliðun 2 í frumvarpinu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 20 m.kr. hækkun á framlagi stofnunarinnar til að mæta auknum kostnaði við rekstur skattvinnslukerfa. Unnið er að sérstakri athugun á verkefnum og fjárþörf stofnunarinnar. Í þriðja lagi fellur niður 11 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til þriggja ára til endurskoðunar á álagningarkerfum, úttektar á verkferlum o.fl. Loks er gert ráð fyrir að dregið verði úr útgjöldum stofnunarinnar sem nemur 8 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

202–211 Skattstofur. Heildarútgjöld skattstofa eru um 870 m.kr. í frumvarpinu og aukast um 37 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Breytingar á milli ára skýrast að mestu af því að fjárveiting til *Skattstofu Reykjavíkur* er hækkuð um 15 m.kr. og fjárveiting til *Skattstofu Reykjaness* um 20 m.kr. í ljósi þess að skattskyldum einstaklingum, lögaðilum og einstaklingum með atvinnurekstur hefur fjölgað verulega í þessum skattumdæmum undanfarin ár. Í kjölfarið hefur vinna við álagningu og skattframkvæmdina orðið umfangsmeiri og mannaflafrekari. Þá eru 3 m.kr. millifærðar af safnlið ráðuneytisins til *Skattstofunnar á Norðurlandi eystra* vegna ýmissa kostnaðarhækkana sem orðið hafa í rekstri hennar.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Fjárveiting til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins nemur 114 m.kr. og hækkar um 33,3 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárheimild fjárlagaliðarins er hækkuð um 35 m.kr. vegna aukinna verkefna skattkerfisins og ýmissa sameiginlegra kostnaðarþátta skattstofa sem verið er að leggja mat

á í ráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að þeirri athugun verði lokið í haust og að fluttar verði tillögur um skiptingu fjárheimildarinnar við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi. Þá eru fjárveitingar viðfangsefna þessa fjárlagaliðar lækkaðar um 1,7 m.kr. til að mæta markmiði um útgjaldaaðhald.

214 Yfirskattanefnd. Fjárveiting nefndarinnar er 94,2 m.kr. Það svarar til raunlækkunar um 1 m.kr. sem er liður í aðhaldi með útgjöldum í stjórnsýslurekstri á vegum ráðuneytisins.

215 Skattrannsóknastjóri ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar um 1,4 m.kr. í frumvarpinu að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Sú lækkun er liður í aðhaldi með útgjöldum í stjórnsýslurekstri á vegum ráðuneytisins.

250 Innheimtukostnaður. Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar einungis sem nemur verðlagsbreytingum milli ára og verður alls 217,6 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir aukinni veltu í innheimtunni á þann veg að útgjaldaheimild og sértekjur af kostnaði, sem innheimtist hjá skuldurum, hækka í sama mæli þannig að framlag úr ríkissjóði verður óbreytt eftir sem áður.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar fjárveiting til stofnunarinnar um 7,9 m.kr. og verður 926,1 m.kr. Framlagið hækkar um tæplega 9 m.kr. vegna fjárheimilda sem fluttar eru af öðrum liðum ráðuneytisins en þar er um að ræða verkefni og útgjöld sem þykir rétt að tilheyri fjárreiðum stofnunarinnar. Þar af eru 6,4 m.kr. fluttar frá Fjársýslu ríkisins vegna þjónustusamnings um EDI-tollakerfi og 2,5 m.kr. fluttar af safnlið ráðuneytisins vegna launagreiðslna og ýmissa annarra útgjalda afskriftarnefndar skattkrafna. Þá er veitt 3 m.kr. fjárheimild til að standa straum af kostnaði við samning um veftollafgreiðslu á Netinu og notkun rafrænna undirskrifta í því skyni. Á móti fellur niður 2,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til að mæta útgjöldum við kerfisgerð og tengingar vegna svonefnds SAD-transit-samnings EFTA og ESB en þar er um að ræða sameiginlegt upplýsinganet og miðlægan gagnabanka sem aðildarþjóðirnar hafa tekið í notkun til að efla tolleftirlit. Loks er fjárveiting stofnunarinnar lækkuð um 1,5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjöldum ráðuneytisins.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	14.907,1	4.555,0	4.704,0	3,3	-68,4
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar	567,9	417,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**15.475,0**	**4.972,0**	**4.704,0**	**-5,4**	**-69,6**

Áætlað er að útgjöld málefnaflokksins lækki um 268 m.kr. frá fjárlögum ársins 2003. Reiknað er með um 150 m.kr. hækkun á gjaldfærðri aukningu lífeyrisskuldbindinga, einkum vegna árlegs réttindaávinnings ríkisstarfsmanna. Hins vegar fellur niður fjárlagaliðurinn *Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar* ásamt fjárheimild sem nam 417 m.kr. í fjárlögum ársins 2003 þar sem fyrirhugað er að ríkissjóður hætti að greiða sérstök mótframlög vegna þessa sparnaðarforms einstaklinga. Með lögum sem sett voru á árinu 1998 var launagreiðendum heimilað að lækka skil á tryggingagjaldi til ríkissjóðs um allt að 0,2%, eða sem svaraði til 10% af 2% iðgjaldi launþega í séreignarlífeyrissjóð, og greiða þennan hluta tryggingagjaldsins sem mótframlag til viðbótar við iðgjald launþegans. Árið 2000 var heimildin síðan hækkuð í 0,4%, eða sem svaraði til 10% af 4% iðgjaldi. Í fjárlögum hefur verið gert ráð fyrir þessu með því að færa mótframlagið til gjalda en á móti er tryggingagjald fært að fullu á tekjuhlið ríkissjóðs án frádráttarins. Markmiðið með þessari lagasetningu var annars vegar að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði og hins vegar að hvetja launafólk til að styrkja lífeyriseign sína. Í kjarasamningum á árunum 2000 og 2001 var síðan haldið áfram á þessari braut en þá var samið um sérstök mótframlög frá launagreiðendum, sem almennt eru allt að 2%, á móti iðgjöldum launþega í viðbótarlífeyrissparnað. Þátttaka launþega í þessari sparnaðarleið hefur farið sívaxandi ár frá ári og er þessi sparnaðarleið orðin mjög útbreidd á meðal almennings. Upphaflegu markmiðin með lagasetningunni hafa þannig gengið eftir og þykir því ekki vera þörf lengur fyrir sérstök lagaákvæði til að stuðla að þessum sparnaði með sértækum hætti. Er því fyrirhugað að flytja frumvarp á haustþinginu um að fella niður þessa sérstöku heimild til ráðstöfunar á hluta tryggingagjaldsins.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum, áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að skuldbindingar B-deildar hækki um 13,5 milljarða króna á

árinu 2004 og verði samtals um 178,6 milljarðar króna í lok ársins. Er þá tekið tillit til sérstakrar 7,5 milljarða króna fyrirframgreiðslu ríkissjóðs sem fyrirhugað er að renni til lífeyrissjóðsins árið 2004. Af hækkuninni er áætlað að rekja megi 8,8 milljarða króna til almennra launabreytinga. Sá hluti kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar á endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Það sem þá stendur eftir, eða sem nemur 4,7 milljörðum króna, er fært á gjaldahlið frumvarpsins og er breytingin frá áætlun gildandi fjárlaga óveruleg.

Áætlun um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á komandi fjárlagaári en jafnan háð ýmsum óvissuþáttum sem afar erfitt er að spá fyrir um. Jafnvel litlar breytingar á útreikningsforsendum geta haft veruleg áhrif á áætlaða gjaldfærslu þar sem skuldbindingastaðan er afar há. Þannig var gjaldfærsla í ríkisreikningi ársins 2002 um 10 milljörðum króna hærri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undanfarin ár. Það stafaði annars vegar af því að í forsendum tryggingafræðilegra úttekta var reiknað með nýjum tölum um lífslíkur og hins vegar af því að ávöxtun sjóðanna var slök vegna aðstæðna á erlendum fjármálamörkuðum.

Framsetning ríkisreiknings og fjárlaga felur í sér að fyrirframgreiðslur ríkisins til sjóðsins eru ekki færðar til eignar sem fyrirframgreiddur kostnaður heldur koma þær til lækkunar á skuldbindingunni. Áætlað er að á tímabilinu 1999–2004 muni uppreiknaðar fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði ásamt vöxtum nema 65 milljörðum króna, eða sem svarar til meira en þriðjungi af skuldbindingum ríkisins. Með þessu móti lækkar sá stofn sem breyting á skuldbindingunni reiknast af. Þá voru fyrir nokkrum árum gerðir kjarasamningar um breytingar á launakerfi ríkisstarfsmanna sem fólu í sér hækkun dagvinnulauna umfram heildarlaun og þar með hækkun á lífeyrisskuldbindingunni. Af þessu leiðir að búast má við að á næstu árum hækki gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga minna en árin þegar þessar kerfisbreytingar fóru fram.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðlagsuppbóta á lífeyri sem færast á þennan lið árið 2004 eru áætlaðar 2,3 milljarðar króna. Til að styrkja stöðu sjóðsins er einnig miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og nema áætlaðar greiðslur vegna þessa 1,5 milljörðum króna. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við lífeyrissjóðinn með langtímaskuldabréfi.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	4.755,5	5.430,0	5.430,0	0,0	14,2
Vaxtabætur	5.117,3	4.605,0	4.505,0	-2,2	-12,0
Samtals	**9.872,8**	**10.035,0**	**9.935,0**	**-1,0**	**0,6**

*811 **Barnabætur.*** Á árunum 2001 til 2003 voru barnabætur til fjölskyldna hækkaðar um 500 m.kr. á ári eða samtals um 1.500 m.kr. á tímabilinu. Til athugunar er að auka þessar greiðslur einnig á komandi árum t.d. með hækkun bótanna og frítekjumarks og með því að draga úr skerðingu vegna tekna. Auknum útgjöldum sem slíkar breytingar gætu haft í för með sér þarf jafnframt að finna stað innan ramma langtímaáætlunar ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Þar sem eftir er að ljúka nánari útfærslu á þessum málum er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild til barnabóta í frumvarpinu.

*821 **Vaxtabætur.*** Framlag til greiðslu vaxtabóta vegna húsnæðislána er áætlað um 4,5 milljarðar króna í frumvarpinu. Í gildandi fjárlögum eru greiðslurnar áætlaðar um 4,6 milljarðar króna en þessi útgjöld eru nú talin hafa verið talsvert vanmetin, eða sem nemur um hálfum milljarði króna, m.a. sökum þess að ekki hefur verið reiknað nægilega með áhrifum af fyrirframgreiðslum vaxtabóta og mikilli aukningu í húsnæðislánum. Hins vegar er fyrirhugað að leggja fram frumvarp á haustþinginu um að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta lækki úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Frá því núverandi hámark var sett árið 1993 hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert og er talið eðlilegt að hámarkið taki mið af þeirri þróun og að þar með verði dregið úr hvata til skuldsetningar. Árið 1993 voru raunvextir af fasteignaveðlánum Íbúðalánasjóðs í kringum 6% og 7% af lánum lífeyrissjóða. Á yfirstandandi ári eru vextir af lánum Íbúðalánasjóðs um 5% og um 5,5–6% af lánum lífeyrissjóða. Áætlað er að þessi breyting lækki útgjöld um 600 m.kr. frá því sem annars hefði orðið. Að teknu tilliti til vanmats á útgjaldahorfunum samkvæmt gildandi fjárlögum lækkar fjárheimild vaxtabótaliðarins um 100 m.kr. í frumvarpinu.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	9.811,1	4.000,0	4.000,0	0,0	-59,2
Fjármagnstekjuskattur	721,0	1.500,0	500,0	-66,7	-30,7
Ríkisábyrgðir	-77,1	0,0	0,0	0,0	-100,0
Tapaðar kröfur og tjónabætur	3,1	210,0	210,0	0,0	6.674,2
Verðbréfaskráning Íslands hf.	5,2	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**10.463,3**	**5.710,0**	**4.710,0**	**-17,5**	**-55,0**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks lækkar um 1 milljarð króna frá fjárlögum yfirstandandi árs og verður 4,7 milljarðar króna. Stafar það af því að áætlað er að fjármagnstekjuskattur, sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna, lækki sem þessu nemur frá fjárlögum 2003. Í fjárlögum þessa árs var áætlað fyrir fjármagnstekjuskatti vegna sölu ríkisbankanna en ekki er gert ráð fyrir sölu á neinum slíkum stærri eignum í frumvarpinu fyrir næsta ár. Sama lækkun verður á fjárhæðinni sem færist til tekna sem fjármagnstekjuskattur hjá ríkissjóði og verður því afkoman óbreytt eftir sem áður.

Gjaldfærslur í rekstrarreikningi vegna afskrifaðra skattkrafna tilheyra þessum málaflokki. Gert er ráð fyrir óbreyttri fjárhæð í frumvarpinu frá gildandi fjárlögum en endanleg niðurstaða í reikningi hefur sum ár vikið verulega frá áætlunum og hefur í reynd verið ógerlegt að sjá það fyrir, t.d. var gjaldfærslan um 10 milljarðar króna árið 2002 eða um 6 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Sérstök afskriftanefnd metur skattkröfur og ákveður hvað af þeim skuli afskrifa miðað við tilteknar vinnureglur um hvaða kröfur teljast vera sannanlega tapaðar. Óvenjuhá gjaldfærsla afskrifta árið 2002 átti m.a. rætur að rekja til þess að eftirstöðvar fyrri ára hafa falið í sér verulegt ofmat auk þess sem fram komu töluverð áhrif af auknum rekstrarerfiðleikum og gjaldþrotum fyrirtækja á árinu.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2004. Á árunum 2000 og 2001 var gengið frá kjarasamningum við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Kjaradómur og kjaranefnd hafa einnig úrskurðað um svipaðar hækkanir á launum embættismanna. Samkvæmt samningum flestra félaga ríkisstarfsmanna hækka laun um 3% í byrjun ársins 2004 og má gera ráð fyrir að Kjaradómur og kjaranefnd úrskurði embættismönnum sömu hækkun. Framhaldsskólakennarar hækka þó um 1,5% samkvæmt kjarasamningi þeirra. Í launaforsendum frumvarpsins hefur

verið tekið tillit til allra slíkra hækkana á launakjörum starfsmanna hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum og öðrum aðilum sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði. Einnig hafa launaforsendur fjárlaga 2003 verið endurmetnar í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem kjör starfshópa breyttust eftir afgreiðslu fjárlaganna. Hækkun hverrar stofnunar hefur verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og hækkunar hvers félags. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra.

Í samræmi við ákvæði laga um bætur almannatrygginga er gert ráð fyrir að þær hækki um 3% í upphafi næsta árs og er þá tekið mið af kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Sú hækkun kemur til viðbótar sérstökum hækkunum á einstökum bótaliðum í samræmi við samkomulag við Landssamband eldri borgara og samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands.

Endurskoðaðar spár gera ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 2% milli áranna 2002 og 2003 og um nálægt 2,5% milli áranna 2003 og 2004. Eru önnur rekstrarútgjöld en laun miðuð við þær spár í frumvarpinu með sama hætti og jafnan áður. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki meira til samræmis við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september en það svarar til gengisvísitölunnar 126. Gengi krónunnar hefur styrkst gagnvart nokkrum myntum frá forsendum fjárlaga 2003, sérstaklega gagnvart Bandaríkjadal. Það leiðir til lækkunar á fjárheimild fjárlagaliða sem tengjast viðkomandi myntum. Það á þó nær eingöngu við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka.

Á fjárlagaliðnum er tæplega 300 m.kr. fjárheimild til að mæta ýmsum minni háttar ófyrirséðum launaútgjöldum og kjarabreytingum sem kunna að falla til á árinu 2004.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs og 984 Fasteignir ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.220,8	1.053,0	976,3	-7,3	-20,0
Fasteignamat ríkisins	461,7	463,8	453,2	-2,3	-1,8
Framkvæmdasýsla ríkisins	4,3	2,7	2,7	0,0	-37,2
Ríkiskaup	-2,8	0,0	0,0	-	-100,0
Lánasýsla ríkisins	97,0	62,2	65,2	4,8	-32,8
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	27,3	43,0	28,4	-34,0	4,0
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	366,1	114,5	14,5	-87,3	-96,0
Fasteignir ríkissjóðs	21,5	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**2.195,9**	**1.739,2**	**1.540,3**	**-11,4**	**-29,9**

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhaldsþjónustu og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.651 m.kr. og er jafnframt gert ráð fyrir að innheimtar verði 3.111 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur um 67% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 1.540 m.kr. og svarar það til um 236 m.kr. lækkunar á föstu verðlagi.

103 Fjársýsla ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar er 976,3 m.kr. í frumvarpinu og lækkar um 100 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Þyngst vegur að gert er ráð fyrir 112 m.kr. niðurfellingu á tímabundnum framlögum til kaupa og aðlögunar á nýjum bókhaldskerfum fyrir ríkið og á framlögum til viðhalds á eldri bókhaldskerfum. Eftir stendur þá um 77 m.kr. fjárveiting til aðlögunar og viðhalds á nýja fjárhagskerfinu sem gera má ráð fyrir að geti lækkað talsvert á árinu 2005 þegar búið verður að koma kerfinu að fullu í rekstur. Einnig er 6,4 m.kr. fjárheimild flutt til embættis tollstjórans í Reykjavík vegna þjónustusamnings um EDI-tollakerfi. Þá er stofnuninni ætlað að draga úr útgjöldum sem nemur um 14 m.kr. og er það liður í að mæta áformum frumvarpsins um aðhald með útgjöldum ráðuneytisins. Á hinn bóginn er framlag til reksturs á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins hækkað um 31,7 m.kr. Framlagið er einkum ætlað til að greiða fyrir fleiri notendaleyfi og ýmsan sameiginlegan kostnað sem leiðir af auknum kröfum um aðskilnað á þróun og rekstri kerfisins.

402 Fasteignamat ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar um 20 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Þar er einkum um að ræða 15 m.kr. lækkun á stofnkostnaðarframlagi til uppbyggingar á Landskrá fasteigna í samræmi við framkvæmdaáætlun verkefnisins en gert er ráð fyrir að því ljúki á árinu 2004. Eftir stendur 85 m.kr. fjárveiting til stofnkostnaðar Landskrárinnar sem fellur þá niður árið 2005. Kostnaðurinn við uppbygginguna er fjármagnaður með sérstakri, tímabundinni hækkun á umsýslugjaldi af brunabótamati fasteigna sem húseigendur greiða samhliða brunatrygg-

ingariðgjöldum. Vegna áforma um aðhald með útgjöldum ráðuneytisins er gert ráð fyrir að stofnunin geri ráðstafanir til draga úr útgjöldum sínum að öðru leyti sem nemur 4,1 m.kr.

*905 **Ríkiskaup.*** Velta stofnunarinnar eykst lítillega umfram launa- og verðlagsbreytingar. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

*972 **Lánasýsla ríkisins.*** Fjárveiting til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi fyrir utan 0,6 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól. Í frumvarpinu fellur niður framlag að fjárhæð 15 m.kr. sem veitt var tímabundið í eitt ár til að unnt væri að gangast í brýnar viðhaldsframkvæmdir sem skotið hafði verið á frest mörg undanfarin ár. Að öðru leyti breytast fjárheimildir einungis sem nemur launa- og verðlagshækkunum frumvarpsins.

*981 **Ýmsar fasteignir ríkisins.*** Á þessum lið fellur niður fjárveiting að fjárhæð 100 m.kr. sem veitt var tímabundið í fjárlögum 2003 til viðgerða og endurbóta á húsnæði í eigu ríkisins á Grensásvegi 9. Niðurfellingin er liður í áformum frumvarpsins um aðhald í útgjöldum ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting í fjárlögum þessa árs verði aðallega nýtt í hönnunarvinnu og framkvæmdir á lóð og utanhúss. Til athugunar er að gerðar verði endurbætur á húsinu að innan og að húsaleiga, sem Íslenskar orkurannsóknir greiði fyrir aðstöðu í húsinu, standi undir kostnaði við þær framkvæmdir til lengri tíma litið.

*984 **Fasteignir ríkissjóðs.*** Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Auk launa- og verðlagsbreytinga er gert ráð fyrir að veltan í rekstri og viðhaldi húsnæðis á vegum stofnunarinnar hækki um 86 m.kr. vegna aukins húsnæðis í umsjón hennar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-3,3	190,0	190,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	21,0	10,0	-52,4	-
Ýmislegt	625,9	605,8	670,6	10,7	7,1
Samtals	**622,6**	**1.016,8**	**1.070,6**	**5,3**	**72,0**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks er 1.070 m.kr. og hækkar um 43 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þyngst vegur að fjárheimild til að mæta kröfum, sem falla á ríkissjóð í kjölfar dómsmála, er hækkuð um 40 m.kr.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiðir af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum ársins sem er að líða, eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Fjárheimild liðarins er 10 m.kr. og lækkar um 11 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Framlag verkefnisstjórnar lækkar um 7,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 5 m.kr. á móti jafnháu framlagi fjármálaráðuneytisins. Fjárveitingin er ætluð til að standa undir kostnaði við skipulagningu og útboð á kerfi rafrænna skilríkja fyrir ríkið.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur um 671 m.kr. og hækkar um 54,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Þar vegast á nokkrar hækkanir og lækkanir. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu *1.60 Dómkröfur* til að greiða kröfur sem falla á ríkissjóð í kjölfar dóma er hækkuð um 40 m.kr. Dómsmálum sem fela í sér slíka kröfugerð hefur fjölgað jafnt og þétt undangengin ár en lögum samkvæmt er ríkissjóði skylt að greiða kröfur vegna dóma sem falla á þann veg. Fjárveiting á viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* er hækkuð um 10 m.kr. til að mæta ýmsum óvissum, sameiginlegum útgjöldum ráðuneytisins sem fallið geta til á ári hverju. Á sama viðfangsefni er einnig gert ráð fyrir tímabundnu framlagi í eitt ár að fjárhæð 7 m.kr. í tengslum við undirbúning á innleiðingu EES-tilskipunar um reikningsskil. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins vegna vinnu að þýðingunni en framlagið á þessu viðfangsefni er ætlað til að mæta kostnaði við aðkeypta þjónustu endurskoðenda og annarra sérfræðinga í reikningshaldi sem veita munu ráðgjöf um þýðingu hugtaka og lesa yfir textann. Þá er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárheimild á nýju viðfangsefni undir þessum lið, *6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins*, sem ætluð er til að standa straum af reglubundinni endurnýjun bifreiða fyrir ráðherra. Flutt er 3,5 m.kr. framlag á viðfangsefnið *6.91 Hagræðingarmál* af liðnum *09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* en með því er fært til baka mótframlag sem veitt var í fjárlögum 2003 til verkefnis um uppbyggingu og innleiðingu rafræns markaðstorgs ríkisins. Fjárveiting viðfangsefnisins *1.31 Lífeyrissjóður bænda* lækkar um 5 m.kr. þar sem þeim sem eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum hefur farið fækkandi. Af viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* er flutt 2,5 m.kr. fjárheimild á liðinn *09-262 Tollstjórinn í Reykjavík* þar sem embættinu er ætlað að annast um launagreiðslur og ýmis önnur útgjöld afskriftanefndar skattkrafna. Loks eru fluttar 3,5 m.kr. af viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* á liðinn *09-206 Skattstofa Norðurlands eystra* vegna ýmissa kostnaðarhækkana sem orðið hafa í rekstri skattstofunnar.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.012,6	2.509,1	4.800,0	91	59
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.125,7	1.253,8	1.388,2	11	23
Stofnkostnaður og viðhald	11.763,2	13.805,7	11.793,6	-15	0
Samtals	**15.901,5**	**17.568,6**	**17.981,8**	**2**	**13**
Greitt úr ríkissjóði	-	4.860,8	6.933,2	43	-
Innheimt af ríkistekjum	-	12.827,9	11.105,5	-13	-
Viðskiptahreyfingar	-	-120,1	-56,9	-53	-
Samtals	-	**17.568,6**	**17.981,8**	**2**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 23.239 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.257 m.kr. en þær nema 22,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.982 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6.933 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 11.106 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, -60 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.800 m.kr. og hækka um 2.291 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 2.146 m.kr. millifærslu af stofnkostnaðarviðfangsefni þjónustu og rannsókna hjá Vegagerðinni á almenn rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 134 m.kr. og verður 1.388 m.kr. en er 1.254 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Þyngst vegur 100 m.kr. hækkun á framlagi vegna styrkja til ferja og sérleyfishafa hjá Vegagerðinni.


Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 11.794 m.kr. og er það 2.012 m.kr. lækkun milli ára. Stærsta breytingin er áðurnefnd 2.146 m.kr millifærsla af stofnkostnaðarviðfangsefni Vegagerðarinnar á rekstrarviðfangsefni. Í fjárlagatölu fyrir árið 2003 er ekki meðtalin 3.000 m.kr. aukafjárveiting sem Alþingi samþykkti í fjáraukalögum vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum. Að teknu tilliti til fjárlaga og breyttrar framsetningar lækka framlög til viðhalds og stofnkostnaðar um 2.866 m.kr. eða 17%. Aðrar breytingar eru þær að framlög til flugmála lækka um 252 m.kr. þar sem framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll er lokið.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.000 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir um 12 m.kr. hagræðingu í rekstrar-

kostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 250 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	875	542	514	516
Vegamál	13.302	12.307	13.429	13.608
Siglingamál	1.747	1.779	1.561	872
Flugmál	1.604	1.557	1.665	1.741
Póst- og fjarskiptamál	209	211	213	215
Ferðamál	246	248	250	252
Samtals	**17.983**	**16.644**	**17.632**	**17.204**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár

um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2003, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld til málefnaflokksins *Vegamál* lækki um 7,5% milli áranna 2004 og 2005 en hækki síðan um 9,1% milli 2005 og 2006. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Siglingamál* lækki um 12,3% milli 2005 og 2006 í samræmi við þingsályktun um samgöngumál fyrir árin 2003 til 2006. Lækkun milli 2006 og 2007 er í samræmi við áætlun sem gerð var við kostnaðarmat á nýjum hafnalögum, sem tóku gildi 1. júlí 2003, en þar er gert ráð fyrir að framlög ríkisins til hafna einskorðist við minni hafnir og lækki frá fyrra ári um 44%.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.002 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá samgönguráðuneytinu. Aðrir samningar, sem ráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 248,1 m.kr. Að lokum eru 768,1 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgönguráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna að samningar um rekstur strandarstöðva og um tilkynningaskyldu íslenskra skipa hafa verið framlengdir um eitt ár en þeir áttu báðir að renna út í lok yfirstandandi árs. Stefnt er að því að verkefnin verði boðin út sem hluti af vaktstöð siglinga. Jafnframt er unnið að endurnýjun á samningum um þjónustu við ferðamenn í Geysisstofu og Snorrastofu. Samningur við Hólaskóla vegna fjarkennslu í ferðamálafræðum hefur verið framlengdur um eitt ár. Þá er árið 2004 síðasta heila árið sem samningar við sérleyfishafa eru með óbreyttu sniði en sérleyfisakstur verður boðinn út á árinu 2005.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum	B	11,9	12,2	12,2	12,2	12,2
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	132,4	135,7	135,7	135,7	0,0
Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu	B	48,9	50,3	0,0	0,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	B	48,5	49,9	0,0	0,0	0,0
Samningar við sérleyfishafa	C	155,1	155,1	90,5	0,0	0,0
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	35,7	35,7	37,0	37,0	0,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	36,5	36,5	38,0	38,0	0,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	167,4	167,4	167,4	0,0	0,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	68,4	68,4	68,4	0,0	0,0
Mjóafjarðarferjan Anný	C	5,6	2,3	0,0	0,0	0,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	5,8	5,8	1,5	0,0	0,0
Rekstur strandarstöðva	C	158,1	172,6	0,0	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	C	5,0	5,0	0,0	0,0	0,0
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	66,5	60,4	0,0	0,0	0,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,3	12,3	12,3	0,0	0,0
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	C	24,1	25,1	0,0	0,0	0,0
Samningur um Snorrastofu	C	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Samningur um Geysisstofu	C	2,0	2,0	0,0	0,0	0,0
Samningur við Hólaskóla um fjarnám	C	3,0	5,0	0,0	0,0	0,0
Flug milli Íslands og Narssarssuaq	C	12,5	12,5	12,5	0,0	0,0
Samtals		**1.001,7**	**1.016,2**	**575,5**	**222,9**	**12,2**

Samningurinn um rekstur þjálfunar- og fræðslumiðstöðvarinnar að Gufuskálum hefur verið endurnýjaður og er til fimm ára. Einn nýr samningur bætist við, sem er samningur við heimastjórnina á Grænlandi um flug milli Íslands og Narssarssuaq og gildir hann til ársloka 2005. Helstu breytingar frá þeirri töflu, sem birtist í frumvarpi til fjárlaga yfirstandandi árs, eru þær að þá var gert ráð fyrir að kostnaður vegna þjónustusamninga við sérleyfishafa yrði 134,4 m.kr. á yfirstandandi og næsta ári. Nú er gert ráð fyrir að kostnaður yfirstandandi árs verði 155,1 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs kosti um 76,8 m.kr. meira en áður hafði verið gert ráð fyrir, aðallega vegna viðaukasamnings um aukna tíðni ferða.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	190,2	197,6	212,6	7,6	11,8
Ýmis verkefni	567,9	593,1	647,3	9,1	14,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	0,0	10,0	-	-
Samtals	**758,1**	**795,7**	**874,9**	**10,0**	**15,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 71,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 212,6 m.kr. og hækka um 15 m.kr. frá fjárlögum 2003. Í fyrsta lagi er lagt til að 6 m.kr. tímabundið framlag, sem veitt var í fjárlögum 2002, til vinnu við samgönguáætlun, verði veitt áfram ótímabundið til verkefna á sviði áætlunargerðar. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til ráðstafana sem gera þarf til að aðbúnaður á skrifstofum ráðuneytisins fullnægi kröfum um öryggi. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 2,4 m.kr. aukið framlag vegna fulltrúa samgönguráðuneytisins við íslenska sendiráðið í Brussel. Loks er aðalskrifstofunni gert að lækka útgjöld um 2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru 647,3 m.kr. og hækka um 54,2 m.kr. milli ára. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Á viðfangsefni *1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa* er lagt til að veitt verði 11 m.kr. tímabundið framlag í 5 ár til kaupa á afnotarétti af hugbúnaði er annast sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa. Í undirbúningi er að bjóða rekstur kerfisins út og eru kaup á afnotaréttinum þáttur í því verkefni. Á viðfangsefni *1.34 Flugskóli Íslands* er lögð til 12,3 m.kr. hækkun á styrk til skólans til kennslu í bóklegu atvinnuflugmannsnámi. Tillagan er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem sett var á fót til að fara yfir fjárhag og rekstur skólans og hefur samhljóða tillaga verið gerð í frumvarpi til fjáraukalaga 2003. Á viðfangsefni *1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf* er lagt til að veitt verði 2,5 m.kr. framlag til markaðssetningar á íslenskum matvælum og ferðaþjónustu. Á viðfangsefni *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* er lagt til að framlag hækki um 20 m.kr. og verði 320 m.kr. Breytingin á viðfangsefninu er af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að tímabundið 300 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2003, verði framlengt um eitt ár. Framlagið er ætlað til almennra markaðsmála íslenskrar ferðaþjónustu innanlands og utan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Fastanefndir	0,0	5,6	5,8	0,2
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	6,8	9,3	9,3	0,0
Tæknibróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	14,5	0,0	0,0	0,0
Lög- og réttindaskráning sjómanna	2,2	1,5	1,5	0,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1,2	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	51,7	48,5	49,9	1,4
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	24,0	24,1	36,1	12,0
Staðsetningarkerfi	5,1	6,1	6,3	0,2
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,5	1,1	1,1	0,0
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	21,2	0,0	0,0	0,0
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	13,6	11,9	12,2	0,3
Slysavarnafélagið Landsbjörg	42,9	48,9	50,3	1,4
Flugskóli Íslands	9,7	9,7	22,0	12,3
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	17,7	14,0	16,5	2,5
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	229,5	300,0	320,0	20,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	7,0	7,5	5,0	-2,5
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	69,1	66,5	60,4	-6,1
Hestamiðstöð Íslands	7,5	5,0	5,0	0,0
Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel	5,0	0,0	0,0	0,0
Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	1,4	0,0	0,0	0,0
Flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	0,0	0,0	12,5	12,5
Ýmislegt	15,3	19,4	19,4	0,0
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	20,0	10,0	10,0	0,0
Samtals	**567,9**	**593,1**	**647,3**	**54,2**

Hins vegar er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að vinna að verkefnum er lúta að eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samræmi við þær áherslur sem fram koma í byggðaáætlun 2002–2005. Verkefnið er unnið í samvinnu við iðnaðarráðuneytið. Á viðfangsefni *1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu* fellur niður tímabundið 2,5 m.kr. framlag til Véla- og samgönguminjasafnsins að Stórageröi í Óslandshlíð. Á nýtt viðfangsefni *1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi* er lagt til að veitt verði 12,5 m.kr. tímabundið framlag vegna samnings milli stjórnvalda og landsstjórnarinnar á Grænlandi um flug milli Íslands og Narssarssuaq. Samningurinn er til þriggja ára og hefur samhljóða tillaga verið gerð í frumvarpi til fjáraukalaga 2003. Á viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* er lagt til að 15 m.kr. tímabundið framlag til að vinna að flutningi verkefna út á land verði framlengt um eitt ár. Stofnunum ráðuneytisins hefur verið falið að vinna að áætlunum um frekari flutning verkefna út á land m.a. í tengslum við byggðaáætlun 2002–2005. Flutningur verkefna hefur tímabundið aukinn kostnað í för með sér sem stofnanir gera


ekki ráð fyrir í sínum áætlunum og því er lagt til að framlagið verði óbreytt á næsta ári. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa undir kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 94 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 5 m.kr. í hlut verkefna samgönguráðuneytisins. Til viðbótar kemur 5 m.kr. mótframlag af lið *10-651 Ferðamálaráð* og eru því 10 m.kr. til ráðstöfunar til að endurnýja vef Ferðamálaráðs. Í fjárlögum yfirstandandi árs er ekki áætlað fyrir framlagi á þessum fjárlagalið.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir; 211 Rekstur Vegagerðarinnar sem er nýtt heiti á liðnum og 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar sem er nýr fjárlagaliður í fjárlögum 2004. Fjárlagalið 211 Vegagerðin hefur verið skipt upp í þessa tvo liði og færist rekstur stofnunarinnar á þann fyrri og framlög til framkvæmda í vegamálum og viðhaldsverkefna á þann síðari. Framlag til rekstrar að frádregnum sértekjum er áætlað 3.146,6 m.kr. sem er 2.225,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist hækkunin annars vegar af því að millifærðar eru 2.042,3 m.kr. af viðhaldsviðfangsefni *5.05 Þjónusta* á nýtt viðfangsefni *1.07 Þjónusta* undir almennum rekstri. Hins vegar eru millifærðar 103,2 m.kr. af stofnkostnaðarviðfangsefni *6.40 Tilraunir* á almennt rekstrarviðfangsefni *1.21 Rannsóknir*. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds lækkar sem þessum millifærslum nemur frá fjárlögum 2003. Hagræn skipting áætlaðra útgjalda Vegagerðarinnar er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Skipting á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar



Heildargjöld Vegagerðarinnar eru 13.301,5 m.kr. en voru 12.821,8 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og hækka um 479,7 m.kr. Að teknu tilliti til fjáraukalaga vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum lækka útgjöldin um 2.520,3 m.kr. frá árinu 2003. Útgjöldin eru sýnd í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	497,4	444,1	451,5	1,7	-9,2
Umdæmi og rekstrardeildir	204,7	0,0	0,0	-	-
Þjónusta	2.228,5	2.242,3	2.042,3	-8,9	-8,4
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	515,5	344,9	413,9	20,0	-19,7
Styrkir til innanlandsflugs	118,1	132,4	135,7	2,5	14,9
Rannsóknir	111,7	103,2	103,2	0,0	-7,6
Viðhald	2.170,8	2.084,9	2.084,9	0,0	-4,0
Framkvæmdir	5.241,9	7.470,0	8.070,0	8,0	54,0
Samtals	**11.088,6**	**12.821,8**	**13.301,5**	**3,7**	**20,0**

Á yfirstjórn Vegagerðarinnar hækkar framlag um 11,8 m.kr. í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar en framlag lækkar á viðfangsefninu um 4,4 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum. Framlög til þjónustuverkefna stofnunarinnar lækka um 200 m.kr. frá fjárlögum 2003 vegna breytinga á forgangi verkefna ráðuneytisins. Styrkir til ferja og sérleyfishafa hækka samtals um 69 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 100 m.kr. vegna þjónustusamninga um sérleyfisakstur og fjölgunar ferða Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2003 er einnig lögð til 100 m.kr. hækkun á framlagi til styrkja til ferja og sérleyfishafa. Í öðru lagi lækka útgjöld um 31 m.kr. vegna hækkunar á afborgunum af lánum sem tekin voru til smíði á ferjum. Ríkissjóður annast greiðslu afborgana af ferjulánunum sem eru áætlaðar samtals 321 m.kr. á árinu 2004. Framlög til styrkja í innanlandsflugi hækka um 3,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Breyting er gerð á framsetningu fjárlaga þannig að á viðfangsefni *10-212-6.10 Framkvæmdir* eru millifærð framlög til eftirtalinna stofnkostnaðarviðfangsefna sem voru í fjárlögum 2003: *10-211-6.10 Nýframkvæmdir, 10-211-6.21 Landsvegir, 10-211-6.43 Safnvegir, 10-211-6.45 Styrkvegir* og *10-211-6.47 Reiðvegir.* Um nánari sundurliðun fjárveitinga til framkvæmda Vegagerðarinnar vísast til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Til framkvæmda er ráðgert að verja 8.070 m.kr. sem er 2.400 m.kr. lækkun frá árinu 2003, eða um 30%. Breytingin er af tvennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til nýframkvæmda lækki úr 3.000 m.kr. í 1.600 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar 11. febrúar 2003 um átak í atvinnumálum. Samkvæmt samþykktinni hækka framlög til vegamála um samtals 4.600 m.kr. á árunum 2003 og 2004. Þar af eru 3.000 m.kr. vegna framkvæmda á árinu 2003 í samræmi við fjáraukalög fyrir árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum sem afgreidd voru á Alþingi í mars 2003 en

1.600 m.kr. eru vegna framkvæmda á árinu 2004. Í öðru lagi er lagt til að dregið verði úr framkvæmdum um 1.000 m.kr. frá fyrri áformum til að mæta markmiðum um aðhald í útgjöldum í ríkisfjármálum. Samgönguráðherra mun gera nánari grein fyrir forgangsröðun vegaframkvæmda vegna þessara breytinga á samgönguáætluninni á Alþingi.

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 11.454 m.kr. Af mörkuðum tekjum eru greiddar í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðarganga og ferja, samtals 361 m.kr. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði 10.035,8 m.kr. Viðskiptahreyfing upp á 1.418,2 m.kr. myndast á markaðar tekjur þar sem endurgreitt er af fyrir fram veittum mörkuðum tekjum að frádregnum afborgunum lána. Sjá nánar yfirlit yfir stöðu markaðra tekna á séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu. Þessu til viðbótar er greitt sérstakt 1.600 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda til eflingar atvinnutækifæra og 1.530 m.kr. framlag til jarðganga sem er 330 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og loks 135,7 m.kr. framlag vegna innanlandsflugs. Fjármögnun flýtiátaksins 2003 og 2004 er að hluta með sölu á því sem eftir stóð af hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum ásamt hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum. Samtals nema beinar greiðslur úr ríkissjóði umfram markaðar tekjur 3.265,7 m.kr.

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands, 336 Hafnabótasjóður, sem er nýr liður í fjárlögum, og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Heildargjöld málefnaflokksins eru 1.746,7 m.kr. Breyting er gerð á framsetningu fjárlaga þannig að framlög til framkvæmda við hafnir, lendingarbætur og ferjubryggjur eru færð á nýja fjárlagaliðinn Hafnabótasjóður en voru í fjárlögum 2003 færð sem stofnkostnaðarviðfangsefni undir fjárlagalið 335 Siglingastofnun Íslands. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	1.565,5	1.704,9	633,7	-	-
Hafnabótasjóður	0,0	0,0	1.081,8	-	-
Rannsóknarnefnd sjóslysa	32,0	30,3	31,2	3,0	-2,5
Samtals	**1.597,5**	**1.735,2**	**1.746,7**	**0,7**	**9,3**

*335 **Siglingastofnun Íslands.*** Heildargjöld eru 663,7 m.kr. umfram sértekjur. Gert er ráð fyrir að 355,7 m.kr. renni til reksturs stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að 344,6 m.kr. Lagt er til að 15 m.kr. tímabundin fjárveiting, sem fékkst í fjárlögum 2002 og 2003 til vinnu við framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, verði framlengd um eitt ár. Einnig er lagt til að veitt verði 11 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna aukinna verkefna Siglingastofnunar sem til eru komin vegna nýrrar alþjóðlegrar siglingaverndaráætlunar sem tekur gildi hinn 1. júlí

2004. Framlag til stofnunarinnar lækkar um 7 m.kr. en samkvæmt kostnaðarmati með frumvarpi til laga um eftirlit með skipum er gert ráð fyrir að hægt sé að ná fram 10% hagræðingu í kostnaði við skoðun á skipum vegna færri skoðana. Loks er lagt til að greiðsla úr ríkissjóði hækki um 31,9 m.kr. vegna breytinga á sömu lögum. Samkvæmt lögunum rennur hluti skipagjalds nú í ríkissjóð sem áður rann til stofnunarinnar í formi markaðra tekna og hækkar greiðsla úr ríkissjóði því sem nemur lækkun teknanna. Á viðfangsefni *1.11 Rekstur strandarstöðva* er lagt til að framlag hækki um 14,5 m.kr. vegna samnings um rekstur strandarstöðva. Eldri samningur var endurnýjaður á árinu 2003 og hækkaði fjárhæð samningsins í 172,6 m.kr. Samsvarandi tillaga hefur verið gerð í frumvarpi til fjáraukalaga 2003. Eins og áður er getið er lagt til að af viðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* verði millifærðar 1.061 m.kr. á nýjan lið *10-336-6.70 Hafnamannvirki*. Af viðfangsefni *6.74 Lendingabætur* eru millifærðar 3,8 m.kr. á nýjan lið *10-336-6.74 Hafnabótasjóður* og af viðfangsefni *6.76 Ferjubryggjur* eru millifærðar 6,5 m.kr. á nýjan lið *10-336-6.76 Hafnabótasjóður*. Nánar er fjallað um breytingar á hafnaframkvæmdum undir þeim lið. Framlög á viðfangsefni *6.01 Tæki og búnaður*, *6.60 Vitabyggingar* og *6.80 Sjóvarnargarðar* breytast í samræmi við þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Loks er á viðfangsefni *6.90 Hafnabótasjóður, framlag* fellt niður 16,6 m.kr. framlag sem veitt er úr A-hluta í C-hluta fjárlaga til Hafnabótasjóðs þar sem sjóðurinn er lagður niður í C-hlutanum. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags, samtals 10,3 m.kr., auk lækkunar framlags um 5,3 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum.

Markaður tekjustofn Siglingastofnunar er vitagjald sem áætlað er að skili 103,5 m.kr. í tekjur á árinu 2004. Sjá nánar yfirlit yfir stöðu markaðra tekna á séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu.

336 ***Hafnabótasjóður.*** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003, er gert ráð fyrir að framkvæmdir ríkisins til hafnamála verði fjármagnaðar gegnum Hafnabótasjóð. Á rekstrarviðfangsefni sjóðsins er lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til almenns rekstrar. Reksturinn er fjármagnaður með því að sjóðurinn gengur á eigið fé og því myndast viðskiptahreyfing. Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.70 Hafnamannvirki* eru millifærðar 1.061 m.kr. af lið *10-335 Siglingastofnun* og lækkar framlagið um 5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Breytingarnar skýrast á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi lækkar samningsbundið framlag úr 98 m.kr. í 14 m.kr. á árinu 2004 vegna dýpkunar Seyðisfjarðarhafnar fyrir nýja Norrænu. Í öðru lagi er lagt til að framlag til framkvæmda við hafnir hækki um 298,4 m.kr. í samræmi við þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Á móti lækkar framlagið um 219,4 m.kr. vegna ákvæða í lögum um virðisaukaskattsskyldu hafna. Hafnir munu m.a. innheimta virðisaukaskatt af viðskiptavinum sínum við gerð reikn-

inga fyrir skipagjöld og vörugjöld og geta þær dregið innskattinn frá útskatti. Framlög til framkvæmda í höfnum lækka sem nemur innskattinum og því er lögð til þessi lækkun. Í þriðja lagi lækkar greiðsla úr ríkissjóði um 52,9 m.kr. vegna lægra uppgjörs til sveitarfélaga. Uppgjör samgönguáætlunar við sveitarfélög fyrir 2003 er 67,2 m.kr. en var 120,1 m.kr. í fjárlögum 2002. Loks er farið fram á heimild til að veita Ísafjarðarbæ styrk til að kaupa dráttarbát að fjárhæð 43,5 m.kr. sbr. heimild í 24. gr. í hafnalögum um slíkar styrkveitingar. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir styrkveitingunni og því er lögð til frestun á nokkrum framkvæmdum á árunum 2003–2006 að fjárhæð 43,5 m.kr. svo veita megi styrkinn. Framkvæmd sem lagt er til að verði frestað á árinu 2004 eru endurbætur á dráttarbraut, vagni og spili í Sundahöfn að fjárhæð 4,2 m.kr. Í greinargerð frumvarps til fjáraukalaga er fjallað um frestanir sem eru fyrirhugaðar vegna þessa á árinu 2003, samtals 16,8 m.kr. Gerð verður grein fyrir frestunum áranna 2005–2006, samtals 22,5 m.kr., við endurskoðun samgönguáætlunar fyrir árin 2005–2008 sem verður lögð fram haustið 2004. Hækkun á viðfangsefnum *6.74 Lendingabætur* og *6.76 Ferjubryggjur* skýrist af breytingum á þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Að síðustu hækkar greiðsla úr ríkissjóði um 213,2 m.kr. Samkvæmt nýjum hafnalögum eru tekjur af sérstöku vörugjaldi ekki lengur markaðar Siglingastofnun til greiðslu á hafnaframkvæmdum heldur renna þær í ríkissjóð. Greiðsla úr ríkissjóði hækkar því sem nemur lækkun markaðra tekna. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2003 er gert ráð fyrir að greiðsla hækki úr ríkissjóði um 106,6 m.kr. þar sem hafnalögin taka gildi 1. júlí 2003.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna flýtiframkvæmda en skuldin kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Nýframkvæmdir í höfnum	1.066,0	1.061,0	-0,5
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	120,1	67,2	-44,0
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**1.186,1**	**1.128,2**	**-44,5**

381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Framlag til nefndarinnar verður 31,2 m.kr. og hækkar um 0,9 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Rekstur Flugmálastjórnar, 472 Flugvellir, sem er nýr liður í fjárlögum, og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildargjöld eru áætluð 1.603,5 m.kr. og lækka um 224,2 m.kr. Skýrist það einkum af því að fram-

kvæmdum við Reykjavíkurflugvöll er lokið og lækkar stofnkostnaðarframlag til flugvalla um 251,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

471 ***Rekstur Flugmálastjórnar.*** Heildarframlag til rekstrar Flugmálastjórnar verður 1.042,6 m.kr. og hækkar um 30,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að gjöld vegna rekstrar Alþjóðaflugþjónustunnar lækki um 12,9 m.kr. og kemur sú lækkun fram á viðfangsefni *1.70 Alþjóðaflugþjónustan.* Gert er ráð fyrir að tekjur Flugmálastjórnar af yfirflugsgjöldum muni einnig lækka að sama skapi. Áætlað er að framlag Íslands vegna ákvæða um 5% kostnaðarhlutdeild í þjónustunni í samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina lækki um 4% milli ára eða um 2,9 m.kr. úr 97,5 m.kr. í 93,7 m.kr. og kemur sú lækkun fram á viðfangsefni *1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO.* Af viðfangsefni *6.41 Flugvellir, framkvæmdir* eru millifærðar 441,8 m.kr., annars vegar á *10-472-5.41 Flugvellir, viðhald,* samtals 155,1 m.kr., og hins vegar á *10-472-6.41 Flugvellir, framkvæmdir*, samtals 286,7 m.kr. Nánar er fjallað um fjárreiður þessara viðfangsefna undir umfjöllun um lið *10-472 Flugvellir.*

472 ***Flugvellir.*** Liðurinn er nýr í fjárlögum og er stofnkostnaður vegna framkvæmda og viðhalds flugvalla færður á þennan nýja fjárlagalið. Heildarframlög á liðinn eru 441,8 m.kr. sem er í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006. Framlagið er 251,3 m.kr. lægra en veitt er til stofnkostnaðar til framkvæmda við flugvelli í gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist af tvennu, annars vegar lækkar framlag um 187 m.kr. þar sem framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll er lokið og hins vegar er dregið úr skilum á mörkuðum tekjum um 64,3 m.kr. vegna endurgreiðslu á lánum sem tekin voru vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli. Heildarlántaka nam 622,1 m.kr., á verðlagi 2003, þar af voru 422,1 m.kr. vegna endurbóta á flugvellinum og 200 m.kr. vegna minni tekna af flugvallargjaldinu 2002 og 2003 en þau ár var greitt úr ríkissjóði til framkvæmda umfram flugvallargjald. Ráðgert er að endurgreiða lánið af mörkuðum tekjum á árunum 2004–2009. Endurgreiðslan kemur fram sem viðskiptahreyfing á tekjuhlið fjárlaga. Markaðar tekjur samgönguáætlunar, sem skilað er til gjaldahliðar fjárlaga, nema samtals 554,8 m.kr. að teknu tilliti til endurgreiðslu lánsins. Mismunurinn á útgjöldum til stofnkostnaðar á flugvöllum og áætluðum tekjum af flugvallargjaldinu rennur til rekstrar flugvalla á fjárlagalið *10-471 Rekstur Flugmálastjórnar*, samtals 113 m.kr.

481 ***Rannsóknarnefnd flugslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 25,4 m.kr. og hækkar um 0,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 209,3 m.kr. og hækka um 62,9 m.kr. frá fjárlögum 2003. Stofnunin er fjármögnuð af ríkistekjum sem hækka á móti auknum útgjöldum.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 245,9 m.kr. Á rekstrarviðfangsefni ráðsins er gert ráð fyrir að framlag lækki um 4,5 m.kr. Annars vegar eru 5 m.kr. millifærðar á lið *10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* sem mótframlag til verkefnis um endurnýjun á vef Ferðamálaráðs og hins vegar fellur niður 1 m.kr. tímabundið framlag frá fjárlögum 2003 til Gistiheimilisins Bása í Grímsey. Á viðfangsefninu *1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis* er lögð til 13 m.kr. hækkun vegna heilsársopnunar skrifstofu Ferðamálaráðs í Kaupmannahöfn. Í fjárlögum ársins 2003 er veitt 5 m.kr. framlag vegna opnunar skrifstofunnar undir lok árs 2003. Á viðfangsefni *1.11 Ferðamálasamtök landshluta* fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2003 til að efla upplýsingagjöf á landsbyggðinni. Alls nemur hækkun á liðnum 4,1 m.kr. að launa- og verðlagsbreytingum meðtöldum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	722,9	738,2	783,9	6	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.053,0	2.372,6	2.571,3	8	25
Stofnkostnaður og viðhald	115,1	94,3	87,2	-8	-24
Samtals	**2.891,0**	**3.205,1**	**3.442,4**	**7**	**19**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.851,9	3.095,9	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	353,2	346,5	-2	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**3.205,1**	**3.442,4**	**7**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 3.945 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 503 m.kr. en þær nema 13% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.442 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.096 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 347 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 784 m.kr. og hækka um 46 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 20 m.kr. millifærslu af tilfærsluframlagi átaks til atvinnusköpunar á rekstrarviðfang Iðntæknistofnunar Íslands og 9,5 m.kr. hækkun á framlagi til Orkustofnunar vegna flutnings eftirlits með raforkulögum frá Löggildingarstofu viðskiptaráðuneytisins til iðnaðarráðuneytisins.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 199 m.kr. og verður 2.571 m.kr. en er 2.373 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Þyngst vegur framlag til Tækniþróunarsjóðs. Í fjáraukalögum árið 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum var samþykkt 700 m.kr. fjárveiting til Byggðastofnunar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 87 m.kr. og er það 7 m.kr. lækkun milli ára. Breytingin skýrist af því að fellt er niður 4 m.kr. framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins og framlag er lækkað um 3 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur um 8 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	246	248	250	252
Iðnaðarmál	923	1.063	1.189	1.235
Orkumál	1.689	1.696	1.502	1.476
Byggðamál	584	614	645	677
Samtals	**3.442**	**3.621**	**3.586**	**3.640**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2003, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld til iðnaðarmála vaxi að jafnaði um 13% milli áranna 2004 og 2006 og vaxi um 4% milli 2005 og 2006 vegna aukinna framlaga í Tækniþróunarsjóð. Framlög til til orkumála lækka um 11% á árinu 2006 sem skýrist af því að þá verður að mestu lokið rannsóknum á landgrunninum sem hafa staðið yfir frá árinu 2002.

Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur gert einn samning um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 5 m.kr. á yfirstandandi ári. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í samningnum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Hestamiðstöð Íslands	B	5,0	5,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**5,0**	**5,0**	**0,0**	**0,0**	**0,0**

Samningurinn er samstarfssamningur þriggja ráðuneyta, byggðamála, ferðamála og landbúnaðarmála, sem leggja alls 25 m.kr. til verkefnisins út árið 2004.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofa; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	95,3	111,3	123,5	11,0	29,6
Einkaleyfastofan	106,4	118,5	104,7	-11,6	-1,6
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	14,0	10,0	-28,6	-
Samtals	**201,7**	**251,8**	**246,2**	**-2,2**	**22,1**

Heildarfjárveiting málefnaflokksins lækkar um 11,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 123,5 m.kr og hækka um 12,2 m.kr. frá fjárlögum 2003. Á móti lækkun vegna aðhalds í ríkisútgjöldum og launa- og verðlagsbreytinga kemur hækkun á framlagi til aðalskrifstofunnar vegna 8 m.kr. millifærslu af fjárlagalið *11-299-1.48 Átak til atvinnusköpunar* vegna aukinna verkefna samfara nýjum lögum um vísinda- og tækniráð.

102 Einkaleyfastofa. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af gjöldum fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 13,8 m.kr. miðað við áætlun frá fyrra ári og verði 104,7 m.kr. Útgjaldaheimild stofnunarinnar lækkar að sama skapi um 13,8 m.kr. milli ára.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa undir kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Nefndin ráðstafaði að þessu sinni 94 m.kr. sérstöku framlagi. Koma 5 m.kr. í hlut verkefna iðnaðarráðuneytisins sem er lækkun um 2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til viðbótar kemur 5 m.kr. mótframlag frá lið *11-301-1.03 Orkustofnun* og eru því 10 m.kr til ráðstöfunar til að veita aðgang að vef Orkustofnunar um orkulindir og náttúrufar.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður sem er nýr liður í fjárlögum; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	144,3	146,4	172,9	18,1	19,8
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	90,6	87,5	89,4	2,2	-1,3
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	15,6	14,4	14,6	1,4	-6,4
Tækniþróunarsjóður	0,0	0,0	200,0	-	-
Samtök iðnaðarins	197,8	203,0	207,1	2,0	4,7
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	82,0	75,0	75,0	0,0	-8,5
Iðja og iðnaður, framlög	201,2	187,9	163,8	-12,8	-18,6
Samtals	**731,5**	**714,2**	**922,8**	**29,2**	**26,2**

Útgjöld til málefnaflokksins eru áætluð 922,8 m.kr. og er það 208,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Helsta breytingin á milli ára skýrist af 200 m.kr. framlagi á nýjum fjárlagalið Tækniþróunarsjóðs.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Framlag til þessa liðar hækkar um 26,5 m.kr. og verður 172,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 20 m.kr. af fjárlagalið *11-299-1.48 Átak til atvinnusköpunar* vegna Impru, frumkvöðlaseturs, en hlutverk Impru var aukið í kjölfar nýrra laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Impra þjónar nú öllum atvinnugreinum en sinnti áður einungis iðngreinum. Í öðru lagi er millifært 3 m.kr. mótframlag sem veitt var í fjárlögum 2003 af lið *11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis á vegum frumkvöðlaseturs Impru. Aðrar breytingar á liðnum eru vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda eða launa- og verðlagsbreytinga.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Heildargjöld eru áætluð 89,4 m.kr. og hækka um 1,9 m.kr. Á rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar hækkar fjárheimild um 35 m.kr. á móti auknum sértekjum. Aðrar breytingar á liðum eru vegna markmiðs um lækkun ríkisútgjalda og launa- og verðlagsbreytinga.

242 Tækniþróunarsjóður. Framlag á þennan nýja lið fjárlaga er áætlað 200 m.kr. á fyrsta starfsári sjóðsins. Áætlað er að framlög til sjóðsins muni vaxa á næstu fjórum árum og verði orðin 500 m.kr. á árinu 2007. Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn

mun í meginatriðum starfa sem samkeppnissjóður þar sem fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og háskólar hafa tök á að fjármagna verkefni sem efla tækniþróun og nýsköpun.

245 ***Samtök iðnaðarins.*** Áætlað er að iðnaðarmálagjald skili samtökunum 207,1 m.kr. fyrir árið 2004 sem er 4,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

299 ***Iðja og iðnaður, framlög.*** Framlög á þennan lið nema alls 163,8 m.kr. sem er 24,1 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2003. Á nýtt viðfangsefni *1.10 Fastanefndir* er lagt til að millifærðar verði samtals 7 m.kr. Annars vegar er um að ræða 5 m.kr. af viðfangsefni *1.50 Nýsköpun og markaðsmál* og hins vegar 2 m.kr. af viðfangsefni *1.48 Átak til atvinnusköpunar.* Á viðfangsefnið er lagt til að sameinuð verði framlög vegna ýmissa nefnda ráðuneytisins svo sem áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda svo og annarra tímabundinna nefnda á vegum ráðuneytisins. Á viðfangsefni *1.19 Staðlaráð* hækkar framlag um 3 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af tryggingagjaldi og launa- og verðlagsbreytinga. Á viðfangsefni *1.48 Átak til atvinnusköpunar* lækkar framlag um 30 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 20 m.kr. verði millifærðar á lið *11-201 Iðntæknistofnun* vegna Impru. Í öðru lagi er lagt til að 8 m.kr. verði millifærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna aukinna verkefna í kjölfar laga nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð, og í þriðja lagi er lagt til að 2 m.kr. verði millifærðar á nýtt viðfangsefni *1.10 Fastanefndir.* Loks er lagt til að af viðfangsefni *1.50 Nýsköpun og markaðsmál* verði millifærðar 5 m.kr. á viðfangsefni *1.10 Fastanefndir.* Aðrar breytingar á einstökum viðfangsefnum liðarins má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjórir fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun og 399 Ýmis orkumál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 20,7 m.kr. og eru áætluð 1.689,1 m.kr. á árinu 2004.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	192,3	272,3	285,5	4,8	48,5
Orkusjóður	83,3	82,8	82,8	0,0	-0,6
Niðurgreiðslur á húshitun	0,0	847,0	868,0	2,5	-
Ýmis orkumál	1.142,6	466,3	452,8	-2,9	-60,4
Samtals	**1.418,2**	**1.668,4**	**1.689,1**	**1,2**	**19,1**

301 ***Orkustofnun.*** Áætluð framlög til stofnunarinnar hækka um 13,2 m.kr. og verða 285,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 9,5 m.kr. verði millifærðar frá viðskiptaráðuneytinu af fjárlagalið *12-302 Löggildingarstofa* þar sem eftirlit vegna raforkulaga var flutt frá

Löggildingarstofu til Orkustofnunar. Í öðru lagi er millifært 4 m.kr. tímabundið mótframlag af lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis um gagnagrunn um orkulindir á Íslandi. Í þriðja lagi eru síðan millifærðar 5 m.kr. á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna nýs verkefnis um aðgang að vef stofnunarinnar um orkulindir og náttúrufar. Í fjórða lagi er lagt til að af viðfangsefni *1.04 Sala orkurannsókna* falli niður 212,4 m.kr. og fjárveiting flytjist í B-hluta fjárlaga þar sem til verður stofnunin Íslenskar orkurannsóknir. Tillagan er í samræmi við breytingu sem var gerð á íslenskum orkurannsóknum með breytingu á lögum nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir, og breytingu á lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, og tóku gildi 1. *júlí* 2003. Af því leiðir að 212,4 m.kr. af áætluðum kostnaði í fjárlögum vegna orkurannsókna flytjast í B-hluta fjárlaga og sértekjur Orkustofnunar lækka um sömu fjárhæð. Loks er stofnuninni gert að lækka útgjöld um 2,6 m.kr. vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

373 ***Niðurgreiðsla á húshitun.*** Framlag á þennan lið er áætlað 868 m.kr. og hækkar um 21 m.kr. frá gildandi fjárlögum, sem skýrist af launa- og verðlagsbreytingum. Samkvæmt lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er heimilt að niðurgreiða orkukostnað hjá þeim sem nýta rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis. Einnig er heimilt að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun. Þá er heimilt að veita stofnstyrki til hitaveitna í einkaeigu sem og hitaveitna á vegum sveitarfélaga. Orkustofnun annast framkvæmd og eftirlit með niðurgreiðslunum.

399 ***Ýmis orkumál.*** Heildarframlög á þennan fjárlagalið lækka um 13,5 m.kr. og eru áætluð 452,8 m.kr. Í fyrsta lagi lækkar framlag vegna landgrunnsrannsókna á viðfangsefni *1.13 Hafsbotnsrannsóknir* um 13 m.kr. samkvæmt áætlun. Framlagið mun því nema 276,4 m.kr. á árinu 2004. Í öðru lagi lækkar framlag á viðfangsefni *1.21 Nýskipan orkumála* um 0,5 m.kr. en samkvæmt kostnaðarmati á raforkulögum lækkar kostnaður við úrskurðarnefnd raforkumála frá og með árinu 2004.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 584,3 m.kr. og hækka um 13,6 m.kr. frá fjárlögum 2003. Þar af er 15,4 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga og 1,8 m.kr. lækkun á lið Byggðastofnunar vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Á fjáraukalögum 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum var samþykkt 700 m.kr. fjárveiting til Byggðastofnunar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	45,8	285,1	292,2	2,5	538,0
Byggðastofnun	281,9	285,6	292,1	2,3	3,6
Samtals	**327,7**	**570,7**	**584,3**	**2,4**	**78,3**

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	742,2	760,6	781,3	3	5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	722,4	681,4	681,7	0	-6
Stofnkostnaður og viðhald	3,7	4,2	3,8	-10	3
Samtals	**1.468,3**	**1.446,2**	**1.466,8**	**1**	**0**
Greitt úr ríkissjóði	-	361,7	360,6	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.084,5	1.106,2	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**1.446,2**	**1.466,8**	**1**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 1.477 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.467 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 361 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.106 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 781 m.kr. og hækka um 21 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 20 m.kr. hækkun á rekstri Fjármálaeftirlitsins á móti jafnháum tekjum af eftirlitsgjaldi sem stofnunin er fjármögnuð af.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar verður 682 m.kr. en er 681 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Hækkunin er vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður um 4 m.kr. Lækkunin er vegna markmiðs um aðhald í ríkisútgjöldum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 3 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með rekstrarkostnaði í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	156	157	158	159
Viðskiptamál	665	671	671	677
Flutningsjöfnun	646	646	646	646
Samtals	**1.467**	**1.474**	**1.475**	**1.482**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og stuðst er við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti 10 m.kr. á yfirstandandi ári, vegna aukinna tímabundinna verkefna á árinu. Að jafnaði hafa greiðslur til samtakanna numið 8,5 m.kr. og er búist við að svo verði áfram miðað við forsendur sem kveðið er á um í samningum. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	10,0	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**10,0**	**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 5,8 m.kr. sem skýrist af launa- og verðlagsbreytingum auk lækkunar vegna aðhalds í rekstri stjórnsýslustofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	119,3	110,4	115,8	4,9	-2,9
Ýmis verkefni	30,6	36,9	37,3	1,1	21,9
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**149,9**	**150,3**	**156,1**	**3,9**	**4,1**

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa, 402 Fjármálaeftirlitið, 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 14,8 m.kr. og eru áætluð 664,7 m.kr. á árinu 2004. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	260,5	212,5	195,6	-8,0	-24,9
Fjármálaeftirlitið	217,7	268,6	297,0	10,6	36,4
Samkeppnisstofnun	136,8	154,0	157,3	2,1	15,0
Ýmis viðskiptamál	14,8	14,8	14,8	0,0	0,0
Samtals	**629,8**	**649,9**	**664,7**	**2,3**	**5,5**

302 Löggildingarstofa. Framlag til stofnunarinnar lækkar um 16,9 m.kr. Í fyrsta lagi er millifært 9,5 m.kr. framlag á lið iðnaðarráðuneytisins *11-301 Orkustofnun* þar sem eftirlit vegna raforkulaga var flutt frá Löggildingarstofu til Orkustofnunar. Í öðru lagi er fellt niður 1 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2003 vegna faggildingar eðalmálma. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af gjaldi vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana gerir ráð fyrir 7 m.kr. lægri tekjum og er útgjaldaheimild stofnunarinnar því lækkuð sem því nemur. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga auk lækkunar vegna markmiða um aðhald í ríkisútgjöldum.

402 Fjármálaeftirlitið. Endurskoðuð áætlun um tekjur og gjöld gera ráð fyrir 297 m.kr. útgjöldum sem eru fjármögnuð með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi til stofnunarinnar. Það er 28,4 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 811 Flutningssjóður olíuvara og 821 Flutningssjóður sements. Gjöld til málefnaflokksins eru óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	540,5	481,0	481,0	0,0	-11,0
Flutningssjóður sements	148,1	165,0	165,0	0,0	11,4
Samtals	**688,6**	**646,0**	**646,0**	**0,0**	**-6,2**

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	452,7	506,8	497,5	-2	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,1	3,8	3,8	0	3700
Stofnkostnaður og viðhald	47,3	28,6	12,2	-57	-74
Samtals	**500,1**	**539,2**	**513,5**	**-5**	**3**
Greitt úr ríkissjóði	-	422,3	429,6	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	116,9	83,9	-28	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**539,2**	**513,5**	**-5**	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2004 eru áætluð um 524 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 11 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 514 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 430 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 84 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Hagstofunnar lækki um 25,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Munar þar mest um að 48 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna flutnings fyrirtækjaskrár frá Hagstofunni til embættis ríkisskattstjóra fyrr á þessu ári. Starfsemi þjóðskrár var á árinu flutt úr húsnæði fasteigna Stjórnarráðsins við Skuggasund í leiguhúsnæði við Borgartún 24. Lagt er til að veitt verði 15,8 m.kr. fjárveiting vegna húsaleigu og annars húsnæðiskostnaðar þjóðskrárinnar í hinu nýja húsnæði en niður fellur 6,2 m.kr. fjárveiting vegna húsnæðiskostnaðar þjóðskrár sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003. Þess má geta að í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er auk þess sótt um 13,6 m.kr. fjárveitingu vegna húsnæðiskostnaðar þjóðskrár í hinu nýja húsnæði á árinu 2003 og 18 m.kr. vegna kostnaðar við standsetningu húsnæðisins og flutning starfseminnar þangað. Einnig er lögð til 4,6 m.kr. fjárveiting vegna aukins húsnæðiskostnaðar í Borgartúni 21a vegna viðbótarrýmis sem Hagstofan tók þar á leigu um síðustu áramót. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er sótt um jafnháa fjárveitingu vegna þessa árs. Aðrar breytingar eru þær að lagt er til að Hagstofan fái varanlega fjárveitingu til að annast hagskýrslugerð um þróun upplýsingasamfélagsins og hagnýtingu almennings á nýrri upplýsingatækni og að í því skyni verði 8 m.kr. millifærðar af fjárlagalið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* yfir til aðalskrifstofu Hagstofunnar. Niður fellur 3,5 m.kr. sérstakt framlag sem veitt var að tillögu verkefnisstjórnar á lið upplýsingasamfélagsins á fjárlögum 2003 og jafnhátt mótframlag Hagstofunnar er bakfært

til aðalskrifstofu og því er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir fjárveitingu á lið upplýsingasamfélagsins hjá Hagstofu Íslands. Að öðru leyti skýrast breytingar af 16,6 m.kr. hækkun rekstrarfjárveitinga vegna launa- og verðlagsbóta ásamt því að gert er ráð fyrir 3,6 m.kr. lækkun rekstrarfjárveitinga til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana og 1,4 m.kr. lækkun stofnkostnaðarfjárveitinga til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Hagstofa Íslands	514	519	524	529
Samtals	**514**	**519**	**524**	**529**

Gert er ráð fyrir því að útgjöld Hagstofu Íslands aukist um 1% að raungildi á ári.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.845,4	1.743,5	1.843,9	6	0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.007,1	1.019,2	1.928,8	89	92
Stofnkostnaður og viðhald	616,4	510,0	376,4	-26	-39
Samtals	**3.468,9**	**3.272,7**	**4.149,1**	**27**	**20**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.072,4	2.103,4	1	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.200,3	2.519,7	110	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-474,0	-	-
Samtals	-	**3.272,7**	**4.149,1**	**27**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2004 eru áætluð 4.576 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 427 m.kr. en þær nema 9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.149 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.103 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.520 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 474 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.844 m.kr. og hækka um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 62 m.kr. framlag til reksturs Úrvinnslusjóðs til viðbótar framlagi gildandi fjárlaga til reksturs Spilliefnasjóðs og 13 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins.


Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 910 m.kr. og verður 1.929 m.kr. en er 1.019 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Þyngst vegur 805 m.kr. framlag til Úrvinnslusjóðs til viðbótar framlagi gildandi fjárlaga til Spilliefnasjóðs og 104 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 376 m.kr. og er það 134 m.kr. lækkun milli ára. Þar munar mest um 130 m.kr. lækkun fjárveitingar til ofanflóðasjóðs.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði og aðhaldi í stofnkostnaði sem alls nemur 147 m.kr. Nánar er vikið að aðhaldsáformum í rekstrar- og stofnkostnaði og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2004 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2004 til 2007. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Ráðuneyti	409	402	405	408
Umhverfisvernd	2.484	2.487	2.490	2.313
Skipulagsmál	591	559	564	569
Rannsóknir	666	662	668	674
Samtals	**4.150**	**4.110**	**4.127**	**3.964**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér má þó geta þess að áætluð lækkun útgjalda á milli áranna 2006 og 2007 í málaflokknum *Umhverfisvernd* skýrist af því að samkvæmt gildandi lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum lýkur fjárhagslegum stuðningi ríkisins við framkvæmdirnar í árslok 2006. Eins má hér nefna tímabundnar fjárveitingar sem gert er ráð fyrir í spánni að falli niður á árinu 2005 en þær eru 10 m.kr. framlag til skrifstofu um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum (CAFF), 19 m.kr. stofnkostnaðarfjárveiting til Umhverfisstofnunar, 30 m.kr. framlag til Landmælinga Íslands vegna stafrænnar kortagerðar, 10 m.kr. fjárveiting til Brunamálastofnunar ríkisins vegna fjárstuðnings við brunavarnir sveitarfélaga og 9,5 m.kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands til gerðar jarðfræðikorta og til að skilgreina og flokka helstu vistgerðir og jarðmyndanir á Íslandi.

Helsta breytingin, sem orðið hefur á langtímahorfunum frá því sem kynnt var í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003, felst í upptöku úrvinnslugjalds og því að nú er áætlað fyrir útgjöldum Úrvinnslusjóðs.

Skuldbindandi samningar


Umhverfisráðuneytið hefur gert samning við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar um loftgæðamælingar í þéttbýli og áætlað er að samningsfjárhæðin nemi 8,7 m.kr. á yfirstandandi ári. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2004 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef forsendur taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2003	2004	2005	2006	2007
Heilbrigðiseftirlit Rvk.borgar, mengunarmæl.	C	8,7	8,7	0,0	0,0	0,0
Samtals		**8,7**	**8,7**	**0,0**	**0,0**	**0,0**

Samningurinn rennur út í árslok 2004 en gera má ráð fyrir að hann verði endurnýjaður þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 9 m.kr. bundnar árlega vegna framangreinds verkefnis.

Verkefni og árangursmælingar - Náttúruvernd


Tilgangur verkefna á sviði náttúruverndar er að vernda það sem sérstakt er í íslenskri náttúru - lífríki, jarðfræði, landslag og jafnvel menningarminjar - og tryggja að náttúran fái að þróast án þess að verða fyrir óbætanlegri röskun af völdum mannsins. Umhverfisstofnun hefur með höndum stjórnsýslu málaflokksins og ýmsa framkvæmd eftir skipulagsbreytingar í ársbyrjun 2003 en Náttúruvernd ríkisins fram að þeim tíma. Eftirfarandi mynd sýnir útgjöld ríkisins vegna þessara verkefna á sviði ráðuneytisins á áætluðu verðlagi ársins 2004.



Ekki hafa verið þróaðir heildstæðir tölulegir mælikvarðar sem nota má til að meta hversu miklu útgjöld og verkefni ríkisins á sviði náttúruverndar hafa skilað þjóðinni og náttúrunni sjálfri. Vísbendingar um árangur, afrakstur og þjónustu á afmörkuðum sviðum


eru þó til. Sem vísbendingu um umfang náttúruverndar má líta á fjölda og stærð friðlýstra svæða. Næstu tvö gröf gefa mynd af stöðu þessara mála á Íslandi. Myndin hér fyrir neðan sýnir fjölda og tegund friðlýstra svæða einstök ár á tímabilinu 1980 til 2002.

Fjöldi og tegund friðlýstra svæða




Myndin hér fyrir neðan sýnir heildarflatarmál friðlýstra svæða einstök ár frá 1930 er lög um friðun Þingvalla tóku gildi og fram til ársins 2002. Tölurnar fyrir ofan súlurnar sýna hlutfall þessara svæða af heildarflatarmáli Íslands en hafa þarf í huga að hlutfallstölurnar fylgja ekki alveg heildarflatarmáli svæðanna þar sem friðlýsing Breiðafjarðar tekur einkum til hafsvæða.

Flatarmál friðlýstra svæða og hlutfall þeirra af flatarmáli Íslands



Annar mælikvarði á starfið er fjöldi landvörsluvikna en landvarsla felst í eftirliti og fræðslu á friðlýstum svæðum og í þjóðgörðum. Eftirfarandi mynd sýnir þróunina í ár og síðustu sex árin. Eins og myndir sýnir hefur landvörsluvikum fjölgað að meðaltali um 8% á ári eða alls 49% á tímabilinu þó að innan þess séu sveiflur.



Unnið er að náttúruverndaráætlun til fimm ára sem áformað er að leggja fram og kynna á Alþingi á komandi vetri.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	218,0	201,8	234,2	16,1	7,4
Ýmis verkefni	164,4	162,8	149,5	-8,2	-9,1
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	15,0	20,0	33,3	-
Samtals	**382,4**	**384,6**	**408,7**	**6,3**	**6,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 14,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu hækki um 12,5 m.kr. í kjölfar stofnunar nýrrar skrifstofu í ráðuneytinu og að 13,5 m.kr. verði millifærðar til aðalskrifstofu ráðuneytisins af fjárlagaliðnum Ýmis verkefni.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlög til skrifstofunnar eru áætluð 234,2 m.kr. og hækka um 32,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru 13,5 m.kr. millifærðar af lið *190 Ýmis verkefni* vegna verkefna sem unnin eru á aðalskrifstofu ráðuneytisins, þar af 7 m.kr. af viðfangi *1.23 Ýmis umhverfisverkefni*, m.a. vegna framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun og 6,5 m.kr. af viðfangi *1.40 Alþjóðastofnanir* vegna alþjóðlegs samstarfs sem unnið er í tengslum við alþjóðastofnanir og kostnaður því tengdur er gjaldfærður á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. fjárveitingu til að efla vinnu við lögfræði- og upplýsingamál ráðuneytisins ásamt kostnaði við þýðingar á EES-reglugerðum og tilskipunum og vinnu við ný og aukin verkefni, s.s. framkvæmdaáætlun um líffræðilega fjölbreytni, brunamál o.fl. Stofnuð hefur verið ný skrifstofa í ráðuneytinu, skrifstofa laga- og upplýsingamála. Með stofnun skrifstofunnar verður aukin áhersla lögð á lögfræði- og upplýsingamál innan ráðuneytisins og innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu og aukna skilvirkni. Aðrar breytingar á fjárveitingum skýrast af 8,8 m.kr. launa- og verðlagsbótum ásamt því að gerð er 2,4 m.kr. hagræðingarkrafa til skrifstofunnar til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum og rekstri stjórnsýslustofnana.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði 149,5 m.kr. og lækki um 13,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum og munar þar mest um 13,5 m.kr. lækkun vegna millifærslu fjárveitinga til aðalskrifstofu eins og áður hefur komið fram. Á viðfangi *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2000 til nefndar um svæðisskipulag miðhálendis. Á viðfangi *1.43 Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi*, sem er nýtt viðfang, er tillaga um að veitt verði 1,7 m.kr. tímabundið framlag í 4 ár til stuðnings við rússnesku framkvæmdaáætlunina (Russian NPA-Arctic) um verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá landi, sbr. ríkisstjórnarsamþykkt frá 20. febrúar 2003. Framlagið miðast við að Ísland leggi 20.000 dollara á ári í 5 ár til áætlunarinnar. Framlag ársins 2003 er greitt af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Vegna breytts umfangs í rekstri er lagt til að innan liðarins millifærist 1,5 m.kr. fjárveiting af viðfangi *1.41 Skrifstofa um vernd gróðurs- og dýraríkis á norðlægum slóðum* yfir á viðfang *1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins*. Aðrar breytingar á fjárveitingum skýrast af launa- og verðlagsbótum sem eru 0,5 m.kr. alls. Neðangreind tafla gefur yfirlit yfir gjöld og framlög til liðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	20,8	7,9	8,1	2,5	-61,1
Samvinnunefnd um miðhálendið	6,0	8,1	8,4	3,7	40,0
Ýmis umhverfisverkefni	27,7	28,2	19,5	-30,9	-29,6
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	16,5	13,0	13,1	0,8	-20,6
Umhverfisvöktun	25,4	28,0	28,0	0,0	10,2
Alþjóðastofnanir	15,4	22,5	14,5	-35,6	-5,8
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	13,1	12,5	11,5	-8,0	-12,2
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	6,4	6,5	8,1	24,6	26,6
Vernd hafsv. norðurs gegn mengun frá Rússlandi	0,0	0,0	1,5	-	-
Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	2,1	3,0	3,0	0,0	42,9
Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,1	1,1	1,1	0,0	1.000,0
Vernd Breiðafjarðar	3,3	6,7	6,9	3,0	109,1
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	0,1	0,0	0,0	-	-100,0
Náttúruverndarráð	2,3	0,0	0,0	-	-100,0
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	18,6	14,8	15,3	3,4	-17,7
Ýmis verkefni	6,6	10,5	10,5	0,0	59,1
Samtals	**164,4**	**162,8**	**149,5**	**-8,2**	**-9,1**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins sem forsætisráðuneytið hefur samþykkt að tillögu samráðsnefndar ráðuneyta. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau séu fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu samkvæmt tillögu samráðsnefndarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Að þessu sinni leggur nefndin til að veitt verði 94 m.kr. ný framlög og koma 10 m.kr. í hlut verkefna umhverfisráðuneytisins sem er hækkun um 2,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til viðbótar kemur 7,5 m.kr. mótframlag frá fjárlagaliðum ráðuneytisins, þar af 5 m.kr. frá Veðurstofu Íslands og 2,5 m.kr. frá Umhverfisstofnun, og auk þess kemur 2,5 m.kr. mótframlag frá menntamálaráðuneytinu af fjárlagalið *725 Námsgagnastofnun* og samtals eru því 20 m.kr til ráðstöfunar. Þessum fjármunum skal varið til tveggja verkefna, annars vegar 10 m.kr. í bráðaviðvörunarkerfi vegna jarðskjálfta, eldgosa og annarra náttúruhamfara og hins vegar 10 m.kr. í umhverfisfræðsluvef fyrir börn og unglinga.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	10,3	6,8	7,0	2,9	-32,0
Umhverfisstofnun	493,5	529,3	527,0	-0,4	6,8
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	25,0	0,0	0,0	-	-100,0
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	261,6	220,0	220,0	0,0	-15,9
Úrvinnslusjóður	158,0	162,8	1.030,0	532,7	551,9
Endurvinnslan hf.	643,9	596,0	700,0	17,4	8,7
Samtals	**1.592,3**	**1.514,9**	**2.484,0**	**64,0**	**56,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 954,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Stærsta breytingin er sú að nú er í fyrsta sinn í fjárlagafrumvarpi áætlað fyrir starfsemi Úrvinnslusjóðs, nýrrar stofnunar sem sett hefur verið á fót samkvæmt lögum um úrvinnslugjald. Umfang Úrvinnslusjóðs er áætlað 1.030 m.kr. og er gert ráð fyrir því að það sé að öllu leyti fjármagnað með tekjum af úrvinnslugjaldi. Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður tóku formlega til starfa á árinu 2003. Til skýringa við ofangreinda töflu skal þess getið að reikningstala Umhverfisstofnunar í töflunni er summa reikningstalna þeirra stofnana sem sameinuðust við stofnun Umhverfisstofnunar, þ.e. Náttúruverndar ríkisins, Veiðistjóra, Hreindýraráðs og Hollustuverndar ríkisins. Reikningstala og fjárlagatala Úrvinnslusjóðs í töflunni er reiknings- og fjárlagatala Spilliefnasjóðs. Spilliefnasjóður var lagður niður og sameinaður Úrvinnslusjóði við stofnun hins síðarnefnda 1. janúar 2003.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Framlag til stöðvarinnar er áætlað 7 m.kr. og hækkar um 0,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

*211 **Umhverfisstofnun.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Umhverfisstofnunar verði 527 m.kr. og lækki um 2,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Niður fellur 9 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutning í nýtt húsnæði. Lögð er til 3,5 m.kr. fjárveiting til leigu á húsnæði og reksturs gestastofu að Hellnum í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Að öðru leyti skýrast breytingar af 2,5 m.kr. mótframlagi sem veitt er til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins, lækkun rekstrarfjárveitingar um 4,6 m.kr. til að mæta kröfum um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana, lækkun stofnkostnaðarfjárveitingar um 3,7 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum, og 14 m.kr. hækkun rekstrarfjárveitinga vegna launa- og verðlagshækkana, þar af 13,3 m.kr. á viðfang *1.01* og 0,7 m.kr. á viðfang *1.11*.

*281 **Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 220 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það óbreytt fjárveiting frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 20 m.kr. vegna fjórðu endurgreiðslu af fimm á 100 m.kr. skerðingu fjárveitingar í fjárlögum ársins 2000.

*287 **Úrvinnslusjóður.*** Úrvinnslusjóður er nýr fjárlagaliður. Stofnunin var sett á fót fyrr á þessu ári samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, og fer með framkvæmd laganna en markmið þeirra er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Miðað er við að útgjöld Úrvinnslusjóðs séu að öllu leyti fjármögnuð með tekjum af sérstöku gjaldi, úrvinnslugjaldi, sem lagt er á tiltekna vöruflokka, aðallega bifreiðar, hjólbarða, ýmiss konar umbúðir og spilliefni. Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið af kostnaði við úrvinnslu úrgangs, þ.m.t. rekstri Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslusjóður yfirtók starfsemi spilliefnanefndar í upphafi árs 2003 og samkvæmt lögunum skal stofnunin yfirtaka starfsemi Endurvinnslunnar hf. ekki seinna en 1. janúar 2008. Áætlað er að á árinu 2004 verði tekjur af úrvinnslugjaldi 1.030 m.kr., að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi sem rennur til ríkissjóðs. Áætlað er að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði 73 m.kr. og kostnaður við úrvinnslu úrgangs verði 957 m.kr. Í fjárlögum 2003 er ekki áætlað fyrir starfsemi Úrvinnslusjóðs því að lög um úrvinnslugjald voru samþykkt eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt á Alþingi. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er sótt um heimild til að ráðstafa 512,8 m.kr. áætluðum tekjum ársins af úrvinnslugjaldi til Úrvinnslusjóðs.

*289 **Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjavöruumbúðir. Áætlað er að tekjurnar verði 700 m.kr. og er það 104 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Í árslok 2002 nam eignarhluti ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf. 17,8%.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	119,4	123,3	126,2	2,4	5,7
Skipulagsmál sveitarfélaga	117,3	82,0	82,0	0,0	-30,1
Landmælingar Íslands	199,1	187,4	196,5	4,9	-1,3
Brunamálastofnun ríkisins	119,0	113,3	117,2	3,4	-1,5
Ofanflóðasjóður	249,4	198,4	68,7	-65,4	-72,5
Samtals	**804,2**	**704,4**	**590,6**	**-16,2**	**-26,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 127 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er sú að til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir verulegri lækkun fjárveitingar til ofanflóðasjóðs en að á móti verði sjóðnum heimilað að ráðstafa ónotuðum afgangsheimildum fyrri ára.

301 ***Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 126,2 m.kr. og hækki um 2,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlög hækka um 4,1 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga en á móti kemur 1,2 m.kr. lækkun til að mæta markmiði um aðhald í rekstri stjórnsýslustofnana.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er áætlað fyrir 82 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af hlut ríkisins í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Fjárveitingin er óbreytt frá gildandi fjárlögum og er að öllu leyti fjármögnuð með tekjum af skipulagsgjaldi.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 196,5 m.kr. og hækki um 9,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 5,6 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af því að skilað er til stofnunarinnar 4 m.kr. mótframlagi sem hún lagði til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins á fjárlögum 2003 og til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum er framlag til stofnkostnaðar lækkað um 0,5 m.kr.

321 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 117,2 m.kr. og hækki um 3,9 m.kr. frá fjárlögum ársins í ár en þar af eru launa- og verðlagsbætur 3,2 m.kr. Lögð er til 4 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna hærri húsnæðiskostnaðar en stofnunin flutti í nýtt húsnæði fyrr á þessu ári. Niður fellur 3 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið vegna kostnaðar við flutning stofnunarinnar. Til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum lækkar framlag til stofnkostnaðar um 0,3 m.kr.

381 ***Ofanflóðasjóður.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til ofanflóðasjóðs verði 68,7 m.kr. og lækki um 129,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum er lögð til 130 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnkostnaðar þannig að hún verður 53,5 m.kr. en á móti kemur að sjóðnum verður heimilt að ráðstafa ónotuðum afgangsheimildum fyrri ára. Rekstrarfjárveiting hækkar um 0,3 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	176,4	170,0	170,8	0,5	-3,2
Náttúrustofur	50,0	56,5	46,2	-18,2	-7,6
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	18,4	18,3	18,8	2,7	2,2
Veðurstofa Íslands	445,2	424,0	430,0	1,4	-3,4
Samtals	**690,0**	**668,8**	**665,8**	**-0,4**	**-3,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 21,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar verði 170,8 m.kr. og hækki um 0,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur nema 5 m.kr. og raunlækkun fjárveitinga er því 4,2 m.kr. Niður fellur 3,5 m.kr. rekstrarframlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2001 til að þróa samræmdar aðferðir við öflun gagna um náttúrufar og fjárveiting til stofnkostnaðar lækkar um 0,7 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*403 **Náttúrustofur.*** Á þennan fjárlagalið er áætlað fyrir fjárveitingu vegna framlags ríkisins til náttúrustofa sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 46,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún um 10,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Niður falla alls 11,5 m.kr. fjárveitingar sem veittar voru tímabundið á fjárlögum 2003, þ.e. 4,5 m.kr. á viðfangi *1.10 Náttúrustofa Neskaupstað*, 3,5 m.kr. á viðfangi *1.12 Náttúrustofa Bolungarvík* og 3,5 m.kr. á viðfangi *1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi*. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsreikningi.

*407 **Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.*** Gert er ráð fyrir 18,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar sem er 0,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist annars vegar af 0,7 m.kr. launa- og verðlagsbótum og hins vegar af 0,2 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnkostnaðar til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*410 **Veðurstofa Íslands.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Veðurstofu Íslands verði 430 m.kr. og hækki um 6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbætur nema 11,9 m.kr. þannig að raunlækkun fjárveitinga er 5,9 m.kr. Niður fellur 4 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2003 til undirbúnings rannsóknamiðstöðvar snjó-

flóða á Ísafirði og 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2002 til sjálfvirkni og hagræðingar í veðurspárgerð. Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. fjárveitingu til að efla fjármálastjórn og skrifstofuhald á Veðurstofunni en nauðsynlegt þykir að efla þann þátt í takt við þróun sem verið hefur í uppbyggingu tölvukerfa og annarra þátta hjá stofnuninni. Mótframlag til verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins um bráðaviðvörunarkerfi vegna náttúruhamfara hækkar um 1,5 m.kr. og verður 5 m.kr. Loks er gert ráð fyrir 2,9 m.kr. lækkun á stofnkostnaðarfjárveitingu til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2002 m.kr.	Fjárlög 2003 m.kr.	Frumvarp 2004 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	7.600,0	7.410,0	6.170,0	-16,7	-18,8
Spariskírteini	3.190,0	2.500,0	2.380,0	-4,8	-25,4
Ríkisbréf	2.457,0	3.100,0	3.730,0	20,3	51,8
Ríkisvíxlar	1.184,0	850,0	1.220,0	43,5	3,0
Önnur innlend lán	137,0	140,0	130,0	-7,1	-5,1
Annar vaxtakostnaður	1.035,0	1.150,0	1.150,0	0,0	11,1
Innlendur lántökukostnaður	272,0	250,0	260,0	4,0	-4,4
Erlendur lántökukostnaður	130,0	100,0	100,0	0,0	-23,1
Samtals	**16.005,0**	**15.500,0**	**15.140,0**	**-2,3**	**-5,4**

Áætlað er að vaxtagjöld ársins 2004 nemi rúmlega 15,1 milljarði króna og er það lækkun um 360 milljónir króna frá fjárlögum 2003. Endurmat á vaxtagjöldum yfirstandandi árs bendir hins vegar til þess að þau lækki frá fjárlögum um 430 milljónir króna og verði tæplega 15,1 milljarður króna.

Vaxtagjöld innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs eru áætluð rúmlega 7,3 milljarðar króna á árinu 2004 en eru áætluð tæplega 7 milljarðar króna á árinu 2003 en það svarar til um 5,8% hækkunar á milli ára. Áætlað er að annar innlendur vaxtakostnaður ríkissjóðs muni nema tæplega 1,3 milljörðum króna á árinu 2004 en það er 200 milljóna króna hækkun frá áætlun fyrir árið 2003. Annar vaxtakostnaður er að mestu leyti vextir á inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur til markaðra tekjustofna hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld erlendra lána eru áætluð tæplega 6,2 milljarðar króna á árinu 2004 en talið er að þau verði nálægt 6,7 milljörðum króna á árinu 2003. Lækkun vaxtagjalda erlendra lána verður því rúmlega 7,8% á milli ára.

Innlendur og erlendur lántökukostnaður er áætlaður 360 milljónir króna á árinu 2004 en það er nær óbreytt frá fjárlögum 2003.

Á árinu 2003 var ákveðið að nýta það svigrúm sem gafst með sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs um 19 milljarða króna. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður aðallega gefið út óverðtryggð ríkisbréf og ríkisvíxla á innlendum markaði en hlutfall verðtryggðra bréfa hefur hins vegar lækkað í samræmi við innlausn spariskírteina. Gert er ráð fyrir að gefin verði út ríkisbréf og ríkisvíxlar fyrir um 6 milljarða króna umfram afborganir spariskírteina, ríkisbréfa og annarra innlendra lána á árinu 2003.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 27,6 milljarðar króna á árinu 2004 og rekstrargjöld 30,5 milljarðar króna. Tekjurnar hækka og gjöldin lækka þótt breytingar séu hlutfallslega litlar frá áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 302 m.kr. umfram fjármunatekjur og lækki um 160 m.kr. Gangi þetta eftir verður 3,2 milljarða króna tap á reglulegri starfsemi árið 2004 en það er 3,7 milljarðar króna samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs áður en kemur að framlögum úr ríkissjóði vegna innheimtu ríkistekna. Samkvæmt ársreikningi 2002 var hins vegar 1,5 milljarða króna tap á reglulegri starfsemi. Helstu skýringar á auknu tapi eru þær að fjárreiður Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru ekki sýndar í B-hluta fjárlaga árið 2002 en gert er ráð fyrir 540 m.kr. tapi á reglulegri starfsemi fyrirtækisins árið 2004. Þá var 513 m.kr. afgangur af rekstri ÁTVR árið 2002 en samkvæmt áætlun fyrir árið 2004 er hagnaður 54 m.kr. sem skýrist að mestu af breyttri framsetningu. Framlag A-hluta ríkisins til rekstrar fyrirtækja í B-hluta nemur 3,3 milljörðum króna samkvæmt frumvarpinu og er það nánast sama fjárhæð og í fjárlögum. Mest munar um 2,1 milljarðs króna tekjur af afnotagjöldum Ríkisútvarpsins og 592 m.kr. tekjur Flugmálastjórnar af lendingargjaldi og vopnaleitargjaldi en þessar tekjur eru flokkaðar sem ríkistekjur í bókhaldinu. Framlög annarra en ríkisins og óreglulegar tekjur breytast lítið. Samanlagt er talið að fyrirtæki í B-hluta verði rekin með 273 m.kr. afgangi en samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs er 287 m.kr. tap. Gangi það eftir batnar afkoman um 560 m.kr. á milli áranna 2003 og 2004.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 1,6 milljarða króna í varanlegum rekstrarfjármunum og er að það 524 m.kr. minna en samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Þyngst vegur 970 m.kr. fjárfesting Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

Lántaka er áætluð 400 m.kr. og er það tæpum 2 milljörðum króna minna en samkvæmt fjárlögum. Mest munar um 970 m.kr. lántöku Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli á yfir-

standandi ári vegna framkvæmda og yfirtöku lána og 700 m.kr. lántöku Happdrættis Háskóla Íslands vegna framkvæmda við Náttúrufræðahús Háskóla Íslands í ár.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð er áætluð 366 m.kr. árið 2004 og hækkar um 4% frá áætlun fjárlaga. Aðeins tvö fyrirtæki greiða arð í ríkissjóð, ÁTVR og Rarik, en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir arð beint til Háskóla Íslands. Gangi framangreint eftir er áætlað að handbært fé í árslok 2004 nemi 1,7 milljörðum króna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2003	Frumvarp 2004
Rekstrartekjur	27.452,5	27.632,1
Rekstrargjöld	-30.734,3	-30.542,7
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-463,0	-301,9
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-3.744,8**	**-3.212,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.261,0	3.283,4
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	196,4	202,1
Hagnaður (-tap)	**-287,4**	**273,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	-287,4	273,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.046,0	1.885,4
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0	-97,5
Handbært fé frá rekstri	**1.733,6**	**2.060,9**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-2.096,1	-1.572,1
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	31,5	21,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.064,6**	**-1.550,6**
Tekin löng lán	2.370,0	400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-648,7	-560,9
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-352,0	-366,0
Annað	-1.029,0	-290,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**340,3**	**-816,9**
Breyting á handbæru fé	9,3	-306,6
Handbært fé í ársbyrjun	1.787,3	2.011,0
Handbært fé í árslok	1.796,6	1.704,4

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

*201 **Happdrætti Háskóla Íslands.*** Gert er ráð fyrir að hagnaður af reglulegri starfsemi nemi 565 m.kr. en hann er 365 m.kr. samkvæmt áætlun í fjárlögum yfirstandandi árs, 512,3 m.kr. samkvæmt ársreikningi 2002 og nam 517 m.kr. árið 2001. Meðal rekstrargjalda er einkaleyfisgjald sem nemur 20% af áætluðum hagnaði eða 115 m.kr. og er því varið til að fjármagna lið *02-218 Tækjasjóður*. Í fjárlögum 2003 er gert ráð fyrir að

happdrættið taki 700 m.kr. lán vegna framkvæmda við Náttúrufræðahús Háskóla Íslands. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2004. Handbært fé frá rekstri er áætlað 590 m.kr. og þar af er áætlað að 350 m.kr. renni til *02-201 Háskóla Íslands*, m.a. vegna afborgana og vaxta af framkvæmdalánum.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Gengið er út frá því að áfram verði hagrætt í rekstri fyrirtækisins eins og í forsendum fjárlaga síðustu ára. Í fjárlögum yfirstandi árs var gert ráð fyrir að halli á rekstri gæti numið 215 m.kr. en hann var 188 m.kr. árið 2002 og 337 m.kr. árið 2001. Samkvæmt þessu hefur afkoman farið heldur batnandi og er miðað við að svo verði áfram og hallinn verði ekki meiri en 155 m.kr. á næsta ári. Áætlað er að rekstrartekjur nemi 918 m.kr. og er það tæplega 5% hækkun frá áætlun fjárlaga en tæplega 6% hækkun frá reikningi 2002. Rekstrargjöld ásamt fjármagnsgjöldum umfram fjármunatekjur eru áætluð óbreytt frá fjárlögum. Tekjur af afnotagjöldum eru áætlaðar 2.188 m.kr. og eru sýndar sem framlag til rekstrar af fjárlagalið *02-971 Ríkisútvarpið* í A-hluta í samræmi við bókhaldsreglur ríkisins. Talið er að tekjur af afnotagjöldum hækki um 17 m.kr. vegna fjölgunar greiðenda. Gert er ráð fyrir heimild í 5. gr. frumvarpsins til að ríkissjóður geti tekið allt að 200 m.kr. lán til að endurlána Ríkisútvarpinu til að endurnýja og bæta tæki og búnað.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Ríkisframlag A-hluta á lið *02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands* nemur 257,2 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá árinu 2003. Ríkissjóður greiðir 56% af gjöldum umfram sértekjur hljómsveitarinnar á móti Ríkisútvarpinu sem greiðir 25%, Reykjavíkurborg sem greiðir 18% og Seltjarnarnesbæ sem greiðir 1%. Alls nemur framlag rekstraraðila 459,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að hljómsveitin afli 69 m.kr. tekna á árinu 2004. Tekjur í áætlun fjárlaga eru 55 m.kr. en voru 69,3 m.kr. árið 2002. Gangi þetta eftir verður reksturinn í jafnvægi á árinu 2004. Stefnt er að samkomulagi milli rekstraraðila og stjórnar hljómsveitarinnar um skiptingu á þeim hluta lífeyrishækkana sem lendir á hljómsveitinni vegna fyrrverandi starfsmanna hljómsveitarinnar sem fá eftirlaun úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Verði af samkomulagi þarf að leggja til breytingar á fjárreiðum hljómsveitarinnar.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Tekjur af lendingargjaldi og vopnaleitargjaldi, sem innheimtar eru samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, eru færðar sem tilfærsluframlag frá A-hluta, lið *03-211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.* Áætlað er að tekjur af lendingargjaldi verði 443,5 m.kr. og að tekjur af vopnaleitargjaldi, sem Flugmálastjórn greiðir til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli fyrir fram-

kvæmd vopnaleitar, verði 148 m.kr. Ríkistekjur fyrirtækisins eru því áætlaðar alls 591,5 m.kr. Áætlaðar rekstrartekjur eru 197,7 m.kr. og rekstrargjöld 713,8 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2004. Áætlað er að hagnaður nemi 52,3 m.kr. og handbært fé í árslok verði 497,1 m.kr.

118 ***Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á ratsjárstöðvum á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Þá starfrækir Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis fer fram sem og innkaupa- og birgðahald. Einnig rekur stofnunin viðhaldseftirlit á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 2004 verði 1.299,9 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 ***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 14.786 m.kr. á næsta ári en það er um 350 m.kr. lækkun frá fjárlögum fyrir árið 2003. Söluáætlun áfengis byggist á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu á árinu 2002 en miðast við að selt magn dragist saman um 2% að verðmæti á næsta ári með hliðsjón af sölutölum á fyrri hluta þessa árs. Vísbendingar eru um að talsverður samdráttur verði í sölu tóbaks á árinu 2003 og í áætlun fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að tekjur af sölu á tóbaki lækki um 4%.

Rekstrargjöld ársins 2004 eru áætluð 14.749 m.kr. og lækka um 460 m.kr. frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Laun og launatengd gjöld eru miðuð við óbreyttan mannafla, að viðbættum stöðugildum sem stafa af fjölgun verslana. Eftirlaunaskuldbindingar eru áætlaðar 30 m.kr., bifreiðakostnaður er óbreyttur, hækkun á sölu- og dreifingarkostnaði er óverulegur og afskriftir eru áætlaðar sambærilegar við áætlun fyrir árið 2003. Fjármunatekjur hækka frá áætlun 2003.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði alls 149 m.kr. arð til ríkissjóðs á árinu 2004. Frá 1. janúar 2002 greiðir ÁTVR tóbaksgjald í ríkissjóð sem reiknað er af sölu tóbaks mánuðinn á undan og færist það sem rekstrargjöld hjá fyrirtækinu. Áður en þessi lagabreyting var gerð greiddi fyrirtækið hagnaðinn af tóbakssölunni sem hluta af tekjuafgangi sínum til ríkissjóðs. Þessi breytta framsetning skýrir það að miðað við fjárlög 2003 hækka rekstrargjöldin verulega og tekjuafgangur minnkar í sama mæli, auk þess sem fjármögnunarliðurinn „Tóbaksgjald í ríkissjóð“ fellur á brott.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við flugumferð yfir N-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda sem ákvörðuð eru árlega. Gjöldin taka mið af kostnaði við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar og flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 1.876,5 m.kr. á næsta ári og er það 72,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2003. Tekjurnar eru áætlaðar 95% af þessum kostnaði eða 1.782,8 m.kr. Mismunurinn, alls 93,7 m.kr., er framlag úr ríkissjóði og kemur sem tilfærsla af lið *10-471 Flugmálastjórn* í A-hluta frumvarpsins. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir um 160 m.kr. á næsta ári í ýmsum tækjabúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina og hugbúnaði fyrir alþjóðaflugið og afborganir lána eru áætlaðar 130 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri skili 130 m.kr. til fjármögnunar þessara verkefna en til viðbótar verði tekið 200 m.kr. lán.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 ***Íslenskar orkurannsóknir.*** Fyrirtækið Íslenskar orkurannsóknir tók til starfa 1. júlí 2003 samkvæmt lögum nr. 86/2003, um Íslenskar orkurannsóknir, og lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Með lögunum var öll starfsemi Rannsóknasviðs Orkustofnunar af fjárlagalið *11-301 Orkustofnun* í A-hluta flutt til Íslenskra orkurannsókna. Við áætlun tekna og gjalda er reiknað með að umfang starfseminnar verði svipað og undangengin ár. Í samræmi við reglugerð frá 6. desember 1996 um Rannsóknasvið Orkustofnunar er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði ekki rekið í hagnaðarskyni heldur verði hagnaði af rekstri Íslenskra orkurannsókna varið til þess að efla rannsóknarfærni fyrirtækisins og því verði ekki greiddur arður í ríkissjóð. Áætlað er að tekjur verði 402 m.kr. og gjöld 382 m.kr. þannig að hagnaður fyrir afskriftir verði 20 m.kr. Gert er ráð fyrir að afskriftir nemi 15 m.kr. og að fjárfest verði í tækjum og búnaði fyrir 25 m.kr.

321 ***Rafmagnsveitur ríkisins.*** Rekstrartekjur fyrirtækisins eru áætlaðar 5.860 m.kr. á árinu 2004 sem er 192 m.kr. hækkun frá ríkisreikningi 2002. Rekstrargjöld eru áætluð 6.025 m.kr. sem er 231 m.kr. hækkun frá reikningi 2002. Alls er gert ráð fyrir að tap af reglulegri starfsemi verði 270 m.kr. sem er 230 m.kr. meira en tapið árið 2002. Fjárfestingar eru áætlaðar 1.035 m.kr. samkvæmt framkvæmdaáætlun 2003–2004. Afskriftir eru almennar afskriftir auk sérstakrar flýtifyrningar, alls 141 m.kr. Gert er ráð fyrir að

samningur milli Rariks, iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis frá 1995 um arðgreiðslur o.fl. gildi á árinu 2004. Arðgreiðsla miðast við 2% af eigin fé og nemur 217 m.kr. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitunum 153 m.kr. sem skiptist í 142 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 11 m.kr. til rannsókna og þróunarverkefna. Áætlað er fyrir þessum greiðslum á lið *11-399 Ýmis orkumál* í A-hluta frumvarpsins. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 321 m.kr. Staða handbærs fjár versnar um 631 m.kr. miðað við áætlun fjárlaga yfirstandandi árs og er það áætlað neikvætt um 315 m.kr. í árslok 2004. Miðað við framangreint verður greiðslustaða fyrirtækisins erfið í árslok 2004.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin. Hafnabótasjóður hefur verið lagður niður sem lánasjóður í C-hluta en áætlað er fyrir sjóð með sama heiti í A-hluta og veitir hann styrki til hafnabóta.

Fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 40,1 milljarður króna og er það 13,8% hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga. Fjármagnsgjöld eru áætluð 36,8 milljarðar króna og er það 14,8% hækkun. Fjármunatekjur reyndust vera 26,3 milljarðar króna árið 2002 og fjármagnsgjöld 24,8 milljarðar. Í þessu sambandi munar mest um Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru áætluð 800 m.kr. sem er 100 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Einungis er áætlað fyrir þessum gjaldalið hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Framlög í afskriftasjóð útlána nema 2,4 milljörðum króna og er það 22,6% hækkun frá fjárlögum en ámóta há fjárhæð var lögð til hliðar á árinu 2002. Framlögin eru áætluð 3,1% af heildarútlánum á árinu 2004 eins og í fjárlögum þessa árs.

Framlag til rekstrar úr ríkissjóði nemur 5,1 milljarði króna og hækkar um 449 m.kr. eða 9,7% frá fjárlögum. Mest munar um 384 m.kr. hækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og nemur framlag í sjóðinn alls 3,4 milljörðum króna. Þróunarsjóður sjávarútvegsins fær næsthæsta framlagið 742 m.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum. Byggðastofnun fær 292 m.kr. framlag og er það 2,3% hækkun milli ára. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar liðlega 1 milljarður króna og hækka um 25% frá fjárlögum vegna leiðréttingar með hliðsjón af ríkisreikningi 2002. Íbúðalánasjóður aflar stærsta hluta teknanna. Önnur rekstrargjöld sjóða eru áætluð 2,3 milljarðar króna og hækka frá fjárlögum um 8,4% sé Hafnabótasjóði sleppt. Mest munar um 15,5% hækkun hjá Íbúðalánasjóði og 14% hjá Byggðastofnun. Gangi framangreint eftir er talið að hagnaður C-hluta muni nema um 4,1 milljarði króna en hann var 3,9 milljarðar samkvæmt áætlun fjárlaga 2003.

Að teknu tilliti til rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum, er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 20,3 milljörðum króna og aukist um 2,7 milljarða. Þess ber að geta að í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir 0,7 milljarða króna útgjöldum vegna breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum hjá Íbúðalánasjóði sem ekki er áætlað fyrir á árinu 2004 vegna breyttrar framsetningar.

Gert er ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 75,8 milljarðar króna sem er 15,1 milljarði króna meira en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs en 29,3 milljörðum meira en lánað var árið 2002. Áætlað er að innheimtir verði 26,5 milljarðar króna af veittum löngum lánum og er það 8 milljörðum meira en áætlað er í fjárlögum. Þetta er 22,7 milljörðum króna meira en var innheimt samkvæmt ríkisreikningi 2002.

Miðað er við að lánastofnanir í C-hluta taki 86 milljarða króna að láni og er það 12,4 milljörðum meira en áætlað er í fjárlögum en 39,9 milljörðum króna meira en tekið var að láni á árinu 2002 samkvæmt reikningi. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 41,4 milljarðar króna en í fjárlögum yfirstandandi árs voru þær 38,5 milljarðar króna og 6,1 milljarður á árinu 2002. Lántökur umfram afborganir eru því áætlaðar 44,6 milljarðar króna en eru 35,1 milljarðar í fjárlögum yfirstandandi árs. Nettólántökur sjóða í C-hluta aukast því um 9,5 milljarða króna milli ára. Vegna breyttar framsetningar eru afföll Íbúðalánasjóðs af lánum, sem hann tekur og endurlánar á lægri vöxtum, sýnd sérstaklega í sjóðstreymisyfirliti. Alls er áætlað að afföllin nemi 8,2 milljörðum króna. Samkvæmt þessu er talið að handbært fé sjóða aukist um 2,9 milljarða króna frá árinu 2003.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2003	Frumvarp 2004
Fjármunatekjur	35.266,4	40.139,7
Fjármagnsgjöld	-32.017,9	-36.757,8
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-705,0	-800,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-1.933,0	-2.370,0
Hreinar fjármunatekjur	**610,5**	**211,9**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.652,8	5.101,9
Aðrar rekstrartekjur	829,0	1.038,0
Önnur rekstrargjöld	-2.148,1	-2.256,6
Hagnaður (-tap)	**3.944,2**	**4.095,2**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	3.944,2	4.095,2
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	14.335,7	16.181,6
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-710,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	**17.569,9**	**20.276,8**
Veitt löng lán	-60.659,0	-75.750,0
Afborganir af veittum löngum lánum	18.474,0	26.458,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-72,0	-76,0
Annað, nettó	-245,0	415,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-42.502,0**	**-48.953,0**
Tekin löng lán	73.610,0	86.009,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-38.457,5	-41.412,0
Annað, nettó	-7.445,0	-10.245,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**27.707,5**	**34.352,0**
Breyting á handbæru fé	2.775,4	5.675,8
Handbært fé í ársbyrjun	10.078,9	11.966,3
Handbært fé í árslok	12.854,3	17.642,1

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Hreinar fjármunatekjur sjóðsins eru áætlaðar neikvæðar um 1.800 m.kr. og er það um 100 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sú áætlun gerir ráð fyrir að fjármunatekjur, reiknuð gjöld vegna verðbreytinga og framlög í afskriftasjóð útlána hækki um nálægt 15% en fjármagnsgjöld hækki um tæplega 9%. Framlag A-hluta til sjóðsins, á fjárlagalið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna*, nemur 3.412 m.kr. en var 3.028 m.kr. í fjárlögum og er það 384 m.kr. hækkun eða 12,7%. Miðað er við að framlagið standi undir rekstrargjöldum skrifstofu sjóðsins að frádregnum rekstrartekjum og 49% af áætluðum veittum löngum lánum í samræmi við útreikninga Ríkisendurskoðunar. Rekstrargjöld eru áætluð 308 m.kr. og er það 3% hækkun milli ára. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir 78,2 m.kr. í vaxtastyrk, 3 m.kr. vegna málskotsnefndar og 24,1 m.kr. í afskriftir. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 16 m.kr. sem er tæplega 7% hækkun. Áætlað er að veita langtímalán að fjárhæð 6.370 m.kr. og nemur 49% framlag ríkisins því um 3.120 m.kr. Gert er ráð fyrir að um það bil 62% útlána séu til námsmanna hér á landi en 38% til þeirra sem stunda nám erlendis. Í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs er reiknað með að sjóðurinn hafi til útlána á árinu 2003 ónotað framlag frá árinu 2002. Samkvæmt ríkisreikningi nam ónotað framlag um 140 m.kr. og er gert ráð fyrir að sá hluti sem ekki verður notaður á árinu 2003 færist yfir til ársins 2004. Gangi framangreindar forsendur eftir verður hagnaður af rekstri sjóðsins 1.320 m.kr. í stað 1.042 m.kr. í fjárlögum ársins 2003. Ástæða aukins hagnaðar er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara enn vaxandi og þarf að styrkja eiginfjárstöðu sjóðsins að sama skapi. Reiknað er með að rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi, þ.e. aðallega verðbætur, gengismunur langtímalána, lífeyrisskuldbinding og framlag í afskriftasjóð, nemi 350 m.kr. en þeir námu 250 m.kr í fjárlögunum. Veitt stutt lán á markaðskjörum vegna skólagjalda eru áætluð 100 m.kr. eins og í fjárlögum. Áætlað er að sjóðurinn innheimti 3.620 m.kr. afborganir af veittum löngum lánum og er það tæplega 10% aukning vegna hærri tekna þeirra sem greiða af námslánum og fleiri greiðenda. Gert er ráð fyrir 4.400 m.kr. lántöku og að greiddar verði 3.100 m.kr. af lánum sem sjóðurinn hefur tekið.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

*821 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966, með síðari breytingum, og eru tekjur hans tvenns konar, starfsfé sem Alþingi ákveður í fjárlögum og tekjur af kjarnfóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Framleiðnisjóður stundar ekki lánastarfsemi heldur veitir hann styrki til eflingar nýrra búgreina gegn framlagi bænda. Sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd til 30% kostnaðar, allt að 1,8 m.kr. Þá hefur hann í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Sjóðurinn hefur tekið að sér umsýslu aðlögunarsamninga garðyrkju og nautgriparæktar. Því fé, sem sjóðurinn hefur umsjón með vegna þessara verkefna, er haldið utan við fjárreiður sjóðsins. Gert er ráð fyrir 185 m.kr. framlagi til sjóðsins á *fjárlagalið 04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins* í A-hluta frumvarpsins. Þar af eru 160 m.kr. í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 6. mars 2002 og 25 m.kr. til markaðsverkefna hliðstæðra þeim sem áður voru á vegum átaksverkefnis Áforms. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. tapi á rekstri sjóðsins árið 2004 og er það afkomubati frá árinu 2002 því að þá nam tapið 19,2 m.kr.

*823 **Lánasjóður landbúnaðarins.*** Lánasjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 68/1997, með síðari breytingum. Sjóðurinn hefur tekjur af vaxtamun vegna lánastarfsemi auk þess sem hluti búnaðargjalds rennur til hans. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins nemi 1.222,7 m.kr. en vaxtagjöld 1.062,1 m.kr. Það er 242 m.kr. lækkun á vaxtatekjum og 160 m.kr. lækkun á vaxtagjöldum frá áætlun í fjárlögum 2003 vegna minni verðbólgu, samdráttar í lánveitingum og lækkun vaxta. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fái 185 m.kr. framlag á fjárlagalið *04-823 Lánasjóður landbúnaðarins* í A-hluta fjárlaga vegna tekna af búnaðargjaldi miðað við 162,4 m.kr. í fjárlögum 2003 og 176,8 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 2002. Gert er ráð fyrir að kostnaður við rekstur sjóðsins hækki í samræmi við verðlagsþróun og nemi 101,8 m.kr. á árinu 2004. Gangi áætlanir eftir verður 149,8 m.kr. hagnaður á rekstri sjóðsins árið 2004. Áætlað er að sjóðurinn veiti langtímalán að fjárhæð 1.805 m.kr. sem er 104 m.kr. minni útlán en áætlað var í fjárlögum yfirstandandi árs. Til þess að fjármagna lánastarfsemina er áætlað að taka lán að fjárhæð 800 m.kr. og að innheimta afborgana af veittum lánum nemi 1.116 m.kr. umfram það sem þarf að greiða af langtímalánum. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að lántaka nemi 1.600 m.kr. Gangi áætlanir eftir mun handbært fé í árslok nema 998 m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Samkvæmt lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, er hlutverk hans að innheimta þróunarsjóðsgjöld af fiskiskipum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins, innheimta skuldabréf og greiða skuldbindingar ásamt því að fjármagna smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Fjármunatekjur eru áætlaðar 150 m.kr. á árinu 2004 eins og í fjárlögum yfirstandandi árs en það eru 411 m.kr. minni tekjur en samkvæmt ríkisreikningi 2002. Fjármagnsgjöld eru áætluð 225 m.kr. sem er 15 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga en 61,3 m.kr. hækkun frá árinu 2002. Gert er ráð fyrir að framlög í afskriftasjóð útlána verði 30 m.kr. eins og í fjárlögum. Sjóðurinn fær annars vegar tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 92 m.kr., og þróunarsjóðsgjaldi á aflamark, 650 m.kr. Þessar tekjur eru færðar sem ríkistekjur og er áætlað fyrir 742 m.kr. framlagi til sjóðsins, á lið *05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins* í A-hluta frumvarpsins. Er það óbreytt frá fjárlögum 2003. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að í tillögum nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 28. september 1999 til að endurskoða fiskveiðistjórnarlögin, var gert ráð fyrir að gjöld í Þróunarsjóð féllu niður þegar kæmi til greiðslu veiðigjalds, en hér er miðað við gildandi lög um sjóðinn. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði 1.100 m.kr. af langtímalánum sem hann hefur tekið en samsvarandi upphæð var 1.350 m.kr. í áætlun fjárlaga. Þetta fjármagnar sjóðurinn með framlagi úr ríkissjóði, eins og áður var gerð grein fyrir, og með því að innheimta 425 m.kr. af lánum sem hann hefur veitt áður. Gangi þetta eftir mun handbært fé nema 722 m.kr. í árslok 2004.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður taki samtals um 78.110 m.kr. að láni árið 2004 í stað 64.700 m.kr. samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er 13.410 m.kr. aukning milli ára eða 20,7%. Áætlað er að hann greiði samtals um 34.900 m.kr. af teknum lánum árið 2004 en afborganir eru 31.260 m.kr. samkvæmt fjárlögum og er það aukning um 3.640 m.kr. Á hinn bóginn er reiknað með að sjóðurinn veiti lán að fjárhæð 64.805 m.kr. miðað við 49.900 m.kr. í fjárlögum 2003 sem er 29,9% hækkun. Áætlað er að innheimtar verði 18.740 m.kr. í afborganir af veittum lánum en í fjárlögum 2003 er áætlað fyrir 11.400 m.kr. og er það er 64% hækkun. Ástæða mikillar hækkunar er sú að íbúðakaupendur taka í auknum mæli ný lán til að greiða upp eldri lán hjá sjóðnum. Heildarrekstrartekjur skrifstofu Íbúðalánasjóðs, sem eru þjónustutekjur, lántökugjöld og innheimtuþóknun, verða sam-

kvæmt frumvarpinu 950 m.kr. en rekstrargjöld 850 m.kr. Heildarrekstrarniðurstaða er því talin verða jákvæð um 100 m.kr. Fjármunatekjur sjóðsins eru áætlaðar 34.425 m.kr. og aukast um 14% í fjárlögum 2003. Fjármagnsgjöld eru áætluð 32.244 m.kr. og hækka um 16,4% í fjárlögum yfirstandandi árs. Að teknu tilliti til framlaga í afskriftasjóð útlána er áætlað að hreinar fjármunatekjur sjóðsins verði 1.250 m.kr. en þær voru 1.900 m.kr. í fjárlögum. Breytingin skýrist að mestu af óhagstæðum skilyrðum á verðbréfamarkaði síðustu ára samfara mikilli aukningu útlána og neikvæðum vaxtamun leiguíbúðalána. Vænta má að þessi þróun geti snúist við þau hagstæðu skilyrði sem nú eru að skapast á fjármálamarkaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur vegna leiguíbúðalána og viðbótarlána verði neikvæðar um rúmar 1.000 m.kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs eru þær neikvæðar um 327 m.kr. Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöxtum til leiguíbúða dregur úr þessum neikvæða vaxtamun en þær nema 203 m.kr. á árinu 2004. Lækki ávöxtunarkrafa frá forsendu áætlunarinnar dregur úr neikvæðum vaxtamun. Gert er ráð fyrir að stjórnendur sjóðsins geri ráðstafanir til að jafna neikvæðan vaxtamun á viðbótarlánum. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 930 m.kr. en eru 651 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Er niðurskrift þessi reiknuð sem 0,2% af heildarútlánum Íbúðalánasjóðs nema viðbótarlánum.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Gert er ráð fyrir að starfsemi deildarinnar verði með svipuðum hætti og fyrri ár. Fjármunatekjur húsbréfadeildar verða samkvæmt frumvarpinu 25.086 m.kr., fjármagnsgjöld 21.814 m.kr., framlag í afskriftasjóð útlána 672 m.kr. og hreinar fjármunatekjur 2.600 m.kr. Rekstrartekjur deildarinnar verða 695 m.kr., rekstrargjöld 580 m.kr. og hagnaður ársins 2.715 m.kr. Handbært fé frá rekstri er áætlað 17.650 m.kr. Veitt lán verða samkvæmt frumvarpinu 47.555 m.kr. og innheimtar afborganir veittra lána 10.724 m.kr. Áætlað er að taka ný lán með útgáfu húsbréfa fyrir rúmlega 47.080 m.kr. til að fjármagna útlán en samsvarandi upphæð er 34.700 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Er hér gert ráð fyrir nokkurri aukningu frá fjárlögum enda bendir þróun ársins til þess að lánastarfsemi húsbréfadeildar verði nokkuð meiri árið 2003 en fjárlög gera ráð fyrir. Afborganir útgefinna húsbréfa eru áætlaðar 22.520 m.kr.; ráðgert að kaupa til baka húsbréf í eldri flokkum fyrir 2.000 m.kr. en sjóðurinn kaupir eldri húsbréf á markaði þegar markaðsverð er lægra en innlausnarverð þeirra. Hrein aukning útgefinna húsbréfa verður því 14.200 m.kr.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka verða 11.250 m.kr. samkvæmt frumvarpinu en eru 8.500 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Þetta er 2.750 m.kr. aukning á milli ára. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðar allt að 4.000 m.kr. til leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra um sérstakt átak til að bæta ástand á leigumarkaði. Er í samkomulagi þessu gert ráð fyrir að árlega verði lánað til allt að 400 íbúða í 4 ár með 3,5% vöxtum. Verða þær leigðar einstaklingum og fjölskyldum með

tekjur og eignir innan ákveðinna marka. Í öðru lagi er ráðgert að lána allt að 1.500 m.kr. í samræmi við framangreint samkomulag til að fjölga leiguíbúðum með því að veita lán til 150 íbúða á 4,5% vöxtum í 4 ár eða 600 íbúðir alls. Í þriðja lagi er lagt til að komið verði til móts við vaxandi eftirspurn eftir lánum til almennra leiguíbúða með því að lána allt að 4.500 m.kr. til 450 almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 1.000 m.kr. í greiðsluerfiðleikalán en þau eru 600 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Loks er gert ráð fyrir allt að 250 m.kr. til meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána einstaklinga með sérþarfir, þar með talinna sambýla fatlaðra sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Handbært fé minnkar um 138 m.kr. og verður neikvætt um 134 m.kr. í árslok 2004.

*211 **Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.*** Viðbótarlán geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar til viðbótar við húsbréf. Þau eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga með hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er sérstökum varasjóði ætlað að bæta útlánatap sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna þeirra. Greiða sveitarfélögin sem nemur 5% af andvirði í varasjóðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 6.000 m.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir nokkurri aukningu útlána í húsbréfadeild er ekki gert ráð fyrir að viðbótarlán aukist enda er þróunin í ár þannig að afgreiðslur húsbréfadeildar aukast á meðan viðbótarlán eru á áætlun miðað við fjárlög. Sjóðsstaða er áætluð 56 m.kr. í árslok 2004 og er það 36 m.kr. lækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árlok 2003. Gert er ráð fyrir að stjórnendur sjóðsins geri ráðstafanir til að jafna upp á sjóðnum.

*215 **Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna.*** Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 397 m.kr. á árinu 2004 en áætlað tap samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 779 m.kr. Neikvæður vaxtamunur byggingarsjóðanna er óðum að minnka og skýrist það m.a. af því að einstaklingar greiða í vaxandi mæli upp óhagstæð lán áður en lánstími þeirra er á enda jafnframt því sem sjóðurinn leitast við að fjármagna eigin lán með hagstæðari kjörum. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því Íbúðalánasjóður tók til starfa. Þeir þurfa hins vegar að endurfjármagna útlán sín, sem veitt voru til allt að 50 ára, en fjármögnuð með því að taka lán til 15–20 ára. Er þess vegna gert ráð fyrir endurfjármögnun sjóðanna á næsta ári fyrir um 10.000 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lán að fjárhæð 3.000 m.kr. verði uppgreidd áður en lánstíma þeirra er lokið.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

371 ***Orkusjóður.*** Samkvæmt 8 gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, er meginhlutverk Orkusjóðs að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem hann gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlunar Orkustofnunar. Áætlunin skal endurskoðuð árlega og hljóta samþykki iðnaðarráðherra. Fjárveiting til sjóðsins á lið *11-371 Orkusjóður* er 82,8 m.kr. og skiptist í 32,8 m.kr. rekstrarframlag og 50 m.kr. til virkjanarannsókna. Áætlað er að tap nemi 17,7 m.kr. á árinu 2004 en það var 36,6 m.kr. árið 2002. Áætlað er að sjóðurinn veiti 40 m.kr. í lán eins og í fjárlögum 2003 og greiði 21 m.kr. af lánum sem hann hefur tekið, en afborganir eru 18 m.kr. í fjárlögum.

411 ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlag A-hluta ríkisins á *lið 11-401 Byggðastofnun* verði 292,1 m.kr árið 2004. Þar af eru 104,3 m.kr. ætlaðar til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og 187,8 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar. Áætlað er að veita 2.700 m.kr. í ný lán sem er 100 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum en um 560 m.kr. aukning frá árinu 2002. Til þess að fjármagna útlánin er ráðgert að taka 2.700 m.kr. að láni og er það 200 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en 777 m.kr. hækkun frá 2002. Þá er gert ráð fyrir að verja 100 m.kr. til að kaupa eignarhluta í fyrirtækjum á landsbyggðinni en er 250 m.kr. í áætlun fjárlaga. Áætlað er að innheimta 1.300 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 1.100 m.kr. af teknum lánum. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skal leggja fyrir 12 hundraðshluta af útlánafé í afskriftasjóð. Einnig skal verulegur hluti útlána miðast við lágmarksáhættu samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok 2004 verði 997,7 m.kr. en það er 542,1 m.kr. aukning innan ársins.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í fyrirtækjum, veitir áhættulán og annast fjármögnun á verkefnum. Innan hans er rekin tryggingardeild útflutningslána sem veitir ábyrgðir vegna verkefna á vegum íslenskra fyrirtækja innanlands og erlendis. Deildinni er ætlað að tryggja lán, kröfur, þjónustu, fjárfestingar og búnað er tengist útflutningi. Sjóðurinn sér einnig um rekstur framtakssjóðs sem er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 768 m.kr. í fjármunatekjur og er það 368 m.kr. meira en áætlun fjárlaga 2003 gerir ráð fyrir og 1.335 m.kr. meira en

samkvæmt ríkisreikningi 2002. Ráðgert er að leggja 120 m.kr. í afskriftasjóð en samsvarandi upphæð er 200 m.kr. í áætlun fjárlaga. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 208 m.kr. og er það 42 m.kr. minna en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir en 54 m.kr. meira en samkvæmt reikningi 2002. Gangi framangreint eftir mun sjóðurinn skila 424 m.kr. hagnaði á árinu 2004 en áætlað tap á yfirstandandi ári var 70 m.kr. og 1.311 m.kr. tap varð á árinu 2002. Tap ársins 2002 skýrist af lágu markaðsverði hlutabréfa og háu gengi íslensku krónunnar. Í áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að selja eignarhluta í félögum fyrir 675 m.kr. og kaupa hluti fyrir 60 m.kr. Þannig verður handbært fé aukið um liðlega 600 m.kr. og er áætlað að það nemi 1.932 m.kr. í árslok 2004.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2003

Í fyrri fjáraukalögum fyrir árið 2003, sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars sl., lækkaði tekjujöfnuður ríkissjóðs um 2,1 milljarð frá fjárlögum. Annars vegar hækkuðu útgjöld um 4,7 milljarða kr. vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum og hins vegar voru tekjur af sölu eigna endurskoðaðar og fyrri áætlun hækkuð um 2,6 milljarða. Að teknu tilliti til fjármunahreyfinga lækkaði lánsfjárafgangur um 4 milljarða frá áætlun fjárlaga 2003. Áætlað er að lánsfjárafgangur ríkissjóðs verði 17,6 milljarðar króna á árinu 2003 í stað 19,8 milljarða króna eins og áætlað var í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins. Breytingin er 2,2 milljarðar króna og skýrist aðallega af tvennu, annars vegar af því að horfur eru á að tekjuafgangur ríkissjóðs lækki um rúma 3 milljarða króna en það hefur bein áhrif á handbært fé frá rekstri og hins vegar af því að nú er gert ráð fyrir að fjármunahreyfingar skili rúmum 1 milljarði króna meira en áætlað var í fjárlögum og verði tæpir 31,6 milljarðar króna. Breytingin skýrist aðallega af um 2,9 milljarða króna afborgun af skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við ríkissjóð, sem ekki var reiknað með í fyrri áætlunum, og um 500 m.kr. lægri langtímalánveitingum en ráðgert var. Á móti kemur rúmlega 2 milljarða króna lækkun innborgana af eignasölu frá fyrra ári, aðallega vegna styrkingar á gengi íslensku krónunnar og endurskoðunar á söluverðmæti.

Lántökur árið 2003. Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs árið 2003 verði 21,6 milljarðar króna sem er 1,6 milljörðum króna hærri lántaka en áætlað var í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins. Þá er gert ráð fyrir að afborganir af teknum lánum nemi 30,7 milljörðum króna en það er 400 m.kr. lægri afborganir en áætlað var. Horfur eru því á að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 9,1 milljarð króna á árinu en það er 2 milljarða króna lægri niðurgreiðsla en áætlað hafði verið í samræmi við þróun lánsfjárafgangs. Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði 105,9 milljarðar króna að meðtöldum 5,4 milljarða króna endurlánum ríkissjóðs og að afborganir af teknum lánum verði 50,7 milljarðar króna að meðtöldum 4,3 milljarða króna afborgunum af endurlánum. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt þessu 55,2 milljarðar króna og hækka um 4,1 milljarð króna frá áætlun fjárlaga 2003.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2004

Áætlaðar heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs og fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu nema um 133 milljörðum króna á árinu 2004. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 76,8 milljarðar og hrein lánsfjárþörf þessara aðila nemur því um 56 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að lántökur ríkissjóðs verði 27,3 milljarðar króna en afborganir af teknum lánum verði 31,3 milljarðar króna og að ríkissjóður greiði þannig skuldir niður um 4 milljarða króna á árinu þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir tekjum af sölu eignarhluta í fyrirtækjum. Lántökur ríkisfyrirtækja og –sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 105,6 milljarðar króna og afborganir tekinna lána eru áætlaðar 45,5 milljarðar króna þannig að nettólántaka þessara aðila verður um 60 milljarðar króna sem er 6 milljarða króna aukning frá því sem gert er ráð fyrir að nettólántakan verði á þessu ári og skýrist það einkum af auknum lántökum Landsvirkjunar vegna framkvæmda á Austurlandi og aukinni fjárþörf Íbúðalánasjóðs.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir lánsfjárþörf ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántöku fyrir.

	Horfur 2003			Frumvarp 2004		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**108,2**	**13,9**	**122,1**	-	-	**132,9**
Ríki	108,2	-6,1	**102,1**	-	-	**108,9**
A-hluti	28,2	-6,6	**21,6**	-	-	**27,3**
B- og C-hluti	80,0	0,5	**80,5**	-	-	**81,6**
Landsvirkjun	0,0	20,0	**20,0**	-	-	**24,0**
Afborganir	**55,6**	**21,5**	**77,1**	-	-	**76,8**
Ríki	55,3	13,3	**68,6**	-	-	**68,8**
A-hluti	18,2	12,5	**30,7**	-	-	**31,3**
B- og C-hluti	37,1	0,8	**37,9**	-	-	**37,5**
Landsvirkjun	0,3	8,2	**8,5**	-	-	**8,0**
Hrein lánsfjárþörf	**52,6**	**-7,6**	**45,0**	-	-	**56,1**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**6,5%**	**-0,9%**	**5,5%**	-	-	**6,5%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir tæplega 13,7 milljarða króna lánsfjárafgangi. Handbært fé frá rekstri styrkist um 11,8 milljarða frá áætlun þess árs, einkum vegna aðhaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar og auknum tekjum í kjölfar spár um hagvöxt á næsta ári. Fjármunahreyfingar skila 15,8 milljörðum króna sem er 15,7 milljarða króna lækkun frá áætlun þessa árs þar sem ekki er gert ráð fyrir sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í fyrirtækjum. Á móti kemur að innheimtar afborganir af veittum lánum aukast um 9,2 milljarða en þar munar mest um 11,5 milljarða króna afborgun af skuld Seðlabanka Íslands við ríkissjóð. Áformað er að verja lánsfjárafganginum þannig að 7,5 milljarðar króna verði greiddir inn á skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, skuldir ríkissjóðs

verði, eins og áður segir, greiddar niður um 4 milljarða króna og 2,2 milljarðar króna gangi til bættrar stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

M.kr.	Horfur 2003	Frumvarp 2004
Handbært fé frá rekstri	**-13.954**	**-2.123**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	9.650	-400
Veitt löng lán	-5.360	-4.800
Afborganir veittra lána	11.680	20.860
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.060	-400
Sala hlutabréfa og eignarhluta	16.640	540
Fjármunahreyfingar samtals	**31.550**	**15.800**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**17.596**	**13.677**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	21.600	27.300
Afborganir	-30.700	-31.300
Fjármögnun samtals	**-9.100**	**-4.000**
Framlag til LSR	-7.500	-7.500
Breyting á handbæru fé	**996**	**2.177**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru talin rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 14 milljarða króna og áætlað er að það verði neikvætt um rúma 2 milljarða króna á næsta ári. Handbært fé frá rekstri styrkist því um tæplega 12 milljarða frá áætlun þessa árs, einkum vegna aðhaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar og aukinna tekna í kjölfar aukins hagvaxtar.

Veitt stutt lán, viðskiptareikningar. Horfur eru á að í ár verði innstreymi á viðskiptareikninga ríkissjóðs yfir 9,6 milljarðar króna en áætlað er að á næsta ári verði útstreymi af viðskiptareikningunum 400 m.kr. Þessi mikla breyting skýrist af innborgun af söluandvirði viðskiptabankanna frá árinu 2002 sem kemur til greiðslu á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir 400 m.kr. útstreymi af viðskiptareikningum vegna ýmissar fyrirgreiðslu ríkissjóðs innan ársins, svo sem vegna fyrirgreiðslu við stofnanir ríkisins, innflutning á vörum í tolli og kröfum á ríkissjóð vegna innheimtu tekna fyrir aðra aðila.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 2004 til lengri tíma en eins árs. Alls er sótt um 4.800 m.kr. árið 2004 en á áætlun yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að sótt verði um 5.360 m.kr. Helstu breytingar milli áranna eru þessar:

Happdrætti Háskóla Íslands lækkar um 700 m.kr. því að ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækið taki lán á næsta ári. Sótt er um 200 m.kr. endurlán til Ríkisútvarpsins til endurnýjunar á tækjum og búnaði. Ekki er gert ráð fyrir endurlánum til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og falla því niður 190 m.kr. Sótt erum að endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 500 m.kr. og loks falla niður 500 m.kr. endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins þar sem ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán á næsta ári.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána tæpum 12 milljörðum króna og áætlað er að árið 2004 verði þær tæplega 21 milljarður króna sem er 16 milljörðum króna hærri fjárhæð en ríkið áformar að endurlána á árinu. Innheimtar afborganir vaxa þannig um 9 milljarða króna milli áranna og skýrist það að stærstum hluta af 11,5 milljarða kr. endurgreiðslu Seðlabanka Íslands af láni sem ríkissjóður veitti bankanum árið 2001.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög ríkissjóðs og kaup á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Í ár nema áætluð hlutabréfakaup ríkissjóðs í innlendum fyrirtækjum 660 m.kr. og samkvæmt heimild í 6. gr. er áformað að leggja Eignarhaldsfélagi Suðurnesja til 75 m.kr. stofnframlag á næsta ári. Stofnfjárframlög ríkisins til alþjóðastofnana eru lítið breytt frá áætlun fjárlaga 2003 að undanskildu framlagi til Alþjóðabankans og Norræna þróunarsjóðsins.

M.kr.	Fjárlög 2003	Frumvarp 2004
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	100,0	160,0
Evrópubankinn, EBRD	25,0	25,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki	40,0	60,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	20,0	20,0
Farice hf., hlutafé	560,0	0,0
Fiskeldi Eyjafjarðar hf., hlutafé	102,0	0,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	215,0	135,0
Samtals	**1.062,0**	**400,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Horfur eru á að í ár bókfæri ríkissjóður um 16,6 milljarða króna sölutekjur, mest vegna söluandvirðis hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands og í Íslenskum aðalverktökum. Ekki er gert ráð fyrir sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum í frumvarpinu. Eingöngu er gert ráð fyrir 540 m.kr. tekjum af söluandvirði fasteigna og lóða.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Gert er ráð fyrir að á árinu 2004 verði hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs, fyrir greiðslu framlaga til LSR, tæpir 14 milljarðar króna en hann verður tæpir 18 milljarðar króna í ár. Lánsfjárafgangi verður ráðstafað til að greiða niður

skuldir eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti, svo sem með fyrirframgreiðslu til LSR, eins og fram kemur í inngangi þessa kafla. Gangi þessi áform eftir verður samanlagður lánsfjárafgangur áranna frá 1998 til 2004 rúmir 63 milljarðar króna.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Áætlað er að á árinu 2004 verði lántökur A-hluta ríkissjóðs alls 27,3 milljarðar króna. Ekki er endanlega ákveðið hvernig staðið verður að lántökum næsta árs en það mun m.a. ráðast af stöðunni á fjármála- og gjaldeyrismarkaði.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2004 verði afborganir af teknum lánum alls 31,3 milljarðar króna og að ríkissjóður muni þannig greiða niður skuldir um 4 milljarða króna á árinu. Þessi áform verða endurskoðuð við afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni gefst til.

6.4 Lántökur og ábyrgðir ríkisfyrirtækja og sjóða

Í 3. tölulið 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að á árinu 2004 nemi lántökur sjóða í C-hluta og ríkisfyrirtækja alls 105,6 milljörðum króna og horfur eru á að í ár verði lántökurnar um 100,5 milljarðar króna. Lántökur þessara aðila aukast því um 5,1 milljarð króna milli áranna 2003 og 2004. Áætlað er að á árinu 2004 greiði þessir aðilar um 45,5 milljarða króna í afborganir tekinna lána og horfur eru á að í ár nemi afborganirnar 46,4 milljörðum króna. Afborganir lækka því um 0,9 milljarða króna milli áranna 2003 og 2004. Samkvæmt þessu er áætlað að nettóskuldir þessara aðila hækki um 60,1 milljarð króna á árinu 2004 og horfur eru á að nettóskuldirnar hækki um 54,1 milljarð króna á yfirstandandi ári. Stærstu breytingar í lántökuáformum milli áranna felast í 4 milljarða króna hækkun hjá Landsvirkjun og 2,7 milljarða króna hækkun hjá Íbúðalánasjóði.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að veittar verði skv. 3. tölulið 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Sótt er um að Landsvirkjun fái heimild til 24 milljarða króna lántöku á árinu 2004 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaáætlanir ársins. Miðast lánsfjárheimildin við framkvæmdaáform fyrirtækisins á Austurlandi á næsta ári vegna samninga við Alcoa um afhendingu orku til álbræðslu í Reyðarfirði.

2. Íbúðalánasjóður. Lagt er til að Íbúðalánasjóður fái heimild til alls 78,1 milljarðs króna lántöku á árinu 2004 en gert er ráð fyrir 75,4 milljarða króna lántöku í ár. Mest munar um 4,6 milljarða króna hækkun á lántökum til leiguíbúða.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Sótt er um heimild til 800 m.kr. lántöku á árinu 2004 en í fjárlögum fyrir árið 2003 var veitt heimild til 1.600 m.kr. lántöku. Þessi lækkun á lántökuþörf skýrist af lægri afborgunum tekinna lána, auknum afborgunum af veittum lánum og minni lánveitingum.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að stofnunin fái heimild til allt að 2,7 milljarða króna lántöku á árinu 2004 en í fjárlögum 2003 var veitt heimild til 2,5 milljarða króna lántöku.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 143. Heimildirnar skiptast þannig að heimildir til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 27, til sölu eignarhluta í húsnæði er 31, til sölu lóða og jarða eru 43, til sölu hlutabréfa eru 3, heimildir til kaupa og leigu á fasteignum eru 28 og ýmsar heimildir eru 10. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 240 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er hins vegar ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi má nefna heimild 2.11 sem er vegna mannvirkja við Stórhöfða 34–40 sem aðallega hafa verið notuð til geymslu á efni og tækjum fyrir Vegagerð ríkisins. Í skoðun er hvort hagkvæmt sé að flytja þá starfsemi annað og selja eignina og lóðarspilduna sem henni fylgir. Í lið 2.15 er að finna heimild til að selja fasteignir Vesturhlíðarskóla og verja andvirðinu til endurbóta á húsnæði framhalds- og sérskóla. Ástæða heimildarinnar er sú að nú standa yfir viðræður um hugsanleg kaup Reykjavíkurborgar á eigninni. Í lið 2.16 er fjallað um sölu á íbúðarhúsinu Nátthaga 10, Hólum í Hjaltadal, sem nýtt hefur verið af Veiðimálastofnun. Ástæða heimildarinnar er sú að stofnunin telur sig geta leyst húsnæðismál sín með hagfelldari hætti í samvinnu við Hólaskóla. Í lið 2.18 er fjallað er um sölu á Tjaldanesi í Mosfellsbæ þar sem húsnæðið er orðið afar lélegt og áhugi er hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra að leysa mál vistmanna með öðrum og betri hætti. Í lið 2.19 er fjallað um sölu á húsnæði Blóðbankans við Eiríksgötu með kaupum eða leigu á hentugu húsnæði fyrir starfsemina. Áhugi er á því hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi að leysa húsnæðismál bankans t.d. með viðbyggingu við núverandi húsnæði. Í lið 2.22 er heimild til sölu á húsnæði ríkisins við Borgartún 6 í Reykjavík en sú fasteign er ekki lengur nýtt í þágu ríkisins. Í

heimildum 3.23–3.28 eru heimildir til sölu á eignum heilbrigðisstofnana víðs vegar um landið í því skyni að hagræða í húsnæðismálum þeirra.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Um er að ræða 43 heimildir til sölu jarða, hluta úr jörðum og landspildna. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og nokkrar vegna umsýslu prestssetrasjóðs.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru söluheimildir vegna Endurvinnslunnar hf., Flugskóla Íslands hf. og Fiskeldis Eyjafjarðar.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 28 talsins og skýra sig flestar sjálfar. Að mestu leyti er um að ræða heimildir sem hafa verið endurnýjaðar frá fyrri árum. Rétt er þó að fara nokkrum orðum um hluta þeirra heimilda sem eru nýjar. Heimild 6.25 er til komin vegna þess að þriðji aðili á eignarhluta sem staðsettur er inni á lögreglustöðinni á Hvolsvelli og torveldar því skipulag stöðvarinnar. Liður 6.26 fjallar um viðbótarhúsnæði fyrir Umferðarstofu en húsnæði hennar er í tæpasta lagi eftir sameiningu Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs í nýrri stofnun. Heimild 6.27 fjallar um kaup eða leigu á sérhæfðu húsnæði fyrir geðsjúka einstaklinga sem þurfa mikla og viðvarandi gæslu.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna nýja heimild í lið 7.10 en þar er mælt fyrir um heimild ríkisins til að leggja fram 75 m.kr. viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélag Suðurnesja til að efla heilsutengda ferðaþjónustu á Suðurnesjum.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Sérstakur tekjuskattur verður framlengdur um tvö ár. Hann verður 4% vegna tekna ársins 2004. Fyrirframgreiðsla upp í álagningu ársins 2005, sem fer fram á árinu 2004, verður 4% af tekjuskattsstofni skv. skattframtali 2004. Einnig verður lögð til lækkun á hámarksviðmiðun vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta úr 7% af skuldum til öflunar íbúðarhúsnæðis í 5,5%.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Heimild til lækkunar tryggingagjalds um allt að 0,4% vegna framlags launagreiðanda á móti séreignarsparnaði launamanns verður felld brott. Breytingin hefur það í för með sér að framlög ríkissjóðs vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launþega falla niður en mótframlag ríkissjóðs sem vinnuveitanda helst eftir sem áður óbreytt.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti um 8%.

Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Hækkun á föstu árgjaldi þungaskatts og kílómetragjaldi um 8%.

Lög nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar. Í stað þess að bætur greiðist frá fyrsta skráningardegi verði ekki greitt fyrir fyrstu þrjá dagana.

Lög nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Lögin verði tekin til endurskoðunar.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 253, 337
Aðildargjöld ESB ... 310
Afborganir lána og veittra lána ríkissjóðs ... 44
Afkoma ríkissjóðs ... 267
Afskriftir skattkrafna ... 252, 407, 415
Alþingi ... 289
Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF) ... 329
Alþjóðaflugþjónustan ... 45, 47, 432, 463
Alþjóðastofnanir ... 329, 451
Alþjóðleg samskipti ... 304, 310
Atlantshafsbandalagið, NATO ... 330
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 252, 255, 278, 373

Á

Ábyrgðasjóður launa ... 255, 262, 373
Áfengis- og fíkniefnamál ... 358
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 45, 462
Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar ... 340
Átak í lækkun skulda þróunarríkja ... 330
Átak til atvinnusköpunar ... 436, 437, 438

B

Barnabætur ... 252, 414
Barnaverndarráð ... 370
Barnaverndarstofa ... 370
Beinar greiðslur til bænda ... 340
Bjargráðasjóður ... 373
Blindrabókasafn Íslands ... 318, 322
Borgarholtsskóli ... 261
Brunamálastofnun ríkisins ... 258, 454, 455
Búfjárrækt ... 341
Búnaðarsjóður ... 253, 340, 341
Byggðaáætlun ... 439
Byggðastofnun ... 46, 47, 439, 465, 472, 479
Bændasamtök Íslands ... 340, 341
Bændasamtökin ... 341
Bætur brotaþola ... 357
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 381, 393

D

Dagvistun aldraðra á hjúkrunarheimilum ... 396
Dagvistun aldraðra, aðrar ... 397
Dánarbætur ... 383
Dómkröfur ... 420
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 43, 349, 351
Dvalarrými aldraðra á hjúkrunarheimilum ... 396
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 393, 396

E

Efnahagsforsendur ... 268
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD ... 330
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 382, 386
Eignarskattar ... 272, 274
Einkaleyfastofa ... 263,436
Ellilífeyrir ... 384, 393
Embætti forseta Íslands ... 289
Endurvinnslan hf. ... 257, 452, 454

F

Fangelsismál ... 352
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 364
Fasteignamat ríkisins ... 255, 263, 416, 417
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 295, 296
Fasteignir framhaldsskóla ... 310, 314
Fasteignir ríkissjóðs ... 418
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 295, 296
Ferðamálaráð ... 427, 433
Ferðamálasamtök landshluta ... 433
Ferjubryggjur ... 430, 431
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 375, 376
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 366, 369, 469
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti ... 469
Félagsmálaskóli alþýðu ... 373
Fiskeldisrannsóknir ... 340
Fiskistofa ... 254, 346, 347, 348
Fiskræktarsjóður ... 254
Fíkniefnaeftirlit ... 327
Fjármagnskostnaður ... 282
Fjármagnstekjuskattur ... 415
Fjármálaeftirlitið ... 263, 442, 443
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 405, 409, 462
Fjármálaráðuneyti, B-hluti ... 462
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 46

Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 45
Fjársýsla ríkisins ... 416, 417
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 389
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 260
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 260
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 260
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 260
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 260
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 260, 312
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 260
Flensborgarskóli ... 260
Flugmálastjórn ... 45, 52, 261, 326, 327, 461, 463
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli ... 45, 52, 327, 461
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli ... 261, 326
Flugskóli Íslands ... 425
Flugvallargjald ... 256
Flugvellir ... 252, 256, 431, 432
Flutningssjóður olíuvara ... 257, 443
Flutningssjóður sements ... 257, 443
Fornleifavernd ríkisins ... 318
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 292, 294
Forvarnasjóður ... 388, 402
Fóðursjóður ... 254, 340, 342
Framhaldsskólar ... 310, 312, 314, 315, 322
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 260
Framhaldsskólinn á Laugum ... 261
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 260
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 260
Framkvæmdasjóður aldraða ... 255, 393, 404
Framkvæmdasjóður fatlaða ... 371, 372
Framkvæmdir Vegagerðarinnar ... 427
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 46, 340, 468
Fullorðinsfræðsla fatlaða ... 310
Fæðingarorlofssjóður ... 252, 255, 373

G

Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna ... 347
Garðyrkjuskóli ríkisins ... 337, 338
Geislavarnir ríkisins ... 262, 387, 388
Gestastofur, söfn og markaðsstarf ... 425
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla ... 262, 347
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 339
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 253, 339, 340
Greiðslur vegna riðuveiki ... 340
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 339, 340

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 371
Grunnskólar, almennt 316

H

Hafnabótasjóður 429, 430, 465
Hafnamannvirki 430
Hafrannsóknastofnunin 347, 348
Hafsbotnsrannsóknir 439
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 252
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa 43, 263, 444
Hagþjónusta landbúnaðarins 337, 338
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs 44
Happdrætti Háskóla Íslands 45, 305, 307, 308, 309, 460, 477
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 304, 309
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 304, 309
Háskólar, óskipt 309
Háskólasjóður 264, 307
Háskóli Íslands 253, 259, 264, 304, 307
Háskólinn á Akureyri 259, 304, 308
Háskólinn í Reykjavík 302, 304, 308
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 43, 376, 379, 381
Heilbrigðisstofnanir 252, 398
Heildargjöld ríkissjóðs 277
Heilsugæsla í Reykjavík 401, 402
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 399
Heilsugæslustöðvar, almennt 400, 402, 404
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 388, 401
Heimildir 49
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 387
Héraðsdómstólar 357
Héraðsskógar 338, 339
Hið íslenska fornritafélag 294
Hjúkrunarheimili, almennt 393
Hlaðgerðarkot 397
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 397
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 337, 338
Hrafnseyri 295
Hreinn lánsfjárjöfnuður 477
Húsafriðunarnefnd 317, 319
Hæstiréttur 291, 357
Höfundarréttargjöld 253, 317

I

Iðnaðarmálagjald ... 256
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 437
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 433, 463, 472
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti ... 463
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti ... 472
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 261
Iðnskólinn í Reykjavík ... 261
Iðntæknistofnun Íslands ... 437
Inngangur ... 265
Innheimtukostnaður ... 409, 411

Í

Íbúðalánasjóður ... 478
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild ... 46, 470
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ... 46, 470
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán ... 46, 471
Íslensk friðargæsla ... 330
Íslensk málstöð ... 307
Íslenskar orkurannsóknir ... 45, 418, 439, 463
Íslenski dansflokkurinn ... 317, 319, 322

J

Jafnréttisstofa ... 370
Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni ... 341
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 261
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ... 326, 329
Jöfnun á námskostnaði ... 316
Jöfnunarsjóður sókna ... 264, 365
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 252, 264, 373

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 44
Kennaraháskóli Íslands ... 259, 304, 308
Kirkjugarðsgjöld ... 264, 365
Kirkjugarðssjóður ... 264
Kirkjumálasjóður ... 264, 365
Kjarasamningar ... 281
Kosningar ... 355, 356
Kristnihátíðarsjóður ... 264, 295
Kristnisjóður ... 365
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 260
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 317, 320

Kvikmyndasafn Íslands 318
Kvikmyndaskoðun 261, 320

L

Lagasafn 355
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 338
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 43, 331, 336, 468
Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti 468
Landgræðsla ríkisins 338, 339
Landhelgisgæsla Íslands 358, 360
Landhelgissjóður Íslands 358
Landkynningarskrifstofur erlendis 433
Landlæknir 262, 387
Landmælingar Íslands 257, 454, 455
Landsamband eldri borgara 277
Landshlutabundin skógrækt 338, 339
Landskrá fasteigna 352, 407, 417
Landspítali - háskólasjúkrahús 262
Landsvirkjun 47, 478
Launa- og verðlagsmál 415
Lánasjóður íslenskra námsmanna 46, 252, 316, 467
Lánasjóður landbúnaðarins 46, 253, 341, 468, 479
Lánasýsla ríkisins 416, 418
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 44
Lántökur A-hluta ríkissjóðs 478
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 47
Leiguíbúðir 375
Lendingabætur 430, 431
Lendingargjald 261
Listaháskóli Íslands 304, 308
Listahátíð í Reykjavík 302
Listamannalaun 264
Listasafn Einars Jónssonar 318
Listasafn Íslands 318
Listasjóðir 264, 317
Listdansskólinn 261
Listir 317, 320, 322
Listskreytingasjóður 320
Lífeyrissjóður bænda 420
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun 412
Lífeyristryggingar 252, 255, 381, 383, 393
Lyfjastofnun 255, 262, 387, 389
Lýðheilsustöð 255, 264, 387, 402, 403
Lækniskostnaður 385
Lögbirtingablað 262, 355

Löggildingarstofa 257, 263, 438, 442, 443
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli 327
Lögregluskóli ríkisins 358, 360
Lögreglustjórinn í Reykjavík 254, 358, 360

M

Makabætur og umönnunarbætur 383
Markaðar tekjur 253, 278
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 425
Málefni fatlaðra 371, 372, 388, 402, 403
Málskostnaður í opinberum málum 357
Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 376
Menningarsjóður 317
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 317, 319
Menntamálaráðuneyti 43, 298, 460, 467
Menntamálaráðuneyti, B-hluti 460
Menntamálaráðuneyti, C-hluti 467
Menntaskólinn að Laugarvatni 259
Menntaskólinn á Akureyri 259
Menntaskólinn á Egilsstöðum 259
Menntaskólinn á Ísafirði 259
Menntaskólinn í Kópavogi 260
Menntaskólinn í Reykjavík 259
Menntaskólinn við Hamrahlíð 259
Menntaskólinn við Sund 259
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini 295, 297

N

Námsgagnastofnun 316, 452
Námsmatsstofnun 304
Náttúrufræðistofnun Íslands 456
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 452, 453
Náttúrustofa Bolungarvík 456
Náttúrustofa Neskaupstað 456
Náttúrustofa Stykkishólmi 456
Náttúrustofur 456
Náttúruvernd 448
Neyðarsímsvörun 358
Neytendasamtökin 442
Niðurgreiðsla á húshitun 439
Norræn samvinna 320
Norræna ráðherranefndin 295, 296
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 46, 472

O

Ofanflóðasjóður ... 258, 454, 455
Opinber réttaraðstoð ... 357, 358
Orkusjóður ... 46, 438, 472
Orkustofnun ... 436, 438, 439, 443, 463, 472

O

Óbyggðanefnd ... 295, 297
Ólympíuleikar í raungreinum ... 315

P

Persónuvernd ... 262, 357, 358
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 256, 263, 433

R

Rafmagnsveitur ríkisins ... 45, 463
Rannsóknamiðstöð Íslands ... 285, 304, 309
Rannsóknarnámssjóður ... 285
Rannsóknarnefnd sjóslysa ... 431
Rannsóknasjóður ... 285, 304, 309, 347, 348
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ... 347, 348
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ... 437
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 253, 337
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum ... 309
Ratsjárstofnun ... 45, 462
Raunvísindastofnun Háskólans ... 307
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 416, 418
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 43
Reykjalundur, Mosfellsbæ ... 397
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag ... 294
Ríkisábyrgðir ... 47
Ríkisendurskoðun ... 291, 398
Ríkiskaup ... 416, 418
Ríkislögmaður ... 295, 297
Ríkislögreglustjóri ... 254, 358, 359
Ríkissaksóknari ... 358
Ríkissáttasemjari ... 370
Ríkisskattstjóri ... 262, 409, 410
Ríkisstjórn ... 291
Ríkisstjórnarákvarðanir ... 419
Ríkisútvarpið ... 45, 47, 252, 261, 317, 319, 461
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn ... 391, 392

S

Safnasjóður ... 318, 322
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 44
Samfélagsþjónusta ... 354
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 256, 421, 425, 463
Samgönguráðuneyti, B-hluti ... 463
Samkeppnisstofnun ... 442
Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi ... 426
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 320
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 391
Samtök iðnaðarins ... 256, 437, 438
Schengen-samstarf ... 358
Sendiráð Íslands ... 327
Sérkennsla ... 312, 315
Siglingastofnun Íslands ... 256, 263, 429
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 45, 317, 461
Símenntun og fjarkennsla ... 310
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ... 397
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 343, 347, 469
Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti ... 469
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna ... 329
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 44
Sjóður til síldarrannsókna ... 347
Sjónstöð Íslands ... 387, 388
Sjóvarnargarðar ... 430
Sjúklingatryggingar ... 382, 386
Sjúkraflutningar ... 390, 401
Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna ... 403
Sjúkrahús og læknisbústaðir ... 389, 391, 404
Sjúkratryggingar ... 252, 382, 384, 390
Skammtímalán ríkissjóðs ... 44
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 409, 410
Skattar á tekjur og hagnað ... 272
Skattar á vöru og þjónustu ... 272, 274
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 409
Skattrannsóknastjóri ríkisins ... 411
Skattstofa Norðurlands eystra ... 420
Skipulagsmál sveitarfélaga ... 257, 454, 455
Skipulagsstofnun ... 454, 455
Skógrækt og landgræðsla ... 334
Skógrækt ríkisins ... 335, 338, 339
Skógræktarfélag Íslands ... 336, 338
Slysatryggingar ... 255, 382, 386
Sóknargjöld ... 264, 365
Staðlaráð ... 438

Stígamót ... 376
Stjórnartíðindi ... 355
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 307, 322
Stofnun Sigurðar Nordals ... 307
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 456
Styrkir til ferja og sérleyfishafa ... 428
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 452, 453
Styrkir til útgáfumála ... 321
Styrktarfélag vangefinna ... 368
Stýrimannaskólanum í Reykjavík ... 302
Sýslumaðurinn á Blönduósi ... 362
Sýslumaðurinn á Eskifirði ... 362
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 363
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 261, 326
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði ... 362
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði ... 363
Sýslumaðurinn í Kópavogi ... 363
Sýslumaðurinn í Reykjavík ... 362
Söfn ... 318, 319, 426

T

Tannverndarsjóður ... 264
Tekin löng lán ríkissjóðs ... 44
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2004 ... 270, 273
Tekjuhorfur 2003 ... 270
Tekjuhorfur ríkissjóðs 2003 ... 272
Tekjujöfnuður ... 43
Tekjuskattar einstaklinga ... 273
Tekjuskattar lögaðila ... 274
Tekjutrygging ellilífeyrisþega ... 384, 393
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega ... 384
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega ... 383, 384
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega ... 383, 384
Tilkynningaskylda íslenskra skipa ... 425
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 259
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ... 326
Tollstjórinn í Reykjavík ... 409, 411, 420
Tóbaksvarnir ... 264
Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs ... 255
Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar ... 257
Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs ... 256
Tryggingagjöld ... 272, 274
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 255, 373
Tryggingastofnun ríkisins ... 376, 381, 382, 383, 386
Tungutækni ... 320, 322

Tækjasjóður 259, 285, 304, 309, 460
Tækniháskóli Íslands 259, 304, 308
Tækniþróunarsjóður 285, 437

U

Umboðsmaður Alþingis 291
Umboðsmaður barna 295
Umferðarstofa 254, 262, 358, 360
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 43, 445, 450, 451
Umhverfisstofnun 257, 263, 316, 448, 452, 453
Umönnunargreiðslur 382
Uppbætur vegna bifreiðakaupa 383
Utanríkisráðuneyti 43, 323, 461
Utanríkisráðuneyti, B-hluti 461

Ú

Úrvinnslugjald 257
Úrvinnslusjóður 257, 278, 452, 453, 454
Útflutningsráð 330
Útflutningsráð Íslands 253
Útgjaldahorfur næstu fjögur árin 283
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 419
Útlendingastofnun 358, 361

V

Varasjóður húsnæðismála 375
Vasapeningar ellilífeyrisþega 383, 384
Vasapeningar örorkulífeyrisþega 383, 384
Vaxtabætur 252, 407, 414
Vaxtagjöld ríkissjóðs 43, 457
Veðurstofa Íslands 456
Vegamál 427
Vegasjóður 278
Veiðieftirlit Fiskistofu 345
Veiðimálastofnun 261, 337, 480
Veitt lán ríkissjóðs 44
Verðlagsforsendur 277
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 336
Verðlagsstofa skiptaverðs 347
Verðmiðlun landbúnaðarvara 254, 340, 342
Verkmenntaskóli Austurlands 260
Verkmenntaskólinn á Akureyri 260
Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi 451
Vesturfarasetrið á Hofsósi 294, 295

Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands ... 321
Viðskiptaháskólann á Bifröst ... 302, 304, 308
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 43, 440, 442, 472
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti ... 472
Vinnueftirlit ríkisins ... 254, 262, 370
Vinnumál ... 373
Vinnumálastofnun ... 373
Virðisaukaskattur ... 274
Vistheimilið Bjarg ... 397
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 391
Vitabyggingar ... 430
Vitagjald ... 256
Vífilsstaðir, Garðabæ ... 393
Vísinda- og tækniráðs ... 284
Vopnaleitargjald ... 261
Vörugjöld af bensíni ... 275
Vörugjöld af ökutækjum ... 275

Y

Yfirdýralæknir ... 261, 337
Yfirlit ríkisfjármála ... 267
Yfirskattanefnd ... 409, 411

Þ

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 295, 297
Þjóðkirkjan ... 365
Þjóðleikhúsið ... 317
Þjóðmenningarhúsið ... 295
Þjóðminjasafn Íslands ... 318, 322
Þjóðskjalasafn Íslands ... 318
Þróunaraðstoð ... 329
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 329
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 329
Þróunarsjóður EFTA ... 323, 330
Þróunarsjóður sjávarútvegsins ... 46, 254, 348, 465, 469
Þungaskattur ... 256, 275
Þýðingamiðstöð ... 326

Æ

Æðsta stjórn ríkisins ... 43, 287
Æskulýðsmál ... 320, 321, 322

Ö

Örnefnastofnun Íslands 307
Örorkulífeyrir 384
Öryrkjabandalagið 277

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Inngangur.

Í þessari þjóðhagsáætlun er fjallað um helstu atriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og þau voru sett fram í stefnuyfirlýsingu hennar.

Efnahagsstefna næstu ára mun að miklu leyti mótast af áhrifum stóriðjuframkvæmda. Miklu skiptir að stjórn peningamála og ríkisfjármála taki mið af þeim og komið verði í veg fyrir að þeim efnahagslega stöðugleika sem náðst hefur verði raskað. Gert er ráð fyrir að umtalsverður afgangur verði á ríkissjóði meðan á framkvæmdunum stendur og verði svigrúmið notað til að lækka skatta og skuldir ríkissjóðs. Að sama skapi má ætla að nokkuð dragi úr hagvexti við lok framkvæmdatímans en þá er gert ráð fyrir að ríkið auki framkvæmdir sínar. Skattalækkanir og öflugri útflutningsgreinar ættu einnig að örva hagvöxt og stuðla þannig að bættum lífskjörum þjóðarinnar.

Stjórn ríkisfjármála gegnir veigamiklu hlutverki í þeirri hagstjórn sem fram undan er. Ríkisstjórnin hefur mótað skýr markmið fyrir efnahagsstefnu næstu fjögurra ára og eru þau helstu eftirfarandi:

- Hátekjuskattur verður lækkaður í 4% árið 2004, aftur lækkaður um 2% árið 2005 og afnuminn árið 2006.
- Stefnt er að því að afgangur á ríkissjóði verði ekki undir 1 ¾ % af landsframleiðslu á árinu 2005 og 1% árið 2006.
- Leitast verður við að útgjöld til samneyslu aukist ekki umfram 2% að raungildi á ári á árunum 2005–2007.
- Að auki er gert ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 3 milljarða króna árið 2005 og um 2 milljarða árið 2006. Ríkið frestar framkvæmdum á þeim árum sem áhrif stóriðjuframkvæmdanna eru sem mest. Á móti kemur að framkvæmdir ríkisins verða aftur auknar um 3 milljarða árið 2007 og 2 milljarða árið 2008, þegar búast má við að gæti samdráttar í hagkerfinu að öðrum kosti.
- Stefnt er að því að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram önnur laun til að koma í veg fyrir launaskrið og þenslu.
- Varið verður allt að 3 milljörðum króna á árunum 2005–2007 til tiltekinna verkefna í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að því fé verði meðal annars varið til að aðstoða barnafjölskyldur.
- Allt að 20 milljörðum króna verður varið til skattalækkana á árunum 2005–2007.

Breytingar á skattkerfinu og aðrar aðgerðir sem boðaðar eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar taka mið af fyrrgreindum markmiðum og stöðu efnahagsmála.

Þjóðhagsáætlunin fjallar um nánari útfærslu á efnahagsstefnunni, markmið hennar og þær leiðir sem farnar verða.

Stöðugleiki og hagvöxtur.

Grunntónn efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er sá að jafnvægi og stöðugleiki í efnahagslífinu sé forsenda vaxtar þess og viðgangs. Stöðugleiki á vinnumarkaði, í rekstrarumhverfi fyrirtækja, við stjórn ríkisfjármála og peningamála er forsenda þess að hægt sé að bæta varanlega lífskjör þjóðarinnar.

Hagvöxtur.

Árin 1995–2001 var hagvöxtur mikill á Íslandi, að meðaltali rúm 4% á ári. Í kjölfar þessa mikla vaxtar dró nokkuð úr efnahagsstarfseminni og er hagvöxtur talinn hafa verið neikvæður um 0,5 % árið 2002. Útlit er fyrir að hagvöxtur á yfirstandandi ári verði 2,5% og samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur taki verulega við sér á næstu fjórum árum og nái hámarki árið 2005 þegar ætla má að harm verði 5,5%. Munar þar mestu um áhrif stóriðjuframkvæmda.

Hagvöxtur á Íslandi og erlendis.

Gangi hagvaxtarspáin eftir mun hagvöxtur hér á landi verða mun meiri en í Evrópu og Ameríku samkvæmt spám OECD, eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Hagvaxtarspá OECD og þjóðhagsspá (raunvöxtur landsframleiðslu í %).


	2002	2003	2004
Ísland	-0,5	2,5	4
Evrópusambandið	0,9	1,9	2,7
Bandaríkin	2,3	2,6	3,6
Meðaltal OECD	1,5	2,2	3,0

Þegar litið er til þess að búist er við miklum hagvexti á næstu fjórum árum er ljóst að flest bendir til að hagvöxtur hér á landi verði mun meiri en í Evrópu og Ameríku.

Stjórn ríkisfjármála.

Áætlun um stjórn ríkisfjármála dregur dám af sérstökum horfum í efnahagslífinu vegna stóriðjuframkvæmda. Fyrir liggur að þessi miklu umsvif munu reyna nokkuð á þanþol hagkerfisins, sérstaklega á árunum 2005 og 2006. Því er mikilvægt að stjórn ríkisfjármála haldist í hendur við peningastjórnina.

Áætlað er að heildartekjur og heildarútgjöld ríkissjóðs verði eins og sjá má á eftirfarandi mynd.



Eins og sjá má er gert ráð fyrir töluverðum afgangi af rekstri ríkissjóðs á næstu þremur árum og verður hann mestur árið 2005 þegar búast má við að tekjuafkoman nemi 1,7% af vergri landsframleiðslu. Við lok stóriðjuframkvæmdanna er hins vegar gert ráð fyrir halla sem gæti numið um 0,7% af landsframleiðslu það árið. Þessi halli er m.a. til þess að vega upp á móti hugsanlegum samdrætti á aðlögunarskeiði þjóðarbúsins við lok umsaminna stóriðjuframkvæmda.

Þessar spár verða að teljast mjög varkárar þar sem ekki er gert ráð fyrir stækkun Norðuráls. Verði ráðist í slíka framkvæmd á allra næstu árum er trúlegt að komist verði hjá því að reka ríkissjóð með halla á árinu 2007. Eins er rétt að taka fram að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum af sölu ríkiseigna.

Þá er gert ráð fyrir því í þjóðhagsspá að hreinar skuldir ríkissjóðs muni lækka sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum 2004 til 2006 en aukast aftur lítillega árið 2007.



Sú aukning er ekki óeðlileg í ljósi þess að þá er gert ráð fyrir að stóriðjuframkvæmdum sé lokið. Hér er vert að hafa í huga að verði ráðist í stækkun Norðuráls munu skuldirnar sem

hlutfall af vergri landsframleiðslu halda áfram að lækka. Til samanburðar má nefna að skuldir ríkissjóðs voru 51% af landsframleiðslu í lok árs 1995.


Þá verður ráðist í ýmsar framkvæmdir á vegum hins opinbera sem slegið var á frest auk þess sem skattalækkanir á tímabilinu munu leiða til þess að minna dragi úr hagvexti en ella.

Skattamál.

Í efnahagsstefnu sinni leggur ríkisstjórnin megináherslu á að skattar verði lækkaðir á kjörtímabilinu. Skattalækkanir munu örva hagvöxt og tryggja að ávinningur góðs efnahagsástands og hagstjórnar falli almenningi í skaut.

Hátekjuskattur verður lækkaður í 4% á næsta ári og lækkar í 2% árið 2005 og fellur svo niður árið 2006. Áætlanir gera ráð fyrir að fyrstu skref hvað varðar aðrar skattalækkanir verði tekin árið 2005 og í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að á kjörtímabilinu verði tekjuskattur lækkaður um allt að 4% og eignarskattur afnuminn. Að auki verður hugað að breytingum á álagningu virðisaukaskatts á næstu fjórum árum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig gert er ráð fyrir að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu þróist á árabilinu 2004 til 2007.



Af myndinni má glöggt sjá hve mjög dregur út skattheimtu á næstu fjórum árum.

Áætluð tekjuaukning ríkisins á næstu árum veitir svigrúm til skattalækkana. Minni álögur á landsmenn munu örva hagvöxt á næstu árum. Þær skila sér í meiri ráðstöfunartekjum heimilanna og draga úr letjandi áhrifum skattheimtu á vinnuframlag. Slíkt gagnast ekki síst þeim sem reyna eftir mætti að auka tekjur sínar tímabundið, t.a.m. til að eignast eigið húsnæði eða ráðast í aðrar fjárfestingar. Slíkir hópar hafa oft og tíðum þurft að borga háa jaðarskatta þrátt fyrir að einungis sé um að ræða tímabundna aukningu í vinnu og tekjum. Rétt er að vekja athygli á því að vegna aukinna umsvifa í þjóðarbúskapnum verður tekjulækkun ríkisins vegna lækkunar skatthlutfalla talsvert minni en ella væri.

Verðlagsþróun.

Þróun efnahagsmála síðustu missirin ber vott um að vel hefur tekist að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá árlega hlutfallsbreytingu verðlags á

mælikvarða neysluverðsvísitölu frá árinu 1995 ásamt spá fyrir yfirstandandi og næstu fjögur ár.

Samkvæmt áætlunum verður verðbólgan í samræmi við markmið Seðlabankans og stöðugleikanum ekki stefnt í voða.



Samspil peninga- og fjármálastjórnar.

Helstu hagræn stjórntæki hins opinbera eru á sviði peningamála og ríkisfjármála. Samkvæmt lögum er stjórn peningamála í höndum Seðlabanka Íslands. Meginmarkmið Seðlabankans lögum samkvæmt er að stuðla að stöðugu verðlagi. Í samræmi við þetta markmið og ákvæði laga hefur Seðlabankinn tölusett þetta markmið svo að verðbólgan sé í námunda við 2,5% á ári.

Seðlabankanum ber jafnframt lagaskylda til þess að haga stjórn peningamála þannig að hún stuðli að framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, enda brjóti hún ekki í bága við verðbólgumarkmiðið. Styrk stjórn peningamála sem stuðlar að stöðugu verðlagi er ein forsenda þess að skapa skilyrði fyrir heilbrigðan vöxt og viðgang efnahagslífsins. Slík peningamálastjórn er hins vegar ekki efnahagslegt markmið í sjálfu sér.

Samræmd stjórn peningarnála og opinberra fjármála er nauðsynleg til að sem best takist til í efnahagslífinu. Þegar fyrirboðar eru um samdrátt í hagkerfinu, eða jafnvel samdráttur hafinn, er að jafnaði hyggilegt að slaka á aðhaldi í peningastjórn og auka eftirspurn af hálfu hins opinbera, t.d. með því að lækka skatta og/eða flýta ákveðnum hagkvæmum framkvæmdum. Þegar fyrir liggur að spenna sé að myndast í hagkerfinu er að jafnaði vænlegast að fara gagnstæða leið og beita aðhaldssamari peningastjórn og draga úr eftirspurn hins opinbera í því skyni að koma í veg fyrir ofþenslu og meðfylgjandi verðbólgu og óstöðugleika. Í hagstjórn af þessu tagi er afar mikilvægt að taka tillit til tímatafa í annars vegar mælingum á stöðu þjóðarbúsins og hins vegar í áhrifum hinna ýmsu hagstjórnartækja.


Veruleg verðbólga hefur, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið, neikvæð áhrif á ýmsa innviði hagkerfisins. Hún brenglar t.a.m. verðhlutföll og eykur óvissu og kemur þannig niður á hagvexti og lífskjörum. Uppi eru kenningar um það að vel útfærð peningastefna hafi ekki áhrif á hagvöxt til lengri tíma litið. Hlutverk hennar sé fremur að jafna sveiflur í kringum það sem kalla mætti langtímaleitni þjóðarframleiðslunnar. Á hinn bóginn bendir flest til þess að illa útfærð peningastjórn geti haft áhrif á vöxt og viðgang hagkerfisins til lengri tíma litið.

Um það má einnig deila hversu langt sé skynsamlegt að ganga í því að beita fjármálum hins opinbera sem hagstjórnartæki til að jafna hagsveiflur. Mjög stór hluti opinberra útgjalda felst í að veita borgurunum mikilvæga þjónustu. Óráðlegt virðist að þessi þjónusta rísi og hnígi með hagsveiflunni. Frá þessu sjónarhorni er í rauninni miklu auðveldara og sársaukaminna að mæta skammtímasveiflum með ráðstöfunum í peningamálum. Á hinn bóginn er það svo að ýmsir liðir í opinberum fjármálum, bæði tekna- og gjaldamegin, hafa tilhneigingu til að fylgja hagsveiflunni. Fyllsta ástæða er að freista þess að beita þessum liðum til að vinna gegn fremur en með hagsveiflunni.

Gengisþróun.

Gengi íslensku krónunnar hefur að sönnu sveiflast nokkuð og hefur gengið endurspeglað jafnt ástand efnahagslífsins sem væntingar um framtíðina. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun viðskiptajafnaðar (súlur) og ársmeðaltal gengisvísitölu (lína) fyrir tímabilið 1995 til 2002.

Vöruskiptajöfnuður og gengisvísitala 1995-2002




Kostir þess að láta gengið ákvarðast á markaði eru margir. Á myndinni hér að ofan sést vel hvernig sú ákvörðun að láta gengi krónunnar fljóta árið 2001 leiddi til þess að viðskiptahalli, sem ýmsum virtist nánast óyfirstíganlegt vandamál, hvarf á örskömmum tíma. Það er mikilvægt í jafnopnu og sveiflukenndu hagkerfi og því íslenska að hafa yfir að ráða eigin gjaldmiðli sem tekur mið af efnahagsaðstæðum hér á landi. Ef litið er til næstu ára er ljóst að hagvöxtur verður mikill. Á sama tíma er fátt sem bendir til að hagkerfin í löndunum í kringum okkur muni taka jafnsnögglega við sér. Þetta getur að öðru jöfnu leitt til viðskiptahalla hér á landi. Við slíkar aðstæður er dýrmætt að hafa eigin gjaldmiðil, peninga- og vaxtastefnu sem hæfir efnahagslegum aðstæðum á hverjum tíma.

Velferðarmál.

Á undanförnum árum hafa lífskjör þjóðarinnar batnað umtalsvert. Allir þjóðfélagshópar hafa notið góðærisins og þeir sem lægst hafa launin hafa fengið hlutfallslega mesta kaupmáttaraukningu. Til að styrkja hag heimilanna enn frekar mun ríkisstjórnin leggja áherslu á að lækka skatta á kjörtímabilinu. Sú aðgerð kemur öllum launþegum til góða.

Heimilin og kaupmáttur.

Hagstjórn undanfarinna ára hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur vaxið meira en dæmi eru um síðustu áratugi. Hóflegar kauphækkanir og lítil verðbólga eru forsenda stöðugleika, en hann er grundvöllur þess að kaupmáttur vaxi enn frekar. Samkvæmt áætlunum mun kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxa jafnt og þétt á næstu árum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.




Það er athyglisvert að bera saman þróun kaupmáttar hér á landi og í löndum OECD. Kaupmáttur launa á almennum markaði jókst um 33% frá 1994 til 2003 á Íslandi en um 13% að meðaltali í öðrum löndum OECD.

Barnabætur.

Stuðningur við barnafjölskyldur verður aukinn verulega á árunum 2005 til 2007. Þessari aukningu verður m.a. varið til að hækka barnabætur og frítekjumark, auk þess sem enn frekar verður dregið úr tekjutengingum.

Vinnumarkaður.


Samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi dragist saman í kjölfar aukinna umsvifa í hagkerfinu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.




Gera má ráð fyrir að einhver spenna verði á vinnumarkaði á næsta ári og því þar næsta en síðan dragi úr henni þegar líður að lokum framkvæmdanna á Austurlandi. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysi í Bandaríkjunum mælist nú 6,1% og á evru-svæðinu 8,9%.

Almannatryggingar og heilbrigðismál.

Samkvæmt áætlun í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála aukist um 2,4% að meðaltali á ári sé litið til næstu fjögurra ára.





Eins og sjá má er gert ráð fyrir að á næstu fjórum árum verði haldið áfram að auka stuðning við þá sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs og þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að útgjöld til heilbrigðismála aukist um 2,8% að meðaltali næstu fjögur árin.


Framlög til heilbrigðismála hafa verið stóraukin á síðustu árum. Sé litið til samanburðar við önnur lönd sést að útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu eru meiri hér á landi en alls staðar annars staðar á Norðurlöndum, að Noregi undanskildum.



Það er stefna ríkisstjórnarinnar að allir landsmenn hafi greiðan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Til að nýta sem best það fé sem varið er til heilbrigðismála er mikilvægt að kanna hvaða leiðir eru færar við breytt rekstrarform og gerð þjónustusamninga. Ekki verður farið út í slíkar aðgerðir nema tryggt sé að ekki verði dregið úr möguleikum allra landsmanna til að fá notið heilbrigðisþjónustu.

Mennta-, fræðslu- og menningarmál.

Ríkisstjórnin mun halda áfram að efla stuðning við menntun og rannsóknir í landinu. Á meðfylgjandi mynd sést hve miklu er áætlað að verja til fræðslumála samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2004 og spá fyrir árin 2005 til 2007 en gert er ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála vaxi um 1% á ári næstu fjögur árin.



Á undanförnum árum hafa framlög til menntamála verið aukin til mikilla muna. Í nýútkominni skýrslu OECD um menntamál kemur fram að Ísland er í hópi með Kanada, Danmörku og Svíþjóð þar sem varið er meira en 6,2% af landsframleiðslu til menntastofnana. Einungis Bandaríkin og Kórea leggja hlutfallslega meira fé til skóla, um 7%. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi hér á landi, en það var 5,1% árið 1995. Í skýrslu OECD kemur einnig fram að Íslendingar, ásamt Nýsjálendingum og Svíum, leggja þjóða mest fram í námslán.

Aukna áherslu á menntamál má glöggt sjá þegar litið er til þess hvert hlutfall þessa málaflokks er í útgjöldum hins opinbera. Á árunum 1980 til 1989 var hlutfallið 12,6% og samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að það hafi verið 14,49% árið 2001 og 14,55% árið 2002.

Segja má að bylting hafi orðið í framboði menntunar á háskólastigi og nú eru skólar á háskólastigi níu talsins. Nýjum skólum fylgja nýjar áherslur og fjölbreytileiki í námsframboði og rannsóknum. Menntakerfið er því betur í stakk búið en áður til að mæta kröfum margbreytilegs atvinnulífs þjóðarinnar og eins geta nú fleiri fundið sér nám við hæfi.

Nýskipan stuðnings ríkisins við rannsóknir, með stofnun Vísinda- og tækniráðs, hefur skerpt áherslur og mun vafalítið verða rannsóknum og þróun í landinu til góðs. Megináherslur ráðsins verða að auka úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða, endurskipuleggja umgjörð og verkefni opinberra rannsóknastofnana og að efla háskóla sem rannsóknastofnanir.

Sé litið til heildarútgjalda hins opinbera og einkaaðila til rannsókna og þróunar síðustu árin sést að þau hafa aukist ár frá ári, úr 0,98% af þjóðarframleiðslu árið 1990 í 3,06% árið 2002. Þetta endurspeglar aukin framlög hins opinbera til rannsóknar og þróunar, en ekki síður það sem mikilvægast er, mikinn uppgang tækni og þekkingar í fyrirtækjum og hagkerfinu í heild. Hvað þetta snertir hefur orðið mikil breyting á íslensku hagkerfi á tiltölulega skömmum tíma.

Efnahagsumhverfið.

Einkavæðing.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin staðið fyrir umfangsmeiri einkavæðingu en dæmi eru um í íslenskri hagsögu. Hið opinbera hefur dregið sig út úr rekstri fjármálafyrirtækja, auk þess sem ýmis önnur fyrirtæki hafa verið seld. Markmið einkavæðingar eru fjölmörg, ekki síst að auka samkeppni og skilvirkni í efnahagslífinu.

Sé litið til síðasta kjörtímabils voru tekjur af sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs rúmir 52 milljarðar króna. Tekjum af sölunni var að mestu ráðstafað í að greiða niður erlendar skuldir og til verkefna á sviði samgöngu- og fjarskiptamála.

Þrátt fyrir að mjög mikilvæg skref hafi nú þegar verið stigin í einkavæðingu ríkisfyrirtækja þá er hið opinbera enn umfangsmikið á fjarskiptamarkaði. Fyrir liggur sú ákvörðun að selja eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands.

Aukin samkeppni.

Virk samkeppni er ein meginforsenda þess að ávinningur efnahagsstarfseminnar skili sér til almennings. Smæð íslenska hagkerfisins gerir ríkar kröfur til stjórnvalda um að búa svo um hnúta að regluverk markaðarins sé sanngjarnt, bæði fyrir neytendur og fyrirtæki. Árið 1993 voru samþykkt á Alþingi lög um samkeppnismál og árið 2000 voru gerðar breytingar á þeim lögum sem miðuðu að því að styrkja stöðu samkeppnisyfirvalda. Starfsemi Samkeppnisstofnunar hefur verið efld jafnt og þétt á undanförnum árum og er mikilvægt að stofnunin fái gegnt hlutverki sínu af festu en um leið sé þess gætt að starfsemi hennar verði ekki óþarflega íþyngjandi.

Útlit í alþjóðaefnahagsmálum.

Mikillar óvissu gætir um horfur í alþjóðaefnahagsmálum. Ef litið er til Bandaríkjanna og Evrópu er ljóst að erfiðlega hefur gengið að koma þessum hagkerfum aftur á skrið eftir niðursveiflu á verðbréfamörkuðum árið 2000. Hagvísar eru nokkuð misvísandi og flestir orðnir langeygir eftir uppsveiflu. Ýmsar væntingavísitölur hafa gefið í skyn að uppsveiflunnar sé skammt að bíða, eða að hún sé jafnvel þegar hafin. Gildir það jafnt um bandaríska hagkerfið sem stóru hagkerfin í Evrópu, aðallega Þýskaland.

Hagstjórn í helstu hagkerfum heimsins hefur einkum miðað að því að lækka vexti og búa þannig í haginn fyrir vöxt í efnahagslífinu. Einnig hefur víða verið reynt að koma við skattalækkunum til að örva enn frekar efnahagsstarfsemina. En þrátt fyrir slíkar efnahagsaðgerðir eru enn margháttuð vandamál sem stjórnvöld í helstu hagkerfum heimsins þurfa að glíma við. Samanburður á þeim vanda sem til að mynda snýr að Bandaríkjunum annars vegar og Evrópu hins vegar sýnir að vandamálin eru ólík.

Í Bandaríkjunum hafa komið fram ýmis merki um að nýtt hagvaxtarskeið sé að hefjast. En þrátt fyrir það hafa efnahagssérfræðingar bent á nokkur hættumerki. Viðskiptahalli Bandaríkjanna hefur vaxið hröðum skrefum á síðustu árum og er nú svo komið að hann nemur rúmum 5% af vergri landsframleiðslu þessa stærsta hagkerfis heims. Hallinn hefur að stórum hluta verið fjármagnaður með sölu ríkisverðbréfa og hafa kaupendurnir aðallega verið seðlabankar í Asíu. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu um hvort hér sé um vandamál að ræða er athyglisvert að Bandaríkin voru stærsti lánveitandi heimsins á árunum kringum 1980 en eru nú stærsti skuldarinn. Bandaríkjadalur hefur að sönnu lækkað nokkuð gagnvart öðrum helstu gjaldmiðlum en lækkunin hefur ekki verið nægjanleg til að auka útflutning frá Bandaríkjunum og slá á viðskiptahallann.

Ein ástæða þess að niðursveiflan á verðbréfamörkuðum í Bandaríkjunum leiddi ekki til enn meiri samdráttar í hagvexti en raun bar vitni var að heimilin juku neyslu sína og unnu þannig upp samdrátt í fjárfestingu fyrirtækja. Vaxtalækkanir sem ætlað er að blása nýju lífi í hagvöxtinn hafa einnig leitt til þess að heimilin hafa aukið skuldir sínar til að fjármagna aukna neyslu. Á sama tíma hefur hið opinbera aukið útgjöld sín, t.d til varnarmála, en einnig til annarra málaflokka svo sem heilbrigðismála. Nú stefnir fjárlagahalli Bandaríkjanna í að verða 4% af landsframleiðslu árið 2003. Þrátt fyrir aukna neyslu heimilanna og aukin útgjöld hins opinbera virðist þó enn vera nokkur framleiðsluslaki í hagkerfinu eftir miklar fjárfestingar fyrirtækja á síðasta áratug 20. aldar.

Lítill hagvöxtur og jafnvel stöðnun hefur einkennt stærstu hagkerfi Evrópu síðustu missirin. Líkt og í Bandaríkjunum varð niðursveifla á verðbréfamörkuðum árið 2000 og mjög dró úr hagvexti í flestum löndum álfunnar. Á evru-svæðinu hefur Evrópski seðlabankinn brugðist við með því að lækka stýrivexti sína en stendur frammi fyrir því vandamáli að efnahagsástandið er ólíkt í hinum ýmsu löndum á svæðinu. Þar af leiðir að ólíkt vaxtastig hentar hinum ýmsum löndum. Margir telja að vaxtastigið sé enn of hátt fyrir stærstu hagkerfin; Þýskaland, Frakkland og Ítalíu. Að auki eiga þessi ríki í erfiðleikum með að halda sáttmála um stöðugleika á evru-svæðinu því að útlit er fyrir að ríkissjóðshalli í þeim öllum verði meira en 3 % af landsframleiðslu.

Vandamál þau sem stærstu hagkerfi álfunnar eiga við að glíma eru að stórum hluta önnur en í Bandaríkjunum. Brýnt er að taka á ýmsum kerfisbundnum vandamálum og má þar nefna ósveigjanlega vinnumarkaði og þunglamaleg og óhagkvæm velferðarkerfi. Að auki er aldurssamsetning stærstu þjóðanna að breytast þannig að æ stærri hluti íbúanna fer á ellilaun og hlutfallslega færri verða eftir á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðakerfi landanna eru ekki fær um að mæta þessari þróun.

Ýmis lönd í Asíu hafa búið við mikinn hagvöxt á síðustu missirum. Kínverska hagkerfið vex áfram hröðum skrefum og mikill afgangur er á vöruskiptum við önnur lönd. Japanska efnahagslífið hefur átt í miklum erfiðleikum, hagvöxtur verið lítill og borið hefur á verðhjöðnun. Stjórnvöld ýmissa Asíuríkja hafa verið ásökuð um að halda niðri gengi gjaldmiðla sinna til að örva útflutning á kostnað framleiðslu í öðrum iðnríkjum, sérstaklega Bandaríkjunum. Asíuríkin, og þá sérstaklega Kína, hafa þó reynst treg til að breyta fyrirkomulagi gengismála, t.d. með því að láta gengi gjaldmiðlanna fljóta.

Erfitt er að alhæfa nokkuð um efnahagslíf heimsins, sérstaklega þar sem hagvöxtur á sumum svæðum hefur verið lítill en mikill á öðrum. Þrátt fyrir fyrrgreind vandamál sem steðja að ýmsum stórum hagkerfum er engu að síður álit flestra sérfræðinga að fram undan sé nýtt vaxtarskeið og þá einkum í Bandaríkjunum og nokkru síðar í Evrópu. Lágt vaxtastig kemur sér yfirleitt vel fyrir íslenskt hagkerfi þar sem vaxtabyrði erlendra lána minnkar. Á hinn bóginn leiðir lítill hagvöxtur og jafnvel stöðnun í helstu viðskiptalöndum okkar til minni eftirspurnar eftir útflutningsvörum okkar.

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar, í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar, að kjósa nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Verkefni nefndarinnar verði m.a.:

a. að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar,
b. að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert í stjórnarskrám sínum þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða,
c. að gera tillögur um að landið verði allt eitt kjördæmi,
d. að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings,
e. að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju,
f. að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Nefndin ljúki störfum fyrir lok kjörtímabilsins svo að leggja megi tillögur hennar fyrir þjóðina í næstu kosningum.

Greinargerð.

Danskir embættismenn sömdu fyrstu stjórnarskrána sem Íslendingar fengu árið 1874 úr hendi Kristjáns IX. Danakonungs. Verulegar breytingar urðu á henni fyrir réttri öld, árið 1904, þegar þjóðin fékk heimastjórn. Grundvallarbreytingar voru aftur gerðar á stjórnarskránni þegar Íslendingar tóku sér fullt sjálfstæði árið 1944. Reynslan sýnir að erfitt hefur verið að ná samstöðu um endurbætur á stjórnarskránni á lýðveldistímanum. Allar breytingar á þeim tíma, með einni undantekningu, hafa varðað breytta kjördæmaskipan. Margar stjórnarskrárnefndir hafa þó setið að störfum. Árið 1983 skilaði stjórnarskrárnefnd, sem þá var að störfum, viðamikilli skýrslu með tillögum að ýmsum merkum breytingum. Hluti af þeim var lagður til grundvallar þegar Alþingi samþykkti árið 1995 í tilefni af hálfrar aldar afmæli lýðveldisins merkar umbætur á stjórnarskránni. Mannréttindakafla hennar var þá umbylt og hann færður til nútímahorfs.

Á næsta ári eru hundrað ár frá því að Íslendingar fengu heimastjórn. Þá eru raunar einnig liðin sextíu ár frá því að Íslendingar stofnuðu lýðveldi á Þingvöllum. Samfylkingin telur við hæfi að Alþingi minnist þessara sögulegu tímamóta með því að sameinast um endurskoðun á stjórnarskránni sem miði að þeim áföngum sem lýst er í tillögunni.

Sameign náttúruauðlinda.

Sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum hefur lengi verið rauður þráður í hugmyndafræði íslenskra jafnaðarmanna. Jafnaðarmenn úr þeim flokkum, sem stóðu síðar að stofnun Samfylkingarinnar, hófu fyrir hartnær 35 árum að flytja frumvörp um sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á djúphita, orku fallvatna og löndum og hlunnindum, sem ekki falla undir einkaeignarrétt. Sú barátta leiddi m.a. til almennrar samstöðu um þjóðlenduhugtakið og var mikilvægur aðdragandi að samþykkt frumvarps um þjóðlendur. Í sama anda hefur Samfylkingin frá stofnun sinni árið 2000 barist fyrir því að ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum verði tekið upp í stjórnarskrána.

Vísir að góðri samstöðu um þetta atriði er fyrir hendi. Ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún vilji beita sér fyrir að upp verði tekið ákvæði um að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar. Það er gott spor í áttina. Skilningur okkar á auðlindahugtakinu hefur hins vegar breyst og þróast. Þess vegna er nauðsynlegt að ganga lengra en við töldum áður. Sameignarákvæðið þarf að ná til fleiri þátta en aðeins lifandi auðlinda í hafinu. Stjórnarskráin þarf að taka af allan vafa um að náttúruauðlindir, sem enginn á og eru í reynd partur af sameiginlegum arfi þjóðarinnar, séu ótvíræð sameign hennar. Þar er átt við auðlindir fallvatnanna, auðlindir sem kunna að leynast á hafsbotni, fjarskiptarásir í lofti, þjóðlendur, svo að það helsta sé nefnt. Þetta telur Samfylkingin að eigi að vera hluti af endurbótum á stjórnarskránni í tilefni af hundrað ára afmæli heimastjórnarinnar.

Grundvallarniðurstaða sérstakrar auðlindanefndar, sem skilaði niðurstöðum árið 2000, var á þessa lund. Hún lagði til að skilgreind yrði ný tegund af eignarrétti í stjórnarskránni, þjóðareign, þar sem réttindi eigandans, þjóðarinnar, yrðu útskýrð, og einnig þau skilyrði sem þyrfti að uppfylla til að öðlast rétt til að nota eignina. Yrði það að veruleika væri jafnframt bundinn endi á réttaróvissu um rétt þeirra sem í krafti laga um stjórn fiskveiða hafa fengið leyfi til að veiða. Um leið væri stigið mikilvægt skref til að leysa þann grundvallarágreining sem ríkir um auðlindanýtingu okkar á meðal. Það er því vel við hæfi að í tilefni af aldarafmæli heimastjórnar sé ráðist í slíkar breytingar á stjórnarskránni.

Framsal á valdi til alþjóðastofnana.

Grannþjóðir okkar hafa fyrir löngu viðurkennt í stjórnarskrám sínum að framselja megi þætti úr löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldi til alþjóðasamtaka og stofnana. Þær álíta það nauðsynlegt svigrúm til að tryggja stöðu sína í veröld sem snýst æ meir um alþjóðlega samvinnu í stofnunum sem byggjast á lagalega bindandi skuldbindingum eða yfirþjóðlegu valdi. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum gerðu slíkar breytingar í tengslum við aðildarumsóknir að Evrópusambandinu. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar er að finna heimild til handa forseta og ríkisstjórn í umboði hans að gera milliríkjasamninga. Kveðið er á um að samþykki Alþingis þurfi þó til að leggja kvaðir á land eða landhelgi. Talið hefur verið að þetta ákvæði heimili afmarkað valdframsal til alþjóðastofnana. Þannig hefur verið talið að innganga okkar í Atlantshafsbandalagið árið 1949 og samþykkt tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin tveimur árum síðar hafi rúmast innan þessa ákvæðis, þrátt fyrir að varnir hvers lands séu grundvallarþáttur í fullveldi þess. Þá er Ísland skuldbundið til að hlíta bindandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Mest reyndi á þanþol stjórnarskrárinnar í þessu efni við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamninga við hann. Með þeim samningi féllust Íslendingar á að lúta túlkun sameiginlegs dómstóls EFTA-ríkjanna um efnisatriði EES-samningsins og lúta eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA. Meðal þess sem það eftirlit hefur í för með sér eru heimildir til handa eftirlitsmönnum til að hafa beint eftirlit með íslenskum fyrirtækjum. Þegar Alþingi

samþykkti aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu var deilt hart um hvort aðildin fæli í sér framsal á dóms- og löggjafarvaldi í þeim mæli að færi í bága við stjórnarskrána. Nefnd fjögurra lögfræðinga var þá fengin stjórnvöldum til ráðuneytis til að meta hvort aðildin fæli í sér brot á stjórnarskránni. Niðurstaða þeirra var að samningurinn rúmaðist innan þeirra marka sem stjórnarskráin setti. Hins vegar gæti mat á þessu atriði breyst í ljósi þróunar samningsins á síðari stigum. Færa má að því rök að fækkun í hópi EFTA-ríkjanna og sífellt minni áhrif Íslands á mótun reglna á vettvangi EES hafi breytt eðli EES-samningsins frá því sem var í upphafi. Það er því vel hugsanlegt að þessar breytingar hafi leitt til þess, að samningurinn sé kominn handan þeirra marka sem stjórnarskráin þolir. Þá má minna á að engin umræða var um stjórnskipuleg áhrif Schengen-samningsins þegar Ísland gerðist aðili að Schengensvæðinu. Með Schengen-samningnum afsalar Ísland sér í reynd réttinum til að hafa með höndum landamæravörslu og felur þann grunnþátt fullveldis landsins öðrum aðildarríkjum samstarfsins í þeim tilvikum þegar farþegar á leið hingað til lands koma frá samningslöndunum. Telja má afar vafasamt að slíkt varanlegt valdaafsal standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar. Þá má spyrja sig hvort samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sé að þróast í þá átt, með ákvörðunum úrskurðaraðila á vegum stofnunarinnar, að vafasamt sé að hann standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrár.

EES-samningurinn hefur sömuleiðis haft margvísleg áhrif á dómsvaldið sem ekki voru séð fyrir. Í hæstaréttardómi nr. 236/1999 frá 16. desember 1999 í svokölluðum Erlu Maríudómi gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta.

Alþjóðlegt samstarf á sviði viðskipta og samskipta vex stöðugt. Smáríki á borð við Ísland eiga mest undir öflugri þróun í þessa veru því að án vandaðs regluverks á þessum sviðum ættum við fáa kosti í stórum heimi. Af þessum sökum er eðlilegt að Íslendingar setji skýr ákvæði um framsal valds til alþjóðlegra stofnana í stjórnarskrá og þar með hvaða skilyrðum slíkt framsal er háð og hvaða takmarkanir eru á því. Eðlilegt er að gera þá kröfu til viðkomandi alþjóðastofnana að þær tryggi grundvallarmannréttindi og borgararéttindi með sama hætti og stjórnarskrá Íslands gerir. Þess vegna er eðlilegt að meðal verkefna nefndar um endurskoðun stjórnarskrár Íslands sé að gera tillögu um slíkt heimildarákvæði.

Samband ríkis og kirkju.

Kirkjuskipan okkar er bundin í stjórnarskránni. Þar segir í 1. mgr. 62. gr. að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og „skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda“. Í næstu þremur greinum stjórnarskrárinnar er þó kveðið á um algert trúfrelsi og að allir menn skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda, án tillits til trúar. Ákvæði um trúfrelsi má telja hið mikilvægasta af þeim greinum stjórnarskrárinnar sem fjalla um trú og kirkju. Þrátt fyrir ákvæðið um stuðning og vernd ríkisvaldsins er hvergi skilgreint með hvaða hætti ríkið á að uppfylla skyldurnar sem í því felast. Sterkt tákn um samþættingu ríkis og kirkju birtist í því að þjóðhöfðinginn skipar biskupa kirkjunnar. Þjóðhöfðinginn er þannig hið táknræna höfuð kirkjunnar. Hlutverk hans innan kirkjunnar undirstrikar því skjólið sem stjórnarskráin ætlar ríkinu að veita evangelisk lútersku kirkjunni umfram önnur trúfélög. Annað táknrænt dæmi um tengslin milli ríkis og kirkju er að þegar ekki tekst að velja biskupsefni með kosningu innan kirkjunnar þá velur handhafi framkvæmdarvaldsins milli þeirra sem jafnir verða í kosningu, sbr. nýlega skipun vígslubiskups á Hólum.

Hin sterku tengsl ríkis og kirkju hófu að mótast strax árið 1000 með hinum sögulega úrskurði Þorgeirs Ljósvetningagoða. Eftir að hafa legið undir feldi kvað hann upp úr með að „allir menn skyldu kristnir vera og skírn taka“ og allir landsmenn „hafi ein lög og einn sið“. Við siðskiptin varð konungsvaldið beinlínis hluti af stjórn kirkjunnar, þótt prestar og biskupar héldu töluverðu sjálfstæði í málefnum hennar. Í byrjun 18. aldar var enn hert á tengslum ríkis og kirkju, þegar eins konar ríkisfyrirkomulag komst á þar sem kirkjan og ríkið urðu nánast eitt. Kirkjan hafði þá ekkert sjálfstæði, en þurfti að bera jafnt fjármál, skipulag sem andleg málefni undir hið veraldlega vald. Þessi kirkjuskipan hélst fram á seinni hluta 19. aldar. Grunn núverandi tengsla ríkis og kirkju, sem eru mun lausari en á þeim tíma, lögðu svo danskir embættismenn í stjórnarskránni 1874.

Kristin gildi eru hinn siðræni grunnur íslenskrar menningar og samfélags. Þau hafa mótað samfélagið um aldir. Því er eðlilegt að staðfest sé með einhverju móti að íslenska ríkið vilji verja þann grunn. Í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og jafnræði er hins vegar jafneðlilegt að spurningar vakni hvort evangeliska lúterska kirkjan eigi að njóta sérstakrar verndar í stjórnarskránni, og hvort þjóðhöfðinginn eigi með táknrænum hætti að vera höfuð hennar. Í reynd hefur á síðustu árum átt sér stað vaxandi aðskilnaður milli ríkis og kirkju. Tengslin hafa verið að þróast þannig að kirkjan er ekki lengur óaðskiljanlegur hluti ríkisins, heldur á hún í mun hlutlausara sambandi við það en áður. Kirkjan hefur sjálf haft lofsvert frumkvæði að mörgum breytingum. Búið er að semja um fjárhagslegan aðskilnað ríkis og kirkju, þótt vissulega sé enn ósamið um mikilvæg fjárhagsleg atriði sem varða ekki síst jarðir sem tilheyra kirkjunni. Hlutverk kirkjuþings og kirkjuráðs er miklu öflugra og mikilvægara en áður. Kirkjan ræður nú sjálf skipulagi sínu og félagslegum efnum. Þetta aukna sjálfstæði er án efa lykillinn að auknum þrótti í kirkjustarfi sem hefur gætt á síðustu árum. Aðskilnaður ríkis og kirkju er þannig orðinn að ferli, sem er á verulegri hreyfingu. Kirkjan hefur sjálf gert sér mæta vel grein fyrir þessu. Það birtist með skýrum hætti í ræðu hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups í upphafi kirkjuþings árið 2002 þar sem biskupinn orðaði það svo að skilnaður hefði þegar orðið að borði og sæng og kirkjan þyrfti nú að búa sig undir lögskilnað. Orðrétt sagði biskup: „Hér vantar í raun ekki mikið upp á að ríki og kirkja séu aðskilin. Nefna má það skilnað að borði og sæng. Mér sýnist sem kirkjan þurfi meðvitað að búa sig undir að til lögskilnaðar komi. En meginspurningin er: Á hvaða forsendum? Stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna hefur verið áminning um kristnar rætur íslenskar menningar og samfélags. Þjóðin má ekki gleyma þeim rótum jafnvel þótt breyting yrði enn á lögformlegri stöðu þjóðkirkjunnar.“ Undir þessi orð biskups er auðvelt að taka.

Ísland er samfélag í örri þróun. Hnattvæðingin, minnkandi vægi landamæra og vaxandi fólksflutningar um veröldina hafa sett mark sitt á land og þjóð. Innstreymi fólks sem brotið er af erlendu bergi auðgar í æ ríkari mæli menningu og atvinnulíf samfélagsins. Ísland er í dag fjölmenningarsamfélag. Hér er að finna margvísleg trúarbrögð þó að evangeliska lúterska kirkjan beri ægishjálm yfir önnur. Þeim Íslendingum fer því fjölgandi sem hafa aðra trú og annan sið en þann sem rekja má til úrskurðar Þorgeirs Ljósvetningagoða fyrir 1000 árum. Þetta skiptir máli varðandi endurskoðun á ákvæðum stjórnarskrárinnar um samband ríkis og kirkju. Fjölmenningarlegt eðli samfélagsins kallar á að menn skoði hvort ekki sé tímabært að breyta ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju. Sú breyting þarf þó að verða í góðri sátt og virðingu beggja.

Landið eitt kjördæmi.

Dýpri umræða um mannréttindi síðustu áratugi hefur leitt til að í vaxandi mæli líta menn svo á að jafnt atkvæðavægi sé hluti af mannréttindum. Á mannréttindum er ekki veittur

afsláttur. Af þeim sjónarhóli er ekki hægt að verja að sumir þegnar ríkisins hafi minna vægi í kosningum en aðrir. Jafnt vægi atkvæða ætti því að vera einn af hornsteinum þroskaðs lýðræðisríkis eins og Íslands. Vægi atkvæða hefur þó löngum verið misjafnt hér á landi. Allt fram á síðasta áratug var ríflega fjórfaldur munur á vægi atkvæða milli þeirra kjördæma sem höfðu mest og minnst vægi. Síðasta kjördæmabreytingin, þegar kjördæmum var fækkað niður í sex og Reykjavík skipt upp í tvö kjördæmi, dró þó verulega úr ójafnvæginu. Enn er þó munurinn tvöfaldur.

Hugmyndin um að gera landið að einu kjördæmi er gömul hér á landi. Jafnaðarmenn börðust fyrir henni strax á dögum Héðins Valdimarssonar, forustumanns þeirra og formanns Dagsbrúnar. Hann flutti frumvarp þessa efnis árið 1927. Greinargerðin ber glæsilegt vitni um framsýni hans og félaga hans. Í henni er lýst þeirri skoðun, að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var því reglan „einn maður – eitt atkvæði“ hornsteinn lýðræðisins. Síðan hafa jafnaðarmenn haldið þeirri hugmynd hátt á lofti. Síðast árið 2002 flutti þingflokkur Samfylkingarinnar frumvarp til stjórnskipunarlaga þar sem lagt var til að landið yrði gert að einu kjördæmi. Í því frumvarpi sagði meðal annars um kosti þessa:

„1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.“

Hátt í áttatíu ár eru liðin frá því að Héðinn flutti fyrst tillögu sína um að gera landið að einu kjördæmi. Hið gamla kjörorð hans „einn maður – eitt atkvæði“ á enn þá fullt erindi við landsmenn. Á þeim tímamótum sem eru fram undan í þjóðarsögunni væri slík breyting verðug afmælisgjöf Íslendinga til sjálfra sín.

Þjóðaratkvæði.

Breytingarnar, sem hafa orðið á Vesturlöndum á síðustu áratugum, jafnt félagslegar, efnahagslegar sem tæknilegar, kalla á þróun í átt til beinna lýðræðis. Þorri almennings hefur nú aðstæður og upplýsingu til að taka sjálfur stærri ákvarðanir um hagi sína og líf en áður. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar á að almenningur hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími á því að vera liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir. Samfylkingin hefur með skýlausum hætti lýst þeirri skoðun, að það sé tímabært að færa valdið í ríkari mæli til fólksins, ekki aðeins í landsmálum, heldur einnig á sveitarstjórnarstiginu. Hún hefur því barist fyrir beinum kosningum til að taka mikilvægar ákvarðanir í byggðum og héruðum.

Ný og áður óþekkt samskiptatækni hefur komið fram á síðustu árum og fleygir fram af meiri hraða en nokkru sinni fyrr. Hún hefur skapað möguleika á að taka upp hið beina lýðræði Aþenu þar sem borgararnir geta haft áhrif á stjórn samfélagsins með beinum og milliliðalausum hætti. Milliliðalaust lýðræði leiðir til heilbrigðari og opnari stjórnarhátta þar sem tryggt er að almannahagsmunir ráði för en ekki sérhagsmunir einstakra valdablokka sem geta keypt sér áhrif í krafti fjármagns. Beint lýðræði er góð leið til þess að búa svo um hnúta að ýtrustu hagsmunir hins almenna borgara ráði ákvörðun um stærstu hagsmunamál þjóðarinnar.

Vísir að beinu lýðræði verður því aðeins tryggður að almenningur hafi ótvíræðan, sjálfstæðan rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis. Það verður tæpast nema stjórnarskráin mæli fyrir um að tiltekinn fjöldi kosningarbærra borgara geti krafist þjóðaratkvæðis um ákveðin mál.

Því er mikilvægt að nefnd til endurskoðunar á stjórnarskrá Íslands verði falið að útfæra til lögu um hvernig slíkum kosningum skuli háttað, þar á meðal hve marga kosningarbæra menn þarf til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þann rétt þarf síðan að binda í stjórnarskrá landsins.

Stjórnarskrá, væntingar og vilji.

Stjórnarskráin er sá rammi, sem skipan samfélagsins hvílir á. Hún verður að endurspegla þarfir, væntingar og vilja fólksins í landinu. Stjórnarskráin þarf því að þróast í takt við þróun samfélagsins. Verulegar breytingar hafi orðið á atvinnulífi, tækni og lífsgildum Íslendinga frá því að stjórnarskrá lýðveldisins var samþykkt 1944. Eigi að síður hafa breytingar á stjórnarskránni verið óverulegar, ef frá er talinn mannréttindakafli hennar. Á hundrað ára afmæli heimastjórnarinnar er því tímabært að ráðast í endurskoðun sem færir stjórnarskrána til samræmis við breytingar á samfélaginu. Það er ástæðan fyrir þessari tillögu Samfylkingarinnar.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin skal skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipar án tilnefningar.

Greinargerð.

Nokkuð er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að fá haldbær rök eru til þess að foreldrar greiði dýrum dómum fyrir skólahaldið sjálft, þ.e. leikskólamenntun, á fyrsta skólastiginu en hætti því svo skyndilega þegar börnin hafa náð grunnskólaaldri. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara er tiltekið að „leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og því skuli sveitarfélög vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á 6 tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds“. Að baki liggur það mat leikskólakennara að til þurfi að lágmarki sex klukkustundir á dag til að unnt sé að framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla og sinna öllum námssviðum (hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag), þannig að þetta skarist og sé samofið leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikniþjálfun eins og vera ber.

Niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir ungbarnafjölskyldur. Sú kjarabót skilar sér beint til fjölskyldna sem eru í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað. Um leið yrði tekið stórt skref í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er um að ræða yngstu foreldrana sem jafnframt eru að koma sér fyrir í lífinu og margir að koma út úr skólum með námslán á bakinu, eru að leysa sín húsnæðismál o.s.frv. Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar

upp undir 30 þús. kr. fyrir níu tíma dvöl. Fjölskyldur með tvö börn á leikskóla borga yfirleitt um 50 þús. kr. á mánuði því að ekki er óalgengt að systkinaafsláttur sé 30–35% með öðru systkini. Dæmi eru um fjölskyldur sem borga upp undir 60 þús. kr. í leikskólagjöld á mánuði fyrir þrjú börn (systkinaafsláttur með þriðja barni 75%) og þarf slík fjölskylda um 100 þús. kr. viðbótartekjur á mánuði til að standa straum af útgjöldunum að teknu tilliti til skatta. Þess ber að geta að sérstakur afsláttur er yfirleitt veittur fyrir börn einstæðra foreldra og öryrkja og námsmenn greiða a.m.k. sums staðar nokkru lægra gjald. Í þessum efnum er þó að finna talsverðan mun milli sveitarfélaganna og þess eru jafnvel dæmi að lítill eða alls enginn greinarmunur sé gerður á gjöldum foreldra með tilliti til félagslegra aðstæðna. Til glöggvunar er birt sem fylgiskjal með tillögu þessari gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur, en rétt er að hafa í huga það sem áður sagði um mismun milli sveitarfélaga.

Ekki verður um það deilt að það er mikið jafnaðar- og jafnréttismál í nútímasamfélagi að allir eigi kost á leikskóladvöl fyrir börn sín án tillits til efnahags. Flutningsmenn tillögunnar líta á breytingar í þessa átt sem lið í því að gera samfélagið fjölskylduvænna og styrkja undirstöður velferðar í landinu. Sérstök ástæða er til að huga að stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessu sambandi.

Nefnd sú sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð þarf í starfi sínu að móta stefnu um hvernig réttindi foreldra til leikskóladvalar barna sinna, eða eftir atvikum ef um aðra sambærilega og viðurkennda dagvistun er að ræða, verða látin haldast í hendur við skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn. Ljóst er að það mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma að gera leikskólastigið í heild sinni gjaldfrjálst og gera ráðstafanir til að fullnægja eftirspurn í takt við réttindi foreldra og skyldur sveitarfélaga samkvæmt hinni nýju skipan. Því er eðlilegt að verkefnið verði unnið í áföngum, t.d. með því að gera síðasta árið fyrir grunnskóla gjaldfrítt fyrst. Einnig er eðlilegt að veita sveitarfélögunum ákveðinn aðlögunartíma, þeim sem þess þurfa með, þar til þeim er skylt að anna eftirspurn að fullu. Síðan koll af kolli uns því takmarki er náð að allt leikskólastigið og eftir atvikum önnur sambærileg og viðurkennd dagvistun sé gjaldfrjáls.

Tekjustofnar og kostnaður.

Ljóst er að niðurfelling leikskólagjalda kallar á endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaganna vegna dagvistunar var um 8,4 milljarðar króna á árinu 2001 og á móti komu tekjur upp á 2,4 milljarða eða tæp 30%, en algengt er að sveitarfélögin miði við að leikskólagjöld standi undir a.m.k. því hlutfalli kostnaðarins. Innan skamms munu liggja fyrir tölur um kostnað sveitarfélaganna af þessum málaflokki byggðar á ársreikningum þeirra fyrir árið 2002.

Ljóst er að sveitarfélögin í landinu eru ekki aflögufær eins og afkomu þeirra er háttað heldur þvert á móti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið talsmenn þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna og bæta fjárhag þeirra, t.d. með hlutdeild í fleiri og breiðari tekjustofnum en nú er. Með auknu hlutverki á sviði velferðarmála og umhverfismála og sökum allrar þeirrar mikilvægu nærþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að inna af hendi er ljóst að barátta fyrir öflugu samábyrgu velferðarsamfélagi er um leið barátta fyrir því að sveitarfélögin hafi fjárhagslegt bolmagn og aðstöðu til að leysa hlutverk sitt vel af hendi. Af þeim sökum er gengið út frá því að tekjustofnar komi á móti þeim kostnaði sem sveitarfélögin bæta smátt og smátt á sig með niðurfellingu leikskólagjalda. Einnig gæti ríkið létt einhverjum verkefnum af sveitarfélögunum eins og t.d. greiðslu húsaleigubóta, en það er einmitt stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þær verði færðar til ríkisins og inn í skattkerfið. Því fylgir sá kostur að hægt er að taka upp samræmd húsnæðisframlög þar

sem samræma má á einum stað innan skattkerfisins vaxtabætur annars vegar og stuðning við leigjendur eða húsaleigubætur hins vegar. Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta voru áætluð einar 870 millj. kr. á árinu 2002, þannig að ef ríkið tæki þann kostnað yfir stæðu eftir rúmar 1.500 millj. kr. sem bæta þyrfti sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hefðu verið felld niður í heild sinni. Hver áfangi á leið til fulls gjaldfrelsis gæti þannig kostað einar 500–700 millj. kr. ef miðað er við að tekið yrði eitt ár í einu. Hvað sem áformum um gjaldfrjálsan leikskóla líður hljóta tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að verða til skoðunar á næstunni þó ekki væri nema vegna þess að skuldasöfnun og bág afkoma allt of margra sveitarfélaga er vandamál sem taka verður á.

Þess ber að lokum að geta að bæði hérlendis og erlendis má finna dæmi um hreyfingu í þá átt að draga úr eða fella niður gjaldtöku í leikskólum. Þannig er kveðið á um breytingar í þá veru í málefnasamningi Reykjavíkurlistans, núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Í Svíþjóð var ókeypis leikskóladvöl a.m.k. fyrir eldri leikskólabörn eitt af baráttumálum vinstri flokkanna í síðustu kosningum og eru fyrstu áfangar breytinga í þá átt nú að koma til framkvæmda þar í landi.

Fylgiskjal.

Leikskólar Reykjavíkur:

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – leikskólagjöld.

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur tekur mið annars vegar af tímalengd vistunar barns og hins vegar af félagslegri stöðu foreldra.

Gjaldskráin skiptist í 3 gjaldflokka og gilda um þá eftirfarandi reglur:

I. Almennt gjald, giftir foreldrar og sambúðarfólk.

II. Samkvæmt þessum flokki greiða foreldrar þar sem annað foreldrið er í námi og ef annað foreldri er öryrki. Miðað er við að námið sé lánshæft skv. viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75% námi á háskólastigi en í 100% námi sé hann í sérnámi.

Námsmenn við Háskóla Íslands skulu taka a.m.k. 11 einingar á önn.

Þessi gjaldflokkur á einnig við ef stundað er fullt nám í framhalds-, mennta-, fjölbrauta- og iðnskóla. Kvöldnám er ekki tekið gilt.

Skólavottorð berist skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur í janúar og september ár hvert. Námssamningar berist skrifstofu L.R. í byrjun samningstímans.

III. Samkvæmt III. flokki greiða einstæðir foreldrar, foreldrar þar sem báðir eru í námi, sbr. skilgreiningu LÍN á lánshæfu námi, og foreldrar ef báðir eru öryrkjar. Starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur falla einnig undir þennan flokk.

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – leikskólagjöld

Klukkustundir	Gjald I	Gjald II	Gjald III
4	12.000	9.900	9.700
5	15.000	11.800	10.900
6	21.200	14.000	12.000
8	27.000	20.400	13.900
9	29.900	21.500	15.300

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2003

Í gjaldflokki I er hádegisverður innifalinn í 6 klst. vistun og lengri. Sé óskað eftir hádegisverði fyrir börn í 4–5 klst. vistun skal greitt sérstaklega fyrir matinn. Verð fyrir hádegisverð er kr. 3.300 á mánuði.

Hressing er innifalin í öllum gjaldflokkum og hádegisverður í **gjaldflokki II og III.**

Systkinaafsláttur er 33% með 2. barni og 75% með 3. barni.

Einnig reiknast afsláttur ef börn á leikskóla eiga systkini hjá dagforeldri eða á einkareknum leikskóla, sjá gjaldskrá vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2005.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum“.

Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Af sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: 7%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Matvælaverð á Íslandi er með því hæsta sem þekkist, enda allt of hátt. Hlutur ráðstöfunartekna meðalfjölskyldunnar til að standa straum af matarinnkaupum er að sama skapi allt of mikill. Neyslukönnun sem Hagstofan gerði árið 1995 sýndi að meðalfjölskyldan notar 17,4% ráðstöfunartekna sinna til matvælakaupa. Athygli vekur að nýrri kannanir liggja ekki fyrir. Flutningsmenn telja að ráða þurfi bót á því, og jafnframt, að nauðsynlegt sé að fyrir liggi hvernig hlutfall ráðstöfunartekna sem varið er til matarkaupa breytist eftir tekjuflokkum og fjölskyldugerðum. Þingmenn Samfylkingarinnar munu því í upphafi þings leggja fram fyrirspurn um það. Þrátt fyrir skort á nægilega ítarlegum upplýsingum má þó færa sterk rök fyrir því að tekjulágar fjölskyldur og ungt fólk með mörg börn á framfæri verji hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna til matarútgjalda. Fátt er því jafnbrýnt til að bæta fjárhagslega afkomu barnafólks, og þeirra sem hafa lágar tekjur, en finna leiðir til að lækka verð á matvælum. Samfylkingin hefur því lagt mikla áherslu á að stjórnvöld grípi til aðgerða sem duga til þess. Alþingi samþykkti á síðasta löggjafarþingi tillögu frá þremur þingmönnum Samfylkingarinnar, Rannveigu Guðmundsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Össuri Skarphéðinssyni, um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði hér landi miðað við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins. Niðurstöðurnar liggja ekki enn fyrir.

Ýmsar leiðir eru færar til að lækka matvælaverð. Bent hefur verið á þá augljósu staðreynd að verð á matvælum er miklu lægra innan Evrópusambandsins en á Íslandi og í Noregi, en bæði ríkin standa utan sambandsins. Samkvæmt könnun norsku Hagstofunnar var matvælaverð hér á landi 69% hærra árið 2000 en í Evrópusambandslöndunum, og 62% hærra í Noregi. Þetta er furðulega mikill munur. Sláandi dæmi komu jafnframt fram um illskiljanlegan verðmun milli einstakra matvælategunda á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Hver hefði til dæmis trúað að fiskur, helsta framleiðsluvara Íslendinga, væri 12% dýrari á Íslandi en í 15 löndum Evrópusambandsins? Það var þó ein af niðurstöðum norsku könnunarinnar. Ein leið til að lækka matvælaverð kann því að vera að ganga í Evrópusambandið. Reynsla Norðurlandanna hefur sýnt að innganga getur leitt til umtalsverðrar lækkunar matvælaverðs. Íslenskir neytendur hljóta m.a. að taka þá staðreynd til hliðsjónar þegar þeir meta framtíðartengsl Íslands og annarra Evrópulanda. Afstaða Samfylkingarinnar liggur fyrir í því efni. Hún hefur skilgreint sig sem Evrópuflokk.

Önnur leið til að lækka matarverð er að minnka skattlagningu á mat. Sú leið er í samræmi við áherslur Samfylkingarinnar í sl. kosningabaráttu. Samfylkingin lagði þá til helmingslækkun virðisaukaskatts á þeim matvælum sem eru í lægra virðisaukaskattsþrepi. Það jafngildir lækkun úr 14% í 7%. Sú tillaga er einmitt efni þessa frumvarps. Rökin fyrir skattalækkun af þessu tagi eru augljós. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum kemur öllum til góða, einnig þeim sem hafa úr svo litlu að spila að þeir greiða ekki tekjuskatt, og mundu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskattshlutfalls sem stjórnarflokkarnir hafa boðað. Þeir sem minnstar tekjur hafa eyða hlutfallslega mestum parti ráðstöfunartekna sinna til matvælakaupa. Lækkun virðisaukaskatts á matvælum kemur sér því hlutfallslega best fyrir þá sem hafa lágar tekjur eða millitekjur, ekki síst barnafólk sem þarf að verja miklum hluta tekna sinna til að kaupa mat. Í skattalækkun af þessu tagi felst því réttlæti sem vantar í of miklum mæli í skattkerfi okkar Íslendinga.

Neyslukönnunin frá 1995 sýnir að það ár fóru að meðaltali 17,4% af útgjöldum íslenskra heimila til kaupa á matvælum. Lækkun virðisaukaskatts úr 14 í 7% á þeim matvælum sem telja má í flokki brýnustu nauðþurfta skiptir því verulega miklu máli í útgjöldum íslenskra heimila, ekki síst þeirra sem lægstar hafa ráðstöfunartekjur. Líklegt er að matarreikningur Íslendinga muni lækka um ríflega fimm milljarða króna verði frumvarpið samþykkt. Heildarkostnaður hins opinbera er þó snöggtum minni vegna aukinnar veltu, og má gera ráð fyrir að hann verði undir fjórum milljörðum króna.

Í meðfylgjandi reglugerð er að finna upptalningu á þeim vörutegundum sem eru í lægra virðisaukaskattsþrepinu, og lækka því enn í verði samkvæmt frumvarpi þessu.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með síðari breytingum. (Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.) Sjá rg. nr. 546 í Stjtíð. 2002, B-deild, 1465.–1468. bls.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fjármálafyrirtæki getur einungis fengið eina tegund starfsleyfis skv. 1. mgr.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins í þágu viðskiptaaðila sinna og samrýmist reglum sem viðskiptaráðherra setur þar um að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að hún sé tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum.

Lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að hún sé tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Tilkynning hér að lútandi skal send Fjármálaeftirlitinu.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og hagkvæmt er.

Ef viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánafyrirtæki stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla, sbr. 1. og 2. mgr., eða yfirtaka eignir, sbr. 3. mgr., er þeim skylt að tryggja að aðkoma þeirra að viðkomandi rekstri eða eignaumsýslu skekki ekki samkeppni á viðkomandi sviði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að þrengri skorður verði settar svokallaðri hliðarstarfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja sbr. 21. gr. laganna.

Veigamesta breyting frumvarpsins felst þó í því að takmarka starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða með þeim hætti að þeim verði óheimilt að kaupa verðbréf eða hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila, sameina hana annarri starfsemi, skrá viðkomandi verðbréf og selja þau almenningi. Slík starfsemi hefur verið flokkuð sem fjárfestingarbankastarfsemi og gerir frumvarpið ráð fyrir því að einungis lánafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í lögunum verði heimil slík starfsemi. Með þessu er framkallaður skýr aðskilnaður milli viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Þá er í frumvarpinu lögð sú skylda á herðar fjármálafyrirtækja sem stunda tímabundið aðra starfsemi skv. 22. gr. að tryggja að aðkoma þeirra skekki ekki samkeppni á viðkomandi sviði. Í þessu felst t.d. að banka yrði með öllu óheimilt að fjármagna taprekstur fyrirtækis á samkeppnismarkaði og gera því kleift að keppa með ósanngjörnum hætti við samkeppnisaðila með undirboðum eða öðrum slíkum aðferðum í skjóli hins öfluga fjármálalega bakhjarls.

Þótt ekki sé beinlínis gert ráð fyrir því í lögunum að fyrirtæki hafi fleiri en eitt starfsleyfi er að því er virðist heldur ekkert sem bannar það. Af þeim sökum er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að fjármálafyrirtæki geti einungis starfað á grundvelli einnar tegundar af starfsleyfi á hverjum tíma. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sama fjármálafyrirtækið fái starfsleyfi bæði sem viðskiptabanki og lánafyrirtæki og haldi þar með óbreyttum starfsheimildum.

Á undanförnum missirum hefur komið í ljós að sá lagarammi og þær takmarkanir sem fjármálafyrirtækjum eru settar duga engan veginn til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Raddir eru uppi um að svokallaðir „kínamúrar“ innan fjármálafyrirtækja haldi ekki og þar með efasemdir um að hagsmunum allra viðskiptavina sé gert jafnhátt undir höfði. Það er hverju fjármálafyrirtæki afar mikilvægt að forðast hvers konar hagsmunaárekstra. Í þessu sambandi er til að mynda augljóst að fjármálafyrirtæki getur enn síður en ella þjónað tveimur samkeppnisfyrirtækjum með trúverðugum hætti ef bankinn er stór eigandi í öðru þeirra. Svipað má segja um þær aðstæður sem koma upp ef fjármálafyrirtæki er annars vegar viðskiptabanki fyrirtækis en hins vegar að versla með eignarhluti í því hinu sama fyrirtæki fyrir

eigin reikning. Á undanförnum missirum hafa fjármálafyrirtæki gerst umsvifamikil í kaupum og sölu á fyrirtækjum og beinir gerendur í ýmiss konar sviptingum þar sem tekist er á um hagnaðarvonir, völd og áhrif í viðskiptalífinu. Það er skoðun flutningsmanna að þessi mál séu komin úr böndunum og að óhjákvæmilegt sé að setja umsvifum fjármálafyrirtækjanna ákveðnari skorður í þessum efnum en núgildandi lög gera ráð fyrir og eins og þau hafa verið túlkuð og framkvæmd. Við kringumstæður sem þessar er það skylda löggjafans að skerast í leikinn til að vernda hagsmuni almennra viðskiptavina bankanna og til að takmarka líkur á því að hagsmunaárekstrar verði.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um raforkukostnað fyrirtækja.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að fara yfir mismunandi gjaldskrár orkuveitna og kanna hvort raforkukostnaður fyrirtækja sé mismikill eftir því hvaða orkuveita þjónar þeim. Komist nefndin að því að orkuverð fyrirtækja er mishátt eftir orkuveitum er henni falið að meta hvort mismunun fyrirtækja eftir því hvar þau eru á landinu skekki samkeppnisstöðu þeirra.

Greinargerð.

Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna, Samorka, hafa gert samanburð á afltöxtum allra rafveitna í landinu og hefur þar komið fram að mikill munur er á raforkuverði til fyrirtækja eftir því hvar þau eru á landinu. Samorka setur upp dæmi sem sýna berlega að ótrúlega mikill munur er á því verði sem fyrirtæki greiða, t.d. annars vegar á Snæfellsnesi sem RARIK þjónar og hins vegar í Reykjavík sem OR þjónar. Dæmi er tekið af fyrirtæki sem þarf að greiða 1.632.790 kr. á ári fyrir rafmagn á starfssvæði RARIK, t.d. á Blönduósi, en ef sama fyrirtæki væri í Reykjavík greiddi það einungis 1.252.648 kr. Munurinn er um 30%.

Nefndinni ber að fara ítarlega yfir gjaldskrár og útreikninga og í framhaldinu að kanna hvort mishátt gjald á raforku skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert húsleit í starfsstöðvum fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um brot gegn ákvæðum laganna. Á sama hátt getur stofnunin gert húsleit og lagt hald á gögn á heimilum stjórnenda fyrirtækja.

Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

2. gr.

Á eftir 50. gr. XII. kafla laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Þegar uppi er grunur um brot á IV. kafla laga þessara skal Samkeppnisstofnun án tafar tilkynna ríkissaksóknara um málið, ásamt gögnum sem rökstyðja það. Samkeppnisstofnun skal enn fremur veita honum aðgang að nýjum gögnum jafnharðan og þeirra er aflað, eftir að tilkynning um að rökstuddur grunur hafi vaknað um refsivert brot hefur verið send ríkissaksóknara og hann ákveðið að hefja rannsókn. Ríkissaksóknari metur hvort og hvenær ástæða er til hefja opinbera rannsókn á ætluðum refsiverðum brotum einstaklinga á samkeppnislögum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Brot gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara og reglum og fyrirmælum settum með stoð í honum varða fésektum eða fangelsi allt að sex árum.
b. Í stað 1.–3. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sektir samkvæmt lögum þessum verða einungis lagðar á einstaklinga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem m.a. er ætlað að skýra og skerpa á verkaskiptingu og samskiptum milli Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra vegna brota á samkeppnislögum, auk þess sem brot fyrirtækja varða ekki lengur refsingum.

Brot fyrirtækja og lyktir mála gagnvart þeim eiga því alfarið undir stjórnvöld. Að sjálfsögðu verða þær ákvarðanir bornar undir dómstóla ef svo ber undir, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Í fyrsta lagi er lagt til að refsiábyrgð fyrirtækja verði afnumin. Með breytingunni verður því einungis unnt að beita lögaðila stjórnsýsluviðurlögum vegna brota á lögunum. Ákvörðun Samkeppnisráðs þar um verður endurskoðuð af dómstólum samkvæmt almennum reglum kjósi aðili svo. Breytingin kemur í veg fyrir að lögaðilum sé refsað tvisvar fyrir sama brotið.

Í öðru lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verð gert kleift að leita á heimilum stjórnenda fyrirtækja að gögnum. Brot gegn samkeppnislögum eru fyrst og fremst brot gegn almenningi. Hér er því um mjög alvarleg brot að ræða. Það er almenn samstaða um það í samfélaginu að ríkisvaldið eftirláti fyrirtækjum og einstaklingum framleiðslu og sölu vara á markaði. Ríkið hefur líka að mestu dregið sig út úr ákvörðunum um verðlagningu og verðmyndun framleiðsluvara. Til þess að verðmyndun á markaði verði eðlileg er nauðsynlegt að sanngjörn og heiðarleg samkeppni fái notið sín. Þeir sem brjóta gegn ákvæðum laga sem ætlað er að stuðla að því að efnahagslífið fái þrifist og dafnað á þessum forsendum vega því alvarlega að hagsmunum almennings sem verður að greiða fyrir þessi brot með hærra verði á vörum, jafnvel nauðsynjavörum. Brot gegn samkeppnislögum eru litin mjög alvarlegum augum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fengið heimild til húsleitar á heimilum stjórnenda fyrirtækja við þessar aðstæður. Það er því ljóst að Íslendingar verða fljótlega að lögfesta sambærilegt ákvæði vegna aðildar sinnar að EES-samningnum. Það er skynsamlegt að gera það strax vegna alvarleika brotanna. Með lögfestingu þessara reglna er það lagt á dómstóla að meta hvað teljist vera heimili stjórnenda og hverjir séu stjórnendur fyrirtækja sem rétt sé að veita húsleitarheimild hjá.

Í þriðja lagi er lagt til að refsiábyrgð einstaklinga verði takmörkuð við brot á IV. kafla laganna sem hefur að geyma ákvæði um bann við samkeppnishömlum. Brot á ákvæðum IV. kafla teljast til alvarlegri brota í samkeppnisrétti. Önnur bannákvæði laganna lúta að vægari brotum á lögunum. Það er álit flutningsmanna að nægjanlegt sé að leggja refsiábyrgð á einstaklinga vegna alvarlegri brota á lögunum þar sem beiting stjórnsýsluviðurlaga gagnvart lögaðila feli í sér nægjanleg varnaðaráhrif gagnvart stjórnendum sem þurfa að taka á sig ábyrgð, reynist brot þeirra mjög alvarleg.

Í fjórða lagi, í samræmi við framangreinda tillögu, er kveðið skýrt á um að Samkeppnisstofnun skuli tilkynna ríkissaksóknara um mál þar sem rökstuddur grunur hefur vaknað um að refsiverður verknaður hafi verið framinn sem fari gegn ákvæðum IV. kafla laganna um bann við samkeppnishömlum. Jafnframt er kveðið á um að Samkeppnisstofnun skuli jafnharðan og nýrra gagna er aflað veita ríkissaksóknara aðgang að þeim, eftir að hann hefur ákveðið að hefja opinbera rannsókn á máli. Það er síðan í verkahring ríkissaksóknara að meta hvort og hvenær hafin skuli opinber rannsókn á ætluðum brotum einstaklinga. Gert er ráð fyrir að rannsókn Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara fari fram samhliða. Ekki er að sjá að slíkt geti falið í sér vandamál þar sem Samkeppnisstofnun og ríkissaksóknara er falið að rannsaka ólíka fleti þessara mála enda verða þessar rannsóknir að vera sjálfstæðar hvor á sinn hátt.

Í fimmta lagi er lagt til að refsingar við brotum á ákvæðum samkeppnislaga verði hertar til samræmis við það sem þekkist í þeim löndum sem styðjast við sambærilega löggjöf og við. Það eru ekki síst varnaðaráhrif sem gera það að verkum að flutningsmenn telja nauðsynlegt að þyngja refsingar sökum alvarleika þessara brota. Þolendur brota gegn samkeppnislögum eru fyrst og fremst almenningur, sem vegna brotanna verður að greiða hærra verð eða hafa minna úrval til að velja úr, séu brotin fólgin í misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þess má geta að víðast hvar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, m.a. Bretlandi og Írlandi, er gert ráð fyrir 5–6 ára fangelsi vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga. Bandaríkjamenn ganga mun lengra í þessum efnum.

Þá er rétt að taka fram vegna umræðunnar sem verið hefur að undanförnu að í þessu frumvarpi er ekki kveðið á um að rannsókn Samkeppnisstofnunar skuli rjúfa fyrningu vegna refsiábyrgðar einstaklinga. Rannsókn Samkeppnisstofnunar fer ekki í einu og öllu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, eðli málsins samkvæmt. Hér lögð til skýr verkaskipting milli ríkissaksóknara og lögreglu annars vegar og samkeppnisyfirvalda hins vegar, þar sem rannsókn samkeppnisyfirvalda snýr að fyrirtækjum, og telja flutningsmenn óeðlilegt að rannsókn hennar rjúfi fyrningu vegna hugsanlegrar refsiábyrgðar einstaklinga. Með þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar eru lagðar á Samkeppnisstofnun ríkar kvaðir að tilkynna ríkissaksóknara svo skjótt sem auðið er um að rökstuddur grunur hafi vaknað við rannsókn máls og einstaklingar kunni að hafa bakað sér refsiábyrgð. Ábyrgðin á því að brot fyrnist ekki er lögð á Samkeppnisstofnun. Með þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar er henni gert skylt að gera ríkissaksóknara tafarlausa grein fyrir því ef rökstuddur grunur vaknar um að brot hafi verið framin, sem kunna að leiða til refsiábyrgðar einstaklinga. Það er svo ákvörðun ríkissaksóknara að hefja rannsókn á málinu, en upphaf þeirrar rannsóknar rýfur fyrningu gagnvart hugsanlegri refsiábyrgð einstaklinga. Þetta telja flutningsmenn vera eðlilegt fyrirkomulag í ljósi þeirrar verkaskiptingar sem lögð er til að verði lögfest milli þessara refsivörsluaðila, þ.e. Samkeppnisstofnunar og ríkissaksóknara.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „110. gr. b“ í d-lið 98. gr. laganna kemur: 110. gr. c.

2. gr.

Fremst í XIII. kafla A laganna kemur ný grein, 110. gr. a, og breytist greinanúmer kaflans samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Heimilt er lögreglu að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns sem í hlut á.

Brottvísun og heimsóknarbann skv. 1. mgr. getur gilt í tíu sólarhringa og ber að skilgreina til hvaða svæðis það nær. Lögregla skal innan tveggja sólarhringa vísa ákvörðuninni til héraðsdómara sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en breyta annars.

Komi fram krafa frá brotaþola um framlengingu skal beina henni til héraðsdómara sem getur heimilað framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um meðferð máls vegna framlengingar á brottvísun og heimsóknarbanni fer samkvæmt reglum þessa kafla um nálgunarbann.

3. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla A laganna verður: **Brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann.**

II. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 232. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varðar sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum með því að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna heimsóknir á heimilið og nánasta umhverfi þess í tíu daga til þrjá mánuði. Með lögfestingu frumvarpsins telja flutningsmenn að stigið yrði mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sitt heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun utanaðkomandi aðila og skipti þá ekki máli hvert eignarhald íbúðar væri. Mikilvægt er að samhliða brottvísun og heimsóknarbanni fengju viðkomandi aðilar hjálp til þess að vinna sig út úr ofbeldinu og afleiðingum þess.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á réttarfarslögum um það hvenær heimilt er að beita brottvísun og heimsóknarbanni og lagt til að ákvæðið verði í sama kafla og ákvæði um nálgunarbann, enda náskylt úrræði þótt vægara sé, og kaflaheitið breytist samhliða. Tillaga um breytingu á almennu hegningarlögunum snýst um refsingu við brotum á ákvæðinu.

Frumkvæði Austurríkis.

Frumvarpið tekur mið af norskum lögum frá 10. janúar 2003 og sænskum frá 5. júní 2003 sem tóku gildi 1. september 2003. Fyrirmyndin að þeim er frá Austurríki sem lögfesti úrræðið árið 1997 og hefur reynslan þar verið afar jákvæð. Þar urðu miklar umræður um lögin og var deilt um hvort þau brytu gegn friðhelgi heimilisins og rétti heimiliseigenda en þar skiptir eignarhald íbúðar ekki máli. Stjórnarskrárnefnd landsins samþykkti lögin á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um rétt einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili. Um málið náðist almenn pólitísk sátt sem byggðist á svipaðri hugsun og rauða spjaldið í knattspyrnu, þ.e. þeim sem brýtur af sér er vísað af leikvelli og hann þarf þannig að gjalda fyrir brot sitt en ekki fórnarlambið. Þannig er heimilt að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu ógni hann öryggi sambýlisfólks síns og er þeirri brottvísun fylgt eftir með nálgunarbanni í tiltekinn tíma. Ofbeldismaðurinn fær upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins og hjálp til þess að vinna bug á ofbeldishneigð sinni með viðeigandi meðferðarúrræðum og fórnarlömb ofbeldisins fá einnig mikla aðstoð. Þetta mikla stuðningsnet í Austurríki er talið grundvallarforsenda þess hve vel úrræðið hefur gefist þar.

Norsk og sænsk löggjöf.

Svo sem fyrr segir hafa Norðmenn og Svíar tekið sambærileg ákvæði við þau austurrísku upp í sína löggjöf og hafa þingmenn frá ýmsum Evrópulöndum sýnt málinu áhuga. Þá settu Norðmenn sér áætlun um að berjast sérstaklega gegn ofbeldi á konum árin 2002–2003. Áætlunin gekk út á að styrkja alla sem tengjast þessum málum, svo sem lögreglu, starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, í athvörfum, í barnaverndarráðum, í félagsþjónustunni o.fl., til að gera starfsmenn hæfari til að meðhöndla ofbeldismál. Markmiðin voru að styrkja þau úrræði sem fyrir voru, veita ofbeldismönnum meðferð, aðstoða börn sem alast upp við fjölskylduofbeldi og loks átak til að styrkja sérstaka aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi og tilheyra minnihlutahópum. Heilbrigðisráðuneytið, barna- og fjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa unnið saman að þessu verkefni sem felur m.a. í sér að setja á fót sérstaka ofbeldis- og áfallamiðstöð til að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla sem tengjast meðferð þessara mála, þ.e. jafnt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, félagslegu og lögfræðilegu.

Ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.

Í 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó eru í 2. mgr. gerðar undantekningar á þeirri meginreglu þannig að með sérstakri lagaheimild má takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, er sambærilegt ákvæði um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, og skulu opinber stjórnvöld ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Friðhelgi eins á því ekki að vera ríkari en réttur annars til persónufrelsis og eru það þessi öryggissjónarmið sem styðja það.

Hvað varðar þann hluta frumvarpsins sem snýr að því að banna ofbeldismanni heimsóknir á heimili sitt sem er jafnvel hans eign, þá er ætlunin einungis að takmarka afnot hans af eigninni í ákveðinn tíma vegna hagsmuna annarra sem búa þar. Þar búa öryggissjónarmið að baki sem snúa að því að vernda líf, heilsu og frið annarra.

Almennt um frumvarpið.

Á síðustu árum hefur verið reynt að bæta réttarstöðu þolenda afbrota, m.a. með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála í tengslum við nálgunarbann og réttarstöðu brotaþola í opinberum málum. Einnig hafa ákvæði í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota verið lagfærð. Nálgunarbann er úrræði sem ekki er beitt fyrr en rökstudd ástæða er til að ætla að viðkomandi brotamaður muni fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Frumvarp það sem hér er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um brottvísun og heimsóknarbann fjallar um vægara úrræði, sem tæki til skemmri tíma, en um leið má ætla að það tæki á vandanum á fyrstu stigum.

Ákvæðið mundi veita lögreglu heimild til þess að vísa brott þeim sem beitir ofbeldi á heimili og banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma og er fyrst og fremst hugsað með sambúðarfólk í huga en getur átt við aðra á heimilinu, svo sem unglinga sem beita eða hóta að beita foreldra eða systkini sín ofbeldi. Einungis yrði heimilt að nota úrræðið við sérstakar kringumstæður þegar fjölskyldu ofbeldismanns eða öðrum stafar bein hætta af veru hans á heimilinu. Þannig þyrfti að fara fram hagsmunamat hjá lögreglu á því hvort viðkomandi mundi valda öðru heimilisfólki, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir, alvarlegu tjóni, líkamlegu eða andlegu, eða brjóta á friðhelgi þeirra. Sérstaklega alvarlegar teljast

kringumstæður þegar börn eiga í hlut enda hluti af markmiðinu með ákvæðinu að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða þurfa að horfa á ofbeldi á eigin heimili. Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á þau og hegðun þeirra síðar á ævinni.

Nauðsynlegt þykir að heimildin nái til þess að banna heimsókn á heimili og nánasta umhverfi þess og ber að ákvarða svæðið miðað við kröfur um raunhæfa, fyrirbyggjandi vernd og ekki ríkari en nauðsynlegt er. Við ákvörðunina skal gæta meðalhófs og skal lögregla gefa hinum brottvísaða tækifæri til að taka með sér nauðsynlega muni til einkanota.

Þá er einnig til þess að líta að með þessu móti væri það utanaðkomandi aðili, lögreglan sem tæki ákvörðun um að sá sem beitir ofbeldi viki af heimili og fengi ekki að koma aftur í tiltekinn tíma. Það væri ekki brotaþoli sem tæki ákvörðunina eins og þegar óskað er eftir nálgunarbanni, enda getur verið erfitt að fara fram á það, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu.

Þá þyrfti lögregla innan tveggja sólarhringa að beina ákvörðuninni um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara sem kanna skyldi ástæður brottvísunarinnar og breyta henni ef rökstuðningur væri ekki fullnægjandi. Brotaþoli gæti lagt fram kröfu um framlengingu ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, svo sem skilnaður eða alvarlegt andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem lúta að refsingum við brotum á brottvísun og heimsóknarbanni. Skipti þar ekki máli hvort það væri hinn brottvísaði sem ryfi bannið eða brotaþolinn sem heimsóknarbanninu væri ætlað að vernda. Brotaþoli gæti þannig ekki hleypt hinum brotlega heim áður en tíminn sem banninu er ætlað að ná yfir væri liðinn.

Verði frumvarpið að lögum er líklegt að upp komist um fleiri heimilisofbeldismál en nú og að auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Þannig yrði hugsanlega dregið úr því margháttaða tjóni sem þolendur heimilisofbeldis verða fyrir. Frumvarpið gefur raunhæfan möguleika á að brjóta upp félagslegan arf, þ.e. endurtekna hegðun, og veita brotamanni viðeigandi meðferð. Telja flutningsmenn því nauðsynlegt að tryggja að aðilar fái viðeigandi meðferðarúrræði til að vinna sig út úr vandanum, ofbeldinu og afleiðingum þess.

Reynsla Austurríkismanna.

Á ráðstefnunni „Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn“ sem haldin var í Reykjavík 25.–27. ágúst 2001 á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi, talaði austurrískur sérfræðingur, Rosa Logar, um austurrísku lögin, hvernig þeim var komið á og hver reynslan af þeim hefur verið. Austurríkismenn tóku að hugsa sinn gang þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin 20 talsins og talsverð umræða var um að þau væru of fá. Þá fóru menn að skoða gaumgæfilega hvort eitthvað mætti ekki betur fara í þessum málaflokki, hvort eðlilegt væri að þúsundir kvenna og barna væru flóttamenn í eigin landi vegna heimilisofbeldis. Rosa Logar segir að lögin í Austurríki hafi orðið til fyrir kraftaverk og hún hælir austurrísku lögreglunni fyrir hversu ötul hún hefur verið við að fræða og þjálfa lögregluþjóna sem þurfa að taka á heimilisofbeldi. Kvennasamtökin WAVE (Women against violence in Europe) hafa unnið mjög ötullega í baráttunni gegn heimilisofbeldi og beittu sér m.a. í Austurríki. WAVE skilgreinir heimilisofbeldi sem mannréttindabrot og með það að leiðarljósi náðu konurnar til ríkisstjórnarinnar, sem ákvað að leggja sitt af mörkum til að mannréttindabrot af þessu tagi væru ekki stunduð í þeirra landi. Að sögn Rosu Logar varð austurríska lögreglan loks óvæntur bandamaður í þessari baráttu, hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnunum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbunum að yfirgefa heimilið í

lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn fengi að hreiðra um sig í sófanum framan við sjónvarpið. Í maí 1997 gengu lögin svo í gildi og Rosa Logar segir þau hafa reynst vel. Hún segir sérstaklega mikilvægt að með þessu úrræði sé það ekki fórnarlambið sem ber ábyrgð á því sem gert er heldur er ábyrgðin alfarið lögreglunnar. Það er lögreglan sem tekur húslykilinn af ofbeldismanninum og kemur honum í hendur dómara. Og svo á konan sekt yfir höfði sér ef hún hleypir ofbeldismanninum inn á heimilið á „lyklalausa" tímabilinu. Lögreglan hefur mikil völd í þessum málum og er lögð á það rík áhersla að hún fari ávallt þannig með vald sitt að fórnarlömbin séu vernduð. Ofbeldismenn í Austurríki þurfa að gefa upp nýtt heimilisfang svo hægt sé að birta þeim stefnu. Rosa Logar segir að samkvæmt könnunum sé algengast að þeir fari heim til mömmu. En þá er líka mikilvægt að lögreglan segi mæðrunum að þeim beri engin skylda til að hýsa þá – þeir eigi rétt á að fá athvarf í skýlum fyrir heimilislausa. Í Austurríki eru níu slík skýli í hverri sýslu. Hjálpin frá starfsfólki athvarfanna er mjög mikilvæg, þar fá mennirnir lögfræðiaðstoð og áfallahjálp, jafnvel fjárhagsaðstoð, segja má að fyrsta stig meðferðarinnar hefjist þar. Reynsla Austurríkismanna af lögunum er sú að 90% ofbeldismannanna samþykkja mótþróalaust að vera fjarlægðir af heimilunum. Dæmi eru um að þeir þakki lögreglunni beinlínis fyrir að vera fjarlægðir.

Eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum heimsins. Í upplýsingum frá stofnuninni kemur fram að fleiri konur missi heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Vandamálið er alþjóðlegt og viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum. Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Bandarískar rannsóknir sýna að 22–35% kvenna á barneignaraldri sem koma á slysavarðstofur eru með áverka sem rekja má til heimilisofbeldis. Í grein eftir blaðakonuna Gretelise Holm sem birtist í Tímariti hjúkrunarfræðinga 4. tbl. 76. árg. 2000 er getið um bandarískar rannsóknir sem sýna að um þriðjungur kvenna, sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, búi við þunglyndi og að um fjórðungur kvenna sem reyna sjálfsvíg hafi verið fórnarlömb ofbeldis. Í greininni er einnig getið um áhrif heimilisofbeldis á börn og fjallað um hættuna á því að drengir feti í fótspor feðra sinna þegar þeir setji á stofn fjölskyldu sem og að stúlkur eigi á hættu að verða fórnarlömb á sama hátt og mæður þeirra. Til þess að vinna gegn ofbeldinu er nauðsynlegt að rjúfa þennan vítahring félagslegra erfða og það verður vart gert nema með samfélagslegri ábyrgð.

Ástandið á Íslandi.

Ástandið á Íslandi er að öllum líkindum svipað og í nágrannalöndunum. Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins 2002 voru komur þangað 435 árið 2002 og á bak við þá tölu eru 250 konur. 55 þessara kvenna voru með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að 93% kvennanna eru fæddar á Íslandi og 91% gerendanna. Yngstu konurnar sem leituðu til athvarfsins 2002 voru 16 ára og sú elsta var 71 árs. Og hverjir eru gerendurnir? Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur í ljós að þeir eru eiginmenn eða sambýlismenn í helmingi tilfella og fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn í 36% tilfella. Árið 2002 dvaldi 41 barn í Kvennaathvarfinu, það yngsta var 5 mánaða og það elsta 19 ára. 39% þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins, en í árs-

skýrslunni er tekið fram að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fari aldrei varhluta af því þótt þau hafi ekki verið beinir þolendur þess. Í flestum tilfellum var ofbeldismaðurinn faðir barnanna eða í 76% tilfella.

Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og er skýrslan öll sterk hvatning til stjórnvalda um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Helgi Hjörvar, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, þ.m.t. hljóðbóka. Með hljóðbók er átt við lesið efni sem gefið er út á miðli sem nýtist til hlustunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1988 var farið að framleiða hljóðbækur hér á landi til sölu fyrir almenning. Hljóðbækur eru lesið efni, sem gefið er út á diskum, tónsnældum eða öðrum þeim miðli sem nýtist til hlustunar. Þeir sem nota hljóðbækur eru einkum aldraðir, sjóndaprir og blindir, sem og lesblindir. Almenningur nýtir sér hljóðbækur í auknum mæli við hvers kyns störf og afþreyingu, þar á meðal sífellt fleiri nemendur í skólum landsins. Ætla má að 12–15 hundruð manns noti eða mundu nota hljóðbækur hér á landi ef verðlagning væri í lagi, sé tekið mið af notkun slíkra bóka t.d. í Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Frá upphafi hafa hljóðbækur verið í efra þrepi virðisaukaskatts en ritaðar bækur hafa fallið í lægra skattþrep virðisaukaskattsins. Ekki er að sjá nein rök til þess að skattleggja hljóðbækur öðruvísi en aðrar bækur, enda um nákvæmlega sama efnið að ræða þótt miðlunaraðferðin sé ólík.

Ríkisútvarpið hafði þá stefnu um árabil að hljóðrita upplestur rithöfunda á eigin verkum. Nú hefur það breytt um stefnu þannig að upplesið efni skipar æ minna rými í dagskrá þess. Þess vegna er nauðsynlegt að ýta undir hljóðbókaútgáfu hér á landi, en slík útgáfa hefur án efa mikið menningargildi.

Nú á Evrópuári fatlaðra væri samþykkt þessa frumvarps gott framfaraspor því að með því væri dregið úr mismunun milli fatlaðra og ófatlaðra auk þess sem um augljóst sanngirnismál er að ræða.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller,
Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokkanna, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Iðnnemasambands Íslands, stéttarfélögum framhaldsskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ASÍ, og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna að semja tillögur um átak til að efla iðnnám, listnám og verknám í framhaldsskólum og um stofnun nýrra, styttri námsbrauta til starfsnáms.

Markmiðið er m.a. að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum, eyða úreltri aðgreiningu á milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð á verkmenntuðu fólki á atvinnumarkaði. Sérstaklega skal endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna.

Greinargerð.

Mikilvægt er að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi sem taka sérstaklega á brottfalli nemenda úr framhaldsskóla og því mikla vandamáli sem það er fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið allt. Til þess að þau markmið náist verður að eiga sér stað sérstakt átak í iðn-, verk- og listnámi sem miðar að því að fjölgreindir nemendur fái að þroskast og gömlu skilin á milli bóknáms og verknáms máist út.

Samsetning náms íslensku þjóðarinnar er óheppileg og stendur uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs fyrir þrifum. Þjóðin er að sumu leyti ofmenntuð þar sem stærsti hluti vinnuaflsins er annaðhvort með háskólamenntun eða grunnskólamenntun. Það vantar verk- og tæknimenntað fólk til að samsetning menntunar þjóðarinnar sé heilbrigð og eðlileg. Þetta kemur skýrt fram í greiningu Lilju Mósesdóttur sem hún kynnti á ráðstefnu ASÍ, „Atvinna fyrir alla“, 30. september 2003.

Mikið brottfall.

Eitt alvarlegasta vandamál íslensks skólakerfis er hið mikla brottfall nemenda úr framhaldsskóla sem ekki á sér samjöfnuð í öðrum vestrænum löndum. Má staðhæfa að eitt af brýnni viðfangsefnum stjórnmálanna sé að taka á þeim vanda og það telja flutningsmenn tillögunnar best gert með öflugu átaki til eflingar iðn-, verk- og listnámi.

Sem dæmi um brottfall nemenda má nefna að í nýútkominni skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs kemur fram að „af nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstakling, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemendur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingur, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári er 2.259 en 1.441 brautskráður

nemandi. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%." Þessar tölur tala sínu máli um það hve alvarlegt vandamál brottfall úr framhaldsskólum er og hve brýnt er að vinna gegn því.

Flutningsmenn tillögunnar leggja mikla áherslu á það að með eflingu starfsmenntanna væri tekið á þeim bráða vanda sem brottfall nemenda úr framhaldsskóla er í samfélaginu en það er samofið þeirri óheppilegu samsetningu sem er í menntun þjóðarinnar. Samkvæmt tölum frá OECD útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta mikla brottfall er einn stærsti vandi skólakerfis okkar og má rekja það að stórum hluta til ónógs framboðs á fjölbreyttu starfsnámi, lítillar kynningar á kostum þess og lítillar áherslu á iðn- og tæknimenntun í skólakerfinu öllu. Þá er mikilvægt að stórauka námsráðgjöf í framhaldsskólum, um leið og starfsnámið er eflt. Brottfall úr framhaldsskóla er áfall fyrir viðkomandi einstakling og algjörlega óviðunandi að skólakerfið bókstaflega ali slík áföll af sér með einhliða og úreltum áherslum á bóknámsgreinar á kostnað verknámsins.

Minnkandi aðsókn – skortur á iðnaðarmönnum.

Starfsmenntunin á í margvíslegum vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að náminu hefur minnkað, að mestu leyti er hætt að kenna verklegar greinar á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Auk þess blasir við skortur á iðnaðarmönnum í einstökum greinum á næstu árum og það mun standa íslenskum iðnaði fyrir þrifum.

Sem dæmi um mikilvægi starfsmenntaðs vinnuafls má nefna að iðnaðurinn skapar miklar tekjur og þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í iðnaði. Tekjurnar verða til í hinum mörgu greinum iðnaðar: stóriðju, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði, málmiðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniiðnaði o.s.frv. eins og fram kemur í tölum Þjóðhagsstofnunar.

Vandinn í reiknilíkaninu.

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur sínar í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar verknámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti. Við þessu hefur ekki verið brugðist, með þeim afleiðingum að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, kennslu verið hætt í verklegum greinum í mörgum skólum og lítil þróun átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta. Ein mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki.

Í yfirlýsingu frá Samtökum iðnaðarins í nóvember 2002 gagnrýna samtökin harkalega reiknilíkanið sem notað er við útdeilingu fjár til framhaldsskólanna og segja það ónothæft mælitæki á fjárþörf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla. Reiknilíkanið er óviðunandi vegna þess að það tekur ekki nægjanlegt tillit til þess að starfsnám er kostnaðarsamara en bóknámið. Því leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á það að samhliða átakinu í iðn-, verk- og listnámi fari fram gagnger endurskoðun á reiknilíkaninu.

Samsetning náms í grunnskólum.

Það er áríðandi að gripið sé til markvissra aðgerða til að rétta hlut verknámsins. Samhliða aðgerðum verður að tryggja það fjármagn sem til þarf. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hnignun verknámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróun við.

Samhliða átaki í kennslu og kynningu verknáms og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólunum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði. Lítil verkleg kennsla á sér stað á grunnskólastiginu og fer því sáralítil kynning á kostum starfsnáms fram á því skólastigi. Afar áríðandi er að slík kynning fram fari þar enda grundvallaratriði að eyða þeim gamla greinarmun sem gerður var á bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar. Þróunin er sú að sá greinarmunur á ekki lengur rétt á sér, enda á flæðið þar á milli að vera stöðugt og mikið. Til að skapa börnum jöfn tækifæri strax í grunnskóla þarf að byggja upp fjölbreyttara nám sem þroskar verkvitið samhliða bókvitinu.

Festast á jaðrinum.

Þeir sem ekki eiga kost á að verða sér úti um færni og menntun eru líklegir til að lenda á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og festast í fátækt. Menntakerfi framtíðarinnar verður því að bjóða upp á sífellda menntun, opinn skóla, þar sem einstaklingurinn á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að verða gjaldgengur á vinnumarkaði. Þetta er mjög brýnt og hafa ber í huga að hér á landi ljúka 40% hvers árgangs ekki framhaldsnámi, samkvæmt rannsóknum við Háskóla Íslands. Færri stunda því nám á framhaldsskólastigi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Einungis 56% Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er 78% annars staðar á Norðurlöndum. Með öflugri sókn í starfsmenntun og fjölgun styttri námsbrauta, sem auðvelt er að bæta við síðar, mun þetta breytast hratt og örugglega til hins betra.

Virðing fyrir verknáminu.

Samhliða starfsnámsátakinu leggja flutningsmenn tillögunnar það til að fram fari öflugt kynningarátak á kostum iðn-, verk,- og listmenntunar og þeim möguleikum sem námið opnar til frekari náms og fjölbreyttra starfa. Einnig leggjum við áherslu á að það er mikilvægt framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að iðnmeistaranám verði endurskoðað í þá veru að það sé sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla verði lögð á að samræma það á milli greina

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það er ekki andstæða langskólanáms og vinna þarf gegn því hvernig skorið er á milli verknáms og bóknáms. Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga, sem opnar nýjar leiðir og skapar fjölmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms. Hvort heldur er tækni- eða háskólanáms. Það er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytilega samsetningu náms og fjöldi starfa felur í sér blöndu af verklegri og bóklegri kunnáttu. En á meðan iðnnámið er fjársvelt og lítið kynnt og lítið kennt af iðngreinum í grunnskólum mun því halda áfram að hnigna, samfélaginu öllu til mikils skaða.

Þarfir atvinnulífs skilgreindar.

Til að byggja upp öflugt iðn-, verk-, og listnám þarf að skilgreina vel þarfir atvinnulífsins, sem og einstaklinganna. Í því ljósi er mikilvægt að skilgreina þarfirnar og móta námskrána með þær að leiðarljósi.

Fyrirtæki landsins á hverjum tíma verða að geta komið hæfniskröfum sínum inn í námskrána, í annan stað þurfa verkmenntaskólarnir að hafa aðstöðu, tæki og hæfni til að geta kennt samkvæmt þessum námskrám og í þriðja lagi þarf að vera aðgengilegt námsefni fyrir skólana til að kenna eftir en útgáfa á námsefni er fjarri því að vera í lagi vegna lítilla fjárframlaga til námsgagnagerðar. Á síðasta ári var sú upphæð 18,2 millj. kr. fyrir alla framhaldsskólana í landinu. Iðnú fær ekki nema brot af því. Þess vegna leggja flutningsmenn tillögunnar á það ríka áherslu að endurskoðun námsefnis eigi sér stað samhliða átakinu til eflingar náminu.

Nýtt tækifæri til náms.

Til að koma til móts við þá sem hafa ekki lokið námi úr grunn-, eða framhaldsskóla eða vilja bæta við menntun sína þarf að setja á kort menntamálanna „nýtt tækifæri til náms“. Sú hugmynd er útfærð í greinargerð með þingsályktunartillögu sem einn flutningsmanna, Einar Már Sigurðarson, lagði fram á 128. löggjafarþingi (þskj. 1154, 694. mál) og vísa flutningsmenn til þeirrar tillögu. Samfélagið skuldar þeim sem hafa horfið frá námi eða vilja bæta við menntun sína að dyrnar séu opnaðar og þeim gert kleift að bæta við menntunina eða nema eitthvað nýtt til að öðlast fleiri tækifæri á vinnumarkaði. Nýtt tækifæri í menntun á að byggjast á aðgengilegu grunnnámi, framhaldsnámi, starfsnámi eða námstilboðum fyrir þá sem vilja bæta við sína fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum.

Iðnmeistaranám endurskoðað.

Um leið og starfsmenntun framhaldsskólanna er endurskoðuð og efld er mikilvægt að líta til iðnmeistaranámsins. Það er nauðsynleg viðbót við grunnmenntun í iðngreinum og aðgengi að því þarf að vera gott. Svo er ekki nú í öllum greinum og talsvert misræmi á milli meistaranáms í einstökum iðngreinum. Námstími er mjög misjafnlega langur og áríðandi að samræma hann eins og hægt er með sannfærandi hætti. Í þessu felst sú hætta að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. Fyrst og fremst er þetta réttlætismál en ósanngjarnt er að námið sé miklu lengra, og þar með miklu dýrara, hér en annars staðar. Einnig þarf að horfa til samræmis á milli landa. Það er mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaranám verði endurskoðað í þá veru að það sé sambærilegt við það sem best gerist erlendis.

13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiða skal orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er ekki að finna ákvæði sem kveður á um að greiða skuli orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Í úrskurði nr. 19/2003 staðfesti úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins að reikna ekki orlofslaun á greiðslur vegna orlofstöku til kæranda í fæðingarorlofi. Í úrskurðinum segir m.a.: „Sá greinarmunur sem gerður er á rétti til orlofstöku og rétti til orlofslauna í framangreindum lögum styður þá niðurstöðu að í 2. mgr. 14. gr. ffl. felist fyrirmæli um áunninn rétt til orlofstöku en ekki rétt til orlofslauna.“

Þetta hefur það í för með sér að einstaklingar í fæðingarorlofi fá ekki notið almennrar orlofstöku nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Í slíkum tilvikum grafa réttindi á einu sviði undan réttindum á öðru sviði.

Þeirri lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um er ætlað að tryggja að allir þeir sem nýta sér rétt til fæðingarorlofs eigi óskertan rétt í sumarorlofi.

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman.

1. gr.

Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum.

2. gr.

Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

4. gr.

Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu sveitarstjórnarkosningum, vorið 2006 eða eigi síðar en fyrir árslok 2007. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast ákvæði 1. og 2. gr. gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Greinargerð.

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelísku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda.“

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnarskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.“

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það

í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelísku lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði 2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk og margt sem þarf að huga að og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna og að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir, sem standa utan þjóðkirkjunnar, eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelísk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt órétttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1.200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar, sem Gallup gerði í september 2000, voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafa slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum sumarið 2000 sem almenningur sýndi mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til

Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjskr. er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið að nýju undir þjóðaratkvæði vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðaratkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjskr., en það er ekki ætlunin samkv. 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Síðan segir í sama riti:

„Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin farin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni, sem nefnt var hér að framan, hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laganna verði látin fara fram samhliða næstu kosningum til sveitarstjórna sem fram eiga að fara vorið 2006. Komi eitthvað

í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan geti farið fram á þeim tíma er mælst til að henni verði lokið fyrir árslok 2007.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt. Annars vegar öðlast 3. og 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1. og 2. gr. öðlast gildi eða ekki eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Rökin fyrir því að breyta ákvæðum frumvarpsins í þá veru að 3. gr. þess öðlist þegar gildi og dóms- og kirkjumálaráðherra skipi þá þegar nefnd, til undirbúnings aðskilnaði ríkis og kirkju, eru þau að betra er talið að nefndin hefji þegar störf. Nefndin geti þá tekið þátt í þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er og komið fram með tillögur og upplýsingar sem hún hefur fjallað um og birt almenningi áður en gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta mætti t.d. gera með áfangaskýrslu frá nefndinni. Vafalaust gæti það orðið til þess að almenningur væri betur upplýstur um málið og fyrir lægju þá ýmis gögn um málefni ríkis og kirkju, sem og stöðu annarra trúfélaga eða safnaða í landinu. Það verður aldrei horft fram hjá þeirri staðreynd að kirkjan og kristin trú hafa um langan tíma verið afar mikilvægur hluti af þjóðfélagsgerð hér á landi.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. og 128. þingi en var þá ekki afgreitt úr nefnd og er því endurflutt með breytingum m.a. á gildistökuákvæði.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Helgi Hjörvar, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa framkvæmdaáætlanir til sex ára með því markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna í samræmi við ákvæði 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Framkvæmdaáætlanirnar verði tvær, annars vegar fyrir opinberan vinnumarkað og hins vegar fyrir almennan vinnumarkað. Þær skulu unnar eftir föngum í samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga og í þeim skal sett fram tímaáætlun um aðgerðir. Beitt verði ákvæði 22. gr. jafnréttislaga um jákvæða mismunun, að undangenginni rannsókn á launamun kynjanna og öðrum þáttum launakjara, sbr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Greina skal uppbyggingu launakerfa og kjarasamninga með tilliti til kerfislægrar mismununar.

Framkvæmdaáætlanirnar verði lagðar fyrir Alþingi haustið 2004. Á tveggja ára fresti fram til ársins 2010 skal fjármálaráðherra í samráði við félagsmálaráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framvindu mála.

Greinargerð.

Samfylkingin setti jafnrétti kvenna og karla á oddinn í síðustu kosningabaráttu. Í stefnuskrá Samfylkingarinnar kemur fram að komist Samfylkingin til áhrifa eftir kosningar verði fyrsta mál á dagskrá að vinna að leiðréttingu á kjörum og starfsframa kvenna hjá hinu opin-

bera. Í samræmi við það er þessi þingsályktun flutt, þar sem sérstaklega er tekið á launamisrétti kynjanna.

Með tillögu þessari er ríkisstjórninni falið að láta undirbúa aðgerðir og áætlanir til sex ára sem hafi það að markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna. Lagt er til að beitt verði í þessu skyni ákvæði 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem kveður á um að heimilt sé að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Mikilvægt er að stjórnvöld gangi á undan með góðu fordæmi og virði lög og alþjóðasamþykktir um jöfn laun karla og kvenna. Afar mikilvægt er að fjármálaráðherra sem viðsemjandi opinberra starfsmanna sýni frumkvæði og ábyrgð í verki með því að beita sér fyrir markvissri áætlun um að koma á launajafnrétti kynjanna. Þetta má bæði gera í gegnum kjarasamninga við opinbera starfsmenn og með eftirliti með því að opinberar stofnanir og ráðuneyti fylgi markvissri jafnréttisáætlun um að allar starfstengdar greiðslur og/eða hlunnindi skv. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla gangi jafnt til kvenna og karla fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Ekki reynir síst á þetta vegna þess að við lýði er tvöfalt launakerfi, annars vegar almennir kjarasamningar og hins vegar einstaklingsbundnir ráðningarsamningar og hvers konar duldar greiðslur, álög og starfstengdar greiðslur sem orðinar eru stór hluti af kjörum fjölda launþega. Sama ætti að gilda um forsvarsmenn sveitarfélaga, þeim ætti að vera skylt að sjá til þess að ákvæðum laga um launajafnrétti kynjanna sé framfylgt refjalaust. Á það skal jafnframt bent að þótt stofnunum og ráðuneytum beri lagaskylda til að gera jafnréttisáætlanir þá hafa þær ekki reynst það stjórntæki sem til var ætlast til að stuðla að jafnrétti, m.a. í launamálum. Þar skortir allt markvisst eftirlit og eftirfylgni með því að stofnanir og ráðuneyti framfylgi jafnréttisáætlunum sínum.

Samkvæmt 13. gr. jafnréttislaga ber atvinnurekendum í fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 að gera jafnréttisáætlun þar sem kveðið skal á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem 14.–17. gr. í lögunum veita. Þessar greinar fjalla um launajafnrétti, jafnrétti við ráðningar, í starfsþjálfun og endurmenntun, um ráðstafanir atvinnurekenda til að auðvelda starfsfólki samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og ráðstafanir atvinnurekanda sem komi í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað. Samkvæmt lögunum er ekki nóg að lýsa yfir almennum markmiðum eða vilja til jafnréttis, heldur er beinlínis gert ráð fyrir að greint sé frá til hvaða aðgerða skuli gripið á viðkomandi vinnustað og hvaða ráðstafana atvinnurekandi skuldbindi sig til að grípa til svo starfsmönnum sé ljóst að unnið sé með virkum hætti að því að auka jafnrétti kynja á viðkomandi vinnustað.

Jafnréttisstofa hefur ráðgjafarhlutverki að gegna við gerð þessara áætlana, en hefur ekkert vald til þess að kveða á um hvaða upplýsingar beri að setja fram í þeim eða hvort áætlanirnar séu fullnægjandi. Jafnréttisstofa getur heldur ekki tryggt að hún fái upplýsingar um hvort atvinnurekandi hafi yfirleitt gert jafnréttisáætlun, því hvergi er kveðið á um skil til stofunnar. Af þessu leiðir að ekkert yfirlit er til í landinu yfir það hvernig atvinnurekendur rækja þessa lagaskyldu sína, og þá er ekki heldur til neitt matstæki um það hvort áætlanirnar teljist fullnægjandi eða ekki.

Um flestar jafnréttisáætlanir sem flutningsmenn hafa séð gildir þó að í undantekningartilvikum er greint frá stöðu mála með tilliti til launajafnréttis eða annarra markmiða og þar af leiðandi er ekki gerð grein fyrir aðgerðum sem grípa þarf til svo markmiðum um launajafnrétti eða önnur réttindi verði náð. Jafnréttisáætlanirnar hafa því í flestum tilvikum reynst harla gagnlitlar til að sýna starfsfólki fram á að fyrirtækið sé í raun ekki að mismuna starfsfólki eftir kynjum.

Þegar litið er til ríkisins sérstaklega, þá eru starfandi jafnréttisfulltrúar innan hvers ráðuneytis, en eins og kemur fram í skýrslunni *Jafnrétti kynja við opinbera stefnumótun*, þá eru starfslýsingar þeirra á reiki frá einu ráðuneyti til annars og ábyrgðarsvið lítt skilgreind. Þannig hefur aðeins í sumum ráðuneytum verið gert ráð fyrir að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna kalli eftir jafnréttisáætlunum frá stofnunum ríkisins sem undir viðkomandi fagráðuneyti heyra, en ekkert samræmi virðist vera á milli ráðuneyta í ráðgjöf eða kröfum um það hvernig beri að vinna slíkar jafnréttisáætlanir eða hvaða upplýsingar um stöðu mála skuli koma fram í þeim, og þar af leiðandi er ekki hægt að leggja mat á hvort aðgerða er þörf og þá hverra. Ljóst er að samræma þarf á milli ráðuneyta hvernig ríkið hyggst framfylgja ákvæðinu um jafnréttisáætlanir og aðkomu fjármálaráðuneytisins er þörf svo samræma megi kröfur um upplýsingar um laun karla og kvenna innan stofnunar sem fram eigi að koma í jafnréttisáætlun.

Stofnunum Reykjavíkurborgar hefur allt frá árinu 1996 verið gert að skila starfsáætlunum í jafnréttismálum. Með nýrri jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í janúar 2003 var sett fram forskrift um uppbyggingu jafnréttisáætlana borgarstofnana og í framhaldi af því verklagsreglur þar sem nánar er tilgreint hvers konar upplýsingar, þ.m.t. um laun, þær eiga að innihalda, svo og árangursmælikvarða og lykiltölur. Er þetta gert til að tryggja gæði áætlananna og samræmingu þeirra, þannig að þær geti einnig nýst til að gefa heildarmynd af stöðu mála í borgarkefinu í heild.

Lagt er til að fjármálaráðuneytið, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, geri sérstaka áætlun sem nær til opinberra starfsmanna, enda ber fjármálaráðuneytið aukna ábyrgð sem atvinnurekandi gagnvart eigin starfsmönnum á því að konum og körlum sé ekki mismunað. Í því samhengi skal jafnframt vísað til bókunar fjármálaráðherra í tengslum við kjarasamninga við BHM 1997 þar sem því var heitið að grannt yrði fylgst með áhrifum aukinnar dreifistýringar í launum á launajafnrétti kynja.

Löggjöf og alþjóðasamþykktir um jafnrétti kynjanna.

Árið 1961 voru sett fyrstu heildarlög um launajöfnuð kvenna og karla þar sem laun kvenna í ákveðnum starfsstéttum skyldu hækka til jafns við launa karla á næstu sex árum. Frá því að þessi lög voru sett fyrir meira en 40 árum hefur jafnréttislögum margsinnis verið breytt til að skerpa og herða öll ákvæði jafnréttislaga og gera þau virkari, m.a. ákvæði um launajafnrétti kynjanna. Árið 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð. Með þeim var lögfest ákvæði um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og um að atvinnurekendum væri óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Lög um jafnrétti kvenna og karla voru síðan sett árið 1976. Þeim var breytt 1985 og þá var heiti þeirra breytt í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með þeim lögum kom m.a. inn ákvæði um jákvæða mismunun þess efnis að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, gangi ekki gegn lögum. Árið 1991 voru síðan aftur sett heildarlög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þá var enn hert á ákvæðum jafnréttislaga, m.a. með því að kveðið var sérstaklega á um að tilgangur laganna væri að bæta sérstaklega stöðu kvenna til að ná fram jafnrétti. Á 125. löggjafarþingi 1999–2000 voru enn á ný sett heildarlög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 14. gr. laganna kemur fram að konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og að þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Jafnframt hefur Ísland fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 frá 1951 þar sem kveðið er á um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 þar sem m.a. er óheimilt að mismuna starfsfólki á

grundvelli kynferðis. Með fullgildingu Íslands á þessum samþykktum skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að fylgja samþykktunum. Auk þeirra breytinga á jafnréttislögum sem áður hefur verið getið hafa ýmsar leiðir verið reyndar til að ná fram jafnrétti kynjanna, ekki síst í launamálum. Má þar m.a. nefna starfsmat, auk þess sem gerðar hafa verið ótalmargar launakannanir sem allar staðfesta mikinn launamun kynjanna. Þótt nokkuð hafi þokast í rétta átt er fullt launajafnrétti kynjanna enn langt undan. Allt frá 1986 hafa ríkisstjórnir sett fram framkvæmdaáætlanir um jafnrétti og ráðuneytum og ríkisstofnunum verið falið að setja sér jafnréttisáætlanir, og unnið að starfsmati, m.a. á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins sem álitið var veigamikið skref til launajafnréttis. Auk þessa hafa konur með eftirminnilegum hætti vakið athygli á misréttinu í kjörum karla og kvenna og ber þar hæst kvennafrídagurinn 1975.

Jákvæð mismunun.

Í 2. gr. 22. gr. núgildandi laga um jafna stöðu kvenna og karla kemur fram að sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna teljist ekki ganga gegn lögunum. Þá teljist aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögunum. Sama eigi við ef nauðsynlegt teljist að ráða annaðhvort konu eða karl vegna hlutlægra þátta er tengist starfinu. Í athugasemdum við þessa grein í frumvarpinu sem varð að núgildandi lögum segir að sú breyting sé gerð frá gildandi lögum (frá árinu 1991) að lagt sé til að heimilt verði að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum til að rétta hlut karla jafnt sem kvenna á tilteknum sviðum samfélagsins. Jafnframt kemur fram að líklegt sé að ákvæðinu verði fyrst og fremst beitt í þágu kvenna þar sem enn sé þörf margþættra aðgerða til að tryggja konum raunverulega jafna stöðu á við karla. Auk þess kemur fram að lagt sé til að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem auki möguleika kvenna eða karla á tilteknum sviðum samfélagsins, verði ekki taldar ganga gegn jafnréttislögum, enda sé til þeirra gripið til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Ein leið sem nefnd hefur verið er að útfæra í kjarasamningum að ákveðinn hluti þeirrar heildarfjárhæðar sem varið er til kjarabóta renni sérstaklega til að jafna laun karla og kvenna.

Kannanir á launamun.

Allt frá setningu fyrstu jafnréttislaganna hafa lagaákvæði verið skýr um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Afdráttarlaust er tekið fram í gildandi jafnréttislögum að með launum sé átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Þótt margvíslegur árangur hafi náðst í jafnréttismálum á umliðnum árum og áratugum, m.a. með miklu meiri menntun kvenna en áður og auknum hlut þeirra í stjórnunarstörfum, er ljóst að launajafnrétti kynjanna er enn órafjarri. Með jafnréttislögum og alþjóðasamþykktum um jafnréttismál sem Ísland hefur fullgilt eru stjórnvöldum jafnt sem aðilum vinnumarkaðarins settar ákveðnar skyldur á herðar til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Engu að síður þrífst mikið launamisrétti hjá hinu opinbera þar sem ríkisvaldið og sveitarfélögin eru vinnuveitendur og eins á hinum almenna vinnumarkaði. Erfitt er að hafa nokkra heildaryfirsýn yfir hvað myndar laun og tekjur í þjóðfélaginu þegar aðeins hluti launagreiðslna kemur fram í kauptöxtum sem samið er um í kjarasamningum. Kannanir og úttektir sem gerðar hafa verið staðfesta að yfirborganir, duldar greiðslur og fríðindi renna í miklu meiri mæli til karla

en kvenna. Nægir að nefna að á Alþingi fyrir þremur árum kom fram að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum í bankakerfinu. Málið var kært til kærunefndar jafnréttismála og niðurstaða hennar var sú að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna sem bryti í bága við jafnréttislög.

Í tveimur könnunum sem gerðar voru af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kemur fram verulegur launamunur kynjanna. Önnur var gerð 1995 samkvæmt beiðni Jafnréttisráðs að tilhlutan tölfræðihóps Norræna jafnlaunaverkefnisins. Hin könnunin sem Félagsvísindastofnun gerði meðal félagsmanna Sambands íslenskra bankamanna á árinu 1996 sýnir einnig verulegan launamun.

Úr könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Jafnréttisráð:

„Svo virðist sem launamunur kynjanna felist fyrst og fremst í aukagreiðslum ýmiss konar sem mun algengara er að karlar fái en konur. Lítið er líka um þessar aukagreiðslur til skrifstofu-, þjónustu- og afgreiðslufólks, iðnaðarfólks og verkafólks. Fyrst og fremst var um þrenns konar greiðslur að ræða, „óunna" yfirvinnu, þóknunarreikninga og bílastyrki. 37% karlanna fengu einhverjar aukagreiðslur en einungis 13% kvennanna. En í hópi stjórnenda og embættismanna er jafnalgengt að konur fái þessar greiðslur eins og karlar. Karlarnir fá þó mun hærri greiðslur. Fjöldi ára sem fólk hefur verið á vinnumarkaði skiptir máli á þann hátt að aukagreiðslur til karla hækka í samræmi við það hversu lengi þeir hafa verið á vinnumarkaði en það hefur engin áhrif á aukagreiðslur til kvenna.

Samkvæmt rannsókninni bendir margt til að konur eigi að mörgu leyti erfiðara uppdráttar á einkamarkaði heldur en hjá ríki, þrátt fyrir að þar hafi þær hærri tekjur.

Upplýsingar um mismunandi samsetningu launa karla og kvenna benda til þess að laun og kjör karla séu ákvörðuð á annan hátt heldur en kvenna. Starfsstétt, menntun, starfsaldur, aldur, fjöldi yfirvinnutíma og hvort starfað er hjá einkafyrirtæki eða hjá opinberum aðilum skýrir 72% af breytileika í dagvinnulaunum og aukagreiðslum karla en aðeins 50% af breytileika í launum kvenna. Tæp 60% karla og tæp 85% kvenna fá eingöngu greidd laun samkvæmt taxta og það á við um alla menntunarhópa að algengara er að konur fái eingöngu greitt samkvæmt taxta stéttarfélags. Sérstaklega er raunar mikill munur hjá fólki með háskólapróf þannig að miklu fleiri konur en karlar eru þar á strípuðum töxtum. Svipuð er staða meðal sérfræðinga og stjórnenda.

...

Starfsstétt, menntun, starfsaldur, aldur, fjöldi yfirvinnutíma og hvort starfað er hjá einkafyrirtæki eða hjá opinberum aðilum skýrir stóran hluta af breytileika dagvinnulauna og aukagreiðslna. Þessir þættir hafa þó mun meiri áhrif á laun karla en kvenna og þegar tekið hefur verið tillit til allra þessara þátta hafa konur samt sem áður 16% lægri laun en karlar. Niðurstöður sýna því að sérsamningar launþega og vinnuveitenda leiða til aukins munar á launum karla og kvenna. Í þeim stéttum þar sem sérsamningar eru algengastir er langmesti munurinn á launum kynjanna.

Þegar tekið er tillit til starfsstéttar, menntunar, starfsaldurs, aldurs, fjölda yfirvinnutíma, inntak starfs og fjölda sem vinnur í sama herbergi eru konur með 11% lægri dagvinnulaun og aukagreiðslur á klukkustund en karlar."

Í þessari könnun kemur fram að starfsstétt, menntun, starfsaldur, aldur, fjöldi yfirvinnutíma og hvort starfað er hjá einkafyrirtæki eða hjá opinberum aðilum skýrir stóran hluta af breytileika dagvinnulauna og aukagreiðslna. Þessir þættir hafa þó mun meiri áhrif á laun karla en kvenna og þegar tekið hefur verið tillit til allra þessara þátta hafa konur samt sem áður 16% lægri laun en karlar.

Þeir þættir sem mest áhrif hafa á laun kvenna eru hvort þær vinna hjá einkafyrirtæki eða opinberri stofnun (konur sem starfa hjá einkafyrirtækjum eru með um 35% hærri laun en konur í sambærilegu starfi og með sambærilega menntun hjá því opinbera).

Úr könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Samband íslenska bankamanna (SÍB):

„Heildarlaun kvenna voru 58% af heildarlaunum karla en ef einvörðungu var miðað við þá sem voru í fullu starfi var hlutfall launa kvenna 66% af launum karla. Ef miðað er við dagvinnu eru laun kvenna 71% af launum karla en sé miðað við dagvinnu þeirra sem eru í fullu starfi hafa konur 81% af launum karla.

Meðalbílagreiðslur til þeirra karla sem þær fengu voru tæpar 30 þúsund krónur en meðalgreiðslur til kvenna voru 19 þúsund krónur. Mun algengara var að konur fengju bílagreiðslur eingöngu vegna aksturs en karlar fengu greiðslurnar frekar sem launauppbót.

Nokkuð var um annars konar aukagreiðslur og fengu karlar hærri greiðslur af þeim toga en konur. Háskólamenntað fólk fékk áberandi hærri greiðslur en minna menntað fólk og fólk í fullu starfi fékk mun hærri greiðslur en þeir sem voru í hlutastarfi.

Karlar höfðu hærri heildarlaun en konur innan allra starfsheita. Konur höfðu frá 71,4% til 90,9% af launum karla. Þegar einungis er tekið tillit til þeirra sem voru í fullu starfi minnkaði munurinn nokkuð. Þá höfðu konur frá 73,9% af launum karla til 97,7% en það var meðal gjaldkera. Þegar skoðuð voru dagvinnulaun þeirra sem voru í fullu starfi voru konur með 80,6% til 114,3% af launum karla.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar leiddu í ljós að þrátt fyrir að búið væri að taka fyrir áhrif starfsheitis, menntunar, starfshlutfalls, vinnutíma, starfsaldurs, aldurs og búsetu voru konur enn með 13,7% lægri heildartekjur en karlar."

Loks má svo nefna að í september á sl. ári kom niðurstaða úr könnun sem Jafnréttisráð og nefnd um efnahagsleg völd kvenna gerðu á launamun kynjanna. Þar kom fram að föst dagvinnulaun kvenna voru 70% af launum karla. Fram kom að skýra mætti tvo þriðju til þrjá fjórðu munarins með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna. Það sem eftir stóð var 7½–11% kynbundinn launamunur sem stafi af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla, að því er fram kemur í niðurstöðu könnunarinnar. Það skekkir myndina að könnunin náði til alls vinnumarkaðarins nema banka, ríkis og Reykjavíkurborgar. Í könnuninni voru laun 16.500 einstaklinga skoðuð.

Framangreindar kannanir eru góð vísbending um að allt of lítið hafi gengið að jafna launakjör kynjanna fyrir sambærileg störf. Bæði virðist svo að yfirborganir og hlunnindi á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera gangi frekar til karla en kvenna og einnig hitt að í sumum tilvikum, þegar bornar eru saman hefðbundnar kvennastarfsgreinar og hefðbundnar starfsgreinar karla sem krefjast sambærilegs námstíma, virðist einnig vera um verulegan launamismun að ræða. Ljóst er einnig að hið opinbera hefur í samkeppni við hinn almenna vinnumarkað tekið þátt í þessu tvöfalda launakerfi, þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi eru notuð til að bæta lág laun sem samið er um í kjarasamningum.

Niðurlag.

Á undanförnum árum hefur náðst verulegur árangur hjá Reykjavíkurborg í því að draga úr launamun kynjanna. Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar minnkaði óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Reykjavíkurborg úr 15,5% á árinu 1995 niður í 7% árið 2001, sé miðað við sömu aðferðafræði. Þá jókst hlutur kvenna í æðstu stjórnunarstöðum úr 10% í 50% á fáum árum. Eins og fram kemur í formála launakönnunar Reykjavíkurborgar frá

árinu 2001, sem gefin var út 2002, má rekja þennan árangur til víðtækra aðgerða á mörgum sviðum í senn; til kjarasamningagerðar þar sem sérstök áhersla var lögð á hækkun launa í hefðbundnum kvennastéttum, margháttaðra samræmingaraðgerða á kjarasamningum, svo sem milli félaga ASÍ og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, sérstakra uppbóta til borgarstofnana með hátt hlutfall kvenna í hefðbundnum kvennastörfum (kvennapottar), aðgerða innan einstakra borgarstofnana á grundvelli starfsáætlunar í jafnréttismálum, endurröðunar á störfum í kjölfar matskerfis á grundvelli hugmyndafræði starfsmats og svona mætti lengi telja. Nú síðast hefur Reykjavíkurborg ásamt helstu viðsemjendum ráðist í gagngera uppstokkun á allri launamyndun með því að innleiða kynhlutlaust starfsmat, en það er umfangsmesta einstaka aðgerðin til að draga úr kynbundnum launamun sem Reykjavíkurborg hefur ráðist í frá upphafi. Á sama tíma og þessar breytingar hafa orðið hefur Reykjavíkurborg eflt til muna miðlæg, rafræn eftirlitskerfi með hvers kyns launagreiðslum innan borgarstofnana.

Í hugmyndum Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar kom fram að fengi Samfylkingin til þess umboð yrði kynbundið launamisrétti minnkað um a.m.k. helming á núverandi kjörtímabili og hlutur kynja í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum hjá ríkinu jafnaður. Sérstaklega er vísað til atvinnurekendaábyrgðar fjármálaráðuneytisins og lýst eftir sýn þess á með hvaða aðferðum eyða megi kynbundnum launamun og hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að árangur náist. Einkum er kallað eftir forustu fjármálaráðuneytisins hvað varðar kjarasamningagerð og eftirlit með launagreiðslum ríkisstofnana. Einnig er vísað til þess að stofnanir ríkisins nýti lögbundnar jafnréttisáætlanir til að greina vandann innan hverrar stofnunar og setja fram markmið og tímasetja aðgerðir til að jafna launamun kynjanna. Þá er brýnt að aðilar vinnumarkaðarins að öðru leyti geri raunhæfar framkvæmdaáætlanir um að eyða kynbundnum launamun.

Með þeirri tillögu sem hér er flutt er leitað markvissra leiða til að vinna gegn launamisréttinu og ná árangri með sex ára aðgerðaráætlunum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um úttekt vegna GATS-samningsins og breytinga á honum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir:

a. að gerð verði úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi, bæði miðað við núverandi stöðu og hugsanlegar afleiðingar samningsins til langs tíma. Hluti af þeirri rannsókn verði greining á lagalegri stöðu GATS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gagnvart innlendum lögum og reglugerðum. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi taka til endurskoðunar þær skuldbindingar sem Ísland hefur þegar undirgengist;
b. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir að samningaviðræður Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði opnaðar fyrir almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Leitað verði m.a. til verkalýðsfélaga og ann-

arra hagsmunasamtaka, auk fulltrúa sveitarfélaga og stofnana eftir því sem við á;

c. að í yfirstandandi samningsferli Íslands og annarra aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna GATS-samningsins verði engar heimildir veittar fyrir markaðsvæðingu velferðar- og grunnþjónustu samfélagsins. Ekki verði fleiri þjónustugeirar felldir undir GATS-samninginn án undangenginnar könnunar á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum samningsins á íslenskt þjóðfélag og ekki fyrr en hlutdeild samtaka launafólks og annarra fulltrúa almennings í samningaviðræðunum hefur verið tryggð;

d. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að ákvæði 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins verði skýrð á þann veg að engum vafa sé undirorpið að samningurinn nái ekki til almannaþjónustu og þjónustu á vegum hins opinbera. Lagt er til að c-liður 3. mgr. I. gr. verði felldur úr gildi og að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar;

e. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að þjónusta hins opinbera sem og þjónusta í almannaþágu verði í raun og veru undanskilin ákvæðum GATS-samningsins. Litið verði á rekstrareiningar á vegum hins opinbera sem heildstæðar í skilningi GATS. Þannig verði ekki hægt að færa þær í hlutum undir markaðsskuldbindingar GATS-samningsins;

f. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að orðalagi XXI. gr. verði breytt, þannig að sett verði inn málsgrein sem heimili ríkisstjórnum að fella brott þegar undirritaðar skuldbindingar í skuldbindingaskrá eða draga úr þeim *að því tilskildu* að það sé gert í þeim tilgangi að bæta almannaþjónustu eða þjónustu á vegum hins opinbera, án þess að hætta sé á að þær ákvarðanir kalli á skaðabætur samkvæmt reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Svo tryggja megi óskoraðan rétt ríkisstjórna til að setja lög og reglur og framfylgja þeim án hættu á lögsókn beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að 4. mgr. VI. gr. (reglur á heimamarkaði) í GATS-samningnum verði endurskoðuð þannig að skýrt komi fram að umhverfisþættir og félagslegir þættir hafi forgang gagnvart „frjálsum viðskiptum“;

g. að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að farvegur deilumála innan stofnunarinnar verði opnaður almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Ríkisstjórnin vinni að því að dómstóll Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar leiti í auknum mæli til stofnana Sameinuðu þjóðanna til samráðs við úrlausn deilumála og að tekið verði tillit til samfélags- og umhverfissjónarmiða. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samþykki að meginsamþykktir Sameinuðu þjóðanna hafi forgang á viðskiptareglur;

h. að kröfur um lágmarksréttindi verkafólks eins og þær hafa verið settar fram á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði felldar inn í GATS-samninginn og aðra samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem við á.

Greinargerð.

Ekki eru menn á eitt sáttir um þann farveg sem beina eigi alþjóðavæðingunni í og einnig er deilt um líkleg áhrif markaðsvæðingar sem sett hefur svip á alþjóðavæðinguna til þessa. Um hitt deilir enginn að alþjóðavæðingin hefur mikil samfélagsleg áhrif og þess vegna er mjög mikilvægt að opin og lýðræðisleg umræða fari fram um hana, ekki síst um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), sem er ætlað að verkstýra þessu ferli, og samninga hennar. Sérstaklega er ástæða til að taka til skoðunar GATS-samninginn (General Agreement on Trade in Services) og áhrif hans.

GATS-samningurinn hefur færst æ meira í sviðsljósið síðastliðin 2–3 ár í kjölfar þess að verkalýðsfélög, sjálfstæðir rannsóknaraðilar, háskólar, rannsóknarnefndir þjóðþinga sem og frjálsir félagahópar og samtök, hafa tekið hann til skoðunar.

Gagnrýni á samninginn hefur ekki síst beinst að áhrifum hans á stjórnunarhætti hvers þjóðríkis sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sjálfstæði og sjálfræði innlendra stjórnvalda og þær almennu breytingar á félagslegu og efnahagslegu umhverfi sem af samningnum hljótast. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær skuldbindingar sem ríki gera undir GATS-samningnum eru nánast óafturkræfar og því geta einstaka ríkisstjórnir bundið hendur komandi kynslóða með þvílíkum hætti að vart finnast sambærileg dæmi í öðrum alþjóðlegum viðskiptasamningum.

Það er því eðlileg krafa í lýðræðisþjóðfélagi að áhrif almennings á gerðir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samninga hennar verði aukið frá því sem nú er. Í stað þess að loka á upplýsingar og umræðu eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur verið sökuð um að gera, ber þvert á móti að leita allra ráða til að örva umræðuna. Greið leið að úrskurðarkerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og dómstól er einnig mjög mikilvæg.

GATS-samningurinn tekur yfir afar víðtækt svið og á undanförnum missirum hafa fjárfestingarsamningar og réttur fjárfestingarfyrirtækja verið í brennidepli. Einnig hefur verið rætt um landbúnaðarmál þótt þau heyri ekki undir samninginn sem slíkan en þau hafa tengst GATS-samningsferlinu óbeint því að samningar á ýmsum sviðum sem heyra undir Alþjóðaviðskiptastofnunina, svo sem um landbúnaðarmál, eru gerðir með hliðsjón hver af öðrum. Í öllum þessum viðræðum er mikilvægt að veita fátækum ríkjum þriðja heimsins stuðning gagnvart óbilgjörnum kröfum stórfyrirtækja og vel stæðra ríkja í þeirra garð. Í þessari þingsályktunartillögu er sjónum fyrst og fremst beint að þáttum sem snerta grunngerð samningsins og snúa að samfélagsþjónustunni. Að sjálfsögðu skipta fleiri þættir miklu máli. Hvað landbúnaðarmál snertir er mikilvægt að Íslendingar afsali sér ekki rétti sínum til að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu og standa vörð um íslenskt byggðamynstur.

Krafan um að lágmarksréttindi verkafólks verði viðurkennd og felld inn í GATS-samninginn er mikilvæg, enda óeðlilegt að stunduð séu viðskipti við ríki þar sem t.d. réttur verkafólks til að bindast samtökum og tjá sig er ekki virtur. En sem áður segir er hér fyrst og fremst staðnæmst við áhrif GATS-samningsins á almannaþjónustu og þjónustu hins opinbera. Því er d-liður þingsályktunartillögunnar sérstaklega tekinn til skoðunar hér á eftir.

Skilgreining á almannaþjónustu.

Í b-lið 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins er skýrt hvaða þjónusta er talin falla undir hann. Þar segir: „„þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita“.

Á ensku, sem er eina tungumálið sem samningurinn hefur lagalegt gildi á, segir svo: „„services“ includes any service in any sector except services supplied in the exercice of governmental authority.“

Í c-lið 3. mgr. I. gr., sem hér er lagt til að verði felldur niður, er þessi afdráttarlausa grein skilyrt með eftirfarandi hætti: „„þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Á ensku hljómar það svo: „„a service supplied in the exercice of governmental authority“ means any service which is supplied neither on a commercial basis, nor in competition with one or more service suppliers.“

Til að menn átti sig á hversu víðtækur GATS-samningurinn er og hvaða stjórnvöld það eru innan lands sem verða að taka tillit til ákvæða hans í ákvörðunum og framkvæmdum er rétt að láta 3. mgr. I. gr. fylgja í íslenskri þýðingu og upphaflegri útgáfu:

„3. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
a) „ráðstafanir aðila“ eru ráðstafanir gerðar af:
i) ríkisstjórn, svæðis- og sveitarstjórnum og stofnunum; og
ii) óopinberum stofnunum í umboði ríkisstjórnar, svæðis- eða sveitarstjórna eða stofnana.
Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem eðlilegar teljast og hann hefur tök á að beita til að tryggja að svæðis- og sveitarstjórnir og stofnanir svo og óopinberar stofnanir á yfirráðasvæði hans virði skyldur og skuldbindingar samningsins.
b) „þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita.
c) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Á ensku er 3. mgr. I. gr. svohljóðandi í heild:
„3. For the purposes of this Agreement:
(a) „measures by Members“ means measures taken by:
(i) central, regional or local governments and authorities; and
(ii) non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities;
In fulfilling its obligations and commitments under the Agreement, each Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure their observance by regional and local governments and authorities and non-governmental bodies within its territory;
(b) „services“ includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority;
(c) „a service supplied in the exercise of governmental authority“ means any service which is supplied neither on a commercial basis, nor in competition with one or more service suppliers.“

Ástæður þess að breyta þarf samningstextanum.

Sem áður segir er í þessari greinargerð sérstaklega staðnæmst við þann þátt þingsályktunartillögunnar sem lýtur að opinberri starfsemi og reynt að varpa ljósi á hvers vegna mikilvægt er að skerpa samningstexta og fella tiltekinn lið brott. Skal nú nánar vikið að c-lið 3. mgr. I. gr. samningstextans.

1. Núverandi orðalag 3. mgr. I. gr. GATS-samningsins, sem birt er hér að framan, ógnar mjög tilvist almannaþjónustu í þeim 146 ríkjum sem eiga aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Túlkun greinarinnar er óljós og enginn einn skilningur við lýði á henni, eins og m.a. utanríkisráðuneytið hefur viðurkennt í svari við fyrirspurn frá BSRB. Hins vegar má vera ljóst að með víðri túlkun á greininni fellur flest opinber þjónusta undir GATS-samninginn. Því má t.d. halda fram að sala á aðgangi að sundlaugum sveitarfélaga sem og rekstur ljósabekkja sömu aðila, sé rekstur á „viðskiptalegum grundvelli“ (e. „commercial basis“). Þá hafa menn spurt hvort ekki megi halda því fram að fyrst til eru skólar sem reknir eru að hluta eða öllu leyti af einkaaðilum sé hið opinbera (með almenna skólakerfinu) að veita þjónustu sem er í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur

og ættu skólarnir því að falla að fullu undir ákvæði GATS-samningsins. Afleiðingin gæti orðið sú (hafi viðkomandi þjónustugeirar verið felldir undir GATS og séu ekki nægilegir fyrirvarar settir) að í engu mætti mismuna í stuðningi við einkaaðila annars vegar og opinbera aðila hins vegar. Við þessar aðstæður þyrfti ríkið að reka allar sínar þjónustustofnanir sem um einkarekstur væri að ræða með tilheyrandi arðsemiskröfum og þjónustugjöldum af almenningi ellegar að ríkið væri knúið til að veita einkaaðilum sem hasla sér óáreittir völl á sömu sviðum alla sömu styrki og aðstöðu og þeim stofnunum sem nú veita opinbera þjónustu. Afleiðingin yrði augljóslega umbreytt þjóðfélag. Þau gildi sem velferðarsamfélagið hefur lagt mest upp úr mundu eiga undir högg að sækja og sá grunnur veikjast sem núverandi lýðræðisþjóðfélag byggist á.

2. Ef forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar væru sjálfum sér samkvæmir mætti ætla að c-liður 3. mgr. I. gr. í samningnum væri óþarfur. Þannig hefur margsinnis verið fullyrt af þeirra hálfu að opinber þjónusta sé sérstaklega undanskilin ákvæðum GATS-samningsins – að því er á þeim má skilja, án frekari skilyrða þar að lútandi. Því þurfi gagnrýnendur ekki að hafa áhyggjur af opinberri þjónustu. Ef þessi er raunin ætti efni tillögunnar að finna samhljóm með því sem forusta Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ítrekað lýst yfir á opinberum vettvangi um leið og efasemdum um ágang GATS-samningins varðandi almannaþjónustu væri eytt.
3. Þriðja ástæðan fyrir brottfalli c-liðar 3. mgr. I. gr. er ágreiningur um merkingu hans. Jafnvel innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er deilt um merkinguna. Í svari utanríkisráðuneytisins við spurningu frá BSRB, um hvaða merkingu ráðuneytið leggur í ofangreind ákvæði, segir:

   „Ekki er full samstaða um túlkun allra þeirra hugtaka sem er að finna í GATS frekar en í ýmsum öðrum alþjóðlegum samningum. Íslensk stjórnvöld fylgjast með þróun umræðunnar og þeim niðurstöðum sem aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar kunna að komast að varðandi túlkun hugtaka. Erfitt er að svara spurningum um túlkun hugtaka af því tagi sem nefnd eru í bréfi BSRB með tæmandi hætti.

   Skilgreiningar þessar hafa ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í þjónustuviðskiptaráði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ekki er hægt að staðfesta að öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar túlki 3. mgr. I. gr. með nákvæmlega sama hætti.

   Þeir aðilar sem komið hafa að samningum fyrir Íslands hönd, þar sem hugtök þessi hafa verið til umfjöllunar, hafa almennt ekki rekist á vandamál í samskiptum við erlenda gagnaðila á þessu sviði. Óformlegt samkomulag er um það að aðildarríkin geti skilgreint þessi hugtök með þeim hætti sem fellur að venjum þeirra (þ.e. hvað teljist venjubundin opinber þjónusta) svo fremi sem það stangist ekki á við verulega viðskiptalega hagsmuni annarra samningsaðila. Þannig hafa samningamenn Íslands ekki orðið varir við annað en að almennt sé viðurkennt að starfsemi t.d. sjúkra- og menntastofnana hérlendis sé þjónusta í þágu almennings sem veitt er af opinberum aðila en ekki í viðskiptalegum tilgangi. (Til að auðvelda skýrari svör væri gagnlegt að BSRB kæmi með dæmi um vandamál tengd túlkun þessara hugtaka.)“

   Hér er um að ræða eitt áhrifamesta ákvæðið í þessum alþjóðlega skuldbindandi samningi. Ekki er hægt með góðu móti að ganga út úr samningnum. Þá má nefna að erlend fyrirtæki geta lagt fram kærur til eigin stjórnvalda, telji þau það þjóna hagsmunum sínum, sem koma þeim síðan á framfæri innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Náist ekki samkomulag um bætur eða breytingar endar málið fyrir sérlegum dómstóli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en úrskurði hans verður ekki áfrýjað. Reynslan sýnir að sérstakir dómarar sem skipaðir eru við dóminn eru yfirleitt sérfræðingar í alþjóð-

legum viðskiptarétti og hafa niðurstöðurnar jafnan borið merki mjög þröngs sjónarhorns þar sem fylgt er stífum túlkunum á ákvæðum samningsins. Það er því með öllu óviðunandi að aðilar að samningnum geti ekki gengið að því vísu sem þeir hafa skrifað upp á. Þessi óvissa er enn til staðar.

Þessu til staðfestingar má bera svar utanríkisráðuneytisins hér að framan saman við svar sama aðila við annarri spurningu sem BSRB lagði fyrir ráðuneytið við sama tækifæri. Hér má sjá enn eitt dæmi um mótsagnakennda afstöðu íslenskra stjórnvalda. Spurningin varðaði það hvort ráðuneytið teldi að hlutafélagavæðing ríkisfyrirtækja færði þau fremur undir GATS-samninginn með hliðsjón af c-lið 3. mgr. I. gr. Hluti af svari utanríkisráðuneytisins við þessari spurningu var eftirfarandi: „Ef fyrirtæki í eigu opinberra aðila starfar á samkeppnismarkaði eiga skuldbindingar GATS við eftir því sem við á, burtséð frá því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur verið hlutafélagavætt."

Mál er að allri óvissu verði eytt, enda virðast allir, forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og helstu gagnrýnendur hennar, sammála um að c-liður 3. mgr. I. gr. valdi eingöngu óvissu og togstreitu. Æskilegur skilningur sé sá sem fram komi í a- og b-lið 3. mgr. en c-lið sé ofaukið.

4. Í fjórða lagi má benda á að ýmis aðildarríki hafa með ákveðnum hætti reynt að komast undan þeirri óvissu sem c-liður 3. mgr. I. gr. veldur. Þannig lagði ríkisstjórn Hollands fram tillögu sl. vor um að eignarhald hins opinbera á vatnsveitum héldist óskorað. Þó má draga vægi slíkrar lagasetningar í efa þegar kemur að því að meta hvort hún hafi forgang fram yfir ákvæði GATS. Er vísað í þessu tilliti til skýringartexta frá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (e. Guidelines for the scheduling of specific commitments under GATS – adopted 23. mars 2001) en þar er beinlínis bannað að vísa beint til laga í skuldbindingaskrám einstakra landa. Skrifa verður viðeigandi lagaákvæði beint inn í skuldbindingaskrána. Í textanum segir: „To the extent that domestic law of general application contain measures which constitude limitations, and if the Member wishes to maintain them, the commitment should describe the measures concisely. According to the agreed scheduling procedures, schedules should not contain general references to laws and regulations as it is understood that such references would not have legal implications under the GATS".

Þá hafa ákveðin ríki/aðilar skrifað inn í skuldbindingaskrár sínar ákveðin skilyrði með þetta takmark fyrir augum. Evrópusambandið felldi þannig inn í sitt samkomulag við Alþjóðaviðskiptastofnunina svokallaðar láréttar skuldbindingar (Horizontal Commitments) við inngöngu. Hér er fyrst og fremst um að ræða að Evrópusambandið áskilur sér rétt til að viðhalda einokun í þeim geirum þar sem veitt er almenningsþjónusta. Kröfur hafa verið gerðar um að ESB felli niður þessi skilyrði og sýnir það e.t.v. betur en margt annað hvaða hug fyrirtæki hafa á að sækja inn á opinber þjónustusvið. Skilyrði Evrópusambandsins nú er svohljóðandi: „In all EC Member States services considered as public utilities at a national or local level may be subject to public monopolies or to exclusive rights granted to private operators."

Nánari skýring fylgir: „Public utilities exist in sectors such as related scientific and technical consulting services, R&D services on social sciences and humanities, technical testing and analysis services, environmental services, health services, transport services and services auxiliary to all modes of transport. Exclusive rights on such services are often granted to private operators, for instance operators with concessions from public authorities, subject to specific service obligations.

Given that public utilities often also exist at the sub-central level, detailed and exhaustive sector-specific scheduling is not practical."

Lagt er til að efnislega sömu skilyrði verði fest í samninga Íslands vegna GATS – svo fremi sem það er unnt.

Það sem hefur e.t.v. valdið því að enn hefur ekki verið látið á það reyna hvernig túlka eigi c-lið 3. mgr. I. gr. er sú staðreynd að menn hafa fundið leið í kringum vandamálið, ef svo má að orði komast. Þær leiðir hafa gengið undir ýmsum nöfnum eins og „private-public-partnership", einkaframkvæmd almannaþjónustu eða aðrar tegundir framsalsrekstrar. Sjúkrahús sem hið opinbera hefur reist og rekið í almannaþágu kann að vera dæmi um rekstur hins opinbera sem er undanskilinn GATS-samningnum, ef taka á forráðamenn Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á orðinu. En sjúkrahús er samsett af mörgum rekstrarþáttum og því er t.d. hægt að bjóða út ræstingar eða rannsóknir til einkaaðila, jafnvel þó svo ríkið borgi áfram brúsann. Ræstingar og rannsóknir falla hins vegar undir þjónustu sem þegar hefur verið felld inn í skuldbindingaskrár og því undir GATS-samninginn. Þannig er í raun hægt að færa alla starfsemi opinbers sjúkrahús undir GATS-samninginn án þess að nokkurn tíma verði látið á það reyna hvort „heilsugæsluþjónusta á vegum hins opinbera" fellur undir GATS.

Hvað þá almennu athugasemd varðar, að ríki ráði því sjálf hvaða geira þjónustu þær felli sérstaklega undir samninginn og því sé óþarft að fella brott margívitnaðan c-lið 3. mgr. I. gr. samningsins, þá er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

Í fyrsta lagi ganga flest ákvæði GATS í gildi við undirskrift samningins, þ.m.t. 3. mgr. I. gr.

Í öðru lagi er það staðreynd, eins og sést best á þeim kröfugerðarskiptum sem nú standa yfir sem liður í stöðugu útvíkkunarferli GATS-samningsins, að það er síaukinn þrýstingur á allar þjóðir að opna þann markað, sem hið opinbera hefur verið látið sjá um, fyrir óheftri erlendri samkeppni. Er þar ekkert undanskilið, nema ef vera skyldi varnarmál, flugumsjón að hluta og hluti af kjarnorkuiðnaði. Evrópusambandið hefur meira að segja reist þá kröfu á hendur viðskiptalöndum sínum, fyrir hönd evrópskra fyrirtækja, að fá að keppa um drykkjarvatn á markaði.

Einnig mætti nefna kröfugerðir um opnun menntageirans, félagslega geirans, orkugeirans og heilbrigðisgeirans. Það er inn á þessi svið sem stórfyrirtækin vilja komast og til eru þeir sem segja að ef við eigum að ná fram markmiðum okkar á erlendum mörkuðum, þá sé opnun þessara markaða fyrst og fremst sú skiptimynt sem við höfum (að frátöldum fiskimiðunum). Sú skiptimynt yrði hins vegar reidd fram á kostnað velferðarsamfélagsins.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um rekstur Ríkisútvarpsins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126., 127. og 128. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.
e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.
f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.
g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.
i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkspólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.
j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía“, e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenn-

ingar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.

k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð, veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.

l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafnviðbragðsfljót til ákvarðana og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanna beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar til að jafna þennan aðstöðumun. Sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru nú.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi sem hér er fjallað um þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Félagsgjöld sem launþegi hefur greitt til stéttarfélags samkvæmt kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2005.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti.

Yfirskattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjuskattsstofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna hafa hins vegar ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Flutningsmenn telja engin rök fyrir því misræmi. Það felur í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreyfingunni, og stenst varla jafnræðisreglu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú mismunun sem í þessu felst verði afnumin.

19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrulegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt.

Enginn vafi er á því að Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinnar allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Ævi sinni lýkur Jökulsá með því að flæmast um sandana fyrir botni Öxarfjarðar og hefur þá grafið í sand eitt af háhitasvæðum landsins. Umhverfið við efri hluta árinnar er ekki síður stórbrotið allt frá upptökum við Dyngjujökul vestan Kverkfjalla þar sem áin flæmist um hina miklu sandauðn norðan jökulsins með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Trölladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land sem ekki er síður stórbrotið. Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmyndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar.

En það er ekki aðeins landið umhverfis og Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild sem gefa ánni mikið gildi, heldur og sjálft vatnasviðið í heild sinni, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir allra þessara vatna. Á Íslandi hefur það að vísu fram undir síðustu ár ekki verið mikið til umræðu að náttúrulegir rennslishættir fallvatna gætu haft verndargildi í sjálfu sér en sú umræða er fyrir löngu vel þekkt í ýmsum nálægum löndum. Víða hefur rennslisháttum vatna fyrir löngu verið raskað í umtalsverðum mæli, t.d. í þágu samgangna á vatni og við gerð skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við. Um er að ræða næstlengstu á landsins, stærsta vatnasviðið, um 8.000 ferkílómetra, og fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. Umhverfi árinnar ber merki gríðarlegra hamfarahlaupa og enn vekja hlaup í Jökulsá undrun og aðdáun þeirra sem þau líta augum, ekki síst að sjá Dettifoss í tröllslegum ham þegar vatnsmagnið hefur margfaldast. Allt ber að sama brunni; hin einstæðu verðmæti sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, hvoru tveggja óröskuðu af manna völdum, eru miklu meira en fullgild rök fyrir alfriðun.

Í merkri samantekt sinni um fossa á Íslandi setur Sigurður Þórarinsson fossaröðina í Jökulsá á Fjöllum í hæsta verndarflokk og segir að fossana eigi tvímælalaust að friðlýsa ásamt nánasta umhverfi og því fyrr því betra. (Sjá: Sigurður Þórarinsson 1978. Fossar á Íslandi. Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 2.) Um fossaröðina segir Sigurður: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri". Í sama riti lýsir Sigurður viðhorfum sem ekki eiga síður

við í dag. Hann segir: *„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum.“*

Ýmsar hugmyndir hafa verið og eru á kreiki sem tengjast frekari verndun þess svæðis sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og við að skoða mögulega stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan jökla þar sem sjónir hljóta m.a. að beinast mjög að Jökulsá á Fjöllum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga virkjanaáform á svæðinu og að bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum eru til staðar og hafa greinilega ekki verið afskrifaðar af öllum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta reyna á hástemmdar yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Jökulsá á Fjöllum. Rétt er að taka fram að lokum að tillaga þessi er hugsuð sem algerlega sjálfstætt innlegg í hina almennu náttúruverndarumræðu og þá vinnu sem nú stendur yfir við gerð nýrrar náttúruverndaráætlunar. Sama gildir um vinnu fyrrgreindrar nefndar um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Með því einu að friða Jökulsá á Fjöllum, þótt stórt skref væri, er langt í frá að fullnægjandi árangri sé náð á þessu sviði náttúruverndar. Að sjálfsögðu koma mörg önnur vatnsföll stór og smá og vatnasvið þeirra til greina með alveg sama hætti. Er þar nærtækt að nefna sem dæmi Hvítárnar tvær, í Borgarfirði og í Árnessýslu, og Skjálfandafljót. Öll eiga þessi vatnsföll það sameiginlegt með Jökulsá á Fjöllum að falla um einstaklega falleg héruð og í þeim eru stórbrotnir fossar sem ekki verður trúað að óreyndu að nokkur vilji sjá fornað. Þess ber að geta að áður hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi svipaðs efnis og sú sem hér er fram borin og skal sérstaklega minnt á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem flutt var á 113. og 120. löggjafarþingi.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skal hafa að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi.

Greinargerð.

Áður fyrr þótti mönnum sem rök lægju til þess að fólk í strjálum byggðum ætti meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Þetta reyndust falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né heldur byggðarlaga. Þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrifsað til sín að kalla

allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna völd og áhrif á móti atkvæðisréttinum sem taldist landsbyggðinni mjög hagstæður.

Árið 2000 var samþykkt á Alþingi Íslendinga tillaga um að misvægi atkvæða skyldi vera allt að einn á móti tveimur. Atkvæðisrétturinn, helgur undirstöðuréttur þegna í lýðræðisríki, var þar með áfram misjafn sem uppfyllir ekki jafnræðisreglu. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalborg í nágrannalöndunum, var skipt upp í kjördæmi, með það eitt að leiðarljósi að innan þeirra byggi sem jafnastur fjöldi fólks. Það leiddi til þess að höfuðborgarsvæðinu þurfti að skipta þvers og kruss og hagræða kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra. Það má líka heita með ólíkindum ákvæðið, sem kveður svo á, að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, eða um 9.160 atkvæði miðað við alþingiskosningar á sl. vori, og enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Samkvæmt þingsköpum Alþingis teljast tveir þingmenn þingflokkur og eðlilegt væri að nái flokkur tveimur mönnum, þ.e. fái u.þ.b. 5.500 gild atkvæði eða meira, þá fáist uppbótarþingmenn. Það er misræmi í því að 5.500 kjósendum sé meinað að fá kjörinn þingmann þegar besta nýting atkvæða á bak við þingmann er aðeins 2.707 atkvæði, en meðaltalið á bak við alla þingmenn nú er 2907,5 atkvæði. Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðarréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, verði þar með jafn og óskertur.

Þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum hvar sem búseta þeirra væri. Enginn þingmaður gæti því vísað frá sér málum vegna þess að þingmenn úr viðkomandi kjördæmi ættu að gæta hagsmuna annarra landsvæða og íbúa.

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er rétt að breyta sem fyrst skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins og sleppa sem fyrst frá því millistigi sem nú er við lýði með þrjú mjög stór landsbyggðarkjördæmi og uppskipta höfuðborg.

Frjálslyndi flokkurinn átti enga aðild að samþykkt tillögunnar árið 2000 þar sem landinu var skipt upp í 6 kjördæmi og lagði á 127. löggjafarþingi fram tillögu um breytta kosningaskipan, líkt og nú er gert.

Fylgiskjal.

Úrslit alþingiskosninganna 10. maí 2003.

	Atkvæðatölur							Skipting í gilda, auða og ógilda seðla			
	Framsóknar-flokkur	Sjálfstæðis-flokkur	Frjálslyndi flokkur	Nýtt afl	Sam-fylking	Framboð óháðra í Suður-kjördæmi	Vinstri hreyfingin - grænt framboð	**Gild atkvæði alls**	Auðir seðlar	Ógildir seðlar	**Greidd atkvæði alls**
	B	**D**	**F**	**N**	**S**	**T**	**U**				
Norðvestur-kjördæmi	4.057	5.532	2.666	122	4.346		1.987	**18.710**	245	29	**18.984**
Norðaustur-kjördæmi	7.722	5.544	1.329	136	5.503		3.329	**23.563**	256	58	**23.877**
Suðurkjör-dæmi	5.934	7.307	2.188	166	7.426	844	1.167	**25.032**	282	29	**25.343**
Suðvestur-kjördæmi	6.387	16.456	2.890	399	14.029		2.671	**42.832**	372	42	**43.246**
Reykjavíkur-kjördæmi suður	4.185	14.029	2.448	504	12.286		3.438	**36.890**	379	58	**37.327**
Reykjavíkur-kjördæmi norður	4.199	12.833	2.002	464	13.110		3.537	**36.145**	339	131	**36.615**
Atkvæði alls	**32.484**	**61.701**	**13.523**	**1.791**	**56.700**	**844**	**16.129**	**183.172**	**1.873**	**347**	**185.392**

	Hlutfallsleg skipting gildra atkvæða							Skipting í gilda, auða og ógilda seðla			
	B	**D**	**F**	**N**	**S**	**T**	**U**	**Gild atkvæði alls**	Auðir seðlar	Ógildir seðlar	**Greidd atkvæði alls**
Norðvestur-kjördæmi	21,68%	29,57%	14,25%	0,65%	23,23%		10,62%	**98,56%**	1,29%	0,15%	**100,00%**
Norðaustur-kjördæmi	32,77%	23,53%	5,64%	0,58%	23,35%		14,13%	**98,68%**	1,07%	0,24%	**100,00%**
Suður-kjördæmi	23,71%	29,19%	8,74%	0,66%	29,67%	3,37%	4,66%	**98,77%**	1,11%	0,11%	**100,00%**
Suðvestur-kjördæmi	14,91%	38,42%	6,75%	0,93%	32,75%		6,24%	**99,04%**	0,86%	0,10%	**100,00%**
Reykjavíkur-kjördæmi suður	11,34%	38,03%	6,64%	1,37%	33,30%		9,32%	**98,83%**	1,02%	0,16%	**100,00%**
Reykjavíkur-kjördæmi	11,62%	35,50%	5,54%	1,28%	36,27%		9,79%	**98,72%**	0,93%	0,36%	**100,00%**

Atkvæði alls	17,73%	33,68%	7,38%	0,98%	30,95%	0,46%	8,81%	98,80%	1,01%	0,19%	100,00%

Úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt 108. gr.				13. hluti
Úthlutunarröð jöfnunarsæta				
	Landstala við úthlutun	Hæsta hlutfalls-tala	Bókstafur samtaka sem hlýtur úthlutun	Kjördæmi þar sem úthlutað er
1. sæti	4507,7	7,12%	F	Norðvesturkjördæmi
2. sæti	3.380,8	6,75%	F	Suðvesturkjördæmi
3. sæti	3.225,8	7,06%	U	Norðausturkjördæmi
4. sæti	3.085,1	8,88%	D	Reykjavíkurkjördæmi norður
5. sæti	2.984,2	8,33%	S	Reykjavíkurkjördæmi suður
6. sæti	2.938,1	7,68%	D	Suðvesturkjördæmi
7. sæti	2.835,0	7,42%	S	Suðurkjördæmi
8. sæti	2.804,6	7,61%	D	Reykjavíkurkjördæmi suður
9. sæti	2.707,0	5,81%	B	Reykjavíkurkjördæmi norður

Úthlutuð jöfnunarsæti	**B**	**D**	**F**	**N**	**S**	**T**	**U**	**Alls**
Norðvesturkjördæmi	–	–	1	–	–	–	–	1
Norðausturkjördæmi	–	–	–	–	–	–	1	1
Suðurkjördæmi	–	–	–	–	1	–	–	1
Suðvesturkjördæmi	–	1	1	–	–	–	–	2
Reykjavíkurkjördæmi suður	–	1	–	–	1	–	–	2
Reykjavíkurkjördæmi norður	1	1	–	–	–	–	–	2
Heildartala jöfnunarsæta	**1**	**3**	**2**	**–**	**2**	**–**	**1**	**9**

21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um aðgerðir gegn fátækt.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Helgi Hjörvar, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta sem miði við að enginn hafi sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Sérstaklega skal höfð hliðsjón af þeim aðgerðum til að vinna bug á fátækt sem lagðar eru til í skýrslu ASÍ *Velferð fyrir alla* frá mars 2003, einkum hækkun atvinnuleysisbóta og lægstu samsettu bóta lífeyrisþega.

Niðurstöðu nefndarinnar ásamt nauðsynlegum lagabreytingum skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 2004.

Greinargerð.

Á 128. löggjafarþingi var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar. Lagt var til að félagsmálaráðherra yrði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treystu öryggisnet velferðarkerfisins. Skilgreina átti lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð og gera tillögur til úrbóta sem miðuðu við að enginn hefði sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum.

Flutningsmenn tillögu þeirrar sem nú er lögð fram telja rétt, í ljósi þeirra upplýsinga sem þegar liggja fyrir um umfang og orsakir fátæktar á Íslandi, að stjórnvöld einbeiti sér strax að aðgerðum sem sporni gegn fátækt og treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Þegar hafa komið fram upplýsingar, m.a. frá hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga, sem benda til að fátækum hafi fjölgað verulega. Benda má einnig á nýlega rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings, sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi. Þar kemur fram að miðað við lágmarksframfærslu vantar 40 þús. kr. mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur frá ríkinu geti framfleytt sér. Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst þeir sem sem leituðu sér aðstoðar og matargjafa hafi verið 40% fleiri á síðasta ári en árið 2001. Fram kom líka hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík að á síðasta ári þurfti að auka fé til fjárhagsaðstoðar um 150 millj. kr. og að fjárhagsaðstoðin jókst um 48% milli áranna 2001 og 2002. Ef skoðaður er norræn samanburður á fátækt kemur fram að þeir sem búa við fátækt eru hlutfallslega flestir á Íslandi. Mæling1997–98 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi, í Danmörku eru það 5,3%, í Finnlandi 4,1%, í Noregi 3,5% og í Svíþjóð 4,9%. Skýringin á vaxandi fátækt er m.a. sú að jöfnunarmarkmið velferðarkerfisins hafa vikið, kerfið er fullt af fátæktargildrum og mikil tekjutenging hefur breytt kerfinu nánast í ölmusukerfi.

Í áðurnefndri rannsókn, sem Harpa Njálsdóttir félagsfræðingur stóð fyrir, er til að skýra og mæla fátækt notað lágmarksframfærsluviðmið sem byggist á opinberum skilgreiningum, þ.e. lágmarkstekjum sem hið opinbera ákvarðar lífeyrisþegum og skilgreindum framfærsluþáttum sem hið opinbera telur að séu nauðsynlegir til að komast af. Harpa bendir m.a. á að í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá 1996 komi skýrt fram hvaða þættir séu álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að framfleyta sér. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks miðist við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að lifa af. Sömuleiðis er bent á að árið 2001 hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu.

Á undanförnum mánuðum og missirum hefur líka komið glöggt fram að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Í hópi fátækra eru einkum öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Það sýnir líka glöggt að öryggisnet velferðarkerfisins er brostið að stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem ekki hafa efni á að leita til læknis eða leysa út lyfin sín. M.a. er það orðið áberandi að læknar vísi fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir en það skili sér ekki þangað. Svo langt hefur verið gengið að fólki sem hvorki á fyrir lyfjum né mat, t.d. mörgum þeirra sem lifa þurfa af lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra.

Hér er lagt til að ríkisstjórnin skipi þegar nefnd með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtökum launafólks sem hafi það verkefni að gera tillögur til úrbóta til að sporna gegn fátækt. Ástæða er einnig til að benda á að nauðsynlegt er að leita samráðs við samtök lífeyrisþega, samtök einstæðra foreldra, samtök gegn fátækt og önnur þau félagasamtök sem vel þekkja til stöðu og aðbúnaðar fátækra á Íslandi. Mikilvægt er líka að við þetta verkefni verði höfð til hliðsjónar áfangaskýrsla Alþýðusambands Íslands, *Velferð fyrir alla*, en þar er að finna áherslu og framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum. Þar er að finna sérstaka greinargerð vinnuhóps um fátækt og áhersluatriði sem ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um til að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi. Helstu ástæður fátæktar sem ASÍ bendir á eru eftirfarandi:

1. Hár húsnæðiskostur og skortur á félagslegu húsnæði.
2. Skortur á menntun, m.a. mikið brottfall úr framhaldsskólum. Auk þess er bent á mikinn skólakostnað.
3. Hátt verðlag á nauðsynjavörum, svo og lyfjum og heilbrigðisþjónustu.
4. Uppsafnaðan fjárhagsvanda, sem leiðir til þess að margir missa fótanna og lenda í vítahring fátæktar.
5. Lágar atvinnuleysisbætur, sérstaklega þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi.
6. Félagsleg staða margra einhleypra karla, en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, eru oft atvinnulausir og skulda margir hverjir meðlög sem eru meiri en þeir ráða við að greiða.
7. Lágar bætur og miklar tekjutengingar valda því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að treysta á bætur sér til framfærslu, búa við mjög kröpp kjör. Kaupmáttaraukning bóta hefur verið minni en almennra launa á liðnum árum. Hluti af þeim kaupmáttarauka hefur farið í greiðslu á tekjuskatti þar sem skattleysismörk hafa ekki haldið í við hækkun bóta.

Í skýrslunni eru settar fram leiðir til úrbóta og fylgja þær hér í fylgiskjali.

Von flutningsmanna er að um þessa þingsályktunartillögu geti náðst víðtæk samstaða á Alþingi. Það hlýtur að vera forgangsverkefni í þjóðfélaginu að treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins, þannig að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktarinnar sem verður sífellt sýnilegri í þjóðfélaginu.

Fylgiskjal.

Velferð fyrir alla.

Úr skýrslu ASÍ.
(Mars 2003.)

Leiðir til úrbóta.

Hér verður fjallað um nauðsynlegar aðgerðir til að vinna bug á fátækt. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, til þess er vandamálið allt of stórt, viðamikið og flókið.

Húsnæðismál.

Afar brýnt er að auka framboð á félagslegu leiguhúsnæði og ennfremur að tryggja niðurgreiðslu á kostnaði í formi vaxtaniðurgreiðslu, stofnstyrkja og eða með auknum húsaleigubótum þannig að leigukjörin verði viðráðanleg. Þessu til viðbótar er mikilvægt að bæta stöðu þeirra sem eru á almennum leigumarkaði með því að hækka húsaleigubætur og hækka jafnframt tekjuviðmið þeirra sem geta fengið húsaleigubætur.

Menntun.

Mikilvægt er að fjölga námstilboðum í framhaldsskólum og efla sérstaklega starfstengt nám. Samhliða þarf að vinna slíku námi viðurkenningu á vinnumarkaði. Efla þarf símenntun og starfsendurhæfingu þeirra sem eru á vinnumarkaði. Slíkt verði gert í samvinnu aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Taka þarf upp skólastyrki til framhaldsskólanema úr tekjuminni fjölskyldum til að gera þeim kleift að stunda nám til jafns við aðra. Þetta gætu t.d. verið styrkir til bóka- og tölvukaupa. Æskilegt er að kenna nemendum um fjármál í skólakerfinu og gera þá þannig færari að takast á við eigin fjármál.

Barnafjölskyldur/einstæðir foreldrar.

Til að koma til móts við barnafólk er nauðsynlegt að barnabætur verði hærri en nú er, ótekjutengdar og nái til barna allt að 18 ára aldri. Til að koma til móts við börn tekjuminni foreldra og til að koma í veg fyrir stéttaskiptingu meðal barna er mikilvægt að sveitarfélög dragi umtalsvert úr gjaldtöku vegna skólagöngu, hvort sem um er að ræða fyrir gæslu yngri barna eftir skóla, aðstoð við heimanám, skólamáltíðir eða tónlistarskóla. Einnig þurfa sveitarfélög að gera börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tilltis til efnahags foreldra. Til að koma til móts við kostnað fjölskyldna í dreifbýli af því að senda börn í framhaldsskóla er mikilvægt að hækka styrki til jöfnunar á námskostnaði (dreifbýlisstyrki) og greiða þá oftar og jafnar út.

Öryrkjar.

Hækka þarf bætur öryrkja og taka sérstakt tillit til þeirra sem eru á örorkubótum lengi og þá jafnvel alla starfsæfina. Þeir eiga þess lítinn kost að mynda eignir, s.s. eigið húsnæði. Búa þarf þannig um hnútana að kerfi bóta hvetji fólk til sjálfshjálpar og ýti undir þátttöku í atvinnulífinu. Hér þarf sérstaklega að huga að þætti tekjutenginga. Vegna hárra jaðarskerðinga sem tekjutengingar og skattar hafa í för með sér, eiga margir öryrkjar erfitt með að bæta fjárhagsstöðu sína, jafnvel þó að þeir hafi einhverja starfsgetu. Einnig þarf að efla starfsendurhæfingu öryrkja og þannig aðstoða þá betur til að taka þátt í atvinnulífinu.

Eldri borgarar.

Staða þeirra eldri borgara sem hafa litlar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóði eru óviðunandi. Greiðslur af eigin húsnæði fara illa með marga tekjulitla eldri borgara. Lækka þarf álögur hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin íbúð. Þetta á bæði við um fasteignagjöld sveitarfélaga og eignaskatta. Bæta þarf stöðu eldri borgara sem eru í leiguhúsnæði á amentum leigumarkaði. Þetta má t.d. gera með því að veita þeim forgang að félagslegu leiguhúsnæði. Fjölga þarf bæði þjónustuíbúðum aldraðra og hjúkrunarrýmum.

Atvinnulausir.

Nauðsynlegt er að hækka atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysisbætur eru nú um kr. 77.000 á mánuði og hafa ekki haldið í við launaþróun á liðnum árum. Sérstaklega þarf að huga að vanda langtímaatvinnulausra, þ.e. þeirra sem hafa verið án atvinnu lengur en 6 mánuði. Nauðsynlegt er að fjölga námstilboðum fyrir þennan hóp og gera atvinnulausum kleift að stunda nám án þess að missa bæturnar. Einnig þarf að efla starfsendurhæfingu. Brýnt er að auka atvinnuframboð víða í dreifbýli.

Einhleypir karlar.

Vanda þessa hóps verður að leysa með margvíslegum hætti. Til skemmri tíma má m.a.:

- Veita húsaleigubætur vegna leigu á herbergjum.
- Styrkja fjárhagsstöðu þeirra feðra sem eru það illa staddir fjárhagslega að þeir eiga erfitt með að umgangast börn sín með sómasamlegum hætti.
- Veita þeim feðrum sem eru með sameiginlegt forræði aukna möguleika á félagslegri aðstoð, t.d. í formi leiguhúsnæðis og ráðgjafar.

Til að taka á málefnum þessa hóps til lengri tíma er æskilegt að myndaður verði þverfaglegur vinnuhópur sem geri úttekt á aðstæðum hópsins og komi með tillögur til úrbóta.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Sveitarfélögin byggja fjárhagsaðstoð sína á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru almennt orðuð og ekki tryggt að einstaklingar geti sótt svipaðan rétt óháð því hvar þeir búa. Mikilvægt er að samræma og útfæra skyldur sveitarfélaga í lögunum eða setja ákveðnar viðmiðunarreglur. Hækka þarf viðmið sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð en þau eru hjá flestum sveitarfélögum um kr. 70.000 á mánuði fyrir einstakling.

Einnig þarf að afnema ýmsar íþyngjandi reglur sem sveitarfélög hafa sett varðandi aðstoð. Þetta á sérstaklega við um skilyrði fyrir búsetu í lágmarkstíma í sveitarfélagi áður en einstaklingur getur sótt um félagslegt leiguhúsnæði.

Tillögur um bráðaaðgerðir.

Starfshópur um fátækt hefur í vinnu sinni fjallað um vísbendingar um umfang fátæktarvandans, ástæður fátæktar og leiðir til úrbóta. Að mati hópsins er eftirfarandi brýnast:

- Húsnæðismál:
  - Húsaleiga verði niðurgreidd umfram það sem nú er gert og framboð á félagslegu leiguhúsnæði aukið.
- Menntun:
  - Koma þarf sérstaklega til móts við ungt fólk úr tekjuminni fjölskyldum þannig að það geti stundað nám til jafns við aðra.
- Heilbrigðismál:
  - Brýnt er að draga úr kostnaði sjúklinga vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu.
- Afkomuvandi:
  - Barnabætur verði hærri en nú er, ótekjutengdar og nái til barna allt að 18 ára aldri. Sveitarfélögin dragi úr gjaldtöku vegna skólaþjónustu og tómstunda og geri börnum kleift að stunda íþróttir og æskulýðsstörf án tillits til efnahags foreldra.
  - Lægstu samsettu bætur öryrkja verði a.m.k. kr. 110.000 á mánuði auk barnalífeyris.
  - Draga þarf úr álögum hins opinbera á húsnæði eldri borgara og gera þeim þannig kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði.
  - Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar úr kr. 77.452 í kr. 93.000 á mánuði.
  - Mótuð verði atvinnustefna sem hefur það að markmiði að auka atvinnuframboð í dreifbýli.
  - Sveitarfélög hækki tekjumarki einstaklinga fyrir fjárhagsaðstoð.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem njóta verðtryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir.

Sérstaða íslensks lánamarkaðar er allnokkur. Þannig tíðkast hér á landi verðtrygging í lánsfjárviðskiptum í ríkari mæli en í flestum öðrum ríkjum. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár hefur almennt verið heimiluð hér á landi frá árinu 1979. Í lögum sem sett voru það ár var kveðið á um að almennt skyldi stefnt að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almannasjóða og grunnur lagður að lánskjaravísitölu. Allan áttunda áratuginn hafði geisað mikil verðbólga í landinu. Á þessum tíma voru stjórnvöld treg að heimila vaxtahækkanir og við þær aðstæður voru raunvextir neikvæðir. Með verðtryggingunni var lagður grunnur að tryggari sparnaði og meiri stöðugleika í fjármála- og efnahagslífinu. Nú er svo komið að flestar langtímaskuldbindingar, þar á meðal skuldir heimilanna, eru verðtryggðar.

Enda þótt verðtrygging sé mjög útbreidd hér á landi er ekki svo að skilja að hún fyrirfinnist ekki annars staðar. Tekin var upp verðtrygging hér á landi sem vörn fyrir sparendur og fjármagnseigendur og hefur hið sama verið uppi á teningnum í Argentínu, Brasilíu, Chile og Ísrael. Í þessum ríkjum var verðtrygging talin nauðsynleg til að vinna traust fjárfesta á fjármagnsmörkuðum. Víðast hvar annars staðar hefur verðtrygging ekki tíðkast að neinu marki. Allvíða hafa verðtryggð skuldabréf þó verið í boði og má þar nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin. Verðtryggð skuldabréf til langs tíma hafa þótt æskilegur kostur og líkleg leið til að lækka vaxtakostnað.

Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa allar verið á einn veg. Raunvaxtabyrði verðtryggðra lána er minni en óverðtryggðra. Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a.: „Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ... Í öðru lagi veldur verðbólguáhætta því að lánveitendur eru hikandi við að veita óverðtryggð lán til eins langs tíma og verðtryggð með föstum vöxtum.“

Einmitt þarna liggur hundurinn grafinn. Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru. Ekki aðeins krefjast þeir verðtryggingar heldur einnig breytilegra vaxta en erlendis tíðkast

einmitt að nota breytilega vexti í sama augnamiði og verðtryggingin upphaflega var hugsuð hér á landi: Til að bregðast við breytingum sem kynnu að eiga sér stað á lánstímabilinu og tryggja þannig að umsamdar lánsfjárupphæðir yrðu ekki étnar upp af verðbólgu. Þegar tvenns konar trygging fyrir áhrifum verðbólgunnar eru komnar til sögunnar, verðbætur og breytilegir vextir, hefur verið haft á orði að íslenskir fjármagnseigendur hafi tryggt sig bæði með belti og axlaböndum.

Fjármagnseigendur með belti og axlabönd.

Enda þótt þetta frumvarp komi fram fyrst núna var það upphaflega boðað í blaðagrein 27. ágúst árið 2001 undir þessari fyrirsögn. Þar sagði m.a.:

> Eitt alvarlegasta efnahagsmein sem við búum við hér á landi er hár fjármagnskostnaður. Í rauninni er það afar kurteislegt heiti yfir þau okurkjör sem heimili og fyrirtæki eru knúin til að undirgangast á lánsfjármarkaði ... Ekki er óalgengt að fólk greiði vel á aðra milljón króna á ári í vexti. Það er vert fyrir allt samfélagið að hugsa um það alvarlega hvað það þýðir í raun að gera efnalitlum fjölskyldum að greiða slíkar upphæðir á ári hverju í vexti. Og takið eftir, við erum aðeins að tala um vexti, ekki einu sinni afborganir af lánunum. Nú er það svo að lánin sem bera hæstu vextina eru óverðtryggð ... Að mínum dómi stendur slagurinn því ekki um að berjast gegn verðtryggingu sem slíkri heldur klyfjum okurlánastefnunnar almennt. Í rauninni er það ekkert undarlegt að lán sem bera verðtryggingu séu á lægri vöxtum en hin sem enga slíka tryggingu hafa. Í útlöndum tíðkast það hjá lánveitendum að tryggja sig með breytilegum vöxtum. Ef verðbólgan eykst hefur lánveitandinn heimild til að hækka vextina. Ef hins vegar dregur úr verðbólgu eru þeir lækkaðir ... Á Íslandi nægir þetta fjármagnseigendum ekki. Þeir vilja geta haldið uppi um sig brókunum bæði með belti og axlaböndum. Þeir heimta verðtryggingu auk breytilegra vaxta. Verðtryggingin þýðir að eign fjármagnseigandans rýrnar aldrei hvert sem verðbólgustigið verður. Þá áhættu tekur lántakandinn hins vegar á sínar herðar. En í ofanálag heimtar lánveitandinn breytilega vexti. Hann vill geta ákveðið einhliða og samkvæmt eigin geðþótta hve mikið hann skammtar sjálfum sér upp úr vasa lántakandans hverju sinni. Þetta er ósiðlegt og mun ég á komandi þingi kynna lagafrumvarp sem reisir við þessu skorður.

Lántakandi ofurseldur lánveitanda.

Ekki varð af því fyrr en nú að leggja fram frumvarp sem kemur í veg fyrir að lánveitendur geti að vild hækkað vexti á verðtryggðum lánum. Nú kann einhver að segja sem svo að mönnum sé í sjálfsvald sett að semja um lánskjörin og sé óþarfi að setja frumvarp um bann við tilteknu lánsformi. Við því er það að segja að lántakendur eru iðulega ofurseldir lánveitendum sem þegar á heildina er litið bjóða viðskiptavinum sínum upp á mjög sambærileg kjör.

Iðulega er því haldið fram að vextir séu nauðsynlegt stýritæki við hagstjórn. Vöxtum megi beita sem stýritæki til að slá á þenslu eða örva hana eftir atvikum. Þegar hins vegar um það er að ræða að vöxtum er breytt á skuldbindingum langt *aftur í tímann* hafa slíkar aðhaldsaðgerðir snúist upp í andhverfu sína. Skuldarinn er ekki aðeins í hættu vegna verðbólguþróunar heldur stafar honum einnig ógn af duttlungum lánardrottins síns, með öðrum orðum, hann á erfitt með að skipuleggja sig á fyrirsjáanlegum forsendum vegna þess að lánveitandinn hefur öll ráð í hendi sér.

Á að endurskoða verðtryggingu?

Verðtrygging lána hefur sætt mikilli andstöðu í landinu allar götur frá því að henni var komið á, ekki síst eftir að verðtrygging launa var afnumin. Réttilega hefur verið bent á í því sambandi að á sama tíma og launafólk er háð verðlagsþróun og á stöðugt á hættu að verðgildi launa rýrni af völdum verðbólgu þá hafi fjármagnseigendur jafnan allt sitt á þurru. Þetta eru eðlilegar ábendingar sem byggjast á sanngirnisrökum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið fylgt þeirri stefnu að draga smám saman úr vægi verðtryggingar og hefur sú viðleitni fyrst og fremst beinst að lánum til skemmri tíma. Athygli vekur að enda þótt raunvextir verðtryggðra lána séu almennt lægri en óverðtryggðra hefur sá munur farið minnkandi á síðari árum (sbr. áður ívitnaða skýrslu viðskiptaráðuneytis). Eðlilegt er að taka verðtryggingu lána til endurskoðunar með hagsmuni lántakenda ekki síður en lánveitenda í huga en svo virðist sem hagur fjármagnseigenda sé jafnan hærra metinn þegar þessi mál hafa komið til álita. Þeirri forgangsröðun þarf að breyta.

23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um sérstakan skattafslátt vegna barna.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að tekinn verði upp sérstakur ótekjutengdur skattafsláttur handa foreldrum eða forráðamönnum sem hafa börn á framfæri sínu. Afslátturinn nemi tiltekinni upphæð fyrir hvert barn til 16 ára aldurs. Hafi foreldrar ekki svo háar tekjur að afslátturinn nýtist skal ónýttur afsláttur greiddur út við álagningu skatts ár hvert. Fjármálaráðherra er falið að skoða nánari útfærslu afsláttarins og hvort rétt sé að hann fari stighækkandi eftir fjölda barna. Fjármálaráðherra skal við upphaf haustþings 2004 leggja tillögur sínar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Skal að því stefnt að lög um sérstakan skattafslátt vegna barna taki gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Í tillögu þessari eru lagðar til nýjar leiðir til að styrkja og styðja barnafjölskyldur í landinu. Lagt er til að tekinn verði upp sérstakur skattafsláttur vegna barna. Skattafslættinum er ætlað að virka sem viðbótarpersónuafsláttur til handa foreldrum eða forráðamönnum að tiltekinni upphæð fyrir hvert barn. Skattafslátturinn er þó ólíkur persónuafslætti að því leyti að fullnýti foreldrar eða forráðamenn afsláttinn ekki ber ríkissjóði að greiða viðkomandi það sem á vantar. Skattafslátturinn er ótekjutengdur og því ólíkur barnabótum. Ekki er gert ráð fyrir því að reglum um greiðslu barnabóta verði breytt heldur að skattafslátturinn komi sem viðbót við þær.

Rökin fyrir skattafslætti sem hér er lýst eru eftirfarandi. Í fyrsta lagi eru augljós þjóðfélagsleg rök fyrir því að auka stuðning við barnafjölskyldur. Í öðru lagi er hin tvíþætta virkni afsláttarins, þ.e. hann er aukinn persónuafsláttur annars vegar og styrkur hins vegar, þannig að hann nýtist fólki óháð því hvort það hefur tekjur eða ekki. Í þriðja lagi dregur ótekjutengdur skattafsláttur vegna barna úr líkum á því að fólk veigri sér við að eiga börn af fjárhagslegum ástæðum eða senda þau á íþrótta- og tómstundanámskeið. Í fjórða lagi er

ótekjutengdur skattafsláttur vegna barna jöfnunartæki í þeim skilningi að ráðstöfunartekjur á hvern fjölskyldumeðlim innan fjölskyldna með svipaðar heildartekjur en mismörg börn á framfæri jafnast út.

Kröfur í nútímaþjóðfélagi um menntun, íþróttir og félagsstarf barna hafa kallað á aukin útgjöld foreldra. Þessi útgjöld teljast nú nauðsynleg til að sinna sjálfsögðum þörfum barna, svo að þau fái notið íþrótta- og tómstundastarfs sem og viðbótarmenntunar, t.d. í tónlist. Virk þátttaka barna í félags- og íþróttastarfsemi er til þess fallin að efla mannkosti barns og verja það fyrir óæskilegum áhrifum, t.d. af völdum vímuefna. Kostnaður vegna þessa er umtalsverður og oft meiri en margir foreldrar geta staðið undir.

Há gjöld þarf að greiða fyrir vistun barna hjá dagmæðrum og á dagheimilum. Ýmis gjaldtaka er einnig í grunnskólum, sem á í raun að vera ókeypis, til að mynda er tekið gjald fyrir skólamáltíðir og ræðst það að nokkru af fjárhag foreldra hvort þeir hafi efni á að greiða fyrir slíkt. Þurfi foreldrar á gæslu að halda fyrir börn sín eftir skóla, t.d. vegna vinnu, þarf að greiða fyrir hana sérstaklega. Grunnskólinn er því orðinn stór kostnaðarliður í bókhaldi heimilanna og því stærri er hann, eðli málsins samkvæmt, eftir því sem börnin eru fleiri.

Forvarnagildi heilbrigðra lífshátta, íþrótta- og tómstundaiðkunar er óumdeilt. Ríkisvaldinu ber að stuðla að jöfnum möguleikum barna til þeirrar ástundunar. Frjálslyndi flokkurinn leggur mikið upp úr því að stuðningur við foreldra og forráðamenn barna verði efldur frekar en nú er. Þessi þingsályktunartillaga er raunhæf leið að því marki.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um stofnun stjórnsýsluskóla.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun stjórnsýsluskóla. Í því skyni verði skipuð nefnd sem móti markvissa endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum um endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna. Í nefndinni verði fulltrúi fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála, Endurmenntunar Háskóla Íslands og heildarsamtaka opinberra starfsmanna.

Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi haustþings 2004.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti í júní 1998 þingsályktunartillögu um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Nefnd sem fjallaði um viðfangsefnið undir forustu Páls Hreinssonar skilaði skýrslu um málið á árinu 1999.

Í skýrslunni koma fram margs konar ábendingar um ýmsa annmarka í stjórnsýslunni og á starfsháttum stjórnvalda. Í skýrslunni var jafnframt bent á ýmsar leiðir til úrbóta. Þar koma fram ýmsar gagnmerkar tillögur til að bæta stjórnsýslukerfið og auka réttaröryggi borgaranna, sem og að bæta eftirlit með starfsemi stjórnvalda, ekki síst þegar um er að ræða að framkvæmdarvaldið tekur ákvarðanir sem byggjast á matskenndum lagaheimildum og stjórn-

valdsfyrirmælum. Sérstaklega er þar vísað í óskráðar reglur sem ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu þar sem treyst er á heiðarlega siðferðisvitund og ábyrgð þeirra sem trúað er fyrir að reka hina opinberu stjórnsýslu, hvort sem um er að ræða opinbera embættismenn eða kjörna fulltrúa þjóðarinnar. Markverðar tillögur í skýrslunni snerta m.a.:

- Ráðherraábyrgð og rétt þingmanna til upplýsinga.
- Meinbugi sem eru á íslenskri löggjöf.
- Starfrækslu sérstakrar lagaskrifstofu.
- Framtíðarstefnu um þróun stjórnsýslukerfisins.
- Endurskoðun á ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi.
- Réttaröryggi borgaranna.
- Siðareglur opinberra starfsmanna.
- Starfrækslu stjórnsýsluskóla fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Brýnt er að Alþingi fylgi því eftir að þessar og aðrar tillögur í skýrslunni komist til framkvæmda. Þær munu allt í senn tryggja betur réttaröryggi borgaranna, herða allt eftirlit með framkvæmd stjórnsýslunnar og skýra betur hvar ábyrgð liggur auk þess sem viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni verða virk.

Tillaga sú til þingsályktunar sem hér er flutt felur í sér að starfræktur verði stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga eins og gerist víða í nágrannalöndum okkar. Í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda kemur m.a. fram að óhjákvæmilega hljóti að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði komi að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttarins hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði. Einnig kemur fram að almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu flóknar og ákveðinnar lágmarksþekkingar í lögfræði sé þörf svo unnt sé að beita þeim rétt. Orðrétt segir síðan í skýrslunni:

„Út frá því var gengið á fyrri hluta tuttugustu aldar að verulegur hluti starfsmanna stjórnsýslunnar væru lögfræðingar. Nú á tímum er þessu ekki svo farið. Óhjákvæmilega hljóta því að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði koma að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttarins hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði.

Við Háskóla Íslands hefur ekki verið í boði sérstakt námskeið á sviði stjórnsýsluréttar fyrir nemendur annarra deilda en lagadeildar sem hug hafa á að starfa við opinbera stjórnsýslu.

Brýnt er að úr þessu verði bætt. Eftir að stjórnsýslulög og upplýsingalög tóku gildi var boðið upp á námskeið fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar um þau lög. Endurmenntun starfsmanna ríkis og sveitarfélaga er á hinn bóginn ekki skipuleg og markviss á sviði stjórnsýsluréttar. Þannig virðist ekki vera í gildi markviss endurmenntunarstefna sem felur það í sér að nýir starfsmenn, sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna, séu sendir á grunnnámskeið til að læra þær almennu reglur stjórnsýsluréttarins, sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana, þegar þeir koma til starfs. Ekki þarf því að koma á óvart að þegar mistök verða við úrlausn einstakra mála virðist oft um að kenna vankunnáttu starfsmanna við undirbúning, meðferð eða úrlausn máls.

Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi stjórnsýsluskólar fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Slíkur skóli er ekki starfræktur hér á landi. Þó ver ríkið árlega á bilinu 300–500 millj. kr. í endurmenntun starfsmanna sinna. Spyrja má hvort því sé stjórnað nógu markvisst að þessi fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt til þess að mæta þörfum stjórnsýslunnar.

Hvað sem líður öllum umbótum við gerð lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla er ljóst að þörf er á að móta markvissari endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum varðandi endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna.“

Umboðsmaður Alþingis hefur séð ástæðu til að fjalla um nauðsyn þess að auka fræðslu og þekkingu opinberra starfsmanna á stjórnsýslunni. Í ársskýrslu sinni til Alþingis árið 1998 kemur eftirfarandi:

„Á þessum vettvangi er því ástæða til að vekja máls á því hvort ekki sé fullt tilefni til þess að starfsfólk stjórnsýslunnar eigi í meira mæli en nú er kost á skipulegri fræðslu og endurmenntun um þær lagareglur sem stjórnsýslan starfar eftir. Þannig verður að telja að aukin fræðsla um réttarreglur stjórnsýsluréttarins, þá einkum málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga, sé best til þess fallin að bæta almennt úr þeim atriðum sem hafa orðið tilefni athugasemda af hálfu umboðsmanns Alþingis.“

Í ársskýrslu umboðsmanns Alþingis árið 2000 er þetta enn ítrekað en þar segir orðrétt: „Ég ítreka því þau sjónarmið sem ég hef áður sett fram um mikilvægi þess að auka fræðslu fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar um þær réttarreglur sem gilda um starfshætti hennar. Ég bendi í því sambandi á að það þykir sjálfsagt að bjóða nýjum starfsmönnum hins opinbera upp á tölvunámskeið af margvíslegum toga og eigi viðkomandi að sinna bókhaldsstörfum eru slík sérhæfð námskeið í boði. Mér er ekki kunnugt um að boðið sé t.d. upp á námskeið fyrir nýja starfsmenn innan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um stjórnsýslulögin og aðrar réttarreglur stjórnsýsluréttarins en reglur þessar eru þó almennur grundvöllur þess hvernig standa ber að afgreiðslu mála innan stjórnsýslunnar. Ég tek líka fram að þarna er um að ræða fræðslu sem ekki á bara erindi til löglærðra starfsmanna heldur einnig annarra starfsmanna, og í vissum tilvikum nefndarmanna, sem koma að ákvarðanatöku í málum einstaklinga af hálfu stjórnvalda.“

Ljóst er að þessar ábendingar umboðsmanns Alþingis styðja mjög þá tillögu sem hér er flutt.

Aldrei verður nógsamlega undirstrikað að aukinn hagvöxtur og velferð byggist ekki síst á menntuðu vinnuafli. Mikilvægur þáttur í því er að móta markvissari og skipulagðari endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum en nú er sem tryggi betur endurmenntun þeirra starfsmanna sem fara með opinbert vald. Þannig treystum við betur réttaröryggi borgaranna. Í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda er einmitt bent á að þótt ríkið verji árlega á bilinu 300–500 millj. kr. í endurmenntun starfsmanna sinni sé spurning hvort þeim fjármunum sé stjórnað nógu markvisst til að þeir nýtist á sem árangursríkastan hátt til að mæta þörfum stjórnsýslunnar.

Í opinberri stjórnsýslu nú má helst vísa til starfs- og endurmenntunar á vegum ýmissa stéttarfélaga, fræðslu forstöðumanna ríkisstofnana, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Stofnunar stjórnsýslufræða. Stutt eins dags námskeið hafa nokkrum sinnum verið haldin um stjórnsýslu og upplýsingalög fyrir starfsfólk ríkisins síðan í apríl 2002. Þessi námskeið eru nú felld inn í námskeið sem fjármálaráðuneytið er að hefja á þessu hausti í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands fyrir starfsmenn ríkisins. Þar er m.a. fjallað um skipulag ríkisins og ábyrgð, valdsvið forstöðumanna, réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, starfsmannastjórnun í opinberum rekstri og stjórnsýslu- og upplýsingalög. Um er að ræða mjög stutt eins til tveggja daga námskeið. Með þessum námskeiðum er vissulega kominn upp vísir að aukinni þekkingu opinberra starfsmanna á stjórnsýslunni og stjórnsýslurétti. Þessi námskeið og það sem nú er í boði varðandi starfs- og endurmenntun hjá hinu opinbera fullnægir þó hvergi nærri því sem nefndin um starfsskilyrði stjórnvalda taldi nauðsynlegt varðandi

þekkingu starfsmanna hins opinbera á stjórnsýslunni og rétti og skyldu borgaranna. Í fyrsta lagi er það undir stofnunum og ráðuneytum, sem kosta námskeiðin, komið hvort starfsmenn fái að sækja þau. Þannig er því ekki um jafnan aðgang starfsmanna að ræða að námskeiðunum. Í annan stað eru námskeiðin þannig uppbyggð að ekki er um heildstæða samfellda kennslu að ræða á öllum grunnþáttum stjórnsýslunnar sem nauðsynlegt er að starfsmenn hins opinbera hafi þekkingu á. Ljóst er þó að á grunni þess sem fyrir er má byggja upp stjórnsýsluskóla sem allir opinberir starfsmenn hefðu jafnan aðgang að. Stjórnsýsluskólinn byggði starf sitt á þeirri stefnu í endurmenntunarmálum opinberra starfsmanna sem mótuð verður af þeirri nefnd sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að fengin verði í það verk.

Mikilvægt er að verði þessi tillaga samþykkt komi þeir aðilar að mótun endurmenntunarstefnu opinberra starfsmanna sem best þekkja til. Má þar m.a. nefna Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, en meginmarkmiðið með Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands er að efla kennslu og rannsóknir á opinberri stjórnsýslu og standa fyrir umræðu um opinbera stefnumörkun og stjórnmál. Er því lagt til að auk fulltrúa fjármálaráðuneytisins komi að verkinu fulltrúi Stofnunar í stjórnsýslufræða og stjórnmála, Endurmenntunar Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Sjálfsagt er að nefndin leiti ráðgjafar hjá þeim sem best þekkja til í stjórnsýslunni eins og umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Færi vel á því í tilefni af 10 ára afmæli stjórnsýslulaganna 1. janúar 2004 að Alþingi samþykkti tillögu um mótun markvissrar endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum og undirbúin yrði stofnun stjórnsýsluskóla sem byggði starf sitt á þeirri stefnumótun.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um tannvernd barna og unglinga.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs verði efld. Sérstök tannvernd verði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu og nái til allra barna og unglinga á aldrinum þriggja, sex, níu, tólf og fimmtán ára. Þessir árgangar fái skoðun og forvarnir hjá tannlækni án greiðslu og 90% endurgreiðsluhlutfall frá Tryggingastofnun ríkisins vegna almennra tannlækninga. Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar til annarra aldurshópa verði 90% í skoðun, forvörnum og í almennum tannlækningum.

Greinargerð.

Heilbrigði munnholsins er öllum mönnum mikilvægt til að halda góðri heilsu. Grunnurinn að góðri tannheilsu er lagður strax í æsku með góðri tannhirðu, hollu mataræði og reglulegu eftirliti tannlæknis allt fram á fullorðinsár. Eitt af forgangsverkefnum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 er að lækka tíðni tannskemmda (DMF) 12 ára barna í 1,0. Árið 1985 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur (DMF) hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%. Margt bendir til þess að tannheilsu barna og unglinga hafi hrakað undanfarin ár eða frá því að síðasta landskönnun var gerð árið 1996. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaraðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka TR í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Ósamræmi gætir milli ráðherragjaldskrár og raunkostnaðar við tannlækningar en endurgreiðsluhlutfall vegna tannlækninga miðast nú við u.þ.b. 50% í stað 75% eins og reglugerð nr. 815/2002 gerir ráð fyrir. Kostnaður við tannlækningar er orðinn of hár fyrir margar fjölskyldur og líklegt er að það sé ein af ástæðunum fyrir því að 35,9% barna 0–18 ára fóru ekki til tannlæknis á 18 mánaða tímabili frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002.

Til forvarna hjá tannlækni telst reglulegt eftirlit, röntgenmyndataka, almenn fræðsla um tannvernd, hreinsun tanna, skorufyllur og flúormeðferð þeirra sem eiga á hættu að fá tannskemmdir. Endurgreiðsluhlutfall TR miðast við samningsbundna gjaldskrá heilbrigðisráðuneytis og tannlækna.

Ráðgert er að hefja aðra landskönnun á tannheilsu barna innan tíðar og getur sú könnun orðið grunnur að því að marka stefnu um öflugri tannvernd þessa aldurshóps. Þrátt fyrir að niðurstöður væntanlegrar könnunar liggi ekki fyrir er mikilvægt að grípa strax til aðgerða og tryggja að öll börn fá notið þjónustu tannlæknis. Áðurnefndir árgangar eru valdir með hliðsjón af því að heilsugæslan einbeitir sér markvisst að þessum aldurshópum hvað varðar ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum.

Með tillögunni var fylgiskjal: Heimtur barna til tannlækna. Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Reynir Jónsson (Tannlæknablaðið 2002, 1. tbl., bls. 48–49).

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmtistöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um störf sín 11. júlí 2002. Í skýrslunni kemur m.a. fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggist á ótraustum lagagrundvelli og að umboðsmaður Alþingis hafi oftar en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Bent er á að nauðsynlegt sé að setja skýrari lagaramma á þessu sviði.

Helstu reglur um þessi atriði er að finna í reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sem sett var í gildistíð laga um lögreglumenn nr. 56/1972, sem lögreglulög, nr. 90/1996, leystu síðar af hólmi, og laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Skemmtana- og mótshald Íslendinga hefur breyst verulega síðan þessi ákvæði voru lögfest. Þá er að finna ákvæði í lögum nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, þess efnis að í lögreglusamþykkt skuli kveðið á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem að tryggja öryggi fólks, reglu og velsæmi á almannafæri, hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími o.fl. Jafnframt er kveðið á um að í lögreglusamþykkt skuli vera ákvæði um það hvernig greiða skuli þau útgjöld sem ákvæði hennar hafi í för með sér. Í lögreglusamþykktum er almennt ekki tekið á þátttöku almennings í löggæslukostnaði og reglugerð um lögreglusamþykktir hefur ekki verið sett þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 36/1988. Dómsmálaráðherra mun hins vegar hafa sett viðmiðunarreglur um leyfi fyrir útisamkomur.

Nýleg dæmi sýna við hvaða vandamál er að etja. Ungmennafélag Íslands var síðastliðið sumar krafið um greiðslu fyrir löggæslu á íþróttamóti sem haldið var um verslunarmannahelgina þrátt fyrir að aðgangur væri ókeypis. Grundvöllur kröfu lögreglustjóra um greiðslu fyrir löggæslukostnað virðist byggjast á því að um skemmtun sé að ræða sem skemmtanaleyfi þurfi fyrir og þá jafnframt að um „skemmtistað“ sé að ræða. Í lögunum er ekki skilgreint hvers konar skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi eða hvað sé „skemmtistaður“ í skilningi laganna. Ákvæði reglugerðarinnar mæla svo fyrir um hvaða skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi og teljist þar með gjaldskyldar samkvæmt lögunum.

Lagaramminn um þátttöku í löggæslukostnaði er því mjög ótraustur og reglugerð nr. 587/1987 byggist vægast sagt á mjög hæpinni lagastoð. Dómsmálaráðherra hefur ekkert aðhafst til að gera nauðsynlegar breytingar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis og niðurstöðu skýrslu starfshóps sem hann skipaði sjálfur fyrir tveimur árum. Nauðsynlegt er að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði.

Flutningsmaður frumvarpsins telur rétt að ríkið beri allan löggæslukostnað eins og aðalregla 33. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir og leggur því til að 34. gr. laganna verði felld brott. Samkvæmt lögum er það íslenska ríkið sem á að halda uppi allsherjarreglu í landinu og lögreglustjórum er falið að meta hvað til þurfi hverju sinni. Af þeim sökum er rétt að ríkið beri eitt þann kostnað.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana, svo sem Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarðanum 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum.

Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið úr hvaða náttúrufarsgögnum skuli vinna á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að upplýsingunum. Miða skal við að þessum þætti málsins verði lokið og viðkomandi reglugerðum breytt í samræmi við niðurstöður fyrir árslok 2004.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú endurflutt að mestu leyti óbreytt.

Umhverfisnefnd Alþingis sendi málið út til umsagnar á 128. löggjafarþingi. Umsagnir um málið bárust frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, Landmælingum Íslands, Skipulagsstofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Umhverfisstofnun. Álitsgjafar voru almennt mjög jákvæðir og töldu brýnt að ráðast í verkefni af þessu tagi og er því ljóst að málið nýtur stuðnings fagaðila hér á landi.

Í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar 1992 breyttust viðhorf til umhverfismála mikið og þjóðir heims hafa lagt áherslu á að endurskoða löggjöf á þessu sviði og þróa nothæfar aðferðir til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa önnur norræn ríki, Evrópusambandsríki og mörg önnur ríki sem aðild eiga að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu beitt með góðum árangri á undanförnum árum.

Um er að ræða aðferðir sem miða að því að greina og kortleggja þá náttúrufarsþætti sem hafa verndargildi og þá sem mikilvægir eru fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Samræmt kerfi til að gera þetta hefur verið þróað í samvinnu Evrópulanda og hvílir það á ákvæðum Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Grunneiningin í þessu kerfi er hugtakið „vistgerð“ en hver vistgerð lýsir svæðum með tilliti til ýmissa sameiginlegra þátta, lífrænna og ólífrænna, svo sem ríkjandi plöntutegunda, smádýra, fugla og jarðvegsgerðar. Skilgreindum verndarviðmiðum er beitt til að meta verndargildi hinna ýmsu vistgerða.

Íslendingar hafa verið samstíga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og búa nú við svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja er kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þá er mikið af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki aðgengi-

legt, t.d. í stafrænu formi. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja alþjóðlegum skyldum sem við höfum tekið á okkur, t.d. hvað varðar skuldbindingar í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og tengdum verkefnum, svo sem sameiginlegri náttúruverndaráætlun Evrópu (Emerald Network). Íslendingar eiga aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni og þar á bæ byggist gagnaöflun um náttúrufar, mat á ástandi þess og vöktun á samræmdu flokkunar- og skráningarkerfi sem okkur gengur illa að nota vegna skorts á gögnum.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilar ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði, þeir þurfa sjálfir að afla þessara gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í t.d. Svíþjóð og Finnlandi hefur áhersla verið lögð á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann þá fengið án frekari vettvangsathugana upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Sami gagnaskortur háir gerð skipulagsáætlana hér á landi, en þess má geta að nú er allt landið skipulagsskylt. Mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufar. Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa er m.a. að kröfur eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir, t.d. úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Í nýlegum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar kom fram að ekki var í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin teldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta áhrif framkvæmdarinnar. Af þessu leiðir að erfitt er fyrir framkvæmdaraðila að meta hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi vill verða í kröfugerðinni.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrfarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra háð tilviljun og geðþótta sem aftur leiðir til þess að „pólitískar ákvarðanir“ verða ráðandi. Óeining virðist vera meiri hér á landi en í grannríkjunum varðandi úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur hlutfallslega miklu fleiri sem skýrist að hluta til af þessari óvissu.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að bætt verði úr þessum mikla skorti á grunngögnum og að sömu vinnubrögðum verði beitt og þeim sem grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Nokkur reynsla er komin á þessi vinnubrögð hér á landi þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur beitt þeim við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla og fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Stofnunin hefur einnig stigið fyrsta skrefið við flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistgerðum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið um norðlægar vistgerðir (sjá skýrsluna „Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla“, Sigmundur Einarsson o.fl., Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2000). Í þingsályktunartillögunni er jafnframt lagt til að kröfur um lágmarksgögn og lág-

marksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar og samræmdar.

Með náttúrfarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum sem sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegunda sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti, svo og þekjur sem sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra, og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Gert er ráð fyrir að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn til að vinna tiltölulega hratt yfirlitskort af öllu Íslandi er taki til framangreindra náttúrufarsþátta, eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert í tengslum við rofkort af landinu og verkefnið „Nytjaland“. Þess má geta að gervihnattamyndir verða sífellt fullkomnari og góð upplausn þeirra gerir mönnum t.d. kleift að greina með viðunandi nákvæmni helstu gróðurlendi. Stefnt skal að því að ljúka þessari grófu kortlagningu í mælikvarðanum 1:250.000 á næstu 3–4 árum í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landmælinga Íslands. Samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta á sannprófun á fyrirliggjandi gögnum og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á við og dreif hjá mörgum vísindastofnunum. Stefnt skal að því að ljúka þessari ítarlegu kortlagningu landsins í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum. Einnig er brýnt að skýra hvaða stefnu ríkisvaldið hefur í gagnamálum, skilgreina hvaða og hvers konar gögn hið opinbera á að láta í té um náttúru landsins og hver aðgangur að þeim eigi að vera.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir því, í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands, að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins.

Greinargerð.

Að morgni jóladags árið 2002 olli þrumuveður á Austfjörðum því að GSM-kerfi Landssímans á Fáskrúðsfirði datt út. Kerfið lá niðri til kl. 4 síðdegis. Sú kerfisbilun sem þarna varð hafði að sjálfsögðu óþægindi í för með sér og má hrósa happi að afleiðingar urðu ekki grafalvarlegar. Kerfið er notað til að kalla út lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir og því ljóst að illa hefði getað farið ef slys eða eldsvoða hefði borið að höndum. Nefna má fleiri hliðstæð dæmi úr flestum héruðum landsins.

Framangreint dæmi sýnir hversu mikilvægt það er að fjarskipti séu traust. GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Nokkuð vantar þó upp á að kerfið nái til allra byggða landsins. Þá er það algjörlega undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt

getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti. Í því tilviki sem kom upp á Fáskrúðsfirði var það til að mynda gagnrýnt hversu seint Landssíminn brást við biluninni þótt ekki verði lagt mat á það hér hvort sú gagnrýni eigi við rök að styðjast.

Samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er mjög háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú um 235 þúsund GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í huga fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum landsins. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta orðið á að í byggð og á helstu þjóðvegum sé GSM-símasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa þessa lands að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu í allri byggð og á aðalþjóðvegum, og víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Nærtækast er að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkið. Með því einu að lækka arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hluthafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með alþjónustukvöðum, en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Yrði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir, enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfis í fjarskiptalögum leiðir til þess að tryggja verður þjónustuna.

Tillaga þessi var flutt á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd þá og er því endurflutt.

29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd og er því lagt fram að nýju.

30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.000.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. um 1.000 íbúa lágmarksíbúatölu í þrjú ár samfleytt skal miðast við íbúafjölda í sveitarfélagi frá og með 1. janúar 2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er frumvarpið flutt að nýju efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 105. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Pólitískur vilji til þess að stækka og efla sveitarfélögin í landinu og færa til þeirra fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Fyrirætlanir stjórnvalda um átak í þessu efni liggja nú fyrir. En jafnframt hefur komið skýrt fram að ekki skuli hrófla við ákvæði sveitarstjórnarlaga um að lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi skuli vera 50 manns. Möguleikar til að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna byggist á þeirri forsendu að öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að hafa þetta sjónarmið að forsendu mun þróun í þá átt að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera ekki ná fram nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að efla og stækka sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining smárra sveitarfélaga hefur gengið hægt eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og auknum verkefnum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum þau búsetuskilyrði sem nú eru nauðsynleg til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða vilji til að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld sýni nú viðleitni til að gera átak í þessu efni og lýsi því jafnframt yfir að flytja skuli verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði örugglega til öflugri sveitarfélaga sem verði fært að taka að sér slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar verður mjög erfitt að flytja mikilvæg verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Það er grundvallarkrafa að sveitarfélög um allt land geti veitt sambærilega þjónustu. Verði ekki gerð breyting á lágmarksíbúafjölda sveitarfélaganna geta örfá lítil sveitarfélög hamlað þeim fyrirætlunum að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Það er ekki við það unandi að fáein fámenn sveitarfélög komi í veg fyrir þær mikilvægu fyrirætlanir að stækka og efla sveitarfélögin. Með samþykkt þessa frumvarps fá þau sveitarfélög sem hafa færri íbúa en 1.000 þrjú ár til að sameinast öðrum sveitarfélögum. Það fer ágætlega saman við fyrirætlanir stjórnvalda um átak til stækkunar og eflingar sveitarfélaganna og tryggir framgang þess máls. Flutningsmenn leggja til að 1.000 íbúa lágmarkið miðist við 1. janúar 2004 og ef íbúatala er lægri en 1.000 samfleytt í þrjú ár eftir það tímamark verði sameiningarskyldan virk.

31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnunina að friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt verði gerð áætlun um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar.

Við undirbúning og meðferð málsins verði leitað eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram seint á 128. löggjafarþingi og náðist ekki að taka hana á dagskrá.

Stöðugt fjölgar vísbendingum um tjón sem orðið hafi á lífríki hafsbotnsins við hömlulitla notkun botnveiðarfæra. Fyrir nokkrum árum sýndi sjónvarpið myndir sem drógu ljóslifandi fram áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg. Slíkum gögnum hefur farið fjölgandi og þekkingu fleygt fram. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun sumarið 2002 voru m.a. á dagskrá málefni hafsbotnsins og gildi búsvæða hans, þar á meðal kórallasamfélaga, fyrir sjálfbæra þróun lífríkis sjávar. Þörf kerfisbundinna rannsókna á þessu sviði hefur blasað við lengi en alltof lítið verið að gert hérlendis. Á meðan frekari þekkingar er aflað er brýnt að gripið sé til varúðarráðstafana eins og tillagan gerir ráð fyrir og með hliðsjón af Ríó-yfirlýsingunni.

Á 122. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga frá Hjörleifi Guttormssyni um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins (fylgiskjal I). Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir þriggja ára rannsóknarátaki á slíkum áhrifum og að til þess yrði varið um 63 millj. kr. næstu þrjú árin samkvæmt áætlun frá Hafrannsóknastofnuninni sem fylgdi tillögunni. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 samþykkti Alþingi fjárveitingu til að hefja störf í samræmi við ályktunina. Um rökstuðning fyrir þeirri tillögu sem hér er flutt vísast m.a. í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni á sínum tíma (þskj. 337 í 269. máli 122. löggjafarþings). Þar var gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu „Botndýr á Íslandsmiðum“ sem aukið hefur þekkingu á botndýrategundum innan efnahagslögsögunnar, útbreiðslu þeirra og tengsl við aðrar sjávarlífverur. Sjálfsagt er að hafa hliðsjón af þessu rannsóknarverkefni við frekari rannsóknir og aðgerðir á þessu sviði.

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, eins og þeim var breytt með lögum nr. 72/1984, er m.a. eftirfarandi talið upp meðal markmiða Hafrannsóknastofnunarinnar:

— Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.

— Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
— Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
— Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

Rannsóknir til að leggja grunn að þekkingu á hafsbotninum og botnlægum lífverum falla þannig augljóslega undir verksvið Hafrannsóknastofnunarinnar og starfsmenn hennar búa öðrum framar yfir þekkingu til að leggja á ráðin um fyrirbyggjandi verndaraðgerðir á lífríki botnsins. Fleiri geta hins vegar eflaust lagt talsvert af mörkum, sem og aflað frekari þekkingar, og eru því eðlilegir samráðsaðilar um málið. Í þeim hópi þurfa að vera samtök sjómanna og útvegsmanna, tillagan snertir hagsmuni þeirra og samtök þeirra geta eflaust lagt fram gögn og vitneskju sem taka ber tillit til við umfjöllun um vernd og sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins.

Á yfirlitsuppdrætti með tillögu þessari (fylgiskjal II) eru sýnd þau svæði við landið þar sem talið er að sé að finna verðmætustu samfélög kóralla.

Sérstaka þýðingu í sambandi við tillögu þessa hafa lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, meðal annars 8. og 9. gr. laganna sem veita ráðherra heimildir til að gera ráðstafanir til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna, um skiptingu veiðisvæða og tímabundið bann við öllum veiðum eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði.

Eitt meginefni tillögunnar er að fela ráðherra, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að friða án tafar í varúðarskyni, a.m.k. fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda. Augljóst er að það fer eftir gerð og eðli veiðarfæra hvort þau kunna að valda röskun á lífríki hafsbotnsins og þá hversu mikilli. Botnvarpa og dragnót eru dæmi um veiðarfæri sem mest eru í sviðsljósinu í þessu sambandi, en fleira getur komið til. Á hinn bóginn eru krókaveiðar augljóslega ekki skaðvaldur í þessu samhengi og veiðar í net geta einnig verið óskaðlegar með tilliti til áhrifa á botninn. Nánari rannsóknum er hins vegar ætlað að leiða í ljós áhrif einstakra gerða veiðarfæra í þessu samhengi og flutningsmenn leggja ríka áherslu á framgang þeirra. Gert er ráð fyrir að við undirbúning og vinnslu málsins verði haft samráð við rannsóknastofnanir, hagsmunasamtök og samtök áhugamanna. Vert er að vekja athygli á upplýsingaöflun sem í vetur hefur farið fram á vegum Félags dagabátaeigenda á gildi lífríkis hafsbotnsins og áhrifum veiðarfæra á það.

Þá er rétt við meðferð málsins að hafa í huga ákvæði í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er kveðið á um að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra og óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherra.

Rétt er að minna á ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem segir í 54. gr.:

Friðlýsing náttúruminja í hafi.

Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins eða

Náttúrufræðistofnunar Íslands, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

Til álita koma einnig ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem og lög um stjórnun fiskveiða og eftirlit með veiðum. Sérstaklega þarf að meta hvernig best verður staðið að því að tryggja varanlega vernd og friðun ákveðinna svæða og/eða tímabundna vernd eftir því sem við á.

Fylgiskjal I.

Þingsályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

(Samþykkt á Alþingi 28. maí 1998.)


Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fylgiskjal II.

Hafrannsóknastofnunin:

Steinkórall (*Lophelia pertusa*) sem myndar kóralgarða í Norður-Atlantshafi.
(Sýndir eru fundarstaðir *Lophelia pertusa* við Ísland samkvæmt gögnum verkefnisins „Botndýr á Íslandsmiðum".)



32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2006.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári.

Frádráttarheimild þessi gildir ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda eru slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Við

framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2006.

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

- kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,
- aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,
- kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,
- aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,
- kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,
- kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,
- skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,
- stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,
- stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,
- stöðu frumkvöðla,
- stöðu uppfinningamanna.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2004 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 128. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt enda efni hennar í fullu gildi. Þess ber að geta að síðan tillagan var fyrst flutt hefur nýsköpunarmiðstöð tekið til starfa á Akureyri sem er m.a. ætlað að sinna málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Er það að sjálfsögðu jákvætt svo langt sem það nær, en breytir ekki því að mikil þörf er á að taka málefni frumkvöðla og nýsköpunar fastari tökum hér á landi en gert hefur verið. Þá er einnig rétt að fram komi að sl. vetur samþykkti Alþingi þingsályktun um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002, um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn. Þar er m.a. fjallað um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Með ályktuninni fylgir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, nr. 70/2001, um framkvæmdina og viðauki þar sem skilgreint er hvað skuli teljast lítil og meðalstór fyrirtæki. Þar með hafa slíkar skilgreiningar öðlast tiltekna viðurkenningu og lagastoð hér á landi og ljóst að evrópskar samkeppnisreglur heimila sértækan stuðning við fyrirtæki sem falla undir skilgreiningarnar. Hér á eftir fer óbreytt sú greinargerð sem upphaflega fylgdi tillögunni.

Starfsemi smárra og meðalstórra fyrirtækja og frumkvæði einyrkja, brautryðjenda og uppfinningamanna er drifkraftur og meginundirstaða framfara í efnahags- og atvinnumálum hvers lands. Reynslan er alls staðar sú að smá og meðalstór fyrirtæki í allri sinni fjölbreytni og lítil fyrirtæki, sem eru að vaxa, leggja til hrygglengjuna í efnahagslíf þjóða og þar verða flest ný störf til. Þannig kemur langt yfir helmingur af samanlagðri þjóðarframleiðslu allra Evrópulanda frá slíkum aðilum. Kannanir hafa sýnt að allt að 70% nýrra starfa í almennu atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti. Þrátt fyrir alla þá athygli sem umsvif stórfyrirtækja og fjölþjóðafyrirtækja fá leggja þau þegar allt kemur til alls mun minna til þjóðarframleiðslu en smáir og meðalstórir aðilar og í rekstri þeirra verða til færri ný störf.

Atvinnurekstur í smáum stíl og starfsemi einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna er ekki síst mikilvæg þegar kemur að hvers kyns nýsköpun. Mjög algengt er að nýjar hugmyndir kvikni hjá slíkum aðilum þótt þær, eða jafnvel aðilarnir sjálfir, séu síðan oft keyptar upp af stórfyrirtækjum. Þegar kemur að hvers kyns nýsköpun og framþróun hefur reynslan sýnt að það er ekki síst mikilvægt að hlúa vel að grasrótinni og vextinum úti á akri sjálfstætt starfandi einstaklinga og smáfyrirtækja. Það sýnir sig einnig að smáfyrirtæki eru viðbragðsfljót og iðulega fyrst til að laga sig að breyttum aðstæðum, mæta nýjum markaðsaðstæðum og nýjum þörfum. Mikilvægi smáfyrirtækja í byggðaþróun og mögulegri atvinnuuppbyggingu í fámennum byggðarlögum er ótvírætt. Oft eiga heil ævintýri og nánast kraftaverk í atvinnumálum upphaf sitt í því að útsjónarsamir aðilar vildu skapa sér atvinnu þar sem enga slíka var að hafa.

Í seinni tíð er áberandi að frumkvæði kvenna í atvinnulífinu kemur ekki síst fram í stofnun nýrra fyrirtækja og smáfyrirtækja þar sem konur með útsjónarsemi sinni eygja tækifæri í viðskiptum sem aðrir hafa ekki komið auga á eða áður nýtt sér. Ísland er hér engin undantekning. Má í því sambandi nefna fjölmörg fyrirtæki sem konur hafa byggt upp á undanförnum árum á mörgum sviðum viðskipta, svo sem í ferðaþjónustu, menningu og listum, handverks- og smáiðnaðarframleiðslu, ráðgjafarþjónustu og í framleiðslu á snyrtivörum, lyfjum og heilsuvörum.

Menn hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir mikilvægi þess að skapa slíkri starfsemi smáfyrirtækja og sjálfstætt starfandi aðila í atvinnulífinu, einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna, hagstæð skilyrði. Hjá Evrópusambandinu gildir sérstök stefna eða sáttmáli um smáfyrirtæki (European Charter for Small Enterprises). Málið hefur einnig verið á dagskrá norrænnar samvinnu þar sem skoðuð hefur verið þörfin á því að tekið verði á hlutunum sameiginlega á norrænum vettvangi. Ljóst er að smáfyrirtæki eiga á ýmsan hátt á brattann að sækja þegar kemur að aðgangi að fjármagni og möguleikum til að sækja sér ráðgjöf og stuðning. Atvinnurekstur í smáum stíl hefur að sjálfsögðu ekki sömu möguleika og stóratvinnurekstur á að byggja upp sérfræðiþekkingu og hafa í sínum röðum sérhæft starfsfólk á ýmsum sviðum. Þar sem einn eða fáeinir starfsmenn þurfa að vera allt í öllu er afar mikilvægt að hafa aðgang að skilvirkri ráðgjöf og upplýsingum um það hvert menn geti snúið sér, ella er hætt við að ýmsar hindranir trufli vöxt þessa bráðnauðsynlega nýgræðings eða lággróðurs í atvinnulífinu. Þröskuldar sem stórfyrirtæki eða stærri aðilar yfirstíga án nokkurra vandkvæða geta reynst nýjum og veikburða aðilum um megn.

Með vísan til þess er að framan greinir er lagt til að unnin verði sérstök framkvæmdaáætlun um stuðningsaðgerðir sem taki mið af aðstæðum og hagsmunum atvinnurekstrar í smáum stíl. Vandlega verði farið yfir og síðan kortlagt hvernig aðstæður eru að þessu leyti hér á landi. Að sjálfsögðu er ljóst að mikið af því atvinnuþróunarstarfi sem fyrir er og starfsemi stofnana eins og Byggðastofnunar og Iðntæknistofnunar beinist að smáum aðilum. Má sem dæmi um slíkt nefna stuðning Iðntæknistofnunar við ýmsa frumkvöðlastarfsemi, t.d. Frumkvöðlagarð á sviði efna- og líftækni. Engu að síður má færa fyrir því traust rök að á það hafi skort að málin hafi verið skoðuð út frá aðstæðum smáatvinnurekstrar sérstaklega. Yfirleitt hafi allir, stórir sem smáir, verið settir undir sama hatt þótt ljóst sé að aðstæður allar og úrlausnarefni séu gerólík eftir því hvort í hlut á nýstofnað smáfyrirtæki eða rótgróið og þekkt stórfyrirtæki með milljarðaveltu.

34. Beiðni um skýrslu [34. mál]

frá dómsmálaráðherra um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Sigurjóni Þórðarsyni, Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí sl. Í skýrslunni verði sérstaklega farið yfir þau atriði sem ástæða er til að ætla að betur hefðu mátt fara við framkvæmd kosninganna, bæði undirbúning þeirra, kynningu, kosningar utan kjörfundar, bæði heima og erlendis, og loks kosningarnar á sjálfan kjördaginn, þ.e. framkvæmd þeirra, úrskurð vafaatriða, talningu atkvæða og úrvinnslu alla. Sérstaklega er óskað eftir því að reynt verði að svara eftirfarandi spurningum:

1. Er rétt að huga að breytingum á því fyrirkomulagi að Alþingi sjálft hafi það hlutverk með höndum að staðfesta lögmæti sitt og gildi kosninga, sbr. einkum 46. gr. stjórnarskrárinnar og 1., 4. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis?
2. Er ekki brýnt að setja í lög um kosningar til Alþingis ákvæði um hvenær endurtelja skuli

atkvæði, bæði í einstökum kjördæmum sem og á landinu í heild, þegar mjótt er á munum?
3. Er reynt með einhverjum hætti að tryggja samræmda framkvæmd alþingiskosninga hvað varðar úrskurð vafaatkvæða, talningaraðferðir og ákvarðanir um hvort endurtelja skuli og önnur hliðstæð atriði í öllum kjördæmum landsins?
4. Hverju sætir að einstakar yfirkjörstjórnir ljúka endanlega störfum og loka úrvinnslu kosningaúrslita áður en heildarúrslit í landinu liggja fyrir og þar með hversu mjótt kann að reynast á munum við úthlutun jöfnunarsæta og hvort ástæða sé til að endurtelja atkvæði af þeim sökum?
5. Kemur til álita að færa landskjörstjórn það vald í hendur að geta úrskurðað endurtalningu á landinu öllu?
6. Kemur til álita að landskjörstjórn fái það hlutverk að kveða upp leiðbeinandi forúrskurði um álitamál sem upp kunna að koma í aðdraganda kosninga sem yfirkjörstjórnir einstakra kjördæma hafi til að styðjast við?
7. Hvernig er utankjörfundaratkvæðagreiðsla undirbúin, kynnt og framkvæmd:
   a. í sendiráðum og hjá ræðismönnum erlendis,
   b. hjá sýslumönnum,
   c. annars staðar, svo sem á sjúkrahúsum eða í heimahúsum?
8. Hvaða upplýsingar liggja frammi þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram og hvernig er tryggt að þær séu réttar, t.d. um listabókstafi framboða í viðkomandi kosningum?
9. Hvernig er háttað eftirliti með því að rétt kjörgögn og stimplar séu notuð við kosningar utan kjörfundar, en ekki t.d. úrelt gögn frá eldri kosningum?
10. Er undirbúningi, kynningu og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu hagað með tilliti til þess að auðvelda einstökum hópum, svo sem sjómönnum, námsmönnum, Íslendingum búsettum erlendis o.s.frv., að kjósa?
11. Fer fram einhver kynning gagnvart íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis á þeim reglum sem gilda um kosningarrétt þeirra og veru á kjörskrá og er yfir höfuð reynt að greiða fyrir því að þeir geti neytt kosningarréttar síns?
12. Hefur sá möguleiki verið skoðaður að opna kjörstaði á kjördag í stærstu Íslendingabyggðum erlendis, svo sem í Kaupmannahöfn?
13. Hafa kostir þess að taka upp rafræna kjörskrá og/eða opna rafræna kjörstaði verið skoðaðir, sérstaklega með hliðsjón af því að auðvelda íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis eða öðrum hópum manna að neyta kosningarréttar síns?

Greinargerð.

Eins og umræður á Alþingi í lok maímánaðar sl. og ýmis gögn sem þá voru lögð fram leiddu berlega í ljós hefði margt mátt betur fara við undirbúning og framkvæmd síðustu alþingiskosninga. Fjölmörgum álitamálum var velt upp í umræðunum en fátt var um svör. Sum þessi álitamál eru lagalegs eðlis en önnur snúa beint að undirbúningi og framkvæmd kosninga. Allar þær spurningar sem fólgnar eru í skýrslubeiðninni eru að gefnu tilefni og nauðsynlegt er að fá við þeim ítarleg svör áður en lengra er haldið.

35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Til átaksins verði varið allt að 10 millj. kr. á árinu 2003 til að undirbúa framkvæmd þess og síðan allt að 180 millj. kr. árlega í fimm ár eða þar til ákvarðanir verða teknar um frekara framhald þess. Tekna verði aflað með hækkun á hlutfalli áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995. Áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til Lýðheilsustöðvar og heilbrigðisráðherra um ráðstöfun þess fjár sem við bætist í Forvarnasjóð og sérstaklega er ætlað til eflingar félagslegu forvarnastarfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 18/2003. Heilbrigðisráðherra setji, að höfðu samráði við menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra, nánari ákvæði í reglugerð, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 18/2003, um þetta efni, þ.m.t. hvernig háttað skal samráði og samstarfi einstakra aðila sem málið varðar.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið lögð fyrir Alþingi, þ.e. á 127. og 128. löggjafarþingi. Hún er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem gerðar voru frá upphaflegri útgáfu. Er þar m.a. tekið mið af atriðum sem fram komu í umsögnum sem bárust á 127. löggjafarþingi. Meginbreytingin er sú að mælt er fyrir um að tekna skuli aflað með hækkun á þeim hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð. Verði hluti Forvarnasjóðs hækkaður úr 1% í 2% af áfengisgjaldi strax 1. nóvember nk. gæti það gefið nálægt 10 millj. kr. í viðbótartekjur til að hefja undirbúning að framkvæmd átaksins. Hækkun þess hluta áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð í 4% um næstu áramót mundi svo skila nálægt 180 millj. kr. á ári í viðbótartekjur til að standa straum af kostnaði við átakið. Samhliða tillögu þessari verður flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki þar sem lagt verður til að hlutur Forvarnasjóðs hækki eins og áður sagði. Í samræmi við þetta er einnig valin sú leið að mæla fyrir um að áfengis- og vímuvarnaráð hafi með höndum tillögugerð til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Af hálfu flutningsmanna var að sjálfsögðu alltaf ætlunin að átak til eflingar félagslegu forvarnastarfi yrði hrein viðbót og til styrktar almennu forvarnastarfi sem fyrir er og unnið í góðu samráði allra málsaðila. Tillagan í eldri útgáfu sinni fól hins vegar ekki í sér nein fyrirmæli um hvernig staðið yrði að framkvæmd átaksins eða hver annaðist fjárvörslu og tillögugerð um ráðstöfun. Augljóst er að eigi tillagan að ná tilgangi sínum þarf að takast mjög gott samstarf milli allra sem sinna áfengis- og vímuvarnamálum og þeirra fjölmörgu sem halda úti félagastarfsemi sem efla má í forvarnaskyni, sbr. eftirfarandi greinargerð. Einnig er mikilvægt að virkja aðila eins og sveitarfélögin og samtök þeirra til liðs við barátttuna. Sérstök ástæða er til að beina fjárstuðningi til verkefna í fámennum og fjárhagslega

veikburða sveitarfélögum þar sem ástæða er til að ætla að starfsemi af því tagi sem um ræðir standi höllum fæti. Ráðherra er því falið að setja nánari ákvæði í reglugerð um þetta atriði sérstaklega, þ.e. hvernig samráði og samstarfi einstakra aðila skuli háttað. Að öðru leyti stendur eldri greinargerð tillögunnar óbreytt fyrir sínu

„Ljóst er að neysla fíkniefna er alvarlegt samfélagsvandamál á Íslandi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja til að bregðast við þessum vanda og í umræðu um þessi efni er jafnan lögð mikil áhersla á forvarnir. Sú tillaga sem hér er flutt er hugsuð sem innlegg í baráttuna gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr að félagslegum forvörnum. Um leið er ætlunin að stuðla að þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega, í uppbyggilegu félagsstarfi.

Það er ekki markmið forvarnastarfs í sjálfu sér að hafa úrslitaáhrif á það hvernig einstaklingar haga lífi sínu eftir að þeir eru komnir á fullorðinsár. Segja má að forvarnir snúist um að stuðla að því að fólk láti vera að nota vímuefni eða hefji a.m.k. ekki notkun þeirra fyrr en það getur tekið yfirvegaða ákvörðun um það og neyti þeirra þá ekki í óhófi. Það er samdóma álit þeirra sem vinna að forvörnum að það eitt að seinka notkun vímuefna hjá ungu fólki sé alltaf til bóta, enda hljóti það að vera betur í stakk búið til að umgangast vímugjafa eftir því sem það öðlast meiri þroska og þekkingu á þeim efnum sem um er að ræða.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að í raun eru þátttakendurnir sjálfir að sinna eigin forvörnum með því að taka þátt í þroskandi og uppbyggjandi félagsstarfi og sniðganga vímuefnin í senn. Slíkt félagsstarf eykur alla jafna samskiptahæfni fólks, eflir sjálfstraust þess og virðingu fyrir öðrum. Hvað félagslegar forvarnir snertir er höfuðatriði að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Eðlilegt er að líta til nemendafélaga, tómstundafélaga, skáta, félagsmiðstöðva, trúfélaga og síðast en ekki síst íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin vinnur sem kunnugt er geysilega mikilvægt starf á þessu sviði. Kannanir sýna að íþróttir gegna stóru hlutverki í félagslegum forvörnum gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur ekki aðeins til hið mikla félagslíf sem íþróttaiðkun fylgir. Unglingar sem stunda íþróttir velja sér einnig frekar fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks og það hvetur þá á sinn hátt til að hlúa enn frekar að heilsunni og láta vímuefni ósnert.

Þótt margvíslegt íþrótta- og tómstundastarf sé í boði á vegum fjölmargra félagasamtaka er fjöldi unglinga sem ekki finnur þar neitt við sitt hæfi. Jafnframt er brottfall úr íþróttum mikið meðal unglinga. Félagsmiðstöðvar gegna því afar mikilvægu hlutverki í lífi nútímaunglinga og skipta þá stöðugt meira máli. Í félagsmiðstöðvum er boðið upp á vímulaust, verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu og þar eru forvarnir útgangspunktur.

Starf félagsmiðstöðvanna er afar fjölbreytt og í sem stystu máli mætti segja að hlutverk þeirra sé að aðstoða unglinga við að gera það sem þeir hafa áhuga á, hvort sem það snýst um tónlist, leiklist, kvikmyndagerð, námskeið og fræðslufundi, skáldskap, íþróttir eða annað tómstundastarf. Fyrirlestrar af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í starfi félagsmiðstöðvanna enda miða þeir að því að uppfræða unglinga og eyða fordómum, svo sem gagnvart tilteknum sjúkdómum og minnihlutahópum. Tilgangur starfsins er þó ekki síst að styrkja sjálfsímynd unglinga og gefa þeim raunverulegt val um hvernig þeir verja frítíma sínum. Oft þarf í raun og veru ekki annað en að útvega unglingum aðstöðu til að vinna að áhugamálum sínum. Á það ekki síst við um alls kyns íþróttir sem ekki hafa náð mikilli útbreiðslu, eða svokallaðar „jaðaríþróttir“, sem gjarnan ná fyrst og fremst hylli unglinga og geta átt eftir að festa rætur í íþróttalífi landsmanna síðar meir. Sem dæmi má nefna að meðal unglinga er snjóbrettaiðkun nú orðin útbreiddari en skíðaiðkun.

Nú eru meira en 70 félagsmiðstöðvar starfræktar víðs vegar um landið. Þar er unnið mikilvægt starf en fjárveitingar eru af skornum skammti. Staðreyndin er sú að á bilinu 92–97% af rekstrarfé félagsmiðstöðvanna fara í launagreiðslur. Þá er bersýnilega lítið sem ekkert eftir til viðhalds og efnis- og tækjakaupa, hvað þá til að greiða utanaðkomandi fyrirlesurum þóknun. Ófært er að ætlast til þess að félagsmiðstöðvar afli sértekna af einhverju tagi. Það gefur augaleið að þá sem þangað sækja má ekki krefja um aðgangseyri eða þátttökugjöld. Ljóst er að aðstæður unglinganna eru afar misjafnar og gjaldtaka gæti leitt til þess að þeir heltust úr lestinni sem síst mega við því.

Samkvæmt mælingum á vegum Gallup taka nú á bilinu 50–65% unglinga þátt í félagsstarfi á vegum félagsmiðstöðvanna og er það heldur meiri þátttaka en í íþróttaiðkun á vegum íþróttahreyfingarinnar. Einnig ber að hafa í huga að félagsmiðstöðvar, einkum í Reykjavík, gegna í vaxandi mæli því hlutverki að vera eins konar hverfamiðstöðvar fyrir alla aldurshópa. Dæmi eru um að 6–9 ára börnum sé sinnt allan ársins hring með frístundaheimili og leikjanámskeiðum. Því er óhætt að segja að félagsmiðstöðvar sinni stöðugt fleiri verkefnum á sviði æskulýðsmála í landinu. Allur kostnaður við rekstur þeirra er greiddur af sveitarfélögum og styrktaraðilum. Mun það vera einsdæmi innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva (ECYC) að landssamtök félagsmiðstöðva, í okkar tilviki *Samfés* sem allar félagsmiðstöðvar landsins eru í, byggist alfarið á félagsgjöldum og kostun.

Ljóst er að stórefla má félagslegt forvarnastarf með tiltölulega litlum viðbótarfjármunum. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrst og síðast byggðar upp á fólkinu sem þar starfar þannig að þær þarfnast aðallega svigrúms til að kosta viðhald, efni og annað slíkt. Þó ber að hafa í huga að áríðandi er að félagsmiðstöðvarnar geti aukið starfsemi sína verulega á næstunni. Þar kemur ekki síst til þörf fyrir að þjóna aldurshópnum 16–18 ára sem virðist í auknum mæli leita í öryggi og afþreyingu miðstöðvanna. Sýnilegt er að nýleg hækkun á sjálfræðisaldri íslenskra unglinga kallar á sérstaka skoðun á málefnum þessa aldurshóps.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði yfirgripsmikil úttekt á þeirri starfsemi sem fallið getur undir félagslegar forvarnir. Enn fremur að gerð verði áætlun um að efla slíkar forvarnir og veita til þess umtalsverða fjármuni. Til að meta árangurinn af slíku átaki skal ríkisstjórnin árlega skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar.“

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember árið 2003 skal þetta hlutfall vera 2% og síðan 4% frá og með 1. janúar árið 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Hækkun þess hluta áfengisgjalds sem rennur til Forvarnasjóðs er ætluð til að standa straum af kostnaði við sérstakt átak í þeim efnum. Áætlað er að hækkunin skili um 10 millj. kr. viðbótartekjum á tveimur síðustu mánuðum ársins 2003 og um 180 millj. kr. á ári eftir það. Um frekari rökstuðning vísast í greinargerð með áðurnefndri tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur

gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.“

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2003*)

Gildistími kjara-samninga eða laga	Undirskrift kjara-samninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	**19.03.01**	397 dagar
19.03.01–01.04.01	**16.05.01**	46 dagar
16.05.01–31.12.03)**	?	–
		Alls 2.403 dagar

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.
**) Gildir ekki fyrir félagsmenn.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem nýr kjarasamningur tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003, eru 6.920 dagar. Á þessu tímabili eru 2.403 „samningslausir" dagar eða rúmlega 35% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga um 2.622 daga eða sem nemur um 38% af yfirlitstímanum. Samtals eru því sjómenn á fiskiskipum samningslausir og bundnir lögum sem nemur um ¾ af yfirlitstímanum.

38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Dagný Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Bjartmarz, Katrín Júlíusdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hver sem hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram margsinnis á síðasta kjörtímabili en hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram enn að nýju, nokkuð breytt.

Mikil umræða er um mansal, vændi og klám í Evrópulöndum og aukin áhersla lögð á baráttu gegn sívaxandi kynlífsiðnaði. Íslendingar mega ekki láta sitt eftir liggja í þeirri baráttu og þurfa meðal annars að færa lög um þessi mál til betri vegar.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á 206. gr. laganna:

— Refsiábyrgð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsiverð en vændi sem stundað er til framfærslu verði ekki lengur refsivert.
— Orðalaginu í gildandi lögum „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra“ verði breytt í „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra“.
— Lagt er til að orðinu „lauslæti“ í gildandi lögum verði breytt í „vændi“.
— Orðinu „ungmenni“ í gildandi lögum er breytt í „barn“ og orðalaginu „viðurværi sitt af lauslæti“ er breytt í „stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu“.
— Ákvæði 4. mgr. 206. gr. verði breytt þannig að aldursmörk hverfi út úr greininni og gert ráð fyrir því að athæfi það sem greinin fjallar um verði refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur

fyrir eða ekki. Í gildandi lögum segir aðeins að það varði refsingu „að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.“ Gerð er tillaga um að aldursmörk falli niður og ekki skipti máli hvort viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki. Þá er lagt til að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti“ breytist í „taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“.

— Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því að orðalagið „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“ breytist í “hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“.

Hugtökin „vændi“ og „lauslæti“.

Hvorugt hugtakið, „vændi“ eða „lauslæti“, hefur verið skilgreint í lagatexta og sýnist sem að erfitt hafi verið fyrir lögregluyfirvöld og dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna. Þegar að er gáð kemur á daginn að einungis fjórir dómar er lúta að vændi finnast í dómasafni Hæstaréttar. Þar af eru þrír frá svokölluðum ástandsárum eða fyrir 1956. Einn dómur hefur verið kveðinn upp í Hæstarétti þar sem sakfellt hefur verið á grundvelli 206. gr. almennra hegningarlaga á grunni þeirra ákvæða er lúta að vændi eða milligöngu um vændi.

Í skýrslu um samanburð á lögum á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., sem dómsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi, getur að líta eftirfarandi um hugtakið „lauslæti“: „Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution“ (vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð.“ Margt fleira sem fram kemur í þessari skýrslu er þess eðlis að það ýtir undir að lagabreytingar af því tagi sem hér er lagt til verði gerðar.

Nútímaþrælasala og alþjóðlegar aðgerðir.

Síðustu árin hefur verið áberandi hversu umræðan um klám og vændi hefur færst í vöxt hér á landi sem annars staðar í nágrannalöndum okkar. Ástæður þess má að miklu leyti rekja til þess að þjóðir á Vesturlöndum hafa opnað augu sín fyrir því að stunduð er skipulögð verslun með manneskjur sem eru fluttar til Vesturlanda frá fátækari heimshlutum. Fórnarlömb þessarar skipulögðu nútímaþrælasölu, eins og þessi starfsemi hefur verið kölluð, eru aðallega konur og börn og eru þau ýmist ginnt eða neydd til að þjóna sívaxandi klám- og kynlífsiðnaði á Vesturlöndum. Menn telja sig nú orðið hafa fullvissu fyrir því að umfang þessarar starfsemi, sem rekin er af skipulögðum glæpahringum um allan heim, jafnist orðið á við umfang eiturlyfja- og vopnasölu í veröldinni. Talið er að árlega sé verslað með hundruð þúsunda kvenna og barna um allan heim og áætlað hefur verið að tekjur glæpahringa af starfseminni jafngildi um 7 milljörðum bandaríkjadala á ári. Þjóðir heims hafa brugðist við á ýmsan hátt, t.d. með því að endurskoða ákvæði í löggjöf sinni er lúta að vændi og öðrum þáttum klám- og kynlífsiðnaðar. Þá hafa fjölþjóðlegir samningar verið gerðir til að freista þess að koma lögum yfir starfsemi af þessu tagi. Má þar nefna samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og tvo viðauka sem gerðir voru við þann samning. Fjallar annar þeirra sérstaklega um mansal, einkum barna og kvenna, og er markmiðið samkvæmt viðaukanum að sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem viðurkennd er skylda þjóða til að vernda og aðstoða þolendur slíkra glæpa eftir fremsta megni. Samningur þessi var undirritaður fyrir Íslands hönd 13. desember 2000. Evrópusambandið hefur brugðist við með ýmsum hætti og hafa dómsmálaráðherrar Evrópusambandslanda ákveðið að samræma lög-

gjöf um smygl á fólki og mansal og herða refsingar. Sú samræmingarvinna hefur meðal annars leitt til þess að samþykktar voru breytingar á almennum hegningarlögum á 128. löggjafarþingi og er mansal nú skilgreint sem sérstakt refsilagabrot skv. 127. gr. þeirra. Þá hafa dómsmála- og jafnréttisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna efnt til sérstaks átaks gegn verslun með konur. Af því tilefni var haldin ráðstefna um málefnið á vegum dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis 28. febrúar 2003.

Skýrsla um vændi á Íslandi.

Mikilvægt innlegg í þessa umræðu og jafnframt öflugt tæki í þeirri vinnu sem fram undan hlýtur að vera í þessum málaflokki hjá löggjafarvaldinu er skýrsla sú sem dómsmálaráðherra lét gera og út kom í mars 2001. Skýrslan ber heitið *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi* þess og í henni er staðfest að vændi sé stundað á Íslandi í ýmsum myndum, meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, meðal eldri einstaklinga í heimahúsum, tilviljanakennt götuvændi, vændi gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínum og á internetinu, vændi sem rekið er gegnum milliliði af ýmsu tagi og skipulagt vændi í tengslum við starfsemi nektardansstaða.

Í skýrslu dómsmálaráðherra er gerð grein fyrir þeim kynlífsiðnaði sem umræðan hefur snúist um og er upptalning skýrslunnar yfirgripsmikil og greinargóð. Samkvæmt skýrslunni er með kynlífsiðnaði vísað til klámtímarita, starfsemi nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á internetinu, skipulagðs vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu. Við þessa upptalningu má bæta auglýsingum um ýmiss konar kynlífsþjónustu, t.d. í dagblöðum, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Vændi skilgreint sem ofbeldi.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa afgreitt telst það vera mansal til kynlífsþrælkunar eða kynlífsmisnotkunar „þegar einstaklingur, lögpersóna og/eða samtök útvega og/eða flytja innan lands eða milli landa á löglegan eða ólöglegan hátt einstaklinga, jafnvel með samþykki þeirra, í þeim tilgangi að nýta þá kynferðislega í gróðaskyni og beita til þess meðal annars þvingunum, einkum ofbeldi eða hótunum, blekkingum og misnotkun valds eða misnota sér bága stöðu einstaklinganna". (Elsa Þorkelsdóttir, *Mansal,* erindi flutt á fræðslufundi undir yfirskriftinni „Mansal – kynlífsþrælkun – staðreynd eða upphrópun á Íslandi", á Hótel Borg, 8. febrúar 2000.)

Kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu eru því gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka. Þá er þess einnig að geta að talið er að verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygli, peningaþvætti og öðrum ólöglegum athöfnum.

Afleiðingar vændis eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir sýna einnig að konur sem selja líkama sinn hafa að stórum hluta verið beittar kynferðisofbeldi í æsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og auðveldað þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu, eða gerast milligöngumenn um slíkt, að ná valdi yfir því.

Sænska leiðin.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Íslendingar fari að dæmi Svía og innleiði „sænsku leiðina“ svokölluðu, sem felur það í sér að ábyrgðin sé flutt af herðum þess sem selur líkama sinn yfir á herðar þess sem býr til eftirspurnina. Sænsku lögin gengu í gildi 1999 og er því komin talsverð reynsla á þau. Á málstofu sem Stígamót gengust fyrir undir yfirskriftinni „Barátta gegn verslun með konur – Bestu leiðirnar á Evrópuvettvangi“ flutti Gunilla Ekberg erindi um „sænsku leiðina til að stemma stigu við vændi og mansali“, en hún starfar sem sérstakur ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar í slíkum málefnum. Í máli hennar kom fram að árangurinn af hinni nýju löggjöf leyni sér ekki, þannig hafi götuvændi í sænskum borgum nánast horfið og glæpahringirnir, sem áður seldu konur í þúsundatali til Svíþjóðar, sniðgangi nú landið. Nú sé talið að einungis 200–500 konur komi árlega ólöglega inn í landið til að stunda vændi. Ríkisstjórnin hefur sett á laggirnar sérstakt átaksverkefni þar sem lögreglumenn, saksóknarar og félagsráðgjafar sveitarfélaganna eru fræddir um grundvallaratriði er varða hegðun alþjóðlegra glæpahringa í þessum efnum, orsakir og afleiðingar vændis og nauðsyn þess að veita fórnarlömbum hjálp og stuðning. Þá hefur einnig verið gripið til sérstakra aðgerða til að fræða ungt fólk um kynlífsiðnaðinn og áhrif hans, með því að útbúa sérstakt fræðsluefni fyrir sænska framhaldsskóla byggt á bíómynd Lukasar Moodisons „Lilja 4-ever“. Gunilla sagði yfir 500 einstaklinga þegar hafa verið ákærða á grundvelli þessarar tilteknu greinar laganna (Lag (1998:408) om förbud mot köp av sexuella tjänster) og flestir þeirra verið sakfelldir eða hafi viðurkennt sekt sína. Gunilla sagði afstöðu þjóðarinnar til laganna hafa verið kannaða reglulega og alltaf mælst 80% stuðningur við lögin. Hún sagði mansal þó ekki heyra sögunni til í Svíþjóð, ástandið sé enn slæmt í Norður-Svíþjóð, en þangað kemur fjöldi atvinnulausra rússneskra kvenna frá Múrmansk-svæðinu á hverju ári til að stunda vændi. Viðleitni sænskra stjórnvalda til að ná stjórn á ástandinu væri þó að byrja að skila sér. Komið hefði verið á virkri samvinnu stjórnvalda í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum og m.a. haldin málþing til að koma umræðum af stað handan landamæranna. Það sem Gunilla taldi helst vanta í Svíþjóð núna væri aðstoð við fórnarlömb glæpahringanna og taldi hún nauðsynlegt að gera átak í að fjölga athvörfum fyrir konur sem lenda í klóm þrælasalanna. Hún lagði mikla áherslu á það í máli sínu að sænsk stjórnvöld teldu reynsluna af lögunum hafa sýnt að nauðsynlegt væri að líta á málin heildstætt, þannig væri ekki hægt að skilja á milli vændis, kláms og mansals, því að konurnar sem seldar eru til kynlífsþrælkunar eru um leið seldar inn í klámiðnaðinn. Hún taldi Svía hafa sýnt fram á að séu kaup á vændi gerð saknæm dragi umtalsvert úr mansalinu. Verkefnið fram undan sé svo að fá aðrar þjóðir til að fara þessa sömu leið, því að ekki nægi að ýta vandamálinu út fyrir landamæri Svíþjóðar ef það er látið óáreitt í nágrannalöndunum.

Margareta Winberg á Íslandi.

Í september 2003 bauð fjöldi kvennasamtaka aðstoðarforsætisráðherra og fyrrverandi jafnréttisráðherra Svíþjóðar, Margaretu Winberg, að koma til Íslands. Tilefnið var ekki hvað síst það álit þessara samtaka að Svíar hefðu sýnt þor og einbeittan vilja til að breyta lögum sínum svo draga mætti sem mest úr ofbeldi gegn konum og öðru kynbundnu misrétti. Margareta hefur verið frumkvöðull í þessum efnum og hefur átt mikinn þátt í að færa sænska löggjöf til betri vegar hvað varðar málefni kvenna, enda hefur hún látið til sín taka á þessum vettvangi síðan 1981 að hún tók sæti á sænska þinginu. Á fundi sem efnt var til af þessu tilefni rakti Margareta tilurð laganna um bann við kaupum á vændi og sagði að grundvöllur þeirra væri fólginn í því að þingið hefði verið tilbúið til að líta svo á að kaup karlmanna á vændi væru hluti af ofbeldi karla gagnvart konum. Í máli sínu lagði hún áherslu á að kaupandi vændis og sá sem seldi það stæðu afar ójafnt að vígi, hvort heldur væri félagslega eða

efnahagslega. Vændi snerist ævinlega um að annar aðilinn – sá sterkari, nýtti sér veika stöðu hins. Kaupendurnir hefðu val um að kaupa ekki, en staða vændiskvennanna væri það veik að þær ættu ekki val. Þannig taldi hún mikilvægt að gera sér grein fyrir því að vændi þrifist ekki ef ekki væru karlmenn sem keyptu vændi. Þá tók Margareta Winberg undir allt sem áður hefur komið fram í greinargerð þessari og haft er eftir Gunillu Ekberg, ráðgjafa sænsku ríkisstjórnarinnar í málefnum tengdum vændi, en Gunilla var einnig fyrirlesari á fundinum í september 2003.

Lokaorð.

Nú stendur yfir mikil umræða í flestum löndum Evrópusambandsins um baráttuna gegn mansali. Stofnuð hafa verið samtök kvennahreyfinga í Evrópu (ENATW – European Network Against Trafficking in Women for sexual exploitation) sem nú eru að safna liði til baráttunnar með því að opna sameiginlega vefslóð: *http://www.aretusa.net/.* Samtökin líta svo á að vændi sé kynbundið ofbeldi gegn konum, það brjóti gegn lögbundnum mannréttindum og vinni gegn jafnrétti kynjanna. Samtökin telja að ekki sé hægt að líta á vændi sem starfsgrein og hvetja stjórnvöld til að setja lög og reglur sem tryggt geti eftirfarandi:

a. Vernd og öflugan stuðning við fórnarlömb vændissala.
b. Raunhæfar leiðir til að koma í veg fyrir mansal til kynlífsþrælkunar.
c. Aðferðir til að draga úr eftirspurn eftir kynlífsþjónustu. Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld í Evrópulöndum bregðist fljótt við og að starfað sé í anda samþykkta Sameinuðu þjóðanna (samningur um aðgerðir gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og viðaukarnir tveir) og Evrópusambandsins (samþykkt framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 2002).

39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breytingu á lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson,
Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Samgönguráð annast endurskoðun og gerð grunntillögu að samgönguáætlun. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Uppsetning og efni tillögu samgönguráðs skal vera í samræmi við ákvæði 1. og 4. mgr. 2. gr. og þau skilyrði og sjónarmið sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. 2. gr.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Niðurstaða samgönguráðs um grunntillögu að samgönguáætlun skal gerð opinber. Ráðherra skal óska eftir umsögnum sveitarfélaga um niðurstöðu samgönguráðs áður en hann leggur tillögu sína að samgönguáætlun fram á Alþingi, sbr. 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Grunntillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir sam-

gönguráð. Öllum tillögum samgönguráðs að framkvæmdum skal fylgja samræmt arðsemismat. Grunntillögur samgönguráðs að fjögurra ára áætlun skulu gerðar opinberar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skilið verði milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar annars vegar og samgönguráðherra hins vegar við gerð tillagna að samgönguáætlunum sem leggja ber fyrir Alþingi. Samkvæmt núgildandi lögum um samgönguáætlun sem sett voru á 127. þingi sem og eldri lögum kemur samgönguráðherra beint að gerð samgönguáætlana á öllum stigum máls innan stofnana samgöngumála. Þetta fyrirkomulag veldur því að erfitt eða ómögulegt er að átta sig á því af hvaða rótum einstakar tillögur eru sprottnar.

Ljóst er að forsendur tillagna sem teknar eru á pólitískum grunni eru iðulega talsvert ólíkar forsendum tillagna sem teknar eru á faglegum forsendum eingöngu. Með þessu er ekki sagt að pólitískar ákvarðanir eigi ekki rétt á sér þegar teknar eru ákvarðanir um samgönguframkvæmdir, þvert á móti er augljóst að slíkar ákvarðanir eiga rétt á sér í lýðræðisríki. Það er hins vegar ekki stofnana ríkisins að setja fram pólitíska stefnumótun heldur ber þeim að vinna að verkefnum sínum á faglegan og hlutlausan hátt. Til að þeim sé það unnt verður að tryggja þeim tiltekið sjálfstæði. Jafnframt er mikilsvert að pólitískar áherslur samgönguráðherra á hverjum tíma komi skýrt fram og séu aðgreindar frá öðrum tillögum sem reistar eru á öðrum grunni.

Til að ná framangreindum markmiðum er lagt til að samgönguráðherra eða fulltrúi hans eigi ekki aðild að samgönguráðinu. Jafnframt er lagt til að grunntillögur samgönguráðs verði gerðar opinberar samhliða því sem þær eru sendar ráðherra. Með þessu er tryggt að hagsmunaaðilar og allur almenningur geti fylgst með því hvaðan einstakar tillögur eru komnar og hverjar pólitískar áherslur samgönguráðherra og ríkisstjórnarinnar eru.

Eftir að tillaga samgönguráðherra hefur verið lögð fyrir Alþingi gefst þingheimi síðan tækifæri til að leggja mat á niðurstöðu ráðherra og gera þær breytingar sem meiri hluti er fyrir.

Gert er ráð fyrir því að grunntillögur verði unnar af stofnunum samgöngumála og samgönguráði án afskipta samgönguráðherra bæði hvað varðar tólf ára samgönguáætlun og fjögurra ára samgönguáætlun.

Þá er í frumvarpinu lagt til að öllum tillögum samgönguráðs að framkvæmdum fylgi samræmt arðsemismat sem geri mönnum kleift að bera saman einstakar framkvæmdir með hliðsjón af arðsemi. Arðsemi framkvæmda hefur verið lítill gaumur gefinn við forgangsröðun framkvæmda hér á landi og er brýnt að úr því verði bætt. Þá er mikilvægt að horft sé til kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum á tilteknum leiðum og stöðum og hvort líkur séu á því að framkvæmd geti dregið úr slysum. Eðlilegt er að slík skoðun sé hluti af arðsemismati hverrar framkvæmdar fyrir sig.

Að lokum má geta þess að Norðmenn hafa nú þegar skilið á milli tillögugerðar innan stofnana samgöngumála og tillögugerðar innan ráðuneytis samgöngumála með líkum hætti og hér er gert ráð fyrir og er þar nú unnið að frumgerð áætlunar fyrir árin 2006–2015 innan norsku vegagerðarinnar án afskipta samgönguráðherra þar í landi.

40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126., 127. og 128. löggjafarþingi. Á 126. og 128. löggjafarþingi var því vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin hefur ekki séð ástæðu til þess að afgreiða málið með því að leggja til að það yrði samþykkt, því yrði breytt eða að það yrði fellt með viðeigandi rökstuðningi. Er það athyglisvert þar sem í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 7. gr. laga nr. 94/1986 kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það sé í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það sé enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986, sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.“

Málsgreinin sem lagt er til að felld verði brott á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995.

Umsagnir.

Frumvarpið var sent til umsagnar 8. mars 2001 og aftur 21. febrúar 2003. Þrjú meginþemu eru í þeim umsögnunum sem borist hafa:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað

með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er tekin afstaða til þess í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu.

Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landsamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga.

Varðandi hugsanlega tilvistarkreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds eða lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að Alþingi hefur samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1986 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn dómstóll, sem er sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá, sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæstiréttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls og að aðrir dómstólar vísi slíkum málum ávallt beint til Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó ályktа að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fari þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það má svo setja spurningarmerki við það að Félagsdómur skuli hafa talið sig geta kveðið á um að tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur að mati flutningsmanns ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er sá að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum, 1% eða 1,5%, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 200 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 100 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því í engum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 7. gr. laga nr. 94/1986 getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin í lögum. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru þjónustugjöld lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Hvorki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur né hugtakinu opinber aðili. Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald

til stéttarfélags, sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða hafi nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningavalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands og Lánasjóðs landbúnaðarins. Það getur ekki talist þjónustugjald þar sem t.d. eignalausum tekjulágum bændum er gert að greiða gjaldið sem að hluta til rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins sem ekki má veita þeim lán. Bændur þurfa að eiga eignir og hafa þokkalegar tekjur til að fá lán. Þetta gjald er því að vissu leyti skattur á fátækt sem nýtist þeim ríku. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 73/1972, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem réttarhafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Afnotagjald til RÚV. Samkvæmt lögum nr. 122/2000 bera eigendur viðtækja ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins. Útvarpsgjaldið er varla þjónustugjald þar sem einstaklingur þarf að greiða gjaldið jafnvel þó að hann vilji alls ekki horfa á Ríkissjónvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Afnotagjaldið til RÚV fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fiskræktarsjóður. Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er ákvæði um að greitt sé 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér gildir að viðtakandinn er ekki opinber aðili. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Virðist sú lagasetning ganga þvert á ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þetta gjald vatnsaflsstöðva til fiskræktarsjóðs fer í gegnum fjárlög.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu, sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Þá má einnig nefna sem dæmi skyldu húseigenda til að eiga aðild að húsfélagi skv. 13. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi skylda fylgir því að eiga hlut í fjöleignarhúsi.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagaskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða félögunum gjald er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem

einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (agency shop), sé brot á ákvæðinu.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 53. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að bera vitni um hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi eða vegna brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa mál vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Undanþága frá vitnaskyldu skv. 1. mgr. gildir einnig um aðra þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er.

Óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 1. mgr. að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli X. og XI. kafla og hafa að geyma upplýsingar um höfund eða heimildarmann efnis sem birt hefur verið án þess að hann væri nafngreindur.

II. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað „b- til d-lið 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að bera vitni um hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi eða vegna brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Undanþága frá vitnaskyldu gildir líka um aðra þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er.

Óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 4. mgr. að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli X. og XI. kafla og hafa að geyma upplýsingar um höfund eða heimildarmann efnis sem birt hefur verið án þess að hann væri nafngreindur.

III. KAFLI
Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

IV. KAFLI
Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

V. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 136. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. verið gefnar í þágu almannaheilla og ríkir hagsmunir í húfi skal það refsilaust.

VI. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði sérstakar reglur til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Á síðustu árum hafa komið upp mál þar sem reynt hefur á slíkt trúnaðarsamband fyrir dómstólum. Á 120. löggjafarþingi fluttu fimm þingmenn tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra en hún náði ekki fram að ganga. Tillagan var lögð fram í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í dómsmáli sem höfðað var

gegn Morgunblaðinu vegna greinaskrifa um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga og viðskipti þess við Landsbanka Íslands. Niðurstaða héraðsdóms var á þann veg að blaðamanni blaðsins var talið skylt að bera vitni í málinu. Í Hæstarétti var blaðamanninum talið óskylt að svara því á hvaða heimildum hann hefði byggt skrif sín eða hverjir heimildarmenn hans hefðu verið.

Markmið reglna um heimildavernd, þ.e. reglna sem tryggja nafnleynd höfunda og heimildarmanna fjölmiðlamanna, er að tryggja möguleika fjölmiðla til upplýsinga- og fréttaöflunar um hvert það efni sem varðar hagsmuni almennings. Frjálsir og óháðir fjölmiðlar mynda eina af meginstoðum hvers lýðræðisríkis og reglur um heimildavernd eru eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu þeirra.

Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki eingöngu í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýnni umræðu heldur ekki síður í að tryggja almenningi upplýsingar um hvers konar mál er varða almannahagsmuni.

Til þess að fjölmiðlar geti rækt þetta mikilvæga hlutverk sitt er nauðsynlegt að tryggja þeim nægilega vernd og starfsfrið til að geta stundað frjálsa blaðamennsku. Reglur um heimildavernd eru meðal grundvallarskilyrða þess. Í hugtakinu heimildavernd eins og það er notað hér felst jafnframt að óheimilt er að nota sönnunargögn sem hafa að geyma upplýsingar um nafn heimildarmanns eða höfundar og aflað er með leit eða haldlagningu.

Ef fullnægjandi heimildavernd er ekki tryggð getur það orðið til þess að upplýsingar sem erindi eiga til almennings, svo sem um spillingu innan stjórnkerfis o.fl., verði ekki látnar í té vegna ótta heimildarmanna um að þeir geti átt yfir höfði sér hefndaraðgerðir atvinnurekanda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingunum sé haldið leyndum. Þá getur heimildarmaðurinn verið öðrum háður á einhvern hátt eða vill ekki blanda sér opinberlega í deilur en telur sér engu að síður siðferðilega skylt að koma á framfæri upplýsingum er varða almannahagsmuni.

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er enn fremur kveðið á um að menn eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þannig er ákveðið samhengi milli ábyrgðarreglu fjölmiðla samkvæmt útvarpslögum og prentlögum og verndar höfundar eða heimildarmanns, en ritstjórar blaða og útvarpsstjórar bera hlutlæga ábyrgð á því efni sem er birt er í fjölmiðlum þeirra. Ábyrgðarreglurnar veita fjölmiðlum og öðrum er skrifa greinar og efni nauðsynlegt aðhald í umfjöllun um mál. Innan fjölmiðlastéttarinnar gilda auk þess ákveðnar siðareglur sem ætlað er að vernda notendur gegn ónákvæmum, hlutdrægum eða ósönnum fréttum, tryggja nafnleynd heimildarmanna hafi trúnaði verið heitið og vernda þann mann eða lögaðila sem rannsókn eða umfjöllun fjölmiðlamanns beinist að hverju sinni, þannig að ekki sé gengið nær persónu hans, æru, einkalífi eða viðskiptavild en góðu hófi gegnir. Þá eiga fjölmiðlar allt undir því að ávinna sér traust almennings og gegna siðareglurnar mikilvægu hlutverki í því.

Með frumvarpi þessu er lögð til lögfesting á strangari reglum um heimildavernd en nú eru í gildi í einkamálum og opinberum málum. Fyrirmynd að ákvæðunum er að nokkru fengin úr dönsku réttarfarslögunum. Samkvæmt núgildandi ákvæðum um heimildavernd njóta heimildarmenn meiri verndar í einkamálum en í opinberum málum þó að ekki verði séð að hagsmunirnir þar séu minni. Í frumvarpinu er lagt til að sama reglan gildi um opinber mál og einkamál.

Réttur almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni á valdhafa, stofnanir og mál sem varða almannahagsmuni er mjög ríkur og gegna fjölmiðlar þar lykilhlutverki. Nauðsyn-

legt er að þeim sem aðstoða, t.d. fjölmiðla, við að upplýsa mál sem varða almannahagsmuni og jafnvel spillingu valdhafa verði tryggður bótaréttur verði þeir fyrir tjóni af þeim sökum, svo sem uppsögn eða missi réttinda. Samhliða frumvarpi þessu er því lagt fram frumvarp til laga um bótarétt heimildarmanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að reglur um heimildavernd verði hertar verulega. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið nái til allra starfsmanna fjölmiðla auk þeirra sem vegna tengsla við fjölmiðla, gerð eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er og í öðru lagi að einungis verði heimilt að víkja frá heimildaverndinni ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og hagsmunirnir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Með reglunni um vernd heimildarmanna er gerð mikilvæg undantekning á meginreglunni um vitnaskyldu í opinberum málum og einkamálum. Heimildaverndin nær aðeins til hvers konar gagna og mynda sem hægt er að rekja beint til heimildarmanns en ekki til annarra upplýsinga, svo sem um magn fíkniefna í smyglmáli svo dæmi sé tekið, eða upplýsinga um hvar eftirlýst persóna dvelst.

Heimildaverndin er ekki bundin við að viðkomandi upplýsingar hafi verið birtar. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og höfunda og heimildarmanna er verndað með ákvæðinu þó að efnið, greinin eða verkið hafi ekki verið birt. Þá er áskilið hagsmunamat dómstóla á því hvort vegi þyngra hagsmunir af því að upplýsa einstakt mál eða hagsmunir almennings af því að fá faglega umfjöllun og réttar upplýsingar um mikilvæg fjárhagsleg, viðskiptaleg og stjórnmálaleg málefni sem varða almannahagsmuni.

Eins og áður sagði er unnt að nánari skilyrðum uppfylltum að víkja heimildaverndinni til hliðar ef ætla má að afbrot varði þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi. Í þessu felst að ekki er nægilegt að refsiramminn geti rúmað fjögurra ára fangelsi heldur þarf brotið sjálft að vera það alvarlegt að líklegt megi telja að fjögurra ára fangelsi yrði í reynd dæmt fyrir það. Þannig koma einungis alvarlegustu brot til greina, svo sem manndráp, meiri háttar líkamsmeiðingar, eiturlyfjadreifing í stórum stíl, meiri háttar auðgunarbrot og almannahættubrot.

Þá er dómara heimilt að víkja heimildaverndinni til hliðar með sömu skilyrðum ef um er að ræða brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Skoða verður þessa heimild í samhengi við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum.

Loks er lagt til það nýmæli að heimildaverndin verði látin ná til sönnunargagna sem aflað er með leit og haldlagningu og hafa að geyma upplýsingar um það hver er höfundur efnis eða heimildarmaður. Í þessu felst að óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 2. mgr. ákvæðisins að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli heimilda í X. og XI. kafla laganna um leit og haldlagningu hafi þau að geyma upplýsingar um nöfn heimildarmanna eða höfunda.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3.–5. gr.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að lögfest verði heimild til handa starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga til að víkja frá þagnarskyldu þegar veigamiklir almannahagsmunir eru í húfi. 5. gr. á síðan að tryggja að ef opinberir starfsmenn sem bundnir eru þagnarskyldu víkja frá þagnarskyldu af framangreindum ástæðum skuli það refsilaust. Ljóst er að starfsmenn þurfa að fara mjög varlega þegar þeir meta hvort þær aðstæður séu uppi að réttlætanlegt sé að víkja frá þagnarskyldu, ætla má að dómstólar geri miklar kröfur í því efni. Sem dæmi um málefni sem eiga erindi til almennings eða varða ríka hagsmuni má nefna spillingu valdhafa, misbeitingu valds og hvers konar misnotkun á almannafé eða misbrest á því að staðinn sé vörður um almannahagsmuni.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

(www.press.is/sidareglur.pdf.)

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann

tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna.

Siðanefndin tekur kæruna fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er.

Taki Siðanefnd kærumál til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

a) ámælisvert,
b) alvarlegt,
c) mjög alvarlegt.

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félagstíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkvæmt skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum.

Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu frétta af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til, sbr. 1. og 2. grein að framan.

Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vítur á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlunar getið í fundarboði.

Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

Samþykkt með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um bótarétt höfunda og heimildarmanna.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Starfsmaður ríkis eða sveitarfélags sem rýfur þagnarskyldu með því að greina frá upplýsingum sem varða ríka hagsmuni og telja verður að eigi erindi til almennings á rétt til bóta úr hendi vinnuveitanda fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda enda þyki sýnt að aðgerðir vinnuveitanda séu viðbrögð við rofi á þagnarskyldu. Sama á við um starfsmenn annarra fyrirtækja, félaga eða stofnana, hvernig sem eignarhaldi þeirra er háttað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Hér er lagt til að starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga, sem og starfsmönnum fyrirtækja, félaga og stofnana óháð eignarhaldi, þ.e. hvort sem þau eru almenningshlutafélög, í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti eða annarra fyrirtækja, verði tryggðar bætur bíði þeir tjón af því að láta fjölmiðlum í té upplýsingar eða koma á framfæri með skrifum eða öðrum flutningi efni, upplýsingum, mynd eða verki sem varðar ríka hagsmuni og erindi á til almennings.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja bótagrundvöll jafnvel þótt sýnt hafi verið fram á að upplýsingagjöf feli í sér brot á þagnarskyldu. Um nánari skilyrði bótaréttar og mat á bótafjárhæðum fer samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga, samkvæmt tilnefningu þingflokka, sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Nefndin ráði starfsmann og skili skýrslu um niðurstöður sínar til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndin hafi fernt að leiðarljósi við almenna stefnumótun og forgangsröðun verkefna á sviði þróunarsamvinnu:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna um allan heim.
2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum, m.a. bólusetningu gegn algengum barnasjúkdómum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir alnæmissmit.
3. Nefndin taki mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana, og taki mið af niðurstöðum álitsgerðarinnar *Ísland og þróunarlöndin* sem kom út 1. september 2003.
4. Þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar.

Greinargerð.

Til þess að þróunarsamvinna við fátæk ríki skili mælanlegum og góðum árangri þurfa markmið að vera skýr og verkefni vel skilgreind. Til grundvallar þarf að liggja mótuð stefna stjórnvalda á hverjum tíma. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar samkvæmt lögum nr. 43 frá árinu 1981. Hingað til hefur ÞSSÍ lögum samkvæmt einungis tekið þátt í tvíhliða verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að huga þurfi betur að kostum þess að íslenska ríkið leggi meira af mörkum á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og þá einnig með hvaða hætti slík samvinna ætti að fara fram. Fleira kemur til greina en tvíhliða samvinna ríkja, t.d. þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum ellegar beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka.

Hinn 28. maí 1985 ályktaði Alþingi um þróunaraðstoð Íslands. Þá var samþykkt að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Eins og kunnugt er hefur þetta markmið ekki náðst. Fjárframlög til þróunarmála hafa þokast í rétta átt en samt eiga Íslendingar mjög langt í land með að ná viðmiði Sameinuðu þjóðanna (Sþ) um að framlög til þróunarmála verði 0,7% af þjóðarframleiðslu. Árið 2001 voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála 0,12% af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF). Í fyrra var hlutfallið komið í 0,16% af VÞF.

Árið 1996 (á 121. löggjafarþingi) fluttu þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímannsdóttir tillögu til þingsályktunar um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanríkismálanefnd Alþingis.

Samkvæmt núverandi stefnumiðum ÞSSÍ er samvinna og aðstoð við þróunarlönd greind í þrjá aðalþætti:

1. Eiginlega þróunaraðstoð, sem miðar að varanlegum umbótum og framförum samkvæmt skilgreindum markmiðum.
2. Neyðarhjálp vegna bráðavanda sem skapast, t.d. vegna matarskorts, styrjalda eða náttúruhamfara.
3. Verkefnaútflutning og viðskiptasamvinnu. Eins og komið hefur fram eru verkefni ÞSSÍ einvörðungu tvíhliða verkefni, þ.e. unnin á grundvelli sérstaks samkomulags íslenska ríkisins við það ríki sem þiggur aðstoðina.

Árið 2000 skiptust framlög ÞSSÍ til verkefna með eftirfarandi hætti:

1. Fiskveiðar 38%
2. Menntun 28%
3. Félagsleg verkefni 10%
4. Heilbrigðismál 6%
5. Önnur verkefni 6%
6. Aðalskrifstofa 11%

Eins og sjá má fer jafnmikið af ráðstöfunarfé ÞSSÍ til verkefna sem tengjast fiskveiðum og þeirra sem tengjast menntun og félagslegum aðgerðum. Flutningsmenn telja að meiri áherslu eigi að leggja á verkefni á sviði félags-, heilbrigðis- og menntunarmála, enda svari þau brýnustu þörf margra fátækustu samfélaga í heimi og komi konum og börnum sem lifa í örbirgð sérstaklega til góða.

ÞSSÍ starfar nú eftir langtímaáætlun fyrir árin 2000–2004. Eðli þróunarsamvinnu krefst þess að markmið séu sett til langs tíma, t.d. til 10 ára, en endurskoðuð með jöfnu millibili. En markmiðum og framkvæmdaáætlun þurfa einnig að fylgja hærri framlög til þróunarmála. Þau verða ekki hækkuð í einu vetfangi og þykir flutningsmönnum skynsamlegt að miða við að þau hækki í 0,7% af VÞF á einum áratug, eða á árabilinu 2005–2015. Vandað val samvinnuverkefna verður að byggjast á skýrri stefnu og raunsæjum langtímamarkmiðum. Gæta þarf jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar við val á verkefnum. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum og neyðaraðstoð.

Forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og stýri helst för. Samstarfsverkefni sem byggjast einvörðungu á hagsmunum gefandans reynast gagnslítil eins og dæmin sanna. Þróunarsamvinnuverkefni sem skila raunverulegum árangri einkennast af mikilli undirbúningsvinnu og nánu samstarfi við fólkið sem tekur þátt í þeim. Til dæmis ber það vott um fagleg og góð vinnubrögð að kanna fyrst hvar þörfin er mest í einhverju tilteknu landi áður en menn bjóða fram aðstoð sína. Stundum getur líka þurft að ljúka verkefnum sem aðrir hófu eða ganga inn í samstarf sem þegar er fyrir hendi. Matið á því hvað best sé að gera hlýtur alltaf að byggjast á hagsmunum heimamanna – ekki hins utanaðkomandi.

Og verkefnin eru að sönnu næg: Menntun stúlkubarna og kvenna í þriðja heiminum er að áliti flutningsmanna algjört forgangsmál. Einnig uppbygging heilsugæslu og forvarnafræðsla á þeim svæðum þar sem alnæmisfaraldurinn geisar. Þá er fjölmargt annað sem brýnt er að gera á öðrum sviðum, t.d. á sviði umhverfis- og orkumála, eða við uppbyggingu stjórnsýslu.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu svokölluð þúsaldarmarkmið árið 2000, markmið sem nást eiga árið 2015 (sjá fylgiskjal I). Þetta eru skýr tölusett markmið sem öll ríki verða að taka mið af í utanríkisstefnu sinni og þróunarverkefnum. Og verkefnin eru nærtæk. Efst á blaði er baráttan gegn fátækt, barna- og mæðradauða, og baráttan fyrir grunnmenntun öllum til handa og fyrir jöfnum rétti karla og kvenna. Það er vel við hæfi að íslensk stjórnvöld setji sér markmið á sviði þróunarsamvinnu sem eru hluti af þúsaldarverkefnum Sþ. Aðeins þannig má ætla að raunhæfur árangur náist í þróunarsamvinnu á milli ríkra og snauðra landa.

Fylgiskjal I.

Þúsaldarmarkmið um þróun.

1. **Eyða fátækt og hungri.**

— Lækka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð um helming á tímabilinu 1990 til 2015. Lækka hlutfall þeirra sem búa við hungursneyð um helming á sama tímabili.

2. **Öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015.**

— Tryggja að bæði stúlkur og drengir ljúki grunnskólanámi.

3. **Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna.**

— Eyða kynjamisrétti til skólagöngu í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og á öllum skólastigum fyrir 2015.

4. **Lækka dánartíðni barna.**

— Lækka tíðni ungbarnadauða um tvo þriðju á tímabilinu 1990 til 2015.

5. **Vinna að bættu heilsufari kvenna.**

— Lækka dánartíðni vegna barnsburðar (maternal mortality) um þrjá fjórðu á tímabilinu 1990 til 2015.

6. **Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu.**

— Snúa við útbreiðslu eyðni, malaríu og annarra sjúkdóma fyrir árið 2015.

7. **Vinna að sjálfbærri þróun.**

— Framkvæma ríkjaáætlanir um sjálfbæra þróun fyrir árið 2005 og snúa þannig við neikvæðri þróun umhverfisáhrifa fyrir árið 2015.

— Lækka um helming hlutfall þeirra sem ekki hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni á tímabilinu 1990 til 2015.

— Stuðla að bættum lífsskilyrðum a.m.k. 100 milljón íbúa í fátækrahverfum stórborga.

8. **Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.**

— Vinna frekar að opnu og sanngjörnu viðskipta- og fjármálakerfi sem byggir á skýrum reglum.

— Taka á málefnum fátækustu þróunarlandanna, m.a. með því að leggja af innflutningsgjöld og kvóta á útflutningsvörur þeirra, leysa skuldabyrði landanna með lækkun skulda, og með auknum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar.

— Taka tillit til sérstöðu landluktra landa og smárra eyþjóða.

— Vinna með lyfjaiðnaðinum að því að veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.

— Vinna að því ásamt einkageiranum að veita þróunarlöndum aðgang að nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni.

Fylgiskjal II.

Hermann Örn Ingólfsson
og Jónas H. Haralz:

Úr skýrslunni „Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“ (28. júlí 2003).

Viðauki 3: Framlög Íslands til þróunarmála 1999 til 2003.

Upphæðir í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003
Styrkir og framlög samtals	***582.9***	***798.3***	***1,099.9***	***1,197.4***	***1,307.1***
Beinir styrkir	***462.1***	***667.1***	***975.4***	***1,056.9***	***1,106.6***
ÞSSÍ	*228.4*	*298.6*	*479.7*	*468.5*	*468.0*
Sendiráð í Mósambík			*16.5*	*20.5*	*26.4*
Utanríkisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	*7.0*	*7.0*	*14.0*	*21.0*	*21.0*
Jarðhitaskóli Háskóla Sþ.	*44.0*	*50.3*	*51.8*	*63.0*	*67.4*
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sþ.	*23.2*	*30.4*	*36.1*	*48.9*	*54.6*
Sameinuðu þjóðirnar:	*54.7*	*39.0*	*66.1*	*61.7*	*42.5*
þar af til:					
FAO	7.0	7.3	10.1	10.4	9.3
UNDP	18.3	18.3	21.8	22.4	20.0
UNICEF	9.5	9.5	9.5	11.6	10.4
UNIFEM	2.5	2.5	2.5	3.1	2.8
UNWRA	0.5	0.6	3.1	2.9	
OCHA	0.7		3.1		
UNFPA	0.6		1.0	0.8	
UNHCR	10.5		11.0	6.0	
WFP	0.4	0.4	3.6	4.0	
UNVFVT	0.5	0.4	0.4	0.5	
UNDAC	3.8				
UNDCP	0.4				
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	*19.8*	*22.1*	*26.2*	*27.2*	
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn			*13.6*	*15.0*	*11.9*
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjóm					*25.0*
Aðstoð til Bosníu	*31.7*	*16.3*	*1.7*		
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)		*110.3*	*166.9*	*177.8*	*284.0*
Flóttamannaaðstoð	*39.0*	*17.0*	*15.0*		*40.3*
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)		*68.0*	*68.5*	*67.0*	*47.0*
Framlög til félagasamtaka:	*13.4*	*4.9*	*19.2*	*7.2*	
þar af til:					
ABC-hjálparstarf		0.9			
Alþjóða Rauði krossinn	8.0	4.0	4.2	4.7	
Barnaheill	0.2				
Rauði kross Íslands	5.2		10.5	0.5	
Hjálparstarf kirkjunnar			4.5	2.0	
Ýmis framlög og neyðaraðstoð	*0.9*	*3.2*	*0.1*	*79.1*	*18.5*
Stofnfjárframlög	***120.8***	***131.2***	***124.5***	***140.5***	***200.5***
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*79.7*	*95.3*	*95.0*	*100.0*	*160.0*
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	*40.7*	*35.4*	*29.0*	*40.0*	*40.0*
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	*0.4*	*0.5*	*0.5*	*0.5*	*0.5*
Hlutfall af landsframleiðslu	***0.09***	***0.12***	***0.15***	***0.15***	***0.16***

Viðauki 4: Hugmynd um framlag til þróunarmála árið 2006.

Upphæðir í milljónum króna	2006	2003
Styrkir og framlög samtals	***2,658.0***	***1,307.1***
Beinir styrkir	***2,338.0***	***1,106.6***
ÞSSÍ	*1,000.0*	*468.0*
Sendiráð í Mósambík	*30.0*	*26.4*
Utanríkisráðuneyti - starfsmenn þróunarmála	*35.0*	*21.0*
Jarðhitaskóli Háskóla Sþ.	*90.0*	*67.4*
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sþ.	*85.0*	*54.6*
Landgræðsluskóli Háskóla Sþ.	*25.0*	
Sameinuðu þjóðirnar:	*195.0*	*42.5*
þar af til:		
FAO	25.0	9.3
UNDP	60.0	20.0
UNICEF		10.4
UNIFEM	10.0	2.8
UNHCR	20.0	
WFP	35.0	
Annað	30.0	
Fastanefnd í Róm	15.0	
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn		
Alþjóðabankinn - íslenski ráðgjafarsjóðurinn	*30.0*	*11.9*
Alþjóðabankinn - kjördæmisstjórn	*25.0*	*25.0*
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)	*600.0*	*284.0*
DAC	*3.0*	
Lán á starfsmönnum og ungliðastörf	*60.0*	
Flóttamannaaðstoð	*60.0*	*40.3*
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)	*50.0*	*47.0*
Framlög til félagasamtaka og neyðaraðstoð	*50.0*	*18.5*
Stofnfjárframlög	***320.0***	***200.5***
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*230.0*	*160.0*
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	*50.0*	*40.0*
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	*15.0*	*0.5*
Hnattræni umhverfissjóðurinn (GEF)	*25.0*	
Hlutfall af landsframleiðslu	***0.298***	***0.160***

		2006	**2003**
Landsframleiðsla (milj. króna)		892,000	816,600
% af landsframleiðslu			
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		0.112	0.057
Friðargæsla		0.067	0.035
Marghliða aðstoð án friðargæslu		0.119	0.068
	Alls	0.298	0.160
% af þróunaraðstoð			
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		37.6	35.8
Marghliða aðstoð alls		62.4	64.2
	Alls	100.0	100.0
Tvíhliða aðstoð ÞSSÍ		37.6	35.8
Marghliða aðstoð án friðargæslu		39.8	42.5
Friðargæsla		22.6	21.7
	Alls	100.0	100.0

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson,
Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður tekur þátt í embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slíkt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur.

2. gr.

138. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Tilvísun til 138. gr. í 141. gr. a laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núgildandi 138. gr. almennra hegningarlaga heimilar að bæta allt að helmingi við refsingu ef brot er framið í opinberu starfi og ekki mælt fyrir um sérstaka refsingu við því að fremja slíkt brot sem opinber starfsmaður. Greinin er svohljóðandi: „Nú hefur opinber starfsmaður gerst sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.“

Í frumvarpinu er lagt til að greinin falli niður, og þar með sú refsihækkunarheimild gagnvart opinberum starfsmönnum sem þar er að finna. Til samræmis er lagt til að refsihækkunarheimild í hlutdeildarbroti opinbers starfsmanns skv. 135. gr. verði felld niður. Ástæðan fyrir flutningi frumvarpsins er sú að flutningsmenn telja að framangreind ákvæði stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrár og ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Flutningsmenn telja að orðalagið „stöðu að öðru leyti“ leiði til að framangreind lagaákvæði feli í sér óheimila mismunun, eftir því hvort starfsmaður, sem gerist brotlegur, er starfsmaður hins opinbera eða starfar á almennum vinnumarkaði. Í 14. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. samningsviðauka nr. 11, 2. gr., er sömuleiðis að dómi flutningsmanna frumvarpsins lagt bann við slíkri mismunun. Greinin hljóðar svo: „Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“ Flutningsmenn telja að sömu röksemdir gildi um þetta ákvæði og raktar eru varðandi jafnræðisákvæði 65. gr.

stjórnarskrárinnar. Það, að ríki eða sveitarfélag greiði laun einstaklings, getur ekki réttlætt þyngri refsingu. Því eiga framangreind ákvæði ekki við.

Flutningsmenn benda jafnframt á að þrátt fyrir niðurfellingu refsihækkunarheimildar gæti refsimat dómstóla að einhverju leyti tekið mið af því hvort sakborningur hefur misnotað vald sitt eða stöðu, sbr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og þannig tekið tillit til alvarleika brota opinberra starfsmanna þegar það á við.

45. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi áætlun um aðgerðir til að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum.

Greinargerð.

Á síðustu missirum hafa horfur í byggðamálum breyst verulega. Ástæða er til að gera ráð fyrir að fyrirætlanir um mestu framkvæmdir Íslandssögunnar í orku- og iðnaðarmálum verði að veruleika á Austfjörðum. Gangi það eftir verða þar gífurlegar framkvæmdir sem standa í mörg ár. Þær munu hafa í för með sér aðra uppbyggingu í tengslum við búsetu og þjónustu við atvinnustarfsemina sem þar verður.

Jafnframt þessu liggja fyrir ákvarðanir stjórnvalda um að gerð þrennra jarðganga á Norðausturlandi verði boðin út í einu lagi. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í byggðaáætlun sem samþykkt var á liðnu vori var aðaláhersla lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Það yrði fagnaðarefni ef hillti undir betri tíma í þessum hlutum landsins. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni hversu þær fyrirætlanir og áætlanir sem hér um ræðir, og allar eru frá stjórnvöldum komnar, deilast ójafnt niður á landið. Það er veruleg hætta á því, ef fram fer sem horfir, að næstu ár verði öðrum dreifbýlissvæðum mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefnir. Stjórnvöld bera alla ábyrgð í þessu efni vegna þess að hinar miklu framkvæmdir sem standa fyrir dyrum eru fyrir atbeina þeirra. Þörf fyrir byggðaaðgerðir myndast vegna ójafnvægis milli byggðarlaga og landsvæða. Stjórnvöld þurfa því að hafa heildaráhrif aðgerða í huga þegar þær eru ákveðnar. Það hefur augljóslega ekki verið gert nú. Þess vegna er þörf á að endurskoða tímasetningu framkvæmda og aðrar fyrirætlanir sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu og atvinnulíf annars staðar en á vaxtarsvæðunum sem njóta munu þessara umfangsmiklu fyrirætlana. Í ljósi breyttra aðstæðna þarf að bregðast við og taka ákvarðanir sem koma öðrum landsvæðum til góða. Þar væri nærtækast að skoða hvort unnt sé og rétt að flýta framkvæmdum í samgöngumálum, sérstaklega þeim sem hafnar eru eða mögulegt er að hefja án mikils fyrirvara.

Sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsagður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða.

Það er ekki sjálfsagt mál að allir þeir gríðarlegu fjármunir sem nú stefnir í að fáist fyrir sölu ríkiseigna fari í samgöngumannvirki á einu landsvæði. Þá má líka nota annars staðar og þá má ekki síður nota í menntamál en samgöngumál.

Aflétta þarf höftum á atvinnufrelsi manna í sjávarbyggðum sem byggja atvinnulíf sitt nánast alfarið á útgerð og fiskvinnslu þannig að þær geti aftur farið að njóta nálægðarinnar við gjöful fiskimið.

Nú þarf að bregðast við af myndugleik og verulegum krafti til að ójafnvægi milli landsvæða í dreifbýli skapi ekki nýjan vanda í byggðarlögum sem hafa hann nógan fyrir. Mótvægisaðgerðir eru þess vegna bráðnauðsynlegar og ákvarðanir um þær þarf að taka strax á þessu hausti.

46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sólveig Pétursdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.

Greinargerð.

Samkvæmt 102. gr. hjúskaparlaga getur maki krafist þess við skipti að áunnin lífeyrisréttindi hans komi ekki til skipta við skilnað. Lífeyrisréttindi eru tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Það er álitamál hvort ekki sé eðlilegra að litið sé á öflun lífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Telja má réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þessi sjónarmið fá nokkurn hljómgrunn í 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Þar kemur fram að þyki það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að lífeyrisréttindum sé haldið utan skipta sé heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Á ákvæði þetta reyndi í dómi Hæstaréttar frá 26. apríl 2002 í máli nr. 170/2002. Í málinu krafðist sóknaraðili, sem hafði verið heimavinnandi í þau rúmlega 20 ár sem hjónaband hans stóð yfir, að honum yrði bætt það með fjárgreiðslum að lífeyrisréttindum maka hans væri haldið utan skipta við skilnaðinn að kröfu hans. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti með vísan til forsendna sagði m.a.:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafi borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeldi barna þeirra á samvistatímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrlausn málsins.“

Þegar þetta var metið ásamt því að sóknaraðili hafði nánast engar tekjur haft og þar með ekki aflað sér lífeyrisréttinda en varnaraðili á hinn bóginn haft háar tekjur og aflað sér veru-

legra lífeyrisréttinda taldi dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila væri haldið utan skipta og dæmdi varnaraðila til að greiða sóknaraðila 2,5 millj. kr.

Þessi dómur Hæstaréttar mun án efa hafa fordæmisgildi en langur vegur er hins vegar frá því að hann tryggi jöfn skipti þeirra verðmæta sem í lífeyrisréttindum felast við skilnaði í framtíðinni enda málsatvik iðulega ólík og heimild dómstóla matskennd.

Í Lögmannablaðinu (október, 3/2002) fjallar Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður um framangreindan dóm Hæstaréttar. Í grein sinni vekur hann athygli á þeirri staðreynd að lífeyrisréttindi eru persónubundin réttindi sem koma aðeins til greiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í því ljósi setur hann spurningarmerki við það hvort eðlilegt sé að hinn aðilinn geti fengið eingreiðslu sé slíkum réttindum haldið utan skipta, án tillits til þess hvort nauðsynleg skilyrði fyrir útgreiðslu réttindanna verði uppfyllt. Telur hann ástæðu til að íhuga hvort rétt sé að breyta lögum með þeim hætti að unnt sé að skipta áunnum lífeyrisréttindum með samningi eða dómi. Með þessu væri tekið tillit til þeirrar óvissu hvort skilyrði fyrir útborgun úr lífeyrissjóði verða uppfyllt eða ekki.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir að vert væri að skoða slíka breytingu, enda gengur hún í þá átt að tryggja rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. Flutningsmenn telja þó rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga enn lengra með því að skilgreina áunnin lífeyrisréttindi hjóna á hjúskapartímanum sem hjúskapareign þeirra sem kæmi þá til helmingaskipta samkvæmt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skilnað. Með því yrði komið í veg fyrir deilur um skiptingu þessara verðmæta auk þess sem ætla má að slík niðurstaða yrði almennt sanngjörn. Þessa kosti þarf að gaumgæfa vel og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast oft mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á lífeyrisréttindi sem sameiginlega eign eins og aðrar hjúskapareignir.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir að það getur valdið vanda fyrir lífeyrissjóðina þar sem rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Í þingsályktunartillögu þessari er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn lífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, var komið nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar, sbr. 14. gr. laganna. Þar kemur fram að sjóðfélagi geti á grundvelli samkomulags við maka tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka, í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum skuli verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær

slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Framangreind heimildarákvæði eru til bóta. Þó má gagnrýna ýmislegt, t.d. að hafi sjóðfélagi gert samkomulag um að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sinn eða fyrrverandi maka skerðast réttindi sjóðfélagans sem því nemur, sem hefur í för með sér að verði sjóðfélagi langlífari færast réttindin ekki aftur til hans. Sjóðfélagi tekur því nokkra áhættu með þessu.

Það er mat flutningsmanna að ekki sé nægjanlegt að sá sem t.d. hefur sinnt heimili og börnum meginhluta starfsævi sinnar verði að eiga það undir góðvild maka síns við skilnað hvort hann fái hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur til og felst í lífeyrisréttindum makans. Það er jafnframt ófullnægjandi að mati flutningsmanna að maki sem telur á sér brotið þurfi að ráðast í kostnaðarsöm málaferli til að sækja réttindi sem hann hefur átt þátt í að mynda.

Gert er ráð fyrir að nefndin sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.

47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sólveig Pétursdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort brögð séu að því að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.

Greinargerð.

Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með

hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit er vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. desember 2004.

48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Greinargerð.

Árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu (þ.e. þær hættur sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum), ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði, möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin (önnur en Ísland) voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Síðastliðna hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana (sjómannastofa) annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi

sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn koma í hafnir á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári, þ.e. hafnirnar í Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og við Grundartanga.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sumarið 2000 meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar.

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir eftirtalda þjónustu:

	% svarenda
Síma-, tölvu- og póstþjónusta	89,4
Ferðaþjónusta	92,3
Veitingaþjónusta fyrir sjómenn	84,6
Skoðunarferðir, menning	83,7
Bókasafn og blöð	94,2
Félagsskapur við aðra sjómenn	82,7
Myndbönd og útvarp	76,0
Afþreying og leikir	84,6
Líkamsrækt	66,3
Guðsþjónusta, prestsþjónusta	81,8

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykktin nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum ILO nr. 173. Tólf ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland.

Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 millj. kr., til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykkt nr. 163 og tilmæli nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar í fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með til-

teknu hlutfalli af hafnargjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 millj. kr. á ári.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163: Spánn (1989), Sviss (1989), Ungverjaland (1989), Mexíkó (1990), Svíþjóð (1990), Finnland (1992), Danmörk (1993), Noregur (1993), Slóvakía (1993), Tékkland (1993), Brasilía (1997) og Rúmenía (2002).

49. Fyrirspurn [49. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um meðferð opinberra mála.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig miðar störfum réttarfarsnefndar við endurskoðun laga um meðferð opinberra mála og hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?
2. Hefur réttarfarsnefnd fjallað um tillögur um að numdar verði brott takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 265. mál 127. löggjafarþings sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af starfi nefndarinnar?

50. Fyrirspurn [50. mál]

til viðskiptaráðherra um jöfnun flutningskostnaðar á olíu og sementi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði olíu?
2. Hvaða reglur gilda um jöfnun flutningskostnaðar á sementi?
3. Hvaða áhrif hafa þessar reglur á samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum?
4. Hve miklum fjárhæðum hefur verið varið til flutningsjöfnunar á sl. fimm árum?
5. Mun flutningsjöfnun sements taka til flutnings á sementi til virkjana, svo sem Kárahnjúkavirkjunar?
6. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á hlutverki og reglum þessara flutningsjöfnunarsjóða? Sé svo, hvaða markmið verða þar höfð að leiðarljósi?

Skriflegt svar óskast.

51. Fyrirspurn [51. mál]

til forsætisráðherra um stuðning við byggð og búsetu í Árneshreppi á Ströndum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvað líður skipan og störfum nefndar sem ríkisstjórninni var falið að setja á stofn samkvæmt þingsályktun sem Alþingi samþykkti 15. mars sl., en nefndinni var ætlað að gera tillögur „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu“?

52. Fyrirspurn [52. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Frá Þuríði Backman.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sem Alþingi vísaði til ríkisstjórnarinnar á sl. vori?

53. Fyrirspurn [53. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað vegna tannréttinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur tekist að ráða tannréttingasérfræðinga um allt land?
2. Ef ekki, mun ráðherra beina þeim tilmælum til tryggingaráðs að það endurskoði reglur um ferðakostnað vegna sérfræðiþjónustu tannréttingalækna?
3. Mun ráðherra tryggja að fjármagn fáist til að auka þátt Tryggingastofnunar í ferðakostnaði vegna tannréttinga barna og unglinga sem búa á svæðum þar sem enga tannréttingaþjónustu er að fá?

54. Fyrirspurn [54. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hyggst ráðherra koma á frekari vöktun umhverfisáhrifa Kárahnjúkavirkjunar á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. með tilliti til hreindýra, fugla, gróðurs og aksturs utan vega?

2. Mun ráðherra sjá til þess að Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Austurlands fái fjármagn til að sinna nauðsynlegri vöktun á umhverfi meðan á gerð Kárahnjúkavirkjunar stendur?
3. Mun ráðherra, í ljósi þess að framkvæmdir eru þegar hafnar við gerð Kárahnjúkavirkjunar án þess að sérstök áætlun um vöktun hafi verið sett í gang, beita sér fyrir að slíkri áætlun verði komið á og að viðkomandi stofnanir fái fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki sínu?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölþættari umhverfisvöktun við Lagarfljót en fram hefur komið?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni löggæslu og eftirliti á svæðinu á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur?

Skriflegt svar óskast.

55. Fyrirspurn [55. mál]

til samgönguráðherra um ferðaþjónustu á Íslandi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvert hefur hlutfall ferðaþjónustu verið af vergri landsframleiðslu á tímabilinu 1998–2003? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
2. Hversu stórt hlutfall af gjaldeyristekjum þjóðarinnar hefur mátt rekja til ferðaþjónustu á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
3. Hvert hefur verið hlutfall ferðaþjónustunnar í innlendri verðmætasköpun á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
4. Hefur farið fram faglegur samanburður á starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar á Íslandi og í nágrannalöndum okkar?
5. Hvernig er háttað rannsóknum á bættu rekstrarumhverfi greinarinnar?
6. Hafa verið kannaðir möguleikar á að endurskoða skilgreiningu ferðaþjónustunnar í þjóðhagsútreikningum svo að auðveldara verði að finna út raunverulegt umfang greinarinnar?

Skriflegt svar óskast.

56. Fyrirspurn [56. mál]

til landbúnaðarráðherra um fiskeldis- og hafbeitarstöðvar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða nýjar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar hafa fengið starfsleyfi á grundvelli laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, eftir að þeim var breytt í maí 2001 með lögum nr. 83/2001?
2. Hvaða fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem voru starfræktar fyrir breytingu laganna hafa endurnýjað leyfi sín í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/2001?
3. Hvaða fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem starfað hafa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998 hafa endurnýjað rekstrarleyfi sín síðan þeim var slíkt skylt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/2001?
4. Er eitthvað því til fyrirstöðu að Umhverfisstofnun bindi inn í starfsleyfi laxeldisstöðva ákvæði um að eigendur stöðvanna hafi sérstaka ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem starfsemi þeirra kann að valda óviðkomandi aðilum, eins og eigendum veiðiréttar í laxveiðiám?

Skriflegt svar óskast.

57. Fyrirspurn [57. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur verið háttað kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum á árunum 1998–2003, hverjir hafa markhóparnir verið og hvaða aðilar hafa skipulagt og annast þetta kynningarstarf?
2. Hversu miklir fjármunir hafa runnið til slíkra kynningarmála af fjárlögum á þessu tímabili og hvernig hefur þeim verið varið, t.d. í ráðgjafarfyrirtæki, auglýsingar, almannatengsl, ráðstefnukostnað, ferðakostnað o.s.frv.? Hér er sérstaklega átt við fjárlagalið 05-190-1.33 en jafnframt óskað upplýsinga um greiðslur í þessu skyni af öðrum liðum ráðuneytisins.
3. Hver hafa verið viðbrögð ríkisstjórnarinnar við tilboði Greenpeace-samtakanna frá 5. september 2003 um samvinnu við að auka fjölda ferðamanna sem koma hingað til náttúruskoðunar?

Skriflegt svar óskast.

58. Fyrirspurn [58. mál]

til menntamálaráðherra um félags- og tómstundamál.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hverjar voru helstu tillögur nefndar sem vann að úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi og hvernig hyggjast stjórnvöld nýta sér niðurstöður nefndarinnar?

59. Fyrirspurn [59. mál]

til menntamálaráðherra um endurgreiðslubyrði námslána.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Á hvern hátt hyggst ríkisstjórnin nálgast það verkefni, sem getið er í stefnuyfirlýsingu hennar, að hugað verði að lækkun endurgreiðslubyrði námslána og hvar er vinnan við framkvæmdina á vegi stödd?

60. Fyrirspurn [60. mál]

til samgönguráðherra um umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um umferð hjólandi vegfarenda um Reykjanesbraut eftir tvöföldun hennar, m.a. um þær leiðir sem gert er ráð fyrir að umferð hjólreiðafólks verði beint inn á og hvernig gengið verði frá þeim leiðum með tilliti til lýsingar, yfirborðs hjólreiðabrautar og umferðaröryggis?

61. Fyrirspurn [61. mál]

til umhverfisráðherra um vistferilsgreiningu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur ráðherra gaumgæft nýlegar niðurstöður íslenskra vísindamanna varðandi vistferilsgreiningu á þorskafurðum og eru líkur á að þessari aðferð verði beitt í auknum mæli hér á landi með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif matvælaframleiðslu?
2. Hversu mikið er um vottaða framleiðsluvöru á Íslandi, hver er staða vottunarstofa og hver er stefna stjórnvalda í þessum málum?

62. Fyrirspurn [62. mál]

til utanríkisráðherra um Árósasamninginn.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður skoðun stjórnvalda á áliti réttarfarsnefndar frá 2001 um mögulegar lagabreytingar sem gera þyrfti áður en Ísland gæti staðfest Árósasamninginn frá 25. júní 1998, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum?
2. Hver er afstaða annarra Norðurlandaríkja til sömu álitamála og hvað líður staðfestingu þeirra á Árósasamningnum?

63. Fyrirspurn [63. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmdir Landsvirkjunar í Vonarskarði.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða upplýsingar hefur umhverfisráðuneytið um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar í Vonarskarði á árum áður þegar gerð var tilraun, að því er virðist, til að veita vatni úr upptakakvíslum Skjálfandafljóts suður yfir vatnaskil í Köldukvísl?
2. Hafði Landsvirkjun tilskilin leyfi til þessara framkvæmda?
3. Kemur til greina að umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að verksummerki um þessar framkvæmdir verði afmáð?

64. Fyrirspurn [64. mál]

til utanríkisráðherra um lágflug og æfingar orrustuflugvéla Bandaríkjahers.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða reglur gilda um lágflug orrustuflugvéla Bandaríkjahers og aðrar æfingar yfir byggð eða á öðrum viðkvæmum stöðum?
2. Hvaða reglur gilda um flug vélanna yfir hljóðhraða og hvar og hvenær þeim er heimilt að rjúfa hljóðmúrinn?
3. Hyggst ráðherra endurskoða áðurnefndar reglur um æfingaflug Bandaríkjahers í ljósi fram kominnar óánægju fari svo að vélarnar hverfi ekki úr landi á næstunni?

65. Fyrirspurn [65. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun atvinnuleysisbóta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er raunhækkun atvinnuleysisbóta fyrirhuguð?
2. Hver eru viðhorf ráðherra til þess að tekin verði upp á nýjan leik föst viðmiðun eða tenging atvinnuleysisbóta við umsamin laun?
3. Telur ráðherra koma til greina að endurskoða útreikning atvinnuleysisbóta þannig að fyrstu mánuðina taki greiðslur að einhverju leyti mið af þeim launum sem viðkomandi hafði áður en til atvinnumissis kom og/eða að reynt sé að taka mið af félagslegum aðstæðum eða skuldbindingum þess sem atvinnuna missti?

66. Fyrirspurn [66. mál]

til forsætisráðherra um skipan Evrópustefnunefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvernig hyggst ráðherra haga undirbúningi að því að koma á laggirnar samráðsvettvangi stjórnmálaflokkanna um Evrópumál, sbr. hugmyndir sem settar voru fram í þá veru um sl. áramót, bréf ráðherra til formanna stjórnmálaflokkanna frá 10. febrúar sl. og loks umfjöllun í stefnuræðu?

67. Fyrirspurn [67. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að skipa stjórnarskrárnefnd á þessu kjörtímabili líkt og rætt var um á hinu síðasta en ekki varð af?
2. Hvaða tilefni eru að mati ráðherra brýnust er viðkemur endurskoðun stjórnarskrárinnar?

68. Fyrirspurn [68. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður efndum fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir næstsíðustu alþingiskosningar, sem kynnt voru 7. janúar 1999 af fjórum ráðherrum, um að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni?

69. Fyrirspurn [69. mál]

til samgönguráðherra um úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju sætir að enn hefur ekki verið ráðist í úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, einkum hvað varðar tengingar Raufarhafnar og Kópaskers við ljósleiðarann?
2. Hvað kosta nauðsynlegar úrbætur til þess að fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikar komist í forsvaranlegt horf, viðunandi öryggi verði tryggt og unnt verði að anna eftirspurn á viðkomandi svæði?
3. Hefur ráðherra beitt sér í málinu gagnvart Landssímanum?
4. Hvenær er þess að vænta að úrlausn fáist?
5. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir fjárveitingum á fjárlögum til að styrkja grunnfjarskiptanetið á strjálbýlum svæðum ef sýnt þykir að fjarskiptafyrirtæki láti úrbætur þar sitja á hakanum?

70. Fyrirspurn [70. mál]

til iðnaðarráðherra um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað þýðir það ákvæði sem vitnað er til í svari ráðherra á þskj. 1001 á 128. löggjafarþingi um starfslokasamning sem gerður var við annan forstjóra Byggðastofnunar, þ.e.: „Í starfslokasamningnum eru einnig ákvæði um ákveðna tilfærslu á lífeyrisréttindum. Um var að ræða að 40% af útreiknuðum eftirlaunaréttindum eftir 65 ára aldur færu í viðurkenndan séreignalífeyrissjóð“?
2. Hversu háar greiðslur er hér um að ræða?
3. Hverjar eru forsendurnar fyrir útreikningi á þessum greiðslum og hver voru verðmæti samningsbundinna eftirlauna forstjórans?
4. Voru þær greiddar út í peningum og hvenær eru þær til ráðstöfunar fyrir forstjórann fyrrverandi?

5. Í hvaða lífeyrissjóði er viðkomandi?
6. Samkvæmt hvaða lögum eru slíkar tilfærslur heimilar?
7. Eru fordæmi fyrir slíkum tilfærslum á lífeyrisréttindum og hver eru þau?
8. Hver var kostnaður ríkissjóðs við þetta ákvæði í starfslokasamningnum?
9. Hver var kostnaður ríkissjóðs af starfslokasamningnum í heild og á hvaða fjárlagalið er gert ráð fyrir þeim kostnaði?
10. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við þá starfslokasamninga sem gerðir hafa verið við forstjóra Byggðastofnunar og getið er um í svari ráðherra á þskj. 1001 á 128. löggjafarþingi?
11. Má gera ráð fyrir frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara starfslokasamninga?
12. Var ákvörðun um þessa starfslokasamninga tekin af stjórn Byggðastofnunar, í samráði við hana eða var hún alfarið á ábyrgð ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

71. Fyrirspurn [71. mál]

til forsætisráðherra um hús skáldsins á Gljúfrasteini.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað líður stofnun safns um Halldór Laxness á Gljúfrasteini? Hvernig verður háttað samstarfi þess og væntanlegs fræðaseturs á vegum Mosfellsbæjar?
2. Hvernig hefur umsjón með eigninni á Gljúfrasteini verið háttað frá afhendingunni 21. apríl 2002?
3. Hefur húseignin verið nýtt með einhverjum hætti á vegum forsætisráðuneytisins frá apríl 2002 eða öðrum verið heimiluð afnot af henni?
4. Hver varðveitir bókasafn Halldórs Laxness, handrit hans og minnisbækur sem Auður Laxness gaf íslenska ríkinu? Hvernig er háttað umsjón þeirra, flokkun og skráningu?

72. Fyrirspurn [72. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað er fram undan í uppbyggingu hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu, hversu mörg hjúkrunarrúm bætast við á þessu ári og því næsta? Hver er raunfjölgunin þegar þau verða komin í gagnið?
2. Hve mikið fjölgaði hjúkrunarrýmum í raun á síðasta kjörtímabili?
3. Hversu margir bíða nú eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu?

73. Fyrirspurn [73. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kynningu á sjúklingatryggingu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hafa lögin um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, og réttindi samkvæmt þeim verið kynnt annars vegar heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar sjúklingum?

74. Fyrirspurn [74. mál]

til samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ferðaþjónustu hér á landi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif hvalveiðar okkar hafa haft á ferðaþjónustu hér á landi eða hver áætluð áhrif þeirra verði á hana?
2. Áformar ráðherra að bregðast við neikvæðum áhrifum veiðanna á atvinnugreinina með kynningarátaki eða á annan hátt?

75. Fyrirspurn [75. mál]

til félagsmálaráðherra um búsetumál fatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir fatlaðir eru nú á biðlistum eftir sambýlum, skipt eftir svæðisskrifstofum?
2. Hve margir hafa bæst í hóp þeirra sem bíða eftir sambýlum (nýliðun), skipt eftir svæðisskrifstofum, frá því að starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins skilaði niðurstöðu um biðlista eftir þjónustu í nóvember árið 2000?
3. Hvað er áætlað að opna þurfi mörg ný heimili á árunum 2004 og 2005, skipt eftir svæðisskrifstofum, til að tillögur biðlistanefndar frá nóvember 2000 komist til framkvæmda og hver er áætluð staða biðlista í árslok 2005 að viðbættri nýliðun frá árinu 2000 og áætlaðri nýliðun fram til ársloka 2005?
4. Hve mikið fé þarf til að koma á fót nýjum sambýlum á árunum 2004 og 2005 í samræmi við niðurstöðu biðlistanefndar frá árinu 2000 annars vegar og hins vegar að viðbættri nýliðun fram til ársloka 2005?
5. Hve mikið af þeirri fjölgun sem orðið hefur á nýjum rýmum á sambýlum á árunum 2001–2003 að viðbættum áformum fyrir árið 2004 stafar af rýmum sem nýtt eru til að skapa betri aðstæður fyrir þá sem fyrir eru og hve mörg eru vegna einstaklinga sem ekki hafa verið áður á sambýlum?
6. Hversu mikið hefur rýmum fyrir skammtímavistun fjölgað árlega frá árinu 2000 og hver er þörfin, skipt eftir svæðisskrifstofum?

7. Hve margir þeirra sem búa sjálfstætt eru með frekari liðveislu, hver hefur aukningin orðið frá árinu 2000 og hve margir bíða nú eftir frekari liðveislu?

Skriflegt svar óskast.

76. Fyrirspurn [76. mál]

til forsætisráðherra um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi heildstæðrar og samræmdrar opinberrar stefnumótunar í málefnum barna og unglinga, en samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 2001 átti að leggja framkvæmdaáætlun um slíka stefnu fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi árið 2002?
2. Hvenær verður framkvæmdaáætlun lögð fyrir Alþingi og hverjar eru helstu tillögur að opinberri stefnumótun í málefnum barna og unglinga?

77. Fyrirspurn [77. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun tekjuskattsstofns skv. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir hafa árlega sl. þrjú ár fengið tekjuskattsstofn lækkaðan skv. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skipt eftir töluliðum 1. mgr., og um hve háar fjárhæðir er að ræða hjá einstaklingum að meðaltali og fyrir ríkissjóð eftir hverjum tölulið? Óskað er eftir að tilgreind verði helstu skilyrði fyrir lækkun tekjuskattsstofns samkvæmt hverjum tölulið fyrir sig.
2. Hvert er mat ráðherra og ríkisskattstjóra á framkvæmd þessa ákvæðis skattalaganna og þykir þeim ástæða til þess í ljósi reynslunnar að rýmka það eða gera aðrar breytingar á verklagsreglum? Óskað er eftir mati þessara aðila á hverjum tölulið fyrir sig, sérstaklega hvort ástæða þyki til að rýmka heimildir til lækkunar tekjuskattsstofns þegar um er að ræða veikindi eða langvinna sjúkdóma og hvort, og þá að hve miklu leyti, tekið er tillit til mikilla útgjalda heimila vegna tannlækninga.
3. Er fyllilega gætt samræmis í ákvörðunum skattstjóra við framkvæmd á 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurstöðu ráðherranefndar um fátækt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er niðurstaðan af starfi ráðherranefndar um fátækt sem skipuð var að tilhlutan fyrrverandi félagsmálaráðherra og hafði það verkefni að skilgreina vandann sem við er að etja vegna fátæktar og finna leiðir til úrbóta?
2. Hverjir eiga sæti í ráðherranefndinni, hve marga fundi hefur hún haldið og til hvaða aðila hefur nefndin leitað vegna samráðs og upplýsinga í starfi sínu?
3. Hver er skoðun ráðherra á stöðu fátækra, telur ráðherra að grípa þurfi þegar til sérstakra aðgerða til að bæta kjör þeirra og þá hvaða aðgerða?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til utanríkisráðherra um borgaralega friðargæslu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvernig rökstyður ráðherra þá ákvörðun að reikna þátttöku Íslands í borgaralegri friðargæslu sem framlag landsins til þróunarsamvinnu?

Skriflegt svar óskast.

80. Fyrirspurn [80. mál]

til félagsmálaráðherra um Fæðingarorlofssjóð.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við fjárþurrð Fæðingarorlofssjóðs?

81. Fyrirspurn [81. mál]

til heilbrigðisráðherra um óhefðbundnar lækningar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði um óhefðbundnar lækningar? Hvaða verkefni hefur hún tekið fyrir? Hvenær má vænta niðurstöðu nefndarinnar?

82. Fyrirspurn [82. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hafrannsóknir á Svalbarða.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hefur verið skoðað hvort Ísland hafi hagsmuni af að vera aðili að hafrannsóknastofnuninni sem verið er að koma á laggir í Ny-Ålesund á Svalbarða eins og fjölmörg önnur lönd?

83. Fyrirspurn [83. mál]

til dómsmálaráðherra um skyndirannsóknir lögreglu á myndbandaleigum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve oft hefur lögregla gert skyndirannsóknir (rassíur) á myndbandaleigum sl. tvö ár?
2. Hve margar myndbandaleigur hefur lögregla rannsakað og í hvaða sveitarfélögum?
3. Hve mikið af ólöglegu myndbandsefni hefur verið gert upptækt?
4. Hvers eðlis hefur þetta efni verið?

Skriflegt svar óskast.

84. Fyrirspurn [84. mál]

til utanríkisráðherra um upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver eru rökin fyrir því að leggja niður upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn og flytja verkefni hennar undir upplýsingaskrifstofu ESB í Brussel?
2. Hefur þessi flutningur breytingar í för með sér fyrir EES-löndin?
3. Mun Ísland áfram kosta stöðugildi á upplýsingaskrifstofunni?

85. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur skulu vera í samræmi við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Íslenskri ættleiðingu skal falið að meta þær umsóknir sem berast og skulu styrkir greiddir eftir að barn er komið til landsins.

Greinargerð.

Það er ljóst að ekki geta allir eignast börn á hefðbundinn hátt. Ástæður þessa geta verið margvíslegar en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða áhrif það getur haft á fólk sem á sér engan draum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár hafa læknavísindin hjálpað mjög mörgum til barneigna með glasafrjóvgun. Sú aðferð dugar þó ekki öllum, og oft lukkast hún ekki. Kostur þeirra fjölskyldna þar sem svo háttar til er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi en afar fá slík tilvik eru á ári hverju. Jafnframt eiga sumir kost á að taka fósturbörn en það er langt í frá að allir foreldrar treysti sér í það þar sem oft er um að ræða þung og erfið barnaverndarmál. Í mun fleiri tilvikum hefur verið um að ræða ættleiðingu frá útlöndum. Á undanförnum árum og áratugum hafa allmargar íslenskar fjölskyldur nýtt sér þann möguleika. Sem dæmi má nefna að allmörg börn voru á sínum tíma ættleidd frá Sri Lanka og Indónesíu og undanfarið hafa fjölmörg börn verið ættleidd frá Indlandi. Nýlega gafst kostur á ættleiðingu frá Kína. Þau lönd sem nú eru formleg tengsl við í þessu sambandi eru Indland, Kína, Kólumbía og Taíland. Mikilvægt er líka að reyna að leita fleiri leiða til ættleiðingar. Ættleidd hafa verið á bilinu 15–24 börn á ári að jafnaði, alls um 400 börn.

Kostnaður við ættleiðingu er mismunandi eftir löndum. Greiða þarf uppihald barnsins, lögfræði- og dómskostnað og ferðakostnað en væntanlegir kjörforeldrar fara oftast sjálfir til að sækja barn sitt. Þó býður félagið Íslensk ættleiðing upp á þjónustu á þessu sviði ef væntanlegir kjörforeldrar treysta sér ekki í slík ferðalög. Ekki er fjarri lagi að ætla að lágmarkskostnaður sé um 1 millj. kr. fyrir hverja fjölskyldu/einstakling vegna þessa. Þá fjármuni þurfa foreldrar að reiða fram á skömmum tíma. Mikilvægt er því að gefa kost á ferðastyrkjum til þess að tryggja að fólk úr öllum þjóðfélagshópum, en ekki einungis hinir efnameiri, hafi möguleika á því að ættleiða börn að utan.

Mikilvægt er líka að hafa í huga að á sama tíma og þátttaka ríkisins mundi koma til hvað varðar kostnað við ættleiðingar sem sjálfsagður og eðlilegur hluti samtryggingar og velferðar, er hún jafnframt framlag okkar til þess að bæta aðstæður barna í fátækum löndum, sem annars bíður í mörgum tilvikum ekki annað en sár fátækt og stofnanavist til langframa. Þannig leggjum við af mörkum þann mikilvæga skerf að bæta hag margra barna sem búa við erfiðar aðstæður, þótt það liggi ekki endilega til grundvallar óskum foreldra um að ættleiða börn frá útlöndum, þar ræður fyrst og fremst þráin eftir að eignast barn og annast það sem sitt eigið.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn um ættleiðingar frá útlöndum og hvernig þeim væri háttað annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom m.a. fram í svari dómsmálaráðherra:

a. Að samkvæmt upplýsingum frá félaginu Íslenskri ættleiðingu eiga kjörforeldrar sem fá börn til ættleiðingar frá öðrum löndum ekki kost á styrkjum vegna ættleiðingarinnar úr ríkissjóði.
b. Að samkvæmt upplýsingum sem gefnar eru á heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, svo og samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu, fá kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá öðrum ríkjum fjárstyrki vegna ættleiðinganna fyrir hvert barn sem hér segir:

Danmörk: Árið 2001: 36.154 danskar kr.
Árið 2003: 38.138 danskar kr.
Finnland: Árið 2003: 1.900–4.500 evrur eftir því frá hvaða landi barnið er ættleitt.
Noregur: Árið 2002: 22.500 norskar kr.
Árið 2003: 23.400 norskar kr.
Svíþjóð: Árið 2002: 40.000 sænskar kr. (í október).

Hér er því um að ræða styrki sem nema 170–400 þús. ísl. kr. eftir því hvaðan er ættleitt.

Jafnframt var spurt um ýmsar skattívilnanir og hvort slíkir möguleikar væru fyrir hendi hér.

Í svari ríkisskattstjóra kemur eftirfarandi fram:

„1. Í skattalöggjöf og skattframkvæmd er réttarstaða ættleiddra barna öldungis sú sama og barna sem fæðast inn í fjölskyldu.

Þannig eru greiddar barnabætur til kjörforeldra frá og með því ári þegar ættleiðing á sér stað og til fulls 16 ára aldurs barnsins.

Reglur um ívilnun í skatti á grundvelli þeirra ákvæða 66. gr. laga nr. 75/1981 [nú l. nr. 90/2003] er varða börn taka til ættleiddra barna á sama hátt og annarra barna, þ.e. ef barn er háð langvinnum sjúkdómi eða fötlun eða foreldri ber kostnað vegna náms þess eftir að það nær 16 ára aldri.

Ekki er nein heimild í lögum til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar barns erlendis frá.

Gerð var sérstök athugun á viðhorfum skattyfirvalda til slíkra mála og á skattframkvæmd þeirra fyrir nokkrum árum. Liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis vegna þessa. Var það niðurstaðan að skattaívilnun væri ekki veitt á grundvelli þess að foreldrar bæru kostnað við ættleiðingu. Slíkt samrýmdist ekki lögum. Fram kom við umrædda athugun að til voru dæmi úr skattframkvæmd um hið gagnstæða þannig að skattstjóri virtist hafa ívilnað í skattstofnum vegna ættleiðingar en talið var að þar hefði ekki rétt verið staðið að málum.

2. Lausleg athugun af hálfu ríkisskattstjóra á lögum og reglum í nágrannaríkjunum sem varða skattaleg viðhorf til ættleiðingar leiðir í ljós að þar virðast ekki vera fyrir hendi heimildir til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar við ákvörðun skatta. Uppbygging skattkerfanna á Norðurlöndunum er nokkuð svipuð frá landi til lands og virtust skattaleg viðhorf keimlík því sem áður greinir um reglur á Íslandi. Á það er að líta í þessu samhengi að félagsleg kerfi í öðrum norrænum ríkjum eru nokkuð frábrugðin hinu íslenska að því er varðar tilvik sem snerta félagslegar greiðslur, bætur, styrki, niðurgreiðslu og þátttöku í kostnaði. Hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum taki hið opinbera þátt í að hliðra til fyrir ættleiðingum í formi slíkrar fyrirgreiðslu. Skattlagning þannig tekna og tekjuígildis frá félagslegum aðilum til fjölskyldna er síðan með ýmsu móti í þessum ríkjum. Í fljótu bragði var þó ekki fundið að gert væri ráð fyrir sérmeðferð einhverra bóta er tengdust ættleiðingum.“

Af framansögðu má vera ljóst að við skerum okkur úr hvað varðar ferðastyrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Finnar hafa nýlega gengið frá reglum um slíka styrki og þá erum við ein Norðurlandaþjóða eftir. Því er brýnt að dómsmálaráðherra setji sem allra fyrst reglur þar að lútandi, en feli jafnframt Íslenski ættleiðingu að meta umsóknir. Mikilvægt er að reglur séu skýrar og gegnsæjar.

Ýmis verkalýðsfélög hafa látið sig þetta mál varða og sum stéttarfélög greiða styrki í tengslum við ættleiðingar, þó ekki þannig að um samræmdar reglur sé að ræða milli hinna ýmsu félaga.

Nýlega ályktaði Verkalýðsfélag Húsavíkur eftirfarandi og sendi jafnframt eftirfarandi bréf til alþingismanna:

„Um leið og Verkalýðsfélag Húsavíkur óskar nýkjörnum þingmönnum velfarnaðar í starfi á komandi árum vill félagið benda á ályktun og greinargerð um stöðu fólks sem ættleiða vill börn og samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins. Með ályktuninni vonast félagið til að hægt verði að opna augu ráðamanna fyrir því óréttlæti sem viðgengst gagnvart þeim sem vilja ættleiða börn. Í flestum tilvikum er um að ræða verulega háar fjárhæðir sem fólk, ekki síst verkafólk, á mjög erfitt með að standa straum af. Það er von félagsins að þingmenn taki málið upp á Alþingi í haust með það að markmiði að jafna aðstöðu fólks í þessari stöðu, við aðstöðu þeirra sem eignast börn eftir hefðbundnari leiðum."

Ályktunin var svohljóðandi:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur stjórnmálaflokkana sem bjóða fram til Alþingis og væntanlega alþingismenn til að tryggja að bætt verði aðstaða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna – eins og eðlilegt er – en engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrannalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglaunafólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis – ef það á að rísa undir nafni.

Um leið skorar félagið á önnur verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands að beita sér í málinu og jafna jafnframt rétt fólks til greiðslu úr sjúkrasjóðum, hvort sem um er að ræða tæknifrjóvgun eða ættleiðingu frá útlöndum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur 2. maí 2003."

86. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um skipan opinberrar nefndar um öryggi og varnir Íslands.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa skuli níu manna nefnd til þess að gera úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í heiminum frá lokum kalda stríðsins. Nefndarmenn verði níu og tilnefndir af þingflokkum í samræmi við þingstyrk hvers flokks, þó þannig að hver þingflokkur eigi minnst einn fulltrúa í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að gera úttekt á stöðu Íslands á alþjóðlegum vettvangi og skilgreina þá vá sem kann að steðja að landinu, hvort sem er óbeint af völdum hernaðar annarra ríkja, af hugsanlegum árásum annarra ríkja, af völdum hryðjuverka eða af annars konar ógnum, svo sem mengunarslysum.
2. Að kanna hvernig sams konar úttekt hefur farið fram í nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi og á Írlandi, með það fyrir augum að nýta það sem vel er gert. Nefndin kalli til sérfræðinga á sviði utanríkismála eftir því sem þörf þykir.
3. Að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum, þ.e. gildi varnarsamningsins, hlutverk Íslands í Atlantshafsbandalaginu og hlutverk Íslands í Sameinuðu þjóðunum. Sérstaklega verði fjallað um sögulega arfleifð Íslendinga sem þátttakenda í samstarfi á alþjóðavettvangi og hvert framlag Íslendinga til þjóðaréttar og alþjóðasamfélagsins skuli vera í því ljósi.
4. Að gera tillögur um ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi landsins.

Nefndin skili niðurstöðum sínum innan árs frá samþykkt þessarar tillögu með skýrslu til Alþingis. Nefndin ráði til sín starfsmann sem jafnframt sé nefndarritari.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt miðast að því að skapa þverpólitíska sátt um það hvernig öryggis- og varnarmálum Íslands verði best háttað. Flutningsmenn telja það skilyrði þess að slík umræða verði með upplýstum og uppbyggilegum hætti að nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi taki til starfa og skili niðurstöðum sínum í skýrslu til löggjafans.

Sjálfstæð og framsýn utanríkisstefna á sviði varnar- og öryggismála þarf að taka mið af nýjum ógnum og hættum sem að Íslendingum kunna að steðja í breyttri veröld. Hún verður einnig að vera í samræmi við önnur meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu, t.d. á sviði viðskipta, menningar og þróunarsamvinnu.

Árið 1979, fyrir tæpum aldarfjórðungi, skipaði ríkisstjórn Íslands öryggismálanefnd, með fulltrúum allra þingflokka. Í skýrslu um utanríkismál frá sama ári segir að verkefni nefndarinnar verði „að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins“. Nefndinni var falið að gera ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar. Öryggismálanefnd starfaði í tólf ár og í henni sátu átta menn tilnefndir af þingflokkunum, auk þess sem nefndin hafði starfsmenn. Á hennar vegum voru gefin út ein 20 rit um öryggis- og varnarmál.

Á undanförnum áratug hafa verið gefnar út skýrslur um ákveðin viðfangsefni Íslands í utanríkismálum. Þannig skilaði sérstök nefnd um öryggis- og varnarmál skýrslu til utanríkisráðherra árið 1993 eftir að hafa starfað í tæpt ár. Sú nefnd var hins vegar eingöngu skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. Þá hafa á liðnum átta árum starfað sérstakar nefndir á vegum utanríkisráðuneytisins um tiltekin viðfangsefni, t.d. um áhrif hnattvæðingarinnar og þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að fullt tilefni sé til þess að skipa aðra slíka nefnd með þátttöku allra þingflokka, þverpólitíska nefnd sem rannsakar og metur stöðu Íslands með tilliti til öryggis landsins og varnarþarfa. Með slíku samstarfi skapast grundvöllur almennrar umræðu í samfélaginu og með því væri stigið skref í átt frá átakahefð íslenskra stjórnmála í átt til samræðu og sátta um utanríkismál.

Gildi þess að rannsaka og meta stöðu okkar í breyttum heimi er augljóst. Hvert sem litið er blasa verkefnin við. Almennt má segja að fólk sé enn að átta sig á afleiðingum loka kalda

stríðsins, á nýjum ógnum, t.d. vegna hryðjuverka, á gjörbreyttum valdahlutföllum á alþjóðavettvangi og, að því er virðist, minnkandi gildi hernaðarbandalaga og vaxandi vægi viðskiptasamninga, að ógleymdum öðrum samskiptum ríkja, m.a. á sviði menningar.

Á næstu árum mun stækkun Atlantshafsbandalagsins og stækkun Evrópusambandsins hafa mikil áhrif á stöðu okkar og hagsmunavörslu gagnvart vinaþjóðum í vestri og austri. Um leið og NATO stækkar í austur verður staða okkar á vesturjaðri Evrópu sýnilegri og ef til vill erfiðari við að eiga, en eins og kunnugt er hefur aðgerðastjórn Bandaríkjaflota á austanverðu Atlantshafi og þar með yfirstjórn aðgerða á Íslandi, Grænlandi og Azoreyjum verið flutt frá Norfolk í Bandaríkjunum til Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi.

Samningaviðræður við bandarísk stjórnvöld um starfsemi hersins á Keflavíkurflugvelli standa nú yfir. Bandaríkjastjórn hefur gert kröfu um að draga úr viðbúnaði í Keflavík. Um framkvæmd varnarsamningsins ríkir óvissa en ljóst er að breytingar eru fyrirsjáanlegar á viðbúnaði Bandaríkjahers hér á landi í náinni framtíð.

Einnig er full ástæða til þess fyrir nefndina að skoða stöðu Atlantshafsbandalagsins í ljósi hlutverks þess í deilum og átökum umliðinna missira. NATO virðist skipta minna máli en áður á alþjóðlegum vettvangi. Það gegndi hvorki hlutverki í stríðinu í Afganistan né í Írak. Í baráttunni gegn margs konar hryðjuverkahópum virðist hlutverk þess vera óljóst. Atlantshafsbandalagið er ekki sterk stofnun sem slík en auðvitað standa að því gífurlega sterk herveldi. Þá virðist öryggis- og varnarstoð Evrópusambandsins enn sem komið er aðallega gegna táknrænu hlutverki. Aðildarríkjunum hefur reynst erfitt að koma á fót 60 þúsund manna hraðliði þrátt fyrir samkomulag þar um.

Staða Íslands í þessari deiglu er staða herlauss lands á jaðri Evrópu. Hún virðist veik en í henni felast jafnframt tækifæri, jafnt í sérstöðu okkar sem í hefðbundnu samstarfi og einnig á nýjum sviðum og í fjarlægum heimsálfum.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna markar tímamót í stjórnmálasögu okkar og samskiptum við önnur lönd. Undirbúningur er hafinn og ljóst að eigi sætið að nást þarf að halda vel á málum. Framboð sem þetta krefst þó ekki síður málefnalegs undirbúnings. Sterkt framboð byggist á trúverðugri og traustri utanríkisstefnu. Ísland hefur margt fram að færa á alþjóðlegum vettvangi, utan það sem segir sig sjálft, að vera herlaust smáríki, eiga aðild að NATO og vera eitt af auðugustu löndum heims. Þess vegna er nauðsynlegt að utanríkisstefnan í heild sinni sé hvort tveggja í senn metnaðarfull og raunsæ. Önnur ríki munu að öllum líkindum spyrja um framlög Íslands til þróunarsamvinnu, um umhverfisvernd, um aðstoð við flóttamenn, um viðhorf til frjálsrar verslunar og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um atkvæðagreiðslur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og framlög til stofnana þeirra. Þetta þarf nefndin að hafa hugfast við störf sín.

Á umliðnum missirum hefur áhersla verið lögð á þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum. Það er mat flutningsmanna að gera þurfi skýran greinarmun á friðargæsluverkefnum, sem eru í raun verkefni herliðs, og svo uppbyggingarstarfi í kjölfar ófriðar. Fjöldi frjálsra félagasamtaka um allan heim starfar að mannúðarmálum með ýmsum hætti. Samtök eins og Rauði krossinn eru sérhæfð í að veita neyðaraðstoð á átakasvæðum eða eftir náttúruhamfarir. Aðrar stofnanir, t.d. Sameinuðu þjóðirnar og þróunarsamvinnustofnanir ýmissa landa, eru best til þess fallnar að skipuleggja og standa fyrir uppbyggingarstarfi á sviði menntunar, heilsugæslu og annarra verkefni sem miða að því að styrkja innviði samfélags að loknum átökum.

Skilgreina þarf verkefni Íslensku friðargæslunnar betur og marka stefnu sem tekur tillit til annarrar starfsemi íslenska ríkisins og íslenskra mannúðarsamtaka erlendis. Breyta þarf þeim hugsunarhætti að Íslendingar séu aðeins að gera eitthvað af því það er þrýstingur er-

lendis frá á að Íslendingar leggi sitt af mörkum, t.d. á vettvangi NATO. Við eigum sjálf að hafa frumkvæði að aðgerðum í samræmi við stefnu okkar og markmið.

Til þess að treysta öryggi landsins á nýrri öld er ekki nóg að einblína á landvarnir eða hernaðarmátt. Vesturlandabúar eiga mikilla hagsmuna að gæta þegar kemur að því að draga úr fátækt í heiminum og minnka hina gríðarlegu misskiptingu tekna og auðlinda sem við blasir í upphafi 21. aldar. Því er það einnig verkefni okkar á Íslandi að skilgreina þær ógnir sem að landinu kunna að steðja, ekki bara í ljósi hefðbundinnar herfræði, heldur einnig í ljósi þeirra ógna sem kunna að felast í umhverfisslysum, náttúruhamförum og síðast en ekki síst í afleiðingum örbirgðarinnar sem stór hluti mannkyns má búa við.

Eins og hér hefur verið rakið hefur öryggishugtakið ekki aðeins hernaðarlega þýðingu. Þekking á stöðu efnahagsmála, umhverfismála, mannréttinda og þjóðfrelsisbaráttu minnihlutahópa víða um heim og áhrifum þeirra á öryggi okkar í viðsjárverðum heimi er ekki síður nauðsynleg. Hið sama má segja um áhrif glæpastarfsemi sem teygir anga sína um allt, svo sem ólöglega vopna- og eiturlyfjasölu og ekki síður verslun með konur og börn til kynlífsþrælkunar.

Hinn almenni borgari á Vesturlöndum kann að óttast fyrirvaralausar árásir hryðjuverkahópa og ekki að ástæðulausu. Hryðjuverkaárásirnar á New York og Washington 2001 afhjúpuðu varnarleysi okkar gagnvart slíkum ódæðisverkum. Þær hafa einnig leitt okkur fyrir sjónir að órói, átök og kúgun í fjarlægum löndum, svo ekki sé talað um gamlar syndir stórveldanna, geta haft bein áhrif á öryggi okkar og lífsafkomu í dag. Öryggi okkar sem almennra borgara grundvallast ekki síst á því að búa við félagslegt réttlæti, frelsi og virðingu fyrir mannréttindum. Þetta þarf einnig að hafa hugfast þegar hugað er að öryggi Íslands og stöðu landsins í alþjóðasamfélaginu.

Það er löngu tímabært að skoða öryggismál í mun víðara samhengi en gert hefur verið. Öryggismál Íslands snúast ekki eingöngu um það hvort hér séu táknrænar varnir heldur einnig hvað Íslendingar sjálfir geta lagt af mörkum. Það þarf að sýna frumkvæði sem byggist á vel ígrundaðri utanríkisstefnu. Þverpólitísk nefnd um öryggismál sem fengi það verkefni að meta stöðu Íslands í upphafi 21. aldarinnar væri mikilvægt skref í rétta átt. Slíkt starf gæti stuðlað að opinni umræðu um þessi mál og vakið fleiri til vitundar um mikilvægi þeirra.

87. Frumvarp til fjáraukalaga [87. mál]

fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. 1. gr. laga nr. 58/2003, samkvæmt nánari skiptingu í sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**774,9**	**657,4**
Skattar á tekjur og hagnað	-650,0	-559,0
Tryggingagjöld	-621,9	-601,9
Eignarskattar	0,0	0,0
Skattar á vörur og þjónustu	2.745,9	2.517,4
Aðrir skattar	-699,1	-699,1
Aðrar rekstrartekjur	2.271,5	1.271,5
Sala eigna	0,0	0,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**3.046,4**	**1.928,9**
Æðsta stjórn ríkisins	21,3	21,3
Forsætisráðuneyti	132,6	132,6
Menntamálaráðuneyti	1.062,8	1.062,8
Utanríkisráðuneyti	372,2	372,2
Landbúnaðarráðuneyti	206,7	206,7
Sjávarútvegsráðuneyti	20,0	20,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	168,4	168,4
Félagsmálaráðuneyti	1.453,6	1.453,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.305,9	2.305,9
Fjármálaráðuneyti	1.245,7	1.245,7
Samgönguráðuneyti	485,6	485,6
Iðnaðarráðuneyti	64,5	64,5
Viðskiptaráðuneyti	-12,2	-12,2
Hagstofa Íslands	12,2	12,2
Umhverfisráðuneyti	925,0	925,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-430,0	-1.065,0
Gjöld samtals	**8.034,3**	**7.399,3**
Tekjujöfnuður	**-4.987,9**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. 2. gr. laga nr. 58/2003:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-4.987,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-365,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-117,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	0,0
Handbært fé frá rekstri	**-5.470,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-2.050,0
Veitt löng lán	530,0
Afborganir veittra lána	2.780,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	2,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-230,0
Fjármunahreyfingar samtals	**1.032,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-4.438,4**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	1.600,0
Afborganir lána	400,0
Fjármögnun samtals	**2.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**-2.438,4**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2003:

1. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 21.600 m.kr.

2. Á 2. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 5.890 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.290 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 4.300 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 3.900 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 500 m.kr.“ í lið 2.2 kemur: allt að 300 m.kr.

3. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 21.500 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 20.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 34.350 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 47.762 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 12.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 12.150 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 8.320 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 9.385 m.kr.
   e. Í stað orðanna „allt að 9.740 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 6.110 m.kr.
   f. Í stað orðanna „allt að 1.600 m.kr.“ í lið 3.6 kemur: allt að 1.700 m.kr.
   g. Í stað orðanna „allt að 2.500 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 2.887 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2003:

Nýir liðir:

2.25 Að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík.
2.26 Að selja fasteign Vegagerðarinnar við Dufþaksbraut 10 á Hellu og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.

3.31 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Fossheiði 54 á Selfossi.
3.32 Að selja eignarhlut ríkisins í Aðalgötu 10, Súðavík.

6.37 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir hæfingarstöð fatlaðra á Egilsstöðum.
6.38 Að kaupa fasteign til afnota fyrir líknarfélagið Byrgið.
6.39 Að kaupa eða leigja íbúðarhúsnæði fyrir fatlaða á Ísafirði.
6.40 Að kaupa hluta fasteignar við Mánabraut 20, Akranesi.

7.16 Að ráðstafa eignum Skráningarstofunnar hf. við slit á félaginu.
7.17 Að leggja fram viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. að andvirði 75 m.kr.
7.18 Að kaupa hlutafé Sementsverksmiðjunnar hf. í fyrirtækjunum Speli hf. og Geca hf.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-1.000,0	-960,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-60,0	-60,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	500,0	485,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-560,0**	**-535,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-350,0	-294,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	260,0	270,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**-650,0**	**-559,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	40,0	40,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-677,7	-657,4
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	15,8	15,5
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**-621,9**	**-601,9**
	Tryggingagjöld	**-621,9**	**-601,9**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	0,9	0,9
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	1.700,0	1.632,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	800,0	800,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	13,0	13,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	36,0	36,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-140,4	-305,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-300,0	-300,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	350,0	350,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	220,0	220,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**2.678,6**	**2.445,7**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	55,0	59,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	12,3	12,3
	Neyslu- og leyfisgjöld	**67,3**	**71,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**2.745,9**	**2.517,4**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-700,0	-700,0
	Skatttekjur, samtals	**774,9**	**657,4**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-49,0	-49,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.613,0	1.613,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.564,0**	**1.564,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.000,0	0,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-180,0	-180,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-170,0	-170,0
	Aðrar eignatekjur	**650,0**	**-350,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**2.214,0**	**1.214,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	-12,2	-12,2
9.1.3.20	Prófgjöld	5,9	5,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	45,7	45,7
9.1.3.35	Ýmislegt	18,1	18,1
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**57,5**	**57,5**
	Ýmsar tekjur	**57,5**	**57,5**

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
Aðrar rekstrartekjur, samtals	**2.271,5**	**1.271,5**
Heildartekjur samtals	**3.046,4**	**1.928,9**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,3

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **21,3**
Greitt úr ríkissjóði **21,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Efnahagsrannsóknir	15,0
1.90 Ýmis verkefni	20,0
Almennur rekstur samtals	35,0
Gjöld samtals	**35,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,0

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:	
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	75,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	22,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,6

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**132,6**
Greitt úr ríkissjóði	**132,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Bygginga- og tækjasjóður	24,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	24,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.91 Háskólar, óskipt	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.13 Forfallakennsla	70,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	483,0
Almennur rekstur samtals	553,0
Gjöld samtals	**553,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	553,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Stofnkostnaður:	
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	11,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,7
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbætur menningarstofnana	134,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	134,0
02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.10 Kvikmyndasjóður	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0
02-982 Listir, framlög	
Almennur rekstur:	
1.90 Listir	10,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1
02-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.13 Útvarpsréttarnefnd	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.062,8**
Greitt úr ríkissjóði	**904,8**
Innheimt af ríkistekjum	**158,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 16,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,2

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 306,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 306,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.87 Íslensk friðargæsla 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **372,2**
Greitt úr ríkissjóði **372,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.90 Fyrirhleðslur	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	2,8
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	3,9
Almennur rekstur samtals	6,7
Gjöld samtals	**6,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,7

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:	
1.15 Úrelding sláturhúsa	170,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**206,7**
Greitt úr ríkissjóði	**206,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs ..... -5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur **20,0**
Greitt úr ríkissjóði **20,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 4,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,4

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 12,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,0

Gjöld samtals **27,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,2

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 22,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,3

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 2,4

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 8,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins 20,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
06-701 Þjóðkirkjan	
Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	45,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,8
06-707 Kristnisjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	3,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,3
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**168,4**
Greitt úr ríkissjóði	**168,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:
1.01 Barnaverndarráð ..... -8,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,4

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,5

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 6,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 34,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,0

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 3,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,4

m.kr.

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 300,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 300,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 1.100,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.100,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.44 Byrgið, líknarfélag 12,3
1.90 Ýmis framlög 5,3
Almennur rekstur samtals 17,6

Gjöld samtals **17,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,6

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.453,6**
Greitt úr ríkissjóði **53,6**
Innheimt af ríkistekjum **1.400,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,6

08-204 Lífeyristryggingar

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 674,7
Innheimt af ríkistekjum ..... -674,7

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Lækniskostnaður 5,0
1.15 Lyf 160,0
1.21 Hjálpartæki 270,0
Almennur rekstur samtals 435,0

Gjöld samtals **435,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 435,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna 40,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.30 Slysavarnaráð	-0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,3

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	54,1
1.90 Forvarnasjóður	35,0
Almennur rekstur samtals	89,1
Gjöld samtals	**89,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,1
Innheimt af ríkistekjum	35,0

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:	
1.01 Manneldisráð	-8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,8

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	100,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	3,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,7

	m.kr.
6.50 Nýbygging	1,8
Stofnkostnaður samtals	11,5
Gjöld samtals	**115,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,2

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	977,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	212,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Nýframkvæmdir	45,0
Gjöld samtals	**1.234,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.234,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	100,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	41,1
Gjöld samtals	**141,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,1

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	3,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	3,1

	m.kr.
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	210,3
Stofnkostnaður samtals	213,4
Gjöld samtals	**216,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,9

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	2,3
1.53 Tóbaksvarnir	-28,0
1.90 Ýmis framlög	-13,0
Almennur rekstur samtals	-38,7
Gjöld samtals	**-38,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-38,7

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	4,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,4
Gjöld samtals	**9,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,2

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	19,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3

m.kr.

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð ..... -4,0
1.90 Forvarnasjóður ..... -35,0
Almennur rekstur samtals ..... -39,0

Gjöld samtals ..... **-39,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -35,0

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 8,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,8

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.305,9**
Greitt úr ríkissjóði **2.940,6**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-634,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 70,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,4
Innheimt af ríkistekjum 34,6

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 270,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 270,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 600,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 600,0

m.kr.

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 15,2

Gjöld umfram tekjur **15,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,2

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 170,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 20,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,5
1.60 Dómkröfur 40,0
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd 5,0
Almennur rekstur samtals 68,5

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins 18,0

Gjöld samtals **86,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,5

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.245,7**
Greitt úr ríkissjóði **1.211,1**
Innheimt af ríkistekjum **34,6**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Staðsetningarkerfi	12,0
1.34 Flugskóli Íslands	12,3
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narsarsuaq á Grænlandi	12,5
Almennur rekstur samtals	36,8
Gjöld samtals	**36,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,8

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	37,9
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	283,1
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	-1,4
Almennur rekstur samtals	319,6
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	261,7
5.10 Viðhald	160,1
Viðhaldsverkefni samtals	421,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	-343,0
6.21 Landsvegir	-0,5
6.40 Tilraunir	1,8
6.43 Safnvegir	0,4

	m.kr.
6.45 Styrkvegir	-0,2
6.47 Reiðvegir	0,1
Stofnkostnaður samtals	-341,4
Gjöld samtals	**400,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	400,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	10,0
1.11 Rekstur strandarstöðva	14,4
Almennur rekstur samtals	24,4
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	-17,5
Gjöld samtals	**6,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,5
Innheimt af ríkistekjum	-106,6

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	191,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Flugvellir, viðhald	75,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Flugvellir, framkvæmdir	-5,1
Gjöld samtals	**261,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-226,8
Gjöld umfram tekjur	**34,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-16,8
Innheimt af ríkistekjum	51,7

	m.kr.
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**485,6**
Greitt úr ríkissjóði	**540,5**
Innheimt af ríkistekjum	**-54,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -1,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,6

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 13,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,4

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -4,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,8

	m.kr.
11-399 Ýmis orkumál	
Almennur rekstur:	
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið	41,5
1.21 Nýskipan orkumála	6,0
Almennur rekstur samtals	47,5
Gjöld samtals	**47,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**64,5**
Greitt úr ríkissjóði	**64,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa ..... -9,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,5

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun ..... -2,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,7

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-12,2**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-12,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-19,4
1.50 Þjóðskráin	31,6
Almennur rekstur samtals	12,2
Gjöld samtals	**12,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,7
Innheimt af ríkistekjum	-16,5
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**12,2**
Greitt úr ríkissjóði	**28,7**
Innheimt af ríkistekjum	**-16,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-11,1
1.10 Eyðing spilliefna	-151,7
Almennur rekstur samtals	-162,8
Gjöld samtals	**-162,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-162,8

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	61,1
1.10 Úrvinnslusjóður	451,7
Almennur rekstur samtals	512,8
Gjöld samtals	**512,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	512,8

m.kr.

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 554,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 554,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **925,0**
Greitt úr ríkissjóði **21,0**
Innheimt af ríkistekjum **904,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-430,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1.065,0
Viðskiptahreyfingar	635,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-430,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-1.065,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**635,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	49,3
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	197,5
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	66,2
	Samtals	**313,0**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	306,0
	Samtals	**306,0**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	-19,4
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	121,8
	Samtals	**102,4**
Almenn opinber þjónusta samtals		**721,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	68,8
	Samtals	**68,8**
03.2	Dómstólar	4,4
03.3	Fangelsi	20,0
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	592,1
Löggæsla og öryggismál samtals		**685,3**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	553,0
	Samtals	**553,0**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	300,0
	Samtals	**300,0**

	m.kr.
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	10,0
Fræðslumál samtals	**863,0**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	1.716,0
Samtals	**1.716,0**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	91,0
05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	-8,8
Samtals	**82,2**
05.4 Lyf og hjálpartæki	430,0
05.6 Önnur heilbrigðismál	65,1
Heilbrigðismál samtals	**2.293,3**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	40,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	0,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	1.100,0
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	600,0
Samtals	**1.740,0**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	-8,4
06.2.3 Málefni fatlaðra	7,0
06.2.4 Önnur velferðarheimili	12,3
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	-39,0
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	16,9
Samtals	**-11,2**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**1.728,8**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.2 Skipulagsmál	30,6
Samtals	**30,6**

	m.kr.
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	512,8
07.3.2 Mengunarmál	-162,8
Samtals	**350,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**380,6**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	170,8
08.0.3 Fjölmiðlar	5,0
08.0.4 Kirkjumál	49,1
Samtals	**224,9**
Menningarmál samtals	**224,9**
09. Eldsneytis- og orkumál	
09.2 Orkumál	
09.2.3 Orkumál	42,7
Samtals	**42,7**
Eldsneytis- og orkumál samtals	**42,7**
10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.1 Jarðræktarmál	30,0
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	170,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	6,7
Samtals	**206,7**
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	-5,0
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	25,0
Samtals	**20,0**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**226,7**

	m.kr.
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	21,8
Iðnaðarmál samtals	**21,8**
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	118,3
Samtals	**118,3**
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	-7,5
Samtals	**-7,5**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	33,5
Samtals	**33,5**
12.7 Önnur samgöngumál	329,3
Samgöngumál samtals	**473,6**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	24,8
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	303,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**328,2**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	-430,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	34,0
14.0.3 Önnur þjónusta	440,0
Samtals	**44,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**44,0**
Heildargjöld samtals	**8.034,3**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2003

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	1.611,1
Önnur gjöld	1.740,6
Sértekjur	-226,8
Rekstrargjöld samtals	**3.124,9**
Fjármagnskostnaður	**-430,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.100,0
Vaxtabætur	600,0
Sjúkratryggingar	435,0
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	300,0
Ábyrgðasjóður launa	300,0
Úrvinnslusjóður	300,0
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	281,7
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	170,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	322,0
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**3.808,7**
Viðhald	
Vegagerðin	421,8
Annað	299,0
Viðhald samtals	**720,8**
Fjárfesting	
Ofanflóðasjóður	554,0
Heilbrigðisstofnanir	315,4
Vegagerðin	-341,4
Annað	281,9
Fjárfesting samtals	**809,9**
Gjöld samtals	**8.034,3**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2003

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignarskattur, einstaklingar	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	134,0
	Viðskiptahreyfing	-134,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	1,0
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
	Viðskiptahreyfing	-299,1
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	15,1
	Greitt úr ríkissjóði	1.100,0
	Viðskiptahreyfing	-1.084,9
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnu-tryggingargjaldi	0,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,4
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	16,2
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	16,2
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	-674,7
	Greitt úr ríkissjóði	-674,7
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	40,0
	Greitt úr ríkissjóði	40,0

08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs Lýðheilsustöðvar í áfengisgjaldi	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	35,0
08-621	**Forvarnasjóður**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-35,0
	Greitt úr ríkissjóði	-35,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	36,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	36,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	-106,6
	Greitt úr ríkissjóði	-106,6
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar	12,3
	Greitt úr ríkissjóði	12,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta	-7,0
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	7,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	0,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,1
14-285	**Spilliefnasjóður**	
	Spilliefnagjald	-162,8
	Greitt úr ríkissjóði	-162,8
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	512,8
	Greitt úr ríkissjóði	512,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	220,0
	Greitt úr ríkissjóði	554,0
	Viðskiptahreyfing	-334,0

Heildartekjur	**-89,3**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**1.709,0**
Mismunur	**-1.798,3**
Þar af skerðing	**0,0**
Þar af viðskiptahreyfingar	**-1.798,3**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2003

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**	
	Einkaleyfisgjald H.Í.	24,0
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	17,3
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	17,3
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	-12,2
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar	5,9
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	39,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	6,3
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	-8,5
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	-8,0
	Heildartekjur	**81,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**81,5**
	Mismunur	**0,0**
	Þar af skerðing	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**0,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2003

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	34,0
	Greitt úr ríkissjóði	34,0
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	-28,0
	Greitt úr ríkissjóði	-28,0
	Lögbundin framlög alls	**6,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**6,0**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2003. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og koma til viðbótar fjáraukalögum sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars sl. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðaðar áætlanir um afkomu árið 2003. Fjárlög og fyrri fjáraukalög gera ráð fyrir 9,4 milljarða króna tekjuafgangi á ríkissjóði árið 2003. Heildartekjur voru áætlaðar 274,2 milljarðar og gjöld 264,8 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 19,8 milljarðar og ber þess merki að hlutur ríkissjóðs í viðskiptabönkunum var seldur í lok síðasta árs og í upphafi þessa árs. Nú hafa áætlanir um tekjur og gjöld verið endurmetnar í ljósi framvindu ríkisfjármála og efnahagsmála það sem af er ári.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	274,2	277,2	3,0
Gjöld	264,8	271,0	6,2
Rekstrarafkoma	**9,4**	**6,2**	**-3,2**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-20,1	-20,1	0,0
Handbært fé frá rekstri	**-10,7**	**-13,9**	**-3,2**
Fjármunahreyfingar	30,5	31,5	1,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**19,8**	**17,6**	**-2,2**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

Tekjuafgangur ríkisjóðs lækkar um 3,2 milljarða og verður 6,2 milljarðar miðað við endurskoðaða áætlun um ríkisreksturinn árið 2003. Handbært fé frá rekstri rýrnar um svipaða fjárhæð og nemur lækkun tekjuafgangs eða um 2,8 milljarða. Lánsfjárafgangur lækkar nokkru minna eða um 2,2 milljarða og er áætlaður 17,6 milljarðar. Skýrist það af því að nú er áætlað að fjármunahreyfingar skili um 1 milljarði meira vegna aukinnar innheimtu afborgana af veittum lánum og minni endurlána en áður var áætlað en á móti verða tekjur af sölu eigna frá fyrra ári minni. Þær breytingar verða á ráðstöfun lánsfjárafgangs að í stað

þess að greiða niður skuldir er nemur 11,1 milljarði verða þær greiddar niður sem nemur 9,1 milljarði. Áform um að greiða 7,5 milljarða króna viðbótarframlag til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins standa óbreytt og staðan við Seðlabanka Íslands batnar um 1 milljarð.

Vakin er athygli á því að eins og undanfarin ár er ekki beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda árið 2003. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar eru veittar fjárheimildir til umframútgjalda stofnana og verkefna frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærð í reikningum ríkisins. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu, t.d. í vegamálum og menningarhúsum. Þannig flytjast ónýttar fjárveitingar á milli ára og umframgjöld verða dregin frá útgjaldaheimildum næsta árs.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við niðurstöður fjárlaga og fyrri fjáraukalaga ársins 2003.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2003. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2003 og helstu frávik frá áætlun fjárlaga.

Tekjuhorfur 2003. Í fjárlögum, sem afgreidd voru í lok síðasta árs ásamt fyrri fjáraukalögum ársins, var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2003 yrðu 274,2 milljarðar króna. Þessi áætlun byggðist meðal annars á niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 2001, innheimtuþróun ársins 2002 og spá fjármálaráðuneytisins um þróun helstu hagstærða á árinu 2003. Við endurskoðun á tekjum ársins 2003 er fyrst og fremst horft til þróunar á innheimtum tekjum á yfirstandandi ári og breyttra efnahagsforsendna.

Þrátt fyrir að talsverðar breytingar hafi orðið á efnahagsforsendum fjárlaga vegna meiri efnahagsumsvifa hækka skatttekjur ríkissjóðs aðeins lítillega frá fjárlagaáætlun. Skýringin er sú að heildarlaunabreytingar, sem hafa áhrif á tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald, eru taldar svipaðar og jafnvel ívið minni en fyrri spár gáfu til kynna en það má meðal annars rekja til aukins atvinnuleysis. Á móti vegur að heildarumsvif í efnahagslífinu, einkum neysluútgjöld heimilanna, hafa aukist en það hefur skilað sér í auknum veltusköttum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar lítillega frá fjárlagaáætlun eða úr 29,0% í 29,2%. Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar taldar munu hækka meira en skatttekjur eða um 3 milljarða króna. Af þeirri fjárhæð er 1½ milljarður vegna aukinna arðgreiðslna ríkisfyrirtækja.

	Fjárlög 2003	Áætlun 2003	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	1¼	3¼	2
Samneysla	2¼	3½	1¼
Fjárfesting	2	7¾	5¾
Þjóðarútgjöld alls	1¾	4¼	2½
Útflutningur vöru og þjónustu	3	-½	-3½
Innflutningur vöru og þjónustu	3	5¾	2¾
Verg landsframleiðsla	1¾	1¾	0
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-½	-2½	-2
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	5	3½	-1½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	2½	1½	-1
Vísitala neysluverðs	2¼	2	-¼
Gengisvísitala	-1½	-6	-4½
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2¾	3¼	½

Á árinu 2003 er reiknað með að hagvöxtur verði um 1¾% sem er óbreytt spá frá fjárlögum 2003. Aftur á móti er gert ráð fyrir meiri vexti þjóðarútgjalda eða um 4¼% að raungildi í stað 1¾% og meiri aukningu á einkaneyslu og samneyslu. Fjárfesting er talin aukast um 7¾% að raungildi á árinu 2003, þar af er reiknað með að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 14½% sem er umtalsverður viðsnúningur frá samdrætti áranna 2001 og 2002. Samhliða þessum vexti þjóðarútgjalda er reiknað með að innflutningur vöru og þjónustu aukist verulega á yfirstandandi ári. Aftur á móti er reiknað með að heildarútflutningur dragist saman um ½% að raungildi sem að töluverðu leyti má rekja til 2% samdráttar í útflutningsframleiðslu sjávarafurða vegna minni aflabragða. Að öllu samanlögðu stefnir í meiri viðskiptahalla á árinu 2003 en áður var spáð eða sem nemur um 2½% af landsframleiðslu.

Verðbólga hefur lækkað ört síðustu misseri og var 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans náð í nóvember 2002. Frá þeim tíma hefur enn dregið úr verðbólgu, einkum vegna verulegrar styrkingar krónunnar enda er gert ráð fyrir að raungengi hækki um tæplega 7% á mælikvarða almenns verðlags á árinu 2003. Auk þess gætir hér áhrifa af áframhaldandi framleiðsluslaka í hagkerfinu og hlutfallslega háu atvinnuleysi að undanförnu. Gert er ráð fyrir að verðbólga mælist um 2% að meðaltali milli áranna 2002 og 2003 og að atvinnuleysi verði um 3¼% af vinnuafli á árinu 2003. Síðustu tölur um skráð atvinnuleysi benda til þess að atvinnuástandið fari ört batnandi. Reiknað er með að launakostnaður á ársverk hækki um 5% og að teknu tilliti til verðbólgu og skatta er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um 1½% á yfirstandandi ári.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**237.001**	**237.776**	**775**	**0,3**
Skattar á tekjur og hagnað	79.790	79.140	-650	-0,8
Einstaklingar	69.140	68.580	-560	-0,8
Lögaðilar	8.250	7.900	-350	-4,2
Ótalið annars staðar	2.400	2.660	260	10,8
Tryggingagjöld	27.744	27.122	-622	-2,2
Eignarskattar	7.954	7.954	0	0,0
Skattar á vörur og þjónustu	120.033	122.779	2.746	2,3
Virðisaukaskattur	79.700	81.400	1.700	2,1
Aðrir skattar	1.481	782	-699	-47,2
II Aðrar rekstrartekjur	**22.409**	**24.681**	**2.272**	**10,1**
Arðgreiðslur	2.537	4.101	1.564	61,6
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	13.523	14.173	650	4,8
Neyslu- og leyfisgjöld	5.582	5.640	58	1,0
Annað	767	767	0	0,0
III Sala eigna	**12.940**	**12.940**	**0**	**0,0**
V Fjárframlög	**1.850**	**1.850**	**0**	**0,0**
Heildartekjur ríkissjóðs.	**274.200**	**277.246**	**3.046**	**1,1**
Sjóðshreyfing	**261.280**	**263.209**	**1.929**	**0,7**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun eru skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og lögaðila taldir verða rétt um 79 milljarðar króna og lækka lítillega frá fjárlagaáætlun eða um rúmlega ½ milljarð. Þetta má rekja til þess að almennar atvinnutekjur hafa ekki hækkað eins mikið og gert var ráð fyrir, meðal annars vegna aukins atvinnuleysis, og því er áætlað að tekjuskattar einstaklinga lækki um rúmlega milljarð frá fjárlagaáætlun. Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga er hins vegar áætlaður 5½ milljarður króna eða hálfum milljarði hærri en í fjárlögum. Loks er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði lægri en áætlað var en það má einkum rekja til þess að ríkisreikningur fyrir árið 2002 sýndi lakari útkomu en miðað var við í fjárlagaáætlun.

Tryggingagjöld. Tekjur af tryggingagjaldi hafa einnig verið heldur undir áætlun það sem af er ári en það skýrist af minni heildarhækkun launa en áður var spáð. Hér er miðað við að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum lækki um rúmlega hálfan milljarð króna frá fjárlagaáætlun.

Skattar á vöru og þjónustu. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að skattar af vörum og þjónustu hækki um rúma 2,7 milljarða króna. Stærsti tekjustofninn er virðisaukaskattur, 81,4 milljarðar króna, sem hækkar um 1,7 milljarða umfram fjárlög. Þessa hækkun má sem fyrr segir einkum rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Aukin neysla kemur einna skýrast fram í stórauknum innflutningi bifreiða en gert er ráð fyrir að alls verði fluttir inn 12.000 bílar á árinu 2003 en tæplega 8.500 bílar voru fluttir inn á árinu 2002. Þessi aukning hefur skilað sér í meiri vörugjaldstekjum sem talið er að verði 800 m.kr. hærri en í fjárlagaáætlun. Aftur á móti hafa tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum dregist saman þrátt fyrir gjaldskrárhækkun í upphafi ársins og hefur tekjuáætlun ársins verið lækkuð um 340 m.kr.

Aðrar rekstrartekjur. Búist er við að aðrar rekstrartekjur aukist um rúma 2,2 milljarða króna. Stærstan hluta þessarar hækkunar má rekja til aukinna arðgreiðslna frá ríkisfyrirtækjum. Tekjur vegna dráttarvaxta af tekjum ríkissjóðs hækka um einn milljarð. Þessi hækkun er metin í kjölfar niðurstöðu í ríkisreikningi 2002 þar sem þessar tekjur voru 2,4 milljörðum króna yfir fjárlögum. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs lækki um 350 milljónir króna vegna lækkunar vaxtastigs.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana. Leitað hefur verið skýringa á frávikum frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð. Miðað er við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og -úrskurðir. Þá eru hagrænar forsendur endurmetnar, svo sem vaxtagjöld, og útgjöld almannatrygginga endurskoðuð í ljósi þróunarinnar sem af er árinu. Einnig er tekið tillit til nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar og áhrifa nýrrar lagasetningar sem hafa útgjöld í för með sér. Loks er gerður upp rekstrarhalli nokkurra stofnana, hann bættur að hluta eða ákveðið að bæta hann ekki eftir því hvaða skýringar hafa fengist á frávikum og hvort talið er að tekist hafi að koma í veg fyrir áframhaldandi útgjöld umfram heimildir.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði hækkaðar um samtals 8 milljarða, þar af eru 2,3 milljarðar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, 1,5 milljarðar til félagsmálaráðuneytis, 1,3 milljarðar til fjármálaráðuneytis og um 1 milljarður til hvors ráðuneytis menntamála og umhverfis. Frávik frá fjárheimildum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis skýrast að stærstum hluta af hallarekstri sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, eða um 1,3 milljarðar, 430 m.kr. útgjöldum sjúkratrygginga og 550 m.kr. til stofnkostnaðar sjúkrastofnana. Útgjöld félagsmálaráðuneytis umfram áætlun fjárlaga skýrast af 1,1 milljarðs króna útgjöldum til atvinnuleysisbóta og 300 m.kr. til Ábyrgðasjóðs launa. Útgjöld fjármálaráðuneytis skýrast af 600 m.kr. hærri vaxtabótum en áætlað var í fjárlögum, 270

m.kr. meiri fjármagntekjuskatti vegna hagnaðar af eignasölu og tæplega 170 m.kr. vegna aukinna launabóta til stofnana ríkisins vegna úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar. Útgjöld menntamálaráðuneytisins umfram fjárlög skýrast að stærstum hluta af útgjöldum háskóla og framhaldsskóla vegna fjölgunar nemenda umfram forsendur og af rekstrarhalla framhaldsskóla. Útgjöld umhverfisráðuneytis skýrast annars vegar af rúmlega 550 m.kr. fjárheimild til ofanflóðaverkefna á þessu ári og 300 m.kr. tekjum og útgjöldum Úrvinnslusjóðs. Aðrar helstu breytingar á útgjöldum eru 300 m.kr. til Vegagerðarinnar sem er fyrirhugað að fjármagna með sölu á landi. Einnig er lögð til 100 m.kr. fjárveiting til Vegagerðarinnar til að gera upp umframkostnað vegna samninga við sérleyfishafa og fjölgun ferjusiglinga árið 2002. Þá má nefna 350 m.kr. aukin útgjöld utanríkisráðuneytis vegna neyðaraðstoðar við Írak og flugumferðastjórnar í Pristína. Loks má nefna 170 m.kr. útgjöld landbúnaðarráðuneytis til úreldingar sláturhúsa. Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 430 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Nánar er fjallað um breytingar á útgjaldaheimildum í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög [1] 2003	Heimildir 2003	Breyt.frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	73.161	74.772	1.611	2,2
Lífeyrisskuldbindingar	4.555	4.555	0	0,0
Önnur gjöld	53.502	55.242	1.741	3,3
Sértekjur	-17.116	-17.343	-227	1,3
Rekstrargjöld samtals	**114.101**	**117.226**	**3.125**	**2,7**
Fjármagnskostnaður	**15.500**	**15.070**	**-430**	**-2,8**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	25.326	25.326	0	0,0
Sjúkratryggingar	13.627	14.062	435	3,2
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.324	7.324	0	0,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.966	5.966	0	0,0
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	7.109	7.109	0	0,0
Barnabætur	5.430	5.430	0	0,0
Fæðingarorlofssjóður	5.292	5.292	0	0,0
Vaxtabætur	4.605	5.205	600	13,0
Afskriftir skattkrafna	4.000	4.000	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.028	3.028	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.163	4.263	1.100	34,8
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.620	2.623	3	0,1
Ríkisútvarpið	2.171	2.171	0	0,0
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	17.592	19.262	1.670	9,5
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**107.252**	**111.061**	**3.809**	**3,6**
Viðhald				
Vegakerfi	4.327	4.749	422	9,7
Annað	1.725	2.024	299	17,3
Viðhald samtals	**6.052**	**6.773**	**721**	**11,9**
Fjárfesting				
Vegakerfi	10.573	10.232	-341	-3,2
Háskólar og framhaldskólar	2.236	2.551	315	14,1
Hafnarframkvæmdir	1.202	1.185	-18	-1,5
Heilbrigðisstofnanir	1.260	1.284	24	1,9
Flugvellir	693	688	-5	-0,7
Annað	5.973	6.807	835	14,0
Fjárfesting samtals	**21.937**	**22.747**	**810**	**3,7**
Gjöld samtals	**264.842**	**272.876**	**8.034**	**3,0**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er farið fram á að bein lántökuheimild ríkissjóðs hækki úr 20.000 m.kr. í 21.600 m.kr., eða um 1.600 m.kr., til að bæta lausafjárstöðu ríkissjóðs.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins er leitað heimilda til breytinga á endurlánum ríkissjóðs en horfur eru á að þau lækki um 600 m.kr. Gert er ráð fyrir að endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 400 m.kr. sem skýrist af minni útlánum og betri innheimtu veittra lána en áætlað var og að lánsfjárþörf Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lækki um 200 m.kr., aðallega vegna lægri afborgana sjóðsins af teknum lánum.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins er farið fram á heimild til 9.684 m.kr. hækkunar ríkisábyrgða á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Í fyrsta lagi er um að ræða 1.500 m.kr. lækkun á heimild Landsvirkjunar, aðallega vegna minni fjárfestinga en reiknað hafði verið með. Í öðru lagi er um að ræða alls 10.697 m.kr. breytingu til hækkunar á heimildum Íbúðalánasjóðs en þar er um að ræða 13.412 m.kr. hækkun vegna húsbréfadeildar, 150 m.kr. lækkun vegna leiguíbúða, 1.065 m.kr. hækkun vegna viðbótarlána og 3.630 m.kr. lækkun vegna byggingarsjóða ríkisins og verkamanna. Breytingarnar skýrast af aukinni eftirspurn eftir húsbréfalánum sem að hluta til má rekja til þess að kaupendur vilja fremur taka ný lán í stað þess að yfirtaka áhvílandi lán. Þá hafa sveitarfélögin nær fullnýtt heimildir sínar til veitingar viðbótarlána. Lækkun á lánsfjárþörf eldri byggingarsjóðanna skýrist af uppgreiðslum veittra lána umfram áætlanir og lækkun lánsfjárþarfar vegna leiguíbúða skýrist af lengri framkvæmdatíma en ráð var gert fyrir í upphafi. Í þriðja lagi er svo aukin lánsfjárþörf Lánasjóðs landbúnaðarins skýrist einkum af minni afborgunum veittra lána og aukin lánsfjárþörf Byggðastofnunar skýrist aðallega af aukinni innlausn eigna til fullnustu á veittum lánum stofnunarinnar.

Í milljónum króna	Fjárlög [1] 2003	Áætlun 2003	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**-10.670**	**-13.954**	**-3.284**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	11.700	9.650	-2.050
Veitt löng lán	-5.890	-5.360	530
Afborganir veittra lána	8.900	11.680	2.780
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.062	-1.060	2
Sala hlutabréfa og eignarhluta	16.870	16.640	-230
Fjármunahreyfingar samtals	**30.518**	**31.550**	**1.032**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**19.848**	**17.596**	**-2.252**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	20.000	21.600	1.600
Afborganir af teknum lánum	-31.100	-30.700	400
Fjármögnun samtals	**-11.100**	**-9.100**	**2.000**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.500	-7.500	0
Breyting á handbæru fé	**1.248**	**996**	**-252**

[1] Fjárlög að viðbættum fyrri fjáraukalögum ársins.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum er nú gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um tæpa 14 milljarða króna. Það er um 3,3 milljörðum króna lægra en áður var áætlað og skýrist að mestu af óhagstæðari tekjujöfnuði. Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar skili rúmlega 31,5 milljörðum króna sem er um 1 milljarði króna umfram það sem áður var áætlað. Breytingin skýrist aðallega af um 2,9 milljarða króna afborgun af skuld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við ríkissjóð, sem ekki var reiknað með í fyrri áætlunum, og um 500 m.kr. lægri langtímalánveitingum en áður var ráðgert. Á móti kemur rúmlega 2 milljarða króna lækkun innborgana af eignasölu frá fyrra ári, aðallega vegna styrkingar á gengi íslensku krónunnar og endurskoðunar á söluverðmæti.

Eins og áður hefur komið fram er nú gert ráð fyrir að beinar lántökur A-hluta ríkissjóðs verði 21,6 milljarðar króna, sem er 1,6 milljörðum króna meira en áður var áætlað, og reiknað er með að afborganir tekinna lána verði 30,7 milljarðar króna sem er 400 m.kr. minna en áður var áætlað. Samkvæmt þessu eru horfur á að ríkissjóður greiði niður skuldir sínar um 9,1 milljarð króna en það er 2 milljarða króna lægri niðurgreiðsla en áður var áætlað og er í samræmi við þróun lánsfjárafgangs. Staða gagnvart Seðlabankanum batnar um 996 m.kr. en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir 1.248 m.kr. aukningu handbærs fjár.

4 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að fjórar eru til ráðstöfunar á fasteignum eða eignarhlutum ríkisins í fasteignum, fjórar til kaupa eða leigu á fasteignum, ein til ráðstöfunar á eignum félags, ein til að leggja fram viðbótarhlutafé í félag og ein til kaupa á hlutafé í fyrirtækjum.

Sótt er um heimild til að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík. Um er að ræða húsnæði í eigu ríkisins sem ekki er lengur nýtt í þágu ríkisrekstrarins.

Heimild 2.26 er til að selja skemmu Vegagerðarinnar við Dufþaksbraut 10 á Hellu en ekki er þörf á henni við rekstur stofnunarinnar.

Heimild 3.31 er til sölu á eignarhlut ríkisins í fasteigninni Fossheiði 54 á Selfossi.

Heimild 3.32 er til sölu á eignarhlut ríkisins í Aðalgötu 10 í Súðavík. Tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir heilsugæsluna í Súðavík og var gömlu stöðinni því ráðstafað með sölu.

Heimild 6.37 er til kaupa á viðbótarhúsnæði fyrir hæfingarstöð fatlaðra á Egilsstöðum. Að mati Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi var brýn þörf á stærra húsnæði fyrir hæfingarstöðina á Egilsstöðum.

Heimild 6.38 er til kaupa á húsnæði fyrir líknarfélagið Byrgið en eins og kunnugt er hefur félagið flutt starfsemi sína úr Rockville á Suðurnesjum í Efri-Brú í Grímsnesi.

Heimild 6.39 er til kaupa á húsnæði fyrir fatlaða á Ísafirði. Sambýlið að Bræðratungu á Ísafirði hefur verið auglýst til sölu og er ástæða heimildarinnar sú að leysa húsnæðismál íbúa þess.

Heimild 6.40 er til kaupa á hluta skrifstofuhúsnæðis Sementsverksmiðjunnar við Mánabraut 20 á Akranesi í tengslum við sölu ríkisins á hlut sínum í verksmiðjunni.

Heimild 7.16 er til komin til að unnt sé að ráðstafa eignum Skráningarstofunnar hf. við slit á félaginu en félagið og Umferðarráð voru sameinuð í nýja stofnun sem nefnist Umferðarstofa.

Í heimild 7.17 er mælt fyrir um heimild ríkisins til að leggja fram 75 m.kr. viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélag Suðurnesja til eflingar heilsutengdrar ferðaþjónustu á Suðurnesjum.

Heimild 7.18 er til kaupa á hlutafé Sementsverksmiðjunnar í fyrirtækjunum Speli hf. og Geca hf. í tengslum við sölu ríkisins á hlut sínum í verksmiðjunni.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 21,3 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 14,3 m.kr. fjárveiting vegna aukins kostnaðar í ár og í fyrra. Embættisannir forseta Íslands erlendis á árinu 2002 leiddu til aukinna launagreiðslna til handhafa forsetavalds. Einnig jókst síma- og þýðingarkostnaður verulega, einkum vegna opinberrar heimsóknar forseta Kína og opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Rússlands. Viðhaldskostnaður á embættisbifreiðum forseta Íslands, sem komnar eru til ára sinna, hefur aukist og starfslokasamningar og aksturssamningar leiddu einnig til aukins kostnaðar.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Óskað er eftir 7 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á húsaleigu. Fasteignir ríkissjóðs hafa séð um og fjármagnað stækkun og endurbætur á húsnæði Ríkisendurskoðunar og kemur það fram í hærri húsaleigu. Leigugreiðslum er framvegis ætlað að standa undir öllum kostnaði við rekstur og viðhald hússins.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 132,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Efnahagsrannsóknir. Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Alþýðusamband Íslands frá miðju ári 2002 um 30 m.kr. árlegt framlag ríkisins til samtakanna vegna starfa þeirra að efnahags- og atvinnumálum. Hér er um að ræða framlag vegna ársins 2002.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu á viðfangið af tveimur tilefnum, annars vegar 12 m.kr. til kaupa á kvikmyndasafni Vigfúsar Sigurgeirssonar í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 11. júní sl. Um er að ræða allar kvikmyndafilmur úr safni ljósmyndarans sem eru í varðveislu Kvikmyndasafns Íslands og með kaupunum eignast forsætisráðuneytið öll réttindi yfir myndefninu, þ.m.t. höf-

undarrétt. Hins vegar er farið fram á 8 m.kr. til að standa straum af kostnaði við undirbúning undir ýmsa viðburði í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi árið 2004.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Gerð er tillaga um 75 m.kr. fjárveitingu vegna verkefna á vegum fasteigna Stjórnarráðsins. Um er að ræða kostnað við endurbætur á Skuggasundi 3, Lindargötu 9 og Arnarhvoli sem tengist flutningum ráðuneyta.

261 Óbyggðanefnd.

1.01 Óbyggðanefnd. Lögð er til 22,6 m.kr. fjárveiting til að mæta halla síðasta árs og fyrirsjáanlegum halla þessa árs. Starfsemi óbyggðanefndar er umfangsmeiri en ráð var fyrir gert auk þess sem kostnaður vegna úrskurða og málflutningslauna er hærri. Ekki er mögulegt að áætla með neinni vissu hver málflutningskostnaður kann að verða vegna þeirra mála sem koma til afgreiðslu nefndarinnar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er sótt um hækkun fjárveitingar til að styrkja fjárhagsstöðu nefndarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.062,8 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 10 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar sem leiðir af nýjum lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Áætlað er að fyrir gildistöku laganna hafi 1,5 starfsmaður sinnt málefnum vísinda- og rannsókna á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Eftir gildistöku þeirra var stofnuð sérstök skrifstofa vísindamála í ráðuneytinu þar sem starfa um það bil 4,3 starfmenn. Auk meiri launakostnaðar eykst kostnaður við sérfræðiþjónustu, fundi og útgáfustarf.

238 Bygginga- og tækjasjóður.

6.60 Bygginga- og tækjasjóður. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki um 24 m.kr. til samræmis við endurskoðaða áætlun um auknar tekjur af einkaleyfisgjaldi Happdrættis Háskóla Íslands.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Sótt er um 300 m.kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar háskólanemenda umfram það sem áætlað var fyrir í fjárlögum ársins 2003. Gert er ráð fyrir að viðbótarframlagið nægi fyrir kennslu 600 ársnemenda samkvæmt reglum

menntamálaráðuneytisins. Í fjárlögum er áætlað fyrir framlagi vegna 8.867 ársnemenda og er því um að ræða tæplega 7% fjölgun frá þeirri forsendu. Samtals er því reiknað með því að leggja háskólunum til framlag vegna 9.467 ársnemenda í háskólum á árinu. Í viðaukum samninga menntamálaráðuneytisins við háskólana er gert ráð fyrir að viðbótarframlag á yfirstandandi ári vegna nemendafjölgunar geti orðið að hámarki 383,8 m.kr. Skiptist það sem hér segir: Háskóli Íslands 214,1 m.kr., Kennaraháskóli Íslands 120,6 m.kr., Tækniháskóli Íslands 29,1 m.kr., Listaháskóli Íslands 20 m.kr. Til viðbótar þeim 300 m.kr. sem sótt er um á fjáraukalögum verður 83,8 m.kr. varið af lið 299-1.91.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.13 Forfallakennsla. Farið er fram á 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta auknum kostnaði við veikindaorlof framhaldsskólakennara. Hækkandi meðalaldur kennara á framhaldsskólastigi er einn þeirra þátta sem skýra auknar greiðslur vegna veikindaorlofs. Einnig er talið að reglur menntamálaráðuneytisins um framlög til framhaldsskóla hafi leitt til þess að skólarnir skrái kostnað vegna veikinda nákvæmar en áður.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Farið er fram á 553 m.kr. aukafjárveitingu á viðfangsefnaliðinn. Í fyrsta lagi er sótt um 250 m.kr. til þess að mæta kostnaði við nemendafjölda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga ársins 2003. Fjárhæðin svarar til framlags vegna um það bil 540 ársnemenda samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins. Niðurstaða vorannar 2003 og spá fyrir haustönn, sem byggð er á innritunum í haust, bendir til þess að nálægt 16.550 ársnemendur verði í skólunum í ár. Í forsendum fjárlaga 2003 er gert ráð fyrir um 15.833 ársnemendum á fjárlagaliðum skólanna og óskiptum lið. Að teknu tilliti til þeirrar hækkunar sem sótt er um er áætlað fyrir framlagi fyrir um það bil 16.373 ársnemendum í framhaldsskólum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 180 m.kr. aukafjárveiting til þess að koma til móts við skóla með verulegan uppsafnaðan rekstrarhalla, enda hafi verið gerðar þær breytingar á rekstri og stjórnun hlutaðeigandi skóla sem duga til að útgjöld þeirra verði framvegis innan fjárheimilda. Í þriðja og síðasta lagi er farið fram á 53 m.kr. aukafjárveitingu til samnings við ASÍ og SA um það verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að sjá um framkvæmd samstarfsverkefna um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Stofnað var til verkefnisins í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Samningurinn, sem gildir frá 1. apríl sl. til ársloka 2006, gerir ráð fyrir að ríkið greiði 60 m.kr. til verkefnisins á heilu ári en 53 m.kr. árið 2003. Áætlað er fyrir heils árs framlagi til samningsins í fjárlagafrumvarpi 2004.

919 Söfn, ýmis framlög.

6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði. Menntamálaráðherra gerði hinn 26. mars sl. samning um 35 m.kr. styrk til Síldarminjasafnsins á Siglufirði til viðbótar þeim 7 m.kr.

sem safnið fær í fjárlögum yfirstandandi árs. Styrkurinn verður greiddur í þremur jöfnum hlutum á jafnmörgum árum og er óskað eftir 11,7 m.kr. framlagi vegna ársins 2003. Áætlað er fyrir framlagi ársins 2004 í fjárlagafrumvarpi.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Óskað er eftir 134 m.kr. aukafjárveitingu til að gera upp viðskiptareikning Endurbótasjóðs menningarstofnana. Í fjárlögum 2000 og 2001 var ákveðið að leggja allt að 260 m.kr. af óskertum tekjum sjóðsins á viðskiptareikning hjá ríkissjóði. Eftir að tekið er tillit til þess að við bókhaldsuppgjör fyrri ára er búið að leysa út hluta af inneign sjóðsins á viðskiptareikningi og draga aukafjárveitingar frá inneigninni standa fyrrnefndar 134 m.kr. eftir. Framlaginu og geymdum fjárheimildum sjóðsins í árslok 2002 verður varið til samnings um menningarhús á Ísafirði í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Samningurinn gerir ráð fyrir 251,2 m.kr. ríkisframlagi í heildina. Þar af hafa nú þegar verið veittir styrkir til verkefnisins að fjárhæð 45,2 m.kr. af ýmsum fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins. Miðað er við að greiða 90 m.kr. árið 2003, 40 m.kr. árið 2004 og skipta þeim 76 m.kr. sem þá standa eftir á árin 2005 og 2006.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.

1.10 Kvikmyndasjóður. Ríkisstjórnin samþykkti hinn 30. apríl sl. að óska eftir heimild í fjáraukalögum til að verja 15 m.kr. af óráðstafaðri eign Menningarsjóðs útvarpsstöðva til að styrkja gerð leikins sjónvarpsefnis. Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður með breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000. Hann styrkti gerð útvarps- og sjónvarpsefnis auk þess að greiða hlutdeild Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sjóðurinn átti um síðustu áramót liðlega 50 m.kr. óráðstafaða eign en eftir er að gera upp skuldbindingar sjóðsins, m.a. gagnvart hljómsveitinni.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Farið er fram á 10,1 m.kr. aukafjárveitingu svo að unnt sé að veita styrki til verkefna sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg og sem ekki var hægt að sjá fyrir við ráðstöfun safnliðar á ársbyrjun.

999 Ýmislegt.

1.13 Útvarpsréttarnefnd. Óskað er eftir 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs halla útvarpsréttarnefndar en hann er áætlaður 5 m.kr. í lok yfirstandandi árs.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 372,2 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 16,2 m.kr. vegna aukins launakostnaðar ráðuneytisins. Kjaranefnd úrskurðaði að embættismenn, sem skipaðir væru eftir gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skyldu fá 5% álag á laun sín þar sem þeir væru ekki æviskipaðir eins og áður var. Samkomulag hefur orðið um að þær reglur nái einnig til embættismanna utanríkisþjónustunnar. Þarf því að greiða út ógreidd 5% til fjölda embættismanna í utanríkisþjónustunni, uppsafnað allt frá árinu 1996. Þess ber að geta að kjaranefnd hefur í síðasta úrskurði sínum fellt niður álagið.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Sótt er um 306 m.kr. til tveggja verkefna, annars vegar 300 m.kr. vegna neyðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs í Írak. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi hinn 8. apríl sl. að veita allt að 300 m.kr. til neyðar- og mannúðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs í Írak. Þar af verður 100 m.kr. varið til neyðar- og mannúðaraðstoðar en allt að 200 m.kr. til uppbyggingarstarfs í kjölfar átaka. Neyðar- og mannúðaraðstoðinni verður skipt með eftirfarandi hætti: Alþjóðaráð Rauða krossins fyrir milligöngu Rauða kross Íslands, 40 m.kr., Hjálparstarf kirkjunnar, 10 m.kr., Barnaheill, 7 m.kr., Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, 5 m.kr., Matvælaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, 18 m.kr., Íslenska friðargæslan, 20 m.kr. Til viðmiðunar má geta þess að íslensk stjórnvöld veittu ríflega 200 m.kr. til mannúðaraðstoðar vegna átakanna við Persaflóa á árunum 1990 til 1991. Hins vegar er sótt um 6 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við ferð alþjóðabjörgunarsveitarinnar til Alsír í maí 2002. Hinn 21. maí reið öflugur jarðskjálfti yfir Alsír og var send út hjálparbeiðni til alþjóðabjörgunarsveita frá Sameinuðu þjóðunum. Utanríkisráðuneytið brást skjótt við og bauð fram aðstoð íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar við leit og björgun í rústum húsa sem höfðu hrunið. Var það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu utanríkisráðherra, dómsmálaráðherra og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar frá árinu 1999. Þann 23. maí barst Slysavarnafélaginu Landsbjörgu símbréf frá sendiráði Alsírs í Stokkhólmi þar sem aðstoð var þegin og þess óskað að sveitin kæmi á vettvang hið fyrsta. Sveitin hélt utan samdægurs en sneri til baka hinn 27. maí. Kostnaður við för alþjóðabjörgunarsveitarinnar var 6 m.kr. sem var vegna flugmiða, dagpeninga og greiðslu yfirvigtar fyrir búnað.

401 Alþjóðastofnanir.

1.87 Íslensk friðargæsla. Sótt er um 50 m.kr. til að mæta ýmsum ófyrirséðum kostnaði sem fallið hefur til vegna reksturs flugvallarins í Pristína í Kosovo. Ísland leiðir nú fjölþjóðlegt verkefni undir merkjum herafla KFOR við að koma alþjóðaflugvellinum í Pristína í Kosovo í hendur Sameinuðu þjóðanna og heimamanna. Verkefnið hefur reynst kostnaðarsamara en gert var ráð fyrir vegna þess að aðilar, sem falið var að taka þátt í kostnaðinum, hafa heykst á því og ber Ísland kostnaðinn sem forystuþjóð.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 206,7 m.kr.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Farið er fram á 30 m.kr. framlag vegna fyrirhleðslna. Gert er ráð fyrir að aukafjárveitingunni verði varið til brýnnar uppbyggingar varnargarða.

811 Bændasamtök Íslands.

1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Lögð er til 2,8 m.kr. fjárveiting vegna uppgjörs á lífeyrissjóðsgreiðslum áranna 2002 og 2003 í samræmi við samning við Bændasamtök Íslands um verkefni samkvæmt búnaðarlögum.

1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Lögð er til 3,9 m.kr. fjárveiting vegna uppgjörs á lífeyrissjóðsgreiðslum áranna 2002 og 2003 í samræmi við samning við Bændasamtök Íslands um verkefni samkvæmt búnaðarlögum.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.15 Úrelding sláturhúsa. Lagt er til að 170 m.kr. verði veittar til úreldingar sauðfjársláturhúsa, sérstaklega þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til útflutnings. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingum til verkefnisins.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu vegna framlaga sem féllu niður við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Ráðuneytið hafði gert ráð fyrir að ráðstafa fjárhæð á liðnum til heilnæmisrannsókna á veiðisvæðum kúffisks og ræktunar-

svæða kræklings, kostnaðar sem tengjast hvalveiðimálum og öðrum smærri verkefnum. Einnig er farið fram á heimild til að lækka höfuðstól 213-1.01 Verðlagsstofu skiptaverðs um 5 m.kr. og hækka um sömu fjárhæð 190-1.90 Ýmis verkefni, ýmislegt.

213 Verðlagsstofa skiptaverðs.

1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs. Farið er fram á að heimild til að lækka höfuðstól 213-1.01 Verðlagsstofu skiptaverðs um 5 m.kr. og hækka um sömu fjárhæð fjárlagalið 190-1.90 Ýmis verkefni, ýmislegt. Höfuðstóll Verðlagsstofu nam 9,3 m.kr. í árslok 2002.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 168,4 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að rekstrarframlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins verði hækkað um 4,4 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði í Skuggasundi þar sem Hagstofan var til húsa áður. Um er að ræða auknar leigugreiðslur frá 10. september sl. sem nema 3,6 m.kr. en innifalið í leigunni er ræsting, hiti og rafmagn. Leiga fyrir hvern fermetra er 1.200 krónur og er greitt fyrir 1.470 fm í Skuggasundi samanborið við 650 fm í Arnarhvoli. Að auki hefur verið nauðsynlegt að breyta nokkrum þáttum í nýju húsnæði frá því sem áður var ákveðið og er kostnaður við það um 0,8 m.kr. og kemur það til viðbótar fjárveitingum af lið 01-203 Fasteignir stjórnarráðsins.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Í frumvarpinu er farið fram á alls 12,2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi embættisins. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 19,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til að láta fara fram hættumat og áhættugreiningu vegna eldgosa og hlaupa til norðurs, vesturs og suðurs frá Eyjafjallajökli og vesturhluta Mýrdalsjökuls. Framlagið verður einnig nýtt til að vakta svæðið. Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting lækki um 7,3 m.kr. vegna rekstrar almannavarnadeildar embættis ríkislögreglustjóra. Við undirbúning fjárlaga 2003 var stefnt að því að leggja niður starfsemi Almannavarna ríkisins um sl. áramót og færa verkefnin til embættis ríkislögreglustjóra. Frumvarpið varð hins vegar ekki að lögum fyrr en í byrjun apríl og hefur það leitt til kostnaðar á þessu ári umfram heimildir fjárlaga. Almannavarnir ríkisins voru starfræktar með óbreyttu sniði fyrstu fjóra mánuði ársins. Á lið Almannavarna ríkisins er tillaga um framlag vegna þessa en á móti fellur niður framlag á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra fyrir sama tímabil.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir að veitt verði 15 m.kr. aukaframlag til að ljúka við flutning fjarskiptamiðstöðvar og almannavarna í Skógarhlíð og uppsetningu á björgunarmiðstöð á sama stað. Í fjáraukalögum síðasta árs var samþykkt að veita aukaframlag að fjárhæð 23,6 m.kr. til ríkislögreglustjóra og 42,2 m.kr. til Almannavarna ríkisins vegna flutnings á stjórnstöð Almannavarna af Hverfisgötu í Skógarhlíð og flutnings á fjarskiptamiðstöð lögreglu í nýtt húsnæði í Skógarhlíð. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis var áætlaður 92 m.kr. og bar Neyðarlínan hf. afganginn af þeim kostnaði eða rúmar 26 m.kr. Fjárvöntun að fjárhæð 15 m.kr. stafar af því að starfsemin sem þarna fer fram er mjög sérhæfð. Þá jókst kostnaðurinn nokkuð vegna samstarfssamnings milli þeirra aðila sem koma að leit og björgun í landinu um sameiginlega starfrækslu björgunarmiðstöðvar í Skógarhlíðinni.

321 Almannavarnir ríkisins.

1.01 Almannavarnir ríkisins. Farið er fram á 22,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna reksturs Almannavarna ríkisins á þessu ári. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2003 var að því stefnt að leggja niður starfsemi Almannavarna um sl. áramót og færa verkefnin til embættis ríkislögreglustjóra. Frumvarpið varð hins vegar ekki að lögum fyrr en í byrjun apríl og hefur það leitt til kostnaðar á þessu ári umfram heimildir fjárlaga. Almannavarnir ríkisins voru starfræktar með óbreyttu sniði fyrstu fjóra mánuði ársins og nemur kostnaður við það 19,3 m.kr. Á móti fellur niður framlag á fjárlagalið embættis ríkislögreglustjóra fyrir sama tímabil. Að auki fellur til kostnaður á þennan lið vegna biðlauna og launa starfsmanns í uppsagnarfresti sem ekki færðist yfir til ríkislögreglustjóra og er sá kostnaður áætlaður 3 m.kr.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á framlagi til vopnaleitar. Í fjárlögum 2002 var veitt 12 m.kr. framlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en hert eftirlit er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þess. Hækkun útgjaldanna nú stafar af auknu eftirliti á Reykjavíkurflugvelli en þó aðallega á Akureyri vegna áætlunarflugs milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

398 Útlendingastofnun.

1.01 Útlendingastofnun. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. aukafjárveitingu vegna reglugerðar Evrópusambandsins um samræmt form dvalarleyfa sem tekur gildi í ágúst 2003 en framleiða þarf sérstök dvalarleyfiskort og dvalarleyfismiða. Kostnaður vegna hönnunar og frumframleiðslu á kortunum er áætlaður 0,8 m.kr. en árlegur kostnaður er metinn á 3,2 m.kr. og miðast við frumtilboð frá dönsku fyrirtæki sem framleiðir samskonar kort og miða fyrir Dani, Finna og Svía. Við það er miðað að kortin verði tekin í

notkun á miðju ári og að kostnaður á þessu ári verði því 1,6 m.kr. að viðbættum hönnunarkostnaði.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.

1.20 Löggæsla. Sótt er um 3 m.kr. fjárveitingu til að gera embættinu kleift að ráða tvo sumarafleysingamenn vegna aukinna umsvifa í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi.

428 Sýslumaðurinn á Eskifirði.

1.20 Löggæsla. Farið er fram á að veitt verði 6 m.kr. fjárheimild til að fjölga lögreglumönnum um tvo. Brýnt er að gera embættinu kleift að koma á sólarhringsvakt vegna mikilla þungaflutninga og flutninga á hættulegum efnum, s.s. sprengiefnum, og aukinnar almennrar umferðar á þessu ári í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi. Reistar verða 150 manna vinnubúðir á Reyðarfirði og 70 manna búðir á Fáskrúðsfirði vegna jarðgangagerðar. Með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum framkvæmdum, fjölgar skýrslutökum til muna vegna ýmissa vinnuslysa. Kostnaður á ársgrundvelli er metinn á 12 m.kr. en hér er gert ráð fyrir útgjöldum hluta ársins. Einnig er gert ráð fyrir 2,2 m.kr. viðbótarframlagi til að standa straum af nýju starfi tollvarðar síðasta fjórðung ársins. Kostnaður á ársgrundvelli er áætlaður um 6,5 m.kr. Þar af eru laun um 5 m.kr. en annar rekstrarkostnaður tengdur tollgæslunni er metinn á um 1,5 m.kr. Tollafgreiðslur hafa aukist verulega undanfarin ár en Eskifjörður er aðaltollhöfn og því mikilvægt að þar starfi sérmenntaður maður. Með tilkomu stórframkvæmda á Austurlandi hefur álagið aukist. Tollvörður hefur verið starfandi tímabundið við embættið í sumar og hefur kostnaður verið greiddur af safnlið hjá fjármálaráðuneytinu. Samtals er því sótt um 8,2 m.kr. fjárheimild á þessum lið.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til embættisins á Hvolsvelli verði hækkað um 3,8 m.kr. vegna sektarinnheimtudeildar en embættið tók við deildinni af embætti ríkislögreglustjóra í upphafi árs 2003. Kostnaðaraukann er að rekja til fjölgunar sektarboða og hækkunar póstburðargjalda.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagt er til að fjárheimild þessa liðar hækki um 20 m.kr. vegna kostnaðar skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Útgjöldin voru um 124 m.kr. á árinu 2002 en framlag í fjárlögum 2003 er um 104 m.kr. Vöntun á þessu ári er því áætluð um 20 m.kr. Niðurstaða á þessum lið hefur ávallt verið felld niður um áramót. Hér erum að ræða kostnað vegna beiðna sýslumanna sem innheimtumanna ríkissjóðs um fjárnám og nauðungarsölur.

Kostnaðurinn hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hyggst dómsmálaráðuneytið vinna að úttekt á honum og með hvaða hætti til hans er stofnað.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins.

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar verði hækkað um 20 m.kr. á þessu ári. Afgangur frá fyrra ári að fjárhæð 14 m.kr. kemur á móti fjárþörf ársins og er stofnuninni ætlað að aðlaga rekstur sinn að fjárheimildum að öðru leyti.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Gert er ráð fyrir 58,1 m.kr. hækkun á fjárheimild þjóðkirkjunnar vegna launa presta, prófasta, biskupa og starfsmanna biskupsstofu á grundvelli samnings ríkis og kirkju um rekstur þjóðkirkjunnar. Hækkunin er vegna úrskurða kjaranefndar og Kjaradóms sem gilda frá 1. janúar 2003, Kjaradóms frá 10. maí 2003 og úrskurðar kjaranefndar frá 1. júní 2003. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að framlag lækki um 12,3 m.kr. vegna ofgreiðslu á árinu 2002 sem stafaði af ofáætlun launatengdra gjalda. Alls nemur breytingin á fjárveitingunni því 45,8 m.kr.

707 Kristnisjóður.

1.10 Kristnisjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 3,3 m.kr. í samræmi við ákvæði samnings ríkis og kirkju en framlag í hann er miðað við 16 prestslaun.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 1.453,6 m.kr.

401 Barnaverndarráð.

1.01 Barnaverndarráð. Felld er niður heimild að fjárhæð 8,4 m.kr. í kjölfar þess að starfsemi barnaverndarráðs var hætt á árinu 2002.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 0,5 m.kr. vegna breytinga á launaforsendum fjárlaga 2003 í kjölfar úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Farið er fram á 6,5 m.kr. viðbótarfjárheimild til greiðslu biðlauna en í kjölfar nýrra laga um Greiningarstöðina var staða framkvæmdastjóra stofnunarinnar lögð niður.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 34 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2003.

981 Vinnumál.

1.90 Ýmislegt. Óskað er eftir 3,4 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði ráðuneytisins í þátttöku nefndar til að móta tillögur um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Fjármagn til þessa verkefnis var fellt niður í fjárlögum 2003 en í lok árs 2002 ákvað ríkisstjórn að halda verkefninu áfram.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Farið er fram á 300 m.kr. viðbótarfjárheimild til Ábyrgðasjóðs launa þar sem greiðslur úr sjóðnum eru umtalsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins. Á fyrstu sjö mánuðum ársins voru útgjöld sjóðsins 404 m.kr. en fjárheimild sjóðsins á árinu er 440 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Farið er fram á 1.100 m.kr. viðbótarfjárheimild til sjóðsins vegna aukins atvinnuleysis. Samkvæmt spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir 3,3% atvinnuleysi á árinu en forsendur fjárlaga byggðust á spá um 2,5% atvinnuleysi. Kostnaður á hvert prósentustig er áætlaður 1.084 m.kr. eða alls 3.577 m.kr. sem er um 1.110 m.kr. umfram fjárheimild fjárlaga.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Farið er fram á 12,3 m.kr. hækkun til starfsemi Byrgisins. Málefni Byrgisins voru til skoðunar hjá ríkisstjórn í mars sl. og var samþykkt að veita 25 m.kr. rekstrarstyrk til starfseminnar miðað við heilt ár en í félagsmálaráðuneytinu hefur verið unnið að nánara samkomulagi um starfsemina.

1.90 Ýmis framlög. Farið er fram á 5,3 m.kr. framlag til greiðslu á húsaleigu Efri Brúar í Grímsnesi en jörðin er að hluta nýtt undir starfsemi Byrgisins. Samkvæmt leigusamningi við Fasteignir ríkissjóðs mun félagsmálaráðuneytið standa skil á leigugreiðslum og er fjárhæð tillögunnar leigugreiðsla fyrir mánuðina maí til ársloka 2003. Gert er ráð fyrir þessum útgjöldum í frumvarpi til fjáraukalaga 2004.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.305,9 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 15 m.kr. aukafjárveitingar til að mæta kostnaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vegna úrskurðar um Norðlingaölduveitu. Hinn 24. september 2002 var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra settur til að fara með kærumál vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðlingaölduveitu. Verkefnið var óskylt verkefnum ráðuneytisins en auk fastra starfsmanna kom að því hópur sérfræðinga utan ráðuneytis.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 11,6 m.kr. framlag til að mæta hluta stofnkostnaðar við lyfjagagnagrunna sbr. ákvæði laga nr. 89/2003 um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og læknalögum, nr. 53/1988. Samkvæmt þeim skal starfrækja tvo gagnagrunna, tölfræðigagnagrunn og lyfjagagnagrunn, sem hafa að geyma upplýsingar sem Tryggingastofnun fær afhentar frá lyfsölum en markmiðið með rekstri gagnagrunnanna er að gera Tryggingastofnun, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar verði aukið um 674,4 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi, sem varið er til þessara verkefna, lækki frá forsendum fjárlaga 2003 um þá fjárhæð. Áætlun um útgjöld er óbreytt.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi til að auka barnageðlækningar og bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á því sviði. Á árinu 2002 var samið við barnageðlækna um 30.000 viðbótareiningar að fjárhæð um 5 m.kr. Heilbrigðisráðherra kynnti í ríkisstjórn 11. mars sl. tillögu sem miðaðist við að veita sömu þjónustu á árinu 2003 og var hún samþykkt.

1.15 Lyf. Lagt er til að veitt verði 160 m.kr. viðbótarframlag vegna lyfjakostnaðar sjúkratrygginga. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld vegna lyfja er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður ársins verði ríflega 5.700 m.kr. en er 5.573 m.kr. í fjárlögum.
1.21 Hjálpartæki. Farið er fram á 270 m.kr. viðbótarfjárveitingu til hjálpartækja. Útgjöld TR til hjálpartækja hafa aukist verulega síðastliðin ár en það má annars vegar má rekja að mestu til setningu reglugerðar nr. 752/2002, sem rýmkaði skilyrði fyrir úthlutun, og hins vegar til magnaukningar. Síðustu 4 árin eða svo hefur aukningin í hjálpartækjum numið 15–20% á ári þar sem bæði er um að ræða magnaukningu og tilfærslu yfir í nýja og dýrari tækni, svo og vegna áhrifa reglugerðar nr. 752/2002, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra sem rýmkaði verulega skilyrði fyrir úthlutun bifreiðastyrkja.

208 Slysatryggingar.

1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Lögð er til 40 m.kr. viðbótarfjárveiting til að mæta útgjöldum við slysatryggingar sjómanna. Á fjárlögum eru 160 m.kr. til að mæta þessum útgjöldum en þau voru 195,7 m.kr. á árinu 2002. Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa en stofnunin greiðir hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni. Innheimt er sérstakt iðgjald af útgerðarmönnum sem stendur undir kostnaðinum.

301 Landlæknir.

1.30 Slysavarnaráð. Lagt er til að 0,3 m.kr. af fjárveitingu slysavarnaráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar en samkvæmt lögum um Lýðheilsustöð skulu áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð starfa innan Lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð tók til starfa hinn 1. júlí og er framsetning í fjáraukalögum við það miðuð að helmingur fjárveitingar slysavarnaráðs verði millifærður á nýjan fjárlagalið Lýðheilsustöðvar.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Farið er fram á 54,1 m.kr. framlag til reksturs Lýðheilsustöðvar. Lýðheilsustöð tók til starfa hinn 1. júlí og er framsetning í fjáraukalögum við það miðuð að helmingur fjárveitingar slysavarnaráðs manneldisráðs, tóbaksvarnaráðs og áfengis- og vímuvarnaráðs verði millifærður á nýjan fjárlagalið stöðvarinnar. Af ofangreindu framlagi eru 13 m.kr. sem er beint framlag til stöðvarinnar í fjárlögum 2003 en millifært af viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* á lið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þá eru millifærðar 0,3 m.kr. frá slysavarnaráði, 4 m.kr. frá áfengis- og vímuvarnaráði, 8,8 m.kr. frá manneldisráði og 28 m.kr. frá tóbaksvarnaráði eða alls 41,1 m.kr.

1.90 Forvarnasjóður. Farið er fram á að 35 m.kr. af fjárheimild forvarnasjóðs verði fluttar á nýtt viðfangsefni sjóðsins undir Lýðheilsustöð en áfengis- og vímuvarnaráð og forvarnasjóður skal starfa innan stöðvarinnar.

330 Manneldisráð.

1.01 Manneldisráð. Lagt er til að 8,8 m.kr. af fjárheimild manneldisráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 100 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og á fjárveitingin að koma til móts við viðleitni stjórnenda sjúkrahússins til að halda rekstri innan fjárheimilda.

5.01 Fasteign. Farið er fram á 3,7 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 9,7 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og í fyrra lið.

6.50 Nýbygging. Farið er fram á 1,8 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og tveimur fyrri liðum.

373 Landspítali - háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 977 m.kr. aukafjárveiting til sjúkrahússins af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 930 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss. Er fjárveitingunni ætlað að bæta greiðslustöðu spítalans og gera honum m.a. kleift að gera upp vanskilaskuldir við birgja og draga þar með úr fjármagnskostnaði. Hins vegar er lögð til 27 m.kr. fjárveiting til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga í samræmi við tillögur heilbrigðisráðherra sem ríkistjórn samþykkti í mars sl. Í tillögunum felst m.a. að 20 m.kr. skuli varið til að koma á fót sérstöku tímabundnu teymi sem starfi til ársloka 2003 og einbeiti sér að bráðatilvikum, stytta bráðabiðlista eftir þjónustu unglingageðdeildar og veiti sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsókn til unglinga í vanda. Þá felst í tillögunum að 3 m.kr. skuli varið til að efla þjónustu við börn utan höfuðborgarsvæðisins og 1,5 m.kr. til að efla heimaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Að síðustu eru 2,6 m.kr. til að standa undir leigukostnaði göngudeildar í nýju húsnæði.

5.60 Viðhald. Farið er fram á að 212 m.kr. af söluandvirði eigna Landspítala – háskólasjúkrahúss við Kópavogsbraut verið varið til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss, sbr. heimildargrein 3.4 í 7. gr. fjárlaga 2003.

6.70 Nýframkvæmdir. Óskað er eftir 45 m.kr. stofnkostnaðarframlagi til að stækka

legudeild barna- og unglingageðdeildar í núverandi húsnæði göngudeildar. Er það í samræmi við tillögur heilbrigðisráðherra sem nefndar eru í fyrsta viðfangsefni þessa liðar. Með breytingunni fást 6 til 8 rými til viðbótar og verða þau þá alls 15 til 17.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að veittar verði 100 m.kr. til að mæta rekstrarvanda heilbrigðis- og endurhæfingarstofnana. Nokkrar heilbrigðis- og endurhæfingarstofnanir eiga við talsverðan rekstarvanda að etja og eiga viðbótarfjárveitingar til stofnananna að auðvelda stjórnendum þeirra að grípa til ráðstafana til að halda rekstri þeirra innan fjárheimilda.

6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar. Óskað er eftir 41,1 m.kr. viðbótarfjárveitingu á þennan lið. Annars vegar er óskað eftir 30,5 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á 10 öndunarvélum en ríkisstjórnin samþykkti á árinu tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kaup á 10 öndunarvélum til að bregðast við heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu sem aðallega yrðu staðsettar á sýklavarnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hins vegar er farið fram á 10,6 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt. Farið er fram á 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum en breyting þessi var lögfest á vorþingi 2003.

6.60 Tækjakaup, óskipt. Lögð er til 3,1 m.kr. aukafjárveiting af sama tilefni og að framan greinir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Óskað er eftir samtals 210,3 m.kr. viðbótarframlagi á þennan lið. Í fyrsta lagi er farið fram á 105,8 m.kr. aukafjárveiting vegna kaupa á húsnæði heilsugæslustöðvar í Lágmúla, Reykjavík og í Garðabæ. Í öðru lagi er lögð til 47,5 m.kr. aukafjárveiting til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum. Í þriðja lagi er óskað eftir 45 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af skuld ríkissjóðs við Reykjanesbæ vegna framkvæmda við D-álmu Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Loks er óskað eftir 12 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við úrbætur í húsnæðismálum heilsugæslustöðvarinnar á Raufarhöfn.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 2,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um krabbameinsleit en samkvæmt samningnum er miðað við 200.000 sérfræði-

einingar á ári vegna sérskoðana en greiðslan hækkar eða lækkar víki einingar um 7% frá umsömdum fjölda. Fjöldi sérfræðieininga 2002 var 225.853 og er því farið fram á leiðréttingu fyrir 11.853 einingum.
1.53 Tóbaksvarnir. Lagt er til að 28 m.kr. af fjárheimild til tóbaksvarna verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilustöð.
1.90 Ýmis framlög. Óskað er eftir að 13 m.kr. fjárveiting til Lýðheilsustöðvar í fjárlögum 2003 verði færðar á nýjan fjárlagalið 305 Lýðheilsustöð.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.
5.01 Viðhald, óskipt. Farið er fram á 4,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta niðurfellingu 15% greiðsluþátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði, meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum.
6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 4,4 m.kr. aukafjárveitingu af sama tilefni og í fyrra lið.

501 Sjúkraflutningar.
1.11 Sjúkraflutningar. Farið er fram á 19,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðis til að mæta kostnaði við flutning sjúklinga á milli sjúkrahúsa en flutningarnir hafa farið umfram tiltekinn fjölda samkvæmt samningi ráðuneytis við Slökkvilið höfuðborgarsvæðis. Samkvæmt samningnum ber að endurskoða greiðslur til verksala ef flutningum fjölgar eða fækkar um meira en 6% af viðmiðunareiningum.

621 Forvarnasjóður.
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð. Lagt er til að 4 m.kr. af fjárheimild áfengis- og vímuvarnaráðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.
1.90 Forvarnasjóður. Farið er fram á að 35 m.kr. af fjárheimild forvarnasjóðs verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Sjá nánari skýringar undir lið 305 Lýðheilsustöð.

700 Heilbrigðisstofnanir.
1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 45 m.kr. til að mæta kostnaði vegna langvarandi veikinda starfsmanna á heilbrigðisstofnunum en nokkrar smærri heilbrigðisstofnanir hafa þurft að greiða starfsmönnum laun í alvarlegum og langvarandi veikindum. Farið fram á sérstaka fjárveitingu til greiðslu á þessum kostnaði þar sem hann hefur valdið stofnununum verulegum erfiðleikum í rekstri.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.
1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 12,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukinnar heilsugæsluþjónustu á Egilsstöðum, Eskifirði og Reyðarfirði sem rekja má til fjölgunar

starfmanna sem vinna við virkjanir og jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að fjölga verði um 2 lækna og 1 hjúkrunarfræðing af þessum sökum.

795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Farið er fram á 8,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði vegna Mósa-sýkingar sem kom upp á spítalanum í janúar sl. og leiddi til að eyða þurfti miklu magni af hjúkrunarvörum, pappírsvörum o.fl. sem voru í opnum pakkningum auk þess sem kaupa þurfti að sótthreinsivinnu.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.245,7 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri.

1.01 Yfirstjórn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki alls um 70 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 41,2 m.kr. fjárheimild vegna flutnings fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra. Hinn 1. júlí sl. tók embætti ríkisskattstjóra yfir ábyrgð á verkefnum fyrirtækjaskrár Hagstofu Íslands. Fyrirtækjaskráin flutti að Laugavegi 166 hinn 1. september sl. Áætlaður kostnaður vegna flutningsins er 41,5 m.kr. Útgjöld vegna breytinga á húsnæði eru 15,2 m.kr., vegna skrifstofubúnaðar 2,2 m.kr., afgreiðslukerfis og skönnunar 3,8 m.kr., tölvu- og netbúnaðar 2,9 m.kr., hugbúnaðar 15,1 m.kr. og annar kostnaður er áætlaður 2,3 m.kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 24 m.kr. hækkun á fjárheimild embættisins vegna rekstrarkostnaðar fyrirtækjaskrár frá 1. júlí til ársloka. Á móti koma 34,6 m.kr. ríkistekjur fyrir skráningar og afnot af fyrirtækjaskrá sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en eru nýttar til fjármögnunar á rekstrinum. Greiðsla úr ríkissjóði lækkar sem nemur áætluðum tekjum umfram útgjöld eða um 10,6 m.kr. Loks er gerð tillaga um 4,8 m.kr. fjárveitingu til embættisins vegna kostnaðar við framkvæmd úrvinnslugjalds sem því var falið með lögum nr. 16/2002, um úrvinnslugjald. Samkvæmt lögunum skulu 0,5% af innheimtum tekjum renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmdina. Áætlaðar tekjur eru um 1.260 m.kr. á ári þannig að 6,3 m.kr. munu renna í ríkissjóð til að mæta útgjöldum við álagningu og innheimtu. Áætlaður árlegur kostnaður vegna útsendinga greiðsluseðla nemur um 1,8 m.kr. og launakostnaður starfsmanna um 2,1 m.kr. Áætlað er að þessi kostnaður nemi um 3 m.kr. fyrir árið 2003. Þá fellur til í ár kostnaður við breytingar á hugbúnaði embættisins sem er áætlaður 1,8 m.kr.

215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins.

1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins. Óskað er eftir 9 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna viðamikilla skattrannsókna á árinu. Á undanförnum 18–20 mánuðum hefur stofnunin haft til meðferðar nokkur stór og viðamikil mál. Hafa þau reynst mun þyngri í vöfum en ráð var fyrir gert og umfang rannsókna orðið meira en venja er við rannsókn slíkra mála. Af þessum sökum hafa launagreiðslur á árinu orðið talsvert hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Þá er fyrirsjáanlegt að vinna aðkeyptra endurskoðenda, lögfræðinga og þýðenda verði einnig meiri en áætlað var.

250 Innheimtukostnaður.

1.10 Ýmis innheimtukostnaður. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. fjárheimild til þess að mæta auknum innheimtukostnaði. Afar erfitt er að áætla fyrir kostnaði vegna innheimtu með nokkurri vissu og hefur hefur hann farið umfram fjárheimildir undanfarin ár sem nemur 40–50 m.kr. Mest munar um útgjaldafrávik vegna beiðna um fjárnám og gjaldþrotaskipti auk þess sem þjónustugjöld til banka vegna innheimtunnar eru veruleg. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna innheimtu nemi alls um 231 m.kr. árið 2003.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gert er ráð fyrir að gjaldfærður fjármagnstekjuskattur sem fellur á ríkissjóð vegna arðgreiðslna, vaxtatekna og söluhagnaðar hækki um 270 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Skýrist það einkum af því að söluhagnaður eigna verður heldur meiri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga eins og fram kom í forsendum fyrra fjáraukalagafrumvarps fyrir árið 2003 sem afgreitt var á sl. vorþingi.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Gert ráð fyrir að fjárheimild til greiðslu á vaxtabótum vegna húsnæðislána þurfi að hækka um 600 m.kr. Samkvæmt tölum sem liggja fyrir í skattálagningu ársins 2003 hafa þessar greiðslur aukist mun meira en reiknað var með í forsendum fjárlaga, m.a. sökum þess að ekki hefur verið reiknað nægilega með áhrifum af fyrirframgreiðslu vaxtabóta og mikilli aukningu í húsnæðislánum.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

6.21 Húsnæði. Gert er ráð fyrir að leigutekjur rekstrarfélagsins lækki um 15,2 m.kr. Vegna flutnings Hagstofu Íslands og Einkaleyfastofu frá Lindargötu 9 og Skuggasundi 3 hefur húsnæði í umsjón rekstrarfélagsins staðið autt og engin leiga verið innheimt. Auk þess flutti dómsmálaráðuneytið úr Arnarhvoli í Skuggasund 3 um miðjan september og getur rekstrarfélagið ekki innheimt leigu í Arnarhvoli á meðan gerðar eru endurbætur á húsnæðinu þar. Rekstrarkostnaður húsanna lækkar hins vegar ekki við þessa flutninga, nemur alls 15,2 m.kr. þar sem miðað er við rekstrarkostnað.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 170 m.kr. Þar af eru 82 m.kr. til að mæta auknum launakostnaði í kjölfar úrskurðar Kjaradóms 10. maí sl. um laun æðstu embættismanna ríkisins en hann gildir frá sama tíma fyrir þingmenn og ráðherra en frá 1. maí fyrir aðra. Kostnaðaráhrif úrskurðarins eru metin á um 135 m.kr. á ársgrundvelli. Í annan stað er reiknað með 70 m.kr. viðbótarfjárveitingu til liðarins til að mæta auknum launakostnaði í kjölfar úrskurðar kjaranefndar um laun embættismanna sem tók gildi 1. júní 2003. Samkvæmt úrskurðinum er gerð 5% hækkun á launum þeirra embættismanna sem höfðu ótímabundna skipun við gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en auk þess hækkar verð á einingum sem embættismenn fá greiddar til viðbótar við föst laun. Afgangurinn af fjárheimildinni, 18 m.kr., er ætlaður til að bæta stofnunum ýmsar smærri breytingar á launakjörum starfsmanna sem orðið hafa eftir afgreiðslu gildandi fjárlaga.

999 Ýmislegt.

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. aukaframlag vegna tryggingabóta skv. kjarasamningum. Kostnaður vegna tryggingabóta á árinu er hærri en ráð var fyrir gert vegna ófyrirséðra mála.

1.45 Ýmsar nefndir. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar kærumála á útboðum hins opinbera, sbr. lög um opinber innkaup. Erfitt er að áætla fyrir kostnaðinum þar sem kærufjöldinn getur verið mjög breytilegur milli ára.

1.60 Dómkröfur. Gerð er tillaga um 40 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna dómkrafna. Mikil fjölgun hefur orðið á undanförnum árum á málsóknum á hendur ríkinu og stefnir í að dómkröfur og málskostnaður fari talsvert fram úr áætlun fjárlaga ársins 2003.

1.66 Yfirfasteignamatsnefnd. Óskað er eftir að veittar verði 5 m.kr. vegna aukins launakostnaðar Yfirfasteignamatsnefndar. Aukningin stafar fyrst og fremst af stórauknu hlutverki nefndarinnar sem úrskurðaraðila í brunabótamati ásamt endurmati fasteignamats og brunabótamats á árinu 2001. Kostnaður nefndarinnar eftir fyrstu sex mánuði ársins er 6 m.kr. en fjárheimild fyrir árið 2003 er aðeins 4,4 m.kr. Áætlað er að heildarkostnaður nefndarinnar verði um 9,5 m.kr. á árinu 2003.

6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins. Gert er ráð fyrir 18 m.kr. fjárheimild til endurnýjunar á nokkrum bifreiðum fyrir ráðherra. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir 5 m.kr. fjárveitingu sem verði notuð til endurnýjunar bifreiða og því þurfi framvegis ekki að koma til framlaga í fjáraukalögum.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 485,6 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 7 m.kr. aukafjárveitingu. Annars vegar 5 m.kr. til að bæta aðbúnað á skrifstofum ráðuneytisins svo að hann fullnægi lágmarkskröfum samkvæmt reglum um öryggi fyrir ráðuneyti. Hins vegar er farið fram á 2 m.kr. framlag vegna starfa sérstakrar rannsóknarnefndar sem samgönguráðherra skipaði vegna flugslyssins í Skerjafirði.

190 Ýmis verkefni.

1.25 Staðsetningarkerfi. Farið er fram á 12 m.kr. vegna stofnkostnaðar og reksturs á svokölluðum RIM-stöðvum fyrir EGNOS-staðsetningarkerfi. Geimferðastofnun Evrópu, ESA, hefur farið þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau hýsi og reki tvær slíkar stöðvar til reynslu í 18 mánuði. ESA leggur til allan tæknibúnað og vinnu við að koma stöðvunum upp og er sá kostnaður talinn verða 60–80 m.kr. Áætlað er að önnur stöðin verði rekin í tengslum við flugstjórnarmiðstöðina á Reykjavíkurflugvelli en hinni verði komið fyrir á Egilsstöðum. Að reynslutímabili loknu er gert ráð fyrir að rekstur stöðvanna verði boðinn út. Stöðvar þessar munu gegna því hlutverki að taka við merkjum frá GPS-gervihnattakerfinu, leita að skekkjum og senda leiðréttingar ásamt upplýsingum um áreiðanleika merkjanna um staðbundna gervihnetti við miðbaug til notenda á Íslandi. EGNOS er talið hafa marga kosti umfram núverandi leiðréttingar, m.a. þann að ekki þarf aukabúnað til viðbótar GPS-tækis til þess að nýta sér þjónustu kerfisins.

1.34 Flugskóli Íslands. Farið er fram á 12,3 m.kr. hækkun á styrk til Flugskóla Íslands hf. Beiðnin er í samræmi við niðurstöður nefndar sem falið var að gera tillögur að endurskipulagningu á rekstri skólans með það að leiðarljósi að atvinnuflugmannsnámi verði sinnt hér á landi áfram. Í frumvarpi til fjárlaga 2004 er sambærileg tillaga um hækkun á framlagi til skólans.

1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi. Farið er fram á 12,5 m.kr. framlag til að efna samning sem gerður hefur verið milli stjórnvalda og landsstjórnarinnar á Grænlandi um flug milli Íslands og Narssarssuaq. Samningurinn er til þriggja ára og hefur samhljóða tillaga verið gerð í frumvarpi til fjárlaga 2004.

211 Vegagerðin.

Farið er fram á 400 m.kr. hækkun á framlagi til Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi er sótt um heimild til að ráðstafa 300 m.kr., söluandvirði fasteignar og lóðar Vegagerðarinnar að Stórhöfða 34–40 samkvæmt heimild í fjárlögum 2003. Í öðru lagi er sótt um heimild til að endurskoða skiptingu á fjárheimildum milli reksturs, viðhalds og stofnkostnaðar til samræmis þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 til 2006. Samkvæmt þingsályktuninni er gert ráð fyrir að á rekstrar- og rekstrartilfærsluviðfangsefni verði veitt samtals 219,6 m.kr., sem skiptist þannig að viðfangsefnaliður *1.01 Yfirstjórn* hækki um 37,9 m.kr. *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* hækki um 183,1 m.kr. *og 1.13 Styrkir til innanlandsflugs* lækki um 1,4 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld vegna viðhaldsverkefna aukist um 421,8 m.kr. samtals og skiptist þannig að *5.05 Þjónusta* hækki um 261,7 m.kr. og *5.10 Viðhald* hækki um 160,1 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir að stofnkostnaður lækki um 341,4 m.kr. Þar af lækki *6.10 Nýframkvæmdir* um 343 m.kr., *6.21 Landsvegir* lækki um 0,5 m.kr. og *6.45 Styrkvegir* lækki um 0,2 m.kr. en á móti komi 1,8 m.kr. hækkun til *6.40 Tilraunir*, 0,4 m.kr. til *6.43 Safnvegir* og *6.47 Reiðvegir* um 0,1 m.kr. Í þriðja og síðasta lagi er sótt um 100 m.kr. framlag á *1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa* vegna útgjalda árið 2002. Framlagið skiptist annars vegar þannig að 50 m.kr. eru vegna styrkja til sérleyfishafa. Árið 2002 var lokið við gerð þjónustusamninga við sérleyfishafa vegna almenningssamgangna á landsbyggðinni. Þá kom í ljós að kostnaður við að halda uppi því þjónustustigi sem verið hefur nemur um 160 m.kr. en í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 109 m.kr. í verkefnið. Hins vegar eru 50 m.kr. ætlaðar í styrk til rekstraraðila Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs vegna ákvörðunar um að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 10 m.kr. framlag vegna aukinna verkefna Siglingastofnunar sem hafa skapast af nýrri alþjóðlegri siglingaverndaráætlun sem tók gildi 1. júlí síðastliðinn. Í frumvarpi til fjárlaga er farið fram á 11 m.kr. framlag vegna sama verkefnis.

1.11 Rekstur strandarstöðva. Farið er fram á 14,4 m.kr. framlag vegna endurnýjunar á samningi milli Siglingastofnunar og Landssíma Íslands hf. um rekstur strandarstöðva.

6.70 Hafnamannvirki. Óskað er eftir heimild til að auka greiðslur úr ríkissjóði um 106,6 m.kr. Samkvæmt nýjum hafnalögum, nr. 61/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003, eru tekjur af sérstöku vörugjaldi ekki lengur markaðar stofnuninni heldur renna þær í ríkissjóð. Greiðsla úr ríkissjóði hækkar því sem nemur mörkuðum tekjum. Lagt er til að framlag til framkvæmda við hafnamannvirki lækki um 17,5 m.kr. í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun 2003 til 2006.

Óskað er eftir heimild til að fresta hafnaframkvæmdum á samgönguáætlun í Sandgerði um 25,5 m.kr. og að fjárheimildin verði nýtt til gerðar sjóvarnargarða á eftirfarandi stöðum: Árneshreppur, 2,1 m.kr., Reykjanesbær í Njarðvík, 4,2 m.kr., Reykjanesbær í Keflavík, 10,4 m.kr., Reykjanesbær við Skipaafgreiðslu Suðurnesja Ytri-Njarðvík og Seylubakka og Kópu í Innri-Njarðvík, 6,2 m.kr., Vatnsleysustrandarhrepppur, 2,6 m.kr. Engin viðbótarútgjöld verða hjá ríkissjóði vegna þessa. Jafnframt er óskað eftir heimild til að veita Ísafjarðarbæ styrk til að kaupa dráttarbát að fjárhæð 43,5 m.kr. sbr. heimild í 25. gr. í hafnalögum um slíkar styrkveitingar. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir styrkveitingunni og því er lögð til frestun á nokkrum framkvæmdum í Ísafjarðarbæ á árununum 2003–2006 að fjárhæð 43,5 m.kr. svo veita megi styrkinn. Framkvæmd sem lagt er til að verði frestað á árinu 2003 eru lagnir, lýsing og þekja í Sundahöfn í Ísafirði að fjárhæð 16,8 m.kr. Í greinargerð frumvarps til fjárlaga 2004 er fjallað um frekari frestanir sem fyrirhugaðar eru á árinu 2004.

471 Flugmálastjórn.

1.01 Flugmálastjórn. Farið er fram á að Flugmálastjórn verði veitt 40 m.kr. framlag vegna samkomulags milli menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis þess efnis að Flugmálastjórn greiði Ríkisútvarpinu þá fjárhæð til að standa straum af viðbótarkostnaði sem hlaust af lækkun langbylgjumastursins á Eiðum. Mál þetta á sér upphaf í kröfu Flugmálastjórnar á hendur Ríkisútvarpinu um að mastrinu yrði breytt. Krafan var reist með vísan til 68. gr. loftferðalaga en sú grein kveður jafnframt á um að kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði. Í öðru lagi er óskað eftir heimild til að lækka greiðslur úr ríkissjóði um samtals 51,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðra áætlana um ríkistekjur af afgreiðslugjöldum, lendingargjöldum, prófgjöldum og skoðunar- og eftirlitsgjöldum. Í þriðja lagi er lagt til að rekstrargjöld hækki um 226,8 m.kr. á móti jafnmikilli hækkun sértekna frá Alþjóðaflugþjónustunni, tekjum af flugvélum, tekjum af skólagjöldum skóla Flugumferðarstjórnar og tekjum af útseldri sérfræðiþjónustu. Í fjórða lagi er lögð er til 5,1 m.kr. lækkun á greiðslu úr ríkissjóði vegna ráðstöfunar á flugvallargjaldi til reksturs. Í fimmta lagi er lagt til að 75 m.kr. verði millifærðar yfir á nýjan viðfangsefnalið *5.41 Flugvellir, viðhald.* Fénu verður varið til að ljúka framkvæmdum við endurnýjun húsnæðis stofnunarinnar á fyrstu til fimmtu hæð í Flugturninum á Reykjavíkurflugvelli.

6.41 Flugvellir, framkvæmdir. Farið er fram á að framlag til framkvæmda við flugvelli verði lækkað um 5,1 m.kr. í samræmi við samgönguáætlun. Áætlunin gerir ráð fyrir að til stofnkostnaðar verði varið alls 688 m.kr. Í fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að stofnkostnaður við flugvelli verði 693,1 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 64,5 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 1,6 m.kr. lækkun framlags en gert hafði verið ráð fyrir 8 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar ráðuneytis af innleiðingu raforkulaga frá og með 1. janúar 2003. Hins vegar voru lögin ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. og þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á framkvæmd laganna.

201 Iðntæknistofnun Íslands.

1.01 Iðntæknistofnun Íslands. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu til að hægt verði að auka hlutverk nýsköpunarmiðstöðvar, Impru, sem hingað til hefur einungis þjónað iðngreinum en samkvæmt lögum á hún að þjóna öllum íslenskum atvinnugreinum. Rekstur miðstöðvarinnar nemur um 25 m.kr. á ári. Rekstur verkefnisins hefur að megninu til verið fjármagnaður af *1.48 Átak til atvinnusköpunar* undir fjárlagaliðnum 299 Iðja og iðnaður, framlög.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Lagt er til að veitt verði 13,4 m.kr. framlag til rannsókna á fornminjum á lóð sem ætluð er undin álver ALCOA á Reyðarfirði. Í lóðarsamningi íslenskra stjórnvalda og ALCOA er gert ráð fyrir að fyrirtækinu verði afhent lóð undir væntanlegt álver án kvaða. Fyrirtækið ber þannig almennan kostnað við framkvæmdir á lóðinni en lóðareigandi, sem er ríkissjóður, ber kostnað af óvissuþáttum sem kunnu að hafa legið fyrir við undirritun samningsins.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði tækninefndar. Samkvæmt lögum um vísinda- og tækniráð heyrir tækninefnd undir iðnaðarráðuneytið. Um er að ræða laun nefndarmanna og annan kostnað, svo sem aðstoð sérfræðinga á tilteknu sviði. Ljóst er að með tilkomu nýju laganna verður ráðuneytið að leggja ríkari áherslu á vísinda- og nýsköpunarmál.

301 Orkustofnun.

1.01 Yfirstjórn. Í fyrsta lagi er farið fram á 8,3 m.kr. lækkun framlags. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar stofnunarinnar af eftirliti og undirbúningi

raforkulaga sem ráðgert var að tækju gildi frá og með 1. janúar 2003. Lögin voru ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. Þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á gildistöku laganna. Í öðru lagi er farið fram á 3,5 m.kr. fjárveitingu einnig vegna raforkulaga. Sá hluti eftirlits sem gert hafði verið ráð fyrir að Löggildingarstofan innti að hendi flyst til Orkustofnunar. Af þeim sökum er óskað eftir að 3,5 m.kr. framlag verði millifært frá Löggildingarstofu yfir til Orkustofnunar.

399 Ýmis orkumál.

1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið. Óskað er eftir 41,5 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði við matsáætlun, undirbúning á formlegu umhverfismati og öðrum kostnaði vegna hugsanlegrar rafskautaverksmiðju á Katanesi. Áætlaður kostnaður vegna umhverfismats, öflunar starfsleyfis, lóðar- og hagkvæmniathuganir nemur um 31,5 m.kr. Auk þess er áætlað að kostnaður vegna samningsgerðar, fjármögnunar og annarrar sérfræðiþjónustu geti verið um 10 m.kr.

1.21 Nýskipan orkumála. Sótt er um 6 m.kr. heimild til að mæta kostnaði við starf nítján manna samráðsnefndar um fyrirkomulag flutningskerfis raforku og jöfnun á flutningskostnaði og dreifingu. Nefndinni var komið á fót samkvæmt raforkulögum sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor eftir afgreiðslu fjárlaga og á hún að ljúka störfum fyrir lok þessa árs. Fjárhæðin er í samræmi við kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 12,2 m.kr.

302 Löggildingarstofa.

1.01 Löggildingarstofa. Ekki er gert ráð fyrir að Löggildingarstofa sinni eftirliti í raforkulögum sem samþykkt voru á Alþingi 15. mars sl. Fellur því niður 9,5 m.kr. fjárheimild sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 mun Orkustofnun annast eftirlitið.

902 Samkeppnisstofnun.

1.01 Samkeppnisstofnun. Farið er fram á 2,7 m.kr. lækkun framlags. Gert er ráð fyrir 13 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2003 vegna kostnaðar stofnunarinnar af innleiðingu Raforkulaga frá og með 1. janúar 2003. Lögin voru ekki samþykkt fyrr en 15. mars sl. og þykir því rétt að framlagið lækki hlutfallslega miðað við frestun á samþykkt þeirra.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 12,2 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 19,4 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfangið af tveimur tilefnum. Annars vegar er lögð til 24 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna flutnings fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra. Hinn 1. júlí sl. tók ríkisskattstjóraembættið yfir ábyrgð á verkefnum fyrirtækjaskrár af Hagstofunni og greiddi frá þeim tíma rekstrarkostnað. Vegna þessa er áætlað að á árinu lækki kostnaður Hagstofunnar um 24 m.kr., ríkistekjur Hagstofu lækki um 16,5 m.kr. og framlag ríkissjóðs lækki um 7,5 m.kr. Hins vegar er lögð til 4,6 m.kr. fjárveiting vegna aukins húsnæðiskostnaðar í Borgartúni 21a. Í árslok 2002 tók Hagstofan á leigu geymslurými í kjallara ásamt sameign. Auk þess er hið leigða húsnæði 110 fermetrum stærra en reiknað var með í fjárlögum 2003. Viðbótarkostnaður er 4,6 m.kr. og er þá talinn með allur rekstrarkostnaður, svo sem rafmagn, hiti, þrif, húsvarsla, viðhald og öryggisgæsla.

1.50 Þjóðskráin. Gerð er tillaga um 31,6 m.kr. fjárveitingu á viðfangið vegna húsnæðis- og flutningskostnaðar þjóðskrár, annars vegar 13,6 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar en í febrúar sl. tók Hagstofan á leigu húsnæði í Borgartúni 24 fyrir starfsemi þjóðskrárinnar. Kostnaður við rekstur húsnæðisins, þ.m.t. húsaleiga, er áætlaður 13,6 m.kr. á árinu. Hins vegar er gerð tillaga um 18 m.kr. vegna kostnaðar við standsetningu og flutning í húsnæðið. Gera þurfti talsverðar lagfæringar á húsnæðinu, svo sem að útbúa nýja afgreiðslu og vinnusvæði fyrir bakvinnslu, lagfæra gólfefni, endurnýja tölvu- og raflagnir o.fl. Einnig þurfti að kaupa ýmsan búnað, þ.á m. nýtt símkerfi.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 925 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við tímabundna ráðningu lögfræðings svo að hraða megi afgreiðslu mála sem safnast hafa upp hjá nefndinni. Þess má geta að umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við afgreiðsluhraða nefndarinnar.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar hinn 30. apríl sl. er gerð tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til leigu á húsnæði og reksturs gestastofu að Hellnum í þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

285 Spilliefnasjóður.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 11,1 m.kr. fjárveiting fjárlaga 2003 verði millifærð til Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um úrvinnslugjald sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2002.

1.10 Eyðing spilliefna. Lagt er til að 151,7 m.kr. fjárveiting fjárlaga 2003 verði millifærð til Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um úrvinnslugjald sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2002.

287 Úrvinnslusjóður.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 61,1 m.kr. fjárveitingu á viðfangið. Þar af er 11,1 m.kr. millifærð frá Spilliefnasjóði en 50 m.kr. eru nýtt fé til uppbyggingar og reksturs stofnunarinnar. Fjárveitingin er fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi sem áætlað er að verði 512,8 m.kr. á árinu 2003.

1.10 Úrvinnslusjóður. Gerð er tillaga um 451,7 m.kr. fjárveitingu á viðfangið vegna kostnaðar við úrvinnslu úrgangs. Þar af er 151,7 m.kr. millifærð frá Spilliefnasjóði en 300 m.kr. eru nýtt fé. Fjárveitingin er fjármögnuð með tekjum af úrvinnslugjaldi sem áætlað er að verði 512,8 m.kr. á árinu 2003.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Gerð er tillaga um 554 m.kr. fjárveitingu. Verkefni sjóðsins eru fjármögnuð með tekjum af ofanflóðasjóðsgjaldi. Samningsbundnar framkvæmdir ársins nema 752 m.kr. en fjárveiting fjárlaga er aðeins 198,4 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi vöktunar á Mýrdalsjökli og við eldstöðina Kötlu vegna eldgosahættu á svæðinu, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar 7. mars sl. Skjálftavirkni í Kötlu hefur aukist á undanförnum misserum, bæði innan öskjunnar og í Goðabungu þar sem hún er mest. Sökum mikillar óvissu um þróun mála við eldstöðvar Kötlu er það mat umhverfisráðuneytisins að rétt sé að halda áfram með sérstaka vöktun umfram þá hefðbundnu vöktun sem fer fram hjá Veðurstofunni á skjálftavirkni í og við eldstöðina.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 430 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2003 bendir til þess að gjaldfærðir vextir lækki um 430 m.kr. og greiddir vextir um 1.065 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2003. Skýrist það aðallega af því að vextir hafa farið lækkandi erlendis og að gengi krónunnar hefur styrkst talsvert frá áætlun fjárlaga 2003 þar sem gengisvísitalan hefur lækkað úr 130 í um 126. Þá skýrist mikil lækkun á greiddum vöxtum af því að forinnlausn verðbréfa ríkissjóðs hefur orðið talsvert minni en reiknað var með í forsendum fjárlaga.

88. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðanna „hagnaður af sölu“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: kaupverð.

2. gr.

Orðin „þó ekki af félögum sem hafa starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags“ í 1. málsl. 9. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað „91.049“ í 2. mgr. kemur: 93.325.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „321.900“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 329.948.
b. Í stað „728“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur: 746.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað „35.422“ í 3. mgr. A-liðar kemur: 36.308.
b. Í stað „120.248“, „143.135“, „200.282“, „205.448“, „1.408.916“ og „704.459“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 123.254, 146.713, 205.288, 210.584, 1.444.139, og: 722.070.
c. 1. málsl. 7. mgr. A-liðar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkis-

borgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda séu framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.

d. Í stað „7%“ í 1. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 5,5%.
e. Í stað „468.655“, „615.244“ og „761.832“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 480.371, 630.626, og: 780.878.
f. Í stað „3.525.022“, „5.843.331“, „160.588“, „206.528“, „265.567“ og „593“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 3.613.148, 5.989.414, 164.603, 211.691, 272.206, og: 600.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. mgr. orðast svo:
Tekjuskattur annarra lögaðila, sbr. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 26% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.

7. gr.

Í stað „1.401.117“ og „2.802.235“ í 77. gr. laganna kemur: 1.436.145, og: 2.872.290.

8. gr.

Í stað „4.720.000“ í 1. og 2. málsl. 82. gr. laganna kemur: 4.838.000.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

a. Í stað „4.720.000“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: 4.838.000.
b. 4. mgr. fellur brott.

10. gr.

5. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað þegar skattaðilar hafa flust á milli skattumdæma, eða þegar skattskyldir aðilar skv. I. kafla laga þessara hafa með höndum sameiginlegan rekstur, eða ákvörðun launa er með þeim hætti sem um getur í 58. gr.

11. gr.

Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sé að öllu leyti fallist á kröfur kæranda er skattstjóra heimilt að senda úrskurð í almennri póstsendingu eða rafrænt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 2004 og 2005 skal á árunum 2005 og 2006 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 4.191.686 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 8.383.372 kr. skal reikna sérstakan tekjuskatt. Sérstakur tekjuskattur vegna tekna ársins 2004 skal vera 4% en vegna tekna ársins 2005 skal sérstakur tekjuskattur vera 2%.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 4.191.686 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 4.191.686 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts árin 2005 og 2006 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árin 2004 og 2005. Fyrirframgreiðslan árið 2004 skal vera 4% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2004 vegna tekna á árinu 2003 umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.383.372 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðslan árið 2005 skal vera 2% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2005 vegna tekna á árinu 2004 umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.383.372 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember hvert ár. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal þá bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005 vegna tekna og eigna á árinu 2004. Þó skal ákvæði d-liðar 5. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Ákvæði 2. gr., b-liðar 3. gr., b-liðar 6. gr. og b-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til fjórar meginbreytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir laganna, þ.e. fjárhæðir vegna tekjuskatts, eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 eða um 2,5%. Í öðru lagi er lögð til breyting á útreikningi vaxtabóta með það að markmiði að draga úr hvata til frekari skuldsetningar hjá heimilunum. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott, en viðskiptaráðherra mun hlutast til um að fella úr gildi þau lög. Í fjórða lagi að kveðið verði á um framlengingu á sérstökum

tekjuskatti um tvö ár, jafnframt því sem hann verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar minni háttar breytingar er varða framkvæmd laganna. Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í skýringum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þeim breytingum sem samþykktar voru á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (nú lög nr. 90/2003), í lok árs 2001 vegna afnáms verðbólgureikningsskila virðast hafa orðið mistök við textagerð ákvæðisins. Hér er lagt til að orðalag ákvæðisins verði lagfært þannig aðákvæðið nái upphaflegum tilgangi sínum þ.e. að kaupverðið verði lagt til grundvallar útreikningi á hagnaði.

Um 2. gr.

Vorið 1999 voru samþykkt á Alþingi sérstök lög um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999, en þau lög eru á ábyrgðarsviði viðskiptaráðherra. Jafnhliða var einstökum ákvæðum í tekju- og eignarskattslögunum breytt í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga. Þannig greiða alþjóðleg viðskiptafélög aðeins 5% tekjuskatt, auk þess að vera undanþegin eignarsköttum. Á móti vegur að skattlagning arðs sem greiddur er til innlendra aðila er þyngri en almennt gerist. Yfirlýstur tilgangur umræddra laga var að efla erlenda fjárfestingu hér á landi.

Frá því að lögin voru sett hafa aðeins 14 fyrirtæki fengið leyfi til að starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög. Þar af eru einungis 6 með einhverja starfsemi í dag. Af þessu sést að þær vonir sem bundnar voru við umrædd lög og áhrif þeirra á íslenskt atvinnulíf hafa ekki gengið eftir. Þá hefur skattalegu umhverfi íslenskra fyrirtækja verið gjörbylt frá árinu 1999. Með þeirri miklu lækkun sem samþykkt var árið 2001 á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja má segja að stigið hafi verið stórt skref í þá átt að gera lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin óþörf.

Í frumvarpi þessu er því mælt fyrir um brottfall þeirra ákvæða sem sett voru í tengslum við setningu laga nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög. Viðskiptaráðherra mun jafnframt leggja fram frumvarp um afnám laganna um alþjóðleg viðskiptafélög þar sem lagt er til að nýjum fyrirtækjum verði ekki veitt leyfi til að starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög frá og með næstu áramótum. Nauðsynlegt þykir þó að veita þeim fyrirtækjum sem þegar eru starfandi sem alþjóðleg viðskiptafélög ákveðinn aðlögunartíma til að breyta rekstri sínum. Því er lagt til að sú breyting sem hér um ræðir komi ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 2008, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í a-lið er lögð til hækkun á skattleysismörkum tekna hjá börnum undir 16 ára aldri um 2,5% í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004.

Í b-lið er fellt brott ákvæði sem varðar alþjóðleg viðskiptafélög. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við 2. gr. í frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til hækkanir á persónuafslætti og sjómannaafslætti um 2,5% í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004.

Um 5. gr.

Í a-, b-, e- og f-lið eru lagðar til hækkanir á viðmiðunarfjárhæðum bóta og skerðingarmarka um 2,5% í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004.

Í c-lið er lögð til breyting sem lýtur að ákvörðun barnabóta. Er breytingin lögð til vegna þess ósamræmis sem gætir í skilyrðum til greiðslu barnabóta samkvæmt íslenskum lögum og ákvæðum reglugerðar EBE nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra, sem flytjast á milli aðildarríkja. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er ekki lengur skilyrði að framfærandi barns sé skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laganna eins og verið hefur, heldur er meginskilyrðið að framfærandi og barnið séu tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Í d-lið er lögð til lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Rökin fyrir breytingunni eru þau að frá því að núverandi viðmiðunarmörk voru sett hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Þegar ákveðið var að taka viðmiðunina upp árið 1993 voru raunvextir af húsbréfum 6% og af lánum lífeyrissjóða 7%. Frá þeim tíma hafa vextir lækkað umtalsvert og nú eru húsbréfavextir 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða um 5,5-6%. Í ljósi þessarar þróunar er eðlilegt að ofangreint hlutfall breytist í samræmi við langtímavexti af íbúðalánum og þar með verði dregið úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði.

Um 6. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í a- og c-lið greinarinnar tengjast þeim breytingum sem samþykktar voru á 127. löggjafarþingi með lögum nr. 133/2001 þegar ákveðið var að lækka skatthlutfall félaga með takmarkaðri ábyrgð úr 30% í 18% og sameignarfélaga og samlagsfélaga úr 38% í 26%. Við þá breytingu hafa átt sér stað mistök varðandi tilvísanir í 1. mgr. 2. gr. í gildandi lögum. Það leiðir til þess að ekki er samræmi í heildarskattlagningu, þ.e. skattlagningu félags og einstaklinga, að því er varðar samlagsfélög og sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila skv. 3. tölul. 2. gr. annars vegar og samlaga, samtaka og annarra lögaðila skv. 4. og 5. tölul. 2. gr. hins vegar, eins og stefnt var að með lagabreytingunni. Hér er lagt til að umræddar tilvísanir verði lagfærðar þannig að 1. mgr. 71. gr. taki til lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. en 2. mgr. sömu greinar taki til annarra lögaðila.

Ákvæði b-liðar tengist afnámi laga um alþjóðleg viðskiptafélög. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við 2. gr. í frumvarpi þessu.

Um 7. og 8. gr.

Í 7. og 8. gr. er lögð til 2,5% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Í 7. gr. er um að ræða frádrátt vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæða, en í 8. gr. hækkun á viðmiðunarfjárhæðum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á eignarskatti manna.

Um 9. gr.

Í a-lið er lögð til 2,5% hækkun á viðmiðunarfjárhæð þeirri sem lögð er til grundvallar útreikningi á eignarskatti dánarbúa, sbr. 8. gr. frumvarps þessa.

Breyting undir b-lið lýtur að alþjóðlegum viðskiptafélögum. Um nánari skýringar er vísað til athugasemda við 2. gr. í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar skattaðilar skv. I. kafla laganna eru búsettir í öðru umdæmi en samrekstraraðilar eða lögaðilar sem þeir eru í fyrirsvari fyrir sé heimilt að víkja frá meginreglunni um framtals- og skattlagningarstað. Tilgangur þessa er að draga úr þeim örðugleikum sem kunna að skapast við álagningu, skattendurskoðun og skatteftirlit þegar tveir skattstjórar í sínu hvoru skattumdæminu koma að sama málinu.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði að senda úrskurði skattstjóra í almennum pósti eða rafrænt í þeim tilvikum þar sem alfarið hefur verið fallist á kröfur kæranda. Meginreglan verður hins vegar áfram sú að senda úrskurði skattstjóra í ábyrgðarpósti þegar um er að ræða hækkanir á skattstofnum. Tilgangur þessarar breytingar er að draga úr þeim kostnaði sem leiðir af ábyrgðarsendingum skattyfirvalda. Þá verður einnig heimilt að senda kærendum úrskurði rafrænt.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum verður sérstakur tekjuskattur 5% við álagningu á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003. Hér er lagt til að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur um tvö ár, en jafnframt lækkaður í tveimur áföngum. Lagt er til að við álagningu á árinu 2005 verði skatturinn 4% vegna tekna ársins 2004 og lækki síðan í 2% við álagningu á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005. Þá eru viðmiðunarfjárhæðir skattsins hækkaðar um 2,5% frá gildandi lögum.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um gildistöku. Miðað er við að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004 og komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005 vegna tekna og eigna á árinu 2004. Þó skal ákvæði d-liðar 5. gr. sem fjallar um vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004. Þá skulu ákvæði 2. gr., b-liðar 3. gr., b-liðar 6. gr. og b-liðar 9. gr. sem varða afnám laga nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, öðlast gildi 1. janúar 2008. Það þýðir að síðasta álagning tekjuskatts á grundvelli laga nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, fer fram á árinu 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi eru hækkanir á ýmsum fjárhæðum í lögunum, svo sem tekjumörkum, afsláttum og bótum, sem eru 2,5% og þessar fjárhæðir uppfærðar með tilliti til verðlags. Í öðru lagi er lagt til að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta lækki úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Frá því núverandi hámark var sett árið 1993 hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert og er talið eðlilegt að hámarkið taki mið af þeirri þróun og að þar

með verði dregið úr hvata til skuldsetningar. Árið 1993 voru raunvextir af fasteignaveðlánum Íbúðalánasjóðs í kringum 6% og 7% af lánum lífeyrissjóða. Á yfirstandandi ári eru vextir af lánum Íbúðalánasjóðs um 5% og um 5,5–6% af lánum lífeyrissjóða. Áætlað er að þessi breyting lækki útgjöld ríkissjóðs um 600 m.kr. frá því sem annars hefði orðið. Í þriðja lagi er lagt til að sérstakur tekjuskattur falli ekki niður á næsta ári heldur lækki hann í áföngum úr 5% á tekjuárinu 2003 í 4% árið 2004 og síðan í 2% árið 2005. Áætlað er að 4% skattur skili um 1,4 milljörðum króna í tekjum til ríkissjóðs á næsta ári. Loks kveður frumvarpið á um nokkrar aðrar breytingar, sem aðallega snúa að skattframkvæmdinni, svo sem um birtingu á úrskurðum skattstjóra, barnabætur vegna barna sem ekki eru heimilisföst hér á landi o.fl.

89. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

4.–7. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði 4.–7. mgr. 2. gr. laga um tryggingagjald verði felld brott. Sú breyting felur í sér að heimild launagreiðanda til lækkunar á tryggingagjaldi, sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar, er felld niður.

Með lögum nr. 148/1998, um breyting á lögum um tryggingagjald, var fjórum nýjum málsgreinum bætt við 2. gr. laganna þar sem kveðið var á um lækkun tryggingagjalds launagreiðanda um allt að 0,2%, en þó ekki meira en sem næmi 10% af iðgjaldshluta launamanns samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þessa lækkun skyldi nýta sem iðgjald launagreiðanda á móti iðgjaldi launamanns til viðbótarlífeyrissparnaðar.

Framangreind breyting á lögum um tryggingagjald var gerð í framhaldi af breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þar sem heimildir einstaklinga til skattafrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda voru rýmkaðar. Þannig var launamönnum og þeim sem unnu við sjálfstæða starfsemi heimilt frá og með 1. janúar 1999 að lækka skattskyldar tekjur sínar um allt að 2% verðu þeir fjárhæðinni til lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vorið 2000 var þessi heimild hækkuð úr 2% í 4% auk þess sem heimild til lækkunar á tryggingagjaldi hækkaði úr 0,2% í 0,4%.

Við gerð kjarasamninga í kjölfar lagabreytinganna frá 1998 var síðan samið um sérstakt framlag frá launagreiðanda á móti greiddu framlagi launþegans í viðbótarlífeyrissparnað.

Meginmarkmiðið með þessum breytingum var tvíþætt, annars vegar að skapa skilyrði fyrir aukinn þjóðhagslegan sparnað og hins vegar að efla lífeyrissparnað landsmanna jafnframt

því að auka vitund og sjálfsákvörðunarrétt þeirra yfir þessu sparnaðarformi. Framangreindar breytingar hafa svo sannarlega náð markmiðum sínum með vaxandi þátttöku launþega ár frá ári í þessari sparnaðarleið. Samningar um mótframlag atvinnurekenda hafa án efa stuðlað að því hversu vel hefur tekist til.

Af þessu má draga þá ályktun að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafi náð settu marki og vel það. Sparnaður í formi viðbótarlífeyris hefur náð góðri fótfestu meðal landsmanna sem eðlilegt sparnaðarform og því ekki lengur nein þörf sértækra ráðstafana á þessu sviði, sbr. lækkun tryggingagjaldsins. Í frumvarpinu er því lagt til að heimild til lækkunar tryggingagjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar verði afnumin. Áfram verður í fullu gildi sá hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar sem felst í frádrætti iðgjalds frá skattskyldum tekjum og mótframlagi vinnuveitenda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Með breytingu á lögum um tryggingagjald sem gerð var á árinu 1998 var launagreiðendum heimilað að lækka skil á tryggingagjaldi til ríkissjóðs um allt að 0,2%, eða sem svaraði til 10% af 2% iðgjaldi launþega í séreignarlífeyrissjóð, og greiða þennan hluta tryggingagjaldsins sem mótframlag til viðbótar við iðgjald launþegans. Árið 2000 var heimildin síðan hækkuð í 0,4%, eða sem svaraði til 10% af 4% iðgjaldi. Í fjárlögum hefur verið gert ráð fyrir þessu með því að færa mótframlagið til gjalda en á móti er tryggingagjald fært að fullu á tekjuhlið ríkissjóðs án frádráttarins. Markmiðið með þessari lagasetningu var annars vegar að stuðla að auknum sparnaði og hins vegar að hvetja launafólk til að styrkja lífeyriseign sína. Í kjarasamningum á árunum 2000 og 2001 var síðan haldið áfram á þessari braut en þá var samið um sérstök mótframlög frá launagreiðendum, sem almennt eru allt að 2%, á móti iðgjöldum launþega í viðbótarlífeyrissparnað. Þátttaka launþega í þessari sparnaðarleið hefur farið sívaxandi ár frá ári og þykir því ekki vera þörf lengur fyrir sérstök lagaákvæði til að stuðla að þessum sparnaði með sértækum hætti. Er því lagt til í þessu frumvarpi að þessi sérstaka heimild til ráðstöfunar á hluta tryggingagjaldsins verði felld niður.

90. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „94.273 kr.“, „113.163 kr.“, „136.675 kr.“ og „7.819 kr.“ í 2. mgr. A-liðar 4. gr. laganna kemur: 101.815 kr.; 122.216 kr.; 147.609 kr.; og: 8.445 kr.

2. gr.

2. mgr. B-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,91	18.000–18.999	16,61
5.000–5.999	7,34	19.000–19.999	17,89
6.000–6.999	7,94	20.000–20.999	18,84
7.000–7.999	8,34	21.000–21.999	19,93
8.000–8.999	8,71	22.000–22.999	21,18
9.000–9.999	9,09	23.000–23.999	22,19
10.000–10.999	9,66	24.000–24.999	23,19
11.000–11.999	10,01	25.000–25.999	24,32
12.000–12.999	10,89	26.000–26.999	25,40
13.000–13.999	11,66	27.000–27.999	26,54
14.000–14.999	12,57	28.000–28.999	27,66
15.000–15.999	13,53	29.000–29.999	28,79
16.000–16.999	14,61	30.000–30.999	29,92
17.000–17.999	15,67	31.000 og yfir	31,05

3. gr.

2. mgr. C-liðar 4. gr. laganna orðast svo:

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	1.958	2.800–2.999	3.650
1.000–1.499	2.350	3.000–3.199	3.813
1.500–1.999	2.838	3.200–3.399	3.975
2.000–2.199	3.001	3.400–3.599	4.137

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
2.200–2.399	3.163	3.600–3.799	4.301
2.400–2.599	3.325	3.800–3.999	4.463
2.600–2.799	3.488		

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „10,50 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 11,34 kr.

5. gr.

Í stað fjárhæðanna „28,60 kr.“ og „30,43 kr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 30,89 kr., og: 32,86 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 3. gr. laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2004 og 2. gr. laganna 11. febrúar 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði II. kafla laga þessara skulu gilda um allar vörur er ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Um er að ræða hækkun á gjaldskrá þungaskatts með tilliti til forsendna í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Lagt er til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts hækki um 8%.

Föstu gjaldi þungaskatts var síðast breytt með lögum nr. 151/1998 þar sem kveðið var á um 3,5% hækkun á gjaldskrá fasts gjalds þungaskatts frá 1. janúar 1999 og 2% hækkun frá 1. júlí 1999 með tilliti til forsendna í vegáætlun 1998–2002. Hækkun þessi kom að fullu til framkvæmda 1. júlí 1999 og var vísitala neysluverðs þá 189,5 stig. Vísitala neysluverðs í september 2003 er 227,9 stig. Vísitala neysluverðs hefur því hækkað um 20,3% á þessu tímabili en gjaldið haldist óbreytt.

Kílómetragjaldi þungaskatts var einnig breytt með lögum nr. 151/1998 þar sem kveðið var á um 3,5% hækkun kílómetragjalds frá 11. febrúar 1999 og 2% hækkun frá 11. júní 1999 með tilliti til forsendna í vegáætlun 1998–2002. Hækkunin kom að fullu til framkvæmda 11. júní 1999 og var vísitala neysluverðs þá 188,8 stig. Kílómetragjaldi þungaskatts var síðast breytt með lögum nr. 165/2000 en þar var kveðið á um 10% lækkun á kílómetragjaldi þungaskatts vegna hækkunar á útsöluverð á dísilolíu í tengslum við hækkun á heimsmarkaðsverði. Lækkunin kom til framkvæmda 11. febrúar 2001 og var vísitala neysluverðs þá 202,8 stig. Eins og áður segir er vísitala neysluverðs í september 2003 227,9 stig og hefur vísitala neysluverðs því hækkað um 12,4% á tímabilinu frá 11. febrúar 2001 en gjaldið haldist óbreytt. Til hliðsjónar hefur vísitala neysluverðs hækkað um 20,7% á tímabilinu frá 11. júní 1999 til september 2003.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Um er að ræða 8% hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti í takt við forsendur tekjuáætlunar sem fyrr segir. Með lögum nr. 86/1999 var gerð breyting á lögum nr. 29/1993 og tekið upp fast gjald í krónum á bensín í stað hlutfallsgjalds. Fyrir breytinguna 1999 var vörugjald af bensíni 97% af tollverði, en eftir breytinguna varð gjaldið föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum lítra af bensíni. Með lögum nr. 86/1999 var auk þess lagt á bensín sérstakt vörugjald, bensíngjald, sem rennur til vegagerðar, þ.e. 28,60 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 30,43 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni. Með því að taka upp fast gjald í krónum á bensín í stað hlutfallsgjalds var dregið úr þeim sveiflum sem breytingar á heimsmarkaðsverði á bensíni höfðu valdið á útsöluverði innan lands. Vörugjöld af bensíni hafa ekki hækkað frá því að lög nr. 86/1999 tóku gildi 21. október 1999 en þá var vísitala neysluverðs 193,3 stig. Vísitala neysluverðs í september 2003 er sem fyrr segir 227,9 stig og hefur vísitala neysluverðs því hækkað um 17,9% á tímabilinu. Með ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 22/2002, um breytingu á lögum nr. 29/1993, var almennt vörugjald af bensíni tímabundið lækkað um 1,55 kr. á tímabilinu frá 4. apríl til loka júní 2002.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um einn milljarður króna á ársgrundvelli. Þar af nema tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar, þ.e. sérstöku vörugjaldi af bensíni og þungaskatti, samtals 850 millj. kr.

Hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti kemur strax til framkvæmda við gildistöku laganna. Hvað þungaskattinn varðar kemur hækkunin til framkvæmda 1. janúar 2004 varðandi fast árgjald, en 11. febrúar 2004 varðandi kílómetragjald í þungaskatti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts og vörugjöld af eldsneyti hækki um 8% í samræmi við forsendur fyrir tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Þessi gjöld eru tiltekin sem krónutölur í lögum og hefur þeim ekki verið breytt um nokkurra ára skeið, t.d. hafa vörugjöld á bensín verið óbreytt frá árinu 1999 á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 18%. Áætlað er að þessi hækkun á gjaldskrá þungaskatts auki tekjur ríkissjóðs um 400 m.kr. á ársgrundvelli en að hækkun á vörugjöldum á bensín auki tekjurnar um 600 m.kr. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld svo að nokkru nemi verði það að lögum.

91. Frumvarp til laga [91. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Björgvin G. Sigurðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Styrkur sem greiddur er í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að felldur verði niður skattur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir einstaklingar og fjölskyldur sem hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis.

Tilgangur fjárhagsaðstoðar er samkvæmt leiðbeiningarreglum sem félagsmálaráðuneytið hefur gefið út að koma í veg fyrir að einstaklingar eða fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér og sínum. Litið er á fjárhagsaðstoð sem stuðning á meðan einstaklingar eða fjölskyldur vinna sig út úr ákveðnum erfiðleikum, þ.e. sem hreina neyðaraðstoð. Í reglunum kemur fram að jafnan skuli kanna til þrautar möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð og henni aðeins beitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefnda sveitarfélaga, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar. Jafnframt kemur fram að við ákvörðun um fjárhagsaðstoð skuli lágmarksfjárþörf viðkomandi lögð til grundvallar. Lágmarksfjárþörf skal að öðru jöfnu metin svo að hún sé mismunur á því sem telst framfærslukostnaður miðað við fjölskyldustærð annars vegar og ráðstöfunarfé fjölskyldunnar hins vegar. Með framfærslukostnaði er átt við þann lágmarkskostnað sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda geti komist af með.

Óeðlilegt er að skattleggja þessa fjárhagsaðstoð enda er hún aðeins veitt þeim sem ekki eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Ekki er óalgengt að þeir sem leita sér fjárhagsaðstoðar þurfi aftur að leita aðstoðar gagngert til að geta greitt skatta af fjárhagsaðstoðinni sem þeir fengu árið áður. Það sýnir kannski best fáránleika málsins.

Rökin fyrir afnámi skattlagningarinnar eru því augljós. Um er að ræða neyðaraðstoð sem ætluð er til skamms tíma og þar af leiðandi um lágar upphæðir að ræða, enda hugsaðar til þess að fólk geti dregið fram lífið í stuttan tíma meðan verið er að komast yfir erfiðleika. Af sjálfu leiðir að afar óeðlilegt er að taka skatt af slíkum bótum. Skattlagning fjárhagsaðstoðar hefur líka leitt til þeirrar tilhneigingar að halda bótunum sem næst skattleysismörkum til að reyna að forðast skattlagningu þeirra. Skattleysismörkin hafa á undanförnum árum ekki fylgt almennum verðlagshækkunum og vísitölu sem aftur hefur því leitt til þess að fjárhagsaðstoðin hefur lítið hækkað. Staðgreiðsluskyldan gerir það líka að verkum að skattur er dreginn af fjárhagsaðstoðinni og síðan er gert upp með öðrum tekjum í lok árs. Hins vegar hefur fjöldi fólks svo lágar tekjur að ekki kemur til skattgreiðslu af fjárhagsaðstoðinni. Annars staðar á Norðurlöndum hefur ekki verið tekinn skattur af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í Danmörku var þó fyrir þremur til fjórum árum tekin upp skattlagning á fjárhagsaðstoðinni um leið og

viðmið aðstoðarinnar var samræmt um allt landið. Þar eru fjárhæðir aðstoðar á hinn bóginn líka miklu hærri en hér á landi.

Þegar skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar voru til afgreiðslu á 126. löggjafarþingi, sem að meginhluta til fólu í sér verulega skattalækkun á fyrirtæki, fluttu þingmenn Samfylkingarinnar breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að fella niður skatta af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Sú breytingartillaga náði ekki fram að ganga. Samfylkingin telur fráleitt að skattleggja fjárhagsaðstoð fátæks fólks sem ekki á fyrir allra brýnustu nauðþurftum. Þetta eru ekki háar fjárhæðir fyrir ríkissjóð, en skipta öllu fyrir þá sem minnst hafa í þjóðfélaginu. Samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar á árinu 2001 kostar það 120–135 millj. kr. að hætta að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir nokkuð hærri fjárhæð nú þar sem fjárhagsaðstoðin hefur aukist mikið á undanförnum árum. Á árinu 2000 fóru tæplega 600 millj. kr. í fjárhagsaðstoð í Reykjavík, en áætlað er að fjárhagsaðstoðin verði um 1.200 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þannig hefur fjárhagsaðstoðin aukist um helming á stuttum tíma.

Á undanförnum árum hafa margir barist fyrir afnámi skattlagningar húsaleigubóta. Á síðasta ári tókst loks, m.a. fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar, að ná fram því markmiði sem var veruleg kjarabót fyrir þá lægst launuðu. Rökin fyrir því að afnema skatt á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eru ekki síðri. Þeir sem fyrst og fremst njóta fjárhagsaðstoðar eru þeir sem allra minnst bera úr býtum í hópi einstæðra foreldra, einstaklinga, lífeyrisþega og barnmargra fjölskyldna. Mjög mismunandi er hversu lengi fólk hefur þörf fyrir fjárhagsaðstoð. Algengast er að um nokkra mánuði sé að ræða en um 135–205 manns eða 5–10% af heildinni hafa á undanförnum þremur árum fengið fjárhagsaðstoð í ár eða lengur.

Á málþingi sem haldið var ekki fyrir löngu um fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi fjallaði Kristinn Karlsson um þróun fjárhagsaðstoðar og norrænan samanburð. Þar kom fram að á árinu 2000 voru útgjöld til fjárhagsaðstoðar 769 millj. kr. eða tæplega þrisvar sinnum meiri en á árinu 1985. Þeir sem nutu fjárhagsaðstoðar voru 4.300. Athyglisvert er líka að auk þess sem fjöldinn er hlutfallslega langmestur í Reykjavík eru greiðslur til heimila þar líka hærri en í öðrum sveitarfélögum. Einnig kom fram að á Norðurlöndum hefur upphæð fjárhagsaðstoðar verið lægst á Íslandi. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar á Íslandi í hlutfalli af íbúum 18 ára og eldri á árinu 1999 voru 2,5%, milli 4,3–5,5% í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en langflestir í Finnlandi eða 9% af íbúafjölda, 18 ára og eldri.

Á árinu 2000 var meðalstyrkur á ári um 223 þús. kr. Tæplega 2.400 fengu fjárhagsaðstoð, en í þeim hópi voru atvinnulausir fjölmennastir eða rúmlega þriðjungur. Öryrkjar voru næst fjölmennasti hópurinn eða rúmlega 20%. Sjúklingar voru um 10% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð á árinu 2000. Á árinu 2001 þáðu 2.615 manns fjárhagsaðstoð og greiddu um 414 af þeim skatt.

Sveitarfélögin í landinu eru 105 og mikið vantar upp á að reglur um fjárhagsaðstoð séu samræmdar milli sveitarfélaga. Víða um land hafa sveitarfélög sameinast um félagsmálanefndir og eru reglurnar því mun færri en sveitarfélögin. Reykjavíkurborg hefur nokkra sérstöðu varðandi fjárhagsaðstoðina. Þar er t.d. ekki tekin með fjárþörf vegna barna en á móti eru meðlög, mæðralaun og barnabætur ekki reiknuð til tekna við útreikning fjárhagsaðstoðar. Sum sveitarfélög telja allar greiðslur með börnum til tekna, nema umönnunarbætur, og reikna síðan framfærslu þeirra með í fjárþörfina. Þessar aðferðir koma misvel út miðað við aðstæður fjölskyldna og geta fjölskyldur sem búa við sambærilegar fjárhags- og félagslegar aðstæður fengið mismunandi aðstoð eftir sveitarfélögunum.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir mikilli skattatilfærslu frá stórfyrirtækjum og fjármagni yfir á laun og vinnuafl. Tímabært er orðið að lækka skatta á einstaklinga með lágar og meðaltekjur. Með þessari tillögu er stigið fyrsta skrefið til að lækka skatta

á heimilin í landinu og byrjað á þeim sem eru allra verst settir. Þetta er afar brýnt réttlætismál sem kostar hið opinbera lítið en skiptir sköpum þegar í hlut eiga þeir sem minnst hafa milli handanna.

92. Fyrirspurn [92. mál]

til utanríkisráðherra um breytingar á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hverjar eru helstu breytingar sem samþykktar hafa verið á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins? Hvernig falla þessar breytingar að íslenskum hagsmunum?

93. Fyrirspurn [93. mál]

til fjármálaráðherra um aðkeypta sérfræðiþjónustu ráðuneyta og ríkisstofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hver var kostnaður við kaup ráðuneyta og ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu árið 2002 og fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs? Svarið óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og undirstofnunum auk þess sem aðalskrifstofur ráðuneytanna sundurliði aðkeypta ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu eftir viðfangsefnum og einstökum verkefnum og tilgreini kostnað við hvert þeirra.

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til sjávarútvegsráðherra um vigtunarleyfi.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða fyrirtæki hafa heimavigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?
2. Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða fyrirtæki hafa endurvigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?

4. Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild og hvað vó sá afli í heild samkvæmt vigtun á hafnarvog, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

95. Fyrirspurn [95. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 2001/2002 og 2002/2003, sundurliðað eftir árum?
2. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 2001/2002 og 2002/2003, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?

Skriflegt svar óskast.

96. Fyrirspurn [96. mál]

til iðnaðarráðherra um stofnun hönnunarmiðstöðvar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður stofnun hönnunarmiðstöðvar hér á landi? Hvenær er ráðgert að koma henni á laggirnar og undir hvaða formerkjum?

97. Skýrsla [97. mál]

heilbrigðisráðherra um störf nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Í kjölfar þingsályktunar um stöðu óhefðbundinna lækninga sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 (33. mál 127. löggjafarþings) skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, með bréfi dags. 12. 12. 2002, nefnd sem falið var að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækn-

inga á Íslandi og bera hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum.

Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Sigurðsson læknir, formaður nefndarinnar, Ástríður Svava Magnúsdóttir nuddari, Dagný E. Einarsdóttir hómópati, Einar Magnússon, yfirlyfjafræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Haraldur Ólafsson prófessor, Nanna Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur, Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem starfsmaður nefndarinnar.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 27. janúar 2003 og hafa alls verið haldnir 11 fundir.

Hér birtist áfangaskýrsla nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga en nefndin gerir ráð fyrir að ljúka störfum og skila lokaskýrslu á fyrsta ársfjórðungi 2004.

Áfangaskýrsla nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga.

Samkvæmt þingsályktun um skipun nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga er nefndinni ætlað að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hvað eru óhefðbundnar lækningar?
2. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði?
3. Hver er menntun leiðbeinenda sem starfa á sviði óhefðbundinna lækninga?
4. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði?
5. Að hvaða marki á sér stað samvinna og samstarf milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta?
6. Nýta læknar og aðrar heilbrigðisstéttir sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum og að hvaða marki?
7. Hver er staða óhefðbundinna lækninga með tilliti til skatta, einkum virðisaukaskatts?
8. Hver eru áhrif og virkni óhefðbundinna lækningaaðferða?
9. Hvaða áhætta fylgir notkun óhefðbundinna lækningaaðferða?
10. Hvert er viðhorf almennings til óhefðbundinna lækninga?
11. Hve algengt er að fólk leiti til aðila sem bjóða óhefðbundnar lækningar?
12. Hvernig á að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga?
13. Á að viðurkenna nám í óhefðbundnum lækningum með veitingu starfsréttinda?

Á fyrstu fundum nefndar um stöðu óhefðbundinna lækninga var lögð áhersla á að afmarka viðfangsefnið, leita upplýsinga hérlendis um umhverfi og aðstæður þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og skoða stöðu þeirra í ljósi laga og reglugerða.

Eftirtaldir hafa komið á fundi nefndarinnar til að upplýsa hana um einstaka þætti: Sigurjón Högnason, yfirmaður virðisaukaskattsmála hjá ríkisskattstjóra, Hlöðver Bjargmundsson, frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Eggert Eggertsson, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í starfsgreinaráði um heilbrigðis- og félagsgreinar, Guðmundur Pétursson lögfræðingur og Þorbjörg Kjartansdóttir lyfjafræðingur, bæði frá Lyfjastofnun.

Nefndin hefur einnig aflað gagna um stöðu óhefðbundinna lækninga erlendis. Einkum hefur verið horft til annarra Norðurlandaþjóða en Norðmenn og Danir eru komnir hvað lengst á veg í því skyni að fella starfsemi þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar að einhvers konar formlegu skipulagi.

1. Hvað eru óhefðbundnar lækningar?

Hugtakið *óhefðbundnar lækningar* er umdeilt bæði hvað varðar vísun til þess að um

óhefðbundnar aðferðir sé að ræða og eins vísunin til lækninga. Mörg rök eru talin gegn notkun heitisins. Vegur þar þungt að margar þeirra aðferða sem teljast til óhefðbundinna lækninga byggjast á aldagömlum hefðum og einnig að rétturinn til að stunda lækningar og kalla sig lækni er lögvarinn.

Það er skoðun nefndarinnar að óheppilegt sé að nota orðið lækningar um viðfangsefnið. Töluverðum tíma hefur verið varið í umræður um annað heiti. Þeirri umræðu er ekki lokið en hér á eftir verður talað um *óhefðbundna meðferð*.

Ekki er til formleg skilgreining á óhefðbundinni meðferð og skilningur manna á hugtakinu er nokkuð á reiki. Mörgum er þó tamt að tala um óhefðbundna meðferð þegar átt er við ýmsar leiðir til að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu sem falla utan viðurkenndrar heilbrigðisþjónustu. Sú skilgreining sem hér verður notast við byggist á þessari hugsun og felur í sér nokkurs konar útilokunarskilgreiningu sem *tekur til margra þeirra sem njóta ekki löggildingar sem heilbrigðisstétt en veita þjónustu af einhverju tagi með það að markmiði að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu fólks*.

Sé gengið út frá skilgreiningunni hér á undan rúmast innan hennar mikill fjöldi greina sem eiga sumar hverjar lítið eða ekkert sameiginlegt. The National Institute of Health í Bandaríkjunum hefur samið flokkunarkerfi sem tekur mið af eðli meðferðarformanna, hvaða aðferðum er beitt og hvernig og hugmyndafræðinni að baki. Einstakar greinar innan hvers flokks eru margar. Flokkarnir eru þessir:[1]

I. Heildræn kerfi lækninga (alternative medical systems).
II. Meðferðarform sem byggjast á tengslum hugar og líkama (mind-body interventions).
III. Lífræn meðferðarúrræði (biological-based therapies).
IV. Aðferðir þar sem líkaminn er handleikinn eða meðhöndlaður (manipulative and body-based methods).
V. Orkumeðferð (energy-therapies).

Til að varpa enn frekara ljósi á hve framboð óhefðbundinna meðferðargreina er fjölbreytt má geta þess að í skýrslu norska heilbrigðisráðuneytisins *Om lov om alternativ behandling av sykdom mv.*[2] eru taldar yfir áttatíu greinar óhefðbundinnar meðferðar sem þekktar eru í Noregi. Tekið er fram að listinn sé ekki tæmandi.

2. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði?

Nefndin hefur lagt umtalsverða vinnu í að skoða námsleiðir að baki ólíkum greinum óhefðbundinnar meðferðar. Ekki liggur fyrir hvernig unnið verður úr þeim upplýsingum. Eins og vænta má endurspeglar námsframboðið fjölbreytileika óhefðbundinna meðferðarforma og spönnin er víð. Í sumum greinum hafa veitendur aflað sér kunnáttu á stuttum kvöld- og helgarnámskeiðum eða notið handleiðslu í tiltekinn tíma (t.d. reiki og heilun). Í öðrum greinum eiga veitendur að baki 3–5 ára nám á háskólastigi (t.d. nálastungur og smáskammtameðferð) og þarna á milli er fjölbreytt framboð náms sem tekur frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár.

---

[1] Þóra Jenný Gunnarsdóttir. *Sérhæfð meðferð: hvað er það?* Tímarit hjúkrunarfræðinga, 1. tbl. 78. árg. 2002, bls. 9–11).

[2] Ot. prp. nr. 27 (2002–2003).

3. Hver er menntun leiðbeinenda sem starfa á sviði óhefðbundinnar meðferðar?

Menntun leiðbeinenda er afar fjölbreytt eins og dæma má af umfjöllun um spurninguna hér á undan.

4. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði?

Löggilding starfsstéttar er staðfesting frá opinberum yfirvöldum um að viðkomandi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess að geta borið starfsheiti og unnið við ákveðna starfsgrein.

Á Íslandi gilda um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta lög nr. 24/1985, auk sérlaga um einstakar stéttir þar sem kveðið er á um löggildingu þeirra. Enginn hefur rétt til að starfa sem starfsmaður heilbrigðisstétta nema hafa lokið prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu námi. Alls nýtur 31 faggrein löggildingar, 15 þeirra samkvæmt sérlögum en 16 greinar samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, og reglugerðum byggðum á þeim.

Í reglugerðum um þær stéttir sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður að fella undir lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta hverju sinni skal kveðið á um nám og menntunarskilyrði að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum er óhjákvæmilegt að nám í einstökum greinum á sviði óhefðbundinnar meðferðar hljóti viðurkenningu stjórnvalda til að löggilding starfsheitis og starfsréttinda komi til greina. Bent skal á að sérstakt námsheiti eða viðurkenning náms felur ekki í sér löggildingu starfsréttinda í viðkomandi grein.

Samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er öllum frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum enda krefjist almannaheill þess. Þeim sem stunda óhefðbundna meðferð er því frjálst að starfa hér á landi svo fremi þeir fari ekki inn á starfssvið löggiltra stétta.

Löggilding felur í sér ákveðna vernd fyrir viðkomandi starfsstéttir en leggur þeim jafnframt ákveðnar skyldur á herðar. Gerðar eru skýrar kröfur um nám og menntunarskilyrði og skilgreindar ýmsar reglur um starfshætti og skyldur. Brot á lögboðnum skyldum geta varðað leyfissviptingu eða haft í för með sér önnur viðurlög eftir atvikum.

Löggilding heilbrigðisstétta veitir ákveðna vernd þeim sem þurfa á þjónustu þeirra að halda eins og skýrt er kveðið á um í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, sem fjalla um samband sjúklinga, heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna. Lög um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, eru einnig veigamikill þáttur í þessari vernd en þau fjalla um rétt sjúklinga til bóta verði þeir fyrir tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð innan heilbrigðiskerfisins eða hjá sjálfstætt starfandi löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð nr. 763/2000 sem skyldar löggiltar heilbrigðisstéttir til að hafa í gildi vátryggingu til að mæta tjóni sem þær kunna að valda sjúklingum. Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er kveðið á um eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta og er það í höndum landlæknis.

Ætla má að löggilt starfsheiti auðveldi viðkomandi starfsgrein að skapa traust og tiltrú almennings. Löggilding felur í sér opinbera viðurkenningu viðkomandi greinar, jafnframt því að staðfestar eru tilteknar kröfur sem til hennar eru gerðar. Krafa um starfsleyfi til handa einstaklingum staðfestir einnig þær kröfur sem gerðar eru og sýnir að þeim er fylgt eftir af opinberum aðilum. Löggilding felur einnig í sér ákveðin starfshlunnindi, sbr. undanþágu frá virðisaukaskatti. Í henni felst einnig atvinnuvernd sem tryggir að einungis þeir sem hafa löggildingu og starfsleyfi í viðkomandi fagi geta starfað sem slíkir. Heilbrigðisþjónusta er

almennt niðurgreidd af hinu opinbera og ýmsar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir veita þjónustu sem ríkið greiðir að hluta samkvæmt ákveðnum reglum.

Þær skyldur sem fylgja því að hafa löggildingu er að finna m.a. í lögum og reglugerðum um einstakar starfsgreinar. Það sem yfirleitt er þeim sameiginlegt eru ákvæði um:

- skilyrði löggildingar
- að viðhalda menntun sinni
- þagnarskyldu
- framkvæmd leyfissviptingar
- refsiákvæði

Læknalög eru nokkru ítarlegri en lög um aðrar heilbrigðisstéttir og almennt vísa önnur lög til þeirra um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsfólks. Helstu ákvæði læknalaga sem telja verður sameiginleg löggiltum heilbrigðisstéttum eru:

- ákvæði um árvekni og trúmennsku í starfi og að viðhalda þekkingu sinni
- ábyrgð á meðferð sjúklinga
- upplýsingaskylda gagnvart sjúklingum
- útgáfa vottorða
- skylda til að sinna útkalli
- þagnarskylda
- heimild til að auglýsa starfsemi sína
- eftirlit landlæknis
- tilkynningarskylda heilbrigðisstarfsfólks um mistök starfsmanna í starfi

Menntun heilbrigðisstarfsfólks og löggilding einstakra starfsstétta á grundvelli menntunar sem samþykkt er af heilbrigðisyfirvöldum felur í sér ákveðið gæðaeftirlit hins opinbera með starfsfólki í heilbrigðisþjónustu. Rök fyrir slíku eftirliti eru m.a. hagsmunir sjúklinga sem geta með þessu gengið að því vísu að starfsmenn hafi gengist undir ákveðið hæfileikamat. Fyrir vinnuveitandann er löggilding ávísun á faglega þekkingu og færni starfsmanns. Starfsmaðurinn sjálfur lítur gjarna á löggildinguna sem viðurkenningu á faglegum og siðrænum mælikvarða. Auk þessa veitir löggilding starfsmanni öruggari og skýrari stöðu og tilfinning hans fyrir ábyrgð á faglegu starfi eykst.

Staða óhefðbundinna meðferðaraðila.

Þeir sem veita óhefðbundna meðferð njóta ekki löggildingar og teljast því ekki til heilbrigðisstétta. Segja má að óformleg skilgreining á þeim sem veita óhefðbundna meðferð sé nokkurs konar útilokunarskilgreining, því undir hana falla margir sem njóta ekki löggildingar sem heilbrigðisstétt en veita þjónustu af einhverju tagi sem hefur það að markmiði að efla og bæta líkamlega og andlega heilsu fólks.

Engin lögformleg skilgreining er til á óhefðbundinni meðferð eða þeim sem veita slíka meðferð. Þær skilgreiningar sem stuðst er við lúta sem áður segir fyrst og fremst að þeim þáttum sem greina þessa meðferðaraðila frá löggiltum heilbrigðisstéttum. Lögformleg staða þeirra greina sem veita óhefðbundna meðferð verður líklega best skýrð sem frávik frá stöðu löggiltra heilbrigðisstétta. Þær njóta ekki opinberrar viðurkenningar. Hið opinbera gerir engar kröfur til náms í þessum greinum né setur skilgreiningar eða gerir tilteknar kröfur um hvernig starfsemi óhefðbundinna greina skuli fara fram umfram það sem almennt gildir um atvinnustarfsemi. Engin opinber skrá er til yfir þá sem veita óhefðbundna meðferð og ekkert skipulagt eftirlit er með þessum aðilum. Þeir sem nýta sér óhefðbundna meðferð njóta ekki sömu verndar og fylgir samskiptum við löggiltar heilbrigðisstéttir. Afgerandi þættir sem

greina þá sem stunda óhefðbundna meðferð frá löggiltum heilbrigðisstéttum eru þeir helstir að ekki eru bundin í lög eða reglugerðir kröfur eða skilyrði um:

- að viðhalda menntun sinni
- þagnarskyldu
- árvekni og trúmennsku í starfi og að viðhalda þekkingu sinni
- ábyrgð á meðferð sjúklinga
- upplýsingaskyldu gagnvart sjúklingum
- þagnarskyldu
- heimild til að auglýsa starfsemi sína*
- eftirlit landlæknis*
- refsiákvæði*

Þess ber að geta að þónokkur fagfélög þeirra sem veita óhefðbundna meðferð hafa sett sér siðareglur og gera ákveðnar kröfur til félagsmanna sinna um að virða þagnarskyldu, viðhalda menntun sinni, trúmennsku og árvekni í starfi, ábyrgð á meðferð skjólstæðinga og upplýsingaskyldu gagnvart skjólstæðingum.

Óbeinar hömlur á starfsemi óhefðbundinna meðferðaraðila.

Eins og áður segir er í 75. gr. stjórnarskrárinnar kveðið á um frelsi allra til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum enda krefjist almannaheill þess. Löggilding heilbrigðisstétta felur í sér slíkar skorður og því má segja að löggilding þeirra feli í sér óbeinar hömlur á starfsemi óhefðbundinna meðferðaraðila.

Samkvæmt læknalögum, nr. 53/1988, er ekki einungis starfsheitið *læknir* lögvarið, heldur einnig rétturinn til að stunda *lækningar*. Skv. 6. gr. laganna er öðrum en löggiltum læknum óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar. Nánar er kveðið á um þetta í V. kafla læknalaga sem fjallar um skottulækningar en skv. 22. gr. eru hvers konar skottulækningar bannaðar hér á landi. Það teljast skottulækningar „er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.“ Í 23. gr. laganna er jafnframt kveðið á um bann við auglýsingum um lækningarmátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars.

5. Að hvaða marki á sér stað samvinna og samstarf milli þeirra sem stunda óhefðbundna meðferð og hefðbundinna heilbrigðisstétta?

Nefndin hefur ekki aflað mikilla upplýsinga um þetta efni enn sem komið er. Liður í upplýsingaöflun er fyrirspurn sem hún hefur beint til Háskóla Íslands um stöðu málaflokksins í kennslu/námi heilbrigðisstétta við Háskóla Íslands.

Erlendis hefur umfjöllun um samþættingu óhefðbundinna og hefðbundinna meðferða farið vaxandi og sums staðar hefur þessari samþættingu verið hrint í framkvæmd af heilbrigðismenntuðu starfsfólki. Þessi samþætting byggist á aðferðum sem hafa verið rannsakaðar með tilliti til árangurs og öryggis, aðferðum sem eru taldar bæta líðan og lífsgæði sjúklinga og auðvelda þeim að ganga í gegnum hefðbundna meðferð. Dæmi um slíka samþættingu er deild

---

* Ákvæði læknalaga um skottulækningar geta snert þá sem veita óhefðbundna meðferð, t.d. varðandi möguleika þeirra á að auglýsa starfsemi sína. Eftirlit með hugsanlegum brotum þessa ákvæðis er í höndum landlæknis. Brot gegn ákvæðum læknalaga geta varðað sektum eða fangelsisvist eftir eðli brotsins.

við Memorial Sloan-Kettering Cancer Centre sem var stofnuð árið 1999, Integrative Medicine Service.

6. Nýta læknar og aðrar heilbrigðisstéttir sér aðferðir óhefðbundinnar meðferðar í störfum sínum og að hvaða marki?

Það er þekkt að heilbrigðisstéttir nýta sér ákveðnar aðferðir óhefðbundinnar meðferðar í störfum sínum. Sem dæmi um það má nefna notkun nálastungna við verkjameðferð en þá er aðeins um að ræða afmarkaðan þátt en ekki að viðkomandi byggi á heildrænu kerfi nálastunguaðferða. Ekki er unnt að leggja mat á umfang þessa nema gera á því sérstaka rannsókn.

Lítið hefur verið fjallað um viðhorf íslenskra heilbrigðisstétta til óhefðbundinnar meðferðar og ekki er ljóst hvaða stefna hefur verið tekin meðal fagfélaga, heilbrigðisstofnana né menntastofnana til þessa máls.

Erlendar rannsóknir gefa til kynna mismunandi viðhorf heilbrigðisstétta. Þannig virðast til dæmis hjúkrunarfræðingar jákvæðari en læknar, ungir jákvæðari en eldri og konur jákvæðari en karlar.

Vísbendingar eru um að íslenskir hjúkrunarfræðingar og læknar ræði þessi mál sjaldan við sjúklinga. Einnig hefur verið bent á að samskipti milli hefðbundinna og óhefðbundinna meðferðaraðila séu lítil sem engin á Íslandi og að óhefðbundin meðferð sé lítið sem ekkert samþætt hinni hefðbundnu ólíkt því sem víða hefur átt sér stað í hinum vestræna heimi.

7. Hver er staða óhefðbundinnar meðferðar með tilliti til skatta, einkum virðisaukaskatts?

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, skal greiða í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum og einnig af innflutningi vöru og þjónustu. Þetta er hin almenna regla. Frá henni eru þó ýmsar undantekningar og er t.d. undanþegin virðisaukaskatti þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, sbr. 2. gr. laganna. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra fær embættið fjölda fyrirspurna frá aðilum sem veita óhefðbundna meðferð varðandi framangreint lagaákvæði um undanþágur frá virðisaukaskatti. Í þessu efni er túlkunaratriði hvað telst vera „eiginleg heilbrigðisþjónusta“ og hefur ríkisskattstjóri leitað til heilbrigðisráðuneytisins um vafaatriði til að fá úr því skorið. Niðurstaðan hefur jafnan verið sú að eingöngu löggiltar heilbrigðisstéttir njóta undanþágu á þeim forsendum að þær veiti „eiginlega heilbrigðisþjónustu“. Dæmi er þó um að grein sem ekki nýtur löggildingar heilbrigðisráðherra hafi fengið undanþágu frá virðisaukaskatti á sömu forsendum. Á það við um „rolfing“ (sbr. ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra dags. 28. apríl 2000) en að fenginni umsögn heilbrigðisyfirvalda var það mat ríkisskattstjóra að „rolfing“ teljist til eiginlegrar heilbrigðisþjónustu og skuli því undanþegin virðisaukaskatti.

8. Hver eru áhrif og virkni óhefðbundinnar meðferðar?

Umfjöllun nefndarinnar mun fyrst og fremst byggjast á erlendum gagnagrunnum hvað þetta varðar þar sem lítið liggur fyrir af hérlendum rannsóknum.

9. Hvaða áhætta fylgir notkun óhefðbundinnar meðferðar?

Hér gildir sama og um 8. spurningu.

10. Hvert er viðhorf almennings til óhefðbundinnar meðferðar?

Viðhorf almennings til óhefðbundinnar meðferðar endurspeglast að hluta til í tíðnitölum um notkun slíkra aðferða en samkvæmt þeim leitar að minnsta kosti einn af hverjum fjórum Íslendingum til óhefðbundins meðferðaraðila. Ljóst er að viðhorf mótast af mörgum þáttum eins og kyni, aldri, menntun, tekjum, reynslu, þekkingu og menningu. Notkun óhefðbundinna aðferða virðist almennt ekki koma í stað hefðbundinnar heilbrigðisþjónustu heldur er frekar til viðbótar.

11. Hve algengt er að fólk leiti til aðila sem bjóða óhefðbundna meðferð?

Handbærar upplýsingar sem nefndin hefur um þetta efni eru kannanir sem gerðar hafa verið af landlæknisembættinu á fimm ára fresti frá árinu 1985. Þær sýna ótvírætt að fólk leitar í sívaxandi mæli út fyrir hefðbundna heilbrigðisþjónustu. Í könnununum var spurt hve oft á síðastliðnum þremur mánuðum þátttakendur hefðu leitað til aðila er stunda einhverjar þeirra greina sem taldar eru í meðfylgjandi töflu. Árið 1985 höfðu 6,1% þátttakenda leitað til einhverra umræddra greina á síðastliðnum þremur mánuðum á móti 27,8% árið 2000.

	1985	1990	1995	2000
Svæðanudd	2,7%	2,8%	12,3%	15,9%
Hnykklækningar	0,1%	0,3%	0,7%	2,3%
Nálastungur	0,3%	0,6%	2,1%	2,8%
Huglækningar	2,0%	1,9%	3,1%	1,0%
Grasa-/náttúrulækningar	0,3%	2,5%	2,0%	1,7%
Jóga/íhugun	0,7%	0,9%	2,4%	4,2%
Samtals	6,1%	8,9%	22,6%	27,8%

12. Hvernig á að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinnar meðferðar?

Þörf fyrir viðbrögð til að mæta vaxandi umsvifum óhefðbundinnar meðferðar ræðst einkum af tvennu: Í fyrsta lagi þarf að tryggja eins og kostur er öryggi þeirra sem nýta sér þjónustu á sviði óhefðbundinnar meðferðar. Í því felst m.a. að gera aðgengilegar upplýsingar um einstakar greinar, í hverju þær felast og hvers megi vænta af þeim sem stunda slík meðferðarform með tilliti til menntunar, kunnáttu og færni. Í öðru lagi þarf að bæta starfsumhverfi þeirra sem stunda óhefðbundna meðferð á þann hátt að það hvetji til metnaðar, starfsábyrgðar, faglegra vinnubragða og innra eftirlits. Til að þetta sé mögulegt er skipulegt eftirlit og aðhald af einhverju tagi nauðsynlegt. Auðvelda þarf þeim sem stunda óhefðbundna meðferð eins og t.d. smáskammtameðferð og grasameðferð að afla nauðsynlegra aðfanga. Aukið aðhald og innra eftirlit er að mati Lyfjastofnunar ein meginforsendan fyrir því að unnt sé að bæta úr þessum þætti.

13. Á að viðurkenna nám í óhefðbundinni meðferð með veitingu starfsréttinda?

Þessari spurningu er ekki auðsvarað. Þó hefur vinna nefndar um óhefðbundna meðferð frekar orðið til þess að beina sjónum nefndarmanna að öðrum leiðum. Ástæðan er einkum sú að veiting starfsréttinda mundi seint eða aldrei ná til þeirra fjölmörgu greina sem falla undir óhefðbundna meðferð. Því mundi áfram ríkja sama óvissa og nú er um tilverugrundvöll margra þeirra. Það er mat nefndarinnar að æskilegast sé að koma á einhvers konar skipulagi sem nær yfir flesta eða alla þá sem stunda óhefðbundna meðferð. Nauðsynlegt sé að skapa öllum greinum óhefðbundinnar meðferðar ákveðinn starfsramma sem geri kleift að setja

lágmarkskröfur um menntun, fagleg vinnubrögð og ábyrgð í starfi. Þetta ætti að koma jafnt notendum og þeim sem stunda óhefðbundin meðferðarform í góða þágu.

Norðmenn og Danir eru komnir lengst þjóða í að undirbúa formlegt skipulag um starfsemi þeirra sem stunda óhefðbundna meðferð og hafa tekið stefnu sem byggist á sömu hugmyndum og hér hefur verið lýst. Aðferð þeirra felst í að koma á fót skráningarkerfi yfir þá sem stunda óhefðbundna meðferð og uppfylla tiltekin skilyrði. Tekið skal fram að hverjum og einum verður í sjálfsvald sett hvort hann skráir sig eða ekki og skráning er ekki forsenda fyrir því að viðkomandi fái að starfa í sinni grein. Hins vegar má ætla að notendur muni fremur leita til þeirra sem uppfylla skilyrði skráningar og stuðli þannig óbeint að viðgangi skráningarkerfisins.

98. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp rík-

isstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð væri gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar

hjá dómstólum. Frumvarp þetta hefur verið lagt fram á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga.

99. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson,
Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum í áföngum sem og að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndin skal skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Greinargerð.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi í rúmlega 30 ár, en meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Þótt verðtrygging fjárskuldbindinga hafi sína kosti hefur hún sætt mikilli gagnrýni, ekki síst í byrjun níunda áratugarins þegar mikið misgengi varð milli launa og lánskjara með því að vísitala launa var tekin úr sambandi en verðtryggingu fjárskuldbindinga viðhaldið.

Stigin hafa verið skref í þá átt að draga úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Árið 1995 var ákveðið að minnka verðtryggingu í áföngum. Síðasta skrefið var stigið 1998 en þá var gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en þriggja ára og styttri útlán en fimm ára. Þetta hefur ekki haft veruleg áhrif og lítið dregið úr verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er verðtryggingin enn á flestöllum lengri skuldbindingum. Eins og áður sagði hefur verðtryggingu ekki verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf. Verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hæst hér á landi, um 86%, í Bretlandi er það um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Afar mikilvægt er að kostir og gallir þess séu metnir af fyllstu varfærni, en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Lagt er til að

nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila, atvinnulífs og hins opinbera. Jafnframt er lagt til að sett skuli fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabanka um verðbólguspá. Eins og af þessu sést er hér lagt til að varlega sé farið í sakirnar. Vissulega er það svo að rök eru bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldara, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má einnig að verðtryggingin er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur því torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því að ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar.

Líta verður líka á að efnahagslegar aðstæður eru hér allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok áttunda áratugarins þegar verðbólgan var mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann upp á verðbólgubálinu. Á sl. einum og hálfum áratug hefur orðið veruleg breyting á fjármálamarkaðinum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu. Auk þess sem innleitt hefur verið frelsi í vaxtaákvörðunum er fjármagnsflæði milli landa orðið vaxandi þáttur í atvinnulífinu, jafnframt því sem fyrirtæki eru í auknum mæli að færa út starfsemi sína til annarra landa. Verðtryggingin hafði vissulega afar jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn, einkum fyrir peningalegan sparnað, og var því nauðsynleg á tímum niðursveiflu og mikillar verðbólgu.

Stöðugleiki hefur varað nú í hartnær tíu ár með nokkrum undantekningum í verðbólguskotum sem staðið hafa í tiltölulega skamman tíma. Þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn vinnur nú eftir ættu líka að auðvelda gerð skipulegrar áætlunar um afnám verðtryggingar í áföngum. Vissulega er mikilvægt að markaðurinn hafi trú á viðvarandi stöðugleika og sterkri peningamálastjórn og það er einmitt ein meginástæða þess að rétt er að fara varlega í sakirnar eins og hér er gert ráð fyrir og að verðbólgumarkmið Seðlabankans gangi fram á næstunni. Engu síður er mikilvægt að kannaðir séu kostir þess og gallar að fjárskuldbindingar heimila og fyrirtækja séu án verðtryggingar eins og er í flestum löndum í kringum okkur. Með ólíkindum er reyndar að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamunur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni. Til sanns vegar má að vísu færa að á Íslandi eru hvað mestar sveiflur í efnahagsmálum miðað við önnur vestræn ríki og hagkerfi okkar er lítið þannig að líkur eru á að sveiflur verði áfram meiri hér en annars staðar. *Því reynir enn meira á styrka stjórn peninga- og efnahagsmála hér á landi ef afnema* á verðtryggingu á fjárskuldbindingum.

Flutningsmenn telja að fyrsta skrefið sé að gera þá úttekt sem hér er lögð til og áður hefur verið lýst og að gerðar verði áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Líklegt er að skynsamlegt sé að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum fyrst í stað á lánveitingum til skemmri tíma en 20 ára. Einnig er lögð áhersla á að skoðað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

100. Frumvarp til laga [100. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhvert barn sem þarf á gleraugum að halda að mati augnlæknis skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í lækningaskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði sjónglerja skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað teljist nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði við kaup á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Sjónstöð Íslands.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast flutt á 128. löggjafarþingi. Á 127. löggjafarþingi var málið einnig lagt fram og þá sent til umsagnar af heilbrigðis- og tryggingaefnd þingsins og bárust umsagnir frá Sjónstöð Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Heilsugæslunni í Reykjavík, Barnaverndarstofu, Augnlæknafélagi Íslands, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnuninni Siglufirði, Iðjuþjálfafélagi Ís-

lands, Landssambandi eldri borgara, Læknafélagi Íslands, Öldrunarráði Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Frumvarpið var ekki afgreitt frá nefndinni. Flutningsmenn hafa farið yfir umsagnir framangreindra aðila og leggja frumvarpið fram að nýju með nokkrum breytingum til samræmis við tillögur umsagnaraðila, en umsagnaraðilar voru almennt meðmæltir frumvarpinu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna, þ.e. allra einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett ýmis lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur ⅓ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök starfrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar þeirra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Öll heyrnarskert börn 18 ára og yngri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglugerð nr. 234/2003. Auk þess geta allir heyrnarskertir 18 ára og eldri átt rétt á því að ríkið greiði kostnað þeirra við nauðsynleg heyrnartæki að hluta eða jafnvel

öllu leyti. Ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnarskerðing stafar eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Ríkið mundi taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki er hættara en öðrum að lenda í erfiðleikum í námi og jafnvel einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara röksemda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu í því hvernig verja skuli fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra á við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi áfram og gilt hafa, en þeim verði nú veitt lagastoð.

Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 55 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 15.940 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 10.620 kr. Börn undir 18 ára aldri eru um 82 þúsund. Má því ætla að samtals noti um 12 þúsund börn gleraugu. Af þeim fengu á síðasta ári 1.633 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 110 millj. kr. árlega, miðað við að allir þurfi ný gleraugu á hverju ári (10.367 börn sinnum 10.620 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 55 millj. kr. árlega. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Nokkrir umsagnaraðilar bentu á að í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að börn þurfi ný gleraugu á hverju ári. Bæði breytist sjón meira hjá börnum en fullorðnum og einnig verða umgjarðirnar of litlar og glerin rispast frekar, einkum þegar í hlut eiga lítil börn. Telja flutningsmenn rétt að skoðað verði í meðförum þingsins hvort rétt sé að endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa yngri barna, t.d. fram að átta ára aldri, verði heimil árlega.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú af tannviðgerðum og hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að 1.196 millj. kr. verði varið í tannlækniskostnað sjúkratrygginga, 10 millj. kr. í tannverndarsjóð og rúmum 100 millj. kr. í rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins aðeins hafa óverulegan viðbótarkostnað í för með sér, eða laun starfsmanns á skrifstofu í hálfu starfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um víðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði barna, þ.e. einstaklinga yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón barna. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands þar sem er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði við sjónglerjakaup barna. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum viðkomandi. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

101. Fyrirspurn [101. mál]

til landbúnaðarráðherra um yfirstjórn menntastofnana landbúnaðarins.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Eru uppi áform um að flytja yfirstjórn eftirtalinna menntastofnana landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis:

a. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri,
b. Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og
c. Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi?

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að létt verði af Ríkisútvarpinu lífeyrisskuldbindingum sem á það voru lagðar árið 1993? Ef svo er, hvenær má vænta tillagna hans um þetta?

103. Fyrirspurn [103. mál]

til menntamálaráðherra um sameiningu ríkisháskólanna.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í undirbúningi að sameina alla ríkisháskólana innan einnar stofnunar undir nafni Háskóla Íslands þar sem skólar og deildir geta haldið sjálfstæði sínu?

104. Fyrirspurn [104. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun á framfærslugrunni námslána.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er undirbúningur hafinn að því að endurskoða framfærslugrunn námslána? Ef svo er, hvenær er áætlað að tilbúinn verði nýr framfærslugrunnur sem viðmið útreikninga á þörf nemenda fyrir námslán?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur og skatteftirlit vegna stofnunar einkahlutafélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið árlega frá árinu 2001 til 2003 (áætlun) á skatttekjum ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, á verðlagi 2003, vegna breytinga á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög?
2. Hvert er skattalegt hagræði af breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?

3. Hvert er mat skattyfirvalda á því að framfylgja skatteftirliti með breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?

Skriflegt svar óskast.

106. Fyrirspurn [106. mál]

til menntamálaráðherra um ábyrgðarmenn námslána.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í undirbúningi breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námslána sem felur í sér afnám ákvæða um ábyrgðarmenn á námslán?

107. Fyrirspurn [107. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stuðning við kræklingaeldi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig hefur verið ráðstafað þeim 5 millj. kr. sem ákveðið var að verja til stuðnings kræklingaeldi í fjárlögum fyrir árið 2003?
2. Hyggst sjávarútvegsráðuneytið beita sér fyrir enn frekari stuðningi við þessa nýju atvinnugrein?

108. Fyrirspurn [108. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins á árinu 2002 og fyrstu sex mánuði þessa árs, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?

Skriflegt svar óskast.

109. Fyrirspurn [109. mál]

til umhverfisráðherra um kadmínmengun í Arnarfirði.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna ástæður og útbreiðslu kadmínmengunar í Arnarfirði? Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir frekari rannsóknum á þessari mengun?

110. Fyrirspurn [110. mál]

til utanríkisráðherra um lögmæti innrásarinnar í Írak og endurskoðun á afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvert er mat ráðherra á lögmæti innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak fyrr á árinu í ljósi þess að engar sannanir hafa fundist fyrir gereyðingarvopnaeign Íraka og svo virðist sem sú hætta sem umheiminum stafaði af þáverandi stjórnvöldum í Írak hafi verið ýkt?
2. Hefur ríkisstjórnin hugleitt þann möguleika að draga til baka stuðning sinn við innrásina í Írak og láta taka Ísland af lista yfir þær þjóðir sem studdu stríðið?
3. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áframhaldandi bandarískra yfirráða í Írak?

111. Frumvarp til laga [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Eldisdýr: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

2. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

3. gr.

Fyrri málsliður 79. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

5. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.
b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.

7. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er í samráði við embætti yfirdýralæknis jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

8. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning eldisdýra og afurða þeirra til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er óheimilt að flytja inn lifandi fisk, krabbadýr og lindýr skv. 3. og 4. gr. fyrr en reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur um innflutninginn hefur öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til fylgiskjals I.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi hafi nýlega lagt bann við innflutningi eldisdýra og afurða þeirra héðan með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi hafi ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Komi það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki talið sér heimilt að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar nr. 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra, eins og henni hafi verið breytt með tilskipunum nr. 93/54/EB, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB, sem allar séu hluti af EES-samningnum skv. I. viðauka við hann og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998.

Íslensk fyrirtæki hafi að undanförnu flutt út eldisfisk og hrogn til Skotlands, Írlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert.

Brýna nauðsyn beri því til þess að breyta nú þegar lögum á þann veg að lögleiða megi ákvæði áðurnefndra tilskipana og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hnekkja þessum hindrunum. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Eldisdýr: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

2. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr. svohljóðandi:

Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

3. gr.

Fyrri málsliður 79. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

5. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

III. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.
b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.

7. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er í samráði við embætti yfirdýralæknis jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

8. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning eldisdýra og afurða þeirra til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsliðar er óheimilt að flytja inn lifandi fisk, krabbadýr og lindýr samkvæmt 3. og 4. gr. fyrr en reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur um innflutninginn hefur öðlast gildi.

Gjört á Bessastöðum 1. júlí 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að staðfesta bráðabirgðalög, nr. 103/2003, um sama efni sem sett voru 1. júlí 2003. Bráðabirgðalögin voru sett í kjölfar þess að útflutningur eldisfisks og hrogna til Skotlands og Írlands stöðvaðist þar sem Íslendingar og fiskeldisstöðvar hér á landi höfðu ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Var bráðabirgðalögunum ætlað aðlaga löggjöf hér á landi ákvæðum tilskipana EBE.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

112. Fyrirspurn [112. mál]

til fjármálaráðherra um félagsgjöld fyrirtækja og launþega.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve miklu samtals nema félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnulífsins?
2. Hve mikið má ætla að skattgreiðslur fyrirtækja minnki vegna heimildar þeirra til að draga félagsgjöld frá tekjuskattsstofni fyrirtækja?
3. Hve miklu samtals nema félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga samkvæmt kjarasamningum eða samþykktum stéttarfélaga?

4. Hvaða heimildir hafa launþegar til að draga félagsgjöld frá tekjuskattsstofni sínum?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [113. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað sveitarfélaga vegna atvinnuleysis.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hafa verið teknar saman upplýsingar um beinan og óbeinan kostnað sveitarfélaga vegna atvinnuleysis, þ.m.t. kostnað við atvinnuskapandi aðgerðir og aukna félagslega aðstoð í kjölfar atvinnuleysis? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar samantektar? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að þessar upplýsingar verði teknar saman?

114. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vestnorrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á fjórum þingum á síðasta kjörtímabili, en varð aldrei útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt frá síðasta þingi ásamt lítillega breyttri greinargerð.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að íslensk utanríkisstefna eigi að byggjast á góðum samskiptum til allra átta og að forðast beri að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er eindregin skoðun flutningsmanna að skynsamlegast sé fyrir Íslendinga að halda óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og leita eftir hagstæðum samningum við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar. Þannig gætu Íslendingar fært

sér legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta án þess að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum eða forræði yfir náttúruauðlindum. Slíkt er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Hvað efnahagslífið snertir hefur Ísland alla burði til þess að farnast vel sem óháðu ríki í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar, og ef landsmönnum tekst að viðhalda yfirráðum yfir þeim og koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum. Mörgum smærri þjóðum hefur tekist að nýta sér sérstöðu sína á grundvelli sjálfstæðis eða mikillar sjálfstjórnar. Þær gæta eigin hagsmuna á sjálfstæðum forsendum og gera smæð sína í hópi þjóðanna að styrkleika en ekki veikleika með sjálfstæðri rödd og sjálfstæðum vilja. Staðreyndin er sú að þessum þjóðum hefur vegnað mjög vel. Lífskjör eru til að mynda með því besta sem þekkist í flestum smáríkjum Evrópu og jafnvel Asíu.

Þróun alþjóðaviðskipta.

Þróun alþjóðaviðskipta er í raun nokkuð mótsagnakennd þar sem hún einkennist samtímis af vaxandi blokkamyndun og viðleitni til fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum: Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og hópur landa í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Jafnframt er unnið að stórum fríverslunarsamningum á heimsvísu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Eðli hnattvæðingarinnar er mál út af fyrir sig og fylgifiskar hennar mæta nú víða vaxandi gagnrýni og andstöðu. Umfjöllun um annmarka hennar og mögulegar hættur fellur hins vegar utan þessarar greinargerðar.

Íslendingar þurfa að laga utanríkisviðskipti sín að framangreindri þróun alþjóðaviðskipta sem fyrst. Það væri óráð að loka sig af innan eins efnahagssvæðis vegna þess hversu smátt íslenska hagkerfið er og atvinnuvegirnir tiltölulega einhæfir. Innan Evrópusambandsins ráða ferðinni hagsmunir gamalgróinna iðnríkja Vestur-Evrópu og áhrif Íslands á þeim vettvangi yrðu hverfandi. Þar er sjávarútvegi, sem er stærsta atvinnugrein Íslendinga, fyrst og fremst stjórnað með hafta- og styrkjafyrirkomulagi sem á að vernda sjávarútveg aðildarríkjanna.

Ísland og Evrópusambandið.

Allt frá mótun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á árunum um og eftir 1990 hefur framtíð samningsins þótt nokkuð óviss. Svokölluð EFTA-stoð hans varð fljótlega mun veikari en til stóð þar sem Svisslendingar höfnuðu aðild að samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og bæði Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið. Norðmenn höfnuðu um sama leyti aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Umræða um þriðju aðildarumsóknina hefur aðeins látið á sér kræla af og til á síðustu árum í Noregi en ljóst er þó að ekkert verður aðhafst sem breytir stöðu Noregs á þessu kjörtímabili norska Stórþingsins sem lýkur haustið 2006. Nú hafa Svíar hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu með mjög afgerandi hætti að taka upp evru og gerast aðilar að myntbandalagi Evrópusambandsins. Ekki er því að vænta að miklar breytingar verði á nánasta viðskiptaumhverfi okkar Íslendinga í bráð hvað það snertir að löndin á norðvesturjaðri Evrópusambandsins, þ.e. Svíþjóð, Danmörk og Bretland, haldi áfram í eigin mynt. Sama gerir að sjálfsögðu Noregur enda forsenda fyrir upptöku evru að gerast aðili að Evrópusambandinu. Áður, eða 28. september árið 2000, hafði afdráttarlaus meiri hluti dönsku þjóðarinnar hafnað evrunni og líklegt er að úrslitin í Svíþjóð nú dragi nokkuð kjarkinn úr dönskum Evrópusamrunasinnum en þar er þó helst tíðinda að vænta á næstunni. Í Bretlandi er hins vegar kosning um evruna nánast úr sögunni um sinn. Það er afar

athyglisvert að almenningur bæði í Danmörku og Svíþjóð hafnar evrunni með jafnafdráttarlausum hætti og raun ber vitni þrátt fyrir að allar helstu valdastofnanir samfélaganna, þ.e. stærstu stjórnmálaflokkarnir, atvinnurekendur, verkalýðshreyfing, flestir fjölmiðlar o.s.frv., með algera yfirburði fjármagns á bak við sig að auki, reyndu að þvinga fram samþykki. Niðurstaðan bæði í Danmörku og Svíþjóð er áfall fyrir þær kratastjórnir sem í hlut áttu en einnig fyrir þá stjórnmálamenn og þau stjórnmálaöfl hér á landi sem hafa viljað keyra af stað umræðu um nánari tengsl eða aðild okkar að Evrópusambandinu. Nú bendir flest til að rólegra verði yfir vötnum í þessum efnum á næstunni en ýmsir höfðu ætlað og því er síður en svo ástæða til óðagots hér á landi eða í Noregi. Hyggilegt væri fyrir ráðamenn þessara landa sem annarra að láta sér lexíuna frá Danmörku og Svíþjóð að kenningu verða.

Vissulega er staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins langt frá því að vera eins og flutningsmenn teldu heppilegasta. Við Íslendingar höfum hins vegar aðlagað okkur að þeim aðstæðum sem EES-samningurinn skapar um nokkurt árabil. Tollalækkanir samkvæmt samningnum hafa auðvitað verið til bóta, enda höfum við borgað fyrir með veiðiheimildum og greiðslum í þróunarsjóð sem voru framlengdar með þvingunum. Þá höfum við líka þurft að bera okkar hlut af rekstrarkostnaði þunglamalegs stofnanakerfis o.s.frv. Deilur um hið liðna þjóna hins vegar litlum tilgangi, enda engan samanburð hægt að gera við það sem ella hefði orðið, t.d. samskipti á grundvelli einfaldari viðskipta- og samstarfssamninga í stað EES. Þá getur það tæpast þjónað hagsmunum Íslands að við veikjum tiltrú á eða gröfum með málflutningi undan samskiptum okkar við Evrópusambandið hvað sem um EES-samninginn má segja sem slíkan. Hlýtur málflutningur núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að vekja furðu því að engu er líkara en að hann hafi tekið sér fyrir hendur að sannfæra alla sem málið varðar um bága og versnandi stöðu Íslands innan EES.

Óvissa skaðleg íslenskum hagsmunum.

Sú óvissa sem ríkir um það hvernig samskiptum Íslands við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni er óheppileg. Svo lengi sem vafi leikur á um hver framtíðarstefnan verður eru aðilar í hálfgerðri biðstöðu og Íslendingar geta ekki skipulagt samskipti sín við ýmsa aðila í löndum ESB eða einbeitt sér sem skyldi að samskiptum við aðra heimshluta. Það gildir jafnt um utanríkisþjónustuna, ráðuneyti og opinberar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið og marki stefnuna í stórum dráttum svo að forsendur eða grundvöllur samskiptanna liggi fyrir. Þá verður hægt að byggja upp það fyrirkomulag sem best samrýmist hagsmunum Íslands til framtíðar litið. Við athugun þessara mála þarf þjóðin að líta til allra átta, óbundin af núverandi stöðu. Gera verður þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að þeir reyni að tala skýrt í þessu afdrifaríka máli. Umræða um mikilsverð utanríkismál eins og framtíðarfyrirkomulag samskipta okkar við Evrópusambandið er mikilvæg og sjálfsögð og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn hennar eru hvar og hvenær sem er tilbúnir til slíkra umræðna. Einnig þurfum við sem þjóð, að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til, að fylgjast með þróun mála í kringum okkur. Nauðsyn þessa er hins vegar ekki afsökun fyrir því að tala óljóst og dulbúa afstöðu, eða þá afstöðuleysi, í endalausum orðavaðli um að það þurfi að taka málið á dagskrá, ræða það og skoða, fylgjast með, tímarnir séu að breytast o.s.frv. Í öllum aðalatriðum liggur fyrir hvað fælist í aðild að Evrópusambandinu og skýrsla utanríkisráðherra frá vorinu 2000 er gagnlegt innlegg í þá umræðu. Mönnum er því engin vorkunn að taka skýra afstöðu til mála í ljósi aðstæðna og þar sem ekki er líklegt að þær breytist í grundvallaratriðum í fyrirsjáanlegri framtíð ætti slík stefnumörkun að fá staðist.

Rök með og á móti aðild.

Skipta má helstu rökum stuðningsmanna aðildar að Evrópusambandinu í tvennt. Annars vegar eru það nauðhyggjuröksemdir og hins vegar rök sem ganga út á nauðsyn aðildar til að hafa áhrif.

Af fyrra taginu eru fullyrðingar eins og þær að EES-samningurinn sé á fallanda fæti, verði EES-samningurinn ónothæfur í núverandi mynd sé ekki um annað að ræða en að „stíga skrefið til fulls", þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Einnig er óspart látið að því liggja að Norðmenn kunni að ganga í Evrópusambandið einhvern tímann á komandi árum. Þá er sagt að allir aðrir séu að ganga í Evrópusambandið og er þá væntanlega verið að vísa til stækkunar þess til austurs og þannig mætti áfram telja. Í slíkum fullyrðingum eru ekki fólgnar efnislegar röksemdir heldur miklu fremur ákveðin tegund hræðsluáróðurs eða nauðhyggju eins og áður sagði. Vissulega eru þeir til einnig sem sjá aðeins gull og græna skóga í Evrópusambandinu og tala eins og hægt sé fyrirhafnarlaust og án nokkurra fórna að njóta þess jákvæða sem af aðild gæti leitt án þess að ókostirnir fylgi með í kaupunum. Hafa ber í huga að samskipti Íslands við aðrar þjóðir og heimshluta byggjast á tvíhliða samskiptum. Sá kostur er að sjálfsögðu einnig opinn að því er snertir samskipti við Evrópusambandið. Ekkert bendir til að við eigum ekki alla möguleika á að búa farsællega um samskipti okkar við Evrópusambandið án aðildar þó að samningurinn um EES breytist eða t.d. stofnanir hans hverfi. Slíkt gæti jafnvel einfaldað þau atriði sem mestu máli skipta, viðskiptaþættina, samstarf á sviði menntunar og rannsókna og, eftir atvikum, samræmingu löggjafar, sem við getum að sjálfsögðu framkvæmt að eigin frumkvæði, og fleira.

Sú röksemd að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku sem þar fer fram virðist á yfirborðinu nokkuð gild, en dugir skammt þegar betur er að gáð. Fyrir það fyrsta verður að svara því hver líkleg áhrif smáríkis á borð við Ísland í stækkandi Evrópusambandi yrðu og hvaða verði yrðu þau „áhrif" keypt? Hvað mundi það kosta smáríki eins og okkar að gæta hagsmuna okkar innan frá á öllum vígstöðvum þessa mikla bákns og hvað með okkar sérstöðu og áhrif annars staðar á alþjóðavettvangi? Færa má rök fyrir því að þessu með áhrifin sé einmitt öfugt varið því að með aðild missum við sjálfstæða rödd og sjálfstæða fulltrúa í öðrum alþjóðasamskiptum og færumst yfir í baksveitir sem minnsta þjóðin af 15 eða 25 á bak við fulltrúa framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs. Hefðu áhrif Íslands verið meiri eða minni, t.d. í hafréttarmálum, utan eða innan Evrópusambandsins sl. þrjátíu ár eða svo? Svarið liggur nokkuð í augum uppi. Það var vegna sjálfstæðis okkar og fullveldis að við gátum beitt okkur sem raun ber vitni, ekki síst í andstöðu við Evrópusambandsríkin.

Ókostir aðildar.

Ef farið er yfir helstu ókosti aðildar að Evrópusambandinu, kostnað og fórnir sem henni yrðu samfara, vegur eftirfarandi þyngst að mati flutningsmanna:

1. Afsal sjálfstæðis og fullveldis, glötuð sérstaða.

Framsal á fullveldi Íslands er veigamesta ástæðan fyrir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur að mati flutningsmanna. Þar með væru Íslendingar skuldbundnir til að innleiða alla lagasetningu Evrópusambandsins hér á landi og Evrópudómstóllinn yrði æðsti dómstóll Íslendinga. Breytingin frá því sem við búum við nú yrði umtalsverð vegna þess að íslenskir dómstólar skýra innlendar réttarreglur til samræmis við EES-samninginn á grundvelli íslenskra lögskýringarreglna. Landsdómstólar í aðildarríkjum ESB framselja hins vegar þetta vald til Evrópudómstólsins.

Því er stundum haldið fram í umræðu um þessi mál að með aðild að ESB kæmu Íslendingar beint að lagasetningu ESB og gætu þannig haft mun meiri áhrif en nú. Einnig er sagt að þeir fengju neitunarvald í ráðherraráðinu sem mundi styrkja mjög stöðu Íslands á þessum vettvangi. Minnt skal á að það er engan veginn auðvelt að beita neitunarvaldi vegna fjölmargra samtengdra hagsmuna og samskipta. Jafnframt hafa leikreglur breyst hratt innan ESB með breytingum á stofnsamningi þar sem meirihlutaákvörðun gildir á æ fleiri sviðum. Á sinn hátt gildir svipað um þetta og „öryggisákvæðið" í EES-samningnum sem ekki hefur verið beitt fram að þessu.

Að öllu samanlögðu er það mat flutningsmanna að langskynsamlegast sé að þróa samskipti Íslands við Evrópusambandið í átt til tvíhliða samninga um fríverslun, rannsóknir og vísindi og félagslegt og menningarlegt samstarf. Eðlilegt er að leita eftir slíkum samningum á grundvelli tiltekinna þátta í EES-samningnum og með hliðsjón af Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984 en hún varðaði m.a. samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfs.

2. Skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar.

Ljóst er að aðild að Evrópusambandinu mundi skerða mjög möguleika íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar frá því sem nú er. Sveiflur í efnahagslífinu hér á landi eiga sér aðrar rætur en gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Þar af leiðandi er afar varhugavert fyrir Íslendinga að vera bundnir af sameiginlegri efnahagsstefnu ESB, enda hefðu íslensk stjórnvöld þá enga möguleika á að bregðast sjálfstætt við, t.d. til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi. Endastöð slíkrar bindingar væri aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) sem flestöll ríki ESB verða aðilar að innan tíðar. Þar með væri sjálfstæð gengisskráning úr sögunni sem er afar óheillavænleg staða fyrir land sem treystir jafnmikið á útflutning og raun ber vitni. Sveiflur efnahagslífsins á Íslandi mundu eðlilega ekki hafa nokkur minnstu áhrif á sameiginlega gengisskráningu í Evrópusambandinu sem hefur innan sinna vébanda mörg stór hagkerfi, þar á meðal fjögur af sjö helstu iðnríkjum heims. Tæpast þarf að fjölyrða um hversu alvarlegar afleiðingar aðild að efnahagsstefnu ESB, svo ekki sé talað um sameiginlegan gjaldmiðil, hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf við þær aðstæður sem hér hafa ríkt á allra síðustu árum.

Áhrif hugsanlegrar aðildar á málefni atvinnugreina eins og sjávarútveg og landbúnað og möguleika Íslendinga til að stunda sjálfstæða hagstjórn eru nátengd áhrifunum á atvinnuöryggi og vinnumarkað. Lítið hefur verið um þann þátt mála rætt hér á landi en engu að síður er það staðreynd að atvinnuleysi er til muna meira í löndum Evrópusambandsins en hér á landi. Telja verður líklegt að aðild Íslands hefði slæm áhrif á atvinnuöryggi landsmanna, a.m.k. á vissum svæðum og í ákveðnum atvinnugreinum. Þannig er líklegt að störfum myndi fækka umtalsvert í landbúnaði og tengdum matvælaiðnaði og óvissa gæti skapast í sjávarútvegi, einkum fiskvinnslunni, og fleiri greinum. Þannig yrðu það líklega greinar sem vega þungt í atvinnulífi landsbyggðarinnar sem yrðu fremur fyrir neikvæðum áhrifum. Alvarlegustu áhyggjurnar tengjast þó áhrifum þess á jafnvægi á vinnumarkaði og atvinnuöryggi að taka upp evruna og tapa úr landinu stjórn efnahags- og peningamála, sjálfstæðri gengisskráningu og vaxtaákvörðunum. Þá blasir sú hætta við að aðlögun að sveiflum í efnahagslífi og/eða ytri sem innri skilyrðum þjóðarbúsins leiti út í atvinnustigið, mun meiri óstöðugleiki verði á vinnumarkaði og hættan á stórauknu atvinnuleysi, þegar illa gengur, verði viðvarandi. Ótti Svía við aukið atvinnuleysi er ein meginástæða þess að þeir hafa þrjóskast við að taka upp evru, þó þeir ættu í raun að gera það sjálfkrafa í kjölfar aðildar. Þar hefur verið rætt um

að koma á fót gríðarmiklum sveiflujöfnunarsjóðum til að vega upp á móti skertum möguleikum til sjálfstæðrar hagstjórnar og hættu á auknu atvinnuleysi samfara upptöku evrunnar.

3. Hagsmunum sjávarútvegsins fórnað.

Ljóst er að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata forræði yfir auðlindum hafsins við Ísland til framkvæmdastjórnar ESB. Að undanförnu hafa ýmsir haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um stjórn fiskveiða mundu leiða til þess að Íslendingar sætu einir að veiðunum þar sem aðrar þjóðir hafi nánast enga veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þar með er sú einkennilega staða komin upp að einhver mikilvægasti ávinningur sjálfstæðisbaráttunnar, útfærsla efnahagslögsögunnar og afleiðingar hennar, er notaður sem rök fyrir því að óhætt sé að afsala sér sjálfstæðinu í þessum efnum. Í þeim málflutningi er látið undir höfuð leggjast að fjalla um augljósar afleiðingar ESB-aðildar sem m.a. varða svokallað kvótahopp. Í því felst að fyrirtækjum í aðildarlöndum sambandsins væri í lófa lagið að skrá skip sín á Íslandi, fá veiðiheimildir hér en landa aflanum í heimalandinu. Þetta er vel þekkt innan ESB og hefur valdið mörgum sjávarbyggðum þar miklum vandræðum. Evrópudómstóllinn hefur svo ofan í kaupið dæmt í óhag ríkjum eins og Bretlandi, sem haft hafa uppi tilburði til að stöðva kvótahopp. Einnig er borðleggjandi að af hálfu þjóða eins og Spánverja yrði viðvarandi þrýstingur á að komast inn í íslensku landhelgina og gjarnan reynt að versla um slíka hluti í tengslum við lausn óskyldra deilumála eins og dæmin sanna. Slík hrossakaup eru venjulegur framgangsmáti innan Evrópusambandsins, eins og Íslendingar fengu meðal annars að kynnast í deilunum um áframhaldandi greiðslur í þróunarsjóðinn á grundvelli EES-samningsins.

Engar líkur eru á að í þessum efnum standi Íslandi annað til boða en í mesta lagi tímabundin aðlögun að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Eftir slíkan aðlögunartíma mundu ýmis málefni sem snerta þessa mikilvægu atvinnugrein flytjast til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Þar má nefna ákvörðun um heildarveiðiheimildir, stjórn veiða úr deilistofnum og flökkustofnum, forræði í samningamálum og samskipti við önnur ríki, t.d. óútkljáð deilumál um skiptingu veiðiheimilda. Það yrði óumdeilanlega mikil afturför ef sjálfstæð rödd Íslands í hafréttarmálum á alþjóðavettvangi hljóðnaði.

4. Áfall fyrir íslenskan landbúnað.

Eins og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu utanríkisráðherra bendir allt til þess að aðild að Evrópusambandinu yrði áfall fyrir allar greinar landbúnaðarins hér á landi, nema helst sauðfjárræktina. Útkoma sauðfjárbænda yrði þó undir því komin að ná hingað sem mestu af þeim styrkjum sem Evrópusambandið veitir greininni á þeim forsendum að hún er algjör aukabúgrein í ESB. Einnig er líklegt að matvælaiðnaður tengdur innlendri búvöruframleiðslu mundi láta verulega undan síga.

Oft er látið að því liggja að ESB-aðild mundi koma neytendum mjög til góða í formi lægra verðs á matvælum. Þessu var mjög haldið á loft í Finnlandi og Svíþjóð á sínum tíma og um það snúast einmitt einhver mestu vonbrigði almennings í þessum löndum eftir inngönguna í ESB. Matvælaverð hefur ekki lækkað eins og stuðningsmenn aðildar fullyrtu að mundi gerast en inngangan hefur jafnframt reynst landbúnaðinum í þessum löndum þung í skauti, einkanlega í Finnlandi.

5. Hagsmunir ferðaþjónustunnar.

Mörg álitamál tengjast hagsmunum einnar helstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs um þessar mundir, þ.e. ferðaþjónustunnar, og mögulegri aðild að Evrópusambandinu. Flestir eru

sammála um að óumflýjanleg aðild að tollsamstarfinu, og þar með afnám tollfrjálsrar verslunar, kæmi sér illa fyrir ferðaþjónustuna, fyrir rekstur flug- og ferjuhafna, fríhafnarverslana og skattfrjálsrar ferðamannaverslunar. Einnig óttast margir að verr gengi að tefla fram og kynna sérstöðu landsins og gera það spennandi að ferðast hingað ef landið væri orðið hluti af Evrópusambandinu. Möguleikar Íslands til að setja sérreglur, t.d. á sviði umhverfismála vegna mikilla og sérstakra hagsmuna ferðaþjónustunnar, minnkuðu og fleira mætti nefna.

6. Fjarlægt og miðstýrt Brusselvald, ólýðræðisleg ákvarðanataka.

Miðstöð stjórnvalds í Evrópusambandinu er í Brussel. Þar situr framkvæmdastjórnin og Evrópudómstóllinn og Brussel er einn þriggja samkomustaða Evrópuþingsins. Sú skoðun er afar útbreidd í ESB-löndunum að stjórnkerfi sambandsins einkennist af óhóflegri miðstýringu og mikil fjarlægð sé á milli valdhafanna og þegnanna. Óhætt er að segja að þeir sem gagnrýna miðstýringuna hafi mikið til síns máls og má í því sambandi benda á að einstök ríki Bandaríkjanna hafa í sumum tilfellum mun meira sjálfstæði gagnvart alríkisstjórninni en ESB-ríki gagnvart æðstu stjórn Evrópusambandsins í Brussel.

Um fjarlægðina á milli valdhafanna í ESB og almennings í aðildarlöndunum má nefna tvö dæmi, hvort frá sinni hlið. Annars vegar er kjörsókn í kosningum til Evrópuþingsins yfirleitt mjög slök og hróplega léleg í samanburði við aðrar kosningar í ESB-löndunum, svo sem til þings og sveitarstjórna. Úrslitin gefa iðulega til kynna að kjörsókn í Evrópuþingskosningum sé mun meiri meðal andstæðinga ESB-aðildar en fylgismanna. Almenningur virðist því ekki hafa mikla trú á Evrópuþinginu sem slíku og þarf það ekki að koma á óvart þar sem það er aðeins ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina en hefur ekki eiginlegt löggjafarvald.

Hins vegar má benda á hvernig samrunaferlið innan ESB hefur verið knúið áfram af valdhöfunum gagnvart almenningi í aðildarlöndunum. Skemmst er að minnast þess þegar Danir felldu Maastricht-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnvöld efndu til nýrra kosninga um málið eftir að hafa fengið undanþágur frá tilteknum ákvæðum samkomulagsins. Það hefur líka sýnt sig að þar sem á annað borð er efnt til kosninga um samrunaferlið er gríðarlegum fjármunum varið til að sannfæra almenning um ágæti þess. Nú síðast var þetta áberandi í þjóðaratkvæðagreiðslu Dana um þátttöku í myntbandalagi Evrópusambandsins og notkun evrunnar í stað dönsku krónunnar.

Í raun og veru eiga aðildarríkin lítið val þegar kemur að breytingum á Rómarsáttmálanum, stofnsáttmála sambandsins, á borð við Maastricht- og Amsterdam-samkomulagið. Að hafna slíkum gerðum jafngildir úrsögn úr Evrópusambandinu og það er viðurkennt að í stofnsáttmálanum er einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að ríki geti gengið úr Evrópusambandinu þegar þau eru einu sinni komin þangað inn.

Þessu til viðbótar má nefna að langur vegur er frá því að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð þegar ákvarðanir eru teknar af framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB. Ráðherrar einstakra ríkja geta beitt neitunarvaldi en til þess hefur enn ekki komið, enda væri sambandið þá í uppnámi. Af þeim sökum fer iðulega fram mikill kaupskapur til að tryggja stuðning fulltrúa allra ríkja við nýjar ákvarðanir. Þetta leiðir af sér óeðlilega mikið vægi sérhagsmuna við afgreiðslu margra mála enda þarf þá að launa einstökum fulltrúum fyrir stuðning við fyrri ákvarðanir.

7. Varhugaverðir tollmúrar.

Íslendingar eiga afar mikið undir útflutningi, einkum á sjávarafurðum. Með inngöngu í Evrópusambandið yrðu Íslendingar að taka upp sömu tollastefnu og önnur lönd bandalagsins gagnvart ríkjum utan ESB. Þar með væri forræði landsins á sviði viðskiptasamninga úr sög-

unni og samningsumboðið á hendi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta mundi augljóslega hefta möguleika Íslendinga á að sækja fram og leita nýrra markaða í öðrum heimshlutum. Það kæmi sér sérstaklega illa ef markaðurinn í ESB-löndum brygðist af einhverjum ástæðum. Nauðsynlegur sveigjanleiki í þessum efnum er best tryggður með samningum við efnahagsbandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti.

Rétt er að benda á að tveir mikilvægustu útflutningsmarkaðir Íslendinga utan Evrópu, Norður-Ameríka og Suðaustur-Asía, hafa myndað viðskiptablokkir sem keppa við Evrópusambandið og standa í illdeilum við það á mörgum sviðum, m.a. varðandi tollamál og viðskiptakjör. Hagsmunir Íslands mundu af augljósum ástæðum ekki vega þungt í samskiptum ESB við þessar viðskiptablokkir og því er varhugavert fyrir Íslendinga að lenda innan tollmúra Evrópusambandsins.

8. Mikill kostnaður.

Það liggur fyrir að aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum dýr. Að óbreyttu er hún talin kosta í kringum 8 milljarða kr. en líklegt er að með stækkun sambandsins yrði þessi upphæð á bilinu 10–12 milljarðar. Í besta falli væri mögulegt að fá helming þeirra fjármuna til baka í formi styrkja. Rétt er þó að hafa í huga að slíkir styrkir koma sjaldnast fyrirhafnarlaust. Því fylgir mikil vinna að krækja í þá, oftar en ekki er krafa um mótframlag af hálfu heimalandsins og upphæðinni að endingu skipt milli fleiri aðila. Þess vegna gætir oft þess misskilnings í umfjöllun um styrkupphæðir og sameiginleg verkefni að heildarfjárhæðin renni til viðkomandi aðila sem nettóframlag frá Evrópusambandinu, sem sjaldnast er tilfellið. Allir slíkir útreikningar eru auðvitað háðir mörgum óvissuþáttum, enda eiga þeir ekki að vera neitt aðalatriði í málinu. Ísland er vissulega eitt af ríkustu löndum heims og mætti gjarnan leggja meira af mörkum til aðstoðar þeim löndum sem verr standa. Það geta Íslendingar hins vegar hæglega gert á eigin forsendum ef viljinn er fyrir hendi og ráðstafað þeim fjármunum eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast. Ekki má heldur gleyma því að það er dýrt að halda uppi velferðarsamfélagi í fámennu og strjálbýlu landi. Engin trygging er fyrir því að þær sérstöku aðstæður, sem við búum við á Íslandi, mundu alltaf mæta skilningi hjá framkvæmdarvaldinu í Brussel.

Loks er rétt að taka fram að flutningsmenn hafa allan fyrirvara á gagnvart þeirri hugmyndafræði sem mestu ræður bak við tjöldin um þróun mála hjá Evrópusambandinu. Hagsmunir fjármagnseigenda og stórfyrirtækja hafa verið drifkrafturinn á bak við markaðsvæðingu og afnám allra hindrana í vegi fjármagnsflutninga, fjárfestinga milli landa o.s.frv. Almenningur aðildarlandanna gerir sér æ betur grein fyrir því að þrátt fyrir tal um Evrópu fólksins og ýmis ágæt markmið og reglur á sviði t.d. félagsmála og umhverfismála er það samt fyrst og fremst Evrópusamband fjármagnsins og Evrópusamband stórfyrirtækjanna sem verið er að skapa. Þetta er án efa ein skýringin á þeirri miklu og breikkandi gjá sem hefur verið að skapast á milli almennings og þeirra sem ráða ferðinni og reka Evrópusamrunann áfram.

Samningar Svisslendinga.

Árið 1999 gerðu Svisslendingar tvíhliða samning við Evrópusambandið um samskipti á sjö sviðum. Þau eru afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsar ferðir fólks, rannsóknir, opinber innkaup, samgöngur á landi, farþegaflug og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Samningurinn gekk í gildi snemma árs 2000 og er nú hluti af löggjöf beggja samningsaðila. Samningurinn felur ekki að neinu leyti í sér framsal löggjafarvalds til yfirþjóðlegra stofnana.

Meiri hluti samningsákvæðanna felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á löggjöf beggja samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um upplýsingaskyldu og sérstakt viðræðuferli ef annar samningsaðili hyggst breyta sinni löggjöf á sviðum samningsins. Ekki er vafi á því að vænlegt gæti verið fyrir Íslendinga að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum og leita eftir tvíhliða samningum um samskipti við Evrópusambandið á afmörkuðum sviðum.

Aðrir heimshlutar.

Eðlilegt er að líta á vaxandi samskipti við Norður-Ameríku sem rök fyrir því að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Ísland hefur um langt skeið átt mikil samskipti við Bandaríkin, m.a. á sviði viðskipta og mennta- og menningarmála. Þessi samskipti munu áfram hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga en aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi fljótlega hafa veruleg áhrif á þróun þeirra. Þarf raunar ekki beina aðild til, eins og glöggt má sjá af Schengen-samningnum sem nú er að verða að veruleika. Undanfarin ár hafa samskipti Íslands og Kanada einnig aukist verulega, ekki síst í tengslum við afmæli landafunda norrænna manna í Vesturheimi og vaxandi áhuga Íslendinga og Kanadamanna af íslenskum ættum á sögu íslensku vesturfaranna. Árið 1999 var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg og Ísland opnaði sendiráð í Ottawa í Kanada í fyrra.

Fleira bendir til vaxandi samskipta og viðskipta við Norður-Ameríku í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að viðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada um fríverslunarsamning ljúki innan tíðar og að hann verði undirritaður áður en langt um líður. Þetta er stærsti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Með honum verður útflytjendum í EFTA-löndunum tryggður tollfrjáls aðgangur að Kanadamarkaði og jafngóð útflutningsskilyrði og útflytjendur búa við í hinum NAFTA-ríkjunum, Bandaríkjunum og Mexíkó. Samningurinn gerir samkeppnisaðstöðu EFTA-landanna betri en ESB-landa hvað snertir vöruútflutning til Kanada. Landfræðilega markar samningurinn ákveðin tímamót því að hingað til hefur EFTA einkum beint sjónum sínum að Mið-Evrópu og löndum við Miðjarðarhaf. Þá eru samningaviðræður EFTA og Mexíkós um fríverslun hafnar og ráðgerðar eru viðræður við Chile.

Þótt afturkippur hafi komið í efnahagslíf margra Asíulanda fyrir nokkru og þess gæti enn að nokkru leyti í utanríkisviðskiptum þeirra er eftir sem áður vænlegur markaður þar. Vissar afurðir hafa fyrst og fremst farið héðan til Asíu, einkum Japans sem er efnahagslegt stórveldi og stendur utan ASEAN-hópsins. Mögulegt er að viðskiptin verði ekki síður mikil við Kína í framtíðinni en margir telja að þar sé álitlegur markaður fyrir sjávarafurðir. Slík viðskipti gætu haft í för með sér stóraukna vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis. Loks má nefna að á síðasta ári opnuðu Íslendingar sendiráð í Japan og japönsk stjórnvöld opnuðu sendiráð hér á landi sama ár.

Niðurstaða.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að Íslendingar geti skapað sér sterka stöðu utan stórra efnahags- og ríkjasambanda og nýtt með því þá kosti sem felast í legu landsins. Treysta á möguleika á alhliða samskiptum við umheiminn en forðast að lokast af innan einstakra viðskiptablokka eða ríkjasambanda. Stefnumörkun í þessum efnum varðar miklu um framtíð lands og þjóðar. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin að Íslendingum hefur vegnað vel sem sjálfstæðri þjóð og aldrei betur en síðustu fimmtíu ár. Á þeim tíma höfum við nær alfarið haft forræði eigin mála. Á grundvelli fullveldis gátum við stigið mikilvægustu skrefin til að tryggja afkomu og velferð þjóðarinnar. Nærtækasta og skýrasta dæmið er útfærsla landhelginnar og þau áhrif sem Íslendingar, sem fullvalda þjóð með sjálfstæða

rödd á alþjóðavettvangi, höfðu á þróun hafréttarins. Sama gildir um sjálfstæða stöðu okkar í samningum um fiskveiðiréttindi og skylda hluti. Við höfum sjálf getað gætt auðlinda okkar og nýtt þær eða virkjað í eigin þágu og í samræmi við eigin hagsmuni. Sjálfstæðið hefur sem slíkt reynst okkur verðmæt auðlind. Tillagan sem hér er flutt snýst um að marka grundvallarstefnu og meginlínur í alþjóðasamskiptum Íslendinga. Vegna mikilvægis málsins og þess hversu gæfuríkt það væri ef landsmönnum tækist að sameinast um megináherslur í þessu afdrifaríka máli er lagt til að skipuð verði þverpólitísk nefnd allra stjórnmálaflokka til að vinna að því með stjórnvöldum. Á það má minna að á árunum 1988–90 starfaði nefnd níu alþingismanna, svonefnd Evrópustefnunefnd, um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu kosin hlutbundinni kosningu á Alþingi og því skipuð fulltrúum allra þingflokka.

Fylgiskjal.

Kafli úr stefnuyfirlýsingu stofnfundar
Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs.

Sjálfstæð utanríkisstefna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Hreyfingin vill binda enda á aðild Íslands að hernaðarbandalögum og veru erlends hers í landinu. Brýnt er að friðlýsa landið og lögsögu þess fyrir kjarnorkuvopnum og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild Íslands að Evrópusambandinu þar eð slík aðild mundi skerða fullveldi Íslands og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar. Í stað hægfara innlimunar í Evrópusambandið ber að þróa samskiptin í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samstarf allra þjóða heims á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Við vörum við aðgerðum sem beint er gegn velferð þjóða og þjóðarbrota. Nauðsynlegt er að leggja hömlur á spákaupmennsku með fjármagn heimshorna á milli með sérstakri skattlagningu eða alþjóðlegum reglum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla þátttöku Íslands í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í svæðisbundnum samtökum, svo sem Norðurlandaráði, Evrópuráði og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Við viljum efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna og styrkja lýðræðislega starfshætti á vettvangi þeirra. Treysta ber stoðir þjóðaréttar í þágu friðar og mannréttinda og stuðla að aukinni þátttöku almennra félagasamtaka í stefnumörkun alþjóðamála.

Ísland á að styðja eindregið markmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með því að leggja sitt af mörkum til útrýmingar fátæktar, hungurs, félagslegs ranglætis, misskiptingar auðs, kynþáttamismununar, mannréttindabrota og hernaðarhyggju.

115. Beiðni um skýrslu [115. mál]

frá forsætisráðherra um störf einkavæðingarnefndar.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Sigurjóni Þórðarsyni, Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf einkavæðingarnefndar fram til 1. október sl.

Greinargerð.

Þar sem einkavæðingarnefnd hefur með höndum mikið og afar mikilvægt starf í þágu alþjóðar telja skýrslubeiðendur mjög mikilvægt að Alþingi verði gerð ítarleg grein fyrir starfsemi hennar. Þá beiðni er óþarft að styðja rökum, en benda má á að nefndinni urðu á mjög mikil mistök við tilraunir til einkavæðingar Landssímans á sínum tíma. Nú, þegar henni er ætlað að hefjast aftur handa við það verkefni, er þeim mun meiri ástæða til að fá greinargerð frá nefndinni um fyrri störf sín að verkefninu.

Enn fremur hlýtur það að vera skilyrðislaus krafa fulltrúa á þjóðþinginu að gerð verði grein fyrir afsögn nefndarmannsins Steingríms Ara Arasonar sem sat í nefndinni frá upphafi en lét af störfum af því að hann hafði „aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum" og þeim sem einkavæðingarnefnd viðhafði.

116. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:

1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna.
2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála.
3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.
4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:
   a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,
   b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt,

c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,
d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,
e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,
f. sögu siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.

5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu.
6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum.
7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði.
8. Að móta stefnu um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem lögð verði fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt þrívegis á síðasta kjörtímabili en varð í ekkert skiptið útrædd. Efni hennar er engu að síður í fullu gildi og ef eitthvað er hefur þróun mála heldur verið í þá átt að svæðisbundin samvinna í okkar heimshluta njóti aukinnar athygli. Þannig hefur starfshópur nýlega skilað norrænu samstarfsráðherrunum skýrslu um stöðu vestnorrænu landanna í norrænu samstarfi (Vest-Norden i det nordiske samarbejde). Þeirri skýrslu fylgir samantekt sem unnin var af norrænu byggðarannsóknastofnuninni, Nordregio, um vestnorrænu löndin og nágranna þeirra (West Norden And Its Neighbours). Þessi vinna, sem reyndar er sprottin upp úr tillöguflutningi í Norðurlandaráði um málefni vestnorrænu landanna, er til marks um að í norrænu samstarfi beinist athyglin nú í auknum mæli til vesturs á nýjan leik. Um leið er viðurkennt að það eru ekki aðeins hin austlægu Norðurlönd sem eiga sér nágranna heldur einnig hin vestlægu.

Nú er nýlokið á Hjaltlandseyjum ráðstefnu eyríkja og strandsvæða við norðanvert Atlantshaf, annarri í röðinni af slíkum. Sú fyrsta var haldin í Þórshöfn í Færeyjum fyrir tveimur árum, en upphafið má rekja til fundar í Reykjavík nokkru fyrr. Þarna safnast saman sjálfstæð ríki, sjálfsstjórnarsvæði og fylki eða héröð, sem öll eiga það sameiginlegt að liggja að norðanverðu Atlantshafi og vera háð auðlindum þess um afkomu sína. Má segja að gegnum þetta ráðstefnuhald og samstarf sé að myndast vísir að svæðishugtaki eða svæðissamvinnuhugtaki, þ.e. samstarf eyríkja og strandsvæða við norðanvert Atlantshaf. Íslendingar hafa alla burði til að hafa forustu um áframhaldandi uppbyggingu slíks samstarfs og út á slíkt frumkvæði gengur tillaga þessi meðal annars.

Norðurlandaráð er ein mikilvægasta stoð Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og norræna samstarfið hefur reynst afar vel. Til marks um hversu sterkt þetta samstarf hefur verið má benda á að það stóð af sér blokkaskiptingu kalda stríðsins þrátt fyrir að Norðurlöndin væru ekki öll á áhrifasvæði sama risaveldisins.

Það var ekki síst í tengslum við mikla umræðu um byggðamál og svæðisbundið samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs í lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda að stofnað var til sérstakrar samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands árið 1985 en það hefur kallast Vestnorræna ráðið frá 1997. Samstarf vestnorrænu þjóðanna er reist á sögulegum og menningarlegum tengslum ásamt sameiginlegum hagsmunum í efnahagsmálum og umhverfismálum. Vestnorræna ráðið hefur á liðnum árum lagt höfuðáherslu á umhverfismál, menningarmál, sjávarútvegsmál, samgöngur og viðskiptamál.

Eftir að kalda stríðinu lauk og hinar pólitísku markalínur þess, sem áður skildu nágrannalönd að, voru úr sögunni hefur margs konar svæðisbundið samstarf aukist mjög. Sem dæmi

um slíkt samstarf í okkar heimshluta má benda á Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Eystrasaltsráðið var stofnað í mars 1992 með þátttöku Danmerkur, Finnlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, auk Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fyrirmynd ráðsins hvað snertir skipulag og starfsemi er einkum hið hefðbundna samstarf Norðurlandanna. Eystrasaltsráðið er vettvangur margs konar samstarfs aðildarríkjanna og gegnir ekki síst því hlutverki að tengja saman grannríki sem þrátt fyrir nálægðina eru um margt ólík og misjafnlega á vegi stödd. Samstarfið er einnig að hluta til reist á sögulegum grunni enda var Eystrasaltið um aldir miðpunktur margvíslegra samskipta þessara ríkja. Það var m.a. á grundvelli sögulegra tengsla sem Ísland fékk aðild að Eystrasaltsráðinu árið 1995 en einnig vegna breyttra áherslna Norðurlanda varðandi samstarf grannsvæða.

Í janúar 1993 var stofnað sérstakt Barentsráð með yfirlýsingu sem undirrituð var af utanríkisráðherrum sex ríkja, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Barentsráðið er vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu. Ísland hefur ekki átt jafnnáið samstarf og hin Norðurlöndin við Rússland í gegnum Barentsráðið, m.a. vegna legu landsins.

Norðurskautsráðið var stofnað í september árið 1996. Aðildarríkin eru átta talsins, Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Bandaríkin, Rússland og Kanada. Þar að auki eiga nokkur samfélög frumbyggja á norðurslóðum beina aðild að ráðinu. Helstu verkefni Norðurskautsráðsins beinast að því að vernda umhverfi og náttúru norðurskautsins og tryggja sjálfbæra þróun til að efla efnahagslega, félagslega og menningarlega velferð fólks á norðurslóðum. Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á að efla samstarf ríkjanna í Norðurskautsráðinu og jafnframt verið virkir þátttakendur í því. Tvær skrifstofur á vegum ráðsins eru staðsettar hér á landi, nánar tiltekið á Akureyri, og lúta báðar að samstarfi á sviði umhverfismála. Þær eru CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), sem hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum, og PAME (Protection of the Arctic Marine Environment), sem annast verkefni á sviði hafverndar.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri hafa verið mjög virkir þátttakendur af Íslands hálfu í auknu samstarfi á norðurslóðum. Má þar nefna uppbyggingu Háskóla norðurslóða og Rannsóknarþings norðursins (Northern Research Forum) en frumkvöðull og sérstakur hvatamaður að því samstarfi er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Hugmyndina setti hann fram í ræðu í Rovaniemi á afmælishátíð Háskólans í Lapplandi árið 1998. Háskólinn á Akureyri hefur tekið þátt í undirbúningi náms í Norður-Atlantshafsfræðum (North Atlantic Studies) í samstarfi við háskóla í Skotlandi, á Írlandi og í Norðaustur-Kanada. Einnig má nefna að við stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslenskt aðsetur alþjóðlegu samtakanna North Atlantic Biocultural Organisation (NABO). NABO eru þverfræðileg samtök náttúruvísindafólks og félagsvísindamanna sem stunda rannsóknir og fræðslu sem beinist að umhverfi, auðlindum, sögu og menningu fólks við norðanvert Atlantshaf. Stofnunin er einnig aðsetur Samtaka um landbúnað á norðurslóðum (Circumpolar Agricultural Association) sem hafa það að markmiði að stuðla að alþjóðasamstarfi hvað varðar atvinnu, rannsóknir og stjórnun og eflingu sjálfbærs landbúnaðar. Á Akureyri er því, eins og sjá má af framantöldu, þegar til staðar ákveðinn vísir að miðstöð samstarfs á norðurslóðum. Því er eðlilegt að horfa til Akureyrar og þeirra stofnana sem þar eru starfandi þegar að því kemur að skipuleggja þau verkefni og byggja upp það samstarf sem tillagan gerir ráð fyrir.

Loks er rétt að nefna í þessu sambandi að vestnorræn samvinna hefur smátt og smátt sett á kortið svæðishugtakið Vestur-Norðurlönd eða útnorðrið eins og það heitir svo skemmtilega á færeysku.

Margt bendir einnig til þess að áhugi á ýmiss konar nærsvæðasamstarfi og þörf fyrir það fari ört vaxandi á tímum hnattvæðingar þar sem svo virðist sem allur heimurinn renni í auknum mæli saman sem viðskipta- og samskiptaheild. Má þar taka sem dæmi að í tengslum við stækkun Evrópusambandsins hefur umræðan um mikilvægi svæðisbundinnar samvinnu innan stærri heilda dafnað á nýjan leik og lítill vafi er á því að hnattvæðingin eða alþjóðavæðingin í heild sinni hefur í för með sér svipaða þróun.

Slík stefnumótun, þar sem horft er til ákveðinna svæða innan stærri heilda, er mjög víða á döfinni. Til viðbótar því sem áður er nefnt má benda á „norðurstefnu" kanadísku alríkisstjórnarinnar en veigamikill hluti hennar er stofnun sjálfsstjórnarsvæða inúíta í Norður-Kanada, Nunavut. Bandaríkin fylgja einnig ákveðinni stefnu í þessum efnum, svokallaðri „norðursvæðastefnu". Sama gildir um Evrópusambandið sem á sínum vettvangi er að þróa hugtakið „norræna vídd" að frumkvæði Finnlands.

Á sama hátt og Finnar höfðu frumkvæði að því að skilgreina sérstaka, norræna vídd í Evrópusamstarfinu er hugmyndin að baki tillögunni að Íslendingar taki frumkvæði að auknu svæðasamstarfi við norðvestanvert Atlantshaf. „Íslensk nærsvæðastefna" er eingöngu vinnuheiti á slíkri hugmynd sem er reyndar ekki ný af nálinni. Þannig hafa menn talsvert rætt um það innan vébanda vestnorrænnar samvinnu að útvíkka hana þannig að hún taki til skosku eyjanna og vesturstrandar Noregs og reyndar gerir hún það að hluta til nú þegar í Noranefndinni en þar eiga fylki á vesturströnd Noregs aðild.

Staðreynd er að Ísland hefur lengi horft talsvert í vesturátt ekkert síður en austurátt varðandi samstarf vegna mikilla viðskiptahagsmuna í Norður-Ameríku, sögulegra tengsla við Kanada, sameiginlegra sjávarútvegshagsmuna og af sögulegum og samgöngupólitískum ástæðum. Í enn ríkara mæli gildir þetta um Grænland sem landfræðilega er hluti af Norður-Ameríku og Grænlendingar hafa m.a. verið að byggja upp samstarf sitt við norðursvæðin í Kanada. Færeyingar eiga sér langa hefð fyrir því að sækja á fiskimið við austurströnd Norður-Ameríku, Ísland og Grænland. Þannig má segja að Vestur-Norðurlöndin hafi í ýmsum skilningi myndað ákveðna brú milli heimsálfanna. Ef horft er til sögulegra, landfræðilegra og náttúrufræðilegra þátta er þar margvísleg rök að finna fyrir því að Íslendingar gefi meiri gaum að þessari vídd og samvinnu og samstarfi á þessum grundvelli heldur en hingað til hefur verið gert.

Það skal undirstrikað að ætlunin er ekki að slíkt samstarf verði á nokkurn hátt á kostnað norrænnar samvinnu eða dragi úr mikilvægi þess að við ræktum góð tengsl við ríki á meginlandi Evrópu eða annars staðar. Aðstæður í alþjóðamálum kalla á að menn vinni að slíkum málum með mjög opnum huga og slíkt hentar best hagsmunum Íslands. Þá er einnig rétt að fara yfir möguleika Íslands í þessum efnum út frá þeim tækifærum sem slíkar áherslur eiga að geta skapað landinu. Í því sambandi má nefna uppbyggingu á orðspori Íslands og kynningu á landinu sem brú milli tveggja heima eða tengipunkt í norðanverðu Atlantshafinu. Stefnumótun af þessu tagi á einnig að geta fallið vel að uppbyggingu þeirrar ímyndar landsins að hér búi sjálfstæð smáþjóð sem hafi vegnað vel í kjölfar síns nýlega fengna sjálfstæðis. Þessi þáttur málsins er áhugaverður ekki síst nú þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar, eru á leið til sjálfstæðis og þeirrar tilhneigingar gætir víða að auka sjálfsstjórn svæða eða héraða.

Enginn vafi er á því að í sögu og fordæmi Íslands er að sækja mikla hvatningu til annarra sem búa við sambærilegar aðstæður. Hafa ýmsir bæði fyrr og síðar staldrað við sjálfstæði Ís-

lands þegar leitað er skýringa á því að um margt hefur Íslendingum vegnað best þeirra samfélaga við norðanvert Atlantshaf sem byggja á sambærilegum aðstæðum, fyrst og fremst þeim að vera mjög háð nýtingu sjávarauðlinda. Að sjálfsögðu eiga Íslendingar að líta á það sem skyldu sína að rækta gott samstarf til allra átta en þó ekki síst við þá sem um margt eru sambærilega settir og við í okkar heimshluta. Síðast en ekki síst eiga Íslendingar að efla með sér sjálfstraust til að taka fullgildan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að hafa þar áhrif burtséð frá smæð þjóðarinnar.

Gerð verður nánari grein fyrir hverjum tölulið tillögunnar fyrir sig í framsöguræðu við flutning hennar.

117. Fyrirspurn [117. mál]

til viðskiptaráðherra um vátryggingarsamninga og Viðlagatryggingu Íslands.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið unnið að endurskoðun laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar endurskoðunar? Ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir heildarendurskoðun þessara laga?

118. Fyrirspurn [118. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samkomulag við heimilislækna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið gengið frá samkomulagi við heimilislækna um sjálfstæðan rekstur heilsugæslustöðva í samræmi við viljayfirlýsingu sem undirrituð var af Félagi íslenskra heimilislækna og ráðherra? Ef svo er, hvað felst í því samkomulagi? Ef ekki, hvenær má vænta niðurstöðu?

119. Fyrirspurn [119. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lokaða öryggisdeild.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur staðsetning lokaðrar öryggisdeildar fyrir geðfatlaða verið ákveðin? Ef svo er, hvar verður hún og hvenær má vænta þess að hún taki til starfa?

120. Fyrirspurn [120. mál]

til menntamálaráðherra um Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að fylgja eftir niðurstöðum og tillögum sem fram komu í skýrslu starfshóps um eflingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um endurbætur á gamla héraðsskólahúsinu og nýtingu þess? Ef svo er, hvað var ákveðið og hvenær má vænta þess að ráðist verði í framkvæmdir?

121. Fyrirspurn [121. mál]

til landbúnaðarráðherra um flutning sláturfjár yfir varnarlínur.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Telur ráðherra að mikill og vaxandi flutningur sláturfjár yfir varnarlínur sé forsvaranlegur með tilliti til útbreiðslu sjúkdóma í sauðfé, svo sem riðuveiki? Ef svo er ekki, hvað hefur ráðherra gert eða fyrirhugar að gera til að tryggja sauðfjárveikivarnir?
2. Hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að verja Strandir, Snæfellsnes og Þistilfjörð fyrir riðusmiti, t.d. með því að hlutast til um að sérstök sláturhús verði starfrækt þar og umferð fjárflutningabíla af riðusmituðum svæðum um þau héruð verði bönnuð?

122. Fyrirspurn [122. mál]

til iðnaðarráðherra um reynslu af einkavæðingu orkuveitna og orsakir rafmagnsleysis.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér sérstaklega reynsluna af markaðs- og einkavæðingu orkuveitna erlendis, svo sem í Kaliforníu, á austurströnd Bandaríkjanna, í Bretlandi, á Nýja-Sjálandi og á hinum Norðurlöndunum, með tilliti til verðþróunar, afhendingaröryggis og annarra helstu þátta?
2. Hyggst ráðherra láta afla upplýsinga um orsakir rafmagnsleysis og tíðra og alvarlegra bilana sem orðið hafa að undanförnu á einkavæddum orkumörkuðum, bæði austan hafs og vestan, og síðan meta hvaða lærdóm megi draga af því sem þar hefur gerst?

123. Fyrirspurn [123. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt á barnavörum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu miklum tekjum er talið að ríkissjóður yrði af árlega ef virðisaukaskattur á barnavörum yrði lækkaður úr 24,5% í:
   14%,
   7%,
   0%?
2. Er það á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að lækka virðisaukaskatt á barnavörum á kjörtímabilinu? Ef svo er, hve mikið og hvenær?

Skriflegt svar óskast.

124. Fyrirspurn [124. mál]

til dómsmálaráðherra um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg skip á miðunum frá ársbyrjun 2000 til þessa dags?
2. Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir
   a. um öryggisbúnað,
   b. um lögskráningu,
   c. um atvinnuréttindi,
   d. um athugun á veiðarfærum?
3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er, hve oft hefur það gerst og hve mörg eru skipin?
4. Hvernig hefur verið tekið á ítrekuðum brotum? Hve mörg slík mál hafa verið afgreidd og hve mörg eru óafgreidd?

Skriflegt svar óskast.

125. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um erlendar starfsmannaleigur.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jóhann Ársælsson, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigufyrirtækja. Markmið frumvarpsins skal vera tvíþætt: Í fyrsta lagi að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleigna til starfa á Íslandi njóti í hvívetna sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði. Í öðru lagi að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum sem leigja vinnuafl gegnum starfsmannaleigur.

Félagsmálaráðherra hafi við samningu frumvarpsins náið samráð við verkalýðshreyfinguna. Hann skal leggja frumvarpið fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er.

Greinargerð.

Rökstuddur grunur leikur á að erlend starfsmannaleiga með höfuðstöðvar í Lissabon, Portúgal, hafi ráðið erlenda starfsmenn til starfa á vinnusvæði ítalska verktakans Impregilo við Kárahnjúka á kjörum sem eru lakari en lögmætt er samkvæmt virkjanasamningi sem er í gildi milli aðila íslenska vinnumarkaðarins um starfsemi við virkjanir á hálendinu. Þetta er staðfest m.a. af ljósritum sem flutningsmenn tillögu þessarar hafa undir höndum af einstaklingsbundnum ráðningarsamningum milli einstakra starfsmanna á svæðinu og framkvæmdastjóra viðskiptasviðs starfsmannaleigunnar Select, Gualdino Diniz.

Samkvæmt þeim voru portúgalskir iðnaðarmenn ráðnir á töxtum sem eru langt undir því sem samningar kveða á um hér á landi. Samningar af þeim toga eru skýlaust brot á íslenskum lögum og EES-rétti. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa með aðstoð túlks rætt við erlendu verkamennina á vinnusvæðinu við Kárahnjúka og tekið við yfirlýsingum sem innihalda upplýsingar sem þeir meta trúverðugar (sjá fylgiskjöl). Þar kemur fram að fram undir lok september voru meira að segja hinir ólögmætu einstaklingsbundnu samningar brotnir. Starfsmenn fengu ekki þá frídaga sem samningurinn kvað á um og voru látnir vinna alla daga vikunnar fram á hádegi á sunnudegi án aukaálags.

Starfsmennirnir kveðast jafnframt hafa þurft að undirrita ódagsett uppsagnarbréf. Það þýðir í reynd að starfsmannaleigan getur án fyrirvara látið þá hætta störfum. Hér er því verið að brjóta grundvallarreglur á vinnumarkaði og beita vinnubrögðum sem undir öllum kringumstæðum eru siðferðilega óverjandi. Jafnvel á tímum hörðustu stéttaátaka eru vinnubrögð af þessu tagi vandfundin í verkalýðssögu hér á landi. Háttsemi erlendu starfsmannaleigunnar ber að skoða í ljósi þess að umtalsvert atvinnuleysi er Portúgal. Laun eru þar almennt lægri en hér á landi og flestir mannanna sem um ræðir eru fjölskyldufeður. Starfsmannaleigan, og þau fyrirtæki sem njóta þjónustu hennar, eru því að misnota sér erfiða stöðu, á stundum mannlega neyð, með ljótum hætti.

Í samningnum sem áður er nefndur er jafnframt að finna ákvæði sem er í algerri andstöðu við leikreglur íslenska vinnumarkaðarins. Þar er kveðið á um að hægt sé að senda heim starfsmenn m.a. ef upp kemur það sem samningurinn kallar „vanhæfni“ eða „hegðunar- og agavandamál“. Samkvæmt samningnum skal þá starfsmaðurinn ekki aðeins greiða kostnað

við sitt eigið ferðalag heim heldur líka vegna starfsmanns sem kemur í hans stað. Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt með þeim hætti að starfsmenn sem hafa barist fyrir rétti sínum og bættum aðbúnaði hafa verið sendir úr landi og heim, þar sem slíkt fellur bersýnilega undir „hegðunar- og agavandamál" að mati Impregilo og starfsmannaleigunnar. Fulltrúar starfsmannaleigunnar á vinnusvæðinu við Kárahnjúka hafa jafnframt túlkað smávægileg heilbrigðisvandamál, sem sum má rekja til slæms aðbúnaðs af hálfu Impregilo, sem „vanhæfni" og sent þá heim.

Lýsingu á þessari grófu háttsemi er að finna í ferðasögu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar á vinnusvæðið við Kárahnjúka, sem birt er á vef Starfsgreinasambandsins, www.sgs.is, sjá fylgiskjal II. Í henni segir af starfsmanninum Serafim Jesus Silva Heitor: „Hann hafi verið ráðinn af starfsmannaleigunni Select í júní sl. til Kárahnjúka. Ekki hafi honum verið ráðlagt að taka með sér vinnuföt miðað við íslenskar aðstæður, slíkt fengi hann á staðnum, en sú varð ekki raunin. Hann hafi veikst. Vegna neikvæðrar afstöðu yfirmanna við veikindunum hafi hann að eigin frumkvæði leitað til heilsugæslunnar á Neskaupsstað. Þar hafi hann verið lagður inn í viku, til aðhlynningar og meðferðar, en verið útskrifaður vinnufær í síðustu viku. Sjúkrahúslæknirinn hafi haft samband við Vladimir, lækni Impregilo, sín vegna og tjáð honum um niðurstöður af rannsóknunum og um vinnufærnina. Engu að síður hafi hann verið þvingaður, af hálfu Impreglio, til þess að gera samkomulag um að „hann þyrfti af heilsufarsástæðum að leita sér lækninga í Portúgal". Serafim taldi að verið væri að bola sér úr vinnu vegna þess að hann leitaði til íslenskrar heilsugæslu með veikindi sín og lét okkur hafa afrit af samkomulaginu sem hann taldi sig þvingaðan til að skrifa undir, dags. 30. september 2003. Fram kom að Vladimir hafi ekki skoðað Serafim, og því væri fyrirtækið engu nær um raunverulegt heilbrigðisástand hans. Serafim var sagt upp og sendur heim 3. október."

Ljóst er því að allar hefðbundnar vinnureglur á íslenskum vinnumarkaði hafa verið þverbrotnar af starfsmannaleigunni og ítalska verktakanum Impregilo. Alþýðusamband Íslands greip inn í gang mála með vasklegum hætti. Það var ekki fyrr en æðsta forysta þess hafði látið málið til sín taka, og glitta tók í verkfallsvopnið, sem atburðarrásin tók að breytast. Þegar þessi þingsályktunartillaga er lögð fram liggur fyrir ígildi yfirlýsingar af hálfu Impregilo um að allir starfsmenn, erlendir jafnt sem innlendir, muni njóta virkjanasamningsins sem fyrr er nefndur.

Deilan við Kárahnjúka hefur snúist um grundvallaratriði. Í reynd er þar í gangi tilraun til að brjóta á bak aftur áunnin réttindi íslenskra launamanna og skrúfa réttindabaráttu þeirra áratugi aftur í tímann. Takist sú tilraun mun samspil samkeppnislögmála og arðsvonar fyrr en seinna ryðja sömu vinnubrögðum til rúms hjá öðrum verktökum og að lokum öðrum atvinnugreinum. Þess vegna snýst þetta mál ekki aðeins um atburðarásina við Kárahnjúka heldur um leið samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Það hefur verið hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að fylgja því eftir að réttindi séu ekki brotin á umbjóðendum hennar. Í tímans rás hefur hún einnig í gegnum pólitískt afl á vettvangi stjórnmálanna beitt sér fyrir samþykkt laga sem hafa fest í sessi áunnin réttindi. Alþjóðavæðingin hefur hins vegar skapað nýjar aðstæður. Nýr hreyfanleiki vinnuafls hefur skapað glufur fyrir fyrirtæki einsog starfsmannaleigur til að flytja vinnuafl yfir landamæri frá láglaunasvæðum yfir á hálaunasvæði. Einstaklingsbundnir ráðningarsamningar gerðir í öðru landi en því sem verkið er unnið í gera verkalýðshreyfingunni mjög erfitt um vik með að fylgjast með því að ófyrirleitin fyrirtæki, eins og umrædd starfsmannaleiga, misnoti ekki neyð fátækra launamanna til að undirbjóða verð á vinnuafli í framkvæmdalandinu. Þetta er í vaxandi mæli að birtast á EES-svæðinu. Jafnaðarmenn allra landa líta að sjálfsögðu á það sem heilaga skyldu að vinna gegn þessari þróun. Það má gera með alþjóðlegu samstarfi

verkalýðsfélaga en jafnframt með því að setja lög sem fortakslaust girða fyrir alla möguleika á misnotkun eins og þeirri sem starfsmannaleigan, sem Impregilo notar, hefur orðið uppvís að.

Engin lög gilda í dag um starfsmannaleigur á Íslandi. Orðið starfsmannaleiga kemur hvergi fyrir en brýnt er að lög sem reisa viðunandi skorður við starfsemi slíkra fyrirtækja verði sett hið fyrsta. Þau verða í senn að banna alla misbeitingu og skerðingar miðað við gildandi kjarasamninga í framkvæmdalandi og um leið að tryggja að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og ríkið hafi óheftan aðgang að upplýsingum sem þarf til að ganga úr skugga um að misneyting eigi sér ekki stað, réttindi séu virt, og samningar haldnir í heiðri. Það yrði tilgangur laganna sem þessi þingsályktunartillaga er vonandi upphafið að.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samþykkt miðstjórnar ASÍ (1. október 2003).
II. Minnispunktar frá ferð fulltrúa Starfsgreinasambands Íslands, 2. október 2003, um virkjanasvæðið við Kárahnjúka. Skúli Thoroddsen. (Birt í vefriti Starfsgreinasambands Íslands.)
III. Vinnuaðstæður við Kárahnjúka. (Úr fréttum Ríkisútvarpsins 7. október.)
IV. Verkalýðshreyfing sem stendur í lappirnar. Össur Skarphéðinsson. (Birt í vefritinu Samfylking.is)

126. Fyrirspurn [126. mál]

til iðnaðarráðherra um vinnslu kalkþörungasets.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Mun ráðherra eiga frumkvæði að því að leita nýrra samstarfsaðila að nýtingu kalkþörungasets í Arnarfirði eða vinna að því að bjóða vinnsluna út, nú þegar ljóst er að írskir samstarfsaðilar um slíka vinnslu munu ekki hefja framkvæmdir?

127. Fyrirspurn [127. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Frá Þuríði Backman.

1. Er á döfinni að koma á stöðugildum sálfræðinga við heilsugæslustöðvar og ef svo er, hvenær verður af því?
2. Hvenær geta sjúklingar búist við að fá endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir sálfræðiþjónustu?

128. Fyrirspurn [128. mál]

til dómsmálaráðherra um aukin meðlög.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið athugað hvernig unnt sé að auðvelda innheimtu aukinna meðlaga, sérframlaga og menntunarframlaga samkvæmt úrskurðum sýslumanna?
2. Ef svo er, hver var niðurstaðan? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum sem tryggja þessar greiðslur og auðvelda innheimtu þeirra?

129. Fyrirspurn [129. mál]

til umhverfisráðherra um malarnám í Ingólfsfjalli.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvaða tök hefur ráðherra á að stöðva malarnám vestarlega í suðurhlíðum Ingólfsfjalls í Árnessýslu?
2. Hver er skoðun ráðherra á þessu malarnámi sem veitt hefur fjallinu áberandi og óbætanlegt svöðusár?

130. Fyrirspurn [130. mál]

til fjármálaráðherra um úttekt á umfangi skattsvika.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvenær má vænta niðurstaðna starfshóps sem samkvæmt þingsályktun, er samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002, átti að gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi og skila niðurstöðum fyrir 1. júlí sl.?
2. Mun ráðherra gera Alþingi grein fyrir niðurstöðunum strax og þær liggja fyrir og upplýsa hvernig brugðist verður við þeim tillögum til úrbóta sem starfshópnum var falið að leggja fram?

131. Fyrirspurn [131. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um notkun kannabisefna í lækningaskyni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hafa heilbrigðisyfirvöld tekið afstöðu til þess hvort leyfa eigi ávísun og notkun kannabisefna í lækningaskyni? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði skoðað sérstaklega?

132. Fyrirspurn [132. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sálfræðiþjónustu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið gengið frá samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sbr. ákvæði 36. og 39. gr. laga um almannatryggingar?
2. Ef svo er, hvað fela samningarnir í sér?
3. Hve margar heilsugæslustöðvar hafa heimild fyrir fastri stöðu sálfræðings og hvar eru þær stöðvar?

133. Frumvarp til laga [133. mál]

um styrktarsjóð námsmanna.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir, Magnús Stefánsson.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk styrktarsjóðs námsmanna er að styrkja efnilega nemendur til náms í framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Styrktarsjóður námsmanna er sjálfstæð stofnun með eigin stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

Stjórn.

Menntamálaráðherra skal skipa sjóðnum sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir án tilnefningar en Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna einn mann hvort, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag íslenskra sérskólanema, Samband íslenskra námsmanna erlendis og Iðnnemasamband Íslands tilnefna sameiginlega tvo menn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Reikningar sjóðsins skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.

Stjórnin setur sjóðnum starfsreglur og úthlutunarreglur sem skulu staðfestar af menntamálaráðherra. Stjórninni er m.a. heimilt að ákveða skiptingu ráðstöfunarfjár eftir námsgreinum, sviðum eða verkefnum, sbr. þó 4. gr.

Stjórnin tekur ákvörðun um úthlutun námsstyrkja í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnarinnar verður ekki kærð til menntamálaráðherra.

3. gr.

Tekjur.

Tekjur styrktarsjóðs námsmanna eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
3. Vaxtatekjur.
4. Aðrar tekjur.

4. gr.

Ráðstöfun tekna.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekna.

Þeim sem leggur til fé í sjóðinn, öðrum en ríkissjóði, er heimilt að binda framlag sitt skilyrðum. Skilyrtu framlagi ásamt vaxtatekjum af því verður eingöngu ráðstafað í samræmi við skilyrði sem sett eru af hálfu styrktaraðila, svo framarlega sem þau rúmast innan lögbundins hlutverks sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skylt að fara eftir slíkum fyrirmælum.

Stjórn sjóðsins er ekki skylt að ráðstafa öllu ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Þóknun stjórnarmanna og önnur rekstrargjöld skulu greidd af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Skattalegt hagræði af framlögum.

Við ákvörðun skatta geta einstaklingar og fyrirtæki dregið framlög til styrktarsjóðs námsmanna frá tekjum sínum skv. II. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, á því ári sem framlag er veitt.

6. gr.

Umsóknir.

Eigi síðar en í júlí ár hvert skal stjórnin auglýsa styrki til umsóknar fyrir komandi skólaár.

Stjórnin setur reglur um form og efni umsókna, fylgigögn með umsóknum og umsóknarfresti.

Í auglýsingu skal koma fram svo skýrt sem verða má hvaða styrkir eru í boði, umsóknarfrestur, afhendingarstaður umsóknar og hvaða atriði ráði vali á styrkþega.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 123. og 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna sem veiti efnilegum nemendum óafturkræfa styrki til framhaldsnáms í innlendum eða erlendum skólum.

Gert er ráð fyrir því að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé ár hvert en jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar muni leggja fjármuni í sjóðinn.

Menntamálaráðherra er falið að skipa sjö manna sjóðstjórn sem ætlað er að semja úthlutunarreglur og annast rekstur sjóðsins að öðru leyti.

Hugmyndin er m.a. sú að þeir sem leggja fé í sjóðinn geti bundið framlög sín skilyrðum og mætti til dæmis nefna að ákveðnu framlagi megi eingöngu verja til ákveðins náms eða jafnvel til náms við ákveðna stofnun. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn starfi nokkuð sjálfstætt og er ekki gert ráð fyrir afskiptum ráðherra af málefnum sjóðsins að öðru leyti en því að skipa stjórn og staðfesta úthlutunarreglur. Ákvörðun stjórnar um úthlutun styrkja er fullnaðarákvörðun um úthlutun og verður henni ekki skotið til menntamálaráðherra með stjórnsýslukæru.

Frumvarpið mælir fyrir um sérstakt skattalegt hagræði fyrir þá sem leggja til fjármuni í styrktarsjóð námsmanna. Nýmæli er að einstaklingar geti lækkað skattstofna sína með framlögum sem þessum en lögaðilar og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa getað dregið frá tekjum sínum gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa sem rekstrarkostnað, sbr. 2. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (nú laga nr. 90/2003), sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hugsanlegt er að framlög til styrktarsjóðs námsmanna falli undir 31. gr. skattalaga og reglugerðina eða að breyting á reglugerðinni nægi til að leyfa frádrátt framlaganna frá atvinnurekstrartekjum. Þrátt fyrir þetta þykir heppilegra að hafa skýrt ákvæði um að framlög séu frádráttarbær. Þá er samkvæmt frumvarpinu ekki gert ráð fyrir hámarki frádráttar eins og mælt er fyrir um í fyrrnefndum ákvæðum. Um skattalega meðferð styrkja og formkröfur að öðru leyti fer eftir gildandi skattalögum og má gera ráð fyrir að skattyfirvöld geri sambærilegar kröfur um sönnun frádráttar og greinir í 17. og 18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Um skattalega meðferð styrkveitingar hjá styrkþega fer eftir reglum skattalaga.

134. Frumvarp til laga [134. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Björgvin G. Sigurðsson,
Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi voru fluttar á 121. og 122. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Á 127. löggjafarþingi var málið flutt sem frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, en náði ekki fram að ganga. Sömu örlög hlaut frumvarpið er það var endurflutt á 128. þingi. Frumvarpið er nú endurflutt óbreytt.

Markmið frumvarpsins er að taka upp þá meginreglu að bifreiðastjórum verði heimilt að beygja til hægri á umferðarljósum á móti rauðu ljósi. Að öðru leyti skulu almenn umferðarlög gilda, svo sem um stöðvunarskyldu og forgang umferðar úr öðrum áttum. Þessi regla hefur um langt skeið verið gildandi í Bandaríkjunum og Kanada og gefið góða raun. Oft neyðist bifreiðastjóri, sem hyggst taka hægri beygju, til að bíða á móti rauðu ljósi þótt engin umferð sé í þá akstursstefnu. Mikið hagræði væri að því að bifreiðastjórinn gæti haldið för sinni áfram án þess að bíða eftir grænu ljósi. Það stytti biðtíma margra bílstjóra, losaði um umferðarteppu á álagstímum og greiddi almennt fyrir umferð. Þá er ónefndur sá þáttur að slík heimild drægi úr kostnaði við lagningu afreina í sumum tilvikum.

Áhersla er lögð á að bifreiðastjóra ber að meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur þegar ákvörðun um hægri beygju móti rauðu ljósi er tekin. Í raun er um svipaða ábyrgð og ákvörðun að ræða og þegar bifreiðastjóri tekur ákvörðun um að aka úr aðrein inn á aðalbraut. Í einhverjum tilvikum getur verið óheppilegt að leyfa hægri beygju móti rauðu ljósi og skal þá tekið sérstaklega fram með þar til gerðum merkingum að slík beygja sé óheimil. Meginreglan á að vera sú að hægri beygja móti rauðu ljósi sé heimil nema annað sé tekið fram sérstaklega.

135. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

Flm.: Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 126. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram óbreytt.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að árlega verði veitt af fjárlögum upphæð í sérstakan ferðasjóð íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki í sjóðinn til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Drjúgur þáttur í rekstri einstakra íþróttadeilda er fjármögnun keppnisferða á viðurkennd mót, svo sem Íslandsmót og bikarkeppni. Félögin standa misvel að vígi hvað þennan kostnaðarlið varðar. Sem dæmi um félög sem tekið hafa þátt í slíkum mótum má nefna keppnislið frá Ísafirði í úrvalsdeild körfuknattleiks, knattspyrnu- og handknattleikslið frá Vestmannaeyjum,

blaklið af Austurlandi og knattspyrnu-, körfuknattleiks- og handknattleikslið frá Sauðárkróki og Akureyri. Í einstökum flokkum getur verið um að ræða fjölda ferða utan af landi til höfuðborgarsvæðisins þar sem flest keppnislið í viðkomandi flokkum eru. Félög á suðvesturhorninu þurfa reyndar einnig að leggja í kostnað vegna keppnisferða út á land en í sumum tilvikum getur verið um eina ferð á keppnistímabili að ræða fyrir höfuðborgarlið á móti tíu ferðum sama keppnisflokks af landsbyggðinni. Þetta leiðir til þess að einstök íþróttafélög eru að kikna undan kostnaði og kemur það niður á öllu íþróttastarfi.

Íþróttaástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna. Íþróttamannvirkjum hefur fjölgað ört á þéttbýlisstöðum á landinu og möguleikar til íþróttaiðkunar eru víða afskaplega góðir. Það eykur mjög áhuga iðkenda ef þeir eiga kost á því að taka þátt í t.d. Íslandsmóti viðkomandi íþróttagreinar. Augljóslega leggst ferðakostnaðurinn þyngra á sum íþróttafélög en önnur af landfræðilegum ástæðum.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna þennan aðstöðumun og stuðla þannig að öflugra íþróttastarfi í landinu. Hér er um eðlilega jöfnunaraðgerð að ræða. Menntamálaráðherra er ætlað að setja sérstakar reglur um úthlutun úr sjóðnum. Benda má á að í slíkum reglum mætti gera ráð fyrir fastri upphæð fyrir hvern keppnismann liðs á viðurkenndum mótum, svo sem Íslandsmóti og bikarkeppni á vegum viðkomandi sérsambanda.

136. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um úttekt á skipulagi og framkvæmd löggæslu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman,
Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Þá fari nefndin einnig yfir menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf er á.

Nefndin kanni sérstaklega:

a. Breytingar á skipulagi lögreglumála með hliðsjón af kröfum um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi. Nefndin meti einnig hvort hægt sé að auka hagkvæmni með því að greina lögregluumdæmi frá sýslumannsembættum, jafnframt því sem lögregluumdæmi verði stækkuð og rannsóknardeildir styrktar eða stofnaðar við hvert embætti.
b. Kosti þess og galla að flytja tiltekin verkefni lögreglu til sveitarfélaga.
c. Grunnmenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna.
d. Önnur þau atriði sem nefndin telur að geti orðið lögreglu til framdráttar.

Dómsmálaráðherra skipi í þessu skyni nefnd með aðild dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins, Landssambands lögreglu-

manna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2004.

Greinargerð.

Síðastliðinn áratug hefur orðið gífurleg þróun í íslensku samfélagi og umhverfið allt orðið flóknara og alþjóðlegra. Samfara þessum breytingum hefur afbrotum fjölgað, ekki síst auðgunar-, ofbeldis- og fíkniefnabrotum, sem oft tengjast innbyrðis. Einnig hefur kærum vegna kynferðisbrota fjölgað og nýir brotaflokkar orðið til, svo sem skipulögð glæpastarfsemi, efnahagsbrot, tölvubrot og brot gegn ýmsum sérrefsilögum. Fólksfjölgun hefur verið mikil og þróun byggðar þannig að fleiri og fleiri flytjast til höfuðborgarsvæðisins.

Þá hefur bifreiðaeign landsmanna stóraukist og hefur það leitt til mikillar útþenslu í umferðinni. Veitingastöðum, fyrirtækjum og verslunum hefur fjölgað ört á þessu tímabili, einkum í höfuðborginni.

Vínveitingastöðum á landinu, utan Reykjavíkur, hefur fjölgað úr 375 árið 1997 í 466 árið 2001, um 91 stað. Á sama tíma hefur vínveitingastöðum í Reykjavík fjölgað úr 164 í 198, um 34 staði (sjá skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, þskj. 1365 á 127. löggjafarþingi, bls. 17–18, töflu 2.2). Í Reykjavík hefur vínveitingastöðum fjölgað úr 79 árið 1990 í 198 árið 2001, um 119 staði.

Árið 1997 voru 149.973 bifreiðar á landinu en árið 2001 voru þær orðnar 181.536 sem er fjölgun um 31.563 bifreiðar. Árið 1997 voru bifreiðar í Reykjavík einni 64.188 en árið 2001 voru þær orðnar 81.136 sem er fjölgun um 16.948 bifreiðar. Á höfuðborgarsvæðinu er umferðarþunginn sívaxandi vandamál og brýnt er að taka á hinum mikla fjölda banaslysa og alvarlegra umferðarslysa á landinu.

Á árunum 1990–2001 hefur yfirmönnum og stjórnendum í lögreglu fjölgað mikið. Á sama tíma hefur óbreyttum lögreglumönnum á landinu öllu fækkað um tæp 30%, þrátt fyrir það að íbúum hafi fjölgað um rúmlega 30.000 (sjá skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, þskj. 1365 á 127. löggjafarþingi, bls. 11, töflu 1.7).

Ýmiss konar vandamál í miðborginni, sérstaklega þegar mikill fjöldi unglinga safnast þar saman um helgar, hafa verið mjög til umræðu sl. missiri og ár. Þessi umræða hefur m.a. snúist um skort á almennri löggæslu vegna fækkunar óbreyttra lögreglumanna og að fjárveitingar til löggæslumálefna hafi ekki fylgt launa- og verðlagsþróun og fjölgun verkefna lögreglunnar.

Óánægja ýmissa aðila í þjóðfélaginu með fjárveitingar til löggæslunnar er þó engan veginn bundin við höfuðborgina, og hafa sveitarfélög víða ályktað vegna ófullnægjandi löggæslu og öryggisleysis íbúanna að þeirra mati.

Breytingar á lögreglulögum.

Í lögreglulögum frá 1996 segir að ríkið haldi uppi starfsemi lögreglu. Hlutverk lögreglu er meðal annars:

„Að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi.“

„Að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.“

Margir telja að þróun framlaga til lögreglunnar hafi ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á samfélaginu og tilflutningi íbúa. Alls ekki er þó við lögregluna að sakast, sem hefur oft við erfið skilyrði tekist vel til við löggæsluna, þrátt fyrir aukin verkefni, minnkandi yfir-

vinnu og verulega fækkun óbreyttra lögreglumanna. Miklar umræður og deilur hafa verið um það hvort almanna- og réttaröryggi sé tryggt með hliðsjón af núverandi fjölda lögreglumanna og skipulagi löggæslu í landinu.

Með breytingu á lögreglulögum var embætti ríkislögreglustjóra stofnað og breyttist skipulag löggæslunnar verulega og ríkislögreglustjóri tók við fjölmörgum verkefnum sem höfðu verið í höndum dómsmálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjórans í Reykjavík. Meginröksemdin fyrir stofnun embættis ríkislögreglustjóra var sú að nauðsynlegt væri að fela einum aðila yfirstjórn og samræmingu á störfum allra lögregluembætta í landinu.

Núverandi skipulag.

Líta má svo á að stofnun embættis ríkislögreglustjóra hafi verið fyrsta skrefið í áttina að því að einfalda og gera stjórn löggæslumála skilvirkari. Núverandi skipan lögregluumdæma er arfleifð frá fyrri öldum þegar þjóðfélagið var gjörólíkt því sem nú er. Breytingar á umdæmum hafa ekki fylgt eftir tilkomu ökutækja né samgöngubótum, svo sem vegum, brúarmannvirkjum, jarðgöngum og svo framvegis. Þá hefur fjarskipta- og tölvutækni skapað allt aðrar forsendur varðandi samræmingu og stjórnun.

Helstu gallar á núverandi skipulagi eru að flest embættin eru of litlar löggæslueiningar, sem kemur meðal annars í veg fyrir aukna sérhæfingu, svo sem varðandi rannsóknir, en nauðsynlegt er að koma upp öflugum rannsóknardeildum um landið. Stærð lögregluliða þarf m.a. að taka mið af staðháttum, samgöngum, stærð landsvæðis, lengd vegakerfis, fjölda íbúa og samsetningu byggðar, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Hafa verður í huga tíðni afbrota og heppilegt skipulag og stærð lögregluliðs, með það að markmiði að hvert lögreglulið hafi sem mesta getu til að ráða við þau verkefni sem upp geta komið í umdæminu. Þjónusta við almenning hvað varðar löggæslu er í reynd mismunandi eftir búsetu. Hvað skipulag snertir er þó nægjanlegt að hafa margvíslega umsýslu verkefna á einum stað fyrir allt landið, svo sem varðandi starfsmannamál.

Þróun mála á Norðurlöndum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á Norðurlöndin. – Í Noregi hafa orðið miklar breytingar á skipulagi lögregluembætta og um þessar mundir er verið að fækka embættum þar um nánast helming, þau voru áður 54. Í Svíþjóð og Finnlandi er unnið að fækkun embætta og í Danmörku eru þessi mál í mikilli skoðun. Samfara þeim breytingum hefur lögreglumönnum eða lögreglustöðvum ekki fækkað, heldur er einungis stefnt að nýrri uppbyggingu löggæslunnar í viðkomandi löndum. Í Svíþjóð hafa embætti ríkislögreglustjóra og landssamband sænskra lögreglumanna orðið ásátt um að fjölga þurfi lögreglumönnum um allt að 3.000, sem meðal annars lýtur að stækkun Evrópusambandsins til austurs og þeim vandamálum sem því fylgir, auk þess sem skipulögð glæpastarfsemi hefur aukist í Svíþjóð og eins glæpir almennt.

Hér á landi er ekki ástæða til að fækka lögreglustöðvum og hér þyrfti frekar en hitt að fjölga lögreglumönnum. Lögreglan á eftir sem áður að grundvallast á svæðisbundinni nálægð við fólkið í landinu. Núverandi skipting lögreglu í 26 embætti með 26 lögreglustjórum er mjög þunglamalegt og stendur þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Ef lögreglustjórar væru jafnmargir og t.d. héraðsdómstólar (8) væri hægt að efla lögregluliðin. Í reynd má segja að núverandi kerfi sé þess eðlis að íbúar fái misjafna þjónustu lögreglu eftir búsetu.

Hlutverk ríkis og sveitarfélaga við stjórn og framkvæmd löggæslu.

Miklar umræður hafa verið um það skipulag löggæslumála að ríkisvaldið fari alfarið með stjórn lögreglumála. Sum sveitarfélög, t.d. Reykjavíkurborg, hafa óskað eftir því að taka til

sín tiltekin verkefni lögreglu. Í því sambandi hefur helst verið nefnd grenndarlöggæsla og hverfaþjónusta lögreglunnar, en þessir löggæsluþættir hafa gegnt sífellt stærra og þýðingarmeira hlutverki, ekki síst í höfuðborginni.

Það er því full ástæða til að kanna sérstaklega kosti þess og galla að færa tiltekna þætti löggæslu yfir til sveitarfélaga. Ýmsir sveitarstjórnarmenn telja að með slíkum breytingum megi auka öryggi íbúa í nánari samvinnu við lögregluyfirvöld, félagasamtök og fagaðila á hverjum stað. Það gæti ekki einungis tryggt aukið öryggi og þjónustu, heldur einnig að hægt verði að skipuleggja markvisst átak gegn vímuefnavandanum með aðgerðaáætlun, ekki síður gæti það tryggt nauðsynlegar aðgerðir til að koma umferðaröryggismálum í betra horf.

Menntunarmál lögreglumanna.

Allar þær breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi lögreglunnar kalla óhjákvæmilega á aukna menntun lögreglumanna, bæði grunnmenntun, framhaldsmenntun og aukna menntun stjórnenda í lögreglunni. Það er nauðsynlegt að allir þættir séu til skoðunar þegar gera á úttekt eins og hér er lögð til sem hefur það að markmiði að auka hagkvæmni, jafnframt því að bæta þjónustu við íbúana. Eru menntunarmál lögreglunnar einn af þeim þáttum. Í því samhengi er rétt að benda á þá leið sem farin var á Írlandi árið 1985. Þar var skipuð nefnd sem hafði það hlutverk *„að skoða öll þjálfunar- og menntunarmál lögreglumanna frá grunnnámi og upp úr, m.a. námskeiðahald og gera tillögur“*.

Meginniðurstöður þeirrar nefndar voru að:

1. Lögreglan og menntunin þurfi að vera opin gagnvart samfélaginu.
2. Menntunin þurfi að vera í takt við raunveruleg lögreglustörf á hverjum tíma.
3. Auka fagmennsku hjá lögreglumönnum.

Niðurstöður nefndarinnar leiddu til þess að miklar breytingar voru gerðar á menntun og þjálfun lögreglumanna og var við menntun og þjálfun lögreglumanna farið eftir niðurstöðum nefndarinnar. Er það samdóma álit flestra á Írlandi sem að málinu komu að breytingarnar hafi verið til góðs og hafi skilað sér með bættum árangri lögreglu.

Niðurlag.

Megintilgangurinn með skipun nefndar sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir er að farið verði gaumgæfilega yfir hvaða leiðir séu skynsamlegastar til að auka hagkvæmni, skilvirkni, þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Sú mikla breyting sem orðið hefur í þjóðfélaginu á umliðnum árum og áður er getið gefur tilefni til að lagt sé í þá vinnu sem þingsályktunartillagan kveður á um.

Loks má benda á að einn megintilgangur þessarar tillögu er að ráðist verði í það brýna verkefni að móta reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og réttaröryggi íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög.

Umræður og deilur hafa staðið um það hérlendis hvort hin almenna löggæsla sé fullnægjandi og hvort fjárframlög til lögreglu á undanförnum árum hafi fylgt verðlagsþróun og þeim auknu verkefnum sem lögreglan þarf nú að takast á við. Til að ná sátt um uppbyggingu og stöðu lögreglunnar í landinu verður að fara af kostgæfni og vandvirkni yfir framangreind atriði til að tryggja sem best öryggi og þjónustu við borgarana. Í þá vinnu verður dómsmálaráðuneytið að ráðast með fulltrúum sveitarfélaga, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands, Lögregluskóla ríkisins og Landssambands lögreglumanna.

Það er von flutningsmanna þessarar tillögu að um hana geti náðst víðtæk sátt og að hraðað verði þeirri úttekt sem hér er lögð til. Niðurstaða og mat á kostum sem til greina koma verði síðan lagt fyrir haustþing 2004. Tillaga þessi er endurflutt frá 128. löggjafarþingi.

137. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega verði skoðuð lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig leggi nefndin fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Í úttektinni verði jafnframt kannað hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnframt leitist nefndin við að benda á leiðir sem eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Tillögur nefndarinnar og úrbætur verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2004.

Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að slíkt getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð.

Það er alvarlegt áfall fyrir þjóðina ef 17% barna eru misnotuð fyrir 18 ára aldur eins og kom fram í rannsókn um umfang kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þegar í stað þarf að bregðast við þessu, en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda er sex ára börn eða yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna hér er um hærri tölur að ræða en komið hafa fram í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er því að kalla til færustu sérfræðinga í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Fyrir fimm árum komu líka fram hrikalegar tölur um kynferðislega misnotkun á börnum þegar félagsmálaráðherra svaraði fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um þetta efni. Þar kom fram að á árunum 1992–1996 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og áttu þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Í einhverjum tilvikum voru þolendur fleiri en einn af völdum sama ofbeldismanns. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Ástæður þess verður að brjóta til mergjar og fara yfir allan kæruferil í réttar- og dómskerfinu allt frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Sömuleiðis verður að finna markvissar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Fram hefur komið að ákærum ríkis-

saksóknara vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað mikið á þessu og síðasta ári. Nýja rannsóknin sem sýnir hve óhugnanlega mikill fjöldi barna er beittur kynferðislegri misnotkun staðfestir að stjórnvöld verða að veita meira fjármagn til stuðnings- og meðferðarúrræða fyrir þolendur kynferðisbrota. Framtíð fjölda barna er þar í húfi.

Í fyrrnefndu svari ráðherra kom fram að búast mætti við að árlega þyrftu ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Væru fjölskyldur þeirra teknar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðum meðferðar- og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að svör við framangreindri fyrirspurn komu fram. Fyrirspurnin leiddi síðan til stofnunar Barnahúss, en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli erlendis.

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um herta refsingu fyrir kynferðislega misnotkun á börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttar- og dómskerfinu og hvort herða þurfi refsiúrræði og þá hvernig. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í þeim er engin lágmarksrefsing en hámarksrefsing er allt að 12 ára fangelsi allt eftir aldri barns og skyldleika geranda við barnið. Aftur á móti er lágmarksrefsingu beitt fyrir nauðgun og er hún eitt ár og hámarksrefsing 16 ár, en því ákvæði er beitt ef ofbeldi eða hótun um það er beitt burtséð frá aldri þolanda. Erfitt er að sjá af hverju ekki er hér á landi sambærilegt lágmarksákvæði vegna kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í Noregi er lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð er fangelsisvist að lágmarki tvö ár vegna kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Það skýrir væntanlega að einhverju leyti að dómar hér á landi eru mun vægari, að hér er engin lágmarksrefsing vegna kynferðisbrota gegn börnum.

Einnig verður að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum svo að börn verði ekki þolendur. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á, en oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða.

Enn fremur verður að athuga refsiákvæði og starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum. Jafnframt þarf að kanna hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferilinn eins og kostur er.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta og lögregluyfirvalda.

Skoðun flutningsmanna þessarar tillögu er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um að láta gera slíka úttekt, enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

Mál þetta var áður flutt á 125. og 128. löggjafarþingi.

138. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem sendir barni kynferðislegt eða klámfengið efni með atbeina hvers konar tölvu- eða fjarskiptatækni skal sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri tækniþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár hafa möguleikarnir á því að miðla ýmiss konar efni milli manna aukist til muna. Klámefni af ýmsum toga er fyrirferðarmikið á veraldarvefnum, sbr. frétt á vefnum mbl.is 23. september sl., en þar kemur fram að klámsíður á netinu sé taldar vera í kringum 260 milljónir, eða 1.800% fleiri en fyrir fimm árum þegar þær voru 14 milljónir. Klámiðnaðurinn virðist því sterkari en nokkru sinni fyrr eftir tilkomu veraldarvefsins.

Nú á dögum hafa flest börn greiðan aðgang að tölvum og farsímum og könnun SAFT, rannsóknar- og fræðsluverkefnis um örugga netnotkun frá vorinu 2003, sýnir að börn nota veraldarvefinn mun meira en foreldrar þeirra gera sér grein fyrir. Í könnuninni sem náði til 10.000 barna og foreldra þeirra á Íslandi og Írlandi og í Svíþjóð, Noregi og Danmörku kemur fram að helmingur barna sem nota vefinn hefur heimsótt klámsíður fyrir slysni eða ásetning og einn fjórði hluti barnanna hefur fengið sent klámfengið efni á netinu.

Frumvarpi þessu er ætlað að veita börnum aukna vernd gegn efni af kynferðislegum eða klámfengnum toga sem þau fá sent með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni. Með tölvu- og fjarskiptatækni er t.d. átt við tölvuskeyti, spjallrásir, heimasíður á veraldarvefnum, myndir á stafrænu formi og smáskilaboð sem send eru í farsíma. Gert er ráð fyrir því að slík háttsemi af hálfu geranda/brotamanns verði refsiverð og geti varðað allt að 6 mánaða fangelsi, en allt að 2 ára fangelsi þegar efnið sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Samtökin Barnaheill hafa haldið úti mjög góðri heimasíðu með leiðbeiningum og fræðslu til að vinna gegn barnaklámi. Þar kemur fram að samtökin hafa skorið upp herör gegn kynferðislegri misnotkun á netinu. Þar segir orðrétt: „Þessa stundina vafra barnaníðingar um Netið. Sumir þeirra nota það til að eiga samskipti sín á milli og til að komast í samband við börn. Á Netinu skiptast þeir á myndum af börnum, kaupa og selja barnaklám. Oft fara viðskiptin fram milliliðalaust, undir nafnleynd. Stundum er heilum myndasöfnum komið fyrir á leynilegum stöðum, í öðrum tilvikum er þeim dreift um Netið þrátt fyrir að það sé bannað í flestum löndum heims. Dreifing barnakláms er víðast hvar bönnuð, hvort heldur er í prentuðu eða á rafrænu formi – líka á Íslandi. Barnaklám getur verið kvikmyndir, ljósmyndir eða myndskeið sem sýna kynferðislegt ofbeldi á börnum. Ofbeldið heldur áfram þegar barnaklámi er dreift á Netinu eða það er vistað í tölvu. Svo lengi sem menn stunda það að komast yfir barnaklám og dreifa því, hvort heldur er í atvinnuskyni eða af öðrum hvötum, munu sak-

laus börn verða niðurlægð. Niðurlægingin heldur áfram á meðan eftirspurnin er fyrir hendi og á meðan við lokum augunum fyrir vandanum". Einnig kemur fram eftirfarandi: „Á Netinu má finna mörg þúsund gígabæt (terabyte) efnis með barnaklámi. Sumt af því efni er gamalt, annað nýtt. Spjallrásir og beinar tengingar (Instant Messenger, ICQ) eru notaðar til að ná athygli barna og ungmenna, í því skyni að misnota þau. Vitað er um beinar útsendingar á Netinu þar sem börn eru áreitt kynferðislega og þau beitt ofbeldi. Þá er að finna á Netinu svokölluð nethótel, þar sem börn geta leikið sér og þóst stunda vændi. Barnaníðingar beita nýjustu tækni til að nýta sér kosti Netsins. Eftir því sem Netið verður öflugra, aukast möguleikar barnaníðinga á því að stunda iðju sína óheftir. Ekki bætir úr skák að víða um heima virðist lögreglu og löggjafa skorta bæði fjármagn og mannafla til þess að takast á við vandann."

Ástæða er líka til að benda á að nýlega kom fram í fréttum að spjallrásum á vegum Microsoft-fyrirtækisins verður víða lokað eða aðgangur takmarkaður. Forráðamenn fyrirtækisins segja þetta gert til að draga úr líkum á að barnaníðingar misnoti rásirnar. Í skýrslu nefndar um úrbætur vegna kláms og vændis er lagt til að sett verði lög sem geri þá sem reka netþjóna ábyrga fyrir því efni sem þar er að finna. Lögð er áhersla á að forða börnum frá greiðum aðgangi að klámefni á veraldarvefnum. Í því skyni er mælt með notkun hugbúnaðar sem gerir fólki kleift að loka fyrir aðgang að ákveðnum slóðum.

Ljóst er að hér á landi er barnaklám á netinu vaxandi eins og annars staðar en nýverið var upplýst um umfangsmesta barnaklámsmál sem komið hefur upp hér á landi. Notaði barnaníðingurinn spjallrásir á netinu til að tæla til sín börn og ungmenni.

Í 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, segir að það varði fangelsi allt að 6 mánuðum „að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum [...] Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum." Í 3. mgr. sömu greinar segir að það varði fangelsi allt að 6 mánuðum að „láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti." Í H 1992:1704 var maður til að mynda sakfelldur samkvæmt þessu ákvæði fyrir að hafa sýnt nokkrum unglingsstúlkum klámmyndir, en í því tilviki var um að ræða kvikmyndir á myndbandsspólum. Ákvæði 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga er óbreytt frá því að lögin voru sett árið 1940. Með hliðsjón af tækniþróun undanfarin ár og klámvæðingu samfélagsins telja flutningsmenn rétt að skerpa á þeirri vernd sem börnum er sérstaklega veitt með þessu ákvæði þannig að enginn vafi geti leikið á refsinæmi þess að láta börnum í té klámfengið efni á annan hátt en í formi kvikmynda og tímarita. Við vinnslu frumvarpsins komu þau sjónarmið víða fram að þetta væri skynsamlegt til að taka af öll tvímæli um refsinæmi þess að senda börnum kynferðislegt og klámfengið efni, sama í hvaða formi eða hvernig það væri sent.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er ýmist talað um börn, ungmenni eða unglinga sem stafar af því að áður var sjálfræðisaldurinn 16 ár en fjárræðisaldurinn 18 ár. Með hugtakinu „barn" í frumvarpinu er átt við barn samkvæmt skilgreiningu lögræðislaga eins og þau eru hverju sinni, en í 1. gr. núgildandi lögræðislaga, nr. 71/1997, segir að lögráða verði menn 18 ára og að lögráða maður sé sjálfráða og fjárráða.

Flutningsmenn leggja einnig til í öðru þingmáli að ábyrgð þeirra sem reka netþjóna á því sem þar er hýst verði aukin.

139. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að breyta ákvæðum laga um rafræn viðskipti sem fjalla um takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar gagna með það að markmiði að ábyrgð þjónustuveitanda verði aukin og hann beri skilyrðislausa ábyrgð á að gera allt barnaklám sem kann að vera hýst á netþjóni hans óaðgengilegt eða fjarlægja það.

Nauðsynlegar lagabreytingar skulu lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram samhliða frumvarpi sem flutningsmenn flytja um breytingu á 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, þess efnis að það verði refsivert að senda börnum kynferðislegt og klámfengið efni með atbeina hvers konar tölvu- og fjarskiptatækni. Við vinnslu frumvarpsins veltu flutningsmenn sérstaklega fyrir sér ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Í 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, segir í 3. tölul. 1. mgr. að þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægi þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám. Flutningsmenn telja að rétt sé að ganga lengra í þessum efnum. Flutningsmenn taka því undir með nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði og skilaði skýrslu með tillögum um úrbætur vegna kláms og vændis. Í skýrslunni segir m.a. að nefndin telji að á sviði lagasetningar sem tekur til kláms á veraldarvefnum megi gera betur og að lög sem gerðu rekendur netþjóna ábyrga fyrir því efni sem þar væri að finna væri til bóta. Síðan segir í skýrslunni: „Fyrirmynd að slíkum lögum er til í sænskri löggjöf en þar gilda lög nr. 112 frá 1998 um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Í 5. gr. laganna er kveðið á um skyldu þess sem rekur netþjón að eyða eða stöðva frekari útbreiðslu efnis af ákveðnu tagi, þ. á m. barnakláms. Geta brot gegn ákvæðinu varðað sektum eða fangelsi allt að 6 árum.“ Í sænsku lögunum er því lögð bein skylda á þann sem rekur slíka þjónustu að fjarlægja skilaboð sem hafa að geyma barnaklám eða gera þau óaðgengileg á einhvern annan hátt. Áhöld eru um það hvort sænska ákvæðið gangi í bága við tilskipun Evrópusambandsins um rafræn viðskipti, nr. 31/2000. Flutningsmenn telja ástæðu til að kanna hvort svo sé og þá hvort rétt sé að taka strangari reglu upp í íslenskan rétt þess efnis að sé barnaklám hýst á netþjóni beri sá sem rekur netþjóninn skilyrðislausa ábyrgð á því. Af því tilefni flytja flutningsmenn þessa tillögu samhliða fyrrgreindu frumvarpi.

140. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. málsl. e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23 5. maí 1986, orðast svo: Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 2019.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til rekstrar peningahappdrættis hér á landi síðan 1934, sbr. lög nr. 44 19. júní 1933. Hefur happdrættið síðan að langmestu leyti staðið undir öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng, en jafnframt hefur happdrættið að sama skapi sparað ríkissjóði útgjöld. Frumvarpið miðar að því að Happdrætti Háskóla Íslands verði gert kleift að fullnægja óskum viðskiptavina sinna og tryggja þar með að það geti enn sem fyrr verið fjárhagslegur bakhjarl Háskóla Íslands.

Sá háttur hefur verið hafður á að lagaheimild til einkaleyfisveitingarinnar hefur verið bundin til 10 eða 15 ára í senn. Núgildandi heimild, sem endurnýjuð var til 15 ára með lögum nr. 23 5. maí 1986, rennur út 1. janúar 2004. Er því brýnt að hún verði endurnýjuð nú og lagt er til að það verði gert til 15 ára.

Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega getur þurft að stytta leyfisveitinguna ef breyta þarf skipan happdrættismála hér á landi, svo sem ef alþjóðlegar reglur kalla á slíkar breytingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi sem Háskóli Íslands hefur haft til reksturs peningahappdrættis hér á landi frá árinu 1934 verði endurnýjað og framlengt til 1. janúar 2019. Þar sem um er að ræða óbreytt fyrirkomulag frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum hefur lögfesting frumvarpsins ekki áhrif á fjárreiður ríkissjóðs og happdrættisins.

141. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðanna „Íþróttasambandi Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til 1. janúar 2019.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 26 2. maí 1986, var Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) veitt leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags sem samtökin myndu stofna, talna- eða bókstafagetraunir. Starfsemin er rekin í nafni félagsins Íslensk getspá. Heimildin var veitt til tæplega 20 ára og gildir til ársloka 2005.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþrótta- og ungmennastarfi í landinu og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja eða til að standa undir annarri starfsemi Öryrkjabandalagsins í þágu öryrkja. Reksturinn hefur haft mikla fjárhagslega þýðingu fyrir eigendurna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild dómsmálaráðherra til að veita félaginu leyfi til að reka getraunastarfsemi verði framlengd til 1. janúar 2019. Brýnt er að frumvarpið nái fram að ganga nú þar sem endurnýja þarf tækjabúnað og því nauðsynlegt að framtíðarhorfur félagsins séu skýrar þegar gengið verður til samninga um það.

Jafnframt er rétt að benda á að hugsanlega getur þurft að stytta leyfistímann ef breyta þarf skipan happdrættismála hér á landi, svo sem ef alþjóðlegar reglur kalla á slíkar breytingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að leyfi sem félagið Íslensk getspá hefur haft til reksturs getraunastarfsemi hér á landi frá árinu 1986 verði endurnýjað og framlengt til 1. janúar 2019. Rekstur félagsins fellur ekki undir starfsemi ríkisins og hefur lögfesting frumvarpsins ekki áhrif á fjárreiður ríkissjóðs.

142. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994 (13. samningsviðauki).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Samningsviðauka nr. 13 frá 3. maí 2002 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum.
b. Í stað orðanna „samningsviðaukar nr. 1, 4, 6 og 7“ í 2. mgr. kemur: samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7, og 13.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, er lagt til að 13. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 verði lögfestur.

Þegar samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var lögtekinn hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni ásamt viðaukum hans. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpi þessu að sami háttur verði hafður á varðandi samningsviðauka nr. 13. Samningurinn ásamt samningsviðaukum er hér á landi nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu. Frá því að samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis var undirritaður hafa verið gerðir við hann þrettán samningsviðaukar. Ísland hefur fullgilt níu þeirra, þ.e. viðauka nr. 1–8 og nr. 11. Við gildistöku 11. viðauka var 9. viðauki felldur úr gildi og 10. viðauki missti efnislega þýðingu.

Samhliða því sem frumvarp þetta er lagt fram mun utanríkisráðherra leggja fram þingsályktunartillögu um heimild til fullgildingar 13. samningsviðauka.

II.

Samningsviðauki nr. 13 kveður á um afnám dauðarefsingar í öllum tilvikum. Rétturinn til lífs, æðstu grundvallarmannréttindi sérhvers manns, er verndaður með lögum í öllum ríkjum heims sem og í alþjóðlegum mannréttindasamningum. Í alþjóðasamningum hafa þó undantekningar verið gerðar frá þessari meginreglu í þeim tilvikum sem dauðarefsing er dæmd af dómstóli í ríki þar sem kveðið er á um slíka refsingu í lögum. Í 2. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að réttur hvers manns til lífs skuli verndaður með lögum og að engan mann skuli af ásettu ráði svipta lífi nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.

Viðhorf til dauðarefsingar hafa þó breyst í tímans rás í þá átt að afnema hana. Árið 1982 var viðauka nr. 6, um afnám dauðarefsingar á friðartímum, bætt við mannréttindasáttmálann. Viðaukinn var fyrstur alþjóðasamninga í sögunni til að öðlast gildi sem kvað á um afnám dauðarefsingar á friðartímum án þess að nokkrar undanþágur eða fyrirvarar væru heimilir. Skv. 6. viðauka skyldi afnema dauðarefsingu en ríki gátu sett í löggjöf sína ákvæði um

dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofði yfir. Þá samþykkti ráðgjafaþing Evrópuráðsins í kjölfarið að ríkjum yrði ekki veitt aðild að Evrópuráðinu nema þau afnæmu dauðarefsinguna úr löggjöf sinni og fullgiltu 6. viðauka. Þá ákvað þingið árið 1994 að óska eftir við þau ríki sem höfðu ekki þegar fullgilt 6. viðauka að gera svo án tafar. Nánast öll ríki Evrópuráðsins hafa nú fullgilt 6. samningsviðaukann. Þingið samþykkti einnig það ár að fela ráðherranefndinni að semja nýjan viðauka við mannréttindasáttmálann þar sem dauðarefsingin væri afnumin bæði á friðartímum og stríðstímum. Þrátt fyrir að stýrinefnd um mannréttindi væri mjög hlynnt slíkum viðauka taldi ráðherranefndin að það væri brýnna á þeim tíma að hvetja til og viðhalda frestun á fullnustu dauðarefsinga sem yrði svo fylgt eftir með afnámi dauðarefsinga. Á leiðtogafundi aðildarríkja Evrópuráðsins 1997 var í lokayfirlýsingu leiðtoganna kallað eftir allsherjarafnámi dauðarefsingarinnar og þess krafist að þangað til að slíkt tæki gildi yrði fullnustu dauðarefsinga frestað. ráðherranefnd Evrópuráðsins tók undir afstöðu þjóðarleiðtoganna og gaf út yfirlýsingu um „Evrópu án dauðarefsinga".

Á þessum tíma átti sér einnig stað þróun í þessa átt á öðrum vettvangi. Evrópusambandið gaf út leiðbeiningarreglur um stefnu Evrópusambandsins varðandi dauðarefsingar gagnvart þriðju ríkjum árið 1998 þar sem kom meðal annars fram andstaða sambandsins við hana í öllum tilvikum. Hjá Sameinuðu þjóðunum hafði viðauki við samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi verið lagður fram til undirritunar aðildarríkja árið 1989 og Sameinuðu þjóðirnar höfðu með reglulegu millibili hvatt ríki til að fresta fullnustu dauðarefsinga þar til þau næmu þær alveg úr gildi. Þá ber að geta þess að við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn og alþjóðadómstólana sem fjalla um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu og Rúanda er dauðarefsing ekki tækt refsiúrræði.

Mikilvægt skref fram á við var svo tekið á ráðstefnu ráðherranna um mannréttindi í Róm í nóvember 2000 í tilefni 50 ára afmælis mannréttindasáttmálans. Í ályktun sem var samþykkt á ráðstefnunni voru þau ríki sem enn höfðu ekki afnumið dauðarefsinguna né fullgilt 6. viðauka hvött til að gera svo án tafar og að virða þangað til frestun á fullnustu dauðarefsinga. Þá var Ráðherranefnd Evrópuráðsins einnig falið að kanna möguleika á nýjum viðauka við mannréttindasáttmálann sem kvæði á um afnám dauðarefsingar á stríðstímum. Skömmu síðar fól ráðherranefndin sérfræðinganefndum Evrópuráðsins um mannréttindi að semja slíkan viðauka. Viðaukinn var samþykktur af ráðherranefndinni 21. febrúar 2002 og lagður fram til undirritunar aðildarríkjanna í Vilnius 3. maí sama ár.

Viðauki nr. 13 er átta greinar ásamt inngangsorðum. Í inngangsorðunum er réttinum til lífs lýst sem einni af undirstöðunum í lýðræðisþjóðfélagi og að afnám dauðarefsinga sé grundvallaratriði í vernd þess réttar og því að mannleg reisn hljóti fulla viðurkenningu sem óvefengjanlegur réttur allra manna. Þá segir einnig að aðildarríki Evrópuráðsins geri sér ljóst að í samningsviðauka nr. 6, varðandi afnám dauðarefsinga, sé dauðarefsing fyrir verknaði framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir ekki útilokuð og að þau séu staðráðin í að taka skrefið til fulls í þá átt að afnema dauðarefsingar í öllum tilvikum. Í 1. gr. viðaukans er dauðarefsing afnumin og kveðið á um að engan skuli dæma til slíkrar refsingar eða líflláta. Í 2. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum viðaukans á grundvelli 15. gr. samningsins og 3. gr. kveður á um bann við fyrirvörum við samninginn. 4.–8. gr. geyma svo stöðluð samningsákvæði.

Dauðarefsing var afnumin á Íslandi með lögum nr. 51/1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana. Fyrir þann tíma hafði henni þó ekki verið beitt í nær 100 ár, en síðasta aftaka á Íslandi fór fram 1830. Þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi var þar þó ekki að finna ákvæði um afnám dauðarefsingar. Tillaga um slíkt var

sett fram í breytingartillögu Sigurðar Eggertz alþingismanns með eftirfarandi málflutningi: „Dauðahegning er yfirleitt algerlega móti þeirri rjettarmeðvitund, sem ríkir meðal allra menningarþjóða, enda óvíða í lögum þeirra. Í Noregi er hún afnumin 1902, í Svíþjóð 1901 og nú er verið að afnema hana úr lögum í Danmörku. Sama á sjer stað í Finnlandi, og gæti jeg haldið áfram að telja upp röð af löndum, sem hafa numið dauðahegning úr lögum sínum, en tel óþarft að tefja tímann með því og læt mjer nægja að nefna aðeins þær þjóðirnar, sem næstar okkur standa. Og þar sem endurskoðun hegningarlaganna hlýtur að taka nokkurn tíma, þykir mjer hlýða að afmá þennan blett á löggjöf okkar nú þegar.“ (Alþingistíðindi, B-deild, 1928, þskj. 20, bls. 2071–2072). Lögin voru samþykkt með breytingartillögunni og hljóðaði 1. gr. laganna svo: „Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.“

Í 69. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með 7. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, er kveðið á um í 2. mgr. að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Ákvæðið var nýmæli meðal mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar og var mun afdráttarlausara og gekk mun lengra en ákvæði í alþjóðlegum mannréttindasamningum á þeim tíma. Það þótti eðlilegt og í samræmi við íslenska réttarvitund að fortakslaust bann við dauðarefsingum væri meðal mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar.

Með fullgildingu 13. viðauka mannréttindasáttmálans er sú vernd sem borgarar njóta skv. 2. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar styrkt enn frekar auk þess sem íslenska ríkið sýnir með henni samstöðu á alþjóðlegum vettvangi um að dauðarefsingu beri að afnema í öllum tilvikum.

13. viðauki öðlaðist gildi að þjóðarétti 1. júlí 2003 en þá höfðu 10 ríki fullgilt hann. Þegar frumvarp þetta er lagt fram hefur 41 ríki af 45 undirritað viðaukann og 16 ríki fullgilt hann.

Fylgiskjal I.

SAMNINGSVIÐAUKI NR. 13
við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, varðandi afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samningsviðauka þennan,
eru sannfærð um að réttur allra manna til lífs sé ein af undirstöðunum í lýðræðisþjóðfélagi og að afnám dauðarefsinga sé grundvallaratriði í vernd þessa réttar og því að mannleg reisn hljóti fulla viðurkenningu sem óvéfengjanlegur réttur allra manna,
vilja efla vernd réttarins til lífs sem tryggður er með samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“),
gera sér ljóst að í samningsviðauka nr. 6, varðandi afnám dauðarefsinga, við samninginn, sem undirritaður var í Strassborg 28. apríl 1983, er dauðarefsing fyrir verknaði, framda á stríðstímum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir, ekki útilokuð,
eru staðráðin í að taka skrefið til fulls í þá átt að afnema dauðarefsingar í öllum tilvikum,
hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Afnám dauðarefsingar.
Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.
Bann við frávikum.
Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

3. gr.
Bann við fyrirvörum.
Óheimilt er að gera fyrirvara skv. 57. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

4. gr.
Svæðisbundið gildissvið.
1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuður frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin eða breytingin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

5. gr.
Tengsl við samninginn.
Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1. til 4. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

6. gr.
Undirritun og fullgilding.
Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það hafi áður fullgilt samninginn eða geri það samtímis. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

7. gr.
Gildistaka.
1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að tíu aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af samningsviðaukanum í samræmi við ákvæði 6. gr.
2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjalsins.

8. gr.
Framlagningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins um:
a. Sérhverja undirritun.
b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 4. og 7. gr.
d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þenna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Gjört í Vilnius 3. maí 2002 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Fylgiskjal II.

Protocol No. 13 to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, concerning the abolition of the death penalty in all circumstances

Vilnius, 3.V.2002

The member States of the Council of Europe signatory hereto,
Convinced that everyone's right to life is a basic value in a democratic society and that the abolition of the death penalty is essential for the protection of this right and for the full recognition of the inherent dignity of all human beings;
Wishing to strengthen the protection of the right to life guaranteed by the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as "the Convention");
Noting that Protocol No. 6 to the Convention, concerning the Abolition of the Death Penalty, signed at Strasbourg on 28 April 1983, does not exclude the death penalty in respect of acts committed in time of war or of imminent threat of war;
Being resolved to take the final step in order to abolish the death penalty in all circumstances,
Have agreed as follows:

Article 1 – Abolition of the death penalty
The death penalty shall be abolished. No one shall be condemned to such penalty or executed.

Article 2 – Prohibition of derogations
No derogation from the provisions of this Protocol shall be made under Article 15 of the Convention.

Article 3 – Prohibition of reservations
No reservation may be made under Article 57 of the Convention in respect of the provisions of this Protocol.

Article 4 – Territorial application
1 Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
2 Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
3 Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn or modified by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal or modification shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 5 – Relationship to the Convention
As between the States Parties the provisions of Articles 1 to 4 of this Protocol shall be regarded as additional articles to the Convention, and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

Article 6 – Signature and ratification
This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe which have signed the Convention. It is subject to ratification, acceptance or approval. A member State of the Council of Europe may not ratify, accept or approve this Protocol without previously or simultaneously ratifying the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 7 – Entry into force
1 This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which ten member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 6.
2 In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 8 – Depositary functions
The Secretary General of the Council of Europe shall notify all the member States of the Council of Europe of:
a any signature;
b the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 4 and 7;
d any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol. Done at Vilnius, this 3rd day of May 2002, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

Fylgiskjal III.

Protocole n° 13 à la Convention de sauvegarde des Droits de l'Homme et des Libertés fondamentales, relatif à l'abolition de la peine de mort en toutes circonstances

Vilnius, 3.V.2002

Les Etats membres du Conseil de l'Europe, signataires du présent Protocole,
Convaincus que le droit de toute personne à la vie est une valeur fondamentale dans une société démocratique, et que l'abolition de la peine de mort est essentielle à la protection de ce droit et à la pleine reconnaissance de la dignité inhérente à tous les êtres humains;
Souhaitant renforcer la protection du droit à la vie garanti par la Convention de sauvegarde des Droits de l'Homme et des Libertés Fondamentales signée à Rome le 4 novembre 1950 (ci-après dénommée «la Convention»);
Notant que le Protocole n° 6 à la Convention concernant l'abolition de la peine de mort, signé à Strasbourg le 28 avril 1983, n'exclut pas la peine de mort pour des actes commis en temps de guerre ou de danger imminent de guerre;
Résolus à faire le pas ultime afin d'abolir la peine de mort en toutes circonstances,
Sont convenus de ce qui suit:

Article 1 – Abolition de la peine de mort
La peine de mort est abolie. Nul ne peut être condamné à une telle peine ni exécuté.

Article 2 – Interdiction de dérogations
Aucune dérogation n'est autorisée aux dispositions du présent Protocole au titre de l'article 15 de la Convention.

Article 3 – Interdiction de réserves
Aucune réserve n'est admise aux dispositions du présent Protocole au titre de l'article 57 de la Convention.

Article 4 – Application territoriale
1 Tout Etat peut, au moment de la signature ou au moment du dépôt de son instrument de ratification, d'acceptation ou d'approbation, désigner le ou les territoires auxquels s'appliquera le présent Protocole.
2 Tout Etat peut, à tout autre moment par la suite, par une déclaration adressée au Secrétaire Général du Conseil de l'Europe, étendre l'application du présent Protocole à tout autre territoire désigné dans la déclaration. Le Protocole entrera en vigueur à l'égard de ce territoire

le premier jour du mois qui suit l'expiration d'une période de trois mois après la date de réception de la déclaration par le Secrétaire Général.
3 Toute déclaration faite en vertu des deux paragraphes précédents pourra être retirée ou modifiée, en ce qui concerne tout territoire désigné dans cette déclaration, par notification adressée au Secrétaire Général. Le retrait ou la modification prendra effet le premier jour du mois qui suit l'expiration d'une période de trois mois après la date de réception de la notification par le Secrétaire Général.

Article 5 – Relations avec la Convention
Les Etats Parties considèrent les articles 1 à 4 du présent Protocole comme des articles additionnels à la Convention, et toutes les dispositions de la Convention s'appliquent en conséquence.

Article 6 – Signature et ratification
Le présent Protocole est ouvert à la signature des Etats membres du Conseil de l'Europe qui ont signé la Convention. Il sera soumis à ratification, acceptation ou approbation. Un Etat membre du Conseil de l'Europe ne peut ratifier, accepter ou approuver le présent Protocole sans avoir simultanément ou antérieurement ratifié la Convention. Les instruments de ratification, d'acceptation ou d'approbation seront déposés près le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe.

Article 7 – Entrée en vigueur
1 Le présent Protocole entrera en vigueur le premier jour du mois qui suit l'expiration d'une période de trois mois après la date à laquelle dix Etats membres du Conseil de l'Europe auront exprimé leur consentement à être liés par le présent Protocole conformément aux dispositions de son article 6.
2 Pour tout Etat membre qui exprimera ultérieurement son consentement à être lié par le présent Protocole, celui-ci entrera en vigueur le premier jour du mois qui suit l'expiration d'une période de trois mois après la date du dépôt de l'instrument de ratification, d'acceptation ou d'approbation.

Article 8 – Fonctions du dépositaire
Le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe notifiera à tous les Etats membres du Conseil de l'Europe:
a toute signature;
b le dépôt de tout instrument de ratification, d'acceptation ou d'approbation;
c toute date d'entrée en vigueur du présent Protocole conformément à ses articles 4 et 7;
d tout autre acte, notification ou communication, ayant trait au présent Protocole.
En foi de quoi, les soussignés, dûment autorisés à cet effet, ont signé le présent Protocole.
Fait à Vilnius, le 3 mai 2002, en français et en anglais, les deux textes faisant également foi, en un seul exemplaire qui sera déposé dans les archives du Conseil de l'Europe. Le Secrétaire Général du Conseil de l'Europe en communiquera copie certifiée conforme à chacun des Etats membres du Conseil de l'Europe.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði 13. viðauki við mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveður á um afnám dauðarefsingar. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

143. Frumvarp til laga [143. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.440“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 5.576.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraða sé hækkað um 2,5% eða 136 kr. og skuli nema 5.576 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.440 kr. í gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga, en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,5% frá meðalverði ársins 2003 til meðalverðs ársins 2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraða skuli nema 5.576 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.440 kr. í gildandi lögum. Hækkun á hvern gjaldanda nemur 136 kr., sem eru 2,5%. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er miðað við að gjaldendur á því ári verði 169.000 og því hækka tekjur sjóðsins um 23 m.kr. frá forsendum fjárlagafrumvarps.

144. Fyrirspurn [144. mál]

til forsætisráðherra um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er undirbúningur hafinn á vegum ríkisstjórnarinnar að
a. frekari flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, t.d. á rekstri framhaldsskóla eða löggæslu,
b. endurskoðun á tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi breyttrar verkaskiptingar stjórnsýslustiganna?

145. Fyrirspurn [145. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbyggingu við Heilbrigðisstofnunina á Selfossi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvenær má vænta þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við fyrirhugaða stækkun húsnæðis Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi?

146. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka (fullgilding spillingarsamnings).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrir háttsemi sem greinir í samningi á sviði refsiréttar um spillingu frá 27. janúar 1999.

2. gr.

109. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 147/1998, orðast svo:

Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni, starfsmanni alþjóðastofnunar, manni sem á sæti á þingi slíkrar stofnunar eða á opinberu löggjafar-

þingi í erlendu ríki, dómara sem á sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfsmanni við slíkan dómstól, í því skyni að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans.

Sömu refsingu skal enn fremur sá sæta sem beinir slíku að manni, sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku manns sem fjallað er um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í því skyni að fá hann til að beita þessum áhrifum.

Enn fremur skal sæta sömu refsingu sá maður sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku manns, sem fjallað er um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, og heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, án tillits til þess hvort áhrifunum er beitt eða hvort þau leiða til þess markmiðs sem stefnt var að.

3. gr.

Við 128. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sömu refsingu skal sæta erlendur opinber starfsmaður, starfsmaður alþjóðastofnunar, maður sem á sæti á þingi slíkrar stofnunar eða á opinberu löggjafarþingi í erlendu ríki, dómari sem á sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfsmaður við slíkan dómstól, sem heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns.

4. gr.

Á eftir 264. gr. laganna kemur ný grein, 264. gr. a, svohljóðandi:

Hver sem gefur, lofar eða býður manni, sem stjórnar fyrirtæki í atvinnurekstri eða innir af hendi störf á vegum þess, gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert í bága við starfsskyldur hans skal sæta fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Ef maður, sem stjórnar fyrirtæki í atvinnurekstri eða innir af hendi störf á vegum þess, heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, og gerir með því eitthvað eða lætur eitthvað ógert í bága við starfsskyldur sínar, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

II. KAFLI

Breyting á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144 22. desember 1998, sbr. lög nr. 99 15. maí 2002.

5. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 264. gr. almennra hegningarlaga og frumbrotið, sem ávinningur stafar af, varðar 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá sömuleiðis heimilt að gera lögaðilanum fésekt.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:

Um tilhögun refsiábyrgðar samkvæmt lögunum fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Frumvarpið kveður á um nauðsynlegar breytingar á lögum svo að unnt verði að fullgilda samning á sviði refsiréttar um spillingu, sem undirritaður var í Strassborg 27. janúar 1999, hér eftir nefndur spillingarsamningurinn.

Til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt spillingarsamningnum þarf að gera breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998.

Spillingarsamningurinn var saminn á vettvangi Evrópuráðsins. Á 19. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra sem haldin var í Vallettu árið 1994 var óskað eftir því að Evrópuráðið tæki til skoðunar hvernig bregðast mætti við þeirri ógn sem lýðræði, réttaröryggi og mannréttindum stendur af spillingu. Ráðherrarnir voru sammála um að nauðsynlegt væri að stuðla að samræmingu réttarreglna og samstarfi milli ríkja til þess að takast á við spillingu. Að tilmælum dómsmálaráðherranna ákvað ráðherranefnd Evrópuráðsins í september 1994 að koma á fót sérstökum vinnuhópi til þess að leita leiða í baráttunni gegn spillingu. Hópurinn tók til starfa í mars 1995 og hóf þá vinnu við aðgerðaáætlun gegn spillingu, sem samþykkt var af ráðherranefndinni í nóvember 1996.

Á 21. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra sem haldin var í Prag í júní 1997 var samþykkt ályktun þar sem mælst var til þess að aðgerðaáætluninni yrði hrint í framkvæmd. Jafnframt var mælt með því að sem fyrst yrði samþykktur alþjóðasamningur á sviði refsiréttar sem kvæði á um samræmdar aðgerðir til að gera spillingu refsiverða og aukna samvinnu um saksókn vegna slíkra brota. Þá var mælst til alþjóðlegrar samvinnu um eftirfylgni reglna á þessu sviði með þátttöku ríkja sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

Á öðrum leiðtogafundi aðildarríkja Evrópuráðsins sem haldinn var í Strassborg í október 1997 var samþykkt aðgerðaskrá þar sem ráðherranefndinni var meðal annars falið að sjá til þess að sem fyrst lægju fyrir alþjóðasamningar í samræmi við framangreinda aðgerðaáætlun.

Á 101. fundi ráðherranefndarinnar sem haldinn var í nóvember 1997 var samþykkt ályktun (97) 24 sem kveður á um 20 meginreglur í baráttunni gegn spillingu. Á 102. fundi nefndarinnar sem haldinn var í maí 1998 var samþykkt ályktun (98) 7 sem veitti heimild til að stofna „ríkjahóp gegn spillingu“ (e. Group of States against Corruption, GRECO) sem ætlað var að efla hæfni samningsríkjanna til baráttu gegn spillingu með því að fylgjast með hvernig þau standa við skuldbindingar sínar á þessu sviði. GRECO-samningurinn var samþykktur 5. maí 1998.

Vinna við undirbúning spillingarsamningsins hófst í febrúar 1996. Á 103. fundi ráðherranefndarinnar sem haldinn var í nóvember 1998 voru lokadrög samningsins samþykkt til undirritunar. Jafnframt samþykkti nefndin útgáfu á skýringum með samningnum. Samningurinn var undirritaður í Strassborg 27. janúar 1999. Samningurinn kveður á um að samningsríki geti gert fyrirvara um tilteknar skuldbindingar hans, sbr. 37. gr. samningsins. Ísland undirritaði samninginn 27. janúar 1999 með almennum fyrirvara um fullgildingu. Af Íslands hálfu voru engir fyrirvarar gerðir skv. 37. gr. samningsins.

II. Efni spillingarsamningsins.

Meginmarkmið spillingarsamningsins er að þróa samræmdar efnis- og málsmeðferðarreglur í samningsríkjunum er varða tiltekin spillingarbrot. Hugtakið spilling er ekki skilgreint í samningnum en við gerð hans var stuðst við víðtæka merkingu hugtaksins, þ.e. mútur eða aðra háttsemi sem brýtur gegn skyldum manna sem falin hefur verið ábyrgð af opinberum eða viðskiptalegum toga, hvort sem um er að ræða opinbera starfsmenn, launþega eða sjálfstæða umboðsmenn, og ætlað er að ná fram ávinningi af einhverju tagi fyrir þá sjálfa eða aðra, sem þeir eiga ekki tilkall til. Nauðsynlegt var að styðjast við svo víðtæka merkingu þar sem ekki var fyrir hendi nein almenn, samræmd skilgreining á hugtakinu spilling í refsilöggjöf samningsríkjanna. Samningurinn kveður hins vegar á um almenna lýsingu á mútubrotum, bæði mútugreiðslum (aktívum mútum) og mútuþágu (passívum mútum), sem og lýsingu á annarri spillingarháttsemi, svo sem spillingu í viðskiptalífi og áhrifakaup (e. trading in influence). Samkvæmt samningnum skulu samningsaðilar mæla fyrir í lögum sínum um refsinæmi þessara brota.

Í I. kafla samningsins er að finna skýringu á merkingu hugtakanna „opinber starfsmaður“, „dómari“ og „lögpersóna“. Merking þessara hugtaka er víðtæk og þarf ekki að fara saman við merkingu þeirra í landsrétti. Ekki leiðir því af samningnum að samningsríkin þurfi að samræma eða breyta skilgreiningu á þessum hugtökum. Þannig segir í a-lið 1. gr. samningsins að skilja skuli orðið „opinber starfsmaður“ eins og starfsheitin „embættismaður“, „opinber starfsmaður“, „sveitarstjóri“, „ráðherra“ eða „dómari“ eru skilgreind í landslögum þess ríkis þar sem viðkomandi gegnir því starfi og í samræmi við refsilagaframkvæmd þess. Hins vegar getur samningsríki ákveðið að takmarka saksókn gagnvart opinberum starfsmanni í öðru ríki við skilgreiningu fyrrnefnda ríkisins á því hugtaki, sbr. c-lið 1. gr. Túlka ber hugtakið „dómari“ með víðtækum hætti þannig að það nái til saksóknara og annarra sem gegna stöðu innan dómskerfisins. Skv. d-lið 1. gr. hefur hugtakið „lögpersóna“ þá merkingu sem kveðið er á um í rétti viðkomandi ríkis. Hugtakið nær þó ekki til ríkis, opinberrar stofnunar eða alþjóðastofnunar.

Í II. kafla samningsins er að finna efnislýsingu þeirra brota sem samningsríkjum ber að lýsa refsiverð í lögum sínum, auk annarra ákvæða. Í 2. gr. er mútugreiðslum (aktívum mútum) til innlends opinbers starfsmanns lýst þannig að honum sé lofað beint eða óbeint, í þágu hans sjálfs eða annars, ávinningi sem hann á ekki tilkall til, til þess að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert í sambandi við framkvæmd starfa síns. Markmið ákvæðisins er að tryggja að starfsemi hins opinbera fari fram með gegnsæjum, réttmætum og hlutlægum hætti. Þá er nauðsynlegt að tryggja traust almennings til hins opinbera og hindra óeðlileg afskipti af störfum opinberra starfsmanna. Skilgreining 2. gr. á mútugreiðslum byggist á skilgreiningu brotsins sem finna má í landsrétti margra ríkja og í þjóðarétti. Að því er saknæmi varðar er gerð krafa um ásetning. Ekki er áskilið að háttsemi mútugjafans leiði til þess að opinber starfsmaður brjóti í raun starfsskyldur sínar. Ávinningurinn er yfirleitt fjárhagslegs eðlis en getur einnig verið af óefnislegum toga. Meginskilyrðið er að mútuþeginn eigi ekki tilkall til ávinningsins. Undanskildar eru því t.d. gjafir sem heimilaðar eru í starfsreglum sem og eðlilegar og ásættanlegar gjafir sem hafa mjög lítið verðgildi.

Í 3. gr. er mútuþágu (passívum mútum) innlends opinbers starfsmanns lýst þannig að hann fari beint eða óbeint fram á ávinning eða taki við ávinningi sem hann á ekki tilkall til, í eigin þágu eða annars, eða þiggi boð eða loforð um slíkt, til þess að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert í sambandi við framkvæmd starfa síns.

Í ákvæðum sem á eftir fylgja er vísað til verknaðarlýsingar 2. og 3. gr. og hún látin ná til manna sem eiga sæti á innlendu opinberu þingi, sbr. 4. gr., erlendra opinberra starfsmanna,

sbr. 5. gr., manna sem sitja á erlendu opinberu þingi, sbr. 6. gr., starfsmanna fjölþjóðlegra stofnana, sbr. 9. gr., þingmanna á fjölþjóðlegum þingum, sbr. 10. gr., og dómara og starfsmanna alþjóðadómstóla, sbr. 11. gr.

Að því er erlenda opinbera starfsmenn varðar var talið nauðsynlegt í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar að láta mútubrot ná til opinberra starfsmanna í erlendum ríkjum. Slík regla er til þess fallin að stuðla að gegnsæi og sanngirni í ákvörðunartöku hins opinbera í erlendum ríkjum sem og til að jafna samkeppnisskilyrði fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum markaði. Áður hafa verið samþykktir alþjóðasamningar þar sem kveðið er á um slík brot. Í maí 1997 var samþykktur samningur á vegum Evrópusambandsins um baráttu gegn spillingu starfsmanna bandalaganna og opinberra starfsmanna aðildarríkja sambandsins, þar sem spilling erlendra opinberra starfsmanna er lýst refsiverð. Í desember 1997 var undirritaður samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem saminn var á vettvangi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD). Samningurinn, sem nefndur hefur verið mútusamningurinn, leggur þá skuldbindingu á herðar samningsaðila að lýsa refsiverðar mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna sem hafa það að markmiði að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Ísland hefur fullgilt síðarnefnda samninginn og gert nauðsynlegar lagabreytingar vegna hans, sbr. lög nr. 144/1998 og lög nr. 147/1998. Gildissvið spillingarsamningsins er hins vegar víðtækara en gildissvið mútusamningsins að því er varðar erlenda opinbera starfsmenn. Í fyrsta lagi nær hann einnig til mútuþágu erlendra opinberra starfsmanna og í öðru lagi er refsinæmi háttseminnar ekki háð því að markmið hennar sé að ná eða halda ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

Samkvæmt 7. og 8. gr. spillingarsamningsins er samningsríkjunum gert að lýsa mútugreiðslur og mútuþágu einkaaðila í viðskiptalífi refsiverða í landsrétti. Talið var nauðsynlegt að takast á við skaðleg samfélagsleg og samkeppnisleg áhrif slíkrar háttsemi einkaaðila jafnt sem opinberra, meðal annars í ljósi einkavæðingar á starfsemi hins opinbera á mikilvægum samfélagslegum sviðum. Slík brot sem framin eru í atvinnurekstri eru því á margan hátt sambærileg því þegar þau eru framin í tengslum við starfsemi hins opinbera. Brotin eiga þó ekki við þegar starfsemin fer ekki fram í hagnaðarskyni og eru háð því að brotið sé gegn starfsskyldum viðkomandi stjórnanda, starfsmanns eða manns sem tekið hefur að sér að vinna sérstök verk fyrir einkaaðilann.

Í 12. gr. samningsins er sú skylda lögð á samningsríkin að þau lýsi refsiverð svonefnd áhrifakaup (e. trading in influence). Sú háttsemi er ólík mútugreiðslum og mútuþágu að því leyti að um er að ræða þríhliða samband þar sem brotið tengist manni sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku manns sem fjallað er um í fyrri greinum samningsins. Ákvæði 12. gr. tekur bæði til háttsemi sem felst í því að lofa, bjóða eða veita manni sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (aktív áhrifakaup) og til háttsemi sem felst í því að maður sem heldur slíku fram fer fram á eða þiggur slíkan ávinning (passív áhrifakaup). Brotið er óháð því hvort sá maður sem hefur ákvörðunarvaldið geri eitthvað eða láti eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Áskilið er að ásetningur standi til þess að hafa óeðlileg áhrif á þann sem fer með ákvörðunarvaldið. Hefðbundin og viðurkennd hagsmunagæsla fellur því utan ákvæðisins.

Auk framangreindrar háttsemi er samningsríkjunum gert að lýsa refsivert í löggjöf sinni þvætti á ávinningi af spillingarbrotum, sbr. 13. gr., bókhaldsbrot sem tengist spillingarbrotum, sbr. 14. gr., og spillingarbrot í starfsemi lögaðila, sbr. 18. gr. samningsins.

Í 17. gr. samningsins er að finna ákvæði um refsilögsögu. Þar segir að hver samningsaðili skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella framangreind afbrot undir lögsögu sína þegar afbrotið er framið innan yfirráðasvæðis hans að einhverju eða öllu leyti, þegar brotamaður er ríkisborgari hans eða opinber starfsmaður eða á sæti á opinberu þingi innan lands og þegar brotið varðar opinberan starfsmann hans eða mann sem á sæti á opinberu þingi innan lands, eða mann sem fjallað er um í 9.–11. gr. samningsins og er ríkisborgari samningsaðilans.

Í öðrum greinum II. kafla samningsins er síðan kveðið á um hlutdeild, friðhelgi, viðurlög, sérhæfð stjórnvöld, samvinnu stjórnvalda, öflun sönnunargagna og upptöku ávinnings.

Í III. kafla samningsins er kveðið á um að eftirlit með framkvæmd á samningnum skuli falið svonefndum ríkjahópi gegn spillingu (GRECO).

Í IV. kafla samningsins er fjallað um fjölþjóðlega samvinnu. Þar er meðal annars fjallað um framsal. Skv. 27. gr. samningsins skal litið svo á að brot sem kveðið er á um í samningnum séu meðal brota sem leitt geti til framsals í hverjum þeim framsalssamningi sem fyrir hendi er meðal samningsaðila. Ef samningsaðili, sem setur þjóðréttarsamning sem skilyrði fyrir framsali, fær framsalsbeiðni frá öðrum aðila sem hann hefur ekki gert framsalssamning við getur hann litið á samninginn sem lagalegan grundvöll að framsali hvað snertir brot sem kveðið er á um í samningnum. Sé synjað um framsal vegna brots sem kveðið er á um í samningnum einungis á grundvelli ríkisfangs þess sem framsals er beiðst á eða vegna þess að sá sem beiðninni er beint til telur sig eiga dómsvald um brotið, skal sá aðili sem beiðninni er beint til leggja málið fyrir viðeigandi yfirvöld sín til saksóknar nema um annað sé samið við þann aðila sem beiðnina lagði fram.

Í V. kafla er að finna lokaákvæði samningsins, meðal annars um fyrirvara sem samningsaðilar geta gert varðandi tiltekin ákvæði samningsins.

III. Lagabreytingar vegna fullgildingar samningsins.

Almenn hegningarlög hafa ekki að geyma almennt refsiákvæði um mútur. Hins vegar hefur verið talið nauðsynlegt við ákveðnar aðstæður að koma í veg fyrir að mönnum sé boðinn ávinningur fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert. Mikilvægt er að stjórnvöld fari að lögum í opinberri stjórnsýslu og gæti réttra aðferða við meðferð mála. Því varðar það refsingu skv. 109. gr. almennra hegningarlaga að múta opinberum starfsmanni (aktívar mútur), auk þess sem starfsmaðurinn sjálfur getur bakað sér refsiábyrgð vegna mútuþágu (passívar mútur) skv. 128. gr. laganna.

Í kjölfar samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, sem undirritaður var í París 17. desember 1997, var gerð breyting á 109. gr. hegningarlaga. Breytingin fól meðal annars í sér að mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna og starfsmanna alþjóðastofnana voru gerðar refsiverðar. Einnig var fellt niður skilyrði um að viðkomandi opinber starfsmaður, íslenskur eða erlendur, bryti gegn starfsskyldu sinni. Að því er erlenda opinbera starfsmenn varðar var sett það skilyrði að ívilnun hefði þann tilgang að greiða fyrir viðskiptum. Jafnframt voru sett sérlög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna til opinbers starfsmanns, sbr. lög nr. 144/1998. Þeim lögum var breytt með lögum nr. 99/2002. Eftir breytinguna bera lögin heitið lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Spillingarsamningurinn er víðtækari en mútusamningurinn einkum að þrennu leyti: Í fyrsta lagi fjallar hann um refsiábyrgð bæði mútugjafa og mútuþega (aktívar og passívar mútur) í tengslum við innlenda og erlenda opinbera starfsemi, í öðru lagi kveður hann á um að mútubrot í tengslum við starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi skuli lýst refsiverð og í þriðja

lagi felst í honum skuldbinding um að lýsa refsiverða háttsemi sem tengist mönnum sem haft geta áhrif á ákvarðanatöku opinberra starfsmanna (áhrifakaup). Nauðsynlegt er að gera breytingar á íslenskri refsilöggjöf vegna þeirra skuldbindinga sem felast í samningnum.

Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á íslenskum lögum vegna spillingarsamningsins eru eftirfarandi:

a. Lagt er til að í hegningarlögum verði mælt fyrir um heimild til að sækja mann til sakar hér á landi, þótt spillingarbrot hafi verið framið utan refsilögsögu landsins. Skv. 2. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, má ekki framselja íslenska ríkisborgara. Hins vegar ber samningsaðilum skv. 5. tölul. 27. gr. samningsins að leggja mál til saksóknar ef synjað er um framsal á grundvelli ríkisfangs.
b. Lagt er til að bætt verði inn í verknaðarlýsingu 109. gr. almennra hegningarlaga að opinber starfsmaður eigi ekki tilkall til þess ávinnings sem honum er boðinn og að hann sé boðinn í þágu starfsmannsins eða annarra.
c. Spillingarsamningurinn gerir greinarmun á starfsheitum opinberra starfsmanna sem mútubrot ná til og er því lagt til að þessi starfsheiti verði tilgreind í þeim ákvæðum hegningarlaga sem um þessi brot fjalla.
d. Í samræmi við ákvæði spillingarsamningsins er lagt til að kveðið verði á um það í hegningarlögum að mútuþága erlends opinbers starfsmanns verði gerð refsiverð.
e. Af sömu ástæðu er lagt til að sett verði nýtt ákvæði í hegningarlög um að refsivert sé að gefa, lofa eða bjóða óréttmætan ávinning manni, sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku opinbers starfsmanns (aktív áhrifakaup).
f. Jafnframt er lagt til að sett verði ákvæði í hegningarlög um að það varði refsingu ef maður, sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku opinbers starfsmanns, heimtar, tekur við eða lætur lofa sér óréttmætum ávinningi (passív áhrifakaup).
g. Lagt til að í samræmi við ákvæði spillingarsamningsins verði kveðið á um það í hegningarlögum að mútugreiðslur og mútuþága í starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi séu refsiverðar.
h. Að lokum er lagt til að efni 1. gr. laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998, verði víkkað út þannig að það nái til framangreindra spillingarbrota.

Ekki er talið að gera þurfi breytingar á íslenskri refsilöggjöf til þess að fullnægja skuldbindingum samningsins varðandi þvætti á ávinningi af spillingarbrotum, sbr. 13. gr., bókhaldsbrot, sbr. 14. gr., og hlutdeild, sbr. 15. gr. samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að refsilögsagan verði færð út þannig að refsað verði eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi sem greinir í spillingarsamningnum, enda þótt brotið sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að því valdur.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á 109. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 147/1998, til samræmis við spillingarsamninginn.

Í 1. mgr. eru lagðar til tvær breytingar á verknaðarlýsingu ákvæðisins. Í fyrsta lagi, að tekið verði fram það skilyrði að um sé að ræða gjöf eða ávinning sem viðkomandi opinber

starfsmaður eigi ekki tilkall til, og í öðru lagi, að gjöfin eða ávinningurinn sé í þágu hans eða annarra. Þessi breyting er í samræmi við verknaðarlýsingu á brotinu í 2. gr. spillingarsamningsins. Áfram yrði refsivert að ívilna opinberum starfsmanni í því skyni að fá hann til að beita stöðu sinni til að hafa áhrif á niðurstöðu máls þótt meðferð þess væri utan valdsviðs hans. Þá skiptir engu um refsinæmi verknaðar þótt ívilnun miði að því að fá fyrirgreiðslu sem viðkomandi á rétt á, enda verður almennt ekki fullyrt að hún hafi engin áhrif við meðferð máls. Gert er ráð fyrir viðteknum skilningi á hugtakinu íslenskur opinber starfsmaður.

Í 2. mgr. eru lagðar til tvær breytingar á núgildandi ákvæði 2. mgr. 109. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að tilgreind verði í samræmi við ákvæði spillingarsamningsins þau starfsheiti erlendra opinberra starfsmanna sem brotið getur varðað. Að íslenskum rétti falla allir þessir flokkar undir hugtakið opinber starfsmaður. Að því er erlenda opinbera starfsmenn varðar ber hins vegar almennt að miða við merkingu þessara hugtaka í rétti þess ríkis þar sem viðkomandi gegnir starfi, sbr. 1. gr. samningsins. Hins vegar er gert ráð fyrir því að saksókn verði takmörkuð við þau tilfelli þar sem talið verður að viðkomandi erlendur opinber starfsmaður teldist jafnframt opinber starfsmaður að íslenskum rétti, sbr. c-lið 1. gr. samningsins.

Að því er varðar starfsmann, dómara eða þingmann hjá alþjóðastofnun eða alþjóðlegum dómstól gerir spillingarsamningurinn ráð fyrir því að refsinæmi sé háð því að samningsríki eigi aðild að stofnuninni og hafi viðurkennt lögsögu dómstólsins. Ekki er hins vegar kveðið á um slíkan fyrirvara í mútusamningnum. Brot sem falla undir mútusamninginn, þ.e. mútur sem ætlað er að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum, eru þannig refsiverð án tillits til þess hvort Ísland sé aðili að viðkomandi alþjóðastofnun eða hafi viðurkennt lögsögu viðkomandi alþjóðlegs dómstóls. Í frumvarpinu er lagt til að sama regla gildi um öll brot skv. 109. gr. að þessu leyti. Því er ekki lagður til sá áskilnaður að Ísland eigi aðild að viðkomandi alþjóðastofnun eða hafi viðurkennt lögsögu viðkomandi alþjóðlegs dómstóls.

Í öðru lagi er lagt til að fellt verði niður það skilyrði að ívilnun miði að því að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Í verknaðarlýsingu spillingarsamningsins er einungis áskilið að ívilnun miði að því að opinber starfsmaður geri eitthvað eða láti eitthvað ógert í sambandi við framkvæmd starfa síns og er ekki gerður greinarmunur á innlendum og erlendum opinberum starfsmönnum að þessu leyti. Því er lagt til að fullt samræmi verði hvað þetta varðar milli 1. og 2. mgr. 109. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að sá sem gefur, lofar eða býður manni, sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku manns sem fjallað er um í 1. og 2. mgr., gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, í því skyni að fá hann til að beita þessum áhrifum, án tillits til þess hvort áhrifunum er beitt eða hvort þau leiða til þess markmiðs sem stefnt var að, skuli sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi. Ákvæðinu er ætlað að fullnægja skuldbindingum 12. gr. spillingarsamningsins um áhrifakaup, að því er varðar háttsemi sem felur í sér frumkvæði annars manns en þess sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (aktív áhrifakaup).

Í 4. mgr. er lagt til að sá skuli sæta sömu refsingu sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft óeðlileg áhrif á ákvarðanatöku manns, sem fjallað er um í 1. og 2. mgr., og heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, án tillits til þess hvort áhrifunum er beitt eða hvort þau leiða til þess markmiðs sem stefnt var að. Ákvæðinu er ætlað að fullnægja skuldbindingum 12. gr. spillingarsamningsins um áhrifakaup, að því er varðar háttsemi sem felur í sér frumkvæði þess

sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (passív áhrifakaup).

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að ný málsgrein bætist við 128. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að mútuþága, sbr. 1. mgr. 128. gr., varði einnig erlenda opinbera starfsmenn refsingu. Verknaðarlýsing er að öðru leyti sú sama og í 1. mgr. 128. gr. Að því er varðar túlkun hugtaksins erlendur opinber starfsmaður er vísað til athugasemda við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði almennt refsiákvæði í XXVII. kafla almennra hegningarlaga um mútugreiðslur og mútuþágu í tengslum við starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi. Ákvæðinu er ætlað að fullnægja skuldbindingum 7. og 8. gr. spillingarsamningsins. Lagt er til að á eftir 264. gr. almennra hegningarlaga komi ný grein, 264. gr. a, sem hafi að geyma tvær málsgreinar, þá fyrri um mútugreiðslur og þá síðari um mútuþágu.

Eins og fram kemur í II. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu er talið nauðsynlegt að takast á við skaðleg samfélagsleg og samkeppnisleg áhrif mútugreiðslna og mútuþágu er varða einkaaðila jafnt sem opinbera aðila, meðal annars í ljósi einkavæðingar á starfsemi hins opinbera á mikilvægum þjóðfélagslegum sviðum. Eðlilegt er því að kveða á um refsinæmi þessarar háttsemi þegar hún fer fram í starfsemi einkaaðila í viðskiptalífi, enda eru mútur í viðskiptalífi á margan hátt sambærilegar mútum í opinberri starfsemi. Þess ber að geta að í 26. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, er kveðið á um að óheimilt sé í atvinnustarfsemi að hafa áhrif á starfsmann annars aðila með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt og getur slík háttsemi varðað viðurlögum skv. XIII. kafla þeirra laga.

Leggja ber víðtækan skilning í merkingu orðanna „fyrirtæki í atvinnurekstri“ þannig að það nái til hvers kyns viðskiptalegrar starfsemi einkaaðila án tillits til eðlis viðskiptanna eða félagaforms. Verknaðarlýsing 1. og 2. mgr. nær þó eingöngu til starfsemi einkafyrirtækja í viðskiptalífi sem fer fram í hagnaðarskyni. Undanskilin er því starfsemi samtaka eða manna sem rekin er í góðgerðar- eða hugsjónaskyni og hefur ekki að markmiði að skila eigendum eða stjórnendum fjárhagslegum hagnaði.

Múturnar geta beinst að stjórnarmanni eða stjórnanda fyrirtækis, starfsmanni þess eða manni sem hefur tekið að sér að vinna sérstök verk fyrir fyrirtækið, svo sem lögmanni þess, lögfræðingi, endurskoðanda eða fjármálaráðgjafa. Utan þessa falla hluthafar sem ekki eru jafnframt stjórnendur eða starfsmenn.

Gerður er áskilnaður um að óréttmæt ívilnun miði að því að viðkomandi stjórnandi eða starfsmaður geri eitthvað eða láti eitthvað ógert í bága við starfsskyldur hans. Þessi áskilnaður um brot á starfsskyldu tengist þeim hagsmunum sem ákvæðinu er ætlað að vernda, þ.e. þeim almenna trúnaði og heiðarleika sem viðkomandi ber að sýna í störfum sínum gagnvart fyrirtækinu. Brot á starfsskyldum er ekki bundið við brot á ákvæðum í ráðningarsamningi eða í skráðum starfsreglum og getur því einnig náð til brota á óskráðum en viðteknum viðhorfum um heiðarleika í samskiptum og trúnað í starfi. Móttaka óréttmæts ávinnings fer oft fram með leynd og án samþykkis yfirmanns og er því til þess fallin að brjóta trúnað og fara í bága við hagsmuni fyrirtækisins.

Um 5. gr.

Samkvæmt 18. gr. spillingarsamningsins ber samningsaðilum að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja að gera megi lögaðila ábyrga fyrir mútugreiðslum

og áhrifakaupum ef brotið er framið í þágu lögaðilans. Sama á við um þvætti þar sem frumbrotið er mútugreiðsla eða áhrifakaup.

Í kjölfar mútusamningsins voru sett sérlög hér á landi um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna til opinbers starfsmanns, sbr. lög nr. 144/1998. Þeim lögum var breytt með lögum nr. 99/2002. Eftir breytinguna bera lögin heitið lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka. Í 1. gr. laganna segir að hafi starfsmaður lögaðila gefið, lofað eða boðið opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í þágu lögaðilans, sé heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Sama gildir ef slíku er beint að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar.

Til þess að fullnægja skuldbindingum spillingarsamningsins er lagt til að 1. gr. laga nr. 144/1998 verði breytt þannig að í þar sé vísað til 109. gr. og 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga um mútugreiðslur og áhrifakaup til opinberra starfsmanna og til einkaaðila, sem og til 264. gr. laganna um þvætti þar sem frumbrotið varðar þessi ákvæði.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144 22. desember 1998, sbr. lög nr. 92 29. apríl 2002, hafi að geyma almenna vísan til II. kafla A almennra hegningarlaga um tilhögun refsiábyrgðar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
á sviði refsiréttar um spillingu.

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

sem viðurkenna gildi þess að stuðla að samvinnu við hin ríkin sem hafa undirritað samning þennan,

sem álíta það forgangsatriði að fylgja sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar, er miði að því að vernda þjóðfélagið gegn spillingu, meðal annars að setja viðeigandi lög og gera viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafanir,

sem leggja áherslu á að spilling ógnar réttarreglu, lýðræði og mannréttindum, grefur undan góðum stjórnunarháttum, sanngirni og félagslegu réttlæti, raskar samkeppni, hindrar efnahagsþróun og ógnar stöðugleika stofnana lýðræðisins og skekur þann siðferðilega grunn sem þjóðfélagið er reist á,

sem telja að aukin, hraðvirk og árangursrík alþjóðleg samvinna á sviði sakamála sé forsenda þess að baráttan gegn spillingu skili tilætluðum árangri,

sem fagna þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarið og eykur enn frekar skilning og samvinnu þjóða í milli á og í baráttunni gegn spillingu; nefna má, í þessu sambandi, aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Samtaka Ameríkuríkja, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Evrópusambandsins,

sem hafa hliðsjón af aðgerðaáætlun gegn spillingu, sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti í nóvember 1996 í kjölfar tilmæla 19. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra (í Valletta 1994),

sem minnast í þessu sambandi mikilvægis þess að ríki, sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu, taki þátt í aðgerðum Evrópuráðsins gegn spillingu og fagna mikilvægu framlagi þeirra til framkvæmdar aðgerðaáætluninni gegn spillingu;

sem minnast þess einnig að í ályktun nr. 1, sem evrópskir dómsmálaráðherrar samþykktu á 21. ráðstefnu sinni (í Prag 1997), var mælst til þess að aðgerðaáætluninni gegn spillingu yrði hrint í framkvæmd með skjótum hætti og hvatt til þess sérstaklega að samningur á sviði refsiréttar yrði samþykktur sem fyrst, þar sem kveðið yrði á um samræmdar sakargiftir í brotamálum er varða spillingu, aukna samvinnu um saksókn vegna slíkra afbrota og skilvirka tilhögun þess að fylgja málum eftir sem aðildarríkjum Evrópuráðsins, jafnt og þeim ríkjum sem utan þess standa, yrði frjálst að tileinka sér,

sem hafa í huga að þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar Evrópuráðsríkjanna ákváðu, í tilefni af öðrum leiðtogafundi sínum í Strassborg 10. og 11. október 1997, að leita sameiginlegra lausna á krefjandi viðfangsefnum, er tengjast vaxandi spillingu, og samþykktu aðgerðaáætlun, í því augnamiði að koma á samstarfi um baráttuna gegn spillingu, m.a. tengslum spillingar við skipulagða glæpastarfsemi og peningaþvætti, þar sem ráðherranefndinni var meðal annars falið að tryggja að lokið yrði sem fyrst við lagagerninga á sviði þjóðaréttar í samræmi við aðgerðaáætlunina gegn spillingu,

sem hafa enn fremur í huga að í ályktun 24/1997 um 20 viðmiðunarreglur í baráttunni gegn spillingu, sem ráðherranefndin samþykkti á 101. fundi sínum 6. nóvember 1997, er lögð áhersla á nauðsyn þess að ljúka sem fyrst vinnu við lagagerninga á sviði þjóðaréttar í samræmi við aðgerðaáætlunina gegn spillingu,

sem líta til þess að ráðherranefndin samþykkti á 102. fundi sínum 4. maí 1998 ályktun 7/1998 sem heimilar gerð útvíkkaðs hlutasamnings um að koma á fót ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) þar sem markmiðið er að auka getu þátttökuríkja hópsins til þess að berjast gegn spillingu með því að grípa til aðgerða sem gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar á þessu sviði,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli
Notkun hugtaka.

1. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „opinber embættismaður“, að því er varðar merkingu þessa hugtaks er vísað til skilgreiningar starfsheitanna „embættismaður“, „opinber starfsmaður“, „sveitarstjóri“, „ráðherra“ eða „dómari“ í landslögum þess ríkis þar sem hlutaðeigandi einstaklingur gegnir viðkomandi starfi og eins og þau eru notuð í refsilöggjöf þess;

b) hugtakið „dómari“, sem um getur í a-lið hér að framan, skal einnig taka til saksóknara og manna sem gegna stöðum innan dómskerfisins;

c) sé um málarekstur að ræða, þar sem opinber embættismaður annars ríkis kemur við sögu, getur saksóknarríkið aðeins beitt skilgreiningu hugtaksins „opinber embættismaður“ að því marki sem hún samræmist eigin landslögum;

d) „lögaðili“ merkir hvern þann aðila, sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi landslögum, að frátöldum ríkjum eða öðrum opinberum aðilum sem fara með ríkisvald og opinberum alþjóðastofnunum.

II. kafli
Ráðstafanir sem ber að gera innanlands.

2. gr.
Mútuboð til innlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot að ræða, að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, opinberum embættismanni hans óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

3. gr.
Mútuþága innlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot að ræða, að opinber embættismaður hans sækist eftir eða þiggi, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, eða þiggi boð um slíkan ávinning eða loforð um hann, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

4. gr.
Mútur til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum innanlands.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún einstakling sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands sem fer með löggjafar- eða framkvæmdavald.

5. gr.
Mútur til erlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún opinberan embættismann annars ríkis.

6. gr.
Mútur til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum erlendis.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún einstakling sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn sem fer með löggjafar- eða framkvæmdavald í öðru ríki.

7. gr.
Mútuboð innan einkageirans.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot að ræða samfara atvinnustarfsemi, að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, sem stýrir fyrirtæki innan einkageirans eða gegnir hvaða stöðu sem er innan þess, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert, hvort tveggja í bága við skyldustörf sín.

8. gr.
Mútuþága innan einkageirans.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot að ræða samfara atvinnustarfsemi, að einstaklingur, sem stýrir fyrirtæki innan einkageirans eða gegnir hvaða stöðu sem er innan þess, sækist eftir eða þiggi, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, eða þiggi boð um slíkan ávinning eða loforð um hann, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert, hvort tveggja í bága við skyldustörf sín.

9. gr.
Mútur til embættismanna alþjóðastofnana.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún embættismann eða annan samningsbundinn starfsmann, í skilningi starfsmannareglna, opinberrar og alþjóðlegrar eða yfirþjóðlegrar stofnunar, sem aðilinn á aðild að, og einstakling, sem gegnir samsvarandi störfum og fyrrnefndir embættismenn eða fulltrúar, hvort sem hann er færður til tímabundið til að gegna þeim eða ekki.

10. gr.
Mútur til manna sem eiga sæti á alþjóðaþingmannasamkomum.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 4. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún menn sem eiga sæti á þingmannasamkomum alþjóðlegra eða yfirþjóðlegra stofnana sem aðilinn á aðild að.

11. gr.
Mútur til dómara og embættismanna við alþjóðadómstóla.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún menn, sem gegna stöðum innan dómskerfisins, eða embættismenn við alþjóðadómstóla og viðkomandi aðili viðurkenni lögsögu slíkra dómstóla.

12. gr.
Áhrifakaup.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot að ræða, að lofa, veita eða bjóða, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning hverjum þeim sem fullyrðir eða staðfestir að hann eða hún geti haft ótilhlýðileg áhrif á ákvörðunartöku þeirra einstaklinga, sem um getur í 2. gr., 4. til 6. gr. og 9. til 11. gr., fyrir endurgjald, hvort sem hinn óviðeigandi ávinningur er honum, henni eða einhverjum öðrum til handa, enn fremur að sækjast eftir, taka við eða þiggja boð eða loforð um slíkan ávinning til endurgjalds fyrir fyrrnefnd áhrif, hvort sem þeim er beitt eður ei eða hvort sem álitin áhrif leiða til þeirrar niðurstöðu sem stefnt er að eður ei.

13. gr.
Peningaþvætti í tengslum við ágóða af spillingarbrotum.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur 1. og 2. mgr. 6. gr. samnings Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum (SES nr. 141), samkvæmt þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind, teljist refsiverð samkvæmt landslögum feli frumbrotið í sér einhverja þá háttsemi sem telst refsiverð skv. 2. til 12. gr. samnings þessa, að því marki sem viðkomandi aðili hefur

ekki gert fyrirvara eða sent frá sér yfirlýsingu hvað fyrrnefnd afbrot varðar eða telur slík afbrot ekki alvarlegs eðlis með hliðsjón af löggjöf sinni um peningaþvætti.

14. gr.
Bókhaldsbrot.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg og kveði á um viðurlög á sviði refsiréttar eða önnur viðurlög samkvæmt landslögum við eftirtalinni háttsemi eða vanrækslu, þegar um ásetningsbrot að ræða, sem er uppi höfð í því skyni að fremja, fela eða dylja afbrot, sem um getur í 2. til 12. gr., að því marki sem viðkomandi aðili hefur ekki gert fyrirvara eða sent frá sér yfirlýsingu þeim viðvíkjandi:

a) að útbúa eða nota reikning eða annað bókhaldsskjal eða -gagn sem inniheldur rangar eða ófullkomnar upplýsingar;

b) að vanrækja með ólöglegum hætti að bókfæra greiðslu.

15. gr.
Hlutdeild.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum að eiga hlutdeild í einhverri þeirri háttsemi sem telst refsiverð samkvæmt samningi þessum.

16. gr.
Friðhelgi.

Ákvæði samnings þessa eru með fyrirvara um ákvæði sáttmála, bókana eða laga, og texta sem fjalla um framkvæmd þeirra, er varða afturköllun friðhelgi.

17. gr.
Lögsaga.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að afla lögsögu vegna afbrots, sem telst refsiverð háttsemi skv. 2. til 14. gr. samnings þessa, þegar:

a) afbrotið er framið á landsvæðis hans að einhverju eða öllu leyti;

b) brotamaður er ríkisborgari hans, opinber embættismaður eða á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands;

c) afbrotið varðar opinberan embættismann hans eða mann sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands eða einstakling sem um getur í 9. til 11. gr. og einnig er ríkisborgari hans.

2. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu,

samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að opinbera, með yfirlýsingu sem er beint til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það áskilji sér rétt til þess að beita ekki, eða að beita aðeins í tilgreindum tilvikum eða við tilteknar aðstæður, lögsögureglunum, sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar, eða einhverjum hluta þeirra.

3. Hafi aðili nýtt sér þann kost að gera fyrirvara, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, skal hann gera ráðstafanir, sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla lögsögu vegna afbrots sem telst refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, ef meintur brotamaður er á landsvæði viðkomandi aðila og hann framselur hann ekki til annars aðila, einvörðungu á grundvelli ríkisfangs hans, eftir að beiðni um framsal hefur verið lögð fram.

4. Samningur þessi útilokar ekki hverja þá refsiréttarlögsögu sem aðili hefur við í samræmi við landslög sín.

18. gr.
Ábyrgð lögaðila.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að tryggja að gera megi lögaðila ábyrga fyrir afbrotum eins og mútuboði, áhrifakaupum og peningaþvætti, sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, sé afbrotið framið í þágu lögaðilans af einstaklingi sem aðhefst annað hvort einn eða sem meðlimur í deild lögaðilans og hefur stöðu stjórnanda hjá lögaðilanum sem er reist á:

- heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans;

- umboði til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans; eða

- umboði til að segja fyrir verkum hjá lögaðilanum;

og ábyrga fyrir aðild fyrrnefnds einstaklings sem vitorðs- eða hvatamanns þess að fyrrnefnd afbrot séu framin.

2. Auk þeirra tilvika, sem þegar er kveðið á um í 1. mgr., skal hver aðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar þegar brestur í yfirumsjón eða eftirliti af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi, sem starfar í umboði lögaðilans, kleift að hafa uppi þá refsiverðu háttsemi, sem getið er í 1. mgr., í þágu lögaðilans.

3. Ábyrgð lögaðila skv. 1. og 2. mgr. kemur ekki í veg fyrir að sakamál sé rekið gegn einstaklingum sem framið hafa þau afbrot, sem getið er í 1. mgr., eða eru vitorðs- eða hvatamenn þess að þau séu framin.

19. gr.
Viðurlög og ráðstafanir.

1. Hver aðili skal, með hliðsjón af því hversu alvarlegs eðlis þau afbrot eru sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum og að því er varðar þau afbrot sem teljast

refsiverð háttsemi skv. 2. til 14. gr., kveða á um skilvirk, hæfileg og letjandi viðurlög og ráðstafanir, meðal annars, þegar einstaklingar fremja fyrrnefnd afbrot, refsingu sem felur í sér frelsissviptingu og leitt getur til framsals.

2. Hver aðili skal sjá til þess að lögaðilar, sem eru dregnir til ábyrgðar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr., séu beittir virkum, hæfilegum og letjandi viðurlögum á sviði refsiréttar eða annars konar viðurlögum fyrir afbrot sín, þar á meðal fésektum.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að gera honum kleift að gera upptæk eða svipta viðkomandi með öðrum hætti tækjum til að fremja afbrot og ágóða af þeim, þegar um ræðir háttsemi sem telst refsiverð samkvæmt samningi þessum, eða eign sem að verðmæti jafngildir slíkum ágóða.

20. gr.
Sérhæfð yfirvöld.

Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að einstaklingar og stofnanir séu sérhæfð í baráttu gegn spillingu. Nauðsynlegt er að sjálfstæði slíkra einstaklinga og stofnana sé tryggt, í samræmi við grundvallarreglur réttarkerfis hans, að því marki sem geri þeim kleift að gegna hlutverki sínu með árangursríkum hætti og án alls óviðeigandi þrýstings. Skal aðilinn tryggja að starfslið slíkra stofnana hafi hlotið fullnægjandi starfsþjálfun og hafi nauðsynlegt fjármagn til að sinna verkefnum sínum.

21. gr.
Samstarf við landsyfirvöld og milli landsyfirvalda.

Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að opinber yfirvöld og opinberir embættismenn eigi samstarf, samkvæmt landslögum, við þau yfirvöld hans sem falin er rannsókn og saksókn vegna refsiverðrar háttsemi:

a) með því að tilkynna hinum síðargreindu yfirvöldum, að eigin frumkvæði, ef upp kemur rökstuddur grunur um að framin hafi verið einhver þau afbrot sem teljast refsiverð háttsemi skv. 2. til 14. gr.; eða

b) með því að veita hinum síðargreindu yfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt beiðni.

22. gr.
Vernd þeirra sem vinna með réttvísinni og vitnavernd.

Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að veita skilvirka og tilhlýðilega vernd:

a) þeim sem tilkynna um afbrot, sem teljast refsiverð háttsemi skv. 2. til 14. gr., eða vinna með öðrum hætti með rannsóknaraðilum eða handhöfum ákæruvalds;

b) þeim sem gefa vitnisburð um þau afbrot.

23. gr.
Ráðstafanir til að auðvelda öflun sönnunargagna og upptöku ágóða.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir, meðal annars sem heimila sérstök rannsóknarúrræði í samræmi við landslög, sem kunna að vera nauðsynleg til að gera sér auðveldar um vik að afla sönnunargagna um afbrot, sem teljast refsiverð háttsemi skv. 2. til 14. gr. samnings þessa, og að bera kennsl á, rekja, kyrrsetja og leggja hald á tæki til að fremja spillingarbrot og ágóða af slíkum afbrotum, eða eignir sem að verðmæti jafngilda slíkum ágóða, sem er unnt að gera ráðstafanir vegna sem settar eru fram samkvæmt 3. mgr. 19. gr. samnings þessa.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að heimila dómstólum sínum eða öðrum til þess bærum yfirvöldum að fyrirskipa að banka-, fjármála- og viðskiptagögn verði afhent eða hald á þau lagt til að unnt sé að grípa til þeirra aðgerða sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Bankaleynd skal ekki koma í veg fyrir þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

III. kafli
Fylgst með framkvæmd samningsins.

24. gr.
Eftirlit.

Ríkjahópur gegn spillingu (GRECO) skal fylgjast með framkvæmd aðila á samningi þessum.

IV. kafli
Alþjóðleg samvinna.

25. gr.
Meginreglur og ráðstafanir á sviði alþjóðlegrar samvinnu.

1. Aðilar skulu vinna saman, í samræmi við ákvæði viðeigandi alþjóðlegra gerninga um samvinnu þjóða á milli á sviði sakamála eða samkvæmt fyrirkomulagi sem sátt er um og reist er á grundvelli samræmdrar eða gagnvirkrar löggjafar, í samræmi við landslög sín og að því leyti sem frekast er unnt, í þágu rannsóknar og saksóknar vegna afbrota sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum.

2. Ákvæði 26. til 31. gr. þessa kafla gilda séu engir gerningar á sviði þjóðaréttar eða ekkert samkomulag, sem um getur í 1. mgr., í gildi milli aðila.

3. Ákvæði 26. til 31. gr. þessa kafla gilda einnig gangi þau lengra en ákvæði gerninga á sviði þjóðaréttar eða samkomulag sem um getur í 1. mgr.

26. gr.
Gagnkvæm aðstoð.

1. Aðilar skulu aðstoða hvern annan eftir föngum með því að afgreiða tafarlaust beiðnir frá yfirvöldum sem samkvæmt landslögum þeirra hafa heimild til að rannsaka afbrot, sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, eða leggja fram ákæru vegna þeirra.

2. Synja má um gagnkvæma réttaraðstoð í skilningi 1. mgr. þessarar greinar telji aðilinn, er við beiðni tekur, að verði hann við beiðninni yrði grafið undan grundvallarhagsmunum hans, þ.e. fullveldi, þjóðaröryggi eða allsherjarreglu.

3. Aðilum er óheimilt að bera fyrir sig bankaleynd sem ástæðu þess að synja um samvinnu samkvæmt þessum kafla. Aðili kann að gera kröfu um, mæli landslög hans fyrir þar um, að annaðhvort dómari eða annað dómsmálayfirvald, þar með taldir opinberir ákærendur, sem starfar á sviði afbrotamála, samþykki beiðni um samvinnu sem fælist í því að aflétta bankaleynd.

27. gr.
Framsal.

1. Líta ber svo á að afbrot, sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, teljist til framsalsafbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem í gildi er milli eða meðal aðilanna. Aðilar skuldbinda sig til að telja fyrrnefnd afbrot meðal framsalsafbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem gerður kann að verða meðal þeirra eða á milli þeirra.

2. Taki aðili, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðrum aðila, sem hann hefur ekki framsalssamning við, getur hann litið á samning þennan sem lagalegan grundvöll að framsali með tilliti til afbrots sem telst refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum.

3. Aðilar, sem gera það að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, skulu samþykkja með gagnkvæmum hætti að afbrot, sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, séu framsalsafbrot.

4. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem lög þess aðila, er við framsalsbeiðni tekur, eða gildandi framsalssamningar kveða á um, meðal annars þeim forsendum sem liggja að baki þess að aðilinn, er við framsalsbeiðninni tekur, kann að synja um framsal.

5. Sé synjað um framsal vegna afbrots, sem telst refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, einungis á grundvelli ríkisfangs þess sem óskast framseldur eða vegna þess að aðilinn, er við framsalsbeiðninni tekur, telur sig hafa lögsögu að því er afbrotið varðar, skal aðilinn, er við framsalsbeiðninni tekur, leggja málið fyrir til þess bær yfirvöld sín til saksóknar, nema um annað sé samið við aðilann er lagði beiðnina fram, og skal hann tilkynna aðilanum, er lagði beiðnina fram, um endanlega niðurstöðu málsins þegar þar að kemur.

28. gr.
Upplýsingagjöf af sjálfsdáðum.

Aðili getur, óumbeðið og án þess að það hafi áhrif á hans eigin rannsókn eða málarekstur, sent öðrum aðila upplýsingar um tilfelli álíti hann að þær geti gagnast viðtakanda við að hefja eða framkvæma rannsókn eða reka mál vegna afbrots, sem telst refsiverð háttsemi samkvæmt samningi þessum, eða geti leitt til þess að sá aðili leggi fram beiðni samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

29. gr.
Miðstjórnarvald.

1. Aðilar tilnefni miðstjórnarvald, eða fleiri en eitt miðstjórnarvald ef það á við, sem annist um sendingu beiðna, sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla, og um svör við þeim, afgreiðslu slíkra beiðna eða framsendingu þeirra til yfirvalda sem eru til þess bær að afgreiða þær.

2. Hver aðili skal, við undirritun eða þegar hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins nöfn og heimilisföng yfirvaldanna sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

30. gr.
Bein samskipti.

1. Miðstjórnarvöldin skulu eiga bein samskipti sín á milli.

2. Í bráðatilvikum geta dómsmálayfirvöld þess aðila er leggur fram beiðni, þar með taldir opinberir ákærendur, sent beiðnir um gagnkvæma aðstoð eða orðsendingar þar að lútandi milliliðalaust til sambærilegra yfirvalda þess aðila er við beiðni tekur. Í slíkum tilvikum skal jafnframt senda miðstjórnarvaldi aðilans, er við beiðni tekur, afrit fyrir milligöngu almenns yfirvalds aðilans er leggur fram beiðni.

3. Heimilt er að senda beiðnir og orðsendingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu (Interpol).

4. Sé beiðni lögð fram skv. 2. mgr. þessarar greinar og sé viðtökuyfirvaldið ekki til þess bært að fjalla um hana skal það framsenda beiðnina þar til bæru innlendu yfirvaldi og tilkynna það aðilanum, er lagði beiðnina fram, milliliðalaust.

5. Til þess bær yfirvöld aðilans, er leggur fram beiðni, geta sent aðilanum, er við beiðni tekur, milliliðalaust beiðnir og orðsendingar skv. 2. mgr. þessarar greinar sem hafa ekki í för með sér þvingunaraðgerðir.

6. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að upplýsa aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að í þágu skilvirkni beri að beina beiðnum samkvæmt þessum kafla til miðstjórnarvalds þess.

31. gr.
Upplýsingagjöf.

Aðilinn, er tekur við beiðni, skal án tafar upplýsa aðilann, er leggur fram beiðni, um aðgerð vegna framkominnar beiðni samkvæmt þessum kafla og um lyktir aðgerðarinnar. Aðilinn, er tekur við beiðni, skal einnig án tafar upplýsa aðilann, er leggur fram beiðni, um þær aðstæður sem koma í veg fyrir að unnt sé að framkvæma umbeðna aðgerð eða eru líklegar til að tefja hana verulega.

V. kafli
Lokaákvæði.

32. gr.
Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og ríki sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð hans. Slík ríki geta lýst sig samþykk því að vera bundin af samningi þessum með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fjórtán ríki hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 1. mgr. Hvert slíkt ríki, sem ekki er aðili að ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) við fullgildingu samningsins, verður sjálfkrafa aðili að hópnum þann dag er samningurinn öðlast gildi.

4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er það lýsir sig samþykkt því að vera bundið af samningnum í samræmi við ákvæði 1. mgr. Hvert undirritunarríki, sem ekki er aðili að ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) við fullgildingu samningsins, verður sjálfkrafa aðili að hópnum þann dag er samningurinn öðlast gildi gagnvart því.

33. gr.
Aðild að samningnum.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsríkin, boðið Evrópubandalaginu og hverju því ríki, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu og ekki hefur tekið þátt í gerð hans, að gerast aðili að samningi þessum með ákvörðun sem er tekin með þeim meirihluta sem er tilskilinn í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins

og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni.

2. Samningur þessi öðlast gildi, gagnvart Evrópubandalaginu og hverju því ríki sem gerist aðili að honum skv. 1. mgr., fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er skjal þess um aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu. Evrópubandalagið og hvert það ríki, sem gerist aðili að samningnum, verður sjálfkrafa aðili að GRECO þann dag er samningurinn öðlast gildi gagnvart því, sé það ekki þegar aðili að hópnum við aðild.

34. gr.
Landsvæði þar sem samningurinn gildir.

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem samningur þessi skal gilda.

2. Hver aðili getur hvenær sem er síðar útvíkkað, með yfirlýsingu sem er send aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná til hvers annars landsvæðis sem er tilgreint í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu, sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

35. gr.
Afstaða til annarra samninga.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af alþjóðasamningum um sérstök málefni.

2. Aðilar að samningi þessum geta gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga um þau málefni sem samningur þessi fjallar um í því skyni að auka við eða treysta ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

3. Hafi tveir eða fleiri aðilar þegar gert með sér samning um viðfangsefni, sem fjallað er um í samningi þessum, eða hafi þeir skipað samskiptum sínum viðvíkjandi því viðfangsefni með öðrum hætti ber þeim réttur til að framkvæma samninginn, eða að koma skipulagi á fyrrnefnd samskipti þess vegna, í stað samnings þessa, sé það samvinnu þjóða í milli til framdráttar.

36. gr.
Yfirlýsingar.

Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir að það muni líta svo á að mútuboð til og mútuþága erlendra opinberra embættismanna skv. 5. gr., embættismanna alþjóðastofnana skv. 9. gr. eða dómara og embættismanna við alþjóðadómstóla skv. 11. gr. teljist því aðeins refsiverð háttsemi að viðkomandi opinber embættismaður eða dómari hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert, hvort tveggja í bága við skyldustörf sín.

37. gr.
Fyrirvarar.

1. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að áskilja sér rétt til að líta svo á að sú háttsemi, sem um getur í 4. gr., 6. til 8. gr. og 10. og 12. gr., eða mútuþágubrot, sem er lýst í 5. gr., teljist ekki refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, að einhverju eða öllu leyti.

2. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir að það nýti sér þann fyrirvara sem kveðið er á um í 2. mgr. 17. gr.

3. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir að það kunni að synja um gagnkvæma réttaraðstoð skv. 1. mgr. 26. gr. varði beiðni þar um afbrot sem aðilinn, er við beiðninni tekur, telur stjórnmálalegs eðlis.

4. Engu ríki er heimilt, með því að beita ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, að gera fyrirvara við fleiri en fimm þeirra ákvæða sem þar eru tilgreind. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara. Fyrirvara sama eðlis við 4., 6. og 10. gr. skal líta á sem einn fyrirvara.

38. gr.
Gildistími og endurskoðun yfirlýsinga og fyrirvara.

1. Yfirlýsingar, sem um getur í 36. gr., og fyrirvarar, sem um getur í 37. gr., gilda í þrjú ár frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki. Þó er heimilt að endurnýja fyrrnefndar yfirlýsingar og fyrirvara í jafnlangan tíma í einu.

2. Tólf mánuðum áður en yfirlýsing eða fyrirvari fellur úr gildi skal aðalskrifstofa Evrópuráðsins tilkynna það viðkomandi ríki. Eigi síðar en þremur mánuðum áður en yfirlýsing eða fyrirvari fellur úr gildi skal ríkið tilkynna aðalframkvæmdastjóranum að það staðfesti yfirlýsinguna eða fyrirvarann, geri þar breytingu á eða afturkalli. Sendi viðkomandi ríki ekki tilkynningu skal aðalskrifstofan tilkynna því að litið sé svo á að yfirlýsing þess eða fyrirvari hafi verið framlengdur sjálfkrafa um sex mánuði. Yfirlýsing eða fyrirvari fellur úr gildi tilkynni viðkomandi ríki ekki, áður en fyrrnefndur frestur er útrunninn, að það hyggist staðfesta eða breyta yfirlýsingu sinni eða fyrirvara.

3. Gefi aðili út yfirlýsingu eða geri fyrirvara samkvæmt ákvæðum 36. og 37. gr. skal það, áður en endurnýjun fer fram eða samkvæmt beiðni, skýra fyrir GRECO þær ástæður sem réttlæta áframhaldandi gildi þeirra.

39. gr.
Breytingar.

1. Hver aðili getur lagt fram tillögur til breytinga á samningi þessum og skal aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda þær aðildarríkjum Evrópuráðsins og öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa gerst aðilar að samningi þessum eða verið boðin aðild samkvæmt ákvæðum 33. gr.

2. Breytingartillögur aðila skulu sendar Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) og skal hún leggja fyrir ráðherranefndina álit sitt á þeirri breytingu sem lögð er til.

3. Ráðherranefndin skal fjalla um breytingartillöguna og álit það sem Evrópunefnd um afbrotamálefni hefur lagt fram og getur ráðherranefndin samþykkt breytinguna að höfðu samráði við þau aðildarríki samnings þessa sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

4. Texti hverrar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur aðilum til staðfestingar.

5. Hver sú breyting, sem samþykkt er skv. 3. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa skýrt aðalframkvæmdastjóranum frá því að þeir staðfesti hana.

40. gr.
Lausn deilumála.

1. Skýra ber Evrópunefnd um afbrotamálefni, sem starfar á vegum Evrópuráðsins, reglulega frá því með hvaða hætti samningur þessi er túlkaður og kemur til framkvæmda.

2. Komi upp deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hana með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, til dæmis með því að leggja deiluna fyrir Evrópunefnd um afbrotamálefni, leggja hana í gerð, en ákvörðun gerðardóms skal vera bindandi fyrir aðila, eða fyrir Alþjóðadómstólinn, eftir því sem hlutaðeigandi aðilar verða ásáttir um.

41. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin í hendur.

42. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og hverju því ríki, sem hefur gerst aðili að samningi þessum, um:

a) hverja undirritun;

b) afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;

c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 32. og 33. gr.;

d) hverja yfirlýsingu eða fyrirvara skv. 36. eða 37. gr.;

e) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 27. janúar 1999 í einu eintaki á ensku og einu eintaki á frönsku, sem verða afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, hverju ríki, sem er ekki aðili að Evrópuráðinu en hefur tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að honum, staðfest endurrit.

Fylgiskjal II.

Criminal Law Convention on Corruption
Strasbourg, 27.I.1999

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members;

Recognising the value of fostering co-operation with the other States signatories to this Convention;

Convinced of the need to pursue, as a matter of priority, a common criminal policy aimed at the protection of society against corruption, including the adoption of appropriate legislation and preventive measures;

Emphasising that corruption threatens the rule of law, democracy and human rights, undermines good governance, fairness and social justice, distorts competition, hinders economic

development and endangers the stability of democratic institutions and the moral foundations of society;

Believing that an effective fight against corruption requires increased, rapid and well-functioning international co-operation in criminal matters;

Welcoming recent developments which further advance international understanding and co-operation in combating corruption, including actions of the United Nations, the World Bank, the International Monetary Fund, the World Trade Organisation, the Organisation of American States, the OECD and the European Union;

Having regard to the Programme of Action against Corruption adopted by the Committee of Ministers of the Council of Europe in November 1996 following the recommendations of the 19th Conference of European Ministers of Justice (Valletta, 1994);

Recalling in this respect the importance of the participation of non-member States in the Council of Europe's activities against corruption and welcoming their valuable contribution to the implementation of the Programme of Action against Corruption;

Further recalling that Resolution No. 1 adopted by the European Ministers of Justice at their 21st Conference (Prague, 1997) recommended the speedy implementation of the Programme of Action against Corruption, and called, in particular, for the early adoption of a criminal law convention providing for the co-ordinated incrimination of corruption offences, enhanced co-operation for the prosecution of such offences as well as an effective follow-up mechanism open to member States and non-member States on an equal footing;

Bearing in mind that the Heads of State and Government of the Council of Europe decided, on the occasion of their Second Summit held in Strasbourg on 10 and 11 October 1997, to seek common responses to the challenges posed by the growth in corruption and adopted an Action Plan which, in order to promote co-operation in the fight against corruption, including its links with organised crime and money laundering, instructed the Committee of Ministers, inter alia, to secure the rapid completion of international legal instruments pursuant to the Programme of Action against Corruption;

Considering moreover that Resolution (97) 24 on the 20 Guiding Principles for the Fight against Corruption, adopted on 6 November 1997 by the Committee of Ministers at its 101st Session, stresses the need rapidly to complete the elaboration of international legal instruments pursuant to the Programme of Action against Corruption;

In view of the adoption by the Committee of Ministers, at its 102nd Session on 4 May 1998, of Resolution (98) 7 authorising the partial and enlarged agreement establishing the "Group of States against Corruption – GRECO", which aims at improving the capacity of its members to fight corruption by following up compliance with their undertakings in this field,

Have agreed as follows:

Chapter I – Use of terms

Article 1 – Use of terms

For the purposes of this Convention:

a "public official" shall be understood by reference to the definition of "official", "public officer", "mayor", "minister" or "judge" in the national law of the State in which the person in question performs that function and as applied in its criminal law;

b the term "judge" referred to in sub-paragraph a above shall include prosecutors and holders of judicial offices;

c in the case of proceedings involving a public official of another State, the prosecuting State may apply the definition of public official only insofar as that definition is compatible with its national law;

d "legal person" shall mean any entity having such status under the applicable national law, except for States or other public bodies in the exercise of State authority and for public international organisations.

Chapter II – Measures to be taken at national level

Article 2 – Active bribery of domestic public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the promising, offering or giving by any person, directly or indirectly, of any undue advantage to any of its public officials, for himself or herself or for anyone else, for him or her to act or refrain from acting in the exercise of his or her functions.

Article 3 – Passive bribery of domestic public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the request or receipt by any of its public officials, directly or indirectly, of any undue advantage, for himself or herself or for anyone else, or the acceptance of an offer or a promise of such an advantage, to act or refrain from acting in the exercise of his or her functions.

Article 4 – Bribery of members of domestic public assemblies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any person who is a member of any domestic public assembly exercising legislative or administrative powers.

Article 5 – Bribery of foreign public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving a public official of any other State.

Article 6 – Bribery of members of foreign public assemblies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any person who is a member of any public assembly exercising legislative or administrative powers in any other State.

Article 7 – Active bribery in the private sector

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally in the course of business activity, the promising, offering or giving, directly or indirectly, of any undue advantage to any persons who direct or work for, in any capacity, private sector entities, for themselves or for anyone else, for them to act, or refrain from acting, in breach of their duties.

Article 8 – Passive bribery in the private sector

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, in the course of business activity, the request or receipt, directly or indirectly, by any persons who direct or work for, in any capacity, private sector entities, of any undue advantage or the promise thereof for themselves or for anyone else, or the acceptance of an offer or a promise of such an advantage, to act or refrain from acting in breach of their duties.

Article 9 – Bribery of officials of international organisations

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any official or other contracted employee, within the meaning of the staff regulations, of any public international or supranational organisation or body of which the Party is a member, and any person, whether seconded or not, carrying out functions corresponding to those performed by such officials or agents.

Article 10 – Bribery of members of international parliamentary assemblies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Article 4 when involving any members of parliamentary assemblies of international or supranational organisations of which the Party is a member.

Article 11 – Bribery of judges and officials of international courts

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3 involving any holders of judicial office or officials of any international court whose jurisdiction is accepted by the Party.

Article 12 – Trading in influence

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the promising, giving or offering, directly or indirectly, of any undue advantage to anyone who asserts or confirms that he or she is able to exert an improper influence over the decision-making of any person referred to in Articles 2, 4 to 6 and 9 to 11 in consideration thereof, whether the undue advantage is for himself or herself or for anyone else, as well as the request, receipt or the acceptance of the offer or the promise of such an advantage, in consideration of that influence, whether or not the influence is exerted or whether or not the supposed influence leads to the intended result.

Article 13 – Money laundering of proceeds from corruption offences

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in the Council of Europe Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Products from Crime (ETS No. 141), Article 6, paragraphs 1 and 2, under the conditions referred to therein, when the predicate offence consists of any of the criminal offences established in accordance with Articles 2 to 12 of this Convention, to the extent that the Party has not made a reservation or a declaration with respect to these offences or does not consider such offences as serious ones for the purpose of their money laundering legislation.

Article 14 – Account offences

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as offences liable to criminal or other sanctions under its domestic law the following acts or omissions, when committed intentionally, in order to commit, conceal or disguise the offences referred to in Articles 2 to 12, to the extent the Party has not made a reservation or a declaration:

a creating or using an invoice or any other accounting document or record containing false or incomplete information;

b unlawfully omitting to make a record of a payment.

Article 15 – Participatory acts

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law aiding or abetting the commission of any of the criminal offences established in accordance with this Convention.

Article 16 – Immunity

The provisions of this Convention shall be without prejudice to the provisions of any Treaty, Protocol or Statute, as well as their implementing texts, as regards the withdrawal of immunity.

Article 17 – Jurisdiction

1 Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish jurisdiction over a criminal offence established in accordance with Articles 2 to 14 of this Convention where:

a the offence is committed in whole or in part in its territory;

b the offender is one of its nationals, one of its public officials, or a member of one of its domestic public assemblies;

c the offence involves one of its public officials or members of its domestic public assemblies or any person referred to in Articles 9 to 11 who is at the same time one of its nationals.

2 Each State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, declare that it reserves the right not to apply or to apply only in specific cases or conditions the jurisdiction rules laid down in paragraphs 1 b and c of this article or any part thereof.

3 If a Party has made use of the reservation possibility provided for in paragraph 2 of this article, it shall adopt such measures as may be necessary to establish jurisdiction over a criminal offence established in accordance with this Convention, in cases where an alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to another Party, solely on the basis of his nationality, after a request for extradition.

4 This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised by a Party in accordance with national law.

Article 18 – Corporate liability

1 Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to ensure that legal persons can be held liable for the criminal offences of active bribery, trading in influence and money laundering established in accordance with this Convention, committed for their benefit by any natural person, acting either individually or as part of an organ of the legal person, who has a leading position within the legal person, based on:

– a power of representation of the legal person; or

– an authority to take decisions on behalf of the legal person; or

– an authority to exercise control within the legal person;

as well as for involvement of such a natural person as accessory or instigator in the above-mentioned offences.

2 Apart from the cases already provided for in paragraph 1, each Party shall take the necessary measures to ensure that a legal person can be held liable where the lack of supervision or control by a natural person referred to in paragraph 1 has made possible the commission of the criminal offences mentioned in paragraph 1 for the benefit of that legal person by a natural person under its authority.

3 Liability of a legal person under paragraphs 1 and 2 shall not exclude criminal proceedings against natural persons who are perpetrators, instigators of, or accessories to, the criminal offences mentioned in paragraph 1.

Article 19 – Sanctions and measures

1 Having regard to the serious nature of the criminal offences established in accordance with this Convention, each Party shall provide, in respect of those criminal offences established in accordance with Articles 2 to 14, effective, proportionate and dissuasive sanctions and measures, including, when committed by natural persons, penalties involving deprivation of liberty which can give rise to extradition.

2 Each Party shall ensure that legal persons held liable in accordance with Article 18, paragraphs 1 and 2, shall be subject to effective, proportionate and dissuasive criminal or non-criminal sanctions, including monetary sanctions.

3 Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to enable it to confiscate or otherwise deprive the instrumentalities and proceeds of criminal offences established in accordance with this Convention, or property the value of which corresponds to such proceeds.

Article 20 – Specialised authorities

Each Party shall adopt such measures as may be necessary to ensure that persons or entities are specialised in the fight against corruption. They shall have the necessary independence in accordance with the fundamental principles of the legal system of the Party, in order for them to be able to carry out their functions effectively and free from any undue pressure. The Party shall ensure that the staff of such entities has adequate training and financial resources for their tasks.

Article 21 – Co-operation with and between national authorities

Each Party shall adopt such measures as may be necessary to ensure that public authorities, as well as any public official, co-operate, in accordance with national law, with those of its authorities responsible for investigating and prosecuting criminal offences:

a by informing the latter authorities, on their own initiative, where there are reasonable grounds to believe that any of the criminal offences established in accordance with Articles 2 to 14 has been committed, or

b by providing, upon request, to the latter authorities all necessary information.

Article 22 – Protection of collaborators of justice and witnesses

Each Party shall adopt such measures as may be necessary to provide effective and appropriate protection for:

a those who report the criminal offences established in accordance with Articles 2 to 14 or otherwise co-operate with the investigating or prosecuting authorities;

b witnesses who give testimony concerning these offences.

Article 23 – Measures to facilitate the gathering of evidence and the confiscation of proceeds

1 Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary, including those permitting the use of special investigative techniques, in accordance with national law, to enable it to facilitate the gathering of evidence related to criminal offences established in accordance with Article 2 to 14 of this Convention and to identify, trace, freeze and seize instrumentalities and proceeds of corruption, or property the value of which corresponds to such proceeds, liable to measures set out in accordance with paragraph 3 of Article 19 of this Convention.

2 Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its courts or other competent authorities to order that bank, financial or commercial records be made available or be seized in order to carry out the actions referred to in paragraph 1 of this article.

3 Bank secrecy shall not be an obstacle to measures provided for in paragraphs 1 and 2 of this article.

Chapter III – Monitoring of implementation

Article 24 – Monitoring

The Group of States against Corruption (GRECO) shall monitor the implementation of this Convention by the Parties.

Chapter IV – International co-operation

Article 25 – General principles and measures for international co-operation

1 The Parties shall co-operate with each other, in accordance with the provisions of relevant international instruments on international co-operation in criminal matters, or arrangements

agreed on the basis of uniform or reciprocal legislation, and in accordance with their national law, to the widest extent possible for the purposes of investigations and proceedings concerning criminal offences established in accordance with this Convention.

2 Where no international instrument or arrangement referred to in paragraph 1 is in force between Parties, Articles 26 to 31 of this chapter shall apply.

3 Articles 26 to 31 of this chapter shall also apply where they are more favourable than those of the international instruments or arrangements referred to in paragraph 1.

Article 26 – Mutual assistance

1 The Parties shall afford one another the widest measure of mutual assistance by promptly processing requests from authorities that, in conformity with their domestic laws, have the power to investigate or prosecute criminal offences established in accordance with this Convention.

2 Mutual legal assistance under paragraph 1 of this article may be refused if the requested Party believes that compliance with the request would undermine its fundamental interests, national sovereignty, national security or ordre public.

3 Parties shall not invoke bank secrecy as a ground to refuse any co-operation under this chapter. Where its domestic law so requires, a Party may require that a request for co-operation which would involve the lifting of bank secrecy be authorised by either a judge or another judicial authority, including public prosecutors, any of these authorities acting in relation to criminal offences.

Article 27 – Extradition

1 The criminal offences established in accordance with this Convention shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between or among the Parties. The Parties undertake to include such offences as extraditable offences in any extradition treaty to be concluded between or among them.

2 If a Party that makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another Party with which it does not have an extradition treaty, it may consider this Convention as the legal basis for extradition with respect to any criminal offence established in accordance with this Convention.

3 Parties that do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognise criminal offences established in accordance with this Convention as extraditable offences between themselves.

4 Extradition shall be subject to the conditions provided for by the law of the requested Party or by applicable extradition treaties, including the grounds on which the requested Party may refuse extradition.

5 If extradition for a criminal offence established in accordance with this Convention is refused solely on the basis of the nationality of the person sought, or because the requested Party deems that it has jurisdiction over the offence, the requested Party shall submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution unless otherwise agreed with the requesting Party, and shall report the final outcome to the requesting Party in due course.

Article 28 – Spontaneous information

Without prejudice to its own investigations or proceedings, a Party may without prior request forward to another Party information on facts when it considers that the disclosure of such information might assist the receiving Party in initiating or carrying out investigations or proceedings concerning criminal offences established in accordance with this Convention or might lead to a request by that Party under this chapter.

Article 29 – Central authority

1 The Parties shall designate a central authority or, if appropriate, several central authorities, which shall be responsible for sending and answering requests made under this chapter, the execution of such requests or the transmission of them to the authorities competent for their execution.

2 Each Party shall, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, communicate to the Secretary General of the Council of Europe the names and addresses of the authorities designated in pursuance of paragraph 1 of this article.

Article 30 – Direct communication

1 The central authorities shall communicate directly with one another.

2 In the event of urgency, requests for mutual assistance or communications related thereto may be sent directly by the judicial authorities, including public prosecutors, of the requesting Party to such authorities of the requested Party. In such cases a copy shall be sent at the same time to the central authority of the requested Party through the central authority of the requesting Party.

3 Any request or communication under paragraphs 1 and 2 of this article may be made through the International Criminal Police Organisation (Interpol).

4 Where a request is made pursuant to paragraph 2 of this article and the authority is not competent to deal with the request, it shall refer the request to the competent national authority and inform directly the requesting Party that it has done so.

5 Requests or communications under paragraph 2 of this article, which do not involve coercive action, may be directly transmitted by the competent authorities of the requesting Party to the competent authorities of the requested Party.

6 Each State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, inform the Secretary General of the Council of Europe that, for reasons of efficiency, requests made under this chapter are to be addressed to its central authority.

Article 31 – Information

The requested Party shall promptly inform the requesting Party of the action taken on a request under this chapter and the final result of that action. The requested Party shall also promptly inform the requesting Party of any circumstances which render impossible the carrying out of the action sought or are likely to delay it significantly.

Chapter V – Final provisions

Article 32 – Signature and entry into force

1 This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and by non-member States which have participated in its elaboration. Such States may express their consent to be bound by:

a signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2 Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

3 This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which fourteenth States have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1. Any such State, which is not a member of the Group of States against Corruption (GRECO) at the time of ratification, shall automatically become a member on the date the Convention enters into force.

4 In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the expression of their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1. Any signatory State, which is not a member of the Group of States against Corruption (GRECO) at the time of ratification, shall automatically become a member on the date the Convention enters into force in its respect.

Article 33 – Accession to the Convention

1 After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting the Contracting States to the Convention, may invite the Euro-

pean Community as well as any State not a member of the Council and not having participated in its elaboration to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for in Article 20d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee of Ministers.

2 In respect of the European Community and any State acceding to it under paragraph 1 above, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe. The European Community and any State acceding to this Convention shall automatically become a member of GRECO, if it is not already a member at the time of accession, on the date the Convention enters into force in its respect.

Article 34 – Territorial application

1 Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2 Any Party may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3 Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 35 – Relationship to other conventions and agreements

1 This Convention does not affect the rights and undertakings derived from international multilateral conventions concerning special matters.

2 The Parties to the Convention may conclude bilateral or multilateral agreements with one another on the matters dealt with in this Convention, for purposes of supplementing or strengthening its provisions or facilitating the application of the principles embodied in it.

3 If two or more Parties have already concluded an agreement or treaty in respect of a subject which is dealt with in this Convention or otherwise have established their relations in respect of that subject, they shall be entitled to apply that agreement or treaty or to regulate those relations accordingly, in lieu of the present Convention, if it facilitates international co-operation.

Article 36 – Declarations

Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it will establish as criminal offences the active and passive bribery of foreign public officials under Article 5, of officials of international organisations under Article 9 or of judges and officials of international courts under Article 11, only to the extent that the public official or judge acts or refrains from acting in breach of his duties.

Article 37 – Reservations

1 Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, reserve its right not to establish as a criminal offence under its domestic law, in part or in whole, the conduct referred to in Articles 4, 6 to 8, 10 and 12 or the passive bribery offences defined in Article 5.

2 Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession declare that it avails itself of the reservation provided for in Article 17, paragraph 2.

3 Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession declare that it may refuse mutual legal assistance under Article 26, paragraph 1, if the request concerns an offence which the requested Party considers a political offence.

4 No State may, by application of paragraphs 1, 2 and 3 of this article, enter reservations to more than five of the provisions mentioned thereon. No other reservation may be made. Reservations of the same nature with respect to Articles 4, 6 and 10 shall be considered as one reservation.

Article 38 – Validity and review of declarations and reservations

1 Declarations referred to in Article 36 and reservations referred to in Article 37 shall be valid for a period of three years from the day of the entry into force of this Convention in respect of the State concerned. However, such declarations and reservations may be renewed for periods of the same duration.

2 Twelve months before the date of expiry of the declaration or reservation, the Secretariat General of the Council of Europe shall give notice of that expiry to the State concerned. No later than three months before the expiry, the State shall notify the Secretary General that it is upholding, amending or withdrawing its declaration or reservation. In the absence of a notification by the State concerned, the Secretariat General shall inform that State that its declaration or reservation is considered to have been extended automatically for a period of six months. Failure by the State concerned to notify its intention to uphold or modify its declaration or reservation before the expiry of that period shall cause the declaration or reservation to lapse.

3 If a Party makes a declaration or a reservation in conformity with Articles 36 and 37, it shall provide, before its renewal or upon request, an explanation to GRECO, on the grounds justifying its continuance.

Article 39 – Amendments

1 Amendments to this Convention may be proposed by any Party, and shall be communicated by the Secretary General of the Council of Europe to the member States of the Council of Europe and to every non-member State which has acceded to, or has been invited to accede to, this Convention in accordance with the provisions of Article 33.

2 Any amendment proposed by a Party shall be communicated to the European Committee on Crime Problems (CDPC), which shall submit to the Committee of Ministers its opinion on that proposed amendment.

3 The Committee of Ministers shall consider the proposed amendment and the opinion submitted by the CDPC and, following consultation of the non-member States Parties to this Convention, may adopt the amendment.

4 The text of any amendment adopted by the Committee of Ministers in accordance with paragraph 3 of this article shall be forwarded to the Parties for acceptance.

5 Any amendment adopted in accordance with paragraph 3 of this article shall come into force on the thirtieth day after all Parties have informed the Secretary General of their acceptance thereof.

Article 40 – Settlement of disputes

1 The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the interpretation and application of this Convention.

2 In case of a dispute between Parties as to the interpretation or application of this Convention, they shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their choice, including submission of the dispute to the European Committee on Crime Problems, to an arbitral tribunal whose decisions shall be binding upon the Parties, or to the International Court of Justice, as agreed upon by the Parties concerned.

Article 41 – Denunciation

1 Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2 Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 42 – Notification

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe and any State which has acceded to this Convention of:

a any signature;

b the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 32 and 33;

d any declaration or reservation made under Article 36 or Article 37;

e any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 27th day of January 1999, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to it.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum, og lögum nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka til þess að unnt verði að fullgilda alþjóðasamning á sviði refsiréttar um spillingu. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo að nokkru nemi.

147. Frumvarp til laga [147. mál]

um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Samkomudagur reglulegs Alþingis, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal vera 15. september ár hvert.

2. gr.

Reglulegum störfum Alþingis skal ljúka 15. júní.

3. gr.

Beri þær dagsetningar, sem tilgreindar eru í 1. og 2. gr., upp á laugardag eða sunnudag skal í 1. gr. miða við fyrsta almennan vinnudag eftir 15. september og í 2. gr. síðasta vinnudag fyrir 15. júní.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 15. september 2004.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfstími Alþingis verði lengdur, bæði að hausti og að vori. Haustþing hefjist hálfum mánuði fyrr en nú er, 15. september í stað 1. október, og þingstörfum á vorþingi ljúki um miðjan júní, í stað miðs maímánaðar eins og verið hefur að jafnaði undanfarin ár.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra, eða nær allra, nú orðið. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði, og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður orðinn sá sem hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku (a.m.k. yfir þingtímann). Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Með frumvarpi þessu er ekki beinlínis stefnt að því að fjölga þingfundum eða lengja þá heldur fremur að gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, einkum nefndum þingsins. Forsætisnefnd Alþingis gæfist meira svigrúm til að skipuleggja þinghaldið og tryggja ásættanlega umfjöllun allra þingmála, líka þingmannamála. Með því fyrirkomulagi sem nú viðgengst hefur ekki reynst unnt að taka á dagskrá þingmannamál né afgreiða þau. Ætla má að aflétt yrði þeim þrýstingi sem oft er á afgreiðslu stjórnarfrumvarpa þeirra sem koma seint fram en afgreiða á fyrir þinglok. Engin sérstök rök eru fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða þau liðlega 100 frumvörp og 20–30 ályktanir sem venja hefur verið hingað til. Með breyttu fyrirkomulagi gefst jafnframt rýmri tími til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn

og skipuleggja störf þingsins með nýjum hætti væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og til að gefa þingmönnum rýmri tíma og skipulegri til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin og halda fundi m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert sem mælir með því að þingið sé sent heim um miðjan maí og komi ekki aftur saman fyrr en eftir fjóra og hálfan mánuð. Nægir að benda á bættar samgöngur, fjarskiptaþróun og tölvuvæðingu sem gjörbreytt hafa allri vinnutilhögun þingmanna. Oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og er sú umræða orðin áberandi neikvæð. Þingmenn eru að störfum þó að sumarhlé sé hjá Alþingi en það er eðlilegra að dreifa ólíkum starfsþáttum þingmanna á lengri tíma eins og hér er lagt til.

Vinnutími þingsins sem hér er lagt til að taka upp er áþekkur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þingið komi saman 15. september. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir að reglulegt Alþingi komi saman 1. október ár hvert en samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum. Það hefur einu sinni verið gert eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, en þingið 1992–1993 hófst 17. ágúst til þess að fjalla um og afgreiða hinn viðamikla EES-samning. Í eldri stjórnarskrárákvæðum (fram til 1991) var samkomudagurinn 15. febrúar, en sett höfðu verið lög um (samkvæmt sambærilegri heimild í stjórnarskránni) að samkomudagurinn yrði 10. október. Var svo fram til 1991.

Í 2. gr. eru sett ákvæði um að reglubundnum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní. Ákvæði þetta hefur ekki sömu stöðu og 1. gr. því að Alþingi verður því aðeins frestað að fyrir liggi samþykki þess sjálfs, og slíkt samþykki er og skilyrði þess að ákvæði greinarinnar verði framfylgt. Forseti Íslands hefur að vísu rétt til að fresta fundum Alþingis tímabundið, en ekki hefur reynt á það ákvæði fram að þessu. Samkvæmt þessu ber fremur að líta á efni 2. gr. frumvarpsins sem stefnuyfirlýsingu þingsins sjálfs um hver hinn reglubundni starfstími þess skuli vera. Þannig má stuðla að meiri festu í þingstörfunum sem er til hagsbóta fyrir þingmennina, stjórnsýsluna og allan almenning. Eigi að síður verður Alþingi, að óbreyttum stjórnlögum, að samþykkja formlega þingfrestun, svo sem verið hefur fram að þessu.

148. Fyrirspurn [148. mál]

til menntamálaráðherra um úrræði fyrir fötluð grunnskólabörn.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Er í athugun hjá ráðuneytinu með hvaða hætti er hægt að fjölga úrræðum fyrir fötluð grunnskólabörn og börn með sérþarfir til að þau geti stundað nám í heimabyggð?

149. Fyrirspurn [149. mál]

til menntamálaráðherra um menningarmál á Vesturlandi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær hyggst ráðherra staðfesta samstarfssamning um menningarmál við sveitarfélög á Vesturlandi?

150. Fyrirspurn [150. mál]

til félagsmálaráðherra um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög hafa fengið greitt á þessu ári í samræmi við fyrri reglur og birtar áætlanir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og í hve mörgum tilvikum er um ofgreiðslu að ræða miðað við nýja reglugerð og um hversu háar fjárhæðir er að ræða?
2. Hafa greiðslur verið stöðvaðar til einhverra sveitarfélaga og ef svo er, hve margra?
3. Hversu mörg þeirra verða krafin um endurgreiðslu?
4. Telur ráðherra að hér sé um að ræða eðlileg vinnubrögð af hálfu opinberra aðila?

151. Fyrirspurn [151. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Frá Þuríði Backman og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa einhverjar heilsugæslustöðvar heimild fyrir fastri stöðu sálfræðings og ef svo er, til hve langs tíma og hvaða stöðvar eru það?
2. Ná heimildirnar til afmarkaðra verkefna eða til almennrar sálfræðiþjónustu?
3. Er á döfinni að koma á föstum stöðugildum sálfræðinga við allar heilsugæslustöðvar og ef svo er, hvenær verður af því?
4. Hefur verið gengið frá samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sbr. ákvæði 36. og 39. gr. laga um almannatryggingar? Ef svo er, hvað fela samningarnir í sér?
5. Hvers konar fyrirkomulag verður á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sálfræðiþjónustu?

152. Frumvarp til laga [152. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2003“ hvarvetna í 81. gr. laganna kemur: 1. nóvember 2003.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til nýrra barnalaga (nr. 76 frá 27. mars 2003) var samþykkt á 128. löggjafarþingi láðist að breyta dagsetningum í 81. gr. þess, sem fjallar um lagaskil, til samræmis við gildistökuákvæði þess sem var breytt í meðförum allsherjarnefndar úr 1. janúar 2003 í 1. nóvember 2003. Frumvarpi þessu er ætlað að samræma lagaskilaákvæði og gildistökuákvæði laganna áður en þau taka gildi 1. nóvember nk.

153. Frumvarp til laga [153. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og þar skal tekið fram hvort um sé að ræða stöðu formanns bankastjórnar. Bankastjórar skulu hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Þó má skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar og er á síðara skipunartímabili sínu formann til sjö ára. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 2001 voru sett ný lög um Seðlabanka Íslands en meginmarkmið þeirra var að auka sjálfstæði bankans og gera honum kleift að vinna markvisst og faglega að stjórnun peningamála. Þegar frumvarpið var til umfjöllunar á Alþingi lögðu þingmenn Samfylkingarinnar fram tillögu um að bankastjóri yrði einn en ekki þrír og ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum yrðu teknar af peningastefnunefnd. Sú tillaga náði ekki fram að

ganga. Engu að síður studdu þingmenn Samfylkingarinnar frumvarpið og hin nýju lög um Seðlabankann nutu víðtæks stuðnings á Alþingi enda var þeim talið það helst til tekna að nú væru gerðar hliðstæðar kröfur til Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði. Bankinn stefnir nú að ákveðnu verðbólgumarkmiði og gengi krónunnar ákvarðast á markaði. Ákvarðanir í peningamálum eru því að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið er viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og kemur gleggst fram í því að af 35 seðlabankastjórum víðs vegar um heiminn eru 33 menntaðir hagfræðingar, sjá fylgiskjal.

Ákvörðunarvaldið í peningamálum er í höndum stjórnar Seðlabankans en þar sitja þrír bankastjórar, skipaðir samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra. Völd og ábyrgð bankastjórnarinnar eru mikil og því nauðsynlegt að hún hafi tiltrú og njóti trausts sem fagleg og sjálfstæð stofnun. Ljóst er að nokkuð skortir á þetta eins og kom m.a. fram í BS-ritgerð Bertu M. Jansdóttur við Háskólann í Reykjavík. Hún gerði könnun meðal 22 innlendra sérfræðinga sem starfa á vegum fjármálastofnana og hagsmunasamtaka. Aðeins fjórir þeirra töldu núverandi fyrirkomulag í peningamálum tryggja nægjanlegt sjálfstæði Seðlabankans við stjórn peningamála þó svo að 17 sérfræðinganna hafi verið sammála því að breyta um peningastefnu með nýjum lögum um Seðlabankann. Af þeim 15 sem töldu sjálfstæðið ekki nægjanlegt voru 14 sem nefndu að fagleg sjónarmið fremur en pólitísk ættu að ráða við ráðningu bankastjóra.

Þann 15. ágúst sl. skipaði forsætisráðherra í embætti seðlabankastjóra og var það í fyrsta sinn eftir að hin nýju lög tóku gildi. Ljóst er að það skipti verulegu máli fyrir trúverðugleika og ímynd bankans hvernig að þeirri skipan væri staðið og engum blandaðist hugur um að sá sem skipaður væri í embættið væri ekki aðeins hæfur til að gegna því heldur mætti færa rök fyrir því að hann væri sá hæfasti sem völ væri á. Til að kalla eftir þeim rökum sem lágu að baki ráðningunni ákváðu fulltrúar Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans að senda fyrirspurn í þremur liðum, dags. 16. september sl., til forsætisráðherra. Fyrirspurnin var svohljóðandi:

1. Þann 15. ágúst sl. skipaði forsætisráðherra í embætti seðlabankastjóra. Ingimundur Friðriksson var settur í það embætti þann 1. okt. sl. en hann er með mastersgráðu í hagfræði og farsælan starfsferil í Seðlabankanum og á erlendum vettvangi á sviði efnahagsmála allt frá 1975. Í ljósi þess að ekki er annað vitað en að Ingimundur hafi verið tilbúinn til að gegna stöðu seðlabankastjóra ef eftir því hefði verið leitað, er spurt: *Með hvaða hætti var gengið úr skugga um að sá sem skipaður var í embættið væri sá hæfasti sem völ var á?*
2. Í 11. gr. stjórnsýslulaga, sem m.a. taka til Seðlabanka Íslands, er kveðið á um jafnræðisregluna. Þar segir að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Er til að mynda óheimilt að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á stjórnmálaskoðunum. Því er spurt: *Með hvaða hætti er jafnræðisreglunnar, sem er grundvallarregla í stjórnsýslu, gætt við skipan í embætti seðlabankastjóra nú þegar ekki er lengur skylt að auglýsa embættið?*
3. Lögum um Seðlabanka Íslands frá 2001 var talið það helst til tekna að nú væru gerðar hliðstæðar kröfur til Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði. Í greinargerð með frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands sagði m.a.: „Að frumvarpinu samþykktu mundu lögin um Seðlabanka Íslands því líta vel út á þá mælikvarða sem lagðir hafa verið á slík lög á undanförnum árum.“ Ekki er nóg að lögin líti vel út ef trúverðugleiki bankans hvað varðar gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði bíður hnekki. Hann byggist m.a. á því að þeir sem fara með ákvarðanavald í peningamálum hafi víðtæka þekkingu og/eða reynslu í hagstjórn, þjóðhagfræði

og peningamálum. Því er spurt: *Hvaða hæfniskröfur voru lagðar til grundvallar við nýlega ráðningu í embætti seðlabankastjóra?*

Þann 22. sept. 2003 barst svohljóðandi bréf frá forsætisráðherra:

„Með vísan til erindis yðar, dags. 16. þ.m., um skipun Jóns Sigurðssonar í embætti bankastjóra í Seðlabanka Íslands, skal tekið fram, að ákvörðun þessi var tekin á grundvelli 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, að aðgættum almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og að teknu tilliti til þeirrar menntunar og fyrri starfa, sem tilgreind voru í hjálagðri fréttatilkynningu um skipun í embættið, dags. 15. f.m.“

Ljóst er af bréfi þessu að í því er ekki að finna svör við þeim þremur einföldu spurningum sem beint var til forsætisráðherra og sem gætu varpað ljósi á hvort núverandi stjórnvöld hafa raunverulegan áhuga á að auka tiltrú á Seðlabankanum sem stofnun sem lúti sjálfstæðri og faglegri forystu en ekki pólitískri forystu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Bréfið varpar líka ljósi á að í þessu máli fer forsætisráðherra með ákvörðunarvald sem ekki lýtur aðhaldi frá einstaklingum, stofnunum né almannavaldi þar sem ekki þarf að auglýsa starfið, ekki eru gerðar til þess sérstakar kröfur, ekkert mat fer fram á þeim sem ætlað er að gegna starfinu og ekki þarf að rökstyðja ráðningu. Formlegir aðilar að málinu eru bara tveir – forsætisráðherra og sá sem ráðinn er til starfans.

Það frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem hér er flutt hefur það að markmiði að tryggja, eins og kostur er, að fagleg sjónarmið ráði við skipan í embætti seðlabankastjóra og að ráðherra geti ekki komið sér undan því að rökstyðja ráðninguna. Þess vegna er gerð tillaga um að starf seðlabankastjóra verði auglýst þrátt fyrir að víðtæk sátt hafi verið um það, þegar núgildandi lög voru sett, að undanskilja þetta embætti auglýsingaskyldu. Sú sátt byggðist m.a. á því að margir þingmenn vildu láta á það reyna hvort sú grundvallarbreyting sem gerð var á Seðlabankanum mundi ekki endurspeglast í breyttum viðhorfum ráðherra til embættis seðlabankastjóra. Sú virðist ekki raunin heldur er enn litið svo á að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur fari með pólitískt eignarhald á embættunum. Og eftir höfðinu dansa limirnir því í opinberri umræðu í samfélaginu er litið svo á að nýleg skipun í embætti seðlabankastjóra hafi verið á forræði Framsóknarflokksins og næst verði skipunin á forræði Sjálfstæðisflokksins. Standi vilji Alþingis til þess að bankastjórastöðum í Seðlabankanum sé skipt milli stjórnmálaflokka verður að gera það á grundvelli einhverra gagnsærra meginreglna eða að skipt sé um bankastjóra með nýrri ríkisstjórn. Flutningsmenn þessa frumvarps telja rangt að fara inn á þá braut og algjörlega í ósamræmi við það sem tíðkast í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Sú breyting sem hér er gerð tillaga um er efnislega samhljóða ákvæði sem var í 39. gr. frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands sem flutt var á 116. löggjafarþingi af þáverandi viðskiptaráðherra, Jóni Sigurðssyni.

Fylgiskjal.

Seðlabankastjórar í löndum með verðbólgumarkmið.
(Upplýsingar miðað við 24. september 2002.)

Land	Seðlabankastjóri	Menntun	Meðal fyrri starfa
Ástralía	I.J. MacFarlane	Hagfræðingur	Háskólakennari, OECD og störf innan bankans
Brasilía	Arminio F. Neto	Doktor í hagfræði	Störf hjá Soros og Salmon Brothers, innan bankakerfis og seðlabanka
Bretland	Edward George	Hagfræðingur	BIS, IMF og störf innan Englandsbanka
Chile	Carlos Massad Abud	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor og IMF
Filippseyjar	Rafael Buenaventura	MBA	Bankakerfi
Ísrael	David Klein	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans og bankakerfisins
Kanada	David Dodge	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor, störf í fjármála-ráðuneytinu og aðstoðarráðherra
Kólumbía	Roberto Bonnet	Doktor í hagfræði	Ráðherra, viðskiptalífið
Kórea	Park Seung	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor, störf innan bankans og ráðherra
Noregur	Svein Gjedrem	Hagfræðingur	Fjármálaráðuneyti og störf innan bankans
Pólland	Leszek Balcerowicz	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor, ráðherra
Nýja Sjáland	Alan Bollard	Doktor í hagfræði	Ráðuneytisstjóri, þjóðhagsstofustjóri o.fl. störf
Sviss	Jean-Pierre Roth	Doktor í hagfræði	Háskólakennari og störf innan bankans
	Bruno Gehrig	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor og störf innan fjármálakerfis
	Niklaus Blattner	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor og störf í bankakerfinu
Svíþjóð	Urban Bäckström	Hagfræðingur	Háskólakennari og störf í efnahags-ráðuneyti
Tékkland	Zdenek Tuma	Hagfræðingur	Háskólakennari, efnahagsráðgjafi
Tæland	Pridiyathorn Devakula	Hagfræðingur, MBA	Aðstoðarráðherra, bankakerfi

Alls eru 18 seðlabankastjórar á listanum. Af þeim eru 17 (94%) menntaðir hagfræðingar og þar af 11 (61%) með doktorspróf í hagfræði. Ekki fundust heimildir um menntun og bakgrunn seðlabankastjóra Mexíkó, Perú, Suður-Afríku og Ungverjalands.

Heimildir: Heimasíður seðlabanka, *Who's Who in Central Banking*, ritstjóri E. Hennessy (Flemings, 1997) og *Who's Who in Global Banking & Finance*, ritstjóri J. Pellam (Barons Who's Who, 1999).

Seðlabankastjórar víðs vegar um heiminn.
(Upplýsingar miðað við 24. september 2002.)

Land	Seðlabankastjóri	Menntun	Meðal fyrri starfa
Austurríki	Adolf Wala	Hagfræðingur	Störf í bankakerfinu og innan bankans
Bandaríkin	Alan Greenspan	Doktor í hagfræði	Starfaði í ráðgjafafyrirtæki og var efnahagsráðgjafi tveggja forseta
Belgía	Guy Quaden	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
Danmörk	Bodil N. Andersen	Hagfræðingur	Háskólakennari og störf í bankakerfinu
	Torben H. Nielsen	Hagfræðingur	Störf í bankakerfinu
	Jens Thomsen	Hagfræðingur	Háskólakennari og efnahagsráðuneyti
ECB	Willem F. Duisenberg	Doktor í hagfræði	IMF, háskólaprófessor og fjármálaráðherra
Finnland	Matti Vanhala	Hagfræðingur	Fjármálaráðuneyti og störf innan bankans
Frakkland	Jean-Claude Trichet	Hagfræðingur	Fjármálaráðuneyti, efnahagsráðgjafi og háskólaprófessor
Grikkland	Nicholas Garganas	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans
Holland	Arnout Wellink	Doktor í hagfræði	Fjármálaráðuneyti
Indland	Bimal Jalan	Doktor í hagfræði	Efnahagsráðgjafi og ráðherra
Ítalía	Antonio Fazio	Hagfræðingur	Háskólakennari og störf innan bankans
Japan	Masaru Hayami	Hagfræðingur	Störf innan bankans
Lúxemborg	Yves Mersch	Lögfræðingur	Háskólakennari og fjármálaráðuneyti
Portúgal	Vitor Constancio	Hagfræðingur	Bankakerfi, ráðherra, háskólaprófessor o.fl. störf
Þýskaland	Ernst Welteke	Hagfræðingur	Ráðherra og seðlabankastjóri Hessen-fylkis

Alls eru 17 seðlabankastjórar á listanum. Af þeim eru 16 (94%) menntaðir hagfræðingar og þar af 6 (35%) með doktorspróf í hagfræði.

Heimildir: Heimasíður seðlabanka, *Who's Who in Central Banking*, ritstjóri E. Hennessy (Flemings, 1997) og *Who's Who in Global Banking & Finance*, ritstjóri J. Pellam (Barons Who's Who, 1999).

Peningamálaráð nokkurra seðlabanka.
(Upplýsingar miðað við 24. september 2002.)

Land	Nefndarmenn	Menntun	Meðal fyrri starfa
Bandaríkin	Alan Greenspan	Doktor í hagfræði	Starfaði í ráðgjafafyrirtæki og var efnahagsráðgjafi tveggja forseta
	Roger Ferguson	Doktor í hagfræði	Ráðgjafafyrirtæki
	Edward Gramlich	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
	Susan Bies	Doktor í hagfræði	Fjármálageiri
	Mark Olson	Hagfræðingur	Bankaeftirlit, bankageiri
	Ben Bernanke	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
	Donald Kohn	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans
	William J. McDonough	Hagfræðingur	Störf innan bankans og bankakerfisins
	Jerry L. Jordan	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans og bankakerfisins

Land	Nefndarmenn	Menntun	Meðal fyrri starfa
	Robert McTeer	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans
	Anthony Santomero	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
	Gary Stern	Doktor í hagfræði	Ráðgjafafyrirtæki og störf innan bankans
Bretland	Edward George	Hagfræðingur	BIS, IMF og störf innan bankans
	Mervyn King	Hagfræðingur	Háskólaprófessor og störf innan bankans
	Andrew Large	Vantar upplýsingar	
	Charles Bean	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
	Paul Tucker	Stærðfræðingur	Störf innan bankans
	Christopher Allsopp	Hagfræðingur	Háskólaprófessor
	Kate Barker	Hagfræðingur	Viðskiptalíf
	Marian Bell	Hagfræðingur	Ráðgjafafyrirtæki
	Stephen Nickell	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor
Seðlabanki Evrópu	Willem F. Duisenberg	Doktor í hagfræði	IMF, háskólaprófessor og fjármálaráðherra
	Lucas D. Papademos	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor, Seðlabanki Bandaríkjanna og störf innan bankans
	Eugenio D. Solans	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor og störf í fjármálakerfinu
	Sirkka Hämäläinen	Doktor í hagfræði	Háskólakennari og seðlabankastjóri Finnlands
	Otmar Issing	Doktor í hagfræði	Háskólaprófessor og aðalhagfræðingur Seðlabanka Þýskalands
	T. Padoa-Schioppa	Hagfræðingur	Aðalhagfræðingur Seðlabanka Ítalíu
Svíþjóð	Urban Bäckström	Hagfræðingur	Háskólakennari og störf í efnahagsráðuneyti
	Eva Srejber	Hagfræðingur	Störf innan bankans
	Kristina Persson	Hagfræðingur	Störf í ráðuneytum og samtökum launþega
	Lars Nyberg	Hagfræðingur	Háskólaprófessor, bankakerfi
	Villy Bergström	Hagfræðingur	Háskólaprófessor, verslunarráð
	Lars Heikenstein	Doktor í hagfræði	Störf innan bankans

Alls eru 33 seðlabankamenn á listanum. Af þeim eru 32 (vantar upplýsingar um einn) (97%) menntaðir hagfræðingar og þar af 18 (55%) með doktorspróf í hagfræði.

Heimildir: Heimasíður seðlabanka, *Who's Who in Central Banking*, ritstjóri E. Hennessy (Flemings, 1997) og *Who's Who in Global Banking & Finance*, ritstjóri J. Pellam (Barons Who's Who, 1999).

154. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Flm.: Gunnar Birgisson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Birkir J. Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þórarinn E. Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Pétur H. Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Hjörleifsson.

Alþingi ályktar að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu sem fyrst.

Í stað veiðibanns verði eftirfarandi leiðir farnar, ein eða fleiri, til að vernda íslenska rjúpnastofninn án þess að veiðar séu bannaðar: stytting veiðitíma, svæðisbundin friðun, einkum þar sem rjúpu- og fálkastofninn eiga undir högg að sækja, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann og bann við veiðum tiltekna daga vikunnar, sem og aukið eftirlit með banni við notkun vélhjóla og vélsleða við veiðarnar.

Greinargerð.

Með útgáfu reglugerðar nr. 716/2003 ákvað umhverfisráðherra að nýta ekki heimild laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, til að aflétta veiðibanni á rjúpu frá 15. október til 22. desember. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðherra er fyrirhugað að bannið gildi í þrjú ár, þ.e. 2003, 2004 og 2005. Veiðar verða því fyrst leyfðar aftur árið 2006. Þá skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag rjúpnaveiða að loknu veiðibanninu.

Á síðasta þingi var til meðferðar frumvarp til laga um sölubann á rjúpum. Við ítarlega meðferð málsins í umhverfisnefnd Alþingis komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sölubann væri ekki vænleg leið til árangurs heldur benti á önnur úrræði sem umhverfisráðherra væru tæk til að takmarka veiðar og vernda rjúpnastofninn, m.a. að stytta veiðitímabilið. Umhverfisráðherra aflaði í kjölfarið álits Náttúrufræðistofnunar sem lagði til algert veiðibann í fimm ár. Umhverfisráðherra féllst á tillögur Náttúrufræðistofnunar um alfriðun rjúpunnar í tiltekinn árafjölda þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hefði lagst gegn slíkum aðgerðum enda skorti rannsóknir til að byggja svo afdrifaríka ákvörðun á. Flutningsmenn benda einnig á að ákvörðun umhverfisráðherra gengur þvert gegn vilja umhverfisnefndar Alþingis sem lagði til að beitt yrði öðrum lögmæltum aðferðum en sölubanni á rjúpu og er þá augljóst að nefndin gerði ekki ráð fyrir að ráðherra gripi til alfriðunar þótt löggjafarþingið legðist gegn sölubanni.

Ástand rjúpnastofnsins hefur um nokkurt skeið verið áhyggjuefni manna og telja flutningsmenn rétt að grípa til aðgerða til að hlúa að stofninum og draga úr sókn. Algert veiðibann í þrjú ár er hins vegar mjög róttæk aðgerð sem á sér ekki hliðstæðu í sögu rjúpnaveiða á Íslandi en rjúpan er vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Flutningsmenn telja rétt að áður en gripið er til svo afdrifaríkra aðgerða skuli fyrst reyna önnur úrræði sem vægari eru gagnvart veiðimönnum og almenningi í landinu. Að mati Umhverfisstofnunar var ekki talið að þau gögn sem umhverfisráðherra byggði mat sitt á sýndu fram á nauðsyn þess að alfriða rjúpuna í tiltekinn árafjölda. Taldi stofnunin rétt að kannað yrði hvort önnur og vægari úrræði mundu ekki nægja til að ná sömu markmiðum.

Flutningsmenn telja að umhverfisráðherra skuli fyrst reyna aðrar aðgerðir en alfriðun og leggja til að notuð verði ein eða fleiri af eftirtöldum leiðum:

1. *Stytting veiðitíma.* Veiðitímabil mætti stytta t.d. í 4–5 vikur.
2. *Svæðisbundin friðun.* Unnt er að fjölga og stækka griðasvæði rjúpunnar en það þarf nánari rannsóknar við hversu umfangsmikil slík svæði eigi að vera. Nú þegar eru nokkur svæði friðuð til rjúpnaveiða, svo sem vegna friðunar einstakra landeigenda, þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði.
3. *Tímabundið sölubann.* Tímabundið sölubann með virku eftirliti ætti að geta dregið úr sókn svokallaðra magnveiðimanna sem hafa haft verulegar tekjur af skotveiðinni.
4. *Hámarksveiði á hvern veiðimann.* Unnt er að setja kvóta á hvern veiðimann en samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar eru um 67% veiðikortahafa sem aðeins veiða rjúpu. Meðalveiði á veiðimann hefur verið um 20–25 rjúpur undanfarin ár en þó er talið að um 10% veiðimanna veiði um og yfir helming allra veiddra rjúpna. Ef veiðarnar væru kvótasettar ætti að vera hægt að koma í veg fyrir veiðar í atvinnuskyni. En eðlilegt er að hagsmunasamtök skotveiðimanna settu siðareglur um fjölda veiðiferða og veiddra fugla eins og tíðkast víða í lax- og silungsveiði.
5. *Bann við veiði tiltekna daga vikunnar.* Unnt er að banna veiðar tiltekna daga vikunnar, t.d. að hafa algert veiðibann á sunnudögum og jafnvel 1–2 daga í miðri viku. Með því fækkar veiðidögum innan veiðitímabilsins. Ef veiðitímabil er þannig brotið upp ætti einnig að geta dregið úr ásókn magnveiðimanna.

Að lokum benda flutningsmenn á að með lögum nr. 60/2003, sem öðlast gildi 15. október 2003, verður óheimilt að notast við vélsleða og fjórhjól við veiðarnar. Flutningsmenn leggja áherslu á að virkt eftirlit verði með þessum þætti og ætti það ásamt öðrum aðgerðum sem hér eru upp taldar að geta stuðlað að minni sókn í íslenska rjúpnastofninn.

155. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um fjárhagslegt sjálfstæði þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að þjóðgarðurinn í Skaftafelli skuli verða fjárhagslega sjálfstæð stofnun. Þjóðgarðsvörður verði forstöðumaður stofnunarinnar og beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri. Þjóðgarðinum verði fengið aukið hlutverk, m.a. viðhald og eftirlit á friðlöndum Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu. Ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag rekstursins.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 1967. Myndarlega var staðið að uppbyggingu þar á sjöunda áratugnum. Byggð var þjónustumiðstöð og útbúið stórt tjaldstæði. Göngustígar voru skipulagðir og merktir. Rannsóknir voru gerðar á gróðri og söguminjar lagfærðar, svo sem Selbærinn (fjósbaðstofan).

Á síðastliðnum 25 árum hefur þjóðgarðurinn verið rekinn fyrir mjög takmarkað fjármagn. Vegna fjárskorts hefur uppbygging og rannsóknastarf ekki verið í takt við fjölgun gesta þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn gegnir mikilvægu hlutverki á Suðausturlandi í tengslum við ferðaþjónustu og styrkingu byggðar í landshlutanum. Starfsfólk þjóðgarðsins tekur á móti yfir 150.000 ferðamönnum á hverju ári. Búist er við því að fjöldi ferðamanna muni tvöfaldast á næstu tíu árum. Því er mikilvægt að fjármagn sem ríkissjóður leggur til uppbyggingar í þjóðgarðinum aukist verulega. Einnig er mikilvægt að sértekjur sem þjóðgarðurinn aflar skili sér til uppbyggingar þar.

Nú er í þjóðgarðinum rekin fræðslustofa, tjaldstæði og lítil minjagripaverslun. Veitingastaður og verslun hafa verið leigð út til einkaaðila í Öræfasveit. Á milli 15–20 þús. manns gista á tjaldstæðinu á hverju ári. Velta þjóðgarðsins er um 20 millj. kr. á ári en launakostnaður um 10 millj. kr. Á undanförnum árum hefur þjóðgarðurinn fengið um 2–5 millj. kr. til nýframkvæmda og viðhalds. Innan þjóðgarðsins eru um 1.500 fermetrar af húsnæði, göngustígar eru tugir kílómetra og tjaldstæðið stórt. Þjóðgarðurinn þarfnast aukins fjármagns til uppbyggingar, reksturs og rannsókna. Ekki er talið að ný stjórnsýslustofnun (Umhverfisstofnun) muni bæta fjárhagslega stöðu þjóðgarðanna. Það er mikilvægt að þjóðgarðarnir séu fyrirmynd annarra útivistarsvæða á Íslandi og njóti virðingar þjóðarinnar.

Rekstur þjóðgarðs hefur efnahagslega þýðingu fyrir sinn landshluta. Því er mikilvægt að styrkja alla starfsemi í þjóðgörðum. Þeir þurfa sífellt að vera í uppbyggingu svo að þeir geti verið til fyrirmyndar og tekið á móti vaxandi fjölda ferðamanna. Á komandi árum mun þjóðgarðurinn í Skaftafelli þarfnast töluverðra endurbóta til að mæta kröfum gesta og til að koma í veg fyrir að gróður traðkist niður vegna lélegra göngustíga.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð innan skamms. Um er að ræða stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að sækja um að Skaftafell verði sett á heimsminjaskrá UNESCO. Þegar garðurinn hefur verið stækkaður og Skaftafell komið á heimsminjaskrá er líklegt að gestum þjóðgarðsins fjölgi og verkefni starfsmanna verði fleiri.

Aukið fjárhagslegt sjálfstæði gæfi þjóðgarðinum aukin tækifæri til að afla sértekna sem skilaði sér í betri þjónustu við gesti. Auðveldara yrði fyrir þjóðgarðinn að sækja fjármagn til fyrirtækja og hagsmunasamtaka ef hann væri fjárhagslega sjálfstæður.

156. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúaþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúaþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við að hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita

samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlunar. Tryggt skal að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúaþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt.

Þær meginbreytingar sem nú eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu í vestrænum þjóðfélögum einkennast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi er aukin samvinna við einkageirann og samtök af ýmsu tagi í því skyni að sinna betur tilteknum þjónustuþáttum. Í öðru lagi er valddreifing sem vísar til þeirrar meginreglu að ákvarðanir séu í sem flestum tilvikum teknar af því stjórnvaldi sem er næst íbúunum. Dæmi um þetta hér á landi er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Í þriðja lagi er á alþjóðavettvangi vaxandi áhersla á þátttökulýðræði.

Sveitarstjórn er það stjórnvald sem er næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers samfélags. Vegna þessarar nálægðar liggur lykillinn að auknu lýðræði, þ.e. að auka vitund íbúanna um ábyrgð og möguleika til áhrifa á framgang og þróun einstakra mála og málaflokka í sveitarfélaginu, hjá sveitarstjórnum.

Þjónustuhlutverk sveitarfélaga og forgangsröðun verkefna.

Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má halda fram að hver og ein sveitarstjórn gegni leiðtogahlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Af þessum sökum er samráð við íbúana um málefni sveitarfélaga nauðsynlegt. Margt bendir til þess að hollusta við stjórnmálaflokka sé á undanhaldi og víða erlendis fer þátttaka í sveitarstjórnarkosningum minnkandi. Á sama tíma kallar almenningur eftir auknu samráði og þá oftast um einstök málefni, svo sem í skipulagsmálum og skólamálum. Af því má draga þá ályktun að fulltrúalýðræði eitt og sér nægi ekki lengur til að skapa öflug, framsýn og lifandi sveitarfélög. Það getur aðeins gerst með því að íbúarnir taki virkari þátt í mótun samfélagsins.

Sveitarfélög hafa yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og því eru átök um forgangsröðun óhjákvæmileg. Ólíkir hópar hafa ólíka sýn og ólíkar þarfir. Samráðsferlið snýst því ekki síst um að tryggja að öll sjónarmið komi fram og að leitað sé leiða til samræmingar. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarstjórnar, sem síðan getur staðið íbúum skil á ákvörðun sinni.

Með því að virkja þá þekkingu og reynslu sem býr í hverju samfélagi fást betri lausnir. Ólíkir hópar í sveitarfélaginu kynnast og læra að hlýða hver á annars sjónarmið. Þannig getur skapast kraftur og samstaða sem getur orðið grunnur að jákvæðum breytingum í sveitarfélaginu.

Íbúalýðræði / þátttökulýðræði – viðbót við fulltrúalýðræði.

Lýðræði vísar ekki eingöngu til kosninga. Það vísar til samræðna ólíkra hagsmunaaðila í því skyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau málefni sem brenna á samfélaginu.

Í fulltrúalýðræði er áherslan á baráttu, þ.e. fulltrúar berjast fyrir kjöri og stjórnmálaflokkar berjast innbyrðis innan yfirstjórnar. Þannig dregur þetta ferli fram ágreiningsmál. Með auknu samráði við íbúa, þar sem beitt er aðferðum sem draga fram sameiginlegar áherslur, fæst ákveðið jafnvægi inn í það ákvarðanaferli sem beitt er við stjórnun sveitarfélagsins.

Meðal þess sem vinnst með auknu íbúalýðræði er að almenningur verður meðvitaðri um málefni sveitarfélagsins, sem undir venjulegum kringumstæðum eru eingöngu til umfjöllunar meðal kjörinna fulltrúa og embættismanna. Þannig á sér stað uppfræðsla og menntun sem stig af stigi styrkir grunninn undir aukna aðkomu íbúa að ákvörðunum. Með þátttökunni er brúað bilið milli almennings og kjörinna fulltrúa og íbúar fengnir til liðs við sveitarstjórnir í ákvarðanatöku. Þannig eykst skilningur íbúa á nauðsyn málamiðlunar.

Traust – félagslegur auður.

Almennt ríkir heldur takmarkað traust milli sveitarstjórna og íbúa. Þegar stigin eru skref í átt að auknu samráði snúast þau í fyrstu um að byggja upp þetta traust. Ef sveitarstjórn boðar til opins samráðs og nýtir síðan niðurstöðurnar við ákvarðanatöku, sjá íbúar ástæðu til að taka frekari þátt í mótun samfélagsins. Þannig getur traust milli þessara tveggja aðila, sem hvor um sig skiptir sköpum um hag sveitarfélagsins, vaxið stig af stigi.

Notað hefur verið hugtakið „félagslegur auður“ um þetta traust sem þannig myndast. Það hefur m.a. verið skýrt á eftirfarandi hátt:

„Einn hagnýtur afrakstur þátttöku, er myndun „félagslegs auðs“. Félagslegur auður er það traust og trúnaður sem þróast þegar stjórnvöld og hið almenna samfélag koma saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum, samfélaginu til góða, segir stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam. Félagslegur auður er grunnurinn að lögmæti opinberra stjórnvaldsstofnana og er nauðsynlegur fyrir áhrifaríka og árangursríka stjórnun. Án félagslegs auðs, þegar traust og trúnaður er ekki til staðar, getur það stöðvað framvindu aðgerða stjórnvalda; til lengri tíma litið virka samfélög án trausts illa og í verstu tilfellum getur brotist út ofbeldi milli andstæðra fylkinga samfélagsins. Samstarf og samráð stjórnvalda við almenning geta skipt sköpum í að efla þann félagslega auð sem er til staðar og byggja hann upp frá grunni þar sem hann hefur ekki þekkst áður.“[1]

Farvegur fyrir samráð.

Ýmsar leiðir eru færar til samráðs sveitarstjórnar við íbúa, en þar er lykilatriði að farvegurinn sé skilgreindur og ljós. Í fámennum sveitarfélögum, þar sem aðgengi íbúa að sveitarstjórnarfólki er mjög gott, getur það þó aldrei komið í stað formlegs samráðs sem sveitarstjórn boðar til, með það að markmiði að hlýða á raddir íbúa.

Lengst getur sveitarstjórn gengið með því að boða til almennrar og bindandi atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Íbúaþing sem samráðsvettvangur.

Tilgangur íbúaþings, eins og hér er vísað til, er að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að íbúaþing sé haldið að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili. Eðlilegast verður að telja að íbúaþing séu haldin á fyrri hluta hvers kjörtímabils enda mest um vert fyrir ný-

[1] Timothy D. Sisk, Democracy at the Local Level, The International IDEA Handbook on Participation, Representation, Conflict Management and Governance, IDEA 2001.

kjörnar sveitarstjórnir að leita samráðs við íbúa áður en þeir hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hætt er við að íbúaþing stuttu fyrir kosningar missi marks af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að notaðar verði aðferðir sem tryggja að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á íbúaþingi verði meginálhersla á að hlusta eftir skoðunum íbúa, frekar en kynningar af hálfu sveitarstjórnar. Má segja að þetta sé það sem aðgreinir íbúaþing frá hefðbundnum borgarafundum. Æskilegt er að óhlutdrægur aðili verði fenginn til að stýra samráðinu.

Ekki er gert ráð fyrir að ályktanir séu gerðar á íbúaþingum enda hér fyrst og fremst um samráðsvettvang að ræða og það er síðan hlutverk sveitarstjórna að vinna úr því sem fram kemur.

Að loknu íbúaþingi gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarstjórn geri grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Loks er gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd íbúaþings.

157. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis hefur verið flutt á nokkrum löggjafarþingum áður en ekki hlotið afgreiðslu og er nú endurflutt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður

ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur“. Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og tryggingaefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða.

158. Fyrirspurn [158. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning lambakjöts.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði til markaðssetningar á íslensku lambakjöti sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum, og hvernig hefur því fé verið ráðstafað?
2. Hvernig hefur verðþróun á íslensku lambakjöti erlendis verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum?

3. Hvert hefur skilaverð til bænda fyrir íslenskt lambakjöt verið á erlendum mörkuðum sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum?

Skriflegt svar óskast.

159. Fyrirspurn [159. mál]

til heilbrigðisráðherra um sýkingarhættu á sjúkrahúsum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri skoðun sóttvarnalæknis að strax verði að ráðast í byggingu nýs Landspítala vegna smithættu í núverandi byggingum?
2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úr könnun yfirlæknis smitsjúkdómadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss í 10. tbl. Læknablaðsins 2003 sem sýna að auknar sýkingar megi rekja til þess að salernis- og hreinlætisaðstaða sé ófullnægjandi á spítalanum?
3. Verður það kannað nánar sem fram kemur hjá sóttvarnalækni í 10. tbl. Læknablaðsins 2003 að ætla megi að spítalasýkingar kosti Íslendinga hundruð milljóna króna á ári hverju?
4. Hve mörg sýkingartilvik sem landlæknir metur að hafi verið alvarleg hafa komið upp á sjúkrahúsum sl. fimm ár?

160. Fyrirspurn [160. mál]

til sjávarútvegsráðherra um mælingar á þrávirkum efnum í hvölum.

Frá Merði Árnasyni.

Hafa verið mæld þrávirk efni í hvölum á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður mælinganna?

161. Fyrirspurn [161. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öryggismál sjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa öryggismál sjúklinga hér á landi verið rannsökuð sérstaklega?
2. Hefur verið ákveðið að setja á stofn rannsóknarnefnd slysa og/eða mistaka innan heil-

brigðiskerfisins? Ef svo er, hvert er hlutverk hennar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík rannsóknarnefnd verði skipuð?

162. Svar [50. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um jöfnun flutningskostnaðar á olíu og sementi.

1. *Hvaða reglur gilda um greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði olíu?*

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, gilda um greiðslur úr flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Lögin taka til bifreiðabensíns, gasolíu, annarra olía og blandna til brennslu, flugsteinolíu eða þotueldsneytis og flugbensíns. Jöfnunin nær til sjóflutninga á framantöldum tegundum frá innflutningshöfn til olíuhafna. Jafnframt nær hún til landflutninga á bensíni og dísilolíu frá innflutnings- eða olíuhöfn til útsölustaða í byggð, þ.e. utan hálendis.

Stjórn sjóðsins úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður og tekur þá mið af ódýrustu flutningsháttum og hefur viðurkenndur taxti sjóðsins verið byggður á raunkostnaði á flutningatækjum sem notuð hafa verið við dreifinguna.

2. *Hvaða reglur gilda um jöfnun flutningskostnaðar á sementi?*

Lög nr. 62/1973, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 937 frá 13. desember 2001 gilda um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Lögin ná til sements, sem framleitt er hér á landi, og innflutts sements. Jöfnunin nær til greiðslu á flutningskostnaði á sementi frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til aðaltollhafna og verslunarstaða sem ákveðnir eru með reglugerð.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements tekur mið af raunflutningum framleiðenda og innflytjenda á lausu og sekkjuðu sementi og þeim flutningatækjum sem eru hagkvæmust á flutningsleiðunum. Flutningskostnaður er um 20% af verði sements í dag. Á verslunarstöðum sem eru fjærst Faxaflóasvæðinu eins og á Austurlandi væri hann á bilinu 50–55% af verði sements ef flutningsjöfnunar nyti ekki við. Á Akureyri væri þetta hlutfall 36–42% af verði sements eftir því hvort miðað er við Akranes eða Helguvík sem eru framleiðslu- og innflutningshafnir þeirra seljanda sem eru á markaðinum í dag.

3. *Hvaða áhrif hafa þessar reglur á samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum?*

Á síðustu árum hafa flutningatæki á landi orðið æ stærri og hagkvæmari um leið og vegakerfi landsins hefur batnað og vegir á milli landshluta hafa styst. Fyrir þær sakir er stöðugt orðið hagkvæmara að flytja vörur á landi miðað við það sem áður var á sjó. Stjórnir flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara og sements hafa tekið mið af þessu við ákvörðun flutningstaxta frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til viðkomandi útsölu- eða verslunarstaða.

Samkeppnisstaða sjóflutninga hefur því versnað á kostnað landflutninga af ástæðum sem að framan greinir og hafa viðkomandi flutningstaxtar sjóðanna tekið mið af því.

4. *Hve miklum fjárhæðum hefur verið varið til flutningsjöfnunar á sl. fimm árum?*

Fjármunir til flutningsjöfnunar koma ekki úr ríkissjóði beint heldur eru það notendur sements og olíuvara á hverjum tíma sem hafa staðið undir flutningsjöfnuninni og hefur hún verið eftirfarandi á sl. fimm árum, í milljónum króna:

Ár	Sement	Olíuvörur	Samtals
1998	157	565	722
1999	160	525	685
2000	188	496	684
2001	219	482	701
2002	156	549	705
	880	**2.617**	**3.497**

5. *Mun flutningsjöfnun sements taka til flutnings á sementi til virkjana, svo sem Kárahnjúkavirkjunar?*

Í lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, er í 4. málsl. 4. gr. svohljóðandi ákvæði: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem flutt er til landsins eða framleitt innan lands og notað er til byggingarframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.“

6. *Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á hlutverki og reglum þessara flutningsjöfnunarsjóða? Sé svo, hvaða markmið verða þar höfð að leiðarljósi?*

Stjórnir sjóðanna fylgjast stöðugt með breyttum flutningsháttum og öðru sem tengist rekstri sjóðanna. Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara vinnur nú að breyttu fyrirkomulagi á endurgreiðslu á flutningskostnaði á olíuvörum. Það er m.a. tilkomið af því að beinn innflutningur og umskipun á olíu á sér nú stað á Akureyri en var áður einungis á höfuðborgarsvæðinu. Þess ber og að geta að minni olíuskip eru notuð við beinan innflutning á ströndina og losa þau farminn nú á nokkrum stöðum fyrir utan Reykjavík og Akureyri. Aðrar hafnir á ströndinni fyrir utan Akureyri og Reykjavík eru því nú orðnar í reynd að blönduðum innflutnings- og olíuhöfnum. Þar með minnkar það magn olíu sem áður var flutt frá einu innflutningshöfn landsins, Reykjavík, út á land. Um leið dregur úr þeim kostnaði sem flutningsjöfnunarsjóður hefur af flutningi á ströndina.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að láta endurskoða fyrirkomulag jöfnunar flutnings á sementi. Í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp iðnaðarráðherra um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á 128. löggjafarþingi var mælt með því að ákvæði laga nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, yrðu tekin til endurskoðunar. Með framangreint álit meiri hluta iðnaðarnefndar í huga og í tengslum við almenna skoðun jöfnunar flutningskostnaðar á landsbyggðinni, sem unnin hefur verið að undanförnu, var hinn 19. september sl. skipuð nefnd er falið var að taka til endurskoðunar lög nr. 62/1973. Nefnd þessi hefur hafið störf og skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en um næstkomandi áramót.

163. Svar [79. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um borgaralega friðargæslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig rökstyður ráðherra þá ákvörðun að reikna þátttöku Íslands í borgaralegri friðargæslu sem framlag landsins til þróunarsamvinnu?

Þróunarríki eru mörg hver stríðshrjáð. Stríðsátök ala á fátækt, hamla þróun og koma í veg fyrir að aðstoð nái til þeirra er minnst mega sín. Borgaraleg friðargæsla er því mikilvægt fyrsta stig þróunaraðstoðar og jafnan forsenda þess að heföbundnari þróunaraðstoð geti átt sér stað.

Samkvæmt Þróunaraðstoðarnefnd OECD (DAC) er friðargæsla skilgreind sem þróunaraðstoð ef hún er borgaraleg í eðli sínu og á sér stað í skilgreindum þróunarríkjum. Skilgreiningar DAC eru sá alþjóðlegi mælikvarði sem stuðningsríki hafa komið sér saman um, enda eðlilegt og mikilvægt að ríkin notist við sömu skilgreiningar og mælikvarða þegar framlög til þróunaraðstoðar eru talin fram.

Í ljósi þessa er fullkomlega eðlilegt að reikna þátttöku Íslands í borgaralegri friðargæslu sem framlag til þróunaraðstoðar.

Framlag Íslands til borgaralegrar friðargæslu á árinu 2003 er áætlað 284 millj. kr.

164. Frumvarp til laga [162. mál]

um verndun hafs og stranda.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

2. gr.

Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lögin gilda einnig um íslensk skip utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að verna mannslíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna hernaðarátaka eða óviðráðanlegra atvika, svo sem veðurofsa eða annarra náttúruhamfara (force majeure).

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. *Besta fáanleg tækni:* Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með „fáanlegri tækni" er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með „bestu" er átt við virkustu aðferðina til að verna alla þætti umhverfisins gegn mengun.
2. *Bráðamengun:* Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.
3. *Eftirlitsaðilar:* Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæsla Íslands og Siglingastofnun Íslands. Einnig aðrir aðilar sem Umhverfisstofnun hefur gert samning við um eftirlit.
4. *Fljótandi efni:* Vökvar með lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.
5. *Flutningur olíu, hættulegra efna og eiturefna:* Flutningar á efnum sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um sjóflutninga á hættulegum varningi, IMDG-kóðann, um sjóflutninga á hættulegum efnum í farmgeymum skipa, IBC-kóðann, um flutning á olíu í farmgeymum skipa, eða ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum, þ.e. þeim efnum sem falla undir viðauka I, II og III í MARPOL-samningnum, þegar þau eru flutt sem farmur í skipum, og efnum sem flokkuð eru sem hættuleg á landi.
6. *Hafnarsvæði:* Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum.
7. *Hleðslustöð:* Stöð þar sem skip eru losuð eða lestuð.
8. *Innsævi:* Hafsvæðið sem er landmegin við grunnlínu landhelginnar.
9. *Kjölfestuvatn:* Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölristu, stöðugleika eða álagi skips.
10. *Loftfar:* Sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.
11. *Losun:* Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafið í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta í hafið óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu.
12. *Lýsi og grútur:* Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.
13. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
14. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að

efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

15. *Mengunartjón:* Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
16. *Netlög:* Sjávarbotn 115 m frá stórstraumsfjöru.
17. *Olía:* Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.
18. *Olíuflutningaskip:* Skip sem er smíðað eða breytt og aðallega er ætlað til að flytja olíu í lausu í farmrýmum, þ.m.t. fjölnota skip og sérhvert efnaflutningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka 2 við MARPOL-samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.
19. *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur:* Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.
20. *Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.
21. *Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
22. *Skip:* Sérhvert fljótandi far sem gert er til flutnings á mönnum eða munum á sjó.
23. *Skipaviðgerðarstöð:* Aðstaða þar sem skip eru tekin á land, svo sem slippur eða flotkví.
24. *Skolp frá skipum:* Frárennsli eða annar fljótandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.
25. *Sorp frá skipum:* Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum.
26. *Strandsjór:* Sjór sem nær frá fjörumörkum og ferskvatnsmörkum í vatnsföllum að ytri mörkum mengunarlögsögu.
27. *Strönd:* Svæði milli hæstu og lægstu sjávarstöðu.
28. *Umhverfi:* samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
29. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.
30. *Varp:* Þegar efnum eða hlutum er vísvitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sökkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta ósunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.
31. *Vöktun:* Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.
Yfirstjórn og eftirlitsaðilar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögunum.

Umhverfisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins, sem undir stofnunina heyra, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum í umboði stofnunarinnar. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. 22.–24. gr. er í höndum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar þar sem hún fer með eftirlit.

Umhverfisstofnun skal sjá um að mengun hafs og stranda sé vöktuð.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Landhelgisgæsla Íslands tilkynnir Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum um svæði þar sem mengun getur borist á land ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á mengun hafs eða stranda. Siglingastofnun Íslands, undir yfirstjórn samgönguráðherra, annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum.

5. gr.
Ráðgjafaraðilar.

Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunin, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjóri og Geislavarnir ríkisins eru ráðherra til ráðgjafar um þau atriði sem að lögum þessum lúta og eiga undir starfsemi þeirra.

III. KAFLI
Framkvæmd almennra ákvæða laganna.

6. gr.
Reglugerðir um verndun hafs og stranda.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, í reglugerðir almenn ákvæði um:

a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þ.m.t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
b. takmörkun á olíumagni í fráveituvatni sem heimilt er að leiða til sjávar,
c. bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur þar sem slíkt hefur verið skilgreint,
d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,

f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
g. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og ákvæði um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
h. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
k. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,
l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
m. takmörkun eða bann við losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,
n. bann eða takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í fylgiskjali II með lögum þessum,
o. varp efna og hluta í hafið,
p. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
q. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
r. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi,
s. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til enskrar útgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
t. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar, upplýsingaskyldu og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
u. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
v. bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
w. ábyrgðir og tryggingar vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gildandi laga,
x. umskipun efna, sbr. fylgiskjal II, innan mengunarlögsögu Íslands,
y. önnur sambærileg atriði.

Í reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt lögum þessum er heimilt að vísa í gildandi staðla.

Leita skal umsagnar aðila atvinnulífsins og skipulagðra umhverfissamtaka áður en reglugerðir eru settar.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

7. gr.

Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

Hver sá sem veldur mengun í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum.

Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu. Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til stöðvarinnar til geymslu eða flutnings. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, um varnir gegn mengun hafsins og stranda. Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Umhverfisstofnunar jafnan hafa greiðan aðgang að þessu bókhaldi.

8. gr.

Bann við losun í hafið.

Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Olíumagn blöndu við útrás skal að hámarki vera 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar. Olíublandað fráveituvatn sem losað er innan strandsjávar skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla.

Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

Óheimilt er að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í hafið innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu, þ.m.t. plastílát, kaðla og net.

Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarsvæðum og innan netlaga. Um losun skolps utan netlaga fer samkvæmt reglugerð settri skv. 6. gr.

9. gr.

Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Áður en leyfi er veitt skal stofnunin hafa samráð við sjávarútvegsráðuneytið, Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands.

10. gr.

Brennsla úrgangsefna á hafi úti.

Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti. Heimilt er þó að brenna eigið sorp og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í þar til gerðum ofnum í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem tekið skal tillit til ákvæða í gildandi samningum um brennslu úrgangsefna á hafi úti og þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

11. gr.

Móttaka úrgangs og skolps í höfnum.

Hafnarstjórn skal koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og skal taka mið af leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Í höfnum skal hafnarstjórn koma upp móttöku fyrir skolp. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá móttöku skolps þar sem hafnir eru litlar og þjónusta er fyrir hendi í nærliggjandi höfn. Hafnarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum. Gjaldið má aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu.

12. gr.

Tilkynningarskylda.

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lög þessi ná til innan mengunarlögsögu Íslands, sem og á strendur, nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimil samkvæmt lögunum. Landhelgisgæslan skal framsenda tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar.

Skip sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögu Íslands skulu senda stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynningar um eftirtalin atriði sem lúta að farmi, komu, brottför og ferðum innan mengunarlögsögu Íslands:

a. um magn og tegund farms,
b. með sex klukkustunda fyrirvara um komu í og siglingu út úr mengunarlögsögunni, svo og um staðsetningu,
c. meðan á siglingu þeirra í mengunarlögsögunni stendur, á sex klukkustunda fresti, um staðsetningu, stefnu og hraða,
d. með þriggja klukkustunda fyrirvara um komu í og brottför úr höfn.

IV. KAFLI
Bráðamengun.

13. gr.

Svæðisráð vegna bráðamengunar.

Landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði til fjögurra ára í senn. Sveitarstjórnir á viðkomandi svæði kjósa í svæðisráð og í hverju svæðisráði skulu m.a. eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri. Þar að auki skal einn fulltrúi sitja í svæðisráðinu tilnefndur af fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu. Ráðið skiptir með sér verkum.

Hlutverk svæðisráðs er:

a. umsjón, rekstur og viðhald búnaðar í eigu hafnanna,
b. að fræða starfsmenn viðkomandi hafna um viðbúnað við bráðamengun í samráði við Umhverfisstofnun,
c. að sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum,
d. að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
e. að fara á vettvang og meta aðstæður í samráði við Umhverfisstofnun eftir að mengun hefur orðið.

Kostnaður af rekstri svæðisráða skal borinn af sveitarstjórnum.

Ráðherra ákveður í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga fjölda viðbragðssvæða og mörk þeirra og flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði, svo og nánara verksvið svæðisráða. Umhverfisstofnun annast samræmingu milli svæða og ber ríkissjóður kostnað af samræmingunni.

14. gr.

Framkvæmd og stjórn á vettvangi.

Um framkvæmd og stjórn á vettvangi gildir eftirfarandi:

a. Mengun innan hafnarsvæða: Hafnarstjóri annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins og ber honum að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna bráðamengunar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn á frekari aðgerðum er stofnuninni heimilt að hlutast til um þær.
b. Mengun utan hafnarsvæða: Þegar tilkynning berst um bráðamengun við strendur skal hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar og nauðsynlegar aðgerðir og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Umhverfisstofnun ber kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skulu gera skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna og um framkvæmd einstakra verkþátta.

Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar. Í slíkum tilvikum verður mengunarvaldurinn að leggja fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni.

Sé talið að mönnum geti stafað hætta af menguninni ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Heimilt er að fela slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar við á.

15. gr.

Íhlutun vegna bráðamengunar.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.

Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæsla Íslands hafa samráð við Umhverfisstofnun og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

16. gr.

Vátryggingar og ábyrgð á bráðamengunartjónum.

Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Þessi ábyrgð tekur til tjóns sem nemur allt að 1 milljón SDR. Þeir sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu að mati Umhverfisstofnunar, allt að 1 milljón SDR, svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal vátryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð. Nánari ákvæði um vátrygginguna og gildissvið skulu sett í reglugerð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir, sbr. 14. gr.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

17. gr.

Vátryggingar olíuflutningaskipa.

Um ábyrgð og vátryggingar olíuflutningaskipa gilda: alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

18. gr.

Viðbragðsáætlanir.

Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í fylgiskjali I og mælt verður frekar fyrir um í reglugerð.

Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð við bráðamengun.

19. gr.

Mengunarvarnabúnaður.

Svæðisráð sér um geymslu og viðhald þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er og um endurnýjun á honum og tilnefnir umsjónarmann og annan til vara.

Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

20. gr.

Siglingaleiðir og strönduð og sokkin skip, pallar eða önnur mannvirki.

Samgönguráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrýmí og tönkum.

Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó strandað þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó eða loftför sokkið getur Umhverfisstofnun krafist þess að þau verði fjarlægð. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip, pall, loftfar eða annað mannvirki er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja hið sokkna skip, pall eða annað mannvirki. Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Höfnum og svæðisráðum er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi á grunni gjaldskrár sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarsvæða og við starfsemi svæðisráða vegna mengunar. Gjaldskráin skal lögð til grundvallar við uppgjör við Umhverfisstofnun vegna starfa á vegum svæðisráðs og hafna og afnota á mengunarvarnabúnaði í eigu hafna þegar stofnunin ber fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum. Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár í viðkomandi skipi eða fasteign.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá ákvæði um leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Umhverfisstofnun skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár eftir gjalddaga í viðkomandi skipi eða fasteign þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI
Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.

22. gr.
Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um úrbætur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, þar sem það á við, sem gerður hefur verið samningur við, sbr. 2. mgr. 4. gr., beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
c. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun.

Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef úrbætur eru ekki gerðar innan tiltekins frests og er þá heimilt, ef með þarf, að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, eftir því sem við á. Sé um slík brot að ræða getur Umhverfisstofnun afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna skulu þær afturkalla starfsleyfið í samráði við Umhverfisstofnun.

Telji Umhverfisstofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfsemi eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

23. gr.
Dagsektir.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákveðið honum sektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt. Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Jafnframt er Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar og dagsektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki, skipi eða mannvirki í eitt ár eftir að greiðslu er krafist.

24. gr.
Heimildir eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef talin er hætta á mengun hafs og stranda eða ef mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum. Umhverfisstofnun leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands, Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi viðkomandi eða ónauðsynlegum útgjöldum.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska þess eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum um athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar hafa verið gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda sýni endurgjaldslaust sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

25. gr.

Refsiviðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

26. gr.

Sektir.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

27. gr.

Kyrrsetning.

Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk málskostnaðar greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila.

Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar eftirlitsaðila skal vera lögveð í skipinu í eitt ár.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögum þessum sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

29. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lögin öðlast gildi 1. júlí 2004. Frá sama tíma falla úr gildi lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. skulu ákvæði 16., 17. og 18. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 2005 og ákvæði 2. mgr. 11. gr. ekki fyrr en 24. september 2004.

II.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar, þegar svo háttar til, veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum laga þessara, en þó ekki lengur en til ársins 2010.

III.

Umhverfisráðherra skal í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006. Hreinsun skal lokið fyrir árslok 2008.

IV.

Umhverfisráðherra skipar starfshóp til að undirbúa gildistöku laganna. Starfshópurinn skal starfa þar til lögin hafa að fullu tekið gildi, sbr. 29. gr. og ákvæði I til bráðabirgða. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúi umhverfisráðherra, sem jafnframt er formaður, fulltrúi samgönguráðherra, fulltrúi Umhverfisstofnunar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Fylgiskjal I.

Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m^3.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.
37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni á umhverfi hafs og strandar.

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Fylgiskjal II.

Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.

6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á síðasta þingi lagði ríkisstjórnin fram í annað sinn frumvarp til laga um verndun hafs og stranda en það hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið var rætt ítarlega í umhverfisnefnd en nefndin sendi það fjölmörgum aðilum til umsagnar. Frumvarpið er nú lagt fram nokkuð breytt, m.a. með hliðsjón af þeim umræðum sem fram fóru í umhverfisnefnd að fengnum áðurnefndum umsögnum. Að meginstofni er frumvarpið samið af nefnd sem skipuð var 18. desember 1998 af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar. Í nefndinni áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Davíð Egilson, þá forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins, nú forstjóri Umhverfisstofnunar, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Hallur Árnason, deildarstjóri hjá Reykjavíkurhöfn, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Benedikt Bogason, þá skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, nú héraðsdómari, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Arnór Halldórsson, þá deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneytinu, og Jón Leví Hilmarsson, þá forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands, tilnefndur af samgönguráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Kristín Linda Árnadóttir, deildarlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Nefndin hóf störf í febrúar 1999. Hinn 30. september 1999 sendi nefndin í samráði við umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, drög að frumvarpi til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda til 37 aðila sem allir skiluðu umsögn og athugasemdum. Þessir aðilar voru: Almannavarnir ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, félagsmálaráðuneytið, Fiskistofa, Geislavarnir ríkisins, Hafnasamband sveitarfélaga, Hafrannsóknastofnunin, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknisembættið, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Landvernd, mengunarvarnaráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarsamtök Íslands, ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, samgönguráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Siglingastofnun Íslands, sjávarútvegsráðuneytið, Sjómannasamband Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélag Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfissamtök Íslands, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið, Vélstjórafélag Íslands og Vinnueftirlit ríkisins.

Umsagnir bárust fram eftir ári 2000. Ábendingar bárust sérstaklega í tengslum við starfssvið hlutaðeigandi stofnunar eða félags, og nokkrir skiluðu ítarlegum athugasemdum um málið í heild. Vinnuhópur á vegum endurskoðunarnefndarinnar, sem í áttu sæti formaður, forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins og áðurnefndir tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins, fór yfir umsagnirnar og lagði fyrir nefndina úrvinnslu á umsögn-

unum. Í þeirri vinnu voru sérstaklega kallaðir til fulltrúar Hafnasambands sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Enn fremur var frumvarpið kynnt sérstaklega í bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins en þar eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Náttúrufræðistofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Almannavörnum ríkisins, Geislavörnum ríkisins, Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun), Siglingastofnun Íslands og Hafrannsóknastofnuninni auk umhverfisráðuneytisins.

Af umsögnum mátti ráða að almennt væru umsagnaraðilar sáttir við þá stefnu sem mótuð var í frumvarpsdrögunum sem send voru út 30. september 1999 og liggja til grundvallar þessu frumvarpi. Frumvarpið tók þó verulegum breytingum í meðförum nefndarinnar í samræmi við athugasemdir og breytingartillögur sem fram komu í umsögnum.

Í drögum nefndarinnar sem send voru út til umsagnar 30. september 1999 var gert ráð fyrir tengingu þess við annað frumvarp, þ.e. frumvarp til laga um skipströnd og vogrek, en það var samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 23. apríl 1997 og fól að endurskoða lög nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek. Drög að frumvarpi til nýrra laga um skipströnd og vogrek var sent dómsmálaráðherra 27. nóvember 1997 en frumvarpsgerð er ekki lokið. Tenging milli þessara tvennra laga er því ekki inni í myndinni. Þróun mála á undanförnum hálfum öðrum áratug hefur verið ör og fyllsta ástæða til þess að öðruvísi verði haldið á ýmsum málum en þá var gert bæði í tengslum við stjórnsýslulega framkvæmd sem og ýmiss konar ábyrgð og vátryggingar. Nægir þar að benda á að í þeim lögum er litið á málin frá allt öðrum sjónarhóli en gert er nú, enda viðhorf allt önnur á þeim tíma, en áhyggjur af mengun og öðrum umhverfisspjöllum voru nánast óþekktar þá. Lögin frá 1926 gera þannig beinlínis ráð fyrir að eingöngu þurfi að huga að verðmætum þegar skipströnd og vogrek eiga sér stað en á síðari tímum er frekar litið á þess háttar atburði sem ógn við umhverfið og náttúruna. Nægir þar að nefna strand flutningaskipsins Víkartinds 5. mars 1997. Þótt vissulega hafi þar verið mikil verðmæti í húfi er ljóst að kostnaður við dælingu á olíu úr skipinu og hreinsun fjöru af ýmiss konar drasli auk niðurrifs skipsins var meiri en það sem hafðist upp úr strandgóssi. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um viðbrögð við bráðamengun, einkanlega rétt til íhlutunar, með skýrum hætti inn í þetta frumvarp.

Þar sem framkvæmd gildandi laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, er verkefni ríkisins, þ.e. umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, að undanskildum aðgerðum innan hafna sem eru í höndum hafnarstjórna og heyra þar með undir sveitarfélögin, taldi endurskoðunarnefndin ástæðu til að fara yfir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga innan málaflokksins, sérstaklega þegar haft er í huga að framkvæmd laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um mengunarvarnir á landi, er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Mikilvægt er að ekki fari á milli mála hvort ríki eða sveitarfélög fara með framkvæmd þessa málaflokks en tillaga nefndarinnar var sú að ríkið færi með málaflokkinn allan og að Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, annaðist framkvæmdina fyrir hönd umhverfisráðherra. Þetta hefði í för með sér að ábyrgð á viðbrögðum við stórfelldri mengun innan hafnarsvæða færðist undir Umhverfisstofnun þótt nefndin leggi til að hafnarstjórnum verði falin ábyrgð á fyrstu aðgerðum og hreinsun sé ekki um meiri háttar mengunaróhöpp að ræða. Nefndin ræddi ítarlega við Samband íslenskra tryggingafélaga í tengslum við þá tillögu að komið verði á hlutlægri ábyrgð sé um að ræða bráðamengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnurekstrar á landi sem tilgreindur er í fylgiskjali I með frumvarpinu. Hér er lagt til að lögfest verði svokölluð mengunarbótaregla (PPP-reglan) en um yrði að ræða ábyrgð án sakar að ákveðnu hámarki sem

nemur 1 milljón SDR og er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi atvinnurekstur geti aflað sér vátrygginga í slíkum tilvikum.

Eftir að farið hafði verið vandlega yfir þá þætti sem áður eru nefndir og athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila og í ljósi þess að ekki er ætlunin að leggja fram frumvarp til nýrra laga um skipströnd og vogrek rak endurskoðunarnefndin smiðshöggið á verkið og skilaði því til umhverfisráðherra í september 2001.

Lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og önnur lög er varða málefnið.

Lög nr. 32/1986 mörkuðu tímamót í sögu íslenskra umhverfismála. Lögin eru fyrstu heildarlögin hér á landi um varnir gegn mengun sjávar. Lögin voru sett í samræmi við 8. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, svokölluð landgrunnslög. Sett voru í einn lagabálk ákvæði þeirra alþjóðasamninga um mengun sjávar sem Ísland hafði staðfest auk þess sem lögin hafa að geyma ákvæði er taka mið af verndun sjávar gegn mengun með tilliti til séraðstæðna hér á landi. Rétt er að geta þess að lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, voru ekki sett inn í lög nr. 32/1986 og gilda þau enn sem sérlög. Eru lög nr. 20/1972 því einu lögin er varða mengun sjávar sem eru í gildi til hliðar við lög nr. 32/1986. Eftir að lög nr. 32/1986 öðluðust gildi hafa orðið töluverðar breytingar á lagaumhverfinu, ekki síst í tengslum við stjórnkerfið og alþjóðlega samninga, og hafa lögin verið löguð að þeim eftir föngum.

Rétt er að hafa í huga að löggjöf sem snýr að vernd hafsins byggist á alþjóðlegum samþykktum að verulegu leyti. Þetta stafar af þeirri einföldu staðreynd að mengun virðir ekki landamæri og eins af hinu að aðgerðir einstakra þjóða segja oft lítið og strangar reglur einstakra landa geta skekkt samkeppnisstöðuna ef alþjóðasamfélagið er ekki tilbúið að standa sem næst einhuga að slíkum skuldbindingum. Það er af framangreindum ástæðum sem alþjóðasamningar eru ráðandi í löggjöf um vernd hafsins og raunar einnig um öryggi skipa og sjófarenda. Nánar verður gerð grein fyrir helstu alþjóðasamningum um vernd hafsins hér á eftir.

Markmið laga nr. 32/1986 er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna sem talin eru upp í fylgiskjali I með lögunum og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins. Lögin fjalla aðallega um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, sorps og annarra skaðlegra efna, varp efna í hafið, ábyrgð á mengun, íhlutun og framkvæmd laganna. Í lögunum er að finna skilgreiningar á orðum og orðasamböndum sem fram koma í lögunum þannig að merking þeirra fari ekki á milli mála. Þannig er merking hugtaksins mengun sú sama og í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem upphaflega voru sett árið 1981, sbr. nú lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í lögunum kemur fram skilgreining á hugtakinu mengunarlögsaga Íslands sem er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands og er þannig í samræmi við lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Mengunarlögsagan og efnahagslögsagan eru eitt og hið sama. Í lögunum er hugtakið mengunartjón skilgreint sérstaklega en það merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur til alls kostnaðar af aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón eða skaða sem getur hlotist af ráðstöfunum sem grípa þarf til í slíku skyni. Í lögunum er enn fremur að finna ákvæði um bráðamengun og skýringu á hugtakinu bráðamengun en það merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Hins vegar er hvergi

kveðið á um sérstakar aðgerðir í tengslum við bráðamengun í lögunum sjálfum en það er hins vegar gert í reglugerð nr. 465/1998, um viðbrögð við bráðamengun sjávar.

Í lögunum er sérstaklega fjallað um losun í sjó, þ.e. losun efnaúrgangs sem verður til við rekstur og fellur þar undir allur úrgangur frá landstöðvum sem leiðir af eðlilegri starfrækslu. Samkvæmt lögunum er óheimilt, hvort sem er beint eða óbeint, að losa olíu í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun lýsis og grútar í sjó er enn fremur óheimil á innsævi og sú krafa gerð að við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, og við vinnslu feitfisks í landi, skuli vinnsluaðili sjá um að sjór mengist ekki vegna slíkrar losunar. Enn fremur er óheimilt að veita til sjávar óhreinsuðu vinnsluvatni nema Umhverfisstofnun hafi gefið út leyfi til þess. Losun fljótandi efna, en um er að ræða vökva með lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37°C, er óheimil innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, en utan þess hafsvæðis fer um losunina samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamning frá 1973, um varnir gegn mengun frá skipum.

Í lögunum segir og að óheimilt sé að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar og að óheimilt sé að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðla og net. Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Slíkar reglur voru settar með reglum nr. 124/1994, nú reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum, nr. 107/1998. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó. Slíkar reglur hafa ekki verið settar en eigi að síður gilda um skolp alþjóðlegar reglur, eftir því sem við á, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Önnur losun efna í sjó er fyrst og fremst frá landstöðvum og er umhverfisráðherra heimilt, ef þörf krefur, að setja reglur er takmarka losun slíkra efna í sjó frá landi í samræmi við alþjóðasamning frá 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, geyma hins vegar ákvæði um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sjávar. Fjöldi reglugerða gildir og um starfsemi á landi sem mengað getur sjó, svo sem mengunarvarnareglugerðir sem settar voru í október 1999 með heimild í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar eru annars vegar settar reglur í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins í tengslum við skuldbindingar í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar um atriði sem taka mið af sérislenskum aðstæðum.

Í lögunum er fjallað um móttökustaði fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang, svo sem um olíuúrgang frá skipum og starfsemi á landi, og kvaðir lagðar á þá aðila sem annast dreifingu og sölu olíu að taka við olíuúrgangi frá skipum og starfsemi í landi og tryggja viðunandi eyðingu. Lagðar eru kvaðir á umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðastöðva um að þær hafi aðstöðu til að taka við óblandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi er skip koma í stöðvarnar.

Lögð er sú skylda á hafnaryfirvöld að þau komi upp eða tryggi rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum og umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en olíuúrgang og sorp.

Í IV. kafla laganna er sérstaklega fjallað um varp efna í hafið og er það óheimilt án leyfis Umhverfisstofnunar en þó með þeirri undantekningu að heimilt er að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli ákveðin efni sem talin eru upp í fylgiskjali með lögunum.

Í V. kafla laganna er fjallað um aðra mengun sjávar, svo sem brennslu úrgangsefna eða annara efna á hafi úti en til þess þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Í VI. kafla laganna er kveðið á um að hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands beri fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Lögin kveða enn fremur á um viðbúnað vegna mengunaróhappa, og eru þar lagðar þær skyldur á mengunarvald að koma í veg fyrir skaða af völdum mengunar, og um tafarlausar aðgerðir á vegum hafnaryfirvalda sé um að ræða mengun á hafnarsvæði, og á Umhverfisstofnun, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun, sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða. Í 19. gr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að krefjast þess að fyrirtæki með starfsemi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

Lögin fjalla um tilkynningarskyldu eigenda skipa og skipstjórnarmanna, sem og eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi, um að tilkynna Siglingastofnun Íslands tafarlaust eða öðrum yfirvöldum um alla losun eða varp sem lögin ná til innan efnahagslögsögu landsins.

Sérstakur kafli fjallar um íhlutun, IX. kafli, en þar er Umhverfisstofnun veitt heimild til að láta fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó eða fyrirtækjum á landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur þegar orðið sem stríðir gegn lögunum.

Umhverfisráðherra er heimilt að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar sem stríðir gegn lögunum nema vegna óviðráðanlegra atvika (force majeure), svo sem náttúruhamfara.

Framkvæmd laganna er í höndum umhverfisráðherra en Umhverfisstofnun fer með framkvæmd mála. Hér er því um að ræða verkefni ríkisins en þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögin, þ.e. hafnarstjórnir, séu ábyrgar sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða eins og áður segir. Í lögunum er enn fremur gerð grein fyrir þeim alþjóðasamningum sem umhverfisráðherra annast framkvæmd á en þeirra verður getið síðar.

Um aðra mengun sjávar en kveðið er á um í lögunum fer m.a. samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum um geislavarnir. Framkvæmd laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er fyrst og fremst í höndum sveitarfélaganna en laga um geislavarnir í höndum Geislavarna ríkisins sem starfa á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Í XI. kafla laganna þar sem fjallað er um mælingar á mengunarefnum í sjó er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni. Í þessu skyni hefur verið stofnaður sérstakur starfshópur (AMSUM-hópurinn) sem í eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli, m.a. Umhverfisstofnunar, Geislavarna ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Til þessara mála hefur verið varið töluverðu fé á undanförnum árum eða á bilinu 20–30 millj. kr. árlega. Hefur AMSUM-hópurinn gert samninga við hlutaðeigandi stofnanir eða fyrirtæki um framkvæmd rannsóknarmælinga á þessum efnum.

Í lögunum er kveðið á um viðurlög og málsmeðferð og varðar það sektum og fangelsi allt að tveimur árum ef brotið er gegn lögunum. Sé brotið gegn lögunum fer um málið að hætti opinberra laga. Það sérákvæði er í lögunum að hafnarstjóra er heimilt að gera sekt fyrir losun frá skipi á hafnarsvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni,

svo og að bætur skv. 15. gr. laganna, þar sem fjallað er um ábyrgð mengunarvalds, séu greiddar ef trygging er sett fyrir greiðslu þeirra.

Í lögunum er sérákvæði um brot skv. II. og IV. kafla, þ.e. tengist brot skipi og sé málinu ekki lokið með greiðslu sektar samkvæmt því sem segir hér að framan, skal skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr. Þó er heimilt að láta skip laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging. Það sérákvæði er að finna í lögunum að sektum samkvæmt þeim er ætlað að renna í sérstakan sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar, en ekki ríkissjóð. Enn fremur fjalla lögin um álagningu dagsekta og að hámark dagsekta skuli ákveðið í reglugerð og þær renni í áðurnefndan sjóð.

Eins og áður segir gilda sérstök lög, nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, en þau hafa ekki verið felld inn í lög um varnir gegn mengun sjávar. Samkvæmt þeim er íslenskum skipum bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenskrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna. Í lögunum eru talin upp þau efni sem hér um ræðir en það eru öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja, geislavirk efni og sprengiefni. Um öll þessi efni og skilgreiningar á þeim gilda einnig lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lög um geislavarnir, nr. 44/2000, og vopnalög, nr. 16/1998.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar.

Fyrsti alþjóðasamningurinn um varnir gegn mengun sjávar var gerður 1954, og fjallar um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu. Á þessum tíma var olía helsta áhyggjuefni stjórnvalda víða um heim og talin helsti skaðvaldurinn. Þeir samningar sem gerðir hafa verið á síðari árum fjalla í auknum mæli um ýmiss konar takmarkanir og bönn við losun efna í hafið og um varnir gegn mengun frá atvinnurekstri í landi. Þessir samningar eru af tvennum toga. Annars vegar taka þeir til allra heimshafanna og hins vegar til einstakra svæða. Þessir samningar snerta varnir gegn mengun hafsins með beinum hætti en auk þess er að finna sérstakan kafla í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun hafsins. Ísland hefur gerst aðili að nokkrum þessara alþjóðasamninga með sérstökum lögum. Þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.
3. Alþjóðasamningur frá 1978 (MARPOL 73/78).
4. Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs milli lands og förgun þeirra.
5. OPRC-samningurinn frá 7. maí 1993 um sameiginleg viðbrögð við olíumengunaróhöppum.
6. Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun.
7. Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.
8. Alþjóðlegur samningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.
9. Kaupmannahafnarsamningurinn um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna.

10. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins 25. mars 1998, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra.

Fjallað verður um þessa samninga í stuttu máli hér á eftir.

Árið 1985 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, sbr. auglýsingu nr. 9/1985, með breytingum frá 1989 og 1992. Hér er um að ræða svokallaðan MARPOL-samning en markmið hans er að koma í veg fyrir losun mengandi efna í sjó, m.a. í úthöfin, frá farartækjum sem eru á siglingu eða í höfnum. Til þess að ná markmiðum samningsins er kveðið á um skírteini skipa og um byggingu skipa og búnað og sérstakar reglur settar um skoðun skipa.

Hinn 30. ágúst 1975 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna, sbr. auglýsingu nr. 17/1973, með breytingu nr. 1/1976. Hér er um að ræða svokallaðan Lundúnasamning en markmið hans er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengandi efna í sjó, þ.m.t. í úthöf, frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi. Til þess að tryggja framgang samningsins er að finna í honum reglur um varp úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sérstaklega efna sem eru hættuleg umhverfinu, og er þar þá sérstaklega átt við þrávirk lífræn efni, efni sem valda krabbameini, svo og nokkrar tegundir þungmálma að geislavirkum efnum frátöldum.

Hinn 7. maí 1997 staðfesti Alþingi samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, svokallaðan OSPAR-samning, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998. Öll Evrópulönd sem eiga land að Norður-Atlantshafi, auk Sviss og Lúxemborgar, eiga aðild að OSPAR og nær samningssvæðið yfir Atlantshafið frá Gíbraltar að sunnan að lengdargráðu sem sker Hvarf og markar hún svæðið til vesturs að Grænlandi. Þaðan markast samningssvæðið af Grænlandi í vestri og Noregi í austri norður fyrir Karahaf. Þessi samningur kemur í stað tveggja alþjóðasamninga, annars vegar alþjóðasamnings frá 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, Óslóarsamningsins svokallaða, og hins vegar samnings frá 4. júní 1984, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, svokallaðs Parísarsamnings. Markmið samningsins er að draga úr, svo sem mögulegt er, varpi mengandi efna og hættulegra úrgangsefna í sjó, þar á meðal í úthöf innan samningssvæðisins, frá skipum og flugvélum og brennslu efna á hafi sem hættuleg eru umhverfinu, enn fremur að draga svo sem frekast er kostur úr mengun sem berst til hafs frá starfsemi í landi en talið er að stærsta hluta mengunar í sjó megi rekja til mengunar frá landstöðvum eða starfsemi í landi. Samningurinn hefur að geyma ákvæði sem eiga að tryggja framgang hans, svo sem reglur um varp úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og um brennslu úrgangsefna á hafinu. Þannig er almennt varp allra úrgangsefna, með nokkrum undantekningum, bannað. Samningurinn hefur líka að geyma reglur um losun og útblástur efna er kunna að menga hafið, m.a. frá iðnaði, orkuframleiðslu, þ.m.t. geislavirks úrgangs, umferð, íbúðarbyggð og landbúnaði. Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um skipti á vísindalegum upplýsingum og um samstarf á sviði vöktunar.

Hinn 13. maí 1995 gerðist Ísland aðili að samningi um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó, sbr. auglýsingu nr. 13/1993. Þessi samningur gengur undir skammstöfuninni OPRC (Oil Preparedness and Response Convention) og er markmið hans að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegri samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu. Meginmarkmiðið með samningnum er að tryggja aðildarríkjum svokallaða gagnkvæmniaðstoð þegar veruleg mengunaróhöpp verða á hafsvæðum þeirra og hefur hann að geyma ákvæði um tilkynningarskyldu og lágmarkskröfur um viðbúnað og viðbragðsáætlanir. Hér er um bráðamengunarsamning að ræða.

Hinn 15. október 1980 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. auglýsingu nr. 10/1980, með breytingu frá 1994, en markmið samningsins er að gera ríkjum kleift að grípa til aðgerða á úthafinu þegar óhöpp (skipskaðar) verða sem valda eða geta valdið olíumengun innan lögsögu þeirra. Þessi samningur skilgreinir þær aðgerðir sem heimilt er að beita og hvenær skipskaði teljist geta valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu samningsríkis sé ekkert að gert. Þessi samningur tekur til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurolíu. Þá eru ónefndir þrír aðrir alþjóðasamningar sem tengjast samningum um olíumengun en það er í fyrsta lagi alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs (e. fund) til að bæta tjón af völdum olíumengunar ef það verður meira en sem nemur hinni einkaréttarlegu ábyrgð og í öðru lagi alþjóðasamningur um íhlutun (e. intervention) á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og í þriðja lagi alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar (e. liability). Síðastnefndu samningarnir þrír eru órofa tengdir. Þeim er ætlað að tryggja einstaklingum skaðabætur sem verða fyrir tjóni vegna olíumengunar frá skipum og taka þeir til tankskipa sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka smurolíu og hvallýsi og enn fremur er reynt að tryggja tjónþola olíumengunar baktryggingu í þeim tilvikum þegar þær hámarksbætur sem skipaeigendum er gert að greiða samkvæmt samningum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Um er að ræða sjóð sem hægt er að grípa til í slíkum tilvikum. Samningurinn um íhlutun tryggir inngripsrétt hlutaðeigandi þjóða þegar hætta er á olíumengun eða hún hefur átt sér stað. Heimildir samningsins eru reyndar víðtækari en íslensk lög heimila og er lagt til í frumvarpinu að ráðin verði bót á því.

Loks ber að nefna svokallaðan Kaupmannahafnarsamning frá 1995, sem tók gildi 16. janúar 1998 og fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna vegna olíumengunar og mengunar af völdum annarra hættulegra efna. Ljóst er að Íslendingar hafa mikilla hagsmuna að gæta í tengslum við samvinnu Norðurlandanna þegar olíumengun eða mengun af völdum annarra hættulegra efna á sér stað, t.d. um notkun búnaðar sem er bæði dýr og kallar á mannafla en þarf sem betur fer sjaldan að nota. Þá er mikilvægt að hægt sé með stuttum fyrirvara að fá slíkan búnað flugleiðis frá því landi sem styst er til, þ.e. Noregi. Kaupmannahafnarsamningurinn tryggir þessa samvinnu.

Eins og sjá má af framangreindri upptalningu hefur Ísland gerst aðili að meginsamningum um varnir gegn mengun hafsins og snerta þeir ekki síst þá þætti sem fallið geta undir bráðamengun.

Í maí 1993 ákvað stjórn Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að kalla saman fund sérfræðinga til þess að gera uppkast að framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun hafsins frá landi. Undirbúningsfundurinn var haldinn í maí 1995 og ríkjaráðstefna var haldin í Washington síðla sama ár. Þetta var gert í því skyni að fylgja eftir samþykktum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun og er markmiðið að gera alþjóðlega framkvæmdaáætlun um ráðstafanir til verndar lífríki hafsins vegna athafna manna af landi. Þetta ferli, sem gengið hefur undir nafninu Washington-ferlið, hefur leitt til þess að aðildarríki hafa sett sér framkvæmdaáætlun í þessum efnum og er ætlunin að hún verði grundvöllur að alþjóðasamningi síðar. Hollustuvernd ríkisins vann drög að slíkri framkvæmdaáætlun fyrir Ísland og lagði þau fyrir umhverfisráðuneytið. Í framhaldi af því var gengið frá áætluninni og er henni ætlað að koma til framkvæmda í áföngum á næstu árum. Áætlunin var kynnt á fundi sem haldinn var á vegum UNEP í Montreal í nóvember 2001. Í mars 2003 skipaði umhverfisráðherra framkvæmdanefnd til að fylgja íslensku framkvæmdaáætluninni eftir. Nefndin, sem í eiga sæti fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,

sjávarútvegsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, skal starfa til 1. mars 2006.

Í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Alþingi heimilaði með ályktun að ríkisstjórnin fullgilti 1985 er að finna sérstakan kafla, 12. kafla, þar sem fjallað er um verndun og varðveislu hafsins. Þar er að finna ítarlegar reglur um skyldur aðildarríkja til þess að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins. Ríkjum ber að haga löggjöf sinni í samræmi við ákvæði sáttmálans í þessum efnum. Sáttmálinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingu nr. 40/1993, um gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, sem birtist í C-deild Stjórnartíðinda. Í 5. kafla sáttmálans eru ítarleg ákvæði um þau atriði sem setja á í lög til að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá landi.

Reglugerð nr. 465/1998, um viðbrögð við bráðamengun sjávar.

Eins og fram hefur komið setti umhverfisráðuneytið reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar árið 1998, þ.e. reglugerð nr. 465/1998. Má segja að með reglugerðinni sé fylgt eftir tillögum fyrri „bráðamengunarnefndar", eins og hún var kölluð, en hún tók saman gagnaskrá um viðbúnað við bráðum mengunaróhöppum á sjó sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu 1997. Með reglugerðinni, sem reyndar má líka tengja þeim lærdómi sem stjórnvöld drógu af strandi Víkartinds, er reynt að samræma þær aðgerðir sem beita skal þegar sjór og strendur mengast skyndilega vegna olíuslyss eða sambærilegra óhappa, jafnt í höfnum landsins sem og utan hafnarsvæða, til að draga úr tjóni eða koma í veg fyrir tjón vegna bráðamengunar eftir því sem kostur er. Reglugerðin fjallar um ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við bráðamengun sjávar og einnig um gerð viðbragðsáætlana innan sem utan hafnarsvæða í samræmi við 17. og 18. gr. laga nr. 32/1986. Innan hafnarsvæða fjallar reglugerðin einnig um mengunarvarnabúnað í umsjón hafna, rekstur hans og endurnýjun, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli svæða og aðila sem vinna að þessum málum. Utan hafnarsvæða fjallar reglugerðin um notkun búnaðar, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli aðila sem vinna að þessum málum.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu nýmælum frumvarpsins:

1. Í 2. mgr. 1. gr. er lagt til það meginmarkmið að eftir mengunaróhapp verði umhverfi hafs og stranda fært til fyrra horfs.
2. Í 2. gr., þar sem fjallað er um gildissvið laganna, kemur fram í 1. mgr. að lögin gildi um hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi, í lofthelgi og íslenskri mengunarlögsögu, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Lögunum er einnig ætlað að gilda um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum og er það nýmæli.
3. Lögunum er skipt í tvo meginframkvæmdakafla. Annars vegar er kveðið almennt á um vernd hafs og stranda, og hins vegar er að finna sérákvæði um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun sjávar í IV. kafla.
4. Í frumvarpinu er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem setning reglugerða, byggist á þeim.
5. Frumvarpið er sett upp með öðrum hætti en gildandi lög og kaflaskipt með hliðsjón af markmiðum, gildissviði og skilgreiningum, stjórn og skipan, framkvæmd almennra

ákvæða laganna, ákvæðum um bráðamengun, þvingunarúrræðum og refsiviðurlögum, ýmsum ákvæðum og ákvæðum til bráðabirgða. Þannig kemur fram í frumvarpinu í fyrsta lagi hvert er markmið laganna, í öðru lagi hverjir skuli sjá til þess að markmiðum laganna verði náð, í þriðja lagi hvaða tækjum skuli beitt til þess að ná fram markmiðum laganna og í fjórða lagi hvaða úrræði séu fyrir hendi til þess að þvinga fram aðgerðir og hver séu refsiviðurlög ef út af er brugðið.

6. Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum ríkisins, Umhverfisstofnunar, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, og að stofnunin fari með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Frá þessu er sú undantekning, sbr. 14. gr. um framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur orðið, að hafnarstjóri skal annast aðgerðir innan hafnarsvæða en hann starfar á vegum sveitarfélaganna. Umhverfisstofnun er veitt heimild til þess að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunarstofum. Í þeim tilvikum þar sem Umhverfisstofnun gerir samning við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna getur heilbrigðiseftirlitið beitt heimildum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. 22.–24. gr. með sama hætti og stofnunin.
7. Umhverfisstofnun er falið að annast eftirlit með framkvæmd vöktunar hafsins og stranda en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum.
8. Lagðar eru til skýrar heimildir um gjaldtöku fyrir eftirlit með framkvæmd laganna.
9. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands annist eftirlit með hafsvæðinu umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að hún tilkynni Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á mengun hafs og stranda. Það er hlutverk Umhverfisstofnunar að grípa til aðgerða, svo sem að beita þvingunarúrræðum.
10. Kveðið er á um ráðgjafaraðila samkvæmt lögunum en þeir eru Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnunin, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjóri og Geislavarnir ríkisins.
11. Í stað ótal reglugerða um hin ýmsu atriði sem undir lögin falla er í 6. gr. frumvarpsins gerð tillaga um setningu einnar, hugsanlega fleiri reglugerða, um umhverfi hafsins og stranda og nákvæmlega talið upp um hvað skuli þar sérstaklega fjalla. Í reglugerð á m.a. að setja ákvæði um bestu fáanlega tækni við mengunarvarnir (e. best available techniques) og bestu umhverfisvenjur (e. best environmental practice).
12. Lagt er til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði bundin leyfum.
13. Sérákvæði er að finna um bráðamengun í IV. kafla. Þar er einkum stuðst við fengna reynslu af framkvæmd reglugerðar nr. 465/1998, um viðbrögð við bráðamengun sjávar. Gert er ráð fyrir starfsemi sérstakra svæðisráða og kveðið á um hlutverk þeirra.
14. Ábyrgð á framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur orðið er í höndum Umhverfisstofnunar en hafnarstjórar annast hreinsun mengunar innan hafnarsvæða.
15. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og að hún hafi um það samráð við Umhverfisstofnun og ef við á hafnarstjóra.
16. Lögð er sú skylda á Umhverfisstofnun, þegar mengun hefur orðið á hafi úti, að stofnunin grípi til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi í landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi í landi.
17. Gerð er tillaga um að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni að

ákveðnu hámarki (ein milljón SDR) þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu er nemur sömu fjárhæð en nánar verður kveðið á um vátrygginguna og gildissvið hennar í reglugerð.

18. Gerð er tillaga um sérstakar vátryggingar olíuflutningaskipa.
19. Gerð er tillaga um áætlanir og að atvinnurekstur, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu, skuli gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar. Umhverfisstofnun skal gera tillögur til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun og skal ráðherra setja reglugerð þar að lútandi.
20. Lagt er til að samgönguráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, geti sett reglur um siglingaleiðir innan mengunarlögsögu Íslands sé um að ræða flutning á olíu eða hættulegum varningi í farmrýmum og í tönkum.
21. Lagt er til að mengunarvarnabúnaður verði ekki aðeins í höfnum landsins heldur einnig um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.
22. Lagt er til að hafi skip, pallur eða annað mannvirki strandað þannig að því verði ekki komið á flot beri eiganda þess að fjarlægja það sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það strandaði.
23. Lögð eru til ný þvingunarúrræði til þess að knýja á um framkvæmd laganna, m.a. heimild fyrir Umhverfisstofnun til að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun að veittri áminningu og tilhlýðilegum fresti til úrbóta nema nauðsyn krefjist tafarlausrar stöðvunar.
24. Lagt er til að hámark dagsekta verði ákveðið í lögunum sjálfum allt að 500 þús. kr. á dag þar til úr verður bætt, enn fremur að Umhverfisstofnun sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður innheimtur hjá hlutaðeigandi og stofnast lögveðsréttur í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í eitt ár eftir að greiðslu er krafist.
25. Lagt er til að ef ágreiningur rís um hvort bráðamengun samkvæmt lögunum hafi átt sér stað sé heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Sama á við ef ágreiningur rís milli einstakra eftirlitsaðila um valdsvið þeirra.

Heiti frumvarpsins.

Lagt er til að lögin heiti „Lög um verndun hafs og stranda“ en ekki „Lög um varnir gegn mengun sjávar“ eins og eldri lög en tilgangur frumvarpsins er að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun. Ástæða þykir til að í heiti frumvarpsins komi fram að verndun sé markmiðið. Telja verður að núverandi heiti laga nr. 32/1986 gefi ekki rétta mynd af tilgangi nýs frumvarps og yfir hvað það nær, þar sem það hefur nokkru víðari skírskotun en varnir gegn mengun hafs og stranda í þröngum skilningi orðanna, svo sem að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um markmið laganna og er 1. mgr. efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi laga, en þó orðuð með öðrum hætti og er reynt að ná yfir þau atriði sem lögin taka til samkvæmt orðanna hljóðan og er m.a. tekið mið af skilgreiningu á hugtakinu mengun í OSPAR-samningnum. Einnig er lýst því markmiði í 2. mgr. að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs og er það nýmæli.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins og er það efnislega hið sama og samkvæmt sömu grein gildandi laga. Fram kemur að lögin séu heildarlög og gildi að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Gildandi lög, nr. 32/1986, hafa verið túlkuð með þessum hætti þótt ekki sé það tekið fram í lögunum. Sérlög sem hér koma til greina eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Ákvæðið er sett til að tryggja með óyggjandi hætti að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um undanþágur verði mengun sökum óviðráðanlegra atvika, svo sem vegna veðurofsa eða annarra náttúruhamfara (force majeure).

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru orð og orðasambönd skilgreind en mjög brýnt er að skilgreiningar á orðum, orðasamböndum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, þar á meðal setning reglugerða um framkvæmdina, byggist að miklu leyti á þessum skilgreiningum. Í 3. gr. gildandi laga eru skilgreiningar í níu töluliðum, auk atriða sem eru skilgreind í mismunandi lagagreinum, en í frumvarpi þessu eru skilgreiningar miklu fleiri, auk þess sem reynt hefur verið, eins og kostur er, að flytja skilgreiningar sem voru í mismunandi greinum gildandi laga saman í þessa grein um skilgreiningar. Nýjar skilgreiningar eru margar og þær helstu sem hér segir:

Gerð er grein fyrir hugtakinu besta fáanleg tækni og er þar notuð sama skilgreining og í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og er tekið mið af því að um sé að ræða framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.

Enn fremur er þarna að finna skilgreiningar á hugtakinu fljótandi efni, en þar er um að ræða vökva með lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu innsævi en það er hafsvæðið innan grunnlínupunkta landhelginnar.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningar á lýsi og grút en þar er um að ræða allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.

Hugtakið mengun er skilgreint og er það í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna skilgreiningu á mengunarlögsögu Íslands og er breytingin sú frá gildandi löggjöf að mengunarlögsagan er einnig talin ná yfir efstu jarðlög sjávarbotns en ekki aðeins innsævi, að efstu flóðamörkum á stórstraumsfjöruflóði, landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Í greininni er jafnframt að finna skilgreiningar á hugtökunum kjölfestuvatn, olía, óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur, rekstrarúrgangur og sérhafsvæði. Með sérhafsvæði er átt við hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga og varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að og er í þessu sambandi aðallega miðað við skilgreiningar í MARPOL-samningnum og viðaukum hans.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu skip. Enn fremur er þar að finna skilgreiningar á orðasambandinu skolp frá skipum en þar er um að ræða fljótandi úrgang frá

salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur. Þessi skilgreining er úr MARPOL-samningnum og viðauka IV við hann.

Einnig er hugtakið sorp frá skipum skilgreint en þar er um að ræða hvers kyns neysluúrgang frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgang frá vistarverum. Skilgreiningin er í samræmi við MARPOL-samninginn og viðauka V við hann.

Í greininni er hugtakið varp skilgreint. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var orðið varp notað, en það breyttist í meðförum þingsins í „úrkast". Orðið varp er talið lýsa betur því sem hér er átt við og er lagt til að það verði notað.

Að lokum er hugtakið vöktun skilgreint en þar er um að ræða kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu, sbr. nánar skilgreiningu á sama hugtaki í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu vöktun en umhverfisvöktun hefur verið falin Umhverfisstofnun á landi og í lofti. Því er eðlilegt að hið sama gildi á sjó. Umhverfisstofnun færi þar með alla mengunarvöktun. Rétt er að benda á að vöktun umhverfisþátta er grundvöllur þess að stjórnvöld og almenningur hafi vitneskju um ástand mála og hvort aðgerðir sem gripið er til skila árangri.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn málaflokksins og lagt til að hún verði í höndum umhverfisráðherra. Frá þessu kunna þó að vera frávik þar sem samgönguráðherra fer með mál, t.d. í tengslum við starfsemi Siglingastofnunar Íslands, og dómsmálaráðherra fer með mál tengd starfsemi Landhelgisgæslu Íslands.

Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun sé sú stofnun á vegum umhverfisráðuneytisins sem fari með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti framselt heimild til beitingar þvingunarúrræða til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna en ekki þegar faggiltar skoðunarstofur eiga í hlut.

Þá er í 3. mgr. lagt til að það verði hlutverk Umhverfisstofnunar að sjá um framkvæmd vöktunar hafs og stranda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun sjái um gerð fræðsluefnis, fræði hlutaðeigandi og gefi út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

Í 5. mgr. kemur fram að Landhelgisgæsla Íslands annist eftirlit á hafsvæðunum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að Landhelgisgæsla Íslands skuli tilkynna Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða en samkvæmt greininni er lagt til að Umhverfisstofnun sé sá aðili innan stjórnkerfisins sem beri ábyrgð á að eftirliti sé sinnt og grípi til viðeigandi þvingunarúrræða, sbr. V. kafla, í þeim tilvikum sem nauðsyn ber til. Siglingastofnun Íslands mun áfram annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um ráðgjafaraðila er tengjast framkvæmd laganna. Þar er um að ræða Umhverfisstofnun, sem reyndar gegnir hlutverki eftirlitsstofnunar og ber ábyrgð á framkvæmd laganna, Hafrannsóknastofnunina, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæslu Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjórann og Geislavarnir ríkisins. Þessir aðilar fjalla um atriði er kunna að falla undir lögin. Hér er um að ræða þær stofnanir á vegum

ríkis og sveitarfélaga sem koma að þessum málum samkvæmt sérlögum um einstaka málaflokka og stofnanir en mikilvægt er að þessar stofnanir vinni sem mest saman. Rétt er að benda á að nokkrar þeirra, þ.e.a.s. Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Umhverfisstofnun og Geislavarnir ríkisins koma saman að þessum málum í tengslum við svokallaðan AMSUM-hóp sem hefur m.a. það verkefni að fjalla um umhverfisvöktun hafsins. Enn fremur er rétt að benda á að þessar stofnanir eiga aðild að bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 465/1998 sem sett er með stoð í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna breytingu frá ákvæðum gildandi laga en þar er lagt til að ráðherra setji, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, eina eða fleiri reglugerðir, í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á, um verndun hafs og stranda. Í greininni eru talin upp þau atriði sem sérstaklega skulu tiltekin í 24 liðum auk sambærilegra atriða, sbr. y-lið. Umhverfisstofnun skal gera tillögur til umhverfisráðherra um framkvæmd mála samkvæmt þessari grein, þ.e. setningu reglugerðar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fjallað er um hliðstæð mál á landi og í lofti. Talið er æskilegt að byggja lögin upp á sama hátt.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á s-lið. Innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hafa verið samþykktir kóðar sem notaðir eru við flutning á hættulegum farmi. Þessir kóðar, sem eru alþjóðlegir, eru geysilega viðamiklir og taka verulegum breytingum á hverju ári. Það svarar ekki kostnaði og hefur enga þýðingu að þýða slíka kóða yfir á íslensku þar sem einungis örfáir vinna með þá, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að fara eftir þeim og því er lagt til að enski textinn gildi. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og er að finna í 6. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, en þar segir að Ísland sé aðili að evrópsku lyfjaskránni ásamt viðaukum og að enska útgáfan gildi hér á landi. Rétt er að taka fram að um er að ræða alþjóðlega kóða og staðla og engan veginn lagðar þyngri byrðar á Íslendinga en nágranna okkar.

Kveðið er á um það að ráðherra skuli leita umsagnar atvinnulífsins og skipulagðra umhverfissamtaka áður en reglugerðir eru settar til þess að tryggja að viðhorf þessara aðila komi fram með skýrum hætti.

Í 4. mgr. er einnig gert ráð fyrir að ráðherra geti að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundnar undanþágur frá einstökum greinum hlutaðeigandi reglugerða. Í því tilviki er eingöngu um að ræða undanþágur til aðlögunar að breyttum lögum og reglum, þ.e. til tiltekins tíma en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð einstaklinga og lögaðila. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í gildandi lögum, sbr. VI. kafla þeirra, þ.e. 15. og 16. gr., og III. kafla, þ.e. 10. gr. um olíuúrgang frá skipum og starfsemi í landi. Gert er ráð fyrir að eigendur skipa geti takmarkað fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lög og er þar átt við IX. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, um ábyrgð útgerðarmanna og takmörkun ábyrgðar.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um bann við losun í hafið og er þar fjallað um losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, og er hún

óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar frá útrás að hámarki 15 hlutar af 1.000.000 hlutum blöndunnar. Einnig er sett inn ákvæði um að óblandað fráveituvatn sem losað er innan strandsjávar skuli leitt um olíuskilju.

Greinin er efnislega samhljóða 4., 5. og 6. gr. gildandi laga en skilgreiningar á hugtökum hafa verið teknar inn í 3. gr. frumvarpsins í stað þess að vera í einstökum greinum.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga með þeirri viðbót að fjallað er um lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna í 2. mgr. Allt varp efna og hluta í hafið er óheimilt samkvæmt greininni en Umhverfisstofnun getur þó að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til þess að ákveðnum efnum og hlutum sé varpað í hafið og eru þau talin upp. Til þess að taka af allan vafa er sett inn í frumvarpið ákvæði um að fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi sé heimilt að varpa í hafið með leyfi Umhverfisstofnunar, enda standi sérstaklega á og hið sama gildi um náttúruleg, óvirk efni, þ.e. föst jarðefni sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að lagning sæstrengja skuli háð leyfi Umhverfisstofnunar sem hafi samráð við Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og sjávarútvegsráðuneytið. Rétt er að benda á að engin sérstök leyfi þarf til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal meta sæstrengi til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og 20 km eða lengri. Enn fremur þarf leyfi Náttúruverndar ríkisins sé um að ræða svæði sem hafa verið friðlýst en engin slík svæði hafa verið friðlýst utan fasta landsins nema hverastrýtur í Eyjafirði. Mikilvægt er að einhver einn aðili gefi út leyfi fyrir sæstrengi þannig að slíkar framkvæmdir séu leyfisbundnar með sama hætti og í nágrannalöndunum. Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta á undanförnum árum og því er ástæða til þess að koma þessum málum í fastan farveg. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna gefa út fjölda starfsleyfa á landi sem eru sambærileg og er því eðlilegt að Umhverfisstofnun fari með þessi mál.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um bann við brennslu úrgangs og annarra efna á hafi úti nema í þar til gerðum ofnum.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að hafnarstjórn skuli koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og er það í samræmi við 11. gr. gildandi laga hvað móttöku á sorpi varðar. Ákvæði um móttöku á skólpi og öðrum úrgangi er ítarlegra en í gildandi lögum. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um móttökustaði úrgangs og eðlilegt er að miða við slíkar leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu frá móttöku skolps í höfnum þar sem um er að ræða litlar hafnir og skip séu þjónustuð í nærliggjandi höfnum. Enn fremur er lagt til að hafnarstjórn geti sett gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum, þ.e. fyrir þá þjónustu sem þar er veitt í því skyni.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningarskyldu eigenda skipa eða skipstjórnarmanna, eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi til Umhverfisstofnunar eða

Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lögin ná til, nema varpið sé sérstaklega heimilt samkvæmt lögunum, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega samhljóða ákvæði í 20. gr. gildandi laga nema bætt hefur verið inn tilkynningarskyldu til Landhelgisgæslunnar og telst sú tilkynningarskylda ein og sér fullnægjandi.

Í 2. mgr. er ákvæði um tilkynningarskyldu skipa sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögunnar. Ákvæði þetta er sett inn eftir ábendingu Landhelgisgæslu Íslands og eru rökin þau að ef vitað er af skipi með hættulegum farmi á ákveðnu hafsvæði, þá er möguleiki á að skipuleggja ferðir varðskipa og loftfara með tilliti til þess og þannig er hægt að bregðast fyrr við ef hætta skapast og auðveldara að sinna eftirliti.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað sérstaklega um bráðamengun sem er annar af meginþáttum frumvarpsins og sá þáttur sem sérstök ástæða er til þess að taka á í lögum og telst til helstu nýmæla í frumvarpinu. Ákvæði um bráðamengun er að finna í gildandi lögum en í framkvæmdinni hefur þó aðallega verið stuðst við reglugerð, sbr. reglugerð nr. 465/1998, um viðbrögð við bráðamengun sjávar, og má segja að efnislega sé lagt til að helstu ákvæði þeirrar reglugerðar verði sett inn í lögin enda er reynslan af þeim góð. Hafa ber þó í huga að ýmis ákvæði þarf að setja inn til þess að tryggja framkvæmdina, svo sem um íhlutun, hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, og vátryggingar, en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum. Enn fremur þarf að koma fram hvernig háttað sé ábyrgð á hinum einstöku svæðum, þ.e. á hafnarsvæðum og utan hafnarsvæða. Vísast nánar um þetta til almennra athugasemda með frumvarpinu hér að framan.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um svæðisráð vegna bráðamengunar. Lagt er til að landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði kosið af sveitarstjórnum á svæðinu, til fjögurra ára í senn. Í hverju svæðisráði skulu m.a. eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri auk fulltrúa atvinnurekenda á svæðinu. Ráðið skiptir með sér verkum. Samkvæmt nýlegum lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur sú skylda verið lögð á slökkviliðsstjóra að þeir annist stjórn á vettvangi þegar mengunarslys verður á landi, enda hafa þeir yfir að ráða búnaði í slíkum tilvikum og því eðlilegt að þeir komi einnig að þessum málum í tengslum við mengun sjávar. Heilbrigðisfulltrúar starfa á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og bera ábyrgð á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir mengun á landi frá ýmiss konar starfsemi og taka við þegar ábyrgð slökkviliðsstjóra sleppir.

Hlutverk svæðisráða yrði fyrst og fremst að hafa umsjón með mengunarvarnabúnaði sem er í eigu hafnanna, reka hann og halda honum við, sem og annast fræðslu starfsmanna hafna um viðbúnað við bráðamengun, sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum og vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum.

Ekki er gerð tillaga um fjölda eftirlitssvæða eða mörk þeirra í lögunum heldur er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði það í samræmi við flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði og kveði nánar á um verksvið svæðisráða í reglugerð.

Sú skylda hvílir á svæðisráðum að þau meti aðstæður í samráði við Umhverfisstofnun eftir að haf og strendur hafa mengast. Gert er ráð fyrir því að kostnaður af störfum svæðisráða verði borinn af hlutaðeigandi sveitarfélögum, enda er hér um að ræða starfsmenn sveitarfélaganna, en að kostnaður Umhverfisstofnunar af samræmingu milli svæða verði borinn af stofnuninni.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur átt sér stað. Þar er gerður greinarmunur á mengun innan hafnarsvæða og utan hafnarsvæða.

Sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða er það hlutverk hafnarstjóra að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðis og skal hann tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun innan síns hafnarsvæðis strax og hennar verður vart. Meti hafnarstjóri málið alvarlegt getur hann kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur hlutast til um frekari aðgerðir meti hún það nauðsynlegt.

Sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða skal heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang mengunar og nauðsyn aðgerða og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber síðan ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi.

Lagt er til að Umhverfisstofnun geti heimilað heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum og að Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skuli gera aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna að slíkum málum og um framkvæmd einstakra verkþátta. Þar sem heilbrigðisfulltrúi starfar í þessu tilviki í umboði Umhverfisstofnunar en ekki heilbrigðisnefndar, enda bráðamengun utan hafna verkefni Umhverfisstofnunar, er rétt að kostnaður af störfum hans að þessum málum verði borinn af Umhverfisstofnun.

Gert er ráð fyrir að mengunarvaldurinn geti sjálfur framkvæmt hreinsun þegar hann hefur lagt fram áætlun um hvernig hann muni standa að henni.

Enn fremur er í greininni að finna tilkynningarskyldu til landlæknis sé talið að mönnum geti stafað hætta af menguninni og enn fremur að sé mengun þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skuli aðgerðir vera í samvinnu við viðkomandi lögreglustjóra. Það er fyrst og fremst Umhverfisstofnun sem ber ábyrgð á því að þessari tilkynningarskyldu sé framfylgt og að samráði verði komið á við landlækni og lögreglustjóra. Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að fela hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar það á við. Í þessu tilviki er rétt að benda á að slökkviliðsstjóri fer samkvæmt lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi, sbr. nánar 2. mgr. 16. gr. þeirra laga. Rétt þykir að hægt sé að fela slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi úti á sjó.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um íhlutun vegna bráðamengunar en ljóst er að þegar bráðamengun er yfirvofandi er mikilvægt að gripið verði til ráðstafana til að fyrirbyggja hana sem allra fyrst og oftast án tafar. Lagt er til að Landhelgisgæsla Íslands hafi ótvíræða heimild til íhlutunar til að koma í veg fyrir eða fyrirbyggja tjón af völdum bráðamengunar og að hún hafi samráð við Umhverfisstofnun um málið verði því við komið og einnig viðkomandi hafnarstjóra þegar um mengun innan hafnarsvæða er að ræða. Frá þessu eru þó undantekningar þegar um er að ræða skip í rekstri erlendra ríkja sem notuð eru í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti og helgast það af alþjóðasamningum.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða og sé hætta talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi úti skal stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi á landi. Í slíkum tilvikum getur Umhverfisstofnun gripið til þeirra þvingunarúrræða sem kveðið er á um í V. kafla.

Þessi ákvæði eru að efni til svipuð og ákvæði 21. og 22. gr. gildandi laga en eðli málsins samkvæmt snýr ákvörðun um íhlutun eingöngu að bráðamengun eða hættu á bráðamengun

en ekki að annarri mengun sem tekið verður á með öðrum úrræðum, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um vátryggingar og ábyrgð á mengunartjóni og lagt til að hlutlæg bótaregla verði lögfest sé um að ræða bráðamengun sem tengist atvinnurekstri, sbr. fylgiskjal I, eða flutningi á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Í slíkum tilvikum þarf því ekki að liggja fyrir saknæmt atferli heldur dugar að tjón hafi orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur né gáleysi. Lagt er til að ábyrgðin verði takmörkuð við tjón sem nemur allt að einni milljón SDR sem er á gildandi gengi um 100 millj. ísl. kr. og að vátryggingarfjárhæðin nemi sömu fjárhæð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins auk þess sem þessi hlutlæga ábyrgð kann að sæta takmörkunum samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að og að til sé að dreifa sjóðum sem taka að sér greiðslur vegna tjóns, svo sem af völdum olíu.

Það er ljóst að þegar settar eru svo víðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila án þess að fyrir liggi saknæmt atferli verða stjórnvöld að búa þannig um hnútana að hlutaðeigandi aðili geti tryggt sig gegn slíku tjóni.

Enn fremur er kveðið á um það að mengunarvaldi sé sjálfum heimilt að sjá um hreinsun en að það skuli þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt, sbr. nánar 14. gr.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um vátryggingar olíuflutningaskipa en auk ákvæða í 16. gr. gilda alþjóðasamningar um íhlutun á úthafi einnig um þá ábyrgð og vátryggingar þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun. Einnig gildir alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Um 18. gr.

Atvinnurekstur samkvæmt fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út þannig að þær verði hluti af starfsleyfinu. Hér er um að ræða starfsemi á landi sem getur valdið hvað alvarlegastri mengun, ekki síst mengun sjávar eða mengun vatnsfalla sem síðan berast til sjávar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri tillögur til umhverfisráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um þessar áætlanir og viðbrögð gegn bráðamengun.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um þann mengunarvarnabúnað sem á að vera tiltækur og lagt til að svæðisráð, sbr. 13. gr., skuli sjá um að umsjónarmaður verði skipaður með hverjum mengunarvarnabúnaði. Allar hafnir á hverju svæði um sig eiga hlut í mengunarvarnabúnaði svæðisins og er það hlutverk svæðisráða að annast geymslu og viðhald búnaðarins og endurnýjun hans.

Lagt er til að nauðsynlegur mengunarvarnabúnaður verði ekki aðeins í höfnum landsins heldur og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands og að Umhverfisstofnun skuli sjá um að þessi búnaður sé til staðar.

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum yrði fyrst og fremst fólgið í því að koma upp hlutaðeigandi mengunarvarnabúnaði og að annast reglulegt viðhald hans og endurnýjun. Á fjárlögum hefur verið varið fé til kaupa og endurnýjunar á mengunarvarnabúnaði á undanförnum árum. Verði

hins vegar meiri háttar mengunaróhöpp sem kalla á kostnaðarsamar aðgerðir eins og hreinsun verður að fá sérstakar fjárveitingar til framkvæmdanna.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að samgönguráðherra sé heimilt í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrými eða á tönkum. Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um hvernig haga skuli ákvörðunum um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning. Nefnd á vegum samgönguráðuneytisins hefur skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögum um hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir sé þess talin þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og að það verði samgönguráðherra sem taki slíka ákvörðun í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í þessu tilviki ber að hafa í huga að nær allur olíuflutningur til landsins fer fram á svæði sem telst efnahagslega mikilvægt, þ.e. á grunnslóðum fyrir Suðurlandi þar sem er að finna hrygningarstöðvar helstu nytjastofna Íslendinga.

Annar þáttur er varðar siglingaleiðir er hvernig haga skal aðgerðum ef fjarlægja þarf skip, palla eða önnur mannvirki á sjó, sem truflað geta siglingar eða verið umhverfinu til óprýði og þekkjast mörg dæmi hér á landi um slíkt. Mikil umræða er á alþjóðlegum vettvangi um skyldu til að fjarlægja skipsflök í fjörum og er unnið að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar að lútandi. Lagt er til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot, beri eiganda þess að fjarlægja það innan sex mánaða. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að skipið, pallurinn eða mannvirkið verði óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við ákvörðun á slíku verður Umhverfisstofnun fyrst og fremst að taka tillit til umhverfissjónarmiða, þ.e. hvort betra sé að skipið sé þar sem það hefur strandað í fjöru og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að höfnum og svæðisráðum sé heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarsvæða og við starfsemi svæðisráða vegna bráðamengunar og gerð nánari grein fyrir þeim þáttum sem þar skal taka tillit til.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um setningu gjaldskrár fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða sem grípa þarf til vegna hennar og vegna leigu á mengunarvarnabúnaði. Kostnaður vegna slíkra aðgerða getur verið mjög mikill og má þar nefna strand Víkartinds sem dæmi. Eðlilegt er að mengunarvaldur greiði slíkan kostnað, þ.e. vegna eftirlits Umhverfisstofnunar og vegna nauðsynlegra aðgerða til að draga úr áhrifum slíkrar mengunar, og er í greininni lagt til að mengunarvaldur endurgreiði Umhverfisstofnun kostnaðinn sem af eftirliti hennar hlýst í slíkum tilvikum, sbr. 17. gr. frumvarpsins, og nauðsynlegum aðgerðum til að draga úr áhrifum slíkrar mengunar. Í eftirliti felst m.a. að fara á staðinn og rannsaka það tjón sem orðið hefur, semja aðgerðaáætlun vegna mengunarvarna, hafa eftirlit með aðgerðum og leggja til mengunarvarnabúnað. Með aðgerðum er átt við hreinsunaraðgerðir og að fylgst sé með því að búnaðurinn sé notaður eins og við á. Gert er ráð fyrir því, eins og í lögum nr. 7/1998, að gjöld skuli tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi

fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar eftirlitið er tengt notkun fasteigna. Varðandi eftirlit Siglingastofnunar Íslands fer gjaldtaka fram á vegum hennar á grundvelli laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Í þeim tilvikum þar sem heilbrigðisnefndir þurfa að grípa til aðgerða fer um gjaldtöku samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um þvingunarúrræði og refsiviðurlög og eru þau í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, þar sem það á við, geti knúið á um aðgerðir samkvæmt lögunum, og í því skyni: a) veitt eingöngu áminningu, b) veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta, c) stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun. Stöðvun kemur því aðeins til greina að um sé að ræða alvarleg tilvik eða ítrekuð brot eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands eftir því sem við á ef með þarf. Í slíkum tilvikum er heimilt að afturkalla starfsleyfi viðkomandi reksturs. Sé um að ræða starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga skal afturköllun leyfisins gerð í samráði við Umhverfisstofnun en þá er um að ræða rekstur sem fellur undir 5. og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Slík starfsleyfi eru fá og eingöngu á sviði meiri háttar matvælaframleiðslu, svo sem stórra svína- og alifuglabúa, eða fyrir skolphreinsistöðvar, dælustöðvar og fráveitur.

Um 23. gr.

Hér er gerð tillaga um dagsektir, sem eru eitt þeirra þvingunarúrræða sem Umhverfisstofnun er ætlað að beita, og er lagt til að hámark dagsekta verði 500 þús. kr. á dag. Dagsektir renna í ríkissjóð og skulu fylgja verðlagsþróun ákveði umhverfisráðherra það í reglugerð. Enn fremur er ákvæði um það að Umhverfisstofnun sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og að þá skuli kostnaður greiddur til bráðabirgða af ríkissjóði en síðan innheimt hjá hlutaðeigandi. Kostnaður og dagsektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrir eftirlitsaðila til að láta fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi úti og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er talin á mengun hafs og stranda eða ef mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögunum. Hér er um að ræða ákvæði sem er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga með þeim breytingum sem áður er getið, svo sem um starfsemi sem veldur mengun og staðsett er á landi.

Í 2. mgr. er ákvæði um að eftirlitsaðilar skuli hvenær sem er eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða athugunum sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á eftirlitsaðila að veita allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með framkvæmd laganna og að þeim beri endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiviðurlög. Gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skuli þau varða fangelsi allt að fjórum árum. Í þessu tilviki er rétt að benda á að með breytingum sem samþykktar voru með lögum nr. 122/1999, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er í fyrsta skipti tekið á umhverfislagabrotum í almennri hegningarlöggjöf hér á landi. Sum brot kunna að vera þess eðlis að þau verði færð undir almenn hegningarlög en þar er um að ræða allt að fjögurra ára fangelsi. Þannig falla saman refsiákvæði frumvarpsins og almennra hegningarlaga eins og þeim lögum var breytt.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um sektir og að þær megi ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða geti orðið til hagsbóta fyrir lögaðila. Í slíkum tilvikum skal lögaðili þó ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má með sama skilorði gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn. Mikilvægt er að lögaðili beri slíka sektarábyrgð þótt ekki verði sönnuð sök á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga sem í þágu hans starfa og er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um kyrrsetningu skipa. Þetta er sambærilegt ákvæði og er að finna í 30. gr. gildandi laga en brotið er ekki takmarkað við losun úr sjó og varp efna í hafið eins og í gildandi lögum heldur tengist það lögunum í heild. Ekki er heldur gert ráð fyrir að einungis sé hægt að ljúka málinu með greiðslu sektar án þess að málið fari lengra eins og í gildandi lögum. Gerð er sú tillaga að lögveð stofnist í hlutaðeigandi skipi til tryggingar greiðslu sektar og að það standi í eitt ár.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um ágreining sem kann að rísa um framkvæmd laganna, þar á meðal um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögunum sé að ræða eða ekki, og er þá heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Í 2. mgr. er settur fram frestur sem ráðherra hefur til að kveða upp úrskurð en hann skal kveðinn upp svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að ráðherra berst mál í hendur. Hér ber að hafa í huga að sé um að ræða ágreining sem tengist bráðamengun hafa frestir í sjálfu sér litla þýðingu því samkvæmt eðli málsins er nauðsynlegt að bregðast við án tafar. Í slíkum tilvikum yrði ráðherra að kveða upp úrskurð eins fljótt og við yrði komið og eigi síðar en viku eftir að málið bærist til hans eins og kveðið er á um í 3. mgr.

Um 29. gr.

Gerð er tillaga um að lögin öðlist gildi 1. júlí 2004.

Þá er lagt til að lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, verði felld úr gildi frá sama tíma.

Loks kemur fram í ákvæðinu að reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði nýrra laga.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Lagt er til að ákvæði 16., 17. og 18. gr. um vátryggingar og ábyrgð á mengunartjónum, vátryggingar olíuflutningaskipa og um viðbragðsáætlanir taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2005, enda þarf nokkurn tíma að undirbúa framkvæmd þessara ákvæða.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 11. gr. öðlist gildi 24. september 2004 en þá taka gildi alþjóðareglur um móttöku fyrir skólp frá skipum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Þar sem mörg nýmæli eru í lögunum sem tíma getur tekið að koma til framkvæmda er lagt til að umhverfisráðherra geti veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum laganna út árið 2009, þegar sérstaklega stendur á, enda liggi fyrir umsögn Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar, þegar svo háttar til um málið.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Töluvert vandamál hefur skapast vegna skipa sem eru í óreiðu í höfnum og fjörum. Verður ekki lengur undan því skotist að taka á málinu. Fyrir liggja tvær skýrslur opinberra aðila í málinu þar sem vandamálinu er lýst og gerðar eru tillögur til úrbóta. Lagt er til að umhverfisráðherra skuli í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir, gera áætlun um hreinsun stranda og hafnasvæða í þessu tilviki og um kostnað er af því leiðir. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda hálfu ári síðar og skal hreinsun lokið fyrir árslok 2008. Þannig gæfust þrjú ár til þess að taka á þessu máli í eitt skipti fyrir öll.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Þar sem lögin kveða á um ýmiss konar nýskipan mála og leggja kvaðir á stjórnvöld og atvinnulífið er lagt til að umhverfisráðherra skipi starfshóp sem hafi það hlutverk að undirbúa gildistöku laganna. Nauðsynlegt er að í starfshópnum eigi sæti fulltrúar þeirra aðila sem framkvæmdin mæðir mest á en þeir eru auk umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar, samgönguráðuneytið vegna siglingamála og starfsemi Siglingastofnunar Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga vegna starfsemi sveitarfélaganna þ.e. heilbrigðisnefnda og hafnarstjóra og Samtök atvinnulífsins vegna atvinnustarfseminnar. Eðlilegt er að starfshópurinn starfi þar til lögin hafa að fullu tekið gildi sem er 1. júlí 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmið frumvarpsins er hið sama og laganna, að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun, en í frumvarpinu er m.a. leitast við að kveða skýrar og nákvæmar

á um ábyrgð, verksvið og verkaskiptingu þeirra sem skyldum hafa að gegna við framkvæmd laganna, ásamt því að skilgreina betur ýmis orð og orðasambönd en gert er í gildandi lögum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni ábyrgð mengunarvalda vegna bráðamengunartjóna og kveðið er á um skyldu þeirra sem tiltekna atvinnustarfsemi stunda til að tryggja sig fyrir skaða af slíkum tjónum. Vátryggingarkostnaðurinn félli á viðkomandi atvinnurekstur og er ekki lagt mat á hann hér. Ákvæði 11. gr. frumvarpsins þess efnis að hafnarstjórnir skuli koma upp móttöku fyrir skolp gæti leitt til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög eða aðra eigendur hafna en á móti kemur að hafnarstjórnum verður heimilt að setja gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum. Þær greinar frumvarpsins sem einkum gætu haft áhrif á kostnað ríkissjóðs eru 4., 13., 19. og 21. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að Umhverfisstofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna sé ekki mælt fyrir um annað í lögunum og í 3. mgr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um að mengun hafs og stranda sé vöktuð. Í báðum tilvikum er um að ræða verkefni sem Umhverfisstofnun sinnir samkvæmt gildandi lögum og lögfesting frumvarpsins hefði ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir stofnunina frá því sem nú er.

Í 4. mgr. 4. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um gerð fræðsluefnis, fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur. Árlegur rekstrarkostnaður hefur verið áætlaður 0,5 m.kr.

Í 5. mgr. 4. gr. segir að Landhelgisgæslan sjái um eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland og Siglingastofnun Íslands annist eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna. Ekki er reiknað með auknum kostnaði af þessu. Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar um að gæslan sinni eftirlitinu samhliða öðru eftirliti og ekki er reiknað með neinni breytingu á því eða auknum kostnaði. Um gjaldtöku Siglingastofnunar vegna eftirlitsins fer samkvæmt gjaldskrá eins og verið hefur.

Í 4. mgr. 13. gr. segir að Umhverfisstofnun annist samræmingu milli svæða og að ríkissjóður beri kostnað af samræmingunni. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárhagsramma stofnunarinnar.

Í 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Samkvæmt upphaflegri áætlun var stefnt að því að eiga 1.000 metra af flotgirðingu. Kostnaður til að ná því marki hefur verið metinn 10 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður 0,5 m.kr.

Í 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. segir að Umhverfisstofnun skuli sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands. Fé hefur verið veitt til þessara verkefna á fjárlögum undanfarinna ára og ekki er reiknað með að lögfesting frumvarpsins hafi sérstaklega í för með sér þörf á frekari fjárveitingum.

Í 2. mgr. 21. gr. segir að ráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun og má gjaldið ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og kostnaði hans við ferð. Einnig skal ráðherra setja í gjaldskrá ákvæði um leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Þá segir að Umhverfisstofnun skuli krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu. Umhverfisstofnun fær hér heimild til að krefja mengunarvald um útlagðan kostnað.

Að öllu virtu er því gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, geti leitt til 1 m.kr. hækkunar á rekstrarkostnaði Umhverfisstofnunar og 10 m.kr. tímabundinnar hækkunar á stofnkostnaði en að á móti komi tekjur vegna kostnaðar við eftirlit o.fl. vegna bráðamengunar. Fjárveiting vegna þessa var veitt á fjárlögum 2003 á grundvelli frumvarpsins sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi. Frumvarpið náði þá ekki fram að ganga og er nú endurflutt. Lögfesting þess kallar ekki á auknar fjárveitingar úr ríkissjóði frá því sem nú er.

165. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Hallvarðsson, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Mörður Árnason, Sigurjón Þórðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 18 ára. Þó er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% þeim sem er yngri en 20 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í c-lið 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynsluna af lækkun aldursmarka í 18 ár til kaupa á léttvíni og bjór frá gildistöku laga þessara. Nefndin skal taka til starfa 1. janúar 2007 og skila Alþingi skýrslu um athuganir sínar í upphafi þings árið 2008. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Er það til samræmis við það sem fyrir löngu hefur gerst hjá flestum þeirra þjóða sem við berum okkur saman við. Auk þess er verið að samræma réttindi og skyldur unga fólksins sem eru ekki í takt við þær lagabreytingar sem orðið hafa. Má þar nefna að lögræðislögum var breytt 1979 og lögræðisaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar lækkaður í 18 ár. Árið 1984 var svo kosningaaldur lækkaður úr 20 ára aldri í 18. Hækkun sjálfræðisaldurs úr 16

árum í 18 var síðan breytt árið 1998. Ákvæðið um 20 ára aldursmörk í áfengislögunum hefur hins vegar staðið óbreytt frá 1969, en þá var aldursmarkið fyrir neyslu áfengis fært úr 21 ári niður í 20 ár. Var sú breyting í samræmi við breytta löggjöf um kosningarrétt, kjörgengi, fjárræðisaldur og hjúskaparaldur.

Forsaga málsins.

Á 120. löggjafarþingi árið 1995 var flutt frumvarp þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi yrðu færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Með þessu frumvarpi er gengið skemur og lagt til að lækkun aldursmarka til áfengiskaupa nái aðeins til léttvíns og bjórs. Er það gert til að meta reynsluna af breytingunni, áður en skrefið yrði stigið til fulls, sem ætti að vera til þess fallið að ná betri samstöðu um málið, en ljóst er að skiptar skoðanir eru um að lækka aldurinn til áfengiskaupa. Jafnframt er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að þremur árum eftir gildistöku laganna verði áhrif breytinganna metin.

Á árinu 1998 náðist samstaða um það í allsherjarnefnd að leggja til með ákvæði til bráðabirgða í áfengislögunum að sett yrði á laggirnar nefnd sem yrði falið það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Verkefnið var m.a. að skilgreina kosti og galla breytinga á áfengiskaupaaldri. Jafnframt átti nefndin að meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár. Sömuleiðis átti nefndin að meta hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu yrði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðaði léttvín og bjór. Nefndinni var líka falið það verkefni að kanna hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.

Niðurstaða nefndarinnar.

Niðurstaða nefndarinnar sem dómsmálaráðherra lagði fyrir 125. löggjafarþing (1999–2000) var eftirfarandi:

1. Áfengiskaupaaldurinn verði óbreyttur.
2. Endurskoðað verði að hækka ökuleyfisaldur úr 17 í 18 ár.
3. Leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur verði lækkaður í 0 prómill.
4. Auka þarf markvisst löggæslu-, eftirlits- og forvarnastarf og fylgja málum eftir. Verði ákveðið að gera tilraun með að lækka áfengiskaupaaldur gildi það aðeins um léttvín og bjór. Ljóst er að samhliða þarf að stórauka forvarnir, eftirlit og löggæslu.

Þrátt fyrir þá niðurstöðu nefndarinnar sem birtist í 1. tölul. hér að framan telja flutningsmenn þessa frumvarps fulla ástæðu til þess að breyta áfengislögunum og lækka aldurinn til kaupa á léttvíni og bjór niður í 18 ár. Flutningsmenn eru sammála þeim tillögum sem fram koma í 2. og 4. tölul. og telja rétt að kannað verði hvort lækka skuli almennt leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna. Þá leggja flutningsmenn til að samhliða því að í lög verði leidd lækkun á áfengiskaupaaldrinum verði þeim tillögum nefndarinnar hrundið í framkvæmd.

Rökin með og á móti lækkun áfengiskaupaaldurs.

Í skýrslu dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldur sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi koma fram sterk rök fyrir að heimila lækkun á áfengiskaupaaldri. M.a. kemur fram að þversagnarkennt sé að maður verði lögráða 18 ára og ráði þá einn öllum sínum málum, en að hann getur ekki keypt og neytt áfengis. Er nefnt sem dæmi að kosningarréttur og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna er miðaður við 18 ára aldur og stofna má til

hjúskapar 18 ára. Sömuleiðis kemur fram að áfengiskaupaaldur sé ekki í samræmi við helstu persónuréttindi er menn öðlast við 18 ára aldur, svo sem hæfi til að ráða persónulegum högum, ráða fé sínu, stofna til fjárskuldbindinga, kjósa til Alþingis og sveitarstjórna, stofna til hjónabands o.fl.

Önnur rök með lækkun áfengiskaupaaldurs sem sett eru fram í skýrslunni eru eftirfarandi:

1. Lækkun áfengiskaupaaldurs samræmist sjálfræðisaldri og öðrum þeim helstu persónuréttindum er menn öðlast við 18 ára aldur.
2. Með lækkun áfengiskaupaaldurs væri verið að breyta lögum sem meiri hluti ungmenna fer ekki eftir og ekki hefur verið framfylgt.
3. Lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár, einkum hvað varðar léttvín.
4. Erfitt er að framfylgja 20 ára áfengiskaupaaldri þegar ungmennum yngri en 20 ára er heimilaður aðgangur að vínveitingastöðum.
5. Hár áfengiskaupaaldur getur gert áfengi eftirsóknarverðara í augum ungmenna.
6. Takmarkað aðgengi og hátt verðlag áfengis getur stuðlað að neyslu ólöglegra vímuefna.
7. Sumir foreldrar telja að betra sé að lækka áfengiskaupaaldurinn í 18 ár og standa staðfastlega við hann og finnst erfitt að neita börnum sínum um áfengi eftir 18 ára aldur. Þeir líta jafnframt á börn sín sem fullorðnar manneskjur og finnst erfitt að fylgja lögunum um 20 ára áfengiskaupaaldur.
8. Með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár hvað varðar bjór og léttvín væri verið að reyna að breyta drykkjuvenjum til hins betra. Með breytingu á áfengislöggjöfinni þannig að fólki 18–20 ára væri heimilt að kaupa bjór og léttvín en ekki sterkt áfengi væri verið að reyna að gera áfengisneysluna hættuminni og hafa áhrif á drykkjumynstrið.

Í skýrslu dómsmálaráðherra um lækkun áfengiskaupaaldurs kemur m.a. fram að áform um að lækka áfengiskaupaaldur samræmist ekki þeirri stefnumótun sem samþykkt var af ríkisstjórninni árið 1996. Þessi rök eru nokkuð langsótt því að ekki er hægt að fullyrða að slík áform t.d. hvað varðar bjór og léttvín muni auka drykkju ungmenna. Allt eins gæti sú breyting haft áhrif á drykkjumynstur ungmenna. Má í því sambandi benda á að í skýrslu dómsmálaráðherra þar sem vitnað er í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um málið kemur fram að rannsóknir bendi til þess að við 18 ára aldur sé almenn drykkja ungmenna þegar hafin og því hefði breytingin sennilega lítil áhrif á það hvenær drykkja hefst.

Einnig er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem m.a. fól í sér að draga stórlega úr áfengisnotkun barna og ungmenna, er langt frá því að skila þeim árangri sem að var stefnt. Þótt áfengiskaupaaldur hafi ekki verið lækkaður hefur áfengisneysla barna og ungmenna aukist verulega samkvæmt skýrslu áfengis- og vímuvarnaráðs sem gefin var út á þessu ári (2003). Þannig jókst fjöldi þeirra sem voru í áfengismeðferð á Vogi 19 ára og yngri úr 180 árið 1996 í 294 árið 2001, en stefnumótun ríkisstjórnarinnar í áfengisvörnum var gefin út 1996. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að það hefur færst í aukana að unglingar undir tvítugu komi í meðferð á Vogi. Árið 1991 var hlutfall þeirra sem voru 20 ára eða yngri 7% en tíu árum síðar var hlutfall þeirra orðið 16%. Þannig er ekki gefið að það feli í sér einhverja vörn gegn drykkju ungmenna að hafa áfengiskaupaaldurinn 20 ár en ekki 18 ár eins og hjá flestum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Miklu álitlegra til áfengisvarna eru að auka forvarnir og herða eftirlit með því að löglegur áfengiskaupaaldur sé virtur, en til þess þarf að efla löggæslu og herða eftirlit inni á vínveitingastöðum. Ljóst er líka og flestir viðurkenna að aðgengi barna og ungmenna að áfengi er auðvelt þrátt fyrir löggjöfina um 20 ára aldursmark til áfengiskaupa.

Athyglisvert er að í skýrslunni er einungis vitnað til reynslu Bandaríkjanna af lækkun áfengiskaupaaldurs þótt nefndinni hafi verið falið að kanna reynslu annarra þjóða sem breytt

hafa áfengiskaupaaldri. Þetta eru gagnrýnisverð vinnubrögð því það er nánast ómarktækt að bera Ísland saman við Bandaríkin í þessu efni þar sem aðstæður eru allt aðrar varðandi vegalengdir og samgöngur. Víða í Bandaríkjunum eru engar skipulagðar strætisvagnaferðir eða leigubílar, ökuleyfisaldurinn er í sumum fylkjum 15 ára, auk þess sem það var sett sem skilyrði að fylkin í Bandaríkjunum hækkuðu áfengiskaupaaldur ella mundu þau missa styrki frá Bandaríkjastjórn til þjóðvegagerðar. Til þess er líka vitnað að hjá ökumönnum á aldrinum 17–20 ára sé slysatíðni yfirleitt hæst. Að því er síðan leitt getum að með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 ára í 18 ár megi búast við fjölgun alvarlegra bílslysa af völdum ungra ölvaðra ökumanna. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að í allflestum löndum Evrópu er ökuleyfisaldurinn 18 ár en 17 ár hér á landi sem gæti skýrt að einhverju leyti að slysatíðni sé yfirleitt hæst hjá þeim sem eru undir 20 ára aldri.

Áfengiskaupaaldur lægri hjá flestum nágrannaþjóðum.

Í áður tilvitnaðri skýrslu dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldurinn kemur fram fróðlegur samanburður hvernig áfengiskaupaaldri er hagað í öðrum löndum. Þar kemur fram eftirfarandi:

Á flestum Norðurlöndunum og í öðrum Evrópulöndum er áfengiskaupaaldur lægri en hérlendis.

Í Danmörku er verslunum óheimilt að selja áfengi yngri börnum en 15 ára (Lov om ændring af lov om foranstaltninger mod alkoholmisbrug nr. 411/1998). Þá er óheimilt að veita börnum yngri en 18 ára sterkt áfengi á veitingastöðum og öðrum stöðum sem hafa veitingaleyfi fyrir sterkt áfengi. (Restaurationsloven nr. 256/1993.)

Í Svíþjóð er ekki leyfilegt að selja fólki yngra en 20 ára sterkt/brennt áfengi, léttvín og sterkan bjór í vínbúð. Á veitingastöðum mega þeir sem náð hafa 18 ára aldri neyta hvers kyns áfengra drykkja. Bjór í flokki I telst óáfengur og engin aldurstakmörk eru fyrir neyslu hans. (Alkohollag 1994/1738.)

Í Noregi er heimilt að selja og veita fólki 20 ára og eldra sterka/brennda drykki, en allt annað áfengi er heimilt að selja þeim sem náð hafa 18 ára aldri. (Lov om omsetning af alkoholdig drikk m.v. nr. 27/1989.)

Í Finnlandi er 20 ára aldurstakmark hvað varðar sterka drykki en 18 ára fyrir bjór og léttvín í vínbúðum. Á veitingastöðum gildir 18 ára aldurstakmark fyrir alla áfenga drykki.

Af öðrum löndum má nefna Írland, Lúxemborg, Bretland, Tyrkland, Lettland, Litháen, Rúmeníu, Rússland og Pólland sem hafa 18 ára áfengiskaupaaldur.

Í Sviss, Hollandi og Þýskalandi er 18 ára aldurstakmark hvað varðar sterkt áfengi en 16 ára hvað varðar léttvín og bjór.

Í Frakklandi, á Spáni, í Belgíu og á Ítalíu er hins vegar 16 ára aldurstakmark til að kaupa allt áfengi.

Löglegur áfengiskaupaaldur í nokkrum löndum.

	Léttöl	Bjór	Vín	Sterkt/brennt áfengi
Danmörk (lög frá 1998)	15 ár	15 ár	15 ár	15 ár úr búð 18 ár á veitingastað
Finnland (lög frá 1969)	18 ár	18 ár	18 ár	20 ár úr vínbúð 18 ár á veitingastað
Ísland (lög frá 1998)	÷	20 ár	20 ár	20 ár
Noregur	18 ár	18 ár	18 ár	20 ár
Svíþjóð (lög frá 1969)	≤ 3,5% ÷	20 ár sterkur 18 ár flokkur II	18 ár 21 ár	20 ár úr vínbúð 18 ár á veitingastað
Bandaríkin	÷	21 ár	21 ár	21 ár
Nýja-Sjáland (upplýsingar frá 1997)	÷	20 ár í búð 18 ár á veitingastað með fylgd	20 ár í búð 18 ár á veitingastað með fylgd	20 úr búð 18 á veitingastað með fylgd

Af framangreindu er ljóst að Íslendingar skera sig frá öðrum þjóðum, sem flestar hafa lækkað áfengiskaupaaldurinn í 18 ár, a.m.k. hvað varðar léttvín og bjór. Þessi breyting á áfengislögunum felur í sér traust til unga fólksins í því að það umgangist áfengi af skynsemi og að það geri sér grein fyrir þeirri hættu sem ofnotkun þess fylgir. Slík viðhorfsbreyting löggjafans til unga fólksins gæti þýtt breytt viðhorf þess til umgengni við áfengi.

Áfengisvandamál óvíða meiri en á Íslandi.

Nefnd dómsmálaráðherra setti fram mjög athyglisverð sjónarmið um þetta efni, sem rökstyðja að rétt sé að gera þá breytingu sem hér er lögð til. Eftirfarandi kemur fram í skýrslunni: „Það kemur á óvart að þrátt fyrir þessa lágu heildarneyslu virðast áfengisvandamál óvíða vera meiri en á Íslandi. Hvergi í Evrópu er annað eins framboð á meðferð fyrir áfengissjúka og hvergi hefur jafnstór hluti einnar þjóðar farið í einhvers konar meðferð vegna misnotkunar áfengis, auk fjölda aðstandenda sem tekið hefur þátt í einhvers konar námskeiðum og fundum um alkóhólisma og skaðsemi áfengis. Einkenni þessara drykkjuvandamála eru þó fyrst og fremst félagsleg. Líkamleg sjúkdómseinkenni sem rekja má til mikillar áfengisneyslu, svo sem skorpulifur, eru fáséðari hérlendis en annars staðar en á hinn bóginn virðast mikil félagsleg vandamál fylgja drykkjunni. Ástæða þessa er sú að drykkjumynstrið er öðruvísi á Íslandi en víða annars staðar. Fólk hefur þá tilhneigingu að drekka áfengi fyrst og fremst í því augnamiði að verða mjög ölvað sem síðan leiðir til stjórnleysis. Reyndar er þetta gömul saga og útlendingar hafa um margra áratuga- eða aldaskeið furðað sig á þessari ríku tilhneigingu til að drekka sig ávallt mjög ölvaða í hvert sinn sem tappi er tekinn úr flösku. Ekki hefur fundist nein einhlít skýring á þessu. Spurningin er hvort hið takmarkaða aðgengi geti mögulega leitt til þess að drykkjan verði meiri og alvarlegri þegar hún fer fram en fylgi ekki drykkjusiðum annarra Evrópuþjóða. Þrátt fyrir þá staðreynd að meira sé drukkið virðast margar aðrar Evrópuþjóðir nálgast áfengi með öðru hugarfari en Íslendingar. Áfengi og þá sérstaklega léttvín og bjór er hluti af daglegu lífi, máltíðum og félagslegu samneyti. Drykkjan á Íslandi miðast frekar við helgarneyslu þar sem mestu skiptir að drekka sem allra mest á sem stystum tíma. Þessi ofurdrykkja þegar drukkið er, með tilheyrandi ölvun og stjórnleysi, leiðir síðan til alvarlegra félagslegra vandamála, líkamsmeiðinga, ölvunaraksturs, heimilisofbeldis og margs konar slysa."

Full ástæða er til að íhuga alvarlega þessa skoðun nefndarinnar og hvort lækkun áfengiskaupaaldurs, þar sem unga fólkinu yrði treyst til að fara af skynsemi með áfengi, auk þess

sem neyslunni yrði beint frá sterku áfengi að veikara, geti ekki átt verulegan þátt í því að breyta neysluvenjum unga fólksins.

Óvirk áfengislöggjöf.

Eftir þá breytingu sem hér er lögð til á áfengislöggjöfinni væri líka auðveldara að framfylgja áfengislögunum og einbeita sér frekar að þeim sem eru yngri en 18 ára. Þá væri þessu samfara hægt að koma af stað lögbundinni, markvissri og skynsamlegri áfengisstefnu, þar sem jafnframt yrði reynt að draga úr áfengisneyslunni með öðrum aðferðum en aðeins boðum og bönnum. Slíkt hefur ekki gefist nægilega vel, enda eru óteljandi möguleikar til að komast fram hjá því. Með því að lækka áfengiskaupaaldurinn er verið að breyta lögum sem ekki er farið eftir og erfitt er að framfylgja. Lög sem ekki er farið eftir, mörgum finnst óréttlát og óskynsamleg og örðugt er að framfylgja eru ekki góð lög. Út frá siðferðissjónarmiði vaknar líka spurning um áhrif þess að ungt fólk alist upp við að ekkert mál sé að brjóta lög.

Hvað sem lögunum líður hefur ungt fólk greiðan aðgang að áfengi. Erfitt er að sjá að áfengisvandinn liggi í því hvort 18, 19 eða 20 ára ungmenni hafa lagalega heimild til neyslu áfengis. Orsakir vandans eiga sér oftast dýpri rætur og tengjast meira því þjóðfélagslega umhverfi sem unga fólkinu er búið. Ástæða er fremur til að brjóta þann þátt til mergjar en að skella skuldinni á einhver óskilgreind unglingavandamál og skýla sér bak við úrelta löggjöf til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnotkun unga fólksins.

Frá því síðast var lagt fram frumvarp um lækkun á áfengiskaupaaldrinum árið 1995 hefur sjálfræðisaldurinn verið aðlagaður að þeirra þróun sem orðið hefur á sl. áratugum varðandi réttindi og skyldur ungs fólks og er nú 18 ár. Eftir situr því aðeins að lækka áfengiskaupaaldurinn til að samræma öll réttindi og skyldur við 18 ára aldurinn. Ástæða er til að draga saman rökin sem sett voru fram í frumvarpinu 1995 fyrir lækkun á áfengiskaupaaldrinum. Þar kom fram eftirfarandi í greinargerð frumvarpsins: „Mikil þversögn felst í því að við 18 ára aldur getur fólk ráðið sjálft öllum persónulegum högum sínum, hefur jafnt sjálfræði sem fjárræði. Þannig getur 18 ára einstaklingur tekið bankalán, orðið sjálfskuldarábyrgðarmaður vegna þriðja aðila eða handhafi greiðslukorta. Honum er treyst fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir giftingu og uppeldi barna, að hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna, en ekki sjá fótum sínum forráð og bera ábyrgð á meðferð og neyslu áfengis eins og aðrir. 18 ára einstaklingur getur líka haft rétt til að kjósa um hvort opna skuli áfengisútsölu í tilteknu bæjarfélagi.“ Við þetta má bæta að við 18 ára aldur ræður einstaklingur hvort hann flytur að heiman, heldur áfram skólagöngu o.s.frv. Þversögn er líka í því fólgin að við 17 ára aldur er honum treyst til að aka bifreið og bera þannig ábyrgð á lífi og limum fólks í umferðinni, en sama einstaklingi er ekki fyrr en þremur árum síðar treyst til að sjá fótum sínum forráð í neyslu áfengis. Ástæða er líka til að benda á að ekkert í áfengislögum bannar fólki að afgreiða áfengi á vínveitingahúsi þó að kaup þess sjálfs og neysla sé bönnuð.

Í greinargerð áðurnefnds frumvarps frá árinu 1995 kemur eftirfarandi m.a. fram: „Í ljósi umræðna um vaxandi vímuefna- og áfengisnotkun ungmenna gæti slík breyting á áfengislögunum virst mótsagnakennd. Ástæða er hins vegar til að ætla að ákvæði áfengislöggjafarinnar um 20 ára aldursmörk séu í reynd óvirk því að þeim sem ætla sér að neyta áfengis og eru undir 20 ára aldri eru yfirleitt opnar leiðir til að ná sér í áfengi þegar þeim hentar. Engin vörn er því í umræddu ákvæði. Þvert á móti ýta þessi ákvæði, sem fólk virðir ekki, undir ólöglegan innflutning á áfengi, aukna neyslu á bruggi og landasölu og jafnvel fíkniefnaneyslu unglinga.“

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík og félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík sem barst allsherjarnefnd Alþingis um frumvarpið um lækkun áfengiskaupaaldurs frá 1995 er vakin athygli á því ósamræmi sem er í áfengislögunum þess efnis að lágmarksaldur fyrir dvöl á veitingastað að kvöldi til þar sem áfengisveitingar eru leyfðar er 18 ár en samkvæmt ákvæðum sömu laga má ekki selja, veita eða afhenda áfengi yngri en 20 ára. Það leiði síðan til þess að 18 ára ungmennum er heimil dvöl í áfengisveitingahúsun, en þjónar mega ekki veita eða afhenda áfengi gestum yngri en 20 ára. Orðrétt segir síðan í umsögninni: „Því má ljóst vera, að innan veggja slíkra húsa er tíðum hópur gesta sem ekki má veita áfengi. Getur slíkur hópur verið býsna stór, jafnvel 80–90% allra gesta, einkum á stöðum sem yngra fólk sækir. Umrætt ósamræmi á aldri gesta veldur mjög miklum erfiðleikum í eftirliti, bæði af hálfu lögreglu eða eftirlitsmanna og veitingamanna þar sem ekki er hægt að sýna fram á brot á 3. mgr. 16. gr. laganna þegar komið er að 18 eða 19 ára gömlum gestum með áfengisglas í hendi þar sem talsvert virðist vera um að gestir tvítugir og eldri kaupi áfengi fyrir þá sem yngri eru. Er því mælt með því, að aldurstakmörk í lagaákvæðum þessum verði samræmd.“ Þannig mæla lögregluyfirvöld í Reykjavík með því að áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður og kemur fram í umsögninni að það þyki eðlilegt að aldur til áfengiskaupa verði sá sami og er til aðgangs að áfengisveitingahúsum. Um þetta sagði í frumvarpinu 1995: „Vandamál hefur líka skapast vegna ósamræmis sem er í áfengiskaupaaldri og aldursmarki til að sækja vínveitingastaði sem er við 18 ára aldur. Margt bendir einmitt til þess að ein af orsökum svokallaðs „miðbæjarvandamáls unglinga“ um helgar megi rekja til þessa umrædda ákvæðis í áfengislögunum. Vínveitingastaðir mega í raun hleypa inn 18 ára og eldri en hins vegar má ekki selja þeim áfengi sem eru undir tvítugu. Til að losna við vandræði af þessum sökum setja allmargir þessara staða aldursmörkin við tvítugt. Jafnvel þekkist að miðað sé við 25 ára aldur. Þannig er ungu fólki undir tvítugu oft vísað frá skemmtistöðunum vegna þessara ákvæða í áfengislögunum, jafnvel þó það ætli ekki inn þeirra erinda að kaupa sér áfengi. Styður það einmitt það umkvörtunarefni ungs fólks að það komist ekki inn á skemmtistaðina sem það telur veigamikla ástæðu fyrir því að unga fólkið safnast saman í miðbænum. Jafnvel eru sum kaffihús, sem hafa áfengisleyfi, lokuð þessu aldurshópi.“

Í umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar til allsherjarnefndar Alþingis um framangreint frumvarp er einnig fallist á röksemdir flutningsmanna þess um lækkun áfengiskaupaaldurs, en orðrétt segir í umsögninni: „Félagsmálaráð fellst á þau rök, sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, varðandi lækkun á aldurstakmarki til kaupa á áfengum drykkjum og er því fylgjandi frumvarpinu. Jafnframt leggur félagsmálaráð áherslu á, að eftirlit með neyslu og kaupum unglinga á áfengum drykkjum verði hert, bæði af hálfu löggæslu, skóla og félagsmálayfirvalda í samvinnu við foreldra.“ Flutningsmenn þessa frumvarps hafa bent á ósamræmi í lögum varðandi tiltekin réttindi og skyldur ungs fólks og benti félagsmálaráð einnig á þau atriði í umsögn sinni en þar segir: „Félagsmálaráð telur auk þess tímabært að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár og að aldursmörk varðandi fleiri réttindi ungs fólks verði samræmd.“

Forvarnir efldar – skref stigin í áföngum.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja rétt að stíga skrefið til lækkunar áfengiskaupaaldurs í áföngum líkt og víða er gert annars staðar. Því er lagt til að áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður í 18 ár til neyslu og kaupa á léttvíni og bjór. Telja flutningsmenn rétt að reynslan af þessari breytingu verði metin eftir þrjú ár og framhald málsins skoðað í ljósi reynslunnar.

Sömuleiðis er lögð áhersla á að markvisst verði unnið að því að fólk umgangist áfengi með öðru hugarfari en verið hefur og að fólk verði vel meðvitað um hættur samfara áfengisneyslunni, þannig að það finni til meiri ábyrgðar á eigin gjörðum. Ekki er nægilegt að marka þá stefnu í áfengismálum að draga eigi svo og svo mikið úr áfengisneyslu, heldur þarf að skipuleggja markvissa og faglega baráttu gegn áfengisbölinu.

Flutningsmenn leggja því áherslu á að allar forvarnir verði efldar. Í því skyni er flutt annað frumvarp sem kveður á um að framlög í forvarnasjóð til áfengis- og fíkniefnavarna verði tvöfaldað. Einnig leggja flutningsmenn áherslu á að kannað verði hvort ekki eigi að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur. Víða hefur komið til framkvæmda lækkun prómillmarka fyrir unga ökumenn en mismikið eftir löndum. Í Svíþjóð var lækkun úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill fyrir alla ökumenn, en hér á landi er heimilt áfengismagn í blóði 0,5 prómill. Sum lönd hafa einungis lækkað leyfilegt prómill í blóði við akstur hjá ungum ökumönnum og víða er það 0 prómill. Í áður tilvitnaðri skýrslu dómsmálaráðherra um lækkun áfengiskaupaaldurs kemur fram að lækkun prómillmarka niður í 0 fyrir unga ökumenn á aldrinum 17–20 ára veldur samkvæmt rannsóknum verulegri fækkun ölvunarslysa. Í skýrslunni kemur fram að að auki hafi slíkt bann uppeldislegt gildi þar sem ungur ökumaður verður fyrstu árin að aðskilja alveg akstur og áfengi og því meiri líkur séu á að hann haldi því áfram þegar hann eldist. Nefnd dómsmálaráðherra leggur til að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0 prómill.

Flutningsmenn telja einnig rétt að kanna vandlega hvort ekki skuli hækka aldur til ökuleyfis úr 17 árum í 18 ár. Nú er í gangi átak á vegum Umferðarstofu til að draga úr slysum ungra ökumanna, sem hófst um sl. áramót og stendur í þrjú ár. Það felst í reglum um akstursmat í umferðarlögum og reglugerð um ökuskírteini. Samkvæmt reglunum þarf ökumaður sem er með bráðabirgðaskírteini að fara í akstursmat áður en hann fær bráðabirgðaskírteinið endurnýjað eða fær fullnaðarskírteini.

Það er mat flutningsmanna að hér sé farið varlega í að lækka áfengiskaupaaldurinn, bæði með því að heimila aðeins lækkun á aldri til kaupa á bjór og léttvíni, með auknum forvörnum og fjármagni til þess, og enn fremur að kannað verði hvort lækka skuli leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur. Með samþykkt frumvarpsins er verið að veita íslenskum ungmennum sömu réttindi og nágrannaþjóðir okkar hafa gert og með því sýnir löggjafarþingið að það vill gera þessa tilraun og treysta þar með unga fólkinu til að umgangast áfengi af skynsemi.

Flutningsmenn telja rétt að reynslan af breyttu aldursmarki verði könnuð ítarlega innan hæfilegs tíma frá gildistöku laganna. Lagt er til að dómsmálaráðherra skipi nefnd sem taki til starfa 1. janúar 2007 og kanni áhrif lækkunar á áfengiskaupaaldri. Lagt er til að nefndin taki til starfa tveimur árum eftir gildistöku laganna en þá ættu upplýsingar að liggja fyrir til að meta áhrif breytinganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 20 ára aldur þurfi til að kaupa áfengi með meiri vínandastyrkleika en 22% en áfengi með minna vínandamagn er almennt flokkað sem létt áfengi. Skilgreining á léttu og sterku áfengi er ekki að finna í áfengislögunum en 22% markið hefur verið notað af fjármálaráðherra við setningu reglugerðar um innflutning áfengis með stoð í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum. Telja flutningsmenn rétt að notast við sömu skilgreiningu.

Um 2. gr.

Aldursmark er hér fært til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

166. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Mörður Árnason, Sigurjón Þórðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. lög nr. 93/1998, kemur: 2%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt í tengslum við frumvarp um breytingu á áfengislögum þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Mikilvægt er að efla allar forvarnir í áfengismálum og er eðlilegt að það verði gert samfara lækkun á áfengiskaupaaldri.

Samkvæmt 7. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki rennur 1% af áfengisgjaldi til Forvarnasjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að framlag til Forvarnasjóðs af innheimtu áfengisgjaldi nemi um 70 millj. kr. Í frumvarpinu er lagt til að hlutdeild sjóðsins verði aukin um 1% en það ætti að tvöfalda ráðstöfunarfé hans, í um 140 millj. kr. á ári. Í ár nema úthlutanir Forvarnasjóðs 45.270.000 kr., þar af fara 10 millj. kr. til áfangaheimila. Um 60% af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið varið til verkefna og áfangaheimila ár hvert.

Samkvæmt upplýsingum frá Forvarnasjóði voru umsóknir um styrki í ár 128 talsins og heildarfjárhæð umsókna um 170 millj. kr. Árið 2002 voru umsóknir 130 talsins og heildarfjárhæð þeirra um 200 millj. kr. Af þessu er ljóst að fjárþörf Forvarnasjóðs er töluvert meiri en fjárframlög til hans. Með auknu fjárframlagi vegna hækkunar áfengisgjalds ætti að vera hægt styrkja fleiri umsækjendur ár hvert og styrkja mikilvæg verkefni myndarlega. Þá er einnig hugsanlegt að hægt verði að veita meira fé til vímuvarnastarfs skólanna en gert er nú. Þegar úthlutanir þessa árs eru skoðaðar er ljóst að verkefni tengd skólum fá innan við 10% þess sem úthlutað er.

Fyrir Alþingi liggur einnig tillaga um eflingu á félagslegu forvarnarstarfi sem flutt er af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs en hún gengur mun lengra en þessi tillaga, bæði varðandi verksvið forvarnarsjóðs og fjármögnun. Sú tillaga sem hér er flutt miðar að því að auka fjármagn til fræðslu- og forvarnastarfs. Báðar þessar tillögur sýna vel þann vilja meðal þingmanna að efla allt fræðslu- og forvarnarstarf, hvor með sínum hætti.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004 og þarf þá að taka tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2004.

Fylgiskjal.

Áfengis- og vímuvarnaráð:

Úthlutun úr Forvarnasjóði 2003.
(Birt á heimasíðu Áfengis- og vímuvarnaráðs.)

Öflugt sjálfstraust, Börnin okkar – eineltisverkefni, Börn eru líka fólk – forvarnaverkefni og fjölskylduráðgjöf. Vímulaus æska	2.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum. Saman-hópurinn, félag um forvarnir	1.500.000
Jafningjafræðslan. Jafningjafræðsla Hins hússins	1.000.000
Þjónustumiðstöð fyrir fjölskyldur barna með athyglisbrest með/án ofvirkni og þroska- og hegðunarvanda. Foreldrafélag misþroska barna	1.000.000
Foreldrasamningur. Heimili og skóli	1.000.000
PMT-foreldrafærni, samstarfsverkefni stofnana í Hafnarfirði. Skóla-skrifstofa, heilsugæslustöðin Sólvangi og félagsþjónustan	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk, eftirfylgd fyrir nemendur í 10. bekk, „Ekki prófa, ekki einu sinni", fræðsla fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra. For-varnafélagið Hættu áður en þú byrjar	1.000.000
Fjölþjóðakvöld á kaffihúsi. Miðborgarstarf KFUM og KFUK og þjóðkirkjan	1.000.000
Bindindismótið í Galtalækjarskógi 2003. Sumarheimili templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2003. Ungmennafélag Íslands	1.000.000
Forvarnaverkefnið „Þú?". Námsmannahreyfingin á Íslandi	900.000
Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ – átak í forvörnum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	800.000
Uppbyggingarstefnan – forvarnir fyrir íbúa í Grafarvogi. Fjölskyldu-þjónust-an Miðgarði	750.000
Áhættuhegðun ungs fólks, langtímarannsókn. Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Fjölskyldumiðstöð – fjölskylduráðgjöf. Fjölskyldumiðstöð	600.000
Félagsstarf og útihátíðir á vegum SÁÁ. SÁÁ	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2003. Skógarmenn KFUM, Vatnaskógi	500.000
Menntasmiðja unga fólksins. Menntasmiðjan á Akureyri	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli. Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Menntasmiðja unga fólksins. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	500.000
Agi til forvarna. Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
Handbók fyrir stjórnendur fyrirtækja. Líknarfélagið Risið	400.000
Tveggja hæða strætisvagn. KFUM og KFUK	400.000
Nýnemaferðir Hins hússins. Hitt húsið	300.000
Heilbrigður menntaskóli fyrir vestan. Menntaskólinn á Ísafirði	300.000
„Verum saman", grunnskólar í Reykjavík og nágrenni, framhaldsskóla-skemmtanir og lífsdans. Komið og dansið	300.000
Geymslan, ungmenni í Skagafirði 15–25 ára. Átak í forvörnum í Skagafirði	300.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk. Biskupsstofa	300.000
Mannauðsvirkjun. Framhaldsskólinn á Húsavík	300.000

Gamla Apótekið – Sværðaráð. Gamla Apótekið	300.000
Lestin – hópastarf Hins hússins. Hitt húsið	300.000
Vottunarkerfið Þor. Samfés, samtök félagsmiðstöðva	300.000
Stofnun kaffi- og menningarhúss. Forvarnanefnd Hafnarfjarðar	300.000
Unglingamóttaka. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	300.000
Fjölskyldur á uppleið. Heilsugæslan í Árbæ og félagsþjónustan í Reykjavík	300.000
TÚN, efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík. TÚN, menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk á Húsavík	300.000
„Byrgjum brunninn – virkjum samfélagið“. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar	250.000
Íslandsleikhús 2003, unglingar í efstu bekkjum grunnskóla. Íslandsleikhús	250.000
Forvarnir í Borgarbyggð. Borgarbyggð	250.000
Forvarnaáætlun og foreldrafræðsla. Félagsmála- og fjölskyldusvið Vestmannaeyja	250.000
„Árla skal að auðnu hyggja“. Félagsmálasvið Mosfellsbæjar	250.000
Vinnuheiti „Á fætur!“. Vesturgarður, fjölskyldu- og skólaþjónusta	200.000
Foreldraskóli. Félagsmiðstöðin Vitinn, Hafnarfirði	200.000
Foreldrar eru besta forvörnin. Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar	200.000
„Þegar pabbi og mamma drekka“. Hrósa ehf. f.h. Róta	200.000
Gildi íþrótta í forvörnum. Knattspyrnudeild Hauka	200.000
Námskeiðið „Foreldrar og uppeldi – að bregðast við áður en skaðinn verður“. Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	200.000
Fjölskylduklúbbar. Bindindissamtökin IOGT	200.000
Betri sjálfsmynd – betri líðan. Akureyrarbær, félagssvið	200.000
Lífsleikni – leið til lausnar. Ártúnsskóli	200.000
Starfsfólk, leikskólabörn og foreldrar leikskólabarna í þremur leikskólum. Fjölskylduráðgjöf Stefáns Jóhannssonar	200.000
Vinahópur í unglingadeild. Hólabrekkuskóli	200.000
Forvarnastarf á biskupsstofu og hjá tollstjóra. Fermingarbörn 2003. Tollstjórinn í Reykjavík og biskupsstofa	200.000
„Sterkur og viðbúinn“. Ungmennahreyfing IOGT	200.000
Forvarnir í fjölmenningarlegum skóla. Kópavogsskóli	200.000
„Þú átt val“, fræðslukver í tengslum við myndband. Menntaskólinn í Kópavogi	200.000
„Byrgjum brunninn“. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	200.000
Þórshöfn án fíkniefna. Forvarnahópur Þórshafnar	200.000
Mikilvægi foreldra í forvarnastarfi. Foreldrafélag Víðistaðaskóla	150.000
Námskeið fyrir foreldra og börn 6–16 ára. Frístundamiðstöðin Gufunesbæ	150.000
Fræðsla fyrir 8., 9. og 10. bekk grunnskóla og foreldra. Grunnskólinn á Blönduósi	150.000
„Líf eða dauði“, ljósmyndamaraþon. KFUM og KFUK á Akureyri	150.000
Danskennsla fyrir 5.–7. bekk grunnskóla. Kolfinna Sigurvinsdóttir og Hulda Sverrisdóttir	150.000
Forvarnir meðal unglinga. Sveitarfélagið Árborg	150.000
Þýðing texta myndbandsins „Þú átt val“ á ensku. Menntaskólinn í Kópavogi	150.000

„Flott án fíknar“. Lindaskóli, Kópavogi	150.000
Ungt fólk 16–18 ára. Jafningafræðslan í Fjölbrautaskóla Vesturlands	150.000
Langtímaáhrif stelpnahópavinnu til forvarna. Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	150.000
SOS! Hjálp fyrir foreldra. Félags- og skólaþjónustan ÚtEy, Dalvík	120.000
Listahátíð ungs fólks, 8.–10. bekkur grunnskóla. Listauki ehf., Vestmannaeyjum	50.000
Samtals:	**29.770.000**
Vertu til	
Samstarfsverkefni ÁVVR og Sambands íslenskra sveitarfélaga	4.500.000
Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
Samtals:	**35.270.000**
Áfangaheimili	
Dyngjan	2.500.000
Krossgötur	400.000
Risið	2.500.000
SÁÁ Eskihlíð 3	400.000
SÁÁ Miklubraut 1	400.000
Skjöldur	1.000.000
Stoðbýlið Samhjálp	700.000
Takmarkið	1.000.000
Vernd fangahjálp	1.100.000
Áfangaheimili samtals:	**10.000.000**
Úthlutun samtals:	**45.270.000**

167. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um gerð námsefnis um hlutskipti kvenna um víða veröld.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um gerð fræðsluefnis fyrir grunnskólastig um misjafnt hlutskipti og kjör kvenna um víða veröld.

Greinargerð.

Alþekkt er hér á landi hversu mikill munur hefur verið á réttindum kvenna og karla. Hægt er að nefna mörg hryggileg dæmi því til stuðnings. Viðhorf til kvenna hefur löngum verið í þá veru að konan eigi ekki að njóta sama réttar, sömu virðingar og sömu sæmdar og karlinn. Til dæmis sést þetta vel þegar við lítum í sögu kosningalöggjafar og menntamála. Núgildandi lög um jafnrétti kynjanna eru góðra gjalda verð en nauðsynlegt er að allir fái inngróna til-

finningu fyrir því að konunni ber sama staða og karlinum í samfélagi voru. Þá fyrst verður raunverulegt jafnrétti og réttlæti á milli kynjanna.

Víða um veröldina er hlutur kvenna mjög bágborinn og í sumum löndum ríkir mikil kvennakúgun og konur ganga sums staðar kaupum og sölum og eru jafnvel þvingaðar í vændi á Vesturlöndum og víðar.

Sífellt er bent á slæma stöðu kvenna í mörgum þróunarríkjum og hversu illa er farið þar með konur. Nefna má mýmörg dæmi um umskurn kvenna og fleira. Frægt viðtal við sómölsku fyrirsætuna Waris Dirie vakti margan af værum blundi og einnig skelfilegar fréttir um konur í Bangladess sem brenndar höfðu verið í andliti með sýru vegna þess að þær hryggbrutu biðla sína.

Á undanförnum missirum hefur umræða aukist um nauðganir, vændi, klám og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum. Er það ekki síst vegna fjölgunar ákæra og brota í þessum efnum. Margir telja að tilkoma netsins og aukin og fjölbreyttari fjölmiðlun eigi nokkurn þátt í þessu, þ.e. að virðing fyrir lífi og líkama annarra hafi farið þverrandi og einnig að kærleiksástin njóti ekki sömu viðurkenningar samfélagsins og fyrr. Hægt er að nefna mörg dæmi um sora sem unglingar og jafnvel börn hafa verið vitni að á þessu sviði. Ljóst er að slíkt hefur slæm mótandi áhrif á þá sem á horfa og getur bjagað og afskræmt það sem fallegt er og fagurt í augum guðs og manna.

Við þessu ber að sporna af alefli. Það verður einungis gert með viðhorfsbreytingu og gæti gerð námsefnis um misjöfn kjör kvenna um víða veröld verið lóð á vogarskálarnar. Það ætti líka að vera vel til þess fallið að vekja börnin almennt til umhugsunar um það hversu skammt maðurinn er kominn á leið sinni í átt til réttlætis og einnig ætti slíkt efni að auka kærleika barna og unglinga í garð hvers annars og benda þeim á hversu hver einstaklingur er mikilvægur í því að skapa betri heim með kærleiksríkri framkomu.

Þetta þingmál var fyrst lagt fram á 128. löggjafarþingi og var þá fyrsti flutningsmaður þess sr. Karl V. Matthíasson.

168. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.

Greinargerð.

Óþarfi að fjölyrða um þann vanda sem blasir við íslenskum landbúnaði og þá erfiðleika sem við er að glíma í byggðamálum í strjálbýlinu. Hæst hefur borið að undanförnu vanda sauðfjárræktarinnar en ljóst er að margar fleiri greinar landbúnaðar búa við mikla erfiðleika. Þannig er afkoma loðdýrabænda mjög slæm og framleiðendur nautakjöts hafa ekki farið varhluta af ástandinu á kjötmarkaði frekar en aðrir þar sem mikil upplausn ríkir. Einna best stendur mjólkurframleiðslan og málefni garðyrkjunnar hafa einnig verið að komast í heldur skárra horf að undanförnu. Sem betur fer hefur að sjálfsögðu ýmislegt jákvætt gerst í atvinnu- og byggðamálum til sveita. Má þar nefna uppbyggingu í ferðaþjónustu og ýmiss konar afþreyingu, handverk og framleiðslu sem þeirri uppbyggingu tengist. Einnig aukna kornrækt, hrossarækt, skógrækt, bleikjueldi og aukinn hlut sveitanna í margs konar umönnunarstörfum svo að eitthvað sé nefnt.

Ný störf af ýmsum toga sem skapast hafa í nokkrum mæli í sveitum landsins að undanförnu breyta ekki því að hin hefðbundna búvöruframleiðsla, ekki síst sauðfjárræktin, er undirstaða hinnar dreifðu búsetu. Fjöldi nýrra starfa dugar tæpast til að vega upp á móti samdrætti og fækkun í hinum hefðbundna landbúnaði. Félagslega mega sveitir landsins yfirleitt ekki við frekari fækkun sem að óbreyttu leiðir til byggðahruns í heilum héruðum og landshlutum innan ekki langs tíma haldi svo fram sem horfir.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur undanfarin ár haft málefni landbúnaðarins og sveitanna stanslaust til umræðu og á dagskrá. Flokkurinn hefur lagt áherslu á sjálfbæra þróun greinarinnar, stuðning við hefðbundnar fjölskyldueiningar í rekstri og hefur varað við tilhneigingum til óhóflegrar samþjöppunar og verksmiðjubúskapar. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur flutt tillögur um stuðning við lífrænan landbúnað og mörg önnur þingmál sem varða hagsmuni landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótað stefnu um að taka beri upp svonefndan búsetutengdan grunnstuðning við landbúnaðinn og búsetu í sveitum. Fyrstu hugmyndir í þessa veru komu fram í umræðum og ályktunum á vettvangi kjördæmisráða á landsbyggðinni fyrir nokkrum árum og síðan hafa slíkar hugmyndir mótast og verið festar í sessi í ályktunum landsfunda og í síðustu kosningastefnuskrá flokksins. Um nánari útfærslu vísast í fylgiskjöl með tillögu þessari.

Tillagan gerir ráð fyrir að kosin verði nefnd fulltrúa allra þingflokka til að vinna að málinu með stjórnvöldum og bændasamtökunum og að sjálfsögðu eftir atvikum einnig öðrum helstu hagsmuna- og málsaðilum svo sem neytendum og aðilum vinnumarkaðarins, aðilum á sviði byggðamála o.s.frv.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Fréttatilkynning / ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. (Þriðjudaginn 9. september 2003.)
II. Steingrímur J. Sigfússon: Nýsköpun í atvinnulífi til sveita (Bændablaðið 28. janúar 2003) og Búsetutengdur grunnstuðningur (Bændablaðið 11. febrúar 2003).
III. Steingrímur J. Sigfússon: Nýsköpun í atvinnumálum – hlutverk lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Morgunblaðið 8. desember 2002).

169. Beiðni um skýrslu [167. mál]

frá samgönguráðherra um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Frá Merði Árnasyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Helga Hjörvar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að samgönguráðherra flytji Alþingi skýrslu um áhrif hvalveiða undanfarið á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Greinargerð.

Innan ferðaþjónustunnar halda menn því fram að hvalveiðar þær sem sjávarútvegsráðherra hefur gengist fyrir að undanförnu hafi óheppileg áhrif á ímynd Íslands erlendis, og geti þau meðal annars komið illa niður á ferðaþjónustunni til frambúðar. Áður en ákvörðun er tekin um framhald á þessum veiðum er mikilvægt að fyrir liggi athugun um þetta mál til þess að hægt sé að vega og meta sem flest rök fyrir henni. Farið er fram á að í skýrslu ráðherrans verði kynnt sjónarmið sem flestra í ferðaþjónustu og gerð grein fyrir áliti sérfræðinga á þessu sviði. Mikilvægt er að reyna að greina bæði skammtíma- og langtímaáhrif af veiðunum á ímynd landsins sem ferðamannalands. Litið verði á málið með tilliti til helstu markhópa íslenskrar ferðaþjónustu og reynt eftir megni að skoða áhrifin eftir ríkjum og markaðssvæðum, aldri, kyni, menntun og fleiri algengum breytum. Svarað verði eftir mætti hver eru viðhorf ferðamanna í helstu markhópum ferðaþjónustunnar til hvalveiða og við hvaða breytingum megi búast á fjölda ferðamanna til landsins frá hverju markaðssvæði og úr hverjum markhóp miðað við framhald á veiðum. Þá verði gerð grein fyrir líklegum áhrifum hvalveiðanna á ferðaþjónustu eftir einstökum greinum, flugþjónustu, gistihúsarekstri, hvalaskoðun o.s.frv.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

170. Fyrirspurn [168. mál]

til umhverfisráðherra um frágang efnistökusvæða.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður tillögum um frágang efnistökusvæða, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999?

171. Fyrirspurn [169. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruverndaráætlun.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999?

172. Fyrirspurn [170. mál]

til dómsmálaráðherra um starfsemi héraðsdómstóla.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hver var fjöldi starfsmanna hvers héraðsdómstóls á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
   a. héraðsdómara,
   b. aðstoðarmanna dómara,
   c. annarra starfsmanna?
2. Hver var fjöldi dómsmála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
   a. einkamála,
   b. opinberra mála,
   c. annarra mála?
3. Hver var fjöldi munnlega fluttra mála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
   a. einkamála,
   b. sakamála,
   c. annarra mála?
4. Hversu lengi tók að meðaltali að dæma eða úrskurða í munnlega fluttum málum fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:
   a. einkamálum,
   b. sakamálum,
   c. öðrum málum?
5. Hversu mikið fé var veitt til reksturs hvers héraðsdómstóls á föstu verðlagi á árunum 1998–2002?

Skriflegt svar óskast.

173. Fyrirspurn [171. mál]

til dómsmálaráðherra um myndasafn lögreglu.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hvaða vinnureglur gilda um myndasafn lögreglu varðandi:
   a. myndir af einstaklingum, þ.m.t. handteknum og/eða grunuðum mönnum,
   b. myndir frá opinberum fundum og öðrum samkomum?
2. Hjá hvaða lögregluembættum eru slík myndasöfn varðveitt og í hvaða tilgangi?
3. Hvað veldur því að mynd af mönnum er varðveitt í myndasafni og af hvaða tilefni er hún fjarlægð þaðan?
4. Hvaðan sækir lögregla heimild til varðveislu slíkra myndasafna?
5. Hvenær og með hvaða hætti er viðkomandi tilkynnt að mynd af honum sé varðveitt í myndasafni lögreglu eða hafi verið fjarlægð þaðan?
6. Telur ráðherra ástæðu til að setja sérstök ákvæði í lög eða reglugerð um þessi efni?

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [172. mál]

til samgönguráðherra um færslu Hringbrautar í Reykjavík.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður færslu Hringbrautar í Reykjavík?

175. Fyrirspurn [173. mál]

til samgönguráðherra um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavík?

176. Fyrirspurn [174. mál]

til samgönguráðherra um Sundabraut í Reykjavík.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að gerð Sundabrautar í Reykjavík?

177. Fyrirspurn [175. mál]

til menntamálaráðherra um starfsmenntun leiðsögumanna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi að starfsnámi íslenskra leiðsögumanna sem fært var undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis árið 2000?
2. Stendur til að breyta á einhvern hátt kröfum sem áður voru gerðar til þeirra sem hyggjast stunda leiðsögumannsnám?
3. Á hvaða skólastigi verður námið og hverjar eru helstu breytingar sem gerðar verða á uppbyggingu þess og eðli?

178. Fyrirspurn [176. mál]

til samgönguráðherra um legu Sundabrautar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað er því til fyrirstöðu að báðar þær leiðir sem verið hafa til athugunar varðandi legu Sundabrautar fari í lögformlegt umhverfismat?

179. Fyrirspurn [177. mál]

til fjármálaráðherra um reglur um kjör og hagsmunaárekstra stjórnenda lífeyrissjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir stjórnarmenn eða stjórnendur fimm stærstu lífeyrissjóða áttu aðild að stjórnum fyrirtækja á árunum 2001 og 2002? Óskað er sundurliðunar á hverjum lífeyrissjóði fyrir sig og hvort um sé að ræða sæti í fleiri en einni stjórn fyrirtækja og þá hve mörgum hjá hverjum þeirra.

2. Hversu oft og hjá hvaða framangreindum lífeyrissjóðum var um að ræða stjórnarsetu í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðirnir höfðu fjárfest í?
3. Hverjar voru heildarársgreiðslur til þessara stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða annars vegar fyrir setu í lífeyrissjóðum og hins vegar fyrir setu í stjórnum fyrirtækja á síðastliðnu ári og eftir fjölda stjórnarmanna og stjórnenda?
4. Hvað reglur gilda hjá lífeyrissjóðunum um hlutabréfaeign stjórnarmanna og stjórnenda til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ef þeir eiga sjálfir hlut í fyrirtæki sem lífeyrissjóðirnir fjárfesta í?
5. Hvaða reglur gilda um setu stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða í stjórnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í ef stjórnarmenn eða stjórnendur eiga sæti í stjórn þess fyrirtækis, eiga sjálfir hlut í því eða eiga annarra hagsmuna að gæta í viðkomandi fyrirtæki?

Skriflegt svar óskast.

180. Fyrirspurn [178. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þróun aflamarks og veiðar smábáta.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur verið hlutfallsleg þróun í kvótasettum fisktegundum í einstökum verstöðvum og kjördæmum (gömlu kjördæmin) frá fiskveiðiárinu 1999/2000 til fiskveiðiáramótanna 2003/2004, að báðum árum meðtöldum?
2. Hver hefur verið hlutfallsleg þróun aflamarks krókaaflamarksbáta á sama tímabili? Óskað er eftir að svarið miðist við landaðan afla þorskaflahámarksbáta fyrir kvótasetningu á ýsu, ufsa, steinbít og fleiri fisktegundum.
3. Hvernig skiptist handfæraafli sóknardagabáta niður á útgerðarstaði sl. fimm fiskveiðiár?
4. Hversu mikið af lönduðum afla handfærabáta á hverjum útgerðarstað er af bátum með heimahöfn á viðkomandi útgerðarstað sömu fimm ár?
5. Hvernig skiptist afli krókaaflamarksbáta niður á útgerðarstaði sömu ár?
6. Hversu miklu er landað af heimabátum í krókaaflahámarki á þessum stöðum sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

181. Fyrirspurn [179. mál]

til landbúnaðarráðherra um inn- og útflutning eldisdýra.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa eldisdýr verið flutt til landsins frá því að bráðabirgðalögin um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim voru undirrituð af forseta Íslands 1. júlí sl. og ef svo er, hve mikið af eldisdýrum og hvaða tegundir?
2. Hve mikið af eldisdýrum og af hvaða tegundum hefur verið flutt út frá Íslandi frá því að bráðabirgðalögin tóku gildi?
3. Hvert er verðmæti þessa útflutnings í krónum talið?

Skriflegt svar óskast.

182. Fyrirspurn [180. mál]

til landbúnaðarráðherra um laxeldi á Austfjörðum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu mörg laxaseiði hafa verið sett út í sjókvíar í Mjóafirði og Berufirði frá því að eldi hófst á þessum stöðum?
2. Hversu mörgum löxum hefur verið slátrað og hve margir laxar eru nú taldir vera í kvíunum?
3. Hvernig er eftirliti hins opinbera háttað með eldiskvíunum í Mjóafirði og Berufirði?

Skriflegt svar óskast.

183. Fyrirspurn [181. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðarfærarannsóknir.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa farið fram rannsóknir á þeim skaða sem hugsanlega hlýst af notkun flotvarpna við uppsjávarveiðar innan íslenskrar landhelgi og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?
2. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á svæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma fyrir togveiðum bæði með flotvörpu og botnvörpu og hverjar eru helstu líffræðilegar breytingar á þeim svæðum sem komið hafa í ljós?

3. Hve miklu fé hefur Hafrannsóknastofnunin varið árlega til veiðarfærarannsókna sl. 15 ár og hve hátt hlutfall hefur þetta verið af árlegum heildarútgjöldum stofnunarinnar á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

184. Fyrirspurn [182. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðislán.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um 90% húsnæðislán til almennings?

185. Fyrirspurn [183. mál]

til sjávarútvegsráðherra um meðafla í flotvörpu.

Frá Magnús Þór Hafsteinssyni.

1. Hver er meðafli sem mælst hefur í afla kolmunna-, síldveiði- og loðnuskipa, greint eftir veiðitegundum uppsjávarafla og tegundum meðafla?
2. Hvernig skiptist þessi meðafli á milli veiðisvæða og tímabila?
3. Hversu mikið af meðaflanum hefur verið reiknað til aflamarks hjá viðkomandi skipum?
4. Hversu oft hefur komið til svæðalokana vegna meðafla uppsjávarveiðiskipa og þá hvar og hvenær?
5. Hve oft hefur Fiskistofa gert sérstaka athugun á þessum meðafla?

Skriflegt svar óskast.

186. Fyrirspurn [184. mál]

til sjávarútvegsráðherra um leyfilegan meðafla botnfisks.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu, hefur borist á land frá því að núgildandi reglur tóku gildi 1. febrúar 2002?

2. Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?
3. Hvernig hefur aflinn flokkast eftir fiskstærðum hverrar tegundar?
4. Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?
5. Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?
6. Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land og hverjar eru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar frá sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

187. Fyrirspurn [185. mál]

til sjávarútvegsráðherra um báta sem hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve margir bátar hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu, frá því að reglan tók gildi?
2. Hvaða bátar eiga hér í hlut og á hvaða veiðarfærum hafa þeir verið, raðað eftir útgerðarstöðum? *Óskað er að nöfn og skrásetningarnúmer bátanna komi fram í svarinu.*
3. Hvernig hefur aflahlutdeild viðkomandi skipa verið í tonnum talið og fisktegundum í upphafi fiskveiðiárs?
4. Hvernig hefur aflamark sömu skipa í tonnum og fisktegundum reynst vera í lok fiskveiðiárs?
5. Hvernig hefur 5%-reglan nýst eftir mánuðum frá því að hún tók gildi?
6. Hve margir bátar hafa nýtt sér þessa heimild til fullnustu og á hvaða tímum fiskveiðiársins náðu þeir því?
7. Hefur þessi afli verið flokkaður og þá hvernig og hve mikið í einstaka gæðaflokka, þ.e. dauðblóðgað, skemmt eða samkvæmt annarri gæðaflokkun?

Skriflegt svar óskast.

188. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Sólveig Pétursdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þuríður Backman, Birgir Ármannsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Reykjavíkur og Reykjaness“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breytingu á kjördæmaskipan árið 1999 og nýjum kosningalögum, nr. 24/2000, var Reykjaneskjördæmi skipt þannig að Suðurnes, Reykjanes sunnan Straumsvíkur, ásamt hinu eldra Suðurlandskjördæmi, mynda nú Suðurkjördæmi. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu lagt til að sömu reglur gildi um þingfararkostnað (húsnæðis- og dvalarkostnað) alþingismanna sem búsettir eru á Suðurnesjum og gilda um aðra þingmenn Suðurkjördæmis. Jafnframt er gerð orðalagsbreyting sem leiðir af skiptingu Reykjavíkur í tvö kjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi suður og Reykjavíkurkjördæmi norður.

189. Fyrirspurn [187. mál]

til menntamálaráðherra um bókasafnsskírteini í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Hvers vegna fá ekki allir sem stunda háskólanám hér á landi ókeypis bókasafnsskírteini í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni?

Skriflegt svar óskast.

190. Fyrirspurn [188. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kynfræðslu í framhaldsskólum.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Kemur til álita að auka fræðslu um forvarnir og kynheilbrigði í framhaldsskólum þannig að nemendur hafi greiðan aðgang að fagaðila í skólanum?
2. Telur ráðherra koma til álita að hið opinbera greiði niður smokka handa fólki á framhaldsskólaaldri?

191. Fyrirspurn [189. mál]

til sjávarútvegsráðherra um styrkveitingar til eldis sjávardýra.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjir hafa fengið styrki til eldis sjávardýra frá því að styrkveitingar hófust?

Skriflegt svar óskast.

192. Fyrirspurn [190. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2000, 2001 og 2002?
2. Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?
3. Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

193. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., fer samgönguráðherra með eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Er það frávik frá þeirri skipan sem almennt var komið á meðferð slíkra eigna með 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, en þar segir að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða „eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis“. Ríkisstjórnin hefur með hliðsjón af þessu ákvæði ákveðið að fjármálaráðherra skuli taka við meðferð hlutafjár ríkisins í Landssímanum í stað samgönguráðherra, enda getur í ljósi þeirrar starfsemi, sem fyrirtækið sinnir, verið óheppilegt að handhöfn þess sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða síma og önnur fjarskipti, sbr. 9. tölul. 11. gr. sömu reglugerðar um stjórnarráðið, sbr. og 2. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun er með frumvarpi þessu leitað eftir viðeigandi breytingum á lögum nr. 75/2001, en af áðurnefndum 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands og 8. gr. samnefndra laga nr. 73/1969 leiðir, að meðferð hlutafjár ríkisins í fyrirtækinu færist við gildistöku laganna til fjármálaráðherra. Að þessu athuguðu þarfnast einstakar greinar frumvarpsins ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Með frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra fari með hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands í stað samgönguráðherra. Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

194. Fyrirspurn [192. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslu sauðfjárafurða.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hefur markmiði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, um uppkaup á 45.000 ærgildum að lágmarki, verið náð?
2. Hafa uppkaupin stuðlað að því að færa framleiðslu sauðfjárafurða sem næst neyslu innan lands?
3. Hefur umfang heimaslátrunar og sala lambakjöts á svörtum markaði verið rannsakað?
4. Hefur farið fram könnun á umfangi framleiðslu framleiðenda án beingreiðsluréttar og áhrifum hennar á stöðu framleiðenda með beingreiðslurétt?
5. Hver er réttur aðila sem framselt hefur beingreiðslurétt sinn til annars lögbýlis en heldur engu síður áfram framleiðslu til markaðssetningar sauðfjárafurða innan lands?
6. Hefur verið gerð könnun á magni þeirra sauðfjárafurða sem koma á innanlandsmarkað frá framleiðendum án beingreiðsluréttar?

Skriflegt svar óskast.

195. Fyrirspurn [193. mál]

til utanríkisráðherra um borgaralega friðargæslu.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvernig skilgreinir Þróunaraðstoðarnefnd OECD (DAC) þróunarsamvinnu og hvers konar verkefni teljast þróunarsamvinna samkvæmt þeirri skilgreiningu?
2. Hversu stór hluti þróunarsamvinnu annarra aðildarríkja DAC er borgaraleg friðargæsla? Óskað er eftir upplýsingum um öll ríkin.
3. Hafa einhver af þeim 48 ríkjum sem skilgreind eru sem fátækustu lönd heims notið þróunaraðstoðar Íslands í formi borgaralegrar friðargæslu?

Skriflegt svar óskast.

196. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða stefnumótun og starfi ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðuneytinu ábyrgð á að skipulega verði unnið að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið stefnumótun og starfi allra ráðuneyta. Unnið verði á grundvelli skilgreiningar Evrópuráðsins á samþættingu:

Í samþættingu jafnréttissjónarmiða felst að (endur)skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli, þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir á öllum stigum og öllum sviðum, af þeim aðilum sem venjulega taka þátt í stefnumótun.

Í samþættingarferlinu felist eftirfarandi meginþættir:

- Heildarábyrgð og samræming af hálfu forsætisráðuneytis, sem feli í sér stofnun jafnréttisskrifstofu forsætisráðuneytis;
- skýr ábyrgð einstakra ráðherra á samþættingarferli innan síns ráðuneytis og sinna undirstofnana;
- umboð jafnréttisfulltrúa í ráðuneytum verði aukið og hlutverk þeirra og ábyrgð samræmd;
- jafnréttisfræðsla fyrir ráðherra og stjórnendur í ráðuneytum og ríkisstofnunum;
- stofnun samstarfshóps um samþættingu milli ráðuneyta með þátttöku utanaðkomandi sérfræðinga;
- greining á stöðu kynja á málasviði einstakra ráðuneyta, og í frumvörpum og fjárlögum með tilliti til jafnréttis kynja;
- þróun aðferða/tækja til að meta áhrif stefnumótunar og ákvarðana á jafnrétti og stöðu kynjanna;
- gerð verklagsreglna um jafnréttisáætlanir ráðuneyta og ríkisstofnana og samræming á framsetningu upplýsinga um stöðu mála, þ.m.t. launamála.

Ríkisstjórnin skili árlega skýrslu til Alþingis um framvindu og árangur á þessu sviði.

Greinargerð.

Markmið ríkisstjórnar.

Ríkisstjórn Íslands hefur þegar samþykkt að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla opinbera stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið 1998 til ársloka 2001, sem samþykkt var sem ályktun Alþingis 28. maí 1998, segir:

„Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum.“

Í endurskoðaðri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar (2002–2004) er þetta markmið áréttað með þessum orðum:

„Á næstu tveimur árum verður lögð áhersla á að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið daglegu starfi allra ráðuneyta.“

Enn fremur segir þar um markmið framkvæmdaáætlunarinnar 1998–2001 um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða:

„Þessi markmið eru enn í fullu gildi, og er að því stefnt að verulegt átak verði gert í að kynna þau viðhorf og kenna þá aðferðafræði sem duga til að svo megi verða ...“

Sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt felur því í sér nánari útfærslu á þeirri þegar yfirlýstu fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að gera átak til að framfylgja markmiðum hennar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð, sem er í samræmi við vilja Alþingis eins og kemur fram í framangreindum ályktunum þess.

Framkvæmd.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi 2001–2002 (þskj. 1290 í 732. máli) er því lýst yfir að stjórnvöld hafi fylgt ákvörðun sinni um samþættingu vel eftir. Nefnd sem ríkisstjórnin skipaði 30. nóvember 2000 í þeim tilgangi að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynja kemst hins vegar að annarri niðurstöðu. Í skýrslu nefndarinnar segir m.a.:

„Vinna við opinbera stefnumótun tekur í auknum mæli mið af jafnrétti kynjanna en þó er hægt að sjá dæmi þess að ekki er alltaf nægilega hugað að jafnréttissjónarmiðum við opinbera stefnumótun og stundum alls ekki.

Misjafnt er hvort eða að hve miklu leyti forsendur eru fyrir hendi til samþættingar jafnréttissjónarmiða á hinum ýmsu sviðum. Þekking á jafnréttismálum og aðferðum samþættingar eru meðal þeirra forsendna sem að mati nefndarinnar skortir víða þar sem stefnumótun fer fram. Úr því þarf að bæta.“

Ef frá er talið Norræna samþættingarverkefnið 1997–2000, sem stýrt var af Skrifstofu jafnréttismála og unnið var á vettvangi Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og Íþrótta- og tómstundaráðs Akureyrarbæjar, hefur ríkisstjórnin ekki hrundið af stað neinu samþættingarverkefni, eða gert ráðstafanir til að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við opinbera stefnumótun sé tekin þeim tökum hvað varðar skipulag, verklag og beitingu sérfræðiþekkingar sem nauðsynleg er til að hún nái fram að ganga. Í jafnréttislögum, nr. 96/2000, er ákvæði um greiningu á tölfræðiupplýsingum í opinberri hagskýrslugerð þar sem kveðið er á um að greint skuli á milli kynja við söfnun og úrvinnslu gagna. Kyngreindar tölfræðilegar upplýsingar eru ein af forsendum samþættingar og hefur Hagstofu Íslands verið falið að annast framkvæmd þessa lagaákvæðis. Kyngreining upplýsinga ein og sér nægir þó engan veginn til að unnt sé að álykta að þar með uppfylli ríkisstjórnin þær skuldbindingar um samþættingu sem birtast í framkvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 2002–2004 kemur fram að myndaður hafi verið samstarfshópur tengiliða þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sem muni gangast fyrir tilraunaverkefni þar sem gefnar verði jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá viðkomandi ráðuneytum. Á þessu stigi hafa jafnréttisumsagnir enn ekki litið dagsins ljós.

Þá hefur innan fjármálaráðuneytis um nokkra hríð verið unnið að undirbúningi norræns verkefnis um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð, en verkefni þetta endurspeglar eina af megináherslum samstarfsyfirlýsingar og framkvæmdaáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar í jafnréttismálum. Norræna ráðherranefndin hyggst hrinda verkefninu formlega af stað á árinu 2004.

Þessi verkefni eru of fá, of takmörkuð og of einangruð til að geta með nokkru móti talist sæma markmiðum ríkisstjórnarinnar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla opinbera stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð sem sett voru fram fyrir fimm árum. Athygli vekur að samþættingarverkefnið sem þegar hefur verið unnið, sem og það sem er á undirbúningstigi, er unnið að frumkvæði norrænu ráðherranefndarinnar.

Ríkisstjórn Íslands þarf á alþjóðavettvangi, svo sem eins og á vettvangi Evrópuráðsins, að gefa upplýsingar um stöðu jafnréttismála og árangur varðandi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við opinbera stefnumótun. Í nýútkominni skýrslu Evrópuráðsins um framvindu jafnréttismála innan aðildarríkja þess eftir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1995 er byggt á svörum aðildarríkjanna við spurningalista sem sendur var út í janúar 2002. Þar vísar ríkisstjórnin enn á ný til markmiða framkvæmdaáætlunarinnar 1998–2002 um samþættingu sem svar við spurningunni til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hafi gripið til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við opinbera stefnumótun og áætlanagerð. Sömu fátæklegu upplýsingarnar eru í evrópskum gagnagrunni um samþættingu, en spurningunni um með hvaða hætti íslensk stjórnvöld búi sig undir innleiðingu á samþættingu er svarað með því einu að vísa til samþættingar á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar og til þess að Skrifstofa jafnréttismála hafi á árinu 1997 gefið út bækling um samþættingu.

Skuldbindingar Íslands.

Ísland hefur á vettvangi alþjóðasamfélagsins átt aðild að fjölmörgum samþykktum sem fela í sér skuldbindingar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Í lokaályktun fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing (1995) segir um aðferðir sem beita skuli til að ná markmiðum hennar að „... ríkisstjórnir og aðrir aðilar vinni að virkri og sýnilegri stefnu um að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og áætlanagerð sem tryggi, að fram fari greining á áhrifum ákvarðana á konur og karla áður en þær eru teknar."

Þetta markmið er áréttað í ýmsum áætlunum Sameinuðu þjóðanna, svo sem þróunaráætlun þeirra, og í samþykkt efnahags- og félagsráðs Sameinuðu þjóðanna, ECOSOC, um samþættingu í starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1997 var eftirfarandi skilgreining á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða samþykkt samhljóða.

„Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða er ferli þar sem lagt er mat á áhrif sérhverrar ákvörðunar á konur og karla, þar með talið er lagasetning, stefna eða áætlanir, á öllum sviðum og á öllum stigum. Samþætting er aðferð til að taka tillit til þarfa og reynslu kvenna jafnt sem karla við mótun, innleiðingu, eftirfylgni og mat á stefnumótun og áætlunum á sviði stjórnmála og efnahagsmála og í samfélaginu öllu þannig að konur og karlar njóti góðs af að jöfnu og hverskyns ójafnrétti sé ekki við haldið. Endanlegt markmið er að ná fullu jafnrétti kynjanna."

Evrópuráðið er annað dæmi um fjölþjóðlega stofnun sem Ísland er aðili að, en á þeim vettvangi hefur Ísland einnig átt aðild að því að samþykkja skuldbindingar um að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð. Skilgreining Evrópuráðsins á samþættingu, sem hér er gerð tillaga um að lögð sé til grundvallar samþættingu á vettvangi ríkisstjórnar Íslands er svohljóðandi:

„Í samþættingu jafnréttissjónarmiða felst að (endur)skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli, þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir á öllum stigum og öllum sviðum, af þeim aðilum sem venjulega taka þátt í stefnumótun."

Í tilmælum Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða er mælt með því að skýrsla sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um samþættingu sé lögð til grundvallar við samþættingu í aðildarríkjunum, en þar er framangreind skilgreining á samþættingu sett fram.

Norræna ráðherranefndin er enn eitt dæmið um fjölþjóðlega stofnun sem samþykkt hefur að beita aðferðum samþættingar og er það reyndar eitt af helstu áhersluatriðum í samstarfsyfirlýsingu norrænu jafnréttisráðherranna um jafnréttismál. Í samræmi við það hefur samþættingarverkefnum verið hrundið af stað og stendur nú samþættingarverkefni á sviði fjárlaga fyrir dyrum. Þá samþykktu samstarfsráðherrarnir hinn 9. desember 1997 framkvæmdaáætlun um samþættingu jafnréttissjónarmiða í allri starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar. Í skýrslunni *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar* kemur fram að starfshópur sá sem skipaður var til að fylgja þessari ákvörðun eftir var sammála um að styðjast við skilgreiningu Evrópuráðsins, enda „fellur sú skilgreining vel að þörfum Norrænu ráðherranefndarinnar", eins og segir í skýrslunni.

Hvað er samþætting?

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða er þýðing á enska hugtakinu *„gender mainstreaming"*. Orðið „gender" hefur á íslensku verið þýtt sem kyngervi, en hugtakið, sem upphaflega er málfræðihugtak, hefur verið sett fram innan félagsvísinda í þeirri merkingu að þýða bæði líffræðilegt kyn og allan þann félagslega, menningarlega, sögulega og pólitíska veruleika sem tengist kyni í nútímasamfélagi og markar kynjunum hlutverk. Hugtakið aðgreinir sig þannig frá orðunum kyn og kynferði, sem vísa til líffræðilegs veruleika. „Mainstreaming" vísar á ensku til þess sem er meginviðfangsefni innan stjórnmála eða ákvarðanatöku. Með hugtakinu er þannig beint sjónum að því að jafnrétti kynja flytjist úr því að vera sérmálaflokkur eða jaðarmálaflokkur, yfir í það að vera reglubundið og skipulegt viðfangsefni við stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum. Til skýringar er gjarnan gripið til þess að líkja því við að fjármál eða fjárhagsleg sjónarmið þurfi að vera hluti af allri stefnumótun og ákvarðanatöku – á sama hátt þurfi markmið um jafnrétti kynja líka að fléttast inni í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum.

Sögulega sprettur hugtakið upp innan umræðunnar um sjálfbæra þróun og er fyrst sett fram á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (Human development) sem fram fóru í byrjun níunda áratugarins. Sú hugsun sem hugtakið endurspeglar var sett fram á kvennaráðstefnum Sameinuðu þjóðanna 1985 og 1990, en hugtakið samþykkt sem grundvallarhugtak og -nálgun á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Bejing 1995. Þaðan fer það inn í stefnumótandi samþykktir á vettvangi annarra fjölþjóðlegra stofnana, svo sem Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Á grundvelli slíkra stefnumótandi samþykkta fer það inn í löggjöf ýmissa ríkja eða framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum, svo sem hér á landi. Evrópusambandið hefur gengið einna lengst í þá átt að framfylgja markmiðum um samþættingu. Í Amsterdam-sáttmálanum, sem tók gildi 1. maí 1999, fólst skuldbinding um að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við öll áherslusvið og allar áætlanir sambandsins. Til dæmis hefur ákveðið hlutfall af fjárveitingum úr Þróunarsjóði ESB verið eyrnamerkt til samþættingarverkefna.

Hvað þarf samþættingarferli að fela í sér?

Ljóst er að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða, eigi hún að rísa undir þeim væntingum sem skilgreining á henni gefur tilefni til, er umfangsmikið og krefjandi ferli. Í skilgreiningunni felst að taka þarf alla vinnuferla við stefnumótun og ákvarðanir skipulega til

endurskoðunar og gera breytingar á þeim þannig að tryggt sé að sjónarmiðum og þörfum kvenna og karla sé gert jafnhátt undir höfði. Það kallar því á að upplýsingaöflun og undir búningur séu til þess fallin að leiða í ljós slík sjónarmið eða þarfir, og að áhrif stefnu eða ákvörðunar á stöðu karla og kvenna og á jafnrétti kynjanna séu metin jafnharðan. Samþætting krefst þess vegna vandaðrar fræðslu um stöðu kynjanna og þjálfunar í að koma auga á þau kynbundnu viðhorf, sem oftast eru karllæg og lítt sýnileg, sem hafa verið ráðandi um þróun þjóðfélagsins.

Í þingsályktunartillögu þessari felst að samþættingu á vettvangi ríkisstjórnarinnar sjálfrar, ráðuneytanna og undirstofnana þeirra sé stýrt af forsætisráðuneyti, enda eðlilegt að sá aðili sem fer með samræmingarhlutverk innan ríkisstjórnarinnar hafi þetta verkefni með höndum. Til þess að forsætisráðuneytið hafi burði til að sinna þessu verkefni er ljóst að stofna þarf sérstaka skrifstofu innan ráðuneytisins sem hafi þetta verkefni með höndum. Með slíkri ráðstöfun felst engin skörun við hlutverk félagsmálaráðuneytisins sem fer með jafnréttismál eða við hlutverk Jafnréttisstofu, enda hefur hvorki félagsmálaráðuneytið né Jafnréttisstofa umboð til að samræma vinnu eða axla ábyrgð á samþættingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar, einstakra ráðuneyta eða undirstofnana þeirra. Í ráðuneytunum eru nú þegar starfandi jafnréttisfulltrúar, en eins og kemur fram í áðurnefndri skýrslu nefndar um jafnrétti kynja við opinbera stefnumótun, er hlutverk þeirra og umboð mjög á reiki svo ekki sé fastar að orði kveðið. Á þessu er brýnt að ráða bót. Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er jafnréttisfulltrúum m.a. ætlað það hlutverk að fylgja því eftir gagnvart undirstofnunum ráðuneytanna að jafnréttisáætlanir séu gerðar. Það hamlar þó árangri að ríkisstjórnin hefur ekki mótað reglur um hvernig uppbygging slíkra áætlana á að vera og hvaða upplýsingar um stöðu mála innan stofnananna, til dæmis um launamál, eigi að koma fram í þeim. Á meðan svo er, er þess varla að vænta að jafnréttisáætlanir séu það tæki til að leggja jafnréttisstarfi til grundvallar sem þeim er ætlað að vera lögum samkvæmt.

Samþætting þarf að fela í sér einarðan pólitískan vilja á æðstu stöðum innan stjórnmála og stjórnsýslu. Samfylkingin setti fram þá stefnu í nýafstöðnum kosningum að gera forsætisráðuneytið ábyrgt fyrir þessu verkefni enda þarf ábyrgðin á því að vera skýr og yfirlýst og hvíla á herðum þeirra sem fara með raunveruleg völd til að afgerandi árangur náist. Vissulega má færa gild rök fyrir því að núverandi forsætisráðherra hafi ekki þann skilning á jafnréttismálum sem nauðsynlegur er, en hann hefur völdin til að láta um sig muna í þeim málaflokki og sjálfsagt að láta á þau reyna. Ljóst er að fögur fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið stefnumótun og ákvarðanatöku hafa ekki gengið eftir, m.a. vegna óljósra hugmynda um hvað í verkefninu felist og hvernig eigi að vinna að því. Nái þessi þingsályktunartillaga fram að ganga er ábyrgðin skýr, verkefnin skilgreind og eftirfylgni af hálfu Alþingis ætti að vera auðveldari.

197. Fyrirspurn [195. mál]

til utanríkisráðherra um íslensku friðargæsluna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hversu margir einstaklingar eru á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar? Hversu margar konur og hversu margir karlar?

2. Hversu margir einstaklingar á viðbragðslistanum hafa verið sendir til starfa erlendis fyrir íslensku friðargæsluna?
3. Hafa einhverjir verið sendir til starfa fyrir friðargæsluna sem ekki hafa verið á viðbragðslistanum?
4. Hvaða skilyrði þarf fólk að uppfylla til þess að komast á viðbragðslistann?
5. Hvernig fer þjálfun væntanlegra friðargæsluliða fram og hver hefur umsjón með henni?
6. Hversu margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu starfa að málefnum friðargæslunnar?
7. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á skipulagi friðargæslunnar á næsta ári?
8. Hver er áætlaður kostnaður við íslensku friðargæsluna í ár og næstu þrjú ár, og hvernig skiptist hann?
9. Er ráðgert að efna til samstarfs með Norðurlandaþjóðunum um friðargæslu?
10. Hvernig er verksvið íslensku friðargæslunnar skilgreint innan þeirra alþjóðastofnana og samtaka sem í hlut eiga, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins?

Skriflegt svar óskast.

198. Fyrirspurn [196. mál]

til samgönguráðherra um fjarskiptasamband.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær má ætla að komið verði gott GSM-samband á leiðinni um Norðurárdal í Skagafirði og Öxnadalsheiði?
2. Hvenær verður komið á fjarskiptasambandi á veginum yfir Þverárfjall?

199. Fyrirspurn [197. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslukostnað.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu há fjárhæð hefur verið innheimt af framkvæmdaraðilum útihátíða fyrir löggæslukostnað frá árinu 1990? Upphæðin óskast sundurliðuð eftir árum, sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum.

Skriflegt svar óskast.

200. Lög [152. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 17. okt.)

Samhljóða þskj. 152.

201. Frumvarp til laga [198. mál]

um bann við umskurði kvenna.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

Hver sem með ásetningi eða gáleysi veldur tjóni á líkama eða heilsu stúlku eða konu með umskurði á kynfærum hennar, þ.e. með því að fjarlægja hluta þeirra, skal sæta fangelsi allt að sex árum. Hafi verknaðurinn haft svo alvarlegar afleiðingar að bani hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna aðferðarinnar eða tækja sem notuð eru varðar brotið fangelsi allt að 16 árum.

Fyrir tilraun til brots og hlutdeild í broti samkvæmt lögum þessum skal refsa samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga.

2. gr.

Hver sá sem er íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi og fremur verknaðinn sem um getur í 1. gr. erlendis eða á hlutdeild í honum skal sæta refsingu samkvæmt þeirri grein þótt verknaðurinn sé ekki refsiverður í landinu þar sem hann er framinn.

3. gr.

Fyrningarfrestur brota samkvæmt lögum þessum hefst daginn sem brotaþoli nær 14 ára aldri. Að öðru leyti gilda fyrningarreglur IX. kafla almennra hegningarlaga.

4. gr.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður var við að stúlka hafi verið umskorin eða eigi á hættu að verða umskorin er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram seint á 128. löggjafarþingi og náðist ekki að taka það á dagskrá.

Á 127. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort tímabært væri að lögfesta bann við umskurði stúlkna og setja viðurlög við slíkum verknaði. Í svari ráðherrans kom fram að umskurður á stúlkum teldist vera líkamlegt ofbeldi en ekki læknisverk og því væri læknum óheimilt að framkvæma hann samkvæmt læknalögum. Samkvæmt refsilöggjöfinni ætti umskurður stúlkna því að falla undir líkamsmeiðingarákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 218. gr., sbr. síðari breytingar, og vera skilgreindur sem brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrár, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. 98. og 99. gr., og lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Þá er alveg ljóst að hann stríðir gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, mannréttindasáttmála Evrópu og samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1992.

Í svari ráðherra kom fram að í fortakslausu banni við umskurði stúlkna fælist ákveðin yfirlýsing og teldi hann ekkert því til fyrirstöðu að skoða hvort slíkt bann ætti að leiða í lög. Slíkt bann væri raunar í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem lögfestur var á Íslandi 1992, en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna og enn fremur að aðildarríki skuli gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, hefur hvatt aðildarríki sín til að taka skýra afstöðu gegn þessum verknaði, og Evrópuþingið hefur skorað á aðildarþjóðirnar að lögfesta refsiákvæði gegn þeim sem framkvæmir slíka aðgerð enda sé umskurður stúlkna í raun limlesting þar sem aðgerðin felur í sér brottnám hluta kynfæra og getur haft alvarlegar afleiðingar, jafnvel dauða. Þá hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vakið athygli á því að hugsanlegt sé að beita þær þjóðir þvingunarúrræðum sem stunda umskurð á stúlkum. Þannig sé hægt að skilyrða styrki til þjóðanna, t.d. gegn því að þær samþykki að styðja aðgerðir gegn umskurði stúlkna.

Umskurður er afar frumstæður verknaður sem á sér djúpar rætur og hefur tíðkast um aldir. Þótt algengt sé að siðurinn sé tengdur við islam þá er hann ekki bundinn við nein ákveðin trúarbrögð og er reyndar ekki trúarleg athöfn heldur miklu frekar samfélagsleg venja. Umskurður stúlkna er ekki síður tíðkaður í löndum þar sem þorri fólks telst til kristinnar trúar eins og í Eþíópíu og Kenýa, en talið er að hann eigi rætur að rekja til Afríku og þar mun hann vera útbreiddastur í dag. Ekki eru til margar áreiðanlegar rannsóknir á útbreiðslu umskurðar á stúlkum en hann er enn framkvæmdur í 28 Afríkulöndum og að einhverju leyti í löndum islams í Indónesíu, Sri Lanka, Malasíu og Indlandi, í Egyptalandi, Óman, Jemen og Sameinuðu arabísku furstadæmunum og hjá frumstæðum ættbálkum Suður-Ameríku.

Samtökin Amnesty International áætla að um 135 milljónir núlifandi kvenna og stúlkna í heiminum hafi þolað þessar misþyrmingar á kynfærum sínum og að um 2 milljónir stúlkubarna séu umskornar á hverju ári, um 6.000 á dag. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á ungum stúlkum allt frá sjö daga gömlum, en algengast er að þær séu á aldrinum frá fjögurra til 14 ára. Athöfnin er ævinlega framkvæmd við frumstæðar aðstæður og á rætur í frumstæðum hugmyndum um konur og kvenlíkamann. Bágbornar efnahagslegar og félagslegar aðstæður kvenna viðhalda vanþekkingunni og hindurvitnunum. Meðal þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir verknaðinum er að tryggja eigi meydóm, bæla niður náttúrulega kynhvöt og

koma í veg fyrir lauslæti og samkynhneigð, auk þess sem umskurður er sagður tryggja konum farsælt hjónaband og barneignir.

Orðið umskurður dregur ekki fram alvarleika verknaðarins sem er í raun misþyrming, afskræming eða limlesting og eru siðvenjur tengdar honum mismunandi eftir löndum. Ákveðinn heiður er tengdur verknaðinum og því meiri eftir því sem umskurðurinn er meiri. Minnsta aðgerðin felst í því að fremsti hluti snípsins er fjarlægður, næsta að snípur er fjarlægður, þá eru snípur og ytri skapabarmar fjarlægðir að hluta eða alveg og mesta aðgerðin, „kynfæralokun", felst í því að snípur, ytri og innri skapabarmar eru fjarlægðir, sárið saumað saman og skilið eftir gat fyrir þvag og tíðablóð. Umskurði fylgir mikill líkamlegur og sálrænn sársauki, ör, blöðrur og bólgur. Eftirköstin geta verið bráðalost, sýkingar, skemmdir í þvagrás, örmyndun, stífkrampi, blöðrubólga, blóðeitrun, HIV-smit og lifrarbólga B. Til lengri tíma getur aðgerðin orsakað langvarandi og síendurteknar sýkingar í þvagrás og leggöngum, ófrjósemi, æxla- og kýlamyndanir, kvalafull taugaæxli, vaxandi erfiðleika við að hafa þvaglát, tíðaverki, uppsöfnun tíðablóðs í kviðarholi, sársauka við samfarir, kyndeyfð, þunglyndi og dauða. Þá getur umskurður tvöfaldað hættuna á að konur deyi af barnsförum og margfaldað hættuna á að börn fæðist andvana.

Mikill samfélagslegur þrýstingur er á að umskurður stúlkna sé framkvæmdur þar sem slíkt hefur tíðkast og hafa alþjóðastofnanir brugðist við með því að gera út sendifulltrúa og styðja samtök, t.d. í Afríku, sem berjast gegn umskurði. Kannanir hafa sýnt að áróður gegn umskurði er farinn að skila árangri. Í sumum þorpum hefur verið tekin sameiginleg ákvörðun um að leggja þessa hefð af en viðhalda hátíð, svipaðri fermingu, sem hefur verið haldin áður en umskurðurinn hefur verið framkvæmdur. Reynt hefur verið að hafa áhrif á þá sem sjá um að fremja verknaðinn og einnig foreldra með því að koma því á framfæri að menntaðir menn kjósi frekar óumskornar konur og gera þannig eftirsóknarvert að láta ekki umskera stúlkubörn.

Í kjölfar aukins fjölda innflytjenda frá löndum þar sem umskurður tíðkast hefur þörf fyrir lagasetningu er bannar verknaðinn aukist í löndum Evrópu. Vitað er að verknaðurinn hefur viðgengist í Danmörku, Bretlandi, Frakklandi, á Spáni, í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu og því gæti þess verið skammt að bíða að siðurinn bærist hingað til lands. Það hefur rekið á eftir lagasetningu af þessu tagi í Evrópulöndum að stúlkubörn hafa látist í kjölfar aðgerðar. Í Bretlandi voru t.d. sett ákvæði í lög 1985 um bann við hvers konar umskurði eða brottnámi kynfæra stúlkna en ekki fyrr en eftir að þrjár stúlkur dóu í kjölfar umskurðar. Í Bretlandi hefur þó aldrei verið refsað samkvæmt ákvæðinu en þónokkrar ákærur gefnar út.

Nú liggur fyrir frumvarp í danska þinginu sem bannar hvers konar umskurð á kynfærum stúlkna sem hafa danskan ríkisborgararétt eða eiga lögheimili í Danmörku. Frumvarp þetta tekur mið af því frumvarpi að viðbættum sérákvæðum um fyrningu sem eru í samræmi við fyrningarákvæði hegningarlaga varðandi kynferðisbrot á börnum, sbr. 82. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 63/1998, og hefst fresturinn á þeim degi er börnin ná fjórtán ára aldri. Umskurður er yfirleitt framkvæmdur á stúlkubörnum en uppgötvast oft ekki fyrr en við læknisskoðun á fullorðinsaldri, enda feimnismál og erfitt að fá stúlkur sem hafa verið umskornar til að tjá sig um hann fyrir utan sitt heimaland. Þannig gætu fyrningarákvæði íslenskra hegningarlaga komið í veg fyrir refsingu og telja flutningsmenn eðlilegt, með tilliti til alvarleika þessara brota, að veita brotaþolum aukna refsivernd og bætta réttarstöðu.

Þá telja flutningsmenn nauðsynlegt að árétta tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum og hafa sérstakt ákvæði í frumvarpinu, sambærilegt við ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og gengur sú skylda framar þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta, en í Danmörku hafa komið upp nokkur álitamál um tilkynningarskyldu. Þá er mikilvægt við meðferð

viðkvæmra mála sem þessara að hagsmunir og velferð brotaþola séu höfð í fyrirrúmi. Rétt er að vekja athygli á því að í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum, eru m.a. þau skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar í 5. gr. a að umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi. Það er mat flutningsmanna að þau brot er hér um ræðir girði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

Eitt af því sem mælir með því að lög af þessu tagi verði lögfest á Íslandi er sú staðreynd að enn hefur ekki komið í ljós að verknaður af þessu tagi hafi verið unninn hér og það gefur okkur tækifæri til að fyrirbyggja slíkan verknað áður en skaðinn er skeður. Það væri jafnvel erfiðara að fást við lagasetningu sem þessa eftir að einhver dæmi um verknaðinn hefðu komið upp. Eftir því sem sérlög sem banna umskurð verða algengari verður erfiðara fyrir þjóðir að viðhalda þessari fornu hefð sem veldur tjóni á lífi, líkama, andlegri heilsu og líðan barna. Umskurður byggist einungis á fornum sið án þess að fyrir honum séu nokkur gjaldgeng rök.

Það er skylda Íslendinga í samfélagi þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að þessi forna hefð verði aflögð og komið verði í veg fyrir limlestingu fjölda stúlkubarna. Verði frumvarpið að lögum er það fyrirbyggjandi aðgerð og skýr yfirlýsing um stuðning Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalegu misþyrmingum og mannréttindabrotum á börnum og konum í heiminum.

202. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Það verði m.a. gert á eftirfarandi hátt:

a. Stofnaður verði sjóður með lið í fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.
b. Jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Henni var vísað til félagsmálanefndar til umfjöllunar. Eftirtaldir sendu nefndinni umsögn um tillöguna: Bandalag háskólamanna, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands og félagsmálaráðuneytið. Allir þessir aðilar lýstu yfir ánægju og stuðningi við tillöguna utan félagsmálaráðuneytið, sem taldi hana ekki tímabæra vegna þess hversu lítil reynsla væri komin á lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Í ljósi mjög jákvæðra viðbragða þeirra aðila sem gerst til þekkja er tillagan endurflutt.

Starfsemi frjálsra félagasamtaka er einn af hornsteinum lýðræðisins. Þau starfa oft í beinum tengslum við grasrótina og eru í mun betri aðstöðu en stjórnvöld til þess að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir almennra borgara. Þau koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfi sem oft er þungt og seinvirkt.

Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum skapast aukinn skilningur á mikilvægi frjálsra félagasamtaka. Til marks um það er samþykkt Árósasamningsins í júní 1998, samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og tryggingu fyrir réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þessi skilningur hefur einnig náð til frjálsra félagasamtaka sem starfa á vettvangi kvenfrelsis og hefur það orðið til að skerpa hlutverk kvennahreyfingarinnar. Skemmst er að minnast öflugrar framgöngu málefnahóps kvenna sem starfaði í tengslum við heimsþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Innan Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna hefur aukinn skilningur og hvatning haft í för með sér bætt starfsskilyrði. Fyrir nokkrum árum ákvað Evrópusambandið að koma á laggirnar svokölluðu Daphne-verkefni sem sækir kraft sinn og hugmyndir til frjálsra félagasamtaka og hefur það hlutverk að vinna gegn ofbeldi á konum og börnum. Evrópusambandið hefur lagt gífurlega fjármuni til þessa verkefnis og er ástæðan sú að sögn Anitu Gradin, fyrrverandi fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB, að „félagasamtök beiti árangursríkari aðferðum en hið opinbera til að ná til almennings og til þeirra sem eru í áhættuhópum".

Þetta hlutverk félagasamtaka þarf einnig að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir. Sérstaklega þarf að huga að og veita brautargengi góðum hugmyndum sem gætu haft keðjuverkandi áhrif í þá átt að leiðrétta kynjamisrétti á Íslandi, jafnvel þótt hugmyndirnar komi frá litlum og lítt skilgreindum hópum eða einstaklingum.

Að vissu marki koma íslensk stjórnvöld til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu, en á meðal félagasamtaka hefur kvennahreyfingin mikla sérstöðu. Það er eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem ekki hafa neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. Þessir hópar hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma. Þannig stigu Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf, Stígamót o.fl. sín fyrstu skref, en einnig má nefna t.d. Konur gegn klámi, áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna o.fl.

Sem dæmi um nýja kvennapólitíska hópa sem starfa hér á landi mætti nefna Femínistafélag Íslands og Bríeti, félag ungra femínista. Kvennakirkjan nýtur æ meiri vinsælda og ekki er vanþörf á að hlúa að kvenfrelsisstarfi innan íslenskrar kirkju. Lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mikilla muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til þess að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið.

Aukið samstarf á alþjóðavettvangi snertir ekki síður kvennapólitískt starf en aðra þætti samfélagsins. Reynslan hefur sýnt að á Íslandi er mikill áhugi á þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi. Til marks um það er þátttaka íslenskra kvenna í Nordisk forum, Peking-ráðstefnunni 1995, ráðstefnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Valmiera í ágúst 1997 og síðast en ekki síst hinni viðamiklu ráðstefnu um konur og lýðræði við árþúsundamót sem haldin var í Borgarleikhúsinu 8.–10. október 1999. Íslensk stjórnvöld hafa stutt ferðir ís-

lenskra kvenna á þessar mikilvægu ráðstefnur og hefur sá stuðningur tryggt mikla þátttöku og virkni fyrir og meðan á ráðstefnunum hefur staðið. Sá stuðningur skilaði sér einnig svo um munaði í öflugri þátttöku íslenskra kvenna á fyrrnefndri ráðstefnu um konur og lýðræði. En ráðstefnuferðir eru lítils virði ef ekki eru tök á að fylgja þeim eftir með gróskumiklu starfi úti á akrinum og áframhaldandi tengslum milli félaga og samtaka sem vinna að svipuðum verkefnum vítt um heiminn. Það er eðli alþjóðastarfsins að á ráðstefnum og fundum myndast tengsl sem nauðsynlegt er að rækta áfram eftir að heim er komið, en slíkt hefur einatt reynst örðugt, ekki síst vegna fjárskorts.

Þegar þessi tillaga var upphaflega flutt á 123. löggjafarþingi í febrúar 1999 var hugmyndin sótt til norskrar stjórnsýslu. Í Noregi hefur verið komið á því kerfi að barna- og fjölskyldumálaráðuneytið auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Styrkirnir hafa tryggt þann jarðveg sem nauðsynlegur er fyrir frjótt starf. Þar í landi er haft samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar. Þar er einnig hefð fyrir því í utanríkisráðuneyti að drög að samningum og hugmyndir sem snerta konur á alþjóðavettvangi séu send til umsagnar þeirra aðila sem starfa að málefnum kvenna og upplýsinga- og samráðsfundir eru haldnir í ráðuneytinu þegar þurfa þykir. Í norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu er tveggja áratuga hefð fyrir samráðsfundum og gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem hefur gefið góða raun og tryggt sýnilegan árangur.

Á sama hátt þyrftu íslensk stjórnvöld að hafa félagasamtök á þessu sviði með í ráðum og bera hugmyndir sínar undir slíka aðila þegar um er að ræða mál er varða áhuga- og baráttumál þeirra. Það ætti að vera fengur í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta alla þá reynslu og þekkingu sem safnast hefur saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilvikum er um sérfræðikunnáttu að ræða sem nauðsynlegt er fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að. Einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð. Það er hugmynd flutningsmanna þessarar tillögu að komið verði á formlegum boðleiðum milli einstakra fagráðuneyta og félagasamtaka, hópa og/eða einstaklinga sem vinna að því að jafna stöðu kynjanna og að það verði í verkahring jafnréttisfulltrúa fagráðuneytanna eða annarra starfsmanna sem ráðuneytin tilnefna að annast það starf. Á þann hátt má tryggja upplýsingastreymi og samskipti milli hins opinbera kerfis og þeirra sem starfa í grasrótinni á hverjum tíma.

Sjóður sá sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að stofnaður verði í þeim tilgangi að styrkja starf samtaka, hópa og einstaklinga, sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna ásamt þátttöku í alþjóðlegu starfi, yrði sérgreindur liður á fjárlögum, hefði faglega sjóðstjórn og yrði þannig sambærilegur við sjóði sem styrkja starf á sviði menningar og lista. Setja þyrfti sjóðnum reglur sem kvæðu nánar á um framkvæmdina, skipun sjóðstjórnar og það hvar sjóðurinn yrði hýstur.

Eins og lýst er í greinargerð þessari eru hugmyndir sem kvikna í grasrótinni oft þess eðlis að þær þurfa ekki nema örlitla aðhlynningu til að bera góðan ávöxt. Ef lögð er rækt við að fanga slíkar hugmyndir má skapa það umhverfi sem þarf til að kvennahreyfingin og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna.

203. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 127. og 128. löggjafarþingi, en hefur ekki fengist útrædd. Hún var send til umsagnar nokkurs fjölda aðila er tengjast málinu og hlaut afar jákvæðar undirtektir. Af þeim sem gáfu umsögn um tillöguna voru það eingöngu Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps sem voru á móti henni. Frá því að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttan um Þjórsárver magnast og nú er svo komið að Landsvirkjun hefur sett sér það markmið að reisa Norðlingaölduveitu með Norðlingaöldulóni í 568 m hæð yfir sjávarmáli ásamt set- og veitulóni sunnan Þjórsárjökuls. Bæði lónin mundu skerða náttúruverndargildi veranna en einnig minnka ósnortin víðerni á hálendi Íslands umtalsvert. Mat flutningsmanna tillögunnar er að búið sé að sauma nóg að Þjórsárverum með veitu- og virkjanaframkvæmdum og nú sé rétt að tryggja vernd þeirra til frambúðar með því að stækka friðlandið svo mikið að ekki verði af frekari framkvæmdum í næsta nágrenni þeirra.

Dýrmætasta gróðurvin á hálendi Íslands.

Þjórsárver er sú gróðurvin á hálendi Íslands sem talin er hvað dýrmætust. Kemur þar margt til, landslag er þar stórbrotið, vatnafarið einstaklega öflugur þáttur í lífríkinu og er vistkerfi veranna óvenjutegundaríkt og mikilvægt til viðhalds margra tegunda dýra og plantna. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir, þar eru rústir, sífreri og flæðiengi. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Þau eru gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir heiðagæsarstofninn og fleiri fugla. Gróðursamfélagið er afar fjölbreytt. Á svæðinu hafa fundist um 183 tegundir háplantna, eða meira en þriðjungur íslensku flórunnar, 225 mosategundir, eða um 38% íslensku mosaflórunnar, og heildarfjöldi fléttna sem greindur hefur verið í Þjórsárverum er um 148 tegundir. Í Þjórsárverum er að finna síðustu leifar gróðurs sem áður mun hafa þakið mun stærra svæði af öræfunum, gróðurs sem sums staðar teygir sig upp í 1.000–1.100 m hæð yfir sjávarmáli, þ.e. í hlíðum Arnarfells hins mikla og Arnarfells hins litla.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1988 skrifar dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir um Þjórsárver: „Nálægt miðju Íslands, suður af Hofsjökli, þar sem stærstu upptakakvíslar Þjórsár koma saman, eru víðáttumikil gróðurlendi sem einu nafni kallast Þjórsárver. Þau eru ein stærsta en jafnframt einangraðasta gróðurvin á miðhálendi Íslands. Að norðan skríða fram jökultungur Hofsjökuls en annars liggja að þeim eyðisandar. Í suðvestri er Fjórðungssandur. Sprengisandur er í norðaustri, en öræfin í austri og suðri eru nafnlaus. Allar bera þessar auðnir líkan svip; gráir melar á mishæðóttu landi þar sem hver ávöl og dökkleit aldan tekur við af annarri.“

Samþykktir Gnúpverja.

Þjórsárver njóta sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd. Þá höfðu um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um stórt uppistöðulón í verunum í allt að 593,5 m yfir sjávarmáli. Þær hugmyndir mættu strax talsverðri andstöðu. Til marks um það er eftirfarandi ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja, sem haldinn var í Árnesi 17. mars 1972.

„Fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja haldinn að tilhlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í félagsheimilinu Árnesi 17. mars 1972, lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:

a) Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf.
b) Gróðureyðing í aldaraðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. — Verði Þjórsárver sett undir vatn er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðs vatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.
c) Þjórsárver eru verðmætt beitiland.
d) Talið er að ¾ hlutar alls heiðagæsarstofnsins í heiminum verpi í Þjórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar í hættu.

Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hvers konar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa.“

Framkvæmdir hingað til.

Á þessum tíma var náttúruvernd á Íslandi ekki fyrirferðarmikil í dægurmálaumræðunni og ekki margir sem þekktu þá gersemi sem kúrði í miðri sandauðn miðhálendisins uppi undir Hofsjökli umgirt jökulkvíslum og erfið aðkomu, nema kannski fyrir fuglinn fljúgandi. Það munu helst hafa verið fjallmenn, sem smalað höfðu öræfin upp undir jökla, sem þekktu leyndardóm veranna. Stærsti hluti Þjórsárvera er á afrétti Gnúpverja og þekktar eru sagnir fjallmanna sem sneru aftur af fjalli með leyndardóminn í hjartanu og ævintýrið í augunum. Þetta mun vera drjúgur hluti ástæðunnar fyrir andstöðu Gnúpverja við hugmyndir um miðlunarlón í Þjórsárverum. Umræðan um náttúruverndargildi veranna og ásetningur Landsvirkjunar um miðlunarlón og virkjanir á efra vatnasviði Þjórsár leiddu til þess að Þjórsárver voru friðlýst með auglýsingu í desember 1981. Í friðlýsingunni var gert ráð fyrir þeim möguleika að uppistöðulóni yrði valinn staður í námunda við hið friðlýsta svæði, en þó var tekin afgerandi ákvörðun varðandi stærð mögulegs lóns. Þannig var verunum forðað frá algerri eyðileggingu og komið í veg fyrir þau áform Landsvirkjunar að sökkva þeim í heilu lagi undir 200 km^2 miðlunarlón. Hins vegar gerði friðlýsingin ráð fyrir undanþágu frá ákvæðum friðlýsingarinnar „til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Náttúruverndar ríkisins].“ Þetta kom þó ekki í veg fyrir að heimilaðar yrðu veitur austanvert í verunum, austan Þjórsár; Kvíslarveitur 1.–5. áfangi. Þannig voru upptakakvíslir Þjórsár af Sprengisandi og austurþverár hennar teknar í áföngum og þeim veitt í Þórisvatn. Komið er stórt lón, Kvíslavötn, sem er um 30 km^2 og stíflur í þverár Þjórsár, Eyvindarverskvísl, Þúfuverskvísl og í Þjórsá sjálfa ofan Hreysis.

Þessar aðgerðir hafa valdið talsverðum spjöllum á Þjórsárverum, 6 km^2 af grónu landi hefur verið sökkt undir vatn, auk þess sem umtalsvert landsvæði hefur farið undir veituskurði. Þá hefur meðalrennsli Þjórsár minnkað um allt að 40%, sem spillt hefur ýmsum einstökum fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi.

Athugasemdir við skipulag miðhálendisins.

Í svæðisskipulagi miðhálendisins, sem gildir fram til ársins 2015, er fjallað um Norðlingaölduveitu og hugsanlegt lónstæði auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúruvernd. Þegar svæðisskipulagið var á umsagnarstigi mótmæltu þessu meðal annarra hreppsnefnd Gnúpverja og Náttúruverndarsamtök Íslands. Í athugasemdum Náttúruverndarsamtakanna við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands segir: „Í greinargerð samvinnunefndarinnar er talað um þrjú fyrirhuguð orkuvinnslusvæði eða virkjanahugmyndir í Rangárvallasýslu: Búðahálsvirkjun í Tungnaá, Vatnsfellsvirkjun og loks Norðlingaölduveitu. Í ritinu *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku,* Iðnaðarráðuneytið 1994, er hins vegar að auki greint frá áformum um Markarfljótsvirkjun. Náttúruverndarsamtök Íslands telja að það brjóti í bága við tilmæli skipulagsreglugerðar að gera ekki grein fyrir og sýna ekki á skipulagsuppdrætti allar fyrirliggjandi frumforsendur um landnotkun, þ.m.t. virkjunarhugmyndir. Annars fæst röng mynd af landnotkuninni og forsendur fyrir skipulaginu verða þar með rangar. Úr þessu þarf að bæta. Varðandi Norðlingaölduveitu leggja samtökin ríka áherslu á að stífluhæð við Norðlingaöldu verði ekki meiri en svo að ekki gangi frekar á gróðurlendi Þjórsárvera sunnan Hofsjökuls en nú er. Þjórsárver eru einstök náttúruperla og eitt stærsta samfellda gróðurlendi miðhálendisins með einstökum heimskautagróðri. Þá telja samtökin, eftir því sem best verður séð, að auðkenni samvinnunefndarinnar á Norðlingaölduveitulóni sem *„blönduð landnotkun þar sem fleiri en ein gerð landnotkunar fer saman, t.d. landgræðsla og verndun"* sé óraunsæ vægast sagt."

Í athugasemdum hreppsnefndar Gnúpverja segir: „Í greinargerð er gert ráð fyrir sérstöku náttúruverndarsvæði, nefnt Þjórsárver – Kerlingarfjöll, þar sem eru tilgreind m.a. Þjórsárver og svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá að Kisu. Jafnframt er tilgreint fyrirhugað orkuvinnslusvæði í neðsta hluta Þjórsárvera, nefnt Norðlingaölduveita. Um friðland í Þjórsárverum gildir reglugerð frá 1979 og á grundvelli hennar er unnið að rannsóknum af Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórnum.

Hreppsnefnd telur ljóst að áhrif af Norðlingaölduveitu yrðu ekki síður veruleg á farveg Þjórsár milli væntanlegs Norðlingaöldulóns og Sultartangalóns, þar sem landslag er sérstætt og stórfenglegt og gróðurfar gróskumikið.

Hreppsnefnd álítur að varðveita beri þennan hluta Þjórsár í þeirri mynd sem hann er nú. Vatnsmagn árinnar hefur stórminnkað með Kvíslaveitum og frekari miðlun spillir hinum einstæðu fossum hennar.

Það er því álit hreppsnefndar að gerð Norðlingaölduveitu stangist á við áform um sérstakt náttúruverndarsvæði með Þjórsá og undirstrikar mikilvægi svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæðis."

Afstaða Þjórsárveranefndar.

Eftir að Landsvirkjun tók að sýna á ný áhuga á 6. áfanga Kvíslaveitu og ljóst var að í uppsiglingu væru endurnýjuð áform um veituframkvæmdir í verunum hófust miklar bollaleggingar í Þjórsárveranefnd, sem er ráðgjafarnefnd Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) samkvæmt auglýsingu um friðlandið frá 1981. Loks fór það svo að Þjórsárveranefnd

lagðist endanlega gegn hugmyndum um 6. áfanga Kvíslaveitu á fundi sínum 3. maí 2001. Á þeim fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma:

„Þjórsárveranefnd hafnar áformum um 6. áfanga Kvíslaveitu. Nefndin hafnar einnig öllum hugmyndum um lón sem eru hærri en 575 m y.s. Nefndin samþykkir að fresta ákvörðun um lón í 575 m y.s., þar sem hluti nefndarmanna telur nauðsynlegt að fá fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjórsárvera." Þjórsárveranefnd taldi nauðsynlegt að sýna varkárni í ljósi þess hversu mikið virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum höfðu þegar skaðað verin og dregið úr verndargildi þeirra. Þessi afgreiðsla nefndarinnar á málinu olli talsverðum titringi meðal þeirra sem voru áfram um framkvæmdir á svæðinu og fór það svo að tíu dögum eftir þessa samþykkt Þjórsárveranefndar kallaði iðnaðarráðherra eftir lögfræðilegri álitsgerð, þar sem svarað yrði til um valdsvið nefndarinnar og það hver hefði að lögum vald til að veita Landsvirkjun leyfi til að gera uppistöðulón við Norðlingaölduveitu. Álitsgerð Páls Hreinssonar lagaprófessors lá fyrir 1. júní 2001.

Þjórsárveranefnd var síðan kölluð saman til að gefa umsögn um matsskýrslu Landsvirkjunar sem út kom 30. apríl 2002 og var eftirfarandi umsögn samþykkt af meirihluta nefndarmanna 27. júní 2002:

„Þjórsárveranefnd beinir því til Náttúruverndar ríkisins að heimila ekki frekari virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum. Búið er að raska verum austan Þjórsár og með framkvæmdum við Norðlingaöldu myndi náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrna óhæfilega samanber meðfylgjandi greinargerð. Þjórsárveranefnd hvetur Náttúruvernd ríkisins að vinna áfram að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum."

Ný samþykkt Gnúpverja 2001.

Fyrr í þessari greinargerð er sagt frá almennum sveitarfundi, sem haldinn var í Árnesi, Gnúpverjahreppi 1972. Það gerðist síðan á vordögum 2001 að Gnúpverjar sáu á ný ástæðu til að ályktа um framtíð Þjórsárvera. Það var gert í Árnesi 24. maí 2001 og var ályktunin svohljóðandi:

„Almennur sveitarfundur haldinn í Árnesi 24. maí 2001 lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Þjórsárver og efri hluta Þjórsár ber að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnt skal á að framkvæmdir á þessu svæði verða ekki aftur teknar.

Fundurinn bendir á að margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru þar sem þeir vara við allri röskun af mannavöldum enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýstur.

Fundurinn vekur athygli á því að nú þegar hefur orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár með 1.–5. áfanga Kvíslaveitu.

Fundurinn minnir á ályktun fundar í Árnesi 17. mars 1972 og ítrekar fyrri mótmæli þar."

Formlegur áhugahópur um verndun Þjórsárvera var stofnaður og þann 26. júní 2001 afhenti hópurinn Siv Friðleifsdóttur umhverfisráðherra, Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og Katrínu Fjeldsted alþingismanni fyrir hönd umhverfisnefndar Alþingis, undirskriftalista sem áhugahópurinn stóð fyrir að safna í Gnúpverjahreppi 23.–25. júní 2001. 72% atkvæðisbærra Gnúpverja til kosningar til sveitarstjórnar undirrituðu áskorunina. Í henni er skorað á stjórnvöld að tryggja til frambúðar verndun Þjórsárvera og heimila engar frekari virkjunarframkvæmdir þar eða í efri hluta Þjórsár. Sveitarstjórn Gnúpverjahrepps voru afhentir sömu undirskriftalistar.

Frekari framkvæmdum mótmælt.

Eftir að matsskýrsla Landsvirkjunar vegna Norðlingaölduveitu kom fram 30. apríl 2002 hljóp mikill kraftur í baráttuna fyrir stækkun friðlandsins. Skipulagsstofnun bárust um 90 athugasemdir sem flestar voru frá fólki sem vildi að framkvæmdinni yrði hafnað. Í mörgum athugasemdanna var lýst stuðningi við fram komnar hugmyndir um stækkun friðlandsins. Eftir að úrskurður Skipulagsstofnunar var kynntur 12. ágúst 2002 og ljóst var að stofnunin heimilaði framkvæmdirnar með skilyrðum, fór af stað mikil mótmælaalda. Úrskurðurinn var kærður af 11 aðilum og þann 7. september 2002 birtu á þriðja hundrað manns eftirfarandi texta í fjölmiðlum:

„Til varnar Þjórsárverum. Þjórsárver eru einstakt vistkerfi og landslagsheild á hálendi Íslands. Þjórsárver eru gróðurvin með árþúsunda samfellda sögu þróttmikils lífríkis. Þjórsárver eru náttúrugersemi með viðurkennt alþjóðlegt gildi. Með fyrirætlunum um byggingu mannvirkja og gerð uppistöðulóns í Þjórsárverum er stefnt í hættu ómetanlegum verðmætum sem hvorki við né næstu kynslóðir getum endurheimt. Varúðar skal gætt. Dýrmætustu gróðurvin hálendisins má ekki stofna í hættu fyrir von um skjótfenginn gróða. Við undirrituð skorum á þjóðina að standa vörð um þau verðmæti sem við eigum í fegurð náttúrunnar á hálendi Íslands og segjum því nei við áformum um Norðlingaölduveitu. Stækkum friðland Þjórsárvera og verndum þau til framtíðar."

Ályktun baráttufundar í Austurbæjarbíói.

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera gekkst fyrir baráttufundi í Austurbæjarbíói 4. nóvember 2002 og talið er að um 1.000 manns hafi mætt til fundarins, sem er talsvert meira en húsið rúmar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

„Almennur fundur haldinn í Austurbæjarbíói 4. nóvember 2002 lýsir yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir með gerð uppistöðulóns í Þjórsárverum og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem beitt hefur verið til að fá samþykki fyrir þeim.

Með framkvæmdunum yrði spillt einstakri gróðurvin á hálendi Íslands sem á sér árþúsunda sögu þróttmikils lífríkis. Um leið yrði fórnað verðmætum sem hvorki við né næstu kynslóðir getum nokkurn tíma endurheimt. Verndargildi svæðisins er ótvírætt og því til staðfestingar hafa Íslendingar friðlýst hluta þess og jafnframt gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar um að vernda það fyrir ágangi sem leitt getur til skemmda. Engir brýnir almannahagsmunir eru nú fyrir hendi sem réttlætt geta svik við þau fyrirheit.

Náttúruvernd ríkisins hefur skýrlega mælt gegn fyrirætlunum um virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og andstaða heimamanna er fyrir löngu ljós. Þá er í skýrslu Skipulagsstofnunar ítrekað bent á hið margfalda tjón sem hlýst af framkvæmdunum. Lokaniðurstaða stofnunarinnar stangast hins vegar á við málatilbúnaðinn að öðru leyti og vekur það spurningar um afgreiðslu málsins.

Almenn andstaða er í landinu við þær ráðagerðir sem nú eru uppi, og sjónarmið náttúruverndar fá síaukinn stuðning. Ráðamenn verða að hlusta á ákall tímans og taka tillit til nútímaviðhorfa.

Fundarmenn kalla á forystumenn þjóðarinnar til að standa vörð um verðmætin sem við eigum í einstæðri náttúru á hálendi Íslands. Þjórsárver eru náttúrugersemi sem öll þjóðin ber ábyrgð á og þeim má aldrei tortíma fyrir von um skjótfenginn gróða. Næstu kynslóðir eiga sinn rétt til auðæfanna sem ofar standa hagsmunum líðandi stundar og þann rétt verður að virða."

Settur umhverfisráðherra úrskurðar.

Eins og fram hefur komið hér að framan þá kærðu 11 aðilar úrskurð Skipulagsstofnunar vegna Norðlingaölduveitu til umhverfisráðherra. Siv Friðleifsdóttir lýsti sig vanhæfa í málinu og kom það í hlut heilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar, að úrskurða í hennar stað. Úrskurður Jóns var birtur 30. janúar 2003. Í honum fólst að Norðlingaöldulón skyldi alfarið vera utan friðlandsmarka og fylgdi úrskurðinum forathugun á nýrri tilhögun frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., þar sem sýnt er fram á að mögulegt sé að koma fyrir lóni sem nái ekki hærra en í 566 m hæð yfir sjávarmáli. Voru margir til að fagna úrskurði þessum og töldu að með honum væri miðlað málum milli þeirra sem vildu umfram allt vernda Þjórsárver og hinna sem vildu að allir möguleikar svæðisins til orkunýtingar yrðu settir í framkvæmd.

Á 128. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkuver þar sem þess er farið á leit að Alþingi samþykki heimildir til ráðherra um að leyfa gerð Norðlingaölduveitu (þingmál 670, þskj. 1090). Greinargerð með frumvarpinu fylgdi fylgiskjal frá Landsvirkjun þar sem fram kemur að Landsvirkjun hafi ekki unnist tími til að fullmóta framkvæmdatilhögun en ljóst er að hún telur sig ekki bundna af tillögu þeirri sem fylgdi úrskurði setts umhverfisráðherra. Á síðustu dögum 128. löggjafarþings var málið afgreitt í miklum flýti, svo ekki gafst nægilegt svigrúm til að skoða alla þætti þess. Þannig var aldrei svarað til um einn þátt úrskurðar Jóns Kristjánssonar, sem laut að set- og veitulóni sunnan undir Þjórsárjökli, en það lón setti ráðherrann fram sem mótvægisaðgerð í úrskurðinum og var því mótmælt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem töldu að hér væri um slíka framkvæmd að ræða að hún ætti að lúta sjálfstæðu mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum, enda væri stærð lónsins slík að hún rúmaðist ekki innan heimilda laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, um undanþágu frá mati.

Landsvirkjun hefur nú kynnt tillögu sína að tilhögun framkvæmdanna. Þar er gert ráð fyrir að Norðlingaöldulón verði í 568 m hæð yfir sjávarmáli yfir vetrartímann. Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur hafnað þeirri tilhögun. Þá hefur Landsvirkjun óskað eftir því við samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins að gerðar verði breytingar á svæðisskipulaginu þannig að gefa megi út framkvæmdaleyfi til Norðlingaölduveitu á grundvelli svæðisskipulagsins. Þá hefur iðnaðarráðherra, að beiðni Landsvirkjunar, auglýst virkjanaleyfi vegna Norðlingaölduveitu opið til athugasemda fram til 17. október 2003.

Umhverfisstofnun leggur til stækkun friðlandsins.

Hér að framan hefur verið greint frá ályktunum og samþykktum Gnúpverja varðandi Þjórsárver og greint frá baráttu áhugahóps um verndun Þjórsárvera. Hópurinn hefur farið þess á leit við Náttúruvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) að skoðaðir verði möguleikar á stækkun friðlandsins og einnig kannaðir möguleikar á friðlýsingu Þjórsár frá friðlandsmörkunum að Sultartangalóni. Í greinargerð með tillögum hópsins segir: „Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvíslunum, einstakt vistkerfi. Má þar helst nefna svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórsár, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna. Í Þjórsá eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakur og áhugaverður og ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði. Friðlýsing eins og hér er lagt til stuðlar að mun víðtækari og markvissari verndun en nú er á þeirri sérstöku landslagsheild sem svæðið er.“

Umhverfisstofnun birti 13. maí 2003 drög að náttúruverndaráætlun, sem lögum samkvæmt hefði átt að leggja fyrir Alþingi 2002 (sjá 65. grein laga um náttúruvernd og ákvæði til bráðabirgða I). Í drögum þessum er gert ráð fyrir að friðland Þjórsárvera verði stækkað til samræmis við tillögu áhugahópsins. Í texta Umhverfisstofnunar er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

„Stórbrotið landslag, fjalllendi, jökull, votlendi og áreyrar. Fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, flæðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi, allt upp í 1100 m hæð. Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, enda afar tegundaríkt og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum. Þjórsárver eru ein stærsta og jafnframt ein einangraðasta gróðurvin á miðhálendi landsins. Afar fjölbreytt gróðursamfélag, en þar hafa fundist yfir 180 tegundir háplantna, yfir 220 mosategundir og greindar hafa verið um 150 fléttutegundir. Innan svæðisins eru í Þjórsá fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss. Hver um sig er sérstakur og saman eru þeir afar áhugaverðir sem röð fossa í stórfenglegu landslagi.“ Tillaga Umhverfisstofnunar er flutningsmönnum þessarar tillögu sérstakt fagnaðarefni af augljósum ástæðum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing um friðland í Þjórsárverum. (Stjórnartíðindi B, nr. 507/1987.)
II. Ályktun þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs samþykkt einróma á opnum þingflokksfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var í Þjórsárverum laugardaginn 21. júlí 2001.

Sjá samhljóða fylgiskjöl með þingskjali 8 (8. mál 127. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2001–2002, bls. 595–597.

204. Svar [101. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um yfirstjórn menntastofnana landbúnaðarins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru uppi áform um að flytja yfirstjórn eftirtalinna menntastofnana landbúnaðarins frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis:

a. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri,
b. Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og
c. Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi?

Engin áform eru uppi um að flytja yfirstjórn umræddra skóla frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

205. Svar [83. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skyndirannsóknir lögreglu á myndbandaleigum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve oft hefur lögregla gert skyndirannsóknir (rassíur) á myndbandaleigum sl. tvö ár?*
2. *Hve margar myndbandaleigur hefur lögregla rannsakað og í hvaða sveitarfélögum?*
3. *Hve mikið af ólöglegu myndbandsefni hefur verið gert upptækt?*
4. *Hvers eðlis hefur þetta efni verið?*

Ríkislögreglustjóri hefur í tilefni af fyrirspurninni leitað svara allra lögreglustjóra landsins við hinum tilgreindu spurningum. Í ljós kom að þær aðgerðir sem tilgreindar eru í fyrirspurninni hafa aðeins verið gerðar á umræddu tímabili hjá einu embætti, þ.e. embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Ríkislögreglustjóri telur, eftir að hafa aflað upplýsinga frá öllum umdæmum, að ekki hafi neitt verið aðhafst í öðrum umdæmum vegna þess að þar hafi ekki komið upp rökstuddur grunur um útleigu á ólöglegu efni á þessu tímabili.

Svar við fyrirspurninni miðast í samræmi við framangreint við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Lögreglan í Reykjavík hefur af og til á undanförnum tveimur árum skoðað framboð myndbanda, bæði á myndbandaleigum og á sölustöðum myndbanda, og hefur þetta verið gert m.a. í því skyni að kanna hvort þar væri framboð á klámefni. Í tveimur tilvikum á árinu 2001 leiddi það til þess að hald var lagt á myndbönd sem talin voru ólögleg og forsvarsmenn tveggja sölustaða kærðir fyrir meint brot.

Ekki liggur fyrir hvað farið var í margar myndbandaleigur í Reykjavík þar sem ekki var haldið utan um það með skipulegum hætti. Afleiðingar þessara aðgerða eru m.a. þær að kvartanir frá almenningi til lögreglunnar í Reykjavík vegna framboðs á klámefni á myndbandaleigum hafa nánast engar verið undanfarin missiri. Engar í öðrum sveitarfélögum.

Í þeim tveimur tilvikum í Reykjavík á árinu 2001 þar sem lagt var hald á efni og forsvarsmenn kærðir var lagt hald á hátt á annað þúsund myndbandsspólur og liðlega 100 DVD-diska. Spólurnar og diskarnir hafa verið gerðir upptækir með dómi.

Í öllum tilvikum hefur verið um klámefni að ræða.

206. Svar [56. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um fiskeldis- og hafbeitarstöðvar.

1. *Hvaða nýjar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar hafa fengið starfsleyfi á grundvelli laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, eftir að þeim var breytt í maí 2001 með lögum nr. 83/2001?*

Fjórar nýjar stöðvar fyrir eldi ferskvatnsfiska hafa fengið starfsleyfi og sótt um rekstrarleyfi á grundvelli laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, eftir að þeim var breytt í maí 2001 með lögum nr. 83/2001. Til viðbótar hefur Samherji hf. fengið nýtt starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna 6.000 tonna stöðvar í Reyðarfirði sem gildir frá 14. mars 2003.

Nýjar stöðvar með starfsleyfi og rekstrarleyfi:
Eyrar ehf., Tálknafirði, kví í firðinum.
Eyrar ehf., Tálknafirði, kví í fjarðarbotni.
Norðlingur ehf., hafbeitarstöð.
Ný stöð með starfsleyfi og hefur sótt um rekstrarleyfi:
Silungur ehf., Arnarfirði.
Stöð með nýtt starfsleyfi:
Samherji hf., Reyðarfirði.

2. *Hvaða fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem voru starfræktar fyrir breytingu laganna hafa endurnýjað leyfi sín í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/2001?*

Sæsilfur í Mjóafirði og Salar Islandica í Berufirði hafa sótt um endurnýjun rekstrarleyfa í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/2001. Þessar stöðvar höfðu fengið rekstrarleyfi fyrir breytingu laganna.

3. *Hvaða fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem starfað hafa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998 hafa endurnýjað rekstrarleyfi sín síðan þeim var slíkt skylt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/2001?*

Stöðvar sem hafa sótt um rekstrarleyfi til eldis ferskvatnsfiska samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/2001 eru þessar:

Rifós hf., seiðastöð.
Stofnfiskur hf., Kalmanstjörn.
Stofnfiskur hf., Kollafirði.
Eldisstöðin Ormsstöðum.
Straumfiskur ehf.
Silungur ehf., Öxnalæk.
Eldisstöðin Mjóaparti.
Fiskeldið Þverá.
Norðurlax hf.
Eyrar ehf., Tálknafirði, Norðurbotni.
Austlax ehf., Seyðisfirði.
Háafell ehf., stöð.
Fagradalsbleikja ehf.
Íslandsbleikja Núpum.
Rifós hf., kvíaeldi í Lóni.
Stofnfiskur hf., Húsatóftum.
Stofnfiskur hf., Laugum.
Háafell ehf., kvíar.
Silungur ehf., Vatnsleysu.
Silungur ehf., Þóroddsstöðum.
Seiðaeldisstöðin Spóastöðum.
Fiskeldið Hlíð.
Eldisstöðin Hvassafelli.
Eyrar ehf., Tálknafirði, Gileyri.
Víkurlax ehf.
Fiskeldið Haukamýri.
Silfurstjarnan hf.
Eldisstöð RALA Keldnaholti.

4. *Er eitthvað því til fyrirstöðu að Umhverfisstofnun bindi inn í starfsleyfi laxeldisstöðva ákvæði um að eigendur stöðvanna hafi sérstaka ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem starfsemi þeirra kann að valda óviðkomandi aðilum, eins og eigendum veiðiréttar í laxveiðiám?*

Umhverfisstofnun heyrir ekki undir landbúnaðarráðuneyti og ráðuneytið getur því ekki svarað fyrir hönd þeirrar stofnunar.

207. Svar [108. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins á árinu 2002 og fyrstu sex mánuði þessa árs, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?

Vísað er til meðfylgjandi yfirlits frá Fjársýslu ríkisins vegna kostnaðar sem til féll á árinu 2002. Yfirlitið er unnið upp úr upplýsingagrunni Fjársýslunnar sem í hafa verið færðar endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar úr bókhaldi stofnana vegna gerðar ríkisreiknings fyrir árið 2002. Upplýsingar um kostnað fyrstu sex mánuði ársins 2003 liggja ekki fyrir með sambærilegum hætti þar sem bókhald stofnana er í mörgum tilvikum fært hjá stofnununum sjálfum í kerfum sem Fjársýsla ríkisins hefur ekki aðgang að. Bókhald stofnana fyrir árið 2003 er ekki endurskoðað og fært í upplýsingagrunn Fjársýslunnar fyrr en við gerð ríkisreiknings fyrir árið 2003.

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
0		**Æðsta stjórn ríkisins**	**33.548.344**	**56.106.478**	**130.253.647**
00	101	Embætti forseta Íslands	9.547.412	3.477.959	12.150.595
00	201	Alþingi	20.825.684	49.716.187	109.646.321
00	205	Framkvæmdir á Alþingisreit	0	5.406	0
00	301	Ríkisstjórn	0	193.644	0
00	401	Hæstiréttur	0	939.411	0
00	610	Umboðsmaður Alþingis	892.566	317.755	1.455.578
00	620	Ríkisendurskoðun	2.282.682	1.456.116	7.001.153
1		**Forsætisráðuneyti**	**21.012.693**	**16.598.883**	**43.986.271**
01	101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	15.025.287	8.859.469	26.115.821
01	190	Ýmis verkefni	179.643	415.389	4.176.996
01	201	Fasteignir forsætisráðuneytis	0	916.618	30.115
01	203	Fasteignir Stjórnarráðsins	206.500	0	0
01	211	Þjóðhagsstofnun	424.071	3.791.621	2.461.478
01	231	Norræna ráðherranefndin	3.322.394	135.901	5.903.774
01	241	Umboðsmaður barna	81.325	109.891	617.623
01	251	Þjóðmenningarhúsið	557.400	107.498	157.506
01	253	Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	103.220	0	880.714
01	261	Óbyggðanefnd	138.769	545.607	1.512.710
01	271	Ríkislögmaður	103.010	434.814	12.900
01	303	Kristnihátíðarsjóður	233.905	51.976	172.003
01	902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	637.169	1.230.099	1.944.631
2		**Menntamálaráðuneyti**	**44.067.899**	**130.708.074**	**435.597.081**
02	101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.772.629	4.155.478	14.662.719
02	201	Háskóli Íslands	10.686.442	22.696.122	151.006.105
02	202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	188.355	4.602.347	7.244.891
02	203	Raunvísindastofnun Háskólans	26.035	3.137.975	27.859.484
02	204	Stofnun Sigurðar Nordals	266.220	94.044	1.344.193
02	205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	427.535	170.302	2.575.112
02	206	Orðabók Háskólans	0	1.040	714.674
02	207	Íslensk málstöð	33.549	87.586	1.443.532

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
02	208	Örnefnastofnun Íslands	3.900	3.240	310.705
02	210	Háskólinn á Akureyri	1.784.175	5.363.615	48.333.554
02	211	Tækniskóli Íslands	1.143.355	400.166	3.383.402
02	215	Kennaraháskóli Íslands	625.939	6.733.575	26.604.685
02	223	Námsmatsstofnun	146.840	1.008.574	3.169.080
02	231	Rannsóknarráð Íslands	3.609.567	994.021	13.521.983
02	235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	0	101.700	144.000
02	236	Vísindasjóður	0	13.713	20.380
02	237	Tæknisjóður	35.740	20.954	235.760
02	239	Rannsóknarnámssjóður	0	3.350	47.266
2	269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður		0	200.740
02	299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	21.980	46.101	774.516
02	301	Menntaskólinn í Reykjavík	174.500	901.950	128.846
02	302	Menntaskólinn á Akureyri	654.834	643.481	1.069.670
02	303	Menntaskólinn að Laugarvatni	255.325	1.999.744	89.660
02	304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0	2.274.282	3.942.728
02	305	Menntaskólinn við Sund	263.856	605.112	3.329.349
02	306	Menntaskólinn á Ísafirði	47.349	746.384	1.628.555
02	307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	9.456	1.569.290	2.729.000
02	308	Menntaskólinn í Kópavogi	395.181	3.947.234	1.281.969
02	309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.117.792	1.236.933	236.326
02	316	Fasteignir framhaldsskóla	0	278.443	293.675
02	318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	0	431.370	62.800
02	319	Framhaldsskólar, almennt	831.359	542.494	3.052.804
02	350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	150.071	793.670	593.692
02	351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	904.110	1.277.436	2.000.946
2	352	Flensborgarskóli	527.787	866.740	2.125.279
2	353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	150.210	1.912.682	522.323
02	354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0	10.642.918	563.975
02	355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	43.278	368.946	760.995
02	356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	38.825	1.560.480	952.155
02	357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0	20.163.680	3.553.633
02	358	Verkmenntaskóli Austurlands	401.299	1.100.458	1.347.084
02	359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	384.472	1.762.491	2.585.606
02	360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	443.098	1.821.547	3.197.178
02	361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0	535.527	580.546
02	362	Framhaldsskólinn á Húsavík	79.821	589.849	763.050
02	363	Framhaldsskólinn á Laugum	0	669.217	890.973
02	365	Borgarholtsskóli	141.273	2.520.517	398.151
02	430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0	1.149.542	959.575
02	441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	72.645	844.748	63.100
2	451	Símenntun og fjarvinnsluverkefni	0	174.411	28.130
02	506	Vélskóli Íslands	0	470.316	434.615
02	507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	25.000	190.966	980.515
02	514	Iðnskólinn í Reykjavík	894.161	774.268	3.539.656
02	516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	0	585.241	162.285
02	564	Listdansskólinn	482.554	421.545	4.576.520
02	571	Sjómannaskólahúsið	0	90.910	0
02	720	Grunnskólar, almennt	0	528.768	178.455

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
02	725	Námsgagnastofnun	288.623	1.429.728	2.571.181
02	804	Kvikmyndaskoðun	0	286.760	66.280
02	901	Fornleifavernd ríkisins	55.120	1.059.073	1.004.630
02	902	Þjóðminjasafn Íslands	266.354	797.701	4.106.219
02	903	Þjóðskjalasafn Íslands	744.162	974.089	4.055.895
02	905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	2.075.723	645.718	7.366.802
02	906	Listasafn Einars Jónssonar	42.960	62.870	0
02	907	Listasafn Íslands	493.616	457.202	3.424.910
02	909	Blindrabókasafn Íslands	638.755	398.783	881.995
02	919	Söfn, ýmis framlög	27.514	0	419.179
02	969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	0	89.602	396.256
02	972	Íslenski dansflokkurinn	327.122	55.069	3.344.479
02	973	Þjóðleikhús	1.441.370	3.156.709	2.345.507
02	976	Menningarsjóður	14.703	27.713	0
02	978	Listasjóðir	0	15.064	0
02	979	Húsafriðunarnefnd	17.230	1.090.454	2.071.246
02	981	Kvikmyndasjóður	1.639.688	1.109.784	9.138.127
02	982	Listir, framlög	272.490	231.776	1.779.982
02	983	Ýmis fræðistörf	0	5.570	62.428
02	984	Norræn samvinna	12.200	17.967	2.696.326
02	985	Alþjóðleg samskipti	1.134.890	28.941	31.046.039
02	988	Æskulýðsmál	44.970	21.213	529.249
02	989	Ýmis íþróttamál	59.041	415.908	750.531
02	995	Tungutækni	24.950	5.205	500.955
02	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	49.705	553.971	2.355.161
02	999	Ýmislegt	136.196	1.143.711	1.483.104
3		**Utanríkisráðuneyti**	**95.711.752**	**42.604.313**	**261.291.594**
03	101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	23.520.054	15.184.944	132.482.342
03	190	Ýmis verkefni	21.110.212	16.451.634	8.869.847
03	201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	408.490	7.325.580	11.798.640
03	211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.960.910	1.707.825	12.717.872
03	301	Sendiráð Íslands í Berlín	1.768.853	53.021	74.640
03	302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1.393.839	92.344	0
03	303	Sendiráð Íslands í London	2.040.101	182.679	2.417
03	304	Sendiráð Íslands í Moskvu	2.451.426	161.279	0
03	305	Sendiráð Íslands í Ósló	1.353.520	3.560	0
03	306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	3.219.213	16.203	0
03	307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.087.179	92.078	0
03	308	Sendiráð Íslands í Washington	3.272.603	89.062	0
03	309	Fastanefnd Íslands hjá Sþ og aðalræðismaður Íslands í New York	4.841.408	148.550	366.767
03	310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	4.218.140	23.741	0
03	311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	2.824.573	45.792	0
03	312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.908.735	763	257.235
03	313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá ÖSE	2.002.073	221.508	21.627
03	314	Sendiráð Íslands í Peking	2.807.604	16.045	0

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
03	315	Sendiráð Íslands í Ottawa	3.210.535	72.096	267.119
03	316	Sendiráð Íslands í Tókíó	2.345.571	141.076	125.865
03	317	Sendiráð Íslands í Helsinki	876.185	11.781	9.191
03	318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	2.005.600	0	0
03	319	Sendiráð Íslands í Mapútó	668.554	0	13.770
03	320	Sendiráð, almennt	0	7.500	43.754.026
03	390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.359.216	516.610	21.657.388
3	401	Alþjóðastofnanir	1.057.158	38.642	28.872.848
4		**Landbúnaðarráðuneyti**	**7.103.905**	**64.600.542**	**92.142.469**
04	101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.283.607	3.795.643	12.950.434
04	190	Ýmis verkefni	32.470	2.457.772	2.454.118
04	211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	278.302	6.066.857	14.786.303
04	221	Veiðimálastofnun	81.517	481.352	4.914.417
04	222	Veiðimálastjóri	25.210	512.073	2.234.536
04	233	Yfirdýralæknir	62.896	13.181.032	7.817.059
04	236	Aðfangaeftirlit ríkisins	30.990	412.941	2.531.138
04	261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	0	3.679.981	2.876.655
04	271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	60.680	5.173.010	8.500.881
04	283	Garðyrkjuskóli ríkisins	674.245	1.621.237	1.673.143
04	293	Hagþjónusta landbúnaðarins	26.490	1.384.130	884.415
04	311	Landgræðsla ríkisins	336.000	12.700.765	3.846.339
04	321	Skógrækt ríkisins	442.280	4.743.941	20.346.352
04	331	Héraðsskógar	626.761	1.986.922	1.038.311
04	343	Landshlutabundin skógrækt	142.457	5.785.807	4.711.716
04	831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	0	470.600	554.152
04	843	Fiskræktarsjóður	0	120.465	22.500
04	851	Greiðslur vegna riðuveiki	0	26.014	0
5		**Sjávarútvegsráðuneyti**	**8.588.991**	**17.746.275**	**151.458.785**
05	101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	3.653.687	1.438.725	10.631.130
05	190	Ýmis verkefni	1.777.201	1.119.705	24.428.882
05	202	Hafrannsóknastofnunin	1.908.041	6.682.318	56.841.386
05	203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	513.130	2.655.229	9.358.230
05	204	Fiskistofa	693.318	5.351.558	49.500.804
05	213	Verðlagsstofa skiptaverðs	16.384	140.399	501.320
05	272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0	136.678	0
05	901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	27.230	221.663	197.033
6		**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**20.796.040**	**57.517.252**	**198.601.512**
06	101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	7.474.851	1.819.672	16.094.696
06	102	Stjórnartíðindi	0	7.901	0
06	105	Lögbirtingablað	0	56.936	0
06	111	Kosningar	0	56.088	0
06	190	Ýmis verkefni	32.710	200.441	121.625
06	201	Hæstiréttur	95.097	278.778	895.513
06	210	Héraðsdómstólar	1.167.002	5.209.919	3.914.790
6	231	Málskostnaður í opinberum málum	0	1.711.329	8.355.993
06	232	Opinber réttaraðstoð	0	103.610	0
06	251	Persónuvernd	176.720	58.979	3.094.692
06	301	Ríkissaksóknari	283.044	640.792	2.558.437
06	303	Ríkislögreglustjóri	1.391.382	3.430.206	45.655.938

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
06	305	Lögregluskóli ríkisins	128.569	819.089	46.360.227
06	311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	266.887	6.244.320	14.170.297
06	321	Almannavarnir ríkisins	104.418	1.161.032	1.671.878
06	331	Umferðarráð	107.950	595.211	846.660
06	333	Umferðarstofa	92.051	368.342	906.252
06	390	Ýmis löggæslumál	0	0	8.325
06	395	Landhelgisgæsla Íslands	503.738	3.069.565	16.553.892
06	397	Schengen-samstarf	2.391.468	23.478	6.103.142
06	398	Útlendingaeftirlitið	169.390	325.634	2.609.428
06	411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	264.437	2.127.470	79.760
06	412	Sýslumaðurinn á Akranesi	262.188	549.675	220.400
06	413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	0	1.930.685	128.400
06	414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	155.450	2.079.325	963.805
06	415	Sýslumaðurinn í Búðardal	0	388.049	109.500
06	416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	0	1.197.950	794.786
06	417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	70.517	0	138.053
06	418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	125.440	513.057	817.972
06	419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	14.220	469.802	145.980
06	420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	0	982.182	1.627.400
06	421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	174.270	748.893	468.290
06	422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	81.078	308.530	628.440
06	423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	78.211	376.313	673.230
06	424	Sýslumaðurinn á Akureyri	336.300	1.276.820	1.539.246
06	425	Sýslumaðurinn á Húsavík	132.855	921.920	1.154.015
06	426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	443.241	1.198.131	925.675
06	428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	431.117	306.358	350.251
06	429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	56.000	279.653	813.654
06	430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	99.251	548.569	165.100
06	431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	179.615	414.820	655.200
06	432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	451.972	591.455	879.840
06	433	Sýslumaðurinn á Selfossi	121.622	2.100.788	561.260
06	434	Sýslumaðurinn í Keflavík	788.200	2.176.105	447.175
06	436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	528.749	1.594.233	127.480
06	437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	0	750.941	150.090
06	490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	0	225.100	266.200
06	491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	0	126.500	170.630
06	501	Fangelsismálastofnun ríkisins	710.165	2.583.083	6.877.972
06	591	Fangelsisbyggingar	0	0	146.250
06	701	Þjóðkirkjan	905.865	4.569.523	6.653.673
7		**Félagsmálaráðuneyti**	**10.852.339**	**63.900.448**	**70.226.556**
07	101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.925.992	2.029.572	13.773.875
07	190	Ýmis verkefni	92.940	1.376.537	1.188.303
07	302	Ríkissáttasemjari	217.734	238.775	837.446
07	311	Jafnréttisráð	0	0	-710.745
07	313	Jafnréttisstofa	196.118	269.163	4.627.092
07	331	Vinnueftirlit ríkisins	809.452	19.434.824	17.200.259
07	400	Barnaverndarstofa	676.144	4.941.753	6.977.248
07	401	Barnaverndarráð	175.600	40.062	28.680
07	700	Málefni fatlaðra	0	31.948	287.989
07	701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	70.000	6.955.261	663.827
07	702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	471.786	11.161.040	884.176

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
07	703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	44.866	4.764.136	663.139
07	704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	98.485	769.043	1.855.696
07	705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	0	151.379	39.900
07	706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	0	233.911	7.500
07	707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	200.252	1.467.129	2.417.802
07	708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	90.000	1.727.165	655.967
07	750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	228.640	1.493.319	4.710.360
07	795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	36.290	152.776	164.435
07	980	Vinnumálastofnun	1.914.379	4.611.124	9.087.467
07	981	Vinnumál	205.586	18.968	3.594.738
07	984	Atvinnuleysistryggingasjóður	313.075	1.569.428	397.095
07	987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	0	12.522	0
07	999	Félagsmál, ýmis starfsemi	85.000	450.613	874.307
8		**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**19.120.936**	**384.829.688**	**398.513.969**
08	101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.804.500	3.716.050	28.936.993
08	201	Tryggingastofnun ríkisins	2.151.654	2.053.449	8.970.911
08	301	Landlæknir	255.160	707.431	11.189.064
08	311	Héraðslæknir í Reykjavík	108.540	72.840	512.945
08	315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	4.601	100.059	635.367
08	324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	86.844	794.216	1.437.287
08	326	Sjónstöð Íslands	171.252	1.394.963	670.026
08	327	Geislavarnir ríkisins	312.017	1.601.379	5.993.337
08	330	Manneldisráð	0	121.110	99.035
08	358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	68.900	22.635.902	31.268.033
08	368	Sólvangur, Hafnarfirði	0	3.426.671	631.047
08	370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	0	10.111	418.716
08	373	Landspítali, háskólasjúkrahús	3.908.534	133.351.824	173.880.418
08	385	Framkvæmdasjóður aldraða	0	0	29.000
08	397	Lyfjastofnun	176.195	444.725	7.219.853
08	399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	380.723	1.605.972	6.188.216
08	400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	18.251	4.596.564	2.276.298
08	490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0	5.725.926	210.765
08	500	Heilsugæslustöðvar, almennt	0	103.943	77.810
08	505	Heilsugæsla í Reykjavík	1.066.482	68.489.659	14.511.635
08	510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.007.956	6.366.400	4.721.094
08	522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	75.700	798.081	614.775
08	524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0	587.921	826.939
08	525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	44.000	257.067	1.763.293
08	526	Heilsugæslustöðin Búðardal	0	753.515	586.635
08	551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0	0	763.622
08	552	Heilsugæslustöðin Dalvík	0	257.474	205.354
08	571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0	138.033	289.440
08	572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0	129.352	80.000
08	574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	121.600	1.875.737	266.872
08	576	Heilsugæslustöðin Laugarási	0	1.967.132	611.645
08	578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	97.700	110.411	509.401
08	579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	42.440	179.961	38.700
8	582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	35.243	9.133.906	4.832.728
08	583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	56.531	3.170.049	1.202.538
08	584	Heilsugæsla í Kópavogi	211.984	11.273.378	4.403.265

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
08	585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	271.606	2.080.612	3.146.271
08	586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	75.208	1.553.192	1.756.970
08	621	Forvarnasjóður	110.048	290.073	2.522.714
08	711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	396.302	14.882.354	4.531.174
08	721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	0	1.458.880	3.264.532
08	725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	0	1.811.133	5.516.974
08	731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	46.276	812.333	444.448
08	735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	30.000	848.004	2.681.966
08	741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	0	3.208.206	2.177.559
08	745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	0	4.983.334	2.376.183
08	751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	364.132	5.326.262	5.951.998
08	755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	376.200	1.063.610	1.852.132
08	761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	74.689	6.679.355	5.581.758
08	777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	366.750	6.891.238	25.508.675
08	781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	12.000	2.720.769	2.881.721
08	785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	0	14.356.154	3.351.839
08	791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	689.668	27.912.968	6.677.939
08	996	Íslenska upplýsingasamfélagið	101.250	0	1.416.059
9		**Fjármálaráðuneyti**	**14.564.199**	**28.667.687**	**72.529.887**
09	101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.675.849	1.735.680	32.053.326
09	103	Fjársýsla ríkisins	711.530	1.690.171	5.592.956
09	201	Ríkisskattstjóri	1.301.550	738.844	5.562.012
09	202	Skattstofan í Reykjavík	760.397	423.078	580.990
09	203	Skattstofa Vesturlands	154.618	670.917	267.400
09	204	Skattstofa Vestfjarða	62.547	75.014	569.218
09	205	Skattstofa Norðurlands vestra	93.458	485.796	683.358
09	206	Skattstofa Norðurlands eystra	0	319.765	627.503
09	207	Skattstofa Austurlands	88.680	161.294	619.277
09	208	Skattstofa Suðurlands	0	401.787	199.600
09	209	Skattstofa Vestmannaeyja	58.117	150.795	628.755
09	211	Skattstofa Reykjaness	112.225	384.048	0
09	214	Yfirskattanefnd	493.438	34.246	0
09	215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0	201.459	1.613.794
09	262	Tollstjórinn í Reykjavík	2.005.226	2.490.385	7.001.856
09	402	Fasteignamat ríkisins	129.491	8.319.797	7.576.776
09	901	Framkvæmdasýsla ríkisins	41.247	1.630.546	2.012.907
09	905	Ríkiskaup	9.518	2.633.927	2.702.947
09	972	Lánasýsla ríkisins	1.504.624	4.091.047	1.531.486
9	980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	42.806	148.583	880.782
09	981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	0	3.492	23.070
09	984	Fasteignir ríkissjóðs	247.003	1.605.407	1.432.215
09	999	Ýmis verkefni	71.875	271.609	369.659
10		**Samgönguráðuneyti**	**21.881.911**	**277.221.289**	**291.357.947**
10	101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	4.878.843	2.242.713	16.473.722
10	190	Ýmis verkefni	595.192	363.432	1.695.387
10	211	Vegagerðin	9.404.739	221.908.355	174.009.492
10	335	Siglingastofnun Íslands	1.094.762	14.973.100	25.064.901
10	381	Rannsóknanefnd sjóslysa	0	394.655	1.350.160
10	471	Flugmálastjórn	4.044.308	33.198.470	54.586.765

Ráðu-neyti	Stofnun	Heiti stofnunar	Risnukostn.	Aksturskostn.	Ferðakostn.
10	481	Rannsóknanefnd flugslysa	105.130	379.578	1.626.616
10	512	Póst- og fjarskiptastofnunin	255.872	1.037.671	8.311.333
10	651	Ferðamálaráð	1.503.065	2.723.315	8.239.571
11		**Iðnaðarráðuneyti**	**6.130.063**	**28.365.494**	**107.560.439**
11	101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	273.091	1.040.807	4.787.042
11	102	Einkaleyfastofan	685.991	26.570	3.209.795
11	201	Iðntæknistofnun Íslands	1.216.663	9.416.230	13.766.916
11	203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	597.227	7.389.162	17.909.857
11	240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	850.357	116.037	3.184.253
11	299	Iðja og iðnaður, framlög	904.736	189.207	6.940.464
11	301	Orkustofnun	1.353.670	9.664.230	56.136.896
11	399	Ýmis orkumál	0	0	140.224
11	401	Byggðaáætlun	237.600	0	506.496
11	411	Byggðastofnun	10.728	523.251	978.496
12		**Viðskiptaráðuneyti**	**8.343.638**	**7.435.931**	**35.536.438**
12	101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.515.728	1.812.195	10.595.794
12	190	Ýmis verkefni	0	0	583.039
12	302	Löggildingarstofa	730.087	2.290.036	11.402.278
12	402	Fjármálaeftirlitið	667.445	2.248.569	9.649.085
12	902	Samkeppnisstofnun	430.378	1.085.131	3.306.242
13		**Hagstofa Íslands**	**2.289.534**	**1.632.133**	**14.590.364**
13	101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	2.289.534	1.632.133	14.590.364
14		**Umhverfisráðuneyti**	**10.292.958**	**32.843.645**	**121.512.717**
14	101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.191.023	1.819.181	22.398.405
14	190	Ýmis verkefni	137.120	2.548.983	10.001.558
14	202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0	432.105	621.624
14	205	Náttúruvernd ríkisins	301.797	3.878.824	9.058.531
14	210	Veiðistjóri	0	177.359	1.833.921
14	213	Hreindýraráð	0	435.746	404.100
14	221	Hollustuvernd ríkisins	1.515.136	2.891.757	14.723.039
14	281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	0	115.110	130.060
14	285	Spilliefnasjóður	0	0	589.913
14	301	Skipulagsstofnun	207.721	2.544.872	2.491.596
14	310	Landmælingar Íslands	1.031.990	7.624.672	7.862.975
14	321	Brunamálastofnun ríkisins	486.349	3.552.336	7.851.300
14	381	Ofanflóðasjóður	72.900	316.796	861.332
14	401	Náttúrufræðistofnun Íslands	521.886	2.682.202	18.564.138
14	407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	841.104	405.121	3.859.542
14	410	Veðurstofa Íslands	985.932	3.418.581	20.260.683
		Samtals	**324.305.202**	**1.210.778.132**	**2.425.159.676**

208. Frumvarp til laga [201. mál]

um lyfjatjónstryggingu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi af völdum skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laga þessara. Sama á við um þá sem missa framfæranda af þessum sökum.

Sjúklingar, sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun, eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Sama rétt hafa þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms sem viðkomandi er haldinn. Sama gildir um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð til hvaða tjónsatvika lögin skuli ná.

2. gr.
Takmörkun bótaréttar.

Bætur eru einungis greiddar ef lyfi hefur verið dreift hér á landi í samræmi við ákvæði lyfjalaga til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna. Bótaréttur er einungis til staðar ef lyf hefur verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi, af lækni, stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr., eða af öðrum þeim sem á hverjum tíma teljast hafa heimild til að afhenda lyf samkvæmt lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Lyfjatjón sem lyfseðilsskylt lyf hefur valdið er því aðeins bætt að sá sem varð fyrir tjóninu hafi fengið lyfið samkvæmt fyrirmælum læknis.

3. gr.
Hugtakið lyf.

Með lyfjum er í lögum þessum átt við vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Við mat á því hvort vara teljist lyf í skilningi laga þessara skal taka mið af ákvæði 5. gr. lyfjalaga.

Lög þessi taka til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, svo og til lyfja sem seld eru án lyfseðils en fengist hefur markaðsleyfi fyrir hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á, sbr. 3. mgr. 1. gr., verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga.

Lögin taka einnig til forskriftarlyfja, sbr. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga, og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á til nota fyrir einstaklinga.

Náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga (hómópatalyf), vítamín og steinefni falla ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda þó um slík efni sem rannsökuð eru í klínískum rannsóknum með það fyrir augum að leyfi fáist til að markaðssetja þau sem lyf.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða lyf falla undir lögin.

4. gr.

Til lyfjatjóns teljast ekki sjúkdómar og eða annars konar tjón sem rekja má til:

a. þess að lyf hefur ekki tilætlaða verkun á viðkomandi sjúkling,
b. mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu þess,
c. þess að lyf hefur verið notað á rangan hátt.

5. gr.

Lyfjatjón sem rekja má til aukaverkana lyfja fellur undir lögin að því marki sem tjónið telst umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Þetta á við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki.

Við ákvörðun um hvort bótaábyrgð hafi stofnast skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi atriðum:

a. eðli sjúkdómsins sem meðferðinni var beint gegn og á hvaða stigi hann var,
b. heilsufari tjónþola,
c. umfangi tjónsins og
d. þeim möguleikum sem fyrir hendi voru á að meta líkur á tjóni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um það hvers konar tjón af völdum lyfja, sbr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar, falli undir lögin.

6. gr.

Tjón er því aðeins bætt að verulega líklegt teljist að það megi rekja til lyfjanotkunar.

II. KAFLI
Bótaábyrgð. Bótafjárhæðir o.fl.

7. gr.

Ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir ákvæðum skaðabótalaga og ákvæðum þessa kafla.

Bætur greiðast aðeins ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri upphæð.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar tjón er að rekja til atvika sem getur í 3. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir lögum þessum til að fullnægja endurkröfum.

8. gr.

Endurkröfuréttur.

Beri bótaskyldur aðili skv. 10. gr. bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

9. gr.

Eigin sök.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

10. gr.

Bótaskyldir aðilar.

Bótaábyrgð samkvæmt lögum þessum bera framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda, sbr. 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

11. gr.

Vátryggingarskylda.

Bótaskyldir aðilar skv. 10. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem má reka vátryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi, sbr. þó 12. gr.

Ráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Ráðherra er heimilt að binda starfsleyfi framleiðenda og dreifingaraðila sem ekki falla undir 12. gr. því skilyrði að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

12. gr.

Eigin áhætta.

Framleiðendur og dreifingaraðilar sem eru að fullu í eigu ríkisins eru undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 11. gr. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 11. gr.

13. gr.

Hóptjón.

Með hugtakinu hóptjón er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og

a. stafar af aukaverkunum sem voru á þeim tíma þegar lyfið var afhent ekki skráðar í samræmi við 19. gr. lyfjalaga né í lyfjaskrá og valda tjóni sem er þess eðlis að ósanngjarnt er að ætla að fagmaður hefði á þeim tíma getað séð það fyrir, eða
b. stafar af galla á lyfinu sem rekja má til galla eða mistaka í leiðbeiningum, framleiðslu eða dreifingu þess.

Hóptjón telst til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun, án tillits til þess hvenær seinni tjón eru tilkynnt.

14. gr.

Hámark bótafjárhæða.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóna sem falla undir lögin skal vera að hámarki 750 millj. kr. fyrir hvert almanaksár.

Samanlögð bótafjárhæð fyrir hvert hóptjón, sbr. 13. gr., skal þó vera að hámarki 500 millj. kr.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóns af völdum lyfja við vísindarannsóknir skal vera að hámarki 130 millj. kr. fyrir hverja rannsókn.

Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal vera 5 millj. kr.

15. gr.

Skerðing bóta.

Ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skerðast bætur vegna einstakra krafna hlutfallslega, þó einungis ógreiddar bætur, að því marki er hámarksupphæð næst. Ef í ljós kemur eftir að tjón hefur orðið að slík skerðing er nauðsynleg er hægt að ákveða að greiða einungis hluta bótafjárhæðarinnar fyrst um sinn.

16. gr.

Skaðabótaréttur.

Að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafa fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum er ekki hægt að hafa uppi kröfu samkvæmt reglum skaðabótaréttar á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Regla 1. mgr. á ekki við í þeim tilvikum þar sem skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

17. gr.

Framkröfur.

Að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi við ákvæði laga þessara öðlast það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

III. KAFLI

Málsmeðferð.

18. gr.

Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 12. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

19. gr.

Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

20. gr.

Lyfjatjónstrygging Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr. Lyfjatjónstrygging Tryggingastofnunar ríkisins skal einnig standa straum af bótagreiðslum sem rekja má til aðstæðna er greinir í 2. mgr. 1. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

21. gr.

Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafið heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögunum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

22. gr.

Tilkynning um niðurstöðu máls.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

23. gr.

Ársskýrsla Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum vegna lyfjatjónstryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Fyrning krafna.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar þrjú ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

25. gr.

Viðurlög.

Brot gegn 1. mgr. 11. gr., sbr. þó 12. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 21. gr. varða sektum eða fangelsi, sbr. V. kafla almennra hegningarlaga.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá lögaðila, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma.

Við gildistöku laganna verður eftirfarandi breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

Á eftir orðunum „lögum um sjúklingatryggingu“ í 3. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: og lögum um lyfjatjónstryggingu.

Greinargerð.

Frumvarpið sem hér er lagt fram sækir fyrirmynd sína til Danmerkur, en þar hafa frá árinu 1995 verið í gildi sérstök lög um tjón af völdum lyfja. Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög um sjúklingatryggingu. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. víðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Lög um sjúklingatryggingu taka hins vegar ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum, sbr. 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Slíkt tjón fellur almennt undir lög um skaðsemisábyrgð. Þrátt fyrir að lög um sjúklingatryggingu taki almennt ekki til lyfjatjóns hindrar það ekki bótarétt þótt lyf sé meðorsök tjóns ef skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögunum eru á annað borð fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta geta komið upp þau atvik þar sem lyfjatjón verður hvorki talið falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Af þessari ástæðu og þeirri að tryggja sjúklingum sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja víðtækari rétt á bótum, með sama hætti og lögin um sjúklingatryggingu gera, er þetta frumvarp lagt fram.

Lagt er til að lögin nái til allra sem verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja hér á landi að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Lögin taka jafnt til líkamlegs sem geðræns tjóns. Þeir eiga einnig bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og verða fyrir tjóni þar vegna skaðlegra eiginleika lyfja. Þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum eiga rétt á bótum samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni og eins þeir sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá meðferð. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja njóti bótaréttar.

Bótaábyrgð samkvæmt frumvarpinu er í eðli sínu skaðsemisábyrgð með sama hætti og í lögum um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir víðtækari bótarétti að því leyti að tjón af völdum aukaverkana er bótaskylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Það leiðir af því að hér er um skaðsemisábyrgð að ræða að tjón sem rekja má til mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu eða að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling eða lyf er tekið inn á rangan hátt fellur ekki undir lögin, sbr. 4. gr.

Bótaskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu eru framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda. Þetta er í samræmi við lögin um skaðsemisábyrgð þar sem framleiðendur og dreifingaraðilar vöru sem tjóni veldur bera ábyrgðina. Til nánari skilgreiningar á því hver teljist framleiðandi og hver dreifingaraðili er vísað til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem framleiða lyf hér á landi eða dreifa þeim verði gert skylt að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Undantekning er gerð frá þessu þegar um er að ræða framleiðendur eða dreifing-

araðila sem ríkið á að fullu. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist lyfjatjónstryggingu þessara aðila, sbr. 20. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram meginreglur um það til hverra lögin taka. Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til allra sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laganna. Nefnd skilyrði koma einkum fram í 2.–6. gr.

Fóstur fellur undir gildissvið frumvarpsins og á því rétt til bóta svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi.

Frumvarpið tekur til líkamlegs og geðræns tjóns. Með því síðarnefnda er bæði átt við geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón.

Þá falla þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms undir gildissvið frumvarpsins. Sama á við um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá aðgerð.

Þá geta þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga öðlast bótarétt samkvæmt frumvarpinu ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram takmörkun á bótarétti samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt henni taka lögin aðeins til lyfja sem dreift er hér á landi í samræmi við ákvæði lyfjalaga til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna.

Tjón af völdum lyfja sem keypt eru erlendis falla ekki undir lögin, jafnvel þótt þeim hafi verið ávísað af lækni, þau gefin á sjúkrahúsi eða keypt í apóteki. Það er jafnframt skilyrði fyrir bótaskyldu að lyf hafi verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi eða af lækni eða stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr. Ekki er gerð krafa um að lyf sé afhent af lækni eða stjórnanda í orðsins fyllstu merkingu heldur er gert ráð fyrir að nóg sé að það sé gert í umboði hans. Þá er gerður fyrirvari varðandi aðra sem samkvæmt landslögum á hverjum tíma hafa heimild til að afhenda lyf.

Þegar lyfseðilsskyld lyf valda tjóni er bótaábyrgð samkvæmt lögunum takmörkuð við að tjónþoli hafi fengið lyfið samkvæmt fyrirmælum læknis, þ.m.t. tannlæknis.

Um 3. gr.

Í greininni er skilgreint hvað teljist lyf samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að lyf teljist vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Um nánari skilgreiningu er vísað til 5. gr. lyfjalaga þegar meta skal hvort vara teljist lyf í skilningi laganna eða ekki.

Í 2.–5. mgr. koma fram nánari útlistanir á því hvaða lyf muni falla undir lögin. Í fyrsta lagi taka lögin til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, samkvæmt ákvæðum lyfjalaga. Í öðru lagi taka lögin til lyfja sem seld eru án lyfseðils en fengist hefur markaðsleyfi fyrir hér á landi. Í þriðja lagi taka lögin til svokallaðra forskriftarlyfja og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á. Lögin gilda ekki um tjón sem verður vegna mistaka við blöndun forskriftarlyfja í lyfjabúðum. Bótaábyrgð vegna slíks tjóns fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Í fjórða lagi er sérstaklega tekið fram að náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga, vítamín o.fl. falli ekki undir lögin. Rétt er að geta þess að þetta er ekki tæmandi upptalning heldur geta fleiri lyf fallið undir lögin ef þau á annað borð uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti kveðið nánar á um það í reglugerð hvaða lyf falli undir lögin.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið af skarið um það að tjón sem á óbeinan hátt má rekja til notkunar lyfs falli ekki innan gildissviðs frumvarpsins.

Samkvæmt a-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón verður af þeim sökum að lyf hefur ekki tilætlaða verkun á sjúkling. Lyf skila í fæstum tilvikum 100% árangri heldur er það iðulega svo að þótt lyf virki vel á flesta sjúklinga er oftast ákveðið prósentuhlutfall sem lyfið virkar verr á eða alls ekki. Ekki er eðlilegt að varpa ábyrgð á framleiðendur eða dreifingaraðila vegna þessa.

Samkvæmt b-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til vanrækslu eða mistaka í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu. Sem dæmi um þetta má nefna að læknir ávísar röngu lyfi eða rangt lyf er afgreitt í apóteki. Lögum þessum er ekki ætlað að taka á atvikum sem þessum.

Samkvæmt c-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til þess að lyf er notað á rangan hátt. Hér er einkum átt við að lyf sé notað í of stórum eða of litlum skömmtum. Slíkt hlýtur að vera á ábyrgð einstaklinganna og fellur því utan gildissviðs frumvarpsins.

Ofangreindar takmarkanir leiða af því að frumvarpið kveður fyrst og fremst á um skaðsemisábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila lyfja eins og hún hefur verið skilgreind.

Um 5. gr.

Í greininni kemur fram að tjón af völdum aukaverkana lyfja falla undir gildissvið frumvarpsins ef þær eru umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Samkvæmt greininni á þetta við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki. Í 2. mgr. eru síðan sett fram viðmiðunarsjónarmið sem nota skal við mat á því hvort aukaverkun teljist það alvarleg að hún sé umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist.

Flest lyf hafa í för með sér einhverjar aukaverkanir og almenna reglan er sú að tjón af völdum þeirra falli ekki undir gildissvið frumvarpsins. Rétt þykir hins vegar að fella undir frumvarpið tjón af völdum aukaverkana sem er umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt getur talist með tilliti til allra aðstæðna.

Í 3. mgr. er ráðherra síðan veitt heimild til að útfæra nánar hvaða tjón af völdum lyfja falla undir lögin.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að tjón sé aðeins bætt að það teljist líklegt að tjón megi rekja til lyfjanotkunar. Með þessu ákvæði er verið að árétta að hin almennu skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu verði að vera til staðar til að bótaréttur stofnist.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um ákvörðun bótafjárhæðar skuli fara eftir skaðabótalögunum og ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram takmörkun á rétti til bóta, en samkvæmt greininni fá þeir engar bætur sem verða fyrir minna tjóni en nemur 50 þús. kr. Þykir eðlilegt að tjónþolar beri einhverja eigin áhættu í þessum efnum. Þá aukast erfiðleikar við að meta tjón og skilja á milli bótaskyldra tjóna og annarra þegar um mjög smávægileg tjón er að ræða og því liggja hér ákveðin hagkvæmnisrök að baki. Fari tjón fram úr lágmarkinu skal bæta það upp að 5 millj. kr. án þess að draga lágmarkið frá.

Í 3. mgr. er lagt til að heilbrigðir menn sem bíða heilsutjón af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva njóti sérstöðu þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr.

Af 4. mgr. leiðir að einungis þeir sem verða fyrir tjóni eða bíða tjón við andlát framfæranda geta átt rétt á bótum samkvæmt lögunum. Lyfjatjónstrygging greiðir ekki endurkröfu af hálfu aðila sem innt hefur af hendi bætur vegna tjónsatviks sem lögin taka til. Þetta hefur m.a. þau áhrif að vinnuveitandi sem hefur greitt tjónþola lög- og samningsbundið kaup í veikinda- eða slysaforföllum getur ekki krafist greiðslu úr lyfjatjónstryggingu vegna þeirra útgjalda.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að girt verði fyrir að vátryggingafélög, eða eftir atvikum Tryggingastofnun, geti endurkrafið lækni eða annan sem kann að valda tjóni af gáleysi, jafnvel þótt stórfellt sé. Með þessu er vikið frá almennum réttarreglum. Rökin að baki reglu sem þessari eru að hugsanlega gæti ótti heilbrigðisstarfsmanna við skaðabótakröfur í einhverjum tilvikum spillt eða tafið fyrir rannsókn á orsökum tjóns. Þykir nauðsynlegt að tryggja sem best að hlutaðeigandi veiti fúslega upplýsingar og aðstoð við rannsókn málsatvika.

Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Venjulegt eða einfalt gáleysi hefur engin áhrif á bótarétt tjónþola, en það er í samræmi við almennar reglur laga um vátryggingarsamninga og laga um almannatryggingar. Almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola eru hins vegar strangari í garð tjónþola því að eftir þeim getur einfalt gáleysi hans oft leitt til skerðingar bótaréttar.

Um 10. gr.

Í greininni kemur fram að það séu framleiðendur og dreifingaraðilar þeirra lyfja sem tjóni valda sem bera ábyrgðina samkvæmt frumvarpinu. Ábyrgð þessara aðila er óskipt. Vísað er til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð um skilgreiningu á hugtökunum framleiðandi og dreifingaraðili.

Um 11. og 12. gr.

Í 11. gr. er mælt fyrir um skyldu bótaskyldra, sbr. 10. gr., til að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem má reka vátryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji með reglugerð ákvæði um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldunnar.

Í 12. gr. er síðan gert ráð fyrir því að framleiðendur og dreifingaraðilar sem ríkið á að fullu séu undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 11. gr., þótt þeim sé heimilt að kaupa vátryggingu ef þeir kjósa að gera slíkt.

Um 13. gr.

Í greininni kemur fram nýyrði í íslensku lagamáli, „hóptjón“. Með hóptjóni er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og stafar af aukaverkunum sem ekki voru þekktar eða galla, sbr. a- og b-lið 1. mgr.

Í 2. mgr. er tekið fram að hóptjón teljist til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun. Þetta skiptir máli þegar litið er til 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um hámark bótafjárhæða samkvæmt lögunum. Nauðsynlegt er talið að setja eitthvert hámark á bætur vegna skaðsemistjóna. Slík tjón geta í eðli sínu orðið mjög stór og umfangsmikil. Skaðlegur eiginleiki í einhverju tilteknu lyfi getur bitnað á fjölda manns og reiknað tjón getur numið háum upphæðum. Þetta gæti orðið til þess að iðgjöld tryggginga yrðu óeðlilega há og illviðráðanleg fyrir bóta- og vátryggingarskylda aðila. Rétt er að taka það fram að þessar hámarksbætur takmarka ekki rétt til bóta úr hendi framleiðenda og dreifingaraðila eftir almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um skaðsemisábyrgð, en þess má geta að þar er einnig að finna ákvæði um hámarksbætur vegna tjóna sem verða vegna sama galla í sömu vöru.

Um 15. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skuli skerða þær hlutfallslega. Þetta á þó einungis við um ógreiddar bætur og því ljóst að þeir sem fengið hafa bætur greiddar verða ekki endurkrafðir um þær. Rétt er taka fram að bætur falla ekki niður þótt þær skerðist niður fyrir 50 þús. kr. markið skv. 2. mgr. 7. gr. enda er virt tjón 50 þús. kr. eða hærra. Til að minnka líkur á ósanngjarnri niðurstöðu er vátryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins heimilt að fresta greiðslu bóta að hluta ef sýnt þykir að skerðing sé nauðsynleg. Ljóst er að ákvæði 14. og 15. gr. geta leitt til ósanngjarnar niðurstöðu en rétt er að ítreka að aðrar bótaleiðir standa eftir sem áður opnar fyrir þá sem ekki fá fullar bætur.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafi fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum sé ekki hægt að krefja aðra um bætur sem hugsanlega beri ábyrgð á tjóninu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Ákvæði þetta felur í sér að eigi menn á annað borð rétt á bótum samkvæmt lögunum beri þeim að sækja þær bætur áður en krafa er höfð upp á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu. Fáist ekki fullar bætur með þeim hætti er að sjálfsögðu heimilt að sækja þær til annarra skaðabótaskyldra aðila.

Í 2. mgr. kemur fram að regla 1. mgr. eigi ekki við þegar skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð. Þetta þýðir í raun að ef ábyrgð er til staðar bæði samkvæmt þessum lögum og lögum um skaðsemisábyrgð hafi tjónþoli val um það á hvorum lögunum hann byggir bótakröfu sína. Mun auðveldara og ódýrara verður að sækja bætur á

grundvelli lyfjatjónstryggingar ef frumvarp þetta verður að lögum og má því gera ráð fyrir að menn velji almennt þann kostinn ef báðir standa til boða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi ákvæði frumvarpsins öðlist það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Framkröfurétturinn er bundinn við þau atvik sem koma fram í 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Um 18. og 19. gr.

Í 18. og 19. gr. er fjallað um meðferð bótakrafna vegna lyfjatjónstryggingar. Meðferðin er mismunandi eftir því hvort bótaskyldur aðili hefur keypt vátryggingu eða ekki.

Bótakröfu vegna tjóns hjá aðila sem keypt hefur vátryggingu skal beina til vátryggingafélags viðkomandi sem afgreiðir kröfuna í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða og skilmála sem settir verða á grundvelli þeirra.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Bótakröfu vegna tjóns hjá bótaskyldum aðila sem undanþeginn er vátryggingarskyldu skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem bera tjón í eigin áhættu.

Kostnaður af framkvæmd Tryggingastofnunar skal greiðast úr ríkissjóði. Þá skal ráðherra setja reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 21. og 22. gr.

Í 21. gr. er fjallað um málsmeðferð Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin skal afla gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað þeirra fyrir dómi. Þá getur stofnunin krafið heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn um gögn, m.a. sjúkraskýrslur.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldunnar og ákveður fjárhæð bóta.

Samkvæmt 22. gr. ber Tryggingastofnun ríkisins síðan að tilkynna öllum hlutaðeigandi um niðurstöðu sína og má skjóta niðurstöðunni til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á Tryggingastofnun ríkisins að taka árlega saman skýrslu til ráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og geta þar eftir því sem kostur er starfsemi vátryggingafélaga vegna lyfjatjónstryggingar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakan fyrningarfrest á bótakröfum, m.a. vegna þess hversu erfitt er að ganga úr skugga um hvort skilyrði bóta er fyrir hendi löngu eftir að málsatvik gerðust.

Miðað er við sama fyrningarfrest og í lögum um skaðsemisábyrgð, enda um eðlislíka bótaábyrgð að ræða.

Ákvæðið um upphaf þriggja ára fyrningarfrestsins getur leitt til þess að tjónþoli haldi kröfu sinni miklu lengur en í þrjú ár frá því að tjónsatvik bar að höndum. Þessi tími getur þó aldrei orðið lengri en tíu ár, sbr. 2. mgr.

Almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna samkvæmt fyrningarlögum er fjögur ár, en eins og áður hefur verið minnst á er fyrningarfrestur hér miðaður við þrjú ár til samræmis við lög um skaðsemisábyrgð. Um slit fyrningar fer eftir almennum réttarreglum um fyrningu.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku laganna við 1. janúar 2003 og að þau taki til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma. Gera verður ráð fyrir að það taki nokkurn tíma fyrir vátryggingafélög og Tryggingastofnun að undirbúa nýja skyldutryggingu eins og þá sem hér um ræðir, eins er nauðsynlegt að ráðherra gefist tími til að setja reglugerðir um þau atriði sem honum er skylt samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. er lögð til breyting á 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga þannig að bætur samkvæmt lögum um lyfjatjónstryggingu dragist frá skaðabótakröfu.

209. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Margrét Frímannsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir sem hann leitar til gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að bið eftir aðgerð sé að jafnaði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við umfjöllun um frumvarp það sem varð að lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram breytingartillögu sama efnis og hér gefur að líta. Breytingartillagan hlaut ekki samþykki. Nú er þessi breyting lögð til í fjórða sinn en á 128. löggjafarþingi var hún síðast flutt en náði eigi fram að ganga.

Ýmis rök mæla með því að kveðið sé á um það í lögum hvað skuli að öllu jöfnu teljast hámarksbiðtími eftir aðgerð. Engar reglur eru til um þetta aðrar en verklagsreglur sjúkrahúsa og annarra heilsustofnana. Á sumum sviðum eru alls engar reglur til. Þetta fyrirkomulag verður að teljast ófullnægjandi þegar svo mikilvægt málefni er annars vegar.

Langur biðtími eftir aðgerð hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Vanlíðan, streita, kvíði og óvissa eru algeng hjá þeim sjúklingum sem þurfa að bíða lengi eftir aðgerð. Þá upplifir fólk langa bið sem virðingarleysi við líf sitt og heilsu ef það á annað borð stendur í þeirri trú að aðgerð geti læknað mein þess og linað þjáningar.

Langur biðtími hefur ekki einungis slæm áhrif á tilfinningalegt og líkamlegt ástand sjúklings. Viðurkennt er að biðlistar eru kostnaðarsamir bæði fyrir sjúklingana sjálfa og þjóðfélagið í heild. Hér er fyrst að nefna að sjúklingar eru oft frá vinnu vegna veikinda sinna. Löng bið eftir aðgerð hefur þau áhrif að vinnutap verður meira en ella sem oft hefur alvarleg áhrif á fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Vinnutapið leiðir síðan til minni skatttekna ríkissjóðs og lyfjakostnaður Tryggingastofnunar eykst í hlutfalli við lengd veikindanna. Auk þessa má nefna aukinn kostnað ríkis og sveitarfélaga vegna heimaþjónustu, heimahjúkrunar, annarra læknismeðferða og vistunarplássa. Gera má ráð fyrir að aðgerð verði umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Loks má benda á að aukið álag og fjölgun innlagna á bráðadeildir sjúkrahúsanna má að hluta til rekja til biðlistanna.

Af þessu má sjá að langur biðtími er bæði þjóðhagslega og heilsuhagfræðilega óhagkvæmur. Flutningsmenn gera sér grein fyrir því að ekki er unnt að setja einhlítar reglur sem gilda skuli við allar aðstæður. Ýmsar ástæður geta valdið því að biðtími eftir aðgerð verði langur, svo sem skortur á læknum með næga sérþekkingu, skortur á nauðsynlegum áhöldum og tækjum o.fl. Við slíkar aðstæður getur langur biðtími oft reynst óhjákvæmilegur. Af þeim sökum er aðeins gerð tillaga um viðmiðunarákvæði um hámarksbiðtíma að öllu jöfnu. Að mati flutningsmanna er ein ástæða sem ekki getur réttlætt langan biðtíma, en það er fjárskortur, þar sem ljóst er að biðlistar spara enga peninga heldur er einungis verið að kasta peningum á glæ með myndun þeirra.

Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögfestur þriggja mánaða hámarksbiðtími eftir aðgerð. Í Danmörku er biðtíminn tveir mánuðir. Þar eiga sjúklingar rétt á að fara annað til að fá læknisaðgerð líti út fyrir að biðin verði lengri en hámarksbiðtíminn og greiðir hið opinbera þá fyrir aðgerðina sömu upphæð samkvæmt DRG-mælingu og upprunalega sjúkrahúsið hefði fengið.

Flutningsmenn leggja áherslu á að viðmiðunarregla eins og hér er lögð til er til þess fallin að skapa samræmi og eyða óvissu við meðferð mála, auka hagkvæmni og tryggja réttindi sjúklinga enn frekar, í samræmi við réttindi sjúklinga annars staðar á Norðurlöndum þótt hér sé ekki gengið eins langt og þar.

210. Svar [124. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

1. *Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg skip á miðunum frá ársbyrjun 2000 til þessa dags?*

Á framangreindu tímabili hefur verið farið um borð í alls 1.408 skip til skoðunar af hálfu Landhelgisgæslunnar.

2. *Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir*
   a. *um öryggisbúnað,*
   b. *um lögskráningu,*
   c. *um atvinnuréttindi,*
   d. *um athugun á veiðarfærum?*

Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar (sbr. einnig fylgiskjal) eru helstu athugasemdir sem komið hafa fram eftirfarandi:

a. *Öryggisútbúnaður.* Skoðuð voru 1.035 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 673 skip og af þeim voru 93 dæmd óhaffær. Samtals voru skoðuð 13.586 atriði. Helstu niðurstöður eru þessar:

	Athugasemdir	
Björgunarbátar	32	
Björgunarhringir	205	
Siglingaljós	56	
Frífljótandi neyðarbauja	3	
Navtex	60	
Öryggisplan	24	
Neyðaráætlun	16	
Leiðari	53	
Sjókort	170	
Björgunaræfingar	164	
Hlustvarsla	117	
Nýliðafræðsla	81	
Haffærisskírteini og skoðunarvottorð	84	án haffæris
	38	ekki með skjöl um borð

b. *Lögskráning.* Skoðuð voru 1.057 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 120 skip. Helstu niðurstöður eru þessar:

Skráður maður en ekki um borð	78
Óskráður maður um borð	59
Vantar í stöðu	32

c. *Atvinnuréttindi.* Skoðuð voru 1.057 skip. Þar af voru gerðar athugasemdir við 324 skip:

Ekki næg réttindi	40
Réttindi útrunnin	90
Réttindalaus	68
Ekki með skírteini	161
Vantar slysavarnaskóla	2

d. *Veiðarfæri.* Skoðuð voru veiðarfæri um borð í 1.145 skipum. Þar af voru gerðar athugasemdir í 67 tilfellum. Algengustu athugasemdir voru vegna rangra eða ófullnægjandi merkinga að því er varðar línu- og netaveiðar en of smárra möskva í botnvörpum.

3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er, hve oft hefur það gerst og hve mörg eru skipin?

Já, þess munu vera dæmi. Samkvæmt upplýsingum Landhelgisgæslunnar er fjöldi skipa sem gerðar hafa verið athugasemdir við, þeim veittar áminningar, þau tekin eða kærð eftirfarandi:

a. *Athugasemdir:*

Alls	947
Tvisvar sinnum	136
Þrisvar sinnum	42
Fjórum sinnum	29
Fimm sinnum	3
Átta sinnum	1

b. *Aðvaranir/áminningar:*

Alls	378
Tvisvar sinnum	43
Þrisvar sinnum	8

c. *Tekin:*

Alls	15

d. *Kærð:*

Alls	236
Tvisvar sinnum	15
Þrisvar sinnum	3

4. Hvernig hefur verið tekið á ítrekuðum brotum? Hve mörg slík mál hafa verið afgreidd og hve mörg eru óafgreidd?

Kærum vegna brota beinir Landhelgisgæslan til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Brotin eru skráð eftir skipum hjá Landhelgisgæslunni en ekki þeim sem er kærður og liggur því ekki fyrir flokkun eftir því hvort um er að ræða ítrekað brot eða ekki.

Upplýsingar frá einstökum embættum lögreglustjóra um stöðu og afdrif mála þar sem um ítrekuð brot skipstjóra er að ræða liggja ekki fyrir og á þeim skamma fresti sem ráðuneytinu var ætlaður til að svara fyrirspurninni reyndist því miður ekki unnt að afla þeirra.

Fylgiskjal.

Á tímabilinu 1.1.2000–12.10.2003 hafa varðskipin gert búnaðarskoðun um borð í alls 1.035 skipum. Af þeim fjölda voru 362 án athugasemda en 673 með athugasemd og þar af 93 dæmd óhaffær. Samtals voru skoðuð 13.586 atriði og athugasemdir gerðar í 1.470 tilvikum. Skipting athugasemda og niðurstöður voru eftirfarandi:

B100 SKIPSSKJÖL
B101 Haffærisskírteini/Skoðunarvottorð:
870 Í lagi
84 Skip án haffæris
38 Skjöl ekki um borð
B102 Mælibréf:
906 Í lagi
8 Mælibréf ekki í gildi
31 Skip án mælibréfs
B103 Þjóðernisskírteini:
654 Í lagi
7 Skírteini ekki um borð
7 Rangt nafn á skírteini
B104 Eftirlitsbók:
635 Í lagi
69 Engin eftirlitsbók um borð
B105 Olíudagbók:
635 Í lagi
5 Olíudagbók ekki til staðar
2 Undirskrift vantar
B106 Stöðugleikagögn:
485 Í lagi
80 Stöðugleikagögn vantar
B107 Númer, nafn og umdæmisbókstafir:
921 Í lagi
15 Óviðunandi ástand merkingar
13 Merkingu vantar
B108 Sorpdagbók:
96 Í lagi
29 Engin sorpdagbók um borð
31 Sorpdagbók ekki færð
0 Undirskrift vantar

B200 BÚNAÐUR
B201 Björgunarbátar:
908 Í lagi
3 Frágangur ekki í lagi
26 Skoðun útrunnin
3 Merkingu vantar
B202 Bjarghringir:
725 Í lagi
8 Hringur brotinn
183 Merking ólæsileg eða vantar
4 Bjarghringsljós í ólagi
0 Brotinn – merking ólæsileg eða vantar – ljós í ólagi
2 Brotinn – merking ólæsileg eða vantar
1 Brotinn – ljós í ólagi
7 Merking ólæsileg eða vantar – ljós í ólagi
B203 Siglingaljós:
879 Í lagi
56 Siglingaljós ekki í lagi
B204 Frífljótandi neyðarbauja:
398 Í lagi
3 Neyðarbauju vantar
B205 Navtex:
339 Í lagi
60 Móttökutæki ekki virkt
B206 Öryggisplan:
388 Í lagi
24 Öryggisplan vantar
B207 Neyðaráætlun:
398 Í lagi
16 Neyðaráætlun vantar
B208 Leiðari:
412 Í lagi
20 Leiðari ekki í lagi
33 Leiðari ekki um borð
B209 Sjókort:
692 Í lagi
170 Ekki í lagi

B300 ANNAÐ
B301 Björgunaræfingar:
412 Í lagi
164 Björgunaræfingar ekki skráðar í eftirlitsbók
B302 Hlustvarsla:
808 Í lagi
117 Hlustun ekki í gangi
B303 Nýliðafræðsla:
555 Í lagi
81 Fræðsla hefur ekki farið fram

Skyndiskoðanir varðskipa frá 1. janúar 2000 til 12. október 2003.

Á tímabilinu: **01/01/03 - 12/10/03** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls: **228** skipum. Athugasemdir voru gerðar í 56,58 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

222	Afla	þar af	19	með athugasemd, eða		8,56	%
221	Fiskidagbók	" "	14	"	"	6,33	%
222	Veiðileyfi	" "	7	"	"	3,15	%
181	Veiðarfæri	" "	6	"	"	3,31	%
184	Búnaður	" "	97	"	"	52,72	%
201	Lögskráning	" "	5	"	"	2,49	%
201	Réttindi	" "	48	"	"	23,88	%

Á tímabilinu: **01/01/02 - 31/12/02** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls: **309** skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,67 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:


293	Afla	þar af	62	með athugasemd, eða		21,16	%
301	Fiskidagbók	" "	15	"	"	4,98	%
301	Veiðileyfi	" "	10	"	"	3,32	%
262	Veiðarfæri	" "	21	"	"	8,02	%
236	Búnaður	" "	143	"	"	60,59	%
285	Lögskráning	" "	20	"	"	7,02	%
285	Réttindi	" "	69	"	"	24,21	%


Á tímabilinu: **01/01/01 - 31/12/01** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls: **336** skipum. Athugasemdir voru gerðar í 66,07 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

313	Afla	þar af	55	með athugasemd, eða		17,57	%
325	Fiskidagbók	" "	25	"	"	7,69	%
332	Veiðileyfi	" "	10	"	"	3,01	%
269	Veiðarfæri	" "	11	"	"	4,09	%
240	Búnaður	" "	153	"	"	63,75	%
284	Lögskráning	" "	47	"	"	16,55	%
284	Réttindi	" "	77	"	"	27,11	%

Á tímabilinu: **01/01/00 - 31/12/00** hafa varðskipin framkvæmt skoðanir um borð í alls: **535** skipum. Athugasemdir voru gerðar í 72,34 % tilfella. Skoðanir skiptust þannig:

505	Afla	þar af	85	með athugasemd, eða		16,83	%
514	Fiskidagbók	" "	71	"	"	13,81	%
517	Veiðileyfi	" "	27	"	"	5,22	%
433	Veiðarfæri	" "	29	"	"	6,70	%
375	Búnaður	" "	280	"	"	74,67	%
468	Lögskráning	" "	48	"	"	10,26	%
468	Réttindi	" "	130	"	"	27,78	%





Súluritið sýnir þróun athugasemda í skyndiskoðunum. Benda má á að á árinu 2000 voru gerðar athugasemdir í um 75% af búnaðarskoðunum en á árinu 2003 er hlutfallið komið niður í tæp 53%.

211. Svar [94. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um vigtunarleyfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða fyrirtæki hafa heimavigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?*
2. *Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild, sundurliðað eftir árum?*

3. *Hvaða fyrirtæki hafa endurvigtunarleyfi samkvæmt reglugerð nr. 522 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og hvenær fengu þau leyfið?*
4. *Hve mikill afli hefur verið vigtaður hjá þeim í heild og hvað vó sá afli í heild samkvæmt vigtun á hafnarvog, sundurliðað eftir árum?*

Fyrirspurn þingmannsins er í fjórum liðum. Í 1. lið er óskað eftir upplýsingum um nöfn heimavigtunarleyfishafa, í 3. lið um nöfn endurvigtunarleyfishafa og hvenær leyfishafar fengu leyfið. Í töflu 1 er listi yfir heimavigtunar- og endurvigtunarleyfishafa. Þar kemur líka fram hvenær leyfishafar fengu vigtunarleyfi. Í 2. lið óskar þingmaðurinn eftir upplýsingum um heildarafla sem vigtaður var hjá heimavigtunarleyfishöfum. Í töflu 2 kemur fram magn innvegins afla heimavigtunarleyfishafa á tímabilinu 1.1.1999–u.þ.b. 15. október 2003, sundurliðað eftir árum. Í 4. lið óskar þingmaðurinn annars vegar eftir upplýsingum um innveginn afla endurvigtunarleyfishafa og hins vegar eftir því hve mikið þessi afli vó á hafnarvog. Í töflu 2 kemur fram magn innvegins afla endurvigtunarleyfishafa á tímabilinu 1.1.1999–u.þ.b. 15. október 2003, sundurliðað eftir árum. Ekki eru tiltækar í gagnagrunni Fiskistofu upplýsingar um hvort þessi afli var veginn af viðkomandi leyfishafa samkvæmt endurvigtunarleyfi hans né hvað aflinn vó við frumvigtun á hafnarvog. Frá árinu 1998 hefur verið kleift að skrá þennan afla í gagnagrunninn Lóðs2, sem þá var tekinn í notkun. Það er viðameira en eldri skráning og kostar tvöfalt meiri vinnu við skráningu. Af þeim sökum hefur ekki enn tekist að koma á þessari skráningu í öllum löndunarhöfnum.

Skýringar við töflur.

Hver lögaðili, sem markast af kennitölu, getur verið með fleiri en eitt vigtunarleyfi. Heimavigtunarleyfishafar eru t.d. 27 en heimavigtunarleyfin eru 36. Endurvigtunarleyfi eru 131 en lögaðilar með endurvigtunarleyfi eru 95. Meðal þeirra sem hafa heimavigtunarleyfi eru fjórir fiskmarkaðir, en 16 fiskmarkaðir (kt.) eru meðal endurvigtunarleyfishafa.

Magni afla í töflu 2 er skipt á lögaðila samkvæmt kennitölu kaupanda aflans sem skráður er í viðkomandi löndunarhöfn við löndun og/eða endurvigtun aflans.

Magn afla í töflu 2 er í tonnum og miðast við slægðan botnfisk annan en karfa, sem miðast við óslægt. Magn annarra tegunda miðast við óaðgerðan afla.

Upplýsingar um magn afla í töflu 2 og hér að framan taka til annars afla en afla vinnsluskipa og afla sem fluttur er á erlenda ísfiskmarkaði.

Tafla 1. Vigtunarleyfishafar samkvæmt skrá Fiskistofu.
(Október 2003.)

Nafn	Sveitarfélag	Kennitala	Tegund leyfis	Útgefið	Aths.
Hraðfrystistöð Þórsh. hf., bræðsla	Þórshöfn	630169-2759	Heimavigtun	28.3.1995	
Jökull hf.	Raufarhöfn	631068-0149	Heimavigtun	28.3.1995	
Síldarvinnslan hf., bræðsla	Norðfirði	570269-7479	Heimavigtun	22.3.1995	
Síldarvinnslan hf., fiskvinnsla	Norðfirði	570269-7479	Heimavigtun	28.3.1995	
Síldarvinnslan hf. Reyðarf.	Norðfirði	570269-7479	Heimavigtun	28.3.1995	
Skeggey, bræðsla	Hornafirði	681195-2389	Heimavigtun	19.2.2003	
Strandarsíld sf., hætt	Seyðisfirði	520190-1559	Heimavigtun		
Vísir hf.	Djúpavogi	701181-0779	Heimavigtun	17.5.2000	
Bestfiskur ehf.	Hornafirði	560299-2309	Heimavigtun	13.12.2002	

Nafn	Sveitarfélag	Kennitala	Tegund leyfis	Útgefið	Aths.
Fiskkaup hf.	Reykjavík	620983-0209	Heimavigtun	16.1.1996	flæðivog
Fiskmarkaður Íslands	Reykjavík	630287-2519	Heimavigtun	26.5.2003	
Fiskmarkaður Íslands	Hornafirði	440592-2799	Heimavigtun	28.5.1995	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Hafnarfirði	711286-1289	Heimavigtun	21.8.1997	
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.	Vestmannaeyjum	511291-1009	Heimavigtun	30.3.2000	
Fiskv. Íslandssaga hf.	Suðureyri	481299-3069	Heimavigtun	28.3.1995	
Grandi hf.	Reykjavík	541185-0389	Heimavigtun	28.3.1995	
Grandi hf., bræðsla	Reykjavík	541185-0389	Heimavigtun	1.1.2003	
Haraldur Böðvarsson hf., bræðsla	Akranesi	600169-1149	Heimavigtun	28.3.1995	
Hraðfr.hús Eskifjarðar hf., bræðsla	Eskifirði	630169-4299	Heimavigtun	28.3.1995	
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	Eskifirði	630169-4299	Heimavigtun	9.9.1998	
Hraðfrystihús Þórshafnar	Þórshöfn	630169-2759	Heimavigtun	2.5.2001	
Ísfélagið hf., fiskimjölsverksmiðja	Vestmannaeyjum	660169-1219	Heimavigtun	6.2.1997	
Krossanes hf.	Akureyri	660190-1479	Heimavigtun	28.3.1995	
Loðnuvinnslan hf., bræðsla	Fáskrúðsfirði	581201-2650	Heimavigtun	1.4.2003	
Loðnuvinnslan hf., fiskvinnsla	Fáskrúðsfirði	581201-2650	Heimavigtun	24.3.2003	
Samherji hf., bræðsla	Grindavík	480388-1519	Heimavigtun	28.3.1995	
Síldarvinnslan hf.	Siglufirði	570269-7479	Heimavigtun	19.3.2003	flæðivog
Síldarvinnslan hf. Helguvík	Keflavík	560793-2279	Heimavigtun	19.3.2003	
Síldarvinnslan hf.	Raufarhöfn	560793-2279	Heimavigtun	19.3.2003	
Síldarvinnslan hf.	Seyðisfirði	580269-6649	Heimavigtun	19.3.2003	
Sjávariðjan Rifi hf.	Rifi	480494-2029	Heimavigtun	28.3.1995	
Skagstrendingur hf.	Seyðisfirði	560793-2279	Heimavigtun	28.3.1995	
Snæfell hf.	Stöðvarfirði	480797-2729	Heimavigtun	28.3.1995	
Tangi hf., bræðsla	Vopnafirði	551265-0219	Heimavigtun	28.3.1995	
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	Akureyri	670269-4429	Heimavigtun	28.3.1995	
Vinnslustöðin hf., fiskimjölsv.	Vestmannaeyjum	700269-3299	Heimavigtun	6.2.1997	
Aðalbjörg sf.	Reykjavík	610981-0119	Endurvigtun	8.1.1998	
Auðbjörg hf.	Þorlákshöfn	540471-0109	Endurvigtun	19.10.1995	
Austfjarðamarkaðurinn hf.	Fáskrúðsfirði	690598-2809	Endurvigtun	21.8.1997	
B.G.B. hf.	Árskógssandi	591296-2729	Endurvigtun	28.3.1995	
Bjarg hf.	Patreksfirði	671072-0149	Endurvigtun	31.10.2002	
Dalmar ehf.	Dalvík	680799-2299	Endurvigtun	27.8.1999	
Djúpiklettur ehf.	Grundarfirði	670798-2759	Endurvigtun	14.7.2003	
Dögun ehf.	Sauðárkróki	550284-0659	Endurvigtun	28.3.1995	
Faxamarkaður, hættur	Sandgerði	630287-2519	Endurvigtun	12.1.1999	
Fiskgæði ehf.	Hornafirði	590897-2729	Endurvigtun	18.3.2003	
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Sauðárkróki	461289-1269	Endurvigtun	28.3.1995	
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Grundarfirði	461289-1269	Endurvigtun	22.3.1995	
Fiskiðjan Ver, Hannes Sig.	Þorlákshöfn	060550-4179	Endurvigtun	14.4.1998	
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	Húsavík	550169-4609	Endurvigtun	31.10.2002	
Fiskiver ehf.	Þorlákshöfn	060550-4179	Endurvigtun	19.11.1999	

Nafn	Sveitarfélag	Kennitala	Tegund leyfis	Útgefið	Aths.
Fiskm. Grímseyjar ehf.	Grímsey	690199-2979	Endurvigtun	20.7.1999	
Fiskm. Þingeyrar ehf.	Þingeyri	680999-2289	Endurvigtun	30.3.2000	flæðivog
Fiskmarkaður Dalvíkur	Dalvík	090846-4779	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Djúpavogs ehf.	Djúpavogi	480299-2999	Endurvigtun	27.7.1999	
Fiskmarkaður Flateyrar ehf.	Flateyri	570100-2110	Endurvigtun	17.3.2000	
Fiskmarkaður Grindavíkur ehf.	Grindavík	681197-2499	Endurvigtun	20.11.1998	
Fiskmarkaður Hólmavíkur	Hólmavík	580394-2139	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Íslands	Akranesi	601191-1219	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Íslands	Grundarfirði	580698-2049	Endurvigtun	22.8.1997	flæðivog
Fiskmarkaður Íslands	Ólafsvík	570100-2110	Endurvigtun	15.5.1999	
Fiskmarkaður Íslands	Rifi	681197-2499	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Íslands	Stykkishólmi	700999-2039	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Bolungarvík	530787-1769	Endurvigtun	23.1.2003	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Grindavík	530787-1769	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Ísafirði	530787-1769	Endurvigtun	21.8.1997	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Njarðvík	530787-1769	Endurvigtun	21.8.1997	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Sandgerði	530787-1769	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Suðurnesja	Þorlákshöfn	530787-1769	Endurvigtun	10.10.1997	
Fiskmarkaður Tálknafjarðar	Tálknafirði	670194-2139	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskmarkaður Vestfjarða	Bolungarvík	460592-2169	Endurvigtun	22.8.2000	
Fiskmarkaður Vestfjarða	Patreksfirði	460592-2169	Endurvigtun	22.8.1997	
Fiskv. Jónasar Ágústssonar ehf.	Hafnarfirði	681294-3419	Endurvigtun	17.5.1999	
Fiskv. Kambur ehf.	Flateyri	431299-2919	Endurvigtun	30.5.2003	
Fiskv. Karls Njálssonar	Garði	710192-2519	Endurvigtun	18.11.2000	
Fiskval ehf.	Keflavík	560185-0229	Endurvigtun	26.1.1999	
Fiskverkun S.J.B.	Sandgerði	451001-3370	Endurvigtun	28.1.2003	
Fiskvinnsla Arneyjar hf., hætt	Sandgerði	561192-2279	Endurvigtun	28.5.1995	
Fiskvinnsla V.E. (Narfi)	Vestmannaeyjum	631194-2069	Endurvigtun	22.9.2000	
Fiskvinnslan Drangur ehf.	Drangsnesi	510200-2680	Endurvigtun	9.6.1995	
Fiskþjónustan ehf., hætt	Sandgerði	531198-2479	Endurvigtun	18.11.1999	
Fiskþurrkun ehf.	Garði	570887-1149	Endurvigtun	28.3.1995	
Friðþjófur hf., hætt	Eskifirði	590268-0119	Endurvigtun		
Frostfiskur ehf.	Þorlákshöfn	680492-2479	Endurvigtun	30.3.2000	
G.P.G. fiskverkun ehf.	Húsavík	711097-2609	Endurvigtun	4.12.1998	kúfiskur
Gefla hf., hætt	Kópaskeri	660899-2359	Endurvigtun	11.6.2002	
Gjögur hf.	Grindavík	570169-0769	Endurvigtun	22.1.1996	
Guðmundur Runólfsson hf.	Grundarfirði	520175-0249	Endurvigtun	28.3.1995	
Gunnólfur ehf.	Bakkafirði	681085-1149	Endurvigtun	19.10.1995	
Hafnarnes hf.	Þorlákshöfn	590169-5959	Endurvigtun	28.3.1995	
Hafnarvík ehf.	Hafnarfirði	470798-2039	Endurvigtun	4.11.1998	flæðivog
Hamrafell ehf.	Hafnarfirði	500485-0519	Endurvigtun	2.1.1900	
Haraldur Böðvarsson hf.	Akranesi	600169-1149	Endurvigtun	28.3.1995	

Nafn	Sveitarfélag	Kennitala	Tegund leyfis	Útgefið	Aths.
Hlíðardalur ehf.	Vestmannaeyjum	480299-3029	Endurvigtun	30.3.1999	
Hólmadrangur hf.	Hólmavík	470180-0219	Endurvigtun	9.6.1995	
Hóp ehf.	Grindavík	691265-0219	Endurvigtun	10.8.2000	
Hraðfrystih. Gunnvör hf.	Hnífsdal	630169-2249	Endurvigtun	22.3.1995	
Hraðfrystihús Hellissands hf.	Rifi	630169-6829	Endurvigtun	28.3.1995	
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	Súðavík	630169-2249	Endurvigtun	28.3.1995	
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	Þórshöfn	630169-2759	Endurvigtun	19.5.2003	
Humarvinnslan ehf.	Þorlákshöfn	420692-2349	Endurvigtun	7.5.1999	
Höfði ehf.	Hofsósi	460597-2509	Endurvigtun	16.6.1997	
Ísfélagið hf., fiskvinnsla	Vestmannaeyjum	660169-1219	Endurvigtun	28.3.1995	
Ís-Salt ehf.	Vogar	550775-0349	Endurvigtun	23.11.1999	
Jakob Valgeir ehf.	Bolungarvík	711097-2529	Endurvigtun	1.9.2000	
K. og G. ehf.	Keflavík	540998-2649	Endurvigtun	1.10.1998	
Kinn hf.	Vestmannaeyjum	641089-1179	Endurvigtun	28.3.1995	
Kristján Guðmundsson hf., fiskv.	Rifi	490889-1169	Endurvigtun	11.8.1997	
Ljósfiskur ehf., hættur	Reykjanesbæ	510100-3010	Endurvigtun	19.1.2001	
Margull ehf.	Þorlákshöfn	650889-1429	Endurvigtun	5.1.2000	
Marvík hf.	Garði	420992-2389	Endurvigtun	24.10.1996	
Meleyri ehf.	Hvammstanga	471272-0279	Endurvigtun	22.3.1995	
Miðfell hf.	Ísafirði	421199-2139	Endurvigtun	28.3.1995	
Miðós	Hornafirði	510202-3410	Endurvigtun	2.10.2002	
NASCO hf.	Bolungarvík	600898-2139	Endurvigtun	22.3.1995	
Nesfiskur hf.	Garði	410786-1179	Endurvigtun	28.3.1995	
Norðurgarður ehf.	Reykjanesbæ	680798-2499	Endurvigtun	19.1.2001	
Norðurós ehf.	Blönduósi	690998-2979	Endurvigtun	31.7.2001	
Nýfiskur ehf.	Sandgerði	510496-2489	Endurvigtun	15.4.1999	
Oddi hf.	Patreksfirði	550367-0179	Endurvigtun	28.3.1995	
Portland ehf., Kolavinnslan	Þorlákshöfn	700693-2019	Endurvigtun	19.10.1995	
Rækjuvinnslan Pólar hf.	Siglufirði	570395-2469	Endurvigtun	15.9.1995	
S. Gunnarsson ehf.	Hafnarfirði	621139-2449	Endurvigtun	23.10.1997	
Saltver hf.	Njarðvík	500377-0389	Endurvigtun	28.3.1995	
Samherji hf.	Grindavík	610297-3079	Endurvigtun	8.2.1999	
Samherji hf.	Akureyri	610297-3079	Endurvigtun	28.3.1995	
Sigurður Ágústsson ehf.	Stykkishólmi	480873-0259	Endurvigtun	28.3.1995	
Sigvaldi Þorleifsson ehf.	Ólafsfirði	571297-3889	Endurvigtun	28.3.1995	
Skagstrendingur hf.	Skagaströnd	580269-6649	Endurvigtun	28.3.1995	
Skinney Þinganes	Hornafirði	480169-2989	Endurvigtun	29.5.1998	
Snæfell hf. Dalvík	Dalvík	480797-2729	Endurvigtun	28.3.1995	
Soffanías Cecilsson hf.	Grundarfirði	611292-2959	Endurvigtun	28.3.1995	
Stakkavík ehf.	Grindavík	480388-1519	Endurvigtun	5.6.1996	
Suðurnes hf.	Keflavík	491087-1539	Endurvigtun	14.8.1995	
Særún ehf.	Blönduósi	490474-0489	Endurvigtun	28.3.1995	

Nafn	Sveitarfélag	Kennitala	Tegund leyfis	Útgefið	Aths.
Tangi hf.	Vopnafirði	490474-0489	Endurvigtun	28.3.1995	
Timbur og Íshús ehf., fiskm., hættur	Suðureyri	490698-2809	Endurvigtun	17.5.2000	
Toppfiskur sf.	Reykjavík	491187-1749	Endurvigtun	14.6.2003	
Tros ehf.	Sandgerði	471197-2389	Endurvigtun	18.6.1999	
Ú.A. Grenivík	Grenivík	670269-4429	Endurvigtun	28.3.1995	
Útgerð Arnars, vinnsla ehf.	Stykkishólmi	700999-2039	Endurvigtun	8.12.2000	
Útgerðarfélag Breiðdælinga hf.	Breiðdalsvík	530199-2079	Endurvigtun	18.3.1999	
Útvík ehf.	Hafnarfirði	450973-0259	Endurvigtun	14.8.2002	
Valafell ehf.	Ólafsvík	670269-3029	Endurvigtun	16.9.1996	
Vinnslustöðin hf., fiskvinnsla	Vestmannaeyjum	700269-3299	Endurvigtun	28.3.1995	flæðivog
Vísir hf. Grindavík	Grindavík	701181-0779	Endurvigtun	28.3.1995	flæðivog
Vísir hf. Þingeyri	Grindavík	701181-0779	Endurvigtun	9.2.2000	
Vísir hf., starfsstöð	Þingeyri	701181-0779	Endurvigtun	15.11.1999	
Von ehf.	Garði	661160-0129	Endurvigtun	19.5.2000	flæðivog
Þorbjörn Fiskanes hf.	Grindavík	420369-0429	Endurvigtun	28.3.1995	
Þorbjörn Fiskanes hf.	Vogum	700371-2399	Endurvigtun	28.3.1995	
Þormóður rammi Sæberg hf.	Siglufirði	681271-1559	Endurvigtun	28.3.1995	
Þórður Jónsson ehf.	Bíldudalur	620888-1099	Endurvigtun	9.9.1998	
Þórsberg ehf.	Tálknafirði	690875-0129	Endurvigtun	10.1.2003	
Þórsnes hf.	Stykkishólmi	420369-0859	Endurvigtun	10.4.2000	
Þróttur ehf.	Grindavík	660566-0159	Endurvigtun	8.2.1999	
Bakkalá	Árskógssandi	420471-0849	Endurvigtun	24.3.2003	
Fiskvb. H. Pétursson ehf.	Garði	620695-2629	Endurvigtun	24.3.2003	
Flugfiskur	Sandgerði	530594-2039	Endurvigtun	4.4.2002	
Gautavík hf.	Garði	620199-3549	Endurvigtun	3.2.2003	
Godthaab í Nöf	Vestmannaeyjum	541277-0649	Endurvigtun	6.2.2002	
Happi ehf.	Keflavík	691194-2059	Endurvigtun	27.2.2002	

Tafla 2. Innveginn afli vigtunarleyfishafa á tímabilinu 1. janúar 1999–október 2003. Magn er í tonnum. Botnfiskur miðast við slægðan afla nema karfaafli er óslægður og aflamagn annarra tegunda miðast við óaðgerðan afla. Ekki meðtalinn afli vinnsluskipa né afli á erlenda fiskmarkaði. – Skv. upplýsingum frá löndunarhöfnum (Fiskistofa 20. október 2003).

Endurvigtun (magn)					
Fisktegund	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**1.1.–u.þ.b. 15.10.2003**
Botnfiskur	119.318	122.789	143.315	141.593	114.376
Skel- og krabbadýr	21.861	21.348	22.972	24.452	16.003
Uppsjávarfiskur	17.892	6.607	10.713	14.569	40.515
Utankvótategundir	2.131	3.046	2.975	2.438	2.129
Samtals	**161.203**	**153.789**	**179.975**	**183.052**	**173.023**

Endurvigtun (hlutfall)

Fisktegund	1999	2000	2001	2002	1.1.–u.þ.b. 15.10.2003
Botnfiskur	42%	46%	55%	54%	53%
Skel- og krabbadýr	77%	77%	86%	88%	92%
Uppsjávarfiskur	2%	0%	1%	1%	4%
Utankvótategundir	17%	31%	19%	12%	12%
Samtals	**12%**	**9%**	**11%**	**10%**	**12%**

Heimavigtun (magn)

Fisktegund	1999	2000	2001	2002	1.1.–u.þ.b. 15.10.2003
Botnfiskur	84.458	80.117	66.352	78.086	66.115
Skel- og krabbadýr	2.110	2.629	1.830	1.904	344
Uppsjávarfiskur	827.303	1.021.863	981.975	1.101.419	974.832
Utankvótategundir	2.317	2.793	4.885	1.116	374
Samtals	**916.188**	**1.107.402**	**1.055.042**	**1.182.525**	**1.041.665**

Heimavigtun (hlutfall)

Fisktegund	1999	2000	2001	2002	1.1.–u.þ.b. 15.10.2003
Botnfiskur	30%	30%	25%	30%	31%
Skel- og krabbadýr	7%	10%	7%	7%	2%
Uppsjávarfiskur	77%	77%	74%	75%	85%
Utankvótategundir	18%	29%	32%	6%	2%
Samtals	**65%**	**68%**	**65%**	**67%**	**75%**

Samtals vigtað um hafnarvog og með heimavigtun (magn)

Fisktegund	1999	2000	2001	2002	1.1.–u.þ.b. 15.10.2003
Botnfiskur	283.345	266.326	262.640	260.147	213.790
Skel- og Krabbadýr	28.424	27.570	26.785	27.867	17.323
Uppsjávarfiskur	1.074.767	1.322.458	1.319.360	1.463.636	1.148.353
Utankvótategundir	12.647	9.698	15.315	20.246	17.236
Samtals	**1.399.183**	**1.626.052**	**1.624.101**	**1.771.896**	**1.396.703**

212. Svar [190. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru brúttótekjur Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands af söfnunarkössum og happdrættisvélum árin 2000, 2001 og 2002?*
2. *Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis á þessum árum?*
3. *Hverjar voru heildarvinningsfjárhæðir hvors fyrirtækis sömu ár?*

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslandsspili (áður Íslenskir söfnunarkassar) og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum. Vakin er athygli á að þeir peningar sem spilað er fyrir í vélunum/kössunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum/kössunum, eru ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi, né eru vinningar gjaldfærðir. Því er ekki unnt að veita svar við 3. lið fyrirspurnarinnar, um heildarvinningsfjárhæðir, nema hvað varðar greiðslu úr gull- og silfurpottum Gullnámu Happdrættis Háskóla Íslands. Að því er varðar Happdrætti Háskóla Íslands taka upplýsingarnar einungis til þess hluta starfsemi happdrættisins sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

	Íslandsspil Kr.	**HHÍ Kr.**
1. Tekjur		
2000	1.289.258.385	962.355.135
2001	1.302.900.067	1.201.841.617
2002	1.360.528.631	1.236.604.000
2. Heildarrekstrargjöld		
2000	356.855.197	382.639.847
2001	379.436.327	475.143.677
2002	415.988.647	505.940.318
3. Vinningar		
2000		166.051.818
2001		274.689.986
2002		279.974.862

213. Svar [95. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 2001/2002 og 2002/2003, sundurliðað eftir árum?*

2. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 2001/2002 og 2002/2003, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?*

Samkvæmt svari frá Fiskistofu eru margar botnfisktegundir bundnar aflamarki og viðskiptin með aflaheimildir eru viðamikil, þá eru upplýsingar um tilfærslur aflaheimilda einfaldaðar.

Viðskipti lögaðila þar sem aflahlutdeild fylgir skipi í viðskiptum með skip koma ekki fram í meðfylgjandi skjölum. Sama gildir að sjálfsögðu þegar lögaðilar sameinast undir einni kennitölu o.s.frv. Lögaðili, sem ákvarðast af kennitölu, og aðsetur handhafa aflaheimilda miðast við aðilaskrá Fiskistofu 10. október 2003.

Tafla 1.1 sýnir flutt aflamark milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 1.2 sýnir fluttar aflahlutdeildir milli sveitarfélaga 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 2.1 sýnir þau 100 fyrirtæki sem fluttu mest aflamark frá sér 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 2.2 sýnir þau 100 fyrirtæki sem fluttu mest aflamark til sín 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 2.3 sýnir þau 100 fyrirtæki sem fluttu mesta hlutdeild frá sér 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 2.4 sýnir þau 100 fyrirtæki sem fluttu mesta hlutdeild til sín 2001/2002 og 2002/2003.

Tafla 3 sýnir botnfisktegundirnar sem upplýsingarnar taka til og reiknistuðla sem notaðir eru til að einfalda framsetningu upplýsinganna.

Eftir viðræður við Persónuvernd og könnun Fiskistofu á skilyrðum í lögum varðandi dreifingu upplýsinga var niðurstaðan sú að Fiskistofa hafi ekki heimild til að veita aðgang að listum sem innihalda upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni einstaklinga. Af þeim sökum ná upplýsingar í fyrrgreindum gögnum aðeins til fyrirtækja en ekki til einstaklinga. Aftast í töflum 2.1 – 2.4 eru upplýsingar um hversu margir einstaklingar eru meðal 100 stærstu í hverju tilviki.

Tafla 1.1. Aflamark flutt milli sveitarfélaga, fiskveiðiárin 2001/2002 og 2002/2003.

	Keypt aflamark		Selt aflamark		Nettóviðskipti með aflamark		Samtals
Sveitarfélag	2001/2002	2002/2003	2001/2002	2002/2003	2001/2002	2002/2003	Viðskipti
Akranes	2.118	2.534	1.851	681	267	1.853	2.120
Akureyri	6.159	8.271	9.798	13.829	-3.638	-5.558	-9.196
Bakkafjörður	142	93	319	261	-177	-167	-345
Bessastaðahreppur	93	22	67	23	26	-1	25
Bíldudalur	256	207	527	318	-271	-111	-382
Blönduós	74	1	354	302	-280	-300	-580
Bolungarvík	2.305	3.070	1.978	2.414	327	656	983
Borgarfjörður	33	129	130	292	-97	-163	-260
Borgarnes	84	195	36	7	49	188	237
Breiðdalsvík	6	317	12	390	-6	-73	-80

Sveitarfélag	Keypt aflamark 2001/2002	Keypt aflamark 2002/2003	Selt aflamark 2001/2002	Selt aflamark 2002/2003	Nettóviðskipti með aflamark 2001/2002	Nettóviðskipti með aflamark 2002/2003	Samtals Viðskipti
Búðardalur	0	0	1	0	-1	0	-1
Dalvík	971	1.020	293	400	678	621	1.299
Djúpivogur	122	133	338	337	-216	-204	-420
Drangsnes	352	444	218	410	134	34	168
Egilsstaðir	262	158	262	43	0	115	115
Eskifjörður	1.209	1.601	1.520	2.296	-312	-696	-1.007
Eyrarbakki	660	234	616	136	43	98	141
Fáskrúðsfjörður	440	633	662	518	-222	115	-107
Finnbogastaðir	0	0	5	4	-5	-4	-9
Flateyri	1.213	1.694	125	805	1.088	890	1.978
Fljót	3	0	53	32	-50	-32	-82
Fosshóll	0	0	0	1	0	-1	-1
Garðabær	392	315	357	530	35	-215	-180
Garður	3.740	5.125	1.457	3.611	2.284	1.514	3.798
Grenivík	413	238	582	429	-169	-192	-361
Grindavík	13.051	9.786	8.927	8.078	4.125	1.708	5.833
Grímsey	368	313	372	281	-4	32	28
Grundarfjörður	2.226	2.792	1.471	1.666	755	1.125	1.881
Hafnarfjörður	5.114	5.464	4.495	3.368	620	2.096	2.716
Hafnir	1	0	0	3	1	-3	-2
Hella	112	0	8	0	104	0	104
Hellissandur	2.497	3.333	2.282	2.767	215	566	781
Hnífsdalur	2.003	757	1.688	1.361	315	-605	-290
Hofsós	22	96	32	39	-10	57	47
4. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal semja áætlun um breytingu og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir og skýrt er hvaða afleiðingar samþykkt Evrópufélagsformsins mun hafa fyrir hluthafa og starfsmenn.

5. Birta skal áætlunina um breytingu félagsins á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytingu félagsins.

6. Fyrir hluthafafundinn, sem um getur í 7. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir, í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma 10. gr. tilskipunar 78/855/EBE, af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum félagsins sem breyta á í Evrópufélag, votta, í samræmi við tilskipun 77/91/EBE ([8]), að breyttu breytanda, að hrein eign félagsins samsvari a.m.k. hlutafé þess, að viðbættum þeim varasjóðum sem ekki má úthluta samkvæmt lögum eða samþykktum.

7. Hluthafafundur skal samþykkja breytingaráætlun ásamt samþykktum Evrópufélagsins. Ákvörðunin skal afgreidd eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum landslaga sem samþykkt hafa verið til framkvæma 7. gr. tilskipunar 78/855/EBE.

8. Aðildarríkin geta bundið breytinguna því skilyrði að hún njóti stuðnings aukins meirihluta atkvæða eða sé samþykkt samhljóða í þeirri stjórnarstofnun félagsins þar sem þátttaka starfsmanna er skipulögð.

9. Réttindi og skyldur félagsins, sem breyta á, að því er varðar ráðningarskilmála sem leiðir af landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu, á grundvelli slíkrar skráningar, færast til Evrópufélagsins.

III. BÁLKUR

SKIPULAG EVRÓPUFÉLAGSINS

38. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skulu eftirfarandi stofnanir vera í Evrópufélagi:

a) hluthafafundir og

b) annaðhvort eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn (tvíþætt kerfi) eða stjórn (einþætt kerfi) eftir því hvaða form hefur verið ákveðið í samþykktum félagsins.

1. þáttur

Tvíþætt kerfi

39. gr.

1. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stjórnun Evrópufélagsins. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Sá eða þeir, sem eiga sæti í framkvæmdastjórn félagsins skulu tilnefndir og þeim vikið frá af eftirlitsstjórninni.

Aðildarríki getur hins vegar krafist þess eða leyft að í samþykktum félagsins séu ákvæði um að sá eða þeir sem sitja í framkvæmdastjórninni skuli tilnefndir og þeim vikið frá af hluthafafundi og á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Sami aðili má ekki samtímis eiga sæti í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sama Evrópufélags. Eftirlitsstjórnin getur hins vegar útnefnt einn úr sínum röðum til að taka sæti í framkvæmdastjórn, komi til forfalla. Sá skal þá víkja sæti úr eftirlitsstjórninni á meðan. Aðildarríki getur takmarkað gildistíma slíkrar ráðstöfunar.

([8]) Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

4. Samþykktir Evrópufélagsins skulu mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í framkvæmdastjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

5. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um tvíþætt kerfi að því er varðar hlutafélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar Evrópufélög.

40. gr.

1. Eftirlitsstjórnin hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnarinnar. Henni er fyrir sitt leyti ekki heimilt að stjórna Evrópufélaginu.

2. Hluthafafundur skal tilnefna menn til að sitja í eftirlitsstjórninni. Í fyrstu eftirlitsstjórnina má hins vegar tilnefna menn á grundvelli samþykkta félagsins. Þetta gildir með fyrirvara um 4. mgr. 47. gr. og um það með hvaða hætti tilhögun á þátttöku starfsmanna verður ákveðin samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

3. Samþykktir félagsins skulu mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórn Evrópufélags, sem er skráð á yfirráðasvæði þess, eða um lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

41. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa eftirlitsstjórninni skýrslu, a.m.k. einu sinni á þriggja mánaða fresti, um framvindu og horfur í rekstri Evrópufélagsins.

2. Auk þeirra reglulegu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin tafarlaust koma á framfæri við eftirlitsstjórnina hvers konar upplýsingum um atburði sem ætla má að hafi umtalsverð áhrif á Evrópufélagið.

3. Eftirlitsstjórnin getur krafið framkvæmdastjórnina um hverjar þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til að sinna eftirliti í samræmi við 1. mgr. 40. gr. Aðildarríki getur kveðið á um að sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skuli eiga kost á slíku.

4. Eftirlitsstjórninni er heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hverjar þær rannsóknir sem kunna að reynast nauðsynlegar til að hún geti sinnt skyldum sínum.

5. Sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana.

42. gr.

Eftirlitsstjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur aðila í eftirlitsstjórninni verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir af hluthafafundi.

2. þáttur

Einþætt kerfi

43. gr.

1. Stjórnin skal stýra Evrópufélaginu. Aðildarríki getur kveðið á um það að framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um hlutafélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Samþykktir Evrópufélagsins skulu mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarksfjölda og, ef þörf krefur, hámarksfjölda þeirra sem sitja í stjórninni.

Í stjórninni skulu hins vegar vera a.m.k. þrír stjórnarmenn ef þátttaka starfsmanna heyrir undir reglur í samræmi við tilskipun 2001/86/EB.

3. Hluthafafundur skal tilnefna einn eða fleiri til að sitja í stjórn. Í fyrstu stjórnina má hins vegar tilnefna menn á grundvelli samþykkta félagsins. Þetta gildir með fyrirvara um 4. mgr. 47. gr. og um það með hvaða hætti tilhögun á þátttöku starfsmanna verður ákveðin samkvæmt tilskipun 2001/86/EB.

4. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um einþætt kerfi að því er varðar hlutafélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar Evrópufélög.

44. gr.

1. Stjórnin skal koma saman með ákveðnu millibili, sem nánar er mælt fyrir um í samþykktum félagsins en eigi sjaldnar en einu sinni á þriggja mánaða fresti, til þess að ræða um framvindu og horfur í rekstri Evrópufélagsins.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórnina.

45. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir af hluthafafundi.

3. þáttur

Reglur sem eru sameiginlegar í einþætta og tvíþætta kerfinu

46. gr.

1. Þeir aðilar, sem sæti eiga í stjórnarstofnunum félags, skulu tilnefndir til ákveðins tíma sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins, þó eigi lengur en til sex ára.

2. Með fyrirvara um takmarkanir, sem kann að vera mælt fyrir um í samþykktunum, skal heimilt að endurtilnefna aðila, einu sinni eða oftar, til ákveðins tíma sem ákvarðaður er í samræmi við 1. mgr.

47. gr.

1. Samþykktir Evrópufélags geta heimilað félagi eða öðrum lögaðila að gerast aðili að stjórnarstofnunum þess, að því tilskildu að slíkt stríði ekki gegn ákvæðum laga um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

Það félag eða sá lögaðili skal tilnefna einstakling til að sinna hlutverki félagsins eða lögaðilans í viðkomandi stjórnarstofnun.

2. Enginn aðili má eiga sæti í stjórnarstofnun Evrópufélags eða vera fulltrúi aðila í skilningi 1. mgr. ef hann telst:

a) vanhæfur, á grundvelli laga aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, til að starfa í samsvarandi stjórnarstofnun hlutafélags sem heyrir undir lög þess aðildarríkis, eða

b) vanhæfur, á grundvelli dómsúrskurðar eða stjórnvaldsákvörðunar í aðildarríki, til að starfa í samsvarandi stjórnarstofnun hlutafélags sem heyrir undir lög aðildarríkis.

3. Samþykktir Evrópufélags geta, í samræmi við lög um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, mælt fyrir um sérstök skilyrði fyrir kjörgengi aðila sem eru fulltrúar hluthafa.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á þau ákvæði í landslögum sem gera minnihluta hluthafa eða öðrum aðilum eða yfirvöldum kleift að tilnefna hluta aðilanna sem sitja í stjórnarstofnun félags.

48. gr.

1. Í samþykktum Evrópufélags skal vera skrá yfir þær tegundir viðskipta sem eru þess eðlis að framkvæmdastjórnin þarf leyfi til þeirra frá eftirlitsstjórninni í tvíþætta kerfinu eða að þær krefjast skýlausrar ákvörðunar stjórnarinnar í einþætta kerfinu.

Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um það að í tvíþætta kerfinu sé eftirlitsstjórninni fyrir sitt leyti heimilt að leyfisbinda tilteknar tegundir viðskipta.

2. Aðildarríki getur ákveðið hvaða tegunda viðskipta sé a.m.k. skylt að geta í samþykktum Evrópufélaga sem skráð eru á yfirráðasvæði þess.

49. gr.

Þeir, sem sitja í stjórnarstofnunum Evrópufélags, eru bundnir þagnarskyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, um allar upplýsingar sem þeir kunna að búa yfir varðandi Evrópufélagið og gætu reynst skaðlegar hagsmunum félagsins ef gerðar yrði opinberar, nema því aðeins að ákvæði landslaga um hlutafélög krefjist þess eða leyfi það að slíkar upplýsingar séu látnar í té eða það sé í þágu almannahagsmuna.

50. gr.

1. Þar sem ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari eða í samþykktum skulu innri reglur um ályktunarhæfi og ákvarðanir funda í stjórnarstofnunum Evrópufélaga vera sem hér segir:

a) ályktunarhæfi: a.m.k. helmingur þeirra, sem sitja í stjórnarstofnuninni, skal vera viðstaddur eða eiga fulltrúa á fundinum;

b) ákvarðanir: skulu teknar af meirihluta þeirra sem eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á fundinum.

2. Ef engin sérstök ákvæði þar að lútandi eru í samþykktum félagsins skal formaður hverrar stjórnarstofnunar fara með oddaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Engin ákvæði gagnstæð þessu mega vera í samþykktunum ef helmingur þeirra sem eiga sæti í eftirlitsstjórninni eru fulltrúar starfsmanna.

3. Þegar kveðið er á um þátttöku starfsmanna í samræmi við tilskipun 2001/86/EB getur aðildarríki kveðið á um að ályktunarhæfi funda og ákvarðanir á fundum eftirlitsstjórnarinnar skuli þrátt fyrir 1. og 2. mgr. háð sömu reglum og gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög í hlutaðeigandi aðildarríki.

51. gr.

Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu skulu þeir, sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags, bera ábyrgð á tapi eða skaða sem Evrópufélagið verður fyrir í kjölfar brota þeirra á lögum, samþykktum eða öðrum skuldbindingum sem fólgnar eru í skyldum þeirra.

4. þáttur

Hluthafafundur

52. gr.

Hluthafafundur skal taka ákvarðanir um málefni sem hann ber einn ábyrgð á samkvæmt:

a) þessari reglugerð eða

b) löggjöf aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu og sem hefur verið samþykkt til að framkvæma tilskipun 2001/86/EB.

Enn fremur skal hluthafafundur taka ákvarðanir um mál er hluthafafundi í hlutafélagi, sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, er falin ábyrgð á, annaðhvort samkvæmt lögum þess aðildarríkis eða samþykktum Evrópufélagsins í samræmi við þau lög.

53. gr.

Með fyrirvara um reglur þær sem mælt er fyrir um í þessum þætti skulu lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, gilda um skipulag og framkvæmd hluthafafunda og atkvæðagreiðslur á þeim.

54. gr.

1. Halda skal hluthafafund í Evrópufélagi minnst einu sinni á hverju almanaksári, innan sex mánaða frá lokum fjárhagsárs þess nema lög um hlutafélög, sem sinna sams konar starfsemi í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, kveði á um tíðari fundi. Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um að halda megi fyrsta hluthafafund hvenær sem er fyrstu 18 mánuði eftir stofnun Evrópufélags.

2. Framkvæmdastjórn, stjórn, eftirlitsstjórn eða aðrar stjórnarstofnanir eða lögbær yfirvöld geta boðað til hluthafafundar í samræmi við landslög um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

55. gr.

1. Hluthafar, einn eða fleiri, sem ráða yfir minnst 10% skráðs hlutafjár Evrópufélags, geta óskað eftir því að boðað verði til hluthafafundar í Evrópufélaginu og samin dagskrá fundarins; þó mega samþykktir Evrópufélagsins eða landslög kveða á um lægra hlutfall með sömu skilyrði og við eiga um hlutafélög.

2. Í beiðni um boðun hluthafafundar skal tilgreina hvaða mál óskast sett á dagskrá fundarins.

3. Hafi hluthafafundur ekki verið haldinn á tilsettum tíma, í kjölfar beiðni skv. 1. mgr., og í síðasta lagi innan tveggja mánaða geta lögbær yfirvöld á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skipað svo fyrir að hluthafafundur verði boðaður innan tiltekins frests eða heimilað hluthöfunum, sem fóru fram á fundinn eða fulltrúum þeirra, að boða til hluthafafundar. Þetta gildir með fyrirvara um innlend ákvæði sem hugsanlega heimila hluthöfunum sjálfum að boða til hluthafafunda.

56. gr.

Hluthafar, einn eða fleiri, sem ráða yfir minnst 10% skráðs hlutafjár Evrópufélags, geta óskað eftir því að viðbótarliðir, einn eða fleiri, séu teknir á dagskrá hluthafafundar. Mæla skal fyrir um málsmeðferð og tímamörk, sem gilda skulu um slíkar beiðnir, í landslögum aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu eða, sé slíkum ákvæðum ekki til að dreifa, í samþykktum Evrópufélagsins. Lækka má framangreint hlutfall í samþykktum félagsins eða lögum aðildarríkisins þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, með sömu skilyrðum og við eiga um hlutafélög.

57. gr.

Meirihluti gildra og greiddra atkvæða ræður úrslitum við ákvarðanir á hluthafafundi nema krafist sé aukins meirihluta í þessari reglugerð eða, ef um það er ekki að ræða, í lögum um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

58. gr.

Til greiddra atkvæða teljast ekki atkvæði sem tengjast hlutum hluthafa sem hefur ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, hefur setið hjá eða skilað auðum eða ógildum atkvæðaseðli.

59. gr.

1. Ákvörðun um breytingu á samþykktum Evrópufélags skal tekin á hluthafafundi og verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, krefjist eða heimili meiri meirihluta.

2. Lög aðildarríkis mega þó kveða á um að einfaldur meirihluti atkvæða, sem um getur í 1. mgr. hér að framan, skuli nægja þegar farið er með atkvæði fyrir a.m.k. helming skráðs hlutafjár Evrópufélags.

3. Birta skal breytingar á samþykktum Evrópufélags í samræmi við 13. gr.

60. gr.

1. Ef Evrópufélag hefur fleiri en einn flokk hluta skal sérhver ákvörðun hluthafafundar vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu hvers flokks hluthafa sem verður fyrir því að réttindi hans breytast af þeim sökum.

2. Ef ákvörðun hluthafafundar krefst þess meirihluta atkvæða, sem tilskilinn er í 1. og 2. mgr. 59. gr., skal sá meirihluti einnig tilskilinn við sérstaka atkvæðagreiðslu hvers flokks hluthafa sem verður fyrir því að réttindi hans breytast af völdum ákvörðunarinnar.

IV. BÁLKUR

ÁRSREIKNINGAR OG SAMSTÆÐUREIKNINGAR

61. gr.

Með fyrirvara um 62. gr. skal Evrópufélag heyra undir reglur um hlutafélög samkvæmt lögum í aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, að því er snertir gerð ársreikninga og, þegar við á, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og endurskoðun og birtingu þessara reikninga.

62. gr.

1. Um gerð ársreikninga, og eftir atvikum, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og um endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal Evrópufélag, sem er lána- eða fjármálastofnun, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í þeim landslögum aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([9]).

2. Um gerð ársreikninga, og eftir atvikum, samstæðureikninga ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og um endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal Evrópufélag, sem er vátryggingafélag, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í þeim landslögum aðildarríkisins, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([10]).

V. BÁLKUR

FÉLAGSSLIT, SKIPTAMEÐFERÐ, GJALDÞROT OG GREIÐSLUSTÖÐVUN

63. gr.

Evrópufélag skal, að því er varðar félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot, greiðslustöðvun og ámóta málsmeðferð, heyra undir lagaákvæði sem gilda mundu um hlutafélag stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu, þ.m.t. ákvæði um ákvarðanir hluthafafunda.

64. gr.

1. Þegar Evrópufélag fer ekki lengur að kröfunum sem mælt er fyrir í 7. gr. skal aðildarríkið þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, knýja Evrópufélagið með viðeigandi ráðstöfunum til að koma reglu á málefni sín innan tiltekins tíma:

a) annaðhvort með því að flytja aðalskrifstofu sína aftur til aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu eða

b) með því að flytja skráðu skrifstofuna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr.

2. Aðildarríkið, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skal tryggja með nauðsynlegum

([9]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

ráðstöfunum að Evrópufélag, sem lætur undir höfuð leggjast að koma lagi á málefni sín í samræmi við 1. mgr., sé tekið til skiptameðferðar.

3. Aðildarríkið, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, skal tryggja réttarúrræði með tilliti til allra staðfestra brota á 7. gr. Slíkt úrræði skal hafa áhrif til frestunar á málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.

4. Ef staðfest er, annaðhvort að frumkvæði yfirvalda eða einhvers hagsmunaaðila, að Evrópufélag sé með aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði aðildarríkis andstætt 7. gr. skulu yfirvöld þess aðildarríkis þegar í stað gera aðildarríkinu, þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu, grein fyrir því.

65. gr.

Með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem krefjast frekari birtingar, skal, í samræmi við 13. gr., birta tilkynningar um upphaf og lok félagsslita, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta og greiðslustöðvunar svo og um ákvarðanir um að halda áfram rekstri.

66. gr.

1. Breyta má Evrópufélagi í hlutafélag sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem það er með skráða skrifstofu. Ekki má taka ákvörðun um breytingu félags fyrr en tvö ár eru liðin frá skráningu þess eða tveir fyrstu ársreikningarnir hafa verið samþykktir.

2. Breyting Evrópufélags í hlutafélag skal ekki hafa í för með sér félagsslit félagsins eða tilurð nýs lögaðila.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn Evrópufélagsins skal semja áætlun um breytingu og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir og skýrt hvaða afleiðingar samþykkt hlutafélagsformsins muni hafa fyrir hluthafa og starfsmenn.

4. Birta skal áætlunina um breytingu félagsins á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, minnst einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytingu félagsins.

5. Fyrir hluthafafundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu sem fer með lögsögu í málum Evrópufélagsins sem breyta á í hlutafélag í samræmi við innlend ákvæði sem hafa verið samþykkt til að framkvæma 10. gr. tilskipunar 78/855/EBE, votta að eignir félagsins séu a.m.k. jafnar hlutafé þess.

6. Hluthafafundur Evrópufélagsins skal samþykkja áætlunina um breytingu ásamt samþykktum hlutafélagsins. Ákvörðunin skal afgreidd eins og mælt er fyrir um í þeim ákvæðum landslaga sem samþykkt hafa verið til að framkvæma 7. gr. tilskipunar 78/855/EBE.

VI. BÁLKUR

VIÐBÓTARÁKVÆÐI OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

67. gr.

1. Meðan þriðji áfangi í þróun Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) á ekki við um eitthvert aðildarríki getur það aðildarríki beitt sömu ákvæðum gagnvart Evrópufélögum með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess og gilda um hlutafélög sem það hefur lögsögu yfir að því er varðar gjaldmiðilinn sem hlutafé þeirra er gefið upp í. Hvernig sem atvikast vill getur Evrópufélag auk þess gefið upp hlutafé sitt í evrum. Þegar svo ber undir skal umreikningsgengi innlends gjaldmiðils gagnvart evru vera það sem það var síðasta dag næsta mánaðar fyrir stofnun Evrópufélagsins.

2. Meðan þriðji áfangi í þróun Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) á ekki við um aðildarríkið þar sem Evrópufélag er með skráða skrifstofu er Evrópufélaginu hins vegar heimilt að semja og birta ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í evrum. Aðildarríkið getur krafist þess að Evrópufélag semji og birti ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í innlendum gjaldmiðli og á sömu forsendum og við eiga um hlutafélög sem heyra undir lögsögu þess aðildarríkis. Engu að síður skal Evrópufélagið einnig eiga þess kost að birta ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í evrum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í ekum (ECU) ([11]).

([11]) Stjtíð. EB L 317, 16.11.1990, bls. 57.

VII. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

68. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld í skilningi 8., 25., 26., 54., 55. og 64. gr. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki þar um.

69. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin senda ráðinu og Evrópuþinginu skýrslu um beitingu reglugerðarinnar og tillögur um breytingar ef við á. Í skýrslunni skal einkum kanna eftirfarandi:

a) hvort heimila eigi að aðalskrifstofa og skráð skrifstofa Evrópufélags séu hvor í sínu aðildarríki;

b) hvort rýmka eigi hugtakið „samruna“ í 2. mgr. 17. gr. þannig að það taki einnig til annarra tegunda samruna en þeirra sem skilgreindar eru í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 78/855/ EBE;

c) hvort endurskoða eigi ákvæðið um lögsögu dómstóla í 16. mgr. 8. gr. í ljósi ákvæða sem kunna að verða felld inn í Brussel-samþykktina frá 1968 eða í aðra texta sem aðildarríkin eða ráðið hafa samþykkt í hennar stað;

d) hvort aðildarríki eigi að leyfa, með lögum um framkvæmd heimilda sem reglugerð þessi veitir aðildarríkjunum eða með lögum sem samþykkt hafa verið til að tryggja góða framkvæmd þessarar reglugerðar með tilliti til Evrópufélagsins, að sett verði ákvæði í samþykktir Evrópufélags sem víkja frá eða eru til fyllingar þessum lögum jafnvel þótt slík ákvæði væru ekki leyfð í samþykktum hlutafélags sem er með skráða skrifstofu í aðildarríkinu.

70. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 8. október 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ONKELINX

forseti.

I. VIÐAUKI

HLUTAFÉLÖG SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.

BELGÍA:

la société anonyme//de naamloze vennootschap

DANMÖRK:

aktieselskaber

ÞÝSKALAND:

die Aktiengesellschaft

GRIKKLAND:

ανώνυμη εταιρία

SPÁNN:

la sociedad anónima

FRAKKLAND:

la société anonyme

ÍRLAND:

public companies limited by shares

public companies limited by guarantee having a share capital

ÍTALÍA:

società per azioni

LÚXEMBORG:

la société anonyme

HOLLAND:

de naamloze vennootschap

AUSTURRÍKI:

die Aktiengesellschaft

PORTÚGAL:

a sociedade anónima de responsabilidade limitada

FINNLAND:

julkinen osakeyhtiö//publikt aktiebolag

SVÍÞJÓÐ:

publikt aktiebolag

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ:

public companies limited by shares

public companies limited by guarantee having a share capital

II. VIÐAUKI

HLUTAFÉLÖG OG EINKAHLUTAFÉLÖG SEM UM GETUR Í 2. MGR. 2. GR.

BELGÍA:

la société anonyme//de naamloze vennootschap,

la société privée à responsabilité limitée//besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid

DANMÖRK:

aktieselskaber,

anpartselskaber

ÞÝSKALAND:

die Aktiengesellschaft,

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung

GRIKKLAND:

ανώνυμη εταιρία

εταιρία περιορισμένηςη ευδύνης

SPÁNN:

la sociedad anónima,

la sociedad de responsabilidad limitada

FRAKKLAND:

la société anonyme,

la société à responsabilité limitée

ÍRLAND:

public companies limited by shares,

public companies limited by guarantee having a share capital,

private companies limited by shares,

private companies limited by guarantee having a share capital

ÍTALÍA:

società per azioni,

società a responsabilità limitata

LÚXEMBORG:

la société anonyme,

la société à responsabilité limitée

HOLLAND:

de naamloze vennootschap,

de besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid

AUSTURRÍKI:

die Aktiengesellschaft,

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung

PORTÚGAL:

a sociedade anónima de responsabilidade limitada,

a sociedade por quotas de responsabilidade limitada

FINNLAND:

osakeyhtiö

aktiebolag

SVÍÞJÓÐ:

aktiebolag

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ:

public companies limited by shares,

public companies limited by guarantee having a share capital,

private companies limited by shares,

private companies limited by guarantee having a share capital

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnisyfirlit.

Gerð frumvarps.
Forsaga.
Lýsing á efni Evrópufélagareglugerðar.
Framtíðaráform í félagarétti.
Uppbygging reglugerðarinnar.
Innleiðing reglugerðarinnar.
Uppbygging lagafrumvarps.
Lýsing á efni frumvarpsins.

Gerð frumvarps.

Lagafrumvarp þetta um Evrópufélög, evrópsk hlutafélög, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, tengist frumvarpi félagsmálaráðherra um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og frumvarpsákvæðum um breytingar á ýmsum lögum, fyrst og fremst á sviði fjármagnsmarkaðar.

Með ályktun sinni 13. desember 2002 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002 varðandi breytingu á félagaréttarviðauka EES-samningsins og fella Evrópufélagareglugerðina, sem lagafrumvarp þetta byggist á, inn í samninginn.

Forsaga.

Þegar lögum um hlutafélög var breytt og sérstök lög um einkahlutafélög sett í ársbyrjun 1995 vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var í athugasemdum með viðkomandi lagafrumvörpum gerð grein fyrir því að fyrir lægju í Evrópubandalaginu annars vegar drög að reglugerð um Evrópufélagið (evrópska hlutafélagið), á ensku *European company*, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum og stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa, svo og drög að tilskipun varðandi þetta félag er geymdi ákvæði um atvinnulýðræði (aðild starfsmanna). Var þremur meginleiðum um aðild starfsmanna lýst nánar í frumvarpinu og tekið fram að erfitt væri að ímynda sér að Ísland gæti ekki valið einn af þeim möguleikum sem í boði væru ef önnur EFTA-ríki, svo og EB-ríkin, gætu það. Lagafrumvörpunum var dreift víða og ýmsar umsagnir voru veittar. Engar sérstakar efasemdir komu fram hér á landi um Evrópufélagið þá eða í framhaldi af meðferð frumvarpanna.

Hugmyndir um Evrópufélagið komu fram í Efnahagsbandalagi Evrópu um 1970 en málið tafðist af ýmsum ástæðum, fyrst og fremst vegna ágreinings um aðild starfsmanna. Á síðustu árum voru gerðar sérstakar tilraunir til að leysa málið og hefur það nú tekist. Hinn 8. október 2001 var annars vegar samþykkt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), og hins vegar tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Hér á landi heyrir reglugerðin um Evrópufélögin undir viðskiptaráðherra en tilskipunin um aðild starfsmanna í Evrópufélögum undir félagsmálaráðherra. Verður því vikið sérstaklega að reglugerðinni um félögin hér á eftir en aðeins drepið örstutt á tilskipunina um aðild starfsmanna til yfirlits yfir sviðið í heild og að öðru leyti vísað á frumvarp sem félagsmálaráðherra leggur fram.

Af hálfu viðskiptaráðuneytisins var EFTA tilkynnt í janúar 2002 að setja þyrfti löggjöf hér á landi vegna reglugerðarinnar um Evrópufélögin eins og gert var þegar reglugerðin um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið var á sínum tíma tekin upp í íslenska löggjöf með lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sem teljast sérstök tegund sameignarfélaga, og að ekki þurfi aðlögunarákvæði. Varðandi aðlögunarákvæði var horft til þess að reglugerðin þarf ekki að vera komin til framkvæmda fyrr en á gildistökudegi hennar, 8. október 2004, á sama tíma og tilskipunin.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, var ákveðið að reglugerðin yrði tekin upp í EES-samninginn. Með ákvörðun nr. 89/2002 á sama fundi var samþykkt að taka tilskipunina um aðild starfsmanna upp í EES-samninginn.

Sjá má að við meðferð málsins hjá Evrópubandalaginu á síðustu árum hefur reglugerðin um Evrópufélögin verið mikið stytt. Meginatriðin virðast þó halda sér frá því sem var. Felldur hefur verið niður bálkur þar sem beint var kveðið á um fjármagn, hluti og skuldabréfalán sem breyta megi í hluti.

Lýsing á efni Evrópufélagareglugerðar.

Reglugerðinni er lýst í stuttu máli í frétt frá Evrópusambandinu, dags. 8. október 2001. Þar er reyndar líka greint frá tilskipuninni um aðild starfsmanna.

Í fréttinni segir að reglugerðin og tilskipunin hafi verið samþykktar eftir að þrjátíu ár hafi verið liðin frá því að tillögur komu fyrst fram um Evrópufélagið. Með reglugerðinni sé félögum, er starfi í meira en einu aðildarríki Evrópusambandsins, gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti þá starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og auki samkeppnishæfni félaga í sambandinu. Í lokin er tekið fram að unnt sé að setja Evrópufélagið á stofn með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhaldsfélagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga. Hið síðastnefnda er nýmæli.

Rétt þykir að taka fram hér að í fréttinni segir um aðild starfsmanna að við stofnun Evrópufélags þurfi að fara fram viðræður í samninganefnd um þátttöku starfsmanna í félaginu í sérstakri fulltrúanefnd allra starfsmanna sem er aðskilið frá stjórn félagsins. Ef samkomulag næst ekki gildi ákveðnar meginreglur í viðauka tilskipunarinnar. Aðild starfsmanna felst í því að stjórnendur fyrirtækisins gefi fulltrúum starfsmanna í fulltrúanefndinni reglulega skýrslur, hafi reglulegt samráð við þá og gefi þeim upplýsingar um nánar tiltekin atriði, m.a. uppsagnir. Mismunandi reglur geta gilt eftir því hvernig aðild starfsmanna er háttað í þeim löndum sem stofnun félagsins snertir.

Framtíðaráform í félagarétti.

Á grundvelli skýrslu háttsettra sérfræðinga Evrópusambandsins á sviði félagaréttar frá 4. nóvember 2002 um nútímalegar meginreglur í evrópskum félagarétti hefur verið unnið að sérstakri starfsáætlun hjá sambandinu á þessu sviði þar sem gert er ráð fyrir forgangsröðun og tímamörkum. Sumt af því, sem til meðferðar er, snertir Evrópufélög sérstaklega. Hér má sérstaklega nefna að vinna er hafin á ný við drög að 10. tilskipuninni um samruna hlutafélaga þvert á landamæri. Í athugasemdum við hlutafélagafrumvarpið 1994 var ekki talið að ákvæði fyrirliggjandi draga á þeim tíma mundu valda miklum vanda hér á landi. Í tengslum við Evrópufélagareglugerðina tókst síðan að leysa vandamál varðandi aðild starfsmanna sem snerti 10. tilskipunina. Þegar gengið hefur verið frá tilskipuninni má búast við að eitthvað

kunni að draga úr stofnun Evrópufélaga. Þá er unnið að gerð 14. félagaréttartilskipunarinnar um flutning skráðrar skrifstofu sem skiptir einnig máli. Vinna við gerð tilskipunar um evrópsk samvinnufélög er komin vel áleiðis. Síðar verður athugað með gerðir um evrópsk gagnkvæm félög og jafnvel evrópsk samtök (frjáls félög), svo og sjálfseignarstofnanir. Athugað verður síðar hvort ástæða sé til að undirbúa gerð um evrópsk einkahlutafélög. Ýmislegt fleira er í undirbúningi, svo sem reglur um skráningu félaga með rafrænum hætti. Þá verður hugað að ýmsu, t.d. kosningum á hluthafafundum með rafrænum hætti, jafnvel milli landa, en of langt mál er að gera öllu skil hér.

Uppbygging reglugerðarinnar.

Sé litið nánar á reglugerðina má sjá að hún er nú aðeins 70 greinar og samtals 21 síða með tveimur viðaukum. Skiptist reglugerðin í inngang, þar sem greint er frá tildrögum hennar, og síðan fimm meginbálka. Í inngangi segir m.a. í 20. lið að reglugerðin taki ekki til laga á öðrum sviðum en í félagarétti, svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Gilda ákvæði landslaga þar um.

Í I. bálki (1.–14. gr.) eru almenn ákvæði. Þar segir m.a. að hlutafélög tengist stofnun Evrópufélagsins en einkahlutafélög geta þó komið við sögu. Einstaklingar geta ekki verið stofnendur. Lágmarkshlutafé er almennt 120 þúsund evrur (um 10,7 millj. kr. miðað við sölugengi 11. september 2003, 1 evra = 89,38 kr., sbr. 4 millj. kr. til stofnunar hlutafélags á Íslandi), sbr. 4. og þó 67. gr. reglugerðarinnar.

Skrá má félagið í hvaða EB-ríki sem er (EES-ríki eftir upptöku gerðarinnar í EES-samninginn). Sé ekki kveðið á um annað í reglugerðinni skal um Evrópufélag fara í öllum aðildarríkjum eins og um hlutafélag væri að ræða.

Í II. bálki (15.–37. gr.) er fjallað um stofnun Evrópufélagsins. Í 1. þætti (15.–16. gr.) eru almenn ákvæði. Í 2. þætti (17.–31. gr.) er fjallað um stofnun á grundvelli samruna og kveðið m.a. á um drög að samrunaáætlun, í 3. þætti (32.–34. gr.) um stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, í 4. þætti (35.–36. gr.) um stofnun Evrópufélags í formi útibús og í 5. þætti (37. gr.) um breytingu á hlutafélagi í Evrópufélag. Taka má fram sérstaklega að skv. 25. gr. fer könnun á því hvort samruni sé lögmætur eftir lögum viðkomandi ríkis.

Í III. bálki (38.–60. gr.) er fjallað um skipulag Evrópufélags og vikið fyrst að hluthafafundi og annaðhvort tvíþættu eða einþættu stjórnkerfi félagsins (38. gr.). Í 1. þætti (39.–42. gr.) er (EES-ríki) vikið að tvíþætta kerfinu, eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn. Í 2. þætti (43.–45. gr.) er fjallað um einþætta kerfið, stjórn. Í 3. þætti (46.–51. gr.) eru reglur sem eru sameiginlegar í einþætta og tvíþætta kerfinu. Í 4. þætti (52.–60. gr.) eru ákvæði um hluthafafund.

Í IV. bálki (61.–62. gr.) er fjallað um ársreikninga og samstæðureikninga.

Í V. bálki (63.–66. gr.) er fjallað um slit félaga o.fl., m.a. breytingu Evrópufélags skv. 66. gr. í hlutafélag í því ríki þar sem félagið er með skráða skrifstofu.

Í VI. bálki (67. gr.) eru viðbótarákvæði og bráðabirgðaákvæði.

Í VII. bálki (68.–70. gr.) eru lokaákvæði þar sem m.a. kemur fram að reglugerðin skuli ganga í gildi 8. október 2004.

Í I. og II. viðauka er upptalning á tegundum félaga með vísan í ákveðnar greinar reglugerðarinnar.

Innleiðing reglugerðarinnar.

Við undirbúning að innleiðingu (upptöku) reglugerðarinnar um samþykktir fyrir Evrópufélög í íslenskan rétt var m.a. haft samráð við þá sem fást við félagarétt í ráðuneytum hinna

Norðurlandaþjóðanna. Einkum hefur verið stuðst við sænskt lagafrumvarp en sænsku lögin um hlutafélög og önnur norræn lög um hlutafélög eru efnislega svipuð íslensku lögunum um hlutafélög. Þar eð reglugerðin kveður á um skyldu og heimild ríkja til að taka á vissum atriðum hafa verið sett allmörg ákvæði í lagafrumvarp þetta. Taka má fram að aukinn fjöldi tilvísana í landslög í reglugerðinni á síðari stigum samningar hennar leiðir til þess að einsleitni í löggjöf EES-ríkja varðandi Evrópufélögin er minni en upphaflega var að stefnt. Um einstök ákvæði reglugerðarinnar vísast til hennar auk þess sem fram kemur í einstökum greinum frumvarpsins hvaða atriði úr reglugerðinni séu tekin til sérstakrar meðferðar.

Uppbygging lagafrumvarps.

Frumvarp til laga um Evrópufélög skiptist sem hér segir:

I. kafli *Almenn ákvæði*
- 1. gr. Gildissvið
- 2. gr. Bókhald og ársreikningar
- 3. gr. Heiti
- 4. gr. Aðild starfsmanna að Evrópufélögum

II. kafli *Stofnun Evrópufélags*
- 5. gr. Þátttaka í stofnun Evrópufélags
- 6. gr. Þátttaka fjármálafyrirtækja í stofnun Evrópufélags með samruna
- 7. gr. Útgáfa vottorðs við stofnun Evrópufélags með samruna

III. kafli *Skráning Evrópufélags o.fl.*
- 8. gr. Skráningaryfirvald
- 9. gr. Birting tillagna að ýmsum ákvörðunum

IV. kafli *Flutningur skráðrar skrifstofu Evrópufélags*
- 10. gr. Réttur Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi
- 11. gr. Upplýsingar Evrópufélags til kröfuhafa um flutning félagsins
- 12. gr. Umsókn um flutningsleyfi
- 13.–
- 14. gr. Meðferð flutningsmáls hjá hlutafélagaskrá
- 15. gr. Meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi
- 16. gr. Útgáfa vottorðs vegna flutnings

V. kafli *Skipulag Evrópufélaga*
- 17.–
- 18. gr. Evrópufélög með tvíþættu stjórnkerfi
- 19. gr. Evrópufélög með einþættu stjórnkerfi
- 20. gr. Fjöldi manna í stjórnarstofnunum Evrópufélaga
- 21. gr. Framkvæmdastjóri Evrópufélags
- 22. gr. Eftirlit í Evrópufélögum með tvíþættu stjórnkerfi
- 23. gr. Eftirlit í Evrópufélögum með einþættu stjórnkerfi

VI. kafli *Ýmis ákvæði*
- 24. gr. Tillöguréttur hluthafa
- 25. gr. Stjórnvald boðar til hluthafafundar
- 26. gr. Ráðstafanir gagnvart Evrópufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum
- 27. gr. Málskot o.fl.
- 28. gr. Gildistaka.

Lýsing á efni frumvarpsins.

Í I. kafla með almennum ákvæðum kemur m.a. fram að reglugerð fyrir Evrópufélag skuli hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt segir að með lögum á grundvelli frumvarpsins sé stefnt að því að setja nánari ákvæði um Evrópufélög. Sérstaklega er vísað til fyrirhugaðra laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Í II. kafla um stofnun Evrópufélags er einkum vikið að aðild hlutafélaga, sem hafa aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, til að taka þátt í stofnun Evrópufélaga, svo og að þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun Evrópufélaga með samruna.

Í III. kafla um skráningu Evrópufélaga o.fl. er tekið fram að hér á landi muni hlutafélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skrá Evrópufélög. Vitnað er í helstu lög um skráninguna. Fjármálaráðherra er, sem ráðherra skráningarmála hlutafélaga, heimilað að setja sér ákvæði í reglugerð um skráningu félaganna.

Í IV. kafla um flutning skráðrar skrifstofu Evrópufélags er fjallað sérstaklega um umsókn Evrópufélags til hlutafélagaskrár um leyfi til flutnings skráðrar skrifstofu félagsins til annars EES-ríkis og mælt fyrir um málsmeðferð. Þá er vikið að rétti Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi skrifstofunnar. Sérstök ákvæði eru um málsmeðferð fyrir héraðsdómi þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Með flutningsákvæðunum er Evrópufélögum auðveldað að flytja sig á milli EES-ríkja þannig að ekki þurfi að slíta þeim fyrst í einu ríki og stofna þau síðan í öðru ríki.

Í V. kafla um skipulag Evrópufélaga er m.a. greint frá mismunandi stjórnkerfi Evrópufélaga, tvíþættu stjórnkerfi og einþættu stjórnkerfi. Á Íslandi og m.a. í Danmörku og Svíþjóð er talið að um einþætt stjórnkerfi sé að ræða. Þá er í kaflanum vikið að fjölda manna í stjórnarstofnun Evrópufélags en aðalreglan er þrír menn fæst eins og í lögum um hlutafélög. Þá eru ákvæði um skyldu til að hafa framkvæmdastjóra í Evrópufélagi, eins og í lögunum um hlutafélög, og sérstök ákvæði m.a. um eftirlit með honum.

Í VI. kafla, sem geymir ýmis ákvæði, er kveðið á um rétt hluthafa til að fá mál tekin á dagskrá hluthafafundar, boðun af hálfu stjórnvalds til hluthafafundar í undantekningartilvikum, ráðstafanir stjórnvalda ef Evrópufélag virðir ekki það ákvæði að hafa skuli skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í sama EES-ríki, málskot til héraðsdóms í ákveðnum tilvikum og gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna um Evrópufélög.

Samkvæmt 1. mgr. skulu ákvæði reglugerðar ráðs Evrópubandalagsins nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög, sem tekin hefur verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hafa lagagildi hér á landi. Af bókun I um altæka aðlögun við þann samning leiðir að ákvæði reglugerðarinnar um Evrópufélög, evrópsk hlutafélög, er ekki unnt að skilja bókstafsskilningi. Þannig væri unnt að stofna Evrópufélag hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þótt í reglugerðinni sé kveðið á um stofnun þessara félaga í aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Í samræmi við reglugerðina um Evrópufélög (Evrópufélagareglugerðina) eru í lögum þessum sett nánari ákvæði um Evrópufélög. Í reglugerðinni er ýmist kveðið á um skyldu eða heimild ríkja til að setja viðbótarákvæði um félögin. Í reglugerðinni geta verið almennar tilvísanir til innlendra laga um hlutafélög og jafnvel annarra laga, þ.e. ákvæði laga um hlutafélög eiga við nema kveðið sé á um annað í reglugerðinni. Í henni geta einnig verið sértækar tilvísanir í ákvæði laga um hlutafélög. Dæmi um slíkt er tilvísun í 5. gr. reglugerðarinnar í

ákvæði innlendrar hlutafélagalöggjafar um hlutafé, að undanskildu lágmarki þess. Nefna má að íslensk skattalög mundu gilda um Evrópufélög. Tekið er fram í þessari málsgrein að viðbótarákvæði löggjafar um Evrópufélög nái aðeins til þeirra Evrópufélaga sem skráð eru á Íslandi nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um ákvæði laga hér á landi um bókhald og ársreikninga sem fara skal eftir sé eigi kveðið á um annað í Evrópufélagareglugerðinni.

Þegar ákvæði 1. mgr. eru virt má í upphafi benda á að fordæmi eru fyrir því í löggjöf hér á landi, þ.e. í 1. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 1. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, að hlutafé geti með vissum skilyrðum verið í erlendum gjaldmiðli. Auk þess skal hér minnt á ákvæði 10. gr. A í lögum nr. 145/1994, um bókhald, svo og 11. gr. og 11. gr. A–B í lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, varðandi færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði íslenskra laga gildi um Evrópufélög þótt í 1. mgr. 4. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar standi að hlutafé Evrópufélags skuli gefa upp í evrum og að það ákvæði reglugerðarinnar hafi út af fyrir sig lagagildi sem önnur ákvæði hennar. Ástæðan er sú að skv. 67. gr. reglugerðarinnar geta EES-ríki með ákveðnum skilyrðum vikið frá 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar varðandi gjaldmiðil hlutafjár. Í 1. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar er m.a. tekið fram að Evrópufélag geti tilgreint hlutafé í evrum auk þess sem hlutaféð yrði gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Í 1. mgr. 67. gr. er kveðið á um að EES-ríki geti krafist þess að Evrópufélag semji og birti ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í innlendum gjaldmiðli. Þessi heimild yrði nýtt hér á landi. Í málsgreininni er tekið fram að Evrópufélagið skuli þrátt fyrir þetta eiga þess kost að birta ársreikninga sína og, þegar við á, samstæðureikninga í evrum.

Orðalag 2. málsl. 1. mgr. um heimild þessara félaga til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli er í samræmi við orðalag 13. gr. laga nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 79/2002. Telja verður að alþjóðlegu viðskiptafélögin uppfylli eðli málsins samkvæmt almennt ákvæði 11. gr. A í lögum um ársreikninga og geti gengið að því vísu eins og skráð alþjóðleg viðskiptafélög að fá heimildina. Samþykki ársreikningaskrár er því nánast formsatriði til þess eins að halda utan um þau félög sem nýta sér þessa heimild. Sama á við um skráð útibú Evrópufélaga, hér á landi, sem skráð eru erlendis.

Þá má benda á að ákvæði laga um að félög haldi sig við heimildina að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli í a.m.k. fimm ár samfleytt hafa verið túlkuð rúmt hjá ársreikningaskrá og hafi félög, sem fengið hafa heimildina, óskað eftir breytingu yfir í annan erlendan gjaldmiðil, hefur ársreikningaskrá orðið við því, enda hafi félagið sýnt fram á breytt viðskiptaumhverfi. Athygli er hér vakin á 1. mgr. 66. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar um tveggja ára tímabil. Ákvæði hlutafélagalaga um heimild hlutafélaga til skráningar hlutafjár í erlendum gjaldmiðli eftir því hvort um sé að ræða skráð eða óskráð félög ættu að gilda einnig um Evrópufélög, enda ætti að vera mjög auðvelt fyrir þau að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögunum, sbr. nánar 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. skal Evrópufélag, sem er með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en stundar starfsemi í formi útibús hér á landi, halda bókhaldi útibúsins aðskildu frá bókhaldi félagsins að öðru leyti, sbr. 1. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, og 73. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákvæði um heiti Evrópufélags.

Samkvæmt 1. mgr. er Evrópufélagi skylt að hafa skammstöfunina SE í heiti sínu, sbr. nánar 11. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Skv. 1. gr. reglugerðarinnar er SE skammstöfun fyrir latneska heitið *Societas Europaea* (Evrópufélag). Í EES-ríkjum verða Evrópufélög, þ.e. evrópsk hlutafélög, aðgreind frá öðrum félögum með þessum hætti. Gefinn er kostur á því í frumvarpinu að hafa auk þessarar skammstöfunar orðið Evrópufélag í heitinu. Þá er einnig heimilað að nota sambland af erlendri og innlendri skammstöfun, með öðrum orðum skammstöfunina SE/Ef. Ef. er því skammstöfun fyrir Evrópufélag.

Svo sem gildir um skráningu félaga skv. 2. mgr. skal greina heiti eins Evrópufélags glöggt frá heiti annars Evrópufélags sem skráð hefur verið í hlutafélagaskrá hér á landi. Nánari ákvæði hér að lútandi er að finna í firmalöggjöf.

Um 4. gr.

Í þessari grein um aðild starfsmanna að Evrópufélögum segir að um slíka aðild muni gilda sérstök lög, þ.e. lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Vikið hefur verið að þeim lögum í almennum athugasemdum hér að framan, undir fyrirsögninni Forsaga. Þau lög grundvallast á tilskipun 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, og munu öðlast gildi sama dag og lög um Evrópufélög.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um þátttöku í stofnun Evrópufélags.

Í 1. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem hlutafélag eða einkahlutafélag með aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf að fullnægja ef það vill taka þátt í stofnun Evrópufélags. M.a. er kveðið á um að félagið hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf ríkis á efnahagssvæðinu. Er þá eigi einungis átt við tengsl við það ríki þar sem skráð skrifstofa félagsins er. Í málsgreininni er aðallega gengið út frá þátttöku hlutafélaga í stofnun Evrópufélags enda er stundum skilyrði að um slík félög sé að ræða, sbr. 1. mgr. 2. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar (um stofnun Evrópufélags með samruna) og 4. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar (um breytingu á hlutafélagi í Evrópufélag).

Samkvæmt 2. mgr. gilda ákvæði 1. mgr. einnig um lögaðila skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar þegar stofnað er dótturfyrirtæki Evrópufélags.

Ákvæði greinarinnar um Evrópufélagið fela í sér undantekningu frá aðalreglu Evrópufélagareglugerðarinnar þess efnis að einungis félög með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu á Evrópska efnahagssvæðinu megi taka þátt í stofnun Evrópufélags. Undanþágan er gerð á grundvelli 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Í t.d. sérlögum á sviði fjármagnsmarkaðar er unnt að gera strangari kröfur en felast í þessari undanþágu.

Um 6. gr.

Í greininni eru sérstök ákvæði um þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun Evrópufélags með samruna.

Samkvæmt 19. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar er aðildarríki heimilt að kveða svo á um í lögum að félagi, sem lýtur lögum þess, sé ekki heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags með samruna ef því er mótmælt af þar til bæru yfirvaldi fyrir nánar tiltekinn tíma. Með 1. mgr. frumvarpsins er Fjármálaeftirlitinu veitt vald hér á landi til að leggjast gegn samrunanum að athuguðu máli með tilliti til almannahagsmuna enda sé um að ræða fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með.

Samkvæmt 2. mgr. skal fyrirtækið leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt 3. mgr. hefur fyrirtækið rétt til að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Ella skal vísa umsókn þess frá.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild hlutafélagaskrár til að hafna umsókn um leyfi til að hrinda í framkvæmd samrunaáætlun ef Fjármálaeftirlitið hefur ekki lokið athugun á umsókn eða Fjármálaeftirlitið hefur lagst gegn samrunanum. Í því sambandi er sérstaklega kveðið á um að gætt skuli vissra lagaákvæða eftir því sem við á. Hér má nefna 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og X. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Í 5. mgr. er kveðið á um hversu lengi umsókn geti verið í bið meðan athugun stendur yfir.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um útgáfu vottorðs af hálfu hlutafélagaskrár um stofnun Evrópufélags með samruna, á grundvelli 2. mgr. 25. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir samruna þegar nánar tilteknum skilyrðum er fullnægt. Samrunaákvæði XIV. kafla laga um hlutafélög eiga við sé eigi kveðið á um annað. Þá kann að þurfa að líta til samrunaákvæða laga á sviði fjármagnsmarkaðar ef fjármálafyrirtæki tekur þátt í stofnun Evrópufélags með samruna. Í öllum tilvikum skal hlutafélagaskrá gefa út viðkomandi vottorð. Í Evrópufélagareglugerðinni eru ekki ákvæði um það á hvaða máli vottorðið skuli vera. Er því eigi skylt að gefa það út á öðru máli en íslensku.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um skráningaryfirvald.

Samkvæmt 1. mgr. er hlutafélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, falið að skrá Evrópufélög. Um skráningu félaganna hjá hlutafélagaskrá gilda ákvæði laga um hlutafélög varðandi skráningu hlutafélaga, svo og eftir atvikum önnur lagaákvæði um skráninguna, t.d. ákvæði laga um hlutafélög, þar sem aðalreglan er hlutafé í íslenskum krónum, og lög um aukatekjur ríkissjóðs. Um Evrópufélög, sem stunda starfsemi á sviði fjármagnsmarkaðar, geta gilt ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, vátryggingastarfsemi og eftir atvikum annarra laga, allt eftir því sem við á. Taka verður tillit til sérreglna í Evrópufélagareglugerðinni sem er lögfest skv. 1. gr. Hér má sérstaklega nefna 4. gr. og 1. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um heimild til að gefa hlutafé upp í evrum auk innlends gjaldmiðils. Einnig má nefna hér 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að hluthafar í hlutafélagi, sem er dótturfyrirtæki Evrópufélags, þurfi ekki að vera fleiri en einn. Þetta er undantekning frá þeirri grundvallarreglu hlutafélagalaga að hluthafar í hlutafélagi séu minnst tveir.

Í 2. mgr. segir að um gjöld fyrir skráningu Evrópufélaga, aukatilkynningar o.fl. fari eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þá er í málsgreininni heimild til handa fjármálaráðherra, sem ber nú ábyrgð á skráningu hlutafélaga, til að setja reglugerð um skráningu Evrópufélaga. Styðjast má við reglugerð um hlutafélög almennt en gera má ráð fyrir að setja þurfi einhverjar sérreglur um Evrópufélög og þá jafnvel um gjöld vegna birtinga upplýsinga um skráningu og afskráningu Evrópufélaga í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna, sbr. 14. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagaskrá skrái svipaðar upplýsingar um Evrópufélög og hlutafélög almennt, t.d. um hlutafé, hverjir stjórni félaginu og geti ritað firma þess. Þar eð óvíst er hversu mikið muni kveða að skráningu Evrópufélaga hér á landi þykir ekki nauðsynlegt að kveða á um sérstaka Evrópufélagaskrá.

Ef hér á landi yrðu skráð útibú Evrópufélaga, sem hafa skráða skrifstofu í öðru EES-ríki, mundu útibúin skráð sem útibú venjulegra hlutafélaga eftir því sem við á.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu hlutafélagaskrár til að birta tillögur um ýmsar ákvarðanir varðandi Evrópufélög í Lögbirtingablaði.

Nánar tiltekið er um að ræða tillögur á grundvelli tiltekinna greina í Evrópufélagareglugerðinni, þ.e. um flutning skráðrar skrifstofu, stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, breytingu starfandi hlutafélags í Evrópufélag og breytingu Evrópufélags í hlutafélag.

Upplýsingar skal láta birta á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði án dráttar. Eigi þarf að birta tillögu í heild en sé hún stytt skal greina frá því í Lögbirtingablaði hvar nálgast megi tillöguna. Yrði það væntanlega hjá hlutafélagaskrá eins og í svipuðum tilvikum um hlutafélög almennt.

Af Evrópufélagareglugerðinni leiðir að birting tillögu skal fara fram í síðasta lagi ákveðnum tíma fyrir hluthafafund sem tekur viðkomandi ákvörðun. Í þessu sambandi skal vísað til 6. mgr. 8. gr., 3. mgr. 32. gr., 5. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 66. gr. reglugerðarinnar (tveggja mánaða frestur varðandi flutning skráðrar skrifstofu skv. 8. gr. en mánaðar frestur samkvæmt hinum greinunum, þ.e. varðandi stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, breytingu starfandi hlutafélags í Evrópufélag og breytingu Evrópufélags í hlutafélag).

Að því er varðar stofnun Evrópufélags, sem er eignarhaldsfélag, fer á grundvelli 33. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar fram birting í Lögbirtingablaði varðandi hvert einstakt félag sem að stofnun eignarhaldsfélagsins stendur. Þarf stjórnarstofnun í Evrópufélagi því ekki að koma upplýsingum um stofnun eignarhaldsfélagsins á framfæri við hlutafélagaskrá.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um rétt Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu Evrópufélags frá Íslandi.

Samkvæmt 1 mgr. snertir heimildin aðeins fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Hér geta t.d. verið á ferðinni hlutafélög sem stunda bankastarfsemi, vátryggingastarfsemi eða verðbréfaviðskipti. Þarf Fjármálaeftirlitið að leggjast gegn flutningnum innan tveggja mánaða frá því að hlutafélagaskrá birtir flutningstillögu í Lögbirtingablaði, sbr. 6. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. skal viðkomandi fyrirtæki innan tiltekins frests biðja Fjármálaeftirlitið um athugun á fyrirhuguðum flutningi skráðrar skrifstofu frá Íslandi. Getur stofnunin einungis lagst gegn flutningnum á grundvelli almannahagsmuna. Það hugtak er ekki skilgreint í Evrópufélagareglugerðinni fremur en í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/85 frá 25. júlí 1985, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sbr. lög nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Vísbendingu kann að vera unnt að fá í skýringum á reglum Evrópusambandsins um frjálsa fjármagnsflutninga. Erfitt er þó að segja nákvæmlega til um hvað gæti fallið hér undir en til greina geta komið m.a. sjónarmið um virkt skatteftirlit og afbrotavarnir, t.d. barátta gegn peningaþvætti.

Samkvæmt 3. mgr. skal Fjármálaeftirlitið gefa viðkomandi fyrirtæki kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri fyrirtækið það ekki skal vísa umsókn þess frá. Þannig skal Fjármálaeftirlitið vísa umsókn frá ef tveggja vikna frestur skv. 2. mgr. varðandi beiðni um athugun er ekki virtur.

Um 11. gr.

Í greininni, sem er til fyllingar 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, er mælt fyrir um upplýsingar Evrópufélags til kröfuhafa félagsins ef það hyggst flytja skráða skrifstofu sína til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglugerðargreininni og lagagreininni er

kveðið á um framkvæmdaratriði varðandi fyrirhugaðan flutning félags. Ákvæðunum svipar til ákvæða í lögum um hlutafélög varðandi framkvæmd samruna hlutafélaga en einhver munur kann þó að vera þar á. Þannig þarf ætíð að tilkynna þekktum kröfuhöfum félagsins ákvörðunina skriflega skv. 1. mgr. greinar þessarar en þess þarf ekki skv. 2. mgr. 123. gr. laga um hlutafélög nema matsmenn telji að samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu. Í 1. mgr. felst einnig að tilkynna verður þeim kröfuhöfum sem eiga launa- eða eftirlaunakröfur á viðkomandi fyrirtæki. Þá kunna að vera sérákvæði í löggjöf á sviði fjármagnsmarkaðar um upplýsingar til kröfuhafa.

Samkvæmt 2. mgr. skulu í tilkynningu Evrópufélags vera upplýsingar um rétt kröfuhafa félagsins til að skoða flutningstillögu og skýrslu, sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Þá skulu enn fremur vera í tilkynningu félagsins upplýsingar um rétt kröfuhafa þess skv. 13. gr. frumvarpsins til að leggjast gegn flutningum.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um umsókn um flutningsleyfi.

Skal Evrópufélag skv. 1. mgr. sækja um leyfi til flutnings skráðrar skrifstofu til annars EES-ríkis. Leggja skal umsókn um leyfi inn í síðasta lagi einum mánuði eftir ákvörðun hluthafafundar félagsins.

Í 2. mgr. er tilgreint hvaða skjöl skuli fylgja umsókn. Þau ákvæði þarfnast ekki nánari skýringar nema hvað 5. tölul. á aðeins við fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Sérákvæða í lögum um fyrirtæki á sviði fjármagnsmarkaðar þarf að gæta.

Í 3. mgr. kemur fram að aðgerðarleysi af hálfu fyrirsvarsmanna félags við að leggja fram tilskilin skjöl skv. 2. mgr. getur leitt til þess að hlutafélagaskrá vísi umsókn félagsins frá, t.d. ef formgalli er á ákvörðun hluthafafundar eða ákvörðun hefur ekki verið tekin með tilskildum meiri hluta. Gefa skal félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum áður en til frávísunar kemur.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um meðferð flutningsmáls hjá hlutafélagaskrá.

Samkvæmt 1. mgr. skal hlutafélagaskrá gefa út áskorun til kröfuhafanna þegar hún hefur tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 12. gr. til athugunar.

Samkvæmt 2. mgr. skulu þeir sem leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu Evrópufélags tilkynna andstöðu sína skriflega í síðasta lagi á ákveðnum degi.

Samkvæmt 3. mgr. skal áskorun birt í Lögbirtingablaði. Einnig skal hlutafélagaskrá senda sérstaka tilkynningu um áskorunina til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa félagsins er. Ekki er nauðsynlegt að hlutafélagaskrá sendi tilkynningu með öðrum hætti til kröfuhafa, t.d. í pósti.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um andmæli kröfuhafa gegn flutningi skráðrar skrifstofu Evrópufélags. Berist slík andmæli innan tiltekins frests skal hlutafélagaskrá senda erindi héraðsdómi í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Tekur dómurinn þá málið til meðferðar skv. 15. gr. Hafi enginn kröfuhafi hins vegar lagst gegn flutningnum skal skráin veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi þegar erindi um flutning skráðrar skrifstofu Evrópufélags til annars EES-ríkis hefur verið sent dóminum. Hlutverk

dómsins er að tryggja hagsmuni kröfuhafa sem lagst hafa gegn flutningnum. Er um tvö úrræði að ræða hjá dóminum. Annars vegar veitir hann flutningsleyfi eða hann hafnar því að veita slíkt leyfi. Kröfuhafi þarf fyrst að sanna að hann eigi fullgilda kröfu. Koma þá ekki til greina kröfur sem hafa komið fram eftir þann frest sem tilgreindur var í áskorun til kröfuhafa skv. 2. mgr. 13. gr. Evrópufélag skal síðan sýna fram á að þeir kröfuhafar, sem lagst hafa gegn flutningum, hafi fengið fulla greiðslu á kröfum eða fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra. Það er svo loks dómsins að meta hvort full greiðsla hafi verið innt af hendi eða fullnægjandi trygging sett. Reglurnar um greiðslu og tryggingu eru svipaðar og í ákvæðum varðandi samruna, sbr. 126. og 129. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þeir sem eiga launakröfu falla hér undir hugtakið kröfuhafar.

Héraðsdómur skal að eigin frumkvæði upplýsa hlutafélagaskrá um niðurstöðu flutningsmáls fyrir dóminum. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja góðan framgang mála, sbr. 16. gr.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um útgáfu sérstaks vottorðs vegna flutnings sem hlutafélagaskrá skal gefa út skv. 8. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar varðandi lok gerninga og formsatriða fyrir flutningi skráðrar skrifstofu Evrópufélags. Gefur skráin vottorðið út hvort sem hún hefur sjálf veitt flutningsleyfið skv. 14. gr. eða héraðsdómur hefur veitt slíkt leyfi skv. 15. gr. Evrópufélag er eigi unnt að skrá í nýju EES-ríki nema vottorð þetta hafi verið gefið út.

Um 17. gr.

Í greininni, og jafnframt í 18. gr., er kveðið sérstaklega á um Evrópufélög með tvíþættu stjórnkerfi.

Nauðsynlegt er að taka sérstaklega á þessum félögum í lögum þessum. Ástæðan er sú að hér er um að ræða nýjan valkost í íslenskum félagarétti þar eð talið er að íslensk hlutafélög séu með einþættu stjórnkerfi þrátt fyrir möguleika á fulltrúanefnd. Eins er litið á stjórnkerfi hlutafélaga m.a. í Danmörku og Svíþjóð svo sem áður hefur verið greint frá. Ekki er vikið hér sérstaklega að hluthafafundum.

Ákvæði laganna um Evrópufélög með tvíþættu stjórnkerfi munu koma til viðbótar ákvæðum Evrópufélagareglugerðarinnar um þessi félög, sbr. 39.–42. gr. reglugerðarinnar.

Sé eigi kveðið á um annað í Evrópufélagareglugerðinni skulu ákvæði laga um hlutafélög, og eftir atvikum annarra laga, gilda skv. 1. tölul. um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnarmenn í Evrópufélögum með tvíþættu stjórnkerfi. Sem dæmi um ákvæði laga um hlutafélög, sem átt geta við um framkvæmdastjórnarmenn, eru ákvæði um búsetuskilyrði og hæfisskilyrði. Strangari ákvæði geta t.d. verið í löggjöf um fyrirtæki á sviði fjármagnsmarkaðar. Ekki þykir ástæða til að nota heimild í 2. mgr. 39. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar til að kveða á um að framkvæmdastjórnarmenn skuli valdir á hluthafafundi. Gerir reglugerðarákvæðið ráð fyrir að eftirlitsstjórn velji framkvæmdastjórnarmenn. Þetta ákvæði mun hafa lagagildi hér á landi. Það virðist samkvæmt þessu aðalregla í félögum með tvíþættu stjórnkerfi að fara þessa leið við val á stjórnarmönnum. Þykir ekki ástæða til að bregða út af því. Er þá m.a. haft í huga að væntanlega yrðu Evrópufélög, sem stofnuð yrðu hér á landi, með einþættu stjórnkerfi eins og í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum.

Sömu lagaákvæði skulu skv. 1. tölul. gilda um eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn Evrópufélaga með tvíþættu stjórnkerfi. Eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn geta ekki talist jafngildir fulltrúanefnd eða fulltrúanefndarmönnum skv. 73. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þar er ekki um að ræða skyldu til að hafa fulltrúanefnd heldur heimild til handa félagi að kveða á um slíkt í samþykktum. Ekki er vitað til þess að þessi heimild hafi verið nýtt hér á landi.

Þegar ákvæði 2. tölul. eru virt skal haft í huga að helstu skyldur eftirlitsstjórnar í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi koma fram í Evrópufélagareglugerðinni. Í 2. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að eftirlitsstjórn skuli t.d. tilnefna framkvæmdastjórnarmenn og víkja þeim frá. Skv. 1. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar skal eftirlitsstjórnin hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjórnarinnar. Í fyrirhuguðum lögum eru talin upp frekari verkefni eftirlitsstjórnarinnar. Hér má í fyrsta lagi nefna eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, sbr. 22. gr. frumvarpsins, og skýrslu eftirlitsstjórnar til aðalfundar skv. 2. tölul. þessarar greinar frumvarpsins með upplýsingum um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og skýrslu endurskoðanda eða skoðunarmanna. Í 2. tölul. eru sett nánari ákvæði um sendingu skýrslunnar til skráðra hluthafa félagsins. Í lögunum yrði ekki kveðið á nánar um efni skýrslunnar. Í henni má fjalla um atriði sem skipta máli við mat hluthafa þegar þeir taka afstöðu til mála á aðalfundi.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar um tímabundið val eftirlitsstjórnarmanns í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi sem framkvæmdastjórnarmanns í félaginu grundvallast á 3. mgr. 39. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Samkvæmt þeirri málsgrein má sami maður ekki samtímis eiga sæti í eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn sama Evrópufélags. Hins vegar má velja einn eftirlitsstjórnarmann til að taka sæti í framkvæmdastjórn komi til forfalla. Skal eftirlitsstjórnarmaður þá víkja sæti úr eftirlitsstjórn meðan á hinni tímabundnu ráðstöfun stendur. Það er viðkomandi EES-ríkis að takmarka gildistíma ráðstöfunarinnar. Samkvæmt lagagreininni yrði hámarkstími hér tveir mánuðir. Er það talinn nægilega langur tími til þess að unnt sé að velja nýjan framkvæmdastjórnarmann.

Um 19. gr.

Greinin er um þær reglur sem Evrópufélög með einþættu stjórnkerfi skulu starfa eftir.

Vísað er til 43.–45. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar sem geyma ýmis ákvæði um einþætta stjórnkerfið. Sé eigi kveðið á um annað í reglugerðinni skulu ákvæði laga um hlutafélög, og eftir atvikum annarra laga, um stjórn eða stjórnarmenn einnig gilda um stjórn eða stjórnarmenn þessara Evrópufélaga.

Samkvæmt framansögðu gilda ákvæði laga um hlutafélög um stjórn og stjórnarmenn um eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn í Evrópufélögum með tvíþættu stjórnkerfi og um stjórn í Evrópufélögum með einþættu stjórnkerfi, þ.e. um allar stjórnarstofnanir Evrópufélaga, hverju nafni sem nefnast, og fulltrúa í þeim.

Um 20. gr.

Í greininni er mælt fyrir um fjölda manna í stjórnarstofnunum Evrópufélaga.

Í 1. mgr. segir að í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi skuli fæst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn, eins og er í stjórnum hlutafélaga hér á landi, og fæst fimm menn í eftirlitsstjórn.

Þótt unnt sé að stofna Evrópufélag með tvíþættu stjórnkerfi hér á landi þar sem hlutafélög eru talin vera með einþættu stjórnkerfi má fremur búast við að hér yrðu stofnuð Evrópufélög með einþættu stjórnkerfi. Skv. 2. mgr. skulu þá fæst þrír menn sitja í stjórn félagsins, þ.e. sami fjöldi og í stjórnum hlutafélaga hér á landi samkvæmt framansögðu.

Með því að mæla fyrir um fjölda manna í stjórnarstofnunum Evrópufélaga nýtir löggjafinn sér heimild í 4. mgr. 39. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 43. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Lágmarksfjöldi er ákveðinn en ekki talin þörf á að ákveða hámarksfjölda í lögum. Hámarksfjöldinn yrði þá ákveðinn í samþykktum viðkomandi félags.

Ekki er kveðið á um fjölda varamanna í Evrópufélagareglugerðinni. Mætti ákveða fjölda þeirra í samþykktum viðkomandi félags.

Vakin skal athygli á því að skv. 1. mgr. 46. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar er unnt að velja stjórnarmenn til sex ára lengst en fjögur ár er reglan samkvæmt löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög hér á landi.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um framkvæmdastjóra Evrópufélags.

Ákvæði 1. mgr. byggjast á 1. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 43. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar þar sem kveðið er á um skyldu til að hafa framkvæmdastjóra í Evrópufélagi. Hafa má í huga að skylt er að hafa framkvæmdastjóra í hlutafélögum hér á landi. Samkvæmt reglugerðinni getur verið um að ræða einn eða fleiri framkvæmdastjóra en skv. 65. gr. laga nr. 2/1995,um hlutafélög, skal stjórn hlutafélags ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags. Um er að ræða Evrópufélög sem hafa skráða skrifstofu á Íslandi.

Sé Evrópufélagið með einþættu stjórnkerfi eins og vænta má hér á landi þar sem hlutafélög eru talin með einþættu stjórnkerfi skal stjórn félagsins skv. 2. mgr. ráða framkvæmdastjóra. Ef félagið væri með tvíþættu stjórnkerfi mundi framkvæmdastjórnin velja hann. Sé Evrópufélagið með tvíþættu stjórnkerfi má framkvæmdastjórinn ekki eiga sæti í eftirlitsstjórn enda á hún að hafa eftirlit með störfum hans.

Í 3. mgr. segir að nánar sé kveðið á um framkvæmdastjóra og verksvið hans í lögum um hlutafélög. Þetta leiðir af 9.gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Þar segir að um Evrópufélög gildi ákvæði reglugerðarinnar, ákvæði samþykkta með beinni heimild í reglugerðinni og lagaákvæði í því landi þar sem félagið er með skráða skrifstofu. Hér má vísa sérstaklega til 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Þar er kveðið á um að framkvæmdastjóri annist daglegan rekstur félagsins og skuli í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið auk þess sem nánari skýringar eru á hvað felist í daglegum rekstri. Önnur ákvæði laganna geta komið til greina um framkvæmdastjóra í þessu sambandi, t.d. hæfisskilyrði.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um eftirlit í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi.

Í 1. mgr. er aðallega fjallað um eftirlit með störfum framkvæmdastjóra en í 2. mgr. um rétt til upplýsinga til að geta innt af hendi eftirlit með framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn. Ákvæði um eftirlit eftirlitsstjórnar með framkvæmdastjóra er ekki að finna annars staðar í frumvarpi þessu né í Evrópufélagareglugerðinni.

Að því er varðar 2. mgr. um rétt til upplýsinga skal tekið fram að eftirlitsstjórn getur skv. 3. mgr. 41. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar krafið framkvæmdastjórn um þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til þess að sinna eftirliti með störfum framkvæmdastjórnarinnar, sbr. 1. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar. Í málsgreininni er nýtt heimild skv. 3. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar til að gefa sérhverjum eftirlitsstjórnarmanni heimild til að krefjast upplýsinga. Þá er aðeins átt við þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Mundi eftirlitsstjórnin eða eftirlitsstjórnarmaður kveða upp úr um það hvort upplýsingarnar væru þess eðlis að skylt væri að veita þær.

Um 23. gr.

Greinin er um eftirlit í Evrópufélögum með einþættu stjórnkerfi.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði 22. gr. um eftirlit framkvæmdastjórnar í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi með störfum framkvæmdastjóra og rétt hennar til að fá upplýsingar frá honum gildi um eftirlit stjórnar með framkvæmdastjóra í Evrópufélagi með einþættu stjórnkerfi.

Um 24. gr.

Kveðið er á um tillögurétt hluthafa í greininni.

Samkvæmt 1. mgr. getur hluthafi gert kröfu um að eitt eða fleiri ný mál séu tekin á dagskrá hluthafafundar. Skiptir hlutafjáreign hans ekki máli fremur en í lögum um hlutafélög. Með þessu ákvæði er nýtt heimild til að víkja frá aðalreglu Evrópufélagareglugerðarinnar, nánar tiltekið 56. gr., þess efnis að þeir sem óska eftir að viðbótarliðir séu teknir á dagskrá þurfi að ráða yfir minnst 10% skráðs hlutafjár. Skv. 56. gr. reglugerðarinnar skal í landslögum mæla fyrir um málsmeðferð og tímamörk.

Samkvæmt 2. mgr. skal gera skriflega kröfu um hin nýju dagskráratriði.

Í 3. mgr. er kveðið á um tímamörk. Skal krafa um að mál sé tekið til meðferðar á hluthafafundi hafa borist í síðasta lagi fimm vikum fyrir hluthafafund, sbr. 88. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða síðar en þó það snemma að unnt sé að taka málið upp í fundarboð.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um boðun af hálfu stjórnvalds til hluthafafundar í Evrópufélagi. Í samræmi við 54. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, sbr. 55. gr. og 2. mgr. 68. gr. hennar, getur stjórnvald skv. 2.–3. mgr. 87. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, boðað til hluthafafundar hafi eigi verið boðað til hans samkvæmt reglugerðinni, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar. Tilgreindir eru þeir aðilar, m.a. hluthafar, sem geta borið kröfu um fundarboðun samkvæmt lögum um hlutafélög undir viðskiptaráðherra.

Samkvæmt 3. mgr. 55. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, sem gert er ráð fyrir að muni hafa lagagildi hér á landi, er möguleiki á nýrri leið varðandi hluthafafundi, þ.e. viðkomandi stjórnvald getur heimilað hluthöfum, sem fóru fram á fund, eða fulltrúum þeirra að boða til hluthafafundar sem hefur ekki verið haldinn. Einungis er þó um heimild að ræða.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um ráðstafanir gagnvart Evrópufélagi sem er með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum.

Í 1. mgr. kemur fram að Evrópufélag fullnægi ekki skyldum sínum skv. 7. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar ef skráð skrifstofa og aðalskrifstofa félagsins eru í mismunandi EES-ríkjum. Skrifstofurnar þurfa að vera í sama EES-ríki. Skal hlutafélagaskrá staðfesta með sérstakri ákvörðun að ákvæði reglugerðarinnar hafi verið brotin og gefa síðan félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests. Er stjórnvöldum í EES-ríki skylt að gera ráðstafanir gagnvart Evrópufélagi í þessum tilvikum á grundvelli 64. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Skv. 1. mgr. 64. gr. hennar stendur félagið þá frammi fyrir tveimur kostum. Annaðhvort verður það að flytja aðalskrifstofu sína aftur til Íslands, þar sem það væri með skráða skrifstofu, eða flytja skráðu skrifstofuna frá Íslandi í samræmi við málsmeðferð í 8. gr. reglugerðarinnar. Sú grein fjallar um flutning skráðrar skrifstofu Evrópufélags til annars EES-ríkis.

Fari Evrópufélagið ekki að fyrirmælum skv. 1. mgr. um að bæta úr annmarka skal viðkomandi stjórnvald skv. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gera kröfu um að félagið sé

tekið til skipta. Er nú mælt fyrir um að viðskiptaráðherra hafi þetta hlutverk á hendi. Félaginu yrði skipt með sama hætti og hlutafélagi.

Hugtakið aðalskrifstofa er ekki skilgreint í Evrópufélagareglugerðinni. Ekki er heldur talið rétt að skilgreina það í fyrirhuguðum lögum um Evrópufélögin enda yrði það vandkvæðum bundið. Líta þarf til þess að í 48. gr. EB-sáttmálans er talað um skráða skrifstofu félaga, aðalstjórnstöð eða aðalstarfsstöð. Geta dómstólar á EES-svæðinu átt þátt í að móta skýringu á þessum hugtökum.

EES-ríki, þar sem viðkomandi Evrópufélag hefur aðalskrifstofu sína andstætt 7. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, ber einnig viss skylda til aðgerða. Skv. 4. mgr. 64. gr. reglugerðarinnar skulu stjórnvöld í því ríki senda tilkynningu þar að lútandi um málið til ríkisins þar sem Evrópufélagið hefur skráða skrifstofu.

Um 27. gr.

Í greininni eru ýmis ákvæði um málskot til héraðsdóms á ákvörðunum sem teknar hafa verið um málefni Evrópufélaga. Nánar tiltekið er um að ræða:

1. ákvarðanir hlutafélagaskrár varðandi skráningu Evrópufélaga, frávísun umsóknar félagsins um flutningsleyfi og staðsetningu skrifstofa,
2. ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um töku félags til skipta vegna brota á ákvæðum um staðsetningu skrifstofa og loks
3. ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins, annars vegar varðandi samruna og hins vegar varðandi flutning.

Um 28. gr.

Í greininni eru ákvæði um viðurlög með hliðsjón af 1. mgr. 68. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar þar sem segir efnislega að EES-ríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd reglugerðarinnar.

Um 29. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögin um Evrópufélög öðlist gildi hér á landi 8. október 2004, sama dag og Evrópufélagareglugerðin. Þá er gert ráð fyrir gildistöku laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, svo og ýmissa lagaákvæða annarra, á sama tíma. Ekki verður unnt að stofna Evrópufélög hér á landi fyrr en við gildistöku viðkomandi laga og reglugerðarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Evrópufélög.

Með frumvarpi þessu er reglugerð (EB) nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög, innleidd í íslenskan rétt. Markmiðið er einkum að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum EES og stofnun eignarhaldsfélaga og sameiginlegra útibúa. Evrópufélög lúta þeirri skattmeðferð sem almennt gildir um hlutafélög á því svæði þar sem þau eru.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

215. Frumvarp til laga [204. mál]

um vátryggingarsamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. HLUTI

Skaðatryggingar.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Gildissvið I. hluta laganna.

Þessi hluti laganna gildir um samninga um skaðatryggingar.

Með skaðatryggingu er átt við vátryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðra vátryggingu sem ekki er persónutrygging.

Ákvæði I. hluta laganna gilda ekki um endurtryggingar. Viðskiptaráðherra er heimilt að undanskilja með reglugerð greiðsluvátryggingar, efndavátryggingar og aðrar sambærilegar vátryggingar gildissviði laganna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum hluta laganna hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

a. *félagið*, sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita vátryggingu,
b. *vátryggingartaki*, sá sem gerir einstaklingsbundinn samning eða hópvátryggingarsamning við félagið,
c. *vátryggður*, sá sem samkvæmt vátryggingarsamningi á rétt á að krefja um bætur; í ábyrgðartryggingum er hinn vátryggði sá sem nýtur vátryggingarverndar á skaðabótaskyldri háttsemi sinni,
d. *hópvátrygging*, vátrygging þar sem réttindi og skyldur fyrir hópinn sem vátryggingin tekur til eru ákvörðuð með samningi sem vátryggingartaki gerir vegna eða til hagsbóta fyrir þá sem teljast til hópsins,
e. *varúðarreglur*, fyrirmæli í vátryggingarsamningi um:
   1. að vátryggður eða aðrir skuli gera tilteknar ráðstafanir sem fallnar eru til þess að fyrirbyggja eða takmarka tjón eða sjá til þess að þær verði gerðar,
   2. að vátryggður eða aðrir skuli við notkun, geymslu eða viðhald vátryggðs hlutar uppfylla tiltekin skilyrði um hæfni eða hafa tilgreind réttindi,
   3. að vátryggður eða aðrir skuli við notkun, geymslu eða viðhald vátryggðs hlutar, framkvæma það með tilteknum hætti,
f. *vátryggingaratburður*, atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
g. *vátryggingaráhætta*,
   1. þeir hagsmunir sem njóta vátryggingarverndar samkvæmt vátryggingarsamningi ef vátryggingaratburður verður og
   2. þeir þættir eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður,
h. *vátryggingarfjárhæð*, sú fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarsamningi og hagsmunir eru að hámarki vátryggðir fyrir,

i. *vátryggingarverðmæti*, verðmæti vátryggðra muna eða annarra hagsmuna þegar vátryggingaratburður verður,
j. *bundið vátryggingarverð*, fjárhæð sú er samið er um sem fullnaðarbætur fyrir vátryggðan mun, óháð raunverulegu verðmæti hans,
k. *vátryggingarskírteini*, staðfesting vátryggingafélags á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður þar sem fram koma m.a. upplýsingar um hvaða vátryggingu sé um að ræða, vátryggingartaka og vátryggðan, svo og þær upplýsingar sem greinir í 10. gr.

3. gr.

Ófrávíkjanlegar reglur.

Óheimilt er, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum I. hluta laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er í öðrum tegundum vátrygginga en ábyrgðartryggingum skv. 46. gr. heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar:

a. ef rekstraraðilinn hefur við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans fullnægt að minnsta kosti tveimur af eftirtöldum skilyrðum:
   1. hefur fleiri en 10 ársverk á reikningsári,
   2. hefur heildarveltu að fjárhæð meira en 500.000.000 kr. samkvæmt síðasta ársreikningi,
   3. að niðurstöðutala efnahagsreiknings nái 200.000.000 kr. samkvæmt síðasta ársreikningi,
b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
c. vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
d. vátryggðar eru vörur í flutningi milli landa.

Fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. skulu breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu eins og hún var 1. janúar 2002 og skulu fjárhæðirnar svo breyttar gilda í eitt ár.

II. KAFLI
Upplýsingaskylda félagsins.

4. gr.

Upplýsingar við töku vátryggingar.

Við töku vátryggingar skal félagið, eða sá sem kemur fram fyrir hönd þess, veita nauðsynlegar upplýsingar til þess að vátryggingartaki geti metið tilboð þess. Sérstaklega skal það gera grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði vátryggingarinnar eða þeirri vernd er hún veitir.

Þá skal félagið upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála er tengjast vátryggingarsamningum, svo og rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

5. gr.

Tungumál vátryggingarskilmála.

Vátryggingarskilmálar, sem boðnir eru vegna vátryggingaráhættu sem er hérlendis, skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem vátryggingartaki samþykkir og gerir honum kleift, áður en gengið er frá vátryggingarsamningi, að tileinka sér þau ákvæði skilmálanna sem skipta máli um efni þeirra, vátryggingarvernd og þau kjör sem í boði eru.

6. gr.

Upplýsingaskylda um efni löggjafar.

Þegar þörf krefur og áður en gengið er frá vátryggingarsamningi skal félagið, eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd, gefa vátryggingartaka upplýsingar um meginatriði þeirra laga sem um hann gilda. Í þeim tilvikum sem samið er um að lög annars lands gildi um samninginn skal veita vátryggingartaka upplýsingar um efni þeirrar löggjafar.

Val á löggjöf um vátryggingarsamning ásamt staðfestingu á að vátryggingartaki hafi fengið upplýsingar skv. 1. mgr. skal koma fram í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum.

7. gr.

Upplýsingaskylda um félagið sjálft.

Vátryggingartaki skal ávallt upplýstur um heiti og aðsetur þess félags sem vátrygginguna býður og ber vátryggingaráhættuna áður en hann er skuldbundinn samkvæmt vátryggingarsamningi. Upplýsingarnar skulu ávallt koma fram á bréfum og öðrum tilkynningum til vátryggingartaka, svo og heiti og aðsetur aðalstöðva félagsins þegar um útibú er að ræða.

Öll bindandi tilboð, vátryggingarsamningar og ígildi þeirra skulu hafa að geyma upplýsingar um heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaráhættuna og aðalstöðvar þess. Þegar um ábyrgðartryggingu ökutækja er að ræða og veitt er þjónusta án starfsstöðvar skal nafn og heimilisfang þess fulltrúa félagsins sem annast tjónsuppgjör einnig koma fram.

8. gr.

Skilríki.

Hver sá sem hefur með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélags skal við störf sín framvísa fullnægjandi skilríkjum sem útgefin eru af því félagi eða félögum sem hann starfar fyrir.

9. gr.

Skyldur félags við sölu vátrygginga og við tjón.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi aðila skv. 8. gr. sé þannig háttað að við öflun vátrygginga sé gætt hags vátryggingartaka, vátryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Vátryggingafélög skulu sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar.

10. gr.

Vátryggingarskírteini.

Þegar er samningur hefur verið gerður og ákveðið er hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna skal félagið afhenda vátryggingartaka skírteini til staðfestingar á því að samningur sé kominn á og vísa til skilmála hans. Auk skírteinisins skal félagið afhenda vátryggingartaka skilmálana.

Í vátryggingarskírteini skal koma fram:

a. heiti vátryggingar,
b. gildistími vátryggingarsamnings,
c. hverjir séu aðilar að vátryggingarsamningnum,
d. iðgjald vegna vátryggingarinnar og fyrirvarar sem tengjast greiðslu iðgjalds, ef einhverjir eru,

e. fyrirvarar, ef einhverjir eru, um takmörkun á ábyrgð í tengslum við breytingu á áhættu, sbr. 24. og 25. gr.,
f. hvaða varúðarreglur félagið hefur sett, en í því efni getur það vísað til varúðarreglna í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða hliðstæðum fyrirmælum eða reglum, ef sanngjarnt er að ætlast til að vátryggingartaki þekki efni þeirra; þá skal það upplýsa að vátryggður geti fengið eintak varúðarreglna hjá því,
g. hvaða frestur er til þess að tilkynna um vátryggingaratburð þegar hann hefur orðið, sbr. 1. mgr. 51. gr.

Hafi félagið vanrækt skyldur sínar um að veita upplýsingar í samræmi við 2. mgr. getur það aðeins borið fyrir sig hin tilteknu ákvæði ef vátryggingartaka eða vátryggðum var þrátt fyrir það kunnugt um skilmálann.

11. gr.

Upplýsingar við endurnýjun vátryggingar.

Við endurnýjun vátryggingar skal félagið upplýsa um nýja valkosti í vátryggingum þeim sem um ræðir eða viðbótarvernd sem það getur veitt og er tilkomin eftir að vátrygging var tekin eða endurnýjuð síðast.

Ef félagið hefur mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á notkun vátryggðs hlutar eða mælt fyrir um varúðarreglur eða önnur sérstök samningsákvæði skal einnig minna á þau.

12. gr.

Eftirlitsskylda Fjármálaeftirlitsins. Reglugerðarheimild.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að upplýsingaskyldu samkvæmt þessum hluta laganna sé fullnægt.

Viðskiptaráðherra getur sett reglugerð með nánari reglum um upplýsingaskylduna.

III. KAFLI
Vátryggingarsamningurinn o.fl.

13. gr.

Ábyrgðartíminn.

Nú er annað ekki ákveðið í lögum eða samningi og hefst þá ábyrgð félagsins þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins.

Hafi félagið sent skriflegt samþykki til vátryggingartaka hefst ábyrgð þess kl. 0.00 þann dag sem samþykkið var sent, að því tilskildu að beiðni um vátryggingu hafi komið til félagsins í síðasta lagi deginum áður.

Hafi vátryggingartaki sent skriflega beiðni um tiltekna vátryggingu og ljóst er að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina ber það ábyrgð við móttöku hennar.

Ef ábyrgð félagsins á að hefjast á tilteknum degi, án þess að það sé tilgreint nánar, hefst ábyrgðin kl. 0.00 þann dag. Eigi vátrygging að gilda til ákveðins dags en ekki er tiltekið hvenær dags henni lýkur skal litið svo á að henni ljúki kl. 24.00.

14. gr.

Heimild vátryggingartaka til þess að segja upp vátryggingarsamningi.

Nú vill vátryggingartaki segja upp vátryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans og verður hann þá að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því að það sendi venjulega tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Honum er þó ekki skylt að tilkynna félaginu um uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.

Vátryggingartaki getur á vátryggingartíma sagt upp vátryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn.

Sé um hópvátryggingu að ræða er heimilt að víkja frá ákvæði 2. mgr. í vátryggingarsamningi.

15. gr.

Heimild félagsins til að slíta vátryggingarsamningi á vátryggingartímabilinu.

Félagið getur sagt upp vátryggingarsamningi samkvæmt reglum 21. gr. og 3. mgr. 47. gr. Í öðrum tilvikum getur félagið því aðeins sagt upp vátryggingarsamningi að fyrir hendi séu sérstök atvik sem skýrlega eru tilgreind í vátryggingarskilmálum, enda megi telja uppsögnina sanngjarna.

Uppsögnin verður að fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veittu því rétt til uppsagnarinnar. Uppsögnin skal vera skrifleg og rökstudd. Sé ekki ákveðinn skemmri frestur í lögum þessum skal uppsagnarfrestur vera tveir mánuðir hið minnsta.

Félagið skal í tilkynningu um uppsögn skýra frá möguleikum á því að leggja ágreining um hana fyrir úrskurðarnefnd til úrlausnar skv. 141. gr.

Það sem segir um uppsögn í 2. málsl. 1. mgr. gildir einnig um fyrirvara um að vátryggingin skuli falla úr gildi ef tiltekin atvik koma upp.

16. gr.

Breyting á vátryggingarskilmálum á vátryggingartíma.

Félagið getur ekki áskilið sér rétt til að breyta vátryggingarskilmálum á vátryggingartímabilinu.

17. gr.

Uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímabili.

Nú er vátryggingarsamningi slitið á vátryggingartímabilinu og skal vátryggingartaki þá fá endurgreitt iðgjald fyrir þann tíma sem hann hefur greitt og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þótt félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í skilmálum vátryggingarinnar skulu vera reglur um útreikning iðgjalds fyrir slík tilvik eða vísað til slíkra reglna.

18. gr.

Endurnýjun og breyting á vátryggingarskilmálum við endurnýjun vátryggingar.

Nú á vátrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja hana fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist vátryggingartímabilið í eitt ár.

Félagið getur einungis neitað að endurnýja vátryggingu skv. 1. mgr. þegar fyrir liggja sérstakar ástæður sem leiða til þess að sanngjarnt er að segja henni upp. Þegar synjað er um endurnýjun gilda ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. sömu greinar. Það sem segir í þessari málsgrein á ekki við ef ótvírætt er af vátryggingarsamningi að vátryggingin skuli falla úr gildi þegar vátryggingartímabilinu lýkur.

Vilji félagið breyta skilmálum vátryggingarinnar við endurnýjun hennar skal það, um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta vátryggingartímabil, afhenda vátryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Séu settar

nýjar varúðarreglur skal félagið afhenda vátryggingartaka eintak af nýju reglunum og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri reglum. Heimilt er að vísa til varúðarreglna ef sanngjarnt er að ætlast til að vátryggingartaki þekki til efnis þeirra. Í þeim tilvikum skal upplýst að félagið muni afhenda vátryggingartaka eintak varúðarreglnanna, sem vísað er til, sé þess óskað. Félagið getur ekki borið fyrir sig skilmálabreytingu ef reglum þessarar málsgreinar er ekki fylgt.

IV. KAFLI
Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.

19. gr.
Skylda vátryggingartaka til að veita upplýsingar um áhættuna.

Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings getur félagið óskað eftir upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal skriflegt, upplýst samþykki viðkomandi liggja fyrir áður en upplýsinganna er aflað. Vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Verði vátryggingartaka ljóst að hann hefur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna skal hann án ástæðulauss dráttar skýra félaginu frá því.

20. gr.
Takmörkun á ábyrgð félagsins vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. gr. og vátryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð gagnvart honum.

Hafi vátryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanræksla vátryggingartaka hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sök hans var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

21. gr.
Réttur félagsins til að segja upp vátryggingunni þegar rangar upplýsingar hafa verið veittar.

Nú verður félaginu ljóst að þær upplýsingar sem það hefur fengið um áhættuna eru rangar eða ófullnægjandi svo verulegu nemi og getur það þá sagt vátryggingunni upp með 14 daga fyrirvara. Regla 2. mgr. 15. gr. gildir um uppsögnina. Hafi vátryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið vátryggingunni, svo og öðrum vátryggingarsamningum sem það hefur gert við vátryggingartaka, án fyrirvara.

22. gr.
Takmarkanir á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig ófullnægjandi upplýsingar.

Félagið getur ekki borið fyrir sig að það hafi fengið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar ef það vissi, eða mátti vita, að svo var þegar það fékk þær. Sama gildir ef atvik þau er upplýsingarnar varða skiptu ekki máli fyrir félagið eða gera það ekki lengur. Ef háttsemi vá-

tryggingartaka er sviksamleg á framangreind takmörkun 1. málsl. því aðeins við að félagið hafi vitað að upplýsingarnar sem það fékk voru rangar eða ófullnægjandi.

23. gr.

Takmörkun á ábyrgð vegna atvika sem eru óljós og ekki er hægt að upplýsa.

Ef félagið á af sérstökum ástæðum ekki kost á því að afla upplýsinga um tiltekin atvik getur það gert fyrirvara um að bera ekki ábyrgð á þeim atvikum eða takmarkað ábyrgð sína á þeim. Sé unnt að afla upplýsinganna að ákveðnum tíma liðnum gildir ábyrgðartakmörkunin aðeins þann tíma.

24. gr.

Takmörkun á ábyrgð vegna breytinga á vátryggðri áhættu.

Félagið getur gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef tiltekin atvik, sem hafa verulega þýðingu fyrir hina vátryggðu áhættu, breytast. Slíkan fyrirvara má þó ekki gera ef vátryggður hvorki vissi né mátti vita að atvik breyttust eða ef það að vátryggingaratburður verður er vegna annarra ástæðna en hinna breyttu atvika.

25. gr.

Fyrirvari um lækkun bóta vegna breytinga á vátryggðri áhættu.

Félagið getur gert fyrirvara um að ábyrgð þess á vátryggingaratburði skuli lækka að tiltölu ef ákvörðun iðgjalds er skýrlega háð því hvernig hinn vátryggði hlutur er notaður og að fylgt sé ákveðnum varúðarreglum.

Fyrirvara, sem greinir í 1. mgr., verður ekki beitt ef breytingar á vátryggðri áhættu eru ekki orsök vátryggingaratburðar. Honum verður heldur ekki beitt ef þær eru hvorki af völdum vátryggðs né með samþykki hans og hann hefur gert þær ráðstafanir sem sanngjarnar má telja til að upplýsa félagið um þær án ástæðulauss dráttar frá því að hann vissi um þær.

26. gr.

Brot á varúðarreglum.

Félagið getur gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

27. gr.

Vátryggður veldur vátryggingaratburði.

Ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð. Ef vátryggður hefur ekki viðhaft sviksamlega háttsemi má þó leggja ábyrgð að hluta á félagið.

Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Félagið getur ekki borið fyrir sig að vátryggður hafi valdið vátryggingaratburði ef háttsemi hans telst ekki ásetningur eða stórkostlegt gáleysi.

Félagið getur ekki borið fyrir sig reglurnar í þessari grein ef vátryggður, eða sá sem skv. 29. gr. er samsamaður honum, gat vegna aldurs eða andlegs ástands ekki gert sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar.

28. gr.

Skylda vátryggðs til að hindra vátryggingaratburð og tilkynna um hann.

Sé yfirvofandi hætta á að vátryggingaratburður verði, eða ef hann er orðinn, skal vátryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón.

Megi vátryggðum vera ljóst að félagið gæti öðlast endurkröfu á hendur þriðja manni skal hann gera það sem nauðsyn krefur og með sanngirni má ætlast til af honum til að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

Hafi vátryggingaratburður orðið skal vátryggður skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

Hafi orðið tjón vegna þess að vátryggður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar skv. 1.–3. mgr. má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á því skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti.

29. gr.

Háttsemi ættingja vátryggðs, aðstoðarmanna hans og annarra sem tengjast honum með svipuðum hætti.

Í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má semja svo um að:

a. við vátryggingu ökutækja, annarra farartækja eða loftfara og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða,
b. við vátryggingu íbúðarhúsnæðis, orlofshúsnæðis og innbús megi félagið bera fyrir sig háttsemi maka hins vátryggða sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi.

Í vátryggingum sem tengjast atvinnustarfsemi má, með þeim takmörkunum sem leiðir af 1. mgr. 41. gr., semja um að vátryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða að hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa.

30. gr.

Ráðstafanir sem gerðar eru til að forðast tjón á mönnum eða munum.

Félagið getur ekki borið fyrir sig ákvæði 26.–29. gr., ef sú háttsemi sem um ræðir fól í sér viðleitni til þess að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum og telja má hana hafa verið réttlætanlega miðað við aðstæður.

31. gr.

Tilkynningarskylda félagsins ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð.

Nú hyggst félagið bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum þessa kafla, eða það hafi rétt til þess að segja upp vátryggingunni, og skal það þá til-

kynna vátryggingartaka eða vátryggðum þá afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Í þessu sambandi skal félagið einnig upplýsa um möguleika til þess að bera álitaefni undir úrskurðarnefnd skv. 141. gr.

Vanræki félagið upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. glatar það rétti til að bera ábyrgðartakmörkun fyrir sig.

V. KAFLI
Iðgjaldið.

32. gr.
Gjalddagi, fyrsta tilkynning.

Þegar greiðsla iðgjalds er ekki skilyrði þess að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist fellur það í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist samkvæmt samningnum. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans. Hafi ábyrgð félagsins hafist helst hún áfram þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan hins tilgreinda frests.

33. gr.
Greiðsludráttur á iðgjaldi, síðari tilkynningar.

Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 32. gr. og félagið ber ábyrgð getur það losnað undan henni með því að senda nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Tilkynningin skal skýrlega bera með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests.

Nú er sýnt fram á að vátryggingartaki hafi ekki getað greitt fyrir lok frests skv. 1. mgr. vegna ófyrirséðra hindrana sem honum verður ekki um kennt og helst þá ábyrgð félagsins í þrjá mánuði til viðbótar eftir lok frestsins.

Ef iðgjaldið er greitt eftir lok greiðslufrestsins í 1. mgr. ber að líta á greiðsluna sem ósk um nýja vátryggingu. Regla 3. mgr. 13. gr. gildir þá með sama hætti, en ábyrgð félagsins hefst þó fyrst daginn eftir að iðgjaldið er greitt.

34. gr.
Hvenær telja ber greiðslu innta af hendi.

Þótt félagið hafi ekki móttekið greiðslu skal líta svo á að hún hafi verið innt af hendi þegar:

Vátryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát vátryggingartaka, rennur til maka hans. Þetta gildir þó ekki hafi fyrir andlát hans verið veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, eða kveðinn upp dómur um það eða hjúskapurinn ógiltur, þótt slík úrlausn sé ekki endanleg eða hafi öðlast réttaráhrif. Vátryggingarfjárhæð, eða hluti hennar, sem fellur til maka, telst ekki til þeirra eigna sem skipta á að jöfnu eftir 93. gr., sbr. 103. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, ef eftirlifandi maki yfirtekur ekki búið óskipt í samræmi við II. kafla erfðalaga, nr. 8/1962.

Vátryggingarfjárhæð, eða hluti hennar, sem fellur ekki til maka samkvæmt ákvæði 2. mgr., fellur til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Nú sat vátryggingartaki í óskiptu búi skv. II. kafla erfðalaga, og telst vátryggingarfjárhæðin þá til þeirra eigna sem skipta skal jafnt milli erfingja hins skammlífari og hins langlífari, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. erfðalaga.

Sé greiðsla vátryggingarfjárhæðar í heild eða að hluta háð því að tilteknir menn séu á lífi fellur greiðslan til þeirra.

Hafi fleiri en einn tekið vátryggingu sameiginlega og vátryggingarfjárhæðin kemur til greiðslu þegar sá fyrsti þeirra deyr fellur vátryggingarfjárhæðin til þess eða þeirra vátryggingartaka sem eru á lífi. Séu fleiri en einn á lífi, skiptist fjárhæðin jafnt á milli þeirra sé ekki um annað samið.

Vátryggingarfjárhæð, sem kemur til greiðslu af öðru tilefni en við andlát vátryggingartakans, fellur til hans.

101. gr.

Tilnefning rétthafa.

Vátryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri rétthafa að vátryggingarfjárhæð ásamt ágóðahlutdeild, sem kann að verða, eða hluta af vátryggingarfjárhæðinni, þegar hún kemur til greiðslu. Sé vátryggingartaki í hjúskap ber að tilkynna maka hans um tilnefningu rétthafa, sbr. 105. gr.

Tilnefningu rétthafa má afturkalla nema vátryggingartaki hafi lýst því yfir við hann að hún sé óafturkallanleg.

102. gr.

Aðferð við tilnefningu rétthafa.

Tilnefningu rétthafa og afturköllun hennar verður að tilkynna félaginu skriflega. Við töku vátryggingar er þó hægt að upplýsa félagið um tilnefninguna með öðrum hætti.

Nú er í erfðaskrá gerð ráðstöfun tengd vátryggingu og ber þá að líta á hana sem tilnefningu á rétthafa eða afturköllun tilnefningar.

Tilnefning eða afturköllun á henni, sem ekki er gerð eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., er ógild.

103. gr.

Túlkunarreglur.

Sé ekki annað ákveðið eða það leiði af atvikum gildir eftirfarandi:

a. Tilnefning á rétthafa tekur aðeins til þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem fellur til við andlát.
b. Hafi vátryggingartaki tilnefnt fleiri en einn rétthafa gildir 53. gr. erfðalaga um það.
c. Ef rétthafi deyr á undan vátryggðum skal vátryggingarfjárhæðin renna til lögerfingja rétthafans.
d. Sé maki vátryggðs tilnefndur sem rétthafi gilda ákvæði 2. mgr. 100. gr. laga þessara.
e. Séu erfingjar vátryggðs tilnefndir tekur það einnig til bréferfingja.
f. Sé vátryggingin veðsett við andlát vátryggingartaka víkur rétthafi fyrir veðhafanum.

104. gr.

Réttur samkvæmt vátryggingarsamningi þegar rétthafi er tilnefndur.

Tilnefning rétthafa felur ekki í sér takmörkun á ráðstöfunarrétti vátryggingartaka yfir vátryggingunni eða rétti samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé vátrygging veðsett stendur rétthafinn að baki veðhafanum, sé ekki um annað samið.

Sé tilnefning rétthafa óafturkallanleg hefur vátryggingartaki ekki heimild til þess að ráðstafa rétti samkvæmt vátryggingarsamningi þannig að það horfi til tjóns fyrir rétthafann.

Nú hefur vátryggingaratburður ekki orðið og getur rétthafinn þá ekki ráðstafað rétti sínum samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé vátryggingartakinn látinn og vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar yfirfærast öll réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi til rétthafans nema annað leiði af atvikum.

105. gr.

Tilnefningu rétthafa hnekkt eftir kröfu þeirra sem hafa verið á framfæri vátryggingartaka.

Sé það bersýnilega ósanngjarnt gagnvart maka eða öðrum skylduerfingjum, sem voru á framfæri vátryggingartaka eða hann var skuldbundinn til að framfæra og hefðu ella átt kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr., að vátryggingarfjárhæðin renni til rétthafa getur sá er framfærslu naut eða átti að njóta krafist þess að vátryggingarfjárhæðin verði greidd sér í heild eða að hluta. Við úrlausn þessa skal einkum líta til ástæðna tilnefningarinnar, þarfa þess er framfærslu naut eða átti að njóta, þarfa rétthafans og hvort sá fyrrnefndi hafi fengið tilkynningu um tilnefninguna innan sanngjarns frests fyrir andlátið.

Reglur 1. mgr. eiga einnig við um aðra skylduerfingja þegar makinn á kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 2. mgr. 100. gr.

Kröfur skv. 1. og 2. mgr. verður að hafa uppi með málshöfðun gegn rétthafanum eða makanum innan árs frá andlátinu.

Ef rétthafinn eða makinn hefur fengið vátryggingarfjárhæðina greidda er hann ekki skuldbundinn til að endurgreiða meira af henni en þá upphæð sem eftir var þegar viðkomandi fékk upplýsingar um kröfuna.

106. gr.

Framsal vátryggingarinnar.

Ef vátrygging er framseld yfirfærast réttindin samkvæmt vátryggingarsamningi til framsalshafa, sé ekki um annað samið. Við framsalið falla fyrri tilnefningar á rétthöfum niður nema um annað sé samið eða það leiði af aðstæðum.

107. gr.

Veðsetning vátryggingarinnar.

Höfuðstólstryggingu má veðsetja. Veðrétturinn felur í sér heimild til að fá vátryggingarfjárhæðina greidda þegar hún fellur til og réttinn til að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar. Ágóðahlutdeild sem við kann að bætast telst ekki til hins veðsetta nema um það sé samið.

Án samþykkis veðhafa getur félagið ekki greitt gjaldfallnar greiðslur samkvæmt vátryggingunni, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um samningsveð.

Nú er veðkrafa fallin í gjalddaga og getur veðhafinn þá krafist þess að endurkaupsverð vátryggingarinnar verði greitt sér að því leyti sem þarf til fullnustu veðkröfunnar. Veðhafinn skal þó gefa veðþola tveggja mánaða frest til að greiða veðkröfuna eða greiða fjárhæð sem svarar til endurkaupsverðsins. Veðhafinn á ekki rétt á því að fá fullnustu veðkröfunnar með öðrum hætti.

Sé vátrygging veðsett við andlát vátryggðs og ef dánarbúið greiðir veðkröfuna getur það krafist endurgreiðslu af vátryggingarfjárhæðinni nema annað leiði af aðstæðum.

108. gr.

Brottfall réttar til að krefjast vátryggingabóta.

Ákvæði 23. gr. erfðalaga gilda um þann sem á rétt til vátryggingabóta samkvæmt þessum kafla. Hið sama á við um vátryggingarbætur sem greiddar eru vegna örorku sem er afleiðing háttsemi sem tilvitnað ákvæði erfðalaga tekur til. Við vátryggingu á lífi óvenslaðs manns falla greiðslur sem ekki renna til vátryggingartakans til vátryggðs eða til erfingja hans ef hinn vátryggði er látinn samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 100. gr.

109. gr.

Lífeyristrygging.

Reglur þessa kafla gilda um lífeyristryggingu sé annað ekki ákveðið í lögum eða vátryggingarskilmálum.

XVI. KAFLI

Réttarsambandið við skuldheimtumenn.

110. gr.

Almennar reglur um rétt skuldheimtumanna.

Hafi vátrygging ekki verið framseld öðrum en maka vátryggingartaka eða hinum vátryggða getur réttur samkvæmt vátryggingarsamningi ekki orðið andlag fullnustu skuldheimtumanna fyrr en eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Ef skuldheimtumenn framsalshafa leita fullnustu í réttindum samkvæmt vátryggingunni gilda ákvæði 3. mgr. 107. gr.

Vátryggingarfjárhæð sem greiðast skal við andlát verður ekki andlag fullnustu af hálfu skuldheimtumanna hins látna nema annað hafi verið ákveðið við tilnefningu rétthafa. Ákvæði 4. mgr. 107. gr. gilda um slík tilvik.

Ef vátryggingarfjárhæð kemur til greiðslu af öðrum ástæðum en vegna andláts vátryggðs geta skuldheimtumenn hans ekki leitað fullnustu í kröfu hans gegn félaginu í eitt ár frá því að hún kom til greiðslu. Hið sama á við um skuldheimtumenn maka er maki vátryggðs öðlast rétt til fjárhæðarinnar þegar hún kemur til greiðslu.

Við lífeyristryggingu geta skuldheimtumenn þess er lífeyris nýtur leitað fullnustu í lífeyrisgreiðslum til hans með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum 47. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

111. gr.

Riftun iðgjaldagreiðslu við gjaldþrotaskipti o.fl.

Þrotabú vátryggingartaka, skuldari ef nauðasamningur kemst á og skuldafrágöngubú geta krafist endurgjalds af félaginu fyrir greiðslu iðgjalds sem innt er af hendi á síðustu þremur árum fyrir frestdag skv. 2. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, að því leyti sem iðgjaldsgreiðslan, þegar hún fór fram, var bersýnilega ósanngjörn miðað við fjárhagsstöðu vátryggingartakans og atvik að öðru leyti. Endurgjaldið á að nema aukningu á verðmæti vátryggingarinnar sem á rætur að rekja til hinnar bersýnilega ósanngjörnu iðgjaldagreiðslu. Greiðsla iðgjalds í lífeyristryggingum, að því marki sem iðgjaldið var eða gat verið frádráttarbært við ákvörðun tekjuskattsstofns vátryggingartaka, skal ekki teljast ósanngjörn samkvæmt reglum þessarar málsgreinar.

Nú vill þrotabú, skuldari eftir að nauðasamningur hefur komist á eða skuldafrágöngubú hafa uppi endurgreiðslukröfu gegn félaginu og skal það þá einnig tilkynna vátryggingartaka og þeim sem á kröfu á vátryggingarfjárhæðinni, þegar hún fellur til, um kröfuna.

Ef vátryggingarfjárhæðin hefur verið greidd getur búið krafist fjárhæðarinnar sem nefnd er í 1. mgr. frá þeim sem fengið hefur vátryggingarfjárhæðina greidda. Ákvæði 4. mgr. 105. gr. gildir eftir því sem við getur átt um slíkar greiðslur.

Sé vátrygging veðsett og ef veðsetningin er skráð í síðasta lagi daginn fyrir frestdag skv. 2. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er ekki unnt að hafa uppi endurgreiðslukröfu samkvæmt þessari grein í bága við hagsmuni veðhafa. Hafi vátryggingartaki framselt vátrygginguna eða tilnefnt með óafturkallanlegum hætti rétthafa gildir það sama að því leyti sem framsalshafi eða rétthafinn hafa greitt endurgjald fyrir réttinn.

Hafi rétthafi eða annar sem nýtur verndar skv. 1. mgr. 110. gr. greitt iðgjald gilda ákvæði 1.–4. mgr. á sama hátt um samband þeirra við skuldheimtumenn.

XVII. KAFLI
Skráning líftrygginga.

112. gr.

Líftryggingarskrá.

Líftryggingafélag skal halda skrá um þá líftryggingarsamninga sem það gerir. Í skránni skulu koma fram eftirfarandi atriði um hvern einstakan samning:

a. vátryggingarskilmálar sem gilda um samninginn,
b. réttindi sem ákveðin eru um greiðslur í framtíðinni,
c. iðgjaldagreiðslur og
d. hver sé vátryggingartaki og hver sé vátryggður.

Hafi einhver öðlast rétt til vátryggingarinnar skal félagið samkvæmt kröfu skrá það. Ef rétturinn til vátryggingarinnar byggist á frjálsri ráðstöfun er það skilyrði skráningar að ráð-

stöfunin sé gerð af þeim sem samkvæmt skránni er vátryggingartaki. Félagið skal tilkynna um skráninguna til vátryggingartaka og til eiganda réttinda.

Hafi áður verið skráður annar rétthafi má krefjast þess að sú skráning sé afmáð ef lagðar eru fram sannanir um að rétturinn hafi fallið brott eða að eigandi réttindanna samþykki það.

Afturkallanlega tilnefningu rétthafa má skrá eða afmá, enda sé það gert að beiðni þess sem samkvæmt líftryggingarskrá er tilgreindur sem vátryggingartaki. Tilkynning vátryggingartaka skv. 1. mgr. 102. gr. telst beiðni um skráningu eða um að afmá hana.

Sé bú vátryggingartaka tekið til opinberra skipta skal það skráð að kröfu skiptastjóra, sbr. 54. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Ef heimild til að leita nauðasamnings hefur verið veitt, eða ef bú vátryggingartaka hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, skal skrá búið að kröfu tilsjónarmanns eða skiptastjóra, sbr. 43. og 87. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hið sama á við ef vátryggingartaki er sviptur lögræði, sbr. 58. og 67. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997.

Krafa um skráninguna skal færð í dagbók sama dag og hún kemur til félagsins og í skrána eins fljótt og kostur er.

113. gr.

Endurrit.

Vátryggingartaki, maki hans, vátryggður, rétthafi samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu, veðhafi í vátryggingu eða í framveðrétti í vátryggingu, skiptastjóri eða tilsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum getur krafist endurrits af því sem skráð er í líftryggingarskrá.

Endurrit skv. 1. mgr. skal aðeins hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir þann sem krefst þess. Að öðru leyti hefur félagið þagnarskyldu um efni líftryggingarskrár.

Viðskiptaráðherra skal setja nánari reglur um efni endurrits samkvæmt þessari grein.

114. gr.

Ósamþýðanleg réttindi.

Skráð réttindi yfir vátryggingu ganga framar réttindum sem ekki eru skráð í dagbók í síðasta lagi sama dag ef þau eru ósamþýðanleg. Séu fleiri réttindi skráð í dagbók sama dag eru þau jafnrétthá.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. mgr. ganga eldri réttindi framar yngri ef til hinna yngri er stofnað með frjálsri ráðstöfun og framsalshafi vissi eða mátti vita um hinn eldri rétt þegar réttur hans var skráður í dagbók.

115. gr.

Staða grandlauss eiganda réttinda gagnvart félaginu.

Nú hefur maður í góðri trú fengið skráð réttindi sem reist eru á samningi. Getur þá félagið ekki haft uppi aðrar mótbárur gagnvart honum en þær sem reistar eru á upplýsingum þeim er koma fram í tilkynningu til rétthafa skv. 2. mgr. 112. gr. Félagið getur þó haft uppi mótbárur sem reistar eru á:

a. atvikum sem greinir í XIII. kafla og félagið vissi fyrst um eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send,
b. að iðgjaldagreiðsla sé vanefnd eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send, sbr. þó 98. gr., eða
c. að félagið hafi greitt gjaldfallna lífeyrisgreiðslu eða aðra greiðslu sem samkvæmt samningi átti að greiðast í tiltekinn fjölda ára þótt greiðslan hafi verið innt af hendi áður en tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send.

116. gr.

Greiðsla vátryggingarfjárhæðar til þess sem telst rétthafi.

Hafi félagið í góðri trú greitt vátryggingarfjárhæðina eða endurkaupsverðið til þess sem skráður er rétthafi í líftryggingarskrá eða á rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr. verður því ekki borið við gagnvart félaginu að annar hafi átt betri rétt en sá er greiðsluna fékk.

117. gr.

Mótbárumissir þess sem kann að eiga rétt.

Nú hefur maður í góðri trú skráð réttindi er stofnað hefur verið til með samningi við þann sem samkvæmt líftryggingarskrá er vátryggingartaki og er þá ekki unnt að bera því við að réttindi hans byggist á ógildu framsali. Þetta á þó ekki við ef ógildingarástæðan er fölsun, ólögræði, geðveiki eða meiri háttar nauðung sem tilgreind er í 28. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

118. gr.

Ráðstafanir vátryggingartaka.

Það sem segir í þessum kafla um ráðstafanir vátryggingartaka gildir einnig um ráðstafanir sem gerðar eru af þeim er eiga takmörkuð réttindi í vátryggingunni.

119. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um líftryggingarskrá.

XVIII. KAFLI

Bótauppgjör, fyrning o.fl.

120. gr.

Upplýsingaskylda við uppgjör bóta.

Sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn félaginu skal veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingarfjárhæðina.

Sá sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til glatar öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta. Ákvæði 93. gr. gildir eftir því sem við getur átt.

Í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr. getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara. Ákvæði 3. mgr. 76. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

121. gr.

Greiðsla bóta eða vátryggingarfjárhæðar.

Krafa um bætur eða vátryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út endanlega fjárhæð bóta. Eigi félagið að bæta örorku er heimilt í vátryggingarskilmálum að kveða nánar á um mat á örorkunni.

Ef augljóst er áður en endanlegt uppgjör fer fram að félaginu ber að greiða að minnsta kosti hluta af bótum þeim sem gerð er krafa um skal það inna af hendi hlutagreiðslu sem því nemur.

122. gr.

Heimild félagsins til að skuldajafna.

Félagið hefur einungis rétt til þess að skuldajafna við bótagreiðslur eða vátryggingarfjárhæðina vangoldnu iðgjaldi vegna þeirrar vátryggingar sem um ræðir eða annarra sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu.

Þegar greiða á bætur eða vátryggingarfjárhæð til annars en vátryggingartaka er félaginu aðeins heimilt að skuldajafna iðgjaldi vegna sama vátryggingarsamnings. Ef greiða á fleirum en einum ber að beita skuldajöfnuði hlutfallslega gagnvart þeim öllum.

123. gr.

Vextir.

Félagið skal greiða almenna vexti af bótum eða vátryggingarfjárhæð þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send því.

Eigi félagið að bæta útlagðan kostnað stofnast skylda til greiðslu almennra vaxta fyrst tveimur mánuðum eftir að kostnaður hefur verið greiddur. Ef félagið á að greiða dagpeninga eða þess háttar skal greiða vexti að liðnum mánuði eftir að það tímabil er liðið sem félagið á að greiða dagpeninga fyrir. Ef félagið á að greiða tiltekna fjárhæð og gjalddagi er ákveðinn fyrir fram skal reikna vexti frá gjalddaga.

Ef rétthafi bóta eða vátryggingarfjárhæðar vanrækir að veita upplýsingar eða afhenda gögn sem nefnd eru í 1. mgr. 120. gr. getur hann ekki krafist vaxta fyrir þann tíma sem líður vegna þess. Hið sama á við ef eigandi réttar gagnvart félaginu hafnar með óréttmætum hætti uppgjöri í heild eða að hluta.

Nú er krafa um bætur miðuð við verðlag eftir að vátryggingaratburður varð og skal þá krafan bera vexti samkvæmt framansögðu sem miðast við það tímamark.

Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga.

Vexti skal greiða þótt greiðsla félagsins í heild verði með því hærri en vátryggingarfjárhæð. Í vátryggingarskilmálum skal vekja athygli á rétti til vaxta samkvæmt þessari grein.

124. gr.

Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa- eða sjúkratryggingum og til lögfræðilegra aðgerða.

Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysa- eða sjúkratryggingu glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina. Í tilkynningu félagsins verður að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert. Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905, gilda eftir því sem við getur átt um slit á frestum.

125. gr.

Fyrning.

Krafa um vátryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum og aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum, en aðrar kröfur á 10 árum, eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð. Hafi félagið í slysa- eða sjúkratryggingum sent tilkynningu skv. 2. mgr. 124. gr. fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.

Krafa samkvæmt lífeyristryggingu fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta lífeyrisgreiðsla var innt af hendi. Hafi ekki verið inntar af hendi neinar greiðslur hefst fresturinn á þeim degi er rétthafinn gat krafist fyrstu greiðslu. Krafa um gjaldfallnar greiðslur fyrnist auk þess að liðnum fjórum árum frá gjalddaga.

Að öðru leyti gilda reglur laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905. Frestur sá sem tilgreindur er í 3. málsl. 1. mgr. framlengist þó ekki skv. 15. gr. þeirra laga.

XIX. KAFLI

Sérstakar reglur um hópvátryggingar.

126. gr.

Tengsl við önnur ákvæði laganna.

Ef ekki leiðir annað af reglum þessa kafla gilda aðrar reglur þessa hluta laganna einnig um hópvátryggingar, að því leyti sem við getur átt.

127. gr.

Efni hópvátryggingarsamnings.

Í samningi um hópvátryggingu skal eftirfarandi koma fram:

a. greiðslur félagsins samkvæmt samningnum,
b. hvort heimilt sé að áskilja sér rétt til að vera ekki þátttakandi í hópnum,
c. hverjir séu eða geti orðið þátttakendur í hópnum,
d. hvernig bera eigi sig að til þess að verða þátttakandi í hópnum, áskilja sér rétt til þess að verða það ekki eða hætta þátttöku í hópnum,
e. hvort haldin skuli skrá yfir þátttakendur, og ef svo er, hvort skráin skuli haldin af vátryggingartaka eða félaginu,
f. hvort iðgjaldið skuli greiðast félaginu af vátryggingartaka eða hverjum einstökum þátttakanda,
g. skyldur vátryggingartaka í tengslum við tilkynningar til eða frá þátttakendum,
h. hver eigi kröfu á vátryggingarfjárhæðinni ef vikið er frá reglum 100. gr.,
i. hvaða skilyrði verða að vera fyrir hendi til þess að ábyrgð félagsins hefjist og henni verði haldið við og
j. heimildir þátttakenda til þess að ráðstafa rétti sínum samkvæmt vátryggingarsamningi, sbr. 137. og 138. gr.

Samningur um hóplífeyristryggingu skal kveða á um hvort hagnaður af henni renni til vátryggingartaka eða þátttakendanna.

128. gr.

Upplýsingar um vátrygginguna.

Félagið og vátryggingartaki skulu tryggja með fullnægjandi hætti að þeir sem eru eða geta orðið þátttakendur í hópnum fái upplýsingar um atvik sem nefnd eru í 127. gr. og um við-

bótarvátryggingar sem gæti verið heppilegt fyrir þá að afla sér. Upplýsingar þessar skal gefa þegar hópvátryggingu hefur verið komið á og síðar er efni standa til. Ef skilmálarnir koma ekki fram í vátryggingarsamningnum skal einnig upplýsa viðkomandi um þá.

129. gr.

Vátryggingarskírteini.

Sé haldin skrá skv. e-lið 1. mgr. 127. gr. um þátttakendur í hópnum skal sá sem heldur skrána án ástæðulauss dráttar sjá til þess að hver sá sem verður þátttakandi fái vátryggingarskírteini og þá skilmála sem um vátrygginguna gilda.

Nú hefur maður fengið vátryggingarskírteini og er þá hvorki unnt að bera því við gegn honum að hann uppfylli ekki skilyrði til þess að vera þátttakandi í hópnum sem vátrygging tekur til, né að hann eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem fram koma í skírteininu. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir skýrlega af vátryggingarskírteini að hann uppfylli ekki skilyrðin eða eigi ekki rétt á greiðslunum. Þetta á heldur ekki við ef félagið getur losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum 83. gr. eða ef það hefur sent aðvörun um slit vátryggingarinnar eða breytingu á skilmálum skv. 131. eða 133. gr.

130. gr.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

Sé ekki um annað samið eða leiði af atvikum hefst ábyrgð félagsins þegar samningurinn er gerður.

Fyrir þann sem síðar verður þátttakandi í hópnum telst upphaf ábyrgðar félagsins vera þegar send er tilkynning um aðild hans samkvæmt samningnum eða greitt iðgjald fyrir hann eða, sé tilkynningar ekki krafist, þegar hann uppfyllir skilyrði þess að vera þátttakandi.

Ákvæði 4. mgr. 74. gr. gildir eftir því sem við getur átt.

131. gr.

Lok vátryggingarinnar.

Þegar þátttakandi í hópi sem nýtur hópvátryggingar, og skrá er haldin yfir, hættir í hópnum fellur vátrygging niður að því er hann varðar í fyrsta lagi 14 dögum eftir að félagið eða vátryggingartaki sendir honum skriflega tilkynningu. Í hópvátryggingu þar sem ekki er haldin skrá yfir þátttakendur í hópnum, eða þegar skrifleg tilkynning er ekki send, fellur vátryggingin fyrst niður tveimur mánuðum eftir að þátttakandinn hætti í hópnum. Verði vátryggingaratburður sem félagið ber ábyrgð á skv. 1. eða 2. málsl. getur það dregið frá bótum að því leyti sem hann nýtur sambærilegrar vátryggingar og fær bætur samkvæmt henni.

Ef vátryggingartaki eða félagið segir upp eða endurnýjar ekki vátrygginguna eða ef ábyrgð félagsins fellur niður vegna vangreiðslu vátryggingartaka á iðgjaldi skal þátttakendum í hópnum tilkynnt það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti. Fyrir hvern einstakan þátttakanda fellur vátryggingin niður í slíkum tilvikum í fyrsta lagi einum mánuði eftir að tilkynning er send eða hann fékk með öðrum hætti vitneskju um atvik. Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. gildir eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um vátryggingu sem samkvæmt efni sínu er einungis tímabundin.

132. gr.

Réttur þátttakanda til að viðhalda líftryggingu.

Þegar hóplíftryggingu lýkur hafa þátttakendur í hópnum, hver um sig, rétt til þess að halda áfram vátryggingunni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi án þess að veita nýjar

heilsufarsupplýsingar. Sama rétt hefur þátttakandi sem af öðrum ástæðum en vegna aldurs hættir í hópi þeim sem vátrygging tekur til. Viðkomandi skal með skriflegum eða með öðrum fullnægjandi hætti tilkynnt um möguleika hans til þess að halda vátryggingunni áfram. Vilji þátttakandinn hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins hefur fallið niður.

133. gr.

Breyting á skilmálum.

Félagið getur gert fyrirvara um að það megi breyta skilmálum og iðgjaldi á vátryggingartímanum.

Ef skilmálum vátryggingarinnar verður breytt með þeim hætti að það rýri stöðu þátttakendanna gilda reglur 2. mgr. 131. gr.

134. gr.

Tilkynningar til þátttakenda og frá þeim.

Nú er tilkynning vegna vátryggingar send vátryggingartaka og er þá ekki unnt að bera fyrir sig að hún hafi ekki komið til félagsins. Þetta á þó ekki við ef þátttakandinn hafði ástæðu til að ætla að tilkynningin hefði ekki komið til félagsins og hann átti þess kost að tilkynna því um það.

Hafi vátryggingartaka verið skylt samkvæmt þessum lögum eða samningi að tilkynna þátttakendum í hópnum eitthvað en gerir það ekki hefur athafnaleysi hans sömu réttaráhrif gagnvart þeim og ef félagið hefði sýnt það af sér. Þetta gildir þó ekki ef þátttakandinn þekkti af öðrum ástæðum til efnis tilkynningarinnar og sanngjarnt má telja að hann hafi átt þess kost að fara eftir því.

135. gr.

Líftrygging án upplýsinga um áhættuna.

Í hóplíftryggingum er unnt, þrátt fyrir ákvæði 86. gr., að semja um að félagið beri ekki ábyrgð á óvinnufærni sem kemur til innan tveggja ára frá því að ábyrgð félagsins hófst og rakin verður til sjúkdóms eða meins sem þátttakandinn hafði á því tímamarki og ætla má að hann hafi vitað um. Hið sama á við um ábyrgð sem tengist meðvátryggðum er ekki hefur afhent heilsufarsyfirlýsingu. Ákvæði 1. málsl. skal einnig beita um sérstakar greiðslur sem falla til eftirlifandi vegna andláts þátttakandans, en þó með þeim hætti að ekki má semja um að félagið sé laust undan ábyrgð lengur en eitt ár frá upphafi ábyrgðarinnar.

136. gr.

Réttur til vátryggingarfjárhæðar sem fellur til við andlát þátttakanda.

Í hópvátryggingu, sem ekki hefur framfærslu að markmiði, má semja um að vátryggingartaki öðlist rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Sé tekin hópvátrygging til þess að tryggja líf starfsmanna mega vinnuveitandi og starfsmaður eða stéttarfélag hans semja um hvaða ákvæði um rétt til vátryggingarfjárhæðar við andlát þátttakandans skuli taka inn í vátryggingarsamninginn. Hið sama á við þegar félag eða samtök hafa tekið hóplíftryggingu fyrir félagsmenn sína.

Sé ekki samið um það sem greinir í 1. og 2. mgr. og þátttakandi í hópi hefur ekki tilnefnt rétthafa, sbr. 137. gr., gilda reglur 2.–4. mgr. 100. gr. með sama hætti um erfingja hans.

137. gr.

Tilnefning rétthafa.

Í hópvátryggingu þar sem þátttakendurnir tilkynna sig sjálfir til félagsins með ósk um vátryggingu getur hver þeirra um sig tilnefnt rétthafa.

Hið sama á við í öðrum hópvátryggingum ef ekki er annað ákveðið í vátryggingarsamningi.

Við beitingu reglna 101.–105. gr. skulu ákvæði sem beinast að vátryggingartaka gilda með sama hætti um þátttakendur í hópvátryggingu.

138. gr.

Framsal og veðsetning.

Nú er krafa þátttakanda á hendur félaginu ekki fallin í gjalddaga og getur hann þá ekki framselt rétt sinn. Rétt samkvæmt hóplíftryggingu (höfuðstólstryggingu) má veðsetja, enda sé ekki annað ákveðið í samningnum.

139. gr.

Riftun iðgjaldagreiðslu.

Við beitingu reglna 1. mgr. 111. gr. skal greiðsla iðgjalds fyrir lífeyristryggingu ekki teljast ósanngjörn að því marki sem hún kom eða gat komið til lækkunar við útreikning á tekjuskattsstofni vátryggingartaka.

140. gr.

Skráning vátryggingar.

Við hópvátryggingu er félaginu ekki skylt að skrá þá sem eru þátttakendur í hópnum í líftryggingarskrá nema um það sé samið.

Nú sýnir maður fram á þátttöku í hópi sem nýtur hópvátryggingar þar sem þátttakendur eru ekki skráðir og getur hann þá krafist endurrits úr skránni.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæðum 113.–115. gr. skuli beitt um skrá yfir þátttakendur hópvátryggingar sem haldin er af vátryggingartakanum.

III. HLUTI

Almenn ákvæði.

XX. KAFLI

Ágreiningur o.fl.

141. gr.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Nú er í lögum þessum tekið fram að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar og er með því átt við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar samkvæmt samningi milli viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og samþykktum fyrir hana. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari skv. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal kveða upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal annast birtingu samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

142. gr.

Útreikningur frests.

Við útreikning á fresti, sem talinn er í dögum, skal ekki telja með þann dag er fresturinn byrjar að líða. Þó skal telja með þann dag sem ráðstöfun er fresturinn varðar fyrst verður gerð eða má síðast vera gerð.

Frestur, sem reiknaður er í vikum, mánuðum eða árum, rennur út á þeim degi í síðustu viku, mánuði eða ári sem eftir nafni sínu eða tölu svarar til þess dags sem hann byrjaði að líða. Ef sá dagur er ekki í þeim mánuði sem um ræðir skal fresturinn renna út á síðasta degi mánaðarins.

Ef frestur til aðgerða rennur út á laugardegi, helgidegi eða degi þegar samkvæmt lögum er frídagur framlengist hann til næsta virka dags þar á eftir.

XXI. KAFLI
Val á löggjöf.

143. gr.

Almenn ákvæði um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Þegar lög þessi eða lög um vátryggingastarfsemi kveða á um að löggjöf ríkis skuli beitt er átt við að réttarreglur þess ríkis gildi, að frátöldum reglum um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Ef ríki er meira en ein svæðisbundin eining, sem hver um sig hefur eigin réttarreglur um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal litið á hverja svæðisbundna einingu sem eitt ríki þegar ákveðið er hvaða löggjöf skuli beitt.

Ófrávíkjanlegum réttarreglum, sem gilda hér á landi, skal beitt enda þótt löggjöf annars ríkis sé að öðru leyti lögð til grundvallar vátryggingarsamningnum.

Þegar vátrygging er lögboðin gilda um vátryggingarsamninginn ófrávíkjanlegar réttarreglur þess ríkis sem leggur á vátryggingarskylduna.

Ólögfestum alþjóðlegum reglum um val á löggjöf, er eiga við um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal því aðeins beitt að þær stríði ekki gegn ákvæðum þessara laga.

144. gr.

Val á löggjöf í líftryggingum.

Lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gilda um vátryggingarsamning um líftryggingu. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er einstaklingur og ekki ríkisborgari þess ríkis þar sem hann hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið lög þess ríkis þar sem ríkisborgararétturinn er.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er lögaðili og skuldbindingin komst á hér á landi en hinn líftryggði hefur að jafnaði aðsetur í öðru ríki eða er ríkisborgari þess ríkis geta aðilar einnig valið löggjöf þess ríkis.

Þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en 1. og 2. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

145. gr.

Val á löggjöf í öðrum vátryggingum.

Í öðrum frumtryggingum en líftryggingum gildir um vátryggingarsamninginn löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er þegar það er einnig ríkið þar sem vátryggingartakinn hefur að jafnaði aðsetur. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en þar sem vátryggingartaki hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið hvort heldur er um vátryggingarsamninginn, löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingartaki hefur með höndum atvinnustarfsemi og vátryggingaráhættan vegna hennar er í fleiri en einu ríki og vátryggingarsamningurinn nær til fleiri en einnar tegundar áhættu geta aðilar valið um löggjöf þessara ríkja eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 2. og 3. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

Þegar áhættan, sem samningurinn tekur til, takmarkast við tjónsatburði sem verða í öðru ríki en því þar sem vátryggingaráhættan er geta aðilar ávallt valið löggjöf þess ríkis þar sem tjónsatburðirnir verða.

Þegar áhætta í vátryggingum er stóráhætta, sbr. 8. gr. laga um vátryggingastarfsemi, geta aðilar ávallt valið þá löggjöf sem beita skal um vátryggingarsamninginn, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Hafi aðilar samnings um aðra vátryggingu en líftryggingu ekki samið um val á löggjöf svo að gilt sé og val á löggjöf leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda réttarreglur þess ríkis sem best telst eiga við um samninginn samkvæmt þessari grein. Þegar ekkert annað er tekið fram skal lagt til grundvallar að ríkið þar sem vátryggingaráhættan er eigi best eigi við um samninginn.

Þegar valið hefur verið skv. 7. mgr. en annað ríki meðal þeirra sem til greina geta komið telst eiga betur við um hluta samningsins má velja löggjöf þess ríkis um þann hluta samningsins þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. HLUTI

XXII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

146. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Þau skulu gilda um alla nýja vátryggingarsamninga sem gerðir eru frá og með þeim degi, alla vátryggingarsamninga, sem eru endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi svo og um alla aðra vátryggingarsamninga, sem eru í gildi á þeim degi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

147. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Eftirtaldar greinar og málsgreinar í lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, falla úr gildi er lög þessi öðlast gildi: 56. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59.–63. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarps til nýrra laga um vátryggingarsamninga. Meginefni frumvarpsins.

Viðskiptaráðherra skipaði 5. mars 1999 nefnd sem skyldi semja ný lög um vátryggingarsamninga er leystu af hólmi lög nr. 20/1954 um það efni. Í nefndina voru skipaðir Viðar Már Matthíasson prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Rúnar Guðmundsson, yfirlögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Birgir Már Ragnarsson deildarsérfræðingur, sem jafnframt skyldi vera ritari og starfsmaður nefndarinnar.

Birgir Már hætti svo störfum í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og tók Þóra Margrét Hjaltested deildarsérfræðingur við starfi hans sem ritari nefndarinnar í október 1999. Vegna leyfis hennar frá störfum tók Hrafnkell Óskarsson deildarsérfræðingur sæti í nefndinni 1. júlí 2001, en Þóra Margrét sat einnig fundi í nefndinni frá byrjun maí 2002 og þar til nefndin lauk störfum.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a.:

„Þess er vænst að nefndin hagi störfum sínum þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp til laga um vátryggingarsamninga á haustþingi árið 2000. Nefndin getur kallað eftir áliti eða umsögnum þeirra aðila er hún telur að kunni að hafa eitthvað það fram að færa er nýst getur í nefndarstarfinu.“

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 6. apríl 1999, var tekin ákvörðun um að senda tilkynningu um skipan nefndarinnar til þeirra sem helst voru taldir hafa hagsmuna að gæta og/eða kynnu að hafa hugmyndir eða tillögur um skipan nýrra laga um vátryggingarsamninga. Var þeim gefinn kostur á að koma með ábendingar og tillögur áður en nefndin tæki að fullu til starfa. Þeir sem fengu slíka tilkynningu voru: Alþýðusamband Íslands, Árni Gunnar Vigfússon vátryggingamiðlari, Arkitektafélag Íslands, Bandalag háskólamanna (BHM), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Félag fasteignasala, Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Félag löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitið, Halldór Sigurðsson vátryggingamiðlari, Húseigendafélagið, Kaupmannasamtök Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Læknafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband veitinga- og gistihúsa, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök iðnaðarins, Samtök lífeyrissjóða, Samtök verðbréfafyrirtækja, Samtök verslunarinnar, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Verslunarráð Íslands, Vinnumálasambandið (Samtök atvinnulífsins) og Vinnuveitendasambandið (Samtök atvinnulífsins).

Svör bárust frá Fjármálaeftirliti, LÍÚ og SÍT. Efnislegar ábendingar komu fram í bréfi Fjármálaeftirlitsins, en þar var m.a. bent á að rétt væri að flytja að meginstefnu til ákvæði VI. kafla laga um vátryggingastarfsemi í hin nýju lög, en þau ákvæði lúta að upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og val á löggjöf um vátryggingarsamninga. Einnig var bent á nauðsyn þess að sett yrðu ákvæði um hópvátryggingarsamninga, fyllri ákvæði um uppgjör tjóna, ákvæði um heimildir til að skuldajafna vangoldnum iðgjöldum við vátryggingarbætur og fyllri

ákvæði um samninga um líftryggingar. Þá var bent á að mikilvægt væri að hugleiða fyrirkomulag gildandi laga um iðgjaldið og hvort ástæða væri til breytinga á því. Í bréfum Fjármálaeftirlitsins og SÍT var bent á að þessir aðilar ættu fulltrúa í nefndinni og mundu þeir koma sjónarmiðum sínum að á vettvangi nefndarinnar.

Nefndin komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að tveir meginvalkostir væru fyrir hendi við samningu frumvarps til nýrra laga um vátryggingarsamninga. Annars vegar væri endurskoðun gildandi laga um það efni, nr. 20/1954, sem fæli í sér breytingu á einstökum ákvæðum þeirra, eftir því sem talið væri nauðsynlegt, en heildarskipan þeirra að öðru leyti yrði látin óbreytt. Hins vegar væri samantekt frumvarps með nýrri uppbyggingu og öðrum áherslum með ný norsk lög um vátryggingarsamninga sem fyrirmynd. Um vorið og fyrri hluta sumars árið 2000 voru settar fram tvær grófar hugmyndir að frumvarpsgreinum þar sem farnar voru þær tvær leiðir sem getið hefur verið um. Voru iðnaðar- og viðskiptaráðherra sendar þessar hugmyndir með bréfi sem dagsett var 22. júní 2000. Af hálfu nefndarinnar var talið eðlilegt að viðskiptaráðherra tæki ákvörðun um hvor leiðin skyldi farin áður en frekari vinna yrði lögð í málið. Var það m.a. rökstutt svo að það væri pólitísk ákvörðun hvor leiðin yrði farin, einkum í ljósi þess að sú útfærsla sem sækti fyrirmynd til norsku laganna um vátryggingarsamninga byggðist mjög á neytendaverndarsjónarmiðum og hugmyndum um að nauðsynlegt væri að tryggja þeim lágmarksvernd í lögum, en hin miðaði fremur við frelsi til þess að semja um efni vátryggingarsamninga nema annað væri tekið fram.

Af hálfu viðskiptaráðuneytis var nefndinni ritað bréf, dags. 7. maí 2001, eftir að starfsmenn ráðuneytisins höfðu átt fund með formanni nefndarinnar. Í því bréfi segir m.a.:

„Það er ósk ráðuneytisins að starfi nefndarinnar verði hraðað þannig að unnt verði að leggja fram frumvarp á haustþingi nk. Vilji ráðuneytisins er að nefndin hafi til hliðsjónar í starfi sínu gildandi norsk lög um sama efni sem byggja mjög á neytendasjónarmiðum, þó þannig að tekið sé tillit til sérístenskra aðstæðna."

Nefndin vann að verkefninu á þessum nótum og skilaði af sér frumvarpi til nýrra laga um vátryggingarsamninga með bréfi til viðskiptaráðherra, dags. 17. júlí 2002.

Þar sem ætla mátti að efni frumvarpsins kynni að vekja áhuga almennings og hagsmunaaðila ákvað ráðherra að setja það á heimasíðu ráðuneytisins til kynningar. Jafnframt var hagsmunaaðilum ritað bréf, athygli þeirra vakin á frumvarpinu og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir. Eftirtaldir aðilar fengu bréf af þessu tilefni: Alþýðusamband Íslands, Arkitektafélag Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtök Íslands, Dómarafélag Íslands, stéttarfélagið Efling, embætti landlæknis, Félag fasteignasala, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Félag löggiltra endurskoðenda, Félag vátryggingamiðlara, Fjármálaeftirlitið, Háskóli Íslands (lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild), Háskólinn í Reykjavík (lagadeild), Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Húseigendafélagið, Kaupmannasamtök Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Læknafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytendasamtökin, Persónuvernd, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samband veitinga- og gistihúsa, Samkeppnisstofnun, Samtök atvinnulífsins, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök iðnaðarins, Samtök lífeyrissjóða, Samtök verslunarinnar, Samtök verslunar og þjónustu, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Verslunarráð Íslands, Vinnumálasambandið, Vinnuveitendasambandið.

Eftirtaldir aðilar sendu ráðuneytinu athugasemdir: Félag löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitið, Halldór Bjarnason, Læknafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, Neytenda-

samtökin, Persónuvernd, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samlíf, Samtök atvinnulífsins, Sjóvá – Almennar tryggingar hf., Samtök verslunarinnar, Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf.

Farið var yfir innsendar athugasemdir í viðskiptaráðuneytinu og ýmsar breytingar gerðar á texta frumvarpsins. Frumvarpið var síðan búið í endanlega mynd af hálfu ráðuneytisins. Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram óbreytt.

Frumvarpið er í fjórum hlutum. Í fyrsta hluta þess eru reglur um skaðatryggingar, en það eru þær vátryggingar sem einkum er ætlað að bæta raunverulegt fjárhagslegt tjón hins vátryggða í samræmi við þá grundvallarreglu í skaðatryggingum að enginn eigi að geta hagnast á vátryggingunni. Til skaðatrygginga teljast m.a. eignatryggingar, rekstrarstöðvunartryggingar og ábyrgðartryggingar. Skaðatryggingar eru venjulega skilgreindar neikvætt, þ.e. sem þær vátryggingar sem ekki teljast til persónutrygginga. Í öðrum hluta frumvarpsins eru reglur um persónutryggingar, en það eru vátryggingar sem vernda eiga hagsmuni sem felast í lífi manna eða heilsu. Til persónutrygginga teljast líftryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Í þriðja hluta frumvarpsins eru nokkrar almennar reglur og í fjórða hluta eru gildistökuákvæði og ákvæði um breytingar á öðrum lögum.

Megineinkenni frumvarpsins er að það hefur að geyma reglur um almenn atriði sem varða skaðatryggingar og persónutryggingar. Í því eru ekki tillögur um reglur er varða einstakar tegundir skaðatrygginga nema að því marki sem nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um réttarstöðuna í ábyrgðartryggingum og hópvátryggingum á þessu sviði, svo og einstök sérákvæði. Ekki eru gerðar tillögur um sérstakan kafla um sjóvátryggingar og aðrar flutningavátryggingar, sbr. 59.–78. gr. gildandi laga, brunatryggingar, sbr. 79.–88. gr. gildandi laga, eða búfjártryggingar, sbr. 89.–90. gr. þeirra. Reglur frumvarpsins gilda um þessar tegundir skaðatrygginga eins og aðrar og mæla þannig fyrir um lágmarksvernd vátryggingartaka við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga á þessum sviðum. Í einstökum tilvikum hefur þó verið talið nauðsynlegt að hafa sérreglur um tilteknar tegundir vátrygginga, sbr. t.d. 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins þar sem er að finna sérreglu um búfjártryggingar.

Uppbygging frumvarpsins er í meginatriðum eins og uppbygging norsku laganna um vátryggingarsamninga, nr. 69 frá 16. júní 1989, en þau tóku gildi 1. júlí 1990. Efnisskipan einstakra greina er einnig með svipuðum hætti, en um nokkur sérstök atriði er reglum þó skipað með öðrum hætti eða lagt til að lögfestar verði reglur sem ekki er að finna í norsku lögunum.

2. Stutt yfirlit um þróun íslensks vátryggingaréttar.

2.1 Inngangur.

Þótt flestum sé ljóst hvað felst í vátryggingum hafa menn ekki sammælst um eina skilgreiningu á þessu fyrirbæri. Kjarni vátrygginga er sá að vátryggingartakinn fær, gegn greiðslu iðgjaldsins, loforð um að vátryggjandinn greiði honum eða þriðja manni bætur ef tiltekin áhætta verður virk. Í þessu sambandi er það undirskilið að vátryggjandinn taki að sér fleiri áhættur og jafni þeim niður eftir lögmálum tölfræðinnar. Að því leyti sem vátryggingastarfsemi snýr að inntaki einstakra vátrygginga og ákvörðun iðgjalds byggist hún fyrst og fremst á lögmálum hinna stóru talna í þeim skilningi að áhættumatið byggist á reynslu, sem safnað hefur verið í tímans rás, af tjónatíðni í stóru safni sambærilegra vátryggingarsamninga.

Löggjöf um vátryggingar og vátryggingastarfsemi er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru reglur um vátryggingarsamninga, þ.e. um réttarsambandið milli vátryggingartaka/vá-

tryggðs og vátryggjandans/félagsins. Hins vegar eru reglur, opinbers réttar eðlis, um vátryggingafélög, stofnun þeirra og skilyrði fyrir því að þau hafi starfsleyfi og um eftirlitskerfi með þeirri starfsemi. Löggjöf um síðarnefnda þáttinn hefur nýlega verið endurskoðuð og breytt í ýmsum atriðum í takt við kröfur nýrra tíma. Nú gilda lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um þennan þátt.

Eitt megineinkenni vátrygginga er að þeirri áhættu sem einstaklingur eða lögaðili býr við er dreift milli fleiri aðila sem allir búa við sömu eða sams konar áhættu. Þörf fyrir að takmarka eða útiloka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er að fullnægja með vátryggingum hefur lengi verið fyrir hendi en hefur aukist með viðgangi umfangsmikils atvinnurekstrar, tæknivæðingar og hvers konar tækjavæðingar í atvinnurekstri og í lífi einstaklinga. Aukin hagsæld og eignasöfnun eykur einnig þörf fyrir þá fjárhagslegu vernd sem vátryggingar geta veitt.

Ýmis afbrigði af vernd gegn áhættu, sem svipar til nútímavátrygginga, hafa lengi verið við lýði. Menn hafa á ýmsan hátt reynt að dreifa áhættu bæði af völdum náttúruafla og einnig af völdum manna. Dæmi um dreifingu áhættu af völdum náttúruafla eru svonefnd sjóveðlán sem tíðkuðust á dögum Hammúrabís Babýloníukonungs og síðar annars konar sjóveðlán sem Fönikíumenn notuðu og aðrir tóku síðar eftir þeim, t.d. Grikkir. Rómverjar notuðu einnig sjóveðlán. Sjóveðlán fólust almennt í því að eigandi skips fékk lán gegn mjög háum vöxtum, þó eftir áhættu, og setti að veði skip sitt og farm. Ef skipið fórst kom ekki til greiðslu lánsins, þ.e. skipseigandinn ábyrgðist lánið ekki persónulega eða með öðrum eignum sínum. Þannig gat skipseigandi fjármagnað siglingar sínar með vörur og fólst áhætta hans í því að skipið færist ekki eða lenti í sjótjóni. Sá sem veitti lánið fékk háa vexti en fékk ekki fullnustu á láninu ef skipið fórst. Var því áhætta hans mikil, einkum þegar siglt var um langan veg. Sjóveðlán eru ekki vátryggingar í nútímaskilningi.

Gagnkvæmar tryggingar tóku að tíðkast með ýmsu móti á Norðurlöndum tiltölulega snemma. Talið hefur verið að reglur 51. kafla fjárleiguþáttar Grágásar (Staðarhólsbókar) um húsbruna séu eitt af fyrstu dæmunum um vátryggingar á Norðurlöndum. Þær fólu í sér gagnkvæma skyldutryggingu íbúa í sama hreppi gegn eldsvoða í tilteknum húseignum. Bæta skyldi helming af því verðmæti sem eyðilagðist, hinn helming mátti eigandi sjálfur bera og allt ef oftar brann en þrisvar hjá honum. Reglurnar eru af sumum fræðimönnum taldar geta átt rót sína að rekja til Skánsku laga, en þær munu vera elstu norrænu reglurnar sem skráðar eru um þetta efni. Svipaðar reglur um gagnkvæmar tryggingar eru í 50. kafla fjárleiguþáttar Grágásar (Staðarhólsbókar). Þar er mælt svo fyrir að ef fallsótt kæmi í fé manns, svo að félli fjórðungur nautfjár hans eða meira, skyldu hreppsmenn bæta honum hálfan skaðann eftir tilteknum reglum. Hreppurinn var því sjálfstæð eining að þessu leyti, þ.e. hin gagnkvæma trygging var bundin við bændur í sama hreppi. Þetta var eitt af þeim hlutverkum sem hreppar nir höfðu eftir stofnun þeirra á þjóðveldisöld. Ekki voru reglur um gagnkvæmar tryggingar í Jónsbók, sem lögtekin var 1281, og virðast þær hafa lagst niður er þjóðveldið leið undir lok.

Hér skal einnig getið um reglur Grágásar um sameiginlegt sjótjón (d. groshavari, fælleshavari). Það fyrirbæri felur einnig í sér dreifingu áhættu. Sameiginlegt sjótjón er ekki tjón sem verður fyrir tilviljun, heldur tjón sem verður við það að verðmæti eru lögð í sölurnar eða lagt er í sérstakan kostnað af ráðnum hug í þágu sameiginlegs öryggis og í því skyni að forða eignum frá sameiginlegri hættu á sjó. Reglurnar um sameiginlegt sjótjón mæla fyrir um að tjóni eða kostnaði, sem verður við slíkar ráðstafanir, sé jafnað á eigendur þeirra hagsmuna sem í húfi voru, þ.e. á eigendur skipsins, eigendur farmgjaldsins og eigendur farmsins. Um sameiginlegt sjótjón var regla í 61. kafla festarþáttar Grágásar sem hljóðaði svo:

„Ef menn eru svo staddir í hafi að meira hlut manna þykir ráð að kasta, þá skal því fyrst kasta er ofast er höfgavöru, en jafnt skal allra skaði verða það er kastað er, þótt fáir hafi átt. Alla aura skal jafnt skerða."

Reglur um sameiginlegt sjótjón fela ekki í sér vátryggingu í nútímaskilningi, en úrræðið er skylt vátryggingum að því leyti að áhættu er dreift milli þeirra sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Reglur um sameiginlegt sjótjón eru nú í VI. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, en þar er m.a. vísað til York/Antwerpen-reglnanna frá 1974.

Á miðöldum veittu gildin félagsmönnum sínum aðstoð í ríkum mæli ef þeir lentu í fjárhagslegum vandræðum, t.d. ef þeir urðu óvinnufærir vegna sjúkdóma, eða töpuðu eignum sínum vegna bruna, þjófnaðar eða sjótjóns.

Eiginlegar vátryggingar í þeirri merkingu sem við leggjum í orðið nú eru ekki taldar hafa komið til sögunnar fyrr en á 14. öld. Talið er að fyrstu lögin um vátryggingaviðskipti hafi verið gefin út í Genúa á Ítalíu árið 1369, en þau munu fyrst og fremst hafa verið sett til þess að varna því að vátryggingar væru misnotaðar. Fyrstu vátryggingarnar gegn iðgjaldi voru sjóvátryggingar og breiddust þær fljótt út. Talið hefur verið að þær hafi sótt fyrirmynd í þá tegund sjóveðlána sem tíðkuðust meðal Rómverja (lat. foenus nauticus) þótt það væru ekki vátryggingar í nútímaskilningi eins og áður greinir. Aðrar tegundir vátrygginga breiddust síðar út, oft af sérstökum tilefnum. Bruninn mikli í Kaupmannahöfn í október 1728, þegar um 1.450 hús brunnu, ⅔ hlutar borgarinnar, varð t.d. hvatinn að stofnun fyrsta danska brunatryggingafélagsins, „Københavns Brandforsikrings Societet for Huse og Gader". Fyrstu líftryggingafélögin í Danmörku voru stofnuð um miðja 19. öld og höfðu þá ákveðin afbrigði slíkra trygginga, „tontiner", þróast um tveggja alda skeið. Ábyrgðartryggingar komu síðar til. Þær tóku að breiðast út í Þýskalandi í lok 19. aldar, en nokkru áður hafði verið komið þar á lagareglum sem leiddu til mjög strangrar ábyrgðar fyrir þá sem ráku járnbrautir, járn- og steinvinnslu og verksmiðjur. Í Danmörku byrjuðu vátryggingafélög að bjóða ábyrgðartryggingar skömmu fyrir fyrri heimstyrjöld og í framhaldi af því var gert að skyldu að taka ábyrgðartryggingar á sumum sviðum, t.d. varð ábyrgðartrygging ökutækja lögbundin árið 1918.

Hér á landi fara litlar sögur af vátryggingum fyrr en á síðari hluta 19. aldar, enda atvinnulíf fábrotið og verðmætasköpun afar takmörkuð fyrr en þá, er tekið var að nota stærri skip við fiskveiðar. Nokkur átök urðu um brunatryggingu húseigna í landinu á síðustu áratugum nítjándu aldar og upphafsárum þeirrar tuttugustu.

Hinn 14. febrúar 1874 var samþykkt sem tilskipun frumvarp sem verið hafði til meðferðar á þingi um nokkurt skeið. Tilskipunin, um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkurkaupstað o.fl., og reglugerð sett samkvæmt henni, nr. 30/1874, um ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar fyrir eldsvoða á húsum bæjarins, mæltu fyrir um að öll timburhús og múrhús í Reykjavík skyldu vera brunatryggð samkvæmt mati. Skyldi þriðjungur áhættunnar vera á ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar, en tveir þriðju voru vátryggðir hjá „brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða". Eigendum torfbæja í Reykjavík var ekki skylt að tryggja þá, en til þess var þó heimild ef eigandinn óskaði. Fyrir fyrsta Alþingi sem fór með löggjafarvald var lagt frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík, en það hafði að geyma ýmis fyrirmæli um varúðarráðstafanir gegn eldsvoðum og brunamál. Með tilskipuninni komst á brunatrygging húseigna í Reykjavík, en ekki annars staðar á landinu. Margir urðu til að fjalla um nauðsyn þess að húseignir utan Reykjavíkur yrðu brunatryggðar. Var margsinnis á næstu árum hvatt til þess á opinberum vettvangi að menn í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni skyldu bindast samtökum um að koma á skyldubundinni brunatryggingu húseigna, helst með Reykvíkingum. Ekki varð mönnum ágengt í þessari baráttu og virðist ein meginástæðan hafa verið sú að Reykvíkingar höfðu

ekki áhuga á málinu, enda búið að ráða fram úr brunatryggingamálum að því er þá varðaði. Margir undu þeirri úrlausn þó illa, enda varð barátta fyrir brunatryggingum utan Reykjavíkur þáttur í hvatningu um að losna undan dönskum áhrifum og þannig hluti af baráttunni fyrir sjálfstæði landsmanna. Var það gagnrýnt að Reykvíkingar skyldu greiða háar fjárhæðir í iðgjöld til dansks brunatryggingafélags í stað þess að taka höndum saman við aðra þéttbýlisstaði á landinu og stofna innlendan ábyrgðarsjóð til að bæta brunatjón. Fyrsta frumvarp til laga um brunatryggingar í íslenskum kaupstöðum var flutt af Indriða Einarssyni á Alþingi árið 1891. Indriði var þingmaður Vestmannaeyinga, en þar hafði verið stofnað skipaábyrgðarfélag þegar árið 1862. Var það lengi elsta vátryggingafélag landsins en hætti formlega starfsemi 1. janúar 1995 er vátryggingastofnar þess voru yfirteknir af öðru starfandi vátryggingafélagi. Megininntak frumvarps Indriða Einarssonar var að skylda alla kaupstaði landsins (einnig Reykjavík) og verslunarstaði, þar sem samanlagt virðingarverð húseigna náði tiltekinni fjárhæð, til þess að mynda sameiginlegt brunabótafélag og átti eigendum húseigna að vera skylt að brunatryggja þær hjá félaginu. Skyldi landssjóður veita félaginu gagnábyrgð að tilgreindri fjárhæð. Frumvarpið hlaut góðar undirtektir í neðri deild Alþingis og var samþykkt þar eftir að hafa farið til meðferðar í nefnd sem gerði á því ýmsar breytingar. Frumvarpið var á hinn bóginn fellt í efri deild án þess að hafa verið til meðferðar í nefnd og án mikillar umræðu. Bentu þingmenn efri deildar einkum á að ekki væri rétt að þvinga Reykvíkinga til þátttöku í slíku félagi þar eð þeir nytu góðra kjara á sínum brunatryggingum, auk þess sem byrðar þær er landssjóður skyldi bera samkvæmt frumvarpinu uxu mörgum í augum. Landshöfðingi hafði frá upphafi lagst mjög gegn frumvarpinu. Nauðsyn brunatrygginga var til umfjöllunar á opinberum vettvangi, þar á meðal á Alþingi, annað slagið á næstu árum án þess að ráðið yrði fram úr vandanum sem fólst í því að aðrir kaupstaðir og verslunarstaðir en Reykjavík virtust ekki í stakk búnir til að stofna til félagsskapar um brunatryggingar húseigna. Á Alþingi voru lögð fram lagafrumvörp sem ekki náðu fram að ganga eða leiddu ekki til breytinga á ástandinu. Er dró að aldamótum urðu húsbrunar einnig tíðari og alvarlegri en áður og átti það rót sína að rekja til notkunar á nýjum eldunartækjum, án þess að gætt væri að því að hitaeinangra svonefndar reykpípur frá þeim.

Greiðlegar gekk að koma í gegn á Alþingi lögum um vátryggingu fyrir sveitabæi og önnur hús utan kauptúna. Lög um það efni voru samþykkt á Alþingi árið 1905, sem lög nr. 26/1905. Var í þeim mælt fyrir um heimild sveitarfélaga til þess að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna. Skyldu brunabótasjóðirnir bæta ⅔ hluta brunatjóns á húsum vátryggðum í þeim eftir nánari reglum. Árið 1906 voru settar tvær reglugerðir með heimild í lögunum sem lutu að framkvæmd þeirra. Ekki gekk þó sem skyldi að koma á þeirri vátryggingu sem heimiluð var með lögunum. Með lögum nr. 58/1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, var ákveðið að landsstjórnin skyldi gangast fyrir því að sett yrði á stofn brunabótafélag með gagnkvæmri ábyrgð, sem tæki að sér brunatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem ekki væru tryggingarskyldar í brunabótasjóði sem stofnaður væri eftir lögum nr. 26/1905 sem áður er getið. Með þessu var málinu þó ekki lokið. Tafir urðu á framkvæmdum, m.a. vegna þess að ekki tókst að afla endurtrygginga. Eftir breytingar á lögunum, sem gerðar voru árið 1915, var þó ráðist í stofnun Brunabótafélags Íslands árið 1917.

Saga sjóvátrygginga hér á landi hefst líka um og eftir miðja 19. öld, en þó var eitthvað um að þilskip sem gerð voru út hér á landi væru vátryggð í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi eða öðrum löndum fyrir miðbik 19. aldar. Árið 1854 stofnuðu Ísfirðingar fyrsta íslenska vátryggingafélagið um 15 þilskip sem þá voru í eigu þeirra. Ábyrgðin var gagnkvæm, en á vátryggingunni voru ýmsar takmarkanir, t.d. gilti hún eingöngu á sumrin og aðeins var bætt algert

tjón og þá 50% af matsverði skips. Árið 1862 var stofnað bátaábyrgðarfélag í Vestmannaeyjum, eins og fyrr greinir, og 1868 var stofnað Hið eyfirska ábyrgðarfélag sem vátryggja skyldi skip á svæðinu. Á fyrsta ári voru 17 skip í því félagi, en 54 á hinu næsta. Vátryggingin var einnig ýmsum takmörkunum háð, gilti t.d. aðeins á sumrin og tók einungis til hluta af matsverði skips, eftir því í hvaða flokk því var raðað. Fleiri slík félög voru stofnuð á 19. öld, en fá þeirra áttu sér langa lífdaga. Það var fyrst með tilkomu vélbátaútgerðar hér á landi um aldamótin 1900 sem bátaábyrgðarfélögin voru stofnuð hvert af öðru, fyrst Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga 1903. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð 1909. Togaraútgerð hófst hér um og eftir fyrri heimsstyrjöld og var Samtrygging íslenskra botnvörpunga stofnuð árið 1923.

Sérstaklega ber hér að geta merkilegs framtaks kvenna á sviði vátrygginga, en árið 1885 voru stofnuð fyrstu samtökin til vátryggingar nautpenings, a.m.k. frá þjóðveldisöld, en þetta var Kýrábyrgðarfélag Keldhverfinga. Stofnendur félagsins voru konur og konur munu alla tíð hafa staðið að því félagi og stjórnað því, en ekkjumenn munu þó einnig hafa verið gjaldgengir félagsmenn og einhverjir slíkir verið í félaginu. Ekki var félaginu kosin stjórn fyrr en frá 1925, en fram til þess tíma var kjörin forstöðukona til eins árs í senn sem fór með alla stjórn félagsins. Iðgjaldið var fyrst í stað tvö pund af smjöri fyrir hverja kú félagsmanns, en árið 1906 var ákveðið að greitt skyldi iðgjald í peningum, 1,50 kr. fyrir hverja kú. Félagið bætti að hálfu það tjón sem eigandi varð fyrir er kýr drapst. Á starfstíma félagsins mun það hafa bætt um 60 kýr. Vegna búháttabreytinga og tæknivæðingar reyndist ekki grundvöllur fyrir starfsemi þess til frambúðar og mun það hafa hætt eiginlegri starfsemi fyrir lok áttunda áratugar síðustu aldar, en síðasta fundargerð þess mun vera frá árinu 1977. Félaginu hefur ekki verið slitið formlega.

Fyrsta almenna vátryggingafélagið sem stofnað var á Íslandi var Sjóvátryggingafélag Íslands sem stofnað var 1918.

Þess má einnig geta að ábyrgðartrygging bifreiða var fyrst lögboðin hér á landi á árinu 1926, þ.e. með lögum nr. 34/1926.

2.2 Aðdragandi að setningu laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Lög um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954 (VSL), eru samin að norrænni fyrirmynd. Önnur Norðurlönd höfðu með sér samstarf um samningu laga um vátryggingarsamninga og voru lög, samin í því samstarfi, sett í Danmörku og Noregi árið 1930, en 1927 í Svíþjóð og 1933 í Finnlandi. Íslendingar tóku ekki þátt í þessu lagasamstarfi, en settu sér síðar lög sama efnis. Því verður ekki á móti mælt að þau lög um vátryggingarsamninga á Norðurlöndum sem síðast greinir voru mjög vel heppnuð lagasmíð. Einstaka fræðimenn taka svo djúpt í árinni að segja að þau séu frá lagatæknilegu sjónarmiði nálægt því að vera fullkomin. Einkenni VSL er að þau eru að meginstefnu til frávíkjanleg og standa þróun innan vátryggingargeirans því ekki fyrir þrifum. Einstök ákvæði laganna eru þó ófrávíkjanleg. Lögin eru ekki tæmandi og um mörg álitaefni er ekki fjallað í þeim. Þau eru almenn lög um vátryggingarsamninga, en við hlið þeirra hafa jafnan gilt sérlög um einstakar tegundir vátrygginga sem löggjafinn hefur talið sérstakt tilefni til að skipa í sérlögum, svo sem um brunatryggingar húseigna, ábyrgðartryggingar bifreiða o.fl.

2.3 Reynslan af VSL.

Telja má víst að menn séu almennt sammála um að VSL hafi reynst vel á Íslandi eins og sambærileg lög annars staðar á Norðurlöndum. Þótt mörg álitaefni hafi komið fram um túlkun á lögunum og nokkuð margir dómar gengið um skýringu á þeim felur það ekki í sér neinn

áfellisdóm um lögin og jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að mikill fjöldi ágreiningsmála er leystur af nefnd sem starfað hefur á vegum vátryggingafélaganna og af úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytis, Neytendasamtakanna og SÍT. Hafa verður í huga að útbreiðsla vátrygginga hefur verið mjög mikil, einkum á síðustu áratugum, og ýmsar tegundir vátrygginga komið fram sem ekki voru til þegar lögin voru sett. Má sem dæmi nefna hópvátryggingar, ábyrgðartryggingar, ekki síst starfsábyrgðartryggingar, og ýmsar aðrar tegundir vátrygginga sem nú eru mjög útbreiddar. Tekist hefur furðuvel að samræma þessar tryggingar ákvæðum laganna, en því verður ekki neitað að ýmis álitaefni hafa komið upp, einkum varðandi hópvátryggingar.

3. Endurskoðun laga um vátryggingarsamninga annars staðar á Norðurlöndum.

Í upphafi áttunda áratugarins var annars staðar á Norðurlöndum mikið rætt um að kominn væri tími til þess að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga. Voru skipaðar nefndir í því skyni í Danmörku (1975), Finnlandi (1977), Noregi (1974) og í Svíþjóð (1974). Ætlunin var að koma á fót sambærilegu norrænu samstarfi og gefið hafði svo góðan ávöxt í kringum 1930. Ísland tók ekki þátt í þessu norræna samstarfi. Ástæður þess að talið var tímabært að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga voru fyrst og fremst þær að mikill vöxtur hafði hlaupið í svonefndar hópvátryggingar sem engin ákvæði voru um í gildandi lögum svo sem fyrr greinir. Auk þess höfðu ýmsar nýjar tegundir vátrygginga komið til eftir gildistöku laganna, nauðsynlegt var talið að veita neytendum meiri vernd en þeim var veitt í gildandi lögum, ekki einasta veita þeim vernd gegn ósanngjörnum skilmálum í vátryggingarsamningum, heldur einnig veita þeim öruggan aðgang að upplýsingum og ráðgjöf um álitaefni tengd vátryggingum og setja ákvæði um einfalt og fljótvirkt uppgjör vátryggingabóta.

Hugmyndin um norrænt lagasamstarf á þessu sviði gekk þó ekki eftir í þetta sinn. Lágu til þess ýmsar ástæður. Svíar höfðu þegar tekið ákvörðun um að láta vinnu við reglur um neytendavernd á sviði vátrygginga hafa forgang áður en hugað yrði sérstaklega að almennum reglum. Svíar settu sér sérstök lög um neytendavátryggingar (konsumentförsäkringslag, nr. 38/1980) sem tóku gildi 1. janúar 1981. Þeir hafa enn ekki sett sér ný almenn lög um vátryggingarsamninga. Danir tóku þátt í samstarfinu, en töldu þó hendur sínar bundnar af því að á sama tíma var uppi viðleitni til þess að samræma löggjöf landa Evrópusambandsins um vátryggingarsamninga. Danir sömdu því ekki sérstakt frumvarp til breytinga á gildandi lögum sínum um þetta efni. Danska nefndin var lögð niður árið 1983. Norðmenn töldu á hinn bóginn að rétt væri að endurskoða lögin í heild og að ekki væri brýn þörf á sérstökum lögum um neytendavátryggingar. Norska nefndin skilaði tveimur álitum, hinu fyrra á árinu 1983 um persónutryggingar (NOU 1983:56, Lov om avtaler om personforsikring) og hinu síðara á árinu 1987 (NOU 1987:24, Lov om aftaler om skadeforsikring). Þessi tvö nefndarálit voru fljótlega tekin til meðferðar af stjórnvöldum sem ákváðu að slá tillögum nefndarinnar saman í eitt lagafrumvarp. Var samið og lagt fram frumvarp 1988–89 og var það eftir greiða meðferð í Stórþinginu samþykkt 16. júní 1989 sem lög nr. 69/1989. Finnar settu sér ný lög um vátryggingarsamninga 28. júní 1994. Finnsku lögin um vátryggingarsamninga, „Lag om försäkringsavtal", nr. 543/1994, taka til skaðatrygginga og persónutrygginga eins og norsku lögin. Skipan reglna í lögunum er þó með öðrum hætti en í norsku lögunum, þ.e. lögin eru ekki í tveimur meginhlutum þar sem settar eru fram reglur um hvorn flokk vátrygginga um sig, heldur eru finnsku lögin þannig fram sett að leitast er við að fjalla samtímis bæði um skaðatryggingar og persónutryggingar, en sérreglur hafðar um hvora tegund um sig þegar þörf er talin á.

Í mars 1999 var á ný skipuð nefnd í Danmörku til þess að endurskoða lögin um vátryggingarsamninga. Nefndarskipunin var að frumkvæði Þjóðþingsins og var hlutverk hennar tvíþætt. Annars vegar skyldi hún endurskoða ákvæði um slysatryggingar og sjúkratryggingar, einkum með það að markmiði að vátryggingafélag yrði greiðsluskylt þótt sjúkdómseinkenna kynni að hafa orðið vart áður en vátrygging hefði verið tekin, ef endanleg sjúkdómsgreining ætti sér ekki stað fyrr en eftir að það hefði verið gert. Tilefni þessa var niðurstaða í dómi Hæstaréttar Danmerkur, sem birtur er í Ugeskrift for Retsvæsen (UfR) 1998, bls. 1380, þar sem greiðsluskyldu vátryggingafélags var hafnað þegar svo háttaði til sem áður greinir. Hins vegar skyldi nefndin yfirfara lögin um vátryggingarsamninga frá 1930 með tilliti til heildarendurskoðunar. Nefndin skilaði áliti um fyrra atriðið í janúar 2000 og var þegar gerð breyting á dönsku vátryggingarsamningalögunum að því leyti. Í nóvember 2002 skilaði nefndin af sér afar ítarlegri skýrslu um síðara atriðið, þ.e. endurskoðun laga um vátryggingarsamninga. Eru þar gerðar tillögur að breytingum á nokkrum ákvæðum laganna með það að markmiði að auka neytendavernd enn frekar. Nefndin leggur þó til að lögin verði óbreytt í flestum höfuðatriðum enn um sinn.

4. Þörf fyrir endurskoðun VSL.

Lög um vátryggingarsamninga hafa reynst vel á Íslandi, eins og lög á öðrum Norðurlöndum um sama efni, og þau hafa ekki staðið í vegi fyrir hinum mikla vexti og þeirri þróun sem orðið hefur í nær öllum tegundum vátrygginga. Lögin eru þó sniðin að öðrum veruleika en við blasir nú og þau hafa ekki að geyma reglur um mikilvæg atriði sem sérstök ástæða er til að setja almennar reglur um, t.d. um hópvátryggingar og um stöðu þriðja manns, er orðið hefur fyrir tjóni sem ábyrgðartryggður aðili ber skaðabótaábyrgð á, gagnvart vátryggjanda. Sömu röksemdir sem mæla með endurskoðun laganna, svo sem auknar kröfur um neytendavernd, eiga við hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndum. Þess ber einnig að geta að við endurskoðun laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, sem lauk með setningu laga nr. 60/1994, um sama efni, voru kröfur til vátryggingafélaga auknar á mörgum sviðum. Flestar reglur þar að lútandi varða stofnun vátryggingafélaga og þær kröfur sem gerðar eru til þess að þau hafi starfsleyfi, svo og starfsemi þeirra, en í VI. kafla laganna eru þó ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu félaganna við gerð vátryggingarsamninga. Þær reglur varða fremur réttarsamband vátryggingafélags og vátryggingartaka eða vátryggðs og ættu með réttu að vistast í lögum um vátryggingarsamninga. Mælir það einnig með endurskoðun VSL og er í frumvarpi þessu lagt til að flestar reglur VI. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, verði með nokkrum breytingum fluttar í VSL.

5. Tengsl við EES-samninginn og löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á vettvangi Evrópuréttar hafa verið settar ýmsar reglur um vátryggingar. Þessar reglur lúta fyrst og fremst að vátryggingafélögum og starfsemi þeirra, en síður að efni vátryggingarsamninga milli félaganna og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Það er þó ekki einhlítt og hefur því m.a. verið slegið föstu af EB-dómstólnum í forúrskurði í svonefndu Ferreira-máli, C-348/98, sem kveðinn var upp 14. september 2000, að tilteknar reglur ökutækjatilskipananna þriggja (72/166/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE) sem allar varða ábyrgðartryggingar vegna vélknúinna ökutækja, hefðu að geyma lágmarksákvæði um efni vátryggingarverndar ábyrgðartrygginga ökutækja. Dómurinn taldi t.d. að það væri andstætt 3. gr. annarrar tilskipunarinnar að útiloka þriðja mann frá bótaábyrgð einungis vegna þess að hann væri í fjölskyldusambandi við vátryggingartaka eða ökumann, svo sem gert var að portúgölskum lögum. Dómstóllinn taldi einnig að það stæðist ekki reglur tilskipananna að lög aðildarríkis

gætu ákvarðað lægri hámarksbætur en kveðið væri á um í 2. mgr. 1. gr. annarrar tilskipunarinnar þegar þannig háttaði til að bótaábyrgð væri reist á hlutlægri ábyrgðarreglu. Aðildarríki gætu að sönnu ákvarðað bótagrundvöllinn, en þegar það væri gert yrði að fara eftir tilgreindum ákvæðum tilskipananna. Í þessu felst að ákvæði tilskipananna hafa áhrif á hvernig heimilt er að skipa efni lagareglna um ábyrgðartryggingar ökutækja.

Á vettvangi Evrópusambandsins, eða forvera þess, hafa verið settar tilskipanir um ýmis svið vátrygginga, svo sem um skaðatryggingar, ábyrgðartryggingar ökutækja, líftryggingar og endurtryggingar. Í almennum hluta greinargerðar, sem fylgdi frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, segir m.a.:

„Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykktur var 2. maí 1992 skuldbindur Ísland sig til þess að lögfesta að efni til sams konar reglur um vátryggingastarfsemi og í gildi eru innan Evrópubandalagsins."

Í framhaldi af þessu eru svo taldar upp þær tilskipanir og tilmæli sem um ræðir. Með setningu laga nr. 60/1994 var því tekið tillit til skuldbindinga sem fólust í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Vátryggingastarfsemi telst til fjármálaþjónustu og fellur undir 3. kafla EES-samningsins (sbr. 49. gr. Rómarsáttmálans), auk þess sem reglur 2. kafla samningsins um staðfesturétt eiga við um vátryggingastarfsemi (sbr. 43. gr. Rómarsáttmálans).

Eins og áður greinir lýtur löggjöf á vettvangi Evrópuréttar á sviði vátrygginga mest að reglum um vátryggingafélög og starfsemi þeirra. Fyrstu tilskipanirnar miðuðu að því að tryggja frelsi til staðfestu á sviði vátrygginga í Evrópusambandslöndunum. Með samræmingu eftirlitskerfa aðildarlandanna og samræmi í skilyrðum til að stofna vátryggingafélög voru skapaðar forsendur til þess að félög, sem stofnuð voru í einu ríki, gætu sett á fót útibú í öðru. Í næstu tilskipunum var gengið skrefi lengra og leitast við að koma á frelsi til þess að vátryggingafélög gætu veitt vátryggingarþjónustu í öðrum aðildarríkjum en heimaríki, en þessi heimild var þó takmörkuð. Í skaðatryggingum tók heimildin aðeins til stærstu vátrygginga og í persónutryggingum var út frá því gengið að félögin rækju ekki markaðssókn annars staðar en í heimaríkinu þótt vátryggingartakinn gæti leitað þjónustu hjá félögum í öðrum ríkjum en heimaríkjum þeirra. Í þeim þriðju er gengið enn lengra í því að tryggja rétt til þess að vátryggingafélög geti veitt þjónustu án takmarkana í öðrum löndum en heimaríki sínu og séu eingöngu háð leyfisveitingu í því ríki og eftirliti þar.

Af framangreindu leiðir að síður þarf að taka tillit til reglna um vátryggingastarfsemi, sem settar hafa verið á vettvangi Evrópusambandsins, þegar fjallað er um lög um vátryggingarsamninga, en þegar fjallað er um lög um vátryggingastarfsemi. Þetta er þó ekki einhlítt, svo sem getur að framan. Í ráðgefandi áliti dómstóls EFTA frá 17. nóvember 1999 í svonefndu Finanger-máli var það niðurstaða dómstólsins að tilteknar reglur norskra umferðarlaga um brottfall bótaréttar þess sem tók sér far með bifreið þótt hann vissi að ökumaðurinn væri undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna eða deyfilyfja, væru ósamrýmanlegar tilteknum ákvæðum ökutækjatilskipana ESB sem áður er getið. Niðurstaðan hefur áhrif á skaðabótarétt tjónþola við þær aðstæður sem um ræðir og þar með á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækja. Taka ber fram að fræðimenn eru ekki á einu máli um hvernig skýra beri álitið og bera sumir brigður á réttmæti niðurstöðunnar. Ágreiningur um þetta kom til kasta Hæstaréttar Íslands haustið 2001. Hæstiréttur lýsti, í dómi frá 25. október 2001 í máli nr. 129/2001, þeim skilningi að í tilskipunum felist fyrirmæli um skyldu ríkja Evrópska efnahagssvæðisins til að sjá svo um að fyrir hendi sé vátrygging, sem taki til skaðabótaskyldu, er stofnast vegna líkams- eða munatjóns við notkun ökutækis. Telur rétturinn að ljóst sé að þeim sé ætlað að tryggja að tjónþoli fái úr hendi vátryggjanda greiðslu á bótum sem hann á rétt til eftir skaðabótareglum og þurfi ekki að sæta mótbárum frá vátryggjanda um atriði sem falla undir til-

skipanirnar. Engu að síður verður af þessum ástæðum að hafa hliðsjón af efni tilskipana, sem settar hafa verið á vettvangi Evrópuréttar, þegar efni reglna um vátryggingarsamninga er skipað. Hefur verið leitast við að gera það í frumvarpi þessu.

Þess skal getið að í Noregi hefur reynslan sýnt að aðild Noregs að Evrópska efnahagssvæðinu og þær skuldbindingar sem því fylgdu hafa til þessa einungis leitt til minni háttar breytingar á norskum lögum um vátryggingarsamninga, nr. 69/1989. Í þessu sambandi þarf þó að hafa í huga að Norðmenn settu sérstök lög um val á löggjöf við gerð vátryggingarsamninga, þ.e. lög nr. 111/1992 frá 27. nóvember það ár. Að því er íslenskan rétt varðar eru þær efnisreglur nú í VI. kafla laga nr. 60/1994, en með frumvarpi þessu er lagt til að þær verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga. Loks skal tekið fram að reglur um varnarþing, þ.e. hvaða dómstólar eiga úrlausnarvald í vátryggingamálum, er að finna í 3. kafla Luganosamningsins um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem gerður var milli Evrópusambandslandanna og EFTA-landanna 16. september 1988 og byggist á svonefndum Brusselsáttmála frá 1968 milli Evrópusambandslandanna um sama efni. Lugano-samningnum var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 68/1995, frá 10. mars það ár, um Lugano-samninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum. Í þessum kafla samningsins (3. kafla), þ.e. 7.–12. gr., er að finna tæmandi reglur um varnarþing í vátryggingamálum. Engin ástæða er til að leggja til að þær reglur verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga.

6. Nánar um meginefni og helstu nýmæli í frumvarpinu.

6.1 Inngangur.

Frumvarp þetta hefur að geyma almennar reglur um vátryggingarsamninga. Þær lúta einkum að þeim hluta vátryggingastarfsemi sem tekur til réttarsambandsins milli vátryggingafélagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Reglur þess eru því einkaréttarlegs eðlis að meginstefnu til. Reglur frumvarpsins tengjast öðrum réttarreglum um stofnun, framkvæmd og slit samninga. Réttarsamband vátryggingafélags og vátryggingartaka eða hins vátryggða lýtur því almennum reglum samningaréttar og kröfuréttar að því leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Af þessu leiðir að reglur frumvarpsins tengjast reglum laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum, og ýmsum öðrum sérlögum á þeim réttarsviðum sem nefnd voru. Auk þess eiga ýmsar almennar og óskráðar réttarreglur samninga- og kröfuréttar við t.d. um túlkun vátryggingarsamninga. Ber að hafa þetta hugfast við beitingu þeirra reglna sem lagt er til að lögfestar verði með frumvarpi þessu.

6.2 Ófrávíkjanlegar reglur.

Svo sem greinir í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að reglur þess verði ófrávíkjanlegar nema annað sé sérstaklega tekið fram. Af 3. gr. VSL leiðir á hinn bóginn að reglur þeirra eru frávíkjanlegar, nema annað sé áskilið berum orðum, svo sem gert er í nokkrum ákvæðum þeirra, sbr. t.d. 20. gr. Þetta felur í sér grundvallarbreytingu og helgast af því markmiði að treysta betur en VSL gera réttarstöðu neytenda, þ.e. með því að veita þeim lágmarksvernd.

6.3 Meginþættir frumvarpsins.

Frumvarpi þessu er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta eru reglur um skaðatryggingar, í öðrum hluta reglur um persónutryggingar, en í þriðja hluta eru nokkur almenn ákvæði sem eiga við um allar tegundir vátrygginga. Uppbygging frumvarpsins er ólík VSL, en lögin eru þannig uppsett að í I. kafla eru almenn ákvæði, í II. kafla reglur um skaðatryggingar sem skipt er þannig að í A-hluta eru almenn ákvæði en í B-hluta reglur um sjóvátryggingar og

aðrar flutningavátryggingar, í C-hluta reglur um brunatryggingar, í D-hluta reglur um búfjártryggingar og í E-hluta reglur um ábyrgðartryggingar. Í III. kafla eru reglur um líftryggingar, í IV. kafla reglur um slysa- og sjúkratryggingar og í V. kafla gildistökuákvæði o.fl.

Í frumvarpinu eru ekki sérstakir kaflar eða þættir um einstakar tegundir skaðatrygginga eða persónutrygginga, einungis almennar reglur um allar tegundir vátrygginga sem falla innan þessara tveggja tilgreindu meginþátta. Í einstökum greinum er þó að finna sérreglur um tilteknar tegundir vátrygginga og einstakir kaflar, einkum í persónutryggingahlutanum, taka nánast eingöngu til tiltekinna persónutrygginga. Einkum ber við að sérreglur séu um líftryggingar, sbr. XVII. kafla, um skráningu líftrygginga. Leitast er við að halda sem mestu samræmi í efnisskipan í fyrsta hluta um skaðatryggingar og öðrum hluta um persónutryggingar. Kaflaheiti eru sem hér segir:

I. hluti. *Skaðatryggingar.*
I. kafli. Inngangur.
II. kafli. Upplýsingaskylda félagsins.
III. kafli. Vátryggingarsamningurinn o.fl.
IV. kafli. Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.
V. kafli. Iðgjaldið.
VI. kafli. Almennar reglur um ábyrgð félagsins.
VII. kafli. Réttur þriðja manns samkvæmt vátryggingarsamningi.
VIII. kafli. Uppgjör vátryggingabóta, fyrning o.fl.
IX. kafli. Sérstakar reglur um hópvátryggingar.
II. hluti. *Persónutryggingar.*
X. kafli. Inngangur.
XI. kafli. Upplýsingaskylda félagsins.
XII. kafli. Vátryggingarsamningurinn o.fl.
XIII. kafli. Almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins.
XIV. kafli. Iðgjaldið.
XV. kafli. Ráðstafanir tengdar vátryggingu. Rétturinn til greiðslu frá félaginu.
XVI. kafli. Réttarsambandið við skuldheimtumenn.
XVII. kafli. Skráning líftrygginga.
XVIII. kafli. Bótauppgjör, fyrning o.fl.
XIX. kafli. Sérstakar reglur um hópvátryggingar.
III. hluti. *Almenn ákvæði.*
XX. kafli. Ágreiningur o.fl.
XXI. kafli. Val á löggjöf.
IV. hluti.
XXII. kafli. Ýmis ákvæði.

Þess er vænst að auðveldara verði að vinna með reglurnar, verði þær að lögum, með því að hafa slíkt samræmi milli fyrsta og annars hluta.

6.4 Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um tiltekna þætti vátryggingarsamninga.

Svo sem fyrr greinir eru reglur frumvarpsins almennar. Þótt þær séu ófrávíkjanlegar leiðir ekki af því að ekki sé svigrúm til samninga við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga. Í fyrsta lagi er beinlínis tekið fram í ýmsum ákvæðum frumvarpsins að semja megi um tiltekin atriði. Í öðru lagi taka reglur frumvarpsins einungis til takmarkaðra þátta vátryggingarsamninga. Ekki er t.d. leitast við að setja því mörk gegn hvaða áhættu er vátryggt og í sjálfu sér er ekki amast við samningum um skýrar hlutlægar takmarkanir á ábyrgð vátrygginga-

félaga. Í þriðja lagi eru engin ákvæði um takmarkanir á ákvörðun iðgjalds eða með hvaða hætti er samið um hækkun þess, eða lækkun ef því er að skipta. Svigrúm til samninga er því verulegt og í frumvarpinu er ekki að finna reglur sem takmarka ættu möguleika vátryggingafélaga til samkeppni um viðskiptavini.

6.5 Aukin neytendavernd.

Þess er áður getið að eitt af tilefnunum til þess að huga að endurskoðun VSL sé að það sé í takt við áherslu síðustu áratuga á aukna neytendavernd að tryggja betur en VSL gera lágmarksréttindi vátryggingartaka. Nefna má eftirfarandi atriði til stuðnings þeirri áherslu sem lögð er á vernd lágmarksréttinda vátryggingartaka og verður í því sambandi að hafa í huga þá meginreglu frumvarpsins að reglur þess eru ófrávíkjanlegar.

Í fyrsta lagi eru ítarleg ákvæði í frumvarpinu um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og annarra sem koma fram fyrir þeirra hönd, einkum við gerð vátryggingarsamninga. Í VSL eru ekki ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, einungis um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Lýtur upplýsingaskylda bæði að efni löggjafar, þegar við á, að atriðum sem varða vernd þá er vátrygging veitir og eftir atvikum ráðgjöf um viðbótarvernd. Upplýsingaskyldan er fyrst og fremst virk við gerð vátryggingarsamnings, en einnig er mælt fyrir um takmarkaðri upplýsingaskyldu við endurnýjun hans. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi að upplýsingaskyldu er ekki létt af vátryggingartakanum miðað við reglur VSL. Hann verður að veita umbeðnar upplýsingar og á í sumum tilvikum að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, einkum um atriði er verulega þýðingu hafa fyrir mat félagsins á þeirri áhættu sem það undirgengst með vátryggingarsamningnum.

Í öðru lagi er leitast við að ráða bót á einu mesta álitaefni sem tengst hefur framkvæmd VSL, þ.e. hvaða mörk eigi að setja hlutlægum ábyrgðartakmörkunum, einkum þegar þær tengjast háttsemi hins vátryggða eða manna sem verða samsamaðir honum. Það er gert með því að skilgreina hugtakið varúðarreglur víðtækar en gert er í VSL, sbr. e-lið 2. gr. frumvarpsins, en einnig með því að félögunum er gert að upplýsa skýrlega í vátryggingarskírteini um hvaða varúðarreglur séu í samningnum sem leitt geti til takmörkunar á ábyrgð þess, sbr. 10. gr., auk þess sem 26. gr. frumvarpsins bannar að félagið beri fyrir sig fyrirvara vegna brota á varúðarreglum ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg. Að auki má leggja ábyrgð á félagið að hluta þótt félagið geti samkvæmt framangreindu borið fyrir sig brot á varúðarreglum. Ætti það einnig að vera til verndar vátryggðum í takmarkatilvikum.

Í þriðja lagi eru í frumvarpinu ýmsar reglur sem tryggja eiga lágmarksvernd vátryggingartaka eða hins vátryggða við framkvæmd vátryggingarsamnings. Margar þessara reglna eru í VSL, en til viðbótar koma ýmsar nýjar reglur. Í IV. kafla frumvarpsins eru t.d. ýmsar reglur þar sem skorður eru settar við rétti félags til þess að takmarka ábyrgð sína. Er það gert með því að slíkar skorður megi setja ef „atvik að öðru leyti“ réttlæta það, sbr. t.d. 3. mgr. 20. gr. og 26. gr.

Í fjórða lagi eru í III. kafla frumvarpsins reglur um uppsögn vátryggingarsamninga, en efni þeirra er skipað með þeim hætti að vátryggingartaki hefur mikið svigrúm til þess að slíta samningnum, en miklar takmarkanir eru á heimildum félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi, ekki aðeins á vátryggingartímabilinu, heldur einnig við endurnýjun hans. Af þessum reglum leiðir að vátryggður á rétt á að halda vátryggingarvernd sinni, einnig við endurnýjun, nema sérstök rök réttlæti slit á samningnum. Um þetta vísast einkum til 15. og 18. gr. frumvarpsins.

Í fimmta lagi eru ýmsar reglur í frumvarpinu um uppgjör vátryggingabóta, en í VSL skortir slíkar reglur að öðru leyti en því að þar er að finna nokkrar reglur um greiðslutíma vá-

tryggingabóta. Þessar reglur frumvarpsins lúta að því innan hvaða marka félögin geti skuldajafnað vangoldnum iðgjöldum af tiltekinni vátryggingu eða vátryggingum við gjaldfallnar bætur. Eru settar takmarkanir við rétti til skuldajafnaðar sem eru þrengri en leiða mundi af almennum reglum. Einnig er að finna takmarkanir á heimildum félagsins til þess að skuldajafna bótagreiðslum til þriðja manns við kröfur sem það kann að eiga vegna vátryggingarinnar eða á hendur þeim sem greiðsluna á að fá.

Í sjötta lagi eru ákvæði í frumvarpinu um mjög aukna vernd tjónþola þegar sá sem bótaskyldur er nýtur verndar ábyrgðartryggingar. Hin aukna vernd felst einkum í því að tjónþolinn á beinan rétt á hendur félaginu, þ.e. hann er ekki bundinn við það að beina kröfum sínum að hinum bótaskylda (ábyrgðartryggða) og leiða þær til lykta með samskiptum við hann. Leitast er við að tryggja einnig rétt þess sem er ábyrgðartryggður, þ.e. að því leyti að tjónþoli og félagið geti ekki gert tjón upp sín á milli án samráðs við hann þannig að bindandi sé fyrir hann.

Í sjöunda lagi eru í frumvarpinu sérstakar reglur um hópvátryggingar, en engin ákvæði eru um slíkar vátryggingar í VSL. Réttarstaðan í hópvátryggingum getur verið flókin. Um er að ræða þrjá aðila, þ.e. félagið, vátryggingartakann og hina vátryggðu, þ.e. þá sem teljast til hópsins. Mikilvægt er að afmarkað sé hverjir teljist á hverjum tíma til hópsins, þ.e. til hinna vátryggðu, og hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt til þess að einhver teljist hluti af hópnum, svo og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að sá sem telst til hópsins hætti að gera það. Þá er mikilvægt að tryggja að þátttakendur í hópnum fái nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína, t.d. skilmála, breytingar á þeim o.fl. Þess vegna þarf að taka af skarið um það á hverjum sú skylda hvílir að miðla upplýsingum til hópsins. Þá þarf að slá því föstu á hverjum skyldan til að greiða iðgjaldið hvílir. Loks þarf að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi þeim sem tilheyrir hópnum en hættir í honum af tilgreindum ástæðum að viðhalda vátryggingum, einkum líftryggingum, sem einstaklingur án þess að þurfa að veita á ný heilsufarsupplýsingar eins og hann þyrfti ef hann stofnaði til sambærilegrar nýrrar líftryggingar. Lagt er til í frumvarpinu að þetta verði heimilað.

Í áttunda lagi er lagt til í frumvarpinu að settar verði skorður við því að vátryggingafélög geti krafið þann sem óskar eftir persónutryggingu, eða hefur óskað persónutryggingar, um nánar tilgreindar heilsufarsupplýsingar, þ.e. heilsufarsupplýsingar sem lúta að erfðafræðilegum þáttum. Eðlilegt er að slíkar takmarkanir séu settar. Ýmsir kostir eru tiltækir við skipan slíkra reglna, en í frumvarpinu er sett fram regla sem er sambærileg reglu um sams konar takmarkanir í dönskum rétti, en sú regla var sett þar í landi á árinu 1997. Vísast um þetta til 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins.

Í níunda lagi eru í frumvarpinu reglur þar sem lagt er til að lögfest verði tilvist úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og hvaða reglur eigi að gilda um hana og starfsháttu hennar. Vátryggingafélög hafa haft með sér samstarf um úrlausn ágreiningsmála er varða vátryggingar. Þá hefur verið samkomulag milli stjórnvalda, neytendasamtaka og vátryggingafélaga um starfrækslu úrskurðarnefndar á sviði vátryggingamála. Neytendur hafa því átt þess kost að afla skjótrar úrlausnar með ódýrum hætti um ágreining í slíkum málum. Eðlilegt er að grundvöllur úrskurðarnefndar í vátryggingamálum verði treystur með því að fastsetja í lögum að slík nefnd skuli vera starfandi. Ekki þykir þó ástæða til að leggja til að grundvelli nefndarinnar verði breytt að öðru leyti. Var Neytendasamtökunum ritað sérstakt bréf þar sem leitað var álits samtakanna á því hvaða skipan þau kysu helst á slíkri nefnd, auk þess sem gerð var grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um að auka starfssvið úrskurðarnefndarinnar með því að heimila málskot til hennar í ríkara mæli en tíðkast hefur til þessa. Neytendasamtökin lýstu því yfir að ástæðulaust væri að breyta grundvelli nefndarinnar, en rétt væri að rýmka starfs-

svið hennar. Tillögur um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem settar eru fram í 141. gr. frumvarpsins, eru í samræmi við þetta, þ.e. tilvist nefndarinnar er ákveðin með lögum, en um starfsemi hennar fer eftir samningi, eins og fyrr. Þá er verksvið hennar aukið verulega frá því sem nú er og réttur neytenda til að skjóta málum til úrlausnar með skjótum hætti því rýmkaður verulega.

Ljóst má vera að mörg af þeim atriðum, sem talin hafa verið upp hér að fráman, muni leiða til nokkurs kostnaðarauka fyrir vátryggingafélögin ef frumvarp þetta verður að lögum. Á móti kemur að gera má ráð fyrir að skýrari og ítarlegri reglur um ýmis atriði muni leiða til fækkunar ágreiningsmála og þar með til minni kostnaðar sem tengist þeim. Verður að telja að aukin neytendavernd sé samfélaginu til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið.

7. Rafræn viðskipti með vátryggingar.

Nefndin fjallaði ítarlega um það á nokkrum fundum hvort leggja ætti til í frumvarpi þessu reglur sem heimiluðu sérstaklega að vátryggingaviðskipti mættu fara fram að hluta eða í heild með rafrænum hætti. Nefndarmenn urðu sammála um að leggja ekki til að í frumvarpi þessu yrðu sérstök ákvæði um rafræn viðskipti við gerð eða framkvæmd vátryggingarsamninga. Nefndarmenn eru sammála um að rétt sé og heppilegt að slík viðskipti fari fram með rafrænum hætti sé þess kostur. Eðlilegt sé þá að um þau viðskipti gildi almennar reglur um rafræn viðskipti og þjónustu, sbr. lög nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, og lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Með því móti gildi almennar reglur um kröfur til öryggis búnaðar og hvenær sönnun um tilkynningar, samninga og annað sé fullnægt ef ekki er ástæða til að setja sérreglur um þessi atriði.

Vátryggingar, einkum persónutryggingar, fela oft í sér persónuupplýsingar og í sumum tilvikum viðkvæmar persónuupplýsingar, eins og þessi hugtök eru skýrð í 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Söfnun og meðferð slíkra upplýsinga af hálfu vátryggingafélaga er háð eftirliti Persónuverndar samkvæmt téðum lögum. Því þarf ekki að gera tillögur um slíkar reglur í þessu frumvarpi. Nefndin gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vátryggingaviðskipti fari fram með munnlegum og eftir atvikum skriflegum samskiptum félagsins og vátryggingartaka eða hins vátryggða. Heimili almennar reglur rafræn samskipti í viðskiptum eða mæli fyrir um að þau séu jafngild munnlegum eða skriflegum samskiptum gildir það einnig um vátryggingaviðskipti, enda séu þau ekki sérstaklega undanþegin í lögum.

Nefndin gerir samkvæmt framansögðu ráð fyrir því að vátryggingaviðskipti fari í vaxandi mæli fram með rafrænum hætti í framtíðinni og telur reglur frumvarpsins ekki eiga að standa slíkri þróun í vegi. Almennar reglur um rafræn viðskipti og um vernd persónuupplýsinga munu gilda um slík rafræn viðskipti í vátryggingum ásamt reglum frumvarpsins ef þau verða að lögum.

8. Tengsl við sérákvæði í öðrum lögum.

Frumvarp þetta hefur að geyma almennar reglur um gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga. Í ýmsum öðrum lögum eru ákvæði sem varða vátryggingarsamninga. Má sem dæmi nefna ýmis ákvæði XIII. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, um ábyrgðartryggingu ökutækja og reglugerðar nr. 392/2003 um sama efni og lög um brunatryggingar, nr. 48/1994, svo og ýmis ákvæði í lögum sem varða starfsábyrgðartryggingar einstakra starfsstétta, t.d. löggiltra fasteignasala, sbr. 5. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, lögmanna, sbr. 25. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, og endurskoðenda, sbr. 10. gr. laga um endurskoðendur, nr. 18/1997. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að hreyft verði við ákvæðum

í sérlögum um vátryggingar. Áréttað skal, sem þó leiðir einnig af lögskýringarreglum, að sérákvæði í öðrum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim um einstakar tegundir vátrygginga ganga framar hinum almennu ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. hluta.

Í þessum hluta frumvarpsins eru reglur um skaðatryggingar. Skaðatryggingar eru skilgreindar með óbeinum hætti í 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að með skaðatryggingum sé átt við vátryggingu gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði eða aðra vátryggingu sem ekki er persónutrygging. Persónutryggingar eru líftryggingar hvers konar, svo og slysa- og sjúkratryggingar. Um efni kaflanna skal vísað til þess sem greinir í 6. tölul. í almennum athugasemdum. Ekki er heldur ástæða til að fjalla um efni einstakra greina, heldur vísast um það til greinargerðar um hvern kafla fyrir sig, svo og sérstakra skýringa við einstök ákvæði. Er einungis ástæða til að árétta hér að haldið er fast við þá meginreglu VSL að skaðatryggingar eigi ekki að bæta meira en raunverulegt tjón hins vátryggða af vátryggingaratburði. Þótt ekki sé í frumvarpinu regla sem svarar til 39. gr. VSL er leitast við að halda meginreglunni með öðrum hætti, sbr. skýringar við 36. gr. frumvarpsins. Hinu er ekki að neita að í framkvæmd hafa vátryggingafélög í skilmálum sínum samið um að bæta tjón á tilteknum munum umfram raunverulegt verðmæti þeirra. Á þetta einkum við um heimilistæki og þess háttar sem bætt er með endurkaupsverði nýrra hluta, þ.e. ekki er tekið tillit til aldurs og rýrnunar vegna notkunar. Þykir því ekki rétt að halda sem sérstakri grein hinni fortakslausu reglu 39. gr. VSL. Öðrum ákvæðum frumvarpsins, t.d. 19. gr. og 36. gr., er ætlað að koma í veg fyrir misnotkun á vátryggingum í hagnaðarskyni. Má því fullyrða að meginregla skaðatrygginga sem lýst var að framan verði enn í gildi ef frumvarpið verður að lögum.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar og er yfirskrift þeirra sem hér segir:

a. 1. gr. Gildissvið I. hluta laganna.
b. 2. gr. Skilgreiningar.
c. 3. gr. Ófrávíkjanlegar reglur.

Áður hefur verið gerð grein fyrir þeirri skipan frumvarpsins að skipta reglum þess í tvo meginhluta, þ.e. annars vegar um skaðatryggingar og hins vegar um persónutryggingar. Í 1. gr. er gildissvið reglna um skaðatryggingar afmarkað. Nauðsynlegar skilgreiningar eru í 2. gr. og er það gert til þess að skýra merkingu nokkurra mikilvægra hugtaka í reglum frumvarpsins.

Í 3. gr. er því lýst yfir að reglur frumvarpsins séu ófrávíkjanlegar. Frá því eru gerðar undantekningar þegar í hlut eiga þeir sem hafa með höndum viðamikinn atvinnurekstur.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að gildissvið I. kafla verði takmarkað við skaðatryggingar. Skaðatryggingar þarf að greina frá persónutryggingum, en einnig frá öðrum samningum sem geta ekki talist vátryggingarsamningar. Hér er átt við ýmiss konar ábyrgðir á framleiðslu- og söluvörum, ýmsa þjónustusamninga o.fl. Almennt á það ekki að valda vafa hvort þeir teljast til vátryggingarsamninga. Inntak slíks samnings ræður því hvort hann verður talinn vátryggingarsamningur eða ekki. Það ræður því ekki úrslitum hverjir eiga aðild að honum. Hin óbeina skilgreining á hugtakinu skaðatrygging, sem gerð er tillaga um í greininni, er fyrst og fremst

til afmörkunar frá persónutryggingum. Henni er ekki ætlað að binda hendur yfirvalda eða dómstóla þegar metið er hvort einstaklingar eða lögaðilar stunda vátryggingastarfsemi sem kynni að fara í bága við lög nr. 60/1994 um það efni. Skilgreiningin er svo rúm að ætla má að hún muni einnig rúma nýjar tegundir vátrygginga er kunna að bætast við þær sem nú eru þekktar. Þessi skipan ætti að tryggja að slíkar nýjar tegundir vátrygginga féllu ekki sjálfkrafa utan gildissviðs laganna.

Í skilgreiningu á hugtakinu skaðatrygging, sem sett er fram í 2. mgr., er með orðunum tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, fyrst og fremst átt við hefðbundnar eignatryggingar, eins og brunatryggingar, innbrots- og þjófnaðartryggingar, kaskótryggingar bifreiða og skipa o.fl. Hinir vátryggðu hagsmunir í þessum tilvikum eru fyrst og fremst verðmæti hlutarins sjálfs, en oft er vátryggingunni ætlað að vernda aðra hagsmuni sem bundnir eru við hlutinn, t.d. afnotarétt eða önnur óbein eignarréttindi þriðja manns. Í skilgreiningunni segir einnig að til skaðatrygginga heyri vátryggingar gegn skaðabótaábyrgð. Með því er átt við ábyrgðartryggingar, en það er sú tegund vátrygginga sem hvað hraðast hefur vaxið á síðustu árum. Þegar vafi leikur á um hvort tiltekin vátrygging telst til ábyrgðartrygginga eða ekki mundi það oftast skera úr um hvort fjárhæð bóta yrði ákveðin eftir reglum skaðabótaréttar. Ef svo er yrði vátryggingin almennt talin til ábyrgðartrygginga óháð því hver ábyrgðargrundvöllurinn væri. Þannig mundu sjúklingatryggingar samkvæmt lögum nr. 111/2000 um það efni teljast ábyrgðartryggingar en ekki persónutryggingar, því að bótafjárhæðir samkvæmt lögunum ráðast af reglum skaðabótaréttar, þó að tilteknu hámarki. Það breytir ekki þessari niðurstöðu þótt ekki þurfi að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi til þess að eiga rétt til greiðslu úr sjúklingatryggingu, aðeins að tjón hafi orðið við tilteknar aðstæður. Loks er í skilgreiningunni miðað við að til skaðatrygginga teljist vátrygging gegn kostnaði, en með því er t.d. átt við svonefnda réttaraðstoðartryggingu sem oftast er t.d. hluti af þeim samsettu fjölskyldu- og heimilistryggingum sem boðnar eru á markaði hér á landi.

Eins og fyrr greinir er upptalningunni í 2. mgr. ekki ætlað að vera tæmandi. Vátryggingar sem ekki féllu sjálfkrafa undir kennimerki skaðatrygginga mundu samt falla undir reglur I. hluta laganna, svo fremi sem þær teldust ekki til persónutrygginga.

Í 3. mgr. er lagt til að endurtryggingar falli ekki undir gildissvið I. hluta og er gerð tillaga um sambærilegt ákvæði þegar gildissviði II. hluta er lýst. Þetta er í samræmi við reglur gildandi laga. Það hefur verið viðtekin skoðun að hið sérstaka eðli endurtrygginga, svo og sú staðreynd að aðilar að slíkum samningum eru venjulega vátryggjendur sjálfir, valdi því að þær eigi ekki að sæta að öllu leyti sömu reglum og frumtryggingar. Á það enn frekar við í því frumvarpi sem hér liggur fyrir þar sem leitast er við með sérstökum reglum að tryggja réttarstöðu neytenda og efni margra reglna skipað svo sem raun ber vitni til að tryggja að það markmið náist. Hentar það síður þegar jafnræði er með aðilum eins og oftast er í endurtryggingum.

Til álita kom að mæla fyrir um að I. hluti laganna, og þar með lögin í heild, skyldi ekki gilda um tvo tiltekna greinaflokka vátrygginga, þ.e. greiðsluvátryggingar og efndavátryggingar, sem tilgreindir eru í 14. og 15. tölul. 22. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Ýmsar ástæður valda sérstöðu þessara tveggja greinaflokka vátrygginga. Þótt ótvírætt sé, miðað við skilgreiningu 2. mgr., að þeir teljist til skaðatrygginga eru mörg einkenni þeirra með þeim hætti að þeir greinast mjög frá hefðbundnum skaðatryggingum. Greiðsluvátrygging, einkum ábyrgðir, er meira í ætt við bankastarfsemi, enda hafa bankar og sparisjóðir lengi veitt ákveðin form ábyrgða. Skylda vátryggingafélags í slíkum tilvikum felst í því að veita tryggingu gegn tjóni sem verður vegna þess að skuldari vanrækir skyldur sínar. Þegar um

ábyrgðir er að ræða verður að telja að réttarsamband vátryggingartaka, kröfuhafans og vátryggjanda eigi fremur að ráðast af reglum kröfuréttar en vátryggingaréttar. Réttur vátryggingafélags til þess að krefjast endurgreiðslu á vátryggingabótum úr hendi skuldarans sem ekki hefur efnt skyldu sína ætti í raun réttri ekki að ráðast af reglum vátryggingaréttar heldur kröfuréttar, sem mundi auka svigrúm félagsins til endurheimtu. Þótt efndavátrygging kunni að sumu leyti að líkjast meira hefðbundnum skaðatryggingum, t.d. er réttarsambandið þar eingöngu milli vátryggingartaka, kröfuhafa og félagsins, er sérstaða þeirra trygginga samt svo mikil að ýmis rök standa til þess að láta ákvæði frumvarpsins ekki taka til þeirra.

Þrátt fyrir framanritað var ekki talin ástæða til þess að mæla beinlínis fyrir um að þessir tveir greinaflokkar vátrygginga féllu ekki undir lögin. Mikil þróun er í greiðsluvátryggingum og efndavátryggingum og ekki útséð um hver framvindan verður á því sviði. Þykir því rétt að leggja til að viðskiptaráðherra geti með reglugerð undanskilið þessar vátryggingagreinar, svo og aðrar sambærilegar vátryggingar, gildissviði laganna. Yrðu einkum rök til þess ef sýnt þætti af framkvæmdinni að reglur frumvarpsins, ef það verður að lögum, hentuðu ekki við gerð og framkvæmd vátryggingarsamninga um þessar vátryggingagreinar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að nokkur lykilhugtök í I. hluta laganna verði skilgreind. Í 2. gr. gildandi VSL er einnig að finna skilgreiningar á mikilvægum hugtökum og fara þær um flest saman við skilgreiningar þær sem gerð er tillaga um í þessari grein, en vegna nýmæla eru þó skilgreiningarnar hér bæði fleiri og að sumu leyti öðruvísi en samkvæmt VSL.

Félagið er algengt hugtak í frumvarpinu og í VSL. Skilgreining þess hér er að efni til óbreytt frá gildandi lögum en útfærslan er þó önnur. Félagið, þ.e. vátryggjandinn, í frumvarpinu mundi oftast vera hlutafélag, gagnkvæmt félag eða aðrir sem fengið hafa hér starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Einnig er hugsanlegt að aðrir aðilar geti talist félag í skilningi frumvarpsins, t.d. þeir sem kunna að bjóða vátryggingar samkvæmt sérstökum heimildum í öðrum lögum. Einnig yrði að telja þann sem býður vátryggingar án þess að hafa til þess heimild til félags samkvæmt frumvarpinu, ef álitaefni risu um slíkar vátryggingar sem rétt þætti að færu eftir ákvæðum þess.

Vátryggingartaki er skilgreindur með sama hætti og í VSL, en sérstaklega er þó tekið fram hver teljist vátryggingartaki í hópvátryggingum, þ.e. sá sem gerir slíkan samning við félagið, en oftast yrði það vinnuveitandi, félag, t.d. stéttarfélag, eða annars konar hagsmunafélag.

Skilgreining á orðinu vátryggður er einnig efnislega með sama hætti og í VSL. Þessi skilgreining er svo rúm að hún tekur einnig til þeirra sem eiga rétt til bóta á grundvelli hópvátryggingarsamnings. Rétt þykir þó að leggja til að sérstaklega verði tekið fram hver teljist vátryggður í ábyrgðartryggingum. Hér er þó ekki gerð tillaga um breytingar frá því sem vera mundi samkvæmt gildandi rétti. Þar sem reglur frumvarpsins miða að verulegum breytingum á stöðu þess sem verður fyrir tjóni og á rétt til bóta á hendur þeim sem hefur ábyrgðartryggingu, m.a. er gerð tillaga um að veita honum beinan rétt á hendur félaginu, þykir nauðsynlegt að taka af skarið um að hann teljist þó ekki hinn vátryggði.

Hópvátrygging er orð sem ekki er notað í VSL og yrði því nýtt í löggjöf ef frumvarp þetta verður að lögum. Þykir því nauðsynlegt að skilgreina það. Hugtakið hópvátrygging er ekki skilgreint með nákvæmlega sama hætti í þessum hluta frumvarpsins og í II. hluta, en það breytir því ekki að helstu einkenni hópvátrygginga eru hin sömu í báðum tilvikum, þ.e. samningurinn er gerður af vátryggingartaka, sem oftast er vinnuveitandi eða félag, til hagsbóta fyrir nánar tiltekinn hóp, t.d. starfsmenn vinnuveitandans eða félagsmenn í félagi. Hópvátrygging getur einnig gilt fyrir þá sem teljast til fjölskyldna þeirra sem tilheyra hópnum.

Nauðsynlegt er að skilgreina í hópvátryggingum hverjir teljist til hópsins, eða hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja svo vátrygging geti átt við. Ekki er skilyrði að um einhvern tiltekinn lágmarksfjölda einstaklinga sé að ræða svo unnt sé að tala um hópvátryggingu. Oft getur risið vafi um hvort tiltekin vátrygging er hópvátrygging eða ekki. Fjölskyldu- eða heimilistrygging telst ekki hópvátrygging þótt í skilmálum hennar sé tekið fram að hún sé einnig til hagsbóta fyrir fjölskyldu eða heimilisfólk vátryggingartaka. Þegar vafi rís um hvort vátrygging telst hópvátrygging verða dómstólar að skera úr um það að lokum.

Um varúðarreglur er fjallað í 51. gr. VSL. Varúðarreglur og mörk milli þeirra og svonefndra hlutlægra ábyrgðartakmarkana eru eitt af helstu álitaefnunum sem verið hafa í vátryggingarétti. Með reglum frumvarps þessa er leitast við að eyða eða takmarka þá réttaróvissu sem verið hefur í þessum efnum. Er því sett fram sérstök skilgreining á hugtakinu varúðarreglur. Sú skilgreining sem hér er gerð tillaga um er nákvæmari og einnig víðtækari en leiða mundi af reglu 51. gr. VSL. Um varúðarreglur er nánar fjallað í skýringum við 26. gr. frumvarpsins, sem tekur til brota á þeim.

Skilgreiningar á hugtökunum vátryggingaratburður, vátryggingaráhætta, vátryggingarfjárhæð, vátryggingarverðmæti og bundið vátryggingarverð eru í samræmi við það sem byggt hefur verið á í gildandi rétti. Hið sama má í meginatriðum segja um hugtakið vátryggingarskírteini. Sú skilgreining er þó víðtækari en í gildandi rétti, sem helgast af því að í 10. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á félagið að tilgreina ákveðnar upplýsingar í skírteininu sem almennt má telja að hafi verulega þýðingu fyrir mat hins vátryggða á réttarstöðu sinni samkvæmt vátryggingarsamningnum. Tekið skal fram að skilgreining á orðinu vátryggingaráhætta er tvíþætt vegna þess að orðið er notað í tvenns konar merkingu í frumvarpinu. Það er bæði notað um þá hagsmuni sem njóta vátryggingarverndar samkvæmt vátryggingarsamningi og líka um þá þætti eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður. Oft eru það einungis tilteknir þættir eða aðstæður sem leitt geta til þess að vátryggingaratburður verður. Verði tjón af öðrum ástæðum fellur það utan vátryggingarsamningsins. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt að tilgreina þættina eða atburðina, þ.e. vátryggingaráhættuna (áhættuna) með beinum eða óbeinum hætti. Vegna skilgreiningar á orðinu vátryggingarfjárhæð skal tekið fram að þótt það sé ekki skilgreiningaratriði, þá er iðgjald að jafnaði reiknað af vátryggingarfjárhæð.

Um 3. gr.

Meginregla gildandi VSL er, skv. 3. gr. þeirra, að reglur laganna séu frávíkjanlegar, þ.e. þær koma ekki til framkvæmda ef annað er áskilið berum orðum í vátryggingarsamningi eða verður talið í honum fólgið. Frá þessu eru undantekningar ef tekið er berum orðum fram í reglum laganna að þær séu ófrávíkjanlegar. Kemur það fram í ýmsum mikilvægum ákvæðum gildandi laga að ekki megi víkja frá þeim með samningi. Vafalaust hefur mátt telja það til kosta gildandi laga að þau væru frávíkjanleg, enda hefur það ekki staðið í vegi fyrir þeim vexti sem orðið hefur í vátryggingum síðan þau lög voru sett. Það er líka í samræmi við grundvallarreglu íslensks fjármunaréttar að mönnum sé frjálst að ráðstafa hagsmunum sínum, sem þeir hafa forræði á, með samningum.

Fram hjá því verður þó ekki litið að aðild að vátryggingarsamningum er langoftast háttað þannig að annars vegar er einstaklingur eða minni rekstraraðili, sem ekki hefur sérþekkingu á lögum eða vátryggingastarfsemi, og hins vegar vátryggingafélag sem hefur atvinnu af því að vátryggja hagsmuni og hefur mikla sérfræðiþekkingu og reynslu á því sviði. Sérþjálfað starfsfólk annast starfsemina. Auk þessa er það félagið, þ.e. vátryggjandinn, sem sér um að semja vátryggingarskilmálana og hlýtur við það að líta fyrst og fremst til hagsmuna félagsins. Vátryggingarskilmálar íslenskra vátryggingafélaga hafa þó ekki verið gagnrýndir sérstaklega

fyrir að vera almennt ósanngjarnir eða fjandsamlegir vátryggingartökum eða þeim sem njóta vátryggingarverndar. Ástæður þessa geta verið ýmsar, t.d. að félögin sýni ábyrgð í starfsemi sinni og að samkeppni milli félaganna tryggi að vátryggingarskilmálar þeirra verði neytendavænir.

Sú áhersla sem í norrænni lögfræði hefur verið lögð á að tryggja hagsmuni neytenda á síðustu áratugum er sprottin af því að ríkt þörf hefur verið talin á að vernda þá sérstaklega, ekki síst á sviðum þar sem viðsemjendurnir eru stórir rekstraraðilar með mikla sérþekkingu, er sjá sjálfir um að semja öll ákvæði samninga sem gerðir eru við neytendur. Hin aukna áhersla á neytendavernd hefur leitt til þess að sett hafa verið ýmis lög á Íslandi til að tryggja réttarstöðu neytenda. Má sem dæmi nefna breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð ógilda löggerninga, fyrst með lögum nr. 11/1986 og síðar með lögum nr. 14/1995, lög nr. 96/1992, um húsgöngu og fjarsölu (síðar lög nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga), lög nr. 103/1992, um umboðssöluviðskipti, lög nr. 121/1994, um neytendalán, lög nr. 80/1994, um alferðir, og lög nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis. Einnig má benda á að ný lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, ný lög um fasteignakaup, nr. 40/2002, og ný lög um þjónustukaup, nr. 42/2000, bera þess merki að þar séu hagsmunir neytenda verndaðir í ríkara mæli en t.d. samkvæmt eldri lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Þörf fyrir neytendavernd er einnig fyrir hendi á sviði vátryggingastarfsemi. Eru aðstæður þar með slíkum hætti að neytandinn má sín oftast lítils gagnvart félaginu þegar til þess kemur að meta hvort hagsmunir hans séu nægilega verndaðir, hver staða hans verður ef vátryggingaratburður á sér stað og til að hafa áhrif á skilmála vátryggingarinnar. Þessar ástæður hafa m.a. valdið því að rétt þykir að gera tillögu um að lög um vátryggingarsamninga séu ófrávíkjanleg. Er gerð tillaga um það í 3. gr. frumvarpsins að vikið verði frá þeirri meginreglu sem gilt hefur að lög um vátryggingarsamninga verði frávíkjanleg og lagt til að því verði slegið föstu í 1. mgr. 3. gr. að þau verði að meginstefnu til ófrávíkjanleg. Sambærilegt ákvæði er í II. hluta laganna, sem tekur til persónutrygginga.

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að veita vátryggingartökum og þeim sem vátryggðir eru, eða njóta með öðrum hætti réttar til greiðslu vátryggingabóta, lágmarksvernd. Ef lagt yrði til að lögin verði frávíkjanleg yrði markmiði þessu stefnt í hættu.

Eins og síðar greinir eru ýmsar undantekningar frá því að ekki megi víkja frá ákvæðum laganna með samningi og er það einkum í þeim tilvikum þegar ekki er talin þörf á þeirri vernd er að framan greinir. Þörfin fyrir lágmarksvernd er mismunandi eftir því hvort um skaðatryggingar er að ræða eða persónutryggingar. Hinar síðarnefndu eru nánast í öllum tilvikum neytendatryggingar, þ.e. það er neytandi sem er aðili að vátryggingarsamningnum. Þörfin fyrir ófrávíkjanlegar reglur er því meiri á því sviði en í skaðatryggingum, sem í mörgum tilvikum taka til hagsmuna rekstraraðila. Ekki þykir þó rétt að binda ófrávíkjanleika laganna eingöngu við neytendur, enda verður að telja að flestir minni rekstraraðilar hafi alveg jafnmikla þörf fyrir þá lágmarksvernd sem reglum frumvarpsins er ætlað að veita. Á hinn bóginn er ekki ástæða til að koma í veg fyrir að stærri rekstraraðilar semji á annan hátt en reglur frumvarpsins gera ráð fyrir, jafnvel þótt það leiði til lakari kjara en ef reglunum væri fylgt. Ástæða þessa er sú að stærri rekstraraðilar eiga sjálfir að geta gætt hagsmuna sinna við gerð vátryggingarsamninga sem og annarra samninga og keypt sér þá sérfræðiþjónustu sem þarf við samningsgerðina. Auk þess er eðlilegt að slíkir aðilar hafi frelsi til þess að taka þá upplýstu ákvörðun að bera sjálfir einhvern hluta af tjóni ef vátryggingaratburður verður, eða takmarka rétt sinn á hendur félaginu að einhverju öðru leyti og greiða í staðinn lægri iðgjöld.

Þess ber að geta að frumvarpið miðast við að það séu reglur þess sem séu ófrávíkjanlegar, en í því felst að það eru einungis þau atriði sem reglurnar taka til sem ekki má víkja frá. Um

önnur ólögmælt atriði mætti semja. Þannig er t.d. miðað við að almennt sé hægt að semja um umfang vátryggingarinnar, enda er það atriði almennt ekki til umfjöllunar í reglum frumvarpsins.

Í þessu sambandi skal undirstrikað að einungis er óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna, ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur félaginu. Vissulega má semja um betri rétt þessum aðilum til handa en leiða mundi af reglum frumvarpsins. Í 1. mgr. er talað um þann sem öðlast kröfu á hendur félaginu, þ.e. hann nýtur þeirrar lágmarksverndar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Orðalagi er háttað þannig til þess að það geti átt við um vátryggingartaka, vátryggðan, ef hann er ekki hinn sami, og þriðja mann sem öðlast getur beina kröfu á hendur félagi á grundvelli ábyrgðartryggingar þess sem ber skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Full ástæða er til að þeir njóti sömu verndar og hinn vátryggði.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að heimilt sé, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að víkja frá ákvæðum þessa hluta frumvarpsins við tilteknar aðstæður. Það er óhjákvæmilegt skilyrði þess að víkja megi frá ákvæðum frumvarpsins að vátrygging sé tekin vegna atvinnurekstrar. Þótt því skilyrði sé fullnægt þarf ýmislegt annað að koma til, þ.e. skilyrðum einhvers af stafliðum a–d þarf að vera fullnægt líka. Heimildin til að víkja frá reglum frumvarpsins með samningum tekur þó ekki til nokkurra þátta ábyrgðartrygginga, þ.e. þeirra sem reglur 46. gr. frumvarpsins taka til. Þær reglur miða að því að staða tjónþola, sem á skaðabótakröfu á þann sem ábyrgðartryggður er, verði betri en skv. 95. og 96. gr. VSL og að sú staða verði ekki rýrð. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 44. gr. frumvarpsins.

Svo sem fyrr greinir þarf, til viðbótar því meginskilyrði að vátrygging sé tekin vegna atvinnurekstrar, einu af þeim skilyrðum sem talin eru upp í stafliðum a–d að vera fullnægt. Þau skilyrði eru mismunandi og fyrir þeim eru mismunandi rök.

Skilyrði a-liðar lúta að stærð eða umfangi þess atvinnurekstrar sem í hlut á. Matsatriði er hvar setja á slík mörk. Sé tekið mið af stærðardreifingu íslenskra fyrirtækja eftir fjölda ársverka 1997 voru þau þá talin 33.949 (heimild: Þjóðhagsstofnun). Af þeim voru innan við 5% með fleiri starfsmenn en tíu. Það er því ljóst að meginþorri íslenskra atvinnufyrirtækja fellur undir þau stærðarmörk sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fullnægja þarf tveimur af þeim þremur skilyrðum sem sett eru í a-lið. Fyrirtæki af þeirri stærð sem gert er ráð fyrir í a-lið hafa ekki þörf fyrir þá lágmarksvernd sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ætla má að þau hafi aðgang að sérþekkingu til þess að geta með vissu lagt mat á hvernig hagsmunum þeirra sé best borgið að því er lýtur að vátryggingum.

Í b-lið er gerð tillaga um að heimilt sé að víkja frá reglum frumvarpsins ef vátryggingar lúta að atvinnustarfsemi sem að mestu leyti fer fram erlendis. Ástæður þess eru einkum þær að ekki er rétt að útiloka íslensk fyrirtæki frá því að vátryggja slíka hagsmuni hjá íslenskum vátryggingafélögum og ekki rétt að íslensk vátryggingafélög séu mögulega bundin af strangari reglum en keppinautar þeirra í því landi sem um ræðir. Skýra ber ákvæðið svo að það taki aðeins til rekstraraðila ef mestur hluti af heildarrekstri hans fer fram erlendis, en ekki ef aðeins mestur hluti tiltekins þáttar, t.d. tiltekinnar deildar, fer fram erlendis.

Í c-lið er lagt til að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna ef vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars sem nýtt er í atvinnurekstri. Rökin fyrir þessari reglu eru fyrst og fremst þau að rekstur loftfara í atvinnuskyni er sérstakur og sérhæfður rekstur. Í XI. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, eru reglur um skyldu umráðanda loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt þeim lögum, til þess að taka og viðhalda tilteknum tryggingum og ber að leita viðurkenningar Flugmálastjórnar á vátryggingafélagi og vátryggingarskilmálum áður en vátrygging er tekin, sbr. 1. mgr. 131. gr. laganna. Þessar reglur loftferðalaga eru ófrávíkjanlegar. Þegar komið er út fyrir gildissvið þeirra er eðlilegt að umráðamenn loftfara hafi heim-

ild til að semja um skilmála vátrygginga, enda verður að ætla að þeir hafi þá sérþekkingu sem þarf til að semja um skilmála slíkra vátrygginga.

Til álita kom að hafa sambærilegt ákvæði um skráningarskyld skip sem notuð eru í atvinnuskyni. Með hliðsjón af því að mikill fjöldi smábáta er notaður í atvinnurekstri þar sem aðeins eigandinn eða umráðamaður starfar, e.t.v. með einn eða tvo starfsmenn, var þó ekki talið rétt að gera um það tillögu. Verður ekki séð að á þessu sviði sé síður þörf fyrir þá lágmarksvernd sem frumvarpið gerir ráð fyrir en á öðrum sviðum.

Loks er í d-lið lagt til að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna þegar vátryggðar eru vörur í flutningi milli landa. Byggist það fyrst og fremst á því að rétt er að íslensk vátryggingafélög eigi þess kost að keppa um vátryggingar á vörum sem fluttar eru til landsins, án þess að vera bundin af reglum um lágmarksvernd í ríkari mæli en keppinautar þeirra.

Í 3. mgr. er ákvæði sem mælir fyrir um breytingar á fjárhæðum sem tilgreindar eru í a-lið 2. mgr. til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Löng hefð er fyrir slíkum sjálfvirkum hækkunarákvæðum í íslenskum lögum, þótt hitt þekkist einnig að stjórnvöld hafi heimild eða skyldu til þess að breyta fjárhæðum samkvæmt nánar tilgreindum mælikvörðum.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru einkum reglur um upplýsingaskyldu félagsins til vátryggingartaka. Skylda til að veita upplýsingar á ekki aðeins við í aðdraganda þess að vátrygging er tekin, heldur einnig meðan vátryggingarsamningur er í gildi, þ.e. þegar kemur að endurnýjun hans, þótt ekki sé hún þá jafnvíðtæk og í upphafi.

Ýmsar reglur sem lagt er til að verði í þessum kafla er nú að finna í VI. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Eðlilegt þykir að reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga sem lúta að vátryggingarsamningum þeirra við vátryggingartaka séu í frumvarpinu. Þótt einhverjar reglur II. kafla frumvarpsins um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga kunni að hafa á sér opinbersréttarlegan blæ geta þær þó allar haft einkaréttarleg áhrif, sumar í ríkum mæli. Af þeim sökum er lagt til að þær verði vistaðar í lögum um vátryggingarsamninga með eftirfarandi hætti. Í samræmi við þetta er lagt til að reglur þær sem nú eru í 56. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59. gr. verði í þessum kafla. Reglur sem lúta sérstaklega að líftryggingum eða öðrum persónutryggingum, þ.e. 60. gr., verði í II. hluta frumvarpsins um persónutryggingar, en reglur um val á löggjöf eða ákvörðun um það atriði, hvort heldur er í skaðatryggingum eða persónutryggingum, verði í III. hluta sem hefur að geyma almenn ákvæði. Ekki er gerð tillaga um að hreyft verði við reglum sem nú eru í 3. mgr. 57. gr. og 1. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994, enda lúta þær reglur ekki með beinum hætti að réttarsambandi vátryggingafélags og vátryggjanda, heldur varða fyrst og fremst skyldur vátryggingafélaga gagnvart yfirvöldum.

Í VSL eru ekki sérstök ákvæði um upplýsingaskyldu félaga við vátryggingartaka. Ákvæði laganna um upplýsingar, sem félögum ber að senda til vátryggingartaka eða hins vátryggða, eru fremur tilkynningar og viðvaranir, sbr. t.d. 8. og 48. gr., sem ætlað er að varna brottfalli réttinda félagsins og eru í þess þágu. Ákvæðin eru ekki í þágu vátryggingartaka, vátryggðs eða þriðja manns, en það er hins vegar tilgangur þeirra reglna sem gerð er tillaga um í þessum kafla frumvarpsins.

Vátryggingar og samningar um þær eru flókið mál og fáir hafa þekkingu á þessum málaflokki. Þótt vátryggingafélög hafi vissulega veitt margs konar upplýsingar í kynningargögnum til viðskiptamanna sinna eða í almennum auglýsingum hefur það ekki verið kerfisbundið. Sjónarmið um aukna neytendavernd kalla á reglur um slíka upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í þágu viðskiptamanna þeirra, eins og tillaga er gerð um í reglum kaflans.

Þegar gerð er tillaga um efni reglna um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga er nauðsynlegt að skipa reglum þannig að þær tryggi möguleika vátryggingartaka á nægilegum upplýsingum til þess að hann geti sjálfur metið efni vátryggingarsamningsins. Ekki má þó ganga svo langt að íþyngja félögunum með kvöðum um upplýsingaskyldu þegar vátryggingartakinn hefur eða á að hafa upplýsingarnar eða sýnilega er þarflaust af öðrum ástæðum að láta hann fá þær, t.d. vegna þess að engar breytingar hafa orðið á skilmálum samningsins. Ekki er lagt til að vátryggingafélögum verði gert skylt að leggja fyrir vátryggingartaka upplýsingar um kjör og skilmála annarra félaga áður en vátryggingarsamningur er gerður. Veiti félag á hinn bóginn slíkar upplýsingar verða þær að vera réttar, ella getur félagið bakað sér ábyrgð. Lagaákvæði um slíka upplýsingagjöf og almennt um upplýsingagjöf til neytenda er að finna í VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Er því óþarfi að hafa ítarlegri reglur um það hér.

Rétt er að taka af allan vafa um að ákvæði frumvarpsins takmarka ekki rétt vátryggingafélaga og vátryggingartaka til þess að nýta sér þá samskiptatækni sem almennt er á boðstólum. Þannig kemur ekkert í veg fyrir að samskipti vátryggingartaka og vátryggingafélags megi fara fram með rafrænum hætti, t.d. með sendingu á tölvupósti á milli aðila, enda gefi vátryggingartaki sérstakt samþykki sitt fyrir slíkum samskiptamáta. Af sjálfu sér leiðir að ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, gilda um slík viðskipti, eftir því sem við á, sbr. og lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir. Sé þessi samskiptaháttur nýttur hvílir sú ábyrgð á vátryggingartaka að halda vátryggjanda ávallt upplýstum um þær breytingar sem kunna að verða á tölvupóstfangi hans. Á vátryggingafélagi hvílir sönnunarbyrði um að það hafi veitt tilskildar upplýsingar eða afhent rafrænt tilskilin gögn og skilmála komi til ágreinings um slíkt. Það verður því mikilvægt fyrir vátryggjanda að varðveita upplýsingar um þau samskipti sem hann hefur átt við vátryggingartaka. Ákvæði frumvarpsins, sem kveða á um afhendingu tiltekinna upplýsinga, vátryggingarskírteina, vátryggingarskilmála eða annarra gagna, ber þar af leiðandi ekki að túlka svo að þau komi í veg fyrir rafræna miðlun upplýsinga.

Um 4. gr.

Í greininni er gerð tillaga að reglu um upplýsingaskyldu vátryggingafélags, eða þess sem kemur fram fyrir þess hönd, áður en vátryggingarsamningur er gerður. Reglan er mikilvæg vegna þess að á því stigi hefur vátryggingartaki mesta þörf fyrir upplýsingar og vandaða ráðgjöf.

Markmið reglunnar um upplýsingaskyldu vátryggingafélags kemur fram í 1. mgr., þ.e. það á að veita vátryggingartaka þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að hann geti metið tilboð félagsins. Þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar er mismunandi. Flestir þurfa miklar upplýsingar og marga þarf að upplýsa um grundvallaratriði, en aðrir hafa þekkingu á vátryggingum og þurfa því ekki miklar upplýsingar. Upplýsingaskyldan er samkvæmt þessu afstæð, þ.e. háð því hve ríka þörf vátryggingartaki hefur fyrir upplýsingar. Félagið verður að leggja mat á það hve miklar upplýsingar vátryggingartaki þarf og haga upplýsingagjöf í samræmi við það. Í skaðatryggingum er ekki gert ráð fyrir því að félagið þurfi að rannsaka sjálft hverjar séu þarfir vátryggingartaka fyrir tryggingu, heldur geti það byggt ráðgjöf sína um það á þeim upplýsingum sem hann sjálfur veitir og liggja fyrir. Aðrar og ríkari skyldur hvíla á vátryggingafélögum þegar um persónutryggingar er að ræða. Einnig eru þar sérákvæði um takmarkanir á heimildum vátryggingafélaga til þess að afla sér tilgreindra upplýsinga, t.d. um arfgenga sjúkdóma.

Sömu skyldur hvíla á vátryggingamiðlurum.

Í 2. málsl. 1. mgr. er sérstaklega hnykkt á því að félaginu beri að gera vátryggingartaka grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði vátryggingar eða þeirri vernd sem hún veitir. Einnig hér verður félagið að meta það hvaða væntingar vátryggingartakinn hefur og af því ræðst upplýsingaskylda þess, svo sem fyrr greinir.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á félagið að upplýsa um, í vátryggingarskírteini eða vátryggingarskilmálum, hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar og ágreiningsmála sem varða vátryggingarsamninga og um rétt til þess að bera deilumál undir dómstóla. Sambærileg regla er nú í 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/1994. Sjá enn fremur athugasemdir við 141. gr. frumvarpsins.

Sú skylda sem lögð er á félagið samkvæmt þessari grein til að veita viðsemjendum sínum upplýsingar er mjög þýðingarmikil fyrir þá. Því er mikilvægt að vel sé að henni staðið. Miðað við umfang vátryggingastarfsemi í nútímaþjóðfélagi er þó ljóst að upplýsingarnar hljóta a.m.k. að mestu að vera staðlaðar og kynntar þannig. Viðsemjandi vátryggingafélags hefur hér og nokkrar skyldur, einkum að því leyti að hann verður að bera sig eftir upplýsingum og leitast við að tileinka sér þær svo sem kostur er. Reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga eru tilgangslausar ef ekki hvílir sú skylda á viðsemjendum félagsins að þeir leitist við, eftir því sem þeir hafa forsendur til, að biðja um upplýsingar og tileinka sér þær.

Í greininni er ekki að finna reglur um réttaráhrif þess að félagið sinnir ekki þeirri upplýsingaskyldu sem á því hvílir. Þau hljóta því að ráðast af almennum reglum og er svigrúm dómstóla nokkurt við ákvörðun um það. Oft gæti það leitt til þess að félagið gæti ekki borið fyrir sig takmarkanir á gildissviði vátryggingar, en önnur réttaráhrif kæmu einnig til greina.

Um 5. gr.

Í þessari grein er regla um tungumál vátryggingarskilmála. Sambærileg regla er í 59. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og er þetta ein af þeim reglum sem lagt er til að fluttar verði í lög um vátryggingarsamninga. Reglan þarfnast ekki sérstakra skýringa hér. Hún er í samræmi við meginreglur samkeppnislaga um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku, sbr. 1. mgr. 22. gr. þeirra laga, svo og almennir skilmálar þjónustuaðila sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, sbr. 2. mgr. 23. gr., sbr. og 3. gr. laga nr. 24/1994, um breyting á samkeppnislögum.

Um 6. gr.

Í greininni eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélags um efni löggjafar sem samningssambandið á að lúta. Ákvæði greinarinnar er miðað við að upplýsingaskylda félagsins sé misjafnlega rík eftir því hvort íslensk lög eiga að gilda um vátryggingarsamninginn eða erlend. Af sjálfu leiðir að oftast mundi vera um íslensk lög að ræða. Í þeim tilvikum hvílir ekki fyrirvaralaus skylda á vátryggingafélagi að upplýsa um efni löggjafar þeirrar sem gildir um samninginn. Upplýsingaskyldu er þá aðeins til að dreifa ef vátryggingartaki hefur þörf fyrir upplýsingar. Félagið verður að meta eftir aðstæðum hvort vátryggingartaki þurfi slíkar upplýsingar. Ljóst er að einstaklingar sem eru að vátryggja í fyrsta sinn, nýbúar og aðrir sem ekki er hægt að ætlast til að þekki til íslenskrar löggjafar hafa ríka þörf fyrir upplýsingar. Á hinn bóginn er ljóst að rekstraraðilar sem hafa langa reynslu af töku vátrygginga og einstaklingar með reynslu og þekkingu af vátryggingu hafa mun síður, eða jafnvel alls ekki, þörf fyrir slíkar upplýsingar. Í þeim tilvikum sem lög annars lands eiga að gilda um réttarsambandið hvílir fyrirvaralaus upplýsingaskylda á félaginu. Umfang upplýsingaskyldunnar hlýtur reyndar einnig hér að vera mismunandi eftir þörfum vátryggingartakans fyrir upplýsingar. Íslenskur aðili sem tekur vátryggingu sem erlendar réttarreglur eiga að gilda um þarf greinar-

góðar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar til þess að geta metið réttarstöðu sína. Annað gæti átt við um borgara í því landi sem löggjöfin er frá.

Ákvæði sambærileg 6. gr. eru nú í 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 60/1994, en reglur frumvarpsins eru þó ekki eins fyrirvaralausar, enda má ætla að of langt sé gengið í efni tilgreindra lagareglna í þeim tilvikum sem íslenskar réttarreglur eiga að gilda um réttarsambandið.

Þess ber einnig að geta að stundum er þjónusta sú sem vátryggingafélagið veitir samsett, þ.e. annars vegar vátrygging en hins vegar annars konar fjármálaþjónusta, sem tengist vátryggingunni með einum eða öðrum hætti. Þetta er algengt í persónutryggingum og vísast til umfjöllunar í skýringum við ákvæði X. kafla frumvarpsins um það. Þegar skaðatryggingar eru boðnar sem hluti af samsettri þjónustu tekur upplýsingaskyldan einnig til efnis löggjafar um aðra þætti þjónustunnar, enda er slíkt nauðsynlegt til þess að vátryggingartakinn geti metið réttarstöðuna í heild sinni. Upplýsingaskyldan í þeim tilvikum er einnig afstæð í þeim skilningi sem rakinn er að framan.

Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um skyldur félagsins til þess að veita upplýsingar um það sjálft. Reglur þessar eru nú í 1. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 60/1994, en lagt er til að þær verði fluttar í lög um vátryggingarsamninga, enda lúta þær að skyldum félagsins gagnvart viðsemjendum þess, vátryggingartökum. Ekki þarf að skýra reglurnar frekar hér.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldur þeirra, sem hafa með höndum sölu vátrygginga á vegum vátryggingafélaga til þess að sanna á hvers vegum þeir starfa. Sama regla er nú í 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994. Regla 2. málsl. 2. mgr. 58. gr. er ekki tekin með hér, heldur er gerð tillaga um aðra reglu sem er í betra samræmi við meginregluna um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í 4. gr. Sú regla mundi missa marks ef ekki yrðu gerðar sömu kröfur til þeirra sem koma fram fyrir hönd vátryggingafélaga, annast sölu vátrygginga eða koma af öðrum ástæðum fram fyrir hönd félaganna fyrir, við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamninga. Þetta á einkum við um skaðatryggingar, þar sem ekki er viðtekin venja að fyrirvari sé á gildi vátrygginga. Öðru máli kann að gegna um persónutryggingar, en vísað er til sérstakra skýringa um þær.

Tekið skal fram að ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vátryggingamiðlara, enda gilda um þá og skyldur þeirra sérstakar reglur í IX. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Lagt er til að við þeim reglum verði ekki hreyft.

Um 9. gr.

Reglan í þessari grein er nú í 3. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994, en lagt er til að hún verði í lögum um vátryggingarsamninga. Sú breyting á orðalagi reglunnar að vísa til annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta er til komin vegna hagsmuna þeirra sem bótarétt eiga á hendur þeim sem hefur ábyrgðartryggingu, enda gera aðrar reglur frumvarpsins ráð fyrir mun rýmri rétti þeirra gagnvart vátryggingafélagi, en núgildandi reglur VSL. Þótt regla 2. mgr. kveði á um upplýsingaskyldu um bótarétt og uppgjör er eðlilegt að skipa henni með reglum þessa kafla um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga. Oft getur verið rík þörf fyrir slíkar upplýsingar og rétt að taka af skarið um skyldu til þess að veita þær.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í greininni er tillaga að reglum um upplýsingaskyldu vátryggingafélags eftir að vátryggingarsamningur er á kominn. Kveðið er á um skyldu félagsins til þess að senda vátryggingartaka vátryggingarskírteini sem er staðfesting á því að vátryggingarsamningur sé á kominn. Enn fremur er gert ráð fyrir að skilmálum vátryggingar sé komið á framfæri við vátryggingartaka.

Vátryggingarskírteinið er sem fyrr greinir staðfesting um vátryggingu. Það á að hafa upplýsingar- og sönnunargildi um efni réttarsambandsins, en í því felst í sjálfu sér ekki samningur og upplýsingar sem í því eiga að vera eru ekki sjálfstæðir samningsskilmálar, heldur einungis upplýsingar um það sem áður hefur verið samið um.

Tilgangur vátryggingarskírteinis er í raun þríþættur, þ.e.:

Því er í fyrsta lagi ætlað að vera staðfesting á því að vátryggingarsamningur hafi komist á.

Í öðru lagi á skírteinið að hafa að geyma tilvísun til þeirra skilmála sem eiga að gilda um vátryggingarsamninginn,

Í þriðja lagi á að tilgreina í því þær reglur, þ.m.t. varúðarreglur, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir vátryggingartaka.

Nánar verður komið að þessu síðar.

Tilgangurinn með því að hafa reglur um útgáfu vátryggingarskírteinis sem staðfestingu vátryggingarsamnings er að minna vátryggingartakann á helstu atriði samningsins, þannig að hann verði meðvitaðri um þá vernd sem vátryggingin veitir honum og þær sérstöku skyldur sem á honum kunna að hvíla til þess að hann njóti verndarinnar. Af þessu leiðir að efni vátryggingarskírteinis þarf að vera eins skýrt og kostur er og aðgengilegt fyrir vátryggingartakann.

Vakin er sérstök athygli á því að orðalag 1. málsl. 1. mgr. mælir fyrir um að vátryggingarskírteini skuli senda þegar samningur hefur verið gerður og þegar ákveðið er hvaða skilmálar gilda um vátrygginguna. Þetta gefur til kynna að ekki þurfi alltaf að vera ljóst þegar vátryggingarsamningur er gerður hvaða skilmálar gildi um vátrygginguna. Nauðsynlegt er, þótt langoftast liggi þetta fyrir í stöðluðum skilmálum sem kynntir eru við gerð vátryggingarsamnings, að gefa færi á því að efni skilmála kunni að verða endanlega ákveðið síðar. Á þetta einkum við um vátryggingar rekstraraðila þar sem nauðsynlegt kann að vera fyrir félagið að áskilja sér rétt til að skoða fasteignir og lausafé til þess að geta samið endanlega um efni skilmála, t.d. um varúðarráðstafanir sem vátryggingartakinn eða hinn vátryggði þarf að gera. Slík tilvik yrðu þó væntanlega mjög fátíð og almennt bundin við vátryggingar hjá rekstraraðilum. Það er augljós ókostur við þessa skipan að frá því að vátryggingarsamningur er gerður og þar til vátryggingarskírteini og skilmálar eru send getur liðið nokkur tími þar sem óvissa er um réttarstöðu vátryggingartakans og félagsins. Við þetta verður að una, en fram úr slíkri óvissu verður, ef nauðsyn krefur, að ráða með túlkun þeirra gagna og upplýsinga sem fyrir lágu í aðdraganda samningsgerðarinnar.

Í 2. mgr. er tillaga um þau atriði sem fram eiga að koma í vátryggingarskírteini.

Í a-lið er kveðið á um að heiti vátryggingar skuli tilgreint í vátryggingarskírteini. Ætla má að heiti vátryggingarinnar sé lýsandi um gildissvið hennar og þá vátryggingarvernd sem vátryggingartaki má almennt ætla að hún veiti.

Efni b- og c-liðar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í d-lið er kveðið á um að tilgreina skuli iðgjald vátryggingarinnar og jafnframt skuli það koma fram ef vátryggjandi hefur gert þann fyrirvara um ábyrgð að hún hefjist fyrst þegar fyrsta iðgjaldið er greitt. Meginreglan er sú skv. 13. gr. frumvarpsins að ábyrgð félagsins

hefst strax og það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð hins, en þetta er þó eitt af þeim atriðum sem heimilt er að semja um, enda kemur það fram í 13. gr.

Í e-lið er félaginu gert að tilgreina hvaða takmarkanir það hafi gert á ábyrgð sinni í tengslum við breytingar á áhættu. Hér er um að ræða takmarkanir á ábyrgð sem tengjast ráðstöfunum sem vátryggði eða annar gerir á meðan vátryggingarsamningur er í gildi, en ekki undanþegnar áhættur í venjulegum skilningi. Ákvæði eins og þau sem hér falla undir geta skipt vátryggingartaka miklu máli, m.a. falið í sér leiðbeiningar um hvernig hann þurfi að meðhöndla vátryggðan hlut til þess að njóta hámarksverndar hverju sinni. Þess vegna er eðlilegt að athygli hans sé vakin á þessu í vátryggingarskírteininu.

Í f-lið skal koma fram hvaða varúðarreglur félagið hefur sett. Mælt er fyrir um að félagið geti um varúðarreglur vísað til tiltekinna reglna í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða hliðstæðum fyrirmælum, ef sanngjarnt er að ætla að vátryggingartaki þekki, eða geti þekkt, efni þeirra. Við mat á því hvað sanngjarnt skyldi telja í þessu sambandi yrði fyrst og fremst að líta til stöðu vátryggingartaka og sérþekkingar hans. Þó má almennt ætlast til að vátryggingartaka megi vera kunnugt um efni laga og stjórnvaldsreglna sem birt er með stjórnskipulega réttum hætti. Verður að hafa hér til hliðsjónar meginreglu 4. gr. um að félaginu sé skylt að haga upplýsingagjöf þannig að vátryggingartakinn sé í stakk búinn til þess að meta tilboð þess. Samkvæmt því ber félaginu að vekja athygli hans á efni þeirra varúðarreglna, sem gilda eiga þegar vátryggingarsamningur er gerður og í skírteininu á að rifja upp fyrir honum meginefni þessara reglna. Tilvísanir til varúðarreglna verða að vera skýrar og ótvíræðar þannig að ekki fari milli mála hvaða skyldur hvíla á vátryggingartaka eða vátryggðum vegna þeirra.

Í g-lið er kveðið á um að félagið eigi að tilgreina í vátryggingarskírteini hvaða frest vátryggingartaki hefur til þess að tilkynna um vátryggingaratburð. Reglur um þetta eru í 51. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um að vátryggingartaki/vátryggður eigi að tilkynna félaginu um kröfu sína innan árs frá því að honum varð kunnugt um þau atvik sem krafan grundvallast á. Nauðsynlegt þykir að athygli vátryggingartakans sé vakin á þessum fresti.

Atriði þau sem tilgreind eru í a–g-lið eru lágmarkskröfur sem til vátryggingafélaga eru gerðar. Sjálfsagt er fyrir þau að tiltaka fleiri atriði ef þau hafa sambærilega þýðingu fyrir réttarstöðu vátryggingartakans eða hins vátryggða, svo sem ef honum er skylt að senda tilkynningar til félagsins af einhverjum tilteknum ástæðum. Varast ber þó að hafa vátryggingarskírteini of efnismikið, enda gæti það þá misst marks og ekki verið sú áminning sem því er ætlað. Vátryggingarskírteini er beint til vátryggingartaka og er ekki í reglum frumvarpsins um skaðatryggingar sérstaklega gert ráð fyrir því að aðrir fái það í hendur, jafnvel þótt þeir kunni að hafa af því brýna hagsmuni.

Í 3. mgr. 10. gr. er ákvæði um réttaráhrif þess að félagið vanræki skyldur sínar um að senda vátryggingarskírteini eða efni þess er ófullnægjandi. Meginreglan um afleiðingar þess er sú að félagið getur ekki borið fyrir sig viðkomandi ákvæði og ber því hallann af vanrækslu sinni. Frá þessu er gerð sú undantekning að ef félagið sannar að vátryggingartaka eða hinum vátryggða, ef hann er ekki hinn sami, hafi samt sem áður verið kunnugt um það atriði, sem þó var ekki getið um í vátryggingarskírteini. Takist slík sönnun getur félagið borið fyrir sig ákvæðið.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna reglur um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga við endurnýjun vátryggingar. Svo sem greinir að framan er þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar mest þegar vátryggingarsamningur er gerður. Að jafnaði er því ekki ástæða til viðamikillar upplýsingagjafar við endurnýjun vátryggingar. Frá þessu eru þó tvær meginundantekningar.

Annars vegar er lagt til að vátryggingafélagi verði skylt að upplýsa vátryggingartaka um nýja valkosti í vátryggingum sem skipt geta máli fyrir hann og um viðbótarvátryggingarvernd sem til er komin eftir að vátryggingarsamningur var gerður eða síðast endurnýjaður. Hér er um að ræða upplýsingar sem vátryggingartaki hefur ekki fengið áður frá félaginu en geta skipt máli fyrir hann þegar hann metur hvernig hann á að haga vátryggingarvernd á þeim hagsmunum sem hann hefur tekið vátryggingu á. Skýra verður þessa reglu svo að ekki hvíli skylda á félagi um að upplýsa vátryggingartaka um allar nýjungar sem til eru komnar eftir gerð vátryggingarsamnings eða síðustu endurnýjun hans, heldur aðeins nýjungar eða viðbótarvernd sem hafa þau tengsl við hina upphaflegu vátryggingu að eðlilegt kunni að vera að bæta henni við eða breyta um vátryggingar. Reglan gildir jafnframt aðeins um þær breytingar sem félagið getur ekki gert einhliða eftir þeim reglum sem er að finna í 18. gr. frumvarpsins, enda gilda samkvæmt þeirri grein sérstakar reglur um meðferð þeirra breytinga.

Hins vegar er í 2. mgr. kveðið á um að félagið skuli minna vátryggingartaka á það við endurnýjun vátryggingar ef það hefur mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á notkun vátryggðs hlutar eða mælt fyrir um varúðarreglur eða önnur sérstök samningsákvæði sem geta skipt miklu fyrir vátryggingartakann ef hann gætir ekki að skyldum sínum í því sambandi. Með sérstökum samningsákvæðum er t.d. vísað til óvenjulega hárrar eigin áhættu vátryggingartaka eða vátryggðs.

Það mundi teljast fullnægjandi upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein ef vátryggingafélag, í tilkynningu um fyrirhugaða endurnýjun vátryggingar, vísar til heimasíðu sinnar um frekari upplýsingar, sendir vátryggingartaka tölvupóst á uppgefið tölvupóstfang hans eða býður honum að hafa samband við félagið sem veitt getur frekari upplýsingar.

Um 12. gr.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 60/1994 skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með þeim sem reka starfsemi samkvæmt þeim lögum. Sú stofnun mun því búa yfir sérþekkingu um vátryggingafélög og starfsemi þeirra. Eðlilegt er að stofnunin hafi einnig eftirlit með því að skilmálar vátryggingafélaga og önnur gögn sem þau nota í starfi sínu til þess að sinna upplýsingaskyldu séu í samræmi við reglur þær sem fram koma í þessum kafla frumvarpsins. Einnig er lagt til að mælt sé fyrir um sérstaka heimild viðskiptaráðherra til útgáfu reglugerðar um upplýsingaskylduna, þ.e. til þess að útfæra nánar reglur um hana og/eða til þess að lýsa því hvaða kröfur séu gerðar til þess að henni sé fullnægt.

Ekki er þörf á efnislegum skýringum á þessari grein.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru gerðar tillögur um ýmsar grundvallarreglur sem lúta að vátryggingarsamningum. Um er að ræða reglur (fyllingarreglur) sem varða upphaf ábyrgðar félagsins (13. gr.), heimildir vátryggingartaka til þess að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn (14. gr.) og heimildir félagsins til hins sama (15. gr.). Þá eru tillögur um reglur er varða heimildir félagsins til þess að breyta skilmálum vátryggingarsamnings (16. gr.) og um uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímanum (17. gr.). Loks er í 18. gr. tillaga um reglur er varða endurnýjun og breytingu á skilmálum vátryggingar við endurnýjun hennar.

Í VSL eru ekki heildstæð ákvæði um þessi grundvallaratriði. Í þeim lögum eru ákvæði m.a. um upphaf ábyrgðar félagsins, ítarleg ákvæði um iðgjaldið og greiðslu þess, svo og um réttaráhrif vanskila. Auk þess er í 84. gr. laganna, sem er í kafla um brunatryggingar, ákvæði

um framlengingu eða endurnýjun vátryggingarsamnings sem efnislega hefur verið farið eftir um aðrar tegundir vátrygginga.

Með þeim ákvæðum sem eru í þessum kafla frumvarpsins er leitast við að setja fram heildstæðar reglur um nokkur grundvallaratriði vátryggingarsamninga. Þess er ekki að vænta að reglurnar leiði til verulegra breytinga á réttarástandinu í þessum efnum, þótt lögfestar verði. Reglur þessa kafla tengjast sérstaklega reglum V. kafla um iðgjaldið og greiðslu þess. Verða þær reglur skýrðar í umfjöllun um þann kafla.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um upphaf og lok ábyrgðar félagsins, en eins og fram kemur í upphafi greinarinnar kann að vera samið um annað en leiðir af ákvæðinu, eða það ákveðið í lögum. Þess ber að geta að reglur 13. gr. mundu, ef frumvarpið verður að lögum, víkja nokkuð frá almennum reglum samningaréttar um tímamark þess að loforð öðlist skuldbindingargildi. Ef þær yrðu látnar gilda mundi upphaf vátryggingartímabils hefjast þegar samþykki við tilboði kæmi til móttakandans, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Nauðsynlegt er að víkja frá hinum almennum reglum til þess að koma á samræmdri skipan, auk þess sem eðlilegt þykir að ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefjist í ýmsum tilvikum fyrr en leiða mundi af almennum reglum. Heimilt er að semja um upphaf vátryggingartímabils. Telji félagið að óeðlilegt sé að upphaf tímabilsins verði samkvæmt reglum þessarar greinar frumvarpsins yrði það að semja um annað tímamark.

Í 1. mgr. er til samræmis við framanritað lagt til að ábyrgð félagsins hefjist þegar það eða vátryggingartakinn hefur samþykkt tilboð, eða eftir atvikum gagntilboð, hins. Hér getur bæði verið um að ræða tilvik þar sem skilmálar eru staðlaðir og sérstaklega umsamdir. Upphafstími ábyrgðar félagsins er færður fram með þeirri reglu sem hér er gerð tillaga um, þ.e. ábyrgðin mun hefjast þegar viðkomandi hefur samþykkt tilboð hins, en ekki þegar samþykkið er komið til viðsemjandans, eins og leiða mundi af almennum reglum, sbr. það sem sagt er að framan. Því þarf einungis að liggja fyrir ótvírætt samþykki, munnlegt eða skriflegt, til þess að vátryggingarsamningur öðlist gildi. Tilgangur ákvæðisins er að slá föstu að félagið beri ábyrgð á vátryggingaratburði sem verður frá því að samþykki liggur fyrir, þótt samþykkið sé ekki komið til þess eða vátryggingartaka. Reglan er ströng í garð vátryggingafélaga, en verður að teljast eðlileg, því við samþykki hafa báðir aðilar lagt mat á áhættuna og sammælst um skilmála og verð fyrir vátryggingu á henni. Á hinn bóginn er ljóst að það er sá sem heldur því fram að samþykki hafi legið fyrir sem hefur sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu. Samþykkið þarf að vera ótvírætt og sanna þarf að svo hafi verið.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um reglu sem einnig færir fram upphafstíma ábyrgðar félagsins miðað við það sem leiða mundi af almennum reglum. Ákvæðið getur einungis átt við þegar félagið hefur sent skriflegt samþykki til vátryggingartaka. Sé staðan sú hefst ábyrgð félagsins við upphaf þess dags þegar samþykkið er sent. Áskilið er að beiðni um vátryggingu hafi komið til félagsins a.m.k. daginn áður en samþykki er sent. Þessi áskilnaður er nauðsynlegur til verndar félaginu, svo staðan verði ekki sú að ábyrgð þess hefjist áður en beiðni er send. Slíkt gæti auðveldlega freistað til misnotkunar. Ákvæði 2. mgr. mundu gilda hvort sem vátryggingartaki hefur leitað eftir vátryggingu með munnlegu eða skriflegu erindi. Komi upp tilvik þar sem ákvæði 1. og 2. mgr. skarast að því leyti að tímamarkið á upphafi vátryggingartímabils yrði ekki hið sama verður að skýra ákvæðin svo að það sé tímamarkið er fyrr verður sem gildir. Í því felst að ef beiðni um vátryggingu berst t.d. til vátryggingafélags á mánudegi og það samþykkir beiðnina strax þann dag, t.d. í símtali, en sendir svo skriflegt

samþykki daginn eftir, þ.e. á þriðjudegi, þá mundi upphaf vátryggingartímabils vera talið frá því tímamarki er samþykkið var gefið á mánudeginum, en ekki frá upphafi þriðjudagsins. Vátryggingaratburður sem yrði á mánudagskvöldi félli þannig undir vátryggingarsamninginn.

Í 3. mgr. er regla sem flýtt getur enn upphafi vátryggingartímabils miðað við almennar reglur. Lagt er til að félagið skuli bera ábyrgð frá móttöku skriflegrar beiðni um tiltekna vátryggingu í þeim tilvikum sem ljóst er að það hefði þegar samþykkt beiðnina. Telja verður að mörg tilvik gætu fallið undir þessa reglu, enda miðast hún við beiðni um tilteknar vátryggingar þar sem skilmálar, þ.m.t. iðgjald, er staðlað eða fyrir fram um samið, svo sem er í flestum tilvikum. Mest gildi mundi reglan hafa í vátryggingum sem ætlaðar eru neytendum, eins og það hugtak er skilgreint í lögfræði, þ.e. einstaklingar sem óska eftir tryggingum á persónulegum hagsmunum sínum, sem ekki eru hluti af atvinnurekstri þeirra. Vart er unnt að ætla að reglunni verði beitt um tilvik þar sem félagið hefur ekki fyrir fram kynnt staðlaða skilmála og iðgjald eða um þetta hafi sérstaklega verið samið áður. Orðin „við móttöku hennar“ hafa sömu merkingu og orðin „komin til“ í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1936, en rík hefð er á skýringu þeirra orða í samningarétti. Þarf því ekki að fjalla um það nánar hér. Sönnunarbyrðin fyrir því að ljóst sé að félagið hefði þegar samþykkt beiðnina verður að hvíla á vátryggingartaka. Leiki vafi á um það hvort félagið hefði þegar samþykkt beiðnina yrði það laust undan ábyrgð. Eðli málsins samkvæmt getur félagið ekki samið sig undan þessu ákvæði.

Í 4. mgr. er gerð tillaga að reglu sem tekur af skarið um það hvenær dags ábyrgð félagsins hefst og hvenær dags henni lýkur, þ.e. þegar um þetta er ekki samið sérstaklega, þótt dagurinn sjálfur sé tilgreindur. Reglan þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 14. gr.

Í 14. og 15. gr. eru ákvæði um slit vátryggingarsamnings með uppsögn. VSL hafa ekki að geyma reglur um þessi mikilvægu atriði. Í vátryggingarskilmálum sem notaðir eru á íslenskum vátryggingarmarkaði eru yfirleitt ákvæði um uppsögn þess vátryggingarsamnings sem skilmálarnir varða. Oftast er báðum samningsaðilum veittur réttur til uppsagnar við tilteknar aðstæður, yfirleitt innan tiltekins frests frá því að vátryggingaratburður verður. Í sumum skilmálum er þó aðeins félaginu veittur þessi réttur og því ekki æskilegt jafnræði með aðilum. Mikilvægt er að settar séu reglur um það hvenær heimilt sé að segja upp vátryggingarsamningum, því meginreglur kröfuréttar fela það í sér að ekki er heimilt að slíta tímabundnum samningum, eins og vátryggingarsamningar eru almennt, með uppsögn. Ákvæði 14. og 15. gr. frumvarpsins fela í sér aðra stefnu, þ.e. lagt er til að réttur vátryggingartaka til að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn verði nokkuð rýmri en réttur félagsins, sem í raun er afar takmarkaður.

Þess skal einnig getið að sérreglur einstakra laga, t.d. um starfsábyrgðartryggingar ákveðinna starfsstétta, kunna að mæla fyrir um aðrar reglur um uppsagnir og mundu, eins og rakið er í almenna hluta greinargerðar þessarar, slík ákvæði ganga framar reglum þessarar greinar.

Í 1. mgr. er byggt á því að meginreglan sé sú að vátryggingarsamningur, sem gerður er til ákveðins tíma, framlengist. Mælt er fyrir um heimild til þess að slíta samningnum með uppsögn við lok vátryggingartímabils. Í þessu felst í raun að vátryggingartaki getur komið í veg fyrir framlengingu samningsins, þannig að vart er hér um eiginlega uppsögn að ræða, þótt orðalag sé til einföldunar við það miðað. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að vátryggingartaki verði að bregðast við innan tiltekins frests ef hann vill koma í veg fyrir framlengingu vátryggingarsamnings. Fresturinn er að hámarki mánuður frá því að hann fékk tilkynningu. Frestur þessi er miðaður við að félögin sendi tilkynningar um sex vikum fyrir lok tímabilsins. Lagt er til

að vátryggingartaki þurfi þó aldrei að segja upp vátryggingunni fyrr en tveimur vikum fyrir lok þess. Af því leiðir að ef félagið sendir tilkynningu með lengri fyrirvara en sex vikum getur vátryggingartakinn haft lengri frest en þann sem tilgreindur er í 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Í 2. mgr. er regla um raunverulegar uppsagnarheimildir vátryggingartaka, þ.e. utan þeirra tilvika sem greinir í 1. mgr. Á meðan vátryggingarsamningur er í gildi getur vátryggingartaki slitið honum með uppsögn í tveimur megintilvikum. Annars vegar þegar hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna og hins vegar ef fyrir hendi eru önnur sérstök tilvik.

Fyrrnefnda tilvikið, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna, mundi einkum eiga við þegar hann hefur selt hina vátryggðu hagsmuni eða losað sig við þá með öðrum hætti.

Síðarnefndu tilvikin, þ.e. að fyrir hendi séu önnur sérstök tilvik, verða að vera þess eðlis að þau réttlæti uppsögn. Það verða því að vera fyrir hendi málefnalegar ástæður fyrir uppsögninni, ástæður sem segja má að feli í sér að forsendur fyrir samningssambandinu við félagið séu brostnar. Í þessum tilvikum yrði að leggja til grundvallar sanngirnismat. Sönnunarbyrði fyrir því að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæti uppsögn hvílir á vátryggingartakanum. Í ljósi meginreglunnar um að samningar séu skuldbindandi þann tíma sem þeir eiga að gilda verður að gera nokkrar kröfur til þeirra ástæðna sem vátryggingartaki byggir uppsögn á. Það teldust t.d. ekki sérstakar ástæður í þessum skilningi þótt vátryggingartaki fyndi út að annað félag byði betri vátryggingarvernd eða sömu vátryggingarvernd fyrir lægra iðgjald. Ýmis dæmi mætti nefna um tilvik þar sem telja má sanngjarnt að vátryggingartaki segi vátryggingunni upp. Það verður, svo sem fyrr greinir, að vera niðurstaða sanngirnismats að slíkt teljist heimilt. Ef vátryggingartaka verður ljóst að vátryggingarvernd sú sem hann nýtur sé allsendis ófullnægjandi og honum verður einnig ljóst að hann geti fengið þá vernd sem hann þarf hjá öðru félagi gæti verið að heimilt teldist að segja upp vátryggingunni. Við mat á því hvort sanngirnisskilyrðum teldist fullnægt skipti án efa máli hvort vátryggingartaki hefði gefið félagi því er veitti honum upphaflega vátryggingu kost á að breyta skilmálum í það horf sem hann taldi sig hafa þörf fyrir. Meginreglan er samt sem áður ótvírætt sú, er að framan greinir, að það réttlæti ekki uppsögn þótt vátryggingartaki hafi spurnir af betri kjörum, t.d. lægra iðgjaldi, annars staðar. Annað, sem réttlætt gæti uppsögn, er ef ágreiningsmál koma upp milli vátryggingartaka og félagsins vegna uppgjörs bóta eða þess háttar, þannig að eðlilegt sé að hann geti losnað úr viðskiptum við félagið.

Þótt gera eigi nokkrar kröfur til þeirra ástæðna sem uppsögn byggist á verður að greina á milli uppsagnar og riftunar og verða því ekki gerðar neinar slíkar kröfur til ástæðna uppsagnar sem þurfa að vera fyrir hendi til að réttlæta riftun.

Sérregla á skv. 3. mgr. að gilda um hópvátryggingar. Samkvæmt því er lagt til að í hópvátryggingum geti gilt aðrar reglur en mælt er fyrir um í 2. mgr. enda sé um það samið og er beinlínis tekið fram að í hópvátryggingum sé heimilt að víkja frá reglu 2. mgr. með samningum. Regla sú sem gerð er tillaga um í 3. mgr. er nauðsynleg vegna hinna sérstöku aðstæðna sem fyrir hendi geta verið í hópvátryggingum. Geta slíkir samningar bæði leitt til rýmri eða eftir atvikum þrengri réttar vátryggingartaka til að segja upp vátryggingarsamningi en leiðir af 2. mgr.

Um 15. gr.

Meginregla sú sem lögð er til um rétt vátryggingafélags til uppsagnar kemur fram í 1. mgr., en hún er á þann veg að almennt eigi félagið ekki að hafa rétt til að slíta vátryggingarsamningi með uppsögn á vátryggingartíma. Frá þessari meginreglu eru gerðar nokkrar undan-

tekningar. Í fyrsta lagi er vátryggingafélagi heimilt að segja upp vátryggingarsamningi samkvæmt reglum 21. gr., þ.e. þegar vátryggingartaki hefur í verulegum efnum veitt rangar upplýsingar við gerð vátryggingarsamnings. Í öðru lagi ef vátryggingartaki hefur með ásetningi veitt rangar upplýsingar við uppgjör vátryggingabóta, sbr. 3. mgr. 47. gr., en það ákvæði felur í sér víðtækar uppsagnarheimildir fyrir félagið, sem hér gilda einnig. Um nánari útlistun þessara tveggja skilyrða vísast til skýringa við þær greinar sem vísað er til, enda hefur regla 1. málsl. vart sjálfstæða þýðingu, heldur er hún ítrekun á þeim reglum sem gilda samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Er nauðsynlegt samhengisins vegna og til að fá heildarmynd af uppsagnarheimildum félagsins að orða 1. mgr. með þeim hætti sem lagt er til. Utan þessara tveggja tilgreindu tilvika getur félagið því aðeins slitið vátryggingarsamningi með uppsögn að fyrir hendi séu sérstök atvik, sem að auki þarf að tilgreina skýrlega í vátryggingarskilmálum, enda sé það skilyrði líka uppfyllt að telja megi uppsögnina sanngjarna. Ljóst má vera að möguleikar félagsins til uppsagnar samkvæmt þessu eru takmarkaðir. Sem dæmi um sérstök atvik sem gætu fallið hér undir mætti nefna þegar trúnaðartraust milli félagsins og vátryggingartaka er ekki lengur fyrir hendi eða áhættumatið sem félagið lagði til grundvallar og miðaði iðgjaldið við hefur gerbreyst, án þess að félagið öðlist rétt til uppsagnar á grundvelli 21. gr. Í slíkum tilvikum má ætla að forsendur vátryggingarsamningsins séu brostnar og eðlilegt að félagið geti losnað við samningsskuldbindingar sínar með uppsögn, enda sé kröfunni um að sanngirnisrök leiði til hins sama fullnægt.

Ef félagið segir upp vátryggingarsamningi með stoð í reglum þessarar málsgreinar verður það að rökstyðja uppsögnina og það hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði hennar séu fyrir hendi. Áskilnaður sá sem vátryggingafélög gera í skilmálum sínum nú um heimild til uppsagnar innan tiltekins frests eftir að vátryggingaratburður hefur orðið yrði óheimill ef þessar reglur frumvarpsins yrðu að lögum. Hins vegar hefðu félögin, ef reglurnar yrðu lögfestar, traustan lagagrundvöll til þess að slíta vátryggingarsamningum við vátryggingartaka með uppsögn ef hann yrði uppvís að því að gefa af ásetningi rangar upplýsingar við uppgjör vátryggingabóta samkvæmt einum slíkum samningi.

Í 2. mgr. er lagt til að vátryggingafélaginu sé gert að segja upp vátryggingarsamningi án ástæðulauss dráttar eftir að því varð kunnugt um atvik sem veittu því rétt til uppsagnar. Félagið þarf því ekki að grípa strax til uppsagnar, heldur hefur það sanngjarnan tíma til þess að meta, hvort það telur rétt að nýta uppsagnarrétt sinn. Viðskiptaleg sjónarmið geta leitt til þess að félag kýs ekki að nota heimildir sínar skv. 1. mgr. Eðlilegt er því að félagið hafi svigrúm til þess að meta afleiðingar uppsagnar, enda viðskiptaöryggi fyrir bestu að samningum sé ekki slitið án yfirvegunar. Í 2. og 3. málsl. 2. mgr. eru reglur um framkvæmd uppsagnar þegar félagið ákveður að neyta þess réttar síns. Þarfnast þær reglur ekki skýringa, en rétt er þó að geta þess að óhjákvæmilegt er að mæla fyrir um tveggja mánaða uppsagnarfrest, enda geta miklir hagsmunir verið í húfi fyrir vátryggingartaka og hann verður að hafa svigrúm til þess að vernda hagsmuni sína með öðrum hætti, t.d. með því að semja við önnur félög um vátryggingar. Vera má að tveir mánuðir séu langur frestur, einkum í ljósi þess að félagið ber fulla ábyrgð samkvæmt vátryggingarsamningi á meðan. Á hitt er þó einnig að líta að uppsögn á grundvelli 1. mgr. getur í sjálfu sér farið fram af ástæðum sem vátryggingartaka verður ekki um kennt. Því er eðlilegt að taka einnig tillit til hagsmuna hans þegar fresturinn er ákveðinn.

Áréttað skal það sem fram hefur komið að sérákvæði í lögum kunna að mæla fyrir um annan uppsagnarfrest. Það kann t.d. að gilda um lögboðnar starfsábyrgðartryggingar.

Í 3. mgr. er lagt til að félaginu sé skylt að upplýsa vátryggingartaka um málskotsleiðir þegar það segir upp samningnum. Tilkynningin skal vera rökstudd eins og segir í 2. mgr. og í henni verður að koma skýrlega fram hvaða málskotsleiðir séu fyrir hendi.

Reglu 4. mgr. er ætlað að girða fyrir að félögin hafi í skilmálum vátrygginga ákvæði um að vátryggingarsamningurinn, eða ábyrgð félagsins falli niður við tilteknar aðstæður. Af 4. mgr. leiðir að þær ástæður geta ekki verið með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 2. málsl. 1. mgr. og sömu skilyrðum verður að vera fullnægt.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er mikilvæg regla um breytingar á skilmálum vátryggingarsamninga á vátryggingartímabili. Félaginu er heimilt að breyta skilmálum til hagsbóta fyrir vátryggingartaka hvenær sem er á tímabilinu. Ákvæðið á því aðeins við þegar breytingar á skilmálum rýra stöðu vátryggingartakans. Meginregla ákvæðisins er ótvíræð. Vátryggingafélag getur ekki breytt vátryggingarskilmálum á vátryggingartímabilinu, og er sú niðurstaða í samræmi við almennar reglur samningaréttar. Í ákvæðinu felst jafnframt að áskilnaður félags þessa efnis í vátryggingarsamningi mundi vera að vettugi virðandi. Þótt regla þessi kunni að vera ströng í garð félaganna er á það að líta að almennt er vátryggingartímabilið eitt ár. Sjaldgæft verður að telja að félagið hafi hagsmuni af því að breyta skilmálum á þessu eina ári. Má því ætla að hagsmunum félagsins sé borgið annars vegar með þeim heimildum sem það hefur til breytinga við endurnýjun skv. 18. gr. og hins vegar með heimildum þess til að segja upp vátryggingarsamningi skv. 15. gr. Eins og síðar verður vikið að gilda sérstök sjónarmið um breytingar á skilmálum í sumum tegundum persónutrygginga og í hóptryggingum og eru gerðar tillögur að sérstökum reglum um þau tilvik.

Um 17. gr.

Þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartímabilinu geta risið álitamál um hvernig uppgjör skuli vera, einkum vegna þess að iðgjaldið er oftast greitt fyrir fram að fullu eða fyrir hluta af vátryggingartímabilinu. Nauðsynlegt var því talið að gera tillögu að reglu um uppgjör í þessum tilvikum. Meginreglan er einföld og miðast við að vátryggingartaki greiði aðeins iðgjald fyrir þann tíma sem vátrygging var í gildi. Félaginu ber því að endurgreiða honum iðgjaldið vegna þess hluta tímabilsins sem hann hefur þegar greitt en vátrygging er ekki í gildi. Sérstaklega er tekið fram að þetta eigi við þótt félagið sé ella laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Með þessu er átt við tilvik þar sem félagið losnar úr ábyrgð, t.d. vegna þess að vátryggingartaki hefur af ásetningi valdið vátryggingaratburði. Í slíkum tilvikum verður uppgjör iðgjalds einnig að fara fram. Ljóst er þó að félagið getur skuldajafnað kröfum um skaðabætur, sem það á á hendur hinum vátryggða í slíkum tilvikum, við það iðgjald sem það þarf að endurgreiða. Regla þessi er sjálfsögð og þarf ekki að skipa henni í lagatextann. Um skuldajöfnuð við uppgjör er annars vísað til reglna VIII. kafla frumvarpsins. Það telst hins vegar ekki slit á vátryggingarsamningi þegar andvirði vátryggðs munar er greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim orsökum. Þegar svo stendur á hefur vátryggjandi fullnægt ákvæðum samnings og skiptir þá engu hvenær á samningstímanum bætur eru greiddar. Sem dæmi um slíkt má nefna það tilvik er andvirði húftryggðs (kaskótryggðs) ökutækis er greitt út á miðju vátryggingartímabili.

Í 3. málsl. greinarinnar er gerð tillaga að reglu sem kveður á um að í skilmálum vátryggingarinnar skuli vera reglur um útreikning iðgjalds fyrir slík tilvik eða vísað til slíkra reglna. Skýra ber þetta ákvæði svo að með þessu sé félögunum veitt færi á því að víkja frá reglunni um nákvæmt hlutfallsuppgjör iðgjalds miðað við gildistíma tryggingar og upphaflegt vátryggingartímabil, sem greitt hefur verið iðgjald fyrir. Ekki er óeðlilegt að félagið geti áskilið sér nokkru hærri iðgjaldshluta ef gildistími vátryggingar verður helmingi styttri en upphaflega var um samið. Félagið hefur haft kostnað af gerð vátryggingarsamnings, skilmála og

við að sinna upplýsingaskyldu þeirri sem lögð er til í frumvarpi þessu. Eðlilegt er líka að félagið hafi rétt til þess að kveða í skilmálum, eða í reglum sem þar er skýrlega vísað til, á um lágmark þeirrar fjárhæðar sem endurgreiða þarf og einnig að það geti áskilið sér endurgjald fyrir sannanlegan kostnað, t.d. í þeim tilvikum sem uppsögn fer fram af ástæðum sem vátryggingartaka verður um kennt. Verður að telja að í þessum efnum sé vátryggingartaka næg vernd í ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um framlengingu eða endurnýjun vátryggingarsamningsins og um heimildir til þess að breyta skilmálum hans í þeim tilvikum og hvernig farið skuli að í slíkum tilvikum.

Í 1. mgr. er félaginu heimilað að koma í veg fyrir framlengingu vátryggingarsamnings fram yfir umsaminn gildistíma hans. Taki félagið slíka ákvörðun er mælt fyrir um fresti til að tilkynna um hana.

Í 2. mgr. er lagt til að verulegar takmarkanir séu á heimildum vátryggingafélags til þess að nýta sér heimild 1. mgr. til að koma í veg fyrir framlengingu. Af reglu 2. mgr. leiðir að félagi er almennt skylt að framlengja vátryggingarsamning sem gerður er til ákveðins tíma, eins árs eða lengur, enda sé ekki skýrlega tekið fram í skilmálunum að vátrygging skuli falla úr gildi þegar vátryggingartímabilinu lýkur, sbr. lokamálslið málsgreinarinnar. Skilyrði þess að félagið geti komið sér hjá því að framlengja samninginn eru tilgreind í 2. mgr. Þau eru að sérstakar ástæður leiði til þess að sanngjarnt sé að framlengja ekki samninginn. Ekki ber aðeins að líta til hagsmuna félagsins við sanngirnismatið, heldur ekki síður til hagsmuna vátryggingartakans. Verður að telja fátítt að skilyrðum þessum yrði talið fullnægt, a.m.k. við venjulegar kringumstæður. Flestir vátryggingarsamningar gera ráð fyrir að vátryggingin gildi í eitt ár og framlengist síðan. Hið umsamda vátryggingartímabil hefur þá einkum þá þýðingu að það afmarkar þann tíma sem iðgjald er greitt fyrir hverju sinni. Undir ákvæði þessarar greinar falla því langflestir vátryggingarsamningar og hefur hún því mikið hagnýtt gildi. Tilvísun í 2. mgr. til tiltekinna reglna 15. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er svo að finna reglur um hvernig félagið skal fara að ef ætlunin er að breyta skilmálum vátryggingarinnar við endurnýjun hennar. Við endurnýjun vátryggingarinnar er meginreglan sú að skilmálar hennar, þ.m.t. fjárhæð iðgjalds, séu óbreyttir. Vilji félagið breyta skilmálunum verður það að hafa frumkvæði að því og tilkynna vátryggingartaka um fyrirhugaðar breytingar um leið og krafið er um iðgjöld fyrir næsta tímabil. Félagið verður að afhenda vátryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá gildandi skilmálum. Vátryggingartakinn verður að geta lagt mat á inntak þeirra breytinga sem um ræðir og meta hvort vátrygging með svo breyttum skilmálum fullnægir þeirri vernd sem hann óskar. Ef félagið vill breyta varúðarreglum, þannig að íþyngjandi sé fyrir vátryggingartakann, skal það afhenda honum eintak af hinum nýju varúðarreglum og gera honum grein fyrir breytingum sem ætlunin sé að gera. Víkja má frá þeirri skyldu félagsins að afhenda eintak af nýju varúðarreglunum innan þeirra marka sem tilgreind eru í 3. og 4. málsl.

Ef vátryggingartakinn greiðir iðgjaldið eftir að hafa fengið á réttum tíma þær upplýsingar sem getið er að framan felst í því samþykki á breytingunum og þar með framlenging vátryggingarsamningsins með hinum nýju skilmálum.

Félagið getur samkvæmt því sem mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. aðeins borið fyrir sig skilmálabreytingu ef hún er gerð eins og mælt er fyrir um í málsgreininni.

Regla 3. mgr. á einungis við um breytingar á skilmálum. Félagið á þess ekki kost á grundvelli 3. mgr. að gera svo róttækar breytingar á skilmálum vátryggingarinnar að í raun sé um nýja vátryggingu að ræða í staðinn fyrir eða til viðbótar við hina eldri. Til slíks þyrfti félagið ótvírætt samþykki frá vátryggingartakanum. Ekki er alltaf víst að auðvelt sé að greina á milli þess hvenær vátryggingu er breytt og hvenær telja ber að um nýja vátryggingu sé að ræða eða viðbótarvátryggingu. Við mat á því væri ekki eingöngu hægt að líta til þess hvort félagið kallar tilfæringar sínar breytingar á vátryggingu eða ekki. Meta yrði hvort hinir nýju skilmálar breyttu eðli eða umfangi vátryggingar svo verulega að um nýja vátryggingu væri að ræða.

Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins, sbr. og inngang að athugasemdum við II. kafla.

Um IV. kafla.

Almennt.

Í þessum kafla eru tillögur að reglum um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins. Leitast er við að setja þær fram með heildstæðum hætti og er þeim ætlað að taka til þess hvaða kosti félagið hefur til þess að takmarka ábyrgð sína eða losna að fullu undan ábyrgð, ef hinar almennu forsendur fyrir ábyrgð þess bresta eða reynast rangar. Reglur um þetta eru dreifðar í VSL, t.d. eru í 4.–10. gr. reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka við samningsgerð, í 18.–20. gr. eru reglur um tilvik þar sem vátryggður veldur því af ásetningi eða „vangá" að vátryggingaratburður verður. Í 21. gr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu vátryggðs þegar vátryggingaratburður verður og afleiðingar þess að sú skylda er vanrækt og í 45.–50. gr. eru ákvæði um aukna áhættu og réttaráhrif þess. Í 51. gr. eru ákvæði um varúðarreglur og afleiðingar þess að eftir þeim er ekki farið og í 52. gr. eru fyrirmæli um ráðstafanir til að varna tjóni og réttaráhrif þess að þeim er ekki sinnt. Þá eru ýmis önnur ákvæði dreifð í VSL sem varða efnið, t.d. í kafla um flutningatryggingar og um brunatryggingar, sbr. t.d. 85. gr. laganna.

Svo sem fyrr greinir er í frumvarpi þessu leitast við að setja fram heildstæðar reglur um atriði sem lúta að almennum forsendum fyrir ábyrgð félagsins. Þótt frumvarpið feli því að formi til í sér miklar breytingar verður vart sagt að í því felist grundvallarbreytingar á þeim efnisreglum sem eru um sömu tilvik í VSL.

Eðli vátryggingarsamninga er að félagið tekur á sig fjárhagslega ábyrgð á afleiðingum tiltekinna atvika, þ.e. vátryggingaratburði. Samningurinn þarf því að skilgreina hvaða atvik eiga að vera á ábyrgð félagsins og hver eigi að falla utan þess. Það sem hvað vandasamast er að setja reglur um og hefur valdið hvað mestri réttaróvissu í vátryggingarétti er sú aðstaða að vátryggingartaki hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á atriði sem varða áhættumat félagsins. Það er hann sem veitir félaginu þær upplýsingar við samningsgerð sem áhættumat þess byggist á. Eftir gerð vátryggingarsamningsins geta athafnir hans eða athafnaleysi orðið til þess að auka áhættu félagsins frá því sem ráð var fyrir gert við samningsgerðina og hann getur með háttsemi sinni haft mikil áhrif á umfang þess tjóns sem af vátryggingaratburði leiðir og þar með fjárhæð vátryggingabóta. Við skipan reglna um vátryggingarsamninga hefur því verið leitast við að leggja tilteknar skyldur á vátryggingartaka um upplýsingagjöf, svo og um að viðhafa tiltekna háttsemi, athafnir eða athafnaleysi. Til jafnvægis hefur verið leitast við að setja reglur sem takmarka heimildir félagsins til að mæla fyrir um það í vátryggingarskilmálum að háttsemi vátryggingartaka, sem hefur áhrif á áhættumatið eða það að vátryggingaratburður verður eða á umfang afleiðinga hans, leiði ævinlega til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta. Slíkt á samkvæmt reglum frumvarpsins aðeins að gerast við til-

teknar aðstæður sem skilgreina ber sérstaklega. Hefur meginstefnan verið sú að háttsemi vátryggðs sem einungis telst almennt gáleysi eigi ekki að leiða til neinnar niðurfellingar á ábyrgð félagsins. Frá þessu hafa verið fáeinar undantekningar.

Við nýskipan reglna um skaðatryggingar verður að taka tillit til þess að upplýsingar vátryggingartaka í venjulegum vátryggingum, þ.e. svonefndum neytendavátryggingum og vátryggingum sem minni og meðalstór fyrirtæki taka, hafa í fæstum tilvikum áhrif á fjárhæð iðgjaldsins fyrir vátrygginguna. Eftir því sem vátryggingar verða sérhæfðari, svo sem fyrir stærri atvinnurekstur, hafa upplýsingar vátryggingartaka meiri þýðingu við ákvörðun iðgjalds.

Meginatriði reglna frumvarpsins í þessum kafla.

Eins og fyrr greinir er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og í VSL, en reynt er að sníða af þá agnúa sem verið hafa á framkvæmdinni. Er það í sumum tilvikum gert með því að styrkja lágmarksvernd vátryggingartaka/vátryggðs.

a. Um upplýsingaskyldu vátryggingartaka.

Í 19.–23. gr. frumvarpsins eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Stefna VSL að því er varðar upplýsingaskyldu vátryggingartaka er sú að félagið geti ekki krafist niðurfellingar ábyrgðar í heild eða að hluta þótt hann hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við gerð vátryggingarsamnings, ef það er ekki vátryggingartakanum að kenna (sök). Þessari stefnu er í meginatriðum haldið í frumvarpinu. Lögð er til sú breyting um upplýsingaskylduna að vátryggingartaka sé ekki skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur miðist skyldur hans fyrst og fremst við það að svara fyrirspurnum félagsins með réttum og fullnægjandi hætti. Þá er einnig miðað við að minni háttar yfirsjónir af hans hálfu eigi ekki að hafa sérstök réttaráhrif. Tekið skal fram að þrátt fyrir framanritað um að skylda vátryggingartaka standi aðeins til að veita upplýsingar, sem beðið er um, eru frá því tvenns konar undantekningar. Annars vegar er beinlínis mælt fyrir um að vátryggingartaka sé skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir félagið. Hins vegar gætu almennar reglur samningaréttar og kröfuréttar leitt til þess að hann hafi skyldu til þess að veita óumbeðnar upplýsingar. Af þessu er ljóst að vátryggingartaki hefur í sumum tilvikum jákvæða upplýsingaskyldu.

b. Aukin áhætta.

Í 24. og 25. gr. er mælt fyrir um heimildir félagsins til þess að losna undan skyldum sínum í heild eða að hluta ef áhætta þess eykst. Fylgt er sömu efnisreglum og í VSL. Reglur um aukna áhættu, sem verður vegna háttsemi vátryggðs er hann hefur stjórn á, tengjast einu mesta álitaefni vátryggingaréttar, þ.e. aðgreiningu ábyrgðartakmarkana, sem félagið hefur fullt frelsi til þess að bera fyrir sig annars vegar og slíkra takmarkana sem skýra ber með hliðsjón af ófrávíkjanlegum reglum VSL hins vegar. Með öðrum orðum er hér um að ræða álitaefni sem lúta annars vegar að óumdeildum heimildum félagsins til þess að ákveða umfang þess sviðs sem vátryggingin tekur til og setja hlutlægar takmarkanir á ábyrgð, svo sem eins og þær að slysatrygging gildi ekki er vátryggður er í bjargsigi eða í hnefaleikum. Hins vegar er svo viðleitni til þess að takmarka ábyrgð í tilvikum þar sem fremur er um að ræða tiltekna háttsemi en ekki svið vátryggingarinnar sem slíkrar. Nefnt hefur verið sem dæmi tilvik þar sem félag undanþiggur sig ábyrgð samkvæmt ökutækjatryggingu ef viðhald bifreiðar hefur verið vanrækt. Þetta gæti talist hlutlæg ábyrgðartakmörkun og þannig heimil. Hins vegar má segja að í þessu felist í raun fyrirmæli til vátryggðs um að haga viðhaldi

bifreiðar með tilteknum hætti. Þessi nálgun leiðir til þess að álitaefnið beri að meta í ljósi 51. gr. VSL, sem mælir fyrir um varúðarreglur og er ófrávíkjanleg. Samkvæmt henni þarf a.m.k. almennt gáleysi vátryggðs til í þessum efnum svo ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta. Í frumvarpinu er leitast við að koma böndum á þessa óvissu, m.a. með því að flokka allar reglur sem þetta geta varðað undir varúðarreglur, sbr. skilgreiningu á þeim í e-lið 2. gr. þess. Þá er einnig lögð sú skylda á félagið að skilgreina skýrlega í vátryggingarskilmálum hvaða atriði það eru sem séu varúðarreglur. Í vátryggingarskírteini á að minna vátryggingartaka á þessar varúðarreglur. Með þessu er leitast við að halda reglu 24. gr. utan við þetta álitaefni.

c. Reglur um takmörkun á ábyrgð og lækkun bóta.

Í frumvarpinu eru ýmsar reglur um takmörkun á ábyrgð og lækkun bóta af ýmsum ástæðum, sem allar tengjast þó því er nefnt hefur verið almennar forsendur félagsins fyrir vátryggingarsamningnum. Reglur frumvarpsins um þetta miðast við að heimilt sé að lækka vátryggingarbætur að uppfylltum nánari skilyrðum, en að lækkunin sé háð mati og miðist við háttsemi vátryggðs og orsakatengsl.

d. Varúðarreglur og brot á þeim.

Varúðarreglur, sem félagið setur og gerir að skilyrði fyrir því að ábyrgð þess sé virk, geta verið þýðingarmikil tæki í höndum þess til að takmarka ábyrgð sína, ef þess er talin þörf. Í 51. gr. gildandi laga eru ákvæði um varúðarreglur. Samkvæmt þeim getur félagið losnað undan ábyrgð á tjóni ef varúðarreglur eru brotnar með vanrækslu af hálfu vátryggðs. Í frumvarpinu er lagt til, eins og fyrr segir, að fleiri tilvik verði talin til varúðarreglna en í VSL og að þeirri reglu gildandi laga að félagið geti að fullu losnað undan ábyrgð sinni verði breytt þannig að slíkt gerist ekki óhjákvæmilega, heldur sé þess kostur að leggja ábyrgð að hluta á félagið. Mat á því hver ábyrgð félagsins ætti að vera mundi þá ráðast af eðli varúðarreglunnar, sök vátryggðs, atvikum að vátryggingaratburði og atvikum að öðru leyti.

Undir varúðarreglur heyra fyrirmæli um notkun vátryggðs munar, sbr. 2. og 3. tölul. eliðar 2. gr. frumvarpsins. Mikil hætta er á að reglur um notkun séu settar fram sem hlutlægar ábyrgðartakmarkanir og er það ástæðan fyrir sérstökum fyrirmælum í 2. gr. um að slíkar reglur teljist til varúðarreglna en ekki hlutlægra ábyrgðartakmarkana.

e. Vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður.

Það er grundvallarregla í skaðatryggingum að einungis sé hægt að vátryggja gegn tjóni sem frá sjónarhóli hins vátryggða verður vegna tilviljunar. Stefna VSL er sú að vátryggður glati ekki rétti til bóta nema hann hafi valdið vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af þessu leiðir að ekki má skv. 20. gr. laganna semja um að ábyrgð félagsins falli niður þótt vátryggður valdi vátryggingaratburði af háttsemi sem telst almennt gáleysi. Þetta horfir við með öðrum hætti í persónutryggingum og verður vikið að því í II. hluta frumvarpsins. Reglur frumvarpsins miðast við að grundvallarreglan eigi að vera óbreytt, sbr. 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 27. gr. þess. Gerð er tillaga um að mögulegt verði að víkja frá grundvallarreglunni í alveg sérstökum tilvikum, einkum þegar ekki er um vátryggingarsvik að ræða. Þessi tillaga tengist að hluta reglum frumvarpsins um samsömun.

f. Ráðstafanir til að varna tjóni og tilkynna um vátryggingaratburð.

Í 28. gr. frumvarpsins eru reglur um sama efni og nú er að finna í 21. gr. VSL. Reglur frumvarpsins eru í meginatriðum eins að efni til og tilvitnaðar reglur gildandi laga.

g. Samsömun.

Með samsömun er átt við að háttsemi tiltekinna manna sé lögð að jöfnu við háttsemi vátryggðs. Í þessu felst að ef tiltekinn maður, t.d. maki hins vátryggða, sem er samvistum við hann, veldur því af ásetningi að fasteign mannsins, sem notuð hefur verið sameiginlega, eyðileggst í eldi, þá veldur það því að félagið þarf ekki að inna af hendi bótagreiðslu til vátryggðs í meira mæli en þótt hann sjálfur hefði verið valdur að brunanum. Reglur um samsömun eru ekki heildstæðar í VSL. Leitast er við að bæta þar úr í frumvarpinu og er tillaga að reglu um það í 29. gr. Er þar lagt til að félaginu verði settar tilteknar skorður við að láta samsömun hafa réttaráhrif. Í ákvæðinu er tekið fram að það eigi einungis við um vátryggingar utan atvinnureksturs. Þetta atriði verður skýrt nánar síðar.

Um 19. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingartaka, en í 20. og 21. gr. eru reglur um afleiðingar þess að skyldunni er ekki fullnægt. Reglur um sama efni og 19. gr. frumvarpsins tekur til eru nú í 4. og 46. gr. VSL. Sérstök athygli er vakin á að upplýsingaskyldan skv. 19. gr. frumvarpsins hvílir á vátryggingartaka. Svo er einnig skv. 4. gr. VSL. Á hinn bóginn mælir 46. gr. VSL fyrir um að það sé vátryggður sem sé skyldur til að skýra félaginu frá því ef hann fær vitneskju um að áhætta þess aukist, án þess þó að það sé með vilja hans. Ef hann vanrækir þessa skyldu skal líta svo á að áhættuaukningin hafi orðið með hans vilja, en það leiðir til skerðingar eða niðurfellingar á rétti hans til vátryggingabóta. Svo sem fyrr greinir er lagt til að upplýsingaskyldan sé bundin við vátryggingartakann, sbr. orðalag greinarinnar. Spurningunni um það hvort skyldan hvíli samt á vátryggðum í einhverjum tilvikum, þannig að hann glati rétti til bóta samkvæmt vátryggingarsamningi ef hann sinnir ekki þeirri skyldu sem samkvæmt ákvæðinu hvílir á vátryggingartaka, verður að svara með tilvísun til almennu reglunnar um samsömun í 29. gr. frumvarpsins. Samkvæmt henni gæti sú orðið raunin, ef skilyrði þeirrar reglu til að beita samsömun yrðu talin fyrir hendi.

Orðið vátryggingartaki í 19. gr. ber almennt að skýra samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. að með því sé átt við hann einan. Almennar reglur samningaréttar um staðgöngu geta þó leitt til þess að þeir sem vátryggingartaki beinlínis felur að koma fram fyrir sína hönd og veita félaginu upplýsingar, eða þeir sem eru honum svo tengdir að ætla má að þeir veiti upplýsingar fyrir hans hönd, t.d. maki við gerð vátryggingarsamnings um heimilis- eða fjölskyldutryggingu, falli undir orðið vátryggingartaki. Er það vegna þess að þeir teljast þá staðgöngumenn hans. Það athugast að þessu verður ekki víxlað saman við reglur 29. gr. um samsömun.

Kjósi vátryggingafélag að leita upplýsinga hjá þriðja manni, sem ekki kemur fram sem staðgöngumaður vátryggingartaka, skal það fyrst afla sér skriflegs, upplýsts samþykkis vátryggingartaka áður en það hefur samband við þriðja mann. Almennt skal við það miðað að um upplýsingaöflunina fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Lagt er til að meginreglan verði sú að vátryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur standi skylda hans til þess að svara með réttum og tæmandi hætti spurningum félagsins. Spurningarnar verða að vera markvissar og lúta að tilteknum upplýsingum, þótt ekki sé við það miðað að vátryggingartaki geti með orðhengilshætti komið sér undan skyldum sínum um að svara. Félagið verður sjálft að meta hvaða upplýsinga það telur sig þurfa að afla, enda getur það best metið hvaða upplýsingar skipta máli fyrir áhættumat þess.

Frá meginreglunni er gerð sú undantekning að vátryggingartaki skal hafa frumkvæði að því að veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Skylda vátryggingartaka skv. 1. mgr. þessarar greinar er hin sama við gerð og endurnýjun vátryggingarsamnings, þótt hún hljóti almennt að vera viðameiri við gerð samningsins.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á vátryggingartaka að leiðrétta eða bæta úr án ástæðulauss dráttar upplýsingum sem hann hefur veitt og honum verður síðar ljóst að eru rangar eða ófullnægjandi.

Um 20. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um þau tilvik er í ljós kemur, eftir að vátryggingaratburður hefur átt sér stað, að veittar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Lagt er til að réttaráhrif þess geti orðið með tvennum hætti, háð því hver huglæg afstaða vátryggingartakans var þegar hinar röngu eða ófullnægjandi upplýsingar voru veittar.

Á 1. mgr. við um tilvik þar sem upplýsingaskylda skv. 19. gr. er vanrækt með sviksamlegum hætti. Eru réttaráhrif þeirra tilvika ótvíræð og ganga lengst, þ.e. félagið ber ekki ábyrgð gagnvart vátryggingartaka. Um ábyrgð þess gagnvart öðrum sem kunna að vera meðvátryggðir gildir þessi regla ekki, nema reglur um samsömun eigi við.

Í 2. mgr. er regla um tilvik þar sem vátryggingartaki hefur með öðrum hætti en svikum vanrækt þá upplýsingaskyldu sem á honum hvílir skv. 19. gr. Í þeim tilvikum gilda flóknari reglur um réttaráhrifin. Segir þar að upplýsingaskyldan þurfi að vera vanrækt í þeim mæli að það teljist ekki óverulegt. Í því felst að minni háttar yfirsjónir, sem litla eða enga þýðingu hafa, leiða ekki til skerðinga á kröfum vátryggðs á hendur félaginu. Gerð er tillaga um að orðalagið „ekki óverulegt“ sé notað, en ekki orðið „verulegt“ þar sem með því mundi gengið of langt í því að láta vanrækslu á upplýsingaskyldu ekki hafa nein áhrif. Á þessu er blæbrigðamunur, sem ástæða var talin til að gera, enda er svigrúm til þess að taka tillit til háttseminnar þegar metið er að hve miklu leyti eigi að fella ábyrgð félagsins niður. Með þessu eru útilokuð t.d. vægustu afbrigði almenns gáleysis. Ef þessu skilyrði um að vanræksla sé ekki óveruleg er fullnægt er heimilt að fella niður ábyrgð félagsins í heild eða að hluta. Við mat á því hve langt á að ganga í því að fella niður ábyrgð félagsins á grundvelli 2. mgr. gilda þær viðmiðunarreglur sem gerð er tillaga um í 3. mgr. greinarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. eru það fjórir þættir, sem líta ber til við matið.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat félagsins á áhættu þess. Í 2. mgr. 6. gr. VSL er ákvæði sem mælir fyrir um það í þeim tilvikum, sem 2. mgr. 20. gr. tekur til að ef félagið hefði veitt vátryggingu, en með öðrum kjörum, ætti það að ábyrgjast að þeim mun sem það hefði gert fyrir hið breytta iðgjald. Þetta er nokkurs konar hlutfallsregla, sem felur það t.d. í sér að ef réttar upplýsingar til grundvallar áhættumati hefðu verið veittar félaginu mundi það hafa veitt vátryggingu, en gegn tvöfalt hærra iðgjaldi. Af þessu leiðir að það væri bara skuldbundið til að greiða helming bóta. Ekki er gerð tillaga um að þessari reglu verði haldið í frumvarpinu. Á hinn bóginn ætti þessi þáttur, sem hér er til umfjöllunar, að opna leið fyrir svipað hlutfallslegt mat, en þó ekki eins bindandi, auk þess sem þessi þáttur er aðeins einn af fjórum sem líta þarf til. Ef vanrækslan lýtur á hinn bóginn að upplýsingum sem engu skipta fyrir áhættumatið ætti þetta atriði að leiða til þess að félagið bæri fulla ábyrgð.

Í öðru lagi ber að líta til þess hve sök vátryggingartaka var mikil. Hér er átt við saknæma háttsemi hans, þó að frátöldum þeim svikatilvikum sem falla undir 1. mgr. Það er viðtekin regla, sem víða er að finna í íslenskri löggjöf, að láta sakarstig, sem svo er nefnt, með beinum

eða óbeinum hætti hafa áhrif á rétt til bóta eða bótaskyldu. Sakarstig skiptir máli þegar metið er hvort ósanngjarnt er að bótaskyldur aðili greiði fullar bætur, eða hvort sá er bótakröfu á öðlist rétt til fullra bóta, sbr. t.d. 24. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Lagt er til í því tilviki sem hér er til umfjöllunar að beinlínis verði kveðið á um það að líta beri til sakarstigs vátryggingartaka þegar metið er hvort vanræksla á upplýsingaskyldu eigi að leiða til niðurfellingar á ábyrgð félagsins. Slíkt beint ákvæði gefur dómstólum betri fótfestu en ef eingöngu væri vísað til sanngirnismats.

Í þriðja lagi ber að líta til þess með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið. Í þessu felst m.a. að meta þarf hve náið orsakasamband er milli þeirra upplýsinga um grundvöll áhættumats, sem vanrækt var að veita, og vátryggingaratburðar. Ef upplýsingarnar skipta engu máli fyrir það að vátryggingaratburður varð eiga þær ekki að skipta máli fyrir ábyrgð félagsins. Komi til ágreinings á milli vátryggingartaka og vátryggjanda um ábyrgð félagsins verða dómstólar að hafa svigrúm til þess að meta hvert sambandið er á milli vátryggingaratburðar og vanræktrar upplýsingaskyldu til þess að geta metið hvort eða í hve ríkum mæli ábyrgð félagsins yrði felld niður.

Í fjórða lagi er kveðið á um það að líta beri til atvika að öðru leyti. Ekki er hér aðeins átt við atvik að vátryggingaratburðinum sem slíkum heldur öll atvik eða aðstæður sem máli geta skipt. Eru dómstólum ekki sett sérstök takmörk í þessu efni.

Um 21. gr.

Í þessari grein er tillaga um reglu sem taka á til tilvika er félaginu verður ljóst að þær upplýsingar sem það hefur fengið um áhættuna séu rangar eða ófullnægjandi svo verulegu nemi. Við þær aðstæður getur félagið sagt upp vátryggingunni með 14 daga fyrirvara. Ekki er skilyrði til þess að uppsögn verði beitt samkvæmt þessu ákvæði að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt með saknæmum hætti. Uppsögn yrði því heimil þó ekkert væri við vátryggingartaka að sakast. Réttur til uppsagnar gæti því verið fyrir hendi í tilvikum þar sem vátryggður ætti rétt til fullra bóta, ef vátryggingaratburður verður áður en uppsögn tekur gildi.

Sök (þ.e. þegar hún er á því stigi að um svik sé að ræða) hefur þó þýðingu skv. 3. málsl. greinarinnar, en þar er mælt fyrir um heimildir félagsins þegar vátryggingartaki hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Í þeim tilvikum hefur félagið tvenns konar heimildir, þ.e. annars vegar getur það slitið vátryggingarsamningi þeim er svikin tengjast og hins vegar getur það slitið öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur gert við það. Samningsslit samkvæmt þessari grein lúta sömu formerkjum og riftun í kröfurétti. Þau eru fyrirvaralaus. Yfirlýsing um uppsögn eða samningsslit (riftun) samkvæmt þessari grein eru ákvaðir í skilningi samningaréttar. Yfirlýsingarnar öðlast því réttaráhrif þegar þær „koma til“ vátryggingartaka og taka gildi 14 dögum síðar sé ákvöðin reist á 1. málsl. en þegar í stað sé hún reist á 3. málsl. Til samræmis við 15. gr. frumvarpsins verður að gera þær kröfur til þeirra ákvaða sem hér um ræðir að þær séu skriflegar og rökstuddar, auk þess sem tilgreint sé hvaða möguleika vátryggingartaki hefur til þess að leggja hugsanlegan ágreining fyrir úrskurðarnefnd.

Um 22. gr.

Regla þessarar greinar frumvarpsins tekur til sama efnis og 9. gr. VSL, þ.e. takmarkana á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu.

Um er að ræða tvö megintilvik:

Annars vegar tekur reglan til þess þegar upplýsingaskylda hefur verið vanrækt, en félagið vitað eða mátt vita, þegar upplýsingar voru veittar, að þær voru rangar. Flokka má þessi tilvik

í tvo undirflokka. Í fyrsta lagi tilvik þegar upplýsingaskylda er vanrækt, án þess að um sök sé að ræða, eða sök sé ekki svo mikil að það teljist til svika, en í þessum tilvikum getur félagið ekki borið fyrir sig að upplýsingar hafi verið rangar eða ófullnægjandi ef það vissi, eða mátti vita, að svo var. Í öðru lagi tilvik þegar vátryggingartaki hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti. Þá er félaginu heimilt að bera það fyrir sig, nema það hafi beinlínis vitað að upplýsingarnar voru rangar eða ófullnægjandi.

Hins vegar tekur reglan til tilvika þegar hinar röngu upplýsingar eða skortur á upplýsingum skipti ekki máli fyrir félagið, þegar þær voru veittar, eða eru hættar að skipta máli fyrir það. Ef staðan er með þessum hætti getur félagið ekki borið fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu, af hvaða ástæðu sem er. Er vakin athygli á því að lagt er til að svik veiti ekki rýmri rétt samkvæmt þessari grein, þótt vera kunni að slík háttsemi vátryggingartaka gæti talist „sérstakt atvik“ og því heimilað félaginu uppsögn skv. 15. gr. Álitaefni um það hvort skilyrðum uppsagnar væri fullnægt yrði að meta á grundvelli skýringa á síðastnefndri grein frumvarpsins.

Um 23. gr.

Þessi grein frumvarpsins tekur til svipaðra tilvika og falla nú undir 3. mgr. 10. gr. VSL, þ.e. veita félaginu heimild til þess að takmarka ábyrgð sína ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi.

Það er skilyrði þess að ábyrgðartakmörkun geti átt sér stað samkvæmt þessari grein að félagið geti af sérstökum ástæðum ekki aflað upplýsinga um tiltekin atvik. Ekki er t.d. nægilegt að vátryggingartaki hafi ekki þær upplýsingar sem máli skipta. Ef félagið getur aflað þeirra annars staðar getur það ekki borið fyrir sig ábyrgðartakmörkun á grundvelli þessarar greinar, enda er því skylt að afla þeirra upplýsinga sem þarf og það getur aflað. Telja verður líklegast að ákvæðið taki einkum til tilvika þar sem vátryggingartaki óskar eftir að félagið vátryggi viðameiri hagsmuni strax án þess að ráðrúm gefist til að kanna öll þau atriði sem þýðingu hafa fyrir áhættumat félagsins.

Það er líka skilyrði þess að ábyrgðartakmörkun geti átt sér stað samkvæmt þessari grein að um sé að ræða fyrirvara um tiltekin atvik. Félagið getur því ekki losnað undan ábyrgð á grundvelli þessarar greinar með því að gera almenna fyrirvara.

Fyrirvari sem gerður er með réttum hætti samkvæmt þessari grein gildir aðeins til þess tíma er ætla má að félagið hefði getað aflað upplýsinganna. Vanræksla af þess hálfu að þessu leyti leiðir þannig til brottfalls fyrirvarans.

Um 24. gr.

Reglu 24. gr. frumvarpsins er, ásamt 19. og 25. gr. þess, ætlað að koma í stað ákvæða 45.–50. gr. VSL sem fjalla um aukna áhættu. Í íslenskri dómaframkvæmd síðustu áratuga virðist ekki hafa reynt mikið á reglurnar um aukna áhættu og réttaráhrif þeirra. Á hinn bóginn er algengt að vátryggingafélög leitist við í skilmálum vátrygginga að taka af skarið um það hvaða áhrif tilgreind áhættuaukning hefur. Sem dæmi má nefna skilmála tiltekinnar húftryggingar fiskiskipa, en þar er svofellt ákvæði: „Félagið er laust úr ábyrgð samkvæmt reglum 68. gr. laga nr. 20/1954 ef skipið fer út fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands nema um sé að ræða siglingu til hafna í Vestur-Evrópu.“ Réttaráhrif áhættuaukningar eru þó ekki alltaf þau að félagið sé laust úr ábyrgð.

Stefnan sem valin er með frumvarpi þessu er að vátryggingafélög eigi þess áfram kost að takmarka ábyrgð sína ef áhættan eykst. Meginreglan um þetta er sett fram í 1. málsl. þessarar greinar. Ýmis skilyrði verður þó að setja þessum heimildum félaganna til þess að tryggja lágmarksvernd vátryggingartaka. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða tiltekin tilvik sem

leitt geta til takmörkunar á ábyrgð. Þessi atvik verða að vera svonefnd „utanaðkomandi atvik“, þ.e. atvik sem vátryggður hefur ekki stjórn á. Atvik sem hann hefur stjórn á mundu falla undir varúðarreglur. Í öðru lagi verða hin tilteknu atvik að hafa haft verulega þýðingu fyrir áhættuna sem vátryggt er gegn. Atvik sem aðeins hafa minni háttar þýðingu mundu ekki hafa áhrif í þessu viðfangi.

Í 2. málsl. greinarinnar eru einnig sett fram skilyrði, annars eðlis, til þess að félagi sé heimilt að takmarka ábyrgð sína vegna áhættuaukningar. Í fyrsta lagi getur félagið ekki borið fyrir sig slíkan fyrirvara ef hinn vátryggði var grandlaus um að atvik breyttust og í öðru lagi ef það er ekki orsakasamband milli þeirra breyttu atvika sem auka áhættuna og vátryggingaratburðar, þ.e. þegar áhættuaukningin skiptir ekki máli fyrir það að vátryggingaratburður átti sér stað.

Það athugast einnig að þessi grein stendur því ekki í vegi að félögin setji í skilmála ákvæði um að áhættuaukning skuli ekki leiða til þess að ábyrgð þess falli niður þrátt fyrir breytt atvik, sem valda áhættuaukningu, heldur skuli iðgjald hækka að tilteknu marki.

Um 25. gr.

Reglu 25. gr. er ætlað að taka til tilvika þar sem um er samið að iðgjald breytist til samræmis við þær aðstæður, áhættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru í á hverjum tíma. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í VSL, þótt lesa megi svipaðar reglur út úr ákvæðum 45.–50. gr. þeirra. Í þessari grein er gerð tillaga um mikilvæg ákvæði sem falla undir varúðarreglur, sbr. skilgreiningu á þeim í e-lið 2. gr. frumvarpsins. Félaginu er því skylt að sinna þeirri sérstöku tilkynningarskyldu sem á það er lögð í f-lið 10. gr. frumvarpsins um þessa fyrirvara, þ.e. greina frá þeim í vátryggingarskírteini.

Í 1. mgr. er tekið fram að félaginu sé heimilt að semja svo um í vátryggingarsamningi að iðgjald skuli ráðast af því með hvaða hætti hinn vátryggði hlutur er notaður. Slík samningsákvæði geta eðli málsins samkvæmt verið margs konar, en til þeirra eru gerðar þær kröfur í þessari málsgrein að ákvörðun iðgjaldsins verður að vera skýrlega háð því hvernig hluturinn er notaður og tilgreina þarf skýrlega hvers konar notkun leiðir til hækkunar á iðgjaldi. Ekki er því nægilegt að mæla í vátryggingarsamningi fyrir um það að iðgjald hækki t.d. „ef vátryggður hlutur er notaður við hættulega starfsemi“. Ef félagið hefur í vátryggingarsamningi, skilmálum, slíkt ákvæði sem fullnægir þeim skýrleikakröfum sem hér hefur verið lýst getur það gert fyrirvara um lækkun vátryggingabóta ef notkun hefur verið þannig að leitt hefði til hærra iðgjalds, ef það hefði verið tilkynnt réttilega til félagsins. Gert er ráð fyrir að félaginu sé heimilt að tiltaka að ábyrgð þess skuli lækka að tiltölu. Hin hlutfallslega lækkun getur hvort heldur sem er verið tengd því hvert iðgjaldið hefði verið ef áhættuaukning hefði verið ljós, eða tengd því um hvers konar notkun er að ræða.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að þýðing fyrirvara, sem félagi er heimilt að gera skv. 1. mgr., sé háð því að orsakatengsl séu milli áhættubreytingar og vátryggingaratburðar. Samkvæmt þessu verður ekki lengur heimilt fyrir vátryggingafélög að takmarka ábyrgð sína með hlutlægum hætti á grundvelli slíkra ákvæða. Þá er einnig girt fyrir að slíkir fyrirvarar hafi þýðingu ef vátryggðum verður ekki kennt um áhættubreytingarnar og hann hefur gert þær ráðstafanir sem sanngjarnar má telja til að upplýsa félagið um þær. Með orðinu samþykki í 2. mgr. er ekki aðeins átt við beint samþykki, heldur einnig tómlæti af hálfu vátryggingartaka, sem túlka má sem samþykki.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar svarar í grófum dráttum til efnis 51. gr. VSL. Mælt er fyrir um hvernig fara skuli með tilvik er vátryggður brýtur þær varúðarreglur sem settar eru í vátryggingarsamningi.

Í e-lið 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á því hvað telja beri varúðarreglur. Sú skilgreining felur í sér þrjá möguleika, þ.e.:

Í fyrsta lagi getur verið um að ræða tilteknar varanlegar ráðstafanir hins vátryggða sem viðhalda skal meðan vátryggingarsamningurinn er í gildi. T.d. getur verið um að ræða uppsetningu eldþolinna veggja eða eldvarnarhurða milli rýma í brunatryggðu húsnæði. Nauðsynlegt er að um sé að ræða tilteknar ráðstafanir, þótt þeim þurfi ekki að lýsa í smáatriðum.

Í öðru lagi getur verið um að ræða hæfniskröfur sem félagið gerir til vátryggðs eða þeirra sem hafa með vátryggða muni að gera. Tryggast er félagið ef slíkar hæfniskröfur eru nákvæmlega tilgreindar, t.d. tekið fram að viðhald vátryggðs munar verði að vera framkvæmt af vélvirkja með sveinspróf. Oft mundi slíkt vera erfitt. Þegar það er ekki unnt, eða ekki gert, verður að leggja mat á það hvort slíkum kröfum um hæfni er fullnægt. Félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að viðkomandi uppfylli ekki þær hæfniskröfur sem það gerir og eftir því sem kröfurnar eru óljósari, þeim mun erfiðara verður það fyrir félagið að sanna að þeim sé ekki fullnægt. Krafa um að eftirlit sé unnið af þar til bærum mönnum er t.d. óljós og erfitt að sanna að þessum hæfniskröfum sé ekki fullnægt.

Í þriðja lagi teljast til varúðarreglna öll tilvik þar sem mælt er fyrir um að vátryggður eða aðrir skuli nota, geyma eða viðhalda vátryggðum hlut með tilteknum hætti. Undir þetta mundu falla fyrirmæli um aðferðir við notkun vátryggðs hlutar, en sú mundi einnig vera raunin samkvæmt gildandi rétti. Á hinn bóginn féllu einnig undir þetta fyrirmæli í vátryggingarsamningi sem mæla fyrir um takmarkanir á ábyrgð félagsins ef vátryggður, með ráðstöfunum sínum á hinum vátryggðu hagsmunum, breytir áhættunni. Eftir núgildandi reglum féllu slík tilvik að líkindum flest undir reglur um áhættuaukningu, en samkvæmt frumvarpinu mundu þau teljast til brota á varúðarreglum. Undir varúðarreglur féllu einnig tilvik þar sem félagið leitast við í vátryggingarsamningi að afmarka svið þeirrar áhættu sem vátryggt er gegn, ef áhættan getur aðeins orðið virk vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs. Af þessu leiðir að ákvæði í vátryggingarsamningi um þjófnaðartryggingu sem mælti fyrir um að vátryggingin gilti aðeins um þjófnað vegna innbrots eða aðeins þjófnað úr læstum hirslum yrðu taldar varúðarreglur af því að þær fela í raun í sér fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann á að geyma vátryggðan hlut.

Í 1. málsl. greinarinnar er sett fram sú meginregla að félagið geti gert fyrirvara um ábyrgð sína ef varúðarreglum er ekki fylgt. Það er skv. 2. málsl. þó skilyrði að vátryggður hafi brotið varúðarreglur með saknæmri háttsemi og að sökin verði ekki talin óveruleg. Þá er einnig gerð krafa um að orsakasamband sé milli brota vátryggðs á varúðarreglum og þess að vátryggingaratburður verður. Félagið hefði sönnunarbyrði fyrir því að vátryggður hafi brotið varúðarreglur með þeim hætti að huglægum skilyrðum sé fullnægt og fyrir því að orsakasamband sé milli þess brots og vátryggingaratburðar. Hér er því gerð tillaga um aðrar sönnunarreglur en í 51. gr. VSL og er þessi breyting mjög vátryggðum í hag. Regla 51. gr. VSL hefur verið skýrð svo að sönnunarbyrði um að varúðarreglur hafi verið brotnar og það hafi verið gert af ásetningi eða gáleysi hvíli á félaginu, en ef vátryggður geti samt fært sönnur að því að háttsemi hans hafi ekki haft þýðingu fyrir það að vátryggingaratburður varð geti hann þó krafist bóta. Þessari sönnunarbyrði er létt af vátryggðum.

Þótt skilyrðum 1. og 2. málsl. sé fullnægt er samt unnt að leggja ábyrgð að hluta á félagið. Það er háð mati hver ábyrgð félagsins á að vera í slíkum tilvikum, en sérstaklega er tekið

fram að við matið eigi að líta til þess hvers konar varúðarreglur hafi verið brotnar, hve mikil sök hins vátryggða var, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Vísast um skýringar á þessu til skýringa við 20. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru reglur um þau tilvik er vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður. Að efni til eru nú sambærilegar reglur í 18. gr., 1. mgr. 19. gr. og 20. gr. VSL.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að ef vátryggður, eða sá sem verður samsamaður honum, veldur vátryggingaratburði af ásetningi beri félagið ekki ábyrgð. Frá þessari meginreglu eru undantekningar. Reyndar er haldið fast við meginregluna í öllum tilvikum ef vátryggður veldur því með sviksamlegri háttsemi að vátryggingaratburður verður og ætlun hans er að verða sér út um vátryggingarbætur frá félaginu. Það er þó hugsanlegt að vátryggingaratburði sé vissulega valdið af ásetningi, en ásetningurinn sé þó að valda öðrum tjóni, t.d. maka eða sambúðarmaka. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að lögð verði ábyrgð að hluta á félagið. Er til þess grundvöllur í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar.

Með ásetningi í þessari málsgrein er átt við það þegar vátryggður viðhefur háttsemi sem hann veit eða með vissu mátti vita að ylli vátryggingaratburði. Yrði að styðjast við viðteknar skýringar á merkingu þessa hugtaks.

Í 2. mgr. er regla um þau tilvik er vátryggður veldur vátryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi. Með sama hætti og kveðið er á um í 2. mgr. 18. gr. VSL losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta í þessum tilvikum. Við mat á því að hvaða marki félagið losnar undan ábyrgð skal líta til nokkurra atriða. Er þar fyrst nefnd sök, þ.e. meta á hve mikil sökin er. Einnig skal líta til þess hvernig vátryggingaratburð bar að, en með þessu er átt við, eins og skýrt hefur verið fyrr í frumvarpinu, að líta á til orsakasamhengis milli háttsemi og þess að vátryggingaratburður verður. Þá ber að líta til þess hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Í 20. gr. VSL er félaginu heimilt að semja svo um að það skuli laust úr ábyrgð ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í „ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á". Í því samhengi sem þessi regla er hefur hún verið skýrð svo að ölæði, sem vátryggður á sjálfur sök á, hafi sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Ölæði hefur verið skýrt svo að alkóhólmagn í blóði þurfi að hafa verið meira en 1,20‰ og helst í námunda við 1,60‰ til þess að skilyrðinu væri örugglega fullnægt. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sveigjanlega reglu að þessu leyti. Tillagan miðast við að eitt af því sem líta beri til er hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Ef sú er raunin getur það haft áhrif á rétt hans til bóta, en leiðir ekki sjálfkrafa til þess að félagið losnar úr ábyrgð í heild eða að hluta. Af þessu leiðir að ákvæðum í skilmálum sem mæla fyrir um að vátryggður megi ekki smakka áfengi á vátryggingartímabilinu, og ef hann geri það leiði það til þess að félagið losnar úr ábyrgð, yrði ekki beitt. Loks ber að líta til atvika að öðru leyti. Tilvísun til atvika að öðru leyti er í frumvarpinu hugsuð til þess að gefa dómstólum visst svigrúm þegar kemur að því að skilgreina undantekningar frá meginreglunni.

Í þessari málsgrein segir að reglur hennar eigi ekki við í ábyrgðartryggingum. Þær eiga reyndar heldur ekki við í líftryggingum sem um verður fjallað í II. hluta frumvarpsins. Þegar sagt er að reglurnar eigi ekki við í ábyrgðartryggingum er átt við að það sé almenn regla í þeim vátryggingum að stórkostlegt gáleysi vátryggðs leiði ekki til þess að félagið losnar úr ábyrgð. Vera kann þó að háttsemi vátryggðs fari í bága við fyrirmæli í vátryggingarsamningi, sem félaginu er heimilt að semja um, t.d. varúðarreglur. Félaginu er heimilt að semja um slíkar reglur í ábyrgðartryggingum og ef þær eru brotnar af stórkostlegu gáleysi getur félagið almennt borið fyrir sig takmörkun eða niðurfellingu ábyrgðar, einnig gagnvart tjónþola, sbr.

44. gr. frumvarpsins. Í því sambandi ber að hafa í huga að við skyldubundnar ábyrgðartryggingar er vernd tjónþola þó meiri en í öðrum slíkum vátryggingum, sbr. 45. gr.

Í 3. mgr. er regla sem er sama efnis og 1. málsl. 20. gr. VSL og þarfnast ekki skýringa.

Loks er í 4. mgr. regla sem kveður á um að félagið geti aðeins borið fyrir sig reglurnar í þessari grein að vátryggður, eða sá sem hann er samsamaður, hafi vitað að það, að vátryggingaratburður yrði væri sennileg afleiðing þeirrar háttsemi sem um ræðir. Ákvæðið er að efni til sambærilegt 1. mgr. 19. gr. VSL, en er þó sveigjanlegra og gerir ráð fyrir að það verði metið í hverju tilviki hvort vátryggður, vegna aldurs eða andlegs ástands, gerði sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar.

Um 28. gr.

Þessi grein er að efni til sambærileg 21. og 52. gr. VSL. Ekki er gerð tillaga um efnislegar breytingar á þeim reglum, þótt þær séu sameinaðar í þessa grein.

Í 1. mgr. er regla um skyldu vátryggðs til þess að hindra eða takmarka tjón sem af vátryggingaratburði getur leitt. Reglan um skyldu til að hindra eða takmarka tjón er gamalgróin í skaðabótarétti og í vátryggingarétti. Í vátryggingarétti á skyldan rót sína að rekja til þeirrar trúnaðarskyldu sem samningsaðilar bera hvor gagnvart öðrum. Hún er útfærð í frumvarpinu með sama hætti og sams konar regla í skaðabótarétti, þ.e. að vátryggður verður að gera allt, sem með sanngirni má ætlast til af honum til þess að hindra eða takmarka tjón. Um afleiðingar þess að vátryggður vanrækir þessa skyldu er fjallað í 4. mgr.

Regla 2. mgr. á einnig rætur að rekja til trúnaðarskyldu vátryggðs gagnvart viðsemjanda sínum, félaginu. Reglan er útfærð þannig í þessari málsgrein að honum beri að gæta hagsmuna félagsins í þeim mæli sem sanngjarnt er að ætlast til af honum til þess að tryggja hagsmuni þess gagnvart þriðja manni. Í þessu felst að hann kann að vera skyldur til þess að tilkynna vátryggingaratburð til lögreglu eða vinnueftirlits til þess að tryggja sönnun réttra málsatvika eða til þess að auka möguleika á að tjónvaldur finnist eða viðurkenni háttsemi sína. Í raun er þeim skyldum sem á vátryggðum hvíla samkvæmt þessari málsgrein og hinni fyrri ekki sett önnur mörk en þau sem leiða af sanngirniskröfunum. Skyldan getur því tekið til margs konar aðgerða af hans hálfu.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á vátryggðan að tilkynna til félagsins án ástæðulauss dráttar að vátryggingaratburður hafi orðið. Ekki er unnt að krefjast þess að hann tilkynni það strax, heldur hlýtur það að ráðast af eðli atburðarins hvaða kröfur beri að gera í þessu efni.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um afleiðingar þess að vátryggður vanrækir þær skyldur sem á hann eru lagðar í 1.–3. mgr. Í samræmi við gildandi rétt er kveðið á um það að einungis vanræksla sem rakin verður til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans hafi réttaráhrif fyrir hann. Í þeim tilvikum má fella niður ábyrgð félagsins í heild eða að hluta. Í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í öðrum greinum frumvarpsins er gerð tillaga um að það sé háð mati hvort og þá að hvaða marki ábyrgð félagsins verði felld niður. Við matið ber samkvæmt þessari málsgrein að líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Allir þessir þættir hafa verið skýrðir áður í frumvarpinu og er ekki ástæða til að gera það aftur. Einungis er þörf að geta þess að taka verður tillit til þess við matið að vátryggður kann að hafa orðið fyrir þess konar tjóni að ekki sé eðlilegt að gera ríkar kröfur til þess að hann tilkynni strax um vátryggingaratburð, auk þess sem það kann að orka tvímælis hvort vátryggingin taki til þeirrar áhættu sem um ræðir. Vátryggður verður því að hafa ráðrúm til að kanna stöðu sína að því leyti, áður en hægt er að krefjast þess að hann tilkynni um atburðinn. Einnig þarf að benda á að óhæfilegur dráttur á tilkynningu, eða vanræksla á því að vátryggður geri sanngjarnar ráðstafanir til þess að hindra eða takmarka tjón, hefur oft í för með

sér meira tjón eða aukinn kostnað fyrir félagið vegna björgunaraðgerða eða athugunar á atvikum. Eðlilegast er að það sé þessi aukakostnaður sem fyrst kemur til álita að létta af félaginu, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. VSL. Ekki er þó talið rétt að hafa slíka reglu í frumvarpinu, vegna þess að réttara er talið að dómstólar hafi óbundnar hendur við mat sitt á þeim þremur þáttum sem tilgreindir eru og að hve miklu leyti ábyrgð félagsins verður felld niður.

Um 29. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um samsömun, þ.e. að hvaða leyti háttsemi annarra en vátryggðs hefur sömu réttaráhrif og hann hefði viðhaft hana sjálfur. Í VSL er ekki að finna sambærilega reglu en í ýmsum ákvæðum þeirra laga er komið inn á efnið, t.d. í 1. mgr. 51. gr. Ákvæðinu er ætlað að gilda í öllum tilvikum þar sem til álita kemur að takmarka eða fella niður ábyrgð félagsins samkvæmt reglum IV. kafla frumvarpsins. Það gildir einnig um vanrækslu á upplýsingaskyldu. Slík vanræksla gæti leitt til takmörkunar á ábyrgð gagnvart meðvátryggðum. Félagið verður að gera sérstakan fyrirvara ef það ætlar sér að bera fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu gagnvart öðrum en þeim sem gefur upplýsingarnar. Takmarkanir á heimildum þess í því efni koma fram í 41. gr.

Lagt er til að reglan um samsömun verði tvíþætt, þ.e. annars vegar regla sem gildir um vátryggingar á hagsmunum tengdum atvinnurekstri og hins vegar í öðrum tryggingum, svonefndum neytendatryggingum. Í vátryggingum sem ekki tengjast atvinnustarfsemi (neytendatryggingum) hefur félagið þröngar heimildir til þess að takmarka ábyrgð sína með ákvæði í vátryggingarsamningi þess efnis að vátryggður glati rétti til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra, sem hafa við hann sambærileg tengsl. Meginreglan á ótvírætt að vera sú að vátryggður á aðeins að þurfa að gjalda fyrir eigin háttsemi með því að réttur hans til vátryggingabóta skerðist. Hann á því ekki að gjalda fyrir að aðrir, án hans vitundar eða samþykkis, hegði sér andstætt þeim forsendum sem félagið lagði til grundvallar áhættumati sínu eða brjóti varúðarreglur. Hið sama á við að því er varðar upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Eins og greinir í skýringum við 19. gr. frumvarpsins verður hann að sæta því að reglur samningaréttar leiði til þess að hann er samsamaður þeim sem telst staðgöngumaður hans. Félagið getur hins vegar ekki, vegna þessarar greinar, mælt fyrir um að hið sama skuli gilda um aðra sem það t.d. leitar til með upplýsingar vegna gerðar vátryggingarsamnings. Bannregla þessa ákvæðis um samsömun tekur aðeins til fólks sem er í nánum tengslum við vátryggðan, þ.e. ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa sambærileg tengsl við hann. Reglan á því ekki við um ákvæði þar sem félagið samsamar aðra vátryggðum, t.d. þjófa, eða þá sem fara með opinbert vald. Í þeim tilvikum er um að ræða takmörkun á áhættu og í því efni er frelsi til að semja.

Í 2. mgr. er að finna undantekningar frá 1. mgr. Ákvæði 2. mgr. er ekki sjálfstæð regla um samsömun, heldur mælir hún fyrir um það hvaða heimildir félagið hefur til þess að semja um samsömun. Geri félagið ekki slíkan fyrirvara mundu þeir sem upp eru taldir í 1. mgr. ekki verða samsamaðir vátryggðum.

Í a-lið þessarar málsgreinar er heimildin til að semja um samsömun látin ná til manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða. Hér þarf að koma til að vátryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins vátryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið vátryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti, og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef vátryggður annast um eða rekur hið vátryggða. Það skal einnig áréttað að tilgreining hinna vátryggðu hagsmuna sem reglan á við er tæmandi.

Í b-lið er regla sem er svipuð 85. gr. VSL en þó víðtækari, enda gildir hin tilvitnaða grein eingöngu um brunatryggingar, en þetta ákvæði frumvarpsins er einkum miðað við tilgreinda eignatryggingarþætti hefðbundinna neytendatrygginga. Regla frumvarpsins tekur einnig til sambúðarmaka sem býr í föstu varanlegu sambandi við vátryggðan. Hér er um matskennda reglu að ræða, en markmið hennar er að leggja að jöfnu sambúð og hjúskap þegar slík samstaða hefur verið með sambúðaraðilum að eðlilegt er að jafna sambúðinni til hjúskapar. Hér þarf mikið til. Skráning dugir ekki ein og sér og verður ekki gerð að skilyrði, en á hinn bóginn er ljóst að gera verður kröfu um langan og samfelldan sambúðartíma. Eingöngu getur verið um sambúð gagnkynhneigðra að ræða og ekki er unnt að samsama börn foreldrum eða systkinum. Á hinn bóginn er eðlilegt að samkynhneigðir, eða tveir einstaklingar af sama kyni, sem hafa staðfest samvist sína í samræmi við reglur laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, geti verið samsamaðir í þessu sambandi, enda er staðfest samvist um flest fjárhagsleg atriði lögð að jöfnu við hjúskap, sbr. einkum 5. og 6. gr. tilvitnaðra laga. Ljóst er að gera verður þá kröfu til þeirra sem eru í staðfestri samvist að þeir séu í raun samvistum. Ekki verða gerðar vægari kröfur til þeirra að þessu leyti en til hjóna.

Í 3. mgr. er regla sem tekur til heimilda félagsins til þess að semja um samsömun í vátryggingum tengdum atvinnurekstri. Meginreglan í þeim vátryggingum er sú að ekki skuli vera um samsömun að ræða nema um það sé sérstaklega samið í vátryggingarsamningi. Heimildum félagsins til slíkra samninga eru ekki sett önnur takmörk en þau sem leiða af kröfum um sanngirni. Það verður því að ætla að sá sem samsamaður er vátryggðum hafi þá stöðu í atvinnurekstrinum að sanngjarnt sé að beita samsömun. Við sanngirnismatið yrði m.a. að líta til umfangs atvinnustarfseminnar og sérstakrar þarfar félagsins fyrir að takmarka ábyrgð sína.

Um 30. gr.

Greinin tekur til heimilda vátryggðs til athafna sem eru andstæðar skuldbindingum hans samkvæmt vátryggingarsamningi en eru viðhafðar í neyðartilvikum. Í 2. mgr. 19. gr. VSL er sambærileg regla, en gildissvið hennar er a.m.k. að formi til takmarkað við tilvik er vátryggður veldur því að vátryggingaratburður á sér stað. Slíka takmörkun er ekki að finna í þessari grein. Henni verður því beitt í öllum tilvikum sem félagið gæti takmarkað ábyrgð sína samkvæmt tilteknum greinum. Að öðru leyti yrði ekki um breytingar á gildandi rétti að ræða.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilkynningarskyldu félagsins ef það ætlar að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð samkvæmt reglum kaflans. Ákvæði um slíka tilkynningarskyldu eru nú í 8. og 48. gr. VSL, en gildissvið þeirra er þó takmarkað við brot á upplýsingaskyldu vátryggingartaka og áhættuaukningu. Í þessari grein er lagt til að reglan hafi mun almennara gildissvið, þ.e. taki til hvers konar ábyrgðartakmarkana sem byggjast á grundvelli reglna í þessum kafla frumvarpsins. Eðlilegt er að á félaginu hvíli skylda til þess að koma því á hreint gagnvart vátryggðum hvort það ætlar að bera fyrir sig takmarkanir á ábyrgð.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að tilkynningu félagsins skuli komið á framfæri við vátryggingartaka. Það gerir félagið með því að senda honum skriflega tilkynningu þar um, sbr. þó það er segir í inngangi athugasemda við II. kafla um möguleika vátryggingafélaga til þess að nýta sér rafræna samskiptahætti. Munnleg tilkynning nægir því ekki. Skal tilkynningin send án ástæðulauss dráttar. Mat á því hve mikið svigrúm félagsins er að þessu leyti verður að fara fram í hverju tilviki fyrir sig. Ekki verða gerðar þær kröfur til félagsins að það sendi strax tæmandi upplýsingar um hvernig það muni bregðast við. Nægilegt væri að það tilkynnti

að til athugunar væri að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, en nauðsynlegt væri þó í þeim tilvikum að strax og atvik væru ljós mundi send fullnaðartilkynning. Í tilkynningunni ber félaginu samkvæmt lokamálslið 1. mgr. að upplýsa vátryggðan um möguleika hans til þess að bera álitaefnið undir úrskurðarnefnd.

Í 2. mgr. er ákvæði um afleiðingar þess að félagið sinnir ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. Afleiðingarnar eru að félagið glatar rétti til þess að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð. Vanrækslan gæti falist í því að það dregur of lengi að senda tilkynningu, en einnig að form hennar eða efni sé ekki fullnægjandi, þ.e. að ekki sé bent á úrlausnaraðila svo sem mælt er fyrir um í lok 1. mgr.

Um V. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru tillögur að reglum um greiðslu iðgjaldsins. Reglur um það efni eru nú í 12.–17. gr. VSL. Þær reglur eru flóknar og hefur framkvæmdin ekki verið í samræmi við þær, heldur hafa félögin mótað sér reglur um innheimtu iðgjaldsins og afleiðingar vanskila sem eru meira í samræmi við nútímaverklag en reglur gildandi laga. Þær reglur sem gerð er tillaga um í þessu frumvarpi eru fremur í samræmi við þær reglur sem notaðar eru í framkvæmdinni en reglur VSL.

Þegar skipað er reglum um greiðslu iðgjalds af vátryggingum og um afleiðingar vanskila togast á ýmis sjónarmið. Í fyrsta lagi er iðgjaldið endurgjald vátryggingartaka fyrir það að félagið tekur á sig fyrir hann fjárhagslega áhættu af tilteknu tjóni. Óhjákvæmilegt er að félagið eigi þess kost að losna undan skuldbindingum sínum innan hæfilegs tíma ef í ljós kemur að vátryggingartakinn greiðir ekki iðgjaldið. Ekki er heppilegt að félagið verði bundið í svo langan tíma að það neyðist til að innheimta vangoldið iðgjald eftir að það hefur lýst yfir samningsslitum, heldur er fremur ástæða til að haga reglum svo að iðgjaldsskuldin verði ekki svo há að félagið telji hag sínum best borgið með því að afskrifa hana, þótt því sé það ekki skylt. Í öðru lagi koma til sjónarmið sem lúta að hagsmunum vátryggingartaka, þ.e. því að það stefnir almennt hagsmunum hans í mikla tvísýnu að hann sé sviptur þeirri fjárhagslegu vernd sem vátryggingarsamningurinn veitir honum. Í fæstum tilvikum hafa vátryggingartakar fjárhagslega burði til að taka afleiðingum áfalla, sem þeir hafa vátryggt sig fyrir, án þess að fjármál þeirra lendi í ógöngum um ófyrirsjáanlegan tíma. Í þriðja lagi er heppilegt að leitast við að samræma reglur um þessi efni í skaðatryggingum og persónutryggingum, bæði til að auðvelda vátryggingartökum að hafa yfirsýn yfir málið og vegna þess að oft eru vátryggingar samsettar þar sem bæði skaðatryggingar og persónutryggingar eru hluti af samsettum vátryggingum. Líftryggingar hafa þó sérstöðu að þessu leyti og um þær gilda sérstakar reglur.

Með hliðsjón af framansögðu hefur verið talið eðlilegt að leggja til að reglum sé skipað þannig að félögin hafi heimildir til þess að slíta vátryggingarsamningi vegna vanskila á iðgjaldi tiltölulega snemma en hagsmunir vátryggingartaka séu tryggðir með því að áskilja honum rétt til aðvarana af hálfu félaganna. Félögunum yrði, ef þessar reglur frumvarpsins verða lögfestar, skylt að senda honum a.m.k. tvær aðvaranir áður en vátryggingin félli niður, auk þess sem frestur hans til að greiða yrði hæfilegur. Í kaflanum er að finna öryggisreglu ef vanskil vátryggingartaka verða vegna atvika sem hann verður ekki sakaður um, t.d. alvarlegra sjúkdóma eða slysa sem gera honum ekki kleift að sinna þeim erindum sem hann þarf að sinna. Loks yrðu félögin skyld til þess að senda vátryggingartaka upplýsingar um afleiðingar vanskila hans, þannig að honum sé ljóst hvaða fjárhagslegu áhættu hann tekur á sig ef hann sinnir ekki kröfum um greiðslu á iðgjaldinu, sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða.

Í kaflanum eru þrjár greinar. Efni þeirra er til samræmis við framanritað í stuttu máli það að fyrst er mælt fyrir um fyrstu tilkynningu um gjalddaga og greiðslufrest á iðgjaldi. Í þeirri næstu er kveðið á um skyldu til að senda aðra aðvörun og gerðar kröfur um efni hennar. Í þeirri þriðju eru fyllingarreglur um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi, þegar vátryggingartaki hefur greitt en félagið ekki móttekið greiðsluna.

Um 32. gr.

Í þessari grein eru reglur um gjalddaga og venjubundna greiðslufresti iðgjalda. Eins og fram kemur í 1. málsl. gilda reglur greinarinnar eingöngu þegar það er ekki skilyrði þess að skyldur félagsins verði virkar samkvæmt vátryggingarsamningi að iðgjaldið sé greitt. Ef svo er ekki, þá er því slegið föstu að iðgjaldið gjaldfalli þegar þess er krafist. Í þessu felst að gera þarf kröfu um greiðslu iðgjaldsins til þess að gjalddagi verði talinn kominn. Skv. 2. málsl. skal greiðslufrestur vera einn mánuður hið skemmsta frá því tímamarki sem fram kemur í greininni, sendingu tilkynningarinnar. Skv. 3. málsl. hafa vanskil á kröfu um iðgjald að jafnaði engin réttaráhrif fyrir vátryggðan, að öðru leyti en því að hann kann að baka sér skyldu til að greiða dráttarvexti, enda segir þar að vátryggingin haldist þótt greiðsla sé ekki innt af hendi innan þess frests sem settur er fyrir greiðslu iðgjaldsins. Þetta á þó aðeins við ef ábyrgð félagsins er orðin virk en ekki í þeim tilvikum sem félagið hefur áskilið að greiðsla iðgjaldsins sé forsenda þess að vátryggingin verði virk.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru reglur um skyldu félagsins til þess að senda aðra aðvörun ef greiðsludráttur á iðgjaldi verður og ekki er um það samið að greiðsla þess sé forsenda fyrir því að ábyrgð félagsins verði virk. Í greininni er að finna reglur um skilyrði þess að vátrygging falli niður vegna vanskilanna.

Í gildandi lögum, þ.e. 14. gr., er mælt fyrir um það að ef iðgjaldið er ekki greitt sé ábyrgð félagsins lokið. Í því felst þó ekki að vátryggingarsamningurinn sé ekki í gildi, það sem gerist er að ábyrgð félagsins fellur niður og verður virk ef vátryggingartaki greiðir iðgjaldið. Skylda vátryggingartaka til að greiða iðgjaldið stendur óbreytt. Þessi staða, að samningurinn sé í gildi, en þó ekki að því er varðar ábyrgð félagsins, sem eru meginskyldur þess samkvæmt vátryggingarsamningi, er sérstök og framandi. Hún á sér vart hliðstæðu í öðrum tegundum samninga. Lagt er til að þessi skipan verði lögð af ef frumvarpið verður að lögum. Skapar það hreinni línur og veitir vátryggingartaka betri vernd.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins getur félagið, ef vanskil verða skv. 32. gr., aðeins losnað undan skyldum sínum með því að senda nýja tilkynningu með aðvörun um að vátrygging falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan 14 daga. Félagið getur ákveðið að senda ekki slíka tilkynningu, en það felur þá í sér að ábyrgð þess er virk og með sama hætti að vátryggingartaki sé skyldur til að greiða iðgjaldið, enda er vátryggingarsamningurinn þá enn í fullu gildi. Ef greiðsla á sér ekki stað, þrátt fyrir tilkynningu með aðvörun skv. 1. mgr., fellur samningurinn niður og báðir aðilar losna frá því tímamarki undan skyldum sínum samkvæmt honum. Fram til þess tímamarks eru skyldur þeirra óbreyttar. Ef félagið tíðkar að senda fleiri tilkynningar með aðvörunum yrði við það miðað að það væri síðasta tilkynningin sem þyrfti að fullnægja skilyrðum þessarar málsgreinar, þ.e. fela skýrlega í sér að vátrygging félli niður ef iðgjaldið yrði ekki greitt innan frestsins.

Í 2. mgr. er öryggisregla til verndar hagsmunum vátryggingartaka í þeim tilvikum er vanskil verða vegna ófyrirséðra hindrana sem honum er ekki um að kenna. Í þessum tilvikum framlengist fresturinn í þrjá mánuði frá því tímamarki sem talið er lokafrestur tilkynningar

skv. 1. mgr. Það er forsenda þess að öryggisreglu þessarar málsgreinar verði beitt að hindrunin hafi komið til áður en fresturinn, sem tilgreindur er í tilkynningu skv. 1. mgr., rann út. Komi hún til síðar getur vátryggingartaki ekki borið ákvæði þessarar málsgreinar fyrir sig. Það er enn fremur skilyrði þess að ákvæðinu verði beitt að vátryggingartaki greiði strax og hindruninni er aflétt. Hann gæti því ekki beðið þar til í lok þriggja mánaða frestsins og greitt þá, ef hindruninni hefur í raun verið aflétt, t.d. eftir einn mánuð. Á umræddu þriggja mánaða tímabili helst ábyrgð félagsins óbreytt. Það eru aðeins hindranir, sem eru ófyrirséðar og vátryggingartaka verður ekki um kennt, sem veita honum rétt til að bera fyrir sig ákvæði þessarar málsgreinar, enda um öryggisreglu að ræða sem veitir honum sérstakan betri rétt en öðrum vátryggingartökum. Eins og áður greinir getur verið um að ræða alvarlega sjúkdóma eða slys sem koma í veg fyrir að vátryggingartaki geti sinnt nauðsynlegum erindum, svo sem að greiða reikninga eða taka flóknar ákvarðanir. Almennar reglur fjármunaréttar leiða til þess að peningaleysi telst ekki hindrun í þessum skilningi og ekki aðrar hindranir sem vátryggingartaki sá eða mátti sjá fyrir. Að öðru leyti verður um skýringar á því hvað telja beri ófyrirséða hindrun, sem vátryggingartaka verður ekki um kennt, að vísa til annarrar löggjafar á sviði fjármunaréttar, einkum kauparéttar. Í ýmsum ákvæðum laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, t.d. 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 57. gr., og í ýmsum ákvæðum laga um fasteignakaup, nr. 40/2002, t.d. 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 43. gr., er aðili kaupsamnings leystur undan vanefndaáhrifum, ef slíkar hindranir koma í veg fyrir efndir af hans hálfu. Ljóst er að mikið þarf til svo að efndahindrun leysi mann undan vanefndaáhrifum og hann hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði þess séu fyrir hendi.

Í 3. mgr. er regla sem samrýmist almennum reglum samningaréttar, þ.e. samþykki sem kemur of seint skal skoðast sem ósk um nýjan samning. Almennt yrði talið að líta bæri á síðbúna greiðslu sem ósk um sams konar vátryggingarsamning og áður gilti. Það felst í tilvísun til reglu 3. mgr. 13. gr. að slík beiðni veldur því að vátryggingarsamningur stofnast og þar með verður ábyrgð félagsins virk. Til þess að hamla gegn misnotkun verður það þó ekki fyrr en daginn eftir að iðgjaldið telst greitt.

Í greininni er ekki að finna sérstaka reglu um hvernig með á að fara ef greiðsludráttur verður á viðbótariðgjaldi, en félagið getur þurft að innheimta viðbótariðgjald í ýmsum tilvikum, t.d. þegar vátryggingartaki óskar eftir því á vátryggingartímabilinu að vátryggingarfjárhæðir verði hækkaðar, t.d. vegna verðmætisaukningar innbús eða annarra vátryggðra hagsmuna. Viðbótariðgjald getur einnig orðið vegna áhættuaukningar ef félagið hefur með réttum hætti áskilið sér hærra iðgjald við þær aðstæður. Ekki þykir ástæða til sérstakra reglna um þessi tilvik. Miða verður við að reglur 32. og 33. gr. frumvarpsins eigi við um viðbótariðgjald að breyttu breytanda. Á hinn bóginn yrði meginreglan sú að vanskil á viðbótariðgjaldi ættu ekki að hafa áhrif á réttindi og skyldur aðilanna samkvæmt vátryggingarsamningi að öðru leyti. Þó gæti svo verið í ýmsum tilvikum, t.d. ef iðgjald hækkar vegna verðmætisaukningar vátryggðra hagsmuna. Ef það er ekki greitt yrðu hagsmunirnir undirvátryggðir og yrði þá að líkindum beitt reglum sem um þau tilvik gilda. Ef viðbótariðgjald yrði vegna áhættuaukningar yrði að leggja mat á það hvort og þá hvaða heimildir félagið hefði t.d. til að slíta samningi, ef vanskil verða á því.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur um það hvenær telja beri greiðslu iðgjalds innta af hendi í þeim tilvikum sem hún er farin frá vátryggingartaka en ekki komin til félagsins. Í 32. og 33. gr. eru mikilsverðir hagsmunir tengdir því að greiðsla sé innt af hendi innan tiltekins frests. Það þykir því nauðsynlegt að lögfestar séu fyllingarreglur til þess að taka af skarið um ýmis

vafamál sem kunna að rísa um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi í skilningi tilgreindra lagagreina. Þær fyllingarreglur sem hér er gerð tillaga um eru að ýmsu leyti öðruvísi en leiða mundi af almennum reglum kröfuréttar. Þykir slíkt réttlætanlegt í því skyni að tryggja sem best hagsmuni vátryggingartaka, sem komið hefur frá sér greiðslu innan tilskilins frests, þótt hún hafi ekki borist félaginu. Í reglunum felst að vátryggingartaki er ekki látinn bera hallann af því að póstþjónustan, bankar, sparisjóðir eða aðrir slíkir aðilar eða tölvuþjónustur skili ekki af sér greiðslum réttilega, þannig að vátryggingin helst í gildi. Þess ber þó að geta að fyllingarreglurnar eru miðaðar við að taka af skarið um hvenær greiðsla telst innt af hendi og þar með hvort vátryggingin helst í gildi eða hvort hún fellur úr gildi. Reglunum er á hinn bóginn ekki ætlað að firra vátryggingartaka endanlega ábyrgð á greiðslu sem félagið fær alls ekki. Vátryggingartaki verður að bera endanlega ábyrgð á greiðslunni gagnvart félaginu, þ.e. greiða á nýjan leik, en það hefur ekki þau réttaráhrif að vanskil teljist hafa orðið á fyrri greiðslunni.

Sé iðgjaldið greitt í reiðufé á starfsstöð félagsins getur vart risið vafi um hvenær það hafi verið innt af hendi. Slíkt er hins vegar afar fátítt nú orðið. Vátryggingafélög senda innheimtuseðla til vátryggingartaka, sem greiddir eru með ýmsum hætti. Fátítt er að peningar séu sendir með pósti sem greiðsla, þótt það kunni að vera eitthvað tíðkað. Flestir innheimtuseðlar eru greiddir gegnum banka, sparisjóði eða pósthús og þá þannig að greiðandinn kemur til þessara stofnana og borgar innheimtuseðlana eða óskar eftir því að seðilfjárhæðin verði tekin út af reikningi sínum og notuð til að greiða hann. Það verður æ algengara að einstaklingar og rekstraraðilar greiði reikninga sína rafrænt, þ.e. í gegnum einkatölvur á heimilum eða vinnustað. Einnig er algengt að bankar og sparisjóðir annist greiðslu reikninga fyrir einstaklinga samkvæmt almennum samningi um það. Þessar fjölbreyttu aðferðir við greiðslu geta í mörgum tilvikum valdið vafa um hvenær telja eigi hana hafa farið fram.

Í a–c-lið er tekið af skarið um það hvenær telja beri greiðslu innta af hendi í þremur megintilvikum.

Í a-lið er kveðið á um að greiðsla sem send er í pósti í formi peninga, tékka eða annarri sambærilegri ávísun á peninga, skuli teljast innt af hendi þegar hún hefur verið send. Ekki er áskilið að um ábyrgðarsendingu sé að ræða. Vátryggingartaki hefur sönnunarbyrði fyrir því hvort hann hafi sent greiðsluna og þá hvenær það gerðist. Póststimpill, eða kvittun, sé hún gefin, mundi oftast vera til sönnunar um sendingartíma. Í reglunni felst að vátryggingartaki ber ekki ábyrgð á hugsanlegri seinkun, sem verður hjá póstþjónustunni. Af sjálfu sér leiðir að það nægir ekki að sýna fram á að slík greiðsla eða ávísun á peninga hafi verið send, ef hún er ekki innleysanleg þegar félagið lætur á það reyna. Slík greiðslutilboð eru ekki lögmæt.

Í b-lið er kveðið á um að greiðsla skuli teljast innt af hendi þegar hún hefur verið greidd til pósthúss, banka eða sparisjóðs í því skyni að þessar stofnanir komi henni áfram til félagsins. Oftast mundi unnt að sanna þetta, t.d. með því að sýna greiðslustimpil frá viðkomandi stofnun.

Í c-lið er regla, sem líklega hefur mesta hagnýta þýðingu, því æ fleiri inna af hendi greiðslu með slíkum fyrirmælum, einkum eykst þýðing rafrænna greiðslufyrirmæla. Reglan kveður á um að greiðslan teljist innt af hendi, þegar fyrirmælin um greiðslu eru send. Vátryggingartaki hefur einnig hér sönnunarbyrði fyrir sendingartíma slíkra fyrirmæla. Slík sönnun á að jafnaði að vera honum léttbær.

Gera verður tvíþættar kröfur til slíkra fyrirmæla. Annars vegar verður að vera um gild fyrirmæli að ræða, þ.e. fyrirmæli sem unnt er að verða við. Þessi krafa felur það í sér að ekki er nægjanlegt fyrir vátryggingartaka að gefa rafræn greiðslufyrirmæli í einkatölvu sinni þess

efnis að bankareikningur hans skuli skuldfærður fyrir fjárhæð, sem tilgreind er sem iðgjald á greiðsluseðli vátryggingafélags, ef ekki er innstæða á reikningnum, eða heimild til að yfirdraga hann. Hins vegar verður að vera um að ræða sérstök fyrirmæli, þ.e. fyrirmæli sem lúta sérstaklega að greiðslu iðgjaldsins. Í þessu felst að samningur vátryggingartaka við banka eða sparisjóð um greiðsludreifingu, sem felur í sér fyrirmæli til bankans eða sparisjóðsins um að greiða alla reikninga hans, teljast ekki fullnægja fyrirmælum þeim, sem c-liður tekur til.

Um VI. kafla.

6.1 Inngangur.

Í þessum kafla er að finna almennar reglur um ábyrgð félagsins þegar vátryggingaratburður á sér stað (35. og 36. gr.), um tvítryggingar (37. gr.) og um ábyrgð þess á björgunarkostnaði (38. gr.). Í VSL eru um þessi efni ítarleg ákvæði í 36.–43. gr., 52. og 53. gr. og 75. gr., auk þess sem í 35. gr. er ákvæði um tryggingarhagsmuni, þ.e. hvaða hagsmuni heimilt sé að vátryggja.

Þótt frumvarpið hafi ekki að geyma reglur sem ætlað er að breyta í verulegum atriðum þeirri réttarframkvæmd sem verið hefur á grundvelli VSL eru reglur þess mun einfaldari en hin tilgreindu ákvæði gildandi laga og gengið er út frá því að reglur um útreikning bóta verði að finna í vátryggingarsamningunum sjálfum, en ekki í lögum, og eru því ekki gerðar tillögur um það. Þær tillögur sem eru gerðar að reglum um tvítryggingar og um björgunarkostnað eru efnislega í samræmi við gildandi rétt en leitast er við að haga orðalagi þannig að eytt sé a.m.k. einhverju af þeim túlkunarvafa sem verið hefur uppi um þau efni.

6.2 Um efni 35. gr. VSL.

Í 35. gr. VSL segir að gegn skaða megi vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni er metnir verða til peningaverðs, hvort heldur eru hagsmunir vátryggingartaka sjálfs eða þriðja manns. Í ákvæðinu er að finna tvær takmarkanir á því að skaðatryggja megi hagsmuni, þ.e. hagsmunirnir verða að vera löglegir og þeir verða að vera þess eðlis að þá megi meta til peningaverðs. Ástæða er til að fjalla nánar um efni þessarar greinar, einkum þar sem ekki er gerð tillaga að sambærilegri grein í frumvarpinu.

Hugtakanotkun greinarinnar miðast við að í eignatryggingum sé það í raun ekki hluturinn sjálfur sem sé vátryggður heldur þeir fjárhagslegu hagsmunir sem við hann eru tengdir. Eigandi hlutar, t.d. bifreiðar, getur haft margs konar fjárhagslega hagsmuni tengda honum, af því að eyðilegging eða tjón á hlutnum getur falið í sér margs konar fjárhagslegt tjón fyrir hann. Það má hugsa sér að hann noti bifreiðina til persónulegra þarfa sinna og fjölskyldu sinnar og að hann noti bifreiðina einnig í tengslum við atvinnurekstur sinn, en auk þess hafi hann veðsett bifreiðina til tryggingar láni sem hann hefur tekið. Hann getur líka hafa samið við ferðaskrifstofu um að leigja henni bifreiðina til aksturs ferðamanna í útsýnisferðum á háannatíma á sumrin þegar hann er sjálfur í sumarleyfi. Í þessu tilviki er staðan ekki eingöngu sú að bifreiðareigandinn, vátryggingartaki, eigi sjálfur fjölþætta hagsmuni af því að bifreiðin verði ekki fyrir skemmdum eða eyðileggingu, aðrir kunna að eiga hér beinna hagsmuna að gæta, t.d. veðhafinn.

Skilyrði 35. gr. VSL um lögmæta hagsmuni virðist sjálfsagt og eðlilegt, en merking þess er þó fjarri því að vera ótvíræð í öllum tilvikum. Felst í þessari kröfu t.d. að heimilistæki í húsi, sem flutt hafa verið til landsins án þess að greiddir hafi verið af þeim lögboðnir tollar og gjöld, sem skemmast af eldi eða er stolið teljast ekki lögmætir hagsmunir og gætu þess vegna ekki verið grundvöllur bóta? Hvað með sumarhús, byggt úr timbri sem tekið hefur verið ranglega út í nafni annars aðila og byggt af mönnum sem ekki hafa lagt virðisaukaskatt

á þóknanir sínar, og skemmist í eldi? Á ekki að bæta það, t.d. eftir að fimm eða tíu ár eru liðin frá byggingartíma þess? Hvað um starfsemi sem rekin er í blóra við opinbersréttarlegar reglur um mengunarvarnir eða án nægilegra öryggisráðstafana fyrir starfsfólk? Ef niðurstaðan væri sú að hagsmunir eiganda gætu ekki talist löglegir, hvað þá með hagsmuni annarra sem tengdir eru þessum eignum, t.d. veðhafa? Á hið sama að gilda um þá? Af framangreindu má ráða að áskilnaðurinn um lögmæta hagsmuni er óljós í mörgum tilvikum og það verður að ráðast af mati á atvikum hverju sinni hvort hagsmunir teljast lögmætir eða ekki. Af þessum ástæðum er hæpið að hafa slíkan áskilnað í lögum, enda merking óljós eins og fyrr greinir. Það eru auk þess önnur og heppilegri úrræði til þess að hindra að félögin verði skuldbundin til þess að greiða bætur vegna hagsmuna sem víst er að séu ólögmætir. Í fyrsta lagi er ráð fyrir því gert í 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, að Fjármálaeftirlitið fái til skoðunar vátryggingarskilmála áður en þeir eru boðnir vátryggingartökum hér á landi. Sambærileg krafa er í 55. gr. laganna og þar er einnig að finna heimildir fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að krefjast þess að vátryggingarskilmálar sem eru andstæðir lögum eða góðum viðskiptaháttum verði dregnir til baka eða þeim breytt. Í öðru lagi leiðir 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, til þess að félagið getur neitað að greiða bætur ef í ljós kemur að hinir vátryggðu munir teljast fela í sér ólögmæta hagsmuni, eru t.d. fengnir með þjófnaði. Auk þess hefur það lengi verið óskráð regla í íslenskum rétti að ekki sé skylt að efna þá samninga sem fara í bága við lög og gott siðferði. Er þetta ein af grundvallarreglum samningaréttar og kennd í inngangsfræðum þeirrar greinar lögfræðinnar og gjarnan í því sambandi nefndar skuldir vegna fjárhættuspila, þóknanir vegna mútugreiðslna, vændis og þess háttar. Af framangreindu leiðir að það felur ekki í sér neina áhættu að hafa ekki lengur áskilnað um að aðeins megi vátryggja lögmæta hagsmuni, auk þess sem þeirri kröfu gildandi laga hefur aldrei verið hægt að fylgja eftir til hlítar.

Skilyrði 35. gr. VSL um að einungis megi vátryggja hagsmuni sem metnir verði til peningaverðs felur það í raun í sér að einungis sé hægt að vátryggja gegn fjártjóni. Í flestum tilvikum er ekki vafi á því hvaða hagsmunir verða metnir til peningaverðs. Samt má nefna ýmis tilvik þar sem hlutir hafa minjagildi fyrir tiltekna menn og verða jafnvel metnir til peningaverðs í hugum þeirra en verða ekki metnir til fjár eftir almennum mælikvarða. Hlutir kunna að hafa mikið minjagildi en afar takmarkað peningagildi, a.m.k. á almennan mælikvarða, t.d. ættargripir og þess háttar. Skilyrðinu um að hlutir verði metnir til fjár er vart unnt að fullnægja að öllu leyti, a.m.k. ekki í þeim skilningi að þeir hafi almennt fjárhagslegt gildi. Í 35. gr. VSL er ekki kveðið á um það hve mikið fjártjónið getur verið eða hve hátt megi tryggja hluti (hagsmuni) sem uppfylla þau skilyrði að vera bæði lögmætir og metnir til peningaverðs. Um það er regla í 39. gr. VSL sem hefur náin tengsl við 35. gr. Samkvæmt fyrrnefndu greininni er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta það tjón sem orðið hefur, þótt samið sé um annað. Í 2. mgr. segir að sé kveðið á um ákveðið verð hinna vátryggðu muna í vátryggingarsamningum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá séu þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið nema það sanni að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins. Reglan felur í sér bann við því að vátryggður geti hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingar eiga að vera til þess að bæta tjón og veita vátryggðum fjárhagslegt öryggi en ekki til þess að menn geti hagnast á þeim. Ákvæði 39. gr. VSL hefur verið talið veita vátryggingum sem starfsgrein yfirbragð trausts. Menn hafa talið að hætta væri á misnotkun þess nauðsynlega úrræðis sem vátryggingar eru ef ekki nyti við þessa ákvæðis, enda gæti möguleiki á því að oftryggja leitt til fleiri tryggingarsvikamála. Hugmyndin með þeirri útfærslu sem felst í 35. og 39. gr. VSL er sú að menn fái í skaðatryggingum aðeins bætt raunverulegt fjártjón sitt. Þær röksemdir sem raktar hafa verið eru í sjálfu sér góðra gjalda

verðar. Vandinn er á hinn bóginn sá að þessum meginreglum hefur alls ekki verið fylgt að öllu leyti í framkvæmd og má fullyrða að í sumum tilvikum mundu þær, ef þeim væri fylgt samkvæmt orðanna hljóðan, setja eðlilegri vátryggingastarfsemi óheppilegar skorður og leiða til þess að vátryggingartökum þætti sér ekki sýnd full sanngirni. Sem dæmi hefur það tíðkast mjög t.d. í heimilis- og fjölskylduvátryggingum, þ.e. innbúsþætti þeirra, að ákveðið sé í skilmálum að bætur greiðist á grundvelli verðs á nýjum sams konar hlutum og að frádráttur vegna aldurs og notkunar komi því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan. Í þessu felst að þvottavél eða sjónvarpstæki sem eyðileggst bætist með andvirði nýs, enda sé skilyrðinu um að notagildi sé ekki verulega minnkað fullnægt. Tækin kunna að hafa verið margra ára gömul. Nývirðistrygging, en svo eru þessar tryggingar oft nefndar, leiðir í raun til þess að vátryggingartaki hagnast fjárhagslega og þarf ekki að taka á sig verðrýrnun vegna notkunar. Nývirðistrygging samræmist því ekki banni 39. gr. VSL. Heimild til að nota nývirðistryggingar hefur þó ekki verið dregin í efa í seinni tíð og víst er að þær eru til mikils hagræðis fyrir vátryggingartaka.

Þá hafa mjög tíðkast vátryggingar þar sem vátryggingarverð er bundið, þ.e. fyrir fram er um það samið hvaða fjárhæð eigi að bæta tiltekinn vátryggðan hlut. Gert er ráð fyrir þeim t.d. í 2. mgr. 75. gr. VSL, auk þess sem 2. mgr. 39. gr. miðast við að slíkir samningar tíðkist. Ljóst er að samningar um bundið vátryggingarverð samrýmast oft illa banni 39. gr. um hagnað hins vátryggða af vátryggingum, því bætur kunna oft að vera hærri en sem nemur raunverulegu fjártjóni hans. Félögin bera afar sjaldan fyrir sig að bundið vátryggingarverð eigi ekki að leggja til grundvallar vegna 2. mgr. 39. gr. Er slíkt vitaskuld erfitt fyrir þau þar sem fyrir liggur samkomulag um verð. Fullyrða má að ekki hefur verið litið á þetta sem sérstakt vandamál í framkvæmd.

Af framangreindu leiðir að reglum 35. og 39. gr. VSL, þótt þær hafi verið taldar mikilvægar grundvallarreglur, hefur ekki verið fylgt að fullu í framkvæmd og raunverulegt sjálfstætt gildi þeirra, miðað við hljóðan reglnanna, hefur því verið takmarkað. Í frumvarpi þessu er því lagt til að ekki verði haldið fast við þær, heldur verði leitast við að viðhalda þeim efnislegu grundvallarreglum sem í þeim felast með öðrum hætti. Í þessu felst að meiri ábyrgð verður lögð á félögin um að gæta þess í framkvæmd að vátryggingar verði ekki misnotaðar og á eftirlitsaðila um að fylgjast með að svo verði.

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins miðast við að löggjafinn láti sig minna varða útreikning bóta og samninga um vátryggingarfjárhæð en VSL gera ráð fyrir. Telja verður eðlilegt að félögunum gefist kostur á því að ráða þessum atriðum til lykta í vátryggingarskilmálum og að svigrúm verði til mismunandi útfærslna sem leiða ætti til frekari samkeppni þeirra á milli. Ítrekað skal þó að með frumvarpi þessu er ekki stefnt að róttækum breytingum á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er við það miðað að það sé samningsatriði milli félagsins og vátryggingartaka hver vátryggingarfjárhæðin sé og hvernig vátryggingarverðmætið skuli ákveðið. Það getur verið gert með ýmsu móti, t.d. að það skuli miðað við nýviði vátryggðs munar, notagildi hans eða verðmæti á þeim degi er vátryggingaratburður varð. Þess vegna eru það fyrst og fremst ákvæði vátryggingarsamningsins sem ákvarða það hvaða vátryggingarbætur verða greiddar. Sé ekki um annað samið gerir ákvæðið ráð fyrir því að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Enn er miðað við að aðeins fjártjón sé bætt. Orðið fjártjón er notað til samræmis við orðanotkun skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem nota orðið um hvers konar fjárhagslegt tjón. Orðin „fullar bætur“ verður að skýra eftir samhengi þeirra. Ef

samið er um vátryggingarverð mundi greiðsla þess teljast fullar bætur í skilningi ákvæðisins. Sé ekki um annað samið mundu fullar bætur teljast þær bætur sem samkvæmt reglum skaðabótaréttar bæri að greiða í því tilviki sem um ræðir. Þótt því mætti halda fram að reglur skaðabótaréttar mældu ekki fullar bætur, svo sem stundum hefur verið talið um bætur fyrir líkamstjón, þá mundi það ekki auka rétt hins vátryggða eða þriðja manns til bóta, hann yrði að lúta reglum skaðabótaréttar um ákvörðun þess hvað teldust fullar bætur. Séu hagsmunir einungis vátryggðir að hluta, eða ef hinn vátryggði ber hluta áhættunnar, er ljóst að fullar bætur felast í réttum efndum vátryggingarsamningsins, þótt það teldust ekki fullar bætur í skilningi skaðabótaréttar.

Oftast leikur ekki vafi á því þegar eignir eru að fullu vátryggðar hverjar vátryggingarbæturnar eigi að vera. Slíkt getur þó komið fyrir, t.d. þegar um er að ræða rekstrarstöðvunartryggingar, réttaraðstoðartryggingar og ábyrgðartryggingar. Í þeim tilvikum verður að ætla að félögin sjái til þess að nánari ákvæði um ákvörðun bóta verði í vátryggingarsamningi. Aðferðir við útreikning bóta skipta einnig miklu máli í eignatryggingum. Á slíku verður að taka í vátryggingarsamningum svo sem fyrr greinir, t.d. kveða á um að draga eigi frá bótum fjárhæðir vegna rýrnunar sem leiðir af aldri og notkun eða hvort greiða eigi bætur sem samræmast nývirði hlutar. Sá tími sem mat á verðmæti muna miðast við á einnig að vera tilgreindur í vátryggingarskilmálum, ef hann skiptir þá máli.

Sú staðreynd að í 1. mgr. er gert ráð fyrir að samið kunni að verða þannig að vátryggður eigi ekki rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt felur það í sér að félögin geta í skilmálum sínum samið um hver áhrif undirvátryggingar eiga að hafa, þ.e. þegar vátryggt er undir verði, en um það er nú ákvæði í 40. gr. VSL. Einnig er unnt að semja um eigin áhættu vátryggðs, auk þess sem hægt er að semja um nývirðistryggingar, bundið vátryggingarverð o.s.frv. Ef óvissa verður um hvernig skýra beri vátryggingarsamninga að þessu leyti kemur til kasta fyllingarreglunnar í 1. mgr. um að vátryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Orðið fjártjón tekur aðeins til útreiknings á tjóni en ekki til þess hvaða þættir eru bættir. Slíkt mundi ráðast af skilmálunum sjálfum. Ef um eignatryggingu væri að ræða og hlutur sem vátrygging tekur til eyðileggst felst reglan um bætur fyrir fjártjón í að meta á verðmæti hlutarins sjálfs. Hún felur á hinn bóginn ekki í sér að meta eigi allt fjártjón óháð því hvers konar tjón er um að ræða. Vátryggður ætti því ekki á grundvelli hennar einnar og sér rétt á bótum fyrir fjártjón sem fælist í afnotamissi af hlutnum. Stoð fyrir slíkri kröfu yrði að vera í vátryggingarsamningnum réttilega túlkuðum.

Fyllingarreglan í 1. mgr. felur í sér að vátryggður á rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Það verður að skilja svo að hann þurfi ekki að sæta frádrætti á bótum vegna þess að vátryggt sé undir verði, nema um það sé sérstaklega samið í vátryggingarsamningi. Á hinn bóginn verður að skýra regluna svo að vátryggður verði að sætta sig við eðlilegar bætur, verði t.d. að sætta sig við enduröflunarverð vátryggðs hlutar en geti ekki krafist viðgerðarkostnaðar ef sá kostnaður fer langt umfram enduröflunarverðið. Um skýringu á orðunum fullar bætur vísast til þess sem segir hér að framan.

Í 2. mgr. er lagt til að tekið verði af skarið um rétt vátryggðs til bóta sem ákveðnar eru sem viðgerðarkostnaður eða enduröflunarverð, án tillits til þess hvort hann hafi framkvæmt viðgerð eða aflað nýs hlutar. Þessi regla er í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar um að þegar staðreynt hefur verið að tjónþoli hefur orðið fyrir fjártjóni á hann rétt á skaðabótum úr hendi þess sem bótaskyldur er, óháð því hvort hann hefur eða ætlar að gera við skemmdan hlut eða afla nýs í stað þess sem eyðilagður hefur verið. Ekki þykir rétt að skylda vátryggðan til viðgerða eða enduröflunar ef hann kýs það ekki sjálfur. Frá þessu yrði þó vikið ef um það væri samið í vátryggingarsamningi eða um það væru fyrirmæli í sérlögum.

Í 3. mgr. er tekið af skarið um að vátryggður eigi rétt á bótum í peningum, nema um annað sé samið, eða það leiði af lögum. Ákvæðið felur í sér að félögin geta áskilið sér að bæta t.d. eyðilögð eða horfin heimilistæki með nýjum, sem þau afla sjálf. Ekki er útilokað að félögin geti aflað slíkra muna á góðum kjörum vegna stöðu sinnar. Verður ekki séð að hagsmunir vátryggðs séu fyrir borð bornir þótt félögin leitist við að efna skyldur sínar með þessum hætti.

Um 36. gr.

Í þessari grein er að finna heimild til þess að víkja til hliðar samningi um að tjón á tilteknum hagsmunum skuli bæta með ákveðinni fjárhæð, þ.e. þegar vátryggingarverðið er bundið. Meginreglan er ótvírætt sú að félagið sé bundið við slíkan samning, enda á félagið að hafa alla burði til að leggja mat á það hvort umsamið vátryggingarverð sé hæfilegt eða ekki. Eðlilegt þykir þó að taka það sérstaklega fram að svo þurfi ekki alltaf að vera. Miðast ákvæðið við að félagið geti vikið frá slíkri ákvörðun vátryggingarverðs ef hún byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum vátryggingartaka um atvik sem höfðu þýðingu við ákvarðanatökuna. Í 2. málsl. er kveðið á um að reglur 19.–23. gr. og 31. gr. gildi eftir því sem við getur átt. Tilvísun þessi felur í sér að við svik fellur ábyrgð félagsins niður að fullu, sbr. 1. mgr. 20. gr. Í öðrum tilvikum yrði það metið með hliðsjón af þeim atriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. 20. gr. hvaða áhrif vanræksla á upplýsingaskyldu vátryggingartaka hefði. Miða verður við að sé um vanrækslu á upplýsingaskyldu að ræða (þ.m.t. að rangar upplýsingar hafi verið veittar) mundi það almennt leiða til þess að ábyrgð félagsins yrði lækkuð frá hinu bundna vátryggingarverði til raunverulegs verðmætis hins vátryggða. Sé sök mikil, án þess að um svik hafi verið að ræða, yrði e.t.v. gengið lengra í að lækka ábyrgð félagsins. Félaginu er heimilt að segja upp vátryggingarsamningi á grundvelli 21. gr. án þess að komi til sök af hálfu vátryggingartaka. Þá felur tilvísun til 22. gr. það í sér að ef félagið vissi eða mátti vita að upplýsingar voru ófullnægjandi eða rangar geti það ekki borið vanrækslu á upplýsingaskyldu fyrir sig. Tilvísun til 23. gr. getur t.d. haft þýðingu í þeim tilvikum sem ekki er ljóst hvort listmunur er ekta eða ekki. Getur þá félagið gert fyrirvara um að ábyrgð þess sé háð því að listmunurinn sé ósvikinn, en að það greiði lægri bætur ef svo reynist ekki vera.

Þess ber að geta að heimild félagsins til að víkja frá bundnu vátryggingarverði samkvæmt þessari grein er háð því að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt. Ekki kemur fram í greininni að þetta geti verið heimilt af öðrum ástæðum. Þess vegna hefði framvinda eftir að samningur var gerður venjulega ekki þessi réttaráhrif þótt aðstæður breyttust. Eðlilegt er að leggja á félögin að gera ráðstafanir til að gæta hagsmuna sinna við slíkar aðstæður. Ekki er þó útilokað að almennar reglur, t.d. 36. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, heimilaði félaginu að losna úr ábyrgð að hluta ef skilyrði til beitingar hennar væru talin vera fyrir hendi. Regla 36. gr. síðastnefndra laga, eins og hún varð eftir breytingar þær sem gerðar voru með lögum nr. 11/1986, er fyrst og fremst sett til verndar neytendum eða öðrum þeim sem standa höllum fæti í samningssambandi. Gildissvið reglunnar er þó ekki bundið við slíka aðstöðu. Vátryggingafélag gæti reist rétt á því að vátryggður eigi ekki að geta borið fyrir sig ákvæði vátryggingarsamnings um bundið vátryggingarverð ef það yrði talið ósanngjarnt þegar litið væri til allra atvika, einnig atvika sem áttu sér stað eftir að vátryggingarsamningurinn var gerður. Ætti þetta einkum við ef raunverulegt verðmæti hins vátryggða hefði breyst verulega til lækkunar og vátryggðum væri um það kunnugt, en upplýsti félagið þó ekki um það. Við mat á því hvaða áhrif þetta ætti að hafa á ábyrgð félagsins yrði m.a. að líta til þess hve mikill munur væri á hinu bundna vátryggingarverði og raunverulegu verðmæti hins vátryggða, hve lengi vátryggður hefði greitt iðgjöld miðað við hið bundna vátryggingarverð og hversu mikið

athafnaleysi félagsins hefði verið. Með þessu yrði komið í veg fyrir að hinn vátryggði hagnaðist stórlega með óréttmætum hætti á kostnað félagsins.

Um 37. gr.

Í þessari grein eru reglur um tvítryggingu. Lagt er til að þær reglur verði óbreyttar að mestu frá gildandi lögum, en í VSL eru reglur um þetta efni í 41.–44. gr. Tillagan í þessari grein gerir ráð fyrir mun einfaldari framsetningu reglna um efnið, en ætti þó ekki að leiða til efnislegra breytinga sem sérstaka þýðingu hafa.

Í 1. mgr. er lagt til að ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu geti vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Orðalagið er nægilega rúmt til þess að reglan verði sú að ekki á að skipta máli hvort tjónið fellur undir fleiri en eina vátryggingu hjá sama félagi eða fleiri en einu félagi, en 41. gr. VSL tekur eingöngu til síðarnefnda tilviksins. Valfrelsi vátryggðs í þessum efnum getur skipt hann miklu máli, t.d. getur verið að hann missi iðgjaldsafslátt á einum stað en ekki öðrum, eigináhætta hans getur verið mismunandi o.fl.

Af reglu 1. mgr. leiðir líka að tvítrygging getur ekki leitt til þess að vátryggður fái tvöfaldar bætur. Hann getur aðeins fengið bætt fjártjón sitt en ekki meira. Réttur hans stendur til þess að fá tjónið bætt eftir reglum þess vátryggingarsamnings sem veitir honum hæstar bætur. Ef vátryggingarverð í tveimur vátryggingarsamningum er bundið, en á mismunandi hátt, getur hann því valið að fá bætur á grundvelli þess sem færir honum hæstar bætur. Ef þær eru samt lægri en verðmæti hins vátryggða á hann rétt á að krefja um bætur á grundvelli hins samningsins þar til hann fær fjártjón sitt að fullu bætt. Reglur þessar eru ófrávíkjanlegar þannig að í vátryggingarsamningi er ekki hægt að rýra þann rétt sem vátryggður á eftir 1. mgr.

Í 2. mgr. er ákvæði um skiptingu ábyrgðar milli tveggja eða fleiri vátryggingafélaga sem ábyrgð bera á tjóni skv. 1. mgr. Mælt er fyrir um að ábyrgð þeirra skuli vera hlutfallsleg nema um annað sé samið. Ákvörðun vátryggðs um hvaða vátryggingarsamning hann kýs að leggja til grundvallar skiptir því ekki máli um ábyrgð félaganna innbyrðis og hugsanlegur ágreiningur félaga um innbyrðis uppgjör á ekki að skipta vátryggðan máli.

Um 38. gr.

Þessi grein tekur til ábyrgðar félagsins á björgunarkostnaði en um það eru nú reglur í 53. gr. VSL. Ekki er stefnt að neinum verulegum breytingum á gildandi rétti en fullyrða má þó að réttarstaða þriðja manns sé styrkt verulega, svo sem síðar verður lýst.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skilyrði þess að félagið beri ábyrgð á björgunarkostnaði og um það hverjir eigi rétt til bóta fyrir slíkt tjón.

Í málsgreininni er vísað til 28. gr. frumvarpsins en í þeirri grein eru m.a. ákvæði um skyldu vátryggðs til að hindra að vátryggingaratburður verði og til að hindra eða takmarka tjón. Í tilvísuninni felst að það er einungis við aðstæður þar sem um er að ræða „yfirvofandi hættu“ á að vátryggingaratburður verði, eða hann er þegar orðinn, sem ákvæðinu verður beitt og félagið getur borið ábyrgð. Það er jafnframt skilyrði skv. 1. mgr. að um sé að ræða ráðstafanir sem hafa það markmið að forða tjóni sem fellur undir vátrygginguna. Skilja verður orðið ráðstafanir svo að það taki bæði til athafna og athafnaleysis. Ef markmið ráðstafana er annað en að forða tjóni eru þær félaginu óviðkomandi. Þá er gerð sú krafa að um verði að vera að ræða sérstakar ráðstafanir, en af þessari kröfu leiðir að ráðstafanir er hafa í för með sér kostnað, svo sem viðhald eða endurbætur sem fela almennt í sér ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, mundu ekki verða á ábyrgð félagsins. Loks er það skilyrði að ráðstafanirnar

séu réttlætanlegar en það verður að meta með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Við það mat yrði að líta á atvik frá sjónarhóli þess sem greip til ráðstafananna, á því tímamarki er það var gert.

Í 1. mgr. eru því ekki sett sérstök takmörk hvers konar tjón og kostnað félagið getur þurft að bera samkvæmt reglunni, enda vart hægt að gera það.

Það er heldur ekki áskilið að björgunarráðstafanir þurfi að hafa heppnast til þess að félagið beri kostnað af þeim. Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í greininni verður að telja eðlilegt að félagið beri ábyrgð á kostnaði sem af ráðstöfunum leiðir óháð því hvort þær heppnast eða ekki.

Í 1. mgr. er einnig ákvæði um hverjir geti átt rétt til greiðslna úr hendi félagsins, auk vátryggðs sem nefndur er í 1. málsl. Í 2. málsl. eiga einnig þeir sem getið er í 29. gr. frumvarpsins sama rétt, en þar eru nefndir ættingjar hans, aðstoðarmenn og aðrir sem hafa við hann sambærileg tengsl. Þeir sem þarna ræðir um öðlast beinan rétt á hendur félaginu um bætur vegna tjóns sem þeir verða fyrir við ráðstafanir sem ætlað er að hindra að vátryggingaratburður verði eða takmarka tjón. Öðrum skilyrðum, þ.e. um markmið o.fl., sem nefnd hafa verið þarf einnig að vera fullnægt.

Ef þriðja manni er valdið tjóni með ráðstöfunum sem 1. mgr. tekur til og vátryggður verður ábyrgur fyrir því tjóni eftir reglum skaðabótaréttar getur vátryggður krafist þess að félagið bæti slíkt tjón með vísan til 1. mgr. Af 2. mgr., þ.e. tilvísun hennar til 44. gr., leiðir að þriðji maður getur sett kröfu sína um bætur í slíkum tilvikum fram beint gegn félaginu en þarf ekki að sæta því að hafa kröfuna fyrst uppi á hendur hinum vátryggða. Sama regla mundi gilda um þá sem vísað er til í 29. gr. er kunna að valda þriðja manni tjóni, þótt það segi ekki í 2. mgr., enda óþarft að taka það fram.

Ákvörðun greiðslna fyrir björgunarkostnað skv. 1. og 2. mgr. ræðst af reglum skaðabótaréttar en ekki vátryggingaréttar. Hér er um að ræða skaðabætur en ekki bætur samkvæmt vátryggingarsamningi. Af því leiðir að félagið getur ekki borið fyrir sig að vátryggingarfjárhæð samkvæmt vátryggingarsamningi þeim er um ræðir eigi að takmarka greiðsluskyldu þess. Þessi staðreynd leiðir af aðstæðum og er ekki ástæða til að hafa um þetta sérstaka reglu í frumvarpinu, svo sem er í 2. mgr. 53. gr. VSL.

Um VII. kafla.

7.1 Almennur inngangur.

Í þessum kafla frumvarpsins eru reglur um tvo mikilvæga þætti vátrygginga. Hinn fyrri snýst um að hvaða marki vátrygging á að vera til hagsbóta fyrir annan en vátryggingartaka og hvaða stöðu þriðji maður á að hafa gagnvart vátryggingafélaginu. Reglurnar í 39.–43. gr. frumvarpsins taka til þessa þáttar en um þetta eru nú reglur í 54.–58. gr. og 86.–88. gr. VSL. Reglur frumvarpsins um þennan þátt fela í meginatriðum í sér viðleitni til þess að einfalda reglur VSL og skýra atriði sem þótt hafa óljós í framkvæmd gildandi laga. Hinn síðari lýtur að stöðu tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður en um þetta eru reglur í 95. og 96. gr. VSL. Í 44.–46. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að nýjum reglum um þennan þátt og fela þær í sér verulegar breytingar að því leyti að þeim er ætlað að styrkja verulega stöðu tjónþola gagnvart vátryggingafélagi í slíkum tilvikum. Má færa fyrir því rök að staða tjónþola í slíkum tilvikum hafi verið ótrygg eftir reglum VSL. Úr íslenskri dómaframkvæmd má nefna dæmi um tilvik þar sem reglur VSL hafa leitt til niðurstöðu sem efast má um að séu sanngjarnar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 14. desember 2000 í málinu nr. 289/2000. Er mikið misræmi milli réttarstöðu tjónþola sem á kröfu á hendur þeim sem er ábyrgðartryggður ann-

ars vegar samkvæmt reglum VSL og hins vegar samkvæmt reglum um ábyrgðartryggingar ökutækja í umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. einkum 95. og 97. gr. þeirra laga.

Um er að ræða mikilvæg ákvæði, enda hefur orðið mikill vöxtur í ábyrgðartryggingum og fátt sem bendir til annars en svo verði áfram í fyrirsjáanlegri framtíð.

7.2 Hverjir eru tryggðir og staða meðvátryggðra.

Álitaefni um til hverra vátrygging taki og stöðu meðvátryggðra eru meðal flóknari álitaefna vátryggingaréttarins. Eins og áður hefur verið rakið miðast hugtakanotkun VSL við að í eignatryggingum sé það ekki hluturinn sjálfur sem sé vátryggður, heldur þeir hagsmunir sem tengjast honum. Þótt hugtakanotkun VSL hafi verið með þessum hætti miðast lögin ekki við að hver og einn eigandi hagsmuna í hinum vátryggða hlut annist vátryggingu sinna hagsmuna, heldur er á því byggt að vátrygging hlutar taki sjálfkrafa til þeirra hagsmuna sem við hann eru tengdir og einhverja þýðingu hafa, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna. Lögin gera ráð fyrir því að vátryggingartaki hafi rúmar heimildir til að koma fram gagnvart félaginu, einnig að því er varðar hagsmuni meðvátryggðra, en þessu eru þó nokkur takmörk sett. Af þessu getur leitt að vátryggingartaki getur hafa tæmt þann rétt sem meðvátryggður kann að eiga, án þess að hinum síðarnefnda sé það ljóst. Hjá félögunum er því oft óvissa um hverjir eigi þá hagsmuni sem kunna að tengjast vátryggðum hlutum. Þótt þetta leiði e.t.v. ekki til þess að þær bætur sem félagið þarf að greiða hækki, því 39. gr. VSL kemur í veg fyrir að hærri bætur séu greiddar en sem nemur tjóni vátryggðs, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir óvissu sem þessu fylgir. Tillögur frumvarpsins lúta einkum að því að það verði einungis takmarkaður hópur sem sjálfkrafa telst meðvátryggður í eignatryggingum og hann verði efnislega afmarkaður með þeim hætti sem reynslan sýnir að hefðu notið vátryggingar ef samið hefði verið um slíkt. Auk þess miða tillögurnar við að fjölga megi meðvátryggðum með samningum milli vátryggingartaka og félagsins. Verði tillögur þessar að lögum mundi það leiða til mun meiri vissu um það fyrir fram hverjir gætu átt hagsmuna að gæta sem meðvátryggðir, án þess að líklegt sé að hagsmunir einhverra sem hafa raunverulegra hagsmuna að gæta verði fyrir borð bornir. Einnig er leitast við að taka skýrlega og aðgreint á því hver sé hinn efnislegi réttur meðvátryggðra og hver sé hinn formlegi réttur, þ.e. hver sé sjálfstæður réttur þeirra til að hafa uppi kröfur t.d. á hendur félaginu og á hvaða tímamarki það geti orðið.

7.3 Staða tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður.

Ábyrgðartrygging felst í því að félagið og vátryggingartaki semja svo um að félagið greiði hinum síðarnefnda, eða öðrum vátryggðum, bætur fyrir fjártjón sem hann verður fyrir ef þriðji maður gerir skaðabótakröfur á hendur honum á nánar tilteknu sviði. Það er eðli ábyrgðartrygginga að það er vátryggingartaki sem er hinn vátryggði en ekki sá þriðji maður sem bíður tjón, jafnvel þótt bætur frá félaginu kunni að renna beint til hans.

Mikill vöxtur hefur verið í ábyrgðartryggingum. Á það bæði við um svonefndar frjálsar ábyrgðartryggingar og ekki síður um svonefndar lögboðnar ábyrgðartryggingar. Af lögboðnum ábyrgðartryggingum eru ábyrgðartryggingar ökutækja án efa þýðingarmestar en á síðari árum hefur það verið gert að skilyrði fyrir starfsleyfi í mörgum starfsstéttum sjálfstætt starfandi sérfræðinga að þeir hafi ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þeir valda í starfi sínu með bótaskyldum hætti. Má sem dæmi nefna löggilta fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, sbr. lög nr. 54/1997, lögmenn, sbr. lög nr. 77/1998, endurskoðendur, sbr. lög nr. 18/1997, og verðbréfamiðlun, sbr. lög nr. 161/2002. Þótt ekki verði sagt að lögboðnar ábyrgðartryggingar breyti eðli þessarar tegundar vátrygginga verður ekki fram hjá því litið að lagareglur um skyldu tiltekinna manna eða lögaðila til þess að hafa ábyrgðartryggingu eru yfirleitt ekki

settar til verndar hagsmunum vátryggingartaka, heldur fyrst og fremst til þess að tryggja öryggi í ákveðnum greinum og tryggja hagsmuni þeirra sem fyrir tjóni verða. Í þessu felst að þessar ábyrgðartryggingar eru til komnar vegna hagsmuna þeirra sem verða fyrir tjóni í ákveðnum greinum. Staða tjónþola sem kann að eiga skaðabótakröfu á hendur þeim sem er ábyrgðartryggður hefur að gildandi rétti almennt ekki endurspeglað þetta markmið með reglunum. Tillögur frumvarpsins miðast við að styrkja réttarstöðu tjónþola að því er varðar rétt hans til kröfugerðar á hendur félaginu. Leitast verður við að haga skipan reglna þannig að stöðu félagsins sé ekki stefnt í tvísýnu vegna mismunandi hagsmuna tjónþola og hins vátryggða og tryggja verður mótbárurétt félagsins bæði á grundvelli skaðabótaréttar gagnvart tjónþola og vátryggingaréttar gagnvart vátryggðum. Lúta nokkrar reglur frumvarpsins því að þeim atriðum.

Um 39. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um hvaða einstaklingar falla undir vátryggingu. Hana verður að lesa í samhengi við 40. gr. sem er rýmri að því er varðar þá sem teljast meðvátryggðir er eigendaskipti verða að hlut. Reglan svarar til 1. mgr. 54. gr. VSL en er þó þrengri og afmarkaðri að því er varðar fjölda meðvátryggðra. Á hinn bóginn er hún rýmri að því er varðar skilgreiningu á þeim sem teljast til „skylduliðs“ en 55. gr. VSL, því lagt er til að orðið heimilisfólk verði notað án þess að haldið sé þeim áskilnaði 55. gr. að það þurfi að vera í persónulegri þjónustu hans. Þeir sem upp eru taldir í 39. og 40. gr. eru sjálfkrafa meðvátryggðir, að öðrum skilyrðum uppfylltum, en heimilt er þó í öðrum tilvikum en við eigendaskipti að semja með öðrum hætti.

Í 1. mgr. er regla sem er sambærileg 1. mgr. 55. gr. VSL en er þó rýmri eins og áður segir, auk þess sem hún tekur ekki aðeins til búsmuna. Reglan á við utan atvinnustarfsemi. Reglan, og þar með sú sjálfvirka vátryggingarvernd sem hún veitir meðvátryggðum, er ekki takmörkuð við eignatryggingar þótt hún hafi fyrst og fremst þýðingu í þeim tegundum vátrygginga, einkum í fjölskyldu- og heimilistryggingum. Í samsettum vátryggingum njóta þess vegna maki og heimilisfólk vátryggingartaka einnig verndar t.d. í ábyrgðartryggingarhluta þeirra, réttaraðstoðarþættinum o.fl. Hið sama á við í hreinum ábyrgðartryggingum. Maki telst til meðvátryggðra og er ekki áskilnaður um að hann sé samvistum við vátryggingartaka. Við skilnað fellur á hinn bóginn niður meðvátrygging maka, en eins og fyrr segir helst hún þótt samvistarslit verði. Orðið heimilisfólk tekur til þeirra sem eru fastir heimilismenn vátryggingartaka. Í því felst að viðkomandi verður að hafa fasta búsetu hjá vátryggingartaka og sameiginlegt heimilishald með honum. Ekki er unnt að ganga svo langt að gera það að skilyrði að viðkomandi sé alltaf heimilisfastur hjá vátryggingartaka, t.d. mundi námsmaður sem fer að heiman til skóladvalar um vetrartíma teljast til heimilisfólks í þessum skilningi, skiptinemi sem dvelur um afmarkaðan tíma í útlöndum o.fl. Gestir vátryggingartaka falla ekki undir þetta. Þó kann að vera að langtímadvöl á heimili, t.d. ársdvöl erlends skiptinema, leiði til þess að telja beri hann til heimilisfólks vátryggingartaka í þessum skilningi.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði sem eru sambærileg 1. mgr. 54. gr. VSL en gerð er tillaga um nokkuð þrengri afmörkun þeirrar reglu. Fjallað er um meðvátryggingarvernd fyrir þá sem eiga (beinan) eignarrétt að hlut, svo og veðréttindi og önnur tryggingarréttindi í fasteign, og í vissum tegundum lausafjár að því tilskildu að hin tilteknu réttindi séu skráð í skrám sem tilgreindar eru. Reglur 2. og 3. mgr. koma til fyllingar 1. mgr. Utan atvinnustarfsemi munu því allir þeir sem taldir eru upp í 1.–3. mgr. teljast vátryggðir. Andstætt því sem 1. mgr. miðast við, sbr. að framan, taka reglur 2. og 3. mgr. einungis til eignatrygginga eins og regla 1. mgr. 54. gr. VSL. Miða verður við að orðið eignatryggingar sé hér ekki skýrt rúmt. Ef

fjölga á þeim sem telja ber meðvátryggða yrði að gera það með samningi vátryggingartaka og félagsins. Þess skal sérstaklega getið að reglur 2. og 3. mgr. eru ekki takmarkaðar við tilvik utan atvinnustarfsemi eins og ákvæði 1. mgr.

Hin sjálfvirka meðvátryggingarvernd tekur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, í fyrsta lagi til þeirra sem eiga beinan eignarrétt að hlut. Í öðru lagi tekur hún til þeirra sem eiga tilgreind óbein eignarréttindi, þ.e. veðrétt eða annan tryggingarrétt. Séu skilyrðin (einkum um skráningu) uppfyllt mundi ekki skipta máli hvort veðrétturinn byggðist á samningsveði eða aðfararveði. Ákvæði 2. mgr. tekur eingöngu til fasteignar en í 3. mgr. eru tilgreindir sérstaklega þrenns konar lausafjármunir eða söfn slíkra muna, þ.e.:

- Lausafjármunir sem hægt er að skrá í lausafjárbók, skipabók og bifreiðabók, sbr. 2.–4. tölul. 1. mgr. 8. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
- Rekstrartæki eins og það orð er skilgreint í 2. mgr. 24. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.
- Vörubirgðir eins og það orð er skilgreint í 2. mgr. 33. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

Um annað lausafé gilda ekki reglur um sjálfkrafa meðvátryggingu og þarf því að semja sérstaklega svo um til þess að af því verði.

Í 4. mgr. greinarinnar er því slegið föstu að greinin sé frávíkjanleg. Í því felst að félagið og vátryggingartaki geta samið svo að einhver sem teldist meðvátryggður samkvæmt greininni verði það ekki eða þá að einhverjum sé bætt við. Gera verður kröfu til þess að það komi skýrlega fram í samningi og skilmálum vátryggingar ef undanþiggja á einhvern sem ella nyti sjálfkrafa meðvátryggingarverndar.

Um 40. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um tilvik þegar vátryggður munur, lausafé eða fasteign, skiptir um eiganda á vátryggingartímabilinu. Ákvæði þessarar greinar er sambærilegt 2. mgr. 54. gr. VSL en snertir einnig atriði sem 1. mgr. 54. gr. tekur til.

Meginreglan sem sett er fram í 1. mgr. er sú að við eigendaskipti að hlut gildi vátrygging til hagsbóta fyrir hinn nýja eiganda. Hinn nýi eigandi er því meðvátryggður í þeim skilningi sem það orð er notað í frumvarpinu. Staða hins nýja eiganda er nokkru betri en þess sem áður átti, að því leyti að ekki er gert að skilyrði þess að hann njóti vátryggingarverndar að hann hafi skráð réttindi sín, þau er greinir í 2. og 3. mgr. 39. gr., svo sem eldri rétthafi. Með skráningu réttinda öðlast hann þó sterkari stöðu gagnvart félaginu sjálfu, svo sem sjá má af 41. og 42. gr.

Þótt ákvæðið taki til stöðu hins nýja eiganda við eigendaskipti er ekki tekið á því hvenær eigendaskipti teljast hafa átt sér stað. Ástæða þess er sú að hæpið er að reyna að setja um það reglur í lögum um vátryggingarsamninga. Eðlilegra er að láta það ráðast af skýringum á reglum samningaréttar eða kröfuréttar, þ.e. þegar samningsaðilar hafa ekki sjálfir samið um það sín á milli.

Það orðalag 1. mgr. að vátryggingin gildi „einnig til hagsbóta fyrir hinn nýja eiganda“ felur það í sér að ef fyrri eigandi á einhverja hagsmuni í hlutnum, þá njóta þessir hagsmunir vátryggingar ásamt þeim hagsmunum sem hinn nýi eigandi kann að eiga.

Orðalag 1. mgr. gefur ekki tilefni til að ályktа öðruvísi en svo að það sé vátryggingin sem heild sem komi til hagsbóta hinum nýja eiganda. Í því felst að ef um samsettar vátryggingar er að ræða, t.d. ef bæði eignatryggingar- og ábyrgðartryggingarþáttur og e.t.v. aðrir þættir eru í henni, mundi hann njóta góðs af þeim líka en ekki bara eignatryggingunum.

Sá 14 daga frestur sem líður þar til vátryggingin fellur niður, þ.e. þegar um það er samið að hún falli brott, er hugsaður til þess að hinn nýi eigandi hafi svigrúm til þess að vátryggja hagsmuni sína annars staðar. Þess ber að geta að ákvæði greinarinnar breyta ekki þeim takmörkunum sem eru á vátryggingarvernd samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Fari hinn nýi eigandi, eða vátryggður hlutur, út fyrir mörk lögmætrar ábyrgðartakmörkunar fellur vátryggingarverndin niður, svo sem vera mundi hjá upphaflegum eiganda.

Ákvæði 1. mgr. er frávíkjanlegt með þeirri undantekningu sem leiðir af reglu 3. málsl. en það ákvæði takmarkar svigrúm félagsins og vátryggingartaka til þess að semja svo að hinn nýi eigandi skuli ekki njóta vátryggingarverndar. Reglan er eins og regla 2. mgr. 54. gr. VSL.

Um 41. gr.

Í þessari grein og hinni næstu eru reglur um réttarstöðu þess sem er meðvátryggður samkvæmt öðrum reglum frumvarpsins. Nánar tiltekið er í þessari grein að finna reglur um vernd meðvátryggðs gegn hugsanlegum mótbárum félagsins. Í VSL eru ekki sérreglur um þessi atriði.

Í 1. mgr. er sett fram meginregla sem er á þann veg að gagnvart þeim sem nýtur meðvátryggingar samkvæmt öðrum reglum frumvarpsins geti félagið ekki borið fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð gagnvart honum vegna háttsemi sem vátryggingartaki eða annar meðvátryggður hefur viðhaft og fellur undir reglur IV. kafla frumvarpsins eða 47. gr. þess. Í þessu felst, með svipuðum hætti og samkvæmt VSL, að meðvátryggður nýtur sjálfstæðrar verndar. Hin sjálfstæða vernd gildir um alla sem eru meðvátryggðir samkvæmt reglum 39. og 40. gr. Í 2. mgr. er þó undantekning frá meginreglunni og í 3. mgr. er gert ráð fyrir heimild til þess að semja að nokkru marki um aðra lausn en af meginreglunni leiðir. Meginreglunni verður beitt um allar mótbárur þegar háttsemi annars manns hefur þýðingu, enda sé því skilyrði fullnægt að um sé að ræða tilvik sem fellur undir reglur IV. kafla eða 47. gr. Þannig getur verið um að ræða brot á upplýsingaskyldu, aukna áhættu, brot á varúðarreglum, tilvik þar sem vátryggingaratburður verður af völdum manns o.fl. Af meginreglunni leiðir að félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart meðvátryggðum að vátryggingartaki hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína, þ.m.t. veitt rangar upplýsingar, og mundi í því efni ekki skipta máli hve alvarleg vanrækslan væri. Að þessu leyti mundu reglur frumvarpsins, ef þær yrðu að lögum, styrkja réttarstöðu meðvátryggðs miðað við reglur VSL, sem fela í sér að félagið getur haldið fram mótbárum sínum, þegar um vanrækslu á upplýsingaskyldu vátryggingartaka er að ræða. Þó verður að gera þá undantekningu hér að ef félagið hefur með réttum hætti gert fyrirvara um ábyrgð sína, skv. 25. gr. frumvarpsins, þá mundi sá fyrirvari einnig gilda gagnvart meðvátryggðum.

Af ákvæðinu leiðir einnig að félagið getur ekki borið fyrir sig að háttsemi vátryggðs eða annarra meðvátryggðra sem fellur undir 26., 28., 29. eða 30. gr. frumvarpsins eigi að hafa áhrif á rétt meðvátryggðs. Af þessu mundi t.d. leiða að ef félagið hefur gert fyrirvara um ábyrgð sína, ef til þess kemur að atvinnustarfsemi með eldfim efni hefst í húsnæði og vátryggður eða aðrir meðvátryggðir vita um slíka starfsemi í húsnæðinu, en sá meðvátryggður sem kröfuna gerir, t.d. veðhafi, veit það ekki mundi félagið, að öðrum skilyrðum uppfylltum, þurfa að greiða honum bætur.

Eins og fyrr greinir á ákvæðið við í öllum tilvikum þegar háttsemi fellur undir IV. kafla frumvarpsins. Í þessu felst að ekki er aðeins um að ræða háttsemi vátryggingartaka eða annarra meðvátryggðra heldur einnig háttsemi manna sem verða samsamaðir þeim.

Vert er að hafa í huga að félagið ber ekki ábyrgð umfram það svið sem vátryggingin tekur til. Réttur meðvátryggðs er háður því að tjónsatvik falli undir þá áhættu sem vátryggt er gegn

og reglur þessa kafla hafa ekki áhrif á slíkar hlutlægar afmarkanir á áhættusviði vátryggingarinnar. Þess vegna mundi ákvæði vátryggingarsamnings um að vátryggingin gildi ekki ef stríð skellur á, eða ef galli reynist í efni sem hlutur er framleiddur úr eða notað er í hlut, gilda gagnvart meðvátryggðum. Þá er einnig vert að hafa í huga að félagið getur haft uppi mótbárur sem byggjast á því að meðvátryggður sjálfur eða einhver sem samsamaður er honum hafi viðhaft háttsemi sem valdi því að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

Í 2. mgr. er mikilvæg undantekning frá meginreglu 1. mgr. Ákvæðið á við þegar félagið hefur gert fyrirvara um samsömun samkvæmt reglum 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Í heimilis- og fjölskylduvátryggingum getur félagið því hafa áskilið að maki verði samsamaður vátryggðum. Þetta gæti félagið borið fyrir sig ef maki meðvátryggðs viðhefði háttsemi sem takmarka ætti ábyrgð félagsins. Hið sama ætti við ef félagið hefði áskilið að vátryggður skyldi samsamaður manni sem hann hefði falið vörslur og meðferð ökutækis síns.

Í 3. mgr. er heimilað að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða rétthafa í lausafé sem njóta mundi meðvátryggingarverndar. Eðlilegt þykir að félögin eigi þess kost að víkja með samningi að einhverju marki frá hinni víðtæku reglu 1. mgr. Heimildin til að semja á annan hátt en leiðir af 1. mgr. er takmörkuð við þá sem nefndir eru í 3. mgr. 39. gr. en í því felst að maki eða heimilismaður sem er meðvátryggður í lausafé nýtur fullrar verndar samkvæmt reglum laganna í 1. og 2. mgr. 39. gr. Í 3. mgr. þessarar greinar (41.) eru því ekki sett takmörk hvernig heimilt er að semja sig undan meginreglunni. Líklegast er þó að það verði gert með þeim hætti að meðvátryggður njóti sömu réttarstöðu og hinn vátryggði en ekki betri réttar eins og hann mundi gera í mörgum tilvikum, svo sem rakið hefur verið.

Um 42. gr.

Í þessari grein er leitast við að setja reglur um réttarstöðu meðvátryggðs að öðru leyti en gert er í þeirri síðustu. Ákvæðið samsvarar 56.–58. og 86. gr. VSL þótt framsetningin sé ólík.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að breytingar á vátryggingarsamningi eða slit hans hafi ekki réttaráhrif gagnvart meðvátryggðum nema hann hafi fengið tilkynningu um það með tilgreindum fyrirvara. Meðvátryggðir sem njóta þessarar verndar eru þeir sem 2. og 3. mgr. 39. gr. taka til. Þeir hafa mesta þörf fyrir slíka vernd og það ætti að vera einfalt fyrir félagið að afla upplýsinga um það og tilkynna þeim breytingarnar eða slitin, því þá ætti að vera að finna í opinberum skrám. Að auki verður að telja að félögin sæju sér sjaldan hag í því að senda slíkar tilkynningar og þess vegna ætti sú tilkynningarskylda sem í þessari grein getur falist ekki að íþyngja þeim um of.

Í 2. og 3. mgr. eru reglur sem taka til þess að hvaða marki félaginu er heimilt, svo bindandi sé fyrir meðvátryggða, að semja við vátryggingartaka um uppgjör bóta og greiðslu þeirra til hans.

Í 1. málsl. 2. mgr. er því slegið föstu að félagið hafi ekki slíka uppgjörs- og greiðsluheimild svo bindandi sé gagnvart meðvátryggðum skv. 2. og 3. mgr. 39. gr. Af því leiðir að félagið verður að sjá til þess að þeir taki þátt í samningnum um uppgjör og greiðslu bóta og fái að koma þar að sjónarmiðum sínum. Félaginu er ekki heimilt að inna af hendi greiðslu bóta til vátryggingartaka eða hins vátryggða ef það fer í bága við rétt meðvátryggðra samkvæmt lögum eða samningi. Hér verður að líta til þess hvort hætta sé á að hagsmunum meðvátryggðs sé raskað með því að greiða bætur beint til vátryggingartaka. Ef augljóst er t.d. að verðmæti vátryggðs hlutar nægir til tryggingar veðkröfu þrátt fyrir tjón er ekki varhugavert þótt bætur renni beint til vátryggingartaka. Í 2. og 3. málsl. þessarar málsgreinar eru þó undantekningar sem ættu að fela í sér nokkurt hagræði fyrir félagið og forða því að það þurfi að annast ávöxtun fjármuna fyrir vátryggingartaka og/eða meðvátryggðan. Félaginu er þann-

ig heimilt að greiða vátryggingartaka bætur þegar endurbætur á vátryggðum hlut hafa farið fram eða sett trygging fyrir því að það verði gert. Því er einnig heimilt að leggja bæturnar inn á reikning ef svo háttar til að einungis vátryggingartaki og meðvátryggðir geta ráðstafað innstæðunni sameiginlega. Ætti því félagið að geta haldið sér utan við hugsanlegan ágreining þeirra um skiptingu bótanna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði 2. mgr. gildi einnig gagnvart öðrum meðvátryggðum samkvæmt tilgreindum ákvæðum ef hann hefur tilkynnt félaginu um rétt sinn. Ekki er í 3. mgr. gerð krafa um að slík tilkynning hafi borist fyrir vátryggingaratburð, þannig að álykta verður svo að það geti einnig gerst eftir hann, en það verður þó að vera á ábyrgð meðvátryggðs ef tilkynning hans kemur svo seint að hann glati rétti sínum í heild eða að hluta. Gera verður þá kröfu til slíkra tilkynninga að þær séu skýrar og hefur sá meðvátryggði sem í hlut á sönnunarbyrði fyrir því að tilkynning hafi farið fram.

Um 43. gr.

Þessi grein tekur til þeirra tilvika er aðilar vátryggingarsamnings hafa samið um að fleiri en þeir sem teljast meðvátryggðir samkvæmt lögunum eigi að njóta stöðu sem slíkir. Í þeim tilvikum mælir ákvæðið fyrir um að þessir meðvátryggðu hafi sömu stöðu og mælt er fyrir um í 41. og 42. gr. Er við það miðað að ákvæðin gildi að fullu og þykir það ekki varhugavert þegar samið hefur verið sérstaklega um að tilteknir menn njóti stöðu meðvátryggðs. Ef félagið eða vátryggingartaki vilja í einhverju takmarka þessa vernd girða reglur frumvarpsins ekki fyrir að þeir semji um það sín á milli.

Um 44. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um stöðu tjónþola þegar hinn bótaskyldi er ábyrgðartryggður. Greininni er ætlað að koma í stað 95. og 96. gr. VSL. Efni þeirra er í stuttu máli það að í fyrsta lagi heimilar 1. mgr. 95. gr. tjónþola að ganga inn í réttarstöðu vátryggðs að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum. Í öðru lagi er tjónþola veittur tiltekinn réttur til hlutagreiðslu úr hendi félagsins þegar samið hefur verið um skiptingu sakarefnis í bótamáli tjónþola gegn vátryggðum. Í þriðja lagi mæla gildandi reglur fyrir um hlutfallsskiptingu bóta þegar kröfur eru hærri en vátryggingarfjárhæð og í fjórða lagi er kveðið á um að félaginu sé bannað að rýra þann rétt sem tjónþola er veittur með 95. gr., með samningum við vátryggðan eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Staða tjónþola að því er varðar rétt hans til að hafa uppi kröfur á hendur félaginu er rýr eftir reglum 95. og 96. gr. VSL. Hefur það leitt til dómsúrlausna sem fela í sér niðurstöður er talist geta ósanngjarnar í hans garð svo sem dómur sá er vísað er til í almennum athugasemdum við þennan kafla sýnir.

Tilgangurinn með reglum frumvarpsins er að auka vernd tjónþola og leitast við að setja fram skýrari reglur um hana en gilt hafa. Það er gert með tillögu að reglu um að tjónþoli eigi í öllum tilvikum beina kröfu á hendur félagi sem ábyrgðartryggt hefur hinn bótaskylda. Samtímis því er óhjákvæmilegt að setja fram tillögur að reglum sem tryggja hagsmuni félagsins gegn misnotkun á stöðu þess og tryggja stöðu hins bótaskylda gegn misnotkun á stöðu hans. Reglur frumvarpsins eru víðtækari en tilvitnaðar reglur VSL og er m.a. leitast við að setja reglur um atriði sem ólögfest hafa verið, t.d. um réttarsamband félagsins og tjónþola að því er varðar kröfugerð hans á hendur félaginu og meðferð hennar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er sett fram meginregla sem felur í sér veigamiklar breytingar frá gildandi rétti en samkvæmt henni á tjónþoli beinan rétt gegn félagi í þeim tilvikum sem vátrygging bætir tjón vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar hans, þ.e. þegar hann er ábyrgðartryggður. Það er ekki gert að skilyrði að tjónþoli hafi áður haft uppi kröfu um skaðabætur á hendur

hinum bótaskylda, þótt sú verði líklega oftast raunin. Það er heldur ekki skilyrði að tjónþoli tilkynni hinum bótaskylda að hann muni beina kröfum sínum gegn félaginu. Skyldan til að upplýsa hinn bótaskylda um þetta hvílir á félaginu. Tjónþola er ekki, samkvæmt reglum frumvarps þessa, skylt að beina kröfum gegn félaginu, heldur hefur hann val um það hvort hann gerir það eða heldur sig við hinn bótaskylda.

Tjónþoli hefur samkvæmt tillögu þeirri sem gerð er í þessari málsgrein sjálfstæðan rétt gagnvart 16. október 2003 félaginu. Félagið getur því ekki losnað undan skyldum sínum með því að greiða hinum vátryggða bætur. Þessi regla mun, ef frumvarpsgreinin verður lögfest, eiga við um allar ábyrgðartryggingar en hugsanlegt er þó að um um lögboðnar ábyrgðartryggingar gildi sérreglur og leiðir þá af lögskýringarreglum að þær sérreglur ganga framar. Að þessu verður vikið nánar síðar.

Orðalag 1. mgr. miðast við að tjónþoli geti „krafist bóta“ beint úr hendi félagsins. Orðið bætur er notað í þeirri merkingu að um sé að ræða skaðabætur, enda hefur hann uppi skaðabótakröfu. Vert er þó að benda á, eins og síðar mun rakið, að í málinu getur það atvikast að félagið hafi bæði uppi mótbárur á grundvelli reglna skaðabótaréttar og einnig reglna vátryggingaréttar. Þannig getur félagið borið fyrir sig ákvæði í vátryggingarsamningi um eigin áhættu hins vátryggða. Á hinn bóginn á hinn sjálfstæði réttur tjónþola gegn félaginu frá því að vátryggingaratburður verður að koma í veg fyrir að hún verði rýrð með samningum félagsins og hins vátryggða eða framkomu hins síðarnefnda. Takmarkanir á þessari réttarstöðu tjónþola verða ekki gerðar með samningum, ef frumvarpið verður að lögum. Tjónþoli yrði heldur ekki bundinn af reglum vátryggingarsamnings um að skorið skuli úr ábyrgð hins vátryggða eða félagsins með gerðardómi. Vert er einnig að minna á að viðurkenning vátryggðs á bótaskyldu gagnvart tjónþola er ekki bindandi fyrir félagið frekar en samkvæmt gildandi réttarframkvæmd.

Í 2. málsl. 1. mgr. er tillaga um nýja reglu sem ekki er að finna í VSL. Tilgangurinn með reglunni er að styrkja stöðu tjónþola í framkvæmd með því að skylda vátryggðan og félagið til þess að tilkynna honum um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi. Skylda félagsins verður virk þegar því er kunnugt um vátryggingaratburð. Ekki er ætlunin að leggja sérstaka rannsóknarskyldu á félagið með reglunni, einungis að mæla fyrir um tilkynningarskyldu þess þegar því verður kunnugt um vátryggingaratburð. Ekki er lýst hvers efnis tilkynning félagsins á að vera að öðru leyti en því að það á að láta vita um tilvist ábyrgðartryggingar. Slík tilkynning mundi þó eðlilega fela í sér upplýsingar um hvers konar ábyrgðartryggingu væri um að ræða, vátryggingarfjárhæð og önnur atriði sem sérstaka þýðingu hafa fyrir tjónþolann, einkum ef þau takmarka rétt hans að einhverju leyti, svo sem vegna fyrri háttsemi hins vátryggða.

Í 1. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu félagsins til vátryggðs, enda hefur hann mikla hagsmuni af því hver framvinda málsins verður. Það kann að hafa þýðingu vegna eigin áhættu hans, vegna þess að tjón getur leitt til iðgjaldahækkunar o.fl. Í 2. málsl. þessarar mgr. er girt fyrir að félagið geti með yfirlýsingum um ábyrgð bundið vátryggðan. Telji félagið bótaskyldu vera fyrir hendi en vátryggður hafnar því hefur félagið tvo kosti. Það getur greitt bætur til tjónþola en sú greiðsla bindur ekki vátryggðan. Það getur neitað að greiða bætur en afleiðing þess yrði að líkindum sú að tjónþoli mundi höfða mál til heimtu bóta og þá verður hann, eins og síðar greinir, að beina málshöfðun gegn bæði félaginu og vátryggðum, ef félagið krefst þess, sem það mundi væntanlega oftast gera í slíkri stöðu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um framangreindan rétt félagsins til að krefjast þess að tjónþoli beini einnig málshöfðun gegn vátryggðum. Ef félagið setur fram slíka kröfu verður að telja að um samaðild sé að ræða í skilningi réttarfars. Ef tjónþoli sinnir ekki kröfu félagsins yrði

máli að líkindum vísað frá dómi skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Regla 4. mgr. á sér ekki hliðstæðu í VSL þótt líklegt verði að telja að sambærilegar efnisreglur eigi við í framkvæmd. Hún mælir fyrir um að tjónþoli öðlist ekki betri stöðu gegn félaginu á grundvelli reglna skaðabótaréttar en hann nýtur gegn vátryggðum. Félagið hefur allar sömu mótbárur gegn honum og hinn vátryggði hefur á þessu réttarsviði. Þá er mælt fyrir um að félagið geti haft uppi aðrar mótbárur gegn tjónþola, þ.m.t. mótbárur byggðar á reglum vátryggingaréttar, nema þær eigi rætur að rekja til háttsemi vátryggðs eftir að vátryggingaratburður varð. Í þessu felst að tjónþoli á ekki að geta öðlast betri réttarstöðu gegn félaginu en vátryggður hefði haft ef hann hefði kosið að greiða tjónþola skaðabætur og beina svo kröfu til félagsins. Félagið getur þannig borið fyrir sig að vátrygging hafi ekki verið í gildi þegar tjón varð, tjónið falli ekki undir þá áhættu sem vátryggt er gegn, því sé ekki skylt að greiða bætur því háttsemi vátryggðs fyrir vátryggingaratburð hafi leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður og að krafan sé ekki höfð uppi nægilega tímanlega eða í því horfi sem skylt er samkvæmt skilmálum vátryggingarsamningsins. Mörkin, sem sett eru, lúta að því að félagið getur ekki borið fyrir sig háttsemi vátryggðs eftir vátryggingaratburð. Hann og félagið geta því ekki rýrt rétt tjónþola eftir að tjónsatvik verður.

Í 5. mgr. er sérstakt ákvæði sem þó verður að telja eðlilegt í ljósi þess hver staða tjónþola gegn félaginu verður ef frumvarpið verður að lögum. Með reglunni er leitast við að koma í veg fyrir að mál verði höfðað gegn íslenskum vátryggingafélögum í öðrum löndum. Slíkt getur verið mikilvægt þar sem aðrar reglur gilda t.d. um ákvörðun bótafjárhæða fyrir fjárhagslegt eða ófjárhagslegt tjón. Undantekning er gerð frá þessari reglu ef annað leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. Er þar fyrst og fremst vísað til reglna sem Ísland hefur undirgengist með svonefndum Lugano-samningi sem fjallað er um í almennum hluta athugasemda þessara. Regla þessarar málsgreinar verður skýrð í samhengi við 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Í 6. mgr. er sérregla um heimild þess sem stundar atvinnustarfsemi til þess að afsala sér rétti til þess að krefjast bóta vegna tjóns í atvinnustarfseminni beint frá félaginu. Slíkt gæti komið til í samningi milli vátryggðs og tjónþola en miða verður við að um slík frávik frá meginreglu greinarinnar yrði að semja með ótvíræðum hætti. Þörf fyrir slíka heimild yrði sjaldnast rík en heimildin er þó eðlileg því samningssamband vátryggðs og tjónþola getur verið með þeim hætti að eðlilegt sé að virða samninga þeirra um að ljúka sjálfir ágreiningsmálum sínum. Þessa getur verið þörf í samningssamböndum þar sem trúnaðarsamband er mikilvægt. Slíkum samningum eru þó sett takmörk í 2. málsl., þ.e. þau að samningurinn hefur ekki réttaráhrif við gjaldþrotaskipti á búi vátryggðs.

Um 45. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur sem lúta að stöðu tjónþola við það sem nefnt er í yfirskrift greinarinnar „lögboðnar ábyrgðartryggingar“. Með því er átt við þau tilvik er vátryggingartaki hefur tekið ábyrgðartryggingu til að fullnægja lagaskyldu um það efni. Miða verður við að með lögboðnum ábyrgðartryggingum og ábyrgðartryggingu sem tekin er til að fullnægja lagaskyldu sé átt við lög í rýmri merkingu, þ.e. þegar sett lög annaðhvort bjóða vátryggingartaka að hafa ábyrgðartryggingu, eða ótilgreinda tryggingu, eða hann fær um það fyrirmæli frá stjórnvaldshafa, sem byggjast á heimild í lögum. Ákvæðið á hins vegar ekki við ef skylda vátryggingartaka til að hafa ábyrgðartryggingu byggist á einkaréttarlegum samningi og er þá sama við hvern sá samningur er.

Í 1. mgr. er sú meginregla að ákvæði 44. gr. eigi einnig við lögboðnar ábyrgðartryggingar, þ.e. þegar ekki gilda sérstakar reglur um stöðu tjónþola í viðkomandi laga- eða stjórnvalds-

fyrirmælum. Regla 1. mgr. veit fyrst og fremst að stöðunni á grundvelli reglna skaðabótaréttar, enda er vísað til stöðu tjónþola og krafa hans er skaðabótakrafa.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem fremur veit að hinni vátryggingaréttarlegu hlið, þ.e. að möguleikum félagsins til þess að hafa uppi mótbárur gagnvart tjónþola og vátryggðum. Ákvæðið mælir fyrir um verulegar takmarkanir á heimildum félagsins til þess að hafa uppi mótbárur þegar um lögboðnar ábyrgðartryggingar er að ræða. Takmarkanirnar eru háðar því að félagið hafi vitað eða mátt vita að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða. Almennt væri félagi um það kunnugt, enda yfirleitt um sérstakar tryggingar að ræða sem eru meira og minna lagaðar að þeim laga- eða stjórnvaldsfyrirmælum sem um vátryggingarskylduna gilda. Takmarkanir þessar leiða til þess að félagið getur t.d. ekki borið fyrir sig að ábyrgð þess hafi fallið niður vegna þess að einhver þau atvik hafi gerst að forsendur þess fyrir vátryggingarsamningi skv. IV. kafla frumvarpsins hafi brostið.

Vert er þó að benda á að félagið getur haldið fast við að tjón hafi orðið vegna áhættu sem falli utan vátryggingarsamnings eða að það sé umfram vátryggingarfjárhæð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að líða verði nokkur tími, þ.e. einn mánuður, frá tilkynningu félags til viðkomandi stjórnvalds um að lögboðinni vátryggingu hafi verið sagt upp eða hún hafi fallið niður af öðrum ástæðum og þar til það hefur réttaráhrif gagnvart tjónþola. Fyrirvari er þó gerður ef fyrirmæli eru um t.d. lengri frest eða önnur atriði í sérlögum eða öðrum sérreglum um hina tilteknu ábyrgðartryggingu.

Um 46. gr.

Í þessari grein er leitast við að viðhalda einnig þeirri ófrávíkjanlegu lágmarksvernd sem þörf er á þegar um er að ræða svið er samningsfrelsi ríkir ella á. Tjónþoli nýtur þá þeirrar verndar að félagið getur ekki greitt bætur til vátryggðs nema hann samþykki að tjónþolinn fái greiðslu á kröfu sinni og að bannað er að krafa vátryggðs á hendur félaginu verði grundvöllur fullnustu á öðrum kröfum en skaðabótakröfunni. Í 2. mgr. er sérregla sem gildir ef bú vátryggðs hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta en þá gilda hin tilgreindu ákvæði frumvarpsins að fullu.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru reglur um uppgjör vátryggingabóta og taka reglurnar til atvika sem eiga sér stað eftir að vátryggingaratburður verður. Í IV. kafla frumvarpsins eru ýmsar reglur sem lúta að skyldum vátryggðs þegar vátryggingaratburður verður og afleiðingar þess að hann vanrækir þær skyldur sínar, sbr. 28. og 29. gr. Í þessum kafla eru á hinn bóginn ákvæði sem lúta beinlínis að bótauppgjörinu sjálfu. Ákvæðin taka einkum til upplýsingaskyldu vátryggðs gagnvart félaginu um atriði sem varða uppgjör bóta, þ.m.t. afleiðingar þess að vátryggður veitir félaginu af ásetningi rangar upplýsingar til þess að fá bætur sem hann á ekki rétt á (svik). Jafnframt eru í kaflanum reglur um tímann er vátryggingarbætur falla í gjalddaga, hvenær eindagi er og einnig um heimildir félagsins til þess að skuldajafna við gjaldfallnar bætur, reglur um vexti og dráttarvexti og reglur um fyrningu bótakrafna.

Í VSL eru reglur um flest þau atriði sem nú hafa verið nefnd. Reglurnar eru í 22.–24. gr. og 29.–30. gr. Þær tillögur sem gerðar eru í þessum kafla frumvarpsins víkja að nokkru frá reglum VSL um þessi efni, auk þess sem í frumvarpinu eru ákvæði um ýmsa þætti tengda framangreindum atriðum sem ekki eru í gildandi lögum. Í því sambandi má einkum nefna reglur um svik í tengslum við uppgjör skaðabóta og reglur um skuldajafnaðarrétt vátryggingafélaga.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggðs við uppgjör vátryggingabóta. Greinin kemur í stað 21. gr. VSL.

Í 1. mgr. er lögð sú sjálfsagða skylda á vátryggðan að veita félaginu þær upplýsingar og afhenda því þau gögn sem hann hefur og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Þessi skylda mundi væntanlega hvíla á vátryggðum, þótt ekki væri hún lögfest eins og hér er lagt til. Samt þykir rétt að hefja þennan kafla, um skyldu vátryggðs við uppgjör bóta, á því að undirstrika þessa skyldu hans. Er það einnig vegna þess að vanræksla hennar hefur sérstök réttaráhrif fyrir hann. Þau eru reyndar ekki tilgreind í þessari málsgrein en koma fram í 50. gr. frumvarpsins. Réttaráhrifin verða þau að vátryggður öðlast ekki sama rétt til vaxta og hann hefði ella átt, uppgjör bótanna dregst en af því ber hann sjálfur tjón og ef hann fengi greiddar bætur ranglega gæti félagið endurkrafið hann um ofgreiddar bætur.

Í 2. og 3. mgr. er lagt til að lögfestar verði reglur um að félagið losni undan ábyrgð sinni við tilgreindar aðstæður og öðlist rétt til þess að segja upp öðrum vátryggingum.

Í 2. mgr. er regla um það sem oft er nefnt vátryggingarsvik. Orðið „svik“ er þó ekki notað, heldur miðað við að vátryggður þurfi að hafa veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit, eða má vita, að leiði til þess að hann fái bætur sem hann á ekki rétt á. Ástæða þess að orðið svik er ekki notað er sú að dómstólar virðast oft veigra sér við að telja sannað að svikum hafi verið beitt. Má sem dæmi nefna að ákvæði 30. gr. samningalaga, sem heimilar að ógilda loforð sem fengin eru með svikum, hefur mjög sjaldan verið beitt í framkvæmd. Hið sama má segja um ýmis ákvæði áður gildandi laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, sem gera svik að skilyrði. Vátryggingarsvik eru alvarlegt vandamál sem stemma verður stigu við, einnig í lögum um vátryggingarsamninga, eftir því sem unnt er. Slík háttsemi verður að hafa alvarleg réttaráhrif fyrir þann sem beitir svikum. Miðað er við að auðveldara verði að beita ákvæðinu ef það er orðað með þeim hætti sem gert er, fremur en ef orðið svik væri notað. Orðalag ákvæðisins miðast við að tvennt þurfi að liggja fyrir til þess að því verði beitt. Annars vegar verður vátryggður að hafa veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og hins vegar verður því skilyrði að vera fullnægt að hann hafi gert þetta meðvitað í þeim tilgangi að fá bætur eða hærri bætur en hann á rétt til. Ljóst er að félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að báðum þessum skilyrðum sé fullnægt.

Ef sú háttsemi vátryggðs sem lýst er að framan sannast er meginreglan samkvæmt þessum málslið sú að réttur hans samkvæmt þeim vátryggingarsamningi sem um ræðir fellur niður, þ.e. hann glatar öllum rétti sínum samkvæmt honum. Hið sama á við um rétt hans samkvæmt öðrum vátryggingarsamningum, því meginreglan kveður á um að hann glati öllum rétti til bóta á hendur félaginu vegna vátryggingaratburðarins. Það nægir t.d. að vátryggður reyni með þeirri háttsemi sem að framan greinir að hafa fé t.d. úr brunatryggingu fasteignar til að réttur samkvæmt t.d. innbústryggingu falli einnig niður, þ.e. vegna þess innbús sem skemmdist í sama vátryggingaratburði. Meginreglan miðast við að hann glati öllum rétti samkvæmt þeim vátryggingarsamningum sem hann hefur í tilgreindu félagi. Frá þessu verður að gagnálykta á þann veg að meginreglan taki ekki til vátrygginga í öðrum félögum.

Frá meginreglunni er gerð undantekning í 2. málsl. þessarar málsgreinar, sem er ný regla í lögum. Sú undantekningarregla heimilar að vátryggður fái tjón sitt bætt að hluta, en skilyrði þess er að háttsemi hans sé annaðhvort ekki alvarleg eða varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða sérstakar ástæður mæli með því að hann fái bætur að hluta. Undantekningarreglan miðast einungis við bætur að hluta en gerir aldrei ráð fyrir fullum bótum. Vert er að minna á þá skipan undantekningarreglunnar að aðeins einn þeirra þriggja þátta sem í henni eru nefndir þurfa að vera fyrir hendi svo henni megi beita.

Í 3. mgr. er regla um víðtæka uppsagnarheimild félagsins á vátryggingarsamningum sem það hefur haft við hinn vátryggða, er verður ber að þeirri háttsemi sem lýst er í 2. mgr. Eðlilegt verður að telja að félagið eigi þess kost að losna úr samningssamböndum við vátryggðan er brýtur trúnað við það með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. Þess ber sérstaklega að geta hér að orðalag 3. mgr. er svo rúmt og afdráttarlaust að það tekur einnig til tilvika þar sem vátryggður hefur sviksamlega tilkynnt um vátryggingaratburð þótt hann hafi aldrei orðið. Er því óþarft að lögfesta sérstaka uppsagnarreglu í þeim tilvikum. Þess ber einnig sérstaklega að geta að orðalag 3. mgr. er þannig að það girðir ekki fyrir að félagið noti rétt sinn til uppsagnar ef vátryggður verður ber að þeirri háttsemi sem greinir í 2. mgr., jafnvel þó svo að hann fái bætur að hluta vegna þess að eitthvert þeirra atvika sem í undantekningarreglunni greinir hafi verið til staðar. Reglan í 2. málsl. 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Í þessari grein eru reglur um gjalddaga vátryggingabóta og innborganir félagsins á kröfu hins vátryggða.

Í 1. málsl. er sama regla og nú er í 1. mgr. 24. gr. VSL. Markmið reglunnar er að stuðla að uppgjöri vátryggingabóta svo fljótt sem kostur er. Það kann að vera matskennt hve langan tíma félagið þarf til þess að meta vátryggingaratburð og ákvarða fjárhæð bótanna en oftast mundi liggja ljóst fyrir hvort nægileg gögn væru tiltæk um þetta eða ekki. Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á þeim fresti sem gilt hefur.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að félaginu sé skylt að greiða hluta af bótum þegar greiðsluskylda þess er ótvíræð, án þess að endanlegt uppgjör geti þó farið fram. Sambærileg regla er nú í 2. mgr. 24. gr. VSL, en þó er orðalag þessarar málsgreinar frumvarpsins þannig að félagið á að inna af hendi hlutagreiðslu þótt vátryggður fari ekki sérstaklega fram á það. Regluna verður að framkvæma af skynsemi, enda ekki ætlunin með henni að félögin inni alltaf greiðslur af hendi þegar ljóst er að borð er fyrir báru í greiðslustöðu vátryggðs. Eðlilegt er að félögin inni af hendi hlutagreiðslur einungis í þeim mæli að alveg sé ljóst að ekki þurfi að koma til þess að þau neyðist til að endurkrefja um þegar greiddar bætur. Regluna verður einnig að skýra svo að félagið geti ekki borið fyrir sig að ágreiningur sé um uppgjör að hluta og því sé þess vegna heimilt að bíða með uppgjör. Félaginu er skylt að inna af hendi greiðslu bóta að því marki sem ekki er um þær ágreiningur, þótt vátryggður geri fyrirvara um frekari kröfur á hendur því, eða fyrirvara sem miða að því að viðhalda rétti hans til kröfugerðar.

Um 49. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um heimildir félagsins til þess að skuldajafna hugsanlegum kröfum sínum við bótagreiðslur sem því ber að inna af hendi. Ekki er sambærilegt ákvæði í VSL. Brýn nauðsyn er á skýrum reglum um rétt félagsins til skuldajafnaðar, enda er uppgjör bóta oft flókið, einkum þegar fleiri en einn eiga rétt til bóta og eiga e.t.v. fyrir einhver óuppgerð mál við félagið. Leitast er við að setja fram einfaldar reglur. Þær taka að líkindum ekki til allra tilvika sem upp geta komið. Yrði þá að beita almennum reglum um skuldajöfnuð ef reglur þessarar greinar tækju ekki til tilviks.

Í 1. mgr. er kveðið á um takmarkanir á skuldajafnaðarrétti félagsins gegn kröfu vátryggðs. Félagið getur aðeins beitt skuldajöfnuði að því leyti sem það á kröfur á hendur vátryggðum um vangoldin iðgjöld af þeirri tryggingu sem um ræðir svo og vegna annarra vátrygginga sem hann hefur hjá því. Félagið getur ekki notað aðrar hugsanlegar kröfur sínar á hann til skuldajafnaðar. Félag er veitt hefur manni lán til bifreiðakaupa sem komið er í vanskil getur þannig ekki notað kröfur sem af því spretta til skuldajafnaðar gegn kröfu mannsins um

vátryggingarbætur, heldur einungis hugsanlegar iðgjaldaskuldir hans. Orðalag ákvæðisins felur einnig í sér að það eru einungis vangoldin iðgjöld við þetta tiltekna félag sem nota má til skuldajafnaðar. Frá þessu yrði gagnályktað á þann veg að vangoldin iðgjöld við félag í sömu samstæðu gætu ekki orðið andlag skuldajafnaðar. Ef krafa um greiðslu iðgjalds væri fyrnd en félagið mundi samt hafa hana uppi til skuldajafnaðar yrði að leysa úr því máli á grundvelli reglna fyrningarlaga.

Í 2. mgr. eru reglur um skuldajafnaðarrétt félagsins gegn öðrum en vátryggingartaka. Í þeim tilvikum er skuldajafnaðarrétturinn enn þrengri en að framan greinir. Þá hefur félagið einungis heimild til að skuldajafna iðgjaldi vegna sama vátryggingarsamnings. Áður en til þess kemur verður þó félagið að beita þeim skuldajafnaðarrétti sem það kann að eiga skv. 1. mgr. og tæma hann. Í 3. málsl. er að finna reglu um hlutfallslega skiptingu skuldajafnaðar miðað við fjárhæðir sem greiða skal þegar um fleiri meðvátryggða eða tjónþola er að ræða.

Í 3. mgr. er sérregla um lögboðnar ábyrgðartryggingar en þær hafa um margt nokkra sérstöðu að því er varðar réttarstöðu tjónþola. Reglan felur það í sér að tjónþoli sem á kröfu á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar nýtur verndar gegn sérhverjum skuldajöfnuði á iðgjaldi, að því gefnu að félagið viti eða megi vita að um lögboðna ábyrgðartryggingu sé að ræða. Eins og fyrr er sagt mundi félagið að jafnaði hafa slíka vitneskju.

Um 50. gr.

Í þessari grein eru reglur um vexti, þ.e. bæði almenna vexti og dráttarvexti, á kröfur um vátryggingarbætur. Greininni er ætlað að koma í stað 3. mgr. 24. gr. VSL en í því ákvæði segir eingöngu að félagið skuli greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um vexti. Miklu skiptir að ákvarða upphafstíma almennra vaxta og dráttarvaxta. Þegar vátryggingafélag fær tilkynningu um tjón sem vátrygging tekur til færir það venjulega fé á vátryggingaskuld sína (áður kallað bótasjóður). Vátryggingaskuld félaganna er ávöxtuð með sem hagkvæmustum hætti, en ávöxtun fer þó eftir þeim kostum sem bjóðast hverju sinni. Ekki er fært að miða reglur um vexti af kröfum um vátryggingarbætur við afkomu ávöxtunar vátryggingaskuldar viðkomandi félags. Er því, svo sem eðlilegt er, reglum skipað þannig að vátryggður eigi rétt á almennum vöxtum og dráttarvöxtum af kröfu sinni. Það skiptir félögin miklu hvernig upphafstími vaxta er ákvarðaður, einkum eftir að almennir vextir, sem svo eru nefndir í II. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, voru hækkaðir verulega. Fyrir félögin, sem varðveita eðli málsins samkvæmt miklar fjárhæðir í vátryggingaskuld sinni, hefur upphafstími vaxta og vaxtahæð verulega þýðingu. Þótt e.t.v. hefði verið eðlilegt með tilliti til hagsmuna hins vátryggða að almennir vextir reiknuðust á kröfu strax og félagi er send tilkynning um vátryggingaratburð er frá sjónarhóli félagsins nauðsynlegt að því gefist ráðrúm til þess að leggja mat á hvort greiðsluskylda muni vera fyrir hendi hjá því og hvaða fjárhæðir á að leggja til hliðar sem vátryggingaskuld. Þykir sá tími sem mælt er fyrir um í greininni hæfilegur í þessu skyni.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að vátryggður eigi rétt á almennum vöxtum af inneign sinni að liðnum tveimur mánuðum frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send félaginu. Er það hæfilegur tími sem félaginu er ætlaður til þess að taka afstöðu til þeirra atriða sem greinir að framan. Frávik frá þessu er að finna í 5. mgr. og vísast um skýringar þangað.

Í 2. og 3. mgr. eru reglur um almenna vexti af útlögðum kostnaði hins vátryggða þegar félaginu ber að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar eða afnotamissis. Þessar málsgreinar þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er að finna reglur sem eru samkynja ákvæði 7. gr. laga nr. 38/2001. Regla þessarar málsgreinar tekur þó ekki aðeins til dráttarvaxta eins og hin tilvitnaða lagagrein, heldur

einnig til almennra vaxta. Reglan er í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um að skylda til að greiða vexti falli niður þegar greiðsla fer ekki fram eða dregst af ástæðum sem varða kröfuhafann. Er það almenn regla að réttaráhrif hvers konar vanefnda verða ekki virk ef þær verða af ástæðum sem kröfuhafa verður einum kennt um. Í 3. málsl. þessarar málsgreinar eru ákvæði sem eiga sér einnig skírskotun til almenna hluta kröfuréttarins, þ.e. þegar skuldari geymslugreiðir skuld sína, sbr. lög nr. 9/1978, um geymslufé, vegna atvika sem kröfuhafi ber ábyrgð á. Þar með fullnægir hann greiðsluskyldu sinni, þ.e. þegar skilyrði þess að geymslugreiða eru fyrir hendi. Sömu rök búa að baki reglu þeirri sem hér er til umfjöllunar.

Í 5. mgr. er ákvæði sem er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðbætur. Það er afar algengt við uppgjör munatjóna hjá vátryggingafélögum að vátryggingarbætur séu miðaðar við verðlag á greiðslutíma, eða þeim tíma þegar niðurstaða mats um verðmæti vátryggðra muna lá fyrir. Skiptir þá ekki máli hvenær vátryggingaratburður varð eða hvenær félagið fékk tilkynningu um að vátryggður mundi hafa uppi kröfur á grundvelli vátryggingarsamnings. Í slíkum tilvikum yrði beinlínis rangt að miða upphafstíma vaxta við reglu 1. mgr. þessarar greinar. Er því lagt til að sett verði regla sem er sama efnis og tilvitnað ákvæði laga um vexti og verðtryggingu og tryggir í raun svipaða niðurstöðu og 1. mgr.

Í 6. mgr. eru reglur sem taka af skarið um það hvers konar vexti er átt við. Þarfnast regla 1. málsl. ekki skýringa. Í 2. málsl. er regla um dráttarvexti. Er þar mælt fyrir um að reglur III. kafla laga nr. 38/2001 gildi um það efni. Í því felst að greiða ber dráttarvexti frá gjalddaga sé hann fyrir fram ákveðinn. Sé hann ekki fyrir fram ákveðinn er heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi sem liðinn er einn mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Í 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins er regla um gjalddaga vátryggingabóta. Segir þar að krefjast megi greiðslu 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að meta vátryggingaratburð og ákvarða fjárhæð bótanna. Skýra verður þessa reglu um gjalddaga samhliða reglum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, sem áður er lýst, svo og 9. gr. þeirra laga sem tekur til dráttarvaxta á skaðabætur þegar um ábyrgðartryggingar er að ræða. Verður því að telja, þegar þessi ákvæði eru skýrð saman, að félaginu beri að greiða dráttarvexti á kröfur um vátryggingarbætur þegar liðinn er mánuður frá því að krafa vátryggðs kom fram, enda hafi hún komið fram eftir 14 daga frest þann sem tiltekinn er í 1. mgr. 48. gr. Er það sanngjarn tími. Félagið getur metið ábyrgð sína og reiknað út bætur þegar það hefur aflað eða fyrir það hafa verið lögð gögn og upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. orðalag 9. gr. laga nr. 38/2001.

Vekja ber athygli á 2. málsl. 48. gr. um skyldu félagsins til að inna af hendi greiðslu að hluta. Ber því að hafa sjálft frumkvæði að hlutagreiðslu svo sem áður segir. Þegar skilyrði til hlutagreiðslu eru fyrir hendi samkvæmt greininni ber félaginu að greiða dráttarvexti á kröfuna að liðnum mánuði frá því að skylt var að greiða að hluta. Ef þessi regla gilti ekki mundi skyldan til hlutagreiðslu ekki öðlast nægilegt vægi.

Í 1. málsl. 7. mgr. er regla sem ekki á sér hliðstæðu í VSL en er talin nauðsynleg til þess að taka af skarið um að vextir og dráttarvextir leggjast á kröfur um vátryggingarbætur óháð því hvort heildarkrafan verður hærri en vátryggingarfjárhæðin eða ekki. Eðlilegt er að undirstrikað sé að reglur um skyldu til greiðslu vaxta og dráttarvaxta séu óháðar reglum um vátryggingarfjárhæð. Verður að skoða reglu þessa í því ljósi að félagið á þess kost að ávaxta féð og hafa þannig af því vaxtatekjur. Það er því að skila vátryggðum þeirri ávöxtun, eða hluta hennar, sem það hefur getað fengið á fjárhæðina á meðan hún var í þess vörslum. Í 2. málsl. er mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að vekja athygli vátryggðs á rétti hans til vaxta. Er það í samræmi við þá auknu upplýsingaskyldu er lögð er á félögin með reglum frumvarps þessa og jafnframt þá ábyrgð sem ætlast er til að þau sýni.

Um 51. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um tómlæti vátryggðs og réttaráhrif þess. Um þetta eru nú ákvæði í 30. gr. VSL. Þær reglur sem gerð er tillaga um í frumvarpsgreininni eru nokkuð rýmri í garð vátryggðs, a.m.k. veita þær honum meiri lágmarksvernd en gildandi reglur.

Í 1. mgr. er kveðið á um að vátryggður glati rétti til bóta ef krafa hans er ekki tilkynnt innan árs frá því að hann vissi um atvik sem eru tilefni kröfu hans. Geri hann það ekki fellur réttur hans brott vegna tómlætis. Reglan kann að virðast ströng en er þó mun rýmri en heimild stendur til eftir ákvæðum VSL. Félögin hafa af því mikla hagsmuni að kröfur komi fram sem fyrst og það hefur samfélagslega þýðingu að ljúka slíkum málum án óþarfa dráttar. Upphaf frestsins miðast við þann tíma er vátryggður fékk upplýsingar um þau atvik sem eru tilefni kröfu hans um vátryggingarbætur. Ákvæðið gerir kröfur til vátryggðs af því að það er á hans ábyrgð ef hann gerir sér ekki grein fyrir að atvikin sem hann hefur fengið upplýsingar um veita honum rétt til vátryggingabóta. Er óhjákvæmilegt að skipa reglum með þessum hætti, enda verður að ætlast til að vátryggður hafi sjálfur vara á sér í þessum efnum og í raun ekki öðrum til að dreifa.

Í 2. mgr. er einnig regla um réttaráhrif tómlætis. Leggur hún þá skyldu á vátryggðan að höfða mál eða krefjast meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Gerð er krafa um að tilkynning félagsins um þetta sé í tilteknu formi, þ.e. skrifleg og hún sé tiltekins efnis, eins og lýst er í málsgreininni. Hvílir skylda á félaginu að kynna upplýsingarnar fyrir vátryggðum.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru reglur um fyrningu krafna á hendur vátryggingafélagi. Reglur um það eru nú í 29. gr. VSL en þær eru þó víðtækari þar sem þær taka til allra krafna sem rísa af vátryggingarsamningi, þ.m.t. iðgjaldakrafna. Frumvarpsgreinin tekur á hinn bóginn einungis til krafna um bætur, enda kemur það skýrlega fram í upphafsorðum hennar. Miðað er við að reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905, taki að öðru leyti til fyrningar krafna sem rísa af vátryggingarsamningi.

Samkvæmt 1. mgr. fyrnist krafa um vátryggingarbætur á fjórum árum. Upphafstími fyrningarfrestsins er við lok þess almanaksárs sem vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Reglan er svipuð og regla 29. gr. VSL og mundi í flestum tilvikum leiða til sömu niðurstöðu. Hún leggur þó væntanlega stundum meiri skyldur á vátryggðan þar sem orðalagið gæti í einstaka tilvikum leitt til þess að fresturinn byrjaði að líða fyrr samkvæmt frumvarpsgreininni en samkvæmt tilvitnuðu ákvæði gildandi laga. Regla sú sem hér er gerð tillaga um er skýrari þar sem hún miðast einungis við eitt tímamark en gerir ekki jafnframt áskilnað um að vátryggður þurfi að eiga þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Reglan um tíu ára fyrningarfrest er einnig svipuð og regla gildandi laga en gæti þó í sumum tilvikum leitt til rýmri framkvæmdar þar sem miðað er við næstu áramót á eftir vátryggingaratburði en ekki við atburðinn sjálfan eins og í VSL. Skv. 3. málsl. getur vátryggður þó alltaf byggt á fresti sem settur er skv. 2. mgr. 51. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru sérstakar reglur um það sem nefnt er hópvátryggingar. Um þær eru ekki ákvæði í VSL, enda voru slíkar vátryggingar óþekktar eða því sem næst þegar norræn lög um vátryggingarsamninga voru lögfest. Hópvátryggingar hafa náð nokkurri

útbreiðslu og hafa getað það í skjóli hinna frávíkjanlegu ákvæða VSL. Félögin hafa því getað, innan þess ramma sem VSL hafa sett þeim, samið um skilmála slíkra vátrygginga. Hópvátryggingar hafa um margt sérstöðu. Í venjulegu réttarsambandi á sviði vátryggingaréttar eru oftast tveir samningsaðilar, þ.e. félagið og vátryggingartaki. Í hópvátryggingum eru þeir þrír, þ.e. félagið, vátryggingartaki og þátttakandi í hóp sem vátryggður er. Milli vátryggingartaka og þátttakandans er oftast einnig réttarsamband annars eðlis, oft vinnuréttarsamband eða samband sem stofnað hefur verið til með félagssamningi. Það er venjulega vátryggingartaki sem gerir hópvátryggingarsamning við félagið fyrir hönd eða í þágu þátttakendanna í hópnum, oftast starfsmanna sinna eða félagsmanna í félagi. Hinn vátryggði í hópvátryggingum gerir því almennt ekki samninginn sjálfur. Sé hópvátryggingarsamningur í gildi er það ýmist svo að menn verða sjálfkrafa þátttakendur í honum ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði, t.d. ráða sig til starfa hjá ákveðnum aðila eða ganga í tiltekið félag, eða þeir þurfa að sækja sérstaklega um að fá að vera í hópnum.

Í þessum kafla eru settar fram tillögur um reglur er varða hópvátryggingar og taka einkum til eftirtalinna þátta: hvert á að vera efni hópvátryggingarsamnings, um upplýsingagjöf um vátrygginguna, þ.m.t. staðfestingu á vátryggingu, um upphaf og lok þátttöku í hópi og um upplýsingar til þátttakenda í hópi og frá þeim.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á hópvátryggingu. Þar segir að hún sé vátrygging þar sem réttindi og skyldur fyrir þá sem vátrygging tekur til, hópinn, séu ákvörðuð með samningi sem vátryggingartaki geri vegna eða til hagsbóta fyrir þá sem teljast til hópsins. Í skýringum við þessa skilgreiningu í athugasemdum við 2. gr. er sérstaklega tekið fram að fjölskyldu- eða heimilistrygging sé ekki hópvátrygging, þótt í skilmálum hennar sé tekið fram að hún gildi til hagsbóta fyrir tiltekna eða ótiltekna fjölskyldumeðlimi. Vátryggingarsamningurinn verður að bera með sér að um hópvátryggingu sé að ræða, enda ráðast iðgjöld af því hverjir og hve margir eru í hópnum og iðgjöld eru greidd fyrir hvern þátttakanda sérstaklega, hvort sem hver einstaklingur greiðir fyrir sig eða vátryggingartakinn fyrir allan hópinn. Hópvátryggingarsamningar eru fátíðir í skaðatryggingum þótt fátt mæli gegn notkun þeirra á því sviði. Þeir eru mun algengari í persónutryggingum og hafa þar meiri þýðingu.

Um 53. gr.

Í þessari grein er því einungis slegið föstu að sérreglur þessa kafla um hópvátryggingar eiga að ganga framar öðrum reglum laganna en þær gildi þó einnig um hópvátryggingarsamninga eftir því sem við getur átt. Eðlilegt er að hafa um þetta sérstaka yfirlýsingu í upphafi kaflans. Það er einnig heppilegast að sömu efnisreglur gildi um vátryggingarsamninga, hvort heldur þeir taka til einstaks manns eða hóps. Það er því einungis ástæða til þess að lögfesta sérreglur um hópvátryggingarsamninga að því leyti sem það er talið óhjákvæmilegt vegna hins sérstaka eðlis þeirra, ekki síst þeirrar „fjarlægðar“ sem hinn vátryggði er í frá réttarsambandi vátryggingartaka og félagsins. Orðalagið í greininni „að því leyti sem við getur átt“ á að veita dómstólum tækifæri til þess að skýra ákvæði laganna að teknu tilliti til sérstöðu hópvátrygginga, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að setja sérreglu sem nær til þessarar sérstöðu.

Um 54. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um hvert vera skuli efni samnings um hópvátryggingu. Í greininni eru lágmarkskröfur til efnis slíkra samninga en ekkert mælir gegn því að þeir séu ítarlegri ef þörf er talin á. Markmið greinarinnar er að leggja þá kvöð á félagið og

vátryggingartaka að taka afstöðu til þeirra atriða sem að lágmarki þurfa að vera í samningnum. Um er að ræða mikilsverð atriði sem nauðsynlegt er að semja um áður en samningur stofnast.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um að samningurinn skuli hafa að geyma skilmála hópvátryggingarinnar eða reglur um hvernig þá skuli ákvarða. Nægir samkvæmt því að lýsa því hvaða reglur gildi um ákvörðun skilmálanna. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því að allir skilmálar hóptrygginga þurfi ekki að vera ákveðnir í eitt skipti fyrir öll. Slíkt yrði í raun ekki hægt. Ástæðan er sú að hópvátryggingarsamningur um skaðatryggingar getur tekið til margra einstaklinga sem hafa mjög mismunandi hagsmuni og búa við ólíkar aðstæður. Nauðsynlegt getur verið að ákvarða skilmála fyrir hvern og einn í hópnum eða a.m.k. að möguleiki sé fyrir hendi til að gera það. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að skilmálar þurfi ekki að vera endanlega ákveðnir. Ef svo er ekki er þó áskilið að reglum sé lýst um það hvernig skilmálarnir séu ákveðnir. Taki félag t.d. fjölskyldu- eða heimilistryggingu fyrir félagsmenn sína gæti regla um það hvernig skilmálar skulu ákveðnir verið efnislega á þann veg að um skilmála í hverju tilviki gildi almennir skilmálar félagsins sem svo yrðu lagaðir að aðstæðum hvers og eins.

Í 2. mgr. er því svo lýst hvaða efnisatriði þurfa að lágmarki að vera í hópvátryggingarsamningi.

Í a-lið er ákvæði sem mælir fyrir um að í samningi um hópvátryggingu skuli mælt fyrir um hverjir séu og geti orðið þátttakendur í þeim hópi sem vátryggingin tekur til. Þegar um sjálfvirka aðild eða þátttöku í hópnum er að ræða markar ráðningarsamningur eða félagsaðild venjulega þau skilyrði sem uppfylla þarf til aðildar. Stundum gæti verið um að ræða biðtíma þar til aðild hefst, t.d. þegar gerð er krafa um að starfsmaður þurfi að starfa þrjá mánuði í fyrirtæki áður en hann öðlast rétt til aðildar að hópnum. Þegar þörf er á umsókn eða tilkynningu til þess að fá aðild, þ.e. hún er ekki sjálfvirk, þarf að taka afstöðu til þess í samningnum hverjir geti átt rétt til aðildar. Í slíkum tilvikum gæti þurft að tilgreina hvers efnis umsókn eigi að vera og í hvaða formi, hvert eigi að beina henni o.fl.

Í b-lið er kveðið á um að tilgreina verði í samningi hvort megi gera fyrirvara um þátttöku. Þarfnast þessi liður ekki skýringa.

Í c-lið er mælt fyrir um að í hópvátryggingarsamningi komi fram hvernig menn viðhaldi þátttöku sinni í hópi og hvernig menn geri fyrirvara við að verða hluti af hópnum og hvernig menn hætti í honum. Um er að ræða fyrirmæli um aðferðir við og efni tilkynninga eða yfirlýsinga um þau efni er síðast greinir. Þegar um sjálfvirka þátttöku er að ræða þarf ekki að gera neinar ráðstafanir til þess að verða hluti af hópnum. Í þeim tilvikum þarf þó að liggja fyrir hvernig, ef það er unnt, menn geri fyrirvara um aðild sína og hætti þátttöku í hópnum. Þýðingarmikið atriði í þessu sambandi er hvert eigi að beina slíkum tilkynningum og með hvaða hætti eigi að senda þær eða koma þeim til skila. Eðlilegt er að um þetta séu einföld fyrirmæli í samningnum sjálfum. Það er afar mikilvægt fyrir hinn vátryggða, þ.e. þátttakanda í hópnum, að honum sé ljóst hvert hann eigi að beina tilkynningum sínum. Ef svo er um samið milli félagsins og vátryggingartaka að hinn síðarnefndi eigi að fá tilkynningar sem um ræðir í þessum staflið er ljóst að félagið ber eftir sem áður ábyrgð á mistökum af hans hálfu. Ef vátryggður fullnægir skyldum sínum að því er varðar tilkynningar, en vátryggingartaki kemur þeim ekki áfram til félagsins, er það á ábyrgð félagsins, enda verður að líta á vátryggingartaka sem umboðsmann félagsins að þessu leyti.

Í d-lið er kveðið á um að í hópvátryggingarsamningi skuli vera mælt fyrir um hvort halda skuli skrá yfir þátttakendur í hópi og hver skuli halda hana. Eins og í síðasta staflið er það félagið sem ber ábyrgð á réttri færslu slíkrar skrár og skiptir í því efni ekki máli þótt það hafi

samið um það við vátryggingartaka að hann haldi skrána. Geri hann það er það í umboði félagsins. Gera má ráð fyrir að almennt sé þörf á að halda slíkar skrár yfir þá sem hópvátrygging í skaðatryggingum tekur til.

Í e-lið er mælt fyrir um að í hópvátryggingarsamningi skuli tilgreint hver skuli greiða iðgjaldið til félagsins. Það er aðferðin við greiðslu iðgjaldsins sem mæla á fyrir um. Slík fyrirmæli eru nauðsynleg, enda skiptir það miklu um réttaráhrif vanskila hver á að annast greiðsluna. Ef hver þátttakandi í hópnum á að annast greiðslu sjálfur er ljóst að vanskil af hans hálfu leiða til þess að ábyrgð félagsins fellur niður. Ef vátryggingartaki á að annast greiðslu iðgjaldsins leiða vanskil af hans hálfu ekki til þess að ábyrgð félagsins falli strax niður, því hagsmunir vátryggðu mæla eindregið gegn svo strangri reglu. Verður að gera kröfu til þess að félagið sendi áður aðvörun til einstakra þátttakenda í hópnum til þess að ábyrgð þess geti fallið niður.

Í f-lið eru einnig reglur sem lúta að skipulagi réttarsambandsins, þ.e. hver eigi að senda og taka við tilkynningum til og frá þátttakendum. Ítrekað skal það, sem áður sagði, að ef félagið og vátryggingartaki semja svo um sín á milli að vátryggingartaki skuli taka við tilkynningum til og frá einstökum þátttakendum í hópnum leysir það félagið ekki undan ábyrgð. Það ber hallann af því gagnvart þátttakendunum að vátryggingartakinn stendur sig ekki við að koma tilkynningum, sem honum berast, til skila.

Loks er í g-lið ákvæði um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að vátrygging verði virk eða hægt sé að halda henni við. Greiðsla iðgjalds mundi venjulega skipta miklu hér en einnig gætu komið til önnur atriði.

Um 55. gr.

Í II. kafla frumvarps þessa eru ýmis ákvæði um upplýsingaskyldu félagsins gagnvart einstökum vátryggingartökum. Þessi grein frumvarpsins mælir á hinn bóginn fyrir um upplýsingaskyldu til vátryggðs í hópvátryggingum. Í reglum II. kafla er lögð höfuðáhersla á upplýsingaskylduna gagnvart vátryggingartaka, en í þessari grein er áhersla lögð á miðlun upplýsinga til vátryggðs, þ.e. þátttakandans í þeim hópi sem vátrygging tekur til. Vakin er athygli á að orðalag greinarinnar leiðir til þess að bæði félagið og vátryggingartakinn hafa sjálfstæðar skyldur til þess að upplýsingaskyldu sé fullnægt. Í ákvæðinu eru tvær matskenndar reglur, þ.e. um hve oft upplýsingum skuli komið á framfæri og hvernig það skuli gert. Ekki er ástæða til að hafa um þessi atriði ítarlegar reglur, enda ræðst það mjög af atvikum hve oft er þörf á að dreifa upplýsingum og með hvaða hætti þarf að gera það. Í 2. málsl. er tekið af skarið um að upplýsingum skuli komið á framfæri þegar eftir að hópvátryggingarsamningur er kominn á og síðan þegar tilefni gefst til. Skylda til að upplýsa um viðbótartryggingar getur vart orðið víðtæk og verður aðeins skilin svo að það séu ákjósanlegar viðbætur við hina tilteknu hópvátryggingu en ekki að verið sé að skylda félagið til að upplýsa einatt um allar þær tryggingar sem heppilegt gæti verið fyrir fólk að hafa.

Um 56. gr.

Í 10. gr. eru reglur um skyldu til að senda vátryggingarskírteini sem staðfestingu á vátryggingu í einstaklingsbundnum vátryggingum. Sú skylda hvílir undantekningarlaust á félaginu. Í þessari grein er mælt fyrir um skyldu til að senda hverjum þátttakanda í hópi sem vátrygging tekur til sambærilegt vátryggingarskírteini. Í greininni er ekki aðeins miðað við að félaginu sé skylt að senda slík skírteini, heldur getur skylda til þess hvílt á vátryggingartaka, allt eftir efni samnings hans við félagið. Ef samið er um þeirra í milli að vátryggingartaki skuli senda vátryggingarskírteini, og eftir atvikum það sem þeim fylgir, er ljóst að fé-

lagið þarf að sjá honum fyrir upplýsingaefni og skírteini sem hann (vátryggingartaki) dreifir svo.

Samkvæmt reglu 1. málsl. 2. mgr. getur sá sem fengið hefur vátryggingarskírteini litið svo á að vátrygging sé í gildi. Þessi meginregla á þó ekki við, sbr. 2. málsl., ef það leiðir skýrlega af skírteininu að hann uppfylli ekki skilyrði þau sem gerð eru eða eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem hann gerir kröfu um. Orðalag 2. málsl. leiðir til þess að gera verður miklar kröfur til þess sem semur vátryggingarskírteinið, þ.e. almennt félagsins, um að það sé skýrt og að ekki eigi að leika vafi á því að viðtakandi þess uppfylli ekki skilyrði þau sem hann þarf til að vera vátryggður eða eigi ekki rétt á greiðslum. Í 3. málsl. er önnur undantekningarregla en samkvæmt henni getur félagið haft uppi mótbárur vegna þess að vátryggður uppfyllir ekki upplýsingaskyldu sína eða félagið hefur með réttum hætti gefið aðvörun um slit vátryggingarinnar eða breytingu á henni skv. 58. gr.

Um 57. gr.

Í þessari grein eru reglur um upphaf ábyrgðar félagsins.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um upphaf ábyrgðar félagsins gagnvart þeim þátttakendum í hópi, sem vátrygging tekur til, sem síðar koma til en 1. mgr. gerir ráð fyrir. Tveir kostir eru um upphaf ábyrgðar félagsins gagnvart þeim. Annar miðast við tilkynningu um greiðslu iðgjalds fyrir hann en ef hennar er ekki krafist, þá er miðað við það tímamark sem hann uppfyllir skilyrði til þess að vera þátttakandi. Það er á valdi félagsins og vátryggingartaka að semja um hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt.

Í 3. mgr. er regla um það hvenær sólarhringsins nákvæmlega ábyrgð félagsins hefst þegar ekki er um það samið en þó miðað við að ábyrgð hefjist á tilteknum degi í framtíðinni. Þá gerir fyllingarregla 4. mgr. 13. gr. ráð fyrir því að ábyrgðin hefjist í upphafi þess dags.

Um 58. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er að finna reglur um lok hópvátryggingar. Efni hennar er tvíþætt, þ.e. annars vegar tilvik þegar þátttakandi í hópi sem nýtur hópvátryggingar hættir í hópnum og hins vegar tilvik þegar samningi félagsins og vátryggingartaka, þ.e. hópvátryggingarsamningnum sjálfum, er slitið.

Í 1. mgr. er ákvæði um fyrrnefndu tilvikin, þ.e. þegar þátttakandi í vátryggðum hópi hættir í honum og hópvátryggingarsamningurinn gerir honum ekki kleift að njóta áfram þessarar vátryggingarverndar. Við þessar aðstæður fær þátttakandinn, þ.e. vátryggður, 14 daga frest frá því að honum er send skrifleg tilkynning um að vátryggingin falli niður. Þetta er stuttur frestur en nægilega langur fyrir hann til þess að taka ákvörðun um hvort hann vilji leita eftir sambærilegri einstaklingsvátryggingu eða hætta með þessa vátryggingarvernd. Almennt mundi vera um fremur einfaldar vátryggingar að ræða, þannig að ákvörðunin er ekki flókin. Tekið skal fram að ákvæðið felur í sér lágmarksvernd og það er ekkert því til fyrirstöðu að vátryggingartaki semji um rýmri frest og þar með meiri vernd fyrir þátttakendurna. Í 2. málsl. 1. mgr. er ákvæði um þau tilvik þegar ekki er send tilkynning svo sem mælt er fyrir í 1. mgr. Þá lengist fresturinn í tvo mánuði. Hið sama á við þegar ekki er haldin skrá um hópinn og enga tilkynningu hægt að senda.

Í 3. málsl. 1. mgr. er undantekning frá reglum greinarinnar sem á við þegar þátttakandinn hefur tekið aðra vátryggingu eða gengið inn í sambærilega hópvátryggingu, t.d. vegna þess að hann hefur störf hjá öðrum vinnuveitanda sem tekið hefur slíka vátryggingu fyrir starfsmenn sína. Orðalag ákvæðisins stendur því ekki í vegi að það verði einnig látið ná til tilvika

þegar þátttakandinn hefur verið tvítryggður þegar hópvátryggingunni er slitið. Gæti hann þá sótt rétt á hendur því félagi sem hann er með hina vátrygginguna hjá en hópvátryggingin ætti samkvæmt þessari grein að falla niður.

Í 2. mgr. eru reglur um tilvik er hópvátryggingarsamningurinn fellur niður, t.d. vegna uppsagnar eða vegna þess að iðgjald er ekki greitt. Þá hefur hver einstakur þátttakandi nokkru rýmri rétt en að framan greinir, þ.e. einn mánuð eftir að hann fær tilkynningu samkvæmt málsgreininni. Fái hann enga tilkynningu heldur vátryggingin gildi sínu gagnvart honum. Það er því brýnt fyrir félagið að tryggja að hann fái tilkynninguna eða vitneskju um slitin með einhverjum öðrum (sannanlegum) hætti.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að rétt er að hnykkja á að ekki er um tímabundna vátryggingu að ræða í skilningi þess ef hún á að framlengjast sjálfkrafa.

Um 59. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er ætlað að tryggja stöðu þátttakanda í hópi sem nýtur vátryggingar þegar skilmálum hennar er breytt þannig að það rýri rétt hans. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 58. gr.

Um 60. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um ábyrgð félagsins þegar tilkynningar til eða frá þátttakendum í hópi sem nýtur vátryggingar misfarast.

Í 1. mgr. eru reglur um tilkynningar til félagsins. Meginreglan er sú að einstakur þátttakandi í hópnum á ekki að bera hallann af því að tilkynning, t.d. um að hann tilheyri hópnum eða um tjón, skili sér ekki til félagsins. Ef vátryggingartaki bregst í slíkum tilvikum ber félagið hallann af því. Það er einungis þegar þátttakandinn hefur ástæðu til að ætla að tilkynningin hafi ekki borist félaginu og hann átt þess kost að tilkynna því um það sem um ræðir sem félagið ber ekki hallann af því að tilkynningin misferst. Er ákvæði um það í 2. málsl. Ástæðulaust er að láta hann njóta réttar skv. 1. málsl. er hann veit eða má vita, þ.e. hefur ástæðu til að ætla, að tilkynning hafi farið úrskeiðis. Þetta getur t.d. átt sér stað þegar félag leysist upp, bú vinnuveitanda er tekið til gjaldþrotaskipta o.fl.

Í 2. mgr. er meginreglan sú að félagið ber ábyrgð ef tilkynningar sem vátryggingartaki átti að senda þátttakendum misfarast. Kemur hann í því efni fram fyrir hönd þess. Frá þessu er undantekning í lok málsgreinarinnar.

Um II. hluta.

Í þessum hluta laganna eru reglur um persónutryggingar. Með persónutryggingum er, eins og áður greinir, átt við líftryggingar hvers konar, svo og slysa- og sjúkratryggingar. Eins og heiti þeirra bendir til lúta þessar vátryggingar með beinum hætti að lífi manna eða heilsu. Það sem skilur þessar vátryggingar frá skaðatryggingum er einkum að skaðatryggingum er ætlað að bæta fjárhagslegt tjón og í þeim vátryggingum gildir sú meginregla að enginn skuli hagnast á því að hagsmunir hans voru vátryggðir. Þessi meginregla gildir ekki í persónutryggingum, enda ekki hægt með sama hætti og í skaðatryggingum að meta þau verðmæti sem vátryggð eru eftir almennum fjárhagslegum mælikvarða. Menn geta því tekið líftryggingar þar sem bætur við andlát geta verið mun hærri en þær launatekjur sem hinn vátryggði gæti hafa haft það sem eftir væri ævinnar. Hið sama á við um slysa- og sjúkratryggingar. Ekki hefur verið talin ástæða til að óttast um það traust sem vátryggingar verða að hafa í hugum borgaranna þótt slíkt samningsfrelsi hafi ríkt í persónutryggingum og því er ekki talið tilefni til að breyta því.

Um efni einstakra kafla vísast til þess sem segir í 6. tölul. í almennum athugasemdum og um efni einstakra greina vísast til sérstakra skýringa um þær.

Ítrekað er að uppbygging frumvarpsins er með þeim hætti að leitast er við, svo sem unnt er, að hafa samræmi í kaflaskipan í I. og II. hluta, svo og í innbyrðis efnisskipan greina í einstökum köflum.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru þrjár greinar og er yfirskrift þeirra sem hér segir:

a. 61. gr. Gildissvið II. hluta laganna.
b. 62. gr. Skilgreiningar.
c. 63. gr. Ófrávíkjanlegar reglur.

Efnisskipan greina í þessum kafla er með sama hætti og í I. kafla.

Um 61. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gildissvið II. hluta laganna og er það takmarkað við persónutryggingar. Persónutryggingar eru yfirleitt tilgreindar með jákvæðum hætti en skaðatryggingar neikvæðum eða óbeinum, þ.e. sem vátryggingar gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, vátrygging gegn skaðabótaábyrgð eða önnur vátrygging sem ekki telst til persónutrygginga. Þótt þannig kunni að vera auðveldara að afmarka svið persónutrygginga en skaðatrygginga rísa ýmis álitamál þegar það er reynt. Þegar lagt er mat á það hvort samningur telst fela í sér persónutryggingu í skilningi vátryggingaréttar, eða annars konar samning, ræðst niðurstaðan af efni samningsins en ekki af heiti hans. Niðurstaðan ræðst heldur ekki af því hvort sá sem veitir vátryggingu hefur leyfi til rekstrar vátryggingastarfsemi samkvæmt lögum nr. 60/1994 eða ekki.

Þótt persónutryggingar veiti lífi og heilsu vátryggðs vátryggingarvernd þurfa þær ekki að vera einu vátryggingarnar sem það gera. Ábyrgðartryggingar, sem ætlað er að veita vátryggðum vernd gegn skaðabótaskyldu sem hann kann að baka sér eftir almennum reglum, bæta líkamstjón í þeirri víðtæku merkingu sem það hugtak er notað í skaðabótalögum, þ.e. bæði líftjón og líkamsmeiðsl, svo og heilsutjón sem stafa kann af sjúkdómum, allt að því gefnu að skilyrði til skaðabóta séu fyrir hendi og hin sérstöku skilyrði laganna uppfyllt. Þær teljast eftir sem áður til skaðatrygginga. Sjúklingatryggingar samkvæmt lögum um það efni, nr. 111/2000, veita þeim rétt til bóta sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni, eða missi framfæranda, einkum í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð, annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi löggiltum heilbrigðisstarfsmanni. Sjúklingatryggingar teljast samt ekki persónutryggingar, heldur flokkast þær sem ábyrgðartryggingar og heyra þar með til skaðatryggingum, jafnvel þótt þær skilji sig frá ábyrgðartryggingum að því leyti að innan ramma þeirra er ekki áskilnaður um skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum, heldur einungis að tjóni sé valdið við þær aðstæður sem undir lögin heyra.

Ítreka verður því að í vafatilvikum ræðst það af nánari skoðun á efni vátryggingarsamnings hvers konar vátryggingu verið sé að veita. Mikilvægt er að slík úrlausn sé reist á vandaðri athugun, enda getur það skipt miklu máli í ýmsu sambandi hvort fara beri eftir reglum I. eða II. hluta laganna. Það hefur líka oft þýðingu að skera úr um það hvort vátrygging er líftrygging eða annars konar persónutrygging, t.d. er mælt fyrir um skráningu líftrygginga og ýmissa réttinda í þeim í XVII. kafla, en sambærileg skráningarskylda gildir ekki um aðrar persónutryggingar.

Í 2. mgr. er nánari tilgreining á því hvað teljist til persónutrygginga en þar er þó ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu. Í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi er að finna útlistanir á þeim vátryggingum sem nefndar eru hér persónutryggingar. Sú tilgreining er þó ekki tæmandi, enda kann að fara svo að til verði fleiri afbrigði þessara vátrygginga í framtíðinni en nú eru þekkt. Eitt af einkennum persónutrygginga hefur verið talið að þær hafa verið nefndar summutryggingar, þ.e. vátryggingarsamningur hefur kveðið á um að tiltekin fjárhæð komi til greiðslu ef vátryggingaratburður verður, óháð raunverulegu fjárhagslegu tjóni.

Nauðsynlegt er að gera nokkra frekari grein fyrir efni þeirra vátrygginga, sem í frumvarpi þessu teljast til persónutrygginga.

Það sem fyrst og fremst einkennir líftryggingar er að þær vátryggja dánaráhættu þann tíma sem vátryggingarsamningur er við lýði. Auk dánaráhættu er einnig oft um að ræða vátryggingu gegn örorku, t.d. þannig að greiddar eru bætur ef líkamstjón veldur örorku samkvæmt skilgreiningu vátryggingarsamnings. Í líftryggingu er greint á milli þess sem nefna má hreinar líftryggingar, þ.e. áhættulíftrygginga og samsettra líftrygginga, en í þeim er einnig söfnunarþáttur. Í hinum síðarnefndu skuldbindur félagið sig til, auk þess að veita vernd gegn dánaráhættu, að greiða tiltekna fjárhæð á umsömdu tímamarki, svo sem þegar vátryggður hefur náð ákveðnum aldri, t.d. 70 árum. Vátryggingarfjárhæðin kemur því alltaf til útborgunar annaðhvort við andlát vátryggðs eða við lok samningstímans, þ.e. þegar tilteknum aldri er náð. Í líftryggingum er einnig greint á milli höfuðstólstrygginga og lífeyristrygginga, svo sem gert er í VSL. Það einkennir höfuðstólstryggingar að vátryggingarfjárhæðin greiðist í einu lagi við andlát vátryggðs eða á öðru umsömdu tímamarki, t.d. við tiltekinn aldur, en í lífeyristryggingum stendur skylda félagsins til þess að inna af hendi greiðslur með ákveðnum fresti, t.d. mánaðarlega eða á sex mánaða fresti á meðan vátryggður lifir eða þar til hann nær tilgreindum aldri.

Einkenni slysatrygginga er að vátryggt er gegn líftjóni (andláti) eða líkamstjóni sem hefur í för með sér örorku vegna slysa. Orðið örorka er hér notað í rúmri merkingu, enda þekkist bæði að nota orðið um svonefnda læknisfræðilega örorku og fjárhagslega örorku, sbr. 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, auk þess sem örorkumat framkvæmt skv. 2. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sbr. rgl. nr. 379/1999, er sérstakt mat ætlað til tiltekinna afnota. Við bætist svo að í reglum um einstaka lífeyrissjóði kunna að vera reglur um mat á örorku sem víkja að einhverju marki frá öllum þeim reglum sem að framan greinir. Slysatryggingar eiga það sameiginlegt með líftryggingum að vátryggt er gegn dánaráhættu, en það skilur þó á milli að líftryggingar taka til dánaráhættu óháð dánarorsök, nema sérstakur fyrirvari sé réttilega gerður, en slysatryggingar vátryggja aðeins gegn dánaráhættu að andlátið orsakist af slysum. Slysatrygging er einnig frábrugðin líftryggingum að því leyti að slysatrygging er alltaf áhættuvátrygging en aldrei samsett með söfnunarvátryggingu.

Sjúkratryggingar eru um margt sambærilegar slysatryggingum. Það sem fyrst og fremst skilur á milli er að sjúkratryggingar vátryggja gegn heilsu- eða líftjóni af völdum sjúkdóma en ekki slysa eins og slysatryggingar. Venjulega veitir sjúkratrygging rétt til dagpeninga meðan á sjúkdómsforföllum stendur og til endurgreiðslu lækniskostnaðar og annars sjúkrakostnaðar vegna veikinda.

Í 2. málsl. er sérstaklega tekið fram að vátryggja megi hvort sem er líf eða heilsu vátryggingartakans eða annarra, en þetta er sama regla og nú er í 97. og 119. gr. VSL.

Í 3. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að þegar rætt sé um líftryggingu í þessum hluta laganna sé einnig átt við heilsutryggingu, nema annað sé tekið fram. Undir heilsutryggingar fellur sjúkdómatrygging án uppsagnarréttar. Fer því um slíkar heilsutryggingar samkvæmt

þeim reglum sem gilda um líftryggingar. Af því leiðir að um heilsutryggingar í þessum skilningi gilda reglur um skráningu í XVII. kafla o.fl. Þetta er, svo sem áður greinir, sama afmörkun og notuð er í 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Það er sammerkt þessum vátryggingum og líftryggingum og það ræður fyrst og fremst þessari flokkun að heilsutryggingar eru óuppsegjanlegar af hálfu félagsins og almennt ætlaðar til langs tíma.

Í 4. mgr. eru ákvæði um frekari afmörkun á gildissviði þessa hluta laganna.

Í fyrsta lagi kemur þar fram að ákvæði hlutans gildi ekki um endurtryggingar. Er þetta sama regla og gildir um skaðatryggingar, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Sama regla er í alið 2. mgr. 1. gr. VSL. Um rök fyrir því að undanskilja endurtryggingar gildissviði laganna vísast til skýringa við síðastnefnt ákvæði frumvarpsins.

Í öðru lagi er mælt fyrir um að þessi hluti laganna gildi ekki um tryggingar lífeyrissjóða. Í ýmsum tilvikum geta risið álitaefni um þessa afmörkun. Í skýringum við norsk lög um vátryggingarsamninga er gert ráð fyrir að þau geti átt við um tryggingar lífeyrissjóða. Hér á landi er löng hefð fyrir skylduaðild að lífeyrissjóði og eru lagaákvæði og annað regluverk um lífeyrissjóði ítarlegt og um flest endurskoðað fyrir skömmu. Lífeyrissjóðir hafa lögbundið hlutverk og er ætlað að veita sjóðfélögum tiltekna vernd, fyrst og fremst lífeyri þegar tilteknum aldri er náð, en einnig vernd ef þeir verða fyrir alvarlegri starfsorkuskerðingu og tilteknum aðstandendum vernd ef sjóðfélagi andast. Iðgjald í lífeyrissjóði er ekki ákveðið eftir sömu reglum og iðgjald vegna vátrygginga, heldur ræðst það einkum af því sem um semst í kjarasamningum. Reglum þessa hluta laganna er ekki ætlað að hreyfa við reglum um þá vernd sem lífeyrissjóðir veita. Það á bæði við um það sem nefna má tryggingar sameignarlífeyrissjóða og séreignarlífeyrissjóða og um skyldubundinn lífeyrissparnað og viðbótarlífeyrissparnað. Ekki skiptir máli hver fengið hefur heimild til að annast rekstur lífeyrissjóðs eða taka við og varðveita viðbótarlífeyrissparnað. Einstök vátryggingafélög, ásamt mörgum öðrum, gera nú samninga um viðbótarlífeyrissparnað. Það veldur því ekki að þeir samningar verði vátryggingarsamningar. Þess ber þó að geta að það er ekki útilokað að í tengslum við slíkan sparnað geti verið gerðir vátryggingarsamningar og gilda þá ákvæði þessa hluta um þá. Verður það, eins og fyrr segir, að ráðast af efni samninganna. Þess skal einnig getið að í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er lífeyrissjóðum heimilað að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, í heild eða að hluta, hjá vátryggingafélagi. Slíkir samningar væru að öðru jöfnu vátryggingarsamningar, þó ekki um persónutryggingu. Lífeyrissjóðum er einnig samkvæmt nefndum lögum heimilað að kaupa vátryggingarvernd fyrir einstaka sjóðfélaga sína hjá vátryggingafélagi. Slíkir samningar yrðu án efa taldir vera samningar um persónutryggingu.

Í þriðja lagi er kveðið á um að ákvæði þessa hluta laganna gildi ekki um tryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar. Um þær tryggingar gilda sérstök lög og þær lúta sérstökum sjónarmiðum sem einkum miðast við almenna lágmarksvernd hinna tryggðu, en ekki sömu reglum og gilda um vátryggingar. Oft er einmitt skilið á milli almannatrygginga og þær nefndar opinberar tryggingar til aðgreiningar frá einkavátryggingum sem reglur frumvarps þessa taka einkum til.

Geta má þess hér, þótt ekki hafi verið talin ástæða til að gera það í frumvarpstextanum, að þótt finna megi í lögum eða stjórnvaldsreglum orðið tryggingar, slysatryggingar, vátryggður og þess háttar þarf það ekki að þýða að um sé að ræða vátryggingar sem falla undir þennan hluta eða I. hluta laga þessara. Eins og áður greinir verður að meta það hverju sinni. Sem dæmi má nefna að í 1. mgr. 9. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, er mælt fyrir um að í kjarasamningi skuli m.a. kveðið á um tryggingar, þ.e. þeirra starfsmanna sem kjarasamningur tekur til. Með stoð í þessu ákvæði hafa verið settar reglur

nr. 30/1990 og 31/1990, sem nefndar eru reglur um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum, vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi (eða utan starfs). Þótt þetta séu nefndar slysatryggingar og í reglunum talað um vátryggðan og þann sem tryggður er falla þessar tryggingar utan gildissviðs þessa hluta laganna, enda byggjast þær ekki á forsendum vátrygginga.

Þrátt fyrir framanritað er það vitaskuld ekki útilokað að dómstólar teldu sér heimilt að beita einhverjum ákvæðum þessa hluta laganna um annars konar „tryggingar" með lögjöfnun ef þeir teldu skilyrði vera fyrir hendi.

Um 62. gr.

Í þessari grein eru skilgreiningar ýmissa hugtaka sem mikið eru notuð í II. hluta laganna. Er greinin um margt spegilmynd 2. gr. frumvarpsins og sum hugtakanna skilgreind með sama hætti. Í einstaka tilvikum er þó nauðsynlegt að gera afbrigði þar sem skilur á milli skaðatrygginga og persónutrygginga.

Skilgreiningar í a-, g- og h-lið eru hinar sömu og í 2. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Í b-lið er hugtakið vátryggingartaki skilgreint. Fyrri hluti skilgreiningarinnar er eins og í b-lið 2. gr. og þarfnast hann ekki frekari skýringa en fram koma í athugasemdum við þá grein. Vátryggingartaki í persónutryggingum tekur á hinn bóginn einnig til þess sem öðlast eignarrétt á vátryggingunni vegna framsals. Í 106. gr. er lagt til að heimilt verði að framselja vátryggingu svo sem heimilt er skv. 111. gr. VSL. Skilgreiningin leiðir til þess að framsalshafi öðlast þá stöðu vátryggingartaka samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í c-lið er hugtakið vátryggður skilgreint. Það er gert með nokkuð öðrum hætti en í 2. gr. sem helgast bæði af því að hagsmunir þeir sem vátryggingin tekur til eru ólíkir og af sérstöðu ábyrgðartrygginga, sem teljast til skaðatrygginga. Orðið vátryggður er ekki notað í III. kafla VSL sem fjallar um líftryggingar, og einungis í einni grein í IV. kafla um slysa- og sjúkratryggingar, þ.e. í 123. gr. Notuð eru önnur orð, svo sem „sá sem tryggður er" og „sá maður er líf eða heilbrigði hefur verið tryggt", sbr. 100. og 124. gr. VSL. Ekki er þó að sjá að þessi orðnotkun hafi verið skýrt afmörkuð í lögunum, því í athugasemdum með greinum þessara kafla er orðið vátryggður notað fullum fetum í sömu merkingu og framangreind orð (sjá Alþingistíðindi 1953, A-deild, bls. 242–246). Þótt ekki fari alltaf vel á því að tala um vátryggðan, þegar um persónutryggingar er að ræða, er hér lagt til að það orð verði notað, enda rík hefð fyrir því. Merking orðsins er skýr, þ.e. það á við um þann mann, hvers lífs eða heilsu vátrygging tekur til.

Í d-lið er orðið höfuðstólstrygging skilgreint. Eins og kemur fram í skilgreiningunni einkennir það höfuðstólstryggingar að félaginu ber að greiða tiltekna fjárhæð. Engu skiptir hvort greiðslur eigi að fara fram á einum gjalddaga eða fleirum, þótt hið fyrrnefnda sé venjulegast. Fer þá greiðsla ýmist fram við andlát hins vátryggða eða þegar hann nær tilteknum aldri. Í öðrum tilvikum greiðist hin tiltekna fjárhæð á ákveðnu tímabili. Þær tryggingar eru vissulega um margt líkar lífeyristryggingum, en sé fjárhæð sú sem félagið á að greiða í heild sinni fyrir fram ákveðin verður að telja að um höfuðstólstryggingu sé að ræða.

Í e-lið er orðið lífeyristrygging skilgreint. Það sem einkennir þær vátryggingar er að félaginu ber samkvæmt samningnum að inna af hendi greiðslur með tilteknu millibili sem nefna má lífeyri. Lífeyristryggingar eru aðgreindar frá höfuðstólstryggingum, eins og fyrr greinir, að því leyti að fjárhæð greiðslu félagsins er ekki fastákveðin fyrir fram. Greiðsluskyldan stofnast á tilteknu tímamarki, t.d. þegar vátryggður nær tilteknum aldri og varir þar

til hann deyr, eða hún stofnast við andlát hans og varir svo lengi sem rétthafinn lifir eða t.d. þar til börn vátryggðs hafa náð tilteknum aldri.

Orðið hópvátrygging er skilgreint í f-lið. Í persónutryggingum er það almennt einkenni hópvátrygginga að þær taka til manna í tilteknum hópi og er ætlað til hagsbóta fyrir þá eða nánustu ættingja þeirra. Ekki er gerð krafa í skilgreiningunni um neinn lágmarksfjölda þátttakenda í hóp, enda geta aðstæður verið þannig að þeim fækki t.d. í einn, en hann getur haft ríka hagsmuni af því að tryggingin sé í gildi. Slíkt yrði þó að líkindum einsdæmi.

Í i-lið er orðið rétthafi skilgreint en það orð er ekki í 2. gr. Orðið er mikið notað í II. hluta laganna, sbr. t.d. XV. kafla. Ekki þykir ástæða til að skýra merkingu orðsins frekar en skilgreiningin gerir.

Um 63. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að ákvæði II. hluta laganna séu ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram. Sama regla gildir um ákvæði I. hluta, með undantekningu að því er lýtur að stærri rekstraraðilum, sbr. 3. gr. Vísast til skýringa um þá grein framar í athugasemdum þessum. Því skal einungis bætt við að enn ríkari þörf er fyrir ófrávíkjanlegar reglur í persónutryggingum þar sem þær eru yfirleitt neytendatryggingar. Er því engin nauðsyn hér á þeirri undantekningu sem er í 3. gr. Í einstökum tilvikum er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að semja á annan veg en mælt er fyrir um í tilteknum greinum frumvarpsins. Má sem dæmi um það nefna 86.–89. gr. Eðlilegt er að í ýmsum tilvikum sé félaginu veittur réttur til þess að takmarka áhættu sína eða binda hana skilyrðum. Verður ekki séð að gengið sé með ósanngjörnum hætti á hagsmuni vátryggingartaka, vátryggðs eða rétthafa þótt slíkar heimildir séu í sumum ákvæðum frumvarpsins.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um upplýsingaskyldu félagsins vegna persónutrygginga. Efni reglnanna svarar að verulegu leyti til efnis reglna II. kafla um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga vegna skaðatrygginga, en ýmis afbrigði verður þó að gera vegna ólíks eðlis þessara tveggja meginflokka vátrygginga. Má að miklu leyti vísa til þess sem segir í athugasemdum við II. kafla frumvarpsins. Eins og þar greinir eru engin ákvæði í VSL sem kveða á um upplýsingaskyldu félagsins í öðrum tilvikum en þegar því er það nauðsynlegt til þess að gæta hagsmuna sinna. Ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga í þessu frumvarpi eru hluti af því markmiði að styrkja réttarstöðu neytenda. Upplýsingagjöf í viðskiptum er hluti af neytendavernd. Ákvæði í lögum um vátryggingastarfsemi sem lúta að upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og eru einkaréttarlegs eðlis, þ.e. 60. gr. þeirra laga, eiga betur heima í lögum um vátryggingarsamninga. Er því, til samræmis við skipan reglna II. kafla, gerð tillaga um að efni 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi verði flutt í lög um vátryggingarsamninga.

Vátryggingartaki hefur fyrst og fremst þörf fyrir upplýsingar fyrir og við gerð vátryggingarsamnings. Hann hefur einnig þörf fyrir upplýsingar við endurnýjun samningsins, þótt sú þörf sé ekki eins rík og við stofnun hans. Í líftryggingum, sem ætlað er að standa í lengri tíma, hefur vátryggingartaki einnig þörf fyrir upplýsingar, t.d. til að vera minntur á hvaða ráðstafanir hann hefur gert varðandi vátrygginguna og hverjar hinar sérstöku skyldur hans séu. Hann hefur einnig þörf fyrir upplýsingar þegar kemur að uppgjöri bóta, t.d. um forsendur þess o.fl. Leitast er við með reglum frumvarpsins að tryggja upplýsingagjöf til vátryggingartaka á öllum framangreindum stigum.

Um 64. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingafélags við töku vátryggingar. Svo sem fyrr greinir er þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar mest þá. Efnislega er reglan sambærileg 4. gr. frumvarpsins og má því að hluta styðjast við skýringar á þeirri grein. Andlag þeirrar vátryggingarverndar sem persónutryggingum er ætlað að veita er afmarkaðra og ekki eins fjölbreytilegt og í skaðatryggingum. Aðferðirnar við að veita vátryggingarvernd í persónutryggingu eru þó margbreytilegar, t.d. eru til fjölmörg afbrigði líftryggingar. Hagsmunir vátryggingartaka í upphafi felast því fremur í upplýsingum um aðferðir en gildissvið, þótt það skipti einnig máli. Þess ber einnig að geta að persónutryggingar eru stundum hluti af annars konar fjármálaþjónustu sem vátryggingafélög veita. Í slíkum tilvikum tekur upplýsingaskyldan einnig til fjármálaþjónustunnar og þess hvernig hún kann að hafa áhrif á efni vátryggingarsamningsins, einkum vátryggingarverndina. Orðalag greinarinnar tekur nokkurt mið af þessum aðstæðum.

Ekki er mælt fyrir um hvernig félaginu ber að koma upplýsingum sem því ber að veita samkvæmt þessari grein til vátryggingartaka. Er miðað við að það geti verið munnlega eða skriflega. Ekki er heldur kveðið á um það hvenær félagið á að hafa sinnt upplýsingaskyldu sinni, enda er augljóst að svo upplýsingar nýtist vátryggingartaka þarf hann að hafa fengið þær áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann gerir vátryggingarsamning við félagið.

Í 1. mgr. er kveðið á um að upplýsingaskyldan hvíli á félaginu og að hún taki einnig til þess sem kemur fram fyrir hönd félagsins, þ.e. í umboði þess. Skyldan stendur til þess að veita nauðsynlega ráðgjöf. Í því felst að það er háð þekkingu vátryggingartaka og aðstæðum hverju sinni hve langt félaginu ber að ganga í upplýsingagjöf sinni. Í skýringum við 4. gr. er þess getið að félagið eigi ekki að þurfa að kanna sjálft hverjar séu þarfir vátryggingartaka í skaðatryggingum. Þessu er á annan veg farið í persónutryggingum. Félaginu ber að sjá til þess að viðkomandi fái nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um vátryggingarvernd verði mætt með vátryggingu. Skyldur félagsins til að meta þörf vátryggingartaka eru því ríkari í persónutryggingum en skaðatryggingum. Félagið verður því að afla þeirra upplýsinga hjá honum sem nauðsyn ber til svo það geti metið þarfir hans. Vátryggingartakinn verður að veita allar þær upplýsingar sem hann er beðinn um svo félagið geti sinnt skyldu sinni um að meta þarfir hans. Frá upplýsingaskyldunni eru frávik að því er varðar tilteknar upplýsingar, einkum um erfðafræðileg atriði sem sérstakt ákvæði er um í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tillaga að reglum um nánari útfærslu á upplýsingaskyldu félagsins og lúta þessar upplýsingar að þeim vátryggingum sem til álita koma fyrir vátryggingartaka. Þau atriði sem tilgreind eru í málsgreininni eru þau sem almennt má ætla að séu mikilvæg fyrir vátryggingartaka, en þau eru ekki tæmandi talin eins og orðalagið ber með sér. Meðal þess sem félaginu ber að upplýsa um er ávöxtun á höfuðstól vátryggingarinnar, þegar við á. Sé hún breytileg ber félaginu eðlilega að vekja athygli á því. Að öðru leyti er ekki þörf á skýringum á þessari málsgrein.

Í 3. mgr. er ákvæði um upplýsingar um efni löggjafar. Samkvæmt orðanna hljóðan á reglan við þegar aðilarnir geta ekki valið um löggjöf. Þá hefur félagið skyldu til þess að upplýsa vátryggingartakann um það og ef þörf krefur efni þeirrar löggjafar. Þörf vátryggingartaka fyrir upplýsingar er einnig afstæð að því er lýtur að efni löggjafar. Hin almenna regla 1. mgr. um inntak upplýsingaskyldu gildir einnig um löggjöf, enda er efni hennar hluti af mati vátryggingartaka á kostum hans við að taka ákvörðun um hvernig hann hagar vátryggingarvernd þeirri sem hann tekur. Ef aðilar geta valið um löggjöf á ákvæði þessarar málsgreinar ekki við, en minnt skal á að þá gildir hin almenna regla 1. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er sambærilegt 2. mgr. 4. gr. að efni til. Þar er lögð sú skylda á félagið að upplýsa um, í vátryggingarskírteini eða vátryggingarskilmálum, hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar og ágreiningsmála sem varða vátryggingarsamninga og um rétt til þess að bera deilumál undir dómstóla.

Um 65. gr.

Efni þessarar greinar er nú í 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi að því frátöldu að ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar eru óþörf þar sem sömu reglur er að finna í 67. gr. frumvarpsins. Verður um skýringar að vísa til skýringa með 60. gr. í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 (sjá Alþingistíðindi 1993–94, A-deild, bls. 3094).

Um 66. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama og efni 5. gr. frumvarpsins að því frátöldu að orðalagsmunur er á tilgreiningu á vátryggingarandlagi. Hefur það ekki efnislega þýðingu. Má um skýringar vísa til skýringa með 5. gr.

Um 67. gr.

Efni þessarar greinar er að mestu hið sama og efni 7. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er þó áskilið að tilgreint sé félagsform þess félags sem býður persónutryggingu. Þessi viðbótarkrafa kemur til vegna þess að slík regla er nú í 60. gr. laga um vátryggingastarfsemi og ekki ástæða til að breyta því. Sama ástæða er fyrir því að skylt er að tilgreina útibú samkvæmt því sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, en ekki í 1. mgr. 7. gr. Hvorugt þessara atriða þarfnast skýringa.

Ákvæði 2. mgr. er líka efnislega eins og 2. mgr. 7. gr. en í síðarnefndu greininni er þó sérákvæði um ábyrgðartryggingar ökutækja sem ekki á við í þessari grein. Efnislega þarfnast reglan ekki frekari skýringa en fram koma í athugasemdum með 7. gr.

Um 68. gr.

Þessi grein er samhljóða 8. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 69. gr.

Þessi grein er samhljóða 9. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 70. gr.

Í þessari grein er tillaga að reglum um vátryggingarskírteini í persónutryggingum. Í tillögum frumvarpsins um lagalega þýðingu vátryggingarskírteina í líftryggingum felast breytingar sem eðlilegt er að geta á þessu stigi. Vátryggingarskírteini í líftryggingum, líftryggingarskírteini, hafa til þessa talist til viðskiptabréfa í íslenskum rétti og um þau hafa almennt gilt reglur um viðskiptabréf. Þessi staða líftryggingarskírteina hefur m.a. byggst á 111.–115. gr. VSL, en samkvæmt þeim greinum öðlast sá sem fengið hefur framsal líftryggingarskírteinis öll þau réttindi gegn félaginu sem samningurinn veitir. Framsalshafi stendur að baki þeim sem á veðrétt í kröfu samkvæmt líftryggingarskírteini. Ákvæði 113. og 114. gr. VSL tryggja þó helst stöðu líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs enda tryggja þau réttarstöðu þess sem í grandleysi eignast réttindi samkvæmt líftryggingarskírteini. Þótt ekki hafi farið

fram á því athugun má að líkindum fullyrða að almenn þýðing líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs hefur verið takmörkuð í viðskiptum hér á landi.

Í frumvarpinu er lagt til að hverju vátryggingafélagi sem veitir líftryggingar verði gert að færa líftryggingarskrá, þar sem m.a. eru skráðar allar kvaðir sem lagðar eru á réttindi samkvæmt samningi um líftryggingu. Ekki er gert ráð fyrir því að slíkar kvaðir séu jafnharðan færðar á líftryggingarskírteinið. Verður það því ekki lengur til þess fallið að þjóna sem viðskiptabréf, enda mun það ekki alltaf bera með sér þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið yfir réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi. Eftir sem áður geta réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi verið andlag viðskipta, hvort sem um veðsetningu, framsal eða aðra ráðstöfun er að ræða. Öryggið er ekki hið sama og áður, nema ef lagt er fram vottorð úr líftryggingarskrá. Það er hluti af eðlilegri þróun að mæla fyrir um að upplýsingum skuli safnað í líftryggingarskrá, sem að líkindum verður rafræn skráning. Vart er hægt að gera ráð fyrir því í framtíðinni að líftryggingarskírteini í skriflegu formi samkvæmt hefðbundinni merkingu verði notað í viðskiptum.

Efni 1. mgr. er hið sama og efni 1. mgr. 10. gr. og má um skýringar vísa þangað.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hvað fram skuli koma í vátryggingarskírteini í persónutryggingum. Markmið reglnanna er hið sama og sambærilegra reglna í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Eiga því einnig við hér, að breyttu breytanda, þær skýringar sem eru í athugasemdum með þeirri grein.

Ákvæði a–d-liðar eru efnislega samhljóða a–d-lið 2. mgr. 10. gr. og má um skýringar vísa til athugasemda við þau ákvæði.

Í e-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli í vátryggingarskírteini hvaða fyrirvara félagið hafi gert um takmörkun á ábyrgð vegna heilsu hins vátryggða eða í tengslum við breytingar á áhættu. Slíkar takmarkanir á ábyrgðinni geta verið með ýmsu móti, t.d. þannig að dvelji vátryggður erlendis meira en hálft ár í senn geti félagið sagt upp vátryggingunni. Þá geta verið takmarkanir tengdar athöfnum vátryggðs, t.d. ef hann tekur þátt í hnefaleikum, svifflugi, teygjustökki o.fl. Eins geta verið fyrirvarar um ábyrgð félagsins ef vátryggður skiptir um starf og þarf það þá að koma fram í vátryggingarskírteini. Eins má vera að félagið undanþiggi sig ábyrgð vegna tilgreindra sjúkdóma og ber að tilgreina það í vátryggingarskírteini.

Í f-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli hvaða varúðarreglur gilda, en þær eru eðli máls samkvæmt öðruvísi í persónutryggingum en í skaðatryggingum. Í þessum staflið er vísað m.a. til 90. gr., en þar er mælt fyrir um að félagið geti losnað úr ábyrgð ef vátryggður olli því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum. Varúðarreglur þekkjast vart í líftryggingum, en vera má að slíkar reglur séu settar í öðrum persónutryggingum. Þær geta t.d. lotið að skyldum vátryggðs til þess að leita læknis við tilteknar aðstæður eða sæta tiltekinni læknisrannsókn við sérgreindar aðstæður. Slíkar varúðarreglur þurfa að vera skýrar til þess að vera skuldbindandi fyrir hinn vátryggða og lagt er til í þessum staflið að þær beri að tilgreina í vátryggingarskírteini, enda fela þær í sér sérstakar kvaðir fyrir hinn vátryggða.

Ákvæði g-liðar er efnislega samhljóða g-lið 2. mgr. 10. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þann lið.

Samkvæmt 3. mgr. ber að tilgreina rétthafa sé hann tilnefndur við töku vátryggingarinnar. Tilnefning rétthafa er einhliða ákvörðun vátryggingartaka og er því ekki niðurstaða gagnkvæmra samninga eða eiginlegra skilmála vátryggingarinnar. Er því ekki sjálfgefið að það leiði af ákvæði 1. mgr. að tilnefning rétthafa yrði tilgreind í vátryggingarskírteini. Er því til öryggis mælt sérstaklega fyrir um það í þessari málsgrein. Mikilvægt er að slíkrar tilnefningar sé skilmerkilega getið í vátryggingarskírteini til þess að vátryggingartaka sé alltaf ljós

sú ráðstöfun réttinda sem hann hefur þannig gert. Fleiri ákvæði frumvarpsins hafa þann tilgang að vátryggingartaki sé minntur á slíka ráðstöfun.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við síðarnefnda ákvæðið.

Um 71. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldu félagsins til þess að veita upplýsingar á vátryggingartíma. Greinin á sér ekki nákvæma hliðstæðu í I. hluta, en 11. gr. frumvarpsins hefur þó sama markmið. Munur á efni greinanna helgast af því tvennu að persónutryggingar eru oft til lengri tíma og þær eru nánast alltaf neytendatryggingar og þörf fyrir upplýsingar þess vegna meiri en í skaðatryggingum.

Í 1. mgr. eru ákvæði um tilvik þar sem iðgjald er ekki greitt árlega, heldur greitt að fullu eða fyrir lengri tíma. Í þeim tilvikum ber félaginu að sjá til þess að þörfum vátryggingartaka fyrir upplýsingar sé fullnægt. Er nokkurra atriða getið sérstaklega þar sem hann getur haft þörf fyrir upplýsingar. Vátryggingartaki hefur ríka hagsmuni af því að geta fylgst með ágóðahlutdeild þeirri sem honum hefur áskotnast af vátryggingunni. Hið sama má segja um upplýsingar um endurkaupsverð, enda geta þær haft skattalega þýðingu fyrir hann auk annars konar þýðingar. Eðlilegt er að minna vátryggingartaka á þær ráðstafanir sem hann hefur gert með réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi og hann getur einnig haft þörf fyrir áminningu um hvaða ráðstafanir honum séu heimilar, en þó öllu fremur óheimilar. Þetta á einkum við ef hann hefur framselt réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi með óafturkallanlegum hætti. Mælt er einnig fyrir um skyldu félagsins til þess að upplýsa um aðra kosti við vátryggingar sem til greina koma eða nýja viðbótarvernd sem það hefur boðið fram eftir að vátrygging var tekin eða endurnýjuð. Ástæða er til að árétta að ekki er lögð sú skylda á félagið í persónutryggingum, fremur en skaðatryggingum, að viðhafa svo víðtæka upplýsingaskyldu um aðra kosti við vátryggingar eða viðbótarvernd að það þurfi að gera vátryggingartaka grein fyrir vátryggingum sem önnur félög bjóða, eða viðbótarvernd, sem hann getur fengið þar.

Ef iðgjald er greitt árlega er eðlilegt að upplýsingagjöf sé almennt miðuð við það tímamark en ekki er þó hægt að útiloka að félaginu beri einnig að upplýsa vátryggingartaka ef sérstakt tilefni er til utan þess. Til að hnykkja á þessu er lögð sú skylda á félagið í 2. mgr. að veita upplýsingar skv. 1. mgr. við endurnýjun.

Um 72. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að upplýsingaskyldu samkvæmt lögunum sé fullnægt. Það fellur undir almennt eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins skv. V. kafla laga um vátryggingastarfsemi en eðlilegt þykir að hnykkja sérstaklega á því hér. Þarfnast greinin ekki efnislegra skýringa.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla eru mikilvægar reglur um gerð vátryggingarsamnings, um upphaf ábyrgðar félagsins, um vátryggingartímann og lok hans, um slit vátryggingarsamnings af ýmsum ástæðum og um uppgjör af því tilefni. Svipaðar reglur um skaðatryggingar eru í III. kafla frumvarpsins. Ákvæði VSL um þessi efni eru ekki eins heildstæð og þau sem hér er gerð tillaga um.

Það er nokkrum vandkvæðum bundið að setja fram sameiginlegar reglur um sjúkra- og slysatryggingar annars vegar og líftryggingar hins vegar. Þær fyrrnefndu hafa í framkvæmd farið í mörgum efnum eftir reglum um skaðatryggingar, t.d. um gildistíma o.fl., en líftrygg-

ingar hafa notið sérstöðu. Vegna sérstöðu líftrygginga hefur verið nauðsynlegt að gera tillögu um nokkrar sérreglur í kaflanum um þær, en að öðru leyti eiga sömu reglur við.

Andlag persónutrygginga er líf og heilsa vátryggðs. Upplýsingaöflun félaganna um vátryggðan lýtur þess vegna að öllu því sem skiptir máli um áhættu tengda lífi og heilsu hans. Aldur hans, almennt heilsufar, sérstakir sjúkdómar og atvinna hans eru allt atriði sem skipta félagið máli við mat á áhættu þess. Í 4.–10. gr. VSL eru reglur um skyldu vátryggingartaka/vátryggðs til að veita upplýsingar, en skipan þessara reglna miðast fyrst og fremst við greiningu á því hvaða afleiðingar röng upplýsingagjöf hefur. Upplýsingagjöf vátryggingartaka/vátryggðs skiptir líka miklu máli fyrir mat á því hvenær vátryggingarsamningur kemst á. Eitt af því sem miklu varðar er hve lengi vátryggingartaki hefur upplýsingaskyldu. Lýkur henni þegar hann hefur afhent útfyllt eyðublað með beiðni um vátryggingu, eða lýkur henni ekki fyrr en félagið hefur samþykkt vátryggingarbeiðni hans? Hefur hann e.t.v. upplýsingaskyldu á vátryggingartímanum? Leitast er við að ráða fram úr þessum álitaefnum með ákvæðum frumvarpsins.

Þótt skipan reglna frumvarpsins sé þannig með öðrum hætti en í VSL eru ekki gerðar tillögur til stórfelldra breytinga á þeim reglum sem gilt hafa samkvæmt VSL eða mótast í framkvæmdinni. Í ýmsu tilliti er þó staða vátryggingartaka styrkt og verður m.a. vikið að því við skýringu á einstökum greinum.

Um 73. gr.

Efni þessarar greinar tengist ákvæðum frumvarpsins um hvenær ábyrgð félagsins hefst og um upplýsingaskyldu vátryggingartaka. Greinin á sér ekki hliðstæðu í I. hluta laganna, enda efni hennar beinlínis tengt sérstöðu persónutrygginga.

Í greininni er þeirri reglu slegið fastri að vátryggingartakinn hafi, þegar heilsa hans versnar áður en vátryggingarsamningur er endanlega kominn á, fullnægt skyldu sinni til upplýsingagjafar þegar hann hefur í góðri trú fyllt út og afhent (sent) félaginu umsóknareyðublað sem félagið hefur gefið út. Vátryggingartakanum er samkvæmt greininni ekki skylt að leiðrétta upplýsingar þær sem hann hefur gefið þótt hann verði síðar veikur, verði fyrir slysi eða honum verði síðar ljóst að upplýsingar þær sem hann veitti félaginu voru ekki réttar. Kjarni málsins er sá að hann hafi í upphafi veitt þær upplýsingar um heilsufar sitt sem hann vissi réttastar, þ.e. hann verður að vera grandlaus um þær breytingar sem síðar kunna að verða á heilsufari hans.

Í 1. málsl. er kveðið á um að félagið eigi að reisa mat sitt á því hvort það veitir vátryggingu eða ekki á umsókninni og viðbótarupplýsingum sem það kann að afla þegar hún er til meðferðar. Félaginu er óheimilt að nota nýjar upplýsingar um versnandi heilsu vátryggðs sem koma fram eftir afhendingu umsóknar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að skv. 82. gr. er hvorki vátryggingartaka né vátryggðum skylt að gefa upplýsingar eftir að félagið hefur samþykkt að veita vátryggingu.

Það er forsenda þess að framangreind meginregla eigi við að vátryggingartaki hafi afhent fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu. Rökin fyrir þessari reglu eru einkum þau að aðstæður verða að vera þannig að vátryggingartaki hafi tekið skuldbindandi ákvörðun af sinni hálfu, hann hafi metið þá vernd sem vátrygging veitir og hvað hann muni þurfa að greiða mikið iðgjald. Með samþykki félagsins er kominn á vátryggingarsamningur. Fram að þeim tíma er vátryggingartaki afhendir fullbúna umsókn um tiltekna vátryggingu verður hann að upplýsa félagið um allar breytingar sem honum er kunnugt um á heilsufari sínu eða slys sem hann verður fyrir. Félagið hefur líka heimildir til að biðja hann um viðbótarupplýsingar um þróun heilsufars hans. Með fullbúinni umsókn er átt við umsókn með þeim upplýsingum

og í því horfi sem óskað er eftir. Í sumum tilvikum kann að vera óskað eftir upplýsingum frá lækni, að undangenginni skoðun hans. Það teldist ekki fullbúin umsókn ef vátryggingartaki veitti upplýsingarnar sjálfur án læknisskoðunar.

Í 2. málsl. er ákvæði sem takmarkar nokkuð þá meginreglu sem er í 1. málsl. Forsenda þess að félagið beri ábyrgð á versnandi heilsu vátryggðs er að sú að umsóknin sé fullbúin og rétt út fyllt, þannig að það hefði veitt vátrygginguna á grundvelli umsóknarinnar. Þótt félagið afli viðbótarupplýsinga og framkvæmi eigin athuganir útilokar það ekki að það beri ábyrgð þótt heilsufar vátryggingartaka versni, hvað þá ef hann verður fyrir slysi. Ef athuganir félagsins leiða hins vegar í ljós þá veikleika í heilsufari vátryggðs sem leiða til þess að heilsa hans versnar mundi félaginu heimilt að taka tillit til slíkra breytinga þegar það metur áhættu sína og ákveður iðgjaldið. Ef versnandi heilsufar vátryggðs á rætur að rekja til skyndilegs sjúkdóms, án sambands við ástand hans er hann afhenti umsóknina, eða til slyss eiga ekki að rísa nein álitaefni. Félagið ber í þeim tilvikum ábyrgð á slíkri áhættu.

Til skýringar framangreindu má nefna tilvik er miðaldra reykingamaður í yfirþyngd óskar eftir sjúkratryggingu. Hann fyllir út umsókn þar sem hann m.a. svarar því að hann hafi hvorki of háan blóðþrýsting né hjartasjúkdóma. Ef félagið, eftir móttöku umsóknar, óskar staðfestingar læknis á þessum upplýsingum sem leiðir í ljós að vátryggingartaki er bæði með háþrýsting og/eða hjartasjúkdóm, getur það tekið tillit til þess þegar það svarar beiðni hans um vátrygginguna. Félagið gæti á hinn bóginn ekki borið fyrir sig að heilsufar hans hefði versnað ef það hefði verið vegna slyss eða nýrnasjúkdóms sem það hafði ekki tekið til athugunar.

Um 74. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvenær ábyrgð félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi hefst. Efni greinarinnar er um flest samhljóða efni 13. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar að öðru leyti en hér greinir til þess sem segir í athugasemdum með þeirri grein.

Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. er samhljóða þremur fyrstu málsgreinunum í 13. gr.

Í 2. og 3. málsl. eru undantekningar frá reglunni í 1. málsl. Í fyrsta lagi á reglan ekki við ef ljóst er að félagið hefði hafnað beiðni um vátryggingu. Heilsu vátryggingartaka, eða þess sem á að vera vátryggður, kann að vera svo farið að félagið hefði örugglega hafnað beiðni um vátryggingu samkvæmt þeim reglum sem það beitir í framkvæmd. Önnur regla mundi gera vátryggingartaka/vátryggðan betur settan af því að félagið hefði ekki haft ráðrúm til að rannsaka umsóknina. Í öðru lagi ber félagið ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem voru til staðar á því tímamarki er umsókn var send ef þau hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað. Þessa reglu verður að skýra í samhengi við reglu 2. málsl. 73. gr. sem skýrð er að framan. Samkvæmt þessu verður félagið að hefja athugun í beinu framhaldi af því að umsókn er móttekin. Regla þessa málsliðar, sem hér er til athugunar, mælir aðeins fyrir um að félagið sé laust undan ábyrgð á afleiðingum slíkra atvika, sem verða áður en félagið getur tekið afstöðu til beiðni um vátryggingu. Hafi félagið samþykkt beiðnina ber það ábyrgð. Hafi félagið ekki framkvæmt athugun skv. 2. málsl. 73. gr. losnar það ekki undan ábyrgð. Hið sjálfstæða gildi reglunnar í þessum málslið felst í því að félagið ber ekki ábyrgð ef það hefur ekki haft ráðrúm til að framkvæma athugun sem það hefði gert og hefði haft þær afleiðingar að félagið hefði hafnað beiðninni. Gagnálykta verður frá þessum reglum á þann veg að ef félagið hefði samþykkt vátrygginguna, en með hærra iðgjaldi, þá er það bundið, þ.e. félagið ber ábyrgð en á rétt á hærra iðgjaldi. Önnur niðurstaða er vart tæk, enda útilokað að sanna með hlutlægum hætti, eftir að vátryggingaratburður hefur orðið, hvort vátryggingartaki hefði samþykkt hærra iðgjald. Hann kann að vera látinn úr slysi

eða sjúkdómi eða skilyrði til að krefja um vátryggingarfjárhæðina uppfyllt með öðrum hætti. Ekki gagnar að spyrja hann, sé hann látinn, og verði hann spurður ella er eðlilegt að miða við að hann mundi svara játandi, enda hefur hann af því brýna hagsmuni. Er því eðlilegast að miða við að hann hefði samþykkt hærra iðgjald.

Ákvæði 4. mgr. er hið sama og sömu málsgreinar í 13. gr.

Um 75. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir vátryggingartaka til þess að segja upp vátryggingarsamningi. Ákvæði um sama efni í skaðatryggingum eru í 14. gr. frumvarpsins og eru þau um flest efnislega samhljóða. Sérregla gildir þó um líftryggingar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef um líftryggingu sé að ræða geti vátryggingartaki slitið henni hvenær sem er. Ekki þykir rétt að nota hér orðið uppsögn, því slitin geta verið fyrirvaralaus og styðjast ekki við heimild í samningnum sjálfum. Þetta er svipuð regla og nú er í 98. gr. VSL. Líftryggingar eru þess eðlis að ekki er unnt að skipa reglum svo að vátryggingartaki sé bundinn lengur en hann sjálfur kýs. Um hið fjárhagslega uppgjör vegna slíkra slita gilda reglur sem kveðið er á um í 77. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2.–4. mgr. eru samhljóða 1.–3. mgr. 14. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þær.

Um 76. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir vátryggingafélags til þess að slíta vátryggingarsamningi um persónutryggingar. Greint er á milli líftrygginga annars vegar og slysa- og sjúkratrygginga hins vegar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimildir félagsins til þess að slíta vátryggingarsamningi um líftryggingu. Þær heimildir eru afar takmarkaðar og eru eingöngu fyrir hendi þegar upplýsingaskylda hefur verið vanrækt, en um þau tilvik gilda ákvæði 84. gr. sem vísað er til í þessari málsgrein. Ef vátryggingartaki greiðir ekki iðgjald líftryggingar getur hún fallið niður, en í því tilviki er ekki um uppsögn eða eiginleg slit af félagsins hálfu að ræða. Ákveði félagið að slíta líftryggingu af því að það telur sér slíkt heimilt eftir reglum 84. gr. gilda reglur 3. mgr. þessarar greinar um hvernig félagið á að bera sig að við þau slit og um hugsanlegar tómlætisverkanir.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir félagsins til að slíta samningum um slysa- og sjúkratryggingu. Í þeim tilvikum eru heimildir félagsins til uppsagnar einnig háðar takmörkunum, en segja má að þær takmarkanir séu tvíþættar. Annars vegar er félaginu heimilt að slíta vátryggingarsamningi um þessar tvær tegundir persónutrygginga samkvæmt reglum 84. gr. og 3. mgr. 120. gr., þ.e. við ranga upplýsingagjöf við stofnun eða á vátryggingartíma eða við bótauppgjör. Hins vegar er félaginu heimilt að slíta slíkum vátryggingarsamningum með uppsögn ef fyrir hendi eru sérstök atvik sem skýrlega þurfa að vera tilgreind í vátryggingarskilmálum. Til viðbótar þessu er svo áskilnaður um að uppsögnin sé sanngjörn. Þetta er sama skilyrði og í 1. mgr. 15. gr. um skaðatryggingar og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein. Til viðbótar skal þess getið að sérstaða slysa- og sjúkratrygginga veldur því að félagið getur gert áskilnað um rétt sinn til að segja upp vátryggingarsamningi um slíkar vátryggingar ef t.d. vátryggður skiptir um starf og byrjar í starfi sem er þannig að félagið hefði synjað um að veita vátryggingu ef hann hefði verið í því er hann óskaði hennar. Ef starfið er á hinn bóginn þannig að félagið hefði samþykkt vátrygginguna, en þó gegn hærra iðgjaldi, mundi það ekki hafa rétt til uppsagnar, heldur yrði að bíða til loka vátryggingartímabils. Ljóst er að vátryggingafélög kunna í öryggisskyni að freistast til að hafa slíkar upp-

sagnir viðtækari en samræmist ákvæði þessarar málsgreinar. Fjármálaeftirlitinu ber vegna eftirlitshlutverks síns að koma í veg fyrir að slíkar heimildir séu misnotaðar. Í öllum tilvikum verður því skilyrði að vera fullnægt að telja megi uppsögn vátryggingarsamnings sanngjarna. Í lokamálslið þessarar málsgreinar er undantekning frá heimildum félagsins til uppsagnar. Því er ekki heimilt að segja samningi um slysa- og sjúkratryggingar upp þótt heilsu hins vátryggða hafi hrakað eftir að vátrygging var tekin. Er þessi undantekning í samræmi við þær reglur sem fram koma í 73. og 74. gr. og skýrðar hafa verið.

Í 3. mgr. eru ákvæði um hvenær og hvernig félagið á að bera sig að við slit vátryggingarsamnings samkvæmt greininni. Málsgreinin er samhljóða 2. mgr. 15. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá málsgrein. Ítrekað skal að þar sem skilyrði uppsagnar er að fyrir hendi séu tilgreindar ástæður ætti það ekki að vefjast fyrir félaginu að tilgreina þær í tilkynningu sinni. Þannig gæti vátryggður eða vátryggingartaki séð með vissu á hverju félagið reisti afstöðu sína og skotið hugsanlegum ágreiningi um réttmæti uppsagnarinnar til úrskurðarnefndar eða dómstóla. Sé uppsögn félagsins ólögmæt ber það ábyrgð á vátryggingaratburðum sem kunna að verða eftir að hún fer fram.

Ákvæði 4. og 5. mgr. eru sama efnis og 3. og 4. mgr. 15. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þær.

Um 77. gr.

Í þessari grein eru reglur um uppgjör þegar vátryggingarsamningi er slitið á vátryggingartíma. Sambærilegt ákvæði um skaðatryggingar er í 17. gr. og má að hluta vísa þangað um skýringar. Nokkur efnislegur munur er á greinunum sem fyrst og fremst helgast af sérstöðu líftrygginga, einkum söfnunarlíftrygginga.

Það er grundvallarregla í líftryggingum að uppsafnaður sparnaður, ágóðahlutdeild, sé um hana er að ræða, og iðgjald sem búið er að greiða fyrir vátryggingartímabil, sem ekki er komið eða ekki er liðið, telst eign vátryggingartaka. Ef vátryggingarsamningi um líftryggingu er slitið á hann rétt á því að fá endurgreiðslu vegna þessa og gildir einu hver orsök slitanna er. Þessi grundvallarregla felst í greininni. Í henni eru á hinn bóginn ekki reglur um aðferðir við útreikning á endurgreiðslu til vátryggingartaka en í lokamálslið greinarinnar er þó mælt fyrir um að slíkar reglur skuli vera í skilmálum eða vísað til þeirra þar. Réttur vátryggingartaka til endurgreiðslu við slit er ekki aðeins fyrir hendi í söfnunarlíftryggingum. Svo getur einnig verið í áhættulíftryggingu þegar vátryggingartaki hefur greitt iðgjaldið langt fram í tímann. Eru ýmsir kostir hugsanlegir í því efni.

Um 78. gr.

Í greininni eru sérstakar reglur um skyldu félagsins til þess að aðvara vátryggingartaka um lok líftryggingar. Fresturinn sem félaginu ber að gefa vátryggingartaka er þrír mánuðir. Um er að ræða langan frest, en það er nauðsynlegt, því vátryggingartaki getur þurft að endurmeta stöðu sína og gera ráðstafanir í framhaldi af því. Aðvörunarskyldan á bæði við um áhættulíftryggingar og söfnunarlíftryggingar, enda getur vátryggingartaki einnig þurft að gera ýmsar ráðstafanir vegna útborgunar úr söfnunarlíftryggingu eða hann gæti talið rétt að framlengja hana ef þess væri kostur. Í öðrum tilvikum getur hann einnig átt þess kost, með eða án nýrra heilsufarsupplýsinga, að framlengja vátrygginguna. Hér getur verið um að ræða mikla hagsmuni fyrir hann og flókið val.

Í 2. málsl. er ákvæði um nánari ákvörðun frestsins. Samkvæmt því skal samfelldur gildistími vátryggingarinnar hjá sama félagi reiknast sem ein heild. Í þessu felst að um sömu vátryggingu verður að vera að ræða þótt fjárhæðir hennar kunni að hafa verið mismunandi

og hún hafi aðeins verið til eins árs í senn. Ekki mundi heldur skipta máli af hvaða ástæðum hún hefði verið framlengd. Skilyrðið um sömu líftryggingu felur það í sér að ólíkar vátryggingar, t.d. lífeyristrygging og höfuðstólstrygging, gætu ekki talist sama vátryggingin í þessum skilningi.

Um 79. gr.

Í greininni eru reglur sem lúta að endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breytingum á skilmálum. Er 18. gr. frumvarpsins um sama efni.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 18. gr. Þannig hafa slysa- og sjúkratryggingar verið í framkvæmdinni, en þetta er í samræmi við þá fyrirmynd sem er í 84. gr. VSL og gildir um brunatryggingar. Í þessu felst að þótt vátrygging sé einungis tekin til eins árs í senn, þá gildir hún áfram svo fremi sem félagið hafi ekki tilkynnt það innan þess frests sem settur er í greininni. Ákvæði 84. gr. VSL eru frávíkjanleg samkvæmt meginreglu þeirra laga. Sú breyting verður á, ef frumvarp þetta verður að lögum, að reglur um sjálfkrafa framlengingu, ef vátryggingunni er ekki sagt upp, verða ófrávíkjanlegar og mun það styrkja stöðu vátryggingartaka, a.m.k. að formi til. Tilkynning félags um að vátrygging verði ekki framlengd er ákvöð. Ekki er gerð krafa um skriflegt form, en félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að það hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni ef það ber fyrir sig að ábyrgð þess sé ekki lengur fyrir hendi.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem takmarka heimildir félagsins til þess að neita að endurnýja vátryggingu. Samkvæmt reglum 1. málsl. getur félagið aðeins neitað um endurnýjun þegar fyrir hendi eru sérstakar ástæður. Í sambærilegri reglu í skaðatryggingum er einnig áskilnaður um að slík synjun félagsins þurfi að vera sanngjörn, en ekki þykir heppilegt að hafa slíka reglu í þessari grein þar sem sanngirnismat er hér mjög afstætt. Nýjar heilsufarsupplýsingar, sem félagið kallar eftir skv. 3. mgr., geta leitt til þess að það neitar að framlengja vátrygginguna, sem kann að vera ósanngjarnt gagnvart vátryggðum, en óhjákvæmilegt er þó að viðurkenna rétt félagsins til að synja um endurnýjun. Tilvísun í 2. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 76. gr. tryggir að tilkynning félagsins um synjun á endurnýjun á að vera skrifleg og rökstudd, auk þess sem fram á að koma hvaða kosti vátryggingartaki/vátryggður hefur til að skjóta hugsanlegum ágreiningi til úrskurðarnefndar. Í 3. málsl. þessarar málsgreinar er ákvæði sem er samhljóða 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. og þarfnast það ekki sérstakra skýringa hér.

Af 3. mgr. leiðir sú regla að vátryggingartaki eða vátryggður eru ekki skyldir til þess að eigin frumkvæði að koma nýjum heilsufarsupplýsingum til félagsins eða öðrum nýjum upplýsingum sem máli skipta. Óski félagið á hinn bóginn nýrra upplýsinga er skylt að veita þær. Gerð er krafa um skriflegt form slíkra fyrirspurna frá félaginu. Ef engin fyrirspurn berst og vátryggingin er endurnýjuð telst hið nýja tímabil og fyrri tímabil vera eitt samfellt vátryggingartímabil. Gilda þá sömu skilmálar og sömu kjör og áður nema félagið hafi fengið þeim breytt með réttum hætti.

Efni 4. mgr. er hið sama og hluta 3. mgr. 18. gr. en ekki er þörf fyrir svo ítarlegar reglur um ábendingarskyldu um varúðarreglur hér eins og í 18. gr. Vakin er athygli á því að í þessari málsgrein er ekki gerð krafa um að félagið sendi nýja skilmála og geri grein fyrir breytingum með tveggja mánaða fyrirvara eins og í 1. mgr., heldur er gert ráð fyrir að þetta sé heimilt um leið og t.d. er krafið um iðgjöld fyrir næsta tímabil.

Í 5. mgr. er áréttað að ekki sé heimilt að breyta skilmálum slysa- og sjúkratryggingar á vátryggingartímabilinu. Er það sama regla og gildir um skaðatryggingar, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Áskilnaður um slíkar breytingar er ógildur.

Um 80. gr.

Í þessari grein er sérregla um einstaklingsbundnar líftryggingar. Mælt er fyrir um rétt vátryggingartaka, eftir að endurkaupsverð vátryggingarinnar hefur verið greitt honum eða kröfuhafa, til þess að halda vátryggingunni áfram sem áhættutryggingu. Vátryggingin yrði ekki með sömu fjárhæðum og áður, því draga yrði frá endurkaupsverðið. Hér er um mikilsverðan rétt fyrir vátryggingartaka að ræða sem þó stofnast ekki honum til handa nema hann óski sérstaklega eftir því. Þess vegna er í 2. mgr. lögð sú skylda á félagið að það tilkynni honum í síðasta lagi við greiðslu endurkaupsverðsins um rétt hans til að halda vátryggingunni áfram. Hagsmunir vátryggingartaka felast ekki síst í því að hann getur haldið vátryggingunni áfram í breyttu formi án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Heilsu hans kann að hafa hrakað svo að hann fengi alls ekki aðra líftryggingu eða aðeins á allt öðrum kjörum. Vátryggingartaki verður að setja fram slíka kröfu minnst sex mánuðum eftir að tilkynning félagsins skv. 2. mgr. var send. Ef vátryggingartaki ákveður að nota rétt sinn og framlengja vátrygginguna er ljóst að versnandi heilsa hans er á áhættu félagsins. Ef vátryggingaratburður hefur á hinn bóginn orðið eftir að endurkaupsverðið er greitt út, en áður en vátryggingartaki tilkynnir félaginu að hann hyggist nýta rétt sinn til að halda vátryggingunni áfram sem áhættutryggingu, yrði að líta svo á að hann ætti ekki rétt til vátryggingarfjárins. Önnur staða mundi setja félagið í óþolandi stöðu og e.t.v. umbuna vátryggingartakanum fyrir að hafa ekki tekið ákvörðun.

Um 81. gr.

Efni greinarinnar varðar bráðabirgðavernd í líftryggingum. Slíka bráðabirgðavernd ber félaginu að bjóða þegar það hefur gert þann fyrirvara að ábyrgð þess hefjist ekki fyrr en fyrsta iðgjald er greitt.

Samkvæmt 1. mgr. ber vátryggingafélagi sem hefur áskilið sér að ábyrgð þess hefjist ekki fyrr en fyrsta iðgjald er greitt að bjóða vátryggingartakanum bráðabirgðavernd. Sú vernd tæki að lágmarki til andláts vegna slysa eða skyndilegra sjúkdóma sem ekki tengjast heilsufari hans þegar bráðabirgðaverndin öðlast gildi. Það er vátryggingartakans að segja til um hvort hann samþykkir boð félagsins um bráðabirgðavernd.

Í 2. mgr. eru nánari reglur um það hvenær bráðabirgðaverndin stofnast og hvenær henni lýkur. Meginreglan er að slík vernd hefjist þegar iðgjald vegna hennar er greitt. Bráðabirgðaverndin getur eðli máls samkvæmt ekki staðið um langa tíð. Gildistíma hennar eru sett ýmis mörk í málsgreininni. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að hún falli niður ef fullnægjandi umsókn um tiltekna vátryggingu er ekki send félaginu í síðasta lagi einum mánuði eftir að hún öðlast gildi. Þessi frestur verður að teljast nægur fyrir vátryggingartaka til þess að afla þeirra upplýsinga sem þarf til þess að skila fullbúinni umsókn um ákveðna vátryggingu. Ef hann sendir fullnægjandi umsókn innan frestsins gildir bráðabirgðaverndin áfram á meðan umsóknin er til meðferðar hjá félaginu. Í öðru lagi er kveðið á um að ef fullnægjandi umsókn sé send falli bráðabirgðaverndin niður þegar slík umsókn er endanlega afgreidd af félaginu, samþykkt eða henni hafnað, þó í síðasta lagi einum mánuði eftir að vátryggingartaki hefur fengið tilkynningu um greiðslu iðgjalds fyrir þá vátryggingu sem sótt er um. Eins og fyrr hefur verið getið er slík tilkynning ákvöð og hún bindur vátryggingartakann þegar hún er komin til hans. Við skýringu á því hvenær telja má hana komna til hans verður að styðjast við almennar reglur. Í þriðja lagi fellur bráðabirgðaverndin niður ef félagið hefur sent tilboð um vátryggingu með öðrum skilmálum og frestur sem það hefur veitt vátryggingartaka til þess að taka afstöðu til þess tilboðs er liðinn. Ekki er tilgreindur ákveðinn samþykkisfrestur, en hann verður að vera

hæfilegur miðað við aðstæður. Mundi unnt að styðjast við skýringu á 3. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að bráðabirgðaverndin skuli vera hin sama og vernd þeirrar vátryggingar sem sótt er um. Þótt eðlilegt sé að miða við þetta sem meginreglu er nauðsynlegt að hafa þann fyrirvara að félagið geti gert áskilnað um lægri fjárhæðir en í skilmálum þeirrar líftryggingar sem sótt er um. Félagið mundi að líkindum alltaf gera slíkan áskilnað þegar sótt hefur verið um líftryggingar með verulega háum fjárhæðum, eða sem eru óvenjulegar að einhverju leyti. Hafa ber í huga að ef félögin ganga lengra en eðlilegt má teljast í slíkum áskilnaði getur Fjármálaeftirlitið gripið í taumana í krafti eftirlitshlutverks síns.

Í 4. mgr. er ákvæði sem ætlað er að vernda vátryggingartaka þegar félagið af einhverjum ástæðum býður honum ekki bráðabirgðavernd í síðasta lagi þegar það móttekur umsókn hans um ákveðna vátryggingu. Slíkt mundi einkum koma til vegna gleymsku eða annarra mistaka af hálfu félagsins. Vátryggingartakinn nýtur þá bráðabirgðaverndar eins og hún hefði verið réttilega boðin af félaginu og samþykkt af honum.

Um XIII. kafla.

Almenn atriði.

Í þessum kafla eru ákvæði um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins í persónutryggingum en sambærileg ákvæði um skaðatryggingar eru í IV. kafla frumvarpsins. Í kaflanum er leitast við að halda með almennum hætti sömu stefnu og fjallað er um í almennum athugasemdum sem fylgja IV. kafla. Margt er þó ólíkt með ákvæðum þessa kafla og IV. kafla og helgast það einkum af þeim eðlismun sem er á persónutryggingum og skaðatryggingum. Er því nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir efni XIII. kafla í almennum inngangi sem hér fer á eftir.

Það gildir um persónutryggingar eins og skaðatryggingar að til grundvallar vátryggingastarfsemi í þessum vátryggingagreinum liggja mörg meginsjónarmið vátryggingaréttar. Þessi meginsjónarmið ráða mati félagsins á því hvort það eigi að veita vátryggingarvernd gegn áhættunni og hvaða iðgjald það á að áskilja sér og hvaða skilmálar eiga að gilda um vátrygginguna. Frá þessum sjónarmiðum verður ekki vikið í starfsemi vátryggingafélaga. Eitt af einkennum vátryggingarsamninga, miðað við aðrar samningstegundir, er að grundvöllur mats félagsins á því hvort það eigi að veita vátryggingu, þ.e. gera samning, eru aðstæður og atvik sem vátryggingartaki eða hinn vátryggði þekkja oftast mun betur til en félagið og geta haft áhrif á með háttsemi sinni. Þetta á við í enn ríkara mæli í persónutryggingum en skaðatryggingum, því andlag samningsins í fyrrnefndum vátryggingum er líf og heilsa hins vátryggða sjálfs. Upplýsingar vátryggingartaka um sig eða hinn vátryggða hljóta því að hafa mikla þýðingu í persónutryggingum og tilhneiging vátryggingafélaga til að hafa áhrif á háttsemi vátryggðs, t.d. með því að setja vátryggingarverndinni mörk er lúta að athöfnum hans og hvar hann heldur sig, er skiljanleg. Iðgjöld í persónutryggingum taka mið af einsleitum hópi einstaklinga. Þannig eru iðgjöld í líftryggingum ákvörðuð með hliðsjón af dánarlíkum Íslendinga almennt. Kyn og aldur hafa líka áhrif á iðgjaldsákvörðun. Meðalævi kvenna hér á landi er lengri en karla. Dánarlíkur þeirra eru því aðrar og þær greiða að sama skapi lægri iðgöld en karlar, svo dæmi sé tekið. Liður í áhættumati vátryggingafélags við gerð samnings um persónutryggingar er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem vátryggja á og kanna hvort vátrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Leiði athugun í ljós að slíkt er ekki unnt kallar það á sérstaka afgreiðslu hjá félaginu, en tiltölulega sjaldgæft mun vera að beiðni um vátryggingu sé skýlaust hafnað. Við töku persónutrygginga þarf því iðulega að ganga frá formlegri vátryggingarbeiðni þar sem lagt er fyrir vátryggðan að

veita upplýsingar er snúa að persónulegum högum hans, m.a. að heilsufari. Ef sérstakar ástæður þykja til er ráðgjafarlæknum vátryggingafélagsins falið að kanna málið frekar, t.d. skoða einstaklinginn eða afla frekari gagna. Afgreiðsla félagsins getur svo orðið með ýmsum hætti, eftir eðli máls og ráðgjöf lækna. Þannig getur beiðnin eftir nánari skoðun verið samþykkt athugasemdalaust. Beiðni getur einnig verið samþykkt með skilyrðum, t.d. að ákveðinn sjúkdómur sé undanskilinn tímabundið eða varanlega, en ekki aðrir sjúkdómar, biðtími bóta vegna tiltekins sjúkdóms kann að verða lengdur eða bótatími á annan hátt styttur, og iðgjald hækkað tímabundið eða til frambúðar. Þá getur beiðni verið hafnað á grundvelli framkominna upplýsinga eða hafnað með skilyrðum, t.d. enn frekari læknisskoðunar krafist. Öryrkjar eftir slys, sem óska slysatryggingar, eru einnig skoðaðir og metnir sérstaklega. Ef unnt er, t.d. ef ætla má að afleiðingar slyss séu að fullu komnar fram, ástand sé orðið stöðugt og veruleg starfsorka sé fyrir hendi, er beiðni almennt samþykkt, ýmist að fullu eða með takmörkunum. Þannig mun almennt leitast við að koma til móts við þarfir einstaklinga, einnig þeirra sem átt hafa við afleiðingar slysa og sjúkdóma að stríða, og afgreiðslur eru byggðar á efnislegum forsendum, fyrst og fremst læknisfræðilegum.

Í þessum kafla frumvarpsins eru tillögur að reglum um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og mörk hennar og hvort og þá í hvaða mæli félagið getur losnað undan ábyrgð vegna þess að forsendur vátryggingarsamningsins bresta. Um þetta eru ekki heildstæðar reglur í VSL, en eins og rakið er í athugasemdum með IV. kafla eru ákvæði um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og hverju það varði ef hann sinnir ekki skyldum sínum í því efni. Þau ákvæði gilda einnig um persónutryggingar. Ákvæði 18.–20. gr. VSL um ásetnings- eða vangártilvik er valda því að vátryggingaratburður verður gilda einnig um báðar megintegundir vátrygginga. Ýmis ákvæði sem eiga eingöngu við um skaðatryggingar eru rakin í athugasemdum með IV. kafla. Hér er rétt að minna á nokkur sérákvæði í VSL um forsendur samninga um persónutryggingar, sbr. 99. gr. VSL um áhættuaukningu og skyldu til að skilgreina hana í vátryggingarskírteini, 100. gr. VSL um sjálfsvíg, 121. gr. VSL um áhættuaukningu í slysatryggingum og 124. gr. VSL um varúðarráðstafanir.

Eitt af því sem skilur á milli skaðatrygginga og persónutrygginga er að í þeim fyrrnefndu er það meginregla að hver sá sem á vátryggða hagsmuni samkvæmt vátryggingarsamningi (og þeir geta verið margir, t.d. eigandi vátryggðs hlutar, veðhafar í honum o.fl.) á aðeins að bera sjálfur halla af því að hann veldur vátryggingaratburði. Það hefur alla jafna ekki áhrif á rétt annarra vátryggðra til bóta samkvæmt vátryggingarsamningi. Samsömun leiðir sjaldan til réttindamissis í skaðatryggingum. Vanræksla á upplýsingaskyldu er undantekning frá þessari meginreglu í skaðatryggingum. Í persónutryggingum horfir þetta öðruvísi við. Þar er meginreglan sú að vátryggður og aðrir sem t.d. hafa fengið veð í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi eða fengið þau framseld glati rétti sínum í slíkum tilvikum. Á þetta bæði við þegar upplýsingaskylda er vanrækt og í tilvikum þegar vátryggður veldur vátryggingaratburði eða fer út fyrir hlutlægar ábyrgðartakmarkanir, virðir ekki varúðarreglur o.fl. Þessi meginregla byggist á því að í persónutryggingum eru það ekki fjárhagslegir hagsmunir þriðja manns sem eru vátryggðir, heldur líf og heilsa vátryggðs. Ef hann öðlast ekki rétt samkvæmt vátryggingarsamningi gildir hið sama um þá sem leiða meintan rétt sinn frá honum. Þessi munur á skaðatryggingum og persónutryggingum, sem glögglega kemur fram í VSL, veldur því að reglur um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins eru frábrugðnar eftir þessum megintegundum vátrygginga. Þessari réttarstöðu er breytt nokkuð í þeim reglum sem gerð er tillaga um í IV. kafla frumvarpsins, en enn meira í þeim reglum sem gerð er tillaga um í þessum kafla. Það er stefna frumvarpsins að draga einnig úr hlutlægum ábyrgðartakmörkunum í persónutryggingum og gera réttaráhrif þess að vátryggður veldur eða á þátt í að

valda vátryggingaratburði sveigjanlegri þannig að þau verði ekki alltaf á þá leið að allur réttur til bóta glatist.

Taka ber þó fram að í persónutryggingum hafa álitamál tengd því sem nefnt er hlutlægar ábyrgðartakmarkanir ekki verið eins áberandi og í skaðatryggingum, en þó hafa komið til dómstóla tilvik þar sem reynt hefur á gildi hlutlægra ábyrgðartakmarkana í persónutryggingum, sbr. Hrd. frá 1. mars 2001 í máli nr. 397/2000.

Það er einkum á þremur sviðum í persónutryggingum sem forsendubrestur félagsins eða rangar forsendur þess skapa lögfræðileg álitamál, en þau eru: Í fyrsta lagi þegar vátryggingartaki vanrækir upplýsingaskyldu. Í öðru lagi valda sjálfsvíg í líftryggingum ýmsum vafa. Í þriðja lagi rísa álitamál um ábyrgðartakmarkanir sem tengjast háttsemi vátryggðs í slysatryggingum. Í greinum kaflans er leitast við að setja fram tillögur að reglum sem ætlað er að fækka svo sem kostur er þeim álitaefnum sem verið hafa í réttarframkvæmd á þessu sviði. Hafa verður þó hugfast það sem áður greinir að tillögur eru gerðar um sveigjanlegri réttaráhrif þess þegar vátryggður veldur því að forsendur félagsins bresta eða reynast rangar. Er stundum lagt til að það verði háð sanngirnismati í hvaða mæli slíkt eigi að leiða til þess að ábyrgð félagsins falli niður, en ekki hlutlægum reglum. Stundum kunna slíkar matskenndar reglur að valda vafa, a.m.k. þar til dómstólar eða aðrir úrlausnaraðilar hafa fjallað um þær. Verður að una við slíka óvissu til að ná framangreindum markmiðum sem eiga að koma vátryggðum til góða.

Meginefni reglna XIII. kafla.
Upplýsingaskylda.

Í 82.–85. gr. eru reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka, um takmarkanir á upplýsingagjöf hans og um takmarkanir á heimildum félagsins til að afla og hagnýta sér upplýsingar sem það kann að eiga aðgang að eða búa yfir. Einnig er fjallað um vanrækslu á upplýsingaskyldu og heimildir félagsins til viðbragða af því tilefni.

Eins og áður greinir hlýtur upplýsingagjöf vátryggingartaka að hafa mikla þýðingu í persónutryggingum. Það er vátryggingartakinn, eða hinn vátryggði, sem að jafnaði býr yfir þeim upplýsingum sem félagið þarf á að halda. Oft er það þó svo að félagið gerir kröfu um upplýsingar beint frá læknum áður en tekin er afstaða til þess hvort veita á vátryggingu eða ekki. Í VSL er reglum um upplýsingaskyldu skipað svo að vátryggingartaki á að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf um atriði sem hann veit að skipta máli fyrir félagið, sbr. t.d. 7. gr. laganna. Í framkvæmdinni hefur þetta þó verið á þann veg að félögin hafa lagt fyrir vátryggingartaka eyðublöð með spurningum um þau atriði sem máli skipta fyrir þau. Vátryggingartakinn hefur mátt líta svo á að þar sé spurt um þau atriði sem þýðingu hafi og skylda hans standi til þess að gera réttilega grein fyrir þeim. Í frumvarpinu er lagt til að sú meginregla gildi að vátryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur þurfi aðeins að svara því sem hann er spurður um. Er það eins og fyrr greinir í samræmi við framkvæmdina og ætti ekki að leiða til mikilla breytinga. Frá þessu er gerð tillaga um undantekningu þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt, en þeim verður lýst síðar.

Annað atriði sem lagt er til að verði breytt er matið á því hvenær félagið getur brugðist við rangri upplýsingagjöf. Í sumum tilvikum nægir almennt gáleysi vátryggingartaka samkvæmt VSL, sbr. 1. mgr. 6. gr., til þess að félagið geti losnað úr ábyrgð í heild eða að hluta. Í 2. mgr. 83. gr. er lagt til að ábyrgð félagsins geti aðeins fallið niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hefur vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt.

Þriðja atriðið sem taka þarf til athugunar er hvaða úrræði félagið hefur þegar upplýsingaskylda er vanrækt. Í 6. og 7. gr. VSL eru gildandi reglur um þetta. Í frumvarpinu er lagt til að reglur um þetta verði sveigjanlegri en nú er, þ.e. það verði metið í hverju tilviki fyrir sig hvort og í hvaða mæli ábyrgð félagsins eigi að falla niður þegar upplýsingaskylda er vanrækt. Er því lýst í 3. mgr. 83. gr. til hvaða þátta beri einkum að líta við það mat.

Fjórða atriðið sem taka þarf til athugunar og mjög hefur borið á í skilmálum íslenskra vátryggingafélaga, einkum í slysatryggingum, er takmarkanir á ábyrgð þeirra vegna áhættuaukningar sem fylgir athöfnum vátryggðs eða því að hann viðhefur ekki varúðarráðstafanir. Um þetta eru ákvæði í 99. og 124. gr. VSL. Hinar hlutlægu ábyrgðartakmarkanir í slysatryggingum hafa gjarna lotið að því að ábyrgð félagsins falli alveg niður ef vátryggður viðhefur tiltekna háttsemi, t.d. ef hann slasast á meðan hann er í íþróttakeppni, stundar svifdrekaflug, glímu, hnefaleika, svifflug eða fallhlífarstökk, tekur þátt í fjallaklifri, bjargsigi eða froskköfun. Tillögur frumvarpsins lúta að því að ábyrgð félagsins í slíkum tilvikum ráðist ekki ef hlutlægum takmörkunum, heldur verði að vera orsakasamband milli áhættuaukningarinnar og vátryggingaratburðar. Í þessu felst að þótt vátryggður þreyti glímu og slasist við það mundi ábyrgðartakmörkun félagsins ekki ná fram að ganga nema orsakasamband væri milli þeirrar áhættuaukningar sem ætla má að leiði af því að þreyta glímu og slyss á vátryggingartaka. Sem dæmi má taka að ábyrgðartakmörkun ætti við ef vátryggður lærbrotnaði er mótherji hans felldi hann harkalega með sniðglímu á lofti, en ekki ef hann lærbrotnaði við að detta um stól á leið frá búningsklefa til keppni.

Vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður. Sjálfsvíg.

Svo sem fyrr greinir er sú stefna tekin með frumvarpi þessu að afleiðingar þess að vátryggður veldur því að vátryggingaratburður verður verði sveigjanlegri en er samkvæmt núgildandi lögum og réttarframkvæmd.

Annað atriði þessu skylt eru tilvik þar sem vátryggður veldur vátryggingaratburði þegar hann er undir áhrifum áfengis. Í 20. gr. VSL er félaginu heimilt að áskilja sér að vera laust undan ábyrgð ef vátryggður veldur vátryggingaratburði í ölæði sem hann á sjálfur sök á. Skilyrðið um ölæði hefur verið skýrt svo að vátryggingartaki þurfi að vera talsvert ölvaður, sbr. síðastgreindan dóm Hæstaréttar Íslands og skýringar við 27. gr. frumvarps þessa. Sé skilyrðinu fullnægt leysist félagið úr ábyrgð. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að það verði metið sérstaklega hvort vátryggingaratburði er valdið af stórfelldu gáleysi eða ekki, einnig þegar vátryggður er ölvaður, sbr. 90. gr. Er þetta gert vegna þess að hugsanlegt er að ekki sé mikið við vátryggðan að sakast þótt hann sé ölvaður og valdi vátryggingaratburði. Það eigi a.m.k. að meta það með hliðsjón af atvikum hvort það eigi að leiða til þess að réttur hans til vátryggingabóta falli niður með öllu.

Þá er lagt til að frestur sá sem er í 100. gr. VSL um sjálfsvíg, þ.e. að réttur til líftryggingarbóta falli niður ef vátryggður fremur sjálfsvíg innan tveggja ára, verði styttur í eitt ár. Ástæðan er sú að það er almennt talið útilokað að maður hafi slíkan fyrirvara á sjálfsvígi sem nú er gert ráð fyrir og sýni jafnframt þá varfærni að kaupa líftryggingu. Sjálfsvíg er nánast alltaf skyndiákvörðun sem tekin er í andlegu sjúkdómsástandi, hugarvíli eða þegar fólk er miður sín vegna undanfarandi áfengis- eða fíkniefnaneyslu. Ársfrestur er í raun mjög langur frestur í þessu sambandi. Er því einnig lagt til að haldið verði þeirri viðbótarreglu sem er í VSL að félagið geti ekki borið fyrir sig að sjálfsvíg eigi að leiða til brottfalls greiðsluskyldu þess ef sannað er að vátryggingin var tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga, sbr. 2. mgr. 89. gr.

Þá eru í þessum kafla reglur um varúðarráðstafanir og tilkynningarskyldu um tjón og um það ef félagið ætlar að bera fyrir sig takmarkanir á ábyrgð. Verður gerð grein fyrir þessum reglum í skýringum með hverri grein.

Um 82. gr.

Í greininni eru reglur um skyldu vátryggingartaka og vátryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu og um takmarkanir á heimildum félagsins til upplýsingaöflunar og til að hagnýta sér upplýsingar sem það getur fengið eða hefur fengið aðgang að. Þá er ákvæði um skyldu vátryggingafélaga í persónutryggingum til þess að rökstyðja synjun um vátryggingarbeiðni.

Í 1. mgr. eru sem fyrr segir reglur um upplýsingaskyldu vátryggingartaka og vátryggðs. Er ekki gerður greinarmunur á skyldum þeirra. Í 5. gr. VSL eru ákvæði sem svipar til þeirra sem hér er gerð tillaga um.

Í 1. mgr. er tillaga að reglu sem afmarkar þann tíma sem segja má að upplýsingaskylda vátryggingartaka/vátryggðs standi. Er miðað við að félagið geti óskað eftir upplýsingum frá viðkomandi þar til það hefur samþykkt að veita vátryggingu. Í 5. gr. VSL er miðað við svipað tímamark. Félagið getur þannig eftir móttöku beiðni um vátryggingu óskað eftir frekari upplýsingum og skýringum. Eini áskilnaðurinn er að þær hafi þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Í framkvæmdinni er þetta á þann veg að vátryggingartaki/vátryggður fyllir út eyðublöð þar sem spurt er um atriði sem þýðingu hafa. Sé öllum spurningum svarað gæti félagið þó talið ástæðu til að óska viðbótarupplýsinga um heilsufar þeirra, óska eftir læknisrannsókn eða fela eigin lækni á grundvelli umboðs að afla nánari upplýsinga frá lækni sem vátryggingartaki/vátryggður kann að vísa til. Ákvæðið gerir ráð fyrir að fyrir liggi samþykki vátryggingartaka/vátryggðs sé upplýsinga aflað hjá öðrum en honum beint. Af reglunni leiðir að þegar beiðni hefur verið samþykkt geti félagið ekki krafist frekari upplýsinga.

Ákvæðið gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vátryggingartaki/vátryggður þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf, heldur standi skylda hans til að svara réttilega og tæmandi þeim spurningum félagsins sem til hans er beint. Það verður að vera undirskilið að spurningar félagsins séu skýrar og lúti að tilteknum atriðum sem þýðingu hafa fyrir vátrygginguna. Séu þær óljósar og auðvelt að misskilja þær verður vátryggingartaka/vátryggðum ekki kennt um að þeim hafi ekki verið svarað réttilega.

Í lokamálslið 1. mgr. er undantekning frá framangreindri meginreglu. Samkvæmt henni er vátryggingartaka/vátryggðum skylt að hafa frumkvæði að því að veita upplýsingar við viss skilyrði. Til þess að frumkvæðisskylda hans komi til þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt, þ.e. að upplýsingarnar lúti að sérstökum atriðum, að þær hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni og að honum hafi verið ljós þessi sérstöku atriði og vitað um þýðingu upplýsinganna fyrir félagið. Félagið hefur sönnunarbyrði fyrir því að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Í 2. mgr. er nýmæli sem ekki á sér fyrirmynd í gildandi lögum. Tilefni þess að gerð er tillaga um slíka reglu eru miklar framfarir í læknavísindum, þ.e. einkum í þekkingu á áhrifum arfgengra þátta í orsökum sjúkdóma. Tilefnið er ekki misnotkun slíkra upplýsinga, heldur sú staða að hægt sé að spá fyrir um það með erfðafræðilegum rannsóknum, að ekki sé talað um rannsóknir á lífsýnum úr fólki, hvernig því muni farnast heilsufarslega í framtíðinni. Um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar sem gæta verður fyllstu varfærni um. Minna má einnig á tilmæli Norðurlandaráðs nr. 9/1991 til ríkisstjórna Norðurlandanna um samráð eða að efla samráð um samræmda löggjöf, m.a. í því skyni að vernda einstaklinga og friðhelgi þeirra vegna erfðafræðilegra rannsókna sem gerðar kunna að hafa verið.

Telja verður að játa beri einstaklingum nokkurn rétt til vátryggingarverndar í persónutryggingum og að leggja verði að sama skapi skyldur á vátryggingafélög um að ekki sé aflað upplýsinga eða hagnýttar fyrirliggjandi upplýsingar um erfðafræðilega þætti þess sem óskar eftir vátryggingu og með því spáð fyrir um hvernig heilsufar hans þróist í framtíðinni. Ef ekki eru settar þær takmarkanir sem hér er gert ráð fyrir kann sú hætta að vera fyrir hendi að hópur einstaklinga, sem ekki hafa sjúkdómseinkenni svo vitað sé eða sem þeim er kunnugt um, en hafa arfgenga þætti sem valda því að líklegt er, eða jafnvel víst, að þeir fái tiltekna sjúkdóma í framtíðinni, fái ekki vátryggingarvernd.

Slíkar takmarkanir á heimildum félaga til upplýsingaöflunar hafa verið settar í ýmsum löndum Vestur-Evrópu, en þær eru mismunandi bæði að því leyti hvernig þær hafa verið ákveðnar og einnig að efni til. Í Bretlandi og í Svíþjóð byggjast þær ekki á skráðum lagaákvæðum heldur á samþykktum samtaka vátryggjenda í Bretlandi en á samningi samtaka vátryggjenda við stjórnvöld í Svíþjóð. Algert bann er við því í Svíþjóð að vátryggðum verði gert skylt að undirgangast erfðafræðilega rannsókn. Í Noregi er samkvæmt gr. 6–7 í lögum nr. 56/1994, um læknisfræðileg afnot af líftækni, almennt bann við því að einstaklingar eða lögaðilar hagnýti sér erfðafræðilegar upplýsingar. Þetta bann gildir, samkvæmt skýringum í lögskýringargögnum, einnig við töku vátrygginga. Í Noregi er ekki bannað að spyrjast fyrir um heilsufarssögu fjölskyldumeðlima, en eins og kunnugt er má af henni draga ályktanir um arfgenga sjúkdóma. Í Danmörku var lögum um vátryggingarsamninga breytt á árinu 1997, þ.e. með lögum nr. 413/1997, og bætt við gr. 3a, sem felur í sér ákveðnar takmarkanir á því að félögin geti aflað upplýsinga um erfðafræðileg atriði.

Við mat á því hvernig draga beri þau mörk sem takmarka heimildir vátryggingafélaga til upplýsingaöflunar um erfðafræðileg atriði varð niðurstaðan sú að byggja á gr. 3a í dönsku lögunum um vátryggingarsamninga sem bætt var inn í lögin árið 1997. Ástæðan er ekki síst að sú lagagrein er beinlínis samin til þess að vera hluti af löggjöf um vátryggingarsamninga, andstætt því sem er í Noregi þar sem beitt er almennu lagaákvæði um bann við hagnýtingu erfðafræðilegra upplýsinga. Lagaákvæðið er einnig sett fyrir örfáum árum og hefur því við samningu þess verið tekið mið af nýjum viðhorfum á þessu sviði. Ákvæðið er að efni til einfalt, en þó hefur orðalag þess verið gagnrýnt fyrir að geta leitt til túlkunarvafa. Hefur verið leitast við að ráða bót á því í útfærslu frumvarps þessa. Segja má að efni 2. mgr. byggist á tveimur meginsjónarmiðum. Annars vegar að bannað sé að afla eða hagnýta sér með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar eða óska eftir rannsóknum sem leitt geta slíkar upplýsingar í ljós, til þess að finna út hvort vátryggður sé líklegur til þess að fá eða þróa með sér sjúkdóma í framtíðinni. Hins vegar að því séu ekki sett sérstök takmörk hvaða upplýsinga má afla um fyrra heilsufar hans eða heilsufar hans þegar hann óskar eftir persónutryggingu.

Í fyrra efnisatriðinu felst að bannað er að afla eða hagnýta sér með einhverjum hætti upplýsingar um arfgenga þætti skyldmenna þess sem óskar vátryggingar til þess að leggja mat á hvort hann sé líklegur til þess að þróa með sér eða fá sjúkdóma í framtíðinni. Slík túlkun er mikilvæg, enda er hægt að fara nærri um að draga ályktanir um heilsufar þess sem óskar vátryggingar með því að rannsaka arfgenga þætti skyldmenna hans nægilega vel. Af síðara efnisatriðinu leiðir á hinn bóginn að afla má upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta tilefni til þess að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar vátryggingar.

Ljóst er að munur á þessu tvennu er ekki glöggur. Við rannsókn á núverandi heilsufari og heilsufarsupplýsingum um náin skyldmenni, t.d. kynforeldri, er ekki ólíklegt að í ljós komi að sá sem óskar vátryggingar hafi slíka arfgerð að verulegar líkur séu til þess að hann muni þróa með sér banvænan sjúkdóm í náinni framtíð, þótt hann hafi engin einkenni hans þegar hann óskar eftir vátryggingu. Við slíkar aðstæður mætti félagið ekki neita vátryggingu.

Eini kosturinn til þess að knýja fram hvaða ástæður eru fyrir hugsanlegri synjun félagsins er að gefa þeim sem vátryggingar óskar kost á því að krefjast rökstuðnings fyrir synjuninni. Það er gert með þeirri reglu sem tillaga er gerð um í 3. mgr. Ef maður unir ekki rökstuðningi félagsins eða telur hann ekki réttan getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar og/eða dómstóla.

Regla þessi gerir í raun ráð fyrir að vátryggingafélögum sem bjóða persónutryggingar sé að öðru jöfnu skylt að veita vátryggingar nema málefnalegar ástæður mæli því í mót. Kveðið er á um það að vátryggingafélagi sem synjar um persónutryggingu sé skylt, verði eftir því leitað, að rökstyðja synjunina. Fullnægi sá sem óskar vátryggingar almennum skilyrðum félagsins og reglna frumvarpsins um heilsufarsástand á hann að öðru jöfnu rétt á því að fá að njóta vátryggingarverndar sem hann óskar eftir. Hér er höfð hliðsjón af sömu reglu og gildir í íslenskum stjórnsýslurétti, sbr. V. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. að skylda félögin ekki fyrir fram til að rökstyðja synjun, heldur einungis ef fram kemur krafa um það. Er þá eðlilegt að gengið sé út frá því að félögin veki athygli á rétti til rökstuðnings þegar beiðni er synjað. Ekki eru undantekningar frá skyldunni til rökstuðnings. Ekki er getið hvers efnis rökstuðningur á að vera en gengið er út frá sömu sjónarmiðum og lýst er í 22. gr. stjórnsýslulaga. Það er þýðingarmikið fyrir þann sem óskar eftir vátryggingu að eiga kost á rökstuðningi, því þá getur hann metið hvort rétt sé fyrir hann að leita eftir úrlausn úrskurðarnefndar eða eftir atvikum dómstóla um réttmæti synjunarinnar.

Um 83. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um áhrif þess á ábyrgð félagsins þegar upplýsingaskylda vátryggingartaka/vátryggðs er vanrækt. Sambærilegt ákvæði um skaðatryggingar er í 20. gr.

Reglur greinarinnar eru tvíþættar, þ.e. annars vegar tilvik þar sem vátryggingartaki eða vátryggður hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi og hins vegar tilvik þar sem upplýsingaskyldan er vanrækt með öðrum hætti.

Ákvæði 1. mgr. um réttaráhrif þess að upplýsingaskylda er sviksamlega vanrækt er sama efnis og 1. mgr. 20. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þá málsgrein. Rétt er þó að taka fram að skylda félagsins fellur alveg niður í persónutryggingum, en ekki aðeins gagnvart vátryggðum eins og orðalag 1. mgr. 20. gr. kveður á um. Er þetta vegna þess að skaðatryggingar og persónutryggingar eru eðlisólíkar svo sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með þessum kafla.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 20. gr., að frátöldum óhjákvæmilegum blæbrigðum, en efnislega er um sömu reglur að ræða sem ekki þarf að skýra hér.

Um 84. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir félagsins til þess að segja upp vátryggingarsamningi og til þess að krefjast breytinga á honum þegar upplýsingaskylda er vanrækt.

Samkvæmt 1. mgr. er það skilyrði þess að félagið geti brugðist við með uppsögn að vanræksla vátryggingartaka eða vátryggðs sé ekki óveruleg. Af þessu leiðir að vægari afbrigði almenns gáleysis mundu ekki koma honum í koll. Ef vanræksla hans telst ekki óveruleg getur félagið sagt upp vátryggingunni á vátryggingartímanum með 14 daga fyrirvara. Vísað er til 3. mgr. 76. gr. en þar er félaginu gert að grípa til aðgerða án ástæðulauss dráttar og skylt að hafa uppsögn í tilteknu formi og tiltekins efnis, sbr. og 3. mgr. þessarar greinar. Skv. 3. málsl. hennar getur félagið slitið vátryggingarsamningnum (rift) og einnig öðrum samningum fyrirvaralaust ef vátryggingartaki hefur sýnt af sér sviksamlega háttsemi. Er þetta sama regla og í niðurlagi 21. gr. frumvarpsins og þarfnast ekki frekari skýringa hér.

Í 2. mgr. eru reglur sem ætlað er að vernda vátryggingartaka/vátryggðan í þeim tilvikum þegar félagið getur brugðist við vanrækslu hans á upplýsingaskyldu. Hann á þess kost að viðhalda vátryggingunni en með öðrum kjörum, en þennan rétt á hann þó ekki ef svikum hefur verið beitt. Félaginu ber að tilkynna þeim um þennan rétt skv. 3. mgr. Þetta er svipuð regla og er í 2. mgr. 6. gr. VSL sem þó mælir fyrst og fremst fyrir um réttarstöðu vátryggingartaka/vátryggðs eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Ákvæði 2. málsl. miðast við að vátryggingartaki/vátryggður hafi tilkynnt félaginu að hann krefjist þess að vátryggingunni verði viðhaldið á breyttum kjörum. Ekki er settur ákveðinn frestur um það hvenær aðilum ber að ljúka nýrri samningsgerð. Það getur dregist af ýmsum ástæðum, ekki aðeins vegna öflunar nýrra upplýsinga. Til þess að mál séu ekki í uppnámi um ófyrirséðan tíma er kveðið á um það að upphafleg vátrygging með þeim takmörkunum sem leiðir af 2. og 3. mgr. 83. gr. gildi í þrjá mánuði frá uppsögn. Ef þá hefur ekki verið lokið við að semja um nýja skilmála nýtur vátryggingartaki ekki verndar lengur. Hann verður þá að gera aðrar ráðstafanir eða bera hugsanlegan ágreining undir úrskurðarnefnd.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldur félagsins til að tilkynna vátryggingartaka/vátryggðum um rétt hans skv. 2. mgr. og um rétt þess til að afla nýrra upplýsinga sem því er þörf á. Þess skal getið að þótt verið sé að afla nýrra upplýsinga þýðir það ekki að um nýja vátryggingu sé að ræða heldur framhald hinnar fyrri með breyttum skilmálum. Vátryggingartaki/vátryggður hefur við ýmsar aðstæður hagsmuni af því að litið sé á réttarsambandið sem eina vátryggingu. Hún er líka í gildi, eftir atvikum með takmörkunum, á meðan upplýsinganna er aflað.

Um 85. gr.

Í þessari grein eru reglur um þær takmarkanir sem eru á heimildum félagsins til þess að bera fyrir sig upplýsingaskort. Koma þær til fyllingar reglum 84. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 22. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Í 2. mgr. er sérregla um líftryggingar sem kveður á um að félagið geti aðeins borið fyrir sig vanrækslu á upplýsingaskyldu innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Ástæður þessarar sérreglu um líftryggingar eru þær að þeim er venjulega ætlað að gilda um langan tíma og eðlilegt að ekki sé við þeim hróflað svo löngu eftir að þær eru komnar á. Mestu varðar þó að það mundi veikja viðskiptagildi réttinda samkvæmt líftryggingarsamningi ef kröfuhafar, t.d. veðhafar eða þeir sem fengið hefðu slík réttindi framseld, gætu átt á hættu að vátryggingarsamningi yrði slitið löngu eftir að hann komst á, vegna ástæðna sem voru fyrir hendi við gerð hans. Áréttað skal að þessi regla á þó ekki við ef vanræksla á upplýsingaskyldu var sviksamleg á sínum tíma.

Um 86. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að takmarka ábyrgð sína vegna heilsufarsástæðna vátryggðs sem voru fyrir hendi þegar vátryggingarsamningur var gerður.

Í 1. mgr. er félaginu í tveimur tilgreindum tilvikum, sem lýst er í a- og b-lið, heimilað að gera fyrirvara um ábyrgð sína, ef sjúkdómurinn eða meinið var fyrir hendi þegar samningur var gerður. Í a-lið er ákvæði sem heimilar félaginu að gera slíkan fyrirvara, ef hann byggist á upplýsingum, sem það hefur fengið með lögmætum hætti um hinn vátryggða. Í b-lið er ákvæði sem heimilar félaginu að gera slíkan fyrirvara ef það, af öðrum ástæðum en greinir í 3. mgr. 82. gr., er útilokað frá að afla upplýsinga frá vátryggðum. Ýmis atvik kunna að valda því að félaginu er útilokað að afla upplýsinga um heilsufar hins vátryggða. Frumvarpið,

eins og VSL, gerir ráð fyrir því að hægt sé að vátryggja líf og heilsu þriðja manns. Ekki er víst að hann fallist á að veita upplýsingar um heilsufar sitt, eða a.m.k. ekki allar upplýsingar sem félagið telur þörf á að afla. Ef félagið gæti ekki gert slíkan fyrirvara mundi það bera áhættuna af því að sjúkdómur eða mein leiddi til þess að vátryggingaratburður yrði. Slík regla leiddi til þess að félögin höfnuðu að veita slíkar vátryggingar. Gerð er undantekning frá þessari reglu um sjúkdóma eða mein sem hinn vátryggði vissi ekki um þegar ábyrgð félagsins hófst. Þessi regla er í samræmi við ýmsar aðrar reglur í frumvarpinu sem eru reistar á því að félagið beri áhættu af sjúkdómi eða meini sem vátryggður gekk með er vátryggingarsamningur var gerður, en honum var ekki kunnugt um.

Í 2. mgr. er heimild fyrir félagið til þess að gera í skilmálum sínum um sjúkratryggingar fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómum sem koma fram eftir tiltekið tímamark. Sömu heimild hefur félagið í skilmálum líftrygginga þar sem einnig er örorkutrygging. Vátryggingafélögum er nauðsynlegt að hafa þennan möguleika til að sporna gegn hugsanlegri misnotkun í þessum tveimur flokkum vátrygginga. Þess ber þó að geta hér að ákvæði þetta raskar ekki því banni sem félagið er bundið af skv. 2. mgr. 82. gr., um að hagnýta sér ekki með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar til ályktana um þróun heilsufars. Ákvörðun félagsins, sem þessi málsgrein heimilar því að taka, getur því ekki byggst á erfðafræðilegum upplýsingum og ályktunum dregnum af þeim um líkur til þess að vátryggður þrói með sér eða fái sjúkdóm sem hann hefur ekki einkenni um þegar vátrygging er samþykkt.

Í 3. mgr. eru ákvæði sem takmarka gildi þeirra fyrirvara sem hér um ræðir af hálfu félagsins í tímabundnum vátryggingum, eins og slysa- og sjúkratryggingar eru almennt. Þegar slíkar vátryggingar eru endurnýjaðar eiga slíkir fyrirvarar því aðeins við að sjúkdómurinn eða meinið hafi verið fyrir hendi þegar samningurinn var gerður upphaflega. Félagið getur þannig ekki endurtekið fyrirvarann við endurnýjun vátryggingarinnar.

Um 87. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um rétt félagsins til þess að takmarka eða undanþiggja sig með öllu ábyrgð þegar vátryggður setur sig í tilgreinda hættu. Greinin kemur að miklu leyti í stað 99. gr. og 121. gr. VSL en felur í sér tillögu að verulega breyttri réttarstöðu. Með greininni yrði ákvæðum um hlutlægar ábyrgðartakmarkanir í persónutryggingum sett ákveðin mörk. Greinin hefur fyrst og fremst þýðingu í slysatryggingum. Eins og greinir í almennum athugasemdum með þessum kafla er oft í skilmálum slysatrygginga ákvæði um að félagið sé laust úr ábyrgð ef vátryggður tekur þátt í tilteknum athöfnum, svo sem glímu, fjallaklifri eða svifdrekaflugi. Ekki er gerð tillaga um að vátryggingafélögum verði bannað að undanþiggja sig ábyrgð ef vátryggingaratburður verður við slíkar ástæður en þó er það gert að skilyrði að orsakasamband sé milli háttseminnar (athafnanna eða athafnaleysisins ef því er að skipta) og þess að vátryggingaratburður verður. Undanþága frá ábyrgð, sem eingöngu væri reist á hlutlægum takmörkunum, yrði því ekki lengur gild, ef frumvarpið verður að lögum. Það mundi væntanlega ráðast af orðalagi skilmálanna hvort vátryggður eða félagið hefði sönnunarbyrði fyrir því að um orsakasamband væri að ræða.

Vakin skal athygli á því að greinin tekur til tilvika þar sem félag gerir fyrirvara um ábyrgð sína vegna tiltekinnar starfsemi eða athafna vátryggðs eða að hann setji sig í tilgreinda hættu. Ábyrgðartakmarkanir sem væru reistar á almennum lýsingum, t.d. að vátryggður setji sig ekki í bráða hættu eða því um líkt féllu ekki hér undir. Gildi slíkra fyrirvara kæmi til athugunar eftir reglum 89. og 90. gr.

Um 88. gr.

Í þessari grein eru reglur sem einnig varða efni sem að hluta er skipað í 99. og 121. gr. VSL. Þær lúta að áhrifum þess að aðstæður vátryggðs breytast en fyrst og fremst er átt við breytingar á atvinnu hans.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um heimild félagsins til þess að leggja þá kvöð á vátryggðan að hann tilkynni breytingar á aðstæðum sínum, svo sem starfi sínu. Þessa heimild hefur félagið eingöngu þegar það hefur áskilið að iðgjaldið eigi að vera háð aðstæðum vátryggðs. Skýra verður orðið „aðstæður“ rúmt, enda getur það tekið til búsetu, notkunar á áfengi eða fíkniefnum o.fl. Í 2. málsl. eru svo reglur um hverju það varði vátryggðan ef hann sinnir ekki tilkynningarskyldu skv. 1. málsl. Ef vátryggingaratburður verður getur félagið krafist þess að ábyrgð þess lækki hlutfallslega. Samkvæmt þessu á að leggja hlutfallslegt mat á ábyrgð félagsins, þannig að ábyrgð þess verði aðlöguð að því iðgjaldi sem það hefur fengið greitt miðað við hinar nýju aðstæður. Af þessu leiðir að ef iðgjald hefði tvöfaldast vegna hinna nýju áhættu, þá ætti ábyrgð félagsins að verða helminguð. Ef áhættan hefur aukist svo mjög að félagið hefði alls ekki veitt vátrygginguna ætti ábyrgð þess að falla niður með öllu. Í 3. málsl. eru leiðbeiningarreglur um hvernig framkvæma á mat á ábyrgðinni skv. 2. málsl. og í 4. málsl. er lögð sú skylda á félagið að því beri að minna vátryggingartaka á það í innheimtutilkynningum vegna iðgjalds hvaða kvöð hvíli á honum að þessu leyti.

Um 89. gr.

Í þessari grein eru reglur um þau tilvik er vátryggður veldur vátryggingaratburði af ásetningi. Þessi grein og 90. gr. koma í stað þeirra almennu reglna sem nú eru í 18.–20. gr. VSL um sama efni. Að auki tekur svo þessi grein til tilvika sem nú eru reglur um í 100. gr. VSL, þ.e. um sjálfsvíg. Þegar sá sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt vátryggingu veldur vátryggingaratburði gilda reglur í 108. gr.

Í almennum athugasemdum með þessum kafla er vikið nokkuð að þeim reglum sem þessi grein og 90. gr. hafa að geyma. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er meginregla um persónutryggingar þegar vátryggður veldur vátryggingaratburði af ásetningi. Hún er sú að þá beri félagið ekki ábyrgð. Sérreglur gilda svo um líftryggingar skv. 2. mgr., þannig að þessi meginregla hefur fyrst og fremst þýðingu í slysa- og sjúkratryggingum. Meginregla 1. málsl. er hin sama og gildir skv. 18. gr. VSL. Reglan er eðlileg, nema í líftryggingum, þar sem vátryggingin gengur beinlínis út á að veita lífi vátryggðs vernd. Í slysatryggingum felst verndin í því að vátryggður fær bætur ef vátryggingaratburður verður vegna „skyndilegs utanaðkomandi atviks, sem gerist án vilja hans“, en þannig er verndin yfirleitt skilgreind í skilmálum slysatrygginga. Í sjúkdómatryggingum felst verndin í því að vátrygging tekur til óvinnufærni af völdum sjúkdóms sem kemur til með öðrum hætti en fyrir slys. Í 2. málsl. er kveðið á um að félagið beri samt sem áður ábyrgð ef vátryggður vegna aldurs eða andlegs ástands gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Ákvæðið er orðað á annan veg en í 1. mgr. 19. gr. VSL og veitir svigrúm til þess að meta hvenær aldur eða andlegt ástand vátryggðs á að leiða til ábyrgðar fyrir félagið. Ekki er því um tiltekið aldursmark að ræða, heldur beitt svipuðum sjónarmiðum og gilda í skaðabótarétti um mat á skaðabótaskyldu barna og ungmenna. Ef vátryggingaratburði er valdið af vátryggðum í ölvunarástandi getur vátryggður ekki borið þetta ákvæði fyrir sig, enda gilda ákvæði 90. gr. um þau tilvik. Í 3. málsl. er félaginu heimilað, svo sem algengt er í skilmálum sem notaðir eru, að gera fyrirvara í skilmálum slysatrygginga um að það beri ekki ábyrgð á sjálfsvígi, eða tilraun til þess, sem rakin er til geðveiki. Þessa heimild ber að skýra þrengjandi ef kostur er fleiri en eins skýringarmöguleika. Hún er undantekningarregla og heimilar aðeins

slíkan fyrirvara þegar í hlut á „geðveiki“, þ.e. geðsjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi, en ekki skyndilegt ójafnvægi eða andlegt áfall sem leiðir til sjálfsvígs eða sjálfsvígstilraunar. Þá gildir heimildin einvörðungu í slysatryggingum. Heimildin er einnig takmörkuð við sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraun. Þegar vátryggður vinnur sér mein í öðrum tilgangi, eða af því að hann skynjar ekki afleiðingar gerða sinna, gildir þessi undantekningarregla ekki.

Í 2. mgr. er ákvæði um sjálfsvíg sem ætlað er að koma í stað ákvæðis 100. gr. VSL. Nokkuð er fjallað um tillögur frumvarpsins í almennum athugasemdum. Tillagan er að tveggja ára fresturinn í 100. gr. VSL verði styttur í eitt ár en samt viðhaldið þeim möguleika að unnt sé að sanna að líftrygging hafi verið tekin af öðrum hvötum en þeim að tryggja fjárhag tilgreindra eftirlifenda við andlát. Lagt er til að einungis verði miðað við þær hvatir sem lágu að baki töku vátryggingarinnar á því tímamarki sem hún var tekin. Þetta er nokkuð einfölduð regla frá því sem er í téðri grein VSL, því þar er bæði miðað við hvatir er vátrygging var tekin og einnig að sjálfsvíg hefði farið fram, án tillits til þess hvort vátryggingin hefði verið við lýði. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er regla sem ætlað er að árétta að miða á við upphaflega töku líftryggingar (með dánaráhættu), sem framlengd hefur verið, þegar ársfresturinn er notaður. Falli vátrygging á hinn bóginn niður og verði síðar tekin ný mundi fresturinn reiknast frá því að sú nýrri var tekin.

Vakin skal athygli á því orðalagi 2. mgr. að hún tekur bæði til sjálfsvígs og tilraunar til þess. Nú leiðir tilraun til sjálfsvígs sem ekki endar með andláti ekki til þess að vátryggingaratburður verði samkvæmt líftryggingu. Reglan um að einnig beri að telja með tilraun til sjálfsvígs hefur þó mikla þýðingu. Í líftryggingunni getur verið örorkutrygging sem gæti átt við um þá örorku sem vátryggður kann að búa við vegna sjálfsvígstilraunar. Auk þess kann örorka hans að leiða til þess að hann leysist undan iðgjaldagreiðslum líftryggingar, a.m.k. að hluta. Ákvæðið á einungis við þegar um sjálfsvíg eða tilraun til þess er að ræða, en ekki um tilvik þar sem vátryggður vinnur sér mein í öðrum tilgangi en þeim að stytta sér aldur.

Um 90. gr.

Í þessari grein eru reglur um réttarstöðu vátryggðs í slysa- og sjúkratryggingum þegar hann veldur því af gáleysi að vátryggingaratburður verður. Með þessari grein frumvarpsins yrði komið í veg fyrir það að vátryggingafélög gætu fyrirvaralaust undanþegið sig ábyrgð þegar vátryggingaratburði er valdið af stórkostlegu gáleysi. Að þessu er vikið nokkuð í almennum athugasemdum að framan.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið svo á um að þótt vátryggingaratburði sé valdið af stórkostlegu gáleysi falli ábyrgð félagsins ekki fyrirvaralaust niður, heldur sé heimilt að lækka hana, eða eftir atvikum fella hana niður. Hið sama á við ef stórkostlegt gáleysi vátryggðs veldur því að afleiðingar vátryggingaratburðar verða meiri en ella hefðu orðið. Í 3. málsl. eru svo ákvæði um hvaða atriði það eru sem ráða eiga því hvort og í hve miklum mæli eigi að lækka ábyrgð félagsins. Nefnd er sök, atvik að vátryggingaratburði, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hefur sjálfviljugur neytt, en til þessara atriða er einnig vísað í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. sem gildir um þetta í skaðatryggingum. Er ekki þörf á að skýra þessi atriði frekar hér.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að beita eigi framangreindum reglum líka um þau tilvik er vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð, eða afleiðingar hans meiri en ella, með því að hlíta ekki varúðarreglum.

Í 2. mgr. er því slegið föstu að það hafi ekki þau réttaráhrif að ábyrgð félagsins verði takmörkuð þótt vátryggingaratburði sé valdið með almennu gáleysi.

Loks segir í 3. mgr. að 1. mgr. verði ekki beitt til lækkunar eða niðurfellingar á ábyrgð félagsins ef hinn vátryggði gat vegna aldurs eða andlegs ástands síns ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Um þetta vísast til skýringa við 2. málsl. 1. mgr. 89. gr.

Um 91. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. frumvarpsins og má vísa um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 92. gr.

Greinin er að efni til sambærileg 3. og 4. mgr. 28. gr. frumvarpsins og má um skýringar líta til athugasemda við þær.

Um 93. gr.

Í þessari grein eru reglur um ráðstafanir til þess að takmarka tjón. Mælt er fyrir um heimildir félagsins til þess að skylda vátryggðan til þess að takmarka tjón og mörk þeirra heimilda. Ákvæði 2. mgr. er ítrekun á þeirri reglu sem kemur fram í 1. málsl. 1. mgr. 90. gr. Er ekki þörf á að skýra efni greinarinnar sérstaklega.

Um 94. gr.

Efni greinarinnar er sambærilegt efni 31. gr. frumvarpsins og má vísa til skýringa í athugasemdum við þá grein. Áréttað skal að orðalagið miðast einungis við að félagið tilkynni að það hyggist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, en því er ekki skylt að tilgreina nákvæmlega í fyrstu tilkynningu hve mikil lækkunin verður, enda getur það ráðist af mati á upplýsingum sem fást með síðari gagnaöflun.

Í 3. mgr. er tekið fram að skylt sé að tilkynna líftryggingarskrá ef félagið ætlar að bera fyrir sig þann rétt til takmörkunar á ábyrgð sem það telur sig eiga. Slík tilkynning er nauðsynleg því í líftryggingarskrá eiga að vera skráðar m.a. allar takmarkanir á réttindum samkvæmt líftryggingum.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um iðgjaldið og innheimtu þess. Reglur um þetta efni í skaðatryggingum eru í V. kafla. Eins og gerð er grein fyrir í almennum inngangi að þeim kafla eru reglur VSL um iðgjaldið og innheimtu þess flóknar og í raun ekki eftir þeim farið í framkvæmdinni. Þar er þess einnig getið að mikilvægt sé að reglur um þessi efni í skaðatryggingum og persónutryggingum séu eins þannig að auðveldara verði fyrir neytendur að átta sig á efni þeirra. Viðurkenna verður þó að um iðgjaldið og innheimtu þess í líftryggingum þurfa að gilda sérstakar reglur að vissu marki. Reglur XIV. kafla eru því að verulegu leyti sama efnis og reglur 5. kafla en þó eru sérákvæði um líftryggingar. Lúta þau sérákvæði í fyrsta lagi að því hvernig háttað sé rétti vátryggðs til að endurvekja líftryggingu, sem fallin er niður vegna vangreiðslu á iðgjaldi, án nýrra heilsufarsupplýsinga og í öðru lagi að sérstakri tilkynningarskyldu félagsins við innheimtu iðgjaldsins. Hafi vátryggingartaki veðsett réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi er ljóst að veðhafinn hefur mikla hagsmuni af því að fá tilkynningu um vanskil á iðgjaldi. Veðhafinn getur þá greitt iðgjaldið sjálfur til þess að verja réttindi sín. Hið sama má segja um þann sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt líftryggingu, svo og maka vátryggðs. Er reglum skipað svo að þessir aðilar, beri þeir sig eftir því, geti átt kost á að fá viðvörun ef vanskil verða á iðgjaldi.

Um 95. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fyrstu innheimtutilkynningu iðgjalds. Greinin er samhljóða 32. gr. um sama efni í skaðatryggingum og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 96. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um síðari tilkynningu félagsins um innheimtu iðgjalds og kosti þess til að losna undan vátryggingarsamningi vegna vangreiðslu á iðgjaldi. Greinin er samhljóða 33. gr. frumvarpsins um sama efni í skaðatryggingum, en þó er sérstaklega tekið fram að 3. mgr. gildi aðeins um slysa- og sjúkratryggingar. Um það efni gilda sérreglur í líftryggingum. Vísa má um skýringar til athugasemda við 33. gr. frumvarpsins.

Um 97. gr.

Í greininni, sem ekki á sér hliðstæðu í skaðatryggingahlutanum, eru ákvæði um rétt vátryggingartaka til þess að endurvekja líftryggingu, sem fallið hefur úr gildi vegna vangreiðslu á iðgjaldi, án þess að hann þurfi að veita nýjar heilsufarsupplýsingar.

Í 1. málsl. koma fram tvö skilyrði fyrir því að hægt sé að endurvekja líftryggingu, án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar, samkvæmt greininni. Fyrra skilyrðið er að iðgjald hafi áður verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta. Það kemur því ekki til beitingar þessa úrræðis vegna vangreiðslu á fyrsta iðgjaldi. Síðara skilyrðið er að hið vangoldna iðgjald (og eftir atvikum endurkaupsverð vátryggingarinnar og dráttarvextir, hafi félagið uppi kröfu um þá) sé greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. 96. gr. rann út. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt verður líftrygging ekki endurvakin samkvæmt þessari grein.

Upp kunna að rísa álitaefni ef vátryggður eða aðrir, sbr. úrræði 98. gr., greiða einungis hluta af skuld sinni við félagið, greiða t.d. hluta iðgjaldsins, eða einungis iðgjaldið en ekki dráttarvexti þótt þeirra hafi verið krafist, eða ekki endurkaupsverðið, án þess að krefjast þess að líftryggingin verði aðeins áhættutrygging. Ekki eru gerðar tillögur að reglum til að mæta slíkri aðstöðu, enda geta verið á henni mörg blæbrigði. Verður að leysa úr þessu eftir almennum reglum kröfuréttar, en þær miða við að greiðslutilboð eða tilraun til greiðslu, sem aðeins felur í sér hlutagreiðslu, sé ekki löglegt greiðslutilboð eða fullnægjandi greiðsla. Hlutagreiðsla mundi því ekki endurvekja líftryggingu nema því aðeins að félagið samþykkti það. Er ekki ráðlegt fyrir vátryggingartaka, vátryggðan, veðhafa eða aðra að taka áhættu í þessu efni.

Í 2. málsl. er mælt fyrir um að greiða verði til baka endurkaupsverð líftryggingar, hafi það verið greitt út. Tilvísun til 1. mgr. 80. gr. felur þó í sér að vátryggingartaki getur krafist þess að líftryggingin haldi áfram sem hrein áhættutrygging. Komi hann þeirri kröfu á framfæri getur hann endurvakið líftrygginguna sem áhættutryggingu með því að greiða iðgjaldið og eftir atvikum dráttarvexti en án þess að greiða endurkaupsverðið til baka.

Í 3. málsl. er áréttað að félagið eigi rétt til dráttarvaxta en þann rétt ætti félagið þótt slíkt væri ekki tekið fram. Það er aðeins gert til að taka af tvímæli um rétt félagsins og samsvarandi skyldu vátryggingartaka.

Í 4. málsl. er mælt fyrir um að ef ábyrgð félagsins er endurvakin með réttri greiðslu hefjist ábyrgð þess daginn eftir að greiðslan er innt af hendi. Óhjákvæmilegt er að fresta því til næsta dags að ábyrgðin hefjist. Önnur regla gæti leitt til þess að félagið yrði ábyrgt fyrir vátryggingaratburði sem orðið hefur áður en greiðslan fór fram. Réttaráhrif greiðslunnar eru þau að vátrygging er endurvakin. Þótt hún hafi þannig ekki verið í gildi í allt að þrjá mánuði raknar hún við að nýju og vátryggingartaki nýtur sama réttar eftir það og vátrygging hefði

aldrei fallið úr gildi. Af sjálfu leiðir að félagið á því rétt til iðgjalds allan tímann, enda hefur það allan tímann búið við þann möguleika að vátryggingartaki mundi endurvekja líftrygginguna með sömu heilsufarsupplýsingum, þannig að það ber því áhættu af versnandi heilsu hans á þeim tíma sem líftryggingin var ekki í gildi. Verður slík skipan mála að teljast eðlileg, enda hafi vátryggingartaki verið grandlaus um versnandi heilsufar sitt.

Um 98. gr.

Í þessari grein eru reglur sem ætlað er að tryggja hagsmuni veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu og eftir atvikum annarra sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta, en þeir verða þá að tilkynna félaginu um að þeir vilji fá tilkynninguna.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um óskoraða skyldu félagsins til þess að senda veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu tilkynningu skv. 1. mgr. 96. gr., þ.e. síðari tilkynningu félagsins. Vátryggingafélagi er alltaf kunnugt um veðhafa í réttindum samkvæmt líftryggingu, enda ber að skrá slíka takmörkun í líftryggingarskrá skv. XVII. kafla. Einnig getur félaginu verið skylt að senda vátryggðum, maka vátryggingartaka og þeim sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi samkvæmt líftryggingu slíka tilkynningu, en því aðeins að þeir hafi gert kröfu til félagsins um að fá slíka tilkynningu senda. Um er að ræða tilkynningu skv. 1. mgr. 96. gr.

Það er mikið í húfi fyrir félagið að það sinni tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein. Verði það látið undir höfuð leggjast getur félagið, gagnvart þeim sem rétt eiga á tilkynningu, ekki borið fyrir sig vanefnd á greiðslu iðgjaldsins. Réttur þeirra verður með öðrum orðum óskertur.

Um 99. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um XV. kafla.

Almennt.

Í þessum kafla eru reglur um ráðstafanir tengdar vátryggingum, þ.e. persónutryggingum, eins og tilnefningu rétthafa, veðsetningu réttinda samkvæmt vátryggingu og framsal slíkra réttinda. Auk þess eru í kaflanum reglur um hver eigi rétt til greiðslna samkvæmt vátryggingunni þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni með neinum hætti. Reglum kaflans er ætlað að koma í stað 102.–112. gr. VSL, svo og 118. og 122. gr. þeirra laga. Þær reglur sem gerð er tillaga um í þessum kafla víkja verulega frá framangreindum ákvæðum VSL.

Stutt yfirlit um efni gildandi reglna.

Reglur um það hver eigi rétt til greiðslna úr hendi vátryggingafélags og um ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingunni eru í III. og IV. kafla VSL. Ýmsar reglur þessara kafla koma ekki til athugunar hér, heldur þegar fjallað verður um efni annarra kafla frumvarpsins.

Almennt gilda sömu reglur að þessu leyti um höfuðstólstryggingar og lífeyristryggingar, sbr. 118. gr. VSL, en í þeirri grein eru þó einnig sérreglur um síðarnefndu vátryggingarnar. Skv. 102. gr. VSL getur vátryggingartaki hvenær sem er við eða eftir töku vátryggingar tilnefnt annan mann í sinn stað sem rétthafa. Hann getur almennt afturkallað þessa ákvörðun nema hann hafi afsalað sér rétti til afturköllunar. Ráðstafanir þessar eru formbundnar skv. 103. gr. VSL. Þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi rennur vátryggingarfjárhæðin til dánarbús hans. Í því felst að hún mun skiptast milli erfingja hans eftir reglum erfðaréttar. Hafi hann tilnefnt annan mann, sem ekki er

skylduerfingi hans, rétthafa í sinn stað, og sú ráðstöfun er ekki óafturkræf, gengur réttur eftirlifandi maka, lífserfingja, arfgengra kjörbarna eða lífserfingja þeirra framar rétti þess er tilnefndur hefur verið. Hafi tilnefning verið óafturkallanleg stendur hún. Um þetta eru reglur í 104. gr. VSL. Orðið lífserfingi er notað í 104. gr. VSL, sem og 105. gr. VSL, en það er ekki skýrt í athugasemdum með greininni í frumvarpi því sem síðar varð að VSL. Orðið lífserfingi er ekki þekkt í íslenskum erfðarétti, t.d. hvorki notað í erfðalögum, nr. 8/1962, né heldur skilgreint í íslenskum fræðiritum um erfðarétt. Það er á hinn bóginn notað bæði í dönskum og norskum erfðarétti um „en arvelaters etterkommere i rett nedstigende linje", þ.e. niðja arfláta í beinan legg. Í 105.–107. gr. VSL og 110. gr. sömu laga eru ákvæði sem fela í sér túlkunarreglur er rétthafi er tilnefndur. Er óþarfi að gera grein fyrir efni þeirra hér. Í 108. gr. VSL er mælt fyrir um að tilnefning rétthafa leiði hvorki til skerðinga á rétti vátryggingartaka til þess að krefjast endurkaupsverðs vátryggingarinnar né til að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim réttindum sem vátryggingarsamningur veitir honum. Það á þó ekki við ef hann hefur skuldbundið sig gagnvart rétthafa til þess að afturkalla ekki tilnefningu hans, því þá getur hann ekki ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi þannig að það fari í bága við hagsmuni rétthafans. Skv. 109. gr. VSL getur rétthafi, hvort sem réttur hans byggist á afturkallanlegri eða óafturkallanlegri tilnefningu, ekki framselt, veðsett eða ráðstafað með öðrum hætti þessum réttindum sínum fyrr en vátryggingaratburð hefur borið að höndum.

Um ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt samningi um persónutryggingu aðrar en tilnefningu er það að segja að heimilt er að framselja líftryggingu, sbr. 111. gr. VSL. Þar er mælt svo fyrir um að við framsal líftryggingarskírteinis öðlist framsalshafi öll réttindi gegn félaginu sem samningurinn um framsalið veiti. Í öðrum ákvæðum laganna, sbr. einkum 113. og 114. gr. VSL, eru reglur sem tryggja viðskiptabréfseiginleika líftryggingarskírteinis. Í 111. gr. VSL er kveðið svo á að við framsal falli niður réttur þess sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki afsalað sér rétti til þess að afturkalla þá ráðstöfun. Í 112. gr. VSL eru ákvæði um veðsetningu vátryggingartaka á réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi. Slík veðsetning byggir ekki út þeim rétti sem sá hefur öðlast er tilnefndur hefur verið sem rétthafi, en hann stendur þó að baki rétti veðhafans, þ.e. þegar vátryggingartaki hefur ekki afsalað sér rétti til að afturkalla tilnefninguna. Hafi hann gert það ganga heimildir rétthafa framar rétti veðhafans. Í 2. og 3. mgr. 112. gr. VSL eru svo frekari reglur um réttarstöðu veðhafans og umfang veðréttarins.

Eins og fyrr greinir taka framangreindar reglur almennt einnig til lífeyristrygginga, sbr. 1. mgr. 118. gr. VSL. Í þeirri grein er þó einnig sérregla um þessa tegund líftryggingar sem mælir fyrir um að félagið losni undan skyldu sinni ef það greiðir lífeyrisgreiðslu, sem í gjalddaga er komin, þeim sem talinn er vera lífeyrisþegi, meðan það hefur ekki fengið vitneskju um að rétturinn til vátryggingarinnar hafi verið framseldur öðrum. Þetta gildir enda þótt eigi hafi verið ritað á skírteinið að greiðsla hafi farið fram. Er með þessu átt við einstakar lífeyrisgreiðslur. Loks er mælt fyrir um að ef greiða eigi lífeyri í lífstíð annars manns en vátryggingartaka skuli litið svo á að vátryggingartaki hafi tilnefnt hann sem rétthafa í sinn stað.

Yfirlit um tillögur að nýjum reglum, einkum efnislegar breytingar.

Eitt þýðingarmesta atriði sem reglur þessa kafla taka til er hvernig skipa eigi reglum um rétt til líftryggingarfjárhæðar við andlát vátryggðs. Margir kostir eru í því efni. Eins og gerð er grein fyrir að framan er það skipan gildandi laga að það skuli fara að reglum erfðaréttar hvernig líftryggingarfjárhæð er ráðstafað, en þó er vátryggingartaka skv. 102. gr. VSL veittur réttur til þess að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingu. Þeirri ráðstöfun má þó hnekkja að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem þó eru engan veginn ströng. Tillögur þær sem gerð-

ar eru um skipan efnisreglna í kaflanum lúta að því að styrkja rétt vátryggingartaka til þess að ráðstafa réttindum yfir vátryggingunni. Þegar réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi hefur ekki verið ráðstafað er það afstaða nefndarinnar að reglur erfðaréttar eigi ekki einar að ráða því hvernig vátryggingarfjárhæð dreifist til eftirlifenda. Rökin eru fyrst og fremst þau að það sé ekki víst að það leiði til þess að fjárhæðin renni til þess eða þeirra sem mesta hafa þörf fyrir hana. Lagt er til að staða maka í þessu efni verði styrkt verulega. Við andlát vátryggðs, sem ekki hefur ráðstafað réttindum samkvæmt líftryggingu, er líklegast að á maka hans brenni að gera fjárhagsráðstafanir til þess að halda í horfinu fyrst í stað með stöðu fjölskyldunnar.

Eins og gildandi lög heimila er gert ráð fyrir því í reglum frumvarpsins að vátryggingartaki geti ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi um persónutryggingar með sams konar löggerningum. Lagt er til að heimildir þær sem nú eru í 2. mgr. 104. gr. VSL til að hnekkja ráðstöfun hans á slíkum réttindum verði þrengdar, þ.e. bundnar við þrengri hóp en nú er. Réttur kröfuhafa til þess að leita fullnustu í vátryggingarfjárhæð í persónutryggingum verður þrengdur ef frumvarpið verður að lögum. Leiðir það bæði af 100. gr. og 110. gr. Má því ætla að síður verði þörf á því að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingum í persónutryggingum en nú er, því lagt er til að slík ráðstöfun sé ekki forsenda þess að vernd fáist gegn kröfuhöfum.

Staða maka vátryggingartaka, sem ráðstafar réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi, raskast mjög við ráðstöfunina. Það réttlætir þó ekki takmörkun á ráðstöfunarrétti vátryggingartaka. Eðlilegt er þó að makinn fái tilkynningu um slíka ráðstöfun, enda kann það að kalla á sambærilegar ráðstafanir af hans hálfu yfir réttindum samkvæmt vátryggingu sem hann hefur tekið eða aðrar ráðstafanir til að tryggja framtíð sína.

Þær formkröfur sem gerðar eru til ráðstafana yfir réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi samkvæmt VSL yrðu að mestu einnig gildandi ef þetta frumvarp yrði að lögum. Til viðbótar er lagt til að heimilað verði að gera slíkar ráðstafanir með erfðaskrá, en þess er ekki kostur samkvæmt gildandi lögum.

Um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Um 100. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um réttinn til þess að fá greidda vátryggingarfjárhæðina, þ.e. um hver eigi rétt til hennar þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni. Eins og fyrr greinir miða VSL við að reglur erfðaréttar ráði skiptingu á vátryggingarfjárhæðinni milli eftirlifenda hins vátryggða. Tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir því að horfið verði frá þeim reglum og réttur eftirlifandi maka styrktur, enda hefur hann við andlát oftast mesta þörf fyrir fjármuni til þess að halda málefnum fjölskyldunnar í horfinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna andlátsins og þeirra breytinga sem því fylgja, ekki síst á tekjum fjölskyldunnar. Á hinn bóginn eru um ýmis atriði sóttar fyrirmyndir til erfðalaga, svo sem síðar verður vikið að.

Í 1. mgr. er almenn yfirlýsing sem kveður á um að þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað vátryggingunni í samræmi við reglur kaflans gildi ákvæði 2.–6. mgr. Hin tilvitnuðu ákvæði gilda því aðeins ef réttindum hefur ekki verið ráðstafað samkvæmt vátryggingarsamningi, þ.e. með tilnefningu rétthafa, framsali eða veðsetningu. Ákvæði þetta hefur í raun ekki sjálfstætt gildi, en þó þykir rétt að taka af tvímæli um skipan efnis þessarar greinar.

Í 1. málsl. 2. mgr. er meginreglan sem vikið hefur verið að framar, þ.e. að vátryggingarfjárhæð sem fellur til við andlát vátryggingartaka renni til maka hans. Skv. 1. mgr. 104. gr. VSL skal vátryggingarfjárhæðin samkvæmt gildandi reglum renna til dánarbús hans. Í því

felst að fjárhæðin kemur til skipta eins og aðrar eigur dánarbúsins. Hafa má efasemdir um réttmæti þessarar reglu. Líklegt er að vátryggingartaki sem ekki gerir sérstakar ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi kjósi helst að láta maka sinn njóta vátryggingarfjárhæðarinnar, einkum til þess að geta varðveitt stöðu fjölskyldunnar. Ef hann kýs að hafa annan hátt á stendur honum til boða sá kostur að ráðstafa fjárhæðinni. Frá þessari meginreglu er gerð undantekning í 2. málsl., en þar segir að ef fyrir andlát vátryggðs hafi verið veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng, veittur lögskilnaður eða kveðinn upp dómur um hann eða hjúskapur ógiltur eigi meginreglan í 1. málsl. ekki við. Þetta samrýmist 1. mgr. 26. gr. erfðalaga sem mælir fyrir um brottfall erfðaréttar milli hjóna „við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað [lögskilnað] og við ógildingu hjúskapar með dómi“, svo sem þar segir. Rétt er að taka af tvímæli um það að samvistarslit hjóna skipta hér engu máli. Auk þess ber að taka fram að veiting leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar nægir, svo og að dómur um ógildingu hafi verið kveðinn upp. Þá þarf einnig að geta þess, vegna tilvísunar að framan til 26. gr. erfðalaga að þótt skilyrði 2. mgr. þeirrar greinar væru fyrir hendi hefðu þau enga þýðingu við beitingu þessa ákvæðis. Maki, sem grandsamur er í hjúskap, sem er ógildanlegur, ætti því rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt meginreglu 1. málsl.

Orðið maki í 1. málsl. tekur ekki til sambúðarmaka og heldur ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hafi verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, nr. 87/1996. Rökin eru þau að oft er ekki sú festa komin á sambúð að rétt sé að láta sambúðarmaka sjálfkrafa ganga framar t.d. öðrum erfingjum hins vátryggða, hvort sem það eru börn hans með öðrum eða með sambúðarmakanum sem eftir lifir. Telji vátryggingartaki/vátryggður að rétt sé að fjárhæðin gangi til sambúðarmaka hans mundi hann tilnefna hann sem rétthafa. Að því er varðar staðfesta samvist gilda nokkuð önnur rök en um hjúskap. Framfærslubyrði er eðli máls samkvæmt sjaldan veruleg meðal þeirra sem eru í staðfestri samvist, þótt slíkt verði vissulega ekki útilokað. Það eru þess vegna ekki sömu rök til að láta samvistarmann hafa þau sérstöku réttindi sem lagt er til að maki njóti, enda eru þau fyrst og fremst reist á þörf fyrir að viðhalda fjölskyldu, þ.m.t. börnum, er makinn andast. Verður að hafa í huga að reglan um þá sérstöðu sem lagt er til að maki njóti er frávik frá almennum reglum, t.d. erfðaréttar, um skiptingu eigna hins látna og þess vegna verða að vera fyrir henni sérstök rök.

Í 3. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um að vátryggingarfjárhæðin, sem renna skal til maka samkvæmt meginreglunni í 1. málsl. málsgreinarinnar, teljist ekki til þeirra eigna sem falla undir helmingaskiptaregluna, sem er í hinum tilgreindu ákvæðum. Þessi regla er nauðsynleg til þess að tryggja að fjármunir þeir sem renna eiga til makans geri það í raun. Ef ekki væri tekið af skarið um þetta mundi meginreglan um rétt maka til vátryggingarfjárhæðarinnar ekki ganga eftir með réttum hætti. Ef eftirlifandi maki yfirtekur búið óskipt, sbr. II. kafla erfðalaga, og situr í því þannig, þá rennur vátryggingarfjárhæðin inn í búið óskipt ásamt öðrum eignum hins látna. Þegar hið óskipta bú kemur að lokum til skipta, hvort sem það er á meðan hinn langlífari maki lifir eða eftir andlát hans, skiptist vátryggingarfjárhæðin með sama hætti og aðrar eignir dánarbúsins eða búanna eftir reglum erfðaréttar. Ástæður þessarar tillögu eru fyrst og fremst þær að ef maki kýs að sitja í óskiptu búi nýtur hann eigna þess til venjulegrar framfærslu sinnar og barna. Eðlilegt er, enda regla 1. málsl. á því reist, að hann noti vátryggingarfjárhæðina einnig í því skyni. Það eru því ekki rök til að láta nein sérsjónarmið gilda um skipti á vátryggingarfjárhæðinni þegar hið „óskipta bú“ kemur loks til skipta, sem getur verið eftir mörg ár eða jafnvel áratugi. Eins og fyrr greinir verða að vera fyrir hendi sérstök rök til að skipa reglum eins og gert er í 1. málsl. og þau eru ekki fyrir hendi ef maki kýs að sitja í óskiptu búi.

Í 3. mgr. eru reglur um tilvik þegar vátryggður lætur ekki eftir sig maka sem fær vátryggingarfjárhæðina skv. 1. málsl. 2. mgr. Þegar svo háttar til fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Í þessu felst að engin rök eru til að beita sérstökum sjónarmiðum um vernd maka, enda hann ekki til, og þá er eðlilegast að fara með vátryggingarfjárhæðina eins og önnur verðmæti sem hinn látni lét eftir sig. Þess ber þó að geta að staða erfingja er styrkt frá því sem er eftir gildandi reglum VSL, því af greininni og 110. gr. frumvarpsins leiðir að þeir njóta ríkari verndar gagnvart kröfuhöfum ef frumvarpið verður að lögum. Verður vikið nánar að þessu í skýringum við 110. gr. Í 2. málsl. 3. mgr. er kveðið á um að ef vátryggingartaki sat í óskiptu búi eftir látinn maka sinn teljist vátryggingarfjárhæðin til þeirra eigna sem skipta á jafnt milli erfingja hans og hins skammlífari maka. Þessi regla er eðlileg, enda eru ekki fyrir hendi sérstök rök fyrir annarri reglu.

Ekki er ástæða til að skýra efnislega ákvæði 4. mgr. en þess skal þó getið að oftast mundu slíkar aðstæður koma upp í hóplíftryggingum þar sem ákvæði skilmála mæltu fyrir um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, t.d. fyrir hvert barn sem hinn vátryggði lét eftir sig.

Í 5. mgr. er ákvæði sem einkum gæti tekið til tilvika þar sem fleiri en einn samstarfsaðilar, t.d. sameigendur að firma, tækju líftryggingu sameiginlega til þess að vera betur í stakk búnir til að mæta því tjóni sem yrði ef einn þeirra félli frá. Þetta gæti t.d. átt við um sameiginlegt firma, eða sameiginlegan rekstur, sérfræðinga, svo sem hönnuða, verkfræðinga, endurskoðenda, lögmanna o.fl. Þegar um sameiginlegan rekstur fárra manna er að ræða verður oft verulega röskun ef einn þeirra fellur frá. Gæti því verið skynsamlegt fyrir þá að fyrirbyggja mikið fjártjón með slíkum líftryggingum. Ákvæðið gæti einnig átt við um annars konar samstarf eða samninga. Einnig gæti þetta átt við um sameiginlega töku hjóna á líftryggingu.

Í 6. mgr. er ákvæði sem tekur í fyrsta lagi til tilvika er vátryggingarfjárhæð skal greidd út þegar hinn vátryggði hefur náð tilteknum aldri, í öðru lagi tilvika þar sem greiða ber bætur við örorku hins vátryggða og í þriðja lagi þegar vátrygging er tekin á lífi annars manns, hvort sem vátryggingarfjárhæðin fellur til við andlát hans eða þegar hann nær tilteknum aldri. Vátrygging gæti verið tekin á lífi þriðja manns, en einnig gæti verið um það að ræða að hún hefði verið framseld. Í þessum tilvikum fellur vátryggingarfjárhæðin til vátryggingartaka, en framsalshafi réttinda samkvæmt vátryggingu telst vátryggingartaki í þessum skilningi.

Um 101. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilnefningu rétthafa og er efni hennar að verulegu leyti hið sama og 102. gr. VSL. Í upphafi er meginreglan um að vátryggingartaki geti tilnefnt einn eða fleiri menn sem rétthafa að vátryggingarfjárhæð. Viðbótargreiðsla, svo sem ágóðahlutdeild, væri að jafnaði greidd með vátryggingarfjárhæðinni, en vátryggingartakinn getur þó ráðstafað henni sérstaklega, kjósi hann það. Vátryggingartakinn hefur fullt frelsi til þess að gera fleiri en eina ráðstöfun, t.d. þannig að hann skipti fjárhæðinni eða þannig að ráðstöfun taki aðeins til hluta hennar, hinn hlutinn rynni þá til maka skv. 1. málsl. 2. mgr. 100. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um það að ef vátryggingartaki, sem tilnefnir rétthafa samkvæmt vátryggingarsamningi, er í hjúskap beri að tilkynna það maka hans. Er um þetta vísað til 105. gr. Ekki segir neitt í þessari grein hverju það varði ef maka er ekki tilkynnt um tilnefninguna. Tilvísun til 105. gr. veldur því að vanræksla á tilkynningu og þýðing þess fyrir maka er eitt af þeim atriðum sem koma til athugunar þegar metið er hvort sanngjarnt sé að heimila að hnekkja tilnefningu á rétthafa. Það er maki vátryggingartaka sem á að fá tilkynningu um tilnefningu rétthafa. Í þessu felst að reglan á aðeins við þegar vátryggingartaki hefur tekið vátryggingu á eigin lífi.

Hvað varðar tilkynningu til maka skv. 1. mgr. vegast á tvenns konar sjónarmið, annars vegar sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt vátryggingartaka og hins vegar um rétt maka með tilliti til fjárhagslegra sjónarmiða og jafnréttis á milli hjóna. Ef til vill má halda fram að óeðlilegt sé að löggjafinn skyldi þá sem taka líftryggingu að upplýsa aðra um hvert dánarbætur skuli renna, enda geti verið góð og gegn rök fyrir því að vátryggingartaki tilnefni annan aðila en maka sinn. Eðlilegra gæti verið að eingöngu væri tilkynnt um breytingar á skráningu rétthafa ef maki sem áður var skráður rétthafi væri felldur brott. Hins vegar verður að telja að réttur maka sé það ríkur að eðlilegt sé að honum sé tilkynnt um tilnefningu rétthafa, enda má ætla að sameiginlegar tekjur hjóna renni til greiðslu vátryggingarinnar. Tilkynningu þessa verður jafnframt að skoða með hliðsjón af ákvæði 105. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að heimilt sé að hnekkja tilnefningu rétthafa teljist hún bersýnilega ósanngjörn gagnvart maka eða öðrum skylduerfingjum. Til þess að maki geti notið réttar skv. 105. gr. er ljóst að hann verður að hafa upplýsingar um töku líftryggingar og hver sé tilnefndur rétthafi. Þannig tengjast ákvæði 101. og 105. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er regla sem er sama efnis og 1. málsl. 2. mgr. 102. gr. VSL. Reglan um frelsi vátryggingartaka til þess að afturkalla tilnefningu rétthafa er reist á því að rétthafinn eigi engan lögvarinn rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar þrátt fyrir tilnefninguna. Hann getur aðeins gert sér vonir um að fá fjárhæðina þegar hún kemur til greiðslu, þ.e. við vátryggingaratburð. Eftir að vátryggingaratburður verður er ekki heimilt að afturkalla tilnefningu og gildir einu hver ætti í hlut. Í 2. mgr. kemur fram að hægt er að lýsa því yfir að tilnefning sé óafturkallanleg. Það getur vátryggingartaki gert með því að lýsa því yfir við rétthafann sjálfan. Slík viljayfirlýsing vátryggingartaka er loforð af hans hálfu sem beint er til rétthafans og skuldbindandi þegar það kemur til vitundar móttakanda, þ.e. rétthafans. Vátryggingartakinn getur ekki afturkallað slíkt loforð, frekar en önnur loforð samkvæmt reglum samningaréttar. Í því efni skiptir ekki máli hvort loforðið hefur á sér blæ gjafagernings eða er liður í gagnkvæmu íþyngjandi samkomulagi þeirra. Viljayfirlýsing vátryggingartaka sem hann beinir til félagsins um að hann muni ekki afturkalla tilnefningu hefur ekki slík réttaráhrif, hún er í raun marklaus, því í henni einni og sér felst ekki þriðjamannsloforð. Skiptir í þessu efni ekki máli þótt félagið mundi skýra rétthafanum frá þessu.

Um skuldbindingargildi tilnefninga og loforða um að afturkalla þau ekki gagnvart börnum og öðrum ólögráða einstaklingum, svo og um slíkar yfirlýsingar af hálfu þess sem er ólögráða eða ekki fær um að gera sér grein fyrir þýðingu slíkra ráðstafana verður að vísa til samningaréttar og persónuréttar.

Um 102. gr.

Í greininni eru reglur um aðferðir við tilnefningu rétthafa en greinin kemur í stað 103. gr. VSL og er að mestu eins, þó með einu veigamiklu fráviki sem gerð verður grein fyrir síðar, sbr. umfjöllun um 2. mgr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. verður vátryggingartaki að tilkynna félaginu skriflega ef hann ráðstafar réttindum samkvæmt vátryggingu með því að tilnefna rétthafa eða afturkalla tilnefningu. Frá þessari meginreglu er gerð sú undantekning í 2. málsl. 1. mgr. að ef rétthafi er tilnefndur við töku vátryggingarinnar geti tilnefningin farið fram með öðrum hætti, t.d. munnlega. Jafnvel í slíkum tilvikum er eðlilegt af vátryggingartaka að taka ekki áhættu og tilkynna það skriflega til félagsins. Þannig tryggir hann sér sönnun sem hann eða líklega fremur aðrir geta þurft á að halda síðar. Um afturköllun gilda sömu formreglur og um tilnefninguna sjálfa.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli. Þar er vátryggingartaka heimilað að gera ráðstafanir tengdar vátryggingu, þ.e. tilnefningu eða afturköllun hennar, í erfðaskrá. Það er vissulega rökrétt að heimila vátryggingartaka slíkar ráðstafanir í erfðaskrá, en með þeim hætti gæti hann í einu skjali ráðstafað eignum og öðrum réttindum sínum. Þó verður að hafa hugfast að um vátryggingarfjárhæðina og aðrar eignir og réttindi vátryggingartaka gilda ekki sömu reglur við andlát hans. Tilnefning rétthafa eða afturköllun hennar, sem gerð er í erfðaskrá, hefur sömu réttaráhrif og sú sem gerð er skv. 1. mgr. Það verður að gera þá kröfu að vátryggingartakinn ráðstafi réttindum samkvæmt vátryggingu sérstaklega, þ.e. kveði skýrlega á um það að hann sé að ráðstafa réttindum samkvæmt vátryggingunni. Almenn ráðstöfun allra eigna, án þess að vátryggingin sé nefnd, mundi ekki teljast tilnefning rétthafa eða afturköllun hennar. Slíkar ráðstafanir í erfðaskrá verða að uppfylla formkröfur erfðaréttar eins og aðrar ráðstafanir sem þannig eru gerðar. Á hinn bóginn er ljóst að túlkunarreglur 103. gr. frumvarpsins mundu, ef það verður að lögum, ganga framar túlkunarreglum erfðalaga að því er tekur til skýringa á tilnefningu eða afturköllun. Vilji vátryggingartaki skuldbinda sig gagnvart rétthafa til þess að afturkalla ekki tilnefningu sem hann hefur gert með erfðaskrá yrði hann að fara að í samræmi við fyrirmæli 49. gr. erfðalaga.

Í 3. mgr. greinarinnar segir að þau fyrirmæli sem er að finna í 1. og 2. mgr. um form tilnefningar og afturköllunar séu gildisskilyrði þeirra. Er slíkt óvenjulegt í fjármunarétti, en eðlilegt engu að síður þegar litið er til mikilvægis þeirra ráðstafana sem um ræðir.

Um 103. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur sem beitt verður ef annað er ekki ákveðið eða leiðir af atvikum. Slíkar reglur er algengar í löggjöf á sviði fjármunaréttar og eru frávíkjanlegar réttarreglur eitt dæmi um slíkar reglur. Reglunum er ætlað að koma í stað 105.–107. gr. og 110. gr. VSL og tillögur frumvarpsins fela ekki í sér róttækar breytingar á efni gildandi reglna.

Í a-lið er sú fyllingarregla að tilnefning rétthafa skuli, sé ekki annað ákveðið, aðeins taka til þeirrar vátryggingarfjárhæðar er fellur til við andlát. Ekkert stendur þó í vegi fyrir því að þeirri vátryggingarfjárhæð sem fellur til á meðan vátryggður er á lífi sé einnig ráðstafað til rétthafans. Slíka tilnefningu verður að gera sérstaklega.

Af b-lið leiðir að þegar vátryggingartaki hefur tilnefnt fleiri en einn rétthafa skuli, í samræmi við 53. gr. erfðalaga, líta svo á að þeim sé öllum ætlaður jafnstór hlutur. Þetta á við þegar hann hefur ekki tiltekið hvaða hlutur á að falla til hvers rétthafa. Við aðstæður sem þessi stafliður tekur til geta oft risið álitamál. Það getur t.d. gerst þegar vátryggingartaki tilnefnir einn mann fyrst, en síðar annan. Oft mundi litið svo á að síðari tilnefningin fæli í sér afturköllun á hinni fyrri, en það réðist þó af atvikum.

Í c-lið er ákvæði sem ætlað er að koma í stað núgildandi 106. gr. VSL og er gerð tillaga um breytingu. Samkvæmt gildandi reglum fellur tilnefning niður ef rétthafinn deyr á undan vátryggingartaka. Tillaga frumvarpsins miðast við að í þeim tilvikum falli hlutur rétthafa til lögerfingja hans, en það er sú regla sem gildir í erfðarétti þegar bréferfingi deyr á undan arfláta.

Í d-lið er tekið af skarið um það að ef maki vátryggðs er tilnefndur sem rétthafi gildi ákvæði 2. mgr. 100. gr., sem á við í tilvikum er vátryggingarfjárhæðin fellur til maka vátryggingartaka við andlát hans, þ.e. þegar hann hefur ekki ráðstafað henni. Um skýringar á þessu vísast til athugasemda við 100. gr. Rétt er þó að taka fram að ákvæði þessa stafliðar tekur bæði til tilvika er vátryggingartaki hefur vátryggt eigið líf og tilnefnt maka sinn og líka þegar hann hefur vátryggt líf annars manns og tilnefnt maka hans sem rétthafa.

Í e-lið er regla sem mælir fyrir um að skýra skuli tilvísun til erfingja í tilnefningu svo að hún taki einnig til bréferfingja. Í þessu felst að reglur erfðaréttar eiga að ráða skiptingu vátryggingarfjárhæðarinnar, sem felur í sér að ef um skylduerfingja er að ræða gengur einungis sá hluti sem heimilt er að ráðstafa með erfðaskrá til bréferfingja. Við mat á því hvernig ætti að ráða til lykta álitamálum um þetta yrði að byggja á sjónarmiðum erfðaréttar.

Í f-lið eru ákvæði um það þegar vátrygging er veðsett við andlát vátryggingartaka sem ráðstafað hefur réttindum samkvæmt henni með tilnefningu rétthafa. Í þeim tilvikum á rétthafinn að víkja fyrir hagsmunum veðhafans.

Um 104. gr.

Í greininni eru reglur um hvernig fer með réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi þegar rétthafi er tilnefndur. Greinin kemur í stað reglna sem nú eru í 108.–110. gr. og 112. gr. VSL. Ekki eru gerðar tillögur um róttækar breytingar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega eins og 1. mgr. 108. gr. VSL. Í ákvæðinu felst að sá sem tilnefndur er sem rétthafi öðlast ekki lögvarinn rétt til greiðslna samkvæmt vátryggingarsamningi, heldur getur aðeins gert sér vonir um greiðslur. Að þessu er áður vikið. Af þessu leiðir að vátryggingartakinn hefur áfram fullan ráðstöfunarrétt yfir vátryggingunni þótt það kunni að skerða hagsmuni rétthafans. Vátryggingartakinn hefur ekki aðeins heimildir til að gera ráðstafanir, heldur einnig rétt til þess að taka út endurkaupsverð vátryggingarinnar og skerða þar með hlut rétthafans, stytta eða lengja vátryggingartímann o.fl. Í 2. málsl. er ákvæði um betri rétt veðhafa en þess sem tilnefndur hefur verið sem rétthafi. Um er að ræða sömu reglu og í f-lið 103. gr.

Í 2. mgr. segir að þegar tilnefning hefur verið gerð óafturkallanleg með réttum hætti megi vátryggingartaki ekki með ráðstöfunum yfir vátryggingunni baka rétthafanum tjón. Reglan er efnislega eins og 2. mgr. 108. gr. VSL. Eins og áður greinir er það fyrst þegar rétthafinn hefur fengið loforð frá vátryggingartaka um að tilnefning sé óafturkallanleg sem hann öðlast lögvarinn rétt til þeirra greiðslna sem honum hafa verið ánafnaðar. Eftir það er vátryggingartakanum óheimilt að skerða hagsmuni hans með ósamþýðanlegum ráðstöfunum. Vátryggingartaki getur samt hætt að greiða iðgjaldið þótt hann kunni að baka sér við það bótaábyrgð gagnvart rétthafanum, allt eftir efni samninga þeirra.

Í 1. málsl. 3. mgr. er ákvæði sem efnislega svarar til 109. gr. VSL. Skv. 1. málsl. er rétthafanum óheimilt að ráðstafa réttindum sínum fram til þess tímamarks er vátryggingaratburður verður. Þetta gildir hvort sem tilnefning er óafturkallanleg eða ekki. Í 2. málsl. er ákvæði sem svarar til 110. gr. VSL en hún er fyrst og fremst miðuð við tilvik þegar vátryggingartaki hefur vátryggt líf þriðja manns, en tekur einnig til tilvika þegar vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar en við andlát vátryggingartakans/vátryggðs. Við slíkar aðstæður yfirtekur rétthafinn allar heimildir vátryggingartaka, þ.m.t. rétt hans til ráðstöfunar yfir vátryggingunni. Vakin skal athygli á því að atvik geta leitt til annarrar niðurstöðu eins og sérstaklega er tekið fram í niðurlagi málsgreinarinnar.

Um 105. gr.

Reglur þessarar greinar frumvarpsins eiga að koma í stað reglna sem nú eru í 2. mgr. 104. gr. VSL. Þær reglur miða við að tilnefning falli niður við tilgreindar aðstæður og eru engir valkostir í því efni. Þær reglur sem hér er gerð tillaga um eru á aðra lund. Þær fela í sér kost á því að hnekkja tilnefningu rétthafa ef hún er bersýnilega ósanngjörn. Möguleikarnir til að hnekkja tilnefningu eru þrengri samkvæmt þeirri reglu sem hér er gerð tillaga um. Á hinn

bóginn er í henni ekki gerður greinarmunur á afturkallanlegum og óafturkallanlegum tilnefningum eins og gert er í 2. mgr. 104. gr. VSL.

Samkvæmt 1. mgr. er mögulegt að hnekkja tilnefningu ef það er til hagsbóta fyrir maka eða skylduerfingja vátryggingartaka. Í 2. mgr. 104. gr. VSL er einnig notað orðið lífserfingi sem ekki er notað hér. Það er skilyrði fyrir því að heimildin verði notuð að vátryggingartaki hafi framfært eða honum verið skylt að framfæra skylduerfingja. Það er einnig skilyrði að ef tilnefning rétthafa hefði ekki verið gerð hefði makinn eða aðrir skylduerfingjar átt kröfu til vátryggingarfjárhæðarinnar skv. 100. gr. Það felst í framangreindu að ef vátryggingartaki lætur eftir sig maka, þá kemur ekki til álita að aðrir skylduerfingjar geti hnekkt tilnefningu, því skv. 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. fellur öll vátryggingarfjárhæðin til maka hafi tilnefning ekki farið fram. Það er fyrst ef hjúskap er slitið á þann veg sem greinir í 2. mgr. 100. gr. sem aðrir skylduerfingjar gætu sett fram kröfur um að tilnefningu væri hnekkt. Þeir gætu það einnig ef vátryggingartaki léti ekki eftir sig maka.

Aðeins er unnt að hnekkja tilnefningu samkvæmt þessari grein ef hún er bersýnilega ósanngjörn gagnvart makanum eða öðrum skylduerfingjum. Af framangreindu er alveg ljóst að ekki kemur til þess að tilnefningu verði hnekkt nema í algerum undantekningartilvikum, svo þröngar eru heimildirnar til þess. Við sanngirnismatið ber að líta til þeirra atriða sem tilgreind eru í 2. málsl. Upptalningin þar er ekki tæmandi, eins og orðalagið ber með sér.

Ákvæðið miðast við að tilnefningu geti verið hnekkt í heild eða að hluta, allt eftir því hver verður niðurstaða sanngirnismatsins.

Í 2. mgr. er ákvæði sem ekki heimilar í sjálfu sér að hnekkja ráðstöfun, heldur felur í sér undantekningarheimild frá þeirri reglu sem er í 2. mgr. 100. gr. um að vátryggingarfjárhæðin falli til maka þegar vátryggingartaki hefur ekki ráðstafað henni. Einnig þá er gerð krafa um að það teljist bersýnilega ósanngjarnt að makinn hljóti alla vátryggingarfjárhæðina og líka er gerð krafa um að skylduerfinginn hafi verið á framfæri vátryggingartaka eða honum hafi verið skylt að framfæra hann.

Í 3. mgr. er regla um árs málshöfðunarfrest til þess að láta reyna á heimildir skv. 1. og 2. mgr. Frestinum telst slitið er mál er höfðað.

Ákvæði 4. mgr. tekur til þess þegar vátryggingarfjárhæðin hefur verið greidd. Þá er einungis unnt að hnekkja greiðslu til rétthafa eða maka að því leyti sem fjárhæðin er ennþá til hjá þeim þegar þeir fengu upplýsingar um kröfuna. Önnur regla gæti leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Um 106. gr.

Greinin lýtur að heimildum til að framselja réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi.

Af 1. málsl. leiðir að heimilt er að framselja réttindi samkvæmt vátryggingarsamningi. Í raun er hagnýt þýðing þessarar reglu almennt einungis bundin við einstaklingsbundnar líftryggingar sem eru höfuðstólstryggingar. Regla 1. málsl. svarar til 1. málsl. 111. gr. VSL. Rétt er einnig að minna á skilgreiningu á orðinu vátryggingartaki í b-lið 62. gr. frumvarpsins, en eins og þar greinir tekur orðið einnig til þess sem fengið hefur eignarrétt að vátryggingunni. Í 2. málsl., sem er sama efnis og 2. málsl. 111. gr. VSL, segir að allar fyrri tilnefningar á rétthöfum falli brott nema um annað sé samið eða leiði af aðstæðum. Hafi rétthafa verið lofað því að tilnefning hans sé óafturkallanleg verða hagsmunir hans ekki skertir með framsali. Ráðstafanir sem eru ósamþýðanlegar réttindum hans yrðu leystar eftir reglum 114. gr. frumvarpsins. Sem dæmi um tilvik þar sem það getur leitt af aðstæðum að framsal eigi ekki að leiða til niðurfellingar á tilnefningu rétthafa er þegar vátryggingartaki, sem tilnefnt hefur

barn sitt og maka síns sem rétthafa, framselur vátrygginguna til makans. Í slíku tilvik mundi tilnefning barnsins ekki endilega falla niður.

Um 107. gr.

Greinin hefur að geyma reglur um veðsetningu vátryggingarinnar. Í 112. gr. VSL eru reglur um sama efni og eru ekki gerðar tillögur um róttækar breytingar á þeim.

Í 1. málsl. er yfirlýsing um að höfuðstólstryggingu megi veðsetja. Í 2. og 3. málsl. eru á hinn bóginn ákvæði sem marka réttarstöðu veðhafans. Skv. 2. málsl. heimilar veðrétturinn veðhafanum að fá vátryggingarfjárhæðina greidda þegar hún fellur til og einnig rétt til þess að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar. Til að öðlast þann rétt þarf vátryggingaratburður ekki að hafa orðið, sbr. síðar. Í 3. málsl. er kveðið svo á að veðrétturinn taki ekki til ágóðahlutdeildar sem við vátryggingarfjárhæðina kann að bætast. Hér er ekki um að ræða fyrir fram umsamda vexti eða ávöxtun á vátryggingarfjárhæðina heldur ófyrirséða ágóðahlutdeild sem kann að koma til af ýmsum ástæðum, t.d. vegna þess að tjónatíðni er lág í tilteknum hópi sem vátryggingartaki tilheyrir, eða af öðrum sérstökum ástæðum. Rökin fyrir því að slík ágóðahlutdeild falli utan veðréttarins eru fyrst og fremst þau að þetta séu fjármunir sem veðhafinn hafi ekki mátt reikna með að fá og það yrði því ávinningur fyrir hann sem hann ætti ekki rétt á. Eðlilegt er að vátryggingartakinn eða rétthafinn, sé um hann að ræða, njóti þess hagræðis að fá slíka óvænta ágóðahlutdeild.

Í 2. mgr. er kveðið á um það, með vísan til 2. mgr. 6. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, að félagið geti ekki án samþykkis veðhafans innt af hendi gjaldfallnar greiðslur samkvæmt vátryggingunni til annarra en veðhafans. Í téðri grein laganna um samningsveð eru ítarlegar reglur um réttarstöðu veðhafa í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum. Tilvísun til greinarinnar felur í sér að þær reglur gildi um réttarstöðu veðhafa í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi.

Í 3. mgr. eru reglur um þær aðstæður að veðkrafan fellur í gjalddaga áður en vátryggingarfjárhæðin fellur til. Þá á veðhafinn að liðnum þeim tveggja mánaða fresti sem tiltekinn er rétt á því að fá endurkaupsverð vátryggingarinnar greitt að því marki sem þarf til fullnustu veðkröfunnar. Veðhafinn á ekki aðra kosti tiltæka til að fá fullnustu á veðkröfunni við þessar aðstæður.

Ákvæði 4. mgr. á aðeins við í tilvikum þegar dánarbú vátryggðs greiðir veðkröfuna. Sérstaklega skal áréttað að þótt vátryggður hafi fyrir andlát sitt greitt veðkröfuna í heild að eða hluta getur dánarbúið ekki krafist endurgreiðslu af vátryggingarfjárhæðinni. Það á aðeins slíka kröfu hafi það sjálft innt af hendi slíka greiðslu eftir andlát vátryggðs.

Um 108. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um brottfall réttar til að krefjast vátryggingarfjárhæðarinnar. Greinin á sér ekki samsvörun í VSL. Reglur greinarinnar byggjast á þeirri forsendu að háttsemi sú sem um ræðir af hálfu þess er rétt á til vátryggingarfjárhæðarinnar leiði til þess að hann sé ekki verðugur hennar.

Í 1. málsl. er lagt til að ákvæði 23. gr. erfðalaga um brottfall erfðaréttar gildi um þann sem rétt á til vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt þessum kafla. Í 1. mgr. 23. gr. erfðalaga segir að hafi maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för með sér dauða annars manns, megi ákveða með dómi að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs sem háður var dauða hins. Í 2. mgr. 23. gr. erfðalaga er heimilað að ákveða með dómi að maður skuli sviptur erfðarétti eftir foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við ef hann hefur haft í frammi vísvitandi ofbeldi, heitingar um það eða

aðrar stórfelldar misgerðir svo refsivert sé. Svipting erfðaréttar í síðargreinda tilvikinu færi fram að kröfu þess sem misgert er við. Það verður að telja eðlilegt að sömu sjónarmið eigi við um rétt til vátryggingarfjár og rétt til arfs við slíkar aðstæður.

Tilvitnað ákvæði 1. mgr. 23. gr. erfðalaga á einungis við er arfláti deyr vegna háttsemi þess sem erfðarétt átti eftir hann. Í þeim fáu tilvikum sem annar en vátryggður gæti átt rétt til greiðslu á vátryggingabótum vegna örorku vátryggðs eru sömu rök fyrir fyrirgerð réttar til vátryggingarfjárins. Er því bætt við ákvæði í 2. málsl. greinarinnar þar sem segir að regla 1. málsl. eigi einnig við þegar örorka er afleiðing þeirrar háttsemi sem erfðalagaákvæðið tekur til.

Í 3. málsl. er ákvæði sem er nauðsynlegt í ljósi þess að réttaráhrif fyrirgerðar erfðaréttar eru þau að arfshluti sá er manni hefði borið gengur til þess sem taka mundi arf eftir hann samkvæmt lögerfðareglum. Hafi A þannig fyrirgert erfðarétti sínum eftir afa sinn tekur sonur A arfinn eins og A væri látinn. Ákvæði 3. málsl. tryggir að ef vátryggingarfjárhæðin rennur ekki til vátryggingartakans renni hún til vátryggðs, en sé hann látinn þá til erfingja hans samkvæmt tilvitnuðum reglum 100. gr.

Um 109. gr.

Reglur þessa kafla eru fyrst og fremst sniðnar að höfuðstólstryggingum. Margar þeirra eiga ekki eða illa við um lífeyristryggingar. Eðlilegt þykir þó að leggja til að reglur kaflans eigi einnig við um lífeyristryggingar nema annað sé ákveðið í lögum eða vátryggingarskilmálum. Er þetta ekki síst vegna þess að útilokað er að spá fyrir um þróun á þessu sviði og ekki útilokað að fjölbreytni í persónutryggingum muni aukast í framtíðinni.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um réttarsambandið við skuldheimtumenn. Um það eru nú ákvæði einkum í 116. og 117. gr. VSL. Nánar tiltekið eru í kaflanum reglur um möguleika kröfuhafa til þess að leita fullnustu í þeim verðmætum sem felast í persónutryggingum. Reglur eru um heimildir kröfuhafa til þess að leita fullnustu í vátryggingarfjárhæðum sem fallið hafa til og þeim sem ekki hafa fallið til, reglur um riftun iðgjaldagreiðslna við gjaldþrotaskipti o.fl. Í tillögum þeim sem gerðar eru með reglum þessa kafla felst aukin vernd gegn kröfuhöfum í þeim tilvikum er vátryggingarfjárhæð hefur fallið til. Auk þess eru möguleikar á riftun rýmkaðir því miðað er við að riftunarheimildir gildi einnig þegar nauðasamningur hefur verið staðfestur, svo og við opinber skipti á dánarbúum, en það samrýmist einnig reglum síðastgreindra laga og laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Rökin fyrir aukinni vernd gegn skuldheimtumönnum eru fyrst og fremst þau að persónutryggingar eru almennt teknar til þess að fólk geti haldið í horfinu fjárhagslega þrátt fyrir andlát, sjúkdóma og slys. Síðari tíma viðhorf hafa játað mönnum rýmri rétt til þess að halda sjálfir nauðsynlegustu heimilismunum og ýmsum lágmarksgreiðslum þótt þeir lendi í fjárhagslegum ógöngum. Þannig eru mestar líkur til þess að þeir geti náð sér fyrr á strik aftur í daglegu lífi. Þessi sjónarmið eiga einnig við um greiðslur samkvæmt persónutryggingum og því eru takmarkanir á því við hvaða aðstæður kröfuhafar geta leitað fullnustu krafna sinna.

Ekki eru gerðar tillögur um verulegar breytingar á réttarstöðu skuldheimtumanna fram að því tímamarki er vátryggingarfjárhæðin fellur til. Af því leiðir að ógjaldfallnar greiðslur samkvæmt persónutryggingum munu áfram njóta víðtækrar verndar gegn skuldheimtumönnum. Frá þessu eru undantekningar, ekki síst vegna riftunarheimilda við gjaldþrot, eftir staðfestingu nauðasamnings og við opinber skipti á dánarbúum, en það á þó fyrst og fremst við um

riftun iðgjaldagreiðslna sem aftur leiðir til lækkaðrar vátryggingarfjárhæðar eða jafnvel til þess að hún fellur niður, allt eftir atvikum.

Á hinn bóginn eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á gildandi reglum þegar um er að ræða vernd gegn skuldheimtumönnum eftir að krafa samkvæmt vátryggingarsamningi er gjaldfallin, þ.e. hefur fallið til. Lagt er til að meginreglan verði sú að vátryggingarfjárhæð sem fellur til við andlát vátryggðs njóti (tímabundinnar) verndar gegn skuldheimtumönnum hins látna, óháð því hvort rétthafi hefur verið tilnefndur eða ekki, en það hefur samkvæmt VSL verið skilyrði slíkrar verndar. Um þetta má vísa til 1. mgr. 104. gr. VSL, en þó einkum til 1. mgr. 116. gr. VSL. Auk framangreinds eru einnig gerðar tillögur um nokkra vernd gegn skuldheimtumönnum vátryggðs þegar vátryggingarfjárhæðin fellur til á meðan hann er á lífi. Þetta eru fyrst og fremst tilvik þegar líftrygging kemur til greiðslu við það að tilteknum aldri er náð. Er gerð sú tillaga að eitt ár þurfi að líða frá því að slík greiðsla fellur til og þar til skuldheimtumenn geta leitað fullnustu í henni. Reglan hefur rýmra gildissvið, svo sem síðar verður gerð grein fyrir.

Um 110. gr.

Í þessari grein eru almennar reglur um rétt skuldheimtumanna sem fremur mætti þó lýsa sem reglum um takmarkanir á rétti þeirra. Í 1. mgr. er fjallað um aðstæður fram að því tímamarki er vátryggingaratburður verður en í 2. og 3. mgr. eru reglur um aðstæður eftir það tímamark. Loks eru í 4. mgr. sérstakar reglur um lífeyristryggingar.

Í 1. mgr. eru ekki gerðar tillögur að miklum breytingum á gildandi rétti, svo sem fyrr greinir. Meginreglan skv. 1. málsl. er að réttur samkvæmt vátryggingarsamningi getur ekki orðið andlag fullnustu skuldheimtumanna nema réttindin hafi verið framseld öðrum en maka vátryggingartaka eða hinum vátryggða. Það er í samræmi við gildandi rétt að maki njóti slíkrar verndar en lagt er til að reglan verði rýmkuð og látin ná einnig til vátryggðs. Það hefur einkum þýðingu þegar vátrygging er tekin á lífi þriðja manns. Í reglunni felst að þegar þriðji maður, þ.e. sá hvers líf er vátryggt, fær réttindin framseld eigi hann að fá sömu stöðu og vátryggingartaki og njóta sömu verndar. Vernd gegn skuldheimtumönnum er þess vegna því aðeins aflétt að vátrygging sé framseld í venjulegri merkingu þess orðs, þ.e. á sömu forsendum og kröfur almennt eru framseldar sem liður í viðskiptum til annarra en maka og vátryggðs. Sá sem hefur verið tilnefndur rétthafi samkvæmt vátryggingu nýtur þannig verndar gegn skuldheimtumönnum. Verndin gildir einnig þótt tilnefning hans sé óafturkallanleg og það þótt hann hafi innt af hendi greiðslu fyrir. Meginreglan er því sú að kröfuhafaverndinni er einungis aflétt við framsal í venjulegri merkingu.

Í 2. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um að ef skuldheimtumenn framsalshafa leita fullnustu í andvirði vátryggingarinnar verði þeir að fara að eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 107. gr. frumvarpsins.

Reglur 1. mgr. eiga fyrst og fremst við um almennar samsettar líftryggingar, þ.e. líftryggingar þar sem endurkaupsverðið hefur sérstaka þýðingu fyrir kröfuhafa. Gildissvið reglnanna er þó ekki takmarkað við slíkar tryggingar, heldur er það persónutryggingar almennt, að frátöldum lífeyristryggingum, en um þær gilda sérstakar reglur, sbr. 4. mgr.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um réttarstöðu gagnvart skuldheimtumönnum eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Á þessu sviði eru tillögur um nokkrar róttækar breytingar. Skv. 2. mgr. verður vátryggingarfjárhæð sem fellur til greiðslu við andlát ekki andlag fullnustu skuldheimtumanna hins látna nema annað hafi verið ákveðið við tilnefningu rétthafa. Vátryggingarfjárhæðin greiðist beint til þess eða þeirra sem eiga rétt til hennar samkvæmt reglum XV. kafla, án þess að skuldheimtumenn hins látna geti gert aðför í þeim. Það ber að

leggja áherslu á það að verndin er aðeins gagnvart skuldheimtumönnum hins látna. Það er engin slík vernd til staðar gagnvart skuldheimtumönnum þess sem á rétt til greiðslunnar. Frávik frá þessu er þó að því er varðar skuldheimtumenn maka hins látna. Það er einnig gerð annars konar undantekning frá þessu, þ.e. ef annað hefur verið ákveðið við tilnefningu réttháfa. Það getur verið að vátryggingartaki hafi einmitt viljað að vátrygging sú sem hann tók á eigin lífi yrði notuð til þess að greiða skuldir hans eftir andlátið. Hann getur komið því við með þeim hætti að tilnefna dánarbú sitt sem rétthafa. Með því verður vátryggingarfjárhæðin andlag fullnustu skuldheimtumanna hans eins og aðrar eignir dánarbúsins.

Í 1. málsl. 3. mgr. eru reglur um að skuldheimtumenn verði að bíða í eitt ár með að leita fullnustu í kröfu vátryggðs til vátryggingarfjárhæðar sem fellur til á meðan hann er enn á lífi, en það á einkum við um líftryggingar sem koma til greiðslu við tiltekinn aldur eða vegna örorku hans. Að þessu ári liðnu fellur verndin niður. Verndin á aðeins við um kröfu á hendur félaginu á meðan fjárhæðin er varðveitt á reikningi þess. Ef vátryggður hefur fengið vátryggingarfjárhæðina greidda fellur verndin niður.

Í 2. málsl. 3. mgr. er mælt fyrir um að maki vátryggðs njóti sömu verndar gagnvart sínum skuldheimtumönnum og vátryggður nýtur skv. 1. málsl. Makinn nýtur þessarar verndar við allar tegundir persónutrygginga og hún er óháð því hvernig krafa makans á hendur félaginu stofnast.

Við lífeyristryggingar er um rétt skuldheimtumanna til þess að leita fullnustu í lífeyrisgreiðslum vísað til ákvæða aðfararlaga, nr. 90/1989. Í tilvitnuðu ákvæði aðfararlaga eru bæði almenn og sérstök ákvæði um vernd gerðarþola gegn skuldheimtumönnum sínum. Sú sérstaka regla sem hér á einkum við er 5. tölul. 47. gr. aðfararlaga, en samkvæmt því ákvæði verður fjárnám ekki gert í kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá fjárnámi eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi. Önnur ákvæði aðfararlaga um vernd gegn skuldheimtumönnum, sem einkum er að finna í 45.–50. gr. laganna, gilda einnig um vernd þess er lífeyris nýtur, eins og annarra. Er ekki ástæða til sérstakrar greinargerðar um stöðu hans almennt.

Um 111. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um riftun iðgjaldagreiðslu við gjaldþrotaskipti o.fl. Í greininni er einkum lýst skilyrðum riftunar, en um það verður líka að hafa til hliðsjónar ýmsar reglur XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum þær reglur sem lúta að endurgreiðslunni, að hverjum krafan getur beinst og fjárhæð hennar.

Í 1. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um að þrotabúi, skuldara ef nauðasamningur kemst á og dánarbúi, sem tekið er til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú og ákveðið er skv. 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, að fara með eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti, sé heimilt að rifta iðgjaldsgreiðslum að uppfylltum síðar greindum skilyrðum. Í fyrirsögn greinarinnar og í athugasemdum þessum er notað orðið riftun um þetta réttarúrræði. Það er í samræmi við hugtakanotkun í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Árétta ber þó að þetta er ekki riftun í skilningi fjármunaréttar, enda felst ráðstöfunin í kröfu um endurgjald sem ákveðið er með tilteknum hætti. Vátryggingarsamningnum er ekki rift, hann stendur eftir sem áður, en þó með breyttum skyldum félagsins til samræmis við það endurgjald sem það innir af hendi. Regla greinarinnar er sérregla um riftun. Í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er safnað á einn stað reglum sem heimila riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti. Í 32. gr. laganna er mælt fyrir um að riftunarreglum XX. kafla verði almennt einnig beitt ef nauðasamningur kemst á og í 3. mgr. 62. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. kemur fram að við tilteknar aðstæður beri að fara með skipti skuldafrá-

göngubúa eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Sú tilvísun á við um riftunarreglur þeirra laga. Sérregla sú um riftun sem hér er gerð tillaga um hefur sama gildissvið, en taka verður það sérstaklega fram til þess að taka af öll tvímæli, enda er það ekki gert annars staðar í lögum.

Forsendur mats á því hvort riftun sé tæk er hvort iðgjald það sem greitt var á síðustu þremur árum fyrir frestdag var bersýnilega ósanngjarnt miðað við fjárhagsstöðu vátryggingartaka og atvik að öðru leyti. Viðmiðunin „bersýnilega ósanngjörn“ er ströng og víst að mikið þarf til að koma svo riftun verði heimiluð. Mál þurfa nánast að fela í sér undanskot fjármuna, a.m.k. hlutlægt séð, enda er hér ekki gerð krafa um grandsemi vátryggingartaka um fjárhagsstöðu hans. Á hinn bóginn kann það að skipta máli við sanngirnismatið hvort greiðsla iðgjaldsins hefur staðið lengi, t.d. hafist löngu áður en fjárhagur hans tók að versna. Slíkar aðstæður mundu almennt mæla gegn riftun.

Fjárhæð endurgjalds miðast við aukningu í verðmæti vátryggingarinnar sem á rætur að rekja til hinnar bersýnilega ósanngjörnu iðgjaldagreiðslu. Í þessu felst hlutfallslegt mat. Sem dæmi má taka vátryggingartaka sem greiddi 300.000 kr. í iðgjald á ári sem teldist innan marka, en allt umfram þá fjárhæð væri talið bersýnilega ósanngjarnt. Ef vátryggingartaki hefði greitt 600.000 kr. í iðgjald á ári, sem hefði leitt til þess að verðmæti vátryggingarinnar tvöfaldaðist, mundi helmingur hennar greiddur til baka við riftun samkvæmt greininni. Í lokamálslið 1. mgr. er þó regla sem getur breytt aðstæðum nokkuð. Hún á við í lífeyristryggingum og er reist á því að ef greiðsla iðgjalds hefur áhrif til lækkunar á tekjuskattsstofn vátryggingartaka hlýtur það að skipta máli við sanngirnismatið, því þá hefur vátryggingartakinn þegar notið ávinnings af iðgjaldagreiðslum sínum sem ætti einnig að koma skuldheimtumönnum til góða í meiri eignum hans. Ekki er líklegt að þessi möguleiki hafi mikil áhrif samkvæmt gildandi löggjöf, a.m.k. ekki að því er varðar tekjur utan atvinnurekstrar, enda skattfrelsi iðgjaldagreiðslna þar háð því að um sé að ræða lífeyrisiðgjöld samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Kröfu um riftun og endurgreiðslu ber að hafa uppi á hendur félaginu. Það yrði gagnaðili í dómsmáli um riftun og endurgreiðslukröfu í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Hagsmunir félagsins af því að halda uppi vörnum eru þó takmarkaðir. Það eru fyrst og fremst hagsmunir vátryggingartaka eða þess sem taka á við vátryggingarfjárhæðinni sem yrðu varðir í slíku máli. Til þess að þeim gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna er í 2. mgr. lagt á þann sem höfðar málið að tilkynna þeim um málsóknina. Sá er höfðar málið hefur a.m.k. tvo kosti um tilkynningar til þess að fullnægja lagaskyldu sinni um það efni. Hann getur sent venjulega tilkynningu með sannanlegum hætti sem gæti þá gefið vátryggingartaka eða þeim sem getur átt rétt á greiðslu tilefni til þess að höfða meðalgöngusök í máli eftir reglum 20. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Hann gæti einnig stefnt þeim, svo sem gert er ráð fyrir í 21. gr. laganna, en einnig þá er það á valdi þeirra hvort þeir gerast aðilar að máli með meðalgöngu, eða hvort þeir nýta eingöngu þær heimildir sem eru í 21. gr. til að freista þess að hafa áhrif á málsúrslit. Fari þeir þannig að eru þeir ekki málsaðilar og hafa t.d. ekki heimild til þess að áfrýja máli. Það geta þeir einungis ef þeir gerast meðalgönguaðilar í málinu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að riftunarkröfu og kröfu um endurgjald megi hafa uppi gegn þeim sem fengið hefur vátryggingarfjárhæð greidda. Það verður þó að gerast með sömu skilyrðum og lýst er í 4. mgr. 105. gr. ef fjárhæðin hefur verið notuð í heild eða að hluta frá því að greiðslan átti sér stað og þar til tilkynning um riftun og endurgjaldskröfu er send.

Í 4. mgr. eru reglur sem fela í sér undantekningar frá riftunarheimildinni og endurgjaldskröfunni að því leyti sem réttindi samkvæmt vátryggingu eru veðsett og einnig hafi þau verið

framseld eða rétthafi tilnefndur með óafturkallanlegum hætti. Í tveimur síðari tilvikunum gildir þó undantekningin aðeins að því leyti sem framsalshafi eða rétthafinn hafa greitt fyrir það sem þeir hafa fengið eða verið lofað. Gengið er út frá því að veðhafinn hafi greitt kröfuna sem hann fær veðið til tryggingar á og er því ekki ástæða til að taka það fram sérstaklega. Sérstaklega skal getið að riftunarregla 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. um riftun á veðsetningu á eldri skuld getur átt við um slíkar veðsetningar ef önnur riftunarskilyrði eru fyrir hendi.

Loks segir í 5. mgr. að reglur 1.–4. mgr. gildi einnig um tilvik er rétthafi eða annar sem vísað er til í málsgreininni hafa greitt iðgjald. Verður að telja að sömu rök eigi við um þá, enda njóta þeir ríkrar verndar gegn skuldheimtumönnum um rétt sinn eða væntingar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Um XVII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um skráningu líftrygginga, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu. Tillögurnar munu leiða til þess að líftryggingarskírteini verða ekki lengur viðskiptabréf í lögfræðilegum skilningi.

Viðskiptabréf eru öll þau bréf sem ganga manna á milli í viðskiptum með sama hætti og skuldabréf, þannig að þörf sé á að sams konar reglur gildi um þau og gilda um skuldabréf, þ.e. svonefndar viðskiptabréfsreglur. Viðskiptabréf í íslenskri réttarframkvæmd hafa fyrst og fremst verið skuldabréf, nafnbréf eða handhafabréf, víxlar, tékkar, farmskírteini, hlutabréf og líftryggingarskírteini. Kjarni viðskiptabréfsreglnanna, og það sem er grundvöllur þýðingar þeirra í viðskiptum, er að viðskiptabréfið stofnar rétt samkvæmt hljóðan sinni. Þessar reglur gera viðskipti með viðskiptabréf jafnörugg og raun ber vitni. Sá sem fær viðskiptabréf framselt á að geta verið viss um það að hann fær þau réttindi sem skráð eru á bréfið og tekur á sig þær skyldur eða takmarkanir á réttindum sem þar kunna að vera. Hann þarf þess vegna aðeins að kynna sér efni viðskiptabréfsins en ekki rannsaka þau viðskipti sem að baki því búa. Hann getur því öðlast meiri rétt en eigandi bréfsins átti í raun, þ.e. ef bréfið ber það með sér. Ýmsar mótbárur kunna að glatast við framsal. Viðskiptabréfsreglurnar gilda aðeins við framsal en sjaldnast við aðilaskipti sem fram fara með öðrum hætti. Mörg viðskiptabréf hafa haft verulega þýðingu í viðskiptalífi. Nægir einkum að nefna skuldabréf, tékka, víxla og hlutabréf. Þótt viðskiptabréfsreglur hafi ekki breyst efnislega hafa ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu breyst svo við það að tölvutækni hefur fleygt fram, að fjarað hefur undan viðskiptabréfum í viðteknum skilningi. Reyndar má fullyrða að þýðing líftryggingarskírteinis sem viðskiptabréfs í íslensku viðskiptalífi hafi alltaf verið takmörkuð, þótt eitthvað kunni það að vera breytilegt eftir tímum. Þær breytingar sem hafa orðið eru að í auknum mæli hefur verið hætt að gefa út á pappír skilríki fyrir þeim réttindum sem felast í viðskiptabréfum. Flokkar ýmissa skuldabréfa eru nú aðeins gefnir út rafrænt, hlutabréf eru í auknum mæli gefin eingöngu út rafrænt, þýðing víxla hefur minnkað verulega í viðskiptum og tékkar hafa að stórum hluta verið leystir af með greiðslukortum hvers konar, þar sem skuld- og tekjufærslur eru allar rafrænar.

Með lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, má segja að stigið hafi verið stórt skref í þá átt að hverfa frá beitingu viðskiptabréfsreglna í viðskiptum með þau bréf. Með lögunum er mælt fyrir um rafræna útgáfu verðbréfa (rafbréf), skráningu eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögunum. Rafbréf eru nefnd í lögunum framseljanleg rafrænt skráð verðbréf. Í lögunum er mælt fyrir um heimildir til að setja á stofn verðbréfamiðstöð og samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna skal skrá réttindi að rafbréfum í verðbréfamiðstöð, „ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi“, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í 2. málsl. sömu grein-

ar segir efnislega að óheimilt sé að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og að slík viðskipti séu ógild. Eru einnig ákvæði um skráninguna, aðferðir við hana, forgangsrétt og fleira. Í 19. gr. laganna segir að eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verði réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Það sé aðeins við meiri háttar nauðung og fölsun sem mótbárur glatist ekki. Með reglunum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er í raun verið að hverfa frá kerfi sem byggist á því að viðskiptabréf (verðbréf) sé skjal sem beri með tæmandi hætti með sér öll þau réttindi og þær skyldur sem krafan lýtur að til kerfis þar sem öll réttindin og skyldurnar, sem tengdar eru skjalinu, séu skráð með tæmandi hætti í rafrænni miðstöð. Það kerfi er líkara kerfi því sem þinglýsingar byggja á, þótt það hafi til skamms tíma ekki verið rafrænt. Hin rafræna skráning mun að líkindum smám saman byggja út hinum hefðbundnu viðskiptabréfum og viðskiptabréfsreglurnar verða þá hafðar til hliðsjónar um réttarstöðu þeirra sem eiga eða eiga ekki rafrænt skráð réttindi.

Markmiðið með reglum þessa kafla er hvorki að breyta efnislega viðskiptabréfsreglum né hindra viðskipti með líftryggingarskírteini eða þau réttindi sem felast í líftryggingarskírteinum. Það er á hinn bóginn ekki hægt að gera ráð fyrir að nýjar reglur um vátryggingarsamninga, hér líftryggingarsamninga, geri ráð fyrir að líftryggingarskírteinið, þ.e. skjalið sjálft, beri með sér réttindi og takmarkanir á þeim með tæmandi hætti, svo sem verið hefur. Tillögur um líftryggingarskrár miða að því að koma á svipuðu kerfi um skráningu réttinda og takmarkana á þeim samkvæmt líftryggingarsamningi, og komið hefur verið á með lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Sá kostur að hafa skráninguna á líftryggingarskírteinum í verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er ekki heppilegur. Í fyrsta lagi hafa líftryggingarskírteini enga þá samstöðu með öðrum viðskiptabréfum sem þar eru skráð að nauðsyn sé á slíkri miðlægri skráningu. Í öðru lagi eru þau réttindi og takmarkanir á þeim svo sérstök að heppilegt er að hafa þau skráð sérstaklega. Í þriðja lagi verður umfang þeirra ekki svo mikið að ástæða sé til að haga skráningunni öðruvísi en svo að það sé ein skrá hjá hverju félagi sem veitir líftryggingarvernd. Í fjórða lagi er í mörgum tilvikum um að ræða málefni sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar eða geta tengst þeim, þannig að hugsanlegt er að Persónuvernd, á grundvelli laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, geri aðrar kröfur til varðveislu þeirra en upplýsinga sem skráðar eru á grundvelli laganna um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Ekki þykir heldur varhugavert að mæla fyrir um að hvert félag sem veitir líftryggingar haldi sína skrá, enda eru þau fá og mun það ekki torvelda eftirlit.

Fyrir vátryggingafélög sem veita líftryggingar mun slík skráning ekki valda neinum sérstökum vandamálum, en miklu varðar þó að þau haldi kerfisbundið, og eftir þeim reglum sem í frumvarpinu eru, utan um alla skráningu.

Ákvæði kaflans eiga eingöngu við um líftryggingar en ekki um aðrar persónutryggingar. Ekki er ástæða til að reglurnar hafi víðtækara gildissvið en hér er lagt til.

Um 112. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um líftryggingarskrá sem hvert einstakt líftryggingafélag á að halda. Skráin skal færð þannig að hver samningur verði færður sérstaklega og þau réttindi og takmarkanir á þeim sem honum tengjast. Þau eiga sér ekki, fremur en aðrar reglur þessa kafla, hliðstæðu í VSL.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um skyldu líftryggingafélags til þess að halda líftryggingarskrá. Í framhaldinu er svo kveðið á um hvað eigi að færa í skrána. Ákvörðun þess hvaða upplýsingar ber að færa í skrána miðast við að fullnægt sé þörfum viðskiptaöryggis. Þegar við-

skipti, framsal, veðsetning o.fl. með réttindi samkvæmt líftryggingarsamningi, eiga sér stað á að vera hægt að afla upplýsinga úr skránni um hver staða réttinda sé og hvaða skilmálar gildi um samninginn. Ákvæði greinarinnar og annarra ákvæða kaflans um það hvað skuli skrá eru ekki tæmandi í þeim skilningi að félagi sé óheimilt að skrá önnur atriði líka, einkum ef þau samrýmast því markmiði að tryggja viðskipti með réttindin.

Upptalningin í a–d-lið þarfnast ekki skýringa, en þó er rétt að vekja athygli á því, vegna tilgreiningar á vátryggðum í d-lið, að samkvæmt skilgreiningu í b-lið 62. gr. telst vátryggingartaki einnig sá sem öðlast hefur eignarrétt að vátryggingunni. Framsalshafi félli því undir þetta orð og bæri því að skrá hann.

Í 2. mgr. eru nánari ákvæði um skráningu á rétti sem einhver kann að öðlast til vátryggingarinnar. Slíkan rétt ber að skrá skv. 1. málsl. Ákvæðið er orðað svo að það skuli skráð ef einhver „öðlast rétt“ til vátryggingarinnar. Hér er átt við yfirfærslu réttinda samkvæmt vátryggingarsamningnum. Það gerist t.d. við framsal, við yfirfærslu réttinda vegna erfða eða við að þau færast inn í óskipt bú, eða skv. 3. mgr. 104. gr. þegar vátryggingarfjárhæðin á að greiðast síðar en við andlát vátryggingartaka (vátrygging á lífi þriðja manns og tilvik þar sem vátrygging hefur verið framseld). Þá felst í hinum tilvitnuðu orðum að færa ber í skrána stofnun takmarkaðra eignarréttinda í vátryggingunni en með því er einkum átt við veðsetningu og tilnefningu á rétthafa með óafturkallanlegum hætti. Sérstaklega skal tekið fram að í hinu tilvitnuðu orðum felst ekki að skrá eigi samkvæmt þessari grein tilnefningar sem eru afturkallanlegar, enda hefur ítrekað komið fram í athugasemdum þessum að „rétthafinn“ öðlast engan rétt í þeim tilvikum, heldur einungis væntingar um rétt. Í 2. málsl. er mælt fyrir um að það sé skilyrði, ef réttur byggist á frjálsri ráðstöfun, að ráðstöfun sé gerð af þeim sem samkvæmt skránni er vátryggingartaki (þ.m.t. sá er öðlast hefur eignarrétt að skránni). Þessi regla er hin sama og í þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sbr. 24.–26. gr. þeirra, en einnig má leiða þessa reglu af 2. mgr. 16. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, þótt það segi ekki beinlínis. Ekki eru reglur um það hvaða kröfur félagið eigi að gera þegar metið er hvort skrá eigi yfirfærslu réttinda fyrir erfð til óskipts bús eða skv. 3. mgr. 104. gr. Af því leiðir að félögin verða að meta sjálf hvað sé fullnægjandi sönnun fyrir því að slík yfirfærsla réttinda hafi átt sér stað. Er eðlilegast að miða við opinber gögn í því efni eftir því sem kostur er.

Spurningunni um það hver geti krafist færslu í skrána er ekki svarað í frumvarpinu, enda nærtækt að sá gangist fyrir skráningu sem hagsmuni hefur af því. Sú skylda sem lögð er á félagið skv. 3. málsl. að það tilkynni vátryggingartaka og eiganda réttinda um skráninguna ætti að koma í veg fyrir rangar skráningar andstætt réttmætum hagsmunum hans.

Þótt ekki sé lögð sú kvöð á félagið að rannsaka nákvæmlega hvort ráðstöfun er gild áður en skráning fer fram hvílir rík almenn aðgæsluskylda á því og þess vegna á það að hafna skráningu ef það telur ljóst að krafa um hana byggist á ógildri ráðstöfun. Verður þá sá sem skráningar krefst að leita úrlausnar um meintan rétt sinn.

Í 3. mgr. er ákvæði sem efnislega samsvarar 27. gr. þinglýsingalaga og heimilar að afmá ranga skráningu eða skráningu sem síðar er leitt í ljós að er röng, svo og skráningu sem eigandi réttinda samþykkir að verði afmáð.

Í 4. mgr. er undantekning frá þeirri reglu 2. mgr. að einungis rétt til vátryggingar skuli skrá. Heimilað er í málsgreininni að skrá afturkallanlega tilnefningu rétthafa, en einungis að það sé gert að beiðni vátryggingartaka. Félagið á því ekki að sinna beiðni rétthafans sjálfs um skráningu á þeim rétti, sem hann telur sig eiga í vændum. Vísan 2. málsl. þessarar málsgreinar til 1. mgr. 102. gr. felur það í sér að skráning mundi yfirleitt eiga sér stað samhliða tilnefningu, nema þegar tilnefning er gerð í erfðaskrá skv. 2. mgr. 102. gr., enda er þá ekki

um að ræða tilkynningu til félagsins. Ekki þykir rétt að heimila rétthafanum sjálfum að krefjast skráningar. Slíkt gæti leitt til óvissu, því tilnefningin er hvenær sem er afturkallanleg og um það hefur rétthafinn ekkert að segja. Réttur sá sem hann á í vændum er því háður slíkri óvissu að hann hefur ekki ríka hagsmuni af skráningu hans miðað við það óhagræði sem það gæti haft í för með sér ef hann hefði heimild til að krefjast skráningar.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að færa skuli í líftryggingarskrá, sé þess krafist, tilgreindar breytingar á högum vátryggingartaka, þ.e. ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, heimild veitt til að leita nauðsamnings við skuldheimtumenn, eða búið tekið til opinberra skipta samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl. Ákvæði síðast greindra laga gilda um opinber skipti, önnur en gjaldþrotaskipti, ekki aðeins á dánarbúum, heldur einnig öðrum búum. Hið sama á við ef vátryggingartaki er sviptur lögræði. Það eru skiptastjórar sem mundu setja fram slíka kröfu í viðleitni sinni til að tryggja hagsmuni búsins eða kröfuhafa þess. Tilsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum mundi fyrir hönd skuldarans setja fram slíka kröfu en lögráðamaður f.h. hins lögræðissvipta. Ástæða þess að rétt þykir að heimila skráningu á svo breyttum högum vátryggingartaka er fyrst og fremst sú að hann gæti sjálfur misnotað stöðu sína og ráðstafað réttindum ef skráningin færi ekki fram. Það er ævinlega hætta á slíkri misnotkun, einkum þegar menn hafa misst fótanna í fjármálum sínum. Í þessu sambandi ber að árétta að vátryggingartakar, sem hér er átt við, fara samkvæmt lögum ekki með forræði þeirra hagsmuna sem um ræðir, heldur skiptastjórar, tilsjónarmaður eða lögráðamaður. Vátryggingartaki í skilningi þessarar málsgreinar er, sem fyrr segir, bæði upphaflegur vátryggingartaki og sá, sem öðlast hefur eignarrétt að vátryggingunni.

Í 6. mgr. eru fyrirmæli um frumskráningu í dagbók, en endanlega skráningu eins fljótt og kostur er. Ekki er ólíklegt að unnt sé að ljúka færslu strax, þ.e. endanlegri færslu, og ber þá að gera það. Það kerfi sem hér er sett upp, þ.e. bráðabirgðafærsla í dagbók og endanleg skráning réttinda á sér fyrirmynd í þinglýsingalögum, sbr. II. kafla þeirra.

Um 113. gr.

Í þessari grein eru reglur um rétt til að krefjast endurrits úr líftryggingarskránni, um efni endurrita og um þagnarskyldu þeirra sem starfa við slíkar skrár. Meginreglan er sú að félagið og starfsmenn þess eigi að gæta þagnarskyldu um efni líftryggingarskrár og að þeir sem heimild hafa til að krefjast endurrits úr skránni eigi að vera tæmandi taldir. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að í skránni eru persónuupplýsingar í skilningi 1. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ekki óhugsandi að af þeim mætti draga ályktanir um viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. tölul. sömu greinar laganna, einkum gætu verið upplýsingar um heilsuhagi í skilmálum vátryggingarinnar sem ályktа mætti frá, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr.

Í 1. mgr. er vátryggingartaka, maka hans, vátryggðum, rétthafa samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu, veðhafa í réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi eða framveðhafa, skiptastjóra í búi sem er til gjaldþrotaskipta, eða opinberra skipta, og tilsjónarmanni með nauðasamningum heimilað að krefjast endurrits úr skránni. Svo sem fyrr greinir er þetta tæmandi upptalning. Álitaefni kann að vera hvort maki vátryggingartaka ætti að vera í þessum hópi, en þar sem hagsmunir hans eru svo samofnir hagsmunum vátryggingartaka þykir það ekki varhugavert. Ekki er á hinn bóginn ástæða til að heimila rétthafa, samkvæmt afturkallanlegri tilnefningu, að krefjast endurrits úr líftryggingarskrá. Ástæðan er hin sama og oft hefur verið tilgreind, þ.e. að hann eigi engan rétt, aðeins væntingar um rétt. Hagsmunir hans eru ekki slíkir að rétt sé að heimila honum þann aðgang að skránni að hann geti krafist upplýsinga úr henni. Veðhafi, framveðhafi og rétthafi samkvæmt óafturkallanlegri tilnefningu

hafa ólíka stöðu, sem rétt er að veita þá vernd að heimila aðgang að upplýsingum. Það verður þó að vera skilyrði að þessi réttindi séu skráð þegar þeir biðja um upplýsingar. Fram að skráningu þeirra verða þeir að fá upplýsingar frá vátryggingartaka eða í gegnum hann. Í síðari hluta 1. mgr. er regla sem mælir fyrir um að það séu upplýsingar sem skráðar eru í líftryggingarskrá, með þeim takmörkunum sem síðar greinir, sem veita ber. Í þessari reglu felst að það eru upplýsingar sem eru í skránni á því tímamarki sem endurritið er gefið sem veita á. Félagið hefur því aðeins skyldu til að láta í té skráðar upplýsingar, þ.m.t. þær sem komnar eru í dagbók.

Með sama hætti og hendir við þinglýsingar og gerð þinglýsingarvottorða og útgáfu veðbókarvottorða geta orðið mistök af hálfu vátryggingafélags við færslu líftryggingarskrár og gerð endurrita. Ekki er þó ástæða til að mæla fyrir um sérstakar skaðabótareglur og gilda því almennar reglur skaðabótaréttar um bótarétt vegna hugsanlegs tjóns sem af slíkum mistökum leiðir.

Í 2. mgr. er leitast við að takmarka þær upplýsingar sem fram eiga að koma í endurriti úr líftryggingarskrá. Leitast er við að setja fram reglu sem tryggir að aðeins eru veittar þær upplýsingar sem sá er krefst endurrits þarf á að halda. Ljóst er að þessi regla leiðir til matskenndrar ákvörðunar félagsins hverju sinni. Ágreiningur getur risið um það mat og verður sá er endurrits krefst að leita úrlausnar á þeim ágreiningi ef hann unir ekki niðurstöðu félagsins. Af tveimur kostum, þ.e. matskenndri reglu sem leiða kann til ágreinings eða víðtækri upplýsingagjöf um þær viðkvæmu upplýsingar sem kunna að vera í skránni, er talið rétt að velja hinn fyrri. Til að freista þess að takmarka óvissu er í 3. mgr. lagt til að viðskiptaráðherra setji reglur um efni endurrits samkvæmt greininni. Í þeim reglum mætti útfæra nánar hvaða upplýsingar má veita hverjum.

Um 114. gr.

Í greininni eru reglur sem ætlað er að leysa af hólmi reglur 113. gr. VSL en eru með allt öðrum hætti þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að skráning réttinda ráði réttarstöðunni, en ekki hvaða réttindi skjalið sjálft, líftryggingarskírteinið, ber með sér. Með reglum greinarinnar er leitast við að ráða fram úr hugsanlegum árekstrum ósamþýðanlegra réttinda yfir vátryggingunni. Sambærilegar reglur eru í þinglýsingalögum og í 16. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, en þær eru ekki nákvæmlega eins að efni til.

Meginreglan, sem sett er fram í 1. mgr., miðast við að það sé skráning réttinda í dagbók sem ræður rétthæð þeirra. Tímabilið, sem miðað er við, er dagurinn, þannig að réttindi sem skráð eru í dagbók sama dag eru jafnrétthá. Það eru fyrst og fremst ráðstafanir sem byggjast á löggerningum sem greinin tekur til en þó er orðalagið ekki bundið við það. Fjárnám í réttindum samkvæmt líftryggingarsamningi féllu því einnig undir regluna. Fjárnámshafi, sem ekki lætur skrá réttindi sín, stendur þannig að baki þeim sem skráir sín réttindi, þótt þau hafi komið til síðar. Skýra verður 1. og 2. mgr. saman, því það er skilyrði fyrir því að sá sem fyrr fær skráð réttindi öðlist betri rétt að hann hafi verið grandlaus um hinn eldri rétt þegar réttur hans var skráður í dagbók. Það á við hvort sem hinn eldri réttur heldur áfram að vera óskráður eða hann verður skráður á eftir þeim yngri. Tekið skal fram í þessu sambandi að þýðing grandleysis á aðeins við um réttindi sem stofnuð eru með samningi. Það er í samræmi við almennar reglur, sbr. Hrd. 1969, bls. 1095, Hrd. 1969, bls. 1414, og Hrd. 1989, bls. 171, að aðfararhafi öðlast rétt frá því að hann skráir (þinglýsir) réttindi þau er hann öðlast við aðförina hvort sem hann er grandlaus eða grandsamur um eldri réttindi sem ekki eru skráð (þinglýst).

Þær frjálsu ráðstafanir sem um ræðir í 2. mgr. eru þær sem lýst hefur verið í reglum frumvarps þessa að frátalinni tilnefningu sem er afturkallanleg, enda öðlast sá er tilnefndur er engan rétt, svo sem fram er komið.

Um 115. gr.

Í þessari grein eru reglur sem eiga við um stöðu grandlauss eiganda réttinda gagnvart félaginu. Í VSL eru ekki heildstæðar reglur um sama efni en þó eru ýmis ákvæði 114. gr. þeirra laga sem eiga við um efnið.

Meginregla greinarinnar kveður á um að sá sem í góðri trú hefur fengið skráð réttindi sem reist eru á samningi þurfi ekki að sæta því að félagið hafi uppi mótbárur gegn réttindum hans sem ekki hafa komið fram í tilkynningum sem félaginu er skylt að senda skv. 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. Félagið glatar því mótbárum við þessar aðstæður nema við eigi undantekningarreglur þær sem fram koma í a–c-lið 2. mgr.

Sett eru ýmis skilyrði fyrir því að félagið glati mótbárum sínum. Þannig þarf eigandi að skrá réttindi, hann þarf að hafa verið í góðri trú og réttindin þurfa að vera reist á samningi en ekki aðfaragerð, fengin fyrir erfðir, runnið til óskipts bús, eða orðið til skv. 3. mgr. 104. gr.

Þær mótbárur sem félagið getur haft uppi eru tilgreindar í áðurnefndum stafliðum. Af a-lið leiðir að félagið getur haft uppi mótbárur sem reistar eru á því að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt, að um áhættuaukningu sé að ræða o.s.frv., allt að því gefnu að félagið hafi ekki þekkt til atvika fyrr en eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send. Af b-lið leiðir að félagið getur haft uppi þá mótbáru að iðgjaldagreiðsla hafi verið vanefnd eftir að tilkynning skv. 2. mgr. 112. gr. var send, en það verður þá að hafa sent innheimtutilkynningu skv. 98. gr. frumvarpsins, þ.e. sinnt sérstakri tilkynningarskyldu í líftryggingum. Af c-lið leiðir svo að félagið getur borið fyrir sig að það hafi greitt gjaldfallnar lífeyrisgreiðslur, enda má almennt ganga út frá skilvísi vátryggingafélaga í því efni og ekki er ástæða til að gera kröfu um að það sé sérstaklega tiltekið í þeirri tilkynningu sem senda ber skv. 2. mgr. 112. gr.

Um 116. gr.

Í greininni eru reglur um stöðu félagsins sem greitt hefur vátryggingarfjárhæðina gagnvart þeim sem skráður er rétthafi eða á skv. 100. gr. rétt til greiðslu hennar. Í greininni felst að fyrir fram ber að ganga út frá því að upplýsingar í líftryggingarskrá séu réttar. Miðað er við efni skrárinnar á því tímamarki sem greiðsla fer fram. Ekki ber að skýra regluna þannig að gagnálykta eigi frá henni á þann veg að félag sem greiðir vátryggingarfjárhæðina geti ekki losnað undan ábyrgð þótt greiðslan hafi ekki verið í samræmi við efni skrárinnar. Ýmsar ástæður kunna að valda því að félaginu verður engan veginn um kennt en víst er að mikið þarf til að svo verði talið.

Um 117. gr.

Í þessari grein eru reglur um sambandið milli þess sem hefur skráð réttindi í góðri trú og þess sem á betri rétt í raun. Þegar réttindi hafa yfirfærst með samningi við skráðan vátryggingartaka og hafa verið skráð í líftryggingarskrá ber samkvæmt greininni að miða við að sú skráning sé rétt. Löglíkur eru þannig fyrir því að réttindi sem skráð eru í líftryggingarskrá séu réttilega skráð. Í 2. málsl. eru undantekningar frá meginreglu 1. málsl. Skv. reglu 2. málsl. er það aðeins við svonefndar sterkar ógildingarástæður sem grandlaus eigandi réttinda sem hefur fengið þau skráð í líftryggingarskrá þarf að þola að betri réttur annars manns gangi framar. Ógildingarástæðurnar eru taldar upp í málsliðnum og er sú upptalning tæmandi.

118. gr.

Reglur þessarar greinar um merkingu hugtaksins vátryggingartaki í kaflanum þarfnast ekki skýringa en rétt er þó að geta þess að þær tengjast sérstaklega reglum 112. og 117. gr. frumvarpsins.

Um 119. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XVIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um bótauppgjör, þ.m.t. upplýsingaskyldu félagsins við það tækifæri, skuldajafnaðarrétt félagsins, vexti, fyrningu og fleiri atriði. Ákvæðin eiga því við eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Í kaflanum er leitast við að safna saman þeim ákvæðum sem lúta að uppgjöri kröfu samkvæmt vátryggingarsamningi á hendur félagi og líka hvernig þeirri kröfu getur lokið með öðrum hætti en greiðslu svo sem fyrningu. Um þessi efni eru dreifð ákvæði í VSL, sbr. 21.–24. gr., 29.–30. gr. og 124. gr., sbr. 52. gr. Tillögur frumvarpsins fela ekki í sér róttækar breytingar á efni gildandi reglna nema að tvennu leyti. Annars vegar er lagt til að reglur um lækkun eða niðurfellingu ábyrgðar félagsins vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu o.fl. verði sveigjanlegri en gildandi reglur, þannig að það verði háð mati á atvikum að hve miklu leyti ábyrgð félagsins verður takmörkuð. Hins vegar er lagt til að heimild til að víkja frá fyrningarreglum laganna, þ.e. með því að stytta fresti, sem nú er veitt í 30. gr. VSL, verði felld úr gildi.

Efni kaflans er hið sama og efni VIII. kafla frumvarpsins um sömu atriði í skaðatryggingum og eru ákvæðin að verulegu leyti efnislega eins.

Um 120. gr.

Í greininni eru reglur um upplýsingaskyldu við uppgjör bóta. Reglurnar eru efnislega hinar sömu og í 47. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein. Sá orðalagsmunur sem er á þessari grein og 47. gr. felst einkum í því að hér er orðalag við það miðað að fleiri en vátryggður geti sett fram kröfur á hendur félaginu og hafi við það sömu skyldu, eftir því sem unnt er, og vátryggður. Þessi munur hefur engin efnisleg áhrif.

Um 121. gr.

Í þessari grein eru reglur um greiðslu bóta eða vátryggingarfjárhæðar. Efni hennar svarar að verulegu leyti til efnis 48. gr. frumvarpsins, en að hluta til er nokkur munur á sem gera verður grein fyrir. Reglan á sér hliðstæðu í 24. gr. VSL en orðalag er nokkuð annað og efnislegt frávik.

Í 1. málsl. 1. mgr. er ákvæði sem svarar til 1. málsl. 49. gr. og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Í 2. málsl. er sérregla sem á við í persónutryggingum, einkum slysa- og sjúkratryggingum. Ákvæðið heimilar félögunum að kveða nánar á um hvernig meta skuli örorku. Að íslenskum rétti eru ýmsar aðferðir til við mat á varanlegri örorku og er grundvallarmunur á sumum aðferðanna. Til skamms tíma hefur almennt verið miðað við læknisfræðilega örorku, svo sem tíðkað var í skaðabótarétti utan samninga allt fram til gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, en með þeim var tekið upp nýtt örorkumat, reist á fjárhagslegum áhrifum líkamstjóns. Einnig eru til aðrar aðferðir. Það er eðlilegt að vátryggingafélög eigi þess kost að bjóða upp á vátryggingar með mismunandi aðferðum við örorkumat. Hluti af þessu er að ákveða í skilmálum hvenær örorka skuli metin, t.d. í fyrsta lagi eða í síðasta lagi. Slíkt hefur áhrif á gjald-

daga þar sem félaginu er ekki unnt að reikna út endanlega fjárhæð bóta fyrr en matið liggur fyrir. Ef félagið hefur áskilið sér of langan frest í þessu efni gæti það leitt til viðbragða Fjármálaeftirlitsins. Ekki verður heldur litið fram hjá því að sá sem á rétt til bótanna getur krafist hlutagreiðslu skv. 2. mgr. Verður því að telja að hagsmunir hans, séu þeir réttmætir, njóti nægilegrar verndar.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og efni 2. málsl. 48. gr. og þarf ekki að skýra það frekar hér.

Um 122. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimild félagsins til þess að beita skuldajöfnuði. Um þetta eru ekki skýrar reglur í VSL. Ákvæðið er að mestu sama efnis og 49. gr. frumvarpsins, en nokkur orðalagsmunur er, sem einkum ræðst af mismunandi aðstæðum í skaðatryggingum og persónutryggingum. Veigamestu þættirnir eru þó leystir með sama hætti og má því um skýringar vísa til athugasemda við 49. gr.

Í 1. mgr. er miðað við að félagið hafi eingöngu rétt til skuldajafnaðar vegna vangoldinna iðgjalda vátryggingartaka hjá félaginu, þ.e. vegna þess vátryggingarsamnings sem greiðsla tekur til og annarra. Þegar annar en vátryggingartaki krefur með réttu um greiðslu er skuldajafnaðarheimild félagsins þrengri en að framan greinir, því skv. 2. mgr. nær skuldajafnaðarrétturinn þá aðeins til þess vátryggingarsamnings sem greiðsla tekur til.

Um 123. gr.

Í þessari grein eru reglur um vexti á bótakröfur og kröfur um vátryggingarfjárhæð sem gerðar eru á hendur félagi. Í 50. gr. frumvarpsins eru reglur um sama efni en nokkur munur er þó á greinunum. Um þetta eru nú ákvæði í 3. mgr. 24. gr. VSL en þau ákvæði eru fátækleg og hafa því bæði ákvæði skilmála og fyllingarreglur laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, haft verulega þýðingu. Í frumvarpsgreininni er leitast við að setja ítarlegri reglur um vexti en gilt hafa.

Ákvæði 1. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 50. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við hana. Er einungis ástæða til að árétta að tveggja mánaða fresturinn reiknast frá því tímamarki að tilkynning var send félaginu en ekki frá því að hún kom til þess, svo sem almennar reglur samningaréttar hefðu leitt til, enda er tilkynningin ákvöð. Sendingin verður að vera með sannanlegum hætti. Þykir eðlilegt að sá sem rétt á til greiðslna frá félaginu teljist hafa sinnt skyldum sínum þegar hann hefur sent tilkynninguna. Verður að hafa hugfast í þessu sambandi að um er að ræða fremur langan frest, þ.e. tvo mánuði.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er sama efnis og 1. málsl. 2. mgr. 50. gr. Í síðarnefnda ákvæðinu eru í framhaldi af því reglur um brunatryggingar sem ekki eiga við í þessari grein. Þess í stað er ákvæði um skyldu til að greiða vexti á dagpeninga, svo og um tilvik er félagið á að greiða tilteknar fjárhæðir á fyrir fram umsömdum gjalddögum. Þetta er algengt í slysa- og sjúkratryggingum þar sem samið eru fyrir fram um greiðslur vegna tímabundinna afleiðinga, t.d. vikulegar eða mánaðarlegar greiðslur. Báðum aðilum er þá kunnugt um réttindi sín og skyldur og þess vegna ástæðulaust að láta rétt til vaxta vera háðan tilkynningum.

3. mgr. svarar að efni til 4. mgr. 50. gr. Hún er í samræmi við almennar reglur kröfuréttar um að viðtökudráttur af hálfu kröfuhafa leiði til brottfalls réttar til að krefja um vexti. Um meginregluna má vísa til 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu en hún er víðtækari en svo að hún eigi einungis við er viðtökudráttur er. Hún er í samræmi við reglu þessarar málsgreinar. Allt hið sama á við er eigandi réttar gagnvart félaginu hafnar lögmætu greiðslutilboði þess, enda er það viðtökudráttur í skilningi kröfuréttar. Nauðsyn ber til að nota orðalagið

„eigandi réttar gagnvart félaginu“ þar sem villandi gæti verið að nota orðið rétthafi, einkum í ljósi takmarkana á réttarstöðu hans sem gerð er grein fyrir að framan.

Í 4.–6. mgr. eru efnislega sömu reglur og í 5.–7. mgr. 50. gr. og þarf ekki að skýra þær frekar en gert er í athugasemdum við síðarnefndu málsgreinarnar.

Um 124. gr.

Reglur þessarar greinar um frest til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa- eða sjúkratryggingum og til lögfræðilegra aðgerða eru efnislega hinar sömu og reglur 51. gr. frumvarpsins. Vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 125. gr.

Í þessari grein eru reglur um fyrningu. Um fyrningu í skaðatryggingum eru ákvæði í 52. gr. en nokkur munur er á frestum og ýmsum öðrum atriðum. Reglur VSL um fyrningu eru í 29.–30. gr. og svipar ákvæðum fyrrnefndu greinarinnar til efnis þessarar. Ekki er á hinn bóginn ákvæði í þessu frumvarpi sem svarar til 30. gr. VSL, enda lagt til að þeim möguleika verði sleppt, eins og greinir að framan.

Þess skal getið að fyrningarreglur þær sem eru í greininni varða aðeins fyrningu á kröfu um bætur eða vátryggingarfjárhæð úr hendi félagsins. Aðrar kröfur sem tengst geta vátryggingarsamningi, t.d. krafa um iðgjaldið, fyrnast eftir hinum almennu reglum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Í 1. mgr. er fyrst meginreglan um að krafa um vátryggingarfjárhæð í höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum frá lokum þess almanaksárs sem sá er á kröfuna fékk nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem krafan er reist á. Aðrar kröfur fyrnast á fjórum árum en það er sá fyrningarfrestur sem flestar algengustu tegundir krafna fyrnast á samkvæmt lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Upphaf fjögurra ára frestsins ræðst af sömu reglum og tíu ára frestsins. Í 3. málsl. eru fyllingarreglur sem eiga við ef sá er kröfuna á fær ekki nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem krafa hans er reist á. Þá falla kröfur um vátryggingarfjárhæð í höfuðstólstryggingum niður á 20 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð, en í öðrum tryggingum á tíu árum. Í 4. málsl. er enn fyllingarregla sem kveður á um að hafi tilkynning, sem félaginu ber að senda ef það hafnar kröfu um bætur eða vátryggingarfjárhæð, verið send ljúki fyrningarfresti ekki fyrr en árs frestur sá er tilgreina á í tilkynningunni er liðinn. Þetta getur leitt til framlengingar fyrningarfrestsins í einstökum málum.

Í 2. mgr. er sérregla um fyrningu á kröfum samkvæmt lífeyristryggingum. Samkvæmt henni fellur krafa eftir þeim vátryggingum niður að liðnum tíu árum frá því að síðustu greiðslu er krafist. Þetta er helmingi skemmri frestur en er í 2. mgr. 2. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Stytting frestsins þykir ekki varhugaverð. Verður að hafa í huga að síðasttilvitnuð lög eru nálægt því aldargömul. Upplýsingaskylda félagsins til þess sem rétt á til greiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er svo rík að óhugsandi er að sá sem kröfuna á gleymi henni. Má fremur ætla að greiðslur til hans gangi sjálfkrafa fyrir sig. Fyrningarfrestur í 20 ár er í engu samræmi við þarfir viðskiptalífs og vart nauðsynlegur fyrir þann sem kröfuna á. Fyrningarfrestur á hverri einstakri gjaldfallinni greiðslu er fjögur ár og er það í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Að öðru leyti en sérstaklega er tekið fram gilda ákvæði laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. ákvæði 3. mgr., þó með þeim fyrirvörum er þar greinir.

Um XIX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hópvátryggingar í persónutryggingum. Um sama efni í skaðatryggingum eru ákvæði í IX. kafla frumvarpsins en engar sérreglur eru í VSL um þessar tegundir vátrygginga sem munu lítt eða ekki hafa verið þekktar við gildistöku þeirra á Íslandi. Þýðing hópvátrygginga er mun meiri í persónutryggingum en í skaðatryggingum. Það virðist mun algengara að teknar séu líftryggingar, slysatryggingar eða sjúkratryggingar fyrir skilgreinda hópa en annars konar vátryggingar. Hópvátryggingar í persónutryggingum eru oft hugsaðar sem eins konar viðbót við þá félagslegu vernd sem fólk nýtur með almannatryggingakerfinu.

Eins og greinir í almennum inngangi að IX. kafla frumvarpsins er eitt einkenna hópvátrygginga að það eru þrír aðilar sem eru í réttarsambandinu, þ.e. vátryggingartaki, oftast vinnuveitandi eða félag, félagið sem gerir hópvátryggingarsamning við vátryggingartaka og hinir vátryggðu, þ.e. þeir sem eru í hópnum á hverjum tíma. Það einkennir líka hópvátryggingar að iðgjaldið, vátryggingarfjárhæðir og skilmálar að öðru leyti eru ákveðnir með heildstæðum hætti eftir mati á hópnum sjálfum en ráðast ekki af upplýsingum um hvern einstakan í hópnum. Ýmis afbrigði eru möguleg í hópvátryggingum. Í sumum tilvikum getur hver þátttakandi í hópnum þurft að hafa frumkvæði að því að njóta verndar vátryggingarinnar en í öðrum tilvikum getur verið að maður öðlist sjálfkrafa vernd, t.d. við það að taka við starfi eða ganga í tiltekið félag. Það er ekki sjálfgefið að nákvæmlega sömu reglur eigi að gilda um þessi tvö afbrigði.

Telja verður nauðsyn bera til að setja reglur um ýmis atriði í hópvátryggingum á sviði persónutrygginga, eins og á sviði skaðatrygginga. Réttur til ráðstöfunar yfir vátryggingu er t.d. sérstakt álitaefni í hópvátryggingum á sviði persónutrygginga. Eðlilegt er að líta svo á að það sé vátryggður sem í meginatriðum fari með þann rétt en vátryggingartaka séu óheimilar ráðstafanir yfir réttindum samkvæmt vátryggingunni, andstætt því sem gildir um einstaklingsbundnar vátryggingar. Annað atriði, sem sjálfgefið er að geti valdið óvissu, er hvernig haga eigi réttarsambandinu milli félagsins og hinna vátryggðu, einkum hvaða hlutverk og ábyrgð vátryggingartakinn eigi að hafa í því efni. Þriðja atriðið, sem getur valdið óvissu, er hvenær ábyrgð félagsins hefst varðandi hvern og einn. Er það við tilkynningu til félagsins, er það þegar hann verður þátttakandi í hópnum, eða við eitthvert annað tímamark? Fjórða atriðið er hvort og þá að hvaða marki eigi að játa félaginu rétt til þess að gera hlutlæga fyrirvara í hópvátryggingum. Í einstaklingsbundnum vátryggingum á vátryggingartaki að veita réttar upplýsingar um heilsufar sitt o.fl. Geri hann það er það á ábyrgð félagsins þegar heilsu hans hrakar, jafnvel þótt einkennin hafi verið fyrir hendi er vátryggingin var tekin. Staðan getur verið sú í hópvátryggingum að félagið óski ekki eftir heilsufarsupplýsingum hjá hverjum og einum þátttakanda í hópnum, heldur láti nægja einfalda yfirlýsingu, t.d. vinnuveitanda, um að sá sem verður þátttakandi sé að fullu vinnufær. Frávik geta vissulega verið frá þessu en yfirleitt mundu atvik vera þannig að maður verði þátttakandi í hópnum og öðlast því vátryggingarvernd með takmörkuðum heilsufarsupplýsingum. Við þessar aðstæður er eðlilegt að játa félaginu rétt til þess að takmarka ábyrgð sína með hlutlægum hætti, þannig að það beri ekki ábyrgð ef einkenni, sem þátttakandinn var grandsamur um, voru til staðar við upphaf ábyrgðar þess, fyrr en eftir að það hefur kallað eftir ítarlegri heilsufarsupplýsingum. Fimmta atriðið, sem ráða þarf fram úr, er hver eigi að vera staða þátttakanda í hópi, sem nýtur vátryggingar, til þess að halda vátryggingu áfram og um rétt hans til tilkynninga ef vátryggingartaki og félagið hyggjast slíta vátryggingarsamningnum. Er leitast við að setja reglur um þessi atriði í kaflanum, svo og um ýmis önnur atriði. Reglur hans eru mjög svip-

aðar reglum IX. kafla, en þó eru ýmis frávik sem eru nauðsynleg vegna eðlis persónutrygginga.

Um 126. gr.

Greinin er samhljóða 53. gr. og þarf ekki að skýra hana hér, enda eðlilegt að aðrar reglur um persónutryggingar gildi um hópvátryggingar á því sviði.

Um 127. gr.

Í þessari grein eru reglur um hvert skuli að lágmarki vera efni hópvátryggingarsamnings. Ekkert er því til fyrirstöðu að efni vátryggingarsamnings sé ítarlegra en hér er gert ráð fyrir. Efni greinarinnar er um flest hið sama og efni 54. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa þangað. Ýmis ákvæði eru þó sérstök fyrir persónutryggingar og þarfnast sérstakra skýringa.

Í a-lið er mælt fyrir um að greiðslur félagsins samkvæmt samningnum skuli koma fram í honum. Reglan er sjálfgefin og mundi sjaldnast leiða til álitaefna og þarf ekki að skýra hana.

Í b-lið er mælt fyrir um að tiltaka skuli í hópvátryggingarsamningi hvort heimilt sé að áskilja sér að vera ekki þátttakandi í hópi sem nýtur vátryggingar. Ákvæðið er efnislega hið sama og regla b-liðar 54. gr. en með nokkru öðru orðalagi sem þó á ekki að leiða til mismunandi skýringar.

Í c-lið er sama regla og í a-lið 54. gr. og vísast um skýringar til þess sem segir í athugasemdum við þann staflið.

Í d-lið er ákvæði sem er sama efnis og c-liður 54. gr. og vísast um skýringar til athugasemda við þann lið. Þar er m.a. greint frá tilvikum þar sem menn verða sjálfkrafa þátttakendur í hópi. Því er við að bæta að í tilvikum þar sem svo er ekki, þ.e. maður þarf að gera tilteknar ráðstafanir til þess að verða þátttakandi, verður að koma fram í samningnum hvort beina á tilkynningum til vátryggingartaka eða til félagsins og hvaða upplýsingar á að veita.

Í e-, f-, g- og i-lið eru ákvæði sem eru eins og ákvæði d-, e-, f- og g-liðar 54. gr. og má vísa um skýringar til athugasemda við þá stafliði.

Í h-lið er mælt fyrir um að tilgreina skuli í hópvátryggingarsamningi ef vikið er frá ákvæðum 100. gr. frumvarpsins og vátryggingarfjárhæðinni ráðstafað. Ákvæðið á einungis við um höfuðstólstryggingar, enda lúta lífeyristryggingar öðrum reglum að þessu leyti.

Í j-lið er ákveðið að það skuli tilgreina í hópvátryggingarsamningi hvernig sé háttað heimildum þátttakenda til að tilnefna rétthafa, til framsals og veðsetningar á réttindum samkvæmt samningnum. Það er ekki sjálfgefið að slíkar heimildir eigi yfirleitt að vera fyrir hendi í hópvátryggingarsamningum, einkum í ljósi þess að oft eru þær hugsaðar sem viðbót við þá félagslegu vernd sem menn njóta af almannatryggingum. Hagnýting slíkra réttinda í persónulegum viðskiptum er því umhugsunarefni. Ekki þykir þó fært að leggja til takmarkanir á ráðstöfunarrétti hins vátryggða í þessum tilvikum, enda um að ræða réttindi sem hann á. Þyrftu að vera alveg sérstök rök til að setja ráðstöfunarrétti hans þröng mörk.

Eins og fram hefur komið getur orðið sérstakur ágóði í sumum tegundum líftrygginga. Hann getur ráðist af lágri tjónatíðni eða öðrum atvikum. Ákveða þarf skv. 2. mgr. þessarar greinar hvernig slíkum ágóða skal ráðstafað í hópvátryggingum, því ekki er sjálfgefið að hann renni til vátryggingartaka eins og vera mundi í einstaklingsbundnum vátryggingum. Má ætla að oft yrði ákveðið að hann rynni með einhverjum hætti til vátryggðra, þ.e. þátttakendanna í hópnum.

Um 128. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um upplýsingagjöf um vátrygginguna. Greinin er samhljóða fyrstu þremur málsliðum 55. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 129. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu til að gefa út vátryggingarskírteini og hvert vera skuli efni þess. Greinin er efnislega eins og 56. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 130. gr.

Í greininni eru reglur um upphaf ábyrgðar félagsins. Greinin er efnislega eins og 57. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 131. gr.

Í greininni eru reglur um lok ábyrgðar félagsins. Greinin er efnislega eins og 58. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 132. gr.

Í greininni eru reglur um rétt þátttakanda í hópi sem nýtur hóplíftryggingar til þess að viðhalda vátryggingunni sjálfur ef henni lýkur. Greinin á, eins og fram er komið, eingöngu við um hóplíftryggingar.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um rétt hvers og eins af þátttakendunum til að halda líftryggingu áfram án þess að gefa nýjar heilsufarsupplýsingar, ef hópvátryggingu sem þeir hafa notið lýkur. Rökin fyrir reglunni eru fyrst og fremst þau að líftrygging getur verið mikilvæg fyrir fjárhagslegt öryggi fjölskyldna og iðgjöld og skilmálar geta ráðist mjög af aldri og heilsufari. Sá sem verið hefur starfsmaður vátryggingartaka í t.d. 30 ár og notið hóplíftryggingar á grundvelli heilsufarsupplýsinga sem hann veitti réttilega 25 ára gamall getur verið í mun lakari stöðu til að afla sér sambærilegrar verndar ef hópvátryggingin fellur niður og hann hyggst reyna að fá nýja líftryggingu með sambærilegri vernd. Hann hefur því mikla hagsmuni af því að eiga þess kost að halda líftryggingunni áfram án nýrra heilsufarsupplýsinga en með sömu vernd. Á hinn bóginn getur hann ekki gert kröfu um að iðgjaldið verði ákveðið með sama hætti og þegar hópurinn var allur undir, heldur að það verði ákveðið með sama hætti og í einstaklingsbundnum líftryggingum. Í 2. málsl. er mælt fyrir um sama rétt þess sem af öðrum ástæðum en vegna aldurs hættir í hópi sem vátrygging tekur til, t.d. vegna þess að hann hættir að starfa hjá vátryggingartaka eða hættir aðild að félagi sem tekið hefur hópvátryggingu.

Félagið ber ábyrgð á því að honum sé tilkynnt um þennan möguleika hans og ef félagið hefur falið vátryggingartaka að annast tilkynningar til þátttakenda í hópnum ber hann einnig ábyrgð á því að tilkynning sé send. Félagið losnar þó ekki undan ábyrgð sinni við það. Í tilkynningu þarf að koma fram hver réttur þátttakandans sé og hve langan frest hann hefur. Samkvæmt lokamálslið greinarinnar hefur þátttakandinn þrjá mánuði til þess að hagnýta sér rétt sinn. Miðað er við þrjá mánuði frá því að ábyrgð félagsins féll niður. Ef heilsa hans versnar á þessu tímabili er það á áhættu félagsins, en ekki hans, því honum er ekki skylt að veita nýjar upplýsingar og í rétti hans felst heimild til að framlengja áður gildandi líftryggingu.

Ef tilkynningarskylda félagsins (eða vátryggingartaka) er vanrækt mundi það eftir sem áður bera ábyrgð samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, en sú ábyrgð teldist skaðabóta-ábyrgð þótt inntak hennar yrði hið sama og ábyrgðar félagsins samkvæmt vátryggingarsamningi.

Um 133. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að breyta skilmálum vátryggingarinnar. Tilvísun til 2. mgr. 131. gr. tryggir að þátttakendum er tilkynnt skriflega um slíkar breytingar. Félagið verður að hafa gert fyrirvara um rétt sinn til þess að geta breytt skilmálunum og iðgjaldi. Tekið skal fram að ákvæði þessarar greinar geta vart átt við um hópvátryggingar sem einungis hafa tímabundið gildi og er ekki ætlað að framlengjast. Má sem dæmi nefna hópslysatryggingu félagsskapar á meðan á tilteknu ferðalagi hans stendur, hópslysatryggingu þátttakenda á sýningu eða öðrum viðburði o.fl. Það hlyti að teljast afar fátítt að réttur til breytinga á skilmálum eða iðgjaldi teldist vera fyrir hendi í slíkum tilvikum.

Um 134. gr.

Í greininni eru reglur um tilkynningar til eða frá einstökum þátttakendum í hópi sem nýtur hópvátryggingar. Greinin er efnislega eins og 60. gr. frumvarpsins og má um skýringar vísa til athugasemda við þá grein.

Um 135. gr.

Í þessari grein eru reglur um heimildir félagsins til þess að takmarka ábyrgð sína í hópvátryggingum. Heimildirnar eru þröngar, svo sem fram kemur af orðalagi greinarinnar.

Í 1. málsl. er félaginu í hóplíftryggingum, sem einnig felur í sér vátryggingu gegn örorku, heimilt að semja svo um að það beri ekki ábyrgð á óvinnufærni sem kemur til innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst. Það er forsenda ábyrgðartakmörkunar að óvinnufærnin verði rakin til sjúkdóms eða meins sem þátttakandinn hafði á því tímamarki sem ábyrgð félagsins hófst og ætla má að hann hafi vitað um. Það er félagið sem hefur sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum þessum sé fullnægt en létt er á sönnunarbyrðinni með orðalaginu „sem ætla má að hann hafi vitað um“. Ábyrgðarundanþága félagsins samkvæmt þessari grein getur því aldrei orðið hlutlæg og fyrirvaralaus. Takmörkunin gildir einnig aðeins um óvinnufærni (örorku) en ekki dauða. Félagið má einnig gera takmörkun um ábyrgð sína vegna maka, barna og annarra sem teljast meðvátryggðir ásamt þeim sem er þátttakandi í hópi, ef þeir njóta vátryggingar samkvæmt skilmálum hennar. Vakin skal athygli á því að orðalag 2. málsl. er á þann veg að félagið megi gera fyrirvara um „ábyrgð“ sem tengist meðvátryggðum, en af því leiðir að félagið getur takmarkað ábyrgð sína í hverju sem hún felst. Það getur því takmarkað ábyrgðina, ekki aðeins á óvinnufærni (örorku), heldur einnig dauða, slysi eða öðru.

Í 3. málsl. er ákvæði sem heimilar félaginu að takmarka ábyrgð sína vegna annarra greiðslna en vátryggingarfjárhæðarinnar sjálfrar sem eiga að ganga til eftirlifandi vegna andláts maka. Hér kann að vera um ýmsar greiðslur að ræða, t.d. greiðslu útfararkostnaðar. Félagið getur þó ekki takmarkað ábyrgð sína vegna þessara greiðslna lengur en eitt ár frá því að hún hófst.

Um 136. gr.

Í þessari grein eru reglur um rétt til vátryggingarfjárhæðar í hópvátryggingum sem fellur til við andlát þátttakanda, þ.e. hins vátryggða.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hópvátryggingar sem ekki hafa framfærslu að markmiði. Í þeim tilvikum heimilar ákvæðið að samið sé svo um að vátryggingartaki öðlist rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar. Þetta er nauðsynlegur valkostur, ekki síst fyrir einstaklinga. Slíkar vátryggingar má t.d. hugsa sér að banki, sparisjóður eða lánastofnun taki fyrir þá sem þeir veita lán í tilteknum lánaflokki og hafa ekki tryggingar fyrir lánunum. Lánastofnunin gæti þá tekið líftryggingu fyrir hópinn, miðað fjárhæð hennar við fjárhæð lánsins á hverjum tíma og áskilið sér í vátryggingarsamningi rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar við andlát vátryggðs, þ.e. þátttakandans. Slíkar vátryggingar má einnig hugsa sér að vinnuveitandi taki fyrir lykilstarfsmenn sína og miði fjárhæðir við það tjón sem hann telur líklegt að hann verði fyrir vegna hugsanlegs fráfalls þeirra, t.d. vegna ráðningar, menntunar og þjálfunar eftirmanna. Einnig má hugsa sér að slíkar vátryggingar yrðu teknar af hópi manna sem starfar saman til að forðast tjón sem hópurinn yrði fyrir vegna andláts hvers og eins.

Í 2. mgr. er heimilað í þeim tilvikum sem þar greinir að semja um að ákvæði um rétt til vátryggingarfjárhæðar séu tekin inn í vátryggingarsamning. Þetta á við þegar hópvátrygging er tekin til þess að vátryggja líf starfsmanna og einnig þegar hún er tekin af félögum eða samtökum til þess að vátryggja líf félagsmanna eða þeirra sem eru í samtökunum. Í þessum tilvikum geta atvik verið sérstök og eðlilegt að heimildir séu til þess að ákveða um rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Í 3. mgr. eru reglur um þau tilvik þegar ekki eru gerðar ráðstafanir sem heimilaðar eru í 1. og 2. mgr. Í þeim tilvikum skal beita hinum almennu reglum um persónutryggingar. Þetta er í samræmi við ákvæði 126. gr. um að ákvæði laganna um einstaklingsbundnar persónutryggingar skuli gilda um hópvátryggingar á því sviði eftir því sem við getur átt.

Um 137. gr.

Í þessari grein eru reglur um tilnefningu rétthafa í hópvátryggingum. Greint er á milli hópvátrygginga þar sem þátttakendur þurfa að tilkynna sig sérstaklega til þess að öðlast vátryggingarvernd og annarra hópvátrygginga þar sem menn öðlast verndina sjálfkrafa við það eitt að verða þátttakendur.

Í 1. mgr. eru ákvæði um fyrrnefndu tilvikin. Við þær aðstæður hafa þátttakendur sömu heimildir og vátryggingartakar í einstaklingsbundnum persónutryggingum. Hefur verið um það fjallað.

Í 2. mgr. er fjallað um síðarnefndu tilvikin. Þótt ekki sé sjálfgefið að þátttakendur hafi við þær aðstæður jafnrúmar heimildir til þess að tilnefna rétthafa og í hinum fyrrnefndu er þó talið rétt að leggja það til, þ.e. ef ekki er á annan veg mælt fyrir um í vátryggingarsamningi. Þau tilvik sem hér um ræðir eru t.d. þegar hópvátryggingar eru teknar af vinnuveitanda eða af stéttarfélögum vegna félagsmanna sinna. Vátryggingartakar í þeim tilvikum hafa oft réttmæta hagsmuni af því að hafa nokkuð um það að segja hvernig slíkum vátryggingarfjárhæðum sé ráðstafað. Vera kann að vinnuveitandi kaupi hóplíftryggingu fyrir starfsmenn sína eftir samninga við stéttarfélag eða starfsmannafélag og rökin fyrir samningnum séu þau að tryggja fjárhag nánustu ættingja starfsmanna ef þeir skyldu falla frá. Einnig mætti hugsa sér að stéttarfélag vildi tryggja félagsmönnum sínum slíka líftryggingu. Í þessum tilvikum væri óeðlilegt ef starfsmaðurinn, eða félagsmaðurinn ef því er að skipta, tæki ákvörðun um að fjárhæðin rynni eitthvað annað, t.d. til golfklúbbs hans, hundaræktarfélags eða þess háttar. Ýmis rök eru fyrir því að sporna við slíku þegar til hóplíftryggingarsamnings er stofnað á þeim forsendum sem hér er lýst, svo og í ýmsum öðrum tilvikum.

Í 3. mgr. er hnykkt á þeirri sjálfsögðu reglu að við beitingu reglna 101.–105. gr. skuli ákvæði sem miðast við vátryggingartaka eiga með sama hætti við um þátttakendur í hópvátryggingu. Þarf ekki að skýra þessa reglu.

Um 138. gr.

Í greininni eru ákvæði um heimildir þátttakenda til að framselja og veðsetja réttindi samkvæmt hópvátryggingu og takmarkanir á þeim. Réttur til framsals er mun takmarkaðri en samkvæmt einstaklingsbundnum vátryggingum á sviði persónutrygginga. Það helgast ekki síst af hinu félagslega eðli sem oft einkennir hópvátryggingar á þessu sviði. Á hinn bóginn eru ekki talin rök fyrir því að hindra veðsetningu þátttakenda á þeim rétti sem þeir eiga samkvæmt hópvátryggingarsamningi, enda geta þeir oft haft hagsmuni af því að fá að nota réttindin sem veðandlag, oft eiga þeir ekki völ á neinu öðru veðandlagi. Heimilt er þó í hópvátryggingarsamningi að semja um takmarkanir á heimildum til veðsetninga. Slíkt gæti verið rökrétt, t.d. að takmarka veðsetningarheimild við lán til húsnæðiskaupa í tilvikum þar sem markmið hópvátryggingarinnar er að vernda nánustu ættingja þátttakandans.

Um 139. gr.

Í þessari grein eru reglur um riftun iðgjaldagreiðslu í hópvátryggingum. Reglurnar eru svipaðar að efni til og inntakið í 111. gr. frumvarpsins, en nauðsyn ber til að taka af skarið um að ef iðgjaldagreiðsla hefur áhrif á tekjuskattsstofn vátryggingartaka til lækkunar (þ.e. ekki þátttakandans sem nýtur vátryggingar og kemur oftast í stað vátryggingartaka) þá teljist hún ekki (bersýnilega) ósanngjörn að því leyti. Það á með öðrum orðum að taka tillit til þess við sanngirnismatið.

Um 140. gr.

Í þessari grein eru fáein sérákvæði um skráningu líftrygginga í hópvátryggingum. Í grundvallaratriðum eiga ákvæði XVII. kafla um líftryggingarskrá við um hópvátryggingar, en nauðsyn ber þó til að setja nokkrar sérreglur. Sérreglurnar eru einfaldar og er ekki þörf á efnislegum skýringum á þeim.

Um III. hluta.

Í þessum hluta laganna eru ýmis almenn ákvæði sem eiga við um allar tegundir vátrygginga. Ákvæðum hlutans má skipta í þrennt eftir efni þeirra. Í fyrsta lagi eru í 141. gr. reglur um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, í öðru lagi eru í 142. gr. fyllingarreglur um útreikning fresta og í þriðja lagi eru í 143.–145. gr. reglur um val á löggjöf sem gilda á um vátryggingarsamninga. Þau ákvæði eru nú í 61.–63. gr. laga um vátryggingastarfsemi, en rétt þykir að leggja til að þau verði flutt í lög um vátryggingarsamninga.

Um XX. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar, þ.e. 141. og 142. gr.

Um 141. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um setningu lagaákvæða um úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Víða í frumvarpinu er ráð fyrir því gert að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar. Um nokkurra ára skeið hefur verið starfandi úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfað hefur á grundvelli samnings milli viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Úrskurðarnefndinni hafa einnig verið settar sérstakar

samþykktir sem birtar hafa verið sem fylgiskjal með auglýsingu viðskiptaráðherra í B-deild Stjórnartíðinda. Við samningu frumvarpsins var sérstaklega kannaður hugur Neytendasamtakanna til þess hvort og hvernig skipa ætti reglum um nefnd þessa í frumvarpinu. Neytendasamtökin og aðrir aðilar sem að úrskurðarnefndinni standa eru sammála um að rétt sé að viðhalda óbreyttri skipan en þó gera þær breytingar að lögfesta starfsemi nefndarinnar og færa mjög út starfssvið hennar. Byggist frumvarpið á þessum viðhorfum. Ef samningi um nefndina yrði slitið af einhverjum ástæðum þyrfti löggjafinn að bregðast við því með breytingu á þessari grein. Nefndin hefur á síðustu árum afgreitt um 300 ágreiningsmál á ári og verður að telja að reynsla af störfum hennar sé góð. Nefndin hefur gefið út valda úrskurði árlega.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er ekki stjórnsýslunefnd, hún fer ekki með stjórnsýsluvald og mælir ekki fyrir um réttindi og skyldur þeirra sem fara með mál fyrir nefndina. Úrskurðir hennar eru ekki bindandi og þeim verður ekki skotið til stjórnvalda. Nefndarmenn eru ekki opinberir starfsmenn. Nefndinni má helst líkja við samningsbundinn gerðardóm.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að þar sem í frumvarpinu segi að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar sé átt við nefnd þá sem starfað hefur og mun starfa áfram á grundvelli téðs samnings. Ástæða þykir til þess að mæla fyrir um almennar hæfiskröfur formanns nefndarinnar en að öðru leyti gilda almennar reglur um hæfi nefndarmanna, svo og reglur um sérstakt hæfi. Ekki þykir rétt að hafa reglur um hæfisskilyrði annarra nefndarmanna, en þeir hafa verið þrír.

Úrskurðarnefndinni ber samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. að kveða upp rökstudda úrskurði, svo sem hún hefur gert. Vilji annar málsaðila eða hvorugur una niðurstöðum nefndarinnar verða þeir að fara með mál sitt til dómstóla.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa umfram það sem segir í almennum skýringum við grein þessa.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um það hvar nefndin skuli vistuð. Er eðlilegt að það verði hjá Fjármálaeftirlitinu, þar sem nefndin hefur til þessa verið. Skapar það vissa festu um starfsemi hennar að vista hana hjá þeirri opinberu stofnun sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga. Til upplýsingar skal þess getið að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem fjallar um ágreining sem upp kann að koma á milli viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis, er einnig vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um 142. gr.

Í þessari grein eru fyllingarreglur um útreikning fresta samkvæmt lögunum. Rétt þykir til alls öryggis að gera tillögu að slíkri reglu en ekki þykir þörf á skýringum við hana, enda ekki um sjálfstæðar efnisreglur að ræða.

Um XXI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um val á löggjöf sem gilda á um réttarsamband það sem stofnað er með vátryggingarsamningum. Ákvæði sama efnis eru í 61.–63. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Um skýringar vísast til skýringa með þeim í frumvarpi því sem síðar varð að téðum lögum. Eru ekki gerðar tillögur til breytinga á reglum þessara greina og því ekki ástæða til nýrra skýringa.

Um IV. hluta.

Í þessum hluta eru tvær greinar, 146. og 147. gr., og lúta þær að gildistöku og brottföllnum lögum. Ákvæðin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að geta verður þess að ýmsir

kostir eru um hvernig og hvenær lögin ættu að öðlast gildi, ef samþykkt verða af Alþingi. Ljóst er að vátryggingafélög verða að þjálfa nánast allt sitt starfsfólk með námskeiðshaldi o.fl. áður en þau öðlast gildi. Þá er einnig ljóst að nánast öllum vátryggingarskilmálum sem í gildi eru þarf að breyta, sumum verulega. Félögin munu þurfa að gera breytingar á hugbúnaði í tölvukerfum sínum og smíða ný forrit. Á hinn bóginn er æskilegt ef frumvarpið verður að lögum að lögin öðlist gildi svo fljótt sem kostur er. Þegar vegin eru saman þessi sjónarmið og tekið tillit til þess að óheppilegt væri að skipta gildistökunni og hafa þannig tvö kerfi af reglum í gildi er lagt til að gildistakan verði 1. janúar 2005 og hún taki þá til allra vátryggingarsamninga, bæði þeirra sem þá eru í gildi og gerðir verða, endurnýjaðir eða framlengdir eftir hana.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingarsamninga.

Með frumvarpi þessu er lögð til heildarendurskoðun laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. Jafnframt eru felld inn í frumvarpið nokkur ákvæði laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, sem einkum lúta að réttarsambandi vátryggingartaka og vátryggingafélags.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

216. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um eflingu umferðaröryggis á þjóðvegum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum.

Verkefni nefndarinnar verði að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi þegar ökutæki mætast við einbreiðar brýr, t.d. með breytingum á umferðarlögum, merkingum um forgang umferðar eða á annan hátt. Nefndin meti hvort bæta megi gerð umferðarmerkja, t.d. svo þau sjáist frá hlið. Þá geri nefndin tillögur um hvernig merkja megi ökumönnum til varnaðar hættulega staði á þjóðvegum, svokallaða svarta bletti. Nefndin geri tillögur um hvernig bæta megi fræðslu fyrir erlenda ferðamenn um akstur á íslenskum vegum og hvernig megi auka öryggi þeirra með bættum vegmerkingum á erlendum tungumálum. Þá meti nefndin og leggi fram tillögur til úrbóta á umferðarlöggæslu og hverjum þeim þætti umferðaröryggismála sem hún telur þörf á. Þar sem það á við taki nefndin mið af umferðaröryggisáætlun 2002–2012 og því hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar þar sem svipaðar aðstæður eru.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að ráðherra láti þegar hefja vinnu sem miði að því að bæta umferðarmenningu og efla öryggi á þjóðvegum landsins.

Vegamál og umferðaröryggi eru þess eðlis að þau krefjast stöðugrar athygli og endurskoðunar. Umferðarslys á íslenskum þjóðvegum eru of tíð en oft virðist sem þau tengist ákveðnum hættum sem mögulegt getur verið að takmarka. Mörg umferðaróhappa á þjóðvegum landsins mætti ef til vill koma í veg fyrir með bættum umferðarreglum og aukinni löggæslu og fræðslu. Í þessum efnum benda flutningsmenn sérstaklega á tíð umferðarslys við einbreiðar brýr og þann fjölda óhappa sem útlendingar lenda í hér á landi á hverju ári.

Flutningsmenn leggja til að skipuð verði nefnd sérfræðinga sem fari yfir og meti hvernig best er að taka á tilteknum þáttum í umferðarmálum hér á landi.

Í lok árs 2001 skilaði starfshópur tillögu um umferðaröryggisáætlun stjórnvalda um fækkun alvarlegra umferðarslysa til ársins 2012 (*Umferðaröryggisáætlun 2002–2012, desember 2001*). Starfshópurinn bendir þar á ýmislegt sem lagfæra þarf til að efla umferðaröryggi og bæta umferðarmenningu hér á landi.

Flutningsmenn telja mikilvægt að frekari vinna verði unnin í þessum efnum svo það markmið náist að bæta umferðarmenningu og draga úr slysum á þjóðvegum landsins. Sú nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, skal meta þætti sem hafa reynst sérstaklega hættulegir í umferðinni og gera tillögur um aðgerðir til úrbóta.

Í XV. kafla umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er kveðið á um stofnun og verkefni Umferðarstofu, umferðarráðs og rannsóknarnefndar umferðarslysa. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. umferðarlaga skal Umferðarstofa veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu. Nánar er kveðið á um verkefni Umferðarstofu í 112. gr. laganna. Meginhlutverk umferðarráðs skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum, sbr. 1. mgr. 115. gr. laganna. Sú nefnd sérfræðinga sem hér er lagt til að verði skipuð gæti haft samráð við þessar stofnanir þar sem við á.

217. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um skattaívilnanir vegna gjafa og framlaga til mannúðar- og menningarmála.

Flm.: Einar Karl Haraldsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Helgi Hjörvar, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lagareglur um skattaívilnanir vegna gjafa til mannúðar- og menningarmála. Í tillögum sínum hafi nefndin að markmiði að heimilaður verði frádráttur frá tekjum einstaklinga vegna gjafa og framlaga til líknar- og hjálparstarfs og menningarmála og að rýmkaðar verði núgildandi heimildir til frádráttar í sama skyni frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Höfð verði hliðsjón af lögum og reglum sem gilda um skattaívilnanir vegna gjafa til menningar- og góðgerðarmála í helstu viðmiðunarlöndum Íslands.

Greinargerð.

Í flestum löndum hvetja stjórnvöld bæði einstaklinga og fyrirtæki til þess að gefa til mannúðar- og menningarmála með margs konar skattaívilnunum. Viðurkennt er að líknar- og hjálparsamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, og starfa jafnt á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, hafi mikilvægu hlutverki að gegna og hvarvetna þykir ástæða til þess að styðja óeigingjarnt starf þeirra með þessum hætti. Hið sama gildir um framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa.

Samkvæmt íslenskum skattareglum hafa einstaklingar ekki heimild til að draga gjafir til góðgerðar- og menningarmála frá skattskyldum tekjum og verður ekki séð að sérstök rök séu fyrir þeirri sérstöðu. Allar gjafir eru í raun skattskyldar, hvort sem um er að ræða beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum. Þá hefur lausleg könnun nokkurra starfsmanna íslenskra hjálparsamtaka leitt í ljós að Ísland er einnig það land sem veitir minnstar skattaívilnanir til fyrirtækja vegna framlaga til mannúðarmála af þeim sjö löndum þar sem fyrirkomulag á þessu sviði var kannað.

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga og viðurkenndrar líknarstarfsemi, þó ekki yfir 0,5% af tekjum á því ári sem gjöf er afhent. Hið sama gildir um gjafir og framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa sem og stjórnmálaflokka. Fjármálaráðherra hefur ákveðið með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir hér um ræðir.

Á allmörgum þingum, síðast á 128. löggjafarþingi, hefur verið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem Ágúst Einarsson var fyrsti flutningsmaður að. Þar var gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar mættu draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindastarfsemi. Ef fyrirtæki gæfi 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi mætti það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta frumvarp hafði talsverðan hljómgrunn á þingi og fékk mjög jákvæðar umsagnir aðila sem þekkja vel til mála. Tvöföldunarreglan mundi hvetja fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækkuðu skattskyldar tekjur þeirra þar með. Væri slík regla lögfest ætti hún skýlaust einnig að gilda um framlög til mannúðarmála.

Miðað við það sem þekkist meðal annarra þjóða væri ekki heldur úr vegi að dómi flutningsmanna að lögaðilar, sem gefa til mannúðar- og menningarmála, hefðu heimild til þess að draga hærri prósentu en 0,5% frá tekjum, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, áður en byrjað er að greiða skatt. Í því sambandi má benda á að í Bandaríkjunum er frádráttarprósentan 10% og 15% í Danmörku.

Enda þótt víðast séu í gildi reglur um skattaívilnanir til einstaklinga sem gefa til mannúðar- og menningarmála þá eru þær mjög mismunandi eftir löndum. Mismunandi er hvort skattafslátturinn kemur fram hjá samtökunum eða verkefninu sem um ræðir, einstaklingnum eða báðum aðilum. Mestu skiptir hér að finna leið sem hentar við íslenskar aðstæður en ekki er fjarri lagi frá sjónarhóli flutningsmanna að gera ráð fyrir heimild fyrir einstaklinga til þess að draga allt að 100 þús. kr. frá tekjum vegna gjafa til menningar- og mannúðarmála, áður en byrjað er að greiða skatt.

Lagt er til að nefndin hafi til hliðsjónar lög og reglur í helstu viðmiðunarlöndum Íslands við samningu tillagna sinna, og taki afstöðu til þess hvort skilgreina þurfi og flokka hjálpar- og líknarsamtök nánar en nú er gert, og gera skilsmun á skattafslætti til menningarmála eftir því hvers eðlis starfsemin er. Jafnframt sé nefndinni falið að skoða möguleika á því að

undanþiggja menningar- og góðgerðarsamtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, greiðslum á fjármagnstekjuskatti og virðisaukaskatti.

Almennt er talið að það sé æskilegt markmið að hjálpar- og líknarsamtök fái aflafé sitt úr sem flestum áttum, og séu ekki um of háð neinum einum aðila, hvort sem um er að ræða ríki, trúfélög, fyrirtæki eða einstaklinga. Endurskoðun á lagareglum um skattaívilnanir vegna gjafa til mannúðarmála þjónar þeim tilgangi að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir starfsemi frjálsra félagasamtaka sem slíkum málum sinna. Í nýlegri úttekt á framlögum Íslendinga til þróunarhjálpar og þróunarsamvinnu var leitt í ljós að landsmenn eru síst eftirbátar annarra þjóða í frjálsum gjöfum til hjálparsamtaka á þessu sviði. Því má ætla að frekari hvatning frá ríkisvaldinu muni skila sér í myndarlegu framlagi frá almenningi og fyrirtækjum til mannúðarmála á næstu árum.

Mikill sköpunarkraftur er fólginn í íslenskri menningarstarfsemi og má ætla að hlutur hennar í þjóðarframleiðslu sé vel yfir 3% um þessar mundir. Skattaívilnun á þessu sviði, eins og hér er gert ráð fyrir, yrði lyftistöng fyrir frjálsa leikhópa, kvikmyndagerð, tónleikahald og aðra menningarstarfsemi, og leiddi til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga.

Ástæða er til þess að hvetja fyrirtæki og einstaklinga með skattaívilnun til þess að styrkja vísindastarfsemi vegna þess hve ráðandi hún er um framtíðarvelferð í þekkingarþjóðfélagi. Starfsemi innan æðri menntastofnana þarf að efla með ráðum og dáð og gildir það jafnt um meginfræðasvið háskóla: hugvísindi, raunvísindi, félagsvísindi og heilbrigðisvísindi.

218. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um siðareglur í stjórnsýslunni.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Þórarinn E. Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmið með setningu reglnanna er að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Hafðar verði m.a. til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni og réttindi eða skyldur borgaranna. Jafnframt taki reglurnar mið af leiðbeiningarreglum OECD um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Reglurnar verði undirbúnar í samráði við samtök opinberra starfsmanna og taki gildi eigi síðar en 1. júní 2004.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt frá 127. löggjafarþingi nær óbreytt. Hún felur í sér að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Siðareglur.

Í mörgum ríkjum heims hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, ýmist fyrir stjórnsýsluna í heild eða einstakar starfsstéttir innan hennar.

Starfsstéttir hér á landi hafa einnig í vaxandi mæli sett sér siðareglur, enn fremur má nefna að á vegum Alþjóðaverslunarráðsins hafa verið settar siðareglur um auglýsingar og markaðsstarfsemi sem birtar hafa verið hér á landi. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa sett starfsmönnum sínum starfsreglur sem ekki flokkast sem siðareglur en hafa engu síður siðferðilegt innihald. Fjármálaeftirlitið hefur þannig nýverið gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja og útgefenda verðbréfa um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Þá hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir siðareglum. Þar er nefnt að aukin valddreifing og auknar kröfur sem gerðar séu til þjónustu sem veitt er á vegum hins opinbera hafi haft í för með sér nýja sýn á hlutverk og skyldur opinberra starfsmanna. Eigi það jafnt við um stjórnendur sem aðra starfsmenn. Orðrétt segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Lög byggja jafnan á og fela í sér ýmiss konar siðferðileg viðmið. Siðareglur opinberra starfsmanna geta að sönnu aldrei komið í staðinn fyrir lög en eru þörf og góð viðbót við ákvæði þeirra. Full ástæða er til að kanna með skipulegum hætti möguleika á því að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi."

Leiðbeiningarreglur OECD.

Nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um opinbera stjórnsýslu hefur birt leiðbeiningar til aðildarríkjanna um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Nefndin leggur til að við mótun siðareglna taki ríkin mið af eftirtöldum meginreglum:

1. Viðmið um hegðun og breytni skulu vera skýr og afdráttarlaus.
2. Siðareglur skulu endurspeglast í lögum.
3. Leiðbeiningar um breytni og háttsemi skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar.
4. Opinberir starfsmenn eiga að þekkja rétt sinn og skyldur í þeim tilvikum þegar grunur þeirra vaknar um að misfarið sé með vald.
5. Stjórnmálamenn skulu vera opinberum starfsmönnum góð fyrirmynd.
6. Ákvörðunartaka innan stjórnsýslunnar á að vera gagnsæ og opin fyrir gagnrýni.
7. Skýrar reglur skulu gilda um samskipti opinberra aðila og einkaaðila.
8. Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og beita sér fyrir því að starfsmenn tileinki sér siðareglur.
9. Stefna, verkferlar og vinnulag skulu endurspegla siðareglur.
10. Starfsmannastefna og vinnuumhverfi skal stuðla að því að efla siðferðisvitund starfsmanna.
11. Skipulag stjórnsýslunnar skal tryggja að stjórnendur beri ábyrgð.
12. Skipulag og reglur skulu tryggja að unnt sé að rannsaka og refsa fyrir misgjörðir.

Samkvæmt reglunum er það því ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Markmið tillögunnar — reglufesta innan stjórnsýslunnar.

Á 122. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum tillögu til þingsályktunar um bætt siðferði í opinberum rekstri. Tillagan var samþykkt í breyttri mynd 2. júní 1998 og í samræmi við þá ályktun Alþingis var skipuð nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Skýrsla forsætisráðherra um framangreint efni var lögð fram á 125. löggjafarþingi. Þar kemur m.a. fram að hér á landi hafi ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, en ýmis lög sem taka til athafna opinberra starfsmanna séu þó byggð á siðferðisreglum. Eru þar nefnd almenn hegningarlög, nr. 19/1940, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996,

lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur verið tekin saman skrá yfir helstu meginreglur framangreindra laga er snerta kröfur til háttsemi ríkisstarfsmanna. Skráin er hvorki tæmandi né er henni ætlað að koma í stað lagareglna eða raunverulegra siðareglna. Markmið skrárinnar er að draga fram kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna og vera grundvöllur að umræðum. Þar kemur fram að ætlast er til að ríkisstarfsmaður virði meginreglur góðs stjórnarfars, sé til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi, gegni starfi sínu eins vel og honum er unnt, noti aðstöðu sína aðeins í þágu almannahagsmuna, misnoti ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings og sýni varkárni varðandi persónulega háttsemi. Ljóst er að skrá þessi fullnægir ekki meginreglum þeim sem nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar leggur til að ríki taki mið af við mótun siðareglna.

Siðareglur, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni og siðferðisvitund þjóðarinnar. Skráðar siðareglur geta skýrt ábyrgð valdhafa og embættismanna og gert þeim ljóst hvar siðferðisskylda þeirra sem opinberra embættismanna liggur. Ljóst er að skráðar reglur koma þó ekki í staðinn fyrir þær óskráðu sem í grundvallaratriðum byggjast á réttlæti, heiðarleika og siðferðisþreki.

Það er skoðun flutningsmanna að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, skráðum siðareglum, skýrum erindisbréfum og skýrt skilgreindri ábyrgð og stjórnunar- og eftirlitsheimildum innan stjórnsýslunnar ættu að geta myndað góðan ramma um sterka, heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu þar sem hagsmunir almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Hinu eru flutningsmenn líka sammála, sem m.a. kemur fram í framangreindri skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysa ekki allan þann vanda sem upp kemur og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.

Í fyrrnefndri skýrslu er einnig m.a. getið um hvað endurmenntun og þjálfun opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum sé mikilvæg. Nefna má í því sambandi hve mikilvægt væri að opinberir starfsmenn hefðu þekkingu á almennum reglum stjórnsýsluréttar sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni, rétt eða skyldur borgaranna. Jafnframt kemur fram að góð stjórnsýsla byggist m.a. á vel menntuðu starfsfólki með sjálfstæða siðferðislega hugsun og dómgreind. Orðrétt segir: „Þegar best lætur fer menntun starfsmanna og skráning siðareglna saman, þ.e. þegar skráning þeirra er a.m.k. öðrum þræði afurð af glímu starfsmanna sjálfra við siðferðileg viðfangsefni.“ Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi sérstakir stjórnsýsluskólar. Eðlilegt væri jafnframt að skoða eins og þar er nefnt hvort ekki beri að starfrækja slíkan skóla hér á landi.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir skipan nefndar til að móta siðareglur í stjórnsýslunni. Ekki er mælt fyrir um það á hvern hátt nefndin skuli skipuð. Flutningsmenn leggja þó áherslu á að í henni sitji sérfróðir einstaklingar á sviði stjórnsýsluréttar og siðfræði.

Telja verður að setning siðareglna sé ótvírætt í samræmi við kosti reglna og reglufestu innan stjórnsýslunnar sem aftur tryggir aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð opinberra fjármuna.

219. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um siðareglur fyrir alþingismenn.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Þórarinn E. Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að móta siðareglur fyrir alþingismenn. Nefndin hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga. Reglurnar verði lagðar fram í formi þingsályktunartillögu í upphafi nýs þings árið 2004.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 127. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt nokkuð breytt. Rétt er og eðlilegt að þingmenn setji sér siðareglur líkt og ýmsar aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu, sem og þingmenn annarra þjóðþinga. Með því styrkja þeir þingræðið og trúnað við kjósendur sína og þjóðina í heild. Í tillögunni er forsætisnefnd falið að móta reglurnar og getur hún leitað ráðgjafar við samningu þeirra, t.d. hjá Siðfræðistofnun Háskólans sem hefur aðstoðað margar starfsstéttir við samningu siðareglna. Reglurnar skulu lagðar fram í upphafi þings árið 2004 í formi þingsályktunar sem yrði þá rædd í þinginu og fengi umfjöllun í nefnd.

Siðareglur í norrænum þingum.

Siðareglur hafa verið settar fyrir þingmenn á ýmsum erlendum þjóðþingum. Þær siðareglur sem danska, norska og sænska þingið hafa sett sér eru mjög svipaðar. Reglurnar eru valkvæðar en kjósi þingmenn að gangast undir þær þurfa þeir að samþykkja það skriflega og verða að beygja sig undir öll ákvæði þeirra því ekki er hægt að velja ákveðnar reglur úr og sleppa öðrum.

Norska þingið varð fyrst þessara þinga til að setja sér siðareglur í maí árið 1990 og hafa nú 162 af 165 þingmönnum undirgengist þær. Þar getur almenningur nálgast upplýsingarnar hjá þinginu. Danir fylgdu í kjölfarið árið 1994 og hafa nú 123 af 179 þingmönnum undirgengist reglurnar. Almenningur getur nálgast upplýsingarnar hjá þinginu en þar er forsætisnefnd þingsins heimilt að taka ákvörðun um að upplýsingarnar skuli jafnframt vera aðgengilegar fyrir almenning á heimasíðu þingsins. Hjá sænska þinginu voru settar svipaðar reglur árið 1996 þess efnis að þingmenn gætu tilkynnt hvaða tekjur þeir hefðu fyrir utan tekjur af þingstörfum og hvaða verkefni þeir hefðu með höndum utan þingstarfanna. Reglurnar eru ekki eins ítarlegar og í Danmörku og Noregi, t.d. varðandi gjafir, en samkvæmt upplýsingum frá sænska þinginu hafa 239 af 349 þingmönnum undirgengist reglurnar.

Dönsku reglurnar ganga í grófum dráttum út á það að gefa þingmönnum, varaþingmönnum og ráðherrum sem ekki eru þingmenn, kost á að:

- skrá störf sín utan þings, sem dæmi má nefna stjórnunarstöður í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, önnur launuð störf, hjá hverjum og um hvaða stöðu er að ræða, sjálfstæða atvinnustarfsemi og tegund starfseminnar,
- greina frá hvers konar efnislegum eða fjárhagslegum stuðningi umfram það sem þingflokkurinn og þingið veitir og frá hverjum stuðningurinn er,

- greina frá dýrum gjöfum sem tengjast starfinu og fara yfir 2.000 d.kr. að verðgildi, tegund gjafar, hver gefur og hvenær,
- greina frá fjárhagslegum stuðningi og styrkjum sem tengjast þingmennskunni og þingmaður tekur við frá stjórnvöldum, samtökum eða einkaaðilum erlendis frá, í hverju stuðningurinn er fólginn og frá hverjum hann er ef verðmætið fer yfir 2.000 d.kr.,
- greina frá ferðum og heimsóknum til útlanda sem tengjast þingmennskunni og ekki eru að fullu borgaðar af opinberu fé, stjórnmálaflokki viðkomandi þingmanns eða þingmanninum sjálfum, hvert er farið og hver greiðir,
- greina frá eignum í félögum sem fara yfir 50.000 d.kr.

Þá ber þingmönnunum enn fremur að greina frá samningum við fyrri og væntanlega vinnuveitendur um núverandi störf og framtíðarstörf, svo sem samningum um launagreiðslur, óbeinum launum, t.d. lífeyrisréttindum, og samningum um setningu, skipun eða ákvörðun um vinnu hjá framtíðarvinnuveitanda eftir að þingmennsku lýkur.

Skráning skal fara fram innan mánaðar eftir að nýkjörið þing kemur saman og nýjar skráningarskyldar upplýsingar skulu skráðar innan mánaðar eftir að þær liggja fyrir.

Í þessu sambandi skal þess getið að samkvæmt meginreglunni um aðskilnað ríkisvalds segir í 3. gr. dönsku stjórnarskrárinnar að konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) og þingið fari sameiginlega með löggjafarvaldið, konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) fari með framkvæmdarvaldið. Þar af leiðir að þingmenn eru ekki tilnefndir í nefndir á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar. Ríkisstjórnin tilnefnir hins vegar sérfræðinga og ríkisstarfsmenn í þá vinnu. Þingmenn eru ekki heldur tilnefndir til setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða fyrirtækjum. Þó er gert ráð fyrir því í einstaka löggjöf að þingmenn sinni slíkum störfum og þá í stjórnunar- og eftirlitshlutverki.

Siðareglur í breska þinginu og Evrópuþinginu.

Skráðar siðareglur (the Code of Conduct for Members of Parliament) gilda í neðri deild enska þingsins (House of Commons). Í siðareglunum er að finna ákvæði um tilgang þeirra og skyldu þingmanna gagnvart almenningi, bæði í opinberum störfum og persónulegu framferði. Sem dæmi um reglur sem lúta að því síðarnefnda má nefna óeigingirni, heiðarleika, hlutleysi og skyldu til að bera ábyrgð á gerðum sínum. Jafnframt gilda í neðri deild enska þingsins ítarlegar reglur um framferði þingmanna (the Guide to the Rules Relating to the Conduct of Members). Þær hafa að geyma ákvæði um skráningu þeirra hagsmuna sem þingmenn kunna að hafa utan þingsins. Um er að ræða 10 flokka sem taka m.a. til launaðra stjórnarstarfa í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, annarra launaðra starfa, þjónustu við viðskiptavini vegna fyrrnefndra starfa og styrkja til þingmanna, m.a. styrkja fyrir kosningar sem nema meira en 25% af kostnaði við kosningabaráttu viðkomandi þingmanns. Þá ber að gera grein fyrir dýrum gjöfum, ferðum til útlanda sem eru ekki borgaðar að fullu af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé og hlutafjáreign þingmannsins og fjölskyldu hans. Einnig má nefna að í reglunum er að finna flokkinn „ýmislegt“ sem tekur þá til þess sem ekki fellur augljóslega undir aðra flokka, en þingmanninum finnst samt rétt að skrá. Því er sterklega höfðað til siðferðiskenndar þingmannsins sjálfs í reglunum.

Einnig eru í gildi reglur um skyldur þingmanns til að lýsa yfir hagsmunum sem hann hefur í umræðum í þinginu og nefndum þess eða í samskiptum við aðra þingmenn eða ráðherra. Mælikvarðinn er sá að þingmaður eigi að upplýsa um hagsmuni ef aðrir gætu haft ástæðu til að ætla að hann ætti að gera það. Jafnframt er að finna reglu þess efnis að þingmaður megi ekki taka að sér mál eða styðja gegn greiðslu. Þessi regla er nátengd reglunum sem fyrr var

getið, þess efnis að þingmaður þurfi að tilkynna um fjárhagslega hagsmuni sem hann hefur. Kvörtunum um að þingmaður hafi brotið fyrrgreindar reglur skal beint til sérstaks embættismanns hjá þinginu (the Parliamentary Commissioner for Standards). Neðri deildin hefur samþykkt ályktanir um fyrrgreindar reglur þess efnis að hún sé samþykk því sem þar kemur fram. Þá skal þess getið að í neðri deild enska þingsins sæta þingmenn takmörkunum hvað varðar setu í stjórnum og/eða ráðum hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Þingmenn lávarðadeildarinnar sæta einnig slíkum takmörkunum þótt ekki séu þær jafnviðamiklar.

Þá hafa verið samþykktar siðareglur fyrir lávarðadeild enska þingsins (Code of Conduct for Members of the House of Lords) sem tóku gildi í mars 2002, en hafa að geyma ákvæði keimlík þeim sem gilda um þingmenn neðri deildarinnar, bæði í siðareglum og reglum um framferði þingmanna. Siðareglur lávarðadeildarinnar eru þó styttri og hnitmiðaðri. Í þeim eru ákvæði um tilgang reglnanna, skyldu þingmannanna gagnvart almenningi og persónulegt framferði þeirra. Sömu reglur gilda um persónulegt framferði þingmanna í lávarðadeild og þingmanna í neðri deild. Þingmönnum lávarðadeildarinnar er einnig gert að skrá þá hagsmuni sem þeir hafa, hvort sem þeir eru fjárhagslegir eða ekki. Þá er tekið fram að þingmaður megi ekki taka við greiðslu frá utanaðkomandi aðila fyrir athöfn sem á sér stað í lávarðadeildinni.

Þá hefur Evrópuþingið (e. European Parliament) sett sér siðareglur fyrir þingmenn og starfsmenn þess sem ætlað er að tryggja sjálfstæði þingsins og viðhalda trúnaðartrausti almennings á því. Þingmennirnir eiga að forðast að taka við gjöfum, þurfa að skrá fjárhagslega hagsmuni sína og eignir sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfinu hjá þinginu og er skráningin höfð aðgengileg á netinu. Munurinn á þessum reglum og þeim sem gilda á Norðurlöndunum eru að þær er valkvæðar en ekki þessar.

Siðareglur hér á landi.

Eins og fram hefur komið hefur fjöldi starfsstétta hér á landi sett sér skráðar siðareglur. Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti í júní 1999 reglu þess efnis að þingmenn flokksins skyldu ekki gegna föstu starfi utan þings né sitja í stjórnum banka, sjóða eða annarra stofnana sem dregið gæti úr hæfi þeirra til þingstarfa, leitt til hagsmunaárekstra eða raskað að öðru leyti stjórnarskrárbundnum skyldum þeirra. Á 126. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum (þskj. 956, 599. mál). Í 4. gr. þess er það nýmæli að lagt er til að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þetta ákvæði frumvarpsins styðst við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegri fyrirgreiðslu þótti flutningsmönnum frumvarpsins mikilvægt að engin leynd hvíldi yfir hverjir styrktu frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út leiðbeiningar um siðferði í opinberri stjórnsýslu. Samkvæmt þeim er það ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Ekki hafa verið mótaðar siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi og hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir slíkum reglum. Samhliða þessari tillögu hefur því fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum einnig endurflutt frá 127. löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni. Þar kemur fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja þar vönduð vinnubrögð og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Mótun siðareglna fyrir þingmenn.

Í tillögu þessari er ekki tekin afstaða til þess hvaða efnisatriði skuli tekin upp í siðareglur fyrir þingmenn. Telja verður eðlilegra að forsætisnefndin hafi þar frjálsar hendur, enda líklegra að þannig náist víðtæk samstaða um reglurnar. Vísað er þó til þess að í tillögugreininni er lagt til að forsætisnefnd hafi til hliðsjónar siðareglur annarra þjóðþinga.

Aðalatriðið er að þegar forsætisnefnd hefur lagt reglurnar fram í formi þingsályktunar gefist þingmönnum tækifæri til þess að fara yfir málið og ræða í þinginu þannig að breið samstaða geti náðst um þær.

Ljóst er að siðareglur fyrir alþingismenn og aðrar starfsstéttir leysa ekki allan vanda og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni. Telja verður þó að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings.

220. Svar [54. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um umhverfisvöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar.

1. *Hyggst ráðherra koma á frekari vöktun umhverfisáhrifa Kárahnjúkavirkjunar á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. með tilliti til hreindýra, fugla, gróðurs og aksturs utan vega?*

Í úrskurði umhverfisráðuneytisins um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um vöktun hreindýra, fugla og gróðurs og eftirlit með akstri utan vega til þess að fylgjast með áhrifum virkjunarinnar á lífríki svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur þegar gert samkomulag um vöktun og eftirlit með efnistöku, haugsvæðum og vegagerð eins og kveðið er á um í úrskurði ráðuneytisins. Efnisatriði úrskurðarins er lúta að vöktun verða framkvæmd eins og kveðið er á um í úrskurðinum.

Iðnaðarráðuneytið hefur skipað starfshóp til þess að fara yfir skilyrði úrskurðarins og hvernig þeim verður best fylgt eftir. Umhverfisráðuneytið á fulltrúa í hópnum. Þessi hópur mun skoða málið og gera tillögur um frekari vöktun á framkvæmdatíma virkjunarinnar telji hann ástæðu til.

2. *Mun ráðherra sjá til þess að Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Austurlands fái fjármagn til að sinna nauðsynlegri vöktun á umhverfi meðan á gerð Kárahnjúkavirkjunar stendur?*

Það er lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að annast vöktun á náttúru landsins. Það er því hlutverk hennar að skipuleggja vöktun hverju sinni í samræmi við þörf og til þess eru henni ætlaðir fjármunir á fjárlögum. Náttúrustofa Austurlands hefur á undanförnum árum fengið fjárveitingar til vöktunar og rannsókna á hreindýrastofninum.

3. *Mun ráðherra, í ljósi þess að framkvæmdir eru þegar hafnar við gerð Kárahnjúkavirkjunar án þess að sérstök áætlun um vöktun hafi verið sett í gang, beita sér fyrir að slíkri áætlun verði komið á og að viðkomandi stofnanir fái fjármagn til að sinna eftirlitshlutverki sínu?*

Ráðuneytinu hefur hvorki borist tillaga né ábending um að þörf sé á sérstakri vöktunaráætlun frá þeim stofnunum sem hlut eiga að máli, sem eru Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölþættari umhverfisvöktun við Lagarfljót en fram hefur komið?*

Komi fram tillögur eða ábendingar um það frá hlutaðeigandi stofnunum verður það skoðað.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni löggæslu og eftirliti á svæðinu á framkvæmdatíma virkjunarinnar, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur?*

Eftirlit með akstri utan vega er samkvæmt lögum í höndum lögreglu og það er lögreglustjóra að taka ákvörðun um eftirlit með slíkum akstri. Umhverfisstofnun ber samkvæmt lögum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd laga um náttúruvernd og umgengni í óbyggðum og ber stofnuninni því að hafa eftirlit með utanvegaakstri og koma ábendingum til lögreglustjóra um slíkan akstur. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að fjölga um einn lögreglumann á Seyðisfirði og halda úti sérstakri umferðareftirlitsbifreið á meðan stórframkvæmdir standa yfir á Austurlandi. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga um einn lögreglumann á Eskifirði í sama skyni.

221. Svar [70. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

1. *Hvað þýðir það ákvæði sem vitnað er til í svari ráðherra á þskj. 1001 á 128. löggjafarþingi um starfslokasamning sem gerður var við annan forstjóra Byggðastofnunar, þ.e.: „Í starfslokasamningnum eru einnig ákvæði um ákveðna tilfærslu á lífeyrisréttindum. Um var að ræða að 40% af útreiknuðum eftirlaunaréttindum eftir 65 ára aldur færu í viðurkenndan séreignalífeyrissjóð“?*

Við ráðningu forstjórans fyrrverandi á árinu 1985 var gert sérstakt samkomulag um lífeyrisréttindi. Samkvæmt því samkomulagi skyldu gilda sömu reglur um lífeyrisréttindi forstjórans fyrrverandi og um lífeyrisréttindi bankastjóra Landsbanka Íslands. Þágildandi reglur um eftirlaun bankastjóra Landsbanka Íslands o.fl. voru fylgiskjal með samningnum. Í 2. gr. þeirra reglna sagði: „Til þess að fá full eftirlaun þarf að liggja fyrir fimmtán ára starf í Landsbankanum sem bankastjóri, enda hafi bankastjóri náð þeim starfstíma áður en hann varð 70 ára að aldri. Eftirlaunaréttur ávinnst þannig, að eftir eins árs starf sem bankastjóri nemur rétturinn 20% af þeim föstu mánaðarlaunum, sem bankaráð skal ákveða. Síðan ávinnast 5% eftirlauna af launum fyrir hvert ár, sem bætist við í starfi, þar til náð er eftirlaunum, sem nema 90% af mánaðarlaunum, eftir 15 ára starf.“

Greiðslur iðgjalda voru inntar af hendi í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað mun lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins því greiða forstjóranum fyrrverandi lífeyri sem nemur réttindum hans samkvæmt almennum útreikningum á réttindum í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt framangreindu samkomulagi átti forstjórinn fyrrverandi að auki rétt á að fá lífeyri greiddan frá Byggða-

stofnun, þannig að heildargreiðslur til hans frá Byggðastofnun og lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins yrðu 90% af launum hans.

Þar sem forstjórinn fyrrverandi hafði verið í starfi í 15 ár er starfslokasamningurinn var gerður átti hann rétt á 90% launum eftir 65 ára aldur, samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi. Samkvæmt starfslokasamningnum voru 40% af þeim réttindum, miðað við 31. desember 2001, greidd í viðurkennda séreignalífeyrissjóði að vali forstjórans fyrrverandi gegn 40% lækkun lífeyrisréttinda hans. Talnakönnun hf. var fengin til þess að reikna út verðmæti lífeyrisréttindanna.

Starfslokasamningurinn mælir því fyrir um að hluti af lífeyrisgreiðslum Byggðastofnunar til forstjórans fyrrverandi yrði greiddar í séreignarsjóði. Einungis var því um að ræða að stofnunin innti greiðsluskyldu sína af hendi fyrr en ráð var fyrir gert í ráðningasamningi. Þegar forstjórinn fyrrverandi hefur töku lífeyris standa því einungis eftir 60% af þeim lífeyrisréttindum sem mælt var fyrir um í ráðningasamningi hans.

2. *Hversu háar greiðslur er hér um að ræða?*

Samkvæmt framansögðu voru 40% áunninna lífeyrisréttinda, 36.946.309 kr., greiddar í séreignarlífeyrissjóði að vali forstjórans fyrrverandi.

3. *Hverjar eru forsendurnar fyrir útreikningi á þessum greiðslum og hver voru verðmæti samningsbundinna eftirlauna forstjórans?*

Byggðastofnun fékk Talnakönnun hf. til að reikna út lífeyrisréttindi forstjórans fyrrverandi. Tryggingafræðilegar forsendur útreikningsins voru að mestu þær sömu og notaðar voru við tryggingafræðilega úttekt á B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, svo sem 2% vextir umfram launahækkanir og lífslíkur byggðar á reynslu áranna 1991 til 1995 á Íslandi. Samkvæmt því var miðað við að forstjórinn fyrrverandi næði rúmlega 79 ára aldri. Vikið var frá forsendum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annars vegar með því að miðað var við raunverulega hjúskaparstöðu forstjórans fyrrverandi en ekki hjúskaparlíkur eins og hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hins vegar að taka ellilífeyris hæfist við 65 ára aldur í samræmi við eftirlaunasamninginn. Hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er miðað við það að þeir sem eru í starfi í lok úttektarárs hefji töku ellilífeyris 68 ára gamlir.

Verðmæti eftirlaunanna í heild námu 92.365.773 kr., samkvæmt útreikningum Talnakönnunar hf., miðað við 31. desember 2001 og voru 40% af þeirri fjárhæð greidd í séreignarlífeyrissjóði, eins og að framan er getið.

4. *Voru þær greiddar út í peningum og hvenær eru þær til ráðstöfunar fyrir forstjórann fyrrverandi?*

Fyrrgreindar 36.946.309 kr. voru hinn 18. janúar 2002 greiddar í viðurkennda séreignarlífeyrissjóði er forstjórinn fyrrverandi valdi og koma til útborgunar samkvæmt reglum viðkomandi sjóða.

5. *Í hvaða lífeyrissjóði er viðkomandi?*

Forstjórinn fyrrverandi var í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er hann starfaði hjá Byggðastofnun.

6. *Samkvæmt hvaða lögum eru slíkar tilfærslur heimilar?*

Tilfærsla þessi byggist á samningi á milli Byggðastofnunar og forstjórans fyrrverandi. Með samningnum var Byggðastofnun losuð undan hluta af ábyrgð sinni á lífeyrisskuldbind-

ingum gagnvart forstjóranum fyrrverandi gegn því að greiða tiltekna fjárhæð í séreignarlífeyrissjóð. Bent er á í því sambandi að óháður tryggingastærðfræðingur var fenginn til þess að reikna út lífeyrisrétt forstjórans fyrrverandi við gerð samningsins.

Starfslokasamningurinn fjallar ekki um réttindi forstjórans fyrrverandi gagnvart lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins heldur lýtur hann einungis að þeim lífeyrisgreiðslum sem Byggðastofnun hefði tekið að sér að greiða samkvæmt ráðningasamningnum frá 1985.

7. Eru fordæmi fyrir slíkum tilfærslum á lífeyrisréttindum og hver eru þau?

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins fengu bankastarfsmenn að taka út 40% af áunnum lífeyrisréttindum og flytja í séreignarlífeyrissjóð við breytingu á lífeyrissjóði bankamanna (hlutfallsdeild í stigadeild) hinn 1. janúar 1998.

8. Hver var kostnaður ríkissjóðs við þetta ákvæði í starfslokasamningnum?

Lífeyrisútreikningar Talnakönnunar hf. byggðust á þeirri forsendu að forstjórinn fyrrverandi næði ríflega 79 ára aldri. Gangi þær forsendur eftir er enginn kostnaður við þetta ákvæði samningsins.

9. Hver var kostnaður ríkissjóðs af starfslokasamningnum í heild og á hvaða fjárlagalið er gert ráð fyrir þeim kostnaði?

Theodór Bjarnason var skipaður forstjóri Byggðastofnunar frá 1. janúar 2001. Samkvæmt starfslokasamningi við forstjórann fyrrverandi skyldi hann starfa hjá stofnuninni á árinu 2001, m.a. að flutningi og yfirfærslu stofnunarinnar frá Reykjavík til Sauðárkróks. Vegna þessara starfa hélt forstjórinn fyrrverandi fullum launum og öðrum réttindum til ársloka 2001. Heildarlaunagreiðslur til forstjórans fyrrverandi vegna þessara starfa námu 9,7 millj. kr. sem greiddar voru af fjárlagalið Byggðastofnunar, 11-411-110. Að öðru leyti vísast til svars við 8. lið fyrirspurnarinnar.

10. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við þá starfslokasamninga sem gerðir hafa verið við forstjóra Byggðastofnunar og getið er um í svari ráðherra á þskj. 1001 á 128. löggjafarþingi?

Heildargreiðslur til síðari forstjórans námu 19,6 millj. kr. Rétt er að taka fram að hann var skipaður til fimm ára í ársbyrjun 2001 og voru því þrjú og hálft ár eftir af skipunartíma hans er starfslokasamningur var gerður. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að laun hans skerðist um sem nemur sex mánaðarlaunum finni iðnaðarráðherra starf hér á landi eða erlendis fyrir forstjórann fyrrverandi sem hann samþykkir að taka, fyrir 31. desember 2003. Varðandi fyrri forstjórann vísast til svars við 9. lið fyrirspurnarinnar.

11. Má gera ráð fyrir frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara starfslokasamninga?

Nei.

12. Var ákvörðun um þessa starfslokasamninga tekin af stjórn Byggðastofnunar, í samráði við hana eða var hún alfarið á ábyrgð ráðherra?

Fyrri forstjórinn var ráðinn til Byggðastofnunar á árinu 1985 á grundvelli laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun. Samkvæmt þeim lögum var forstjóri ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Stjórnin sá því um gerð starfslokasamnings við hann. Síðari forstjórinn var hins vegar skipaður af ráðherra í samræmi við 5. gr. núgildandi laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999. Því bar ráðherra ábyrgð á gerð starfslokasamnings við hann.

222. Fyrirspurn [209. mál]

til menntamálaráðherra um skólagjöld í Háskóla Íslands.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til athugunar í ráðuneytinu að taka upp frekari skólagjöld í Háskóla Íslands eða að taka upp strangari inntökupróf eða frekari fjöldatakmarkanir í skólanum til að mæta fjárþörf hans?

223. Fyrirspurn [210. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvernig skiptust beinar greiðslur til bænda vegna sauðfjárframleiðslu fjárlagaárin 2000–2003, sundurliðað eftir sveitarfélögum og núverandi kjördæmaskipan?
2. Hvernig skiptust aðrar greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu sömu ár, þ.e. hverjir fengu þær greiðslur og hversu háar fjárhæðir?

Skriflegt svar óskast.

224. Fyrirspurn [211. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttindi barna með Goldenhar-heilkenni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til þess að bæta réttindi barna með Goldenhar-heilkenni og mæta sérstökum þörfum þeirra og foreldra þeirra?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum og/eða reglugerðum þannig að tekið verði meira tillit til barna með langvarandi erfiða sjúkdóma eins og þennan og ef svo er, hvenær má vænta þeirra breytinga og hverjar eru þær?

225. Fyrirspurn [212. mál]

til utanríkisráðherra um þátttöku sveitarstjórnarmanna í Evrópusamstarfi.

Frá Einari Karli Haraldssyni.

Hvað hyggst utanríkisráðherra gera til þess að tryggja íslenskum sveitarstjórnum aðgang að síauknu samstarfi sveitarstjórnarmanna innan Evrópusambandsins með hliðsjón af því að um 70% gerða Evrópusambandsins, sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, snerta verkefni sveitarfélaga með einum eða öðrum hætti?

226. Fyrirspurn [213. mál]

til félagsmálaráðherra um brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Eru dæmi þess að útlendingar hafi ekki séð þá ráðningarsamninga sem þeir eiga þó að hafa skrifað undir og að umkvartanir stéttarfélaga eða annarra aðila hafi snúist um að undirskriftir erlendra starfsmanna hafi verið falsaðar? Ef svo er, hvernig hefur ráðuneytið brugðist við slíkum umkvörtunum?
2. Hversu oft á sl. tveimur árum hefur málum vegna ætlaðra brota á lögum um atvinnuréttindi útlendinga verið vísað til opinberrar rannsóknar skv. 17. gr. laganna og hver á að hafa frumkvæði að því að vísa máli í þann farveg að mati ráðuneytisins?
3. Hversu oft á sl. tveimur árum hefur ráðuneytið beitt ákvæðum 16. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga sem kveður á um afturköllun atvinnuleyfa? Í hvaða tilvikum hefur það verið og hvernig er gengið úr skugga um að erlendir starfsmenn fái afhent afrit af ráðningarsamningi sínum?

Skriflegt svar óskast.

227. Fyrirspurn [214. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu oft á sl. tveimur árum hafa stéttarfélög eða aðrir aðilar vakið athygli ráðuneytisins á:
   a. að ráðningarsamningar útlendinga séu ekki í samræmi við íslenska löggjöf og hvers eðlis hafa þær umkvartanir verið,

b. að ráðningarkjörum, þ.m.t. húsnæðisaðstöðu, hafi verið breytt eftir að erlendir starfsmenn hófu störf,
c. að útlendingar sem leita réttar síns hjá stéttarfélagi missi vinnuna í framhaldinu?
Ef svo er, hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þessum umkvörtunum?
2. Eru atvinnuleyfi veitt nýjum erlendum starfsmönnum ef ráðuneytið hefur vitneskju um tilvik sem lýst er í 1. lið og ef fyrirtæki sem óska ráðningar á erlendum starfsmönnum eru í vanskilum með opinber gjöld erlendra starfsmanna sinna?
3. Hversu mörgum umsóknum um framlengingu atvinnuleyfis hafa stéttarfélög hafnað í umsögn sinni sl. tvö ár og hversu mörgum þeirra hefur Vinnumálastofnun hafnað? Í hve mörgum tilvikum hefur Vinnumálastofnun hafnað umsóknum frá fyrirtækjum sem hafa ekki skilað lögbundnum iðgjaldagreiðslum (lífeyrissjóðsiðgjaldi eða félagsgjöldum) eða afdregnum skatti viðkomandi starfsmanns?

Skriflegt svar óskast.

228. Fyrirspurn [215. mál]

til menntamálaráðherra um fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Í hvaða deildum Háskóla Íslands tíðkast fjöldatakmarkanir og með hvaða hætti eru þær framkvæmdar?
2. Hvaða skýringar eru á nauðsyn fjöldatakmarkana í viðkomandi deildum?
3. Hvaða breytingar hafa orðið á fjöldatakmörkunum í skólanum sl. tíu ár?
4. Eru fyrirsjáanlegar breytingar á takmörkunum á fjölda stúdenta í einhverjum deildum eða eru áform um að leggja þær af í einhverjum tilvikum?

Skriflegt svar óskast.

229. Fyrirspurn [216. mál]

til menntamálaráðherra um laganám.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir samræmingu náms í héraðsbundinni lögfræði?

230. Fyrirspurn [217. mál]

til samgönguráðherra um farþegaskatta.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Mun ráðherra breyta álagningu farþegaskatta í ljósi áhrifa þeirra á ferðaþjónustuna og ef svo er, í hverju munu þær breytingar felast?

231. Fyrirspurn [218. mál]

til heilbrigðisráðherra um samræmda slysaskráningu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær hófst samræmd slysaskráning á öllum slysum hér á landi?
2. Liggja fyrir tölur um fjölda slysa frá því að lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, voru sett?
3. Hversu mörg slys hafa verið skráð árlega í gagnabankann Slysaskrá Íslands?
4. Hafa öll sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir sinnt skráningu?
5. Hversu margar slysaskráningar hafa borist frá hverri stofnun á ári, þ.e. sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum?
6. Hversu margar skráningar hafa borist frá
   a. Vinnueftirliti,
   b. lögreglu,
   c. tryggingafélögum?
7. Eru einhverjar stofnanir sem ættu að sinna skráningu en gera það ekki?

Skriflegt svar óskast.

232. Fyrirspurn [219. mál]

til samgönguráðherra um úthlutun fjár til kynningar- og markaðsmála í ferðaþjónustu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra úthluta þeim 320 millj. kr. sem ætlaðar eru til markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu í fjárlögum fyrir árið 2004? Verða gerðar breytingar frá úthlutunarreglum fyrra árs og ef svo er, þá hverjar?

233. Fyrirspurn [220. mál]

til félagsmálaráðherra um forsjárlausa foreldra.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hvað eru forsjárlausir feður margir í landinu og hvað eru forsjárlausar mæður margar?
2. Hefur ráðherra látið gera úttekt á félagslegri stöðu forsjárlausra foreldra? Ef ekki, er slík úttekt áformuð?

234. Fyrirspurn [221. mál]

til samgönguráðherra um farsímakerfið.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hversu margar GSM-stöðvar hefur Landssíminn sett upp til að þétta farsímakerfið sl. fjögur ár?
2. Hver eru áform Landssímans um uppsetningu farsímastöðva næstu tvö árin?
3. Hvenær má búast við að GSM-samband náist alls staðar á þjóðvegi 1?

235. Fyrirspurn [222. mál]

til heilbrigðisráðherra um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hver eru áform ráðherra um auknar fjárveitingar til krabbameinslækninga samkvæmt beiðni sjúkrahússins?
2. Hver eru áform um fjárveitingar til þess að auka þjónustu vegna þvagfærasjúkdóma samkvæmt beiðni sjúkrahússins?
3. Hvernig eru áætlanir ráðherra um innréttingar í suðurálmu sjúkrahússins?
4. Hvað líður áformum um frekari uppbyggingu til þess að fjölga plássum í endurhæfingu á sjúkrahúsinu?

236. Frumvarp til innheimtulaga. [223. mál]

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið undir gjaldþrotaskiptum;
b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
c. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
d. er ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta að fjárhæð 500.000 kr.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en fimm ára í senn.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slæmra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.

7. gr.

Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
b. lýsing á kröfu;
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
e. greiðslustaður; og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þá telst krafa greidd ef greiðsla hefur borist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.
Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.
Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.
Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.
Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.
Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfs-

manna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna. Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmönnum fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laga þessara orðast 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, svo:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi. Heimild ráðherra takmarkast af heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt innheimtulögum.

Greinargerð.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur. Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft farið fram á að sett yrðu lög um innheimtu. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtuaðilar geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. og 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd. Þá lagði viðskiptaráðherra fram sambærilegt frumvarp á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Þrátt fyrir mikilvægi þess að sett verði lög um innheimtu virðast stjórnarflokkarnir ekki hafa náð að leysa þann ágreining sem er þeirra á milli um málið. Það er skoðun flutningsmanna að málið sé brýnt og því verði að leggja það fyrir Alþingi á ný. Við framlagningu frumvarpsins á 128. löggjafarþingi var frumvarp viðskiptaráðherra frá 122. og 123. löggjafarþingi endurbætt, m.a. með tilliti til athugasemda og ábendinga frá ýmsum umsagnaraðilum sem höfðu borist við meðferð fyrrgreindra frumvarpa. Þá var m.a. sett inn í frumvarpið að innheimtuleyfi skyldi eigi veita til lengri tíma en fimm ára í senn og það gert að skilyrði að umsækjandi um slíkt leyfi væri ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta. Ákvæði 6. gr. um góða innheimtuhætti var gert fyllra án þess þó að um tæmandi talningu væri að ræða. Einnig var skýrt nánar í ákvæði 7. gr. um innheimtuviðvörun hvenær krafa teldist greidd. Þá var viðskiptaráðherra gert að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð en í frumvarpi viðskiptaráðherra var um heimild til ráðherra að ræða. Lagt var til í frumvarpinu, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi, og einnig í þessu frumvarpi að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, yrði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra yrði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim væri hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Sú skylda dómsmálaráðherra mun að sjálfsögðu takmarkast við fyrrnefnda skyldu viðskiptaráðherra að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar á grundvelli frumvarpsins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að eftirlit með lögmönnum samkvæmt lögunum verði í höndum Lögmannafélags

Íslands. Í fyrri frumvörpum, sem lögð hafa verið fram, hefur eftirlitið verið falið úrskurðarnefnd lögmanna eða stjórn Lögmannafélags Íslands en það þykir samræmast betur lögum um lögmenn, sbr. orðalag 3. gr. laga nr. 77/1998, að fela eftirlitið Lögmannafélagi Íslands.

Eins og að framan greinir er frumvarpinu ætlað að taka til innheimtu á frumstigi enda er nauðsynlegt að hugað verði hið fyrsta að setningu meginreglna til að styrkja stöðu skuldara við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga.

Í frumvarpi ráðherra á sínum tíma sagði m.a. í greinargerð: „Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Eins og áður segir er frumvarp þetta byggt á eldri frumvörpum ráðherra um sama efni þar sem að hluta var stuðst við norsk innheimtulög og til hliðsjónar höfð löggjöf annarra nágrannalanda um þetta efni.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða skal í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubréf, án þess að innheimtuviðvörun hafi áður verið send, teldist það ekki

innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtuviðvörun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubréfa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörun samkvæmt lögum þessum sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða og Íbúðalánasjóðs, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, fellur heldur ekki undir fyrirhuguð lög. Hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss.

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. málsl. þessarar greinar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir og opinberir aðilar, m.a. Íbúðalánasjóður. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru almennt séð lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi. Þá er sett það skilyrði að ekki séu fyrir hendi vanskil á opinberum gjöldum og vörslusköttum en hliðstæð krafa og fjárhæð er í dönsku innheimtulöggjöfinni.

Tekið skal fram að í 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Þá má ekki veita innheimtuleyfi til lengri tíma en fimm ára í senn.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmenn, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Þrátt fyrir að í greininni sé beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni eða óþægindum er eingöngu um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti án þess að tæmandi talningu tilvika sé um að ræða.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur talist brot á góðum innheimtuháttum að breiða út persónulegar upplýsingar um skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda. Um skilgreiningu á hugtakinu persónulegar upplýsingar vísast til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Eins og segir í athugasemdum við 1. gr. er það svipað og venja er í innheimtubréfum nú. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það

meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörun geti komið í stað innheimtubréfa, svo og tengsl viðvörunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., segir í 1. gr. að lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skuli halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin nafni og jafnframt sé honum skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar sé kveðið á um í reglugerðinni. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikn-

ingi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu innheimtuaðila.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Í 4. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt skal Fjármálaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Samkvæmt 6. mgr. fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit með framkvæmd laga þessara gagnvart lögmönnum. Lögmannafélag Íslands mun hafa eftirlit með starfsemi lögmanna sem

stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Hugsanlegt er að Fjármálaeftirlitið og Lögmannafélag Íslands hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði.

Lagt er til að við gildistöku laga þessara verði jafnframt gerð sú breyting á 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, að dómsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óbreytt lögmannalög skylda ekki dómsmálaráðherra til setningar leiðbeininganna. Sú heimild sem hann nú hefur er víðtækari en skylda viðskiptaráðherra samkvæmt lögum þessum þar sem leiðbeiningar dómsmálaráðherra eiga auk þess að ná til þess kostnaðar sem kann að leiða af innheimtuaðgerðum á grundvelli réttarfarslaga, svo fremi sem dómsmál hefur ekki verið höfðað til heimtu kröfu og þykir því rétt að breyta heimild dómsmálaráðherra í skyldu. Skylda dómsmálaráðherra mun þó augljóslega nú takmarkast af skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem til fellur á frumstigi innheimtu samkvæmt lögum þessum.

237. Svar [180. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um laxeldi á Austfjörðum.

1. *Hversu mörg laxaseiði hafa verið sett út í sjókvíar í Mjóafirði og Berufirði frá því að eldi hófst á þessum stöðum?*

Árið 2001 voru sett út í kvíar hjá Sæsilfri í Mjóafirði á stað A 319.000 laxaseiði. Á stað B voru árið 2002 sett út í kvíar 1.313.000 laxaseiði og árið 2003 voru sett út á stað C 1.421.000 laxaseiði.

Hjá Salar Islandica í Berufirði voru árið 2002 sett út í kvíar 28.000 laxaseiði og 356.000 laxaseiði árið 2003.

Samtals hafa því 3.054.186 laxaseiði verið sett í kvíar hjá Sæsilfri í Mjóafirði og 384.000 laxaseiði hafa verið sett í kvíar hjá Salar Islandica í Berufirði frá því að eldi hófst á þessum stöðum.

2. *Hversu mörgum löxum hefur verið slátrað og hve margir laxar eru nú taldir vera í kvíunum?*

Hjá Sæsilfri í Mjóafirði hefur 214.239 löxum verið slátrað af stað A (2001 árg.) og eru þar nú engin seiði, þar sem staðurinn er í árs hvíld. Af stað B hjá Sæsilfri hefur 46.744 löxum verið slátrað (2002 árg.) og eru þar nú 913.000 laxar í október 2003. Af stað C hjá Sæsilfri hefur engum laxi verið slátrað og eru þar nú í október 2003 um 1.155.000 unglaxar.

Hjá Sæsilfri í Mjóafirði hefur því samtals 260.983 löxum verið slátrað og er áætlað að nú í október 2003 séu samtals 2.068.000 laxar í viðkomandi kvíum, þ.e. á stöðum B og C.

Hjá Salar Islandica í Berufirði hefur engum laxi enn verið slátrað. Þar eru nú í október 2003 um 364.800 unglaxar.

3. *Hvernig er eftirliti hins opinbera háttað með eldiskvíunum í Mjóafirði og Berufirði?*

- Eftirlit hefur verið með sjókvíaeldi fyrirtækjanna Sæsilfurs og Salar Islandica frá upphafi. Eftirlitsmaður hefur farið á vettvang a.m.k. tvisvar á ári frá því að fyrirtækin hófu starfsemi.
- Eftirlitið hefur falist í skoðun og ljósmyndun á þeim búnaði sem notaður er og eftirfylgni með skráningu á því sem gert er, svo sem varðandi viðhald búnaðar, köfun til skoðunar á ástandi búnaðar o.s.frv.
- Það sem skoðað er sérstaklega er ástand kvíanna með tilliti til slits vegna álags og að útskipti á búnaði fari fram í samræmi við það sem ákveðið hefur verið. Þá er fylgst með ástandi og umhirðu fisksins, fóðurgjöf, lyfjanotkun, fóðurgerð, sóttvörnum og allri umgengni almennt.
- Þá er rétt að geta þess að búnaður hefur verið ljósmyndaður og skoðaður með tilliti til þess að hann væri í samræmi við það sem ákveðið hafði verið áður en honum var sökkt.
- Hverri eftirlitsferð eru gerð skil með skriflegri skýrslu til veiðimálastjóra um það sem skoðað er. Þá eru allar myndir sem teknar eru geymdar á geisladiskum til varðveislu.
- Sérstaklega ber að geta eyðublaðs sem fyllt er út um eftirlitið. Eyðublað þetta var sérstaklega sniðið að atriðum sem fram koma í drögum að reglugerð um búnað og innra eftirlit með sjókvíaeldi, sem sett verður á næstunni.
- Eftirlit eftirlitsmanns með sjókvíaeldi á Austurlandi fór fram dagana
  27.–30. júní 2001,
  8.–10. júní 2002,
  27.–30. sept. 2002,
  6.–10. júní 2003,
  19.–24. ágúst 2003 (í tengslum við slysasleppinguna í Neskaupstað),
  27.–30. sept. 2003,
  15.–16. okt. 2003.
- Alls hafa því verið farnar sjö skoðunar- og eftirlitsferðir gagngert til að fylgjast með og taka út kvíaeldið í Mjóafirði og Berufirði. Að lokinni skoðun og úttekt hefur alltaf verið gerð skýrsla um eftirlitið til veiðimálastjóra.

238. Svar [123. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um virðisaukaskatt á barnavörum.

1. *Hversu miklum tekjum er talið að ríkissjóður yrði af árlega ef virðisaukaskattur á barnavörum yrði lækkaður úr 24,5% í:*
   a. *14%,*
   b. *7%,*
   c. *0%?*

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um það hvert tekjutap ríkissjóðs yrði ef virðisaukaskattur yrði lækkaður eða felldur niður af barnavörum. Til svars við því skal í upphafi tekið fram að mjög erfitt er að áætla tekjutapið af einhverri nákvæmni og í raun má segja að eingöngu sé um nálgun að ræða. Þær upplýsingar sem skattyfirvöld hafa um skil og tekjur af virðisaukaskatti veita ekki möguleika á að sundurgreina virðisaukaskattstekjur af barnavörum sérstaklega.

Ekki kemur fram í fyrirspurninni hvernig afmarka beri hugtakið *barnavörur*. Hér verður reynt að nálgast viðfangsefnið út frá grunnupplýsingum frá Hagstofu Íslands um verðmæti einkaneyslu fyrir árið 2002. Þess ber þó að geta að neysluflokkun Hagstofu Íslands tekur ekki sérstaklega til barnavara og því er einungis um lauslega áætlun að ræða, sbr. eftirfarandi:

a. 650 millj. kr.
b. 1.000 millj. kr.
c. 1.500 millj. kr.

2. *Er það á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að lækka virðisaukaskatt á barnavörum á kjörtímabilinu? Ef svo er, hve mikið og hvenær?*

Eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 23. maí 2003, er fyrirhugað að taka virðisaukaskattskerfið til endurskoðunar á kjörtímabilinu með það í huga að bæta kjör almennings. Frekari tímasetningar um undirbúning og framkvæmd verksins liggja enn ekki fyrir.

Hér ber þó að hafa í huga að virðisaukaskattur er í eðli sínu neysluskattur og kemur því öll almenn lækkun á honum fjölskyldufólki sem öðrum til góða.

239. Fyrirspurn [224. mál]

til umhverfisráðherra um lýsingu við Gullfoss.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur komið til álita að lýsa Gullfoss upp með ljóskösturum og ef svo er, hver er afstaða ráðherra og viðkomandi stofnunar til hugmyndarinnar?

240. Svar [185. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um báta sem hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks.

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu um svör við fyrirspurninni. Aflatölur fiskveiðiársins 2002/2003 eru bráðabirgðatölur.

1. *Hve margir bátar hafa landað leyfilegum meðafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu, frá því að reglan tók gildi?*

480 skip (talið eftir skipanúmeri) lönduðu leyfilegum meðafla botnfisks, sbr. bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, (hér eftir kallaður „Hafróafli").

2. *Hvaða bátar eiga hér í hlut og á hvaða veiðarfærum hafa þeir verið, raðað eftir útgerðarstöðum? Óskað er að nöfn og skrásetningarnúmer bátanna komi fram í svarinu.*

Í töflu 1 er listi yfir skip sem lönduðu „Hafróafla" á tímabilinu frá 1. febrúar 2002 til u.þ.b. 15. október 2003. Skipunum er raðað eftir útgerðarstöðum. Fram kemur veiðarfærið sem aflinn var veiddur í og nafn, einkennisstafir og einkennisnúmer skipsins. Rétt er að hafa í huga að skipið (skipanúmer) getur komið fram oftar en einu sinni í töflunni vegna breytinga á veiðarfæri, heimahöfn (útgerðarstað), nafni, einkennisstöfum eða einkennisnúmeri.

Tafla 1. Skip sem lönduðu „Hafróafla" eftir útgerðarstöðum og veiðarfærum frá 1. febrúar 2002 til u.þ.b. 15. október 2003.

Magn í kílóum óslægt. Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Hafnarnúmer	Heimahöfn	Skipanúmer	Nafn	Einkenni	Útgerðarflokkur	Veiðarfæri	Magn í kg
1	Vestmannaeyjar	84	Gandi	VE 7	Skip með aflamark	Net	22.508
1	Vestmannaeyjar	243	Guðrún	VE 122	Skip með aflamark	Lína	231
1	Vestmannaeyjar	243	Guðrún	VE 122	Skip með aflamark	Net	22.064
1	Vestmannaeyjar	244	Sæfaxi	VE 30	Skip með aflamark	Net	21.850
1	Vestmannaeyjar	464	Þorri	VE 50	Skip með aflamark	Humarvarpa	5.292
1	Vestmannaeyjar	795	Narfi	VE 108	Skip með aflamark	Net	631
1	Vestmannaeyjar	892	Haförn	VE 21	Skip með aflamark	Humarvarpa	754
1	Vestmannaeyjar	968	Glófaxi	VE 300	Skip með aflamark	Net	2.324
1	Vestmannaeyjar	1062	Kap	VE 4	Skip með aflamark	Net	2.318
1	Vestmannaeyjar	1092	Frú Magnhildur	VE 22	Smábátur með aflamark	Net	701
1	Vestmannaeyjar	1320	Svanborg	VE 52	Smábátur með aflamark	Net	2.086
1	Vestmannaeyjar	1595	Frár	VE 78	Skip með aflamark	Botnvarpa	17.723
1	Vestmannaeyjar	1622	Smáey	VE 144	Skip með aflamark	Botnvarpa	962
1	Vestmannaeyjar	1788	Bryndís	VE 3	Smábátur með aflamark	Net	834
1	Vestmannaeyjar	1854	Lilja	VE 34	Smábátur með aflamark	Net	2.986
1	Vestmannaeyjar	1935	Björg	VE 5	Skip með aflamark	Botnvarpa	866
1	Vestmannaeyjar	1968	María Pétursdóttir	VE 14	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	7.246
1	Vestmannaeyjar	2025	Bylgja	VE 75	Skuttogari	Botnvarpa	24.817
1	Vestmannaeyjar	2048	Drangavík	VE 80	Skip með aflamark	Botnvarpa	136
1	Vestmannaeyjar	2101	Portland	VE 97	Skip með aflamark	Net	396
1	Vestmannaeyjar	2240	Kári	VE 47	Krókaaflamarksbátur	Lína	307
1	Vestmannaeyjar	2364	Beta	VE 36	Krókaaflamarksbátur	Lína	19
1	Vestmannaeyjar	6282	Einfari	VE 308	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	3
5	Stokkseyri	1037	Stokksey	ÁR 40	Skip með aflamark	Net	15.663
5	Stokkseyri	1751	Hásteinn	ÁR 8	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	13.912
7	Eyrarbakki	1359	Álaborg	ÁR 25	Skip með aflamark	Net	4.765
7	Eyrarbakki	1468	Hrímnir	ÁR 51	Skip með aflamark	Net	434
7	Eyrarbakki	1829	Máni	ÁR 70	Smábátur með aflamark	Net	2.457
11	Þorlákshöfn	13	Gulltoppur	ÁR 321	Skip með aflamark	Net	14.904
11	Þorlákshöfn	13	Gulltoppur	ÁR 321	Skip með aflamark	Humarvarpa	1.806

Hafnar-númer	Heimahöfn	Skipa-númer	Nafn	Einkenni	Útgerðarflokkur	Veiðarfæri	Magn í kg
11	Þorlákshöfn	93	Brynjólfur	ÁR 3	Skip með aflamark	Net	23.143
11	Þorlákshöfn	93	Brynjólfur	ÁR 3	Skip með aflamark	Humarvarpa	459
11	Þorlákshöfn	100	Skálafell	ÁR 50	Skip með aflamark	Net	1.662
11	Þorlákshöfn	100	Skálafell	ÁR 50	Skip með aflamark	Humarvarpa	569
11	Þorlákshöfn	133	Trausti	ÁR 80	Skip með aflamark	Humarvarpa	263
11	Þorlákshöfn	467	Sæljós	ÁR 11	Skip með aflamark	Net	12.969
11	Þorlákshöfn	1043	Jóhanna	ÁR 206	Skip með aflamark	Net	159
11	Þorlákshöfn	1043	Jóhanna	ÁR 206	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	421
11	Þorlákshöfn	1053	Bára	ÁR 21	Skip með aflamark	Net	380
11	Þorlákshöfn	1056	Arnar	ÁR 55	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	1.043
11	Þorlákshöfn	1171	Leifur Halldórsson	ÁR 217	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	6.122
11	Þorlákshöfn	1195	Álftafell	ÁR 100	Skip með aflamark	Net	2.270
11	Þorlákshöfn	1311	Skálafell	ÁR 205	Smábátur með aflamark	Net	2.344
11	Þorlákshöfn	1315	Eydís	ÁR 26	Skip með aflamark	Net	3.579
11	Þorlákshöfn	1315	Eydís	ÁR 26	Skip með aflamark	Humarvarpa	3.042
11	Þorlákshöfn	1621	Ásþór	ÁR 16	Smábátur með aflamark	Lína	147
11	Þorlákshöfn	1621	Ásþór	ÁR 16	Smábátur með aflamark	Net	10.049
11	Þorlákshöfn	1621	Ásþór	ÁR 16	Smábátur með aflamark	Grásleppunet	108
11	Þorlákshöfn	1621	Ásþór	ÁR 16	Krókaaflamarksbátur	Lína	15
11	Þorlákshöfn	1964	Sæfari	ÁR 170	Skip með aflamark	Net	40
11	Þorlákshöfn	2014	Nökkvi	ÁR 101	Smábátur með aflamark	Net	4.928
11	Þorlákshöfn	2476	Eyrún	ÁR 66	Skip með aflamark	Net	13.847
11	Þorlákshöfn	2519	Sleipnir	ÁR 19	Krókaaflamarksbátur	Lína	6
11	Þorlákshöfn	6852	Ósk	ÁR 46	Krókaaflamarksbátur	Lína	29
11	Þorlákshöfn	6852	Ósk	ÁR 46	Krókaaflamarksbátur	Net	768
11	Þorlákshöfn	6852	Ósk	ÁR 46	Krókaaflamarksbátur	Grásleppunet	29
11	Þorlákshöfn	6852	Ósk	ÁR 46	Krókaaflamarksbátur	Rauðmaganet	166
13	Grindavík	67	Hafberg	GK 377	Skip með aflamark	Net	1.955
13	Grindavík	233	Óli á Stað	GK 4	Skip með aflamark	Net	46.323
13	Grindavík	288	Þorsteinn Gíslason	GK 2	Skip með aflamark	Net	9.891
13	Grindavík	288	Þorsteinn Gíslason	GK 2	Skip með aflamark	Humarvarpa	750
13	Grindavík	297	Gullfaxi	GK 14	Skip með aflamark	Lína	2.486
13	Grindavík	297	Gullfaxi	GK 14	Skip með aflamark	Net	1.163
13	Grindavík	399	Kári	GK 146	Skip með aflamark	Net	433
13	Grindavík	399	Kári	GK 146	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	2.127
13	Grindavík	450	Eldey	GK 74	Skip með aflamark	Net	3.572
13	Grindavík	671	Máni	GK 36	Skip með aflamark	Net	968
13	Grindavík	733	Siggi Magg	GK 355	Skip með aflamark	Lína	1.935
13	Grindavík	733	Siggi Magg	GK 355	Skip með aflamark	Net	2.707
13	Grindavík	967	Marta Ágústsdóttir	GK 31	Skip með aflamark	Net	20.346
13	Grindavík	1000	Eldhamar	GK 13	Skip með aflamark	Net	21.362
13	Grindavík	1006	Geirfugl	GK 66	Skip með aflamark	Lína	13.684
13	Grindavík	1023	Skarfur	GK 666	Skip með aflamark	Lína	26.423
13	Grindavík	1052	Albatros	GK 60	Skip með aflamark	Lína	15.359
13	Grindavík	1159	Þorsteinn	GK 16	Skip með aflamark	Net	384
13	Grindavík	1159	Þorsteinn	GK 16	Skip með aflamark	Humarvarpa	329
13	Grindavík	1262	Guðbjörg	GK 517	Skip með aflamark	Net	4.369
13	Grindavík	1434	Hringur	GK 18	Skip með aflamark	Net	17.362
13	Grindavík	1600	Sigurbjörg Ásgeirs	GK 44	Smábátur með aflamark	Net	125
13	Grindavík	1612	Sturla	GK 12	Skuttogari	Humarvarpa	59
13	Grindavík	1636	Farsæll	GK 162	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	47.862
13	Grindavík	1666	Gullfaxi II	GK 3	Smábátur með aflamark	Net	5.872
13	Grindavík	1666	Gullfaxi II	GK 3	Smábátur með aflamark	Lína	45
13	Grindavík	1666	Gullfaxi II	GK 3	Smábátur með aflamark	Net	609
13	Grindavík	1764	Anton	GK 68	Smábátur með aflamark	Net	9.416
13	Grindavík	1873	Askur	GK 65	Smábátur með aflamark	Lína	142
13	Grindavík	1873	Askur	GK 65	Smábátur með aflamark	Net	3.615
13	Grindavík	1873	Askur	GK 65	Smábátur með aflamark	Dragnót 135 mm	723
13	Grindavík	1893	Nóna	GK 166	Smábátur með aflamark	Net	1.067
13	Grindavík	1943	Sigurvin	GK 61	Skip með aflamark	Net	8

Hafnar-númer	Heimahöfn	Skipa-númer	Nafn	Einkenni	Útgerðarflokkur	Veiðarfæri	Magn í kg
13	Grindavík	1943	Sigurvin	GK 61	Smábátur með aflamark	Net	5.863
13	Grindavík	2008	Vörðufell	GK 205	Smábátur með aflamark	Net	2.509
13	Grindavík	2093	Maron	GK 522	Smábátur með aflamark	Net	1.876
13	Grindavík	2289	Huld	GK 45	Smábátur með aflamark	Net	1.762
13	Grindavík	2390	Árni Í Teigi	GK 1	Smábátur með aflamark	Net	1.183
13	Grindavík	6998	Tryllir	GK 600	Smábátur með aflamark	Net	4.298
17	Sandgerði	72	Kristinn Lárusson	GK 500	Skip með aflamark	Lína	2.646
17	Sandgerði	163	Eyjaberg	GK 130	Skip með aflamark	Botnvarpa	3.132
17	Sandgerði	1105	Reynir	GK 177	Skip með aflamark	Net	1.951
17	Sandgerði	1149	Ingi	GK 148	Smábátur með aflamark	Lína	161
17	Sandgerði	1149	Ingi	GK 148	Smábátur með aflamark	Net	43
17	Sandgerði	1201	Gæfa	GK 114	Skip með aflamark	Net	2.787
17	Sandgerði	1204	Jón Gunnlaugs	GK 444	Skip með aflamark	Botnvarpa	394
17	Sandgerði	1204	Jón Gunnlaugs	GK 444	Skip með aflamark	Humarvarpa	2.484
17	Sandgerði	1918	Svala Dís	GK 89	Smábátur með aflamark	Net	1.726
17	Sandgerði	1958	Þjóðbjörg	GK 110	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.074
17	Sandgerði	1958	Þjóðbjörg	GK 110	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	301
17	Sandgerði	2050	Sæljómi	GK 150	Smábátur með aflamark	Net	283
17	Sandgerði	2094	Júlía	GK 400	Krókaaflamarksbátur	Lína	13
17	Sandgerði	2104	Mummi	GK 121	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.196
17	Sandgerði	2185	Óli Gísla	GK 112	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.603
17	Sandgerði	2185	Óli Gísla	GK 112	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	575
17	Sandgerði	2195	Helgi	GK 404	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.554
17	Sandgerði	2195	Helgi	GK 404	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	516
17	Sandgerði	2510	Muggur	GK 70	Krókaaflamarksbátur	Lína	6.848
17	Sandgerði	2545	Örninn	GK 62	Krókaaflamarksbátur	Lína	768
17	Sandgerði	5843	Ransý	GK 313	Krókaaflamarksbátur	Lína	55
17	Sandgerði	5871	Hákon Tómasson	GK 226	Smábátur með sóknardaga	Handfæri	14
17	Sandgerði	6036	Guðrún Ósk	GK 81	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	668
17	Sandgerði	6240	Ernir	GK 448	Krókaaflamarksbátur	Lína	8
17	Sandgerði	6240	Ernir	GK 448	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	130
17	Sandgerði	6443	Dagur	GK 55	Krókaaflamarksbátur	Lína	644
17	Sandgerði	6856	Ingólfur	GK 43	Krókaaflamarksbátur	Lína	927
17	Sandgerði	6988	Guðjón	GK 78	Smábátur með aflamark	Net	979
17	Sandgerði	7079	Bjössi	GK 235	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	68
17	Sandgerði	7111	Þórunn Ósk	GK 105	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.028
17	Sandgerði	7220	Baddy	GK 277	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	46
17	Sandgerði	7220	Baddý	GK 277	Krókaaflamarksbátur	Grásleppunet	70
19	Garður	102	Kristinn Friðrik	GK 58	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	5.836
19	Garður	102	Siggi Bjarna	GK 5	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	46.105
19	Garður	311	Baldur	GK 97	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	7.082
19	Garður	500	Gunnar Hámundarson	GK 357	Skip með aflamark	Net	9.826
19	Garður	573	Hólmsteinn	GK 20	Skip með aflamark	Net	1.325
19	Garður	923	Röstin	GK 120	Skip með aflamark	Net	4.309
19	Garður	1231	Þorkell Árnason	GK 21	Skip með aflamark	Net	261
19	Garður	1305	Benni Sæm	GK 26	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	16.831
19	Garður	1468	Harpa	GK 40	Skip með aflamark	Net	2.007
19	Garður	1481	Sóley Sigurjóns	GK 200	Skuttogari	Botnvarpa	66.652
19	Garður	1499	Jónas Guðmundsson	GK 275	Skip með aflamark	Net	360
19	Garður	1499	Jónas Guðmundsson	GK 275	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	706
19	Garður	1743	Sigurfari	GK 138	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	6.240
19	Garður	1771	Einsi Jó	GK 19	Smábátur með aflamark	Net	567
19	Garður	1796	Votaberg	GK 85	Krókaaflamarksbátur	Lína	794
19	Garður	1857	Jónas Guðmundsson	GK 475	Smábátur með aflamark	Net	1.038
19	Garður	1905	Berglín	GK 300	Skuttogari	Botnvarpa	56.775
19	Garður	1927	Freyja	GK 364	Skip með aflamark	Lína	111
19	Garður	1927	Freyja	GK 364	Skip með aflamark	Net	3.685
19	Garður	2430	Benni Sæm	GK 26	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	18.436
19	Garður	6794	Æsa	GK 115	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	830
21	Keflavík	120	Erling	KE 140	Skip með aflamark	Net	1.374

Hafnar-númer	Heimahöfn	Skipa-númer	Nafn	Einkenni	Útgerðarflokkur	Veiðarfæri	Magn í kg
21	Keflavík	363	Ósk	KE 5	Skip með aflamark	Net	15.304
21	Keflavík	929	Svanur	KE 90	Skip með aflamark	Net	222
21	Keflavík	980	Stafnes	KE 130	Skip með aflamark	Net	30.106
21	Keflavík	1371	Guðfinnur	KE 19	Skip með aflamark	Net	161
21	Keflavík	1381	Magnús	KE 46	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	60
21	Keflavík	1516	Brynhildur	KE 83	Smábátur með aflamark	Net	4.138
21	Keflavík	1516	Brynhildur	KE 83	Smábátur með aflamark	Grásleppunet	161
21	Keflavík	1523	Sunna Líf	KE 7	Smábátur með aflamark	Net	13.002
21	Keflavík	1587	Hafborg	KE 12	Smábátur með aflamark	Net	137
21	Keflavík	1794	Vikar	KE 121	Krókaaflamarksbátur	Lína	487
21	Keflavík	1909	Unna	KE 34	Smábátur með aflamark	Net	14
21	Keflavík	1914	Fylkir	KE 102	Smábátur með aflamark	Net	2.740
21	Keflavík	1918	Svala Dís	KE 29	Smábátur með aflamark	Net	9.441
21	Keflavík	2150	Árni	KE 89	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	11.416
21	Keflavík	2163	Vikar	KE 121	Krókaaflamarksbátur	Lína	207
21	Keflavík	2313	Örn	KE 14	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	27.040
21	Keflavík	2368	Guðdís	KE 9	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.379
21	Keflavík	2402	Þorsteinn	KE 10	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	51
21	Keflavík	2403	Happasæll	KE 94	Skip með aflamark	Net	89.844
21	Keflavík	2418	Guðfinnur	KE 119	Krókaaflamarksbátur	Lína	1.472
21	Keflavík	2510	Muggur	KE 2	Krókaaflamarksbátur	Lína	308
21	Keflavík	2515	Arnar	KE 260	Krókaaflamarksbátur	Lína	150
21	Keflavík	6338	Skjöldur	KE 372	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	142
21	Keflavík	6904	Sæja	KE 173	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	50
21	Keflavík	6978	Benni	KE 110	Krókaaflamarksbátur	Lína	12
21	Keflavík	7066	Jaspis	KE 227	Smábátur með aflamark	Net	485
21	Keflavík	7111	Þórunn Ósk	KE 79	Smábátur með aflamark	Net	907
21	Keflavík	7219	Magnús	KE 26	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	185
21	Keflavík	7335	Bjarni	KE 23	Krókaaflamarksbátur	Lína	194
21	Keflavík	7463	Ebba	KE 28	Krókaaflamarksbátur	Lína	58
23	Njarðvík	1075	Austurborg	GK 91	Skip með aflamark	Dragnót 135 mm	6.185
23	Njarðvík	2131	Sandvíkingur	GK 312	Krókaaflamarksbátur	Lína	96
23	Njarðvík	2553	Sandvíkingur	GK 312	Krókaaflamarksbátur	Lína	797
25	Vogar	1645	Þuríður Halldórsdóttir	GK 94	Skuttogari	Botnvarpa	30
25	Vogar	1645	Þuríður Halldórsdóttir	GK 94	Skuttogari	Humarvarpa	669
25	Vogar	1844	Sigrún	GK 171	Smábátur með aflamark	Net	1.000
25	Vogar	2354	Valdimar	GK 195	Skip með aflamark	Lína	10.797
25	Vogar	6991	Sigrún	GK 17	Krókaaflamarksbátur	Lína	5
25	Vogar	6991	Sigrún	GK 17	Krókaaflamarksbátur	Net	35
25	Vogar	6991	Sigrún	GK 17	Krókaaflamarksbátur	Handfæri	91
25	Vogar	7194	Fagravík	GK 161	Smábátur með aflamark	Net	928
25	Vogar	7392	Katrín	GK 117	Krókaaflamarksbátur	Lína	920
27	Hafnarfjörður	76	Guðrún Björg	GK 125	Skip með aflamark	Lína	111
27	Hafnarfjörður	76	Guðrún Björg	HF 125	Skip með aflamark	Lína	432
27	Hafnarfjörður	647	Reginn	HF 227	Smábátur með aflamark	Net	4.163
27	Hafnarfjörður	647	Reginn	HF 227	Smábátur með aflamark	Humarvarpa	1.066
27	Hafnarfjörður	647	Reginn	HF 228	Smábátur með aflamark	Net	898
27	Hafnarfjörður	711	Ólafur Magnússon	HF 77	Skip með aflamark	Net	7.958
27	Hafnarfjörður	1068	Sæmundur	HF 85	Skip með aflamark	Net	979
27	Hafnarfjörður	1102	Reginn	HF 228	Skip með aflamark	Humarvarpa	271
27	Hafnarfjörður	1880	Ýmir	HF 343	Skuttogari	Botnvarpa	791
27	Hafnarfjörður	1969	Hafsvala	HF 107	Smábátur með aflamark	Net	5.945
27	Hafnarfjörður	1969	Hafsvala	HF 107	Smábátur með aflamark	Grásleppunet	23
27	Hafnarfjörður	2047	Máni	HF 149	Skip með aflamark	Net	18.573
27	Hafnarfjörður	2068	Gullfari	HF 290	Smábátur með aflamark	Lína	46
27	Hafnarfjörður	2068	Gullfari	HF 290	Smábátur með aflamark	Net	8.803
27	Hafnarfjörður	2099	Íslandsbersi	HF 13	Smábátur með aflamark	Net	4.056
27	Hafnarfjörður	2303	Bogga	HF 272	Krókaaflamarksbátur	Lína	856
27	Hafnarfjörður	2398	Ösp	HF 210	Krókaaflamarksbátur	Lína	244
27	Hafnarfjörður	2468	Ársæll Sigurðsson	HF 80	Skip með aflamark	Net	27.658

Hafnar-númer	Heimahöfn	Skipa-númer	Nafn	Einkenni	Útgerðarflokkur	Veiðarfæri	Magn í kg
Á 128. löggjafarþingi var samþykkt svohljóðandi þingsályktun (þskj. 1330, 517. mál):

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40.–42. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.“

Við afgreiðslu málsins kvaddi fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps sér hljóðs og gerði grein fyrir atkvæði sínu með svofelldum orðum:

„Virðulegi forseti. Ég styð að sjálfsögðu þessa tillögu sem hér er verið að greiða atkvæði um. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að fyrr í vetur flutti ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni frv. sem tók að nokkru leyti á málinu sem snýr að reynslulausn. Ég tel að þau mál séu í miklum ólestri. Að hluta standa mál þannig núna að reynslulausn getur hreinlega ráðist af efnahag manna, af fjárhag manna. Það er auðvitað gjörsamlega óþolandi ástand. Ég vænti þess að sú nefnd sem hér er verið að gera ráð fyrir að verði skipuð til að fara ofan í þessi mál taki sérstaklega á þessu.

Í því sambandi á ég við að séu menn dæmdir til fjársektar en til fangelsisvistar sem vararefsingar og hafi menn ekki efni á því að borga þessar fjársektir og eru dæmdir þar með í fangelsi þá eiga þeir ekki möguleika á reynslulausn. Aðrir fangar eiga almennt möguleika á reynslulausn þannig að þarna er klárlega verið að mismuna fólki, m.a. á grundvelli efnahags. Ég harma að þessi mál skuli ekki hafa verið leidd til lykta í vetur. En úr því sem komið er styð ég tillöguna og vænti þess að m.a. verði tekið á þessu mikla óréttlæti.“

Af þessu má ráða að þó með almennum hætti sé nú verið að fara yfir löggjöfina hvað varðar reynslulausn, þá er ekki tekið sérstaklega á því hróplega óréttlæti sem þessu frumvarpi er ætlað að eyða. Frumvarpið er því flutt til þess að unnt verði þegar í stað að afnema óréttlátt ákvæði sem leiðir til mismununar að þessu leyti á grundvelli efnahags.

Ástæða er í þessu sambandi að vekja athygli á grein eftir Einar S. Hálfdánarson, hæstaréttarlögmann og löggiltan endurskoðanda, sem birtist í Morgunblaðinu 10. október sl. Þar er ljósi varpað á einn anga þessa máls og birtist greinin hér sem fylgiskjal með leyfi höfundar.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skuldafangelsi á 21. öld. Einar S. Hálfdánarson. (Morgunblaðið 10. október 2003.)

268. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um skipulag áfengis- og vímuefnameðferðar.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem kanni stofnun sameiginlegrar móttöku- og greiningarstöðvar fyrir áfengis- og vímuefnameðferð. Jafnframt kanni nefndin kosti þess að færa allt starf á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar undir eitt ráðuneyti.

Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Á 127. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, jafnframt að gert yrði árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sem bestan árangur. Í ítarlegri greinargerð með tillögunni, sem flutt var af fulltrúum fimm flokka, var farið yfir þau mörgu og mismunandi meðferðarform sem boðið er upp á hér á landi, bæði af hálfu hins opinbera og hjá einkaaðilum.

Ályktunin var samþykkt enda mikil nauðsyn á að móta heildarstefnu og meta árangur af starfsemi þessara fjölmörgu stofnana.

Það er hins vegar mat flutningsmanna þessarar tillögu að til þess að tryggja sem besta nýtingu í meðferðarstarfi vegna ávana- og fíkniefnaneyslu verði að koma á fót sameiginlegri móttöku- og greiningarstöð fyrir þennan hóp sjúklinga. Það er ljóst að stofnanir sem sinna meðferðarstarfi eru misvel fallnar til að taka við vímuefnaneytendum hvað varðar húsakost en ekki síður hvað varðar sérhæft starfsfólk.

Einnig er ljóst að sjúklingarnir eru í afar mismunandi ástandi, andlega og líkamlega. Ólík meðferðarúrræði verða að vera í boði og til þess að þau nýtist sem best verður fagfólk að greina stöðu hvers sjúklings áður en til meðferðar kemur svo að tryggt sé að hann hljóti bestu fáanlegu aðstoð sem völ er á og í samræmi við sjúkdómsgreiningu.

Árið 1997 lét þáverandi heilbrigðisráðherra vinna skýrslu um áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi. Þetta er ein af nokkrum skýrslum sem gerðar hafa verið, unnin af bandarískum sérfræðingi, dósent við læknadeild Harvard-háskóla og forstöðumanni fíkniefnasviðs. Í skýrslunni er að finna stefnumörkun og ráðleggingar þessa sérfræðings hvernig bæta megi og auka þjónustu á sviði fíkniefnameðferðar.

Í skýrslunni koma fram athyglisverðar upplýsingar eins og þær að þótt Íslendingar drekki ekki mest miðað við höfðatölu er tíðni áfengismeðferðar hér með því hæsta sem gerist í heiminum. Skýrsluhöfundur leggur til að allir þeir aðilar sem veita meðferðarþjónustu komi að mótun heildarstefnu í meðferðarmálum og að heilbrigðisráðuneytið verði að gegna auknu hlutverki við stjórn áfengis- og vímuefnameðferðar þar sem ríkið kostar langstærsta hluta þeirrar meðferðar sem í boði er.

En einnig kemur fram í skýrslunni að brýnt sé að koma á fót móttöku- og greiningarstöð þar sem fyrsta skrefið yrði tekið í samfelldri umönnun sjúklings í áfengis- eða vímuefnameðferð. Samkvæmt skýrslunni ætti að starfa á slíkri móttöku- og greiningarstöð fagfólk úr hinum ýmsu stéttum heilbrigðiskerfisins. Skýrsluhöfundur telur að oft sé horft fram hjá eða vanmetið umfang geðsjúkdóma hjá þeim sem leita eftir meðferð vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu.

Hér á landi er nú þegar fjöldi plássa fyrir þá sem þurfa á meðferð að halda. Þessi hjúkr-

unar- eða meðferðarpláss mundu þó að mati flutningsmanna nýtast mun betur ef til væri sameiginleg móttöku- og greiningarstöð fyrir alla meðferðarstarfsemi.

Þá leggja flutningsmenn til að kannaðir verði kostir þess að færa alla starfsemi vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna undir eitt ráðuneyti.

Núna fer meðferðarstarf fram á stofnunum sem heyra undir a.m.k. þrjú ráðuneyti, heilbrigðis-, félagsmála- og dómsmálaráðuneyti, þó oftast í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið.

Það er löngu orðið ljóst að þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að sjúklingar fá ekki sambærilega meðferð, réttur í tryggingakerfi er mismunandi og síðast en ekki síst getur núverandi fyrirkomulag leitt til þess að sjúklingar fá alls ekki þá meðferð sem þeir þurfa.

Oft hefur reynst erfitt að greina hvort vandamál einstaklings teljast félagsleg eða falla undir heilbrigðiskerfið. Þá lendir viðkomandi utan kerfis á svonefndu gráu svæði.

Það er brýn nauðsyn að taka heildstætt á vandamálum þessara einstaklinga og það verður ekki gert nema allt meðferðarstarf verði samræmt og fært undir eitt ráðuneyti.

269. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, lýðveldisins Slóvakíu og lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á sjö viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, lýðveldisins Slóvakíu og lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars 2003. Viðbótarsamningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir helstu efnisatriðum viðbótarsamninganna, sem eru samhljóða, ásamt aðdraganda þeirra og þýðingu.

Helstu efnisatriði.

Samkvæmt I. gr. viðbótarsamninganna skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins bjóða ríkisstjórnum ríkjanna sjö að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þegar viðbótarsamningarnir hafa öðlast gildi. Kveðið er á um að hvert ríki verði aðili að Norður-Atlantshafssamningnum þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkjanna aðildarskjal sitt skv. 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins.

Í II. gr. viðbótarsamninganna er kveðið á um að þeir öðlist gildi þegar allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um staðfestingu sína á þeim. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er sem vörsluaðila viðbótarsamninganna gert að tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök tilkynning um staðfestingu, svo og hvenær viðbótarsamningarnir öðlast gildi.

Í III. gr. kemur fram að viðbótarsamningarnir, sem gerðir eru á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skuli varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

Aðdragandi og þýðing.

Í 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington D.C. 4. apríl 1949, segir m.a. að aðilar geti samþykkt samhljóða að bjóða öðrum ríkjum í Evrópu aðild að samningnum, enda stuðli það að framgangi meginreglna hans og eflingu öryggis á gildissvæði hans. Á grundvelli þessa ákvæðis var Grikklandi og Tyrklandi veitt aðild að samningnum árið 1951, Sambandslýðveldinu Þýskalandi árið 1954 og Spáni árið 1982.

Í kjölfar þeirra miklu breytinga, sem áttu sér stað í evrópskum öryggismálum með upplausn Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins og sameiningar Þýskalands, hófst hröð aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum og fjölþættari viðfangsefnum. Bandalagið stofnaði m.a. Norður-Atlantshafssamstarfsráðið (NACC) og Friðarsamstarfið (PfP) sem fljótlega leiddi til víðtæks samstarfs við Evrópuríki utan bandalagsins. Þessi þróun varð til þess að stjórnvöld í tólf ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu lýstu á næstu árum yfir vilja til að fá aðild að bandalaginu.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel árið 1994 var áréttað að bandalagið stæði opið nýjum aðildarríkjum. Í kjölfar þess gerði bandalagið úttekt á forsendum og markmiðum hugsanlegrar fjölgunar aðildarríkja og var hún samþykkt árið 1995. Um svipað leyti hófu fulltrúar bandalagsins viðræður við stjórnvöld í svonefndum umsóknarríkjum til að meta pólitískar og hernaðarlegar aðstæður í einstökum ríkjum á grundvelli framangreindrar úttektar.

Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur ávallt verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og komi til með að styrkja enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í viðkomandi ríkjum. Bandalagið hefur jafnframt ítrekað að stækkunin sé eingöngu einn liður í margþættri viðleitni þess til að stuðla að auknum stöðugleika og öryggi í Evrópu. Í samræmi við það var ákveðið á vormánuðum 1997 að efla Friðarsamstarfið og stofna Evró-Atlantshafssamvinnuráðið (EAPC) sem kom í stað Norður-Atlantshafssamstarfsráðsins. Stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands var undirritaður og þar með lagður grunnur að Samstarfsráði bandalagsins og Rússlands (PJC) sem breytt var í sameiginlegt ráð í Reykjavík árið 2002.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madríd árið 1997 var ákveðið að bjóða Pólandi, Tékklandi og Ungverjalandi aðild að bandalaginu. Jafnframt var ítrekað að bandalagið yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að framkvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins óháð landfræðilegri legu. Viðbótarsamningar um aðild ríkjanna þriggja voru undirritaðir í Brussel í lok ársins 1997 og urðu þau formlegir aðilar að bandalaginu í mars 1999.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag 21. og 22. nóvember 2002 var ákveðið að bjóða sjö ríkjum aðild að bandalaginu: Búlgaríu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu. Voru viðbótarsamningar um aðild ríkjanna sjö sem fyrr segir undirritaðir í Brussel 26. mars 2003.

Öll þessi ríki hafa frá árinu 1999 tekið þátt í svonefndri aðgerðaáætlun bandalagsins til undirbúnings aðildar ásamt Albaníu og Makedóníu og á árinu 2002 bættist Króatía í hóp umsóknarríkja. Aðgerðaáætlunin miðar að því að aðstoða umsóknarríkin við undirbúning aðildar, en umsóknarríki þurfa að uppfylla ýmis pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg skilyrði áður en af henni getur orðið.

Ríkin sjö óska öll eindregið eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og hafa lagt áherslu á að það sé mikilvægur þáttur í eflingu lýðræðisferlisins í þessum hluta Evrópu.

Fylgiskjal I.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Búlgaríu.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Búlgaría gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Búlgaríu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Búlgaría aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Bulgaria

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Bulgaria to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Bulgaria an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Bulgaria shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal II.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Eistlands.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Eistland gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Eistlands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Eistland aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Estonia

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Estonia to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Estonia an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Estonia shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal III.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Lettlands.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Lettland gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Lettlands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Lettland aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Latvia

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Latvia to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Latvia an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Latvia shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal IV.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Litháens.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Litháen gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Litháens að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Litháen aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Lithuania

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Lithuania to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Lithuania an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Lithuania shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal V.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Rúmeníu.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að Rúmenía gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn Rúmeníu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður Rúmenía aðili þann dag sem hún afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of Romania

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of Romania to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of Romania an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, Romania shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal VI.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Slóvakíu.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Slóvakía gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Slóvakíu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Slóvakía aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Slovak Republic

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Slovak Republic to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Slovak Republic an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Slovak Republic shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

Fylgiskjal VII.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Slóveníu.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við að lýðveldið Slóvenía gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd allra aðila bjóða ríkisstjórn lýðveldisins Slóveníu að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins verður lýðveldið Slóvenía aðili þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi þegar allir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um staðfestingu sína á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Undirritaður í Brussel 26. mars 2003.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Republic of Slovenia

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Slovenia to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Slovenia an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, the Republic of Slovenia shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on the 26th day of March 2003.

270. Fyrirspurn [250. mál]

til fjármálaráðherra um rannsóknahús við Háskólann á Akureyri.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður opinberra stofnana af rannsóknahúsi við Háskólann á Akureyri?
2. Hver er heildarkostnaður allt samningstímabilið á hvern leigðan fermetra og hver er sú fjárhæð núvirt samkvæmt meðalraunvaxtakostnaði ríkissjóðs á yfirstandandi ári?
3. Hvert er markaðsverð og hver er markaðsleiga fermetra atvinnuhúsnæðis á Akureyri?
4. Hversu mikið eykst húsnæðiskostnaður hverrar stofnunar mánaðarlega við flutning í rannsóknahúsið?
5. Hvers vegna eignast ríkissjóður ekki hinn leigða hluta rannsóknahússins að leigutíma loknum?
6. Hvers vegna setur fjármálaráðuneytið ekki ákvæði um fyrir fram ákveðið kaupverð að leigutíma loknum í útboðsskilmála?
7. Er í samningum um rannsóknahúsið kveðið á um leigukjör ríkisstofnana að samningstíma loknum?

Skriflegt svar óskast.

271. Fyrirspurn [251. mál]

til félagsmálaráðherra um eftirlit með þjálfun fjölfatlaðra barna.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig er háttað eftirlitsskyldu ráðuneytisins með fjölfötluðum börnum til sex ára aldurs með sérstakri skírskotun til almennrar þjálfunar, talkennslu, iðju- og sjúkraþjálfunar?
2. Er aðhald og eftirlit samræmt þegar um marga þjónustuaðila er að ræða?

272. Fyrirspurn [252. mál]

til menntamálaráðherra um fé til textunar sjónvarpsefnis.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hversu mikið hefur verið nýtt af því fé sem menntamálaráðherra veitti Sjónvarpinu 23. apríl sl. til textunar innlends efnis?
2. Hvað hafa verið textaðar margar mínútur frá 23. apríl sl.?

3. Hvað er áætlað að texta margar mínútur til 31. desember nk.?
4. Hvaða áform eru um fjárveitingar til textunar á næsta ári?
5. Eru uppi hugmyndir um að fleiri sjónvarpsstöðvar en Sjónvarpið fái fjárveitingar til að texta innlent efni?

Skriflegt svar óskast.

273. Fyrirspurn [253. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um leikskóla.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig hefur verið háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd laga um leikskóla, nr. 78/1994, með sérstöku tilliti til 15. gr. laganna þar sem kveðið er á um rétt fatlaðra barna til aðstoðar og þjálfunar innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga?
2. Hefur þessu lagaákvæði verið fullnægt?

274. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Sjóður þessi nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

2. gr.

Í stað „1. mgr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 3. mgr.

3. gr.

Í stað „2. mgr.“ í 8. gr. laganna kemur: 3. mgr.

4. gr.

Við 3. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerðarmann skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má að fullnustu þess með fjárnámi er Fiskistofu heimilt að svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Í fyrsta lagi er lagt til að ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit heldur verði heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs auk eftirlits. Þá er lagt til að leiðréttar verði tvær rangar tilvísanir í lögunum. Loks er lagt til að heimilt verði að beita leyfissviptingum vegna vanskila á greiðslu vegna ólögmæts afla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum heldur verði heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs auk eftirlits. Á árunum 1998–2002 innheimtust tæpar 182 millj. kr. vegna ólögmæts sjávarafla. Samhliða þessu frumvarpi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem gerir ráð fyrir að andvirði þess afla sem skipstjórum er heimilt að ráðstafa til Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, renni í sama sjóð og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Ákvæðið um ráðstöfun aflans gilti frá 1. febrúar 2002 og voru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar vegna þessa afla á árinu 2002 um 96 millj. kr. og um 125 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins 2003. Með því að láta tekjur af öllum þessum afla renna í einn sjóð skapast miklir möguleikar á að fjölga þeim verkefnum sem sjóðurinn gæti styrkt með markvissum hætti. Verði frumvarpið að lögum yrði unnt að styrkja rannsóknir á sviði sjávarútvegs almennt en ekki eingöngu á sviði hafrannsókna auk þess sem unnt yrði að efla nýsköpun í sjávarútvegi. Í ljósi hins víðtæka hlutverks sjóðsins er lagt til að nafn hans verði Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Um 2. og 3. gr.

Hér er um leiðréttingar á tilvísunum að ræða.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að Fiskistofu verði heimilað að svipta skip veiðileyfi hafi skuld vegna upptöku ólögmæts sjávarafla ekki verið greidd 30 dögum eftir að til álagningar kom. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú, að nokkur dæmi eru þess að útgerðaraðilar hafi haldið áfram útgerð skips, oft undir nýju nafni og kennitölu, eftir að reyndar hafa verið árangurslausar innheimtuaðgerðir hjá þeim. Er hér oft um að ræða eignalítil einkahlutafélög með óveruleg fjárráð sem tekið hafa á leigu eða keypt, oft eingöngu með yfirtöku veðskulda, kvótalítil eða kvótalaus skip, sem þeir gera síðan út með kaupum á aflaheimildum. Fyrir liggur að mestan hluta afskrifta af gjaldtöku vegna ólögmæts sjávarafla má rekja til slíkra útgerða. Er talið nauðsynlegt að þessi breyting nái fram að ganga til að tryggja skilvísa greiðslu álagningar og eins til að koma í veg fyrir ólögmætar veiðar. Í þessu sambandi má benda á að vanskil bæði á veiðileyfisgjaldi og gjaldi til Þróunarsjóðs valda niðurfellingu veiðileyfis auk þess sem lögveð stofnast í skipum vegna þeirra gjalda.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er annars vegar að leggja til að ráðstöfun fjár úr gjaldtökusjóði takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit heldur verði einnig heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að beita leyfissviptingum og krefjast fjárnáms vegna vanskila á greiðslu ólögmæts afla.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

275. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðsins „Hafrannsóknastofnunarinnar“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögunum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi aðilar ekki náð að nýta sér að fullu eða að hluta þær aflaheimildir sem voru þeim til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2002/2003 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflaheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2003/2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er fyrst og fremst lagt til að andvirði svonefnds hafrannsóknaafla renni í sama sjóð og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þá er og lagt til að heimilt verði að flytja eftirstöðvar af þorskeldiskvóta fiskveiðiársins 2002/2003 til fiskveiðiársins 2003/2004.

Í 1. gr. er lagt til að fé það sem kann að innheimtast samkvæmt ákvæðinu renni til sama sjóðs og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Andvirði þessa afla hefur hingað til runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar eins og kveðið er á um í ákvæðinu. Ákvæðið öðlaðist gildi 1. febrúar 2002 og námu tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar vegna þess á árinu 2002 um 96 millj. kr. og um 125 millj. kr. fyrstu níu mánuði ársins 2003. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, þar sem lagt er til að ráðstöfun fjárins verði ekki eingöngu bundin við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum heldur verði hlutverk sjóðsins víkkað þannig að það taki til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs auk eftirlits. Verði sjóðurinn eftir þá breytingu nefndur Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

Samkvæmt b-lið 16. gr. laga nr. 85/2002 hefur ráðherra til ráðstöfunar 500 lestir af þorski til tilrauna með áframeldi á þorski. Heimild þessi tók gildi á fiskveiðiárinu 2001/2002 og gildir næstu fimm fiskveiðiár þar á eftir. Á síðasta fiskveiðiári var úthlutun þessara heimilda falin rannsóknasjóði til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS-verkefninu) en ýmissa orsaka vegna nýttust þessar heimildir ekki að fullu. Er í 2. gr. lagt til að ónýttar aflaheimildir, sem til ráðstöfunar voru í þessum tilgangi á fiskveiðiárinu 2002/2003, flytjist til fiskveiðiársins 2003/2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er annars vegar að leggja til að andvirði svonefnds hafrannsóknaafla renni í gjaldtökusjóð sem ætlunin er að nýta til rannsókna, nýsköpunar og eftirlits, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði gildandi laga rann andvirði aflans til Hafrannsóknastofnunarinnar. Hins vegar er gerð tillaga um að heimilt verði að flytja eftirstöðvar af þorskeldiskvóta frá fiskveiðiárinu 2002–2003 til fiskveiðiársins 2003–2004.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

276. Svar [195. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um íslensku friðargæsluna.

1. *Hversu margir einstaklingar eru á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar? Hversu margar konur og hversu margir karlar?*

Á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar eru 184 manns. Í viðbragðsstöðu er 151, óvirkir eru 12 og 21 er að störfum. Konur á viðbragðslistanum eru 62 af 184 eða 34%. Karlar á viðbragðslistanum eru 122 af 184 eða 66%.

2. *Hversu margir einstaklingar á viðbragðslistanum hafa verið sendir til starfa erlendis fyrir íslensku friðargæsluna?*

Árið 2001 voru 17 einstaklingar á vettvangi, árið 2002 36 einstaklingar og það sem af er þessu ári hefur 41 verið sendur á vettvang.

3. *Hafa einhverjir verið sendir til starfa fyrir friðargæsluna sem ekki hafa verið á viðbragðslistanum?*

Já, í þeim tilfellum þar sem þá sérfræðiþekkingu sem til þurfti var ekki að finna hjá einstaklingum á viðbragðslistanum.

4. *Hvaða skilyrði þarf fólk að uppfylla til þess að komast á viðbragðslistann?*

Umsækjendur skulu vera að minnsta kosti 25 ára og hafa:

- háskólapróf, aðra sérmenntun eða með öðrum hætti hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar og reynslu,
- mjög góða enskukunnáttu,
- hæfni í mannlegum samskiptum, sérstaklega við fólk úr ólíkum menningarheimum og með margvísleg trúarbrögð,
- þolgæði undir álagi,
- öguð og sjálfstæð vinnubrögð,
- hæfileika til að aðlagast nýjum aðstæðum og frumstæðu vinnuumhverfi.

Þekking og/eða reynsla af störfum að neyðar- og mannúðarmálum er æskileg, sem og kunnátta í öðrum tungumálum, svo sem Norðurlandamálum, frönsku og þýsku.

5. *Hvernig fer þjálfun væntanlegra friðargæsluliða fram og hver hefur umsjón með henni?*

Öryggisnámskeið er haldið fyrir einstaklinga á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar og er það tvískipt. Fyrri hlutinn snýr að rötun og notkun GPS-staðsetningarbúnaðar og skiptist í eftirfarandi þætti:

- Rötun.
- Áttavitinn.
- Kort og kortalestur.
- Hnitakerfin.
- Staðarákvarðanir.
- Að ná áttum.
- GPS-tæknin.
- GPS-staðsetningartæknin.
- Staðsetningartæki.
- Gervitungl.
- Kort og GPS-tæki.
- Verkleg æfing.

Slysavarnafélagið Landsbjörg sér um þennan hluta námskeiðsins.

Seinni hlutinn snýr að almennu öryggi og skiptist í eftirfarandi þætti:

- Fræðsla hjá Landhelgisgæslunni: jarðsprengjur o.fl.
- Sérsveit ríkislögreglustjóra: gíslataka, eftirlitspóstar, viðbrögð á hættustundu, mótstöðuafl hluta o.fl.

6. *Hversu margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu starfa að málefnum friðargæslunnar?*
Tveir starfsmenn sinna málefnum friðargæslunnar á alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Þeir geta jafnframt leitað til annara starfsmanna alþjóðaskrifstofu ef þörf krefur.

7. *Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á skipulagi friðargæslunnar á næsta ári?*
Helstu breytingar sem verða á skipulagi friðargæslunnar frá og með næsta ári lúta að fyrirhugaðri stækkun friðargæslunnar þannig að hún hafi á að skipa hópi 50 útsendra starfsmanna árið 2006 eins og að er stefnt. Þessi fjöldi mun m.a. gera kröfu til fjölgunar starfsmanna á viðbragðslista friðargæslunnar úr 180 eins og er í dag í 250 manns og mun sú aukning hefjast frá og með næsta ári. Á sama tíma verður unnið að því innan ráðuneytisins að efla stjórn friðargæslunnar og fræðslu og almennan undirbúning þeirra sem fara á erlendan vettvang.

8. *Hver er áætlaður kostnaður við íslensku friðargæsluna í ár og næstu þrjú ár, og hvernig skiptist hann?*

Íslensk friðargæsla – áætlaður kostnaður 2003.

	Millj. kr.
Launakostnaður	172,0
Dagpeningar	32,0
Ferðakostnaður	15,0
Ýmis kostnaður	3,0
Tryggingar vegna Pristínaflugvallar	2,3
Framlög til rekstrar Pristínaflugvallar	25,0
Norska utn. vegna Srí Lanka	5,9
Unifem vegna starfsm. á skrifstofu Unifem í Kosovo	5,1
Unifem á Íslandi	0,5
Framlag til EUPM	2,2
Framlag til Concordia	1,7
Samtals	**264,7**

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi verða framlög til friðargæslu 329,8 millj. kr. árið 2004. Gert er ráð fyrir að framlög fari hækkandi á næstu árum og stefnt að því að þau verði 550 millj. kr. árið 2006 og að friðargæsluliðar á vettvangi verði þá 50.

9. *Er ráðgert að efna til samstarfs með Norðurlandaþjóðunum um friðargæslu?*
Við undirritun utanríkisráðherra á samkomulagi um samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir, svokallað *Nordic Coordinated Arrangement for Military Peace Support* (NORDCAPS) í Reykjavík 3. september sl. var m.a. lagður grundvöllur að samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir um friðargæslu.

10. *Hvernig er verksvið íslensku friðargæslunnar skilgreint innan þeirra alþjóðastofnana og samtaka sem í hlut eiga, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins?*
Verksvið íslensku friðargæslunnar í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið eða Evrópusambandið er skilgreint sem þátttaka Íslendinga í friðarverkefnum með borgaralegu framlagi íslenskra sérfræðinga eða starfsmanna á sem breiðustum grundvelli með það markmið í huga að slíkt framlag komi að raunverulegu gagni við úrlausn þess vanda sem við er að glíma hverju sinni.

277. Svar [193. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um borgaralega friðargæslu.

1. *Hvernig skilgreinir Þróunaraðstoðarnefnd OECD (DAC) þróunarsamvinnu og hvers konar verkefni teljast þróunarsamvinna samkvæmt þeirri skilgreiningu?*

Þróunaraðstoðarnefnd OECD (DAC) skilgreinir opinbera þróunaraðstoð (Official Development Assistance) sem:

1. Aðstoð sem veitt er af hinu opinbera.
2. Aðstoð sem hefur það að markmiði að stuðla að framþróun og auka velferð í þróunarríkjum.
3. Fjárhagsaðstoð sem veitt er sem gjafafé eða lán með a.m.k. 25% gjafahlutfalli.

DAC gefur út lista með nöfnum þeirra landa sem teljast þróunarlönd hverju sinni. Á þessum lista er þróunarlöndunum, sem samtals eru 152 lönd og landsvæði, skipt í sex flokka og er hann endurskoðaður þriðja hvert ár. Öll aðstoð við þessi lönd, sem uppfyllir fyrrgreinda skilgreiningu, telst opinber þróunaraðstoð.

DAC flokkar þróunarverkefni í níu geira: 1) menntun, heilbrigði og fólk (education, health and population); 2) aðrir félagslegir innviðir (other social infrastructure); 3) efnahagslegir innviðir (economic infrastructure); 4) framleiðsla (production); 5) ýmsir geirar (multisector); 6) stuðningur í ríkissjóð (programme assistance); 7) lækkun skulda (debt relief); 8) neyðaraðstoð (emergency aid); 9) ótilgreint (unspecified).

Þegar talið er fram til þróunaraðstoðar er mikilvægt að stuðningsríki beri sig saman og gæti þess að nota sömu skilgreiningar við mælingu á settum markmiðum í þróunaraðstoð. Skilgreiningar DAC eru sá alþjóðlegi mælikvarði sem stuðningsríki hafa komið sér saman um og styðjast við. Í september síðastliðnum sótti Ísland um aðild að DAC og stendur umsóknarferli enn yfir.

Á síðasta ári lét ráðherra athuga hvort þróunaraðstoð Íslands sé talin fram með viðlíka hætti og þjóðir innan DAC gera. Ráðuneytið hafði samvinnu og samráð við DAC og önnur Norðurlönd í upplýsingaöflun sinni.

Að athugun lokinni kom fram að nokkurs ósamræmis gætti á framtalningu Íslands og aðildarríkja DAC þar sem m.a. varð ljóst að DAC skilgreinir verkefni á sviði borgaralegrar friðargæslu sem þróunaraðstoð. DAC notar þó ekki hugtakið „borgaraleg friðargæsla“ heldur „friðaruppbygging í fyrrum stríðshrjáðum löndum“ (e. post-conflict peacebuilding operations). Verkefni í friðaruppbyggingu teljast þróunaraðstoð eigi þau sér stað í þróunarlöndum samkvæmt áðurnefndum lista.

Ráðuneytið hefur nú freistað þess að leiðrétta ósamræmið og aðlagað framtalningu sína í samræmi við skilgreiningar DAC. Í samráði ráðuneytisins og DAC tiltók ráðuneytið þau verkefni sem íslenska friðargæslan hefur tekið að sér og skar DAC úr um að þar sé um þróunaraðstoð að ræða. Í opinberum tölum um þróunaraðstoð Íslands eru því framlög til íslensku friðargæslunnar.

2. *Hversu stór hluti þróunarsamvinnu annarra aðildarríkja DAC er borgaraleg friðargæsla? Óskað er eftir upplýsingum um öll ríkin.*

DAC óskar ekki eftir nákvæmri sundurgreiningu á friðaruppbyggingu í fyrrum stríðshrjáðum löndum frá aðildarríkjum sínum og liggja slíkar upplýsingar því ekki fyrir hjá stofnuninni. Tafla 1 hér á eftir sýnir sundurliðun aðildarríkja DAC eftir geirum, sbr. áðurnefnda geiraflokkun. Í undirgeiranum „stjórnvöld og borgarasamfélag“ (e. government and civil

society) eru framlög aðildarríkja til friðaruppbyggingar, en þar er einnig að finna önnur verkefni, utan ramma friðaruppbyggingar, og tölurnar því ekki samræmanlegar framlögum Íslands til íslensku friðargæslunnar.

Framlög til íslensku friðargæslunnar vegna verkefna í þróunarlöndum árið 2002 námu rúmum 167 millj. kr. eða ríflega 13% af heildarþróunaraðstoð Íslands.

3. *Hafa einhver af þeim 48 ríkjum sem skilgreind eru sem fátækustu lönd heims notið þróunaraðstoðar Íslands í formi borgaralegrar friðargæslu?*

Af sömu ástæðu og fyrr greinir býr DAC ekki yfir slíkum upplýsingum. Tafla 2 sýnir þó þróunarframlög DAC ríkja til 48 fátækustu ríkja heims sem hlutfall af þróunaraðstoð.

Árið 2002 var hlutfall þróunaraðstoðar til fátækustu ríkja heims 65% af heildaraðstoð Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Borgaraleg verkefni íslensku friðargæslunnar hafa að mestu verið í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og Sri Lanka, sem teljast ekki til skilgreindra fátækustu ríkja heims. Afganistan telst til hins vegar til fátækustu ríkja heims og hefur þegið þróunaraðstoð frá Íslandi í gegnum verkefni á vegum íslensku friðargæslunnar.

Tafla 1. Flokkun þróunarverkefna 2001.

Skuldbindingar

Hlutfall af heild tvíhliða aðstoðar (%)

	Ástr-alía	Austur-ríki	Belgía	Kan-ada	Dan-mörk	Finn-land	Frakk-land	Þýsk aland	Grikk-land	Ír-land	Ítalía	Japan	Lúxem-borg	Hol-land
Félagslegir og stjórnunarlegir innviðir (Social and administrative infrastructure)	47,9	44,0	41,3	29,4	23,8	41,5	38,6	40,4	80,5	59,4	26,6	17,0	0,0	31,3
Menntamál (Education)[a)]	9,0	12,9	12,6	9,6	2,1	8,7	24,0	16,4	9,9	20,2	9,5	6,8	0,0	8,8
Þar af grunnmenntun (Basic Education)	4,3	0,1	1,4	3,6	0,7	1,9	5,8	1,2	0,0	0,0	0,0	0,7	0,0	7,0
Heilbrigðismál (Health)	9,4	11,0	10,5	4,2	3,1	5,0	4,7	2,1	6,6	15,4	2,5	2,5	0,0	4,2
Þar af grunnheilsuþjónusta (Basic Health)	4,3	10,8	6,9	1,9	0,9	2,4	1,1	1,5	5,5	0,0	0,8	0,9	0,0	3,4
Fólk (Population) [b)]	3,8	0,0	1,3	3,1	0,5	2,6	0,3	1,4	0,0	0,0	0,3	0,1	0,0	1,5
Vatn og hreinlætismál (Water and Sanitation)	3,4	12,0	1,8	1,6	2,0	3,8	2,9	10,9	0,4	4,3	2,3	5,4	0,0	4,9
Stjórnsýsla og borgaralegt samfélag (Government and Civil Society)	18,5	7,5	11,4	9,3	14,5	14,9	0,9	5,4	59,3	0,0	1,9	0,5	0,0	6,7
Aðrir félagslegir innviðir/ þjónusta (Other Social Infrastructure/Services)	3,9	0,6	3,6	1,5	1,6	6,5	5,8	4,1	4,3	19,5	10,1	1,6	0,0	5,3
Efnahagslegir innviðir (Economic Infrastructure)	9,8	0,9	7,5	4,9	2,8	0,9	7,7	19,4	4,7	2,9	4,9	34,0	0,0	6,8
Samgöngur og fjarskipti (Transportation and Communication)	8,2	0,0	3,2	1,5	1,2	0,4	4,8	7,2	1,3	2,9	0,5	25,7	0,0	5,0
Orkumál (Energy)	0,4	0,6	0,2	1,7	1,0	0,1	0,8	7,1	0,0	0,0	2,4	8,0	0,0	1,3
Annað (Other)	1,1	0,3	4,2	1,8	0,6	0,4	2,1	5,0	3,4	0,0	2,0	0,3	0,0	0,5
Framleiðsla (Production)	10,5	2,2	9,3	5,5	7,6	8,5	8,3	4,8	3,5	9,6	8,5	14,5	0,0	6,2
Landbúnaður (Agriculture)	9,7	0,7	8,2	2,9	4,0	8,0	7,5	4,2	0,9	8,0	3,0	12,3	0,0	5,3
Iðnaður, námuvinnsla og byggingarframkvæmdir (*Industry, mining and construction*)	0,3	1,3	0,9	2,5	3,2	0,2	0,7	0,5	2,4	1,0	5,3	1,9	0,0	0,4
Viðskipti og ferðaþjónusta (Trade and Tourism)	0,5	0,3	0,3	0,1	0,3	0,2	0,2	0,1	0,3	0,6	0,2	0,2	0,0	0,5
Ýmsir geirar (Multisector)	13,4	1,8	7,4	7,8	9,1	22,0	9,9	12,9	3,9	1,6	9,4	5,9	0,0	7,5
Ríkissjóðsstuðningur (Programme Assistance)	2,2	0,6	6,1	7,4	0,3	1,5	3,8	0,6	1,6	0,0	16,0	0,4	0,0	12,2
Lækkun skulda (Action relating to debt)[c)]	1,4	39,9	10,3	0,9	4,3	1,9	24,3	5,4	0,0	5,9	2,2	15,2	0,0	5,8
Neyðaraðstoð (Emergency Aid)	6,6	4,8	5,1	17,0	12,4	13,5	0,3	6,9	5,1	9,7	11,0	0,3	0,0	10,8
Stjórnunarkostnaður (Administrative Cost)	6,8	2,7	4,4	11,1	8,9	6,4	5,4	6,4	0,0	7,4	4,9	6,2	0,0	0,3
Ótilgreint (Unspecified)	1,4	3,1	8,6	16,1	30,8	3,7	1,7	3,3	0,7	3,5	16,6	6,6	0,0	19,2
Alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**0,0**	**100,0**
Þar af:														
Matvælahjálp (Foodaid), alls	3,0	0,6	1,8	7,0	0,0	2,2	2,5	2,9	0,5	0,0	11,8	0,4	0,0	1,8

	Hlutfall af heild tvíhliða aðstoðar (%)										*Hlutfall af heild* **Fjölþjóðlegt fjármagn (Multilateral Finance – ODF)**		
	Nýja Sjá-land	**Noreg-ur**	**Port-úgal**	**Spánn**	**Sví-þjóð**	**Sviss**	**Bret-land**	**Banda-ríkin**	**Alls DAC**	**Alls**	**ESB[d]**	**Alþjóða-bankinn**	**Svæðis-bundnir þróunar-bankar**
Félagslegir og stjórnunarlegir innviðir (Social and administrative infrastructure)	51,2	44,4	56,2	34,5	33,6	18,4	23,8	45,4	32,4	38,3	28,5	37,4	43,1
Menntamál (Education)[a]	33,3	7,0	17,0	11,0	3,8	4,2	7,1	3,3	8,6	3,2	3,9	3,1	3,0
Þar af grunnmenntun (Basic Education)	2,5	1,4	2,0	1,2	0,5	1,3	2,5	2,1	2,1	1,2	0,5	1,3	1,4
Heilbrigðismál (Health)	4,1	10,7	3,9	6,7	2,2	5,2	4,7	4,4	4,1	2,7	4,4	2,8	1,8
Þar af grunnheilsuþjónusta (Basic Health)	2,9	1,5	0,2	5,4	1,1	2,8	1,6	4,4	2,4	1,2	1,9	1,8	0,0
Fólk (Population) [b]	0,8	2,9	0,0	0,5	1,6	0,3	2,2	8,5	2,7	1,3	1,8	1,6	0,7
Vatn og hreinlætismál (Water and Sanitation)	1,6	4,2	0,7	3,0	4,9	3,3	1,5	4,7	4,8	4,2	3,6	4,6	3,8
Stjórnsýsla og borgaralegt samfélag (Government and Civil Society)	9,7	13,7	25,3	4,3	14,6	5,1	5,5	13,3	6,8	17,4	6,8	16,8	22,0
Aðrir félagslegir innviðir/ þjónusta (Other Social Infrastructure/Services)	1,8	5,9	9,2	8,9	6,6	0,3	2,8	11,3	5,4	9,7	8,0	8,5	11,8
Efnahagslegir innviðir (Economic Infrastructure)	4,0	13,8	11,2	11,5	11,1	7,4	8,0	3,6	14,9	31,3	15,4	36,3	30,3
Samgöngur og fjarskipti (Transportation and Communication)	1,3	4,8	3,9	2,8	5,9	2,3	3,0	0,2	9,2	12,8	5,2	13,5	14,7
Orkumál (Energy)	1,5	7,0	0,3	4,3	2,7	0,0	1,7	1,0	3,7	6,8	7,4	6,5	7,0
Annað (Other)	1,2	1,9	7,0	4,3	2,5	5,0	3,4	2,3	2,0	11,7	2,9	16,4	8,7
Framleiðsla (Production)	5,4	7,0	4,0	6,1	5,2	5,8	7,7	6,4	8,8	10,1	11,8	9,5	10,3
Landbúnaður (Agriculture)	3,1	4,1	2,9	3,3	4,5	4,3	4,4	3,7	6,7	7,3	7,7	8,0	6,0
Iðnaður, námuvinnsla og byggingaframkvæmdir (Industry, mining and construction)	0,5	2,7	0,8	2,6	0,4	0,5	3,1	0,7	1,4	1,3	2,6	0,7	1,7
Viðskipti og ferðaþjónusta (Trade and Tourism)	1,8	0,2	0,3	0,2	0,3	1,0	0,2	2,0	0,6	1,5	1,5	0,8	2,6
Ýmsir geirar (Multisector)	8,0	7,0	3,8	8,5	10,9	26,9	4,0	3,9	7,2	9,4	21,4	3,8	12,6
Ríkissjóðsstuðningur (Programme Assistance)	2,4	2,2	7,9	0,5	3,6	6,1	6,6	19,3	6,8	3,6	8,8	3,9	1,2
Lækkun skulda (Action relating to debt)[c]	0,0	1,9	10,7	30,8	0,5	0,0	13,7	1,3	9,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Neyðaraðstoð (Emergency Aid)	3,0	11,9	1,3	3,0	19,5	20,7	9,4	11,8	7,1	1,4	9,7	0,0	0,1
Stjórnunarkostnaður (Administrative Cost)	8,4	2,3	3,6	4,4	6,2	2,8	10,5	8,2	6,5	0,3	2,4	0,0	0,0
Ótilgreint (Unspecified)	17,6	9,4	1,4	0,9	9,3	11,9	16,3	0,0	6,6	5,6	1,9	9,0	2,3
Alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Þar af:													
Matvælahjálp (Foodaid), alls	0,2	1,4	0,0	0,7	0,8	2,8	0,8	11,1	3,8	0,3	1,9	0,0	0,0

a) Að meðtöldum nemendum og lærlingum (students and trainees).

b) Fólk og heilbrigðisþjónusta tengt barneignum (Population and reproductive health).

c) Að meðtalinni lækkun skulda er ekki teljast til opinberrar þróunaraðstoðar (Including forgiveness of non-ODA debt).

d) Áætlað.

e) Að meðtöldum Þróunarbanka Afríku (the African Development Bank), Þróunarbanka Asíu (the Asian Development Bank) og Þróunarbanka Ameríku (the Inter-American Development Bank).

Tafla 2. Þróunarhjálp frá aðildaríkjum DAC til fátækustu ríkja heims (LDCs).
Nettógreiðslur.

	1990–1991			2000			2001		
	Milljónir BNA dollara	Hlufall af heildar-þróunar-aðstoð stuðnings-ríkis (%)	Hlutfall af VÞF (GNI)* stuðnings-ríkis (%)	Milljónir BNA dollara	Hlufall af heildar-þróunar-aðstoð stuðnings-ríkis (%)	Hlutfall af VÞF (GNI)* stuðnings-ríkis (%)	Milljónir BNA dollara	Hlufall af heildar-þróunar-aðstoð stuðnings-ríkis (%)	Hlutfall af VÞF (GNI)* stuðnings-ríkis (%)
Ástralía	198	20	0,07	211	21	0,06	187	21	0,05
Austurríki	101	21	0,06	102	24	0,05	100	19	0,05
Belgía	306		0,15	213	26	0,09	281	32	0,12
Kanada	728	29	0,13	307	18	0,04	232	15	0,03
Danmörk	451	38	0,36	537	32	0,34	530	32	0,33
Finnland	315	35	0,25	109	29	0,09	111	29	0,09
Frakkland	2.194	30	0,18	1.141	28	0,09	1.036	25	0,08
Þýskaland	1.737	26	0,11	1.207	24	0,06	1.102	22	0,06
Grikkland	0	0	0	18	8	0,02	23	11	0,02
Írland	21	32	0,06	113	48	0,14	143	50	0,17
Ítalía	1.042	31	0,09	388	28	0,04	446	27	0,04
Japan	1.710	17	0,05	2.127	16	0,04		18	0,04
Lúxemborg	12	35	0,09	46	37	0,26	45	32	0,26
Holland	736	29	0,26	793	25	0,21	977	31	0,25
Nýja Sjáland	18	18	0,04	27	24	0,06	29	26	0,07
Noregur	534	45	0,52	424	34	0,27	451	33	0,28
Portúgal	129	74	0,20	118	44	0,11	115	43	0,11
Spánn	186	17	0,04	142	12	0,03	194	11	0,03
Svíþjóð	806	39	0,35	528	29	0,24	461	28	0,22
Sviss	302	37	0,13	269	30	0,10	258	28	0,10
Bretland	861	29	0,09	1.406	31	0,10	1.595	35	0,11
Bandaríkin	1.933	17	0,03	1.986	20	0,02	1.687	15	0,02
Alls – DAC	**14.318**	**25**	**0,09**	**12.212**	**23**	**0,05**	**11.784**	**23**	**0,05**
Þar af:									
Aðildarríki ESB	8.895	30	0,13	6.860	27	0,09	7.157	27	0,09

*) Verg þjóðarframleiðsla.

278. Svar [171. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um myndasafn lögreglu.

1. *Hvaða vinnureglur gilda um myndasafn lögreglu varðandi:*
   a. *myndir af einstaklingum, þ.m.t. handteknum og/eða grunuðum mönnum,*
   b. *myndir frá opinberum fundum og öðrum samkomum?*

Um myndasafn lögreglu gilda verklagsreglur ríkislögreglustjóra frá 16. júlí 1998, Reglur um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda en ráðherra fól ríkislögreglustjóra að gefa út og birta lögreglustjórum reglurnar með bréfi, dags. 13. júlí 1998, að fenginni umsögn tölvunefndar og réttarfarsnefndar. Reglurnar eru birtar á innra neti lögreglunnar og eru ekki ætlaðar til birtingar fyrir almenning. Erindi sem berast með ósk um upplýsingar eru metin hverju sinni á grundvelli þeirra hagsmuna sem í húfi eru.

Samkvæmt vinnureglum ríkislögreglustjóra má taka ljósmyndir af sökuðum manni í þágu rannsóknar enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi framið brot sem sætir opinberri ákæru eða að ætla megi að taka ljósmyndar hafi verulega þýðingu fyrir rannsóknina.

Enn fremur má taka ljósmynd af sökuðum manni í því skyni að nota hana til bera kennsl á hann síðar ef rökstuddur grunur er um að hann hafi framið brot sem varðað getur eins árs fangelsi.

Þegar framangreind skilyrði eru fyrir hendi skal taka ljósmyndir af fólki sem ekki hefur verið ljósmyndað áður og af fólki sem hefur verið ljósmyndað áður ef liðið er meira en eitt ár frá síðustu myndatöku meðan viðkomandi er á aldrinum 15–25 ára, ef liðin eru meira en þrjú ár frá síðustu myndatöku og viðkomandi er eldri en 25 ára og ef fyrirliggjandi ljósmynd er ekki nógu góð.

Engar sérstakar reglur hafa verið settar um myndir frá opinberum fundum og öðrum samkomum.

2. *Hjá hvaða lögregluembættum eru slík myndasöfn varðveitt og í hvaða tilgangi?*

Myndirnar eru vistaðar í gagnabanka hjá tæknirannsóknarstofu sem starfrækt er við embætti ríkislögreglustjóra og hafa öll lögreglustjóraembætti landsins aðgang að honum. Tilgangur með varðveislu myndanna eru löggæsluhagsmunir, sem og hagsmunir þess einstaklings sem sem um ræðir hverju sinni.

3. *Hvað veldur því að mynd af mönnum er varðveitt í myndasafni og af hvaða tilefni er hún fjarlægð þaðan?*

Um tilgang með varðveislu myndar vísast til svars við 2. lið. Samkvæmt reglum ríkislögreglustjóra má ekki varðveita ljósmyndir sem teknar hafa verið af manni við rannsókn máls til að nota til að bera kennsl á hann í öðru máli ef maðurinn verður ekki sakaður í máli, hann hefur verið sýknaður af ákæru eða fallið hefur verið frá ákæru á hendur honum. Tæknirannsóknarstofa ríkislögreglustjóra á að fá tilkynningar um lyktir mála gegn fólki sem hefur verið ljósmyndað, svo og um andlát allra sem ljósmynd er til af í myndasafninu. Stofan gætir þess að upplýsingarnar berist til lögregluliðs þar sem myndin var tekin. Ef maður er sýknaður af ákæru eða fallið er frá ákæru á hendur honum ber að eyða mynd í myndasafni tæknirannsóknastofunnar sem tekin var af honum við rannsókn málsins og ber viðkomandi lögregluembætti að eyða myndinni um leið og tilkynning um afgreiðsluna berst. Ljósmyndir af látnu fólki geymast í myndasafninu í allt að tvö ár frá andláti en skulu teknar út að þeim tíma liðnum og ber viðkomandi lögregluembætti að eyða mynd um leið og tilkynning berst.

4. *Hvaðan sækir lögregla heimild til varðveislu slíkra myndasafna?*

Lagaheimild til töku fingrafara og ljósmynda af sakborningum er að finna í 1. mgr. 92. gr. i.f. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem segir að taka megi fingraför og myndir af sakborningi í þágu rannsóknar. Heimild ríkislögreglustjóra til að setja lögreglustjórum verklagsreglur er að finna í 5. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

5. *Hvenær og með hvaða hætti er viðkomandi tilkynnt að mynd af honum sé varðveitt í myndasafni lögreglu eða hafi verið fjarlægð þaðan?*

Vísað er til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar um hvenær mynd er tekin til varðveislu og til svars við þriðja lið um hvenær mynd er fjarlægð úr myndasafni. Ekki er gert ráð fyrir formlegum tilkynningum til viðkomandi um framangreint.

6. *Telur ráðherra ástæðu til að setja sérstök ákvæði í lög eða reglugerð um þessi efni?*

Vísað er til svars við fjórða lið um lagaheimild. Ekki hefur þótt vera fyrir hendi þörf á að setja sérstök lög eða reglugerð um myndasafn tæknirannsóknarstofu ríkislögreglustjóra.

279. Svar [197. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um löggæslukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu há fjárhæð hefur verið innheimt af framkvæmdaraðilum útihátíða fyrir löggæslukostnað frá árinu 1990? Upphæðin óskast sundurliðuð eftir árum, sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum.

Aflað var upplýsinga hjá öllum lögreglustjórum af þessu tilefni. Tekið skal fram að löggæslukostnaður vegna skemmtana er innheimtur af fleiri tilefnum en útihátíðum. Í einhverjum tilvikum er í svörum lögreglustjóranna að finna upplýsingar um heildarinnheimtu löggæslukostnaðar, ekki einungis vegna útihátíða. Sérstaklega er merkt við þau embætti með stjörnu. Svar við fyrirspurninni má því sjá í meðfylgjandi töflu:

Embætti	Ár	Tilefni	Upphæð í kr.
Sýslumaðurinn á Akranesi		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn í Borgarnesi		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1992	Útihátíð á Kaldármelum	2.351.920
	1992	Fjórðungsmót hestamanna á Kaldármelum	610.445
	1997	Fjórðungsmót hestamanna á Kaldármelum	879.106
	2001	Útihátíð á Kaldármelum	3.579.346
Sýslumaðurinn í Búðardal		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn á Patreksfirði		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn í Bolungarvík		Upplýsingar bárust ekki	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	2003	Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands	467.367
Sýslumaðurinn á Siglufirði	1993	Siglufjarðarkaupstaður	175.000
	1994	Siglufjarðarkaupstaður	341.550
	1995	Siglufjarðarkaupstaður	886.540
	1996	Siglufjarðarkaupstaður	1.109.320
	1997	Siglufjarðarkaupstaður	450.380
	1998	Ferðamálasamtök Siglufjarðar	200.000
	2002	Siglufjarðarkaupstaður	246.204
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði*	1994	Leiftur íþróttafélag	78.000
	1995	Leiftur íþróttafélag	24.000
Sýslumaðurinn á Akureyri	1997	Halló Akureyri	435.000
	1998	Landsmót hestamanna	1.890.753
Sýslumaðurinn á Húsavík		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði*	1993	Höttur	30.500
	1998	Vopnafjarðarhreppur	161.882
	2002	Vopnafjarðarhreppur	94.281
	2002	Borgarfjarðarhreppur – Fjarðarborg	47.141
	2003	Austur-Hérað – Hótel 700 ehf.	48.543
	2003	Seyðisfjörður – Herðubreið, félagsheimili	48.543
	2003	Norður-Hérað – Harm.fél. Héraðsbúa	32.362
	2003	Borgarfjarðarhreppur – Fjarðarborg	48.543
	2003	Vopnafjarðarhreppur	97.086

Embætti	Ár	Tilefni	Upphæð í kr.
Sýslumaðurinn á Eskifirði	1993	Neistaflug í Neskaupstað	90.000
	1994	Neistaflug í Neskaupstað	211.000
	1995	Neistaflug í Neskaupstað	204.272
	1996	Neistaflug í Neskaupstað	226.100
	1997	Neistaflug í Neskaupstað	243.908
	1998	Neistaflug í Neskaupstað	292.690
	1999	Neistaflug í Neskaupstað	50.000
	2002	Neistaflug í Neskaupstað	250.000
	2003	Neistaflug í Neskaupstað	350.000
Sýslumaðurinn á Höfn*	1997		311.204
	1998		52.258
	1999		116.010
	2000		113.870
	2001		176.939
	2002		105.201
	2003		469.389
Sýslumaðurinn á Selfossi		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn í Keflavík	1994	Höskuldarvellir	
		Vatnsleysustrandarhreppi – K67 hf.	1.067.000
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	1991	Kaplakriki Hafnarfirði	683.390
Sýslumaðurinn í Kópavogi		Upplýsingar bárust ekki	
Lögreglustjórinn í Reykjavík	2000	Landsmót hestamanna	250.800
Sýslumaðurinn á Hólmavík		Enginn kostnaður innheimtur vegna útihátíða	
Sýslumaðurinn á Blönduósi	1990	Útihátíð í Húnaveri – Stuðmenn	2.044.676
	1991	Útihátíð í Húnaveri – Stuðmenn	2.152.140
	2002	Kántríhátíð Skagaströnd – Höfðahreppur	1.300.000
	2003	Kántríhátíð Skagaströnd – Höfðahreppur	1.000.000
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	1993	Fjórðungsmót hestamanna	754.432
	2002	Landsmót hestamanna	2.388.025
Sýslumaðurinn í Vík	1992	Víkurhátíð	162.000
	1993	Víkurhátíð	171.000
	1994	Víkurhátíð	189.000
	1995	Uxi '95	2.779.777
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	1992	Íþróttafélagið Þór	750.000
	1993	Knattspyrnufélagið Týr	971.127
	1994	Íþróttafélagið Þór	1.050.675
	1995	Knattspyrnufélagið Týr	1.313.826
	1996	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	1.845.126
	1997	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	1.582.727
	1998	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	2.192.365
	2001	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	1.759.980
	2002	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	2.480.713
	2003	Þjóðhátíðarnefnd ÍBV	2.997.631

Embætti	Ár	Tilefni	Upphæð í kr.
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	1992	Bindindismótið í Galtalæk	228.895
	1993	Bindindismótið í Galtalæk	212.434
	1994	Bindindismótið í Galtalæk	192.193
	1994	Landsmót hestamanna, Gaddstaðaflötum	1.600.000
	1995	Bindindismótið í Galtalæk	165.920
	1996	Bindindismótið í Galtalæk	200.146
	1996	Fjórðungsmót hestamanna, Gaddstaðaflötum	1.432.342
	1997	Bindindismótið í Galtalæk	214.730
	1998	Bindindismótið í Galtalæk	223.638
	1999	Bindindismótið í Galtalæk	154.754
	2000	Bindindismótið í Galtalæk	163.140
	2001	Bindindismótið í Galtalæk	172.848
	2001	Töðugjöld Suðurlandsvegi 1 – Hella	200.000
	2002	Bindindismótið í Galtalæk	1.279.000
	2002	Töðugjöld Suðurlandsvegi 1 – Hella	365.260
	2003	Töðugjöld Suðurlandsvegi 1 – Hella	360.000
	2003	Bindindismótið í Galtalæk	914.194

280. Svar [181. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um veiðarfærarannsóknir.

1. *Hafa farið fram rannsóknir á þeim skaða sem hugsanlega hlýst af notkun flotvarpna við uppsjávarveiðar innan íslenskrar landhelgi og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?*

Síðan í maí 2003 hafa eftirlitsmenn Fiskistofu mælt hlutfall meðafla við flotvörpuveiðar á kolmunna og hafa mælingarnar náð til um 10% kolmunnafarma. Hafrannsóknastofnunin hefur haft samráð við Fiskistofu um þessar mælingar.

Alls hefur meðafli numið um 0,6% úr þessum förmum, mest ufsi (0,4%) en einnig gulllax (0,13%), þorskur (0,027%), grásleppa (0,023%) og karfi (0,018%). Mest fengust 52 tonn af ufsa (3%) í færeysku lögsögunni og 31 tonn (1,0–1,5%) af ufsa í þeirri íslensku. Aðrar mælingar hafa verið á bilinu 0–0,7%. Enginn meðafli hefur mælst í vel yfir helmingi veiðiferðanna og nokkrar slæmar mælingar hafa því mikil áhrif á heildarútkomuna.

Ef gert er ráð fyrir því að sama hlutfall meðafla verði í öllum kolmunnaafla ársins og náist að veiða 547 þús. tonn, þ.e. aflamark ársins 2003, yrði meðafli alls 3.280 tonn, þar af rúmlega 2.200 tonn af ufsa. Þetta yrði umtalsverður ufsaafli í ljósi þess að aflamark ufsa er 50 þús. tonn. Af öðrum tegundum yrði meðafli hins vegar hlutfallslega lítill. Þess skal þó getið að kolmunnaaflinn mun að líkindum verða mun minni á árinu 2003 auk þess sem stór hluti aflans og þar með meðafli veiðist utan íslenskrar lögsögu.

Við flotvörpuveiðar fer allur meðafli í bræðslu. Mögulegt er talið að flokka meðafla frá með því að hafa einhvers konar rist á dekki en þá þyrfti að útbúa þessi skip með lest fyrir ísaðan afla.

Í Noregi hafa verið gerðar tilraunir með skilju í síldarvörpu með þokkalegum árangri og eru áætlanir um slíkar tilraunir hér á landi á næsta ári, bæði við síld- og kolmunnaveiðar.

Hugsanlega er notkun flotvörpuskilju vænlegasta úrræðið til að draga úr meðafla við þessar veiðar. Með því móti næðist þó aðeins að skilja út fisk sem er stærri en sóknartegundin.

2. *Hvaða rannsóknir hafa farið fram á svæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma fyrir togveiðum bæði með flotvörpu og botnvörpu og hverjar eru helstu líffræðilegar breytingar á þeim svæðum sem komið hafa í ljós?*

Hafrannsóknastofnunin hefur merkt þorsk á reglugerðarsvæðum sem lokuð hafa verið til lengri tíma og borið saman við merkingar á nálægum opnum svæðum. Niðurstöður leiddu í ljós að fiskur sem merktur var á lokuðum svæðum endurheimtist mun síðar og því mun stærri en sá sem merktur var á opnum svæðum. Lokun svæða getur því dregið úr veiðum á smærri fiski. Svæðislokanir til lengri tíma stuðla einnig að minna brottkasti enda hafa viðkomandi svæði verið valin sem þekkt uppeldis- eða smáfisksvæði, einkum fyrir þorsk og karfa.

Þess má einnig geta að Hafrannsóknastofnunin fyrirhugar að hefja rannsóknir á áhrifum svæðafriðana á samfélög botnlægra fiska og botndýra á árinu 2004.

3. *Hve miklu fé hefur Hafrannsóknastofnunin varið árlega til veiðarfærarannsókna sl. 15 ár og hve hátt hlutfall hefur þetta verið af árlegum heildarútgjöldum stofnunarinnar á sama tímabili?*

Af bókhaldslegum ástæðum liggur ekki fyrir sundurgreint nú hve miklu fé Hafrannsóknastofnunin hefur varið árlega til veiðarfærarannsókna á umræddu tímabili. Í eftirfarandi töflu sést hins vegar hver þróunin hefur verið árin 1993–2003. Sést þar að af sundurliðuðum kostnaði við rekstur stofnunarinnar er áætlað að verja um 42 millj. kr. til verkefna sem beinlínis tengjast þessu sviði, eða um 3% af sundurliðuðum rekstrarkostnaði, og hefur veruleg aukning orðið þar undanfarin ár. Ekki er hér með talinn sameiginlegur stjórnunarkostnaður eða verkefni þar sem veiðarfæraathuganir koma óbeint við sögu. Af nýlegum eða yfirstandandi verkefnum á sviði veiðarfærarannsókna eru prófanir á smáfiskaskilju vegna löggildingar mjúkskilju svokallaðrar, sviflægar fiskagildrur og krabbagildrur, veiðitilraunir á miðsjávarfiski, veiðihæfni kúffiskplógs og athuganir á meðafla í hörpudiskveiðum og flotvörpuveiðum.

Hlutfall kostnaðar við veiðarfærarannsóknir hjá Hafrannsóknastofnuninni 1993–2002 (áætlun 2003), fjárhæðir í þús. kr.

Ár	Heildar-gjöld	Ósundurliðað á verkefni	Sundurliðað á verkefni	Veiðarfæra-rannsóknir	% af sundurliðuðu
1993	723.239	189.344	533.895	9.480	1,8
1994	739.972	133.872	606.100	14.019	2,3
1995	802.471	102.639	699.832	6.219	0,9
1996	846.702	105.882	740.820	23.256	3,1
1997	915.706	114.301	801.405	28.155	3,5
1998	1.012.311	133.348	878.963	10.394	1,2
1999	1.042.813	148.529	894.284	6.048	0,7
2000	1.132.053	221.664	910.389	8.408	0,9
2001	1.351.780	190.102	1.161.678	29.385	2,5
2002	1.483.146	225.262	1.257.884	34.878	2,8
2003	1.754.400	361.750	1.392.650	42.241	3,0

281. Svar [75. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um búsetumál fatlaðra.

1. Hve margir fatlaðir eru nú á biðlistum eftir sambýlum, skipt eftir svæðisskrifstofum?

Í apríl sl. óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá rekstraraðilum þjónustu við fatlaða, þ.e. svæðisskrifstofum og sveitarfélögum, um fjölda fatlaðra í búsetu, aldur þeirra og þörf fyrir þjónustu og fjölda fatlaða á biðlistum, aldur þeirra og þörf fyrir þjónustu. Tafla 1 sýnir fjölda á biðlistum eftir sambýlum, skipt eftir svæðum.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga á biðlista eftir sambýlum í apríl 2003, skipt eftir svæðum.
Miðað er við sömu forsendur og í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá nóvember 2000.

	Fjöldi
Reykjavík	27
Reykjanes	24
Vesturland	1
Vestfirðir	3
Norðurl.vestra	1
Norðurl.eystra	12
Austurland	
Suðurland	10
Samtals	78

2. Hve margir hafa bæst í hóp þeirra sem bíða eftir sambýlum (nýliðun), skipt eftir svæðisskrifstofum, frá því að starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins skilaði niðurstöðu um biðlista eftir þjónustu í nóvember árið 2000?

Ráðuneytið óskaði sérstaklega eftir þessum upplýsingum frá svæðisskrifstofum og rekstraraðilum þjónustu við fatlaða. Tafla 2 sýnir fjölda umsókna eftir sambýlum er hafa borist svæðisskrifstofum frá nóvember árið 2000 fram til október 2003.

Tafla 2. Fjöldi umsókna um sambýli er hafa borist svæðisskrifstofum, frá nóvember 2000 fram til október 2003, skipt eftir svæðum.

	Fjöldi
Reykjavík	17
Reykjanes	10
Vesturland	2
Vestfirðir	1
Norðurl.vestra	2
Norðurl.eystra	
Austurland	
Suðurland	9
Samtals	41

Hér eru þeir taldir sem eiga nýjar umsóknir um þjónustu hjá svæðisskrifstofum. Tekið skal fram að einhver hluti þessa fólks býr þegar á sambýlum.

3. *Hvað er áætlað að opna þurfi mörg ný heimili á árunum 2004 og 2005, skipt eftir svæðisskrifstofum, til að tillögur biðlistanefndar frá nóvember 2000 komist til framkvæmda og hver er áætluð staða biðlista í árslok 2005 að viðbættri nýliðun frá árinu 2000 og áætlaðri nýliðun fram til ársloka 2005?*

Auk Reykjaness og Reykjavíkur þarf að huga að nýjum sambýlum á Suðurlandi og Norðurlandi vestra. Í tillögum biðlistanefndar var gert ráð fyrir að rýmum á sambýlum yrði fjölgað um alls 110 á árunum 2001 til 2005. Þar af var gert ráð fyrir 80 nýjum rýmum til að stytta biðlista og 30 vegna nýliðunar á tímabilinu. Á árunum 2000 til 2003 hafa verið tekin í notkun 68 ný rými, sbr. töflu 3. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er heimild fyrir 22 nýjum rýmum. Í árslok 2004 er áætlað að til hafi orðið 90 ný rými í samræmi við tillögur biðlistanefndarinnar. Árið 2005 þurfa að verða til 20 ný rými svo því markmiði sem sett var fram í nóvember 2000 verði náð.

Tafla 3. Áætlun biðlistanefndar um ný rými á sambýlum og framkvæmd.

	Áætlun um ný rými			Ný rými á sambýlum			
Ár	Biðlisti	Nýliðun	Alls	Reykjavík	Reykjanes	Suðurland	Alls
2000				4			4
2001	16	6	22	10	14		24
2002	16	6	22	14	6		20
2003	16	6	22	6	14		20
2004	16	6	22	9	9	4	22
2005	16	6	22				
	80	30	110	43	43		90

Áætluð staða biðlista eftir sambýlum í árslok 2005.

	Október 2003
Á biðlista eftir sambýli	78 manns
Ný rými 2003	(20) fjárveiting er til staðar fyrir þessum rýmum
Frumvarp 2004	(16) alls er gert ráð fyrir 22 nýjum rýmum þar af 6 vegna nýliðunar
Markmið 2005	(16) alls er gert ráð fyrir 22 nýjum rýmum þar af 6 vegna nýliðunar
Á biðlista í árslok 2005	26 manns

4. *Hve mikið fé þarf til að koma á fót nýjum sambýlum á árunum 2004 og 2005 í samræmi við niðurstöðu biðlistanefndar frá árinu 2000 annars vegar og hins vegar að viðbættri nýliðun fram til ársloka 2005?*

Eins og fram kemur í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar er fjárheimild í fjárlagafrumvarpi ársins 2004 fyrir 22 nýjum rýmum á sambýlum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þau verði til frá miðju ári og að rekstur þeirra kosti 60 millj. kr. Viðbótarfjárþörf árið 2005 til heilsársreksturs þeirra er 60 millj. kr. Um 120 millj. kr. þarf árið 2005 fyrir 20 nýjum rýmum svo að markmiðinu um 110 ný rými verði náð.

Ráðuneytið gerir ráð fyrir að árið 2004 kaupi Framkvæmdasjóður fatlaðra þrjú hús fyrir sambýli og að leitað verði eftir leiguhúsnæði fyrir tvö. Stofnkostnaður þessara sambýla er áætlaður 140–160 millj. kr. Gera má ráð fyrir að sambærilegar fjárhæðir þurfi úr Framkvæmdasjóði fatlaðra fyrir nýjum sambýlum árið 2005.

5. *Hve mikið af þeirri fjölgun sem orðið hefur á nýjum rýmum á sambýlum á árunum 2001–2003 að viðbættum áformum fyrir árið 2004 stafar af rýmum sem nýtt eru til að skapa betri aðstæður fyrir þá sem fyrir eru og hve mörg eru vegna einstaklinga sem ekki hafa verið áður á sambýlum?*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá svæðisskrifstofum og rekstraraðilum um ný rými á sambýlum árin 2001–2003 og hvernig þau hafa verið nýtt. Tafla 4 sýnir breytingar á rýmum árin 2001–2003, ný rými 2004, fjölda nýrra íbúa á sambýlum, fjölda rýma sem nýtt hafa verið til að bæta aðstöðu og fjölda rýma er nýtt hafa verið fyrir annars konar þjónustu.

Tafla 4. Ný rými á sambýlum árin 2001–2004, nýliðar og þjónustuþegar er fengu bætta aðstöðu eða voru fluttir í aðra þjónustu.

	Breytingar á rýmum 2001-2003	Heimiluð rými 2003 (1)	Áætluð ný rými 2004	Alls ný rými 2001-2004	Nýir íbúar á sambýlum	Bætt aðstaða og útskriftir (2)	Fluttir í aðra þjónustu (3)
Reykjavík	33	6	9	**48**	38	10	
Reykjanes	37	14	9	**60**	35	25	
Vesturland	1			**1**	1		
Vestfirðir	3			**3**	3		
Norðurland vestra	3			**3**	3		
Norðurland eystra	4			**4**	4		
Austurland	-8			**-8**			-8
Suðurland	-5		4	**-1**	4		-5
	68	**20**	**22**	**110**	**88**	35	-13

Skýringar.
1) Í fjárlögum ársins 2003 er fjárheimild fyrir 20 nýjum rýmum á sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi. Unnið er að framkvæmdum við þessi sambýli og mun starfsemi þeirra hefjast á næstu mánuðum.
2) Með bættri aðstöðu og útskriftum er átt við rými sem nýtt hafa verið til að skapa betri aðstæður fyrir þá sem voru fyrir í búsetu. Að mestu leyti skýrist nýting þessara rýma af flutningi íbúa af Kópavogshæli og Tjaldanesi.
3) Fluttir í aðra þjónustu. Um er að ræða rými á sambýlum sem breytt hefur verið í sjálfstæða búsetu.

6. *Hversu mikið hefur rýmum fyrir skammtímavistun fjölgað árlega frá árinu 2000 og hver er þörfin, skipt eftir svæðisskrifstofum?*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá rekstraraðilum og svæðisskrifstofum um fjölgun rýma fyrir skammtímavistun árlega frá árinu 2000 og um núverandi þörf fyrir slík rými. Tafla 5 sýnir breytingar á fjölda rýma árin 2001–2003 og hve mörg rými þarf til að bæta úr þörfinni samkvæmt biðlista í október 2003.

Tafla 5. Fjölgun skammtímavistunar árin 2001, 2002 og 2003 og þörf fyrir skammtímavistun í október 2003, skipt eftir svæðum.

	2001	2002	2003	Þörf
Reykjavík			-3	6
Reykjanes				4
Vesturland				0.5
Vestfirðir	0,5	0,5	0,5	1
Norðurl. vestra				2
Norðurl. eystra				
Austurland	1			
Suðurland				1,5.

Tekið skal fram að með fjölgun sambýlisplássa á undanförnum árum hefur svigrúm skammtímavistana til að bjóða nýjum einstaklingum þjónustu aukist verulega. Algengt er að áður en til búsetudvalar kemur, hafi einstaklingar nýtt sér þjónustu skammtímavistunar í verulegum mæli. Þessir einstaklingar hafa oft notið hámarksþjónustu skammtímavistana, eða um 14 sólarhringa á mánuði. Þetta á sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi.

Samkvæmt töflunni hér að framan hefur skammtímavistunarrýmum í Reykjavík fækkað um þrjú á árinu 2003. Skýringin á því er sú að heimili sem áður var skammtímavistun var breytt í heimili fyrir börn.

7. *Hve margir þeirra sem búa sjálfstætt eru með frekari liðveislu, hver hefur aukningin orðið frá árinu 2000 og hve margir bíða nú eftir frekari liðveislu?*

Í apríl 2003 óskaði félagsmálaráðuneytið eftir upplýsingum frá rekstraraðilum þjónustu við fatlaða, þ.e. svæðisskrifstofum og sveitarfélögum, um fjölda fatlaða með frekari liðveislu og fjölda á biðlista, aldur þeirra og þörf fyrir þjónustu. Tafla 6 sýnir fjölda fatlaðra með frekari liðveislu árið 2000 og 2003, aukningu milli áranna og fjölda á biðlista eftir frekari liðveislu árið 2003, eftir svæðum.

Tafla 6. Fjöldi fatlaðra með frekari liðveislu árið 2000 og 2003, breytingar á fjölda þeirra á milli ára og fjöldi á biðlista eftir frekari liðveislu, skipt eftir svæðum.

Miðað er við sömu forsendur og í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá nóvember 2000.

	2000	2003	Breytingar	Biðlisti 2003
Reykjavík	130	133	3	70
Reykjanes	47	57	10	23
Vesturland	13	12	-1	7
Vestfirðir	21	21		
Norðurl.vestra	18	19	1	
Norðurl. eystra	32	29	3	
Austurland	25	33	8	1
Suðurland	12	22	10	7
Samtals	**298**	**326**	**34**	**108**

Almennt um biðlista eftir búsetu.

Félagsmálaráðuneytið vinnur nú að heildarendurskoðun á málaflokki fatlaðra. Markmiðið er að marka skýra framtíðarsýn og gera á grundvelli hennar áætlanir um þjónustu við fatlaða. Búsetumál fatlaðra skipa veigamikinn sess í þessari framtíðarsýn. Ráðuneytið hyggst á næstunni ráðast í að flokka umsóknir um þjónustu eftir búsetu með enn samræmdari hætti ern nú. Við athugun ráðuneytisins á biðlista eftir búsetu kemur í ljós að þörf fyrir búsetuþjónustu er mismunandi brýn. Hluti umsækjanda hefur t.d. brýna þörf fyrir búsetu á næstu 12 mánuðum. Annar hluti þeirra hefur þörf fyrir búsetuúrræði á næstu 12 til 36 mánuðum, enn aðrir sem eiga umsóknir hafa jafnvel fengið tilboð um búsetuþjónustu og ekki þegið en vilja engu að síður vera áfram á biðlista eftir búsetuþjónustu. Með verklagi af þessu tagi, auk þess að meira samræmi yrði í yfirferð umsókna á landsvísu en nú, er gert ráð fyrir markvissari þjónustu við þá sem taldir eru hafa brýnustu þörfina hverju sinni.

282. Svar [55. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um ferðaþjónustu á Íslandi.

1. *Hvert hefur hlutfall ferðaþjónustu verið af vergri landsframleiðslu á tímabilinu 1998–2003? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.*

Hér fyrir neðan má sjá hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Hvað varðar hlutfall sjávarútvegs og orkufreks iðnaðar, þá notar Hagstofan ekki þær skilgreiningar en hér að neðan eru upplýsingar um hlutfall áls og kísiljárns annars vegar og fiskveiða og fiskvinnslu hins vegar í landsframleiðslu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni.

	Ferðaþjónusta	Ál og kísiljárn	Fiskveiðar og fiskvinnsla
1998	4,5%	1,3%	12,0 %
1999	4,4%	1,1%	10,7%
2000	4,6%	1,4%	10,5%
2001	4,3%	1,3%	12,1%
2002	4,7%	1,3%	12,4%

2. *Hversu stórt hlutfall af gjaldeyristekjum þjóðarinnar hefur mátt rekja til ferðaþjónustu á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.*

Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafa samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar verið eftirfarandi hlutfall af heildargjaldeyristekjum:

1998	12,9%
1999	12,8%
2000	13,1%
2001	12,4%
2002	12,1%

Ekki liggja fyrir upplýsingar um árið 2003 og samgönguráðuneytið hefur ekki handbærar upplýsingar né hefur tekist að afla upplýsinga um hlutfall sjávarútvegs eða orkufreks iðnaðar af heildargjaldeyristekjum þessi ár.

3. *Hvert hefur verið hlutfall ferðaþjónustunnar í innlendri verðmætasköpun á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.*

Samgönguráðuneytið hefur ekki þessar upplýsingar og óljóst er hvað átt er við, en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni er venjan að vísa til landsframleiðslu í þessu sambandi, sbr. svar við 1. tölul.

4. *Hefur farið fram faglegur samanburður á starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar á Íslandi og í nágrannalöndum okkar?*

Í framhaldi af stefnumótun í ferðaþjónustu árið 1997 var gerður samanburður á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi og í nágrannalöndunum. Þá var skipuð nefnd á vegum samgönguráðherra haustið 1999, sem fjallaði um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. Í framhaldi af þessari vinnu hafa stjórnvöld á undanförnum árum gert fjölmargar breytingar á rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. Þar má t.d. nefna:

- Lækkun á vörugjöldum bíleigubíla.
- Niðurfellingu yfirflugsgjalda í innanlandsflugi.
- Hækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts veitingahúsa.
- Breytingar á virðisaukaskattsreglum vegna hópferðabíla til að auðvelda endurnýjun.
- Lækkun fasteignagjalda á landsbyggðinni.
- Stóraukið fjármagn til styrkja sérleyfishafa og ráðgjöf við rekstur.
- Aukin bein framlög til flugrekenda innanlands með útboðum.
- Fjölgun ferða í ferjusiglingu sem njóta ríkisstyrkja.

Þá er nú að störfum nefnd á vegum samgönguráðherra sem á að fjalla sérstaklega um rekstrarvanda heilsársgististaða á landsbyggðinni.

5. *Hvernig er háttað rannsóknum á bættu rekstrarumhverfi greinarinnar?*

Eins og kom fram í svari við 4. tölul. hafa þrjár nefndir kannað rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar á undanförnum árum og tvær skilað niðurstöðum.Til ýmissa aðgerða hefur síðan verið gripið í kjölfarið til að bæta rekstrarumhverfið eins og áður segir. Þá var á vegum Ferðamálaráðs unnið sérstakt rannsóknarverkefni á árunum 1999–2000 um rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu sem leiddi til þróunar og gerðar sérstaks reiknilíkans fyrir gististaði. Styðst reiknilíkanið við gögn frá Hagstofunni, SAF og tölulegar upplýsingar frá rekstraraðilum.

Tilgangurinn með þessum hugbúnaði er að gera væntanlegum og núverandi rekstraraðilum kleift að sjá hvaða áhrif ótal breytur hafa á væntanlegan rekstur næsta eða næstu ár, þar sem stuðst er við opinberar tölur um ýmsan grunnkostnað og settar hafa verið inn raunverulegar upplýsingar um fjölmarga þætti. Var það m.a. markmiðið að núverandi rekstraraðilar gætu áttað sig betur á hvar vandamálin lægju og væntanlegir rekstraraðilar séð hvort grundvöllur væri fyrir áætluðum fjárfestingum þeirra.

Þetta reiknilíkan er öllum aðgengilegt á vef Ferðamálaráðs.

6. *Hafa verið kannaðir möguleikar á að endurskoða skilgreiningu ferðaþjónustunnar í þjóðhagsútreikningum svo að auðveldara verði að finna út raunverulegt umfang greinarinnar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur þetta verið kannað en ekki mun standa til að breyta þeirri skilgreiningu sem nú er stuðst við.

283. Svar [93. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðkeypta sérfræðiþjónustu ráðuneyta og ríkisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var kostnaður við kaup ráðuneyta og ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu árið 2002 og fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs? Svarið óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og undirstofnunum auk þess sem aðalskrifstofur ráðuneytanna sundurliði aðkeypta ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu eftir viðfangsefnum og einstökum verkefnum og tilgreini kostnað við hvert þeirra.

Samtals keyptu ráðuneyti og stofnanir þeirra sérfræðiþjónustu fyrir 4.048 millj. kr. árið 2002. Í töflu 1 hér á eftir er yfirlit frá Fjársýslu ríkisins yfir kostnað sem til féll árið 2002, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum. Við mat á umfangi aðkeyptrar sérfræðiþjónustu var litið á eftirfarandi tegundaliði í bókhaldi ríkisins:

- viðskiptafræðingar, endurskoðendur og rekstrarráðgjöf,
- lögfræðingar,
- verkfræðingar, arkitektar og tæknifræðingar,
- sálfræðingar og félagsfræðingar,
- náttúru-, eðlis- og efnafræðingar,
- þýðendur og túlkar,
- önnur sérfræðiþjónusta.

Yfirlitið er unnið upp úr upplýsingagrunni Fjársýslunnar sem í hafa verið færðar endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar úr bókhaldi stofnana vegna gerðar ríkisreiknings fyrir árið 2002. Upplýsingar um kostnað fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2003 liggja ekki fyrir með sambærilegum hætti þar sem bókhald stofnana er í mörgum tilvikum fært hjá stofnununum sjálfum í kerfum sem Fjársýsla ríkisins hefur ekki aðgang að. Bókhald stofnana fyrir árið 2003 er ekki endurskoðað og fært í upplýsingagrunn Fjársýslunnar fyrr en við gerð ríkisreiknings fyrir árið 2003.

Í töflu 2 er kostnaður aðalskrifstofa ráðuneytanna fyrir árið 2002 og fyrstu sex mánuði þessa árs sundurliðaður eftir verkefnum. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að skipta kostnaði niður á einstök verkefni ráðuneytanna. Í bókhaldi ríkisins er gjöldum ekki skipt niður á verkefni og því liggur kerfisbundin sundurliðun fyrir hvert ráðgjafarverkefni ekki fyrir. Þó hefur verið leitast við að finna út kostnað við hvert verkefni, með því að fletta upp einstökum fylgiskjölum hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna. Flest ráðuneytin hafa þó ekki flett upp smæstu reikningum, enda ekki talið það þjóna tilgangi fyrirspurnar þingmannsins. Að lokum er rétt að hafa fyrirvara varðandi nákvæmni og endanlegar fjárhæðir vegna kostnaðar á árinu 2003, þar sem enn er verið að vinna í bókhaldi ársins.

Tafla 1.

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
	Æðsta stjórn ríkisins	
00 101	Embætti forseta Íslands	1.505
00 201	Alþingi	17.849
00 205	Framkvæmdir á Alþingisreit	33.577
00 610	Umboðsmaður Alþingis	1.597
00 620	Ríkisendurskoðun	25.919
00	**Æðsta stjórn ríkisins samtals**	**80.448**
	Forsætisráðuneyti	
01 101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	11.765
01 190	Ýmis verkefni	162.240
01 201	Fasteignir forsætisráðuneytis	847
01 203	Fasteignir Stjórnarráðsins	397
01 211	Þjóðhagsstofnun	593
01 231	Norræna ráðherranefndin	43
01 241	Umboðsmaður barna	229
01 251	Þjóðmenningarhúsið	2.748
01 253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	159
01 255	Minningarsafn um Halldór Laxnes á Gljúfrasteini	522
01 261	Óbyggðanefnd	12.621
01 271	Ríkislögmaður	1.152
01 303	Kristnihátíðarsjóður	373
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5.499
01	**Forsætisráðuneyti samtals**	**199.188**
	Menntamálaráðuneyti	
02 101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.888
02 201	Háskóli Íslands	259.957
02 202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	836
02 203	Raunvísindastofnun Háskólans	13.185
02 204	Stofnun Sigurðar Nordals	160
02 205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2.781
02 206	Orðabók Háskólans	56
02 207	Íslensk málstöð	839
02 208	Örnefnastofnun Íslands	412
02 210	Háskólinn á Akureyri	17.199
02 211	Tækniskóli Íslands	9.461
02 215	Kennaraháskóli Íslands	19.730
02 223	Námsmatsstofnun	8.040
02 231	Rannsóknarráð Íslands	904
02 235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	831
02 236	Vísindasjóður	5.431
02 237	Tæknisjóður	4.236
02 238	Bygginga- og tækjasjóður	268
02 239	Rannsóknarnámssjóður	714
02 269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	12.700
02 299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	700
02 301	Menntaskólinn í Reykjavík	890
02 302	Menntaskólinn á Akureyri	1.965
02 303	Menntaskólinn að Laugarvatni	182
02 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	5.900
02 305	Menntaskólinn við Sund	1.223
02 306	Menntaskólinn á Ísafirði	362
02 307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	3.273
02 308	Menntaskólinn í Kópavogi	934

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
02 309	Kvennaskólinn í Reykjavík	903
02 316	Fasteignir framhaldsskóla	1.918
02 318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	8.800
02 319	Framhaldsskólar, almennt	23.590
02 350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.821
02 351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	15.368
02 352	Flensborgarskóli	340
02 353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.982
02 354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	310
02 355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	170
02 356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.041
02 357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	690
02 358	Verkmenntaskóli Austurlands	273
02 359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.451
02 360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4.261
02 361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	806
02 362	Framhaldsskólinn á Húsavík	253
02 363	Framhaldsskólinn á Laugum	96
02 365	Borgarholtsskóli	7.641
02 430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	235
02 441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	59
02 506	Vélskóli Íslands	3.478
02 507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	5.645
02 514	Iðnskólinn í Reykjavík	14.217
02 516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	394
02 564	Listdansskólinn	92
02 720	Grunnskólar, almennt	12
02 725	Námsgagnastofnun	1.263
02 804	Kvikmyndaskoðun	1.421
02 901	Fornleifavernd ríkisins	783
02 902	Þjóðminjasafn Íslands	5.394
02 903	Þjóðskjalasafn Íslands	591
02 905	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	4.542
02 906	Listasafn Einars Jónssonar	118
02 907	Listasafn Íslands	810
02 909	Blindrabókasafn Íslands	4.004
02 919	Söfn, ýmis framlög	1.321
02 969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	5.230
02 972	Íslenski dansflokkurinn	120
02 973	Þjóðleikhús	1.467
02 979	Húsafriðunarnefnd	10.869
02 980	Listskreytingasjóður	364
02 981	Kvikmyndasjóður	3.059
02 982	Listir, framlög	1.853
02 983	Ýmis fræðistörf	5.282
02 984	Norræn samvinna	1.778
02 985	Alþjóðleg samskipti	1.854
02 988	Æskulýðsmál	325
02 989	Ýmis íþróttamál	186
02 995	Tungutækni	2.224
02 996	Íslenska upplýsingasamfélagið	12.207
02 999	Ýmislegt	314
02	**Menntamálaráðuneyti samtals**	**542.285**

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
	Utanríkisráðuneyti	
03 101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	29.046
03 190	Ýmis verkefni	23.571
03 201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	4.397
03 211	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	25.624
03 302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	130
03 303	Sendiráð Íslands í London	802
03 304	Sendiráð Íslands í Moskvu	21
03 305	Sendiráð Íslands í Ósló	167
03 306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	1.607
03 307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	120
03 309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	15
03 310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	299
03 311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	5
03 312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	185
03 314	Sendiráð Íslands í Peking	16
03 315	Sendiráð Íslands í Ottawa	15
03 316	Sendiráð Íslands í Tókíó	15
03 320	Sendiráð, almennt	18.530
03 390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	6.981
03 391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	1.025
03 401	Alþjóðastofnanir	156
03	**Utanríkisráðuneyti samtals**	**112.726**
	Landbúnaðarráðuneyti	
04 101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	8.533
04 190	Ýmis verkefni	5.167
04 211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	4.130
04 221	Veiðimálastofnun	1.704
04 233	Yfirdýralæknir	5.368
04 261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	24.638
04 271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	6.667
04 283	Garðyrkjuskóli ríkisins	6.278
04 293	Hagþjónusta landbúnaðarins	2.109
04 311	Landgræðsla ríkisins	7.618
04 321	Skógrækt ríkisins	3.496
04 331	Héraðsskógar	85
04 343	Landshlutabundin skógrækt	7.897
04 805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	596
04 831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	8.422
04 843	Fiskræktarsjóður	2.017
04 851	Greiðslur vegna riðuveiki	879
04	**Landbúnaðarráðuneyti samtals**	**95.605**
	Sjávarútvegsráðuneyti	
05 101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1.059
05 190	Ýmis verkefni	14.613
05 202	Hafrannsóknastofnunin	37.941
05 203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	2.683
05 204	Fiskistofa	1.191
05 207	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	140
05 213	Verðlagsstofa skiptaverðs	3.086
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.788
05 901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	424
05	**Sjávarútvegsráðuneyti samtals**	**62.925**

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	
06 101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.630
06 103	Lagasafn	132
06 111	Kosningar	2.909
06 190	Ýmis verkefni	8.880
06 201	Hæstiréttur	30
06 210	Héraðsdómstólar	1.204
06 231	Málskostnaður í opinberum málum	180.861
06 232	Opinber réttaraðstoð	100.354
06 235	Bætur brotaþola	10
06 251	Persónuvernd	13.355
06 301	Ríkissaksóknari	73
06 303	Ríkislögreglustjóri	6.428
06 305	Lögregluskóli ríkisins	1.070
06 311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.331
06 321	Almannavarnir ríkisins	293
06 331	Umferðarráð	1.459
06 333	Umferðarstofa	1.806
06 390	Ýmis löggæslumál	2.495
06 395	Landhelgisgæsla Íslands	4.730
06 398	Útlendingaeftirlitið	279
06 411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	5.595
06 413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	2
06 418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	8
06 421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	132
06 424	Sýslumaðurinn á Akureyri	408
06 425	Sýslumaðurinn á Húsavík	4
06 428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	345
06 430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	33
06 431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	80
06 432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	29
06 433	Sýslumaðurinn á Selfossi	-6
06 436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	34
06 437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	616
06 490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	8.074
06 501	Fangelsismálastofnun ríkisins	2.249
06 701	Þjóðkirkjan	5.701
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti samtals**	**354.634**
	Félagsmálaráðuneyti	
07 101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.750
07 190	Ýmis verkefni	217
07 302	Ríkissáttasemjari	120
07 313	Jafnréttisstofa	240
07 331	Vinnueftirlit ríkisins	2.097
07 400	Barnaverndarstofa	34.676
07 401	Barnaverndarráð	20
07 701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	602
07 702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	884
07 703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	40
07 704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	744
07 706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	165
07 707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.872
07 708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	723
07 750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3.560

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
07 795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	1.170
07 980	Vinnumálastofnun	1.834
07 982	Ábyrgðasjóður launa	27.975
07 984	Atvinnuleysistryggingasjóður	1.782
07 999	Félagsmál, ýmis starfsemi	1.311
07	**Félagsmálaráðuneyti samtals**	**86.782**
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
08 101	Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.866
08 201	Tryggingastofnun ríkisins	20.128
08 301	Landlæknir	4.643
08 324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	437
08 326	Sjónstöð Íslands	42
08 327	Geislavarnir ríkisins	414
08 330	Manneldisráð	468
08 358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	6.284
08 368	Sólvangur, Hafnarfirði	630
08 370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	17.103
08 373	Landspítali, háskólasjúkrahús	261.424
08 397	Lyfjastofnun	94
08 399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	26.563
08 400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	2.343
08 490	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	2.089
08 499	Hjúkrunarheimili	1.661
08 500	Heilsugæslustöðvar, almennt	2.996
08 505	Heilsugæsla í Reykjavík	1.020
08 510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	5.027
08 525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	35
08 551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	247
08 552	Heilsugæslustöðin Dalvík	222
08 572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	28
08 574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	95
08 578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	259
08 582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	334
08 583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	1.139
08 584	Heilsugæsla í Kópavogi	535
08 585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	17
08 586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	8
08 621	Forvarnasjóður	2.760
08 711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.304
08 721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	1.628
08 725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.335
08 731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	1.144
08 735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	162
08 741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	80
08 745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1.407
08 751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2.067
08 755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	3.631
08 761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	6.655
08 777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	4.197
08 781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	2.164
08 785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	484
08 791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	14.540
08 996	Íslenska upplýsingasamfélagið	1.026
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti samtals**	**404.736**

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
	Fjármálaráðuneyti	
09 101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6.719
09 103	Fjársýsla ríkisins	299.970
09 201	Ríkisskattstjóri	1.147
09 202	Skattstofan í Reykjavík	11
09 211	Skattstofa Reykjaness	1.178
09 212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	470
09 214	Yfirskattanefnd	2.420
09 215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	6.274
09 250	Innheimtukostnaður	26.509
09 262	Tollstjórinn í Reykjavík	-7.246
09 381	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	9.015
09 385	Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna	655
09 402	Fasteignamat ríkisins	20.040
09 901	Framkvæmdasýsla ríkisins	3.243
09 905	Ríkiskaup	5.357
09 972	Lánasýsla ríkisins	3.365
09 980	Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	59
09 981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	8.789
09 984	Fasteignir ríkissjóðs	43.512
09 999	Ýmis verkefni	29.663
09	**Fjármálaráðuneyti samtals**	**461.150**
	Samgönguráðuneyti	
10 101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	8.088
10 190	Ýmis verkefni	3.093
10 211	Vegagerðin	965.981
10 335	Siglingastofnun Íslands	15.380
10 381	Rannsóknanefnd sjóslysa	3.014
10 471	Flugmálastjórn	211.064
10 481	Rannsóknanefnd flugslysa	807
10 512	Póst- og fjarskiptastofnunin	11.262
10 651	Ferðamálaráð	23.575
10	**Samgönguráðuneyti samtals**	**1.242.265**
	Iðnaðarráðuneyti	
11 101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	546
11 102	Einkaleyfastofan	4.623
11 201	Iðntæknistofnun Íslands	15.095
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	5.115
11 240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	4.781
11 299	Iðja og iðnaður, framlög	11.645
11 301	Orkustofnun	108.944
11 399	Ýmis orkumál	2.937
11 401	Byggðaáætlun	8.962
11 411	Byggðastofnun	1.733
11	**Iðnaðarráðuneyti samtals**	**164.382**
	Viðskiptaráðuneyti	
12 101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.853
12 190	Ýmis verkefni	2.687
12 302	Löggildingarstofa	16.665
12 402	Fjármálaeftirlitið	2.571
12 902	Samkeppnisstofnun	3.432
12	**Viðskiptaráðuneyti samtals**	**29.207**

Stofnun	Heiti stofnunar	2002
	Hagstofa Íslands	
13 101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	10.404
13	**Hagstofa Íslands samtals**	**10.404**
	Umhverfisráðuneyti	
14 101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4.128
14 190	Ýmis verkefni	36.555
14 202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	2.549
14 205	Náttúruvernd ríkisins	8.041
14 210	Veiðistjóri	409
14 213	Hreindýraráð	979
14 221	Hollustuvernd ríkisins	41.379
14 281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	2.067
14 301	Skipulagsstofnun	3.293
14 310	Landmælingar Íslands	36.929
14 321	Brunamálastofnun ríkisins	12.500
14 381	Ofanflóðasjóður	8.632
14 401	Náttúrufræðistofnun Íslands	11.065
14 407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	286
14 410	Veðurstofa Íslands	32.819
14	**Umhverfisráðuneyti samtals**	**201.631**
	Ráðuneyti og stofnanir samtals	**4.048.369**

Tafla 2.

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: 01-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Ráðgjöf við yfirstjórn	700.000	0	700.000
Íslenska upplýsingasamfélagið	3.264.530	0	3.264.530
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	0	168.075	168.075
Samtals	*3.964.530*	*168.075*	*4.132.605*
5441 Lögfræðingar			
Ráðgjöf við yfirstjórn	1.828.656	0	1.828.656
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	269.588	219.630	489.218
Samtals	*2.098.244*	*219.630*	*2.317.874*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	2.218.499	0	2.218.499
Samtals	*2.218.499*	*0*	*2.218.499*
5446 Þýðendur, túlkar (með og án vsk.)			
Ráðgjöf við yfirstjórn	616.867	9.896	626.763
Erlend samskipti og öryggismál	0	10.554	10.554
Opinber heimsókn forsætisráðherra Danmerkur til Íslands	0	33.366	33.366
Opinber heimsókn til Lettlands	75.000	0	75.000
Heimsókn til Víetnams	360.600	0	360.600
Samtals	*1.052.467*	*53.816*	*1.106.283*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta (með og án vsk.)			
Ráðgjöf við yfirstjórn	22.668	52.290	74.958
Erlend samskipti og öryggismál	0	1.346.000	1.346.000
Heimsókn forsætisráðherra Víetnams til Íslands	250.000	0	250.000
Innleiðing EES-gerða	214.000	0	214.000
Almennur rekstur	13.223	0	13.223
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	28.489	3.778	32.267
Vefmál	1.065.499	23.400	1.088.899
Rafræn stjórnsýsla	837.000	12.400	849.400
Samtals	*2.430.879*	*1.437.868*	*3.868.747*
Sérfræðiþjónusta samtals	**11.764.619**	**1.879.389**	**13.644.008**
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: 02-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5441 Lögfræðingar			
Einkum vegna endurskoðunar á höfundaréttarmálum samkvæmt tilskipun. Annar kostnaður er vegna álitamála er varða stjórnsýsluúrskurði.	2.997.702		2.997.702
Vinna er tengist höfundaréttarmálum, stjórnsýsluúrskurðum og ráðgjöf á sviði starfsmannamála		3.202.000	3.202.000
Samtals	*2.997.702*	*3.202.000*	*6.199.702*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Vinna er tengist höfundaréttarmálum, stjórnsýsluúrskurðum og ráðgjöf á sviði starfsmannamála		3.202.000	3.202.000
Tækniaðstoð vegna framkvæmda		226.926	226.926
Ýmis verkefni	13.548		13.548
Samtals	*13.548*	*3.428.926*	*3.442.474*
5445 Náttúru-, eðlis- og efnafræðingar			
Tækniráðgjöf vegna reiknilíkans o.fl.	291.517		291.517
Samtals	*291.517*	*0*	*291.517*
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýðingar er snerta evrópusamvinnu og á lagasetningu er snerta íslenska menntakerfið	1.013.805	701.328	1.715.133
Þýðingar á Hvítbók	151.000		151.000

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
Ýmis verkefni	40.007	87.049	127.056
Samtals	*1.204.812*	*788.377*	*1.993.189*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Úttekt á lestrarörðugleikum	147.400		147.400
Námskeiðshald		385.000	385.000
Vinna við úttekt		200.000	200.000
Aðstoð við útlitshönnun		125.941	125.941
Ýmis verkefni	232.988	31.500	264.488
Samtals	*380.388*	*742.441*	*1.122.829*
Sérfræðiþjónusta samtals	**4.887.967**	**8.161.744**	**13.049.711**
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: 03-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Viðskiptamál	0	6.477.875	6.477.875
Varnarmál	2.420.715	0	8.898.590
Samtals	*2.420.715*	*6.477.875*	*6.477.875*
5441 Lögfræðingar			
Rekstrarmálefni	1.219.610	549.000	1.768.610
Pólitísk samskipti við önnur ríki	39.044	25.946	64.990
Viðskiptamál	917.720	758.409	1.676.129
Varnarmál	2.256.936	671.769	2.928.705
Samtals	*4.433.310*	*2.005.124*	*6.438.434*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Rekstrarmálefni	296.501	0	296.501
Varnarmál	498.790	158.791	657.581
Samtals	*795.291*	*158.791*	*657.581*
5444 Sálfræðingar, félagsfræðingar			
Varnarmál	1.472.882	0	1.472.882
Samtals	*1.472.882*	*0*	*1.472.882*
5446 Þýðendur, túlkar			
Rekstrarmálefni	115.000	0	115.000
Pólitísk samskipti við önnur ríki	265.935	180.558	446.493
Varnarmál	0	43.950	43.950
Viðskiptamál	834.881	319.070	1.153.951
Samtals	*1.215.816*	*543.578*	*1.153.951*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Rekstrarmálefni	645.558	161.696	807.254
Pólitísk samskipti við önnur ríki	612.171	3.457	615.628
Viðskiptamál	7.705.729	936.605	8.642.334
Varnarmál	9.744.610	5.084.408	14.829.018
Samtals	*18.708.068*	*6.186.166*	*24.894.234*
Sérfræðiþjónusta samtals	**29.046.082**	**15.371.534**	**41.094.957**
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: 04-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Aðstoð við endurskoðun laga	184.700		184.700
Samtals	*184.700*	*0*	*184.700*
5441 Lögfræðingar			
Álitsgerðir vegna jarðamála	3.071.342	471.984	3.543.326
Frumvarpa- og reglugerðasmíð í landbúnaði	2.365.996		2.365.996
Endurskoðun laga vegna markaðsmála í landbúnaði	891.243	493.760	1.385.003
Samtals	*6.328.581*	*965.744*	*7.294.325*

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýdd lög og samningar	156.748	392.682	549.430
Samtals	*156.748*	*392.682*	*549.430*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Uppsetning á jarðaskrá	1.631.177		1.631.177
Álitsgerð vegna innflutnings á fósturvísum úr norska kúastofninum		234.000	234.000
Álitsgerð vegna fiskeldis	168.660		168.660
Gildi landbúnaðarumræðu í fjölmiðlum		841.594	841.594
Sérfræðiráðgjöf vegna lífrænnar framleiðslu		313.740	313.740
Ýmis verkefni	63.470		63.470
Samtals	*1.863.307*	*1.389.334*	*3.252.641*
Sérfræðiþjónusta samtals	**8.533.336**	**2.747.760**	**11.281.096**
Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa: 05-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5441 Lögfræðingar			
Ráðgjöf vegna fiskveiðilagafrumv.	179.400		179.400
Formennska í úrskurðarn.	156.000		156.000
Samtals	*335.400*	*0*	*335.400*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Breytingar á afgreiðslu ráðuneytis	79.800		79.800
Samtals	*79.800*	*0*	*79.800*
5446 Þýðendur, túlkar			
Túlkun á ráðstefnum og í opinberum heimsóknum og þýðing á ræðum ráðherra	359.198	55.402	414.600
September fundir, erlendir ráðherrar	70.020		70.020
Erlendar heimsóknir		278.892	278.892
Samtals	*429.218*	*334.294*	*763.512*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Ýmis hugbúnaðargerð	214.960		214.960
Ýmislegt		316.729	316.729
Vefur ráðuneytisins		168.075	168.075
Álitsgerð vegna útflutnings síldar		249.000	249.000
Samtals	*214.960*	*733.804*	*948.764*
Sérfræðiþjónusta samtals	**1.059.378**	**1.068.098**	**2.127.476**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa: 06-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5441 Lögfræðingar			
Vinna við frumvarp til laga um fasteignasala	191.649		191.649
Vinna við skýrslu til Sameinuðu þjóðanna		36.950	36.950
Önnur smærri verkefni	135.251	73.050	208.301
Samtals	*326.900*	*110.000*	*436.900*
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýðing á lögum og reglugerðum, framsalsbeiðnum og óskum um réttaraðstoð og önnur erlend samskipti	2.312.092	1.165.367	3.477.459
Samtals	*2.312.092*	*1.165.367*	*3.477.459*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Hælisleitendur á Íslandi og Írlandi		365.504	365.504
Starfsmannaráðgjöf	448.580	100.000	548.580
Önnur smærri verkefni	542.410	483.637	1.026.047
Samtals	*990.990*	*949.141*	*1.940.131*
Sérfræðiþjónusta samtals	**3.629.982**	**2.224.508**	**5.854.490**

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa: 07-101sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Aðstoð við ráðningu fjögurra skrifstofustjóra	450.000		450.000
Vinna við fyrirmynd að ársreikningum sveitarfélaga		118.766	118.766
Könnun vegna sameiningar Kirkjubólshrepps	149.900		149.900
Ráðgjöf til reikningskila- og upplýsinganefndar	2.525.300	528.000	3.053.300
Hlutdeild í rekstrarúttekt á Múlalundi	201.600		201.600
Samtals	*3.326.800*	*646.766*	*3.973.566*
5441 Lögfræðingar			
Álitsgerð vegna fæðingarorlofssjóðs	176.250		176.250
Ráðgjöf vegna kosningaúrskurðar	84.000		84.000
Mæting í dóm vegna kosningamáls	7.000		7.000
Samtals	*267.250*	*0*	*267.250*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Breytingar á afgreiðslu ráðuneytisins	332.149	1.675	333.824
Samtals	*332.149*	*1.675*	*333.824*
5444 Sálfræðingar, félagsfræðingar			
Ráðgjöf til skrifstofustjóra	42.000	24.000	66.000
Undirbúningur ársskýrslu um húsaleigubætur	373.500		373.500
Fyrirlestur á ráðstefnu	20.000		20.000
Mat á þjónustuþörf á Sólheimum Grímsnesi.	44.330		44.330
Samtals	*479.830*	*24.000*	*503.830*
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýdd barnaverndarlög	211.998		211.998
Þýdd lokayfirlýsing Barnaþings Sameinuðu þjóðanna	272.159		272.159
Þýdd sveitarstjórnarlög	120.000	15.000	135.000
Þýdd lög um kosningar til sveitarstjórna	124.259		124.259
Þýdd skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu	194.999		194.999
Þýdd yfirlýsing ráðstefnu í Durban	490.450		490.450
Þýdd húsaleigulög og húsaleigusamningar	209.652		209.652
Þýdd skýrsla til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar		90.400	90.400
Leiðbeiningar fyrir útlendinga um sveitarstjórnarkosningar	141.950		141.950
Þýdd skýrsla um kynþáttamisrétti	64.296		64.296
Þýdd skýrsla um 15. gr. félagsmálasáttmála Evrópu	72.001		72.001
Þýdd lög nr. 97/2002	60.293		60.293
Þýdd skýrsla og ræða um forvarnarstarf	53.460		53.460
Ýmis smærri verkefni	147.659	146.538	294.197
Samtals	*2.163.176*	*251.938*	*2.415.114*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Vinna við könnum um dagmæður	120.000		120.000
Fyrirlestur á ráðstefnu	25.000		25.000
Bókasafn ráðuneytis		78.300	78.300
Breytingar á skipulagi ráðuneytisins og starfslýsingar		370.151	370.151
Hönnun veggspjalds v/kosningaréttar útlendinga	36.000		36.000
Samtals	*181.000*	*448.451*	*629.451*
Sérfræðiþjónusta samtals	**6.750.205**	**1.372.830**	**8.123.035**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: 08-101, sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5441 Lögfræðingar			
Álitsgerð um stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar setts landlæknis	431.800		431.800
Álitsgerð um hæfi landlæknis	243.750		243.750

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
Starfsmaður nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu	280.874	75.000	355.874
Samtals	*956.424*	*75.000*	*1.031.424*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar			
Vinna vegna endurskoðunar á almannatryggingalöggjöfinni	78.099		78.099
Samtals	***78.099***		***78.099***
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýðing á gögnum vegna Evrópusamstarfs í lyfjamálum	46.606	44.880	91.487
Þýðing á gögnum vegna tóbaksvarnamála	241.954	490.847	732.801
Þýðing á gögnum vegna WHO-samstarfs	24.190		24.190
Þýðing á gögnum vegna norræns samstarfs	135.465		135.465
Þýðing á ýmsum gögnum vegna Evrópusamstarfs	69.501		69.501
Þýðing á öðrum gögnum	35.596		35.596
Samtals	***553.312***	***535.727***	***1.089.040***
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Kostnaður vegna nefndar um framtíðaruppbyggingu FSA	37.800		37.800
Rannsókn HÍ á þróun ellilífeyris og örorkubóta		25.200	25.200
Skilgreiningar á lyfjum með sambærileg klínísk áhrif	448.000		448.000
Ýmislegt, svo sem þýðing gagna, kaup á ritgerð o.fl.	64.000		64.000
Rannsóknarvinna um ófrjósemisaðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938	100.000		100.000
Dulkóðun á gögnum	83.845		83.845
Túlkaþjónusta, sbr. 5 gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga	1.044.420		1.044.420
Rannsókn á þróun ellilífeyris og örorkubóta	192.500		192.500
Greinargerð HÍ um íslenska heilbrigðiskerfið, heilsugæslu og kröfugerð íslenskra heimilislækna	308.000		308.000
Starfsmaðuri nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu		306.306	306.306
Samtals	***2.278.565***	***331.506***	***2.610.071***
Sérfræðiþjónusta samtals	**3.866.401**	**942.233**	**4.808.634**
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa: 09-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Verkefnastjórn RMR	444.985		444.985
Tillögugerð um breyt. á lögum um ársreikninga og bókhald	751.093		751.093
Vinna við skattamál, bindandi álit	244.996		244.996
Samtals	*1.441.074*	*0*	*1.441.074*
5441 Lögfræðingar			
Þjóðlendumál	1.805.629	1.865.980	3.671.609
Gagnaleit vegna launa	4.303		4.303
Álitsgerð vegna reglug. um skipul. opinb. frv.	102.873		102.873
Ráðgjöf vegna breytinga á stjórnsýsluframkv.	35.999		35.999
Samtals	*1.948.804*	*1.865.980*	*3.814.784*
5442 Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar			
Skattauppl., tekjulíkan, skattatekjur, skattalíkan o.fl.	1.700.555	3.617.547	5.318.102
Breytingar á skipulagi 2. hæðar Arnarhvoli		732.768	732.768
Samtals	*1.700.555*	*4.350.315*	*6.050.870*
5445 Náttúru-, eðlis- og efnafræðingar			
Kortagerð, vegna þjóðlendumála	160.800		160.800
Samtals	*160.800*	*0*	*160.800*
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýðingar á greinum vegna heimsókna erlendra þingmanna	48.555	21.000	69.555
Ensk þýðing vegna breytingar á vsk.	7.880	77.903	85.783

Teg.	Heiti	Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
		Þýðing á skýrslu úr sænsku	89.973		89.973
		Þýðing vegna árangursstjórnar (enska)		9.083	9.083
		Þýðing greinar á ensku		59.918	59.918
		Túlkun á fundi Eystrarsaltsráðs		67.852	67.852
		Túlkun vegna heimsóknar ráðunneytismanna til Peking	44.747		44.747
		Túlkun, rússneska/enska, vegna heimsóknar ráðherra		6.200	6.200
		Þýðing, danska/íslenska, grein		22.602	22.602
	Samtals		*191.155*	*264.558*	*455.713*
5449	*Önnur sérfræðiþjónusta*				
		Heilbrigðisráðgjöf, þjónustusamningar	433.244	222.850	656.094
		Fyrirlestur fyrir sænska sendinefnd	25.000		25.000
		Rannsókn vegna ríkisstofnana og sveitarfélaga	300.000		300.000
		Yfirlestur skýrslu um verðlag opin. uppl.	43.200		43.200
		Flutningur erindis á ráðstefnu um samanburðarf.		30.000	30.000
		Yfirlestur innkaupastefnu	12.500		12.500
		Vinna við uppsetningu þjóðhagslíkans, und. fltn.	190.000		190.000
		Yfirlestur fjárlagafrumvarps	100.000		100.000
		Leiðsögn		6.500	6.500
		Yfirlestur þekkingarstjórnunarskýrslu	18.890		18.890
		Yfirlestur fjárlagafrumvarps	154.142	50.596	204.738
	Samtals		*1.276.976*	*309.946*	*1.586.922*
	Sérfræðiþjónusta samtals		**6.719.364**	**6.790.799**	**13.510.163**
	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa: 10-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar				
5440	*Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf*				
		Mat á tryggingum ferðaskrifstofa	845.016	584.702	1.429.718
		Nefnd um jöfnun flutningskostnaðar	427.743	58.849	486.592
		Ráðgjöf á sviði fjarskiptamála	2.083.278	70.014	2.153.292
		Ráðgjöf vegna þriðju kynslóðar farsíma	761.488		761.488
		Samanburður rekstrar og efnahags póstfyrirtækja vegna umsóknar Íslandspósts um gjaldskrárhækkun	173.547		173.547
		Starfsmannaráðgjöf		34.999	34.999
		Vaktstöð siglinga	616.680		616.680
		Vinna vegna gjaldskrárhækkunar Íslandspósts, samanburður á kennistærðum við erlend fyrirtæki	45.500		45.500
		Þriðja kynslóð farsíma	66.749		66.749
		Greinargerð um flutningskostnað		281.120	281.120
	Samtals		*5.020.002*	*1.029.684*	*6.049.686*
5441	*Lögfræðingar*				
		Athugun á flugrekstri og ferðaksrifstofurekstri.	116.518		116.518
		Athugun á réttarstöðu Reykjavíkurflugvallar	990.145		990.145
		Endurskoðun laga um rannsóknir flugslysa	507.947		507.947
		Gjaldþrot Samvinnuferða–Landsýnar	63.758		63.758
		Lögskráningarmál	79.999		79.999
		Málefni yfirlæknis heilbrigðisskorar FMS	511.042		511.042
		Mönnun fiskiskipa	49.999		49.999
		Ráðgjöf á sviði fjarskiptamála	104.398		104.398
		Ráðgjöf á sviði stefnumótunar ferðamála		1.369.500	1.369.500
	Samtals		*2.423.805*	*1.369.500*	*3.793.305*
5442	*Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar*				
		Sérfræðiþjónusta vegna skipulags á skrifstofu o.fl.	97.800		97.800
		Öryggismál ráðherra	53.300		53.300
	Samtals		*151.100*	*0*	*151.100*

Teg. Heiti Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
5446 Þýðendur, túlkar			
Aðalfundur Íslensk-ameríska verslunarráðsins	21.780		21.780
Flugslys í Skerjafirði	9.808	78.891	88.699
Opnun skrifstofu Eimskips í Rotterdam	0		0
Vaktstöð siglinga	106.122		106.122
Vegna ferðamála	8.648		8.648
Vegna norræns samstarfs	64.799	3.900	68.699
Vegna samgönguáætlunar	30.000		30.000
Vegna þriðju kynslóðar farsíma		15.798	15.798
Vest-Norden samstarfið	19.062		19.062
Þing Evrópskra samgönguráðherra í Rúmeníu	12.870		12.870
Vegna samgönguáætlunar	24.500		
Önnur smærri verkefni	18.631		18.631
Samtals	*316.220*	*98.590*	*390.310*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Vegna samgönguáætlunar	177.000		177.000
Vegna skýrslu um stefnumörkun í ferðamálum		70.000	70.000
Samtals	*177.000*	*70.000*	*247.000*
Sérfræðiþjónusta samtals	**8.088.127**	**2.567.774**	**10.631.402**

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa: 11-101 og 12-101 sundurliðun sérfræðikostnaðar

5440 Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf			
Vegna greinargerðar með frvumvarpi um virkjun Jökulsár á Brú	220.800		220.800
Samtals	*220.800*	*0*	*220.800*
5441 Lögfræðingar			
Álitsgerð um stjórnskipulag Byggðastofnunar	240.000		240.000
Vinna við frumvarp til laga um vátryggingasamninga	1.800.052		1.800.052
Álitsgerð um takmarkanir á eignarréttindum stofnfjáreigenda í sparisjóðum	186.000		186.000
Undirbúningur lagafrvumvarps um uppfinningar starfsmanna	80.000		80.000
Vinna við starfslokasamn. vegna Byggðastofnunar	484.740		484.740
Ýmis verkefni	192.023		192.023
Samtals	*2.982.815*	*0*	*2.982.815*
5446 Þýðendur, túlkar			
Þýðing á kynningarefni um íslensku auðlinda- og þjóðlendulögin	85.680		85.680
Þýdd úr norsku lög um fyrningu kröfuréttinda o.fl.	28.000		28.000
Ensk þýðing á lögum um fjármálafyrirtæki		279.440	279.440
Þýðing á lagat. DK-rg. EPC (Einkaleyfastofan)		41.292	41.292
Þýdd lög um umboðsviðskipti	45.500		45.500
Þýðing á norsku fyrir ráðherra	135.808		135.808
Þýðing úr þýsku, hálendið og orkuframkvæmdir	85.200		85.200
Þýðing, Client consultation of ministry english summary (bækur)	112.147		112.147
Íslensk þýðing: Sáttmáli um veitingu evrópskra einkaleyfa	326.720		326.720
Athsemdir um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð og reg. um tryggingardeild útflutningslána	78.084		78.084
Ýmis verkefni	111.284	82.682	193.966
Samtals	*1.008.423*	*403.414*	*1.411.837*
5449 Önnur sérfræðiþjónusta			
Leiðrétt þýðing á tilskipunum 2002/12/ESB og 02/13/ES		97.200	97.200
Vegna ráðstefnunnar Akureyri og atvinnulífið	42.000		42.000

Teg.	Heiti	Verkefni	2002	jan.–jún. 2003	Samtals
		Ráðgjafarþjónusta um heilsu starfsmanna	25.300	112.500	137.800
		Vinna við prófarkalestur og málfarsráðgjöf	120.000		120.000
		Samtals	*187.300*	*209.700*	*397.000*
		Sérfræðiþjónusta samtals	**4.399.338**	**613.114**	**5.012.452**
		Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: 13-101sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5440		*Viðskipta- og hagfræðingar, löggiltir endurskoðendur, rekstrarráðgjöf*			
		Hagskýrslugerð	1.010.887	301.180	1.312.067
		Framkvæmdir við Borgartún 24		312.400	312.400
		Samtals	*1.010.887*	*613.580*	*1.624.467*
5441		*Lögfræðingar*			
		Framkvæmdir við Borgartún 21a	5.992		5.992
		Samtals	*5.992*	*0*	*5.992*
5442		*Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar*			
		Hagskýrslugerð	470.791	346.827	817.618
		Framkvæmdir við Borgartún 21a	7.529.190	2.864.220	10.393.410
		Framkvæmdir við Borgartún 24		1.142.406	1.142.406
		Samtals	*7.999.981*	*4.353.453*	*12.353.434*
5446		*Þýðendur, túlkar*			
		Skýrslur fyrir þjóðskrá	22.193	17.000	39.193
		Skýrslur og spurningalistar	468.098	328.374	796.472
		Samtals	*490.291*	*345.374*	*835.665*
5449		*Önnur sérfræðiþjónusta*			
		Hagskýrslugerð		692.279	692.279
		Skýrslur fyrir þjóðskrá	5.000		5.000
		Framkvæmdir við Borgartún 21a	891.549		891.549
		Samtals	*896.549*	*692.279*	*1.588.828*
		Sérfræðiþjónusta samtals	**10.403.700**	**6.004.686**	**16.408.386**
		Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: 14-101sundurliðun sérfræðikostnaðar			
5441		*Lögfræðingar*			
		Úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum	384.659		384.659
		Fulltrúi í Brussel	140.605		140.605
		Vinna við reglugerðir	86.250		86.250
		Samtals	*611.514*	*0*	*611.514*
5442		*Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar*			
		Úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum	623.700	31.909	655.609
		Húsnæði	39.105		39.105
		Skýrsla um sjálfbæra þróun	739.439		739.439
		Ýmis verkefni	152.330		152.330
		Samtals	*1.554.574*	*31.909*	*1.586.483*
5446		*Þýðendur, túlkar*			
		Ýmis verkefni	1.819.202	187.716	2.006.918
		Samtals	*1.819.202*	*187.716*	*2.006.918*
5448		*Dýralækngar*			
		Vinna við reglugerðir	47.500		47.500
		Samtals	*47.500*	*0*	*47.500*
5449		*Önnur sérfræðiþjónusta*			
		Ýmis verkefni	95.342	42.000	137.342
		Samtals	*95.342*	*42.000*	*137.342*
		Sérfræðiþjónusta samtals	**4.128.132**	**261.625**	**4.389.757**

284. Fyrirspurn [256. mál]

til umhverfisráðherra um aðstoð við bændur við að fjarlægja úreltar búvélar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur umhverfisráðuneytið kannað hvernig unnt væri að aðstoða bændur við að fjarlægja úreltar búvinnuvélar og önnur landbúnaðartæki sem víða má sjá við tún og bæjarhlöð?
2. Er ástæða til sérstaks hreinsunarátaks í sveitum vegna slíkra úreltra véla og tækja?

285. Frumvarp til laga [257. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „álitsgerða“ í 1. málsl. 5. mgr. 3. gr. laganna kemur: úrskurðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gefa skriflegt rökstutt álit“ í 2. mgr. kemur: kveða upp úrskurð.
b. Í stað orðanna „álit er gefið“ í 3. mgr. kemur: úrskurður er kveðinn upp.
c. 4. mgr. orðast svo:

Úrskurðir kærunefndar eru bindandi gagnvart málsaðilum. Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunarúrskurði og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal mál þá höfðað eins fljótt og auðið er eftir að synjun kemur fram. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

d. Í stað orðanna „álit sín“ í 5. mgr. kemur: úrskurði sína.

3. gr.

Í stað orðanna „veitir álit sitt“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: kveður upp úrskurð sinn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ef málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úrskurðir kærunefndar jafnréttismála verði bindandi fyrir málsaðila. Þó geti nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns að kröfu

annars hvors málsaðila að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi breyting gæfi kærunefndinni og niðurstöðu hennar mun meira vægi en nú og færði framkvæmd þessara mála nær því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um réttindi kvenna hefur gagnrýnt í nýlegri skýrslu sinni um Ísland að niðurstöður kærunefndar jafnréttismála skuli ekki vera bindandi, sérstaklega þegar stjórnvöld eiga hlut að máli. Gerir nefndin það að tillögu sinni að álit kærunefndar jafnréttismála verði bindandi.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka kærumál til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds. Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar hjá heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið út.

Samkvæmt upplýsingum frá kærunefnd jafnréttismála bárust nefndinni 103 erindi á árunum 1991–2001. Í 55 tilvika taldi nefndin að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefðu verið brotin en langflest þeirra lutu að stöðuveitingum. Fjöldi þeirra laut einnig að launajafnrétti kynjanna. Hlutverk Jafnréttisstofu er að fylgja eftir áliti kærunefndar og getur hún skv. 3. gr. jafnréttislaga höfðað mál til viðurkenningar á rétti kærenda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða ef hagsmunir kærenda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þyki að fá úrlausn dómstóla. Það hefur hins vegar komið fram að það sé verulega flókið og ýmsum vandkvæðum bundið að fylgja álitum kærunefndar eftir. Iðulega hafa niðurstöður kærunefndar jafnréttismála verið teknar upp á Alþingi, bæði varðandi stöðuveitingar og launajafnrétti kynjanna. Auk ýmissa stöðuveitinga má nefna niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála um að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna í bankakerfinu sem bryti í bága við jafnréttislög. Kærunefndin tók þetta mál til athugunar í kjölfar svars viðskiptaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns þessarar tillögu um bifreiðastyrki í bankakerfinu. Þar kom ljóslega fram að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Það var síðan staðfest í áðurnefndu áliti kærunefndar, en bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar niðurstöðunnar að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Athyglisvert er að báðir bankarnir neituðu að ákvæði jafnréttislaga væru brotin í þessu efni. Þó að málinu hafi verið fylgt fast eftir, m.a. af Jafnréttisstofu, er lítið vitað um hvort nokkur leiðrétting hafi fengist á þessum mismun á bifreiðastyrkjum í bankakerfinu. Sama gildir um mörg önnur álit sem kærunefnd hefur afgreitt frá sér.

Stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að jafnréttislögum sé framfylgt. Jafnréttislög kveða á um að jafnréttissjónarmiða skuli gætt á öllum sviðum samfélagsins og að unnið sé að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku. Reynslan sýnir að ákvæðið um kærunefnd virkar ekki eins og til var ætlast, því að veruleg undanbrögð eru á því að álit nefndarinnar séu virt. Frumvarp þetta á að bæta úr þeirri brotalöm. Norðurlöndin hafa vakið athygli víða fyrir framsýni og baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og öll kappkostað að ganga eins langt í löggjöf og hægt er til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna. Með samþykkt þessa frumvarps væri framkvæmd þessa ákvæðis jafnréttislaganna færð nær því sem er annars staðar á Norðurlöndunum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd.

286. Svar [179. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um inn- og útflutning eldisdýra.

1. *Hafa eldisdýr verið flutt til landsins frá því að bráðabirgðalögin um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim voru undirrituð af forseta Íslands 1. júlí sl. og ef svo er, hve mikið af eldisdýrum og hvaða tegundir?*

Já. Það eina sem flutt hefur verið inn er ferskvatnsrækja (Macrobrachium rosenbergii), sem flutt hefur verið inn á vegum Orkuveitu Reykjavíkur frá rækjueldisstöð á Nýja-Sjálandi. Umsóknarferillinn fyrir innflutninginn hófst árið 1999, fisksjúkdómanefnd fór ítarlega yfir allt málið og sendi m.a. fulltrúa sinn, dýralækni fisksjúkdóma, í vettvangskönnun. Þær sendingar sem komið hafa eftir að bráðabirgðalögin voru sett eru samtals fjórar, 12. júlí, 18. september, 2. október og 23. október 2003. Samtals hafa komið 1.707 lifandi rækjur. Öllum rækjum er haldið í sérstakri einangrunarstöð í Höfnum á Reykjanesi.

2. *Hve mikið af eldisdýrum og af hvaða tegundum hefur verið flutt út frá Íslandi frá því að bráðabirgðalögin tóku gildi?*

Það sem flutt hefur verið út af eldisdýrum/erfðaefnum eru laxahrogn og lifandi lúðuseiði.

Sendingar af laxahrognum eftir 1. júlí sl. eru eftirfarandi í réttri tímaröð:

1. 29. júlí 2003: 320.000 hrogn (um 62 lítrar) af laxahrognum til Írlands.
2. 7. ágúst 2003: 630.000 hrogn (um 121 lítri) af laxahrognum til Skotlands.
3. 21. ágúst 2003: 105.000 hrogn (um 20 lítrar) af laxahrognum til Írlands.

Sendingar af lifandi lúðuseiðum eftir 1. júlí sl. eru eftirfarandi í réttri tímaröð:

1. 7. júlí 2003: 37.000 stk. (5,5 grömm) til Noregs.
2. 10. júlí 2003: 37.000 stk. (5,5 grömm) til Noregs.
3. 25. júlí 2003: 32.000 stk. (6 grömm) til Noregs.
4. 30. júlí 2003: 30.000 stk. (6,7 grömm) til Noregs.
5. 19. ágúst 2003: 21.000 stk. (6 grömm) til Noregs.

Vakin er sérstök athygli á því að mikill afturkippur kom í allan útflutning eftir 18. júní sl., bæði á laxahrognum og lúðuseiðum, þegar boð komu frá Brussel um að þjóðir á EES-svæðinu mættu ekki flytja inn eldisdýr/erfðaefni frá Íslandi.

Þetta varð til þess að afpantaður var fjöldi hrognasendinga sem fara áttu til Skotlands og Írlands. Öll hrognin voru undan foreldrafiski sem kreistur var í vor. Í október hófst svo næsta kreisting og er reiknað með að næsta útflutningslota byrji í desember og standi fram á árið 2004. Einnig hefst útflutningur til Chile aftur í ársbyrjun 2004 eins og undanfarin ár.

Áætlað hafði verið að senda nokkra tugi þúsunda lúðuseiða til Skotlands í lok júní og byrjun júlí, en kaupendurnir hættu við. Áformin hafa nú breyst aftur og eru áætlaðar sendingar í lok þessa árs. Þá var ákveðið að sending færi til Noregs 30. október.

3. *Hvert er verðmæti þessa útflutnings í krónum talið?*

Heildarverðmæti þessa útflutnings janúar–ágúst 2003 nam um 159 millj. kr., samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en áætlanir útflytjenda gera ráð fyrir að heildarverðmætið nemi 570–650 millj. kr. árið 2003.

287. Svar [192. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um framleiðslu sauðfjárafurða.

1. *Hefur markmiði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, um uppkaup á 45.000 ærgildum að lágmarki, verið náð?*
   Já, þessu markmiði samningsins var náð um mitt ár 2002.

2. *Hafa uppkaupin stuðlað að því að færa framleiðslu sauðfjárafurða sem næst neyslu innan lands?*
   Já, uppkaupin hafa stuðlað að því. Neysla sauðfjárafurða hefur hins vegar haldið áfram að minnka undanfarin ár og framleiðsla er umfram eftirspurn á innlendum markaði.

3. *Hefur umfang heimaslátrunar og sala lambakjöts á svörtum markaði verið rannsakað?*
   Með vísan til 5. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, er eigendum lögbýla heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Ef heimaslátrun er hins vegar stunduð til að selja lambakjöt á svörtum markaði er það ólöglegt athæfi. Eftirlit með slíku er í höndum lögregluyfirvalda á hverju svæði fyrir sig.

4. *Hefur farið fram könnun á umfangi framleiðslu framleiðenda án beingreiðsluréttar og áhrifum hennar á stöðu framleiðenda með beingreiðslurétt?*
   Umfang framleiðslu framleiðenda á beingreiðsluréttar liggur fyrir, sjá svar við 6. tölul. fyrirspurnarinnar. Áhrif framleiðslu framleiðenda án beingreiðsluréttar geta þó vart talist mikil miðað við heildarframleiðslu sauðfjárafurða.

5. *Hver er réttur aðila sem framselt hefur beingreiðslurétt sinn til annars lögbýlis en heldur engu síður áfram framleiðslu til markaðssetningar sauðfjárafurða innan lands?*
   Aðilaskipti að greiðslumarki sauðfjár eru heimil samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Sá sem framselt hefur allt greiðslumark sauðfjár til eiganda annars lögbýlis nýtur ekki beingreiðslna úr ríkissjóði. Þær greiðast á grundvelli greiðslumarks og tiltekinnar sauðfjáreignar með ákveðnum undanþágum en réttur til beingreiðslna er ekki framleiðslutengdur. Hafi aðili selt hluta greiðslumarksins getur hann notið beingreiðslna á grundvelli þess hluta greiðslumarksins sem er enn í eigu hans, ef uppfyllt eru önnur skilyrði laganna. Í íslenskri löggjöf eru hins vegar engin ákvæði sem koma í veg fyrir að sá sem hefur selt allt greiðslumark sauðfjár, eða hluta þess, geti framleitt sauðfjárafurðir til markaðssetningar innan lands í því magni sem hann óskar. Honum er þó skylt að flytja út sama hlutfall af framleiðslunni og aðrir sauðfjárframleiðendur eða greiða útflutningsgjald með sama hætti og þeir, en uppgjör á því annast sláturleyfishafar í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 99/1993.

6. *Hefur verið gerð könnun á magni þeirra sauðfjárafurða sem koma á innanlandsmarkað frá framleiðendum án beingreiðsluréttar?*
   Oft eru margir á sama býli skráðir innleggjendur sauðfjárafurða. Innleggjendur eru því töluvert fleiri en lögbýli með greiðslumark. Lögbýli með virkt greiðslumark árið 2002 voru 1.973 en 2.059 á árinu 2001. Árið 2002 komu 95% framleiðslunnar frá þessum búum, eða

8.672 tonn. Frá 351 lögbýli án greiðslumarks komu 314 tonn og frá framleiðendum utan lögbýla komu 32 tonn.

288. Skýrsla [115. mál]

forsætisráðherra um störf einkavæðingarnefndar, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Með beiðni (á þskj. 115) frá Guðjóni A. Kristjánssyni og fleiri alþingismönnum er þess farið á leit að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um störf einkavæðingarnefndar fram til 1. október 2003.

Í maí 2003 gaf framkvæmdanefnd um einkavæðingu út skýrslu um einkavæðingu frá 1999. Frá því að skýrslan kom út hefur eitt ríkisfyrirtæki verið selt, þ.e. Sementsverksmiðjan hf. Ríkisendurskoðun yfirfór vinnubrögð framkvæmdanefndar um einkavæðingu við undirbúning á sölu hlutabréfa ríkisins í einu þeirra fyrirtækja sem seld voru á tímabilinu.

Framangreind skýrsla um einkavæðingu 1999–2003, fréttatilkynning um sölu Sementsverksmiðjunnar hf., dags. 2. október 2003, og greinargerð Ríkisendurskoðunar um útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf., dagsett í október 2002, eru öllum aðgengilegar á vefsetri forsætisráðuneytisins á netinu: forsaetisraduneyti.is.

289. Fyrirspurn [258. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig hafa lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs þróast frá setningu laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins?
2. Hafa þau markmið náðst að lífeyrisskuldbindingar ríkisins ykjust ekki eins og að var stefnt með lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins?
3. Hefur árlega verið metið tryggingafræðilega hver iðgjaldaprósenta launagreiðanda þurfi að vera til að sjóðurinn eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum? Hefur verið lagt til að prósentunni verði breytt?
4. Hvernig munu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs breytast á þessu ári miðað við fyrirliggjandi upplýsingar?
5. Hvernig er líklegt að staðan verði árið 2005 miðað við óbreytta þróun?
6. Hversu háar fjárhæðir hafa verið veittar úr ríkissjóði vegna lífeyrisskuldbindinga hans á síðustu árum?

Skriflegt svar óskast.

290. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, og l. nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Sigríði Norðmann og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Gunnar Snorra Gunnarsson, Finn Þór Birgisson og Martin Eyjólfsson frá utanríkisráðuneyti, Ragnhildi Helgadóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Eirík Tómasson frá Háskóla Íslands, Halldór Runólfsson og Gísla Jónsson frá embætti yfirdýralæknis, Þórólf Antonsson frá Veiðimálastofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Vigfús Jóhannsson frá Stofnfiski, Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Arnar Jónsson frá Fiskey, Fiskeldi Eyjafjarðar, Þorstein Þorsteinsson og Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Orra Vigfússon frá NASF, verndarsjóði villtra laxastofna, og Stefán Má Stefánsson frá Háskóla Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir og gögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Veiðimálastofnun, veiðimálastjóra, fisksjúkdómanefnd, embætti yfirdýralæknis, dýralækni fisksjúkdóma, Fiskistofu, NASF, verndarsjóði villtra laxastofna, Margot Wallström, ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn ESB, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Bændasamtökum Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru 1. júlí sl. og breyttu lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og til að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenskan rétt en þeirri tilskipun hefur verið breytt með tilskipunum 93/54/EB, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB og eru allar þessar tilskipanir hluti af EES-samningnum skv. 1. viðauka við hann og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998.

Tilskipun 91/67/EBE tekur til inn- og útflutnings innan EES og innflutnings frá löndum utan EES á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum frá eldisstöð að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð. Tilskipunin kveður á um hvaða skilyrði skuli setja um heilbrigði dýra en þau hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða í viðskiptum milli landa og svæða og notkun flutningstækja vegna slíks flutnings. Tilgangurinn er að efla ræktun og markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða á innri markaði bandalagsins og að innleiða samræmdar reglur innan Evrópusambandsins um eftirlit með fisksjúkdómum og varnir gegn þeim og um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á síðustu dögum 128. löggjafarþings og taldi nefndin frumvarpið mjög umdeilt, viðamikið og þarfnast ítarlegrar skoðunar og vandaðrar þinglegrar meðferðar. Eftir að hafa átt fundi með nokkrum hagsmunaaðilum taldi nefndin ekki unnt að ljúka málinu á síðustu dögum þingsins án þess að veita hagsmunaaðilum færi á að vinna ítarlegar umsagnir um málið og senda nefndinni. Fyrir nefndinni liggur nú fjöldi umsagna og gagna frá hagsmunaaðilum.

Á þessu þingi hefur nefndin tekið til athugunar bæði formlegan þátt málsins, þ.e. setningu bráðabirgðalaganna sl. sumar og efnislega þáttinn sem er þríþættur og varðar sjúkdómavarnir, erfðafræðileg og vistfræðileg málefni.

Meiri hlutinn telur að við samningu frumvarpsins hafi ekki verið nægilega gætt að ákvæði 1. mgr. 36. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, þar sem segir að hverju frumvarpi skuli fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum þess.

Þá óskaði nefndin eftir lögfræðilegri álitsgerð frá Ragnhildi Helgadóttur, lektor í Háskólanum í Reykjavík, varðandi það hvort brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalögin nr. 103/2003 og er niðurstaða hennar sú að með henni hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991 með hliðsjón af lögskýringargögnum með stjórnskipunarlögum nr. 56/1991, sem breyttu 28. gr., og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar. Hún telur hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða sé ekki vafalaus. Þá fékk nefndin Eirík Tómasson prófessor á sinn fund og taldi hann setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik.

Nefndin fór mjög ítarlega yfir efnislega hlið málsins sem er þríþætt eins og áður sagði og óskaði eftir umsögn umhverfisnefndar Alþingis um umhverfisþátt málsins, sérstaklega til að leita leiða til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem komu fram í fjölda umsagna um málið, m.a. um hættu á óafturkræfum vistfræðilegum breytingum og hættu á að staðbundnir stofnar glati líffræðilegri fjölbreytni. Álit umhverfisnefndar er birt sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu og þar kemur fram að nefndin tekur undir það að nauðsynlegt sé að fara varlega í að heimila innflutninginn. Leggur hún einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslenskum laxfiskum sé verndaður. Þá tekur nefndin einnig fram að í þeim gögnum sem borist hafa komi fram upplýsingar um að ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi einnig lagt á það ríka áherslu að líffræðileg fjölbreytni sé varðveitt. Því sé mikilvægt að fyllstu varúðar sé gætt þegar tegundir eru fluttar á milli svæða til að draga úr hættunni á að tegundir með mismunandi erfðaeiginleika blandist hver annarri.

Frumvarpið varðar sjúkdómavarnir á Evrópska efnahagssvæðinu en samningurinn sjálfur er viðskiptalegs eðlis og tekur ekki til auðlindastjórnunar og náttúruverndar. Umrædd tilskipun varðar frjálst flæði vöru milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu og er ætlað skv. 1. gr. að taka á heilbrigði eldisdýra í sambandi við markaðssetningu fiskeldisdýra og -afurða. Þó er tekið fram í 2. mgr. sömu greinar að tilskipunin gildi með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda. Hagsmunirnir sem í húfi eru og snúast um verndun tegunda, staðbundinna stofna og líffræðilegrar fjölbreytni eru sameiginlegir hagsmunir allra ríkja og eru alþjóðasamningar til marks um það, svo sem Ríósamningurinn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu.

Þá ber enn fremur að gæta að 13. gr. EES-samningsins sem tekur til viðskiptahindrana á sviði frjálsra vöruflutninga og heimilar að leggja megi bönn eða höft á innflutning, útflutning eða umflutning vara sem m.a. réttlætast af vernd lífs og heilsu manna eða dýra, gróðurvernd eða vernd þjóðarverðmæta. Enn fremur er tekið fram að slík bönn eða höft megi þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Á fundum nefndarinnar og í fjölmörgum umsögnum um frumvarpið hafa hagsmunaaðilar varað mjög eindregið við því að heimila innflutning á eldisdýrum, sérstaklega laxfiski, þar sem sjúkdómaeftirlit sé mjög erfitt viðfangs og þekking á sjúkdómum ekki slík að öruggt

megi telja að ekki leynist sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisdýrum og vökva sem þau eru flutt í. Þá hefur verið bent á að eldisdýrin geta sloppið og blandast staðbundnum stofnum og að framandi lífverur geti einnig sett einangruð og staðbundin vistkerfi í uppnám. Þá verður erfðablöndun þannig að erfðaeiginleikar staðbundinna stofna geta glatast og við það glatast stofnar sem aðlagast hafa aðstæðum í umhverfi sínu við náttúruval í mörg hundruð ár. Þar með tapast líffræðilegur fjölbreytileiki og ef til vill mikilvæg þjóðarverðmæti.

Bent hefur verið á að hér á landi eru einungis sex tegundir ferskvatnsfiska en í Noregi eru þær t.d. fjörutíu og tvær og enn fleiri á meginlandi Evrópu. Sama gildir um aðrar tegundir lagardýra, svo sem skordýr, krabbadýr og lindýr. Vegna þessa er lífríki Íslands viðkvæmt fyrir breytingum og getur innflutningur nýrra lífvera verið mjög varasamur. Þetta á við um fisktegundir, krabbadýr eða lindýr sem geta sloppið úr eldi eða verið sleppt út í íslenska náttúru og hugsanlega valdið ómetanlegum og óafturkræfum vistfræðilegum breytingum og skaða. Gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi og hætta á ómetanlegum skaða í íslenskri náttúru. Einnig geta verið í húfi erfðaauðlindir framtíðarinnar fyrir fiskeldi ef líffræðilegi fjölbreytileikinn glatast.

Að teknu tilliti til framangreindra umhverfis- og verndarsjónarmiða telur meiri hlutinn nauðsynlegt, með hliðsjón af umsögn umhverfisnefndar og þrátt fyrir fjölmörg ákvæði í gildandi lögum um verndun staðbundinna stofna, að leggja til að við frumvarpið verði bætt öryggisákvæði. Í ákvæðinu felst að landbúnaðarráðherra fær heimild til þess að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum dugi ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna, sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt hinum náttúrulegu stofnum í hættu.

Til grundvallar ákvörðun ráðherra þarf að liggja vísindalegt álit Veiðimálastofnunar um nauðsyn aðgerða til verndar lífi og heilsu manna eða dýra og rök fyrir því að markmiðinu verði einungis náð með takmörkun eða banni við innflutningi, þ.e. að ekki sé hægt að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu með vægari aðgerðum og að þær feli ekki í sér gerræðislega mismunun og dulin höft á viðskiptum milli aðildarríkja EES-samningsins. Fyrir takmörkun eða banni þurfa að liggja vísindaleg rök sem sýna fram á að sérstök hætta sé á að innflutningur sé t.d. líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma, hætt sé við blöndun við staðbundna náttúrulega stofna þannig að erfðaeiginleikar gætu glatast eða hætta steðji að staðbundnum vistkerfum þar sem ekki liggi fyrir vísindalegar rannsóknir á hættu samfara innflutningi.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að 62. gr. laga um lax- og silungsveiði verði breytt þannig að varðandi skilyrði til rekstrarleyfis fiskeldis og hafbeitar og umsagnarferil þurfi veiðimálastjóri ekki eingöngu að leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- og hafbeitarstöðvar gefi tilefni til hættu á erfðablöndun og/eða neikvæðum vistfræðilegum áhrifum heldur þurfi einnig að líta til þess hvort fyrirhugaðar eldistegundir eða eldisaðferðir gefi tilefni til þessarar hættu.
2. Meiri hlutinn telur þarflaust að nefna dæmi um einstök flutningstæki í frumvarpinu og leggur til að orðalaginu verði breytt.
3. Meiri hlutinn leggur til að skilgreining frumvarpsins á eldisdýrum verði tekin upp í lög um innflutning dýra eins og í lögin um lax- og silungsveiði.
4. Meiri hlutinn telur það til einföldunar að sama regla gildi um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, og um innflutning annarra eldisdýra. Þá þykir meiri hlutanum rétt að taka fram til skýringar í

greininni að um notkun slíkra innfluttra fiska til fiskeldis, fiskræktar eða hafbeitar gildi ákvæði IV. kafla laganna, um veiðistjórn lax- og göngusilungs og fiskrækt, og ákvæði IX. kafla um fiskeldi og hafbeit, þar sem m.a. er fjallað um skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis o.fl. en ákvæði annarra kafla laganna gilda engu að síður um innflutninginn.

5. Þá leggur meiri hlutinn til að sett verði sérstakt öryggisákvæði þar sem landbúnaðarráðherra er heimilað að takmarka eða banna innflutning á laxfiskum til að koma í veg fyrir blöndun á staðbundnum stofnum og vistfræðilega og erfðafræðilega hættu, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar.
6. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að leitað verði umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins áður en veitt er leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur það hlutverk, sbr. 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, með síðari breytingum, að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði á breiðum grunni og veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um nýtingu þeirra. Nefndin fjallar ekki einungis um búfjárstofna og ferskvatnsfiska heldur einnig um húsdýr, nytjajurtir og tré.
7. Loks leggur meiri hlutinn til að fyrirvari um reglugerðir í gildistökuákvæðinu verði felldur brott þar sem reglugerðirnar hafa þegar verið settar og þeim verður breytt til samræmis við frumvarpið verði það að lögum.

Alþingi, 4. nóv. 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. Magnús Stefánsson. Einar Oddur Kristjánsson.

Guðmundur Hallvarðsson. Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal I.

Álit umhverfisnefndar Alþingis.

Umhverfisnefnd hefur borist bréf landbúnaðarnefndar dags. 21. október sl. þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa sérstaklega að umhverfissjónarmiðum í 111. máli, frumvarpi til breytinga á lögum um lax- og silungsveiði o.fl.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Guðmund B. Helgason og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Gísla Jónsson, dýralækni fisksjúkdóma, Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Þorstein Þorsteinsson frá Verndarsjóði villtra laxa, Tuma Tómasson, forstöðumann Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun og Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga. Við umfjöllun málsins studdist nefndin við umsagnir og önnur gögn sem bárust þegar sama mál var til umræðu á 128. löggjafarþingi auk gagna sem borist hafa á þessu þingi.

Það mál sem hér um ræðir var einnig lagt fram á 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt þá. Með frumvarpinu voru lagðar til breytingar á lögum til að lögfesta ákvæði tilskipunar 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra. 1. júlí sl. voru samþykkt bráðabirgðalög þar sem ákvæði frumvarpsins voru lögtekin og frumvarpið nú lagt fram til að staðfesta bráðabirgðalögin. Um er að ræða breytingar á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með bráðabirgðalögunum var gerð breyting á framangreindum lögum þannig að innflutningsbanni á eldisdýrum og lifandi laxfiski og öðrum fiski er lifir í fersku vatni var aflétt en innflutning-

ur þeirra skyldi háður reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Að auki var bætt við ákvæði sem heimilar takmarkanir á inn- og útflutningi ef sjúkdómahætta er fyrir hendi.

Frumvarp þetta er einkum samið með tilliti til viðskiptahagsmuna Íslands og þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem tengjast þeim sem og sjúkdómavörnum. Við umfjöllun málsins, bæði á 128. löggjafarþingi og yfirstandandi þingi, hafa hins vegar margir aðilar látið í ljósi áhyggjur af áhrifum þess að innflutningsbanni á fiski, einkum laxi, sé aflétt. Auk þess sem bent hefur verið á að sjúkdómar geti borist með viðkomandi innfluttri tegund og herjað í framhaldinu á innlendar tegundir hefur verið bent á fleiri áhættuþætti. Fagstofnanir hafa bent á hættuna á því að framandi eldisdýr geti sloppið inn á skilgreint eldissvæði og blandast þeim innlendu stofnum sem þar eru fyrir. Það hafi í för með sér erfðablöndun og erfðaeiginleikar innlendra stofna geti af þessum sökum glatast og þar með stofnar sem eru aðlagaðir aðstæðum í umhverfi sínu í gegnum náttúruval. Við þetta geti líffræðilegur fjölbreytileiki tapast og ef til vill mikilvægir nytjastofnar. Sömu aðilar hafa einnig bent á hættuna á því að framandi lífverur geti raskað því lífkerfi sem fyrir er. Nefndin tekur undir það að nauðsynlegt sé að fara varlega í að heimila innflutninginn. Leggur hún einkum áherslu á að líffræðilegur fjölbreytileiki í íslenskum laxfiskum sé verndaður. Þá vill nefndin taka fram að í þeim gögnum sem nefndunum hafa borist koma fram upplýsingar um að ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig lagt á það ríka áherslu að líffræðileg fjölbreytni sé varðveitt. Því sé mikilvægt að fyllstu varúðar sé gætt þegar tegundir eru fluttar á milli svæða til að draga úr hættunni á að tegundir með mismunandi erfðaeiginleika blandist hver annarri.

Rætt var um þýðingu ákvæðis 13. gr. EES-samningsins fyrir innflutningsbannið og hvort hægt væri að lögfesta ákvæði um vernd íslenskra laxfiska á grundvelli 2. mgr. 1. gr. umræddrar tilskipunar en þar segir að hún hafi ekki áhrif á reglur um verndun tegunda samkvæmt landslögum eða EB-rétti. Að mati nefndarinnar heimila framangreind ákvæði að sérstök verndarákvæði séu í löggjöf einstakra landa. Jafnframt má minna á að Ísland er aðili að Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og er skuldbundið til að hlíta ákvæðum þeirra. Ýmis ákvæði eru í gildandi lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og náttúruverndarlögum sem eru til þess fallin að vernda staðbundna laxfiska hér á landi. Telur nefndin ástæðu til að árétta þau enn frekar.

Fyrir liggur að Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða tilskipun 91/67/EBE í íslenska löggjöf. Var það gert með bráðabirgðalögunum sem frumvarpi þessu er ætlað að staðfesta. Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands lítur nefndin svo á að ekki verði komist hjá því að innleiða tilskipunina hér á landi. Vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi telur hún þó að þörf sé á skýrara ákvæði um verndun innlendra laxfiska. Nefndin leggur því til að landbúnaðarnefnd bæti við ákvæði í frumvarpið sem tryggi enn betur þá vernd.

Alþingi, 3. nóv. 2003.

Sigríður A. Þórðardóttir, formaður.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.
Gunnar Birgisson.
Ásta Möller.
Einar Karl Haraldsson.
Kjartan Ólafsson.
Þórarinn E. Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Sigurður Guðjónsson,
Veiðimálastofnun.

Um gerð og eðli íslenskra ferskvatnsvistkerfa. Möguleg vistfræðileg og erfðafræðileg áhrif af innflutningi lagardýra.

Vistfræði

Íslensk ferskvatnsvistkerfi eru afar fjölbreytileg að gerð og eðli. Því veldur fjölbreytileg jarðmyndun landsins. Jarðmyndanir eru mjög ólíkar að gerð, frá allgömlu blágrýtisbergi upp í ung hraun. Eiginleikar vatna eru mjög mismunandi eftir gerð og eðli berggrunnsins sem einnig hefur afgerandi áhrif á landslag. Á blágrýtissvæðum landsins eru dragár ríkjandi þar sem ár falla frá bröttu fjalllendi til sjávar, en einnig svokölluð heiðavotlendisvötn sem renna um flatar jökulmórenur um ótal tjarnir og vötn í grónu votlendi. Á yngri hluta landsins eru bæði dragár á móbergssvæðum svo og lindár. Þessi jarðfræðilega umgjörð skapar, auk ólíkra veðurskilyrða, mjög fjölbreytilegt umhverfi í fersku vatni.

Hér á landi eru afar fáar tegundir lífvera. Því veldur lega landsins fjarri öðrum löndum og sá jarðsögulega stutti tími sem liðinn er frá síðustu ísöld. Við höfum því einstaka þróunarfræðilega umgjörð þar sem fáar tegundir lífvera aðlagast í afar fjölbreyttu umhverfi. Því er lífríki landsins mjög sérstakt og í sumum tilfellum algerlega einstakt. Má í því sambandi nefna vatnakerfi sumra lindáa sem vart eiga sinn líka í veröldinni.

Sem dæmi þá eru hér einungis 6 tegundir ferskvatnsfiska meðan til dæmis 42 tegundir finnast í Noregi og enn fleiri á meginlandi Evrópu. Sama gildir um aðrar tegundir lagardýra, svo sem skordýr, krabbadýr og lindýr. Vegna þessa er lífríki Íslands jafnframt viðkvæmt fyrir breytingum eins og innflutningi lífvera.

Innflutningur lífvera sem ekki finnast hér er mjög varasamur. Þetta á við um fisktegundir, krabbadýr eða lindýr sem síðan sleppa úr eldi eða er sleppt út í íslenska náttúru og geta valdið ómetanlegum og óafturkræfum vistfræðilegum breytingum og skaða.

Erfðafræði

Íslenskir ferskvatnsfiskar hafa þróast hér í einangrun frá síðustu ísöld. Í 10 árþúsundir hafa stofnar þessara tegunda aðlagast í sínu umhverfi. Rannsóknir hafa sýnt að stofnar laxfiska (lax, urriði, bleikja) hafa myndast og þróast í hverju vatnakerfi. Í stærri vatnakerfum geta verið margir slíkir stofnar. Þessi stofnar eru ólíkir að arfgerð öðrum slíkum stofnum og skyldleiki þeirra dvínar með vaxandi fjarlægð. Þannig eru erlendir laxastofnar ólíkir íslenskum laxastofnum að erfðum. Okkar fáu tegundir nýta búsvæði sem ella væru nýtt af öðrum tegundum og mynda enn fleiri stofna en þar sem margar tegundir eru. Þannig verða til margir stofnar í sama vatni og er þekktasta dæmið margar stofngerðir bleikju í Þingvallavatni. Fleiri dæmi eru til staðar en ekki öll jafn sýnileg. Þannig eru margir erfðafræðilega ólíkir laxastofnar í stærri vatnakerfum.

Rannsóknir sýna að erlendir stofnar fiska eru ólíkir íslenskum fiskstofnum í arfgerð. Innflutningur slíkra framandi stofna, sem síðan geta sloppið eða beinlínis verið sleppt á skilgreint eldissvæði, blandast þeim innlendu stofnum sem fyrir eru. Um þetta eru til mörg dæmi. Verður þar með erfðablöndun og geta erfðaeiginleikar innlendra stofna glatast og þar með stofnar, sem eru aðlagaðir aðstæðum í umhverfi sínu, í gegnum mörg þúsund ára náttúruval. Við þetta tapast líffræðilegur fjölbreytileiki og ef til vill mikilvægir nytjastofnar. Þarna eru

gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi auk ómetanlegs skaða á íslenskri náttúru. Einnig eru í húfi erfðalindir framtíðarinnar fyrir fiskeldi ef fjölbreytileikanum er eytt. Nýlegar rannsóknir í Bretlandi (Oxford) sýna að eldislax á mun auðveldara með að hrygna í náttúrunni og blandast náttúrulegum laxi en haldið var áður. Þar með hefur hættan af eldislaxi sem sleppur úr eldi og leitar í ár verið stórlega vanmetin. Ný rannsókn háskólanema í Færeyjum sýnir einnig að mun meira sleppur af eldislaxi en áður hefur verið talið. Þá er nýbirt ritrýnd vísindagrein margra ára rannsókna á Írlandi sem sýna að erfðblöndun dregur úr hæfni lax til að lifa í umhverfi sínu og getur leitt til útdauða stofnsins. Niðurstöður þessa nýju rannsókna benda til að hættur fyrir náttúrulega stofna samfara laxeldi (fiskeldi) sé mun meiri en áður var talið.

Sjúkdómar og sníkjudýr

Sjúkdómar lagardýra eru sumir staðbundnir sem og sníkjudýr. Í náttúrunni hafa dýr aðlagast sýklum og sníkjudýrum svæðisins að einhverju leyti. Flutningur dýra bíður þeirri hættu heim að framandi sýklar berist í nýtt umhverfi, þar sem ekkert mótefni er til hjá dýrastofnum svæðisins. Þekking manna á sýklum og sníkjudýrum lagardýra, sem og faraldsfræði þeirra er takmörkuð. Þessi sýklar og sníkjudýr geta magnast í eldi, þar sem mikill lífmassi er á litlu svæði. Meðhöndlun sjúkdóma og mótefnaframleiðsla gegn ákveðnum sjúkdómum hefur hins vegar tekið framförum. Sú þekking nægir hins vegar engan veginn til að tryggja að ekki verði stórslys við flutning lagardýra þannig að smitberar berist í eða á dýrunum eða í eldisvökva þeirra. Umrædd tilskipun (EB 91/67) leitast við að taka á þeirri hættu, en benda verður á að sjúkdómaeftirlit er erfitt viðfangs og er bæði þekking og greiningaraðferðir dýrasjúkdóma ekki á því stigi að öruggt megi telja að ekki leynist sjúkdómar í eldisdýrum eða í eldisvökva. Sama gildir um sníkjudýr. Mörg dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma t.d. í fiskum sem borist hafa á milli landa í dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði. Þarna er því einnig mikil áhætta tekin bæði fyrir íslenskt fiskeldi og náttúrulega stofna.

291. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, og l. nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, EOK, GHall, BJJ).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar“ í 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: eða fyrirhugaðar eldistegundir eða eldisaðferðir.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Notkun flutningstækja og búnaðar sem tengdur er þeim skal háð skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   79. gr. laganna orðast svo:
   Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gildir 2. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Um notkun slíkra innfluttra fiska til fiskeldis, fiskræktar eða hafbeitar gilda ákvæði IV. og IX. kafla laga þessara.

4. Á undan 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:
   Eldisdýr: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
5. Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum dugi ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.
6. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: erfðanefndar landbúnaðarins.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

292. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: skipum eða loftförum allt til 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 127. löggjafarþingi og aftur á 128. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt nú. Málið var sent til umsagnar á 128. þingi og voru flestar umsagnir sem bárust almennt jákvæðar.

Mikill vandi steðjar nú að í höfnum landsins. Úrelt skip og úr sér gengin liggja þar í stórum stíl, taka pláss í höfnunum, valda eigendum skipanna og höfnunum fjárhagstjóni og geta jafnvel verið hættuleg. Engin úrræði hafa fundist til þess að farga þessum skipum samkvæmt heimildum í gildandi lögum. Fjárhagslegar forsendur hafa ekki verið fyrir hendi svo hægt væri að búta skipin niður og koma þeim í brotajárn. Fyrir vikið er smám saman að hlaðast upp illviðráðanlegt vandamál sem nú er orðið mjög brýnt að taka á.

Það gerir vandann verri viðureignar að í ýmsum tilvikum finnst vart eigandi að þessum bátum og skipum. Fyrirtæki koma og fara og í nokkrum tilvikum eru fyrirtækin sem áttu

skipin nú gjaldþrota. Eftir stendur að skipin eru í höfnunum, valda kostnaði og óþægindum og taka dýrmætt pláss.

Verulegt fjármagn fer til hafnargerðar og er eðlilegt að gerð sé krafa um að sú fjárfesting nýtist sem best. Kostnaður við gerð viðlegukanta er verulegur. Við athugun umhverfisnefndar Hafnarsambands sveitarfélaga dagana 4.–7. desember 2000 kom í ljós að í höfnum landsins voru 158 verkefnalaus skip, þar af 88 fiskibátar, 14 skuttogarar, 38 smábátar og 20 önnur skip. Talið var að í þessum bátum væru um 70 þúsund tonn af járni. Kostnaður við förgun stálskipa er nú talinn vera um 15 kr. á hvert tonn. Ef þessi skip og bátar lægju hver fram af öðrum tækju þeir upp um 5 km af viðlegurými, en 2–3 km ef um algenga viðlegu væri að ræða þar sem bátar liggja hver utan á öðrum.

Nauðsynlegt er hins vegar að taka fram að þessi skip eru í mörgum tilvikum fjarri því að vera í reiðileysi. Mörg þeirra hafa einfaldlega ekki verkefni af ýmsum ástæðum og eigendur þeirra eru að kanna sölumöguleika. Eigi að síður er ljóst að ýmis þeirra bíða einfaldlega förgunar, en lög koma hins vegar í veg fyrir að henni verði við komið nema með gríðarlegum kostnaði. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um stjórn fiskveiða, í kjölfar svonefnds Valdimarsdóms í árslok 1998, hafa enn aukið vandann og er augljóst að hann mun að óbreyttu vaxa á næstu árum. Því er brýnt að bregðast við.

Auk þeirrar leiðar sem bent er á í frumvarpinu má hugsa sér að skipin væru send úr landi til förgunar, eða sérstaklega greitt fyrir förgun þeirra. Þá þarf að finna aðila sem getur tekið slíkt að sér og væntanlega þarf að bjóða verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta mundi kosta verulegt fé og því óhjákvæmilegt að finna leið til þess að standa undir því. Ekki er ólíklegt að upp kæmi hugmynd um förgunargjald sem útgerðir þyrftu að greiða, líkt og förgunar-, endurnýtingar- og spilliefnagjöld þau sem innheimt eru af einstaklingum og atvinnurekstri. Má ætla að þetta gjald þyrfti að vera umtalsvert til þess að standa undir kostnaði við förgun hérlendis eða erlendis.

Sú aðferð sem bent er á í frumvarpinu er tímabundin leið og án efa langtum hagkvæmari en aðrar aðferðir til að leysa vandann. Benda má á að nágrannar okkar, svo sem Norðmenn, hafa farið þessa leið.

Samkvæmt hinum svokallaða OSPAR-samningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998, er varp skipa í hafið heimilað til 31. desember 2004. Þegar flutt var stjórnarfrumvarp árið 1996 um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var ætlunin að styðjast við þessa heimild úr OSPAR-samningnum og gert ráð fyrir að Hollustuvernd gæti leyft til ársloka 2004 að farga skipum á þennan hátt. Alþingi ákvað hins vegar að fella brott heimildina, án þess að það væri í raun rökstutt í nefndaráliti.

Hér er hins vegar lagt til að tekið verði upp það fyrirkomulag sem stjórnarfrumvarpið frá árinu 1998 gerði ráð fyrir og OSPAR-samningurinn heimilar. Eðlilegt er að í reglugerð verði nánar kveðið á um útfærslu þessa ákvæðis. Þar þarf að kveða á um að öll mengandi efni séu fjarlægð áður en skipum eða bátum er sökkt í sæ, enn fremur að fyrir fram séu ákveðin þau svæði þar sem bátarnir mega liggja og þess gætt að þeir séu utan hefðbundinnar veiðislóðar. Þar með væri fullnægt þeirri sjálfsögðu skyldu að förgun skipanna ylli ekki mengun og um leið komið í veg fyrir að þau gætu valdið hættu á veiðislóð.

293. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um að mótmæla byggingu aðskilnaðarmúrsins í Palestínu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á framfæri við ísraelsk stjórnvöld og á alþjóðavettvangi formlegum og hörðum mótmælum gegn byggingu aðskilnaðarmúrs á palestínsku landsvæði. Sett verði fram sú krafa af Íslands hálfu að framkvæmdir við múrinn verði tafarlaust stöðvaðar og hafist handa um að fjarlægja hann.

Alþingi áréttar afstöðu sína til deilumála Ísraela og Palestínumanna, sbr. ályktun Alþingis frá 18. maí 1989.

Alþingi ályktar að íslensk stjórnvöld styðji og vinni að því fyrir sitt leyti að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent á svæðið til verndar óbreyttum borgurum.

Greinargerð.

Árið 1989 skipaði Alþingi sér í fremstu röð þjóðþinga hvað snertir einarða afstöðu til deilu Ísraela og Palestínumanna. Það gerði Alþingi með afgreiðslu sérstakrar ályktunar þar sem tekið var á stærstu ágreinings- og álitamálum sem uppi voru í deilunni. Tillögugreinin sem Alþingi samþykkti er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa áhyggjum sínum yfir því ástandi sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og telur það stöðuga ógnun við heimsfriðinn.

Alþingi skorar á ísraelsk stjórnvöld að koma í veg fyrir manndráp á varnarlausum borgurum og leggur áherslu á að þau virði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og 4. Genfarsáttmálann um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Nauðsynlegt er að báðir aðilar forðist ofbeldisverk.

Alþingi styður kröfuna um að tafarlaust verði haldin alþjóðleg friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna með þátttöku allra deiluaðila. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvor annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis. Einnig ber að viðurkenna rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO.“

Síðan Alþingi mótaði þessa framsæknu stefnu með samþykkt fyrrgreindrar ályktunar hefur því miður lítið breyst og öll sömu ágreiningsmál eru enn óleyst. Staðan hefur þar að auki versnað með áframhaldandi uppbyggingu ólöglegra landnemabyggða á herteknu palestínsku landi. Frá því að seinni uppreisn eða Intifatah Palestínumanna hófst hefur nánast ríkt stríðsástand á hverjum einasta degi á svæðinu með miklu mannfalli á báða bóga. Deila þessara þjóða er enn sem fyrr ein helsta ógnun við frið og stöðugleika í heiminum. Vegna hinna sérstöku kringumstæðna við tilurð Ísraelsríkis á palestínsku landi, af menningarlegum, sögulegum og trúarlegum ástæðum og vegna hinna daglegu mannfórna og mannréttindabrota sem heimsbyggðin verður vitni að er ástandið sem blæðandi sár á líkama alþjóðasamfélagsins. Ábyrgð þess á ástandinu er mikil og krafan um að lausn finnist að sama skapi hávær.

Ljóst er að alþjóðlegt friðargæslulið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna yrði stórt skref í þá átt að tryggja lágmarksöryggi óbreyttra borgara ef samkomulag næðist um að slíkt lið yrði sent til svæðisins. Mikilvægt er að Íslendingar skipi sér í fremstu röð þeirra þjóða sem vinna að friðsamlegri lausn og styðji við bakið á skynsamlegum tillögum þar að lútandi. Múrinn sem ríkisstjórn Ísraels er að reisa, fyrst og fremst á palestínsku landsvæði, mun magna upp ófrið milli fylkinganna en ekki draga úr honum.

Aðskilnaðarstefna ríkisstjórnar Ísraels er mikið áhyggjuefni og er það skylda þjóða heims að koma í veg fyrir að múrinn verði reistur. Bygging hans á landsvæði palestínsku þjóðarinnar er skýlaust brot á ályktunum Sameinuðu þjóðanna sem og fjórða ákvæðis Genfarsáttmálans. Ekki verður fram hjá því litið að með slíkri víggirðingu er verið að útiloka eðlilegar samgöngur milli palestínskra landsvæða og svipta fjölda fólks öllum möguleikum á að framfleyta sér með eðlilegum hætti. Verði þessi áform Ísraelsstjórnar að veruleika má búast við að ófriðurinn fyrir botni Miðjarðarhafs dragist enn frekar á langinn með hörmulegum afleiðingum fyrir báða deiluaðila og þó einkum óbreytta borgara bæði í Ísrael og Palestínu.

294. Fyrirspurn [261. mál]

til iðnaðarráðherra um sölu kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hvert er söluandvirði kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar og hvernig hefur því verið varið?

Skriflegt svar óskast.

295. Fyrirspurn [262. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurhæfingardeild fyrir krabbameinssjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu endurhæfingardeildar krabbameinssjúklinga í Kópavogi og ef svo er, á hvern hátt?
2. Verður áframhaldandi starfsemi tryggð á þeim stað sem hún er, þ.e. í Kópavogi?

296. Fyrirspurn [263. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stuðning við krabbameinssjúklinga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum sem kveða á um stuðning við þá sem hafa fengið krabbamein eða aðra sjúkdóma til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum þannig að sjálfsákvörðunarréttur og val einstaklingsins verði virt?
2. Hversu oft á undanförnum árum hafa reglur um stuðning tryggingakerfisins til kaupa á hjálpartækjum eða -vörum verið endurskoðaðar og hefur það verið gert í samráði við þá sem hlut eiga að máli, t.d. samtök kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein?
3. Hvaða ráðgjafarhópar eru hjá Tryggingastofnun í þessum málum og hversu lengi hafa þeir starfað?

297. Fyrirspurn [264. mál]

til samgönguráðherra um aðgengismál fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðherra farið að tillögum starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra frá 1999 og beitt sér fyrir því að gerð verði ítarleg úttekt á hótelum og gististöðum með tilliti til aðgengis og þjónustu við fatlaða? Ef svo er, hvað kom út úr þeirri vinnu?
2. Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að ekki var farið að tillögum starfshópsins?

298. Fyrirspurn [265. mál]

til samgönguráðherra um ferðamál fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því við Ferðamálaráð að farið verði að tillögum og ábendingum sem fram komu í skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra frá 1999 um að fram fari samræmd skráning á möguleikum fatlaðra til ferðalaga, gisti- og áningarstöðum, samgöngutækjum, afþreyingarmöguleikum o.fl. og niðurstaðan sett í aðgengilegan upplýsingabanka fyrir fatlaða?
2. Ef svo er ekki, hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við þessum tillögum og ábendingum starfshópsins?

299. Fyrirspurn [266. mál]

til dómsmálaráðherra um greiðslu bóta vegna örorku á grundvelli skaðabótalaga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað fengu margir eingreiðslur vegna varanlegrar örorku á árinu 2002 á grundvelli skaðabótalaga? Hversu mikið hefur þeim fjölgað ár frá ári sl. 10 ár?
2. Hver var heildargreiðsla vegna varanlegrar örorku á árinu 2002 á grundvelli skaðabótalaga? Hvernig hafa þessar greiðslur þróast sl. 10 ár með hliðsjón af verðlagi?
3. Hvernig var háttað dreifingu greiðslna á árinu 2002 eftir fjárhæðum bóta?

Skriflegt svar óskast.

300. Fyrirspurn [267. mál]

til dómsmálaráðherra um miskabætur til þolenda afbrota.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvenær er fyrirhugað að ákvæði laga sem tóku gildi 1996 um ábyrgð ríkissjóðs á miskabótum til þolenda afbrota komi að fullu til framkvæmda?
2. Hversu háar greiðslur hafa verið inntar af hendi til þolenda afbrota?
3. Hversu margir hafa fengið þá hámarksgreiðslu sem nú er í gildi?

301. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um formlegt samstarfs ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna möguleika þess að efna til formlegs samstarfs ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Greinargerð.

Ýmis þjónusta innan velferðarkerfisins, í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, dreifist milli ríkis, sveitarfélaga og ýmissa félagasamtaka og einstaklinga. Fyrir vikið má telja að „grá“ svæði myndist hvað varðar einstaka þætti þjónustunnar með þeim afleiðingum að gæði hennar verða ekki sem skyldi. Þá má ætla að fjármunir nýtist verr en ella fyrir vikið.

Markmið þingsályktunartillögunnar er að kanna hvort ekki geti verið skilvirkara að efna til formlegs samstarfs ríkis, sveitarfélaga og einstakra rekstraraðila á umræddu sviði, t.d. með alhliða samstarfssamningi.

Einstaklingur, sem nýtur þjónustu velferðarkerfisins, fellur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti með suma þætti, félagsmálaráðuneyti með aðra þætti, sveitarstjórnir með enn aðra þætti og nýtur þjónustu sjálfseignarstofnana, sveitarfélaga og jafnvel áhugasamra einstaklinga. Margir aðilar koma þannig að þjónustu velferðarkerfisins. Að mörgu leyti er það flókið og að sumu leyti óskilvirkt. Trú flutningsmanna er sú að með formlegu og alhliða samstarfi þessara aðila megi bæta þjónustuna og nýta fjármuni betur, ekki síst til einföldunar fyrir skjólstæðingana. Segja má að hér sé um að ræða útvíkkaða aðferð við tilraunasveitarfélög á sviði heilbrigðismála eða þjónustu við fatlaða.


Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að kannaðir verði kostir og áhugi á slíku alhliða samstarfi og þeim þá hrint í framkvæmd reynist áhugi til staðar þannig að einn rekstraraðili taki að sér að sinna þjónustunni með fjármagni og samstarfi við aðra sem málið snertir.

Í fylgiskjali má sjá teikningu Gríms Atlasonar, starfsmanns Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, þar sem dregin eru upp tengsl einstakra aðila er snerta þjónustu við fíkniefnaneytendur og geðfatlaða. Sambærilegur uppdráttur gæti átt við velferðarkerfið í heild sinni.

Fylgiskjal.

Grímur Atlason,
Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar.

Vígvöllur eða samstarf?



302. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um sýslur.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126. og 128. löggjafarþingi af sömu flutningsmönnum og endurflytja hana nú. Þau fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja hér einnig með.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. máli, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Þá er í lögum enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna, eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar, Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152), þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað

við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld – þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Það skal tekið fram vegna svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur, sbr. fylgiskjal I með máli þessu, að skv. 2. gr. núgildandi laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, skiptist landið í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, sbr. einnig reglugerð nr. 102/2001, um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Þá skal jafnframt tekið fram að nöfn á sýslum og sýslumörk er ekki lengur að finna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, né lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.

II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“. (Mbl. 9. maí 1996).

303. Svar [158. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um útflutning lambakjöts.

1. *Hve miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði til markaðssetningar á íslensku lambakjöti sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum, og hvernig hefur því fé verið ráðstafað?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Framlög í þús. kr. til markaðsfærslu á dilkakjöti erlendis árin 1998 - 2002*

Ár	Bandaríkin	Danmörk	Bretland	Ítalía	Færeyjar
1998	1.770	1.427	260		
1999		1.047			400
2000	4.173				
2001	4.040				
2002	9.289	5.000		1.500	
	19.272	**7.474**	**260**	**1.500**	**400**

*Áform, átaksverkefni og Framkvæmdanefnd búvörusamninga

2. *Hvernig hefur verðþróun á íslensku lambakjöti erlendis verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum?*

Eftirfarandi tafla sýnir verðþróun íslensks lambakjöts erlendis síðustu fimm ár.

Útflutningur kindakjöts, meðalverð (kr./kg) eftir árum

Lönd	1998	1999	2000	2001	2002	2003 (jan - sept)
Bandaríkin	541	532	604	761	660	717
Belgía	689	1.029	7		567	
Bretland		238	114	222	168	203
Danmörk	235	351	258	401	297	314
Finnland				101		
Frakkland			257			
Færeyjar	243	245	248	343	316	310
Gabon					85	
Grikkland	235					
Grænland	239				537	240
Holland	320	429	430	88		158
Ítalía	290		344	342	371	312
Japan	137	160	122	195	187	186
Jórdanía			98			
Kanada	339					
Kýpur			252			
Lúxemborg	982	768		1.126	788	
Noregur	1.354	246	256	293	374	297
Rússland	95					
Svíþjóð	109	87	96	345	558	366
Þýskaland	441	433	488		138	
Samtals	**244**	**257**	**235**	**299**	**314**	**293**

Heimild: Hagstofa Íslands

3. *Hvert hefur skilaverð til bænda fyrir íslenskt lambakjöt verið á erlendum mörkuðum sl. fimm ár, sundurliðað eftir innflutningslöndum?*

Skilaverð til framleiðenda fyrir útflutt lambakjöt er mál einstakra sláturleyfishafa og hefur ráðuneytið ekki aðgang að upplýsingum.

304. Fyrirspurn [270. mál]

til landbúnaðarráðherra um reiðhöllina á Blönduósi.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvað líður fjárstuðningi við reiðhöllina á Blönduósi?

305. Svar [170. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um starfsemi héraðsdómstóla.

Upplýsinga um starfsemi héraðsdómstóla var aflað hjá dómstólaráði og byggist svar við fyrirspurninni á upplýsingum um árin 1999–2002, þar sem lög um dómstóla, nr. 15/1998, tóku gildi 1. júlí 1998 og árið 1999 var fyrsta heila starfsár héraðsdómstólanna eftir gildistöku þeirra.

1. *Hver var fjöldi starfsmanna hvers héraðsdómstóls á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:*
   a. *héraðsdómara,*
   b. *aðstoðarmanna dómara,*
   c. *annarra starfsmanna?*

Fjöldi starfsmanna héraðsdómstólanna hefur verið nær óbreyttur allt frá árinu 1998, og raunar allt frá árinu 1992, að öðru leyti en því að 30. júní 2001 rann sjálfkrafa út setningartími þriggja héraðsdómara sem störfuðu á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í 2. mgr. 41. gr. laga nr. 15/1998. Frá þeim tíma hafa starfandi héraðsdómarar verið 38, aðstoðarmenn héraðsdómara 11 og aðrir starfsmenn samtals í um 35 stöðugildum, sjá meðfylgjandi sundurliðun. Þess má geta að vegna sparnaðar í rekstri á þessu ári hefur aðstoðarmönnum verið fækkað um einn í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í töflunni kemur fram fjöldi stöðugilda hjá héraðsdómstólunum í árslok 2002.

	Dómarar	Aðstoðar-menn	Aðrir lög-fræðingar	Aðrir starfsmenn	Samtals
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	21	6	1	18,7	46,7
Vesturlands	2	0	0	1	3
Vestfjarða	1	1	0	1	3
Norðurlands vestra	1	0	0	1	2
Norðurlands eystra	3	1	0	2	6
Austurlands	1	0	0	1	2
Suðurlands	2	1	0	2	5
Reykjaness	7	2	0	5,9	14,9
Dómstólaráð	0	0	1	0,1	1,1
Samtals	**38**	**11**	**2**	**32,7**	**83,7**

2. *Hver var fjöldi dómsmála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:*
   a. einkamála,
   b. opinberra mála,
   c. annarra mála?

Í töflunni er að finna upplýsingar um fjölda nýrra dómsmála sem bárust einstökum héraðsdómstólum árin 1999–2002:

	1999	2000	2001	2002	Fjölgun 1999–2002
Einkamál					
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	7.737	9.733	13.470	18.166	135%
Vesturlands	160	295	374	561	251%
Vestfjarða	199	231	259	327	64%
Norðurlands vestra	102	160	231	240	135%
Norðurlands eystra	523	707	730	890	70%
Austurlands	155	261	358	365	135%
Suðurlands	388	642	813	1.135	192%
Reykjaness	1.680	2.344	3.269	4.482	167%
Samtals	*10.944*	*14.373*	*19.504*	*26.166*	*139%*
Opinber mál*					
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	3.286	2.689	2.653	4.138	26%
Vesturlands	413	370	504	584	41%
Vestfjarða	199	187	258	263	32%
Norðurlands vestra	297	200	549	542	82%
Norðurlands eystra	382	465	309	634	66%
Austurlands	101	144	188	222	120%
Suðurlands	804	615	715	1.081	34%
Reykjaness	1.930	2.255	2.509	2.290	19%
Samtals	*7.412*	*6.925*	*7.685*	*9.754*	*32%*

* Með opinberum málum eru hér talin mál vegna áritana sektarboða. Fjöldi mála sem höfðuð voru með ákæru er tilgreindur í töflu um ákærumál í 3. tölulið.

Önnur mál					
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	2.195	2.336	2.327	2.964	35%
Vesturlands	91	61	81	125	37%
Vestfjarða	87	68	64	115	32%
Norðurlands vestra	49	42	53	64	31%
Norðurlands eystra	140	208	227	220	57%
Austurlands	56	109	114	120	114%
Suðurlands	188	160	224	238	27%
Reykjaness	759	851	932	1.014	34%
Samtals	*3.565*	*3.835*	*4.022*	*4.860*	*36%*
Heildarfjöldi mála	**21.921**	**25.133**	**31.211**	**40.780**	**86%**

3. *Hver var fjöldi munnlega fluttra mála fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:*
   a. einkamála,
   b. sakamála,
   c. annarra mála?

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda munnlega fluttra einkamála og fjölda allra opinberra mála sem höfðuð voru með ákæru. Upplýsingar um fjölda munnlega fluttra opinberra mála eða fjölda annarra munnlega fluttra mála eru ekki aðgengilegar á svo skömmum tíma sem gefinn er til svara.

	1999	2000	2001	2002	Fjölgun 1999–2002
Munnlega flutt einkamál					
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	663	771	876	940	42%
Vesturlands	25	27	38	30	20%
Vestfjarða	27	34	19	19	-30%
Norðurlands vestra	14	15	5	17	21%
Norðurlands eystra	49	56	46	59	20%
Austurlands	23	22	5	17	-26%
Suðurlands	22	74	80	73	232%
Reykjaness	164	173	191	230	40%
Samtals	*987*	*1.172*	*1.260*	*1.385*	*40%*
Ákærumál					
Héraðsdómur:					
Reykjavíkur	1.061	1.152	1.062	1.184	12%
Vesturlands	127	112	172	149	17%
Vestfjarða	43	51	96	101	135%
Norðurlands vestra	30	36	103	133	343%
Norðurlands eystra	266	276	216	309	16%
Austurlands	45	73	76	80	78%
Suðurlands	152	133	146	192	26%
Reykjaness	319	408	436	502	57%
Samtals	*2.043*	*2.241*	*2.307*	*2.650*	*30%*

4. *Hversu lengi tók að meðaltali að dæma eða úrskurða í munnlega fluttum málum fyrir hverjum héraðsdómstóli á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum:*
   a. einkamálum,
   b. sakamálum,
   c. öðrum málum?

Eftirfarandi töflur sýna málsmeðferðartíma munnlega fluttra einkamála og ákærumála á árunum 1999–2002. Héraðsdómstólarnir hafa því miður ekki aðgengilegar upplýsingar um málsmeðferðartíma í öðrum málaflokkum.

Þrátt fyrir að afgreiddum munnlega fluttum einkamálum hafi fjölgað um 33% á tímabilinu og héraðsdómurum hafi fækkað um þrjá, þá hefur málsmeðferðartími þeirra styst um 27 daga að meðaltali. Afgreiddum ákærumálum fjölgaði einnig verulega á tímabilinu, eða um 29%,

málsmeðferðartími þeirra hefur þó aðeins lengst um fjóra daga að meðaltali, en óafgreiddum málum í árslok hefur hins vegar fjölgað verulega.

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Samtals	Meðaltal, dagar
Málsmeðferðartími einkamála										
1999										
Fjöldi mála	702	143	32	27	10	41	22	26	1.003	
Meðaltal, dagar	277	203	236	193	207	236	246	275		**260**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	391	60	9	8	6	24	13	8	519	
Meðaltal, dagar	254	199	129	277	168	250	286	341		**247**
2000										
Fjöldi mála	764	136	27	29	15	47	18	56	1.092	
Meðaltal, dagar	253	217	210	282	247	285	329	258		**251**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	401	96	10	13	7	32	17	25	601	
Meðaltal, dagar	253	204	206	252	191	193	189	157		**236**
2001										
Fjöldi mála	839	205	36	26	12	66	21	60	1.265	
Meðaltal, dagar	271	248	196	277	249	224	263	193		**259**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	444	83	13	6	7	13	7	44	617	
Meðaltal, dagar	212	156	200	130	137	176	335	233		**205**
2002										
Fjöldi mála	904	225	35	16	14	35	20	62	1.311	
Meðaltal, dagar	245	181	192	223	197	194	320	269		**233**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	484	89	8	10	10	36	5	54	696	
Meðaltal, dagar	218	142	147	161	153	222	423	257		**210**
Málsmeðferðartími ákærumála										
1999										
Fjöldi mála	1.071	305	138	41	26	233	44	135	1.993	
Meðaltal, dagar	67	55	57	59	82	52	95	69		**64**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	160	28	16	10	10	46	10	42	322	
Meðaltal, dagar	100	84	68	79	66	44	81	66		**82**
2000										
Fjöldi mála	1140	363	110	53	39	282	63	153	2.203	
Meðaltal, dagar	65	62	54	96	106	55	82	91		**69**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	172	74	16	8	8	41	20	21	360	
Meðaltal, dagar	92	91	22	38	63	52	48	51		**78**
2001										
Fjöldi mála	1.087	441	163	87	94	231	64	126	2.293	
Meðaltal, dagar	59	59	43	68	71	68	109	76		**62**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	158	61	25	17	17	29	32	41	380	
Meðaltal, dagar	119	59	47	65	125	45	92	42		**86**

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Samtals	Meðaltal, dagar
2002										
Fjöldi mála	1.166	503	137	100	109	278	93	180	2.566	
Meðaltal, dagar	72	46	42	77	73	70	132	77		**68**
Aldur óafgreiddra mála í árslok										
Fjöldi mála	179	50	30	18	39	62	17	52	447	
Meðaltal, dagar	121	62	24	67	78	77	79	50		**86**

5. *Hversu mikið fé var veitt til reksturs hvers héraðsdómstóls á föstu verðlagi á árunum 1998–2002?*

Með fjárlögum er heildarfjárveiting til héraðsdómstóla ákveðin en dómstólaráð skiptir henni milli héraðsdómstólanna átta. Launakostnaður héraðsdómara er færður á dómstólaráð en ekki á einstaka héraðsdómstóla. Sama er að segja um kostnað vegna meðdómenda og ferðakostnað héraðsdómara þegar þeir eru meðdómendur á öðrum héraðsdómstóli en þeir hafa fast sæti á. Af þeim sökum hefur dómstólaráð ekki sundurliðaðan kostnað til reksturs hvers héraðsdómstóls, nema fyrir árin 2001 og 2002. Ríkisendurskoðun hefur nýverið skilað ársreikningi fyrir árið 2002. Þar er reiknaður út rekstrarkostnaður hvers dómstóls, þ.e. launakostnaður héraðsdómara er fluttur yfir á embættin, en ekki reyndist unnt að sundurliða meðdómendakostnað og ferðakostnað héraðsdómara, sjá fylgiskjal.

Taflan sýnir rekstrarafkomu héraðsdómstólanna sl. fjögur ár. Árið 2002 fengu héraðsdómstólar fjárveitingu vegna hallareksturs árana 2000 og 2001, samtals 48,4 millj. kr., sú fjárhæð er hluti ríkisframlags á árinu 2002. Ríkisframlag vegna ársins 2002 nam því 619,8 millj. kr. Fjárhæðirnar eru á föstu verðlagi miðað við árið 2003, byggt er á vísitölu neysluverðs, ársvísitölu hvers árs. Uppsafnaður halli í árslok 2002 nam um -14 millj. kr. á verðlagi ársins 2002.

Rekstur í þús. kr. á föstu verðlagi ársins 2003.

Rekstur	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Sértekjur	21.000	36.854	33.598	45.491	37.967	40.297
Rekstrargjöld	-1.927.500	-2.093.833	-1.837.543	-1.848.805	-1.942.341	-1.893.467
Stofnkostnaður	-4.200	-5.316	-4.696	-8.870	-33.552	-28.940
Ríkisframlag	1.929.200	2.008.391	1.851.740	1.793.774	2.049.556	1.789.227
Rekstrarafgangur/(Rekstrarhalli)	18.500	-53.904	43.098	-18.411	111.629	-92.883

Fylgiskjal.

Ríkisendurskoðun:

Héraðsdómstólar.
Ársreikningur 2002.

Rekstrarreikningur árið 2002

	Skýr.	2002	2001
Tekjur			
Sala á vörum og þjónustu	1	5.976.982	5.058.445
Tekjur alls		5.976.982	5.058.445
Gjöld			
Dómstólaráð	2	26.508.475	29.627.281
Fardómarar og meðdómsmenn	3	35.944.764	32.775.107
Héraðsdómur Reykjavíkur	4	298.848.672	287.051.028
Héraðsdómur Vesturlands	5	24.628.588	21.158.693
Héraðsdómur Vestfjarða	6	19.081.565	16.172.005
Héraðsdómur Norðurlands vestra	7	16.287.125	15.634.024
Héraðdsómur Norðurlands eystra	8	40.884.570	38.244.762
Héraðdsómur Austurlands	9	21.824.004	18.624.621
Héraðsdómur Suðurlands	10	38.301.102	39.767.441
Héraðsdómur Reykjaness	11	108.563.956	96.548.440
Rekstrargjöld samtals		630.872.821	595.603.402
Eignakaup og fjárfestingar	12	9.941.506	35.816.082
Gjöld alls		640.814.327	631.419.484
Tekjuafgangur (-halli) án ríkisframlags		(634.837.345)	(626.361.039)
Framlag úr ríkissjóði		668.800.000	584.935.000
Tekjuafgangur (halli)		33.962.655	(41.426.039)

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

	Skýr.	2002	2001
Eignir			
Veltufjármunir			
Ýmsar skammtímakröfur		13.353.888	8.773.195
Bankareikningar		32.746.846	34.001.625
Eignir alls		46.100.734	42.774.820
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll 01.01.		(63.450.279)	(22.024.240)
Leiðrétting vegna fyrra árs		15.073.249	0
Tekjuafgangur (-halli) ársins		33.962.655	(41.426.039)
Höfuðstóll 31.12	15	(14.414.375)	(63.450.279)
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	14	13.307.889	45.141.253
Ýmsar skammtímaskuldir		47.207.220	61.083.846
Skuldir		60.515.109	106.225.099
Eigið fé og skuldir		46.100.734	42.774.820

Sjóðstreymi árið 2002

	2002	2001
Rekstrarhreyfingar		
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	33.962.655	(41.426.039)
Veltufé frá rekstri	33.962.655	(41.426.039)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(4.580.693)	4.172.086
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(13.876.626)	23.247.058
	(18.457.319)	27.419.144
Handbært fé frá rekstri	15.505.336	(14.006.895)
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(668.800.000)	(584.935.000)
Greitt úr ríkissjóði	652.039.885	609.677.442
	(16.760.115)	24.742.442
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(1.254.779)	10.735.547
Handbært fé í upphafi árs	34.001.625	23.266.078
Handbært fé í lok árs	32.746.846	34.001.625

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Héraðsdómstóla er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureiknionga nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta stofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignarskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Starfsþáttaskipting

Héraðsdómstólum er skipt í átta dómstóla og hefur hver þeirra sjálfstætt bókhald. Að auki er dómstólaráð starfandi og er það aðgreint sérstaklega. Þá er sameiginlegur kostnaður vegna fardómara, meðdómsmanna og ýmiss kostnaðar héraðsdómara færður á sérstakan lið í ársreikningi. Eignakaup og fjárfestingar eru færðar sérstaklega svo og tekjur.

Þessi skipting sýnir í meginatriðum skiptingu kostnaðar eftir dómstólum og er það í samræmi við skipulag þeirra.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóðum og bankainnstæðum.

Skýringar

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Héraðsdómstóla er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Héraðsdómstóla vegna núverandi og fyrrverandi starfmanna þeirra hefur ekki verið reiknuð sérstaklega

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslan færir bókhald Héraðsdómstóla, veitir þeim greiðsluþjónustu og sér um greiðslu launa. Einstakir dómstólar sjá um fjársýslu varðandi dómsmálagjöld.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2002 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2002 námu 589,3 millj. kr. til reksturs Héraðsdómstóla. Fjárveitingar á fjáraukalögum og millifærslur fyrir árið 2002 námu 79.5 millj. kr. Fjárheimild nam þannig 668,8 millj. kr.

Sundurliðun rekstrarreiknings ásamt fjárheimild ársins 2002 eftir tegundum er sem hér greinir:

Fjárh. í þús. kr.	Fjárheimild 2002	Reikningur 2002	Mismunur
Launagjöld	469.600	508.682	(39.082)
Önnur rekstrargjöld	187.700	122.190	65.510
Eignakaup	11.500	9.942	1.558
Sértekjur	0	(5.977)	5.977
Gjöld samtals	668.800	634.837	33.963

Rekstrarreikningur ársins 2002, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

	2002	2001
Launagjöld	508.682	480.800
Önnur rekstrargjöld	122.190	114.803
Eignakaup	9.942	35.816
Sértekjur	(5.977)	(5.058)
Gjöld samtals	634.837	626.361

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sala á vörum og þjónustu

Framlög eru að mestu leyti frá Endurmenntunarsjóði og er varið til símenntunar héraðsdómara.

	2002	2001
Framlög	5.257.782	4.347.537
Námsskeiðs- og ráðstefnugjöld	0	440.000
Ýmsar þjónustutekjur	565.541	234.908
Kostnaðarhlutdeild	38.000	36.000
Sala á búnaði og húsgögnum	115.659	0
	5.976.982	5.058.445

2. Dómstólaráð

Dómstólaráð hefur aðsetur í Reykjavík. Stöðugildi eru 1,1 auk dómstólaráðs. Aðkeypt þjónusta er einkum vegna forritunargerðar.

Launagjöld	11.577.017	11.800.765
Starfstengdur kostnaður	1.600.425	2.397.642
Rekstrarkostnaður	742.633	258.686
Aðkeypt þjónusta	12.336.808	14.960.248
Húsnæðiskostnaður	251.592	209.940
	26.508.475	29.627.281

3. Meðdómsmenn o.fl.

Þessi liður sýnir kostnað vegna launagjalda meðdómsmanna og ferðakostnað þeirra. Einnig er talinn þarna ýmis starfstengdur kostnaður fardómara og kostnaður vegna héraðsdómara. Það er sameiginlegt með þessum lið að ekki er hægt að skipta honum á milli einstakra héraðsdómstóla.

Launagjöld	28.811.296	25.511.617
Starfstengdur kostnaður	5.478.190	5.709.470
Rekstrarkostnaður	612.133	4.000
Aðkeypt þjónusta	1.043.145	1.550.020
	35.944.764	32.775.107

Skýringar

4. Héraðsdómur Reykjavíkur

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík, Stöðugildi dómara voru 21, önnur stöðugildi voru 25,9 eða alls 46,9.

	2002	2001
Launagjöld	255.886.641	245.490.122
Starfstengdur kostnaður	2.252.276	2.931.175
Rekstrarkostnaður	3.548.147	3.179.889
Aðkeypt þjónusta	10.931.825	11.487.386
Húsnæðiskostnaður	26.229.783	23.962.456
	298.848.672	287.051.028

5. Héraðsdómur Vesturlands

Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi. Stöðugildi dómara voru 2, önnur stöðugildi voru 1 eða alls 3.

Launagjöld	21.398.653	18.221.004
Starfstengdur kostnaður	354.922	360.437
Rekstrarkostnaður	391.552	395.827
Aðkeypt þjónusta	910.057	728.916
Húsnæðiskostnaður	1.573.404	1.452.509
	24.628.588	21.158.693

6. Héraðsdómur Vestfjarða

Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur á Ísafirði. Stöðugildi dómara var 1, önnur stöðugildi voru 2 eða alls 3. Dómurinn flutti í nýtt húsnæði á árinu 2002.

Launagjöld	14.637.148	13.374.061
Starfstengdur kostnaður	945.297	1.101.339
Rekstrarkostnaður	274.320	404.902
Aðkeypt þjónusta	850.494	435.600
Húsnæðiskostnaður	2.374.306	856.103
	19.081.565	16.172.005

Skýringar

7. Héraðsdómur Norðurlands vestra

Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki. Stöðugildi dómara var 1, önnur stöðugildi voru 1 eða alls 2.

	2002	2001
Launagjöld	12.849.708	11.951.863
Starfstengdur kostnaður	535.814	606.723
Rekstrarkostnaður	297.084	307.858
Aðkeypt þjónusta	712.299	713.258
Húsnæðiskostnaður	1.892.220	2.054.322
	16.287.125	15.634.024

8. Héraðsdómur Norðurlands eystra

Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri. Stöðugildi dómara voru 3, önnur stöðugildi voru 3 eða alls 6

Launagjöld	34.899.870	32.765.209
Starfstengdur kostnaður	1.067.752	927.306
Rekstrarkostnaður	498.882	422.624
Aðkeypt þjónusta	1.130.965	1.121.783
Húsnæðiskostnaður	3.287.101	3.007.840
	40.884.570	38.244.762

9. Héraðsdómur Austurlands

Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum. Stöðugildi dómara var 1, önnur stöðugildi voru 1 eða alls 2.

Launagjöld	17.025.035	15.152.950
Starfstengdur kostnaður	1.137.788	586.798
Rekstrarkostnaður	283.779	290.155
Aðkeypt þjónusta	1.811.731	1.125.883
Húsnæðiskostnaður	1.565.671	1.468.835
	21.824.004	18.624.621

Skýringar

10. Héraðsdómur Suðurlands

Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi. Stöðugildi dómara voru 2, önnur stöðugildi voru 3 eða alls 5.

	2002	2001
Launagjöld	31.557.500	33.281.240
Starfstengdur kostnaður	991.795	1.072.985
Rekstrarkostnaður	869.738	562.049
Aðkeypt þjónusta	2.356.891	2.107.744
Húsnæðiskostnaður	2.525.178	2.743.423
	38.301.102	39.767.441

11. Héraðsdómur Reykjaness

Héraðdsómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði. Stöðugildi dómara voru 7, önnur stöðugildi voru 7,9 eða alls 14,9. Dómurinn flutti í nýtt húsnæði á árinu 2001.

Launagjöld	80.038.911	73.251.441
Starfstengdur kostnaður	975.579	1.409.441
Rekstrarkostnaður	1.253.520	1.344.012
Aðkeypt þjónusta	5.634.010	4.750.407
Húsnæðiskostnaður	20.661.936	15.793.139
	108.563.956	96.548.440

12. Eignakaup og fjárfestingar

Verkkaup á árinu 2002 voru vegna flutnings Héraðsdóms Vestfjarða í nýtt húsnæði. Verkkaup á árinu 2001 voru vegna innréttinga á nýju húsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjaness.

Áhöld og húsgögn	927.785	5.581.074
Skrifstofuvélar og tölvubúnaður	1.182.266	1.078.866
Fjölmiðlunar og símabúnaður	92.935	504.392
Verkkaup	7.738.520	28.651.750
	9.941.506	35.816.082

Skýringar

13. Laun og launatengd gjöld

Stöðugildi Héraðsdómstóla voru í árslok 2002 samtals 83,9. Unnin ársverk urðu hins vegar 86,8 eða 2,9 ársverkum umfram stöðugildi.

	2002	2001
Dagvinnulaun	256.537.642	244.582.982
Ræsting	2.182.734	1.710.383
Vaktagreiðslur	23.843.376	22.233.501
Aukagreiðslur	28.963.502	26.956.356
Yfirvinna	113.525.564	108.527.651
Launatengd gjöld	65.157.218	58.957.571
Viðbótarlífeyrissjóðsframlag	18.471.743	17.831.828
	508.681.779	480.800.272

14. Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Héraðsdómstóla gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum þeirra. Í árslok 2002 nam skuld þeirra við ríkissjóð 13,3 millj. kr. en 45,1 millj. kr. í árslok 2001.

Staða 01.01.	(45.141.253)	(20.398.811)
Leiðrétting vegna fyrra árs	15.073.249	0
Framlag ríkissjóðs	668.800.000	584.935.000
Greitt úr ríkissjóði	(652.039.885)	(609.677.442)
Staða 31.12.	(13.307.889)	(45.141.253)

15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Héraðsdómstóla sýnir uppsafnaðan tekjuafang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok árslins 2002 sýnir höfuðstóll Héraðsdóma neikvæða stöðu sem nemur 14,4 millj. kr. og hafa Héraðsdómstólar því farið fram úr fjárheimildum sem þeirri fjárhæð nemur. Árið áður var fjárhæðin neikvæð um 63,5 millj. kr. Þó verður að taka fram að fjárheimild sem nam 15,1 millj. kr. náði ekki inn í reikningsskilin fyrir árið 2001 og því færð sem leiðrétting í reikningsskilum 2002.

Höfuðstóll 01.01.	(63.450.279)	(22.024.240)
Leiðrétting vegna fyrra árs	15.073.249	0
Ríkisframlag	668.800.000	584.935.000
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(634.837.345)	(626.361.039)
Höfuðstóll 31.12.	(14.414.375)	(63.450.279)

Skýringar

Fimm ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs.

	2002	2001	2000	1999	1998
Rekstur					
Rekstrartekjur	(5.977)	(5.058)	(5.714)	(877)	(1.137)
Rekstrargjöld	630.873	595.603	529.463	490.410	453.537
Stofnkostnaður	9.942	35.816	9.026	11.685	5.486
Tekjuafgangur (-halli)	634.838	626.361	532.775	501.218	457.886
Ríkisframlag	(668.800)	(584.935)	(509.400)	(508.467)	(431.540)
Tekjuafgangur (-halli) ársins	(33.962)	41.426	23.375	(7.249)	26.346
Efnahagur					
Veltufjármunir	46.101	42.775	45.785	68.529	56.063
Eignir alls	46.101	42.775	45.785	68.529	56.063
Höfuðstóll	(14.414)	(63.450)	(22.024)	1.350	(5.900)
Skammtímaskuldir	60.515	106.225	67.809	67.179	61.963
Eigið fé og skuldir alls	46.101	42.775	45.785	68.529	56.063

306. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Helgi Hjörvar, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna og gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja áhrif starfsmanna á stjórnun og ákvarðanatöku í fyrirtækjum og stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Nefndin skoði hvaða leiðir hafa verið farnar í nágrannalöndunum, einkum í Danmörku og í Þýskalandi og jafnframt á vettvangi Evrópusambandsins. Hún verði skipuð fulltrúum heildarsamtaka launþega og fulltrúum samtaka atvinnulífsins auk fulltrúa ráðherra og ljúki störfum fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að hafin verði markviss athugun á því hvernig unnt er að innleiða hér á landi það sem kallað hefur verið atvinnulýðræði. Tillaga þessi á rót sína að rekja til frumvarps sem var fyrst flutt á 121. þingi af þáverandi þingflokki jafnaðarmanna en fyrsti flutningsmaður var Ágúst Einarsson. Frumvarpið var endurflutt með öðrum efnistökum á 122. og 126. þingi, en varð ekki útrætt.

Um atvinnulýðræði.

Oft er rætt um tvær leiðir sem eru færar til að auka áhrif starfsmanna innan félaga og stofnana. Önnur er sú að starfsmenn hafi áhrif á mál sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör. Hin felst í því að auka áhrif starfsmanna á stjórnun. Hvorugt er algengt hérlendis og eru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þessa þætti í skipulagi atvinnulífsins.

Samband fjármagns og vinnu hefur mjög lengi verið einn af meginþáttunum í fræðilegri umfjöllun innan hagfræði og þjóðfélagsvísinda. Áður fyrr var meginreglan í fyrirtækjarekstri sú að eigendur fjármagnsins, þ.e. eigendur viðkomandi fyrirtækis, höfðu allt ákvörðunarvald og báru alla ábyrgð í fyrirtækinu en launafólk var því samningsbundið. Þetta skipulag hefur breyst mikið á undanförnum áratugum.

Í nútímafyrirtækjum eru þrír ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Æðstu stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar, eru oft meðal eigenda en það er síður en svo algilt. Eigendur og æðstu stjórnendur starfa hins vegar náið saman og koma oftast fram sem ein heild gagnvart starfsmönnum við samninga um kaup og kjör. Þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa völd og áhrif æðstu stjórnenda aukist verulega um hinn vestræna heim undanfarna áratugi.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið felur í sér að ráðandi hópar, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taka sameiginlega ákvarðanir um stjórnun fyrirtækisins.

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu samstarfi og upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasamþjöppun og er hluti af góðri fyrirtækjamenningu sem er mikilvægur þáttur í nútímastjórnun.

Fleiri rök fyrir aðild starfsfólks að stjórnun félaga og stofnana eru m.a. að tekið er tillit til hagsmuna starfsmanna með því að bæta aðgengi að reynslu og upplýsingum sem starfsmenn búa yfir. Virkt atvinnulýðræði felur einnig í sér að ráðstöfunarfrelsi stjórnar er takmarkað þegar um er að ræða aðgerðir sem eru mjög óvinsælar meðal starfsmanna og það tryggir að tekið sé tillit til afleiðinga af stefnu félagsins eða stofnunarinnar, svo sem hvað varðar staðsetningu, líðan starfsmanna á vinnustað, tryggingu atvinnu og mengun.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli horfið frá miðstýringu til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Talið er að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bættan hag fyrirtækis, svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör. Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja félög og stofnanir, auka framleiðni og hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur nauðsynlegt eftirlit í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði í Evrópu.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært með ýmsum hætti erlendis. Sums staðar hefur t.d. verið unnið skipulega að því að starfmenn eignist hlut í viðkomandi fyrirtæki. Það þekkist að launþegasjóðir séu starfandi innan fyrirtækja og í þá sjóði renni hluti af hagnaði fyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag er t.d. í Svíþjóð og í Þýskalandi en er óþekkt hérlendis.

Í löggjöf Evrópusambandsins eru ákvæði um atvinnulýðræði og er vikið að því í kafla um félagaréttarákvæði EES-samningsins. Nú þegar hefur tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8.

október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, verið felld inn í EES-samninginn í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem staðfest hefur verið af Alþingi. Í greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sagði m.a.:

„Tilskipun 2001/86/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi, innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög. Miða ákvæði tilskipunarinnar að því að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum í stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við stofnun Evrópufélagsins.

„Þátttaka starfsmanna“ táknar í tilskipuninni að fulltrúar starfsmanna geti haft bein áhrif á málefni félagsins með rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins eða rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í þessar stjórnir. „Aðild starfsmanna“ er hins vegar skilgreint sem hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Loks er „samráð“ skilgreint sem viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í félaginu.

Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, með tilliti til þess hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í fyrirtækjum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um aðeins eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll Evrópufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að þau tryggi fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað. Ef og þegar þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna Evrópufélag skal hann fylgja með í flutningnum yfir í Evrópufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað.

Ef ekki næst samkomulag í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um Evrópufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum Evrópufélagsins ef og þegar slík þátttaka var fyrir hendi í starfsstöðvunum í þátttökufélögunum fyrir stofnun Evrópufélagsins.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing tilskipunar 2001/86/EB og reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 á lagabreytingar hér á landi. Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkað hér á landi. Þótt fyrir fram megi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega munu nýta sér þennan möguleika er

rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þátttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutafé verði að lágmarki 120.000 evrur.

Þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja tíðkast almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði eru ekki líkur til þess að tilskipunin muni leiða til þess að réttindi launamanna minnki með tilkomu Evrópufélaga. Þvert á móti er líklegra að í einhverjum tilvikum geti stofnun Evrópufélags leitt til þess að íslenskir starfsmenn félagsins öðlist meiri rétt en áður á grundvelli reglna tilskipunarinnar, þ.e. í þeim tilvikum sem starfsmenn erlendra félaga sem þátt taka í stofnun félagsins eiga á grundvelli laga í því aðildarríki eða samþykkta viðkomandi félags rétt til aðildar að ákvarðanatöku í félaginu.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 8. október 2004 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli.“

Þegar þetta er ritað hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um Evrópufélög. Ákvæði um aðild starfsmanna verða þó einkum að finna í frumvarpi sem boðað hefur verið að félagsmálaráðherra muni flytja á þessu þingi. Ljóst er þó að þær reglur munu aðeins gilda um Evrópufélög og því full ástæða til að skoða þessi mál hvað önnur félög varðar og jafnframt stofnanir hins opinbera.

Atvinnulýðræði hérlendis.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækja- og stofnanasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Líklegt er að slíkir samningar þróist innan félaga og stofnana með samvinnu við heildarsamtök vinnuveitenda og verkalýðsfélaga og ráðgjöf frá þeim. Slíkt fyrirkomulag þekkist mjög víða erlendis og hefur verið lengi í föstum skorðum í nágrannalöndunum. Verkalýðsfélög og vinnuveitendur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilfellum sameiginlega fram gagnvart ríkisstjórn.

Samstarf launafólks og vinnuveitenda hefur verið mjög mikið innan lífeyrissjóðanna en þeim er stjórnað í sameiningu af samtökum þeirra. Sá þáttur er mikilvægur í ljósi þessarar tillögu vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum. Á næstu árum má búast við því að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en fjárfestingar lífeyrissjóða hérlendis í hlutabréfum eru enn þá hlutfallslega minni en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Útlit er fyrir að innan nokkurra ára verði lífeyrissjóðir mjög stórir eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum félögum.

Ekki fer fram mikil umræða hérlendis um hvernig lífeyrissjóðirnir eigi að koma að stjórnun í einstökum félögum. Venjan hefur verið sú að þeir hafa ekki skipt sér af stjórnun félaganna og í mörgum tilfellum ekki sóst eftir stjórnarsæti þótt þeir hefðu getað það. Þetta er hins vegar ekki einhlít regla. Lífeyrissjóðirnir hafa litið á fjárfestingar í hlutabréfum sem afmarkaðan þátt í dreifingu á fjármagni sínu en meginskylda þeirra er að tryggja góða ávöxtun á því fé sem bundið er í sjóðunum til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum. Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum félögum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja og stofnana eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Í núgildandi lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er heimild til að veita megi stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnendur. Þannig gætu hlutafélög,

miðað við núverandi löggjöf, ákveðið að starfsmenn tilnefndu aðila í stjórn. Hins vegar er ekki vitað til þess að svo sé gert í nokkru íslensku hlutafélagi. Tilgangur þessarar tillögu er að koma því til leiðar að áhrif starfsmanna verði tryggð á stjórnun fyrirtækja og stofnana. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulýðræði er tiltölulega vanþróað hér á landi og að við erum áratugum á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja.

Hjá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna hefur verið unnið að því að auka menntun trúnaðarmanna starfsmanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli með eigendum og æðstu stjórnendum. Þetta sýnir að innan verkalýðshreyfingarinnar er í vaxandi mæli verið að bregðast við nýjum aðstæðum.

Fjölmargar stjórnunaraðferðir miðast beinlínis við þátttöku starfsmanna og má þar nefna gæðastjórnun sem er útbreitt stjórnunarform hérlendis og erlendis. Í gæðastjórnun er hagur viðskiptavinarins í fyrirrúmi. Þessi stjórnunaraðferð hefur reynst vel við að útrýma sóun í rekstri. Þannig hafa fjölmörg fyrirtæki skipulagt gæðaátak í fyrirtækjum sínum, sett á stofn gæðalið og unnið í minni hópum með starfsmönnum á tilteknum starfssvæðum til að bæta reksturinn. Þetta hefur einnig endurspeglast í bættum launakjörum viðkomandi starfsmanna. Þessi aðferðafræði mælir með því að náið samstarf sé haft við starfsmenn um ýmsa stjórnunarþætti í fyrirtækjum.

Ekki hefur verið fjallað mikið um atvinnulýðræði hérlendis en vert er að vekja athygli á greinargerð sem Hilmar Gunnlaugsson, stud. jur., vann fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið haustið 1995.

Atvinnulýðræði í öðrum löndum.

Ástæða er til að skoða vandlega þær leiðir sem farnar hafa verið í Danmörku. Þar er atvinnulýðræði tryggt með þeim hætti að starfsmenn kjósa tiltekið hlutfall stjórnarmanna í hlutafélögum. Það að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja og stofnana er leið sem búast má við að skili mestum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Einnig hafa verið ákvæði í þýskri löggjöf frá um 1950 um áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja og stofnana. Í Noregi var starfsmönnum ríkisfyrirtækja veittur réttur til þess að velja fulltrúa í stjórn þegar árið 1947.

Ákvæðin í dönsku hlutafélagalöggjöfinni um rétt starfsmanna til að kjósa fulltrúa í stjórn félaga eru frá árinu 1973 og hafa reynst vel. Ákvæðin gilda um fyrirtæki sem hafa 35 starfsmenn eða fleiri.

Tilgangur þessarar tillögu er fyrst og fremst að opna umræðu um atvinnulýðræði í íslenskum félögum og stofnunum. Norðurlöndin hafa náð langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar mörg lönd innan Evrópusambandsins. Náið samstarf fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar, t.d. í Japan þar sem algengt er að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki.

Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna komi frá stéttarfélögunum en séu ekki nauðsynlega starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Í Danmörku er stefnan hins vegar sú að fulltrúar starfsmanna í stjórn séu starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Þetta getur vitaskuld verið matsatriði en flutningsmenn telja rétt, ef þessi leið yrði farin, að stjórnarmaðurinn sé starfsmaður félagsins eða stofnunarinnar þótt vitaskuld eigi hann aðild að stéttarfélagi eins og aðrir starfsmenn. Hugmyndin er sú að með því eflist tengsl starfsmanna við stjórn, eigendur og æðstu stjórnendur. Búast má við að með áframhaldandi útfærslu á vinnustaðasamningum í samvinnu við stéttarfélögin verði tengsl starfsmanna, samtaka þeirra og fyrirtækjanna enn nánari en verið hefur og telja flutningsmenn að virkt atvinnulýðræði muni stuðla að því.

Lokaorð.

Brýnt er að Íslendingar marki sér sjálfstæða stefnu á þessu sviði. Fyrir dyrum stendur innleiðing á reglum um atvinnulýðræði í Evrópufélögum en í því sambandi ber að athuga að þær reglur gilda aðeins um Evrópufélög og hafa einungis að geyma lágmarksreglur.

Flutningsmenn telja að almennar reglur um atvinnulýðræði sem tækju til allra félagaforma sem og stofnana ríkisins mundu styrkja íslenskt atvinnulíf og bæta kjör launafólks, jafnframt því að greiða fyrir aukinni framleiðni félaga og stofnana og bæta þar með samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

307. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, og l. nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Frumvarpinu sem er til afgreiðslu er ætlað að staðfesta setningu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar frá því í sumar. Nefndaráliti þessu verður því skipt í þrennt. Í fyrsta kaflanum er fjallað um bráðabirgðalagasetninguna frá í sumar og lögmæti hennar. Í öðrum kafla er fjallað þá hagsmuni sem heimild til innflutnings á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum stofnar í hættu. Í þriðja kafla er stuttlega samandregin niðurstaða minni hlutans.

1. Bráðabirgðalög.

1.1. Setning bráðabirgðalaga og skilyrði fyrir þeim skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð Ragnhildar Helgadóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík, er fjallað ítarlega um þau skilyrði sem verður að uppfylla svo að heimilt sé að setja bráðabirgðalög. Greinargerð hennar er fylgiskjal með álitinu.

28. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um hvaða skilyrði verða að vera uppfyllt svo að heimilt sé að setja bráðabirgðalög, en þar segir:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.“

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt í það horf sem það er nú árið 1991 með lögum nr. 56/1991. Breytingin var afrakstur nefndar sem í sátu allir þingflokksformenn þeirra stjórnmálaflokka sem þá sátu á þingi. Í 28. gr. stjórnarskrárinnar eru sett þrjú skilyrði fyrir setningu bráðabirgðalaga, í fyrsta lagi er kveðið á um að brýna nauðsyn beri til setningar þeirra, í öðru lagi að Alþingi sé ekki að störfum og í þriðja lagi að bráðabirgðalögin fari ekki í bága við stjórnarskrá. Það má fullyrða að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, fara hvorki gegn þeim skilyrðum að þing hafi ekki setið né að efni laganna fari gegn öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Vafi leikur því aðeins á hvort bráðabirgðalögin fari gegn kröfunni um að brýna nauðsyn hafi borið til setningar laganna. Dómstólar hafa fyrir löngu

talið sér heimilt að fjalla um það mat bráðabirgðalöggjafans hvort skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt þótt þeir hafi ekki hingað til talið svo vera. Breytingin sem gerð var á stjórnarskránni árið 1991 gerði m.a. ráð fyrir að Alþingi sæti allt árið. Þingfundum þess væri aðeins frestað. Eins og fram kemur í ræðum nefndarmanna og formanns nefndarinnar, Ólafs G. Einarssonar, var sú breyting m.a. gerð í því skyni að takmarka eða koma í veg fyrir útgáfu bráðabirgðalaga nema í undantekningartilvikum. Í umræðum sem fram fóru um breytingarnar sagði Ólafur G. Einarsson, þáverandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, m.a.:

„Ég tel að það hafi verið farið of frjálslega með þessi réttindi sem ríkisstjórn hefur [beitingu heimilda til setningar bráðabirgðalaga] og tel að láta eigi af þeim ósið að gefa út bráðabirgðalög þegar þing er í hléi. Ef þessar breytingartillögur okkar verða samþykktar á að vera hægurinn að kalla þingið saman til þess að fjalla um löggjöf sem ríkisstjórnin telur sér á hverjum tíma nauðsyn á að fá samþykkta [...] Þetta tel ég að allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu, en ég gat fallist á það nú að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga yrði ekki afnuminn nú ...“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3116.)

Í sama streng tóku aðrir ræðumenn sem fjölluðu um málið. Tilgangurinn með breytingunni um að þingið sæti allt árið var því sá að auðveldara yrði að ná þinginu saman ef ríkisstjórnin mæti það svo, meðan þing ekki situr, að nauðsyn bæri til að setja lög. Þessi skilningur nefndarmanna og annarra þingmanna sem tóku til máls við umfjöllun þingsins um breytingarnar kemur glögglega fram þegar skoðuð er þróun beitingar bráðabirgðalaga frá árinu 1991.

Frá árinu 1874 til dagsins í dag hafa verið sett 447 bráðabirgðalög. Á árunum 1971–1980 voru sett 65 bráðabirgðalög. Á árunum 1981–1990 voru sett 43 bráðabirgðalög. Á árunum 1991–2000 voru sett fimm bráðabirgðalög.

Því er augljóst að breytingin á stjórnarskránni 1991 hefur haft veruleg áhrif á þróunina hvað varðar beitingu heimildar til setningar bráðabirgðalaga. Hingað til hafa bráðabirgðalög einkum verið sett vegna efnahags- og kjaramála, m.a. um inngrip í vinnudeilur vegna verkfalla, og náttúruhamfara, auk þess sem finna má tilvik vegna árásanna á New York 11. september 2001, en þá voru sett bráðabirgðalög um tímabundna ábyrgð ríkissjóðs vegna tryggginga og endurtrygginga á bótaábyrgð flugfélaga. Þá hafa verið sett bráðabirgðalög vegna nauðsynlegra leiðréttinga vegna augljósra mistaka sem átt hafa sér stað hjá Alþingi við setningu laga.

Af þessum efnisflokkum má ráða að meginreglan hefur verið sú að brýna nauðsyn hafi borið til þegar bráðabirgðalög hafa verið sett. Við þessa skoðun kom fram að bráðabirgðalögin frá því í sumar virðast ekki eiga sér hliðstæðu í réttarsögunni. A.m.k. er varla að finna nokkurt tilvik þar sem sérstök lög hafa verið sett vegna lítilla fjárhagslegra hagsmuna fárra fyrirtækja og aðrir hagsmunir þar með verið settir í uppnám.

Frá því að 28. gr. stjórnarskrárinnar var breytt hefur aðeins einn hæstaréttardómur gengið um gildi bráðabirgðalaga eftir að stjórnarskrárbreytingin frá 1991 tók gildi. Það er hrd. nr. 1995:2417. Málið laut að breytingum á niðurstöðu Kjaradóms sem ríkisstjórnin taldi mundu hafa veruleg áhrif á stjórnmálaaðstæður og ástand í þjóðfélaginu þannig að ákvarðanir hans tækju nú mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins, svo og almennum launabreytingum í kjarasamningum almennra launþega. Meiri hluti Hæstaréttar, þrír dómarar, taldi mat bráðabirgðalöggjafans standast ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar, en minni hlutinn, tveir dómarar, taldi svo ekki vera.

Þetta er í reynd eina fordæmi Hæstaréttar sem hægt er að horfa til við mat á því nú hvort skilyrði ákvæðis stjórnarskrárinnar sé uppfyllt. Þar féllu atkvæði þrjú gegn tveimur, en laga-

setningin var rökstudd með því að stjórnmálaástandið, efnahagsástandið og afkomuhorfur þjóðarbúsins hefðu verið í uppnámi yrði ekki gripið til ráðstafana.

1.2. Setning bráðabirgðalaga í júlí 2003.

Sams konar frumvarp og það sem síðar varð að lögum við setningu bráðabirgðalaganna í sumar var lagt fram á Alþingi í mars sl. Í því var gert ráð fyrir að lögin tækju gildi 1. ágúst 2003. Það frumvarp náði ekki fram að ganga á því þingi. Þingsköp Alþingis gera ráð fyrir að frumvörpum, sem ekki verða að lögum á því þingi þegar þau eru lögð fram, sé í reynd hafnað og þau skuli leggja fyrir Alþingi á nýju þingi eigi þau að geta orðið að lögum. Frumvarpið dagaði því uppi og varð ekki að lögum á því þingi.

Alþingi kom svo aftur saman eftir kosningarnar 10. maí sl. Umrætt frumvarp var ekki lagt fram á því þingi. Í sumar sem leið setti svo ríkisstjórnin umrædd bráðabirgðalög, sem tóku gildi 1. júlí 2003, vegna lögleiðingar tilskipunar 91/67, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og afurða, ásamt síðari breytingum. Bráðabirgðalögin voru sett til að greiða fyrir markaðssetningu íslenskra fyrirtækja á eldisfiski og hrognum til Skotlands, en innflutningsbann hafði verið sett á íslensku eldisdýrin þar sem íslensk stjórnvöld höfðu ekki uppfyllt skilyrði um lögleiðingu tilskipunarinnar.

Hinn 1. júlí 2003 setti forseti Íslands bráðabirgðalög nr. 103/2003. Í inngangsorðum bráðabirgðalaganna sagði:

„Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi hafi nýlega lagt bann við innflutningi eldisdýra og afurðir þeirra héðan með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi hafi ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Komi það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki talið sér heimilt að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar nr. 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra, eins og henni hafi verið breytt [...] Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert.

Brýna nauðsyn beri því til þess að breyta nú þegar lögum á þann veg að lögleiða megi ákvæði áðurnefndra tilskipana og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hnekkja þessum hindrunum.“

Sams konar sjónarmið og hér komu fram í ræðu þeirri sem landbúnaðarráðherra flutti á Alþingi þegar hann mælti fyrir frumvarpinu nú í haust:

„Forsaga þessa máls er nokkuð löng. Tilskipunin er hluti af EES-samningnum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/1998. Ísland hafði lengi haft undanþágu frá tilskipuninni. Sú undanþága féll endanlega úr gildi 30. júní 2002. Eftirlitsstofnunin EFTA sendi íslenskum stjórnvöldum fjögur formleg kvörtunarbréf, þrjú þeirra dagsett í júní, nóvember og desember 2002, eða áður en landbúnaðarráðherra lagði frumvarp fyrir Alþingi í mars sl. Má líta svo á að framlagning frumvarpsins hafi verið viðbrögð við þessum athugasemdum.“

Í apríl 2003 sendi Eftirlitsstofnun EFTA rökstutt álit, sem er síðasta formlega viðvörun í málsmeðferðinni, þar sem Íslandi var gefinn tveggja mánaða lokafrestur til að innleiða tilskipunina. Eftir þann frest yrði tekin ákvörðun um hvort höfðað skyldi mál gegn íslenska ríkinu. Það er ljóst að Alþingi kom saman eftir að íslensk stjórnvöld fengu umrætt bréf, án þess þó að frumvarp um lögleiðingu tilskipunarinnar yrði lagt fram á því löggjafarþingi sem starfaði í nokkra daga eftir kosningar. Af þeirri staðreynd verður ráðið að íslensk stjórnvöld

hafa ekki talið brýna nauðsyn að lögfesta tilskipunina vegna aðildar að EES-samningnum. Það þurfti aðra hagsmuni til svo slík nauðsyn teldist vera til staðar. Þetta styður það sjónarmið, sem lesa má úr framsöguræðu landbúnaðarráðherra við framlagningu frumvarpsins, að bráðabirgðalögin hafi fyrst og fremst verið sett vegna fjárhagslegra hagsmuna tiltekinna fyrirtækja í fiskeldi.

Vissulega er ætíð erfitt að átta sig á því hvaða fjárhagslegar afleiðingar bann það sem Skotar höfðu sett gagnvart innflutningi á íslenskum eldisafurðum kynni að hafa í för með sér. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam útflutningur Íslands á lifandi seiðum, laxahrognum og lifandi eldislúðu til Bretlands og Írlands alls um 6.258.000 kr. Heildarútflutningur til þessara landa fyrstu tíu mánuði ársins er nálægt 28 millj. kr. Það var bann á þennan innflutning íslenskra fiskeldisfyrirtækja sem ríkisstjórnin taldi réttlæta setningu bráðabirgðalaga.

Það er mat minni hlutans að nauðsynlegt sé fyrir ríkisstjórn áður en bráðabirgðalög eru sett að vanda mjög til verka og vega og meta alla þá hagsmuni sem kunna að vera í húfi við setningu laganna. Ekki verður séð að hagsmunir íslenskrar náttúru hafi í nokkru verið metnir áður en ákvörðun var tekin um að afnema innflutningsbann á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum. Í 2. kafla er reynt að gera grein fyrir þeim hagsmunum.

Þá vekur sérstaka furðu minni hlutans sú staðreynd að landbúnaðarráðuneytið virðist ekkert hafa fjallað um þær leiðir sem Stefán Már Stefánsson lagaprófessor bendir á í álitsgerð sinni þar sem hann vekur athygli á heimild til að hafa innlendar reglur um verndun og viðhald tegunda sem falla utan gildissviðs tilskipunarinnar. Þennan sama skilning er að finna í bréfi Margot Wallström, ráðherra umhverfismála í framkvæmdastjórn ESB. Um þetta verður fjallað frekar í kafla 2.1.

Í ljósi þessa möguleika vekur það undrun að umhverfisráðherra, sem fer með náttúruverndarmál, skuli ekki hafa verið hafður með í ráðum um hvernig rétt væri að bregðast við þeirri ógn sem steðjaði að íslenskri náttúru þegar umræddu innflutningsbanni var aflétt. Til að bæta gráu ofan á svart er rétt að nefna að umhverfisráðherra hefur ekki enn sett reglugerð sem honum ber að setja samkvæmt ákvæði 41. gr. náttúruverndarlaga, en þar segir að birta eigi skrá yfir þær tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins. Það er því mat minni hlutans að stjórnsýsla þeirra ráðuneyta sem fjalla áttu um þetta mál hafi ekki verið með þeim hætti sem gera verður kröfu um.

Að öllu þessu virtu og teknu tilliti til þeirra röksemda sem fram koma í áliti þeirra sérfræðinga sem komu fyrir nefndina er það skoðun minni hlutans að skilyrðið um brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga, skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, hafi ekki verið uppfyllt þegar lögin voru sett.

2. Innflutningsheimildin.

2.1. Erfða- og vistfræði íslenskrar náttúru.

Tegundir í ám og vötnum á Íslandi eru fáar og vistkerfin ekki jafnflókin og þar sem tegundir eru margar. Því er lífríki í ám og vötnum hér mjög viðkvæmt fyrir röskun og skaðlegum áhrifum af innflutningi nýrra tegunda og stofna. Ein ágeng framandi krabbategund, eða lindýr, getur t.d. valdið verulegum skaða á vistkerfi í fersku vatni, m.a. á búsvæðum laxfiska.

Í umsögn Veiðimálastofnunar er bent á að í frumvarpinu sé fyrst og fremst tekið á sjúkdómahættu en ekki hættunni á erfðafræðilegum og vistfræðilegum áhrifum á lífríkið sem stafar af innflutningi lagardýra. Einnig að óhindraður innflutningur slíkra dýra geti valdið því að íslenskt vistkerfi bíði óbætanlegan skaða af og sérstöðu íslensks lífríkis í fersku vatni

verði stofnað í stórkostlega hættu. Einnig er bent á þá hættu að eldisdýr geti sloppið eða verið sleppt og blandast innlendum stofnum sem fyrir eru.

Skemmst er að minnast þess að í kjölfar óhapps við slátrun úr sjókvíaeldi á Austfjörðum sóttu laxar úr sjókvíaeldi í íslenskar laxveiðiár og norskur eldishængur komst í eldisstöð til kreistingar fyrir íslenskt seiðaeldi.

Í umsögn Veiðimálastofnunar er minnt á hvernig innflutningur minksins hefur sett innlend vistkerfi í uppnám en sömu lögmál gilda um ferskvatnslífverur sem fluttar eru í vatni sem í geta borist lífverur sem ekki finnast í íslenskri náttúru. Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar segir að flest ríki taki þessa ógn mjög alvarlega og víðast sé ströng löggjöf til að stemma stigu við innflutningi framandi lífvera og dreifingu þeirra í samræmi við alþjóðlega samninga.

Á minnisblaði Náttúrufræðistofnunar segir að ekki aðeins sé íslenskur lax í hættu, heldur einnig búsvæði hans og annarra laxfiska (urriða, bleikju) auk verðmæts lífríkis í íslenskum ám og vötnum. Lífríki Þingvallavatns og Mývatns séu t.d. einstök og þekkt á heimsvísu og þeim stafi hætta af þessari opnu heimild fyrir innflutningi á silungi, krabbadýrum og lindýrum. Mörg önnur íslensk vatnasvæði séu einstök og viðkvæm fyrir þessari ógn, t.d. Veiðivötn og Arnarvatnsheiði. Hvorki lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, né lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, taki á þeirri hættu sem steðjar að villtri náttúru vegna innflutnings á framandi tegundum eða stofnum heldur miði þau að því að koma í veg fyrir innflutning sjúkdóma.

Í greinargerð Veiðimálastofnunar segir að í náttúrunni hafi dýr aðlagast sýklum og sníkjudýrum viðkomandi svæðis að einhverju leyti. Flutningur dýra auki hættu á að framandi sýklar berist í nýtt umhverfi þar sem dýrastofna skorti mótefni við þeim. Þekking manna á sýklum og sníkjudýrum lagardýra sem og faraldsfræði þeirra sé takmörkuð og þótt meðhöndlun sjúkdóma og mótefnaframleiðsla gegn ákveðnum sjúkdómum hafi tekið framförum nægi sú þekking engan veginn til þess að tryggja að ekki verði stórslys við flutning lagardýra þannig að smitberar berist í eða á dýrunum eða í eldisvökva þeirra. Þar segir einnig að mörg dæmi væri hægt að nefna um sjúkdóma, t.d. í fiskum, sem borist hafa á milli landa með dýrum sem höfðu vottorð um heilbrigði. Þarna sé því tekin mikil áhætta, bæði fyrir íslenskt fiskeldi og náttúrulega stofna.

Í minnisblaði Náttúrufræðistofnunar til umhverfisnefndar Alþingis segir að með bráðabirgðalögunum hafi verið heimilaður innflutningur á lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum, sem áður var bannaður, en landbúnaðarráðherra gat veitt undanþágur að fengnum umsögnum frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt meðmælum yfirdýralæknis. Þetta þýðir að á meðan umhverfisráðherra hefur ekki sett reglugerð um innflutning dýra (eins og honum ber að gera samkvæmt lögum) er innflutningur á „lifandi fiski, krabbadýrum og lindýrum“ heimill án leyfa og ekki þarf neinar umsagnir eða meðmæli. Bráðabirgðalögin galopna þannig fyrir óheftan innflutning á lífverum sem geta skaðað lífríki í fersku vatni á Íslandi.

Í greinargerð erfðanefndar landbúnaðarins segir: „Í frumvarpinu er ekki tekið á þeim áhrifum sem slíkur innflutningur geti haft á vistkerfi og erfðamengi innlendra stofna. Hins vegar segir í 1. kafla, 1. gr., 2. mgr. tilskipunarinnar: „Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ákvæði bandalagsins eða innlend ákvæði um verndun tegunda.“ Hér er væntanlega verið að vísa til alþjóðlegra skuldbindinga eins og samningsins um líffræðilega fjölbreytni og samnings um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða Evrópu: Erfðanefnd landbúnaðarins telur mjög mikilvægt að þetta ákvæði verði einnig tekið inn í frumvarpið.“

Í bréfi Margot Wallström, umhverfisstjóra Evrópusambandsins, frá 26. september 2003 segir: „In your letter you focus on potential spread of diseases but I would also stress the

need to protect biological diversity. I therefore share your view that we need to be cautious with transport of populations between areas and regions in order not to risk that different genetic populations will become mixed."

Allar framangreindar tilvitnanir, ásamt fjölmörgum öðrum í gögnum landbúnaðarnefndar, ganga á einn veg: að hættan sem lífríki Íslands stafi af innflutningi á lifandi laxfiskum og öðrum dýrum til eldis sé mjög mikil og ekki séu nægilega öflug varnarákvæði í lögunum. Einnig er sterklega til þess vísað að ekki séu nýttir þeir möguleikar sem löggjafinn hefur til varnar lífríkinu, með tilvísan í alþjóðlegar skuldbindingar eins og samninginn um líffræðilega fjölbreytni og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða Evrópu. Frumvarp landbúnaðarráðherra byggist algerlega á viðskiptalegum forsendum. Grunnstefið er viðskiptaleg rök þar sem reglum um sjúkdómavarnir er beitt sem tæknilegum viðskiptahindrunum. Minni hlutinn hafnar þessari leið. Minni hlutinn ítrekar þau sjónarmið sín að mun vænlegra sé að leggja megináherslu á vernd íslenskrar náttúru og vistkerfis hennar, enda byggist slík löggjöf á viðurkenndum sjónarmiðum um náttúruvernd og heyrir því ekki undir tilskipun 91/67 og EES-samninginn. Í þessu samhengi má vísa til fordæmis í dómi Evrópudómstólsins í máli ECJ Case C-67/97 (býflugnadóminum) þar sem viðurkennt er að staðbundin verndarsjónarmið til verndar sérstöku lífríki og náttúru geti gengið framar almennum viðskiptafrelsissjónarmiðum ESB-sáttmálans. Því miður leggur landbúnaðarráðherra og meiri hlutinn ekki til að sú leið verði farin til verndar íslensku lífríki og náttúru. Það er jafnframt mat hagsmunaaðila og sérfræðinga að þær breytingar sem lagðar eru til af landbúnaðarráðherra og meiri hlutanum, í kjölfar þess að lögleiða verður umrædda tilskipun, séu haldlausar með öllu.

2.2. Umfjöllun um villtan lax og þá hagsmuni sem kunna að vera settir í uppnám vegna afnáms innflutningsbanns á lifandi fiskum, krabbadýrum og lindýrum.

Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf þar sem villtir stofnar Atlantshafslax (Salmo salar L.) hafa nokkurn veginn náð að halda velli á undanförnum áratugum. Í öllum öðrum löndum hafa laxastofnar mjög látið á sjá, eða þeim hefur hreinlega verið útrýmt. Ástæður þessa má meðal annars rekja til mengunar, virkjana og sjúkdóma. Margir stofnar hafa orðið fyrir þungum áföllum af völdum sjúkdóma eða sníkjudýra sem rekja má til laxeldis. Fjölmörg dæmi finnast um þetta, meðal annars í Skotlandi og Noregi. Nú eru veiðar á villtum laxi í nágrannalöndunum aðeins brot af því sem var um og upp úr miðri 20. öld, þ.e. rétt áður en hafið var sjókvíaeldi í stórum stíl í þessum löndum.

Íslendingar hafa blessunarlega verið lausir við hrun eða útrýmingu laxastofna sinna. Hér á landi er löng hefð fyrir því að reyna eftir fremsta megni að vernda og hlúa að villtum laxastofnum. Það hefur tekist bærilega þótt vissulega hafi menn sökum vanþekkingar í einhverjum tilvikum gert mistök. Sjókvíaeldi á laxi hefur verið mjög takmarkað. Veiðitölur tala skýru máli Á tímabilinu 1974–2003 var meðalheildarveiði á villtum löxum í íslenskum laxveiðiám um 35.000 laxar árlega. Mest veiddist árið 1978, en þá voru um 55.000 laxar dregnir á land. Lægst fór veiðin árið 1984 en þá veiddust um 25.000 laxar. Veiðin í fyrra var 36.000 laxar. Enginn vafi leikur á því að sala á laxveiðileyfum er mikilvæg tekjulind í mörgum sveitahéruðum hér á landi. Nefna má sveitir Borgarfjarðar, Húnavatnssýslur, Múlasýslur og Árnes- og Rangárvallasýslur í þessu sambandi. Talið er að laxveiðin skili um þremur milljörðum króna í tekjur árlega. Mikil fjármunavelta er í kringum veiðarnar, bæði með sölu veiðileyfa en einnig í tengslum við ýmsa verslun og þjónustu sem tengist veiðunum. Heildarverðmæti þeirrar auðlindar sem felst í íslensku laxveiðiánum er talið nema um 30 milljörðum króna. Til viðbótar þessu verðmæti í krónum talið má síðan bæta þeirri auðlegð sem felst í þeim

náttúruperlum sem laxveiðiárnar eru og þeirri staðreynd að veiðar og dvöl við þessar ár veitir þúsundum fólks mikla ánægju og hvíld árlega.

Komið hefur fram í nýlegu svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn sem lögð var fram á Alþingi að nú eru um 2,5 milljónir laxa í sjókvíaeldi í Mjóafirði og Berufirði. Erfitt er að sjá fyrir að mikill hagnaður geti verið af þessu eldi. Vitað er að laxeldi á mjög við ramman reip að draga í nágrannalöndunum þar sem laxeldi hefur þó verið stundað í áratugi. Sjúkdómar hafa t.d. valdið miklu tjóni. Meðal annars hefur veirusjúkdómurinn blóðþorri (ISA) valdið miklum búsifjum í Færeyjum. Þessi sjúkdómur hefur aldrei greinst í laxi hér á landi, en hann gæti borist hingað, bæði með villtum fiski og innfluttum. Í síðustu viku sluppu laxar sem sýktir eru af þessum sjúkdómi úr kvíum í Oyndarfirði í Færeyjum. Aðeins rúmar 300 sjómílur eru frá þessum stað til sjókvíaeldisstöðvanna á Austfjörðum.

Það er staðreynd að mikið af eldislaxi sleppur úr sjókvíum árlega. Ekkert hefur komið fram sem sannfærir minni hlutann um að það sé minni hætta á að lax sleppi úr sjókvíum við Ísland en úr sjókvíum við Færeyjar eða Noreg svo dæmi séu tekin. Talið er að um tvær milljónir laxfiska hafi sloppið úr sjókvíum við Norður-Atlantshaf í fyrra. Þar af sluppu um 620.000 laxar og urriðar úr norskum kvíum. Það sem af er þessu ári hafa Norðmenn misst um 354.000 laxfiska úr sínum kvíum. Talið er að um 600.000 laxar hafi sloppið úr sjókvíum við Færeyjar á síðasta ári. Það er alþekkt staðreynd að eldislaxar leita upp í laxveiðiár þar sem þeir geta spillt fyrir hrygningu villtra laxa og jafnvel blandast þeim að erfðum sem aftur veikir villta laxastofninn og gerir hann síður hæfan til að komast af við náttúrulegar aðstæður. Veiðimálastofnun hefur meðal annars bent á þetta í ágætri umsögn frá 22. október 2003. Íslenskar laxveiðiár eru flestar litlar en mjög fjölbreytilegar að allri gerð. Tiltölulega fáir laxar ganga í þær árlega, ekki síst ef miðað er við þann gríðarlega fjölda norskættaðra eldislaxa sem nú eru í sjókvíum á Austfjörðum.

Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að ýtrustu varúðarráðstafana verði gætt við veitingu leyfa til sjókvíaeldis við strendur Íslands.

3. Niðurstaða.

Að öllu framansögðu er það mat minni hlutans að setning bráðabirgðalaganna í sumar hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem 28. gr. stjórnarskrárinnar gerir um heimild til setningar þeirra. Það er einnig mat minni hlutans að setning laganna hafi sett mikla hagsmuni í náttúru Íslands í uppnám og að undanþáguheimildir samkvæmt tilskipun 91/67/EBE og 13. gr. EES-samningsins hafi ekki verið nýttar til fulls. Minni hlutinn telur enn fremur að vinnubrögð stjórnarráðsins í þessu mikilvæga máli geti ekki talist eðlileg. Það var í reynd ekkert samstarf eins og fram kemur í skriflegri yfirlýsingu ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins. Minni hlutinn lítur þetta mál því mjög alvarlegum augum.

Magnús Þór Hafsteinsson áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 5. nóv. 2003.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Árni Steinar Jóhannsson.

Ásgeir Friðgeirsson.

Fylgiskjal.

Álitsgerð Ragnhildar Helgadóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík.
(28. október 2003.)

Inngangur.

Hinn 21. október 2003 fór landbúnaðarnefnd Alþingis fram á það að undirrituð gæfi lögfræðilegt álit og svar við þeirri spurningu hvort skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið uppfyllt við setningu bráðabirgðalaga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Bráðabirgðalögin voru sett 1. júlí 2003 og fengu stjórnartíðindanúmerið 103/2003.

Ósk þessi var sett fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (staðfesting bráðabirgðalaga) 111. mál. Fylgir álitsgerðin hér á eftir.

Viðfangsefnið.

Á 128. löggjafarþingi, 2002–2003, lagði landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (Alþt. 2002–2003, A-deild bls. 4874). Skyldi frumvarpið öðlast gildi 1. ágúst 2003. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kom fram að breytingarnar væru „lagðar til vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE í íslenskan rétt." Hefði þeirri tilskipun verið breytt með tilteknum tilskipunum. Kom fram að tilskipun þessi fjallaði um nánari skilgreiningu þeirra skilyrða sem þyrfti að uppfylla til þess að milliríkjaviðskipti gætu orðið með lifandi fisk innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Íslensk stjórnvöld hefðu haft víðtæka undanþágu frá tilskipuninni en þar sem hún hefði fallið úr gildi 30. júní 2002 væri „nauðsynlegt að innleiða tilskipunina með áorðnum breytingum." (S. st. bls. 4875) Að aflokinni 1. umræðu, 11. mars, var frumvarpi þessu vísað til landbúnaðarnefndar en það var ekki afgreitt úr nefndinni fyrir þingfrestun 15. mars.

Hinn 1. júlí 2003 setti forseti Íslands bráðabirgðalög nr. 103/2003. Í inngangsorðum bráðabirgðalaganna sagði m.a. svo:

> „Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi hafi nýlega lagt bann við innflutningi eldisdýra og afurða þeirra héðan með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi hafi ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Komi það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki talið sér heimilt að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar nr. 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra, eins og henni hafi verið breytt ... Íslensk fyrirtæki hafi að undanförnu flutt út eldisfisk og hrogn til Skotlands, Írlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert. Brýna nauðsyn beri því til að breyta nú þegar lögum á þann veg að lögleiða megi ákvæði áðurnefndra tilskipana og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hnekkja þessum hindrunum."

Bráðabirgðalögin sem sett voru 1. júlí 2003 voru í öllum meginatriðum samhljóða frumvarpinu sem lagt hafði verið fram á 128. þingi. Þó var orðalagsbreyting á skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins á eldisdýri og ákvæði 3. gr. frumvarpsins frá 128. þingi ekki að finna í bráðabirgðalögunum, né heldur lokamálslið 9. gr. þess. Þrátt fyrir þessi frávik, en þau ákvæði sem ekki er að finna í bráðabirgðalögunum lúta bæði að stjórnsýslunni í fisksjúkdómamálum, leikur ekki vafi á því að lög nr. 103/2003 voru sama efnis og frumvarpið frá 128. þingi, enda tilgangurinn sá sami; að innleiða tilskipun 91/67/EBE með síðari breytingum í íslenskan rétt.

Hinn 7. október 2003 lagði landbúnaðarráðherra, í samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (þingskjal 111. á 130. löggjafarþingi) til staðfestingar bráðabirgðalögunum frá 1. júlí 2003. Í tengslum við það frumvarp var óskað svars við þeirri spurningu sem að ofan getur; hvort skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið uppfyllt við setningu bráðabirgðalaganna sem ofangreindum lögum er ætlað að staðfesta.

Skilyrði þess að bráðabirgðalög verði sett skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir:

> „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar það er saman komið á ný."

Ákvæði þessu var breytt í núverandi horf með 6. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, en með þeim var deildaskipting Alþingis afnumin, reglum um þingrof breytt og kveðið á um það að Alþingi sæti allt árið.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar tiltekur þrjú skilyrði fyrir því að bráðabirgðalög verði sett. Í fyrsta lagi þarf brýna nauðsyn að bera til lagasetningarinnar. Í öðru lagi er skilyrði að Alþingi sé ekki að störfum og loks er tiltekið sérstaklega að lögin megi ekki fara í bága við stjórnarskrána.

a) Skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um að þing sé ekki að störfum.

Á því leikur enginn vafi, að þegar bráðabirgðalögin sem hér um ræðir voru sett, 1. júlí 2003, var Alþingi ekki að störfum. Það skilyrði stjórnarskrárinnar var því uppfyllt og verður ekki fjallað frekar um þetta atriði hér.

b) Skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um að bráðabirgðalög samrýmist stjórnarskrá.

Því hefur ekki verið hreyft að bráðabirgðalögin fari að efni til í bága við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar en 28. gr. Með hliðsjón af þeim tíma sem gefst til að svara spurningu landbúnaðarnefndar mun ég ekki fjalla sérstaklega um það atriði hvort lögin samrýmist öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

c) Skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um brýna nauðsyn.

i. Stjórnarskrárbreytingin 1991.

Eins og áður segir var stjórnarskránni breytt með lögum nr. 56/1991. Í greinargerð með stjórnarskipunarlagafrumvarpinu, sem síðar varð að lögum nr. 56/1991, er það var lagt fram í fyrra sinn, á 113. löggjafarþingi, kemur fram að 1. mgr. 28. gr. hafi verið breytt í núverandi horf vegna þess að Alþingi situr nú allt árið og þinglausnir féllu niður. Tekið var fram að hér væri „því ekki um að ræða breytingu á þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga." (Alþt. 1990–1991, A, bls. 3050). Þá var einnig í greinargerðinni fjallað um frest

þann sem Alþingi er gefinn í 2. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með lögum 56/1991, til að samþykkja bráðabirgðalög.

Er Ólafur G. Einarsson mælti fyrir frumvarpi þessu, sem formenn þingflokkanna stóðu að, í neðri deild sagði hann m.a.:

> „En við leggjum til að þingið verði sett 1. okt. og það starfi fram í maí, lengur eða skemur eftir því sem verkast vill. Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar eða efna til mikilvægra umræðna.
>
> Við teljum þetta mikilsverða breytingu sem treysti störf Alþingis og stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu. Alþingi er því starfshæft allt árið og getur komið til funda mjög skjótlega ef þörf er á.
>
> Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokksformenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflega skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga, til þess að gera nánast engar breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkur var sú að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi, og mun ég koma að þeim síðar, en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt.
>
> Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna. Ég vek athygli á því að með þessum breytingum er ekki verið að þrengja formlega rétt til útgáfu bráðabirgðalaga því slík heimild hefur verið talin gilda þegar Alþingi hefur verið frestað með þingsályktun, með samþykki þess sjálfs. Um það eru nokkur dæmi, sum nýleg.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3087).

Í umfjöllun sinni um þá grein frumvarpsins sem breytti 28. gr. ítrekaði Ólafur að hér væri „ekki um að ræða breytingu frá þeim skilyrðum sem verið hafa fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Það er alveg ljóst að það hefur verið talið heimilt að gefa út bráðabirgðalög eftir að Alþingi hefur veitt formlegt samþykki sitt til frestunar á fundum þess. Um það eru a.m.k. sex dæmi á síðustu 20 árum.“ Þá bætti hann við að það væru „mjög skiptar skoðanir í hópi þingflokksformanna, og reyndar þingmanna allra, um þetta ákvæði, útgáfu bráðabirgðalaga, en þetta er niðurstaða okkar og það sem samstaða náðist um.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3090).

Skiptar skoðanir komu fram um það meðal annarra nefndarmanna hvort frumvarpið fæli í sér takmörkun á heimild til útgáfu bráðabirgðalaga og urðu nokkrar umræður um þetta atriði. Þannig sagði Málmfríður Sigurðardóttir að

> „erfitt [væri] fyrir fulltrúa Kvennalistans í nefndinni að ganga til samkomulags um að þessi heimild sé áfram við lýði. En í ljósi þess að samkvæmt þessu frumvarpi eru verulega takmarkanir á að beita þessari heimild gekk ég til samkomulags við nefndarmenn um þetta atriði.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3099).

Í sama streng tók Stefán Valgeirsson, sem flutti frumvarpið ásamt Ólafi, Málmfríði og Páli Péturssyni. Hann taldi sig ekki geta samþykkt þá túlkun Ólafs G. Einarssonar að ef frumvarpið yrði samþykkt yrði rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga svipaður og áður. Þvert á móti sagði hann halda „að það atriði einmitt, að þinginu verði ekki slitið, það standi allt árið, sé einmitt til þess að það sé ekki nema alveg í undantekningatilvikum, sem megi gefa út bráðabirgðalög.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3102). Ólafur G. Einarsson svaraði þessu:

„Ég ... sagði að það væri ekki verið að þrengja rétt ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga og ég lít svo á að það sé í sjálfu sér ekki verið að þrengja þennan rétt. En af sjálfu leiðir að meðan þingið situr allt árið hlýtur hver ríkisstjórn sem situr á hverjum tíma að hika mjög við það að nota réttinn með sama hætti og við þekkjum þó að hefur verið gert ... Ég vona að þessi ákvæði sem við höfum orðið sammála um verði til þess í raun að bráðabirgðalög verði ekki gefin út með svo frjálslegum hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum ... Ég tel að það hafi verið farið of frjálslega með þessi réttindi sem ríkisstjórn hefur og tel að við eigum að láta af þeim ósið að gefa út bráðabirgðalög þegar þing er í hléi. Ef þessar brtt. okkar verða samþykktar á að vera hægurinn hjá að kalla þingið saman til þess að fjalla um löggjöf sem ríkisstjórnin telur sér á hverjum tíma nauðsyn á að fá samþykkta. Ég gat ekki um það, taldi að menn skildu það, og auðvitað gera menn það, að þegar og ef sú skipan kemst á að þingið situr allt árið er það miklu léttara verk að kalla þingið til aukafunda á miðju sumri eða hvenær sem er ... Þetta tel ég allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu, en ég gat fallist á það að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga yrði ekki afnuminn núna ...“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3116).

Margir þingmenn véku að þessari breytingu við umræðu um frumvarpið. Í ræðu Hjörleifs Guttormssonar kom fram að þó eina breytingin á heimildinni til setningar bráðabirgðalaga væri sú að taka þyrfti afstöðu til bráðabirgðalaganna innan sex vikna eftir að þing kæmi saman, skyldu menn „vona að sú umræða sem fram hefur farið um setningu bráðabirgðalaga og sá möguleiki að kveðja Alþingi saman sem er samkvæmt þessu frv. verði til þess að bráðabirgðavaldi verði ekki misbeitt af framkvæmdarvaldinu eins og ég held að megi finna mörg dæmi um og sum nýleg.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3445). Kristín Einarsdóttir tók fram að hún gerði „ráð fyrir að ekki þurfi lengur að nota þá heimild sem þó er eftir í stjórnarskránni um setningu bráðabirgðalaga, heldur muni Alþingi vera kallað saman þar sem ekkert á að vera því til fyrirstöðu með stuttum fyrirvara.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3447).

Er málið kom til umræðu í efri deild, sagði Margrét Frímannsdóttir þingflokksformaður meðal annars:

„En aðalatriði er hins vegar að þegar Alþingi hefur lokið venjubundnum störfum að vori sé því frestað fram að upphafi næsta þings. Með þessu móti vinnst að Alþingi er þá alltaf starfshæft, ef svo má segja, og getur komið saman með mjög skömmum fyrirvara ef á þarf að halda og þingmenn verið undir það búnir ... Því er ekki að leyna að sumir okkar þingflokksformanna hefðu gjarnan viljað gera róttækari breytingar á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjallar um útgáfu bráðabirgðalaga ... Um þetta náðist því miður ekki samstaða. En líta má á þessa breytingu á setutíma Alþingis sem nokkurs konar málamiðlun þannig að framvegis verði ekkert því til fyrirstöðu að ríkisstjórnir geti kallað Alþingi saman með mjög skömmum fyrirvara til að fjalla um brýna og aðkallandi löggjöf, ef ríkisstjórnir á annað borð vilja hafa þann háttinn á. Það verður því áfram það ástand sem verið hefur, að heimilt verður að gefa út bráðabirgðalög á þeim tíma þegar Alþingi hefur verið frestað, með samþykki þess sjálfs, svo siðlaust sem það nú er.“ (Alþt. 1990–1991, B, dk. 3564).

Í nefndaráliti allsherjarnefndar neðri deildar um frumvarpið var skýrt að ákvæði breytingartillögu nefndarinnar fjölluðu „um frestun þingsins og hvernig mætti rjúfa hana ef brýna nauðsyn bæri til.“ (Alþt. 1990–1991, A, bls. 3459).

Af frumvarpinu sem síðar varð að lögum nr. 56/1991 og umræðum um það er ljóst, að þó svo að formlegum skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaga væri ekki breytt árið 1991 litu margir þingmenn, þeirra á meðal flutningsmenn frumvarpsins, svo á að

sú breyting, að Alþingi situr nú allt árið, myndi eðli sínu samkvæmt leiða til þess að bráðabirgðalög yrðu sjaldnar gefin út en áður. Kom fram óánægja með beitingu 28. gr. en að ekki hefði náðst samstaða um frekari breytingar.

ii. Dómaframkvæmd varðandi skilyrði 28. gr. um brýna nauðsyn.

Fram yfir 1990 töldu dómstólar að bráðabirgðalöggjafinn ætti fullnaðarmat um það hvort skilyrðið um brýna nauðsyn væri uppfyllt. Var það skilyrði talið vera sama marki brennt og skilyrði um almenningsþörf og almenningsheill í eignarréttar- og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar en ljóst hafði verið frá 1937, og margstaðfest síðar, að dómstólar myndu ekki hagga mati löggjafans á því hvort þessi skilyrði væru uppfyllt (sjá t.d. Hrd. 1937.332 og t.d. s. 453–4 í Stjórnskipun Íslands II e. Ólaf Jóhannesson, útg. 1978).

Árið 1992 féll dómur í Hæstarétti um gildi bráðabirgðalaga um launamál nr. 89/1990, sem sett voru 3. ágúst 1990, áður en stjórnarskránni var breytt með lögum 56/1991. Í þessum dómi sagði meirihluti Hæstaréttar: „Dómstólar eiga úrskurðarvald um það, hvort almenn lög samrýmst ákvæðum stjórnarskrár og hvort þau hafi orðið til á stjórnskipulegan hátt. Eðlisrök leiða til þess að hið sama gildi um bráðabirgðalög." (Hrd. 1992.1962, bls. 1967). Hér er, eins og sjá má, ekki gerð nein undantekning varðandi skilyrði 28. gr. um það að brýna nauðsyn beri til lagasetningar heldur er talið að dómstólar eigi úrskurðarvald um það. Dómurinn tók svo fram að löggjafinn hefði haft „til þess ríkan rétt að standa vörð um þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um, eins og segir í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna." (sami dómur, bls. 1968). Tveir dómarar í Hæstarétti skiluðu sératkvæði og lýstu sig sammála héraðsdómi um það „að ljóst verði að vera að um misbeitingu heimildar til útgáfu bráðabirgðalaga sé að ræða, svo að dómstólar geti látið undan fallast að byggja á þeim." (sami dómur bls. 1971). Þeir bættu því við að „Bráðabirgðalög nr. 89/1990 voru sett til að verja efnahagsstefnu löglegra stjórnvalda, og verður því að okkar áliti ekki á því byggt, að gegn 28. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotið með setningu þeirra." (sami dómur, bls. 1971) Í héraðsdómi höfðu þrír dómarar sagt um þetta atriði:

> „Mat á því, hvort brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga, hlýtur ætíð að verulegu leyti að byggjast á því, að hvaða markmiðum er stefnt hverju sinni í stjórnmálum og hvernig þeim skuli náð, rétt eins og verulegur hluti almennrar löggjafar er því marki brenndur. Verður m.a. af þeim sökum að líta svo á, að bráðabirgðalöggjafinn hafi allfrjálsar hendur um þetta mat, en þó ekki óbundnar með öllu. Telja verður, að ekki sé undan dómsvaldinu skilið að leggja mat á það, hvort bráðabirgðalög hafi verið sett í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar að þessu leyti, enda væri slík skýring óeðlileg, þegar m.a. er haft í huga, að dómstólar dæma um það, hvort almenn löggjöf brýtur í bága við stjórnarskrána eða ekki, bæði að efni og setningarhætti. Heimildir dómstólanna, að því er þetta atriði varðar, verður þó að skýra þannig, að þeirra sé fyrst og fremst að meta, hvort sú brýna nauðsyn, sem bráðabirgðalöggjafinn telur vera á setningu bráðabirgðalaga, sé studd nægilegum rökum, svo að ljóst megi vera, að um sýnilega misbeitingu heimildarinnar sé ekki að ræða." (Hrd. 1992:1962, bls. 1987)

Var það svo niðurstaða héraðsdómaranna, að „sýnt hafi verið fram á með nægjanlegum hætti, að nauðsyn hafi borið til setningar bráðabirgðalaganna til þess að ná þeim stjórnmálalegu markmiðum, sem að var stefnt og lýst er í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna. Ekki verður séð, að markmið þessi hafi út af fyrir sig haft að geyma neins konar ólögmæti, og nauðsynin þykir hafa verið nægilega rík til þess, að telja verði setningu bráðabirgðalaganna innan heimildarmarka 28. gr. stjórnarskrárinnar, að því er varðar ákvæðið um brýna nauðsyn." (Sami dómur, bls. 1988). Héraðsdómararnir tóku sérstaklega fram, að ekki þætti „skipta máli, hvort

nauðsyn á setningu laga í þessu skyni kann að hafa legið fyrir einhvern tíma, áður en bráðabirgðalögin voru sett, því að mat á nauðsyninni verður að miða við setningartíma bráðabirgðalaganna.“ (Sami dómur, bls. 1988).

Tvennt í þessum dómi er mikilvægt í sambandi við beitingu 28. gr. stjórnarskrárinnar. Í fyrsta lagi meta allir dómararnir, bæði í héraðsdómi og Hæstarétti, hvort skilyrðið um brýna nauðsyn hafi verið uppfyllt. Hér hefur því skýrlega verið horfið frá því að telja bráðabirgðalöggjafann eiga fullnaðarmat í þessu efni. Í öðru lagi hefur niðurstaða héraðsdóms um það að mat á nauðsyninni verði að miða við setningartíma bráðabirgðalaganna verið talið fela í sér að það fari ekki í bága við 28. gr. stjórnarskrárinnar að bráðabirgðalög séu sett er Alþingi er ekki að störfum, þó hin brýna nauðsyn hafi verið talin liggja fyrir meðan þing var enn að störfum. Þetta er í samræmi við kenningar fræðimanna bæði fyrr og síðar, sbr. Stjórnskipun Íslands II e. Ólaf Jóhannesson, 1978, bls. 324 og það sem fram kemur í Stjórnskipunarrétti eftir dr. Gunnar G. Schram. Þar segir: „Eigi skiptir það heldur út af fyrir sig máli hvenær hin brýna nauðsyn er til orðin. Það er meira að segja ekki loku fyrir það skotið að gefa megi út bráðabirgðalög af tilefni sem til hefur orðið svo snemma að hægt hefði verið að leita um það ákvörðunar Alþingis né heldur út af málefni sem Alþingi hefur fjallað um ... Það verður þó almennt að telja það varhugaverðara en ella að gefa út bráðabirgðalög um málefni sem Alþingi hefur nýlega fjallað um og ekki síst ef Alþingi hefur hafnað þeirri lausn sem bráðabirgðalögin velja nema þá því aðeins að atvik hafi breyst frá því málið var til meðferðar á Alþingi.“ (Stjórnskipunarréttur e. Gunnar G. Schram, útg. 1999, bls. 318).

Eini hæstaréttardómurinn sem gengið hefur um gildi bráðabirgðalaga eftir að stjórnarskrárbreytingin frá 1991 tók gildi er Hrd. 1995.2417. Í þeim dómi sagði meirihluti Hæstaréttar:

> „Löng réttarhefð er fyrir því, að dómstólar eigi fullnaðarúrskurð um, hvort almenn lög eru sett á stjórnskipulegan hátt. Með sama hætti ber að telja, að dómstólum sé heimilt að meta, hvort setning bráðabirgðalaga sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár.“ (Hrd. 1995.2417, bls. 2417)

Dómurinn mat því hvort skilyrðið um brýna nauðsyn hefði verið uppfyllt:

> „Fallast má á með áfrýjanda, að unnt hefði verið að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara í þinghléi sumarið 1992. Þrátt fyrir það mat bráðabirgðalöggjafinn stjórnmálaaðstæður og ástand í þjóðfélaginu þannig, að brýnt væri að breyta strax lögum um Kjaradóm, þannig, að ákvarðanir hans tækju nú mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins svo og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega.

Skilyrði stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn hefur í lagaframkvæmd hér á landi verið skýrt rúmt. Þykir ekki leitt í ljós, að löggjafinn hafi með því mati sínu, að brýna nauðsyn bæri til að setja hin umdeildu bráðabirgðalög, misbeitt valdi því, sem honum er fengið með 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991.“ (Hrd. 1995.2417, bls. 2417–2418).

Í sératkvæði tveggja dómara var komist að gagnstæðri niðurstöðu um þetta atriði. Þar var bent á, að rökin fyrir bráðabirgðalagaheimildinni hefðu upphaflega verið þau að Alþingi kom aðeins saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en 8 vikur, samgönguerfiðleikar og stirð fjarskipti. Sú breyting sem gerð var á 35. grein stjórnarskrárinnar 1991, ylli því „að nú er að jafnaði fátt til fyrirstöðu, að Alþingi sé kallað saman með stuttum fyrirvara og hefji störf tafarlaust, enda var tilgangurinn sá með því að breyta 35. gr.“ Þá sagði í atkvæði dómaranna tveggja:

> „Þótt ekki hafi verið haggað við formlegum skilyrðum til útgáfu bráðabirgðalaga í 28. gr. stjórnarskrárinnar með 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 56/1991, þar á meðal þeim

áskilnaði, að brýna nauðsyn þurfi til útgáfu þeirra, er ljóst, að breyting sú, sem gerð var á 35. gr., hlýtur að hafa áhrif á túlkun orðanna „brýn nauðsyn." Eftir því sem auðveldara verður að kalla saman Alþingi, þeim mun ríkari verður nauðsynin að vera, og hún ræðst aðallega af tvennu, annars vegar því, hver þörf er á skjótum viðbrögðum, og hins vegar, hversu langan tíma tekur að kalla Alþingi saman. Enn fremur ber að gefa því gaum, hversu mikilvægt málefni er og hvort tvímælis orki, hvernig leysa skuli.

Af gögnum þessa máls verður ekki séð, að reynt hafi verið að kveðja Alþingi til fundar til að taka á aðsteðjandi vanda, og var þó sérstök ástæða til vegna þess, hversu mikilvægt mál var til úrlausnar. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalög nr. 66/1992. Með útgáfu þeirra hefur verið farið út fyrir þær heimildir, sem 28. gr. stjórnarskrárinnar veitir." (Hrd. 1995.2417, bls. 2420–2421).

Mál þetta varðaði bráðabirgðalög nr. 66/1992, sem í kjölfar ákvarðana Kjaradóms frá 26. júní 1992 breyttu þeim reglum sem Kjaradómur skyldi byggja á. Hér reyndi því ekki á það hvort brýn nauðsyn hefði verið fyrir hendi meðan Alþingi var enn að störfum.

Af dómunum er ljóst að dómaframkvæmd varðandi skilyrðin fyrir setningu bráðabirgðalaga hefur breyst verulega á sl. 10–15 árum frá því sem áður var, er bráðabirgðalöggjafinn var talinn eiga fullnaðarmat um það hvort skilyrðið um brýna nauðsyn væri uppfyllt. Þá hefur aðeins einn dómur fallið um þessi skilyrði í Hæstarétti eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991 og þar klofnaði rétturinn. Þetta gerir það erfiðara að spá fyrir um hvernig dómstólar kynnu nú að fara með slík mál.

Skilyrði 28. gr. stjórnarskrár um brýna nauðsyn og lög nr. 103/2003.

Eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991 hafa bráðabirgðalög verið sett átta sinnum. Í þremur tilvikum tengdust þau kjaramálum. Þar var um að ræða þau bráðabirgðalög sem um var fjallað í dómnum frá 1995 og svo bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga frá 28. maí 1993, sem staðfest voru með lögum nr. 112/1993. Þriðju bráðabirgðalögin varðandi kjaramál voru bráðabirgðalög nr. 1/1994 um stöðvun verkfalls fiskimanna, sem síðar voru staðfest með lögum nr. 18/1994. Tvisvar hafa bráðabirgðalög verið sett til að leysa vandamál tengd lagaskilum. Í því skyni var lyfjalögum breytt með bráðabirgðalögum nr. 112/1994 (sem síðar voru staðfest með lögum nr. 122/1994) og bráðabirgðalög breyttu gildistökuákvæði sveitarstjórnarlaga (bráðabirgðalög nr. 100/1998, síðar staðfest með lögum nr. 123/1998). Loks voru, í framhaldi af hryðjuverkum í Bandaríkjunum haustið 2001, sett tvenn bráðabirgðalög um bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika (bráðabirgðalög frá 23. september 2001, sem síðar voru staðfest með lögum nr. 120/2001 og bráðabirgðalög frá 27. desember 2001, síðar staðfest með lögum 5/2002). Síðan er um að ræða þau bráðabirgðalög um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði o.fl. sem eru efni þessa álits. Hér var um verulega fækkun að ræða frá því fyrir gildistöku laga nr. 56/1991, en frá 1981 til 1990 voru bráðabirgðalög sett 43 sinnum.

Frá því stjórnarskipunarlög nr. 56/1991 tóku gildi hafa bráðabirgðalög því fallið í einhvern af þremur flokkum; snert kjaramál, gildistöku laga eða verið til komin vegna ófyrirséðra atvika eins og hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í september 2001. Eftir stjórnarskrárbreytinguna hefur reynt á stjórnskipulega heimild fyrir setningu einna af þeim bráðabirgðalögum sem snertu kjaramál fyrir dómstólum en ekki annarra. Lög nr. 103/2003 falla ekki í neinn þessara flokka, þó þau líkist e.t.v. helst lögunum um bótaábyrgð vegna tjóns af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika. Samkvæmt aðfaraorðum laga

nr. 103/2003 voru þau sett í tilefni af innflutningsbanninu til Skotlands og Írlands en þangað höfðu íslensk fyrirtæki „flutt út eldisfisk og hrogn ... í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshnekki. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef ekkert verði að gert.“ Sú hætta sem var á því að rekstrargrundvellinum yrði kippt undan íslenskum fiskeldisfyrirtækjum var ítrekuð er landbúnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi til staðfestingar á lögunum þann 9. október 2003.

Mat á því hvort tiltekin nauðsyn eða hagsmunir hafi verið nægilega brýnir til þess að skilyrði 28. gr. hafi verið uppfyllt er að langmestu leyti stjórnmálalegs eðlis og því að mörgu leyti betur geymt hjá Alþingi en dómstólum eða öðrum stofnunum. Þetta er ástæða þess að dómstólar töldu bráðabirgðalöggjafann lengi eiga fullnaðarmat um þetta efni og hafa svo skýrt skilyrðið um brýna nauðsyn rúmt. Komi ekki annað til tel ég, með hliðsjón af þessari túlkun, sbr. Hrd. 1995.2417, ólíklegt, að dómstólar myndu líta svo á að heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar til setningar bráðabirgðalaga hafi verið misbeitt með því að bráðabirgðalög voru sett um þetta efni eins og aðstæður voru 1. júlí 2003.

Kemur þá til skoðunar hvort forsaga málsins breyti þessari niðurstöðu en eins og áður var sagt, var frumvarp sama efnis og bráðabirgðalögin lagt fyrir á 128. löggjafarþingi, og varð ekki útrætt á þinginu. Er hann mælti fyrir frumvarpinu sagði landbúnaðarráðherra:

> „Ljóst er að verði tilskipun 91/67/EBE ekki innleidd í íslenska löggjöf á næstunni getur það haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf. Framtíðarútflutningi á fiski kann að vera ógnað ef íslensk stjórnvöld uppfylla ekki áðurnefndar skuldbindingar. Í þessu sambandi geta m.a. komið upp vandamál sem felast í óljósri lagastöðu Íslands vegna ófullnægjandi innleiðingar samræmdra reglna og erfiðleika við vottun sem líklegt er að erlendir samkeppnisaðilar nýti sér. Einnig er aukin hætta á að hingað berist sjúkdómar sem ekki finnast hér á landi sem geta eyðilagt þann mikla og góða orðstír sem Ísland hefur vegna einstakrar sjúkdómastöðu á þessu sviði. Miklir hagsmunir eru því í húfi, jafnt hvað varðar útflutning og heilbrigði íslenskra fiskstofna, en með innleiðingu tilskipunarinnar verður lögð áhersla á að með henni fái íslensk stjórnvöld jafnframt nauðsynleg stjórntæki til að gæta þess að einungis verði flutt inn eldisdýr sem eru laus við þá sjúkdóma sem ekki fyrirfinnast hér á landi. Málssókn Eftirlitsstofnunar EFTA vofir yfir gegn íslenska ríkinu vegna brota á EES-samningnum eins og ég hef hér áður komið inn á.
>
> Með vísan til þess sem hér hefur verið gerð grein fyrir, tel ég ljóst að allir þingmenn geri sér grein fyrir að Ísland er í erfiðri stöðu í þessu máli og hversu brýnt það er og í raun óhjákvæmilegt að tilskipun 91/67/EBE verði innleidd í íslenska löggjöf á því löggjafarþingi sem nú stendur yfir“. (2003-03-11).

Þegar frumvarp þetta var lagt fram höfðu Skotland og Írland ekki bannað innflutning eldisdýra og afurða þeirra héðan. Hins vegar má ráða af umræðum á Alþingi, þ.m.t. ofangreindri ræðu landbúnaðarráðherra, að það hafi legið fyrir að svo kynni að fara, þegar frumvarpið var lagt fram á 128. löggjafarþingi. Engu að síður varð frumvarpið ekki útrætt. Af þeirri staðreynd verður þó ekki dregin afdráttarlaus ályktun um afstöðu almenna löggjafans til nauðsynjar þess að frumvarpið yrði að lögum þar sem frumvarpið kann að hafa dagað uppi af öðrum ástæðum en þeirri að almenni löggjafinn liti ekki svo á að brýnt væri að það yrði að lögum. Þá má telja, með hliðsjón af því að frumvarpið átti ekki að taka gildi fyrr en 1. ágúst 2003, að landbúnaðarráðuneytið hafi ekki talið málið eins brýnt í mars og það taldi síðar. Með hliðsjón af þessum atriðum verður ekki fullyrt afdráttarlaust að almenna löggjafann og bráðabirgðalöggjafann hafi greint á um það hvort brýna nauðsyn bæri til lagasetn-

ingarinnar. Telji almenni löggjafinn hins vegar að ráðherra hafi með setningu bráðabirgðalaga farið í bága við vilja meirihluta þingsins, hefur hann í íslenskri stjórnskipan ýmis ráð til að bregðast við því.

Hér kemur einnig til álita hvort sú staðreynd að frumvarp sama efnis og bráðabirgðalögin var ekki lagt fyrir 129. löggjafarþing er það kom saman í maílok, hafi áhrif á matið á því hvort brýn nauðsyn hafi verið til staðar. Fyrir lá frá því um miðjan apríl (sjá um þetta fréttatilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. apríl 2003) að fresturinn sem íslensk stjórnvöld höfðu til að innleiða tilskipunina rynni út 14. júní 2003. Telja má líklegt, sbr. fyrrnefnda ræðu landbúnaðarráðherra er hann mælti fyrir frumvarpi um innleiðingu tilskipunar 91/67/EBE á 128. löggjafarþingi, að ljóst hafi verið að önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu kynnu að grípa til aðgerða vegna þess að tilskipunin hefði ekki verið innleidd í íslenskan rétt, eins og raunin varð.

Í héraðsdómi í Hrd. 1992.1962 var, sem fyrr segir, sérstaklega vikið að því að mat á brýnni nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga yrði að miðast við setningartíma laganna og því skipti ekki máli hvort hún hefði verið til staðar fyrr, en á því var byggt í málinu að brýn nauðsyn hefði legið fyrir meðan Alþingi sat ennþá. Dómur þessi gekk þó um atvik sem gerðust áður en stjórnarskipunarlög nr. 56/1991 tóku gildi. Dr. Gunnar G. Schram lýsir svipaðri skoðun og fram kemur í þessum dómi í riti sínu Stjórnskipunarrétti. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar bráðabirgðalög voru sett til að bregðast við aðstæðum sem fyrirsjáanlega fylgdu í kjölfar þess að frestur til innleiðingar tilskipunarinnar rann út, án þess að reynt hefði verið að leggja frumvarp fyrir þingið sem kom saman rétt um tveimur vikum áður en áðurnefndur frestur rann út, hafi verið gengið of nærri skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn eins og hún verður skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, sbr. líka Hrd. 1995.2417, og með hliðsjón af grundvallarhugmyndum stjórnskipunarinnar um löggjafarhlutverk Alþingis og gildi þess í lýðræðisþjóðfélagi að mál séu rædd á þingi þannig að mismunandi skoðanir geti þar tekist á. Engu að síður tel ég, með hliðsjón af Hrd. 1992.1962, og þá einkum ummælum héraðsdómara um það að meta beri hvort nauðsyn hafi verið brýn er bráðabirgðalög voru sett, óháð því hvort nauðsynin væri nýtilkomin, að heldur ólíklegt sé að dómstólar teldu bráðabirgðalögin hafa verið sett í andstöðu við 28. gr. stjskr. af þessum sökum. Hér verður þó að geta þess að eins og að ofan er rakið hefur dómaframkvæmd varðandi setningu bráðabirgðalaga breyst ört og aðeins einn dómur hefur gengið um 28. gr. stjórnarskrárinnar eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991. Því verður ekki fullyrt með neinni vissu um afstöðu dómstóla í þessu efni.

Samantekt.

Á því leikur enginn vafi að skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar fyrir setningu bráðabirgðalaga um að Alþingi sé ekki að störfum var uppfyllt er lög nr. 103/2003 voru sett s.l. sumar.

Því hefur ekki verið hreyft að lögin fari að efni til í bága við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar en 28. gr. og var það tímans vegna ekki tekið til skoðunar í áliti þessu.

Þegar hugað er að því hvort skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn hafi verið uppfyllt við setningu bráðabirgðalaga nr. 103/2003, er til eftirtalinna atriða að líta:

Í íslenskri dómaframkvæmd hefur skilyrðið um brýna nauðsyn verið skýrt rúmt. Í eina dómnum, sem gengið hefur um þetta atriði eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, byggði meirihluti Hæstaréttar á því að ekki væri leitt í ljós, að bráðabirgðalöggjafinn hefði misbeitt valdi því sem honum væri fengið í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Tveir dómarar vildu hér fara strangar í sakirnar.

Sömuleiðis hefur verið talið, fyrir stjórnarskrárbreytinguna 1991, að mat á því hvort brýn nauðsyn hafi staðið til útgáfu bráðabirgðalaga verði að miða við þann tíma er bráðabirgðalögin voru sett.

Frumvarp sama efnis og bráðabirgðalögin varð ekki útrætt á 128. löggjafarþingi.

Frumvarp þessa efnis var ekki lagt fyrir 129. löggjafarþing, sem kom saman um tveimur vikum áður en frestur sá, sem íslenskum stjórnvöldum hafði verið gefinn til að innleiða tilskipun 91/67/EBE með síðari breytingum, átti að renna út og fyrirséð var að önnur ríki kynnu að banna innflutning er fresturinn væri liðinn.

Þegar bráðabirgðalög nr. 103/2003 voru sett hafði fresturinn runnið út og skosk og írsk stjórnvöld bannað innflutning íslenskra eldisdýra og afurða þeirra. Bráðabirgðalögin innleiddu tilskipun 91/67/EBE og var þegar á þeim byggt við setningu reglugerða, sem aftur leiddi til þess að innflutningsbönnunum var aflétt.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið talið, tel ég að með setningu bráðabirgðalaga nr. 103/2003 hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún verði skýrð með hliðsjón af lögskýringargögnum með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991 og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991. Eðli málsins samkvæmt er hins vegar matsatriði hvenær skilyrði 28. gr. um það að brýn nauðsyn standi til bráðabirgðalagasetningar, eru uppfyllt. Með hliðsjón af þeim dómum sem gengið hafa um þetta atriði á síðasta áratug tel ég ólíklegt að dómstólar myndu telja bráðabirgðalöggjafann hafa farið út fyrir valdsvið sitt samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar er lög nr. 103/2003 voru sett. Sú niðurstaða er þó ekki vafalaus.

308. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um úrræði fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta fara fram könnun á forvarna- og meðferðarúrræðum fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Í framhaldi af slíkri könnun verði settar fram tillögur um úrbætur með það fyrir augum að stuðla að heildstæðum lausnum og markvissri nýtingu fjárstuðnings frá hinu opinbera.

Greinargerð.

Starfsemi á sviði forvarna- og meðferðarmála hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og hlutfallslega gangast fleiri Íslendingar undir áfengismeðferð en þekkist í flestum nágrannalanda okkar (Shaffer, J. Howard. *Mat á áfengis- og vímuefnameðferð,* bls. 5). Staðreyndin er hins vegar sú, að það forvarna- og meðferðarkerfi sem við búum við er ekki heildstætt. Rannsóknir hafa verið gerðar og tillögur um úrbætur hafa komið fram. Flutningsmenn tillögunnar telja brýnt að taka fastar á þessum málum og reyna að tryggja heildstætt kerfi.

Meðferð við vímuefnavanda felst í innlögn, göngudeildarmeðferð, samtalsmeðferð og dvöl á áfangaheimili. Aðilar sem veita vímuefnameðferð á Íslandi eru eftirfarandi: LSH, SÁÁ, Samhjálp, Byrgið, Krísuvíkursamtökin, Reykjavíkurborg (áfangaheimili), fangelsi, trúfélög og ýmsir sjálfstætt starfandi aðilar (Grímur Atlason, *Úttekt fyrir Félagsþjónustu Reykjavíkur,* óprentað). Eftirlit með þessum aðilum virðist bæði tilviljanakennt og skipulags-

laust. Málefni þeirra heyra undir tvö ráðuneyti og jafnvel fleiri eins og reyndin var til skamms tíma með Byrgið þegar það var á Miðnesheiði.

Flókinn rekstrargrundvöllur þessara aðila er ekki til þess fallinn að gera starfsemi þeirra gagnsæja eða stuðla að heildstæðri vímuefnameðferð á Íslandi. LSH fær allt sitt rekstrarfé í gegnum opinbera sjóði en SÁÁ og fleiri þurfa að treysta á framlög einkaaðila og félaga.

Í skýrslu, sem unnin var fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið árið 1997 og vitnað hefur verið í hér í greinargerðinni, kemur fram að ýmsir vænlegir kostir í meðferð hafi átt erfitt uppdráttar eða hafi alls ekki náð fótfestu á Íslandi. Hér er ekki síst átt við afeitrun án innlagnar (Shaffer, J. Howard. *Mat á áfengis- og vímuefnameðferð,* bls. 9). Í þessu sambandi ber að hafa í huga eftirfarandi: Árið 1985 höfðu 3,5% fullorðinna landsmanna komið í áfengismeðferð að minnsta kosti einu sinni. Á þeim tíma voru ekki mörg göngudeildarúrræði á landinu en síðan þá hefur þeim eitthvað fjölgað. Á sama tíma hefur innlagnarplássum fjölgað mjög. Skilgreind afeitrunarpláss eða sjúkrarúm eru þegar allt er talið um 120 hverju sinni (Grímur Atlason, *Úttekt fyrir Félagsþjónustu Reykjavíkur,* óprentað). Þetta eru þau pláss sem ætluð eru einstaklingum í bráðaþörf en umdeilt er hvernig hún skuli skilgreind. Innlögn á afeitrunardeildir þykir nauðsynlegur þáttur í vímuefnameðferð hér á landi. Það kemur fram í skýrslunni og hjá ýmsum vísindamönnum, sem rannsakað hafa árangur af mismunandi meðferðarúrræðum, að þær aðferðir sem hér tíðkast kunni að þarfnast endurskoðunar.

Hvort sem þjónusta á þessu sviði er rekin beint af hinu opinbera eða einkaaðilar sjá um reksturinn ber brýna nauðsyn til að allir þeir aðilar sem fást við þennan vanda vinni sem markvissast að sameiginlegum markmiðum. Þetta krefst stefnumótunar af hálfu stjórnvalda.

Atriði sem eðlilegt væri að tekin yrðu til gagngerrar skoðunar væru eftirfarandi:

a. Er hægt að koma á markvissara eftirliti með meðferðarúrræðum vímuefnaneytenda á Íslandi?
b. Væri til bóta að gera kröfu um árangurstölur frá þeim aðilum sem sinna meðferð vímuefnaneytenda á Íslandi og þær þá teknar saman af hlutlausum aðilum, sbr. rannsóknir Kristins Tómassonar árið 1995 og 1996?
c. Kemur til greina að setja á laggirnar greiningar- og ráðgjafarstöð/móttökustöð sem sinnti móttöku og greiningu allra þeirra sem leituðu sér aðstoðar vegna vímuefnavanda á Íslandi?

Mikið starf hefur verið unnið á þessu sviði heilbrigðisþjónustu síðustu áratugina og margt gott af því leitt. Á því er ekki nokkur vafi. Margt bendir þó til að hægt væri að ná enn betri árangri með markvissara skipulagi og virkara eftirliti. Að því miðar þessi tillaga.

309. Tillaga til þingsályktunar [273. mál]

um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Brynja Magnúsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og mark-

mið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem megináhersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreidd og er því endurflutt.

Þann 17. og 21. júní 2000 urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Haustið 2000 hafði þegar verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem ekki fellur beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir sumarið 2000. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem þá urðu og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar jarðskjálftanna sumarið 2000 og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniður-

stöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjón varð hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu sumarið 2000. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hefur tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum hafi skemmdir orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig hafi orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við þau, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Liður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst um eðli og afleiðingar jarðskjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af skjálftunum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu sumarið 2000 og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suðurlandi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem daglega hýsir margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem ekki er hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Ragnar Sigbjörnsson, 3. október 2000.
II. Bréf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til ríkisstjórnar Íslands, Selfossi, 9. október 2000.
III. Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
IV. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (27. febrúar 2001.)
V. Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (2. mars 2001.)
VI. Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (13. mars 2001.)
VII. Umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
VIII. Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (14. mars 2001.)
IX. Umsögn Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)
X. Umsögn menntamálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XI. Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (15. mars 2001.)

XII. Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIII. Umsögn Viðlagatryggingar Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (16. mars 2001.)
XIV. Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (20. mars 2001.)
XV. Umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. mars 2001.)
XVI. Umsögn Almannavarna ríkisins um tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum (116. mál á 126. löggjafarþingi). (17. apríl 2001.)

Um I. og II. fylgiskjal vísast til samhljóða fylgiskjala í þskj. 116 (116. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 764–772.

310. Fyrirspurn [274. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsókn á ofbeldi gegn börnum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra orðið við ítrekuðum óskum umboðsmanns barna um að gerð verði ítarleg rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum? Ef svo er, hvenær hófst hún og hverjir sjá um framkvæmdina? Ef svo er ekki, hver er ástæða þess að ekki er farið að ábendingum umboðsmanns barna?

311. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um eflingu sjálfboðastarfs.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Gunnar Birgisson,
Margrét Frímannsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem meti stöðu sjálfboðastarfs á Íslandi, hvernig megi efla virðingu fyrir því starfi og auka mikilvægi þess íslensku samfélagi til framdráttar. Nefndin athugi og hvort hægt er að bæta aðstæður frjálsra félagasamtaka hér á landi svo að starf þeirra megi eflast til samræmis við það sem best gerist í öðrum löndum.

Nefndarmenn verði þrír, skipaðir af ráðherra.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004.

Greinargerð.

Sjálfboðastarf hefur skipað ákveðinn sess í íslensku samfélagi um langan aldur. Hjálparsveitir hafa unnið mörg þrekvirki sem þakka verður ósérhlífnu starfi meðlima þeirra og íþróttafélög og barna- og unglingastarf hefur oft og tíðum byggst á sjálfboðastarfi. Þá

hafa Íslendingar veitt fátækum þjóðum aðstoð með sjálfboðavinnu sem ýmist hefur verið innt af hendi hér heima, t.d. með peningasöfnun, eða í ríkjum þar sem aðstoðar hefur verið þörf. Á meðal stórra samtaka og félaga sem byggst hafa á framlagi sjálfboðaliða eru Íþróttasamband Íslands, Landsbjörg, Kvenfélagið Hringurinn og Rauði kross Íslands.

Árið 2001 var ár sjálfboðastarfs hjá Sameinuðu þjóðunum. Það ár var haldin ráðstefna hér á landi þar sem íslenskir og erlendir fyrirlesarar skiptust á skoðunum. Margt sem gert var á þessu ári sjálfboðastarfs bæði hér heima og erlendis gæti nýst í starfi nefndarinnar sem hér er lagt til að ráðherra skipi.

Þrátt fyrir að flestir geri sér grein fyrir mikilvægi þess starfs sem sjálfboðaliðar vinna skortir nokkuð á fullan skilning í þeim efnum. Evrópuráðsþingið hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja Evrópuráðsins að starf sjálfboðaliða verði metið að verðleikum en rannsóknir hafa sýnt fram á að störf sjálfboðaliða eru stór hluti af landsframleiðslu hvers ríkis, allt frá 10–20%. Þeir sem bjóða krafta sína til sjálfboðastarfa öðlast oft mikla reynslu sem ekki verður aflað annars staðar. Víða erlendis er slík starfsreynsla metin til fulls á við reynslu sem aflað er í launuðu starfi en svo er ekki hérlendis nema að takmörkuðu leyti. Það er álit flutningsmanns að þessu þurfi að breyta. Því er lagt til að nefndin meti hvernig megi efla virðingu fyrir starfi sjálfboðaliða, t.d. hvort breyta megi lögum á þann hátt að kveðið verði á um að við mat á hæfni þeirra sem sækja um opinber störf skuli tekið fullt tillit til reynslu sem aflað hefur verið í sjálfboðastarfi.

Margir sem vinna heima vilja gjarnan vinna úti hluta dags en sækjast ekki alltaf eftir launuðu starfi heldur leita allt eins að vettvangi þar sem þeir geta látið gott af sér leiða og þegið ánægju og virðingu í laun. Slíka fórnfýsi þarf að virkja en veita henni jafnframt fulla virðingu.

Störf sjálfboðaliða eru mikilvægur þáttur í hverju samfélagi. Sjálfboðaliðar vinna oft störf sem hvorki ríki né einkafyrirtæki hafa tök á að sinna. Því er ástæða til að athuga hvort bæta megi á einhvern hátt umhverfið sem frjáls félagasamtök búa við hér á landi. Sparnaður þjóðfélagsins af vinnu sjálfboðaliða er ómældur og ef nefndin gæti aflað grunnupplýsinga um þann sparnað gæti það reynst mikilvægt tæki við hagstjórn.

312. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Bætur vegna einstaks verknaðar skulu ekki greiddar nema höfuðstóll kröfu sé 100.000 kr. eða hærri.

Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, greiðir ríkissjóður ekki hærri fjárhæð en:

a. 500.000 kr. fyrir tjón á munum,
b. 5.000.000 kr. fyrir líkamstjón,

c. 1.000.000 kr. fyrir miska,
d. 3.000.000 kr. fyrir missi framfæranda.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ef umsókn um bætur hefur borist bótanefnd í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um ákvörðun bóta eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 127. og 128. þingi en náði ekki fram að ganga þrátt fyrir að einungis sé um að ræða leiðréttingu í samræmi við álit allsherjarnefndar frá árinu 1996 þegar þessar bætur voru skornar niður um helming í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997. Ætlast var til að þessi skerðing gengi til baka, en svo varð ekki.

Á 118. löggjafarþingi voru samþykkt lög á Alþingi um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í 7. gr. laganna var fjallað um hámarksfjárhæð bóta. Fyrir tjón á munum skyldi ekki greiða hærri bætur en 500.000 kr., fyrir líkamstjón skyldu bætur ekki vera hærri en 5.000.000 kr., fyrir miska skyldi ekki greiða hærri bætur en 1.000.000 kr. og fyrir missi framfæranda skyldu ekki greiddar hærri bætur en 3.000.000 kr. Þá áttu fjárhæðir samkvæmt greininni að taka verðlagsbreytingum skv. 15. gr. skaðabótalaga. Lögin áttu að öðlast gildi 1. janúar 1996 en áður en til þess kom var þeim breytt með 18. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Með breytingunni voru hámarksbætur lækkaðar. Af dæmdum eða ákvörðuðum bótum, að vöxtum meðtöldum, skyldi ríkissjóður ekki greiða hærri fjárhæð en 250.000 kr. fyrir tjón á munum, 2.500.000 kr. fyrir líkamstjón, 600.000 kr. fyrir miska og 2.500.000 kr. fyrir missi framfæranda. Þá var gildistöku laganna frestað og ákvæðið um að fjárhæðirnar skyldu taka verðlagsbreytingum samkvæmt skaðabótalögum fellt brott. Í umsögn meiri hluta allsherjarnefndar til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996 kom fram að meiri hlutinn taldi skerðingarnar mjög miklar og mæltist eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 yrði miðað við að bætur yrði greiddar til samræmis við það sem upphaflega var ákveðið. Minni hluti allsherjarnefndar mótmælti frumvarpinu harðlega og lagði þunga áherslu á að Alþingi tryggði nægilegt fjármagn svo að staðið yrði að fullu við upphafleg markmið laganna.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til verða hámarksfjárhæðir bóta þær sömu og upphaflega var gerð tillaga um og munu þær jafnframt taka verðlagsbreytingum eins og eðlilegt verður að teljast. Ekki er hér um að ræða háar fjárhæðir þegar á heildina er litið og ætti það ekki að hamla samþykkt þessarar breytingar. Um er að ræða löngu tímabæra leiðréttingu enda hefur þessi lækkun á bótagreiðslum bitnað hvað harðast á börnum sem hafa orðið fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi. Ekki bólar enn á endurskoðun eða leiðréttingu af hálfu ríkisstjórnar og því er þetta frumvarp nú flutt í þriðja sinn.

313. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um stofnun sædýrasafns á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Gunnar Birgisson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp á höfuðborgarsvæðinu veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.

Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi og eignarhaldi fyrir 1. september 2004.

Greinargerð.

Hafið umlykur Ísland og Íslendingar eiga allt sitt undir gæðum þess. Við lifum á sjósókn og sambýlið við hafið hefur mótað líf okkar og athafnir. Þrátt fyrir það er ekki að finna hér á landi, ef frá eru talin sædýrasöfnin í Vestmannaeyjum og í Sandgerði, safn sem gerir skil þessum meginþætti í tilveru þjóðarinnar og því ævintýri sem lífið í hafinu umhverfis Ísland er. Löngu tímabært er að koma á fót myndarlegu sædýrasafni í Reykjavík eða nágrenni til gagns og gamans fyrir almenning, æskuna í skólum landsins og þá fjölmörgu ferðamenn sem hingað koma.

Lifandi sædýrasöfn eru vinsæl um allan heim og höfða til breiðs hóps. Slíkt safn hér yrði í senn safn lifandi fiska og fróðleiksnáma fyrir unga og aldna um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna, mengun og umgengni um hafið. Þar mætti fræðast um ástand fiskistofna, umhverfismál og fleira sem snertir Ísland og hafið á lifandi og áhrifaríkan hátt, sögu fiskverndar, fiskifræði og hafrannsóknir. Sædýrasafn af þessum toga yrði og ætti að vera óður okkar Íslendinga til hafsins.

Þegar bjóða á vandaða afþreyingu fyrir ferðamenn og heimafólk fer ævinlega best á því að byggja hana á raunverulegum gildum og traustum grunni, svo að saman fari fróðleikur og skemmtun. Væri íslenskt sædýrasafn grundvallað á þennan hátt á fræðilegum grunni, og vandað til þess með einstöku staðarvali, byggingarlist á heimsmælikvarða og sýningum af bestu gerð, mætti vel gera ráð fyrir að þangað kæmu a.m.k. 250.000 gestir á ári, eða svipaður fjöldi og nú sækir Blána lónið ár hvert. Þá má benda á að gert er ráð fyrir allt að 10% fjölgun ferðamanna á ári næstu árin. Tekjur af aðgangseyri, minjagripum og veitingum gætu því numið 200–350 millj. kr. á ári.

Sædýrasöfn eru sérhæfð og dýr mannvirki, bæði í uppbyggingu og rekstri, þurfa flókinn búnað til að tryggja lífsskilyrði „íbúanna“ og mikla nákvæmni og alúð í daglegum rekstri. Því er rétt að gera ráð fyrir að uppbygging sædýrasafns gæti kostað 800–1.000 millj. kr. og rekstur á ári 80–100 millj. kr. Allt fer þetta þó eftir því hve hátt menn setja markið í mannvirkjum og annarri aðstöðu.

Sædýrasafn, eins og hér er fjallað um, þarf að vera við fjöruborð, með annan fótinn á landi og hinn í sjó, ef svo má að orði komast, svo að gestir geti virt fyrir sér lífið í sjónum, og helst með aðstöðu fyrir báta til að flytja gesti. Slíka staði er eflaust að finna t.d. í Laugarnesi, á Seltjarnarnesi, Álftanesi, Keilisnesi, við Hvassahraun og víðar. Eigi safn af þessari stærð að

bera sig er nauðsynlegt að það verði á höfuðborgarsvæðinu. Tillagan gerir því ráð fyrir að athugun beinist eingöngu að því svæði.

Mörg áhugaverð sædýrasöfn eru í nágrannalöndunum sem hafa mætti sem fyrirmynd að einhverju marki, ekki síst í Danmörku, og má benda á þrjú þar sem áhersla er lögð m.a. á skólastarf, þ.e. Nordsømuseet á Skagen, Kattegatcentret í Grenaa og Øresundsakvariet á Helsingjaeyri. Einnig má benda á áhugaverð söfn í Boston og Baltimore á austurströnd Bandaríkjanna.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin láti vinna kostnaðarútreikninga vegna safnsins og meti mögulegar leiðir varðandi fjármögnun, eignarhald og rekstrarform. Stefnt skal að því að þáttur ríkisins í fjármögnun og rekstri safnsins verði í lágmarki.

314. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Brynja Magnúsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2004.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna þess að nauðsynlegt er að taka nú þegar til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda. Það er löngu ljóst að ekki er hægt að sinna lögboðinni kennslu þeirra í almennum bekkjardeildum og víða skapast veruleg vandamál vegna þessa bæði hvað varðar líðan barnanna og einnig fyrir skóla þeirra. Þá er ljóst að í grunnskólanum er ekki hægt að veita þeim þá sérhæfðu meðferð sem þau þurfa vegna veikinda sinna, enda er það hlutverk heilbrigðiskerfisins. Reykjavíkurborg skipaði sérstakan starfshóp til þess að skoða stöðu þessara mála hjá borginni. Sá starfshópur skilaði skýrslu og tillögum til úrbóta í maí 2003 (sbr. fylgiskjal).

Heilbrigðisráðherra hefur reifað þær hugmyndir að ráða til starfa verkefnisstjóra sem meðal annars verði ætlað að samþætta ýmis málefni er varða börn með geðrænan eða félagslegan vanda. Þar er um viðamikið verkefni að ræða sem að líkindum mun taka nokkurn tíma þar til heildartillögur um meðferð þessara barna liggja fyrir.

Það er mat flutningsmanna að það þoli ekki bið að vinna að úrbótum í málefnum barna með geðrænan og félagslegan vanda í grunnskólakerfinu. Því er þessi tillaga flutt.

Heföbundinn skóli með ákveðinni stundaskrá, heföbundinni lengd kennslustunda og frímínútna er kerfi sem gagnast nemendum með geðrænan eða félagslegan vanda illa eða alls ekki. Jafnframt líður sumum þessara ungu nemenda illa vegna þess flókna og síbreytilega félagslega veruleika sem skólinn endurspeglar. Slök félagsfærni, léleg sjálfsmynd, ábyrgðarleysi eða árásargirni leiðir til tíðra árekstra við aðra í leik og starfi og samveru með fjölskyld-

unni. Í verstu tilvikum verða þessir nemendur utangarðsfólk, með enga framhaldsmenntun, háð fíkniefnum, hneigðir til afbrota, glímandi við geðsjúkdóma og með stopula atvinnu. Hætta er á að þeir geti ekki séð sér farborða og haldið heimili á fullorðinsárum. Kostnaður samfélagsins vegna erfiðleika þeirra getur orðið verulegur. Til að reyna að koma í veg fyrir að svo fari þurfa sumir nemendur mikinn sérstuðning og annað umhverfi en þekkist almennt í grunnskólum hérlendis.

Segja má að þessir nemendur skiptist gróflega í tvo flokka; þá andfélagslegu og þá vanvirku. Vanlíðan þeirra andfélagslegu birtist í árásum á skólafélaga eða kennara og starfsfólk og eignaskemmdum sem oft eru unnar í stjórnlausum bræðisköstum. Vanlíðan hinna vanvirku getur endurspeglast í þunglyndi, kvíðaköstum og verulega skertri sjálfsmynd. Báðir þessir hópar þurfa sérstuðning sem beinist að námi þeirra og félagslegri stöðu. Jafnframt þarf að hafa með sumum í þessum hópi mikið eftirlit og aðstoð, innan sem utan skólastofu.

Fyrir þennan hóp þarf að búa til námsumhverfi utan heimaskólans sem er sveigjanlegra, margbreytilegra og rólegra en hefðbundinn skóli. Þetta námsumhverfi þarf að mæta þörfum hvers einstaklings með skýrum og mælanlegum náms- og hegðunarmarkmiðum.

Til að skilgreina þennan hóp má hafa þá almennu reglu að leiðarljósi að um sé að ræða nemendur sem sakir alvarlegra geðrænna erfiðleika hafi ekki tekið viðunandi framförum í sínum heimaskóla og þurfi á öðru námsumhverfi að halda, um lengri eða skemmri tíma. Ljóst sé að heimaskóli viðkomandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr erfiðleikum nemandans.

Ef skilgreina á þennan hóp nánar má hafa til hliðsjónar vinnureglu II sem eru núgildandi viðmiðunarstig fyrir geðraskanir hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er að finna skilgreiningar á úthlutunarreglum sjóðsins vegna fjölþátta hegðunartruflana, verulegra truflana varðandi tilfinningar og félagslega aðlögun og viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa. Skilyrði fyrir úthlutun Jöfnunarsjóðs er að erfiðleikar af þessu tagi leiði til umfangsmikils stuðnings vegna félagslegra þátta, tilfinningalegra þátta og hegðunarþátta, og þörf sé á sérhæfðri ráðgjöf og í mörgum tilvikum eftirliti.

Í grunnskólum á þjónustusvæði skólaskrifstofu Suðurlands eru um þessar mundir u.þ.b. tíu nemendur sem eiga í verulegum erfiðleikum með skólaveru sína og nám vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningaraskana.

Hjá skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir um að á vegum Heilbrigðisstofnunar Selfoss verði stofnuð í tilraunaskyni dagdeild fyrir geðfötluð börn. Börn með geðfatlanir eða svo alvarlega vanlíðan að venjuleg skólaganga gagnast þeim lítt eða ekkert fái tímabundið dagvistun á deildinni. Þar sjái ríkisvaldið fyrir meðferðarfulltrúum, læknis- og sálfræðiþjónustu og húsnæði (a.m.k. að hluta til); en lögheimilissveitarfélög viðkomandi barna greiði fyrir kennsluna eins og lög gera ráð fyrir. Ekki yrði um sérstakan skóla að ræða, heldur félli kennsla í deildinni í hlut þess skóla sem næstur yrði, allt eftir því hvar dagdeildin yrði. Lögð yrði áhersla á að þau börn sem eru í dagvist á deildinni haldi áfram að sækja félagslíf í sínum heimaskóla eins og kostur er og missi ekki tengslin við hann. Reikna mætti með að börnin yrðu á deildinni í mislangan tíma eftir því hversu alvarleg og langvinn veikindi þeirra eru, en færu aftur í sinn heimaskóla strax og þess er nokkur kostur.

Þess má geta að á Suðurlandi er eitt stöðugildi sálfræðings á heilsugæslustöðvum á Suðurlandi sem sinnir börnum og unglingum. Það mætti nota þessa stöðu að einhverju leyti til að sinna meðferð á dagdeildinni, enda hafa þeir sem þessari stöðu sinna oft unnið með þessum börnum og foreldrum þeirra. Sérfræðingarnir sem starfa á skólaskrifstofu Suðurlands gætu tekið þátt í að skipuleggja hvernig best væri að hanna nám og námsaðstæður fyrir nemendurna.

Ríkisvaldið rekur nokkur meðferðarheimili á landinu, þar á meðal Torfastaði og Geldingalæk á Suðurlandi. Börnin á Geldingalæk sækja grunnskólann á Hellu. Á þessum meðferðarheimilum greiðir ríkið fyrir meðferð og kennslu barnanna og þau eru vistuð þar allan sólarhringinn. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa rekið skóla fyrir börn með vandamál af þessu tagi og borið allan kostnað af því. Þar eru börnin meðan á skóladegi stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu, en á eigin heimili eða fósturheimili þess á milli. Þar er að mati flutningsmanna ekki um rétta kostnaðarskiptingu að ræða, því að það er ríkisins að sjá um meðferð barna með geðrænan og félagslegan vanda.

Það er nauðsynlegt að börn með geðrænan eða félagslegan vanda njóti kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en samhliða verða þau að fá meðferð við sjúkdómi sínum. Það verður ekki gert í almennum bekkjardeildum. Því er þessi tillaga flutt.

Fylgiskjal.

RÁÐGJAFARSKÓLI
Sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda.

(Skýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda, maí 2003.)

Til fræðsluráðs

Hér er lögð fram lokaskýrsla starfshóps um sérúrræði fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda. Hlutverk hans var að koma með tillögur um skipan sérúrræða fyrir þessa nemendur.

Tilurð hópsins

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi í lok ágúst 2002.

Fjórar tillögur eða model að skipan sérúrræða fyrir þennan hóp nemenda voru lagðar fyrir fræðsluráð 17. mars 2003. Fræðsluráð fól starfshópnum með bréfi 20. mars 2003 að útfæra tillögu að heildstæðu úrræði/skóla þar sem er yfirsýn yfir alla þætti og alla þá þjónustu sem er fyrir hendi fyrir þennan hóp (með geðrænan og félagslegan vanda) sbr. model B í tillögum starfshópsins. Hópurinn útfæri einnig nánar hugmyndir um meðferðardeild fyrir nemendur í neyslu í tengslum við SÁÁ, Stuðla o.fl.

[...]

Hópinn skipuðu

Björk Jónsdóttir, skólastjóri Einholtsskóla, verkefnisstjóri
Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar
Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar Fræðslumiðstöðvar
Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar
Sigþór Magnússon, skólastjóri Klébergsskóla

Vinnutilhögun hópsins

Starfshópurinn leitaði eftir upplýsingum frá starfandi stofnunum og sérdeildum á öllu landinu

sem vinna að kennslu og uppeldisstarfi barna með geðrænan og félagslegan vanda. Einnig kallaði hópurinn til fundar aðila frá Barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofu, Lögreglu, Félagsþjónustu o.fl. Hópurinn fór yfir stöðu mála í þeim skólum sem vinna að málefnum þessara nemenda í Reykjavík. Í vinnu sinni hafði hópurinn til hliðsjónar stefnumótun borgarinnar í fræðslumálum og sérkennslu sérstaklega ásamt nýrri stefnumörkun um aðgerðir gegn neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum Reykjavíkur.

Hópurinn hélt reglulega vinnufundi og mótaði fjórar tillögur sem lagðar voru fyrir fræðsluráð á fundi 17. mars 2003 og síðan útfærslu á modeli B skv. ákvörðun fræðsluráðs og er sú tillaga lögð fram í lokaskýrslu hér.

F.h. starfshópsins,
Björk Jónsdóttir.

I. Tillögur til fræðsluráðs

1. **Skólar sem nú starfa fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda verði sameinaðir í einn skóla sem hér er nefndur Ráðgjafarskóli (fær væntanlega annað nafn við stofnun).** Skólinn sé fyrir nemendur í 4.–10. bekk, 35–40 nemendur auk nemenda í sjúkrakennslu (um 14 á BUGL og 8 á Stuðlum). Hann skiptist í fjórar deildir, **H** deild fyrir nemendur með félagslegan og hegðunarvanda, **G** deild fyrir nemendur með geðraskanir, **F** deild fyrir nemendur í fíknivanda og loks **R** ráðgjafardeild þar sem starfa sérfræðingar sem veita ráðgjöf og þjónustu á þessu sviði. [...]
2. **Ráðgjafarskólinn fari af stað 1. ágúst 2003 undir stjórn nýs skólastjóra og með deildarstjórum fyrir H, G og R deildir.** Skólastjóri Ráðgjafarskólans skal hafa sérþekkingu, reynslu og/eða framhaldsmenntun á sviði kennslu nemenda með félags- og hegðunarerfiðleika.
3. **Í deildunum verði haustið 2003 þeir nemendur sem eru nú í Hlíðarhúsa- og Einholtsskóla** og ekki útskrifast í vor, ásamt þeim sem teknir verða inn í vor eftir þeim reglum sem gilda um inntöku nemenda í þessa skóla nú. Tekið verði inn í skólann eftir nýjum inntökureglum um áramót 2003–2004.
4. **Ráðgjafarskólinn sjái um sjúkrakennslu, skv. reglugerð nr. 389/1996, fyrir nemendur sem eru í tímabundinni innlögn**
   - á Stuðlum vegna fíknivanda (frá 1. ágúst 2003)
   - á BUGL vegna geðræns vanda (1. ágúst 2004)

   Þessi kennsla heyrir beint undir skólastjóra sbr. reglugerð.
5. **Haustmánuðir verði notaðir til að móta stefnu skólans** auk þess að:
   - ráða sérfræðinga að ráðgjafardeild
   - móta inntökuferli
   - leita samstarfs við heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld um F deildina
   - ganga frá samstarfi við BUGL um sjúkrakennslu

   Jafnframt verði gengið frá samstarfi við stofnanir sem koma að málefnum nemenda með geðrænan og félagslegan vanda.
6. **Eigi síðar en 1. janúar 2004 taki til starfa R deild og F deild**
7. **Sérhæfðar sérdeildir.** Gert er ráð fyrir í stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu að möguleiki verði á að stofna sérhæfðar sérdeildir í borgarhlutum. Starfshópurinn bendir á nauðsyn slíkra sérdeilda fyrir nemendur með geðrænan og félagslegan vanda.

Þær verði starfræktar innan skóla í borgarhluta undir stjórn viðkomandi skólastjóra. Nú þegar eru starfræktar tvær sérdeildir sem sinna þessum hópi nemenda, í Bjarkahlíð við Réttarholtsskóla í borgarhluta 2 og sérdeild Breiðholtsskóla í borgarhluta 3. Náið samstarf verði milli þjónustumiðstöðva og skóla um sérúrræði í hverjum borgarhluta fyrir sig.

Undirbúningsferli

- Áætlað er að skólinn taki til starfa 1. ágúst 2003 að því gefnu að ferli upplýsinga til starfsfólks, auglýsinga og ráðninga rúmist innan þeirra tímamarka. Mikilvægt er að ráðrúm gefist til að undirbúa skólastarfið fyrir haustið.
- Lagt er til að allt starfsfólk þeirra skóla sem í hlut eiga verði kallað til fundar á Fræðslumiðstöð strax að lokinni umfjöllun fræðsluráðs. Þar verði sameining skólanna kynnt, rætt um rétt og stöðu starfsmanna og tækifæri gefið til spurninga.
- Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að húsnæði verði fyrir hendi til að rúma þá starfsemi sem hér eru lögð drög að.

Tillögunum fylgir greinargerð.

Fylgiskjöl: 1. Erindisbréf starfshópsins
2. Bókun fræðsluráðs frá 20. mars
3. Módel B – útfært
4. Kostnaðargreining (lagt fram 5. maí)

II. Greinargerð og frekari útfærsla

Ráðgjafarskóli

Deildskiptur skóli

Hver deild verði sérstök starfseining, en þær starfa saman undir einni stjórn skólastjóra. Starfsmenn eru ráðnir að skólanum og ákveðið með vinnuskýrslu hvernig starf skiptist á deildir. Nemendur eru tímabundið í skólanum meðan unnið er að aðlögun í heimaskóla eða öðru langtímaúrræði. Skóladvöl nemenda getur verið frá einni önn eða einu skólaári allt að því að nemendur ljúki grunnskólagöngu sinni í skólanum, þegar um alvarlegar raskanir eða vanda er að ræða. Mikilvægt er að deildir verði sérhæfðar með tilliti til vanda nemandans.

Hlutverk skólastjóra

- Skólastjóri starfar í samræmi við lög og reglugerðir.
- Hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á ráðgjöf til allra skóla í borginni á þessu sviði í umboði Fræðslumiðstöðvar.
- Hefur heildarsýn yfir starf skólans, ræður starfsfólk og gerir vinnuskýrslur, mótar stefnu og leiðir faglegt starf.
- Ber faglega og fjárhagslega ábyrgð og gerir rekstraráætlun fyrir skólann í heild.
- Samræmir starf deilda og felur deildarstjórum verkefni eftir verksviði þeirra.
- Sér um samskipti og tengsl við þær stofnanir í fræðslu-, félags- og heilbrigðiskerfi sem hafa með ráðgjöf og meðferð að gera og tengjast nemendum skólans.

Hlutverk deildarstjóra

Deildarstjórar bera ábyrgð á daglegri stjórnun sinna deilda í umboði skólastjóra. Ásamt stjórnun sinna þeir starfi innan deildarinnar skv. vinnuskýrslu. Reglulegir fundir allra deildarstjóra með skólastjóra verði a.m.k. einu sinni í viku. Skólastjóri velur staðgengil úr hópi deildarstjóra og tilkynnir það fræðslustjóra.

Inntökuteymi er eitt fyrir skólann. Það mynda skólastjóri, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar og deildarstjóri/-ar. Teymið vinnur með skólastjórum heimaskóla/deildarstjórum sérdeilda að inntöku og útskrift nemenda.

Foreldraráð verði eitt fyrir allan skólann en foreldrasamstarf verði á grundvelli deilda og undir stjórn deildarstjóra hverrar deildar fyrir sig.

Samstarf starfsmanna
Kennararáð verði eitt fyrir skólann. Sameiginlegir starfsmannafundir skólans eru a.m.k. á tveggja vikna fresti, æskilegt að þeir séu haldnir í deildum til skiptis. Starfrækt sé stuðningsteymi innan skólans, sameiginlegt fyrir starfsfólk allra deilda.

Skólanámskrá verði sameiginleg og taki á sýn skólans, stefnumótun, hlutverki deilda þ.m.t. ráðgjafardeildar auk annarra bundinna þátta í viðmiðum aðalnámskrár um skólanámskrá.

Heilsugæsla. Skólinn fái þjónustu frá heilsugæslu eins og verið hefur, hjúkrunarfræðing í a.m.k. 20% stöðugildi til að sjá um lyfjagjafir, lyfjapróf og almenna heilsuvernd.

Innritunarferli – umsóknir
Almenni skólinn noti niðurstöður skimunar um hegðun og félagslega erfiðleika til að meta hvort öll úrræði heimaskólans hafa verið reynd áður en máli nemanda er vísað áfram. Að fullreyndu tekur sérfræðiþjónusta borgarhluta mál nemandans til meðferðar og vinnur með heimaskólanum að úrlausn þess.

Að öllum úrræðum í borgarhluta fullreyndum, sérhæfð sérdeild þar með talin, sækja foreldrar um skólavist í Ráðgjafarskólanum með formlegum hætti í samvinnu við skólastjóra heimaskóla eða starfsmenn barnaverndaryfirvalda ef við á.

Útbúið verði umsóknareyðublað vegna inntöku nemenda í Ráðgjafarskólann. Þar komi m.a. fram að skólinn hafi leyfi til að afla ítarlegri upplýsinga um nemandann.
Umsókn er send skólastjóra Ráðgjafarskólans, henni fylgja upplýsingar frá heimaskóla um skólagöngu, námsferil, sterkar og veikar hliðar nemenda, greiningar og hvaða úrræðum hefur verið beitt til að leysa vandann. Einnig fylgi greinargerð frá barnaverndaryfirvöldum ef við á. Í umsókn komi fram helstu upplýsingar um nemanda ásamt heimild til að skoða eldri athuganir og gera nýjar ef þörf þykir. Inntökuteymi fer yfir gögn og ákvarðar hvort nemandi verður boðaður í reynsludvöl í þá deild sem teymið telur henta.

Ferill inntöku, reynsludvöl
Foreldrar og nemendur koma í skólann, þar fá þeir upplýsingar um starfsemi skólans, reglur og reynsludvöl. Nemandi kemur í viku til athugunar á vettvangi og viðræðna um væntingar, vanda, óskir og fleira. Tíminn er hugsaður sem gagnkvæm kynni. Jafnframt aflar inntökuteymi frekari upplýsinga um nemendur ef þörf krefur.
Haldinn fundur með starfsmönnum frá heimaskóla og starfsmönnum Barnaverndar.

Teymið tekur saman niðurstöður af reynslutíma í samráði við viðkomandi deild. Að lokinni vikureynslu er fundað með nemanda og foreldrum að nýju og farið yfir stöðuna og ákveðið hvort enn er vilji fyrir því að sækja um og hvort skólinn henti viðkomandi.

Gerður er þjónustusamningur um skólavistina sem er samningur milli nemanda foreldra og skóla. Þar komi fram einstaklingsáætlun/námskrá. Einnig setur nemandi á blað hvað það er sem hann þarf helst að taka á.

Útskrift
Nemendur eru teknir inn til einnar annar eða eins skólaárs. Að liðnum þeim tíma er undantekningarlaust endurmetið hvort nemandi getur farið í aðra deild innan skólans, aftur í heimaskóla eða hvort annað úrræði hentar betur.
Teymið skal halda skilafund með nemanda og foreldrum og boða til sín til fulltrúa heimaskóla/viðtökudeildar. Eftirfylgd af hálfu ráðgjafarskólans sé tryggð.

Samstarfsaðilar Ráðgjafarskólans
Helstu samstarfsaðilar Ráðgjafarskólans eru Barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofa, Félagsþjónustan, SÁÁ og aðrar stofnanir sem fást við vanda nemenda með geðræna og félagslega erfiðleika.

H-deild fyrir nemendur í félags/hegðunarvanda
Deildin er fyrir allt að 20 nemendur í 8.–10. bekk. Í deildinni eru nemendur sem eiga við alvarlega félags- og hegðunarerfiðleika að etja.

Starfsmenn deildarinnar
- Deildarstjóri í 70% starfi sem ber ábyrgð á starfi deildarinnar gagnvart skólastjóra.
- Kennarar eða annað faglært fólk í 6 stöðugildum.
- Stuðningsfulltrúi í 1.5 stöðugildi.

Deildin nýti svigrúm til að aðlaga námskrá að þörfum og áhugasviði nemenda og starfsemi hans tengist ýmsum tilboðum m.a. á vegum ÍTR og Vinnuskóla Reykjavíkur.

Áhersla er lögð á:
- einstaklingsmiðað nám
- lestur og stærðfræði
- list- og sköpunarvinnu
- sjálfsstyrkingu og vinnu með einstaklinginn
- undirbúning fyrir samræmd próf fyrir þá sem það vilja.

G-deild fyrir nemendur með alvarlegar geðraskanir
Deildin er fyrir 10–12 nemendur með alvarlegar atferlistruflanir og geðraskanir.
Aldur: 4.–10. bekkur. Deildin skiptist í yngri (4.–7. bekkur) og eldri (8.–10. bekkur). Að auki þjónar deildin í framtíðinni sjúkrahúskennslu á Barna- og unglingageðdeild, 15–20 nemendur í 1.–10. bekk.

Stefnt er að því að nemendur geti stundað nám að nýju í sínum heimaskóla. Þessum markmiðum reynir deildin að ná með því að þjálfa nemendur markvisst í mannlegum samskiptum, sjálfsstyrkingu og atferlismótun þar sem lögð er áhersla á sterkari hliðar nemandans í náminu og eflingu sjálfsmyndar.

Starfsmenn deildarinnar
- Deildarstjóri í 70% starfi sem ber ábyrgð á starfi deildarinnar gagnvart skólastjóra.
- Kennarar eða annað faglært fólk í 4.5 stöðugildum.
- Stuðningsfulltrúar í 3 stöðugildum.
- Hér er ekki gerð tillaga um fjölda stöðugilda starfsmanna sem sjá um sjúkrahúskennslu við Barna- og unglingageðdeild.

Hér er gert ráð fyrir fækkun nemenda í G-deild frá greinargerð með fyrri framlögðum tillögum starfshópsins úr 15–20 í 10–12 og um leið fækkun kennara úr 6 í 4.5. Næsta skólaár verði notað til að endurskipuleggja kennslu við BUGL og koma á sjúkrakennslu frá 1.8. 2004. Gert er ráð fyrir 5 stöðugildum kennara fyrir um 14 nemendur.

R-deild, ráðgjafardeild (nýtt úrræði)
Stofnuð verði ráðgjafardeild. Ráðinn verði deildarstjóri í fullu starfi og sérfræðingar í hlutastarfi. Ráðgjafardeildin þjóni skólum og úrræðum á þessu sviði með ráðgjöf og inntöku/útskrift nemenda. **Verkefni ráðgjafardeildar** verði þessi helst:
- hafa yfirsýn yfir úrræðin og hverjir eru í þeim
- vinna út frá greiningum og umsögnum (hverfamiðstöð) sem liggja fyrir
- meta stöðu nemenda félagslega, námslega og tilfinningalega
- undirbúa og vinna með inntökuteymi og samstarfsstofnunum
- fylgja nemendum eftir með ráðgjöf við útskrift
- annast ráðgjöf við sérhæfðar sérdeildir og almenna skóla
- annast fræðslu til skóla á þessu tiltekna sviði
- samræma vinnubrögð og verklagsferla deilda skólans.

Starfsmenn ráðgjafardeildar
- Deildarstjóri, sálfræðingur í 100% starfi sem ber ábyrgð á starfi deildarinnar gagnvart skólastjóra, hefur umsjón með ráðgjöf og greiningu, innritun og útskrift undir stjórn skólastjóra.
- Sérkennsluráðgjafi í 50% starfi, sem vinnur að ráðgjöf við kennara hvað varðar einstaklingsmiðað nám, sérkennslu og tengsl við atvinnulíf.
- Geðlæknir í 25% starfi með ráðgjafarhlutverk og greiningar og tengiliður við heilbrigðiskerfið.
- Ráðgjafi í 50% starfi með ábyrgð á samstarfi við foreldra/fjölskyldur, félagsþjónustu og barnavernd.

Samtals 2.25 stöðugildi í ráðgjafardeild. Samið verði við heilbrigðisyfirvöld um greiðslu geðlæknisþjónustu. Samið verði við félagsmálayfirvöld um greiðslu ráðgjafa. Hálf staða sérkennsluráðgjafa færist frá þjónustusviði Fræðslumiðstöðvar til ráðgjafardeildar.

F-deild
Stofnuð verði deild fyrir allt að 10–15 nemendur sem eru í alvarlegri neyslu, sölu og dreifingu fíkniefna eða öðrum afbrotum. Deildin verði í nánu sambandi við SÁÁ, Stuðla og önnur meðferðarúrræði og lang- og skammtímaúrræði Barnaverndarstofu. Nemendur í neyslu og fíkniefnasölu verði ekki með öðrum nemendum.

Að auki þjónar skólinn sjúkrakennslu fyrir 8 nemendur á Stuðlum sem nú er þjónað frá Einholtsskóla skv. samkomulagi þar um. Um er að ræða tímabundið úrræði í 6–8 vikur fyrir nemendur sem bíða eftir vistun á Stuðlum eða öðru meðferðarúrræði Barnaverndarstofu.

Lögð verði áhersla á samhæfða þjónusta skóla, Barnaverndar Reykjavíkur, Félagsþjónustu, Barnaverndarstofu og ÍTR um nám, tómstundatilboð, persónulega aðstoð og ráðgjöf.

Starfsmenn deildarinnar

- Deildarstjóri í 70% starfi sem ber ábyrgð á starfi deildarinnar gagnvart skólastjóra.
- Kennarar í 3 stöðugildum og auk þess 1 stöðugildi við sjúkrakennslu á Stuðlum skv. reglugerð.
- 2 stuðningsfulltrúar í fullu starfi.
- Barnaverndarstofa og Félagsþjónusta veita ráðgjöf og viðtalsmeðferð.

Deildin er athvarf fyrir nemendur. Þar fer fram sjúkrakennsla, smiðjuvinna og annað starf eftir áhuga nemenda. Auk þess eru viðtöl og veitt félagsleg aðstoð við nemendur og fjölskyldur þeirra (liðveisla). Samið verði við Félagsþjónustu og Barnavernd um þátttöku í kostnaði.

Miðað er við að deildin taki til starfa eigi síðar en í upphafi árs 2004. Haustönn verði notuð til undirbúnings og samráðs við samstarfsaðila.

315. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [279. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherra má ekki vera alþingismaður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til tvær breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er felld brott heimild til þess að setja bráðabirgðalög og í öðru lagi er skilið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að meina ráðherrum setu á Alþingi.

Heimild til setningar bráðabirgðalaga hefur lengi verið umdeild og var lengi beitt í umtalsverðum mæli. Frá 1874 hefur heimildinni verið beitt 447 sinnum og þar af liðlega 100 sinnum á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Hafa ber í huga að þegar stjórnarskráin er sett 1874 voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en nú er. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en átta vikur, samgönguerfiðleikar voru miklir og fjarskipti stirð. Þessi rök fyrir heimild til þess að setja bráðabirgðalög eru löngu úr gildi fallin.

Við stjórnarskrárbreytinguna fyrir tólf árum, þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, var ákveðið að þrengja heimild ríkisstjórnarinnar til þess að setja lög með þessum hætti og var miðað við að heimildin yrði aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætlunin var að

meginreglan yrði sú að kalla Alþingi saman og starfsreglum þess var breytt þannig að það starfar allt árið og getur komið saman til funda hvenær sem er með litlum fyrirvara. Ekki verður séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.

Í kjölfar breytinganna hefur dregið verulega úr lagasetningu með bráðabirgðalögum. Setning bráðabirgðalaga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og fleiri lögum nú í sumar bendir hins vegar til þess að aftur sæki í sama farið. Í því máli kemur fram í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar að leitað hafi verið álits Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar prófessors. Niðurstaða Ragnhildar er að með bráðabirgðalögunum nú hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991 og Eiríkur Tómasson telur setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik. Það sem fyrst og fremst þykir vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur í áliti sínu svo langt að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir þingið sem kom saman rétt um tveimur vikum áður en frestur rann út til þess lögfesta tilskipun Evrópusambandsins.

Í ljósi þessara atriða þykir rétt að fella niður með öllu núverandi heimild til þess að setja bráðabirgðalög.

Seta ráðherra á Alþingi hefur lengi þótt umdeilanleg í ljósi þess sjónarmiðs að rétt sé að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með sama hætti og dómsvald er aðgreint frá hinum þáttum ríkisvaldsins. Nefna má að á 123. löggjafarþingi var flutt frumvarp sem kvað á um að ráðherrar sætu ekki á Alþingi þann tíma sem þeir gegndu ráðherradómi. Þá samþykkti síðasta flokksþing Framsóknarflokksins að auka þyrfti þrískiptingu ríkisvaldsins og í því skyni skuli að því stefnt að ráðherrar afsali sér þingmennsku.

Undanfarna áratugi hefur greinilega verið sú þróun í löggjöf að þáttur alþingismanna innan framkvæmdarvaldsins hefur farið mjög minnkandi og hlutur og áhrif ráðherra vaxið að sama skapi. Nú er meginreglan að ráðherrar skipa stjórnir og ráð sem falla undir ráðuneyti þeirra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Enn fremur hafa veigamiklar ákvarðanir verið fluttar frá Alþingi til ráðherra og má þar nefna sem dæmi að virkjanaleyfi eru nú í höndum iðnaðarráðherra en áður veitti Alþingi sjálft þau flest með sérstökum lögum hverju sinni. Breytingar á lögum um ríkisstofnanir og um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa styrkt stöðu framkvæmdastjóra ríkisstofnana. Stjórnir einstakra stofnana hafa ýmist verið lagðar niður eða heyra að öllu leyti beint undir ráðherra og hlutverki þeirra verið breytt.

Þessi skýra stefna um aðskilnað löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldi er studd mörgum veigamiklum rökum og hefur eflt framkvæmdarvaldið. Eðlilegast er að framfylgja þessari stefnu með sama hætti innan löggjafarvaldsins og taka fyrir setu ráðherra á Alþingi.

316. Fyrirspurn [280. mál]

til iðnaðarráðherra um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun byggðaáætlunar með áherslu á uppbyggingu atvinnu á Suðurnesjum? Ef svo er, hvenær má vænta stefnumörkunar í málinu? Ef ekki, telur ráðherra ekki þurfa að styðja sérstaklega við atvinnulíf á Suðurnesjum?

Skriflegt svar óskast.

317. Fyrirspurn [281. mál]

til félagsmálaráðherra um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Hversu margar beiðnir hafa borist um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna í grunnskóla? Hversu mörgum beiðnum hefur verið hafnað, af hvaða ástæðu og í hvaða sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

318. Fyrirspurn [282. mál]

til viðskiptaráðherra um vexti útlána banka og sparisjóða.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hverjir voru meðalvextir verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða til fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árinu 2002 og á fyrri hluta ársins 2003? Óskað er eftir að fram komi hverjir vextirnir voru á útistandandi lánum í lok árs 2002 og í lok júní 2003 sem og á nýjum veittum lánum á þessu tímabili.
2. Hversu mikið lögðu bankar og sparisjóðir í afskriftareikning í hlutfalli við útistandandi lán á árunum 1998–2002, annars vegar vegna fyrirtækja og hins vegar heimila?
3. Hversu mikil voru töpuð útlán í hlutfalli við útistandandi lán vegna fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árunum 1998–2002?

Skriflegt svar óskast.

319. Svar [177. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um reglur um kjör og hagsmunaárekstra stjórnenda lífeyrissjóða.

1. *Hve margir stjórnarmenn eða stjórnendur fimm stærstu lífeyrissjóða áttu aðild að stjórnum fyrirtækja á árunum 2001 og 2002? Óskað er sundurliðunar á hverjum lífeyrissjóði fyrir sig og hvort um sé að ræða sæti í fleiri en einni stjórn fyrirtækja og þá hve mörgum hjá hverjum þeirra.*

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að í lok árs 2002 voru fimm stærstu lífeyrissjóðir landsins þessir:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR),
Lífeyrisjóður verslunarmanna (VR),
Lífeyrissjóðurinn Framsýn,
Lífeyrissjóður sjómanna og
Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal, fjármálaráðherra veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Jafnframt skal tilkynna til fjármálaráðherra allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og starfsleyfi sjóðsins. Aðrar upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóða, svo sem um stjórnarmenn og stjórnendur og greiðslur til þeirra, liggja ekki fyrir í fjármálaráðuneytinu.

2. *Hversu oft og hjá hvaða framangreindum lífeyrissjóðum var um að ræða stjórnarsetu í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðirnir höfðu fjárfest í?*
3. *Hverjar voru heildarársgreiðslur til þessara stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða annars vegar fyrir setu í lífeyrissjóðum og hins vegar fyrir setu í stjórnum fyrirtækja á síðastliðnu ári og eftir fjölda stjórnarmanna og stjórnenda?*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í fjármálaráðuneytinu og sama gildir um Fjármálaeftirlit og Landssamtök lífeyrissjóða.

4. *Hvað reglur gilda hjá lífeyrissjóðunum um hlutabréfaeign stjórnarmanna og stjórnenda til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ef þeir eiga sjálfir hlut í fyrirtæki sem lífeyrissjóðirnir fjárfesta í?*

Samkvæmt 5. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ber stjórn lífeyrissjóðs að setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Verklagsreglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi einstakra lífeyrissjóða og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrir fram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu mála.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeiningar til lífeyrissjóða um atriði sem koma eiga fram í slíkum verklagsreglum. Meðal atriða sem þar eiga að vera eru reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, markaðshegðun, þagnarskyldu, hæfi, tilkynningarskyldu, rannsóknarskyldu og eftirlit.

5. *Hvaða reglur gilda um setu stjórnarmanna og stjórnenda lífeyrissjóða í stjórnum fyrirtækja sem lífeyrissjóðirnir hafa fjárfest í ef stjórnarmenn eða stjórnendur eiga sæti í stjórn þess fyrirtækis, eiga sjálfir hlut í því eða eiga annarra hagsmuna að gæta í viðkomandi fyrirtæki?*

Í 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, segir að stjórn lífeyrissjóðs skuli ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað. Ekki eru frekari ákvæði um þetta atriði í lögum nr. 129/1997. Skv. 1. mgr. 29. gr. ber stjórn lífeyrissjóðs að setja sér starfsreglur. Algengast er að tekið sé á þeim atriðum sem hér er spurt er um í starfsreglum hvers sjóðs, en reglur einstakra sjóða um þessi atriði eru mismunandi.

320. Frumvarp til laga [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. nóv.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Eldisdýr: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

2. gr.

Á eftir orðunum „á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar“ í 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: eða fyrirhugaðar eldistegundir eða eldisaðferðir.

3. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Notkun flutningstækja og búnaðar sem tengdur er þeim skal háð skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

4. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gildir 2. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Um notkun slíkra innfluttra fiska til fiskeldis, fiskræktar eða hafbeitar gilda ákvæði IV. og IX. kafla laga þessara.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Eldisdýr: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

6. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum dugi ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.

7. gr.

Á eftir orðunum „afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: erfðanefndar landbúnaðarins.

8. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.
b. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: bann við innflutningi eða útflutningi.

10. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er í samráði við embætti yfirdýralæknis jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

11. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um innflutning og útflutning eldisdýra og afurða þeirra til að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

321. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]

um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi styðst við hugmyndafræði um sjálfbærar samgöngur sem byggist á því að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins, og að við alla áætlunargerð sé meginhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki. Þannig verði við skipulagningu þéttbýliskjarna samþætt í auknum mæli íbúðarsvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði og frá upphafi verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum í hverfum ásamt öruggum almenningssamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð. Varðandi hlut hjólreiða sérstaklega í stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur þarf að huga að möguleikum samgöngukerfisins til að taka við auknum fjölda hjólreiðafólks. Því ber að leggja áherslu á hjólreiðabrautir í þéttbýli og tengingar milli þéttbýliskjarna.

Stefna þessi er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í útgefinni stefnumörkun stjórnvalda til 2020 „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“. Í stefnumörkuninni segir að sjálfbærar samgöngur séu eitt af fjórum höfuðmarkmiðum samgönguáætlunar stjórnvalda.

Í nýrri stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun, sem gefin var út 2001 og hefur verið samþykkt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, kemur fram í kaflanum um samgöngumál að þjóðunum beri að stuðla að umhverfis- og heilbrigðisvænum samgönguháttum, ekki

síst í þéttbýli þar sem einkum beri að styðja við almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu. Þar er einnig lögð áhersla á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum, því að öryggisleysi í umferðinni hafi letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta. Þá beri sérstaklega að stuðla að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum Norðurlandanna með því að skapa samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðar.

Loks má geta þess að samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu árið 1999 áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum. Í þeim kafla sem ber yfirskriftina „Aðrar nauðsynlegar aðgerðir“ í áætluninni er bent á nokkur svið þar sem aðgerða er þörf. Þar er getið um nauðsyn þess að styrkja almenningssamgöngur og leggja áherslu á fjölþættar og samsettar samgöngur og samgönguhætti sem menga minna en nú er.

Af því sem nú hefur verið upp talið sést að tillaga þessi er í fullu samræmi við stefnumörkun hér innan lands og einnig er í henni samhljómur við skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Hjólreiðastígar í vegalögum.

Vegalögum var síðast breytt á 125. löggjafarþingi með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar (þskj. 572, 322. mál). Í meðförum samgöngunefndar tók málið nokkrum breytingum. Þannig lagði nefndin til í áliti sínu (þskj. 990, 322. mál) að hjólreiða- og göngustígar yrðu sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild yrði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Einnig lagði nefndin til að þar sem slíkir stígar væru í þéttbýli kæmi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Að öðru leyti fjallaði nefndin ekki efnislega um þýðingu hjólreiðastíga og ekki heldur þingið þar sem engar umræður urðu um breytingartillögur nefndarinnar. Vegna þessara breytinga er hjólreiðastíga getið í vegalögum en án alls rökstuðnings. Enda hafa málefni hjólreiðamanna í umferðinni ekki verið fyrirferðarmikil við vegalagningu eða gerð umferðarmannvirkja. Má halda því fram að þótt hjólreiðastíga sé getið í vegalögum, þá séu þeir hálfmunaðarlausir í kerfinu.

Á 121. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á vegalögum þar sem gert var ráð fyrir því að hjólreiðastígar yrðu teknir inn í vegalög og þar með tekið fyrsta skrefið í þá átt að koma á samfelldu neti hjólreiðastíga. Samgöngunefnd fjallaði um frumvarpið og taldi ljóst að huga þyrfti að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlis. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga (þskj. 1159, 197. mál) og þess óskað að Vegagerðinni yrði falið að meta kostnað við þær breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin yrðu að bera. Ekki er vitað til að slíkt kostnaðarmat hafi farið fram.

Á síðasta kjörtímabili flutti umhverfisnefnd Alþingis að frumkvæði Ísólfs Gylfa Pálmasonar tillögu til þingsályktunar um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta (126. löggjafarþing, þskj. 771, 485. mál, og 127. löggjafarþing, þskj. 284, 248. mál). Var tillögunni vísað til samgöngunefndar og send út til umsagnar vorið 2001. Umsagnir bárust frá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Landssamtökum hjólreiðamanna, ÍFA – Íþróttir fyrir alla, Umferðarráði, Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu.

Stefna stjórnvalda.

Samgönguáætlun 2003–2014 var samþykkt á 128. löggjafarþingi og tekur hún mið af vinnu stýrihóps samgönguráðherra sem skipaður var í maí 2000. Í skýrslu stýrihópsins, sem gefin var út af ráðuneyti samgöngumála í desember 2001, kemur fram mjög ákveðinn vilji

til að móta stefnu um sjálfbærar samgöngur og er beinlínis tekið fram að stjórnvöldum beri að tryggja það að samgöngugeirinn leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun. Í kaflanum um umhverfismál eru talin upp markmið sem leiða eiga til sjálfbærra samgangna og segir þar að til að takmarka megi CO_2-losun frá samgöngum þurfi að beina umferð inn á umhverfisvænni svið og eru þar nefndar almenningssamgöngur og hjólreiðar. Í kaflanum um val á samgöngumáta er tekið fram að ekki sé völ á vistvænni samgöngumáta en þeim að hjóla eða ganga. Og í framhaldinu segir að með góðri skipulagningu og gerð stíga megi auka vægi hjólreiða í samgöngum. Þannig gerir skýrslan beinlínis ráð fyrir því að hjólreiðar séu raunverulegur valkostur í samgöngumálum, þótt ekki sé farið dýpra í að fjalla um hjólreiðar í henni en hér greinir.

Þáttur hjólreiðanna er nokkuð meiri í skýrslu sem samgönguráðuneytið og Vegagerðin gáfu út í maí 2001 og fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Þar er m.a. fjallað um sérstakar aðgerðir í skipulagsmálum og gert ráð fyrir að samspil samgöngumála og orkusparnaðar sé haft ofarlega í huga í svæðis- og aðalskipulagsvinnu með það að markmiði að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Þess er sérstaklega getið að hjólreiða- og göngustígar séu hluti þessarar vinnu og lagt til að viðkomandi yfirvöld fjalli um þetta álitaefni sérstaklega sem fyrst.

Í riti samgönguráðuneytisins „Samgöngur á nýrri öld", sem gefið var út sl. vor, er að finna yfirlýsingu þess efnis að bæta þurfi aðstöðu hjólreiðamanna eins og kostur er og huga verði að gerð hjólreiðastíga samhliða fjölförnustu umferðaræðunum (bls. 33). Að öðru leyti er ekki fjallað um þátt hjólreiða í samgöngum á nýrri öld. Hins vegar kemur skýrt fram hvert skilgreint hlutverk Vegagerðarinnar sé, nefnilega að „sjá samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veita þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð". Enn fremur segir að það sé brýnasta verkefni Vegagerðarinnar að bæta úr ágöllum vegakerfisins, viðhalda því og bæta þjónustu þess. Í ljósi þessara yfirlýsinga verður að telja fremur dapurlegt hversu lítið er horft til hjólreiða í framtíðarstefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

Hjólreiðar verði alvöruvalkostur.

Sjálfbærar samgöngur eru til umræðu í öllum nágrannalöndum okkar í tengslum við skuldbindingar landanna vegna Kyoto-bókunarinnar. Bókunin hefur að geyma bindandi töluleg markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þótt íslensk stjórnvöld hafi fengið gífurlegar ívilnanir í Kyoto, þá er útlit fyrir að búið sé að ráðstafa þeim öllum í þágu stóriðju. Eins og málum er háttað um þessar mundir má gera ráð fyrir að ⅓ CO2-losunar okkar komi frá samgöngum. Úr þeirri losun verður ekki dregið nema að til komi sérstakt átak til að auka hlut þeirra samgöngutækja sem ekki losa CO_2. Það er því augljóst að í hjólreiðum er fólgið eitt öflugasta sóknarfærið á leið til sjálfbærra samgangna, en til þess að nýta megi það sóknarfæri er nauðsynlegt að fara að líta á reiðhjól sem samgöngutæki.

Hingað til hafa hjólreiðar fremur verið flokkaðar með útivist og heilsusamlegri hreyfingu en síður verið litið svo á að reiðhjól sé samgöngutæki. Þess vegna hefur verið talið eðlilegt að hjólreiðamenn nýttu sér útivistarstíga til að stunda hjólreiðar. Það er gott svo langt sem það nær, en í því sambandi verður að hafa í huga að slíkir stígar hafa fremur verið lagðir með hliðsjón af útivistargildi en gildi þeirra sem tenginga milli staða. Þess utan finnast slíkir stígar nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og þá helst innan borgarmarkanna. Það kemur til af því að litið hefur verið á það sem hlutverk sveitarfélaganna að sjá borgurunum fyrir stígum af þessu tagi. Að hluta til má telja það réttlætanlegt, en að öðru leyti er það óásættanlegt út frá sjónarmiði þeirra sem vilja nota reiðhjól sem samgöngutæki. Þannig er það til vansa að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki tengd með hjólreiðabrautum. Sem dæmi má

nefna að hjólreiðamenn, sem eiga heima á Álftanesi og sækja vinnu í Mjódd, geta með engu móti nýtt reiðhjólið til að fara til vinnu. Þótt samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sé nokkuð öflugt þá má heita óraunhæft að þau taki upp hjá sér að leggja í nauðsynlegan kostnað við að tengja sveitarfélögin þannig að hjólreiðamenn eigi greiða leið milli þeirra. Til að svo megi verða þarf ríkisvaldið að koma inn í stefnumótunina og taka ábyrgð á framkvæmdunum eins og um akbrautir væri að ræða. Sama má segja um umferð hjólreiðamanna um stofnbrautir í þéttbýli, það þarf að vera skilgreint hlutverk ríkisvaldsins að slíkar brautir séu aðgengilegar fyrir hjólreiðamenn. Nauðsynlegt er að taka þessa þætti til rækilegrar skoðunar og gera raunhæfa áætlun um úrbætur. Þegar slík áætlun liggur fyrir verður hægt að segja að hjólreiðar séu viðurkenndur og fullgildur kostur í samgöngumálum og fyrst þá verður stefnan á sjálfbærar samgöngur trúverðug.

322. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Einar Karl Haraldsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir, Brynja Magnúsdóttir, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásgeir Friðgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir rannsóknum á sjávarvist laxa. Markmið rannsóknanna verði að kanna tengsl á milli annars vegar umhverfisaðstæðna í hafi og hins vegar vaxtar, affalla og endurheimta.

Lögð skal sérstök áhersla á að beita nútímamælitækni til að kortleggja ferðir fullorðinna laxa í hafi með það fyrir augum að finna hvar og á hvaða stigi sjávarvistarinnar hin gríðarlegu afföll laxa verða í hafinu, kanna orsakir þeirra og leita leiða til að minnka þau. Rannsóknunum skal svo hagað að hægt sé að leggja mat á afdrif fullorðinna, síðkynþroska laxa sem kunna að sleppa úr kvíaeldi hér við land.

Við skipulag og framkvæmd rannsóknanna skal leitast við að ná samvinnu við grannþjóðir þar sem eldi laxa og veiðar á stöng hafa efnahagslega þýðingu.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér rannsóknir sem brýnt er að samstarf takist um milli undirstofnana landbúnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis, þ.e. Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar. Æskilegt væri jafnframt að ná rannsóknartengslum við þær þjóðir sem í vaxandi mæli hafa varið fjármagni til rannsókna á sjávarvist Atlantshafslaxa. Ekki er síður brýnt að efla gott samstarfi við fyrirtækið Stjörnu-Odda. Það er langfremst í heiminum á sviði háþróaðra fjarmælinga sem hægt er að nýta með áföstu rafmerki á fiski til að skrá staðsetningu, seltu, dýpi og ferðalag og hraða milli staða. Ekki verður nógsamlega undirstrikað hversu miklu auðveldara er nú en áður að rannsaka háttsemi fiska í hafi, og raunar annarra sjávardýra einnig, með þróun fyrirtækisins á rafmerkjum. Þar hafa íslenskir atorkumenn staðið frábærlega að verki í góðu samstarfi við vísindamenn. Nú þegar hafa slíkar mælingar verið undirstaða nýrra og mjög merkilegra upplýsinga um ferðir og hátterni sjóbirtings í straumvötnum Suðurlandsins, auk stórurriðans í Öxará.

Ástæðan fyrir flutningi tillögu þessarar er tvíþætt: Í fyrsta lagi eru flutningsmenn þeirrar skoðunar að það sé löngu tímabært að kanna lífsferil laxins í hafi. Vaxandi vísbendingar eru um að breytingar í hafinu valdi auknum afföllum meðan á sjávarvist stendur. Lítt er hins vegar vitað um hvaða þættir það eru sem hafa rýrt afkomu hans þar. Því ber ríka nauðsyn til að leggja aukna áherslu á rannsóknir á lífsferli Atlantshafslaxins meðan hann dvelur í sjónum, samhliða þeim öflugu rannsóknum sem Veiðimálastofnun og aðrir aðilar hafa með svo góðum árangri staðið fyrir á ferskvatnsstigi tegundarinnar. Í öðru lagi eru uppi mikil álitamál um afdrif strokulaxa úr sjókvíaeldi. Rannsóknir á afdrifum laxa í sjávarvist kynnu að gefa upplýsingar um afföll laxa á mismunandi aldri og þroskastigi og þar með auðvelda mat á þeirri áhættu sem laxeldi í sjókvíum fylgir.

Íslenskir laxastofnar eru verðmæt auðlind. Áætlað er að heildarvelta sem tengist stangveiðum á laxi sé á bilinu 1.500–1.800 millj. kr. Þar af er talið að um 550–600 millj. kr. fáist fyrir sölu veiðileyfa. Tekjur af nýtingu íslensku laxveiðiánna eru mikilvægur þáttur í að byggð geti haldist í samfélögum sem eiga undir högg að sækja samfara hnignun hefðbundinna landbúnaðargreina. Hér á landi hefur verið gengið á búsvæði laxins í fersku vatni, fyrst og fremst vegna raforkuframleiðslu. Sláandi dæmi um það eru Elliðaárnar. Þá hefur gríðarlegt hlutfall búsvæða í fersku vatni tapast í grannlöndunum vegna mengunar af súru regni. Ofveiði í sjó, þar sem sjávarveiði er stunduð, er víða kennt um hnignun laxastofna. Á síðari árum hefur hins vegar verið dregið mjög verulega úr sjávarveiði á laxi vegna uppkaupa NASCO, sjóðs til verndar villtum laxi, á veiðirétti í hafi við Ísland, Grænland, Færeyjar og víðar, þar sem laxveiðar í sjó hafa verið stundaðar. Þar eiga Íslendingar drjúgan heiður af vel unnu verki, því að Orri Vigfússon hefur haft veg og vanda af stofnun og rekstri NASCO.

Fiskeldi hefur verið nefnt sem neikvæður þáttur varðandi afföll í villtum laxi í sjó, svo sem útbreiðsla á sjúkdómum og erfðamengun. Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma, sagði þó á fundi SVFR 5. nóvember sl. að villtum laxi stafaði miklu minni hætta af sjúkdómum úr eldislaxi en menn teldu almennt. Hans mat var að það væri fyrst og fremst laxalús, sníkjudýr af toga krabbadýra, sem ylli búsifjum í villtum stálpuðum laxi sem synti nálægt eða héldi sig við kvíar og tæki þar á sig lýsnar. Nú væri hins vegar að miklu leyti búið að ná tökum á lúsinni, og þyddi það góðar fréttir fyrir villta stofna. Á sama fundi SVFR komu fram þverólíkar skoðanir á því hvaða áhrif laxeldi hefði á villta stofna. Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur og deildarstjóri á Veiðimálastofnun, rakti nokkrar rannsóknir sem hann taldi benda til að erfðablöndun gæti haft óæskileg áhrif á villta stofna. Vigfús Jóhannsson, fiskifræðingur og formaður Landssambands eldisstöðva, tók harkalega í annan streng, og sagði rangt að slíkar niðurstöður lægju fyrir. Af þessu má ljóst vera að sá hluti tillögu þessarar, sem lýtur að afdrifum og mögulegum áhrifum fullorðinna strokulaxa á villta stofna, er mjög brýnn og tímabær.

Stofnar Atlantshafslax eru í sögulegri lægð víðast erlendis. Í Bandaríkjunum, þar sem forðum voru fræg laxveiðisvæði, er lax kominn á válista og búið að friða hann sums staðar, svo sem í Maine. Mannskepnan á stærsta sök á hnignun laxins. Á Íslandi er ekki unnt að merkja hnignun laxastofna í sama mæli og víða erlendis. Því miður er þó hægt að færa rök að því að lægðin í laxastofnum sem gætt hefur víðs vegar um Atlantshaf eigi eftir að koma fram með sterkari hætti hér á landi en við höfum orðið vör við til þessa. Ástæður þess að ástandið er betra hér en víðast annars staðar er m.a. unnt að þakka banni við veiðum á laxi í sjó innan íslensku efnahagslögsögunnar, að tiltölulega lítið hefur verið hróflað við búsvæðum laxfiska hérlendis miðað við stöðuna erlendis og að mengun er hér mjög lítil. Þrátt fyrir þetta er ljóst að miklar sveiflur einkenna laxgengd í íslenskar veiðiár, sérstaklega á

Norðurlandi og Austurlandi. Orsakir slíkra sveiflna má rekja bæði til breytilegrar framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni og mjög breytilegra endurheimta á laxi úr sjó.

Markvissar rannsóknir í nokkrum lykilám hérlendis hafa sýnt að hafið er einn stærsti orsakavaldurinn í stofnsveiflum á laxi og endurheimtur náttúrulegra laxaseiða hafa reynst á bilinu 2–22% þau ár sem upplýsingar liggja fyrir um. Undanfarin 15 ár hefur laxgengd almennt verið í lægð hérlendis. Á sama tíma hefur hlutfall stórlaxa (lax með tveggja ára sjávardvöl eða lengri) lækkað og það bendir til aukinna affalla á öðru ári í sjó. Á þessu tímabili var gerð tilraun með stórfelldar sleppingar laxaseiða til hafbeitar en endurheimtur seiða úr sjó hafa reynst það litlar að ekki er grundvöllur fyrir slíkri starfsemi. Almennt virðist því unnt að tengja þá lægð sem hefur ríkt í laxgengd hérlendis við aukin afföll laxa í hafi.

Á undanförnum árum hefur verið unnið öflugt rannsóknarstarf sem varðar þá þætti sem áhrif hafa á framleiðslu á laxaseiðum í fersku vatni. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að umhverfi sjávar hefur gríðarleg áhrif á endurheimtu og vöxt laxa í sjó. Hins vegar vantar sárlega nauðsynlegar upplýsingar og skýringar á því hvaða þættir hafa mest áhrif á afkomu laxins í sjó. Fyrrgreind tækni, sem hefur verið þróuð á Íslandi, þar sem rafmerkjum sem mæla seltu, dýpi og hitastig er komið fyrir á fiski, hefur leitt til þess að rannsóknir í hafi eru nú miklu auðveldari en áður og skila meiri vitneskju.

Helstu verkefni sem vinna þarf á þessu sviði eru eftirfarandi:

1. *Mælingar á umhverfisþáttum.* Rannsóknir hafa sýnt að marktæk fylgni er á milli sjávarhita vorið sem seiðin ganga úr ánum og veiði á smálaxi árið eftir og stórlaxi tveimur árum síðar. Þetta gildir sérstaklega í ám á Norðurlandi og Austurlandi. Nákvæmari og betri skráning á hitastigi sjávar þarf að vera fyrir hendi.
2. *Beitarsvæði í sjó.* Lítið er vitað um hvar íslenski laxinn heldur sig meðan á sjávardvöl stendur. Slík vitneskja skiptir höfuðmáli til að unnt sé að skýra og spá fyrir um breytingar á laxgengd. Ýmsir telja að beitarsvæði fyrir lax hafi dregist saman í Norður-Atlantshafi og sé það skýring á hnignun laxastofna við Atlantshafið. Með því að þróa og framleiða sérhæfð skráningartæki sem fest eru á seiði væri unnt að fá slíkar upplýsingar.
3. *Lax- og fjölstofnarannsóknir.* Flutningsmenn telja nauðsynlegt að lax verði tengdur inn í rannsóknir á samspili fleiri tegunda. Ráðast þarf í fjölstofnaverkefni, þar sem lögð er áhersla á rannsóknir sem snúa bæði að fæðu laxa í sjó eftir árstíma og afræningjum laxa í hafi. Ýmsir telja þannig að aukning á stofnstærð sjávarspendýra hafi haft neikvæð áhrif á laxastofna. Vigfús Jóhannsson, formaður Sambands fiskeldisstöðva, sagði til dæmis á fundi SVFR 5. nóvember sl. að stóraukin selagengd með minnkandi veiðum hefði leitt til stóraukins afráns á laxi. Þetta þarf að rannsaka, þótt hugsanlegt sé að upplýsingar um laxaát sela liggi fyrir í rannsóknargögnum, t.d. hjá Norðmönnum. Þá er vitað að nytjafiskar, t.d. þorskur og ufsi, éta sjógönguseiði í einhverjum mæli fyrst eftir að seiðin ganga til sjávar. Fjölstofnarannsóknir gætu leitt í ljós í hve miklum mæli afrán þessara tegunda á laxinum er.

Erfitt er að leysa úr þeirri hörðu deilu sem nú eru uppi milli hagsmuna stangveiði og hagsmuna laxeldis. Staðhæfingar standa gegn staðhæfingu. Stangveiðimenn kenna strokulaxi um spillingu búsvæða, erfðablöndun sem dregur úr æxlunarþrótti, en allir þessir þættir eru líklegir til að valda hnignun stofna. Eldismenn segja á móti að engar rannsóknir bendi til að erfðablöndun spilli stofnum eða dragi úr afkomu stofna. Vigfús Jóhannsson, formaður Samtaka fiskeldisstöðva, hefur t.d. vakið máls á þeim möguleika að breytt veiðimynstur kunni að hafa dregið úr hlutfalli stórlaxa í veiðistofnum. Aukið veiðiálag fyrri part veiðitímans þegar stórlaxinn gengur úr hafi er meira en áður og telur Vigfús hugsanlegt að það hafi fleytt

stórlaxinum, þ.e. laxi sem dvelur tvö ár í sjó, úr veiðinni. Þetta þarf að kanna með auknum rannsóknum. Þessi tillaga felur í sér að grafist verði fyrir um þá þætti sem valda afföllum laxa í sjó, og þar með hlutfalli stórlaxa og smálaxa í stangveiði. Auk vitneskju um líffræði og feril villtra laxa meðan á sjávarvist þeirra stendur eru slíkar rannsóknir einnig líklegar til að varpa ljósi á afdrif strokulaxa úr kvíum og þar með áhrif þeirra á villta laxastofna.

323. Svar [112. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um félagsgjöld fyrirtækja og launþega.

1. Hve miklu samtals nema félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnulífsins?

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu háar fjárhæðir fyrirtæki greiða í félagsgjöld til samtaka atvinnulífsins. Þessar upplýsingar eru ekki sérstaklega sundurgreindar á skattframtölum.

2. Hve mikið má ætla að skattgreiðslur fyrirtækja minnki vegna heimildar þeirra til að draga félagsgjöld frá tekjuskattsstofni fyrirtækja?

Þar sem þessi gjöld eru ekki sérstaklega sundurgreind á skattframtölum liggja þessar upplýsingar ekki fyrir.

3. Hve miklu samtals nema félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga samkvæmt kjarasamningum eða samþykktum stéttarfélaga?

Engar upplýsingar liggja fyrir varðandi þetta. Félagsgjöld launþega eru ekki sérstaklega sundurgreind á skattframtölum.

4. Hvaða heimildir hafa launþegar til að draga félagsgjöld frá tekjuskattsstofni sínum?

Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hafa launþegar enga heimild til að draga félagsgjöld frá tekjuskattsstofni sínum.

324. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, og l. nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, BJJ, DJ, ÁMöl, EKG).

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „gildir 2. mgr.“ í 1. mgr. komi: gilda 2. og 3. mgr.
2. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðunum „óháð þroskastigi“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: þ.m.t. hrogn og svil.

b. Í stað orðanna „reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur“ í lok fyrri málsliðar 1. efnismgr. komi: reglugerða sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum umsögnum embættis yfirdýralæknis, fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins.

325. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, l. nr. 54/1990, um innflutning dýra, og l. nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (LB, AKG, ÁF, ÁSJ).

Við 6. gr.

a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: nema önnur lög, svo sem náttúruverndarlög, og alþjóðasamningar sem Ísland er skuldbundið af banni slíkan innflutning vegna sjónarmiða um verndun tegunda, stofna, vistgerða eða vistkerfa.
b. 2. efnismgr. falli brott.

326. Tillaga til þingsályktunar [285. mál]

um sambúð laxeldis og stangveiði.

Flm.: Einar Karl Haraldsson, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Friðgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggir fimm manna nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila er leiti leiða til að laxeldi og stangveiði geti farið saman án deilna milli greinanna tveggja. Nefndin safni í því skyni saman öllum tiltækum vísindalegum gögnum um rannsóknir á afkomu, æxlunarþrótti og lífsleikni eldislaxa og blendinga villtra laxa og eldislaxa við náttúrulegar aðstæður.

Nefndin skili skýrslu um niðurstöður sínar þar sem lagt er mat á hvort og þá hversu sterk áhrif strokufiskur úr eldiskvíum geti haft á viðgang villtra stofna. Jafnframt leggi nefndin fram tillögur um hvernig sambúð greinanna verði háttað þannig að sem minnstir árekstrar verði vegna ólíkra hagsmuna.

Greinargerð.

Deilur hafa risið á milli stangveiðimanna og laxeldismanna vegna ótta hinna fyrrnefndu við að strokulaxar úr sjókvíum muni ganga í ár, spilla hrygningu villtra stofna og leiða til óæskilegrar erfðablöndunar. Ótti stangveiðimanna stafar af því að laxeldi virðist nú í mikilli sókn hér á landi. Aukninguna má alla reka til fárra en stórra aðila sem hafa komið inn í greinina og sameina aðgang að nýrri tækni, miklu fjármagni og öflugu markaðskerfi fyrir laxeldisafurðir. Til marks um sóknina í laxeldisleyfi má nefna að nú þegar er búið að fá leyfi fyrir eldi á meira en 20 þús. tonnum. Stærsta eldisstöðin sem áformað er að setja á laggir mun

samkvæmt áætlunum framleiða fast að 8 þús. tonnum af laxi fáist tilskilin leyfi. Það er meira en nokkur einstök eldisstöð framleiðir í heiminum. Stangveiðimenn kvíða þó mest meintum áhrifum kynbætts norsks stofns, sem einvörðungu er notaður í sjóeldið hér á landi. Stofninn vex mun hraðar en innlendir stofnar, og hefur verið kynbættur sérstaklega til að ná fram síðbúnum kynþroska. Sá eiginleiki tryggir mikinn og langvarandi vöxt þar sem laxinn er löngu kominn í sláturstærð þegar hann verður kynþroska. Eldismenn benda á að síðbúinn kynþroski tryggi að strokulax muni engin áhrif hafa á villta stofna þar sem hann verði löngu horfinn úr vistkerfi sjávarins áður en hann verði kynþroska.

Um þetta atriði er deilt. Landbúnaðarráðherra hefur takmarkað laxeldi í sjókvíum við það sem hann kallar sjálfur langa, mjóa og djúpa firði á Austurlandi, og staðhæfir að strokulax þaðan gangi til Færeyja. En þar er ekki að finna náttúrulegan laxastofn samkvæmt upplýsingum sem fram komu hjá Gísla Jónssyni, dýralækni fisksjúkdóma, á fundi Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) á Grand Hótel 5. nóvember sl. Stangveiðimenn telja þetta alrangt. Að þeirra mati getur kynbættur norskur lax dvalið og vaxið í hafinu úti fyrir Austurlandi og gengið sem stórlax í austfirsku árnar og spillt stórlega hrygningarsvæðum og erfðamengi náttúrulega laxins.

Í svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar (180. máli þessa þings) kemur fram að 3.053.000 laxa hafa verið settir í sjókvíar í Mjóafirði árin 2001, 2002 og 2003. Þar eru nú í sjókvíum 2.068.000 laxa og 260.983 hefur verið slátrað. Jón Gunnarsson vakti athygli á því í umræðum á Alþingi 7. nóvember að samkvæmt þessu hefðu 724.000 laxar annaðhvort sloppið úr kvíunum eða drepist í þeim. Engin svör fengust um afdrif þeirra. Ráðherra landbúnaðarmála hefur jafnan fullyrt að enginn eldislax sleppi úr kvíum.

Styrr stendur um fjölmargar aðrar staðhæfingar af hálfu hinna ýmsu aðila deilunnar. Þetta kom glöggt fram á fyrrnefndum fundi SVFR 5. nóvember. Vigfús Jóhannsson, líffræðingur og formaður Landssambands fiskeldisstöðva, staðhæfði að engar vísindalegar rannsóknir lægju fyrir sem bentu til þess að eldisfiskur spillti villtum stofnum. Guðni Guðbergsson, deildarstjóri og fiskifræðingur á Veiðimálastofnun, hélt hinu gagnstæða fram í erindi á fundinum og taldi margar nýlegar vísbendingar úr rannsóknum styðja fullyrðingar um spillingu stofna af völdum eldis.

Athygli vekur að sérfræðingar virðast ekki einu sinni sammála um staðreyndir sem hægt er að sannreyna tölulega. Þannig hélt einn fiskifræðingur því fram á upplýsingafundi SVFR að tíðni strokulaxa úr eldi væri 2–3% en annar staðhæfði að meðaltal sl. 3 ára væri 0,1% og töldu báðir sig styðjast við alþjóðlegar reynslutölur. Sömuleiðis virðast vera á kreiki misvísandi upplýsingar úr rannsóknum um æxlunarþrótt eldislaxa og blendinga þeirra og villtra laxa, hegðun þeirra í búsvæðum villtra stofna í ám, og lífsþrótt seiða sem undan þeim koma. Þá eru sérfræðingar ekki heldur á einu máli um hvaða afleiðingar strokulaxar hafi haft á náttúrulega laxastofna, og er sláandi til dæmis hversu munur er mikill á upplýsingum annars vegar frá Vesturheimi og hins vegar frá Norður-Evrópu.

Flutningsmenn telja því að það væri hið þarfasta mál að skipa nefnd sérfræðinga og fulltrúa hagsmunaaðila sem fengi það hlutverk að safna saman þeim upplýsingum sem til eru, eða eru að koma fram í rannsóknum um þessar mundir, meta þær og greina, og setja fram með skilmerkilegum hætti. Efalítið gæti það orðið til að eyða röngum staðhæfingum úr umræðunni, og gera mönnum kleift að ræða ólíka hagsmuni greinanna á sameiginlegum grunni. Þegar því er lokið ætti slík nefnd, sem hér er lagt til að verði stofnuð, sömuleiðis að geta komið með ábendingar um leiðir sem gætu tryggt sambúð stangveiði og laxeldis með sem minnstum hugsanlegum árekstrum.

327. Svar [245. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um greiðslu örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum og af séreignasparnaði.

1. *Hvað fengu margir árið 2002 örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum, sem byggjast á samtryggingu annars vegar og séreignasparnaði hins vegar, og hvað hefur þeim fjölgað mikið milli ára síðustu 10 ár?*

Í fylgiskjali með svari þessu koma m.a. fram upplýsingar um meðalfjölda lífeyrisþega á árunum 1994–2002 og hlutfall örorkulífeyris af greiddum lífeyri. Upplýsingar um fjölda örorkulífeyrisþega liggja hins vegar ekki fyrir.

2. *Hver var heildarupphæð örorkulífeyrisgreiðslna árið 2002 úr lífeyrissjóðum annars vegar og úr séreignasparnaði hins vegar og hvað hafa þessar greiðslur aukist mikið milli ára umfram verðlag síðustu 10 ár?*

Sjá fylgiskjal með upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

3. *Hvað er örorkulífeyrir stór hluti af lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna annars vegar og lífeyrisgreiðslum úr séreignasparnaði hins vegar?*

Sjá fylgiskjal með upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

4. *Hversu margir örorkulífeyrisþegar eru með minna en 100% örorkulífeyri?*

Upplýsingar um fjölda örorkulífeyrisþega sem eru með minna en 100% örorkulífeyri liggja ekki fyrir.

5. *Hverjar eru almennar reglur lífeyrissjóðanna um greiðslu örorkulífeyris?*

Það skilyrði er sett hjá lífeyrissjóðunum fyrir örorkulífeyri að sjóðfélaginn hafi orðið fyrir slysi eða fengið sjúkdóm sem skerðir getu hans til að gegna því starfi sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum og að hann hafi sannanlega orðið fyrir tekjumissi af völdum orkutapsins. Miðað er við að orkutapið sé a.m.k. 50% eða meira og að sjóðfélaginn hafi greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár. Fyrstu þrjú árin skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum. Sé sjóðfélaginn að loknum þremur árum vinnufær til almennra starfa falla bæturnar niður. Hjá sumum sjóðum gilda fimm ár í báðum tilvikum.

Örorkulífeyrir lækkar eða fellur niður ef örorkan minnkar eða hverfur. Örorkulífeyrir er greiddur þar til ellilífeyrisaldri er náð en þá breytist hann í ellilífeyri. Lífeyrissjóður getur gert þá kröfu til lífeyrisþega að hann fari í sjúkraþjálfun eða endurhæfingu og á það bæði við þegar sótt er um örorkulífeyri og við endurmat orkutaps.

Upphæð örorkulífeyris fer eftir þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér hjá sjóðnum, auk þeirra réttinda sem hann hefði áunnið sér hjá sjóðnum ef hann hefði greitt iðgjald til 65 eða 67 ára aldurs. Er þá m.a. miðað við greiðslur hans til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár af síðustu fjórum árum fyrir slys eða sjúkdóm. Ekki er um framreikning að ræða ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Eigi sjóðfélagi hins vegar ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, t.d. allt að 24 mánuði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf hér á landi.

Fylgiskjal.

Örorka úr samtryggingu og séreign:

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002*
Greiddur lífeyrir úr sameign og séreign	12.078	13.007	14.182	15.568	17.767	19.395	21.316	22.373	25.297
Hlutfall örorkulífeyris af greiddum lífeyri	18,8%	19,4%	18,9%	18,40%	17,20%	16,20%	16%	16,30%	16,60%
Greiddur örorkulífeyrir	2.271	2.523	2.680	2.865	3.056	3.142	3.411	3.647	4.199
Meðalfjöldi lífeyrisþega	32.425	34.709	36.843	41.045	43.077	46.791	49.722	52.523	55.686

Lífeyrisþegar
1994-1996 fjöldi lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyrir í febrúar á viðkomandi ári
1997-1998 meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri vegna mars og október á viðkomandi árum
1999-2002 meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á viðkomandi árum

* Tölur úr séreign voru fyrst aðgreindar frá sameignardeildum í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um lífeyrissjóði vegna ársins 2002.

Örorka úr séreign árið 2002:
Lífeyrir úr séreign nam 684.095.000 kr. á árinu 2002.
1,4% af greiddum lífeyri úr séreign var örorkulífeyrir eða 9.577.330 kr.
Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu var 970.
Eldri sundurliðaðar upplýsingar úr séreign eru ekki tiltækar.

328. Svar [233. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um presta þjóðkirkjunnar.

Ráðuneytið aflaði upplýsinga frá biskupi Íslands og eftirfarandi byggist á svörum hans.

1. *Hversu margir prestar starfa nú á vegum þjóðkirkjunnar? Hve margir voru þeir fyrir tíu árum, árið 1993, og 1. janúar 1998, við gildistöku nýrra laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar?*
2. *Hversu margir prestar þjóðkirkjunnar eru nú sóknarprestar og hve margir sérþjónustuprestar og héraðsprestar og hver var skiptingin 1993 og 1998?*

Prestar þjóðkirkjunnar alls, sóknarprestar, sérþjónustuprestar og héraðsprestar.

	1993	1998	2003
Prestar alls á vegum þjóðkirkjunnar	134	140	136
Sóknarprestar þjóðkirkjunnar	118	113	107
Prestar þjóðkirkjunnar	7	13	15,75
Sérþjónustuprestar þjóðkirkjunnar (þar af þrír erlendis)	6	10	9,25
Héraðsprestar þjóðkirkjunnar	3	4	4

3. *Hver var fjöldi presta eftir prófastsdæmum árið 1993, 1998 og í ár, að loknum þeim breytingum á skipan prestakalla sem kirkjuþing hefur samþykkt?*

Fjöldi presta eftir prófastsdæmum.

Prófastsdæmi	Prestaköll	Sóknar-prestar	Prestar	Sérþjónustu-prestar	Héraðs-prestar	Prestar samtals
1993						
Múlaprófastsdæmi	7	7				
Austfjarðaprófastsdæmi	5	5				
Skaftafellsprófastsdæmi	5	5				
Rangárvallaprófastsdæmi	6	6				
Árnesprófastsdæmi	10	10				
Kjalarnesprófastsdæmi	10	10	2		1	
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	9	9	2		1	
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	12	12	3		1	
Borgarfjarðarprófastsdæmi	6	6				
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi	7	7				
Barðastrandarprófastsdæmi	4	4				
Ísafjarðarprófastsdæmi	6	6				
Húnavatnsprófastsdæmi	8	8				
Skagafjarðarprófastsdæmi	7	7				
Eyjafjarðarprófastsdæmi	7	8				
Þingeyjarprófastsdæmi	8	8				
Sérþjónusta erlendis				3		
Sérþjónusta innan lands				3		
	117	**118**	**7**	**6**	**3**	**134**
1998						
Múlaprófastsdæmi	7	6				
Austfjarðaprófastsdæmi	5	5				
Skaftafellsprófastsdæmi	5	5				
Rangárvallaprófastsdæmi	4	4				
Árnesprófastsdæmi	10	10				
Kjalarnesprófastsdæmi	10	10	4		1	
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	9	9	5		1	
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	10	11	3		1	
Borgarfjarðarprófastsdæmi	6	6				
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi	7	7				
Barðastrandarprófastsdæmi	4	4				
Ísafjarðarprófastsdæmi	6	6				
Húnavatnsprófastsdæmi	8	8				
Skagafjarðarprófastsdæmi	7	7				
Eyjafjarðarprófastsdæmi	7	7	1		0,5	
Þingeyjarprófastsdæmi	8	8			0,5	
Sérþjónusta erlendis				5		
Sérþjónusta innan lands				5		
	113	**113**	**13**	**10**	**4**	**140**
2003						
Múlaprófastsdæmi	6	6				
Austfjarðaprófastsdæmi	5	5				
Skaftafellsprófastsdæmi	4	4				
Rangárvallaprófastsdæmi	4	4				
Árnesprófastsdæmi	10	10				
Kjalarnesprófastsdæmi	11	11	4		1	
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	10	10	6,50		1	

Prófastsdæmi	Prestaköll	Sóknar-prestar	Prestar	Sérþjónustu-prestar	Héraðs-prestar	Prestar samtals
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	10	10	4,25		1	
Borgarfjarðarprófastsdæmi	6	6				
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi	7	7				
Barðastrandarprófastsdæmi	4	3				
Ísafjarðarprófastsdæmi	5	5				
Húnavatnsprófastsdæmi	5	5				
Skagafjarðarprófastsdæmi	6	6				
Eyjafjarðarprófastsdæmi	7	7	1,00		0,5	
Þingeyjarprófastsdæmi	8	8			0,5	
Sérþjónusta erlendis				3		
Sérþjónusta innan lands*				7,25		
Héraðsprestar						
	108	**107**	**15,75**	**10,25**	**4**	**137**

*Prestur vímuefnamála á sérframlagi frá ríkinu

4. *Starfa einhverjir sérþjónustuprestar utan höfuðborgarsvæðisins? Ef svo er, hvar og á hvaða sviðum?*

Sérþjónustuprestar hafa starfsstöð í Reykjavík en þjóna öllu landinu, þeir eru prestur fatlaðra, prestur heyrnarlausra, fangaprestur og prestur vímuefnamála.

329. Svar [77. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lækkun tekjuskattsstofns skv. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir hafa árlega sl. þrjú ár fengið tekjuskattsstofn lækkaðan skv. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skipt eftir töluliðum 1. mgr., og um hve háar fjárhæðir er að ræða hjá einstaklingum að meðaltali og fyrir ríkissjóð eftir hverjum tölulið? Óskað er eftir að tilgreind verði helstu skilyrði fyrir lækkun tekjuskattsstofns samkvæmt hverjum tölulið fyrir sig.*
2. *Hvert er mat ráðherra og ríkisskattstjóra á framkvæmd þessa ákvæðis skattalaganna og þykir þeim ástæða til þess í ljósi reynslunnar að rýmka það eða gera aðrar breytingar á verklagsreglum? Óskað er eftir mati þessara aðila á hverjum tölulið fyrir sig, sérstaklega hvort ástæða þyki til að rýmka heimildir til lækkunar tekjuskattsstofns þegar um er að ræða veikindi eða langvinna sjúkdóma og hvort, og þá að hve miklu leyti, tekið er tillit til mikilla útgjalda heimila vegna tannlækninga.*
3. *Er fyllilega gætt samræmis í ákvörðunum skattstjóra við framkvæmd á 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt?*

Til að svara fyrsta lið fyrirspurnarinnar skal vísað til meðfylgjandi töflu frá ríkisskattsjóra. Um hana skal eftirfarandi tekið fram:

a) Sundurliðun eftir einstökum töluliðum lagagreinarinnar er ekki til staðar í kerfum ríkisskattstjóra. Ívilnanirnar eru ákveðnar af skattstjórum á grundvelli umsókna gjaldenda og er tilefnið ekki skráð í tölvukerfin. Tvær undantekningar eru frá því. Annars vegar er gjald-

endum gefinn kostur á að sækja á framtali sínu um ívilnun vegna menntunarkostnaðar barna eldri en 16 ára, sbr. 4. tölul. lagagreinarinnar. Eru þær ívilnanir afgreiddar vélrænt eftir þeim reglum sem um þær gilda. Hins vegar veita skattstjórar ívilnun á móti heimilisuppbót til vistmanna á dvalarheimilum aldraða. Eru þær upplýsingar einnig skráðar sérstaklega. Talnalegar upplýsingar í yfirlitinu eru flokkaðar í þrennt í samræmi við þetta. Frekari flokkun liggur ekki fyrir.

b) Tekjutap ríkis og sveitarfélag er áætlað og þá við það miðað að tekjur sem ívilnuninni nemur hafi verið ofan skattleysismarka en svo er í flestum tilvikum en ekki öllum. Kann því að vera um eitthvert ofmat að ræða.

Í meðfylgjandi reglum nr. 212/1996, sem ríkisskattstjóri hefur sett, koma fram helstu skilyrði fyrir ívilnunum.

Í öðrum lið fyrirspurnarinnar er óskað eftir mati á framkvæmd þessa ákvæðis og hvort ástæða sé til að rýmka fyrirliggjandi heimildir til ívilnunar.

Að mati fjármálaráðherra liggja engar gildar ástæður til þess að rýmka umræddar reglur, enda mjög erfitt fyrir skattyfirvöld að meta með hlutlægum og sanngjörnum hætti þörfina fyrir ívilnanir af þessu tagi.

Heimildir þessar eru að stofni til settar þegar skattar voru almennt greiddir eftir á og breyttar aðstæður sem þær miðast við snertu greiðslugetu gjaldenda mun meir en nú er. Nú þegar skattar eru að mestu staðgreiddir er tilefni til ívilnana að öðru óbreyttu minna en áður var. Frá því að fyrirkomulag þetta var tekið upp hefur hvers kyns félagslegri aðstoð fleygt mjög fram og ætti því síður en áður að vera þörf á skattalegum ráðstöfunum af þeim toga sem um ræðir. Vafasamur ávinningur er af því að deila slíkum félagslegum verkefnum á fleiri aðila en nauðsyn krefur.

Ívilnanir þessar byggjast á mati á félagslegum og heilsufarslegum aðstæðum o.fl. Starfsmenn skattkerfisins hafa ekki sérþekkingu á þessum sviðum og vafasamt hvort heppilegt er að sinna slíkum málum í miklum mæli í skattkerfinu af þeim ástæðum. Ívilnanir af þessum toga eru í andstöðu við meginreglu skattalaganna um skattskyldu allra tekna. Af þeim ástæðum eru heimildir til ívilnana ætíð túlkaðar þröngt og ekki æskilegt að gera þær víðtækari en verið hefur.

Að öllu samanlögðu er það mat ráðherra að ekki sé æskilegt að rýmka þessar heimildir. Verði ákvæði þetta endurskoðað ætti að laga það að breyttum aðstæðum og eftir atvikum afnema eða breyta núgildandi reglum í hlutlægar skattareglur.

Sem svar við þriðja lið fyrirspurnarinnar skal bent á að um er að ræða matskenndar ákvarðanir tíu stjórnvaldsaðila, þ.e. skattstjóra, í málum sem eru hvert með sínum hætti. Má því ljóst vera að illmögulegt er að meta hvort ákvarðanirnar séu fyllilega samræmdar. Ívilnanir vegna menntunarkostnaðar og dvalarheimilisuppbótar byggjast á hlutlægum reglum og eru því samræmdar sem slíkar. Aðrar ívilnanir eru metnar og ákveðnar af skattstjórum í hverju tilviki fyrir sig. Af þeirra hálfu er m.a. reynt að tryggja samræmi með því að ákvarðanir þessar eru að jafnaði í höndum sama starfsmanns eða sömu starfsmanna. Í störfum sínum að þessum málum hafa skattstjórar til hliðsjónar reglur nr. 212/1996 sem ríkisskattstjóri hefur sett en þær kveða á um þau skilyrði sem til staðar þurfa að vera við ákvörðun á ívilnun. Þá eru ákvarðanir skattstjóra í þessum efnum kæranlegar til ríkisskattstjóra. Með hliðsjón af þessu verður að ætla að viðunandi samræmi sé á ákvörðunum í þessum efnum og hefur ríkisskattstjóri ekki getað merkt annað en að svo sé.

Ívilnun skv. 65. gr. laga nr. 90/2003. Álagning 2001 til 2003

	Fjöldi ívilnana	Ívilnun skv. 65 gr.	Meðalívilnun	Áætluð skattaáhrif		
				Tekjuskattur	Útsvar	Tekjuskattar samtals
				Skatthlutfall		
Álagning 2003				**25,75%**	**12,79%**	**38,54%**
Einhleypingar						
Ívilnun vegna ungmenna	1.044	101.754.075	97.466	26.201.674	13.014.346	39.216.021
Ákvörðun skattstjóra	1.124	157.619.717	140.231	40.587.077	20.159.562	60.746.639
Dvalarheimilisuppbót	853	703.447.211	824.674	181.137.657	89.970.898	271.108.555
Samtals	**3.021**	**962.821.003**	-	**247.926.408**	**123.144.806**	**371.071.215**
Hjón og sambúðarfólk						
Ívilnun vegna ungmenna	6.902	326.488.582	47.303	84.070.810	41.757.890	125.828.700
Ákvörðun skattstjóra	1.941	433.778.585	223.482	111.697.986	55.480.281	167.178.267
Dvalarheimilisuppbót	220	176.302.991	801.377	45.398.020	22.549.153	67.947.173
Samtals	**9.063**	**936.570.158**	-	**241.166.816**	**119.787.323**	**360.954.139**
Allar ívilnanir samtals	**12.084**	**1.899.391.161**	-	**489.093.224**	**242.932.129**	**732.025.353**
Fjöldi einstaklinga með ívilnun 11.449						
Álagning 2002				**26,08%**	**12,68%**	**38,76%**
Einhleypingar						
Ívilnun vegna ungmenna	955	79.420.067	83.162	20.712.753	10.070.464	30.783.218
Ákvörðun skattstjóra	1.070	152.425.687	142.454	39.752.619	19.327.577	59.080.196
Dvalarheimilisuppbót	867	640.031.024	738.213	166.920.091	81.155.934	248.076.025
Samtals	**2.892**	**871.876.778**	-	**227.385.464**	**110.553.975**	**337.939.439**
Hjón og sambúðarfólk						
Ívilnun vegna ungmenna	6.004	253.917.052	42.291	66.221.567	32.196.682	98.418.249
Ákvörðun skattstjóra	-	366.927.069	-	95.694.580	46.526.352	142.220.932
Dvalarheimilisuppbót	-	154.743.543	-	40.357.116	19.621.481	59.978.597
Samtals	-	**775.587.664**	-	**202.273.263**	**98.344.516**	**300.617.779**
Allar ívilnanir samtals	-	**1.647.464.442**	-	**429.658.726**	**208.898.491**	**638.557.218**
Fjöldi einstaklinga með ívilnun 10.286						
Álagning 2001				**26,41%**	**11,96%**	**38,37%**
Einhleypingar						
Ívilnun vegna ungmenna	737	56.128.575	76.158	14.823.557	6.712.978	21.536.534
Ákvörðun skattstjóra	931	117.009.025	125.681	30.902.084	13.994.279	44.896.363
Dvalarheimilisuppbót	919	617.360.893	671.775	163.045.012	73.836.363	236.881.375
Samtals	**2.587**	**790.498.493**	**873.614**	**208.770.652**	**94.543.620**	**303.314.272**
Hjón og sambúðarfólk						
Ívilnun vegna ungmenna	5.110	179.544.078	35.136	47.417.591	21.473.472	68.891.063
Ákvörðun skattstjóra	-	280.056.859	-	73.963.016	33.494.800	107.457.817
Dvalarheimilisuppbót	-	158.117.552	-	41.758.845	18.910.859	60.669.705
Samtals	-	**617.718.489**	-	**163.139.453**	**73.879.131**	**237.018.584**
Allar ívilnanir samtals	-	**1.408.216.982**	-	**371.910.105**	**168.422.751**	**540.332.856**
Fjöldi einstaklinga með ívilnun 8.862						

Við talningu á fjölda framteljenda sem var ívilnað við álagningu árin 2001 og 2002 var miðað við fjölda fjölskyldna en ekki fjölda einstaklinga eins og gert var við álagningu 2003. Upplýsingar um meðalívilnun liggja því ekki fyrir fyrir árin 2001 og 2002.

Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga vegna skatta áranna 2001 til 2003 og miðast við stöðu álagningargagna að loknum framtalsskilum í júlí ár hvert, fyrir breytingar sem eru gerðar vegna síðbúinna framtalsskila og kærumeðferðar.

Skattar framteljenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali, eða hafa, vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra eru handreiknaðir af starfsmönnum skattstofa. Skattstofnar þessara framteljenda eru ýmist ekki fyrirliggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteljenda og er þeim því sleppt í yfirlitinu.

Reglur nr. 212/1996 um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru ákvæði um hvenær skattstjóri skuli lækka tekjuskattsstofn. Í 2. mgr. 80. gr. sömu laga eru ákvæði um að skattstjóra sé heimilt að lækka eignarskattsstofn manns þegar svo standi á sem fram kemur í 1. tl. 1. mgr. 66. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 66. gr. hefur ríkisskattstjóri sett svohljóðandi reglur um skilyrði fyrir ívilnun:

Umsókn um lækkun.

Hjá skattstjórum skulu liggja frammi umsóknareyðublöð fyrir umsókn um ívilnun samkvæmt 66. gr. og 80. gr. Á þeim skal koma greinilega fram hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn. Maður sem sækir um ívilnun þarf að leggja fram fullnægjandi upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum eða á annan hátt. Ákvörðun skattstjóra um ívilnun samkvæmt umsókn með skattframtali er kæranleg til skattstjóra. Kæruúrskurði skattstjóra varðandi ívilnun má áfrýja til ríkisskattstjóra.

Skattstjóri skal taka umsóknir um lækkun skv. 66. og 80. gr. til umfjöllunar þótt þær berist eftir lok kærufrests.

Lækkun skv. 1. tl.
Ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið eru að ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafi haft í för með sér skert gjaldþol. Með skertu gjaldþoli er átt við að greiðslugeta manns sé skert vegna þess að hann hafi orðið fyrir verulegum kostnaði umfram bætur og styrki sem hann hefur fengið vegna framangreindra tilvika. Með kostnaði vegna ellihrörleika, veikinda eða slysa í þessu sambandi er átt við dvalarkostnað á stofnunum, lyfja- og lækniskostnað, kostnað vegna ferða, ýmiss konar sérútbúnaðar vegna fötlunar o.s.frv. Sýnt skal fram á að um óhjákvæmilegan kostnað sé að ræða og fyrir þurfa liggja gögn til staðfestingar á honum. Þó skal skattstjóri veita ívilnun án umsóknar fái gjaldþegn dvalarheimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með kostnaði vegna andláts er átt við útfararkostnað ef hinn látni hefur látið eftir sig maka eða skylduómaga. Með útfararkostnaði er átt við venjulegan kostnað vegna útfarar.

Lækkun skv. 2. tl.
Veikindi eða fötlun barns sem haldið er langvinnum sjúkdómum.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að maður hafi veruleg útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað vegna barns sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað. Með verulegum útgjöldum er átt við þann kostnað sem er umfram fengnar bætur, styrki og lífeyri sem greiddur er vegna kostnaðar sem af þessum tilvikum leiðir. Með kostnaði í þessu sambandi er átt við dvalarkostnað á stofnunum, lyfja- og lækniskostnað, kostnað vegna ferða, ýmiss konar sérútbúnaðar vegna fötlunar o.s.frv. Sýna þarf fram á að um óhjákvæmilegan kostnað sé að ræða og leggja fram gögn til staðfestingar á honum.

Lækkun skv. 3. tl.
Framfærsla foreldra eða annarra vandamanna.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið eru sannanleg útgjöld vegna framfærslu foreldra eða annarra vandamanna. Gera þarf grein fyrir í hverju útgjöldin eru fólgin og jafnframt að sýna fram á að framfærslufé foreldris eða vandamanns, þ.e. tekjur, bætur og styrkir standi ekki undir nauðsynlegum útgjöldum vegna framfærslunnar.

Skilyrði fyrir lækkun vegna barna eldri en 16 ára sem maður hefur á framfæri sínu eru að barnið sé það tekjulágt vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum að því sé ókleift að standa undir eigin framfærslu. Miðað er við fjárhæð barnalífeyris sem hámarksívilnun og hafi barnið tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum þess.

Lækkun skv. 4. tl.
Menntunarkostnaður barna 16 ára og eldri.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að barnið sé orðið 16 ára og stundi nám a.m.k. 3 mánuði á árinu. Hér er fyrst og fremst átt við börn á aldrinum 16–21 árs sem stunda nám að loknu grunnskólanámi þ.e. nám í mennta- eða fjölbrautaskólum, iðnnám o.þ.h. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álita. Hámarksívilnun er kr. 142.333 vegna náms sem stundað er hér á landi. Ef sótt er um hærri ívilnun vegna náms sem stundað er erlendis þarf að sýna fram á verulegan kostnað vegna námsins sem telja verður umfram venjulegan námskostnað, svo sem há skólagjöld, fargjöld o.þ.h. Ívilnun getur þó aldrei orðið hærri en tvöföld sú ívilnun sem veitt er vegna náms hér á landi. Hafi námsmaðurinn tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum hans.

Lækkun skv. 5. tl.
Verulegt eignatjón sem ekki hefur fengist bætt.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að um sé að ræða verulegt eignatjón sem ekki hafi fengist bætt úr hendi annars aðila. Með verulegu eignatjóni er hér átt við að fjárhagslegar afleiðingar tjóns sem verður á eignum manns skerði gjaldþol hans. Ívilnun kemur ekki til álita ef mögulegt er að fá tjónið bætt úr hendi annars aðila.

Lækkun skv. 6. tl.
Töp á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri.

Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið er að gjaldþol manns sé verulega skert vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri hans. Með atvinnurekstri í þessu sambandi er átt við atvinnurekstur sem einstaklingur hefur með höndum og eignaraðild í sameignarfélagi eða hlutafélagi. Það telst þó ekki atvinnurekstur ef eignarhluti í hlutafélagi er óverulegur og aðild og tengsl manns við félagið eru þannig að ekki sé ástæða til að líta þannig á að um atvinnurekstur sé að ræða. Sé eignarhluti minni en 20% telst hann óverulegur í þessu sambandi. Skuld telst töpuð þegar sýnt hefur verið fram á á fullnægjandi hátt að hún fáist ekki greidd.

330. Fyrirspurn [286. mál]

til fjármálaráðherra um launaákvarðanir samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er skipting milli kynja í tíu stærstu stofnunum sem greitt hafa viðbótarlaun skv. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2002, og hver voru útgjöld þessara stofnana vegna viðbótarlauna og hvernig skiptust þau milli kynja?
2. Er þess gætt hjá ráðuneytum og stofnunum að greidd séu sambærileg viðbótarlaun í stofnunum til karla og kvenna sem vinna sambærileg störf?
3. Til hvaða starfa í fyrrgreindum tíu stofnunum náðu viðbótarlaunin?
4. Er unnið eftir sambærilegum reglum hjá opinberum aðilum við ákvörðun viðbótarlauna?
5. Hvaða ráðuneyti hafa beitt ákvæðum 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um viðbótarlaun og hvernig er skipting á þeim greiðslum milli kynja?
6. Hvaða opinberar stofnanir og ráðuneyti greiddu viðbótarlaun skv. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á árinu 2002 og hvaða stofnanir ekki?

Skriflegt svar óskast.

331. Lög [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 320 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

79. gr. laganna orðast svo:

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gilda 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Um notkun slíkra innfluttra fiska til fiskeldis, fiskræktar eða hafbeitar gilda ákvæði IV. og IX. kafla laga þessara.

6. gr. hljóðar svo:

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum

dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum umsögnum embættis yfirdýralæknis, fisksjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu áliti Veiðimálastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.

332. Frumvarp til laga [287. mál]

um breytingu á lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Bjartmarz, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Allsherjarnefnd Alþingis skal taka skýrslu umboðsmanns barna til athugunar og hafa frumkvæði að umræðu um hana á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um umboðsmann barna tóku gildi 1. janúar 1995. Umboðsmaður hefur það hlutverk að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmaður barna á að vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu á umboðsmaður barna að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Samkvæmt lögunum á umboðsmaður að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna; koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega; stuðla að því að virtir verði þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og enn fremur benda á að samningar um þetta efni verði fullgiltir; bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu og stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni og beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á þessu sviði.

Af framangreindu sést að starf umboðsmanns barna er afar umfangsmikið og hefur verulega þýðingu við að bæta hag barna og ungmenna. Óhætt er að segja að starf umboðsmanns hafi þegar sannað gildi sitt og afar brýnt að svo sé að embættinu búið að það geti gegnt hlutverki sínu.

Samkvæmt 8. gr. laganna á umboðsmaður að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári og skal prenta skýrsluna og birta opinberlega. Þannig hafa verið gefnar út átta skýrslur frá stofnun embættisins. Það er sammerkt með þessum skýrslum að til þeirra er vel vandað og skýrt ítarlega frá því sem embættið hefur fjallað um og haft frumkvæði að til að bæta hag barna og ungmenna.

Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessar skýrslur, því að iðulega koma þar fram ábendingar og tillögur sem nauðsynlegt er að þjóðþingið láti sig varða og taki til umfjöllunar. Skýrslurnar hafa þó aldrei verið ræddar á Alþingi eða fengið þar efnislega umfjöllun og ekki er kveðið sérstaklega á um það í lögunum að það skuli gert.

Flutningsmenn þessa frumvarps leggja til að úr þessu verði bætt og skylt verði að ræða skýrslu umboðsmanna barna á Alþingi. Tvær leiðir koma til greina í því efni, að setja lagaákvæði um að forsætisráðherra geri Alþingi grein fyrir efni skýrslunnar eða að allsherjarnefnd Alþingis taki skýrsluna til athugunar og hafi frumkvæði að umræðu um hana á Alþingi. Hér er síðari leiðin valin af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var lagt til á Alþingi 1997 að forsætisráðherra gerði grein fyrir skýrslunni á Alþingi. Í umsögn forsætisráðuneytisins um málið var því hafnað með þeim rökum að talið var óeðlilegt að forsætisráðherra yrði gert að gera grein fyrir starfrækslu embættis sem hann hefði að öðru leyti ekki yfir að segja. Í lögum um umboðsmann Alþingis er líka kveðið á um að í störfum sínum sé hann óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi. Engu að síður flytur forseti Alþingis skýrslu umboðsmanns Alþingis, svo og Ríkisendurskoðunar. Forsætisráðuneytið á að hafa eftirlit með fjárreiðum umboðsmanns barna, sem á að gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvaldsins líkt og umboðsmaður Alþingis. Í öðru lagi eru líkur á að með því að setja þessar skyldur á allsherjarnefnd Alþingis fái skýrslan vandaðri umfjöllun og málsmeðferð heldur en ef fyrri kosturinn er valinn.

Þótt þingsköp Alþingis heimili að fastanefnd fjalli um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar er ástæða til að setja það ákvæði sem hér um ræðir í lögin um umboðsmann barna. Það tryggir að Alþingi fjalli á hverju ári um málefni barna og ungmenna og ábendingar og tillögur umboðsmanns um bættan aðbúnað þeirra.

333. Fyrirspurn [288. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni geðsjúkra.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður áformum um færanlegt teymi fagfólks til að sinna geðsjúkum?
2. Hvað líður áformum um lokaða geðdeild fyrir erfiðustu sjúklingana?

334. Fyrirspurn [289. mál]

til utanríkisráðherra um lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur starfshópur ráðherra sem fjalla átti um lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni lokið störfum? Ef svo er, hverjar voru tillögur starfshópsins og hvað hefur verið gert til þess að bæta réttindi þessa fólks?

335. Fyrirspurn [290. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu dráttarvaxta úr ríkissjóði.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

1. Hverju námu greiðslur úr ríkissjóði á dráttarvöxtum árin 1998–2002 af reikningum frá innlendum viðskiptavinum ríkissjóðs?
2. Eru dæmi þess að ríkissjóður greiði ekki dráttarvexti af reikningum frá viðskiptavinum sínum þótt þeir séu komnir fram yfir samningsbundinn gjalddaga? Sé svo, við hvaða reglur styðst það?

Skriflegt svar óskast.

336. Fyrirspurn [291. mál]

til fjármálaráðherra um framlög til ferðaþjónustu.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Hve mikið fé hefur ríkissjóður veitt til ferðaþjónustu og tengdra mála, svo sem safna, árið 2002 og það sem af er 2003? Spurt er um fjárveitingar af öllum fjárlagaliðum, þ.m.t. safnliðum. Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir ráðuneytum, árum, verkefnum og eftirfarandi landshlutum:

a. Reykjavík,
b. Suðurnesjum,
c. Suðurlandi,
d. Vestmannaeyjum,
e. Austurlandi,
f. Norðausturlandi,

g. Norðvesturlandi,
h. Vestfjörðum,
i. Vesturlandi,
j. Suðvesturkjördæmi.

Skriflegt svar óskast.

337. Fyrirspurn [292. mál]

til samgönguráðherra um uppbyggingu ferðaþjónustu.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið samstarf við önnur ráðuneyti um uppbyggingu ferðaþjónustu? Ef svo er, við hvaða ráðuneyti og um hvaða verkefni?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til slíkra samstarfsverkefna á síðustu tveimur árum, sundurliðað eftir ráðuneytum, verkefnum og landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

338. Fyrirspurn [293. mál]

til samgönguráðherra um fullgildingu skírteina flugmanna frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá Ástu Möller.

1. Hve margir erlendir flugmenn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins hafa fengið fullgildingu flugskírteina á Íslandi sl. fimm ár?
2. Hvaða skilyrði þurfa þeir að uppfylla til að fá slíka fullgildingu skírteina og hvað gilda þau lengi?
3. Hve margir þeirra hafa jafnframt sótt um og fengið dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi?
4. Á hvaða lagaheimild og á hvaða ákvæðum EES-samningsins byggist heimild til fullgildingar skírteina flugmanna utan Evrópska efnahagssvæðisins?
5. Á hvaða ákvæðum EES-samningsins um atvinnu- og dvalarleyfi byggist heimild til að flugmenn utan Evrópska efnahagssvæðisins fái fullgildingu skírteina á Íslandi og geti eftir það stundað atvinnu og dvalist á Evrópska efnahagssvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

339. Tillaga til þingsályktunar [294. mál]

um fullgildingu samnings á sviði refsiréttar um spillingu.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999 (hér eftir nefndur spillingarsamningurinn). Spillingarsamningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Í formála spillingarsamningsins, sem gerður er á vegum Evrópuráðsins, er lögð áhersla á að spilling ógni réttarreglu, lýðræði og mannréttindum, grafi undan góðum stjórnarháttum, sanngirni og félagslegu réttlæti, raski samkeppni, hindri efnahagsþróun og ógni stöðugleika stofnana lýðræðisins. Spillingarsamningurinn er afrakstur áralangrar vinnu við að þróa alþjóðlegt kerfi til að berjast gegn spillingu. Alþjóðlegt átak þarf til þess að ná árangri í baráttunni gegn spillingu og er spillingarsamningurinn því opinn fyrir aðild ríkja jafnt innan sem utan Evrópuráðsins.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti aðgerðaáætlun gegn spillingu í nóvember 1996 í kjölfar tilmæla 19. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra sem haldin var í Valletta 1994. Meðal helstu liða aðgerðaáætlunarinnar var að leggja drög að einum eða fleiri alþjóðasamningum gegn spillingu og að koma á fót kerfi til þess að framfylgja þeim skuldbindingum sem slíkir samningar kveða á um. Á 21. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra, sem haldin var í Prag í júní 1997, var lagt til að framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar yrði hraðað. Jafnframt var hvatt til þess að lokið yrði sem fyrst við gerð alþjóðasamnings á sviði refsiréttar sem kvæði á um samræmdar sakargiftir í brotamálum varðandi spillingu, aukna samvinnu um saksókn vegna slíkra brota og skilvirka tilhögun við að fylgja málum eftir sem ríki, jafnt innan sem utan Evrópuráðsins, gætu tileinkað sér. Í október sama ár var haldinn leiðtogafundur aðildarríkja Evrópuráðsins í Strassborg. Á fundinum var meðal annars ákveðið að fela ráðherranefndinni að tryggja að lokið yrði sem fyrst við alþjóðasamninga í samræmi við aðgerðaáætlun gegn spillingu sem einnig var samþykkt á fundinum.

Í kjölfar þessa samþykkti ráðherranefndin á 101. fundi sínum 6. nóvember 1997 ályktun 24/1997 um 20 viðmiðunarreglur í baráttu gegn spillingu þar sem lögð var áhersla á að ljúka sem fyrst vinnu við alþjóðasamninga í samræmi við aðgerðaáætlunina gegn spillingu.

Á 102. fundi ráðherranefndarinnar 4. maí 1998 var samþykkt ályktun 7/1998 sem heimilar gerð útvíkkaðs hlutasamnings um að koma á fót ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) með það að markmiði að auka getu þátttökuríkja hópsins til þess að berjast gegn spillingu með því að grípa til aðgerða sem gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar á þessu sviði. Ráðherranefndin samþykkti lokadrög hlutasamningsins með ályktun 5/1999. Ísland undirritaði hlutasamninginn 1. maí 1999.

Eftir tveggja ára vinnu samþykkti ráðherranefndin lokadrög spillingarsamningsins til undirritunar á 103. fundi nefndarinnar sem haldinn var 4. nóvember 1998. Spillingarsamningurinn var lagður fram til undirritunar í Strassborg 27. janúar 1999, en Ísland undirritaði samninginn þann dag. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 2002. Hinn 29. september 2003

höfðu 42 aðildarríki Evrópuráðsins undirritað samninginn auk Mexíkó, Bandaríkjanna og Hvíta-Rússlands og 21 ríki hafði fullgilt hann.

Með spillingarsamningnum er stefnt að því að samræma ýmsar efnis- og formreglur aðildarríkjanna er tengjast tilteknum tegundum spillingarbrota og bæta alþjóðlegt samstarf í því skyni að gera saksókn vegna þessara brota mögulega og auðvelda hana. Þótt ekki sé að finna almenna skilgreiningu á hugtakinu spilling í samningnum var við gerð hans gengið út frá því að í spillingu fælust mútur eða önnur háttsemi sem bryti gegn skyldum manna sem falin hefur verið ábyrgð af opinberum eða viðskiptalegum toga, hvort sem um væri að ræða opinbera starfsmenn, embættismenn, launþega eða sjálfstæða umboðsmenn, og sem hefði þann tilgang að ná fram ávinningi af einhverju tagi fyrir þá sjálfa eða aðra sem þeir eiga ekki tilkall til. Út frá þessum víðtæka skilningi voru skilgreindar tilteknar tegundir spillingar, þ.e. mútuboð (aktívar mútur) og mútuþágur (passívar mútur) til ýmissa opinberra aðila, innlendra sem og erlendra, mútuboð og mútuþágur til aðila í einkageiranum og áhrifakaup.

Af framangreindu leiðir að spillingarsamningurinn hefur mun víðtækara gildissvið en fyrirliggjandi alþjóðasamningar á þessu sviði sem flestir hafa eingöngu snúið að afmörkuðum hópi manna og/eða að afmarkaðri tegund spillingar. Sem dæmi má nefna að samningur Evrópusambandsins um baráttu gegn spillingu starfsmanna bandalaganna og opinberra starfsmanna aðildarríkja sambandsins, sem gerður var 26. maí 1997, snýr einungis að afmörkuðum hópi manna. Samningur um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum frá 17. desember 1997, sem saminn var á vegum Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (hér eftir nefndur mútusamningurinn), leggur þá skuldbindingu á herðar aðildarríkjunum að lýsa refsiverðar mútugreiðslur til erlendra opinberra starfsmanna sem hafa það að markmiði að ná eða halda ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum. Ísland fullgilti mútusamninginn 17. ágúst 1998 og öðlaðist hann gildi 15. febrúar 1999. Spillingarsamningurinn gengur lengra í baráttunni gegn spillingu en framangreindir samningar bæði hvað varðar þá háttsemi sem lýsa ber refsiverða og þá aðila sem fjallað er um.

Spillingarsamningurinn samanstendur af fimm köflum og 42 greinum.

Í I. kafla eru hugtökin „opinber embættismaður“, „dómari“ og „lögaðili“ skilgreind með víðtækum hætti. Skilgreining þessara hugtaka í samningnum er byggð á skilgreiningu þeirra í landsrétti aðildarríkjanna. Aðildarríkin þurfa því ekki að samræma eða breyta skilgreiningu sinni á þessum hugtökum. Þannig er við skilgreiningu hugtaksins „opinber embættismaður“ í a-lið 1. gr. vísað til skilgreiningar starfsheitanna „embættismaður“, „opinber starfsmaður“, „sveitarstjóri“, „ráðherra“ eða „dómari“ í lögum þess ríkis þar sem hlutaðeigandi gegnir viðkomandi starfi og eins og þau eru notuð í refsilöggjöf þess. Samkvæmt c-lið 1. gr. getur saksóknarríki þó einungis beitt skilgreiningu hugtaksins að því marki sem skilgreiningin samræmist lögum þess ríkis sé um málarekstur að ræða þar sem opinber embættismaður annars ríkis kemur við sögu. Hugtakið „dómari“ er túlkað með víðtækum hætti og nær það einnig til saksóknara og annarra sem gegna stöðum innan dómskerfisins, sbr. b-lið 1. gr. Hugtakið „lögaðili“ er skilgreint með vísan til laga viðkomandi ríkis. Hugtakið nær þó ekki til ríkis, opinberra aðila sem fara með ríkisvald eða alþjóðastofnana, sbr. d-lið 1. gr.

Í II. kafla samningsins er fjallað um þær ráðstafanir sem aðildarríkjunum ber að gera innanlands. Þar er að finna verknaðarlýsingar þeirra tegunda spillingarbrota sem aðildarríkjunum ber að lýsa refsiverð í lögum sínum, auk annarra ákvæða.

Í 2. gr., sem fjallar um mútuboð til innlendra opinberra embættismanna, er að finna verknaðarlýsingu svokallaðs mútuboðs (aktívar mútur). Samkvæmt greininni er um mútuboð að ræða þegar aðila, í þessu tilviki innlendum opinberum embættismanni, er lofað, boðinn eða

veittur, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinningur, honum eða einhverjum öðrum til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín. Áskilið er að ásetningur sé fyrir hendi og verður ásetningurinn að taka til allra efnisþátta brotsins. Ekki er áskilið að háttsemi mútugjafans leiði til þess að sá aðili sem mútuboðinu er beint til aðhafist í samræmi við vonir mútugjafans. Ávinningurinn er yfirleitt fjárhagslegs eðlis en getur einnig verið af óefnislegum toga. Meginskilyrðið er að mútuþeginn eigi ekki tilkall til ávinningsins, þ.e. að hann sé óviðeigandi. Undanskildar eru því t.d. gjafir sem heimilaðar eru í starfsreglum sem og eðlilegar og ásættanlegar gjafir sem hafa mjög lítið verðgildi. Framangreind verknaðarlýsing er óháð því hver lofar, býður eða veitir múturnar. Hins vegar er það skilyrði samkvæmt greininni að mútuboðið beinist að innlendum opinberum embættismanni. Markmið ákvæðisins er að tryggja að starfsemi hins opinbera fari fram með gegnsæjum, réttmætum og hlutlægum hætti sem og að stuðla að nauðsynlegu trausti almennings til hins opinbera og hindra óeðlileg afskipti af störfum innlendra opinberra embættismanna.

Samkvæmt 3. gr. er um mútuþágu innlends opinbers embættismanns að ræða þegar hann sækist eftir eða þiggur, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, eða þiggur boð um slíkan ávinning eða loforð um hann, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín. Ásetningur er einnig skilyrði fyrir saknæmi mútuþágu. Mútuboð og mútuþága eru tvö aðskilin brot þótt þau haldist oft í hendur.

Vísað er til verknaðarlýsinga 2. og 3. gr. í þeim ákvæðum sem á eftir fylgja um mútur. Hins vegar fjalla ákvæðin um mismunandi aðila.

Í 4. og 6. gr. er annars vegar fjallað um mútur til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum innanlands og hins vegar til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum erlendis. Markmið þessara ákvæða er að tryggja að starfsemi þessa stofnana fari fram með gegnsæjum, réttmætum og hlutlægum hætti.

Í 5. gr. er fjallað um mútur til erlendra opinberra embættismanna. Ákvæði þetta var talið nauðsynlegt í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar enda líklegt til að stuðla að gegnsæi og sanngirni í ákvarðanatöku hins opinbera í erlendum ríkjum og jafna samkeppnisskilyrði fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum markaði. Í mútusamningnum frá 1997 er einnig fjallað um mútur til erlendra opinberra starfsmanna en gildissvið spillingarsamningsins er mun víðtækara að því er þetta varðar. Í fyrsta lagi nær spillingarsamningurinn einnig til mútuþágu erlendra opinberra embættismanna og í öðru lagi er refsinæmi háttseminnar ekki háð því að markmið hennar sé að ná eða halda ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

Í 9. gr. er fjallað um mútur til embættismanna alþjóðastofnana, 10. gr. varðar mútur til manna sem eiga sæti á alþjóðaþingmannasamkomum og um mútur til dómara og embættismanna við alþjóðadómstóla er fjallað í 11. gr.

Samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. ber aðildarríkjum samningsins einnig að lýsa refsiverða þá háttsemi sem felst í mútum þegar þær eiga sér stað innan einkageirans. Talið var nauðsynlegt að takast á við skaðleg samfélagsleg og samkeppnisleg áhrif slíkrar háttsemi einkaaðila jafnt sem opinberra, meðal annars í ljósi einkavæðingar starfsemi hins opinbera á mikilvægum samfélagslegum sviðum. Slík brot sem framin eru innan einkageirans eru á margan hátt sambærileg því þegar þau eru framin í tengslum við starfsemi hins opinbera. Þó er nokkur munur á verknaðarlýsingu brotanna. Samkvæmt 7. og 8. gr. er það skilyrði að sú starfsemi sem um ræðir sé atvinnustarfsemi og að brotið hafi verið gegn starfsskyldum viðkomandi.

Í 12. gr. samningsins er fjallað um svokölluð áhrifakaup. Af verknaðarlýsingu ákvæðisins má sjá að sú háttsemi sem felst í áhrifakaupum er nokkuð ólík mútum. Um er að ræða þrí-

hliða samband þar sem maður, sem hefur raunveruleg eða ætluð áhrif á ákvarðanatöku þeirra aðila sem fjallað er um í 2., 4.–6. og 9.–11. gr., skiptir þeim áhrifum út fyrir óviðeigandi ávinning frá aðila sem vill hafa áhrif á ákvarðanatökuna. Ákvæði 12. gr. tekur bæði til háttsemi sem felst í því að lofa, bjóða eða veita manni óviðeigandi ávinning sem heldur því fram að hann geti haft óeðlileg áhrif á mann sem fer með ákvörðunarvald (aktív áhrifakaup) og háttsemi sem felst í því að maður, sem heldur slíku fram, fer fram á eða þiggur slíkan ávinning (passív áhrifakaup). Brotið er óháð því hvort sá aðili sem ákvörðunarvaldið hefur geri eitthvað eða láti eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Áskilið er að ásetningur standi til þess að hafa óeðlileg áhrif á þann sem fer með ákvörðunarvaldið. Hefðbundin og viðurkennd hagsmunagæsla fellur því utan ákvæðisins.

Auk framangreindrar háttsemi er aðildarríkjunum gert að lýsa þvætti á ávinningi af spillingarbrotum og bókhaldsbrotum sem tengjast spillingarbrotum refsiverð í löggjöf sinni, sbr. 13. og 14. gr.

Ákvæði um lögsögu eru í 17. gr. samningsins. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna afbrota, sem skv. 2.–14. gr. samningsins teljast til refsiverðrar háttsemi, þegar afbrotið er framið innan yfirráðasvæðis viðkomandi ríkis að einhverju eða öllu leyti, þegar brotamaður er ríkisborgari viðkomandi ríkis, opinber embættismaður þess eða á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands eða þegar brotið varðar opinberan embættismann viðkomandi ríkis, mann sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands eða mann sem fjallað er um í 9.–11. gr. samningsins og er ríkisborgari viðkomandi ríkis. Gera má fyrirvara við nokkrar framangreindra reglna að uppfylltum vissum skilyrðum. Með ákvæðum 17. gr. er leitast við að tryggja að unnt sé að sækja þá er fremja viðkomandi afbrot til saka.

Samkvæmt 18. gr. ber aðildarríkjum að tryggja að gera megi lögaðila ábyrga fyrir afbrotum eins og mútuboði, áhrifakaupum og peningaþvætti sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningnum. Ekki skiptir máli hvort lögaðilinn sé gerður ábyrgur að refsirétti, stjórnsýslurétti eða einkarétti sé það á annað borð tryggt að viðurlögin séu skilvirk og hafi letjandi áhrif, sbr. 1. og 2. mgr. 19. gr. Til þess að unnt sé að draga lögaðila til ábyrgðar þarf afbrotið að vera framið í þágu hans af einstaklingi sem aðhefst annaðhvort einn eða sem meðlimur í deild lögaðilans og hefur stöðu stjórnanda hjá lögaðilanum. Samkvæmt 2. mgr. ber aðildarríkjum einnig að tryggja að gera megi lögaðila ábyrga hafi orðið brestur í yfirumsjón eða eftirliti sem gerði hina refsiverðu háttsemi mögulega. Ábyrgð lögaðila kemur ekki í veg fyrir að sakamál sé rekið gagnvart einstaklingum fyrir viðkomandi afbrot.

Samkvæmt 19. gr. ber aðildarríkjunum að tryggja að viðurlög við þeim afbrotum sem teljast refsiverð háttsemi samkvæmt samningnum séu skilvirk, hæfileg og letjandi.

Í öðrum greinum II. kafla samningsins er síðan kveðið á um hlutdeild, friðhelgi, sérhæfð stjórnvöld, samvinnu stjórnvalda, vernd þeirra sem vinna með réttvísinni og vitnavernd, og öflun sönnunargagna og upptöku ávinnings.

Í III. kafla spillingarsamningsins er kveðið á um að eftirlit með framkvæmd samningsins skuli falið svonefndum ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) sem fjallað er um hér að framan. Þau aðildarríki samningsins sem ekki eru aðilar að ríkjahópnum gegn spillingu verða sjálfkrafa aðilar að honum þegar samningurinn öðlast gildi gagnvart þeim, sbr. 3. og 4. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 33. gr.

Í IV. kafla samningsins eru ákvæði um alþjóðasamvinnu. Í 25. gr. eru tilgreindar nokkrar meginreglur og ráðstafanir á sviði alþjóðasamvinnu sem aðildarríkjunum ber að virða. Ákvæði 26. gr. fjalla um skyldu aðildarríkja til að veita hvort öðru gagnkvæma aðstoð, nánar til tekið réttaraðstoð. Um framsal er fjallað í 27. gr. en ákvæði þeirrar greinar stefna að því

að auðvelda framsal vegna þeirra afbrota sem teljast til refsiverðrar háttsemi samkvæmt samningnum. Markmið 27. gr. er hið sama og 17. gr., þ.e. að tryggja eftir bestu getu að unnt sé að koma lögum yfir þá aðila sem fremja framangreind afbrot. Í samræmi við þetta er meðal annars kveðið á um að í tengslum við þessi afbrot sé unnt að líta svo á að spillingarsamningurinn sjálfur sé lagalegur grundvöllur fyrir framsali. Jafnframt er kveðið á um að sé synjað um framsal vegna brots sem telst refsiverð háttsemi samkvæmt samningnum, einungis á grundvelli ríkisfangs þess sem framsals er beiðst á eða vegna þess að sá sem beiðninni er beint til telur sig eiga lögsögu að því er varðar brotið, skal sá aðili sem beiðninni er beint til leggja málið fyrir viðeigandi yfirvöld sín til saksóknar nema um annað sé samið við þann aðila sem beiðnina leggur fram.

Í öðrum greinum IV. kafla er fjallað um upplýsingagjöf af sjálfsdáðum, miðstjórnarvöld sem aðilunum ber að tilnefna, bein samskipti og upplýsingagjöf.

Í V. kafla er að finna lokaákvæði samningsins. Í 32. og 33. gr. er fjallað um undirritun, gildistöku og aðild að samningnum. Ákvæði 34. gr. kveða á um svæðisbundið gildissvið samningsins. Í 35. gr. er fjallað um afstöðu spillingarsamningsins gagnvart öðrum samningum. Í 36. og 37. gr. eru ákvæði er varða þær yfirlýsingar og fyrirvara sem samningsaðilar geta gert varðandi tiltekin ákvæði samningsins og í 38. gr. eru ákvæði um gildistíma og endurskoðun framangreindra yfirlýsinga og fyrirvara. Í 39. gr. eru ákvæði um breytingar á samningnum, 40. gr. fjallar um lausn deilumála, í 41. gr. eru ákvæði um uppsögn og um tilkynningar til og frá vörsluaðila er fjallað í 42. gr.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998, sbr. lög nr. 92/2002, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem spillingarsamningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
á sviði refsiréttar um spillingu.

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

sem viðurkenna gildi þess að stuðla að samvinnu við hin ríkin sem hafa undirritað samning þennan,

sem álíta það forgangsatriði að fylgja sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar, er miði að því að vernda þjóðfélagið gegn spillingu, meðal annars að setja viðeigandi lög og gera viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafanir,

sem leggja áherslu á að spilling ógnar réttarreglu, lýðræði og mannréttindum, grefur undan góðum stjórnarháttum, sanngirni og félagslegu réttlæti, raskar samkeppni, hindrar efnahagsþróun og ógnar stöðugleika stofnana lýðræðisins og skekur þann siðferðilega grunn sem þjóðfélagið er reist á,

sem telja að aukin, hraðvirk og árangursrík alþjóðleg samvinna á sviði sakamála sé forsenda þess að baráttan gegn spillingu skili tilætluðum árangri,

sem fagna þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarið og eykur enn frekar skilning á og samvinnu þjóða í milli í baráttunni gegn spillingu; nefna má, í þessu sambandi, aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Samtaka Ameríkuríkja, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) og Evrópusambandsins,

sem hafa hliðsjón af aðgerðaáætlun gegn spillingu sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti í nóvember 1996 í kjölfar tilmæla 19. ráðstefnu evrópskra dómsmálaráðherra (í Valletta 1994),

sem minnast í þessu sambandi mikilvægis þess að ríki, sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu, taki þátt í aðgerðum Evrópuráðsins gegn spillingu og fagna mikilvægu framlagi þeirra til framkvæmdar aðgerðaáætluninni gegn spillingu,

CRIMINAL LAW CONVENTION
on Corruption

Premble

The member States of the Council of Europe and the other States signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members;

Recognising the value of fostering co-operation with the other States signatories to this Convention;

Convinced of the need to pursue, as a matter of priority, a common criminal policy aimed at the protection of society against corruption, including the adoption of appropriate legislation and preventive measures;

Emphasising that corruption threatens the rule of law, democracy and human rights, undermines good governance, fairness and social justice, distorts competition, hinders economic development and endangers the stability of democratic institutions and the moral foundations of society;

Believing that an effective fight against corruption requires increased, rapid and well-functioning international co-operation in criminal matters;

Welcoming recent developments which further advance international understanding and co-operation in combating corruption, including actions of the United Nations, the World Bank, the International Monetary Fund, the World Trade Organisation, the Organisation of American States, the OECD and the European Union;

Having regard to the Programme of Action against Corruption adopted by the Committee of Ministers of the Council of Europe in November 1996 following the recommendations of the 19th Conference of European Ministers of Justice (Valletta, 1994);

Recalling in this respect the importance of the participation of non-member States in the Council of Europe's activities against corruption and welcoming their valuable contribution to the implementation of the Programme of Action against Corruption;

sem minnast þess einnig að í ályktun nr. 1, sem evrópskir dómsmálaráðherrar samþykktu á 21. ráðstefnu sinni (í Prag 1997), var mælst til þess að aðgerðaáætluninni gegn spillingu yrði hrint í framkvæmd með skjótum hætti og hvatt til þess sérstaklega að samningur á sviði refsiréttar yrði samþykktur sem fyrst, þar sem kveðið yrði á um samræmdar sakargiftir í brotamálum er varða spillingu, aukna samvinnu um saksókn vegna slíkra afbrota og skilvirka tilhögun þess að fylgja málum eftir sem aðildarríkjum Evrópuráðsins, jafnt og þeim ríkjum sem utan þess standa, yrði frjálst að tileinka sér,

Further recalling that Resolution No. 1 adopted by the European Ministers of Justice at their 21st Conference (Prague, 1997) recommended the speedy implementation of the Programme of Action against Corruption, and called, in particular, for the early adoption of a criminal law convention providing for the co-ordinated incrimination of corruption offences, enhanced co-operation for the prosecution of such offences as well as an effective follow-up mechanism open to member States and non-member States on an equal footing;

sem hafa í huga að þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar Evrópuráðsríkjanna ákváðu, í tilefni af öðrum leiðtogafundi sínum í Strassborg 10. og 11. október 1997, að leita sameiginlegra lausna á krefjandi viðfangsefnum, er tengjast vaxandi spillingu, og samþykktu aðgerðaáætlun, í því augnamiði að koma á samstarfi um baráttuna gegn spillingu, m.a. tengslum spillingar við skipulagða glæpastarfsemi og peningaþvætti, þar sem ráðherranefndinni var meðal annars falið að tryggja að lokið yrði sem fyrst við lagagerninga á sviði þjóðaréttar í samræmi við aðgerðaáætlunina gegn spillingu,

Bearing in mind that the Heads of State and Government of the Council of Europe decided, on the occasion of their Second Summit held in Strasbourg on 10 and 11 October 1997, to seek common responses to the challenges posed by the growth in corruption and adopted an Action Plan which, in order to promote co-operation in the fight against corruption, including its links with organised crime and money laundering, instructed the Committee of Ministers, *inter alia,* to secure the rapid completion of international legal instruments pursuant to the Programme of Action against Corruption;

sem hafa enn fremur í huga að í ályktun 24/1997 um 20 viðmiðunarreglur í baráttunni gegn spillingu, sem ráðherranefndin samþykkti á 101. fundi sínum 6. nóvember 1997, er lögð áhersla á nauðsyn þess að ljúka sem fyrst vinnu við lagagerninga á sviði þjóðaréttar í samræmi við aðgerðaáætlunina gegn spillingu,

Considering moreover that Resolution (97) 24 on the 20 Guiding Principles for the Fight against Corruption, adopted on 6 November 1997 by the Committee of Ministers at its 101st Session, stresses the need rapidly to complete the elaboration of international legal instruments pursuant to the Programme of Action against Corruption;

sem líta til þess að ráðherranefndin samþykkti á 102. fundi sínum 4. maí 1998 ályktun 7/1998 sem heimilar gerð útvíkkaðs hlutasamnings um að koma á fót ríkjahópi gegn spillingu (GRECO) þar sem markmiðið er að auka getu þátttökuríkja hópsins til þess að berjast gegn spillingu með því að grípa til aðgerða sem gera þeim kleift að standa við skuldbindingar sínar á þessu sviði,

In view of the adoption by the Committee of Ministers, at its 102nd Session on 4 May 1998, of Resolution (98) 7 authorising the partial and enlarged agreement establishing the "Group of States against Corruption – GRECO", which aims at improving the capacity of its members to fight corruption by following up compliance with their undertakings in this field,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

I. kafli.
Notkun hugtaka.

1. gr.

Notkun hugtaka.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „opinber embættismaður", að því er varðar merkingu þessa hugtaks er vísað til skilgreiningar starfsheitanna „embættismaður", „opinber starfsmaður", „sveitarstjóri", „ráðherra" eða „dómari"

Chapter I
Use of terms

Article 1

Use of terms

For the purposes of this Convention:

a) "public official" shall be understood by reference to the definition of "official", "public officer", "mayor", "minister" or "judge" in the national law of the State in which the person in question

í landslögum þess ríkis þar sem hlutaðeigandi einstaklingur gegnir viðkomandi starfi og eins og þau eru notuð í refsilöggjöf þess;
b) hugtakið „dómari“, sem um getur í a-lið hér að framan, skal einnig taka til saksóknara og manna sem gegna stöðum innan dómskerfisins;
c) sé um málarekstur að ræða, þar sem opinber embættismaður annars ríkis kemur við sögu, getur saksóknarríkið aðeins beitt skilgreiningu hugtaksins „opinber embættismaður“ að því marki sem hún samræmist eigin landslögum;
d) „lögaðili“ merkir hvern þann aðila, sem hefur þá stöðu samkvæmt gildandi landslögum, að frátöldum ríkjum eða öðrum opinberum aðilum sem fara með ríkisvald og opinberum alþjóðastofnunum.

II. kafli.
Ráðstafanir sem ber að gera innanlands.

2. gr.

Mútuboð til innlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot er að ræða, að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, opinberum embættismanni hans óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

3. gr.

Mútuþága innlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot er að ræða, að opinber embættismaður hans sækist eftir eða þiggi, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, eða þiggi boð um slíkan ávinning eða loforð um hann, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert í tengslum við skyldustörf sín.

4. gr.

Mútur til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum innanlands.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún einstakling sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn innanlands sem fer með löggjafar- eða framkvæmdarvald.

performs that function and as applied in its criminal law;

b) the term "judge" referred to in sub-paragraph a above shall include prosecutors and holders of judicial offices;
c) in the case of proceedings involving a public official of another State, the prosecuting State may apply the definition of public official only insofar as that definition is compatible with its national law;
d) "legal person" shall mean any entity having such status under the applicable national law, except for States or other public bodies in the exercise of State authority and for public international organisations.

Chapter II
Measures to be taken at national level

Article 2

Active bribery of domestic public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the promising, offering or giving by any person, directly or indirectly, of any undue advantage to any of its public officials, for himself or herself or for anyone else, for him or her to act or refrain from acting in the exercise of his or her functions.

Article 3

Passive bribery of domestic public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the request or receipt by any of its public officials, directly or indirectly, of any undue advantage, for himself or herself or for anyone else, or the acceptance of an offer or a promise of such an advantage, to act or refrain from acting in the exercise of his or her functions.

Article 4

Bribery of members of domestic public assemblies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any person who is a member of any domestic public assembly exercising legislative or administrative powers.

5. gr.

Mútur til erlendra opinberra embættismanna.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún opinberan embættismann annars ríkis.

Article 5

Bribery of foreign public officials

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving a public official of any other State.

6. gr.

Mútur til manna sem eiga sæti á opinberum þingum eða í opinberum stjórnum erlendis.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún einstakling sem á sæti á opinberu þingi eða í opinberri stjórn sem fer með löggjafar- eða framkvæmdarvald í öðru ríki.

Article 6

Bribery of members of foreign public assemblies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any person who is a member of any public assembly exercising legislative or administrative powers in any other State.

7. gr.

Mútuboð innan einkageirans.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot er að ræða samfara atvinnustarfsemi, að lofa, bjóða eða veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, sem stýrir fyrirtæki innan einkageirans eða gegnir hvaða stöðu sem er innan þess, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert, hvort tveggja í bága við skyldustörf sín.

Article 7

Active bribery in the private sector

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally in the course of business activity, the promising, offering or giving, directly or indirectly, of any undue advantage to any persons who direct or work for, in any capacity, private sector entities, for themselves or for anyone else, for them to act, or refrain from acting, in breach of their duties.

8. gr.

Mútuþága innan einkageirans.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að það teljist refsiverð háttsemi samkvæmt landslögum, þegar um ásetningsbrot er að ræða samfara atvinnustarfsemi, að einstaklingur, sem stýrir fyrirtæki innan einkageirans eða gegnir hvaða stöðu sem er innan þess, sækist eftir eða þiggi, með beinum eða óbeinum hætti, óviðeigandi ávinning, honum eða einhverjum öðrum til handa, eða þiggi boð um slíkan ávinning eða loforð um hann, í því skyni að hann hafi uppi tiltekna háttsemi eða láti eitthvað ógert, hvort tveggja í bága við skyldustörf sín.

Article 8

Passive bribery in the private sector

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, in the course of business activity, the request or receipt, directly or indirectly, by any persons who direct or work for, in any capacity, private sector entities, of any undue advantage or the promise thereof for themselves or for anyone else, or the acceptance of an offer or a promise of such an advantage, to act or refrain from acting in breach of their duties.

9. gr.

Mútur til embættismanna alþjóðastofnana.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún embættismann eða annan samningsbundinn starfsmann, í skilningi

Article 9

Bribery of officials of international organisations

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the conduct referred to in Articles 2 and 3, when involving any official or other contracted employee, within the mean-

starfsmannareglna, opinberrar og alþjóðlegrar eða yfirþjóðlegrar stofnunar, sem aðilinn á aðild að, og einstakling, sem gegnir samsvarandi störfum og fyrrnefndir embættismenn eða fulltrúar, hvort sem hann er færður til tímabundið til að gegna þeim eða ekki.

10. gr.
Mútur til manna sem eiga sæti á alþjóðaþingmannasamkomum.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 4. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún menn sem eiga sæti á þingmannasamkomum alþjóðlegra eða yfirþjóðlegra stofnana sem aðilinn á aðild að.

11. gr.
Mútur til dómara og embættismanna við alþjóðadómstóla.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og gera aðrar ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynleg til að háttsemi, sem um getur í 2. og 3. gr., teljist refsiverð samkvæmt landslögum varði hún menn, sem gegna stöðum innan dómskerfisins, eða embættismenn við alþjóðadómstóla og viðkomandi aðili viðurkenni lögsögu slíkra dómstóla.

12. gr.
Áhrifakaup.

Settlement of disputes

1. The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the interpretation and application of this Convention.

2. In case of a dispute between Parties as to the interpretation or application of this Convention, they shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their choice, including submission of the dispute to the European Committee on Crime Problems, to an arbitral tribunal whose decisions shall be binding upon the Parties, or to the International Court of Justice, as agreed upon by the Parties concerned.

41. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin í hendur.

42. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og hverju því ríki, sem hefur gerst aðili að samningi þessum, um:

a) hverja undirritun;
b) afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 32. og 33. gr.;
d) hverja yfirlýsingu eða fyrirvara skv. 36. eða 37. gr.;
e) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 27. janúar 1999 í einu eintaki á ensku og einu eintaki á frönsku, sem verða afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, hverju ríki, sem er ekki aðili að Evrópuráðinu en hefur tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að honum, staðfest endurrit.

Article 41
Denunciation

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 42
Notification

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe and any State which has acceded to this Convention of:

a) any signature;
b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c) any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 32 and 33;
d) any declaration or reservation made under Article 36 or Article 37;
e) any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 27th day of January 1999, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to it.

340. Fyrirspurn [295. mál]

til menntamálaráðherra um æskulýðs- og tómstundamál.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Er hafinn undirbúningur að stofnun sérstakrar skrifstofu íþrótta-, félags- og tómstundamála? Ef svo er, hvernig miðar undirbúningnum og hverjir munu vinna hjá stofnuninni?
2. Hefur verið sett reglugerð um úthlutun styrkja til samtaka á sviði félags- og tómstundamála? Ef ekki, hvenær áætlar ráðherra að slík reglugerð verði sett?
3. Hverjir skipa fulltrúa í Æskulýðsráð ríkisins og hvaða samtök eiga þar sæti?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir að efla regnhlífasamtök á borð við Æskulýðssamband Íslands eða stuðla að stofnun nýrra samtaka?
5. Hefur verið stofnaður sérstakur tómstundasjóður barna og ungmenna (æskulýðssjóður)? Ef svo er, hver sér um þann sjóð? Hverjir hafa fengið fé úr honum og hve mikið sl. fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

341. Fyrirspurn [296. mál]

til menntamálaráðherra um stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Er hafin vinna við stefnumótun langtímarannsókna á sviði æskulýðsmála? Ef svo er, hverjir sinna þeirri stefnumótun og hve langt á veg er vinnan komin?
2. Hefur verið stofnaður félagsforustuskóli/leiðtogaskóli í samvinnu við samtök á sviði félags- og tómstundamála? Ef svo er, hvert er hlutverk hans?
3. Hvað líður undirbúningi að stofnun félags- og tómstundabrautar til stúdentsprófs, sbr. fyrirliggjandi drög að námskrá?
4. Hefur stuðningur við félags- og tómstundanám á háskólastigi verið aukinn?
5. Hvað líður endurskoðun laga um æskulýðsmál frá 1970? Er samvinna milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun laganna?

Skriflegt svar óskast.

342. Fyrirspurn [297. mál]

til forsætisráðherra um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur þróun mála á fjölmiðlamarkaði að undanförnu verið til umfjöllunar í ríkisstjórninni?
2. Telur ráðherra koma til greina að sett verði lög til að hindra frekari samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja betur en nú er gert að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir?

343. Fyrirspurn [298. mál]

til samgönguráðherra um menningartengda ferðaþjónustu.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert á vegum samgönguráðuneytis til að fylgja eftir skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu sem ráðuneytið gaf út í ágúst 2001 og þeim hugmyndum sem þar koma fram um eflingu slíkrar ferðaþjónustu?
2. Hefur samgönguráðuneyti stuðst við skiptingu landsins í þróunar- og markaðssvæði, eins lagt er til í skýrslunni, og ef svo er, hver er grundvöllur þessarar skiptingar og hvað hefur ráðherra gert til að efla menningartengda ferðaþjónustu á öðrum svæðum sem ekki eru nefnd sérstaklega í skýrslunni?

Skriflegt svar óskast.

344. Fyrirspurn [299. mál]

til fjármálaráðherra um starfslokasamninga sl. 10 ár.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á ári undanfarin 10 ár við yfirmenn stofnana á vegum hins opinbera og starfsmenn í stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera, sundurliðað eftir kynjum?
2. Hversu mikið kostuðu þessir starfslokasamningar hver og einn?
3. Hversu mikið hafa þeir kostað undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum og kynjum?

Skriflegt svar óskast.

345. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja.

Flm.: Hjálmar Árnason, Drífa Hjartardóttir, Brynja Magnúsdóttir,
Jón Gunnarsson, Grétar Mar Jónsson.

Alþingi ályktar að dómsmálaráðherra láti gera úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Skal þeirri úttekt lokið fyrir 15. febrúar 2004.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér að dómsmálaráðherra láti fara fram úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Úttektinni skal lokið fyrir 15. febrúar 2004.

Á 116. löggjafarþingi flutti Árni R. Árnason sambærilega þingsályktunartillögu sem varð ekki útrædd.

Svo sem er kunna eru höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar í Reykjavík. Þar er skrifstofuhald stofnunarinnar, þar liggja skip hennar á milli verkefna og þar er flugkostur hennar einnig geymdur.

Færa má rök að því að heppilegra væri að mörgu leyti að hafa stofnunina á Suðurnesjum. Skal í fyrsta lagi bent á þann sparnað sem hlytist af því að varðskipin þyrftu ekki að sigla inn allan Faxaflóa á milli verkefna. Þar má spara nokkuð í olíukostnaði. Þá má benda á öryggissjónarmið en varðskipin eru á Suðurnesjum óneitanlega nokkru nærri almennum miðum heldur en í Reykjavíkurhöfn. Að auki má benda á að allþröngt er orðið um í Reykjavíkurhöfn, en hafnaraðstaða aftur á móti næg á Suðurnesjum.

Oft þarf að vera náið samstarf milli varnarliðsins og Landhelgisgæslunnar – ekki síst við skyndilegt útkall vegna björgunaraðgerða. Í slíka leiðangra eru ýmist sendar þyrlur gæslunnar eða varnarliðsins eftir aðstæðum hverju sinni. Með veru þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á Keflavíkurflugvelli má ná enn frekari samræmingu milli þessara aðila.

Á Suðurnesjum eru starfræktar tvær öflugar viðhaldsstöðvar flugvéla – önnur í eigu Flugleiða og hin á vegum varnarliðsins. Á vegum Flugfélags Íslands eru Fokker Friendship flugvélar en flugvél gæslunnar er af sömu tegund. Ætla má að ná megi samlegðaráhrifum með auknu samstarfi um viðhald og eftirlit flugvéla.

Hér hafa verið nefnd nokkur rök er mæla með flutningi Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja – öryggisrök og rekstrarleg rök. Til viðbótar þeim má nefna byggðarök en svo sem kunnugt er hefur hallað verulega undan fæti í atvinnulífi á Suðurnesjum – nú síðast við hópuppsagnir varnarliðsins. Með flutningi gæslunnar til Suðurnesja legði ríkisvaldið sitt af mörkum til að bregðast við vandanum.

Það er því full ástæða til að láta fara fram faglega úttekt á kostum þess að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja.

346. Frumvarp til laga [301. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem fellur undir ákvæði laga þessara hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
b. að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar,
c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,

d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga þessara, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „úrskurði“ í 2. málsl. a-liðar kemur: áliti.
b. D-liður orðast svo: *Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum svo og leyfi til starfsemi sem framkvæmdum fylgir og önnur leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
c. 1. efnismálsl. h-liðar orðast svo: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisaðgerðir eftir því sem við á.
d. Við k-lið bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.
e. Í stað l-liðar koma tveir nýir liðir sem orðast svo:
   l. *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
   m. *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.

5. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæða eða þær eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skulu metin sameiginlega.

6. gr.

4. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan skal unnin af framkvæmdaraðila í samráði við Skipulagsstofnun. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við.

c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í niðurstöðu matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 19. gr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Skipulagsstofnun“ í 1. mgr. kemur: drög að; og í stað orðsins „skýrslan“ í sömu málsgrein kemur: drög að skýrslunni.

b. Á eftir orðinu „og“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: drög að.

c. Á eftir orðunum „framkvæmd og“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: drög að; og í stað orðsins „matsskýrsla“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: drög að matsskýrslu.

d. Í stað orðanna „Matsskýrslan skal“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Drög að matsskýrslu skulu; og í stað orðanna „framlagða matsskýrslu“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: framlögð drög að matsskýrslu.

e. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: drögum að matsskýrslu.

f. 6. mgr. orðast svo:

Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

10. gr.

11. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Álit Skipulagsstofnunar.

Innan fjögurra vikna frá því að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal Skipulagsstofnun gefa rökstutt álit sitt á því hvort hún uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir en fram koma í skýrslunni skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisaðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki verulega frá drögum að matsskýrslu skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, öðrum umsagnaraðilum svo og þeim sem gert hafa athugasemdir

við drög að matsskýrslu á kynningartíma. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að áliti Skipulagsstofnunar.

11. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Endurskoðun matsskýrslu.

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan 6 ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild sinni matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild sinni skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði á landsvísu innan viku frá útgáfu leyfis. Í auglýsingu skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

12. gr.

12. og 13. gr. laganna verða 14. og 15. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn, en 14. og 15. gr. verða 16. og 17. gr. laganna:

a. (14. gr.)

Málskot til ráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfisráðherra. Sömuleiðis ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Öllum þeim sem eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta er heimilt að kæra fyrrgreindar ákvarðanir Skipulagsstofnunar til þess að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að drög að matsskýrslu uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða séu ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

b. (15. gr.)

Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og

byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.

13. gr.

16. gr. laganna verður 13. gr. þeirra og orðast svo:

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmda skv. 5. eða 6. gr. og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

Við útgáfu leyfis til framkvæmda skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.

14. gr.

17. gr. laganna verður 18. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Eftirlit framkvæmda.

Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna sem verður 20. gr. þeirra:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:
   a. undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,
   b. undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlana,
   c. undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,
   d. flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,
   e. um nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.*

16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 21. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Undanþága frá frestum.

Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II orðast svo:

Heimilt er að ljúka mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum til 1. janúar 2006.

18. gr.

2. málsl. 21. tölul. 1. viðauka laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 2. viðauka laganna:

a. D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum svo og ruðningur á náttúrulegum skógi.
b. 2. málsl. a-liðar 2. tölul. orðast svo: Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m^2.
c. Á eftir b-lið 2. tölul. kemur nýr liður og orðast svo: Námuvinnsla af hafs- eða árbotni.
d. Í stað orðanna „100 kW“ í a-lið 3. tölul. kemur: 200 kW.
e. Orðin „ofan jarðar“ í e-lið 3. tölul. falla brott.
f. Við a-, b-, c-, d-, e-, f-, g- og i-lið 7. tölul. bætist: á verndarsvæðum.
g. Við 10. tölul. bætast þrír nýir liðir, a–c-liðir, sem orðast svo:
   a. Uppbygging iðnaðarsvæða sem eru stærri en 15 ha.
   b. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 10.000 m^2 og bygging bílastæðahúsa fyrir meira en 400 stæði.
   c. Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.
h. A-liður 10. tölul., sem verður d-liður, orðast svo: Flugvellir með minni en 2.100 m langa meginflugbraut.
i. Í stað orðanna „á verndarsvæðum“ í g-lið 10. tölul., sem verður j-liður, koma orðin: 10 km eða lengri og grafnar niður.
j. Á eftir orðunum „á strandlengjum“ í 1. málsl. h-liðar 10. tölul., sem verður k-liður, kemur: á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
k. Orðin „á verndarsvæðum“ í i-lið 10. tölul., sem verður l-liður, falla brott.
l. Orðin „á verndarsvæðum“ í j-lið 10. tölul., sem verður m-liður, falla brott
m. Á eftir orðunum „á verndarsvæðum“ í c-lið 11. tölul. kemur: og svæðum á náttúruminjaskrá.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 106 25. maí 2000, ásamt breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

21. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Í stað orðsins „úrskurði“ í 33. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, kemur: álit.
b. Orðin „og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við“ í 34. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, falla brott.
c. Í stað orðanna „úrskurður“ og „úrskurð“ í 6. og 7. málsl. 4. mgr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, kemur: álit.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 24. október 2001 af umhverfisráðherra og var falið það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir: „Í ákvæði III til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfis-

áhrifum, nr. 106/2000, er kveðið á um endurskoðun laganna en þar segir orðrétt: „Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“ Jafnframt er nefndinni falið að meta hvort taka þurfi til endurskoðunar önnur ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.“

Í nefndinni áttu sæti: Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigríður Auður Arnardóttir deildarstjóri, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, öll skipuð án tilnefningar, Elín Smáradóttir lögfræðingur, tilnefnd af Skipulagsstofnun, Ari Edwald framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Hákon Stefánsson, bæjarlögmaður Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Hilmar Malmquist líffræðingur, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Tómas Ingi Olrich óskaði eftir lausn frá störfum með bréfi 2. mars 2002 vegna skipunar hans í embætti menntamálaráðherra.

Vinna við endurskoðun laga nr. 106/2000 leiddi til þess að gera þurfti breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, einkum vegna tengingar mats á umhverfisáhrifum við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir og var nefndinni því jafnframt falið að vinna frumvarp þar að lútandi. Samhliða frumvarpi þessu er því lagt fram frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Nefndin hóf störf 22. nóvember 2001 og lauk störfum í apríl 2002.

Það var mat nefndarinnar að það væru einkum ákvæði 11.–13. gr. og 16.–17. gr. laganna sem taka bæri til sérstakrar skoðunar. Í þessum ákvæðum er fjallað um úrskurð Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, málskotsrétt vegna ákvörðunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, leyfi til framkvæmda og eftirlit með þeim. Eftir að nefndin lauk störfum voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, byggjast í grundvallaratriðum á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE og nr. 97/11/EB sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber því íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að ákvæðum tilskipunarinnar sé framfylgt hér á landi. Af sömu ástæðum hafa m.a. öll önnur ríki Norðurlanda fært í lög sín ákvæði tilskipunarinnar og reyndar öll önnur ríki Evrópusambandsins. Í lögum nr. 106/2000 er ákvörðunarferli stjórnvalda vegna mats á umhverfisáhrifum með öðrum hætti en tíðkast annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig er hér á landi gert ráð fyrir að það sé hluti af matsferli að fallast á eða leggjast gegn framkvæmd en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er sú ákvörðun í höndum lögskipaðra leyfisveitenda. Þetta atriði var rætt ítarlega í umhverfisnefnd Alþingis þegar lögin voru til afgreiðslu hjá Alþingi og varð niðurstaða þeirrar umræðu að bæta við fyrrnefndu ákvæði III til bráðabirgða í lögunum.

Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér löggjöf um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum, þó einkum danska löggjöf, en í Danmörku er reglur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að finna í skipulagslögunum (Lov om planlægning nr. 551/1999, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 518/2000) og í reglugerð settri á grundvelli þeirra (bekendtgørelse nr. 425/1999). Þá var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af álitsgerð Árna Páls Árnasonar héraðsdómslögmanns um efnis- og formkröfur um mat á umhverfisáhrifum, sem leiða má af skuldbindingum Íslands að Evrópurétti, samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tvær samantektir sem hann tók saman fyrir ráðuneytið. Þar er annars vegar um að

ræða samantekt á því með hvaða hætti mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins og hins vegar um þýðingu orðanna „take into consideration" í skilningi tilskipunar 85/337/EBE og 97/11/EB. Þá var skýrsla (A Comparative Study of Nordic EIA Systems. Similarities and Differences in National Implementation) sem gefin var út árið 2001 á vegum Norrænu rannsókna- og fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggingarmálum, Nordregio, jafnframt höfð til hliðsjónar þegar skoðuð var löggjöf Norðurlandanna um mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin fékk á fund til sín fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samorku og Vegagerðarinnar. Þessum aðilum voru kynntar tillögur nefndarinnar um helstu breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um og bárust nefndinni skriflegar athugasemdir frá Náttúruvernd ríkisins og Samorku.

Tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmd hennar í aðildarríkjum sambandsins.

Reglur um mat á umhverfisáhrifum byggjast á tilskipun ráðsins frá 1985 um mat á umhverfisáhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, nr. 85/337/EBE, með síðari breytingum, nr. 97/11/EB. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar frá 1985 segir um hinar efnislegu kröfur sem settar eru fram um matið að meta skuli hvaða áhrif framkvæmdir geta haft á umhverfið svo gera megi ráðstafanir til að vernda heilsu manna og stuðla að góðum lífsskilyrðum með hollara umhverfi og til að tryggja að margbreytileiki tegundanna haldist óbreyttur og vistkerfið í heild glati ekki hæfileika sínum til endurnýjunar, sem er undirstaða lífs á jörðinni. Í aðfaraorðum tilskipunar frá 1997 er lögð áhersla á það meginmarkmið hinnar eldri tilskipunar að veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum þær upplýsingar sem máli skipta til að gera þeim kleift að taka ákvörðun um tiltekna framkvæmd í fullri vitneskju um líklegar verulegar afleiðingar framkvæmdar á umhverfið. Þá er vísað til þess að matsferlið sé grundvallarverkfæri umhverfisstefnu sambandsins, eins og hún er skilgreind í 130r gr. Rómarsamningsins og fimmtu áætlun Evrópusambandsins um umhverfið og sjálfbæra þróun.

Af aðfaraorðum og ákvæðum tilskipunarinnar má ráða að matsferli því sem tilskipanirnar kveða á um sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og nánar er lýst í tilskipuninni og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis. Skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett hvort matsferlið sé fellt inn í gildandi ferli vegna veitingar framkvæmdaleyfis í aðildarríkjunum eða sérstakt ferli sett á fót vegna mats á umhverfisáhrifum. Þannig gerir tilskipunin ekki kröfu um að sett sé á fót sérstakt matsferli óháð leyfisveitingarferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi, heldur eingöngu að þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um. Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð, fremur en efnisviðmið. Af umfjöllun fræðimanna og úrlausnum dómstóls Evrópusambandsins má þó ráða að aðferðin verði að lágmarki að fela í sér þrjá meginþætti:

1. Að fram komi upplýsingar um veruleg áhrif á umhverfisþætti, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipuninni. Í því felst að greint sé frá áhrifum á einstaka umhverfisþætti og

þeim lýst. Í tilskipuninni kemur fram hverjar lágmarksupplýsingar eru, en að öðru leyti er þess ekki krafist að upplýsingar séu teknar saman með einhverjum sérstökum hætti eða að eitthvert stjórnvald skuli leggja efnislegt mat á þær.

2. Að tryggt sé að almenningi og opinberum stofnunum sé gert kleift að tjá sig um framkvæmdaáform og áhrif á umhverfisþætti og koma á framfæri viðbótarupplýsingum. Þessi þáttur er vafalaust grunnþáttur tilskipananna og mörg mál hafa verið reist á þeim grunni að upplýsingar um framkvæmdaáform hafi ekki verið nægilega ljósar og almenningi því ekki gefist fullnægjandi tækifæri til að koma að athugasemdum. Ljóst er að gerðar eru kröfur um að framkvæmd sé lýst þannig að allir megindrættir hennar komi fram og að aðgangur almennings og umsagnarréttur sé tryggður. Ekki dugir þannig að leggja fram almenna lýsingu á mögulegri framkvæmd, þar sem áformin verða að vera svo skýr að unnt sé á grundvelli þeirra að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdar á einstaka umhverfisþætti.
3. Að þær upplýsingar og þau gögn sem fram koma í matsferlinu séu tekin til athugunar af því stjórnvaldi sem veitir framkvæmdaleyfi. Hér er áherslan á að upplýsingarnar séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi. Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöðu matsins, en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi. Þannig þarf í framkvæmdaleyfi að víkja að þeim upplýsingum sem fram komu í matsferlinu um umhverfisáhrif og taka afstöðu til mögulegra mótvægisaðgerða. Útgefandi framkvæmdaleyfis getur hafnað mótvægisaðgerðum eða krafist annarra aðgerða en þeirra sem greindar eru í matsskýrslu og athugasemdum almennings og opinberra aðila, en hann verður að taka efnislega afstöðu til þeirra upplýsinga sem fram komu í ferlinu við veitingu framkvæmdaleyfis.

Upplýsingar frá aðildarríkjum Evrópusambandsins um innleiðingu tilskipunarinnar eru af skornum skammti þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins endurskoðar ekki nema að litlu leyti þá löggjafaraðferð sem valin er í hverju og einu tilviki. Þær upplýsingar sem nefndin aflaði leiða í ljós að nokkur munur er á framkvæmdinni milli aðildarríkja, enda þeim gefið verulegt svigrúm í tilskipununum sjálfum. Þannig er ríkjunum í sjálfsvald sett hversu ítarleg ákvæði eru um undirbúning og gerð matsskýrslna, svo lengi sem virt eru þau lágmarksákvæði um efni þeirra sem fram koma í 5. gr. tilskipunarinnar og III. viðauka 85/337/EBE, sbr. breytingu á henni með 7. gr. og IV. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Framkvæmdastjórn ESB hefur aftur á móti staðið fyrir gerð leiðbeininga um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, til að stuðla að góðri og samræmdri framkvæmd mats milli aðildarríkja.

Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa nýtt heimild tilskipunarinnar til að fella umhverfismatsferlið inn í leyfisveitingarferli vegna framkvæmdaleyfis. Af þeirri ástæðu einni er augljóslega mikill munur á eðli innleiðingarinnar, enda hefur leyfisveitingarferlið mótast á löngum tíma í hverju landi fyrir sig. Það er hins vegar nokkur munur á hvernig aðildarríkin hafa farið hér að. Sem dæmi má nefna að í Austurríki var komið á samfelldu kerfi sem hefst með einni umsókn um framkvæmdaleyfi til þess stjórnvalds er veitir það að lögum og lýkur með ákvörðun þess sama stjórnvalds um útgáfu eða synjun framkvæmdaleyfis. Þar var innleiðing tilskipunarinnar nýtt til að leggja af margs konar ólíkar leyfisveitingar á hinum ýmsu sviðum og koma á einföldu kerfi sem einnig tryggir að framkvæmdaraðili þarf aðeins að leita til eins aðila um framkvæmdaleyfi, sama hvers eðlis framkvæmdin er og hvar hún á sér stað. Í Finnlandi var farin önnur leið og matsferlinu skeytt inn í þau lög er taka til framkvæmdaleyfis á hverju sviði fyrir sig. Í Finnlandi er mat á umhverfisáhrifum byggt á sérstökum matslögum og er málsmeðferð á vegum stofnana sem fara með umhverfismál á svæðisstigi en á

vegum viðskipta- og iðnaðarráðuneytis vegna framkvæmda sem tengjast kjarnorku. Umhverfisstofnanir eru ráðgefandi við undirbúning matsskýrslna, kynna skýrslurnar og hafa umsjón með þátttöku almennings. Enn fremur fjalla stofnanirnar um innihald skýrslnanna og gera niðurstöður sínar opinberar. Leyfisveitendum ber að taka tillit til niðurstaðnanna við veitingu framkvæmda- eða byggingarleyfis við sambærilega ákvörðun. Eins og áður hefur komið fram finnast ekki dæmi um að stjórnvald úrskurði um umhverfisþáttinn með sjálfstæðum hætti eins og gildir hér á landi og að veitingarvald framkvæmdaleyfis sé jafnvel bundið af þeim úrskurði, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Samanburður á löggjöf Norðurlanda um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi á Norðurlöndum á árunum 1987 til 1994. Á vegum Norrænu rannsókna- og fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggingarmálum, Nordregio, hefur verið unnin samantekt um samanburð um mat á umhverfisáhrifum á öllum Norðurlöndunum og innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins. Þau ákvæði tilskipana Evrópusambandsins nr. 85/337/EBE, með síðari breytingum, nr. 97/11/EB, um mat á umhverfisáhrifum, hafa verið uppfyllt með nokkuð ólíkum hætti í löndunum. Ýmist hafa ákvæði tilskipananna verið felld inn í gildandi löggjöf eða sérstök lög verið sett, en öll löndin hafa sett reglugerðir sem kveða nánar á um hvernig framfylgja skuli ákvæðum um mat á umhverfisáhrifum. Á árunum 1999 og 2000 voru sett ný lög eða lögum breytt alls staðar á Norðurlöndum til að uppfylla kröfur nýju tilskipunarinnar nr. 97/11/EB um mat á umhverfisáhrifum. Í Danmörku eru reglur um mat á umhverfisáhrifum hluti af dönsku skipulagslögunum eins og áður segir (Lov om planlægning, nr. 551/1999) og hliðstætt fyrirkomulag er í Noregi (Plan og bygningsloven, nr. 77/1995, kafli VIII). Í Svíþjóð hafa reglurnar verið felldar inn í almenna umhverfislöggjöf (Miljöbalken, 1998:808, 6. kafli). Í Finnlandi hafa hins vegar verið sett sér lög um mat á umhverfisáhrifum eins og hér á landi (nr. 468/1994).

Í Danmörku fer umfjöllun um mat á áhrifum framkvæmdar fram á svæðisskipulagsstigi, auk þess sem hlutaðeigandi ráðuneyti eða umhverfisráðherra getur gripið inn í matsferlið. Matsskýrslan er hluti þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar breytingu á svæðisskipulagi, en matsferlið er hluti af málsmeðferð við breytingu skipulags. Þá ber viðkomandi stjórnvöldum að fjalla um og taka tillit til allra þeirra upplýsinga sem aflað hefur verið í tengslum við meðferð málsins áður en ákvörðun um leyfi er tekin.

Í Finnlandi eru gæði matsskýrslu tryggð með umfjöllun stjórnvalds sem fer með umhverfismál á svæðisstigi, umhverfisstofnunum, en viðskipta- og iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmdir sem tengjast kjarnorku. Samkvæmt finnskum lögum um mat á umhverfisáhrifum er umhverfisstofnun ætlað að koma með álit um matsskýrslu framkvæmdaraðila og hvort hún sé fullnægjandi. Yfirvöld mega ekki veita leyfi til að hrinda verkefni í framkvæmd eða taka nein önnur sambærileg skref fyrr en matsskýrsla hefur verið lögð fram ásamt áliti umhverfisstofnunar um hana. Í framkvæmdaleyfi eða sambærilegri ákvörðun um verkefni skal koma fram að hvaða leyti tekið hefur verið tillit til matsskýrslunnar og álits umhverfisstofnunar hennar vegna.

Í Noregi meta þar til bær stjórnvöld innihald matsskýrslu og framfylgd matsferlisins er ýmist á vegum stjórnvalda sem starfa á landsvísu, eða skipulagsyfirvalda á svæðis- og aðalskipulagsstigi. Stjórnvöld geta ekki veitt leyfi eða tekið ákvarðanir um matsskyldar framkvæmdir fyrr en öll skilyrði mats á umhverfisáhrifum hafa verið uppfyllt. Ljóst verður að vera hvernig fjallað hefur verið um mat á umhverfisáhrifum, ásamt athugasemdum, og tillit tekið til þess við ákvörðunina, einkum hvað varðar aðra kosti og leiðir til að draga sem mest úr tjóni.

Í Svíþjóð er matsskýrslan hluti af umsókn um framkvæmdaleyfi sem er fjallað um hjá leyfisveitendum. Samkvæmt sænsku umhverfislögunum skal við veitingu framkvæmdaleyfis taka tillit til niðurstaðna matsskýrslu sem komið hafa fram við umfjöllun um matsskýrslu. Samkvæmt sænskri löggjöf á mat á umhverfisáhrifum að vera fylgiskjal með umsókn um framkvæmdir. Áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdaleyfi ber til þess bærum yfirvöldum að fjalla um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

Hér á landi er málsmeðferðin vegna mats á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun en hún fjallar m.a. um gæði og réttmæti upplýsinga sem kynntar eru í matsskýrslu í samráði við leyfisveitendur og aðra umsagnaraðila, eftir því sem við á. Málsmeðferð við veitingu framkvæmdaleyfis er hjá viðkomandi sveitarstjórn.

Málskotsréttur vegna mats á umhverfisáhrifum er með öðrum hætti á Norðurlöndum en hér á landi og eru heimildir til að kæra ákvarðanir vegna þess þrengri en hér tíðkast.

Í Danmörku er öllum heimilt að kæra eigi þeir lögmætra hagsmuna að gæta í málinu. Heimilt er að kæra mál til sérstakrar nefndar (Naturklagenævnet) m.a. á grundvelli eftirfarandi atriða: Ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar, innihald skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, ákvörðun um afmörkun matsáætlunar og opinber kynning.

Í Finnlandi er ekki að finna nein ákvæði um málskotsrétt í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ákvæði um réttindi þeirra sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar er hins vegar að finna í öðrum lögum. Umhverfisstofnanir hafa rétt til að kæra niðurstöðu vegna matsskyldu framkvæmdar. Framkvæmdaraðili getur kært úrskurði umhverfisráðuneytis um mat á athugun á hvort framkvæmd er matsskyld til æðra stjórnsýsludómstóls.

Í Noregi er ekki hægt að kæra niðurstöður mats á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um hvort framkvæmd sé matsskyld.

Í Svíþjóð er ekki heimilt að kæra á sjálfstæðan hátt ákvörðun til þess bærra yfirvalda um hvort mat á umhverfisáhrifum og sú aðferð sem beitt er uppfylli kröfur í 6. kafla umhverfislaga, heldur einungis sem hluta leyfisveitingar. Þeir sem rétt hafa til að kæra eru meðal annars einstaklingur sem dómur eða ákvörðun varðar beint, staðbundin samtök eða landssamtök og eins samtök sem ekki eru stofnuð í hagnaðarskyni og hafa starfað í þrjú ár hið minnsta og í eru að minnsta kosti 2.000 félagar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um eru eftirfarandi:

1. Í matsferlinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila.
2. Matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina.
3. Álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.
4. Enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi í samræmi við viðeigandi lög taki ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.
5. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfis og tak-

markast við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið laganna. Í a-lið er felld út tilvísun til þess að við mat á umhverfisáhrifum sé fjallað um framkvæmdir sem vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis þeirra eða umfangs kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Er í þess stað vísað til þess að framkvæmdirnar falli undir ákvæði laganna. Þessi framsetning á ákvæðinu þykir skýrari því að í viðaukum laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem lögin taka til.

Í b-lið er að finna nýmæli, en þar segir að markmið frumvarpsins sé að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar. Rétt þykir að þetta komi efnislega fram í markmiðsgrein laganna, sbr. forsendur tilskipunar 97/11/EB. Í þessu sambandi er vísað til þess sem segir í nefndaráliti umhverfisnefndar um frumvarp það sem varð að núgildandi lögum: „Nefndin vill minna á að í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Þessar meginreglur koma ekki fram í sjálfu frumvarpinu þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að fjallað er um meginreglurnar í 73. gr. EES-samningsins og ber því að hafa þær í huga við framkvæmd laganna."

Gerðar eru breytingar á b-lið gildandi laga sem nú verður c-liður í samræmi við breytingu sem lögð er til í a-lið.

Í d-lið eru gerðar nokkrar breytingar á c-lið gildandi laga. Til samræmis við þá breytingu sem gerð er í a-lið er tilvísun til framkvæmda sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif felld brott. Að lokum er í samræmi við breytingu sem fram kemur í 10. gr. um niðurstöðu Skipulagsstofnunar gerð tillaga um að í stað úrskurðar komi álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að ekki er vísað til þess hvaða framkvæmdir falla undir frumvarpið. Þykir slíkt óþarft enda er það alveg skýrt hvaða framkvæmdir það eru, sbr. 5.–7. gr. laganna og 1. og 2. viðauka við þau. Í þessum ákvæðum og viðaukum eru tilgreindar þær framkvæmdir sem lögin fjalla um.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á skilgreiningum laganna auk þess sem bætt er við nýrri skilgreiningu. Til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 10. gr. um að Skipulagsstofnun gefi álit í stað þess að kveða upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum er í a-lið vísað til álits Skipulagsstofnunar í stað úrskurðar.

Í b-lið er lagt til að leyfi til framkvæmda samkvæmt lögunum teljist framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, svo og leyfi til starfsemi sem framkvæmdum fylgir. Undir síðargreindu leyfin falla m.a. leyfi Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og rekstrarleyfi veiðimálastjóra til fiskeldis og hafbeitar, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Þá er lagt til að leyfi til framkvæmda teljist

einnig önnur leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum en að framan eru talin, svo sem leyfi iðnaðarráðherra fyrir raforkuverum stærri en 1.000 kw, sbr. raforkulög, nr. 65/2003. Hér er um að ræða upptalningu á þeim leyfum sem framkvæmdaraðili kann að þurfa að afla vegna matsskyldrar framkvæmdar sinnar.

Í c-lið er lagt til að áréttað sé að í matsskýrslu skuli fjallað um mótvægisaðgerðir, sbr. 9. gr. laganna.

Lagt er til í d-lið að skilgreiningunni á umhverfisáhrifum verði breytt, þannig að hún taki ekki til þjóðhagslega áhrifa og arðsemi einstakra framkvæmda. Um þetta atriði hefur nokkur óvissa ríkt og ýmsir talið að þessi atriði bæri að skoða sem samfélagsleg áhrif á grundvelli gildandi laga. Því þykir rétt að kveða skýrt á um þetta atriði í lögunum. Í úrskurði umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var sérstaklega fjallað um arðsemi framkvæmda og þjóðhagsleg áhrif þeirra. Í niðurstöðu þessa úrskurðar er hvorki arðsemi né þjóðhagsleg áhrif framkvæmda talin eiga að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hins vegar er eðlilegt að leyfisveitandi við útgáfu leyfis vegna matsskyldra framkvæmda taki þessi atriði til skoðunar ásamt því að skoða umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í e-lið er lagt til að skilgreining á hugtakinu „umtalsverð umhverfisáhrif“ verði felld brott. Til að skilgreiningin hafi einhverja þýðingu verður hún að vera upplýsandi og veita leiðbeiningu. Þar sem hugtakið er í sjálfu sér afar matskennt er ekki unnt að færa það í form skilgreiningar. Ekki er vitað til þess að hliðstæða skilgreiningu sé að finna í sambærilegri löggjöf annarra landa. Í 10. gr. frumvarpsins er til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til gert ráð fyrir að tilvísun til þessarar skilgreiningar verði felld brott og vísast til athugasemda við þá grein.

Þá er að lokum lögð til skilgreining á umhverfisverndarsamtökum, en lagt er til að þeim sé veittur málskotsréttur skv. 12. gr. frumvarpsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Rétt þykir því að skilgreina hugtakið umhverfisverndarsamtök þannig að ekki leiki vafi á hvers konar samtök hafi slíkan málskotsrétt. Í 12. gr. er auk þess lagt til að samtök verði að hafa að lágmarki 50 félagsmenn til að öðlast slíkan rétt.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar til samræmis við það að lagt er til í 10. gr. að Skipulagsstofnun veiti álit í stað þess að kveða upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Vísast að öðru leyti til umfjöllunar um 3. gr.

Um 5. gr.

Lagt er til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru háðar hver annarri. Lagt er til að það sé Skipulagsstofnun en ekki ráðherra eins og nú gildir sem taki slíka ákvörðun en hún sé síðan kæranleg til ráðherra og þannig verði hægt að fá ákvörðunina endurskoðaða. Í tillögunni felst að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdir séu á sama svæði til að Skipulagsstofnun geti ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega. Það geti einnig átt við að framkvæmdir séu háðar hver annarri en ekki að þær séu nauðsynlega landfræðilega tengdar. Framkvæmd er háð annarri framkvæmd ef um það er að ræða að ekki verði af framkvæmdinni nema til komi önnur framkvæmd henni tengd og að um sé að ræða sammögnunaráhrif þessara framkvæmda. Með þessu verða umhverfisáhrif framkvæmdanna metin saman, sem á að gefa skýrara mynd af því hver heildarumhverfisáhrif eru af framkvæmdunum. Þá er lagt til að auk fram-

kvæmdaraðila beri Skipulagsstofnun að hafa samráð við leyfisveitendur áður en hann tekur ákvörðun sína.

Um 6. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 6. gr. laganna falli brott en ákvæðið verði að hluta til tekið upp í 12. gr. þar sem fjallað er um málskotsrétt vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Skipulagsstofnun geti fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda og lagt til að geri stofnunin slíkar athugasemdir þá skuli þær sérstaklega tilgreindar í ákvörðun hennar og verði þar með hluti af matsáætlun. Tillaga þessi er í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 en rétt þykir að árétta það í lögunum sjálfum.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar er varða vinnslu og efni matsskýrslu. Lagt er til að framkvæmdaraðili skuli vinna skýrslu í samráði við Skipulagsstofnun. Hér er lögð áhersla á aukið samráð milli þessara aðila.

Þá er lagt til að í matsskýrslu skuli koma fram tillögur framkvæmdaraðila um umhverfisvöktun þar sem það á við. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili geri tillögur um hvernig vöktun á umhverfinu skuli háttað ef hann telur að einhverrar óvissu gæti um einstök umhverfisáhrif og úr því megi bæta með umhverfisvöktun. Þessi breyting er liður í því að bæta matsskýrsluna og auka ábyrgð framkvæmdaraðila á matinu. Í þeim tilgangi að tryggja samræmi og gæði matsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt til að í niðurstöðu matsskýrslu skuli geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdarinnar en lagt er til að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um þau, sbr. 15. gr. Í slíkum leiðbeiningum yrðu umhverfisáhrif flokkuð eftir áhrifum og sett verða fram viðmið um það hvernig beri að lýsa þessum áhrifum. Umhverfisáhrif yrðu þannig flokkuð eftir gæðum, umfangi, lengd og tegund og innan hvers flokks væru sett fram ákveðin viðmið, svo sem jákvæð, neikvæð, lítil, veruleg og varanleg áhrif. Framkvæmdaraðilum ber skv. d-lið 3. tölul. 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 að kveða á um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum í matsskýrslu, þ.e. mats á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdar og áhrifum starfsemi sem henni fylgir á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni vegna tilkomu hennar, nýtingar náttúruauðlinda, losunar mengunarefna, ónæðis og/eða úrgangs. Hér er hins vegar lagt til að niðurstaða um umhverfisáhrif sem fram kemur í matsskýrslu framkvæmdaraðila verði sett fram eftir ákveðnum skýrum viðmiðum. Slík framsetning ætti að auðvelda Skipulagsstofnun og öðrum þeim sem fjalla um matsskýrsluna að gefa álit sitt á henni.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að framkvæmdaraðili sendi Skipulagsstofnun drög að matsskýrslu til athugunar og kynningar enda fullnægi drögin samþykktri matsáætlun og er það um allt hliðstætt því sem gildir um matsskýrslu samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar fái framkvæmdaraðili rétt til þess að ljúka matsskýrslu sinni á grundvelli þeirra athugasemda sem berast kunna frá almenningi og umsagnaraðilum í kynningarferlinu þannig að matsskýrslan verði eins vel útbúin og unnt er frá hendi framkvæmdaraðila áður en Skipulagsstofnun gefur álit sitt á skýrslunni. Kynning á drögunum og réttur til athugasemda vegna þeirra fer fram með sami hætti og er samkvæmt gildandi lögum. Sú breyting er lögð til að Skipulagsstofnun

beri að senda framkvæmdaraðila að lokum þær athugasemdir og umsagnir sem stofnuninni hafa borist og vinnur hann úr þessum gögnum við gerð matsskýrslu. Ekki er því gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun vinni úr þessum gögnum eins og er samkvæmt lögunum. Framkvæmdaraðili skal taka afstöðu til þessara athugasemda og umsagna í endanlegri skýrslu sinni til Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þegar Skipulagsstofnun fær skýrsluna í hendur á stofnuninni þannig að vera ljóst hvernig framkvæmdaraðili hefur tekið á þeim upplýsingum og athugasemdum sem honum hafa borist og getur stofnunin þá lagt mat á það hvernig það hefur verið gert.

Um 10. gr.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum er ákvörðunarferli stjórnvalda um mat á umhverfisáhrifum með öðrum hætti hér en annars staðar gerist. Sérstaða Íslands borið saman við önnur lönd er því mikil hvað varðar það úrskurðarvald sem Skipulagsstofnun hefur. Á Norðurlöndum er til að mynda ekki um að ræða miðlæga sjálfstæða ríkisstofnun sem sér um framkvæmd laganna og hefur ákvörðunarvald. Telja verður eðlilegra að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna og treysta gæði þeirra. Þannig verði Skipulagsstofnun falið að fara yfir matsskýrsluna til að kanna hvort hún sé í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið um gerð, kynningu og efni matsskýrslu en að það sé ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd, heldur sé slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda, sbr. 13. gr.

Því er lagt til að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar gefi stofnunin álit sitt á endanlegri matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í 1. mgr. er gert er ráð fyrir að í áliti Skipulagsstofnunar komi fram hvort skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum uppfylli skilyrði laganna og þeirra reglugerða og leiðbeininga sem settar eru á grundvelli þeirra og jafnframt hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun mundi þannig m.a. kanna hvort umhverfisáhrifum væri rétt lýst í matsskýrslu miðað við leiðbeiningar stofnunarinnar, sbr. 8. gr. Sé það mat Skipulagsstofnunar að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða að gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisaðgerðir sem skilyrði en lagt er til í skýrslunni ber stofnuninni að tilgreina þessi skilyrði í áliti sínu og færa rök fyrir þeim. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin geti sett fram skilyrði í áliti sínu um mótvægisaðgerðir eða önnur skilyrði enda telji hún að með því megi draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að ef matsskýrsla víkur verulega frá drögum að matsskýrslu að mati Skipulagsstofnunar skuli hún auglýst og kynnt í samræmi við 10. gr. laganna. Þannig er öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hin nýju drög og Skipulagsstofnun leitar að nýju umsagnar leyfisveitanda og annarra aðila eftir því sem við á. Lagt er til að slíkur varnagli sé settur þar sem að öðrum kosti fengju verulegar breytingar á matsskýrslu ekki þá umfjöllun sem eðlilegt er, af sérfróðum aðilum og öðrum sem kynnu að vilja tjá sig um þær.

Gert er ráð fyrir í 3. mgr. að álit Skipulagsstofnunar sé kynnt sömu aðilum og við á um úrskurð Skipulagsstofnunar samkvæmt gildandi lögum nema að lagt er til að umhverfisráðherra sé jafnframt kynnt álitið. Ekki er gert ráð fyrir að álitið sé kynnt í Lögbirtingablaði og dagblaði á landsvísu fyrr en við útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum enda er það ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir sem heimilt er að kæra.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um í hvaða tilvikum endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild og þar með að málsmeðferð vegna matsskýrslu fari fram að nýju, sbr. 9.–11. gr. laganna. Ákvæðið er að nokkru leyti byggt á 6. mgr. 11. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um hvenær mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju. Hér er einvörðungu verið að vísa til þess að um sömu framkvæmd sé að ræða. Sé framkvæmdinni breytt í veigamiklum atriðum fer að sjálfsögðu um hana sem um nýja framkvæmd. Einnig kann að vera nauðsynlegt í þessum tilvikum að endurskoða matsáætlun. Þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri endurskoðun eru í fyrsta lagi að framkvæmdir hafi ekki hafist innan 6 ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Í slíkum tilvikum ber sá leyfisveitandi sem tók afstöðu til matsskýrslu framkvæmdarinnar og álits Skipulagsstofnunar að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða skuli matsskýrslu í heild eða að hluta hafi verið lögð fram umsókn um leyfi til framkvæmda. Hér getur því annaðhvort verið um að ræða sveitarstjórn eða leyfisveitanda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.

Í 2. mgr. er kveðið á um í hvaða tilvikum Skipulagsstofnun er heimilt að ákveða að endurskoða beri matsskýrslu. Þannig þurfa forsendur að hafa breyst verulega frá því að álitið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál eða að tækniþróun hafi breytt möguleikum til að minnka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Hér er lagt til að ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu verði auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði á landsvísu og í auglýsingunni verði tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna framangreindra ákvarðana Skipulagsstofnunar sé kynnt ákvörðun hennar og þeim þannig gefið tækifæri til að gera athugasemdir við þá ákvörðun.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. a-liðar greinarinnar er fjallað um heimild til að skjóta máli til ráðherra vegna ákvarðana sem Skipulagsstofnun ber að taka samkvæmt frumvarpinu verði það að lögum. Hér er um að ræða málskotsheimild vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr., sé matsskyld, ákvörðun um endurskoðun matsskýrslu, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem tekin er á grundvelli 2. mgr. 5. gr. Fyrsta atriðið er óbreytt frá gildandi lögum en síðari tvö atriðin eru til samræmis við hið nýja hlutverk Skipulagsstofnunar að fjalla um hugsanlega endurskoðun matsskýrslu og taka ákvörðun í þeim efnum og að taka ákvörðun um hvort umhverfisáhrif séu metin sameiginlega og vísast um það til athugasemda um 5. gr.

Þá er í 2. mgr. lagt til að réttur til að skjóta máli til ráðherra verði einungis bundinn við þá sem hafa sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem starfa á Íslandi og hafa a.m.k. 50 félagsmenn, enda samrýmist það tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samþykktum þeirra. Lagt er til að sömu reglur eigi hér við um kæruheimild og kveðið er á um í 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að öðru leyti en því að umhverfisverndarsamtök öðlist hér málskotsrétt. Umhverfisverndarsamtök skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í skilgreiningu í 3. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þær breytingar sem hér eru lagðar til um kæruheimild eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan, en réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndum verið eins víðtækur og hér á landi. Þá er tekið af skarið um það, eins og í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, að ákvarðanir Skipulagsstofnunar verði aðeins kærð-

ar til ógildingar eða breytinga. Það þýðir að ekki yrði heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar til staðfestingar einvörðungu.

Þá er í 3. mgr. lagt til að framkvæmdaraðila sé heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar um synjun eða breytingar á matsáætlun og um að drög að matsskýrslu uppfylli ekki kröfur laganna.

Lagt er til í 4. mgr. að umhverfisráðherra kveði upp úrskurð í kærumáli innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út. Hér er því lagt til að frestur ráðherra til að úrskurða vegna matsskyldra framkvæmda verði lengdur frá því sem nú er, en sá frestur er fjórar vikur frá því að kærufrestur rann út. Miðað við þá reynslu sem fengist hefur af þeim málum sem kærð hafa verið er ljóst að fjórar vikur til að úrskurða er of skammur tími, enda þarf ráðherra m.a. að afla umsagna frá ýmsum aðilum og veita kærendum rétt til að koma á framfæri athugasemdum sínum áður en hann kveður upp úrskurð sinn.

Í 1. mgr. b-liðar greinarinnar er nýmæli, tilkomið vegna þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á matsferlinu, en með þeim verður matsferlið nátengdara en áður leyfisveitingum viðkomandi framkvæmdar. Gengið er út frá því í skipulags- og byggingarlögum að unnt sé að skjóta lokaákvörðun stjórnsýslu sveitarfélaga til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, þannig verður ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda skotið til nefndarinnar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 10. gr. er ekki gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Eftir þá breytingu væri óeðlilegt að það álit yrði kært til umhverfisráðherra, eitt og sér, heldur er lagt til að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis.

Í 2. mgr. b-liðar er tekið fram, til þess að taka af allan vafa, að um kæru samkvæmt greininni fer að öðru leyti samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um allar leyfisveitingar vegna matsskyldra framkvæmda og starfsemi sem henni fylgir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd, sbr. 5. og 6. gr. laganna, fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Lagt er til að leyfisveitandi skuli kynna sér skýrslu framkvæmdaraðila og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitendum ber þannig að fjalla um álit Skipulagsstofnunar og taka afstöðu til þess og kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila sem því liggur til grundvallar. Sé leyfi veitt þar sem tekið er á einhverjum eða öllum þáttum með öðrum hætti en fram kemur í álitinu þarf leyfisveitandi að geta fært rök fyrir niðurstöðu sinni. Þetta er í samræmi við 8. gr. tilskipunar nr. 85/ 337/EBE eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB en í þeirri grein er fjallað um útgáfu leyfis. Ákvæðið kveður á um það að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda. Þetta ákvæði hefur verið túlkað á þann veg að stjórnvaldið skuli, í ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmda, vísa til framkominna upplýsinga og athugasemda úr matsferlinu og taka afstöðu til þeirra og geta þess sérstaklega hvaða sjónarmið liggja þar að baki. Álit Skipulagsstofnunar eða niðurstaða matsskýrslu bindur því ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu leyfis til framkvæmda.

Leyfisveiting vegna matsskyldra framkvæmda er í höndum margra stjórnvalda en í 3. gr. er leyfi til framkvæmda skilgreint. Sem dæmi má nefna að leyfi iðnaðarráðherra þarf fyrir raforkuver 1000 kW og stærri, sbr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Skv. 69.–70. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, veitir iðnaðarráðherra leyfi til vatnsmiðlunar. Enn fremur þarf leyfi til ýmissa

nánar tilgreindra ráðstafana skv. 133. gr. vatnalaga. Leyfi iðnaðarráðherra þarf til nýtingar auðlinda úr jörðu, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Skv. 2. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, þarf leyfi iðnaðarráðherra til hagnýtingar á efnum á eða í hafsbotni utan netlaga og leyfi iðnaðarráðherra þarf einnig til vinnslu kolvetnis skv. 7. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Til fiskeldis og hafbeitar þarf rekstrarleyfi veiðimálastjóra, sbr. 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á grundvelli 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórnir veita framkvæmda- eða byggingarleyfi á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, vegna matsskyldra framkvæmda, þó ekki vegna matsskyldra framkvæmda utan netlaga, svo sem vegna fiskeldis í sjó eða efnistöku af hafsbotni, sbr. álit félagsmálaráðuneytis um staðarmörk sveitarfélaga frá 19. október 2000.

Lagt er til að öllum þeim sem veita leyfi til framkvæmda vegna matsskyldra framkvæmda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka afstöðu til álits um mat á umhverfisáhrifum hennar. Um leyfisveitingu fer að öðru leyti skv. 27., 36., sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. frumvarp um breytingu á þeim lögum sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um eftirlit með framkvæmdum. Leyfisveitendur skulu hafa eftirlit með því að framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfið og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hér er lagt til að felld verði brott tilvísun til þess að eftirlitið felist í því að framkvæmd skuli vera í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Þessi breyting er til samræmis við breytingar skv. 10. og 13. gr. varðandi álit Skipulagsstofnunar og leyfi til framkvæmda og vísast til athugasemda við þær greinar.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að Skipulagsstofnun sé veitt heimild til að gefa út leiðbeiningar um ýmsa framkvæmdaþætti sem varða mat á umhverfisáhrifum, svo sem um málsmeðferð vegna matsáætlana og matsskýrslna. Þá skal stofnunin gefa út leiðbeiningar um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa. Eins og fram kom í athugasemdum við 8. gr. ber framkvæmdaraðila við gerð matsskýrslu að hafa slíkar leiðbeiningar til viðmiðunar þegar vægi umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar í matsskýrslu er metið. Slíkar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar ættu að auka skilvirkni og samræma vinnubrögð í matsferlinu.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli en nauðsynlegt þykir að Skipulagsstofnun geti í mjög viðamiklum málum vikið frá lögbundnum frestum. Sú reynsla sem fengist hefur af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós að í slíkum málum duga frestir laganna ekki. Hér er um undanþágu að ræða sem ætti ekki að nota nema nauðsyn ber til.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða II falli brott verði frumvarpið að lögum. Í stað þess komi einvörðungu ákvæði um tímabundna heimild framkvæmdaraðila til að ljúka mati á

umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt gildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 18. gr. (1. viðauka).

Lagt er til að ákvæðið um að efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000m^2 svæði eða stærra sé matsskyld framkvæmd verði fellt brott. Slík efnistaka er tilkynningarskyld skv. a-lið 2. tölul. 2. viðauka. Miðað við þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessa ákvæðis þykir réttara að metið sé í hvert skipti hvort slík efnistaka sé matsskyld, en ekki sé gert að skilyrði að efnistaka af þessu umfangi sé ætíð matsskyld. Það er Skipulagsstofnunar að meta í hvert skipti hvort þörf er á að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Efnistaka er almennt ekki matsskyld skv. 1. viðauka tilskipunar 97/11/EB og því er í lögunum gengið lengra en tilskipunin gerir kröfu um. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar við b-lið 2. viðauka.

Um 19. gr. (2. viðauka).

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. viðauka laganna á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna og ábendinga sem komið hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Í a-lið er lögð til breyting varðandi tilkynningarskyldu á nýræktun skóga. Þar sem í gildi er skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkrar framkvæmdar á 50 ha svæði eða stærra þykir ekki ástæða til þess að hún sé tilkynningarskyld vegna mats á umhverfisáhrifum nema þegar um er að ræða skógrækt á verndarsvæðum eins og er í gildandi lögum. Er því lagt til að tilkynna beri nýræktun skóga sem eru stærri en 50 ha að stærð þar sem ekki liggur fyrir staðfest skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt á viðkomandi svæði og leyfisveitingar vegna slíkra verkefna.

Í b-lið er lagt til að efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m^2 svæði eða stærra verði tilkynningarskyld sé um að ræða efnistöku vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði. Lagt er til að ákvæðið verði þrengt þannig að slík efnistaka sé aðeins tilkynningarskyld sé um að ræða efnistöku á sama svæði. Um er að ræða sama svæði til að mynda vegna landfræðilegra aðstæðna, efnistöku úr sömu jarðmyndun eða úr sama árfarvegi. Það að efnistökustaðir ná til samans yfir framangreint svæði ber að skýra á þann hátt að taka beri tillit til sammögnunaráhrifa þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Sammögnun getur verið vegna sjónrænna áhrifa, umferðar, áhrifa á gróður á landi og áhrifa á lífríki áa þar sem ekki eru fyrir náttúrulegar hindranir milli efnistökusvæða svo sem eins og fossar og flúðir.

Í c-lið eru lagðar til breytingar til samræmis við c-lið 2. tölul. II. viðauka tilskipunar 97/11/EB þar sem slíkar framkvæmdir eru tilkynningarskyldar.

Þá er í d-lið lagt til að ákvæðið miðist við að vatnsorkuver 200 kW eða stærri verði tilkynningarskyld í stað 100 kW vatnsorkuvera áður. Á það hefur verið bent að viðmiðunin í lögunum sé óeðlilega lág.

Í e-lið er lagt til að geymsla jarðefnaeldsneytis á verndarsvæðum verði tilkynningarskyld hvort sem hún er ofan jarðar eða neðan en ekki eingöngu ofan jarðar eins og nú gildir.

Í f-lið er lagt til allur matvælaiðnaður sem tilgreindur eru í 7. tölul. verði eingöngu tilkynningarskyldur sé hann á verndarsvæði en að það sé ekki aðeins bundið við fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur, sbr. h-lið. Þessi breyting leiðir til þess að tilkynningarskyldum framkvæmdum fækkar verulega verði frumvarp þetta að lögum.

Í g-lið er lagt til að þær framkvæmdir sem þar eru tilgreindar verði tilkynningarskyldar. Hér er um að ræða framkvæmdir sem falla undir a–c-liði 10. tölul. 2. viðauka tilskipunar-

innar. Ekki eru settar stærðarviðmiðanir í tilskipuninni en rétt þykir að setja slíkar viðmiðanir hvað varðar a- og b-lið.

Í h-lið eru lagt til að allir flugvellir með minna en 2.100 m langa meginflugbraut verði tilkynningarskyldir en ekki einungis flugvellir á verndarsvæðum eins og nú gildir en það er til samræmis við d-lið 10. tölul. 2. viðauka laganna. Flugvellir sem eru með lengri en 2.100 m flugbraut eru hins vegar ávallt matsskyldir, sbr. 9. tölul. 1. viðauka laganna.

Þá er lagt til í i-lið að gildissvið g-liðar 10. tölul. verði útvíkkað, þannig að tilkynningarskylda vegna vatnsleiðslna utan þéttbýlis verði ekki bundin við það að þessar framkvæmdir séu á verndarsvæðum heldur að þær séu 10 km langar og grafnar niður. Hér er lögð til sama viðmiðun og fram kemur í b-lið 3. tölul. 2. viðauka.

Lagt er til í j-lið að tilkynningarskylda mannvirkja til að verjast rofi á strandlengjum verði bundin við slíkar framkvæmdir á verndarsvæðum skv. 3. viðauka og á svæðum á náttúruminjaskrá. Með því að miða tilkynningarskylduna við verndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá verður fækkað tilkynningum um fyrirhugaðar framkvæmdir, t.d. á hafnarsvæðum þar sem ljóst má telja að ekki séu líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum. Hins vegar yrðu tilkynningarskyldar slíkar framkvæmdir á svæðum sem talið er vert að vernda, t.d. vegna fuglalífs eins og verið hefur.

Lagt er til í k- og l-lið að gildissvið i-liðar og j-liðar 10. tölul. verði útvíkkað þannig að tilkynningarskylda vegna vinnslu grunnvatns og tilflutningur grunnvatns verði ekki bundin við að þessar framkvæmdir séu á verndarsvæðum. Sama á við um mannvirki til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

Þá er lagt til í m-lið að skolphreinsistöðvar á svæðum á náttúruminjaskrá verði tilkynningarskyldar, auk þeirra sem eru á verndarsvæðum.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir breytingum sem gera þarf á öðrum lögum verði frumvarp þetta að lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Með frumvarpinu eru lagðar til fjórar meginbreytingar á ákvæðum gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum. Í fyrsta lagi er lagt til að horfið verði frá því að Skipulagsstofnun úrskurði um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og taki í úrskurðinum ákvörðun um hvort fallist sé á eða lagst gegn framkvæmd. Þess í stað skal stofnunin gefa álit sitt á því hvort skýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar uppfylli skilyrði laganna og lýsi umhverfisáhrifum hennar á fullnægjandi hátt. Í öðru lagi er lagt til að horfið verði frá því að við útgáfu framkvæmdaleyfis skuli leyfisveitandi taka tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar. Þess í stað skal leyfisveitandi fjalla um og taka afstöðu til matsskýrslu framkvæmdaraðila

og álits Skipulagsstofnunar á henni. Í þriðja lagi er lögð til sú breyting að málskotsréttur til æðra stjórnvalds verði þrengdur og takmarkist við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum. Í fjórða lagi er lagt til að í stað þess að kæra megi úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra skuli ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

347. Frumvarp til laga [302. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sveitarstjórnum er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns. Umhverfisráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefndir þrjá nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í verkfræði, annar í lögfræði og þriðji á sviði náttúruvísinda. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Nefndin skal kveða upp úr-

skurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikið skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga og samvinnunefndar miðhálendisins, þegar það á við, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvarðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Kærufrestur telst frá birtingu hennar.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku og aðrar framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir leyfisveitendur til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal birt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá útgáfu leyfis. Í auglýsingu skal tilgreina kæruheimildir og kærufresti.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

4. gr.

4. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sé um að ræða framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 24. október 2001 af umhverfisráðherra og var falið það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir:

„Í ákvæði III til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er kveðið á um endurskoðun laganna en þar segir orðrétt: „Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“ Jafnframt er nefndinni falið að meta hvort taka þurfi til endurskoðunar önnur ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.“

Í nefndinni áttu sæti Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigríður Auður Arnardóttir deildarstjóri, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, öll skipuð án tilnefningar, Elín Smáradóttir lögfræðingur, tilnefnd af Skipulagsstofnun, Ari Edwald framkvæmdastjóri, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Hákon Stefánsson, bæjarlögmaður Akureyrar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Hilmar Malmquist vatnalíffræðingur, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Tómas Ingi Olrich óskaði eftir lausn frá störfum með bréfi 2. mars 2002 vegna skipunar hans í embætti menntamálaráðherra.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, en vinna við endurskoðun þeirra laga leiddi til þess að gera þurfti breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, einkum vegna tengingar mats á umhverfisáhrifum við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir. Var nefnd þeirri sem vísað er til hér að framan því jafnframt falið af umhverfisráðherra að semja frumvarp þetta. Eftir að nefndin lauk störfum voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu, m.a. varðandi útgáfu framkvæmdaleyfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að sveitarstjórn sé heimilt þegar um er að ræða umfangsmiklar matsskyldar framkvæmdir að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Skal það þá gert í samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur og ber framkvæmdaraðili kostnað af starfi nefndarinnar. Ákvæðið er nýmæli en við stærri framkvæmdir er æskilegt að hafa slíka heimild, t.d. í tilvikum þar sem liggur fyrir að eftirlitið verði mjög umfangsmikið og sérhæft. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar nefndir hafi heimild til að grípa til þvingunarúrræða eins og sveitarstjórn og byggingarnefnd hafa skv. 57. gr. laganna, heldur er slíkt vald í höndum framangreindra aðila og ekki annarra.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um skipun, starfsemi og hlutverk úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Þær breytingar sem hér eru lagðar eru tilkomnar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á ferli matsskyldra framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. frumvarp það sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir að matsferlið verði nátengdara en áður leyfisveitingum viðkomandi framkvæmdar og að unnt verði að skjóta ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis vegna matsskyldra framkvæmda til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt framangreindu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir sérstökum úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Ekki er lagt til að heimilt sé að kæra álitið til umhverfisráðherra heldur að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis. Vísast hér nánar til umfjöllunar um 12. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Lagt er til í 1. mgr. að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála geti auk ágreiningsmála vegna skipulags- og byggingarmála fjallað um þau ágreiningsmál sem henni er falið að úrskurða í á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í 2. mgr. er fjallað um hvernig úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er skipuð og um skipunartíma hennar. Gert er ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti fimm menn í stað þriggja eins og nú er. Lögð er til sú breyting að yfir nefndina sé skipaður forstöðumaður sem jafnframt er formaður nefndarinnar og hefur starfið að aðalstarfi. Það er breyting frá því sem gilt hefur en starf formanns úrskurðarnefndar hefur verið hlutastarf. Forstöðumaður er embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni þrjá nefndarmenn af fimm í úrskurðarnefndina í stað tveggja eins og nú gildir og tilnefnir Hæstiréttur þannig meiri hluta nefndarmanna. Lögð er til sú breyting að tilgreind séu hæfisskilyrði þeirra nefndarmanna sem rétturinn tilnefnir, en þau er m.a. sett með hliðsjón af breyttu hlutverki nefndarinnar vegna laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 1. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk forstöðumanns úrskurðarnefndar en lagt er til að hann ráði annað starfsfólk nefndarinnar.

Gert er ráð fyrir í 4. mgr. að við úrlausn einstakra mála skuli nefndin að jafnaði skipuð þremur mönnum, formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Í viðamiklum málum skal nefndin vera fullskipuð. Þá er lagt til að nefndin hafi allt að þrjá mánuði frá því að henni berst mál í hendur til að kveða upp úrskurð sinn og er því um að ræða lengri frest en nú, en hann er tveir mánuðir. Í gildandi lögum er hins vegar heimild til

að lengja þann frest í þrjá mánuði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd ákvæðisins þykir rétt að fresturinn sé ávallt hinn sami, en þó ekki lengri en þrír mánuðir.

Í 5. mgr. eru tilgreindar þær ákvarðanir sem sæta kæru til úrskurðarnefndarinnar, en þar er einungis um að ræða stjórnvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga. Þá er lagt til að ákvarðanir sem ráðherra beri að staðfesta samkvæmt lögunum sæti ekki kæru til nefndarinnar. Slíkar ákvarðanir eru til að mynda staðfesting skipulagsáætlana, þ.e. aðal- og svæðisskipulagsáætlana. Til að taka af allan vafa þykir rétt að þetta sé áréttað í lögunum en ekki þykir rétt að úrskurðarnefndin sem er hliðsett stjórnvald við ráðherra endurskoði hans ákvarðanir. Er þetta í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis, sbr. mál nr. 2906/2000. Þær ákvarðanir sem samvinnunefnd miðhálendisins kann að taka, aðrar en þær sem varða staðfestingu svæðisskipulagsáætlana, eru hins vegar kæranlegar til úrskurðarnefndar. Þá er lagt til að tilgreint sé í lögunum hverjir eigi málskotsrétt en viðkomandi verður að eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun til að geta skotið máli til nefndarinnar. Er þetta til samræmis við þá framkvæmd sem viðgengst nú varðandi málskotsheimild til nefndarinnar. Hins vegar er málskotsrétturinn rýmri sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, eins og ákvarðanir um útgáfu leyfis vegna matsskyldrar framkvæmdar. Í slíkum tilvikum er rétturinn til málskots ekki einungis bundinn við þá sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta heldur einnig umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem starfandi eru á Íslandi og hafa a.m.k. 50 félagsmenn, enda samrýmist það tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samþykktum þeirra. Umhverfisverndarsamtök skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 3. gr. frumvarps þess sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Þá er lagt til að tilgreindur sé í lögunum hver sé frestur til að skjóta máli til úrskurðarnefndarinnar, þ.e. einn mánuður, og hvenær sá frestur byrjar að líða.

Þá er í 6. mgr. lagt til að tekið sé fram að kærandi geti krafist stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Rétt þykir að slík heimild sé áréttuð í lögunum þar sem þau gera ráð fyrir því að slík krafa geti verið sett fram.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til samræmis við það sem mælt er fyrir um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Samkvæmt því frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun úrskurði um hvort leyfa eða hafna beri framkvæmd heldur veiti álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila.

Í 1. mgr. er kveðið á um það hvenær afla þurfi framkvæmdaleyfis sveitarstjórna, þ.e. vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þarf ætíð að afla framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og er það ekki breyting á því sem gilt hefur. Ekki er heimilt að hefja þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í ákvæðinu fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna. Sé framkvæmd byggingarleyfisskyld fer um framkvæmdina skv. IV kafla laganna og þarf þá ekki að afla framkvæmdaleyfis.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að þeir sem óska eftir framkvæmdaleyfi beri að senda skriflega umsókn um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Er þetta í samræmi við þá framkvæmd sem viðgengist hefur við veitingu framkvæmdaleyfa.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að við útgáfu framkvæmdaleyfis beri sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við þær skipulagsáætlanir sem sveitarfélagið

hefur tekið ákvörðun um. Þá er áréttað að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsemi sem henni fylgir fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Sambærilegt ákvæði er í 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Matsskyldar framkvæmdir eru þær framkvæmdir sem falla undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða þær framkvæmdir sem að mati Skipulagsstofnunar eru matsskyldar, sbr. 6. gr. sömu laga.

Þá er lagt til í 4. mgr. að sveitarstjórn skuli kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort um sé að ræða sömu framkvæmd og lýst er í matsskýrslu. Sveitarstjórn ber síðan að taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmið er hér er að sveitarstjórn taki upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn ber að taka afstöðu til bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu framkvæmdaleyfis. Sveitarstjórn er hins vegar heimilt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og ef hún gerir það getur hún tekið upp skilyrðin að hluta eða að öllu leyti. Í slíkum skilyrðum getur m.a. verið kveðið á um mótvægisaðgerðir og samráð við tiltekna aðila. Sveitarstjórn er hins vegar ekki skylt að taka upp slík skilyrði enda er hún ekki bundin af áliti Skipulagsstofnunar eins og áður segir. Þetta er í samræmi við við 8. gr. tilskipunar 85/337/EB eins og henni var breytt með 10. gr. tilskipunar 97/11/EB en þar er kveðið á um það að niðurstöður mats skuli teknar til athugunar við útgáfu leyfis til framkvæmda. Ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að stjórnvald skuli í ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmda vísa til framkominna upplýsinga og athugasemda úr matsferlinu og taka afstöðu til þeirra og geta þess sérstaklega hvaða sjónarmið liggja þar að baki. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum, svo sem um mótvægisaðgerðir, sem kunna að vera sett í álit Skipulagsstofnunar að því marki að aðrir leyfisveitendur til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki gert það. Sveitarstjórn getur því einungis bundið leyfi þeim skilyrðum sem hún er bær til. Eins og fram kemur í 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum telst leyfi til framkvæmda framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum svo og leyfi til starfsemi sem framkvæmdum fylgir og önnur leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum. Leyfi iðnaðarráðherra fyrir raforkuverum sem eru 1.000 kW eða stærri telst t.d. vera leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum, sbr. 4. gr. raforkulaga. Í athugasemdum með 13. gr. fyrrgreinds frumvarps eru rakin dæmi um þau stjórnvöld sem veita leyfi til framkvæmda vegna mats á umhverfisáhrifum.

Lagt er til í 5. mgr. að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar verði birt með auglýsingu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu og að í auglýsingunni séu tilgreindar kæruheimildir og kærufrestir. Hér er um að ræða niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar skv. 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Í auglýsingunni skal vísað til þess hvar álitið sé aðgengilegt í heild, en samkvæmt fyrrgreindu frumvarpi skal almenningur eiga greiðan aðgang að áliti Skipulagsstofnunar. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður á og Skipulagsstofnun hefur um kynningu á úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem lagt er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum að Skipulagsstofnun veiti álit um matsskýrslu en beri ekki að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum er ekki þörf á að niðurstaða

stofnunarinnar sé kynnt fyrr en við útgáfu framkvæmdaleyfis enda er það ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda sem er kæranleg til úrskurðarnefndar. Þannig er tryggt að þeim sem hafa málskotsrétt vegna ákvarðana sveitarstjórnar sé kynnt ákvörðun hennar og forsendur þeirrar ákvörðunar og þeim þannig gefið tækifæri til gera athugasemdir sínar við þá ákvörðun. Breytingin felst einkum í því að réttur til málskots vegna matsskyldra framkvæmda hefur færst frá úrskurði Skipulagsstofnunar til ákvörðunar sveitarstjórnar eins og áður sagði.

Í 6. mgr. er kveðið á um það hverjum sé heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar sé vafi um hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

7.–9. mgr. greinarinnar eru samhljóða 3.–5. mgr. laganna, nema gert er ráð fyrir að landgræðslu- og skógræktaráætlanir séu í einungis í samræmi við skipulagsáætlanir.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að fellt verði brott ákvæði um málskotsrétt til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Ákvæðið er að finna í grein sem fjallar um störf byggingarnefnda en ekki þykir rétt að hafa málskotsheimild laganna þar, heldur er skýrara að sú heimild sé í 8. gr. laganna, sem fjallar um starfsemi, skipan og hlutverk úrskurðarnefndarinnar auk málskotsréttarins.

Um 5. gr.

Eins og fram kom í athugasemdum við 3. gr. eru allar matsskyldar framkvæmdir innan staðarmarka sveitarfélaga annaðhvort háðar framkvæmda- eða byggingarleyfi. Þar sem 43. gr. laganna fjallar um byggingarleyfi er lagt til að þar komi fram, líkt og í 27. gr. laganna um framkvæmdaleyfi, að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldum framkvæmdum sem háðar eru byggingarleyfi fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Meginefni frumvarpsins felst í breytingum á ákvæðum laganna um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og ákvæðunum um framkvæmdaleyfi. Breytingarnar eru til samræmis við frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Auk þess er lagt til að við umfangsmiklar framkvæmdir, sem matsskyldar eru samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði sveitarstjórnum heimilt að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem líti eftir því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili skal bera kostnað af starfi nefndarinnar og ekki er lagt mat á þann kostnað hér.

Samkvæmt frumvarpinu er úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála efld á þann veg að nefndarmenn verða fimm í stað þriggja og formaður nefndarinnar skal jafnframt vera forstöðumaður hennar og hafa það að aðalstarfi. Mælt er fyrir um að jafnframt því að úrskurða í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál skuli nefndin úrskurða í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má reikna með að kostnaður ríkissjóðs aukist um sem svarar einu stöðugildi, eða um 6 m.kr. á ári, vegna fjölgunar nefndarmanna í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og þess að formaður nefndarinnar skuli hafa starfið að aðalstarfi.

348. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Uppfinningar á öllum tæknisviðum eru einkaleyfishæfar.

b. Í stað 3. og 4. mgr. koma fjórar málsgreinar sem orðast svo:

Óheimilt er að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem taka til aðferða við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnum og efnablöndum.

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir plöntu- né dýraafbrigðum. Einkaleyfi er þó unnt að veita fyrir uppfinningum sem taka til plantna eða dýra ef útfærsla uppfinningar er ekki takmörkuð af tæknilegum ástæðum við tiltekið plöntu- eða dýraafbrigði. Með plöntuafbrigði í þessum lögum er átt við plöntuafbrigði eins og það er skilgreint í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir aðferð, sem er aðallega líffræðileg, við að framleiða plöntur eða dýr. Með aðferð, sem er aðallega líffræðileg, er í lögum þessum átt við aðferð sem í heild byggist á náttúrulegum fyrirbærum eins og víxlun eða vali. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferð á sviði örverufræði eða öðrum tæknilegum aðferðum og afurðum slíkra aðferða. Með aðferð á sviði örverufræði er átt við sérhverja aðferð sem notast við örveruefni eða framleiðir örveruefni.

Uppfinning getur verið einkaleyfishæf þó að hún varði afurð sem samanstendur af eða hefur að geyma líffræðilegt efni, eða varðar aðferð við framleiðslu, vinnslu eða notkun líffræðilegs efnis. Líffræðilegt efni, sem hefur verið einangrað úr náttúrunni eða orðið til með tæknilegri aðferð, getur talist til uppfinningar, jafnvel þó að það fyrirfinnist í náttúrunni. Með líffræðilegu efni í lögum þessum er átt við efni sem hefur að geyma upplýsingar um erfðaefni og getur fjölgað sér sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (1. gr. a.)

Mannslíkaminn á ýmsum myndunar- eða þroskastigum og hreinar uppgötvanir á einhverjum hluta hans, svo sem kirnaröðum eða hlutum kirnaraða gena, geta ekki talist til einkaleyfishæfra uppfinninga.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur hluti mannslíkama, sem er einangraður frá honum eða framleiddur á annan hátt með tæknilegri aðferð, þar með talin kirnaröð eða hluti kirnaraðar gens, talist einkaleyfishæf uppfinning þó að bygging slíks hluta sé eins og bygging náttúrulegs hluta.

b. (1. gr. b.)

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir uppfinningu ef hagnýting hennar í atvinnuskyni stríðir gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Hagnýting uppfinningar telst ekki stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði af þeirri ástæðu einni að hún sé bönnuð með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Ákvæði 1. mgr. leiðir m.a. til þess að ekki er heimilt að veita einkaleyfi fyrir:

1. aðferðum til að einrækta menn,
2. aðferðum til að breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna,
3. notkun fósturvísa í iðnaði eða í viðskiptalegum tilgangi og
4. aðferðum til að breyta erfðaeiginleikum dýra sem eru líklegar til að valda þeim þjáningu án þess að verulegur læknisfræðilegur ávinningur sé af þeim fyrir menn eða dýr, sem og dýr sem verða til með þessum aðferðum.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (3. gr. a.)

Einkaleyfi á líffræðilegu efni, sem vegna uppfinningarinnar hefur tiltekna eiginleika, nær til sérhvers líffræðilegs efnis sem leitt er af því efni með fjölgun eða fjölföldun í sama eða breyttu formi og hefur sömu eiginleika.

Einkaleyfi á aðferð við að framleiða líffræðilegt efni, sem vegna uppfinningarinnar hefur tiltekna eiginleika, nær til líffræðilegs efnis sem er framleitt beint með þeirri aðferð, svo og til sérhvers annars líffræðilegs efnis sem leitt er af líffræðilega efninu, sem var framleitt beint, með fjölgun eða fjölföldun í sama eða breyttu formi og hefur sömu eiginleika.

Einkaleyfi á afurð, sem hefur að geyma eða samanstendur af erfðafræðilegum upplýsingum, nær til allra efna sem afurðin er hluti af og innihalda erfðafræðilegu upplýsingarnar sem gegna þar hlutverki sínu, sbr. þó 1. gr. a.

Einkaleyfi skv. 1.–3. mgr. nær þó ekki til líffræðilegs efnis sem fengið er með fjölgun eða fjölföldun líffræðilegs efnis sem hefur verið markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu af einkaleyfishafa eða með hans samþykki ef fjölgunin eða fjölföldunin er nauðsynlegur liður í þeirri notkun sem líffræðilega efnið var markaðssett fyrir, að því tilskildu að efnið, sem fæst, verði ekki notað til frekari fjölgunar eða fjölföldunar.

b. (3. gr. b.)

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. 3. gr. a má líta á sölu eða önnur viðskipti við bændur, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með efnivið til fjölgunar plantna til notkunar

í landbúnaði, sem samþykki fyrir því að þeir noti sjálfir uppskeru sína til fjölgunar eða fjölföldunar á eigin landi. Umfang og skilyrði fyrir þessari undanþágu skulu samræmast ákvæðum laga um yrkisrétt, nr. 58/2000, með síðari breytingum, og reglugerð á grundvelli þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. 3. gr. a má líta á sölu eða önnur viðskipti við bændur, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með dýr til undaneldis eða annan efnivið til fjölgunar dýra, sem samþykki fyrir því að þeir hafi leyfi til að nota í landbúnaði búféð sem verndað er. Þetta felur m.a. í sér að bændur geta notað dýr eða annan efnivið til fjölgunar dýra í landbúnaðarstarfsemi sinni en mega ekki selja dýrin eða efniviðinn sem lið í fjölgunarstarfsemi í atvinnuskyni eða með slíkt að markmiði. Iðnaðarráðherra setur reglugerð um umfang og skilyrði fyrir nýtingu bænda á slíkum uppfinningum sem njóta einkaleyfisverndar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef uppfinningin varðar eða við hana þarf að nota líffræðilegt efni telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.

b. 4. mgr. orðast svo:

Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal koma fram í umsókn hvernig umsækjandi öðlaðist rétt til uppfinningar. Einkaleyfayfirvöld geta krafist gagna sem sanna rétt umsækjanda til uppfinningar.

c. 6. og 7. mgr. orðast svo:

Ef við uppfinninguna þarf að nota líffræðilegt efni sem hvorki er aðgengilegt almenningi né unnt er að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna skal sýni af líffræðilega efninu lagt inn til varðveislu í síðasta lagi á umsóknardegi. Sýnið skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum geti fengið afhent sýni af líffræðilega efninu hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

Ef varðveitt líffræðilegt efni verður óvirkt eða ekki er af öðrum ástæðum unnt að láta í té sýni af því má skipta um það með sýni af sama stofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

5. gr.

6. og 7. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Ef sýni af líffræðilegu efni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveitt líffræðilegt efni. Sýni verður ekki heldur afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika líffræðilega efnisins er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af líffræðilega efninu verði aðeins afhent sérfræðingum þar til einkaleyfi er veitt. Ef umsókn hefur verið hafnað, hún afskrifuð eða telja má hana afturkallaða getur umsækjandi, í 20 ár frá umsóknardegi, farið fram á að sýni af hinu líffræðilega efni verði aðeins afhent sérfræðingi. Iðnaðarráðherra setur reglur um slíka beiðni, um frest til að setja fram slíka beiðni og hverjir geta talist sérfræðingar í skilningi ákvæðisins.

6. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, sem orðast svo:

Yrkishafi, sem hvorki getur öðlast né hagnýtt yrkisrétt án þess að brjóta gegn eldra einkaleyfi, getur gegn sanngjörnu gjaldi farið fram á nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna ef leyfið er nauðsynlegt til að hagnýta það yrki sem ætlunin er að fá yrkisrétt á. Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef yrkishafi sýnir fram á að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér.

Hafi einkaleyfishafi fengið nauðungarleyfi á grundvelli laga um yrkisrétt, nr. 58/2000, til að hagnýta verndað yrki hefur yrkishafinn rétt til að fá samhliða nauðungarleyfi með sanngjörnum skilmálum til að hagnýta uppfinninguna.

7. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita þeim aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi sýni af líffræðilegu efni verið lagt inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., á viðkomandi aðili einnig rétt á því að fá afhent sýni af líffræðilega efninu. Ákvæði 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

8. gr.

5. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu sýnis af líffræðilegu efni öðlast ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin öðlast gildi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem iðnaðarráðherra flytur, felur aðallega í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna innleiðingar tilskipunar 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Enn fremur eru breytingar í frumvarpinu byggðar á ákvæðum samningsins um hugverk í viðskiptum (TRIPS-samningsins) og samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT-samningsins).

Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. janúar 2003 var tekin ákvörðun nr. 20/2003 um að breyta XVII. viðauka við EES-samninginn og taka upp í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Ákvörðunin var tekin með fyrirvara um samþykki þjóðþinga.

Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á fyrrgreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Var þingsályktunin samþykkt.

Við gerð frumvarpsins var lögð til grundvallar vinna norræns vinnuhóps sem starfaði á vegum norrænu einkaleyfaskrifstofanna á árunum 1998 og 1999 við undirbúning að innleiðingu líftæknitilskipunarinnar. Með frumvarpinu er því haft að markmiði að varðveita norræna einkaleyfalöggjöf.

Markmið fyrrgreindrar tilskipunar er að samræma ákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins, og nú aðildarríkja EES-samningsins, varðandi einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni. Þróun líftækninnar hefur verið hröð hin síðari ár. Hún gefur mikla möguleika, m.a.

í læknisfræðilegum tilgangi og á sviði umhverfisverndar, sérstaklega varðandi þróun umhverfisvænna aðferða í landbúnaði og hvers kyns iðnaði. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að ólíkar reglur ríkja skerði möguleika á hagnýtingu uppfinninga á þessu sviði.

Áður en vikið er að efni frumvarpsins þykir rétt að gera grein fyrir hvað átt er við með hugtakinu „líftækni". Í stuttu máli má segja að líftækni sé starfsemi þar sem notaðar eru örverur, dýra- eða plöntufrumur eða frumuhlutar til þess að framleiða afurðir eða umbreyta þeim, kynbæta plöntur eða dýr eða breyta örverum á markvissan hátt í hagnýtum tilgangi. Aðferðir líftækninnar geta t.d. verið ensímtækni, frumu- og vefjatækni, erfðatækni og hefðbundnar og nýjar gerjunaraðferðir. Erfðatæknin er það svið sem er hvað mest í umræðunni og menn greinir e.t.v. mest á um þar eð fengist er með henni við að breyta erfðaefni lífvera. Með aðferðum erfðatækninnar er t.d. unnt að einangra gen (erfðavísa), ákvarða röð kirna í þeim og flytja gen á milli frumna eða lífverutegunda.

Í gildandi lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, er ekki að finna sérákvæði er varða uppfinningar á sviði líftækni. Almennt gilda því sömu reglur um þær uppfinningar og uppfinningar á öðrum sviðum. Segja má því að meginreglan samkvæmt núgildandi lögum sé sú að unnt sé að öðlast einkaleyfi á uppfinningum á sviði líftækni ef uppfinningin uppfyllir skilyrði um nýnæmi, er frábrugðin þekktri tækni og telst hagnýtanleg í iðnaði. Á þessari meginreglu eru tvær takmarkanir. Í fyrsta lagi er, skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. einkaleyfalaga, ekki unnt að öðlast einkaleyfi fyrir plöntu- og dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Í öðru lagi er sú almenna takmörkun, skv. 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. einkaleyfalaga, að ekki er unnt að öðlast einkaleyfi á uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu. Vakin skal athygli á því að þó er unnt að fá einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða.

Líftæknitilskipunin fjallar um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði og nauðungarleyfi, sem og varðveislu líffræðilegs efnis. Ákvæði tilskipunarinnar hafa í för með sér að kveðið verður mun skýrar á um hvað sé einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað sé beinlínis undanskilið einkaleyfisvernd. Frumvarpið hefur því að geyma ákvæði sem munu gera fyrstu greinar laganna mun nákvæmari hvað varðar uppfinningar á sviði líftækni. Vakin skal athygli á því að tilskipunin kveður ekki á um samræmingu á almennum skilyrðum við mat á einkaleyfishæfi, svo sem nýnæmi, frumleika og hagnýtingu í atvinnulífi.

Frumvarpið breytir í raun ekki framkvæmd við veitingu einkaleyfa hér á landi en líftækni er tiltölulega nýtt svið sem ekki er farið að reyna verulega á. Hins vegar fer umsóknum, sem taka til líftækni, stöðugt fjölgandi þannig að ljóst er að skýr ákvæði þurfa að gilda um þessi mál. Stærsta breytingin er líklega sú að með frumvarpinu verður heimilt að veita einkaleyfi fyrir erfðabreyttum dýrum að tilteknum skilyrðum uppfylltum en nokkur óvissa hefur ríkt um túlkun einkaleyfalöggjafar varðandi þetta atriði, bæði hér á landi og erlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

A-liður. Hér er lagt til að við 1. mgr. 1. gr. einkaleyfalaga verði bætt nýjum málslið og tekið fram að uppfinningar á öllum tæknisviðum séu einkaleyfishæfar. Breytingin er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins) sem tengist Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd en lagt er til að þessu verði bætt við greinina í þeim tilgangi að ná samræmi við TRIPS-samninginn og 52. gr. evrópska einkaleyfasáttmálans eins og honum var breytt árið 2000. Þá verður einnig að telja til bóta að taka af allan vafa í þessum efnum.

B-liður. Samkvæmt gildandi lögum teljast aðferðir við handlækningu, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum ekki til uppfinninga en með breytingunni er viðurkennt að slíkar aðferðir geti verið uppfinningar en hins vegar megi ekki veita einkaleyfi fyrir slíkum uppfinningum. Með þessu er verið að samræma íslensk lög a-lið 3. mgr. 27. gr. TRIPS-samningsins og breytingum sem voru gerðar á 53. gr. evrópska einkaleyfasáttmálans árið 2000.

Lagt er til að 4. mgr. 1. gr. gildandi laga falli brott og að þrjár nýjar málsgreinar, 4.–6. mgr., bætist við. Meginefni brottfellda ákvæðisins er þó áfram að finna í lögunum. Efnisatriði 2. tölul. 4. mgr. kemur þannig fram í nýrri 4. og 5. mgr. 1. gr. Efnisatriði 1. tölul. kemur fram í nýrri 1. mgr. 1. gr. b.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 2. gr., a-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. líftæknitilskipunar EB. Eins og í gildandi lögum er ekki unnt að fá einkaleyfi á dýra- og plöntuafbrigðum. Hins vegar kemur skýrt fram í frumvarpinu að unnt sé að fá einkaleyfi á dýrum og plöntum ef tæknilegir eiginleikar uppfinningarinnar eru ekki takmarkaðir við tiltekið plöntu- eða dýraafbrigði. Eins og fyrr segir er ekki unnt að fá einkaleyfi á plöntuafbrigðum, sama hvaða aðferð er notuð, en erfðabreyttar plöntur og plöntuafbrigði er unnt að vernda samkvæmt lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000. Þar eð skilgreiningu á plöntuafbrigði er að finna í þeim lögum er vísað til þeirra í 4. mgr.

Í líftæknitilskipuninni, sem lagabreytingar þessar eru byggðar á, er um skilgreiningu á plöntuafbrigði vísað til reglugerðar EB nr. 2100/94, um vernd plöntuafbrigða í bandalaginu. Sú reglugerð er ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur því ekki verið innleidd hér á landi. Þó liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum um yrkisrétt til samræmis við fyrrgreinda reglugerð og er vísun til þeirra laga því í samræmi við líftæknitilskipunina.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. að unnt sé að fá einkaleyfi á dýrum að uppfylltum þar til greindum skilyrðum. Samkvæmt gildandi lögum er í raun ekkert sem kemur í veg fyrir að veitt sé einkaleyfi fyrir dýrum en slíkt hefur þó ekki verið gert hingað til. Nánar er fjallað um takmarkanir á einkaleyfum á dýrum í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 5. mgr. samræmist b-lið 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 2. gr., b-lið 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Segja má að um nánari útfærslu á 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. gildandi laga sé að ræða. Eins og samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að fá einkaleyfi fyrir aðferðum sem byggjast á náttúrulegum fyrirbærum eins og víxlun (d. *krydsning,* e. *crossing)* eða vali (d. *udvælgelse,* e. *selection).* Í frumvarpinu kemur fram nánari skýring á hvað sé aðferð sem er aðallega líffræðileg en slíka skýringu er ekki að finna í gildandi lögum. Þar með er ekki sagt að allar aðferðir, sem teljast aðallega líffræðilegar, séu ekki einkaleyfishæfar, t.d. gerjunaraðferðir við að brugga bjór.

Samkvæmt frumvarpinu hefur ákvæði 1. málsl. 5. mgr., þ.e. að ekki sé unnt að veita einkaleyfi fyrir aðferðum sem eru aðallega líffræðilegar, ekki áhrif á einkaleyfishæfi aðferða á sviði örverufræði eða annarra tæknilegra aðferða. Til örvera teljast t.d. veirur, sýklar, ger- og myglusveppir. Tilvísun til „annarra tæknilegra aðferða" kemur til viðbótar við efni gildandi 4. mgr. 1. gr. laganna til samræmis við orðalag tilskipunarinnar. Þá er tekið fram að einnig sé unnt að öðlast einkaleyfi á afurðum slíkra aðferða. Ákvæðið breytir ekki núverandi framkvæmd.

Í 6. mgr. er tekið upp ákvæði 3. gr. tilskipunarinnar. Efnislega samræmist ákvæðið framkvæmdinni nú. Í greininni er skýrt kveðið á um að unnt sé að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem varða líffræðilegt efni jafnvel þó að það fyrirfinnist í náttúrunni. Skilyrði er að efnið sé einangrað frá sínu náttúrulega umhverfi eða samsett/smíðað með tæknilegri

aðferð. Í ákvæðinu er líffræðilegt efni skilgreint í samræmi við skilgreiningu evrópska einkaleyfasáttmálans. Ákvæðið skerðir ekki möguleikann á að einangruð efnasambönd geti talist til einkaleyfishæfra uppfinninga.

Um 2. gr.

Um a-lið (1. gr. a).

Lagt er til að bætt verði við nýrri grein, 1. gr. a. Ákvæði greinarinnar samræmist 5. gr. líftæknitilskipunarinnar.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að hvorki sé unnt að fá einkaleyfi fyrir mannslíkamanum né hluta hans. Með ákvæðinu er sett bann við því að öðlast einkaleyfi á manneskju, á hvaða þroskastigi sem er, auk mannagena í sínu náttúrulega umhverfi.

Í núgildandi lögum er ekki berum orðum lagt bann við því að veita einkaleyfi fyrir mannslíkama. Slíkt hefði þó getað talist falla undir ákvæði 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna sem segir að ekki megi veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu. Rétt þykir að skýrt komi fram í lögunum að slíkt teljist ekki til einkaleyfishæfra uppfinninga.

Í 2. mgr. kemur fram í hvaða tilvikum hluti mannslíkamans geti talist einkaleyfishæfur. Sömu kröfur eru að sjálfsögðu gerðar til þessara uppfinninga varðandi nýnæmi, frumleika og hagnýtingu og almennt er gert.

Í ákvæðum 1. og 2. mgr. er skilið á milli þess hvað geti talist til uppfinninga og hvað sé aðeins uppgötvun. Talið er að ekki felist uppfinning í því að raðgreina mannagen og staðfesta uppbyggingu þess heldur teldist slíkt einungis til uppgötvana sem eru ekki einkaleyfishæfar skv. 1. gr. laganna. Öðru máli gegnir ef gen úr manni er einangrað eða samsett/smíðað með tæknilegri aðferð og fundin eru einhver not fyrir genið, t.d. við framleiðslu próteina (eggjahvituefna) til lyfjanotkunar. Í slíkum tilvikum væri mögulegt að öðlast einkaleyfi á geni þó að bygging þess væri sams konar og mannagena. Verndin mundi hins vegar ekki ná til mannslíkamans né hluta hans í sínu náttúrulega umhverfi. Til þess að krafan um hagnýtingu uppfinningarinnar í atvinnulífi skv. 1. gr. laganna sé uppfyllt þarf samkvæmt tilskipuninni að krefjast þess að tiltekið sé nákvæmlega hvaða afurðir eru framleiddar með kirnaröð eða hluta kirnaraðar gens og til hvaða nota þær eru ætlaðar. Sú krafa er í samræmi við gildandi framkvæmd. Gert er ráð fyrir að ákvæði varðandi kröfur til upplýsinga um hagnýtingu verði tekin upp í reglugerð.

Um b-lið (1. gr. b).

Lagt er til að tekin verði upp ákvæði 6. gr. líftæknitilskipunarinnar. Í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. gildandi laga er þegar bann við því að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

Hins vegar er í tilskipuninni aukið við þetta ákvæði og kveðið nánar á um það hvernig túlka beri að hagnýting uppfinningar stríði gegn allsherjarreglu eða siðgæði. Tiltekið er að slíkt sé ekki samsvarandi því að hagnýtingin sé bönnuð samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Skv. 1. mgr. er bannið skilyrt við að uppfinningin sé hagnýtt í atvinnuskyni. Sams konar skilyrði er að finna í 2. mgr. 27. gr. TRIPS-samningsins. Þessi viðbót breytir ekki núverandi túlkun þar eð fram kemur í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga að einkaleyfi séu aðeins veitt fyrir uppfinningum sem hagnýta má í atvinnulífi.

Í 2. mgr. kemur fram að við mat á því hvað falli undir 1. mgr. sé ekki eingöngu miðað við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Það eitt að hagnýting uppfinningar sé bönnuð með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hefur ekki endilega í för með sér að uppfinningin sjálf stríði gegn

allsherjarreglu eða siðgæði. Slíkt getur auðvitað farið saman, þ.e. að hagnýtingin sé bönnuð með lögum og stríði gegn allsherjarreglu eða siðgæði. Hér er ekki um nýmæli að ræða. Það er viðurkennd meginregla í einkaleyfarétti að einkaleyfi veiti einkaleyfishafa ekki sjálfkrafa rétt til að hagnýta uppfinningu heldur aðeins rétt til að banna öðrum að hagnýta uppfinninguna. Takmarkanir á rétti til hagnýtingar uppfinninga er að finna t.d. á sviði heilbrigðis- og umhverfismála.

Í 3. mgr. eru taldar upp uppfinningar sem ekki er unnt að fá einkaleyfi fyrir. Hér er um að ræða dæmi um uppfinningar sem m.a. teljast stríða gegn allsherjarreglu eða siðferði. Upptalningin er ekki tæmandi. Þannig eru allar hugsanlegar aðferðir við að einrækta menn, lífs eða liðna, ekki einkaleyfishæfar, enda slíkt mjög umdeilt víðast hvar. Þá eru aðferðir við að breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna ekki einkaleyfishæfar enda mundi slíkt hafa í för með sér breytingar á erfðamengi manns sem því gætu erfst til næstu kynslóða. Enn fremur er notkun fósturvísa í iðnaði eða viðskiptum ekki einkaleyfishæf vegna siðferðissjónarmiða. Þá er loks tekið fram að ekki sé unnt að fá einkaleyfi á aðferðum við að breyta erfðaeiginleikum dýra ef slíkt veldur þeim ónauðsynlegum þjáningum, þ.e. ef breytingin hefur ekki í för með sér verulegan læknisfræðilegan ábata fyrir menn eða dýr. Sama á við um dýr sem verða til með slíkum aðferðum. Hér er um að ræða undantekningu frá meginreglunni um að unnt sé að fá einkaleyfi fyrir uppfinningum er varða dýr, þ.e. ef uppfinningin tekur ekki til dýraafbrigða.

Um 3. gr.

Um a-lið (3. gr. a).

Lagt er til að í nýrri 3. gr. a í lögunum verði að finna ákvæði sem samræmast 8., 9. og 10. gr. líftæknitilskipunarinnar. Í 3. gr. gildandi laga er almennt fjallað um hvað einkaleyfaréttur felur í sér. Í þessari nýju grein er sérstaklega tekið á umfangi einkaleyfisverndar þegar um líffræðilegt efni er að ræða. Talin er þörf á að hafa reglur þessar mjög skýrar þar eð líffræðilegt efni getur fjölgað sér. Í greininni er ákvarðað hversu langt einkaleyfavernd getur náð til síðari kynslóða efnisins.

Í 1. mgr. er einkaleyfishafa veittur réttur til að banna framleiðslu og notkun á efni sem getur fjölgað sér í sams konar tilvikum og þeim sem tilgreind eru í 3. gr. gildandi laga. Einkaleyfi á líffræðilegu efni tekur því einnig til síðari kynslóða efnisins með sömu eiginleika. Einkaleyfishafi getur einnig bannað framleiðslu og notkun á hinni einkaleyfisvernduðu afurð þegar framleiðslan eða notkunin nær til síðari kynslóða efnisins sem framleitt er við fjölgun eða fjölföldun.

Í 2. mgr. er fjallað um vernd á aðferðum við að framleiða líffræðilegt efni. Sú vernd nær eins og aðferðareinkaleyfi skv. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga einnig til þeirra afurða sem eru framleiddar beint með hinni vernduðu aðferð (óbein afurðavernd). Verndin getur því einnig náð til síðari kynslóða sem framleiddar eru með aðferðinni.

Í 3. mgr. er fjallað um þau tilvik þegar líffræðilegt efni hefur að geyma einkaleyfisverndaðar líffræðilegar afurðir. Í gildandi lögum er ekki ákvæði er tekur almennt á þessu verndarsviði. Þegar um er að ræða afurðareinkaleyfi, sem hefur að geyma eða samanstendur af erfðafræðilegum upplýsingum, nær verndin til sérhvers efnis sem þessi afurð verður hluti af, að því tilskildu að erfðafræðilegu upplýsingarnar séu til staðar og hafi verkun í efninu.

Í 4. mgr. er tekið á því hvernig tæming réttinda virkar þegar einkaleyfisverndað líffræðilegt efni er sett á markað til tiltekinnar notkunar og efnið fjölgar sér eða fjölfaldast sem nauðsynlegur hluti notkunarinnar. Almenna reglu um tæmingu réttinda er að finna í 2. tölul. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga. Ákvæði þetta er undantekning frá ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 4. gr.

frumvarpsins. Ef efnið er markaðssett til ákveðinnar notkunar þá leiðir af ákvæðinu að fjölgun eða fjölföldun, sem er nauðsynlegur liður í þeirri notkun sem efnið er markaðssett fyrir, er heimil. Hið framleidda efni má þó ekki síðar nota til frekari fjölgunar eða fjölföldunar.

Um b-lið (3. gr. b).

Lagt er til að bætt verði við lögin nýrri grein sem yrði 3. gr. b og þar tekin upp ákvæði 11. gr. líftæknitilskipunarinnar. Nauðsynlegt er að hafa undantekningar frá rétti einkaleyfishafa skýrar varðandi rétt bænda til að nýta einkaleyfisverndað líffræðilegt efni (e. *farmer's privilege).*

Með ákvæði 1. mgr. á að tryggja að bændur geti nýtt uppskeru sína til frekari fjölgunar eða fjölföldunar á eigin landi, þar eð réttindi einkaleyfishafa skv. 3. gr. a ná einnig að meginreglu til yfir síðari kynslóðir efnisins. „Eigið land" samkvæmt ákvæðinu telst einnig taka til lands sem nýtt er af ábúendum. Ákvæði, sem tryggja rétt bænda, er einnig að finna í gildandi lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.

Í 2. mgr. er kveðið á um sams konar vernd fyrir bændur varðandi dýr. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði um umfang þessara réttinda og skilyrði, m.a. tilgreint hvaða dýraafbrigði falli undir ákvæðið.

Um 4. gr.

Breytingar á 2., 6. og 7. mgr. 8. gr. eru til komnar vegna 13. gr. líftæknitilskipunarinnar. Í tilskipuninni er notað hugtakið líffræðilegt efni í stað örverurætar í gildandi lögum. Þannig hefur hugtakið örverurækt verið útvíkkað með tilskipuninni til að ná yfir líffræðilegt efni af ýmsum toga auk örvera, svo sem erfðaefnis, frumna, vefja o.þ.h. Þannig er lagt til að lögunum verði breytt með þeim hætti að alls staðar þar sem fjallað er um örverurækt í gildandi lögum komi í staðinn „líffræðilegt efni".

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samsvarandi breytingum á 22., 56. og 75. gr. laganna, þar eð þær greinar fjalla einnig um líffræðilegt efni.

Með breytingu á 4. mgr. 8. gr. er lagt til að kröfur um einkaleyfisumsóknir verði einfaldaðar. Samkvæmt gildandi lögum ber umsækjanda að sanna rétt sinn til uppfinningar sé hann annar en uppfinningamaður. Í framkvæmd hefur Einkaleyfastofan því krafist skriflegrar og undirritaðrar framsalsyfirlýsingar frá uppfinningamanni.

Breytingin felur í sér að nú skal koma fram í umsókn með hvaða hætti umsækjandi hafi öðlast rétt til uppfinningar. Gert er ráð fyrir að umsækjandi muni tilgreina á umsóknareyðublaði með hvaða hætti hann hefur öðlast rétt til uppfinningar. Umsækjandi þarf því ekki að leggja fram skriflega framsalsyfirlýsingu þó að hann sé annar en uppfinningamaður.

Dragi Einkaleyfastofan yfirlýsingu umsækjanda á umsóknarblaðinu í efa getur stofnunin krafist frekari gagna sem sanna rétt umsækjanda til uppfinningar, t.d. undirritaðrar framsalsyfirlýsingar frá uppfinningamanni.

Breytinguna má m.a. rekja til þess að á alþjóðlegum vettvangi er unnið að því að samræma og einfalda kröfur um umsóknir. Meðal annars hefur svipuð breyting verið gerð á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (PCT).

Um 5. gr.

Breyting á 6. mgr. 22. gr. er til komin vegna 13. gr. líftæknitilskipunarinnar, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að ákvæði 7. mgr. 22. gr. gildandi laga verði breytt til samræmis við 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar. Greinin varðar þau tilvik þegar umsækjandi hefur lagt fram sýni með umsókn sinni í samræmi við 8. gr. laganna. Í slíkum tilvikum getur umsækjandi farið fram

á að sýnið sé aðeins afhent sérfræðingum. Með breytingunni er lagt til að umsækjandi geti einnig farið fram á slíkt þegar umsókn er hafnað eða hún er afturkölluð, en þó aðeins í tuttugu ár frá umsóknardegi. Samsvarandi ákvæði er að finna í evrópska einkaleyfasáttmálanum (b-lið 1. mgr. reglu 23 h í framkvæmdareglum evrópska einkaleyfasáttmálans).

Um 6. gr.

Með grein þessari er lagt til að ákvæði 12. gr. líftæknitilskipunarinnar, er varða nauðungarleyfi, verði lögleidd. Lagt er til að þau ákvæði 12. gr., sem varða réttindi einkaleyfishafa (þ.e. nauðungarleyfi yrkishafa), séu tekin inn í einkaleyfalögin en gert er ráð fyrir að samsvarandi breytingar verði gerðar á lögum um yrkisrétt að því er réttindi yrkishafa varðar (þ.e. nauðungarleyfi einkaleyfishafa).

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að unnt sé að öðlast nauðungarleyfi þegar hagnýting er háð einkaleyfi annars, svipað og í 46. gr. gildandi laga. Með ákvæðinu er verið að tryggja að unnt sé að hagnýta yrki sem er háð veittu einkaleyfi. Skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis er að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraskref og hafi verulegan ábata í för með sér með tilliti til viðkomandi tegundar eða ættkvíslar (d. *art eller slægt)*. Skilyrði fyrir nauðungarleyfi eru þau sömu og í 46. gr. gildandi laga. Ákvæði, sem svara til 12. gr. tilskipunarinnar varðandi greiðslu fyrir nauðungarleyfi, er að finna í 50. gr. gildandi laga þar sem segir hvaða aðili skeri úr um hvort veita skuli nauðungarleyfi. Ákvæði 49. gr. gildandi laga, þess efnis að sá sem fer fram á nauðungarleyfi verði fyrst að hafa reynt að semja um nytjaleyfi, og einnig ákvæði um að nauðungarleyfi séu ekki einkanytjaleyfi (e. *exclusive),* eiga einnig við um þessa grein.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um svonefnd víxlnauðungarleyfi eins og í 2. mgr. 46. gr. gildandi laga. Ákvæðið varðar tilvik þegar einkaleyfishafi, samkvæmt samsvarandi reglum og í lögum um yrkisrétt, hefur fengið nauðungarleyfi til að hagnýta yrki. Yrkishafinn hefur samkvæmt ákvæðinu möguleika á að fá nauðungarleyfi til að hagnýta vernduðu uppfinninguna. Ákvörðun um það hvort veita eigi nauðungarleyfi, með hvaða skilyrðum og hve hátt gjald skuli greiða fyrir nauðungarleyfið er í höndum Héraðsdóms Reykjavíkur skv. 50. gr. gildandi laga.

Um 7. og 8. gr.

Breytingar þessar eru til komnar vegna 13. gr. líftæknitilskipunarinnar, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða tilskipun nr. 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, inn í núgildandi lög um einkaleyfi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

349. Frumvarp til laga [304. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,01149% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,2415% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,047% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,0059% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,09% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,09% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,01367% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00705% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,65% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Íslandspóstur hf. skal vegna innlánsreikninga Póstgírós greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,01149% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af heildarfjárhæð útistandandi húsbréfa, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Meðfylgjandi er skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laganna ásamt áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds. Í framhaldi af athugun ráðuneytisins á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er þetta frumvarp um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna lagt fram.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll hækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 259,7 millj. kr. árið 2003 í 289,5 millj. kr. árið 2004 eða um rúm 11%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 266,1 millj. kr. en 288,7 millj. kr. á því næsta sem er 8,5% hækkun.

Fjármögnun fjármálaeftirlita og þátttaka í mótun reglna.

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, á 128. löggjafarþingi kom fram að sérstaklega hefði verið rætt í nefndinni um aukin verkefni Fjármálaeftirlitsins, m.a. vinnu fyrir opinbera aðila og þátttöku í samstarfi fjármálaeftirlita í Evrópu vegna undirbúnings að setningu nýrra laga og reglna. Óskaði nefndin eftir því að viðskiptaráðuneytið færi yfir hver kostnaður væri við þessi auknu verkefni og jafnframt yrði skoðað hvernig greitt væri fyrir fjármálaeftirlit í nágrannaríkjunum.

Hér á landi greiða eftirlitsskyldir aðilar allan kostnað við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þar á meðal kostnað við mótun og samræmingu reglna og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi fjármálaeftirlita. Þetta er langalgengasta fyrirkomulagið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi skipan mála hefur rutt sér til rúms samfara því að banka-, verðbréfa- og vátryggingaeftirlit hafa í sívaxandi mæli verið sameinuð í eitt heildstætt fjármálaeftirlit, líkt og hér á

landi. Fyrstu sameinuðu fjármálaeftirlitin í Evrópu voru í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Lúxemborg. Á síðasta áratug fylgdu fjölmörg ríki fordæmi þeirra, þar á meðal Ísland. Þróunin er enn í sömu átt, enda eru mörg eftirlit nýlega sameinuð eða sameining eftirlita er í burðarliðnum.

Í 29 eftirlitsstofnunum sem viðskiptaráðuneytið hefur upplýsingar um í öllum EES-ríkjunum 18 eru tvær þar sem kostnaði er skipt á milli eftirlitsskyldra aðila og ríkisins. Það er í austurríska fjármálaeftirlitinu og í einni af þremur eftirlitsstofnunum í Hollandi. Í átta eftirlitsstofnunum er kostnaðurinn alfarið greiddur af fjárlögum eða af seðlabanka. Þetta er aðallega í þeim ríkjum þar sem bankaeftirlit heyrir undir seðlabanka. Í öðrum eftirlitsstofnunum er allur kostnaður greiddur af eftirlitsskyldum aðilum.

Samþykkt fjárveitinga til fjármálaeftirlita er með ólíkum hætti eftir ríkjum. Á Norðurlöndunum er meginreglan sú að ráðuneyti fjármálamarkaðar fara yfir tillögur fjármálaeftirlita með hliðsjón af þörf fyrir eftirlit og stefnu viðkomandi ríkisstjórnar. Fjárveitingar til fjármálaeftirlita eru síðan samþykktar á löggjafarþingi. Mismunandi er í EES-ríkjunum hvort eftirlitsskyldir aðilar eiga möguleika á því að koma sjónarmiðum sínum um rekstrarkostnað fjármálaeftirlits á framfæri. Viðskiptaráðuneytið hefur upplýsingar um það að annars staðar á Norðurlöndum komi reglulega upp umræða um þátt ráðuneyta fjármálamarkaðar í kostnaði við undirbúning laga og reglna, en hún hefur ekki til þessa leitt til breytinga á fjármögnun fjármálaeftirlita.

Í framangreindu áliti efnahags- og viðskiptanefndar er óskað eftir upplýsingum um kostnað vegna aukinna verkefna, m.a. vinnu fyrir opinbera aðila og þátttöku Fjármálaeftirlitsins í evrópsku samstarfi. Rétt er að taka fram að Fjármálaeftirlitið vinnur engin verkefni fyrir ráðuneyti. Verkaskipting á milli ráðuneyta og Fjármálaeftirlitsins er ákveðin af Alþingi. Fjármálaeftirlitið vinnur að mótun og samræmingu reglna á fjármálamarkaði í samræmi við lög og tekur þátt í samstarfi evrópskra fjármálaeftirlita sem miða að slíkri samræmingu. Mótun og samræming reglna er eðlilegur þáttur í opinberu fjármálaeftirliti samkvæmt alþjóðlegum viðmiðunum.

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um umfang þeirra verkefna sem lúta að mótun reglna, samræmingu eftirlits og samskiptum við fjármálaeftirlit í Evrópu. Þetta samstarf miðar fyrst og fremst að styrkingu og samræmingu eftirlits á fjármálamarkaði, en mótun reglna er hvarvetna talin óaðskiljanlegur hluti þessa. Því er ógerlegt að greina á milli mótunar reglna og samræmingar eftirlits. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, sem teknar eru úr verkbókhaldi þess á tímabilinu 1. janúar 2002 til 30. júní 2003, er skráður tímafjöldi í umsögnum um frumvörp, reglugerðir og fyrirspurnir frá Alþingi 350, fjöldi tíma vegna þátttöku í störfum nefnda við mótun löggjafar er 1.050 og fjöldi tíma við mótun reglna um 300. Fjöldi tíma í samskiptum við evrópsk fjármálaeftirlit í tengslum við verðbréfanefnd evrópskra fjármálaeftirlita (CESR), bankanefndir eftirlitanna (Groupe de Contact, CEBS og BAC) og vátrygginganefndir (IC og CEIOPS) var 2.250. Samtals eru þetta 3.950 tímar á þessu 18 mánaða tímabili sem er um 5,5% af skráðum heildartímum í verkbókhaldi Fjármálaeftirlitsins.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2004, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2004. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. september ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2004. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni 15. ágúst sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2004. Samráðsnefndin skilaði ábendingum til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni hinn 26. ágúst sl. og var fjallað um þær á fundi með nefndinni sama dag. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði síðan um ábendingar nefndarinnar á stjórnarfundi 2. september sl. og í kjölfarið var samráðsnefndinni gefið færi á að koma endanlegu áliti sínu á framfæri. Fylgir það hjálagt.

Í skýrslu þessari er að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2002 og skýringar með endurskoðaðri rekstraráætlun vegna ársins 2003. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2004 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2004.

Sérstök greinargerð fylgir skýrslunni, „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár", en þar er m.a. fjallað um þróun eftirlits á fjármálamarkaði, áhrif nýlegra lagabreytinga á eftirlitsstarfsemina og starfstilhögun við eftirlitsstarfsemina.

Skýrslunni fylgja einnig tvær töflur þar sem gerð er grein fyrir áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (tafla 1) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang (tafla 2). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2002.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu á árinu 2002 um 211,1 millj. kr. Ýmsar tekjur námu um 6,1 millj. kr. og vaxtatekjur námu um 5,4 millj. kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu um 271,8 millj. kr. Eignir í árslok 2002 námu samtals um 3,1 millj. kr. og skuldir um 4,4 millj. kr.

Höfuðstóll í ársbyrjun nam um 47,9 millj. kr. Tekið var tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds sem samþykkt var á Alþingi fyrir árið 2002. Tekjum og höfuðstól var ráðstafað til reksturs á árinu og var eigið fé í árslok 2002 neikvætt um 1,3 millj. kr. eða 0,5% af gjöldum samtals.

Gert hafði verið ráð fyrir 3,4 millj. kr. tekjuafgangi miðað við endurskoðaða áætlun á miðju ári 2003. Frávik urðu frá endurskoðaðri áætlun í launakostnaði sem nam 0,5% af launum og launatengdum gjöldum. Ástæða þessa fráviks er einkum tvíþætt. Annars vegar varð skörun við mannabreytingar og hins vegar naut Fjármálaeftirlitið starfa lausráðins fólks í

meira mæli en gert hafði verið ráð fyrir vegna brýnna verkefna. Enn fremur urðu frávik frá endurskoðaðri áætlun vegna sérfræðikostnaðar sem reyndist meiri í árslok en gert hafði verið ráð fyrir.

Um rekstur FME á árinu 2002 er að öðru leyti vísað til ársreiknings og skýringa með honum.

2. Endurskoðuð rekstraráætlun vegna ársins 2003.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2004 hefur FME endurskoðað rekstraráætlun þessa árs. Í töflu 1 er birt endurskoðuð rekstraráætlun miðað við júní 2003 (dálkur 2), í samanburði við upphaflega áætlun.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði rúmum tveimur milljónum króna lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Áætlað er að til ráðstöfunar samtals á árinu 2003 verði 262,4 millj. kr. í stað 268,4 millj. kr. eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir eða 2,2% lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að upphafleg áætlun um tekjur vegna eftirlitsgjalds standist. Við ákvörðun álagningarhlutfalla skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var gert ráð fyrir að innheimtar yrðu 259,7 millj. kr. Frávik stafa hins vegar af neikvæðum höfuðstól í upphafi árs, sbr. umfjöllun í kafla 1 hér að framan. Þá stafar frávikið einnig af því að nú er ekki gert ráð fyrir öðrum tekjum í endurskoðaðri áætlun þar sem yfirlestur útboðslýsinga af hálfu Fjármálaeftirlitsins er ekki fyrirsjáanlegur.

Gert er ráð fyrir að gjöld umfram tekjur muni nema 3,8 millj. kr. samkvæmt áætlun þegar tekið hefur verið tillit til neikvæðs höfuðstóls í upphafi árs.

Helstu frávik gjalda frá upphaflegri áætlun eru að endurmenntunar- og skólakostnaður verði 400 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir, en fleiri starfsmenn FME sækja námskeið en upphaflega var gert ráð fyrir. Rafmagn, hiti og húsnæði mun verða 350 þús. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem FME fékk bakreikning frá fyrra ári frá Rekstrarfélaginu Suðurlandsbraut 32 sem áætlaði gjöld sín of lágt. Liðurinn útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl. mun vera 800 þús. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna vanáætlunar í upphafi. Á móti þessum hækkunum á áætluninni er gert ráð fyrir að sérfræðikostnaður verði 1.800 þús. kr. lægri en upphaflega var áætlað, en rétt er að taka fram að áætlanir vegna þess liðar eru erfiðleikum bundnar. Eins hefur eignakaupum verið slegið á frest til að mæta öðrum hækkunum í áætluninni og er gert ráð fyrir að þau verði 800 þús. kr. lægri en gert var ráð fyrir.

Þá eru þátttökugjöld vegna erlends samstarfs áætluð 1,9 millj. kr. í endurskoðaðri áætlun í stað 3 millj. kr. Ástæða þessa er einkum að þátttökugjöld vegna samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR, áður FESCO) höfðu ekki verið ákveðin við gerð upphaflegrar áætlunar og reyndust lægri en áætlað hafði verið.

Í 3. gr. laga nr. 99/1999 segir að sé áætlað að rekstrartap verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skuli taka tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs. Áætlað rekstrartap samkvæmt endurskoðaðri áætlun nemur 3,8 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til fráviks frá áætlunum í rekstrarniðurstöðu ársins 2002.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2004.

Í töflu 1 er birt rekstraráætlun fyrir árið 2004 í samanburði við upphaflega rekstraráætlun og endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Helstu forsendur rekstraráætlunarinnar.

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu stærðir að nokkru eða öllu leyti, svo sem laun og launatengd gjöld, stærð húsnæðis og umfang tölvubúnaðar. Fjallað er ítarlega um þessa þætti í greinargerð um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára sem birt er í fylgiskjali með greinargerð þessari.

Launakostnaður.

Gert er ráð fyrir því í fyrirliggjandi drögum að áætlun fyrir næsta ár að bætt verði við starfskraft FME sem nemur 1½ ársverki. Því til viðbótar verði svigrúm til að ráða sumarstarfsmenn og námsfólk í tímabundin verkefni.

Launabreytingar fylgja kjarasamningum, en starfsmenn FME þiggja laun samkvæmt kjarasamningum bankamanna og kjarasamningum opinberra starfsmanna. Samkvæmt þessum kjarasamningum er gert ráð fyrir 3% launahækkun frá 1. janúar 2004. Einnig er gert ráð fyrir öðrum samningsbundnum og starfsaldurstengdum breytingum á launum og launatengdum gjöldum. Þá er í drögunum gert ráð fyrir launabreytingum sem fylgja nýráðningum starfsfólks. Kjarasamningar bankamanna eru lausir frá 1 október 2004 og hjá opinberum starfsmönnum frá 1. desember 2004. Erfitt er að áætla áhrif þessa á launakostnað.

Að teknu tilliti til framangreindra forsendna er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld á árinu 2004 nemi um 202,6 millj. kr. eða 8,3% hækkun frá endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár.

Laun stjórnarmanna eru ákveðin af ráðherra. Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að fyrirhugaðar séu breytingar á þeim á næsta ári.

Kostnaður við endurmenntun.

Samkvæmt símenntunarstefnu FME er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3% af heildarlaunum. Ekki er í drögum að áætlun gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 3, 5, 10, 14 og 16.

Rekstur á húsnæði.

Húsaleiga byggist á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður vegna tölvubúnaðar haldist nær óbreyttur á næsta ári, sé miðað við endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Innifalin í þessum kostnaði er 2,5 millj. kr. hækkun vegna gagnagrunnskerfis sem fyrirhugað er að koma upp. Á móti kemur því lækkun um svipaða fjárhæð á öðrum reglulegum tölvukostnaði. Áætlunin er byggð á reynslu síðustu ára og fjölda starfsfólks. Eins og nefndinni er kunnugt hefur FME tekið nær allan tölvubúnað á leigu í stað þess að kaupa hann. Reglulegur rekstrarkostnaður er því nokkuð hár, en stofnkostnaður að sama skapi minni.

Ferðakostnaður og kostnaður vegna funda.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður haldist óbreyttur milli ára. Gert er ráð fyrir 60 ferðum á næsta ári eins og árið 2003. Ítarlegt yfirlit yfir erlent samstarf Fjármálaeftirlitsins er birt á heimasíðu þess.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda, þ.e. reksturs samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR, áður FESCO), samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita, Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervision (CEIOPS), og samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita, Committee of European Banking Supervisiors (CEBS). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum en rekstraráætlun fyrir þær liggur ekki fyrir. Aðild íslenskra stjórnvalda að alþjóðasamtökum á sviði fjármálaeftirlits er mikilvægur þáttur í að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar, enda gerðar kröfur um að hver þjóð fyrir sig uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur í eftirliti og umgjörð fjármálamarkaðar. Nánar er fjallað um þetta í kafla 2 í meðfylgjandi greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára.

Annar kostnaður.

Aðrir kostnaðarliðir eru byggðir á reynslu fyrri ára. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á þeim liðum.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur.

Eins og kunnugt er fær Fjármálaeftirlitið vexti af innstæðu á reikningi Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir öðrum tekjum en vaxtatekjum.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2004.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur eins og áður gert athugun á því hvort ástæða sé til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins, með tilliti til þess hvernig ráðstöfunartími í eftirliti hefur á síðustu árum fallið á einstaka flokka fjármálafyrirtækja. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi til svipaðrar niðurstöðu og fyrri ár. Eins og áður má merkja lítils háttar breytingar á tímaskiptingu milli ára sem þó gefa ekki tilefni til verulegra breytinga.

Mælingar sýna þó að meiri tími hefur farið í eftirlit með verðbréfasjóðum og rekstrarfélögum þeirra en áður. Sú breyting tengist nýjum lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem gildi tóku 1. júlí sl. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, þegar horft er til þessara tveggja þátta, að eðlilegt sé að auka vægi rekstrarfélaga verðbréfasjóða (áður verðbréfasjóðir og rekstrarfélög) við ákvörðun um álagningarhlutföll næsta árs. Þá þykir einnig rétt að leggja til að lágmarksgjöld þessara félaga verði 400 þús. kr. sem er sama lágmarksgjald og gildir vegna lánastofnana, en gildandi lágmarksgjald vegna rekstrarfélaga er 150 þús. kr. og verðbréfasjóða 250 þús. kr.

Þá er í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins einnig lagt til að lágmarksgjald á verðbréfafyrirtæki verði 400 þús. kr. en samkvæmt gildandi lögum eru þetta gjald 250 þús. kr. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir breytingu á lágmarksgjaldi vegna verðbréfamiðlana.

Í meðfylgjandi töflu nr. 2 eru álagningarhlutföll birt með hliðsjón af drögum að rekstraráætlun.

Tafla 1. Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins.

Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2004.

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2003 Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun	Áætlun vegna 2004	Breyting %	Breyting %
Rekstrarkostnaður:	**1**	**2**	**3**	**D2 til D3**	**D1 til D3**
1 Laun og launatengd gjöld	187.210	187.120	202.617	8,3%	8,2%
2 Stjórnarlaun	6.400	6.540	6.400	-2,1%	0,0%
3 Starfsmannaþj., kaffi, fundir	2.600	2.700	2.800	3,7%	7,7%
4 Íþrótta- og gististyrkur, framlag til SFME	2.200	2.000	2.000	0,0%	-9,1%
5 Endurm.kostnaður og skólakostnaður	1.600	2.000	2.000	0,0%	25,0%
6 Húsaleiga	16.570	16.480	17.150	4,1%	3,5%
7 Rafmagn, hiti, húsfélag	1.700	2.050	2.000	-2,4%	17,6%
8 Símakostnaður	1.740	1.700	1.800	5,9%	3,4%
9 Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	1.500	2.300	2.300	0,0%	53,3%
10 Bækur og ritföng	2.700	2.900	2.900	0,0%	7,4%
11 Póstkostnaður	570	570	600	5,3%	5,3%
12 Rekstur tölvub. og sérfr.þj. v. tölvumála	16.570	16.570	17.000	2,6%	2,6%
13 Sérfræðikostnaður	3.000	1.200	3.000	150,0%	0,0%
14 Ferðakostnaður erlendis	10.800	10.800	10.800	0,0%	0,0%
15 Ferðakostnaður innanlands	1.500	1.800	1.800	0,0%	20,0%
16 Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	3.000	1.900	4.700	147,4%	56,7%
17 Kostnaður vegna funda innanlands	350	200	350	75,0%	0,0%
18 Eignakaup	2.000	1.200	2.000	66,7%	0,0%
19 Öryggisgæsla	700	700	700	0,0%	0,0%
20 Ræsting, ræstingarvörur	2.700	2.700	2.820	4,4%	4,4%
21 Ýmis gjöld og þjónusta	3.000	2.700	3.000	11,1%	0,0%
23 **Gjöld alls**	268.410	266.130	288.737	8,5%	7,6%
24 **Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	3.390	-1.313	-3.771		
25 **Álagt eftirlitsgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999**	259.720	259.672	289.508		
26 **Vaxtatekjur**	4.500	4.000	3.000		
27 **Aðrar tekjur**	800	0	0		
28 **Til ráðstöfunar samtals**	268.410	262.359	288.737		
29 **Til ráðstöfunar umfram gjöld**	0	-3.771	0		
30 **Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda**	4.350	5.000	5.500		
31 **Tekjur úrskurðarnefnda**	4.350	5.000	5.500		

Sundurliðun útreiknings á launum og launatengdum gjöldum vegna ársins 2004.

	Áætlun 2004
Launagjöld m.v. óbreytta starfsemi	187,8
3% launahækkun, sbr. kjarasamningar	5,7
Launagjöld v. nýráðninga o.fl.	9,1
	202,6

Tafla 2. Áætluð álagning eftirlitsgjalds árið 2004 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld.

Miðað er við álagningarþörf 289.508 þús. kr. samkvæmt rekstraráætlun FME vegna ársins 2004.
Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2004.

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr.	Útr.-stofn *)	Álagt eftirlits-gjald í jan. 2003	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2003	Lág-marks-gjald 2003	Álagningar-stofnar sam-kvæmt árs-reikningum ársins 2002	Áætluð álagn-ingarhlutföll – % og fasta-gjöld vegna ársins 2004, %	Gildandi álagningar-hlutföll – % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2004[1]	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2004
Lánastofnanir - *1. töluliður samtals*			*132.094*	*50,81*		*1.271.203.745*	0,01149	0,0108	*144.939*	*50,06*
Viðskiptabankar	*1*	e	102.454	39,41	400	987.574.209	0,01149	0,0108	113.472	39,19
Sparisjóðir	*1*	e	20.994	8,08	400	172.720.134	0,01149	0,0108	22.127	7,64
Eignarleigufyritæki	*1*	e	2.028	0,78	400	30.319.607	0,01149	0,0108	1.598	0,55
Aðrar lánastofnanir	*1*	e	6.618	2,55	400	80.589.795	*0,01149*	*0,0108*	7.741	2,67
Vátryggingafélög: - *2. töluliður samtals*			*59.709*	*22,97*	400				*63.681*	*22,00*
Af bókfærðum fjumtryggingariðgjöldum	*2*	i	59.617	22,93		25.379.828	0,24150	0,25355	63.192	21,83
Af bókf. fengnum endurtryggingariðgj.	*2*	i	90	0,03		218.032	0,04700	0,0521	489	0,17
Vegna söfnunarliftrygginga	*2*	i	2	0,00		6.046	0,00590	0,00658	0	0,00
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	2.845	1,09	150		0,09000	0,09	3.367	1,16
Verbréfafyrirtæki 2)	*4*	e	3.951	1,52	250	3.489.820	0,09000	0,0885	4.480	1,55
Verðbréfamiðlanir 2)	*4*	e	750	0,29	250	31.880	0,09000		500	0,17
Verðbréfasjóðir 3)	*4*	e	11.965	4,60	250			0,01068		0,00
Rekstrarfélög 3)	*4*	e	900	0,35	150	134.641.707	0,01367	0,08593	18.877	6,52
- *4. töluliður samtals*			*17.566*	*6,76*					*23.856*	*8,24*
Kauphallir	*5*	t	1.324	0,51	250	297.703	0,50000	0,5	1.489	0,51
Lífeyrissjóðir	*6*	el	41.780	16,07	150-600	678.930.380	0,00705	0,00648	47.865	16,53
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	923	0,36	250	158.197	0,65000	0,76297	1.028	0,36
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:										
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	1.750	0,67	250		250	250	1.250	0,43
Póstgíróstofa Íslandspósts hf.	*8*	f	150	0,06	150		150	150	150	0,05
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	*9*	e	597	0,23	400	4.398.970	0,01149	0,0101	505	0,17
Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs	*9*	e	925	0,36	400	269.643.597	0,00040	0,0004	1.079	0,37
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	150	0,06	150		150	150	150	0,05
Tryggingarsjóður sparisjóða	*10*	f	150	0,06	150		150	150	150	0,05
Samtals			259.963	100,00					**289.508**	100,00

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald*

1) Tekið hefur verið tillit áhrifa lágmarksgjalda og ákvæðis í 10. tölul. 5. gr. l. 99/1999 er varðar 9/10 hluta eignaraðild.

2) Áður í einu lagi sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Nú skipt upp með tilvísun til l. nr. 161/2002. Gert ráð fyrir að lágmarksgjald vegna verðbréfafyrirtækja verði 400 þús. kr. en vegna verðbréfamiðlana 250 þús. kr.

3) Skv. l. nr. 30/2003 skal starfsemi verðbréfasjóða slitið fyrir lok ársins 2003. Rekstrarfélögin taka við rekstrinum. Álagningarstofn hér er áætlaðar heildareignir (e) nýrra rekstrarfélaga, þ.e. e. verðbrsj. 2002 + e. rekstrarfél. 2002. Gert ráð fyrir að lágmarksgjald verði 400 þús. kr.

Viðauki.

Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.

Inngangur.

Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi á árinu 2001 tilmælum til eftirlitsins um að slík umfjöllun fylgdi árlegri greinargerð með rekstraráætlun.[1]

Þróun fjármálamarkaða og eftirlits með fjármálastarfsemi hefur verið mjög hröð á undanförnum árum og ekkert útlit er fyrir að þar verði lát á. Því er miklum erfiðleikum bundið að gera grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins til lengri tíma en eins árs í senn.

Í því skyni að gefa mynd af því hvert stefnir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og rekstri verður hér á eftir leitast við að lýsa þróun eftirlits hér og í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við (1. kafli). Fjallað verður um nýlegar og fyrirsjáanlegar breytingar á lagaumhverfi og möguleg áhrif þeirra á rekstur Fjármálaeftirlitsins (2. kafli). Þá verður fjallað um innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins, starfstilhögun og markmið í rekstri að því er starfsmannamál varðar (3. kafli). Að síðustu er lagt mat á hvert stefnir í rekstri Fjármálaeftirlitsins (4. kafli).

1. Þróun eftirlits á fjármálamarkaði.

Þróun starfsemi Fjármálaeftirlitsins tekur að verulegum hluta mið af þróun erlendis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Íslenskt fjármálaumhverfi er sífellt borið saman við fjármálamarkaði annars staðar og með opnun íslensks fjármálamarkaðar og aukinni starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis kemur æ betur í ljós þörfin á því að eftirlit á fjármálamarkaði hér á landi standist sambærilegar kröfur og gerðar eru annars staðar. Þannig er horft til gæða regluverks og opinbers eftirlits við mat á samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar. Alþjóðlegt starf við þróun eftirlits miðar einnig að frekari samræmingu eftirlits milli landa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum atriðum er varða alþjóðlega mótun eftirlits sem taka verður tillit til við mótun eftirlits hér á landi.

1.1. Þróun í tilhögun og umfangi fjármálaeftirlits á erlendum vettvangi.

Skipulag þeirra stofnana sem sinna eftirliti á fjármálamarkaði er ólíkt frá einu landi til annars. Víða er eftirlit með lána-, verðbréfa- og vátryggingamarkaði aðskilið eftir sviðum. Sú skipan að sameina eftirlit á öllum sviðum fjármálamarkaðar á hins vegar vaxandi fylgi að fagna. Í Evrópu var þeirri skipan fyrst komið á í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á árunum 1986–1991. Sífellt fleiri ríki hafa fetað sömu braut. Þeirra á meðal eru Bretland, Írland, Þýskaland, Austurríki og Belgía. Nokkur hinna tilvonandi aðildarríkja Evrópusambandsins hafa farið sömu leið. Fleiri ríki innan Evrópusambandsins eru að huga að breytingum. Þær

---

[1] Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem lagt var fram við 2. umræðu frumvarpsins á 127. löggjafarþingi 2001–2002 (þskj. 529–230. mál) lagði nefndin til að þegar frumvarp sama efnis yrði lagt fyrir Alþingi á næsta haustþingi yrði horft lengra en verið hefur hingað til og t.d. lagt mat á starfsmannaþörf Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára þaðan í frá.

breytingar sem urðu á skipulagi eftirlits hér á landi með stofnun Fjármálaeftirlitsins eru því í samræmi við alþjóðlega og evrópska þróun á þessu sviði.

Alþjóðleg þróun eftirlits hefur enn fremur verið í átt til aukins umfangs. Áföll á fjármálamörkuðum kalla á endurmat á lögum og reglum og hafa í mörgum tilvikum leitt til þess að fjármálaeftirlitum eru veittar ríkari heimildir til fyrirbyggjandi aðgerða og fleiri verkefni. Ýmiss konar áföll á fjármálamörkuðum víða um heim hafa orðið þess valdandi að víðtæk samstaða hefur myndast á alþjóðavettvangi um nauðsyn virks og öflugs eftirlits með fjármálastarfsemi, eftirlits sem byggist á traustum og alþjóðlega viðurkenndum kjarnareglum. Alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann hefur verið falið að fylgjast með og stuðla að því að viðunandi umgjörð og regluverk sé til staðar í aðildarríkjum sínum eins og vikið verður að í kafla 1.3 hér á eftir. Svokölluð Basel-nefnd um bankaeftirlit, sem starfar á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans (BIS) í Basel, og önnur samtök og stofnanir á flestum sviðum fjármálamarkaðar hafa sett víðtækar reglur sem varða flest svið fjármálaviðskipta, og komið hefur verið á fót margháttuðu alþjóðlegu samstarfi sem varðar fjármálastöðugleika, svo sem í Financial Stability Forum. Allt endurspeglar þetta viðleitni til þess að draga eftir föngum úr hættunni á áföllum á fjármálamarkaði. Þá má nefna í þessu sambandi að áföll sem tengjast svokölluðu Enron-hneyksli í Bandaríkjunum hafa vakið upp umræðu og aðgerðir sem miða að auknu opinberu eftirliti. Löggjafarþróun á Evrópska efnahagssvæðinu hefur ótvírætt verið í þessa átt eins og nánar verður vikið að síðar.

Afleiðing af auknu umfangi er aukinn rekstrarkostnaður eftirlita samfara fjölgun starfsfólks. Rekstrarkostnaður eftirlita í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur hækkað um 19–55% á árunum 1999–2003. Til samanburðar má nefna að rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hér á landi hefur aukist um tæplega 54% á sama tímabili. Rétt er að taka fram að á árinu 1999 var starfsmannafjöldi í Fjármálaeftirlitinu í lágmarki eins og fram kemur í umfjöllun í kafla 3.2 hér á eftir.

1.2. Breytingar á eftirliti og samstarfi fjármálaeftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu.

Miklar breytingar standa nú yfir á samstarfi fjármálaeftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu í tengslum við breytingar á ákvörðunarferli Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði. Breytingunum er m.a. ætlað að tryggja meiri samræmingu í eftirliti á fjármálamarkaði og reglum um fjármálastarfsemi. Þannig á að skapa grundvöll fyrir aukinni fjármálastarfsemi og þjónustu milli landa.

Ákvörðun um þessar breytingar er byggð á niðurstöðum svokallaðrar Lamfalussy-skýrslu og felur í sér 4 stig (levels):

- Á 1. stigi eru tilskipanir eða reglugerðir en í þeim verður kveðið á um undirstöðuatriði í löggjöf á fjármálamarkaði.
- Á 2. stigi verða frekar útfærðar reglur mótaðar af framkvæmdastjórn ESB með aðstoð eða ráðgjöf frá sérstakri samstarfsnefnd eftirlita á viðkomandi sviði fjármálamarkaðar og staðfestingu sérstakra nefnda sem starfa á vegum framkvæmdastjórnarinnar og í eiga sæti fulltrúar ráðuneyta aðildarríkja.
- Á 3. stigi er samstarfsnefnd eftirlita á viðkomandi sviði ætlað að tryggja aðlögun og samræmi í reglum og framkvæmd milli landa. Nefndirnar munu í því skyni gefa út tilmæli, almenna staðla og tillögur um atriði sem ekki eru útfærð sérstaklega í tilskipunum eða reglugerðum ESB.
- Á 4. stigi er lögð áhersla á meiri eftirfylgni við framkvæmd reglnanna með virkum afskiptum og samstarfi framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríki og eftirlitsaðila.

Ný eftirlitsnefnd á verðbréfasviði (*CESR, Committee of European Securities Regulators*) tók til starfa á árinu 2001, en hún var stofnuð á grunni eldri samstarfsvettvangs verðbréfaeftirlita, FESCO (*Forum of European Securities Commissions*). Enn fremur hefur nefnd á þessu sviði tekið til starfa á vegum framkvæmdastjórnarinnar (*European Securities Committee*).

Nú er verið að hrinda í framkvæmd hliðstæðum breytingum í ákvörðunarferli og eftirlitssamstarfi á bankasviði og vátrygginga- og lífeyrissviði. Í breytingunum felst m.a. að banka-nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar (*Banking Advisory Committee*), þar sem nú sitja fulltrúar ráðuneyta, fjármálaeftirlita og seðlabanka, verður skipt í tvær nefndir, annars vegar nefnd á 2. stigi ákvörðunarferlis (systurnefnd ESC hér að framan) og hins vegar nefnd á 3. stigi (systurnefnd CESR). Á vátrygginga- og lífeyrismarkaði verður núverandi nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar (*Insurance Committee*) breytt í nefnd skipaða ráðuneytum aðildarríkja (systurnefnd ESC) og núverandi samstarfsvettvangi vátryggingaeftirlita (*The Conference of the Insurance Supervisory Authorities of Member States of the EU*) verður breytt í nefnd á 3. stigi, *Committee of Insurance and Pensions Supervisors* (CEIOPS, systurnefnd CESR).

Fjármálaeftirlit á Íslandi og í Noregi eru aðilar að eftirlitsnefnd á verðbréfasviði. Sömu eftirlit auk eftirlitsins í Lichtenstein verða áheyrnaraðilar að eftirlitsnefndum á bankasviði og vátrygginga- og lífeyrissviði, en þessi lönd hafa einnig verið áheyrnaraðilar að núverandi eftirlitssamstarfi á þessum sviðum.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í framangreindu samstarfi fjármálaeftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu og mun taka þátt í þeim breytingum sem nú standa fyrir dyrum. Fjármálaeftirlitið mun einnig greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði nefndanna, og greiðir nú um 1,1% af rekstrarkostnaði CESR, en hlutdeild í kostnaði nefnda á banka og vátrygginga/lífeyrissviði hefur ekki verið endanlega ákveðin.

Í framangreindum breytingum felst m.a. að gerð verður ríkari krafa en áður um samræmingu eftirlits innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nýjar samstarfsnefndir eftirlita munu m.a. gefa út grunnreglur um samstarf og túlkun EES-réttar og fylgjast með samræmdri beitingu laga og reglna.

Með breytingunum hefur einnig verið gerður skýr greinarmunur á verkefnum fjármálaeftirlita annars vegar og verkefnum ráðuneyta hins vegar. Þannig eiga ráðuneytin fulltrúa í nefndum á öðru stigi ákvörðunarferilsins, en fjármálaeftirlitin starfa saman á sérstökum vettvangi.

1.3. Athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins – grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur um nokkurra ára skeið gert sérstakar athuganir á fjármálastöðugleika landa (FSAP, Financial Stability Assessment Program). Meðal annars er kannað hvort reglur og eftirlit með fjármálastarfsemi í viðkomandi löndum standist grunnreglur um árangursríkt eftirlit sem alþjóðasamtök á vettvangi opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi hafa sett. Skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um þessar athuganir eru að jafnaði gerðar opinberar á heimasíðu sjóðsins og gefa mikilvægan samanburð milli landa og upplýsingar um stöðu þessara mála frá einu landi til annars. Um leið hafa þær vægi í mati á samkeppnishæfni fjármálamarkaða.

Árið 2001 birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skýrslu um athugun sína á fjármálastöðugleika á Íslandi og mat á framkvæmd alþjóðlegra grunnreglna í eftirliti. Sjóðurinn lagði til ýmsar

breytingar á löggjöf og eftirliti til að bregðast við veikleikum á fjármálamarkaði og í eftirliti með honum. Meðal annars lagði sjóðurinn til verulega stækkun á eftirlitinu.[2]

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er nú að leggja lokahönd á nýja skýrslu um fjármálastöðugleika á Íslandi. Skýrslan felur í sér endurskoðun á niðurstöðum fyrri skýrslu. Athugunin nú beindist fyrst og fremst að því að kanna breytingar sem orðið höfðu frá því að skýrslan frá 2001 var unnin. M.a. var farið yfir breytingar á eftirfylgni við grunnreglur um árangursríkt bankaeftirlit. Skýrsla sjóðsins verður væntanlega birt á heimasíðu hans í september nk.

Vikið er að meginniðurstöðum athugunarinnar nú í áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kynnti sér stöðu efnahagsmála hér á landi um mánaðamótin maí–júní sl. Álitið er að finna í íslenskri þýðingu á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Þar segir m.a.:

„13. Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sótti Ísland heim í apríl 2003 til að fylgja eftir athugun á fjármálastöðugleika (FSSA) sem gerð var árið 2001. Niðurstöður sendinefndarinnar staðfestu að ójafnvægi sem greindist í FSSA-skýrslunni frá 2001 er horfið og að meira jafnvægis gætir nú í áhættu fjármálageirans, m.a. fyrir tilstuðlan fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerða. Íslenskir bankar skiluðu auknum hagnaði á árunum 2001 og 2002 og bættu eiginfjárstöðu sína bæði árin í samræmi við tilmæli eftirlitsyfirvalda. Sparisjóðirnir áttu við rammari reip að draga en viðskiptabankarnir enda hlutfall vanskila og afskrifta af heildarútlánum hærra hjá þeim.

14. Búið er að efla lög og reglugerðir um fjármálastarfsemi ásamt því að styrkja fjármálaeftirlit og gera umfangsmiklar umbætur í samræmi við kjarnareglur Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP). Við fögnum nýjum lögum um fjármálafyrirtæki og tengdri löggjöf sem og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Í kjölfar skjótra og umfangsmikilla umbóta sem gerðar hafa verið á regluverki og framkvæmd fjármálaeftirlits frá því að FSSA-athugunin var gerð árið 2001 uppfyllir Ísland nú flest ákvæði BCP-reglnanna að undanskilinni reglu 11, vegna skorts á reglulegri skýrslugjöf banka um áhættu í útlánum til lánþega í öðrum löndum. Við hvetjum stjórnvöld til að halda vöku sinni á komandi árum vegna hættu á spennu í hagkerfinu, m.a. vegna hás skuldahlutfalls."

Þrátt fyrir að sjóðurinn hrósi stjórnvöldum, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu, fyrir aðgerðir sem styrkt hafa stöðugleika fjármálakerfisins hefur sjóðurinn fram að færa nokkrar ábendingar um áframhaldandi endurbætur. Nefna má þessar helstar:

- Að stjórnvöld þurfi að vera reiðubúin að endurskoða stærð Fjármálaeftirlitsins þar sem starf þess við að koma nýjum lögum í framkvæmd megi ekki koma niður á kjarnaeftirliti.
- Að Fjármálaeftirlitið þurfi að gefa út ýmsar reglur og verklagsreglur, t.d. gefa út opinberlega verklagsreglur um meðferð starfsleyfisumsókna og mat á hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum og reglur um ákvarðanir um eiginfjárhlutföll. Einnig þurfi að styrkja reglur um mat afskrifta í samræmi við framkomnar tillögur eftirlitsins.
- Styrkja þurfi reglulega upplýsingagjöf um útlánaáhættu lánastofnana erlendis.

Rétt er að taka fram að athugunin nú fól ekki í sér nýtt mat á eftirfylgni við grunnreglur um eftirlit á vátrygginga- og verðbréfasviði.

---

[2] Ítarleg grein var gerð fyrir niðurstöðum skýrslunnar í greinargerð um mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu sem unnin var á árinu 2001 og birt með frumvarpi til laga um breytingu á álagningarhlutföllum laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

2. Nýlegar og væntanlegar lagabreytingar – áhrif á Fjármálaeftirlitið.

Rétt er að rekja hér á eftir nýlegar og væntanlegar breytingar á löggjöf, en starfsumhverfi eftirlitsins ræðst að verulegu leyti af henni.

2.1. Breytingar á löggjöf.

Á þessu ári hafa ný lög tekið gildi á veigamiklum sviðum fjármálamarkaðar. Um er að ræða eftirfarandi löggjöf:

- Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, tóku gildi 1. janúar sl. Með þeim hafa ein lög verði sett um stofnun og rekstur viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana, verðbréfafyrirtækja, greiðslukorta- og rafeyrisfyrirtækja og eignarleigufyrirtækja. Lögin fela í sér ýmsar breytingar á starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpi því sem varð að lögum segir eftirfarandi:

  „Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru að langmestu leyti hinar sömu og í gildi eru í dag og byggjast á EES-samningnum. Þó má reikna með að þrjár nýjungar í frumvarpinu muni leiða til aukins eftirlits. Í fyrsta lagi mun rekstrarfélag verðbréfasjóðs fá starfsleyfi á fjármálamarkaði og getur opnað útibú eða stundað þjónustu án stofnunar útibús á EES-svæðinu í samræmi við breytingu á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að starfsleyfisumsóknir verði ítarlegri en áður og Fjármálaeftirlitið geti veitt og afturkallað leyfi til hluta þeirrar starfsemi sem viðkomandi tegund fjármálafyrirtækis stendur til boða að sækja um. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir fjármálafyrirtæki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þessi heimild er í samræmi við væntanlegar alþjóðlegar eiginfjárreglur. Gera má ráð fyrir mikilli vinnu Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækja á næstu árum við undirbúning innleiðingar nýrra eiginfjárreglna.

  Við samræmingu og einföldun lagaákvæða um fjármálafyrirtæki má reikna með að eftirlit með þeim geti orðið skilvirkara. Þetta vegur á móti auknu eftirliti vegna nýrra reglna í frum varpi þessu."
- Lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, tóku gildi 1. júlí sl. Kveðið er á um starfshætti á verðbréfamarkaði sem fjármálafyrirtæki, útgefendur skráðra verðbréfa og aðrir sem koma að verðbréfamarkaði starfa eftir. Lagaákvæði um þetta höfðu tekið miklum breytingum nýverið, m.a. með endurbótum á ákvæðum laga um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti og ákvæðum um almennt útboð verðbréfa. Fjármálaeftirlitið hefur lagt mikla vinnu í að koma þeim lagabreytingum til framkvæmda. Aukið umfang í starfi Fjármálaeftirlitsins við að tryggja eftirfylgni við þau lagaákvæði hefur verið vanmetið. Þær breytingar sem tóku gildi með nýjum lögum nú og krefjast munu mikillar vinnu Fjármálaeftirlitsins snúa að því að undirbúa beitingu stjórnvaldssekta sem Fjármálaeftirlitinu er nú heimilt að ákveða vegna brota á ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga.
- Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, tóku gildi 1. júlí sl. Lögin fela í sér viðamiklar breytingar á gildandi löggjöf og taka að verulegu leyti mið af nýrri tilskipun Evrópusambandsins. Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru rýmkaðar, fjárfestingarsjóðir eru nýtt starfsleyfisskylt form sjóða um sameiginlega fjárfestingu, mælt er fyrir um einkarétt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða til að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar, rekstrarfélög verðbréfasjóða fá starfsleyfi og

verða fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 og Fjármálaeftirlitið veitir og afturkallar starfsleyfi í stað viðskiptaráðherra.

Fjármálaeftirlitið vakti á því athygli í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki og frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að líklegt væri að Fjármálaeftirlitið þyrfti að verja talsverðum tíma í innleiðingu löggjafarinnar og eftirlit með að breytt lög komist til framkvæmda. Hins vegar taldi Fjármálaeftirlitið ekki rétt, við áætlun rekstrarkostnaðar fyrir árið 2003, að hafa hliðsjón af frumvarpsdrögum sem ekki höfðu verið lögð fram á Alþingi og hlotið umfjöllun þar.

Verkefni sem tengjast því að tryggja eftirfylgni við ný lagaákvæði eru af ýmsum toga. Að því er varðar lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, má nefna kynningu á lögunum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og svör við ýmiss konar fyrirspurnum um túlkun ákvæða og framkvæmd laganna. Enn fremur ber Fjármálaeftirlitinu að tryggja að fylgt sé ákvæðum til bráðabirgða sem snerta upptöku nýrra laga, setja reglur sem því er falið að setja samkvæmt lögunum og móta og setja leiðbeinandi tilmæli um framkvæmd tiltekinna ákvæða laganna. Þá þarf Fjármálaeftirlitið að móta verklag vegna nýrra verkefna sem því eru falin í lögunum. Má þar nefna verklag við veitingu og afturköllun starfsleyfa, en ákvarðanir um þetta voru áður í höndum viðskiptaráðherra. Í þessu sambandi þarf að móta verklag við nýjar heimildir til að afturkalla starfsleyfi að hluta. Þá þarf að setja reglur og kynna verklag við ákvarðanir um hærra eiginfjárhlutfall fyrir einstakar lánastofnanir. Að því er síðasta atriðið varðar hefur Fjármálaeftirlitið lagt mikla vinnu í mótun áhættumatskerfis fyrir lánastofnanir, en með því verður Fjármálaeftirlitinu unnt að gefa lánastofnunum einkunnir á grundvelli áhættumats sem nýta má við ákvörðun um eiginfjárhlutfall.

Af verkefnum vegna laga nr. 32/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, má nefna veitingu starfsleyfa fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða sem nú teljast fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002. Móta þarf verklag við eftirlit með rekstrarfélögunum og sjóðum reknum af þeim samkvæmt nýjum lögum. Enn fremur ber Fjármálaeftirlitinu að taka afstöðu til þess hvort félög sem stunda fjárfestingar falli undir lögin og tryggja samræmda beitingu þeirra ákvæða. Að auki fer mikill tími í kynningu á nýjum lögum, túlkun á einstökum ákvæðum og önnur samskipti við þá aðila sem falla undir lögin.

Framangreind vinna stendur nú yfir. Vinna við þessi verkefni á síðari hluta ársins 2002 og fyrri hluta ársins 2003 gefur til kynna aukið umfang í vinnu Fjármálaeftirlitsins. Gera má ráð fyrir að aukið umfang vegna þessa geti numið um einu ársverki á þessu ári. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að sú þörf verði til staðar næstu tvö ár. Væntingar Fjármálaeftirlitsins standa hins vegar til þess að nýju lögin muni til lengri tíma stuðla að aukinni skilvirkni, bæði í starfsemi þeirra fyrirtækja sem undir lögin heyra og í eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Til viðbótar við framangreint var frumvarp til nýrra laga um vátryggingarsamninga lagt fyrir Alþingi á vorþingi sem felur í sér viðamiklar breytingar á löggjöf í átt til aukinnar neytendaverndar.

2.2. Tilskipanir Evrópusambandsins.

Á vegum Evrópusambandsins eru frágengnar eða í undirbúningi allmargar tilskipanir sem varða fjármálamarkað. Rétt er að reifa helstu tilskipanir á þessu sviði.

Tilskipanir sem samþykktar hafa verið á síðustu tveimur árum og búið er að innleiða í íslenskan rétt:

1. Bankatilskipunin (2000/12/EB).
2. Ökutækjatryggingar (2000/26/EB).

3. Rafeyrir – breyting á bankatilskipun (2000/28/EB).
4. Rafeyrir – tilskipun um rafeyrisfyrirtæki (2000/46/EB).
5. Skipti á upplýsingum við þriðju lönd (2000/64/EB).
6. Slit vátryggingafélaga (2001/17/EB).
7. Tilskipun um kauphallir (2001/34/EB).
8. Peningaþvætti (2001/97/EB).
9. Verðbréfasjóðir – fjárfestingarheimildir (2001/107/EB).
10. Verðbréfasjóðir – rekstrarfélög (2001/108/EB).
11. Gjaldþol líftryggingafélaga (2002/12/EB).
12. Gjaldþol skaðatryggingafélaga (2002/13/EB).

Lög hafa verið sett á Alþingi til innleiðingar allra þessara tilskipana. Í sumum tilvikum á eftir að setja reglugerð eða reglur um nánari framkvæmd. Í kafla 2.1 hér að framan hefur verið fjallað um áhrif nýrra laga um fjármálafyrirtæki og verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en þar eru innleiddar þær tilskipanir sem mest áhrif geta haft á starf Fjármálaeftirlitsins.

Samþykktar eða væntanlegar tilskipanir á sviði verðbréfaviðskipta:

1. Markaðsmisnotkun (samþykkt 2003 – innleiðing 2004).
2. Útboðslýsing (samþykkt 2003 – innleiðing 2004–2005).
3. Verðbréfaþjónusta (væntanleg 2004 – innleiðing 2004–2005).
4. Upplýsingaskylda (væntanleg 2004 – innleiðing 2004–2005).
5. Yfirtökutilboð (væntanleg 2004 – innleiðing 2004–2005).

Þessar tilskipanir eru hluti af svokölluðu Lamfallussy-ferli sem lýst er í kafla 1.2 hér að framan. Tilskipanirnar fimm eru almennar rammatilskipanir en á grunni þeirra mun framkvæmdastjórn ESB setja fjölmargar nánari reglur um framkvæmd þeirra með aðstoð sérstakra nefnda sem komið hefur verið á fót í þessu skyni. Erfitt er á þessu stigi að meta áhrif þessara tilskipana á umfang eftirlitsins. Ljóst er þó t.d. að lagabreytingar vegna tilskipunar um útboðslýsingar munu færa Fjármálaeftirlitinu aukna ábyrgð á skráningarlýsingum.

Samþykktar eða væntanlegar tilskipanir/reglugerðir á öðrum sviðum en verðbréfamarkaði:

1. Slit lánastofnana (samþykkt 2001 – innleiðing 2004).
2. Færslur í evrum á milli landa (samþykkt 2001 – innleiðing 2004).
3. Fjarsala fjármálaþjónustu (samþykkt 2002 – innleiðing 2004).
4. Fjármálaveð (samþykkt 2002 – innleiðing 2003).
5. Lífeyrissjóðir (samþykkt 2003 – innleiðing 2004).
6. Vátryggingamiðlun (samþykkt 2002 – innleiðing 2003).
7. Fjármálasamsteypur (samþykkt 2003 – innleiðing 2004).
8. Upptaka reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins (reglugerð samþykkt 2002 – innleiðing 2004).
9. Nýjar Basel-reglur (væntanlegar 2004 – innleiðing 2006).

Sumar framangreindra tilskipana munu hafa talsverða þýðingu fyrir umfang eftirlits. Langmesta þýðingu að þessu leyti hafa nýjar eiginfjárreglur (Basel-reglur), sem fjallað verður nánar um í kafla 2.3 hér á eftir, og upptaka reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins.

Gert er ráð fyrir að reikningsskilastöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins verði beitt í reikningsskilum fyrir samstæðureikningsskil útgefenda skráðra verðbréfa vegna ársins 2005 og að innleiðingu reglnanna verði lokið á árinu 2004. Undirbúningur stendur nú yfir í löndum

innan Evrópska efnahagssvæðisins vegna þessa. Fyrir liggur að í mörgum ríkjum verður ábyrgð á innleiðingu og eftirliti með framkvæmd nýrra reglna lögð á fjármálaeftirlit. Ákvarðanir um tilhögun eftirlits vegna staðlanna hér á landi liggur ekki fyrir. Því er ekki hægt að meta áhrif þessa á umfang í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þó liggur fyrir að Fjármálaeftirlitið mun þurfa að huga að breytingum á reglum sem það setur um reikningsskil fyrirtækja á fjármálamarkaði. M.a. þarf að taka ákvörðun um hvort staðlarnir verði að einhverju leyti teknir upp vegna fjármálafyrirtækja sem ekki eru útgefendur skráðra verðbréfa.

Ákvæði laga um vátryggingamiðlara eru í endurskoðun með tilliti til nýrrar tilskipunar. Tilskipunin styrkir réttarstöðu neytenda og gerir ráð fyrir skráningu og eftirliti með öllum þeim sem koma að sölu vátrygginga. Gera má ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni hafa auknu hlutverki að gegna vegna þessa.

2.3. Nýjar eiginfjárreglur.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur undanfarin ár verið unnið að nýjum eiginfjárreglum fyrir banka sem munu koma í stað Basel-reglnanna á þessu sviði frá árinu 1988. Gert er ráð fyrir að nýju reglurnar muni liggja endanlega fyrir seint á árinu 2003 af hálfu Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit og snemma á árinu 2004 af hálfu Evrópusambandsins. Áætlað er að gildistaka nýju reglnanna verði í árslok 2006. Þær reglur sem settar verða af hálfu ESB munu gilda fyrir allar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur fylgst með þessari vinnu og tekið þátt í henni bæði á Evrópuvettvangi og á vettvangi norræns samstarfs. Nýju reglurnar munu byggjast á þremur stoðum, sbr. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er stoð 1 sem felur í sér breytingar á útreikningi áhættugrunns með hliðsjón af nákvæmari mælingum á áhættum í starfsemi fjármálafyrirtækja en gert er samkvæmt núverandi reglum. Í aðalatriðum verður boðið upp á tvær leiðir í þessu sambandi. Annars vegar er svonefnd stöðluð aðferð sem felur ekki í sér stórvægilegar breytingar frá núgildandi reglum, en hins vegar er um að ræða svonefnda innra mats aðferð sem felur í sér að eiginfjárþörf fjármálafyrirtækis verður reiknuð út á grundvelli innra mats fyrirtækisins á tilteknum áhættuþáttum og er m.a. miðað við söguleg gögn um vanskil útlána og vanskilalíkur og tilteknar forsendur um líkleg töp miðað við tiltekin vanskil. Innra mats aðferðin krefst umfangsmikillar upplýsingasöfnunar og greiningar af hálfu fjármálafyrirtækisins og innra eftirlitskerfis sem fá þarf nokkurs konar vottun frá viðkomandi fjármálaeftirliti. Ólíklegt er talið að aðrir en þrír stærstu bankarnir hér á landi muni beita innra mats aðferðinni og liggur ekki fyrir hvort né hvenær af því yrði.

Í öðru lagi er stoð 2 sem er nýr þáttur í eiginfjárreglum sem felur í sér skyldu fjármálaeftirlita til að leggja mat á hvort eiginfjárhlutfall sérhvers fjármálafyrirtækis sé fullnægjandi með hliðsjón af áhættustigi viðkomandi fyrirtækis og er í því sambandi m.a. gert ráð fyrir að fjármálaeftirlitin í hverju landi byggi upp áhættumatskerfi sem gefi hverju sinni til kynna áhættustig og viðunandi innri eftirlitsaðgerðir hjá sérhverju fjármálafyrirtæki. Slíkt áhættumatskerfi yrði grundvöllur fyrir ákvarðanir um hærra lágmarkseiginfjárhlutfall hjá einstökum fyrirtækjum en lögbundið lágmark kveður á um. Þetta mat fjármálaeftirlita á áhættustigi og innra eftirliti hjá fjármálafyrirtækjum þarf að fara fram að lágmarki árlega. Stoð 2 gerir enn fremur ráð fyrir að hvert og eitt fjármálafyrirtæki leggi eigið mat á lágmarkseiginfjárþörf miðað við áhættustig og innra eftirlit og að fjármálaeftirlit viðkomandi ríkis yfirfari það mat. Fjármálaeftirlitið hefur að hluta til hafið undirbúning að þessu, m.a. í tengslum við heimildir eftirlitsins til að ákveða hærri eiginfjárhlutföll samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. umfjöllun hér að framan.

Í þriðja lagi er um að ræða stoð 3 sem felur í sér aukið markaðsaðhald, þ.e. gerðar verða kröfur um aukna upplýsingagjöf, t.d. í reikningsskilum um áhættur í starfsemi fjármálafyrirtækja, þannig að fjárfestar og lánveitendur hafa betri forsendur en áður til að leggja mat á áhættur sem felast í starfsemi viðkomandi fjármálafyrirtækja. Þessi þáttur skarast að einhverju leyti við fyrirhugaða innleiðingu á reikningsskilastöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins fyrir skráð fyrirtæki hér á landi frá og með árinu 2005.

Eins og framangreind lýsing ber með sér munu hinar nýju eiginfjárreglur hafa í för með sér ýmsar breytingar sem augljóslega kalla á aukinn starfskraft af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Vinna við að innleiða nýjar tilskipanir á þessu sviði í reglur hér á landi hefst af fullum þunga í byrjun árs 2004. Á þessu stigi er ljóst að stoð 2 mun hafa í för með sér bæði aukna vinnu og breyttar áherslur í framkvæmd eftirlits með fjármálafyrirtækjum og á það bæði við um eftirlit á vettvangi (on-site eftirlit) og utan starfsstöðvar (off-site eftirlit). Hvað varðar áðurnefnda stoð 1 skiptir máli við mat á starfmannaþörf hvort einstakir bankar munu velja að beita svonefndri innra mats aðferð en það er ekki ljóst á þessu stigi. Ef sú aðferð yrði valin af einum eða fleiri bönkum hér á landi þyrfti að mæta því af hálfu Fjármálaeftirlitsins með auknum starfskrafti og hugsanlega einnig í aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Þriðja stoðin, sem nefnd var hér á undan mun ein og sér ekki hafa umtalsverð áhrif við mat á starfsmannaþörf.

Nær allar erlendar systurstofnanir sem Fjármálaeftirlitið er í samstarfi við gera ráð fyrir umtalsverðri fjölgun starfsfólks í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á eiginfjárreglum og hefur sú fjölgun í mörgum tilvikum þegar komið til framkvæmda, a.m.k. að hluta.

3. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

3.1. Verkefni Fjármálaeftirlitsins – starfstilhögun.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins eru af mjög fjölbreyttum toga. Fjármálaeftirlitið sinnir reglubundinni gagnasöfnun, eftirliti á grundvelli hennar og miðlun samandreginna upplýsinga um fjármálamarkaðinn sem nýst geta í almennu markaðsaðhaldi. Eftirlitið veitir og afturkallar starfsleyfi eða veitir umsagnir um slíkar ákvarðanir, veitir samþykki fyrir öflun virkra eignarhluta og staðfestir ýmsar reglur og aðgerðir sem miklu varða á fjármálamarkaði. Það framkvæmir úttektir eða kannanir á hópi eftirlitsskyldra aðila eða athuganir á vettvangi hjá einstökum fyrirtækjum. Eftirlitið gefur út almenn leiðbeinandi tilmæli, setur reglur sem því er falið að setja samkvæmt lögum og stendur að ýmiss konar kynningarstarfi, m.a. með rekstri heimasíðu, útgáfu upplýsinga um eftirlitsskylda aðila og ársskýrslu. Einnig sinnir eftirlitið fyrirspurnum, innlendum sem erlendum, og tekur við kvörtunarmálum sem ekki eru tæk í úrskurðarnefndir sem Fjármálaeftirlitið vistar. Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í samstarfi fjármálaeftirlita, einkum á norrænum og evrópskum vettvangi.

Meginhlutverk Fjármálaeftirlitsins er að takmarka hættuna á áföllum á fjármálamarkaði eða mistökum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Erfitt er að meta árangur af starfi Fjármálaeftirlitsins þar sem hann verður fyrst og fremst mældur í þeim áföllum og mistökum sem í stefnir en unnt er að koma í veg fyrir í tíma.

Fjármálaeftirlitið sinnir þessu meginhlutverki sínu einkum með svokölluðu frumkvæðiseftirliti, þ.e. athugunum og öðrum verkefnum sem Fjármálaeftirlitið ákveður sjálft að ráðast í.

Mikilvægasti þáttur þessa frumkvæðiseftirlits er eftirlit á vettvangi (on-site). Fjármálaeftirlitið fer þá á starfsstöð fjármálafyrirtækis, aflar þar gagna og upplýsinga frá stjórnendum og starfsmönnum. Niðurstöður athugunar og eftir atvikum kröfur um úrbætur eru síðan settar fram í skýrslum. Mörg dæmi eru þess frá undangengum árum að slíkar athuganir hafi leitt í ljós veikleika í starfsemi fyrirtækja sem ráðrúm reyndist til að bæta úr, en hefðu ella getað skaðað alvarlega hagsmuni viðskiptamanna. Dæmi um athuganir af þessu tagi eru athuganir

á útlánagæðum og afskriftaþörf lánastofnana. Kröfur Fjármálaeftirlitsins um aukin afskriftaframlög hafa í allmörgum tilvikum leitt í ljós slaka eiginfjárstöðu lánastofnunar sem brugðist hefur verið við með endurskipulagningu.

Fjármálaeftirlit í nágrannalöndunum leggja mikla áherslu á þennan þátt í starfi sínu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur enn fremur lagt áherslu á vettvangseftirlit í úttektum sínum á eftirlitinu hér á landi. Fjármálaeftirlitið hefur leitast við að styrkja vettvangseftirlitið en engu síður er það mat eftirlitsins að styrkja þurfi þessa starfsemi enn frekar, einkum á lífeyrismarkaði. Áætla má að um 6–12% af þeim tíma sem Fjármálaeftirlitið hefur til ráðstöfunar sé varið í vettvangseftirlit.

Stór þáttur í starfi Fjármálaeftirlitsins er hins vegar að sinna þjónustuhlutverki gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og viðskiptamönnum þeirra. Fjármálaeftirlitið afgreiðir árlega mikinn fjölda erinda sem því berast. Um er að ræða umsóknir um leyfi og beiðnir um staðfestingar af ýmsum toga, beiðnir um túlkun laga, kvartanir frá viðskiptamönnum eftirlitsskyldra aðila og ýmiss konar fyrirspurnir. Nefna má að á fyrri hluta ársins 2003 voru til meðferðar yfir 360 formleg erindi af þessu tagi. Áætla má að um 20% af þeim tíma sem Fjármálaeftirlitið hefur til ráðstöfunar sé varið í þessi verkefni.

Eftirlitið leggur áherslu á greiða málsmeðferð þessara mála og hefur sett leiðbeiningar um málsmeðferð og málshraða í því skyni.


Afar mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið sé í stöðu til að ráðstafa nægum hluta af tíma sínum í frumkvæðisverkefni sem áður eru nefnd. Fjármálaeftirlitið býr í starfsemi sinni við þá áhættu að þurfa að úthluta svo miklum hluta tíma síns í afgreiðslu erinda af ýmsu tagi að það hafi ekki nægilegan tíma aflögu til þess að sinna frumkvæðiseftirliti. Brugðist hefur verið við þessari áhættu með því að vinna fyrir hvert ár áætlun fyrir sérstök verkefni, þ.e. verkefni sem eftirlitið ákveður á grundvelli forgangsröðunar og fyrirbyggjandi eftirlits að sinna. Veigamesti verkefnaflokkurinn sem fellur hér undir er eftirlit á vettvangi (on-site), en aðrir verkefnaflokkar eru úttektir og kannanir (off-site), mótun tilmæla og reglna, mótun eftirlits og rekstur/skipulag. Fjármálaeftirlitið hefur sett sér það markmið að verja um 30% af ráðstöfunartíma sínum í þessa verkáætlun. Það hlutfall hefur þó hingað til verið lægra.

3.2. Markmið Fjármálaeftirlitsins í starfsmannamálum.

Innra skipulag og stefnumótun Fjármálaeftirlitsins í starfsmannamálum hefur grundvallast á tilteknum meginmarkmiðum. Rétt er að reifa markmiðin og aðgerðir til að ná þeim. Markmiðin eru þessi:

1. *Að í Fjármálaeftirlitinu sé á hverjum tíma til staðar nægur fjöldi sérfræðinga og annars starfsfólks, með nægilega fjölbreytta þekkingu og bakgrunn til þess að leysa af hendi þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu hafa verið falin.*

   Í Fjármálaeftirlitinu eru föst stöðugildi nú tæplega 33 en meðalstöðugildi 34 þegar lausráðnir og sumarfólk er talið með. Eftirfarandi tafla sýnir þróun í starfsmannafjölda frá árinu 1995 (meðaltalsstöðugildi), en tölur fyrir árin 1995 og 1998 sýna samtölu starfsmanna í Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands auk hlutdeildar bankaeftirlitsins í stoðþjónustu og yfirstjórn Seðlabanka Íslands.



*) Tölur frá 1995 og 1998 eru árslokatölur vegna bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins.

Samsetning Fjármálaeftirlitsins nú eftir menntun er eftirfarandi:

Viðskiptafræðileg menntun	45%
Lögfræðingar	25%
Tryggingastærðfræðingar:	6%
Tölvunarfræðingar:	6%
Skrifstofufólk, aðrir:	18%

Rúmlega 60% starfsmanna hafa starfað í Fjármálaeftirlitinu og forverum þess í meira en tvö ár, samanborið við rúmlega 50% á árinu 2001. Hlutfall starfsmanna með minni starfsreynslu í Fjármálaeftirlitinu en tvö ár gefur að einhverju leyti vísbendingu um að vænta megi meiri afkasta með óbreyttum starfsmannafjölda. Á móti kemur að Fjármálaeftirlitið hefur gripið til ýmissa ráða til að auðvelda starfsfólki að ná snemma góðum afköstum, t.d. með því að reka markvissa símenntunarstefnu. Þá hefur Fjármálaeftirlitinu auðnast að viða að sér víðtækri reynslu og menntun með nýráðningum. Flestir þeirra starfsmanna sem ráðnir hafa verið eru með framhaldsmenntun og/eða starfsreynslu hérlendis eða erlendis sem nýtist Fjármálaeftirlitinu vel.

Meðalaldur starfsmanna er nú rúmlega 41 ár. Starfsmannavelta á árinu 2001 nam um 7% en um 11% á árinu 2002.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið markvisst að því að tryggja að það búi að fjölbreyttum og hæfum hópi starfsmanna sem dugi til þess að leysa af hendi þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu hafa verið falin. Smæð eftirlitsins felur hins vegar í sér talsverða áhættu. Fjölbreytileiki þeirra verkefna sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að sinna gerir það að verkum að sérhæfing og yfirsýn yfir tiltekið málefni er jafnan bundin við einn einstakan starfsmann en ekki tvo starfsmenn eða hóp starfsmanna. Af því leiðir að þegar starfsmaður lætur af störfum er hætta á að þekking og yfirsýn á tilteknu sviði glatist Fjármálaeftirlitinu þar til annar starfsmaður hefur náð tökum á verkefninu. Reynt er að bregðast við þessu með sveigjanlegu skipulagi og uppbyggingu gæðahandbókar þar sem haldið er til haga verklýsingum og gátlistum.

2. *Að gefnu því að fyrrgreint markmið sé uppfyllt beri að halda stærð stofnunarinnar innan ákveðinna marka, þar sem smærri einingar gefi færi á sveigjanlegra skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni.*

Það hefur verið og er álit Fjármálaeftirlitsins að æskilegt sé að halda stærð stofnunarinnar innan ákveðinna marka að því gefnu að henni auðnist engu síður að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin. Innra skipulag Fjármálaeftirlitsins miðar að þessu. Nefna má eftirfarandi í því sambandi:

- Stjórnskipulag þar sem áhersla er lögð á að þekking og reynsla sem starfsmenn búa yfir njóti sín og að auðvelt sé að nýta hana í þeim verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni. Sérfræðingum og starfsmönnum er ekki markaður sérstaklega starfsvettvangur á tilteknu sviði fjármálastarfsemi heldur vinna þeir á þeim sviðum þar sem þekking þeirra nýtist. Sjá nánar lýsingu á skipulagi á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.
- Þróað hefur verið verkáætlunarkerfi sem ætlað er að tryggja eðlilega forgangsröðun verkefna og jafnframt að Fjármálaeftirlitið ráðstafi nauðsynlegum tíma til frumkvæðisverkefna.
- Settar hafa verið leiðbeiningar um málsmeðferð sem ætlað er að tryggja rétta meðhöndlun verkefna og eðlilegan málshraða.
- Unnin hefur verið gæðahandbók á innra neti Fjármálaeftirlitsins sem hefur að geyma verklýsingar og gátlista sem varða helstu verkefni eftirlitsins.
- Starfsemi Fjármálaeftirlitsins byggist á málaskráningarkerfi sem m.a. felur í sér tímaskráningu einstakra verkefna. Þessi kerfi eru nýtt í verkstjórnun innan eftirlitsins og styðja við hagræðingu og hagkvæmni í störfum.
- Fjármálaeftirlitið rekur markvissa símenntunarstefnu sem ætlað er að flýta þekkingaröflun starfsmanna og stuðla að því að Fjármálaeftirlitið búi yfir þeirri þekkingu sem því er nauðsynleg til að sinna verkefnum sínum.

Ætla má að veruleg fjölgun starfsmanna í Fjármálaeftirlitinu myndi kalla á breytingar á skipulagi stofnunarinnar. Þannig yrði nauðsynlegt að taka upp hefðbundnara skipulag með meiri deildaskiptingu og auknu utanumhaldi.

3. *Að leitað verði leiða til að bregðast við auknu umfangi eftirlits og nýjum verkefnum með fleiri ráðum en fjölgun fastráðinna starfsmanna.*

Að mati Fjármálaeftirlitsins er það galli á starfsumhverfi þess að starfsmannamál eftirlitsins lúti ekki sömu reglum og gilda í þeim fyrirtækjum sem það hefur eftirlit með og það keppir við um starfsfólk. Í því sambandi má nefna að fastráðinn starfsmaður í Fjármálaeftirlitinu hefur aðra réttarstöðu, samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en starfsmenn fyrirtækja á fjármálamarkaði. Sveigjanleiki í stærð eftirlitsins er t.d. minni en fyrirtækja á fjármálamarkaði þar sem aðrar reglur gilda um uppsagnir starfsfólks. Fjármálaeftirlitið á því erfiðara með að bregðast við sveiflum á fjármálamarkaði og í verkefnum í eftirliti. Að sama skapi er fastráðning nýrra starfsmanna líkleg til að afmarka stærð eftirlitsins til lengri tíma en ella.

Fjármálaeftirlitið hefur hugað að úrræðum til að bregðast við þessu. Í skýrslu síðasta árs um rekstur Fjármálaeftirlitsins til þriggja ára var nefnt að rýmri heimildir til að fela utanaðkomandi óháðum aðilum tiltekin verk sem tengjast eftirliti komi vel til greina. Huga megi t.d. að því að rýmka heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að óska eftir úttektum óháðra aðila á tilteknum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis á kostnað þess. Fjármálaeftirlitið lýsti sig reiðubúið til að kanna möguleika á að mæta hugsanlegum auknum kröfum um eftirlit með útboðum verðbréfa með svipuðum hætti.

Fjármálaeftirlitið hefur leitað óformlega viðhorfa nokkurra systurstofnana varðandi nýtingu á aðkeyptri þjónustu í einstökum verkefnum. Af þeim viðhorfum má ráða að aðkeypt þjónusta geti nýst í mjög afmörkuðum verkefnum. Hins vegar hafi reynsla sýnt eftirfarandi ókosti:

- Aðkeypt þjónusta frá hæfum sérfræðingum er afar kostnaðarsöm.
- Minni þekking og reynsla hlýst af verkefninu innan eftirlitsstofnunarinnar.
- Erfiðara er að skapa fordæmi og gæta jafnræðis í málsmeðferð og úrlausnum.
- Sá sem sinnir hinni aðkeyptu þjónustu hefur ekki sömu aðstöðu og yfirsýn og sérfræðingar eftirlitsins og skynjar hlutverk sitt á annan hátt. Hætta er því á að þjónustan verði önnur en um var beðið og skili því síður árangri.

Með hliðsjón af framansögðu hefur Fjármálaeftirlitið hugað að fleiri leiðum í átt að hinu setta markmiði. Ein þeirra gæti verið að Fjármálaeftirlitið ráði tímabundið sérfræðinga úr hópi starfandi endurskoðenda, lögfræðinga eða annarra sem almennt sinna ráðgjöf og hafa eftirsóknarverða starfsreynslu. Fjármálaeftirlitið væri þá í stakk búið til að bjóða slíkum sérfræðingum starf, kjör og aðstöðu til að starfa í Fjármálaeftirlitinu í fyrir fram ákveðinn tíma í leyfi frá sínu fasta starfi. Þessi leið hefur eftirfarandi kosti:

- Fjármálaeftirlitið fær aðgang að þekkingu og starfsreynslu sem að einhverju leyti sæti eftir í gegnum samstarf við hinn utanaðkomandi sérfræðing.
- Sérfræðingurinn yrði í betri aðstöðu til að sinna þeim verkefnum sem hann væri fenginn til, heldur en sérfræðingur sem tekur að sér hefðbundna aðkeypta þjónustu.
- Að líkindum fengi Fjármálaeftirlitið meira vinnuframlag með hlutfallslega minni kostnaði.
- Fjármálaeftirlitið hefði ekki bætt við sig föstum starfsmanni. Þannig væri kostur á meiri sveigjanleika í stærð eftirlitsins frá einum tíma til annars.

Fjármálaeftirlitið mun áfram huga að útfærslu þessara valkosta.

4. *Að tryggja hámarksafköst starfsmanna.*

Þau atriði sem rakin eru í markmiði 2 hér að framan miða öðru fremur að þessu. Fjármálaeftirlitið telur að eftirfylgni við framangreint markmið hafi skilað góðum afköstum þeirra sem nú starfa í eftirlitinu. Jafnframt nýtir Fjármálaeftirlitið vel þá þekkingu og reynslu sem starfsmenn þess búa yfir.

5. *Að Fjármálaeftirlitið sé samkeppnishæft í starfsmannamálum.*

Fjármálaeftirlitið hefur lagt á það ríka áherslu að vanda val nýrra starfsmanna. FME hefur keypt þjónustu ráðningarstofu í þessu skyni og um leið leitast við að markaðssetja sig sem eftirsóknarverðan vinnustað. Áhersla hefur verið lögð á að skapa gott vinnuumhverfi þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreytni í starfi og símenntun.

4. Rekstur Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár – samantekt og niðurstöður.

Hér að framan hefur verið lýst þróun eftirlits hér á landi og í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, fjallað um innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins og nýlegar og fyrirsjáanlegar breytingar á lagaumhverfi. Af framangreindri umfjöllun má draga saman eftirfarandi meginniðurstöður:

- Við þróun opinbers eftirlits á fjármálamarkaði er nauðsynlegt að horfa til aðstæðna hér á landi, en um leið gæta þess að lagaumgjörð og eftirlit hér á landi standist þær kröfur sem gerðar eru á alþjóðlegum vettvangi. Athuganir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa m.a. annars miðað að því að ganga úr skugga um stöðu Fjármálaeftirlitsins með tilliti til aðstæðna hér og eftirfylgni við alþjóðlegar grunnreglur. Endurskipulagning eftirlitssamstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu miðar einnig að aukinni samræmingu. Samanburður

við nágrannalönd bendir til þess að fjármálaeftirlit hér sé að þróast með svipuðum hætti og víðast annars staðar.
- Nýlegar lagabreytingar munu hafa í för með sér aukið umfang í starfsemi eftirlitsins. Væntingar standa til þess að þær breytingar séu tímabundnar og að lagabreytingarnar stuðli að aukinni skilvirkni fjármálamarkaðar og eftirlits til lengri tíma.
- Fyrirsjáanlegar lagabreytingar munu einnig hafa í för með sér aukið umfang eftirlits. Breytingar á eiginfjárreglum (Basel-reglur) kalla á aukinn starfskraft. Upptaka reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins, breytingar á eftirliti með sölu vátrygginga, ráðgjöf og miðlun, og breytingar vegna nýrra og væntanlegra tilskipana á verðbréfasviði munu einnig hafa áhrif á rekstur Fjármálaeftirlitsins. Erfitt er hins vegar að leggja nákvæmt mat á áhrifin á þessu stigi.
- Innra skipulag, markmið í rekstri og eftirfylgni við þau hafa miðað að því að nýta sem best þá fjármuni sem Fjármálaeftirlitið hefur til ráðstöfunar. Fjármálaeftirlitið telur að því hafi tekist að nýta eins vel og kostur er þá þekkingu og reynslu sem til staðar er. Ekki er svigrúm til að mæta auknu umfangi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins með óbreyttum starfsmannafjölda. Fjármálaeftirlitinu er nauðsynlegt að hafa svigrúm til að halda í horfi frumkvæðiseftirliti og auka á sumum sviðum, einkum eftirlit á vettvangi (on-site), en hætta er á að aukin verkefni með nýrri löggjöf komi niður á þeim þætti starfseminnar.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að mæta þurfi auknu umfangi í starfsemi eftirlitsins með auknum starfskrafti á árinu 2004. Sú þörf nemur að mati Fjármálaeftirlitsins um einu og hálfu ársverki.

Þegar horft er til næstu þriggja ára telur Fjármálaeftirlitið líkur á auknu umfangi í eftirliti. Ótímabært er hins vegar að leggja nákvæmara mat á þörfina til lengri tíma en eins árs.

Fái Fjármálaeftirlitið svigrúm til fjölgunar ársverka mun það nýta það án fjölgunar fastráðinna starfsmanna, í samræmi við umfjöllun eftirlitsins um rekstur til næstu þriggja ára sem birt var með rekstraráætlun á síðasta ári og í samræmi við umfjöllun í kafla 3.2 hér að framan.

Fylgiskjal II.

Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2004.

Meðfylgjandi er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 og 4. gr. rgl. nr. 562/2001, við rekstraráætlun FME fyrir árið 2004 og skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað, en endanleg rekstraráætlun og skýrsla um hana voru send nefndinni 5. september sl.

Samráðsnefndin hefur frá því að hún var sett á stofn leitast við að setja fram málefnalega gagnrýni á þær rekstraráætlanir FME sem henni hafa verið kynntar á haustin, enda hlutverk nefndarinnar að veita nauðsynlegt kostnaðaraðhald á eftirliti með fjármálastarfsemi. Þetta hlutverk nefndarinnar er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að á sviði fjármálastarfsemi er eftirlitsstarfsemin greidd af fyrirtækjunum sjálfum, en ekki ríkinu eins og almennt tíðkast. Hlutverki samráðsnefndarinnar má þannig jafna við aðhaldshlutverk fjármálaráðuneytis og Alþingis hvað varðar útgjöld til annarra opinberra eftirlitsstofnana á fjárlögum hvers árs.

FME hefur ekkert tillit tekið til þeirra málefnalegu ábendinga samráðsnefndar, sem fram komu í minnisblaði hennar, dags. 29. ágúst, við drög að rekstraráætluninni. Það er samráðsnefndinni mikilvægt að sem best samstarf haldist milli hennar og FME, en ljóst er að skörð verða hoggin í þá taug ef það verður hefðbundið verklag FME að horfa ekki að neinu leyti til þeirra ábendinga sem nefndin setur við rekstraráætlanir þess. Með hliðsjón af þessu telur samráðsnefnd rétt að birta aftur í þessu formlega áliti sínu flestar þær ábendingar sem komu fram í minnisblaðinu.

Samráðsnefnd telur mikilvægt að horft sé til þess að stjórnsýslulegt hlutverk FME hefur stöðugt verið að aukast síðustu árin, nú síðast með tilfærslu starfsleyfisveitinga frá ráðherra til FME, sbr. lög nr. 161/2002. Þessi aukna stjórnsýslustarfsemi hlýtur að koma niður á þeim tíma sem FME hefur til raunverulegra eftirlitsstarfa. Einmitt af þeim sökum telur samráðsnefnd tímabært að löggjafinn hugi að því hvort ekki sé rétt að breyta lögum nr. 99/1999 og kveða afdráttarlaust á um að hið opinbera taki á sig fjármögnun á þeim þáttum sem lúta að hreinni stjórnsýslu og störfum FME í tengslum við laga- og reglusetningu, meðal annars hvað alþjóðasamstarf varðar, en eftirlitsskyldir aðilar greiði eftir sem áður fyrir hið raunverulega eftirlit sem FME hefur með höndum. Það er raunar skoðun samráðsnefndar að ætlun löggjafans hafi verið sú að þannig skyldi þessu háttað þegar lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, voru sett. Þar segir í 1. gr. að markmið laganna sé að stuðla að því að fjármálstarfsemi sem lögin taki til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Þetta meginmarkmið er skýrt frekar í lögunum sjálfum, þá sérstaklega í 8. gr. Hvergi er hins vegar vikið að því umtalsverða stjórnsýsluhlutverki sem FME hefur smám saman verið að takast á hendur. Í samræmi við þetta verður að skýra 17. gr. laganna, sem fjallar um greiðslu eftirlitskostnaðar, þröngt þannig að eftirlitsskyldum aðilum sé einvörðungu ætlað að bera kostnað af sjálfu eftirlitsstarfinu og önnur verkefni sem FME hefur með höndum hljóti því að þurfa að fjármagna á annan hátt.

Rekstur ársins 2003.

1. FME gerir ráð fyrir samkvæmt endurskoðaðri áætlun að niðurstöðutala til ráðstöfunar á árinu 2003 verði 2,2% lægri en samþykkt áætlun gerði ráð fyrir. Er skýringin sögð þríþætt, þ.e. að sérfræðikostnaður hafi verið ofáætlaður sem og kostnaður vegna erlends samstarfs og að eignakaupum hafi verið slegið á frest. Á móti kemur að sérfræðikostnaður og annar launakostnaður í lok síðasta árs varð mun meiri en áætlað hafði verið, svo áætlaður tekjuafgangur 2002 upp á um 3,4 millj. kr. snerist í tekjutap upp á 1,3 millj. kr. Samráðsnefnd skilur vel að erfitt geti verið að áætla nákvæmlega fyrir slíkum hlutum en 4,7 millj. kr. sveifla tengd launalið er nokkuð há. Þá ber að hafa í huga að FME hefur heimild til að innheimta af eftirlitsskyldum aðilum sérstaklega ef umfang einstakra eftirlitsverkefna verður mun meira en eðlilegt getur talist.

Áætlaður rekstur 2004.

2. Í drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður hækki um 7,6% frá samþykktri rekstraráætlun ársins 2003 (8,5% frá endurskoðaðri áætlun).
3. Í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir 2003 kom fram að FME stefndi ekki að fjölgun starfa á komandi árum heldur var ætlunin að nýta betur þann mannskap sem fyrir er. Í ljósi þess telur samráðsnefnd miður að strax ári síðar sé boðuð fjölgun upp á 1,5 stöðugildi eða um tæp 5%. Þar að auki kemur fram að þörf sé svigrúms til að ráða sumarstarfsmenn og námsfólk í tímabundin verkefni. Á grundvelli þessa og með hliðsjón af

samningsbundnum launahækkunum áætlar FME hækkun launakostnaðar verða 8,3% árið 2004. Um frekari athugasemdir varðandi þetta vísast í lið 8 hér aftar.

4. Samkvæmt drögunum er kostnaður vegna erlends samstarfs og funda erlendis áætlaður verulega hærri en fyrir líðandi ár og það þrátt fyrir að ljóst sé að þessi liður var stórlega ofáætlaður vegna ársins 2003. Samráðsnefnd ítrekar sín fyrri sjónarmið um að FME haldi kostnaði af slíku samstarfi innan eðlilegra marka, enda hljóta mjög tíðar utanferðir að bitna á vinnu að lögbundnu eftirlitshlutverki hér heima. Þá telur samráðsnefnd að að svo miklu leyti sem þess konar samstarf tengist sjálfri reglusetningu markaðarins sé rétt að stjórnvöld beri kostnað af því á sama hátt og tíðkast um aðrar atvinnugreinar sem lúta eftirliti. Í því sambandi má sérstaklega hafa í huga að FME hefur ákveðið að taka þátt í vinnu og tilheyrandi kostnaði í samstarfi Evrópskra fjármálaeftirlita að mótun regluumgjarðar fjármálamarkaðarins í Evrópu á næstu árum. Samráðsnefndin telur sjálfboðið að íslensk stjórnvöld eigi að taka á sig þann kostnað, á sama hátt og greitt er fyrir sams konar alþjóðasamvinnu á öðrum sviðum. Vísast í því sambandi einnig til umfjöllunar í inngangi hér að framan. Hafa ber í huga að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi því til viðskiptaráðuneytis í nefndaráliti sínu um 359. þingmál á síðasta löggjafarþingi að reikna nákvæmlega út hver kostnaður FME af auknu umfangi í Evrópuvinnu yrði í tengslum við framlagningu frumvarps um breytingu hundraðshluta eftlirlitsgjalds sem lagt væri fyrir næsta löggjafarþing.
5. Samráðsnefnd hefur undanfarin ár gagnrýnt harðlega há stjórnarlaun sem greidd eru til stjórnar FME. Eins og fram kemur í greinargerð með drögunum er það ráðherra sem ákveður þau. Tímabært er að færa stjórnarlaun í þessari stofnun til samræmis við það sem almennt tíðkast hjá öðrum opinberum stofnunum. Þá er jafnljóst að sú viðtekna venja að boða varamenn til allra stjórnarfunda gengur gegn lýðræðislegum stjórnarháttum og ótækt að halda slíkri stefnu áfram.

Rekstraráætlun til þriggja ára.

6. Með fjárhagsdrögunum fylgir ítarleg greinargerð um rekstur og starfsumhverfi FME næstu þrjú ár. Samráðsnefndin fagnar mjög því fylgiskjali, bæði í ljósi þeirra víðtæku upplýsinga sem það veitir um reksturinn og þróun hans sem og í ljósi vandaðrar markmiðssetningar í starfsmannamálum sem það inniheldur (kafli 3.2). Þar kemur fram að mikilvægt sé að halda stærð stofnunarinnar innan tiltekinna marka, þar sem smærri einingar gefi færi á sveigjanlegra skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni, sem og að leita þurfi leiða til að bregðast við auknu umfangi og nýjum verkefnum með öðrum ráðum en fjölgun fastráðinna starfsmanna.
7. Í greinargerðinni er m.a. mikið fjallað um áætlað mat FME á áhrifum nýrra og væntanlegra laga og EB- og alþjóðareglna á umfang eftirlitsstarfseminnar. Gott er að hafa slíka úttekt til hliðsjónar þótt skiptar skoðanir geti verið um raunveruleg áhrif í umfangi sem og með hvaða hætti auknu álagi verði best mætt. Samráðsnefndin ítrekar þó í því efni ummæli sín frá síðasta ári um að nú þegar starfsemi hinnar nýju stofnunar hefur slitið barnskónum leiði aukin reynsla starfsfólks til meiri skilvirkni sem ætti að óbreyttu að gefa kost á fækkun, fremur en fjölgun. Í ljósi þess sé ekki ástæða til að ætla að eitthvað breytt umfang, með breytingum á lögum og alþjóðasáttmálum, eigi að þrýsta á um fjölgun starfsmanna. Markmiðsstefna FME í starfsmannamálum, sbr. lið 7 í greinargerðinni, styður þessa skoðun.

Skipting eftirlitsgjaldsins.

8. FME hefur á árinu kynnt samráðsnefndinni gróflega hvernig tímaskiptingu eftirlits vegna einstakra þátta fjármálastarfsemi er háttað. Mikilvægt er að reyna að áætla þá skiptingu sem best þannig að kostnaður greiðist í réttu hlutfalli af þeim tíma sem FME ver með einstökum geirum á þessum markaði. Ætla verður að yfirsýn FME í þessum efnum eigi eftir að aukast enn frekar á næstu missirum og þá er mikilvægt að huga að breytingum á skiptingu eftirlitsgjaldsins samhliða.
9. Fram kemur að ætlunin sé að hækka lágmarksgjald verðbréfafyrirtækja til samræmis við það sem gildir um viðskiptabanka, sparisjóði og lánafyrirtæki (400.000 kr.). Samráðsnefnd ítrekar það sem áður hefur komið fram í fyrri greinargerðum hennar að gæta verði að því að lágmarksgjald vegna eftirlits verði aldrei svo hátt að það komi í veg fyrir rekstur smæstu fyrirtækjanna. Kostnaðarhlutur eftirlits- og Kauphallargjalda hjá minnstu verðbréfafyrirtækjunum er þegar mjög hár ef horft er til stærri fyrirtækjanna til samanburðar. Mikilvægt er því að stíga varlega til jarðar í þessum efnum og að slík hækkun verði einungis framkvæmd ef FME er eindregið þeirrar skoðunar að bersýnilegt sé að aukið umfang með þessari starfsemi sé slíkt að ekki verði staðið á öðru.
10. Loks verður ekki hjá því komist að vekja athygli á hversu lítinn hluta af heildarkostnaðinum stærsti aðilinn á lánamarkaði einstaklinga í landinu, húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, er að greiða til eftirlits. Samráðsnefndin er ekki í stöðu til að meta hvort umfang eftirlits með sjóðnum hefur verið jafnlítið og eftirlitskostnaðurinn ber með sér, en kemst ekki hjá því að álykta að varla geti verið minni ástæða til virks eftirlits með þeirri lánastarfsemi en með lánastarfsemi annarra fjármálafyrirtækja í landinu. Að sama skapi telur samráðsnefnd hlut Nýsköpunarsjóðs í greiðslu eftirlitskostnaðarins hverfandi þótt eðli rekstrarins gegnum áhættusamar lánveitingar sé með þeim hætti að ætla verði að öflugt aðhald af hálfu FME sé nauðsynlegt.

Reykjavík, 12. september 2003.

Guðjón Rúnarsson,
formaður samráðsnefndar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um starfsemi Fjármálaeftirlitsins frá 1. júlí 2002 til 30. júní 2003, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Október 2003.)

1. YFIRLIT YFIR STARFSEMINA 1. JÚLÍ 2002 TIL 30. JÚNÍ 2003

Í þessum kafla er almenn lýsing á starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu 1. júlí 2002 til 30. júní 2003 auk þess sem vikið er að málum sem til meðferðar hafa verið fram að útgáfu skýrslunnar. Frásögn af starfseminni gefur til kynna hvernig Fjármálaeftirlitið hefur fylgt eftir stefnumörkun og áherslum sem fjallað var um í 3. kafla skýrslunnar til viðskiptaráðherra á síðasta ári.

1.1. Stuðningur við stjórnir fyrirtækja á fjármálamarkaði – kynning og upplýsingamiðlun.

Áherslur á tímabilinu: Aukin upplýsingamiðlun og samskipti við stjórnir. Kynningarfundir með stjórnarmönnum. Eftirlit með áhættustýringu og innra eftirliti.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu átt fundi með fjölmörgum stjórnum og stjórnarmönnum fyrirtækja á fjármálamarkaði. Síðari hluta ársins 2002 og fyrri hluta ársins 2003 sótti Fjármálaeftirlitið stjórnarfundi hjá 11 lífeyrissjóðum sem reknir eru af viðskiptabönkum. Tilgangur heimsóknanna var einkum að undirstrika það brýna hlutverk stjórnar að gæta hagsmuna sjóðfélaga gagnvart öðrum hagsmunum sem óhjákvæmilega felast í starfsemi þeirra fjármálafyrirtækja sem tekist hafa á hendur rekstur viðkomandi sjóða. Á fundunum var sérstaklega farið yfir þau tæki sem stjórnir hafa til að sinna hlutverki sínu.

Í vor bauð Fjármálaeftirlitið til tveggja funda með stjórnarmönnum í sparisjóðum, annars vegar á Akureyri en hins vegar í Reykjavík. Um 70 manns mættu til að hlýða á fyrirlestur og skiptast á skoðunum um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna, áhættumælingar, áhættustýringu, innra eftirlit og innri endurskoðun. Enn fremur voru störf og starfsaðferðir Fjármálaeftirlitsins kynntar. Hliðstæðir fundir voru haldnir nú á haustdögum með stjórnarmönnum lífeyrissjóða og mættu um 130 manns á tvo fundi. Jafnframt er stjórnum viðskiptabankanna boðið í heimsókn í sömu erindagjörðum. Þessu starfi verður haldið áfram á næstu mánuðum.

Til viðbótar við framangreint hefur Fjármálaeftirlitið aukið aðgang starfsmanna og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja að upplýsingum um fjármálamarkaðinn með því að styrkja heimasíðu sína. Heimasíðan er upplýsingaveita fyrir þá sem starfa á fjármálamarkaði, en þar er hægt að nálgast upplýsingar um lög og reglur á fjármálamarkaði, upplýsingar um rekstur fyrirtækja undir eftirliti og margvíslegar upplýsingar sem tengjast starfi Fjármálaeftirlitsins.

1.2. Eftirlit með eigendum virkra eignarhluta.

Áherslur á tímabilinu: Starfshættir á fjármálamarkaði. Eigendum virkra eignarhluta settar skýrari leikreglur, m.a. í tengslum við þátttöku þeirra í stjórnum fyrirtækja.

Eins og búist var við var eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum og vátryggingafélögum umfangsmikið á tímabilinu.

Lagaákvæði þau sem gilda um eftirlit með virkum eignarhlutum eru ítarleg og kveða bæði á um að samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupum á virkum eignarhlutum sé leitað fyrir fram og um viðvarandi eftirlit með eigendum virkra eignarhluta. Þessu viðvarandi eftirliti er m.a. ætlað að tryggja að eignarhaldið skaði ekki heilbrigðan og traustan rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis eða vátryggingafélags.

Á tímabilinu urðu talsverðar breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga og afgreiddi Fjármálaeftirlitið allmargar umsóknir tengdar breyttu eignarhaldi. Þannig hafa verið afgreiddar 12 umsóknir um samþykki fyrir öflun virks eignarhlutar í 11 fjármálafyrirtækjum. Níu umsóknir hafa verið afgreiddar vegna sjö vátryggingafélaga.

Í langflestum tilvikum hafa fyrrgreindar umsóknir verið samþykktar þótt dæmi séu um að þeim hafi verið hafnað. Í sumum tilvikum urðu breytingar á áformum aðila í tengslum við meðferð umsóknar. Í nokkrum tilvikum lágu yfirlýsingar umsækjenda um tilteknar aðgerðir til grundvallar ákvörðunum eftirlitsins.

Í tengslum við sölu ríkisins á eignarhlutum sínum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. beindu kaupendur í samræmi við lagaskyldu umsóknum til Fjármálaeftirlitsins um að eignast virkan eignarhlut í viðkomandi félögum. Í ljósi stærðar eignarhlutarins og mikilvægis viðkomandi fyrirtækja á íslenskum fjármálamarkaði hlutu umsóknir þessar

ítarlega umfjöllun. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins í þessum málum hafa birst opinberlega og eru þar tilgreindar með ítarlegum hætti forsendur fyrir þeim.

Til viðbótar framangreindu hefur Fjármálaeftirlitið í nokkrum tilvikum tekið til skoðunar stærð virks eignarhluta og hvort tengsl fleiri aðila gefi tilefni til að ætla að til virks eignarhlutar hafi stofnast.

Aukið eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum hefur enn fremur leitt til öflugra eftirlits með fjármálafyrirtækjum. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið nýtt reynslu sína af eftirliti með virkum eignarhlutum við mótun tilmæla um efni reglna um störf stjórna fjármálafyrirtækja. Þar er m.a. lögð áhersla á að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja hafi ekki aðgang að upplýsingum um viðskiptamenn fjármálafyrirtækis nema á vettvangi stjórnar fyrirtækisins. Jafnframt er leitast við að tryggja innra eftirlit með viðskiptum við venslaða aðila, þ.m.t. aðila sem tengdir eru stjórnarmönnum. Enn fremur hefur verið komið á reglulegri upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu við venslaða aðila.

1.3. Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar.

1.3.1. Fjármálafyrirtæki og lánamarkaður.[3]

Áherslur á tímabilinu: Aðlögun að nýjum lögum. Nýjar aðferðir teknar upp í eftirliti sem styðja við áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Eftirlit með afskriftum.

Ný lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, tóku gildi 1. janúar 2003. Með þeim hafa ein lög verið sett um stofnun og rekstur viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Lögin fela í sér breytingar á þeirri umgjörð sem þessum fyrirtækjum er búin auk breytinga á starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur lagað starfsemi sína að nýjum lögum. Enn stendur yfir vinna við mótun og endurskoðun reglna sem Fjármálaeftirlitinu ber að setja samkvæmt lögunum. Enn fremur er Fjármálaeftirlitið að móta ný úrræði í eftirliti, m.a. nýja heimild til að ákveða hærri eiginfjárhlutföll fyrir einstök fjármálafyrirtæki.

Það fellur í hlut Fjármálaeftirlitsins að hafa eftirlit með því að fjármálafyrirtæki tileinki sér ný lög og nýjar reglur í starfsemi sinni. Í því skyni hefur Fjármálaeftirlitið staðið fyrir kynningarfundum um nýju lögin.

Áfram var fylgst með útlánagæðum lánastofnana, en slök gæði nokkurs hluta útlána sem veitt voru á árunum 1998–2001 eru enn að koma fram í auknum afskriftum. Hagstæðar ytri aðstæður og betri rekstur hefur leitt til þess að lánastofnunum hefur í heild tekist að mæta útlánaafskriftum án veikingar á eiginfjárstöðunni. Athuganir Fjármálaeftirlitsins hafa í nokkrum tilvikum leitt til aukinna framlaga í afskriftareikning. Í fjórum tilvikum hefur eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækis reynst undir lögbundnum mörkum. Í þeim tilvikum var gripið til aðgerða til að koma eiginfjárstöðunni í lögmælt horf. Í nokkrum tilvikum til viðbótar hefur Fjármálaeftirlitið lýst áhyggjum vegna slakrar eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækis. Þá hafa alloft verið gerðar athugasemdir við stórar áhættuskuldbindingar einstakra lánastofnana.

Fjármálaeftirlitið hefur haldið áfram að þróa nýjar aðferðir í eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Tekið var í notkun sérstakt áhættumatskerfi sem eftirlitið hefur þróað á síðustu árum, en kerfinu er m.a. ætlað að auðvelda mat á nauðsynlegri eiginfjárstöðu einstakra fjármálafyrirtækja, út frá upplýsingum um eigið fé, gæðum eigna, arðsemi, lausafjárstöðu,

---

[3] Í þessum kafla er fjallað um eftirlit með fyrirtækjum sem falla undir lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, bæði á sviði lána- og verðbréfamarkaðar.

næmni fyrir markaðsáhættu og stjórnun. Kerfið er notað í eftirliti með fjármálafyrirtækjum og hefur því verið vel tekið í flestum tilvikum.

Sérstök álagspróf hafa einnig verið tekin upp í eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Reiknað er út hversu hátt eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækis þarf að vera til að standast tiltekna lækkun hlutabréfa og skuldabréfa í eigu fyrirtækisins og tiltekna niðurfærslu óvaxtaberandi útlána og fullnustueigna. Forsendur álagsprófsins miðast við aðstæður sem gætu komið upp. Niðurstöður þess styðja það álit Fjármálaeftirlitsins, sem áður hefur verið sett fram í ársskýrslum, að stærstu viðskiptabönkum beri að stefna að a.m.k. 10% eiginfjárhlutfalli, útreiknuðu samkvæmt lögum, og 8% eiginfjárhlutfalli að frátöldum víkjandi lánum.

Fyrrgreint áhættumatskerfi og álagspróf munu liggja til grundvallar hugsanlegum ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um hærri eiginfjárhlutföll fyrir einstök fjármálafyrirtæki, en kveðið er á um sérstaka heimild til slíkra ákvarðana í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Reglur um þessar ákvarðanir eru nú í mótun hjá eftirlitinu.

Til viðbótar við framangreint hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að styrkja eftirlit og yfirsýn yfir áhættustýringu stærri fjármálafyrirtækja á samstæðugrundvelli, einkum þeirra sem starfa einnig erlendis og eiga þar dótturfyrirtæki. Lagt er fyrir þessi fyrirtæki að greina áhættu í starfsemi samstæðunnar, sundurliðað eftir tekjusviðum og dótturfyrirtækjum. Enn fremur er lagt mat á mælingar fyrirtækisins á viðkomandi áhættum og stýringu þeirra. Sérstök skýrsluform vegna þessa hafa verið útbúin í samráði við hlutaðeigandi fyrirtæki. Í sama skyni er Fjármálaeftirlitið að taka upp sérstök skýrsluskil vegna landaáhættu stærri fjármálafyrirtækja, þ.e. áhættu vegna krafna og skulda við erlendra aðila.

Fjármálaeftirlitið ber ábyrgð á samstæðueftirliti íslenskra fjármálafyrirtækja sem starfa erlendis, en erlend dótturfyrirtæki þeirra eru jafnframt undir eftirliti þar sem þau hafa starfsleyfi. Kappkostað er að styrkja samstarf við erlendar systurstofnanir í tengslum við samstæðueftirlit og eru sérstakir tvíhliða samstarfssamningar um eftirlit með tilteknum fjármálafyrirtækjum nú í vinnslu.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið tekið upp nýjar aðferðir við eftirlit með upplýsingatækni þar sem lagt er kerfisbundið mat á upplýsingakerfi og stjórnun þeirra.

Fjármálaeftirlitið tók á tímabilinu til skoðunar stærsta samruna íslenskra fjármálafyrirtækja hingað til, þ.e. samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Samruninn var tekinn til ítarlegrar athugunar og voru settar fram tilteknar kröfur um framgang hans og atriði er vörðuðu áhættustýringu og innra eftirlit.

Fjármálaþjónusta á vegum erlendra fyrirtækja er í vaxandi mæli boðin hér á landi án þess að viðkomandi fyrirtæki hafi fullnægjandi leyfi. Fjármálaeftirlitið hefur í nokkrum tilvikum varað við starfsemi nafngreindra fyrirtækja. Í einu tilviki hefur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemi innlends fjármálafyrirtækis erlendis.

Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið unnið að nokkrum reglum og tilmælum sem varða fjármálafyrirtæki. Þar má nefna reglur um undanþágu smærri fjármálafyrirtækja frá starfrækslu innri endurskoðunardeilda. Fjármálaeftirlitið hefur í því efni lagt áherslu á að úttektir á innra eftirliti séu ekki framkvæmdar af ytri endurskoðanda viðkomandi fjármálafyrirtækis, eins og leyfilegt hefur verið hingað til. Einnig hefur verið unnið að endurskoðun reglna um reikningsskil fjármálafyrirtækja. Í því efni er gert ráð fyrir bættri upplýsingagjöf um laun og þóknanir til stjórnenda og endurskoðenda fjármálafyrirtækja. Einnig er unnið að styrkingu reglna um afskriftir fjármálafyrirtækja með hliðsjón af stöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins.

1.3.2. Verðbréfamarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Fyrirbyggjandi aðgerðir til að sporna við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Markaðsvakt. Aðlögun að nýjum lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Fjármálaeftirlitið hefur lagt mikla vinnu í að stuðla að bættum starfsháttum útgefenda skráðra verðbréfa og fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði. Þessi vinna miðar einkum að því að takmarka hættu á innherjasvikum og markaðsmisnotkun.

Liður í þessu er að ganga eftir því við útgefendur skráðra verðbréfa að þeir setji sér reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja. Jafnframt ber þeim að tilnefna regluvörð sem fylgja á framkvæmd reglnanna eftir. Fjármálaeftirlitið staðfestir reglurnar og gengur um leið úr skugga um að þær séu í samræmi við lög og leiðbeinandi tilmæli. Í mörgum tilvikum hefur gengið seinlega að fá þessar reglur til formlegrar staðfestingar. Dagsektum hefur verið beitt í þessu skyni. Nú hafa 110 félög sett sér reglur og hefur Fjármálaeftirlitið staðfest flestar þeirra.

Fjármálaeftirlitið hefur leitast við að aðstoða útgefendur skráðra félaga við að koma á þeirri umgjörð sem framangreindar reglur gera ráð fyrir. Í því skyni hefur Fjármálaeftirlitið boðað regluverði félaganna til kynningarfunda. Einnig hafa regluverðir skráðra félaga verið heimsóttir til að ganga úr skugga um að farið sé að reglunum. Þetta er oft gert í tengslum við viðskipti fruminnherja á viðkvæmum tímabilum eða þegar veigamikil viðskipti eiga sér stað með verðbréf hlutaðeigandi félags.

Í kjölfar nýrra laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, sem tóku gildi 1. júlí 2003, gerði Fjármálaeftirlitið breytingar á leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2001, um efni reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja.

Í tengslum við markaðsvakt Fjármálaeftirlitsins voru 18 mál tekin til formlegrar athugunar á tímabilinu. Ríflega helmingur þessara mála varðaði innherjaviðskipti, tæplega helmingur varðaði upplýsingagjöf á markaði og eitt varðaði reglur um almennt útboð. Í tveimur tilvikum stendur athugun enn yfir, í átta málum reyndist ekki ástæða til athugasemda, en í sjö tilvikum voru gerðar athugasemdir og úrbóta krafist, eða settar fram leiðbeiningar um eðlilega viðskiptahætti. Í einu tilviki stöðvaði Fjármálaeftirlitið útboð verðbréfa. Ekki reyndust forsendur til að vísa framangreindum málum til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Hér að framan eru talin mál er varða verðbréfaviðskipti og tekin eru formlega upp við aðila þess. Í reglulegri markaðsvakt eru fjölmörg mál tekin til skoðunar, en ekki talin ástæða til að hefja formlega athugun. Enn fremur eru ótalin allmörg mál sem varða starfshætti fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði.

Til viðbótar við framangreint hefur Fjármálaeftirlitið aðstoðað erlend eftirlitsstjórnvöld og innlend og erlend lögregluyfirvöld við athugun mála á verðbréfamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur hugað að leiðbeinandi tilmælum um ýmis atriði er varða starfshætti fjármálafyrirtækja á verðbréfamarkaði. Þannig hefur verið unnið að leiðbeinandi tilmælum um greiningardeildir og greinendur. Enn fremur er unnið að leiðbeinandi tilmælum um starfshætti fjármálafyrirtækja þar sem tekið er á fjölmörgum þáttum er varða samskipti fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns í verðbréfaviðskiptum. Í þessu efni er byggt á grunnreglum sem Samtök evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR) hafa birt, en Fjármálaeftirlitið er aðili að þeim samtökum.

Í eftirliti með fjármálafyrirtækjum hefur sérstaklega verið hugað að starfsháttum á verðbréfamarkaði. Athugun á starfsháttum eins fjármálafyrirtækis leiddi til allmargra athugasemda og krafna um úrbætur. Önnur athugun leiddi til þess að starfsleyfi viðkomandi var skilað inn.

Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, tóku gildi 1. júlí 2003. Lögin fela í sér viðamiklar breytingar á gildandi löggjöf. Í tengslum við hin nýju lög hefur Fjármálaeftirlitið m.a. haft til meðferðar umsóknir um starfsleyfi verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða, en samkvæmt nýju lögunum verða rekstrarfélög nú fullgild fjármálafyrirtæki með víðtækari starfsheimildir en áður. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið haft til meðferðar starfsleyfisumsóknir fjárfestingarsjóða sem er ný starfsleyfisskyld tegund sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Á meðal nýrra eftirlitsverkefna samkvæmt lögunum er að taka afstöðu til þess hvaða aðilar skuli sækja um starfsleyfi sem fjárfestingarsjóðir.

Fjármálaeftirlitið hefur átt í marghátttuðum samskiptum við starfsmenn og stjórnendur fjármálafyrirtækja vegna framangreindra laga. Í aðdraganda nýrrar lagasetningar gerði Fjármálaeftirlitið ítarlega athugun á því hvernig verðbréfasjóðir framfylgdu fjárfestingarstefnu sinni, en ný og ítarlegri skýrsluskil um fjárfestingar verðbréfasjóða voru tekin upp á síðari hluta ársins 2002. Í ljós komu frávik frá fjárfestingarstefnu í allmörgum tilvikum. Gerðar voru athugasemdir vegna þessa og krafist úrbóta. Þær úrbætur tengjast í mörgum tilvikum aðlögun sjóðanna að nýrri löggjöf.

1.3.3. Lífeyrismarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Bætt innra eftirlit. Eftirlit með fjárfestingum. Betri gögn og gegnsæi í tryggingafræðilegu mati.

Veigamestu eftirlitsverkefni Fjármálaeftirlitsins í eftirliti með lífeyrissjóðum hafa verið ítarlegar athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða undanfarin tímabil. Á síðasta tímabili var haldið áfram með eldri athuganir og hafist handa við nýjar. Meginmarkmiðið með þessum athugunum er að fara yfir fjárfestingar einstakra lífeyrissjóða með hliðsjón af ákvæðum VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem kveðið er á um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Athuganirnar felast að hluta til í því að kanna flokkun í fjárfestingarskýrslum sem lífeyrissjóðir senda Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega. Í skýrslunum eru fjárfestingar flokkaðar með hliðsjón af ákvæðum 36. gr. VII. kafla laganna. Skýrslurnar eru helsta tæki Fjármálaeftirlitsins til að fylgjast með því að fjárfestingar sjóðanna séu innan ramma laganna og nýtast ekki síður stjórnendum sjóðanna sem slíkar. Það er því afar mikilvægt að vandað sé til flokkunar í skýrslunum. Í tengslum við fjárfestingarathuganirnar var innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum kannað auk þess sem farið var yfir ársreikninga, endurskoðunarskýrslur og fjárfestingarstefnur sjóðanna.

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins í kjölfar fjárfestingarathugananna hafa helst lotið að fjárfestingum í óskráðum verðbréfum umfram heimildir laga enda hefur athugunum að verulegu leyti verið beint að sjóðum sem eru yfir hámarksheimildum laga í óskráðum verðbréfum. Fjármálaeftirlitið hefur krafið sjóðina um úrbætur og nú er svo komið að fjárfestingar lífeyrissjóða í óskráðum verðbréfum eru í langflestum tilvikum í löglegu horfi. Þá hafa athugasemdir í nokkrum mæli verið gerðar við fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af sama aðila og heildarfjárfestingar í einstökum verðbréfasjóðum. Hjá allflestum lífeyrissjóðum sem gerðar voru athuganir á voru gerðar athugasemdir við ýmis atriði er vörðuðu fyrirkomulag innra eftirlits.

Í þeim sjóðum þar sem fjárfestingar hafa ekki verið í samræmi við lög hefur innra eftirliti ekki verið nægilega vel sinnt. Almennt má segja að gögnum um innra eftirlit frá lífeyrissjóðum hafi verið heldur ábótavant og gögn ekki skilað sér nægilega vel. Þá hefur Fjármálaeftirlitið gert fjölda athugasemda og komið með ábendingar varðandi flokkun fjárfestinga í fjárfestingarskýrslum. Nokkur brögð hafa verið að því að ársreikningar og fjárfestingar-

stefnur lífeyrissjóðanna hafi ekki verið í samræmi við reglur sem um þau gilda og hafa margvíslegar athugasemdir verið gerðar við sjóðina í þessu sambandi og úrbóta krafist.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu hafið viðamiklar athuganir á starfsemi þriggja lífeyrissjóða. Tveimur þeirra lauk með athugasemdum og kröfum um úrbætur en einni er ólokið. Í einu tilviki afhenti Fjármálaeftirlitið efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra niðurstöður og gögn vegna athugunar.

Á tímabilinu gaf Fjármálaeftirlitið út nýtt skýrsluform vegna skila á tryggingafræðilegum úttektum til eftirlitsins. Skýrslurnar gefa gott yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu viðkomandi lífeyrissjóðs, forsendur matsins og breytingar frá fyrri tíð. Skýrslunum er ætlað að auka gegnsæi tryggingafræðilegra úttekta. Þær eru liður í að styrkja eftirlit með skuldbindingum lífeyrissjóða og ættu jafnframt að nýtast lífeyrissjóðum sem eftirlitstæki.

Rúmlega 20 lífeyrissjóðir, eða ríflega þriðjungur, hafa breytt samþykktum sínum á tímabilinu en Fjármálaeftirlitið veitir umsögn um breytingarnar að beiðni fjármálaráðuneytisins. Talsvert hefur verið um réttindaskerðingar, ýmist í formi lækkunar margföldunarstuðla eða breytingar á greiðslutímabilum lífeyris. Stafar það að hluta til af þeirri staðreynd að nokkrir sjóðir voru á árinu 2002 utan við þau mörk sem lög nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, heimila þeim um mun á eignarliðum og lífeyrisskuldbindingum.

Í því skyni að tryggja faglega starfshætti við ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd hefur Fjármálaeftirlitið unnið að leiðbeinandi tilmælum sem stuðla eiga að einsleitni og samræmi við framkvæmd reglna um þetta og að framkvæmdin verði í samræmi við heilbrigða og eðlilega starfshætti.

Álitaefni hafa komið upp við túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið orðið vart við ýmis vandkvæði sem tengjast starfsháttum þeirra sem starfa við að koma á eða veita ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað, en kvörtunarmálum vegna umræddra starfshátta hefur fjölgað á undanförnum mánuðum.

Eins og fram kemur í kafla 1.1 hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á hlutverk og ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum. Þannig sótti Fjármálaeftirlitið stjórnarfundi lífeyrissjóða í rekstri hjá fjármálafyrirtækjum og bauð enn fremur stjórnarmönnum lífeyrissjóða til funda í húsakynnum eftirlitsins. Á þessum fundum var farið yfir ábyrgð stjórna lífeyrissjóða, innra eftirlit og áhættustýringu. Þá var forsvarsmönnum lífeyrissjóða boðið til kynningar vegna skýrslu um ársreikninga lífeyrissjóða sem kom út í júlí 2003.

1.3.4. Vátryggingamarkaður.

Áherslur á tímabilinu: Áhættustýring vátryggingafélaga. Eftirlit með vátryggingaskuld. Bættir starfshættir í sölu vátrygginga.

Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið gert athuganir á áhættustýringu og innra eftirliti hjá allmörgum vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum. Athugasemdum og ábendingum hefur verið komið á framfæri þegar tilefni hefur verið til. Í þessu efni hefur Fjármálaeftirlitið m.a. mælst til þess að vátryggingafélög noti álagspróf í starfsemi sinni, í því skyni að draga fram stöðu félagsins við mismunandi aðstæður og greina betur áhættur. Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur leitast við að styrkja eftirlit og yfirsýn yfir áhættustýringu stærri vátryggingafélaga á samstæðugrundvelli, í því skyni að greina áhættur á tekjusviðum og dótturfyrirtækjum og meta áhættumælingar og áhættustýringu.

Fjármálaeftirlitið hefur fylgst áfram með þróun vátryggingaskuldar í lögboðnum ökutækjatryggingum. Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu unnið sérstakar tölfræðigreiningar á

stöðu vátryggingaskuldar hjá þremur stærstu skaðatryggingafélögunum. Hefur Fjármálaeftirlitið leitað sjónarmiða vátryggingafélaganna gagnvart þeim greiningum og mun í framhaldinu taka tiltekin atriði í mati tjóna til ítarlegri athugunar. Að þeirri athugun lokinni verða endanlegar niðurstöður kynntar viðkomandi vátryggingafélagi.

Fjármálaeftirlitið er að ljúka athugun á hækkun iðgjalda sem varð á tímabilinu í lögboðnum brunatryggingum fasteigna og öðrum vátryggingagreinum eignatrygginga. Athuganirnar beindust að þremur stærstu vátryggingafélögunum og verða niðurstöðurnar kynntar hverju vátryggingafélagi.

Tvö innlend vátryggingafélög fengu starfsleyfi á tímabilinu, Íslandstrygging hf. í skaðatryggingum og Líftryggingamiðstöðin hf. í líftryggingum. Fyrrnefnda félagið er sjálfstæð viðbót við vátryggingamarkaðinn en síðarnefnda félagið er dótturfélag í 100% eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Fjármálaeftirlitið hefur að undanförnu haft til afgreiðslu umsóknir tveggja nýrra vátryggingafélaga. Umrædd félög hafa sérstöðu vegna þess að þau leggja áherslu á að vera með starfsemi erlendis í tilteknum vátryggingagreinum.

Á tímabilinu urðu talsverðar breytingar á vátryggingamiðlunum. Þannig hafa fjórar nýjar vátryggingamiðlanir fengið starfsleyfi og tvær erlendar vátryggingamiðlanir verið skráðar hér á landi. Á tímabilinu skiluðu tíu vátryggingamiðlarar (einstaklingar og lögaðilar) inn starfsleyfum sínum, ýmist að eigin frumkvæði, í samráði við Fjármálaeftirlitið eða að kröfu þess. Til viðbótar skiluðu þrír vátryggingamiðlarar inn starfsleyfum sínum í ágúst sl. Nokkrar vátryggingamiðlanir hafa lent í talsverðum fjárhagslegum erfiðleikum í rekstri sínum. Dæmi eru um að vátryggingamiðlanir hafi verið teknar til gjaldþrotaskipta. Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að vátryggingatakar hafi beðið tjón af fjárhagserfiðleikum vátryggingamiðlara.

Eins og áður hefur verið hugað að starfsháttum á vátryggingamarkaði. Almennt er það mat Fjármálaeftirlitsins að starfshættir vátryggingamiðlara séu að færast til betra horfs. Þó hafa ábendingar til Fjármálaeftirlitsins og eftirlit þess á tímabilinu leitt í ljós misbresti í upplýsingagjöf og ráðgjöf starfsmanna vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara. Dæmi um það er að vátryggingatakar hafa samkvæmt ráðgjöf fært vátryggingar til annars félags án þess að nægilega sé hugað að kostnaði sem af því hlýst og réttarstöðu vátryggingataka að öðru leyti. Með hliðsjón af þessu hefur Fjármálaeftirlitið gefið út leiðbeinandi tilmæli um starfshætti vátryggingamiðlara, nr. 7/2002. Tilmælunum er ætlað að stuðla að bættum starfsháttum vátryggingamiðlara, m.a. að því er varðar upplýsingagjöf gagnvart viðskiptavinum. Í framhaldinu hefur Fjármálaeftirlitið unnið að mótun tilmæla um starfshætti sölumanna vátryggingafélaga.

Nokkuð hefur borið á samstarfserfiðleikum milli innlendra vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara. Í ýmsum tilvikum hafa slík mál verið tekin til athugunar og afstaða tekin til ágreiningsefna.

1.4. Athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Áhersla: Skilvirkt eftirlit stuðlar að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum heimsótti Ísland í apríl 2003. Tilgangur heimsóknarinnar var að endurmeta stöðugleika íslenska fjármálakerfisins og hversu vel fylgt er alþjóðlegum viðmiðunum varðandi eftirlit og aðra skylda þætti (FSSA, Financial Sector Stability Assessment). Með athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nú var fylgt eftir athugun frá árinu 2001, en í skýrslu um þá athugun lagði sjóðurinn til ýmsar breytingar á löggjöf og eftirliti til að bregðast við veikleikum á fjármálamarkaði og eftirliti með honum. Meðal annars lagði sjóðurinn til verulega stækkun á eftirlitinu.

Skýrsla um niðurstöður athugunarinnar nú var birt á heimasíðu Alþjóðgjaldeyrissjóðsins í ágúst 2003. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að ójafnvægi sem greindist í FSSA-skýrslunni frá 2001 sé nú horfið og að meira jafnvægis gæti nú í áhættu fjármálageirans, m.a. fyrir tilstuðlan fyrirbyggjandi eftirlitsaðgerða. Í skýrslunni er borið lof á skjótar og umfangsmiklar umbætur sem gerðar hafa verið á regluverki og eftirliti. Staðfest er að Fjármálaeftirlitið og sú umgjörð sem fjármálafyrirtækjum er nú búin uppfylli flest ákvæði alþjóðlegra kjarnareglna um árangursríkt bankaeftirlit. Aðeins í einu tilviki er komist að þeirri niðurstöðu að eftirlit uppfylli ekki þessar alþjóðlegu kröfur þar sem reglulega upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til eftirlitsins um áhættu í útlánum til lánþega erlendis skorti. Í kjölfar þessarar niðurstöðu er Fjármálaeftirlitið nú að koma slíkri upplýsingagjöf á.

Í skýrslunni er enn fremur farið jákvæðum orðum um nýjar aðferðir í eftirliti sem Fjármálaeftirlitið hefur þróað og lýst er í kafla 1.3.1 hér að framan. Horft er til mælinga og aðferða eftirlitsins í mati sjóðsins á stöðu fjármálamarkaðar nú.

Þrátt fyrir að sjóðurinn hrósi stjórnvöldum, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu, fyrir aðgerðir sem styrkt hafa stöðugleika fjármálakerfisins hefur sjóðurinn fram að færa nokkrar ábendingar um áframhaldandi endurbætur. Má þar nefna að sjóðurinn telur að stjórnvöld þurfi að vera reiðubúin að endurskoða stærð Fjármálaeftirlitsins þar sem starf þess við að koma nýjum lögum í framkvæmd megi ekki koma niður á kjarnaeftirliti. Einnig er bent á að Fjármálaeftirlitið eigi enn nokkuð verk óunnið í að koma lögum um fjármálafyrirtæki að fullu til framkvæmda, m.a. með setningu tilmæla og reglna. Sú vinna er raunar talsvert lengra komin nú en þegar athugunin átti sér stað.

Niðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gefa til kynna að Fjármálaeftirlitið og sú umgjörð sem fjármálafyrirtækjum er nú búin standist í heild samanburð við það sem best gerist. Sú niðurstaða er mikilvæg fyrir samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar.

1.5. Erlent samstarf.

Áhersla: Samræming í eftirliti og reglusetningu á Evrópska efnahagssvæðinu styrkir skynsamlega útrás innlendra fyrirtækja.

Hugað hefur verið sérstaklega að reikningsskilamálum í erlendu samstarfi Fjármálaeftirlitsins, en ákveðið hefur verið á vettvangi Evrópusambandsins að taka upp reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins í samstæðureikningsskilum skráðra félaga frá og með árinu 2005. Þær breytingar munu hafa veruleg áhrif hér á landi, en undirbúningur er á forræði fjármálaráðuneytisins. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í norrænu samstarfi fjármálaeftirlita er varðar reikningsskil. Samstarfshópur um þessi málefni hélt fund í Reykjavík í ágúst 2003. Þar var fjallað um upptöku reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins og stöðu undirbúnings í hverju landi.

Fjármálaeftirlitið hefur staðið fyrir kynningu og umræðu um fyrirhugaðar breytingar í reikningsskilum. Meðal annars hefur sérfræðingum fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga verið boðið til kynningarfunda um þessi mál.

Á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita, CESR, er einnig unnið að undirbúningi þessara breytinga. Nefndin hefur m.a. samþykkt grunnreglur um framkvæmd breytinganna og eftirlit með reikningsskilum.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í samstarfi fjármálaeftirlita á einstökum sviðum fjármálamarkaðar, í tengslum við breytingar á ákvörðunarferli innan Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið er aðili að samstarfi verðbréfaeftirlita, CESR (The Committee of European Securities Regulators). Nefndin hefur það hlutverk að samræma eftirlit á verðbréfamarkaði og styðja þannig við skilvirkan innri markað á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig sinnir

nefndin ráðgjöf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mótun samræmdrar löggjafar á verðbréfamarkaði. Í því efni hefur nefndin unnið að ráðgjöf vegna reglna um markaðssvik og útboðslýsingar. Enn fremur hefur nefndin gefið út grunnreglur um starfshætti í verðbréfaviðskiptum sem Fjármálaeftirlitið mun leitast við að innleiða hér á landi.

Á tímabilinu hefur verið stofnað til hliðstæðra samstarfsnefnda á öðrum sviðum fjármálamarkaðar. Stofnuð hefur verið nefnd bankaeftirlita, CEBS (Committee of European Banking Supervisors), og nefnd vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, CEIOPS (Committee of European Insurance and Occupational Pensions Supervisors). Þessar nefndir eru stofnaðar að fyrirmynd verðbréfaeftirlitsnefndarinnar, CESR, og munu hafa svipað hlutverk á sínu sviði.

1.6. Rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Áherslur: Skilvirkur rekstur og árangursstjórnun.

Rekstrarumfang og eftirlitsgjald.

Árið 2002 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 266,7 millj. kr. Tekjur að meðtöldum fjármunatekjum á árinu námu alls 217,5 millj. kr., en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 211,1 millj. kr. Gjöld umfram tekjur námu því 49,2 millj. kr. á árinu 2002. Undanskilið í framangreindu eru gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Í ársbyrjun 2002 nam höfuðstóll Fjármálaeftirlitsins, eða uppsafnaður rekstrarárangur stofnunarinnar frá fyrri árum, um 47,9 millj. kr. Tekið var tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds sem samþykkt var á Alþingi fyrir árið 2002. Tekjum ársins og höfuðstól var ráðstafað til reksturs á árinu og var eigið fé í árslok 2002 neikvætt um 1,3 millj. kr. eða 0,5% af gjöldum stofnunarinnar samtals.

Samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að gjöld á árinu verði alls 266,1 millj. kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum verði 263,7 millj. kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi 259,7 millj. kr. Gjöld umfram tekjur á árinu 2003 eru þannig áætlaðar 2,4 millj. kr. og að teknu tilliti til neikvæðs eiginfjár í ársbyrjun 2003, að fjárhæð 1,3 millj. kr., er gert ráð fyrir 3,7 millj. kr. yfirfærðum rekstrarhalla stofnunarinnar í rekstraráætlun vegna ársins 2004.

Rekstraráætlun Fjármáleftirlitsins fyrir árið 2004 hefur verið kynnt viðskiptaráðherra í samræmi við ákvæði laga. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarumfang á árinu 2004 aukist um 8,5% frá árinu 2003. Gert er ráð fyrir að á árinu 2004 muni gjöld ársins nema alls 288,7 millj. kr. og tekjur að meðtöldum fjármunatekjum verði 292,5 millj. kr. en þar af verði álagt eftirlitsgjald á árinu 2004 um 289,5 millj. kr.

Samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Um álagningu eftirlitsgjalds gilda lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Eftirlitsgjaldið reiknast ýmist sem hundraðshluti af heildareignum, rekstrargjöldum eða tryggingariðgjöldum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli starfsemi þeirra. Í öllum tilvikum er þó um að ræða ákveðna lágmarksfjárhæð.

Starfsmannafjöldi og starfsumhverfi.

Í ársbyrjun 2003 voru föst stöðugildi við Fjármálaeftirlitið alls 33 en auk þess voru þá þrír lausráðnir starfsmenn í rúmlega tveimur stöðugildum. Fjöldi fastra stöðugilda var óbreyttur á miðju ári 2003 en þá voru tveir lausráðnir starfsmenn í rúmlega einu stöðugildi við eftirlitið. Í ársbyrjun 2002 voru alls 31 stöðugildi við Fjármálaeftirlitið. Frá miðju ári 2002 til miðs árs 2003 hófu tveir starfsmenn störf hjá stofnuninni en þrír létu af störfum, þar af einn

lausráðinn. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru að meiri hluta sérfræðimenntaðir. Þannig eru 13 þeirra menntaðir á sviði viðskiptafræða, átta eru lögfræðimenntaðir, tveir tryggingastærðfræðingar og tveir tölvunarfræðingar.

Með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2004 sem lögð hefur verið fyrir viðskiptaráðherra fylgir sérstök greinargerð um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár. Í greinargerðinni er leitast við að gefa mynd af því hvert stefnir í starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins jafnframt því að lýsa þróun eftirlits hér og í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við í þessum efnum. Fjallað er um nýlegar og fyrirsjáanlegar breytingar á lagaumhverfi og möguleg áhrif þessa á rekstur Fjármálaeftirlitsins. Þá er í skýrslunni fjallað um innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins, starfstilhögun, markmið í starfsmannamálum og hvert stefnir í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Heimasíðan og upplýsingamiðlun varðandi eftirlitsstarfsemina.

Unnið var að endurbótum á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, á síðari hluta ársins 2002 í þeim tilgangi að gera efni síðunnar aðgengilegra, en þessi miðill gegnir sífellt mikilvægara miðlunarhlutverki í starfsemi eftirlitsins. Eftirlitsskyldir aðilar sækja nú nær alfarið gögn og upplýsingar varðandi skýrslu- og upplýsingaskil til Fjármálaeftirlitsins á heimasíðu eftirlitsins og þaðan miðlar Fjármálaeftirlitið fréttum, umræðuskjölum og margvíslegum tölulegum upplýsingum um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Á síðunni er einnig að finna allar helstu upplýsingar er varða fyrirkomulag eftirlitsins og þær starfsreglur sem eftirlitið byggir á. Á árinu 2002 urðu breytingar í húsnæðismálum Fjármálaeftirlitsins en þá fékk stofnunin viðbótarhúsnæði sem gerbreytt hefur aðstöðu til kynninga og funda.

Ýmsar tölulegar upplýsingar á tímabilinu 1. júlí 2002 til 30. júní 2003.

Fjármálaeftirlitið hefur í fyrri ársskýrslum sínum birt ýmsar tölulegar upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar. Ekki ber að líta á upplýsingar þessar sem neins konar mælikvarða á árangur þeirrar starfsemi sem eftirlitið hefur með höndum en fremur sem vísbendingar um umfang hennar og breytingar á umfangi. Hér á eftir verða því birtar svipaðar upplýsingar og í fyrri ársskýrslum hvað þetta varðar.

Á tímabilinu 1. júlí 2002 til 30. júní 2003 sendi Fjármálaeftirlitið frá sér ríflega 3.000 bréf og veitti móttöku tæplega 2.200 bréfum. Á sama tímabili skiluðu eftirlitsskyldir aðilar Fjármálaeftirlitinu um 1.600 skýrslum vegna reglubundinnar gagna- og upplýsingaöflunar tilheyrandi eftirlitsstarfseminni. Útsendu bréfin á þessu tímabili eru svipuð að fjölda og á sambærilegu tímabili þar á undan en mótteknum bréfum hefur fjölgað um tæplega 400. Skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum eru einnig tæplega 100 fleiri en á fyrra tímabili.

Haldið er utan um verkefni Fjármálaeftirlitsins í sérstöku málaskráningarkerfi. Það felur í sér að stofnuð eru mál um erindi sem beint er til stofnunarinnar og einstök verkefni sem falla til vegna starfseminnar sem síðan fá afgreiðslu í samræmi við leiðbeiningar til starfsmanna. Á því 12 mánaða tímabili sem hér er fjallað um urðu til um 860 slík afgreiðslumál hjá stofnuninni sem er svipaður heildarfjöldi og fyrir sambærilegt tímabil þar á undan.

Fjármálaeftirlitinu berast að jafnaði margs konar formlegar fyrirspurnir er varða starfsemi á fjármálamarkaði hér á landi frá eftirlitsskyldum aðilum, viðskiptavinum þeirra og ýmsum opinberum aðilum. Erlendis frá berst einnig nokkuð af fyrirspurnum í tengslum við alþjóðlegt samstarf um eftirlit á fjármálamörkuðum og einnig frá ýmsum aðilum sem stunda upplýsingamiðlun á fjármálamörkuðum og aðilum í fjármálastarfsemi. Á því tímabili sem hér um ræðir bárust Fjármálaeftirlitinu alls 146 formlegar fyrirspurnir og þar af voru 63 frá er-

lendum aðilum. Sambærilegar tölur fyrir næsta tólf mánaða tímabil þar á undan voru 152 og 62.

Kvörtunar- og neytendamál eru annar flokkur erinda sem Fjármálaeftirlitinu berast. Um er að ræða erindi vegna viðskipta við eftirlitsskylda aðila sem Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að taka til athugunar. Alls bárust eftirlitinu 80 slík mál á nefndu tímabili en sambærilegur fjöldi fyrir tímabilið á undan var 55.

Ýmsar fleiri tölulegar upplýsingar til viðbótar framangreindu liggja fyrir um viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins. Þannig má nefna að á því tímabili sem hér er til umfjöllunar voru skráð mál vegna eftirlits á starfsstöðvum eftirlitskyldra aðila alls 38, en 45 fyrir næsta sambærilega tímabil á undan og mál sem varða umfjöllun um starfsleyfi fjármálafyrirtækja alls 40 en 29 tímabilið á undan.

Dagsektir.

Reglubundin skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins gegna þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði og er því nauðsynlegt að þeim sé sinnt með eðlilegum og tilskildum hætti. Ákvæðum reglugerðar nr. 560/2001, um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, var í fyrsta sinn beitt á fyrri hluta ársins 2002 vegna skýrslna sem eftirlitsskyldum aðilum bar að skila Fjármálaeftirlitinu. Á því tímabili sem hér er til umfjöllunar hefur Fjármálaeftirlitið alls í 13 tilvikum tekið ákvörðun um að beita dagsektum á grundvelli reglugerðarinnar.

2. FJÁRMÁLAMARKAÐURINN – ÞRÓUN OG HORFUR

2.1. Lánamarkaður.


Aukin arðsemi.

Arðsemi lánastofnana hefur aukist talsvert undanfarin missiri. Samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða[4] fyrir skatta árið 2002 nam 14,2 ma. kr. samanborið við 7,4 ma. kr. hagnað árið 2001. Arðsemi eigin fjár hækkaði úr 13,5% í 18,4% milli áranna 2001 og 2002, sbr. *mynd 1*. Hreinar rekstrartekjur hækkuðu talsvert á þessu tímabili en sú hækkun er fyrst og fremst tilkomin vegna hækkunar á öðrum rekstrartekjum. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu lítillega en lækkuðu sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings. Framlög í afskriftarreikning jukust um 1,5 ma. kr., þ.e. úr 8,0 ma. kr. árið 2001 í 9,5 ma. kr. árið 2002.

---


[4] Tekið er mið af samstæðuuppgjörum viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóða þegar fjallað er um viðskiptabanka og sparisjóði í þessum kafla, nema annað sé tekið fram. Í tölum frá fyrri árum eru meðtaldir forverar bankanna sem þá höfðu stöðu sem lánastofnanir, t.d. FBA og Kaupþing.

Mynd 1.



Á fyrri hluta árs 2003 nam samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða fyrir skatta 9,5 ma. kr. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 19,5% á fyrri hluta 2003. Arðsemi eigin fjár hélt áfram að aukast frá árinu 2002 sem stafar fyrst og fremst af áframhaldandi gengishagnaði lánastofnana. Í fyrsta skipti síðan 1998 hafa rekstrargjöld í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hækkað, sbr. *mynd 2*. Hlutfallið lækkaði úr 3,7% árið 1998 í 3,0% árið 2002 en hækkaði í 3,3% á fyrri árshluta 2003. Sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum hafa rekstrargjöld þó haldið áfram að lækka, sbr. *mynd 1*, sem skýrist af meiri vexti í tekjum en rekstrargjöldum. Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings á fyrri hluta árs 2003 eru svipaðar og árið 2002 eða 2,6% en aðrar tekjur vaxa verulega eða úr 2,4% árið 2002 í 3,1% á fyrri hluta árs 2003, sbr. *mynd 2*. Aukning annarra tekna skýrist fyrst og fremst af miklum vexti í gengishagnaði af fjármálastarfsemi, sbr. enn fremur nánari umfjöllun hér á eftir.

Mynd 2.



Framangreindar tölur um arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutföll eru mismunandi á milli einstakra lánastofnana. Þannig var miðgildi arðsemi eigin fjár 19,7% fyrir viðskiptabankana á fyrri hluta ársins 2003 og 9,9% fyrir sex stærstu sparisjóðina.

Aðrar rekstrartekjur fara hækkandi.

Rekstrartekjur, aðrar en hreinar vaxtatekjur, hjá helstu lánastofnunum hækkuðu úr 16,8 ma. kr. árið 2001 í 28,4 ma. kr. árið 2002 eða um 69%. Þar af var gengishagnaður af fjármálastarfsemi neikvæður um 2,7 ma. kr. árið 2001 en jákvæður um 7,1 ma. kr. árið 2002 sem er 9,8 ma. kr. sveifla á milli ára og skýrir það aukningu annarra rekstrartekna á milli áranna. Á fyrri hluta ársins 2003 voru aðrar rekstrartekjur 19,8 ma. kr. eða 70% af heildartekjum ársins 2002 og þar af nam gengishagnaður af fjármálastarfsemi 7,5 ma. kr. Aukningin í gengishagnaði af fjármálastarfsemi stafar fyrst og fremst af aukningu gengishagnaðar af veltuverðbréfum vegna jákvæðrar gengisþróunar hluta og skuldabréfa í veltubók.


Á *mynd 3* er sýnd þróun í einstökum liðum annarra rekstrartekna hjá viðskiptabönkunum öðrum en Sparisjóðabanka.[5] Þar kemur glöggt fram sú sveifla sem verið hefur í tekjum af veltuverðbréfum undangengin ár og er hún í samræmi við verðþróun hluta og skuldabréfa á íslenskum fjármálamarkaði.

Viðskiptabankarnir eru misnæmir fyrir breytingum á gengi verðbréfa á fjármálamarkaði. Sem dæmi má nefna að hlutfall gengishagnaðar veltuverðbréfa af hagnaði fyrir skatta var á bilinu 8% til 120% hjá helstu viðskiptabönkum á árinu 2002. Að öðru óbreyttu hefði verðfall verðbréfa á markaði haft mjög mismunandi áhrif á afkomu einstakra banka á því ári.

Líklegt að útlánavandinn hafi náð hámarki.


Eins og mynd 4 sýnir nam 12 mánaða nafnaukning útlána 12,3% í lok júní 2003, 4,6% í lok mars 2003 og 5,1% í árslok 2002. Jafnframt benda upplýsingar um útlánavöxt á þriðja ársfjórðungi 2003 til aukins útlánavaxtar. Því virðist sem sá hægi vöxtur útlána undanfarin missiri, a.m.k. ef miðað er við þensluárin 1998 til 2001, sé á enda og framundan sé aukinn útlánavöxtur.

Mynd 3.




[5] Hlutdeild þessara banka af öðrum rekstrartekjum hjá viðskiptabönkum og 6 stærstu sparisjóðum er nálægt 90%.

Mynd 4.



Eins og sést á *mynd 5* námu heildarvanskil[6] einstaklinga og fyrirtækja við innlánsstofnanir 27,1 ma. kr. í lok júní 2003 eða 3,3% af útlánum sem er lækkun um 0,8% frá því að vanskil náðu hámarki í lok september 2002. Hlutfallslega hafa vanskil einstaklinga verið hærri en vanskil fyrirtækja. Þannig námu vanskil einstaklinga 6,4% af útlánum til einstaklinga í lok júní 2003 en vanskil fyrirtækja námu 2,4% af útlánum til fyrirtækja. Til samanburðar má nefna að vanskil einstaklinga í lok mars 2003 námu einnig 6,4% af útlánum til einstaklinga en vanskil fyrirtækja námu 2,6% af útlánum til fyrirtækja. Samkvæmt þessu hafa vanskil fyrirtækja minnkað á milli ársfjórðunga en vanskil einstaklinga standa í stað. Líklegt er að á næstu missirum muni hlutfallsleg vanskil einstaklinga og fyrirtækja þokast niður á við.

Mynd 5.



Frá árinu 2000 hafa óvaxtaberandi útlán[7] og fullnustueignir í hlutfalli af útlánum hjá bönkum og sparisjóðum aukist, sbr. *mynd 6*. Þannig nam hlutfallið 3,4% í lok júní 2003, 3,4% í


---

6 Með vanskilum er hér átt við vanskil sem staðið hafa lengur en 1 mánuð. Kaupþing banki hf. er innifalinn í tölum m.v. lok mars 2002 og síðar.

7 Óvaxtaberandi útlán að frádregnum sérstökum afskriftum.

lok 2002, 2,7% í lok 2001 og 1,9% í árslok 2000. Ekki kemur á óvart að árleg afskriftaframlög í hlutfalli af meðalútlánum hafa einnig aukist frá árinu 2000. Árið 2002 var hlutfallið 1,2%, árið 2001 var það einnig 1,2% en 0,8% árið 2000. Fjármálaeftirlitið áætlar að afskriftaframlög ársins 2003 í hlutfalli af meðalútlánum verði nálægt 1,3% en muni lækka árið 2004.

Mynd 6.



Ljóst er af framansögðu að fjármálafyrirtæki hafa á undanförnum missirum glímt við aukinn útlánavanda samhliða niðursveiflu í efnahagslífinu eftir undanfarandi þensluskeið. Í því sambandi hefur Fjármálaeftirlitið beint sjónum sínum sérstaklega að útlánaáhættu fjármálafyrirtækja og framkvæmt ítarlegar kannanir á gæðum útlána. Samkvæmt framangreindum upplýsingum, sbr. *myndir 4, 5 og 6*, bendir ýmislegt til þess að útlánavandinn hafi náð hámarki og hafið sé tímabil útlánaaukningar sem mælast muni í tveggja stafa tölum. Við þannig aðstæður er mikilvægt að vandað sé til útlánaákvarðana til að lágmarka útlánatöp í framtíðinni.


Hlutfallsleg lækkun markaðsáhættu milli tímabila.

Hluti eigna lánastofnana er bundinn í markaðsverðbréfum sem háð eru sveiflum á gengi á markaði. Eins og *mynd 7* sýnir var nettó skuldabréfaeign[8] viðskiptabanka og sparisjóða 84,1 ma. kr. í lok júní 2003 samanborið við 73 ma. kr. nettó skuldabréfaeign í lok júní 2002. Nettó skuldabréfaeign viðskiptabanka og sparisjóða jókst því um 11,1 ma. kr. eða 15,3% á tímabilinu. Nettó hlutabréfaeign[9] í lok júní 2003 nam 50,7 ma. kr. samanborið við 53,8 ma. kr. eign í lok júní 2002 sem er lækkun um 3,1 ma. kr. eða 5,7%. Sé litið á skulda- og hlutabréfaeign í hlutfalli af lögbundnu eigin fé sést að um lækkun er að ræða á milli tímabila. Þannig nam skuldabréfaeign nettó í hlutfalli af lögbundnu eigin fé 75% í lok júní 2003 samanborið við 81% í lok júní 2002. Hlutabréf í hlutfalli af lögbundnu eigin fé námu 45% í lok júní 2003 samanborið við 60% í lok júní 2002. Framangreindar tölur sýna að markaðsáhætta lánastofnana lækkar hlutfallslega milli tímabila. Aukin hlutabréfaviðskipti viðskiptabankanna á þriðja ársfjórðungi 2003 benda hins vegar til þess að markaðsáhætta tengd hlutabréfum hafi aukist frá júní 2003.

---

8 Skuldabréfaeign að frádregnum framvirkum samningum og skiptasamningum á móti skuldabréfaeign.
9 Hlutabréfaeign að frádregnum framvirkum samningum og skiptasamningum á móti hlutabréfaeign.


Mynd 7.



Íslensku bankarnir eru í auknum mæli háðir framboði á erlendu lánsfé.

Á fyrri hluta árs 2003 hafa nettó skuldir viðskiptabankanna[10] við erlenda aðila vaxið á nýjan leik, sbr. *mynd 8*. Í lok júní 2003 námu nettó skuldir viðskiptabankanna við erlenda aðila 364 ma. kr. sem er aukning um 17,8% frá árslokum 2002. Til samanburðar hafa heildareignir bankanna vaxið um 14,7% frá ármótum. Nýjustu tölur um nettó skuldir viðskiptabankanna við erlenda aðila benda til áframhaldandi aukningar. Aukin erlend skuldastaða bankanna hefur leitt til þess að íslensku bankarnir eru í auknum mæli háðir framboði á erlendu lánsfé við endurfjármögnun. Í ljósi þessa mun Fjármálaeftirlitið áfram huga að lausafjárstýringu bankanna, einkum m.t.t. erlendrar endurfjármögnunaráhættu.

Mynd 8.



[10] Miðað við móðurfélagsuppgjör.

Eigið fé eykst en víkjandi lán standa í stað.

Lögbundið eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða[11] nam 111,8 ma. kr. í lok júní 2003 samanborið við 96,6 ma. kr. í lok júní 2002 sem er hækkun um 15,2 ma. kr. eða 15,7%.


Í lok júní 2003 höfðu viðskiptabankar og sparisjóðir gefið út víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárþáttar A við útreikning á eiginfjárhlutfalli, fyrir 6,2 ma. kr. samanborið við 6,1 ma. kr. í lok júní 2002. Víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárþáttar B og C við útreikning á eiginfjárhlutfalli, námu í lok júní 2003 28,7 ma. kr. samanborið við 28,2 ma. kr. í lok júní 2002. Ljóst er af framansögðu að aukning lögbundins eigin fjár var ekki fjármögnuð með víkjandi skuldabréfum heldur rekstrarhagnaði og útgáfu nýrra hlutabréfa í tengslum við kaup og sameiningar.

Samanlagður áhættugrunnur viðskiptabanka og sparisjóða nam 1.017 ma. kr. í lok júní 2003 samanborið við 845,6 ma. kr. í lok júní 2002 sem er hækkun um 171,4 ma. kr. eða 20%.

Eiginfjárhlutföll viðunandi.

Eins og *mynd 9* ber með sér voru eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna á milli 9 og 10% árin 1995–2000 en eiginfjárhlutföll án víkjandi lána B og C lækkuðu jafnt og þétt. Frá árinu 2001 hækkuðu eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna og námu hæst 12,3% í lok árs 2002 og eiginfjárhlutföll án víkjandi lána B og C námu 9,2%. Í lok júní 2003 námu eiginfjárhlutföll viðskiptabankanna 10,6% og eiginfjárhlutföll án víkjandi lána B og C námu 7,8%.

Mynd 9.




Frá árinu 1995 lækkuðu eiginfjárhlutföll sparisjóðanna úr rúmlega 14% í 10,5% og 7,1% án víkjandi lána B og C miðað við lok júní 2000. Frá miðju ári 2000 hafa eiginfjárhlutföllin hækkað og námu 13,6% og 10,6% án víkjandi lána B og C í lok júní 2003.

Síðustu ár hefur Fjármálaeftirlitið varað við hugsanlegum afleiðingum lágra eiginfjárhlutfalla og nefnt í því sambandi að stærri fjármálafyrirtæki með trausta áhættustýringu ættu að miða lágmarkseiginfjárhlutfall við 10% og 8% án víkjandi lána B og C. Viðskiptabankarnir falla undir þessa skilgreiningu og samkvæmt framansögðu var eiginfjárstaða þeirra í heild m.v. júní 2003 viðunandi.


[11] Kaupþings Búnaðarbanka (áður Búnaðarbanka og Kaupþings banka), Íslandsbanka, Landsbanka, og sex stærstu sparisjóða.

Fjármálaeftirlitið reiknar reglulega svokölluð álagspróf fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði. Álagsprófið sýnir hvað eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja þarf að lágmarki að vera til að þola ákveðna lækkun á markaðsverðmæti verðbréfa og niðurfærslu útlána og fullnustueigna þannig að eiginfjárhlutfallið fari ekki niður fyrir 8% sem er lögbundið lágmark. *Mynd 10* sýnir álagspróf viðskiptabankanna m.v. 20% lækkun hlutabréfa, 10% lækkun skuldabréfa og 20% niðurfærslu óvaxtaberandi útlána og fullnustueigna. Í lok júní 2003 nam reiknað lágmarkseiginfjárhlutfall samkvæmt álagsprófi 10,1% en lögbundið eiginfjárhlutfall m.v. sama tímamark nam 10,7%. *Mynd 11* sýnir sambærilegt álagspróf fyrir sex stærstu sparisjóði. Í lok júní 2003 nam reiknað lágmarkseiginfjárhlutfall samkvæmt álagsprófi 11,3% en lögbundið eiginfjárhlutfall m.v. sama tímamark nam 13,6%. Lágmarkseiginfjárhlutfall stærstu sparisjóðanna er því rúmlega 1% hærra en viðskiptabankanna.

Mynd 10.



Mynd 11.



Hafa verður í huga varðandi framangreindar niðurstöður álagsprófa að þær eru mismunandi eftir einstökum bönkum og stærstu sparisjóðum, enn fremur að niðurstöður varðandi stærstu sparisjóðina eru ekki einkennandi fyrir minni og meðalstóra sparisjóði.

2.2. Verðbréfamarkaður.


Velta á verðbréfamarkaði eykst enn.

Heildarvelta hluta- og skuldabréfa í Kauphöll Íslands hefur farið vaxandi allt frá öðrum ársfjórðungi 2000 eftir þónokkra niðursveiflu. Þessi uppsveifla hefur haldið áfram allt til þriðja ársfjórðungs 2003 og lítur út fyrir að hún haldi enn áfram. Heildarvelta hluta- og skuldabréfa er í lok september 2003 orðin meiri en allt árið 2002. Hefur árið 2003 einkennst af samruna félaga og miklum sviptingum á eignarhaldi sem skýrir að stórum hluta veltuaukningu hvað varðar viðskipti með hlutabréf. Sé litið á hlut hlutabréfa í heildarveltu verðbréfa í Kauphöll Íslands var hann um 18,6% á árinu 2001, 28,4% af heildarveltu 2002 og er nú 31,9%, eftir þrjá ársfjórðunga ársins 2003. Þar á undan hafði hlutur hlutabréfa í heildarveltu verðbréfa verið hvað mestur árið 2000 eða 37,2%. Viðskipti með hlutabréf hafa því verið að sækja í sig veðrið eftir niðursveiflu þá er varð árið 2001. Velta með skuldabréf er blómleg sem aldrei fyrr og hefur lítið gefið eftir þrátt fyrir aukningu hlutabréfaveltu. Eftirspurn eftir skuldabréfum hefur verið mikil og má helst skýra hana með aukinni ásókn erlendra fjárfesta svo og lífeyrissjóða. Þessi eftirspurn hefur leitt til lækkunar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa.

Hækkun á meðalvirði viðskipta með skráð verðbréf.

Árin 2002 og 2003 hafa einkennst af miklum sviptingum á hlutabréfamarkaði og er ástæðunnar að leita í samruna félaga og miklum sviptingum á stórum hlutum á eignarhaldi félaga. Því fara sífellt stærri viðskipti með hlutabréf fram utan Kauphallar. Sé litið á *mynd 12* sést að meðalvirði viðskipta með hlutabréf í Kauphöll á hverjum ársfjórðungi breytist lítið á milli ársfjórðunga. Lægst er meðalvirðið á fjórða ársfjórðungi ársins 2000 eða um 0,8 millj. kr. en hæst á þriðja ársfjórðungi ársins 2003 um 2,0 millj. kr. Sé hins vegar litið á meðalvirði viðskipta með hlutabréf utan Kauphallar kemur annað í ljós. Lægst er meðalvirði viðskipta á fyrsta ársfjórðungi 1998 um 1,1 millj. kr. en hæst á þriðja ársfjórðungi 2003 42,5 millj. kr. Hækkanir eru hvað mestar á árunum 2002 og 2003 eins og fyrr greinir.


Mynd 12.



Sé litið á þróun meðalvirðis viðskipta með skuldabréf á hverjum ársfjórðungi kemur annað í ljós, sbr. *mynd 13*. Meðalvirði viðskipta með skuldabréf í Kauphöll hækkar nokkuð

stöðugt frá öðrum ársfjórðungi 2000 en þá var meðalvirði viðskipta 26,3 millj. kr. Meðalvirði viðskipta með skuldabréf í Kauphöll á þriðja ársfjórðungi 2003 var hins vegar um 64,7 millj. kr. Meðalvirði viðskipta með skuldabréf utan Kauphallar hefur einnig hækkað verulega. Lægst var meðalvirðið á öðrum ársfjórðungi 1999, um 4,1 millj. kr., en hæst á öðrum ársfjórðungi 2003, um 43,1 millj. kr. Hækkanir hafa verið hvað mestar frá þriðja ársfjórðungi 2001 eins og sést á *mynd 13* og skýrast eins og fyrr segir af aukinni eftirspurn erlendra fjárfesta sem og lífeyrissjóða.

Mynd 13.




Sé litið fram hjá fyrrgreindum stærðartölum og sjónum beint að fjölda viðskipta, í Kauphöll annars vegar og utan Kauphallar hins vegar, kemur í ljós að frá og með árinu 2001 hafa meira en 50% viðskipta með hlutabréf átt sér stað í Kauphöll og er hlutfallið 64% á fyrstu þremur ársfjórðungum 2003. Sé litið á viðskipti með skuldabréf kemur einnig í ljós að sífellt fleiri viðskipti eiga sér stað í Kauphöll og fer hlutfallið úr 13% árið 1999 í 54% árið 2002. Fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga 2003 er hlutfallið 52%. Þessi þróun, þ.e. að meiri hluti viðskipta fari fram innan Kauphallar, er jákvæð og stuðlar að betri verðmyndun með fyrrgreinda fjármálagerninga.

Hlutabréfavísitölur.

Hlutabréfavísitölur, þ.e. heildarvísitala aðallista Kauphallar og úrvalsvísitala, hafa haldið áfram að hækka á árinu 2003 og hafa þær hækkað nokkuð stöðugt allt frá þriðja ársfjórðungi 2001, sbr. *mynd 14*. Náði úrvalsvísitala hlutabréfa hæst 1.848 stigum í september 2003 en hún hafði áður náð hæst tæplega 1.889 stigum í febrúar árið 2000. Hún var hins vegar 1.436 stig í árslok 2002. Árið 2003 hefur einkennst af miklum sviptingum í eignarhaldi á hlutabréfamarkaði og hefur gengi hlutabréfa hækkað í kjölfarið. Á árinu bar svo við að þau þrjú olíufélög á Íslandi sem skráð voru í Kauphöll og mynduðu atvinnugreinavísitölu olíuverðs voru afskráð á þriggja mánaða tímabili. Með fækkun skráðra félaga í Kauphöllinni fækkar félögum sem standa að baki hverri atvinnugreinavísitölu. Sem dæmi standa nú aðeins tvö félög að baki lyfjagreinavísitölu, eitt að baki vísitölu þjónustu og verslunar og eitt að baki vísitölu bygginga- og verktakastarfsemi.


Mynd 14.



Skráðum félögum í Kauphöll fækkar enn.

Skráðum félögum í Kauphöll heldur áfram að fækka og hefur svo verið allt frá árinu 2001, sbr. *mynd 15*. Við lok þriðja ársfjórðungs 2003 eru skráð félög 52 talsins. Flest voru skráð félög 75 talsins á árunum 1999 og 2000. Enn frekari fækkun er fyrirsjáanleg en tvö félög hafa þegar fengið samþykkta afskráningu á síðasta ársfjórðungi 2003 og eitt á fyrri hluta árs 2004. Vænst er afskráningar a.m.k. tveggja félaga til viðbótar þótt ekki hafi enn verið formlega sótt um afskráningu. Alls hafa 13 félög verið afskráð á fyrstu þremur árfjórðungum ársins 2003. Ástæður afskráninga eru fyrst og fremst af tvennum toga, þ.e. annars vegar samruni við félög sem eru þegar skráð í Kauphöll og hins vegar að félögin uppfylla ekki lengur kröfur um dreifða eignaraðild. Lítið hefur farið fyrir nýskráningu fyrirtækja allt frá árinu 1999 og er t.d. aðeins eitt nýtt félag skráð í Kauphöll það sem af er árinu 2003. Ekki hefur verið séð fyrir endann á þessari þróun, þ.e. fækkun skráðra félaga í Kauphöll, en þó er ekki ástæða til að hafa áhyggjur þar sem reynslan frá öðrum löndum sýnir að þessi stærð, þ.e. fjöldi skráðra félaga í Kauphöll, tekur breytingum. Við fækkun skráðra félaga falla að jafnaði út þau félög sem lítil viðskipti hafa verið með og verðmyndun þeirra er því ekki eins og best verður á kosið. Sum félög hafa jafnframt talið sér ofviða að uppfylla kröfur markaðarins til upplýsingagjafar sem sífellt verður stærri og kostnaðarsamari þáttur. Þau félög sem eftir verða í Kauphöll eru því líklegri til að vera með virkari verðmyndun og standa betur undir kröfum hvað varðar upplýsingagjöf.

Mynd 15.



Upplýsingagjöf.


Kröfur til upplýsingagjafar félaga með fjármálagerninga skráða í Kauphöll verða sífellt meiri. Þessi félög þurfa að vera meðvituð um þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og fram koma í lögum og reglum Kauphallar. Því miður virðist vera brotalöm á þessu því enn ber t.d. á viðskiptum fruminnherja sem og félaganna sjálfra á viðkvæmum tímapunktum, t.d. rétt fyrir birtingu uppgjörs félaga. Starf regluvarðar er tiltölulega nýtilkomið hjá þessum félögum. Regluvörður skal m.a. veita heimildir til viðskipta fruminnherja og meta hvort fyrir liggi innherjaupplýsingar hjá félaginu. Fruminnherjar verða þó að gera sér ljóst að þeir bera ábyrgð á því að meta sjálfstætt upplýsingar sem eru á forræði þeirra sjálfra og ætla má að regluvörður hafi ekki aðgang að.

2.3. Lífeyrismarkaður.

Neikvæð raunávöxtun þriðja árið í röð.

Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris í árslok 2002 nam 678,9 ma. kr. samanborið við 644,7 ma. kr. í árslok 2001. Raunaukning hreinnar eignar á árinu 2002 var um 3%. Iðgjaldagreiðslur á milli ára jukust lítillega eða úr 62,7 ma. kr. á árinu 2001 í 67,0 ma. kr. á árinu 2002. Gjaldfærður lífeyrir var 22,2 ma. kr. árið 2001 en var 25,8 ma. kr. árið 2002. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2002 var neikvæð um 3%. Árið 2002 er þriðja árið í röð þar sem ávöxtun lífeyrissjóða er neikvæð. Á *mynd 16* má sjá 10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar á þremur mismunandi tímabilum frá árinu 1991 til 2002.

Mynd 16.




Slæm fjárhagsstaða lífeyrissjóða.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum skal hrein eign lífeyrissjóðs ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Sé mismunur á milli eigna og skuldbindinga meiri en 10% samkvæmt árlegri tryggingafræðilegri úttekt þarf að breyta samþykktum sjóðsins þannig að jafnvægi náist. Sama á við hafi mismunurinn verið á bilinu 5–10% samfellt í fimm ár.

Lífeyrissjóðir geta aldrei skert réttindi sjóðfélaga umfram þá lágmarkstryggingavernd sem skilgreind er í lífeyrissjóðalögunum. Komi upp sú staða hjá lífeyrissjóði að réttindaákvæði eru í lágmarki og ekki er mögulegt að breyta samþykktum þannig að jafnvægi náist þarf Fjármálaeftirlitið að meta í hverju tilfelli fyrir sig möguleika viðkomandi sjóðs til áframhaldandi starfsemi. Í mörgum tilfellum veita lífeyrissjóðir sjóðfélögum sínum betri réttindi en lágmarksákvæði lífeyrissjóðalaga kveða á um.

Á *mynd 17* má sjá yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2002. Tryggingafræðileg úttekt sem framkvæmd er árlega er gerð út frá réttindagrundvelli viðkomandi sjóðs sem skilgreindur er í samþykktum hans. Af 43 deildum voru fjórar reknar með meira en 10% halla, 18 voru með halla á bilinu 5,1–10%, níu með halla á bilinu 0,1–5% og 12 voru með jákvæða stöðu.

Mynd 17.




Samtryggingadeildir lífeyrissjóða sem hafa bakábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða banka á skuldbindingum eru undanskildar ákvæðum lífeyrissjóðalaganna um fulla sjóðsöfnun. Þessar deildir taka ekki við nýjum sjóðfélögum. Fjárhagsstaða samtryggingadeilda lífeyrissjóða með bakábyrgð annarra aðila er í nánast öllum tilfellum mjög slæm. Í árslok 2002 voru 14 deildir af 17 með halla á bilinu 51–100%, 2 deildir með halla á bilinu 0,1–50% og ein deild var rekin í jafnvægi.

Eignir lífeyrissjóða.

Frá árslokum 2000 hafa fjárfestingar lífeyrissjóða og flokkun þeirra verið til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins í þeim athugunum hafa verið fjárfestingar umfram heimildir í óskráðum verðbréfum eftir gildistöku lífeyrissjóðalaganna. Í lok júní 2003 var hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign komið niður í um 6% fyrir sjóðina í heild samanborið við 9% í árslok 2001 og 8% í árslok 2002 og er eignarhald flestra lífeyrissjóða nú í samræmi við ákvæði laganna.


Á *mynd 18* má sjá hlutfallslega skiptingu annarra fjárfestinga lífeyrissjóða í árslok 2002, annars vegar séreignardeilda og hins vegar samtryggingadeilda. Eins og sjá má er hlutfall verðbréfa með breytilegum tekjum mun hærra hjá séreignardeildum en samtryggingadeildum. Hlutfall verðbréfa með föstum tekjum er hins vegar mun hærra hjá samtryggingadeildum en séreignardeildum. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Margir verðbréfasjóðir samanstanda eingöngu af skuldabréfum og ber að líta til þess við samanburð á eignum deildanna. Í árslok 2002 voru um 89% af séreignarsparnaði ávöxtuð hjá lífeyrissjóðum sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku lífeyrissjóðalaganna og eru þeir sjóðir allir í rekstri hjá viðskiptabönkum.

Mynd 18.




Á *mynd 19* má sjá hlutfall gengisbundinna eigna af heildarverðbréfaeign hjá samtryggingadeildum (15,6%) og séreignardeildum (26,6%) í árslok 2002. Eins og sjá má er hlutfall gengisbundinna eigna hjá séreignardeildum mun hærra en hjá samtryggingadeildum.

Mynd 19.



Hlutfall gengisbundinna eigna lífeyrissjóða af hreinni eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2002 um 16% og hafði lækkað um 6% á milli ára. Í lok júní sl. var hlutfallið komið í 17%, sbr. *mynd 20*, og má gera ráð fyrir frekari hækkun þess á árinu. Samkvæmt heimildum í lífeyrissjóðalögunum er leyfilegt að vera með allt að 50% af eignum í erlendum gjaldmiðlum.

Mynd 20.




Lífeyriskerfi.

Þann 1. júlí 2003 voru starfandi lífeyrissjóðir alls 50 en þar af taka 11 þeirra ekki lengur við iðgjöldum og eru því fullstarfandi sjóðir 39 talsins. Nokkrir sjóðir starfa í fleiri en einni samtryggingadeild vegna mismunandi réttindakerfa. Í árslok 2002 voru samtals 60 fjárhagslega aðskildar samtryggingadeildir og 44 fjárhagslega aðskildar séreignardeildir/leiðir hjá lífeyrissjóðunum.

Skipting heildareigna lífeyrissjóða í árslok 2002 eftir lífeyriskerfum er eftirfarandi: stigakerfi 438 ma. kr. (64,5%), hlutfallskerfi 140 ma. kr. (20,6%), aldursháð kerfi 51 ma. kr. (7,5%) og séreign 50 ma. kr. (7,3%). Á *mynd 21* má sjá skiptingu eftir kerfum frá árinu 1999. Eins og sjá má er þróunin í þá átt að eignir séreigna og aldursháðra kerfa aukast á kostnað hefðbundins stigakerfis. Nítján samtryggingadeildir eru með hlutfallskerfi, þar af eru 17 með ábyrgð annarra á skuldbindingum. B-deild LSR er þar langstærst og nema eignir hennar um 65% af heildareignum deilda í hlutfallskerfum.

Mynd 21.



Viðbótartryggingavernd og séreignarlífeyrissparnaður.

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar voru 48 talsins í árslok 2002, þ.e. 17 lífeyrissjóðir, 23 sparisjóðir, fimm bankar og verðbréfafyrirtæki og þrjú líftryggingafélög.


Séreignarlífeyrissparnaður hefur vaxið stöðugt á milli ára frá árslokum 1999 en þá hóf Fjármáleftirlitið að kalla sérstaklega eftir upplýsingum um lífeyrissparnað frá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum lífeyrissparnaðar. Lífeyrissparnaður í vörslu annarra en lífeyrissjóða var 0,6 ma. kr. í árslok 1999, 2 ma. kr. í árslok 2000, 5,5 ma. kr. í árslok 2001 og 9,1 ma. kr. í árslok 2002. Lífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða, annarra en þeirra sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997, var 1 ma. kr. í árslok 1999, 1,9 ma. kr. í árslok 2000, 3,4 ma. kr. í árslok 2001 og 5,6 ma. kr. í árslok 2002, sbr. *mynd 22*. Langstærstur hluti séreignarlífeyrissparnaðar er í vörslu þeirra sex lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarlífeyrissjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 en í árslok 2002 var séreignarlífeyrissparnaður að fjárhæð 44,3 ma. kr. í þeirra vörslu. Heildarséreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annrra vörsluaðila var því 58,9 ma. kr. í árslok 2002.

Iðgjöld til séreignarlífeyrissparnaðar voru 9,7 ma. kr. á árinu 2001 og 14,2 ma. kr. á árinu 2002 og jukust því um 46% á milli ára. Af iðgjöldum ársins 2002 var 6,2 ma. kr. ráðstafað til lífeyrissjóða sem áður störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir (þar af 1,5 ma. kr. til bundinnar séreignar), 2,3 ma. kr. til annarra lífeyrissjóða og 5,7 ma. kr. til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Lífeyrisréttindi í séreign geta sprottið af viðbótariðgjaldi umfram lögbundið 10% iðgjald annars vegar og af 10% lögbundnu iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar hins vegar. Séreign sem sprettur af 10% lögbundnu iðgjaldi skiptist í séreign til lágmarkstryggingaverndar

(bundin séreign) og séreign til viðbótartryggingaverndar. Sex lífeyrissjóðir nýta sér heimildir í lögum til að skilgreina lágmarkstryggingavernd lægri en 10% og bjóða upp á lágmarkstryggingavernd sem er samþætting séreignar og sameignar. Sjóðfélagi getur óskað eftir að þeim hluta lögbundins lágmarksiðgjalds sem skilgreindur er sem séreign sé ráðstafað til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar honum að kostnaðarlausu.

Mynd 22.



2.4. Vátryggingamarkaður.


Samstæðum vátryggingafélaga fjölgar.

Nú hafa 14 vátryggingafélög starfsleyfi, en 10 þeirra taka að sér nýja vátryggingaáhættu. Tvö vátryggingafélög, Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf., vinna eingöngu að uppgjöri eldri skuldbindinga. Vátryggingastofnar Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga og Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu hafa verið fluttir til Sjóvár-Almennra trygginga hf. Þann 30. júlí 2002 fékk nýtt félag, Íslandstrygging hf., starfsleyfi í skaðatryggingarekstri og síðar á árinu, eða 12. nóvember, fékk Líftryggingamiðstöðin hf. starfsleyfi í líftryggingarekstri. Líftryggingamiðstöðin er dótturfélag í 100% eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Þrjú líftryggingafélög eru nú dótturfélög skaðatryggingafélaga og eitt er dótturfélag banka.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfsemi íslenskra vátryggingafélaga eins og hún birtist í ársreikningum fyrir reikningsárið 2002, auk þess sem nýttar verða upplýsingar um afkomu helstu vátryggingagreina sem Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2002. Breytingar fjárhæða á milli ára verða því breytingar umfram verðlagsbreytingar. Viðlagatrygging Íslands starfar samkvæmt sérlögum, hefur afmarkað hlutverk og er því sleppt í umfjöllun um rekstur vátryggingafélaga hér á eftir. Iðgjöld Viðlagatryggingar voru 855 millj. kr. á árinu 2002, en tjón námu 172 millj. kr., og er það örlítið betri afkoma en á síðasta ári.

Á *mynd 23* má sjá að fjárfestingar í verðbréfum með breytilegum tekjum hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 1998. Fjárfestingar í verðbréfum með föstum tekjum og veðlánum drógust

saman á síðasta ári. Eignarhlutir vátryggingafélaga í hlutdeildarfélögum jukust um 739 millj. kr. og eignarhlutir í dótturfélögum um 310 millj. kr. Annars hafa þessir tveir liðir sveiflast í tengslum við breytingar á eignarhaldi á tímabilinu.



	Hlutir í samstæðufélögum	Hlutir í hlutdeildarfélögum	Verðbréf með breytilegum tekjum	Verðbréf með föstum tekjum	Veðlán
1998	1.759	1.218	10.327	12.046	14.907
1999	1.027	2.071	13.006	10.805	16.346
2000	449	2.327	16.758	9.151	16.167
2001	391	1.981	20.378	11.196	13.759
2002	701	2.720	23.005	9.964	12.574


Mynd 23.

Góð afkoma í skaðatryggingarekstri.

Árið 2002 einkenndist af betri afkomu í skaðatryggingarekstri en undanfarin ár. Sér í lagi var afkoman í rekstri ökutækjatrygginga góð og þakka vátryggingafélögin það einkum góðu veðurfari á árinu. Afkoma eignatrygginga var hins vegar óviðunandi að mati vátryggingafélaganna og í lok ársins hækkuðu félögin iðgjöldin í helstu flokkum eignatrygginga, einkum þó í lögboðnum brunatryggingum.

Á *mynd 24* sést hvernig hagnaður af helstu þáttum starfseminnar hefur skipst frá árinu 1998. Hagnaður af skaðatryggingarekstri hefur á þessu tímabili aldrei verið meiri en hann jókst um 87% frá fyrra ári. Hagnaður af fjármálarekstri dróst hins vegar saman um 45% og hefur aldrei verið lægri á tímabilinu. Líftryggingarekstur skilaði tapi á árinu 2002 sem er fyrsta árið með taprekstri á tímabilinu.


Mynd 24.



	Af skaðatryggingarekstri	Af fjármálarekstri	Af líftryggingarekstri
1998	515	1.548	113
1999	227	1.852	171
2000	-230	2.813	84
2001	768	1.916	549
2002	1.437	1.052	-43

Mynd 25 sýnir þróun iðgjalda og tjóna í skaðatryggingarekstri frá árinu 1998. Iðgjaldatekjur félaganna halda áfram að vaxa. Hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum var 16% árið 2001, en jókst í 17% á síðasta ári.

Mynd 25.



	Eigin iðgjöld ársins	Iðgjöld ársins	Eigin tjón	Tjón ársins
1998	12.380	17.059	10.607	13.254
1999	13.256	17.474	14.286	17.199
2000	15.224	19.156	16.319	20.868
2001	16.705	19.926	16.196	18.374
2002	18.386	22.196	15.616	20.062


Tjónagreiðslur ársins 2002 í heild jukust frá árinu áður, en tjón félaganna í eigin hlut drógust saman um 4%. Stafar þessi munur af aukinni þátttöku endurtryggjenda í tjónum, en hún jókst úr 12% árið 2001 í 22% árið 2002.

Afkoma batnar í ökutækjatryggingum.

Iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum námu 8,8 ma. kr. á síðasta ári samanborið við 8,2 ma. kr. árið 2001. Tjón ársins voru að upphæð 7,7 ma. kr. og lækkuðu um tæplega 1 ma. kr. frá fyrra ári. Hagnaður greinarinnar, þegar reiknað hefur verið með hlut endurtryggjenda, rekstrarkostnaði, fjárfestingarkostnaði, ágóðahlutdeild og afsláttum og breytingu á útjöfnunarskuld, var um 1 ma. kr. Árið 2001 var hagnaður af lögboðnum ökutækjatryggingum 42 millj. kr. en árin þar á undan var greinin rekin með tapi.


Mynd 26 sýnir þróun í iðgjöldum ársins, tjónum ársins og hagnaði/tapi af lögboðnum ökutækjatryggingum frá árinu 1998.

Mynd 26.




Tjónaskuld lögboðinna ökutækjatrygginga var á síðasta ári 65% af tjónaskuld skaðatryggingafélaga í heild, eða 24 ma. kr. af 37 ma. kr. Vöxtur tjónaskuldar lögboðinna ökutækjatrygginga frá fyrra ári á verðlagi ársins 2002 var 1,8%, samanborið við 5,3% vöxt árið 2001 og 11,2% vöxt árið 2000. Á *mynd 27* má sjá þróun tjónaskuldar í lögboðnum ökutækjatryggingum frá 1998.

Mynd 27.



Tjón í frjálsum ökutækjatryggingum jukust á síðasta ári, fóru úr 2,0 ma. kr. í 2,2 ma. kr. Síðustu tvö ár hafa frjálsar ökutækjatryggingar skilað hagnaði. *Mynd 28* sýnir þróun iðgjalda, tjóna og hagnaðar/taps í frjálsum ökutækjatryggingum frá 1998.


Mynd 28.



Slök afkoma í eignatryggingum.

Í lok ársins 2002 hækkuðu vátryggingafélögin iðgjöld í nokkrum flokkum eignatrygginga. Töldu félögin að tjónatíðni hefði aukist varanlega. Á *mynd 29* má sjá þróunina frá 1998 og þar sést að greinin hefur verið rekin með tapi frá árinu 2000. Það ár varð töluvert stökk í fjárhæð tjóna og síðan hafa tjónafjárhæðir verið verulega hærri en á árunum 1998–1999. Rekstrarkostnaður í eignatryggingum var árið 2002 638 millj. kr. og hækkaði úr 469 millj. kr. frá fyrra ári.

Mynd 29.




	1998	1999	2000	2001	2002
Iðgjöld ársins	3.782	3.814	3.745	4.002	4.432
Tjón ársins	2.774	2.890	4.454	3.629	3.826
Hagnaður/tap	276	337	-38	-368	-389

Tjónaskuld hækkar en útjöfnunarskuld lækkar.

Á *mynd 30* má sjá að þróun undanfarinna ára í tjónaskuld og útjöfnunarskuld hélt áfram á árinu 2002. Þó hægði á vexti tjónaskuldar þar sem raunaukning var 1,7%, samanborið við 7,2% árið áður. Útjöfnunarskuld lækkaði hins vegar hraðar en árið áður, um 7,2% samanborið við 4,9%.


Mynd 30.



	Iðgjaldaskuld	Tjónaskuld	Útjöfnunarskuld
1998	5.841	27.542	4.355
1999	6.787	29.437	3.461
2000	7.953	31.648	2.644
2001	8.512	33.928	2.515
2002	8.295	34.495	2.334

Á *mynd 31* sést hlutdeild helstu greina skaðatrygginga í tjónaskuld og útjöfnunarskuld.

Mynd 31.



	Eignatrygging ar	Sjó- farm- og flugtryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Frjálsar ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkra-tryggingar	Innlendar endur-tryggingar	Erlendar endur-tryggingar
Iðgjöld ársins	20%	9%	40%	14%	6%	10%	1%	0%
Tjónaskuld	6%	3%	65%	2%	10%	11%	3%	2%
Útjöfnunarskuld	11%	17%	18%	3%	11%	28%	9%	2%

Greinar sem hafa hlutfallslega lága tjónaskuld miðað við hlutdeild í iðgjöldum gerast upp á tiltölulega skömmum tíma, t.d. eignatryggingar, á meðan t.d. fjárhæðir vegna hvers tjóns í slysatjónum lögboðinna ökutækjatrygginga eru í tjónaskuld í nokkur ár. Greinar sem hafa hlutfallslega háa útjöfnunarskuld einkennast af því að tjón eru fátíð, en einstök tjón geta orðið mjög dýr. Útjöfnunarskuld er hlutfallslega lág í greinum þar sem tjónatíðni er há, en tjónafjárhæðir að jafnaði lágar.

Góðar horfur í skaðatryggingarekstri á árinu 2003.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. eru einu vátryggingafélögin sem skráð eru á markaði og gefa því út milliuppgjör. Af milliuppgjörum þeirra má einnig fá mynd af starfsemi dótturfélaganna sem eru Sameinaða líftryggingafélagið hf., Líftryggingamiðstöðin hf. og Líftryggingafélag Íslands hf.

Samanburður á hálfsársuppgjörum þessara þriggja samstæðna miðað við sama tímabil í fyrra á föstu verðlagi leiðir helst í ljós að iðgjöld í skaðatryggingarekstri jukust um 2,7% á meðan tjón drógust saman um 24,5%. Hagnaður af skaðatryggingarekstri varð 75% hærri á tímabilinu þannig að horfur eru á að árið 2003 reynist skaðatryggingafélögum einnig hagstætt.

Samanlagt skilaði líftryggingarekstur áðurnefndra þriggja líftryggingafélaga 47 millj. kr. tapi á tímabilinu, en samanburðartölur frá sama tímabili árið 2002 liggja ekki fyrir.


Loks má geta þess að frá áramótum hækkaði tjónaskuld félaganna að raungildi um 2,4% fyrstu sex mánuði ársins 2003, en ekki er hægt að bera þá tölu saman við hækkun síðasta árs þar sem hluti tjónaskuldar frá fyrri hluta árs er gerður upp á síðari hluta ársins.

Minnkandi sala vátryggingamiðlara til erlendra vátryggingafélaga.

Bókfærð iðgjöld innlendra líftryggingafélaga námu 2,3 ma. kr. á síðasta ári, samanborið við 1,9 ma. kr. á síðasta ári. Frá árinu 1997 hafa vátryggingamiðlarar miðlað samtals 2,6 ma. kr. í iðgjöldum vegna nýrra samninga í persónutryggingum til erlendra vátryggingafélaga, en iðgjöld vegna nýrra samninga námu þó einungis 163 millj. kr. árið 2002. Hámarki náði miðlun nýrra samninga í persónutryggingum til erlendra vátryggingafélaga árið 2000, en þá var miðlað 809 millj. kr.[12] Sala vátryggingamiðlara í innlendum viðbótarlífeyrissparnaði hefur hins vegar aukist undanfarin ár. Á *mynd 32* má sjá þróun í iðgjöldum vátryggingamiðlara til erlendra félaga vegna nýrra samninga á verðlagi ársins 2002.

Mynd 32.

Iðgjöld vátryggingamiðlara til erlendra félaga vegna nýrra samninga í persónutryggingum. Verðlag 2002.



3. ÁHERSLUR Í STARFI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NÆSTU MISSIRI

Fjármálaeftirlitið byggir starfsemi sína á megináherslum sem mynda kjölfestu í starfseminni. Þessar megináherslur verða óbreyttar frá fyrra ári, en unnið verður að nýjum verkefnum á grundvelli þeirra. Í þessum kafla eru megináherslur Fjármálaeftirlitsins rifjaðar upp og vikið að verkefnum sem unnið verður að og falla að þessum áherslum.

3.1. Áhættustýring og innra eftirlit – hlutverk stjórna.

Fjármálaeftirlitið stuðlar að því að í hverju fjármálafyrirtæki séu stjórnendur sem til þess eru bærir að búa fyrirtækinu sterkt skipulag, skýra stefnu, skilvirkar innri reglur og verkferla, viðeigandi upplýsingakerfi og innri endurskoðun. Með því er stjórnendunum sjálfum og öðrum starfsmönnum kleift að meta með réttu þá áhættu sem í starfseminni felst og stýra henni í samræmi við styrkleika fyrirtækisins.

---

[12] Sem svarar til 903 millj. kr. á verðlagi ársins 2002.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Fundir með stjórnarmönnum.
- Áhættumatskerfi fyrir fjármálafyrirtæki, álagspróf notuð í eftirliti.
- Styrking eftirlits á samstæðugrundvelli.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að efla samskipti við stjórnir fyrirtækja á fjármálamarkaði. Stefnt er að því að halda reglulega kynningarfundi fyrir stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila í því skyni að miðla af reynslu úr eftirliti Fjármálaeftirlitsins og koma á framfæri áhersluatriðum.

Fjármálaeftirlitið mun auka vægi nýrra aðferða í eftirliti með áhættustýringu, koma á einkunnagjöf í eftirliti á fleiri sviðum og þróa álagspróf sem nýst geta í eftirliti.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að styrkja yfirsýn og eftirlit með samstæðum fyrirtækja á fjármálamarkaði. Samstarf við eftirlitsstofnanir í öðrum löndum verður eflt til að tryggja skilvirkt eftirlit með samstæðufyrirtækjum sem sótt hafa á erlenda markaði.

3.2. Starfshættir á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið fylgist með því að starfsemi á fjármálamarkaði sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Ör þróun í starfsemi á fjármálamarkaði kallar á stöðugt eftirlit með starfsháttum þar sem brugðist er við breyttum aðstæðum.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:
- Fyrirbyggjandi eftirlit í innherjaviðskiptum.
- Efling eftirlits með eigendum virkra eignarhluta.
- Setning tilmæla um efni reglna um stjórnir fjármálafyrirtækja.

  Aukið eftirlit með viðskiptum fjármálafyrirtækja við venslaða aðila.
- Mótun tilmæla er varða samninga um viðbótarlífeyrissparnað.
- Mótun tilmæla er varða miðlun og sölu vátrygginga.

Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja áherslu á fyrirbyggjandi eftirlit með starfsháttum á fjármálamarkaði í því skyni að draga úr hættunni á innherjasvikum, markaðsmisnotkun eða ófullnægjandi ráðgjöf til viðskiptamanna fyrirtækja á fjármálamarkaði. Mun Fjármálaeftirlitið m.a. huga að beitingu nýfenginna heimilda til að leggja stjórnvaldssektir á aðila sem ekki fylgja lagafyrirmælum um meðferð innherjaupplýsinga.

Í þessu skyni er stefnt að því að setja leiðbeinandi tilmæli um viðskipti á verðbréfamarkaði, sem byggjast á grunnreglum sem nefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR) hefur staðfest og einsett sér að fylgja eftir. Grunnreglurnar varða ýmis atriði um samskipti fjármálafyrirtækja og viðskiptavina, svo sem ráðgjöf og frágang samninga. Huga þarf að nokkrum ákvæðum grunnreglnanna við næstu endurskoðun löggjafar á þessu sviði.

Jafnframt þarf á næstu missirum að huga að innleiðingu og eftirfylgni við nýjar tilskipanir sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu um markaðssvik og útboðslýsingar. Þær tilskipanir gera m.a. ráð fyrir samræmingu og eflingu eftirlits og eftirlitsúrræða vegna þessara málaflokka.

Hugað verður að umgjörð um starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Stefnt er að því að styrkja eftirlit með tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja í tengslum við svokallaða umbreytingafjárfestingu og huga að aðskilnaði hagsmuna í viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingarbankastarfsemi hins vegar.

Áfram verður áhersla lögð á eftirlit með starfsháttum eigenda virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Miklar breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja undanfarna mánuði og fengin reynsla gefur Fjármálaeftirlitinu tilefni til að huga frekar að áhrifum þeirra á starfsemi viðkomandi fyrirtækja.

3.3. Markaðsaðhald.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því skapast aukið aðhald af hálfu markaðarins, samhliða aðhaldi innra eftirlits og opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:

- Aukið gegnsæi í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, með framsetningu nýrra skýrslna. Umræðuskjal um ný skýrsluskil lífeyrissjóða um tryggingafræðilegar úttektir.
- Stórefld kynningarstarfsemi á vegum Fjármálaeftirlitsins gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

Fjármálaeftirlitið mun taka þátt í undirbúningsvinnu við að taka upp reikningsskilastaðla Alþjóðareikningsskilaráðsins hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands um að taka staðlana upp í samstæðureikningsskilum skráðra félaga frá og með árinu 2005. Fjármálaeftirlitið setur reglur um reikningsskil fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða og mun fylgjast með undirbúningi fjármálafyrirtækja vegna breytinganna. Ekki liggur hins vegar fyrir hvernig eftirliti með alþjóðareikningsskilastöðlunum verður háttað að öðru leyti. Mikilvægt er að vel verði staðið að breytingunum og að þær leiði til samræmdra og gegnsærra reikningsskila.

Fjármálaeftirlitið telur brýnt að taka upp umræðu um hvernig auka megi upplýsingagjöf um starfsemi og niðurstöður eftirlitsins, einkum á verðbréfamarkaði. Í því efni verður að huga að því hvernig skilgreina megi betur þagnarskyldu eftirlitsins og um leið kveða á um upplýsingaskyldu þess í tilteknum málaflokkum.

3.4. Samkeppnishæfni fjármálamarkaðar.

Fjármálaeftirlitið hefur hlutverki að gegna við að skapa hér samkeppnishæfan fjármálamarkað. Það er gert með þátttöku í mótun skilvirks fjármálamarkaðar og eftirfylgni við sjónarmið um hagsmuni viðskiptamanna og öryggi í fjármálaþjónustu.

Dæmi um almennar aðgerðir á síðasta tímabili:

- Efling eftirlits skilar sér í jákvæðum niðurstöðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í athugun á fjármálastöðugleika.
- Aukið samstarf við eftirlitsstofnanir í löndum þar sem innlend fjármálafyrirtæki stunda starfsemi.

Fjármálaeftirlitið gegnir hlutverki við mótun samkeppnishæfs fjármálamarkaðar með þátttöku sinni í samstarfi evrópskra fjármálaeftirlita á einstökum sviðum fjármálamarkaðarins. Þessu samstarfi, sem lýst er nánar í kafla 1.5, er ætlað að stuðla að aukinni samræmingu reglna á fjármálamarkaði og einsleitni í eftirliti. Gangi þau áform eftir mun það koma íslenskum fyrirtækjum á fjármálamarkaði og viðskiptamönnum þeirra til góða. Vinna við upptöku staðla Alþjóðareikningsskilaráðsins er af sama meiði.

Aukin útrás íslenskra fjármálafyrirtækja hefur í för með sér viðvarandi samanburð á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum. Fjármálaeftirlitið mun í starfsemi sinni leita samanburðar við erlend eftirlit í því skyni að styrkja samkeppnishæfni fjármálamarkaðarins.

4. EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

4.1. Fjöldi eftirlitsskyldra aðila.

Þann 30. júní 2003 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

		Starfa samkvamt lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	24	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	9	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	7	22/1991, með síðari breytingum
Verðbréfafyrirtæki	7	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	2	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Verðbréfasjóðir	10	30/2003, um verðbréfasj. og fjárfestingarsj.*)
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	6	161/2002, um fjármálafyrirtæki
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	34/1998, með síðari breytingum
Verðbréfamiðstöðvar	1	131/1997, með síðari breytingum
Lífeyrissjóðir	51	129/1997, með síðari breytingum
Vátryggingafélög	14	60/1994, með síðari breytingum
Vátryggingamiðlarar	19	60/1994, með síðari breytingum
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	5	Ýmis lög
Samtals	**160**	

*) Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, tóku gildi 1. júlí 2003.

4.2. Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu 1. júlí 2002 til 30. júní 2003.

Lánamarkaður.

Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf. var sameinað Þróunarfélagi Íslands hf. þann 7. október 2002 og starfaði félagið undir heiti hins síðarnefnda til 25. febrúar 2003 en þá var nafni félagsins breytt í Framtak Fjárfestingarbanka hf. Með lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi 1. janúar 2003 var kveðið á um að Hafnabótasjóður og Ferðamálasjóður teldust ekki til fjármálafyrirtækja en þessir sjóðir höfðu áður starfað samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þann 11. febrúar 2003 samþykkti Fjármálaeftirlitið breytingu tveggja sparisjóða, Sparisjóðs Kaupþings og nb.is-sparisjóðsins, í hlutafélög.

Þann 27. maí 2003 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. en nafn hins sameinaða félags er Kaupþing Búnaðarbanki hf. Þann 20. september 2002 yfirtók Íslandsbanki hf., samkvæmt sérstökum samningi bankans og Kaupfélags Eyfirðinga, allar skuldbindingar innlánsdeildar Kaupfélags Eyfirðinga gagnvart eigendum innlánsfjár. Þann 31. desember 2002 var innlánsdeild Samvinnufélagsins Hreyfils lögð niður og viðskiptamönnum greiddar út innstæður við innlánsdeildina.

Verðbréfamarkaður.

Verðbréfafyrirtæki.

Þann 3. október 2002 veitti viðskiptaráðherra félaginu Arion verðbréfavörslu hf. starfsleyfi verðbréfafyrirtækis á grundvelli laga nr. 13/1996.

Verðbréfamiðlanir.

Þann 30. júní 2003 skilaði félagið Annar hf.-Verðbréf starfsleyfi sínu til verðbréfamiðlunar til Fjármálaeftirlitsins.

Lífeyrismarkaður.

Þann 24. febrúar 2003 staðfesti fjármálaráðuneytið breytingar á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins VÍB hf. og Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga en sjóðirnir voru sameinaðir undir heitinu Almenni lífeyrissjóðurinn miðað við 1. janúar 2003.

Vátryggingamarkaður.

Vátryggingafélög.

Þann 30. júlí 2002 veitti viðskiptaráðherra Íslandstryggingu hf. starfsleyfi vátryggingafélags í ákveðnum greinum skaðatrygginga. Þann 6. nóvember 2002 veitti viðskiptaráðherra Líftryggingamiðstöðinni hf. starfsleyfi vátryggingafélags í greinaflokki áhættu- og söfnunarlíftrygginga.

Vátryggingamiðlarar.

Viðskiptaráðherra veitti eftirgreind starfsleyfi vátryggingamiðlara hér á landi á tímabilinu: Tryggingar og ráðgjöf ehf. 26. september 2002; DDF Vátryggingamiðlunin ehf. 12. nóvember 2002; Tryggingamiðlun Reykjavíkur ehf. 10. mars 2003; Tryggingaþjónustan ehf. 14. maí 2003.

Fjármálaeftirlitið skráði þessi félög í vátryggingamiðlaraskrá á tímabilinu: Besso Limited, London, 30. september 2002; Aon Limited, London, 6. júní 2003.

Eftirtalin félög skiluðu starfsleyfum sínum sem vátryggingamiðlarar til viðskiptaráðuneytisins á tímabilinu: Tryggingamiðlunin Gildi ehf. 28. ágúst 2002; Íslenska vátryggingamiðlunin ehf. (ÍSVÁ. ehf.) 10. október 2002; Vátryggingamiðlunin ehf. 18. október 2002; Nor Finans á Íslandi ehf. 26. febrúar 2003. Þann 15. janúar 2003 var starfsleyfi Den Danske Forsikringsmægler A/S hér á landi fellt niður.

Á tímabilinu hafa eftirgreindir einstaklingar skilað starfsleyfum sínum til vátryggingamiðlunar: Valur Arnþórsson 27. júlí 2002; Örn Gústafsson 3. september 2002; Ingi Eldjárn Sigurðsson 22. nóvember 2002; Kristinn Rúnar Sigurðsson 13. febrúar 2003; Trausti Sigurðsson 24. febrúar 2003.

Aðrir eftirlitsskyldir aðilar.

Þann 1. júlí 2002 var nafni Verðbréfaþings Íslands hf. breytt í Kauphöll Íslands hf.

4.3. Listi yfir eftirlitsskylda aðila 30. júní 2003.

VIÐSKIPTABANKAR	**Höfuðstöðvar**
Íslandsbanki hf.	Reykjavík
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	Reykjavík
Landsbanki Íslands hf.	Reykjavík
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Reykjavík
SPARISJÓÐIR	
nb.is-sparisjóður hf.	Reykjavík
Sparisjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík

Sparisjóður Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður
Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis	Höfn
Sparisjóður Hólahrepps	Sauðárkrókur
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Hvammstangi
Sparisjóður Höfðhverfinga	Grenivík
Sparisjóður Kaupþings hf.	Reykjavík
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes
Sparisjóður Norðfjarðar	Neskaupstaður
Sparisjóður Norðlendinga	Akureyri
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ólafsfjörður
Sparisjóður Ólafsvíkur	Ólafsvík
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	Reykjavík
Sparisjóður Siglufjarðar	Siglufjörður
Sparisjóður Strandamanna	Hólmavík
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	Laugar
Sparisjóður Svarfdæla	Dalvík
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri
Sparisjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Sparisjóður vélstjóra	Reykjavík
Sparisjóður Þórshafnar	Þórshöfn
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík

LÁNAFYRIRTÆKI

Framtak Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.	Reykjavík
Greiðslumiðlun hf. – VISA Ísland	Reykjavík
Kreditkort hf. – EUROPAY Ísland	Reykjavík
Byggðastofnun	Reykjavík
Lánasjóður landbúnaðarins	Selfoss
Glitnir hf.	Reykjavík
Lýsing hf.	Reykjavík
SP-Fjármögnun hf.	Reykjavík

INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA

Kaupfélag Árnesinga	Selfoss
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga	Höfn
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	Fáskrúðsfjörður
Kaupfélag Héraðsbúa	Egilsstaðir
Kaupfélag Skagfirðinga	Skagafjörður
Kaupfélag Suðurnesja	Reykjanesbær
Kaupfélag V-Húnvetninga	Hvammstangi

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	**Höfuðstöðvar**
Arion verðbréfavarsla hf.	Reykjavík
Fjárvernd – Verðbréf hf.	Reykjavík
Íslensk verðbréf hf.	Akureyri

Jöklar – Verðbréf hf.	Reykjavík
MP Verðbréf hf.	Reykjavík
Verðbréfastofan hf.	Reykjavík
Virðing hf.	Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐLANIR

Íslenskir fjárfestar hf.	Reykjavík
Vaxta ehf. – verðbréfamiðlun	Kópavogur

VERÐBRÉFASJÓÐIR

Hávöxtunarfélagið hf.	Reykjavík
Heimasjóðir ÍSB hf. *)	Reykjavík
Landssjóður hf.	Reykjavík
Landssjóður2 hf.*)	Reykjavík
SPH Verðbréfasjóðurinn hf.*)	Reykjavík
Verðbréfasjóðir Íslandsbanka hf.	Reykjavík
Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf.	Reykjavík
Vísitölusjóður BÍ hf.*)	Reykjavík
Verðbréfasjóður ÍV hf.*)	Akureyri
Ævisjóðurinn hf.*)	Reykjavík

*) Verðbréfasjóðir sem eingöngu er heimilt að markaðssetja á Íslandi.

REKSTRARFÉLÖG VERÐBRÉFASJÓÐA

Íslensk Verðbréf-Eignastýring ehf.	Akureyri
Kaupþing-eignastýring ehf.	Reykjavík
Landsvaki ehf.	Reykjavík
Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf.	Reykjavík
Rekstrarfélag ÍSB hf.	Reykjavík
SPH Rekstrarfélag ehf.	Reykjavík

KAUPHALLIR OG AÐRIR TILBOÐSMARKAÐIR

Kauphöll Íslands hf.	Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR

Verðbréfaskráning Íslands hf.	Reykjavík

LÍFEYRISSJÓÐIR	**Höfuðstöðvar**
Almenni lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	Reykjavík
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	Keflavík
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli	Keflavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	Hafnarfjörður
Eftirlaunasjóður starfsmanna Íslandsbanka hf.	Reykjavík

Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	Reykjavík
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Íslenski lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	Akranes
Lífeyrissjóður Austurlands	Neskaupstaður
Lífeyrissjóður bankamanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík
Lífeyrissjóður bænda	Reykjavík
Lífeyrissjóður Hf. Eimskipafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður lækna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Norðurlands	Akureyri
Lífeyrissjóður Rangæinga	Hella
Lífeyrissjóður sjómanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	Akureyri
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	Kópavogur
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurapóteks	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Suðurlands	Selfoss
Lífeyrissjóður Suðurnesja	Keflavík
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Ísafjörður
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Vesturlands	Akranes
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	Reykjavík
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Reykjavík
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	Reykjavík
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Samvinnulífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Séreignalífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Reykjavík
Tryggingasjóður lækna	Reykjavík

VÁTRYGGINGAFÉLÖG	**Höfuðstöðvar**
Alþjóða líftryggingarfélagið hf.	Reykjavík
Íslensk endurtrygging hf.	Reykjavík
Íslandstrygging hf.	Reykjavík
Líftryggingamiðstöðin hf.	Reykjvaík
Líftryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Sameinaða líftryggingarfélagið hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Reykjavík
Trygging hf.	Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Vátryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta	Reykjavík
Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga	Ísafjörður
Viðlagatrygging Íslands	Reykjavík
Vörður vátryggingafélag	Akureyri

VÁTRYGGINGAMIÐLANIR	
Aon Limited	London
Alþjóðafjárfestinga- og vátryggingamiðlunin ehf.	Kópavogur
Alþjóðleg miðlun ehf.	
(skilaði starfsleyfi 22. ágúst 2003)	Reykjavík
Árni Reynisson ehf.	Reykjavík
Besso Limited	London
DDF Vátryggingamiðlunin ehf.	Reykjavík
Fjárfestingamiðlun Íslands ehf.	Kópavogur
Heath Lambert Norway AS	Osló
Howden Insurance Brokers Ltd.	London
Marsh Ltd.	London
Nýja vátryggingaþjónustan hf.	Reykjavík
Provins Insurance AB	Svíþjóð
Tryggingamiðlun Reykjvíkur ehf.	Reykjavík
Tryggingastofan ehf.	
(skilaði starfsleyfi 18. ágúst 2003)	Reykjavík
Trygg miðlun ehf.	Reykjavík
Tryggingamiðlun Íslands ehf.	Reykjavík
Tryggingar og ráðgjöf ehf.	Reykjavík
Tryggingaþjónustan ehf	Reykjavík
UIB Nordic AB	
(skráð í vátryggingamiðlaraskrá 27. ágúst 2003)	Svíþjóð
Willis AB	Stokkhólmi

AÐRIR EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR	
Íbúðalánasjóður – húsbréfadeild	Reykjavík
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Reykjavík
Póstgíró – Íslandspóstur hf.	Reykjavík
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta	Reykjavík
Tryggingasjóður sparisjóða	Reykjavík

4.4. Vátryggingamiðlarar sem falla undir starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlana.
Árni Reynisson, Árni Reynisson ehf.
Eiríkur Hans Sigurðsson, Nýja vátryggingaþjónustan hf.
Halldór Sigurðsson, Alþjóðleg miðlun ehf.
Hákon Hákonarson, Trygging og ráðgjöf ehf.
Karl Jónsson, Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Leo Árnason (skilaði starfsleyfi sínu 19. ágúst 2003), Tryggingastofan ehf.
Ólaf Forberg, Alþjóðafjárfestinga- og vátryggingamiðlunin ehf.
Ómar Einarsson, Nýja vátryggingaþjónustan hf.
Sigurður Rúnar Ástvaldsson, Trygg miðlun ehf.
Sigþór Hákonarson, DDF Vátryggingamiðlunin ehf.
Þorlákur Pétursson, Fjárfestingamiðlun Íslands ehf.

5. BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUM

5.1. Almennt.

Endurskipulagning fjármálalöggjafar á Íslandi.

Á árinu 2002 lauk viðamikilli endurskipulagningu fjármálalöggjafar á Íslandi. Þann 1. janúar 2003 tóku gildi lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Frumvarp til þeirra laga hafði verið í undirbúningi í svokallaðri bankalaganefnd. Með lögunum féllu úr gildi lög um viðskiptabanka og sparisjóði, lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög um rafeyrisfyrirtæki og hluti laga um verðbréfaviðskipti. Með fjármálafyrirtækjum er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rafeyrisfyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Einnig gengu í gildi 1. júlí sl. lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti og lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjármálaeftirlitið hefur unnið að endurskoðun og uppfærslu reglna sem því ber að setja samkvæmt nýrri löggjöf á fjármálamarkaði. Gefnar hafa verið út reglur og reglugerðir með stoð í nýju lögunum og er þeirra getið í viðeigandi undirköflum hér á eftir. Reglur og reglugerðir með stoð í eldri lögum sem gert er ráð fyrir í nýju lögunum halda gildi þar til endurskoðun er lokið.

Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
Breytingar:

- Lög nr. 50/2003: Með lögunum er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli gefa út tilkynningar um einstaklinga og lögaðila sem eftirlitsskyldum aðilum ber sérstaklega að kanna hvort stofnað hafi verið til viðskipta við. Fjármálafyrirtækjum er skylt að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutninga, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslur, eignarskráningu sem og önnur viðskipti, og hindra þannig að þeir aðilar sem tilgreindir eru fái greiðslur í hendur eða geti nýtt sér fjármuni með öðrum hætti.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
Breytingar:

- Lög nr. 157/2002: Með lögunum er hundraðshluta eftirlitsgjalds, sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 99/1999, breytt til samræmis við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1999.

Samstarfssamningur milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Fyrri samstarfssamningur Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins var endurskoðaður. Í samningnum er nú kveðið með skýrari hætti á um samstarf þessara aðila um mat á hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði og viðbrögð við slíkum aðstæðum. Þá var staðfestur sérstakur samningur á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands vegna greiðslu- og uppgjörskerfa þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra í umsjón og eftirliti á því sviði.

5.2. Lánamarkaður.

Lög nr. 98/1999, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Breytingar:

- Lög nr. 139/2002: Með lögunum er kveðið á um breytingar á 8. gr. laganna þar sem fram kemur að skuldbindingar sem stofnað sé til áður en leyfi sé afturkallað eða útibú útilokað frá sjóðnum skuli njóta tryggingaverndar í samræmi við III. kafla laganna.

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, voru sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Gerðar voru ýmsar breytingar með lögunum til að taka mið af nýjum aðstæðum, greinum bætt við vegna nýrra krafna og ákvæði sem ekki eiga lengur við felld brott. Sem dæmi um ný ákvæði má nefna að Fjármálaeftirlitið veitir og afturkallar starfsleyfi í stað viðskiptaráðherra. Þá var Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að ákvarða hærra eiginfjárhlutfall en 8% fyrir þau fjármálafyrirtæki sem talin eru hafa ófullnægjandi fjárhagsstöðu með hliðsjón af áhættustigi. Þá var skilgreint með nánari hætti en gert var í fyrri löggjöf hvaða brot eru refsinæm og sérstakir brotaflokkar tilgreindir.

Reglugerð nr. 120/2000, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Breytingar:

- Reglugerð nr. 864/2002: Með reglugerðinni eru gerðar breytingar á þremur ákvæðum reglugerðar nr. 120/2000.

Reglur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, nr. 530/2003.

Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja í stað áður lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana. Rafeyrisfyrirtæki eru þó undanskilin þar sem um þau gilda sérstakar eiginfjárreglur skv. 80. gr. laga nr. 161/2002. Sú tegund fyrirtækja sem kemur ný undir reglurnar er rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, nr. 531/2003.

Reglurnar (áður reglugerð útgefin af viðskiptaráðuneytinu) ná nú til fjármálafyrirtækja í stað lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu áður. Þær tegundir fyrirtækja sem koma nýjar undir reglurnar eru rekstrarfélög verðbréfasjóða og rafeyrisfyrirtæki.

Reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja, nr. 532/2003.

Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja í stað lánastofnana áður, þ.e. verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rafeyrisfyrirtæki koma ný inn sem fyrirtæki sem reglurnar ná til.

Reglur um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki, nr. 540/2003.
Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja en áður náðu þær til lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana. Þær tegundir fjármálafyrirtækja sem koma nýjar undir reglurnar eru rekstrarfélög verðbréfasjóða og rafeyrisfyrirtæki.

5.3. Verðbréfamarkaður.
Lög nr. 98/1999, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
Breytingar:
- Lög nr. 139/2002: Með lögunum er kveðið á um breytingar á 8. gr. laganna þar sem fram kemur að skuldbindingar sem stofnað sé til áður en leyfi sé afturkallað eða útibú útilokað frá sjóðnum skuli njóta tryggingaverndar í samræmi við III. kafla laganna.

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
Með lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, voru sameinuð í ein heildarlög um fjármálafyrirtæki lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki, og ákvæði um stofnun og starfsemi verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
Með lögunum er m.a. innleidd breyting á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu ásamt því að skapa hagstæðara umhverfi til reksturs sjóða um sameiginlega fjárfestingu hér á landi og stuðla að skilvirkari neytendavernd.

Lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.
Með lögunum er komin heildarlöggjöf sem hefur að geyma hegðunarreglur á verðbréfamarkaði og ákvæði um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja sem heimild hafa til verðbréfaviðskipta. Ákvæði laganna byggjast á þeim grunni sem lagður var með gildandi lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998.

Reglugerð nr. 120/2000, um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
Breytingar:
- Reglugerð nr. 864/2002: Með reglugerðinni eru gerðar breytingar á þremur ákvæðum reglugerðar nr. 120/2000.

Reglugerð nr. 630/2003, um verðbréfaviðskipti.
Reglugerð þessi tekur til hverjir geta talist fagfjárfestar skv. c-lið 7. tölul. 2. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti og framkvæmd almennra útboða verðbréfa. Með henni féllu úr gildi reglugerð um yfirtökutilboð nr. 432/1999 og reglugerð um útboð verðbréfa nr. 477/2001.

Reglugerð nr. 633/2003, um próf í verðbréfaviðskiptum.
Reglugerðin fjallar um framkvæmd á prófi í verðbréfaviðskiptum skv. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Próf þetta nefnist verðbréfaviðskiptapróf. Starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, skulu hafa staðist próf

í verðbréfaviðskiptum. Með henni féll úr gildi reglugerð nr. 506/2000, um próf í verðbréfamiðlun.

Reglur nr. 331/2003, um vísitölusjóði.
Reglurnar gilda um vísitölusjóði er starfa á grundvelli laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Þar er m.a. kveðið á um að verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, sé heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé, í samþykktum og fjárfestingarstefnu sjóðsins, eða viðkomandi deild hans, kveðið á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu.

Reglur um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, nr. 530/2003.
Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja í stað áður lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana. Rafeyrisfyrirtæki eru þó undanskilin þar sem um þau gilda sérstakar eiginfjárreglur skv. 80. gr. laga nr. 161/2002. Þær tegundir fyrirtækja sem koma nýjar undir reglurnar eru rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, nr. 531/2003.
Reglurnar (áður reglugerð útgefin af viðskiptaráðuneytinu) ná nú til fjármálafyrirtækja í stað áður til lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Þær tegundir fyrirtækja sem koma nýjar undir reglurnar eru rekstrarfélög verðbréfasjóða og rafeyrisfyrirtæki.

Reglur um endurskoðun fjármálafyrirtækja, nr. 532/2003.
Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja í stað lánastofnana áður, þ.e. verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rafeyrisfyrirtæki koma ný inn sem fyrirtæki sem reglurnar ná til.

Reglur um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki, nr. 540/2003.
Reglurnar ná nú til fjármálafyrirtækja en áður náðu þær til lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana.

5.4. Lífeyrismarkaður.
Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
Breytingar:
- Lög nr. 73/2003: Með þeim voru gerðar breytingar á innlendri löggjöf sem nauðsynlegar eru vegna Vaduz-samningsins.
  Lúta þær að ákvæðum laga er varða vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar.

Reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
Breytingar:
- Reglugerð nr. 293/2003: Með reglugerðinni eru gerðar breytingar á þremur ákvæðum reglugerðar nr. 391/1998.

Reglur nr. 765/2002, um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða.
Fjármálaeftirlitið hefur gefið út reglur nr. 765/2002, um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða. Breytingarnar fela í sér afnám þeirra ákvæða sem kveða á um

verðbólgureikningsskil. Enn fremur er gerð breyting á viðauka III með ársreikningareglunum sem felur í sér sérstaka reglu við útreikning á hreinni raunávöxtun hjá þeim lífeyrissjóðum sem reikna daglegt gengi eigna, sbr. enn fremur 10. gr. reglna nr. 765/2002.

5.5. Vátryggingamarkaður.

Lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Breytingar:

- Lög nr. 29/2003, um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi. Með lögunum var gerð breyting á lögum um vátryggingastarfsemi vegna lögleiðingar svonefndrar 4. tilskipunar um ökutækjatryggingar, þ.e. 2000/26/ESB, þar á meðal varðandi meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis, tjónsuppgjörsfulltrúa, tjónsuppgjörsmiðstöð og upplýsingamiðstöð. Í tengslum við þetta var einnig gerð breyting á umferðarlögum, nr. 87/1950, með lögum nr. 26/2003. Í framhaldi þessa var sett ný reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 392/2003.
- Lög nr. 34/2003, um breytingu á lögunum um vátryggingastarfsemi. Lagabreytingin er vegna lögleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga nr. 2001/17/ESB. Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og samvinnu varðandi endurskipulagningu fjárhags vátryggingafélaga og slita þeirra og ákveðna lágmarksamræmingu landsreglna í því sambandi.
- Lög nr. 37/2003, um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi, í tengslum við lögleiðingu tilskipunar um lágmarksgjaldþol vátryggingafélaga nr. 2002/12/ESB og nr. 2002/13/ESB. Lágmarksfjárhæðir eru hækkaðar.

Reglugerð nr. 459/2003, um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga.
Reglugerð nr. 632/2003, um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreiknings lágmarksgjaldþols.
Reglugerð nr. 699/2003, um breytingu á reglugerð nr. 646/1995, um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld.

5.6. Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út almenn leiðbeinandi tilmæli á nokkrum sviðum fjármálamarkaðar. Leiðbeinandi tilmæli eru sett á grundvelli lagaheimildar í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2001, um efni reglna útgefenda verðbréfa um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, með breytingum.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2001 voru endurútgefin með áorðnum breytingum vegna laga nr. 39/2002 og vegna nýrra laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 sem tóku gildi 1. júlí sl. Breytingar þær sem gerðar hafa verið á tilmælunum taka til þeirra atriða sem tekið hafa breytingum í lögum, svo sem orðalagi ákvæðis um innherjasvik, ákvæðis um gildissvið reglna og hugtakaskilgreininga. Auk þess eru gerðar breytingar á orðalagi er lýtur að heimild regluvarðar til að hafna viðskiptum innherja, en það orðalag hefur sætt nokkurri gagnrýni.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 7/2002, um starfshætti vátryggingamiðlara.

Fjármálaeftirlitið hefur í samskiptum sínum við neytendur og vátryggingamiðlara orðið vart við að reglur skorti um ýmis atriði í tengslum við miðlun vátrygginga. Tilmælin eru því að miklu leyti unnin í tilefni af þeim erindum og athugasemdum sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist vegna eftirlits með vátryggingamiðlurum.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2003, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að stjórn fjármálafyrirtækja skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í leiðbeinandi tilmælum þessum er fjallað um tiltekin atriði sem til sérstakrar umræðu hafa verið í samskiptum eftirlitsins við fjármálafyrirtæki.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er greint frá áætlun um umfang og kostnað af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi og lagðar til gjaldaheimildir til að standa undir kostnaðinum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði 288,7 millj. kr. árið 2004 sem er 8,5% hækkun frá áætluðum kostnaði yfirstandandi árs. Sú upphæð greiðist að mestu með álögðu gjaldi á fjármálafyrirtæki sem er áætlað 289,5 millj. kr. árið 2004 og er það 11,4% hækkun miðað við áætlaða innheimtu ársins 2003. Einnig er gert ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar verði 3 millj. kr. sem vegur að mestu leyti á móti 3,7 millj. kr. áætluðum halla stofunarinnar á yfirstandandi ári.

350. Frumvarp til laga [305. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 12. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir er orðast svo: Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan. Greiðsla stofnstyrks til nýrrar hitaveitu eða vegna stækkunar hitaveitu skal miðuð við tímamarkið þegar hitaveitan tekur til starfa eða stækkun er tekin í notkun. Af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslu á orku til húshitunar og stofnstyrkja hitaveitna skal styrkveiting til nýrra hitaveitna þó aldrei vera meiri en 20% heildarfjárveitingar. Árlega getur hver

einstök hitaveita að hámarki fengið styrk er nemur 15% árlegrar heildarfjárveitingar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna.

2. gr.

a. Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:
   Ráðherra er heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarorku og nýrra hitaveitna. Beiðnir um styrki skulu sendar iðnaðarráðuneytinu ásamt greinargerð Orkustofnunar um fyrirhugaða jarðhitaleit.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fjárveiting til jarðhitaleitar.*

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 128. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Frumvarpið var samið af nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði og voru þau að meginstofni til lögfesting á framkvæmd sem gilt hafði um langa hríð. Áður en lögin voru sett var niðurgreiðslum háttað þannig að í fjárlögum hvers árs var veitt ákveðin fjárhæð til niðurgreiðslna en skipting fjárins fór eftir vinnureglum sem mótast höfðu í iðnaðarráðuneytinu með aðstoð Orkustofnunar. Setning laga nr. 78/2002 var til verulegra bóta og hefur skýrt mjög réttindi og skyldur hvað þetta málefni varðar.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem falla innan þeirrar meginstefnu sem mörkuð var með setningu laga nr. 78/2002 en horfa til bóta í ljósi reynslunnar af framkvæmd laganna. Skýrt skal tekið fram að ekki er hróflað við núverandi fyrirkomulagi þar sem heildarfjárhæðin sem varið er til þessa málaflokks er ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hækkun á hámarki stofnstyrkja til hitaveitna. Í stað þess að miða hámark stofnstyrks við upphæð fimm ára niðurgreiðslna að frádregnum öðrum beinum eða óbeinum stuðningi ríkis við viðkomandi hitaveitu er lagt til að miðað verði við átta ára niðurgreiðslur að hámarki. Er þá miðað við meðalnotkun rafhitunar næstu fimm ár þar á undan. Þessi breyting er lögð til vegna þess að æskilegt er talið að stuðla að aukinni nýtingu jarðvarma til húshitunar eins víða um land og hagkvæmt þykir. Stefna stjórnvalda hefur verið að fjölga hitaveitum á landinu og er hin ráðgerða breyting hluti af þeirri stefnu. Komið hefur í ljós að á ákveðnum stöðum þar sem kannað hefur verið hvort stofna eigi hitaveitu og hverfa frá rafhitun hefur hitaveita ekki verið samkeppnisfær við niðurgreidda rafhitun. Einhugur er um að niðurgreiða rafhitun á þeim stöðum sem ekki eiga kost á öðrum leiðum til húshitunar. Jafnframt er ljóst að niðurgreiðslur til húshitunar mega ekki standa í vegi fyrir þróun og uppbyggingu kerfis til húshitunar með jarðhita. Einnig er bent á að þó að þessi hækkaða viðmiðun styrks til einstakra hitaveitna leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs til einstakra hitaveitna í upphafi, er breytingin til þess fallin að draga úr heildarkostnaði við niðurgreiðslu húshitunar þegar til lengri tíma er litið. Í greininni felst að hin hækkaða viðmiðun tekur einungis til hitaveitna sem taka til starfa eftir að lagabreytingin kemur til framkvæmda. Um það hvenær hitaveita telst hafa tekið til starfa eða stækkun hennar verið tekin í gagnið ræður úrslitum hvenær

notendur hennar eru tengdir og byrja að njóta þjónustu hitaveitunnar. Eftir að hitaveita hefur verið tengd eiga notendur hennar ekki lengur rétt á niðurgreiðslum til húshitunar og þær eiga því að hafa fallið niður.

Greininni er einnig breytt á þann veg að heimilt verður að miða við niðurgreiðslur til olíuhitunar þegar metnir eru stofnstyrkir til nýrrar hitaveitu eða vegna stækkunar hitaveitu. Rétt þykir að gera þessa breytingu nú til þess að gæta jafnræðis milli þeirra er hita með rafmagni og þeirra sem hita með olíu ef til þess kemur að fyrirhuguð er hitaveita á svæði sem nær til aðila sem nota báða þessa orkugjafa til húshitunar.

Í frumvarpinu er að finna nýtt ákvæði um fjárveitingar til stofnstyrkja hitaveitna. Samkvæmt ákvæðinu verður ráðherra heimilt að ráðstafa til þeirra allt að 20% þess fjár sem Alþingi ákveður í fjárlögum hvers árs að ráðstafa samtals til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og til stofnstyrkja hitaveitna. Þá er og kveðið á um að einstök hitaveita geti ekki fengið hærri stofnstyrki árlega en 15% af því fé sem Alþingi ákveður í fjárlögum hvers árs að ráðstafa samtals til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og til stofnstyrkja hitaveitna. Hitaveita sem ætti í heild rétt á hærri stofnstyrk en sem nemur hámarki hvers árs fyrir einstaka hitaveitu yrði að sæta því að fá stofnstyrkinn greiddan á tveimur árum eða lengri tíma ef um verulegar fjárhæðir væri að ræða.

Um 2. gr.

Árið 1998 var komið á laggirnar á vegum iðnaðarráðuneytisins sérstöku átaki til jarðhitaleitar á svokölluðum köldum svæðum, þar sem rafmagn er notað til húshitunar. Hefur þessu átaksverkefni verið fram haldið frá 1998. Aðilar að því hafa verið iðnaðarráðuneytið, Byggðastofnun og Orkusjóður. Engin sérstök fjárveiting hefur verið á fjárlögum til þessa verkefnis og því er talið eðlilegt að marka því sérstakan tekjustofn.

Á undanförnum árum hefur tækni til borana og jarðhitaleitar fleygt mjög fram og kostnaður farið hlutfallslega lækkandi. Hins vegar er kostnaður við borun á rannsóknarholum á köldum svæðum mjög mikill þar eð mun dýpra þarf að bora á slíkum svæðum en annars staðar. Með þessu átaki hefur tekist að auka hlutdeild jarðhitaveitna í húshitun á landsbyggðinni, en talið er að víða sé unnt að afla jarðhita fyrir þéttbýli sem ekki býr við hitaveitu.

Jarðhitaleitarátakinu er ætlað að verða hvati og upphaf að frekari aðgerðum. Þannig beinist það einkum að frumstigum leitar, en sveitarfélögum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við verkefnunum, finnist jarðhiti sem hagkvæmt er að nýta. Að lokinni leit taka sveitarfélög og orkufyrirtækin síðan við og standa undir frekari kostnaði. Vinna á vegum jarðhitaleitarátaksins hefur einkum beinst að þéttbýlisstöðum og þau svæði verið látin ganga fyrir þar sem dreifing raforku til húshitunar kann að vera ótrygg.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun á hámarki stofnstyrkja til hitaveitna. Í gildandi lögum er hámark stofnstyrkja miðað við fimm ára niðurgreiðslu á rafmagni að frádregnum öðrum beinum og óbeinum stuðningi ríkisins við viðkomandi hitaveitu, en með frumvarpinu er lagt til að miðað verði við átta ára niðurgreiðslur að hámarki. Jafnframt er lagt til að veitt verði heimild til að miða einnig við niðurgreiðslur til olíuhitunar þegar metnir eru stofnstyrkir til nýrra hitaveitna. Loks er með frumvarpinu lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarorku og til nýrra hitaveitna til sérstaks jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum. Að meðaltali hafa verið veittar u.þ.b. 40 m.kr. á ári í stofnstyrki til hitaveitna á undanförnum fimm árum. Gera má ráð fyrir að styrkirnir hækki nokkuð þar sem hámarksviðmið hækkar úr fimm árum í átta eða um 60%. Á móti kemur að meiri hvati verður til að leggja af rafhitun og niðurgreiðslur sparast til lengri litið.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á rafhitun nemi 868 m.kr. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir um stofnstyrki, niðurgreiðslur og eftirlit verði teknar með tilliti til þeirra fjárveitinga sem til ráðstöfunar eru samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

351. Frumvarp til laga [306. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó skulu aðilar skv. 1. mgr. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum í eigu þeirra samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10 19. mars 2001, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Hitaveita Suðurnesja hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159 20. desember 2002, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal Norðurorka hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40 30. maí 2001, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal Orkubú Vestfjarða hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139 21. desember 2001, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Orkuveita Reykjavíkur greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum fyrirtækisins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að samræmd verði sérákvæði ýmissa laga á orkusviði hvað varðar skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta. Til þessa hafa gilt mismunandi reglur um skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatts af húseignum sem hefur leitt til þess að sambærilegar eignir innan sama sveitarfélags hafa hlotið mismunandi meðhöndlun eftir því hvaða orkufyrirtæki er eigandi eignanna.

Framan af gætti einkum óánægju með að Rafmagnsveitur ríkisins væru með öllu undanþegnar greiðslu fasteignaskatta. Í kjölfar þess að á 126. löggjafarþingi var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á orkulögum urðu hins vegar deilur um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu fasteignaskatts. Frumvarpið var lagt fram til að gera starfandi raf- og hitaveitum mögulegt að breyta um rekstrarform án þess að slíkt hefði áhrif á skattalega stöðu þeirra svo og setja skýrar almennar reglur um heimildir þeirra til að áskilja sér arð eins og gert er ráð fyrir í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Í athugasemdum við frumvarpið segir að gera megi ráð fyrir að breytingar á skattalegu umhverfi orkufyrirtækjanna taki gildi samhliða því að nýtt skipulag raforkumála komi til framkvæmda. Ákvæðum frumvarpsins sé ætlað að standa þar til þær breytingar taka gildi.

Í bréfi, dags. 29. ágúst 2003, óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir formlegum viðræðum við iðnaðarráðherra um skattalega stöðu raf- og hitaveitna. Beindi sambandið því til iðnaðarráðherra að sú breyting á skattalegri stöðu raf- og hitaveitna sem fólst í samþykkt 3. gr. laga nr. 78/2001, sbr. 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, yrði leiðrétt til samræmis við markmið frumvarpsins.

Raforkulög, nr. 65 frá 27. mars 2003, komu til framkvæmda 1. júlí 2003. Lögin fela í sér umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi orkufyrirtækja. Í 1. gr. laganna segir m.a. að markmið þeirra sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skuli m.a. skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna og stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

Í tengslum við þessar breytingar skipaði fjármálaráðherra starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Frumvarp þessa efnis verður að öllum líkindum lagt fram á yfirstandandi þingi. Þessi endurskoðun tekur aðeins til greiðslu skatta til ríkisins en ekki greiðslu skatta eða gjalda til sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra skipaði 2. janúar 2001 nefnd til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti. Í skýrslu nefndarinnar sem skilaði tillögum sínum í desember 2001 er lagt til að felldar verði brott undanþágur frá fasteignaskatti í lögum á orkusviði en ekki gerð tillaga að nýju orðalagi umræddra ákvæða.

II. Um skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta.

Lög nr. 4 frá 30. janúar 1995, um tekjustofna sveitarfélaga, fjalla m.a. um fasteignaskatt. Á grundvelli heimildar í lögunum hefur félagsmálaráðherra sett reglugerð nr. 945/2000, um fasteignaskatt. Lögin og reglugerðin kveða á um að leggja skuli fasteignaskatt árlega á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári. Í 5. gr. laganna er að finna undantekningar frá þessari reglu en greinin hefur ekki að geyma undanþágur varðandi greiðslu orkufyrirtækja á fasteignasköttum.

Í lögum nr. 6 frá 6. febrúar 2001, um skráningu og mat fasteigna, og reglugerð nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat, er m.a. að finna ákvæði er varða fasteignamat og undanþágur frá slíku mati. Í 26. gr. laganna er að finna upptalningu á eignum sem eru undanþegnar mati. Í 3. tölul. segir að rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, skuli undanþegnar fasteignamati. Hins vegar skal meta eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á. Í 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978, með áorðnum breytingum, segir m.a. að mannvirki, sem horfa fyrst og fremst til aukinna nota og arðs af landi, svo sem vegir, brýr og girðingar, skuli eigi metin sérstaklega, en við mat á landi skuli tekið tillit til aukins verðmætis sem frá mannvirkjunum stafar.

Af þessum almennu reglum leiðir að orkufyrirtækjunum ber að greiða fasteignaskatta af þeim mannvirkjum sem metin eru í fasteignamati, að undanskildum línum til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að ýmis mannvirki orkufyrirtækja eru ekki metin sérstaklega, sbr. ákvæði 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978.

Á hinn bóginn er í sérlögum um orkufyrirtækin að finna ákvæði sem kveða nánar á um skyldu þeirra til greiðslu fasteignaskatta. Þessi ákvæði eru mismunandi og leiða því til ólíkrar niðurstöðu hvað varðar skyldu einstakra orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatts.

1. Orkulög, nr. 58/1967.

   Í 80. gr. orkulaga, svo sem greininni var breytt með 3. gr. laga nr. 78/2001, segir: „Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins eru undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Sama á við um hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í IV. og V. kafla laga þessara.“

2. Lög um raforkuver, nr. 60/1981.
   Í 5. gr. laga um raforkuver segir: „Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. og 2. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. og 2. gr. Þó skal greiða sveitarfélögum þau gjöld sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.“
3. Lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja hf., nr. 10/2001.
   Í 14. gr. laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja segir: „Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.“
4. Lög um Landsvirkjun, nr. 23/1983.
   Í 16. gr. laga um Landsvirkjun segir: „Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins, útsvari, aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af húseignum Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.“
5. Lög um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159/2002.
   Í 1. mgr. 9. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku segir: „Um skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og hafa slíkan rekstur með höndum. Norðurorka hf. skal undanþegin stimpilgjöldum.“
6. Lög um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.
   Í 12. gr. laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða segir: „Orkubú Vestfjarða hf. er undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.“
7. Lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001.
   Í 10. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur segir: „Um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Orkuveita Reykjavíkur skal undanþegin stimpilgjöldum.“

III. Nánar um efni frumvarpsins.

Eitt af grundvallarskilyrðum samkeppni er að samkeppnisaðilum sé ekki mismunað. Umrædd undanþáguákvæði eru misvíðtæk og um margt óljós. Þau gera stöðu þessara fyrirtækja mismunandi og ljóst er að ekki verður unað við slíkt í nýju skipulagi raforkumála.

Í frumvarpi þessu er því lagt til að ákvæði laga um raforkuver og laga um Landsvirkjun hvað varðar skyldu til greiðslu fasteignaskatts verði gert að almennri reglu fyrir öll orkufyrirtæki í landinu sem starfa á grundvelli sérlaga eða hafa fengið einkaleyfi til starfsemi sinnar. Ákvæðið er skýrt og gengur skemur í að undanþiggja orkufyrirtæki skyldu til greiðslu fasteignaskatta en ákvæði annarra sérlaga. Frumvarpinu er á hinn bóginn ekki ætlað að hrófla við þeim almennu reglum sem gilda um fasteignaskatta og fasteignamat mannvirkja í eigu orkufyrirtækja.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Með frumvarpinu er lagt til að samræmd verði sérákvæði ýmissa laga á orkusviði um skyldu fyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta. Ákvæði laga um raforkuver og Landsvirkjun er varða þessa skyldu verði gerð að almennri reglu fyrir öll orkufyrirtæki í landinu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

352. Frumvarp til laga [307. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að gefa embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.

3. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, taka ekki til ákvarðana samkvæmt kafla þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarpsins er í samræmi við það meginmarkmið sem stefnt var að við setningu laganna og þá stefnumörkun ríkisvaldsins að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði. Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann formlega vegna brots á starfsskyldum, eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða, og að gera slíka áminningu að skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Í framkvæmd hefur það verið gagnrýnt að í slíkum tilvikum skuli það vera ófrávíkjanlegt skilyrði uppsagnar að áður hafi verið veitt formleg áminning vegna sams konar framkomu eða háttsemi og að með því sé stjórnunarrétti vinnuveitanda settar verulegar skorður á kostnað skilvirkni og hagkvæmni. Með frumvarpinu er þannig stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins og stuðlað að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur

er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Á sama hátt er lagt til að fellt verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir, vegna háttsemi sem svarar til 21. gr. gildandi laga, að honum hafi áður verið veitt formleg áminning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 21. gr. laganna um skriflega áminningu verði fellt brott. Ákvæðið tekur til þess þegar starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða hann uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans. Ákvæðið vísar þannig til atvika sem starfsmanni verður beinlínis kennt um eða telst sök hans, en einnig til atvika sem honum verður ekki kennt um. Þannig gerir ákvæðið ekki greinarmun á því hvort starfsmann skortir getu eða vilja til þess að sinna starfi sínu. Ljóst er að slíkt fyrirkomulag er verulega hamlandi og á kostnað sveigjanleika og skilvirkni. Skv. 14. gr. laganna eru gerðar ríkar kröfur til vammleysis ríkisstarfsmanna. Starfsmaður getur sýnt af sér slíka háttsemi að hún telst ekki samboðin starfi hans. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að forstöðumaður hafi sveigjanleika og ráðrúm til þess að bregðast við slíkri háttsemi. Þá getur það vart talist rétt að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að starfsmanni sé veitt áminning þegar í ljós kemur að hann veldur ekki því starfi sem um er að ræða án þess að hann eigi þar nokkra sök á. Undir slíkum kringumstæðum er nauðsynlegt að forstöðumaður hafi möguleika til þess að ráða annan starfsmann til þess að sinna starfinu. Í samræmi við þá stefnu að umhverfi ríkisstarfsmanna verði í takt við hinn almenna vinnumarkað er ekki talin sérstök nauðsyn á því að binda það í lög með hvaða hætti yfirmaður eigi að taka á því þegar starfsmaður sinnir starfi sínu með ófullnægjandi hætti.

Um 2. gr.

Ákvæði 26. gr. laganna tekur til þess þegar embættismanni er veitt lausn um stundarsakir. Skilyrði lausnar um stundarsakir eru talin upp í 2. og 3. mgr. Skv. 2. mgr. er rétt að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir. Í slíkum tilvikum er það skilyrði lausnar um stundarsakir að embættismaður hafi hlotið áminningu vegna sams konar háttsemi. Í ákvæðinu er lagt til að 4. mgr. 26. gr. verði breytt þannig að áminning verði ekki skilyrði lausnar um stundarsakir vegna atvika sem falla undir 2. mgr. Í framhaldi af lausn um stundarsakir er gert ráð fyrir að máli embættismanns verði vísað til rannsóknar og meðferðar nefndar, sbr. 27. gr. laganna, þannig að leitt verði í ljós hvort skilyrði lausnarinnar hafi verið til staðar. Að lokinni rannsókn nefndarinnar er tekin ákvörðun um það hvort embættismanni verði vikið úr embætti, sbr. 29. gr.

Eðlilegt er að sá sem veitir lausn eigi sjálfstætt mat um það hvort atvik séu með þeim hætti að embættismaður hafi með háttsemi sinni vanrækt svo starfsskyldur sínar að hann teljist ekki lengur verður þess að gegna því. Með þessu er málsmeðferðin einfölduð og gerð skilvirkari. Rétt er að undirstrika að eftir sem áður er máli ávallt vísað til meðferðar nefndar skv. 27. gr. Réttarstaða embættismanns verður því óbreytt að þessu leyti

Um 3. gr.

Réttur til þess að ljúka ráðningarsambandi starfsmanns er hjá forstöðumanni eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ráðningarsamningi, sbr. 1. mgr. 43. gr. laganna. Í 44. gr. fjallað um

grundvöll uppsagnar og málsmeðferð. Er þar annars vegar greint á milli þess hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða hann hefur ekki valdið starfi sínu eins og nánar er lýst í 21. gr. og hins vegar annarra ástæðna sem leiða má af rekstri stofnunar, svo sem sparnaðar eða skipulagsbreytinga. Það skiptir máli að gera þennan greinarmun þar sem ólíkar málsmeðferðarreglur eiga við eftir því hver grundvöllur uppsagnar er. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins greinir 21. gr. ekki á milli þess hvort háttsemi starfsmannsins megi rekja til vilja hans eða getu til þess að sinna starfinu. Í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í nefndum skýringum og í almennum athugasemdum er lagt til að ákvæði 44. gr. falli brott. Af þessu leiðir að ekki verður gerður munur á mismunandi grundvelli uppsagnar að því er varðar rétt forstöðumanns til þess að binda enda á ráðningarsamband starfsmanns. Þannig fellur brott það skilyrði að undanfari uppsagnar, vegna atvika sem falla undir 21. gr., skuli ávallt vera skrifleg áminning vegna sams konar háttsemi eða framkomu, sem þar er talin. Af því leiðir enn fremur að uppsögn í slíkum tilfellum verður ekki kæranleg til ráðherra. Er það í samræmi við þá stefnumörkun að auka valdsvið og ábyrgð forstöðumanna á rekstri stofnana ríkisins. Lagt er til að í ákvæðinu verði tekin af öll tvímæli um að ákvarðanir um starfslok falla ekki undir ákvæði og málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum þegar starfsmaður hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiðir, jafnframt að slík áminning verði ekki skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Með sama hætti er lagt til að fellt verði á brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir að honum hafi áður verið veitt formleg áminning. Talið er nauðsynlegt að forstöðumenn hafi svigrúm til að bregðast við því ef starfsmenn sinna ekki starfsskyldum sínum eða valda ekki starfi sínu. Er það í samræmi við þá breytingu sem gerð hefur verið á umhverfi ríkisrekstursins með aukinni ábyrgð forstöðumanna og jafnframt áherslu á aukinn sveigjanleika þeirra til ráðstafana. Þá hefur starfsumhverfi ríkisstarfsmanna breyst verulega á undanförnum árum, kjör hafa batnað og mörkin milli ríkisreksturs og almenns markaðar orðið óljósari. Má fullyrða að núverandi lagarammi hamli eðlilegum sveigjanleika í ríkisrekstri og því að stjórnendur stofnana geti nýtt það fé sem veitt er á fjárlögum með jafnárangursríkum hætti og æskilegt er. Verði frumvarpið að lögum má því gera ráð fyrir að ríkisrekstur verði hagkvæmari og meiri þjónusta fáist fyrir það skattfé sem ráðstafað er til verkefna. Þá mun ríkisreksturinn eiga auðveldara með að aðlaga sig að breytingum í ytra umhverfi.

353. Fyrirspurn [308. mál]

til fjármálaráðherra um skuldajöfnun skattskulda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra lagaheimild til að breyta reglugerð um greiðslu barnabóta þannig að tryggja megi að barnabætur séu ekki skuldajafnaðar móti skuldum fyrrverandi maka?
2. Hyggst ráðherra leggja til breytingar svo að afstýra megi fjárhagserfiðleikum sem framfærandi barns getur lent í þegar skilnaður dregst á langinn og maki stofnar til skulda sem síðan er skuldajafnað við barnabæturnar?

354. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2014.

Ráðherra geri Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um full-

orðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2014. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126., 127. og 128. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu.

355. Fyrirspurn [310. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjakostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að láta endurskoða kerfi verðmyndunar lyfja með það að markmiði að hagræða og lækka verð til sjúklinga?
2. Hvaða áform eru um greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og hvaða áhrif hafa þau á útgjöld ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar?
3. Hver er skoðun ráðherra á þeirri hugmynd ASÍ að taka upp það fyrirkomulag að enginn greiði meira en nemur ákveðnu hámarki á ári fyrir lyfseðilsskyld lyf?
4. Hver var hlutur heimilanna í krónum talið í heildarlyfjakostnaði (að undanskildum afslætti apóteka) á árunum 2001 og 2002 á föstu verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

356. Frumvarp til laga [311. mál]

um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

1. gr.

3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna orðast svo: Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. og 30. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um félagslega aðstoð vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né meðlagsgreiðslur með barni samkvæmt dómsúrskurði, meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni skv. IX. kafla barnalaga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.
2. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Rétthafi greiðslna skv. IV. og IX. kafla barnalaga getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslurnar samkvæmt dómi, dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi staðfestum af honum.

III. KAFLI
Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.
3. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög og aðrar greiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt rétthöfum greiðslna skv. 67. gr. barnalaga og lögum um almannatryggingar, sbr. IV. og IX. kafla barnalaga.

IV. KAFLI
Gildistaka.
4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:

- að afnema skattlagningu á meðlagsgreiðslum,
- að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á öllum meðlagsgreiðslum í stað þess að innheimta einungis lágmarksmeðlag eins og er gert samkvæmt gildandi lögum, sem og innheimtu á menntunarframlögum og sérstökum framlögum sem foreldri fær úrskurð um.

Í þessu skyni eru lagðar til breytingar á þrennum lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, þannig að allar meðlagsgreiðslur verði skattfrjálsar. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felur í sér að Tryggingastofnun ríkisins greiði einnig meðlag umfram lágmarksmeðlag sem og allar aðrar greiðslur sem fjallað er um í IV. og IX. kafla barnalaga, nr. 76/2003. Í þriðja lagi er lagt til að sú breyting verði á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, að stofnunin sjái um innheimtu á öllum greiðslum sem Tryggingastofnun innir af hendi skv. IV. og IX. kafla barnalaga.

Innheimta meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 67. gr. barnalaga, nr. 76/2003, er Tryggingastofnun skylt að greiða rétthafa greiðslna skv. IV. og IX. kafla barnalaga, sem búsettur er hér á landi, samkvæmt dómi, dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi staðfestum af honum, þó innan þeirra marka sem lög um almannatryggingar setja. Í IV. kafla barnalaga er fjallað um greiðslur í tengslum við meðgöngu og barnsburð. Í IX. kafla er fjallað um framfærslu barns, þar á meðal meðlagsgreiðslur, sérstök framlög vegna barns og menntunarframlög.

Í 2. og 3. mgr. 55. gr. og 3. mgr. 57. gr. barnalaga er gengið út frá því að óheimilt sé að ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í almannatryggingalögum. Ekkert lögbundið hámark er á meðlagsgreiðslum.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlag sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því í 3. mgr. 3. gr. laganna að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þess í stað lagt til að foreldri geti sótt allar greiðslur sem það á rétt á skv. IV. og IX. kafla barnalaga til Tryggingastofnunar en Innheimtustofnun verði falið að innheimta þær hjá meðlagsskyldu foreldri.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafðir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Að vísu hefur færst í vöxt að í samningum um skilnaðarkjör og forsjá barna sé kveðið á um greiðslu hærra meðlags en sem nemur fjárhæð barnalífeyris. Þannig hefur þeim samningum fjölgað nokkuð sem kveða á um greiðslu tvöfalds meðlags. Dómsmálaráðuneytið gefur út viðmiðunarreglur til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna krafna um hærra meðlag með börnum. Ástæða þess að meðlag umfram lágmarksmeðlag er þó ekki algengara en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlags, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þess.

Komið hefur fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysta sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 15 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns og því í litlu samræmi við raunveruleikann eða þarfir barnsins.

Í bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors í Háskóla Íslands, Barnarétti, sem kom út árið 1995, segir að í framkvæmd sé þeirri reglu fylgt að úrskurða aðeins aukið meðlag sé þess sérstaklega krafist. Þar af leiðandi er ekki aflað sérstakra gagna um fjárhagslegar og félagslegar aðstæður aðila nema beinlínis sé gerð krafa um hærri framfærslueyri en nemur lágmarksmeðlagi. Þá er bent á að skv. 1. mgr. 25. gr. þágildandi barnalaga séu greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli stjórnvaldsúrskurðar háðar þeim takmörkunum um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum. Þetta þýðir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir aldrei meira samkvæmt úrskurði en sem nemur fjárhæð barnalífeyris, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma, þ.e. lágmarksmeðlag, óháð því hvort úrskurður sýslumanns eða dómsmálaráðuneytis kveður á um hærri greiðslur. Orðrétt segir Davíð Þór Björgvinsson í bók sinni: „Er þess tæplega að vænta að tilgangur 2. mgr. 10. gr. barnalaga náist að öllu leyti nema kveðið sé nánar á um hlutverk sýslumanns eða ráðuneytis varðandi öflun upplýsinga um framangreind atriði eða sú skylda lögð á herðar úrskurðaraðila að leiðbeina krefjanda í þessu efni, og/eða að reglur verði settar um rýmri aðgang að Tryggingastofnun en nú gilda.“ Ljóst er að þetta styður mjög þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Skattfrelsi meðlagsgreiðslna.

Annað meginefnisatriði frumvarpsins er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fram til ársins 2000 var litið svo á að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins væri skattskylt, en þá var ákvæði 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um

tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003 (áður 75/1981), breytt þannig að tvöfalt meðlag var gert skattfrjálst, en framlag umfram það skattlagt. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur viðtakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 2. mgr. 63. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar. Reyndar má segja að í slíkum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Það verður því að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meðlag umfram tvöfaldan barnalífeyri almannatryggingakerfisins myndi skattskyldar tekjur.

Við mat á því hvort líta eigi á meðlagsgreiðslur sem eðlilegt andlag skattlagningar verður að líta á eðli greiðslunnar og sifjaréttarleg tengsl foreldris og barns. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að meðlag er eign barns og er byggt á lögbundinni skyldu foreldris til framfærslu barns síns. Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna.

Staða einstæðra foreldra.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmenni fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum.

Útgjöld vegna barna eru mikil. Ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Í könnun sem Félag einstæðra foreldra gerði fyrir nokkrum árum kom fram að hlutfall meðlags í framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára er aðeins um ⅛. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaða og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað hjá einstæðum foreldrum og eru því lítill hluti heildarframfærslunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konur vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt fyrir nokkrum árum komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Svo virðist sem á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum og má í því sambandi geta þess að einstæðum foreldrum sem leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum hefur fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög margir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Einnig má benda á að komið hefur fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Skýrsla sem félagsmálaráðherra lagði fram á 125. löggjafarþingi um kjör einstæðra foreldra, að beiðni þingmanna Samfylkingarinnar, staðfestir framangreinda lýsingu á kjörum einstæðra foreldra. Ljóst má því vera að brýnt er að bregðast við og bæta kjör þeirra. Sú leið sem hér er lögð til er skref í þá átt.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Þegar frumvarpið var flutt þá hafði það að geyma ákvæði til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, þess efnis að meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag yrðu skattfrjálsar með öllu. Efni frumvarpsins var tekið upp að hluta í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á 547. máli á 125. löggjafarþingi, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar var sú breytingartillaga gerð og samþykkt að meðlagsgreiðslur samkvæmt meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns sem staðfest hafði verið af sýslumanni væru skattfrjálsar, en þó aldrei umfram það sem næmi fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar. Frumvarp þetta var endurflutt á næstu löggjafarþingum á eftir, síðast á 128. löggjafarþingi. Það er nú lagt fram á ný með nokkrum lagfæringum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að allar meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á almannatryggingalögum þar sem kveðið er á um að Tryggingastofnun ríkisins greiði meðlag og aðrar greiðslur skv. IV. og IX. kafla barnalaga án þess að hámark sé sett á þær greiðslur.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti allar greiðslur sem Tryggingastofnun greiði skv. IV. og IX. kafla barnalaga.

Um 4. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi.

357. Svar [235. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikil upphæð var lögð til Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins við stofnun hans?*
2. *Hver er staða sjóðsins nú samkvæmt efnahagsreikningi?*
3. *Hver hefur annast vörslu sjóðsins og hver hefur ávöxtunin verið hjá einstökum vörsluaðilum og í heild?*
4. *Hvert var markmiðið með stofnun sjóðsins?*
5. *Í hvaða fyrirtækjum hefur sjóðurinn fjárfest? Felst fjárfestingin í hlutafjárkaupum í tengslum við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og þá einkum á sviði upplýsinga- og hátækni?*

6. *Telur ráðherra að markmið um fjárfestingu í upplýsinga- og hátækni á landsbyggðinni hafi náðst?*

Í 7. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, segir til um framlög í „Framtakssjóð" Nýsköpunarsjóðs og þar er greint frá markmiðum hans: „Auk stofnfjár skv. 1. mgr. skal ríkissjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárins og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. Útboðnar einingar skulu leystar upp 7–10 árum eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í ríkissjóð."

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins bauð stofnfé þetta út til ráðstöfunar og ávöxtunar í fernu lagi og var hver hlutur 250 milljónir. Krafa var gerð um 125 millj. kr. mótframlag frá hverjum þeirra sem fékk þessa hluta til ráðstöfunar. Þannig varð stofnfé sjóðanna fjögurra samtals 1.500 millj. kr.

Ávöxtun stofnfjár hefur verið neikvæð og nokkrar fjárfestingar verið afskrifaðar. Þessi afkoma endurspeglar almenna afkomu sambærilegra áhættufjárfesta á tímabilinu.

Um síðustu áramót voru þær 1.000 milljónir sem út voru boðnar, orðnar um 593 milljónir og skiptast á eftirfarandi hátt á milli fjárvörsluaðila:

Fjárfestingafélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	142.086.669 kr.
Fjárfestingafélag Austurlands hf., Reyðarfirði	129.591.303 kr.
Landsbankinn – Framtakssjóður ehf., Akureyri	152.106.552 kr.
Framtakssjóður EFA, Reykjavík	169.138.935 kr.

Framtakssjóðirnir fjórir hafa fjárfest í hlutafjárkaupum í tengslum við nýsköpun og atvinnuþróun. Reynt hefur verið að beina fjárfestingunum að fyrirtækjum á landsbyggðinni eins og tækifæri hafa gefist til og hafa fyrirtæki á sviði upplýsinga- og hátækni einkum verið skoðuð. Í öllum tilfellum hafa traust viðskiptasjónarmið ráðið ákvörðunum sjóðanna. Framtakssjóðirnir hafa fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

Nafn	Staður	Starfssvið
Atferlisgreining ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla til atferlisgreininga
Bergspá ehf.	Akranes/Reykjavík	Hugbúnaður til greiningar á steinefnum
BonusOrtho ehf.	Ólafsfjörður/Reykjavík	Þróun og markaðssetning á nýrri aðferð til framleiðslu á bæklunarskóm
CCP hf.	Reykjavík	Framleiðsla og sala tölvuleikja á netinu
DomesticSoft	Reykjavík	Hugbúnaður til samtengingar á smágreindum tækjum
Fiskey hf.	Eyjafjörður	Lúðueldi
Foxhall ehf.	Akranes	Þróun og framleiðsla á eldvarnarfatnaði
Framtíðartækni hf.	Reykjavík	Þróun á aðferðum og tækjum til lækninga og rannsókna
Gagnvirk miðlun hf.	Höfn, Hornafirði	Þróun gagnvirks sjónvarps
Hvítserkur hf. (Interseafood)	Vestmannaeyjar/Reykjavík	Rekur upplýsinga- og viðskiptavef fyrir sjávarútveg á internetinu
Idega hugbúnaður hf.	Reykjavík	Nethugbúnaðarfyrirtæki

Nafn	Staður	Starfssvið
Landmat International ehf.	Reykjavík	Virðisaukandi þjónusta fyrir rekstraraðila farsímakerfa
Lífeind ehf.	Reykjavík	Þróun og markaðssetning nýrra aðferðafræðilegra lausna í lífvísindum
Markmar ehf.	Reykjavík	Hugmyndafyrirtæki um vinnslu úr sjávarfangi með líftækni
Martel ehf.	Húsavík	Gervihnattafarsímaþjónusta
Nikita ehf.	Reykjavík	Hönnun og markaðssetning á brettafatnaði fyrir konur
NorðurÍs hf.	Höfn, Hornafirði	Framleiðsla og sala á bragðefnum úr sjávarfangi
Orf Líftækni hf.	Reykjavík	Framleiðsla hágæðapróteins úr erfðabreyttum plöntum
Prokaría hf.	Reykjavík	Líftæknifyrirtæki
Skrín ehf.	Akureyri	Tölvuþjónusta
Stofnfiskur hf.	Akureyri	Framleiðsla lax-, bleikju- og regnbogasilungshrogna
Sæbýli hf.	Vogar, Vatnsleysuströnd	Sæeyrna- og sandhverfueldi
Títan hf.	Reykjavík	Fjarskiptafyrirtæki
Umsýn hf.	Reykjavík	Framleiðsla og sala á tölvuhugbúnaði til eignaumsýslu
Veðvörur ehf. (Betware)	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla fyrir getraunir og lottó á netinu
Vefur – Samskiptalausnir ehf.	Selfoss/Reykjavík	Hugbúnaðar- og veflausnir og þjónusta tengd netinu
Þórsbrunnur hf.	Reykjavík	Vatnsútflutningsfyrirtæki

Ekki fer á milli mála að fjárfestingar framtakssjóðanna hafa skipt mjög miklu máli fyrir þau fyrirtæki sem fjárfest hefur verið í. Frá árslokum 2000 hefur verið stöðugur skortur á áhættufé til að leggja í ný fyrirtæki. Einkum hafa fyrirtæki sem starfa við upplýsinga- og hátækni fundið fyrir þessum samdrætti og í meira en eitt ár hefur nánast ekkert fé verið fáanlegt til nýrra fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Fjárfestar hafa fyrst og fremst einbeitt sér að því að verja eldri fjárfestinga sínar fyrir falli. Þessi staða endurspeglar alþjóðlega þróun þar sem gjaldþrot sprotafyrirtækja hafa verið mjög mikil síðustu missiri og ávöxtun stofnfjár verið óviðunandi í flestum tilfellum. Ef fjármagn framtakssjóðanna hefði ekki verið til ráðstöfunar hefði staða nýsköpunar atvinnulífsins verið mun verri en hún er nú. Það fjármagn sem lagt var í framtakssjóðanna hefur því þjónað tilgangi sínum.

358. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein:

Afsali alþjóðlegt viðskiptafélag starfsleyfi sínu starfar félagið áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Sama gildir er starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags fellur niður við afnám laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008. Samhliða falla úr gildi starfsleyfi starfandi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir 31. desember 2003 verða ekki gefin út ný starfsleyfi. Fullbúna umsókn sem berst fyrir það tímamark er starfsleyfisnefnd þó heimilt að taka til afgreiðslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagðar til breytingar á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög. Er í fyrsta lagi lagt til að frá og með 1. janúar 2004 verði ekki gefin út ný starfsleyfi og í öðru lagi að lögin verði afnumin í heild 1. janúar 2008.

Lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru samþykkt á Alþingi 19. mars 1999. Jafnhliða var gerð breyting á einstökum ákvæðum í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, og lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Alþjóðlegt viðskiptafélag greiðir aðeins 5% tekjuskatt, auk þess sem slíkt félag er undanþegið eignarsköttum og stimpilgjöldum. Á hinn bóginn eru reglur skattalaga um útgreiðslu arðs frá alþjóðlegu viðskiptafélagi frábrugðnar því sem almennt gerist og raunar þyngri þegar arður er greiddur til innlendra aðila. Alþjóðlegt viðskiptafélag greiðir enn fremur sérstakt gjald í ríkissjóð til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis. Sérstök fimm manna starfsleyfisnefnd hefur eftirlit með alþjóðlegum viðskiptafélögum og greiða félögin 100.000 kr. í eftirlitsgjald árlega. Takmörk eru á heimildum alþjóðlegra viðskiptafélaga til eignarhalds í öðrum félögum. Er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga annað alþjóðlegt viðskiptafélag, sem og erlend félög, en því er ekki heimilt að eiga innlend félög.

Tilgangur laga um alþjóðleg viðskiptafélög var að efla erlenda fjárfestingu hér á landi auk þess að koma í veg fyrir að innlend fyrirtæki flyttu starfsemi sína til útlanda vegna hagstæðari rekstrarskilyrða erlendis. Í greinargerð með lögunum kemur fram að verkefnisstjórn, sem skipuð var til að kanna möguleika á að efna til sérhæfðrar alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi utan lögsögu á Íslandi, lagði mat á það hversu mikil áhrif löggjöf af þessum toga kynni að geta haft á tekjur ríkissjóðs. Var talið að ekki væri óvarlegt að gera ráð fyrir að innan þriggja ára yrðu komin á laggirnar milli 50 og 200 fyrirtæki og að velta þeirra yrði á bilinu 25–100

milljarðar kr. á ári. Beinar skatttekjur voru áætlaðar 12–100 millj. kr. á ári, en óbeinar á bilinu 150–1.500 millj. kr. á ári.

Raunveruleikinn nú rúmum fjórum árum eftir samþykkt laganna er annar. Alls hefur 14 fyrirtækjum verið veitt starfsleyfi, eitt hefur skilað inn starfsleyfi og þrjú verið svipt starfsleyfi. Þau 10 félög sem nú hafa starfsleyfi eru hins vegar ekki öll starfandi. Miðað við fyrirliggjandi ársskýrslur vegna rekstrarársins 2002 eru fimm félög í starfsemi og er heildarvelta þeirra um 1.200 millj. kr. Hefur heildarvelta dregist saman um 1 milljarð kr. frá árinu 2001 en er svipuð og árið 2000. Beinar skatttekjur síðan lögin tóku gildi árið 1999 eru samtals um 10,7 millj. kr.

Af þessum tölum er ljóst að áhugi á þessu félagaformi er nokkuð langt frá því að vera sá sem væntingar stóðu til og ætluð áhrif laganna á íslenskt atvinnulíf hafa ekki gengið eftir. Frá árinu 1999 hefur skattalegu umhverfi íslenskra fyrirtækja hefur verið gjörbylt. Með lækkun á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja sem samþykkt var árið 2001 má segja að stórt skref hafi verið stigið í þá átt að gera lögin um alþjóðlegu viðskiptafélögin óþörf.

Vorið 1998 samþykkti ráðherraráð OECD skýrslu um aðgerðir til að stemma stigu við setningu nýrra skattalaga eða skattareglna sem haft gætu skaðleg áhrif á samkeppni ríkja. Öll aðildarríki OECD nema Lúxemborg og Sviss samþykktu skýrsluna. Sérstakri nefnd á vegum OECD var falið að annast framkvæmd og eftirfylgni með tilmælum skýrslunnar. Allt frá árinu 2000 hafa lögin um alþjóðleg viðskiptafélög verið til skoðunar hjá nefndinni ásamt tæplega 60 mismunandi skattareglum í öðrum aðildarríkjum OECD.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur enn fremur haft lögin til skoðunar um nokkurt skeið á þeim grundvelli að lögin feli hugsanlega í sér óheimilan ríkisstyrk. Þá hafa lögin komið til umræðu í samningaviðræðum Íslands við önnur ríki um tvísköttunarsamninga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á því þegar alþjóðlegt viðskiptafélag afsalar sér starfsleyfi. Í lögunum er gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum beri að slíta félaginu. Sú breyting sem lögð er til tengist þeim breytingum sem felast í frumvarpinu, þ.e. að lögin verði afnumin í heild 1. janúar 2008. Alþjóðlegt viðskiptafélag verður skv. 3. gr. laganna einungis stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag. Bera félögin enn fremur skammstöfunina av. í heiti sínu. Sanngjarnt þykir að alþjóðlegu viðskiptafélagi verði heimilt að starfa áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag afsali það sér starfsleyfi á því tímabili sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að félögin hafi til að aðlaga starfsemi sína breytingum þeim sem frumvarpið felur í sér. Sama á við þegar starfsleyfi félags fellur niður við afnám laganna 1. janúar 2008.

Frá þeim tíma eða fyrra tímamarki, ef alþjóðlegt viðskiptafélag afsalar sér starfsleyfi fyrir 1. janúar 2008, verður félagið skattlagt með sama hætti og önnur hlutafélög, en ekki er gert ráð fyrir að afnám av.-merkingarinnar sem slík feli í sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa eða félagið. Við afsal eða brottfall starfsleyfis alþjóðlegs viðskiptafélags verður því ekki önnur breyting á rekstri félags en sú að það verður skattlagt með sama hætti og önnur hlutafélög.

Um 2. gr.

Lagt er til að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falli úr gildi í heild 1. janúar 2008. Við brottfall þeirra falla jafnframt úr gildi starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga. Um frekari skýringar er vísað til almennra athugasemda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftir 31. desember 2003 verði nýjum félögum ekki veitt leyfi til að starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög. Er enn fremur gert ráð fyrir að þeim fyrirtækjum sem fengið hafa starfsleyfi fyrir árslok 2003 verði veittur ákveðinn aðlögunartími til 1. janúar 2008 til að breyta rekstri sínum. Rétt þótti þó að taka fram að starfsleyfisnefnd yrði heimilt að veita félagi starfsleyfi hefði fullbúin umsókn borist fyrir 31. desember 2003. Um nánari skýringar er vísað til almennra athugasemda frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Með frumvarpi þessu er verið að afnema í fyrsta lagi heimildir til stofnunar nýrra alþjóðlegra viðskiptafélaga frá og með 1. janúar 2004 og í öðru lagi eru lögin í heild sinni afnumin og þar með fyrirtækjaformið frá og með 1. janúar 2008.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

359. Frumvarp til laga [313. mál]

um uppfinningar starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Orðið „uppfinning“ merkir í lögum þessum aðeins uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi.

Orðið „starfsmaður“ merkir hvern þann sem ráðinn er til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila.

2. gr.
Frávíkjanleg lög.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningum nema ótvírætt sé kveðið á um annað í lögum þessum.

II. KAFLI
Réttarstaða starfsmanns og atvinnurekanda.

3. gr.

Réttur starfsmanns til uppfinningar.

Starfsmaður á rétt til uppfinningar sem hann kemur fram með að svo miklu leyti sem annað leiðir eigi af lögum þessum eða öðrum lögum.

4. gr.

Framsal réttar til atvinnurekanda.

Ef starfsmaður hefur komið fram með uppfinningu sem er þáttur í starfi hans getur atvinnurekandi krafist framsals réttarins yfir uppfinningunni til sín enda sé hagnýting hennar á starfssviði atvinnurekandans. Atvinnurekandinn hefur sama rétt þótt hagnýting uppfinningarinnar sé ekki á starfssviði atvinnurekandans ef uppfinning starfsmannsins tengist tilteknu verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið honum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef fleiri starfsmenn en einn, sem ráðnir eru til starfa hjá atvinnurekanda, standa saman að uppfinningu.

5. gr.

Tilkynning um uppfinningu.

Hafi starfsmaður komið fram með uppfinningu skv. 4. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna atvinnurekanda með sannanlegum hætti um uppfinninguna og gefa þannig upplýsingar um hana að atvinnurekandinn geti metið mikilvægi hennar.

6. gr.

Biðtími atvinnurekanda, þagnarskylda og einkaleyfisumsókn.

Óski atvinnurekandi eftir því að öðlast rétt til uppfinningar skv. 4. gr. skal hann skýra starfsmanninum frá því innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar skv. 5. gr.

Áður en fresturinn rennur út er starfsmanni óheimilt, sbr. þó 3. mgr., án skriflegs samþykkis atvinnurekandans, að upplýsa aðra um uppfinninguna eða ráðstafa henni þannig að unnt sé að birta upplýsingar um uppfinninguna eða nota hana í þágu annarra. Þetta gildir þó ekki ef atvinnurekandinn hefur lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni.

Fyrir lok frestsins og eftir að hafa fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 5. gr. getur starfsmaðurinn sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningunni en hann skal þó áður tilkynna atvinnurekandanum það. Starfsmaðurinn getur ekki afsalað sér þessum rétti fyrir fram.

7. gr.

Sanngjarnt endurgjald.

Ef atvinnurekandi öðlast rétt til uppfinningar starfsmanns skv. 4. gr. eða á öðrum grundvelli á starfsmaðurinn rétt á sanngjörnu endurgjaldi, jafnvel þótt um annað hafi verið samið, nema verðmæti uppfinningarinnar fari ekki fram úr því sem ætla má með sanngirni að starfsmanninum beri að inna af hendi með tilliti til heildarkjara hans.

Við ákvörðun endurgjalds skal sérstakt tillit tekið til verðmætis uppfinningarinnar og mikilvægis hennar fyrir starfsemi atvinnurekandans, ráðningarkjara starfsmanns og hlutdeildar starfsmannsins í uppfinningunni.

Krafa um endurgjald fyrnist á tíu árum. Telst fyrningarfrestur frá þeim tíma er atvinnurekandinn hefur gefið til kynna að hann vilji öðlast uppfinninguna. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda eftir því sem við á.

Jafnvel þótt um annað hafi verið samið má breyta samningum um endurgjald að kröfu annars aðila síðar þegar aðstæður þær sem lágu til grundvallar hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar aðstæður mæla með því. Á grundvelli 1. málsl. skal þó aldrei endurgreiða fé sem starfsmaður hefur tekið við samkvæmt fyrri ákvörðun um endurgjald.

8. gr.

Starfslok.

Verði innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum sótt um einkaleyfi á uppfinningu starfsmanns sem 4. gr. hefði tekið til ef uppfinningin hefði orðið til á starfstímanum telst hún hafa orðið til á starfstímanum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til eftir raunveruleg starfslok.

Ógilt er hvert það samkomulag milli atvinnurekanda og starfsmanns er takmarkar rétt starfsmannsins til að ráðstafa þeim uppfinningum sem verða til meira en ári eftir formleg starfslok.

III. KAFLI
Gildistaka.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta, sem iðnaðarráðherra leggur fram, byggist á starfi nefndar sem ráðherrann skipaði 4. mars 2002 til að semja nauðsynleg lagafrumvörp um uppfinningar starfsmanna og líta í því starfi til danskrar löggjafar. Nefndin var skipuð Árna Vilhjálmssyni hrl., formanni, sem tilnefndur hafði verið af Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI), Guðmundi G. Haraldssyni prófessor, tilnefndum af Háskóla Íslands, Jóni Vilberg Guðjónssyni lögfræðingi, tilnefndum af menntamálaráðuneyti, Jóni Ögmundi Þormóðssyni, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ólafi S. Andréssyni lífefnafræðingi, tilnefndum af Bandalagi háskólamanna, og Ólafi Helga Árnasyni lögfræðingi, tilnefndum af Samtökum iðnaðarins. Sumarið 2003 leitaði nefndin eftir umsögnum ýmissa aðila og gerði vissar breytingar í kjölfarið.

Lagafrumvarpið er um uppfinningar starfsmanna almennt og þá m.a. uppfinningar starfsmanna er sinna vísindastörfum við háskóla eða aðra skóla á háskólastigi, svo og opinberar rannsóknastofnanir.

Með frumvarpinu, sem byggt er á danskri löggjöf, er stefnt að setningu réttarreglna á þessu sviði sem taki tillit til hagsmuna atvinnurekanda og starfsmanns þannig að þeir þurfi ekki að semja sín á milli um öll atriði, t.d. rétt starfsmanns til uppfinningar, sem hann kemur fram með, og framsalsrétt atvinnurekandans til uppfinningarinnar. Ekki er talin fullnægjandi ástæða til að setja hér á landi sérstök lög um uppfinningar starfsmanna á opinberum rannsóknastofnunum eins og varðandi t.d. háskóla í Danmörku svo sem nánar verður vikið að í þættinum um form frumvarpsins. Nefna má í þessu sambandi að í Noregi eru nú ein lög um uppfinningar allra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir hér.

Forsaga.

Á undanförnum áratugum hefur öðru hverju verið spurt hvort æskilegt væri að setja hér á landi löggjöf um uppfinningar starfsmanna eins og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Hafa menntamálaráðuneytið og Rannsóknaráð ríkisins, svo og Rannsóknaráð Íslands síðar, m.a. komið hér við sögu. Upp á síðkastið hefur umræða aukist um að nauðsynlegt sé að efla vitund um einkaleyfi hér á landi en af þeim sökum hefur þótt rétt að iðnaðarráðuneytið, sem fer með einkaleyfamál, láti sérstaklega að sér kveða. Er talið æskilegt að fjölga einkaleyfum og er hugsanlegt að löggjöf um uppfinningar starfsmanna, sem beinlínis er gert ráð fyrir að leiði til einkaleyfa, geti ýtt undir slíkt. Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar hafa m.a. hvatt til lagasetningar á þessu sviði.

Hinn 23. september 2000 skipaði iðnaðarráðherra síðan starfshóp sem í áttu sæti Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, formaður, Árni Vilhjálmsson hrl. og Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Hlutverk starfshópsins var í megindráttum að huga að því hvort dönsk lög nr. 142/1955, um uppfinningar starfsmanna, og dönsk lög nr. 347/1999, um uppfinningar á opinberum rannsóknastofnunum, gætu orðið grundvöllur undir svipaða löggjöf hér á landi með minni háttar breytingum. Jafnframt yrði reynt að kanna eftir föngum hið fyrsta hvernig ýmsir aðilar, er tengjast þessum málum hér á landi, tækju hugmynd um slíka löggjöf. Síðar yrði hugað að skipun nefndar með fleiri fulltrúum til að vinna að gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa ef nauðsyn krefði.

Í greinargerð starfshópsins frá 8. október 2001 var m.a. fjallað um lög um einkaleyfi hér á landi og réttaróvissu er tengist túlkun þeirra. Lýst var danskri löggjöf almennt og síðan gerð grein fyrir eldri og yngri dönskum lögum. Loks var í niðurlagi gerð grein fyrir valkostum varðandi löggjöf hér á landi um þetta svið.

Í greinargerðinni var nánar tiltekið vikið að aðalreglu laganna um einkaleyfi, þess efnis að uppfinningamaður eigi uppfinningu sína nema um annað sé samið. Sú regla á beinlínis við um sjálfstætt starfandi einstaklinga. Vafi er hins vegar á því hvort lagaákvæðunum verði beitt um starfsmenn vegna ummæla í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um einkaleyfi sem nánar verður vikið að hér á eftir. Er því nokkur réttaróvissa fyrir hendi.

Að því er varðar dönsku löggjöfina mynda eldri lögin frá 1955 og yngri lögin frá 1999 eina lagaheild. Aðalreglan er réttur uppfinningamanns en framsalsréttur atvinnurekanda. Þá er kveðið á um sanngjarnt endurgjald til handa starfsmanni, svo og jafnvel atvinnurekanda í yngri lögunum um opinberar rannsóknastofnanir. Eldri lögin tóku auk starfsmanna almennt til þeirra sem sinna vísindastörfum á opinberum rannsóknastofnunum en kennarar og aðrir starfsmenn, er sinna vísindastörfum við háskóla og skóla á háskólastigi, voru og eru undanþegnir þeim lögum. Síðari lögin ná hins vegar til þeirra sem sinna vísindastörfum við háskóla og skóla á háskólastigi og auk þess hafa þeir sem sinna vísindastörfum á opinberum rannsóknastofnunum verið færðir úr eldri lögunum í yngri lögin. Í báðum lögunum er stefnt að því að tryggja hagsmuni jafnt starfsmanns sem atvinnurekanda.

Almennt töldu umsagnaraðilar um greinargerð starfshópsins að æskilegt væri að huga að löggjöf um þessi efni hér á landi. Jafnframt töldu aðilarnir eðlilegt að hafa hliðsjón af danskri löggjöf á þessu sviði. Bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík tóku jákvætt í löggjöf sem tæki til háskólamanna og töldu eðlilegt að taka tillit til hagsmuna bæði starfsmanna og atvinnurekanda. Aðeins Landssamband hugvitsmanna taldi rétt að búa við óbreytta löggjöf þar eð réttur uppfinningamannsins var af hálfu sambandsins talinn ótvíræður en löggjöf eins og í Danmörku fæli í sér að uppfinningamaðurinn yrði næstum hlunnfarinn.

Starfshópurinn lagði til að skipuð yrði nefnd er hefði það hlutverk að semja tvö lagafrumvörp á grundvelli danskra laga. Yrði nefndin skipuð fleiri fulltrúum, m.a. fulltrúum

hagsmunasamtaka. Nefndin var skipuð sem áður greinir en falið að semja nauðsynleg lagafrumvörp um uppfinningar starfsmanna og líta í því efni til danskrar löggjafar.

Lög um einkaleyfi.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, segir:

„Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni."

Hér kemur fram í íslenskri löggjöf sú aðalregla að uppfinningamaður eigi uppfinningu sína en reglan á beinlínis við um sjálfstætt starfandi einstaklinga. Undantekning frá henni er ef einhver annar hefur öðlast rétt hans, t.d. á grundvelli samnings. Ályktа mætti af orðalagi 1. gr. laganna um einkaleyfi að uppfinningamenn hjá atvinnurekendum féllu undir greinina og ættu uppfinningu sína eins og aðrir uppfinningamenn nema um annað væri berlega samið. Ákvæði í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um einkaleyfi veldur þó vissum vafa um þetta atriði en það hljóðar svo:

„Margir uppfinningamenn eru starfsmenn í þjónustu annarra og oft eru menn ráðnir gagngert til fyrirtækja til að vinna að uppfinningum. Ef ekki er samið sérstaklega um hver eigi réttinn til uppfinningar sem til verður á starfstíma getur leikið vafi á hver eigi réttinn til hennar. Hjá öðrum Norðurlandaþjóðum hafa verið sett sérlög um réttarstöðu í þessum málum þar sem slík ákvæði þykja ekki falla innan ramma almennra einkaleyfalaga. Í frumvarpi þessu er fordæmi frændþjóða okkar fylgt og ekki kveðið á um réttarstöðu varðandi eignarrétt að uppfinningum sem verða til hjá starfsmönnum í þjónustu annarra."

Áður en lög voru sett í Danmörku árið 1955 um uppfinningar starfsmanna var í dómum fallist á framsalsrétt atvinnurekanda gegn sanngjörnu endurgjaldi, með öðrum orðum meginreglur frumvarps að dönsku lögunum frá 1955, svo og frumvarps þessa. Meðal danskra fræðimanna hefur verið deilt um framsalsréttinn og hvað leggja beri til grundvallar við ákvörðun á sanngjörnu endurgjaldi. Nokkur réttaróvissa er því fyrir hendi, séu engin lög sett, og mismunandi atvik í einstökum málum, m.a. varðandi starfssvið, verkefni og samstarf að uppfinningu, geta haft áhrif á niðurstöður dómstóla. Benda má á hér að réttarstaða starfsmanns þarf ekki að vera mjög sterk í reynd hafi aðilar gert með sér samning þar eð hann getur verið veikari samningsaðilinn. Í máli gæti reynt á ákvæði samningalaga um ósanngjarna samningsskilmála. Ákvæði samningalaga kunna þó að veita honum ófullnægjandi vernd. Staðan hér á landi kann að vera svipuð og í framangreindum dönskum dómum þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. laganna um einkaleyfi. Eðlilegt má þó telja og öruggara að slík regla um framsalsrétt gegn sanngjörnu endurgjaldi sé sett í löggjöf.

Eigi verður þó talið að löggjöf um uppfinningar starfsmanna sé eingöngu sett með hagsmuni starfsmanns að leiðarljósi heldur er það í þágu beggja aðila, atvinnurekandans og starfsmannsins, að réttaróvissu á þessu sviði sé eytt, jafnvel þótt lögin séu að meginstefnu til undanþæg.

Dönsk löggjöf.

Til að bæta úr réttaróvissu um uppfinningar starfsmanna, m.a. vísindamanna, hér á landi gat komið til greina að nota sem fyrirmyndir, til viðbótar lögum um einkaleyfi, reglur úr tvennum lögum frá Danmörku, frá 1955 og 1999, einkum úr eldri almennu lögunum, en þó með frávikum. Eins og áður segir mynda lögin eina lagaheild. Í báðum lögunum er byggt á aðalreglunni um rétt uppfinningamanns en jafnframt framsalsrétti atvinnurekanda, m.a. opin-

bers aðila, sem hefur lagt fram laun, aðstöðu og jafnvel styrki, beint og óbeint. Lagareglur um uppfinningar starfsmanna geta hugsanlega leitt til fjölgunar einkaleyfa hér á landi en miklu færri einkaleyfi eru skráð hér en í nágrannalöndunum. Ákvæði um framsalsrétt atvinnurekanda og sanngjarnt endurgjald til handa starfsmanni getur eytt réttaróvissu og örvað bæði starfsmanninn, sem kann að standa höllum fæti gagnvart atvinnurekanda í samningagerð, og atvinnurekandann, svo og hvatt t.d. einkaaðila sem styrkja verkefni við opinberar rannsóknastofnanir.

Dönsk lög frá 1955 um uppfinningar starfsmanna.

Í dönskum lögum nr. 142/1955, um uppfinningar starfsmanna, með síðari breytingum, eru skilgreiningar í 1. gr. Kennarar og aðrir starfsmenn, er sinna vísindastörfum við háskóla og aðrar æðri menntastofnanir, eru undanþegnir lögunum. Þeir sem sinna vísindastörfum á rannsóknastofnunum atvinnuvega féllu hins vegar lengst af undir lögin sem taka annars jafnt til starfsmanna í þjónustu hins opinbera eða einkaaðila. Skv. 2. gr. eru lögin frávíkjanleg, þ.e. semja má sig frá þeim nema annað komi skýrt fram. Í 3. gr. kemur fram sú aðalregla að starfsmaður eigi rétt til uppfinninga sinna en undantekningin er að annað geti leitt af þeim lögum eða öðrum lögum, sbr. það sem áður segir um frávik með samningum skv. 2. gr. Síðar í lögunum kemur fram að atvinnurekandi getur krafist framsals réttarins yfir uppfinningu með vissum skilyrðum. Starfsmaður þarf að tilkynna atvinnurekandanum um uppfinninguna. Atvinnurekandinn hefur fjögurra mánaða frest til að taka afstöðu til þess hvort hann vill fá réttinn framseldan. Á því tímabili eru takmarkanir á því að ráðstafa uppfinningu eða upplýsa aðra um hana, sbr. 7. gr. Síðan er fjallað um sanngjarnt endurgjald til handa starfsmanni (8. gr.). Sérákvæði eru um umsókn um einkaleyfi eftir starfslok og uppfinningar er verða til eftir starfslok (9. og 10. gr.). Loks eru refsi- og réttarfarsákvæði í lögunum (12. gr.) og gildistökuákvæði.

Dönsk lög frá 1999 um uppfinningar á opinberum rannsóknastofnunum.

Dönsk lög nr. 347/1999, um uppfinningar á opinberum rannsóknastofnunum, eru svipuð og lögin frá 1955, eins og áður segir, og byggja á aðalreglu um rétt starfsmanns, sem kemur fram með uppfinningu er leitt getur til einkaleyfis í Danmörku, og framsalsrétti atvinnurekanda. Þau ná þó til aðila sem féllu ekki undir lögin frá 1955, þ.e. háskóla og annarra æðri menntastofnana, og rannsóknastofnanir atvinnuvega voru færðar yfir í lögin frá 1999.

Áberandi er þó það ákvæði 1. gr. að tilgangur laganna, sem er stjórnmálalegs eðlis, sé að tryggja að niðurstöður rannsókna, sem verða til fyrir opinbert fé, séu hagnýttar í atvinnuskyni og gagnist þannig dönsku samfélagi. Greinilega er stefnt að því að fjölga einkaleyfum sem verða til vegna uppfinninga þar sem opinberir fjármunir eru að baki, annaðhvort styrkir eða framlög í formi launa. Er reynt að fá eitthvað af því fé til baka og stefnt að því að það gagnist viðkomandi stofnunum, m.a. háskólum. Ef hinum opinbera atvinnurekanda er tryggð sanngjörn hlutdeild í uppfinningum starfsmanna getur það virkað örvandi og leitt til meiri aðstoðar við starfsmenn og fleiri einkaleyfa. Hafa ber þó í huga að fæstar rannsóknir, byggðar á vísindafrelsi, leiða til einkaleyfishæfra umsókna og einkaleyfa. Áhugi atvinnulífsins á tengslum við ákveðin rannsóknarverkefni kann og að aukast en slíkt getur verið mikilvægt.

Í 2.–6. gr. eru skilgreiningar sem varða gildissvið laganna. Eins og í fyrri lögunum eru uppfinningarnar takmarkaðar við þær uppfinningar sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir í Danmörku, m.a. svokölluð smáeinkaleyfi. Nákvæmlega eru skilgreindar þær stofnanir sem lögin taka til, aðallega háskólar, en rannsóknastofnanir atvinnuvega eru færðar úr eldri lögunum yfir í þessi lög eins og áður segir.

Ákvæði þessara laga um framsal réttar til atvinnurekanda, þ.e. opinberra rannsóknastofnana, m.a. háskóla, eru að sumu leyti ítarlegri en í eldri lögum og er t.d. vikið að því ef fleiri en einn starfsmaður standa saman að uppfinningu og ef samvinna er við aðrar stofnanir. Meðal hagræðis við lögin er að veitt kann að verða aðstoð til að gera uppfinningu einkaleyfishæfa, jafnvel í samstarfi við aðila utan stofnunar, þ.e. í einkageiranum, sem kann að leggja fram fjármagn. Sá aðili getur talið til hagsbóta að þurfa aðeins að semja við einn aðila, stofnunina, t.d. háskóla, um þessi mál.

Í 10. og 11. gr. er fjallað um tilkynningarskyldu starfsmanns um uppfinningu og tveggja mánaða frest, þ.e. styttri frest en í eldri lögunum, en þennan frest má framlengja. Þar kemur fram að endurgjald getur verið á báða bóga, þ.e. til starfsmanns ef stofnunin fær réttinn framseldan en frá starfsmanni ef hann heldur réttinum. Í 12.–14. gr. er fjallað um hagnýtingu í atvinnuskyni og er þar kveðið á um sanngjarnt endurgjald o.fl., m.a. samninga stofnunarinnar við þriðja mann. Í 15.–16. gr. er fjallað um gjöld og tekjur stofnunarinnar. Kemur fram í 16. gr. að unnt er að nota tekjur í þágu starfsemi sem tengist markmiði stofnunar, t.d. háskóla. Síðar í lögunum eru fleiri ákvæði sem skipta ekki sérstöku máli.

Framkvæmd laganna fyrstu árin í Danmörku virðist þó ekki hafa leitt til fleiri einkaleyfa en áður en of snemmt kann að vera að dæma um reynsluna af þeim að þessu leyti.

Önnur norræn lög.

Séu norsk lög nr. 21/1970, um rétt til uppfinninga starfsmanna, finnsk lög nr. 657/1967, um rétt til uppfinninga starfsmanna, og sænsk lög nr. 345/1949, um rétt til uppfinninga starfsmanna, borin saman við almennu dönsku lögin frá 1955 sést að löggjöfin er svipuð. Í norsku og sænsku lögunum er þó möguleiki á að bera ágreining um framkvæmd laganna undir sérstaka nefnd er starfar í viðkomandi landi. Þar eð lítið hefur reynt á slíkt, a.m.k. í Noregi, þykir ekki ástæða til þess að gera tillögu um að svipuð leið verði farin hér á landi. Hér yrði unnt að leita til dómstóla en hugsanlegt er að aðilar komi sér saman um aðra leið til lausnar ágreiningi, t.d. gerðardóm.

Það skal tekið fram hér að undanþágan í sænsku lögunum varðandi gildissviðið snertir kennara við háskóla og aðrar stofnanir á sviði menntamála en ekki aðra starfsmenn sem sinna vísindastörfum eins og í dönsku og norsku lögunum.

Norðmenn hafa samið lagafrumvarp (skjal OT. prp. nr. 67 (2001–2002)), um uppfinningar háskólamanna o.fl., sem leiddi til breytinga á almennu lögunum þar í landi frá og með 1. janúar 2003. Svíar hafa hins vegar ekki samið frumvarp þar að lútandi. Hyggjast þeir bíða átekta og sjá hver reynslan verði af nýju dönsku lögunum um opinberar rannsóknastofnanir, m.a. háskóla. Búast þeir jafnvel við að samið kunni að verða á þeim grundvelli í Svíþjóð. Meginmunurinn á norsku og dönsku lögunum er sá að vísindamaðurinn hefur möguleika á því í Noregi að taka birtingarhagsmuni sína, þ.e. réttinn til að birta niðurstöður rannsókna í fræðiritum og á ráðstefnum, fram yfir framsalsrétt stofnunar. Af því getur hins vegar leitt að möguleikar á einkaleyfi verði fyrir bí sökum glataðs nýnæmis uppfinningarinnar. Þá tapast jafnframt möguleikar á að hið opinbera fái til baka á grundvelli einkaleyfis hluta framlags síns í formi launa, aðstöðu og styrkja sem þó hlýtur að vera markmið með löggjöf um uppfinningar starfsmanna, m.a. í háskólum og á opinberum rannsóknastofnunum. Hagsmunir vísindamannsins af því að birta niðurstöður rannsókna geti með öðrum orðum gengið gegn því markmiði að stuðla að sjálfbæru styrkjakerfi til vísindarannsókna þar sem tekjur af einkaleyfum geta runnið til nýrra rannsóknarstyrkja og þar með til nýrra uppfinninga.

Önnur erlend lög.

Bretland.

Í bresku einkaleyfalögunum frá 1977 er kveðið á um að atvinnurekandinn eigi framsalsrétt til uppfinningarinnar þegar um svonefndar „starfsuppfinningar" er að ræða. Sama regla gildir þegar verkefni, sem starfsmaður vinnur að, leiðir til uppfinningar og atvinnurekandinn mátti vænta þess að svo yrði.

Á stjórnendum fyrirtækja hvílir ríkari trúnaðarskylda gagnvart atvinnurekandanum en þegar um almenna starfsmenn er að ræða. Rétturinn til uppfinningar fellur þannig atvinnurekanda í skaut þegar í hlut á stjórnandi sem vegna starfsskyldna sinna hefur sérstaka trúnaðarskyldu gagnvart atvinnurekandanum, óháð því hvort um starfsuppfinningu er að ræða eða ekki. Þegar þessum tilvikum sleppir er starfsmaðurinn ávallt talinn vera eigandi uppfinningarinnar, þ.e. um einkauppfinningu er að ræða, og eru allar tilraunir atvinnurekandans til þess að svipta starfsmanninn þeim rétti ógildar.[1]

Reglur bresku laganna um endurgjald mæla svo fyrir að það komi aðeins til álita ef sótt er um einkaleyfi sem leiðir til verulegs ávinnings (e. outstanding benefit) fyrir fyrirtækið. Ekki kemur til greiðslu endurgjalds ef atvinnurekandi hagnýtir sér uppfinninguna en ákveður að sækja ekki um einkaleyfi. Endurgjald til starfsmanns getur því jafnt komið til sögunnar þegar atvinnurekandinn á réttinn til uppfinningarinnar og þegar starfsmaðurinn á uppfinninguna og framselur réttinn eða nytjaleyfi til atvinnurekandans. Í báðum tilvikum verður einkaleyfið þó að hafa leitt til verulegs ávinnings fyrir atvinnurekandann en unnt er að krefjast endurskoðunar á endurgjaldinu síðar ef ávinningur atvinnurekandans er meiri en talið var í upphafi.

Að því er varðar þá sem stunda rannsóknir og kennslu og ráðnir eru til að stunda slík störf almennt er staðan óviss. Því er haldið fram að stofnanirnar „eigi" rannsóknarniðurstöður starfsmanna sinna, a.m.k. niðurstöður sem fást við framkvæmd þeirra sérstöku verkefna í vinnunni sem eru hluti af rannsóknaráætlunum. Ýmsir háskólar hafa mótað „stefnumið" sem felur í sér að þeir eigi rétt á uppfinningum starfsmanna gegn því að greiða endurgjald nema gerður hafi verið samningur við þriðja aðila er leggur fram fé og honum eru veitt réttindi til niðurstaðna rannsóknanna. Um ýmis þessara stefnumiða gildir að ekki hefur verið samið um

---

[1] Í málinu Electrolux g. Hudson [1977] FSR 312, DC, reyndi á rétt atvinnurekanda til uppfinningar starfsmanns sem var utan starfssviðs hans hjá fyrirtækinu og hann vann að utan vinnutíma á heimili sínu með eiginkonu sinni. Uppfinningin varðaði einnota ryksugupoka. Starfsmaðurinn, sem var hvorki vísindamaður né stjórnandi, heldur sölustjóri, fregnaði af vandkvæðum atvinnurekandans við að leysa vandamál í tengslum við einnota ryksugupoka. Hann leysti vandamálið heima í félagi við konu sína og fékk einkaleyfi fyrir uppfinningunni. Atvinnurekandinn höfðaði mál á hendur starfsmanninum til að krefjast eignarréttar yfir uppfinningunni. Þar sem deilan kom upp fyrir gildistöku einkaleyfalaganna frá 1977 var leyst úr henni á grundvelli dómvenju. Niðurstaðan var sú að þrátt fyrir ákvæði í ráðningarsamningi um eignarrétt atvinnurekanda á uppfinningum starfsmannsins var þeim vikið til hliðar þar eð þau þóttu of rúm og ósanngjörn gagnvart starfsmanninum og talið var að slíkir samningar væru andstæðir dómvenju.

Í málinu Greater Glasgow Health Board's Application [1996] RPC 207 reyndi á rétt augnskurðlæknis til uppfinningar sinnar sem var tæki til augnskurðlækninga. Hann vann að uppfinningunni samhliða starfi sínu sem augnskurðlæknir. Atvinnurekandinn krafðist réttar yfir uppfinningunni og sótti um einkaleyfi. Læknirinn andmælti á þeim grundvelli að engin rannsóknarskylda hvíldi á honum í starfi og að aðalstarf hans væri umsjón með sjúklingum. Í ljós var leitt að hann stundaði rannsóknir sínar utan vinnutíma. Dæmt var að atvinnurekandinn ætti ekki rétt til uppfinningarinnar með vísan til starfsskyldna læknisins samkvæmt ráðningarskilmálum, þ.e. hann var ekki ráðinn til rannsóknarstarfa.

þau við einstaka starfsmenn eða stéttarfélög og er vafasamt að hve miklu leyti þau eru bindandi að lögum fyrir þá sem rannsóknirnar stunda.

Frakkland.

Samkvæmt gildandi reglum um uppfinningar starfsmanna í Frakklandi er aðalreglan sú að atvinnurekandinn á rétt til uppfinningar sem starfsmaður kemur fram með, annars vegar til efnda á vinnusamningi, sem felur í sér starf að uppfinningum og er í samræmi við starfsverkefni hans, og hins vegar ef uppfinningin er niðurstaða rannsókna sem starfsmanni bar ótvírætt að framkvæma. Í lögum er uppfinningamanni ekki tryggt sérstakt endurgjald en lögin gera ráð fyrir að unnt sé að semja um slíkt í kjarasamningum.

Samkvæmt frönsku lögunum á uppfinningamaðurinn allar aðrar uppfinningar ef hann kemur fram með uppfinningu sem lið í starfsframlagi sínu á sviði fyrirtækisins eða á grundvelli framlags og gagna frá atvinnurekandanum en atvinnurekandinn hefur rétt á að nýta að nokkru eða öllu leyti þau réttindi sem leiðir af einkaleyfi. Starfsmaðurinn á rétt á sérstöku endurgjaldi vegna þeirra réttinda sem hann verður að láta af hendi. Við ákvörðun endurgjalds skal m.a. taka tillit til þess hversu mikið framlag atvinnurekandans til uppfinningarinnar telst, svo og not af uppfinningunni frá atvinnu- og viðskiptasjónarmiði.

Í sérlöggjöf í Frakklandi eru ákvæði um sérstaka hópa opinberra starfsmanna, m.a. þá sem stunda rannsóknir og kennslu við háskóla og aðra skóla á háskólastigi. Þessir aðilar njóta þó ekki betri kjara en aðrir starfsmenn.

Holland.

Samkvæmt hollenskum lögum á atvinnurekandinn rétt til einkaleyfis á uppfinningu sem starfsmaður kemur fram með í starfi enda sé það fólgið í starfinu að starfsmaðurinn eigi að nýta þekkingu sína til að koma fram með uppfinningar af því tagi. Háskólar og rannsóknastofnanir eiga rétt til einkaleyfis á uppfinningum sem rannsóknarstarfsmenn þeirra koma fram með en þetta er þó umdeilt að einhverju leyti. Starfsmaðurinn á rétt á endurgjaldi sem reikna skal m.a. með hliðsjón af fjárhagslegu mikilvægi uppfinningar og aðstæðum varðandi tilurð hennar. Réttur til að krefjast slíks endurgjalds fellur niður þremur árum eftir að einkaleyfi er veitt. Samningsákvæði, sem víkja frá ákvæðinu um endurgjald, eru ógild. Uppfinningamaður á rétt á að nafn hans komi fram í tengslum við einkaleyfisumsókn og einkaleyfi.

Bandaríkin.

Réttarstaða starfsmanna í Bandaríkjunum ræðst að mestu leyti af dómvenju (common law) og sérstakri lagasetningu í einstaka ríkjum en engin sérstök alríkislöggjöf fjallar um uppfinningar starfsmanna.[2] Réttarástandið í Bandaríkjunum er því ekki ólíkt því sem var í Bretlandi fyrir setningu einkaleyfalaganna frá 1977, þ.e. í þeim tilvikum þar sem starfsmaður er ráðinn til að finna upp og uppfinninguna leiðir af starfinu á atvinnurekandinn þá uppfinningu, með því fororði að vænta mátti þess að af starfi starfsmannsins yrði til uppfinning.

Svonefnd „shop-right"-regla segir til um það að atvinnurekandinn eigi uppfinningu starfsmannsins hvort sem starfsmaðurinn var ráðinn til að finna upp eða ekki og hvort sem uppfinningin verður til innan eða utan starfssviðs starfsmannsins þegar svo háttar til að starfs-

[2] Í málinu US g. Dubilier Corporation (1938) 289 US 178 (USSC) var reglan orðuð svo: „Where a servant, during his hours of employment, working with his master's materials and appliances conceives and invents an invention for which he obtains a patent, he must give his master a non-exclusive right to patent the invention."

maðurinn nýtir í vinnutímanum hráefni og verkfæri atvinnurekandans til þess að finna upp eða fullgera uppfinningu. Ber þá starfsmanni að framselja atvinnurekandanum einkarétt til slíkrar uppfinningar.[3] Shop-right-reglunni hefur verið líkt við önnur tilvik í réttarsambandi starfsmanns og atvinnurekanda þar sem starfsmaðurinn lætur atvinnurekandanum í té ætlað leyfi (e. implied license), t.d. þegar ritstjóri ræður blaðamann til að skrifa greinar í fréttablað. Ef starfsmaður nýtir á hinn bóginn ekki vinnutíma, hráefni eða starfsaðstöðu atvinnurekandans stofnast enginn framsalsréttur vegna uppfinningarinnar en slíka uppfinningu gæti starfsmaðurinn framselt til atvinnurekandans gegn endurgjaldi. Ef um shop-right er að ræða á starfsmaðurinn engan rétt á endurgjaldi.

Með svonefndum Bayh-Dole-alríkislögum frá árinu 1980, sem nú eru hluti af bandarísku einkaleyfalögunum, 201.–211. gr., var gildandi reglum um eignarrétt á uppfinningum, sem verða til hjá opinberum vísindastofnunum, breytt á þann veg að framvegis skyldu einkaleyfaréttindi, með nokkrum undantekningum, vera eign rannsóknastofnana og styrkþega fremur en eign alríkisins. Tilgangur laganna var að stuðla að hagnýtingu uppfinninga sem verða til fyrir opinbert rannsóknarfé og hvetja til samvinnu atvinnufyrirtækja og opinberra stofnana, þ.m.t. háskóla, til að tryggja það að uppfinningar, sem verða til hjá stofnunum og smáfyrirtækjum, verði hagnýttar í þágu frjálsrar samkeppni og einkaframtaks. Á móti er lögð sú skylda á stofnanirnar að tilkynna stjórnvöldum um framangreindar uppfinningar, tryggja að sótt verði um einkaleyfi fyrir þær og vinna að því með virkum hætti að koma þeim í hagnýtingu með nytjaleyfissamningum. Reglur þessar voru síðar útvíkkaðar til þess ná til allra uppfinninga, sem verða til hjá ríkisstyrktum rannsóknastofum, með alríkislögum frá 1986 um yfirfærslu á tækni (Federal Technology Transfer Act). Samhliða hinni nýju stefnu hafa nokkrir háskólar gert það að stefnu sinni að halda eignarrétti á uppfinningum sem verða til fyrir rannsóknarframlög fyrirtækja en veita fyrirtækinu eða styrktaraðilanum nytjaleyfi til uppfinningarinnar.

Uppfinningamenn við framangreindar rannsóknastofnanir öðlast rétt til hlutdeildar í tekjum af uppfinningu sinni en stofnunin fær jafnframt hlutdeild sem rennur til rannsókna og kennslu. Fyrir alríkisyfirvöld skapast jafnframt óbundin hagnýtingarheimild á uppfinningunni og skylda til að gera ráðstafanir ef viðkomandi stofnun bregst hlutverki sínu.

Leiðandi háskólar í Bandaríkjunum eru einkafyrirtæki og Bayh-Dole-lögin hafa ekki bein áhrif innan þeirra nema um sé að ræða rannsóknir sem kostaðar eru af opinberu fé. Meginreglan er þá að starfsmaðurinn öðlast réttinn til uppfinningarinnar nema um annað sé samið. Ef starfsmaður er gagngert ráðinn til uppfinningastarfa öðlast atvinnurekandinn réttinn, sbr. það sem áður var rakið um „shop-right“. Um þessi atriði liggur oftast til grundvallar skriflegur samningur milli háskóla og starfsmanns.

Stanford-háskóli í Bandaríkjunum.

Hjá Stanford-háskóla gilda þær reglur að skólinn áskilur sér eignarrétt að uppfinningum starfsmanna með samningi. Uppfinningamaðurinn á þess þó kost að ákvarða hvort hann birtir uppfinningu sína opinberlega til frjálsra afnota fyrir alla í stað þess að sótt verði um einkaleyfi. Slík ráðstöfun er þó með þeim fyrirvara að ekki má brjóta á réttindum þriðja manns, t.d. styrktaraðila rannsóknar. Í samningi sínum við Stanford-háskólann fellst uppfinningamaðurinn á að tilkynna um allar hugsanlegar uppfinningar sem til verða sem þáttur í starfi hans eða fyrir atbeina háskólans. Öll réttindi til uppfinningarinnar falla til háskólans og upp-

[3] US g. Dubilier Corporation (1938) 289 US 178 (USSC).

finningamanninum ber að láta háskólanum í té öll nauðsynleg skjöl er varða uppfinninguna. Uppfinningamanninum er jafnframt heimilt að birta uppfinninguna opinberlega svo framarlega sem það gengur ekki gegn áður gerðum samningum. Nánari fyrirmæli um slíka birtingu eru sett í reglum háskólans.

Allt frá sjöunda áratugnum hafa verið starfræktar sérstakar skrifstofur (e. OTL, Office of Technology Licensing) við Stanford-háskóla (1970) og Kaliforníuháskóla (1963) sem hafa haft það hlutverk að leggja inn umsóknir um einkaleyfi vegna háskólauppfinninga og koma þeim síðar í verð með nytjaleyfissamningum. Frá árinu 1994 var tekin upp sú stefna við Stanford-háskóla að skylt var að tilkynna um uppfinningar sem urðu til fyrir aðstöðu og fé háskólans. Enn fremur skyldi bæði höfundaréttur og einkaleyfaréttur vegna hugbúnaðargerðar og uppfinninga á því sviði vera eign háskólans ef fjárstuðnings háskólans nyti við. Sambærileg tilkynningarskylda um uppfinningar á sviði hugbúnaðar er ekki fyrir hendi við Kaliforníuháskóla.

Í þeim tilvikum sem Stanford-háskóli selur hagnýtingarrétt að einkaleyfisverndaðri uppfinningu fær framangreind miðlunarskrifstofa 15% af tekjum til rekstrar og umsýslu, ⅓ af því sem eftir verður rennur svo til uppfinningamannsins en afgangurinn rennur til háskólans. Hafa ber í huga vegna umfjöllunar um birtingarrétt uppfinningamanna í Bandaríkjunum að þar í landi ónýtist nýnæmi uppfinningar ekki við opinbera birtingu heldur gildir svonefnd griðtímaregla (e. grace period) sem varðveitir nýnæmi uppfinningar allt að eitt ár frá opinberri birtingu. Birting uppfinningar í Bandaríkjunum er því ekki fyrirstaða fyrir síðari innlagningu einkaleyfisumsóknar eins og vera mundi í Evrópu og hér á landi.

Þýskaland.

Í þýskum lögum um uppfinningar starfsmanna frá 1957 er gerður greinarmunur á svonefndum starfsuppfinningum (þ. Diensterfindungen) og einkauppfinningum (þ. freie Erfindungen) og eru hinar fyrrnefndu eign atvinnurekandans. Starfsuppfinning er uppfinning sem leiðir beinlínis af vinnu starfsmannsins fyrir atvinnurekandann, þ.e. leiðir af starfsskyldum starfsmannsins í þágu atvinnurekandans, eða er að verulegum hluta byggð á reynslu eða starfsemi atvinnurekandans. Allar aðrar uppfinningar tilheyra starfsmanninum.

Þriðji flokkur uppfinninga starfsmanna eru svonefndar tillögur um tæknilegar úrbætur (þ. technische Verbesserungsvorschläge). Hér er um að ræða hugmyndir sem eru e.t.v. ekki einkaleyfishæfar en atvinnurekandinn öðlast engu að síður rétt til að nýta slíkar hugmyndir og ekki er gert skilyrði um að hugmynd eða uppfinning leiði til einkaleyfis áður en starfsmanni er ákvarðað endurgjald.

Samkvæmt lögunum nær tilkynningarskylda starfsmanns bæði til starfsuppfinninga og hugmynda um tæknilegar úrbætur sem honum ber að tilkynna skriflega án dráttar til atvinnurekandans. Ákveði atvinnurekandinn að hagnýta sér uppfinninguna verður hann að taka afstöðu til þess hvort hann hagnýtir sér hana að öllu leyti eða að hluta. Í síðara tilvikinu verður þá aðeins um takmarkað nytjaleyfi að ræða. Fjárhæð þess endurgjalds, sem starfsmaðurinn á rétt á, ræðst m.a. af því hvort uppfinningin er hagnýtt að öllu leyti eða ekki hjá fyrirtækinu.

Starfsuppfinning getur breyst í einkauppfinningu ef atvinnurekandi ákveður að nýta sér ekki uppfinningu starfsmannsins, ýmist með sérstakri tilkynningu þar um innan fjögurra mánaða eða með því að svara ekki tilkynningu starfsmannsins innan sama tímafrests.

Ákvörðun endurgjalds getur byggst á samningi starfsmanns og atvinnurekanda en við útreikning þess er tekið tillit til kostnaðar atvinnurekanda af því að sækja um innlent einkaleyfi.

Tilkynningarskylda starfsmanns nær jafnframt til einkauppfinninga. Ef atvinnurekandinn leggur ekki fram andmæli innan þriggja mánaða gegn því að umrædd uppfinning teljist vera einkauppfinning getur hann ekki síðar gert kröfu til uppfinningarinnar á þeim grundvelli að hún eigi að teljast starfsuppfinning.

Áður en starfsmaður hagnýtir í eigin þágu einkauppfinningu verður hann að bjóða atvinnurekandanum nytjaleyfi með sanngjörnum skilmálum ef uppfinningin telst vera á starfssviði fyrirtækisins. Ella má starfsmaðurinn nýta sér uppfinninguna án frekari tilkynninga til atvinnurekandans.

Breyting var gerð á þýsku lögunum um uppfinningar starfsmanna 30. nóvember 2001 varðandi þær uppfinningar sem verða til í háskólum. Batt breytingin enda á sérréttindi prófessora frá og með gildistöku laganna 6. febrúar 2002. Fyrir lagabreytinguna var gerður greinarmunur á uppfinningum sem gerðar voru af háskólastarfsmönnum annars vegar og prófessorum og aðstoðarmönnum þeirra hins vegar þannig að litið var á uppfinningar prófessora, aðstoðarmanna þeirra og lektora sem einkauppfinningar en uppfinningar annarra háskólastarfsmanna voru skilgreindar sem starfsuppfinningar. Fyrri réttindi prófessora voru þó e.t.v. meiri í orði en á borði því að háskólunum bar engin skylda til að aðstoða þá við öflun einkaleyfa vegna uppfinninga sinna eða frekari hagnýtingu þeirra heldur þurftu þeir sjálfir að leita styrkja eða samninga við einkafyrirtæki um slíka fjármögnun og hagnýtingu.

Eftir lagabreytinguna er ekki lengur gerður greinarmunur á uppfinningum háskólastarfsmanna og prófessora. Allar uppfinningar, sem gerðar eru af starfsmönnum háskóla, falla nú undir lögin. Engin lagafyrirmæli eru nú sett varðandi stöðu annarra, svo sem nemenda og gistiprófessora, og er til þess vísað að semja þurfi við hlutaðeigandi um réttindi þeirra. Með framangreindum breytingum falla prófessorar nú undir tilkynningarskyldu um uppfinningar til háskólanna en þó því aðeins ef þeir hyggjast birta uppfinninguna opinberlega. Ef uppfinningamaðurinn óskar ekki eftir að birta uppfinninguna, t.d. vegna öryggissjónarmiða, skapast engin skylda til að tilkynna háskólanum um uppfinninguna. Tveimur mánuðum eftir tilkynningu er uppfinningamanninum heimilt að birta uppfinningu sína opinberlega. Innan fjögurra mánaða frá því að háskólanum barst tilkynning um uppfinningu getur háskólinn krafist eignarréttar yfir uppfinningunni líkt og gildir á einkamarkaði í Þýskalandi. Í raun gengur þó tveggja mánaða fresturinn framar að því er varðar þýska háskóla vegna birtingarréttar uppfinningamanna. Innan þess tíma verður háskólinn að semja einkaleyfisumsókn og leggja inn hjá einkaleyfastofnuninni. Hafi háskóli gert kröfu til uppfinningar og öðlast réttindi yfir henni og framselt þau eða uppfinninguna til þriðja aðila á uppfinningamaðurinn rétt á 30% af brúttótekjum sem háskólinn fær af slíkri ráðstöfun, t.d. nytjaleyfum. Framangreindar breytingar á sérréttindum prófessora munu leiða til þess að allar uppfinningar, sem verða til í háskólum, fara framvegis til skoðunar hjá háskólayfirvöldum. Til að bregðast við þessu verður þýskum háskólum gert kleift að koma upp fullmönnuðum hugverkaumsýsluskrifstofum (e. intellectual asset management offices) líkt og starfað hafa í mörg ár við bandarískа háskóla. Fram til þessa var lítil þörf fyrir slíkar stofnanir við þýska háskóla þar eð uppfinningar, gerðar af prófessorum, fóru fram hjá háskólakerfinu beint út á einkamarkaðinn með beinum samningum prófessora og fyrirtækja. Framvegis verða fyrirtækin að leita samninga við háskólana í því skyni að afla nytjaleyfa til hagnýtingar slíkra uppfinninga. Með innleiðingu þriðjungsreglu um hlutdeild uppfinningamanna við háskóla er talið að tilkynntum uppfinningum muni fjölga verulega einkanlega þar sem háskólinn tekur á sig fyrirhöfnina og kostnaðinn við að sækja um einkaleyfi. Með þessu verður ágóðahluti háskólamanna mun hærri en uppfinningamanna á almennum vinnumarkaði og bætir þar með upp missi fyrri forréttinda.

Í þýskum lögum eru ákvæði um ógildingu ósanngjarnra samningsákvæða varðandi starfsuppfinningar, einkauppfinningar og tæknilegar úrbótatillögur. Sama á við ef fjárhæð endurgjalds reynist vera ósanngjörn.

Einnig er að finna í þýskum lögum sérákvæði um réttarstöðu starfsmanns við gjaldþrot atvinnurekanda en þá öðlast krafa starfsmanns um endurgjald og endurframsal forgangsrétt í kröfuröðinni.

Form frumvarpsins.

Svo sem greint hefur verið frá kom til athugunar af hálfu nefndarinnar, sem samdi lagafrumvarp þetta, að fara sömu leið og farin hefur verið í danskri löggjöf, hafa eitt frumvarp um uppfinningar starfsmanna almennt og síðan annað frumvarp um uppfinningar á opinberum rannsóknastofnunum en þar undir kæmu m.a. háskólar og aðrir skólar á háskólastigi. Við nánari skoðun taldi nefndin þó ekki fullnægjandi ástæðu til að vera með tvískipta löggjöf á þessu sviði og til nokkurs að vinna að hafa ein lög. Kom hér ýmislegt til, m.a. að Norðmenn hafa ein lög um þetta efni frá 1. janúar 2003. Þá hafði verið ákveðið í nefndinni að hafa þriggja mánaða frest til athugunar af hálfu atvinnurekanda í stað fjögurra mánaða frests í Danmörku fyrir atvinnurekendur almennt en tveggja mánaða frests fyrir opinberar rannsóknastofnanir. Mörg ákvæði hinna mismunandi laga í Danmörku voru efnislega eins. Þau ákvæði, sem skáru sig úr í lögunum um opinberar rannsóknastofnanir, þóttu ekki þess eðlis að þau ættu að skipta meginmáli.

Nánar tiltekið þótti ekki nauðsynlegt að setja í lög ákvæði samsvarandi 1. gr. dönsku laganna um opinberar rannsóknastofnanir, þess efnis að tilgangur laganna væri að tryggja að niðurstöður rannsókna, sem yrðu til fyrir opinber framlög, væru hagnýttar í atvinnuskyni og gögnuðust þannig samfélaginu. Því markmiði þykir mega ná þótt ákvæði þar að lútandi sé ekki sett í lög. Í þessu sambandi má hafa í huga lög nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð, lög nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og lög nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins. Þá þykir rétt í frumvarpinu að láta heimild starfsmanns til að sækja um einkaleyfi á biðtíma gilda einnig um starfsmenn t.d. háskóla enda þarf samkvæmt frumvarpsákvæðinu að láta atvinnurekanda vita og má þá ræða um það hvort slíkt mundi valda sérstökum vandræðum. Ekki hafa fundist rök fyrir því að önnur regla eigi að gilda um starfsmenn t.d. háskóla en aðra að þessu leyti. Ekki er heldur talið nauðsynlegt að lögbinda ákvæði samsvarandi 9. gr. dönsku laganna um að atvinnurekandi geti afsalað rétti þeim er hann hefur fengið frá starfsmanni í hendur þriðja manni. Slíkt leiðir af almennum reglum. Þá þykja ákvæði frumvarpsins um að starfsmaður megi ekki á biðtíma upplýsa um uppfinningu eða ráðstafa henni betri en ákvæði 10.–11. gr. dönsku laganna, þess efnis að atvinnurekandi verði að banna starfsmanni að birta upplýsingar eða ráðstafa uppfinningu á biðtímanum. Ekki þykir heldur sérstök ástæða til að taka upp ákvæði 1. mgr. 11. gr. dönsku laganna um að stofnunin skuli meta möguleikana á að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni og vernda þau réttindi er tengjast henni, svo og ræða við starfsmanninn um þessi mál. Ákvæðin um hvað skuli meta virðast sjálfsögð atriði sem ekki þarf að lögbinda sérstaklega og viðræður við starfsmenn hljóta að fara fram eftir þörfum þótt lagaákvæðum sé ekki til að dreifa. Þá þótti ekki nauðsynlegt að lögbinda ákvæði 4. mgr. 11. gr. dönsku laganna um endurgjald til atvinnurekanda. Ætla má að atvinnurekendur í einkarekstri krefjist framsalsréttar yfir arðbærum uppfinningum en krefji starfsmann ekki um endurgjald vilji atvinnurekandinn ekki nota sér þennan rétt. Þegar um háskóla og fleiri slíka aðila er að ræða getur skólinn, ef honum sýnist svo, farið fram á að samið verði um þetta atriði, jafnvel í kjarasamningum. Ekki eru heldur tekin upp ákvæði 6. mgr. 11. gr. dönsku laganna um að

atvinnurekandi skuli nýta réttindi, er hann hefur fengið framseld, með virkum hætti. Hafa má í huga hér að aðilar kunna að hafa samið um sanngjarnt endurgjald, t.d. eingreiðslu, svo og að skaðabótaskylda getur stofnast ef hagsmuna starfsmanns er ekki gætt, t.d. þegar gert er ráð fyrir greiðslu miðað við fjölda seldra eininga af vörum. Hugsanlegt er og að í þessum tilvikum verði samið um að færa réttinn til uppfinninga til starfsmanns á nýjan leik. Þegar litið er til 12. gr. dönsku laganna þótti eðlilegt að stofnun eins og háskóli reyni að semja við starfsmenn sína í einstökum tilvikum eða kjarasamningum fremur en að setja einhliða reglur um sanngjarnt endurgjald. Haft er í huga að endanlegur úrskurður um það, hvað sé sanngjarnt endurgjald, heyrir undir dómstóla. Sum önnur ákvæði dönsku laganna, sem geyma viðbótarákvæði, þykja fela í sér sjálfsagða hluti, m.a. um innri mál atvinnurekandans, svo sem hvernig nota megi tekjur af uppfinningu í þágu starfsemi t.d. skóla. Er aðilar semja um viðmiðanir sem tengjast sanngjörnu endurgjaldi geta þeir t.d. haft í huga hvernig mál hafa verið leyst á lðntæknistofnun (þriðjungaskiptaregla, sbr. fylgiskjal með frumvarpinu) og ýmsum skólum og stofnunum í Danmörku (t.d. þriðjungaskiptaregla eða jafnvel reglan um ⅔ til starfsmanns og ⅓ til atvinnurekanda). Hvorki einstök ákvæði dönsku laganna um opinberar rannsóknastofnanir, þar undir háskóla, sem eru frábrugðin ákvæðum frumvarpsins, né slík ákvæði í heild þykja veita fullnægjandi ástæðu til að vera með sérstök lög um slíkar stofnanir. Þróunin á Vesturlöndum hefur og á undanförnum árum verið í þá átt að draga úr sérstöðu starfsmanna þessara stofnana en semja um réttarstöðuna, m.a. með hliðsjón af hagsmunum allra viðkomandi aðila og því að eðlilegt sé að opinber framlög til vísinda og rannsókna skili sér að einhverju leyti til baka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um skilgreiningar.

Samkvæmt 1. mgr. merkir orðið „uppfinning“ aðeins uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi. Ekki þykir ástæða til að miða við uppfinningar sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir erlendis enda getur óljós viðmiðun falist í því þótt erlendur einkaleyfaréttur sé oft svipaður íslenskum einkaleyfarétti. Í íslenskri löggjöf er eigi að finna skilgreiningu á uppfinningu fremur en í ýmsum öðrum löndum. Vísast nánar í einkaleyfarétt varðandi skilgreiningu á hugtakinu „uppfinning“ en utan þess hugtaks falla m.a. uppgötvanir, með öðrum orðum öflun þekkingar á því sem alltaf hefur verið til staðar í náttúrunni.

Hvað snertir 1. mgr. skal tekið fram að í Danmörku tekur einkaleyfi líka yfir smáeinkaleyfi en eigi hefur verið sett löggjöf hér á landi um slík einkaleyfi. Fyrirhuguð lög taka ekki til hönnunar sem starfsmaður stendur að og heldur ekki yrkisréttar, sbr. lög nr. 58/2000, um yrkisrétt.

Hugverk, sem falla undir höfundalög, t.d. tölvuforrit, falla heldur ekki undir þetta frumvarp, sbr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum. Ef verk starfsmanns, sem verndað er að höfundalögum, er jafnframt talið fela í sér einkaleyfishæfa uppfinningu fer um slíka uppfinningu eftir ákvæðum laga þessara eftir því sem við á. Tölvuforrit mundi í nær öllum tilvikum fullnægja skilyrðum til að njóta verndar að höfundarétti og gilda þá sérreglur höfundalaga, 42. gr. b,[4] um að atvinnurekandinn telst vera höfundur forritsins. Þarf þá ekki framsal á höfundarétti frá starfsmanni til atvinnurekanda. Á hinn bóginn þarf atvinnurekandi

[4] Höfundalög, 42. gr. b: Nú er gerð tölvuforrita liður í ráðningarskilmálum og eignast þá atvinnurekandi höfundaréttinn að forritinu nema áskilnaður sé gerður á annan veg.

að fá framseldan réttinn til uppfinningar sem kann að vera fólgin í tölvuforriti sem starfsmaður hefur skrifað þar eð starfsmaðurinn telst vera „uppfinningamaður" í skilningi einkaleyfalaga og þessara laga. Taka má undir þá ábendingu að tölvuforrit eða upprunakóti (e. source code) þess sé ekki gert opinbert í skilningi einkaleyfalaga fyrr en gengið hafi verið úr skugga um hvort um einkaleyfishæfa uppfinningu sé að ræða. Í skilningi einkaleyfalaga teljast tölvuforrit og viðskiptaaðferðir, sem slíkar, ekki vera uppfinningar en kunna hins vegar að öðlast einkaleyfahæfi ef uppfinning hefur tæknilega eiginleika og beita má henni sem „tæki" til lausnar á tæknilegu vandamáli þar sem áþreifanleg breyting kemur fram.[5]

Gildissvið laganna takmarkast samkvæmt framansögðu við einkaleyfishæfar uppfinningar. Munu lögin því ekki taka til hugverka sem uppfylla ekki skilyrði einkaleyfaumsóknar en eru þó hagnýtanleg, t.d. með stofnun sprotafyrirtækis. Gert er ráð fyrir að viðkomandi aðilar semji um hvernig með skuli fara í slíkum tilvikum ef þeir telja slíkt heppilegt.

Í 2. mgr. segir að orðið „starfsmaður" merki hvern þann sem ráðinn er til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila. Átt er við almenna launþega, m.a. þá sem ráðnir eru með stuttum uppsagnarfresti, t.d. nema á meistara- eða doktorsstigi. Hins vegar taka lögin ekki sem slík til verktaka, t.d. ráðgjafa. Dómstólar hafa síðasta orðið um það hvernig túlka beri hugtakið „starfsmaður". Það hvort uppfinningamaður teljist starfsmaður eða verktaki ræðst af almennum reglum vinnuréttar og skaðabótaréttar.

Undir hugtakið falla samkvæmt frumvarpi þessu kennarar og aðrir starfsmenn er sinna vísindastörfum við háskóla eða skóla á háskólastigi, svo og opinberar rannsóknastofnanir. Um slíka starfmenn mun því fara eftir lögum en samningar, þ.e. sérstakir samningar eða jafnvel kjarasamningar, geta haft áhrif á stöðu að svo miklu leyti sem lögin verða frávíkjanleg. Staðalsamningar geta bætt stöðu starfsmanna, m.a. ef stéttarfélög veita aðstoð sína við gerð þeirra. Nefna má að hér á landi hefur t.d. Iðntæknistofnun gert samninga við starfsmenn sína um uppfinningar þeirra.

Að svo miklu leyti sem lögin snerta opinbera aðila er ekki gert ráð fyrir kæruleið til æðra stjórnvalds, m.a. um sanngjarnt endurgjald, heldur geta aðilar leitað til dómstóla um einkaréttarlega hagsmuni sína, svo og gerðardóms ef þeir semja um slíkt. Einnig er unnt að bera mál upp við umboðsmann Alþingis varðandi form og því um líkt.

Um 2. gr.

Aðalregla þessarar greinar er sú að ákvæði laganna séu frávíkjanleg nema ótvírætt sé kveðið á um annað. Geta atvinnurekandi og starfsmaður því samið um önnur kjör en í ákvæðum laganna felast almennt. Slíkir samningar mega þó ekki vera í andstöðu við ófrávíkjanleg ákvæði laganna. Þannig mundu dómstólar hafa endanlegt úrskurðarvald um það hvað sé sanngjarnt endurgjald vegna uppfinningar, sbr. 7. gr.

Ófrávíkjanleg eru ákvæði 3. mgr. 6. gr. um að starfsmaðurinn geti ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu á biðtíma, ákvæði 7. gr. um rétt starfsmanns til sanngjarns endurgjalds vegna framsalsréttar atvinnurekandans á uppfinningu hans

---

[5] Sbr. European Patent Office Board of Appeal: Viacom/Computer-related invention [T208/84] og IBM/Computer-related product [T-1173/97].

Þess má geta að fyrir liggja drög að tilskipun Evrópusambandsins um einkaleyfishæfi uppfinninga er fela í sér tölvubúnað þar sem mælt er fyrir um samræmdar reglur innan ESB á þessu sviði (Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on the patentability of computer-implemented inventions (COM(2002) 92 final)).

og ákvæði 2. mgr. 8. gr. um rétt starfsmanns til að ráðstafa uppfinningu sem verður til meira en ári eftir starfslok.

Þótt atvinnurekandi og starfsmaður hafi samið með tilteknum hætti hafa dómstólar heimild til þess að víkja til hliðar einstökum samningsákvæðum eða jafnvel samningum í heild á grundvelli ákvæða samningalaga um ósanngjarna samningsskilmála, sbr. 4. mgr. 7. gr. um breytingar á samningum eða einstökum ákvæðum þeirra vegna þess að aðstæður hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Þá skiptir ekki máli hvort samningar eru gerðir við upphaf starfs eða síðar.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um rétt starfsmanns til uppfinningar. Þar segir að starfsmaður eigi rétt til uppfinningar sem hann kemur fram með að svo miklu leyti sem annað leiði eigi af lögum þessum eða öðrum lögum. Aðalreglan er hér hin sama og í 1. gr. laganna um einkaleyfi þess efnis að starfsmaðurinn eigi rétt til uppfinningar sem hann kemur fram með nema annað komi til. Í þessari grein er vísað til hugsanlegra takmarkana í lögunum eða öðrum lögum. Meðal slíkra takmarkana geta verið ákvæði 4. gr. um framsal réttar til atvinnurekanda en einnig geta takmarkanir falist í samningum enda yrðu lögin almennt frávíkjanleg. Aðeins einstaklingar geta talist uppfinningamenn, ekki lögaðilar.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um framsal réttar til atvinnurekanda. Í 1. mgr. segir að atvinnurekandi geti krafist framsals á rétti starfsmanns yfir uppfinningu sem er þáttur í starfi hans enda sé hagnýting hennar á starfssviði atvinnurekandans. Þótt hagnýting uppfinningarinnar sé ekki á starfssviði atvinnurekandans hefur atvinnurekandinn þó framsalsrétt ef uppfinningin tengist einhverju tilteknu verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið starfsmanni. Uppfinningin er með öðrum orðum starfsuppfinning.

Komi starfsmaður á starfstíma sínum fram með uppfinningu sem er þáttur í starfi hans en fullnægir þó ekki öllum skilyrðum 1. mgr., þ.e. hagnýting hennar er ekki á starfssviði atvinnurekandans og tengist ekki verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið starfsmanninum, á starfsmaðurinn fullan rétt til uppfinningar sinnar sem telst einkauppfinning.

Skv. 2. mgr. eiga ákvæði 1. mgr. um framsalsrétt atvinnurekanda einnig við ef fleiri starfsmenn en einn, sem ráðnir eru til starfa hjá fyrirtækinu, standa saman að uppfinningunni. Er 2. mgr. byggð á dönsku lögunum um uppfinningar á opinberum rannsóknastofnunum. Standi fleiri en einn starfsmaður að uppfinningu þurfa þeir að semja sín á milli um sinn hlut í henni.

Greinin er frávíkjanleg, þ.e. atvinnurekandinn getur fallið frá framsalsrétti sínum. Er jafnvel unnt að semja um slíkt í kjarasamningi.

Þótt atvinnurekandi hafi öðlast rétt til uppfinningar samkvæmt framansögðu og sæki um einkaleyfi þarf að gæta ákvæða 4. mgr. 8. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, en þar segir í 1. málsl.: „Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn.“ Séu uppfinningamenn fleiri en einn skal greina frá nöfnum allra.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningu starfsmanns um uppfinningu. Skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna atvinnurekanda um uppfinningu og gefa þannig upplýsingar um hana að atvinnurekandinn geti metið mikilvægi hennar.

Tilkynningin verður að vera sannanleg. Ráðlegt er að hafa hana skriflega, þ.e. með bréfi, tölvupósti eða faxi, til að tryggja sönnun þess að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt þar eð frestur atvinnurekanda til að svara telst frá móttöku tilkynningarinnar.

Starfsmanni er ekki skylt að greina strax frá því ef hann hefur fengið hugmynd sem hugsanlega kann að leiða til uppfinningar. Sé starfsmaður í vafa um það hvort uppfinning sé þess eðlis að hana beri að tilkynna með hliðsjón af 4. gr. er ráðlegast að tilkynna uppfinninguna til að komast hjá hugsanlegri skaðabótaskyldu. Í þessu sambandi má nefna 1. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, þar sem segir m.a. að einkaleyfi megi ekki veita fyrir uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

Vilji starfsmaður sjálfur hagnýta uppfinningu sína í atvinnuskyni eða hafi hann fram að færa tillögu um annars konar hagnýtingu hennar en í höndum atvinnurekandans getur hann komið slíkri ósk að í tilkynningu til atvinnurekandans.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um biðtíma atvinnurekanda, þagnarskyldu starfsmanns og einkaleyfisumsókn starfsmanns á biðtíma.

Í 1. mgr. er kveðið á um hversu langan biðtíma, frest, atvinnurekandi hefur eftir móttöku tilkynningar skv. 5. gr. til að skýra starfsmanninum frá því að hann óski eftir að öðlast rétt til uppfinningar skv. 4. gr. Fresturinn er þrír mánuðir frá móttöku tilkynningarinnar, þ.e. styttri en í dönsku almennu lögunum, þar sem hann er fjórir mánuðir, en lengri en í dönsku lögunum um opinberar rannsóknastofnanir þar sem hann er tveir mánuðir. Frestinn mundi atvinnurekandinn nota til að meta uppfinninguna. Við matið færi eftir atvikum fram tæknileg, lögfræðileg og markaðsleg athugun á möguleikunum á því að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni. Ræða mætti við starfsmann eftir því sem þurfa þætti.

Vakin er athygli á því að ákvæði þetta er frávíkjanlegt og það gæti eftir atvikum verið starfsmanni í hag að fá biðtímann styttan með samningi við atvinnurekanda.

Eftir að atvinnurekandinn hefur skýrt starfsmanninum frá ákvörðun sinni er starfsmanninum skylt að undirrita nauðsynleg framsalsskjöl. Hafi atvinnurekandinn lýst því yfir að hann vilji öðlast rétt til uppfinningarinnar getur hann eigi dregið þá yfirlýsingu til baka án samþykkis starfsmanns. Þegar yfirlýsing atvinnurekandans er gefin öðlast starfsmaðurinn rétt til sanngjarns endurgjalds fyrir uppfinningu sína skv. 7. gr.

Í 2. mgr. eru starfsmanni settar hömlur um meðferð uppfinningar sinnar meðan á biðtíma stendur. Má starfsmaðurinn ekki upplýsa aðra um uppfinninguna eða ráðstafa henni þannig að unnt sé að birta upplýsingar um uppfinninguna eða nota hana í þágu annarra. Ekki er þó um slíkar hömlur að ræða ef atvinnurekandinn hefur lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni. Ástæðan fyrir hömlunum er sú að upplýsingar um uppfinninguna eða ráðstöfun hennar geta leitt til þess að möguleiki á öflun einkaleyfis sé fyrir bí en af því getur hlotist fjárhagstjón, jafnvel verulegt fjárhagstjón, sem tjónvaldur ber ábyrgð á (ásetnings- eða gáleysisbrot). Þykir slíkt ekki fýsilegt. Bent skal í þessu sambandi á almennar athugasemdir um reglur í framangreindu norsku lagafrumvarpi um uppfinningar háskólamanna o.fl. sem lögfestar voru þar sem farin er önnur leið. Skv. 2. mgr. 2. gr. laga um einkaleyfi telst það þekkt sem almennur aðgangur er að í rituðu máli, fyrirlestrum, með hagnýtingu eða á annan hátt. Útboð og eftirgerð má einnig nefna hér sérstaklega.

Ekki ber að skilja þagnarskylduákvæðin þannig að starfsmaður geti veitt upplýsingar um uppfinninguna eftir að atvinnurekandi lýsir því yfir að hann vilji öðlast rétt til hennar heldur helst þagnarskylda starfsmannsins á grundvelli 27. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, varðandi atvinnuleyndarmál.

Hugsanlegt er að ekki sé í öllum tilvikum sótt um einkaleyfi heldur sé uppfinning varðveitt sem viðskiptaleyndarmál. Ekki má þá birta upplýsingar um uppfinninguna. Slíkt getur verið brot á samkeppnislögum og verið refsivert. Einnig getur reynt á þagnarskyldu opinberra starfsmanna og þá ákvæði hegningarlaga.

Ekki þótti ástæða til að setja refsiákvæði í lög þessi svipað og í almennu dönsku lögunum, þess efnis að sá sem á grundvelli laganna kemst á snoðir um uppfinningu megi ekki án heimildar hagnýta sér það sem hann hefur komist að eða upplýsa nokkuð þar að nauðsynjalausu. Slíkt getur varðað sektum eða fangelsi í Danmörku enda krefjist sá sem misgert er við að refsingu sé beitt. Sama gildir þar í landi um brot starfsmanns á biðtíma, sbr. 2. mgr. 6. gr., þ.e. ef hann upplýsir aðra um uppfinningu eða ráðstafar henni án skriflegs samþykkis atvinnurekanda þannig að unnt sé að birta upplýsingar um uppfinninguna eða nota hana í þágu annarra. Í því tilviki er gert ráð fyrir að atvinnurekandinn hafi ekki lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni. Þykir ekki alveg fullnægjandi ástæða til að beita refsiákvæðum en skaðabótaskylda getur verið fyrir hendi í þessum tilvikum enda getur tjón, sem valdið er, verið umtalsvert. Þykir aðhald á grundvelli skaðabótasjónarmiða vera nægilegt. Það skal tekið fram í þessu sambandi að í dönsku lögunum um opinberar rannsóknastofnanir, sem gilda m.a. um háskóla, eru engin refsiákvæði eins og í almennu lögunum þar í landi.

Þar eð starfsmaður getur átt mikið í húfi hefur hann skv. 3. mgr. 6. gr. rétt til þess á biðtíma að sækja um einkaleyfi fyrir uppfinningu en skal þó tilkynna atvinnurekandanum það áður. Nefna má hér að síðustu forvöð kunna að vera á að sækja um einkaleyfi í tilteknu ríki. Getur starfsmaðurinn lagt umsókn sína inn um leið og hann hefur tilkynnt atvinnurekandanum um uppfinninguna. Þetta ákvæði er ófrávíkjanlegt þannig að starfsmaðurinn getur ekki afsalað sér réttinum til að sækja um einkaleyfi fyrir fram. Með einkaleyfisumsókn getur starfsmaður tryggt sér forgangsrétt að uppfinningunni í öðrum löndum og getur hann lagt slíka umsókn fram hvort heldur er hér á landi eða erlendis. Heimild starfsmanns til að sækja um einkaleyfi á biðtíma gildir einnig um starfsmenn t.d. háskóla enda standi ekki til að halda uppfinningu leyndri sem er harla ólíklegt. Sæki starfsmaður um einkaleyfi á biðtíma gerir hann það á eigin áhættu enda ekki víst á þeirri stundu að atvinnurekandi taki ákvörðun um að krefjast framsals réttarins yfir uppfinningunni. Viðræður þeirra á milli við þessar aðstæður gætu þó auðveldað mat á því hvað gera bæri.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um sanngjarnt endurgjald til handa starfsmanni vegna framsals hans á uppfinningu til atvinnurekanda.

Í 1. mgr. segir að starfsmaður eigi, jafnvel þótt um annað hafi verið samið, rétt á sanngjörnu endurgjaldi fyrir uppfinninguna ef atvinnurekandi öðlast rétt til hennar skv. 4. gr. eða á öðrum grundvelli. Þetta á þó ekki við ef verðmæti uppfinningarinnar fer ekki fram úr því sem ætla má með sanngirni að starfsmaðurinn skuli inna af hendi með tilliti til heildarkjara. Samkvæmt þessu er reglan um sanngjarnt endurgjald ófrávíkjanleg. Á hinn bóginn er ekki víst að starfsmenn beri í öllum tilvikum eitthvað úr býtum. Þannig geti hugsast að starfsmaður sé ráðinn til starfa sinna í þeim tilgangi að koma fram með uppfinningu og kann að vera tekið tillit til slíks í heildarkjörum. Atvinnurekandinn hefur sönnunarbyrðina fyrir því að starfsmaður eigi ekki að fá greitt sérstaklega vegna uppfinningarinnar, þ.e. umfram heildarkjör. Í málsgreininni er byggt á því að atvinnurekandinn öðlist rétt til uppfinningar starfsmanns ekki aðeins skv. 4. gr. heldur einnig á öðrum grundvelli, einkum ef það er með sérstökum samningi.

Skv. 2. mgr. skal við ákvörðun endurgjalds tekið sérstakt tillit til verðmætis uppfinningarinnar og mikilvægis hennar fyrir starfsemi atvinnurekandans, ráðningarkjara starfsmanns og hlutdeildar starfsmannsins í uppfinningunni. Þegar verðmæti uppfinningar er metið nægir ekki að líta eingöngu til notkunarmöguleika hennar hjá atvinnurekandanum einum heldur þarf að líta til mikilvægis hennar í atvinnugreinum almennt. Ráðningarkjör starfsmanns skipta máli og þá hvort starfsmaður er að nokkru eða öllu leyti ráðinn með uppfinningastarfsemi í huga. Þegar hlutdeild starfsmannsins í uppfinningu er metið þarf einnig að hafa í huga framlag atvinnurekandans, m.a. í formi tækja sem hann leggur til og skipta sérstöku máli. Séu starfsmenn fleiri en einn þarf að ákveða skiptingu endurgjalds þeirra í milli. Einnig þarf uppfinningin að vera verðmæt og þarf að kanna hvort tekjur vegna uppfinningarinnar fari fram úr útgjöldum.

Ekki er kveðið á um það í 2. mgr. í hvaða formi endurgjald skuli vera, t.d. ein greiðsla þannig að atvinnurekandinn beri áhættuna, eða gjald á hverja framleidda einingu. Þá er eigi kveðið á um það hvernig starfsmaður geti tryggt sig gegn því í einingagreiðslukerfi að atvinnurekandinn stöðvi framleiðsluna eða láti hjá líða að endurnýja einkaleyfi þannig að það falli niður og hver sem er geti hafið framleiðslu. Slíkt aðgerðaleysi af hálfu atvinnurekandans getur eftir atvikum leitt til þess að hann verði skaðabótaskyldur. Hugsanlegt er að samið sé um að uppfinningamaður taki aftur við uppfinningunni. Hér má hafa í huga að aðgerðaleysi getur í einhverjum tilvikum verið eðlilegt, sbr. það sem segir í athugasemdum við 6. gr. um að ekki sé í öllum tilvikum sótt um einkaleyfi heldur sé uppfinning varðveitt sem viðskiptaleyndarmál. Það leysir hann þó ekki undan reglunum um sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinninguna.

Ekki þykir ástæða til þess að kveða á um það í lögum frekar en fram kemur í greininni hvernig ákvarða skuli sanngjarnt endurgjald, t.d. ákveðna hlutaskiptingu, sbr. athugasemd um slíka skiptingu aftast í þættinum um frumvarpsform. Þykir það vera of ósveigjanlegt með tilliti til margbreytilegra aðstæðna.

Í 3. mgr. er kveðið á um fyrningu kröfu um ákvörðun endurgjalds á tíu árum. Fyrningarfresturinn er í samræmi við almenna fyrningarreglu laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Við ákvörðun frestsins er haft í huga að langur tími getur liðið þar til verðmæti uppfinningar og þar með grundvöllur sanngjarns endurgjalds kemur í ljós. Telst fresturinn frá þeim tíma er atvinnurekandinn hefur gefið til kynna að hann vilji öðlast uppfinninguna. Rétt þykir að hafa í lögunum ákvæði um fyrningarfrest þannig að atvinnurekandi viti við hverju hann má búast. Eðlilegt er að bæði atvinnurekandinn og starfsmaðurinn hugi að ákvæðunum um sanngjarnt endurgjald, geri gangskör að því að mál liggi ljóst fyrir. Starfsmaðurinn hefur sérstaka hagsmuni af því að línur skýrist sem fyrst og krafa hans fyrnist ekki. Einnig má hafa í huga hugsanlegt gjaldþrot atvinnurekanda og breytingar á eignarhaldi fyrirtækis. Ákvæði fyrningarlaga gilda að öðru leyti um fyrningu krafna samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á. Þannig verður fyrningarfestur rofinn með viðurkenningu aðila á skuld eða málssókn.

Hugsanlegt er að atvinnurekandi og starfsmaður semji um skyldu atvinnurekanda til að setja tryggingu fyrir sanngjörnu endurgjaldi að ósk starfsmanns. Þá er það sérstakt athugunarefni sem taka má á síðar af hálfu viðkomandi stjórnvalds hvort breyta eigi löggjöf um gjaldþrotaskipti þannig að starfsmaður geti krafist endurheimtu á rétti sem atvinnurekanda var framseldur en ella verði krafa starfsmanns um sanngjarnt endurgjald forgangskrafa við skipti.

Í 4. mgr. er kveðið á um breytingar á einstökum ákvæðum samninga eða samningum í heild um endurgjald að kröfu annars aðila. Gildir þetta jafnvel þótt um annað hafi verið sam-

ið þegar aðstæður þær sem lágu til grundvallar hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Talið er eðlilegt að hafa ákvæði um slíkt í lögum þar eð oft er erfitt að dæma um verðmæti uppfinningar áður en hún er hagnýtt í atvinnuskyni. Getur endurskoðunarmöguleiki gagnast báðum aðilum. Aldrei skal þó endurgreiða fé sem starfsmaður hefur tekið við samkvæmt fyrri ákvörðun um endurgjald.

Nái atvinnurekandi og starfsmaður ekki samkomulagi um sanngjarnt endurgjald eða breytingu á endurgjaldi getur hvor um sig vísað málinu til dómstóla. Í máli gæti reynt á ákvæði samningalaga um ósanngjarna samningsskilmála eins og áður hefur komið fram. Einnig geta aðilar samið um að gerðardómur útkljái málið.

Ákvæði í lögum um rétt starfsmanna til sanngjarns endurgjalds vegna uppfinninga þeirra í starfi eru talin geta örvað þá til að koma fram með uppfinningar.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem tengjast réttarstöðu atvinnurekenda og starfsmanns með tilliti til starfsloka. Nánar tiltekið er í 1. mgr. fjallað um umsókn um einkaleyfi eftir raunveruleg starfslok en í 2. mgr. um uppfinningar eftir formleg starfslok. Um raunveruleg starfslok er þannig strax að ræða þegar starfsmanni er t.d. sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara en aðilar koma sér saman um að hann hætti strax störfum.

Í 1. mgr. er sett fram líkindaregla. Telst uppfinning hafa orðið til á starfstíma nema t.d. starfsmaður leiði líkur að því að uppfinningin hafi orðið til eftir raunveruleg starfslok, þ.e. í þeim tilvikum þegar sótt er um það innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum að einkaleyfi sé veitt fyrir uppfinningu starfsmanns sem 4. gr. hefði tekið til ef uppfinningin hefði orðið til á starfstímanum. Hér er byggt á þeirri viðmiðun að atvinnurekandinn eigi að hafa rétt til framsals á uppfinningunni ef hún hefur orðið til á starfstíma. Rökin fyrir því að gera mun á raunverulegum starfslokum og formlegum starfslokum grundvallast á tilliti til hagsmuna starfsmanns, gagnstætt líkindareglunni. Er talið rétt að sá frestur sem líkindareglan tekur til hefjist sem fyrst enda eðlilegt að fresturinn byrji strax að líða þegar störfum er í reynd hætt.

Í 2. mgr. segir að ógilt sé hvert það samkomulag milli atvinnurekanda og starfsmanns er takmarkar rétt starfsmannsins til að ráðstafa þeim uppfinningum sem verða til meira en ári eftir formleg starfslok. Greinin er samkvæmt þessu ófrávíkjanleg.

Um 9. gr.

Greinin geymir gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma en með honum gefst betra tóm til að vinna að samningsgerð aðila í upphafi, m.a. í háskólum, um þessi efni, t.d. um sanngjarnt endurgjald.

Eigi er talið nauðsynlegt að kveða á um það í lögunum að þau taki einungis til þeirra uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Þá þykir eigi heldur nauðsynlegt að kveða á um það að ófrávíkjanlegar reglur laganna skuli gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra. Ófrávíkjanlegu ákvæðin geta með öðrum orðum hrundið slíkum samningsákvæðum.

Fylgiskjal I.

Samningur Iðntæknistofnunar Íslands við starfsmenn sína.

SAMNINGUR

Undirritaðir, Iðntæknistofnun Íslands, kt. 670279-0149, Keldnaholti, í samningi þessum nefnd „stofnunin“, annars vegar og _____ kt. _____, í samningi þessum nefnd(ur) „starfsmaður“, sem ráðinn er til starfa hjá stofnuninni samkvæmt ráðningarsamningi dagsettum _____ 200_, með starfsheitinu _____, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um hugsanlegar uppfinningar hins síðarnefnda og rétt stofnunarinnar til þess að krefjast framsals á rétti þessum.

1. grein

Eignarréttur að uppfinningum starfsmanns og framsal hans.

Samningur þessi tekur til allra uppfinninga á starfssviði starfsmanns, sem talið er hægt að öðlast einkaleyfi fyrir, hvort sem um er að ræða uppfinningu sem starfsmaður hefur gert einn eða í félagi við aðra starfsmenn stofnunarinnar, og hvort sem þær eru gerðar í eða utan vinnutíma starfsmannsins.

Ef annað leiðir ekki af samningi þessum hefur starfsmaður allan rétt til þeirra uppfinninga, sem hann gerir í starfi sínu hjá stofnuninni.

Geri starfsmaður uppfinningu í félagi við aðila utan stofnunarinnar og uppfinningin fellur undir gildissvið samnings þessa, öðlast stofnunin rétt til framsals á rétti starfsmannsins og ber skyldur að sama skapi.

Uppfinning, sem gerð er utan reglulegs vinnutíma fellur einnig undir ákvæði samnings þessa, enda sé um að ræða uppfinningu á starfssviði viðkomandi starfsmanns.

Samningur þessi gildir á meðan starfsmaður er bundinn af ráðningarsamningi við stofnunina, og í sex mánuði frá lokum slita á ráðningarsambandinu.

2. grein

Tilkynningarskylda.

Starfsmaður skuldbindur sig til þess, á meðan hann er bundinn af samningi þessum, að tilkynna stjórn stofnunarinnar skriflega um allar þær uppfinningar, sem hann hefur gert.

Starfsmaður skal í hinni skriflegu tilkynningu sinni til stjórnar stofnunarinnar, vegna sérhverrar uppfinningar, gera skýrlega grein fyrir því í hverju uppfinning hans felst, hvert sé sérstakt gildi hennar fyrir stofnunina, og/eða hvert sé almennt gildi hennar, á hvaða sviðum hún verði helst nýtt og með hvaða hætti.

Skulu þessar upplýsingar vera svo ítarlegar, að stjórn stofnunarinnar geti metið gildi uppfinningarinnar.

3. grein

Hagnýtingarréttur stofnunarinnar.

Stofnunin öðlast rétt til hagnýtingar á uppfinningu starfsmanns í samræmi við ákvæði samnings þessa. Stofnunin getur nýtt sér þann rétt, sem hún þannig hefur öðlast samkvæmt

samningi þessum, hvort sem hún kýs að gera það á eigin vegum, í samvinnu við aðra, eða með framsali á rétti sínum.

Ákveði stofnunin slíka hagnýtingu, er starfsmanni skylt að framselja uppfinningu sína til stofnunarinnar. Stofnunin skal ábyrgjast að nafns starfsmannsins (uppfinningamanns) sé ávallt getið í einkaleyfisgögnum.

Stofnuninni er heimilt að framselja hagnýtingarrétt sinn til þriðja aðila fyrir fram, t.d. með samningi um verktöku af hálfu stofnunarinnar. Skal stofnuninni, í þeim tilvikum er henni berst tilkynning frá starfsmanni um uppfinningu sem framseld hefur verið fyrir fram, skylt að gæta hagsmuna starfsmannsins í hvívetna, jafnframt sem hún kemur fram fyrir starfsmannsins hönd gagnvart slíkum framsalshafa og ber hún ábyrgð á rétti hans. Réttur starfsmanns til þóknunar raskast í engu þótt svo standi á sem lýst er í þessari málsgrein.

Starfsmaður getur öðlast rétt til þess að hagnýta sér á eigin kostnað uppfinninguna í löndum, þar sem stofnunin ætlar ekki að beita rétti sínum, enda skaði það ekki hagsmuni stofnunarinnar. Til þess að starfsmaður geti nýtt rétt sinn með þessum hætti, skal liggja fyrir skriflegt samþykki stjórnar stofnunarinnar.

4. grein

Hagnýtingarréttur – skylda til að svara.

Stofnuninni ber að svara starfsmanni um það innan fjögurra mánaða frá því að tilkynning um uppfinningu kom til stjórnar, hvort stofnunin ætli að hagnýta sér rétt sinn samkvæmt 3. gr. samnings þessa. Berist svar stofnunarinnar ekki til starfsmanns innan hins tilgreinda frests, er honum heimilt að ráðstafa uppfinningunni að vild, án afskipta stofnunarinnar.

Ef stofnunin ákveður að hætta við að hagnýta sér rétt sinn samkvæmt samningi þessum skal hún tilkynna það starfsmanni svo fljótt sem kostur er, í síðasta lagi innan fjögurra mánaða og fellur þá allur réttur til uppfinningarinnar aftur til starfsmanns. Hafi stofnunin lagt út kostnað vegna uppfinningarinnar, skal starfsmanni ekki skylt að endurgreiða þann kostnað, né heldur þóknanir sem hann kann að hafa móttekið.

5. grein

Einkaleyfisvernd o.fl.

Ákveði stofnunin að nýta sér rétt sinn samkvæmt 3. gr. samnings þessa, þá skal hún strax gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að tryggja vernd uppfinningarinnar, þar með talið með því að sækja um einkaleyfi. Kostnaður varðandi einkaleyfisöflun og athuganir á einkaleyfishæfni skal greiddur af stofnuninni, enda sé til hans stofnað eftir ákvörðun stofnunarinnar. Starfsmanni er heimilt að stofna til kostnaðar á eigin ábyrgð vegna öflunar einkaleyfis, enda liggi fyrir skrifleg heimild stjórnar samkvæmt fyrirmælum 3. gr.

6. grein

Þóknun til starfsmanns o.fl. fyrir framsal hagnýtingarréttar.

Þegar stofnunin öðlast rétt til ráðstöfunar á uppfinningu starfsmanns síns, skal hann eiga rétt á þóknun vegna framsals á hagnýtingarrétti. Skal annaðhvort miðað við hlutdeild starfsmanns í væntanlegum tekjum af hagnýtingu uppfinningarinnar, sbr. síðari málsgr. í grein þessari, eða honum greitt í eitt skipti fyrir öll er stofnunin hefur tekið ákvörðun um að hagnýta sér uppfinninguna, allt eftir því hvað um semst hverju sinni. Samningar um þetta skulu vera skriflegir.

Sé samið um hlutdeild starfsmanns í væntanlegum tekjum skulu þær skiptast milli stofnunar og starfsmanns þegar frá hefur verið dreginn útlagður kostnaður.

Með „útlögðum kostnaði“ í 2. mgr. þessarar greinar er átt við beinan útlagðan kostnað varðandi tæknilega ráðgjöf um hagnýtingu uppfinningarinnar, könnun á einkaleyfishæfni, gerð einkaleyfisumsóknar svo og samningsgerð um hagnýtingu hennar.

Þegar samið er um hlutdeild starfsmanns í væntanlegum tekjum, skal hann fá í sinn hlut ⅓ hluta teknanna, þegar frá hefur verið dreginn útlagður kostnaður eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. þessarar greinar. Þriðjungi teknanna skal síðan varið til rannsóknaverkefna sem viðkomandi starfsmaður vinnur við. Sinni starfsmaður ekki lengur rannsóknastörfum hjá stofnuninni, skal þessum hluta varið til rannsókna hjá stofnuninni í samráði við hann. Stofnunin fær kvaðalaust ⅓ hluta teknanna í sinn hlut.

Stofnuninni er skylt að gefa starfsmanninum, og/eða trúnaðarmanni hans ef starfsmaður óskar þess, allar upplýsingar úr bókhaldi um greiðslur útlagðs kostnaðar, auk þess sem stofnuninni er skylt að senda starfsmanni reikningsyfirlit og uppgjör eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, nema um skemmri frest hafi verið samið.

7. grein

Gildistími o.fl.

Samningur þessi gildir á meðan starfsmaður er bundinn af almennum ráðningarsamningi við stofnunina, og í sex mánuði eftir að ráðningarsamningi hefur verið slitið.

Þóknun til starfsmanns er óháð gildistíma samningsins og öðrum ráðningarkjörum.

Stofnunin getur greitt starfsmanni umfram það sem í 1. mgr. þessarar greinar segir, enda þótt stofnunin hafi ekki haft tekjur af uppfinningunni, eða hyggist ekki nýta rétt sinn samkvæmt 3. gr. samnings þessa.

Réttur starfsmanns til þóknunar fyrir uppfinningu, sem tengist verkefni fyrir þriðja aðila, skal vera óskertur og skal stofnunin ábyrgjast rétt starfsmanns gagnvart þriðja aðila.

8. grein

Endurskoðun samnings.

Hvor aðili um sig getur krafist endurskoðunar á samningi þessum í heild eða að hluta, ef það yrði talið ósanngjarnt, eða andstætt góðum viðskiptaháttum að byggja á ákvæðum hans. Við mat á því, hvort skilyrði endurskoðunar séu fyrir hendi, skal einkum líta til efnis samnings og atvika, sem síðar hafa komið til, s.s. eins og ef stofnunin hefur ekki nýtt þá möguleika til tekjuöflunar sem uppfinningin gefur tilefni til, tekjur eða tekjumöguleikar af uppfinningu eru meiri en fyrirséð var er samningur var gerður, einkum ef samið hefur verið um eingreiðsluþóknun, ný lög eða kjarasamningur koma til, sem breyta verulega þeim forsendum og aðstæðum sem samningur þessi byggir á.

Þá skal taka samning þennan til endurskoðunar ef ný lög verða sett eða ef samningur verður gerður milli stéttarfélags starfsmanns og vinnuveitanda, sem kveður á um breytta réttarstöðu aðila miðað við samning þennan.

9. grein

Þagnarskylda.

Starfsmanni er skylt að gæta þagnarskyldu um allt, sem starfi hans tengist og leynt á að fara. Stofnuninni ber einnig að sjá til þess að einkaleyfisréttur starfsmanns glatist ekki fyrir það að uppfinningin er gerð opinber án samþykkis hans.

10. grein

Meðferð ágreiningsmála.

Ef ágreiningur rís um framkvæmd samnings þessa, eða túlkun hans, skulu aðilar reyna að jafna þann ágeining.

Takist ekki að leysa ágreininginn, sker gerðardómur úr. Úrlausn gerðardómsins um efnisatriði skal vera bindandi.

Gerðardómur skal skipaður þremur óvilhöllum mönnum, sem tilnefndir skulu af viðkomandi starfsmanni (1 maður), stjórn stofnunarinnar (1 maður) og Héraðsdómi Reykjavíkur (1 maður).

Stofnunin skal bera kostnað af störfum dómara í gerðardóminum, en gerðardómurinn skal sjálfur úrskurða um það hver beri kostnað af störfum talsmanna málsaðila fyrir dómnum.

Öllu ofanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 200

_____

_____

Vottar sem votta rétta dagsetningu,
undirskrift og fjárræði aðila.

_____

_____

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.

Með frumvarpi þessu er verið að treysta stöðu eignarréttar milli atvinnurekanda og starfsmanna á uppfinningum sem tilkomnar eru vegna vinnu starfsmanns hjá atvinnurekanda. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

360. Frumvarp til laga [314. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. og 4. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa búsetu hérlendis vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri eiga rétt á námslánum eftir ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Skilyrði til lánveitingar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi haft fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða haft fasta búsetu hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils er sótt er um námslán vegna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 26. júní 2001 hóf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) skoðun á ákvæðum laga um Lánasjóðs íslenskra námsmanna, nr. 21/1992. Tilefnið var álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 3042/2000 er varðaði rétt námsmanns frá Finnlandi til láns úr LÍN. Eftir bréfaskipti við menntamálaráðuneytið komst ESA að þeirri niðurstöðu að ákveðnir þættir íslenskra laga um rétt til námslána brytu gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Nánar til tekið var um að ræða 3. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í ljósi afstöðu ESA hefur menntamálaráðuneytið um nokkurt skeið unnið að gerð tillögu um breytingu á umræddum ákvæðum sem kæmi til móts við þær athugasemdir sem ESA hefur gert við áðurnefnda 13. gr. Er litið svo á að breyting sú á 13. gr. sem lögð er til í frumvarpi þessu uppfylli að öllu leyti kröfur EES-samningsins.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins var lögfest hérlendis með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Telst reglugerðin í heild sinni, með þeim breytingum sem lögin tilgreina, hluti af íslenskum landsrétti. Réttur ríkisborgara EES-ríkja til námslána byggist einkum á ákvæðum 7. og 12. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. Verður því að telja að viðeigandi réttarheimildir er lúta að námslánarétti ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu séu þegar fyrir hendi í íslenskum rétti. Ágalli 13. gr. laga nr. 21/1992 í núverandi horfi felst í því að hún þrengir í sérlögum réttindi sem byggjast á almennum lögum með hætti sem ekki samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Þótt texti þeirra ákvæða er máli skipta í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 sé um margt opinn hefur inntaki þeirra verið slegið föstu í röð dóma sem Evrópudómstóllinn kvað upp fyrir 2. maí 1992. Skv. 6. gr. EES-samningsins skal skýra og beita ákvæðum EES-samningsins sem eru efnislega samhljóða ákvæðum í löggjöf Evrópusambandsins í samræmi við túlk-

un Evrópudómstólsins á viðkomandi ákvæðum í dómum sem kveðnir voru upp fyrir framangreinda dagsetningu. Þannig er ljóst að framangreindar niðurstöður Evrópudómstólsins eru að þessu leyti bindandi fyrir íslensk stjórnvöld við lagaframkvæmd, þar á meðal fyrir stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í ljósi framagreinds er ekki talið nauðsynlegt að 13. gr. laga nr. 21/1992 fjalli með öðrum hætti um þann námslánarétt sem ríkisborgarar í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu njóta hérlendis. Eðlilegra er talið að vísa að þessu leyti í þær íslensku réttarheimildir sem slíkur réttur kann að byggjast á. Það er síðan stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna að taka afstöðu til einstakra umsókna á grundvelli framangreindra réttarheimilda í ljósi þeirrar dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins er málið varðar.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 13. gr. laga nr. 21/1992 eru eftirfarandi:

1. Texti 3. mgr. greinarinnar verði felldur brott en hann inniheldur eftirfarandi skilyrði fyrir námslánarétti sem ekki verða talin samræmast skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum:
   (i) ríkisborgari EES-ríkis skuli hafa starfað í fimm ár á Evrópska efnahagssvæðinu;
   (ii) slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli vera launamaður, þ.e. ekki sjálfstætt starfandi;
   (iii) slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli fortakslaust stunda starfstengt nám;
   (iv) maki slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám;
   (v) börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli fortakslaust vera yngri en 21 árs;
   (vi) börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám.
   Í stað hins brottfellda texta er lagt til að komi ein ný málsgrein með tilvísun í aðrar réttarheimildir er tæma réttarstöðu ríkisborgara EES-ríkja er starfa hérlendis hvað varðar námslánarétt.
2. Ákvæði 4. mgr. greinarinnar verði breytt þannig að áskilnaður um eins árs lögheimili áður en nám hefst verði breytt í áskilnað um tveggja ára samfellda fasta búsetu hér á landi eða fasta búsetu í þrjú ár af síðustu tíu árum. Með fastri búsetu er átt við búsetu eins og hún er skilgreind í 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990. Ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar haldi að jafnaði námslánarétti sínum í tvö ár eftir að þeir flytja lögheimili sitt til annars lands er fellt brott, enda er nauðsyn ákvæðisins vandséð í ljósi breytingarinnar á 4. mgr. Aukinheldur verður ekki talið að slík mismunun á stöðu Íslendinga og ríkisborgara annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu samræmist ákvæðum EES-samningsins.

Yfirlit yfir námslánarétt ríkisborgara EES-ríkja á Íslandi.

Almennt.

Þrátt fyrir framangreint skal hér gefið yfirlit yfir það hvernig almennt virðist háttað námslánarétti ríkisborgara EES-ríkja á Íslandi samkvæmt EES-samningnum.

Við mat á því hvenær ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eigi rétt á námslánum hérlendis er óhjákvæmilegt að gera greinarmun á einstökum hópum. Þeir hópar sem fjalla þarf um eru launþegar, börn launþega undir 21 árs aldri eða á framfæri hans, börn launþegans sem náð hafa 21 árs aldri og eru ekki á framfæri hans, aðrir fjölskyldumeðlimir launþega á hans framfæri og námsmenn. Um þessa hópa gilda um margt mjög ólíkar reglur og sjónarmið.

Ríkisborgarar EES-ríkja sem starfa í öðru EES-ríki.

Þær reglur sem einkum reynir á varðandi þennan hóp eru ákvæði 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68. Skv. 2. mgr. skal ríkisborgari ríkis sem starfar í öðru EES-

ríki njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og ríkisborgarar gistilandsins. Skv. 3. mgr. skal slíkur ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum, hafa sama aðgang og ríkisborgarar gistilandsins að þjálfun í skólum er tengjast atvinnulífinu og endurmenntunarstöðvum.

Evrópudómstóllinn hefur fjallað um framangreind ákvæði og tengsl þeirra við nám og námsstyrki í fjölda dóma. Hann hefur skýrt 3. mgr. þannig að hún veiti ríkisborgara EES-ríkis sem starfar í öðru EES-ríki jafnan rétt til ívilnana, styrkja og skóla og ríkisborgarar gistilandsins njóta. Hins vegar nái réttindin aðeins til náms við skóla sem einungis bjóða upp á nám sem stundað er samhliða tengdu starfi eða sem hefur með öðrum hætti náin tengsl við starf, einkum í tilviki verklegs náms.

Evrópudómstóllinn hefur hins vegar staðfest að ríkisborgarar EES-ríkja sem starfa í öðru EES-ríki geti byggt rétt á ákvæði 2. mgr. um félagsleg réttindi hvað varðar ívilnanir í tengslum við frekari starfsmenntun og hæfi, svo sem framfærslustyrki vegna náms við stofnanir sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. Dómstóllinn gerir hins vegar kröfu til einhverra tengsla milli þess starfs sem launþeginn rækti áður en nám hófst og markmiða þess náms sem um ræðir, nema í þeim tilvikum þar sem hann hefur misst starf sitt og aðstæður á vinnumarkaði krefjast þess að hann afli sér menntunar á öðru sviði. Dómstóllinn hefur einnig slegið því föstu að gistiland geti ekki sett það skilyrði fyrir réttindanautn skv. 3. mgr. að ríkisborgari annars EES-ríkis sé í starfi þegar hann stundar nám eða hefji nám í beinu framhaldi af starfi. Gistilandið geti heldur ekki sett skilyrði um lágmarksstarfstíma.

Börn ríkisborgara EES-ríkja sem starfa í öðru EES-ríki undir 21 árs aldri eða á framfæri þeirra.

12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 kveður á um að börn ríkisborgara EES-ríkis sem starfar í öðru EES-ríki skuli eiga rétt á almennri skólagöngu í gistilandinu, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar gistilandsins – að því tilskildu að börnin búi þar. Aðildarríkin skulu og leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

Evrópudómstóllinn hefur skýrt ákvæði 12. gr. rúmt, bæði hvað varðar það nám er greinin tekur til og inntak réttarins til að stunda slíkt nám. Þannig falla styrkir og aðrar ívilnanir af því tagi klárlega undir greinina. 12. gr. setur börn ríkisborgara EES-ríkis sem starfar í öðru EES-ríki í raun í sömu stöðu og börn ríkisborgara gistilandsins hvað menntun varðar. Í því felst m.a. að þegar börnum ríkisborgara standa til boða styrkir til að stunda nám erlendis verði slíkir styrkir einnig að standa til boða börnum slíkra ríkisborgara EES-ríkis – jafnvel þótt námið sé stundað í landinu þar sem barnið er ríkisborgari. Þá felur greinin í sér rétt til námsaðstoðar jafnvel eftir að launþeginn hefur snúið til baka ef ósamrýmanleiki skólakerfa ríkisfangslandsins og gistilandsins er slíkur að barninu er nauðsyn að ljúka námi í gistilandinu.

Börn ríkisborgara EES-ríkja sem starfa í öðru EES-ríki yfir 21 árs aldri og ekki á framfæri launþegans.

Hugtakið börn í 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 er víðtækara en hugtakið börn í 10. gr. reglugerðarinnar. Þannig getur 12. gr. veitt börnum sem náð hafa 21 árs aldri og eru ekki á framfæri launþegans menntunarleg réttindi. Evrópudómstóllinn hefur skýrt 12. gr. þannig að grunnhugsun hennar krefjist þess að börn ríkisborgara eins EES-ríkis sem starfar í öðru EES-ríki geti haldið áfram námi sem þau stunda og lokið því, hafi þau búið með launþeganum í síðarnefnda ríkinu þegar hann starfaði þar.

Aðrir fjölskyldumeðlimir ríkisborgara EES-ríkja sem starfa í öðru EES-ríki.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 fjallar ekki um menntun annarra fjölskyldumeðlima launþega en barna hans. Hins vegar virðist sem skýringar Evrópudómstólsins á inntaki félagslegra réttinda skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar taki til a.m.k. einhverra menntunarlegra ívilnana fyrir aðra fjölskyldumeðlimi launþegans, jafnvel þótt slík réttindi kunni að vera eitthvað þrengri en réttindi barna hans.

Evrópudómstóllinn hefur skýrt 2. mgr. 7. gr. þannig að hún nái til allra félagslegra réttinda og skattaívilnana, óháð því hvort þau tengjast starfi launþegans, jafnvel þótt einungis sé um að ræða óbeina hagsmuni launþegans sjálfs. Þannig teljast félagsleg réttindi og skattaívilnanir þeirra er hann hefur á framfæri sínu einnig falla undir 2. mgr. Hér býr einföld hugmynd að baki: þar sem félagslegum réttindum eða skattaívilnunum hinna framfærðu sleppir tekur framfærsluskylda launþegans við. Þannig hafa umrædd réttindi þeirra er hann hefur á framfæri áhrif á hans eigin stöðu. Dómstóllinn hefur hins vegar kveðið upp úr með það að félagsleg réttindi þau er 2. mgr. 7. gr. fjallar um nái aðeins til launþegans sjálfs og þeirra fjölskyldumeðlima hans sem sérstaklega er getið í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68. Ekki er hins vegar fullljóst hvort þar er einungis átt við þá fjölskyldumeðlimi sem getið er í 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar eða hvort þeir sem 2. mgr. greinarinnar fjallar um koma þar einnig til álita.

Evrópudómstóllinn hefur tilgreint þrjá þætti er áhrif hafa á það hvort launþegar njóti réttinda skv. 2. mgr. 7. gr. þótt ekki verði sagt að í þeim felist skýr leiðbeining: Er viðkomandi launþegi, hefur launþeginn lögheimili í viðkomandi ríki og eru réttindin eða ívilnanirnar til þess fallin að auðvelda frjálsa för hans innan Evrópusambandisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu hafi rétt til námslána vegna starfstengds náms. Skilyrði er að ríkisborgarinn hafi haft fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán vegna. Sama gildir um fjölskyldu hans og aðra sem eru á framfæri hans hér á landi.

Frumvarpið felur í sér samræmingu á rétti íslenskra ríkisborgara og annarra íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu, en samkvæmt núgildandi lögum þurfa hinir síðarnefndu að hafa átt lögheimili hér á landi í eitt ár áður en nám hefst. Að mati menntamálaráðuneytisins hefur frumvarpið í för með sér óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá því sem er samkvæmt núgildandi lögum. Mögulegt er að það skilyrði að aðrir íbúar á Evrópska efnahagssvæðinu en Íslendingar skuli hafa átt fasta búsetu hér á landi í tvö ár í stað eins árs samkvæmt gildandi lögum leiði til færri lántakenda og þar með minni kostnaðar þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Þá verður einnig að líta til þess að frumvarpið felur í sér brottfall á skilyrði um fimm ára starf lánþega á Evrópska efnahagssvæðinu sem felur í sér rýmkun á gildandi skilyrðum.

Samkvæmt upplýsingum Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið nokkuð um að erlendir ríkisborgarar kanni möguleika á námsláni. Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um eftirspurn þessa hóps og því ekki forsendur til að áætla eftirspurnina á næstu árum. Talið er að þegar til lengri tíma er litið sé þess að vænta að stækkun Evrópusambandsins hafi áhrif á kostnað sjóðsins. Fjöldi lánþega hjá LÍN frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu er að jafnaði 8–12 á ári. Gera má ráð fyrir að stækkun Evrópusambandsins muni fjölga lánþegum en ekki eru forsendur til að nefna tölu. Meðallán er um 0,8 m.kr. á ári og þrjú ár er algengur námstími. Til þess að átta sig á stærðargráðu breytinga skal tekið dæmi. Ef það gerist að fjöldi lánþega frá öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu tvöfaldast þá aukast útlán um 6,4–9,6 m.kr. á ári og þar af gæti ríkið þurft að bera nálægt því helming eða 3–5 m.kr.

361. Fyrirspurn [315. mál]

til viðskiptaráðherra um uppgjör sölu á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hefur verið gengið frá endanlegu söluverði á hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum? Ef svo er, hvert var söluandvirði hvors banka um sig og hefur það verið greitt að fullu?
2. Hvernig hefur verðmæti bankanna breyst frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2003 og einnig við undirskrift kaupsamninga bæði hvað varðar breytingar á gengi íslensku krónunnar og breytingar á mati bankanna?
3. Hefur mikill gróði bankanna á þessu ári áhrif til hækkunar endanlegs söluandvirðis þeirra?

362. Fyrirspurn [316. mál]

til dómsmálaráðherra um afdrif hælisleitenda.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hve margir hafa sótt um pólitískt hæli hér á landi á ári 1998–2003 og hver urðu afdrif þessara umsókna?
2. Hve mörgum hefur verið veitt hæli hér á landi á fyrrgreindu tímabili?
3. Hversu mörg börn yngri en 16 ára hafa verið meðal hælisleitenda á ári 1998–2003 og hver urðu afdrif umsókna þeirra?
4. Hefur ráðherra markað stefnu í afgreiðslu umsókna hælisleitenda? Ef svo er, hver er hún?

363. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um háskóla á Vestfjörðum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar I. Birgisson,
Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Skólinn verði á Ísafirði og starfi samkvæmt lögum um háskóla.

Sérhæft námsframboð skólans mótist af sérstöðu svæðisins með tilliti til umhverfismála, ferðamála, sjávarútvegs og tónlistarlífs, en í upphafi verði lögð áhersla á almennar undirstöðugreinar, svo sem fræðileg vinnubrögð, sálfræði, siðfræði, félagsfræði, aðferðafræði og tölfræði.

Horft verði til samstarfs við aðra háskóla og þannig stuðlað að fjölbreyttu námsframboði.

Rektor verði ráðinn til starfa á næsta ári til undirbúnings kennslu sem hefjist haustið 2005.

Greinargerð.

Á skömmum tíma hefur aðsókn að háskólanámi aukist svo á Vestfjörðum að líkja má við sprengingu. Enginn skóli á háskólastigi starfar í fjórðungnum svo nemendur verða að stunda fjarnám. Um það bil 130 manns á Vestfjörðum stunda háskólanám við a.m.k. fjóra háskóla. Flestir leggja stund á kennaranám til grunnskólastigs við Kennaraháskóla Íslands en einnig stunda margir rekstrarfræði við Háskólann á Akureyri, leikskólafræði í Kennaraháskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri, íslensku við Háskóla Íslands og kerfisfræðinám í Háskólanum í Reykjavík.

Fjarnámið er stundað á ýmsa vegu. Sumir fylgjast með fyrirlestrum um fjarfundabúnað sem komið hefur verið upp á nokkrum stöðum í fjórðungnum en aðrir notast einkum við eigin tölvu og eru í beinum samskiptum við skólana. Fræðslumiðstöð Vestfjarða annast skipulag fullorðinsfræðslu og hefur yfir að ráða fjarfundabúnaði á nokkrum stöðum og aðstöðu á Ísafirði sem notuð er til náms og prófa. Lítið er um beina kennslu eða námsaðstoð enda Fræðslumiðstöðin ekki í stakk búin til þess veita hana og afar fátítt að kennarar einstakra háskóla haldi fyrirlestra hjá miðstöðinni.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fær 9 millj. kr. á fjárlögum þessa árs og lagt er til í frumvarpi til fjárlaga næsta árs að upphæðin verði óbreytt. Til viðbótar þessu fær miðstöðin 10 millj. kr. í ár og næstu tvö ár frá iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Þetta fé er ætlað til þess að efla háskólanám í fjórðungnum. Sjálfsaflafé miðstöðvarinnar er um 9–10 millj. kr. Samtals er hefur Fræðslumiðstöðin haft um 20 millj. kr. til umráða árlega en það verða líðlega 30 millj. kr. með framlagi ráðuneytanna. Þó ber þess að geta að Fræðslumiðstöðin fékk 6 millj. kr. árið 2001 og 3 millj. kr. árið 2002 í sérstakar fjárveitingar. En hafa verður í huga að fénu er varið til fullorðinsfræðslu almennt en ekki bara til háskólanáms. Nú starfa tveir starfsmenn í 1,65 stöðugildi við Fræðslumiðstöðina, en líklega bætist við einn starfsmaður á meðan viðbótarframlagsins nýtur við.

Líta verður til þess að staða Fræðslumiðstöðvarinnar er óviss líkt og annarra símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Starfsmenn hafa ekki stöðu sem ríkisstarfsmenn og framlög ríkisins eru ákvörðuð frá ári til árs. Óljóst er hvernig á að þróa háskólanám og byggja upp háskólasetur eða jafnvel háskóla þegar stefnan er ekki mörkuð til lengri tíma.

Flutningsmenn telja að öll rök hnígi að því að farsælast sé að stjórna uppbyggingu á háskólanámi á Vestfjörðum með sjálfstæðri stofnun með fjárveitingum af fjarlögum eins og

aðrir háskólar búa við. Forystumenn skólans munu vinna að uppbyggingu hans og móta námsframboð á þeim forsendum sem gagnast best þeim sem skólanum er einkum ætlað að þjóna.

Bent er á reynslu af uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Í upphafi var lagt til að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands en frá því var horfið og stofnaður sjálfstæður háskóli fyrir norðan. Eru væntanlega fáir í nokkrum vafa um að það hafi reynst heillaráð og að háskólanám fyrir norðan væri með allt öðrum og lakari hætti nú ef það hefði verið annexía og uppbyggingu þess hefði verið stjórnað af fjarlægum stjórnendum í öðrum landshluta. Miklar framfarir í fjarskiptum á síðasta áratug gera það kleift að hinn nýi háskóli getur átt samstarf við aðra skóla og sótt til þeirra þekkingu og námsframboð. Er gert ráð fyrir að þeir möguleikar verði nýttir sem mest í þágu háskólanáms á Vestfjörðum.

Rökin fyrir sérstökum háskóla á Vestfjörðum eru enn þau sömu og sett voru fram þegar stofnað var til háskóla á Akureyri. Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, mælti fyrir frumvarpi um Háskólann á Akureyri á Alþingi 12. desember 1987 og sagði þá m.a.: „Ég gat þess áðan að háskóli á Akureyri hefur verið mikið áhugaefni forystumanna í byggðum norðanlands. Það er mjög skiljanlegt. Ég hygg reyndar að ekkert sé raunhæfara í byggðamálum en að flytja menntun út í byggðir landsins. Mér er það í minni að menntamálaráðherra Svía var hér í heimsókn á sl. sumri og við ræddum um þróun skólamála, ekki síst þróun háskólamála í Svíþjóð. Hann sagði að ríkisstjórnir í Svíþjóð hefðu gert mjög margt til að halda uppi byggðastefnu. Þær hefðu látið mikið fé af hendi rakna í ýmiss konar félagsleg verkefni og til ýmiss konar atvinnufyrirtækja, en í rauninni hefði ekki nein stefna reynst betri en sú þegar Svíar fóru að flytja sitt æðra nám út í hinar dreifðu byggðir.

Ég tel að sú ákvörðun að setja upp háskóla á Akureyri sé mikilvægur þáttur í byggðastefnu og vænti þess að frumvarpinu, sem hér er flutt, verði vel tekið."

Sömu sjónarmið komu síðar fram hjá Ólafi G. Einarssyni, þáverandi menntamálaráðherra 26. febrúar 1992 þegar hann mælti fyrir frumvarpi til nýrra laga um Háskólann á Akureyri, en hann sagði þá: „Ég vil einnig minna á að starfsemi Háskólans á Akureyri er mikilvægur þáttur í byggðastefnu, þ.e. fólk í hinum dreifðu byggðum landsins fái aukna möguleika á að notfæra sér þá menningu og þau lífsgæði sem felast í þróttmikilli háskólamenntun og vísindastarfsemi."

Mikill áhugi er á háskólanámi á Vestfjörðum, enginn háskóli hefur starfsemi þar, staða byggðar er óvíða erfiðari né íbúafækkun meiri. Það er því ekki eftir neinu að bíða, notum það ráð sem vitað er að dugir vel. Þar sem gert er ráð fyrri stuttum undirbúningstíma verður í upphafi lögð áhersla á að koma af stað námi í almennum greinum. Það gefur möguleika á hagkvæmri rekstrareiningu sem er þýðingarmikið í upphafi starfsrækslu skólans. Í framhaldi af því verði síðan þróaðar sérhæfðari námsbrautir, að einhverju leyti með samstarfssamningum við aðra háskóla um kennslu og útskrift. Flutningsmenn vilja benda sérstaklega á kennaradeild fyrir tónlistarkennara og veiðarfærarannsóknir og þorskeldi sem áhugaverðar námsbrautir sem hinn nýi skóli getur tekið upp á sína arma.

Eftir sem áður verður þörf fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða til þess að hafa yfirumsjón með fullorðinsfræðslu í fjórðungnum að öðru leyti en háskólanámi.

364. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 42 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 4.097,7 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 14,5 m.kr.

201 Alþingi.

1.06 Almennur rekstur. Lögð er til 4,5 m.kr. fjárveiting til að bæta aðstöðu fatlaðra alþingismanna á Alþingi.

1.10 Rekstur fasteigna. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu vegna breytinga á fundaaðstöðu þingflokka og skrifstofum þingmanna og aukins húsaleigukostnaðar. Um er að ræða kostnað við flutning á fundaaðstöðu Samfylkingar í fræðslustofu í Skálanum, gerð nýrrar fræðslustofu í Alþingishúsi, auknu leiguhúsnæði í Austurstræti 12 og fjölgun skrifstofuherbergja þar.

Jafnframt er lögð til 5 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við flutning á starfsaðstöðu fréttamanna á Alþingi, þ.e. flutning á búnaði fyrir hljóð- og myndflutning úr risi Alþingishúss yfir í nýja aðstöðu í Skálanum. Samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er kostnaður við verkið 5 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 60 m.kr.

211 Tækniháskóli Íslands.

1.01 Tækniháskóli Íslands. Gerð er tillaga um 35 m.kr. aukafjárveitingu vegna samnings sem Tækniháskóli Íslands gerði um mitt yfirstandandi ár um leigu og innréttingu á 1.118 m² húsnæði á 2. hæð að Höfðabakka 9. Húsnæðið kom í stað 1.586 m² óinnréttaðs rýmis í kjallara sama húss sem skólinn hafði tekið á leigu til ársins 2014 og áætlað var að kostaði 125 m.kr. að innrétta.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Lagt er til að miðstöðin fái 5 m.kr. til að greiða upp rekstrarhalla.

973 Þjóðleikhús.

1.01 Þjóðleikhús. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að koma til móts við kostnaðarauka sem kom fram árin 2001 og 2002 vegna útfærslu stjórnenda leikhússins á kjarasamningum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 226,5 m.kr.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lagt er til að stofnunin fái 15 m.kr. til þróunarátaks í líftækni. Ráðgert er að fé verði endurgreitt við sölu á hlut stofnunarinnar í Orf-Líftækni hf.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lagt er til að veitt verði 2,5 m.kr. framlag til Norðurlandsdeildar stofnunarinnar á Hólum.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Lögð er til 2 m.kr. aukafjárveiting vegna embættis eftirlitsdýralæknis í Svalbarðs- og Þórshafnarhreppi.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lagt er til að skólinn fái 15 m.kr. vegna uppsafnaðs kostnaðar við uppbyggingu nýrra námsbrauta.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag vegna aukinna umsvifa í skólanum, einkum í fiskeldisdeild.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Gerð er tillaga um 22 m.kr. aukafjárveitingu til fyrirhleðslna en óvenjumiklir vatnavextir voru í öllum ám í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslum og Múlasýslum haustið 2002 og brýnt að grípa til aðgerða. 2 m.kr. af upphæðinni eru ætlaðar til að styrkja flóðvarnargarða við Jökulsá á Fjöllum, Bakkahlaup, til að tryggja að vatn renni ekki á milli Jökulsár og Skjálftavatns.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.16 Styrkur til sauðfjárbænda. Lagt er til 140 m.kr. framlag á þessum lið sem varið verði til að bæta erfiða afkomu í sauðfjárbúskap og styðja við sauðfjárbændur sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna versnandi stöðu búgreinarinnar í kjölfar verðlækkana á kjötmarkaði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir fjárheimildinni í framhaldi af umfjöllun um tillögur nefndar um vanda sauðfjárbænda. Samþykkt ríkisstjórnarinnar um málið gerir ráð fyrir að þessi sérstaki stuðningur við bændur miðist að hálfu við beingreiðslurétt sauðfjárbænda í ár og að hálfu við framleitt magn dilkakjöts á lögbýlum.

1.91 Loðdýrafóður. Lagt er til að niðurgreiðslur á loðdýrafóðri hækki um 15 m.kr. Fóðrið er stærsti kostnaðarliðurinn í loðdýrarækt. Fóðurverð hefur hækkað mikið á síðustu árum og er nú mun hærra hér en hjá samkeppnisþjóðum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 31,4 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 31,4 m.kr. aukafjárveiting vegna uppsafnaðs halla á rekstri stofnunarinnar miðað við árslok 2003. Til stendur að hætta rekstri þjónusturannsókna í starfsstöðvum standi gjaldskrártekjur ekki undir kostnaði við reksturinn.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 25,6 m.kr.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar og *6.01 Tæki og búnaður.* Við 3. umræðu um fjárlagagafrumvarp

fyrir árið 1999 var samþykkt tillaga fjárlaganefndar um 12 m.kr. stofnkostnaðarframlag á viðfangsefninu 6.10 Tæki og búnaður vegna tölvubúnaðar héraðsdómstóla og upplýsingakerfis. Fjárheimildin hefur verið í fjárlögum frá þeim tíma en tækjakaup og önnur eignakaup héraðsdómstóla hafa verið verulega lægri og hefur því safnast upp umtalsverður afgangur af stofnkostnaðarheimildum. Lagt er til að 55 m.kr. af uppsöfnuðum fjárheimildum á stofnkostnaðarviðfangsefninu verði millifærðar á rekstrarviðfangsefni héraðsdómstóla. Fjárheimildinni er ætlað að mæta að mestu uppsöfnuðum rekstrarhalla dómstólanna undanfarin ár. Gerð er tillaga um samsvarandi millifærslu fjárheimilda við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til 15 m.kr. framlag til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild embættisins. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt, svo sem vegna meintra samkeppnislagabrota, peningaþvættis, fíkniefnamála og annarra umfangsmikilla sakamála sem mikilvægt er að ekki dragist á langinn að rannsaka. Gerð er tillaga um sambærilega tímabundna hækkun fjárveitingar til embættisins í tvö ár við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Að auki er gerð tillaga um 8,6 m.kr. aukaframlag vegna uppsafnaðs fjárhagsvanda við innheimtu sekta. Verkefnið hefur nú verið fært til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli en hér er um að ræða stöðu í árslok 2002 á viðfangsefni hjá embætti ríkislögreglustjóra sem fellt hefur verið niður í fjárlögum 2003. Á viðfangsefnið var einungis færður kostnaður vegna prentunar og póstburðargjalda en ekki laun vegna vinnu. Tekjur af sektum renna í ríkissjóð. Lagt er til að veitt verði framlag til að mæta að fullu uppsöfnuðum halla viðfangsefnisins í árslok 2002 svo ekki þurfi að skerða almennan rekstur stofnunarinnar vegna þessa.

701 Þjóðkirkjan.

6.28 Þingeyrarklausturskirkja. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til byggingar aðstöðu við Þingeyrarklausturskirkju.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 411 m.kr.

313 Jafnréttisstofa.

1.01 Jafnréttisstofa. Lögð er til 7 m.kr. viðbótarfjárheimild til Jafnréttisstofu til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna starfsloka framkvæmdastjóra og útgjöldum vegna dómsmáls.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga og *6.21 Viðbygging.* Lagt er til að millifærð verði 60 m.kr. fjárheimild vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Stuðla, meðferðarheimili fyrir unglinga. Um mitt ár 2002 náðist samkomulag við rekstraraðila Skjöldólfsstaðar í Jökuldal um að hætta þar starfsemi meðferðarheimilis þar sem nýta mætti fjármuni betur með viðbyggingu við Stuðla.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gerð er tillaga um 60 m.kr. fjárveitingu til viðbótar við þær 1.100 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu vegna endurmats á kostnaði við hvert atvinnuleysisstig.

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Lögð er til 75 m.kr. viðbótarfjárveiting til átaksverkefna fyrir ungt fólk á atvinnuleysisskrá. Þeir fjármunir sem ætlaðir voru til átaksverkefna fyrir atvinnulausa árið 2003 eru uppurnir vegna mun meira

atvinnuleysis en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að ósk félagsmálaráðherra hófu Vinnumálastofnun og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í mars sérstakt átak í vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungt fólk á atvinnuleysisskrá og ráðstöfuðu til þess verkefnis 75 m.kr.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Gerð er tillaga um 280 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins þar sem endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur til þeirra sem fá greitt úr sjóðnum eru meiri en áætlað var.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lögð er til 15 m.kr. lækkun framlaga vegna foreldra utan vinnumarkaðar en endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur eru lægri og færri fá greitt úr sjóðnum en áætlað var.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Lögð er til 4 m.kr. fjárveiting til reksturs sumardvalar fyrir fötluð börn á vegum Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla sem félagið hefur séð um sl. 30 ár.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.620,8 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Lagt er til að stofnunin fái 12 m.kr. til að mæta kostnaði við að endurreikna bætur í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. október 2003.

204 Lífeyristryggingar.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Gerð er tillaga um 1.500 m.kr. fjárveitingu til að mæta útgjöldum lífeyristrygginga vegna kostnaðar við endurákvörðun tekjutryggingar auk dráttarvaxta í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. október 2003. Tryggingastofnun vinnur að útreikningi á útgjaldaáhrifum dómsins og er því um áætuð útgjöld að ræða.

206 Sjúkratryggingar.

1.15 Lyf. Lagt er til 177 m.kr. framlag til að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja. Í samræmi við endurskoðaða áætlun á lyfjaútgjöldum á árinu 2003 í lok október stefna þau í rúmlega 5,9 milljarða króna á árinu eða tæpar 340 m.kr. umfram fjárheimildir fjárlaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 m.kr. viðbótarframlagi en í ljósi mjög aukinna útgjalda í september og október í ár, sem hafa hækkað um rúmlega 22% frá sömu mánuðum í fyrra, er óskað eftir 177 m.kr. Til samanburðar má geta þess að fyrstu átta mánuði þessa árs hækkuðu útgjöldin einungis um 5% miðað við sama tímabil í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun er skýring þessarar aukningar einkum aukin neysla, þ.e. aukið magn, og tilfærsla frá ódýrari lyfjum yfir í dýrari umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

1.21 Hjálpartæki. Lögð er til 50 m.kr. lækkun á útgjöldum til hjálpartækja. Í 1. umræðu um frumvarpið var óskað eftir 270 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta útgjöldum vegna hjálpartækja í ár. Af þessum 270 m.kr. var gert ráð fyrir að útgjöld vegna bifreiðakaupastyrkja yrðu 190 m.kr. Nú þegar tíu mánuðir eru liðnir af árinu þykir sýnt að þau verða lægri eða um 160 m.kr. Auk þess virðist draga úr aukningu í útgjöldum til annarra hjálpartækja en bifreiða miðað við reynslu síðustu ára.

1.55 Sjúkradagpeningar. Lögð er til 30 m.kr. lækkun á framlagi til sjúkradagpeninga í samræmi við þróun útgjalda það sem af er ári en á undanförnum árum hefur dregið úr útgjöldum til þessa málaflokks m.a. vegna þess að endurhæfingarlífeyrir, sem er tíma-

bundið úrræði, og sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna hafa að einhverju marki tekið yfir hlutverk sjúkradagpeninga.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Gerð er tillaga um samtals 11,8 m.kr. leiðréttingu á framlagi til tóbaksvarna þannig að það verði í samræmi við brúttósölu tóbaks en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu. Leiðréttingin nemur 2,1 m.kr. vegna ársins 2001, 1,3 m.kr. vegna 2002 og 8,4 m.kr. vegna 2003.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lögð er til 40 m.kr. aukafjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til viðbótar 100 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 735 m.kr. fjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss sem kemur til viðbótar 930 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lögð er til 45 m.kr. fjárveiting til að gera upp rekstrarhalla Sjálfsbjargar, hjúkrunar- og endurhæfingarstöðvar, enda verði það til þess að auðvelda gerð þjónustusamnings.

700 Heilbrigðisstofnanir.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 150 m.kr. fjárveiting vegna rekstrarvanda heilbrigðisstofnana sem kemur til viðbótar 45 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Lögð er til 30 m.kr. aukafjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 770 m.kr.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um að fjárveiting vegna heimildarákvæða fjárlaga fyrir árið 2003 verði aukin um 450 m.kr. Í fjárlögum er fjárveiting liðarins 190 m.kr. og verða 147 m.kr. af henni nýttar til kaupa á húsnæði á Efri-Brú fyrir starfsemi Byrgisins og afgangurinn til að mæta kostnaði við nokkrar aðrar heimildir. Því til viðbótar þarf að standa straum af útgjöldum vegna kaupa á fasteign, lóð og hlutabréfum í tengslum við sölu á Sementsverksmiðju ríkisins sem samtals nema um 450 m.kr. Þetta eru kaup á eignum sem ekki voru taldar nýtast nýjum eigendum verksmiðjunnar í rekstrarlegum tilgangi. Kveðið er á um það í kaupsamningi að söluandvirðið gangi aðallega til að greiða niður skuldir. Um er að ræða lóð verksmiðjunnar að Sævarhöfða 31 ásamt mannvirkjum, sem metin er á 280 m.kr., hluta af skrifstofuhúsnæði verksmiðjunnar á Akranesi, sem metið er á 72,5 m.kr., hlutabréf í Speli hf., sem metin eru á 40 m.kr., og hlutabréf í húseiningaverksmiðjunni Geca hf., sem metin eru á 46,5 m.kr. Áformað er að selja þessar eignir og er reiknað með að sölutekjur ríkisins verði álíka miklar þegar þeim hefur verið komið í verð.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 310 m.kr. viðbótarfjárheimild á þessum lið sem skýrist að mestu af kostnaði vegna úrskurða kjaranefndar árið 2002 um vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003 lágu ekki

fyrir nægilegar upplýsingar til að unnt væri að leggja mat á þessa þætti í úrskurðunum. Í fyrsta lagi er um það að ræða að samkvæmt úrskurðum kjaranefndar telst útgáfa vottorða vera hluti af aðalstarfi lækna og fá heilsugæslustöðvar nú tekjur af gjöldum sem þær innheimta af sjúklingum fyrir vottorðin en þurfa jafnframt að greiða læknum laun samkvæmt gjaldskrá fyrir vottorðin þegar þau eru gefin út utan dagvinnutíma og læknir er ekki á yfirvinnulaunum. Áætlað er að sértekjur stöðvanna hækki vegna þessa um 87 m.kr. en að launagreiðslur aukist um 135 m.kr. Áður innheimtu læknar vanalega vottorðsgjöldin beint frá sjúklingum þannig að þau færðust ekki í bókhaldi stöðvanna. Í öðru lagi greiða stöðvarnar nú heimilislæknum fyrir tilgreind læknisverk samkvæmt gjaldskrá þegar þau eru unnin utan vanalegs dagvinnutíma og læknir fær ekki greidd yfirvinnulaun. Áður voru slík gjaldskrárverk greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að launagreiðslur heilsugæslustöðvanna aukist um rúmlega 230 m.kr. á ári. Að auki er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárheimild vegna nokkurra minni háttar leiðréttinga á forsendum launafjárveitinga gildandi fjárlaga.

999 Ýmislegt.

1.90 Óviss útgjöld. Gerð er tillaga um 10 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Í tengslum við samning ríkisins við Skýrr hf. um innleiðingu á nýju Oracle-fjárhagskerfi ríkisins og samning við ANZA hf. um rekstur og þróun rafræns markaðstorgs fyrir stofnanir ríkisins er unnið að því að innkaup ríkisins geti farið fram í gegnum fjárhagskerfið. Fyrirhugað er að fjárheimildin verði nýtt annars vegar til að gera innkaupa- og vörustýringarkerfi fjárhagskerfisins kleift að eiga samskipti við rafræna markaðstorgið og hins vegar til að láta útbúa samræmdan vörulista fyrir um 120 þúsund vörunúmer.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 23,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Lagt er til að niður falli 4 m.kr. af óskiptu fé af lið 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar á móti auknum útgjöldum á lið 10-335-6.74 Siglingastofnun, lendingabætur vegna lendingabóta í Drangey.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 17,5 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs stofnunarinnar. Stofnunin átti að gera tillögu um 17,5 m.kr. millifærslu frá stofnkostnaði til reksturs í frumvarpi til fjáraukalaga vegna flutnings á verkefni um hafnir, líkantilraunir og grunnkort. Vegna mistaka við tillögugerð stofnunarinnar féll sá hluti niður sem fól í sér hækkun á rekstrinum og því kom einungis lækkun á stofnkostnaði fram í frumvarpinu. Þetta er leiðrétt með tillögu þessari.

6.74 Lendingabætur. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til lendingabóta í Drangey. Á móti þessum útgjöldum er lagt til að niður falli 4 m.kr. af lið 10-190-1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar.

471 Flugmálastjórn.

1.01 Flugmálastjórn og *5.41 Flugvellir, viðhald.* Lagt er til að millifærð verði 99 m.kr. fjárheimild af rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar á viðhaldsviðfangsefni til þess að samræma framsetningu fjárheimilda við heildaruppgjör á framkvæmdum við endurnýjun húsnæðis í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli. Í frumvarpinu er farið fram á að heimild verði veitt til að millifæra 75 m.kr. framlag af rekstri stofnunarinnar í þessum tilgangi. Hér er farið fram á að 99 m.kr. fjárheimild verði millifærð til viðbótar vegna framkvæmda árin 2001 og 2002. Tilgangur tillögunnar er sá að fjárheimildir frá Alþingi

verði samræmdar í einu lagi við heildarframkvæmdakostnaðinn, sem nemur samtals 174 m.kr.

481 Rannsóknanefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa. Lagt er til samtals 5,8 m.kr. framlag til nefndarinnar, annars vegar 2,7 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar við störf nefndarinnar síðari hluta ársins 2002 og fyrri hluta ársins 2003 og hins vegar 3,1 m.kr. vegna uppsafnaðs halla sem ekki hefur tekist að eyða þrátt fyrir að nefndin hafi áður fengið auknar fjárheimildir með fjáraukalögum.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 7,5 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til Hagstofu Íslands hækki um 7,5 m.kr. til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Við útfærslu málsins í frumvarpinu láðist að taka tillit til hluta þeirra tekna sem Hagstofan verður af og er lagt til að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði. Sams konar breyting verður lögð til á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 92,9 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar sem til fellur vegna formennsku umhverfisráðuneytisins í ár og í fyrra í vísinda- og tækninefnd rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar, en formennskan kallar á viðbótarferðir starfsmanna ráðuneytisins. Málið var á sínum tíma rætt í ríkisstjórn og ákveðið að veita 2 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til að mæta kostnaði á árinu 2002. Áætlaður viðbótarkostnaður á árinu 2003 er um 3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.40 Alþjóðastofnanir. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu vegna hækkana á framlögum til aðþjóðastofnana. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna tveggja alþjóðasamninga sem taka gildi á árinu, þ.e. Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni og Kyoto-bókunarinnar við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, 1,5 m.kr. hækkun á framlagi til Montrealsjóðsins og 1 m.kr. til alþjóðlegrar framkvæmdaáætlunar um mengun sjávar frá landi (GPA).

1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur. Lagt er til að framlag til undirbúnings að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls verði hækkað um 1,5 m.kr. svo að unnt sé að vinna tillögur að innri uppbyggingu á svæðinu sem mundu styrkja vernd svæðisins og bæta möguleika heimamanna til nýtingar á því.

287 Úrvinnslusjóður.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 16,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til reksturs Úrvinnslusjóðs. Ný áætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður ársins verði 45 m.kr.

1.10 Úrvinnslusjóður. Lögð er til 131,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til Úrvinnslusjóðs. Ný áætlun gerir ráð fyrir að í ár verði kostnaður sjóðsins við úrvinnslu 320 m.kr.

403 Náttúrustofur.

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag vegna rannsóknaverkefna sem unnin voru á árinu.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 34,4 m.kr. fjárveitingu til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla Veðurstofunnar í árslok 2001 sem ekki hefur náðst að vinna á. Stofnunin hefur gripið til aðgerða til að styrkja fjármálastjórn sína.

Einnig er lagt til að veittar verði 7,5 m.kr. til biðlaunagreiðslna og orlofsuppgjörs í tengslum við skipulagsbreytingarnar í framhaldi af stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að starf eins yfirmanns verði lagt niður og að tilfærslur verði í störfum annarra yfirmanna stofnunarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. nóv. 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Birgir Ármannsson.

365. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, BJJ, GHall, BjarnB, BÁ).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
a. 1.06 Almennur rekstur	0,0	4,5	4,5
b. 1.10 Rekstur fasteigna	0,0	10,0	10,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*14,5*	*14,5*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-211 Tækniháskóli Íslands			
a. 1.01 Tækniháskóli Íslands	0,0	35,0	35,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*35,0*	*35,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra			
a. 1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*

4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-973 Þjóðleikhús			
a. 1.01 Þjóðleikhús	0,0	20,0	20,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*20,0*	*20,0*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins			
a. 1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	0,0	15,0	15,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-221 Veiðimálastofnun			
a. 1.01 Veiðimálastofnun	0,0	2,5	2,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,5*	*2,5*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-233 Yfirdýralæknir			
a. 1.01 Yfirdýralæknir	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,0*	*2,0*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði			
a. 1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,0	15,0	15,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal			
a. 1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	0,0	15,0	15,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*15,0*	*15,0*
10. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
1.90 Fyrirhleðslur	30,0	22,0	52,0
11. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
a. 1.16 Styrkur til sauðfjárbænda	0,0	140,0	140,0
b. 1.91 Loðdýrafóður	0,0	15,0	15,0
12. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
a. 1.01 Almenn starfsemi	0,0	31,4	31,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*31,4*	*31,4*
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-210 Héraðsdómstólar			
a. 1.01 Héraðsdómstólar	0,0	55,0	55,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	-55,0	-55,0
14. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	12,2	23,6	35,8
15. Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
6.28 Þingeyraklausturskirkja	0,0	2,0	2,0
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-313 Jafnréttisstofa			
a. 1.01 Jafnréttisstofa	0,0	7,0	7,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*7,0*	*7,0*

17. Við bætist nýr fjárlagaliður: **07-400 Barnaverndarstofa**			
a. 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	0,0	-60,0	-60,0
b. 6.21 Viðbygging	0,0	60,0	60,0
18. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	1.100,0	60,0	1.160,0
b. 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	0,0	75,0	75,0
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*1.100,0*	*135,0*	*1.235,0*
19. Við bætist nýr fjárlagaliður: **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	0,0	280,0	280,0
b. 1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	0,0	-15,0	-15,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-15,0*	*-15,0*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*280,0*	*280,0*
20. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.31 Félagasamtök, styrkir	0,0	4,0	4,0
21. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	0,0	12,0	12,0
22. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	0,0	1.500,0	1.500,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*674,7*	*1.500,0*	*2.174,7*
23. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.15 Lyf	160,0	177,0	337,0
b. 1.21 Hjálpartæki	270,0	-50,0	220,0
c. 1.55 Sjúkradagpeningar	0,0	-30,0	-30,0
24. Við **08-305 Lýðheilsustöð**			
a. 1.01 Lýðheilsustöð	54,1	11,8	65,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*54,1*	*11,8*	*65,9*
25. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	100,0	40,0	140,0
26. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	977,0	735,0	1.712,0
27. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	100,0	45,0	145,0
28. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
1.01 Almennur rekstur	45,0	150,0	195,0
29. Við **08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**			
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	8,8	30,0	38,8
30. Við bætist nýr fjárlagaliður: **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
a. 6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	450,0	450,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*450,0*	*450,0*
31. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
a. 1.90 Launa- og verðlagsmál	170,0	400,0	570,0
b. Sértekjur	0,0	-90,0	-90,0

32. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.90 Óviss útgjöld	0,0	10,0	10,0
33. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	0,0	-4,0	-4,0
34. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	10,0	17,5	27,5
b. 6.74 Lendingabætur	0,0	4,0	4,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*113,5*	*21,5*	*135,0*
35. Við **10-471 Flugmálastjórn**			
a. 1.01 Flugmálastjórn	191,8	-99,0	92,8
b. 5.41 Flugvellir, viðhald	75,0	99,0	174,0
36. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-481 Rannsóknanefnd flugslysa			
a. 1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	0,0	5,8	5,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,8*	*5,8*
37. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	-19,4	7,5	-11,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*28,7*	*7,5*	*36,2*
38. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	3,0	3,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3,0*	*3,0*
39. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.40 Alþjóðastofnanir	0,0	6,0	6,0
b. 1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	0,0	1,5	1,5
40. Við **14-287 Úrvinnslusjóður**			
a. 1.01 Almennur rekstur	61,1	-16,1	45,0
b. 1.10 Úrvinnslusjóður	451,7	-131,7	320,0
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*512,8*	*-147,8*	*365,0*
41. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-403 Náttúrustofur			
a. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	0,0	2,5	2,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,5*	*2,5*
42. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	13,0	41,9	54,9

366. Nefndarálit [249. mál]

um till. til þál. um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlu Sigurjónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Búlgaríu, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, lýðveldisins Slóvakíu og lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars 2003.

Samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast þeir fyrst gildi þegar öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa staðfest þá og tilkynnt vörsluaðila viðbótarsamninganna um staðfestinguna. Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri NATO bjóða ríkisstjórnum nýju aðildarríkjanna að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum.

Eftir stækkun bandalagsins fjölgar aðildarríkjunum úr 19 í 26 og hefur Atlantshafs-bandalagið ávallt lagt áherslu á að stækkun þess leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og ýti enn frekar undir þá lýðræðisþróun sem orðið hefur í nýju aðildarríkjunum.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	

367. Fyrirspurn [318. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðlagsgreiðslur vegna barna erlendis.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að fjölmargir foreldrar íslenskra barna erlendis fengu ekki meðlagsgreiðslu frá Íslandi um síðustu mánaðamót og fá ef til vill ekki greiðslur næstu mánuði vegna barna á þeirra framfæri?

368. Fyrirspurn [319. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um örorkubætur og fæðingarstyrk.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Finnst ráðherra eðlilegt að fæðingarstyrkur skerði örorkubætur og ef svo er, hvernig rökstyður hann þá afstöðu?

369. Fyrirspurn [320. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir gegn einelti.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa ráðuneytin sameinast um könnun á umfangi eineltis hér á landi? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slík könnun verði gerð og koma með tillögur um úrbætur?
2. Telur ráðherra að breyta þurfi og herða ákvæði laga sem lúta að einelti á vinnustöðum? Ef svo er, í hverju felast þær breytingar?
3. Er samræmd vinna milli ráðuneyta um fræðslu og viðbrögð gegn einelti á vinnustöðum ríkisins?
4. Hyggst ráðherra styrkja starf samtakanna Regnbogabörn frekar en gert hefur verið? Ef svo er, á hvern hátt?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir formlegu samstarfi ráðuneytis, sveitarfélaga og samtakanna Regnbogabörn svo að byggja megi starf samtakanna upp í hverjum landsfjórðungi?

370. Fyrirspurn [321. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslu fæðingarstyrks.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að endurskoða reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, vegna námsmanna erlendis?

371. Fyrirspurn [322. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjutap sveitarfélaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvert er talið heildartekjutap sveitarfélaga við breytingu á rekstrarformi fyrirtækja í einkahlutafélög?
2. Verður sveitarfélögum bætt tekjutapið og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

372. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga sem er hér til umræðu er annað fjáraukalagafrumvarpið á árinu. Á vorþingi voru samþykkt fjáraukalög sem fólu í sér 4,7 milljarða kr. útgjaldaaukningu. Í frumvarpinu sem hér liggur fyrir er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 8 milljarða kr. Nú við 2. umræðu koma enn fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka útgjöldin, nú um 4,1 milljarð kr. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það hafa fjárheimildir ársins því verið auknar um 16,8 milljarða kr. eða 6,5% af fjárlögum. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga og því miður gefur frumvarpið enn einn ganginn tilefni til sams konar athugasemda.

Frumvarpið ásamt breytingartillögum sýnir enn og aftur hve lítið aðhald er í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að unnið sé með rammafjárlög halda rammarnir ekki nema fram að framlagningu fjárlagafrumvarps hvers árs. Þegar kemur að fjáraukalögum eru allir rammar horfnir. Þá virðast allir ráðherrar hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að fjármálaráðherra stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Aðhaldsleysi virðist ríkja í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í þessu samhengi er áhugavert að rifja upp ummæli fjármálaráðherra og formanns fjárlaganefndar við 1. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga þessa árs. Þar hélt fjármálaráðherra því fram að ríkisstjórnin gæti tekið ákvarðanir um að greiða kostnað sem til félli vegna þeirrar staðreyndar að hún hefur þingmeirihluta á Alþingi og treystir á að fá greiðsluheimildir eftir á. Þessi ummæli endurspegla það viðhorf framkvæmdarvaldsins að hér sé ekki í raun þingbundin ríkisstjórn heldur stjórnbundið þing. Þá kom fram hjá fjármálaráðherra í sömu umræðu að í þessu fjáraukalagafrumvarpi væri verið að sækja um fjárheimildir þrátt fyrir að þær greiðslur komi ekki endilega til greiðslu á yfirstandandi ári. Þetta er sérkennilegt viðhorf til fjáraukalaga.

Fróðlegt er að skoða þessi ummæli fjármálaráðherra í ljósi þess sem formaður fjárlaganefndar sagði í umræðunni. Formaðurinn lýsti þeirri skoðun sinni að fjáraukalög ættu að vera hófleg og ekki kveða á um aðrar fjárheimildir en þær sem „vart þola bið“. Taldi hann mikilvægt að framkvæmdarvaldið á hverjum tíma umgengist heimildir til fjáraukalaga í lögum um fjárreiður ríkisins með hófsemd. Þeir hafa því mismunandi sýn á tilgang fjáraukalaga, ráðherrann og formaðurinn. Í þessum ummælum endurspeglast í raun sú togstreita sem er á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins varðandi fjárlaga- og fjáraukalagagerð. Þessi togstreita hefur nú tekið á sig nýja mynd með bréfasendingu fjármálaráðuneytis til annarra ráðuneyta með tilskipun um að banna einstökum stofnunum ríkisins að hafa frumkvæði að því að funda með fjárlaganefnd um fjárhagsstöðu sína.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl 2001 um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á, eins og mörg dæmi eru um í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003, feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar, enda þótt formlega sé fjárveitingavaldið áfram hjá Alþingi. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun árs 2001. Þar er rætt um ábyrgð fjármálaráðuneytisins og

annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga og segir m.a. að fjármálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti haga eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir:

„Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneytið hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum."

Að kröfu 1. minni hluta fjárlaganefndar voru öll ráðuneyti beðin um upplýsingar um raunstöðu stofnana 31. ágúst 2003 og áætlaða stöðu í árslok 2003. Fjármálaráðuneytið sendi yfirlit yfir stöðu allra fjárlagaliða miðað við lok ágúst 2003 og kom þar fram að rekstrargjöld stofnana voru 2,8 milljörðum kr. umfram fjárheimildir. Engar upplýsingar voru veittar um áætlaða stöðu í árslok 2003 eins og óskað var eftir og hefur nú verið ítrekað. Verði ekki orðið við þessari sjálfsögðu beiðni er það yfirlit sem borist hefur í raun ónothæft sem nauðsynlegur upplýsingagrunnur fyrir fjárlaganefnd. Þessi tregða við upplýsingagjöf virðist því miður fara vaxandi ár frá ári og því eðlilegt að hún sé skoðuð í samhengi við þá togstreitu sem á sér stað milli þingsins og framkvæmdarvaldsins. Í svari fjármálaráðuneytisins kemur einnig fram að ráðuneytið hafi nú þegar ítrekað með sérstöku bréfi við önnur ráðuneyti að þau kalli eftir skýringum og aðgerðum hjá stofnunum þegar þörf er á. 1. minni hluti leggur mikla áherslu á að þessi svör verði kynnt fjárlaganefnd fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Fjárlaganefnd hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði krafa um „að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir [lægju] fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi [bærist] reglulega". Nú er komið undir lok ársins 2003 og ekki hefur þessari gömlu kröfu enn verið fylgt eftir. Það segir meira en margt annað um hver þróunin hefur verið í samskiptum fjárlaganefndar og framkvæmdarvaldsins.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2001 um fjárlagaferlið er því haldið fram að skipulag fjárlagagerðar, þ.e. rammafjárlagagerð, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Orðrétt segir: „Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn." Þetta agaleysi heldur síðan áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar sannar að ekkert hefur breyst frá því að Ríkisendurskoðun gerði skýrsluna. Ríkisstjórnin sjálf hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst og eftir höfðinu dansa limirnir.

Eins og áður hefur komið fram telur 1. minni hluti verulega bresti vera í fjármálastjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þegar skoðuð eru fjáraukalög síðustu þriggja ára verður ekki betur séð en að sumar stofnanir séu áskrifendur að fjáraukalögum, þ.e. þær hafa fengið aukafjárveitingar á hverju ári frá árinu 2001 og enn eru gerðar tillögur um fjárveitingar þetta árið. Má þar sem dæmi nefna embætti forseta Íslands, aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins, viðhald menningarstofnana, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Landspítala – háskólasjúkrahús og Veðurstofu Íslands. Þá hafa

safnliðir hjá menntamálaráðuneytinu vegna háskóla og framhaldsskóla verið árlega í fjáraukalögum. Á þetta hefur 1. minni hluti ítrekað bent og í nýlegu viðtali við framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins kemur fram að mikil frávik ár eftir ár á milli fjárlaga og ríkisreiknings veki upp spurningar um stjórn ríkisfjármála. Í viðtalinu segir hann orðrétt: „Það getur ekki staðist að það sé allt með felldu þegar viðbótarfjárheimildir eru viðvarandi sem svo stór hluti heildarfjárveitinga. Þá reynast fjárlögin ansi marklítil."

Til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok þess árs sem til umfjöllunar eru í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Í áðurnefndri reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a.: „Falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997." Í 33. gr. laganna, þ.e. fjárreiðulaganna, er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Ljóst er að eftir þessum lagaákvæðum hefur ekki verið farið því fjárlaganefnd hefur yfirleitt ekki verið gerð grein fyrir ófyrirséðum greiðslum.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 er sérstaklega fjallað um þessi vandamál. Í skýrslunni kemur fram að 109 af 510 fjárlagaliðum, eða um 20%, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerðinni um framkvæmd fjárlaga. Þetta eru svipaðar tölur og á árinu 2001 en þá fóru 105 af 511 fjárlagaliðum fram yfir 4% mörkin. Ástandið hefur því ekki batnað að þessu leyti milli ára. Þessum stofnunum hefur hvorki verið gert að draga úr kostnaði né þeim tryggðar auknar fjárheimildir og hefur ákvæðum reglugerðar um framkvæmd fjárlaga því ekki verið framfylgt að þessu leyti.

Í raun má segja að þrenn fjárlög ákvarði heimildir á næsta ári. Í fyrsta lagi fjárlög fyrir árið 2004, fjáraukalög fyrir árið 2003 og síðan lokafjárlög fyrir árið 2003 þar sem m.a. eru tíundaðar færslur á fjárheimildum á milli ára. Millifærslur fjárheimilda á milli ára eru komnar langt út fyrir það sem eðlilegt má teljast. Vissulega er eðlilegt að stofnanir geti flýtt eða frestað verkefnum og flutt fjárheimildir á milli ára með tilliti til þess, en þegar farið er að nota þessar millifærslur til að fresta því að takast á við vanda einstakra stofnana svo árum skiptir er nauðsynlegt að takmarka þessa heimild framkvæmdarvaldsins.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Enda þótt rekstur heilbrigðisstofnana hafi verið núllstilltur fyrir fáum árum virðist allt komið í sama farið aftur. Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvað fór úrskeiðis, hvorki af hálfu fjármálaráðherra né heilbrigðisráðherra. Í árslok 2001 var rekstur 22 heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir og nam samanlagður vandi þeirra 1,6 milljörðum kr. Enn seig á ógæfu-

hliðina á árinu 2002. Sambærilegar tölur fyrir árið 2002 sýna 20 stofnanir með halla upp á 1,8 milljarða kr. Rekstrarvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss nam 798 millj. kr. í árslok 2002 og á þessu ári þarf að bæta við tæpum 2 milljörðum kr., þar af er 1,6 milljarður kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Frá árinu 2001 hefur þessi stofnun fengið 4,5 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þá má benda á að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur fengið rúmar 364 milljónir kr. á fjáraukalögum á sama tíma.

Mörgum menntastofnunum hefur nánast verið haldið í herkví undanfarin ár af menntamálaráðuneytinu og lítið verið gert til að leysa þeirra vanda. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 kemur fram að 13 framhaldsskólar fóru meira en 4% fram úr fjárheimildum á því ári en þeir voru 11 árið á undan. Útgjöld þessara skóla umfram fjárheimildir voru samtals 661 millj. kr. á árinu 2002. Á móti vegur að safnliðurinn „Framhaldsskólar, almennt“ var með jákvæða stöðu að fjárhæð 206 millj. kr. Í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er gert ráð fyrir 180 millj. kr. til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Ljóst er að þessar ráðstafanir duga engan veginn til að vinna á rekstrarvanda skólanna. 1. minni hluti hefur óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að það upplýsi um skiptingu þessa fjár á milli einstakra skóla en þær upplýsingar hafa enn ekki borist.

Að mati 1. minni hluta sýna ýmsar tillögur þessa frumvarps að rekstrargrundvöllur margra stofnana, eins og hann birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004, er brostinn og ljóst að verulegar breytingar þarf að gera á því frumvarpi. 1. minni hluti leggur áherslu á að fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 verði lagðar fram upplýsingar sem sýna ótvírætt að rekstur stofnana á árinu 2004 sé tryggður. Annað er blekkingarleikur sem leikinn hefur verið of lengi og getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir rekstur einstakra stofnana sem og efnahagslífið í heild. Marklítil fjárlög í fallegum umbúðum hafa einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr. Til að þeim leik linni þarf að stórefla eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 18. nóv. 2003.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

373. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til seinni fjáraukalaga fyrir árið 2003 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúma 8 milljarða kr. Enn fremur liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld sem nema rúmum 4,1 milljarði kr. Samtals liggja því fyrir

tillögur um 12,1 milljarðs kr. aukningu á fjárlögum ársins 2003 í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér er borið fram. Áður hefur Alþingi samþykkt að auka útgjöld ríkissjóðs um samtals 4,7 milljarða kr. frá því sem ákveðið var í fjárlögum. Það stefnir því í aukningu útgjalda um 16,8 milljarða kr. frá því að fjárlög voru samþykkt fyrir um ári síðan.

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. En í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.

Þau fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarpið kveður á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, voru að stórum hluta fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga fyrir ári. Svo virðist sem menn hafi kosið að horfast ekki í augu við þann vanda svo að hægt væri að skila fjárlögum með afgangi á kosningaári.

Breytt vinna við fjárlagagerð.

Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur flutningsmaður nefndarálits þessa tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd tæki þau mál til meðferðar og legði fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum, eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Enn fremur hefur flutningsmaður lagt til að vinnunni við fjárlagagerðina verði breytt. Nú hefst undirbúningur að fjárlagavinnu hvers árs á fyrri hluta ársins á undan, þ.e. í apríl. Vegna þessa væri rétt að ríkisstjórnin legði fram frumvarp eða ramma að fjárlögum næsta árs fyrir þinglok og það yrði rætt áður en vorþingi lyki. Í raun yrði þar samþykktur ramminn sem unnið yrði eftir við undirbúning fjárlaga næsta árs. Eftir slíka meðferð þingsins gæti framkvæmdarvaldið síðan haldið áfram að undirbúa fjárlagafrumvarpið sem fjármálaráðherra legði síðan fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi haustþings. Með þessu móti væri fjárlagafrumvarpið unnið í meiri samvinnu við Alþingi en nú er og á eðlilegri ábyrgð þess.

Alþingi ber ábyrgðina.

Þegar fjáraukalög undanfarinna ára eru skoðuð sést að oft fá sömu stofnanir eða fjárlaganúmer aukafjárveitingu. Þetta vekur upp spurningar um vinnubrögð við fjárlagafrumvarpið. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að fjárlaganefndin fái fullan aðgang að fjárlagatillögum einstakra stofnana og að þær hafi fullt frelsi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við

fjárlaganefnd. Flestar stjórnsýslustofnanir gegna víðtæku hlutverki í að framfylgja ákvæðum laga og veita skilgreinda þjónustu á grundvelli þess lagaramma sem stofnunum og forstöðumönnum þeirra ber að fara eftir. Gerist það æ ofan í æ að sömu stofnanir eða ráðuneyti þurfi aukin framlög án þess að skilgreindum verkefnum þeirra fjölgi er brýnt að fjárlaganefnd hafi ótakmarkaðan aðgang að öllum gögnum sem snerta fjárlagagerðina.

Ef stofnanir fá síðan minna en þær telja sig þurfa til að sinna lögboðnum verkefnum er nauðsynlegt að svara því strax hvernig þær eigi að bregðast við, hvort t.d. eigi að draga úr þjónustu.

Valdníðsla framkvæmdarvaldsins.

Það að ráðuneyti mæli gegn því að forstöðumenn einstakra stofnana komi að eigin frumkvæði á fund fjárlaganefndar er bein valdníðsla sem hæpið er að standist lög sem lúta að réttindum og skyldum forstöðumanna. Félag forstöðumanna og stéttarfélög þeirra ættu að taka á þessu máli með beinum hætti. Mikilvægt er að fjárlaganefnd og Alþingi beiti fullri hörku í að kveða þessa valdníðslu niður. Að öðrum kosti stefnir í fullkomna ráðstjórn framkvæmdarvaldsins en Alþingi situr eftir sem hrein afgreiðslustofnun.

Ein ástæða þessa er að staða Alþingis, einstakra þingnefnda og þingmanna er afar veik hvað varðar möguleika til sjálfstæðrar vinnu við mat á efnahagsforsendum og fjárlagagerð. Eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður verður þingið í veigamiklum atriðum að treysta á tölur og mat framkvæmdarvaldsins sjálfs á þróun efnahagsmála og grunnforsendum fjárlagagerðarinnar.

Menntamál.

Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af fjársýslu menntamálaráðuneytisins, einkum gagnvart framhaldsskólunum. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt að framhaldsskólar eru ár eftir ár látnir bera halla, þ.e. skuld milli ára. Þverskallast hefur verið við að viðurkenna óumflýjanlegan rekstrarkostnað þeirra. Á þetta einkum við framhaldsskóla í dreifbýli sem reka heimavistir og eru með umtalsvert verknám en mismarga nemendur í árgangi eftir greinum. Einnig á þetta við um stóru framhaldsskólana eins og Menntaskólann í Kópavogi og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á reiknilíkani og staða verknámsskólanna þannig að hluta leiðrétt, voru breytingarnar ófullnægjandi og í stað þess að aukið fjármagn kæmi inn í framhaldsskólann var fé einungis fært á milli námsbrauta.

Framhaldsskólinn er einn veikasti hlekkur skólakerfisins og því er fullkomið ábyrgðarleysi að taka ekki á fjárhagsvanda hans.

Unnið verður að tillögum til að bæta hlut framhaldsskólans fyrir 3. umræðu.

Framtíð sauðfjárræktar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga er lagt til að 170 millj. kr. verði veittar til úreldingar sauðfjársláturhúsa, sérstaklega þeirra sem ekki uppfylla skilyrði til útflutnings. Að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getur það verið skynsamlegt að ríkisvaldið komi einstaka sinnum til hjálpar til þess að styrkja ákveðnar byggðaaðgerðir eða auka hagkvæmni í ákveðnum atvinnugreinum. Hins vegar er tillagan um úreldingu sláturhúsa illa undirbúin. Ekki liggur fyrir nein sérstök stefnumörkun um fyrirkomulag slátrunar og kjötiðnaðar í landinu. Hér vantar alla framtíðarsýn af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það getur ekki verið skynsamlegt að heilu landshlutarnir, eins og allt Vesturland og Vestfirðir, séu án sláturhúss. Í hagræðingarfárinu sjást menn ekki fyrir. Lítil sláturhús sem mönnuð eru starfsfólki úr nágrannabyggðum skipta miklu máli fyrir tekjuöflun íbúa viðkomandi héraðs. Þau hafa jafnframt oft reynst hag-

kvæmustu einingarnar í rekstri. Við lokun þeirra færast verkefnin í örfá stór sláturhús þar sem manna verður störfin tímabundið með erlendu vinnuafli. Flutningskostnaður verður óhóflegur, hætta er á dreifingu smits þegar fé er flutt yfir varnarlínur og flutningur sláturfjár um langan veg jaðrar við brot á lögum.

Þó að Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagni sérstöku framlagi upp á 140 millj. kr. til að bæta erfiða afkomu í sauðfjárbúskap og styðja við sauðfjárbændur sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna versnandi stöðu búgreinarinnar í kjölfar verðlækkana á kjötmarkaði, þá óskar hún eftir raunverulegri framtíðarsýn og framtíðarlausnum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Í henni er lagt til að Alþingi kjósi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við að móta nýjan grundvöll fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.

Stöðvum einkavæðingu heilbrigðiskerfisins.

Fjárhagsvandi heilbrigðisstofnana fer ekki minnkandi. Í lok ársins 2001 voru útgjöld þeirra umfram fjárheimildir rúmar 1.151 millj. kr. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002“ eru útgjöld heilbrigðisstofnana umfram fjárheimildir rúmar 1.366 millj. kr. Fjárhagsvandi þeirra hefur því aukist um 215 millj. kr. á milli áranna. Ljóst er að taka þarf á þessum vanda. Ár eftir ár eru samþykktar aukafjárveitingar til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Við fjárlagagerðina í fyrra benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að ekki hefði komið nægjanlega skýrt fram hvað olli framúrkeyrslu á spítalanum. Aftur er lagt til að auka fjárveitingu til spítalans upp á tæpa 2 milljarða kr. án þess að skýringar á endurtekinni framúrkeyrslu fáist. Nokkuð ljóst virðist þó vera að um er að ræða sambland af skipulagsleysi af hálfu stjórnvalda á undanförnum árum og óraunhæfum fjárveitingum. Þvert á opinbera stefnu í heilbrigðismálum hefur heilbrigðisþjónustan markvisst þróast í tvöfalt kerfi einkavæddrar sérfræðiþjónustu og opinberrar heilsugæslu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Opinberar stofnanir verða eðlilega að halda kostnaði sínum innan fjárlagaramma. Þegar rekstrarkostnaður eykst hafa þær aðeins það ráð að vísa verkefnum út af sjúkrahúsunum. Þar taka við sérfræðingar á einkareknum stofum, sem geta sent reikninga sína nánast sjálfvirkt til Tryggingastofnunar. Þannig byggist upp tvöfalt heilbrigðiskerfi um sömu grunnþættina sem gerir þróun heilbrigðiskerfisins handahófskennda og ómarkvissa og veldur því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga hækkar. Mikilvægt er að snúa af braut einkavæðingar í heilbrigðismálum sem núverandi ríkisstjórn hleypti af stað og hefur stóraukist undanfarin ár. Að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er mikilvægt að byggja upp heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni svo að þær geti veitt sem besta staðbundna þjónustu og eftirmeðferð. Landspítali – háskólasjúkrahús á fyrst og fremst að byggjast upp sem hátæknispítali og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á að sérhæfa sig sem hátæknispítali á sérstökum sviðum. Heilbrigðiskerfið þarf að starfa sem ein heild. Það gengur ekki að fjöldi fólks sé án heilsugæslulæknis og leiti því á náðir sérfræðinga. Það gengur ekki lengur að ýta vandanum á undan sér.

Það má ekki gerast að rekið verði tvöfalt heilbrigðiskerfi, annars vegar fyrir ríka og hins vegar fyrir fátæka. Hér þarf markvissa stefnu og aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

Sitthvað eftir í pokahorninu.

Fjáraukalagafrumvarpið er nú afgreitt til 2. umræðu en eftir er að ganga frá endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 2003 sem verður gert við 3. umræðu.

Þá er eftir að ljúka athugun á stöðu framhaldsskólanna og skiptingu fjár til einstakara skóla, svo og að athuga þörf á auknum framlögum til heilbrigðisstofnana, öldrunar- og daggjaldastofnana, og skiptingu fjár. Fjárhagsstaða sumra sveitarfélaga er mjög slæm og breyttar reglur um úthlutun fjár úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auka þann vanda. Á undanförnum árum hefur bráðavandi verið leystur með sérstökum framlögum til Jöfnunarsjóðs á fjáraukalögum, t.d. fólksfækkunarframlögum. Ljóst er að grípa þarf til hliðstæðra ráðstafana nú.

Það er því ljóst að frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 getur tekið umtalsverðum breytingum fyrir 3. umræðu.

Alþingi, 18. nóv. 2003.

Jón Bjarnason.

374. Tillaga til þingsályktunar [323. mál]

um vexti og þjónustugjöld bankastofnana.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Ásgeir Friðgeirsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum hér á landi sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings síðastliðin tíu ár og bera þær saman við sams konar tekjur banka annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandslöndum. Ríkisstjórnin láti jafnframt rannsaka og greina ástæður mismunandi tekna bankastofnana af þessu eftir einstökum löndum. Ríkisstjórnin láti enn fremur rannsaka sérstaklega hvaða áhrif upptaka evrunnar hefði á vaxtamun stýrivaxta hér á landi.

Þá verði rannsakað það álitamál hvort og að hvaða marki rekja megi vaxtamun hér á landi til lítillar samkeppni milli bankastofnana.

Jafnframt verði kannað hvaða áhrif það hefur á vaxtamun íslenskra banka í alþjóðlegum samanburði að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna.

Loks verði rannsakað hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar á framangreindu tímabili.

Ríkisstjórnin skili niðurstöðum sínum til Alþingis innan hálfs árs frá samþykkt þessarar tillögu.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að því að brotið verði til mergjar hvers vegna íslenska bankakerfið er eins dýrt og raun ber vitni. Hvað veldur því að hér er miklu meiri munur á inn- og útlánsvöxtum en í þeim löndum sem við berum okkur saman við? Hvað veldur því að þjónustugjöld banka hér á landi eru mun hærri en í nágrannalöndum okkar?

Þetta eru spurningar sem verður að svara eigi að vera unnt að grípa til aðgerða sem duga til að lækka fjármagnskostnað heimila og fyrirtækja hér á landi.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að afla upplýsinga um tekjur banka af vaxtamun og þjónustugjöldum sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings síðastliðin tíu ár og bera þær saman við sams konar tekjur banka annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandslöndum. Með hugtakinu „meðalstaða efnahagsreiknings“ er vísað til stöðu efnahagsreiknings fyrir árið í heild. Meðalstaða er því eins konar nálgun við árið í heild. Til samanburðar mælir hefðbundinn efnahagsreikningur stöðuna á tilteknum tímapunkti. Heppilegra þykir að fá samanburð með þessum hætti. Í kjölfar upplýsingaöflunar er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti rannsaka og greina þær ástæður sem liggja að baki mismunandi tekjum bankastofnana af vaxtamun og þjónustugjöldum eftir löndum. Sérstaklega er gert ráð fyrir að könnuð verði áhrif evrunnar eða réttara sagt evruleysis á þróun vaxtamunar í þeim löndum sem ekki hafa tekið hana upp.

Dregið hefur verið í efa að virk samkeppni ríki á íslenskum bankamarkaði, sbr. umfjöllun hér á eftir, og er því lagt til að það verði kannað sérstaklega.

Jafnframt er lagt til að könnuð verði þau áhrif sem það hefur á vaxtamun íslenskra banka að hlutfallslega ódýr lán húsbréfakerfisins standa fyrir utan lánakerfi bankanna og enn fremur hvaða áhrif verðtrygging hafi haft á þróun vaxtamunar á framangreindu tímabili.

Bankaþjónusta á Íslandi.

Í nýlegri skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar sem nefnist á íslensku „Bankaþjónusta – á hvaða kjörum?“ (TemaNord 2002:502) er sett fram ýmis gagnrýni á bankaþjónustu á Íslandi.

Einhliða, staðlaðir samningsskilmálar.

Gagnrýnt er að viðskiptamenn bankanna hafi litla eða enga möguleika til að hafa áhrif á samningsskilmála útlána. Skilmálarnir eru samdir einhliða af bönkunum og taka þar af leiðandi einkum mið af sjónarmiðum og hagsmunum bankanna. Til að mynda má benda á að réttur banka til að breyta vöxtum, kostnaði og öðrum þjónustugjöldum er mjög takmarkaður annars staðar á Norðurlöndum. Á Íslandi taka bankar sér hins vegar þann rétt að gera breytingar án fyrirvara og án þess að viðskiptamenn eigi raunverulega möguleika á því að bregðast við. Getur verið að hér sé komin ein skýringin á þeim háu vöxtum sem viðgangast í útlánastarfsemi íslensku bankanna? Það er að minnsta kosti ljóst að aðhald viðskiptamanna er lítið sem ekkert og skapar það hættu á að bankarnir seilist of langt í töku vaxta og þjónustugjalda. Það er þekkt staðreynd í allri markaðsstarfsemi að hafi aðili yfirburðastöðu í viðskiptum hefur hann tilhneigingu til að vernda hagsmuni sína eins vel og honum er unnt á kostnað hins aðilans, sem í þessu tilviki er almenningur þessa lands.

Það er ekki nóg með að samningsskilmálar bankanna séu samdir einhliða af bönkunum hér á landi. Þeir eru meira og minna samhljóða milli bankastofnana í öllum helstu atriðum. Í þessu er fólgin eins konar samtrygging íslenskra bankastofnana. Viðskiptamaður hefur í fá

hús að vernda sé hann ósáttur. Bankarnir geta því í raun farið sínu fram án þess að eiga raunverulega á hættu að tapa miklum viðskiptum.

Staða ábyrgðarmanna og notkun sjálfskuldarábyrgðarformsins.

Staða ábyrgðarmanna er nokkuð mismunandi á Norðurlöndum. Þó er ljóst að hún er hvað veikust hér á landi. Samfylkingin, með Lúðvík Bergvinsson í broddi fylkingar, hefur sex sinnum lagt fram frumvarp til laga um ábyrgðarmenn sem mundi bæta og styrkja stöðu ábyrgðarmanna verulega. Frumvarpið hefur ekki fengið hljómgrunn í röðum þingmanna stjórnarflokkanna.

Í Finnlandi er staða ábyrgðarmanna nokkuð vel tryggð. Með nýjum lögum þar í landi hefur einföld ábyrgð verið gerð að meginreglu í ábyrgðarskuldbindingum og taka skilmálar bankanna mið af því. Í Noregi hefur verið lagt bann við sjálfskuldarábyrgðum í lögum. Í Danmörku er lagaleg staða ábyrgðarmanna veik en hins vegar hafa sumir bankar tekið þá sjálfstæðu ákvörðun að hætta að veita lán með sjálfskuldarábyrgð.

Hér á landi er sjálfskuldarábyrgð algjörlega ráðandi ábyrgðarform í útlánastarfsemi bankanna og jafnframt hefur verulega skort á að réttur ábyrgðarmanna sé skilgreindur í skilmálum.

Notkun sjálfskuldarábyrgðar takmarkar mjög áhættu bankanna af útlánastarfsemi og mætti ætla að það hefði áhrif til lækkunar vaxta. Það virðist þó alls ekki vera raunin. Hvers vegna, er ekki ljóst.

Lítil samkeppni.

Hreyfanleiki viðskiptamanna banka endurspeglar í mörgum tilvikum þá samkeppni sem er ríkjandi. Með hreyfanleika er hér átt við það hversu algengt sé að viðskiptamenn skipti um bankastofnun, t.d. ef þeir eru óánægðir með þau kjör sem þeim bjóðast eða ef betri kjör bjóðast í öðrum bankastofnunum. Þrátt fyrir að litlar hömlur séu á hreyfanleika viðskiptamanna á Íslandi er hann ekki mikill eða um 5%. Hver er ástæðan fyrir þessu? Eru menn svo ánægðir með kjör sín hjá bönkunum að þeir hafi einfaldlega ekki áhuga á að skipta eða liggur eitthvað annað að baki? Til að átta sig á þessu er einfaldast að spyrja hvers vegna ætti fólk að skipta um banka, hverju mundi það breyta?

Harla litlu! Þótt vissulega séu ýmis blæbrigði á þjónustu bankanna er lítill munur á milli banka á þeim sviðum sem mestu skipta, þ.e. vaxtastigi inn- og útlána. Ef vextir á útlánum bankanna eru skoðaðir það sem af er þessu ári má sjá að lítill sem enginn munur er á útlánsvöxtum milli stærstu bankastofnananna:

Vextir yfirdráttarlána til fyrirtækja frá 1. janúar 2002 til 1. september 2003.

	Kaupþing–Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar 2002	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. febrúar	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. mars	19,55	19,35	19,55	20,05	0,70
1. apríl	18,80	18,50	18,95	19,75	1,25
1. maí	18,80	18,50	18,65	19,45	0,90
1. júní	17,90	17,70	18,15	18,65	0,95
1. júlí	17,60	17,40	17,85	18,35	0,95
1. ágúst	17,60	17,40	17,35	18,35	1,00
1. september	17,00	16,80	17,05	17,75	1,05
1. október	16,20	16,00	16,55	16,90	0,90
1. nóvember	15,90	15,70	16,25	16,60	0,90
1. desember	15,40	15,20	15,75	16,10	0,90
1. janúar 2003	14,90	15,20	15,25	15,60	0,70

	Kaupþing–Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. febrúar	14,90	15,20	15,25	15,60	0,70
1. mars	14,75	14,70	14,75	15,10	0,40
1. apríl	14,75	14,70	14,75	15,10	0,40
1. maí	14,75	14,70	14,75	14,95	0,25
1. júní	14,75	14,70	14,75	14,95	0,25
1. júlí	14,75	14,70	14,75	14,95	0,25
1. ágúst	14,75	14,70	14,75	14,95	0,25
1. september	14,75	14,70	14,75	14,95	0,25
Meðaltal vaxtaprósentu*	16,52	16,41	16,62	17,10	0,68

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

*Kaupþing–Búnaðarbanki var stofnaður 27. maí 2003. Fram að þeim tíma eru vaxtaákvarðanir teknar í nafni Búnaðarbanka Íslands.

Vextir yfirdráttarlána til einstaklinga 1. janúar 2002 til 1. september 2003.

	Kaupþing–Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	20,05	19,85	20,05	20,45	0,60
1. febrúar	20,05	19,85	20,05	20,45	0,60
1. mars	20,05	19,85	20,05	20,45	0,60
1. apríl	19,30	19,00	19,45	19,95	0,95
1. maí	19,30	19,00	19,45	19,65	0,65
1. júní	18,40	18,20	18,65	18,85	0,65
1. júlí	18,10	17,90	18,35	18,55	0,65
1. ágúst	18,10	17,90	18,35	18,55	0,65
1. september	17,50	17,30	17,85	17,95	0,65
1. október	16,70	16,50	17,05	17,10	0,60
1. nóvember	16,40	16,20	16,75	16,80	0,60
1. desember	16,15	15,70	16,25	16,30	0,60
1. janúar 2003	15,80	15,70	15,75	15,80	0,10
1. febrúar	15,80	15,70	15,75	15,80	0,10
1. mars	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. apríl	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. maí	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. júní	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. júlí	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. ágúst	15,50	15,20	15,25	15,30	0,30
1. september	15,50	15,20	15,25	15,30	0,55
Meðaltal vaxtaprósentu*	17,15	16,91	17,21	17,32	0,50

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

*Kaupþing–Búnaðarbanki var stofnaður 27. maí 2003. Fram að þeim tíma eru vaxtaákvarðanir teknar í nafni Búnaðarbanka Íslands.

Kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfa frá 1. janúar 2002 til 1. september 2003.

	Kaupþing–Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. febrúar	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. mars	13,85	13,65	13,85	14,15	0,50
1. apríl	13,10	12,80	13,10	13,65	0,85
1. maí	13,10	12,80	13,10	13,30	0,50
1. júní	12,20	12,00	12,30	12,50	0,50
1. júlí	11,90	11,70	12,00	12,20	0,50
1. ágúst	11,90	11,70	12,00	11,90	0,30
1. september	11,30	11,10	11,50	11,30	0,40
1. október	10,50	10,30	10,70	10,70	0,40
1. nóvember	10,20	10,00	10,40	10,40	0,40
1. desember	9,70	9,50	9,90	9,90	0,40
1. janúar 2003	9,20	9,00	9,40	9,40	0,40
1. febrúar	9,20	9,00	9,40	9,40	0,40
1. mars	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
1. apríl	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
1. maí	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40

	Kaupþing–Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. júní	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
1. júlí	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
1. ágúst	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
1. september	8,70	8,50	8,90	8,90	0,40
Meðaltal vaxtaprósentu*	10,70	10,49	10,84	10,92	0,44

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

*Kaupþing–Búnaðarbanki var stofnaður 27. maí 2003. Fram að þeim tíma eru vaxtaákvarðanir teknar í nafni Búnaðarbanka Íslands.

Kjörvextir verðtryggðra skuldabréfa frá 1. janúar 2002 til 1. september 2003.

	Kaupþing-Búnaðarbanki*	Íslandsbanki	Landsbanki	Spron	Mesti munur
1. janúar	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. febrúar	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. mars	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. apríl	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. maí	7,65	7,75	7,75	7,75	0,10
1. júní	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. júlí	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. ágúst	7,65	7,45	7,75	7,75	0,30
1. september	7,65	7,45	7,65	7,65	0,20
1. október	7,65	7,45	7,65	7,65	0,20
1. nóvember	7,45	7,45	7,35	7,55	0,20
1. desember	7,25	7,15	7,10	7,35	0,20
1. janúar 2003	6,95	7,05	6,95	7,15	0,20
1. febrúar	6,95	6,85	6,95	7,05	0,20
1. mars	6,75	6,65	6,65	6,85	0,20
1. apríl	6,75	6,65	6,65	6,85	0,20
1. maí	6,75	6,65	6,65	6,75	0,10
1. júní	6,75	6,65	6,65	6,75	0,10
1. júlí	6,60	6,65	6,45	6,60	0,20
1. ágúst	6,60	6,65	6,45	6,60	0,20
1. september	6,60	6,65	6,45	6,60	0,20
Meðaltal vaxtaprósentu*	7,23	7,19	7,21	7,30	0,18

* Í meðaltalinu er ekki tekið tillit til allra vaxtaákvarðana bankanna, aðeins vaxtaprósentu í upphafi hvers mánaðar.

*Kaupþing–Búnaðarbanki var stofnaður 27. maí 2003. Fram að þeim tíma eru vaxtaákvarðanir teknar í nafni Búnaðarbanka Íslands.

Þessar tölur tala sínu máli! Samt sem áður hefur verið talsvert flökt á verðbólgunni á þessu tímabili en í slíku ástandi má almennt gera ráð fyrir meiri sveiflum í vaxtaákvörðunum bankanna. Í stöðugleika má því ætla að enn minni munur sé á vöxtum bankanna.

Fákeppniseinkenni á íslenskum bankamarkaði eru mörg. Stóru viðskiptabankarnir hafa sterk tök á markaðnum og má halda því fram að í skjóli samhljóða lánaskilmála og áþekks vaxtastigs inn- og útlána tryggi þeir að samkeppni skerði ekki tekjur þeirra.

Samtök iðnaðarins hafa séð ástæðu til að fara þess sérstaklega á leit við viðskiptaráðherra að hann feli það hlutlausum aðila að gera athugun á þróun inn- og útlánsvaxta íslenskra bankastofnana undanfarin átta til tíu ár. Hafa þeir óskað eftir því að kannað verði hvort bankarnir geri út á óeðlilega hátt vaxtaálag, hugsanlega vegna minnkandi samkeppni þeirra í milli. Í útreikningum sem Samtök iðnaðarins hafa gert er áætlað að vaxtamunurinn hafi aukist úr 3–4% í byrjun síðasta áratugar í um 8% nú.

Samtök iðnaðarins gerðu jafnframt samanburð á bankakerfinu á Íslandi og í 17 ríkjum Evrópu (15 ESB-ríkjum ásamt Noregi og Sviss) og kemur fram að vaxtamunurinn var meira en helmingi meiri á Íslandi en í Evrópu allan síðasta áratug. Þar að auki sýna tölur OECD um þóknanir og gengishagnað annan eins mun. Þessar tölur benda til þess að bankakerfið á Íslandi sé óhemjudýrt!

Ýmsar ástæður geta legið hér að baki. Til að mynda má ætla að verðbólga síðustu missiri hafi valdið auknu vaxtaálagi en hins vegar fer því fjarri að þessi munur verði skýrður eingöngu á þessum nótum. Nauðsynlegt er að athuga hvort það sé hugsanlegt að bankarnir séu farnir að gera út á óeðlilega hátt vaxtaálag í skjóli minnkandi samkeppni.

Upplýsingar um þróun vaxtamunar liggja ekki fyrir og er það einn megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu að bæta úr því.

Skuldir heimilanna.

Skuldir íslenskra heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum voru í árslok ársins 1980 20%. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar því að í árslok árið 2001 taldi Seðlabanki Íslands að hlutfallið væri orðið 182% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Þetta er með því allra hæsta sem þekkist í heiminum.

Í samræmi við framangreint hefur greiðslubyrði heimilanna þyngst hröðum skrefum. Hátt vaxtastig við þessar aðstæður kemur því verulega niður á fjárhag heimilanna í landinu. Í grein eftir Þorstein Þorgeirsson, hagfræðing Samtaka iðnaðarins, sem birtist í Morgunblaðinu 4. desember 2001 kom fram að samkvæmt útreikningum hans verði skuldir heimilanna orðnar 645 milljarðar kr. á árinu 2002 og síðan segir hann:

„Miðað við að meðallánstími sé 13 ár munu heimilin greiða 103 milljarða kr. í afborganir á þessum lánum á komandi ári. Miðað við óbreytt vaxtastig verða meðalnafnvextir á þessi lán 13,75% árið 2002. Það samsvarar vaxtagreiðslum upp á 87 milljarða. Ef vextir lækka um 3% verða vaxtagreiðslurnar 70 milljarðar og 64 milljarðar ef vextir lækka um 4%. Hér er um að ræða hreina lækkun á bilinu um 17 til 23 milljarða. Miðað við að áætlaður fjöldi heimila verði 97.000 árið 2002 og að skuldir verði jafnt dreifðar á þau samsvarar 3–4% vaxtalækkun kjarabót um á milli 175 og 237 þúsund krónur á hvert heimili.“

Það munar um minna!

Af þessu má sjá að í því felst mikil kjarabót ef unnt reynist að ná vaxtastiginu niður og því forgangsmál að leita leiða í því efni.

Gengi krónunnar og vaxtamunur – áhrif evrunnar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um samhengið á milli gengis íslensku krónunnar og vaxtaálags bankanna. Lækki gengið eykst verðbólgan sem aftur veldur vaxtahækkunum. Miklar sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa valdið óstöðugleika og gengisáhættu sem íslensk fyrirtæki hafa átt erfitt með að glíma við. Hvað vaxtaálag varðar eru fyrirtækin þó betur sett en almenningur því að mörg hver eiga þau möguleika á því að sækja sér bankaþjónustu erlendis sem ekki getur talist raunhæft fyrir almenning.

Eðlilegt verður að teljast við þessar aðstæður að menn velti kostum þess að taka upp evruna fyrir sér. Talið er að upptaka evrunnar mundi auka hagvöxt hér á landi verulega. Gengisáhætta í evruviðskiptum hyrfi, sem og gengiskostnaður. Fjármagnskostnaður opinberra aðila, fyrirtækja og heimila mundi lækka. Þá mundi verðsamanburður við Evrópulönd verða skýrari o.fl. Nauðsynlegt er að brotið verði til mergjar hversu hár fórnarkostnaðurinn er af því að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli. Þennan fórnarkostnað verðum við síðan að vega og meta við þá kosti sem vissulega fylgja því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil. Þetta verður ekki gert nema að undangenginni víðtækri upplýsingaöflun og rannsókn, svo sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Skiptar skoðanir hafa verið um ágæti verðtryggingar hér á landi. Með upptöku evrunnar yrði verðtrygging svo að segja sjálfkrafa aflögð hér á landi. Í því felst margvíslegur ávinn-

ingur að margra mati en áhrif verðtryggingar á vaxtamun er eitt af þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að rannsakað sé verði tillagan samþykkt.

Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu sem tillagan mælir fyrir um verði lokið innan hálfs árs frá því að tillagan verður samþykkt af Alþingi. Lækkun vaxta er eitt brýnasta hagsmunamál neytenda hér á landi ásamt lækkun matvælaverðs. Þessir hagsmunir krefjast þess að gengið sé rösklega til verks og sá skammi tími sem ætlaður er í verkefnið endurspeglar það.

Tillaga þessi er endurflutt að mestu óbreytt frá 128. þingi en þá komst hún ekki til umræðu.

375. Tillaga til þingsályktunar [324. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni og 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni og 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 og 1687/2002 frá 25. september 2002.

Tilskipun 98/8/EB fjallar um að samræma skuli kröfur varðandi markaðsleyfi fyrir sæfiefni og að vernda skuli menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af notkun sæfiefna. Sæfiefni eru fjölbreyttur hópur efna sem skiptast í 23 vöruflokka, þar með talin viðarvarnarefni, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni. Sækja skal um leyfi til yfirvalda aðildarríkjanna um heimild til að setja slíkar vörur á markað og er markaðssetning þeirra til tiltekinna nota þá heimiluð að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í tilskipuninni. Öll virk efni sem áætlað er að nota í sæfiefni verða tekin fyrir í áhættumati og gert er ráð fyrir að í viðauka við tilskipunina komi listi yfir þau virku efni sem leyfð verða í slíkar vörur eftir áhættumatið. Aðildarríkjunum er gert skylt að verða við beiðni um að veita markaðsleyfi fyrir vörur sem innihalda tiltekin virk efni sem skráð eru í viðaukann ef annað ríki hefur þegar leyft vöruna. Hægt er að fara fram á undanþágur frá slíkum gagnkvæmum viðurkenningum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi í viðkomandi aðildarríki. Auk þessa eru í tilskipuninni ýmis ákvæði, svo sem um merkingar sæfiefna, takmörkun á auglýsingum þeirra og kröfu um upplýsingagjöf til eitrunarmiðstöðva.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 lýsir framkvæmd fyrsta hluta kerfisbundinnar rannsóknar á öllum virkum efnum í sæfiefnum sem voru á markaði við gildistöku tilskipunar 98/8/EB þann 14. maí 2000, þ.e. svokölluðum fyrirliggjandi virkum efnum. Rannsókn þessa skal framkvæma á 10 ára aðlögunartímabili sem hófst við gildistöku sæfiefnatilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar ber fyrirtækjum að tilkynna og/eða tilgreina öll sín virku efni fyrir 28. mars 2002. Framkvæmdastjórn EB mun gefa út lista yfir öll efni sem hafa verið tilkynnt og þau verða síðan tekin fyrir í áhættumati. Efni sem einungis eru tilgreind verða smám saman tekin af markaði. Virk efni í nagdýraeitri og viðarvarnarefnum verða fyrst tekin í áhættumat og eiga framleiðendur að skila ítarlegum upplýsingum um þau fyrir áhættumatið eigi síðar en 28. mars 2004.

Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/2002 frá 25. september 2002 er gefinn viðbótarfrestur til að tilkynna annars vegar fyrirliggjandi virk efni sem aðeins voru tilgreind og hins vegar að tilkynna fyrirliggjandi virk efni í aðra vöruflokka en efnin voru áður tilkynnt í, sbr. grein 4(1) í reglugerð ráðsins nr. 1896/2000. Frestur til að skila inn framangreindum tilkynningum er til 31. janúar 2003.

Auk breytingar á viðauka II, sem gerðirnar eiga undir efnislega, er með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar jafnframt gerð breyting á bókun 37 við EES-samninginn. Í bókun 37 eru taldar upp nefndir sem hvorki falla undir 81. gr. né 100. gr. EES-samningsins og skulu hafa samstarf við sérfræðinga EFTA-ríkjanna þegar góð framkvæmd samningsins krefst þess. Með ákvörðuninni er fastanefnd um sæfiefni bætt við upptalninguna.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 32/2003

frá 14. mars 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/2003 frá 31. janúar 2003 ([1]).

2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2002 frá 8. nóvember 2002 ([2]).

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([3]), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 150, 8.6.2002, bls. 71, skal felld inn í samninginn.

4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni ([4]) skal felld inn í samninginn.

5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000 ([5]) skal felld inn í samninginn.

6) Nauðsynlegt er að aðlaga tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 með tilliti til samningsins.

([1]) Stjtíð. EB L 94, 10.4.2003, bls. 55, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 19, 10.4.2003, bls. 10.
([2]) Stjtíð. EB L 4, 23.1.2003, bls. 5, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 4, 23.1.2003, bls. 5.
([3]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 228, 8.9.2000, bls. 6.
([5]) Stjtíð. EB L 258, 26.9.2000, bls. 15.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 12m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2592/2001) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12n. **398 L 0008:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 150, 8.6.2002, bls. 71.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 11. gr.:

„Skráning, eða síðari breytingar á skráningu, virks efnis í I. viðauka, í A-hluta I. viðauka eða B-hluta í II. viðauka, skal einnig metin þegar umsækjandi hefur komið tilskildum skjölum á framfæri við lögbær yfirvöld í einu EFTA-ríkjanna og lögbær yfirvöld sem taka á móti þeim í því ríki hafa sent framkvæmdastjórninni tilskilið mat.“

b) Að því er EFTA-ríkin varðar skal aðlögunartímabilið sem vísað er til í 1. mgr. 16. gr. vera fyrir tímabilið sem nær til 14. maí 2010.

c) „Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 1. mgr. 28. gr.:

„EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum fastanefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt. Innri málsmeðferðarreglur nefndarinnar skulu aðlagaðar þannig að EFTA-ríkin geti tekið virkan þátt í henni.“

12o. **32000 R 1896:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000 frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni (Stjtíð. EB L 128, 8.9.2000, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir, til viðbótar aðlögunarliðunum við tilskipun 98/7/EB:

a) EFTA-ríkin og framleiðendur í þeim skulu taka þátt í tíu ára starfsáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB. EFTA-ríkin geta verið tilnefnd samkvæmt 5. mgr. 7. gr. til að bera ábyrgð á endurskoðun virkra efna samkvæmt þessari áætlun.

b) Framkvæmdastjórnin skal taka mið af upplýsingum um virk efni sem þegar eru á markaði í EFTA-ríkjunum 14. maí 2000 og lagðar voru fram samkvæmt 1. mgr.

3. gr. áður en ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar sem felldi þessa reglugerð inn í samninginn öðlaðist gildi.

c) Framkvæmdastjórnin skal taka mið af tilkynningum um virk efni sem þegar eru á markaði í EFTA-ríkjunum 14. maí 2000 og lagðar voru fram samkvæmt 1. mgr. 4. gr. áður en ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar sem felldi þessa reglugerð inn í samninginn öðlaðist gildi.

12p. **32002 R 1687:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000 (Stjtíð. EB L 258, 26.9.2002, bls. 15).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í bókun 37 við samninginn:

„15. Fastanefnd um sæfiefni (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB)“

3. gr.

Texti tilskipunar 98/8/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 150, 8.6.2002, bls. 71, og reglugerðar (EB) nr. 1896/2000 og 1687/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/8/EB

frá 16. febrúar 1998

um markaðssetningu sæfiefna

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]) á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 16. desember 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktun sinni frá 1. febrúar 1993 um stefnu og aðgerðir bandalagsins í umhverfismálum og sjálfbæra þróun ([4]) samþykkti ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, meginaðferð og skipulag áætlunarinnar, sem framkvæmdastjórnin kynnti, þar sem lögð er áhersla á nauðsyn áhættustjórnunar að því er varðar varnarefni, önnur en þau sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju.

2) Bæði þegar áttunda breyting ([5]) á tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([6]) var samþykkt 1989 og á meðan tilskipun 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([7]) var til umræðu innan ráðsins lét ráðið í ljós áhyggjur sínar yfir því að ekki væru til innan bandalagsins samræmd ákvæði um sæfiefni, sem áður nefndust varnarefni, önnur en þau sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju, og hvatti framkvæmdastjórnina til að kanna aðstæður í aðildarríkjunum og möguleika á aðgerðum innan bandalagsins.

3) Sæfiefni eru nauðsynleg til að halda í skefjum lífverum sem eru skaðlegar heilbrigði manna eða dýra og til að halda í skefjum lífverum sem geta spillt náttúrlegum afurðum eða framleiðsluvörum. Mönnum, dýrum og umhverfinu getur stafað margvísleg hætta af sæfiefnum vegna eðliseiginleika þeirra og vegna þess hvernig þau eru notuð.

4) Úttekt framkvæmdastjórnarinnar sýndi að á þessu sviði er mismunur á löggjöf í aðildarríkjunum. Slíkur mismunur getur orðið til þess að viðskiptahindranir skapist, ekki aðeins að því er varðar viðskipti með sæfiefni heldur einnig að því er varðar vörur sem hafa verið meðhöndlaðar með þeim, og hann getur þar með haft áhrif á starfsemi innri markaðarins. Af þeim sökum lagði framkvæmdastjórnin til að settur verði reglurammi um markaðssetningu með tilliti til notkunar sæfiefna, þar sem ströng skilyrði yrðu sett um vernd manna, dýra og umhverfis. Með hliðsjón af dreifræðisreglunni skal takmarka ákvarðanatöku innan bandalagsins við það sem nauðsynlegt er til að sameiginlegi markaðurinn starfi eðlilega og til að komast hjá tvíverknaði í aðildarríkjunum. Tilskipun um sæfiefni er besta leiðin til að setja slíkan ramma.

([1]) Stjtíð. EB C 239, 3.9.1993, bls. 3, Stjtíð. EB C 261, 6.10.1995, bls. 5 og Stjtíð. EB C 241, 20.8.1996, bls. 8.

([2]) Stjtíð. EB C 195, 18.7.1994, bls. 70 og Stjtíð. EB C 174, 17.6.1996, bls. 32.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 18. apríl 1996 (Stjtíð. EB C 141, 13.5.1996, bls. 191), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 1996 (Stjtíð. EB C 69, 5.3.1997, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. maí 1997 (Stjtíð. EB C 167, 2.6.1997, bls. 24). Ákvörðun ráðsins frá 18. desember 1997. Ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. janúar 1998.

([4]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 19.

([6]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/16/EB (Stjtíð. EB L 116, 6.5.1997, bls. 31).

([7]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/68/EB (Stjtíð. EB L 277, 30.10.1996, bls. 25).

5) Regluramminn skal kveða á um að ekki skuli markaðssetja sæfiefni nema þau séu í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í þessari tilskipun.

6) Svo að tekið sé tillit til sérstaks eðlis sumra sæfiefna og þeirrar hættu sem fylgir fyrirhugaðri notkun þeirra er við hæfi að kveða á um einfaldaða málsmeðferð við leyfisveitingu, þ.m.t. skráningu.

7) Við hæfi er að umsækjandi leggi fram tilskilin skjöl með upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að meta áhættuna sem fyrirhuguð notkun vörunnar hefur í för með sér. Nauðsynlegt er að til sé sameiginlegt kjarnagagnasafn yfir virk efni og þau sæfiefni sem innihalda þau, bæði til stuðnings fyrir umsækjendur sem sækja um leyfi og þá sem annast matið og taka ákvörðun um leyfisveitinguna. Auk þess þarf að útfæra nánar sérstakar kröfur um gögn fyrir hvern sæfiefnaflokk sem þessi tilskipun nær til.

8) Nauðsynlegt er, þegar leyfi eru veitt fyrir sæfiefni, að gengið sé úr skugga um að þegar efnin eru rétt notuð í þeim tilgangi sem gert er ráð fyrir, séu þau nægilega virk og hafi engin óæskileg áhrif á marklífverurnar, s.s. að kalla fram ónæmi eða óviðunandi þol, og að þau valdi ekki hryggdýrum óþarfa þjáningu og sársauka og að þau hafi, í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, engin óviðunandi áhrif á umhverfi og alls ekki á heilbrigði manna og dýra.

9) Nauðsynlegt er að kveða á um sameiginlegar meginreglur um mat og leyfisveitingu að því er varðar sæfiefni til að tryggja samhæft verklag í aðildarríkjunum.

10) Ekki skal koma í veg fyrir að aðildarríkin setji viðbótarkröfur um notkun sæfiefna svo fremi þessar viðbótarkröfur séu í samræmi við lög bandalagsins og brjóti ekki í bága við ákvæði þessarar tilskipunar. Slíkum ákvæðum er ætlað að vernda umhverfið og heilbrigði manna og dýra með ráðum eins og vörnum gegn farsóttum og vernd á sviði matvæla og fóðurs.

11) Með tilliti til fjölbreytileika bæði virku efnanna og viðkomandi sæfiefna skulu gögn og prófunarkröfur vera í samræmi við aðstæður í hverju tilviki og leiða til heildaráhættumats.

12) Nauðsynlegt er að setja saman bandalagsskrá yfir virk efni sem sæfiefni mega innihalda. Mæla skal fyrir um málsmeðferð bandalagsins til að meta hvort leyfilegt sé að færa virkt efni í bandalagsskrána. Tilgreina skal hvaða upplýsingar hagsmunaaðilum ber að leggja fram til að heimilt sé að færa virkt efni í skrána. Endurskoða ætti virk efni í skránni með reglubundnu millibili og, ef við á, bera þau hvert saman við annað við sérstök skilyrði til að taka megi tillit til framfara á sviði vísinda og tækni.

13) Þegar tilhlýðilegt tillit er tekið til vara sem fela einungis í sér litla áhættu skal skrá virku efnin í þeim í sérviðauka. Efni, sem eru að mestu notuð í öðrum tilgangi en sem varnarefni, en sem eru að einhverju leyti notuð sem sæfiefni, annaðhvort beint eða í vöru sem samanstendur af virku efni og einföldu þynningarefni, skal skrá í annan sérviðauka.

14) Nauðsynlegt er að mat á því hvort skrá beri virkt efni í viðeigandi viðauka tilskipunarinnar taki til, að því er áhættumat varðar og eftir því sem við á, sömu þátta og tilteknir eru í matinu sem um getur í tilskipun 92/32/EBE frá 30. apríl 1992 um sjöundu breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([2]). Því skal líta á hættuna, sem er samfara framleiðslu, notkun og förgun virka efnisins og efna sem meðhöndluð hafa verið með því, á svipaðan hátt og gert er í framangreindri löggjöf.

15) Í þágu frjálsrar dreifingar á sæfiefnum og efnum sem meðhöndluð hafa verið með þeim skal leyfi, sem veitt hefur verið í einu aðildarríki, viðurkennt í öðrum aðildarríkum, sbr. þó sérstök skilyrði sem eru sett í þessari tilskipun.

16) Þrátt fyrir að sett séu samræmd ákvæði um alla sæfiefnaflokka, þ.m.t. efni sem ætlað er að halda hryggdýrum í skefjum, getur raunveruleg notkun slíkra sæfiefna gefið tilefni til áhyggna. Af þeim sökum skal aðildarríkjunum vera heimilt, með fyrirvara um sáttmálann, að víkja frá meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu sæfiefna, sem falla undir þrjá sérstaka sæfiefnaflokka, þegar þessum vörum er ætlað að halda ákveðnum tegundum hryggdýra í skefjum, svo fremi slíkar undanþágur séu studdar rökum og stofni ekki markmiðum þessarar tilskipunar í hættu.

17) Því er æskilegt að komið verði á fót kerfi um

([1]) Stjtíð. EB L 154, 5.6.1992, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

gagnkvæm skipti á upplýsingum og að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin sendi hvert öðru, ef um það er beðið, upplýsingar og vísindalegar niðurstöður sem lagðar eru fram í tengslum við umsóknir um leyfi vegna sæfiefna.

18) Aðildarríkjunum skal gert kleift að leyfa, í takmarkaðan tíma, sæfiefni sem ekki eru í samræmi við framangreind skilyrði, einkum þegar um er að ræða ófyrirsjáanlega hættu sem ógnar mönnum, dýrum eða umhverfinu og sem ekki er hægt að halda í skefjum á annan hátt. Reglur bandalagsins skulu ekki hindra aðildarríkin í því að leyfa, í takmarkaðan tíma og til notkunar á yfirráðasvæði sínu, sæfiefni sem innihalda virkt efni sem ekki hefur enn verið fært í skrá bandalagsins, að því tilskildu að tilskilin skjöl, sem uppfylla kröfur bandalagsins, hafi verið lögð fram og að hlutaðeigandi aðildarríki telji að virka efnið og sæfiefnið uppfylli þau skilyrði sem bandalagið setur að því er þau varðar.

19) Mikilvægt er að þessi tilskipun verði til þess að tilraunir á dýrum verði í lágmarki og að þær ráðist af því í hvaða tilgangi á að nota vöruna og hvernig hún verður notuð.

20) Tryggja skal nákvæma samræmingu við aðra löggjöf bandalagsins, einkum við tilskipun 91/414/EBE, tilskipanirnar sem varða vatnsvernd og þær sem varða einangraða notkun og sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið.

21) Framkvæmdastjórnin skal semja tæknilegar leiðbeiningar, einkum um málsmeðferð við leyfisveitingu, skráningu virkra efna í viðeigandi viðauka, viðaukana sem varða kröfur um gögn og viðaukana sem varða sameiginlegar meginreglur.

22) Til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um að því er varðar leyfileg sæfiefni, séu uppfylltar þegar efnin eru markaðssett skulu aðildarríkin gera ráðstafanir um viðeigandi prófunar- og eftirlitskerfi.

23) Framkvæmd þessarar tilskipunar, aðlögun á viðaukum hennar að framförum á sviði tækni og vísinda og skráning virkra efna í viðeigandi viðauka kallar á nána samvinnu framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og umsækjendanna. Í þeim tilvikum þar sem fylgja skal málsmeðferð fastanefndarinnar um sæfiefni er hún heppilegur grundvöllur slíkrar samvinnu.

24) Komist var að bráðabirgðasamkomulagi milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 20. desember 1994 um framkvæmd gerða sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([1]).

25) Framkvæmdastjórnin mun beita bráðabirgðasamkomulaginu að því er varðar þær framkvæmdarráðstafanir sem hljótast af þessari tilskipun, þ.m.t. þær sem varða I. viðauka A og I. viðauka B.

26) Þar sem þessi tilskipun, einkum úttektaráætlunin, mun ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár setur tilskipun 76/769/EBE ramma til viðbótar við þróun jákvæðu skrárinnar (positive list) með takmörkunum á markaðssetningu og notkun tiltekinna, virkra efna og vara eða vöruflokka.

27) Í úttektaráætluninni um virk efni þarf að taka tillit til annarra vinnuáætlana innan ramma annarrar löggjafar bandalagsins, sem tengjast úttekt eða leyfisveitingu að því er varðar efni og vörur, eða viðeigandi alþjóðasamninga.

28) Kostnað vegna þeirra aðgerða, sem tengjast beitingu þessarar tilskipunar, skal innheimta frá þeim sem óska eftir að markaðssetja eða setja á markað sæfiefni og frá þeim sem sækja um skráningu virkra efna í viðeigandi viðauka.

29) Mælt er fyrir um lágmarksreglur um notkun sæfiefna við vinnu í tilskipunum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Æskilegt er að frekari reglur verði settar á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun varðar:

a) leyfisveitingu og markaðssetningu sæfiefna til notkunar innan aðildarríkjanna,

b) gagnkvæma viðurkenningu á leyfum innan bandalagsins,

c) samningu jákvæðrar skrár á vettvangi bandalagsins um virk efni sem leyfilegt er að nota í sæfiefni.

2. Þessi tilskipun skal gilda um sæfiefni eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 2. gr. en ekki um vörur sem eru skilgreindar í eftirfarandi gerningum eða

([1]) Stjtíð. EB C 102, 4.4.1996, bls. 1.

falla undir gildissvið þeirra í skilningi þessara tilskipana:

a) tilskipun ráðsins 65/65/EBE frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf ([1]),

b) tilskipun ráðsins 81/851/EBE frá 28. september 1981 um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf ([2]),

c) tilskipun ráðsins 90/677/EBE frá 13. desember 1990 þar sem gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf er fært út og bætt við ákvæðum um ónæmislyf fyrir dýr ([3]),

d) tilskipun ráðsins 92/73/EBE frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um lyf og bæta við ákvæðum um hómópatalyf ([4]),

e) tilskipun ráðsins 92/74/EBE frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf og bæta við ákvæðum um hómópatadýralyf ([5]),

f) reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí 1993 um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ([6]),

g) tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([7]),

h) tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([8]),

i) tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ([9]), tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([10]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ([11]),

j) tilskipun ráðsins 89/109/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ([12]),

k) tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðssetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða ([13]),

l) tilskipun ráðsins 89/437/EBE frá 20. júní 1989 um hreinlætis- og heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu eggafurða ([14]),

m) tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ([15]),

n) tilskipun ráðsins 90/167/EBE frá 26. mars 1990 um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fóðurs í bandalaginu ([16]),

o) tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ([17]), tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar af-

---

([1]) Stjtíð. EB 22, 9.2.1965, bls. 369. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 22).
([2]) Stjtíð. EB L 317, 6.11.1981, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE (Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 31).
([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1990, bls. 26.
([4]) Stjtíð. EB L 297, 13.10.1992, bls. 8.
([5]) Stjtíð. EB L 297, 13.10.1992, bls. 12.
([6]) Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtíð. EB L 220, 31.8.1993, bls. 1).
([8]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/34/EB (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1).
([10]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/71/EBE (Stjtíð. EB L 42, 15.2.1991, bls. 25).
([11]) Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 96/85/EB (Stjtíð. EB L 86, 28.3.1997, bls. 4).
([12]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 38.
([13]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/71/EB (Stjtíð. EB L 368, 31.12.1994, bls. 33).
([14]) Stjtíð. EB L 212, 22.7.1989, bls. 87. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([15]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/71/EB (Stjtíð. EB L 332, 30.12.1995, bls. 40).
([16]) Stjtíð. EB L 92, 7.4.1990, bls. 42.
([17]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/6/EB (Stjtíð. EB L 35, 5.2.1997, bls. 11).

urðir í dýrafæðu ([1]) og tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs fóðurs ([2]),

p) tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([3]),

q) tilskipun ráðsins 95/5/EB frá 27. febrúar 1995 um breytingu á tilskipun 92/120/EBE um skilyrði fyrir veitingu tímabundinna og takmarkaðra undanþágna frá sérstökum heilbrigðisreglum bandalagsins um framleiðslu og markaðssetningu á tilteknum afurðum úr dýraríkinu ([4]),

r) tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([5]).

3. Þessi tilskipun gildir, með fyrirvara um viðeigandi bandalagsákvæði eða ráðstafanir sem gripið er til í samræmi við þau, einkum um:

a) tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([6]),

b) tilskipun 79/117/EBE frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni ([7]),

c) reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92 frá 23. júlí 1992 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna ([8]),

d) tilskipun ráðsins 80/1107/EBE frá 27. nóvember 1980 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum ([9]), tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([10]) og einstakar tilskipanir sem byggjast á þessum tilskipunum,

e) tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar ([11]).

4. Ákvæði 20. gr. skulu ekki gilda um flutninga á sæfiefnum með járnbrautum, á vegum, eftir skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *Sæfiefni*

Virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni á því formi sem þau eru afhent notendum og ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með efna- eða líffræðilegum aðferðum.

Tæmandi skrá yfir 23 sæfiefnaflokka ásamt leiðbeinandi lýsingu fyrir hvern þessara flokka er í V. viðauka.

b) *Áhættulítið sæfiefni*

Sæfiefni sem inniheldur virkt eða virk efni og er eitt eða fleiri af þeim sem eru tilgreind í I. viðauka A og sem inniheldur engin efni sem gefa tilefni til áhyggna.

Við notkunarskilyrði skal sæfiefnið aðeins fela í sér litla áhættu fyrir menn, dýr og umhverfi.

c) *Grunnefni*

Efni sem er skráð í I. viðauka B og er að mestu leyti notað í öðrum tilgangi en sem varnarefni, annaðhvort beint eða í vöru sem inniheldur efnið og einfalt þynningarefni sem sjálft gefur ekki

([1]) Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/25/EB (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35).
([2]) Stjtíð. EB L 32, 3.2.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([3]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/18/EB (Stjtíð. EB L 114, 11.5.1997, bls. 43).
([4]) Stjtíð. EB L 51, 8.3.1995, bls. 12.
([5]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/68/EB (Stjtíð. EB L 277, 30.10.1996, bls. 25).
([6]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/16/EB (Stjtíð. EB L 116, 6.5.1997, bls. 31).
([7]) Stjtíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([8]) Stjtíð. EB L 251, 29.8.1992, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1492/96 (Stjtíð. EB L 189, 30.7.1996, bls. 19).
([9]) Stjtíð. EB L 327, 3.12.1980, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([10]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.
([11]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17.

tilefni til áhyggna og sem er ekki beinlínis markaðssett til sæfandi notkunar.

Efnin, sem hugsanlega verða skráð í I. viðauka B í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 10. og 11. gr., eru m.a. eftirfarandi:

— koltvísýringur,

— köfnunarefni,

— etanól,

— 2-própanól,

— ediksýra,

— kísilgúr.

d) *Virk efni*

Efni eða örvera, t.d. veira eða sveppur, sem hefur almenna eða sérhæfða verkun á skaðlegar lífverur eða verkar gegn þeim.

e) *Efni sem gefur tilefni til áhyggna*

Sérhvert efni, annað en virka efnið, sem býr yfir þeim eðliseiginleika að hafa skaðleg áhrif á menn, dýr eða umhverfið og er fyrir hendi eða myndast í sæfiefninu í nægilegum styrk til að kalla slík áhrif fram.

Ef ekki eru aðrar ástæður sem gefa tilefni til áhyggna eru slík efni að öllu jöfnu efni flokkuð sem hættuleg samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]), enda veldur styrkleiki þess í sæfiefninu því að varan telst hættuleg í skilningi 3. gr. tilskipunar ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum ([2]).

f) *Skaðleg lífvera*

Sérhver lífvera sem með tilvist sinni telst óæskileg eða hefur skaðleg áhrif á menn, starfsemi þeirra eða þær vörur sem þeir nota eða framleiða eða hefur skaðleg áhrif á dýr eða umhverfið.

g) *Leifar*

Eitt eða fleiri efni í sæfiefni, sem verða eftir að lokinni notkun þess, þ.m.t. umbrotsefni slíkra efna og afurðir sem orsakast af niðurbroti þeirra eða efnahvörfum.

h) *Markaðssetning*

Öll afhending, hvort sem hún er gegn greiðslu eða ókeypis, eða síðari geymsla, önnur en geymsla þegar á eftir fylgir sending út af tollsvæði bandalagsins eða förgun. Innflutningur sæfiefnis inn á tollsvæði bandalagsins telst markaðssetning í skilningi þessarar tilskipunar.

i) *Leyfi*

Stjórnvaldsaðgerð þar sem lögbært yfirvald aðildarríkis leyfir, að undangenginni umsókn, markaðssetningu sæfiefnis á yfirráðasvæði sínu eða á hluta þess.

j) *Rammasamsetning*

Forskrift fyrir flokk sæfiefna með sams konar notkun og notendur.

Öll efni þessa völuflokks skulu innihalda sömu virku efnin með sömu forskriftum, og samsetning þeirra má eingöngu víkja frá áður leyfðu sæfiefni ef það hefur ekki áhrif á þá áhættu sem tengist þeim og verkun þeirra.

Í þessu samhengi telst frávik vera minnkun á hundraðshluta virks efnis og/eða breyting á hundraðshluta í samsetningu eins eða fleiri óvirkra efna og/eða skipti á einu eða fleiri fastlitarefnum, leysilitum eða ilmefnum fyrir önnur sem búa yfir sömu eða minni áhættu og sem skerða ekki verkunina.

k) *Skráning*

Stjórnvaldsaðgerð þar sem lögbært yfirvald aðildarríkis leyfir, að undangenginni umsókn og eftir að sannprófað hefur verið að tilskildu skjölin uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun, markaðssetningu áhættulítils sæfiefnis á yfirráðasvæði sínu eða á hluta þess.

l) *Aðgangsheimild*

Skjal, undirritað af eiganda eða eigendum viðeigandi gagna sem eru vernduð samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, þar sem fram kemur að lögbæru yfirvaldi er heimilt að nota gögnin í tengslum við leyfisveitingu eða skráningu sæfiefnis samkvæmt þessari tilskipun.

2. Í þessari tilskipun gilda þær skilgreiningar á:

a) efni,

([1]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/69/EB (Stjtíð. EB L 381, 31.12.1994, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 187, 16.7.1988, bls. 14).

b) efnablöndu,

c) vísindarannsóknum og þróun,

d) ferlamiðuðum rannsóknum og þróunarstarfi,

sem mælt er fyrir um í 2. gr. í tilskipun ráðsins 67/548/EBE.

3. gr.

Leyfi til að markaðssetja sæfiefni

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að sæfiefni skuli hvorki sett á markað né notað á yfirráðasvæði þeirra nema það hafi verið leyft í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

i) Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um skráningu, leyfa markaðssetningu og notkun áhættulítilla sæfiefna, að því tilskildu að tilskilin skjöl í samræmi við 3. mgr. 8. gr. hafi verið lögð fram og staðfest af lögbærum yfirvöldum.

Ef annað er ekki tilgreint skulu öll ákvæði, er tengjast leyfisveitingu samkvæmt þessari tilskipun, einnig gilda um skráningu.

ii) Aðildarríkin skulu leyfa markaðssetningu og notkun grunnefna í tengslum við sæfiefni þegar þau hafa verið skráð í I. viðauka B.

3. i) Allar umsóknir um leyfi skulu afgreiddar án óþarfrar tafar.

ii) Lögbært yfirvald skal innan 60 daga taka ákvarðanir um umsóknir sem varða skráningarskyld sæfiefni.

4. Aðildarríkin skulu, ef eftir því er leitað, eða mega, að eigin frumkvæði og þar sem það á við, setja saman rammasamsetningu og koma henni á framfæri við umsækjandann þegar leyfi fyrir tiltekið sæfiefni er gefið út.

Ef sótt er síðar um leyfi fyrir nýju sæfiefni með tilvísun í slíka rammasamsetningu, með fyrirvara um 8. og 12. gr. og að því tilskildu að umsækjandinn hafi rétt á að nota rammasamsetninguna á grundvelli aðgangsheimildar, skal lögbært yfirvald taka ákvörðun innan 60 daga.

5. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að sæfiefni skuli flokkuð, þeim pakkað og þau merkt í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

6. Með fyrirvara um 1. mgr. 7. gr. skulu leyfi veitt að hámarki til 10 ára frá dagsetningu fyrstu eða endurnýjaðrar skráningar virka efnisins í I. viðauka eða I. viðauka A fyrir sæfiefnaflokkinn, án þess að farið sé fram yfir frestinn sem tilgreindur er fyrir virka efnið í I. viðauka eða I. viðauka A. Leyfin má endurnýja þegar sannprófað hefur verið að skilyrðin, sem sett eru í 1. og 2. mgr. 5. gr., séu enn uppfyllt. Ef nauðsyn krefur má endurnýja leyfi einungis til þess tíma sem nauðsynlegur telst til að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geti framkvæmt slíka sannprófun, hafi umsókn um endurnýjun verið lögð fram.

7. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að sæfiefni skuli notuð á réttan hátt. Rétt notkun skal samræmast skilyrðunum sem sett eru fram skv. 5. gr. og sem tilgreind eru í ákvæðum þessarar tilskipunar um merkingu. Rétt notkun skal einnig taka til skynsamlegrar beitingar eðlis-, líffræði- og efnafræðilegra aðferða, eftir því sem við á, þannig að notkun sæfiefna fari ekki yfir það lágmark sem nauðsynlegt er. Ef sæfiefni eru notuð í starfi skal notkun þeirra einnig vera í samræmi við kröfur í tilskipunum um vernd starfsmanna.

4. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á leyfum

1. Með fyrirvara um 12. gr. skal sæfiefni, sem þegar hefur verið leyft eða skráð í einu aðildarríki, leyft eða skráð í öðru aðildarríki innan 120 daga, eða innan 60 daga frá því að umsókn er móttekin í hinu aðildarríkinu, að því tilskildu að virka efnið í sæfiefninu sé skráð í I. viðauka eða I. viðauka A og uppfylli kröfurnar sem settar eru fram þar. Að því er varðar gagnkvæma viðurkenningu á leyfum skal umsóknin innihalda samantekt tilskildu skjalanna eins og krafist er í a-lið 2. mgr. 8. gr. og X. lið II. viðauka B, auk staðfests afrits af fyrsta leyfinu sem veitt var. Að því er varðar gagnkvæma viðurkenningu á skráningu áhættulítilla sæfiefna skulu í umsókninni vera kröfur um gögn skv. 3. mgr. 8. gr., að undanskildum gögnum um verkun, en þar nægir samantekt.

Leyfisveitingin getur verið með fyrirvara um ákvæði sem leiða af beitingu annarra ráðstafana í samræmi við lög bandalagsins sem tengjast skilyrðum til að dreifa og nota sæfiefni og er ætlað að vernda heilsu viðkomandi dreifingaraðila, notenda og starfsmanna.

Þessi málsmeðferð við gagnkvæma viðurkenningu er með fyrirvara um ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til í samræmi við lög bandalagsins og er ætlað að vernda heilsu starfsmanna.

2. Ef aðildarríki kemst, í samræmi við 5. gr., að þeirri niðurstöðu að:

a) marktegundin sé ekki fyrir hendi í þeim mæli að hún teljist skaðleg,

b) sýnt sé fram á ónæmi eða óviðunandi þol marklífverunnar gegn sæfiefninu, eða

c) ef notkunaraðstæður, s.s. veðurfar eða fengitími marktegundarinnar, eru mjög ólíkar þeim sem ríkja í aðildarríkinu þar sem sæfiefnið var fyrst leyft og óbreytt leyfi gæti því falið í sér óviðunandi áhættu fyrir menn eða umhverfið,

getur aðildarríkið farið fram á að tiltekin skilyrði, sem um getur í e-, f-, h-, j- og l-liðum 3. mgr. 20. gr., verði löguð að mismunandi aðstæðum þannig að uppfyllt verði skilyrði sem sett eru um útgáfu leyfa og mælt er fyrir um í 5. gr.

3. Ef aðildarríki telur að áhættulítið sæfiefni, sem hefur verið skráð í öðru aðildarríki, sé ekki í samræmi við skilgreininguna sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. getur það til bráðabirgða neitað að skrá efnið og skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi sem ábyrgt er fyrir sannprófun tilskildu skjalanna um áhyggjur sínar.

Ef samkomulag næst ekki milli þeirra yfirvalda, sem um er að ræða, innan 90 daga hámarksfrests verður málið sent framkvæmdastjórninni sem tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. skal aðildarríki, sem telur að sæfiefni sem leyft hefur verið af öðru aðildarríki geti ekki uppfyllt skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 5. gr. og leggur af þeim sökum til að synjað verði um leyfi fyrir efninu eða skráningu þess eða leyfið verði bundið tilteknum skilyrðum, tilkynna framkvæmdastjórninni, öðrum aðildarríkjum og umsækjandanum um það og skal láta þeim í té skjöl til skýringar með heiti vörunnar og forskrift hennar og þar eiga að koma fram ástæðurnar fyrir því að lagt er til að synjað verði um leyfið eða það bundið takmörkunum.

Framkvæmdastjórnin skal semja tillögu um þetta í samræmi við 27. gr. svo að taka megi ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

5. Ef málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr., leiðir til þess að aðildarríki staðfestir synjun annarrar eða síðari skráningar skal aðildarríkið, sem áður hafði skráð áhættulitla sæfiefnið, taka tillit til synjunarinnar og taka skráningu sína til endurskoðunar skv. 6. gr. ef fastanefndin telur að það eigi við.

Ef upprunalega skráningin er staðfest með þessari málsmeðferð skal aðildarríkið, sem innleiddi málsmeðferðina, skrá áhættulitla sæfiefnið sem um ræðir.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin, með fyrirvara um sáttmálann, synjað um gagnkvæma viðurkenningu á leyfum fyrir sæfiefnaflokka 15, 17 og 23 í V. viðauka að því tilskildu að réttlæta megi slíkar takmarkanir og þær stofni ekki markmiðum þessarar tilskipunar í hættu.

Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem teknar eru í þessu skyni og tilgreina ástæður þeirra.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis

1. Aðildarríkin skulu einungis veita leyfi fyrir sæfiefni ef

a) virka efnið eða virku efnin í því eru skráð í I. viðauka eða I. viðauka A og öllum kröfum, sem mælt er fyrir um í þessum viðaukum, er fullnægt,

b) í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar sýnt hefur verið fram á með mati á tilskildu skjölunum, sem kveðið er á um í 8. gr. samkvæmt sameiginlegum meginreglum um mat á tilskildum skjölum eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka, að þegar sæfiefnið er notað á leyfilegan hátt og með hliðsjón af:

— öllum eðlilegum skilyrðum sem sæfiefnið gæti verið notað við,

— því hvernig nota má efnið sem meðhöndlað hefur verið með sæfiefninu,

— afleiðingum af notkun og förgun,

og ef sæfiefnið er:

i) nægilega virkt,

ii) þannig að það hefur engin óviðunandi áhrif á marklífverur, sem kemur t.d. fram í óviðunandi þoli eða víxlþoli eða óþarfri þjáningu og sársauka hjá hryggdýrum,

iii) þannig að hvorki það sjálft né leifar þess hafi óæskileg áhrif á heilbrigði manna eða dýra, beint eða óbeint (t.d. með drykkjarvatni, matvælum, fóðri, lofti innanhúss eða áhrifum á vinnustað) eða á yfirborðsvatn og grunnvatn.

iv) þannig að það sjálft, eða leifar þess á einn eða annan hátt, hafi engin óæskileg áhrif á umhverfið, með sérstakri hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

— afdrifum þess og dreifingu í umhverfinu, einkum m.t.t. mengunar yfirborðsvatns (þ.m.t. mengunar vatns í árósum og sjó), grunnvatns og drykkjarvatns,

— áhrifum þess á lífverur utan markhóps,

c) þannig að unnt sé, í samræmi við viðeigandi kröfur sem settar eru fram í II. viðauka A og B, III. viðauka A og B og IV. viðauka A eða B, að ákvarða eðli og magn virku efnanna og, þar sem við á, öll óhreinindi og hjálparefni, sem hafa þýðingu í eiturefna- og visteiturefnafræðilegu tilliti, svo og leifar þess sem hafa eiturefnafræðilega eða umhverfislega þýðingu og stafa af leyfðri notkun,

d) þannig að eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar efnisins hafi verið ákvarðaðir og þeir teljist viðunandi m.t.t. fyrirhugaðrar notkunar, geymslu og flutnings vörunnar.

2. Sæfiefni, sem er flokkað skv. 1. mgr. 20. gr. sem eitrað, mjög eitrað eða sem krabbameinsvaldur í 1. eða 2. flokki, sem stökkbreytivaldur í 1. eða 2. flokki eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki, má hvorki setja á markað né heimila almenna notkun þess.

3. Leyfi getur verið skilyrt og skal mæla fyrir um þau skilyrði sem varða markaðssetningu og notkun sem eru nauðsynleg til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

4. Ef önnur ákvæði bandalagsins kveða á um kröfur er varða skilyrði við veitingu leyfis og notkun sæfiefnisins, einkum þegar þessum skilyrðum er ætlað að vernda heilbrigði dreifingaraðila, notenda, starfsmanna og neytenda eða heilbrigði dýra eða vernda umhverfið, skal lögbært yfirvald taka tillit til þessara ákvæða við leyfisveitingu og skal, ef nauðsyn krefur, veita leyfið með fyrirvara um þessar kröfur.

6. gr.

Endurskoðun á veitingu leyfis

Leyfi má endurskoða hvenær sem er á gildistíma þess, t.d. ef upplýsingar koma fram skv. 14. gr., ef vísbendingar eru um að einhverjum skilyrðanna, sem um getur í 5. gr., sé ekki lengur fullnægt. Í slíkum tilvikum geta aðildarríkin krafist þess að handhafi leyfisins eða umsækjandi, sem hefur fengið heimild í samræmi við 7. gr. til að breyta leyfinu, skili inn frekari upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna endurskoðunarinnar. Ef þörf krefur má lengja leyfið einungis sem nemur þeim tíma sem nauðsynlegur er til að ljúka endurskoðuninni, en það skal lengjast um þann tíma sem nauðsynlegur er til að afla frekari upplýsinga.

7. gr.

Afturköllun leyfis eða breyting á því

1. Leyfi skal afturkalla ef:

a) virka efnið er ekki lengur skráð í I. viðauka eða I. viðauka A eins og krafist er skv. a-lið 1. mgr. 5. gr.,

b) skilyrðum fyrir veitingu leyfis í skilningi 1. mgr. 5. gr. er ekki lengur fullnægt,

c) í ljós kemur að rangar eða villandi upplýsingar voru gefnar um staðreyndir sem lagðar voru til grundvallar við veitingu leyfisins.

2. Leyfi má einnig afturkalla ef handhafi leyfisins fer þess á leit og tilgreinir ástæðurnar fyrir afturköllluninni.

3. Ef aðildarríki hyggst afturkalla leyfi skal ríkið tilkynna leyfishafanum það og hlýða á málflutning hans. Ef leyfi er afturkallað má aðildarríkið veita umþóttunartíma til að farga, geyma, markaðssetja og nota fyrirliggjandi birgðir og skal lengd hans ráðast af því hver ástæðan er fyrir afturkölluninni, með fyrirvara um fresti sem kveðið er á um í ákvörðun sem tekin er samkvæmt tilskipun 76/769/EBE eða í tengslum við a-lið 1. mgr.

4. Ef aðildarríki telur það nauðsynlegt, á grundvelli nýjustu þekkingar á sviði vísinda og tækni og til að vernda heilbrigði og umhverfi, skal það breyta notkunarskilyrðum leyfis, einkum að því er varðar það hvernig efnið er notað eða í hvaða magni.

5. Leyfi má einnig breyta ef handhafi leyfisins fer þess á leit og tilgreinir ástæðurnar fyrir breytingunni.

6. Ef tillaga að breytingu varðar rýmkun notkunar skal aðildarríki framlengja leyfið með fyrirvara um þau sérstöku skilyrði sem sett eru um virka efnið í I. viðauka eða I. viðauka A.

7. Ef tillaga að breytingu á leyfi felur í sér breytingar á þeim sérstöku skilyrðum, sem sett eru varðandi virka efnið í I. viðauka eða I. viðauka A, er einungis hægt að gera þær breytingar að loknu mati á virka efninu m.t.t. fyrirhugaðra breytinga, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr.

8. Breytingar skulu því aðeins samþykktar að færðar séu sönnur á að skilyrðin í 5. gr. séu uppfyllt.

8. gr.

Kröfur að því er varðar veitingu leyfis

1. Umsókn um leyfi skal lögð fram af þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á fyrstu markaðssetningu sæfiefnis í tilteknu aðildarríki, eða fyrir hönd hans, og hana skal senda lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis. Sérhver umsækjandi skal hafa fasta skrifstofu innan bandalagsins.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að umsækjandi um leyfi fyrir sæfiefni leggi fyrir lögbært yfirvald:

a) tilskilin skjöl eða aðgangsheimild að gögnum um sæfiefnið sem fullnægja, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði vísinda og tækni, kröfunum sem tilgreindar eru í II. viðauka B og, ef tilgreint, viðeigandi hlutum III. viðauka B, og

b) tilskilin skjöl fyrir hvert virkt efni í sæfiefninu eða aðgangsheimild að gögnum, sem fullnægja, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði vísinda og tækni, kröfunum sem settar eru fram í II. viðauka A og, ef tilgreint, viðeigandi hlutum III. viðauka A.

3. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. skulu aðildarríkin, þegar um er að ræða áhættulítið sæfiefni, krefjast skjala sem innihalda eftirfarandi gögn:

i) umsækjandi:

1.1. nafn og heimilisfang,

1.2. framleiðendur sæfiefnisins og virku efnanna (nöfn og heimilisföng, þ.m.t. staðsetning framleiðanda virka efnisins),

1.3. aðgangsheimild, eftir því sem við á, að öllum nauðsynlegum, viðeigandi gögnum,

ii) auðkenni sæfiefnisins:

2.1. viðskiptaheiti,

2.2. nákvæm samsetning sæfiefnisins,

2.3. eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar eins og um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr.,

iii) fyrirhuguð notkun:

3.1. sæfiefnaflokkur (V. viðauki) og notkunarsvið,

3.2. notendaflokkur,

3.3. notkunaraðferð

iv) upplýsingar um verkun,

v) greiningaraðferðir,

vi) flokkun, pökkun og merking, þ.m.t. uppkast að vörumiða, skv. 20. gr.,

vii) öryggisleiðbeiningar, teknar saman í samræmi við 10. gr. tilskipunar ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum ([1]) eða 27. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

4. Tilskildu skjölin skulu innihalda nákvæma og ítarlega lýsingu á rannsóknunum sem gerðar hafa verið og á aðferðum sem notaðar eru eða tilvísun í birtar heimildir um þessar aðferðir. Upplýsingarnar í tilskildu skjölunum, sem veittar eru í samræmi við 2. mgr. 8. gr., skulu vera nægilegar til að unnt sé að meta þau áhrif og þá eiginleika sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. Þær skulu lagðar fyrir lögbært yfirvald sem tækniskjöl og innihalda upplýsingarnar og niðurstöður rannsóknanna, sem um getur í II. viðauka A og B og, ef tilgreint, viðeigandi hlutum III. viðauka A og B.

5. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn getur fengið aðgang að.

6. Ef matið á tilskildu skjölunum leiðir í ljós að þörf er á frekari upplýsingum, þ.m.t. gögnum og niðurstöðum frekari prófana, til að meta áhættuna sem stafar af sæfiefninu skal lögbært yfirvald biðja umsækjandann um að leggja fram slíkar upplýsingar. Tímafresturinn, sem gefinn er til að meta tilskildu skjölin, skal ekki hefjast fyrr en þau liggja öll fyrir.

7. Heiti virks efnis skal tilgreint eins og það er skráð í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða, ef heitið er ekki skráð þar, eins og það er tilgreint í Evrópuskrá yfir markaðssett íðefni (EINECS) eða, ef heitið er ekki skráð þar, með almennu heiti þess samkvæmt Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO). Ef það síðastnefnda liggur ekki fyrir skal tilgreina efnið með efnatákni þess samkvæmt reglum Alþjóðasamtaka um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC).

([1]) Stjtíð. EB L 187, 16.7.1988, bls. 14. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/18/EBE (Stjtíð. EB L 104, 29.4.1993, bls. 46).

8. Að jafnaði skulu prófanir gerðar í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Ef aðferðin reynist ekki heppileg eða ef henni hefur ekki verið lýst skal nota aðrar aðferðir sem, sé þess kostur, njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og notkun þeirra skal studd rökum. Þar sem við á skulu prófanir gerðar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni [1]) og tilskipun ráðsins 87/18/EBE frá 18. desember 1986 um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnum [2]).

9. Ef fyrir liggja niðurstöður úr prófunum sem komu fram fyrir samþykkt þessarar tilskipunar þar sem aðrar aðferðir voru notaðar en þær sem mælt er fyrir um í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE skal ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort slík gögn séu fullnægjandi að því er varðar þessa tilskipun og hvort þörf sé á að gera nýjar prófanir í samræmi við V. viðauka þar sem m.a. er haft að leiðarljósi að halda tilraunum á hryggdýrum í lágmarki.

10. Lögbær yfirvöld, sem um getur í skilningi 26. gr., skulu sjá til þess að hver umsókn sé geymd í skjalamöppu. Í möppunni skal vera að minnsta kosti afrit af umsókninni, skrá yfir stjórnsýsluákvarðanir sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur tekið varðandi umsóknina og um tilskildu skjölin, sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr., ásamt samantekt þeirra. Ef þess er óskað skulu aðildarríkin koma skjölunum, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, á framfæri við önnur lögbær yfirvöld og skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Þau skulu láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skilja umsóknina til fulls og, ef þess er óskað, tryggja að umsækjandinn leggi fram afrit af tækniskjölunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

11. Aðildarríkin geta krafist þess að lögð séu fram sýni af efnablöndunni og innihaldsefnum hennar.

12. Aðildarríkin geta krafist þess að leyfisumsóknir séu lagðar fram á þjóðtungum þeirra eða á opinberum tungumálum þeirra eða einu þessara tungumála.

9. gr.

Markaðssetning virkra efna

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að þegar efni er virkt efni til notkunar í sæfiefni megi ekki markaðssetja það til slíkrar notkunar nema:

a) og hafi virka efnið ekki verið á markaðinum fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr. 34. gr, að aðildarríkinu og framkvæmdastjórninni hafi verið send tilskilin skjöl, sem uppfylla kröfur 1. mgr. 11. gr. og að með fylgi yfirlýsing um að ætlunin sé að nota virka efnið í sæfiefni. Þetta gildir ekki um efni sem ætluð eru til notkunar skv. 17. gr.,

b) það sé flokkað, því pakkað og það merkt í samræmi við ákvæði tilskipunar 67/548/EBE.

10. gr.

Skráning virkra efna í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B

1. Í ljósi núverandi þekkingar á sviði vísinda og tækni skal virkt efni skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B, og skal upphafstímabilið lengst vera 10 ár, ef gera má ráð fyrir að

— sæfiefni, sem innihalda virka efnið,

— áhættulítil sæfiefni, sem eru í samræmi við skilgreininguna í b-lið 1. mgr. 2. gr.,

— grunnefni, sem eru í samræmi við skilgreininguna í c-lið 1. mgr. 2. gr.,

uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til, þegar það á við, uppsafnaðra áhrifa sem stafa af notkun sæfiefna sem innihalda sömu virku efnin.

Ekki má skrá virkt efni í I. viðauka A ef það flokkast samkvæmt tilskipun 67/548/EBE sem:

— krabbameinsvaldandi,

— stökkbreytandi,

— æxlunarskaðvaldur,

— næmandi, eða

— efni sem safnast fyrir í líkamanum og brotnar ekki hratt niður.

Þar sem við á skal við skráningu virks efnis í I. viðauka A vísa til þess við hvaða styrkleika má nota efnið.

([1]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 15, 17.1.1987, bls. 29.

2. Skráning virks efnis í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B skal, þar sem við á, vera með fyrirvara um eftirfarandi:

i) kröfur sem varða:

a) lágmarkshreinleika virka efnisins,

b) eðli og hámarksinnihald tiltekinna óhreininda,

c) sæfiefnaflokk sem það má nota í,

d) hvernig og á hvaða sviði það er notað,

e) tilgreiningu á flokkum notenda (t.d. notendur í iðnaði eða þeir sem nota það í atvinnuskyni eða aðrir notendur),

f) önnur sérstök skilyrði sem eru til komin vegna mats á þeim upplýsingum sem lagðar hafa verið fram í tengslum við þessa tilskipun,

ii) ákvörðun um eftirfarandi:

a) viðtekin váhrif á notendur (AOEL) ef nauðsyn krefur,

b) ef við á, viðtekinn dagskammt fyrir menn (ADI) og leyfilegt hámarksmagn leifa (MRL),

c) afdrif og hegðun í umhverfinu og áhrif á lífverur utan markhóps.

3. Skráning virks efnis í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B skal takmarkast við þá sæfiefnaflokka í V. viðauka sem viðeigandi gögnum hefur verið skilað um í samræmi við 8. gr.

4. Skráningu virks efnis í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B má endurnýja einu sinni eða oftar, þó aldrei lengur en til 10 ára í senn. Upphaflegu skráninguna, og allar endurnýjaðar skráningar, má endurnýja hvenær sem er ef vísbendingar eru um að einhverjum krafnanna, sem um getur í 1. mgr., sé ekki lengur fullnægt. Ef nauðsyn krefur skal endurnýjuð skráning aðeins gilda í þann lágmarkstíma sem þarf til að ljúka endurskoðun ef umsókn um slíka endurnýjun hefur verið lögð fram, og hún skal veitt til þess tíma sem þarf til að afla upplýsinga sem krafist er í samræmi við 2. mgr. 11. gr.

5. i) Synja má um skráningu á virku efni í I. viðauka og, eftir því sem við á, í I. viðauka A eða I. viðauka B, eða taka það af skrá ef:

— matið, sem fram fer á virka efninu í samræmi við 2. mgr. 11. gr., leiðir í ljós að sæfiefnið gefur, við eðlilegar aðstæður þar sem það er notað í leyfð sæfiefni, tilefni til áhyggna vegna hættu fyrir heilbrigði og umhverfi, og

— ef annað virkt efni fyrir sama sæfiefnaflokk, sem skráð er í I. viðauka, hefur, í ljósi vísinda- og tækniþekkingar, í för með sér verulega minni áhættu fyrir heilbrigði eða umhverfið.

Þegar slík synjun eða afskráning er íhuguð skal fara fram mat á öðru virku efni eða efnum til að sýna fram á að þau megi nota þannig að þau hafi hliðstæð áhrif á marklífveruna án verulegs óhagræðis að því er varðar kostnað eða framkvæmd fyrir notandann og án aukinnar áhættu fyrir heilbrigði eða umhverfið.

Matinu skal dreift í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 11. gr. til að taka megi um það ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 27. gr. og 3. mgr. 28. gr.

ii) Ef skráningu er neitað eða efni er tekið af skrá í I. viðauka og, eftir því sem við á, í I. viðauka A eða I. viðauka B skal það gert samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

1. efnafræðilegur fjölbreytileiki virku efnanna skal vera nægur til að hægt sé að halda í lágmarki tilvikum þar sem fram kemur þol hjá marklífverunni,

2. það skal eingöngu gilda um virk efni sem hafa í för með sér verulegan mismun að því er varðar áhættu þegar þau eru notuð við eðlilegar aðstæður í leyfðum sæfiefnum,

3. það skal eingöngu gilda um virk efni sem eru notuð í vörum sama sæfiefnaflokks,

4. það getur eingöngu orðið þegar gefinn hefur verið kostur á, ef þörf krefur, að afla reynslu af notkun í reynd, liggi slík reynsla ekki þegar fyrir,

5. öll tilskilin skjöl, sem varða matið og eru notuð eða verða notuð við skráningu í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B, skulu afhent nefndinni sem um getur í 3. mgr. 28. gr.

iii) Ákvörðun um að taka efni af skrá í I. viðauka skal ekki koma til framkvæmda þegar í stað heldur skal hún koma til framkvæmda eftir

tiltekinn tíma, að hámarki fjórum árum eftir dagsetningu þeirrar ákvörðunar.

11. gr.

Málsmeðferð við skráningu virks efnis í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B

1. Skráning á virku efni, eða síðari breyting á henni, í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B verður tekin til athugunar ef:

a) umsækjandi hefur framsent lögbæru yfirvaldi eins aðildarríkjanna:

   i) tilskilin skjöl fyrir virka efnið sem fullnægja kröfum í IV. viðauka A eða kröfum í II. viðauka A og, ef tilgreint er, viðeigandi hlutum í III. viðauka A,

   ii) tilskilin skjöl fyrr a.m.k. eitt sæfiefni, sem inniheldur virka efnið sem fullnægir kröfum í 8. gr, að *undanskildum kröfum í 3. mgr.* hennar,

b) lögbært yfirvald, sem tekur á móti umsókninni, hefur sannprófað tilskildu skjölin og telur þau uppfylla kröfur í IV. viðauka A og IV. viðauka B eða kröfur í II. viðauka A og í II. viðauka B og, þar sem það á við, í III. viðauka A og III. viðauka B, það samþykkir þau og fellst á að umsækjandinn sendi samantekt á skjölunum til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja.

2. Lögbært yfirvald sem tekur á móti umsókninni skal, innan 12 mánaða frá samþykkt tilskildu skjalanna, láta fara fram mat á þeim. Lögbært yfirvald skal senda afrit af matsgögnunum til framkvæmdastjórnarinnar, annarra aðildarríkja og umsækjandans, ásamt tilmælum um að skrá virka efnið í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B.

Ef í ljós kemur við mat skjalanna að frekari upplýsinga er þörf til að hægt sé að meta þau til fulls skal lögbært yfirvald, sem tekur á móti umsókninni, biðja umsækjandann um að leggja fram slíkar upplýsingar. Tólf mánaða fresturinn stöðvast frá þeim degi þegar beiðni lögbærs yfirvalds er lögð fram til þess dags þegar upplýsingarnar eru mótteknar. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um aðgerðir sínar um leið og það tilkynnir þær umsækjandanum.

3. Til að koma í veg fyrir að einungis fá aðildarríki meti tilskildu skjölin geta önnur aðildarríki en það sem tekur á móti umsókninni unnið matið. Beiðni um þetta skal lögð fram við móttöku skjalanna og ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr. Ákvörðunin skal tekin eigi síðar en einum mánuði eftir að framkvæmdastjórninni berst beiðnin.

4. Við móttöku matsins skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 27. gr., tafarlaust semja tillögu sem taka skal ákvörðun um í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr.

Ákvörðunin skal tekin eigi síðar en 12 mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin tekur á móti matinu sem um getur í 2. mgr.

12. gr.

Notkun gagna, sem lögbær yfirvöld hafa undir höndum, í þágu annarra umsækjenda

1. Aðildarríkin skulu ekki nýta upplýsingarnar, sem um getur í 8. gr., í þágu umsækjenda sem leggja síðar fram umsóknir:

a) nema umsækjandi, sem sækir síðar um, hafi frá fyrsta umsækjanda skriflega aðgangsheimild að slíkum upplýsingum, eða

b) þegar um er að ræða virkt efni sem var ekki á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. skulu 15 ár vera liðin frá þeim degi þegar efnið var fyrst skráð í I. viðauka eða I. viðauka A, eða

c) þegar um er að ræða virkt efni sem er þegar á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr.:

   i) um 10 ára tímabil frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. að því er varðar hvers kyns upplýsingar sem lagðar eru fram og varða þessa tilskipun nema þegar slíkar upplýsingar njóta þegar verndar samkvæmt gildandi, innlendum reglum í tengslum við sæfiefni. Í slíkum tilvikum skulu upplýsingarnar njóta verndar áfram í viðkomandi aðildarríki þar til öll gagnaverndartímabil, sem kveðið er á um í innlendum reglum, eru útrunnin, þó að hámarki í 10 ár frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr.,

   ii) um 10 ára tímabil frá skráningardegi virks efnis í I. viðauka eða I. viðauka A að því er varðar upplýsingar sem lagðar eru fram til stuðnings við fyrstu skráningu virka efnisins eða skráningu þessa virka efnis í nýjum sæfiefnaflokki í I. viðauka eða I. viðauka A,

d) þegar um er að ræða frekari upplýsingar sem lagðar eru fram í fyrsta skipti og varða:

   i) breytingu á kröfunum um skráningu í I. viðauka eða I. viðauka A,

   ii) viðhald skráningar í I. viðauka eða I. viðauka A,

   um fimm ára tímabil frá ákvörðunardegi eftir móttöku frekari upplýsinga nema fimm ára tímabilið renni út fyrr en tímabilið, sem kveðið er á um í b- og c-lið 1. mgr., en í slíkum tilvikum skal framlengja fimm ára tímabilið þannig að það renni út á sama degi og þessi tímabil.

2. Aðildarríkin skulu ekki nýta upplýsingarnar sem um getur í 8. gr. í þágu umsækjenda sem leggja síðar fram umsóknir:

a) nema umsækjandi, sem sækir síðar um, hafi frá fyrsta umsækjanda skriflega aðgangsheimild að slíkum upplýsingum, eða

b) þegar um er að ræða sæfiefni sem inniheldur virkt efni sem var ekki á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. skulu 10 ár vera liðin frá þeim degi þegar efnið var fyrst leyft í einhverju aðildarríkjanna, eða

c) þegar um er að ræða sæfiefni sem inniheldur virkt efni sem er þegar á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr.:

   i) um 10 ára tímabil frá þeim degi, sem um getur í 1. mgr. 34. gr., að því er varðar allar upplýsingar sem lagðar eru fram í tengslum við þessa tilskipun nema í þeim tilvikum er gögn njóta þegar verndar samkvæmt gildandi, innlendum reglum sem varða sæfiefni, en í því tilfelli skulu slík gögn njóta verndar áfram í viðkomandi aðildarríki þar til öll gagnaverndartímabil, sem kveðið er á um í þessum innlendu reglum, eru útrunnin, þó að hámarki í 10 ár frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr.;

   ii) um 10 ára tímabil frá skráningardegi virks efnis í I. viðauka eða I. viðauka A að því er varðar upplýsingar sem lagðar eru fram til stuðnings við fyrstu skráningu virka efnisins eða skráningu þessa virka efnis í nýjum sæfiefnaflokki í I. viðauka eða I. viðauka A,

d) þegar um er að ræða hvers kyns upplýsingar sem lagðar eru fram í fyrsta skipti og varða:

   i) breytingu á skilyrðum leyfis fyrir sæfiefni,

   ii) framlagningu gagna sem nauðsynleg eru til að viðhalda skráningu virks efnis í I. viðauka eða I. viðauka A,

   um fimm ára tímabil frá þeim degi sem fyrst er tekið á móti frekari upplýsingum nema fimm ára tímabilið renni út fyrr en tímabilið, sem kveðið er á um í b- og c-lið, en í slíkum tilvikum skal framlengja fimm ára tímabilið þannig að það renni út á sama degi og þessi tímabil.

3. Að því er varðar ákvarðanir, sem taka skal í samræmi við 5. mgr. 10. gr., geta framkvæmdastjórnin, vísindanefndirnar, sem um getur í 27. gr., og aðildarríkin notað upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr.

13. gr.

Samstarf um nýtingu gagna vegna síðari umsókna um leyfi

1. Þegar um er að ræða sæfiefni, sem þegar hefur verið leyft í samræmi við 3. og 5. gr. og með fyrirvara um skuldbindingar sem gengist er undir skv. 12. gr., getur lögbært yfirvald samþykkt að síðari umsækjandi um leyfi megi vísa til gagna sem fyrsti umsækjanda lagði fram, svo fremi síðari umsækjandi geti lagt fram gögn um að sæfiefnið sé áþekkt því sem þegar hefur verið leyft og að virk efni þess séu þau sömu, þ.m.t. að því er varðar hreinleika og eðli óhreininda.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 8. gr.:

a) skal sá sem sækir um leyfi fyrir sæfiefni, áður en hann gerir tilraunir á hryggdýrum, spyrjast fyrir um hjá lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem hann hyggst leggja fram umsókn:

   — hvort sæfiefnið, sem sótt er um leyfi fyrir, sé áþekkt sæfiefni sem hefur þegar verið leyft, og

   — um nafn og heimilisfang handhafa leyfis eða leyfa.

   Fyrirspurninni skal fylgja skjal þar sem sýnt er fram á að verðandi umsækjandi hyggist sækja um leyfi á eigin vegum og að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 8. gr., liggi fyrir,

b) skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, ef það er þess fullvisst að umsækjandinn hyggist sækja um, leggja fram nafn og heimilisfang handhafa fyrra leyfis eða fyrri leyfa og samtímis tilkynna leyfishöfum um nafn og heimilisfang umsækjandans.

Handhafi eða handhafar fyrri leyfa og umsækjandinn skulu kosta kapps um að ná samkomulagi um sameiginleg afnot af upplýsingum til að koma, sé þess nokkur kostur, í veg fyrir að endurtaka þurfi tilraunir á hryggdýrum.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hvetja þá sem eiga gögn í fórum sínum að hafa samvinnu um öflun tilskilinna gagna í því skyni að koma eftir mætti í veg fyrir að endurtaka þurfi tilraunir á hryggdýrum.

Ef umsækjandi og fyrri leyfishafar fyrir sömu vöru geta samt sem áður ekki komið sér saman um sameiginleg afnot af gögnum geta aðildarríkin innleitt eigin ráðstafanir sem skylda umsækjandann og fyrri leyfishafa, sem eru á yfirráðasvæði þeirra, til að hafa sameiginleg afnot af gögnunum í því skyni að komast hjá endurteknum tilraunum á hryggdýrum, og að ákveða bæði málsmeðferð fyrir notkun upplýsinga og að jafnt sé gætt allra hagsmuna hlutaðeigandi.

14. gr.

Nýjar upplýsingar

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að handhafi leyfis fyrir sæfiefni skuli án tafar greina lögbæru yfirvaldi frá öllum upplýsingum, sem hann hefur vitneskju um eða sem ætla má að hann hafi vitneskju um varðandi virkt efni eða sæfiefni sem innheldur það, sem gætu haft áhrif á áframhaldandi leyfi. Einkum og sér í lagi skal greina frá eftirfarandi:

— nýrri þekkingu eða upplýsingum um áhrif virka efnisins eða sæfiefnisins fyrir menn eða umhverfið,

— breytingum á uppruna eða samsetningu virka efnisins,

— breytingum á samsetningu sæfiefnis,

— myndun þols,

— breytingum að því er varðar stjórnun eða aðra þætti, s.s. gerð umbúða.

2. Aðildarríkin skulu án tafar tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um allar slíkar upplýsingar sem þeim berast varðandi hugsanleg, skaðleg áhrif á menn eða umhverfið eða um nýja samsetningu sæfiefnis, virk efni þess, óhreinindi, hjálparefni eða leifar.

15. gr.

Undanþágur frá kröfunum

1. Þrátt fyrir 3. og 5. gr. má aðildarríki heimila tímabundið, í allt að 120 daga, markaðssetningu sæfiefna sem uppfylla ekki ákvæði þessarar tilskipunar til takmarkaðrar notkunar og undir eftirliti ef slík ráðstöfun virðist nauðsynleg vegna óvenjulegrar hættu sem ekki er unnt að halda í skefjum á annan hátt. Ef svo er skal viðkomandi aðildarríki þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um aðgerðir sínar og um rökstuðning fyrir þeim. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu og ákveðið skal án tafar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., hvort, og þá með hvaða skilyrðum, framlengja megi, endurtaka eða afturkalla þær aðgerðir sem aðildarríkin hafa gripið til um tíma sem verður tiltekinn nánar.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 5. gr. og þar til virkt efni er skráð í I. viðauka eða I. viðauka A má aðildarríki heimila til bráðabirgða, í allt að þrjú ár, markaðssetningu sæfiefnis sem inniheldur virkt efni sem ekki er skráð í I. viðauka eða I. viðauka A og sem ekki er enn fáanlegt á markaðnum á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. til annarrar notkunar en þeirrar sem skilgreind er í c- og d-lið 2. mgr. 2. gr. Slíkt leyfi má einungis veita ef aðildarríki telur, að loknu mati á tilskildum skjölum í samræmi við 11. gr.:

— að virka efnið uppfylli kröfurnar í 10. gr. og,

— að ætla megi að sæfiefnið uppfylli kröfurnar í b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr.,

og ef ekkert annað aðildarríki leggur fram, á grundvelli samantektar sem það fær, lögmæt andmæli, í samræmi við 2. mgr. 18. gr., þess efnis að eitthvað skorti á heilleika skjalanna. Ef andmæli eru borin fram skal tafarlaust taka ákvörðun um heilleika skjalanna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

Ef ákveðið er í kjölfar málsmeðferðarinnar, sem mælt er fyrir um í 27. gr. og 2. mgr. 28. gr., að virka efnið fullnægi ekki kröfunum sem tilgreindar eru í 10. gr. skal aðildarríkið sjá til þess að bráðabirgðaleyfið sé afturkallað.

Í þeim tilvikum þegar mati á tilskildum skjölum vegna skráningar virks efnis í I. viðauka eða I. viðauka A er ekki lokið þegar þriggja ára tímabilið rennur út má lögbært yfirvald veita annað tímabundið leyfi, að hámarki í eitt ár, að því tilskildu að ástæða sé til að ætla að virka efnið muni fullnægja kröfunum í 10. gr. Aðildarríkin skulu tilkynna öðrum

aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um slíkar aðgerðir.

16. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

1. Þrátt fyrir 3. gr. (1. mgr.), 5. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (2. og 4. mgr.) og með fyrirvara um 2. og 3. mgr. má aðildarríki halda áfram að nota, í allt að 10 ár frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr., núverandi kerfi sitt eða starfsvenjur við markaðssetningu sæfiefna. Einkum má það, samkvæmt innlendum reglum, leyfa markaðssetningu á sínu yfirráðasvæði á sæfiefni sem inniheldur virk efni sem ekki eru skráð í I. viðauka eða I. viðauka A fyrir þann sæfiefnaflokk. Slík virk efni verða að vera á markaðnum á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. sem virk efni í sæfiefni, ætlað til annarra nota en þeirra sem skilgreind eru í c- og d-lið 2. mgr. 2. gr.

2. Í kjölfar samþykktar þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin hefja 10 ára vinnuáætlun um kerfisbundna athugun á öllum virkum efnum sem eru á markaði á þeim degi, sem um getur í 1. mgr. 34. gr., sem virk efni í sæfiefni, ætlað til annarra nota en þeirra sem skilgreind eru í c- og d-lið 2. mgr. 2. gr. Í reglugerð, sem samþykkt er samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr., er kveðið á um öll ákvæði sem nauðsynleg eru til að setja á stofn og framkvæma vinnuáætlunina, þ.m.t. ákvörðun um forgang að því er varðar mat á hinum ýmsu virku efnum og um tímaáætlun. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en tveimur árum fyrir lok vinnuáætlunarinnar, senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þær framfarir sem orðið hafa fyrir tilstilli áætlunarinnar.

Á þessu 10 ára tímabili og frá þeim degi, sem um getur í 1. mgr. 34. gr., er hægt að ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr. að virkt efni skuli skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B og með hvaða skilyrðum eða, í tilvikum þar sem kröfum 10. gr. er ekki fullnægt eða nauðsynlegar upplýsingar og gögn hafa ekki verið lögð fram innan tilskilins tíma, að slíkt virkt efni skuli ekki skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B.

3. Í kjölfar ákvörðunar um hvort virkt efni skuli skráð í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B skulu aðildarríkin tryggja að gengið sé frá leyfisveitingum eða, þar sem það á við, skráningum fyrir sæfiefni, sem innihalda virku efnin og eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, þeim sé breytt eða þær afturkallaðar eftir því sem við á.

4. Ef sú niðurstaða fæst, að lokinni endurskoðun virks efnis, að efnið fullnægi ekki kröfunum í 10. gr. og þar af leiðandi sé ekki hægt að skrá það í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B, skal framkvæmdastjórnin setja fram tillögur um takmörkun á markaðssetningu og notkun efnisins í samræmi við tilskipun 76/769/EBE.

5. Ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ([1]) skulu gilda áfram á aðlögunartímabilinu sem um getur í 2. mgr.

17. gr.

Rannsóknir og þróun

1. Þrátt fyrir 3. gr. skulu aðildarríkin mæla fyrir um að hvers kyns tilraunir og prófanir í þágu rannsókna eða þróunar sem varða markaðssetningu sæfiefnis, sem ekki hefur verið leyft, eða virks efnis, sem eingöngu er ætlað til nota í sæfiefni, skuli ekki gerðar nema:

a) í tengslum við vísindalegar rannsóknir og þróun og að viðkomandi einstaklingar semji og viðhaldi skriflegum skrám með nákvæmri tilgreiningu á sæfiefninu eða virka efninu, upplýsingum um merkingu, afgreitt magn og nöfn og heimilisföng þeirra einstaklinga sem taka á móti sæfiefninu eða virka efninu og taka saman tilskilin skjöl sem innihalda öll fyrirliggjandi gögn um hugsanleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið. Þessum upplýsingum skal, sé þess óskað, komið á framfæri við lögbært yfirvald,

b) í tengslum við ferlamiðaðar rannsóknir og þróun og að upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt a-lið, séu birtar lögbæru yfirvaldi þar sem markaðssetning fer fram, og þá áður en af því verður, og lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem framkvæma á tilraunina eða prófunina.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að sæfiefni, sem ekki hefur verið leyft, eða virkt efni, sem einungis er ætlað til nota í sæfiefni, skuli ekki markaðssett með tilraunir eða prófanir í huga sem gætu falið í sér, eða orðið til þess, að efnin séu losuð út í umhverfið, nema lögbært yfirvald hafi metið fyrirliggjandi gögn og gefið út leyfi fyrir slíkri notkun sem

([1]) Stjtíð. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/10/EB (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 30).

takmarkar það magn sem nota skal og þau svæði sem meðhöndla skal, ásamt frekari skilyrðum ef þurfa þykir.

3. Ef tilraunir eða prófanir eru framkvæmdar í öðru aðildarríki en því þar sem markaðssetning fer fram skal umsækjandinn afla tilskilinna leyfa vegna tilraunanna eða prófananna hjá lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem tilraunirnar eða prófanirnar eiga að fara fram.

Ef líklegt er að fyrirhugaðar tilraunir og prófanir, sem um getur í 1. og 2. mgr., hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða óviðunandi, skaðleg áhrif á umhverfið má viðkomandi aðildarríki annaðhvort banna þær eða leyfa með skilyrðum sem það telur nauðsynlegt að setja til að koma í veg fyrir slíkar afleiðingar.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef aðildarríkið hefur veitt viðkomandi einstaklingi leyfi til að gera tilteknar tilraunir og prófanir og sett honum skilyrði um framkvæmd þeirra.

5. Almenn skilyrði um beitingu þessarar greinar, einkum að því er varðar hámarksmagn virkra efna eða sæfiefna, sem heimilt er að losa við tilraunir, og lágmarksgögnin, sem leggja á fram í samræmi við 2. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

18. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni, innan eins mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs, um sæfiefni sem hafa verið leyfð eða skráð á yfirráðasvæði þeirra eða ef synjað hefur verið um leyfi eða skráningu eða leyfi eða skráningu hefur verið breytt eða þau endurnýjuð eða afturkölluð, þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar eru tilgreindar:

a) nafn eða firmanafn umsækjanda um leyfi eða skráningu eða handhafa leyfis eða þess sem er skrifaður fyrir skráningunni,

b) viðskiptaheiti sæfiefnisins,

c) heiti og magn hvers virks efnis sem er í sæfiefninu, svo og heiti og magn hvers efnis, sem telst hættulegt í skilningi 2. mgr. 2. gr. í tilskipun 67/548/EBE, og flokkun þessara efna,

d) sæfiefnaflokkurinn og til hvaða notkunar hann er leyfður,

e) gerð samsetningar,

f) allar fram komnar tillögur um viðmiðunargildi fyrir leifar,

g) skilyrði sem varða leyfisveitingar og, þar sem það á við, ástæður fyrir breytingu eða afturköllun á leyfi,

h) upplýsingar um hvort varan er sérstakrar gerðar (t.d. hluti rammasamsetningar eða áhættulítið sæfiefni).

2. Ef aðildarríki fær samantekt á tilskildu skjölunum, í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 15. gr., og hefur gilda ástæðu til að telja að skjölin séu ófullnægjandi skal það tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi sem ber ábyrgð á mati skjalanna um áhyggjur sínar og skal án ótilhlýðilegra tafa gera framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum viðvart um þær.

3. Aðildarríkin skulu árlega semja skrá yfir sæfiefni sem eru leyfð eða skráð á yfirráðasvæði þeirra og senda hana til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., skal koma á stöðluðu upplýsingakerfi til að auðvelda beitingu 1. og 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum hvernig tekist hefur til með einfölduðu málsmeðferðina (rammasamsetningar, áhættulítil sæfiefni og grunnefni) sjö árum eftir þann dag sem nefndur er í 1. mgr. 34. gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir ráðið, ásamt tillögum ef nauðsyn krefur.

19. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([1]) er umsækjanda heimilt að greina lögbæra yfirvaldinu frá upplýsingum sem hann telur vera viðkvæmar í viðskiptalegu tilliti og gætu skaðað hann í iðnaðar- og viðskiptalegu tilliti ef þær væru birtar og getur hann óskað eftir að þeim verði haldið leyndum fyrir öllum öðrum en lögbærum yfirvöldum og framkvæmdastjórninni. Í öllum slíkum tilvikum verður að leggja fram fullnægjandi rök. Með fyrirvara um upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr., og ákvæði tilskipana 67/548/EBE og 88/379/EBE skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráð-

([1]) Stjtíð. EB L 158, 6.10.1990, bls. 40.

stafanir til að tryggja að þagnarskyldu sé gætt að því er varðar nákvæma samsetningu efnablandna fari umsækjandi fram á það.

2. Lögbært yfirvald, sem tekur á móti umsókninni, skal ákveða, á grundvelli skriflegra gagna sem umsækjandinn leggur fram, hvaða upplýsingar skuli vera háðar þagnarskyldu skv. 1. mgr.

Upplýsingar, sem lögbært yfirvald tók á móti og hefur samþykkt að binda þagnarskyldu, skulu einnig njóta þagnarskyldu hjá öðrum lögbærum yfirvöldum, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

3. Eftir að leyfi hefur verið veitt skal þagnarskylda ekki í neinum tilvikum gilda um:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda,

b) nafn og heimilisfang framleiðanda sæfiefnisins,

c) nafn og heimilisfang framleiðanda virka efnisins,

d) heiti og innihald virka efnisins eða virku efnanna í sæfiefninu og heiti sæfiefnisins,

e) heiti annarra efna sem teljast hættuleg í skilningi tilskipunar 67/548/EBE og hafa áhrif á flokkun vörunnar,

f) eðlis- og efnafræðileg gögn um virka efnið og sæfiefnið,

g) hvers kyns aðferðir til að gera virka efnið eða sæfiefnið skaðlaust,

h) samantekt á niðurstöðum prófananna, sem krafist er skv. 8. gr., til að ganga úr skugga um verkun efnisins eða vörunnar og áhrif á menn, dýr og umhverfið og, þar sem það á við, upplýsingar um hvort efnið eða varan geta kallað fram þol,

i) aðferðir sem mælt er með og varúðarráðstafanir til að draga úr hættu við meðhöndlun, geymslu, flutning, notkun, eldsvoða eða annað sem skapar hættu,

j) öryggisleiðbeiningar,

k) greiningaraðferðir sem um getur í c-lið 1. mgr. 5. gr.,

l) aðferðir við förgun vörunnar og umbúða hennar,

m) verklagsreglur, sem fylgja ber, og ráðstafanir, sem grípa skal til, ef efnið hellist niður eða lekur út,

n) skyndihjálp og læknisumönnun ef menn verða fyrir áverka.

Ef umsækjandi eða framleiðandi eða innflytjandi sæfiefnisins eða virka efnisins birtir seinna upplýsingar sem áður voru trúnaðarmál skal tilkynna það lögbæru yfirvaldi.

4. Ítarleg ákvæði og fyrirkomulag við að gera upplýsingarnar aðgengilegar öllum og um framkvæmd þessarar greinar skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem fram kemur í 2. mgr. 28. gr.

20. gr.

Flokkun, pökkun og merking sæfiefna

1. Sæfiefni skulu flokkuð í samræmi við ákvæðin um flokkun í tilskipun 88/379/EBE.

2. Sæfiefnum skal pakkað í samræmi við ákvæði 6. gr. í tilskipun 88/379/EBE. Auk þess:

a) skal pakka vörum, sem fyrir misskilning gætu verið taldar mat- eða drykkjarvörur eða fóður, á þann hátt að líkurnar á slíkum misskilningi verði sem minnstar,

b) vörur, sem standa almenningi til boða og sem fyrir misskilning gætu verið taldar mat- eða drykkjarvörur eða fóður, skulu innihalda efnisþætti sem fæla fólk frá að neyta þeirra.

3. Sæfiefni skulu merkt í samræmi við ákvæðin um merkingu í tilskipun 88/379/EBE. Merkimiðar skulu ekki vera villandi eða gefa ýkta mynd af vörunni og ekki í neinum tilvikum skulu upplýsingarnar „áhættulítið sæfiefni", „ekki eitrað", „skaðlaust" eða svipaðar upplýsingar koma fram á merkimiðanum. Auk þessa skal eftirfarandi koma fram með greinilegu og óafmáanlegu letri:

a) auðkenni hvers virks efnis og styrkur þess í einingum metrakerfisins,

b) leyfisnúmer sem lögbært yfirvald úthlutar fyrir sæfiefnið,

c) gerð efnablöndunnar (t.d. fljótandi þykkni, kyrni, duft eða fast efni),

d) leyft notkunarsvið sæfiefnisins (t.d. sem viðarvörn, til sótthreinsunar, sæfiefni til yfirborðsnotkunar eða til gróðurhindrandi notkunar),

e) notkunarleiðbeiningar og skammtastærð, gefin upp í einingum metrakerfisins fyrir alla notkun sem kveðið er á um samkvæmt skilmálum leyfisins,

f) upplýsingar um líklegar, beinar eða óbeinar aukaverkanir og leiðbeiningar um skyndihjálp,

g) setningin „Lesið meðfylgjandi leiðbeiningar fyrir notkun" ef fylgiseðill er hjálagður,

h) leiðbeiningar um örugga förgun sæfiefnisins og umbúða þess og, ef við á, bann við endurnotkun umbúða,

i) númer eða táknun framleiðslulotu efnablöndunnar og fyrningardagsetning við venjuleg geymsluskilyrði,

j) sá tími sem nauðsynlegur er til að áhrif sæfiefnisins komi fram, tíminn sem skal líða milli þess að sæfiefnið er notað eða milli notkunar þess og næstu notkunar vörunnar sem meðhöndluð er með því eða næsta sinn sem menn eða dýr fá aðgang að svæði þar sem sæfiefnið hefur verið notað, þ.m.t. upplýsingar um aðferðir og ráðstafanir sem varða afmengun og hversu lengi nauðsynlegt er að loftræsta svæði sem hafa verið meðhöndluð. Upplýsingar um fullnægjandi hreinsun búnaðar. Upplýsingar um varúðarráðstafanir við notkun, geymslu og flutning (t.d. um hlífðarfatnað og -búnað, brunavarnaráðstafanir, yfirbreiðslu húsgagna, fjarlægingu matar og fóðurs og leiðbeiningar um hvernig varna skuli því að dýr verði fyrir váhrifum),

og þar sem við á:

k) flokkar notenda sem sæfiefnið takmarkast við,

l) upplýsingar um sérstaka umhverfishættu, einkum sem varðar vernd lífvera utan markhóps og varnir gegn mengun vatns,

m) að því er örverufræðileg sæfiefni varðar skulu kröfur um merkingar vera samkvæmt tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda (sýkla) á vinnustöðum ([1]).

Aðildarríkin skulu krefjast þess að á merkimiða vörunnar komi ávallt fram upplýsingarnar í a-, b-, og d-lið 3. mgr. og, þegar það á við, einnig í g- og k-lið sömu málsgreinar.

Aðildarríkin skulu heimila að upplýsingarnar í c-, e-, f-, h-, i-, j-, og l-lið 3. mgr. komi fram annars staðar á umbúðunum eða á fylgiseðli sem skal vera óaðskiljanlegur hluti umbúðanna. Í þessari tilskipun skulu þessar upplýsingar teljast upplýsingar á merkimiða.

4. Að því er varðar sæfiefni sem teljast skordýraeitur, mítlasæfir, nagdýraeitur, fuglasæfir eða lindýraeitur og leyfð eru samkvæmt þessari tilskipun og ef flokkun, pökkun og merking þeirra er, með skírskotun til annarra ákvæða bandalagsins, háð tilskipun ráðsins 78/631/EBE frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni (varnarefni) ([2]) skulu aðildarríkin heimila breytingar á umbúðum og merkingu vörunnar sem nauðsynlegar eru vegna þessara ákvæða svo fremi þær stangist ekki á við skilyrði leyfis sem veitt er samkvæmt þessari tilskipun.

5. Aðildarríkin geta krafist þess að lögð verði fram sýnishorn, fyrirmyndir eða drög að umbúðum, merkimiðum og fylgiseðlum.

6. Aðildarríki skulu markaðssetja sæfiefni á sínu yfirráðasvæði með fyrirvara um að við merkinguna sé notuð þjóðtunga eða þjóðtungur þeirra.

21. gr.

Öryggisleiðbeiningar

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að komið verði á fót sérstöku upplýsingakerfi til að gera sérfræðingum og notendum í atvinnulífinu og, eftir atvikum, öðrum notendum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda umhverfi og heilbrigði, svo og varðandi heilbrigði og hollustuhætti á vinnustöðum. Þetta skal gert með öryggisleiðbeiningum sem þeim ber að leggja fram sem bera ábyrgð á markaðsetningu vörunnar.

Öryggisleiðbeiningarnar skulu samdar:

— fyrir sæfiefni sem eru flokkuð sem hættuleg og í samræmi við ákvæði 10. gr. í tilskipun 88/379/EBE,

— fyrir virk efni sem eru eingöngu notuð í sæfiefni í samræmi við kröfurnar í 27. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

22. gr.

Auglýsingar

1. Aðildarríkin skulu gera þær kröfur að í öllum auglýsingum um sæfiefni komi fram textinn: „Sýnið aðgát við notkun sæfiefna. Lesið ávallt upplýsingar á merkimiða og vöruupplýsingar áður en efnið er notað".

([1]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/30/EB (Stjtíð. EB L 155, 6.7.1995, bls. 5).

([2]) Stjtíð. EB L 206, 29.7.1978, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/32/EBE (Stjtíð. EB L 154, 5.6.1992, bls. 1).

Þessar setningar skulu greina sig vel frá öðrum hlutum auglýsingarinnar.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að auglýsendum sé heimilt, í þessum staðlaða texta, að skipta orðinu „sæfiefni“ út fyrir nákvæmari lýsingu á sæfiefnaflokknum sem verið er að auglýsa, t.d. viðarvarnarefni, sótthreinsiefni, yfirborðssæfiefni og gróðurhindrandi efni.

2. Aðildarríkin skulu gera þær kröfur að auglýsingar um sæfiefni fjalli ekki um vöruna á neinn þann hátt sem gæti verið villandi að því er varðar áhættu vörunnar fyrir menn eða umhverfið.

Ekki er undir neinum kringumstæðum heimilt að nefna í auglýsingum um sæfiefni „áhættulítið sæfiefni“, „ekki eitrað“, „skaðlaust“ eða aðrar áþekkar staðhæfingar.

23. gr.

Eiturefnaeftirlit

Aðildarríkin skulu tilnefna einn eða fleiri aðila sem bera ábyrgð á að taka við upplýsingum um markaðssett sæfiefni, þ.m.t. um efnasamsetningu þeirra, og auk þess skulu þeir sjá til þess að slíkar upplýsingar séu tiltækar í tilvikum þar sem grunur leikur á að sæfiefni hafi valdið eitrun. Þessar upplýsingar má aðeins nota í því skyni að uppfylla læknisfræðilegar kröfur um ráðstafanir til forvarna og lækninga, einkum í neyðartilvikum. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar verði ekki notaðar í öðrum tilgangi.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipaðir aðilar sjái um að tryggt sé að þagnarskylda sé virt við meðferð upplýsinga sem tekið er við. Aðildarríkin skulu tryggja að tilnefndir aðilar hafi aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum frá framleiðendum eða þeim sem bera ábyrgð á markaðssetningu til að framkvæma þau verkefni sem þeim eru falin.

Að því er varðar þau sæfiefni sem eru þegar á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari grein innan þriggja ára frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr.

24. gr.

Samræmi við kröfur

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að hafa eftirlit með því hvort markaðssett sæfiefni uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun.

Þriðja hvert ár eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 34. gr. og fyrir 30. nóvember á þriðja árinu skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um aðgerðir sínar á þessu sviði ásamt upplýsingum um öll tilvik af völdum eitrunar vegna sæfiefna. Framkvæmdastjórnin skal semja og birta samsetta skýrslu innan árs frá móttöku þessara upplýsinga.

25. gr.

Gjöld

Aðildarríkin skulu koma á fót kerfi sem skyldar þá sem markaðssetja eða óska eftir að markaðssetja sæfiefni og þá sem sækjast eftir skráningu virkra efna í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B til að greiða gjöld sem, að svo miklu leyti sem unnt er, samsvara þeim kostnaði sem fylgir framkvæmd hvers konar málsmeðferðar sem tengist ákvæðum þessarar tilskipunar.

26. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á að þær skyldur, sem þessi tilskipun leggur á aðildarríkin, séu uppfylltar.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni um það lögbæra yfirvald eða þau lögbæru yfirvöld sem þau hafa tilnefnt.

27. gr.

Málsmeðferð innan framkvæmdastjórnarinnar

1. Þegar framkvæmdastjórnin fær frá aðildarríki:

a) mat og tilmæli varðandi virkt efni í samræmi við 2. mgr. 11. gr. og/eða mat skv. 5. mgr. 10. gr., eða

b) tillögu um að synja um leyfi eða skráningu ásamt rökstuðningi í samræmi við 4. mgr. 4. gr.,

skal hún veita öðrum aðildarríkjum og umsækjandanum 90 daga frest til að skila inn skriflegum athugasemdum.

2. Að loknum frestinum til að skila inn athugasemdum skal framkvæmdastjórnin á grundvelli:

— skjalanna sem hún fær frá því aðildarríki sem metur tilskildu skjölin, og

— ráðlegginga vísindalegra ráðgjafarnefnda,

— athugasemda, sem hún fær frá öðrum aðildarríkjum og umsækjandanum, og

— allra annarra upplýsinga sem skipta máli,

semja drög að ákvörðun í samræmi við viðeigandi málsmeðferðir sem mælt er fyrir um í 2. eða 3. mgr. 28. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal biðja umsækjandann og/eða viðurkenndan fulltrúa hans að leggja fram athugasemdir nema líkur séu á því að ákvörðunin verði jákvæð.

28. gr.

Nefndir og málsmeðferðir

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um sæfiefni (fastanefndarinnar). Framkvæmdastjórnin skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og lúta formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Fastanefndin setur sér eigin starfsreglur.

2. Að því er varðar málefni sem vísað er til fastanefndarinnar skv. 4. gr., 11. gr. (3. mgr.), 15., 17., 18. og 19. gr., 27. gr. (b-lið 1. mgr.), 29. og 33. gr. ásamt nánari útfærslu sérstakra gagna fyrir hvern sæfiefnaflokk sem um getur í V. viðauka og sem fengin eru úr III. viðauka A og III. viðauka B og, eftir því sem við á, úr IV. viðauka A og IV. viðauka B, leggur fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum fyrir þann frest sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans, þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um þær án tafar. Ef svo ber undir:

getur framkvæmdastjórnin frestað því að ráðstafanirnar, sem hún hefur ákveðið að grípa til, komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að ráðinu var greint frá þeim.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreininni hér að framan.

3. Að því er varðar málefni sem vísað er til fastanefndarinnar með skírskotun til 10. gr., 11. gr. (4. mgr.), 16. gr., 27. gr. (a-lið 1. mgr. og 2. mgr.) og 32. gr. skal fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggja fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum fyrir þann frest sem formanninum er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans, þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki áliti, ber framkvæmdastjórninni að leggja tillögu án tafar fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

29. gr.

Aðlögun að tækniframförum

Þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að laga II. viðauka A, II. viðauka B, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka A og IV. viðauka B og lýsingarnar á sæfiefnaflokkunum í V. viðauka að tæknilegum framförum og þær breytingar sem eru nauðsynlegar til að tilgreina upplýsingarnar, sem krafist er fyrir sérhvern þessara flokka, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

30. gr.

Breyting eða aðlögun á V. og VI. viðauka

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu ráðið og Evrópuþingið, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, breyta heitum sæfiefnaflokkanna í V. viðauka og ákvæðum VI. viðauka eða laga þau að tækniframförum.

31. gr.

Einkaréttar- og refsiábyrgð

Leyfisveitingar og aðrar ráðstafanir í samræmi við þessa tilskipun skulu vera með fyrirvara um almenna ábyrgð að einkarétti og refsirétti í aðildarríkjum framleiðandans og, þar sem það á við, þess einstaklings sem ber ábyrgð á markaðssetningu eða notkun vörunnar.

32. gr.

Verndarskilmáli

Ef aðildarríki hefur gildar ástæður til að ætla að sæfiefni, sem það hefur leyft, skráð eða verður að leyfa eða skrá skv. 3. eða 4. gr., hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið er því heimilt að takmarka eða banna til bráðabirgða notkun eða sölu efnisins á yfirráðasvæði sínu. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um slíkar aðgerðir og tilgreina ástæður fyrir ákvörðuninni. Taka skal ákvörðun í málinu innan 90 daga í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 28. gr.

33. gr.

Tæknilegar leiðbeiningar

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., semja tæknilegar leiðbeiningar til að auðvelda daglega framkvæmd þessarar tilskipunar.

Birta skal þessar tæknilegu leiðbeiningar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna.*

34. gr.

Framkvæmd tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24 mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni textann með ákvæðunum úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

35. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

36. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J.M. GIL-ROBLES	J. CUNNINGHAM
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VIRK EFNI SEM NOTA MÁ Í SÆFIEFNI, SVO OG KRÖFUR SEM SAMÞYKKTAR HAFA VERIÐ Á VETTVANGI BANDALAGSINS

I. VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR VIRK EFNI SEM NOTA MÁ Í ÁHÆTTULÍTIL SÆFIEFNI, SVO OG KRÖFUR SEM SAMÞYKKTAR HAFA VERIÐ Á VETTVANGI BANDALAGSINS

I. VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR GRUNNEFNI, SVO OG KRÖFUR SEM SAMÞYKKTAR HAFA VERIÐ Á VETTVANGI BANDALAGSINS

II. VIÐAUKI A

SAMEIGINLEGT KJARNAGAGNASAFN YFIR VIRK EFNI

ÍÐEFNI

1. Tilskilin skjöl um virk efni skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera *í samræmi við þróunina á tæknisviði.*
2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

Kröfur um tilskilin skjöl

I. Umsækjandi

II. Auðkenni virka efnisins

III. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar virka efnisins

IV. Aðferðir notaðar við greiningu og sanngreiningu

V. Virkni gegn marklífverum og fyrirhuguð notkun

VI. Eiturefnafræðilegir eiginleikar að því er varðar menn og dýr, þ.m.t. efnaskipti

VII. Visteiturefnafræðilegir eiginleikar, þ.m.t. afdrif og hegðun í umhverfinu

VIII. Ráðstafanir til að vernda menn, dýr og umhverfið

IX. Flokkun og merking

X. Samantekt og mat á II. til IX. lið

Eftirfarandi gögn skulu lögð fram til stuðnings liðunum hér að framan:

I. UMSÆKJANDI

1.1. Nafn, heimilisfang o.s.frv.

1.2. Framleiðandi virka efnisins (nafn, heimilisfang, staðsetning verksmiðju)

II. AUÐKENNI

2.1. Almennt heiti sem Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) hafa lagt til eða samþykkt, svo og samheiti

2.2. Efnaheiti (IUPAC-nafnakerfið)

2.3. Þróunarkenninúmer framleiðanda

2.4. CAS-númer og EB-númer (ef þau liggja fyrir)

2.5. Sameindar- og byggingarformúla (þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um öll myndbrigði), mólmassi

2.6. Framleiðsluaðferð (stutt lýsing á efnasmíðaferlum) virka efnisins

2.7. Hreinleiki virka efnisins í g/kg eða g/l, eftir því sem við á

2.8. Auðkenni óhreininda og aukefna (t.d. stöðgara), ásamt byggingarformúlum og hugsanlegu styrkbili sem gefið er upp sem g/kg eða g/l, eftir því sem við á

2.9. Uppruni náttúrlegs, virks efnis eða forefni virka efnisins, t.d. kjarni úr blómi

2.10. Gögn um váhrif í samræmi við VII. viðauka A við tilskipun 92/32/EBE (*).

III. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

3.1. Bræðslumark, suðumark, eðlismassi (1)

3.2. Gufuþrýstingur (í Pa) (1)

3.3. Útlit (eðlisástand, litur) (2)

3.4. Gleypniróf (UV/VIS, IR, NMR) og massaróf, móleðlisgleypni við viðeigandi bylgjulengdir, eftir því sem við á (1)

3.5. Leysni í vatni, þ.m.t. áhrif pH (5 til 9) og hita á leysni, eftir því sem við á (1)

3.6. Deilistuðull n-oktanól/vatn, þ.m.t. áhrif pH (5 til 9) og hita (1)

3.7. Stöðugleiki við hita, auðkenni viðkomandi niðurbrotsefna

3.8. Eldfimi, þ.m.t. sjálfseldfimi og auðkenni myndefna brunans

3.9. Kveikjumark

3.10. Yfirborðsspenna

3.11. Sprengifimi

3.12. Eldnærandi eiginleikar

3.13. Hvarfgirni við efni íláts

IV. AÐFERÐIR VIÐ GREININGU OG SANNGREININGU

4.1. Greiningaraðferðir við ákvörðun á hreinu, virku efni og, þar sem við á, niðurbrotsefnum, myndbrigðum og óhreinindum, sem máli skipta, í virka efninu og aukefnunum (t.d. stöðgurum)

4.2. Greiningaraðferðir, þ.m.t. endurnýtingarhlutfall og greiningarmörk fyrir virka efnið og leifar þess og, ef við á, í eða á eftirfarandi:

a) jarðvegi

b) lofti

c) vatni: umsækjandinn skal staðfesta að efnið sjálft og öll niðurbrotsefni þess, sem falla undir skil-

(*) Stjtíð. EB L 154, 5.6.1992, bls. 1.

greininguna á varnarefnum skv. færibreytu 55 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns (*), megi meta með nægilegri vissu við leyfilegan hámarksstyrk fyrir einstök varnarefni, eins og hann er gefinn upp í þeirri tilskipun

d) líkamsvessum og -vefjum dýra og manna.

V. VIRKNI GEGN MARKLÍFVERUM OG FYRIRHUGUÐ NOTKUN

5.1. Hlutverk, t.d. sveppaeyðir, nagdýraeitur, skordýraeitur, bakteríueyðir

5.2. Lífverur, sem halda á í skefjum, og vörur, lífverur eða hlutir sem vernda skal

5.3. Áhrif á marklífverur og sá styrkur virka efnisins sem líklegt er að það verði notað í

5.4. Verkunarmáti (þ.m.t. tíminn þar til efnið fer að virka)

5.5. Fyrirhugað notkunarsvið

5.6. Notendur: í iðnaði, þeir sem nota efnið í atvinnuskyni, almenningur (aðrir notendur)

5.7. Upplýsingar um hvort fram kemur eða hvort fram getur komið þol og viðeigandi úrræði gegn því

5.8. Magn sem líklegt er að markaðssett verði ár hvert, gefið upp í tonnum

VI. EITUREFNA- OG EFNASKIPTARANNSÓKNIR

6.1. Bráð eiturhrif

Í rannsóknum í liðum 6.1.1 til 6.1.3 skulu önnur efni en lofttegundir gefin á tvo vegu hið minnsta, önnur aðferðin ætti að vera inntaka. Hin aðferðin skal ráðast af eðliseiginleikum efnisins og því hver líklegasti váhrifamátinn er að því er menn varðar. Lofttegundir og rokgjarna vökva ætti að gefa með innöndun

6.1.1. Við inntöku

6.1.2. Um húð

6.1.3. Við innöndun

6.1.4. Húð- og augnerting ([3])

6.1.5. Húðnæming

6.2. Efnaskiptarannsóknir á spendýrum. Grunnrannsóknir á eiturefnaferlum, þ.m.t. rannsóknir á upptöku um húð

Í rannsóknum í liðum 6.3 (þar sem það á við), 6.4, 6.5, 6.7 og 6.8 skal efnið gefið með inntöku nema færa megi rök fyrir því að önnur aðferð henti betur

6.3. Skammvinn eiturhrif við endurtekna skammta (28 dagar)

Þessi rannsókn er ekki nauðsynleg ef fyrir liggja niðurstöður úr rannsókn á hálflangvinnum eiturhrifum hjá nagdýrum

6.4. 90 daga rannsókn á hálflangvinnum eiturhrifum, tvær tegundir, önnur nagdýr en hin ekki

6.5. Langvinn eiturhrif ([4])

Ein tegund nagdýra og önnur tegund úr hópi annarra spendýra

(*) Stjtíð. EB L 229, 30.8.1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

6.6. Rannsóknir á stökkbreytingum

6.6.1. Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í bakteríum

6.6.2. Frumuerfðafræðileg rannsókn í glasi á spendýrsfrumum

6.6.3. Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í spendýrsfrumum

6.6.4. Ef niðurstöður rannsókna í liðum 6.6.1, 6.6.2 eða 6.6.3 eru jákvæðar skal rannsókn á stökkbreytingum í lífi fara fram (beinmergsgreining m.t.t. litningagalla, eða smákjarnaprófun)

6.6.5. Ef niðurstöður rannsókna í liðum 6.6.4 eru neikvæðar en jákvæðar í glasi skal önnur rannsókn í lífi fara fram til að kanna hvort hægt sé að sýna fram á stökkbreytingar eða skemmdir á DNA í vef, öðrum en beinmerg

6.6.6. Ef niðurstöður rannsókna í lið 6.6.4 eru jákvæðar er hægt að krefjast prófunar til að meta hugsanleg áhrif á kímfrumur

6.7. Rannsóknir á krabbameinsvaldandi áhrifum ([4])

Ein tegund nagdýra og önnur tegund úr hópi annarra spendýra. Þessi rannsókn má tengjast rannsóknninni í lið 6.5

6.8. Skaðleg áhrif á æxlun ([5])

6.8.1. Vansköpunarrannsókn – kanína og ein tegund nagdýra

6.8.2. Frjósemisrannsókn – a.m.k. tvær kynslóðir, ein tegund, karldýr og kvendýr

6.9. Læknisfræðilegar upplýsingar þar sem nafnleyndar er gætt

6.9.1. Gögn um læknisfræðilegt eftirlit með starfsfólki í framleiðslufyrirtækinu ef þau liggja fyrir

6.9.2. Bein athugun, t.d. á klínískum tilvikum og eitrunartilvikum, ef um hana er að ræða

6.9.3. Heilsufarsskýrslur, bæði úr iðnaði og af öðrum uppruna

6.9.4. Niðurstöður úr faraldsfræðirannsóknum á almenningi, ef þær liggja fyrir

6.9.5. Greining eitrunar, þ.m.t. sérstök merki eitrunar og klínískar rannsóknir, ef um slíkt er að ræða

6.9.6. Athuganir á næmingu og ofnæmisvirkni, ef þær liggja fyrir

6.9.7. Sérstök meðferð ef um slys eða eitrun er að ræða: skyndihjálp, móteitur og læknismeðferð, ef hún er þekkt

6.9.8. Horfur í kjölfar eitrunar

6.10. Samantekt úr eiturefnafræði spendýra og niðurstöður (þ.m.t. mörk um engin skaðleg áhrif (NOAEL – no observable adverse effect level) og mörk um engin áhrif (NOEL – no observable effect level), heildarmat á öllum eiturefnagögnum og allar aðrar upplýsingar um virku efnin. Ef unnt er skulu tillögur um hvers kyns ráðstafanir til að vernda starfsmenn koma fram í samantekt

VII. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

7.1. Bráð eiturhrif á fisk

7.2. Bráð eiturhrif á *Daphnia magna*

7.3. Rannsókn á vaxtarhindrandi áhrifum á þörunga

7.4. Hömlun á virkni örvera

7.5. *Lífþéttni*

Afdrif og hegðun í umhverfinu

7.6. Niðurbrot

7.6.1. Lífrænt niðurbrot

7.6.1.1. Auðlífbrjótanleiki

7.6.1.2. Eðlislægur auðlífbrjótanleiki, þar sem við á

7.6.2. Ólífrænt niðurbrot

7.6.2.1. Vatnsrof sem fall af sýrustigi og sanngreining niðurbrotsefna

7.6.2.2. Ljósummyndun í vatni, þ.m.t. auðkenni ummyndunarefnanna ([1])

7.7. Skimunarrannsókn m.t.t. aðsogs og afsogs

Ef niðurstöður þessarar rannsóknar færa sönnur á að hún sé nauðsynleg skal framkvæma rannsóknina sem lýst er í lið 1.2 í XII. lið III. viðauka A og/eða rannsóknina sem lýst er í lið 2.2 í XII. lið III. viðauka A

7.8. Samantekt um visteiturefnafræðileg áhrif og afdrif og hegðun í umhverfinu

VIII. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ VERNDA MENN, DÝR OG UMHVERFIÐ

8.1. Aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með vegna meðhöndlunar, notkunar, geymslu, flutnings eða elds

8.2. Ef eldur kemur upp: eðli myndefna, lofttegunda er myndast við brunann o.s.frv.

8.3. Neyðarráðstafanir ef óhapp hendir

8.4. Möguleiki á að eyða virka efninu eða afmenga það í kjölfar losunar í eða á eftirfarandi: a) loft, b) vatn, þ.m.t. drykkjarvatn, c) jarðveg

8.5. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs virka efnisins fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota það í atvinnuskyni

8.5.1. Möguleiki á endurnotkun eða endurvinnslu

8.5.2. Möguleiki á að hlutleysa áhrif

8.5.3. Skilyrði fyrir losun undir eftirliti, þ.m.t. eftirlit með gæðum sigvatns við förgun

8.5.4. Skilyrði fyrir brennslu undir eftirliti

8.6. Athuganir á óæskilegum eða ótilætluðum aukaverkunum, t.d. á gagnlegar lífverur eða aðrar lífverur utan markhópsins

IX. FLOKKUN OG MERKING

Rökstuddar tillögur um flokkun og merkingu virka efnisins í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE

Hættutákn

Hættuábendingar

Hættusetningar

Varnaðarsetningar

X. SAMANTEKT OG MAT Á II. TIL IX. LIÐ

Athugasemdir

([1]) Þessi gögn skulu lögð fram fyrir hreinsaða, virka efnið með tilgreindri forskrift.

([2]) Þessi gögn skulu lögð fram fyrir virka efnið með tilgreindri forskrift.

([3]) Augnertingarprófun er ekki nauðsynleg ef sýnt hefur verið fram á að virka efnið sé hugsanlega ætandi.

([4]) Ekki skal krafist rannsókna á langvinnum eiturhrifum og krabbameinsvaldandi áhrifum í þeim tilfellum þar sem sýnt hefur verið með óyggjandi hætti fram á að slíkar rannsóknir séu ónauðsynlegar.

([5]) Ef aðstæður eru sérstakar og staðhæft er að slíkar rannsóknir séu ónauðsynlegar skal styðja staðhæfinguna fullnægjandi rökum.

II. VIÐAUKI B

SAMEIGINLEGT KJARNAGAGNASAFN YFIR SÆFIEFNI

EFNAVÖRUR

1. Tilskilin skjöl um sæfiefni skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera í samræmi við þróunina á tæknisviði.

2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

3. Upplýsingar má fá úr gögnum sem þegar liggja fyrir ef fram er lagður rökstuðningur sem lögbært yfirvald samþykkir. Einkum skal nota ákvæði tilskipunar 88/379/EBE hvar sem því verður við komið til að halda tilraunum á dýrum í lágmarki.

Kröfur um tilskilin skjöl

I. Umsækjandi

II. Auðkenni sæfiefnisins

III. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar sæfiefnisins

IV. Aðferðir notaðar við sanngreiningu og greiningu sæfiefnisins

V. Fyrirhuguð notkun sæfiefnisins og árangur af notkuninni

VI. Eiturefnafræðileg gögn fyrir sæfiefnið (umfram þau sem varða virka efnið)

VII. Visteiturefnafræðileg gögn fyrir sæfiefnið (umfram þau sem varða virka efnið)

VIII. Ráðstafanir til að vernda menn, dýr og umhverfið

IX. Flokkun, umbúðir og merking

X. Samantekt og mat á II. til IX. lið

Eftirfarandi gögn skulu lögð fram til stuðnings liðunum hér að framan:

I. UMSÆKJANDI

1.1. Nafn, heimilisfang o.s.frv.

1.2. Efnablönduframleiðandi sæfiefnisins og virka efnisins eða virku efnanna (nöfn og heimilisföng, þ.m.t. staðsetning verksmiðju eða -smiðja),

II. AUÐKENNI

2.1. Viðskiptaheiti eða fyrirhugað viðskiptaheiti og þróunarkenninúmer, sem framleiðandinn hefur gefið efnablöndunni, ef við á

2.2. Nákvæmar magn- og þáttbundnar upplýsingar um samsetningu sæfiefnisins, t.d. virka efnið eða efnin, óhreinindi, glæðiefni og hvarftrega efnisþætti

2.3. Eðlisástand og eðli sæfiefnisins, t.d. ýranlegt þykkni, lausnarduft eða lausn

III. EÐLISFRÆÐI-, EFNAFRÆÐI- OG TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

3.1. Útlit (eðlisástand, litur)

3.2. Sprengifimi

3.3. Eldnærandi eiginleikar

3.4. Kveikjumark og aðrar vísbendingar um eldfimi eða sjálfkviknun

3.5. Súrleiki, basastig og pH-gildi ef nauðsynlegt er (1% í vatni)

3.6. Eðlismassi

3.7. Stöðugleiki við geymslu – stöðugleiki og geymsluþol. Áhrif ljóss, hita og raka á tæknilega eiginleika sæfiefnisins; hvarfgirni við efni íláts

3.8. Tæknileg einkenni sæfiefnisins, t.d. vætunarhæfni, myndun varanlegrar froðu, fljótanleiki, hellanleiki og rykmyndun

3.9. Eðlis- og efnafræðilegt samhæfi við aðrar vörur, þ.m.t. önnur sæfiefni sem leyft verður að nota með efninu

IV. AÐFERÐIR NOTAÐAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

4.1. Greiningaraðferð við ákvörðun á styrk virka efnisins eða virku efnanna í sæfiefninu

4.2. Að svo miklu leyti sem þær falla ekki undir lið 4.2. í II. viðauka A: greiningaraðferðir, þ.m.t. endurnýtingarhlutfall og greiningarmörk fyrir eiturefna- og visteiturefnafræðilega þætti sæfiefnisins og/eða leifar, ef við á, í eða á eftirfarandi:

a) jarðvegi

b) lofti

c) vatni (einnig drykkjarvatni)

d) líkamsvessum og -vefjum dýra og manna

e) matvælum eða fóðri sem hafa verið meðhöndluð

V. FYRIRHUGUÐ NOTKUN OG ÁRANGUR AF HENNI

5.1. Sæfiefnaflokkur og fyrirhugað notkunarsvið

5.2. Notkunaraðferð, þ.m.t. lýsing á því kerfi sem notað er

5.3. Tíðni notkunar og, ef við á, lokastyrkur sæfiefnisins og virka efnisins í því kerfi sem nota á efnablönduna í, t.d. kælivatni, yfirborðsvatni, vatni notað til upphitunar

5.4. Hversu oft og hvenær notað og, þar sem það á við, hvers kyns upplýsingar um landfræðilegan og veðurfarslegan breytileika eða nauðsynlegan biðtíma til að vernda menn og dýr

5.5. Hlutverk, t.d. sveppaeyðir, nagdýraeitur, skordýraeitur, bakteríueyðir

5.6. Skaðlegar lífverur, sem halda á í skefjum, og vörur, lífverur eða hlutir sem vernda skal

5.7. Áhrif á marklífverur

5.8. Verkunarmáti (þ.m.t. tíminn þar til efnið fer að virka), að svo miklu leyti sem hann fellur ekki undir lið 5.4 í II. viðauka A

5.9. Notendur: í iðnaði, þeir sem nota efnið í atvinnuskyni, almenningur (aðrir notendur)

Upplýsingar um verkun

5.10. Tillögur að kröfum um merkingu vörunnar, og upplýsingar um verkun til að styðja þær kröfur, þ.m.t. allar fyrirliggjandi, staðlaðar aðferðarlýsingar, sem notaðar eru, og prófanir í rannsóknastofu eða á vettvangi, þar sem við á

5.11. Allt sem vitað er að getur dregið úr verkun, þ.m.t. þol

VI. EITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

6.1. Bráð eiturhrif

Í rannsóknum í liðum 6.1.1 til 6.1.3 skulu önnur sæfiefni en lofttegundir gefin á tvo vegu hið minnsta, önnur aðferðin ætti að vera inntaka. Hin aðferðin skal ráðast af eðliseiginleikum vörunnar og því hver líklegasti váhrifamátinn er að því er menn varðar. Lofttegundir og rokgjarna vökva ætti að gefa við innöndun

6.1.1. Við inntöku

6.1.2. Um húð

6.1.3. Við innöndun

6.1.4. Að því er varðar sæfiefni sem fyrirhugað er að leyfa að nota með öðrum sæfiefnum skal, þegar því verður við komið, gera prófanir á vörublöndunni m.t.t. bráðra eiturhrifa á húð og húð- og augnertingar, eftir því sem við á

6.2. Húð- og augnerting ([1])

6.3. Húðnæming

6.4. Upplýsingar um upptöku um húð

6.5. Fyrirliggjandi, eiturefnafræðileg gögn sem tengjast eiturefnafræðilega mikilvægum, óvirkum efnum (þ.e. efnum sem gefa tilefni til áhyggna)

6.6. Upplýsingar um váhrif sem menn, þ.m.t. notendur, verða fyrir af sæfiefninu

Ef þörf krefur skal krefjast prófana sem lýst er í II. viðauka A að því er varðar eiturefnafræðilega mikilvæg, óvirk efni í efnablöndunni

VII. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

7.1. Fyrirsjáanlegar dreifingarleiðir út í umhverfið á grundvelli fyrirhugaðrar notkunar

7.2. Upplýsingar um visteiturefnafræði virka efnisins í vörunni, ef ekki er hægt að fá þær með útgiskun upplýsinga um virka efnið sjálft

7.3. Fyrirliggjandi, eiturefnafræðilegar upplýsingar sem tengjast visteiturefnafræðilega mikilvægum, óvirkum efnum (þ.e. efnum sem gefa tilefni til áhyggna), s.s. upplýsingar úr öryggisleiðbeiningum

VIII. RÁÐSTAFANIR SEM SAMÞYKKJA SKAL TIL AÐ VERNDA MENN, DÝR OG UMHVERFIÐ

8.1. Aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með vegna meðhöndlunar, notkunar, geymslu, flutnings eða elds

8.2. Sérstök meðferð ef óhapp hendir, t.d. skyndihjálp, móteitur, læknismeðferð, ef völ er á henni, og neyðarráðstafanir til að vernda umhverfið, að svo miklu leyti sem þær falla ekki undir lið 8.3 í II. viðauka A

8.3. Aðferðir við hreinsun á notkunarbúnaði, ef þær liggja fyrir

8.4. Auðkenni efna sem skipta máli og myndast við bruna ef um eld er að ræða

8.5. Tilhögun við meðhöndlun á úrgangi sæfiefnisins og umbúða þess fyrir notendur í iðnaði, þá sem nota efnið í atvinnuskyni eða almenning (aðra notendur), t.d. möguleiki á endurnýtingu eða endurvinnslu, hlutleysingu, skilyrði fyrir losun undir eftirliti og brennslu

8.6. Möguleiki á eyðingu eða afmengun í kjölfar losunar í eða á eftirfarandi:

a) lofti

b) vatni, þ.m.t. drykkjarvatni

c) jarðvegi

8.7. Athuganir á óæskilegum eða ótilætluðum aukaverkunum, t.d. á gagnlegar lífverur eða aðrar lífverur utan markhópsins

8.8. Tilgreina skal hvers kyns fæliefni og ráðstafanir til að draga úr eiturvirkni sem tengjast efnablöndunni og hafa þann tilgang að draga úr áhrifum á lífverur utan markhóps

IX. FLOKKUN, PÖKKUN OG MERKING

— Tillögur um umbúðir og merkingu

— Tillögur um öryggisleiðbeiningar, þar sem við á

— Rök fyrir flokkun og merkingu samkvæmt meginreglunum í 20. gr. þessarar tilskipunar

— Hættutákn

— Hættuábendingar

— Hættusetningar

— Varnaðarsetningar

— Umbúðir (tegund, efni, stærð o.s.frv.), samhæfi efnablöndunnar og fyrirhugaðs umbúðaefnis

X. SAMANTEKT OG MAT Á II. TIL IX. LIÐ

Athugasemdir

([1]) Augnertingarprófun er ekki nauðsynleg ef sýnt hefur verið fram á að sæfiefnið sé hugsanlega ætandi.

III. VIÐAUKI A

VIÐBÓTARGAGNASAFN YFIR VIRK EFNI

ÍÐEFNI

1. Tilskilin skjöl um virk efni skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera í samræmi við þróunina á tæknisviði.
2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

III. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

1. Leysni í lífrænum leysum, þ.m.t. áhrif hita á leysni ([1])
2. Stöðugleiki í lífrænum leysum sem notaðir eru í sæfiefnum og auðkenni niðurbrotsefna sem skipta máli ([2])

IV. AÐFERÐIR VIÐ GREININGU OG SANNGREININGU

1. Greiningaraðferðir, þ.m.t. endurnýtingarhlutfall og greiningarmörk fyrir virka efnið og fyrir leifar þess í eða á matvælum eða fóðri og öðrum vörum þar sem við á

VI. EITUREFNA- OG EFNASKIPTARANNSÓKNIR

1. Rannsóknir á taugaeiturhrifum

   Ef virka efnið er lífrænt fosfórsamband eða ef einhverjar aðrar vísbendingar eru um að virka efnið geti verkað sem taugaeitur er rannsókna á taugaeiturhrifum krafist. Prófanir skulu gerðar á fullvöxnum hænum nema rök séu færð fyrir að önnur tegund henti betur. Ef við á skal krefjast prófunar á síðbúnum taugaeiturhrifum. Ef andkólínesterasavirkni kemur fram skal íhuga prófun til að kanna svörun við endurvirkjandi efnum

2. Eiturhrif á búfé og gæludýr
3. Rannsóknir sem tengjast váhrifum á menn af völdum virka efnisins
4. Matvæli og fóður

   Ef nota á virka efnið í efnablöndur sem notaðar eru þar sem matvæli til manneldis eru tilreidd, þeirra neytt eða þau geymd eða þar sem fóður fyrir búfénað er tekið til, það gefið eða geymt skal krefjast þeirra rannsókna sem um getur í 1. lið XI. liðar

5. Ef einhverjar aðrar rannsóknir teljast nauðsynlegar í tengslum við váhrif sem menn verða fyrir af virka efninu í fyrirhuguðum sæfiefnum skal krefjast rannsóknar eða rannsókna sem um getur í 2. lið XI. liðar
6. Ef nota á virka efnið í vörur sem ætlaðar eru til að meðhöndla plöntur skal krefjast rannsókna til að meta eiturhrif umbrotsefna frá meðhöndluðum plöntum, ef áhrifin eru öðruvísi en þau sem komið hafa fram við tilraunir á dýrum
7. Rannsókn á verkunarmáta – hvers kyns rannsóknir sem eru nauðsynlegar til að skýra áhrif sem fram hafa komið í rannsóknum á eiturhrifum

VII. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

1. Rannsókn á einni lífveru til viðbótar sem er utan markhópsins og lifir ekki í vatni
2. Ef niðurstöður visteiturefnafræðilegra rannsókna og fyrirhuguð notkun virka efnisins benda til þess að umhverfinu stafi hætta af skal krefjast þeirra rannsókna sem um getur í XII. og XIII. lið
3. Ef niðurstöður rannsóknarinnar sem um getur í lið 7.6.1.2 í II. viðauka A eru neikvæðar og ef líklegast er að virka efnið verði losað við meðhöndlun skólps skal krefjast rannsóknarinnar sem um getur í lið 4.1 í XIII. lið
4. Allar aðrar rannsóknir á lífbrjótanleika sem eiga við í ljósi niðurstaðna í liðum 7.6.1.1 og 7.6.1.2 í II. viðauka A
5. Ljósummyndun í lofti (mat), þ.m.t. sanngreining niðurbrotsefna ([1])
6. Ef niðurstöðurnar úr lið 7.6.1.2 í II. viðauka A eða úr 4. lið hér að framan gefa tilefni til skal krefjast rannsókna sem um getur í lið 1.1, lið 2.1 og, ef við á, í 3. lið í XII. lið, svo og ef virka efnið brotnar lítið eða ekkert niður fyrir tilstilli ólífrænna þátta

VIII. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ VERNDA MENN, DÝR OG UMHVERFIÐ

1. Sanngreining allra efna sem falla undir gildissvið lista I eða lista II í viðauka við tilskipun 80/68/EBE um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ([*])

Athugasemdir

([1]) Þessi gögn skulu lögð fram fyrir hreinsaða, virka efnið með tilgreindri forskrift.

([2]) Þessi gögn skulu lögð fram fyrir virka efnið með tilgreindri forskrift.

XI. FREKARI RANNSÓKNIR SEM TENGJAST HEILBRIGÐI MANNA

1. Rannsóknir á matvælum og fóðri

1.1. Sanngreining á niðurbrots- og hvarfaefnum og á umbrotsefnum virka efnisins í meðhöndluðum eða menguðum matvælum eða fóðri

1.2. Hegðun efnaleifa virka efnisins, niðurbrotsefna þess og, þar sem við á, umbrotsefna þess á meðhöndluðum eða menguðum matvælum eða fóðri, þ.m.t. hvernig efnið hverfur

1.3. Heildarmassavægi fyrir virka efnið. Nægileg gögn um efnaleifar úr tilraunum undir eftirliti til að sýna fram á að efnaleifar sem líklegt er að myndist við fyrirhugaða notkun skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra

1.4. Mat á hugsanlegum eða raunverulegum váhrifum virka efnisins á menn með fæðu og eftir öðrum leiðum

([*]) Stjtíð. EB. L 20, 26.1.1980, bls. 43.

1.5. Ef efnaleifar virka efnisins verða eftir í fóðri í umtalsverðan tíma skal krefjast rannsókna á fóðri og á efnaskiptum í búfé til að unnt sé að meta styrk efnaleifa í matvælum úr dýraríkinu

1.6. Áhrif iðnaðarvinnslu og/eða vinnslu á heimilum á eðli og magn efnaleifa virka efnisins

1.7. Hámarksmagn leifa sem lagt er til að telja megi viðunandi og rök því til stuðnings

1.8. Hvers kyns aðrar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli

1.9. Samantekt og mat á gögnum sem lögð eru fram skv. liðum 1.1 til 1.8

2. Aðrar rannsóknir sem tengjast váhrifum á menn

Viðeigandi rannsóknir skulu framkvæmdar og rökstudd tilvik tilgreind

XII. FREKARI RANNSÓKNIR Á AFDRIFUM OG HEGÐUN Í UMHVERFINU

1. Afdrif og hegðun í jarðvegi

1.1. Hraði niðurbrots og niðurbrotsmáti, þ.m.t. tilgreining ferla sem koma við sögu og sanngreining hvers kyns umbrots- og niðurbrotsefna í a.m.k. þremur mismunandi jarðvegsgerðum við viðeigandi skilyrði

1.2. Aðsog og frásog í a.m.k. þremur jarðvegsgerðum og, ef við á, aðsog og frásog umbrots- og niðurbrotsefna

1.3. Hreyfanleiki í a.m.k. þremur jarðvegsgerðum og, ef við á, hreyfanleiki umbrots- og niðurbrotsefna

1.4. Umfang og eðli bundinna efnaleifa

2. Afdrif og hegðun í vatni

2.1. Hraði niðurbrots og niðurbrotsmáti í vatni (að svo miklu leyti sem þetta fellur ekki undir lið 7.6 í II. viðauka A), þ.m.t. sanngreining umbrots- og niðurbrotsefna

2.2. Aðsog og frásog í vatni (setmyndunum í vatni) og, ef við á, aðsog og frásog umbrots- og niðurbrotsefna

3. Afdrif og hegðun í lofti

Ef nota á virka efnið í efnablöndur fyrir svæliefni, ef nota á það til úðunar, ef það er rokgjarnt eða ef aðrar upplýsingar gefa tilefni til skal ákvarða niðurbrotshraða og niðurbrotsmáta í lofti, að svo miklu leyti sem þetta fellur ekki undir 5. lið VII. liðar

4. Samantekt og mat á 1. til 3. lið

XIII. FREKARI VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

1. Áhrif á fugla

1.1. Bráð eiturhrif við inntöku – þetta er óþarft ef fuglategund var valin við rannsóknirnar í 1. lið VII. liðar

1.2. Skammvinn eiturhrif – átta daga fóðurrannsókn á minnst einni tegund (ekki hænsnum)

1.3. Áhrif á æxlun

2. Áhrif á vatnalífverur

2.1. Langvinn eiturhrif hjá viðeigandi fisktegund

2.2. Áhrif á æxlun og vaxtarhraða hjá viðeigandi fisktegund

2.3. Uppsöfnun í viðeigandi fisktegund

2.4. Æxlun og vaxtarhraði *Daphnia magna*

3. Áhrif á aðrar lífverur utan markhóps

3.1. Bráð eiturhrif á býflugur og önnur nytsamleg liðdýr, t.d. rándýr. Önnur lífvera skal valin til rannsóknar en sú tegund sem notuð er í 1. lið VII. liðar

3.2. Eiturhrif á ánamaðka og aðrar stórsæjar jarðvegslífverur utan markhóps

3.3. Áhrif á örverur í jarðvegi sem eru utan markhóps

3.4. Áhrif á allar aðrar lífverur utan markhópsins (úr plöntu- eða dýraríkinu) sem talið er að séu í áhættuhópi

4. Önnur áhrif

4.1. Rannsókn á öndunarhömlun í virkri eðju

5. Samantekt og mat á 1. til 4. lið

III. VIÐAUKI B

VIÐBÓTARGAGNASAFN YFIR SÆFIEFNI

EFNAVÖRUR

1. Tilskilin skjöl um sæfiefni skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera í samræmi við þróunina á tæknisviði.

2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

3. Upplýsingar má fá úr gögnum sem þegar liggja fyrir ef fram er lagður rökstuðningur sem lögbært yfirvald samþykkir. Einkum skal nota ákvæði tilskipunar 88/379/EBE hvar sem því verður við komið til að halda tilraunum á dýrum í lágmarki.

XI. FREKARI RANNSÓKNIR SEM TENGJAST HEILBRIGÐI MANNA

1. Rannsóknir á matvælum og fóðri

1.1. Ef efnaleifar sæfiefnisins verða eftir í fóðri í umtalsverðan tíma skal krefjast rannsókna á fóðri og á efnaskiptum í búfé til að unnt sé að meta styrk efnaleifa í matvælum úr dýraríkinu

1.2. Áhrif iðnaðarvinnslu og/eða vinnslu á heimilum á eðli og magn efnaleifa sæfiefnisins

2. Aðrar rannsóknir sem tengjast váhrifum á menn

Viðeigandi rannsóknir skulu framkvæmdar og rökstudd tilvik tilgreind fyrir sæfiefnið

XII. FREKARI RANNSÓKNIR Á AFDRIFUM OG HEGÐUN Í UMHVERFINU

1. Allar upplýsingar sem krafist er í XII. lið III. viðauka A ef við á

2. Rannsóknir varðandi dreifingu og eyðingu í:

a) jarðvegi

b) vatni

c) lofti

Rannsóknir skv. 1. og 2. lið hér að framan skulu einungis fara fram að því er varðar eiturefnafræðilega mikilvæga efnisþætti í sæfiefninu

XIII. FREKARI VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

1. Áhrif á fugla

1.1. Bráð eiturhrif við inntöku, hafi slíkar rannsóknir ekki þegar farið fram í samræmi við VII. lið II. viðauka B

2. Áhrif á vatnalífverur

2.1. Í þeim tilvikum þegar notkun fer fram á, í eða nálægt yfirborðsvatni

2.1.1. Sérstakar rannsóknir á fiski og öðrum vatnalífverum

2.1.2. Gögn um leifar í fiski að því er varðar virka efnið, þ.m.t. eiturefnafræðilega mikilvæg umbrotsefni

2.1.3. Krefjast má að þær rannsóknir séu gerðar sem um getur í liðum 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 í XIII. lið III. viðauka A að því er varðar mikilvæga efnisþætti í sæfiefninu

2.2. Ef úða á sæfiefninu nálægt yfirborðsvatni má krefjast rannsókna á þeim hluta úðans sem hafnar ekki á því sem úða skal til að meta áhættu fyrir vatnalífverur við raunveruleg skilyrði

3. Áhrif á aðrar lífverur utan markhóps

3.1. Eiturhrif á önnur landhryggdýr en fugla

3.2. Bráð eiturhrif á býflugur

3.3. Áhrif á önnur nytjaliðdýr en hunangsflugur

3.4. Áhrif á ánamaðka og aðrar stærri jarðvegslífverur sem eru utan markhópsins og teljast til áhættuhópa

3.5. Áhrif á örverur í jarðvegi sem eru utan markhóps

3.6. Áhrif á allar aðrar lífverur utan markhópsins (úr plöntu- eða dýraríkinu) sem talið er að séu í áhættuhópi

3.7. Ef sæfiefnið er í formi agns eða kyrnis

3.7.1. Rannsóknir undir eftirliti til að meta áhættu fyrir lífverur utan markhóps við raunveruleg skilyrði

3.7.2. Rannsóknir á viðtöku sæfiefnisins við inntöku hjá öllum lífverum utan markhópa sem teljast til áhættuhóps

4. Samantekt og mat á 1. til 3. lið

IV. VIÐAUKI A

GAGNASAFN YFIR VIRK EFNI

SVEPPIR, ÖRVERUR OG VEIRUR

1. Tilskilin skjöl um virkar lífverur skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera í samræmi við þróunina á tæknisviði.

2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

Kröfur um tilskilin skjöl

I. Upplýsingar um umsækjanda

II. Auðkenni virku lífverunnar

III. Uppruni virku lífverunnar

IV. Aðferðir notaðar við greiningu og sanngreiningu

V. Líffræðilegir eiginleikar virkrar örveru, þ.m.t. smithæfni og smitnæmi marklífvera og lífvera utan markhóps, einnig manna

VI. Virkni og fyrirhuguð notkun

VII. Eiturefnafræðilegir eiginleikar að því er varðar menn og dýr, þ.m.t. efnaskipti eiturefna

VIII. Visteiturefnafræðilegir eiginleikar, þ.m.t. afdrif og hegðun lífveranna, svo og eiturefnanna sem þær mynda, í umhverfinu

IX. Ráðstafanir til að vernda menn, lífverur utan markhóps og umhverfið

X. Flokkun og merking

XI. Samantekt og mat á II. til X. lið

Eftirfarandi gögn skulu lögð fram til stuðnings liðunum hér að framan:

I. UMSÆKJANDI

1.1. Umsækjandi (nafn, heimilisfang o.s.frv.)

1.2. Framleiðandi (nafn, heimilisfang, staðsetning verksmiðju)

II. AUÐKENNI LÍFVERUNNAR

2.1. Almennt heiti lífverunnar (þ.m.t. önnur og eldri heiti)

2.2. Flokkunarfræðilegt heiti og stofn, upplýsingar hvort um sé að ræða stofnafbrigði eða stökkbrigði; fyrir veirur: flokkunarfræðileg táknun virka efnisins, sermigerð, stofn eða stökkbrigði

2.3. Stofnasafn og tilvísunarnúmer ræktar þar sem hún er varðveitt

2.4. Aðferðir, verklagsreglur og viðmiðanir sem notaðar eru til að greina og sanngreina lífveruna (t.d. form og byggingu hennar, lífefnafræði og sermifræði)

III. UPPRUNI LÍFVERUNNAR

3.1. Tilvist í náttúrunni eða annars staðar

3.2. Aðferðir við einangrun lífverunnar eða virks stofns

3.3. Ræktunaraðferðir

3.4. Framleiðsluaðferðir, þ.m.t. upplýsingar um afmörkun og aðferðir til að viðhalda gæðum og tryggja einsleitan uppruna virku lífverunnar. Fyrir stökkbrigði skal auk þess gefa nákvæmar upplýsingar um framleiðslu og einangrun, ásamt upplýsingum um allan þekktan mun milli stökkbrigða og móðurstofna og náttúrlegra stofna

3.5. Samsetning endanlegu vörunnar sem inniheldur virku lífveruna, þ.e. eðli, hreinleiki, auðkenni, eiginleikar og innihald hvers kyns óhreininda og framandi lífvera

3.6. Aðferðir til að varna því að stofnrækt örverunnar mengist eða missi meinvirkni sína

3.7. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

IV. AÐFERÐIR SEM ERU NOTAÐAR VIÐ GREININGU OG SANNGREININGU

4.1. Aðferðir sem eru notaðar til að greina og sanngreina lífveruna

4.2. Aðferðir til að ákvarða auðkenni og hreinleika stofnræktarinnar sem framleiðsluloturnar eru leiddar af, ásamt fengnum niðurstöðum, þ.m.t. upplýsingar um breytileika

4.3. Aðferðir sem eru notaðar til að sýna fram á örverufræðilegan hreinleika endanlegu vörunnar og staðfesta að tekist hafi að halda mengunarefnum undir viðunandi mörkum, ásamt fengnum niðurstöðum og upplýsingum um breytileika

4.4. Aðferðir sem eru notaðar til að sýna fram á að í virka efninu séu engir efnisþættir sem valda sjúkdómum í mönnum eða öðrum spendýrum, þ.m.t. áhrif hitastigs (35°C og önnur viðeigandi hitagildi) þegar um frumdýr og sveppi er að ræða

4.5. Aðferðir til að ákvarða lífvænlegar og ólífvænlegar (t.d. eiturefni) leifar í og á meðhöndluðum vörum, matvælum, fóðri, líkamsvessum og vefjum manna og dýra, jarðvegi, vatni og lofti, þar sem við á

V. LÍFFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR LÍFVERUNNAR

5.1. Söguleg greinargerð um lífveruna og notkun hennar, þ.m.t. almenn útbreiðsla hennar í náttúrunni og, ef við á, landfræðileg útbreiðsla, að svo miklu leyti sem útbreiðslan er þekkt

5.2. Tengsl við sýkla sem eru fyrir í hryggdýrum, hryggleysingjum, plöntum eða öðrum lífverum

5.3. Áhrif á marklífveruna. Smithæfni eða einhvers konar andverkun gagnvart hýslinum. Upplýsingar um hýsilsvið skulu einnig koma fram

5.4. Smithætta, smitandi skammtur og verkunarmáti, þ.m.t. upplýsingar um hvort eiturefni eru fyrir hendi eða ekki eða hvort þau myndast, svo og upplýsingar um eðli þeirra, auðkenni, efnafræðilega byggingu og stöðugleika og mátt ef við á

5.5. Hugsanleg áhrif á lífverur utan markhóps sem eru náskyldar marklífverunni, þ.m.t. smitnæmi, smithæfni og smithætta

5.6. Smithætta gagnvart öðrum lífverum utan markhóps

5.7. Hvers kyns önnur líffræðileg áhrif á lífverur utan markhóps við rétta notkun

5.8. Smitnæmi og eðlisfræðilegur stöðugleiki við rétta notkun

5.9. Erfðafræðilegur stöðugleiki við þau umhverfisskilyrði sem ríkja við fyrirhugaða notkun

5.10. Smithæfni og smitnæmi fyrir menn og dýr sem búa við ónæmisbælingu

5.11. Smithæfni og smitnæmi fyrir þekkta snígla eða rándýr sem leggjast á marklífveruna

VI. VIRKNI OG FYRIRHUGUÐ NOTKUN

6.1. Skaðlegar lífverur, sem halda á í skefjum, og hráefni, efni, lífverur eða vörur sem á að meðhöndla eða vernda

6.2. Fyrirhuguð notkun (t.d. sem skordýraeitur, sótthreinsiefni eða gróðurhindrandi efni)

6.3. Upplýsingar eða athuganir um óæskilegar eða ótilætlaðar aukaverkanir

6.4. Upplýsingar um hvort fram kemur eða hvort fram getur komið þol og hugsanleg úrræði sem grípa má til gegn því

6.5. Áhrif á marklífverur

6.6. Notendaflokkur

VII. EITUREFNA- OG EFNASKIPTARANNSÓKNIR

7.1. Bráð eiturhrif

Í tilfellum þar sem einn skammtur hentar ekki skal röð rannsókna fara fram til að sýna fram á tilvist mjög eitraðra efna og smitnæmi:

1. við inntöku
2. um húð
3. við innöndun
4. við húðertingu og augnertingu, ef þörf krefur
5. við húðnæmingu og, ef þörf krefur, næmingu öndunarfæra og
6. fyrir veirur og veirunga: frumuræktarrannsóknir þar sem notuð er hreinsuð, smitvirk veira og frumgerð frumuræktar úr spendýri, fugli og fiski

7.2. Hálflangvinn eiturhrif

40 daga rannsókn, tvær tegundir, önnur nagdýr en hin ekki

1. gefið með inntöku
2. aðrar íkomuleiðir (við innöndun, um húð) eftir því sem við á og
3. fyrir veirur og veirunga: rannsókn á smitnæmi gerð með líffræðilegri greiningu eða viðeigandi frumurækt a.m.k. sjö dögum eftir að tilraunadýrin fengu efnið

7.3. Langvinn eiturhrif

Tvær tegundir, nagdýr og annað spendýr, gefið með inntöku nema önnur íkomuleið henti betur

7.4. Rannsóknir á krabbameinsvaldandi áhrifum

Má tengjast rannsókninni í lið 6.3. Ein tegund nagdýra og önnur tegund úr hópi annarra spendýra

7.5. Rannsóknir á stökkbreytingum

Eins og tilgreint er í lið 6.6 í VI. lið II. viðauka A

7.6. Skaðleg áhrif á æxlun

Vansköpunarrannsókn – kanína og ein tegund nagdýra. Frjósemisrannsókn – ein tegund, a.m.k. tvær kynslóðir, karldýr og kvendýr

7.7. Efnaskiptarannsóknir

Grunnrannsóknir á eiturefnaferlum, upptaka (þ.m.t. rannsóknir á upptöku um húð), dreifing og útskilnaður hjá spendýrum, þ.m.t. útlistun á efnaskiptaferlum

7.8. Rannsóknir á taugaeiturhrifum: nauðsynlegar ef fram koma einhverjar vísbendingar um andkólínesterasavirkni eða önnur taugaeiturhrif. Rannsóknir á töfðum eiturhrifum skulu gerðar á fullorðnum hænum ef við á

7.9. Rannsóknir á ónæmiseiturhrifum (t.d. ofnæmisvirkni)

7.10. Rannsóknir á tilfallandi váhrifum: nauðsynlegar ef virka efnið er í vörum sem eru notaðar þar sem matvæli eru tilreidd, þeirra er neytt eða þau eru geymd eða fóður er tekið til, það er gefið eða geymt og þar sem líklegt er að menn, búfé eða gæludýr komist í snertingu við meðhöndluð svæði eða efni

7.11. Upplýsingar um váhrif á menn, þ.m.t.:

1. Læknisfræðilegar upplýsingar þar sem nafnleyndar er gætt (ef fyrirliggjandi)
2. Heilsufarsskýrslur, gögn um læknisfræðilegt eftirlit með starfsfólki í framleiðslufyrirtækinu (ef fyrirliggjandi)
3. Faraldursfræðileg gögn (ef fyrirliggjandi)
4. Gögn um eitrunartilvik
5. Greining eitrunar (teikn, einkenni), þ.m.t. upplýsingar um allar rannsóknargreiningar
6. Fyrirhuguð meðferð við eitrun og horfur

7.12. Samantekt úr eiturefnafræði spendýra – niðurstöður (þ.m.t. mörk um engin skaðleg áhrif, mörk um engin áhrif og viðtekinn dagskammtur ef við á), heildarmat á öllum eiturefnagögnum og gögnum um smithæfni og smitnæmi og allar aðrar upplýsingar um virku lífveruna. Ef unnt er skulu tillögur um ráðstafanir til að vernda notendur koma fram í samantekt

VIII. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR

8.1. Bráð eiturhrif á fisk

8.2. Bráð eiturhrif á *Daphnia magna*

8.3. Áhrif á vöxt þörunga (rannsókn á vaxtarhindrandi áhrifum)

8.4. Bráð eiturhrif á eina lífveru til viðbótar sem er utan markhópsins og lifir ekki í vatni

8.5. Smithæfni og smitnæmi fyrir býflugur og ánamaðka

8.6. Bráð eiturhrif og/eða smithæfni og smitnæmi fyrir aðrar lífverur sem eru utan markhópsins og teljast til áhættuhópa

8.7. Áhrif (ef um þau er að ræða) á aðrar plöntur og dýr

8.8. Í þeim tilvikum þar sem eiturefni myndast skal leggja fram gögn eins og tilgreint er í liðum 7.1 til 7.5 í VII. lið II. viðauka A

Afdrif og hegðun í umhverfinu

8.9. Útbreiðsla, hreyfanleiki, fjölgun og þrávirkni í lofti, jarðvegi og vatni

8.10. Í þeim tilvikum þar sem eiturefni myndast skal leggja fram gögn eins og tilgreint er í liðum 7.6 til 7.8 í VII. lið II. viðauka A

IX. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ VERNDA MENN, LÍFVERUR UTAN MARKHÓPS OG UMHVERFIÐ

9.1. Varúðarráðstafanir sem grípa skal til og aðferðir sem nota skal við geymslu, meðhöndlun, flutning og notkun eða ef upp kemur eldur eða annað óhapp hendir

9.2. Allar kringumstæður eða umhverfisskilyrði sem valda því að óheimilt er að nota virku lífveruna

9.3. Möguleiki til að gera virku lífveruna ósmitvirka og hvers kyns aðferðir sem beita má til þess

9.4. Afleiðingar sem hljótast af mengun lofts, jarðvegs og vatns, einkum drykkjarvatns

9.5. Neyðarráðstafanir ef óhapp hendir

9.6. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs virku lífverurnar, þ.m.t. eftirlit með gæðum sigvatns við förgun

9.7. Möguleiki á eyðingu eða afmengun í kjölfar losunar í eða á eftirfarandi: loft, vatn, jarðveg og annað eftir því sem við á

X. FLOKKUN OG MERKING

Tillögur um flokkun í einn af áhættuflokkunum, sem tilgreindir eru í d-lið 2. gr. tilskipunar 90/679/EBE, ásamt rökstuðningi með tillögunum og upplýsingum um hvort merkja þurfi vöruna með skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga og tilgreint er í II. viðauka við 90/679/EBE

XI. SAMANTEKT OG MAT Á II. TIL X. LIÐ

IV. VIÐAUKI B

GAGNASAFN YFIR SÆFIEFNI

SVEPPIR, ÖRVERUR OG VEIRUR

1. Tilskilin skjöl um sæfiefni skulu a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru hér á eftir undir „Kröfur um tilskilin skjöl". Upplýsingarnar skulu studdar gögnum. Kröfurnar um tilskilin skjöl skulu vera í samræmi við þróunina á tæknisviði.

2. Ekki þarf að leggja fram upplýsingar sem eru ekki nauðsynlegar vegna eðlis sæfiefnisins eða vegna fyrirhugaðrar notkunar þess. Hið sama á við þegar það telst ekki vísindalega nauðsynlegt eða tæknilega mögulegt að leggja upplýsingarnar fram. Í slíkum tilvikum skal leggja fram rökstuðning sem lögbært yfirvald samþykkir. Slíkur rökstuðningur getur verið að til sé rammasamsetning sem umsækjandinn hefur rétt á að fá aðgang að.

3. Upplýsingar má fá úr gögnum sem þegar liggja fyrir ef fram er lagður rökstuðningur sem lögbært yfirvald samþykkir. Einkum skal nota ákvæði tilskipunar 88/379/EBE hvar sem því verður við komið til að halda tilraunum á dýrum í lágmarki.

Kröfur um tilskilin skjöl

I. Umsækjandi

II. Auðkenni og samsetning sæfiefnisins

III. Tæknilegir eiginleikar sæfiefnisins og hvers kyns sæfandi eiginleikar til viðbótar við þá sem virka lífveran hefur

IV. Aðferðir notaðar við sanngreiningu og greiningu sæfiefnisins

V. Fyrirhuguð notkun og árangur af notkuninni

VI. Eiturefnafræðilegar upplýsingar (til viðbótar við þær sem varða virku lífveruna)

VII. Visteiturefnafræðilegar upplýsingar (til viðbótar við þær sem varða virku lífveruna)

VIII. Ráðstafanir sem samþykkja skal í því skyni að vernda menn, lífverur utan markhóps og umhverfið

IX. Flokkun, pökkun og merking sæfiefnisins

X. Samantekt og mat á II. til IX. lið

Eftirfarandi gögn skulu lögð fram til stuðnings liðunum hér að framan:

I. UMSÆKJANDI

1.1. Nafn, heimilisfang o.s.frv.

1.2. Framleiðendur sæfiefnisins og virku lífveranna, einnig staðsetning verksmiðja

II. AUÐKENNI SÆFIEFNISINS

2.1. Viðskiptaheiti eða fyrirhugað viðskiptaheiti og þróunarkenninúmer sæfiefnis, ef við á

2.2. Nákvæmar magn- og þáttbundnar upplýsingar um samsetningu sæfiefnisins (virkar lífverur, hvarftregir efnisþættir, framandi lífverur o.s.frv.)

2.3. Eðlisástand og eðli sæfiefnisins (ýranlegt þykkni, lausnarduft o.s.frv.)

2.4. Styrkur virku lífverunnar í efninu sem notað er

III. TÆKNILEGIR OG LÍFFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

3.1. Útlit (litur og lykt)

3.2. Geymsla – stöðugleiki og geymsluþol. Áhrif hita, þökkunaraðferðar og geymslu o.s.frv. á varðveislu lífvirkni

3.3. Aðferðir til að ná stöðugleika m.t.t. geymslu og geymsluþols

3.4. Tæknilegir eiginleikar sæfiefnisins

3.4.1. Vætunarhæfni

3.4.2. Myndun varanlegrar froðu

3.4.3. Dreifumyndunarhæfni og stöðugleiki dreifu

3.4.4. Votsigtiprófun og þurrsigtiprófun

3.4.5. Stærðardreifing agna, innihald af ryki/fíngerðum ögnum, slit og molnanleiki

3.4.6. Sigtiprófun og upplýsingar um þyngdardreifingu kyrnisins þegar um það er að ræða, a.m.k. þess hluta sem hefur kornastærð yfir 1 mm

3.4.7. Innihald virks efnis í eða á ögnum, sem eru settar út sem agn, og í eða á kyrni eða meðhöndluðu efni

3.4.8. Ýranleiki, endurýranleiki, stöðugleiki ýrulausnar

3.4.9. Fljótanleiki, hellanleiki og rykmyndun

3.5. Eðlis- og efnafræðilegt samhæfi við aðrar vörur, þ.m.t. önnur sæfiefni sem leyft verður að nota með efninu

3.6. Væting, viðloðun og dreifing eftir notkun

3.7. Hvers kyns breytingar á líffræðilegum eiginleikum lífverunnar sem eru tilkomnar vegna samsetningarinnar. Einkum breytingar á smithæfni eða smitnæmi

IV. AÐFERÐIR NOTAÐAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

4.1. Greiningaraðferðir til að ákvarða samsetningu sæfiefnisins

4.2. Aðferðir til að ákvarða styrk leifa (t.d. líffræðileg greining)

4.3. Aðferðir sem eru notaðar til að sýna fram á örverufræðilegan hreinleika sæfiefnisins

4.4. Aðferðir sem eru notaðar til að sýna fram á að sæfiefnið innihaldi enga sýkla sem leggjast á menn eða önnur spendýr eða, ef nauðsyn krefur, enga sýkla sem eru hættulegir lífverum utan markhópsins eða umhverfinu

4.5. Aðferðir sem eru notaðar til að tryggja einsleitni vöru og greiningaraðferðir sem eru notaðar í því skyni að staðla hana

V. FYRIRHUGUÐ NOTKUN OG ÁRANGUR AF NOTKUNINNI

5.1. Notkun

Sæfiefnaflokkur (t.d. viðarvarnarefni, skordýraeitur o.s.frv.)

5.2. Upplýsingar um fyrirhugaða notkun (t.d. tegundir skaðlegra lífvera sem á að halda í skefjum og efni sem á að meðhöndla)

5.3. Umfang notkunar

5.4. Hvers kyns sérstakar kringumstæður eða umhverfisskilyrði, ef nauðsyn krefur og í ljósi niðurstaðna rannsókna, sem valda því að annaðhvort er heimilt eða óheimilt að nota vöruna

5.5. Notkunaraðferð

5.6. Hve oft og hvenær notkun á sér stað

5.7. Tillaga að notkunarleiðbeiningum

Upplýsingar um verkun

5.8. Forrannsóknir gerðar í því skyni að ákvarða styrkinn

5.9. Vettvangsrannsóknir

5.10. Upplýsingar um hugsanlega myndun þols

5.11. Áhrif á gæði meðhöndlaðra efna eða vara

VI. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR TIL VIÐBÓTAR VIÐ ÞÆR SEM KRAFIST ER FYRIR VIRKU LÍFVERUNA

6.1. Einn skammtur við inntöku

6.2. Einn skammtur um húð

6.3. Við innöndun

6.4. Húðerting og, ef við á, augnerting

6.5. Húðnæming

6.6. Fyrirliggjandi, eiturefnafræðileg gögn sem tengjast óvirkum efnum

6.7. Váhrif sem notendur geta orðið fyrir

6.7.1. Upptaka um húð eða við innöndun m.t.t. samsetningar og notkunaraðferðar

6.7.2. Líkleg váhrif sem notendur verða fyrir við vettvangsaðstæður, þ.m.t. magnbundin greining á váhrifum á notendur þar sem við á

VII. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR TIL VIÐBÓTAR VIÐ ÞÆR SEM KRAFIST ER FYRIR VIRKU LÍFVERUNA

7.1. Athuganir sem varða óæskilegar eða ótilætlaðar aukaverkanir, t.d. á gagnlegar lífverur eða aðrar lífverur utan markhópsins, eða þrávirkni í umhverfinu

VIII. RÁÐSTAFANIR SEM SAMÞYKKJA SKAL TIL AÐ VERNDA MENN, LÍFVERUR UTAN MARKHÓPS OG UMHVERFIÐ

8.1. Aðferðir og varúðarráðstafanir sem mælt er með vegna meðhöndlunar, geymslu, flutnings og notkunar

8.2. Tímabil þar sem aðgangur er bannaður, nauðsynleg hlé á notkun eða aðrar varúðarráðstafanir til að vernda menn og dýr

8.3. Neyðarráðstafanir ef óhapp hendir

8.4. Aðferðir við eyðingu og afmengun sæfiefnisins og umbúða þess

IX. FLOKKUN, PÖKKUN OG MERKING

9.1. Rökstuddar tillögur um flokkun, pökkun og merkingu

I. sem varða ólífræna efnisþætti vörunnar í samræmi við tilskipun 88/379/EBE

— hættutákn

— hættuábendingar

— hættusetningar

— varnaðarsetningar

II. merking að því er varðar virkar lífverur í samræmi við viðeigandi áhættuhóp eins og tilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar 90/679/EBE og ef við á skilti um hættu af líffræðilegum toga sem sett er fram í þeirri tilskipun

9.2. Umbúðir (tegund, efni, stærð o.s.frv.), samhæfi sæfiefnisins og fyrirhugaðs umbúðaefnis

9.3. Sýnishorn af fyrirhuguðum umbúðum

X. SAMANTEKT Á II. TIL IX. LIÐ

V. VIÐAUKI

SÆFIEFNAFLOKKAR OG LÝSING Á ÞEIM EINS OG UM GETUR Í A-LIÐ 1. MGR. 2. GR. ÞESSARAR TILSKIPUNAR

Þessir sæfiefnaflokkar ná ekki yfir vörur sem falla undir tilskipanirnar sem nefndar eru í 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar í skilningi þessarar tilskipana og síðari breytinga þeirra.

AÐALFLOKKUR 1: Sótthreinsandi efni og almenn sæfiefni

Þessir sæfiefnaflokkar ná ekki yfir hreinlætisvörur sem er ekki ætlað að hafa sæfandi áhrif, þ.m.t. þvottalög, þvottaefni og svipaðar vörur.

Sæfiefnaflokkur 1: Sæfiefni í hreinlætisvörum fyrir menn

Vörur í þessum flokki eru sæfiefni sem eru notuð til hreinlætis fyrir menn.

Sæfiefnaflokkur 2: Sótthreinsandi efni og önnur sæfiefni til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar

Vörur notaðar til að sótthreinsa andrúmsloft, yfirborð, efni, áhöld og húsgögn sem komast ekki í beina snertingu við matvæli eða fóður á einkasvæðum, opinberum svæðum, þ.m.t. á sjúkrahúsum, eða iðnaðarsvæðum, svo og vörur sem eru notaðar sem þörungaeitur.

Þetta á m.a. við um sundlaugar, fiskabúr, baðvatn og annað vatn; loftjöfnunarkerfi, veggi og gólf í heilbrigðisstofnunum og öðrum stofnunum; ferðasalerni, skólp, úrgang frá sjúkrahúsum, jarðveg eða annað undirlag (á leikvöllum).

Sæfiefnaflokkur 3: Sæfiefni í hreinlætisvörum fyrir dýr

Vörur í þessum flokki eru sæfiefni sem notuð eru í hreinlætisvörur fyrir dýr, þ.m.t. vörur sem notaðar eru á stöðum þar sem dýr eru hýst, höfð í aðhaldi eða flutt.

Sæfiefnaflokkur 4: Sótthreinsandi efni til notkunar í tengslum við matvæla- og fóðurframleiðslu

Vörur notaðar við sótthreinsun búnaðar, íláta, áhalda vegna neyslu matvæla og fóðurgjafar, yfirborðsflata eða pípulagna sem tengjast framleiðslu, flutningi, geymslu eða neyslu matvæla, fóðurs eða drykkjar (þ.m.t. drykkjarvatn) fyrir menn eða dýr.

Sæfiefnaflokkur 5: Sótthreinsandi efni fyrir drykkjarvatn

Vörur sem eru notaðar til að sótthreinsa drykkjarvatn (bæði fyrir menn og dýr).

AÐALFLOKKUR 2: Rotvarnarefni

Sæfiefnaflokkur 6: Rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum

Vörur notaðar til að rotverja iðnaðarvörur, aðrar en matvæli og fóður, í ílátum til að sporna gegn breytingum af völdum örvera og tryggja geymsluþol þeirra.

Sæfiefnaflokkur 7: Rotvarnarefni fyrir yfirborðsmeðferðarefni

Vörur sem eru notaðar til að rotverja yfirborð eða yfirborðsmeðferðarefni með því að sporna gegn breytingum af völdum örvera í því skyni að vernda upphaflega eiginleika yfirborðs efna eða hluta, svo sem málningar, plastefna, kíttis, límefna fyrir veggi, bindiefna, veggfóðurs og listaverka.

Sæfiefnaflokkur 8: Viðarvarnarefni

Vörur sem eru notaðar til að verja timbur þegar það kemur frá sögunarmyllu, svo og á vinnslustiginu í myllunni, eða timburafurðir með því að halda í skefjum lífverum sem spilla gæðum timbursins eða útliti.

Þessi sæfiefnaflokkur nær yfir vörur sem eru notaðar hvort tveggja í fyrirbyggjandi meðferð og í meðferð til að eyða skaðlegum lífverum.

Sæfiefnaflokkur 9: Rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjölliðuð efni

Vörur sem eru notaðar til að verja trefja- eða fjölliðuefni, svo sem leður, gúmmí eða pappír eða textílvörur og gúmmí með því að sporna gegn breytingum af völdum örvera.

Sæfiefnaflokkur 10: Varnarefni fyrir múrverk

Vörur notaðar til varnar og endurbóta á múrverki eða öðrum byggingarefnum, öðrum en timbri, með því að sporna gegn vexti örvera og þörunga.

Sæfiefnaflokkur 11: Varnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi

Vörur notaðar til að verja vatn eða annan vökva sem notaður er í kæli- og vinnslukerfum með því að halda í skefjum skaðlegum lífverum, svo sem örverum, þörungum og kræklingum.

Vörur, sem eru notaðar til að verja drykkjarvatn, falla ekki undir þennan flokk.

Sæfiefnaflokkur 12: Slímvarnarefni

Vörur notaðar til að sporna gegn slímmyndun á efnum, búnaði og byggingum sem eru notaðar við iðnaðarvinnslu, t.d. á timbri og pappírsdeigi og gropnum sandlögum við olíuvinnslu.

Sæfiefnaflokkur 13: Varnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu

Vörur sem eru notaðar til að verja vökva sem notaðir eru við málmvinnslu með því að sporna gegn skemmdum af völdum örvera.

AÐALFLOKKUR 3: Dýrasæfar

Sæfiefnaflokkur 14: Nagdýraeitur

Vörur sem eru notaðar til að halda músum, rottum eða öðrum nagdýrum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 15: Fuglasæfar

Vörur sem eru notaðar til að halda fuglum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 16: Lindýraeitur

Vörur sem eru notaðar til að halda lindýrum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 17: Fisksæfar

Vörur til að halda fiski í skefjum; vörur sem eru notaðar í meðhöndlun fisksjúkdóma falla ekki undir þennan flokk.

Sæfiefnaflokkur 18: Skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum

Vörur sem eru notaðar til að halda liðdýrum í skefjum (t.d. skordýrum, áttfætlum og krabbadýrum).

Sæfiefnaflokkur 19: Fæliefni og löðunarefni

Vörur sem eru notaðar til að halda skaðlegum lífverum (hryggleysingjum á borð við flær og hryggdýrum á borð við fugla) í skefjum með því að fæla þær frá eða laða þær að, þ.m.t. þær vörur sem eru notaðar beint eða óbeint sem hreinlætisvörur fyrir menn eða dýr.

AÐALFLOKKUR 4: Önnur sæfiefni

Sæfiefnaflokkur 20: Rotvarnarefni fyrir matvæli eða fóður

Vörur sem eru notaðar til að rotverja matvæli eða fóður með því að halda skaðlegum lífverum í skefjum.

Sæfiefnaflokkur 21: Gróðurhindrandi efni

Vörur notaðar til að sporna gegn vexti lífvera (örvera, æðri plantna eða dýra) og varna því að þær setjist á skip, fiskeldisbúnað eða aðrar byggingar sem notaðar eru í vatni.

Sæfiefnaflokkur 22: Vökvar til notkunar við líksmurningu og uppstoppun

Vörur sem eru notaðar til að sótthreinsa og rotverja líkama eða líkamshluta manna eða dýra.

Sæfiefnaflokkur 23: Varnarefni til að halda öðrum hryggdýrum í skefjum.

Vörur sem eru notaðar til að halda meindýrum í skefjum.

VI. VIÐAUKI

SAMEIGINLEGAR MEGINREGLUR UM MAT Á TILSKILDUM SKJÖLUM FYRIR SÆFIEFNI

EFNISINNIHALD

Skilgreiningar

Inngangur

Mat

— Almennar meginreglur

— Áhrif á menn

— Áhrif á dýr

— Umhverfisáhrif

— Óviðunandi áhrif

— Verkun

— Samantekt

Ákvörðun

— Almennar meginreglur

— Áhrif á menn

— Áhrif á dýr

— Umhverfisáhrif

— Óviðunandi áhrif

— Verkun

— Samantekt

Heildarsamþætting niðurstaðna

SKILGREININGAR

a) *Hættugreining*

Þetta er fólgið í greiningu á þeim aukaverkunum sem sæfiefnið getur orsakað sökum eiginleika sem það býr yfir.

b) *Mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum)*

Þetta er fólgið í að meta þau tengsl sem eru milli skammts af virku efni, eða umfangs váhrifa af völdum virks efnis, eða efnis í sæfiefni, sem gefur tilefni til áhyggna, og þess hve tíðar og alvarlegar aukaverkanirnar eru.

c) *Mat á váhrifum*

Þetta er fólgið í ákvörðun á losun, dreifingarmáta og -hraða virks efnis eða efnis í sæfiefni, sem gefur tilefni til áhyggna, og umbreytingu þess eða niðurbrot með það í huga að meta þann styrk eða þann skammt sem menn, dýr og umhverfi komast eða geta komist í snertingu við.

d) *Áhættulýsing*

Þetta er fólgið í að meta tíðni og alvarleika aukaverkana sem líklegt er að komi fram hjá mönnum, dýrum eða einhverjum hlutum umhverfisins og stafa af raunverulegum eða ráðgerðum váhrifum af hvers kyns virku efni eða efni í sæfiefni sem gefur tilefni til áhyggna. Þetta getur verið fólgið í „útreikningi á áhættu“, þ.e. hve líklegt er að þetta gerist.

e) *Umhverfi*

Vatn, þ.m.t. set, loft, þurrlendi, villtar tegundir plantna og dýra og hvers kyns innbyrðis tengsl hér á milli, svo og hvers kyns tengsl milli lífvera.

INNGANGUR

1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um meginreglur til að tryggja að mat, sem unnið er og ákvarðanir sem aðildarríkin taka varðandi leyfisveitingu á sæfiefni, að því tilskildu að það sé efnablanda, leiði til samræmdrar og víðtækrar verndar fyrir menn, dýr og umhverfið í samræmi við b-lið 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar.

2. Til að tryggja víðtæka og samræmda vernd að því er varðar heilbrigði manna og dýra og umhverfið skal tilgreina hvers kyns áhættu sem stafar af notkun sæfiefnisins. Í þessu skyni skal áhættumat fara fram til að unnt sé að ákvarða hvort hugsanleg áhætta sem kemur fram við venjulega, fyrirhugaða notkun sæfiefnisins sé viðunandi eða ekki. Þetta er gert með því að láta fara fram áhættumat í tengslum við einstaka efnisþætti sæfiefnisins sem skipta máli.

3. Ávallt er krafist áhættumats fyrir virka efnið eða virku efnin í sæfiefninu. Þetta hefur þegar verið gert að því er varðar I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B. Áhættumatið skal fela í sér áhættugreiningu og, ef við á, mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum), mat á váhrifum og áhættulýsingu. Ef ekki er unnt að koma við áhættumati að því er varðar magnbundna þætti skal áhættumat fara fram að því er varðar eðlislega þætti.

4. Ef það á við, með hliðsjón af notkun sæfiefnisins, skal frekara áhættumat fara fram og á sama hátt og að framan greinir vegna allra annarra efna í sæfiefninu sem hugsanlega eru skaðleg.

5. Tiltekin gögn eru nauðsynleg til að áhættumat geti farið fram. Þessi gögn eru tilgreind ítarlega í II., III. og IV. viðauka og þau eru, í ljósi þess að sæfiefnaflokkarnir eru fjölmargir, breytileg eftir sæfiefnaflokkum og áhættunni sem þeim fylgja. Gögnin sem krafist er skulu að lágmarki vera þau sem nauðsynleg eru til að vinna viðeigandi áhættumat. Aðildarríkin skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra krafna sem settar eru fram í 12. og 13. gr. þessarar tilskipunar í því skyni að varna því að sömu gögn verði lögð fram oftar en einu sinni. Lágmarksupplýsingar sem krafist er vegna virks efnis í hvaða sæfiefnaflokki sem er skulu vera þær sem tilgreindar eru í VII. viðauka A við tilskipun 67/548/EBE. Þessar upplýsingar hafa þegar verið lagðar fram og metnar sem liður í áhættumatinu sem krafist er vegna skráningar virka efnisins í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við þessa tilskipun. Einnig er hægt að krefjast upplýsinga um efni í sæfiefni sem gefur tilefni til áhyggna.

6. Samþætta skal niðurstöður áhættumats sem unnið er fyrir virkt efni og efni í sæfiefni, sem gefur tilefni til áhyggna, svo að unnt sé að leggja fram heildarmat fyrir sæfiefnið sjálft.

7. Þegar mat er unnið í tengslum við veitingu leyfis fyrir sæfiefni og ákvörðun er tekin þar að lútandi skal aðildarríkið:

   a) taka tillit til annarra tæknilegra eða vísindalegra upplýsinga sem skipta máli og það hefur alla jafnan aðgang að og sem varða eiginleika sæfiefnisins, efnisþætti þess, umbrotsefni eða leifar, og

   b) meta, þar sem við á, rökin sem umsækjandi tilgreinir fyrir því að leggja ekki fram tilteknar upplýsingar.

8. Aðildarríkið skal uppfylla kröfur um gagnkvæma viðurkenningu sem tilgreindar eru í 1., 2. og 6. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar.

9. Vitað er að aðeins litlu munar á efnasamsetningu margra sæfiefna og skal tekið tillit til þessa við mat á tilskildum skjölum. Hugtakið „rammasamsetningar“ á við hér.

10. Vitað er að tiltekin sæfiefni eru talin hafa litla hættu í för með sér og þótt þau uppfylli kröfurnar í þessum viðauka falla þau undir einfaldaða málsmeðferð sem lýst er í 3. gr. þessarar tilskipunar.

11. Beiting þessara sameiginlegu meginreglna skal leiða til þess að aðildarríkið ákveði hvort leyfa megi sæfiefnið og slíkt leyfi getur falið í sér takmarkanir á notkun eða önnur skilyrði. Í tilteknum tilvikum getur aðildarríkið komist að þeirri niðurstöðu að frekari gögn séu nauðsynleg áður en unnt er að taka ákvörðun um veitingu leyfis.

12. Aðildarríkin skulu vinna með umsækjendum, meðan á mati og ákvörðunartöku stendur, að því að leysa skjótt vafamál varðandi hvers kyns kröfur um gögn eða tilgreina í upphafi nauðsynlegar viðbótarrannsóknir eða að breyta áformuðum notkunarskilyrðum sæfiefnisins eða eðli þess eða samsetningu svo að tryggt sé að kröfum þessa viðauka eða tilskipunar sé fullnægt í einu og öllu. Halda skal stjórnunarálagi í algeru lágmarki, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki, án þess að stofna í hættu þeirri vernd sem mönnum, dýrum og umhverfi er búin.

13. Úrskurðir aðildarríkis meðan mat og ákvörðunartaka fer fram skulu reistir á vísindalegum meginreglum, helst alþjóðlega viðurkenndum, og studdir áliti sérfræðinga.

MAT

Almennar meginreglur

14. Viðtökuaðildarríkið skal athuga gögnin sem lögð eru fram sem rökstuðningur með umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í því skyni að ganga úr skugga um heilleika þeirra og vísindalegt heildargildi. Þegar aðildarríkinu hafa borist þessi gögn skal það nota þau við vinnu við áhættumat sem byggjast skal á fyrirhugaðri notkun sæfiefnisins.

15. Áhættumat fyrir virka efnið í sæfiefninu skal ávallt fara fram. Ef sæfiefnið inniheldur að auki einhver önnur efni, sem gefa tilefni til áhyggna, skal áhættumat unnið fyrir hvert þeirra. Áhættumatið skal ná yfir fyrirhugaða, venjulega notkun sæfiefnisins, auk notkunar við verstu, hugsanlegu aðstæður, þ.m.t. allar upplýsingar sem máli skipta um framleiðslu og förgun sæfiefnisins eða efna sem hafa verið meðhöndluð með því.

16. Áhættumat fyrir hvert virkt efni og hvert efni í sæfiefninu, sem gefur tilefni til áhyggna, skal fela í sér áhættugreiningu og ákvörðun marka um engin skaðleg áhrif, þar sem því verður við komið. Ef við á skal það einnig fela í sér mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum) ásamt mati á váhrifum og áhættulýsingu.

17. Samþætta skal niðurstöður úr samanburði á váhrifum við styrk, sem veldur engum eiturhrifum, fyrir hvert virku efnanna og sérhvert efni, sem gefur tilefni til áhyggna, svo að unnt sá að leggja fram heildaráhættumat fyrir sæfiefnið. Ef niðurstöður magnbundinna stærða liggja ekki fyrir skulu niðurstöður úr mati á þáttbundnum stærðum samþættar á svipaðan hátt.

18. Í áhættumatinu skal ákvarða:

   a) áhættuna fyrir menn og dýr,

b) áhættuna fyrir umhverfið,

c) þær ráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera til að vernda menn, dýr og umhverfið almennt, bæði við fyrirhugaða, venjulega notkun sæfiefnisins og við verstu, raunhæfu aðstæður sem upp geta komið.

19. Í tilteknum tilvikum getur niðurstaðan orðið sú að frekari gögn séu nauðsynleg áður en unnt er að ljúka við áhættumat. Öll viðbótargögn, sem krafist er, skulu að lágmarki vera þau sem nauðsynleg eru til að ljúka við slíkt áhættumat.

Áhrif á menn

20. Í áhættumatinu skal taka tillit til eftirfarandi, hugsanlegra áhrifa, sem notkun sæfiefnisins getur haft í för með sér, og til þess hluta fólks sem ætla má að verði fyrir váhrifum.

21. Áhrifin, sem nefnd eru hér að framan, stafa af eiginleikum virka efnisins og hvers kyns efna sem gefa tilefni til áhyggna. Áhrifin eru þessi:

— bráð og langvinn eiturhrif,

— ertandi áhrif,

— ætandi áhrif,

— næming,

— eiturhrif við endurtekna skammta,

— stökkbreytandi áhrif,

— krabbameinsvaldandi áhrif,

— skaðleg áhrif á æxlun,

— taugaeiturhrif,

— hvers kyns aðrir sérstakir eiginleikar virka efnisins eða efna sem gefa tilefni til áhyggna,

— önnur áhrif sem rekja má til eðlisefnafræðilegra eiginleika.

22. Þeir hópar manna sem nefndir voru hér að framan eru:

— þeir sem nota efnið í atvinnuskyni,

— þeir sem nota efnið ekki í atvinnuskyni,

— þeir sem verða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu.

23. Í áhættugreiningunni skal fjalla um eiginleika og hugsanlegar aukaverkanir virka efnisins og hvers kyns efna í sæfiefninu sem gefa tilefni til áhyggna. Ef þetta leiðir til þess að sæfiefnið er flokkað samkvæmt kröfunum í 20. gr. þessarar tilskipunar skal krefjast mats á skammti (styrk) – svörun (áhrifum), mats á váhrifum og áhættulýsingar.

24. Í þeim tilvikum þegar prófanir, sem henta í tengslum við áhættugreiningu vegna tiltekinna, hugsanlegra áhrifa virks efnis eða efnis í sæfiefni, sem gefur tilefni til áhyggna, hafa farið fram en niðurstöðurnar hafa ekki leitt til flokkunar sæfiefnisins skal ekki krefjast áhættulýsingar að því er varðar þau áhrif nema aðrar réttmætar ástæður gefi tilefni til áhyggna, t.d. skaðleg umhverfisáhrif eða óviðunandi efnaleifar.

25. Aðildarríkin skulu beita 26. til 29. lið þegar unnið er mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum) á virku efni eða efni í sæfiefni sem gefur tilefni til áhyggna.

26. Að því er varðar eiturhrif við endurtekna skammta og skaðleg áhrif á æxlun skal meta tengslin milli skammts og svörunar fyrir hvert virkt efni eða efni sem gefur tilefni til áhyggna og tilgreina skal mörk um engin skaðleg áhrif verði því við komið. Ef ekki er unnt að tilgreina mörk um engin skaðleg áhrif skal tilgreina lægstu mörk um skaðleg áhrif (LOAEL (lowest-observed-adverse-effect-level)).

27. Fyrir bráð eiturhrif og ætandi og ertandi áhrif er sjaldnast unnt að ákvarða mörk um engin skaðleg áhrif eða lægstu mörk um skaðleg áhrif á grundvelli tilrauna sem gerðar eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Fyrir bráð eiturhrif skal ákvarða gildi fyrir LD50 (miðgildisbanaskammt) eða LC50 (miðgildisbanastyrk) eða greiniskammt, ef skammtaaðferð hefur verið notuð. Fyrir önnur áhrif nægir að ákvarða hvort virka efnið eða efnið, sem gefur tilefni til áhyggna, getur vegna eðlis síns valdið slíkum áhrifum við notkun vörunnar.

28. Fyrir stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif nægir að ákvarða hvort virka efnið eða efnið, sem gefur tilefni til áhyggna, getur vegna eðlis síns valdið slíkum áhrifum við notkun sæfiefnisins. Ef unnt er að sýna fram á að virkt efni eða efni, sem gefur tilefni til áhyggna, sem hefur verið sanngreint sem krabbameinsvaldur er ekki erfðaeitur er við hæfi að ákvarða mörk um engin skaðleg áhrif eða lægstu mörk um skaðleg áhrif í samræmi við 26. lið.

29. *Að því er varðar næmingu vegna snertingar við húð eða við innöndun er nægilegt, ef ekki ríkir einhugur* um þann möguleika að tilgreina mörk sem ólíklegt er að kalli fram skaðleg áhrif ef skammtur eða styrkur er undir þeim mörkum hjá viðfangi sem hefur þegar orðið fyrir næmingu af völdum tiltekins efnis, að meta hvort virka efnið eða efni, sem gefur tilefni til áhyggna, býr yfir eðliseiginleika sem getur haft slík áhrif við notkun sæfiefnisins.

30. Ef fyrir liggja upplýsingar sem fást við athuganir á váhrifum á menn, t.d. upplýsingar sem fást við framleiðsluna, frá eitrunarmiðstöðvum eða úr faraldsfræðilegum rannsóknum, skal taka sérstakt tillit til þeirra við vinnslu áhættumatsins.

31. Vinna skal mat á váhrifum að því er varðar hvern hóp manna (þá sem nota efnið í atvinnuskyni, þá sem nota efnið ekki í atvinnuskyni og þá sem verða fyrir óbeinum váhrifum vegna einhvers í umhverfinu) sem vitað er að verða fyrir váhrifum eða sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að verði fyrir váhrifum. Markmiðið með matinu skal vera að leggja magn- eða þáttbundið mat á þann skammt eða styrk hvers virks efnis eða efnis, sem gefur tilefni til áhyggna, sem veldur eða hugsanlegt er að valdi váhrifum á menn við notkun sæfiefnisins.

32. Matið á váhrifum skal grundvallast á upplýsingum í tækniskjölunum sem lögð eru fram í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar og hvers kyns öðrum fyrirliggjandi upplýsingum sem máli skipta. Sérstakt tillit skal taka til eftirfarandi, eftir því sem við á:

— nákvæmra mæligagna um váhrif,

— forms efnisins sem það er markaðssett í,

— gerðar sæfiefnisins,

— notkunaraðferðar og magns sem notað er,

— eðlisefnafræðilegra eiginleika vörunnar,

— líklegs váhrifamáta og möguleika á ísogi,

— hve oft og hve lengi váhrifa gætir,

— samsetningar og fjölda í tilteknum hópum manna sem verða fyrir váhrifum, liggi slíkar upplýsingar fyrir.

33. Ef nákvæm, dæmigerð mæligögn um váhrif liggja fyrir skal taka sérstaklega tillit til þeirra þegar mat á váhrifum fer fram. *Nota ber fullnægjandi líkön ef reikniaðferðum er beitt til að meta umfang váhrifa.*

Þessi líkön skulu:

— meta sem best öll ferli sem máli skipta og taka jafnframt tillit til raunhæfra færibreytna og matsatriða,

— lögð fram til greiningar þar sem tillit er tekið til hugsanlegra óvissuþátta,

— fullgilt á áreiðanlegan hátt með mælingum sem fara fram við aðstæður sem hafa þýðingu fyrir notkun líkansins,

— hæfa aðstæðum á viðkomandi notkunarsviði.

Einnig skal taka tillit til vöktunargagna sem skipta máli og varða efni sem eru hliðstæð að því er varðar notkun og váhrif eða búa yfir sambærilegum eiginleikum.

34. Ef ákvörðuð hafa verið mörk um engin skaðleg áhrif eða lægstu mörk um skaðleg áhrif að því er varðar einhver af þeim áhrifum sem sett eru fram í 21. gr. skal áhættulýsingin fela í sér samanburð á mörkum um engin áhrif eða lægstu mörkum um skaðleg áhrif og mati á skammti eða styrk efnisins sem menn verða fyrir váhrifum af. Ef ekki er unnt að ákvarða mörk um engin skaðleg áhrif eða lægstu mörk um skaðleg áhrif skal þáttbundinn samanburður fara fram.

Áhrif á dýr

35. Aðildarríkið skal nota þær meginreglur sem við eiga og lýst er í liðnum um áhrif á menn til að vega og meta þá áhættu sem dýr verða fyrir vegna sæfiefnisins.

Umhverfisáhrif

36. Við áhættumatið skal taka tillit til allra skaðlegra áhrifa sem fram geta komið í hverjum hinna þriggja hluta umhverfisins – lofti, jarðvegi og vatni (þ.m.t. í seti) – og í lífríkinu eftir notkun sæfiefnisins.

37. Í áhættugreiningunni skal fjalla um eiginleika og hugsanlegar aukaverkanir virka efnisins og hvers kyns efna í sæfiefninu sem gefa tilefni til áhyggna. Ef þetta leiðir til þess að sæfiefnið er flokkað samkvæmt kröfunum í þessari tilskipun skal krefjast mats á skammti (styrk) – svörun (áhrifum), mats á váhrifum og áhættulýsingar.

38. Í þeim tilvikum þegar prófanir, sem henta í tengslum við áhættugreiningu vegna tiltekinna, hugsanlegra áhrifa virks efnis eða efnis í sæfiefni, sem gefur tilefni til áhyggna, hafa farið fram en niðurstöðurnar hafa ekki leitt til flokkunar sæfiefnisins skal ekki krefjast áhættulýsingar að því er varðar þau áhrif nema aðrar réttmætar ástæður gefi tilefni til áhyggna. Slíkar ástæður, sem geta stafað af eiginleikum og áhrifum einhvers virks efnis eða einhvers efnis í sæfiefninu, sem gefur tilefni til áhyggna, geta einkum verið:

— vísbendingar um hugsanlega uppsöfnun í lífverum,

— einkenni sem varða þrávirkni,

— lögun ferils yfir eiturhrif og tíma við rannsóknir á visteiturhrifum,

— vísbendingar um önnur skaðleg áhrif á grundvelli rannsókna á eiturhrifum (t.d. ef flokkað sem stökkbreytivaldur),

— upplýsingar um efni sem eru hliðstæð að því er varðar byggingarformúlu,

— áhrif á innkirtla.

39. Mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum) skal unnið til að segja fyrir um styrkleikamörk þannig að neðan þeirra sé ekki að vænta skaðlegra áhrifa á viðkomandi hluta umhverfisins. Þetta skal unnið fyrir hvert virkt efni og hvert efni í sæfiefninu sem gefur tilefni til áhyggna. Þessi styrkur nefnist styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC – predicted no-effect concentration). Í sumum tilvikum reynist ekki unnt að ákveða þennan styrk og þá þarf að vinna þáttbundið mat á skammti (styrk) – svörun (áhrifum).

40. Ákvarða skal styrk þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg á grundvelli gagna um áhrif á lífverur og rannsókna á visteiturhrifum sem lögð eru fram í samræmi við kröfurnar í 8. gr. þessarar tilskipunar. Styrkinn skal reikna með því að nota matsstuðul fyrir þau gildi sem fást úr niðurstöðum tilrauna á lífverum, t.d. LD50 (miðgildisbanaskammtur), LC50 (miðgildisbanastyrkur), EC50 (miðgildi raunstyrks), IC50 (styrkur sem veldur 50% hömlun tiltekinnar færibreytu, t.d. vaxtar), mörk um engin áhrif (styrkur), ((NOEL(C), no-observed-effect-level (concentration)) eða lægstu mörk um engin áhrif (styrkur) ((LOEL(C), lowest-observed-effect-level (concentration)).

41. Matsstuðull gefur til kynna óvissuþáttinn þegar tilraunaniðurstöður fyrir takmarkaðan fjölda tegunda eru útgiskaðar fyrir raunverulegt umhverfi. Almennt gildir að því víðtækari sem gögnin eru og því lengur sem tilraunir standa yfir þeim mun minni verður óvissan svo og matsstuðullinn.

Forskriftir vegna matsstuðlanna skulu útfærðar nánar í tæknileiðbeiningunum sem í þessu skyni skulu einkum grundvallast á þeim vísbendingum sem fram koma í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE frá 20. júlí 1993 um meginreglur við mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE (*).

42. Mat á váhrifum skal unnið fyrir hvern hluta umhverfis í því skyni að spá fyrir um þann styrk sem líklegt er að finnist þar af hverju virku efni eða efni í sæfiefni sem gefur tilefni til áhyggna. Þessi styrkur nefnist áætlaður styrkur í umhverfinu (PEC – predicted environmental concentration). Í sumum tilvikum kann að vera ógerningur að ákvarða þennan styrk og skal þá vinna þáttbundið mat á váhrifum.

43. Aðeins þarf að ákvarða áætlaðan styrk í umhverfinu eða, ef þörf er á, vinna þáttbundið mat á váhrifum fyrir þá hluta umhverfisins sem vitað er eða vænta má að verði fyrir losun, sleppingu, förgun eða dreifingu, þ.m.t. það sem bætist við frá efni sem er meðhöndlað með sæfiefninu.

44. Ákvarða skal áætlaðan styrk í umhverfinu eða vinna þáttbundið mat á váhrifum þar sem sérstaklega, og eftir því sem við á, skal taka tillit til:

— nákvæmra mæligagna um váhrif,

— forms efnisins sem það er markaðssett í,

— gerðar sæfiefnisins,

— notkunaraðferðar og magns sem notað er,

— eðlisefnafræðilegra eiginleika,

— afurða sem myndast við niðurbrot eða ummyndun,

— líklegra dreifingarleiða að því er varðar hina ýmsu hluta umhverfisins og möguleika á aðsogi eða afsogi og niðurbroti,

— hve oft og hve lengi váhrifa gætir.

45. Ef nákvæm, dæmigerð mæligögn um váhrif liggja fyrir skal taka sérstaklega tillit til þeirra þegar mat á váhrifum fer fram. Nota ber fullnægjandi líkön ef reikniaðferðum er beitt til að meta umfang váhrifa. Líkönin skulu hafa þá eiginleika sem tilgreindir eru í 33. lið. Einnig skal, eftir því sem við á og í hverju tilviki um sig, taka tillit til vöktunargagna sem skipta máli og varða efni sem eru hliðstæð að því er varðar notkun og váhrif eða búa yfir sambærilegum eiginleikum.

46. Fyrir hvern hluta umhverfisins skal áhættulýsingin, að svo miklu leyti sem við verður komið, fela í sér samanburð á áætluðum styrk í umhverfinu og styrk þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg þannig að finna megi hlutfallið þar á milli.

47. Ef ekki er unnt að finna hlutfallið milli áætlaðs styrks í umhverfinu og styrks þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg skal áhættulýsingin fela í sér þáttbundið mat á líkindunum á því að tiltekin áhrif komi fram við ríkjandi váhrifaskilyrði eða komi fram við þau váhrifaskilyrði sem vænta má að ríki.

Óviðunandi áhrif

48. Aðildarríkið skal leggja fram og meta gögn svo að skera megi úr um hvort sæfiefnið valdi hryggdýrum í markhópnum ónauðsynlegum þjáningum. Þetta skal einnig felast í mati á því gangvirki sem kallar áhrifin fram og þeim áhrifum sem fram koma í atferli og heilbrigði hryggdýranna í markhópnum. Ef áhrifunum er ætlað að drepa markhryggdýrið skal meta þann tíma sem það tekur að draga markhryggdýrið til dauða og þau skilyrði sem dýrið drepst við.

49. Aðildarríkið skal, þar sem það á við, meta hvort mögulegt sé að fram komi hjá marklífverunni þol gegn virku efni í sæfiefninu.

(*) Stjtíð. EB L 227, 8.9.1993, bls. 9.

50. Séu einhverjar vísbendingar um að önnur óviðunandi áhrif geti komið fram skal aðildarríkið meta líkurnar á að slíkt gerist. Dæmi um slík óviðunandi áhrif eru skaðleg áhrif á festingar og fylgihluti sem sett eru á trémuni sem viðarvarnarefni hefur verið borið á.

Verkun

51. Gögn skulu lögð fram og þau metin til að ganga úr skugga um hvort renna megi stoðum undir staðhæfingar um verkun sæfiefnisins. Gögn, sem umsækjandi leggur fram eða eru í vörslu aðildarríkis, skulu geta sýnt fram á verkun sæfiefnisins á marklífverur við eðlilega notkun í samræmi við skilyrði leyfisins.

52. Prófanir skulu fara fram í samræmi við viðmiðunarreglur bandalagsins ef þær liggja fyrir og eiga við. Ef við á er heimilt að nota aðrar aðferðir eins og fram kemur í skránni hér á eftir. Nota má viðeigandi og ásættanleg vettvangsgögn ef þau liggja fyrir.

— ISO, CEN eða aðrar alþjóðlegar staðalaðferðir

— innlend staðalaðferð

— staðalaðferð iðnaðarins (samþykkt af aðildarríki)

— staðalaðferð einstakra framleiðenda (samþykkt af aðildarríki)

— gögn frá raunverulegri þróun sæfiefnisins (samþykkt af aðildarríki).

Samantekt

53. Fyrir hvert svæði sem áhættumat hefur verið unnið fyrir, þ.e. varðandi áhrif á menn, dýr og umhverfi, skal aðildarríkið draga saman niðurstöðurnar fyrir virka efnið ásamt niðurstöðum fyrir efni, sem gefa tilefni til áhyggna, svo að unnt sé að leggja fram heildarmat fyrir sæfiefnið sjálft. Við þetta mat skal taka tillit til líklegra, samverkandi áhrifa virka efnisins eða virku efnanna og efna í sæfiefninu sem gefa tilefni til áhyggna.

54. Ef sæfiefni inniheldur meira en eitt virkt efni skal einnig draga saman öll skaðleg áhrif til að fá fram heildaráhrif sæfiefnisins sjálfs.

ÁKVÖRÐUN

Almennar meginreglur

55. Með fyrirvara um 96. lið skal aðildarríkið taka ákvörðun um hvort leyfa skuli notkun sæfiefnis á grundvelli heildarmats á þeirri áhættu sem stafar af hverju virku efni og áhættunni frá efnum í sæfiefninu sem gefa tilefni til áhyggna. Áhættumatið skal ná yfir venjulega notkun sæfiefnisins, auk notkunar við verstu, hugsanlegu aðstæður, þ.m.t. allar upplýsingar sem máli skipta um förgun sæfiefnisins eða efna sem hafa verið meðhöndluð með því.

56. Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis skal aðildarríkið komast að einhverri eftirfarandi niðurstöðu fyrir hvern sæfiefnaflokk og fyrir hvers kyns notkun þess sæfiefnis sem sótt hefur verið um leyfi fyrir:

1. ekki er unnt að veita leyfi fyrir sæfiefnið,

2. veita má leyfi fyrir sæfiefnið með sérstökum skilyrðum eða takmörkunum,

3. frekari upplýsinga er krafist áður en unnt er að taka ákvörðun um veitingu leyfis.

57. Komist aðildarríki að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari upplýsingum eða gögnum til að taka megi ákvörðun um veitingu leyfis skal rökstyðja hvers vegna þeirra er þörf. Viðbótarupplýsingar eða -gögn skulu að lágmarki vera þau sem nauðsynleg eru til að vinna nýtt, viðeigandi áhættumat.

58. Aðildarríkið skal fylgja meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu sem sundurliðaðar eru í 4. gr. þessarar tilskipunar.

59. Aðildarríkið skal beita reglum um hugtakið „rammasamsetningar“ þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis fyrir sæfiefni.

60. Aðildarríkið skal beita reglum um hugtakið „áhættulitlar“ vörur þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis fyrir slík sæfiefni.

61. Aðildarríkið skal einungis veita leyfi fyrir þau sæfiefni sem hafa ekki óviðunandi hættu í för með sér fyrir menn, dýr eða umhverfið þegar þau eru notuð samkvæmt skilyrðum leyfisins, eru árangursrík og innihalda virk efni sem leyfilegt er að nota í slík sæfiefni innan bandalagsins.

62. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, setja skilyrði eða takmarkanir fyrir leyfum sem þau veita. Ákvarða skal hvers eðlis og hve ströng þessi skilyrði og takmarkanir skuli vera á grundvelli og í samræmi við eðli og umfang væntanlegs notagildis og áhættu sem líklegt má telja að fylgi notkun sæfiefnisins.

63. Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis skal aðildarríkið taka tillit til eftirfarandi:

— niðurstaðna úr áhættumatinu, einkum tengslanna milli váhrifa og áhrifa,

— eðlis og alvarleika áhrifanna,

— þeirrar áhættustjórnunar sem beita má,

— notkunarsviðs sæfiefnisins,

— verkunar sæfiefnisins,

— eðliseiginleika sæfiefnisins,

— ávinningsins af notkun sæfiefnisins.

64. Þegar aðildarríkið tekur ákvörðun varðandi veitingu leyfis fyrir sæfiefni skal taka tillit til þeirrar óvissu sem stafar af breytileika gagnanna sem notuð eru í mats- og ákvarðanatökuferlinu.

65. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um að sæfiefni skuli notuð á réttan hátt. Rétt notkun skal fela í sér að sæfiefnið sé notað í árangursríkum skömmtum og að notkun sæfiefna sé haldið í lágmarki eftir því sem verður við komið.

66. Aðildarríkið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umsækjandinn leggi fram tillögu um merkimiða og, eftir því sem við á, öryggisleiðbeiningar um sæfiefnið sem:

— uppfyllir kröfur 20. og 21. gr. þessarar tilskipunar,

— veitir einnig upplýsingar um vernd fyrir notendur sem krafist er í löggjöf bandalagsins um vinnuvernd,

— tilgreina sérstaklega þau skilyrði eða takmarkanir sem gilda um notkun sæfiefnisins.

Áður en leyfi er gefið út skal aðildarríkið ganga úr skugga um að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

67. Aðildarríkið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umsækjandinn leggi fram tillögur um umbúðir, og þar sem það á við, um aðferðir við eyðingu og afmengun sæfiefnisins og umbúða þess eða annarra efna sem skipta máli og tengjast sæfiefni og samræmast viðeigandi reglugerðarákvæðum.

Áhrif á menn

68. Aðildarríkið skal ekki veita leyfi fyrir sæfiefni ef áhættumatið staðfestir að óviðunandi hætta steðji að mönnum við fyrirsjáanlega notkun þess, þ.m.t. við notkun þess við verstu, hugsanlegu aðstæður.

69. Þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis fyrir sæfiefni skal aðildarríkið taka tillit til hugsanlegra áhrifa á alla hópa manna, nánar tiltekið á þá sem nota efnið í atvinnuskyni, þá sem nota það ekki í atvinnuskyni og þá sem verða fyrir váhrifum beint eða óbeint frá umhverfinu.

70. Aðildarríkið skal rannsaka tengslin milli váhrifa og áhrifa og hafa þau til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin. Þegar þessi tengsl eru rannsökuð þarf að taka tillit til ýmissa þátta og sá sem vegur einna þyngst er eðli þeirra skaðlegu áhrifa sem efnið hefur í för með sér. Meðal þessara áhrifa eru bráð eiturhrif, erting, ætandi áhrif, næming, eiturhrif við endurtekna skammta, stökkbreytandi áhrif, krabbameinsvaldandi áhrif,

taugaeiturhrif, skaðleg áhrif á æxlun ásamt eðlisefnafræðilegum eiginleikum, auk hvers kyns annarra skaðlegra eiginleika virka efnisins eða efnis sem gefur tilefni til áhyggna.

71. Aðildarríkið skal, þegar því verður við komið, bera niðurstöðurnar saman við þær niðurstöður sem fengist hafa úr áhættumati áður vegna sams konar eða svipaðra, skaðlegra áhrifa og ákvarða hver hæfileg öryggismörk (margin of safety, MOS) eru við veitingu leyfis.

    Hæfileg öryggismörk eru að jafnaði 100 en bæði hærri og lægri öryggismörk geta verið viðeigandi og ráðast þau m.a. af því hvers eðlis mikilvægustu eiturhrifin eru.

72. Aðildarríkið skal, ef við á, setja sem skilyrði fyrir veitingu leyfis að notaðar séu persónuhlífar á borð við öndunargrímur, andlitsgrímur, vinnusloppa, hanska og hlífðargleraugu í því skyni að minnka váhrif á þá sem nota efnin í atvinnuskyni. Slíkar persónuhlífar skulu vera auðfengnar.

73. Ef eina aðferðin til að draga úr váhrifum á þá notendur sem nota efnið ekki í atvinnuskyni er sú að nota persónuhlífar skal að öllu jöfnu ekki veita leyfi fyrir vörunni.

74. Ef ekki er hægt að draga úr tengslunum milli váhrifa og áhrifa þannig að viðunandi teljist skal aðildarríkið ekki veita leyfi fyrir sæfiefnið.

75. Ekki má heimila almenna notkun neins sæfiefnis sem er flokkað skv. 1. mgr. 20. gr. í þessari tilskipun sem eitrað, mjög eitrað eða sem krabbameinsvaldur í 1. eða 2. flokki, sem stökkbreytivaldur í 1. eða 2. flokki eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki.

Áhrif á dýr

76. Aðildarríkið skal ekki veita leyfi fyrir sæfiefni ef áhættumatið staðfestir að óviðunandi hætta steðji að dýrum utan markhóps við venjulega notkun þess.

77. Aðildarríkið skal nota þær viðmiðanir sem við eiga og lýst er í liðnum um áhrif á menn til að vega og meta þá áhættu sem dýr verða fyrir vegna sæfiefnisins þegar ákvörðun er tekin um veitingu leyfis.

Umhverfisáhrif

78. Aðildarríkið skal ekki leyfa sæfiefni ef áhættumatið staðfestir að einhverjum hluta umhverfisins, vatni (þ.m.t. seti), jarðvegi eða lofti, stafi óviðunandi hætta af virka efninu, efnum sem gefa tilefni til áhyggna eða af einhverju niðurbrots- eða myndefni sem til verður. Þetta skal ná yfir mat á áhættu fyrir lífverur utan markhóps í þessum hlutum umhverfisins.

    Við mat á því hvort um óviðunandi áhættu er að ræða skulu aðildarríkin taka tillit til viðmiðananna í 81. til 91. lið þegar þau taka endanlega ákvörðun í samræmi við 96. lið.

79. Við töku ákvörðunar er hlutfallið milli áætlaðs styrks í umhverfinu og styrks þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg helsta hjálpartækið en þáttbundið mat ef þetta hlutfall liggur ekki fyrir. Tilhlýðilegt tillit skal tekið til nákvæmni þessa hlutfalls vegna breytilegra gagna sem notuð eru bæði við mælingu á styrk og við mat.

    Við ákvörðun á áætluðum styrk í umhverfinu skal nota það líkan sem best hentar og taka skal tillit til afdrifa og hegðunar sæfiefnisins í umhverfinu.

80. Ef hlutfallið milli áætlaðs styrks í umhverfinu og styrks þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg er jafnt og eða minna en 1 fyrir einhvern tiltekinn hluta umhverfisins skal áhættulýsingin vera sú að ekki sé þörf frekari upplýsinga og/eða prófana.

    Ef hlutfallið milli áætlaðs styrks í umhverfinu og styrks þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg er stærra en 1 skal aðildarríkið meta, út frá stærð hlutfallsins og öðrum þáttum sem máli skipta, hvort frekari upplýsinga og/eða prófana er krafist til að varpa skýrara ljósi á áhættuna eða hvort aðgerðir til að draga úr áhættu eru nauðsynlegar eða hvort yfir höfuð er unnt að veita leyfi fyrir vörunni. Þættir, sem máli skipta og taka skal til athugunar, eru þeir sem eru tilgreindir í 38. lið hér að framan.

Vatn

81. Aðildarríkið skal ekki leyfa sæfiefni ef fyrirsjáanlegur styrkur virka efnisins eða einhvers annars efnis, sem gefur tilefni til áhyggna, eða umbrots-, niðurbrots- eða myndefna sem máli skipta í vatni (eða seti þess) hafa óviðunandi áhrif á ferskvatns-, sjávar- eða árósategundir utan markhóps við fyrirhuguð notkunarskilyrði, nema sýnt sé fram á það með vísindalegum hætti að við viðkomandi vettvangsaðstæður sé ekki um nein óviðunandi áhrif að ræða.

82. Aðildarríkið skal ekki leyfa sæfiefni ef fyrirsjáanlegur styrkur virka efnisins, einhvers annars efnis, sem gefur tilefni til áhyggna, eða umbrots-, niðurbrots- eða myndefna sem máli skipta í grunnvatni fer yfir þau styrkleikagildi sem lægri eru af eftirfarandi gildum:

a) leyfilegur hámarksstyrkur sem mælt er fyrir um í tilskipun 80/778/EBE, eða

b) hámarksstyrkur, sem mælt er fyrir um í tengslum við málsmeðferðina við skráningu virka efnisins í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við þessa tilskipun, á grundvelli viðeigandi gagna, einkum eiturfræðilegra gagna

nema sýnt sé fram á það á vísindalegan hátt að við viðkomandi vettvangsaðstæður sé ekki farið yfir lægri styrkleikagildin.

83. Aðildarríkið skal ekki leyfa sæfiefni ef fyrirsjáanlegur styrkur virka efnisins, einhvers annars efnis, sem gefur tilefni til áhyggna, eða umbrots-, niðurbrots- eða myndefna sem máli skipta og búast má við í yfirborðsvatni eða seti þess eftir notkun sæfiefnisins við fyrirhuguð notkunarskilyrði:

— er, í þeim tilvikum þegar yfirborðsvatn á eða frá fyrirhuguðu notkunarsvæði er ætlað til notkunar sem drykkjarvatn, meiri en þau gildi sem sett eru í

— tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar ([1]),

— tilskipun 80/778/EBE eða

— hefur áhrif á tegundir utan markhóps sem talin eru óviðunandi

nema sýnt sé fram á það á vísindalegan hátt að við viðkomandi vettvangsaðstæður sé ekki farið yfir þennan styrk.

84. Fyrirhugaðar leiðbeiningar um notkun sæfiefnisins, þ.m.t. aðferðir við að hreinsa notkunarbúnað, skulu við það miðaðar að hætta á mengun vatns eða sets í því, sem verður fyrir slysni, sé í lágmarki.

Jarðvegur

85. Ef líkur eru á að óviðunandi mengun jarðvegs eigi sér stað skal aðildarríkið ekki leyfa sæfiefni ef virka efnið eða efnið í því, sem gefur tilefni til áhyggna, í kjölfar notkunar sæfiefnisins:

— er þrávirkt, við prófanir á vettvangi, í jarðvegi lengur en eitt ár, eða

— myndar við prófanir í rannsóknarstofu óútdraganlegar efnaleifar í magni sem er að liðnum 100 dögum yfir 70% af upphaflegum skammti þar sem minna en 5% breytast í ólífrænt form á 100 dögum,

— hefur óviðunandi afleiðingar eða áhrif á lífverur utan markhóps,

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Matið verði falið trúnaðarlækni sjóðsins eins og tíðkast hjá öðrum lífeyrissjóðum. Ekki er gert ráð fyrir að breytt tilhögun matsins að þessu leyti hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

381. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um listnám fatlaðra.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á möguleikum fatlaðra til að stunda tónlistarnám og annað listnám. Kannað verði sérstaklega hvernig tónlistarskólar og aðrir listaskólar svara þörfum fatlaðra hvað varðar aðbúnað og kennslu. Sér-

stök áhersla skal lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Í sjöttu meginreglu Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra er fjallað sérstaklega um nám fatlaðra. Þar segir m.a. að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og öðrum menntastofnunum. Aðildarríkin skulu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér á landi eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og reynt hefur verið að tryggja að þau geti stundað grunn- og framhaldsnám og þannig reynt að fylgja meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Enda þótt meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggi ekki lagalegar skyldur á aðildarríkin eru þær skuldbindandi siðferðilega og pólitískt og þær byggjast á kjörorði samtakanna, „Eitt samfélag fyrir alla“.

Þótt töluvert hafi áunnist í baráttu fatlaðra fyrir rétti til náms er ljóst að mikið verk er óunnið. Ekki síst ef horft er til listnáms. Þó er alkunnugt að það er ákaflega mikilvægur þáttur í þroska og þjálfun fatlaðra einstaklinga að stunda listnám. Gildir þá einu hvort um líkamlega hömlun eða þroskaröskun er að ræða. Það sanna margar rannsóknir, m.a. rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum. Þar var niðurstaðan sú að það flýtti mjög fyrir þroska fatlaðra barna og hjálpaði þeim félagslega hefðu þau möguleika til listiðkunar eða listnáms.

Norðurlöndin hafa einnig lagt mikla áherslu á rétt fatlaðra til listnáms, sérstaklega á möguleika barna allt frá leikskólaaldri til þess að stunda nám í listgreinum eins og tónlist og leiklist.

Hér á landi eiga fatlaðir litla möguleika á að stunda listnám. Aðstæður er misjafnar eftir svæðum, en hvergi eru þó aðstæðurnar fullnægjandi. Möguleikar fatlaðra barna og ungmenna til tónlistarnáms eru t.d. mjög takmarkaðir. Það er í verkahring sveitarfélaganna að reka tónlistarskóla. Ríkið kemur ekki að rekstri þeirra. Flutningsmenn þessarar tillögu draga í efa að í viðræðum um verkaskipti og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga hafi þessum veigamikla þætti í menntun verið gefið það vægi sem eðlilegt hefði verið.

Menntamálaráðuneytið hefur þó á hendi faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu eins og öðru listnámi. Ráðuneytið hefur t.d. sett aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla þar sem vikið er beint og óbeint að jafnræði til tónlistarnáms. Þar segir meðal annars: „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi.“

Einnig er í námskránni tekið fram að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Í viðauka við námskrána er kafli þar sem meðal annars er rætt um húsakost tónlistarskólanna. Þar segir: „Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra.“ Reikna má með að hliðstæð markmið séu í gildi fyrir annað listnám. Hins vegar er ljóst að þessi markmið hafa ekki náðst hvað varðar möguleika fatlaðra til þess að stunda hvers konar listnám. Ekki síst á það við um börn og ungmenni.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að menntamálaráðherra skipi nefnd sem nú þegar geri úttekt á möguleikum fatlaðra til þess að stunda tónlistarnám eða annað listnám. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að sækja listnám. Nefndin skili skýrslu og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2004.

382. Tillaga til þingsályktunar [330. mál]

um öldrunarstofnanir.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem geri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana og beri saman við þá þjónustu sem þær veita hver fyrir sig. Einnig fari fram úttekt á störfum þeirra þjónustuhópa sem sveitarstjórnum ber að skipa í hverju heilsugæsluumdæmi skv. 6.–8. gr. laga um málefni aldraðra. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum til úrbóta verði lagðar fyrir Alþingi haustið 2004.

Greinargerð.

Frá og með 1. janúar 2003 átti að taka upp samræmt greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili aldraðra. Áður höfðu greiðslur til hjúkrunarheimila verið þrenns konar. Sum heimilanna fengu framlög í fjárlögum, önnur fengu fjárveitingar samkvæmt þjónustusamningi og enn önnur fengu daggjöld. Greiðslur til öldrunarheimila fyrir dvalar- og dagvistarrými hafa verið samkvæmt daggjöldum sem birt eru í reglugerð í upphafi hvers árs.

Nauðsynlegt var orðið að samræma greiðslur til öldrunarstofnana, að greiðslurnar væru í samræmi við t.d. hjúkrunarþyngd á hjúkrunar- eða dvalarheimilum fyrir aldraða. Árlega á að meta heilsufar og aðhlynningarþörf með svokölluðu RAI-mati sem síðar er m.a. notað til að ákveða daggjaldaþörf stofnunar. En einnig þarf að taka tillit til stærðar stofnunar þar sem ljóst er að stærðin skiptir miklu um heildarrekstrarkostnað dvalar- og hjúkrunarheimila.

Einingar eru oftar en ekki litlar þegar komið er út fyrir höfuðborgarsvæðið auk þess sem kostnaður við ýmsa rekstrarþætti er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. hvað varðar alla sjúkraflutninga. Á höfuðborgarsvæðinu koma sjúklingar inn á stofnanirnar eftir langa bið í brýnni þörf og þá sem þungir hjúkrunarsjúklingar og eru þar tíðari skipti á þungum umönnunarsjúklingum á hvert rúm sem hefur aukinn kostnað í för með sér. Við ákvörðun daggjalda þarf því að taka tillit til margra mismunandi þátta.

Um alla þessa þætti eiga að gilda skýrar reglur, en ekki er síður nauðsynlegt að skýrar reglur séu til um það hvaða þjónustu á að veita á hverri stofnun.

Í 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, er kveðið á um að á dvalarheimilum skuli vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi, og aðstaða fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

Í sömu grein er fjallað um hjúkrunarheimili sem ætluð eru þeim sem eru of lasburða til þess að vera á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum. Þar skal veita hjúkrunar- og læknisþjónustu og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónustuna skal byggja á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða.

Í reglugerð er kveðið á um greiðslur sem öldrunarheimili skuli inna af hendi fyrir þá sem þar dveljast, t.d. fyrir lyf og læknishjálp, endurhæfingu, ýmis hjálpartæki sem heimilismenn þarfnast, sjúkraflutninga og fleira.

Landlæknir á samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu að hafa faglegt eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem öldrunarstofnanir veita vistmönnum sínum. Þá er í 6.–8. gr. laga um málefni aldraðra einnig kveðið á um að í hverju heilsugæsluumdæmi skuli starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarstjórnir skulu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp og greiða kostnað af störfum hans. Þjónustuhópur aldraðra skal samkvæmt lögum hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarþörf aldraðra.

Af þessari upptalningu má sjá að í lögum er gert ráð fyrir eftirliti með störfum öldrunarheimila og líðan þeirra sem þar dvelja. Engu að síður er það mat flutningsmanna þessarar tillögu að eftirlit sé hvergi nærri nægjanlegt, að verulegur munur sé á þjónustu sambærilegra heimila fyrir aldraða og í einhverjum tilvikum jafnvel um það að ræða að einstaklingar á þessum heimilum fái ekki þá þjónustu sem lögbundin er, t.d. á sviði endurhæfingar, jafnvel að það dragist úr hömlu að þeir fái nauðsynleg hjálpartæki.

Þá er einnig nauðsynlegt að skoða virkni þeirra þjónustuhópa sem sveitarfélög eiga að skipa til þess að tryggja velferð aldraðra íbúa. En verulegur misbrestur er á því að þjónustuhópar sveitarfélaganna sinni hlutverki sínu.

Flutningsmenn þessarar tillögu fagna því að reynt er að samræma greiðslur til öldrunarstofnana að teknu tilliti til ástands þeirra sem þar dvelja og reynt að meta rekstrarkostnað. En ekki er síður nauðsynlegt að stuðst sé við skýrar reglur um þá þjónustu sem stofnanir eiga að veita, stórar eða litlar, á höfuðborgarsvæði eða landsbyggð.

Þá þarf eftirlit einnig að vera virkara en nú er. Því er lagt til að Alþingi feli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem geri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana og beri saman þjónustu sambærilegra stofnana og hvort þær standast þær kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum. Störf þjónustuhópa sveitarfélaga verði einnig skoðuð. Niðurstöður þessarar úttektar ásamt tillögum til úrbóta skal síðan leggja fyrir Alþingi haustið 2004.

383. Fyrirspurn [331. mál]

til fjármálaráðherra um fjarskiptakostnað ráðuneyta og ríkisfyrirtækja.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

1. Hve mikill er árlegur fjarskiptakostnaður
   a. ráðuneyta,
   b. ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana?
2. Hefur árangur útboða ríkisfyrirtækja á fjarskiptaþjónustu verið kannaður? Ef svo er, hver hefur hann verið?

3. Eru uppi áform um frekari útboð á fjarskiptaþjónustu ráðuneyta og ríkisfyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.

384. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að

Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru.

Tilskipun 2001/95/EB um öryggi vöru kveður á um þær grundvallarkröfur sem gerðar eru um að einungis séu settar á markað öruggar vörur. Í tilskipuninni er því eðli málsins samkvæmt að finna ákvæði sem skipta miklu máli fyrir neytendur, innflytjendur og framleiðendur. Við framleiðslu á vörum ber að leggja til grundvallar evrópska staðla ef slíkir staðlar hafa verið samþykktir fyrir hlutaðeigandi vöru en annars ber framleiðendum, innflytjendum og dreifingaraðilum að sjá til þess að á markaðinn berist ekki vörur sem eru hættulegar öryggi og heilsu manna. Rík áhersla er á að framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar veiti neytendum upplýsingar um hvort almenn eða sérstök hætta fylgi notkun vöru. Jafnframt aukast skyldur stjórnvalda til að bregðast við með skjótum og öruggum hætti þegar vitneskja berst um að á markaðnum sé að finna hættulegar vörur. Tilskipunin eykur því til muna valdsvið, ábyrgð og skyldur aðildarríkja við að sinna virkri markaðsgæslu af hálfu stjórnvalda. RAPEX-tilkynningakerfið um hættulegar vörur á markaði sem öll stjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu eiga aðild að og er skylt að taka þátt í er enn fremur fest í sessi og gert markvissara.

Í tilskipuninni er einnig krafist aukins samstarfs milli yfirvalda á sviði opinberrar markaðsgæslu á Evrópska efnahagssvæðinu og verður þeim skylt að taka þátt í Evrópuneti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna um öryggi vöru. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnuð verði ráðgjafarnefnd sem ætlað er að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um vöruöryggismál.

Nýmæli er einnig í tilskipuninni að aðildarlöndum er bannað að flytja út vöru til landa utan EES sem reynst hefur hættuleg og verið tekin úr sölu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilskipunin tekur til almenns vöruöryggis og tekur því til allra vöruflokka nema að um þá gildi sérstök fyrirmæli í sértilskipunum ESB, sbr. lyf o.s.frv. Á vöruöryggisstjórnvöldum sem starfa samkvæmt tilskipuninni mun því í framtíðinni hvíla ríkari skylda til að hafa yfirumsjón og samræma eftirlit á sviði almenns vöruöryggis í hverju aðildarríki fyrir sig.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 9/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2001 frá 28. febrúar 2001 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun 2001/95/EB fellir úr gildi frá 15. janúar 2004 tilskipun 92/59/EBE ([3]) sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

([1]) Stjtíð. EB L 117, 26.4.2001, bls. 16, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 10.
([2]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.
([3]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3g (tilskipun ráðsins 69/493/EBE):

„3h. **32001 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).“

2. Texti liðar 3a (tilskipun ráðsins 92/59/EBE) falli brott með gildistöku frá 15. janúar 2004.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/95/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/95/EB

frá 3. desember 2001

um öryggi vöru

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 2. ágúst 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 16. gr. tilskipunar ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru ([4]), átti ráðið að ákveða, fjórum árum eftir þann dag sem fyrrnefnd tilskipun átti að koma til framkvæmda, hvort aðlaga þyrfti tilskipun 92/59/EBE, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu, með hliðsjón af viðeigandi tillögum. Nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á tilskipun 92/59/EBE til að fullgera, herða eða skýra sum af ákvæðum hennar í ljósi fenginnar reynslu og nýrrar þróunar á sviði öryggis neysluvara, sem og breytinga sem gerðar hafa verið á sáttmálanum, einkum 152. gr. um almannaheilbrigði og 153. gr. um neytendavernd, og í ljósi varúðarreglunnar. Því ber að endursemja tilskipun 92/59/EBE til glöggvunar. Við endursamninguna kemur öryggi þjónustu til með að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar því að framkvæmdastjórnin hyggst láta fara fram greiningu á þörfum, möguleikum og forgangsmálum, að því er varðar bandalagsaðgerð um öryggi þjónustu og bótaábyrgð þjónustuveitenda, með það í huga að leggja fram viðeigandi tillögur.

2) Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins, sem nær yfir svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggðir.

3) Þar eð engin bandalagsákvæði eru fyrir hendi getur í láréttri löggjöf aðildarríkjanna um öryggi vöru, sem einkum leggur þær almennu skyldur á herðar atvinnurekendum að markaðssetja aðeins öruggar vörur, verið munur á því hversu mikla vernd hún veitir neytendum. Slíkt misræmi og skortur á láréttri löggjöf í sumum aðildarríkjum gæti skapað viðskiptahindranir og valdið röskun á samkeppni á innri markaðnum.

4) Til að tryggja öfluga neytendavernd verður bandalagið að leggja sitt af mörkum til að vernda heilbrigði og öryggi neytenda. Lárétt löggjöf bandalagsins, þar sem innleidd er almenn krafa um öryggi vöru og sem inniheldur ákvæði um almennar skyldur framleiðenda og dreifingaraðila, um framkvæmd krafna bandalagsins um öryggi vöru og um skjót skipti á upplýsingum og aðgerðir á vettvangi bandalagsins í vissum tilvikum, ætti að stuðla að því markmiði.

5) Mjög örðugt er að samþykkja bandalagslöggjöf um allar vörur sem til eru eða kunna að verða þróaðar. Nauðsynlegt er að setja víðan og láréttan lagaramma til að fjalla um slíkar vörur auk þess að fylla í eyðurnar, einkum uns sértæk löggjöf, sem fyrir er, hefur verið endurskoðuð og bætt við ákvæðin í núgildandi og komandi sértækri löggjöf, einkum með það í huga að tryggja neytendum sem mesta öryggis- og heilsuvernd eins og krafist er í 95. gr. sáttmálans.

([1]) Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 109 og Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2000, bls. 265.

([2]) Stjtíð. EB C 367, 20.12.2000, bls. 34.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 15.11.2000 (Stjtíð. EB C 223, 8.8.2001, bls. 154), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12.2.2001 (Stjtíð. EB C 93, 23.3.2001, bls. 24) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16.5.2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 4.10.2001 og ákvörðun ráðsins frá 27.9.2001.

([4]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

6) Því er nauðsynlegt að setja fram almennar öryggiskröfur fyrir allar vörur innan bandalagsins sem eru markaðssettar eða á annan hátt afhentar neytendum eða hafðar á boðstólum fyrir þá og eru ætlaðar neytendum eða líklegt er að þeir noti við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði jafnvel þótt vörurnar séu ekki ætlaðar þeim. Í öllum þessum tilvikum geta viðkomandi vörur stofnað heilsu og öryggi neytenda í hættu, og brýnt er að koma í veg fyrir það. Tilteknar, notaðar vörur ættu þó að vera undanþegnar vegna eðlis síns.

7) Tilskipun þessi ætti að gilda um vörur, óháð því hvernig þær eru seldar, þ.m.t. í fjarsölu og rafrænt.

8) Meta ber öryggi vara með hliðsjón af öllum viðeigandi þáttum, einkum neytendahópum sem kunna að vera sérstaklega berskjaldaðir gagnvart hættum sem umræddar vörur hafa í för með sér, svo sem börnum og eldra fólki.

9) Tilskipun þessi tekur ekki til þjónustu en til að tryggja að viðkomandi markmið um vernd náist skulu ákvæði hennar einnig gilda um vörur sem eru afhentar neytendum eða eru á boðstólum fyrir þá í tengslum við þjónustu sem þeir ætla að nýta sér. Öryggi búnaðar, sem þjónustuveitendur nota sjálfir til þess að veita neytendum þjónustu, heyrir ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar þar sem fjalla verður um hann í tengslum við öryggi þjónustunnar sem látin er í té. Einkum er búnaður, sem neytendur nota til að fara á milli staða eða ferðast og starfræktur er af þjónustuveitanda, undanskilinn gildissviði þessarar tilskipunar.

10) Rétt er að vörur, sem ætlaðar eru eingöngu til nota í atvinnuskyni en hafa síðar færst yfir á neytendamarkað, heyri undir kröfur þessarar tilskipunar vegna þess að þær geta stofnað heilbrigði og öryggi neytenda í hættu þegar þær eru notaðar við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

11) Þar sem sértækari ákvæði eru ekki fyrir hendi innan ramma löggjafar bandalagsins um öryggi varanna, sem um er að ræða, skulu öll ákvæði þessarar tilskipunar gilda í því skyni að tryggja heilbrigði og öryggi neytenda.

12) Ef í sértækri bandalagslöggjöf eru settar fram öryggiskröfur sem taka aðeins til vissra öryggisþátta eða áhættuflokka, að því er varðar viðkomandi vörur, ákvarðast skyldur atvinnurekenda, að því er varðar þessa áhættu, af ákvæðum sértæku löggjafarinnar en um aðra áhættuþætti gilda almennar öryggiskröfur þessarar tilskipunar.

13) Ákvæði þessarar tilskipunar, sem fjalla um aðrar skyldur framleiðenda og dreifingaraðila, skyldur og heimildir aðildarríkjanna, upplýsingaskipti og aðstæður sem kalla á hröð viðbrögð, sem og um dreifingu upplýsinga og trúnaðarskyldu, gilda um vörur sem heyra undir sérreglur í löggjöf bandalagsins ef þær reglur innihalda ekki þegar ákvæði um slíkar skyldur.

14) Í því skyni að einfalda skilvirka og samræmda beitingu almennra öryggiskrafna þessarar tilskipunar er mikilvægt að koma á fót valfrjálsum Evrópustöðlum sem taka til tiltekinna vara og áhættu þannig að vara, sem uppfyllir innlendan staðal sem innleiðir Evrópustaðal, skal talin uppfylla fyrrnefnda kröfu.

15) Með markmið þessarar tilskipunar að leiðarljósi skulu evrópskar staðlastofnanir koma á Evrópustöðlum með umboði frá framkvæmdastjórninni með aðstoð viðeigandi nefnda. Til að tryggja að vörur, sem eru í samræmi við staðlana, uppfylli almennar öryggiskröfur ætti framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna, að setja fram kröfurnar sem staðlarnir verða að uppfylla. Þær kröfur skulu settar fram í umboðunum til staðlastofnananna.

16) Ef ekki eru til sérreglur og ekki eru fyrir hendi Evrópustaðlar, settir með umboði frá framkvæmdastjórninni, eða ekki er hægt að beita slíkum stöðlum skal einkum meta öryggi vara með hliðsjón af innlendum stöðlum, sem innleiða hvers kyns aðra Evrópu- eða alþjóðlega staðla, tilmælum framkvæmdastjórnarinnar, innlendum stöðlum, alþjóðlegum stöðlum, reglum um góðar starfsvenjur eða í ljósi þess tæknistigs og þess öryggis sem neytendur mega búast við að njóta með góðu móti. Í þessu sambandi kunna tilmæli framkvæmdastjórnarinnar að einfalda samræmda og skilvirka beitingu þessarar tilskipunar uns Evrópustaðlar hafa verið innleiddir eða að því er varðar þær hættur og/eða vörur sem talið er að slíkir staðlar séu ekki mögulegir fyrir eða henti ekki.

17) Viðeigandi, óháð vottun, viðurkennd af lögbærum yfirvöldum, kann að gera það einfaldara að færa sönnur á að farið sé að gildandi viðmiðunum um öryggi vöru.

18) Rétt er að til viðbótar skuldbindingum atvinnurekenda um að virða almennar öryggiskröfur komi aðrar skyldur því að aðgerðir af hálfu

atvinnurekenda eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin við ákveðnar aðstæður.

19) Á meðal viðbótarskyldna framleiðenda skal vera skylda til að gera ráðstafanir í réttu hlutfalli við einkenni varanna sem gera þeim kleift að fá upplýsingar um hættu, sem þessar vörur kunna að hafa í för með sér, gefa neytendum upplýsingar, sem gera þeim kleift að meta og koma í veg fyrir hættu, vara neytendur við hættum, sem fylgja hættulegum vörum sem þeir hafa þegar fengið, taka þær vörur af markaði og, sé ekki annars kostur, innkalla þær ef nauðsyn krefur sem getur falið í sér, allt eftir gildandi ákvæðum í aðildarríkjunum, viðeigandi bótagreiðslu, t.d. vöruskipti eða endurgreiðslu.

20) Dreifingaraðilar skulu stuðla að því að tryggja að farið sé að gildandi öryggiskröfum. Skyldur, sem dreifingaraðilum eru lagðar á herðar, eru í hlutfalli við ábyrgð hvers og eins þeirra. Einkum kann að reynast ómögulegt, þegar um er að ræða góðgerðarstarfsemi, að láta lögbærum yfirvöldum í té upplýsingar og gögn um mögulega áhættu og um uppruna vörunnar þegar um er að ræða staka, notaða hluti sem einstaklingar hafa látið af hendi rakna.

21) Bæði framleiðendur og dreifingaraðilar skulu hafa samvinnu við lögbær yfirvöld um að fyrirbyggja hættur og tilkynna þeim ef þeir telja að tilteknar vörur, sem hafa verið afhentar, séu hættulegar. Í þessari tilskipun skulu sett skilyrði fyrir veitingu slíkra upplýsinga til að einfalda skilvirka beitingu hennar og jafnframt forðast aukna fyrirhöfn atvinnurekenda og yfirvalda.

22) Til að tryggja að framleiðendur og dreifingaraðilar ræki þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar, á skilvirkan hátt skulu aðildarríkin koma á fót eða tilnefna yfirvöld til að fylgjast með öryggi vara og hafa heimildir til að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. til að setja viðurlög sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi, og til að tryggja viðeigandi samræmingu milli hinna ýmsu yfirvalda sem tilnefnd eru.

23) Einkum er nauðsynlegt að viðeigandi ráðstafanir feli í sér heimildir fyrir aðildarríkin til að fyrirskipa eða skipuleggja, tafarlaust og af skilvirkni, afturköllun hættulegra vara sem þegar hafa verið settar á markað og, sé ekki annars kostur, að fyrirskipa, samræma eða skipuleggja innköllun hættulegra vara sem þegar hafa verið afhentar neytendum. Þessum heimildum skal beitt þegar framleiðendur og dreifingaraðilar bregðast þeirri skyldu að koma í veg fyrir hættu fyrir neytendur. Yfirvöld skulu hafa tilskildar heimildir og reglur til að geta, þegar þörf er á, tekið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir og beitt þeim með hraði.

24) Öryggi neytenda veltur að miklu leyti á því að gengið sé eftir því á skilvirkan hátt að kröfur um öryggi vöru séu uppfylltar. Aðildarríkin ættu því að taka upp kerfisbundnar aðferðir til að tryggja að markaðsgæsla og önnur eftirlitsstarfsemi sé skilvirk og gagnsæ fyrir almenning og þá sem eiga hagsmuna að gæta.

25) Samstarf milli eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum er nauðsynlegt til að tryggja að markmiðin um vernd, sem er að finna í þessari tilskipun, náist. Því er við hæfi að hvetja til starfrækslu Evrópunets eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum til að auðvelda, á samræmdan hátt við önnur kerfi bandalagsins, einkum bandalagskerfi um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX-tilkynningakerfið), bætta samvinnu um starfrækslu markaðsgæslu og aðra eftirlitsstarfsemi, einkum áhættumat, prófun á vörum, miðlun sérfræðiþekkingar og vísindalegrar þekkingar, framkvæmd sameiginlegra eftirlitsverkefna og um að rekja uppruna hættulegra vara, taka þær af markaði eða innkalla þær.

26) Til að unnt sé að tryggja samræmda, öfluga vernd, að því er varðar heilbrigði og öryggi neytenda, og varðveita einingu innri markaðarins er brýnt að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um hverja þá ráðstöfun sem takmarkar markaðssetningu vöru, krefst þess að hún sé tekin af markaði eða innkölluð. Slíkar ráðstafanir skulu gerðar í samræmi við ákvæði sáttmálans, einkum 28., 29. og 30. gr.

27) Virkt eftirlit með öryggi vara krefst þess að komið verði á fót innanlands- og bandalagskerfi til að tryggja skjót skipti á upplýsingum þegar upp kemur alvarlegt hættuástand, tengt öryggi vöru, sem kallar á hröð viðbrögð. Einnig er viðeigandi að í þessari tilskipun séu settar nákvæmar verklagsreglur um starfrækslu kerfisins og framkvæmdastjórninni, með aðstoð ráðgjafarnefndar, veittar heimildir til að aðlaga þær.

28) Tilskipun þessi kveður á um setningu viðmiðunarreglna sem eru ekki bindandi þar sem leitast er við að setja fram einfaldar og skýrar við-

miðanir og hagnýtar reglur, sem kunna að breytast, einkum til að tilkynna megi á skilvirkan hátt um ráðstafanir sem takmarka markaðssetningu vara í þeim tilvikum sem um getur í þessari tilskipun, jafnframt því sem tekið er tillit til hinna ýmsu aðstæðna sem aðildarríkin og atvinnurekendur þurfa að glíma við. Viðmiðunarreglurnar skulu einkum fela í sér viðmiðanir fyrir beitingu skilgreiningar á alvarlegri hættu til að auðvelda samræmda beitingu viðkomandi ákvæða þegar um slíka hættu er að ræða.

29) Það er fyrst og fremst aðildarríkjanna að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna hættulegra vara á yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við sáttmálann, einkum 28., 29. og 30. gr.

30) Séu aðildarríkin hins vegar ekki á einu máli um hvernig taka skuli á hættu sem steðjar af tilteknum vörum gæti slíkur ágreiningur haft í för með sér óásættanlegt misræmi í neytendavernd og skapað viðskiptahindranir innan bandalagsins.

31) Sú staða kann að koma upp að nauðsynlegt verði að bregðast skjótt við alvarlegum öryggisvandamálum varðandi vörur, sem hafa eða gætu skyndilega haft áhrif á allt bandalagið eða verulegan hluta þess og sem, með hliðsjón af eðli öryggisvandamálsins sem varan skapar, ekki er hægt að taka á af skilvirkni á þann hátt sem endurspeglar hversu knýjandi ástandið er með þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í sérreglum í löggjöf bandalagsins sem gilda um viðkomandi vörur eða vöruflokk.

32) Því er nauðsynlegt að kveða á um hentuga tilhögun sem gerir mögulegt, sé ekki annars kostur, að grípa til ráðstafana, sem taka til alls bandalagsins, í formi ákvörðunar sem beint er til aðildarríkjanna í því skyni að bregðast við ástandi sem skapast vegna vara sem alvarleg hætta stafar af. Slík ákvörðun skal fela í sér bann við útflutningi á viðkomandi vöru nema sérstakar aðstæður í viðkomandi tilviki geri kleift að banna hann aðeins að hluta til eða alls ekki, einkum ef fyrir hendi er kerfi sem byggist á fyrirframsamþykki. Auk þess ber að íhuga bann við útflutningi með það fyrir augum að koma í veg fyrir hættu fyrir heilbrigði og öryggi neytenda. Þar eð slík ákvörðun er ekki bindandi fyrir atvinnurekendur beint verða aðildarríkin að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma hana. Ráðstafanir, sem samþykktar eru samkvæmt slíkri málsmeðferð, eru tímabundnar nema ef þær gilda um einstakar, tilgreindar vörur eða framleiðslulotur. Til að tryggja viðeigandi mat á því hvort þörf sé á slíkum ráðstöfunum og hvernig best sé að undirbúa þær skal framkvæmdastjórnin gera þær með aðstoð nefndar í samráði við aðildarríkin og, ef upp koma vísindaleg vafamál sem heyra undir vísindanefnd bandalagsins, vísindanefndar sem er til þess bær að takast á við þá hættu sem um er að ræða.

33) Nauðsynlegar ráðstafanir til beitingar þessari tilskipun skulu gerðar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

34) Til að greiða fyrir skilvirkri og samræmdri beitingu þessarar tilskipunar kann að vera nauðsynlegt að nefnd fjalli um ýmsa þætti beitingarinnar.

35) Tryggja ber almenningi aðgang að þeim upplýsingum sem yfirvöld búa yfir um öryggi vöru. Þó ber að gæta þagnarskyldu, eins og um getur í 287. gr. sáttmálans, á þann hátt að samræmist þörf á að tryggja skilvirkni markaðsgæslu og verndarráðstafana.

36) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á rétt tjónþola í skilningi tilskipunar ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum ([2]).

37) Brýnt er að aðildarríkin hafi viðeigandi leið til að leggja fram kvörtun fyrir lögbærum dómstólum þegar um er að ræða ráðstafanir, sem lögbær yfirvöld gera, er fela í sér takmarkanir á markaðssetningu vöru eða kröfu um að hún verði tekin af markaðnum eða innkölluð.

38) Auk þess verða ráðstafanir, er varða innfluttar vörur, svo sem þær sem banna útflutning til að koma í veg fyrir að öryggi og heilbrigði neytenda stafi hætta af, að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar bandalagsins.

39) Framkvæmdastjórnin skal kanna reglulega hvernig tilskipun þessari er beitt og skoða niðurstöður könnunarinnar, einkum að því er varðar virkni markaðsgæslukerfa, skjótra skipti á upplýsingum og ráðstafana, sem gerðar eru á

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/34/EB (Stjtíð. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20).

vettvangi bandalagins, ásamt öðrum málefnum er varða öryggi neytendavara í bandalaginu og leggja reglulega skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi.

40) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna varðandi frest til að leiða tilskipun 92/59/EBE í innlend lög og beita henni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Markmið – gildissvið – skilgreiningar

1. gr.

1. Markmið þessarar tilskipunar er að tryggja að vörur, sem eru markaðssettar, séu öruggar.

2. Tilskipun þessi skal gilda um allar vörur sem skilgreindar eru í a-lið 2. gr. Hvert ákvæði hennar skal gilda, að því tilskildu að engin sérákvæði með sama markmiði sé að finna í lögum bandalagsins um öryggi viðkomandi vara.

Ef vörur heyra undir sérstakar öryggiskröfur sem kveðið er á um í lögum bandalagsins gildir þessi tilskipun einungis um þá þætti, áhættu eða áhættuflokka sem ekki falla undir þær kröfur. Þetta merkir að:

a) ákvæði b- og c-liðar 2. gr., 3. gr. og 4. gr. gilda ekki um þessar vörur að því er varðar hættur eða áhættuflokka sem falla undir sértæku löggjöfina;

b) ákvæði 5.–18. gr gilda nema til séu sérákvæði með sömu markmið um þá þætti sem fyrrnefndar greinar taka til.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vara“: hvers konar vara, einnig tengd þjónustu, sem ætluð er neytendum og líklegt er, við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, að neytendur noti, jafnvel þótt hún sé ekki þeim ætluð, og er annaðhvort afhent eða höfð á boðstólum gegn endurgjaldi eða ekki á viðskiptagrundvelli hvort sem hún er ný, notuð eða endurgerð.

   Þessi skilgreining gildir ekki um notaðar vörur sem teljast fornmunir, sem gera þarf við eða endurgera áður en þær eru notaðar, að því tilskildu að birgir skýri einstaklingnum, sem hann útvegar vöruna, á greinargóðan hátt frá því;

b) „örugg vara“: hvers konar vara sem, við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma og, þar sem við á, kröfur varðandi töku í notkun, uppsetningu og viðhald, hefur ekki í för með sér áhættu eða aðeins lágmarksáhættu sem er samrýmanleg notkun vörunnar og telst vera í samræmi við kröfur um að einstaklingar njóti mikils öryggis og öflugrar heilsuverndar, einkum með hliðsjón af eftirtöldum þáttum:

   i) eðli vörunnar, þ.m.t. samsetningu hennar, umbúðum, samsetningar- og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningum;

   ii) áhrifum á aðrar vörur, ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum;

   iii) framsetningu vörunnar, merkingum og, ef við á, varnaðarorðum og leiðbeiningum um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna;

   iv) hópum neytenda sem eru í hættu þegar þeir nota vöruna, einkum börnum og eldra fólki.

   Þótt mögulegt sé að skapa meira öryggi eða ef aðrar vörur, sem eru ekki eins hættulegar, eru fáanlegar er það ekki næg ástæða til að vara teljist „hættuleg“;

c) „hættuleg vara“: hvers konar vara sem ekki flokkast undir skilgreininguna „örugg vara“ í b-lið;

d) „alvarleg hætta“: öll alvarleg hætta, jafnvel þótt áhrif hennar komi ekki fram tafarlaust, sem kallar á hröð viðbrögð opinberra yfirvalda;

e) „framleiðandi“:

   i) framleiðandi vörunnar, ef hann hefur staðfestu í bandalaginu, og sérhver annar einstaklingur, sem kemur fram sem framleiðandi með því að merkja vöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki, eða einstaklingurinn sem endurgerir vöruna;

   ii) fulltrúi framleiðanda, ef framleiðandi hefur ekki staðfestu í bandalaginu, eða, ef ekki er um að ræða fulltrúa með staðfestu í bandalaginu, innflytjandi vörunnar;

   iii) aðrir fagmenn í aðfangakeðjunni að því leyti sem starfsemi þeirra getur haft áhrif á öryggiseiginleika vöru;

f) „dreifingaraðili“: fagmaður í aðfangakeðjunni sem stundar starfsemi er hefur ekki áhrif á öryggiseiginleika vöru;

g) „innköllun“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að hættulegri vöru, sem framleiðandi eða dreifingaraðili hefur þegar afhent neytendum eða hefur á boðstólum fyrir þá, sé skilað;

h) „vara tekin af markaði“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu, verði til sýnis eða boðin neytendum.

II. KAFLI

Almennar öryggiskröfur, viðmiðanir við samræmismat og Evrópustaðlar

3. gr.

1. Framleiðendum er skylt að markaðssetja aðeins örugga vöru.

2. Ef ekki eru til sérákvæði í löggjöf bandalagsins um öryggi tiltekinnar vöru telst viðkomandi vara örugg, að því er varðar þá þætti hennar sem falla undir viðeigandi innlenda löggjöf, ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum aðildarríkisins þar sem varan er markaðssett, að því tilskildu að slíkar reglur séu í samræmi við sáttmálann, einkum 28. og 30. gr., og taki til krafna um öryggi og hollustu sem varan verður að uppfylla áður en hún er markaðssett.

Vara telst örugg, að því er varðar áhættu og áhættuflokka sem falla undir viðeigandi, innlenda staðla, ef hún er í samræmi við valfrjálsa, innlenda staðla þar sem Evrópustaðlar eru innleiddir og framkvæmdastjórnin hefur birt tilvísanir í í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við ákvæði 4. gr. Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í slíka innlenda staðla.

3. Við aðrar aðstæður en um getur í 2. mgr. skal einkum meta hvort vara uppfylli almennar öryggiskröfur með hliðsjón af eftirfarandi þáttum, séu þeir fyrir hendi:

a) valfrjálsum, innlendum stöðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr., þar sem viðeigandi Evrópustaðlar eru innleiddir;

b) stöðlum sem samdir eru í því aðildarríki þar sem varan er markaðssett;

c) tilmælum framkvæmdastjórnarinnar þar sem settar eru fram viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru;

d) gildandi reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi geira;

e) tæknistigi og tækni;

f) öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

4. Þótt vara sé í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru til að tryggja almennar öryggiskröfur, einkum ákvæðin sem um getur í 2. eða 3. mgr., geta lögbær yfirvöld aðildarríkjanna gripið til viðeigandi ráðstafana í því skyni að takmarka markaðssetningu vörunnar eða krefjast þess að hún verði tekin af markaðnum eða innkölluð ef sannanir liggja fyrir um að hún sé hættuleg.

4. gr.

1. Að því er varðar þessa tilskipun skulu Evrópustaðlarnir, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr., samdir á eftirfarandi hátt:

a) kröfurnar, sem ætlað er að tryggja að vörur, sem eru í samræmi við staðlana, uppfylli almennar öryggiskröfur, skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 15. gr.;

b) á grundvelli þessara krafna skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]), fara þess á leit við evrópskar staðlastofnanir að þær semji staðla sem uppfylla þessar kröfur;

c) á grundvelli þessara umboða skulu evrópskar staðlastofnanir samþykkja staðlana í samræmi við meginreglurnar í almennu viðmiðunarreglunum um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og þessara stofnana;

d) framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á þriggja ára fresti, innan ramma skýrslunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr., um áætlanir sínar um að setja þær kröfur og veita þau umboð til staðlasetningar sem kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan. Í þessari skýrslu verður einkum að finna greiningu á ákvörðunum sem teknar hafa verið um kröfur og umboð til staðlasetningar, sem um getur í a- og b-lið, og um staðlana sem um getur í c-lið. Í skýrslunni verða einnig upplýsingar um vörurnar sem framkvæmdastjórnin hyggst setja téðar kröfur um og um viðkomandi umboð, hættur sem kunna að vera samfara vörunni og hafa ber í huga og

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

niðurstöður hvers konar undirbúningsvinnu sem farið hefur fram á þessu sviði.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* tilvísanir í Evrópustaðla sem teknir eru upp á þennan hátt og samdir í samræmi við kröfurnar sem um getur í 1. mgr.

Ef evrópskar staðlastofnanir samþykkja, fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, staðal sem er í samræmi við almennu öryggiskröfurnar skal framkvæmdastjórnin ákveða að birta tilvísanir í hann í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Sé ekki tryggt að staðall sé í samræmi við almennar öryggiskröfur skal framkvæmdastjórnin afturkalla birtingu á tilvísun til staðalsins að hluta til eða öllu leyti.

Í þeim tilvikum, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein, skal framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 15. gr. hvort téður staðall uppfyllir almennar öryggiskröfur. Framkvæmdastjórnin skal ákveða birtingu eða afturköllun að höfðu samráði við nefndina sem sett var á stofn í samræmi við 5. gr. tilskipunar 98/34/EB. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um ákvörðun sína.

III. KAFLI

Aðrar skyldur framleiðenda og skyldur dreifingaraðila

5. gr.

1. Innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, skulu framleiðendur sjá neytendum fyrir viðeigandi upplýsingum til að gera þeim kleift að meta þá áhættu sem fylgir vöru á eðlilegum eða fyrirsjáanlegum notkunartíma hennar, ef áhættan er ekki augljós án viðeigandi varnaðarorða, og að gera varúðarráðstafanir gegn slíkri áhættu.

Þrátt fyrir slík varnaðarorð er enginn undanþeginn þeirri skyldu að hlíta öðrum kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, skulu framleiðendur gera ráðstafanir sem eru í samræmi við eiginleika varanna sem þeir bjóða sem gera þeim kleift að:

a) fá upplýsingar um áhættu sem kann að vera samfara vörunum;

b) grípa til viðeigandi ráðstafana og þ.m.t., ef nauðsyn krefur til að forðast þessa áhættu, að taka vöruna, sem um er að ræða, af markaðnum og vara neytendur við á viðeigandi og skilvirkan hátt eða innkalla vöruna frá neytendum.

Dæmi um ráðstafanirnar, sem um getur í þriðju undirgrein, eru:

a) að tilgreina framleiðanda og upplýsingar um hann á vörunni eða umbúðum hennar og tilvísunarnúmer vörunnar eða, þar sem við á, framleiðslulotunnar sem hún tilheyrir, nema rökstuddar ástæður séu fyrir því að gefa ekki upp slíkar upplýsingar, og

b) að láta fara fram, alltaf þegar við á, úrtaksprófanir á markaðssettum vörum, taka kvartanir til meðferðar og, ef nauðsynlegt er, halda skrá yfir kvartanir og veita dreifingaraðilum upplýsingar um slíkt eftirlit.

Aðgerðirnar, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar, skulu framkvæmdar að eigin frumkvæði eða að beiðni lögbærra yfirvalda í samræmi við f-lið 1. mgr. 8. gr. Ekki skal gripið til innköllunar nema ekki sé annars kostur, ef aðrar aðgerðir duga ekki til að fyrirbyggja áhættuna, í tilvikum þar sem framleiðendur telja slíkt nauðsynlegt eða eru skyldaðir til þess með ráðstöfun lögbærs yfirvalds. Innköllun má framkvæma innan ramma reglna um góðar starfsvenjur á þessu sviði í viðkomandi aðildarríki ef slíkar reglur eru til.

2. Dreifingaraðilum er skylt að gæta þess vandlega að farið sé að gildandi öryggiskröfum, einkum að afhenda ekki vörur sem þeir vita eða ættu að vita að uppfylla ekki þessar kröfur með hliðsjón af upplýsingum sem þeir hafa undir höndum og sem fagmenn. Innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, skulu þeir enn fremur taka þátt í að fylgjast með öryggi vara sem eru markaðssettar, sérstaklega með því að veita upplýsingar um áhættu sem er samfara vörum, halda utan um skjöl sem nauðsynleg eru til að rekja uppruna vara og láta þau í té og taka þátt í aðgerðum sem gripið er til af hálfu framleiðenda og lögbærra yfirvalda í því skyni að forðast þessa áhættu. Innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, skulu þeir gera ráðstafanir sem stuðla að skilvirkara samstarfi þeirra í milli.

3. Ef framleiðendur og dreifingaraðilar vita eða ættu að vita, með hliðsjón af upplýsingum sem þeir hafa undir höndum og sem fagmenn, að vara, sem þeir hafa markaðssett, stofnar neytendum í hættu sem er ósamrýmanleg almennum öryggiskröfum skulu þeir tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna um það með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í I. viðauka og einkum gefa upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því

skyni að koma í veg fyrir að neytandanum sé stofnað í hættu.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. 15. gr., aðlaga sérkröfurnar sem tengjast upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

4. Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu, innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, starfa með lögbærum yfirvöldum, að beiðni hinna síðarnefndu, að aðgerðum sem gripið er til í því skyni að forðast áhættu af völdum vara sem þeir afhenda eða hafa afhent. Lögbær yfirvöld skulu ákveða málsmeðferð fyrir slíkt samstarf, þ.m.t. málsmeðferð fyrir skoðanaskipti við viðkomandi framleiðendur og dreifingaraðila um málefni sem tengjast öryggi vöru.

IV. KAFLI

Sérstakar skyldur og heimildir aðildarríkjanna

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að framleiðendur og dreifingaraðilar ræki skyldur sínar í samræmi við þessa tilskipun á þann hátt að öryggi vara, sem eru markaðssettar, sé tryggt.

2. Aðildarríkin skulu skipa eða tilnefna lögbær yfirvöld til að fylgjast með því hvort vörur samræmist almennum öryggiskröfum og sjá til þess að slík yfirvöld hafi og noti nauðsynlegar heimildir til að gera viðeigandi ráðstafanir sem þeim ber skylda til samkvæmt þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu skilgreina verkefni, heimildir, skipulagningu og samstarfsfyrirkomulag þessara lögbæru yfirvalda. Þau tilkynna það framkvæmdastjórninni sem sér um að senda upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

7. gr.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum lagaákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði fyrir 15. janúar 2004 og skulu einnig tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem verða á þeim.

8. gr.

1. Að því er varðar þessa tilskipun, einkum 6. gr., er lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna heimilt að grípa m.a. til ráðstafananna í a-lið og í b- til f-lið hér á eftir eftir því sem við á:

a) að því er varðar allar vörur:

   i) koma á viðeigandi eftirliti með öryggiseiginleikum vara sem nær til síðustu notkunar- eða neyslustiga þótt þær hafi þegar verið markaðssettar sem öruggar;

   ii) krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðilum;

   iii) taka sýni af vöru og gera á þeim öryggisprófanir;

b) að því er varðar allar vörur sem gætu haft í för með sér áhættu við tiltekin skilyrði:

   i) krefjast þess að varan sé merkt með viðeigandi, skýrum og auðskiljanlegum varnaðarorðum um áhættu, sem kann að vera henni samfara, á opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem hún er markaðssett;

   ii) setja skilyrði fyrir markaðssetningu vörunnar í því skyni að tryggja öryggi hennar;

c) að því er varðar allar vörur sem gætu haft í för með sér áhættu fyrir tiltekna einstaklinga:

   fyrirskipa að þeir séu varaðir við hættunni með góðum fyrirvara og á viðeigandi hátt, m.a. með því að birta um það sérstök varnaðarorð;

d) að því er varðar allar vörur sem gætu verið hættulegar:

   að banna tímabundið, og eins lengi og þurfa þykir til að framkvæma ýmis konar öryggismat, prófanir og eftirlit, að vara sé afhent, hún boðin til sölu eða sýnd;

e) að því er varðar allar hættulegar vörur:

   banna markaðssetningu vara og gera þær hliðarráðstafanir sem þurfa þykir til að tryggja að bannið sé virt;

f) að því er varðar allar hættulegar vörur sem eru komnar á markað:

   i) að fyrirskipa eða sjá til þess að þær séu raunverulega teknar af markaði tafarlaust og neytendur varaðir við áhættunni sem henni er samfara;

ii) að fyrirskipa eða samræma eða, ef við á, sjá til þess, ásamt framleiðendum og dreifingaraðilum, að þær séu tafarlaust innkallaðar frá neytendum og þeim fargað á viðeigandi hátt.

2. Þegar lögbær yfirvöld aðildarríkjanna gera ráðstafanir eins og þær sem kveðið er á um í 1. mgr., einkum í d- til f-lið, skulu þau gera það í samræmi við sáttmálann, einkum 28. og 30. gr., þannig að ráðstafanirnar séu framkvæmdar í réttu hlutfalli við hversu alvarleg hættan er og með tilhlýðilegu tilliti til varúðarreglunnar.

Í þessu samhengi skulu þau hvetja til og stuðla að því að framleiðendur og dreifingaraðilar hafi frumkvæði að því að grípa til aðgerða í samræmi við skyldurnar sem þessi tilskipun leggur þeim á herðar, einkum III. kafli, þar á meðal, eftir atvikum, með þróun reglna um góðar starfsvenjur.

Ef nauðsyn krefur skulu þau skipuleggja eða sjá um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í f-lið 1. mgr. ef það hvernig framleiðandi og dreifingaraðili rækja skyldur sínar reynist óviðeigandi eða ófullnægjandi. Innköllun skal ekki eiga sér stað nema ekki sé annars kostur. Hana má framkvæma innan ramma reglna um góðar starfsvenjur á þessu sviði í viðkomandi aðildarríki þar sem slíkar reglur eru til.

3. Einkum skulu lögbær yfirvöld hafa heimildir til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að geta gert viðeigandi ráðstafanir með hraði, svo sem þær sem um getur í b- til f-lið 1. mgr., þegar um er að ræða vörur sem hafa í för með sér alvarlega hættu. Aðildarríkin skulu ákveða þessar aðstæður og meta hvert tilvik með hliðsjón af viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. lið II. viðauka.

4. Ráðstafanir, sem lögbær yfirvöld grípa til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu eftir atvikum beinast að:

a) framleiðanda;

b) dreifingaraðila, innan þeirra marka, sem starfsemi þeirra setur þeim, og einkum þeim aðila sem er ábyrgur fyrir dreifingu á fyrsta stigi á innanlandsmarkaði;

c) öðrum einstaklingum, ef nauðsyn krefur, með tilliti til samstarfs í því skyni að forðast áhættu sem er samfara vöru.

9. gr.

1. Til að tryggja skilvirka markaðsgæslu, sem miðar að öflugri vernd að því er varðar heilbrigði og öryggi neytenda og felur í sér samstarf þar til bærra yfirvalda, skulu aðildarríkin tryggja að fyrir hendi séu aðferðir sem byggjast á viðeigandi úrræðum og ráðstöfunum og kunna einkum að fela í sér:

a) að koma á fót, uppfæra reglubundið og hrinda í framkvæmd áætlunum um markaðseftirlit á tilteknum sviðum eftir flokkum vara eða áhættu og fylgjast með störfum á sviði markaðseftirlits, niðurstöðum þess og útkomu;

b) að fylgjast með nýjustu tækni og vísindum, tengdum öryggi vara, og uppfæra þá þekkingu;

c) að endurskoða reglulega og meta virkni eftirlits með eftirlitsstarfsemi og skilvirkni hennar og, ef nauðsyn krefur, að endurskoða þær aðferðir við markaðseftirlit, sem ákveðnar voru, og skipulag þess.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að neytendur og aðrir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að leggja fram kvartanir hjá lögbærum yfirvöldum um öryggi vöru, markaðseftirlit og eftirlit með því og að þessar kvartanir séu teknar fyrir á viðeigandi hátt. Aðildarríkin skulu á virkan hátt upplýsa neytendur og aðra hagsmunaaðila um verklag sem komið er á fót í því skyni.

10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til og taka þátt í starfrækslu Evrópunets lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna um öryggi vöru, einkum í formi samvinnu á sviði stjórnsýslu.

2. Þetta net skal þróað samhliða öðrum kerfum bandalagsins sem fyrir eru, einkum RAPEX-tilkynningakerfinu. Markmið þess skal einkum vera að auðvelda eftirfarandi:

a) að skiptast á upplýsingum um áhættumat, hættulegar vörur, prófunaraðferðir og -niðurstöður, nýjustu þróun í vísindum, sem og aðra þætti sem skipta máli varðandi eftirlit með eftirlitsstarfsemi;

b) að koma á fót og framkvæma sameiginleg verkefni á sviði markaðsgæslu og prófana;

c) að miðla sérfræðiþekkingu og bestu starfsvenjum og hafa samvinnu um þjálfun;

d) að bæta samstarf á vettvangi bandalagsins við að rekja uppruna hættulegra vara, taka þær af markaði og innkalla þær.

V. KAFLI

Upplýsingaskipti og aðstæður sem kalla á hröð viðbrögð

11. gr.

1. Grípi aðildarríki til ráðstafana til að takmarka markaðssetningu vara eða krefjast þess að þær séu teknar af markaði eða innkallaðar, eins og kveðið er á um í b- til f-lið 1. mgr. 8. gr., ber því að tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir og ástæður að baki þeim, að því tilskildu að slíkrar tilkynningar sé ekki krafist skv. 12. gr. eða einhverri sértækri löggjöf bandalagsins. Það skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingar eða afnám slíkra ráðstafana.

Telji tilkynningarríkið að hættuáhrif nái ekki eða geti ekki náð út fyrir yfirráðasvæði þess skal það tilkynna um viðkomandi ráðstafanir ef þær fela í sér upplýsingar sem geta skipt máli varðandi öryggi vöru í aðildarríkjunum, einkum ef þær varða nýja hættu sem enn hefur ekki verið tilkynnt um.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðmiðunarreglurnar, sem um getur í 8. lið II. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr. þessarar tilskipunar, jafnframt því að tryggja að kerfið sé skilvirkt og starfi eðlilega. Í þeim skal vera tillaga að innihaldi og stöðluðu formi tilkynninganna, sem kveðið er á um í þessari grein, einkum tillaga að nákvæmum viðmiðunum um skilyrðin fyrir því hvenær tilkynning skiptir máli að því er varðar aðra undirgrein.

2. Framkvæmdastjórnin skal framsenda tilkynninguna til hinna aðildarríkjanna nema hún komist að þeirri niðurstöðu, að undangenginni rannsókn á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í tilkynningunni, að ráðstöfunin samræmist ekki lögum bandalagsins. Í slíku tilviki skal hún tafarlaust tilkynna það aðildarríkinu sem hóf aðgerðina.

12. gr.

1. Ef aðildarríki grípur til ráðstafana eða aðgerða eða ákveður að grípa til þeirra, mæla með þeim eða samsinna framleiðendum og dreifingaraðilum þar að lútandi hvort sem þeir hafa verið skyldaðir til þess eða eiga frumkvæðið að því, til að koma í veg fyrir, takmarka eða setja sérstök skilyrði innan eigin yfirráðasvæðis fyrir markaðssetningu eða notkun vara sem hefur í för með sér alvarlega hættu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað í gegnum RAPEX-tilkynningakerfið. Það skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um breytingu eða afturköllun hvers konar ráðstöfunar eða aðgerðar af þessu tagi.

Telji tilkynningarríkið að hættuáhrif nái ekki eða geti ekki náð út fyrir yfirráðasvæði þess skal það fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 11. gr., að teknu tilliti til viðeigandi viðmiðana sem lagðar eru til í viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. lið II. viðauka.

Með fyrirvara um ákvæði fyrstu undirgreinar mega aðildarríkin senda áfram til framkvæmdastjórnarinnar upplýsingar sem þau hafa um alvarlega hættu áður en þau taka ákvörðun um til hvaða ráðstafana eða aðgerða verður gripið.

Ef um er að ræða alvarlega hættu skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, sem framleiðendur og dreifingaraðilar hafa gripið til að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar.

2. Við móttöku slíkra tilkynninga skal framkvæmdastjórnin kanna hvort þær séu í samræmi við þessa grein og gildandi kröfur um starfsemi RAPEX-tilkynningakerfisins og senda þær áfram til hinna aðildarríkjanna sem skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gripið til.

3. Nákvæmar verklagsreglur um RAPEX-tilkynningakerfið er að finna í II. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga þær í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr.

4. Aðgangur að RAPEX-tilkynningakerfinu skal standa til boða umsóknarlöndum, þriðju löndum eða alþjóðastofnunum, innan ramma samninga milli bandalagsins og þessara landa eða alþjóðastofnana, samkvæmt fyrirkomulagi sem skilgreint er í þeim samningum. Allir slíkir samningar skulu vera gagnkvæmir og hafa þagnarskylduákvæði sem svarar til þeirra sem gilda í bandalaginu.

13. gr.

1. Fái framkvæmdastjórnin vitneskju um að öryggi og heilsu neytenda sé ógnað vegna alvarlegrar hættu af völdum tiltekinna vara í hinum ýmsu aðildarríkjum getur hún, að höfðu samráði við aðildarríkin og, ef upp koma vísindaleg vafamál sem heyra undir vísindanefnd innan bandalagsins, þá vísindanefnd sem er til þess bær að takast á við viðkomandi hættu, samþykkt ákvörðun með hliðsjón af niðurstöðu þessa samráðs, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr., þar sem aðildarríkjum er gert skylt að grípa til einhverra af þeim ráðstöfunum sem taldar eru upp í b- til f-lið 1. mgr. 8. gr. ef í ljós kemur á sama tíma að:

a) fyrra samráð við aðildarríkin leiðir í ljós að verulegur munur er á þeim aðferðum sem þau samþykkja eða munu samþykkja gegn þessari hættu; og

b) ekki er hægt að ráðast gegn aðsteðjandi hættu, vegna þess hvers eðlis öryggisvandi vörunnar er, á þann hátt sem samræmist mikilvægi málsins samkvæmt öðrum verklagsreglum sem mælt er fyrir um í sértækri bandalagslöggjöf um viðkomandi vörur; og

c) aðeins er hægt að útrýma hættunni á skilvirkan hátt með því að samþykkja viðeigandi ráðstafanir á vettvangi bandalagsins í því skyni að tryggja samræmda og öfluga vernd að því er varðar heilbrigði og öryggi neytenda og eðlilega starfsemi hins innri markaðar.

2. Ákvarðanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda í allt að eitt ár og staðfesta má, með sömu málsmeðferð, viðbótartímabil sem hvert og eitt skal ekki vera lengra en ár.

Þó skulu ákvarðanir um sérstakar, tilgreindar vörur eða framleiðslulotur gilda án takmarkana.

3. Útflutningur á hættulegum vörum frá bandalaginu, sem tekin hefur verið ákvörðun um sem um getur í 1. mgr., er bannaður nema ákvarðanirnar kveði á um annað.

4. Aðildarríkin skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að hrinda í framkvæmd ákvörðunum, sem um getur í 1. mgr., innan 20 daga nema annar frestur sé tilgreindur í þeim.

5. Lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á framkvæmd ráðstafananna sem um getur í 1. mgr., skulu, innan mánaðar, gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að leggja fram álit og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

VI. KAFLI

Nefndarmeðferð

14. gr.

1. Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun, að því er varðar þau málefni sem um getur hér á eftir, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðaregluna í 2. mgr. 15. gr.

a) ráðstafanirnar sem um getur í 4. gr. um staðla sem evrópsku staðlastofnanirnar hafa samþykkt;

b) ákvarðanirnar sem um getur í 13. gr. þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanirnar sem eru taldar upp í b- til f-lið 1. mgr. 8. gr.

2. Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun, að því er varðar öll önnur málefni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðarregluna í 3. mgr. 15. gr.

15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera 15 dagar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

VII. KAFLI

Lokaákvæði

16. gr.

1. Almenningur skal alla jafna hafa aðgang að upplýsingum, sem yfirvöld aðildarríkjanna eða framkvæmdastjórnin búa yfir um áhættu sem vörur hafa í för með sér fyrir heilsu og öryggi neytenda, í samræmi við kröfur um gagnsæi og með fyrirvara um kröfur um takmarkanir vegna eftirlits- og rannsóknarstarfsemi. Almenningur skal einkum hafa aðgang að upplýsingum um auðkenni vöru, eðli hættunnar og ráðstafanir sem gerðar eru.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hins vegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að embættismönnum þeirra og umboðsmönnum sé gert skylt að veita ekki upplýsingar sem er aflað í tengslum við þessa tilskipun og eru háðar þagnarskyldu vegna eðlis þeirra nema um sé að ræða upplýsingar um öryggiseiginleika tiltekinnar vöru sem birta þarf opinberlega, ef aðstæður krefjast þess, í því skyni að tryggja öryggi og vernda heilsu neytenda.

2. Þagnarskylda skal ekki koma í veg fyrir miðlun viðeigandi upplýsinga til lögbærra yfirvalda til að tryggja skilvirka markaðsgæslu og -eftirlit. Yfirvöld, sem fá í hendur upplýsingar sem heyra undir þagnarskyldu, skulu tryggja vernd þeirra.

17. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar 85/374/EBE.

18. gr.

1. Skylt er að færa gild rök fyrir ráðstöfunum, gerðum í tengslum við þessa tilskipun sem fela í sér takmarkanir á markaðssetningu vöru eða sem krefjast þess að hún sé tekin af markaði eða innkölluð. Það skal tilkynnt eins fljótt og auðið er til hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði, sem hann getur nýtt sér samkvæmt ákvæðum sem eru í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki, og sá frestur sem hann hefur til þess.

Eftir því sem unnt er skulu hlutaðeigandi aðilar fá tækifæri til að segja álit sitt áður en ráðstafanirnar eru samþykktar. Hafi það ekki verið gert fyrir fram vegna þess hve brýnar ráðstafanirnar voru ber að veita þeim slíkt tækifæri eftir að ráðstafanirnar hafa verið gerðar.

Þær ráðstafanir, sem fela í sér að vara verði tekin af markaðnum eða innkölluð, skulu taka mið af því að nauðsynlegt er að hvetja dreifingaraðila, notendur og neytendur til að taka þátt í framkvæmd slíkra ráðstafana.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að vefengja fyrir dómstólum þær ráðstafanir sem lögbær yfirvöld gera er fela í sér takmarkanir á markaðssetningu vöru eða kröfu um að hún verði tekin af markaðnum eða innkölluð.

3. Ákvarðanir, sem teknar eru í krafti þessarar tilskipunar og fela í sér takmarkanir á markaðssetningu vöru eða kröfu um að hún verði tekin af markaði eða innkölluð, skulu ekki hafa áhrif á mat á ábyrgð hlutaðeigandi aðila í ljósi innlendra hegningarlaga sem gilda í því máli sem um er að ræða.

19. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir nefndina, sem um getur í 15. gr., hvert mál sem snertir beitingu þessarar tilskipunar, einkum þau er lúta að markaðsgæslu og -eftirliti.

2. Þriðja hvert ár, frá og með 15. janúar 2004, leggur framkvæmdastjórnin skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar.

Í skýrslunni skulu einkum vera upplýsingar um öryggi neytendavara, einkum um bættan rekjanleika vara, virkni markaðsgæslu, staðlasetningu, virkni RAPEX-tilkynningakerfisins og bandalagsráðstafana á grundvelli 13. gr. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni láta fara fram mat á tengdum málefnum, einkum aðferðum, kerfum og venjum, sem komið er á í aðildarríkjunum í ljósi krafna þessarar tilskipunar og annarrar löggjafar bandalagsins sem snertir öryggi vöru. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar til að framkvæma matið og semja skýrslurnar.

20. gr.

Framkvæmdastjórnin skal greina þörf á, möguleika á og forgangsatriði í bandalagsaðgerðum um öryggi þjónustu og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 1. janúar 2003 ásamt tillögum um málið eftir atvikum.

21. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 15. janúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

22. gr.

Tilskipun 92/59/EBE falli hér með úr gildi frá og með 15. janúar 2004, sbr. þó skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest sem tilgreindur eru í III. viðauka til að leiða téða tilskipun í innlend lög og beita henni.

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 92/59/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

23. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

24. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
N. FONTAINE
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
F. VANDENBROUCKE
forseti.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR SEM FRAMLEIÐENDUM OG DREIFINGARAÐILUM BER AÐ VEITA LÖGBÆRUM YFIRVÖLDUM UM VÖRUR SEM EKKI UPPFYLLA ALMENNAR ÖRYGGISKRÖFUR

1. Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. mgr. 5. gr. eða, eftir atvikum, í sérkröfum í reglum bandalagsins um viðkomandi vöru, skulu sendar lögbærum yfirvöldum sem tilnefnd eru í þessum tilgangi í aðildarríkjunum þar sem viðkomandi vörur eru eða hafa verið markaðssettar eða afhentar neytendum á annan hátt.
2. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð nefndarinnar sem um getur í 15. gr., ákveða innihald tilkynninganna, sem kveðið er á um í þessum viðauka, og staðlað form þeirra, jafnframt því að tryggja að kerfið sé skilvirkt og starfi eðlilega. Einkum skal hún setja fram, e.t.v. í leiðbeiningaformi, einfaldar og skýrar viðmiðanir til að ákvarða sérstakar aðstæður, einkum þær sem varða einstakar aðstæður eða vörur sem tilkynning á ekki við um að því er varðar þennan viðauka.
3. Ef um er að ræða alvarlega áhættu skulu þessar upplýsingar fela í sér a.m.k. eftirfarandi atriði:
   a) upplýsingar sem gera kleift að bera nákvæm kennsl á viðkomandi vöru eða framleiðslulotu;
   b) nákvæma lýsingu á hættunni sem viðkomandi vörur hafa í för með sér;
   c) allar tiltækar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að rekja uppruna vörunnar;
   d) lýsingu á aðgerðum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin.

II. VIÐAUKI

VERKLAGSREGLUR UM BEITINGU RAPEX-TILKYNNINGAKERFISINS OG VIÐMIÐUNARREGLUR UM TILKYNNINGAR

1. RAPEX-tilkynningakerfið tekur til vara, eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr., sem stofna heilsu og öryggi neytenda í alvarlega hættu.

   Lyf, sem falla undir tilskipanir 75/319/EBE ([1]) og 81/851/EBE ([2]), falla ekki undir gildissvið RAPEX-tilkynningakerfisins.
2. RAPEX-tilkynningakerfinu er einkum ætlað að tryggja skjót skipti á upplýsingum ef alvarleg hætta er á ferðum. Í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 8. lið, eru skilgreindar sérstakar viðmiðanir um hvað telst vera alvarleg hætta.
3. Aðildarríki, sem senda tilkynningu samkvæmt 12. gr., skulu veita allar fyrirliggjandi upplýsingar. Einkum skulu koma fram í tilkynningunni upplýsingarnar sem kveðið er á um í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 8. lið, eða a.m.k.:

([1]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/38/EB (Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 28).

([2]) Stjtíð. EB L 317, 6.11.1981, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/37/EB (Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 25).

a) upplýsingar um auðkenni vörunnar;

b) lýsing á yfirvofandi hættu, þ.m.t. útdráttur úr niðurstöðum prófana eða greininga og ályktana sem draga má af þeim sem eru mikilvægar við mat á hættustigi;

c) eðli og gildistími ráðstafananna eða aðgerðarinnar sem gripið er til eða ákveðið er að gera ef við á;

d) upplýsingar um aðfangakeðjur og dreifingu vörunnar, einkum um ákvörðunarlönd.

Þessar upplýsingar skal senda á sérstaka, staðlaða tilkynningarforminu og á þann hátt sem kveðið er á um í viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. lið.

Þegar ráðstöfunin, sem tilkynnt var um skv. 11. eða 12. gr., miðar að því að takmarka markaðsetningu eða notkun íðefna eða efnavara skulu aðildarríkin láta í té, eins fljótt og mögulegt er, annaðhvort samantekt eða tilvísanir í viðeigandi gögn, tengd efninu eða vörunni, sem um er að ræða, og þekktum staðgönguefnum sem fyrir hendi eru þar sem slíkar upplýsingar eru fyrir hendi. Þau munu einnig tilkynna um væntanleg áhrif ráðstöfunarinnar á heilsu og öryggi neytenda, sem og um áhættumat sem fer fram í samræmi við meginreglur um áhættumat á íðefnum, eins og um getur í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 ([1]) ef um er að ræða efni sem fyrir er eða í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 67/548/EBE ([2]) ef um er að ræða nýtt efni. Í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 8. lið, eru skilgreindar frekari upplýsingar og málsmeðferð varðandi upplýsingarnar sem krafist var í því sambandi.

4. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 12. gr., um alvarlega hættu áður en það ákveður að gera ráðstafanir verður það að tilkynna framkvæmdastjórninni innan 45 daga hvort það staðfestir þær upplýsingar eða breytir þeim.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er, staðfesta að upplýsingarnar, sem mótteknar eru í gegnum RAPEX-tilkynningakerfið, séu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og getur látið fara fram rannsókn að eigin frumkvæði ef hún telur slíkt nauðsynlegt og viðeigandi til að meta öryggi vöru. Komi til slíkrar rannsóknar skulu aðildarríkin gera það sem í þeirra valdi stendur til að láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingarnar sem krafist er.

6. Við móttöku tilkynningar sem um getur í 12. gr., er þess krafist að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni, í síðasta lagi innan ákveðins frest sem tilgreindur er í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 8. lið, um eftirfarandi:

a) hvort varan hafi verið markaðssett á yfirráðasvæði þeirra;

b) hvaða ráðstafanir þau kunni að gera varðandi vöruna, sem um er að ræða, í ljósi aðstæðna hjá þeim og gefa upp ástæðurnar, þ.m.t. ef áhættumat sýnir mismunandi niðurstöður eða aðrar sérstakar aðstæður sem réttlæta ákvörðun þeirra, einkum ef ekki er gripið til aðgerða eða eftirfylgni;

c) viðbótarupplýsingar sem þau hafa aflað um hættuna sem fyrir hendi er, þ.m.t. upplýsingar um niðurstöður hugsanlegra prófana eða greininga.

Í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 8. lið, skal kveðið á um nákvæmar viðmiðanir fyrir tilkynningar um ráðstafanir, sem takmarkast við yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og tilgreint hvernig meðhöndla ber tilkynningar um hættu sem aðildarríkið telur að nái ekki út fyrir yfirráðasvæði sitt.

7. Aðildarríkin skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingar eða afnám á viðkomandi ráðstöfunum eða aðgerðum.

8. Framkvæmdastjórnin skal undirbúa og uppfæra reglulega, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 15. gr., viðmiðunarreglur um umsjón framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna með RAPEX-tilkynningakerfinu.

([1]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1/67. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/33/EB (Stjtíð. EB L 136, 8.6.2000, bls. 90).

9. Framkvæmdastjórninni er heimilt að tilkynna innlendum tengiliðum um vörur sem alvarleg hætta stafar af sem fluttar eru inn eða út úr bandalaginu og Evrópska efnahagssvæðinu.

10. Tilkynningarríkið ber ábyrgð á upplýsingunum sem veittar eru.

11. Aðildarríkið skal tryggja að kerfið starfi eðlilega, einkum að því er varðar flokkun og lyklun tilkynninga eftir mikilvægi þeirra. Mælt skal fyrir um nákvæma málsmeðferð í viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. lið.

III. VIÐAUKI

FRESTUR TIL AÐ INNLEIÐA OG BEITA NIÐURFELLDU TILSKIPUNINNI

(SEM UM GETUR Í FYRSTU UNDIRGREIN 22. GR.)

Tilskipun	*Frestur til innleiðingar*	*Frestur til beitingar*
Tilskipun 92/59/EBE	29. júní 1994	29. júní 1994

IV. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

(SEM UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 22. GR.)

Þessi tilskipun	Tilskipun 92/59/EBE
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	4. gr.
4. gr.	—
5. gr.	3. gr.
6. gr.	5. gr.
7. gr.	2. mgr. 5. gr.
8. gr.	6. gr.
9. gr.	—
10. gr.	—
11. gr.	7. gr.
12. gr.	8. gr.
13. gr.	9. gr.
14. og 15. gr.	10. gr.
16. gr.	12. gr.
17. gr.	13. gr.
18. gr.	14. gr.
19. gr.	15. gr.
20. gr.	—
21. gr.	17. gr.
22. gr.	18. gr.
23. gr.	19. gr.
I. viðauki	—
II. viðauki	Viðauki
III. viðauki	—
IV. viðauki	—

385. Svar [215. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um fjöldatakmarkanir í Háskóla Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða deildum Háskóla Íslands tíðkast fjöldatakmarkanir og með hvaða hætti eru þær framkvæmdar?*
2. *Hvaða skýringar eru á nauðsyn fjöldatakmarkana í viðkomandi deildum?*
3. *Hvaða breytingar hafa orðið á fjöldatakmörkunum í skólanum sl. tíu ár?*
4. *Eru fyrirsjáanlegar breytingar á takmörkunum á fjölda stúdenta í einhverjum deildum eða eru áform um að leggja þær af í einhverjum tilvikum?*

Í sambandi við fyrirspurnina er mikilvægt að hafa í huga að eitt af meginmarkmiðum með setningu gildandi laga um Háskóla Íslands var að auka sjálfstæði skólans í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997. Í 2. mgr. 13. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði veitt heimild til að takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framahaldsnámi, að fenginni tillögu deildar. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum um Háskóla Íslands segir að heimild hafi verið í eldri lögum til takmörkunar á fjölda stúdenta á 1. námsári vegna skorts á aðstöðu til kennslu. Auk þessa sé ljóst að háskólinn geti vegna skorts á aðstöðu þurft að takmarka fjölda þeirra sem hann tekur til framhaldsnáms að loknu grunnnámi til fyrstu háskólagráðu, en heimildir til þess hafi ekki verið nægilega skýrar samkvæmt þeim lögum sem í gildi voru á umræddum tíma. Hugmyndin með núgildandi ákvæðum var því að heimildirnar yrðu skýrðar. Aftur á móti var ekki við það miðað að fjöldatakmörkunum yrði beitt í ríkari mæli en verið hefði, enda er tilgangur fjöldatakmörkunar ekki að fækka þeim sem ljúka námi, heldur að skapa aðstæður til að sinna nemendum betur og gera nám þeirra árangursríkara.

Í samræmi við heimildir Háskóla Íslands til fjöldatakmarkana samkvæmt lögum leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá skólanum vegna fyrirspurnarinnar.

Samkeppnispróf eru haldin í Háskólanum í hjúkrunarfræði og tannlæknisfræði við lok haustmissiris þar sem allir sem uppfylla inntökuskilyrði Háskólans fá að sitja fyrsta missirið og spreyta sig í prófum að því loknu. Í læknisfræði og sjúkraþjálfun eru sérstök inntökupróf í júní þar sem þeir sem uppfylla inntökuskilyrði Háskólans geta reynt sig og ræður röð einkunna því hverjir fá að hefja nám að hausti. Fjöldi þeirra sem öðlast rétt til að hefja nám er eftirfarandi: 75 í hjúkrunarfræði, 6 í tannlæknisfræði, 48 í læknisfræði og 20 í sjúkraþjálfun.

Jafnframt er fjöldi takmarkaður í nokkrum greinum og er þá miðað við árangur í fyrra námi: 10 eru innritaðir í ljósmóðurfræði, 20 í hagnýta fjölmiðlun, 18 í námsráðgjöf, 22 í félagsráðgjöf, 60 í kennslufræði til kennsluréttinda og 15 í cand. psych. nám.

Háskóli Íslands gefur þær skýringar á beitingu heimilda til fjöldatakmarkana í skólann að í öllum tilvikum séu takmarkanirnar til komnar vegna skorts á aðstöðu til kennslu fleiri stúdenta, einkum sé viðunandi aðstaða til verklegs náms bundin tilteknum stofnunum eða takmörkuðum hópi þeirra sem sinnt geta handleiðslu í verklegu námi. Ákvörðun um fjöldatakmarkanir er tekin af háskólaráði á hverju ári að fengnum tillögum viðkomandi háskóladeilda. Haft er samráð við Landspítala – háskólasjúkrahús vegna aðstöðu á sjúkrahúsinu og margvíslegrar samvinnu um námið á grunni samstarfssamninga. Sömuleiðis er haft samráð við aðrar heilbrigðisstofnanir, svo sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldatakmörkunum var beitt á háskólaárinu 2003–2004 í eftirfarandi greinum en til samanburðar er einnig birtur fjöldi í sama námi 1993–1994.

	2003–04	1993–94
Læknisfræði til kandídatsprófs	48	30
Sjúkraþjálfun til BS-prófs	20	20
Hjúkrunarfræði til BS-prófs	75	60
Ljósmóðurfræði til kandídatsprófs	10	
Tannlæknisfræði til kandídatsprófs	6	6
Hagnýt fjölmiðlun	20	15
Námsráðgjöf	18	12
Félagsráðgjöf	22	15
Kennslufræði til kennsluréttinda	60	*70
Sálfræði til cand. psych. prófs	**15	
Uppeldis- og menntunarfræði til MA-prófs	30	

* Þar af voru 50 í fullu námi en 20 í hálfu námi.

** 12 þegar náminu var hleypt af stokkunum árið 1999.

Helsta breytingin milli skólaáranna 2002–2003 og 2003–2004 er að nú er í fyrsta sinn beitt fjöldatakmörkun í MA-nám í uppeldis- og menntunarfræði en nám í þessari grein til meistaraprófs hófst 1996. Aðrar breytingar eru þær að fjölgað var í hjúkrunarfæði um tíu, í námsráðgjöf um tvo, í félagsráðgjöf um fjóra, í kennslufræði til kennsluréttinda um tíu, en á móti kemur að aflögð er fjarkennsla, og í cand. psych. námi í sálfræði um þrjá, sem fyrr greinir. Þá ber að geta þess að beitt var fjöldatakmörkunum í lyfjafræði á árunum 1997–2001.

Í svari Háskóla Íslands til ráðuneytisins við 4. lið fyrirspurnarinnar segir að nauðsyn á því að takmarka frekar fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnámi í fleiri fræðigreinum ráðist fyrst og fremst af því hver verði niðurstaða samninga við stjórnvöld um fjárframlög til kennslu og rannsókna næstu árin. Enn fremur sé fjöldi stúdenta kominn að mörkum þess sem húsnæði og önnur aðstaða og aðbúnaður þoli. Gildandi kennslusamningur rennur út 31. desember nk. en unnið er að gerð nýs samnings til þriggja ára. Það segir sig sjálft að Háskólinn getur ekki tekið við fleiri nemendum en fjárveitingar duga fyrir og því verður að grípa til aðgerða ef ekki fást framlög til að mæta kostnaði. Augljós möguleiki í því efni er aðgangstakmörkun. Í umsögn HÍ segir að það þrengi að skólastarfinu vegna skorts á aðstöðu, húsrými og búnaði og að í sumum tilvikum sé komið að þolmörkum í því efni. Þær þrengingar geta einnig leitt til þess að takmarkanir verði nauðsynlegar.

Vegna upplýsinganna frá Háskóla Íslands skal áréttað að menntamálaráðherra hefur áður, í svari við munnlegri fyrirspurn, sbr. 273. mál á 128. löggjafarþingi, bent á að eitt af meginmarkmiðum með setningu þeirra laga um Háskóla Íslands sem nú eru í gildi hafi verið að auka sjálfstæði skólans. Það hafi verið í fullu samræmi við almenn lög um háskóla, nr. 136/1997. Í 2. mgr. 13. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði veitt heimild til að takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnámi að fenginni tillögu deildar. Ekki er vilji til þess af hálfu ráðherra að afnema eða takmarka sjálfstæði ríkisháskólanna frá því sem er í gildandi lögum. Sjálfsagt og eðlilegt er að þeir ákveði sjálfir innan gildandi lagaramma hvernig og hvort þeir takmarka fjölda stúdenta í einstökum deildum þeirra. Óhjákvæmilegt er að þegar teknar eru ákvarðanir um slíkt sé tekið mið af fjárveitingum til skólans á fjárlögum hverju sinni. Hún hlýtur einnig að taka mið af áætlunum og forgangsröðun skólans,

sem er nauðsynleg til að tryggt sé að þeir fjármunir sem honum eru veittir nýtist starfsemi hans sem best.

386. Svar [210. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptust beinar greiðslur til bænda vegna sauðfjárframleiðslu fjárlagaárin 2000–2003, sundurliðað eftir sveitarfélögum og núverandi kjördæmaskipan?*
2. *Hvernig skiptust aðrar greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu sömu ár, þ.e. hverjir fengu þær greiðslur og hversu háar fjárhæðir?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

Greiðslur til sauðfjárbænda eftir sveitarfélögum tekjuárin 2000–2002.

Nr.	Nafn	2000	2001	2002
0	Reykjavík	924.199	1.130.550	1.219.645
1000	Kópavogur			
1300	Garðabær			
1400	Hafnarfjörður			
1603	Bessastaðahreppur			
	Kópavogur, Garðabær, Harnarfjörður og Bessastaðahreppur	617.761	652.750	303.389
1604	Mosfellsbær	766.955	907.084	1.015.031
1606	Kjósarhreppur	8.839.475	7.482.529	7.828.742
2300	Grindavík			
2506	Vatnsleysustrandarhreppur			
	Grindavík, Vatnsleysustrandarhreppur	715.066	793.580	724.818
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	8.069.357	8.613.105	8.647.748
3502	Skilmannahreppur	1.911.879	2.207.342	2.418.617
3503	Innri-Akraneshreppur	3.986.293	4.372.116	4.621.014
3504	Leirár- og Melahreppur	9.917.854	9.094.491	9.689.872
3506	Skorradalshreppur	4.654.755	4.879.691	4.583.103
3510	Borgarfjarðarsveit	29.538.586	33.774.616	35.273.138
3601	Hvítársíðuhreppur	10.600.356	12.044.145	12.626.977
3609	Borgarbyggð	44.448.477	50.464.693	51.883.124
3701	Kolbeinsstaðahreppur	13.361.073	16.661.600	17.408.002
3709	Grundarfjörður	4.417.346	4.014.237	2.652.218
3710	Helgafellssveit			

Nr.	Nafn	2000	2001	2002
3711	Stykkishólmur			
	Helgafellssveit, Stykkishólmur	8.649.544	10.134.969	10.358.312
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	11.595.150	12.643.343	12.309.724
3714	Snæfellsbær	9.569.040	9.373.510	8.622.123
3809	Saurbæjarhreppur	13.249.597	15.189.805	13.350.452
3811	Dalabyggð	84.013.047	96.157.645	100.770.818
4100	Bolungarvík	2.346.730	2.588.012	2.962.786
4200	Ísafjarðarbær	30.797.958	36.117.976	36.995.177
4502	Reykhólahreppur	28.460.402	33.356.168	35.042.872
4604	Tálknafjarðarhreppur			
4607	Vesturbyggð			
	Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð	16.201.837	18.679.098	20.014.364
4803	Súðavíkurhreppur	14.304.118	12.523.773	12.943.522
4901	Árneshreppur	10.620.903	12.430.250	13.366.782
4902	Kaldraneneshreppur	5.336.826	6.464.198	6.238.499
4908	Bæjarhreppur	26.353.027	33.795.570	35.697.394
4909	Broddaneshreppur	29.670.210	37.143.805	35.247.100
4910	Hómavíkurhreppur	28.850.249	32.564.866	34.499.094
5000	Siglufjörður			
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	112.024.828	123.864.514	129.078.292
5508	Húnaþing vestra	104.980.664	119.525.586	125.351.009
5601	Áshreppur	20.170.002	21.947.327	22.481.497
5602	Sveinsstaðahreppur	16.973.887	21.453.642	22.523.463
5603	Torfalækjarhreppur	15.369.767	18.380.439	19.511.553
5604	Blönduósbær	6.187.528	7.701.145	8.183.809
5605	Svínavatnshreppur	21.438.739	25.391.439	26.773.297
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	11.957.523	12.885.206	13.500.731
5609	Höfðahreppur			
5611	Skagabyggð			
	Höfðahreppur, Skagabyggð	17.755.546	20.923.716	20.678.301
5706	Akrahreppur	13.762.914	16.921.586	17.866.528
6000	Akureyri			
6100	Húsavík	7.143.290	8.233.511	8.626.372
6200	Ólafsfjörður			
	Siglufjörður, Ólafsfjörður, Akureyri	3.138.947	3.720.801	3.636.249
6400	Dalvíkurbyggð	11.074.884	12.324.280	12.758.347
6506	Arnarneshreppur	2.744.008	2.435.172	2.281.592
6513	Eyjafjarðarsveit	18.076.703	17.521.652	17.113.648
6514	Hörgárbyggð	23.408.365	25.560.554	24.934.286
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	4.958.545	2.949.158	3.366.756
6602	Grýtubakkahreppur	14.367.714	14.327.496	15.190.253
6607	Skútustaðahreppur	19.459.269	23.419.831	24.638.569
6609	Aðaldælahreppur	13.038.140	15.147.711	14.615.372
6611	Tjörneshreppur	6.597.769	8.376.884	8.852.068
6612	Þingeyjarsveit	62.403.511	69.327.517	71.957.622
6701	Kelduneshreppur	14.919.369	16.934.105	17.571.910

Nr.	Nafn	2000	2001	2002
6702	Öxarfjarðarhreppur	42.766.989	50.292.499	52.858.747
6706	Svalbarðshreppur	20.917.064	26.524.692	28.106.462
6707	Þórshafnarhreppur	14.350.923	16.981.757	17.990.803
7000	Seyðisfjörður	2.694.127	3.579.268	3.699.800
7300	Fjarðarbyggð	7.134.777	8.686.565	9.380.782
7501	Skeggjastaðahreppur	5.810.541	7.199.053	5.433.481
7502	Vopnafjarðarhreppur	29.544.015	29.765.569	31.161.043
7505	Fljótsdalshreppur	16.881.157	19.446.531	20.568.236
7506	Fellahreppur	10.434.952	11.979.070	12.755.184
7509	Borgarfjarðarhreppur	11.200.857	13.758.343	14.391.888
7512	Norður-Hérað	68.632.352	80.872.467	85.261.421
7601	Austur-Hérað	27.325.442	33.322.392	35.046.724
7605	Mjóafjarðarhreppur	1.436.966	1.657.233	1.783.482
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	9.225.902	11.269.342	12.633.405
7612	Stöðvarhreppur			
7613	Breiðdalshreppur			
	Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur	13.728.035	17.353.676	18.524.030
7617	Djúpavogshreppur	29.642.905	29.777.712	28.754.151
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	56.331.393	66.179.681	69.439.180
8200	Sveitarfélagið Árborg	2.035.532	1.828.767	1.844.462
8508	Mýrdalshreppur	20.306.093	21.182.801	20.707.730
8509	Skaftárhreppur	76.521.815	91.555.851	96.757.897
8610	Ásahreppur	9.241.999	8.764.850	8.491.130
8613	Rangárþing eystra	63.993.744	64.389.114	62.866.990
8614	Rangárþing ytra	37.119.598	39.204.282	40.718.305
8701	Gaulverjabæjarhreppur	1.653.542	1.955.258	1.913.977
8706	Hraungerðishreppur	4.461.935	5.384.949	5.682.867
8707	Villingaholtshreppur	4.552.059	4.353.045	4.095.906
8710	Hrunamannahreppur	20.739.600	21.348.351	20.262.491
8716	Hveragerði			
8717	Sveitarfélagið Ölfus			
	Hveragerði, Sveitarfélagið Ölfus	7.316.552	8.151.879	7.791.911
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	20.427.575	21.691.047	21.058.645
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	12.837.779	13.381.118	13.780.117
8721	Bláskógabyggð	23.267.863	26.627.242	27.140.814
	Samtals	**1.677.274.065**	**1.893.993.193**	**1.951.708.042**

Skýring við töfluna:

Í þeim tilfellum þar sem færri en þrír aðilar í sveitarfélagi hafa fengið greiðslu hefur viðkomandi sveitarfélagi verið slegið saman við nærliggjandi sveitarfélög með tilliti til ákvæða 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, þar sem segir: Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Greiðslur til sauðfjárbænda eftir kjördæmum tekjuárin 2000–2002.

Kjördæmi	2000	2001	2002
Norðvesturkjördæmi	791.546.012	904.283.624	934.171.312
Norðausturkjördæmi	513.057.518	582.744.841	603.892.683
Suðurkjördæmi	361.522.145	396.791.815	403.277.240
Suðvesturkjördæmi	10.224.191	9.042.363	9.147.162
Reykjavík (norður)	924.199	1.130.550	1.219.645
Samtals:	**1.677.274.065**	**1.893.993.193**	**1.951.708.042**

387. Svar [214. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um eftirlit með ráðningarsamningum útlendinga.

1. *Hversu oft á sl. tveimur árum hafa stéttarfélög eða aðrir aðilar vakið athygli ráðuneytisins á:*
   a. *að ráðningarsamningar útlendinga séu ekki í samræmi við íslenska löggjöf og hvers eðlis hafa þær umkvartanir verið,*
   b. *að ráðningarkjörum, þ.m.t. húsnæðisaðstöðu, hafi verið breytt eftir að erlendir starfsmenn hófu störf,*
   c. *að útlendingar sem leita réttar síns hjá stéttarfélagi missi vinnuna í framhaldinu?*

   Ef svo er, hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þessum umkvörtunum?

Athugasemdir snúast oft um að iðgjöld í stéttarfélög og lífeyrissjóði hafi ekki verið greidd og komið hafa fram athugasemdir um að laun séu ekki í samræmi við markaðslaun. Nokkuð algengt er að samningarnir séu illa útfylltir og ekki í samræmi við lög. Í þeim tilvikum hefur Vinnumálastofnun endursent þá til leiðréttingar eða synjað umsóknum ef ekki er orðið við tilmælum stofnunarinnar um leiðréttingu. Umsækjendur verða oftast við ábendingum um leiðréttingar á umsóknum.

Árið 2002 var samtals 284 umsóknum hafnað, flestum vegna atvinnuástandsins en að auki var vísað til formgalla í sjö tilfellum. Synjanir á árinu 2003 eru orðnar 119. Í þremur tilvikum er vísað til formgalla til viðbótar við synjun vegna atvinnuástands.

Við afgreiðslu dvalarleyfisumsóknar hjá Útlendingastofnun er gengið úr skugga um að húsnæði sé í lagi. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi hjá Vinnumálastofnun um að ráðningarkjörum hafi verið breytt meðan samningur er í gildi. Vinnumálastofnun getur ekki komið í veg fyrir að ráðningarkjörum sé breytt þegar tímabundinn samningur er endurnýjaður.

Vinnumálastofnun hafa einu sinni borist óstaðfestar upplýsingar um að erlendur starfsmaður hafi misst vinnuna í kjölfar þess að hafa leitað réttar síns hjá stéttarfélagi.

2. *Eru atvinnuleyfi veitt nýjum erlendum starfsmönnum ef ráðuneytið hefur vitneskju um tilvik sem lýst er í 1. lið og ef fyrirtæki sem óska ráðningar á erlendum starfsmönnum eru í vanskilum með opinber gjöld erlendra starfsmanna sinna?*

Meginskilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis samkvæmt 7. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, eru að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands eða að atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl. Ef ábendingar í umsögnum stéttarfélaga eru þess efnis að iðgjöld og opinber gjöld séu í vanskilum hefur Vinnumálastofnun ekki synjað umsóknum af þeim ástæðum einum nema um sé að ræða stórfelld vanskil og grunsemdir um misferli í því sambandi, enda innheimta launatengdra gjalda ekki í verkahring stofnunarinnar. Allar athugasemdir stéttarfélaga eru hins vegar teknar til skoðunar þótt þær leiði ekki til synjunar á atvinnuleyfi. Það eru því fyrrgreind meginskilyrði 7. gr. laganna sem ráða afgreiðslu nýrra atvinnuleyfa.

3. *Hversu mörgum umsóknum um framlengingu atvinnuleyfis hafa stéttarfélög hafnað í umsögn sinni sl. tvö ár og hversu mörgum þeirra hefur Vinnumálastofnun hafnað? Í hve mörgum tilvikum hefur Vinnumálastofnun hafnað umsóknum frá fyrirtækjum sem hafa ekki skilað lögbundnum iðgjaldagreiðslum (lífeyrissjóðsiðgjaldi eða félagsgjöldum) eða afdregnum skatti viðkomandi starfsmanns?*

Rétt er að benda á að stéttarfélög veita umsagnir um umsóknir um atvinnuleyfi og samkvæmt lögum nr. 97/2002 veitir Vinnumálastofnun svo atvinnuleyfi í umboði félagsmálaráðherra. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun mun það fyrst og fremst vera stéttarfélagið Efling sem hefur veitt neikvæðar umsagnir. Í umsögnunum er vísað til atvinnuástandsins en af og til eru gerðar athugasemdir um vanskil á iðgjöldum o.fl. Undantekningalítið eru umsagnir stéttarfélaga á landsbyggðinni jákvæðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda neikvæðra umsagna árið 2002 vegna umsókna um framlengingu atvinnuleyfa en það ár voru 1796 leyfi framlengd hjá sama atvinnurekanda. Þar af var 771 leyfi vegna starfa hjá atvinnurekendum í Reykjavík. Ætla má að 90% af þeim leyfum eða um 690 hafi verið vegna starfa sem heyra undir stéttarfélagið Eflingu sem hefur í mörgum tilfellum veitt neikvæðar umsagnir. Frá 1. janúar 2003, þegar lög nr. 97/2002 tóku gildi, hafa 1337 leyfi verið framlengd hjá sama atvinnurekanda. Í þessum umsóknum kemur fram að Efling hefur í 233 tilvikum veitt neikvæða umsögn vegna atvinnuástands og í 34 er til viðbótar gerð athugasemd við vanskil á iðgjöldum.

Að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hefur Vinnumálastofnun almennt ekki hafnað umsóknum um framlengingu atvinnuleyfa þrátt fyrir neikvæðar umsagnir stéttarfélaga, hvort sem um er að ræða neikvæða umsögn vegna atvinnuástands eða vanskila á iðgjöldum. Í því sambandi er bent á að ef Vinnumálastofnun hefði synjað um framlengingu hefði dvalarleyfi viðkomandi einstaklings fallið úr gildi og í kjölfarið hefði þurft að vísa viðkomandi útlendingum úr landi. Oft er um að ræða fólk sem dvalið hefur hér um lengri tíma, fengið til sín börn og maka og skotið rótum í íslensku samfélagi.

388. Svar [213. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

1. *Eru dæmi þess að útlendingar hafi ekki séð þá ráðningarsamninga sem þeir eiga þó að hafa skrifað undir og að umkvartanir stéttarfélaga eða annarra aðila hafi snúist um að*

undirskriftir erlendra starfsmanna hafi verið falsaðar? Ef svo er, hvernig hefur ráðuneytið brugðist við slíkum umkvörtunum?

Á miðju ári 2001 var verklagi við afgreiðslu atvinnuleyfa breytt á þann veg að tekið var fyrir það að veita atvinnuleyfi nema undirritaðir ráðningarsamningar (og dvalarleyfisumsóknir) bærust með umsóknum um atvinnuleyfi. Áður hafði það tíðkast að útlendingar skrifuðu undir ráðningarsamninga eftir komu til landsins.

Nokkur dæmi hafa komið upp þar sem staðfest hefur verið að útlendingar hafi ekki séð þá ráðningarsamninga sem þeir áttu að hafa skrifað undir, þ.e. þeir höfðu skrifað undir samningseyðublaðið óútfyllt en atvinnurekandinn gerði síðan baksamning við starfsmennina sem uppfylltu ekki ákvæði laganna. Þar var um að ræða dansara í næturklúbbi. Vinnumálastofnun hafnaði öllum umsóknum fyrirtækisins í kjölfarið. Aðeins einu sinni hefur borist kvörtun um að undirskrift starfsmannsins hafi verið fölsuð. Það mál er nú til athugunar. Meðal annars hefur Vinnumálastofnun óskað eftir upplýsingum frá Danmörku sem hún vill að liggi fyrir áður en gripið verður til frekari aðgerða.

2. *Hversu oft á sl. tveimur árum hefur málum vegna ætlaðra brota á lögum um atvinnuréttindi útlendinga verið vísað til opinberrar rannsóknar skv. 17. gr. laganna og hver á að hafa frumkvæði að því að vísa máli í þann farveg að mati ráðuneytisins?*

Vinnumálastofnun hefur í a.m.k. fimm tilvikum vísað máli til rannsóknar hjá lögreglu á undanförnum tveimur árum. Þá hefur stofnunin haft gott samstarf við lögregluna í Reykjavík varðandi eftirlit með útlendingum. Vinnumálastofnun hefur frumkvæði að því að vísa málum til lögreglu þó að ekki sé um bein fyrirmæli í lögum að ræða. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðrir sem koma að málum hafi einnig slíkt frumkvæði, svo sem Útlendingastofnun og stéttarfélög.

3. *Hversu oft á sl. tveimur árum hefur ráðuneytið beitt ákvæðum 16. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga sem kveður á um afturköllun atvinnuleyfa? Í hvaða tilvikum hefur það verið og hvernig er gengið úr skugga um að erlendir starfsmenn fái afhent afrit af ráðningarsamningi sínum?*

Rétt er að vekja á því athygli að lög nr. 97/2002 tóku gildi 1. janúar sl. Eitt atvinnuleyfi var afturkallað á síðustu tveimur árum í tíð eldri laga. Þar var um að ræða atvik er varðaði útlending en ekki atvinnurekanda.

Ekki hefur hingað til verið gengið sérstaklega úr skugga um að erlendir starfsmenn fái í hendur þann ráðningarsamning sem fylgir umsókn um tímabundið atvinnuleyfi. Eyðublaðið er í þríriti, eitt fyrir viðkomandi útlending, annað er eintak atvinnurekandans og Vinnumálastofnun skal halda því þriðja. Verklagið hefur verið þannig að ef afrit útlendingsins hefur fylgt umsókninni hefur það verið sent til atvinnurekandans ásamt tilkynningu um veitingu atvinnuleyfis. Hann hefur því getað því haldið því hjá sér. Þar sem nýlega hafa komið upp tilvik sem kalla á breytingar á þessu verklagi sem hefur tíðkast undanfarin 10 ár hefur nú verið ákveðið að senda afrit samninganna beint á heimilisfang útlendingsins.

389. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með tveimur nýjum greinum, 71.–72. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði 3. mgr., átt rétt á greiðsluaðlögun til allt að átta ára, en með greiðsluaðlögun er átt við að viðkomandi verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum.

Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 8. október sl., óskaði nefndin eftir álitum annarra fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 30 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Við 2. umræðu er nú fjallað um tekjur, B- og C-hluta og 5. og 6. gr. fjárlagafrumvarpsins sem venjulega hefur verið fjallað um við 3. umræðu.

Fulltrúar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 282.021,3 m.kr. sem er 2,6 milljarða kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður 6.770,9 m.kr. sem er aukning um 380,9 m.kr.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 2.215,4 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum frumvarpsins. Síðan er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Til 3. umræðu bíða ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 73,8 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Lagt er til að 7 m.kr. lækkun vegna almennrar hagræðingar á þessu viðfangsefni sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu falli niður þar sem fjárheimildin er ekki til almenns rekstrar heldur til greiðslu á þingfararkaupi samkvæmt úrskurðum kjaranefndar.

1.04 Alþjóðasamstarf. Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. tímabundið framlag vegna aukaþings Norðurlandaráðs sem haldið verður á Íslandi í febrúar 2004.

1.06 Almennur rekstur. Lagt er til að 15 m.kr. framlag, sem veitt var tímabundið á fjárlögum fyrir árið 2003 til endurskipulagningar á skjalaskráningu og til að fullnægja auknum kröfum um upplýsinga- og tölvuþjónustu, verði veitt til frambúðar.

Einnig er lögð til 3,5 m.kr. fjárveiting til að bæta aðstöðu fatlaðra alþingismanna á Alþingi í samræmi við samþykkt forsætisnefndar.

1.10 Rekstur fasteigna. Lagt er til að veitt verði 1,9 m.kr. framlag til leigu á viðbótarhúsnæði fyrir skrifstofur alþingismanna í Austurstræti 12.

5.20 Fasteignir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að ljúka framkvæmdum við endurbætur og endurnýjun húsbúnaðar á 1. og 2. hæð í Alþingishúsi.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 18 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að ljúka endurgerð upplýsingakerfa Alþingis sem hafist var handa við í ár. Jafnframt er gerð tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á fjarfundabúnaði fyrir Alþingi.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 4,7 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við rekstur á starfsaðstöðu Ríkisendurskoðunar sem áformað er að setja á fót á Akureyri. Einnig er gerð tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á tækjum og búnaði í aðstöðu Ríkisendurskoðunar á Akureyri.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 41 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 29 m.kr. tímabundið framlag vegna dagskrár og viðburða í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi árið 2004. Um er að ræða heildardagskrá sem samanstendur m.a. af sýningum, útgáfu, hátíðardagskrá og málþingum. Í frumvarpinu er þegar 20 m.kr. framlag vegna afmælisins en samkvæmt nýrri

kostnaðaráætlun verða útgjöldin alls 57 m.kr. og er gert ráð fyrir að 8 m.kr. falli á yfirstandandi ár samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003.

6.52 Minningarkapella á Ljósavatni. Gerð er tillaga um tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 5 m.kr. til að fullgera safnaðarheimili og kirkjubekki í Þorgeirskirkju á Ljósavatni.

231 Norræna ráðherranefndin.

1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis. Lagt er til 7 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að standa undir auknum ferðakostnaði ráðuneyta vegna formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Fjárhæðinni verður skipt milli ráðuneyta í hlutfalli við ferðir sem tengjast störfum á vegum nefndarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.060,5 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lögð er til 5 m.kr. tímabundin fjárveiting til áframhaldandi næringarfræðilegra rannsókna á kúamjólk og lágu nýgengi af sykursýki 1 hérlendis.

208 Örnefnastofnun Íslands.

1.01 Örnefnastofnun Íslands. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja útgáfu á örnefnamyndum af Íslandi en það er samstarfsverkefni IWW ehf. og Örnefnastofnunar.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á rekstrarstyrk til skólans.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Lagt er til að fjárveiting til reksturs framhaldsskóla aukist um 600 m.kr. Skýringarnar eru tvær. Annars vegar hefur menntamálaráðuneytið endurskoðað spár um nemendafjölda sem benda til nokkurrar fjölgunar frá fyrri spá. Hins vegar er miðað við að hækka framlag á nemanda samkvæmt reiknilíkani. Ráðuneytið áformar að gera samninga við skólana um hámarksframlög og hámarksfjölda ársnemenda sem hverjum skóla verður greitt fyrir þannig að útgjöld framhaldsskólanna á árinu 2004 verði í samræmi við fjárveitingar til skólanna í fjárlögum. Miðað er við að ráðuneytið skipti fjárveitingu á milli skólanna í samræmi við samninga.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 12 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum sem skiptist á þrjú verkefni þannig að 6 m.kr. renna til rannsókna og kynningar á miðaldaverslunarstaðnum Gásum í Hörgárbyggð, 4 m.kr. til fornleifarannsókna við Kolkuós sem var á miðöldum í hópi helstu hafna landsins, m.a. höfn Hólastóls, og 2 m.kr. til að breyta Verslun Haraldar Júlíussonar á Sauðárkróki í deild innan Byggðasafns Skagfirðinga og hafa þar „lifandi sýningu“ og þjónustumiðstöð.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Lögð er til 1 m.kr. hækkun á rekstrarstyrk til safnsins.

1.41 Galdrasýning á Ströndum. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til að vinna áfram að uppbyggingu galdrasýningar á Ströndum.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um tímabundna hækkun safnliðar um 8,8 m.kr.

Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Lögð er til tímabundin hækkun safnliðarins um 39,5 m.kr. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Ríkisstjórnin hefur samþykkt 5% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins frá 1. janúar 2004. Áætlað er að tekjur af útvarpsgjaldi aukist um 110 m.kr. og hækkar framlag til Ríkisútvarpsins um sömu fjárhæð.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Lagt er til að liðurinn hækki tímabundið um 88 m.kr. og er framlagið ætlað til eftirfarandi 24 verkefna: 7 m.kr. til að halda áfram endurbyggingu gamla kaupfélagshússins á Breiðdalsvík, 7 m.kr. til að ljúka við endurbætur á Norska húsinu í Stykkishólmi, 7 m.kr. til að ljúka endurbótum á Þingeyrarkirkju í Dýrafirði, 7 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar Duus-húsa í Reykjanesbæ, 7 m.kr. til endurgerðar Bjarmaness, gamla skólans á Skagaströnd, 7 m.kr. til áframhaldandi endurbyggingar Kaupvangs á Vopnafirði, 5 m.kr. til að ljúka framkvæmdum við endurbyggingu Tryggvaskála á Selfossi, 5 m.kr. til endurbóta á húsinu Skjaldborg, Patreksfirði, 4 m.kr. til lagfæringa á Pakkhúsinu í Ólafsvík en endurbygging hússins er langt komin, 4 m.kr. til að greiða kostnað og ljúka endurgerð á gamla félagsheimilinu á Hólmavík, Bragganum, 4 m.kr. til áframhaldandi uppbyggingar Brydebúðar í Vík, 4 m.kr. til varðveislu og endurbyggingar svonefnds Stúkuhúss sem ráðgert er að flytja á safnasvæði byggðasafnsins að Görðum á Akranesi, 3 m.kr. tímabundið framlag til endurbyggingar Gamla spítala, Gudmanns Minde, á Akureyri sem var fyrsta sjúkrahúsið sem þar var reist, 3 m.kr. til að ljúka endurbótum á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey þannig að hægt verði að opna hákarlasafn formlega sumarið 2004, 2,2 m.kr. til að gera heildarúttekt á bryggjuhúsunum þremur sem standa á Wathnestorfunni á Seyðisfirði og gera kostnaðaráætlun um verndun og endurbætur, 2 m.kr. til uppbyggingar gufubaðsins og smíðahússins á Laugarvatni, 2 m.kr. til endurbóta á kirkjunni í Flatey á Breiðafirði, 2 m.kr. til að ljúka endurgerð á Pakkhúsinu í Borgarnesi, 1,5 m.kr. til endurnýjunar á húsnæði Hvítasunnukirkjunnar á Vopnafirði, 1 m.kr. til að halda áfram vinnu við endurhleðslu á Hraunsrétt í Aðaldal, 1 m.kr. til þess að endurbyggja gamlar byggingar á Stað í Reykhólasveit, þ.e. fjögur sambyggð hús sem eru skemma, fjárhús, hesthús og hlaða úr torfi og grjóti, 1 m.kr. til að gera við neðra pakkhús í Englendingavík í Borgarnesi, 1 m.kr. til endurbyggingar bakhúss, svokallaðs Eggjaskúrs, við Húsið á Eyrarbakka en þar er m.a. áætlað að hafa náttúrugripasýningu og kynningu á fuglalífi Flóans og 0,3 m.kr. til endurbyggingar á húsinu Kaldalæk í Ólafsvík en húsið stendur í Sjómannagarðinum í Ólafsvík og var byggt 1905 sem sjómannsheimili.

982 Listir, framlög.

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Lagt er til að framlag til starfsemi atvinnuleikhópa hækki um 2,8 m.kr. og lækkar framlag á liðnum 02-982-1.90 Listir, framlög um sömu fjárhæð.

1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin. Gerð er tillaga um 0,8 m.kr. tímabundið framlag til skönnunar á tónverkasafni miðstöðvarinnar.

1.80 Listahátíð í Reykjavík. Lagt er til að framlag til Listahátíðar í Reykjavík hækki um 6 m.kr. og verði 34,3 m.kr. á árinu 2004. Stefnt er að samningi við Reykjavíkurborg um að hátíðin verði haldin árlega með 30 m.kr. framlagi ríkisins frá og með árinu 2005.

1.90 Listir. Tvær breytingar eru lagðar til á þessum lið sem hækkar þannig um 4,2 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 7 m.kr. til Rannsóknarstofnunar í helgisiðafræðum í Skálholti. Stofnunin fékk 7 m.kr. framlag á sama fjárlagaviðfangsefni í fjárlögum fyrir árið 2003. Hins vegar eru millifærðar af þessum lið 2,8 m.kr. á liðinn 02-982-1.24 til hækkunar á framlagi til starfsemi atvinnuleikhópa.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélagsins. Af fjárhæðinni eru 10 m.kr. til að halda unglingalandsmót árið 2004 en félagið hyggst nú halda slík mót um verslunarmannahelgi á hverju ári. Þá hefur félagið ákveðið að gera átak í útbreiðslu á skák um allt landið í samvinnu við Hrókinn og eru 5 m.kr. ætlaðar í það verkefni.

1.90 Æskulýðsmál. Lögð er til tímabundin hækkun safnliðar um 3,1 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag vegna sumarólympíuleika á árinu 2004.

1.12 Ólympíunefnd fatlaðra. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag vegna Ólympíuleika fatlaðra árið 2004.

6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð. Lagt er til 7 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda á skíðasvæðinu í Tungudal og Seljalandsdal, m.a. til að ljúka byggingu skíðaskálans, til tækjakaupa og til að slétta, móta og grjóthreinsa lyftuspor og skíðaleiðir á svæðinu.

6.54 Gaddstaðir. Lagt er til að 7 m.kr. verði áfram veittar tímabundið til framkvæmda við uppbyggingu á Gaddstaðaflötum.

6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Lagt er til 7 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda á skíðasvæðinu í Skarðsdal.

6.57 Sparkvellir. Lagt er til að Knattspyrnusamband Íslands fái 30 m.kr. tímabundið framlag til að gera sparkvelli víðs vegar um landið.

999 Ýmislegt.

1.44 Snorrastofa. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að hefja vinnu við frágang fornleifa í Reykholti, þ.e. gera deiliskipulag og gera fornminjar sýnilegar, ásamt því að þróa miðlun þekkingar um fornminjarnar til ferðamanna.

1.90 Ýmis framlög. Lögð er til tímabundin hækkun safnliðar um 25,8 m.kr. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um nýjan safnlið með 61,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.93 Snorrastofa. Lagt er til að 6 m.kr. framlag til stofnkostnaðar Snorrastofu falli niður þar sem samningi um slík framlög er lokið.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 68,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til 10 m.kr. tímabundið framlag til að styðja við markaðssetningu dilkakjöts erlendis í samstarfi við þá aðila sem við hana hafa unnið.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.11 Þróunaraðstoð. Gerð er tillaga um 44,3 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins sem er leiðrétting á launa- og verðlagsreikningi frumvarpsins.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Gerð er tillaga um 14 m.kr. tímabundið framlag til ráðsins vegna útflutningsátaks á þess vegum í Þýskalandi í samvinnu við íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði lækkuð um 29,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Lagt er til að rekstrarstyrkur félagsins verði hækkaður um 1,5 m.kr.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til tímabundin hækkun safnliðarins um 7,3 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lögð er til 5 m.kr. hækkun til eflingar á rekstri deilda stofnunarinnar á landsbyggðinni. Jafnframt er gerð tillaga um að stofnunin fái 7 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram rannsóknum á laxi í sjó sem hófust 2003.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til embættis dýralæknis á Þórshöfn.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi til skólans vegna aukinna umsvifa sem tengjast rannsóknum, kennslu og fiskeldi.

331 Héraðsskógar.

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Lagt er til að Héraðsskógar fái 8 m.kr. tímabundið framlag til gerðar gagnagrunns í skógrækt sem unnið hefur verið að sl. tvö ár í samvinnu við landshlutaverkefnin fimm og Skógrækt ríkisins. Verkið er nú hálfnað.

818 Búnaðarsjóður.

1.10 Búnaðarsjóður. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af hlutdeild Búnaðarsjóðs í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 26,4 m.kr. og verði 242 m.kr. Búnaðargjald miðast við 2% af verðmæti búvöruframleiðslu sem er áætluð 21 milljarður kr. á árinu 2004. Þar af renna um 0,72% til Lánasjóðs landbúnaðarins og 1,28% til Búnaðarsjóðs. Gert er ráð fyrir um 90% innheimtu af álögðu búnaðargjaldi.

823 Lánasjóður landbúnaðarins.

6.60 Lánasjóður landbúnaðarins. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 49 m.kr. og verði 136 m.kr. Búnaðargjald miðast við 2% af verðmæti búvöruframleiðslu sem er áætluð 21 milljarður kr. á árinu 2004. Þar af renna um 0,72% til Lánasjóðs landbúnaðarins og 1,28% til Búnaðarsjóðs. Gert er ráð fyrir um 90% innheimtu af álögðu búnaðargjaldi.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 32,4 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Unnið hefur verið að endurskipulagningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika stofnunarinnar. Stefnt er að því að hætta þjónustumælingum sem eru í samkeppni við einkaaðila og hafa farið fram í útibúunum á Ísafirði, Akureyri og í Vestmannaeyjum og draga mjög úr þeim í Reykjavík. Þess í stað verða vísindarannsóknir í útibúunum efldar. Gerð er tillaga um 32,4 m.kr. hækkun til að koma þessum breytingum á. Þar af verður 26 m.kr. varið til að efla varanleg störf við vísindarannsóknir í útibúunum og 6,4 m.kr. til að greiða tímabundinn kostnað við breytingarnar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði lækkuð um 125,1 m.kr.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Lagt er til 26 m.kr. tímabundið framlag á næsta ári vegna forsetakosninga. Við undirbúning frumvarpsins var ákveðið að gera ekki ráð fyrir slíkum útgjöldum og að óskað yrði eftir fjárveitingu til þessa liðar ef til kæmi í fjáraukalögum ársins. Eftir frekari athugun þykir rétt að gera ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum fyrir árið 2004. Fjárhæðin tekur mið af útgjöldum við kosningarnar 1996 uppfærðum til verðlags fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004.

190 Ýmis verkefni.

Ríkisstjórnin tók ákvörðun um tilflutning verkefna milli ráðuneyta og færast umferðarmál og umferðaröryggismál frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Málefni sem hafa verið í umsjá samgönguráðuneytis og tengjast leit og björgun flytjast þaðan til dómsmálaráðuneytis. Næstu fjórar breytingar eru liður í tilflutningi þessara verkefna.

1.10 Fastanefndir. Lagt er til að 4,8 m.kr. framlag til rannsóknarnefndar umferðarslysa flytjist frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis þar sem nefndin flyst þangað.

1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa. Lagt er til að 36,1 m.kr. framlag til tilkynningarskyldu íslenskra skipa flytjist til dómsmálaráðuneytis þar sem verkefnið er flutt frá samgönguráðuneyti.

1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Lagt er til að 12,2 m.kr. framlag til almannavarna- og björgunarskóla á Gufuskálum flytjist frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Lagt er til að 50,3 m.kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar flytjist til dómsmálaráðuneytis þar sem verkefnið er flutt frá samgönguráðuneyti.

Jafnframt er gerð tillaga um 20 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að stækka og efla björgunarbátaflota félagsins.

1.82 Biblíuþýðingar. Lagt er til að Hið íslenska biblíufélag fái 3 m.kr. tímabundið framlag til vinnu við heildarendurskoðun Biblíutextans frá 1912. Þýðingu Gamla testamentisins verður lokið á þessu ári en eftir er að þýða um helming Nýja testamentisins.

210 Héraðsdómstólar.

1.01 Héraðsdómstólar og *6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að 12,3 m.kr. fjárveiting verði millifærð af stofnkostnaðarviðfangsefni yfir á rekstrarviðfangsefni héraðsdóm-

stóla. Dómstólarnir hafa átt við rekstrarvanda að stríða undanfarin ár en stofnkostnaður vegna tækja og búnaðar hefur hins vegar verið verulega lægri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Við 3. umræðu um fjárlagagafrumvarp fyrir árið 1999 var samþykkt tillaga meiri hluta fjárlaganefndar um 12 m.kr. stofnkostnaðarframlag á viðfangsefninu 6.10 Tæki og búnaður vegna tölvubúnaðar héraðsdómstóla og upplýsingakerfis. Safnast hefur upp verulegur afgangur stofnkostnaðarheimilda og í tillögu við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 var lagt til á sama hátt að þær yrðu fluttar á rekstrarviðfangsefni til að mæta að mestu uppsöfnuðum rekstrarhalla síðustu ára.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Gert er ráð fyrir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild embættisins. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt, svo sem vegna meintra samkeppnislagabrota, peningaþvættis, fíkniefnabrota og annarra umfangsmikilla sakamála sem mikilvægt er að ekki dragist á langinn að rannsaka. Gerð var tillaga um sambærilega hækkun fjárveitingar til embættisins við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003.

333 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Lagt er til að niður falli 300,9 m.kr. framlag til reksturs Umferðarstofu þar sem stofnunin flyst frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um flutning verkefna milli ráðuneyta og færast umferðarmál og umferðaröryggismál frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Málefni sem hafa verið í umsjá samgönguráðuneytis og tengjast leit og björgun flytjast þaðan til dómsmálaráðuneytis. Breytingin er liður í tilflutningi þessara verkefna.

Jafnframt er lagt til að millifært verði 72,5 m.kr. framlag frá Umferðarstofu til tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins á safnlið hjá því ráðuneyti en tölvumiðstöðin er aðskilin frá fjárhag Umferðarstofu sökum framangreinds flutnings verkefna milli ráðuneyta.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að niður falli 4,5 m.kr. framlag til tækjakaupa Umferðarstofu þar sem stofnunin flytur frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um tilflutning verkefna milli ráðuneyta.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á framlagi til vopnaleitar. Í fjárlögum fyrir árið 2002 var veitt 12 m.kr. framlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en þetta eftirlit er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Hækkun nú stafar af auknu eftirliti á Reykjavíkurflugvelli en þó aðallega á Akureyri vegna áætlunarflugs milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Áhrif stórframkvæmda á Austurlandi á flug um Egilsstaðaflugvöll eru ekki enn þá ljós. Vopnaleitargjald sem rennur í ríkissjóð hækkar sem fjölgun farþega nemur. Samsvarandi tillögu er að finna í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár.

413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi.

1.40 Tollgæsla. Lögð er til 6 m.kr. hækkun á liðnum til að stofna stöðu tollgæslumanns við Grundartangahöfn.

432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

1.20 Löggæsla. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til fíkniefnavarna í Vestmannaeyjum.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að millifæra 72,5 m.kr. framlag til tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins frá Umferðarstofu á safnlið hjá dómsmálaráðuneyti. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um flutning verkefna milli ráðuneyta og færist Umferðarstofa til samgönguráðuneytis. Af þeim sökum er tölvumiðstöðin aðskilin frá fjárhag Umferðarstofu.

701 Þjóðkirkjan.

1.16 Langamýri í Skagafirði. Lagt er til að rekstrarstyrkur fyrir Löngumýri í Skagafirði verði hækkaður um 0,5 m.kr.

6.28 Þingeyraklausturskirkja. Lagt er til að sóknarnefnd Þingeyraklausturskirkju fái 6 m.kr. tímabundið framlag til byggingar aðstöðuhúss við kirkjuna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 432,5 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um að styrkur til hjóna til að annast alvarlega veik börn sín verði hækkaður tímabundið um 2 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1 m.kr. framlagi.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. fjárveitingu til Fjöliðjunnar á Akranesi.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Lögð er til 5 m.kr. viðbótarfjárheimild til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til að stytta biðtíma barna á grunnskólaaldri sem talin eru vera með þroskahömlun eða einhverfurófsröskun. Tilvísunum barna til stofnunarinnar hefur fjölgað ár frá ári og biðtími barna á grunnskólaaldri er nú um tvö ár.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 106 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu í ljósi endurmats á kostnaði við hvert atvinnuleysisstig sem er áætlaður 1.130 m.kr. Forsendur fjárlagafrumvarps eru að öðru leyti óbreyttar og áfram er gert ráð fyrir 2,5% atvinnuleysi á árinu 2004 en í greinargerð fjárlagafrumvarps hefur misritast að atvinnuleysi sé talið munu verða 2% að meðaltali á næsta ári.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að framlag til Fæðingarorlofssjóðs hækki um 280 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Útgjöld hafa verið endurskoðuð í ljósi þróunar það sem af er þessu ári.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.30 Sjómannastofur. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun fjárveitinga til sjómannastofa.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Lagt er til 15 m.kr. tímabundið framlag á ári í þrjú ár til að styrkja starfsemi Sjónarhóls, þjónustumiðstöðvar fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Lögð er til 4 m.kr. hækkun á fjárveitingu til klúbbsins Geysis sem vinnur uppbyggingarstarf í þágu geðsjúkra. Fyrirhugað er að fjölga stöðugildum til að sinna markmiðum klúbbsins þar sem starfsemin hefur aukist vegna fjölgunar félagsmanna.

1.36 Félagið Geðhjálp. Gerð er tillaga um 7 m.kr. hækkun á framlagi til Geðhjálpar til þess að efla rekstur félagins.
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til fjölmenningarsetursins á Ísafirði.
1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefna í málefnum fatlaðra.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 361,7 m.kr.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 72 m.kr. hækkun á framlagi til endurhæfingarlífeyris vegna fjölgunar bótaþega. Samkomulag ríkisstjórnar og eldri borgara frá október 2002 um hækkun lífeyristrygginga hefur einnig áhrif á tekjutryggingarlið endurhæfingarlífeyris. Upphaflegt kostnaðarmat var byggt á fjölda bótaþega í október 2002.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lagt er til að millifærðar verði 2,3 m.kr. til Læknavaktar ehf. vegna gjaldskrárverka sem greidd hafa verið af Tryggingastofnun. Stefnt er að nýjum samningi um vaktþjónustu þar sem greiðslur fyrir gjaldskrárverk verða innifaldar í samningsupphæð.
1.15 Lyf. Gerð er tillaga um 238 m.kr. hækkun á framlagi til lyfja á árinu 2004 í samræmi við endurskoðaða áætlun Tryggingastofnunar um útgjöld vegna lyfja í lok október. Samkvæmt henni er ljóst að lyfjaútgjöld stefna í rúmlega 5,9 milljarða kr. á árinu 2003 sem er tæpum 340 m.kr. umfram fjárlög fyrir árið 2003 en gert hefur verið ráð fyrir viðbótarframlagi í fjáraukalagafrumvarpi. Í ljósi þessa hefur áætlun um lyfjaútgjöld ársins 2004 verið endurskoðuð og er gert ráð fyrir 6.160 m.kr. að teknu tilliti til 450 m.kr. hagræðingarkröfu eins og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Lögð er til 5,7 m.kr. hækkun á framlagi til tóbaksvarna en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks. Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR í september sl. er áætluð brúttósala tóbaks 6.789,5 m.kr. með virðisaukaskatti á árinu 2004 og lögbundið framlag er því áætlað 61,1 m.kr., en á fjárlögum þessa árs er framlagið 55,4 m.kr. og þarf að hækka um 5,7 m.kr. í samræmi við nýja áætlun. Í breytingartillögum við fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2003 er gerð tillaga um 11,8 m.kr. til leiðréttingar á framlögum síðustu þriggja ára.
1.90 Forvarnasjóður. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til samstarfsráðs um forvarnir.

340 Málefni fatlaðra.

6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda. Lögð er til 4 m.kr. hækkun framlags svo að unnt verði að styrkja áfram kaup á tölvum og öðrum hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Á árinu 2004 átti að falla niður tímabundið framlag til þriggja ára til kaupa á tölvum (tölvutextasímum) fyrir heyrnarlausa en ákveðið var að halda styrkjunum áfram. Vegna mistaka féll tillaga um varanlegt framlag til styrkjanna niður og er því lagt til að það verði leiðrétt.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lagt er til að 21 m.kr. verði millifærð frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsugæslunnar í Reykjavík þar sem ákveðið hefur verið að hreyfanlegt fagteymi fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga fái aðstöðu þar. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er 10 m.kr. framlag til að koma á fót hreyfanlegu fagteymi tveggja hjúkrunarfræðinga og tveggja annarra starfsmanna, auk geðlæknisvaktar til að fylgja eftir sjúkrahúsmeðferð alvarlega geðsjúkra einstaklinga á heimilum þeirra í samráði við Geðhjálp. Í frumvarpinu er lagt til að veittar verði 11 m.kr. til teymisins eða alls 21 m.kr. miðað við heilt ár. Var gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús hefði þetta nýja verkefni með höndum. Ákveðið hefur verið að fela verkefnið Heilsugæslunni í Reykjavík í samráði við hjúkrunarstjórnendur geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og er því lagt til að fjárveitingin verði flutt.

5.60 Viðhald, 6.01 Tæki og búnaður og *6.70 Nýframkvæmdir.* Lagt er til að samtals 100 m.kr. verði færðar á milli viðfanga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Annars vegar verði færðar 70 m.kr. af viðfanginu 5.60 Viðhald og hins vegar 30 m.kr. af viðfanginu 6.01 Tæki og búnaður yfir á viðfangið 6.70 Nýframkvæmdir. Áformað er að reisa sérhæfða byggingu fyrir nýtt segulómtæki og tæknirými fyrir G-álmu auk þess að bæta aðstöðu röntgendeildar fyrir slysa- og bráðamóttöku. Stærð viðbyggingarinnar verður um 220 m² að grunnfleti á þremur hæðum, samtals 660 m². Heildarkostnaður við bygginguna er áætlaður um 140 m.kr. Kaup á segulómtæki hafa verið boðin út og er við það miðað að tækið verði sett upp í maí 2004.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Lögð er til tímabundin 5 m.kr. hækkun safnliðar en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarstöðvar Hjartaverndar til að halda áfram skráningu kransæðastíflutilfella og rannsóknum á áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi.

1.90 Ýmis framlög. Lögð er til tímabundin hækkun safnliðar um 9 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til Geðræktar. Verkefnið var í upphafi ætlað til þriggja ára frá október 2000 til jafnlengdar árið 2003. Ákveðið hefur verið að landlæknisembættið, Heilsugæslan og geðsvið Landspítalans endurnýi samning um Geðrækt og er því gert ráð fyrir áframhaldi verkefnisins. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 5,5 m.kr. undir þessum fjárlagalið til Geðræktar.

492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands. Lagt er til að Náttúrulækningafélag Íslands fái 3 m.kr. tímabundna fjárveitingu til kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði í bað- og meðferðarhús heilsustofnunarinnar.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Lagt er til að 6,4 m.kr. verði millifærðar til Læknavaktarinnar ehf., annars vegar vegna launabóta og hins vegar til að hækka rekstrargrunn Læknavaktarinnar í nýjum samningi en að því er stefnt að hann taki gildi í upphafi árs 2004.

505 Heilsugæsla í Reykjavík.

1.01 Heilsugæsla í Reykjavík. Lagt er til að 21 m.kr. verði millifærð frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til Heilsugæslunnar í Reykjavík þar sem ákveðið hefur verið að hreyfanlegt fagteymi fyrir alvarlega geðsjúka einstaklinga hafi þar aðstöðu. Í fjárlögum fyrir árið 2003 er 10 m.kr. framlag til að koma á fót hreyfanlegu fagteymi tveggja hjúkrunarfræðinga og tveggja annarra starfsmanna, auk geðlæknisvaktar til að fylgja eftir sjúkrahúsmeðferð alvarlega geðsjúkra einstaklinga á heimilum þeirra í samráði við Geðhjálp. Í frumvarpinu er lagt til að veittar verði 11 m.kr. til teymisins eða alls 21 m.kr. miðað við heilt ár. Var gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús hefði þetta nýja verkefni með höndum. Ákveðið hefur verið að fela Heilsugæslunni í Reykjavík framkvæmd þessa verkefnis, þó í samráði við hjúkrunarstjórnendur geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og er því lagt til að fjárveitingin verði flutt á þann lið.

517 Læknavaktin.

1.01 Læknavaktin. Gert er ráð fyrir að sértekjur og önnur gjöld Læknavaktarinnar hækki um 29,7 m.kr. vegna aukins umfangs þjónustu í nýjum samningi sem áformað er að taki gildi í byrjun næsta árs. Nýr samningur gerir ráð fyrir 44.000 móttökum og 7.000 vitjunum, en eldri samningur gerði ráð fyrir 17.000 móttökum og 9.000 vitjunum.

Lagt er til að 6,4 m.kr. verði millifærðar af liðnum 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt, annars vegar vegna launabóta og hins vegar til að hækka rekstrargrunn Læknavaktarinnar í framangreindum nýjum samningi. Jafnframt er lagt til að millifærðar verði 2,3 m.kr. af lækniskostnaðarlið sjúkratrygginga vegna gjaldskrárverka sem greidd hafa verið af Tryggingastofnun. Í nýjum samningi um vaktþjónustu verða greiðslur fyrir gjaldskrárverk innifaldar í samningsupphæð.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 220 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 220 m.kr. viðbótarfjárheimild á þessum lið vegna leiðréttingar á kostnaðarmati á úrskurðum kjaranefndar árið 2002 um vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna. Gert var ráð fyrir þessum kostnaði heilsugæslustöðva í frumvarpinu en í ljós kom að villa var í talnaefni sem lagt var til grundvallar við breytingar á launafjárveitingum stöðvanna. Kostnaðurinn snýr í fyrsta lagi að því að samkvæmt úrskurðum kjaranefndar telst útgáfa vottorða vera hluti af aðalstarfi lækna og fá heilsugæslustöðvar nú tekjur af gjöldum sem þær innheimta af sjúklingum fyrir vottorðin en þurfa jafnframt að greiða læknum laun samkvæmt gjaldskrá fyrir vottorðin þegar þau eru gefin út utan dagvinnutíma og læknir er ekki á yfirvinnulaunum. Áætlað er að sértekjur stöðvanna hækki vegna þessa um 87 m.kr. á ársgrundvelli en að launagreiðslur aukist um 135 m.kr. Áður innheimtu læknar vottorðsgjöldin að jafnaði beint frá sjúklingum þannig að þau voru ekki færð í bókhald stöðvanna. Í annan stað greiða stöðvarnar heimilislæknum nú fyrir tilgreind læknisverk samkvæmt gjaldskrá þegar þau eru unnin utan vanalegs dagvinnutíma og læknir fær ekki greidd yfirvinnulaun. Áður voru slík gjaldskrárverk greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Við þá breytingu er gert ráð fyrir að launagreiðslur heilsugæslustöðvanna aukist um rúmlega 230 m.kr. á ári. Í forsendum frumvarpsins hefur verið gert ráð fyrir hluta kostnaðarins.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 292 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

Ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um tilflutning verkefna milli ráðuneyta og færast umferðarmál og umferðaröryggismál frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Málefni sem hafa verið í umsjá samgönguráðuneytis og tengjast leit og björgun flytjast þaðan til dómsmálaráðuneytis. Eftirfarandi breytingar eru liður í tilflutningi þessara verkefna.

1.11 Fastanefndir. Lagt er til að 4,8 m.kr. framlag til rannsóknarnefndar umferðarslysa flytjist frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis þar sem verkefni nefndarinnar flyst milli ráðuneytanna.

1.24 Tilkynningarskylda íslenskra skipa. Lagt er til að 36,1 m.kr. framlag til tilkynningarskyldu íslenskra skipa falli niður þar sem verkefnið er flutt frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis.

1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Lagt er til að 12,2 m.kr. framlag til Almannavarna- og björgunarskólans á Gufuskálum falli niður þar sem verkefnið er flutt frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis.

1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Lagt er til að 50,3 m.kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar falli niður þar sem verkefnið er flutt frá samgönguráðuneyti til dómsmálaráðuneytis.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

Í samræmi við samgönguáætlun er lagt til að framlög til reksturs Vegagerðarinnar hækki samtals um 688,3 m.kr. á móti 627,9 m.kr. lækkun á framkvæmdalið stofnunarinnar. Nettóhækkun á fjárheimild til Vegagerðarinnar er því 60,4 m.kr.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 50,5 m.kr. hækkun á fjárheimild til yfirstjórnar stofnunarinnar.

1.07 Þjónusta. Lögð er til 511,7 m.kr. hækkun á fjárheimild til þjónustuviðfangs stofnunarinnar.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Lögð er til 132,1 m.kr. hækkun á fjárheimild til styrkja til ferja og sérleyfishafa. Þá er lögð til 6 m.kr. lækkun á framlagi þar sem afborganir af ferjulánum sem ríkissjóður greiðir af eru að hækka. Í frumvarpinu var gerð tillaga um 31 m.kr. lækkun á viðfangsefninu vegna afborgana á verðlagi 2003. Áætlað er að afborganir af ferjulánum verði 327 m.kr. á árinu 2004.

212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

5.10 Viðhald. Gerð er tillaga um 222,1 m.kr. hækkun á fjárheimild til viðhaldsverkefna stofnunarinnar.

6.10 Framkvæmdir. Lögð er til 850 m.kr. lækkun á framkvæmdum til stofnunarinnar. Á móti hækka útgjöld á öðrum viðfangsefnum, aðallega til þjónustu, til samræmis við samgönguáætlun. Samtals er lagt til að framlög til reksturs hækki um 688,3 m.kr. og til viðhalds um 222,1 m.kr. Nettóhækkun á fjárheimild til Vegagerðarinnar er því 60,4 m.kr

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Lagt er til að 300,9 m.kr. framlag til reksturs Umferðarstofu verði fært hjá samgönguráðuneyti þar sem stofnunin flyst frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Ríkisstjórnin tók ákvörðun um flutning verkefna milli ráðuneyta og færast umferðarmál og umferðaröryggismál frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðu-

neytis. Málefni sem hafa verið í umsjón samgönguráðuneytis og tengjast leit og björgun flytjast þaðan til dómsmálaráðuneytis. Breytingin er liður í tilflutningi þessara verkefna.

Þá er lagt til að útgjöld stofnunarinnar hækki um 30 m.kr. á móti jafnháum sértekjum. Við flutning stofnunarinnar til samgönguráðuneytis verður tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis skilin frá Umferðarstofu. Stofnunin mun hins vegar áfram sinna verkefnum tölvumiðstöðvar tímabundið og því er gert ráð fyrir að hún hafi sértekjur af sölu þjónustunnar til dómsmálaráðuneytis.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að 4,5 m.kr. framlag til tækjakaupa Umferðarstofu verði flutt frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Það er í samræmi við framangreindan flutning verkefna milli ráðuneytanna.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til verkefnis um líkantilraunir og grunnkort. Samkvæmt samgönguáætlun er verkefnið fært úr stofnkostnaði í rekstur. Það var gert að ábendingu Ríkisendurskoðunar um að rannsóknir Siglingastofnunar ættu að færast undir rekstrargjöld en ekki stofnkostnað. Við frágang frumvarpsins var stofnkostnaður lækkaður en það láðist að auka rekstrargöld á móti. Sams konar tillaga hefur verið lögð fram við frumvarp til fjáraukalaga 2003.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 18 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.30 Alþjóðlegt samstarf. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til þátttöku Íslands, ásamt öðrum Norðurlandaþjóðum, í að gera Eystrasaltssvæðin að tilraunasvæði fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar.

301 Orkustofnun.

1.02 Orkumálasvið. Lagt er til að millifærðar verði 107,9 m.kr. af þessu viðfangsefni, sem hverfur úr fjárlögum, á viðfangsefni 1.03 Orkurannsóknir. Er tillagan í samræmi við ný lög um stofnunina.

1.03 Orkurannsóknir. Lagt er til að á þennan lið verði millifærðar 107,9 m.kr. af viðfangsefni 1.02 Orkumálasvið, sem hverfur úr fjárlögum. Er það í samræmi við ný lög um stofnunina.

Einnig er lagt til að millifærð verði 50 m.kr. fjárheimild frá Orkusjóði. Samkvæmt lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, er hlutverki Orkusjóðs breytt í að vera sjóður sem veitir styrki eða áhættulán til sérstakra verkefna og hefur hann ekki lengur með fjármögnun virkjanarannsókna að gera. Framlag í C-hluta fjárlaga lækkar einnig sem nemur 50 m.kr.

1.04 Vatnamælingar. Samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, skal starfsemi Vatnamælinga vera sjálfstæð eining og fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

371 Orkusjóður.

6.11 Virkjanarannsóknir. Lagt er til að millifærð verði 50 m.kr. fjárheimild á Orkustofnun. Samkvæmt lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, er hlutverki Orkusjóðs breytt í að vera sjóður sem veitir styrki eða áhættulán til sérstakra verkefna og hefur hann ekki lengur með fjármögnun virkjanarannsókna að gera. Framlag í C-hluta fjárlaga lækkar einnig um 50 m.kr.

411 Byggðastofnun.

1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Lögð er til 15 m.kr. hækkun á framlagi til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði lækkuð um 8,3 m.kr.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar lækki um 8,3 m.kr. Stofnunin lagði fram fjárlagatillögur sínar á verðlagi næsta árs í stað þessa árs en í fjárlagafrumvarpinu voru jafnframt færðar launa- og verðlagshækkanir á fjárlagaliðinn. Þær hækkanir voru því tvítaldar.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 28 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til Hagstofu Íslands hækki um 28 m.kr. til að bæta að fullu tekjutap stofnunarinnar við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Við færslu á verkefninu á milli aðila í fjárlagafrumvarpinu láðist að taka tillit til hluta af þeim tekjum sem stofnunin verður af og er lagt til að úr því verði bætt. Með tillögunni verður komið í veg fyrir að fjárhagsstaða stofnunarinnar versni við það að fyrirtækjaskrá flyst af verkefnasviði hennar.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 249,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 4,5 m.kr. vegna aðalfundar OSPAR sem verður haldinn á Íslandi á árinu 2004. Samningurinn er um varnir gegn mengun sjávar og verndun Norður-Atlantshafsins og eru aðildarríki hans 14 talsins. Markmiðið með honum er að draga úr losun mengandi efna í hafið.

1.40 Alþjóðastofnanir. Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting vegna aukinna framlaga til alþjóðastofnana. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna tveggja alþjóðasamninga, Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni og Kyoto-bókunarinnar við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. 1,5 m.kr. eru vegna hækkunar á framlagi til Montreal-sjóðsins og 1 m.kr. til alþjóðlegrar framkvæmdaáætlunar um mengun sjávar frá landi (GPA).

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að Reykhólahreppur fái 3 m.kr. tímabundið framlag til að fjarlægja gamalt frystihús í Flatey á Breiðafirði og bora eftir vatni og lagfæra brunavarnir.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Lagt er til að veita 10 m.kr. tímabundið framlag til Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls vegna ýmissa verkefna, svo sem upplýsingaskilta, deiliskipulags á nokkrum stöðum og stíga, fræðslubæklinga fyrir börn og bæklinga á blindraletri, undirbúnings þjóðgarðsmiðstöðvar við Hellissand, lagfæringa á slysavarnaskýli í Dritvík og uppsetningar sýningar um björgunarstörf og björgunarsveitir.

287 Úrvinnslusjóður.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 18 m.kr. lækkun útgjalda til reksturs Úrvinnslusjóðs. Ný áætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður ársins verði 55 m.kr. en við gerð frumvarpsins var hann áætlaður 73 m.kr.

1.10 Úrvinnslusjóður. Lögð er til 297 m.kr. lækkun útgjalda Úrvinnslusjóðs. Ný áætlun gerir ráð fyrir að í ár verði kostnaður sjóðsins við úrvinnslu 660 m.kr. en við gerð frumvarpsins var kostnaðurinn áætlaður 957 m.kr.

403 Náttúrustofur.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Lagt er til að Náttúrustofa Austurlands fái 5 m.kr. tímabundið fjárframlag til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á hreindýrastofninum sem stofnunin annast lögum samkvæmt.

1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum. Lagt er til að Náttúrustofa Suðurlands fái 5 m.kr. tímabundið framlag til ýmissa verkefna, svo sem rannsókna á glerinnlyksum í kristöllum, rannsókna á framandsteinum í Sæfelli, athugunar á stofnun þjóðgarðs í friðlandi að Fjallabaki, verndunar jarðminja, heimasíðugerðar og verndunar og friðunar hafsvæða.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Lagt er til að Náttúrustofa Vestfjarða fái 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í Hornstrandafriðlandi og nágrenni, svo sem rannsókna á refum, gróðri og smádýralífi.

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Lagt er til að Náttúrustofa Vesturlands fái 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á íslenska arnarstofninum og íslenska minkastofninum.

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki. Lagt er til að Náttúrustofa Norðurlands vestra fái 5 m.kr. tímabundið framlag til ýmissa rannsóknarverkefna.

1.15 Náttúrustofa Sandgerði. Lagt er til að Náttúrustofa Reykjaness í Sandgerði fái 5 m.kr. tímabundið framlag til að byggja upp aðstöðu fyrir rannsóknir á hegðun fiska og til að stofna vinnuhóp um verkefnið Þjóðgarður í sjó þar sem á m.a. að kanna hvort þjóðgarðar í sjó geti verið í sátt við þá sem nýta hafið sem auðlind og hvort slík svæðafriðun geti nýst við veiðistjórn.

1.16 Náttúrustofa Norðausturlands. Lagt er til að stofunni verði veitt 7,7 m.kr. rekstrarframlag. Hún var stofnuð í júní sl. og verður rekin undir hatti Þekkingarseturs Þingeyinga á Húsavík.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu til Rannsóknarmiðstöðvar snjóflóðavarna á Ísafirði.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

22 Menntamálaráðuneyti

971 Ríkisútvarpið.

Framlag úr ríkissjóði til rekstrar Ríkisútvarpsins eykst um 110 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í áætlun frumvarpsins. Skýrist það af því að fyrirhugað er að afnotagjöld hækki um 5% í byrjun ársins 2004. Gert er ráð fyrir að afkoma Ríkisútvarpsins batni sem nemur tekjuaukanum.

23 Utanríkisráðuneyti

111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Gerðar hafa verið breytingar á fjárreiðum stofnunarinnar frá frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að afborganir af teknum löngum lánum verði 9,5 m.kr. á árinu í stað 22,9 m.kr. Handbært fé í árslok er áætlað 138 m.kr. í stað 351,3 m.kr. í frumvarpinu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

44 Landbúnaðarráðuneyti

823 Lánasjóður landbúnaðarins.

Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 49 m.kr. og lækkar framlag til rekstrar úr ríkissjóði því úr 185 m.kr. í 136 m.kr. Búnaðargjald miðast við 2% af verðmæti búvöruframleiðslu sem er áætluð 21 milljarður kr. á árinu 2004. Þar af renna um 0,72% til Lánasjóðs landbúnaðarins. Hagnaður af rekstri minnkar og verður 100,8 m.kr. og handbært fé í árslok verður 928,7 m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti

Íbúðalánasjóður.

Nokkrar breytingar verða á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs frá því sem áætlað er í frumvarpinu. Þar vega þyngst heimildir til að auka útgáfu húsbréfa um 2.595 m.kr. Þá hækka útlán til leiguíbúða um 5.250 m.kr. og viðbótarlán um 1.000 m.kr. Umsóknum hefur fjölgað mikið á árinu 2003 og eftir fyrstu tíu mánuði ársins eru umsóknir orðnar fleiri en allt fyrra ár. Fátt bendir til að umsóknum fækki árið 2004.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.

Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að veittar verði samtals 50.150 m.kr. í löng lán í stað 47.555 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki 49.650 m.kr. löng lán en þau voru áætluð 47.079 m.kr. í frumvarpinu.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir.

Heildarlánveitingar eru áætlaðar 16.500 m.kr. og aukast um 5.250 m.kr. frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þar af eru 5.000 m.kr. til almennra leiguíbúða sem verða 9.500 m.kr. Hjá Íbúðalánasjóði liggja fyrir umsóknir sem nema um 13 milljörðum kr. umfram áður útgefin lánsloforð. Þar af eru um 3 milljarðar kr. vegna leiguíbúða á Austurlandi og óskar stjórn sjóðsins eftir að geta orðið við þeim umsóknum án þess að dregið verði úr öðrum lánveitingum. Enn fremur er gert ráð fyrir að aðrir lánaflokkar hækki úr 250 m.kr. í 500 m.kr. vegna sambýla fatlaðra en búist er við umsóknum í það verkefni á næsta ári. Tekin löng lán alls til að fjármagna aukin útlán hækka í 24.300 m.kr. en þau voru 16.800 m.kr. í frumvarpinu.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.

Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að veitt löng lán verði 7.000 m.kr. en þau eru 6.000 m.kr. í frumvarpinu. Samsetning umsækjenda viðbótarlána er nokkuð önnur en

húsbréfalána en viðbótarlán eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga og á ábyrgð sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að tekin löng lán til að fjármagna útlánin hækki um 1.277 m.kr. og verði 10.100 m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti

371 Orkusjóður.

Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins frá A-hluta fjárlaga af lið 11-371 Orkusjóður lækki um 50 m.kr. til samræmis við breytt lög um sjóðinn. Í breytingartillögu við A-hluta er lagt til að framlagið verði fært á fjárlagalið 11-301 Orkustofnun þar sem fjármögnun virkjanarannsókna heyrir undir stofnunina. Önnur rekstrargjöld sjóðsins lækka jafnframt um sömu fjárhæð þar sem sjóðurinn hefur greitt styrki sem framlaginu nemur. Afkoma sjóðsins verður því óbreytt eftir þessa breytingu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

Breyting sem gerð er tillaga um í a-lið er vegna endurskoðunar á útgáfu almennra húsbréfalána það sem af er þessu ári. Afgreiðsla húsbréfalána árið 2003 hefur aukist mikið frá fyrra ári. Er því lagt til að heimildir Íbúðalánasjóðs til lántöku verði auknar á næsta ári og miðist við svipaða útgáfu og stefnir í á yfirstandandi ári.

Í b-lið er lagt til að heimildir Íbúðalánasjóðs til að veita lán til almennra leiguíbúða verði auknar um 5,3 milljarða kr., þar af eru 250 m.kr. lán til sambýla fatlaðra. Til að fjármagna framangreind útlán er gerð tillaga um að heimild Íbúðalánasjóðs til lántöku verði aukin um 7,5 milljarða kr. og verði 12 milljarðar kr. Samtals verður því fjármögnun almennra og félagslegra leiguíbúða auk greiðsluerfiðleikalána 24,3 milljarðar kr.

Loks er lagt til í c-lið að lántökur Íbúðalánasjóðs til að fjármagna viðbótarlán sem veitt eru á ábyrgð sveitarfélaga verði auknar um tæplega 1,3 milljarða kr. Er sú áætlun byggð á fyrirliggjandi umsóknum sveitarfélaga um heimildir til veitingar viðbótarlána og reynslu undanfarinna ára um nýtingu slíkra heimilda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 21. nóv. 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2003, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Nefndin fékk á sinn fund Bolla Þór Bollason og Örnu Sigurðardóttur frá fjármálaráðuneytinu.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 279,4 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Að öllu samanlögðu er nú talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 2004 muni nema 282 milljörðum kr. sem er hækkun um 2,6 milljarða kr. miðað við upphaflega áætlun í fjárlagafrumvarpi. Þá hækkun má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta, annars vegar er áætlað að tekjur af sköttum á vörum og þjónustu verði tæplega 1,9 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir og hins vegar að áætlaðar tekjur af eignarsköttum aukist um 450 millj. kr. Þessar hækkanir má rekja til endurmats á tekjum ríkisins á þessum sköttum á árinu 2003.

Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt. Spáð er að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólgan um 2,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn munu aukast um allt að 2,5%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,5%. Spáð er minnkandi atvinnuleysi eða um 2,5%. Hins vegar er gert ráð fyrir að viðskiptahalli verði nálægt 3,25% af landsframleiðslu.

Birkir J. Jónsson skrifar undir álitið með fyrirvara þar sem hann situr í fjárlaganefnd.

Alþingi, 21. nóv. 2003.

Pétur H. Blöndal, form.
Gunnar Birgisson.
Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármannsson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2004, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Undanfarin ár hefur frumvarp til fjárlaga verið sett upp sem glansmynd sem hefur tekið verulegum breytingum frá upphaflegu frumvarpi til endanlegra fjárlaga, fjáraukalaga og loks til endanlegrar niðurstöðu eins og hún birtist í ríkisreikningi. Ríkisstjórnin hefur alla jafna notað upphaflegu glansmyndina til að berja sér á brjóst og auglýsa eigið ágæti. Hún hefur hins vegar gætt þess vendilega að gera sem allra minnst úr endanlegri niðurstöðu þegar hún birtist loks í ríkisreikningi og er þá í sumum tilvikum víðs fjarri upphaflegu markmiði fjárlaga.

Í stíl við þetta hefur tekjuhlið fjárlaga undanfarinna ára einkennst af því að einstakir mikilvægir tekjuliðir hafa stundum breyst svo milljörðum króna skiptir frá frumvarpi til endanlegrar niðurstöðu. Í yfirliti efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis um skiptingu tekna ríkissjóðs frá fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 til áætlunar nú í nóvember kemur í ljós að tekjur ársins voru vanáætlaðar um 16,6 milljarða kr.

Margt bendir til þess að miðað við væntingar um batnandi hag þjóðarbúsins séu ýmsir tekjuliðir vanáætlaðir í fjárlagafrumvarpinu. Má þar nefna vaxtatekjur, tekjuskatt og virðisaukaskatt. Vaxtatekjur ársins voru t.d. vanáætlaðar í frumvarpinu fyrir árið 2003 miðað við áætlun fjárlagaskrifstofu nú í nóvember um 1,6 milljarða kr. Nú þegar fjárlagafrumvarpið er tekið til 2. umræðu liggur fyrir að tekjur næsta árs voru vanáætlaðar um 2,6 milljarða kr. þegar frumvarpið var lagt fram.

Í áætlun fyrir árið 2004 gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að tekjuskattur einstaklinga verði milljarði króna lægri en áætlað var í frumvarpinu. Skýringar fjármálaráðuneytisins við yfirferð efnahags- og viðskiptanefndar voru þær að þetta stafaði af atvinnuleysi og styttri vinnutíma einstaklinga. Engar tölulegar upplýsingar fylgdu á hinn bóginn því mati. Þótt því sé spáð má gera ráð fyrir að efnahagsuppsveiflan sem nú er hafin muni ekki einkennast af jafnmikilli þenslu og í síðustu uppsveiflu er þó ljóst að þenslan verður töluverð og hlýtur að segja til sín á vinnumarkaði með einhverjum hætti. Í því sambandi má minna á endurteknar yfirlýsingar einstakra ráðherra um að atvinnuleysi minnki verulega í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli. Í tölum fjármálaráðuneytisins birtist því ákveðin vantrú á að verulega rætist úr atvinnumálum á næstu missirum. Þá virðist litið fram hjá því að kjarasamningar eru lausir og launahækkanir óhjákvæmilegar á árinu. Lækkun á áætluðum tekjuskatti einstaklinga frá fjárlagafrumvarpi er því ekki í samræmi við atriðin sem hér eru nefnd og telja fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd að liðurinn sé vanáætlaður.

Sömuleiðis má færa rök að því að annar mikilvægur tekjuliður, virðisaukaskattur, fari fram úr spá fjármálaráðuneytisins. Þróun þess liðar fylgir nokkuð vel þróun hagvaxtar. Áætlun fjármálaráðuneytis byggist á því að hagvöxtur verði 3,5% árið 2004, en greiningardeildir bankanna spá yfirleitt meiri hagvexti. Því er líklegt að liðurinn sé vanáætlaður. Áætlanir um tekjur ríkisins þurfa hins vegar að byggjast á sterkum tölulegum grunni en ekki slumpareikn-

ingi eins og reyndin virðist með marga mikilvæga þætti í tekjugrein fjárlaga að þessu sinni.

Miðstjórn ASÍ hefur gagnrýnt harðlega þá auknu misskiptingu sem felst í frumvarpinu. Í því sambandi er ástæða til að minna á að upphaf þeirrar jákvæðu þróunar sem nú er til staðar í efnahagslífinu má tímasetja við öflugt átak verkalýðshreyfingarinnar fyrir tveimur árum. Henni tókst þá með harðfylgi og af atorku að brjóta á bak aftur verðhækkunarhrinu hins opinbera. Hún hafði í reynd frumkvæði að þeirri samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu og ábyrgrar verkalýðshreyfingar sem náði að koma böndum á þá uggvænlegu gengis- og verðbólguþróun sem agaleysi stjórnarráðsins hafði hleypt af stað. Frá sjónarhóli jafnaðar og réttlætis skiptir miklu að hagkerfið fari hvorki í gamla farið, þar sem verðbólga leiðir að lokum til gengisfellingar, né að til verði umhverfi þar sem gengið hækkar úr hófi fram og þrengir að samkeppnis- og útflutningsgreinum, ekki síst á landsbyggðinni.

Alþingi, 24. nóv. 2003.

Össur Skarphéðinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Lúðvík Bergvinsson.
Álfheiður Ingadóttir.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2003.

Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn H. Jónsson frá forsætisráðuneyti og Björn Friðfinnsson og Ásdís Ingibjargardóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 1.155 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæpar 26 millj. kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 15.946 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 770 millj. kr. en þær nema tæplega 5% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að rekstrarframlag til Fangelsismálastofnunar hækkar um 35 millj. kr. frá fyrra ári. Hækkunin kemur einkum til af rekstrarvanda sem stofnunin hefur átt við að stríða undanfarin ár, m.a. vegna fjölgunar fanga. Þá kemur fram í frumvarpinu að lóð undir nýtt fangelsi hafi verið tryggð í Hólmsheiði og að forval hafi farið fram, en

að fjárveiting til að undirbúa byggingu nýs fangelsis að fjárhæð 10 millj. kr. falli niður. Nefndin telur óviðunandi að fangar séu vistaðir í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg sem er löngu orðið úrelt sem fangelsisbygging, jafnvel þótt til skamms tíma sé, og leggur áherslu á að fjármagn til byggingar nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu verði tryggt eins fljótt og unnt er vegna fjölgunar fanga og viðvarandi skorts á fangelsisrými.

Nefndin fagnar því átaki sem undanfarið hefur verið gert til að bæta rekstur Landhelgisgæslunnar og að hafinn skuli undirbúningur að nýrri stefnumótun fyrir stofnunina.

Eins og gert var í sambærilegu áliti til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003 bendir nefndin á að verkefnum dómstóla hefur verið fjölgað undanfarið. Nefndin telur mikilvægt að um leið og dómstólum eru falin aukin verkefni verði tryggt að nægilegt fjármagn fylgi, svo að ekki verði tafir á afgreiðslu mála.

Í ljósi umfangs þeirra mála sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur haft á sinni könnu telur nefndin mikilvægt að auknu fjármagni verði varið til embættisins svo að viðunandi málshraði verði tryggður.

Þá kom fram í yfirferð nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu að fjárveitingar til málskostnaðar í opinberum málum og opinberrar réttaraðstoðar hækka enn. Nefndin telur mikilvægt að tekið verði til skoðunar hvort hægt sé að stemma stigu við þessum kostnaðarauka án þess að þrengdur verði réttur til slíkrar aðstoðar.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að umboðsmanni Alþingis verði með fullnægjandi fjárstuðningi gert kleift að sinna frumkvæðisathugunum og fræðslustarfi. Nefndin tekur jafnframt undir með umboðsmanni að hugað verði að því með sérstakri könnun hvernig til hefur tekist um framkvæmd stjórnsýslulaganna í tilefni af 10 ára afmæli þeirra árið 2004.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Bjarni Benediktsson skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd. Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara sem lýtur að fyrirsjáanlegum breytingum á starfi Rauða kross Íslands varðandi umönnun flóttamanna, en samningur Útlendingastofnunar við Rauða krossinn rennur út um næstu áramót og ekki er ljóst hvernig þeim málum verður háttað framvegis. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu málsins en hefur sams konar fyrirvara í málinu.

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., með fyrirvara.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2003.

Á fund nefndarinnar komu Örlygur Geirsson og Auður Árnadóttir frá menntamálaráðuneyti.

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2004 eru áætluð um 34.984 millj. kr. á rekstrargrunni sem er 6% hækkun frá áætlun fjárlaga fyrir árið 2003. Frá dragast sértekjur að fjárhæð um 2.734 millj. kr. en þær nema 7,8% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að fjöldi nemenda við háskóla og framhaldsskóla verði áætlaður eins nákvæmlega og unnt er á hverju ári svo að hægt verði að haga fjárveitingum til hvers skóla í samræmi við hann. Náin samvinna mennta- og fjármálaráðuneyta er nauðsynleg í þeim efnum.

Þá leggur nefndin áherslu á að jafnræðis verði gætt við úthlutun rannsóknafjár til háskóla og bendir í því sambandi sérstaklega á Tækniháskóla Íslands sem hefur ekki fengið úthlutað fé til rannsókna.

Hvað varðar skiptingu safnliða tekur nefndin fram að hún fellst á þær úthlutanir af safnliðum sem þegar hefur verið gerð grein fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Hér er átt við liðina 02-988-1.90 Æskulýðsmál, þar sem tekið er fram í frumvarpinu að 6 millj. kr. hækkun eigi að renna í Tómstundasjóð barna og ungmenna sem ráðgert er að stofna til að veita styrki til starfsemi samtaka á sviði félags- og tómstundamála, rannsókna og þróunarverkefna, og 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál, þar sem ráðgert er í frumvarpinu að verja 1 millj. kr. til samnings um verkefnið Education through Sport og hækka framlag til lyfjaeftirlits um 5 millj. kr. Nefndin telur þó að það vinnulag að eyrnamerkja ákveðnar fjárhæðir af safnliðum áður en þeir koma til afgreiðslu nefndarinnar sé óheppilegt.

Brynja Magnúsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara sem lýtur að afgreiðslu safnliða og þáttum sem ekki er gerð grein fyrir í álitinu. Þá standa þessir sömu fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni ekki að bréfi meiri hlutans til fjárlaganefndar um vísun erinda til hennar vegna safnliða. Þeir vilja vekja athygli fjárlaganefndar á erindum sem einkum snerta konur, svo sem frá Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum, Kvennasögusafni Íslands, Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands. Þá vekja þeir athygli á að Vélsmiðjan á Þingeyri er svo fjárfrekt verkefni að ekki verður séð að það rúmist undir nokkrum af safnliðum ráðuneytisins og er því rétt að fjárlaganefnd fjalli sérstaklega um það erindi. Hið sama er að segja um erindi Tónskáldafélags Íslands, sem sækir um 12 millj. kr. til stofnunar nýsköpunarsjóðs tón-

listar, og um erindi um tónlistarþróunarmiðstöð. Umsókn Leikminjasafns Íslands rúmast einnig illa á safnlið, en á síðasta ári fékk safnið sérstakan stuðning í tillögum fjárlaganefndar.

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Gunnar Birgisson, form.
Brynja Magnúsdóttir, með fyrirvara.
Dagný Jónsdóttir.
Guðjón Hjörleifsson.
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Mörður Árnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2003.

Nefndin fékk á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson og Pétur Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti.

Gert er ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins hækki um 167 millj. kr. miðað við fjárlög fyrir árið 2003. Skýring á aukinni fjárþörf utanríkisráðuneytisins er fyrst og fremst aukið framlag til áframhaldandi uppbyggingar íslensku friðargæslunnar og aukin framlög Íslands til Þróunarsjóðs EFTA. Á móti hækkunum kemur hins vegar lækkun á viðhalds- og stofnkostnaði sem var tímabundinn og einkum vegna innréttingar á nýju sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn og viðgerða á sendiherrabústað í Brussel.

Nefndin vekur athygli á því að svo virðist sem hækkun útgjalda vegna öryggisráðstafana á Keflavíkurflugvelli eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 sé orðin varanleg og muni að öllum líkindum fara vaxandi næstu árin. Kostnaður við íslensku friðargæsluna hefur aukist en Ísland hefur lagt mikinn metnað í að velja hæft fólk til starfans og almennt þykir vel hafa tekist til. Hins vegar er ljóst að efling friðargæslunnar krefst fjármuna, skipulagningar og forgangsröðunar verkefna. Utanríkismálanefnd styður styrkingu íslensku friðargæslunnar og fagnar einnig áætlunum ríkisstjórnarinnar um aukin framlög til þróunarsamvinnu í heiminum. Í þessu sambandi minnir nefndin á að framlag Íslands til Þróunarsjóðs EFTA á eftir að hækka á samningstímabilinu sem stendur frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2008 í allt að 500 millj. kr. á ári.

Utanríkismálanefnd styður framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og telur rétt að Ísland axli þá ábyrgð á alþjóðavettvangi sem seta í öryggisráðinu krefst. Hins vegar minnir nefndin á að framboðið á eftir að kosta nokkurt fé og leggur áherslu á að vandað verði til allrar skipulagningar og kostnaðaráætlana í tengslum við það og minnir enn á mikilvægi þess að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best.

Steingrímur J. Sigfússon og Guðmundur Árni Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi 17. okt. 2003.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Hjálmar Árnason.
Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti sem skýrði þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Erindi Björns Steinbjörnssonar vísar landbúnaðarnefnd til afgreiðslu fjárlaganefndar þar sem nefndin telur verkefnið það viðamikið að það rúmist ekki innan skiptingar safnliðar.

Þá vísar nefndin einnig erindi Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs til afgreiðslu fjárlaganefndar. Nefndin telur að verkefnið, sem fór af stað sem brautryðjendaverkefni og nefndin hefur stutt frá árinu 1998, rúmist ekki lengur innan skiptingar safnliðar en leggur jafnframt áherslu á að erindið hljóti afgreiðslu í fjárlaganefnd.

Jafnframt er athygli vakin á því að starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf., sem fær afgreiðslu hjá landbúnaðarnefnd, fellur undir fleiri málefnasvið en landbúnaðarnefnd fer með forræði fyrir og er að því leyti vísað til afgreiðslu fjárlaganefndar.

Loks leggur nefndin til að framlag til Veiðimálastofnunar verði aukið þar sem nefndin telur verkefni stofnunarinnar mjög viðamikil og sífellt að aukast og því nauðsynlegt að styrkja starfsemi hennar til samræmis við það.

Drífa Hjartardóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 10. nóv. 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.
Birkir J. Jónsson.
Ásta Möller.
Ásgeir Friðgeirsson.
Árni Steinar Jóhannsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október 2003.

Nefndin fékk á sinn fund Þorstein Geirsson og Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni, Þórð Ásgeirsson og Gylfa Ástbjartsson frá Fiskistofu og Sjöfn Sigurgísladóttur og Aðalbjörgu Halldórsdóttur frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Sjávarútvegsnefnd telur ástæðu til að vekja athygli fjárlaganefndar á fjórum atriðum í frumvarpinu og mælist til þess að hún taki þau til frekari skoðunar.

Í fyrsta lagi vekur nefndinn athygli á því að ekki er gerð grein fyrir væntanlegum tekjum ríkissjóðs af veiðigjaldi sem samþykkt var á 127. löggjafarþingi og kemur til framkvæmda 1. september á næsta ári.

Í öðru lagi virðist gert ráð fyrir innheimtu þróunarsjóðsgjalds út árið 2004, en þegar hefur verið ákveðið að fella það niður samhliða upptöku veiðigjaldsins 1. september 2004.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu ekki gerð grein fyrir væntanlegum tekjum vegna svokallaðs „hafróafla“, þ.e. fiski sem skipum er heimilt að koma með að landi án þess að sá afli dragist frá aflaheimildum þeirra, en hagnaður af sölu þessa afla rennur nú til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Í fjórða og síðasta lagi er ekki í frumvarpinu að finna fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunarinnar vegna áætlunar um vísindaveiðar á hvölum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu í nýjan rannsóknasjóð til auka verðmæti sjávarfangs. Nefndin hvetur til þess að settar verði skýrar reglur um úthlutun úr sjóðnum.

Þá bendir nefndin á að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til rannsókna á loðnu í norðurhöfum, en brýnt er að ráðist verði í slíkar rannsóknir.

Nefndin tók til skoðunar skipingu safnliðar 05-190-1.90. Tvær umsóknir bárust nefndinni, báðar vegna kalkþörungavinnslu, og leggur nefndin til að þær verði báðar teknar til greina. Auk þessa leggur nefndin til að fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunarinnar verði hækkaðar um 15,2 millj. kr. sem skiptast þannig að 5,5 millj. kr. fari til veiðarfærarannsókna og 9,7 millj. kr. til rannsókna á áframeldi á þorski.

Nefndin vekur athygli á því að á fundi nefndarinnar var þess farið á leit við forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar að hann léti nefndinni í té fjárlagatillögur þær sem stofnunin gerði til sjávarútvegsráðuneytisins við undirbúning fjárlagafrumvarpsins og var þeirri beiðni vel tekið. Þegar óskin var ítrekuð vísaði stofnunin beiðninni til sjávarútvegsráðuneytisins með þeim rökum að um vinnuskjal ráðuneytisins væri að ræða. Nefndin hyggst taka þessa málsmeðferð til frekari skoðunar.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jón Gunnarsson skrifar undir álit nefndarinnar með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform.
Jóhann Ársælsson.
Kristján L. Möller.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Kjartan Ólafsson.
Birkir J. Jónsson.
Grétar Mar Jónsson.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl. Á fund nefndarinnar komu Sesselja Árnadóttir, Húnbogi Þorsteinsson, Sturlaugur Tómasson, Guðni Geir Einarsson og Elín Pálsdóttir frá félagsmálaráðuneyti.

Nefndin fór yfir einstaka liði frumvarpsins og ræddi auk þess við ýmsa aðila er sótt höfðu um fjárveitingar vegna safnliða á málefnasviði nefndarinnar.

Segja má að áherslur þessa frumvarps lúti að málefnum fatlaðra. Frá gildandi fjárlögum hækka útgjöld til málefna fatlaðra til viðbótar við launa- og verðlagsbætur um 164,9 millj. kr.

Helstu áform á árinu 2004 tengjast öll áætlun um að stytta biðlista eftir þjónustu við fatlaða:

a. Gert er ráð fyrir fjármagni til tveggja nýrra sambýla í Reykjavík, frá miðju ári.
b. Gert er ráð fyrir fjármagni til tveggja nýrra sambýla á Reykjanesi, frá miðju ári.
c. Gert er ráð fyrir opnun nýs sambýlis á Suðurlandi, frá miðju ári.
d. Áætlað er fyrir heilsársrekstri nýrrar hæfingarstöðvar (dagvistarstofnunar) á Reykjanesi.
e. Efla á skammtímaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
f. Efla á dagvistun (hæfingu) á Suðurlandi.

Þannig hækka útgjöld til málaflokksins um 118 millj. kr. í samræmi við áætlun um styttri biðlista. Útgjöld vegna samninga við sveitarfélög og einkaaðila, sem annast þjónustu við fatlaða, hækka um 33,7 millj. kr.

Framlag í Framkvæmdasjóð fatlaðra hækkar um 23 millj. kr. Frumvarpið gerir eigi að síður ráð fyrir að ráðstöfunarfé sjóðsins hækki um 40 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þar sem horfið er frá því að láta sjóðinn greiða kostnað við tvö rekstrarverkefni sem hann hefur greitt sl. tíu ár. Um er að ræða kostnað við félagslega endurhæfingu og kostnað vegna starfa stjórnarnefndar. Í frumvarpinu er áætlað fyrir þessum útgjöldum á fjárlagalið 07-700-1.90 og hækkar sá fjárlagaliður um 17 millj. kr. Alls hækka því útgjöld til málaflokksins um 191,2 millj. kr.

Hvað varðar skiptingu safnliða telur meiri hlutinn óheppilegt að opinberir styrkir til félagasamtaka komi víða fram þannig að erfitt reynist að öðlast yfirsýn yfir heildarstyrkveitingu hins opinbera. Meiri hlutanum er kunnugt um að fjárlaganefnd hyggst taka fyrirkomulag þessara mála til endurskoðunar. Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á því að Geðhjálp sækir um styrk til eigin starfa og einnig í samstarfi við Fjölmennt en beinir umsóknum til fleiri en einnar fastanefndar þingsins. Eðlilegt er að fjárlaganefnd og/eða ráðuneytið samræmi afgreiðslu slíkra mála. Meiri hlutinn gerir tillögu að skiptingu safnliða á hennar málefnasviði en verður að vísa nokkrum erindum til afgreiðslu hjá fjárlaganefnd.

Hvað varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga bendir meiri hlutinn á það starf sem nú er hafið í samstarfi félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, verkefnaflutning milli ríkis og sveitarfélaga ásamt hugsanlegri stækkun sveitarfélaga. Í því starfi má búast við að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, sem og Jöfnunarsjóður, verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.

Sigurjón Þórðarson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Birkir J. Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 11. nóv. 2003.

Hjálmar Árnason, form.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Guðjón Hjörleifsson.
Pétur H. Blöndal.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar stendur ekki að áliti meiri hlutans, enda um að ræða verulegar vanáætlanir á stórum útgjaldaliðum ráðuneytisins sem stjórnarliðar verðar sjálfir að bera ábyrgð á. Að auki gerir minni hlutinn alvarlegar athugasemdir við hvernig ýmsir veigamiklir þættir velferðarsamfélagsins eru hornreka hjá núverandi valdhöfum. Ekki síst á þetta við um þá atlögu sem gerð er í þessu frumvarpi að atvinnulausum. Átelur minni hlutinn það harðlega, enda er þar ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Skorar minni hlutinn á félagsmálaráðherra að hverfa frá þessum áformum áður en fjárlagafrumvarpið verður afgreitt frá Alþingi.

Hér verður farið yfir helstu gagnrýnisatriði og vakin athygli á verulegum vanáætlunum í stórum málaflokkum sem falla undir ráðuneytið.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Ýmis sveitarfélög hafa gagnrýnt lækkun á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á þessu ári miðað við síðustu ár. Meginskýringin er sú að á árunum 1999, 2000 og 2001 var greitt úr ríkissjóði sérstakt framlag til Jöfnunarsjóðs sem nam 700 millj. kr. árlega. Á árinu 2002 var gengið á eigið fé sjóðsins og það lækkað um 500 millj. kr. Þeim fjármunum var varið til hækkunar á framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna. Að óbreyttu því framlagi sem er á fjárlögum þessa árs lækka því framlög til sveitarfélaga verulega frá því sem verið hefur á undanförnum árum.

Í öðru lagi var reglum um úthlutun úr sjóðnum breytt verulega á þessu ári. Breytingin leiddi til þess að fjármunir færast á milli einstakra sveitarfélaga. Annars vegar voru færðir fjármunir frá þeim sveitarfélögum sem hafa mjög háar tekjur á hvern íbúa, og hins vegar voru framlög færð til sveitarfélaga sem eru með 2.000 til 20.000 íbúa. Mörg dreifbýlissveitarfélög sem jafnframt eru fámenn fóru einnig illa út úr þessum breytingum, sérstaklega hvað varðar framlög til skólaaksturs eins og sést í ályktun frá samtökum fámennra skóla sem er fylgiskjal með áliti þessu.

Forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa átt í viðræðum við félags- og fjármálaráðherra og lagt til að sérstakt framlag verði greitt úr ríkissjóði á þessu og næsta ári þannig að sjóðurinn hafi sambærilega fjármuni til ráðstöfunar og undanfarin ár. Þetta verði gert í tengslum við sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga sem nú er að hefjast. Einnig er gert ráð fyrir heildarendurskoðun á tekjustofnum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að tekjur jöfnunarsjóðs lækki ekki á meðan þessi vinna stendur yfir og meðan farið er yfir þær athugasemdir sem komið hafa frá sveitarfélögum vegna nýrra úthlutunarreglna.

Ábyrgðasjóður launa.

Áætlun um útgjöld sjóðsins fyrir árið 2003 er 740 millj. kr. en í fjárlögum fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 441 millj. kr. Fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir tæplega 687 millj. kr. og sér minni hlutinn enga ástæðu til að ætla að útgjöld Ábyrgðasjóðs verði minni á næsta ári en áformað er að þau verði á yfirstandandi ári.

Fæðingarorlofssjóður.

Ljóst er að veruleg fjárvöntun er líka hjá Fæðingarorlofssjóði. Frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár gerir ráð fyrir að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs verði 5.546 millj. kr. Markaðar tekjur sjóðsins eru áætlaðar 4.211 millj. kr. og ríkisframlag 387 millj. kr. eða samtals tekjur að fjárhæð 4.598 millj. kr. Gjöld umfram tekjur eru þannig áætluð 948 millj. kr. og því um verulega vanáætlun að ræða á tekjum til að mæta áætluðum útgjöldum. Í árslok 2004 er gert ráð fyrir að gengið hafi verið verulega á eigið fá sjóðsins og það verði um 400–450 millj. kr. Ástæða er til að benda á að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir að greitt verði orlof í töku fæðingarorlofs og er þar um að ræða mikla mismunun eftir því hvort um er að ræða foreldra á almenna vinnumarkaðinum eða hinum opinbera, en þar fá foreldrar í fæðingarorlofi greitt orlof. Í raun er hér um að ræða mismunun sem jafna má til þess að foreldrar á almenna vinnumarkaðnum hafi þremur vikum skemmra fæðingarorlof en foreldrar sem vinna hjá hinu opinbera.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Áætluð útgjöld sjóðsins á árinu 2003 eru rúmir 4,3 milljarðar kr. Byggist það á því að atvinnuleysi verði 3,3% og að kostnaður á hvert prósentustig sé 1.084 millj. kr. Fjárlög gerðu ráð fyrir 3.163 millj. kr. og því stefnir í að útgjöld vegna atvinnuleysis hafi verið vanmetin um 1.100 millj. kr. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að gjöld sjóðsins verði samtals 3.314 millj. kr. og er þar byggt á að meðalatvinnuleysi ársins 2004 verði 2,5%. Spá Seðlabankans frá því nú í nóvember gerir ráð fyrir 2¾% og Kaupþing spáir að atvinnuleysi á næsta ári verði kringum 3%. Ef tekið er mið af spá Seðlabankans vantar tæpar 280 millj. kr. á næsta ári í Atvinnuleysistryggingasjóð og ef miðað er við spá Kaupþings vantar um 550 millj. kr. Því til viðbótar verður ekki séð að gert hafi verið ráð fyrir 75 millj. kr. sem varið

var úr Atvinnuleysistryggingasjóði til vinnumarkaðsaðgerða á þessu ári til viðbótar þeim 112 millj. kr. sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Á það var rækilega bent við umræðu um fjárlög fyrir árið 2003 að veruleg vanáætlun væri í útgjöldum vegna atvinnuleysis sem nú hefur komið á daginn. Atvinnuleysisspá fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka bar ekki saman þar sem Seðlabankinn gerði ráð fyrir 3,25% atvinnuleysi en í forsendum ráðuneytisins var miðað við 2,75% atvinnuleysi. Það gekk eftir sem stjórnarandstaðan varaði við um vanáætlun á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs, en á fjáraukalögum fyrir árið 2003 er farið fram á 1.100 millj. kr. vegna atvinnuleysisbóta.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega áformaða skerðingu á atvinnuleysisbótum þar sem atvinnuleysisbætur eru skertar um 10–11% með því að greiða ekki bætur fyrstu þrjá daga atvinnuleysis. Hér er ráðist harkalega á kjör þeirra sem minnst hafa í þjóðfélaginu, sem í ofanálag hafa verið verulega skert á öllu síðasta kjörtímabili sömu ríkisstjórnar.

Leiguíbúðir.

Ljóst er að sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir að leiguíbúðir beri 3,5–4,9% vexti hefur íþyngt verulega láglaunahópunum í þjóðfélaginu og m.a. gert námsmannasamtökum og samtökum öryrkja afar erfitt með að halda áfram uppbyggingu ódýrra leiguíbúða án þess að það komi fram í hárri húsaleigu. Áfram er haldið á þessari braut í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár og gengið þvert á þá stefnu sem t.d. ASÍ hefur markað í málinu í skýrslu sinni „Velferð fyrir alla“ í mars á þessu ári. Að mati ASÍ er biðlisti eftir um 1.700 leiguíbúðum, en tillögur þeirra gera ráð fyrir að eyða þeim biðlistum á þremur árum. Annars vegar er miðað við að fjölga þeim íbúðum sem lánað er til á lægstu vöxtum og hins vegar að auka vaxtaniðurgreiðsluna þannig að miðað verði við 1% vexti í stað 3,5% eins og lægsta vaxtaprósenta til uppbyggingar leiguíbúða er í dag. Stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í fjárlagafrumvarpi næsta árs gengur þvert á þessi markmið.

Húsaleigubætur.

Útgjöld sveitarfélaga til húsaleigubóta hafa þanist út á undanförnum árum. Það má að miklu leyti rekja til þess að verð á leiguhúsnæði hækkaði verulega eftir að þessi sama ríkisstjórn og nú situr lagði af félagslega húsnæðiskerfið og hækkaði vexti til leiguíbúða úr 1% í allt að 4,9%. Ljóst er að sveitarfélögin hafa farið mjög halloka út úr þeim samningi sem ríkisvaldið gerði við þau fyrir nokkrum árum. Má þar nefna að á árinu 1999 var greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta 55% og sveitarfélaga 45%. Þá voru heildargreiðslur vegna húsaleigubóta 529 millj. kr. og nam endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs það ár um 291 millj. kr. Á yfirstandandi ári er áætlað að heildargreiðslur sveitarfélaga til húsaleigubóta verði tæpir 1,2 milljarðar kr., eða 56% heildargreiðslna, og greiðsla úr Jöfnunarsjóði verði 526 millj. kr., eða 44%. Þetta er enn ein staðfesting þess að verulega hallar á sveitarfélögin í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga

Málefni fatlaðra.

Þótt nokkur aukning sé á framlögum til málefna fatlaðra er ljóst þegar litið er til fjárlaga næsta árs og til áforma fyrir árið 2005 að ekki verður staðið við það samkomulag sem gert var milli samtaka fatlaðra og félagsmálaráðuneytisins um að eyða biðlistum eftir búsetuúrræðum fyrir fatlaðra, þ.e. eftir sambýlum og sjálfstæðri búsetu, á árunum 2000–2005. Þegar aðgerðaáætlun til að eyða biðlistum eftir búsetuúrræðum er borin saman við svar félagsmálaráðherra um búsetumál fatlaðra (þskj. 281) kemur í ljós að veruleg vanáætlun er vegna ný-

liðunar og vegna biðlista eftir sjálfstæðri búsetu og frekari liðveislu. Fram kemur í svarinu að á árunum 2000–2003 voru umsóknir fyrir 41 fatlaðan einstakling, eða um 14 á ári, en í áætluninni frá árinu 2000 var einungis gert ráð fyrir sex nýjum fötluðum einstaklingum á ári.

Ef eyða á biðlistum að teknu tilliti til nýliðunar á árunum 2000–2005 vantar sambýli fyrir 16 einstaklinga, eða um 3–4 sambýli, og í allt væru að óbreyttu 42 einstaklingar á biðlista í árslok 2005. Auk þess hefur biðlisti eftir sjálfstæðri búsetu og frekari liðveislu lengst verulega frá því sem ráð var fyrir gert og eru nú 108 einstaklingar á biðlista eftir frekari liðveislu, þar af 93 í Reykjavík og á Reykjanesi. Í apríl 2003 voru 78 á biðlista eftir sambýlum, þar af rúmlega 50 í Reykjavík. Í svari félagsmálaráðherra er líka viðurkennt að fækkun hafi orðið á skammtímavistunarplássum í Reykjavík árið 2003, en samtals er nú þörf fyrir 15 pláss í skammtímavistun, mest í Reykjavík og á Reykjanesi. Því skal haldið til haga að í samkomulagi ráðuneytisins og samtaka fatlaðra frá árinu 2000 var gert ráð fyrir að á næstu fimm árum, eða fram til ársins 2005, yrði biðlistum eftir búsetu í Reykjavík og á Reykjanesi eytt.

Loks skal á það bent að á árinu 2004 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi til ráðstöfunar um 294 millj. kr., en sjóðurinn hefur verið skertur gífurlega á undanförnum árum og hefur það dregið verulega úr allri uppbyggingu í málefnum fatlaðra. Þörfin er þó gífurleg sem best sést á því að umsóknir í Framkvæmdasjóð fatlaðra fyrir árið 2003 voru vegna 81 verkefnis, alls að fjárhæð 891,2 millj. kr. fyrir utan viðhald fasteigna í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Gert er ráð fyrir að viðhaldsþörf fasteigna sem eru í eigu sjóðsins verði á bilinu 40–50 millj. kr.

Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar 2003 eftir umsóknum um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Auglýst var eftir umsóknum en til úthlutunar voru 50 millj. kr. Alls sóttu 64 aðilar um styrk samtals að upphæð 252 millj. kr., en einungis voru 60 millj. kr. til ráðstöfunar. Ljóst er að fjármagn það sem ríkisvaldið ver til starfsmennta í atvinnulífinu gagnast fyrst og fremst ófaglærðu fólki og fólki með litla menntuna og er einatt lykillinn að bættum kjörum þeirra. Minni hlutinn gagnrýnir að einungis eigi að verja 60 millj. kr. á næsta ári í starfsmenntasjóð því að staðreyndin er sú að auk þess sem fjármagnið nýtist til að bæta kjör láglaunafólks getur það orðið til þess að draga úr atvinnuleysi og þar með þörf fyrir atvinnuleysisbætur.

Atvinnumál kvenna.

Á árinu 2003 bárust umsóknir um styrk vegna atvinnumála kvenna sem námu um 236 millj. kr. Úthlutað var 25 millj. kr. til 44 aðila. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er einungis gert ráð fyrir 20 millj. kr. Það er skoðun minni hlutans að auka eigi fjármagn til þessara styrkveitinga en ekki draga úr þeim. Reynslan af þessari úthlutun er mjög góð og hefur nýst vel gegnum árin í frumkvöðlastarf og gert mörgum konum kleift að koma á fót atvinnurekstri sem ætla má að ekki hefði orðið af hefði þessa fjármagns ekki notið við.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og málefni barna.

Ríkisstjórnin sýnir ekki í þessu frumvarpi að hún hafi málefni barna eða fjölskyldunnar að leiðarljósi. Þetta birtist í framlögum til málefna barna sem standa í stað milli ára og lækka reyndar lítillega. Sama á við um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem hefur búið við mikinn fjárhagsvanda undanfarin ár með þeim afleiðingum að bið eftir ráðgjöf og greiningu hefur sífellt lengst. Fjárframlög til stöðvarinnar eru óbreytt milli áranna 2003 og 2004 ef

undan er skildar verðlagsbreytingar og smá leiðrétting vegna launabreytinga. Einsýnt er að ekki verður hægt að stytta biðlista. Nýrri stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sem skipuð var í maí 2002, var ætlað að gera úttekt á stjórnun og rekstri stöðvarinnar og vinna að nýrri lagasetningu fyrir hana, ásamt því að móta stefnu hennar fyrir árin 2004–2008. Vinnan fólst m.a. í greiningu á þörf fyrir fjármagn og mannafla til að mæta betur eftirspurn eftir þjónustu næstu árin, þ.e. stytta biðtíma og efla ráðgjafarþátt starfseminnar. Lögð var áhersla á að stytta biðtíma barna á grunnskólaaldri eftir þjónustu stofnunarinnar með því að ráða starfsmenn í þrjú stöðugildi til viðbótar á árinu 2004 á fagsvið þroskahamlana og málhamlana. Það markmið var sett að biðtími þessa hóps barna væri orðinn viðunandi í lok ársins 2004. Horft til næstu fjögurra ára voru áformin að leita eftir samtals átta stöðugildum á þeim árum, þ.e. 2004–2007, til að stytta biðtíma og auka ráðgjöf vegna einhverfra barna. Ljóst er í fjárlagafrumvarpinu að ekkert tillit er tekið til þessara tillagna. Biðtíminn nú er algjörlega óviðunandi en 18–24 mánaða bið er eftir þjónustu fyrir börn með þroskafrávik frá 6–18 ára, en markmiðið með þremur nýjum stöðugildum á næsta ári var að koma á jafnvægi í biðlista grunnskólabarna. Sífellt fjölgar líka í hópi einhverfra barna en biðtími fyrir einhverf börn á aldrinum 4–6 ára er nú 6–8 mánuðir.

Minni hlutinn telur þessa stöðu algjörlega óviðunandi og hvetur stjórnarflokkana til að bæta hér úr við meðferð fjárlagafrumvarpsins þannig að staðið sé við áformin um að ráða starfsmenn í þrjú ný stöðugildi á næsta ári.

Niðurstaða.

Af framangreindu er ljóst að um verulega vanáætlun er að ræða í fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins sem stjórnarflokkarnir einir verða að bera fulla ábyrgð á. Auk þess hefur verið sýnt fram á ranga forgangsröðun og áherslur stjórnarflokanna. Þær eru óréttlátar og munu ekki stuðla að sparnaði né bættum aðbúnaði barna og fjölskyldna.

Alþingi, 18. nóv. 2003.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Margrét Frímannsdóttir.
Helgi Hjörvar.

Fskj.

Ályktun frá Samtökum fámennra skóla vegna breytinga á úthlutun úr jöfnunarsjóði til skólaaksturs.

Stjórn Samtaka fámennra skóla harmar þá aðför sem gerð er að fámennum sveitarfélögum í landinu með nýjum starfsreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ljóst er, að þau sveitarfélög sem í dreifbýlinu eru, koma illa út og er menntun grunnskólanema í þeim stefnt í mikla hættu. Aukinn kostnaður hefur m.a. orðið vegna:

- valgreina í eldri bekkjum grunnskóla,
- endurmenntunar starfsfólks,
- mats á skólastarfi,
- breyttra kennsluhátta,

- stóraukins vægis upplýsinga- og tæknimenntar sem kallar á dýra aðstöðu,
- lengingar skólaárs,
- fjölgunar kennslustunda.

Öllum er ljós sú staða að sveitarfélögin sem minnsta hafa tekjustofnana hafa treyst á framlag Jöfnunarsjóðsins til að tryggja íbúum sínum lögboðna þjónustu, svo sem leik- og grunnskóla.

Stjórn samtaka fámennra skóla skorar á ríkisvaldið að taka sérstakt tillit til fámennari og dreifðari byggða, þar sem sameining sveitarfélaga hefur ekki enn farið fram. Stjórn samtakanna bendir einnig á að ekki verður alltaf hagræðing af því að sameina sveitarfélög þar sem vegalengdir verða í sumum tilfellum lengri og því aukinn kostnaður við skólaakstur, sem ekki verður hjá komist. Þá má benda á að til eru þau byggðarlög þar sem sameining hefur farið fram og verður hagræðingu ekki náð með frekari sameiningu þrátt fyrir að byggðarlagið sé fremur fámennt (u.þ.b. 500 íbúar). Fámennu skólarnir eru gullmolar í byggðarlögum landsins sem eru of dýrmætir til að láta fjúka eða skolast burt í veðurofsa sameiningarlægðarinnar.

Stjórn Samtaka fámennra skóla.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Svanhvít Jakobsdóttir og Hrönn Ottósdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ásta R. Magnúsdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Magnús Pétursson, Anna Lilja Gunnarsdóttir, Anna Stefánsdóttir og Jóhannes M. Gunnarsson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fram kemur í frumvarpinu að heildargjöld ráðuneytisins nemi rúmlega 113 milljörðum kr. Auk hagræðingar sem krafist er á ýmsum sviðum hefur verið gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða. Þær varða aðgerðir í lyfjamálum, jafnframt því að endurskoðaðar hafa verið greiðslur fyrir hjálpartæki, fyrir þjálfun og til sérfræðinga, auk þess sem komugjöld á heilsugæslu og til sérfræðinga eru hækkuð. Gert er ráð fyrir að þessar aðhaldsaðgerðir skili um 849 millj. kr.

Nefndin tekur fram í tengslum við umræðu um aðhaldsaðgerðir og hagræðingu að um árabil hefur staðið til að byggja upp rafræna sjúkraskrá og samtengja skráningu upplýsinga í heilbrigðiskerfinu. Undirbúningur hefur farið fram innan ramma íslenska upplýsingasamfélagsins auk þess sem Landspítali – háskólasjúkrahús og heilsugæslan í Reykjavík hafa

unnið að undirbúningi, hvor á sínu sviði. Telur nefndin tímabært að unnið verði frekar að innleiðingu rafrænna sjúkraskráa enda verði hagræði af slíku kerfi mikið auk þess sem það ætti að tryggja öruggari, betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni.

Fjallað var um mikinn lyfjakostnað hjá Landspítala og Tryggingastofnun. Fulltrúar beggja bentu á að lyfjaverð hér á landi væri hærra en í nágrannalöndunum en stofnanirnar hafa hvor um sig leitað leiða til að lækka þennan kostnað. Í þessu skyni hafa þrjú lyfjaútboð farið fram á árinu og þrjú eru í undirbúningi hjá Landspítalanum. Á þessu ári verða samtals boðin út lyf fyrir 1.574 millj. kr. eða um 75% af heildarinnkaupum. Nefndinni var hins vegar greint frá því að tilboð bærust ekki í öll lyf sem boðin væru út og einnig kæmi fyrir að tilboð hljóðuðu upp á hámarksheildsöluverð. Útboðin skili því ekki næstum því alltaf þeim sparnaði sem að er stefnt. Fulltrúar Tryggingastofnunar bentu á að lyfjamarkaðurinn hafi breyst gríðarlega á síðustu árum. Þegar fyrirkomulagi hans var breytt var gert ráð fyrir 25% sparnaði í lyfjaútgjöldum. Ljóst væri hins vegar að sparnaðurinn er minni fyrir stofnunina. Almenningi er veittur afsláttur sem oft er umtalsverður en Tryggingastofnun þarf í öllum tilvikum að greiða fullt verð. Var jafnframt bent á mikilvægi þess að Tryggingastofnun væri gert kleift að hafa eftirlit með lyfjakostnaði sem mótvægi við markaðssetningu lyfjafyrirtækja og ónóga samkeppni. Nefndin tekur undir þetta. Einnig leggur hún áherslu á að á sama hátt verði tryggt að Tryggingastofnun geti rækt eftirlitshlutverk sitt með samningum sínum við sérfræðinga á heilbrigðissviði, m.a. með því að hafa nægilega margt starfsfólk til að framfylgja eftirliti á vettvangi. Bent hefur verið á að þannig verði hægt að veita meira aðhald í beinum útgjöldum og auka skilvirkni.

Nefndin minnir á að væntanleg er úttekt Ríkisendurskoðunar á sameiningu sjúkrahúsanna og á starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Vert er að taka fram að í gögnum sem nefndinni hafa borist frá Landspítala kemur fram að bið eftir flestum aðgerðum á spítalanum hefur styst umtalsvert. Helgast það einkum af því að aðgerðum hefur fjölgað í flestum sérgreinum á árinu.

Einnig var fjallað um þann vanda sem skortur á hjúkrunarrýmum hefur valdið. Fram kom að 112 legusjúklingar á Landspítala bíða eftir hjúkrunarrýmum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til uppbyggingar öldrunarþjónustu, þar af um 500 millj. kr. til reksturs nýrra hjúkrunar- og dagvistarrýma og 440 millj. kr. í stofnkostnað vegna þeirra. 163 ný hjúkrunarrými verða tekin í notkun árið 2004 en þar af eru 158 á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin fagnar þessari uppbyggingu, svo og auknum rekstrarframlögum til heilsugæslu- og heilbrigðisstofnana sem samkvæmt frumvarpinu hækka um 440 millj. kr. árið 2004.

Þá fagnar nefndin þeirri ákvörðun að veita aukið fé til málefna geðsjúkra. Gert er ráð fyrir því að árið 2004 verði 222 millj. kr. varið til nýrra verkefna til að bregðast við skorti á úrræðum. Meðal þeirra er lokuð deild fyrir alvarlega geðsjúka en sakhæfa einstaklinga og efling barna- og unglingageðdeildar.

Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Þuríður Backmann skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Fyrirvarar þeirra varða m.a. aðhaldsaðgerðir sem beita á, einkum hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvar. Leggjast þær gegn þessari hækkun enda munu þær bitna á barnafólki og þeim sem minna mega sín. Einnig gera þær athugasemdir við að ekki er að finna fjármuni til frekari uppbyggingar heilbrigðisþjónustunnar á landsbyggðinni. Þá er erfitt að ná heildarsýn yfir allan málaflokkinn hvað varðar stofnanir og ýmis verkefni og þær benda á að erfitt er að sjá á hvaða verkefni er verið að byrja og af hverju. Nærtækasta dæmið um það er framlag til uppbyggingar deildar fyrir alvarlega geðsjúka sakhæfa einstak-

linga. Telja þær óeðlilegt að sú uppbygging eigi ekki að fara fram á réttargeðdeildinni að Sogni, þar sem nú er vistun fyrir geðsjúka ósakhæfa einstaklinga, því að þar sé öll sérþekking þegar til staðar.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Jónína Bjartmarz, form.
Drífa Hjartardóttir.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Þuríður Backman, með fyrirvara.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Dagný Jónsdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 8. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Halldór S. Kristjánsson og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti og gerðu þau grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Framsetningu kaflans hefur verið breytt frá síðasta ári þannig að skipting liða er skýrari en hún var.

Nefndin leggur ekki til breytingar á þeim liðum frumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar.

Tvö erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Annað er frá Árneshreppi, sem hefur fengið styrk af þessum safnlið á síðustu árum enda samgöngur oft mjög erfiðar þar á veturna. Hin er frá Djúpavogshreppi. Nefndin telur fulla ástæðu til að báðar umsóknirnar hljóti jákvæða afgreiðslu en þar sem skiptingu liðarins hefur verið breytt á síðustu árum telur nefndin rétt að vísa erindunum aftur til fjárlaganefndar.

Nefndin leggur til að af safnliðnum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, fái Þórbergssetur á Hala í Suðursveit styrk til uppbyggingar. Nefndin mælir einnig með styrk-

veitingu til ferðamálanefndar Austur-Flóa og hreppsnefndar Kelduneshrepps til uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn.

Nefndin leggur til að af lið 10-190-1.45, Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu, fái samgönguminjasafnið Ystafelli 1 millj. kr. styrk, Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð í Skagafirði 1 millj. kr. og Ferðaþjónustan Grunnavík ehf. 0,8 millj. kr.

Nefndin leggur til styrkveitingu af lið 10-190-1.90, Ýmislegt, til Svifflugfélags Íslands og Jónasar Sigurðssonar til að setja upp í Kiðagili myndasýningu frá fyrstu bílferðinni yfir Sprengisand.

Heiðar Marteinsson óskaði eftir styrk til myndasafns úr atvinnusögu landsins. Nefndin vísar beiðninni til fjárlaganefndar þar sem skriflegt erindi hefur ekki borist.

Nefndin vill vekja athygli fjárlaganefndar og samgönguráðuneytis á því að hún telur ástæðu til að móta heildarstefnu í styrkveitingum til aðila sem vinna að uppbyggingu ferðamála hjá einstökum sveitarfélögum eða í tilteknum landshlutum.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður, Birkir J. Jónsson og Einar Már Sigurðarson skrifa undir álitið með fyrirvara þar sem þeir sitja í fjárlaganefnd.

Alþingi, 11. nóv. 2003.

Guðmundur Hallvarðsson, form., með fyrirvara.
Kristinn H. Gunnarsson.
Guðjón Hjörleifsson.
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	24.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.166,0
Afföll við sölu bréfa	4.805,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**18.329,0**
Breyting á handbæru fé	**2.112,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	2.116,0

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

	m.kr.
Rekstrarásætlun:	
Fjármunatekjur	1.671,0
Fjármagnsgjöld	1.983,0
Hreinar fjármunatekjur	**-312,0**
Aðrar rekstrartekjur	48,0
Önnur rekstrargjöld	34,0
Hagnaður (-tap)	**-298,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-298,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	403,0
Handbært fé frá rekstri	**105,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	129,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-6.872,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	959,0
Afföll við sölu bréfa	2.133,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**7.008,0**
Breyting á handbæru fé	**241,0**
Handbært fé í ársbyrjun	92,0
Handbært fé í árslok	333,0

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

	m.kr.
Rekstrarásætlun:	
Fjármunatekjur	5.806,0
Fjármagnsgjöld	5.920,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	191,0
Hreinar fjármunatekjur	**-305,0**
Aðrar rekstrartekjur	102,0
Önnur rekstrargjöld	194,0
Hagnaður (-tap)	**-397,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-397,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-123,0
Handbært fé frá rekstri	**-520,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	7.664,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**7.659,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.407,0
Afborganir af teknum löngum lánum	10.255,0
Afföll við sölu bréfa	1.307,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6.155,0**
Breyting á handbæru fé	**984,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.257,0
Handbært fé í árslok	3.241,0

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

	m.kr.
Rekstrarásetlun:	
Fjármunatekjur	9,0
Fjármagnsgjöld	0,7
Hreinar fjármunatekjur	**8,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	32,8
Önnur rekstrargjöld	58,8
Hagnaður (-tap)	**-17,7**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	-17,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	15,0
Handbært fé frá rekstri	**-2,7**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	21,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-19,0**
Breyting á handbæru fé	**-21,7**
Handbært fé í ársbyrjun	65,8
Handbært fé í árslok	44,1

51-411 Byggðastofnun

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	1.200,0
Fjármagnsgjöld	600,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	500,0
Hreinar fjármunatekjur	**100,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	292,1
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	400,0
Hagnaður (-tap)	**12,1**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	12,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	450,0
Handbært fé frá rekstri	**462,1**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.700,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.300,0
Áhættufjármunir	100,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.500,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	2.700,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.600,0**
Breyting á handbæru fé	**562,1**
Handbært fé í ársbyrjun	435,6
Handbært fé í árslok	997,7

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

	m.kr.
Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	768,0
Fjármagnsgjöld	16,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	120,0
Hreinar fjármunatekjur	**632,0**
Önnur rekstrargjöld	208,0
Hagnaður (-tap)	**424,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	424,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-420,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	30,0
Afborganir af veittum löngum lánum	32,0
Áhættufjármunir	60,0
Sala áhættufjármuna	675,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**617,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**619,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.313,0
Handbært fé í árslok	1.932,0

399. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, DrH, GHall, BjarnB, BJJ, SÞorg).

Við 3. tölul. 5. gr.

a. Í stað „allt að 47.079 m.kr.“ í lið 3.2 komi: allt að 49.650 m.kr.
b. Í stað „allt að 16.800 m.kr.“ í lið 3.3 komi: allt að 24.300 m.kr.
c. Í stað „allt að 8.823 m.kr.“ í lið 3.4 komi: allt að 10.100 m.kr.

400. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, DrH, GHall, BjarnB, BJJ, SÞorg).

1. Við 6. gr. Liður 2.23 orðist svo:
   Að selja fasteignina Grensásveg 12 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til Háskóla Íslands.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.28 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
   2.29 Að selja prestssetrið að Sunnubraut 12, Búðardal, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
   2.30 Að selja prestssetrið að Hólum í Hjaltadal.
   2.31 Að selja gamla prestsseturshúsið að Útskálum, Kjalarnesprófastsdæmi.
3. Við 6. gr. Liður 3.1 orðist svo:
   Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.32 Að selja eignarhlut ríkisins í Öldugötu 17, Reykjavík.
   3.33 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.
5. Við 6. gr. Nýir liðir:
   4.44 Að selja jörðina Brekkusel í Hróarstungu, Norður-Héraði.
   4.45 Að selja jörðina Laxárhlíð í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
   4.46 Að selja jörðina Skriðu í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
   4.47 Að selja jörðina Langholt í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
   4.48 Að selja jörðina Glaumbæ, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
   4.49 Að selja jörðina Hærukollsnes í Álftafirði, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
   4.50 Að selja hluta jarðarinnar Kotmúla í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra, Rangárvallasýslu.
   4.51 Að selja hluta jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
   4.52 Að selja hluta jarðarinnar Árnanes í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.

4.53 Að selja hluta jarðarinnar Þinganes í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.54 Að selja hluta jarðarinnar Sveinagarða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.55 Að selja hluta jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.56 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar Holts undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.57 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.58 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.59 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.60 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.61 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.62 Að selja hluta jarðarinnar Hólma, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.63 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.

6. Við 6. gr. Nýir liðir:
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings Íslands.
5.5 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

7. Við 6. gr. Nýir liðir:
6.29 Að kaupa hluta jarðarinnar Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
6.30 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Lýðheilsustöð.
6.31 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir fjölbrautaskóla á Snæfellsnesi.
6.32 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti ríkissaksóknara.

8. Við 6. gr. Nýr liður:
7.11 Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

401. Tillaga til þingsályktunar [335. mál]

um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram óbreytt.

Á Íslandi er samstaða um að allt skuli gert sem mögulegt er til að tryggja öryggi sjófarenda. Björgunarsveitir og stjórnvöld þurfa þess vegna að vera stöðugt á varðbergi til að nýta nýjustu tækni og nýja möguleika til að auka öryggi á sjó og flýta björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið. Flutningsmenn telja rétt að stjórnvöld fari vandlega yfir skyldur sínar hvað þessi mál varðar í samráði við aðra sem annast framkvæmd þeirra í því skyni að bæta enn

frekar það öryggiskerfi sem fyrir er. Minna má á að ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi björgunarmála á undanförnum árum og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stjórnvöld skoði hvort hlutverkum sé þar skipt með skilvirkum og öruggum hætti eða hvort gera þurfi breytingar á lögum í því skyni.

Sjóslys geta orðið hvar sem er á miðunum umhverfis landið og við ströndina en þó hefur reynslan sýnt að sumir staðir við strendur landsins eru mun hættulegri en aðrir. Sem dæmi má nefna Snæfellsnes og Reykjanes. Á sumum þessara staða er afar erfitt að koma við björgun frá landi og um algerar vegleysur að fara. Þó að notkun þyrlna hafi mjög aukið möguleika til björgunar úr lofti mun aðstoðar frá landi alltaf verða þörf.

Á suma af þessum stöðum mætti gera akfæra slóða sem mundu nýtast björgunarmönnum þegar slys yrðu. Gerð slíkra slóða, glögg merking þeirra og annarra slóða sem nýta má til að nálgast slysstað og við leit með ströndum fram getur flýtt fyrir því að hjálp berist. Einnig ber að skoða hvort staðsetning einhvers konar búnaðar eða aðstöðu á þessum sérstöku hættustöðum væri skynsamleg. Fyrrnefndar aðgerðir geta nýst björgunar- og leitarmönnum og einnig aukið öryggi þeirra sjálfra við mjög erfiðar aðstæður sem víða eru á þessum hættulegu strandsvæðum. Flutningsmenn leggja til að skoðað verði hvar þörf er framkvæmda af þessu tagi og að stjórnvöld tryggi fjármuni til slíkra verkefna strax og aðgerðaáætlun liggur fyrir á einstökum svæðum.

Þó að betri skip og margs konar öryggisbúnaður þeirra hafi aukið öryggi á sjó eru sjóslys enn algeng við strendur landsins.

Ný tækni við staðsetningu skipa og björgun hefur gert kleift að koma til hjálpar í neyðartilvikum miklu oftar og fyrr en áður var hægt. Kosti þeirrar tækni sem til er hefur þó ekki tekist að nýta til fulls. Búnaður til staðsetningar skipa gerir til dæmis mögulegt að hefja björgunaraðgerðir fáeinum mínútum eftir að skip lendir í nauðum þótt ekki hafi borist frá því neyðarkall. Öryggi boðsendinga frá þessum tækjum hefur þó ekki verið nægilegt og þessi tækni hefur því ekki nýst sem skyldi. Úrbóta er þörf bæði hvað varðar boðsendingar frá staðsetningartækjum og móttöku þeirra. Bæta þarf búnað í skipum og tryggja með endurvarpsstöðvum öryggi sendinga frá þeim. Reglur um tilkynningarskyldu þarf að endurskoða eigi að tryggja að boð um slys berist strax þó að ekki berist neyðarkall frá skipi. Flutningsmönnum er ljóst að þeir sem annast björgunarmál eru að endurskoða þessi málefni og er þessari tillögu ekki ætlað að trufla þá endurskoðun. Stjórnvöld bera hins vegar ábyrgð á því skipulagi sem ríkir og því að fjármunir fáist til nauðsynlegra úrbóta.

402. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og Jens Andrésson og Sjöfn Ingólfsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Landsbanka Íslands, Sparisjóðabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild launagreiðenda til lækkunar á tryggingagjaldi sem nýta á sem iðgjald á móti iðgjaldi launamanns í tilviki séreignarlífeyrissparnaðar. Heimild þessi var hluti af ráðstöfunum sem gerðar voru með það að markmiði að hvetja landsmenn til aukins lífeyrissparnaðar. Um þrenns konar hvata er að ræða, í fyrsta lagi skattfrestun, í öðru lagi mótframlag vinnuveitenda og í þriðja lagi mótframlag ríkisins sem felst í umræddri heimild til lækkunar tryggingagjalds. Af þessu þrennu vegur mótframlag ríkisins minnst.

Það er mat meiri hlutans, og er þar tekið undir röksemdir sem fram koma í frumvarpinu, að þeim markmiðum sem stefnt var að hafi verið náð og því sé ekki ástæða til að viðhalda þeim sértæku ráðstöfunum sem felast í heimild launagreiðenda til lækkunar iðgjalds.

Þrátt fyrir breytinguna verður til staðar hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar í formi skattfrestunar og mótframlags vinnuveitenda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. nóv. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.		Dagný Jónsdóttir.

403. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Svein Hannesson og Árna Jóhannesson frá Samtökum iðnaðarins, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði Íslands, Þorleif Þór Jónsson og Gísla Friðjónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Guðrúnu Johnsen frá Samtökum atvinnulífsins, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Daníel Björnsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Ásgeir Eiríksson frá Strætó bs. og Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubílstjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Félagi hópferðaleyfishafa, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferða-

þjónustunnar, Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, bifreiðastjórafélaginu Frama, Alþýðusambandi Íslands, Strætó bs., Landvara, Akureyrarkaupstað og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti. Þessar breytingar eru í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 21. nóv. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Gunnar Birgisson.

Birgir Ármannsson. Dagný Jónsdóttir.

404. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um nýja skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að sjá um að endurnýjuð og uppfærð verði skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Í skýrslunni skal gera grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á stjórnunar- og eignatengslum frá því fyrri skýrslur, sem út komu árin 1994 og 2001, voru unnar. Leitast skal við að greina hvort gæti einkenna aukinnar hringa- eða blokkamyndunar og kortleggja helstu svið þar sem markaðseinokun eða vaxandi fákeppni ríkir. Í heild skal skýrslan gefa eins skýra mynd og kostur er af þróun íslensks viðskiptalífs og samkeppnisskilyrðum á öllum helstu sviðum atvinnulífs og viðskipta.

Viðbótarkostnaður sem Samkeppnisstofnun eða aðrir aðilar bera af gerð skýrslunnar greiðist úr ríkissjóði. Viðskiptaráðherra skal að lokinni gerð skýrslunnar leggja hana fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Ný samkeppnislög sem Alþingi setti fyrri hluta árs 1993 mörkuðu tímamót með ýmsum hætti. Lögin leystu af hólmi eldri lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem orðin voru úr takti við tímann. Góð samstaða tókst að lokum um afgreiðslu málsins enda lagði efnahags- og viðskiptanefnd, sem hafði málið til umfjöllunar, mikla vinnu í verkið og tók frumvarpið talsverðum breytingum í meðförum þingsins. Hluti af samkomulagi sem lá til grundvallar afgreiðslu málsins fólst í því að mæla svo fyrir að eitt af fyrstu verkefnum nýs samkeppnisráðs skyldi vera að gera viðamikla úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði. Þessi ráðstöfun endurspeglaði skilning þingnefndarinnar sem tillöguna flutti á því að sökum smæðar og skammrar þroskasögu samkeppnismarkaðar á

mörgum sviðum viðskipta hér á landi væri ástæða til að vera vel á verði gagnvart einkennum fákeppni og hringamyndunar.

Í bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum, nr. 8/1993, sagði svo:

„Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskiptaráðherra er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu.“

Í samræmi við þetta lagaákvæði vann samkeppnisráð ítarlega skýrslu sem út kom í desember 1994 og var síðan lögð fram á Alþingi, á 118. löggjafarþingi, árið 1995. Að ósk þingmanna Samfylkingarinnar var svo aftur unnin skýrsla með mjög svipuðu sniði sem út kom á vormánuðum 2001. Báðar þessar skýrslur, og sú kortlagning sem í þeim fólst á íslensku viðskiptalífi, marka tímamót, einkum þó sú fyrri, enda var þá um brautryðjendastarf að ræða.

Nú er hins vegar mikið vatn til sjávar runnið síðan gögnum var safnað í seinni skýrsluna, en hún byggðist á talnaefni frá árinu 1999 og upplýsingum um stjórnendur og fleira frá aðalfundum fyrirtækja á því ári. En það er ekki aðeins að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar síðari skýrslunni séu nú gamlar heldur hafa gríðarlegar breytingar síðan orðið á eignarhaldi og samsetningu fyrirtækja í viðskiptalífinu. Fyrirtæki hafa sameinast og sundrast og einkavæðing ríkisfyrirtækja, ekki síst fjármálastofnana, hefur gerbreytt heilum sviðum viðskipta og mikil umræða er nú um fákeppni eða ónóga samkeppni. Mikil samþjöppun hefur orðið og mörg dæmi má nefna um svið viðskipta þar sem áður störfuðu fjölmargir smærri aðilar með litla og dreifða markaðshlutdeild hver en tveir til þrír risar sitja nú einráðir að markaðinum. Velþekkt er sú fákeppni tveggja til þriggja aðila sem ráðið hafa ríkjum lengi, t.d. í olíuverslun, tryggingastarfsemi, sjóflutningum og fleiru. Nú hefur sambærilegt ástand skapast t.d. á sviði landflutninga, í matvöruverslun, lyfjadreifingu og bankastarfsemi. Jafnvel fjölmiðlarekstur er nú orðinn tilefni til umræðna um þá hættu sem geti verið samfara óæskilegri samþjöppun. Þá hefur sama þróun verið í sjávarútveginum þó að kvótaþak setji því að vísu skorður hversu mikið stærstu fyrirtækin geti stækkað.

Óþarfi ætti að vera að rökstyðja nánar þörf þess að uppfæra nú skýrslur um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Jafnvel þótt ekki hefðu komið til þessar miklu sviptingar á eignarhaldi fyrirtækja, samruni og einkavæðing – að ógleymdum nýjum tímum að ýmsu leyti hvað snertir starfsaðferðir, viðskiptahætti og jafnvel viðskiptasiðferði – þá væri eftir sem áður ástæða til að uppfæra reglulega slíka kortlagningu viðskiptalífsins. Því er vonast til þess að Alþingi fylgi eftir þeirri hefð sem þegar hefur skapast að mæla fyrir um það að slík vinna fari fram með reglubundnu millibili. Sýnist ekki fjarri lagi að slíkar skýrslur séu unnar á um það bil fimm ára fresti.

405. Svar [252. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um fé til textunar sjónvarpsefnis.

1. *Hversu mikið hefur verið nýtt af því fé sem menntamálaráðherra veitti Sjónvarpinu 23. apríl sl. til textunar innlends efnis?*
2. *Hvað hafa verið textaðar margar mínútur frá 23. apríl sl.?*
3. *Hvað er áætlað að texta margar mínútur til 31. desember nk.?*

Svar menntamálaráðherra er m.a. byggt á upplýsingum sem óskað var frá Ríkisútvarpinu í tilefni af fyrirspurninni.

Frá 23. apríl til 13. nóvember varði Ríkisútvarpið, sjónvarp um 650 þús. kr. til textunar á 1.350 mínútum af efni, sem birt er á síðu 888 í textavarpinu. Það sem af er árinu hafa verið textaðar um 2.000 mínútur af efni. Í þessum tölum eru aðeins miðað við frumsýningu efnis en flestir innlendir þættir eru endursýndir a.m.k. einu sinni. Gert er ráð fyrir að í árslok hafi 3.400 mínútur verið textaðar og kostnaður við það nemi um 1,7 millj. kr.

Árið 2002 var um 1.000 mínútna efni textað og nam kostnaður við það um 500 þús. kr. Áætlanir RÚV fyrir yfirstandandi ár gerðu ráð fyrir að fimmfalda framlög til þessa máls, þ.e. í 2,5 millj. kr., sem yrði til þess að auka textað efni úr 1.000 mínútum í 5.000 mínútur. Þær áætlanir hafa því miður ekki gengið eftir vegna tæknilegra vandkvæða sem upp hafa komið. Nauðsynlegt mun vera að endurnýja þann búnað sem notaður er til textunar og hefur Ríkisútvarpið upplýst að lögð verði áhersla á að leysa þessi vandamál eins fljótt og auðið er.

Eins og kunnugt er lögðu forsætis-, félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti alls til 4,5 millj. kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Að meðtöldu því fé sem RÚV ætlaði að verja til þessa máls var því gert ráð fyrir að 7 millj. kr. yrði varið til textunar á 14 þúsund mínútum af fyrir fram framleiddu íslensku sjónvarpsefni, sem lætur nærri að vera heildarframboð RÚV á slíku efni.

Ljóst er að Ríkisútvarpið mun ekki ná upphaflegum markmiðum sínum um textun efnis á þessu ári en vegna þeirrar fjárveitingar ríkisstjórnarinnar sem fyrr var getið mun það hafa fjárhagslegt svigrúm til að taka sig verulega á í þessu efni á næsta ári.

4. *Hvaða áform eru um fjárveitingar til textunar á næsta ári?*

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að unnið verði að bættu aðgengi allra að íslensku efni. Stór hópur heyrnarskertra getur ekki fylgst með íslensku dagskrárefni í sjónvarpi að nokkru gagni. Textun á innlendu efni í sjónvarpi gagnast því heyrnarskertum, eldri borgurum og fólki af erlendum uppruna, sem bæta vill íslenskukunnáttu sína. Einnig er talið að textun innlends efnis ýti mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga. Ráðherra hefur lagt á það áherslu við forsvarsmenn Ríkisútvarpsins að verulega verði aukið það fjármagn sem fer til textunar efnis á næstu árum. Fyrir skömmu var heimiluð 5% hækkun afnotagjalda, sem eiga að auka tekjur Ríkisútvarpsins talsvert og er það álit ráðherra að hluta þess fjár eigi að ráðstafa til þess að texta íslenskt sjónvarpsefni.

Ríkisútvarpið hefur upplýst að markmið þess sé að auka fjármagn til textunar efnis árið 2004 og vonandi gengur það eftir.

5. *Eru uppi hugmyndir um að fleiri sjónvarpsstöðvar en Sjónvarpið fái fjárveitingar til að texta innlent efni?*

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2004 er ekki gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til sjónvarpsstöðva til textunar á innlendu efni.

406. Svar [280. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir endurskoðun byggðaáætlunar með áherslu á uppbyggingu atvinnu á Suðurnesjum? Ef svo er, hvenær má vænta stefnumörkunar í málinu? Ef ekki, telur ráðherra ekki þurfa að styðja sérstaklega við atvinnulíf á Suðurnesjum?

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, leggur iðnaðarráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í 4. mgr. sömu lagagreinar er kveðið á um að endurskoða skuli byggðaáætlun á tveggja ára fresti. Alþingi samþykkti þann 3. maí 2002 þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Almenn endurskoðun á áætluninni er fyrirhuguð næstkomandi vor. Ekki er fyrirhugað að gera breytingar á byggðaáætlun vegna stöðu einstakra svæða á landinu.

Áfram verður unnið að uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum með almennum hætti, eins og hingað til. Sérstök áhersla verður lögð á að erlenda fjárfestingu á svæðinu, en nú er beðið lokaákvörðunar bandarískra fjárfesta um byggingu stálpípuverksmiðju í Helguvík, sem myndi skapa um 200 störf. Þá kallar fyrirhuguð stækkun Norðuráls á aukna orkuöflun á Reykjanesi. Bættar samgöngur með tvöföldun Reykjanesbrautar er einnig aðgerð sem mun stuðla verulega að styrkingu atvinnulífs á Suðurnesjum.

407. Frumvarp til laga [337. mál]

um breytingu á útvarpslögum, lögum um Ríkisútvarpið og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

1. gr.

Í stað „14. gr.“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 19. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið“ í lok 1. mgr. falla brott.
b. Í stað „IX. kafla.“ í d-lið 4. mgr. kemur: X. kafla.
c. Í stað „7. gr.“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: 12. gr.
d. Í stað „10. gr.“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: 15. gr.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Útvarpsráð**, með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist tölusetning greina og kafla samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Útvarpsráð.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

b. (8. gr.)

Skyldur útvarpsráðs.

Útvarpsráð annast útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Það skal sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði send út til landsins alls og næstu miða árið um kring.

Útvarpsráð skal tryggja að dagskrár þessar nái til allra íbúa landsins og að þær lúti ákvæðum 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Útvarpsráði er heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Dagskrár skv. 1. mgr. skulu m.a. fela í sér almenna fréttaþjónustu og starfrækja vettvang fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenning. Þær skulu innihalda fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og þess skal gætt sérstaklega að á boðstólum sé fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Enn fremur skal m.a. vera á dagskrá efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Veita skal almenna fræðslu og sjá til þess að send sé út fræðsludagskrá í samráði við fræðsluyfirvöld og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Efni sem sent er út skv. 4. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Veitt skal öll sú þjónusta sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

Tryggt skal að frumflutt dagskrárefni sem kostað er af útvarpsráði verði varðveitt til frambúðar.

Útvarpsráð skal árlega gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skv. 2. mgr. 10. gr.

c. (9. gr.)

Útboðsskylda.

Útvarpsráð skal bjóða út skipulag starfs síns, gæðaeftirlit og gerð og rekstur einstakra þátta þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr. Enn fremur skal það bjóða út útsendingu, dreifingu og öryggisþjónustu.

Útvarpsráð skal skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera kröfulýsingu og setja gæðastaðla.

Útboðin skulu vera til þriggja ára lengst. Við útboðin skal farið eftir lögum um framkvæmd útboða. Útvarpsráð skal fylgjast með framkvæmd útboða og leggja mat á gæði þeirra. Fyrir liggi hver á höfundarrétt hverju sinni.

d. (10. gr.)

Fjárhagur.

Kostnaður við störf útvarpsráðs og útboð þeirrar dagskrár sem það er ábyrgt fyrir er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Menntamálaráðherra gerir árlega tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar útvarpsráðs.

Þeim sem taka að sér gerð, framkvæmd og útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár skv. 9. gr. er heimilt að afla annarra tekna í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara um tekjustofna útvarpsstöðva.

e. (11. gr.)

Að öðru leyti en segir í kafla þessum gilda ákvæði V. kafla um skyldur útvarpsstöðva.

4. gr.

Í stað „1. mgr. 7. gr.“ í lokamálslið 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 13. gr., kemur: 1. mgr. 12. gr.

5. gr.

1. málsl. 9. gr. laganna, sem verður 14. gr., verður svohljóðandi: Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

6. gr.

Í stað „2. mgr. 7. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna, sem verður 15. gr., kemur: 2. mgr. 12. gr.

7. gr.

Í stað „9. og 11. gr.“ í fyrirsögn og 1. mgr. 12. gr., sem verður 17. gr., kemur: 14. gr. og 16. gr.

8. gr.

Í stað „19. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., kemur: 24. gr.

9. gr.

Í stað „18. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna, sem verður 24. gr., kemur: 23. gr.

10. gr.

Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 32. gr., kemur: 31. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna, sem verður 33. gr.:

a. Í stað „1. mgr. 8. gr.“ í b-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 13. gr.
b. Í stað „13. gr.“ í c-lið 1. mgr. kemur: 18. gr.
c. Í stað „1. mgr. 14. gr.“ og „2. mgr. 14. gr.“ í d-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 19. gr., og: 2. mgr. 19. gr.
d. Í stað „23. gr.“ í e-lið 1. mgr. kemur: 28. gr.
e. Í stað „24. gr.“ í f-lið 1. mgr. kemur: 29. gr.
f. Í stað „25. gr.“ í g-lið 1. mgr. kemur: 30. gr.
g. Í stað „1. mgr. 27. gr.“ í h-lið 1. mgr. kemur: 1. mgr. 32. gr.
h. Í stað „32. gr.“ í i-lið 1. mgr. kemur: 37. gr.
i. Í stað „33. gr.“ í j-lið 1. mgr. kemur: 38. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna, sem verður 34. gr.:

a. Í stað „33. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 38. gr.
b. Í stað „32. gr.“ í 2. mgr. kemur: 37. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna, sem verður 35. gr.:

a. Í stað „9. og 11. gr. og VI. kafla“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 14. og 16. gr. og VII. kafla.
b. Í stað „VI. kafla“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: VII. kafla.

14. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 34. gr. laganna, sem verður 39. gr., fellur brott.

15. gr.

Í stað „I–IV. kafla“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: I.–III. kafla og V. kafla.

16. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I.

Stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins.

Stofna skal hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004. Hlutverk félagsins er að annast þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Við gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra þriggja manna nefnd sem annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags skv. 1. mgr. Nefndin undirbýr löggerninga er varða stofnun hlutafélagsins og fyrirhugaða starfsemi og aflar nauðsynlegra leyfa til útvarpsrekstrar í umboði menntamálaráðherra og í samráði við útvarpsráð. Löggerningar þessir skulu hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu veita nefndarmönnum nauðsynlega aðstoð.

Útvarpsráð skal skilgreina verkefni sem því ber að vinna samkvæmt lögum þessum og semja fjárhagsáætlun til að standa undir þeim verkefnum tímanlega fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005. Skal því heimilt að ráða sérfræðinga til þess verks að undangengnu útboði ef þörf er á.

Hinn 1. janúar 2005 tekur Ríkisútvarpið hf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og skal Ríkisútvarpið þá lagt niður. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal starfandi útvarpsráð gera samning við Ríkisútvarpið hf. um rekstur dagskrár skv. 8. gr. sem hér segir: Á árinu 2005 fyrir allar fjárveitingar ríkisins skv. 10. gr., á árinu 2006 fyrir ⅔ fjárveitinganna og á árinu 2007 fyrir ⅓ fjárveitinganna. Enn fremur skal útvarpsráð fyrir hönd ríkissjóðs gera samning við Ríkisútvarpið hf. um innheimtu ógreiddra útvarpsgjalda út árið 2008 í samræmi við 15., 17. og 18. gr. laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

II.
Hlutafé, hlutir og meðferð hlutafjár.

Við stofnun skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs. Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Ríkisútvarpsins við stofnun. Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Stefnt skal að sölu hlutafjár ríkissjóðs fyrir 1. janúar 2005 og skulu starfsmenn hafa forkaupsrétt á allt að 50% hlutafjár á gengi sem er 30% hagstæðara en aðrir greiða enda taki þeir við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III. Forkaupsrétturinn skal vera í hlutfalli við launagreiðslur árið 2004. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um innborgun hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/ 1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Ríkisútvarpinu hf.

III.
Réttindi starfsmanna.

Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. við yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins.

Maður sem gegnir starfi hjá Ríkisútvarpinu og tekur við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skal njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Ríkisútvarpinu fellur niður er hann tekur við starfinu.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem verða til vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins áður en rekstur þess er yfirtekinn af Ríkisútvarpinu hf. Hið sama gildir um aðrar lífeyrisskuldbindingar.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélags og yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins greiðist af Ríkisútvarpinu hf.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr.

Í stað „321.900 kr.“ í 1 mgr. 67. gr. A laganna kemur: 309.900 kr.

Breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

18. gr.

Lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falla úr gildi 1. janúar 2005. Þó skulu ákvæði 15., 17. og 18. gr. þeirra laga halda gildi sínu til 31. desember 2008.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 127. þingi. Við samningu þess naut flutningsmaður aðstoðar nefndasviðs Alþingis. Ábendingar bárust þá frá Hauki Erni Birgissyni laganema, Hafsteini Þór Haukssyni laganema, Pétri Árna Jónssyni laganema og Ragnari Jónassyni lögfræðingi. Frumvarpið er nú endurflutt nokkuð breytt, sérstaklega er varðar útvarpsgjaldið sem fyrirhugað er að falli niður en í stað þess verði persónufrádráttur lækkaður samsvarandi.

Megininntak frumvarps þessa er:

Útvarpsgjaldið aflagt. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falli úr gildi 1. janúar 2005 og þar með væri skylduáskrift landsmanna að fjölmiðlum lokið. Í staðinn verði persónuafsláttur í staðgreiðslu og við álagningu tekjuskatts lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári, en það er talið gefa ríkissjóði sömu tekjur og Ríkisútvarpið hefur af innheimtu útvarpsgjalds að frádregnum kostnaði við innheimtu útvarpsgjaldsins. Þessi breyting kemur vel við alla skattþegna nema þá sem ekki eiga viðtæki og greiða hækkaðan tekjuskatt, þá sem ekki hafa greitt þó að þeir eigi að greiða og svo fjölskyldur með þrjá eða fleiri skattgreiðendur. Þetta er rökstutt ítarlega í athugasemdum við 17. gr.

Útvarpsráð fær fjárveitingar á fjárlögum. Það fé sem lækkun persónuafsláttar gefur ríkissjóði í auknar tekjur og svarar til tekna af útvarpsgjaldi verði veitt til útvarpsráðs með fjárveitingum frá Alþingi.

Einkavæðing RÚV. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2005, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu, þeir sem þess óska og njóta þá forgangs um kaup á hlutafé í því á lækkuðu verði. Réttindi þeirra verði tryggð. RÚV njóti forgangs til verkefna fyrstu þrjú árin.

Breyting á starfi útvarpsráðs. Útvarpsráð verði tilnefnt af Alþingi og því verði ætlað að standa vörð um íslenska menningu og íslenska dagskrárgerð sem hingað til. Því verði áfram ætlað að tryggja dreifingu útvarpsefnis til allrar þjóðarinnar og tryggja öryggi þjóðarinnar. En í stað þess að stjórna stofnun, sem framkvæmir þau markmið, sem ríkisvaldið hugðist ná fram með rekstri Ríkisútvarpsins fær útvarpsráð fjármuni til að bjóða út gerð, framkvæmd og útsendingu dagskrár sem hefur nákvæmlega sömu markmið. Til viðbótar skal útvarpsráð skilgreina eiginleika einstakra þátta dagskrárinnar og koma á gæðaeftirliti með þeim. Það er nýmæli, sem einnig er heimilt að bjóða út.

Nái frumvarpið fram að ganga verður útvarpsráði skylt að bjóða út þá dagskrá sem það er ábyrgt fyrir og skal það hafa til þess fjárveitingu sem ákveðin verður á fjárlögum ár hvert. Allar útvarpsstöðvar geti boðið í verkefnin þar á meðal Ríkisútvarpið hf.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að bætt verði við útvarpslögin sérstökum kafla sem beri heitið Útvarpsráð og þar verði að finna ákvæðin sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Í lögum nr. 122/2000 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli:

1. leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð,
2. gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis,
3. flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti,
4. flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn,
5. útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu,
6. tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu,
7. gegna öryggishlutverki á hættutímum.

Rök fyrir frumvarpinu.

Ríkisrekstur.

Helstu röksemdir fyrir frumvarpinu eru þær að óþarft virðist að ríkið standi í útvarpsrekstri, gerð þátta, útsendingu, uppbyggingu dreifikerfis og innheimtu útvarpsgjalds til þess að ná fram þeim markmiðum sem Ríkisútvarpinu eru sett. Þeim er öllum hægt að ná með útboðum þar sem allar útvarpsstöðvar, sem bolmagn hafa, keppa um að bjóða bæði góðar og hagkvæmar lausnir á þessum markmiðum. Enn fremur gætu leikhús og leikhópar, kórar og söngvarar, kvikmyndagerðarfólk og annað listafólk og fjölmiðlafólk blandað sér í leikinn. Þannig yrði samkeppnin virk og einstakir aðilar gætu sérhæft sig á ákveðnum sviðum, t.d. í gerð barnaefnis. Hægt yrði að koma á gæðaeftirliti og eftirliti með framkvæmd sem erfitt er um vik við núverandi aðstæður þegar sami aðilinn hefur alla þessa þætti á einni hendi. Þarf ekki að fara í grafgötur með þvílík lyftistöng útboð í þessum mæli yrði íslenskri menningu um allt land. Þessi breyting mundi skapa jafnræði á milli þeirra aðila, sem keppa á markaði um gerð, framkvæmd og útsendingu útvarpsefnis. Samkeppnin og gæðaeftirlitið mundi stuðla að betra útvarpsefni og styrkja íslenska menningu.

Það er enn fremur umhugsunarefni hvers vegna ríkið á að standa í þessum rekstri fjölmiðlunar. Hvers vegna gefur það ekki út ríkisdagblað, ríkistímarit, ríkisbækur, gerir ríkiskvikmyndir og ríkispopptónlist og leggur undir sig netið sem sameinar þetta allt? Það er nýverið búið að hlutafélagavæða ríkissímann og flestir virðast sammála um að selja hann úr ríkiseigu. Þetta frumvarp fylgir þeirri þróun.

Innlend dagskrárgerð.

Þegar útvarpsráð býður út verkefni samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er við því að búast að stærri hluti fjármagnsins fari til innlendrar dagskrárgerðar en nú. Það væri ekki í anda þessa frumvarps að útvarpsráð ráðstafaði fjármunum úr ríkissjóði til kaupa á erlendu barnaefni eða til kaupa á dýrum erlendum íþróttaviðburðum þegar litið er til markmiða frumvarpsins. Slíkt yrðu útvarpsstöðvar að fjármagna með auglýsingum eða afnotagjöldum af læstri dagskrá. Þannig má búast við að innlend dagskrárgerð eflist og dafni, sérstaklega þegar hún verður að keppa um verkefnin.

Læst dagskrá.

Rök mæla með því og móti að dagskrá á vegum útvarpsráðs verði í læstri útsendingu. Rökin með því eru að landslýður hefur alla tíð þurft að greiða fyrir dagskrá Ríkisútvarpsins. Einungis þurfi að tryggja að almenningur hafi möguleika til að kaupa sér aðgang að dagskránni. Hins vegar má segja að þegar flestir greiði til útvarpsráðs með lækkun persónuafsláttar eigi þeir rétt á að fá efnið sem þeir eru búnir að „greiða" fyrir ókeypis. Þetta eru sjónarmið sem útvarpsráð mun þurfa að taka mið af en það er augljóst að tilboð verða mikið lægri í útsendingu og jafnvel gerð dagskrárefnis ef útsendingin er læst.

Starfsmenn.

Í frumvarpinu er gætt sérstaklega að hagsmunum starfsmanna. Þeir halda öllum réttindum sínum á sama hátt og gert var þegar ríkisbankarnir voru hlutafjárvæddir og einkavæddir. Þá njóta starfsmenn forgangskaupréttar að hlutafé í nýju fyrirtæki á lægra verði en aðrir enda taki þeir við starfi hjá því. Þannig er tekið mið af því að starfsmenn eru veigamesta eign Ríkisútvarpsins og án þeirra hefur það enga reynslu eða þekkingu og hefur ekkert virði umfram nýstofnað fyrirtæki. Fyrir starfsmenn hlýtur enn fremur að vega þungt að þeir starfi ekki lengur í skjóli skylduaðildar heldur á grundvelli færni sinnar og mikilla hæfileika.

Margir starfsmenn Ríkisútvarpsins starfa sem verktakar. Enn fremur hafa aðilar utan Ríkisútvarpsins framleitt dagskrárefni fyrir það. Má í því sambandi benda á tengslin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska dansflokkinn. Þannig er fordæmi fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til nema miðað er við að útboð sé ætíð viðhaft og gefur það fleirum kost á að spreyta sig og eykur fjölbreytni menningarlífsins.

Í útvarpslögum er ákvæði um að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem berlega hefur komið í ljós á síðustu árum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans.

Útvarpsgjaldið.

Skylduáskrift að Ríkisútvarpinu hefur runnið sitt skeið á enda. Hún skekkir allan markaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það er fráleitt að skylda fólk til að greiða áskrift til aðila A þegar það ætlar að kaupa eða jafnvel ná ókeypis í þjónustu hjá aðila B. Vilji unglingur, sem nýfluttur er að heiman og býr einn í herbergi, nýta sér ókeypis dagskrá Skjás 1 verður hann að greiða til Ríkisútvarpsins, sem hann hefur kannski engan áhuga á. Þegar öryggisrökin eru auk þess ekki lengur til staðar er fráleitt að skylda landsmenn til þess að borga af dagskrá sem þeir hafa e.t.v. engan áhuga á að færa sér í nyt. Útvarpsgjaldið er þess vegna trauðla þjónustugjald heldur nokkurs konar nefskattur. Sem skattur stingur þetta gjald mjög í stúf við aðra skatta sem með réttu eða röngu eru sniðnir að greiðslugetu fólks. Þessi skattur er mjög ófélagslegur því að allir verða að greiða hann óháð tekjum eða greiðslugetu. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt.

Það má svo velta upp þeirri spurningu hvort heimilt sé að framselja skattlagningar- og álagningarvaldið með þessum hætti eftir breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar 1995.

Útvarpsgjaldið er núna 2.408 kr. á mánuði fyrir hverja fjölskyldu eða 28.896 kr. á ári. Það kemur sérstaklega illa við einstaklinga sem hafa lágar tekjur og búa einir. Það kemur betur við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær en best kemur það við heimili með mörgum fyrirvinnum, t.d. hjón með tvö fullorðin fullvinnandi börn og góðar tekjur. Með frumvarpi þessu er aðstöðumunurinn minnkaður með því að persónufrádráttur einstaklings er lækkaður um 1.000 kr. á mánuði, 12.000 kr. á ári á móti niðurfellingu útvarpsgjalds. Þetta á að gefa ríkissjóði sömu tekjur og veitt yrði til útvarpsráðs en bætir stöðu einstaklingsins um 17 þús. kr. á ári, hjónin græða 5 þús. kr. en fjölskyldur með margar fyrirvinnur þurfa að greiða meira. Þær fjölskyldur sem vegna tekjuleysis greiða enga skatta koma best frá þessari breytingu því að þær spara allt útvarpsgjaldið. Sama gildir um fyrirtæki. Þeir sem hvorki eiga sjónvarp né útvarp þurfa hins vegar að greiða meira nú og einnig þeir sem hafa svikist um að greiða útvarpsgjald. Núverandi fyrirkomulag þar sem einstæð móðir með þrjú börn, ein fyrirvinna, borgar það sama fyrir sjónvarpið og hjón með tvo fullorðin börn, öll fullvinnandi, er í hæsta máta ósanngjarnt.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapítuli út af fyrir sig. Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann og minna á lögregluríki eða sovétskipulag. Á heimasíðu RÚV kemur eftirfarandi fram undir liðnum tækjaleit: „Tækjaleitin fer þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki, og eru ekki tengdir með fjölskyldunúmeri við annan greiðanda, eru send fyrirspurnarbréf. Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum.“

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1757/1996 segir: „Þá tel ég, að í þeim tilvikum, er maður neitar að vera eigandi eða vörslumaður viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, og neitar jafnframt að sýna starfsmönnum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins fram á það, en starfsmennirnir hafa engu að síður rökstuddan grun um, að á heimilinu sé slíkt tæki að finna, geti innheimtudeildin allt að einu beint kröfu um greiðslu útvarpsgjalds að þeim einstaklingi, sem í hlut á, og látið reyna á réttmæti kröfunnar, eftir atvikum fyrir dómi.“

Í Bretlandi og Danmörku sleppa fæstir við greiðslu afnotagjalda eða 5–6%. Framkvæmd tækjaleitar og viðurlög eru önnur og strangari í þessum löndum en á Íslandi, þar sem talið er að um 9% notenda sleppi við að greiða afnotagjald. Bretar með sitt heimsfræga BBC eru til dæmis mjög framarlega í notkun leitartækja og því komast fáir hjá að greiða afnotagjald í Bretlandi. Finnar hafa nýlega tekið upp hertar reglur og beita sektum þannig að þegar þeir finnast sem ekki greiða afnotagjald í Finnlandi þurfa þeir að greiða tvöfalt afnotagjald auk sektar fyrir þann tíma sem þeir hafa vanrækt greiðslu. Þá má nefna að í Danmörku er kerfið þannig að hlaðist upp skuld hjá greiðanda afnotagjalda er hún send til gjaldheimtunnar dönsku sem tekur síðan fyrir skuldinni beint af launum fólks, rétt einsog skatturinn gerir hér á landi.

Hér þarf borgarinn að hleypa ókunnu fólki inn á heimili sitt og sanna þannig að hann eigi ekki tæki. Ella getur hann þurft að sanna það fyrir dómi að hann sé ekki sekur um að eiga tæki. Þetta gengur gegn þeirri reglu að fólk sé saklaust nema sekt þess sé sönnuð.

Samkeppni.

Þar sem Ríkisútvarpið hf. og aðrar útvarpsstöðvar fengju greitt fyrir þau verkefni, sem þau hlytu í útboði, sem nemur nokkurn veginn núverandi útvarpsgjaldi, gæti það þýtt að áskrift að sjónvarpsstöðvum ætti að lækka í verði eða dagskrá stöðvanna að batna. Samkeppni ætti einnig að stuðla að betra og ódýrara efni.

Undanfarið hafa frjálsar útvarpsstöðvar sem verða að lifa á auglýsingatekjum, stundum jafnvel án áskriftargjalda, kvartað undan samkeppninni við „stóra bróður" sem í krafti skylduaðildar og ríkisábyrgðar er sagður undirbjóða auglýsingar. Þessi „samkeppni" verður sérstaklega sársaukafull þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu og auglýsingamarkaðurinn dregst saman. Umræðan hefur snúist um þá lausn að Ríkisútvarpinu verði bannað að taka þátt í auglýsingamarkaðnum og fái í staðinn fé á fjárlögum. Þetta óttast auglýsendur af því að samkeppnin minnkar þegar einn aðili hverfur af markaði. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði sjálfstæður óháður aðili á markaði sem eftir hæfilega aðlögun, þrjú ár, þarf að standa sig í samkeppninni, m.a. um verkefni frá útvarpsráði.

Netið.

Stórfelldar tæknibreytingar hafa dunið yfir þjóðina á síðustu fimm árum. Netnotkun er orðin mjög almenn og þar getur fólk fylgst með dagskrá sjónvarps og hljóðvarps á mismunandi tímum, sem hentar hverjum og einum. Þar er hægt að kaupa, leigja eða njóta ókeypis bæði tónlistar og kvikmynda og reyndar er einnig hægt að lesa nýjustu fréttir dagblaða og jafnvel heilu bækurnar og njóta nánast allra tegunda fjölmiðlunar alls staðar að úr heiminum. Ekki verður hægt að setja afnotagjald á þennan miðil þar sem hann er í eðli sínu ókeypis. Vandi Ríkisútvarpsins sem og annarra útvarpsstöðva mun vaxa þegar mynd- og tóngæði þessara netmiðla hefur batnað en þróunin er afar ör í þá veru um þessar mundir.

Ríkisrekstur.

Rekstur Ríkisútvarpsins líður fyrir þá annmarka sem há ríkisrekstri almennt. Ekki er hægt að gera vel við afburðastarfsmenn og þeir fara annað eða missa móðinn. Stjórnendur standa ekki og falla með ákvörðunum sínum og bera ekki fjárhagslega ábyrgð. Þegar reksturinn er gagnrýndur er alltaf borið við skorti á fjárveitingum eða of lágu afnotagjaldi; viðbárur sem neytanda koma ekkert við í einkarekstri.

Menningarmótun.

Útvarpsráð og Ríkisútvarpið hafa alla tíð verið í forustu í mótun menningar og lista. Það hefur jafnvel verið ljóst og leynt markmið sumra sem setið hafa í útvarpsráði eða verið forustumenn á Ríkisútvarpinu að ala þjóðina upp í „góðri" menningu að þeirra mati. Þetta var mjög áberandi um miðbik síðustu aldar. Sumir hafa gagnrýnt að menningu sé stýrt þannig ofan frá og bent á að menning sé í víðasta skilningi allt það sem menn stunda, hvort sem það er „hámenning" eins og sinfóníur eða „lágmenning" eins og „popp-hljómleikar" svo dæmi sé tekið af tónlist. Annað hefur verið stórlega styrkt af ríki og sveitarfélögum, hitt ekki. Þessi stýring lýsir vanmati á getu einstaklingsins til að skapa sér menningu út frá eigin forsendum eða hreinlega stjórnunar-, forsjár- og valdatilburðum ríkisvaldsins, enda eru ríkisfjölmiðlar mikilvæg tæki í einræðisríkjum og frjáls fjölmiðlun eitur í beinum slíkra valdhafa.

Ekki er ætlunin að hverfa alveg frá þessari stýringu á menningu samkvæmt þessu frumvarpi en hún er milduð í þeim skilningi að sami aðilinn mundi ekki bæði taka ákvörðun um hvaða menningar og hvernig frétta þjóðin á að njóta og sjá svo um framkvæmdina á því

hvernig það er gert. Mikilvægi þessarar stýringar hefur reyndar dvínað verulega eftir að Ríkisútvarpið fékk samkeppni og brást við henni t.d. með Rás 2.

Lausn.

Sú lausn sem hér er stungið upp á leysir öll framangreind vandamál. Aðilum fækkar ekki á útvarpsmarkaði því að Ríkisútvarpið verður verðugur þátttakandi en samkeppnin verður tryggð með útboðum á þeim verkefnum sem Ríkisútvarpið hefur séð um í tímans rás. Útvarpsráð mun áfram sjá um að að þessum verkefnum verði sinnt. Samkeppni er sömuleiðis tryggð á auglýsingamarkaði þar sem keppendum fækkar ekki.

Hlutverk útvarpsráðs.

Hlutverk hins nýja útvarpsráðs yrði í meginatriðum þetta: Útvarpsráð skilgreinir afmarkað dagskrárefni, t.d. barnaefni (kvikmyndir, leikrit, tónlist, viðtalsþætti, fræðsluefni, spurningakeppni o.s.frv.). Það setur upp tímaramma og gæðastaðla. Svo eru einstakir þættir boðnir út. Sumir eru boðnir út einu sinni, t.d. ákveðið leikrit. Aðrir þættir, t.d. framhaldsþættir, eru boðnir út til lengst þriggja ára.

Útvarpsráð skilgreini enn fremur hvað felst í útsendingu og dreifingu efnis um allt land. Í það geta aðilar boðið sem sérhæfa sig á því sviði. Ný stafræn tækni mun gera þessa þætti bæði miklu ódýrari og auðveldari til útboðs en nú. Um þessa dreifileið verði dagskrárnar sendar.

Þá þarf útvarpsráð að skilgreina hvað felst í öryggishlutverki þess. Það felst væntanlega í því að einhver útvarpsstöð sendir út allan sólarhringinn um fyrrgreint dreifinet, er í nánum tengslum við almannavarnakerfið, er reiðubúin til að rjúfa dagskrá sína hvenær sem er og kynnir hlutverk sitt ítarlega fyrir almenningi.

Útvarpsráð skilgreini hvaða gæði skuli nást á einstökum útboðsþáttum og hvernig fylgst sé með að þeim gæðum sé náð.

Eðlilegt er að útvarpsráð bjóði einnig út það starf sem nefnt er hér að framan, þ.e. að skilgreina ýmsa þætti dagskrár, gerð gæðaeftirlits og eftirfylgni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 2. gr.

Hér er felld úr lögum undanþága fyrir Ríkisútvarpið um að það þurfi ekki að fá leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps. Eðlilegt er að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., þurfi að sækja um slíkt leyfi eins og aðrar útvarpsstöðvar.

Enn fremur er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að nýr kafli með fimm nýjum greinum, 7.–11. gr., sem hafi fyrirsögnina Útvarpsráð, verði tekinn upp í lögin.

A-liður (7. gr.) hefur að geyma ákvæði um að sjö manna útvarpsráð verði kosið af Alþingi með nákvæmlega sama hætti og segir í 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra skipi formann og varaformann sem hingað til.

Engin breyting verður því á skipan útvarpsráðs heldur breytist hlutverk þess þannig að í stað þess að stýra stofnun sem sér um framkvæmd þeirra markmiða sem löggjafinn hefur sett sér býður útvarpsráð þessa framkvæmd út, sjá b- og c-liði hér á eftir.

Í b-lið (8. gr.) er taldar upp skyldur útvarpsráðs.

Í 1. mgr. segir að útvarpsráð annist útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Núna annast Ríkisútvarpið, sjálfstæð stofnun, þetta hlutverk undir stjórn útvarpsráðs skv. 1. mgr. 1. gr. Hlutverk útvarpsráðs breytist því úr því að vera stjórn yfir Ríkisútvarpinu og sjá þannig um rekstur í það að sjá um útboð á öllum þeim rekstri sem Ríkisútvarpið annast núna.

Útvarpsráð á að sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði sendar út til landsins alls og næstu miða árið um kring. Ekki er kveðið á um að þessar dagskrár verði endilega sendar út hjá sama fyrirtæki allt árið eða allan daginn en þó verður að telja eðlilegt að útboðum verði þannig hagað að auðvelt verði fyrir landsmenn að finna dagskrárnar. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum (1. mgr. 4. gr.) nema hér er kveðið á um að hljóðvarpsrásin verði ein í stað tveggja.

Í 2. mgr. segir að útvarpsráð eigi að sjá til þess að dagskrárnar nái til allra íbúa landsins. Þetta ákvæði er óbreytt frá 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nema þar segir að senda eigi út til alls landsins. Framkvæmd þessa ákvæðis er ætlað að verða eins og hingað til eða nærri 100%. Enn fremur er áréttað að gætt sé ákvæða 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi laga um að útvarpsráði sé heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr. laganna auk ákvæða 7. mgr. 4. gr., um fræðsluútvarp, nema nú segir að útvarpsráð skuli sjá til þess að dagskrárnar verði sendar út og fari eftir þessum ákvæðum en Ríkisútvarpið undir stjórn útvarpsráðs hefur séð um framkvæmdina á þessum ákvæðum.

Í 5. mgr. segir að útvarpsráð skuli miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs og að það skuli standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þetta er óbreytt frá 1. og 4. mgr. 3. gr. gildandi laga en útvarpsráði er ekki jafnframt ætlað að standa í rekstri til þess að sinna þessu hlutverki heldur á það með útboðum að sjá um að þessu hlutverki sé sinnt.

Í 6. mgr. segir að útvarpsráð tryggi að dagskrárefni sem það kostar verði varðveitt til frambúðar. Það er í samræmi við 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en þó er sterkar að orði kveðið því nú skal varðveislan tryggð en ekki stuðlað að því að efnið verði varðveitt.

Í 7. mgr. er kveðið á um að útvarpsráð geri árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár en þetta hefur verið verkefni útvarpsstjóra samkvæmt 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. c-liðar (9. gr.) er gert ráð fyrir að útvarpsráð bjóði út gerð, rekstur, öryggisþátt og útsendingu þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir að send verði út samkvæmt ákvæðum kaflans auk þess að bjóða út skipulag starfsemi sinnar og gæðaeftirlit með einstökum þáttum.

Í 2. mgr. segir enn fremur að útvarpsráð eigi að skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera lýsingu á kröfum sem gera skal til hvers þáttar og setja staðla um gæði þáttanna. Síðustu tvö atriðin eru nauðsynleg nýmæli til að hægt sé að beita gæðaeftirliti. Starf útvarpsráðs við að skipuleggja starf sitt og skilgreina þætti dagskránna, kröfur og gæðastaðla á jafnframt að bjóða út.

Í 3. mgr. er tekið fram að útboð verði ekki til lengri tíma en þriggja ára. Það er gert til að raunveruleg samkeppni myndist á þessu sviði og nýir aðilar geti tekið þátt í útboðum. Það er nýmæli að útvarpsráð skuli fylgjast með útboðum og leggja mat á gæði einstakra dagskrár-

liða. Þá er kveðið á um að við öll útboð liggi fyrir hvernig höfundarrétti sé háttað, hvort hann liggur hjá einstaklingnum, sem vinnur verkið, fyrirtækinu sem hann vinnur hjá og fékk verkið á grundvelli útboðs eða verkkaupa, þ.e. útvarpsráði. Áskilnaður um höfundarrétt ætti að hafa mikil áhrif á fjárhæð tilboða enda um eign að ræða.

1. mgr. d-liðar (10. gr.) segir að útvarpsráð fái fjárveitingu frá ríkinu til þess að standa undir kostnaði við útboð á dagskránum. Lagt er til að með útboðum verði tryggð samkeppni og möguleiki til gæðaeftirlits og eftirfylgni. Útvarpsráð mun því koma fram sem nokkurs konar framkvæmdastjórn útvarps.

Samkvæmt 2. mgr. á menntamálaráðherra að óska eftir fjárveitingu frá Alþingi á grundvelli áætlunar sem útvarpsráð gerir eða lætur gera í útboði.

Í 3. mgr. er kveðið skýrt á um að þeir sem bjóða í og fá verkefni samkvæmt þessum kafla þurfi ekki að sinna því verkefni einu saman heldur geti þeir aflað annarra tekna jafnframt, t.d. auglýsingatekna eða áskriftartekna. Þannig má búast við að hægt verði að fá hagkvæmari tilboð en ella.

Í e-lið (11. gr.) er ítrekað að allt starf útvarpsráðs og þeirra sem tilboð gera í verkefni þess verði að hlíta almennum reglum útvarpslaga.

Um 4. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 5. gr.

Hér er hnykkt á ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, sem segir að halda skuli í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Sleppt er ákvæði um að gætt skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Slíkt gæti stundum reynst erfitt, t.d. þegar lýsa á landsleik.

Eðlilegt er að ákvæði þessa efnis eigi við um allar útvarpsstöðvar samkvæmt útvarpslögum. Ákvæði um tjáningarfrelsi er þegar til staðar í 2. málsl. 9. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og því ekki ástæða til að fjalla nánar um það.

Um 6.–13. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 14. gr.

Hér er felld brott tilvísun í lögbundið útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins þar sem það verður ekki lengur til staðar nái frumvarpið fram að ganga.

Um 15. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar, sem lagðar eru til.

Um 16. gr.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eru sniðin eftir ákvæðum I., II. og III. kafla laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997. Þau fjalla um stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004, upphæð hlutafjár, hluti og meðferð hlutafjár og réttindi starfsmanna. Hlutabréfin verða í umsjá fjármálaráðherra í sam-

ræmi við 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands þar til þau verða seld en það skal gert fyrir 1. janúar 2005.

Í ákvæði til bráðabirgða I segir að stofna skuli hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2004. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem annist undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélagsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. annist alla þá starfsemi, sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum, það taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins 1. janúar 2005.

Útvarpsráð skilgreini verkefni sín samkvæmt frumvarpi þessu og semji fjárhagsáætlun til að standa undir þeim og sæki tímanlega um fjárveitingu til menntamálaráðuneytis til að standa straum af þeim á árinu 2005. Þetta starf er útvarpsráði heimilt að bjóða út. Gert er ráð fyrir að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf. taki við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins 1. janúar 2005 og þá verði Ríkisútvarpið lagt niður.

Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. fái sem tannfé einkaleyfi fyrstu árin sem deyr út á þremur árum þ.e. 100% fyrsta árið, 66,7% annað árið og 33,3% þriðja árið. Ríkisútvarpið hf. verður að keppa um verkefni útvarpsráðs eins og önnur útvarps- og dagskrárgerðarfélög að öðru leyti.

Í ákvæði til bráðabirgða II er sagt fyrir um fjárhæð hlutafjár í fyrirhuguðu hlutafélagi og hver og hvernig það skuli ákvarðað. Allt hlutaféð verði upphaflega í eigu ríkisins en stefnt skuli að sölu þess alls fyrir árslok 2004 og starfsfólk, sem ákveður að starfa áfram hjá Ríkisútvarpinu hf. njóti ákveðins forgangs og afsláttarkjara við kaup á hlutafé. Þeir fái 30% afslátt umfram aðra og eigi kauprétt á helmingi hlutafjár á þeim kjörum í hlutfalli við laun sín hjá stofnuninni og hlutafélaginu á árinu 2004. Þá eru ákvæði um að ekki þurfi að uppfylla viss skilyrði hlutafjárlaga eins og gert var við hlutafjárvæðingu bankanna.

Í ákvæði til bráðabirgða III eru réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins tryggð við yfirtöku Ríkisútvarpsins hf. á stofnuninni. Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. og þeir eiga að halda öllum réttindum samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningum. Einnig eru ákvæði um lífeyrisréttindi og biðlaunarétt. Fram kemur að ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber að öðru leyti ekki ábyrgð á hinu nýja hlutafélagi nema með hlutafé sínu. Kostnaður við stofnun hlutafélagsins verði greiddur af því.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að persónuafsláttur verði lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári en útvarpsgjaldið fellur niður 1. janúar 2005.

Útvarpsgjald er núna 2.408 kr. á mánuði eða 28.896 kr. á ári. fyrir hvert heimili. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá 20% afslátt og greiða því 1.926 kr. á mánuði. Ýmsar stofnanir fá 50% afslátt af aukasjónvarpstækjum. Fram kemur á heimasíðu Ríkisútvarpsins að 9,1% þeirra sem eiga að greiða útvarpsgjald geri það ekki.

Lauslegir útreikningar sýna ef persónuafsláttur yrði lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári gæfi það ríkissjóði sömu tekjur og útvarpsgjaldið skilar Ríkisútvarpinu að teknu tilliti til innheimtukostnaðar. Ekki er talið að kostnaður við innheimtu staðgreiðslu eða tekjuskatts mundi aukast við þessar breytingar.

Þessi lækkun á persónuafslætti samhliða niðurfellingu á útvarpsgjaldi kemur þannig út eftir fjölskyldumynstri:

Einstaklingar og einstæðir foreldrar, sem greiða útvarpsgjald, standa mun betur en nú af því að þeir fá 1.000 kr. minni persónuafslátt en þurfa ekki að greiða 2.408 kr. útvarpsgjald. Þetta á líka við örorku- og ellilífeyrisþega, sem greiða 1.926 kr. í útvarpsgjald.

Fjölskyldur með tvær fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útvarpsgjald, standa betur af því að þær fá 2.000 kr. minni persónuafslátt en þurfa ekki að greiða 2.408 kr. útvarpsgjald.

Fjölskyldur með þrjár eða fleiri fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útvarpsgjald standa verr af því að persónuafsláttur þeirra lækkar samanlagt um 3.000 kr. eða meira. Það er svo verðug spurning hvort eðlilegt sé að fjölskylda með svo margar fyrirvinnur borgi það sama fyrir sjónvarp og einstaklingur sem býr einn.

Fjölskyldur eða einstaklingar sem ekki greiða skatt sökum lágra tekna hagnast á þessari breytingu því þeir greiða útvarpsgjald núna, sem fellur niður.

Fjölskyldur sem ekki hafa sjónvarp koma verr út úr þessari breytingu af því að persónuafsláttur þeirra lækkar um 1.000 kr. á hvern vinnandi mann í fjölskyldunni en þær greiða ekkert útvarpsgjald.

Þeir sem koma sér hjá greiðslu útvarpsgjalds nú (9,1% notenda) tapa að sjálfsögðu á breytingunni en það mun flestum þykja sjálfsagt.

Fyrirtæki og stofnanir græða á breytingunni af því að fyrirtæki hafa ekki persónuafslátt og stofnanir greiða ekki tekjuskatt en losna við að greiða útvarpsgjaldið.

Um 18. og 19. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi þegar við samþykkt. Þá yrði strax hægt að fara að undirbúa stofnun hlutafélags sem stofna ætti 1. júlí 2004 og selja ætti fyrir árslok 2004 en þann dag ættu að falla úr gildi lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, og þar með álagning og innheimta útvarpsgjalds. Þó er gert ráð fyrir að þau ákvæði gildandi laga um Ríkisútvarpið sem fjalla um innheimtu á útvarpsgjaldi í vanskilum haldi gildi sínu til ársloka 2008, en þá eru gjöldin fyrnd, til að tryggja að sá innheimtuferill sem þar er lýst haldi áfram í eðlilegan tíma eftir breytinguna sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ríkissjóður er að sjálfsögðu eigandi þeirra krafna en mun greiða Ríkisútvarpinu hf. hæfilega þóknun fyrir innheimtu þeirra.

Gert er ráð fyrir að hinn 1. janúar 2005 taki hlutafélagið yfir rekstur Ríkisútvarpsins en útvarpsráð geri einkasamning við hlutafélagið um rekstur fyrir alla fjárveitingu ársins 2005. Fyrir árslok 2005 geri útvarpsráð einkasamning við Ríkisútvarpið hf. fyrir ⅔ fjárveitingar ársins 2006 en bjóði afganginn út og Ríkisútvarpið hf. geti boðið í þau verk sem aðrir. Fyrir árslok 2006 geri Útvarpsráð einkasamning við Ríkisútvarpið hf. fyrir ⅓ fjárveitingar ársins 2007 en bjóði afganginn með sama hætti út. Eftir það verði öll verk boðin út.

Viðauki:

Tímaáætlun

Apríl 2004	Frumvarp samþykkt.
1. júlí 2004	Hlutafélag, RÚV hf., stofnað.

Fyrir árslok 2004	Útvarpsráð skilgreinir verkefnin og vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2005. Gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd allra verkefna þess árið 2005.
Fyrir árslok 2004	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2005.
Fyrir árslok 2004	RÚV hf. gerir samning við og ræður starfsmenn RÚV. Fær leyfi til útvarpsrekstrar skv. 6. gr.
Fyrir árslok 2004	RÚV hf. selt.
1. janúar 2005	Innheimta útvarpsgjalds hættir en RÚV hf. tekur að sér innheimtu ógreiddra útvarpsgjalda út árið 2008 gegn innheimtuþóknun. Um leið verður persónuafsláttur lækkaður um 1.000 kr. á mánuði fyrir einstakling en 2.000 kr. á mánuði fyrir hjón eða sambýlisfólk eða 12.000 / 24.000 kr. á ári.
1. janúar 2005	RÚV hf. tekur yfir réttindi og skyldur RÚV og sinnir öllum verkefnum sem eru á ábyrgð útvarpsráðs.
Fyrir árslok 2005	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2006 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd ⅔ verkefna þess árið 2006. Býður út ⅓ verkefna fyrir 2006.
Fyrir árslok 2005	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2006,
Fyrir árslok 2006	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2007 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd ⅓ verkefna þess árið 2007. Býður út ⅔ verkefna fyrir 2007.
Fyrir árslok 2006	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2007.
Hvert ár eftir 2006	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun og býður út öll verkefni fyrir næsta ár og fær fjárveitingu til þess á fjárlögum hvers árs.

408. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka (fullgilding spillingarsamnings).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson. Umsögn barst um málið frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að breyta ákvæðum almennra hegningarlaga og laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka til samræmis við ákvæði alþjóðasamnings á sviði refsiréttar um spillingu. Með spillingarsamningnum er komið á samræmdum efnis- og málsmeðferðarreglum í samningsríkjunum varðandi tiltekin spillingarbrot. Þannig verða mútubrot, þ.e. mútugreiðslur og mútuþágur, spilling í viðskiptalífi og svokölluð áhrifakaup refsinæm samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Samhliða afgreiðslu frumvarpsins er ráðgert að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar flutt af utanríkisráðherra um fullgildingu samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 20. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	

409. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994 (13. samningsviðauki).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Biskupsstofu, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og ríkissaksóknara.

Frumvarpinu er ætlað að lögfesta 13. viðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), en í viðaukanum er kveðið á um algjört afnám dauðarefsingar.

Samhliða afgreiðslu frumvarpsins er ráðgert að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar flutt af utanríkisráðherra um heimild til fullgildingar 13. samningsviðauka.

Nefndin telur að með því að taka viðaukann upp í íslenskan rétt sýni Ísland samstöðu á alþjóðlegum vettvangi og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 20. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	

410. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti og Sigurbjörn Gunnarsson frá Íslenskri getspá. Umsagnir bárust um málið frá Happdrætti Háskóla Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Happdrætti SÍBS, Ungmennafélagi Íslands, Íslenskri getspá og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að framlengja heimild Íslenskrar getspár til að reka getraunastarfsemi til 1. janúar 2019. Ágóða af getraunastarfseminni hefur verið og skal áfram varið til eflingar íþrótta- og ungmennastarfi í landinu og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja eða til að standa undir annarri starfsemi Öryrkjabandalagsins í þágu öryrkja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 24. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.	Katrín Júlíusdóttir.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.		Sigurrós Þorgrímsdóttir.

411. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Sigurð Ágúst Sigurðsson og Guðmund Ibsen frá Happdrætti DAS, Brynjólf Sigurðsson frá Happdrætti Háskóla Íslands, Davíð Gunnarsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Pétur Bjarnason og Hauk Þórðarson frá Happdrætti SÍBS og Sigurbjörn Gunnarsson frá Íslenskri getspá. Umsagnir bárust um málið frá Háskóla Íslands, Happdrætti Háskóla Íslands, Happdrætti SÍBS, Happdrætti DAS, stúdentaráði Háskóla Íslands og Íslenskri getspá.

Frumvarpinu er ætlað að endurnýja heimild Happdrættis Háskóla Íslands til rekstrar peningahappdrættis um 15 ár, en Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til að reka slíkt happ-

drætti allt frá árinu 1934 gegn greiðslu 20% einkaleyfisgjalds til ríkissjóðs. Happdrættið stendur undir nánast öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands

Við meðferð málsins var athygli nefndarinnar vakin á því að einkaréttur Háskóla Íslands gæti farið gegn markmiðum samkeppnislaga, sbr. álit samkeppnisráðs, nr. 4/2000, um að hann gæfi „samkeppnislegt forskot gagnvart vöruhappdrættunum“ og torveldaði „frjálsa samkeppni á markaðnum“. Jafnframt komu fram ábendingar þess efnis að einkarétturinn kynni að fara í bága við ákvæði 31. og 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varðandi staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi.

Nefndin telur að leysa verði úr því sem fyrst hvort þær athugasemdir sem gerðar voru við einkarétt Háskóla Íslands á rekstri peningahappdrættis eru réttmætar og eiga við rök að styðjast. Jafnframt verði hugað að forsendum einkaleyfisgjaldsins. Nefndin hvetur því dómsmálaráðherra til að hraða heildarendurskoðun happdrættislöggjafarinnar í landinu sem mest má verða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara sem lýtur að tímalengd heimildarinnar. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með sams konar fyrirvara og fulltrúar Samfylkingarinnar gera.

Alþingi, 24. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.	Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.		Sigurrós Þorgrímsdóttir.

412. Frumvarp til laga [338. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

7. samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál samningsins og viðauka, sem gerður var í Lúxemborg 14. október 2003.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

1. mgr. 2. gr. samningsins, sem vísað er til í 7. tölul. 1. gr., um aðild nýrra samningsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði samningsins, sem vísað er til í 5. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VI með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal VI.

1. MGR. 2. GR. AÐILDARSAMNINGS EES

2. gr.

1. AÐLÖGUN MEGINMÁLS EES-SAMNINGSINS

a) Eftirfarandi komi í stað skrárinnar yfir samningsaðila:

„EVRÓPUBANDALAGIÐ,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,
LÝÐVELDIÐ MALTA,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,
LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,

KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

OG

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,“

b) 2. gr.

i. Í stað textans í b-lið komi eftirfarandi:
„Hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Konungsríkið Noreg;“.

ii. Í c-lið falli brott orðin „og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu“.

iii. Eftirfarandi málsgrein bætist við:
„d) Hugtakið „aðildarlögin frá 16. apríl 2003“ merkir lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og um aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins sem voru samþykkt í Aþenu 16. apríl 2003“.

c) 109. gr.
Í 1. mgr. falli brott orðin „ , stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins“.

d) 117. gr.
Í stað textans í 117. gr. komi eftirfarandi:
„Ákvæði um fjármagnskerfin er að finna í bókun 38 og bókun 38a.“

e) 121. gr.
Liður c falli brott.

f) 126. gr.
Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 1. mgr.:

i. Í stað orðanna „og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til“ komi orðin „tekur til“.

ii. Þessi breytingarliður á ekki við um íslensku útgáfuna.

iii. Í stað orðanna „Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar“ komi orðin „Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs“.

g) 129. gr.

i. Eftirfarandi málsliður bætist við á eftir fyrsta málslið 1. mgr.:
„Vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins skulu útgáfur af samningi þessum á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku vera jafngildar.“

ii. Eftirfarandi komi í stað málsliðarins sem nú er þriðji málsliður 1. mgr.:
„Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku,

ungversku og þýsku eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.“

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. INNGANGUR

1. Aðildarsamningur EES.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til að fullgilda samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem hér eftir verður nefndur „aðildarsamningur EES“. Jafnframt er lagt til að þær breytingar sem gerðar eru á meginmáli EES-samningsins með aðildarsamningnum hafi lagagildi hér á landi.

Þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var fullgiltur fyrir Íslands hönd var farin sú leið að leita lagaheimildar fyrir fullgildingu hans og lögfesta meginmál samningsins. Í samræmi við það er lagt til að sami háttur verði hafður á varðandi aðildarsamning EES, enda felur aðildarsamningurinn í sér breytingar á ákvæðum meginmáls EES-samningsins.

Aðildarsamningur EES var gerður í Lúxemborg 14. október 2003. Vegna ágreinings milli Liechtenstein annars vegar og Tékklands og Slóvakíu hins vegar um viðurkenningu fullveldis Liechtenstein var samningurinn ekki undirritaður fyrir Íslands hönd fyrr en 11. nóvember 2003 í Vaduz, höfuðborg Liechtenstein. Eigi að síður skal vísa til fyrri dagsetningarinnar hvað formlega gerð samningsins varðar.

Aðilar samningsins eru Evrópubandalagið, aðildarríki þess (hér eftir nefnd ESB-ríkin eða aðildarríki ESB), Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur (hér eftir nefnd EES–EFTA-ríkin) og Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Slóvenía og Lýðveldið Slóvakía (hér eftir nefnd nýju aðildarríkin eða nýju samningsaðilarnir). Aðildarsamningur EES, ásamt lokagerð, er birtur í fylgiskjali I með frumvarpi þessu. Fylgisamningarnir fylgja með lokagerð aðildarsamningsins. Á lestrarsal Alþingis munu auk þess liggja frammi aðildarsáttmáli ESB og meginmál aðildarlaganna ásamt þeim ákvæðum þeirra sem vísað er til í viðaukum A og B við aðildarsamning EES. Einnig má nálgast aðildarsáttmála ESB, meginmál aðildarlaganna og þau ákvæði þeirra sem vísað er til í viðaukum A og B við aðildarsamning EES á vefsetri utanríkisráðuneytisins (http:// www.utanrikisraduneyti.is).

2. EES-samningurinn.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992. Var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu með heimild í lögum nr. 2 13. janúar 1993. Meginmarkmið samningsins er að mynda öflugt og einsleitt evrópskt efnahagssvæði er grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, m.a. fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila. Samningurinn takmarkar hins vegar ekki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku eða rétt þeirra til að gera samninga, með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum samningsins og almennum reglum þjóðaréttarins.

Í meginatriðum má segja að EES-samningurinn tryggi EES–EFTA-ríkjunum þátttöku í innri markaði Evrópusambandsins, án þess EFTA-ríkin teljist vera fullgildir aðilar að Evrópusambandinu með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Með innri markaði Evrópusambandsins er stefnt að því að koma á frjálsum viðskiptum með vörur og þjónustu, frjálsum fjármagnsflutningum, sameiginlegum vinnumarkaði, sameiginlegum samkeppnisreglum og sameiginlegum reglum um ríkisaðstoð. EES-samningurinn endurspeglar því reglur Evrópusambandsins á þessum sviðum.

Sjálfur EES-samningurinn skiptist í meginmál, sem er í 129 greinum, 49 bókanir og 22 viðauka, auk nokkurs fjölda yfirlýsinga og samþykkta. Samkvæmt 98. gr. EES-samningsins er sameiginlegu EES-nefndinni heimilt að breyta viðaukum við samninginn og nánar tilgreindum bókunum við hann. Er það gert til þess að hægt sé að fella inn í EES-samninginn nýja löggjöf Evrópusambandsins á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til. Hins vegar verður ekki gerð breyting á sjálfu meginmáli samningsins nema samningsaðilar geri með sér sérstakan samning um slíkar breytingar.

Rétt er að árétta að það er forsenda fyrir þátttöku EES–EFTA-ríkjanna í innri markaði Evrópusambandsins að sömu reglur gildi á öllum innri markaðinum. EES-samningurinn tryggir þetta samræmi með tvennum hætti. Annars vegar eru ákvæði meginmáls EES-samningsins samhljóða sambærilegum ákvæðum stofnsáttmála Evrópubandalagsins (Rómarsáttmálans) eins og þau voru við undirritun EES-samningsins. Hins vegar ber að fella inn í EES-samninginn löggjöf Evrópusambandsins á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Er vísað til þessarar löggjafar í viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Þegar ný löggjöf bætist við á þessu sviði eða þegar samþykktar eru breytingar á eldri reglum skal sameiginlega EES-nefndin gera viðeigandi breytingu á viðaukum eða bókunum EES-samningsins. Er þannig tryggt að sömu reglur gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til.

Við undirritun EES-samningsins voru aðilar samningsins Efnahagsbandalag Evrópu, Kola- og stálbandalag Evrópu, þau 12 ríki sem þá áttu aðild að EB og EFTA-ríkin Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss. Aðild Sviss að EES-samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi og var því nauðsynlegt að aðlaga meginmál samningsins að þeirri staðreynd. Samþykktu samningsaðilarnir bókun um breytingu á EES-samningnum af þeim sökum og fékkst heimild Alþingis til að fullgilda bókunina með lögum nr. 66 6. maí 1993. Ekki var hins vegar gerð sambærileg aðlögun á meginmáli EES-samningsins við inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið árið 1995.

II. AÐDRAGANDI AÐILDARSAMNINGS EES

1. Ákvæði 128. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 128. gr. EES-samningsins getur aðild nýrra samningsaðila komið til með tvennum hætti. Annars vegar er ríki sem gengur í EFTA heimilt að sækja um aðild að EES-samningnum. Hins vegar er ríki sem gerist aðili að Evrópusambandinu skylt að gerast jafnframt aðili að EES-samningnum. Helgast þessi munur af því að ný aðildarríki Evrópusambandsins verða sjálfkrafa aðilar að innri markaðinum og því nauðsynlegt að þau séu einnig aðilar að EES-samningnum. Það er hins vegar sjálfstæð ákvörðun nýs EFTA-ríkis hvort það sækist eftir þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt 2. mgr. 128. gr. skulu samningsaðilar og umsóknarríki gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera sérstakan samning um aðild nýrra samningsaðila að EES-samningnum. Þá leiðir jafnframt af öðrum ákvæðum í meginmáli EES-samningsins að ef nýtt ríki gerist aðili að samningnum er nauðsynlegt að gera aðlaganir á meginmáli hans. Að öðru leyti er ekki að finna ákvæði í EES-samningnum um efni eða form slíks aðildarsamnings. Aðilar að slíkum aðildarsamningi eru núverandi samningsaðilar (þ.e. Evrópubandalagið sjálft, aðildarríki þess og EFTA-ríkin) og hinir nýju samningsaðilar.

2. Stækkun Evrópusambandsins – aðildarsáttmáli Evrópusambandsins.

a) Forsaga stækkunar ESB.

Hinn 16. apríl 2003 var í Aþenu undirritaður sáttmáli um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu sem hér eftir verður nefndur „aðildarsáttmáli ESB“.

Þessi stækkun Evrópusambandsins er sú umfangsmesta frá upphafi. Eftir stækkunina verður Evrópusambandið að sambandi 25 þjóðríkja í Evrópu með um 450 milljónir íbúa. Á stækkunin nú sér nokkurn sögulegan aðdraganda. Má rekja hana aftur til loka kalda stríðsins og endurreisnar lýðræðis í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Eftir að ríkin í austurvegi endurheimtu stjórnarfarslegt sjálfstæði sitt hafa þau lagt á það ríka áherslu að verða fullgildir þátttakendur í samvinnu og samstarfi Evrópuþjóða. Hafa þau litið á aðild að Evrópusambandinu sem mikilvægan áfanga á þeirri leið.

Leiðtogar Evrópusambandsins ákváðu á fundi sínum í Kaupmannahöfn árið 1993 að þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem kysu að sækjast eftir aðild að ESB skyldi vera gefinn kostur á því. Á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn voru jafnframt sett fram helstu skilyrðin fyrir aðild að Evrópusambandinu. Meginskilyrðið er virðing fyrir lýðræði og mannréttindum. Þá þarf ríki sem sækist eftir inngöngu í Evrópusambandið að búa við pólitíska stöðugleika, lýðræði og réttarríki og virða réttindi minnihlutahópa. Enn fremur þarf nýtt aðildarríki að búa við markaðsbúskap og vera í stakk búið til að taka þátt í innri markaðinum. Að lokum þarf nýtt aðildarríki að geta lagt sitt af mörkum til framtíðarþróunar sambandsins. Þessi skilyrði eru jafnan kennd við fyrrgreindan fundarstað leiðtoganna og nefnd „Kaupmannahafnarskilyrðin“.

Á fundi leiðtoga Evrópusambandsins í Lúxemborg árið 1997 var ákveðið að hefja stækkunarferli ESB með formlegum hætti. Ári síðar hófust formlegar aðildarviðræður við Eistland, Pólland, Slóveníu, Tékkland, Ungverjaland og Kýpur. Er þessi hópur ríkja yfirleitt kenndur við leiðtogafundinn í Lúxemborg og kallaður Lúxemborgar-hópurinn. Á leiðtogafundinum í Helsinki árið 1999 var ákveðið að hefja jafnframt samningaviðræður við Búlgaríu, Lettland, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Möltu. Þessi hópur ríkja nefnist Helsinki-hópurinn og hófust viðræður um aðild þessara ríkja um mitt árið 2000. Öll framangreind ríki voru talin uppfylla hin stjórnarfarslegu skilyrði fyrir aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar var talið vafasamt að Búlgaríu og Rúmeníu tækist að uppfylla efnahagsleg skilyrði aðildar.

Samningaviðræður um aðild umsóknarríkjanna að Evrópusambandinu voru bæði tímafrekar og vandasamar. Eru skýringar þess vafalaust margvíslegar. Í fyrsta lagi má benda á að aldrei áður hefur Evrópusambandið átt í viðræðum um aðild jafn margra ríkja í einu. Í öðru lagi er rétt að hafa í huga að flest umsóknarríkjanna standa núverandi aðildarríkjum nokkuð

að baki í efnahagslegu tilliti og hvað varðar þróun markaðsbúskapar. Hafa ber í huga að við aðild að Evrópusambandinu verður nýtt aðildarríki að taka yfir alla gildandi löggjöf Evrópusambandsins. Í mörgum tilfellum var hins vegar nauðsynlegt að semja um aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart umsóknarríkjunum. Þar sem löggjöf Evrópusambandsins spannar vítt svið og ríkin sem sátu að samningaborðinu hafa ólíkra hagsmuna að gæta var oft og tíðum vandfundin niðurstaða sem allir gátu sætt sig við. Sum málefni reyndust sérstaklega viðkvæm í þessum samningaviðræðum. Má þar nefna styrkveitingar til umsóknarríkjanna úr byggða- og þróunarsjóðum Evrópusambandsins, þátttaka umsóknarríkjanna í sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins og frjáls för launþega frá umsóknarríkjunum til núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins.

Samningaviðræðunum lauk síðan á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Kaupmannahöfn í desember 2002 þar sem endanlegt samkomulag náðist um aðild umsóknarríkjanna að Evrópusambandinu, að Búlgaríu og Rúmeníu undanskildum. Stefnt er að því að ljúka samningum við þau ríki árið 2007. Á grundvelli samkomulagsins sem náðist í Kaupmannahöfn var aðildarsáttmáli við nýju aðildarríkin undirritaður í Aþenu þann 16. apríl 2003.

b) Aðildarsáttmálinn og aðildarlögin.

Samningurinn um inngöngu Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu sem undirritaður var í Aþenu er nefndur *aðildarsáttmálinn*. Sjálft meginmál aðildarsáttmálans er fremur stutt, í raun aðeins þrjár efnisgreinar. Er þar kveðið á um aðild áðurnefndra ríkja að Evrópusambandinu og þá um leið að þessi ríki gerist aðilar að stofnsáttmálum Evrópusambandsins. Nánari ákvæði um aðild þessara ríkja að Evrópusambandinu er hins vegar að finna í svonefndum *aðildarlögum*. Aðildarlögin er að finna í viðauka við aðildarsáttmálann og eru því hluti hans. Í aðildarlögunum er að finna nánari skilmála fyrir inngöngu þessara ríkja í Evrópusambandið. Er þar m.a. mælt fyrir um aðlögun að löggjöf Evrópusambandsins vegna aðildar nýju aðildarríkjanna að sambandinu. Eru aðildarlögin af þeim sökum talsvert yfirgripsmikil.

3. Viðræður um stækkun EES.

Eins og áður er getið er nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins skylt að sækja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu skv. 128. gr. EES-samningsins. Af þessum sökum var nauðsynlegt að hefja viðræður um þátttöku nýju aðildarríkjanna í Evrópska efnahagssvæðinu um leið og samkomulag hafði náðst um aðild þeirra að Evrópusambandinu. Hófust þær viðræður í byrjun janúar 2003.

Meginmarkmið viðræðnanna var að tryggja samhliða stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins þannig að nýju aðildarríkin yrðu samtímis aðilar að Evrópusambandinu og EES-samningnum. Í því skyni var nauðsynlegt að semja um þátttöku þessara ríkja í EES-samningnum og gera um leið nauðsynlegar breytingar á ákvæðum EES-samningsins. Í fyrsta lagi kallaði aðild nýju samningsaðilanna á aðlögun á meginmáli EES-samningsins. Í öðru lagi var nauðsynlegt að fella inn í EES-samninginn þær aðlaganir, sem gerðar eru á löggjöf Evrópusambandsins í aðildarlögunum, svo að tryggja mætti samræmda beitingu þessarar löggjafar á öllu efnahagssvæðinu. Segja má að í þessu felist að niðurstaða stækkunarviðræðna Evrópusambandsins sé felld inn í EES-samninginn, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt. Í meginatriðum var hér fyrst og fremst um að ræða lagatæknilega uppfærslu á EES-samningnum vegna stækkunar Evrópusambandsins og gekk þessi þáttur viðræðnanna um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins snurðulaust fyrir sig.

Helsta samningsmarkmið Íslands í stækkunarviðræðunum var að tryggja að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins mundi ekki leiða til slakari viðskiptakjara en fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við nýju samningsaðilanna höfðu þegar tryggt. Af þeim sökum lögðu Ísland og Noregur áherslu á frekari tollalækkanir vegna viðskipta með sjávarafurðir. Var sú krafa byggð á því að með aðild hinna nýju aðildarríkja að Evrópusambandinu mundu fríverslunarsamningar sem flest þessara ríkja höfðu gert við EFTA-ríkin falla úr gildi, en í þeim samningum var m.a. kveðið á um fulla fríverslun með sjávarafurðir. Lögðu bæði Noregur og Ísland ríka áherslu á að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins yrði ekki til að hindra viðskipti með sjávarafurðir til nýju aðildarríkjanna. Sérstaklega hefðu slíkar tollahækkanir komið niður á útflutningi síldarafurða frá Íslandi til nýju aðildarríkjanna. Af hálfu Evrópusambandsins lagði framkvæmdastjórn þess hins vegar áherslu á aukin framlög EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðs EFTA. Í upphafi viðræðnanna krafðist framkvæmdastjórnin því allt að 38-faldrar hækkunar á framlagi EES–EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðsins. EES–EFTA-ríkin mótmæltu þessari kröfu og töldu að engar forsendur væru fyrir slíkum fjárkröfum af hálfu Evrópusambandsins.

Í samningaviðræðunum reyndust þessi málefni því erfiðust viðfangs. Eftir þriggja mánaða samningaviðræður, þar sem lengst af bar himinn og haf milli aðila, virtist sameiginleg niðurstaða vera í sjónmáli í aprílbyrjun. Þegar til átti að taka hafði þó framkvæmdastjórninni láðst að tryggja sér stuðning hinna nýju samningsaðila við þá niðurstöðu. Það voru sérstaklega fiskinnflutningsþjóðirnar Pólland og Eystrasaltsríkin þrjú sem lýstu yfir óánægju sinni. Eftir tveggja mánaða viðræður þeirra í millum, einkum milli framkvæmdastjórnarinnar og Pólverja, náðist endanlegt samkomulag. Samningaviðræðunum lauk 3. júlí 2003 með áritun samnings um þátttöku nýju samningsaðilanna í EES. Samningurinn var gjörður í Lúxemborg 14. október 2003, af ástæðum sem áður hafa verið raktar var hann formlega undirritaður fyrir Íslands hönd 11. nóvember 2003 í Vaduz, höfuðborg Liechtenstein.

4. Niðurstaða samningaviðræðnanna.

Niðurstaða samningaviðræðnanna gerir ráð fyrir því að stofnaður verði nýr þróunarsjóður EFTA (sem nefnist fjármagnskerfi EES í samningnum). Framlög EFTA-ríkjanna til sjóðsins verða fimmfalt hærri en þau hafa verið síðustu fimm árin. Er þessi niðurstaða fjarri upphaflegum kröfum Evrópusambandsins og verður hún í því ljósi að teljast viðunandi fyrir EES–EFTA-ríkin. Stærstur hluti framlags EES–EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðsins, eða rúmlega 80 af hundraði, mun renna til hinna tíu nýju aðildarríkja Evrópusambandsins. Af hálfu Íslands var áhersla lögð á að þróunarsjóðurinn mundi einkum styrkja verkefni á sviði sjávarútvegs, hagnýtingar jarðhita og orkuvinnslu. Á þessum sviðum búa Íslendingar yfir reynslu og þekkingu sem við getum miðlað til nýju aðildarríkjanna.

Þá gerir samkomulagið enn fremur ráð fyrir því að Evrópusambandið felli niður tolla á frosnum síldarsamflökum frá Íslandi. Hafa ber í huga að samkvæmt núgildandi fríverslunarsamningum Íslands við nýju samningsaðilana ber þessi afurð ekki tolla. Hins vegar hefði þessi afurð að öllu óbreyttu þurft að bera 15% toll við inngöngu nýju aðildarríkjanna í Evrópusambandið. Samkvæmt tölum útflytjenda frá árinu 2002 flutti Ísland út rúm 21.000 tonn af síldarsamflökum til þessara ríkja. Ef 15% tollur hefði verið greiddur af þeim útflutningi hefði hann numið 200–300 milljónum króna á ári. Þetta er rúmlega 90% af öllum þeim tollum sem á Ísland hefðu fallið hefðu viðskiptakjör EES-samningsins óbreytt komið í stað þeirra viðskiptakjara sem fríverslunarsamningar EFTA við nýju samningsaðilana mæla fyrir um. Af þeim sökum lagði Ísland ríka áherslu á afnám tolla á þessa afurð. Að lokum féllst

Evrópusambandið á þessa kröfu Íslands. Aðildarsamningi EES fylgir því viðbótarbókun við fríverslunarsamning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá 1972. Þar er mælt fyrir um að frosin síldarsamflök verði endurflokkuð í tollskrá ESB og munu þau eftir gildistöku samningsins fá sömu tollameðferð og frosin síldarflök.

Ekki reyndist vera fyrir hendi grundvöllur til að ræða frekari lækkun eða niðurfellingu tolla á sjávarafurðir vegna andstöðu Spánverja og Portúgala sem höfnuðu algerlega slíkum hugmyndum nema undanþágur Íslands og Noregs frá fjárfestingum í sjávarútvegi yrðu samhliða teknar til skoðunar. Þess í stað varð samkomulag um að kvótar yrðu settir fyrir tollfrjáls viðskipti með helstu vörutegundir sem notið hefðu betri viðskiptakjara samkvæmt gildandi fríverslunarsamningum. Þetta gildir þó einungis um þær vörur sem í raun hafa verið einhver viðskipti með. Það þýðir að Íslendingar og Norðmenn fá nokkurn kvóta fyrir tollfrjáls viðskipti með heilfrysta síld og Norðmenn fyrir makríl og lítils háttar af rækju að auki. Í heild verður því að telja að niðurstaða samningaviðræðnanna um viðskipti með sjávarafurðir sé ásættanleg fyrir Íslendinga.

Evrópusambandið gerði jafnframt kröfur um aukinn markaðsaðgang fyrir unnar og óunnar landbúnaðarafurðir. Íslensk stjórnvöld töldu hins vegar að viðræður um viðskipti með landbúnaðarvörur milli Íslands og Evrópusambandsins skyldu fara fram á grundvelli 19. gr. EES-samningsins. Féllst Evrópusambandið á þessa afstöðu og tók Ísland því ekki þátt í viðræðum um þessi málefni. Norðmenn féllust hins vegar á að veita ESB minni háttar kvóta fyrir tollfrjálsan innflutning landbúnaðarvara þar sem nýju aðildarríkin nutu betri viðskiptakjara fyrir þær gagnvart Noregi en EES-samningurinn veitir.

III. MEGINEFNI AÐILDARSAMNINGS EES

Aðildarsamningi EES má skipta í fjóra meginhluta. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. 2. gr. samningsins að finna ákvæði um nauðsynlegar breytingar á meginmáli EES-samningsins vegna aðildar nýju samningsaðilanna að samningnum. Í öðru lagi mælir 2. mgr. 2. gr. samningsins fyrir um breytingar á bókunum við samninginn. Í þriðja lagi er í viðaukum A og B við samninginn að finna nauðsynlegar aðlaganir á þeirri löggjöf Evrópusambandsins sem felld hefur verið inn í EES-samninginn. Í fjórða lagi fylgja aðildarsamningnum viðbótarsamningar sem gerðir voru samhliða aðildarsamningi EES. Þessir viðbótarsamningar teljist ekki hluti samningsins en eru eigi að síður hluti af þeirri pólitísku heildarlausn sem náðist með aðildarsamningi EES.

1. Aðlögun á meginmáli EES-samningsins.

Þær breytingar á meginmáli EES-samningsins sem kveðið er á um í aðildarsamningnum eru fyrst og fremst tæknilegar uppfærslur á ákvæðum samningsins sem nauðsynlegar eru vegna þátttöku nýju samningsaðilanna í Evrópska efnahagssvæðinu. Að auki eru gerðar minni háttar breytingar á meginmáli samningsins til að aðlaga hann þeirri staðreynd að fyrrum EFTA-ríkin Austurríki, Finnland og Svíþjóð eru nú aðildarríki Evrópusambandsins og að tilvist Kola- og Stálbandalagsins, sem var sjálfstæður samningsaðili EES-samningsins, lauk þegar stofnsamningur þess féll úr gildi árið 2002.

2. Aðlögun á bókunum við EES-samninginn.

Í aðildarsamningi EES er bætt tveimur nýjum bókunum við EES-samninginn. Annars vegar kemur ný bókun 38a um fjármagnskerfi EES, en þar er mælt fyrir um fjárhagslegan stuðning EES–EFTA-ríkjanna til fjárfestingar- og þróunarverkefna í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hins vegar er bætt við nýrri bókun, bókun 44. Þar er mælt fyrir um að EES–EFTA-ríkjunum skuli heimilt að beita öryggisákvæði EES-samningsins í þeim tilfellum sem verndarákvæði (öryggisákvæði) aðildarlaganna taka til. Enn fremur er gerð breyting á ákvæði um fjölda nefndarmanna í bókun 36 við EES-samninginn um stofnsamþykkt sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar.

3. Aðlögun á viðaukum EES-samningsins.

Í viðaukum við EES-samninginn er að finna tilvísun til þeirrar löggjafar Evrópusambandsins sem felld hefur verið inn í EES-samninginn. Aðildarlögin mæla hins vegar fyrir um aðlögun á hluta löggjafar Evrópusambandsins. Er hér bæði um að ræða tæknilega aðlögun sem beinlínis er nauðsynleg vegna stækkunarinnar og einnig aðlögunarákvæði sem ástæða var talin að setja vegna aðstæðna í hinum nýju aðildarríkjum. Til að tryggja samræmda beitingu þessara reglna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu er nauðsynlegt að fella breytingar af þessu tagi inn í EES-samninginn.

Í viðaukum A og B við aðildarsamning EES er mælt fyrir um þær breytingar á viðaukum EES-samningsins sem nauðsynlegar eru sökum þeirrar aðlögunar á löggjöf Evrópusambandsins sem leiðir af aðildarlögunum. Í viðauka A er að finna *tæknilegar aðlaganir* en í viðauka B eru hins vegar ákvæði um *efnislegar aðlaganir.*

4. Fylgisamningar við aðildarsamning EES.

Eins og getið var um hér að framan er stækkunarsamningur EES hluti af heildarlausn sem samningsaðilar náðu sín á milli vegna margvíslegra ágreiningsefna í samningaviðræðunum um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Með aðildarsamningi EES voru því gerðir fylgisamningar um málefni sem varða samskipti EES–EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið en falla eigi að síður utan gildissviðs EES-samningsins.

Alls eru þessir fylgisamningar fjórir að tölu. Hins vegar er Ísland aðeins aðili að einum þessara samninga. Er þar um að ræða viðbótarbókun við fríverslunarsamning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu frá 22. júlí 1972. Áður hefur verið fjallað um efni þessarar viðbótarbókunar.

Hinir fylgisamningarnir þrír varða eingöngu Noreg. Er þar um að ræða sambærilega viðbótarbókun við fríverslunarsamning Noregs við Efnahagsbandalag Evrópu frá árinu 1973, samning í formi bréfaskipta milli Noregs og ESB um aukin tollfríðindi vegna innflutnings á tilteknum landbúnaðarafurðum frá löndum Evrópusambandsins til Noregs og tvíhliða samning Norðmanna og Evrópusambandsins um framlög Noregs til þróunarverkefna í nýju aðildarríkjunum.

IV. ATHUGASEMDIR VIÐ AÐILDARSAMNING EES

1. Inngangsorð samningsins.

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Fyrst er vísað til þess að sáttmáli um aðild nýju samningsaðilanna að Evrópusambandinu hafi verið undirritaður í Aþenu þann 16. apríl 2003. Þá er vísað til ákvæðis 128. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og til þess

að nýju samningsaðilarnir hafi sótt um að gerast aðilar að EES-samningnum. Þá er þar enn fremur tekið fram að fjalla skuli um skilyrði og skilmála fyrir slíkri þátttöku í samningi milli núverandi samningsaðila og umsóknarríkjanna.

2. Athugasemdir við 1. gr. samningsins.

Í 1. gr. samningsins er kveðið á um að Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Malta, Pólland, Slóvenía og Slóvakía skuli öðlast aðild að EES-samningnum.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skulu ákvæði EES-samningsins vera skuldbindandi fyrir nýju ríkin um leið og samningurinn öðlast gildi, með áorðnum breytingum samkvæmt þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar voru fyrir 1. nóvember 2002. Hafa ber í huga að EES-samningurinn er síbreytilegur þar sem stöðugt er verið að bæta við samninginn nýrri löggjöf Evrópusambandsins. Af þeim sökum var nauðsynlegt að tiltaka við hvaða tímamark skyldi miða við gerð samningsins. Á seinni stigum mun sameiginlega EES-nefndin afgreiða nauðsynlegar aðlaganir á gerðum sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn á tímabilinu frá 1. nóvember 2002 til þess dags þegar nýju aðildarríkin hafa að fullu gengið í Evrópusambandið.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skal EES-samningurinn binda nýju samningsaðilana með sama hætti og núverandi samningsaðila í samræmi við frekari ákvæði sjálfs aðildarsamningsins. Hafa ber í huga að í aðildarsamningnum er að finna ákvæði um hvernig nánar skuli beita tilteknum EES-reglum gagnvart hinum nýju samningsaðilum.

Í 3. mgr. 1. gr. er hnykkt á því að viðaukar við aðildarsamninginn skuli teljast óaðskiljanlegur hluti hans.

3. Athugasemdir við 1. mgr. 2. gr. samningsins (breytingar á meginmáli EES-samningsins).

Ákvæði 2. gr. samningsins eru tvíþætt. Í 1. mgr. er mælt fyrir um þá aðlögun á meginmáli samningsins sem nauðsynleg er vegna þátttöku nýju samningsaðilanna í EES. Í 2. mgr. er hins vegar fjallað um breytingar á bókunum við EES-samninginn sem leiðir af stækkun EES.

Það leiðir af 98. gr. EES-samningsins að samningsaðilar verða að gera nýjan samning sín á milli til að breyta meginmáli samningsins. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í aðildarsamningnum á meginmáli EES-samningsins hnika í engu beinum efnisákvæðum samningsins. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. aðildarsamningsins eru í raun eingöngu tæknileg uppfærsla á texta meginmáls EES-samningsins.

Rétt er að vekja athygli á að þar sem meginmál EES-samningsins hefur lagagildi, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993, er nauðsynlegt að 1. mgr. 2. gr. aðildarsamningsins sé sömuleiðis fengið lagagildi. Sjá nánar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

A-liður 1. mgr.

Hér er mælt fyrir um breytingu á skrá yfir samningsaðila í upphafsorðum EES-samningsins. Þar er tekin út tilvísun til Kola- og stálbandalags Evrópu, en stofnsamningur bandalagsins féll úr gildi árið 2002. Þá er nýju aðildarríkjunum bætt við í upptalningu samningsaðila. Jafnframt eru Austurríki, Finnland og Svíþjóð talin meðal ESB-ríkjanna. Þessi ríki voru í hópi EFTA-ríkjanna við undirritun EES-samningsins en gerðust aðilar að Evrópusambandinu árið 1995.

B-liður 1. mgr.

Í ákvæðinu eru gerðar þrjár breytingar á 2. gr. Skilgreiningunni á EFTA-ríki er breytt til samræmis við áðurnefnda stækkun ESB árið 1995. Þá er tilvísun í Kola- og stálbandalagið felld út. Að lokum er bætt við 2. gr. skilgreiningu á hugtakinu „aðildarlögin frá 16. apríl 2003".

C-iður 1. mgr.

Með þessu ákvæði er felld út tilvísun til Kola- og stálbandalagsins í 1. mgr. 109. gr. EES-samningsins.

D-liður 1. mgr.

Með ákvæðinu er bætt við 117. gr. EES-samningsins tilvísun til bókunar 38a við EES-samninginn. Bókun 38a er ný bókun sem kveðið er á um í aðildarsamningnum. Þar er að finna ákvæði um nýtt fjármagnskerfi EES. Nánar verður fjallað hér á eftir um þessa nýju bókun við EES-samninginn.

E-liður 1. mgr.

Hér er kveðið á um að fella skuli brott c-lið 121. gr. EES-samningsins. Þar er fjallað um samstarf milli Austurríkis og Ítalíu varðandi héruðin Tíról, Voralberg og Trentínó og Suður-Tíról/Altó Adíge. Eftir að Austurríki gekk í Evrópusambandið hafði ákvæðið ekki lengur neina þýðingu og er því tækifærið nú notað til að fella það úr samningnum.

F-liður 1. mgr.

Með þessu ákvæði er felld út tilvísun til Kola- og stálbandalagsins og gerð breyting á upptalningu EFTA-ríkjanna í ljósi þess að þau eru nú aðeins þrjú. Aðrar breytingar varða ekki íslensku útgáfuna.

G-liður 1. mgr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingu á 129. gr. EES-samningsins sem fjallar um tungumál samningsins og texta gerða í viðaukum. Er þar mælt fyrir um að EES-samningurinn skuli vera gefinn út á opinberum tungumálum nýju samningsaðilanna og skulu þær útgáfur vera jafngildar. Gildir það einnig um þær gerðir sem vísað er til í viðaukum við samninginn.

4. Athugasemdir við 2. mgr. 2. gr. (breytingar á bókunum við EES-samninginn).

a) Almennt um 2. mgr. 2. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. aðildarsamningsins er kveðið á um aðlaganir á tilteknum bókunum við EES-samninginn. Þar er mælt fyrir um breytingu á bókun 36 og einnig bætt við tveimur nýjum bókunum, annars vegar bókun 38a um fjármagnskerfi EES og hins vegar bókun 44 um verndarráðstafanir í aðildarlögunum.

b) Bókun 36 um sameiginlegu EES-þingmannanefndina.

Í bókun 36 er að finna stofnsamþykktir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar, en í henni sitja fulltrúar frá Evrópuþinginu og þjóðþingum EES–EFTA-ríkjanna. Áður en Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í ESB áttu 66 þingmenn sæti í sameiginlegu þingmanna-

nefndinni. Eftir 1995 hafa þeir hins vegar aðeins verið 24. Er með þessari breytingu á bókun 36 verið að staðfesta þá tilhögun.

c) Bókun 38a um fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

Eins og áður er getið reyndust fjárframlög EES–EFTA-ríkjanna til þróunarverkefna í ríkjum Evrópusambandsins vera hvað erfiðust viðfangs í viðræðum um stækkun EES. Niðurstaða samningaviðræðnanna var sú að stofnaður yrði nýr þróunarsjóður EFTA fyrir nýju samningsaðilana, Grikkland, Spán og Portúgal. EES–EFTA-ríkin greiða til sjóðsins sem nemur 120 milljónum evra frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2009, eða næstu fimm árin. Þessi niðurstaða felur það í sér að nýi þróunarsjóðurinn mun hafa til ráðstöfunar fimmfalt hærri fjárhæð en eldri þróunarsjóðurinn. Samkvæmt þessu mun árlegt framlag Íslands hækka úr um 100 millj. kr. í um 500 millj. kr.

Þó að nýi þróunarsjóðurinn verði nokkur að vöxtum er ljóst að smærri nýju aðildarríkin munu ekki sækja þangað háar fjárhæðir. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja áherslu á smærri verkefni og möguleika þeirra til að draga með sér frekari fjárfestingu, þekkingu og reynslu. Er talið æskilegt að sjóðurinn styðji öðru fremur við verkefni á sviðum þar sem EFTA-ríkin hafa þekkingu og reynslu til að bera, t.d. ráðgjöf, rannsóknir og beina þátttöku í verkefnum sem tengjast sjávarútvegi og hagnýtingu jarðvarma.

Þegar EES-samningurinn var undirritaður á sínum tíma var mælt fyrir um þróunarsjóð EFTA (fjármagnskerfið) í bókun 38. Ákvæði bókunar 38 voru tímabundin til fimm ára. Þegar fyrsti þróunarsjóðurinn var að renna sitt skeið á enda þrýsti Evrópusambandið á að EES–EFTA-ríkin héldu áfram að greiða til þróunarverkefna í aðildarríkjum ESB og styddu þannig við stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði. Eftir samningaviðræður ESB við EES–EFTA-ríkin varð niðurstaðan sú að með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var stofnaður nýr fjármagnssjóður EES fyrir tímabilið 1999–2003. Voru ákvæði um hann felld inn í 4. viðbæti við bókun 31 í EES-samningnum. EES–EFTA-ríkin hafa hins vegar aldrei fallist á að skuldbinda sig til að greiða til þróunarverkefna af þessu tagi til lengri tíma en fimm ára í senn. Í ljósi þessa var því ákveðið að semja sérstaklega um nýja bókun við EES-samninginn sem yrði tilgreind sem bókun 38a. Eru ákvæði hennar um þennan þriðja þróunarsjóð EFTA tímabundin eins og í fyrri tilvikum. Er mælt fyrir um ákvæði þessarar nýju bókunar við EES-samninginn í b-lið 2. mgr. aðildarsamningsins.

Um 1. gr. bókunar 38a.

Í 1. gr. er fjallað almennt um fjárframlagið og markmið þess. Skulu fjárframlög einungis veitt til fjárfestingar- og þróunarverkefna í þeim geirum sem vísað er til í 3. gr. bókunarinnar. EFTA-sjóðirnir hafa fram til þessa verið nýttir til fjárfestinga og er talið eðlilegt að svo verði áfram.

Um 2. gr. bókunar 38a.

Í ákvæðinu er fjallað um fjárframlagið sjálft og hvernig það verði gert aðgengilegt. Fé er greitt úr sjóðnum í tengslum við framgang þess verkefnis sem ákveðið er að styðja hverju sinni

Um 3. gr. bókunar 38a.

Í 3. gr. er mælt fyrir um að veita skuli styrki úr sjóðnum til verkefna í nánar tilgreindum forgangsgeirum. Þessir forgangsgeirar eru umhverfisvernd, stuðningur við sjálfbæra þróun,

verndun menningararfleifðar Evrópu, þróun mannauðs og heilbrigðismál og umönnun barna. Þess er sérstaklega getið að styrkja skuli verkefni sem varða endurnýtanlegar orkulindir og betri nýtingu og stýringu auðlinda. Undir þetta fellur m.a. nýting jarðhita, fiskveiðistjórnun og sjávarútvegur, en á þeim sviðum hafa Íslendingar mikla þekkingu sem þeir geta miðlað til þeirra ríkja sem þegið geta styrki úr sjóðnum. Þá er þess sérstaklega getið í 2. mgr. 3. gr. að heimilt sé að veita fjárstyrki til fræðilegra rannsókna sem beinast að einum eða fleiri forgangsgeirum.

Um 4. gr. bókunar 38a.

Í 4. gr. er kveðið á um þær reglur sem gilda um styrki til einstakra verkefna. Er þar kveðið á um hámarkshlutföll fjármögnunar.

Samkvæmt 2. mgr. skal virða reglur um ríkisaðstoð við úthlutun úr sjóðnum.

Þá skal framkvæmdastjórn ESB skoða tillögur um verkefni og ganga úr skugga um að þær samræmist markmiðum bandalagsins skv. 3. mgr. Framkvæmdastjórninni er að þessu leyti falið að fjalla um tillögur að styrkveitingum áður en ákvörðun er tekin um styrkveitingar. Endanlegt ákvörðunarvald er hins vegar í höndum nefndar EFTA-ríkjanna, sbr. 8. gr. bókunar 38.

Þá verða EFTA-ríkin ekki ábyrg gagnvart þriðja aðila að því er varðar framkvæmd einstakra verkefna skv. 4. mgr. 4. gr.

Um 5. gr. bókunar 38a.

Í 5. gr. er kveðið á um hvernig fjármagni sjóðsins skuli skipt milli ríkjanna 13 sem geta notið styrkja úr sjóðnum. Rétt er að hafa í huga að skipting fjármagnsins til einstakra ríkja byggist á reglum Evrópusambandsins um framlög úr þróunarsjóðum þess.

Um 6. gr. bókunar 38a.

Í 6. gr. bókunar 38a er mælt fyrir um hvernig standa skuli að endurúthlutun á þeim afgangi sem er af árlegum fjárframlögum EFTA-ríkjanna og ekki hefur verið úthlutað. Er þessi niðurstaða hluti af málamiðlun samningsaðila þar sem regla af þessu tagi á sér ekki fyrirmynd í reglum ESB á sambærilegum sviðum. Með þessu er á hinn bóginn tryggt að það fjármagn sem EES–EFTA-ríkin hafa skuldbundið sig til að greiða til ríkjanna skili sér þangað.

Um 7. gr. bókunar 38a.

Samkvæmt 7. gr. skulu fjárframlög úr þróunarsjóði EFTA vandlega samræmd tvíhliða framlagi Noregs sem kveðið er á um í sérstökum samningi milli Evrópusambandsins og Noregs sem fylgir aðildarsamningnum. Getur sjóður Norðmanna styrkt annars konar verkefni en sjóður EFTA en EFTA-ríkin skulu sjá til þess að sömu reglur gildi um málsmeðferð við umsóknir beggja fjármagnskerfanna.

Um 8. gr. bókunar 38a.

Í 8. gr. er kveðið á um stofnun nefndar sem annast mun rekstur sjóðsins og skulu EFTA-ríkin setja nánari reglur um starfsemi hans. Rekstrarkostnaður sjóðsins er innifalinn í heildarframlaginu til sjóðsins. Greinin endurspeglar núgildandi reglur um fyrri sjóð.

Um 9. gr. bókunar 38a.

Samkvæmt ákvæðinu munu samningsaðilar við lok fimm ára tímabilsins skoða hvort enn sé þörf á því að veita fjármuni til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu. Eru EES–EFTA-ríkin því ekki skuldbundin til að greiða til sjóðsins lengur en til fimm ára, en að loknu því tímabili skal taka ákvörðun um hvort halda skuli áfram slíkum greiðslum.

Um 10. gr. bókunar 38a.

Í 10. gr. er mælt fyrir um hvað gera skuli ef eitthvert hinna nýju aðildarríkja fullgildir ekki samninginn eða breytingar verða á EFTA-stoðinni. Skulu þá gerðar nauðsynlegar breytingar á bókuninni.

d) Um bókun 44 – verndarráðstafanir í aðildarlögum ESB.

Aðildarlög Evrópusambandsins hafa að geyma ákvæði um heimildir ESB-ríkjanna til að grípa til tímabundinna verndarráðstafana (öryggisráðstafana) vegna stækkunar sambandsins. Við skýringu þessara ákvæða ber að hafa í huga að þessi stækkun Evrópusambandsins er sú umfangsmesta í sögu þess. Nýju aðildarríkin standa aðildarríkjum ESB talsvert að baki í efnahagslegu tilliti og eru lífskjör almennings í þessum ríkjum almennt nokkuð lakari en meðal ESB-ríkjanna. Af þessum ástæðum var talið rétt að möguleiki væri á að gripið yrði til ráðstafana ef erfiðleikar kynnu að rísa í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins.

Helstu verndarákvæði aðildarlaga ESB eru sem hér segir:

- *almennt verndarákvæði* í 37. gr. aðildarlaga ESB;
- *verndarákvæði varðandi innri markaðinn* í 38. gr. aðildarlaga ESB;
- *verndarákvæði á einstökum sviðum* í viðaukum við aðildarlög ESB.

Í viðræðum um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins var rætt um hvort og með hvaða hætti fella skyldi þessi verndarákvæði inn í EES-samninginn. Hafa ber í huga að verndarákvæði aðildarlaganna gera ráð fyrir því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi víðtæk völd varðandi beitingu þessara ákvæða. Fortakslaus beiting slíkra ákvæða gagnvart EES–EFTA-ríkjunum hefði hins vegar ekki samræmst sjónarmiðum um sjálfræði samningsaðila EES-samningsins til ákvarðanatöku. Enn fremur ber að hafa í huga að í EES-samningnum er að finna sjálfstætt ákvæði um heimild samningsaðila til að beita verndarráðstöfunum (öryggisráðstöfunum) í 112. gr. Þar segir að ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, geti samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana. Þessu ákvæði hefur ekki verið beitt hingað til.

Niðurstaðan í viðræðunum um stækkun EES var sú að bætt yrði nýrri bókun við EES-samninginn, bókun 44. Þar er mælt fyrir um hvernig beita skuli verndarákvæðum aðildarlaganna innan ramma EES-samstarfsins. Er markmiðið að tryggja að samningsaðilar hafi sama svigrúm til að beita verndarráðstöfunum innan EES og mælt er fyrir um í aðildarlögum ESB, án þess þó að takmarka það sjálfræði þeirra til ákvarðanatöku sem þegar er tryggt í EES-samningnum.

Í 1. mgr. bókunar 44 er því slegið föstu að ákvæði 112. gr. EES-samningsins skuli gilda í þeim tilvikum sem tilgreind eru í 37. gr. aðildarlaganna. Þau tilvik sem þarna er vísað til eru alvarlegir erfiðleikar sem kunna að valda örðugleikum í einstökum atvinnugreinum eða geta haft í för með sér samdrátt á einstökum landsvæðum. Samkvæmt 37. gr. aðildarlaganna getur eitt nýju aðildarríkjanna jafnt sem núverandi aðildarríki farið þess á leit við fram-

kvæmdastjórnina að hún heimili þeim að beita verndarráðstöfunum til að vinna bug á aðsteðjandi erfiðleikum í slíkum tilfellum. Með hliðsjón af 112. gr. EES-samningsins og bókun 44 er EES–EFTA-ríki hins vegar heimilt að taka einhliða ákvörðun um að beita slíkum verndarráðstöfunum. Hins vegar ber að fjalla um slíkar ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni í samræmi við gildandi ákvæði 113. gr. EES-samningsins.

Rétt er að vekja athygli á því að skv. 37. gr. aðildarlaga ESB getur núverandi aðildarríki sótt um heimild til að beita slíkum verndarráðstöfunum að því er varðar eitt eða fleiri nýju aðildarríkjanna. Í bókun 44 felst að EES–EFTA-ríki er einnig heimilt að beita slíkum verndarráðstöfunum gagnvart einu eða fleiri nýju aðildarríkjanna. Ákvæði 3. mgr. 112. gr. EES-samningsins, sem kveður á um að slíkar ráðstafanir skuli gilda gagnvart öllum samningsaðilum, á því ekki við í þessu tilfelli.

Í 1. mgr. bókunar 44 segir enn fremur að 112. gr. EES-samningsins skuli gilda varðandi beitingu verndarráðstafana sem er að finna í ákvæðum aðildarlaganna um frjálsa för fólks og flutninga á vegum. Er EES–EFTA-ríkjunum því einnig heimilt að grípa til verndarráðstafana í þeim tilfellum sem falla undir þessi ákvæði aðildarlaganna, en um málsmeðferðina gildir ákvæði 112. gr. EES-samningsins. Í viðauka B er fjallað nánar um efni þessara ákvæða. Hins vegar skal vakin athygli á því að bókun 44 heimilar að beita þessum ráðstöfunum gagnvart einu eða fleiri af nýju aðildarríkjunum. Gengur ákvæðið að þessu leyti lengra en ákvæði 112. gr. EES-samningsins, sbr. umfjöllun hér að framan.

Samkvæmt 2. mgr. bókunar 44 skal almenn tilhögun EES-samningsins um ákvarðanatöku gilda um ákvarðanir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur í tengslum við beitingu 38. gr. aðildarlaganna. Í 38. gr. aðildarlaganna er mælt fyrir um að framkvæmdastjórninni sé heimilt, að beiðni aðildarríkis eða af eigin frumkvæði, að grípa til viðeigandi aðgerða ef nýtt aðildarríki uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt aðildarsamningnum og veldur þannig röskun á innri markaðinum. Er tilgangur ákvæðisins að veita framkvæmdastjórninni úrræði til að tryggja góða framkvæmd innri markaðarins. Hafa ber í huga að samkvæmt EES-samningnum getur framkvæmdastjórnin ekki tekið bindandi ákvarðanir gagnvart EES–EFTA-ríkjunum. Með 2. mgr. bókunar 44 er hins vegar tekið af skarið um að þær ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að taka skv. 38. gr. verða ekki bindandi gagnvart EES–EFTA-ríkjunum fyrr en um málið hefur verið fjallað innan sameiginlegu EES-nefndarinnar.

5. Athugsemdir við 3. og 4. gr.

Í aðildarviðræðum Evrópusambandsins náðist samkomulag um að gera margvíslegar aðlaganir á löggjöf Evrópusambandsins vegna stækkunarinnar sem kalla á breytingar á löggjöf þess. Er mælt fyrir um þessar aðlaganir í aðildarlögum Evrópusambandsins.

Ákvæðin um aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins er að finna í viðaukum við aðildarlög Evrópusambandsins. Í II. viðauka er að finna ákvæði um *tæknilegar aðlaganir*. Skulu þessi ákvæði gilda ótímabundið. Ákvæðin sem fela í sér *efnislegar aðlaganir* á EB-gerðum er hins vegar að finna í viðaukum V–XIV við aðildarlögin. Í hverjum þessara viðauka er að finna þau efnislegu aðlögunarákvæði sem gilda eiga gagnvart hverju hinna nýju aðildarríkja. Til að tryggja að sömu reglur gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu er nauðsynlegt að fella þessar aðlaganir inn í EES-samninginn. Tilgangur 3. og 4. gr. aðildarsamningsins er því að mæla fyrir um þá aðlögun á EES-samningnum sem nauðsynleg er af þeim sökum.

a) Um 3. gr. aðildarsamningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. aðildarsamningsins skulu allar þær breytingar sem aðildarlögin mæla fyrir um á gerðum, sem stofnanir Evrópubandalagsins hafa samþykkt og eru orðnar hluti af EES-samningnum, felldar inn í EES-samninginn og verða breytingarnar þannig einnig hluti samningsins. Er tilgangur ákvæðisins að fella inn í EES-samninginn þær tæknilegu aðlaganir sem gera skal á löggjöf Evrópusambandsins vegna stækkunar þess. Nánari útfærslu á ákvæði 1. mgr. er að finna í 2.–5. mgr. 3. gr. aðildarsamningsins. Segir í 2. og 3. mgr. 3. gr. að við þá liði í viðaukum og bókunum við EES-samninginn, sem breyta skal til samræmis við aðildarlögin, skuli bæta stöðluðu ákvæði þar sem vísað skal til aðildarlaga Evrópusambandsins. Þá segir í 4. mgr. 3. gr. að í viðauka A við samningin skuli taldir upp þeir liðir í viðaukum og bókunum við EES-samninginn sem breyta skuli með því að fella inn þann texta sem getið er um í 2. og 3. mgr.

Í þessu felst að í viðauka A eru talin upp þau ákvæði EES-samningsins sem nauðsynlegt er að fella ákvæðin um tæknilegar aðlaganir inn í. Þessi ákvæði eru felld inn í EES-samninginn með tilvísun til viðauka II við aðildarlög Evrópusambandsins, en þar er hin eiginlegu aðlögunarákvæði að finna. Viðauki II mun liggja frammi á lestrarsal Alþingis og jafnframt má nálgast efni hans á vefsetri utanríkisráðuneytisins.

Í 5. mgr. 3. gr. segir að nauðsynlegt sé vegna tilkomu nýju samningsaðilanna að aðlaga gerðir sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn fyrir gildistöku samningsins og sé þann aðlögunartexta ekki að finna í samningi þessum verði staðið að slíkri aðlögun í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í EES-samningnum. Gerir ákvæðið því ráð fyrir því að nauðsynlegt kunni að vera að gera frekari breytingar á viðaukum við EES-samninginn vegna stækkunarinnar og á það við gerðir sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn frá og með 1. nóvember 2002. Slíkar breytingar verði hins vegar felldar inn í EES-samninginn með hefðbundnum hætti með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Nánar er fjallað um viðauka A í V. kafla athugasemdanna hér á eftir.

b) Um 4. gr. aðildarsamningsins.

Í 1. mgr. 4. gr. segir að það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í viðauka B við samninginn, sé hér með fellt inn í EES-samninginn og gert hluti af honum. Með „fyrirkomulagi“ er átt við þær efnislegu aðlaganir á gerðum Evrópubandalagsins sem samkomulag náðist um í aðildarviðræðum Evrópusambandsins. Er mælt fyrir um þessar efnislegu aðlaganir í aðildarlögum ESB.

Í 2. mgr. 4. gr. segir að staðið verði að hverju því fyrirkomulagi, sem varðar EES-samninginn og um getur í aðildarlögunum frá 16. apríl 2003 en er ekki getið um í viðauka B við samninginn, í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í EES-samningnum. Hafa ber í huga að ekki er loku fyrir það skotið að frekari efnislegar aðlaganir verði gerðar á EES-gerðum vegna stækkunarinnar en getið er um í viðauka B, m.a. á gerðum sem samþykktar hafa verið í sameiginlegu EES-nefndinni frá og með 1. nóvember 2002 til gildistöku samningsins. Ákvarðanir um breytingar á EES-samningnum af þeim sökum verða teknar með venjulegum hætti af sameiginlegu EES-nefndinni.

Nánar er fjallað um viðauka B í V. kafla athugasemdanna hér á eftir.

6. Athugasemdir við 5.–7. gr. samningsins (lokaákvæði).

a) Um 5. gr. samningsins.

Komi upp álitamál eða vafaatriði um túlkun eða beitingu samningsins geta samningsaðilar

lagt málið fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Skal málið þá tekið þar fyrir og reynt að finna lausn á málinu sem stuðlar að góðri framkvæmd EES-samningsins. Er þetta ákvæði í samræmi við 92. gr. EES-samningsins þar sem segir m.a. að samningsaðilar skuli hafa samráð í sameiginlegu EES-nefndinni um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum og einhver þeirra hefur tekið upp.

b) Um 6. gr. samningsins.

Í 6. gr. er fjallað um fullgildingu og gildistöku samningsins. Skal samningurinn taka gildi sama dag og aðildarsáttmáli ESB. Jafnframt eru taldir upp fjórir fylgisamningar sem gerðir voru vegna aðildar hinna nýju aðildarríkja að EES-samningnum og skulu þeir taka gildi sama dag. Hafi eitthvert nýju aðildarríkjanna ekki afhent fullgildingarskjöl eða samþykki fyrir tilsettan tíma skal samningurinn samt sem áður öðlast gildi gagnvart þeim nýju ríkjum sem hafa afhent tilskilin gögn. Í þessu felst að hafi eitthvert núverandi 18 aðildarríkja ekki fullgilt samninginn tekur hann ekki gildi. Undir þeim kringumstæðum verða samningsaðilar að finna lausn á stöðu mála.

c) Um 7. gr. samningsins.

Í greininni er kveðið á um á hvaða tungumálum frumrit samningsins er gert og telst textinn jafngildur á öllum tungumálunum.

V. AÐLÖGUN VIÐAUKA EES-SAMNINGSINS – VIÐAUKAR A OG B

1. Viðauki A

Með viðauka A eru ákvæði aðildarlaga Evrópusambandsins um tæknilega aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins felld inn í EES-samninginn. Í aðildarlögum Evrópusambandsins er að finna fjölmörg ákvæði um tæknilegar aðlaganir á EB-gerðum. Í tæknilegri aðlögun felst t.d. að bætt er við sérfræðiheitum eða hugtökum á tungumálum nýju aðildarríkjanna og heiti lögbærra yfirvalda í nýju aðildarríkjunum er bætt við upptalningu þeirra sem fyrir eru. Er ákvæðunum um tæknilega aðlögun að jafnaði ætlað ótímabundið gildi.

Nauðsynlegt er að fella þessar tæknilegu aðlaganir inn í EES-samninginn til að tryggja samræmda beitingu þessara gerða innan alls Evrópska efnahagssvæðisins. Í viðauka A eru því talin upp þau ákvæði í viðaukum EES-samningsins þar sem vísað er til þeirra gerða sem gera þarf slíkar tæknilegar aðlaganir á.

Viðauki A skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er að finna upptalningu á þeim ákvæðum í viðaukum EES-samningsins sem verður að breyta vegna tæknilegra aðlagana. Við þessi ákvæði er bætt hinu staðlaða tilvísunarákvæði sem fjallað var um í athugasemdum við 3. gr. aðildarsamningsins. Hefur fyrri hluti viðauka A því að geyma tilvísanir til ákvæða II. viðauka aðildarlaga ESB. Í síðari hlutanum er hins vegar að finna lista yfir breytingar sem nauðsynlegar eru samhliða þeim breytingum sem mælt er fyrir um í fyrri hlutanum og varða aðlögun þessara ákvæða að EES-samningnum.

Rétt er að leggja áherslu á að viðauki A mælir í raun aðeins fyrir um minni háttar tæknilegar breytingar á viðaukum EES-samningsins. Eigi að síður er þessi breyting nauðsynleg til að tryggja fullt samræmi milli EES-samningsins og löggjafar Evrópusambandsins eftir stækkun og tryggja þannig hnökralausa framkvæmd EES-samningsins.

Til að varpa gleggra ljósi á hvernig þessi aðlögunarákvæði eru felld inn í EES-samninginn með viðauka A er rétt að taka dæmi. Í 1. hluta viðauka A er vísað til sjöundu félagaréttartilskipunarinnar (tilskipun ráðsins nr. 83/349/EBE). Er tilskipun þessi hluti EES-samningsins og er vísað til hennar í XXII. viðauka við EES-samninginn. Samkvæmt fyrri hluta viðauka A skal við tilvísun til þessarar gerðar bæta tilvísun til hins staðlaða ákvæðis 2. og 3. mgr. aðildarlaganna sem áður hefur verið fjallað um. Þannig eru þær breytingar sem gerðar eru með aðildarlögunum á þessari tilskipun felldar inn í EES-samninginn. Í þessu tilfelli nægir hins vegar ekki að bæta tilvísun til aðildarlaganna við ákvæðið í XXII. viðauka. Í einu ákvæði tilskipunarinnar er að finna upptalningu á opinberum heitum á tilteknum félagaformum með takmarkaðri ábyrgð á tungumáli í hverju aðildarríki fyrir sig. Í XXII. viðauka EES-samningsins er að finna slíkt tæknilegt aðlögunarákvæði þar sem bætt er við opinberum heitum þessara félagaforma á Íslandi, Noregi og Liechtenstein (á Íslandi, einkahlutafélag eða hlutafélag). Er þessi upptalning í bókstafsröð og er íslenska heitið merkt með bókstafnum p, o.s.frv. Þegar aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgar um 10 og verða 25 verður að endurraða upptalningu þessara félagaforma í gerðinni. Þá þarf jafnframt að gera þá breytingu á ákvæði XXII. viðauka að endurraða heitum þessara félaga í EFTA-ríkjunum. Í 2. hluta viðauka A er því að finna ákvæði sem mælir fyrir um breytingu á aðlögunarákvæðinu í EES-samningnum. Samkvæmt ákvæðinu skal íslenska heitið framvegis vera merkt með bókstöfunum *za.*

Ákvæðin í viðauka A um tæknilegar aðlaganir á ákvæðum EES-samningsins vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins kalla ekki á lagabreytingar. Með hliðsjón af því og í ljósi þess að hér er ekki um að ræða efnislegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands verður ekki talin ástæða til að rekja nánar ákvæði viðauka A.

2. Viðauki B.

Þær breytingar á löggjöf Evrópusambandsins sem mælt er fyrir um í aðildarlögunum eru ekki eingöngu tæknilegs eðlis. Í stækkunarviðræðum Evrópusambandsins var einnig samið um margs konar aðlaganir á efnisákvæðum löggjafar Evrópusambandsins fyrir hin nýju aðildarríki. Slíkum ákvæðum er þó nær eingöngu ætlað tímabundið gildi. Eigi að síður er nauðsynlegt að fella þessi ákvæði inn í EES-samninginn, að svo miklu leyti sem þau fela í sér breytingu á reglum EES-samningsins. Fyrirkomulag af þessu tagi nefnist *efnislegar aðlaganir* og eru nánari ákvæði um þær í viðauka B við aðildarsamninginn.

Með *efnislegri aðlögun* er átt við breytingu á efnisákvæðum löggjafar Evrópusambandsins. Dæmi um slíka efnislega aðlögun er að aðildarríki er undanþegið einstökum ákvæðum löggjafarinnar, gildistöku löggjafar er frestað gagnvart aðildarríkinu eða sett er sérákvæði um hvernig framkvæmd reglna Evrópusambandsins skuli hagað í aðildarríkinu.

Ákvæðin um slíkar efnislegar aðlaganir er að finna í viðauka B við aðildarsamning EES. Rétt er að vekja athygli á því að í viðauka B er látið nægja að vísa til viðeigandi ákvæða í aðildarlögum Evrópusambandsins. Er það í samræmi við hina hefðbundnu tilvísunaraðferð sem jafnan er notuð þegar löggjöf Evrópusambandsins er felld inn í EES-samninginn. Þessi ákvæði er að finna í fjórða hluta aðildarlaga Evrópusambandsins. Í 24. gr. aðildarlaganna segir að þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í viðaukum V–XIV við lögin skuli gilda varðandi nýju aðildarríkin í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir. Þær efnislegu aðlaganir sem samið var um að veita hverju og einu umsóknarríkjanna er að finna í framangreindum viðaukum. Er í hverjum viðauka að finna þau aðlögunarákvæði sem eiga að gilda gagnvart einu af hinum nýju aðildarríkjum. Í V. viðauka er að finna ákvæði sem varða Tékkland, í VI. viðauka ákvæði sem varða Eistland, VII. viðauki hefur að geyma ákvæði er varða Kýp-

ur, í VIII. viðauka eru ákvæðin um Lettland, viðauki IX. hefur að geyma ákvæðin um Litháen, ákvæðin um Ungverjaland er að finna í X. viðauka, í XI. viðauka eru ákvæðin um Möltu, í XII. viðauka er að finna ákvæðin um Pólland, XIII. viðauki gildir um Slóveníu og þá er ákvæðin um Slóvakíu að finna í XIV. viðauka.

Ákvæðin í viðauka B um efnislegar aðlaganir á ákvæðum EES-samningsins vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins kalla ekki á lagabreytingar. Þá hafa þessi ákvæði ekki áhrif á þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum að öðru leyti en því að með samningnum skuldbindur Ísland sig til að hlíta því að nýju samningsaðilarnir fá ákveðinn aðlögunartíma til að laga sig að nánar tilgreindum ákvæðum EES-samningsins. Að meginstefnu til hafa ákvæði viðauka B lítil sem engin áhrif hér á landi og er af þeirri ástæðu látið nægja að stikla hér á stóru í umfjöllun um viðauka B. Rétt er þó að vekja athygli á því að samkvæmt viðauka B er gildistöku tiltekinna ákvæða EES-samningin frestað gagnvart nýju samningsaðilunum, jafnframt því sem núverandi samningsaðilum EES-samningsins er veitt heimild til að beita verndarráðstöfunum á vissum sviðum, fyrst og fremst á sviði frjálsrar farar launþega.

a) Heilbrigði dýra og plantna.

Í viðauka I við EES-samninginn er að finna tilvísun til þeirra gerða Evrópubandalagsins er varða heilbrigði dýra og plantna og felldar hafa verið inn í EES-samninginn. Er viðauka I skipt í þrjá kafla. Í I. kafla er að finna sameiginlegar heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og dýraafurðir. Í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998, þar sem ákvæði I. kafla viðauka I voru endurskoðuð, eiga þær gerðir sem vísað er til í I. kafla aðeins við um Ísland sé þess sérstaklega getið. Í meginatriðum má segja að aðeins þær reglur I. kafla viðauka I sem varða heilbrigðisreglur vegna viðskipta með fisk og sjávarafurðir eigi við Ísland. Í II. kafla viðauka I er síðan að finna reglur um fóður og í III. kafla reglur um plöntur.

Evrópusambandið hefur lagt á það áherslu að halda uppi ströngu heilbrigðiseftirliti á innri markaðinum og sett nákvæmar reglur á þessu sviði, sérstaklega varðandi heilbrigði dýra. Í stækkunarviðræðunum lagði Evrópusambandið áherslu á að þessar reglur skyldu gilda um öll viðskipti með landbúnaðar- og sjávarafurðir á innri markaðinum eftir stækkun. Hins vegar var viðbúið að það mundi valda ýmsum fyrirtækjum sem starfrækt eru í nýju aðildarríkjunum erfiðleikum að mæta þessum kröfum. Af þeim sökum var samið um að tiltekin fyrirtæki fengju undanþágur frá heilbrigðisreglunum. Óheimilt er að flytja afurðir frá þessum fyrirtækjum inn á innri markaðinn og þurfa afurðir frá þessum fyrirtækjum að vera sérstaklega merktar. Í ljósi víðtækra undanþágna Íslands frá ákvæðum I. kafla viðauka I hafa þessi aðlögunarákvæði litla þýðingu hér á landi.

b) Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

Í viðauka II við EES-samninginn er að finna þær gerðir Evrópubandalagsins sem varða ráðstafanir gegn svokölluðum tæknilegum viðskiptahindrunum. Í gerðunum felst samræming á margvíslegum reglum er varða viðskipti með vörur. Má þar t.d. nefna samræmdar reglur um prófanir, gagnkvæma viðurkenningu, margvíslega staðla og reglur um eftirlitskerfi. Skiptist viðauki II við EES-samninginn í 32 kafla þar sem fjallað er um tæknilegar reglur á hinum ýmsu sviðum vöruviðskipta.

Í meginatriðum má segja að viðauki II mæli fyrir um þær kröfur sem framleiðsluvörur, sem markaðssettar eru á innri markaði Evrópusambandsins, skulu uppfylla, svo sem varðandi

umhverfisþætti, öryggi og neytendavernd. Í aðildarlögum Evrópusambandsins er mælt fyrir um að tímabundið er heimilt að víkja að einhverju leyti frá þessum kröfum við framleiðslu fyrir heimamarkað í nýju aðildarríkjunum. Hins vegar er óheimilt að setja vörur sem ekki uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka II á markað í öðru EES-ríki en heimaríkinu. Af þeim sökum hafa ákvæðin um efnislegar aðlaganir frá ákvæðum viðauka II við EES-samninginn ekki mikla þýðingu hér á landi.

c) Orka.

Í 24. gr. EES-samningsins segir að sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál sé að finna í viðauka IV við EES-samninginn. Er því að finna í viðauka IV þær gerðir Evrópubandalagsins á sviði orkumála sem teljast hluti EES-samningsins. Er þar m.a. að finna gerðir sem mæla fyrir um innri markað með raforku og jarðgas. Samkvæmt viðauka B og ákvæðum í aðildarlögum ESB skal Eistlandi veitt undanþága fram til ársins 2008 frá reglum um innri markað með raforku. Þá skulu reglur um innri markað með jarðgas ekki taka gildi í Tékklandi fyrr en í lok ársins 2004. Þessi aðlögunarákvæði hafa litla þýðingu hér á landi.

d) Frjáls för launþega.

Í 28. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um frjálsa för launþega innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í viðauka V við EES-samninginn er síðan að finna þær gerðir Evrópubandalagsins er varða frjálsa för launþega sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES skal fella inn í viðauka V bráðabirgðafyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin. Með þessu er verið að fella inn í EES-samninginn ákvæði aðildarlaga ESB um heimild núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins til að beita tímabundnum takmörkunum á frjálsri för launþega frá nýju aðildarríkjunum, að undanskilum launþegum frá Möltu og Kýpur.

Framangreind ákvæði er að finna í viðaukum V–XIV við aðildarlögin. Samkvæmt ákvæðinu skal löggjöf einstakra aðildarríkja Evrópusambandsins um atvinnuréttindi launþega frá nýju aðildarríkjunum gilda áfram næstu tvö árin frá og með þeim degi sem nýju aðildarríkin hafa fengið fulla aðild að Evrópusambandinu. Enn fremur er aðildarríkjunum heimilt að framlengja þennan aðlögunartíma í allt að fimm ár til viðbótar. Ef fyrir hendi er alvarleg röskun á vinnumarkaði í aðildarríki eða hætta er á slíkri röskun er aðildarríkjunum jafnframt heimilt að framlengja þennan aðlögunartíma í allt að sjö ár frá því að nýju aðildarríkin gengu í Evrópusambandið.

Í þessu felst að núverandi aðildarríkjum Evrópusambandsins er heimilt að beita eigin löggjöf um atvinnuréttindi launþega frá einhverju hinna nýju aðildarríkja í allt að sjö ár frá því að þessi ríki hafa öðlast fulla aðild að Evrópusambandinu. Reglur Evrópusambandsins um frjálsa för launþega innan Evrópusambandsins munu því ekki taka að fullu gildi gagnvart hinum nýju aðildarríkjum meðan á þessu aðlögunartímabili stendur. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að það er einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins í sjálfsvald sett hvort og hvernig þau beita þessari heimild gagnvart launþegum frá einhverju hinna nýju aðildarríkja. Af þeim sökum má vænta að framkvæmd þessarar heimildar verði mismunandi eftir aðildarríkjum.

Þá ber jafnframt að vekja athygli á því að samkvæmt aðildarlögunum skal ríkisborgari í einu af nýju aðildarríkjunum, sem starfað hefur í tilteknu aðildarríki samfleytt í 12 mánuði eða lengur, hafa fullan rétt á því að starfa þar áfram. Þetta er þó háð því skilyrði að viðkom-

andi hafi dvalist með lögmætum hætti í viðkomandi aðildarríki. Í þessu felst hins vegar eingöngu réttur til að halda áfram að starfa í þessu tiltekna aðildarríki.

Með tilvísun til framangreindra ákvæða í viðauka B við aðildarsamning EES eru þau ákvæði aðildarlaganna er varða frjálsa för fólks felld inn í EES-samninginn. Er þýðing þessara ákvæða sem hér segir:

1. Fyrstu tvö árin frá aðildardegi gilda ákvæði EES-samningsins um frjálsa för ekki gagnvart launþegum frá nýju aðildarríkjunum.
2. EES–EFTA-ríkin hafa sömu heimild og núverandi aðildarríki Evrópusambandsins til að fresta gildistöku ákvæðanna um frjálsa för launþega í allt að sjö ár frá aðildardegi.

Við beitingu þessara heimilda verður hins vegar að líta til sameiginlegrar yfirlýsingar EFTA-ríkjanna um frelsi launþega til flutninga sem fylgir með lokagerð aðildarsamnings EES. Segir þar m.a.:

> „EFTA-ríkin leggja áherslu á að atriði eins og aðgreining og sveigjanleiki hafi mikið vægi í fyrirkomulagi um frelsi launþega til flutninga. Þau munu leitast við að veita ríkisborgurum Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu greiðari aðgang að vinnumarkaði samkvæmt landslögum til þess að flýta fyrir samræmingu réttarreglnanna. Af þessu leiðir að atvinnutækifærum ríkisborgara Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu í EFTA-ríkjunum ætti að fjölga verulega eftir að þessi ríki hafa gerst aðilar. Jafnframt munu EFTA-ríkin nýta fyrirkomulagið, sem lagt er til, eins vel og unnt er til að beita réttarreglunum að fullu á sviði frelsis launþega til flutninga."

Með þessari yfirlýsingu hnykktu EES–EFTA-ríkin á þeim eindregna vilja sínum að veita ríkisborgurum nýju aðildarríkjanna greiðan aðgang að vinnumarkaði sínum og flýta fyrir því að sömu reglur gildi um frjálsa för launþega á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi yfirlýsing er nánast samhljóða sambærilegri yfirlýsingu núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins vegna undirritunar aðildarsáttmála ESB.

Samkvæmt ákvæðum aðildarlaga Evrópusambandsins er aðildarríki sem verður fyrir röskun á vinnumarkaði sínum, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, heimilt að beina því til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að gripið verði til verndarráðstafana (öryggisráðstafana) til að takmarka megi aðsókn launþega frá nýju aðildarríkjunum inn á vinnumarkað í viðkomandi ríki. Heimilt er að vísa ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í þeim efnum til ráðs Evrópusambandsins. Ákvæðið gerir því ráð fyrir því að ákvörðun um beitingu slíkra ráðstafana sé í höndum framkvæmdastjórnar ESB, eða eftir atvikum ráðsins. Með hliðsjón af meginreglum EES-samningsins um sjálfræði ákvarðanatöku geta þessar stofnanir Evrópusambandsins vitaskuld ekki tekið slíkar bindandi ákvarðanir gagnvart EES–EFTA-ríkjunum. Samkvæmt bókun 44 er EES–EFTA-ríkjunum því heimilt að taka einhliða ákvörðun um beitingu slíkra verndarráðstafana á grundvelli 112. gr. EES-samningsins. Rétt er að vekja athygli á því að heimilt er að taka slíkar ákvarðanir gagnvart einu eða fleiri af nýju aðildarríkjunum, sbr. framangreinda umfjöllun um bókun 44.

e) Staðfesturéttur.

Í 31. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um rétt borgara aðildarríkja EES-samningsins til að setjast að og stofna til atvinnurekstrar hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er í viðauka VIII við EES-samninginn að finna nánari ákvæði um staðfesturétt. Samkvæmt aðildarsamningnum skal fella inn í EES-samningin tvö ákvæði er varða þetta svið.

i) Frjáls för launþega.

Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES eru ákvæði aðildarlaga Evrópusambandsins um frjálsa för launþega felld inn í viðauka VIII við EES-samninginn. Í þessu felst að þrátt fyrir ákvæði EES-samningsins um staðfesturétt er eigi að síður heimilt að beita þeim takmörkunum á frjálsri för launþega frá nýju aðildarríkjunum sem áður hefur verið fjallað um. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæðin eiga aðeins við um launþega en ekki um réttindi þeirra sem hyggjast veita þjónustu hér á landi á grundvelli ákvæða um staðfesturétt eða frjálsa þjónustustarfsemi. Þá eiga ákvæðin heldur ekki við um nemendur eða lífeyrisþega.

ii) Aðlögun fyrir Liechtenstein.

Þá er í viðauka B einnig að finna ákvæði um aðlögun fyrir Liechtenstein varðandi staðfesturétt. Samkvæmt núgildandi ákvæðum viðauka VIII hefur Liechtenstein verulegar undanþágur frá ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt. Segir í viðauka VIII að þau ákvæði skuli gilda til 31. desember 2006 en sameiginlega EES-nefndin skal taka ákvörðun um hvort framlengja skuli þessa aðlögun fyrir þann tíma. Í viðauka B er hins vegar mælt fyrir um að það fyrirkomulag skuli endurskoðað á fimm ára fresti og í fyrsta sinn fyrir maí 2009. Skal við þá endurskoðun taka viðeigandi tillit til sérstakra landfræðilegra aðstæðna í Liechtenstein.

f) Fjármálaþjónusta.

Frjáls viðskipti með þjónustu teljast meðal hins fjórþætta frelsis sem innri markaður Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðið byggjast á. Fjármálaþjónusta telst hluti þjónustustarfsemi og hefur Evrópusambandið sett fjölmargar reglur er varða slíka starfsemi. Í viðauka IX við EES-samninginn er að finna þær gerðir Evrópusambandsins á þessu sviði sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn. Er þar m.a. að finna gerðir er varða bankastarfsemi, vátryggingastarfsemi og starfsemi annarra lánastofnana.

Í viðauka B er mælt fyrir um tiltekin aðlögunarákvæði fyrir nýju samningsaðilana á sviði fjármálaþjónustu. Eru tilteknar tegundir fjármálafyrirtækja í nokkrum þessara ríkja undanþegnar um tíma þeim kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipunum Evrópubandalagsins á þessu sviði varðandi kröfur um stofnfé og lágmarksinnlánatryggingar. Fjármálastofnanir sem ekki þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksinnlánatryggingar geta hins vegar ekki komið á fót útibúi utan síns heimalands nema að hafa uppfyllt reglur Evrópusambandsins í þessum efnum. Einnig fær Slóvenía aðlögun til ársloka 2004 frá reglum um ársreikninga fjármálastofnana. Ekki verður séð að efnislegu aðlögunarákvæðin á sviði fjármálaþjónustu hafi áhrif á íslenska hagsmuni.

g) Fjarskiptaþjónusta.

Í viðauka XI við EES-samninginn er að finna þær gerðir sem varða fjarskiptaþjónustu og felldar hafa verið inn í EES-samninginn. Þeirra á meðal er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði póstþjónustu og um umbætur á þeirri þjónustu. Samkvæmt viðauka B skulu ákvæði um innri markað á sviði póstþjónustu ekki gilda gagnvart Póllandi til ársloka 2005. Þetta aðlögunarákvæði hefur enga þýðingu hér á landi.

h) Frjálsir fjármagnsflutningar.

Í 40. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um frjálsar fjármagnshreyfingar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt ákvæðinu skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum ESB eða EFTA-ríkjunum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé er notað til fjárfestingar. Þá eru í viðauka XII við EES-samninginn ákvæði er varða framkvæmd frjálsra fjármagnsflutninga.

Í frjálsum fjármagnsflutningum felst m.a. réttur ríkisborgara í EES-ríki til að fjárfesta í fasteignum í öðru aðildarríki. Samkvæmt viðauka B hafa Tékkland, Kýpur, Pólland og Ungverjaland heimild til að beita áfram núgildandi löggjöf sinni um fjárfestingar erlendra aðila í orlofshúsnæði næstu fimm árin. Þá fær Malta ótímabundna undanþágu til að beita áfram eigin löggjöf á þessu sviði samkvæmt ákvæði í bókun 6 við aðildarlög ESB. Þá er Tékklandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Slóvakíu, Póllandi og Ungverjalandi heimilt að beita núgildandi löggjöf sinni um fjárfestingar erlendra aðila í jarðnæði. Í tilfelli Póllands gildir aðlögunarákvæðið næstu 12 árin, en gagnvart hinum ríkjunum skal það gilda næstu sjö ár og er heimilt að framlengja þann tíma í allt að þrjú ár til viðbótar ef nauðsyn krefur. Ekki verður talið að þessi aðlögunarákvæði hafi neina þýðingu gagnvart Íslandi.

i) Flutningastarfsemi.

Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. EES-samningsins eru sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga í viðauka XIII við EES-samninginn. Má þar finna þær gerðir Evrópubandalagsins sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn á sviði flutningastarfsemi. Taka reglur EES-samningsins um flutningastarfsemi til flutninga á landi, á vegum, með járnbrautum, á skipgengum vatnaleiðum og á sjó auk reglna um flugmál.

Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES skal veita tímabundna aðlögun vegna reglugerðar ráðsins nr. 3118/93 frá 25. október 1993 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir. Samkvæmt reglugerðinni er farmflytjanda heimilt að stunda þjónustu sína á Evrópska efnahagssvæðinu utan heimalands síns. Er þar mælt fyrir um að fyrstu tvö árin eftir inngöngu Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Póllands og Slóvakíu er ríkisborgurum frá þessum ríkjum ekki heimilt að stunda tímabundna flutningaþjónustu á vegum gegn gjaldi. Eftir þann tíma er aðildarríkjum Evrópusambandsins heimilt að fresta gildistöku gerðarinnar í tvö ár til viðbótar eða jafnvel, ef um er að ræða alvarlega röskun eða hættu á röskun á innanlandsmarkaði fyrir flutningaþjónustu á vegum, í allt að þrjú ár. Hafa EES–EFTA-ríkin sömu heimild til að beita þessum takmörkunum. Í þessu felst að fyrstu tvö árin gilda ákvæði EES-samningsins um heimild ríkisborgara EES-ríkjanna til að stunda flutningaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu ekki í þeim ríkjum sem voru talin upp hér að framan. Næstu þrjú ár til viðbótar getur aðildarríki ESB eða EES–EFTA-ríki tekið einhliða ákvörðun um að þessi ákvæði skuli ekki gilda.

Í aðildarlögum ESB er jafnframt mælt fyrir um ef ríki, sem ekki hefur beitt þeim takmörkunum sem greint var frá hér að framan, verður fyrir alvarlegri röskun á innanlandsmarkaði vegna slíkrar flutningastarfsemi, getur það óskað eftir því að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimili því að beita sambærilegum takmörkunum. Er framkvæmdastjórninni því falið vald til að taka ákvörðun um beitingu slíkra verndarráðstafana (eða öryggisráðstafana). Í ljósi sjónarmiða um sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku í EES-samstarfinu getur framkvæmdastjórnin ekki tekið slíka ákvörðun gagnvart EES–EFTA-ríki. Á því bókun

44 við um beitingu verndarráðstafana af þessu tagi, en í þeim felst að EES–EFTA-ríki tekur einhliða ákvörðun um beitingu

j) Samkeppni.

Reglur EES-samningsins um samkeppnismál er að finna í 54.–60. gr. Þá er í viðauka XIV við EES-samninginn að finna gerðir ESB sem varða samkeppnismál og felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES skal fella inn í EES-samninginn ákvæði aðildarlaga Evrópusambandsins varðandi það bráðabirgðafyrirkomulag sem veita skal Kýpur, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi og Slóvakíu. Með þessu er verið að vísa til tímabundinna undanþágna sem fyrrnefnd ríki hafa fengið frá samkeppnisreglum Evrópusambandsins. Skulu þessar undanþágur því einnig gilda gagnvart samkeppnisreglum EES-samningsins.

Í þeim undanþágum sem hér um ræðir felst fyrst og fremst tímabundin heimild framangreindra ríkja til að veita tilteknum fyrirtækjum í þessum ríkjum sérstök skattfríðindi sem annars væri ekki heimilt samkvæmt reglum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um ríkisaðstoð. Er í aðildarlögunum að finna nánari ákvæði um gildissvið, umfang, skilyrði og gildistíma fyrir þessum tímabundnu aðlögunum. Ekki er hægt að útiloka að þessi ákvæði kunni að hafa einhver neikvæð áhrif á samkeppnisskilyrði á innri markaðinum og þar á meðal á Evrópska efnahagssvæðinu. Ekki verður þó séð að þessar aðlaganir muni hafa veruleg áhrif á íslenska hagsmuni.

k) Ríkisaðstoð.

Lýðveldið Slóvakía hefur allt frá stofnun viðurkennt Furstadæmið Liechtenstein sem fullvalda og sjálfstætt ríki og verið reiðubúið að koma á stjórnmálasambandi við Furstadæmið.

Lýðveldið Slóvakía lítur svo á að yfirlýsingar, sem varða ekki viðfang og tilgang samnings þessa, hafi ekkert lagagildi.

YFIRLÝSING EISTLANDS, KÝPUR, LETTLANDS, MÖLTU OG SLÓVENÍU UM 5. GR. BÓKUNAR 38a UM FJÁRMAGNSKERFI EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

Eistland, Kýpur, Lettland, Malta og Slóvenía vilja láta það koma greinilega fram að úthlutunarlykillinn í 5. gr. var eingöngu settur saman með fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins í huga. Það er skilningur þessara ríkja að úthlutunarlykillinn hafi ekki áhrif á tillögur, sem síðar kunna að koma fram, um úthlutunarlykla fyrir samstöðu- og þróunarsjóði bandalagsins.

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUBANDALAGANNA UM UPPRUNAREGLUR FYRIR FISK OG AÐRAR SJÁVARAFURÐIR

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna mun kanna hvort hagkvæmt sé að samræma upprunareglurnar fyrir 1. maí 2004.

SAMNINGUR MILLI KONUNGSRÍKISINS NOREGS OG EVRÓPUBANDALAGSINS UM NORSKT FJÁRMAGNSKERFI FYRIR TÍMABILIÐ 2004–2009

1. gr.

Konungsríkið Noregur skuldbindur sig til að koma á fót fjármagnskerfi til þess að draga úr félagslegu og efnahagslegu misvægi á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmiðið með þessu fjármagnskerfi er að styrkja nýju aðildarríkin til fullrar þátttöku í stærri innri markaði á Evrópska efnahagssvæðinu með því að veita styrki til fjárfestingarverkefna í forgangsgeirunum sem um getur í 3. gr. Skuldbindingar þær, sem norsk stjórnvöld taka á sig samkvæmt þessum samningi, byggjast á aðild Noregs sem EFTA-ríkis að Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Framlagið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal nema 567 milljónum evra alls og skulu vera til ráðstöfunar á hverju ári 113,4 milljónir evra á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009, að báðum dögum meðtöldum.

3. gr.

Styrkir skulu veittir til verkefna í sömu geirum og styrktir eru með fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins. Þó skulu verkefni á eftirtöldum sviðum njóta forgangs:

a) framkvæmd Schengen-gerða, stuðningur við innlendar Schengen-aðgerðaáætlanir og efling réttarkerfisins,

b) umhverfismál, m.a. með áherslu á að styðja stjórnsýsluna í því að taka upp viðkomandi gerðir og styrkja fjárfestingar í grunnvirkjum og tækni, með meðhöndlun úrgangs í sveitarfélögum sem forgangsverkefni,
c) stefna í byggðamálum og samstarf yfir landamæri,
d) tækniaðstoð vegna framkvæmdar réttarreglna Evrópubandalagsins.

4. gr.

Framlag Norðmanna í formi styrkja skal nema að hámarki 60% af kostnaði við hvert verkefni, nema það sé fjármagnað að öðru leyti með framlögum úr ríkissjóði eða frá héraðs- eða sveitarstjórnum en í slíkum tilvikum má styrkurinn nema að hámarki 85% af heildarkostnaði. Virða skal gildandi reglur bandalagsins um hámark sameiginlegrar fjármögnunar.

Virða skal gildandi reglur um ríkisaðstoð.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal skoða tillögur um verkefni og ganga úr skugga um að þær samræmist markmiðum bandalagsins.

Ábyrgð Konungsríkisins Noregs á verkefnunum takmarkast við fjárveitingar samkvæmt samþykktri áætlun. Það ber ekki ábyrgð gagnvart þriðja aðila.

5. gr.

Fjárveitingar skulu renna til þeirra ríkja sem njóta styrks (Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu) og skiptast þannig:

Ríki sem nýtur styrks	Hlutfall af heildarframlagi
Tékkland	11,0 %
Eistland	4,0 %
Kýpur	0,6 %
Lettland	6,0 %
Litháen	7,1 %
Ungverjaland	13,1 %
Malta	0,3 %
Pólland	49,0 %
Slóvenía	2,2 %
Slóvakía	6,7 %

6. gr.

Í því skyni að endurúthluta þeim fjármunum, sem hefur ekki verið úthlutað og eru til ráðstöfunar, til forgangsverkefna í einhverju þeirra ríkja sem njóta styrks skal fara fram endurskoðun á styrkúthlutun í nóvember 2006 og aftur í nóvember 2008.

7. gr.

Fjárframlögin, sem kveðið er á um í 1. gr., skulu vandlega samræmd framlagi EFTA-ríkjanna sem kveðið er á um í reglum um fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

Einkum skal Konungsríkið Noregur sjá til þess að sömu reglur gildi við málsmeðferð um umsóknir til beggja fjármagnskerfanna sem um getur í málsgreininni hér að framan.

Tillit skal tekið til viðeigandi breytinga sem verða á samheldnistefnumiðum ESB eftir því sem við á.

8. gr.

Norska fjármagnskerfið verður undir stjórn norsku ríkisstjórnarinnar eða aðila sem hún tilnefnir.

Norska ríkisstjórnin skal setja frekari ákvæði um framkvæmd fjármagnskerfisins eftir því sem þörf krefur.

Stjórnunarkostnaður skal greiddur af heildarfjárhæðinni sem um getur í 2. gr.

9. gr.

Aðilar að samningi þessum skulu fullgilda hann eða samþykkja í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

Samningur þessi öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga, er þessu tengjast, hafi einnig verið afhent til vörslu:

a) samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,
b) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs

vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

d) samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um tilteknar landbúnaðarafurðir.

Ef ríki, sem nýtur styrks og nefnt er í 5. gr., hefur ekki gerst aðili að Evrópska efnahagssvæðinu hinn 1. maí 2004 skulu gerðar nauðsynlegar breytingar á samningi þessum.

Gjört í Brussel

Fyrir hönd Evrópubandalagsins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

VIÐBÓTARBÓKUN
VIÐ SAMNING EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU
OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS VEGNA AÐILDAR LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS, LÝÐVELDISINS EISTLANDS, LÝÐVELDISINS KÝPUR, LÝÐVELDISINS LETTLANDS, LÝÐVELDISINS LITHÁENS, LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS, LÝÐVELDISINS MÖLTU, LÝÐVELDISINS PÓLLANDS, LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU OG LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU
AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

EVRÓPUBANDALAGIÐ

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem undirritaður var í Brussel 22. júlí 1972 og er hér á eftir nefndur „samningurinn“, og gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og bandalagsins,

MEÐ HLIÐSJÓN af aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og

Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, hér á eftir nefndur „samningurinn um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins“,

MEÐ HLIÐSJÓN af gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og inngönguríkjanna,

HAFA ÁKVEÐIÐ sameiginlega að gera breytingar á samningnum vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

OG SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðaukanna og bókananna við hann, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, svo og lokagerðin og yfirlýsingarnar, sem fylgja hér með, skulu lögð fram á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku og teljast þeir textar jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja eistneska, lettneska, litháíska, maltneska, pólska, slóvakíska, slóvenska, tékkneska og ungverska textann.

2. gr.

Í bókun þessari og viðauka við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til bandalagsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum frá Íslandi.

Árlegur, tollfrjáls kvóti, sem kveðið er á um í viðaukanum við þessa bókun, skal koma til framkvæmda á tímabilinu frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Kvótinn skal endurskoðaður við lok þess tímabils, að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

3. gr.

Stofna skal SAT-númerið 0304 90 22 í hinni samþættu tollskrá ESB, TARIC, fyrir fryst síldarsamflök (fiðrildi) og skulu þau njóta sömu fríðinda og vörur sem falla undir SAT-númer 0304 20 75 þannig að fryst síldarsamflök hljóti sömu fríðindameðferð og fryst flök frá 1. maí 2004.

4. gr.

Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

Bókun þessi öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:

a) samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,
b) samningur milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009,
c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
d) samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um tilteknar landbúnaðarafurðir.

5. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Gjört í Brussel

Fyrir hönd Evrópubandalagsins

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

VIÐAUKI

SÉRÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í 2. GR.
VIÐBÓTARBÓKUNARINNAR

Bandalagið skal heimila tollfrjálsan innflutning á afurðum sem eru upprunnar á Íslandi sem hér segir:

SAT-nr.	Vörulýsing	Árlegur kvóti
úr 0303 50 00	Fryst síld af tegundunum *Clupea harengus* og *Clupea pallasii*, þó ekki lifur og hrogn, til iðnaðarvinnslu[1].	950 tonn

[1] Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

VIÐBÓTARBÓKUN
VIÐ SAMNING EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS VEGNA AÐILDAR LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS, LÝÐVELDISINS EISTLANDS, LÝÐVELDISINS KÝPUR, LÝÐVELDISINS LETTLANDS, LÝÐVELDISINS LITHÁENS, LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS, LÝÐVELDISINS MÖLTU, LÝÐVELDISINS PÓLLANDS, LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU OG LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU
AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

EVRÓPUBANDALAGIÐ

og

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, sem undirritaður var í Brussel 14. maí 1973 og er hér á eftir nefndur „samningurinn“, og gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Noregs og bandalagsins,

MEÐ HLIÐSJÓN af aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins

Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, hér á eftir nefndur „samningurinn um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins“,

MEÐ HLIÐSJÓN af gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Noregs og inngönguríkjanna,

HAFA ÁKVEÐIÐ sameiginlega að gera breytingar á samningnum vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

OG SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðaukanna og bókananna við hann, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, svo og lokagerðin og yfirlýsingarnar, sem fylgja hér með, skulu lögð fram á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku og teljast þeir textar jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja eistneska, lettneska, litháíska, maltneska, pólska, slóvakíska, slóvenska, tékkneska og ungverska textann.

2. gr.

Í bókun þessari og viðauka við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til bandalagsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum frá Noregi.

Árlegur, tollfrjáls kvóti, sem kveðið er á um í viðauka við bókun þessa, skal gilda fyrir tímabilið 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Kvótinn skal endurskoðaður við lok þess tímabils, að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

Viðbótarkvóti fyrir frysta, skelfletta rækju (SAT-númer 1605 20 10) skal veittur um leið og leyst hefur verið úr málum sem varða gegnumflutning á fiski og sjávarafurðum, sem skip frá bandalaginu hafa landað í Noregi, til bandalagslanda um Noreg.

3. gr.

Stofna skal SAT-númerið 0304 90 22 í hinni samþættu tollskrá ESB, TARIC, fyrir fryst síldarsamflök (fiðrildi) og skulu þau njóta sömu fríðinda og vörur sem falla undir SAT-númer 0304 20 75 þannig að fryst síldarsamflök hljóti sömu fríðindameðferð og fryst flök frá 1. maí 2004.

4. gr.

Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

Bókunin öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:

a) samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,
b) samningur milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009,
c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
d) samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um tilteknar landbúnaðarafurðir.

5. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Gjört í Brussel

Fyrir hönd Evrópubandalagsins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

VIÐAUKI

SÉRÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í 2. GR.
VIÐBÓTARBÓKUNARINNAR

Bandalagið skal heimila tollfrjálsan innflutning á afurðum sem eru upprunnar í Noregi, til viðbótar gildandi kvótum, sem hér segir:

SAT-nr.	Vörulýsing	Árlegur kvóti
úr 0303 50 00	Fryst síld af tegundunum *Clupea harengus* og *Clupea pallasii*, þó ekki lifur og hrogn, til iðnaðarvinnslu[1]	44 000 tonn
úr 0303 74 30	Frystur makríll af tegundunum *Scomber scombrus* og *Scomber japonicus*, þó ekki lifur og hrogn, til iðnaðarvinnslu[1]	30 500 tonn[2]
03042075 úr 0304 90 22 (undirflokkur sem stofnaður verður fyrir fryst síldarsamflök sem hljóta munu sömu fríðindameðferð og vörur sem falla undir nr. 0304 20 75)	Fryst síldarflök Fryst síldarsamflök (fiðrildi) til iðnaðarvinnslu[3]	67 000 tonn
16052010	Fryst og skelflett rækja[4]	2 500 tonn

[1] Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

[1] Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

[2] Með fyrirvara um að samningur þessi öðlist gildi 1. maí 2004 skal 24 800 tonna makrílkvóta fyrir árið 2004 úthlutað fyrir eitt samfellt tímabil, þ.e. frá 15. júní 2004 til 31. desember 2004.

Frá árinu 2005 fram í apríl 2009 skal innflutningskvótanum úthlutað fyrir skemmri tímabil í einu í samræmi við eftirfarandi skiptingu:

1. janúar–14. febrúar: 7 500 tonn,

15. júní–30. september: 7 500 tonn og

1. október–31. desember: 15 500 tonn.

Frá og með árinu 2005 skal úthlutun af tveimur fyrstu hlutakvótum almanaksársins hætt 15. október ár hvert. Næsta virkan dag á eftir skal ónotaður hluti þessara kvóta reiknaður og sameinaður síðasta hlutakvóta ársins. Hlutdeild í hlutakvótum þess almanaksárs, sem skilað er vegna þess að þeir hafa ekki verið nýttir, skal frá þeim degi sameinuð síðasta hlutakvóta ársins. Kvótinn frá 1. janúar 2009 til 14. febrúar 2009 skal vera 5 700 tonn.

Ef þörf gerist er heimilt að endurskoða þessa kvótastýringu með gagnkvæmu samkomulagi.

[3] Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

[4] Viðbótarkvóti fyrir frysta, skelfletta rækju (SAT-númer 1605 20 10) skal veittur um leið og leyst hefur verið úr málum sem varða gegnumflutning á fiski og sjávarafurðum, sem skip frá bandalaginu hafa landað í Noregi, til bandalagslanda um Noreg.

SAMNINGUR Í FORMI BRÉFASKIPTA MILLI EVRÓPUBANDALAGSINS OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS UM TILTEKNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

A. Bréf frá Konungsríkinu Noregi

Brussel,

Herra,

Mér veitist sá heiður að vísa til samninga í formi bréfaskipta frá 16. apríl 1973, 14. júlí 1986, 2. maí 1992, 20. desember 1995 og 20. júní 2003, tvíhliða ívilnana, sem bandalagið og Noregur hafa veitt á grundvelli 19. gr. EES-samningsins, og viðræðna sem aðilar hafa átt um að aðlaga fyrrnefnd bréfaskipti og koma á viðskiptafyrirkomulagi varðandi tilteknar landbúnaðarvörur, í anda 15. gr. fríverslunarsamnings milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.

Ég staðfesti hér með að niðurstöður viðræðnanna voru sem hér segir:

1. Frá og með 1. maí 2004 munu norsk stjórnvöld veita bandalaginu árlega, tollfrjálsa kvóta sem hér segir:

Norskt tollnúmer	Vörulýsing	Magn á ári (í tonnum)
0811 10 09	Fryst jarðarber án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna	1400
0811 20 05 0811 20 06 0811 20 08	Frosin hindber, brómber, mórber, logaber, sólber, hvít rifsber, rifsber og garðaber án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna	950
1209 25 00	Rýgrasfræ	100
2009 79 00 2009 71 00	Eplasafi	1300
2309 10 12	Kattafóður úr kjöti eða innmat úr landdýrum sem er selt í loftþéttum umbúðum	1000

2. Þessir kvótar bætast við tvíhliða ívilnanir sem bandalagið og Noregur hafa veitt á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
3. Noregur mun, ef við á, áfram stjórna þessum tollkvótum með svipuðu leyfisveitingakerfi og nú er notað til að stjórna kvótum sem inngöngulöndunum er úthlutað.
4. Upprunareglur, sem nota ber við framkvæmd ívilnana samkvæmt samningi þessum, koma fram í IV. viðauka við bréfaskiptin frá 2. maí 1992. Þó skal 2. mgr. IV. viðauka vísa til skrárinnar í II. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn, sem beitt skal í sam-

ræmi við I. viðauka við sömu bókun, í stað skrárinnar í viðbætinum sem um getur í 2. mgr. IV. viðauka við bréfaskiptin frá 2. maí 1992.

5. Konungsríkið Noregur og bandalagið eru sammála um að ekki skuli leggja fram kröfur í samræmi við grein XXIV.6 í GATT-samningnum og staðfesta að engar frekari kröfur verða lagðar fram að því er varðar landbúnaðarvörur í tengslum við þessa stækkun bandalagsins.
6. Aðilar að samningi þessum skulu fullgilda hann eða samþykkja í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.
7. Samningurinn öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:
   a) samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,
   b) samningur milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009,
   c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
   d) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.
8. Öðlist samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu ekki gildi 1. maí 2004, eða aðeins gagnvart sumum undirritunaraðilanna, skulu samningsaðilar tafarlaust koma sér saman um hvaða breytingar beri að gera á samningi þessum. Þar sem þörf er á verður hlutfallslegum tollkvótum beitt fyrir árið 2004.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð staðfesta að þér samþykkið efni þessa bréfs.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Konungsríkisins Noregs

B. Bréf frá Evrópubandalaginu

Brussel,

Herra,

Mér veitist sá heiður að staðfesta að mér hefur borist bréf yðar frá í dag, sem hljóðar svo:

„Mér veitist sá heiður að vísa til samninga í formi bréfaskipta frá 16. apríl 1973, 14. júlí 1986, 2. maí 1992, 20. desember 1995 og 20. júní 2003, tvíhliða ívilnana, sem bandalagið og Noregur hafa veitt á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og viðræðna sem aðilar hafa átt um að aðlaga fyrrnefnd bréfaskipti og koma á viðskiptafyrirkomulagi varðandi tilteknar landbúnaðarvörur, í anda 15. gr. fríverslunarsamnings milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.

Ég staðfesti hér með að niðurstöður viðræðnanna voru sem hér segir:

1. Frá og með 1. maí 2004 munu norsk stjórnvöld veita bandalaginu árlega, tollfrjálsa kvóta sem hér segir:

Norskt tollnúmer	Vörulýsing	Magn á ári (í tonnum)
0811 10 09	Fryst jarðarber án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna	1400
0811 20 05 0811 20 06 0811 20 08	Frosin hindber, brómber, mórber, logaber, sólber, hvít rifsber, rifsber og garðaber án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna	950
1209 25 00	Rýgrasfræ	100
2009 79 00 2009 71 00	Eplasafi	1300
2309 10 12	Kattafóður úr kjöti eða innmat úr landdýrum sem er selt í loftþéttum umbúðum	1000

2. Þessir kvótar bætast við tvíhliða ívilnanir sem bandalagið og Noregur hafa veitt á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
3. Noregur mun, ef við á, áfram stjórna þessum tollkvótum með svipuðu leyfisveitingakerfi og nú er notað til að stjórna kvótum sem inngöngulöndunum er úthlutað.
4. Upprunareglur, sem nota ber við framkvæmd ívilnana samkvæmt samningi þessum, koma fram í IV. viðauka við bréfaskiptin frá 2. maí 1992. Þó skal 2. mgr.

IV. viðauka vísa til skrárinnar í II. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn, sem beitt skal í samræmi við I. viðauka við sömu bókun, í stað skrárinnar í viðbætinum sem um getur í 2. mgr. IV. viðauka við bréfaskiptin frá 2. maí 1992.

5. Konungsríkið Noregur og bandalagið eru sammála um að ekki skuli leggja fram kröfur í samræmi við grein XXIV.6 í GATT-samningnum og staðfesta að engar frekari kröfur verða lagðar fram að því er varðar landbúnaðarvörur í tengslum við þessa stækkun bandalagsins.

6. Aðilar að samningi þessum skulu fullgilda hann eða samþykkja í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

7. Samningurinn öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:
   a) samningur um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,
   b) samningur milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009,
   c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,
   d) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs vegna aðildar Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.

8) Öðlist samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu ekki gildi 1. maí 2004, eða aðeins gagnvart sumum undirritunaraðilanna, skulu samningsaðilar tafarlaust koma sér saman um hvaða breytingar beri að gera á samningi þessum. Þar sem þörf er á verður hlutfallslegum tollkvótum beitt fyrir árið 2004.“

Mér veitist sá heiður að staðfesta að ég er samþykkur efni bréfs yðar.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd
ráðs Evrópusambandsins

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að fullgiltur verði aðildarsamningur EES, þ.e. samningur um aðild nýrra ríkja að Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig eru gerðar breytingar á meginmáli EES-samningsins og breytingar á viðaukum vegna aðildar nýju ríkjanna að EES-svæðinu. Samkvæmt bókun 38a, sem er ný bókun í samningunum, er gert ráð fyrir að EFTA-ríki leggi sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misvægi á Evrópska efnahagssvæðinu með því að veita fjárstyrki til fjárfestingar- og þróunarverkefna í ákveðnum forgangsgeirum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að stofnaður verði nýr þróunarsjóður EFTA og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að framlög Íslands í sjóðinn verði 250 m.kr. á árinu 2004 en hækki í 500 m.kr. frá árinu 2005 til 2009. Alls er áætlað framlag EFTA-ríkjanna um 600 milljónir evra á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009.

413. Skýrsla [339. mál]

forsætisráðherra um starfsemi Kristnihátíðarsjóðs 2001–2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Kristnihátíðarsjóður var stofnaður til að minnast þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 12 um Kristnihátíðarsjóð sem samþykkt voru á Alþingi 28. febrúar 2001 en starfstími sjóðsins er fimm ár. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum. Sjóðurinn starfar enn fremur eftir reglugerð sem gefin var út 28. september 2001 af forsætisráðuneytinu.

Í mars 2001 kaus Alþingi stjórn Kristnihátíðarsjóðs en í henni sitja Anna Soffía Hauksdóttir prófessor, formaður, Anna Agnarsdóttir dósent og Þorsteinn Gunnarsson rektor. Stjórnin hefur samvinnu við ýmsar stofnanir, samtök og félög um viðfangsefni sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt, annars vegar að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn. Hins vegar er hlutverk sjóðsins að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Stjórnin hefur skipað tvær verkefnisstjórnir. Í verkefnisstjórn á sviði menningar- og trúararfs, sem hefur aðsetur á Akureyri, sitja Guðmundur Heiðar Frímannsson deildarforseti, formaður, Guðmundur K. Magnússon prófessor og séra Lára Oddsdóttir. Verkefnisstjórn á sviði fornleifafræði, með aðsetur í Reykjavík, skipa Guðmundur Hálfdanarson prófessor, formaður, Árný E. Sveinbjörnsdóttir jarðfræðingur og Hjalti Hugason prófessor.

Verkefnisstjórnirnar gera tillögur til stjórnar um verkefni og framlög til þeirra fyrir hvert starfsár. Stjórn sjóðsins setti verkefnisstjórnunum nánari reglur með erindisbréfi, m.a. um faglegt eftirlit þeirra með verkefnum og framvindu þeirra svo og um megináherslur í starfi þeirra og tillögum.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega skiptingu á ráðstöfunarfé hans milli meginsviðanna tveggja og til reksturs sjóðsins. Fjárvarsla sjóðsins er hjá forsætisráðuneytinu sem jafnframt veitir sjóðsstjórn nauðsynlega ritara- og skrifstofuþjónustu.

Á árinu 2001 var ákveðið að verja 48 millj. kr. til hvors sviðs um sig en árið 2002 var ákveðið að verja um 44 millj. kr. til sviðs menningar og trúar og um 50 millj. kr. til fornleifasviðs.

Frekari upplýsingar um Kristnihátíðarsjóð má finna á vefsvæði sjóðsins undir slóðinni http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/pages/kristnihatidarsjodur

Auglýsingar og kröfur

2001

Árið 2001 auglýsti stjórn sjóðsins eftir umsóknum í sjóðinn í seinni hluta ágúst með umsóknarfresti til 1. október. Þar kom fram að sjóðurinn veitti styrki til að efla þekkingu og vitund um menningar- og trúararf þjóðarinnar. Tekið var fram að einkum yrði litið til margvíslegra verkefna er tengdust almenningsfræðslu, umræðum og rannsóknum. Jafnframt skyldu verkefnin m.a. miðla fróðleik um siðferðis- og trúarhugmyndir sem mótað hafa þjóðina, t.d. með gerð fræðslu- og námsefnis, stuðla að umræðum um lífsgildi þjóðarinnar, siðferði og framtíðarsýn, t.d. fyrir tilstilli mennta- og menningarstofnana eða fjölmiðla og efla rannsóknir á menningar- og trúararfi íslensks samfélags.

Styrkir yrðu jafnframt veittir til fornleifarannsókna og kynningar á niðurstöðum þeirra. Einkum yrði litið til rannsóknarverkefna er vörðuðu mikilvæga sögustaði þjóðarinnar, m.a. Þingvelli, Skálholt og Hóla í Hjaltadal; enn fremur aðra staði tengda sögu kristni á Íslandi, m.a. klaustur og kirkjustaði og aðra mikilvæga sögustaði, s.s. verslunarstaði, miðaldabæi og þingstaði. Einnig yrði lögð áhersla á samvinnu umsækjanda við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir eða fræðimenn sem og á þjálfun og handleiðslu ungra vísindamanna á sviði fornleifafræði á Íslandi.

Umsóknum var skilað á þar til gerðum eyðublöðum en þar komu fram ítarlegar upplýsingar um verkefnin sem og umsækjendur. Alls bárust 168 umsóknir að upphæð 690 millj. kr. Á sviði menningar- og trúararfs bárust 139 umsóknir og 29 á sviði fornleifarannsókna.

2002

Stjórn sjóðsins auglýsti eftir umsóknum seinni hluta ágústmánaðar 2002 með umsóknarfresti til 20. september. Ákveðið var að sjóðurinn myndi leitast við að styðja áfram þau verkefni sem hlutu styrk við síðustu úthlutun, uppfylltu þau kröfur um framvindu og árangur. Að öðru leyti voru þær kröfur, sem settar voru fram í auglýsingunni, sambærilegar þeim sem birtar voru í auglýsingunni frá 2001.

Að þessu sinni bárust heldur færri umsóknir en árið 2001 eða 133 talsins að upphæð 432 millj. kr. Á sviði menningar- og trúararfs bárust 115 umsóknir og 17 á sviði fornleifarannsókna.

Starfsemi sjóðsins og vinnulag við mat á umsóknum

Á fyrsta starfsári sjóðsins var unnið að mótun starfshátta sjóðsins. Verkefnisstjórnir voru skipaðar, vefsíða var sett upp og merki sjóðsins hannað. Útbúnar voru fréttatilkynningar, auglýsingar, umsóknareyðublöð, umsagnareyðublöð, erindisbréf verkefnisstjórna og svarbréf til umsækjenda. Auk stjórnarinnar tóku fjölmargir þátt í framangreindri vinnu sem var umfangsmikil enda er meðferð svo margra umsókna tímafrek og vandasöm. Þar má nefna verkefnisstjórnirnar og starfsmenn þeirra og starfsmenn forsætisráðuneytis.

Verkefnisstjórnir meta styrkhæfi umsókna, hvor á sínu sviði, en mat á umsóknum byggist einkum á eftirtöldum sjónarmiðum: gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til þeirra markmiða sem Kristnihátíðarsjóði voru sett og fram komu í auglýsingu, líkum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að og að lokum starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda með tilliti til þeirra krafna sem verkefnið gerir til þeirra. Ef um framhaldsumsókn er að ræða er enn fremur litið til þess hvort framvinda og árangur er fullnægjandi á fyrri styrkárum.

Verkefnisstjórnir gera síðan skriflegar tillögur til sjóðsstjórnar um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fyrirhugað er að veita til verkefna á hvoru sviði um sig. Sjóðsstjórn tekur því næst afstöðu til afgreiðslu umsókna á grundvelli tillagna verkefnisstjórna.

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði menningar og trúararfs

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði menningar og trúararfs, sem ákveðið var að styrkja árin 2001 og 2002, eru fjölþætt. Þau dreifast um allt land og að þeim standa skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar. Öll verkefnin tengdust bæði trúar- og menningararfi og féllu að markmiðum sjóðsins.

Árið 2001 beindist meiri hluti þessara verkefna að rannsóknum á og útgáfu rita um trúar- og menningararfinn. Nokkur hluti þeirra fólst í að koma þessum arfi á framfæri við nútímann á geisladiskum, í sjónvarpsmyndum eða í annars konar miðlunarformi. Annar hluti þeirra stuðlaði að því að rannsaka og efla vitund samtímans með umræðum um siðferðileg gildi á borð við umburðarlyndi og réttlæti.

Verkefnin, sem sótt var um styrki til árið 2002, voru einnig fjölbreytileg. Sótt var um verkefni til tölvu- og vefvinnslu af ýmsu tagi, sömuleiðis var nokkuð af umsóknum til rannsókna á tónlistar- og myndlistararfinum. Flestar umsóknir voru um fé til rannsókna á bóklegum arfi Íslendinga og einnig til að koma honum á framfæri við almenning á vefnum, í sjónvarpsmyndum eða á geisla- og mynddiskum. Færri umsóknir voru til þess að rannsaka, þróa eða vekja umræður um siðferðisefni.

Skipta má þeim umsóknum, sem fengu úthlutun bæði árin, í sex flokka:

1. Rannsóknir
2. Fræðsla, málþing og umræður
3. Þýðingar og útgáfur
4. Félagslegar kannanir
5. Vefmál
6. Tónlist og myndlist

Djúpstæð tengsl ríkja á milli menningarstarfsemi og trúarlífs hér á landi. Hvort sviðið um sig getur ekki án hins verið. Menningarstarfið auðgar trúarlífið og trúarlífið gefur menningarstarfseminni aukna dýpt. Öllum þeim verkefnum, sem styrkt eru, er það sameiginlegt að

auðga líf okkar nútímafólks með því að bregða nýju ljósi á þá fegurð sem er að finna í einlægri trú og lifandi menningarstarfsemi.

2001

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi 43 verkefni á sviði menningar- og trúararfs árið 2001. Konur standa að 19 umsóknum sem hlutu úthlutun, karlar að 24 umsóknum.

1. *Saga biskupsstólanna,* Gunnar Kristjánsson. Þetta verkefni Gunnars hlaut jafnframt hæsta styrk sem veittur er á sviði menningar- og trúararfs sjóðsins eða 4 millj. kr.
2. *Sálmar í 1000 ár,* Edda Möller. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
3. *Trúarmenning og siðfræði íslenskra bændakvenna á 19. öld,* Inga Huld Hákonardóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
4. *Fræðileg útgáfa á sálmum og kvæðum Hallgríms Péturssonar,* Margrét Eggertsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
5. *Réttlæti og ást,* Sólveig Anna Bóasdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
6. *Lífsleikni í leikskóla,* Sigríður Síta Pétursdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
7. *Uppteiknað, sungið,* sagt og téð, Þorsteinn Helgason. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
8. *Sr. Matthías Jochumsson,* Þórunn Valdimarsdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
9. *Nikulásartíðir,* Sverrir Tómasson. Styrkurinn nemur 1,5 millj. kr.
10. *Kirkjustaðurinn Reykholt,* Helgi Þorláksson. Styrkurinn nemur 1,3 millj. kr.
11. *Konur og kaþólsk kirkja á Íslandi, 1200–1500,* Ellen Gunnarsdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
12. *Trúarsiðir á 20. öld (skírn, ferming, brúðkaup, útför),* Hallgerður Gísladóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
13. *„Guði treysti ég" – rannsókn á trúarhugmyndum íslenskra kvenna á fyrri hluta 19. aldar eins og þær birtast í bréfum og öðrum frumheimildum kvenna frá þeim tíma,* Karitas Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
14. *Bannsmál á Íslandi á síðmiðöldum,* Lára Magnúsardóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
15. *Siðanefndir starfsstétta,* Róbert H. Haraldsson. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
16. *Siðfræði og samtími – fyrirlestraröð,* Vilhjálmur Árnason. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
17. *Lýsir,* Ásrún Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
18. *Paradísarmissir Miltons í þýðingu Jóns Þorlákssonar,* Ástráður Eysteinsson og Guðni Elísson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
19. *Miðlun reynsluarfsins – stuðningur við unga foreldra,* Bernharður Guðmundsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
20. *Merkisdagar – heimildamynd, Björn Br. Björnsson.* Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
21. *Íslensk biblíuguðfræði – Rómverjabréfið í skýringum íslenskra guðfræðinga,* Clarence E. Glad. Styrkurinn nemur 1millj. kr.
22. *Þýdd guðsorðarit á Íslandi á 17. öld,* Einar Sigurbjörnsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
23. *Könnun á lífsgildum Íslendinga,* Friðrik H. Jónsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
24. *Trú og töfrar, Jón Jónsson.* Styrkurinn nemur 1 millj. kr.

25. *Bragtaka og tölvuskráning helgikvæða og sálma,* Kristján Eiríksson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
26. *Kirkjur Íslands – friðaðar kirkjur,* Magnús Skúlason. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
27. *Kirkjutónlist á Íslandi,* Páll Steingrímsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
28. *Trúarhreyfingar á Íslandi,* Pétur Pétursson og Bjarni Randver Sigurðsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
29. *Þorlákstíðir,* Sigurður Halldórsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
30. *Íslensk miðaldaklaustur – margmiðlunardiskur,* Skúli Björn Gunnarsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
31. *Gömlu lögin við Passíusálma Hallgríms Péturssonar,* Smári Ólason. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
32. *Einar í Eydölum: frá katólsku til lútherstrúar,* Sigurborg Hilmarsdóttir. Styrkurinn nemur 900 þús. kr.
33. *Kirkjugangan og kirkjur í Múlaprófastsdæmi,* Vigfús Ingvar Ingvarsson. Styrkurinn nemur 900 þús. kr.
34. *Rökræður um rétt og rangt,* Gyða Karlsdóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
35. *Fjölþjóðakvöld,* Jóna Hrönn Bolladóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
36. *Erfiljóð frá 17. og 18. öld,* Þórunn Sigurðardóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
37. *Skálholtsdiskar,* Helga Ingólfsdóttir. Styrkurinn nemur 700 þús. kr.
38. *Fræðsluefni fyrir börn í sumarbúðum þjóðkirkjunnar,* Jóhanna I. Sigmarsdóttir. Styrkurinn nemur 700 þús. kr.
39. *Tónlist og myndlist í íslenskum handritum,* Hanna Styrmisdóttir. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
40. *Guðmundur góði – líf og störf,* Jón Viðar Sigurðsson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
41. *Fjölþjóðasamfélagið og trúarbrögð þess,* Ragnheiður Sverrisdóttir. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
42. *Lífsviðhorf og gildismat unglinga,* Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar Finnbogason. Styrkurinn nemur 500 þús. kr.
43. *Trúarleg umræða á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar,* Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. Styrkurinn nemur 500 þús. kr.

2002

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi 47 verkefni á sviði menningar- og trúararfs árið 2002. Konur standa að 21 umsókn sem fékk úthlutun, karlar að 26 umsóknum. Fimm umsóknir eiga rætur utan höfuðborgarsvæðisins og 42 koma af höfuðborgarsvæðinu. Af þeim 47 verkefnum, sem fengu úthlutað styrk þetta ár, fengu 23 verkefni einnig úthlutun árið 2001.

1. *Saga biskupsstólanna,* Gunnar Kristjánsson. Þetta verkefni Gunnars hlýtur jafnframt hæsta styrk sem veittur er á sviði menningar- og trúararfs eða 4 millj. kr.
2. *Réttlæti og ást: til móts við nýja kynlífssiðfræði,* Sólveig Anna Bóasdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
3. *Sr. Matthías Jochumsson,* Þórunn Valdimarsdóttir. Styrkurinn nemur 1,6 millj. kr.
4. *Að rækta lífsgildi í skólastarfi:* uppeldissýn kennara, Sigrún Aðalbjarnardóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.

5. *Bannfæringar á Íslandi á síðmiðöldum,* Lára Magnúsardóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
6. *Fræðileg útgáfa á sálmum og kvæðum Hallgríms Péturssonar,* Svanhildur Óskarsdóttir og Margrét Eggertsdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
7. *„Guði treysti ég" – rannsókn á trúarhugmyndum íslenskra kvenna á fyrri hluta 19. aldar eins og þær birtast í bréfum og öðrum frumheimildum kvenna frá þeim tíma,* Karitas Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
8. *Íslenska teiknibókin í Árnasafni,* Guðbjörg Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
9. *Lífsleikni í leikskóla,* Sigríður Síta Pétursdóttir. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
10. *Siðanefndir starfsstétta,* Róbert H. Haraldsson. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
11. *Siðfræðivefur,* Salvör Nordal. Styrkurinn nemur 1,2 millj. kr.
12. *Ánauð viljans (De servo arbitrio) eftir Martein Lúther,* Ólafur Páll Jónsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
13. *Heilagra manna sögur,* Sverrir Tómasson, Guðrún Nordal og Einar Sigurbjörnsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
14. *Íslensk biblíuguðfræði – Rómverjabréfið í skýringum íslenskra guðfræðinga,* Clarence E. Glad. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
15. *Lífsleikni og sjálfstyrking fyrir ungt fólk,* Petrína Mjöll Jóhannesdóttir. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
16. *Saga KFUM & KFUK í Reykjavík 1908–1918,* Þórarinn Björnsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
17. *Saga klausturs í Kirkjubæ og trúarmenning kvenna í tengslum við það,* Hjalti Hugason. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
18. *Trúarmenning og siðfræði íslenskra bændakvenna á 19. öld,* Inga Huld Hákonardóttir. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
19. *Trúarsiðir á 20. öld (skírn, ferming, brúðkaup, útför),* Hallgerður Gísladóttir. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
20. *Trúfrelsi, þjóðkirkja, samband ríkis og kirkju 1874–1997,* Sigurjón Árni Eyjólfsson. Styrkurinn nemur 1 millj. kr.
21. *Erfiljóð frá 17. og 18. öld,* Þórunn Sigurðardóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
22. *Gömlu lögin við Passíusálma Hallgríms Péturssonar,* Smári Ólason. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
23. *Íslensk myndlist fyrri alda – frá siðaskiptum til 19. aldar,* Þóra Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
24. *Ísmús – íslensk músík,* Bjarki Sveinbjörnsson. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
25. *Líkfylgd Jóns Arasonar,* Gerður Bolladóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
26. *Trú og kvikmyndir,* Gunnlaugur A. Jónsson. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
27. *Trú og töfrar,* Jón Jónsson. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
28. *Uppteiknað, sungið, sagt og téð,* Þorsteinn Helgason. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
29. *Þorlákstíðir,* Sverrir Guðjónsson. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
30. *Þórbergur Þórðarson: trúarviðhorf og deilur um kristindóminn,* Soffía Auður Birgisdóttir. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.
31. *Þýdd guðsorðarit á Íslandi á 17. öld,* Einar Sigurbjörnsson. Styrkurinn nemur 800 þús. kr.

32. *Kirkja og skóli á 20. öld,* Sigurður Pálsson. Styrkurinn nemur 700 þús. kr.
33. *Skoða þú verk Guðs,* Gyða Karlsdóttir. Styrkurinn nemur 700 þús. kr.
34. *Barnaútvarp – útvarp Latibær,* Halldór Reynisson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
35. *Gagnvirkt netkennsluforrit um kristni á Íslandi,* Sigurður Ingi Friðleifsson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
36. *gardur.is,* Þórsteinn Ragnarsson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
37. *Hljóðritun á þjóðlögum við Passíusálma Hallgríms Péturssonar,* Guðmundur Sigurðsson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
38. *Kristin trú og veruleiki fermingarbarna,* Guðrún Karlsdóttir. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
39. *Myndlist og tónlist í íslenskum handritum,* Hringur Hafsteinsson. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
40. *Sálmar í 1000 ár,* Edda Möller. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
41. *Skálholtsdiskar,* Helga Ingólfsdóttir. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
42. *Sköpunartexti og sköpunartrú.* Þóris Kr. Þórðarsonar fyrirlestrar veturinn 2003–2004, Kristinn Ólason. Styrkurinn nemur 600 þús. kr.
43. *Lífsviðhorf og gildismat unglinga,* Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar Finnbogason. Styrkurinn nemur 500 þús. kr.
44. *Saga kristinnar kirkju í máli og myndum á Netinu,* Skúli Thorarensen. Styrkurinn nemur 500 þús. kr.
45. *Félagsstarf á hjólum,* Ragnar Schram. Styrkurinn nemur 400 þús. kr.
46. *Fjölþjóðasamfélagið og trúarbrögð þess,* Ragnheiður Sverrisdóttir. Styrkurinn nemur 400 þús. kr.
47. *Kirkjumiðstöðin Reykholt,* Helgi Þorláksson. Styrkurinn nemur 400 þús. kr.

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði fornleifarannsókna

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði fornleifarannsókna, sem ákveðið var að styrkja árin 2001 og 2002, voru mun færri en á sviði menningar- og trúararfs, eða átta talsins bæði árin. Vel hefur þó tekist að veita styrki í anda laganna um Kristnihátíðarsjóð. Kveðið var á um að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal. Það er nú gert á öllum stöðum. Klaustur skyldu rannsökuð. Nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri og munkaklaustrið á Skriðu í Fljótsdal hafa hlotið styrk. Kirkjustaðir skyldu einnig rannsakaðir. Reykholt í Borgarfirði fékk framhaldsstyrk 2002 og árið 2001 rann styrkur til Laufáss í Eyjafirði. Tekið var tillit til byggðasjónarmiða. Loks lagði Alþingi til að aðrir mikilvægir sögustaðir skyldu rannsakaðir og varð hinn forni verslunarstaður á Gásum í Eyjafirði fyrir valinu.

Af þeim átta verkefnum, sem fengu úthlutað styrk árið 2002, fengu sjö verkefni einnig úthlutun árið 2001.Verkefnisstjórnin um fornleifarannsóknir hefur áhyggjur af því að ekki verði hægt að styrkja fleiri ný verkefni í framtíðinni. Stóðu vonir til að mótframlög mundu berast frá ýmsum aðilum en það hefur almennt ekki skilað sér.

Hingað til hafa allir íslenskir fornleifafræðingar sótt menntun sína til útlanda. Haustið 2002 hófst hins vegar í fyrsta sinn kennsla í fornleifafræði við heimspekideild Háskóla Íslands. Rúmlega 20 nemendur stunda þar nám, bæði á BA- og á MA-stigi. Það er von stjórnar Kristnihátíðarsjóðs að ungir vísindamenn muni fá þjálfun m.a. í þeim verkefnum sem nú þegar hafa hlotið brautargengi.

Fornleifafræðin er tiltölulega ung fræðigrein hér á landi en ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi hennar í tengslum við rannsóknir á sögu Íslands. Áhersla er nú lögð á fornleifarannsóknir sem tengjast flestar sögu kristni á Íslandi. Sagnfræðingar gera sér grein fyrir að við rannsóknir á miðöldum duga okkar glæstu ritheimildir ekki einar til. Fornleifar staðfesta og styrkja þá mynd sem mótast hefur af íslensku þjóðfélagi fyrr á öldum.

Framlag Alþingis til fornleifarannsókna á Íslandi er ótvíræð lyftistöng fyrir fornleifafræðina í landinu. Niðurstöður fornleifauppgraftanna munu örugglega opna nýja sýn á Íslandssöguna.

2001

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi átta verkefni á sviði fornleifarannsókna árið 2001. Konur eru verkefnisstjórar í fimm rannsóknum en karlar í þremur.

1. *Hólarannsókn. Fornleifa- og sagnfræðileg rannsókn á Hólum í Hjaltadal.* Markmiðið er m.a. að rannsaka húsagerð og skipulag staðarins á fyrri tíð og kanna efnahag biskupsstólsins, lífshætti íslenskrar yfirstéttar á mismunandi tímum og tengsl Hóla, höfuðstaðar Norðurlands, við aðra staði. Umsækjendur eru Hólaskóli, Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafn Íslands en verkefnisstjóri er Ragnheiður Traustadóttir. Fáar og takmarkaðar fornleifarannsóknir hafa farið fram á Hólum til þessa og hlaut þetta verkefni hæsta styrkinn, 11 millj. kr.
2. *Skálholt – höfuðstaður Íslands í 700 ár.* Grafnar verða upp leifar staðarhúsa í Skálholti, þ.m.t. skóla- og prenthús, útihús og öskuhaugar. Markmiðið er að afla gagna um sögu staðarins og kirkjustjórnar Skálholtsbiskupsdæmis. Umsækjendur eru Fornleifastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands en verkefnisstjóri er Mjöll Snæsdóttir. Styrkurinn nemur 9 millj. kr.
3. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ.* Grafnar verða upp rústir klaustursins í Kirkjubæ á Síðu í þeim tilgangi að fá fram heildstæða mynd af klaustrinu og klausturlifnaði. Klaustrið telst eitt hið áhugaverðasta hér á landi, þar var nunnuklaustur starfrækt í nær fjórar aldir. Umsækjandi er Kirkjubæjarstofa en verkefnisstjóri er Bjarni F. Einarsson. Styrkurinn nemur 7 millj. kr.
4. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna.* Rannsóknin felst í fornleifauppgrefti á rústum munkaklausturs sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal frá árinu 1493 til siðaskipta. Varpað verður ljósi á hvort Íslendingar hafi hagað klausturbyggingum og klausturlífi að öllu leyti samkvæmt erlendum reglum og fyrirmyndum eða hvort íslenskar aðstæður hafi leitt til umtalsverðrar aðlögunar. Markmiðið er að efla þekkingu á klausturhaldi og kristinni trúariðkun á Íslandi á miðöldum. Umsækjandi er félagið Skriðuklausturrannsóknir en verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 7 millj. kr.
5. *Þingvellir og þinghald til forna.* Markmiðið er að afla nýrra heimilda um sögu Þingvalla og þinghald til forna. Alþingisstaðurinn verður mældur upp og gert af honum stafrænt kort. Leitað verður að mannvistarleifum með fjarsjá. Þessi nýja nálgun leyfir könnun á minjum undir yfirborði jarðar án þess að til verulegs jarðrasks þurfi að koma. Þrátt fyrir mikilvægi Þingvalla í augum Íslendinga er enn margt á huldu um þingstaðinn sjálfan og þinghald til forna. Umsækjendur eru Fornleifastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands en verkefnisstjórar eru Adolf Friðriksson og Sigurður Líndal. Styrkurinn nemur 5 millj. kr.
6. *Þverfaglegar rannsóknir og kynning á Gásum í Eyjafirði.* Fornleifarannsókn, fornvistfræði-, sagnfræði- og náttúrufarsrannsókn á sögustaðnum Gásum í Eyjafirði. Markmiðið

er m.a. að rekja þróun kaupstaðarins. Gerð verður samanburðarrannsókn á Gásum og samtímaverslunarstöðum í viðskiptalöndum Íslendinga á miðöldum. Einnig verður svæði kirkju og kirkjugarðs grafið upp. Umsækjandi er Minjasafnið á Akureyri en fjölmargar stofnanir koma við sögu. Verkefnisstjóri er Guðrún M. Kristinsdóttir. Styrkurinn nemur 4,5 millj. kr.

7. *Laufás – staðurinn.* Verkefnið er byggingarsöguleg og þjóðháttarleg úttekt á kirkjustaðnum Laufási í Eyjafirði sem var lengi einn helsti kirkjustaður á Norðurlandi. Umsækjandi er Hið íslenska bókmenntafélag en verkefnisstjóri er Hörður Ágústsson. Styrkurinn nemur 2,5 millj. kr.
8. *Rannsókn kirkjunnar í Reykholti.* Framhald fornleifarannsóknar á kirkju og kirkjugarði í Reykholti í Borgarfirði. Til samanburðar verður kirkjugrunnur í Stafholti kannaður en þar var sóknarkirkja á sama tíma og í Reykholti. Þær voru báðar höfuðkirkjur, svonefndir staðir, og meðal þeirra merkustu á landinu. Umsækjandi er Þjóðminjasafn Íslands en verkefnisstjóri Guðrún Sveinbjarnardóttir. Styrkurinn nemur 2 millj. kr.

2002

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi átta verkefni á sviði fornleifarannsókna árið 2002. Af þeim átta verkefnum, sem fengu úthlutað styrk þetta ár, fengu sjö rannsóknir einnig úthlutun árið 2001. Sama kynjaskipting er í verkefnisstjórn fornleifarannsókna árið 2002 og 2001, eða fimm konur og þrír karlar.

1. *Hólarannsókn.* Ætlunin er að rannsaka húsagerð á fyrri tíð, kanna efnahag biskupsstólsins, lífshætti íslenskrar yfirstéttar á mismunandi tímum og tengsl Hóla, höfuðstaðar Norðurlands, við aðra staði. Sumarið 2001 komu fornleifafræðingar óvænt niður á rústir frá miðöldum, frá 11. og 12. öld en þeir höfðu talið að það mundi taka sig þrjú ár að komast svo djúpt. Þessar húsarústir verða rannsakaðar sumarið 2003 en nú þegar hafa um 4000 gripir komið í ljós. Umsækjendur eru: Hólaskóli, Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafn Íslands. Verkefnisstjóri er Ragnheiður Traustadóttir. Fáar og takmarkaðar rannsóknir hafa farið fram áður á Hólum og hlaut því þetta verkefni enn á ný hæsta styrkinn, 11 millj. kr.
2. *Skálholt – höfuðstaður Íslands í 700 ár.* Markmiðið er að grafa upp leifar staðarhúsa í Skálholti. Með því móti verður aflað gagna um sögu staðarins og kirkjustjórnar Skálholtsbiskupsdæmis og m.a. varpað ljósi á samskipti Íslands við umheiminn. Helsti árangur af starfseminni sumarið 2002 var að unnt var að staðfesta að þar sé að finna tiltölulega heillegar rústir, til að mynda leifar skóla, sjúkrastofu og bókakamers. Þetta er „góð náma" eins og Mjöll Snæsdóttir verkefnisstjóri orðaði það en rúmlega 7.000 gripir komu í ljós það sumar, langflestir frá 18. og 19. öld en á næstu árum verður grafið dýpra niður í fortíðina. Umsækjendur eru Fornleifastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Styrkurinn nemur 10 millj. kr.
3. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ.* Verið er að grafa upp rústir klaustursins í Kirkjubæ á Síðu. Rannsóknin sumarið 2002 staðfestir að klaustrið er fundið og að ástand gripa er betra en vonir stóðu til. Því gefur rannsóknin góð fyrirheit um að hægt verði að afla mikilla upplýsinga um daglegt líf í klaustrinu, gerð húsakynna og hugsanlega muninn á þeim og veraldlegum húsum. Fornleifarannsóknin hefur verið kvikmynduð frá fyrsta degi og er það nýmæli hér á landi. Umsækjandi er Kirkjubæjarstofa. Verkefnisstjóri er Bjarni F. Einarsson. Styrkurinn nemur 7 millj. kr.

4. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna.* Rannsóknin felst í fornleifauppgrefti á rústum munkaklausturs sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal frá árinu 1493 til siðaskipta. Höguðu Íslendingar klausturbyggingum og klausturlífi að öllu leyti samkvæmt erlendum reglum og fyrirmyndum eða leiddu íslenskar aðstæður til umtalsverðrar aðlögunar? Sumarið 2002 tókst að staðsetja rústir Skriðuklausturs með vissu og útlínurnar eru að skýrast. Rústirnar, gripir og bein hafa varðveist mjög vel og þegar er ljóst að klaustrið hefur verið aðskilið veraldlegu amstri á Skriðu. Það sem vakti mesta athygli í fjölmiðlum var fundur ritstíls eða griffils, þess þriðja sem finnst á Íslandi og er ótvírætt merki um bókagerð í klaustrinu. Árið 2003 verður rannsóknarsvæðið stækkað og grafið upp í heild sinni og allt kapp lagt á að komast að byggingarlagi klaustursins. Umsækjandi er félagið Skriðuklausturrannsóknir. Verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir. Styrkurinn nemur 7 millj. kr.
5. *Þingvellir og þinghald til forna.* Þrátt fyrir mikilvægi Þingvalla í augum Íslendinga er enn margt á huldu um þingstaðinn sjálfan og þinghald til forna. Árangur rannsóknanna sumarið 2002 er í stuttu máli sá að ljóst er að búðir eru mun fleiri en áður var talið. Sumarið 2003 verður lögð áhersla á uppgröft á mannvistarleifum á Biskupshólum og svæðið milli Þingvallakirkju og árbakka kannað enda ekki seinna vænna þar sem minjarnar eru víða að spillast af völdum náttúrunnar, einkum af völdum vatnsaga, t.d. á bökkum Öxarár. Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Adolf Friðriksson. Styrkurinn nemur 5 millj. kr.
6. *Þverfaglegar rannsóknir og kynning á Gásum í Eyjafirði.* Hér er ætlunin að rekja þróun kaupstaðarins. Gerð verður samanburðarrannsókn á Gásum og samtímaverslunarstöðum í viðskiptalöndum Íslendinga á miðöldum. Einnig verður svæði kirkju og kirkjugarðs grafið upp. Fornleifarannsóknirnar í sumar benda til þess að verslun hafi staðið lengur á Gásum en áður var ætlað. Af forngripafundum má ætla að á Gásum hafi verið stundað handverk – smíði úr góðmálmum og járnsmíði – og að brennisteinn hafi verið hreinsaður á staðnum til útflutnings. Hér er reyndar verið að athuga gerð miðaldaþorps á Íslandi - nýtt fyrirbæri í Íslandssögunni! Umsækjandi er Minjasafnið á Akureyri í samvinnu við Þjóðminjasafnið og margar aðrar rannsóknarstofnanir. Verkefnisstjóri er Guðrún M. Kristinsdóttir. Styrkurinn nemur 4,5 millj. kr.
7. *Rannsókn kirkjunnar í Reykholti.* Uppgröfturinn í Reykholti var í raun forkönnun en hefur gefið góða raun. Í sumar komu í ljós undirstöður tveggja kirkna frá 18. og 19. öld og a.m.k. 6 grafir. Skráðir fundir voru 51, m.a. lítill blýkross. Talið er mjög vænlegt að halda áfram uppgrefti á þessum forna kirkjustað. Umsækjandi er Þjóðminjasafn Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún Sveinbjarnardóttir. Styrkurinn nemur 4 millj. kr.
8. *Kuml og samfélag.* Rannsóknin felur í sér öflun gagna um staðsetningu þekktra kumla á Íslandi og rannsókn á áður óhreyfðum kumlum með grefti. Markmiðið er m.a. að greina vitnisburð kumla um samfélag og byggð á Íslandi á 9. og 10. öld. Ný vitneskja mun væntanlega koma í ljós um efnahagslegan og kynbundinn mismun á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Umsækjandi er Adolf Friðriksson og er hann jafnframt verkefnisstjóri. Styrkurinn nemur 2 millj. kr.

Töluleg samantekt

Fjöldi umsókna

	2001			2002		
	MT*	F**	alls	MT	F	alls
Fjöldi umsókna	139	29	168	115	17	132
Fjöldi verkefna sem fengu styrk	43	8	51	47	8	55

*Menningar- og trúararfur
**Fornleifarannsóknir

Styrkupphæðir

(í millj. kr.)

	2001			2002		
	MT	F	alls	MT	F	alls
Upphæðir sem sótt var um	490	200	690	270	162	432
Upphæðir sem úthlutað var	48	48	96	44	50	94

Verkefnisstjórn skipt eftir kyni

	2001		2002	
	MT	F	MT	F
karlar	24	3	26	3
konur	19	5	21	5
alls	43	8	47	8

Lokaorð

Tilkoma Kristnihátíðarsjóðs markaði tímamót í fræðslu og rannsóknum á menningar- og trúararfi þjóðarinnar sem og í fornleifarannsóknum. Lög og fjárveitingar til sjóðsins bera vott um stórhug og framsýni sem hvetur þá sem vinna á þessum sviðum til dáða og góðra verka sem munu miðla og gagnast í samtíð og framtíð. Stærstu styrkir sjóðsins eru með þeim hæstu sem úthlutað er á Íslandi til rannsókna- og fræðistarfa.

Verkefnissvið sjóðsins er vítt og spannar allt frá lífi íslenskra fornmanna til lífsleikni nútímamannsins sem þarf oft og tíðum að vera ærin en þó sennilega hvorki meiri né minni en lífsleikni fornmannsins. Það er e.t.v. alrangt, en lýsir um leið vissri þröngsýni nútímamannsins, að halda að lífinu sé vandlifaðra en áður, hver tími færir ný vandamál til að takast á við.

Úthlutun úr Kristnihátíðarsjóði 2001 og 2002 fór fram á fullveldisdaginn 1. desember. Stefnt er að úthlutunarathöfn í Þjóðmenningarhúsi þann dag á ári hverju meðan sjóðurinn starfar, með kynningu á niðurstöðum valinna verkefna í tímans rás. Árið 2002 voru nokkur þeirra verkefna, sem hæstu styrki hafa hlotið úr sjóðnum, kynnt á veggspjöldum við úthlutunarathöfnina í fyrsta skipti. Ljóst er að áhrifa sjóðsins er þegar farið að gæta verulega í framvindu verkefna eins og m.a. hefur komið fram í fjölmiðlum.

Stjórn sjóðsins þakkar öllum þeim sem koma að starfi sjóðsins samstarfið og Alþingi Íslendinga traustið.

414. Frumvarp til laga [340. mál]

um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjóntækjafræðingar fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis.

Ráðherra getur í reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum, sem uppfylla nánar tilgreind menntunarskilyrði, að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur fyrir nánar tilgreinda hópa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 5. gr. laga um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, er sjóntækjafræðingi „einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis". Á undanförnum árum hefur verið talsverð umræða um hvort veita beri sjóntækjafræðingum heimild til að mæla sjón. Sjóntækjafræðingar hafa lagt áherslu á að ná fram breytingum á fyrrgreindu ákvæði í því skyni að einkaréttur augnlækna til sjónmælinga verði afnuminn. Augnlæknar hafa hins vegar lagt áherslu á að ákvæði um tilvísun læknis verði óbreytt.

Í janúar 2002 fór heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þess formlega á leit við landlæknisembættið að það tæki til skoðunar starfssvið sjóntækjafræðinga í ljósi óska þeirra og krafna um breytingar og barst ráðuneytinu greinargerð landlæknis í september 2003. Það var álit landlæknisembættisins að tímabært væri að breyta lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, á þann hátt að sjóntækjafræðingar fái með vissum skilyrðum og takmörkunum að ávísa sjónhjálpartækjum (gleraugum og snertilinsum), enda verði sett nánari skilyrði í reglugerð um menntun sjóntækjafræðinga og takmörkun á heimildum sjóntækjafræðinga til sjónmælinga á nánar tilteknum hópum þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, svo sem barna, aldraðra og ákveðinna sjúklingahópa. Greinargerðin fylgir frumvarpinu til nánari skýringa á aðdraganda lagasetningar um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, og þess frumvarps sem nú er lagt fram.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á 5. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að 1. mgr. 5. gr. verði breytt, en þar segir nú: „Sjóntækjafræðingar annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ.e.a.s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra." Sem kunnugt er hafa stöðluð gleraugu verið til sölu í stórmörkuðum og víðar um árabil og mæla kaupendur þá sjálfir hvaða styrkleika þeir telja sig þurfa. Með sama hætti hafa augnlæknar sem sjónmæla fyrir snertilinsum einnig annast sölu þeirra. Í samræmi við þessa þróun er lagt til að 1. mgr. 5. gr. laganna verði breytt þannig að ljóst sé að aðrir en sjóntækjafræðingar megi annast almenna sölu fullunninna sjónhjálpartækja.

Hins vegar er lagt til að ráðherra geti í reglugerð heimilað þeim sjóntækjafræðingum sem hafa fullnægjandi menntun að annast sjónmælingar. Gert er ráð fyrir að við mat á menntunarkröfum verði höfð hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar til

þeirra sem heimild hafa til sjónmælinga. Þá er gert ráð fyrir að sett verði í reglugerð ákvæði um að heimild til sjónmælinga nái ekki til nánar tilgreindra hópa, svo sem barna undir nánar tilteknum aldri, aldraðra og hópa sem taldir eru í sérstakri áhættu. Við samningu reglugerðar verður haft samráð við landlækni, augnlækna og sjóntækjafræðinga.

Fylgiskjal I.

Landlæknisembættið:

Greinargerð um starfssvið sjóntækjafræðinga.

(September 2003.)

Inngangur.

Mikil umræða hefur farið fram um réttarstöðu sjóntækjafræðinga gagnvart ávísun á sjónhjálpartæki. Ólík sjónarmið hafa verið lögð fram. Augnlæknar hafa þar lagt áherslu á og barist gegn breytingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur og lýst er í lögum um sjóntækjafræðinga nr. 17/1984, en 5. gr. laganna hljóðar svo: „Sjóntækjafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ.e.a.s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra. Sjóntækjafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis."

Sjóntækjafræðingar hafa aftur á móti lagt áherslu á að ná fram breytingum, meðal annars á fyrrnefndum lögum, með það fyrir augum að einkaréttur augnlækna til sjónmælinga verði afnuminn og sjóntækjafræðingar öðlist þennan rétt líka.

Í janúar 2002 fór heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þess formlega fram á við landlækni að taka til skoðunar á nýjan leik starfssvið sjóntækjafræðinga í ljósi óska þeirra og krafna um breytingar. Undanfarin tvö ár hafa átt sér stað allmargir fundir hjá landlæknisembættinu, annars vegar milli þess og augnlækna og hins vegar sjóntækjafræðinga.

Sjónarmið sjóntækjafræðinga.

Í greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. er lýst aðdraganda að setningu laga um sjóntækjafræðinga nr. 17/1984. Frumvarp að þessum lögum var fyrst lagt fram árið 1976. Gerður var greinarmunur á gleraugnafræðingum og sjónfræðingum og ráð fyrir því gert að sjónfræðingar hefðu heimild til að framleiða og selja sjónhjálpartæki eftir eigin sjónlagsmælingu á sjúklingi með ákveðnum takmörkunum þó. Varðandi takmarkanirnar var vísað til reglna um störf sjóntækjafræðinga sem þá höfðu nýlega verið settar á hinum Norðurlöndunum. Frumvarpið var síðan endurflutt árið 1977 en það dagaði uppi. Nokkurt hlé varð síðan á tilraunum til að setja lög um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga. Nefnd sem sett var á laggirnar árið 1982 var meðal annars falið það verkefni að gera tillögur um skipulagningu sjónverndar í landinu með hliðsjón af gleraugnaverslun. Nefndin taldi brýna þörf til að setja reglur um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga. Árið 1983 mælti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra enn fyrir frumvarpi til laga um gleraugnafræðinga. Smávægilegar breytingar voru gerðar á frumvarpinu við meðferð Alþingis, meðal annars var heiti heilbrigðisstéttarinnar breytt úr gleraugnafræðingi í sjóntækjafræðing. Lögin voru síðan samþykkt og hafa verið óbreytt síðan.

Fram kemur að fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi breyttu Norðurlöndin reglum sínum um sjóntækjafræðinga og heimiluðum þeim að afgreiða sjónhjálpartæki eftir eigin mælingum. Dönsku lögin um sjóntækjafræðinga eru frá árinu 1994. Þau fjalla annars vegar um gleraugnafræðinga (optiker) og hins vegar um augnlinsufræðinga (kontaktlinseoptiker). Í sam-

ræmi við ákvæði laganna hefur danska heilbrigðisstjórnin (Sundhedsstyrelsen) sett reglugerð um starfsemi sjóntækjafræðinga. Í henni eru meðal annars eftirfarandi fyrirmæli: 1) Sjóntækjafræðingur skal alltaf vísa viðkomandi til læknis ef sjón einstaklings hefur versnað skyndilega, hann hefur takmarkanir á sjónsviði, er rangeygður, sér tvöfalt eða á við að stríða viðvarandi sjónerfiðleika. 2) Aldrei má afgreiða sjónhjálpartæki í fyrsta sinn til barna undir 10 ára aldri nema að undangenginni læknisskoðun. 3) Sjóntækjafræðingur skal ætíð fylgja fyrirmælum læknis um sjóntæki ef slík fyrirmæli eru fyrir hendi. Ef grunsemdir eru um mistök við fyrirmælin skal sjóntækjafræðingurinn hafa samband við lækninn. 4) Vakni hjá sjóntækjafræðingnum grunsemdir um að einstaklingur sé haldinn sjúkdómi eða sé í sjúkdómsástandi sem meðferð hans gæti haft áhrif á skal hann hætta meðferðinni og vísa viðkomandi til læknis.

Norska reglugerðin um sjóntækjafræðinga er frá 1988. Hún fjallar eins og sú danska annars vegar um gleraugnafræðinga (optiker) og hins vegar um augnlinsufræðinga (optiker med kontaktlinsekompetans). Samkvæmt reglugerðinni mega gleraugnafræðingar ekki án tilmæla frá lækni eða í samráði við lækni gera eftirfarandi: 1) Tilvísa sjónhjálpartækjum til einstaklinga sem talið er að þjáist af augnsjúkdómum með öðrum sjúkdómi sem skiptir máli fyrir sjónina. Ef grunur er um augnsjúkdóm eða annan sjúkdóm sem skiptir máli fyrir sjón skal vísa viðkomandi til læknis. 2) Afgreiða gleraugu til barns yngra en 8 ára nema viðkomandi barn hafi fyrst farið í augnskoðun til læknis. 3) Afgreiða eða ávísa á sjónhjálpartæki til einstaklinga sem eiga við mikla sjónskerðingu að stríða. 4) Meðhöndla sjúklegar truflanir á samsjón. 5) Nota rannsóknatæki sem falla utan ramma starfsemi sjóntækjafræðinga. Í Noregi mega gleraugnafræðingar ekki mæla fyrir linsum og afhenda þær nema þeir hafi leyfi til að starfa sem augnlinsufræðingar. Í norsku reglugerðinni kemur fram að einungis læknar og viðurkenndir augnlinsufræðingar mega mæla fyrir linsum. Augnlinsufræðingur má þó ekki án tilvísunar frá lækni eða í samráði við lækni: 1) Mæla fyrir linsum hjá einstaklingum sem virðast eiga við augnsjúkdóm að stríða eða einstaklingi sem stríðir við annan sjúkdóm sem áhrif getur haft á sjónina. Við grun um slíkan sjúkdóma skal vísa viðkomandi til læknis. 2) Afhenda linsur til einstaklings sem er yngri en 12 ára nema viðkomandi hafi fyrst farið í skoðun til læknis.

Socialstyrelsen í Svíþjóð gaf út tilmæli varðandi starfssvið gleraugnafræðinga (optiker arbetsuppgifter). Sama gildir þar og í Noregi og Danmörku að sérstakt leyfi þarf til þess að mæla fyrir snertilinsum. Í sænsku reglunum segir að gleraugnafræðingur (optiker) megi aðeins eftir tilvísun læknis mæla fyrir og afhenda sjónhjálpartæki fyrir börn undir 8 ára aldri. Einnig gildir þetta ef um er að ræða að meðhöndla eða leiðrétta sjúklegar breytingar í auganu eða starfsemi þess svo sem samsjón, stöðu augans og hreyfingu eða augnbreytingar sem hafa orðið af slysum. Einnig lestrar- og skriftarerfiðleika (dyslexi). Í sænsku reglunum segir að það sé verksvið gleraugnafræðingsins að rannsaka og síðan eftir þörfum að afhenda leiðréttandi sjónhjálpartæki eða gefa vottorð ásamt því að vísa sjúklingum þar sem grunur er um sjúklegar breytingar í augum til læknis eða augnmóttöku. Aðgerðir gleraugnafræðingsins varðandi neurologisk vandamál eins og les- eða skriftarerfiðleika (dyslexi) og vissar gerðar af skjálg er gert samkvæmt leiðbeiningu læknis. Einnig er tekið fram að það liggi í augum uppi að rannsóknir gleraugnafræðingsins séu takmarkaðar við það sem þarf til þess að afhenda sjónhjálpartæki eða að fylla út vottorð. Rannsóknin má því ekki vera meira að umfangi en markmiðið gefur tilefni til. Það sama gildir um rannsóknaraðferðina og ekki má nota lyf við rannsóknina, hvorki til að víkka ljósopið eða í nokkrum öðrum tilgangi. Almenn ráð eru þau að sjóntækjafræðingur eigi samvinnu við lækni eða göngudeild þangað sem hann geti vísað sjúklingum sem að hann gruni um að vera haldnir sjúkdómum.

Bent hefur verið á að bæði fyrir og eftir gildistöku laganna um sjóntækjafræðinga frá 1984 hafa þeir mælt fyrir og afgreitt linsur.

Sjóntækjafræðingar telja að núgildandi lög takmarki starfsemi þeirra mun meira en lög og reglur nágrannalandanna gera. Benda þeir á að flestir þeirra hafi aflað sér menntunar sem meðal annars nái til mælinga fyrir sjónhjálpartækjum. Þeir telja því lögin vera takmarkandi fyrir því að þeir fái að fulli notið menntunar sinnar í störfum sínum hér á landi.

Sjóntækjafræðingar halda því fram að þeir hafi frá upphafi viljað hafa miklar takmarkanir á heimildum sínum til sjónlagsmælinga til að tryggja besta þjónustu fyrir sjúklingana. Að þeirra tillögu voru fyrirhugaðar takmarkanir frumvarpanna frá árunum 1976 og 1977 á starfsemi sjóntækjafræðing mun meiri en á starfsemi starfsbræðra þeirra og starfssystra og Norðurlöndunum. Ekkert hefur komið fram annað en að sjóntækjafræðingar séu enn sama sinnis, þ.e. vilji fá heimild með lögum til sjónlagsmælinga, með takmörkunum, sambærilegum þeim sem tillögur voru gerðar um fyrir aldarfjórðungi síðan, að teknu tilliti til þróunar mála í nágrannalöndunum frá þeim tíma og reynslu af störfum sjóntækjafræðinga þar. Þeir hafa því lagt til breytingar á þeirri löggjöf sem gildir á starfssviði þeirra þannig að þeim verði í framtíðinni heimilt að annast sjónlagsmælingar með ákveðnum takmörkunum. Ýmis fleiri rök hafa sjóntækjafræðingar og samtök þeirra lagt fram í umræðunni. Þeir hafa haldið því fram að Ísland sé eina landið í Evrópu sem enn hefur lög með ákvæði sem bannar sjóntækjafræðingum að nota þá menntun sem þeir hafi aflað sér, þ.e. að mæla fyrir sjónhjálpartæki. Þeir halda því fram að flestir starfandi sjóntækjafræðingar á Íslandi hafi að baki nám í sjónlagsmælingum. Í því sambandi benda þeir á að efnt hafi verið til náms hér á landi á árunum 1995 til 1997 til að tryggja að þeir félagsmenn sem á þeim tíma höfðu ekki lokið námi á þessu sviði, öfluðu sér þess. Kennslu önnuðust kennarar frá norska sjóntækjafræðingaskólanum. Náminu lauk með skriflegum og verklegum prófum sem veittu starfsréttindi til sjónmælinga í þeim löndum sem sjóntækjafræðingar mega lögum samkvæmt annast sjónlagsmælingar.

Sjóntækjafræðingar benda einnig á þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Stöðluð lesgleraugu sé hægt að kaupa á flestum bensínstöðum og stórmörkuðum. Að baki kaupum á slíkum sjónhjálpartækjum búa engar sjónlagsmælingar af hálfu augnlækna. Einstaklingurinn sjálfur annast sjónlagsmælinguna og kaupir gleraugu sem hann telur passa. Íslenskir sjóntækjafræðingar hafa allir stundað nám í fagi sínu erlendis, enda hefur ekki verið unnt að læra fagið hér á landi. Flestir hafa lært á Norðurlöndunum en nokkrir í Þýskalandi og í Bandaríkjunum. Hópi sjóntækjafræðinga má skipta í tvennt, þeir sem lærðu strax sjóntækjafræði með sjónmælingum og síðan hina.

Sjóntækjafræðingar telja að námið sem boðið er upp á í norska skólanum í Kongsberg sé dæmigert fyrir nám sjóntækjafræðinga. Það tekur þrjú ár eftir stúdentspróf.

Eins og fyrr segir var haldið námskeið fyrir sjóntækjafræðinga sem ekki höfðu lært sjónmælingar á árunum 1995 til 1996. Átti námskeiðið að tryggja að þeir hefðu eftir það þá þekkingu í sjónmælingu sem gerð er í nágrannalöndunum til sjóntækjafræðinga vegna sjónmælinga. Námskeiðið var haldið af norska sjóntækjafræðingaráðinu og fullnægði með þeim skilyrðum sem norsk heilbrigðisyfirvöld settu á sínum tíma til að eldri sjóntækjafræðingar mættu sjónmæla. Alls voru þetta 240 kennslustundir. Námskeiðinu lauk með skriflegu og verklegu prófi. Eftir námskeiðið segja sjóntækjafræðingar að eingöngu örfáir starfandi slíkir hafi ekki lært sjónmælingar.

Sjóntækjafræðingar telja það fráleitt að sjónmælingar í þeirra höndum, með ákveðnum takmörkunum, stefni augnheilsu landsmanna í voða enda telja þeir engin gögn hafa verið lögð fram um það. Þeir segja að önnur lönd hafi um árabil leyft sjóntækjafræðingum að sjón-

mæla, með takmörkunum og þeir telja því óviðunandi að sömu reglur skuli ekki gilda í þessu sambandi hér landi.

Sjóntækjafræðingar hafa lagt fram upplýsingar um nám í sjóntækjafræði við ýmsar erlendar stofnanir. Háskólinn (högskolan) í Kalmar býður upp á þriggja ára nám á þessu sviði. Verklega náminu þar lýkur með prófi í sjónmælingum (fullständiga syn undersökningar). Á síðasta ári fer fram sérstakt námskeið sem gefur þann viðbótarrétt að ávísa á snertilinsur. Náminu lýkur með tíu vikna prófvinnu. Háskólinn í Ulster býður upp á þriggja ára nám í „optometri". Í upplýsingum um námið kemur fram að ábyrgð optometrista innifeli forvarnir gegn sjónvandamálum, greiningu og meðferð sjónskerðingar og ávísun sjónhjálpartækja. Þar er gert ráð fyrir að optometristar veiti grunnþjónustu varðandi sjónvandamál og vísi fólki til frekari þjónustu innan heilbrigðiskerfisins eftir þörfum. Eftir námið tekur við eins árs vinna, annað hvort hjá einkaaðila eða inni á sjúkrahúsi áður en fullum réttindum er náð.

Sjóntækjafræðingar hafa bent á það að þeir vilji samræma störf sín og þjónustu við almenning á Íslandi til jafns á við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Hafa þeir einkum vísað til Noregs í þessu skyni. Þeir hafa bent á stuðning Nordisk Optikerråd (NOR) varðandi breytingar á fyrirkomulagi þessara mála á Íslandi. Þeir hafa lýst yfir einlægum vilja til að standa saman að því ásamt öðrum heilbrigðisstéttum að bæta sjónheilsu landsmanna. Þeir segja gott samstarf milli þessara aðila tryggja sem best hag þeirra er til þeirra leiti. Félag íslenskra sjóntækjafræðinga hefur lýst því yfir að það sé tilbúið að leggja fram tillögu um setningu um faglega viðmiðun um ávísun á sjónhjálpartæki og segja þá viðmiðun muni taka mið af þeim breytingum sem eðlilega muni verða á starfsemi sjóntækjafræðinga í framtíðinni. Hafa þeir sagst myndu styðjast við þær viðmiðanir sem nú eru í gildi í Noregi.

Nordisk Optikerråd styður kröfur íslenskra sjóntækjafræðinga að fá að framkvæma sjónpróf. Í bréfi ráðsins frá 22.5.2003 segir að ráðið hafi skipulagt námskeið fyrir sjóntækjafræðinga á Íslandi. Þeir íslensku sjóntækjafræðingar sem sóttu þetta námskeið hafa síðan sótt um og fengið viðurkenningu í Noregi sem ráðið segi að þýði að viðkomandi geti unnið á Norðurlöndunum sem optikerar. NOR bendir á breytinguna sem gerð var í Noregi varðandi það að gera sjóntækjafræðinga að heilbrigðisstétt þar en það var gert árið 1988. Síðan segir að engar kærur hafi borist varðandi þá sem tóku námskeið til að afla sér réttinda (overgangsutdanningen). Enginn norskur sjóntækjafræðingur hefur misst leyfi sitt frá árinu 1988 og telur NOR að það sýni að öryggi sjúklinga sé í fyrirrúmi. Í Noregi taki sjóntækjafræðingar ca. 85% af öllum sjónmælingum. Samstarf við annað heilbrigðisstarfsfólk og þ.m.t. augnlækna virki vel að sögn NOR. Ca. 4% þeirra sem leita til sjóntækjafræðinga í sjónmælinga sé vísað til læknis. Rannsóknir hafa sýnt að sjóntækjafræðingar vísi sjúklingum sínum með sama öryggi og heimilislæknar. NOR bendir á að í Evrópu sé það aðeins í Grikklandi, auk Íslands sem sjóntækjafræðingum (optikere) sé bannað að stunda sjónmælingar.

Sjónarmið augnlækna.

Augnlæknar segja að glákublinda hafi verið algengari á Íslandi en annars staðar í Evrópu fyrir 30–40 árum. Þá hafi ástæða þess talin vera sú að meira væri um gláku og hún illvígari á Íslandi en annars staðar. Niðurstöður nýrra rannsókna hafi hins vegar sýnt að algengi gláku sé svipuð og í ýmsum nágrannalöndum. Nýrri rannsóknir hafi hins vegar sýnt að blinda af völdum gláku sé nú sjaldgæfari á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum. Bent er á rannsókn bandarískra augnlæknafélagsins á áhættuþáttum gláku. Ein niðurstaða var sú að þeir sem voru 50 ára og aldri og mættu á tveggja ára fresti til augnlæknis höfðu ekki marktækt aukna áhættu á glákuskemmdum miðað við þá sem komu árlega. Ef tvö til fimm ár liðu milli heimsókna til augnlæknis var kominn áhættuþáttur sambærilegur við það að eiga foreldra með

gláku og ef meira en fimm ár liðu milli heimsókna til augnlæknis voru afleiðingar þess meiri en eiga systkini og foreldra með hægfara gláku. Benda þeir á að í augnrannsókn sem framkvæmd hafi verið í Reykjavík hafi komið fram að 85% aðspurðra höfðu heimsótt augnlækni einu sinni eða oftar á síðustu fjórum árum. Þetta telja þeir veigamikla ástæðu þess að sjónskerðing og blinda sé sjaldgæfari hér af völdum gláku en hjá nágrannaþjóðunum.

Augnlæknar telja tvær meginástæður vera fyrir því að fólk með glákuáhættu sæki mikið til augnlækna á Íslandi. Önnur sé sú að fólk á Íslandi sé meðvitaðra um gláku í ætt en það eigi við í öðrum löndum. Hitt sé að augnlæknar mæli fyrir gleraugum og að nauðsynlegt sé að hitta augnlækna á nokkurra ára fresti vegna þessa.

Greining gláku segja augnlæknar vera flókna. Til greiningar er annars vegar mat á sjóntaugarósi í gegnum smásjá en hins vegar sjónsviðsmælingar, þá oft með tölvustýrðum tækjum.

Varðandi það hvernig sjónlagsmælingum sé háttað í Evrópu telja augnlæknar að stórt hlutfall þessara mælinga sé gert af augnlæknum. Þó hafi sjóntækjafræðingar verið í sókn að gera þessar mælingar. Augnlæknar segja að í flestum Evrópulöndum sé tvær eða fleiri gerðir af sjóntækjafræðingum og það eru aðeins þeir með mestu menntunina sem hafa leyfi og réttindi til að gera sjónlagsmælingar.

Augnlæknar telja að núverandi kerfi sé gott og því eigi að viðhalda á Íslandi. Breytingar væru til hins verra. Þeir telja augnheilsu landsmanna vera með því besta sem gerist í heiminum og þakka það meðal annars því að sjónmælingar hafi alfarið verið í höndum augnlækna. Það að horfið hafi verið til öðruvísi fyrirkomulags erlendis en hér skýrist af því að ekki sé nóg af læknum þar til að sinna þessum þætti heilbrigðisþjónustu. Augnlæknar telja að við núverandi kerfi séu viðskiptalegir söluhagsmunir sjóntækjafræðinga aðskildir frá faglegri ráðgjöf en svo yrði ekki í breyttu kerfi. Einnig telja þeir að breytt kerfi mundi leiða af sér verri þjónustu við landsbyggðina þar sem almenn þjónusta og sjónlagsmælingar séu grundvöllur svokallaðra augnlækningaferða.

Í marshefti Læknablaðsins árið 2003 er grein Árna B. Stefánssonar augnlæknis um sjónmælingar sjóntækjafræðinga. Í greininni segir læknirinn að með nokkrum sanni megi halda fram að það sér sanngirnisatriði að sjóntækjafræðingar fái rétt til sjónmælinga hér, þann sama og þeir hafa viðurkenndan á hinum Norðurlöndunum. Hann telur þó ýmis rök mæla gegn þessu, bæði læknisfræðileg og viðskiptaleg. Í greininni ræðir læknirinn um sjónfræðinga (optometrista) og sjóntækjafræðinga. Segir þá víða hafa réttindi til að stunda sjón-/sjónlagsmælingar. Vitnað er í orð Guðmundar heitins Björnssonar prófessors en hann var einn nefndarmanna sem sömdu frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga sem síðan var samþykkt sem lög árið 1985: „... þar sem gleraugnafræðingar hafa enga læknisfræðilega menntun til að greina alvarlega einkennalausa sjúkdóma, sem valdið geta varanlegri sjónskerðingu eða blindu séu þeir ekki greindir í tæka tíð. Það er samdóma álit nefndarmanna að sjónfræðin sé læknisfræðilegs eðlis, þannig að öðrum en læknum geti ekki verið falið að prófa sjón manna eða taka ákvörðun um styrkleika sjónglerja“. Greinarhöfundur telur rök nefndarinnar enn vera góð og gild. Segir tíðni glákublindu hérlendis vera með því minnsta sem þekkist. Einnig getur greinarhöfundur um fátíðni blindu vegna sykursýki vera rök gegn breytingum á núverandi fyrirkomulagi. Fleiri sjúkdóma telur læknirinn til sem meiri líkur eru á að augnlæknar „spori upp“ en sjóntækjafræðingar, þ.á m. heilaæxli sem valdi sértæku sjónsviðstapi. Greinarhöfundur spyr hvað gerast mundi ef sjóntækjafræðingar fái réttindi til sjónmælinga. Telur hann við það myndi ýmislegt breytast. Skilvirkni augnlækninga megi undir engum kringumstæðum minnka en til þess að afstýra því telur augnlæknirinn að gera verði augnlæknum kleift að keppa við sjóntækjafræðinga á þeirra eigin forsendum, samkeppnis- og

viðskiptaforsendum. Greinarhöfundur segir hvergi vera skilið á milli linsumátunar, eftirlits og afgreiðslu á linsum. Sami aðili verði að sjá um það allt ef vel eigi að vera. Sérþekkingu þurfi til að máta snertilinsur. Geti þar ýmist verið sérmenntaður sjóntækjafræðingur, sérmenntaður sjónfræðingur (optometristi) eða augnlæknir með snertilinsur sem undirsérsvið. Upplýst er að vissir sjóntækjafræðingar hafi stundað snertilinsumátun. Greinarhöfundur telur að einfaldar sjónmælingar tengdar snertilinsumátun sjóntækjafræðinga eftir forskoðun eða forskrift augnlæknis réttlæti á engan hátt að þeir hefji almennt sjónlagsmælingar. Greinarhöfundur telur að ógerlegt verði að semja viðhlítandi reglur um starfsemi sjóntækjafræðinga án þess að skilvirkni augnlækninga fari forgörðum. Læknisfræðilegar forsendur sem hann segir liggja til grundvallar núgildandi fyrirkomulagi verði styrkari með hverju árinu og vaxandi kröfur er um það í viðskiptaheiminum að skilja skýrt milli hagsmuna.

Í ritstjórnargrein Læknablaðsins í mars 2003 er rætt um lýðheilsu og blinduvarnir. Í greininni er rætt um optometrista (sjónmælingamenn) og sjóntækjafræðinga. Segir að bandarískir optometristar hafi að baki 8 ára háskólanám. Þeir stundi gleraugnamælingar og snertilinsumátun í gleraugnabúðum í Bandaríkjunum. Sjóntækjafræðingar í Bandaríkjunum sjái aftur á móti eingöngu um smíði gleraugna á svipaðan hátt og sjóntækjafræðingar á Íslandi. Bretar eru sagðir með svipað skipulag og Bandaríkjamenn þar sem optometristar sem skoði sjúklinga séu með verulegt háskólanám en aðrir sjóntækjafræðingar stundi einungis gleraugnasmíð. Í greininni segir að menntunarstaðall optometrista sé misjafn eftir löndum og að sum lönd geri minni menntunarkröfur en Bretar og Bandaríkjamenn. Í greininni segir að sú hafi verið tíð að blinda vegna gláku var algengari á Íslandi en í nokkru öðru Evrópulandi. Vitnað er til greinar um þetta atriði í erlendu læknatímariti frá árinu 1955. Greinarhöfundar telja að stórkostlegur árangur hafi náðst í blinduvörnum á Íslandi á liðinni öld. Nú séu um 5.000 Íslendingar með gláku, hafi aldrei verið fleiri. Aftur á móti séu einungis 50 þeirra blindir og hafi þeir aldrei verið færri. Glákumeðferð telja greinarhöfundar svipaða hér á Íslandi og í öðrum löndum. Eina leiðin til að finna gláku á upphafs stigum sé með augnskoðun. Flestir hafi þurft að fara í slíka skoðun í tengslum við gleraugnamælingu eftir miðjan aldur. Einnig nefna greinarhöfundar að á Íslandi sé mikla lægra hlutfall sykursjúkra blindir en í nágrannalöndunum. Leit að augnsjúkdómum í börnum með 3½ árs skoðun hafi borið góðan árangur í baráttu gegn letiaugum. Greinarhöfundar telja að varðandi kröfur til breytinga komi til álita ýmis sjónarmið sem þeir telja stangast að nokkru leyti á. Um er að ræða sjónarmið lýðheilsu (blinduvarnir), menntunarkröfur, meðal annars í alþjóðlegu samhengi, viðskipta- og atvinnufrelsi. Telja að breytingar og sérstaklega breytingar sem lækka menntunarstig þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem að augnheilsu standa muni draga úr þeim árangri sem fyrir er í blinduvörnum á Íslandi. Þeir telja þó skipta mála hvaða gæða- og menntunarstaðall verði settur. Vitna í kröfur sem gerðar eru áður en optometrista-réttindi eru veitt í BNA og Bretlandi. Segja íslenska sjóntækjafræðinga hafa mjög mismunandi menntun. Sumir þeirra fengið réttindi án nokkrar formlegrar menntunar. Lokaorð greinarhöfundar er að málið snúist um viðskiptafrelsi gleraugnasala annars vegar og gæðakröfur heilbrigðisþjónustu og blinduvarnir hins vegar.

Í skýrslu Einars Stefánssonar, prófessors í augnlæknisfræði, sem hann nefnir „Menntunarkröfur optometrista og sjóntækjafræðinga í ýmsum löndum“, segir að sjóntækjafræðingar og optometristar séu tvær starfsstéttir með mismunandi menntunarkröfur. Sjóntækjafræðingar (optikerar, opticians) sjá yfirleitt um gleraugnasmíð, en optometristar hafi leyfi til sjónmælinga. Menntunarkröfur optometrista séu meiri en sjóntækjafræðinga. Nær alls staðar er krafist háskólanáms til optometriuréttinda. Í BNA 4 ára, í Bretlandi 5 ára, í Svíþjóð 3 ára. Í

Þýskalandi er krafist 4 ára náms í háskóla (Fachhochschule). Eftir 3 ára nám sjóntækjafræðings og svipað í Sviss þar sem heildarnámið sé 8 ár.

Prófessorinn telur að verði optometria viðurkennd starfsstétt á Íslandi yrði skynsamlegt að taka mið af menntunarkröfum þeim sem settar eru í nágrannalöndunum. Hann telur BNA og Bretland standa fremst hvað þetta varðar en í flestum löndum sé krafist a.m.k. 3 ára háskólanáms.

Í Bretlandi er greint á milli optometrista og sjóntækjafræðinga (Dispensing Opticians). Segir að einstaklingur með menntun DO gefi ráð um mátun og gerð gleraugna. Mátun á snertilinsum geti verið hluti af starfssviði ef viðkomandi sjóntækjafræðingur hafi fengið til þess ákveðna tilsögn. Sjónmælingar eru ekki starfssvið þessara einstaklinga. Í BNA sé einnig greint á milli optometrista og optíkera. Skýr greinarmunur er gerður á optíker og optometrista í BNA. Nám optíkera þar er nokkuð mismunandi og getur varað frá nokkrum mánuðum upp í 1 ár. Nám optometrista sé aftur á móti 4 ára háskólanám.

Nám sjóntækjafræðing (legitimerad optiker) í Svíþjóð er 3 ár. Leyfi til að starfa sem optiker er gefið út eftir að viðkomandi hefur lokið sænsku optikerprófi. Einstaklingar með erlent nám að baki geta látið meta námið af sérfræðingum. Í sumum tilfellum þurfi viðbótarnám til þess að réttindi til þess að kalla sig optiker nægi í Svíþjóð. Erlent nám sem ekki er á háskólastigi gefur ekki réttindi til starfa sem optiker þar. Stjórnvöld gefa út sérstakt leyfa til að vinna með snertilinsur eftir að optiker með starfsleyfi hefur lokið viðurkenndu námi í meðferð snertilinsa. Starfssvið optikera í Svíþjóð sé eftirfarandi: 1) Að mæla sjón, ráðgjöf og eftir þörf gefa optisk sjónhjálpartæki. 2) Gefa út optisk eða önnur sjónhjálpartæki eftir forskrift lækna. 3) Vísa sjúklingum með grunaða augnsjúkdóma/skaða eða truflun á starfsemi augna, til lækna. 4) Gefa út vottorð um sjón. 5) Vissir optikerar sem starfa við sjúkrahús mega undir handleiðslu lækna meðhöndla augnbreytingar, skaða. Optiker má ekki nota tæki sem koma við augað, nema það sem þarf til prófa út snertilinsur ef um snertilinsuoptiker er að ræða. 6) Sjónhjálpartæki má ekki gefa til barna yngri en 8 ára nema eftir forskrift eða undir handleiðslu læknis. 7) Gefa út optisk sjónhjálpartæki (s.s. gleraugu) til að meðhöndla eða leiðrétta grunaðar sjúklegar breytingar í augum eða starfssemi þeirra þar á meðal í samsjón, augnstellingum, hreyfanleika augna eða breytingar eftir áverka eða lesblindu, nema eftir forskrift eða undir handleiðslu læknis. 8) Sé grunur um augnsjúkdóm á að vísa sjúklingi til augnlæknis. 9) Optiker í Svíþjóð má ekki gera rannsóknir eins og þrýstingsmælingar, sjónsvið, litaskyn eða skoða augnbotn. 10) Optiker má ekki gera meðferðaráætlun eða greiningu á augnheilsu sem byggist á fyrrnefndum rannsóknum. 11) Optiker má ekki annast meðferð sjúklinga með sjúklegar truflanir sem orsakast af latent eða manifest skjálga eða öðrum truflunum á stöðu og hreyfingum augna, nema undir handleiðslu lækna.

Samantekt.

Ef skoðuð eru rök með og móti því að breytt verði því fyrirkomulagi sem ríkt hefur varðandi rétt til sjónmælinga á Íslandi koma eftirfarandi atriði til skoðunar:

- Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984, segir að sjóntækjafræðingi sé einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.
- Íslenskir sjóntækjafræðingar hafa í mörg ár barist fyrir breytingu á gildandi lögum um sjóntækjafræðinga á þann hátt að þeir fái rétt til sjónmælinga með takmörkunum.
- Margir, sennilega flestir, starfandi íslenskir sjóntækjafræðingar hafa menntun sem nægði til þess að þeir fengju leyfi til sjónmælinga á hinum Norðurlöndum.
- Á árunum 1995–1996 var haldið námskeið hér á landi fyrir sjóntækjafræðinga, þeirra

sem ekki höfðu lært sjónmælingar. Námskeiðið var skipulagt af norska sjóntækjafræðingaráðinu og hefur verið sýnt fram á að þátttaka í því fullnægi þeim skilyrðum sem norsk heilbrigðisyfirvöld settu á sínum tíma til að eldri sjóntækjafræðingar mættu sjónmæla. Þetta námskeið var 240 kennslustundir. Verklegar æfingar stóðu yfir allt námskeiðstímabilið og námskeiðinu lauk með skriflegu og verklegu prófi. Eftir námskeiðið er talið að fáir starfandi sjóntækjafræðingar á Íslandi hafi ekki lært sjónmælingar.

- Vissir sjóntækjafræðingar á Íslandi hafa í mörg ár mælt fyrir snertilinsum og er því haldið fram að það hafi þeir gert óáreittir með þegjandi samþykki yfirvalda. Um þessa starfsemi hafa augnlæknar vitað og ekki gert athugasemd við.
- Það er einnig vitað að sjóntækjafræðingar á Íslandi hafa mælt fyrir gleraugum þótt lög standi til annars. Í febrúar 2003 auglýsti Félag íslenskra sjóntækjafræðinga sjónmælingar og halda því fram að þeir hafi með því viljað vekja athygli á því að lögin nr. 17/1984 væru löngu orðin úrelt og þau margbrotin.
- Nokkuð er um að kvartanir berist til landlæknisembættisins um að mælingar fyrir gleraugum hafi ekki verið réttar og hafa þessar kvartanir fyrst og fremst beinst að augnlæknum.
- Á Íslandi hefur í allmörg ár hafa verið seld stöðluð lesgleraugu, meðal annars á bensínstöðvum. Sjóntækjafræðingar hafa bent á að í slíkum tilvikum sé um að ræða val á gleraugum eftir eigin sjónmælingar „sjúklinga".
- Sjóntækjafræði er ekki kennd á Íslandi, þannig að nánast allir íslenskir sjóntækjafræðingar hafa lært grein sína erlendis. Í námi sínu hafa þeir ýmist lært sérstaklega sjónmælingar eða ekki.
- Á hinum Norðurlöndunum mega sjóntækjafræðingar mæla sjón og afhenda sjónhjálpartæki, þó með vissum takmörkunum.
- Augnlæknar benda á að í sambandi við blinduvarnir sé gott ástand meðal þjóðarinnar. Vilja þeir þakka það núverandi kerfi í augnheilsumálum.
- Augnlæknar telja að viðskiptalegir hagsmunaárekstrar verði ef sjóntækjafræðingar fái rétt til að mæla fyrir gleraugum og sjónhjálpartækjum.

Álit.

Það er álit landlæknisembættisins að tímabært sé að breyta lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, á þann hátt að sjóntækjafræðingar fái með vissum skilyrðum/takmörkunum að ávísa sjónhjálpartækjum (gleraugu og snertilinsur). Stefna beri að því að allir sjóntækjafræðingar hafi þekkingu og hafi leyfi til sjónmælinga. Meðan svo er ekki þykir rétt að mæla með að sjóntækjafræðingum verði skipt í þrjá hópa samkvæmt mati félags þeirra og landlæknis:

1. Sjóntækjafræðingar sem ekki hafa menntun er fullnægir kröfum til þess að ávísa sjónhjálpartæki.
2. Sjóntækjafræðingar sem hafa menntun sem fullnægir kröfum um sjónmælingar og ávísun á gleraugu.
3. Sjóntækjafræðingar sem uppfylla auk skilyrða um menntun til ávísunar gleraugna, menntun til ávísunar snertilinsa.

Í 10. gr. laga nr. 17/1984 segir að ráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Lagt er til að í slíkri reglugerð sé kveðið á um fyrrgreinda skiptingu sjóntækjafræðinga í hópa (sbr. optiker, optometristi, optometristi með menntun varðandi snertilinsur). Nánari skilgreining á menntunarkröfum verði unnin í samráði við Félag sjóntækjafræðinga og taki mið af menntun sjóntækjafræðinga (optikera og optometrista) á Norður-

löndum, einkum Svíþjóð, og höfð verði hliðsjón af menntunarkröfum sem gerðar eru í Bretlandi og Bandaríkjunum. Sjóntækjafræðingur hafi þá fyrst leyfi til ávísunar á sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að hann hafi fengið til þess leyfi frá heilbrigðisráðherra eftir umsögn landlæknis og Félags íslenskra sjóntækjafræðinga.

Eðlilegt er að takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga (þeirra sem til þess fá leyfi) verði sem líkastar þeim sem nú gilda á hinum Norðurlöndunum. Í reglugerðinni yrðu því ákvæði sem takmörkuðu umfang sjónmælinga hjá sjóntækjafræðingum. Slíkar takmarkanir yrðu mjög hliðstæðar því og lagt var fram í frumvarpi til laga frá 1976 og yrðu svohljóðandi: „Sjóntækjafræðingar (úr hópi 2 og 3 að ofan, optometriskar og optometristar með menntun varðandi snertilinsur) mega ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki án fyrirsagnar augnlæknis til eftirfarandi einstaklinga:

1. Barna undir 12 ára aldri.
2. Fólks sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón.
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða aðra kvilla sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki.
4. Sjúklinga sem eiga nána ættingja með gláku.
5. Fólks sem náð hefur 55 ára aldri.
6. Fólks sem ekki hefði betri sjónskerpu en 6/12.
7. Hafi sjón versnað skyndilega, séu takmarkanir á sjónsviði, sé einstaklingur rangeygður eða hafi tvísýni."

Þannig væri í reglugerð ákveðið að umfang sjónmælinga sjóntækjafræðinga verði takmarkað, t.d. við aldur eða sérstaka sjúkdóma.

Helstu gögn/heimildir:

1. Lög um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.
2. Bréf Friðberts Jónassonar yfirlæknis/prófessors til landlæknisembættisins, dags. 12.6.2001.
3. Bréf landlæknisembættisins til Félags íslenskra sjóntækjafræðinga, dags. 10.9.2001.
4. Greinargerð Augnlæknafélags Íslands varðandi sjónmælingar. ... Elínborg Guðmundsdóttir formaður Augnlæknafélags Íslands. Október 2001.
5. Bréf formanns Félags íslenskra sjóntækjafræðinga til landlæknisembættisins, dags. 22.10.2001. Með bréfinu fylgir greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. Efni: Sjóntækjafræðingar og ávísun sjónhjálpartækja.
6. Bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til landlæknisembættisins, dags. 24.1.2002.
7. Bréf landlæknisembættisins til gleraugnaverslunarinnar Optical Studio, dags. 28.1.2002.
8. Bréf Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 8.3.2002.
9. Greinargerð Daggar Pálsdóttur hrl. (október 2001, sbr. nr. 5), send landlæknisembættinu 11.3.2002.
10. Bréf Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 25.6.2002. Ýmis fylgiskjöl, meðal annars upplýsingar um nám/námskröfur varðandi sjóntækjafræðinga í ýmsum löndum.
11. Bréf Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 30.8.2002.
12. Bréf Árna B. Stefánssonar augnlæknis til landlæknisembættisins, dags. 6.12.2002.
13. Bréf Læknafélags Íslands til landlæknisembættisins, dags. 10.2.2003.
14. Bréf Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 12.2.2003.
15. Bréf Árna B. Stefánssonar augnlæknis til landlæknisembættisins, dags. 13.2.2003.
16. Dreifibréf landlæknisembættisins til sjóntækjafræðinga, dags 17.2.2003.
17. Bréf landlæknisembættisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 17.2.2003.
18. Bréf landlæknisembættisins til Augnlæknafélags Íslands, dags. 17.2.2003.
19. Grein Árna B. Stefánssonar augnlæknis í Læknablaðinu, mars 2003.
20. Minnispunktar aðstoðarlandlæknis, dags. 26.2.2003.
21. Skýrsla til landlæknis frá Einari Stefánssyni prófessor: Menntunarkröfur um optometrista og sjóntækjafræðinga í ýmsum löndum.
22. Bréf Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 5.3.2003.
23. Tölvupóstur Daggar Pálsdóttur hrl. til landlæknisembættisins, dags. 22.5.2003.

24. Bréf norræna sjóntækjafræðingaráðsins (Nordic Optical Council) til viðkomandi, dags. 22.5.2003. Fjallar um íslenska sjóntækjafræðinga og rétt þeirra til að framkvæma sjónmælingar. Ýmis gögn varðandi norska/norræna sjóntækjafræðinga fylgja með.
25. Bréf landlæknisembættisins til Félags íslenskra sjóntækjafræðinga, dags. 24.6.2003.
26. Bréf Félags íslenskra sjóntækjafræðinga til landlæknisembættisins, dags. 14.7.2003. Með bréfinu fylgja gögn með upplýsingum um „kompetansestandarder for norsk optometri".
27. Minnispunktar aðstoðarlandlæknis frá fundum með augnlæknum og sjóntækjafræðingum á árunum 2002 til 2003.
28. Frumvarp til laga um sjóntækjafræðinga frá 1976.
29. Uppkast að lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að ráðherra geti með reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum að annast sjónmælingar og fullvinna gleraugu og snertilinsur að uppfylltum menntunarskilyrðum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

415. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fenginni tillögu tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn Tryggingastofnunar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: með stoð í þeim.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

4. gr.

2. málsl. 6. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „Tryggingaráð“ í 3. mgr. 7. gr. b laganna kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tryggingaráðs“ í 2. mgr. kemur: stofnunarinnar.
b. 3. mgr. fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins metur örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyri samkvæmt sérstökum örorkustaðli. Ráðherra setur reglugerð um örorkustaðalinn að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tryggingaráð“ í 3. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
b. Í stað orðanna „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar“ í 4. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

a. Orðin „samkvæmt nánari reglum sem tryggingaráð setur“ í 2. málsl. falla brott.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

11. gr.

Orðin „eftir nánari reglum er tryggingaráð setur“ í 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Í stað orðsins „Tryggingaráði“ í 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

13. gr.

Í stað orðanna „reglum er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 1. málsl. 5. mgr. 29. gr. laganna kemur: reglugerð er ráðherra setur.

14. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 29. gr.“ í 4. mgr. 30. gr. laganna kemur: 5. mgr. 29. gr.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa“ í 3. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
b. Orðin „um starfsemi sjúkratryggingadeildar“ í 4. mgr. falla brott.

16. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið og greiðir þá stofnunin aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað.

Í stað úrræðis sem getið er um í 1. mgr. og með sömu skilyrðum og þar greinir er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að sérfræðilæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð hér á landi og greiðir stofnunin þá launa- og ferðakostnað hins erlenda sérfræðings sem af því hlýst.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sérfræðingum“ og „sérfræðings“ hvarvetna í b-lið 1. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: sérgreinalæknir.
b. Í stað orðanna „reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir“ tvívegis í i-lið 1. mgr. kemur: ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur.
c. Í stað orðsins „sérfræðilæknum“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: sérgreinalæknum.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 37. gr. laganna:

a. Orðin „samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 3. tölul. falla brott.
b. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.
c. Orðin „eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs“ í 4. tölul. falla brott.
d. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

19. gr.

Í stað orðanna „Tryggingaráð skal setja reglur“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Ráðherra setur reglugerð.

20. gr.

3. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 51. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.“ í 1. málsl. kemur: eftir fjögurra mánaða samfellda fangelsisvist eða dvöl.
b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða fanga vasapeninga í samræmi við 8. mgr. 43. gr.

22. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnumarkaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

23. gr.

2. og 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum falla brott.

II. KAFLI
Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, makabætur, umönnunarbætur, dánarbætur, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, frekari uppbætur, uppbót vegna kaupa á bifreið, uppbót vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Tryggingastofnun ríkisins greiðir bætur samkvæmt lögum þessum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tryggingaráði“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
b. Orðin „samkvæmt reglum er tryggingaráð setur“ í 2. málsl. falla brott.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar“ í 1. málsl. kemur: Tryggingastofnun.
b. Í stað orðsins „Lífeyrisdeild“ í 3. og 8. málsl. kemur: Tryggingastofnun.
c. Orðin „eftir reglum er tryggingaráð setur“ í 9. málsl. falla brott.
d. Orðin „samkvæmt reglum er tryggingaráð setur“ í 11. málsl. falla brott.

e. Í stað orðanna „Í reglum sem tryggingaráð setur um rétt“ í 12. málsl. kemur: Við ákvörðun á rétti.
f. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Orðin „eftir reglum sem tryggingaráð setur“ í lokamálslið 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
a. Orðin „eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir“ í 2. málsl. falla brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

29. gr.

Í stað orðsins „umönnunarbótaþega“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: umönnunargreiðsluþega.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. Orðin „og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og hefur að markmiði að ljúka lagfæringum á ýmsum ákvæðum laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Lagfæringar þessar eru nauðsynlegar í framhaldi af öðrum breytingum sem gerðar hafa verið á þessum og öðrum lögum á undanförnum árum. Þá koma þær jafnframt í kjölfar breytinga sem orðið hafa á skipuriti Tryggingastofnunar ríkisins.

Á 127. löggjafarþingi 2001–2002 lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð o.fl. sem samþykkt var sem lög nr. 74/2002. Í frumvarpinu voru ekki lagðar til breytingar á hlutverki tryggingaráðs en í nefndaráliti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis um frumvarpið, sem samþykkt var samhljóða segir m.a.:

„Nefndin fjallaði nokkuð um hlutverk tryggingaráðs. Nefndin leggur til breytingar á 14. gr. frumvarpsins er varða hlutverk ráðsins til samræmis við nútímastjórnsýsluhætti og ábyrgð ráðherra, sbr. 2. tölul. hér á eftir. Nefndin hvetur til þess að hlutverk og staða tryggingaráðs verði tekin til endurskoðunar í heild sinni.

...

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. ...

2. Lagt er til nýtt orðalag í 14. gr. frumvarpsins og 33. gr. almannatryggingalaga. Með breytingunum eru heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um einstaka stafliði 1. mgr. 33. gr. felldar brott. Þess í stað er ráðherra veitt heimild í sérstakri málsgrein til að setja reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Greiðslur samkvæmt ákvæðinu eru á ábyrgð ráðherra sem æðsta yfirmanns Tryggingastofnunar og því eðlilegt að reglugerðarvaldið sé hjá honum."

Í samræmi við framangreint álit heilbrigðis- og tryggingnefndar Alþingis hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til endurskoðunar hlutverk og stöðu tryggingaráðs.

Í framhaldi af því eru í frumvarpinu m.a. lagðar til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum:

1. Ákvæði laganna sem heimila tryggingaráði að setja reglur um tilteknar bætur eru felld brott og í stað þeirra sett ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerðir.
2. Ýmis ákvæði þar sem tilteknum deildum Tryggingastofnunar eru falin verkefni eru felld brott og í stað þeirra settar heimildir til Tryggingastofnunar enda þykir óeðlilegt að deildaskipting og verkaskipting stofnunarinnar sé ákveðin í lögum.
3. Ráðherraskipuð nefnd sem ákveður vist í erlendu sjúkrahúsi (siglinganefnd) er lögð niður og Tryggingastofnun ríkisins falin verkefni hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru felld brott ákvæði sem fjalla um deildaskiptingu Tryggingastofnunar ríkisins, enda þykir óeðlilegt að binda innra skipulag stofnunarinnar í lögum.

Um 2. gr.

Í núgildandi 3. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er gert ráð fyrir að ráðherra skipi forstjóra og ráði tryggingayfirlækni að fengnum tillögum tryggingaráðs Frumvarpið gerir áfram ráð fyrir að ráðherra skipi forstjóra að fenginni tillögu tryggingaráðs en lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að ráðherra ráði tryggingayfirlækni. Samkvæmt lögum nr. 70/1996 er almenna reglan sú að forstöðumaður stofnunar ræður starfsmenn hennar. Ekki verður séð að sérstök ástæða sé til þess að sérregla gildi um ráðningu tryggingayfirlæknis.

Um 3. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagfæring á orðalagi en í b-lið eru felld brott ákvæði er kveða á um störf deildarstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og ákvæði um að heimilt sé að ráða tannlækni eða semja við aðila utan stofnunarinnar til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laganna er lúta að tannlækningum. Ekki er talin þörf á sérstökum lagaákvæðum um störf og verksvið deildarstjóra. Enn fremur er talið ónauðsynlegt að binda í lög heimild forstjóra Tryggingastofnunar til að ráða tannlækni til stofnunarinnar eða að semja við aðila utan stofnunarinnar. Er talið að forstjóri hafi slíkar heimildir þó að ekki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að 2. málsl. 6. gr. laganna falli brott en ákvæðið fjallar um starfsemi endurskoðunardeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Ekki er talin þörf á sérstöku lagaákvæði

sem kveði á um að við Tryggingastofnun skuli starfa endurskoðunardeild. Slík deild er nú þegar í stofnuninni og er með frumvarpinu tekið tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar í skýrslu um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins frá 1999 að stjórnsýslulega skuli endurskoðunardeild heyra beint undir forstjóra stofnunarinnar. Með því að fella brott ákvæði í lögum um endurskoðunardeild heyrir sú deild undir forstjóra eins og aðrar deildir eða svið stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Í núgildandi 7. gr. b laganna hefur tryggingaráð það hlutverk að höfða dómsmál til að fá hnekkt úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins hafi það hlutverk í stað tryggingaráðs.

Um 6. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að verkefni tryggingaráðs er varða staðarval, fyrirkomulag og rekstur umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins verði flutt til stofnunarinnar. Gera má ráð fyrir að forstjóri Tryggingastofnunar beri slíkar ákvarðanir undir tryggingaráð. Þá eru ákvæði um trúnaðarmenn Tryggingastofnunar felld brott til samræmis við núgildandi framkvæmd.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að fellt verði brott ákvæði um birtingu reikninga Tryggingastofnunar ríkisins í B-deild Stjórnartíðinda. Birting á reikningum stofnunarinnar hefur ekki farið fram í Stjórnartíðindum og er ákvæðið því ekki í samræmi við þá framkvæmd sem nú tíðkast.

Um 8. gr.

Í greininni eru ákvæði 2. mgr. 12. gr. laganna umorðuð. Sú breyting er gerð á orðalagi að Tryggingastofnun ríkisins skal meta örorku þeirra sem sækja um örorkubætur en ekki er tiltekið að það skuli gert af tryggingayfirlækni. Þótt orðalagi sé breytt er áfram gert ráð fyrir að læknar Tryggingastofnunar eða læknar utan stofnunarinnar framkvæmi slíkt mat fyrir stofnunina. Í núgildandi 12. gr. laganna er gert ráð fyrir að læknadeild Tryggingastofnunar semji staðalinn, tryggingaráð staðfesti hann og ráðherra annist birtingu á honum. Í stað þessa fyrirkomulags gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um örorkustaðalinn að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 9. gr.

Í a-lið er felld brott tilvísun í tryggingaráð og gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins geti í stað tryggingaráðs ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega og með barni manns sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsi.

Í b-lið er felld brott tilvísun í lífeyrisdeild þar sem ekki er talið rétt að binda í lögum hvaða deild Tryggingastofnunar skuli annast ákveðin verkefni. Þar að auki hefur skipurit stofnunarinnar breyst þannig að það sem áður var lífeyrisdeild er nú lífeyristryggingasvið.

Um 10. gr.

Í a-lið er heimild tryggingaráðs til að setja reglur felld brott. Í b-lið er í stað reglna tryggingaráðs gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

Um 11. gr.

Í greininni er felld brott heimild tryggingaráðs til að setja reglur um undanþágu frá slysatryggingu ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Ekki er talin þörf á að setja reglugerðarheimild í þessu tilviki.

Um 12. gr.

Í greininni er felld brott heimild tryggingaráðs til að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur en í 52 vikur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða og líkur eru til að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu. Gerir frumvarpið ráð fyrir að það verði Tryggingastofnun ríkisins sem taki ákvörðun um slíka framlengingu í stað tryggingaráðs.

Um 13. gr.

Hér er fellt brott ákvæði um að ráðuneytið skuli setja reglur að fengnum tillögum tryggingaráðs og í stað þess gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð.

Um 14. gr.

Í 4. mgr. 30. gr. laganna er vísað ranglega í 4. mgr. 29. gr. Villa þessi hefur verið lengi í lögunum og er hér leiðrétt og vísað í 5. mgr. 29. gr. laganna.

Um 15. gr.

Í a-lið er felld brott tilvísun í sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofu og í stað hennar kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins skuli gefa út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Í b-lið er felld brott heimild ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi sjúkratryggingadeildar. Er talið óeðlilegt að ráðherra setji reglur um starfsemi deildar innan Tryggingastofnunar ríkisins. Þá er enn fremur talið óheppilegt að fjalla í lögum um deildir í stofnuninni og sem dæmi má nefna að sjúkratryggingadeild heitir nú samkvæmt skipuriti stofnunarinnar sjúkratryggingasvið.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherraskipuð nefnd (siglinganefnd) verði lögð niður og Tryggingastofnun ríkisins falið það verkefni að úrskurða um hvort brýn nauðsyn sé fyrir sjúklinga að vistast í erlendu sjúkrahúsi þar sem ekki sé unnt að veita þeim nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi. Núgildandi ákvæði 35. gr. um skipan „siglinganefndar“ er orðið úrelt og þarfnast lagfæringa. Í meira en helmingi tilvika þar sem senda þarf sjúklinga á sjúkrahús erlendis er enginn vafi um það hvort og hvert senda beri sjúkling til meðferðar. Í öðrum tilvikum er reiknað með að Tryggingastofnun leiti eftir ráðgjöf viðeigandi sérfræðilækna. Gert er ráð fyrir að kostnaður við ráðgjöf sérfræðilækna komi á móti sparnaði við niðurlagningu „siglinganefndar“. Frumvarpið breytir ekki réttindum sjúklinga í núgildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild Tryggingastofnunar til að ákveða að sérfræðilæknar erlendis frá meðhöndli sjúkling hér á landi og að stofnunin skuli greiða launa- og ferðakostnað hins erlenda sérfræðings sem af því hlýst. „Siglinganefnd“ hefur beitt þessu úrræði og hefur það gefist vel en ákvæði vantar í núgildandi lög um að Tryggingastofnun skuli greiða fyrir slíka meðferð.

Um 17. gr.

Breytingar á b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 36. gr. laganna eru gerðar að tillögu samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hugtakið „sérfræðingur“ í ákvæðum laganna hefur valdið misskilningi hjá ýmsum stéttum þrátt fyrir að orðið hafi í þessu samhengi fram að þessu verið túlkað sem „sérfræðilæknir“. Því er lögð til sú breyting á b-lið 1. mgr. og 3. mgr. að í stað orðsins „sérfræðingur“ verði notað orðið „sérgreinalæknir“ til að taka af allan vafa.

Enn fremur er lögð til breyting á i-lið 1. mgr. þannig að felld verði brott heimild tryggingaráðs til að setja reglur um ferðakostnað sem ráðherra skuli staðfesta. Í stað þess er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglugerð um ferðakostnað sjúkratryggðra.

Um 18. og 19. gr.

Í ákvæðunum er lagt til að felld verði brott heimild ráðherra til að setja reglur að fengnum tillögum tryggingaráðs og heimild tryggingaráðs til að setja reglur og í stað þess gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott ákvæði sem heimila að greiða megi bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar. Ljóst er að samgöngur hafa ekki lengur áhrif á bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. mgr. 51. gr. laganna vísa til síðustu málsgreinar 43. gr. laganna. Með 16. gr. laga nr. 74/2002 var fjölgað málsgreinum í 43. gr. þannig að tilvísunin er röng. Lög nr. 74/2002 rýmkuðu ákvæði 43. gr. laganna til hagsbóta fyrir þá sem þurfa að vistast tímabundið á sjúkrahúsi og tekur sú rýmkun gildi 1. janúar 2004. Í a-lið frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir að hætt verði að vísa til 43. gr. varðandi niðurfellingu á bótum og sett sérregla um fanga. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar haldi bótum í fjóra mánuði og hefst fjögurra mánaða tímabilið við upphaf fangelsisvistar eða dvalar. Í b-lið er gert ráð fyrir að fangar geti fengið greidda vasapeninga þegar bæturnar hafa fallið niður á sama hátt og samkvæmt núgildandi lögum.

Um 22. og 23. gr.

Rétt þykir að flytja ákvæði um öryrkjavinnu úr 2. tölul. bráðabirgðaákvæðis laganna í 58. gr. laganna. Ákvæðin eru efnislega óbreytt. Þá er lagt til að 8. tölul. bráðabirgðaákvæðisins verði lagður niður þar sem hann hefur ekki lengur þýðingu.

Um 24. gr.

Í a-lið greinarinnar er upptalning í 1. gr. laganna lagfærð en misbrestur hefur orðið á að lagfæra hana um leið og öðrum ákvæðum laganna hefur verið breytt.

Í núgildandi 3. mgr. 1. gr. laganna er tekið fram að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skuli annast greiðslur félagslegrar aðstoðar. Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er orðalagi breytt á þann veg að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða bætur samkvæmt lögunum. Óhentugt þykir að vísa til tiltekinna deilda í Tryggingastofnun þar sem deildaskipting stofnunarinnar getur tekið breytingum í tímans rás og sem dæmi má nefna að lífeyrisdeild heitir nú samkvæmt skipuriti stofnunarinnar lífeyristryggingasvið.

Um 25. gr.

Í a-lið er felld brott heimild tryggingaráðs til að ákveða hvort greiða skuli mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun og í stað þess gerir frumvarpið ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins taki þessa ákvörðun. Ráðherra hefur sett reglugerð um mæðra- og feðralaun og er óeðlilegt að tryggingaráð setji eingöngu reglur þegar um þessi tilteknu tilvik er að ræða.

Í b-lið er felld brott heimild tryggingaráðs til að setja reglur um það hvenær heimilt er að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsi mæðra- eða feðralaun þegar vistin hefur varað a.m.k. þrjá mánuði. Í stað heimildar tryggingaráðs er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

Um 26. gr.

Í greininni er felld brott tilvísun í lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Er vísað til athugasemda við 24. gr. frumvarpsins til skýringar. Þá eru felldar brott heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um barnalífeyri og gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Um 27. og 28. gr.

Hér er lagt til að heimildir tryggingaráðs til að setja reglur verði felldar brott og í stað þess gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerðir um nánari framkvæmd greinanna.

Um 29. gr.

Orðalag ákvæðisins er lagfært til að fyrirbyggja misskilning en hætta er á því eftir að 5. gr. laganna var breytt með 24. gr. laga nr. 74/2002. Ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna vísar til umönnunargreiðslna til framfærenda fatlaðra og langveikra barna en ekki umönnunarbóta skv. 5. gr. laganna.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að fellt sé brott ákvæði um að sjúkratryggingadeild annist endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að 1. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, sé breytt þannig að hún kveði á um að Tryggingastofnun ríkisins greiði bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sbr. athugasemdir við 24. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi þegar í stað og að „siglinganefnd“ verði leyst frá störfum frá sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað heimildar tryggingaráðs til að setja reglur um tilteknar bætur komi ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerðir um sama efni. Í öðru lagi eru felld niður ýmis ákvæði þar sem tilteknum deildum og starfmönnum Tryggingastofnunar eru falin verkefni en í stað þeirra koma heimildir stofnunarinnar til að ráða sjálf innri verkaskiptingu og skipan mála. Í þriðja lagi er lagt til að ráðherraskipuð nefnd sem ákveður brýna vist í erlendu sjúkrahúsi (siglinganefnd) verði lögð niður. Í hennar stað er lagt til að Tryggingastofnun úrskurði hvort fyrrgreint skilyrði sé fyrir hendi og kalli sérgreinalækna til ráðgjafar þegar þess þarf með. Útgjöld Tryggingastofnunar til starfs nefndarinnar nam 1,3 m.kr. á árinu 2003 og gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði notuð til kaupa á ráðgjöf sérgreinalækna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að það hafi óveruleg áhrif á rekstur Tryggingastofnunar ríkisins.

416. Frumvarp til laga [342. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að allt tóbak sem flutt er inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Um merkingar tóbaks fer eftir ákvæði 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengis- og tóbaksbirgjum.
b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að selja tóbak innan lands í heildsölu. Um smásölu tóbaks fer eftir ákvæði 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með breytingu á bókun 3 við EES-samninginn, sem tók gildi 1. janúar 2002, var vörusviði samningsins breytt þannig að nú fellur tóbak undir almennar reglur EES-samningsins um frjálst flæði vara. Í 16. gr. EES-samningsins er sú skylda lögð á samningsaðila að tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur, í kjölfar þess að tóbak var fellt undir vörusvið EES-samningsins frá og með 1. janúar 2002, gert athugasemdir við einkarétt ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki. Telja verður einsýnt, með hliðsjón af dómafordæmum Evrópudómstólsins, að núverandi einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki sé andstæður ákvæðum EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Í frumvarpi þessu er því lagt til að felldur verði niður einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki en að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hafi áfram einkarétt á heildsölu á tóbaki. Innkaupareglur ÁTVR munu gilda áfram og tryggja jafnræði gagnvart öllum birgjum.

Ríkið öðlaðist einkarétt til innflutnings og heildsölu tóbaks á árinu 1922. Árið 1926 var einkaréttur þessi afnuminn. Í ársbyrjun 1932 öðlaðist ríkið einkasöluréttinn á ný, sbr. lög nr. 58/1931, og hefur það haft hann æ síðan. Þau sjónarmið, sem einkum réttlættu einkarétt ríkisins til innflutnings og heildsölu á tóbaki, voru á sínum tíma þau að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi einkasölugjalda af vörum þessum, auk þess sem líklegra þótti að þetta fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig var á það bent að með þessum hætti væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á þessum vörum þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með lögmætum hætti.

Í frumvarpi til breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að ÁTVR muni áfram leggja á og innheimta tóbaksgjald af tóbaksvörum sem fluttar eru til landsins eða framleiddar hér á landi. Ekki er reiknað með að breytingar verði á nettótekjum ríkissjóðs verði frumvarp þetta að lögum. Tóbaksgjaldið verður þannig áfram lagt á og innheimt af ÁTVR á heildsölustigi við sölu verslunarinnar á tóbaksvörum til smásala.

Frumvarpið felur því í sér ákveðnar breytingar á gildandi fyrirkomulagi. Í dag er staðan sú að ÁTVR hefur einkarétt á innflutningi og framleiðslu tóbaks. ÁTVR hefur því flutt inn og framleitt tóbakið, tryggt að tóbakið sé merkt og lagt á það tóbaksgjald áður en smásalar hafa getað nálgast tóbakið. Samkvæmt frumvarpinu verður framangreint einkaleyfi á innflutningi tóbaks fellt niður, sem leiðir til þess að allir sem vilja geta flutt inn tóbak að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir slíkum innflutningi. Því verður að telja líklegt að innflytjendum tóbaks muni fjölga nokkuð, en hlutverk ÁTVR verður engu að síður verulegt. Líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir mun ÁTVR tryggja merkingar tóbaks og álagningu tóbaksgjalds. Verður því allt það tóbak sem flutt er inn til landsins eða framleitt hér á landi fært til ÁTVR þar sem tryggt verður að merkingar á tóbakinu hafi farið fram, sem og álagning tóbaksgjaldsins. Það verða því í raun engar grundvallarbreytingar á framkvæmdinni, að undanskildu því að ÁTVR mun ekki lengur hafa einkarétt á innflutningi og framleiðslu tóbaks. Því mun það öryggi sem til staðar er, vegna ákveðinnar millifærslu af hendi ÁTVR, ekki hverfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi tóbaks verði felldur niður. Áfram er þó gert ráð fyrir því að ÁTVR tryggi að allt tóbak sem flutt er inn til landsins eða framleitt hér á landi sé merkt í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Um 2. gr.

Hér er verið að tryggja að gætt sé að jafnræði gagnvart öllum tóbaksbirgjunum. Í því sambandi skal áréttað að í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu kemur fram að innkaupareglur ÁTVR munu gilda áfram og tryggja jafnræði milli allra birgja. Þá er lagt til að felldur verði niður einkaréttur ríkisins á framleiðslu tóbaks.

Um 3. gr.

Hér er verið að tryggja einkarétt ÁTVR á heildsölu tóbaks innan lands. Þá er lagt til að smásala tóbaks fari eftir ákvæði 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki falli niður í samræmi við framkvæmd EES-samningsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi eftir sem áður einkarétt á heildsölu á tóbaki. Skylt verður að merkja allt tóbak hjá ÁTVR og verður því allt innflutt tóbak fært til fyrirtækisins í því skyni. Framkvæmdinni verður því hagað í höfuðatriðum með sama hætti og verið hefur þótt innflutningsaðilum tóbaks kunni að fjölga. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að ÁTVR leggi tóbaksgjald á tóbaksvörur eins og verið hefur og að það verði innheimt á heildsölustigi. Tekjur ríkissjóðs af tóbaksgjaldi verða því óbreyttar og er ekki heldur ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpanna hafi áhrif á fjárreiður ÁTVR svo nokkru nemi.

417. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu sem lagt er fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, er gerð tillaga um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) leggi áfram á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörum sem fluttar hafa verið til landsins eða framleiddar hér á landi. Er hér um að ræða eðlilega breytingu með hliðsjón af framangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, sem felur í sér afnám einkaleyfis ÁTVR til framleiðslu og innflutnings tóbaks. Þá ber að geta þess að frumvarp þetta mun engin áhrif hafa á nettótekjur ríkissjóðs heldur mun gjaldtakan einungis færast yfir á heildsölustigið, þ.e. ÁTVR mun áfram halda einkarétti til sölu tóbaks innan lands í heildsölu, og mun gjaldtakan fara þar fram.

Í dag er staðan sú að ÁTVR hefur einkarétt á innflutningi og framleiðslu tóbaks. ÁTVR hefur því flutt inn og framleitt tóbakið, tryggt að tóbakið sé merkt og lagt á það tóbaksgjald áður en smásalar hafa getað nálgast tóbakið. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, er einkaleyfi ÁTVR á innflutningi og framleiðslu tóbaks fellt niður. Þar er þó áfram gert ráð fyrir því að ÁTVR haldi einkarétti til þess að selja tóbak innan lands í heildsölu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ÁTVR leggi á og innheimti tóbaksgjald af þeim tóbaksvörum sem fluttar hafa verið hingað til lands eða framleiddar hér á landi. Verða því í raun engar grundvallarbreytingar á framkvæmdinni, heldur verður allt tóbak, hvort sem það er innflutt eða framleitt hér á landi, flutt til ÁTVR þar sem álagning og innheimta tóbaksgjaldsins fer fram og tryggt að merkingar á tóbakinu hafi farið fram. Það öryggi sem felst í ákveðinni millifærslu og eftirliti af hendi ÁTVR mun því ekki hverfa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki falli niður í samræmi við framkvæmd EES-samningsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi eftir sem áður einkarétt á heildsölu á tóbaki. Skylt verður að merkja allt tóbak hjá ÁTVR og verður því allt innflutt tóbak fært til fyrirtækisins í því skyni. Framkvæmdinni verður því hagað í höfuðatriðum með sama hætti og verið hefur þótt innflutningsaðilum tóbaks kunni að fjölga. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að ÁTVR leggi tóbaksgjald á tóbaksvörur eins og verið hefur og að það verði innheimt á heildsölustigi. Tekjur ríkissjóðs af tóbaksgjaldi verða því óbreyttar og er ekki heldur ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpanna hafi áhrif á fjárreiður ÁTVR svo nokkru nemi.

418. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 4. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal að takmarka eða banna eldi á lifandi sjávardýrum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndunar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum um eldi nytjastofna sjávar verði breytt þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana til að verja stofna íslenskra sjávardýra gegn óæskilegum áhrifum erfðablöndunar við aðra stofna sömu tegundar eða innfluttra tegunda eða stofna sem ekki finnast við Íslandsstrendur.

Nauðsynlegt er að slík heimild sé í íslenskum lögum í ljósi aukins eldis sjávardýra jafnt erlendis sem hér á landi. Samfara þeirri þróun má vænta aukinna viðskipta með ýmsar tegundir eldisdýra og kynbætta stofna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sjávarútvegsráðherra sé heimilt að takmarka eða banna eldi á lifandi sjávardýrum er lögin ná til ef ljóst er að aðrar aðgerðir og stjórnvaldsfyrirmæli duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða líffræðilegri fjölbreytni, tegundum og stofnum stefnt í hættu. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkið og er það í samræmi við mat sjávarútvegsráðuneytisins á frumvarpinu.

419. Fyrirspurn [345. mál]

til utanríkisráðherra um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og íslenskan vinnumarkað.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða áhrif er stækkun Evrópska efnahagssvæðisins í maí 2004, þegar tíu ný ríki verða aðilar að Evrópusambandinu, talin munu hafa á vinnumarkað hérlendis?
2. Hvaða rétt hafa aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins til að sjá til þess að vinnumarkaðurinn hafi svigrúm til að aðlagast stækkuninni og hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til þess að Ísland nýti sér slíkar heimildir?
3. Hefur verið hugað að aðgerðum í tengslum við undirritun samnings um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins til að takmarka röskunina sem stækkun sameiginlegs vinnumarkaðar getur valdið hérlendis og til að efla þjónustu og aðstoð við útlendinga sem hingað koma til starfa, t.d. í ljósi þeirra vandamála sem hér hafa komið upp á síðustu mánuðum og hugsanlegra félagslegra undirboða?

Skriflegt svar óskast.

420. Fyrirspurn [346. mál]

til fjármálaráðherra um ferðapunkta.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvert var verðmæti ferðapunkta sem flugfélög veittu einstaklingum fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?

2. Hvert var verðmæti ferðapunkta einstaklinga í þeim tíu stofnunum sem flesta punkta fengu fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?
3. Hvert var verðmæti ferðapunkta þeirra tuttugu einstaklinga sem flesta punkta fengu árið 2002, sundurliðað eftir einstaklingum og stofnunum? Mannanafna er ekki óskað.

Skriflegt svar óskast.

421. Fyrirspurn [347. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingar um starfskjör á fjármálamarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er þess að vænta að Fjármálaeftirlitið setji reglur um upplýsingaskyldu um starfskjör stjórnenda á fjármálamarkaði sambærilegar þeim sem Kauphöll Íslands hefur sett fyrir kauphallarskráð félög?
2. Ef svo er, hvenær er að vænta slíkra reglna, hvert verður inntak þeirra, til hverra munu þær ná og hvernig verða þær kynntar almenningi?

422. Fyrirspurn [348. mál]

til umhverfisráðherra um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hversu miklum fjármunum hafa sveitarfélög varið til fráveituframkvæmda frá árinu 1995, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu miklar virðisaukaskattstekjur hefur ríkissjóður haft af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga frá því að hann hóf að styrkja framkvæmdirnar með árlegum framlögum? Óskað er sundurliðunar eftir árum.
3. Hversu há eru framlög úr ríkissjóði til fráveituframkvæmda sveitarfélaga á sama tímabili?
4. Hversu miklum framkvæmdum er ólokið af hálfu sveitarfélaga í fráveitumálum miðað við viðurkenndar kröfur í þeim efnum?

Skriflegt svar óskast.

423. Svar [292. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um uppbyggingu ferðaþjónustu.

1. *Hefur ráðuneytið samstarf við önnur ráðuneyti um uppbyggingu ferðaþjónustu? Ef svo er, við hvaða ráðuneyti og um hvaða verkefni?*

Ráðuneytið tekur þátt í þremur samstarfsverkefnum með öðrum ráðuneytum um uppbyggingu ferðaþjónustu og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

I. Byggðaáætlun. Iðnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti starfa saman að verkefnum er lúta að eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Sex verkefni eru styrkt á grundvelli samkomulags iðnaðarráðherra og samgönguráðherra á þessu ári. Í byrjun árs 2004 og 2005 mun ráðuneytið leggja fram áætlun um ný verkefni að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti. Samgönguráðuneyti hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins.

II. Hestamiðstöð Íslands. Samningur er á milli forsætisráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Gildistími samningsins er frá árinu 2000 til ársloka 2004.

Hestamiðstöð Íslands hefur það hlutverk að efla fagmennsku í hrossarækt, hestamennsku, hestaíþróttum og hestatengdri ferðaþjónustu með sérstöku fimm ára átaki.

III. Umboðsmaður íslenska hestsins. Að samningnum standa landbúnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, samgönguráðuneyti, Búnaðarbanki Íslands og Flugleiðir. Gildistími samningsins er frá árinu 2003 og til ársloka 2007.

Markmið verkefnisins er að efla jákvæða ímynd hrossaræktar og hestamennsku með áherslu á Ísland sem upprunaland íslenska hestsins og forustuhlutverk þess í kynbótum, ræktun og fagmennsku á sviði hestamennsku. Jafnframt að auka sölu á íslenska hestinum og hestatengdri vöru og þjónustu innan lands og utan. Þá skal unnið að því að efla almennan áhuga á hestamennsku, m.a. með fræðslu og kynningum í grunnskólum og framhaldsskólum

Unnið skal að markmiðum verkefnisins með þátttöku í mótum hestamanna og sýningum, ráðstefnum, vörusýningum og almennri landkynningu í samvinnu við sendiráð og ræðismenn Íslands erlendis, útflutningsaðila, aðila ferðaþjónustunnar og samtök hestamanna. Markaðsstarfi verkefnisins skal beint að fyrir fram ákveðnum löndum/svæðum sem valin eru að höfðu samráði við yfirvöld ferðamála og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og hagsmunaaðila í hrossarækt og hestamennsku. Að tveim árum liðnum skal árangur metinn og ákvörðun tekin um markaðssvæði.

2. *Hve miklu fé hefur verið varið til slíkra samstarfsverkefna á síðustu tveimur árum, sundurliðað eftir ráðuneytum, verkefnum og landshlutum?*

I. Ráðuneytin munu beita sér fyrir því að samtals 100 millj. kr. verði til ráðstöfunar til samstarfsverkefnanna á árunum 2003–2005, þar af 60 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar.

Á þessu ári er framlag iðnaðarráðuneytis 20 millj. kr. og samgönguráðuneytis 2,5 millj. kr. Framlag hvors ráðuneytis verður 20 millj. kr. á næsta ári. Stefnt er að sömu upphæð frá hvoru ráðuneyti árið 2005.

Verkefnunum sem styrkt voru á fyrsta ári þessa samstarfsverkefnis ráðuneytanna, alls 22,5 millj. kr., er stýrt frá Borgarfirði, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þau verkefni sem styrkt verða á næsta ári.

II. Framlag ráðuneytisins til Hestamiðstöðvar Íslands er 5 millj. kr. á ári á samningstímabilinu. Heildarframlag til verkefnisins er 40 millj. kr. á ári. Auk ráðuneytisins greiðir forsætisráðuneyti 5 millj. kr., landbúnaðarráðuneyti 10 millj. kr., menntamálaráðuneyti 5 millj. kr. og Sveitarfélagið Skagafjörður 15 millj. kr.

Hestamiðstöðin er í Skagafirði.

III. Framlag ráðuneytisins til Umboðsmanns íslenska hestsins er 3 millj. kr. á ári á samningstímabilinu. Heildarframlag til verkefnisins er 11 millj. kr. á ári. Auk ráðuneytisins greiðir landbúnaðarráðuneyti 3 millj. kr., utanríkisráðuneyti 3 millj. kr., Búnaðarbanki Íslands 1 millj. kr. og Flugleiðir 1 millj. kr.

Forstöðumaður verkefnisins hefur aðsetur í Reykjavík.

424. Svar [281. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar beiðnir hafa borist um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fatlaðra barna í grunnskóla? Hversu mörgum beiðnum hefur verið hafnað, af hvaða ástæðu og í hvaða sveitarfélögum?

Ráðuneytið leitaði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um svör við fyrirspurninni og byggist eftirfarandi á upplýsingum þaðan.

Borist hafa umsóknir um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 75 sveitarfélögum vegna sérþarfa fatlaðra nemenda það sem af er árinu. Þetta eru beiðnir vegna 1.045 nemenda. Sem komið er hafa 625 beiðnir af þessum 1.045 ekki hlotið jákvæða afgreiðslu sjóðsins.

Nauðsynlegt er að hafa nokkurn aðdraganda að því að svara af hvaða ástæðum beiðnum hefur verið hafnað. Ráðherra skipaði 14. febrúar 2001 nefnd til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, en kaflinn fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nefndinni var jafnframt ætlað að endurskoða reglugerðir sem byggðar eru á ákvæðum þessa kafla laganna. Nefndin lauk störfum haustið 2002 og skilaði skýrslu til ráðherra.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar í febrúar 2002 voru lagðar til breytingar á reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla, nr. 653/1997, með síðari breytingum, meðal annars til að einfalda útreikninga framlaganna, gera úthlutun þeirra almennari og draga úr eyrnamerkingum eins og hægt væri.

Með vísan til þessa var skipaður sérstakur starfshópur til að útfæra nánar vinnu- og viðmiðunarreglur fyrir úthlutanir á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, sbr. 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla, nr. 351/2002. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti tillögur starfshópsins og 1. janúar 2003 tóku gildi nýjar vinnu- og viðmiðunarreglur við úthlutun og útreikninga.

Tillögur starfshópsins voru þær helstar að 3. viðmiðunarstig í öllum skilgreindum fötlunarflokkum yrði fellt niður og að þyngri tilvik þessara flokka yrðu færð undir 2. viðmiðunarstig. Tillögurnar fela í sér að framlög vegna þessara einstaklinga hækka en fjármagn er í

öðrum tilvikum fært undir almenn jöfnunarframlög skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Í öllum viðmiðunarflokkum er nú gert ráð fyrir að nemandi hafi notið þjónustu sæðisskrifstofu eða að röskun hafi leitt til vistunar á sérhæfðri greiningarstofnun.

Þetta er fyrsta árið sem nýju viðmiðunarreglurnar eru í gildi og því ekki komin full reynsla á þær. Jafnframt skal tekið fram að framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda eru einungis viðbótarframlög sem greidd eru til þeirra sveitarfélaga þar sem kostnaður vegna þjónustuþarfar við fatlaða nemendur er verulega íþyngjandi. Framlögin eru ekki eyrnamerkt einstökum nemendum. Nú nemur þetta viðbótarframlag á nemanda 1.700.000 kr. á grundvelli 1. viðmiðunarstigs reglnanna, sjá fylgiskjal, en 880.000 kr. á grundvelli 2. viðmiðunarstigs.

Það sem af er þessu ári hafa 489 beiðnir um framlög ekki fallið undir nýjar viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs samkvæmt fyrirliggjandi greiningargögnum hjá þeim sem annast greiningu á landsvísu, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Sveitarfélög hafa þó möguleika á að senda inn athugasemdir að því tilskildu að ný greiningargögn liggi fyrir.

Fjörtíu og átta beiðnum var hafnað af þeirri ástæðu að greiningargögn voru ekki fyrirliggjandi hjá greiningaraðilum. Sveitarfélögum er gefinn kostur á að skila inn gögnum og verða þá beiðnir teknar til endurskoðunar.

Fjórum beiðnum var hafnað vegna þess að nemendur voru komnir af grunnskólaaldri.

Fimm beiðnum var hafnað vegna þess að nemendur áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu sem sótti um framlagið. Samkvæmt ákvæðum í reglugerð verður nemandinn að eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið og hafa því viðkomandi sveitarfélög enn möguleika á að sækja um fyrir sína nemendur.

Sjötíu og níu beiðnum var hafnað af þeirri ástæðu að upplýsingar um færni og þarfir nemandans lágu ekki fyrir hjá greiningaraðilum á landsvísu. Sveitarfélögin eiga þess kost að skila inn ítarlegri gögnum.

Fjárhagsárið 2003 sóttu 75 sveitarfélög um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, samtals voru þetta 1.045 beiðnir. Öllum umsóknum sjö sveitarfélaga var hafnað, samtals 23 beiðnum, en hluta beiðna 53 sveitarfélaga, eða 602 beiðnum. Nú þegar hafa 420 beiðnir verið teknar til greina.

Öllum beiðnum eftirtalinna sjö sveitarfélaga hefur verið synjað: Kjósarhrepps, Hólmavíkurhrepps, Akrahrepps, Arnarneshrepps, Svalbarðsstrandarhrepps, Raufarhafnarhrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fylgiskjal.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Vinnureglur I. Viðmiðunarstig fatlana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

(Miðað við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi fötlun og að viðkomandi falli undir lög um málefni fatlaðra og sé skráður hjá Greiningarstöð, sbr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 49/1992 með breytingum.)

Flokkur	I.	II.	III.	IV.	V.	VI.
	Hreyfihamlanir	Þroskahamlanir	Málhamlanir	Gagntækar þroskaraskanir	Skynhamlanir I	Skynhamlanir II.
1	Alvarleg hreyfihömlun, bundin(n) hjólastól, háð(ur) öðrum um ferli, athafnir daglegs lífs og tjáskipti. Notkun fjölbreyttra hjálpartækja, aðlögun á húsnæði og aðstöðu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg þroskahömlun, mikil aðstoð í athöfnum daglegs lífs, þjálfun í daglegri færni og aðlögun, mikið eftirlit eða stýring, atferlismeðferð, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.		Einhverfa og ódæmigerð einhverfa, alvarleg einkenni, auk þroskahömlunar. Mikil aðstoð og eftirlit í daglegu lífi, sérhæfð einstaklingsbundin þjálfun og meðferð vegna einhverfu, mikið eftirlit utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Blinda. Aðstoð við ferlismál, umferli í skóla og við ýmsar athafnir daglegs lífs. Sérhæfð sérkennsla og kennsluráðgjöf, blindraletur, umtalsverður kostnaður vegna hjálpartækja. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg heyrnarskerðing. Táknmál í samskiptum. Veruleg sérhæfð sérkennsla. Reglulegt sérfræðilegt mat á námslegri/félagslegri stöðu og ráðstafanir samkæmt því. Hjálpartæki við kennslu. Aðlögun skólaumhverfis.
2	Miðlungs hreyfihömlun, stafir eða hækjur, háar spelkur. Umtalsverð aðstoð við athafnir daglegs lífs (klæðnað, þrif) og við daglegt ferli, aðlögun á vinnuaðstöðu og húsnæði, nokkur aðstoð utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Væg til miðlungsalvarleg þroskahömlun, talsverð aðstoð við margar athafnir daglegs lífs, þjálfun í félagsfærni og í aðlögunarfærni, umtalsverð stýring í hóp, atferlisvandi, aðstoð í frímínútum, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg málhömlun, málleg greindarvísitala eins og um þroskahömlun sé að ræða (yrt greindarvísitala <70), þörf á verulegri aðstoð við félagslega aðlögun og samskipti, notkun óhefðbundinna tjáskiptaleiða, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Alvarleg einkenni á einhverfurófi, sem leiða til verulegs félagslegs stuðnings og þjálfunar í samskiptum og félagsfærni, eftirlits og stuðnings utan skólastofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskun hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Veruleg sjónskerðing, notkun hjálpartækja, aðlögun á húsnæði og námsumhverfi. Nokkur aðstoð við ferli. Aðlögun á námsefni vegna sjónskerðingar. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Hefur notið þjónustu svæðisskrifstofu.	Veruleg heyrnarskerðing. Heyrnartæki. Stuðningskennsla. Aðlögun skólastofu. Hjálpartæki við kennslu. Reglulegt séfræðilegt mat á námslegri/félagslegri stöðu.

Vinnureglur II. Viðmiðunarstig þroska- og geðraskana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
(Miðað er við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi röskun og að greiningargögn séu metin hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, sbr. 4. gr. A, reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002.)

Flokk-ur	VII.	VIII.	IX.	X.
	Fjölþátta hegðunartruflun	Gagntækar þroskaraskanir	Geðklofi og geðhvarfasýki	Verulegar truflanir er varða tilfinningar og félagslega aðlögun
1			Viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa, þörf á miklum félagslegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun.	
2	Alvarleg ofvirkniröskun, athyglisbrestur með ofvirkni eða hegðunarröskun, ásamt fylgiröskunum, sem leiða til umfangsmikils stuðnings í hóp og einstaklingsbundinnar atferlismeðferðar, virks eftirlits utan kennslustofu, auk sérkennslu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskun hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*. **Endurmat á forsendum greiðslu eftir þrjú ár.**	Þessi flokkur hefur verið sameinaður IV-2.	Viðvarandi íþyngjandi einkenni geðrofs eða geðhvarfa, þörf á umtalsverðum félagslegum og tilfinningalegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*.	Alvarleg og viðvarandi íþyngjandi einkenni tilfinningaröskunar svo sem kvíða og þunglyndis, alvarlegrar árátttu- og þráhyggjuröskunar. Þörf á verulegum félagslegum og tilfinningalegum stuðningi í skóla, þjálfun í félagsfærni, aðstoð og eftirlit utan skólastofu. Þörf á sérhæfðri ráðgjöf. Röskunin hefur leitt til tilvísunar á sérhæfða greiningarstofnun*. **Endurmat á forsendum greiðslu eftir þrjú ár.**
* Með sérhæfðum greiningarstofnunum vegna geð- og hegðunarraskana er átt við barna- og unglingageðdeild og barnadeild FSA.				

425. Fyrirspurn [349. mál]

til viðskiptaráðherra um kvótamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um starfshætti og umfang þeirrar kvótamiðlunar sem Landssamband íslenskra útvegsmanna rekur á eigin kostnað?
2. Telur ráðuneytið það standast lög að samtök hagsmunaaðila annist slíka starfsemi og láti félagsmenn greiða kostnaðinn óháð því hvort þeir nýta sér þjónustuna?
3. Ber útgerðum sem eiga í viðskiptum með aflaheimildir, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna sér um sölu og skipti á, að skrá heildarmarkaðsverðmæti afla og aflaheimilda í bókhaldi sínu?

426. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004, sem hér er til 2. umræðu, ber öll merki þess að ríkisstjórnin ætlar að halda áfram á sömu braut blekkinga og undanfarin ár. Engar breytingar er að sjá varðandi tengsl fjárlagafrumvarpsins við raunveruleikann og ríkisstjórnin neitar enn staðfastlega að viðurkenna að fjármálastjórn hennar hefur beðið skipbrot. Tillögur meiri hlutans nú við 2. umræðu bera með sér að ekki á að takast á við vanda fjölmargra stofnana og þær viðbótarfjárveitingar til stofnana sem samþykktar voru við 2. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2003 virðast ekki skipta neinu máli varðandi breytt rekstrarumhverfi þeirra stofnana. Það er í raun ríkisstjórninni og meiri hlutanum í fjárlaganefnd til skammar að fara í 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2004 með ekki meira í farteskinu. Eins og sýnt verður fram á í þessu nefndaráliti vantar verulega upp á að málum sem varða heilbrigðiskerfið, menntakerfið og félagslegar aðstæður sé sinnt með fullnægjandi hætti.

Sérstaka athygli vekur að í þessu fyrsta frumvarpi ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu sést ekkert af kosningaloforðunum frá því í vor. Í stað loforða um skattalækkanir eru skattahækkanir boðaðar, sbr. t.d. hækkun bensíngjalds og þungaskatts. Í stað loforða um hækkandi húsnæðislán eru vaxtabætur húsnæðislána skertar.

Markmið frumvarpsins.

Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins um stefnu og horfur í efnahagsmálum er m.a. fjallað um áhrif framkvæmda við uppbyggingu stóriðju á hagvöxt og kemur þar m.a. fram mikilvægi ábyrgrar hagstjórnar ef viðhalda eigi stöðugleika í efnahagsmálum. Í ritinu kemur einnig fram að mikilvægasta verkefnið í þessu tilliti sé að beita ríkisfjármálum með þeim hætti að þau haldi aftur af innlendri eftirspurn þegar framkvæmdir eru sem mestar og að þessi atriði hafi verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004. Ef þetta á að ganga eftir þarf að skera verulega niður þjónustu stofnana ríkisins og draga þar með úr kostn-

aði. Vandamálið er hins vegar það að stærstur hluti kostnaðar hjá hinu opinbera er launakostnaður. Í þessu samhengi er eðlilegt að skoða frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem gert er ráð fyrir að auðvelda yfirmönnum stofnana að segja upp starfsfólki.

Útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins markast af sérstökum ráðstöfunum sem eiga að skila samtals 3,7 milljarða kr. sparnaði. Þegar þessar ráðstafanir eru skoðaðar nánar kemur í ljós að almenningur í landinu á að mestu að bera þennan sparnað. Þannig á að skerða viðbótarlífeyrisréttindi um hálfan milljarð kr., 740 millj. kr. á að spara með því að lækka útgjöld vegna lyfjakostnaðar, hjálpartækja og sérfræðilækniskostnaðar. Það liggur hins vegar ekki fyrir með hvaða hætti þetta verður framkvæmt og því ekki hægt að leggja mat á hvort þetta eru raunhæfar tillögur. Hins vegar hafa tillögur undanfarinna ára um lækkun lyfjakostnaðar aldrei náð fram að ganga nema sá hluti lækkunarinnar sem náðst hefur með auknum álögum á sjúklinga. Þá á að skerða vaxtabætur um 600 millj. kr. og atvinnuleysisbætur um 170 millj. kr. Það er hins vegar hvergi minnst á að spara í kostnaði sem hugsanlega kæmi illa við stjórnarherrana, svo sem í risnu og ferðakostnaði og öðrum gæluverkefnum ráðherranna. Gert er ráð fyrir að þeir megi halda áfram að eyða um efni fram eins og t.d. sífelldar aukafjárveitingar til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins á undanförnum árum bera með sér.

Efnahagsforsendur.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggjast á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 3,5% á árinu 2004 og verðbólgan verði um 2,5%. Þá er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2,5%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3,5% og að atvinnuleysi minnki og verði um 2,5%. Viðskiptahallinn mun hins vegar aukast og verða nálægt 3,25% af landsframleiðslu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið nauðsynlegt að endurskoða þessa spá fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Eins og eftirfarandi tafla sýnir hefur efnahagsþróunin á yfirstandandi ári breyst verulega frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins 2003 voru samþykkt.

Magnbreytingar, %	**Fjárlög 2003**	**Áætlun 2003**	**Frumvarp 2004**
Einkaneysla	1,25	3,25	3,50
Samneysla	2,25	3,50	1,00
Fjárfesting	2,00	7,75	8,50
Þjóðarútgjöld alls	1,75	4,25	4,00
Ráðstöfunartekjur á mann	5,00	3,50	5,00
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	2,50	1,50	2,50
Atvinnuleysi	2,75	3,50	2,5

Hagvaxtar- og verðbólguspá fjármálaráðuneytisins er í þokkalegu samræmi við þær spár sem greiningardeildir bankanna og Seðlabankinn hafa birt.

Að mati ríkisstjórnarinnar er mikilvægasta verkefni hagstjórnar á næstu árum að stefnan í ríkisfjármálum hamli gegn innlendri eftirspurn, ekki síst vegna áhrifa framkvæmdanna á

Austurlandi. Telur ríkisstjórnin mestu máli skipta frestun framkvæmda og aðhald í almennum ríkisrekstri, m.a. á sviði launamála.

Það er athyglisvert í þessu samhengi að vitna til þess sem kemur fram í nýlegu markaðsyfirliti Íslandsbanka. Þar er því haldið fram að þrátt fyrir viðleitni ríkisstjórnarinnar til að draga úr þensluáhrifum stóriðjuframkvæmda muni stór hluti hagstjórnar næstu ára hvíla á herðum Seðlabankans. Orðrétt segir í riti Íslandsbanka:

„Til að koma í veg fyrir að þær stóriðjuframkvæmdir sem framundan eru komi niður á samkeppnisaðstöðu, arðsemi og markaðshlutdeild þeirra íslensku fyrirtækja sem helst keppa við erlend er mikilvægt að hið opinbera beiti aðhaldi á næstu árum. Heppilegast er að ríki og sveitarfélög dragi úr framkvæmdum sínum rétt á meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Hið opinbera þarf þannig að bera þungann í hagstjórninni svo minna hvíli á peningastjórnun. Með þeim hætti má koma í veg fyrir ofris raungengis og nafngengis krónunnar þegar framkvæmdirnar standa sem hæst.

Langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum bendir til þess að þunginn í hagstjórninni framundan muni hvíla á herðum Seðlabankans og stýrivöxtum hans. Þær aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum sem boðaðar eru munu að öllum líkindum ekki duga til að halda hagkerfinu í jafnvægi. Ólíklegt er að sveitarfélögin muni aðhafast mikið í aðhaldsaðgerðum og má telja sennilegt að Seðlabankinn muni þurfa að hækka stýrivexti sína umtalsvert á næstu missirum eða upp fyrir 8%.

Viðleitni ríkisstjórnarinnar til að taka á þeim þensluvanda sem framundan er vegna stóriðjuframkvæmda virðist fyrst og fremst koma fram í áætlunum um að draga úr fjárfestingu og halda vexti samneyslunnar í lágmarki á næstu árum. Jafnvel þó viðleitni ríkisstjórnarinnar til aðhalds á næstu árum verði að veruleika er ljóst að stór hluti þungans við hagstjórn á næstu árum mun hvíla á herðum Seðlabankans."

Þegar við þetta bætist dulinn fjárhagsvandi fjölmargra stofnana svo nemur mörgum milljörðum króna er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki þau tök á ríkisfjármálunum sem nauðsynleg eru í þeirri þenslu sem fram undan er. Því miður hafa þessi lausatök einkennt ríkisfjármálin mörg undanfarin ár en verði ekki brugðist rétt við nú er mikil hætta fram undan í efnahagslífi þjóðarinnar.

Upplýsingagjöf.

Ein forsenda þess að hægt sé að taka skynsamlegar ákvarðanir og fjalla um mál af þekkingu er að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir. Þess vegna óskaði 1. minni hluti eftir því í byrjun október að öll ráðuneyti skiluðu upplýsingum um stöðu einstakra stofnana, sem undir þau heyrðu, í fyrsta lagi miðað við lok ágúst og í öðru lagi um áætlaða stöðu stofnana í árslok 2003. Í nóvember sendi fjármálaráðuneytið upplýsingar um stöðuna í lok ágúst en engar upplýsingar hafa enn þá borist um áætlaða stöðu stofnana í árslok. Þá var einnig óskað eftir upplýsingum og skýringum varðandi þær stofnanir sem hafa verið í öllum fjáraukalögum síðastliðin þrjú ár. Við þessari beiðni hafa heldur ekki nein svör borist. Þrátt fyrir margar ítrekanir frá fjárlaganefnd um að þessum erindum yrði svarað höfðu svör ekki borist þegar nefndin afgreiddi frumvarpið til 2. umræðu.

Þessi tregða framkvæmdarvaldsins til sjálfsagðrar upplýsingagjafar er með ólíkindum og í samhengi við ýmislegt annað verður að draga þá ályktun að framkoma framkvæmdarvaldsins við löggjafarvaldið hafi í raun skapað algerlega nýja stöðu í samskiptum aðila. Ljóst er að ef ekki verður brugðist við af hálfu löggjafarvaldsins eru störf fjárlaganefndar í uppnámi.

Fjárlaganefnd barst loks mánudaginn 24. nóvember minnisblað frá fjármálasviði menntamálaráðuneytisins varðandi sundurliðun á óskiptum liðum framhaldsskóla. Eingöngu barst

yfirlit yfir skiptingu á óskiptum liðum fjárlaga ársins 2003 og yfir skiptingu á 200 millj. kr. viðbót í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 sem ætlað er að mæta nemendafjölgun og til að lagfæra tiltekna vankanta reiknilíkans framhaldsskóla. Ekki barst sundurliðun yfir skiptingu á 180 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Í minnisblaðinu er lögð áhersla á að um áætlun sé að ræða þar sem endanlegt uppgjör við hvern skóla fari fram í upphafi árs 2004. Orðrétt segir m.a. í minnisblaðinu:

„Menntamálaráðuneytið telur sér ekki fært að spá fyrir um greiðslustöðu hvers og eins skóla um næstu áramót. Að hluta er það vegna þess að einstakir skólar sem færa sitt bókhald sjálfir eru afar misjafnt komnir í uppfærslu bókhaldsins, jafnframt því sem Ríkisbókhald er nú að innleiða nýtt bókhaldskerfi. Þetta tvennt gerir allar áætlanir fyrir einstaka skóla torsóttari en ella.

Hins vegar er það mat ráðuneytisins þegar tekið er tillit til fjáraukalagafrumvarps ársins 2003 og þeirra gagna sem ráðuneytið hefur getað aflað úr ríkisbókhaldi til þessa að rekstur framhaldsskólanna sé í betra jafnvægi á árinu 2003 en lengi að undanförnu."

Það er afar sérkennilegt að menntamálaráðuneytið skuli ekki hafa betri yfirsýn yfir fjármál framhaldsskólanna. Er það sérstakt athugunarefni hvernig fjármálastjórninni er háttað. Hvernig gat ráðuneytið óskað eftir rúmlega 550 millj. kr. aukafjárveitingu ef það hafði ekki upplýsingar um stöðu skólanna? Af viðtölum fjárlaganefndar við forsvarsmenn framhaldsskóla hefur komið í ljós að þeir eru vel meðvitaðir um fjárhagsstöðu skólanna og því hefði verið nærtækt fyrir ráðuneytið að afla upplýsinga hjá þeim. Það er brýnt að ráðuneytið og skólarnir vinni í sameiningu að lausn fjárhagsvanda framhaldsskólanna. Án slíkrar samvinnu er hætt við að þróun framhaldsskólakerfisins sé í hættu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 23. október 2003, sem sent var öllum ráðuneytum, var skýrt frá þeirri samþykkt ríkisstjórnarinnar að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldur skili ráðuneytin tillögum í fjárlagakerfið ef tilefni verða til. Þetta er að mörgu leyti mjög sérstök ákvörðun, sérstaklega í ljósi þess að á sama tíma fær fjárlaganefnd ekki upplýsingar sem um er beðið og gera henni kleift að meta sjálfstætt stöðu stofnana og kalla til sín forstöðumenn þeirra stofnana sem verst standa.

Í framhaldi af þessu var, að kröfu 1. minni hluta, óskað eftir því að forstöðumenn tiltekinna stofnana kæmu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir stöðu stofnana sinna á yfirstandandi ári og legðu mat á þær fjárveitingar sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004. Niðurstaða þeirra funda sem þegar hafa verið haldnir sýna, svo ekki verður um villst, að þetta frumvarp sem hér er til umræðu er í stórum liðum marklaust plagg.

Þetta bréf fjármálaráðuneytisins staðfestir breytt verklag framkvæmdarvaldsins og leiðir til þess að fjárlaganefnd þarf að skoða áhrif þess á störf nefndarinnar. Sú staðreynd að framkvæmdarvaldið tekur slíka ákvörðun án þess að tilkynna fjárlaganefndinni um hana hlýtur að vera umhugsunarefni. Þá er það ekki síður athyglisvert að samþykkt ríkisstjórnarinnar er tekin í kjölfar auglýsingar frá fjárlaganefnd um að ríkisstofnanir geti fengið viðtalstíma hjá nefndinni. Þessi ögrun framkvæmdarvaldsins hefur haft áhrif á störf fjárlaganefndar og svo mun verða áfram því að ákveðið hefur verið að nefndin kalli forstöðumenn ríkisstofnana til sín á milli 2. og 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að þessi ákvörðun framkvæmdarvaldsins kallar á breytt vinnubrögð fjárlaganefndar og mun hafa áhrif á samskipti fjárlaganefndar við framkvæmdarvaldið framvegis.

Ein hlið þessa bréfamáls snýr sérstaklega að Alþingi og stöðu þess í stjórnkerfinu. Forsætisráðuneytið sendi Alþingi sömu tilskipun og fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins. Í stað þess að endursenda bréfið með viðeigandi athugasemdum virðist bréfið hafa verið sent

áfram frá Alþingi til stofnana þess, m.a. Ríkisendurskoðunar. Þaðan barst þinginu viðeigandi svar sem birt er með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Tekjuhlið.

Nú við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins er lagt til að tekjur hækki um 2,6 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um einn milljarð kr. vegna aukins atvinnuleysis en á móti vegur að tekjuskattur lögaðila hækkar um einn milljarð kr. vegna hærri álagningar á þessu ári en gert var ráð fyrir. Þá eru eignarskattar hækkaðir um 450 millj. kr. vegna breyttra forsendna og tekjur af virðisaukaskatti eru taldar aukast um tvo milljarða kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar og aukinnar innheimtu á yfirstandandi ári. Miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2003 aukast tekjur ríkissjóðs ekki á milli ára og skýrist það fyrst og fremst af því að áætluð er minni eignasala á næsta ári en verið hefur á undanförnum árum.

Spá um þróun ýmissa efnahagsstærða ræður miklu um tekjur ríkissjóðs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tekjuhlið frumvarpsins tekur mið af spám um aukinn hagvöxt á næsta ári. Fjármálaráðuneytið gerir nú ráð fyrir að hagvöxtur verði um 3,5% á næsta ári og verðbólga verði um 2,5%. Þetta er svipuð spá og greiningardeildir bankanna hafa gert. Þá er miðað við að einkaneysla aukist um 3,25% á árinu 2004.

Í áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarpsins segir m.a.:

„Margt bendir til þess að miðað við væntingar um batnandi hag þjóðarbúsins séu ýmsir tekjuliðir vanáætlaðir í fjárlagafrumvarpinu. Má þar nefna vaxtatekjur, tekjuskatt og virðisaukaskatt. Vaxtatekjur ársins voru t.d. vanáætlaðar í frumvarpinu fyrir árið 2003 miðað við áætlun fjárlagaskrifstofu nú í nóvember um 1,6 milljarða kr. Nú þegar fjárlagafrumvarpið er tekið til 2. umræðu liggur fyrir að tekjur næsta árs voru vanáætlaðar um 2,6 milljarða kr. þegar frumvarpið var lagt fram.

Í áætlun fyrir árið 2004 gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að tekjuskattur einstaklinga verði milljarði króna lægri en áætlað var í frumvarpinu. Skýringar fjármálaráðuneytisins við yfirferð efnahags- og viðskiptanefndar voru þær að þetta stafaði af atvinnuleysi og styttri vinnutíma einstaklinga. Engar tölulegar upplýsingar fylgdu á hinn bóginn því mati. Þótt því sé spáð má gera ráð fyrir að efnahagsuppsveiflan sem nú er hafin muni ekki einkennast af jafnmikilli þenslu og í síðustu uppsveiflu er þó ljóst að þenslan verður töluverð og hlýtur að segja til sín á vinnumarkaði með einhverjum hætti. Í því sambandi má minna á endurteknar yfirlýsingar einstakra ráðherra um að atvinnuleysi minnki verulega í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli. Í tölum fjármálaráðuneytisins birtist því ákveðin vantrú á að verulega rætist úr atvinnumálum á næstu missirum. Þá virðist litið fram hjá því að kjarasamningar eru lausir og launahækkanir óhjákvæmilegar á árinu. Lækkun á áætluðum tekjuskatti einstaklinga frá fjárlagafrumvarpi er því ekki í samræmi við atriðin sem hér eru nefnd og telja fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd að liðurinn sé vanáætlaður.

Sömuleiðis má færa rök að því að annar mikilvægur tekjuliður, virðisaukaskattur, fari fram úr spá fjármálaráðuneytisins. Þróun þess liðar fylgir nokkuð vel þróun hagvaxtar. Áætlun fjármálaráðuneytis byggist á því að hagvöxtur verði 3,5% árið 2004, en greiningardeildir bankanna spá yfirleitt meiri hagvexti. Því er líklegt að liðurinn sé vanáætlaður. Áætlanir um tekjur ríkisins þurfa hins vegar að byggjast á sterkum tölulegum grunni en ekki slumpareikningi eins og reyndin virðist með marga mikilvæga þætti í tekjugrein fjárlaga að þessu sinni."

Gjaldahlið.

Nú við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 leggur meiri hlutinn til að útgjöld hækki um 2,2 milljarða kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 600 millj. kr. renni til framhaldsskóla vegna fjölgunar nemenda og hækkunar meðalframlags á nemanda. Gert er ráð fyrir að upphæðin verði færð á liðinn Framhaldsskólar, óskipt, enn einu sinni er því verið að veita fé á safnlið en ekki til einstakra stofnana. Það er því ómögulegt að meta stöðu einstakra framhaldsskóla. Ef áfram verður haldið á sömu braut er stutt í að einn fjárlagaliður haldi utan um alla framhaldsskóla landsins líkt og gert er með öll sendiráðin í frumvarpinu. Slíkt er ekki til eftirbreytni og í raun full ástæða til að þessari óheillavænlegu þróun verði snúið við.

Þá er gert ráð fyrir 280 millj. kr. hækkun til fæðingarorlofssjóðs og rúmlega 100 millj. kr. hækkun til atvinnuleysistryggingasjóðs. Einnig er gert ráð fyrir 238 millj. kr. viðbót vegna lyfjakostnaðar á sama tíma og boðaður er sparnaður á þessum lið í frumvarpinu. Bendir þetta til að viðurkennt sé að þessi sparnaðarleið sé óraunhæf. Þá er framlag til launa- og verðlagsmála hækkað um 220 millj. kr. vegna leiðréttingar á launafjárveitingum til heilsugæslustöðva vegna vottorða og gjaldskrárverka lækna. Hér vekur enn á ný athygli sú staðreynd að þessar fjárveitingar eru ekki færðar á viðkomandi stofnanir heldur er færð ein fjárhæð á safnlið þrátt fyrir að ætla megi að fyrir liggi hvernig kostnaður skiptist milli stofnana.

Athygli vekur að gert er ráð fyrir 10 millj. kr. tímabundnu framlagi til utanríkisráðuneytisins vegna markaðssetningar á dilkakjöti erlendis „í samstarfi við þá sem við hana hafa unnið.“ Eðli máls samkvæmt heyrir þessi starfsemi undir landbúnaðarráðuneytið og er vandséð hvort beri að skilja þessa tillögu sem vantraust á markaðssetningarvinnu þess ráðuneytis eða hvort fagráðuneytið er að missa trú á eigin getu í málinu eftir mörg mögur ár við markaðssetningu erlendis.

Að mati 1. minni hluta vantar verulega upp á að tillögur meiri hlutans nú við 2. umræðu tryggi rekstrargrundvöll fjölmargra stofnana á næsta ári. Erfitt er að meta stöðu einstakra stofnana fyrr en nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram, en ljóst er að verulega fjármuni vantar víða til að stofnanir geti haldið í horfinu á næsta ári og einnig er halli fyrri ára víða óbættur.

Þá hafa komið fram upplýsingar um að kostnaður við samning ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins sé vanáætlaður í fjárlagafrumvarpinu um 500 millj. kr. og væntir 1. minni hluti þess að sá mismunur verði leiðréttur fyrir 3. umræðu.

Gjaldahlið stofnana.

Eftir að fjármálaráðuneytið sendi öðrum ráðuneytum bréf þar sem stofnunum var bannað að hafa frumkvæði að því að fara á fund fjárlaganefndar óskaði 1. minni hluti þess að forstöðumenn tiltekinna stofnana yrðu kallaðir á fund nefndarinnar. Þar sem starfsáætlun nefndarinnar gerði ekki ráð fyrir þessum afskiptum framkvæmdarvaldsins af starfsemi nefndarinnar hefur ekki tekist fyrir 2. umræðu að ljúka öllum viðtölum við forstöðumenn stofnana. Hér verður því aðeins getið örfárra dæma um upplýsingar sem fram hafa komið.

Samkvæmt upplýsingum forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss vantar um 600 millj. kr. upp á að uppsafnaður halli ársins verði að fullu bættur þegar tekið hefur verið tillit til þeirra fjárhæða sem ætlaðar eru stofnuninni í frumvarpi til fjáraukalaga ársins 2003. Hefur ráðuneytinu verið gerð grein fyrir því að fjárveiting í fjárlögum ársins 2004 þyrfti að vera 1.000–1.100 millj. kr. hærri til að halda í horfinu miðað við verðlagsforsendur ráðuneytisins varðandi lyf og hjúkrunarvörur. Stjórnendur spítalans telja þó vanmat felast í forsendum ráðuneytisins og telja líklegra að vöntun á fjárveitingu ársins 2004 verði u.þ.b. 1.400 –1.500

millj. kr. Þá liggja fyrir brýn viðhaldsverkefni og ýmis önnur verkefni sem kosta um 100–150 millj. kr.

Að óbreyttu mun Háskóli Íslands þurfa að vísa frá 900 nýnemum (sem samsvarar 550 virkum nemendum) haustið 2004. Það þýðir að Háskóli Íslands verður þá ekki lengur þjóðskóli og opinn öllum þeim sem lokið hafa stúdentsprófi. Á árunum 2001 og 2002 hefur Háskólinn ekki fengið greitt fyrir 300 virka nemendur sem er meginástæða 300 millj. kr. skuldar við ríkissjóð. Þá er í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2004 lækkuð fjárveiting til rannsókna um 105 millj. kr. að raungildi. Fjárveitingin stendur undir grunnkostnaði rannsókna sem ekki er hægt að sækja um til rannsóknarsjóða.

Í samningi Háskólans og menntamálaráðuneytisins er m.a. kveðið á um að breyta skuli launaforsendum til samræmis við mat á þeirri hækkun sem leiðir af úrskurði kjaranefndar. Sama skal gilda um laun annarra háskólakennara samkvæmt samningi við fjármálaráðherra. Menntamálaráðuneytið skipaði vinnuhóp til að meta hvort þróun einingarverða væri í samræmi við samning. Hópurinn átti að skila áliti fyrir 11. apríl 2003 en hefur ekki gert það enn. Á tímabilinu 1999–2003 hafa raunlaun við Háskólann hækkað um 40% en nemendaframlög hafa hækkað um 23% á sama tíma.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur frá ársbyrjun 2002 átt í rekstrarerfiðleikum og stefnir í óefni á árinu 2004 ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Fjöldi ársnema var rangur í forsendum fjárlaga áranna 2002 og 2003 og er enn rangur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Það er ljóst að það að setja of lága tölu ársnemenda inn í reiknilíkan og fjárlagafrumvarp ár eftir ár og taka ekki tillit til ábendinga um lagfæringu setur fjárstreymi skólans úr skorðum. Kostnaðarmat reiknilíkansins er 295,9 millj. kr. fyrir skólann á árinu 2004. Eftir flatan niðurskurð voru 283,5 millj. kr. settar í fjárlagafrumvarpið. Þá er húsaleiga verulega vanáætluð. Þetta leiðir til þess að skekkja verður jafnan á launalið skólans. Fjármálaráðuneytið grípur inn í og takmarkar eða lokar fyrir greiðslur vegna annarra gjalda til skólans. Í október 2002 var skólinn aðeins búinn að fá um 50% af því rekstrarfé sem hann átti að fá á öllu árinu að frádreginni húsaleigu. Í október 2003 var talan komin í 35%.

Flati niðurskurðurinn, sem embættismenn menntamálaráðuneytisins kalla „þjöppun“, virðist vera um 5% af þeirri útkomu sem reiknilíkanið mælir framhaldsskólunum. Niðurskurður á fjárveitingum til framhaldsskóla hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Þá liggur fyrir að nemendatölur framhaldsskóla í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2004 eru rangar. Í frumvarpinu er miðað við 16.220 nemendur. Framhaldsskólarnir hafa undanfarin ár sent til menntamálaráðuneytisins nýjustu tölur um ársnemendur ásamt áætlunum fyrir næstu annir. Þessar upplýsingar hafa undanfarið reynst nákvæmar. Inna, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, getur veitt ráðuneytinu upplýsingar um einstaka þætti talningarinnar. Heildarfjöldi ársnemenda árið 2004 er áætlaður um 17.000 nemendur og hefur sú tala legið fyrir um nokkurt skeið. Fagnaðarefni er að nú við 2. umræðu skuli sú tala vera lögð til grundvallar tillögu um 600 millj. kr. viðbótarfjármagn til framhaldsskólanna á næsta ári. En ósvarað er hvers vegna ekki var miðað við þá tölu strax í frumvarpinu. Það er auðvitað óviðunandi að ár eftir ár þurfi forsvarsmenn framhaldsskólanna að berjast fyrir viðurkenningu á þeim nemendafjölda sem sækir skólana.

Þá hefur einnig verið vakin athygli á því að fjárveitingar til sérdeilda fatlaðra og sérkennslu eru með mjög óljósum hætti í frumvarpinu. Framlagið virðist sett á suma skóla en aðra ekki. Ekki er ljóst hvort einhverjum skólum hefur verið sleppt, sem eiga þó að fá þessar fjárveitingar, eða hvort fjármagnið er afgreitt með mismunandi hætti. Ógerningur er að sjá hvort einhvers staðar hafa verið gerð mistök. Það eru ónákvæm og óeðlileg vinnubrögð að setja fjárveitingar til ákveðinnar starfsemi á mismunandi liði skólanna í fjárlögum.

Dómstólaráð, sem fer með yfirstjórn stjórnsýslu héraðsdómstólanna, glímir við uppsafnaðan halla. Ef ekkert verður að gert verður ráðið að segja upp átta eða níu starfsmönnum. Verkefni og verklag dómstólaráðs eru lögbundin að verulegu leyti og hefur ráðið enga stjórn á því hvaða mál koma til úrlausnar. Heildarfjöldi nýrra mála var 98% meiri árið 2002 en meðaltal áranna 1993–2000. Þessa fjölgun má m.a. rekja til nýmæla í lögum án þess að viðbótarfjármagn hafi fylgt og mikillar vinnu við flókin sakamál, þjóðlendumál og stór efnahagsbrotamál. Auk þessa virðist fjármálaráðuneytið hafa vanreiknað launahækkanir samkvæmt úrskurði kjaradóms um 2,3 millj. kr. á árinu 2003 og kostnaður vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna hefur ekki verið bættur stofnuninni en hann nemur um 10 millj. kr.

Það sem að framan er rakið sýnir, svo ekki verður um villst, að verulegar fjárhæðir vantar inn í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Það er sérkennilegt að leggja fram frumvarp sem ekki tekur mið af raunverulegri fjárþörf stofnana, en þetta er sá blekkingaleikur sem ríkisstjórnin hefur leikið á undanförnum árum. Þegar við bætist sú ákvörðun að hindra eðlileg tengsl forstöðumanna stofnana við fjárlaganefnd er dregið enn frekar úr trúverðugleika fjárlagafrumvarpsins.

Gjaldahlið málaflokka.

Eins og undanfarin ár skila fagnefndir áliti á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Þá er þeim einnig ætlað að skipta safnliðum sem eru á málefnasviði þeirra. Heilbrigðis- og tryggginganefnd hefur síðustu ár skipt safnlið 08-399-1.90 Ýmis framlög. Á síðasta ári var fjárlagaliðurinn að fjárhæð 63,8 millj. kr. og lagði nefndin til að 24,3 millj. kr. yrði skipt á milli tilgreindra aðila. Í bréfi heilbrigðis- og tryggginganefndar til fjárlaganefndar kemur fram að umræddur safnliður, sem vísað var til nefndarinnar, er að fjárhæð 13,8 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Þegar leitað var skýringa á lækkun fjárlagaliðarins um 50 millj. kr. fengust þau svör frá ráðuneytinu að fjárhæðin hefði í aðalatriðum verið færð á fjárlagaliðinn 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Vegna þessarar skerðingar treysti nefndi sér ekki til að skipta umræddum safnlið og vísaði honum aftur til fjárlaganefndar. Í áliti sínu taldi heilbrigðis- og tryggginganefnd einnig ástæðu til að gagnrýna fjárlagavinnuna í því formi sem hún er. Telur nefndin aðkomu fagnefnda að fjárlagafrumvarpinu yfirborðskennda og að hún þjóni nær eingöngu því markmiði að upplýsa nefndirnar um gerðan hlut. Telur nefndin það mundu vera til bóta fyrir málaflokkinn ef hún kæmi fyrr og með meira afgerandi hætti að fjárlagavinnunni.

Minni hluti félagsmálanefndar stendur ekki að áliti meiri hluta nefndarinnar, enda um að ræða verulegar vanáætlanir á stórum útgjaldaliðum félagsmálaráðuneytisins sem stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á. Í áliti minni hluta félagsmálanefndar er farið yfir helstu gagnrýnisatriði og vakin athygli á verulegum vanáætlunum í stórum málaflokkum sem falla undir félagsmálaráðuneytið.

Ýmis sveitarfélög hafa gagnrýnt lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á þessu ári miðað við síðustu ár. Skýring þessa er m.a. sú að sérstakar greiðslur úr ríkissjóði féllu niður á árinu 2002 og það ár var gengið verulega á eigið fé sjóðsins. Að óbreyttu lækka því framlög til sveitarfélaga verulega frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Þá var reglum um úthlutun breytt á þessu ári. Mörg dreifbýlissveitarfélög sem jafnframt eru fámenn fóru illa út úr þessum breytingum, sérstaklega hvað varðar framlög til skólaaksturs. Huga þarf sérstaklega að málefnum Jöfnunarsjóðs og mikilvægt að úthlutanir sjóðsins lækki ekki á milli ára. Taka þarf upp ný vinnubrögð varðandi árlegar viðræður forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga og félags- og fjármálaráðherra um fjárhagsleg samskipti milli ríkis og

sveitarfélaga svo að t.d. niðurstöður um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga liggi fyrir við 2. umræðu fjárlaga.

Áætluð útgjöld Ábyrgðasjóðs launa fyrir árið 2003 eru 740 millj. kr. en í fjárlögum þess árs var gert ráð fyrir 441 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir tæplega 687 millj. kr. Engin ástæða er til að ætla að útgjöld sjóðsins verði minni á næsta ári en þessu, sérstaklega í ljósi þess að gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað gífurlega á árinu 2003 en greiðslur vegna þeirra vega líklega þungt á árinu 2004.

Áætluð útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 2003 eru rúmir 4,3 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir því að atvinnuleysi verði 3,3% og að kostnaður við hvert prósentustig sé tæplega 1,1 milljarður kr. Fjárlög ársins 2003 gerðu ráð fyrir að útgjöld yrðu 3,2 milljarðar kr. og stefnir því í að útgjöld vegna atvinnuleysis hafi verið vanmetin um 1,1 milljarð kr. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir að gjöld sjóðsins verði samtals 3,3 milljarðar kr. og byggist á því að meðalatvinnuleysi á árinu 2004 verði 2,5%. Spá Seðlabankans frá því nú í nóvember gerir ráð fyrir 2,75% atvinnuleysi og Kaupþing spáir 3,0% atvinnuleysi á næsta ári. Því vantar 280–550 millj. kr. í sjóðinn sé tekið mið af áætlunum þessara aðila.

Breytingartillögur.

Fyrsti minni hluti flytur breytingartillögur nú við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2004. Tillögurnar eru táknrænar fyrir áhersluatriði Samfylkingarinnar við fjárlagagerðina. Þannig gera tillögurnar ráð fyrir jafnvægi milli tekna annars vegar og aukinna útgjalda hins vegar. Tillögurnar gera ráð fyrir að dregið verði úr áætluðum álögum ríkisstjórnarinnar á almenning, gætt aðhalds í rekstri hins opinbera og bætt úr brýnum fjárhagsvanda einstakra stofnana, t.d. innan menntakerfisins.

Lokaorð.

Að mati 1. minni hluta er það ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem einkennist af óvönduðum vinnubrögðum og fljótaskrift. Ljóst er að mörg óleyst mál bíða 3. umræðu eins og fram kemur í áliti meiri hlutans. Fjárlaganefnd hefur mikið verk að vinna fyrir 3. umræðu svo að tillögur fyrir hana verði með þeim hætti að kleift verði að samþykkja trúverðug fjárlög fyrir árið 2004. Fyrsta skrefið í þá átt er að viðurkenna að á mörgum sviðum eru útgjöld verulega vanáætluð og rekstrargrunnur fjölmargra stofnana ekki tryggður. 1. minni hluti mun halda áfram að óska eftir viðræðum við forsvarsmenn ríkisstofnana til að kortleggja þann vanda sem steðjar að fjölmörgum stofnunum. 1. minni hluti gerir einnig þá kröfu að þau ráðuneyti sem krafin hafa verið um upplýsingar skili þeim tímanlega fyrir 3. umræðu.

Því miður einkennir stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stórum málaflokkum það fjárlagafrumvarp sem hér er rætt. Skortur á heildarsýn og forgangsröðun fylgir slíku stefnuleysi. Verði ekki brugðist við af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 3. umræðu munu fjárlög næsta árs ekki nýtast sem skyldi í efnahagsstjórninni en þess í stað skapa hættu á aukinni þenslu og vaxandi verðbólgu í kjölfarið. Ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans er mikil.

Alþingi, 25. nóv. 2003.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Svar Ríkisendurskoðunar við bréfi fjármálaráðuneytis.
(5. nóvember 2003.)

Í tölvuskeyti, dags. 28. október sl., framsendi skrifstofa Alþingis Ríkisendurskoðun til upplýsingar bréf fjármálaráðuneytisins til ráðuneyta, dags. 23. október sl. Í nefndu bréfi fjármálaráðuneytisins er vakin athygli á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. október sl. um meðferð breytingartillagna við 2. og 3. umr. um frumvarp til fjárlaga 2004 og frumvarp til fjáraukalaga 2003. Bréf ráðuneytisins var framsent skrifstofu Alþingis með tölvuskeyti hinn 28. október sl. þar sem mælst var til þess að Alþingi komi umræddum upplýsingum á framfæri við stofnanir sínar.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar fól í sér að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldur skili ráðuneytin tillögum í hið svokallaða fjárlagakerfi ef tilefni er til. Slík erindi verði tekin til afgreiðslu í ráðherranefnd um ríkisfjármál og tillögur um nauðsynlegar breytingar sendar fjárlaganefnd í nafni ríkisstjórnarinnar.

Af þessu tilefni þykir rétt að vekja athygli á því að í 21. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, er að finna ákvæði um frumvarp til fjárlaga, þ.e.a.s. efni þess og tilurð. Þar er í 3. mgr. kveðið á um að skila skuli fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytis eftir nánari reglum, sem setja skal í reglugerð. Í 4. mgr. er á hinn bóginn sérstaklega mælt fyrir um hvernig fara skuli með tillögur að fjárveitingum til Alþingis. Þar segir að forsætisnefnd Alþingis geri ár hvert tillögur um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan sama frests, sem Stjórnarráðinu og stofnunum, er undir það heyra, er veittur. Tillögur sínar sendir forsætisnefnd forsætisráðherra í samræmi við hlutverk hans skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Umrætt ákvæði 4. mgr. 21. gr. var ekki að finna í frumvarpi því, sem síðar varð að fjárreiðulögum, nr. 88/1997, heldur var því bætt við frumvarpið í meðförum Alþingis á sínum tíma. Svo sem kunnugt er var frumvarpinu, í ljósi mikilvægis þess og sérstöðu, vísað til sérnefndar til umfjöllunar að lokinni 1. umræðu á Alþingi. Nefndinni þótti m.a. nauðsynlegt að skýra betur en gert var í frumvarpinu stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og samskipti milli Alþingis og ráðuneyta. Í áliti sínu lagði hún ríka áherslu á að mörk löggjafavalds og framkvæmdarvalds væru skýr og meðferð við gerð fjárlaga vel skilgreind. Af þessum sökum eyddi nefndin miklum tíma til að ræða samspil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sbr. t.d. 21. gr. og 33. gr. laganna, sem lesa má um í samhljóða nefndaráliti hennar á sínum tíma um málið. Nefndin lagði til ýmsar breytingar á frumvarpinu. M.a. lagði hún til að við 21. gr. bættust þrjár nýjar málsgreinar og var frumvarpið samþykkt svo breytt, sbr. nú 3.–5. mgr. greinarinnar. Umrædda breytingartillögu rökstuddi sérnefndin ítarlega í nefndaráliti sínu. Þar segir m.a. svo:

„Lagt er til að í 21. gr. verði tekin ákvæði um skil einstakra aðila í A-, B- og C-hluta á fjárlagatillögum. Þannig verði lögfest sú framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að aðilar skili viðkomandi ráðuneyti tillögum sínum og hvert ráðuneyti skilar síðan fjárlagatillögum um þá aðila, sem undir það heyra, til fjármálaráðuneytis. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um gerð og meðferð fjárlagatillagna Alþingis. Enginn vafi leikur á þeirri sérstöðu sem Alþingi hefur í stjórnkerfinu. Byggist hún á löggjafarvaldinu, þingræðisreglunni, fjárstjórnarvaldinu, eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu o.fl. atriðum. Í stjórnarskránni

og almennum lögum er að finna fyrirmæli um innri starfsemi þingsins. Forseti Alþingis er í störfum sínum aðeins ábyrgur gagnvart þinginu sjálfu, sbr. 52. gr. stjórnarskrárinnar. Í þingskapalögum kemur síðan fram að forseti Alþingis beri ábyrgð á rekstri þingsins og hafi æðsta vald í stjórnsýslu þess, en forsætisnefnd þingsins setji almennar reglur um rekstur Alþingis og stjórnsýslu. Þar segir einnig að forsætisnefnd fjalli um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir það heyra. Því er eðlilegt að sérákvæði gildi um fjárlagatillögur þingsins. Þingið fer með fjárstjórnarvaldið og það leiðir því af sjálfu sér að það hefur lokaorðið um eigin fjárlagatillögur eins og um fjárlagafrumvarpið í heild sinni. Færa má fyrir því gild rök að ríkisstjórnin sem slík eigi ekki að hafa afskipti af fjárlögum Alþingis, með vísun í þingræðisregluna og sérstöðu þings að öðru leyti. Í sumum ríkjum eru fjárlagatillögur þingsins ekki hluti af fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í íslensku stjórnarskránni segir að allar tekjur og gjöld skuli tekin upp í fjárlagafrumvarpið. Þetta þarf ekki að skilja sem svo að ríkisstjórn á hverjum tíma eigi að hafa í frumvarpi tillögur um fjárveitingar til þingsins. Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis eða meiri hluta þess, og því ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem hlutaðeigandi ríkisstjórn hefur boðað. Til að taka af allan vana um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun. Þá er í tillögu nefndarinnar loks lagt til að ákvæðið nái einnig eftir því sem við getur átt til frumvarps til fjáraukalaga.“

Augljóst má vera af framansögðu að bæði að baki frumvarpinu og þó einkum breytingartillögum sérnefndarinnar bjuggu þau sjónarmið að efla og undirstrika sjálfstæði Alþingis í stjórnkerfi ríkisins, einkum þó gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Svo sem kunnugt er náðu allar breytingartillögur nefndarinnar fram að ganga og komu lögin til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998. Framkvæmd í þessum efnum hefur verið mjög í samræmi við umrædd ákvæði laganna og frá upphafi einhugur í forsætisnefnd um að fylgja fyrirmælum laganna í þessu efni. Í samræmi við það hefur forsætisnefnd eftir gildistöku laganna jafnan gert tillögur að fjárveitingum til Alþingis og stofnana þess án þess að stjórnsýsluhafar hafi þar bein afskipti af önnur en þau að taka þær upp óbreyttar í fjárlagafrumvarp.

Að mati Ríkisendurskoðunar hljóta sömu reglur og sjónarmið og hér að ofan hafa verið rakin að eiga við um breytingartillögur við fjárlagafrumvarp og fjáraukalög, sem forsætisnefnd beitir sér fyrir í tengslum við fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess. Forræði forsætisnefndar þegar um er að ræða meðferð á tillögum hennar til breytinga á fjárlagafrumvarpinu er ótvírætt, sbr. það sem að framan hefur verið rakið.

Að auki er þess að geta að ekkert í bréfi fjármálaráðuneytisins gefur í sjálfu sér tilefni til þess að ætla að nefnd ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 21. október sl. hafi verið ætlað að ná til Alþingis og stofnana þess. Samkvæmt skýru orðalagi þess takmarkast efni bréfsins beinlínis við ráðuneyti og stofnanir, sem undir þau falla.

Með vísan til framangreinds tel ég að ég hafi heimild til að ræða beint við fjárlaganefnd um fjármál Ríkisendurskoðunar án milligöngu stjórnsýsluhafa ef ég tel þörf á, nema til komi bein fyrirmæli frá forseta Alþingis um aðra tilhögun.

427. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, HHj, JGunn, AKG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	66.900,0	600,0	67.500,0
b. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	86.021,0	250,0	86.271,0
c. 5.1.2.1.15 Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.290,0	50,0	4.340,0
d. 5.1.2.1.25 Vörugjald af bensíni	2.156,5	-600,0	1.556,5
e. 5.2.1.5.5 Þungaskattur	5.573,0	-400,0	5.173,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	50,0	-10,0	40,0
4. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	2.816,0	740,0	3.556
Greitt úr ríkissjóði	*4.026,5*	*740,0*	*4.766,5*
5. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	568,2	140,0	708,2
Greitt úr ríkissjóði	*657,4*	*140,0*	*797,4*
6. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.01 Kennsla	871,9	190,0	1.061,9
Greitt úr ríkissjóði	*1.127,1*	*190,0*	*1.317,1*
7. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
1.14 Átak í hrossarækt	25,0	-25,0	0,0
8. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.719,0	400,0	3.119,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*400,0*	*400,0*
9. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.92 Hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu	0,0	600,0	600,0
10. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.21 Hjálpartæki	1.367,0	150,0	1.517,0
11. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	379,5	200,0	579,5
12. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0
13. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	4.505,0	600,0	5.105,0

14. Við **10-211 Vegagerðin**			
1.01 Yfirstjórn	451,5	-100,0	351,5
5.12 Öryggisaðgerðir	0,0	100,0	100,0
15. Við **12-902 Samkeppnisstofnun**			
1.01 Samkeppnisstofnun	155,6	30,0	185,6
16. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	10,5	-5,0	5,5
17. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.02 Setur í Reykjavík	219,3	5,0	224,3

18. Við 6. gr. Nýr liður:
    6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Hafnarfirði.
19. Við 6. gr. Nýir liðir:
    7.11 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.12 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 500 m.kr.
    7.13 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.14 Að fela ráðuneytum að fresta viðhalds- og stofnkostnaði um 325 mkr.
    7.15 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 1.300 m.kr.
    7.16 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og verja andvirðinu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

428. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur skýrt fram stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og tillögur hennar um það hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild sinni kemur greinilega fram sá munur sem er á áherslum núverandi meiri hluta annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hins vegar.

Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sú að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag þar sem skammtímaarður og peningalegur mælikvarði er lagður á allt og alla.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattakerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar fákeppni og alþjóðavæðingu á forsendum hinna ríku. Hún hafnar því að náttúrunni sé fórnað fyrir skyndigróða. Jafnt tillit verður að taka til félagslegra, efnahagslegra, lífrænna og menningarlegra þátta. Í slíku samfélagi blómgast bæði sveit og borg á eigin forsendum.

Fjárlagagerðin.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði á næsta ári rúmir 273 milljarðar kr. Enn fremur er lagt til í tillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar að útgjöld verði aukin um rúma 2,2 milljarða kr. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði alls um 275,3 milljarðar kr. á árinu 2004. Til samanburðar er gert ráð fyrir því í fjárlögum 2003 og fjáraukalögum sem nú liggja fyrir Alþingi að útgjöld ríkisins verði um 277 milljarðar kr. á árinu 2003. Útgjöld ríkissjóðs eiga því að minnka um 1,7 milljarða kr. milli ára.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar skal þegar Alþingi er saman komið leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram fyrir hönd framkvæmdarvaldsins á fyrsta degi þingsins að hausti. Eftir það er frumvarpið á ábyrgð þingsins og fer til fjárlaganefndar sem vinnur frumvarpið áfram til 2. og 3. umræðu. Nefndin hefur því aðeins tæpa tvo mánuði til að fara yfir frumvarpið, forsendur tekna og gjalda og gera á því breytingar sem fjárlaganefnd og Alþingi telja nauðsynlegar. Þegar tekið er mið af því hvernig samþykkt fjárlög hafa staðist á undanförnum árum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið með fjáraukalögum er ljóst að eitthvað meiri háttar er að við fjárlagagerðina. Í fjárlögum ársins 2002 voru tekjur áætlaðar 257.900 millj. kr. og gjöldin 239.370 millj. kr. sem þýddi að gert var ráð fyrir 18,5 milljarða kr. rekstrarafgangi. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 reyndust tekjur ársins vera 259.210 millj. kr. og gjöldin 267.332 millj. kr. Rekstrarafgangur varð því ekki 18,5 milljarðar kr. heldur varð halli upp á 8,1 milljarð kr. Tekjur höfðu breyst um tæpa tvo milljarða kr. en gjöldin um 28 milljarða kr.

Allmargar beiðnir um upplýsingar varðandi fjárlagavinnuna liggja óafgreiddar hjá ráðuneytum og nefndin á eftir að kalla fulltrúa nokkurra stofnana á sinn fund til að gefa skýringar áður en hægt er að ljúka fjárlagagerðinni.

Flutningsmaður hefur ítrekað lagt til breytt vinnulag við gerð fjárlaga og sýnist það aldrei brýnna en nú.

Sú breyting að leggja fram niðurstöðutölur á tekjuhlið frumvarpsins við 2. umræðu er nýlunda og breyting til batnaðar en áður var það gert við 3. umræðu. Liggja þá áætlaðar tekjur fyrir áður en gjaldahliðinni er lokað.

Efnahagsskrifstofa Alþingis.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins og er beinn hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar og brellum. Fjárlaganefnd hefur litla möguleika til að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytis.

Aðstæður fjárlaganefndar til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Æ erfiðara hefur reynst að fá nauðsynlegar upplýsingar úr ráðuneytum um stöðu stofnana og verkefna og forsendur að baki einstökum tillögum í frumvarpinu. Þó tók nú steininn úr þegar fulltrúum stofnana var bannað að koma til fundar við nefndina eða gefa henni upplýsingar, sbr. bréf sem birt er sem fylgiskjal. Hafði fjárlaganefnd þó sent út auglýsingu þar sem þeim var boðið að sækja um viðtal. Valdhroki framkvæmdarvaldsins gekk svo langt að sjálfri yfirstjórn Alþingis var sent bréf þar sem þetta bann var áréttað. Í ljósi þessara atburða og þess hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess. Það er hægt að gera með stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins.

Sparnaður.

Í fyrri hluta frumvarps til fjárlaga, „Stefna og horfur“, kemur fram að útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins markist af sérstökum ráðstöfunum sem eiga að skila samtals 3,7 milljarða kr. útgjaldasparnaði. Vafalaust er hægt að spara og hagræða í ýmsum þáttum ríkisrekstursins og það ber að gera, en ekki er sama hvernig það er gert. Hér skilur fullkomlega á milli Vinstri grænna og ríkisstjórnarinnar. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn velja að ná fram sparnaði með því að minnka útgjöld til sjúkratrygginga, einkum sérfræðikostnað, lyfjakostnað og kostnað vegna hjálpartækja, lækka vaxtabætur og skerða rétt til atvinnuleysisbóta. Þá verður gildandi samgönguáætlun skorin niður um milljarð króna til framkvæmda.

Sjúkratryggingar.

Lækniskostnaður: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækniskostnaður verði um 3.100 millj. kr. Hér er um að ræða lækkun upp á rúmar 80 millj. kr. frá áætlun um útgjöld vegna lækniskostnaðar á árinu 2003. Þessari lækkun á m.a. að ná fram með því að hækka komugjöld sjúklinga til sérfræðilækna. Slík ráðstöfun mun bitna mest á þeim sem síst skyldi, þ.e. sjúklingum. Afleiðingarnar verða þær að þeir tekjulægstu, öryrkjar og þeir sem ekki hafa atvinnu munu í minna mæli leita til sérfræðinga þegar þeir þurfa á því að halda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að þegar stefnir í mikið hagvaxtarskeið skuli sjúklingar eiga að borga brúsann til að viðhalda stöðugleikanum.

Lyfjakostnaður: Í frumvarpinu og breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður sjúkratrygginga verði um 6.160 millj. kr. að teknu tilliti til 450 millj. kr. hagræðingarkröfu eins og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir. Í frumvarpinu var hins vegar gert ráð fyrir að lyfjakostnaður mundi hækka um 800 millj. kr. frá fyrra ári en á hinn bóginn er lögð til 450 millj. kr. lækkun á framlagi til lyfja miðað við áætlaðan lyfjakostnað á árinu 2004. Til að ná fram lækkun á lyfjakostnaði á m.a. að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku notenda í lyfjakostnaði. Það þýðir að sjúklingar eiga að borga meira. Þetta mun koma verst niður á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, öryrkjum og atvinnulausum.

Vaxtabætur.

Gert er ráð fyrir að lækka vaxtabætur um 600 millj. kr. þar sem lagt er til að hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta miðist við 5,5% í stað 7% af skuldum vegna íbúðarkaupa. Þessi tillaga mun koma harðast niður á ungum fjölskyldum sem eru að koma þaki yfir höfuðið og skulda eðli málsins samkvæmt mest í upphafi. Enn og aftur á að sækja sparnað í vasa þeirra sem minnst hafa. Deilt er um lögmæti þessara aðgerða.

Atvinnuleysisbætur.

Gert er ráð fyrir að minnka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 170 millj. kr., m.a. með því að greiða ekki bætur fyrir fyrstu þrjá dagana í stað þess að bætur reiknist frá fyrsta skráningardegi. Hér er um mikla afturför að ræða ef samþykkt verður. Hér eins og annars staðar í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sparnaði skuli náð hjá þeim sem síst skyldi. Þessum áformum hefur verið mótmælt harðlega, m.a. af Alþýðusambandi Íslands og BSRB.

Hér að framan voru einungis nefnd nokkur dæmi um hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná fram útgjaldasparnaði á næsta ári. Miðað við þessar tillögur er ljóst á hverjum þetta mun bitna mest: sjúklingum, öryrkjum og atvinnulausum. Fjöldi félagasamtaka hefur mótmælt þessari grímulausu aðför frjálshyggjunnar að velferðarkerfinu. Félög framsóknarmanna úti á landi,

sem geðjast ekki að stefnu forystunnar, hafa einnig mótmælt harðlega. Afstaða verkalýðsfélaganna speglast vel í samþykkt Alþýðusambands Íslands, sem birt er sem fylgiskjal.

Heilsugæsla.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að halli Heilsugæslunnar í Reykjavík hafi verið 182,6 millj. kr. í árslok 2002. Í yfirliti fjármálaráðuneytis um útgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana fyrstu átta mánuði ársins kemur fram að gjöld stöðva sem heyra undir Heilsugæsluna í Reykjavík hafi verið 250 millj. kr. umfram heimildir. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á þessum rekstrarvanda.

Ljóst er að fjárþörf Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er stórlega vanmetin og heilsugæslustöðvar og sjúkrahús utan Reykjavíkur líða fyrir fjárskort. Mikil þörf er á að fjölga hjúkrunarrýmum við öldrunarstofnanir um allt land en með hærri aldri og bættri heimahjúkrun eykst sú þörf hlutfallslega. Eftir er að ganga endanlega frá fjárveitingum til þessa málaflokks og skiptingu fjár á einstakar stofnanir. Verður það væntanlega gert við 3. umræðu. Mikilvægt er að heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á landsbyggðinni haldi hlut sínum og veiti fjölbreytta staðbundna þjónustu og létti á rýmisþörf stóru hátæknisjúkrahúsanna.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í frumvarpinu og breytingum frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að útgjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss umfram sértekjur verði 24.755 millj. kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að rekstrarhalli spítalans hafi numið um 798 millj. kr. í lok ársins 2002. Samkvæmt fjárlögum 2003 og frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 sem nú liggur fyrir Alþingi eru heildarútgjöld spítalans umfram sértekjur um 25.451 millj. kr. á árinu 2003. Ef hallinn í lok ársins 2002 er dreginn frá er ljóst að útgjöld spítalans umfram sértekjur á árinu 2003 nema um 24.653 millj. kr. Miðað við þetta er gert ráð fyrir að útgjöld spítalans aukist um 0,5% milli ára.

Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss kom á fund fjárlaganefndar eftir 1. umræðu um frumvarpið. Hann telur að spítalinn þurfi 1.400 millj. kr. til viðbótar við þá fjárheimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir miðað við óbreytta starfsemi á árinu 2004. Enn fremur kom fram hjá forstjóra spítalans að áætlun spítalans annars vegar og fjármálaráðuneytis hins vegar um verðlagsforsendur fari ekki saman. Launa- og lyfjakostnaður spítalans hafi t.d. á undanförnum árum hækkað mun meira en verðlagsforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Áætlun spítalans um verðlagsforsendur fyrir næsta ár gerir einnig ráð fyrir meiri hækkun á þessum liðum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Ljóst er að fjárlaganefnd mun þurfa að fara yfir fjárveitingar til spítalans milli 2. og 3. umræðu og skoða áðurnefnda þætti.

Framhaldsskólar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2002" kemur fram að 13 framhaldsskólar fóru meira en 4% fram úr fjárheimildum á því ári en þeir voru 11 árið á undan. Útgjöld framhaldsskólanna umfram fjárheimildir voru samtals 661 millj. kr. á árinu 2002. Á móti vegur að safnliðurinn „Framhaldsskólar, almennt" var með jákvæða stöðu að fjárhæð 206 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 180 millj. kr. til að mæta rekstrarhalla framhaldsskólanna. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir frekari framlögum til að mæta rekstrarhalla undanfarinna ára.

Ástæður þess að margir framhaldsskólar fara fram úr fjárheimildum má m.a. finna í minnisblaði sem skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ lagði fyrir fjárlaganefnd þegar

hann kom á fund hennar. Þar kemur m.a. fram að fjöldi ársnemenda skólans hafi verið rangur í forsendum fjárlaga 2002 og 2003 og einnig í fjárlagafrumvarpi fyrir 2004. Því ber þó að fagna að við 2. umræðu hefur verið gerð leiðrétting á fjölda ársnemenda og er nú miðað við 17.000 nemendur eins og spáð er.

Enn fremur kemur fram í minnisblaði frá skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík að það stefni í a.m.k 10 millj. kr. halla á rekstri skólans á árinu 2003 til viðbótar við 6,9 millj. kr. halla sem var í árslok 2002. Skólameistarinn bendir m.a. á að uppreiknaðar verðlagsbætur eru ekki og hafa ekki verið í takt við raunveruleikann síðustu ár. Enn fremur nefnir skólameistarinn eignakaup sem dæmi um að vanáætlað sé. Í reiknilíkaninu er miðað við 4% afskriftir sem þýðir að tölvur og húsbúnaður þarf að endast í yfir 20 ár.

Ljóst er að fara verður yfir fjárveitingar til skólanna milli 2. og 3. umræðu.

Réttarbætur til ungra öryrkja.

Í mars 2003 undirrituðu Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Samkomulag þetta var samþykkt í ríkisstjórninni. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu er gert ráð fyrir að þessar viðbótargreiðslur nemi rúmum 1 milljarði kr., sjá fylgiskjal. Með samkomulaginu er komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en fram til þessa hefur eitt og sama almannatryggingakerfið gilt fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega. Var þar náð tímamótaáfanga í baráttu fyrir viðurkenningu á sérstöðu ungra öryrkja. Samkvæmt samkomulaginu hefur starfshópur unnið að tillögum að lagabreytingum og nánari útfærslu á framkvæmdinni þannig að hægt verði að standa að greiðslum samkvæmt þessari ákvörðun frá 1. janúar 2004. Á aðalfundi Öryrkjabandalagsins í október sl. kom fram í máli formanns bandalagsins, sem jafnframt á sæti í umræddri nefnd, að um 1,5 milljarða króna þurfi á fjárlögum næsta árs til að fullnusta þetta tímamótasamkomulag ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins. Í fjárlagafrumvarpinu er einungis gert ráð fyrir 1 milljarði kr. Væntanlega verður tekið á þessu máli og það leiðrétt fyrir 3. umræðu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Alvarleg staða er komin upp í fjárhag margra sveitarfélaga, m.a. vegna breyttra reglna um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þeim verkefnum hefur fjölgað sem ríkið hefur fært til sveitarfélaganna án þess að nægjanlegir tekjustofnar hafi fylgt með. Enn fremur hafa mörg verkefni sveitarfélaga vaxið mjög á undanförnum árum. Má þar nefna leikskóla, öldrunarþjónustu o.fl. Í framhaldi af sameiningu fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði og brottflutningi tekjuhærra fólks úr byggðarlögum hefur enn þrengt mjög að mörgum dreifbýlissveitarfélögum og sjávarbyggðum. Óhagstæð gengisskráning hefur lækkað fiskverð og þar með laun sjómanna. Mörg sveitarfélög reyna nú að spara með því að draga úr þjónustu við íbúana en safna samt skuldum. Vandi margra sveitarfélaga heldur því áfram að aukast.

Hluti tekna sveitarfélaga kemur úr Jöfnunarsjóði. Á árinu 2003 komu til framkvæmda breyttar úthlutunarreglur sjóðsins. Þær komu mjög flatt upp á mörg sveitarfélög. Samkvæmt lögum gera sveitarfélög langtímafjárhagsáætlun annars vegar og fjárhagsáætlun til næsta árs hins vegar. Snöggar breytingar á tekjustofnum þeirra geta því haft afdrifaríkar afleiðingar. Sem dæmi má nefna ákveðið sveitarfélag sem er mjög dreifbýlt en er með einn þéttbýliskjarna. Það fær um helming tekna sinna úr Jöfnunarsjóði, hefur fengið 55–60 millj. kr. úr honum á undanförnum árum en fær nú liðlega 44 millj. kr. Framlagið lækkar því um 20–30% á milli ára en rekstur sveitarfélagsins hefur hins vegar ekkert breyst.

Þó að nauðsynlegt hafi verið að endurskoða úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs voru ekki forsendur til að breytingarnar skertu tekjur einstakra sveitarfélaga. Breyting á reglunum hafði í för með sér að sum sveitarfélög fengu aukin framlög sem mikil þörf var fyrir, en þessi auknu framlög voru tekin frá öðrum sveitarfélögum sem ekki voru aflögufær. Á undanförnum árum hefur Jöfnunarsjóður fengið auknar fjárveitingar, t.d. 700 millj. kr. fólksfækkunarframlög eða sérstakt aukið ráðstöfunarfé. Þetta fé er ekki fyrir hendi nú og því skerðast fjárveitingar sjóðsins miðað við fyrri ár. Ljóst er að auka verður fjárveitingar til sjóðsins ef ekki á að steypa allnokkrum sveitarfélögum í þrot. Þessi mál verður að skoða betur fyrir 3. umræðu.

Umhverfismál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af því er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveiting til Umhverfisstofnunar verði 527 millj. kr. og lækki um 4,3 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárheimild yfirstandandi árs. Við meðferð fjárlagafrumvarpsins í umhverfisnefnd kom m.a. fram hjá fulltrúum Umhverfisstofnunar að stofnunin hafi sótt um aukið fjármagn til þriggja afmarkaðra þátta: Í fyrsta lagi til þess að geta staðið undir því mikla starfi sem fólgið er í þýðingu og innleiðingu EES-gerða á sviði stofnunarinnar, í öðru lagi vegna væntanlegrar stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs og í þriðja lagi til að standa undir ákvæðum um meðferð dýra og vegna dýraverndunarlaga. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að styrkja stofnunina og styðja hana með því að veita aukið fé til hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands.

Við meðferð fjárlagafrumvarpsins í umhverfisnefnd kom fram í máli forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands að stofnunin hafi fengið fjárframlög til að undirbúa gerð náttúrufarskorta en nú sé ekki gert ráð fyrir áframhaldandi framlagi þegar komið sé að hinni eiginlegu vinnu. Með hliðsjón af því að hér er um mikilvægt verk að ræða sem komið er á rekspöl er nauðsynlegt að stofnunin fái fjárframlag til að klára verkefnið. Það skýtur skökku við að stofnun sem hefur það hlutverk að sinna slíkum grundvallaratriðum við rannsóknir og kortlagningu náttúru Íslands skuli þurfa að segja upp starfsfólki. Til að klára flokkun og gerð náttúrufarskorta væri hægt að ljúka kortlagningu landsins á 4–5 árum en þá þyrfti stofnunin 30 millj. kr. á ári í það verkefni.

Náttúrustofur.

Náttúrustofur starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992. Við meðferð fjárlagafrumvarpsins í umhverfisnefnd kom fram hjá gestum nefndarinnar að framlag það sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir til stofanna uppfylli ekki skilyrði laganna. Þannig vanti 3,3 millj. kr. upp á framlag til hverrar stofu til þess að standa undir því sem stofunni er ætlað samkvæmt lögunum. Um fjárframlag til stofanna segir í lögunum: „Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu.“ Nú eru laun líffræðinga í stjórnunarstörfum á borð við forstöðumanns-

starfið 5,8 millj. kr. á ári með launatengdum gjöldum. Miðað við það ætti framlag ríkisins að vera um 11,6 millj. kr. á hverja stofu í stað 7,7 millj. kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar er lagt til að veita hverri stofu um 5 millj. kr. til sérstaklega skilgreindra og tímabundinna verkefna. Ljóst er því að enn vantar fjárframlag til stofanna þannig að það uppfylli skilyrði laganna.

Tekjur.

Um tekjuhlið frumvarpsins vísast til álits minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Þó skal hér vakin athygli á að hlutfallslega er tekjuöflun ríkisins í auknum mæli borin uppi af almennu launafólki og fólki með lægstu tekjurnar. Stöðugt stærri hlutur er sóttur í þjónustugjöld. Félagsleg samhjálp og samábyrgð lætur undan, launabil eykst og misrétti vex. Þetta ástand skerpir andstæður og eykur óréttlæti og óstöðugleika í samfélaginu, enda er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að draga hlutfallslega úr samneyslu og auka hlut einkaneyslu. Sú stefna kemur harðast niður á tekjulægsta fólkinu. Allt bendir til þess að innflutningur stóraukist á næstu missirum. Þar kemur til hátt raungengi og aukinn hagvöxtur vegna stóriðjuframkvæmda og innstreymis erlends fjármagns. Viðskiptahalli mun þá snaraukast sem og verðbólguþrýstingur. Seðlabankinn hefur þegar boðað hækkun vaxta sem viðbrögð.

Hátt raungengi og háir vextir munu lækka útflutningstekjur okkar og skerða samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og frumframleiðslugreina, ferðaþjónustu og annarra útflutningsgreina. Útflutningstekjur og atvinnuástand eru því í óvissu þegar hagvöxturinn verður keyrður áfram af stórauknum viðskiptahalla. Hins vegar munu tekjur ríkissjóðs aukast með auknum innflutningi og væntanlega mun meira en fjárlögin gera ráð fyrir.

Lokaorð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 og tillögum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári nemi um 275.250 millj. kr. Samkvæmt því er eins og áður sagði gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs dragist saman frá yfirstandandi ári. Þó er ljóst að framlög til fjölmargra málaflokka eru óafgreidd og bíða þau úrvinnslu og afgreiðslu við 3. umræðu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samfélagsþjónustu og velferðarkerfið og tryggja að fjárhagsleg staða fólks skerði aldrei möguleika þess til að njóta opinberrar þjónustu og félagslegs öryggis. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er atlaga að velferðarkerfinu. Aðhaldsaðgerðir bitna mest á sjúklingum, öryrkjum, atvinnulausum og þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Þannig á að skapa svigrúm til lækkunar skatta þeirra sem hæstar hafa tekjur. Fjölmargir málaflokkar fjárlaga bíða afgreiðslu við 3. umræðu. Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til fjárlagafrumvarpsins þegar heildarmynd þess liggur fyrir við 3. umræðu.

Alþingi, 25. nóv. 2003.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Bréf til sveitarstjórnarmanna
frá fjárlaganefnd Alþingis.
(4. september 2003.)

Fjárlaganefnd Alþingis ráðgerir að gefa sveitarstjórnarmönnum kost á að eiga fund með nefndinni vegna fjárlagaársins 2004 dagana 25.9., 29.9. og 30.9. nk. frá kl. 8.30–17.00. Upplýsingar og tímapantanir eru í síma 563 0405 frá kl. 9.00–16.00 eigi síðar en 23. september nk.

Virðingarfyllst
f.h. fjárlaganefndar,

Sigurður Rúnar Sigurjónsson.

Fylgiskjal II.

AUGLÝSING
Viðtalstímar um fjárlagafrumvarp 2004.

Fjárlaganefnd Alþingis veitir nú eins og undanfarin ár viðtöku erindum frá ríkisstofnunum, félögum, samtökum og einstaklingum er varða fjárlög næsta árs.

Viðtöl við fulltrúa stofnana fara fram 28. okt. til 4. nóv. nk. en önnur viðtöl verða eftir nánari ákvörðun nefndar.

Þeim sem vilja er gefinn kostur á því að fylgja erindum sínum eftir á nefndarfundi. Panta ber tíma eigi síðar en 25. okt. nk. í síma 563 0405.

Fylgiskjal III.

Bréf fjármálaráðuneytis
til ráðuneyta.
(23. október 2003.)

Athygli ráðuneytisins er vakin á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. október 2003 um meðferð breytingartillagna við 2. og 3. umr. fjárlaga 2004 og fjáraukalaga 2003. Var samþykkt að ráðuneyti og stofnanir leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld heldur skili ráðuneytin tillögum í fjárlagakerfið ef tilefni er til. Verða slík erindi tekin til afgreiðslu í ráðherranefnd um ríkisfjármál og tillögur um nauðsynlegar breytingar sendar fjárlaganefnd í nafni ríkisstjórnarinnar. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktinni skal hverri tillögu frá ráðuneyti um aukin útgjöld fylgja tillaga um jafn mikla lækkun útgjalda á öðrum sviðum viðkomandi ráðuneytis. Eftirfarandi eru meginatriði samþykktarinnar:

1. *Ráðuneyti og stofnanir sem undir þau falla fari ekki með erindi um ný og aukin framlög til fjárlaganefndar Alþingis. Ráðuneytin skrái allar tillögur sínar í fjárlagakerfi fjármálaráðuneytisins og samsvarandi tillögu um lækkun útgjalda.*
2. *Frávikum í útgjöldum árið 2003 sem ekki er þegar gert ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga verði mætt með aðhaldi í útgjöldum á öðrum sviðum, nema þau falli undir ákvæði fjárreiðulaga um ófyrirséða greiðsluskyldu svo sem dómur um uppgjör við öryrkja.*
3. *Lagafrumvörpum sem lögð eru fyrir ríkisstjórn og hafa í för með sér kostnaðarauka árið 2003 eða 2004 fylgi áætlun um hvernig þeim kostnaði skuli mætt innan útgjaldaramma viðkomandi ráðuneytis.*

Mælst er til þess að ráðuneytið komi því á framfæri við stofnanir sínar að þær leiti ekki beint til fjárlaganefndar með erindi um aukin útgjöld.

Með nefndarálitinu voru enn fremur eftirfarandi fylgiskjöl:

IV. Ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands árið 2003.
V. Fréttatilkynning nr. 17/2003 frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 25. mars 2003.
VI. Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið. Misskipting einkennir fjárlagafrumvarpið. (Morgunblaðið 18. október 2003.)
VII. Ályktun frá Samtökum fámennra skóla vegna breytinga á úthlutun úr Jöfnunarsjóði til skólaaksturs.
VIII. Framlög úr Jöfnunarsjóði verði yfirfarin. (Morgunblaðið 11. nóvember 2003.)
IX. Ólafsfirðingar óhressir. Reglur um úthlutun Jöfnunarsjóðs verði endurskoðaðar. (Morgunblaðið 9. október 2003.)
X. Ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands gegn skerðingu atvinnuleysisbóta. (29. október 2003.)
XI. Ályktun 40. þings BSRB um atvinnuleysisbætur. (20.–24. október 2003.)
XII. Álit um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 (14 Umhverfisráðuneyti). Frá minni hluta umhverfisnefndar. (Sjá samhljóða álit í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, þskj. 394, fylgiskjal XIV.)

429. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.94 Sérstakt átak til að bæta aðgengi fatlaðra	0,0	150,0	150,0

430. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Þuríði Backman og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-411 Byggðastofnun**			
a. 1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	104,3	100,0	204,3
b. 1.12 Til að undirbúa og hefja greiðslu styrkja til jöfnunar flutningskostnaðar í verslun og framleiðslustarfsemi	0,0	200,0	200,0

431. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.91 Jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands	0,0	150,0	150,0

432. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Kennsla	2.816,0	280,0	3.096,0
b. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.544,2	105,0	2.649,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.026,5*	*385,0*	*4.411,5*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	568,2	100,0	668,2
Greitt úr ríkissjóði	*657,4*	*100,0*	*757,4*

3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	397,7	182,0	579,7
Greitt úr ríkissjóði	*1.127,1*	*182,0*	*1.456,6*

433. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-190 Ýmis verkefni**			
1.30 Til undirbúnings átaksverkefnis ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla	0,0	30,0	30,0

434. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
a. 1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
b. 1.12 Styrking dreifikerfis	0,0	70,0	70,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*210,0*	*210,0*

435. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	259,8	67,0	326,8

2. Við **02-918 Safnasjóður**			
1.10 Safnasjóður	66,0	22,0	88,0
3. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	305,0	35,0	340,0

436. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	1.400,0	1.050,0	2.450,0
b. 1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur	5.600,0	2.000,0	7.600,0

437. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	438,8	190,0	628,8
2. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	16,8	90,0	106,8

438. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Þuríði Backman og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	6.427,0	700,0	7.127,0

439. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman,
Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
a. 1.11 Atvinnuleysisbætur	2.719,0	170,0	2.889,0
b. 1.12 Desemberuppbót	0,0	140,0	140,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*310,0*	*310,0*

440. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 395 [Fjárlög 2004].

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Álfheiði Ingadóttur.

Við 69. lið (14-403 Náttúrustofur).
Við a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við c. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við d. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við e. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við f. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði. Fyrir „5,0“ kemur: 8,9.
Við g. 1.16 Náttúrustofa Norðausturlands. Fyrir „7,7“ kemur: 11,6.

441. Svar [261. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um sölu kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er söluandvirði kísilgúrverksmiðjunnar og Steinullarverksmiðjunnar og hvernig hefur því verið varið?

Söluverð kísilgúrverksmiðjunnar var rúmar 62 millj. kr. Með lögum nr. 15/2001, um breytingar á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, var iðnaðarráðherra heimilað að selja 51% eignarhlut ríkisins. Í 1. gr. laganna er kveðið á um að söluandvirðið skuli renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar. Samþykkt hefur verið fjárfesting í tveimur fyrirtækjum.

Ráðuneytið hefur allt frá sölu Kísiliðjunnar hf. skoðað álitlega iðnaðarkosti sem uppfylltu ákvæði laganna. Niðurstaðan varð að bygging og rekstur verksmiðju sem framleiddi pólýol væri álitlegasti kosturinn sem skoðaður hefur verið. Á grundvelli þess hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögu ráðherra um að verja 30 millj. kr. af söluandvirðinu til kaupa á hlutafé í Pólýolverksmiðjunni ehf. Það fé verður m.a. notað til þess að meta hagkvæmni staðsetningar verksmiðju við Húsavík, sem er eina staðsetningin utan þéttbýlisins á suðvesturhorninu sem nú kemur til álita. Framleiðsla á pólýoli byggist á notkun jarðgufu en pólýol er samheiti fyrir flokk efna sem m.a. eru notuð við framleiðslu á matvælum, snyrtivörum, plastefnum og lyfjum.

Uppbygging baðlóns við Mývatn sem hagnýtir affallsvatn Bjarnarflagsvirkjunar er talin mikilvægur þáttur í að styrkja búsetu í héraðinu. Rekstur náttúrulegra heilsubaða í Mývatnssveit fellur einkar vel að annarri starfsemi í sveitinni og styrkir ímynd hennar, sem byggist á einstakri náttúru. Í þeim tilgangi að uppbygging og rekstur heilsubaðanna verði að veruleika var ákveðið að verja 20 millj. kr. af söluandvirði Kísiliðjunnar til hlutafjárkaupa í Baðfélagi Mývatnssveitar, sem er einkahlutafélag 30 einstaklinga og fyrirtækja í Mývatnssveit.

Söluverð Steinullarverksmiðjunnar hf. var 210 millj. kr. Í 1. gr. laga nr. 57/2002, um breytingar á lögum nr. 61/1986, um steinullarverksmiðju, segir að iðnaðarráðherra sé heimilt að selja hlut ríkisins í verksmiðjunni og að verja skuli helmingi söluandvirðisins til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Helmingi af andvirði verksmiðjunnar, 105 millj. kr., hefur verið varið til tveggja verkefna. Annars vegar voru 35 millj. kr. veittar til Sægulls ehf., til að ljúka tilraunum við barraeldi í samvinnu við Nýsköpunarsjóð. Hins vegar var ákveðið að verja 70 millj. kr. til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla.

442. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 1:			
Við **II Aðrar rekstrartekjur**			
8.2.2 Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum ..	3.226,0	-1.000,0	2.226,0

Greinargerð.

Breytingartillaga þessi er lögð fram til að tryggja fjármagn til átaks í fjarskiptamálum á landsbyggðinni. Lagt er til að lækka arðgreiðslu Landsímans um einn milljarð kr. og nota þá fjármuni ríkissjóðs í átakið. Bætt fjarskipti á landsbyggðinni eru mikilvæg byggðaaðgerð og hefur þeim málum engan veginn verið nægilega sinnt af núverandi ríkisstjórn. Því er mikilvægt við gerð fjárlaga þessa árs að eyrnamerkja fjármagn í það verkefni. Mikilvægast er að klára uppbyggingu GSM-dreifikerfisins um allt land sem og uppbyggingu hraðvirks gagnaflutningskerfis er nær til allra landsmanna. Má í þessu sambandi benda á tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um breiðbandsvæðingu landsins frá 128. löggjafarþingi og fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um aðgang landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

443. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	94,5	800,0	894,5

444. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.12 Greiðsluþátttaka vegna sálfræðiþjónustu	0,0	30,0	30,0
b. 1.36 Greiðsluþátttaka vegna tannverndar barna og unglinga	0,0	50,0	50,0
c. 1.42 Þátttaka í ferðakostnaði vegna tannréttinga ..	0,0	1,5	1,5

445. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	107,8	10,0	117,8
Greitt úr ríkissjóði	*757,9*	*10,0*	*767,9*

446. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.74 Umferðaröryggisáætlun	0,0	25,0	25,0
Greitt úr ríkissjóði	*47,1*	*25,0*	*72,1*
2. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0	7,0	10,0
b. 1.56 Vernd Breiðarfjarðar.....	6,9	3,1	10,0

3. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.01 Umhverfisstofnun	520,6	11,0	531,6
Greitt úr ríkissjóði	*482,2*	*11,0*	*493,2*
4. Við **14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**			
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	220,0	100,0	320,0
5. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.02 Setur í Reykjavík	219,3	30,0	249,3

447. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **04-221 Veiðimálastofnun**			
1.21 Kortlagning á erfðum íslenska laxins	0,0	5,0	5,0

448. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.22 Kræklingarækt	0,0	10,0	10,0

449. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.34 Veiðarfærarannsóknir, Ísafirði	0,0	15,0	15,0

450. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.44 Byrgið, líknarfélag	25,7	15,0	40,7

451. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Til reksturs upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni	0,0	30,0	30,0

452. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
1.12 Sérstakt átak til fækkunar á villimink og ref	0,0	50,0	50,0
Greitt úr ríkissjóði	*482,2*	*50,0*	*532,2*

453. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða, undirbúningur	0,0	15,0	15,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er lagt til að veita 15 m.kr. til að vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.

454. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Þuríði Backman, Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.22 Þriggja fasa rafmagn á sveitabýli	0,0	200,0	200,0

455. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Álfheiði Ingadóttur, Jóni Bjarnasyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.24 Landsúttekt á fyrirkomulagi sorpförgunar	0,0	5,0	5,0

456. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.20 Framlag til RARIK og Orkubús Vestfjarða til jöfnunar raforkuverðs	0,0	700,0	700,0

457. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjast eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Það felur í sér kjaraskerðingu um 5–600 millj. kr. fyrir launafólk á sama tíma og ríkisstjórnin marglofar gríðarlegum skattalækkunum. Samþykkt þess dregur enn fremur úr hvatningu til almenns þjóðhagslegs sparnaðar á tímum þegar þensla er fram undan í efnahagslífinu og því brýnt að beita öllum ráðum til að hvetja landsmenn til sparnaðar. Jafnframt er það alvarlegt mál að samþykkt frumvarpsins mun fella brott nær eina hvatann sem 12–15 þúsund starfsmenn sveitarfélaga hafa til viðbótarlífeyrissparnaðar. Í tilviki þeirra er því rangt, sem meiri hlutinn fullyrðir, að með frumvarpinu sé einungis verið að fella brott þann sparnaðarhvata sem minnstu máli skiptir varðandi viðbótarlífeyrissparnað. Athygli vekur að jafnólík samtök og stofnanir sem Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landsbankinn, Hagfræðistofnun og Samtök banka og verð-

bréfafyrirtækja leggjast gegn samþykkt frumvarpsins. Samband íslenskra tryggingafélaga telur álitamál hvort rétt sé að gera frumvarpið að lögum að svo stöddu.

Arfleifð verðbólguáranna birtist meðal annars í því að sparnaðarhefðin hvarf úr vitund landsmanna. Sparnaður borgaði sig einfaldlega ekki á þeim tímum þar sem sparað fé brann á báli verðbólgunnar og glataðist að stórum hluta. Þetta leiddi til þess að í kjölfar lágrar verðbólgu sem tókst að koma á í tíð ríkisstjórnarinnar 1988–1991, sem báðir A-flokkarnir áttu aðild að, hefur reynst mjög erfitt að glæða sparnaðarvitund Íslendinga. Eina árangursríka aðferðin til að ýta undir almennan þjóðhagslegan sparnað hefur til þessa verið þeir hvatar sem beitt var af opinberri hálfu til að festa viðbótarlífeyrissparnaðinn í sessi.

Fyrir þá sem vinna á almennum vinnumarkaði og opinbera starfsmenn, aðra en starfsmenn sveitarfélaga, hafa þessir hvatar verið þríþættir: Í fyrsta lagi hefur sparandinn fengið skattfrestun á viðbótariðgjaldi. Í öðru lagi var samið í kjarasamningum 1998 um sérstakt 2% framlag launagreiðanda á móti greiddu iðgjaldi launamanns. Í þriðja lagi var lögum um tryggingagjald tvíbreytt þannig að launagreiðendur fengu afslátt af tryggingagjaldi sem nam 0,1% fyrir hvert prósent sem starfsmenn greiddu í viðbótarlífeyrissparnað, upp að 4% sparnaði. Afslátturinn lagðist við viðbótarlífeyrissparnað launamannsins. Lækkun tryggingagjaldsins sem rann til viðbótarlífeyris sparenda mátti þó aldrei vera meiri en 10% af iðgjaldahluta hans.

Þessir þrír hvatar hafa leitt til þess að smám saman hefur þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaðinum orðið mjög góð. Ekki er að efa að langmikilvægasta hvatningin hefur verið 2% mótframlag launagreiðandans. Um það mótframlag var samið í kjarasamningum 1998 eins og fyrr segir. Aðilar vinnumarkaðarins eiga því stærstan heiður af því, ekki síst verkalýðshreyfingin. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp í ljósi þess að ríkisstjórnin, og fjármálaráðherra sérstaklega, tala jafnan með þeim hætti að þeim beri alfarið að þakka hversu giftusamlega hefur tekist með viðbótarlífeyrissparnaðinn. Það er einfaldlega rangt eins og hér er bent á. Mótframlagið varð til í frjálsum samningum vinnumarkaðarins og með aðild fjármálaráðuneytis.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er öfundarefni vítt um heim. Það er á góðri leið með að verða styrkasta stoðin í velferðarkerfi landsmanna, sem verkalýðshreyfingin á mestan heiður á að hafa komið á fót með baráttu sinni alla síðustu öld. Á þessu ári greiða alls um 162.619 Íslendingar í lífeyrissjóði samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Hátt í helmingur þeirra, 43,3% eða 70.566 manns, tekur þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Viðbótariðgjaldið nam alls um 5,8 milljörðum kr. þannig að tíund tryggingagjaldsins, sem launamenn tapa ef frumvarpið verður samþykkt, getur orðið fast að 580 millj. kr. Ofangreindar tölur um þátttöku í almennum lífeyrissparnaði og viðbótarsparnaðinum sýna svart á hvítu að stórir hópar taka ekki þátt í viðbótarsparnaðinum og líklegt að margir geri það einungis að takmörkuðu leyti. Alþýðusamband Íslands telur í umsögn sinni að þetta séu einkum hinir tekjulægri, enda auðvelt að færa rök að því að það séu fyrst og fremst þeir sem telja sér ekki fært að leggja aukreitis inn á lífeyrissreiknig umfram það sem lögboðið er. Það má rifja upp að verkalýðshreyfingin brást á sínum tíma við þessu með því að semja í desember 2001 um að 1% framlag launagreiðenda væri óháð framlagi launþega. Þátttökuleysi stórra hópa, eins og fyrrgreindar tölur birta, sýnir hins vegar að það er fráleitt tímabært að draga úr hinum opinbera hvata til þátttöku í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Þvert á móti ætti að halda honum inni í kerfinu, og ráðast sérstaklega í kynningu á gagnsemd viðbótarsparnaðarins gagnvart tekjulægri hópum á vinnumarkaði.

Þá er ótalin sú alvarlega staðreynd að tíund tryggingagjaldsins er líklega mikilvægasti hvatinn sem ýtir undir viðbótarsparnað mjög stórs hóps sem starfar fyrir sveitarfélögin. Ástæðan er sú að starfsmenn sveitarfélaga hafa ekki náð því fram í samningum sínum við

sveitarfélögin að þau greiði mótframlag upp á 2% til þeirra sem taka þátt í viðbótarsparnaðinum. Sjöfn Ingólfsdóttir, varaformaður BSRB og formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, upplýsti á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 18. nóvember að hér væri um 12–15 þúsund manns að ræða. Tíund tryggingagjaldsins, sem er hreint mótframlag ríkisins, er því mikilvægasti hvatinn sem að þessum stóra hópi beinist hvað viðbótarsparnaðinn áhrærir. Í frumvarpinu er verið að fella hann brott. Það eitt ætti að nægja til að frumvarpið verði ekki samþykkt. Stjórnarandstaðan vill af þessu tilefni mótmæla harðlega þeirri fullyrðingu í áliti meiri hlutans að tíund tryggingagjaldsins sé veigaminnsti þátturinn varðandi viðbótarsparnaðinn. Svo er alls ekki í tilviki fyrrgreinds hóps, þar sem tíundin er eina mótframlagið, og því augljóslega mikilvægari en skattfrestun á iðgjaldshlutanum. Hin ranga fullyrðing meiri hlutans sýnir að stjórnarliðar hafa annað tveggja ekki unnið heimavinnuna sína með því að kynna sér allar hliðar málsins eða þeir telja það ekki ómaksins vert að ýta undir viðbótarsparnað þeirra 12–15 þúsunda sem vinna hjá sveitarfélögunum í landinu.

Stjórnarandstaðan ítrekar að samþykkt frumvarpsins grefur undan almennum sparnaði landsmanna þegar allar spár benda til þess að búast megi við verulegri þenslu í hagkerfinu. Samþykkt frumvarpsins gengur því þvert á yfirlýst markmið jafnt stjórnar sem stjórnarandstöðu um hagstjórn.

Verði frumvarpið að lögum jafngildir það kjaraskerðingu upp á 5–600 millj. kr. fyrir launamenn í landinu. Stjórnarandstaðan tekur heils hugar undir með umsögn Alþýðusambands Íslands þar sem segir: „Slík kjaraskerðing mun ekki auðvelda komandi kjarasamningsgerð.“

Alþingi, 25. nóv. 2003.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (Reykjavík, 3. nóvember 2003.)
II. Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða. (Reykjavík, 27. október 2003.)
III. Umsögn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. (Reykjavík, 17. október 2003.)

458. Svar [229. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um starfsemi lögreglunnar í Reykjavík.

1. *Hversu margir lögreglumenn hafa að jafnaði verið í fullu starfi hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum:*
   a. *í almennri deild,*
   b. *í rannsóknardeild,*

c. í öðrum deildum?

Fjöldi lögreglumanna í fullu starfi er reiknaður út frá fjölda greiddra mánaðarlauna á ári hverju. Meðtalin eru störf afleysingamanna í lögreglu.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna.

	2003 áætlað	2002	2001	2000	1999	1998
Lögreglumenn samtals	266	274	274,5	288	289,5	287

2. *Hversu mörgum lögreglumönnum í fullu starfi hefur ráðherra og/eða ríkislögreglustjóri gert ráð fyrir hjá embættinu á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?*

Í 27. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, segir að ráðherra ákveði á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra og að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

Í reynd er það svo að fjöldi lögreglumanna ákvarðast af fjárlögum hvers árs og hefur lögreglumönnum fjölgað umtalsvert á undanförnum árum eins og fram kemur í skýrslu um stöðu og þróun löggæslu sem lögð var fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi 2000–2001. Þess ber að geta á á þeim árum sem spurt er um hafa ýmis verkefni verði færð frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, t.d. sérsveit lögreglunar og fjarskiptamiðstöðvarverkefni. Við mat á því hvar fjölga skuli lögreglumönnum hefur verið stuðst við upplýsingar um aukinn íbúafjölda, aukinn málafjölda o.s.frv., en jafnframt hefur verið fjölgað lögreglumönnum til að sinna sérstökum verkefnum, og má þar nefna fíkniefnalöggæslu og grenndarlöggæslu.

Fjárlög eru ákveðin fyrir embættið í heild og ákvarðar lögreglustjóri hvernig skuli hámarka nýtingu fjármuna í þeim tilgangi að sinna löggæslu í Reykjavík sem best, þar á meðal fjölda lögreglumanna hverju sinni.

3. *Hversu margir hafa lögreglumenn í Reykjavík verið á hverja 1.000 íbúa á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 2. Fjöldi lögreglumanna á 1.000 íbúa.

	2003 áætlað	2002	2001	2000	1999	1998
Lögreglumenn á 1.000 íbúa	2,15	2,22	2,23	2,36	2,40	2,42

4. *Hversu marga lögreglumenn hefur lögreglustjórinn í Reykjavík óskað eftir að hafa í fullu starfi á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?*

Árið 1998 var fyrsta heila starfsárið eftir að ný lögreglulög tóku gildi 1. júlí 1997. Tillögur lögreglustjórans í Reykjavík um fjölda lögreglumanna á hverju ári fyrir sig árin 1998–2003 voru þessar:

Tafla 3. Tillögur um fjölda lögreglumanna.

	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Tillögur um fjölda lögreglumanna	301	326	303	303	289	289

5. *Hversu mörg mál hafa komið til kasta lögreglunnar á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?*

Mál sem lögreglan fæst við eru ýmist vegna tilkynninga frá borgurunum eða frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Mál eru annars vegar skráð í dagbók lögreglunnar og hins vegar í málaskrá hennar. Í dagbók eru m.a bókaðar tilkynningar sem berast lögreglu, margvísleg verkefni, fundir, fræðsluverkefni og eftirlitsferðir. Í málaskrá eru skráð öll tilvik þar sem um er að ræða staðfestan grun um að brot hafi átt sér stað. Í flestum tilfellum er mál fyrst skráð í dagbók og síðan í málaskrá ef viðkomandi bókun verður að máli.

Þegar spurt er um fjölda mála er mikilvægt að hafa í huga að umfang þeirra getur verið mjög mismunandi. Í einu máli er kært fyrir hraðakstursbrot en í öðru máli getur verið um að ræða röð brota eins og hraðakstur, ölvunarakstur og akstur gegn rauðu ljósi. Til að gefa sem gleggsta mynd af málum hjá lögreglunni þykir rétt að gefa upplýsingar bæði úr dagbók og málaskrá. Mál eru talin hér út frá málsnúmeri lögreglunnar í Reykjavík og dagsetning miðuð við ártal í því.

Tafla 4. Fjöldi mála hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík frá 1998 til 4. nóvember 2003.

	Dagbók		Málaskrá	
	Fjöldi bókana	Fjöldi verkefna vegna bókana	Fjöldi mála	Fjöldi verkefna vegna mála
1998	61.579	75.857	35.191	50.320
1999	64.774	77.402	31.037	43.639
2000	66.803	78.661	34.608	47.510
2001	64.990	78.878	32.504	45.513
2002	73.996	89.769	38.603	52.751
2003*	55.594	68.325	25.535	35.819

*1. janúar til 4. nóvember 2003

Mikilvægt er að hafa nokkurn fyrirvara í huga við mat á þeim upplýsingum sem hér eru birtar. Í fyrsta lagi er um að ræða fjölda tilkynntra brota, ekki raunverulegan fjölda brota í umdæminu. Jafnframt geta breytingar á reglum eða skráningu milli ára haft áhrif á málafjöldann.

Rétt er að benda á að dagbók lögreglu og málaskrá eru komnar til ára sinna og gerðar hafa verið á þeim margvíslegar viðbætur í gegnum árin. Erfitt er því oft á tíðum að afla nákvæmra tölfræðiupplýsinga úr þeim. Nú er unnið að smíði nýs heildstæðs lögreglukerfis og eitt af mörgum markmiðum með því er að auðveldara verði að vinna alla tölfræði.

6. *Hversu margir lögfræðingar hafa verið í fullu starfi í lögfræðideild embættis lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?*

Tafla 5. Fjöldi lögfræðinga í lögfræðideild.

	2003 áætlað	2002	2001	2000	1999	1998
Lögfræðingar	13,5	12	11	11,5	11	10

7. *Hver voru afdrif mála sem komu til kasta lögreglunnar í Reykjavík á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum?*

Í töflu 6 má sjá stöðu mála árið 1998–2002 samkvæmt síðasta skráða ferli máls í málaskrá í byrjun nóvember 2003. Rétt er að ítreka að breytingar hafa orðið á ýmsum reglum er varða ferilskráningu og því ekki alltaf um sambærilegar upplýsingar að ræða milli ára.

Í töflunni þýðir *ákærumeðferð* að ákært hafi verið í máli, það fellt niður skv. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, eða fallið frá saksókn skv. 113. gr. þeirra en einnig getur verið um skilorðsbundna frestun ákæru að ræða. Í liðinn *sektir* falla m.a. sektargerðir, sektarboð, niðurfelling sekta, tilkynningar þeim tengdar og dómsáritanir. Áminningar vegna veitingahúsa eru hér flokkaðar undir sektir, þær eru um og yfir 10 talsins frá árinu 1999, eða frá því að Reykjavíkurborg tók við að veita vínveitingaleyfi. Árið 1998 voru þær hins vegar 97 talsins. *Hætt við mál* vísar til að rannsókn hafi verið hætt skv. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, máli hafi verið vísað frá, einnig skv. 76. gr., kæra hafi verið afturkölluð eða mál lagt upp. Mál í geymslu flokkast undir þennan lið árin 1998–2001 en vegna breyttra reglna um skráningu á þessum málum flokkast þau undir mál sem ekki er lokið árið 2002. Hætt er við mál af ýmsum ástæðum, t.d. þar sem kærði er undir sakhæfisaldri, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, mál er óupplýst, brotamaður er ekki þekktur eða nægar sannanir liggja ekki fyrir. Í fjórða liðnum í töflunni, *máli ekki lokið*, eru m.a. mál í rannsókn eða sem bíða afgreiðslu. Hafa þarf að hafa í huga að þó að hætt hafi verið við mál er alltaf hugsanlegt að það verði tekið aftur upp ef nýjar upplýsingar berast.

Tafla 6. Staða mála árið 1998–2002 í byrjun nóvember 2003.

	1998	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Ákærumeðferð	3.699	4.055	3.031	2.690	2.738
Sektir	18.485	13.354	15.285	15.514	20.787
Hætt við mál	12.605	13.366	16.051	13.919	13.885
Máli ekki lokið	402	262	241	381	1.193
Samtals	**35.191**	**31.037**	**34.608**	**32.504**	**38.603**

8. *Hversu margar ákærur gaf lögreglustjórinn í Reykjavík út á árunum 1998–2002, sundurliðað eftir árum? Hversu mörgum málanna lauk með viðurlagaákvörðun, hversu mörgum með dómi sem játningarmálum og hversu mörgum með dómi að undangenginni aðalmeðferð?*

Ákærur hafa verið um eitt þúsund árlega á því tímabili sem hér er skoðað, nema að sjá má að árið 1998 voru þær nokkuð fleiri, eða 1.411. Fjöldi ákæra er reiknaður út frá málsnúmeri lögreglu.

Tafla 7. Fjöldi útgefinna ákæra árið 1998–2002.

	Fjöldi útgefinna ákæra
1998	1.411
1999	1.034
2000	1.063
2001	933
2002	1.047

Á þeim tíma sem veittur er til að svara fyrirspurnum reyndist ekki unnt að afla upplýsinga um lok framangreindra mála, en málslok eru ekki skráð í málaskrá lögreglu.

9. *Hversu miklu fé var varið til rekstrar embættis lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 1998–2003 á föstu verðlagi, sundurliðað eftir árum?*

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu lögreglustjóraembætisins sl. fjögur ár. Byggt er á ríkisreikningi og ársreikningum embættisins, þess ber að geta að Ríkisendurskoðun hefur ekki lokið endurskoðun á ársreikningi fyrir rekstrarárið 2002. Rekstrartölur ársins 2003 eru áætlaðar tölur byggðar á rekstraráætlun lögreglustjóraembættisins. Fjárhæðir eru framreiknaðar á fast verðlag ársins 2003 miðað við neysluverðsvísitölu.

Tafla 8. Rekstraryfirlit, rekstur í þús. kr. á föstu verðlagi ársins 2003.

Rekstur	2003	2002	2001	2000	1999	1998
Sértekjur	35.700	36.854	33.598	45.491	37.967	40.297
Rekstrargjöld	-1.972.000	-2.093.833	-1.837.543	-1.848.805	-1.942.341	-1.893.467
Stofnkostnaður	-12.000	-5.316	-4.696	-8.870	-33.552	-28.940
Ríkisframlag	1.984.000	2.008.391	1.851.740	1.793.774	2.049.556	1.789.227
Rekstrarafkoma	35.700	-53.904	43.098	-18.411	111.629	-92.883

459. Svar [345. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og íslenskan vinnumarkað.

1. *Hvaða áhrif er stækkun Evrópska efnahagssvæðisins í maí 2004, þegar tíu ný ríki verða aðilar að Evrópusambandinu, talin munu hafa á vinnumarkað hérlendis?*

Samningur um þátttöku Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu (aðildarsamningur EES) var undirritaður af Íslands hálfu í Vaduz 11. nóvember sl. Samkvæmt þessum samningi munu framangreind ríki eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum).

EES-samningurinn mælir m.a. fyrir um frjálsa för launþega á Evrópska efnahagssvæðinu. Frá gildistöku EES-samningsins árið 1994 hafa launþegar frá EES-ríkjunum því getað komið hingað til lands í leit að atvinnu og dvalið í allt að sex mánuði í því skyni, án sérstaks atvinnu- eða dvalarleyfis. Þá er ríkisborgurum EES-ríkjanna heimilt að stunda hér atvinnu án sérstaks atvinnuleyfis, en þeim ber að hafa dvalarleyfi dveljist þeir hér lengur en í sex mánuði. Ákvæði EES-samningsins um frjálsa för launþega hafa ekki skapað nein vandkvæði hér á landi og hefur EES-samningurinn haft jákvæð áhrif á þróun íslensk vinnumarkaðar. Þegar undirbúningur að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hófst snemma árs 2001 var haft samráð við aðila vinnumarkaðarins. Þar kom fram almennur stuðningur við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og töldu aðilar vinnumarkaðarins ekki nauðsynlegt að óska eftir sérstakri aðlögun fyrir Ísland vegna frjálsrar farar launþega frá nýju EES-ríkjunum. Með hliðsjón af þessum viðbrögðum og í ljósi reynslu síðustu ára af ákvæðum EES-samningsins um frjálsa för launþega hafa íslensk stjórnvöld talið að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins muni ekki valda neinni röskun á íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á hreyfanleika vinnuafls á innri markaðinum vegna stækkunar Evrópusambandsins styðja þessa ályktun, en þær benda til þess að aðeins um 2–4% vinnandi fólks í nýju aðildarríkjunum hafi í hyggju að leita sér atvinnu í einhverju núverandi EES-ríkja. Ljóst er að vegna

landfræðilegrar stöðu Íslands, m.a. fjarlægðar landsins frá hinum nýju aðildarríkjum, mun aðeins örlítið brot af þessum fjölda sækja hingað til lands í leit að atvinnu.

Stækkunin kallar hins vegar á náið samráð við aðila vinnumarkaðarins og hefur ráðuneytið þegar átt fund með fulltrúa Alþýðusambands Íslands í því skyni. Þá munu áhrif stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins á íslenskan vinnumarkað ráðast af því með hvaða hætti ákvæði aðildarsamnings EES um aðlögun vegna frjálsrar farar launþega verður beitt, ekki aðeins hér á á landi heldur einnig í öðrum EES-ríkjum. Nánar er fjallað um þessi ákvæði í svari við 2. lið fyrirspurnarinnar.

2. *Hvaða rétt hafa aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins til að sjá til þess að vinnumarkaðurinn hafi svigrúm til að aðlagast stækkuninni og hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til þess að Ísland nýti sér slíkar heimildir?*

Ákvæði um frjálsa för launþega er að finna í viðauka B við aðildarsamning EES, sbr. einnig viðauka V.–XIV. við aðildarlög Evrópusambandsins. Samkvæmt þessum ákvæðum er bæði núverandi aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjunum í EES heimilt að beita eftirfarandi takmörkunum á frjálsri för launþega frá nýju EES-ríkjunum, að Möltu og Kýpur undanskildum:

a. Fyrstu tvö árin frá aðildardegi gilda ákvæði EES-samningsins um frjálsa för ekki gagnvart launþegum frá nýju aðildarríkjunum.
b. Heimilt er að fresta gildistöku ákvæðanna um frjálsa för launþega í allt að þrjú ár til viðbótar. Slíkt ber hins vegar að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA, eigi síðar en við lok tveggja ára tímabils sem áður er getið.
c. Heimilt er að fresta gildistöku ákvæða EES-samningsins um frjálsa för launþega í tvö ár til viðbótar, eða í allt að sjö ár frá gildistöku aðildarsamningsins, valdi stækkunin verulegri röskun á vinnumarkaði eða hættu er á slíkri röskun. Er enn fremur skylt að tilkynna um slíkt til Eftirlitsstofnunar EFTA.
d. Sé framangreindum takmörkunum ekki beitt er heimilt að grípa til verndarráðstafana gagnvart frjálsri för launþega frá einu eða fleirum af hinum nýju aðildarríkjum samkvæmt viðauka B og bókun 44 við EES-samninginn. Aðeins er þó heimilt að grípa til slíkra ráðstafana verði röskun á vinnumarkaði í EFTA-ríki sem stefnt getur lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, eða ef hætta er á slíkri röskun. Aðeins er heimilt að grípa til verndaraðgerða af þessu tagi fyrstu sjö árin frá gildistöku aðildarsamningsins.
e. Eftir framangreint sjö ára tímabil getur EFTA-ríki í EES beitt verndarráðstöfunum (öryggisráðstöfun) á grundvelli 112. gr. EES-samningsins. Slíkar ráðstafanir skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum EES-samningsins.

Athygli skal vakin á yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt EES-samningnum, sem gefin var út í tilefni af undirritun EES-samningsins og fylgir lokagerð hans. Er yfirlýsingin svohljóðandi:

Vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis lýsir Ísland þeirri túlkun sinni að það geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana ef af framkvæmd samningsins leiðir einkum:

- alvarlega röskun jafnvægis á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum; eða
- alvarlega röskun jafnvægis á fasteignamarkaði.

Yfirlýsingin er í fullu gildi og hafa íslensk stjórnvöld ávallt áskilið sér rétt til að grípa til

öryggisráðstafana, leiði framkvæmd EES-samningsins til alvarlegarar röskunar á íslenskum vinnumarkaði.

Rétt er að geta þess að þar sem ákvæði EES-samningsins um frjálsa för launþega taka fyrst gildi gagnvart launþegum frá nýju EES-ríkjunum tveimur árum eftir aðild þessara ríkja að EES-samningnum er ekki tímabært að taka afstöðu til beitingar framagreindra aðlögunarákvæða. Þau ráðuneyti sem fara með málefni útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga hér á landi hafa til skoðunar hvernig haga beri framkvæmd ákvæðum laga um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga gagnvart ríkisborgurum frá nýju EES-ríkjunum á þessu tveggja ára tímabili. Rétt er að minna á að undirbúningur vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins hefur staðið yfir allt frá ársbyrjun 2001. Allan þann tíma hefur ráðuneytið haft samráð við verkalýðshreyfinguna, sem hefur fram að þessu ekki talið ástæðu til að Ísland óskaði eftir aðlögun vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins. Hins vegar eru sérstök ákvæði um beitingu verndarráðstafana fyrir hendi í aðildarsamningnum, auk ákvæða sjálfs EES-samningsins um öryggisráðstafanir, og hafa íslensk stjórnvöld áskilið sér rétt til þess að beita þessum ákvæðum verði röskun á vinnumarkaði hér eða fyrirsjáanlegt er að slík röskun verði í kjölfar stækkunarinnar. Aðeins nýverið hafa heyrst áhyggjuraddir frá verkalýðshreyfingunni um hugsanleg áhrif stækkunarinnar á íslenskan vinnumarkað. Nauðsynlegt er að fara yfir þær athugasemdir og hafa gott samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvernig standa skuli að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. hvort og hvernig skuli beita aðlögunarákvæðum aðildarsamnings EES um frjálsa för launþega.

3. *Hefur verið hugað að aðgerðum í tengslum við undirritun samnings um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins til að takmarka röskunina sem stækkun sameiginlegs vinnumarkaðar getur valdið hérlendis og til að efla þjónustu og aðstoð við útlendinga sem hingað koma til starfa, t.d. í ljósi þeirra vandamála sem hér hafa komið upp á síðustu mánuðum og hugsanlegra félagslegra undirboða?*

Í kjölfar undirritunar aðildarsamningsins EES hafa starfsmenn ráðuneytisins átt fund með fulltrúum launþegasamtakanna vegna ákvæða samningsins um frjálsa för launþega. Hefur ráðuneytið nú sem fyrr lagt áherslu á að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um áhrif stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins á íslenskan vinnumarkað. Rétt er hins vegar að vekja athygli á því að ráðuneytið fer ekki með atvinnuréttindi útlendinga hér á landi né málefni útlendinga að öðru leyti. Ráðuneytinu er kunnugt um að viðkomandi ráðuneyti hafi nú hafið undirbúning þeirra atriða sem tilgreind er í svarinu, en verður að vísa til þeirra um nánari svör við fyrirspurninni.

460. Svar [258. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs.

1. *Hvernig hafa lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs þróast frá setningu laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins?*

Með lögum nr. 141/1996 voru gerðar breytingar á lífeyrisréttindakerfi starfsmanna ríkisins sem fólu í sér að lokað var fyrir aðgang nýrra sjóðfélaga að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH). Jafnframt var stofnuð ný lífeyrisdeild,

A-deild LSR, þar sem lífeyrisréttindi ráðast af greiðslu iðgjalda eins og er um aðra lífeyrissjóði. Voru með lögunum gerðar breytingar á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Lögin voru endurútgefin í upphafi árs 1997 með áorðnum breytingum.

Frá setningu laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefur þróun lífeyrisskuldbindinga ríkisins verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Lífeyrisskuldbindingar ríkisins, millj. kr.

	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuldbindingar alls	Gjaldfærsla	Endurmat	Endurmetnar fyrirframgreiðslur	Verðlagsgreiðslur og endurmat	Staða í árslok
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild							
1997	77.444	4.098	3.267	831		-612	80.930
1998	80.930	29.270	19.805	9.465		-1.855	108.345
1999	108.345	16.195	7.952	8.243	-7.087	-1.841	122.699
2000	122.699	33.981	23.296	10.685	-8.436	-1.797	154.883
2001	154.883	18.032	817	17.215	-15.035	-969	171.946
2002	171.946	27.379	15.015	12.364	-10.250	-3.329	195.996
Samtals		**128.955**	**70.152**	**58.803**	**-40.808**	**-10.403**	**195.996**
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga							
1997	7.914	470	361	109		-48	0
1998	8.336	2.776	1.799	977		-88	11.024
1999	11.024	777	-17	794	-929	-84	11.717
2000	11.717	2.623	1.640	983	-906	-103	14.237
2001	14.237	1.712	177	1.535	-1.605	27	15.976
2002	15.976	1.704	600	1.104	-1.033	-242	17.438
Samtals		**10.062**	**4.560**	**5.502**	**-4.473**	**-538**	**17.438**

2. *Hafa þau markmið náðst að lífeyrisskuldbindingar ríkisins ykjust ekki eins og að var stefnt með lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins?*

Með setningu laga nr. 141/1996 var LSR skipt í tvær deildir (A- og B-deild). Starfsmenn sem þegar greiddu í sjóðinn færðust í B-deild, en henni og LH var jafnframt lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Aðild að A-deildinni geta allir starfsmenn ríkisins fengið. Helstu markmið með setningu laganna voru að laga fyrirkomulag starfsmannahalds og launamála að breyttum aðstæðum og ekki síður að draga úr þeirri óvissu sem ríkti um fjárhag LSR og LH. Þessi óvissa stafaði af því að samkvæmt þágildandi lögum áunnu ríkisstarfsmenn sér lífeyrisréttindi sem eru verulega umfram samanlagðar iðgjaldagreiðslur þeirra og ríkisins til sjóðanna. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það taki „... ekki á því misvægi sem er á milli núverandi eigna LSR og þeirra lífeyrisskuldbindinga sem þegar eru áfallnar nema að takmörkuðu leyti. Sama gildir um skuldbindingar sem eiga eftir að myndast vegna þeirra ríkisstarfsmanna sem kjósa að eiga áfram aðild að B-deild sjóðsins."

A-deild LSR var hugsuð þannig að hún væri sjálfbær, þó þannig að leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga ásamt mótframlagi launagreiðanda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag atvinnurekanda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Sé hrein eign sjóðsins ásamt framtíðariðgjöldum jafnhá núvirði

væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda skal framlag launagreiðanda vera 6%. Eins og kemur fram í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar, hefur árleg athugun á heildarstöðu A-deildar LSR ekki leitt annað í ljós en að deildin sé innan skilgreindra marka, samkvæmt lögum um lífeyrissjóði.

Þau markmið með setningu laga nr. 141/1996 að lífeyrisskuldbindingar ríkisins aukist ekki hafa því náðst. Lokað hefur verið fyrir möguleika nýrra starfsmanna til að gerast aðilar að B-deild LSR og því myndast ekki nýjar lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra. Vegna nýrra starfsmanna ríkisins eru lífeyrisiðgjöld greidd jafnóðum og engin skuldbinding myndast á ríkissjóð. Þó kann iðgjaldaprósenta launagreiðanda að breytast eins og áður er komið að.

3. *Hefur árlega verið metið tryggingafræðilega hver iðgjaldaprósenta launagreiðanda þurfi að vera til að sjóðurinn eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum? Hefur verið lagt til að prósentunni verði breytt?*

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, var í árslok 2002 neikvæð um 6,2 milljarða kr. eða 4,9% lægri en heildarskuldbinding hans. Framlag launagreiðanda vegna A-deildar er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Framlag launagreiðenda er nú 11,5%. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði má heildarstaða þeirra aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera utan 5% vikmarka samfellt í fimm ár. Þar sem heildarstaða A-deildar er innan skilgreindra marka hefur ekki verið lagt til að iðgjaldaprósentu launagreiðanda verði breytt.

Framlag launagreiðanda vegna B-deildar LSR og LH er fast samkvæmt lögum sjóðanna. Því hefur ekki verið metið tryggingafræðilega hver iðgjaldaprósenta launagreiðanda þurfi að vera vegna þessara sjóða. Ríkissjóður hefur frá árinu 1999 greitt fyrir fram til B-deildar LSR og til LH samkvæmt sérstöku samkomulagi fjármálaráðherra við stjórn LSR annars vegar og stjórn LH hins vegar. Er greiðslunum ætlað að jafna greiðslustreymi frá ríkissjóði til sjóðanna og styrkja þannig fjárhag þeirra til að standa undir framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna ríkisins. Án fyrirframgreiðslnanna hefði komið til sjóðþurrðar hjá þeim innan fárra ára. Viðbótargreiðslurnar taka mið af launakostnaði þeirra starfsmanna sem tryggðir eru í sjóðunum. Í árslok 2002 námu uppsafnaðar fyrirframgreiðslur ásamt hlutdeild í endurmati verðbréfaeignar sjóðanna 45.039 millj. kr. hjá B-deildar LSR og 4.881 millj. kr. hjá LH. Þar af nemur endurmat á verðbréfaeign 4.231 millj. kr. hjá LSR og 408 millj. kr. hjá LH. Á árinu 2003 verða greiddar aukalega 8.000 millj. kr. til sjóðanna og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslur nemi 7.500 millj. kr. Samtals verður því búið að greiða fyrir fram upp í lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs um 65 milljarða kr. í árslok 2004.

4. *Hvernig munu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs breytast á þessu ári miðað við fyrirliggjandi upplýsingar?*
5. *Hvernig er líklegt að staðan verði árið 2005 miðað við óbreytta þróun?*

Í ríkisreikningi fyrir árið 2002 eru hreinar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs í árslok um 183,2 milljarðar kr., þar af voru 155,2 milljarðar kr. hjá B-deild LSR, 13,0 milljarðar kr. hjá LH og 15,0 milljarðar kr. hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að á árunum 2003–2005 muni hreinar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs þróast eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Hrein lífeyrisskuldbinding A-hluta, millj. kr.

	Raun 2002	Áætlað 2003	Áætlað 2004	Áætlað 2005
Staða í ársbyrjun	167.746	183.231	185.481	189.273
Nýjar skuldbindingar á árinu	30.819	13.000	15.117	15.426
Fyrirframgreiðslur og verðlagsuppbætur	-15.334	-10.750	-11.325	-11.516
Staða í árslok	**183.231**	**185.481**	**189.273**	**193.183**
Hlufall af landsframleiðslu	**24,6%**	**22,8%**	**22,0%**	**20,3%**

Í framreikningi fyrir árin 2003–2005 er gert ráð fyrir að hækkun dagvinnulauna ríkisstarfsmanna verði ekki umfram almennar launahækkanir og því miðað við 4,5% –5% árlega hækkun dagvinnulauna auk þess að reiknað er með 3% árlegri aukningu vegna réttindaávinnings o.fl. Erfiðast er að spá um ávöxtun sjóðsins, en á grunni þeirra gagna sem nú liggja fyrir um ávöxtun hans fyrstu sex mánuði þessa árs er gert ráð fyrir 11% nafnávöxtun á þessu ári, en árin 2004 og 2005 er gert ráð fyrir að nafnávöxtun verði jöfn hækkun dagvinnulauna að viðbættum réttindaávinningi o.fl., eða um 8%.

Niðurstaðan er því að gert er ráð fyrir að hrein lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs muni lækka á næstu árum sem hlutfall af landsframleiðslu og verði 20,6% í lok árs 2005. Mikinn fyrirvara verður þó að gera við framreikninginn þar sem samningar við ríkisstarfsmenn verða lausir á árinu 2004 og ávöxtun í fortíð gefur engin fyrirheit um framtíðarávöxtun.

6. *Hversu háar fjárhæðir hafa verið veittar úr ríkissjóði vegna lífeyrisskuldbindinga hans á síðustu árum?*

Ekki er ljóst hvað þingmaður á við þegar hann spyr um veittar fjárhæðir úr ríkissjóði. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga í reikningum ríkisins og því hvaða greiðslur eru inntar af hendi til lífeyrissjóðanna. Í skilningi fjárreiðulaganna eru fjárveitingar það sama og gjöld á rekstrargrunni. Fjárveitingar til lífeyrissjóðanna sem færðar eru í rekstrarreikning ríkissjóðs eru gjöld vegna nýrra skuldbindinga sem myndast hafa á viðkomandi ári. Fyrirframgreiðslur sem greiddar eru til lífeyrissjóðanna eru greiðslur upp í framtíðarskuldbindingar sjóðanna. Í þessu felst að fyrirframgreiðslurnar færast alfarið um efnahagsreikninginn og koma þannig til lækkunar á skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðunum.

Eins og kemur fram í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hafa frá setningu laganna um LSR og LH alls verið gjaldfærðar í ríkisreikningi 70.152 millj. kr. vegna LSR og 4.560 millj. kr. vegna LH, eða samtals um 74.712 millj. kr. Hins vegar nema fyrirframgreiðslur og verðlagsuppbætur til LSR 51.211 millj. kr. og til LH 5.011 millj. kr. í árslok 2002.

461. Svar [244. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um starfsemi sjúkrasjóða.

1. *Hvaða lög og reglugerðir gilda um sjúkrasjóði?*

Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, fjalla um greiðslur í sjúkrasjóði, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna sem orðast svo:

„Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.“

Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, fjalla einnig um greiðslur í sjúkrasjóði, sbr. 7. gr. laganna sem orðast svo:

„Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.“

2. *Hvernig er eftirliti og endurskoðun reikninga háttað hjá sjúkrasjóðum og hvaða reglur gilda um fjárfestingar þeirra?*

Félagsmálaráðherra fer ekki með fjármálaeftirlit með sjúkrasjóðum stéttarfélaga og er ráðuneytinu því ekki kunnugt um fjárfestingarstefnu einstakra sjóða né heldur hvernig fjármálaeftirliti eða endurskoðun reikninga er háttað. Stéttarfélög eru almenn félög sem falla ekki undir 1. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og því ekki skyldug til að birta ársreikninga sína né skylt að skila þeim til viðeigandi aðila samkvæmt þeim lögum. Önnur lög kveða hvorki á um slíka skyldu stéttarfélaga né annað eftirlit stjórnvalda með störfum þeirra. Er það þess vegna ekki á valdssviði félagsmálaráðherra að veita nýjustu upplýsingarnar úr ársreikningum einstakra sjúkrasjóða. Þess má geta að í leiðbeiningarreglugerð Alþýðusambands Íslands eru ákvæði sem fjalla um hugsanlegar fjárfestingarleiðir sjóðanna í þeim tilgangi að ávaxta fé sitt. Einnig er þar að finna leiðbeinandi reglur um hvernig fara eigi með ársreikninga sjúkrasjóða. Stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins er þó ekki skylt að fara eftir þessum reglum enda þótt þeim sé skylt að setja sér reglugerð sem skal hljóta staðfestingu miðstjórnar sambandsins. Enn fremur kveður 44. gr. laga Alþýðusambandsins á um að endurskoðaðir reikningar sem sýna stöðu sjúkrasjóðs áritaðir af löggiltum endurskoðanda skulu sendir miðstjórn fyrir maílok ár hvert.

Samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands eru stjórnir sjóðanna annaðhvort kjörnar á aðalfundum viðkomandi stéttarfélags eða á sérstökum aðalfundi sjúkrasjóðsins. Jafnframt er dæmi um að í kjarasamningi sé kveðið á um að vinnuveitendum sé heimilt að tilnefna annan endurskoðanda sjóðsins, sbr. meðal annars kjarasamning milli Samtaka atvinnulífsins og Verkamannasambands Íslands (Starfsgreinasambands Íslands) vegna aðildarfélaga annarra en Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

3. *Hvað eru margir sjúkrasjóðir starfandi?*

Samkvæmt upplýsingum Alþýðusambands Íslands eru reknir sjúkrasjóðir á vegum allra 86 aðildarfélaga þess. Í kjarasamningum vinnuveitenda og þessara aðildarfélaga eru ákvæði um sjúkrasjóði þar sem kveðið er á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Með samkomulagi frá árinu 2000 milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í framangreindum samtökum var stofnaður sérstakur fjölskyldu- og styrktarsjóður en launagreiðendur greiða iðgjöld í sjóðinn.

4. Hvaða hlutfall af launum er greitt í sjúkrasjóði sem iðgjald?

Samkvæmt 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er atvinnurekendum skylt að greiða þau iðgjöld sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina. Í lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, er kveðið á um að vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum, sbr. 7. gr.

Þegar einstakir kjarasamningar eru skoðaðir virðist sem að hlutfallið sem vinnuveitandi greiðir af launum sé jafnan það sama, þ.e. 1%, enda þótt ekki sé fullyrt hér um að hlutfallið geti ekki verið hærra í einstökum samningum. Hins vegar virðist sem ekki sé fullkomið samræmi um hvers konar laun lögð eru til grundvallar. Svo dæmi séu tekin úr einstökum kjarasamningum er fjallað um „1% af útborguðu kaupi verkafólks“ í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur hins vegar (10.1). Jafnframt er vísað í lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms-,og slysaforfalla. Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Samiðnar – Sambands iðnfélaga f.h. aðildarfélaga í málmiðnaði, byggingariðnaði og skrúðgarðyrkju (10.2) er kveðið á um að greiða skuli 1% á allt kaup starfsmanna til að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði og renni þær greiðslur í sjúkrasjóð viðkomandi félags. Þá skulu vinnuveitendur greiða 1% af kaupi í styrktarsjóð RSÍ samkvæmt kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði annars vegar og Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga hins vegar (10.1). Að lokum má nefna að í kjarasamningi milli Póstmannafélags Íslands og Íslandspósts hf. skal launagreiðandi greiða 1% af heildarlaunum starfsmanna (13.1).

5. Hver var heildariðgjaldagreiðsla í sjúkrasjóði árið 2002?

6. Fyrir hve marga launþega var greitt í sjúkrasjóði árið 2002?

Vísað er til svars við 2. lið.

7. Hvað eru margir launþegar utan sjúkrasjóða og hvers vegna?

Ekkert opinbert eftirlit er með því hvort greitt sé af launum starfsmanna í sjúkrasjóði stéttarfélaga á íslenskum vinnumarkaði. Er félagsmálaráðuneytinu því hvorki kunnugt um hversu margir launamenn standa utan sjúkrasjóða né ástæður þess.

8. Hver var heildarupphæð bóta sem greiddar voru úr sjúkrasjóðum árið 2002?

9. Hverjar voru eignir sjúkrasjóða í árslok 2002 og hversu stór hluti þeirra var fasteignir?

Vísað er til svars við 2. lið.

10. Hvaða reglur gilda almennt um upphæð bóta, lengd bótatímabils og biðtíma hjá sjúkrasjóðum?

Í lögum er ekki kveðið á um markmið og hlutverk sjúkrasjóða heldur er það gert í kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins og reglugerðum einstakra sjóða. Markmið sjúkrasjóðanna er fyrst og fremst að taka við greiðsluskyldu í veikinda- og slysatilfellum þegar veikindagreiðslur vinnuveitanda falla niður. Þegar reglur einstakra sjúkrasjóða eru skoðaðar virðist sem meginmarkmið og hlutverk séu nokkuð sambærileg óháð því hvaða stéttarfélag á í hlut.

Hver einstakur sjóður ákveður þær reglur er gilda um réttindi félagsmanna til bóta úr sjóðnum. Enda þótt ákveðin grunnréttindi sé að finna í flestum sjóðunum til samræmis við meginmarkmið þeirra má reikna með að réttindi sjóðfélaga í sjúkrasjóðum séu mismunandi og fari eftir styrk hlutaðeigandi stéttarfélags. Eins og fram hefur komið hefur Alþýðusamband Íslands gefið út leiðbeinandi reglugerð fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaga innan þess. Þar hefur Alþýðusambandið þó sett ákveðnar lágmarksreglur sem öllum sjúkrasjóðum aðildarfélaga þess er gert að fylgja.

462. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	3.955,0	500,0	4.455,0
Greitt úr ríkissjóði	*9.448,6*	*500,0*	*9.948,6*

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um að staðið verði við samkomulag sem gert var á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins um aukinn lífeyri til þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og koma á til framkvæmda 1. janúar 2004. Fjárhæð þessi er til viðbótar 1.000 m.kr. sem eru í frumvarpinu en komið hefur í ljós að til þess að standa við samkomulagið þarf 1.500 m.kr.

463. Fyrirspurn [350. mál]

til samgönguráðherra um nettengingu lítilla byggðarlaga.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja íbúum sveitarfélaga með færri íbúa en 500 ADSL-tengingu við internetið nú þegar fyrir liggur að Landssíminn hyggst ekki ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar til að svo verði?
2. Hefur ráðherra látið kanna hvort netsamband um gervihnött sé hagkvæm lausn fyrir fámenn byggðarlög og ef svo er, er hann þá tilbúinn til að beita sér fyrir því að Landssíminn bjóði slíka þjónustu?

464. Fyrirspurn [351. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur ríkissjóðs.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
2. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
3. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
4. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
5. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
6. Hver var skattalegur ávinningur lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003 af lækkun skatthlutfalls sameignarfélaga úr 38% í 26% og hlutafélaga og annarra lögaðila úr 30% í 18%, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
7. Hver var skattalegur ávinningur lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003 af lækkun skatthlutfalls eignarskatts úr 1,2% í 0,6%, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
8. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs árið 2003 af álögðum fjármagnstekjuskatti á sveitarfélög, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

465. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Á eftir orðunum „lokuðum vinnusvæðum“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: og almenningsvagnar í áætlunarferðum.
2. Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   Lokamálsliður 3. mgr. B-liðar 4. gr. laganna fellur brott.

466. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2004.

(Eftir 2. umr., 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2004 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**254.617,1**	**245.371,6**
Skattar á tekjur einstaklinga	72.900,0	70.179,0
Skattar á tekjur lögaðila	8.900,0	7.636,0
Tryggingagjöld	29.006,8	28.183,3
Eignarskattar	8.710,0	8.607,0
Virðisaukaskattur	88.021,0	84.580,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	44.838,5	44.037,5
Skattar ótaldir annars staðar	2.240,8	2.148,8
Aðrar rekstrartekjur	**25.721,2**	**20.085,7**
Arðgreiðslur	3.726,0	3.726,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	15.121,0	9.583,8
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.874,2	6.775,9
Sala eigna	540,0	540,0
Fjárframlög	1.143,0	1.143,0
Tekjur samtals	**282.021,3**	**267.140,3**
Æðsta stjórn ríkisins	2.463,8	2.463,8
Forsætisráðuneyti	1.170,5	1.170,5
Menntamálaráðuneyti	33.310,2	33.200,2
Utanríkisráðuneyti	5.525,6	5.525,6
Landbúnaðarráðuneyti	11.713,2	11.788,6
Sjávarútvegsráðuneyti	3.103,8	3.103,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	15.050,7	15.344,7
Félagsmálaráðuneyti	23.376,3	22.990,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	110.542,6	110.542,6
Fjármálaráðuneyti	26.220,2	21.151,2
Samgönguráðuneyti	18.273,8	17.976,3
Iðnaðarráðuneyti	3.460,4	3.460,4
Viðskiptaráðuneyti	1.458,5	1.466,8

Hagstofa Íslands	541,5	541,5
Umhverfisráðuneyti	3.899,3	4.688,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.140,0	12.770,0
Gjöld samtals	**275.250,4**	**268.184,6**
Tekjujöfnuður	**6.770,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2004 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	6.770,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.827,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-5.153,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-374,2
Handbært fé frá rekstri	**-1.584,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.800,0
Afborganir veittra lána	20.860,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540,0
Fjármunahreyfingar samtals	**15.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14.215,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	27.300,0
Afborganir lána	-31.300,0
Fjármögnun samtals	**-4.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.500,0
Breyting á handbæru fé	**2.715,7**

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr. hljóðar svo:

Árið 2004 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	565,0	0,0	30,0	0,0
Ríkisútvarpið	-45,0	0,0	200,0	200,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	0,0	0,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	-93,5	0,0	9,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,1	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	53,5	149,0	85,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	160,0	200,0
Íslenskar orkurannsóknir	20,0	0,0	25,0	0,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-117,0	217,0	1.055,0	0,0
Samtals	**383,0**	**366,0**	**1.572,1**	**400,0**

C-hluti.
Fjárreiður ríkisstofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2004 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.320,0	6.370,0	55,0	4.400,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-5,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	100,8	1.805,0	0,0	800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	657,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.715,0	50.150,0	14,0	49.650,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-465,0	16.500,0	1,0	24.300,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-298,0	7.000,0	1,0	10.100,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam.	-397,0	0,0	5,0	5.407,0
Orkusjóður	-17,7	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	12,1	2.700,0	0,0	2.700,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	424,0	30,0	0,0	0,0
Samtals	**4.046,2**	**84.595,0**	**76,0**	**97.357,0**

Ýmis ákvæði.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 33.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.800 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.400 m.kr.
   2.2 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 200 m.kr.
   2.3 Ríkisútvarpsins allt að 200 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2004 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.7, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 24.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 49.650 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 24.300 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 10.100 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.5 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 5.407 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   3.7 Byggðastofnun, allt að 2.700 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði.

Heimildir.

6. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.2 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.5 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.6 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.7 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.8 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.9 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.10 Að selja fasteignina Bræðratungu á Ísafirði og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.11 Að selja fasteign og lóð Vegagerðar ríkisins að Stórhöfða 34–40 og ráðstafa andvirðinu til vegamála.
2.12 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
2.13 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.14 Að selja húsnæði Ríkisútvarpsins að Fjölnisgötu 3 á Akureyri.
2.15 Að selja fasteignir Vesturhlíðarskóla og verja andvirðinu til endurbóta á húsnæði framhalds- og sérskóla.
2.16 Að selja íbúðarhúsið Nátthaga 10, Hólum í Hjaltadal, og nýta andvirðið til uppbyggingar á rannsóknarstarfsemi Veiðimálastofnunar.
2.17 Að selja prestsbústaðinn Bakkatún á Bíldudal.
2.18 Að selja Tjaldanes í Mosfellsbæ og láta andvirði sölunnar renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.19 Að selja fasteign Blóðbankans við Eiríksgötu í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra.
2.20 Að selja fasteignir ríkisins við Flókagötu 29 og 31 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

2.21 Að selja fasteign ÁTVR við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.22 Að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík.
2.23 Að selja fasteignina Grensásveg 12 í Reykjavík og verja hluta andvirðisins til Háskóla Íslands.
2.24 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Saurbæ, Kjalarnesi.
2.25 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Brúarlandi, Þistilfirði.
2.26 Að selja geymsluhús Rafmagnsveitna ríkisins að Borgarnaust 8, Neskaupstað.
2.27 Að selja geymsluhús Rafmagnsveitna ríkisins að Öldugötu 8, Seyðisfirði.
2.28 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri, Borgarfirði.
2.29 Að selja prestssetrið að Sunnubraut 12, Búðardal, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
2.30 Að selja prestssetrið að Hólum í Hjaltadal.
2.31 Að selja gamla prestsseturshúsið að Útskálum, Kjalarnesprófastsdæmi.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.7 Að selja fjöleignarhús við Kópavogsbraut sem nú er notað fyrir fatlaða og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp sambýlum fyrir fatlaða.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds.
3.11 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
3.14 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í Sóltúni 1, Reykjavík, og verja andvirðinu til kaupa á öðru húsnæði í þágu Háskóla Íslands.
3.15 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 3, Hellissandi.
3.16 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.

3.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
3.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.22 Að selja eignarhlut ríkisins í Glerárgötu 36 á Akureyri.
3.23 Að selja húsnæði heilsugæslustöðvarinnar að Borgarbraut 65, Borgarnesi, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á öðru hentugra húsnæði.
3.24 Að selja eignarhlut ríkisins í Hvammstangabraut 31, Hvammstanga, og verja andvirðinu til uppbyggingar heilsugæslustöðvarinnar á staðnum.
3.25 Að selja eignarhlut ríkisins í Laugarási 2, Bláskógabyggð, og verja andvirðinu til uppbyggingar heilsugæslustöðvarinnar á staðnum.
3.26 Að selja eignarhlut ríkisins í Bleiksárhlíð 56, Eskifirði, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð.
3.27 Að selja eignarhlut ríkisins í Seljalandsvegi 73, Ísafirði og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar.
3.28 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Heiðargerði 28, Reyðarfirði, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.29 Að selja eignarhluta ÁTVR í Eiðistorgi 13–15.
3.30 Að selja eignarhluta ÁTVR í Hólmgarði 2, Keflavík.
3.31 Að selja hluta geymsluhúss Rafmagnsveitna ríkisins að Sævarenda 1, Stöðvarfirði.
3.32 Að selja eignarhlut ríkisins í Öldugötu 17, Reykjavík.
3.33 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja hluta af jörðinni Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.4 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.6 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.7 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.8 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.9 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.10 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.11 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.12 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.13 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.
4.16 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.17 Að selja jörðina Brúar í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Brúnastöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.20 Að selja hluta af jörðinni Búðum (utan friðlands), Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu.
4.21 Að selja jörðina Sandhól í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

4.22 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.23 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.24 Að selja jörðina Straum á Skógarströnd, Dalabyggð, Dalasýslu.
4.25 Að selja jörðina Þjóðólfshaga 2, Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu.
4.26 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.27 Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
4.28 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.
4.29 Að selja hluta jarðarinnar Hvammbóls (Ketilsstaða III), Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.30 Að selja hluta af jörðinni Borgum í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.31 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.32 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.33 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.
4.34 Að selja um 235 ha landspildur í eigu ríkisins í nágrenni Grindavíkur sem ekki eru nýttar í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Álftagróf, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.36 Að selja jörðina Skóga II, Húsavíkurbæ, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.37 Að selja jörðina Hólagerði I, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.38 Að selja jörðina Hólagerði II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.39 Að selja jörðina Kirkjuból í Bjarnardal, Ísafjarðarbæ.
4.40 Að selja prestssetursjörðina Hraungerði í Árnesprófastsdæmi.
4.41 Að selja prestssetursjörðina Prestbakka við Hrútafjörð, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.42 Að selja prestssetursjörðina að Hálsi, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
4.43 Að selja jörðina Svalvogar í Dýrafirði ásamt öðrum húseignum en vita.
4.44 Að selja jörðina Brekkusel í Hróarstungu, Norður-Héraði.
4.45 Að selja jörðina Laxárhlíð í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
4.46 Að selja jörðina Skriðu í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.47 Að selja jörðina Langholt í Meðallandi, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.48 Að selja jörðina Glaumbæ, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.49 Að selja jörðina Hærukollsnes í Álftafirði, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.50 Að selja hluta jarðarinnar Kotmúla í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra, Rangárvallasýslu.
4.51 Að selja hluta jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
4.52 Að selja hluta jarðarinnar Árnanes í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.53 Að selja hluta jarðarinnar Þinganes í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.54 Að selja hluta jarðarinnar Sveinagarða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.55 Að selja hluta jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.56 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar Holts undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
Reglur sem gilda um fullgildingar erlendra flugskírteina sem gefin eru út af ríkjum utan EES eru tilgreindar í reglugerð um skírteini, nr. 419/1999, sem byggist á kröfum JAR-FCL 1, sjá nánar 1. viðbæti við JAR-FCL 1.015. Dæmi um kröfur er að flugstjóri skal hafa a.m.k. 1.500 tíma reynslu sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvél (Multi Pilot). Þá er gerð krafa um að umsækjandi standist hæfnispróf og fullnægi heilbrigðiskröfum samkvæmt gildandi skírteinareglugerð og að viðkomandi sýni fram á viðeigandi kunnáttu í reglugerðum en auk þess eru í sumum tilvikum bókleg próf. Útgáfa á fullgildingu byggist þannig einungis á faglegu mati á færni og hæfni viðkomandi flugmanns. Sambærilegar reglur gilda í öðrum aðildarríkjum Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA, til að mynda annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Þýskalandi. Fullgildingar gilda að hámarki í eitt ár. Fullgildingar útgefnar á Íslandi eru takmarkaðar við þann flugrekanda sem mælir með umsókninni.

3. *Hve margir þeirra hafa jafnframt sótt um og fengið dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi?*

Umfjöllun dvalar- og atvinnuleyfa heyrir ekki undir Flugmálastjórn.

4. *Á hvaða lagaheimild og á hvaða ákvæðum EES-samningsins byggist heimild til fullgildingar skírteina flugmanna utan Evrópska efnahagssvæðisins?*

Ekki er um að ræða sérstök ákvæði EES í þessu sambandi. Útgáfa fullgildinga erlendra skírteina utan EES byggist á íslenskri reglugerð um skírteini sem byggist á kröfum JAR-FCL 1, sbr. svar við 2. lið fyrirspurnarinnar. Um er að ræða samræmda aðferðafræði hjá aðildarríkjum JAA sem hlotið hafa viðurkenningu í kjölfar úttekta.

5. *Á hvaða ákvæðum EES-samningsins um atvinnu- og dvalarleyfi byggist heimild til að flugmenn utan Evrópska efnahagssvæðisins fái fullgildingu skírteina á Íslandi og geti eftir það stundað atvinnu og dvalist á Evrópska efnahagssvæðinu?*

Sjá svör við 3. og 4. lið.

Rétt þykir að bæta við að ráðuneytið svaraði fyrirspurn lögmanns Félags íslenskra atvinnuflugmanna um sama efni á síðasta ári og í því svari kemur fram að um fullgildingu þjóðarskírteina (ICAO) útgefnum innan Evrópska efnahagssvæðisins gildir reglugerð um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 336/1994, sbr. tilskipun ráðsins 91/670/EBE (Concil Directive 91/670/EEC). Uppfylli umsækjandi kröfur reglugerðarinnar er íslenskum flugmálayfirvöldum samkvæmt reglugerðinni skylt að gefa út fullgildingu. Um fullgildingu á þjóðarskírteinum (ICAO) útgefnum af ríkjum utan JAA gildir reglugerð nr. 419/1999, um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands. Þegar beiðni um fullgildingu skírteinis berst íslenskum flugmálayfirvöldum er þeim skylt að afgreiða hana á jafnræðisgrundvelli og óheimilt er að mismuna eftir þjóðerni.

468. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneytinu, Svein Hannesson og Árna Jóhannesson frá Samtökum iðnaðarins, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði Íslands, Þorleif Þór Jónsson og Gísla Friðjónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Guðrúnu Johnsen frá Samtökum atvinnulífsins, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Daníel Björnsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Ásgeir Eiríksson frá Strætó bs. og Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubílstjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkisskattstjóra, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Félagi hópferðaleyfishafa, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, bifreiðastjórafélaginu Frama, Alþýðusambandi Íslands, Strætó bs., Landvara, Akureyrarkaupstað og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggst alfarið á móti samþykkt frumvarpsins sem snýst um að hækka skatta á landsmenn um 1.200 millj. kr. Frumvarpið gengur þvert á loforð og yfirlýsingar stjórnarflokkanna í liðinni kosningabaráttu þar sem lofað var skattalækkunum á landsmenn en ekki skattahækkunum. Frumvarpið mun hækka flutningsgjöld til og frá landsbyggðinni.

1.200 millj. kr. skattahækkanir á bíleigendur.

Frumvarpinu er ætlað að hækka annars vegar bensíngjald og hins vegar þungaskatt um samtals 1.000 millj. kr., 600 millj. kr. með hækkuðu bensíngjaldi og 400 millj. kr. með hækkuðum þungaskatti. Ofan á þessa upphæð leggst svo virðisaukaskattur þannig að samtals nemur þessi aukna skattheimta tæplega 1.200 millj. kr. Fram kom hjá nokkrum gestum nefndarinnar að þessi hækkun muni leiða til um 4 kr. hækkunar á bensínlítra, og hækkun þungaskatts mun leiða til um 2% hækkunar flutningsgjalda, auk hækkunar gjaldskrár leigubifreiða og vörubifreiða svo að fátt eitt sé nefnt, eins og meðfylgjandi umsagnir bera með sér.

Skattar á umferð.

Í nýlegri grein í blaði FÍB um boðaðar skattahækkanir kom þetta m.a. fram í máli greinarhöfundar:

„Ef þessar hækkanahugmyndir ná fram að ganga óbreyttar þá mun skattheimta ríkissjóðs á næsta ári af bílum og rekstrarvörum til þeirra ná nýjum sögulegum hæðum og komast í samtals 32 milljarða. Það er rúmlega 100% þyngri skattbyrði en lögð var á bifreiðaeigendur árið 1991 á fyrsta starfsári fyrsta ráðuneytis Davíðs Oddssonar.

Í ljósi yfirlýsinga og loforða sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir síðustu kosningar um skattalækkanir þá eru þessar fyrirhuguðu hækkanir sannarlega ekki neitt gamanmál og varla hægt að segja að fjárlagafrumvarpið sé skemmtilestur fyrir fjölskyldurnar í landinu sem eiga og reka bíl. Og enn eru ótalin þau hækkunaráhrif sem þessar hækkanir eiga eftir að hafa, m.a. á vísitölur og þar með á húsnæðisskuldir þessara sömu fjölskyldna."

Neysluverðsvísitala hækkar.

Að mati ASÍ hefur frumvarpið í för með sér beina hækkun neysluverðsvísitölu upp á 0,12%, auk þess sem það mun leiða til hækkunar flutningskostnaðar og þar með vöruverðs. Hækkun neysluverðsvísitölu mun einnig hafa í för með sér að skuldir heimilanna munu hækka um tæpan milljarð króna. Staða einstakra skuldara mun þar með versna, eins og sagt er m.a. í umsögn ASÍ sem tekur dæmi af skuldara sem skuldar 8 millj. kr. í 40 ára húsbréfum. Hækkunin mun leiða til þess að heildarskuldir viðkomandi verða um 100 þús. kr. hærri á lánstímanum en ella hefði orðið.

Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig fyrirhuguð hækkun bensíngjalds muni leiða til skattahækkunar á alla bíleigendur í landinu með hækkun bensínlítra um 4 kr. sem mun leiða til allt að 20–25 þús. kr. útgjaldaauka hvers bíleiganda. Þessi hækkun getur verið enn meiri hjá íbúum landsbyggðarinnar þar sem vegalengdir eru meiri.

Hækkun þungaskatts er enn ein skattahækkunin sem leggst af meiri þunga á landsbyggðarfólk en aðra þar sem hækkunin mun leiða til allt að 2% hækkunar á flutningsgjöldum, sem þegar eru allt of há, og hefur verið talað um af ráðherrum í ríkisstjórn að þurfi að lækka, með einhverjum aðgerðum sem boðaðar voru í liðinni kosningabaráttu, en ekkert bólar enn á.

Hækkun þungaskatts um 8% er því enn ein árásin frá núverandi ríkisstjórn á íbúa landsbyggðarinnar og fyrirtækjarekstur þar.

Þungaskattur í vöruflutningum á langleiðum hefur hækkað um 44% frá september 1998 til febrúar 2001, en um 82% ef miðað er við febrúar 1999, eins og gert er í athugasemdum með frumvarpinu. *Þungaskattur og eldsneytisgjald eru þess vegna íþyngjandi landsbyggðarskattar.*

Með áliti þessu eru birtar í fylgiskjali nokkrar umsagnir frá aðilum sem lýsa yfir miklum áhyggjum af áhrifum hækkunar þungaskatts á vöruflutninga. Hækkun skattsins mun leiða til hærra vöruverðs á landsbyggðinni og skekkja mikið og enn frekar samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Auknir skattar á almenningssamgöngur.

Fram kom í umsögn og máli fulltrúa Strætó bs. að skattlagning ríkisins á Strætó bs. hafi verið um 230 millj. kr. árið 2002, og nemur sú upphæð um þriðjungi fargjaldatekna byggðasamlagsins það ár. Heildarkostnaður Strætó bs. er um tveir milljarðar króna á ári, tekjur eru um 40% af þessari upphæð. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu greiða því um 1.200 millj. kr. með þessari starfsemi, þar af um 230 millj. kr. til ríkissjóðs.

Hækkun þungaskatts um 8% mun enn auka skattheimtu ríkissjóðs á almenningssamgöngur, og er þetta í andstætt áformum um eflingu almenningssamgangna eins og rætt er um á tyllidögum.

Í þessu sambandi má benda á það sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni um samgönguáætlun 2003–2014. Þar segir í lið 1.1: „Almenningssamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessar samgöngur af hálfu ríkisins. Frekari stuðningur er æskilegur og ætti að stefna að því að ríkið endurgreiði álögð gjöld að fullu.“

Kostnaður við almenningssamgöngur í þéttbýli fer sífellt vaxandi, ekki einungis á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig víða á landsbyggðinni þar sem almenningssamgöngur hafa verið teknar upp í auknum mæli. Um er að ræða nauðsynlega samfélagslega þjónustu sem

ekki er lögbundið verkefni sveitarfélaga. Því er eðlilegt að ríkið hætti að skattleggja þá starfsemi. Enn fremur er lögð áhersla á, eins og fram kemur í samgönguáætluninni, að farið verði yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli í samráði við sveitarfélögin.

Einnig má minna á erfiðleika í rekstri hópbifreiða svo og skólabíla sem sveitarfélögin þurfa mörg hver að reka. Hækkun þungaskatts mun auka erfiðleika þessara aðila og draga úr þjónustu þeirra. Í þessu sambandi má m.a. benda á eftirfarandi úr umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar: „Samtökin vilja vekja sérstaka athygli á stöðu hópbifreiða á Íslandi sem hafa búið í mörg ár við stórfelldan taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun. Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur. Það samkeppnisumhverfi sem greinin býr við gerir fyrirtækjunum ókleift að varpa þessum hækkunum út í verðlagið en nú þegar eru hópbifreiðar í mjög mikilli samkeppni við einkabílinn og bílaleigubíla á skemmri leiðum og flug á lengri leiðum."

Frumvarpið mun einnig leiða til hækkunar á gjaldskrám leigubifreiða og segir m.a. í umsögn bifreiðastjórafélagsins Frama: „Bifreiðastjórafélagið Frami mótmælir fyrirhuguðum hækkunum samkvæmt ofangreindu frumvarpi. Boðuð hækkun mun leiða til hækkunar á rekstrarkostnaði leigubifreiða. Sú hækkun mun lenda út í verðlagið og lenda að lokum á viðskiptavinum leigubifreiðastjóra. Hækkun á ökugjaldinu mun draga úr eftirspurn á þjónustu leigubifreiðastjóra og þar með draga úr atvinnu leigubifreiðastjóra og rýra kjör stéttarinnar."

Frumvarpið mun einnig leiða til hækkunar á gjaldskrám vörubifreiða og segir m.a. í umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra: „Varðandi þungaskattinn er ljóst að atvinnugreinin getur ekki tekið á sig þessa hækkun, því mun hún leiða til hækkunar á flutningskostnaði. Okkar viðskiptavinir eru helst íbúar og fyrirtæki í hinum dreifðari byggðum landsins, ríki og sveitarfélög og þeir aðilar sem standa fyrir framkvæmdum eins og t.d. húsbyggingum (oftast þá ungt fólk)."

Eins og áður hefur komið fram leggst 1. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. nóv. 2003.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Úr umsögnum um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Landvari:

Með bréfi 15. október óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsagnar Landvara um ofangreint mál.

Stjórn félagsins hefur nú lokið umfjöllun um málið og óskar eftir því að koma eftirfarandi umsögn á framfæri til nefndarinnar.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldskrá þungaskatts verði hækkuð um 8% í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Í athugasemdum er bent á breytingar á

gjaldskrá kílómetragjalds þungaskatts til hækkunar og lækkunar á árunum 1998 til 2001 og samanburður gerður við hækkun á vísitölu neysluverðs á þeim tíma og til dagsins í dag.

Þessi samanburður bendir til þess að greiðendur kílómetragjalds þungaskatts megi nokkuð vel við una varðandi þessa skattheimtu.

Stjórn Landvara vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri í þessu sambandi.

Vöruflutningar á langleiðum eru almennt stundaðir með 23–26 tonna bifreiðum og 14–18 tonna tengivögnum. Þessar vagnlestir geta að meðaltali ekið um 140.000 km á ári og máttu vera 40–44 tonn að heildarþyngd til ársins 2001, en 44–49 tonn frá febrúar 2001.

Frá því að byrjað var að innheimta þungaskatt eftir mældum kílómetrum og fram til september 1998 fór gjaldskrá skattsins stiglækkandi eftir akstursmagni viðkomandi bifreiðar. Þannig fengu vöruflutningar á langleiðum ákveðna leiðréttingu á greiðslubyrði þungaskatts á ársgrundvelli, m.a. til þess að mæta sjónarmiðum um mjög mikinn akstur á misgóðum vegum og oft við erfið aksturskilyrði, mikinn akstur með lítinn eða engan farm og til þess að jafna flutningskostnað til byggða langt frá Reykjavík. Gjaldskráin byggir hins vegar alltaf á hæsta gjaldflokki miðað við skráða heildarþyngd viðkomandi ökutækis, en það er sú þyngd sem bifreið með fullfermi má mest vera á vegi.

Þótt opinberir aðilar virðast ekki telja að þeir hafi aukið tekjur sínar af þungaskatti nema óverulega á síðustu árum hefur lögum og reglum um þungaskatt verið breytt sex sinnum á árunum 1998–2001, þar af hefur verið um hreina skattkerfisbreytingu að ræða í fjögur skipti, þannig að álagningargrunninum sjálfum er umbreytt, sem leitt hefur af sér stigvaxandi skattheimtu á þyngstu ökutækin, tækin sem notuð eru í vöruflutningum á langleiðum.

Þessar miklu umbreytingar hafa leitt til þess að þungaskattur í vöruflutningum á langleiðum hefur hækkað um 44% frá september 1998 til febrúar 2001, en um 82% ef miðað er við febrúar 1999, eins og gert er í athugasemdum með frumvarpinu.

Eftirfarandi tafla sýnir tíma breytinga þungaskattstaxta, gjaldbyrði vagnlestar og vísitöluviðmiðun, ásamt skýringum.

Hækkanir á 140.000 km ársakstri 40/44 og 44/49 tonna vagnlesta 1998–2001.

	Mán.	Ár	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	Skýringar
	Sept.	1998	24,71	17,45	42,16	3.773.320	100,0		Óbreytt kerfi frá upphafi kílómetragjalds þsk árið 1970.
1	Okt.	1998	17,30	12,22	29,52	4.132.800	109,5		Lagabr.: Afslættir felldir niður, gjaldskrá þsk lækkuð um 30%. Hæsta gjaldþyngd 40 tonn.
2	Feb.	1999	17,90	12,64	30,54	3.001.300	79,5	100,0	Lagabr.: Má velja 95.000 km árgjald. +100.000
3	Júní	1999	18,26	15,48	33,74	3.305.300	87,6	110,1	Lagabr.: Hækkun um 2%. Árgjald kr. 100.000
4	Júní	2000	22,83	16,12	38,95	3.800.250	100,7	126,6	Lagabr.:Hliðrun, mest á þyngstu. Árg. 100.000
5	Okt.	2000	22,83	16,12	38,95	5.453.000	144,5	181,7	Lagabr.: Felld niður heimild um val á föstu árgj.
6	Feb.	2001	23,52	15,38	38,90	5.446.000	144,3	181,5	Lagabr.: Hliðrun á gjaldskrá. Nauðsynlegt að greiða af hæstu gjaldþyngd, 44 tonnum.

Vöruflutningar á landi hafa aldrei áður verið þjóðinni eins mikilvægir og þeir eru um þessar mundir. Fólk og fyrirtæki um allt land treysta algerlega á gæði og áreiðanleika í vöruflutningum. Atvinnulífið byggir mikilvægustu þætti í starfsemi sinni á tilvist öflugrar og fjölbreyttrar flutningaþjónustu. Vaxandi arðsemi í atvinnulífi víða um land, bætt búsetuskilyrði og efling byggðanna til framtíðar á sér öðru fremur rætur í því öfluga vöruþjónustukerfi, sem flutningamenn hafa byggt upp á síðustu árum. Mikil röskun á rekstrarumhverfi í atvinnugreininni, eins og átt hefur sér stað á liðnum árum getur stórskaðað þann ávinning sem hagkerfið hefur notið í þessu sambandi á síðustu árum.

Við væntum þess að ábendingar okkar veki athygli háttvirtra nefndarmanna á þessu máli í heild sinni og leiði til endurskoðunar á áhrifum frumvarps um olíugjald og kílómetragjald, sem áformað er að komi aftur til afgreiðslu á þingi í vetur.

Samtök iðnaðarins:

SI hafa látið sig breytingar á skattinum miklu varða og hafa átt mikið og gott samstarf við stjórnvöld sem oftar en ekki hefur leitt til umbóta á þessu sviði. Að mati SI er núverandi kílómetragjald þungaskatts nú þegar allt of hátt. SI leggjast því gegn boðaðri 8% hækkun. Tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi þungaskatts eru nátengdar umsvifum í atvinnulífinu. Gjaldið er nær alfarið greitt af bifreiðum í atvinnustarfsemi og vöxtur þess í beinu samhengi við vöxt og viðgang atvinnulífsins. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu eru meginrök fyrir hækkun gjaldsins ekki að auka tekjur ríkissjóðs. Þær munu aukast hvort sem er vegna aukinna umsvifa, m.a. í tengslum við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi.

Meginforsenda þess að hækka skattinn virðist vera sú að hann hefur ekki verið hækkaður lengi. Eins og áður hefur verið sagt er kílómetragjald þungaskatts nú þegar allt of hátt og því er lagt til að hætt verði við fyrirhugaða hækkun þess.

Samtök atvinnulífsins:

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við hækkun vörugjalds af eldsneyti enda hefur gjaldið verið óbreytt frá 1999. Það verður að teljast óheppilegt að láta svo langan tíma líða á milli eðlilegrar uppfærslu gjaldsins til samræmis við verðlagsþróun, sem síðan veldur miklum stökkum þegar að endurskoðun þess kemur. Önnur sjónarmið eiga hins vegar við varðandi kílómetragjald þungaskatts, sem nú þegar er mjög hátt, og leggjast SA því gegn boðaðri hækkun þess. Gjaldið er nánast eingöngu greitt af bifreiðum í atvinnustarfsemi og skerðir hækkun þess samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í ljósi aukinna umsvifa á komandi árum í tengslum við virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir er ljóst að tekjur ríkissjóðs af skattinum munu aukast verulega af þessum skattstofni. Samtök atvinnulífsins leggja því til að kílómetragjald þungaskatts verði óbreytt.

Samtök ferðaþjónustunnar:

Eina röksemdin fyrir þeirri hækkun sem lögð er til í frumvarpinu er að gjaldskrá þungaskatts hafi ekki hækkað síðan 1. júlí 1999 og síðan hafi vísitala neysluverðs hækkað um 20,3%. Því sé orðið tímabært að hækka gjaldtökuna.

Það gleymist hins vegar að fjalla um það í frumvarpinu hverjar tekjur ríkissjóðs hafa verið af þessu gjaldi. Tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru kr. 4.050 milljónir en samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2004 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti verði kr. 5.573 milljónir. Þetta er hækkun upp á tæp 37,6%. Sérstaka athygli vekur reyndar að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti árið 1999 voru 550 milljónum meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi þess árs. Frá frumvarpi 1999 til frumvarps 2004 er hækkunin tæp 60%.

Á sama tíma er ætlað til framkvæmda hjá Vegagerðinni kr. 3.952 milljónir samkvæmt frumvarpi 2004 en árið 1999 var sambærileg tala 4.349 milljónir. Það þýðir að fjármagn til nýframkvæmda í vegamálum lækkar um 397 milljónir á meðan sá gjaldstofn sem renna á til þeirra mála hækkar um tæp 40%. Að vísu hafa heildarumsvif vegagerðarinnar aukist úr 8.666 milljónum í 13.301 milljónir eða um 53% á þessum sama tíma en það skýrir ekki samdrátt í nýframkvæmdum.

Þótt gjaldskrá þungaskatts hafi ekki hækkað þá hafa eins og að ofan er rakið, tekjur ríkissjóðs af honum stórhækkað. Ástæður þess eru margvíslegar, en nefna má eftirfarandi:

- Í kjölfar úrskurðar Samkeppnisstofnunar voru allir afslættir afnumdir árið 1998 og leiddi það til verulegrar hækkunar hjá þeim rekstraraðilum sem aka á lengri leiðum.
- Í kjölfar kæru þeirra sem aka með gjaldmæli var gerð sú breyting árið 1999 að fallið var frá því að hafa 25% viðbótarálag á þær bifreiðar en til að vega upp á móti þeirri tekjuminnkun var almenna gjaldskráin hækkuð um 20%. Tók sú hækkun auðvitað til þorra þungaskattsgreiðenda og jók tekjur ríkissjóðs um 700 milljónir.
- Með breyttum áherslum í flutningamálum hefur umtalsverður hluti vöruflutninga færst frá sjóflutningum í bíla og hefur það aukið gjaldheimtuna verulega.
- Almenn eign díselbíla er algengari núna en fyrir nokkrum árum þannig að fjöldi þeirra hefur stóraukist og tekjur að sama skapi.

Samband sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra:

Það kemur stjórn SSNV mjög á óvart að lagt sé fram frumvarp nú til að hækka þungaskatt og vörugjald af ökutækjum og eldsneyti þar sem það er stefna ríkisstjórnarinnar að lækka skatta. Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu. Stjórn SSNV hefur áður bent á það sem leið til að beita skattakerfinu til jöfnunar lífskjara að lækka þungaskatt af vöruflutningum. Stjórn SSNV leggst gegn samþykkt frumvarpsins. Hvað segir ESA núna?

Akureyrarbær:

Bæjarráð bendir á að hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar.

469. Nefndarálit [294. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings á sviði refsiréttar um spillingu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999 og undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, og á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, nr. 144/1998, með síðari breytingum. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á framangreindum lögum (146. mál, þskj. 146) og var málið afgreitt frá allsherjarnefnd Alþingis 20. nóvember síðastliðinn.

Jónína Bjartmarz og Guðmundur Árni Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 26. nóv. 2003.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Bjarni Benediktsson.	Magnús Stefánsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

470. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að fast árgjald og kílómetragjald þungaskatts hækki um 8% og lögð er til 8% hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti. Hækkuninni er ætlað að skila ríkissjóði samtals um 1 milljarði kr.

Álögur af þessu tagi jafngilda beinni skattahækkun og munu auka útgjöld heimilanna bæði beint og óbeint. Hækkanirnar sem í þessu frumvarpi felast eru liður í 2,2 milljarða kr. skattahækkun á heimilin í landinu í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004. Lýsir Vinstri hreyfingin – grænt framboð andstöðu við þær fyrirætlanir.

Álögur á heimilin.

Þær álögur sem boðaðar eru í frumvarpinu munu að mati hagsmunaaðila sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar m.a. þýða:

a. 4 kr. hækkun á bensínlítra eða 20–25 þús. kr. á ári fyrir hvern bíleiganda.
b. 2% hækkun flutningsgjalda sem mun valda beinni hækkun vöruverðs á landbyggðinni.
c. Versnandi samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar.
d. Hækkun á gjaldskrá almenningsvagna, vörubifreiða og leigubifreiða.
e. Þyngri álögur á sveitarfélög sem halda úti almenningssamgöngum og skólaakstri.

Skuldir heimilanna hækka.

8% hækkun á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti mun að mati Alþýðusambands Íslands hækka vísitölu neysluverðs um 0,12% og auka skuldir heimilanna um tæpan milljarð kr. Í umsögn ASÍ segir: „Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að meginröksemdafærslan fyrir því að hækka umrædd gjöld sé að þau hafi ekki hækkað í takt við breytingar á neysluverðsvísitölu. Að mati ASÍ fá slík rök ekki staðist. Benda má á að verði frumvarpið samþykkt hefur það í för með sér beina hækkun neysluverðsvísitölu upp á 0,12% auk þess sem búast má við að það leiði til hækkaðs flutningskostnaðar og þar með vöruverðs. Spyrja má hvort slíkt kalli aftur á hækkun gjaldanna?“

Landsbyggðarskattur.

Hækkun þungaskatts leiðir sem fyrr segir beint til hækkunar á flutningsgjöldum sem þýðir enn hærra vöruverð á landsbyggðinni. Í áliti Alþýðusambands Íslands segir að þessar hækkanir muni hafa neikvæðari áhrif á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, einkum á stöðum þar sem erfitt hefur reynst að halda uppi verslun og þjónustu. Verði frumvarpið að lögum muni það reynast enn erfiðara. Í umsögn stjórnar Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er lýst undrun á þessum fyrirhugaða „landsbyggðarskatti" í ljósi þess að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að lækka skatta. Þar segir: „Þungaskattur og eldsneytisgjald eru íþyngjandi landsbyggðarskattar og er nú annað þarfara en að auka þá skattlagningu." Á sama hátt bendir bæjarráð Akureyrar á að „hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í mótsögn við yfirlýstar fyrirætlanir stjórnvalda um lækkun flutningskostnaðar".

Álögur á ferðaþjónustu.

Að mati fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar munu þessar fyrirhuguðu hækkanir hafa slæm áhrif á samkeppnisstöðu hópbifreiða. Samkeppnisumhverfi hópbifreiða geri fyrirtækjunum ókleift að varpa þessum hækkunum út í verðlagið en hópbifreiðar eru nú þegar í mjög mikilli samkeppni við einkabílinn og bílaleigubíla á skemmri leiðum og flug á lengri leiðum. Í áliti Samtaka ferðaþjónustunnar segir enn fremur: „Samtökin vilja vekja sérstaka athygli á stöðu hópbifreiða á Íslandi sem hafa búið í mörg ár við stórfelldan taprekstur og mjög takmarkaða endurnýjun. Eigi að vera rekstrargrundvöllur fyrir hópbifreiðar verður að lækka skatta og gjöld af þessari atvinnustarfsemi frekar en að hækka álögur."

Álögur á almenningssamgöngur.

Hækkun þungaskatts um 8% mun enn auka skattlagningu ríkissjóðs á almenningssamgöngur. Áhrifin munu væntanlega verða tvíþætt; annars vegar hækkun á gjaldskrám almenningsvagna sem heimilin verða að standa undir og hins vegar versnandi afkoma sveitarfélaga sem þegar greiða háar fjárhæðir með almenningssamgöngum. Þá eru ótalin áhrifin á skólaakstur á vegum sveitarfélaga en hækkun á þeim útgjaldalið getur hæglega komið niður á annarri þjónustu skólanna.

Rekstur almenningssamgangna er ekki lögboðið verkefni sveitarfélaga. Engu að síður veita nú mörg sveitarfélög íbúum sínum þessa mikilvægu þjónustu en þörfin fyrir hana hefur að sjálfsögðu farið vaxandi með stækkun og sameiningu sveitarfélaga.

Vert er að benda á það markmið samgönguáætlunar að frekari stuðningur ríkisins við almenningssamgöngur sé æskilegur og að stefna eigi að því að ríkið endurgreiði sveitarfélögunum álögð gjöld að fullu. Er það í samræmi við þá viðurkenndu staðreynd að „Aukin hlutdeild almenningssamgangna leiðir til hlutfallslega minni notkunar einkabíla, sparnaðar í viðhaldi gatna, auk þess að geta orðið til þess að seinka megi framkvæmdum við stór og kostnaðarsöm umferðarmannvirki um einhvern tíma, mannvirki sem að mestu eða öllu leyti eru greidd úr sjóðum ríkisins", eins og segir í umsögn borgarráðs Reykjavíkurborgar um þetta frumvarp.

Tillögur VG um breyttar áherslur.

Annar minni hluti lýsir sig andvígan þeirri skattlagningu sem hér er boðuð og vísar til varnaðarorða og mótmæla sem hér hafa verið rakin. 2. minni hluti gerir sérstaka breytingartillögu á þskj. 465 um niðurfellingu þungaskatts af almenningsvögnum. Þá hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram frumvarp til laga um endurgreiðslu ⅔ hluta virðisaukaskatts við kaup á nýjum almenningsvögnum frá 1. september 2000 til 31.

desember 2005 en það er sama endurgreiðsla og til annarra hópferðabifreiða. Er það er í samræmi við þá stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að auka hlut almenningssamgangna.

Alþingi, 26. nóv. 2003.

Álfheiður Ingadóttir.

471. Fyrirspurn [352. mál]

til forsætisráðherra um húsnæðiskostnað ráðuneyta.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hver hefur verið heildarkostnaður ríkissjóðs af endurbótum, flutningum og viðbótarhúsnæði ráðuneyta frá árinu 1995, sundurliðað eftir ráðuneytum og árum?

Skriflegt svar óskast.

472. Fyrirspurn [353. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvaða vinnureglum fylgir ráðuneytið við úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla?
2. Er það til skoðunar innan ráðuneytisins að ráðast í heildstæða stefnumótun og heildstætt mat á úthlutun fjármagns til rannsókna við háskóla, m.a. með tilliti til aukins jafnræðis milli háskóla og með tilliti til framlaga til einstakra rannsóknasviða á vettvangi háskólanna?

473. Fyrirspurn [354. mál]

til menntamálaráðherra um rannsóknarsamning við Háskólann í Reykjavík.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvað líður gerð rannsóknarsamnings við Háskólann í Reykjavík?
2. Hvað telur ráðherra að rannsóknarsamningurinn þurfi að hljóða upp á háa fjárhæð á ári til að Háskólinn í Reykjavík geti sinnt rannsóknarskyldu sinni?

474. Fyrirspurn [355. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir á setlögum við Ísland.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða erlend fyrirtæki hafa sótt um leyfi til iðnaðarráðuneytisins um rannsóknir á setlögum við Ísland sl. þrjú ár?
2. Hafa fyrirtæki hafið rannsóknir á setlögum innan efnahagslögsögunnar og ef svo er, á hvaða svæðum?
3. Hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið?
4. Hvert verður framhald rannsókna á setlögum við Ísland og hvert er hlutverk Íslenskra orkurannsókna?
5. Hvað þarf mikið fjármagn og vinnu til að fá fullnægjandi vitneskju um hvort olíu og/eða gas sé að finna úti fyrir Norðurlandi?
6. Telur ráðherra að lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, séu sambærileg við lög annarra ríkja þar sem erlend félög vinna að rannsóknum á setlögum í tengslum við vinnslu olíu og gass?

475. Fyrirspurn [356. mál]

til samgönguráðherra um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður mótun reglna um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu í samræmi við þingsályktun frá 16. maí 1997?

476. Fyrirspurn [357. mál]

til umhverfisráðherra um förgun úreltra og ónýtra skipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til förgunar úreltum og ónýtum skipum sem liggja mörg hver í reiðileysi í höfnum landsins?

477. Fyrirspurn [358. mál]

til dómsmálaráðherra um upplýsingar um andlát íslensks drengs í Hollandi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvað hafa dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess gert til að afla upplýsinga um hvarf og andlát Hjálmars Björnssonar, sem lést í Hollandi 27. júní 2002?
2. Hverju hefur vinna ráðuneytisins skilað?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þau gögn fáist frá Hollandi sem réttarmeinafræðingur sá er rannsakar málið telur sig þurfa til að hægt sé að finna dánarorsök?
4. Verður aðstandendum veittur aðgangur að þeim gögnum sem ráðuneytið og undirstofnanir þess hafa um málið?

Skriflegt svar óskast.

478. Tillaga til þingsályktunar [359. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Ákvörðun þessi kallar á að þessi reglugerð verði færð í lög orðrétt og var ákvörðunin tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerð nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Með reglugerð nr. 1606/2002 er stefnt að því að taka upp alþjóðlega staðla á sviði reikningsskila hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins með það fyrir augum að samræma fjárhagslegt uppgjör og upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Er hér um

að ræða reikningsskilastaðla sem gefnir hafa verið út af Alþjóðareikningsskilanefndinni (International Accounting Standards Committee – IASC) og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt að innleiða og framtíðarreikningsskilastaðla sem Alþjóðareikningsskilaráðaráðið (International Accounting Standards Board – IASB) mun gefa út og framkvæmdastjórnin samþykkja.

Margvíslegur ávinningur er að því að fylgja alþjóðlegum stöðlum við reikningsskil. Samræmd reikningsskil stuðla að auknu gagnsæi og auðvelda samanburð á milli ársreikninga fyrirtækja í ólíkum löndum. Þannig geta alþjóðlegir reikningsskilastaðlar aukið traust á fjármagnsmörkuðum og verndað fjárfesta. Allt stuðlar þetta að greiðari flutningum fjármagns, en frjálsir fjármagnsflutningar eru á meðal meginmarkmiða innri markaðar Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1606/2002 skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvarða notkun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna innan Evrópusambandsins. Skal við ákvörðun um hvaða staðla skuli taka upp innan ESB gæta þess að slíkir staðlar samræmist ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins á þessu sviði, tilskipunar 78/660/EBE og tilskipunar 83/349/EBE. Þá skulu viðkomandi staðlar uppfylla skilyrði um skiljanleika, mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfni svo að leggja megi mat á fjárhagsstöðu og frammistöðu stjórnanda viðkomandi fyrirtækis. Reglugerð nr. 1606/2002 heimilar því framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun um hvaða reikningsskilastaðlar sem Alþjóðareikningsskilaráðið mun gefa út í framtíðinni skuli innleiddir innan Evrópusambandsins.

Þau fyrirtæki sem skulu beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í ársreikningi sínum eiga að beita þeim frá og með því reikningsári sem hefst 1. janúar 2005. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1606/2002 skal þetta gilda um samstæðureikninga þeirra félaga sem eru með verðbréf sín skráð á opinberum markaði á uppgjörsdegi. Þá er aðildarríkjum Evrópusambandsins heimilt að leyfa eða krefjast þess að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skuli einnig gilda um ársreikninga félaga innan samstæðunnar, sem og um samstæðureikninga og/eða ársreikninga annarra félaga skv. 5. gr. reglugerðarinnar.

Á vegum fjármálaráðuneytisins og þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins er hafinn undirbúningur að þýðingu þeirra alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um að skuli innleiða við gildistöku reglugerðarinnar hinn 1. janúar 2005. Ljóst er að hér er um að ræða mjög umfangsmikið verkefni, enda eru reikningsskilastaðlar þessir miklir að vöxtum og þýðing þeirra mikil nákvæmnisvinna. Fjármálaráðuneytið vinnur nú að gerð frumvarps vegna innleiðingar reglugerðarinnar og er stefnt að því að leggja frumvarpið fram á haustþingi árið 2004. Skal þýðingu þessara reikningsskilastaðla vera lokið fyrir þann tíma.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 37/2003

frá 14. mars 2003

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2002 frá 25. júní 2002 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 10a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001) í XXII. viðauka við samninginn:

„10b. **32002 R 1606:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund
formaður.

([1]) Stjtíð. EB L 266, 3.10.2002, bls. 69 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 50.
([2]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1606/2002

frá 19. júlí 2002

um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráðið áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu verði komið á og ákvað að veita frest til 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfi reikningsskila félaga sem eru skráð í kauphöllum.

2) Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins skal þess krafist að félög, sem eru skráð í kauphöllum, beiti einu safni afar vandaðra alþjóðlegra reikningsskilastaðla þegar þau semja samstæðureikningsskil sín. Enn fremur er mikilvægt að reikningsskilastaðlar sem félög í bandalaginu, sem eru aðilar að fjármálamörkuðum, fara eftir séu alþjóðlega viðurkenndir og eigi við alls staðar í heiminum. Þetta felur í sér aukna samræmingu reikningsskilastaðla, sem eru nú í notkun á alþjóðavettvangi, og lokatakmarkið er að setja fram eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

3) Tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([4]), tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([5]), tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([6]) og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([7]) beinast einnig að félögum innan bandalagsins sem eru skráð í kauphöllum. Kröfur um upplýsingar í reikningsskilum, sem settar eru fram í þessum tilskipunum, geta ekki tryggt mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna frá öllum félögum í bandalaginu, sem skráð eru í kauphöllum, en það er nauðsynlegt skilyrði fyrir uppbyggingu óskipts fjármagnsmarkaðar sem er árangursríkur, hnökralaus og skilvirkur. Því er nauðsynlegt að bæta við lagarammann um félög sem skráð eru í kauphöllum.

4) Markmiðið með þessari reglugerð er að stuðla að því að fjármagnsmarkaðurinn sé skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Annar mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðarins á þessu sviði er að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með þessari reglugerð er stuðlað að frjálsum flutningi fjármagns á innri markaðnum og því að félög í bandalaginu standi jafnt að vígi í samkeppni að því er varðar fjármagn á fjármagnsmörkuðum í bandalaginu og einnig á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

([1]) Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 285.
([2]) Stjtíð. EB C 260, 17.9.2001, bls. 86.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2002.
([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).
([5]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.
([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.
([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

5) Til þess að fjármagnsmarkaðir í bandalaginu séu samkeppnishæfir er mikilvægt að samræma staðlana, sem notaðir eru í Evrópu til að semja reikningsskil, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem nota má um heim allan í viðskiptum yfir landamæri eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamarkaði.

6) Framkvæmdastjórnin birti, 13. júní 2000, orðsendingu sína um „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: leiðin fram á við“ en í henni er lagt til að öll félög í bandalaginu, sem eru skráð í kauphöllum, gangi frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e.a.s. alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS-staðlana), í síðasta lagi 2005.

7) IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASC) en tilgangur hennar er að þróa eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í framhaldi af endurskipulagningu Alþjóðareikningsskilanefndarinnar var ein af fyrstu ákvörðunum nýja ráðsins 1. apríl 2001 að breyta nafni þess í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og að því er varðar ókomna alþjóðlega reikningsskilastaðla að auðkenna þá sem IFRS-staðla í stað IAS-staðla. Notkun þessara staðla skal, alls staðar þar sem því verður við komið og að því gefnu að þeir tryggi mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna í bandalaginu, vera skyldubundin hjá öllum félögum í bandalaginu sem skráð eru í kauphöllum.

8) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið [1] og taka skal tilhlýðilegt tillit til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar á Evrópuþinginu 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu.

9) Við samþykki á notkun á alþjóðlegum reikningsskilastaðli í bandalaginu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að hann uppfylli grunnskilyrði í framangreindum tilskipunum ráðsins, þ.e.a.s. að notkun hans gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstri fyrirtækja, og skal þá skoða þessa meginreglu í ljósi téðra tilskipana ráðsins án þess þó að gera ráð fyrir að farið sé að fullu og öllu að öllum ákvæðum þeirra. Í öðru lagi að hann þjóni hagsmunum almennings í Evrópu í samræmi við niðurstöður ráðsins 17. júlí 2000 og að síðustu að hann uppfylli grundvallarskilyrði um gæði upplýsinga sem nauðsynleg eru til þess að reikningsskil komi notendum að gagni.

10) Tækninefnd um reikningsskil skal veita framkvæmdastjórninni stuðning og sérfræðiálit þegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru metnir.

11) Það ferli sem leiðir til samþykktar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum skal gera kleift að bregðast skjótt við nýjum stöðlum, sem fyrirhugaðir eru, og einnig að helstu aðilar, sem hlut eiga að máli, fái rætt, hugleitt og skipst á upplýsingum um alþjóðlega reikningsskilastaðla, einkum innlendar stofnanir sem ákveða reikningsskilastaðla, eftirlitsyfirvöld á sviði verðbréfa, banka og trygginga, seðlabankar, m.a. Seðlabanki Evrópu, fagfólk á sviði endurskoðunar og reikningsskila og þeir sem nota og semja reikninga. Með ferlinu er stuðlað að því að skilningur, að því er varðar samþykkta alþjóðlega reikningsskilastaðla, sé á einn og sama veg í bandalaginu.

12) Í samræmi við meðalhófsregluna eru ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þar sem sett eru fram skilyrði um að eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla sé notað fyrir félög skráð í kauphöllum, nauðsynlegar til þess að ná því markmiði að skapa skilvirka og kostnaðarhagkvæma fjármagnsmarkaði í bandalaginu og stuðla þannig að tilkomu innri markaðarins.

13) Í samræmi við sömu meginreglu er nauðsynlegt, að því er varðar ársreikninga, að aðildarríkin hafi það val að heimila eða krefjast þess af félögum skráðum í kauphöllum að þau semji reikningana í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða og einnig að rýmka þessa heimild eða leyfi og láta hana/það ná til annarra félaga að því er varðar samningu samstæðureikninga og/eða ársreikninga.

14) Í því skyni að auðvelda skoðanaskipti og gera aðildarríkjunum kleift að samræma stöðu sína skal framkvæmdastjórnin tilkynna stýrinefndinni um reikningsskil reglulega um verkefni sem unnið er að, umræðuskjöl, sérstakar skýrslur og drög að stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út og um tæknivinnu sem

[1] Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

fylgir í kjölfarið og er í höndum tækninefndar um reikningsskil. Einnig er brýnt að stýrinefndinni um reikningsskil sé snemma tilkynnt um það ef framkvæmdastjórnin hyggst ekki leggja til að alþjóðlegur reikningsskilastaðall verði samþykktur.

15) Í umfjöllun sinni um, og í nánari skýringum á, afstöðu sem taka skal varðandi hvers kyns skjöl sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út í tengslum við þróun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS og SIC-IFRIC) skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að mikilvægt er að forðast samkeppni sem er evrópskum félögum, sem starfa á heimsmarkaðnum, í óhag og, að svo miklu leyti sem unnt er, til sjónarmiða fulltrúa í stýrinefndinni um reikningsskil. Framkvæmdastjórnin mun eiga fulltrúa í þeim nefndum sem heyra undir Alþjóðareikningsskilaráðið.

16) Forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum er að koma á viðeigandi og ströngu kerfi til að framfylgja gildandi reglum. Aðildarríkjum er skylt, skv. 10. gr. sáttmálans, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórnin hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja þessum stöðlum.

17) Auk þess er nauðsynlegt að gefa aðildarríkjunum færi á að slá beitingu tiltekinna ákvæða á frest til 2007 í tilviki félaga, sem eru skráð í kauphöllum bæði í bandalaginu og á skipulegum mörkuðum í þriðju löndum, sem þegar nota annað safn alþjóðlega viðurkenndra staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína og einnig fyrir þau félög sem hafa einungis aflað fjár á almennum skuldabréfamarkaði. Engu að síður hefur það úrslitaþýðingu að í síðasta lagi 2007 muni eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS-staðla, gilda um öll félög í bandalaginu sem eru skráð á skipulegum markaði í bandalaginu.

18) Í því skyni að gera aðildarríkjunum og félögum kleift að koma í framkvæmd nauðsynlegum aðlögunum vegna notkunar alþjóðlegra reikningsstaðla er nauðsynlegt að beita vissum ákvæðum aðeins á árinu 2005. Setja skal viðeigandi ákvæði um það þegar félög beita IAS-stöðlunum í fyrsta sinn eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Slík ákvæði skulu samin á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja alþjóðlega viðurkenningu á þeim lausnum sem teknar eru upp.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að taka upp og beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í bandalaginu í því augnamiði að samræma fjárhagsupplýsingar, sem félög sem getið er í 4. gr. setja fram, til að tryggja mikið gagnsæi og samanburðarhæfi reikningsskila og þar með skilvirka starfsemi fjármagnsmarkaðar bandalagsins og innri markaðarins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „alþjóðlegir reikningsskilastaðlar" IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

3. gr.

Samþykki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og notkun þeirra

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða notkun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna í bandalaginu.

2. Einungis er unnt að samþykkja alþjóðlegu reikningsskilastaðlana ef þeir:

— ganga ekki þvert á meginregluna, sem sett er fram í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 83/349/EBE, og þeir þjóna hagsmunum almennings í Evrópu,

— uppfylla skilyrðin um skiljanleika, mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfi sem nauðsynlegt er að sé til staðar í þeim fjárhagsupplýsingum sem þarf til að taka ákvarðanir varðandi efnahag og til að meta hvernig stjórnendum félags tekst til með stjórnun.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, eigi síðar en 31. desember 2002, í samræmi við málsmeðferðina,

sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., að hve miklu leyti unnt er að nota þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla í bandalaginu sem til staðar eru við gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skulu birtir í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.

4. gr.

Samstæðureikningar félaga sem eru skráð í kauphöllum

Fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar skulu félög, sem lúta lögum aðildarríkis, semja samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr., ef heimilt er, á uppgjörsdegi þeirra, að eiga viðskipti með verðbréf þeirra á skipulögðum markaði í öllum aðildarríkjum, í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]).

5. gr.

Val í tengslum við ársreikninga og félög sem ekki eru skráð í kauphöllum

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess:

a) að félögin, sem um getur í 4. gr., semji ársreikninga sína,

b) að önnur félög en þau sem um getur í 4. gr. semji samstæðureikninga sína og/eða ársreikninga sína,

í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

6. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stýrinefndar um reikningsskil sem nefnist hér á eftir „nefndin".

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Skýrslur og samræming

1. Framkvæmdastjórnin skal, með reglulegu millibili, hafa samráð við nefndina um stöðu verkefna Alþjóðareikningsskilaráðsins sem unnið er að og öll skjöl tengd þeim, sem gefin eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu um reikningsskil, í því skyni að samræma afstöðuna til og auðvelda umræður varðandi samþykkt staðla sem gætu átt sér stað í kjölfar þessara verkefna og skjala.

2. Framkvæmdastjórnin skal skila skýrslu til nefndarinnar tímanlega ef hún hyggst ekki leggja til að staðallinn verði samþykktur.

8. gr.

Tilkynning

Þegar aðildarríki gera ráðstafanir skv. 5. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

9. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að skilyrði 4. gr. gildi einungis um þau fjárhagsár sem hefjast í janúar 2007 eða síðar gagnvart félögum:

a) ef skuldabréf þeirra eru eingöngu á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE, eða

b) ef verðbréf þeirra eru boðin almenningi í löndum utan bandalagsins og þau hafa, í þeim tilgangi, notað alþjóðlega viðurkennda staðla allt frá fjárhagsári sem hófst áður en þessi reglugerð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

10. gr.

Upplýsingar og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvernig beitingu þessarar reglugerðar miðar og skila skýrslu um það til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir 1. júlí 2007.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	T. PEDERSEN
forseti.	*forseti.*

479. Tillaga til þingsályktunar [360. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Tilskipun nr. 2002/65/EB mælir fyrir um neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Er tilskipuninni ætlað að styrkja réttarstöðu neytenda við fjarsölu á fjármálaþjónustu, m.a. með því að kveða á um rétt neytenda til að falla frá fjarsölusamningi um kaup á fjármálaþjónustu.

Fjármálaþjónusta hentar mjög vel til fjarsölu. Af þeim sökum hefur það farið vaxandi, bæði hér á landi sem erlendis, að fjármálafyrirtæki selji almennum neytendum þjónustu sína með fjarsölu. Af þeim sökum er mikilvægt að leiða í lög ákvæði sem tryggja réttarstöðu neytenda við viðskipti af þessu tagi, m.a. til að auka tiltrú neytenda á fjarsölu á fjármálaþjónustu. Markmið tilskipunarinnar er að samræma löggjöf um fjarsölu á fjármálaþjónustu til neytenda.

Tilskipun þessi gildir um gerð fjarsölusamninga á fjármálaþjónustu til neytenda. Með fjármálaþjónustu er átt jafnt við þjónusta á sviði bankaviðskipta, lána, vátrygginga, lífeyris, fjárfestinga eða greiðslna. Í tilskipuninni er „fjarsölusamningur“ skilgreindur sem „samningur um fjármálaþjónustu milli þjónustuveitanda og neytanda sem er gerður í gegnum skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða fjarþjónustu sem rekið er af þjónustuveitanda sem notar, að því er varðar samninginn, eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðla allt fram að þeim tíma sem gengið er frá samningnum, og við gerð hans.“

Í tilskipuninni er mælt fyrir um að við gerð fjarsölusamninga skuli upplýsa neytanda með góðum fyrirvara um helstu atriði er varða samninginn. Skal m.a. upplýsa neytandann um atriði sem varða sjálfan þjónustuveitandann, hvað felist í þeirri þjónustu sem neytandanum er boðin til sölu, um rétt hans til að falla frá fjarsölusamningi og um hvaða möguleikar séu að fá úrlausn mála utan réttar vegna hugsanlegra vanefnda á fjarsölusamningi. Þá mælir tilskipunin enn fremur fyrir um að þjónustuveitandi skuli senda neytanda alla samningsskilmála á pappír eða öðrum varanlegum miðli áður en neytandi er bundinn af fjarsölusamningi.

Í 6. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að neytandi skuli hafa a.m.k. 14 daga frest til að falla frá samningi án þess að það hafi einhverjar afleiðingar í för með sér. Ef um er að ræða fjarsölusamninga um líftryggingu eða starfsemi séreignarsjóða skal fresturinn þó vera 30 dagar. Tilskipunin mælir þó fyrir um vissar undantekningar frá þessum rétti.

Lokið skal við að innleiða tilskipunina eigi síðar en 9. október 2004. Viðskiptaráðuneytið vinnur nú að undirbúningi frumvarps um að leiða tilskipunina í lög hér á landi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 47/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002 ([1]).

2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2001 frá 18. janúar 2002 ([2]).

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við á eftir lið 30c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB):

„IV. Ákvæði sem varða allar tegundir fjármálaþjónustu

30d. **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

([1]) Stjtíð. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 28 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 20.
([2]) Stjtíð. EB L 65, 7.3.2002, bls. 40 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 23.
([3]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

b) Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (tilskipun ráðsins 90/619/EBE) 11. liðar (fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

b) Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB):

„- **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/65/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/65/EB

frá 23. september 2002

varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til þess að markmiðum innri markaðarins verði náð er brýnt að gera ráðstafanir til að treysta hann smám saman og þær ráðstafanir verða að stuðla að því að skapa öfluga neytendavernd, í samræmi við 95. og 153. gr. sáttmálans.

2) Bæði fyrir neytendur og þá sem veita fjármálaþjónustu verður fjarsala á fjármálaþjónustu einn helsti, efnislegi ávinningurinn af tilkomu innri markaðsins.

3) Innan ramma innri markaðarins er það í þágu neytenda að hafa aðgang, án mismununar, að eins fjölbreyttri fjármálaþjónustu og völ er á innan bandalagsins svo að þeir geti valið það sem best samræmist þörfum þeirra. Til að tryggja valfrelsi, sem er grundvallarréttur neytenda, er þörf á öflugri neytendavernd til að auka tiltrú neytenda á fjarsölu.

4) Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust er nauðsynlegt að neytendur geti samið og gert samninga við þjónustuveitendur með staðfestu í öðrum aðildarríkjum, án tillits til þess hvort þjónustuveitandinn hefur einnig staðfestu í aðildarríkinu þar sem neytandi hefur fasta búsetu.

5) Sökum þess hver fjármálaþjónusta er óefnisleg í eðli sínu hentar hún vel til fjarsölu og setning lagaramma um fjarsölu á fjármálaþjónustu ætti að auka tiltrú neytenda á notkun nýrra aðferða við fjarsölu á fjármálaþjónustu, t.d. með rafrænum viðskiptum.

6) Tilskipun þessari skal beitt í samræmi við sáttmálann og afleidda löggjöf, þ.m.t. tilskipun 2000/31/EB ([4]) um rafræn viðskipti, en sú síðarnefnda gildir eingöngu um þau viðskipti sem hún tekur til.

7) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að ná framangreindum markmiðum með fyrirvara um lög bandalagsins eða aðildarríkjanna um rétt til að veita þjónustu eða, þar sem við á, stjórnkerfi gistiaðildarríkisins og/eða leyfisveitinga- eða eftirlitskerfi í aðildarríkjunum ef þau samrýmast löggjöf bandalagsins.

8) Þessi tilskipun, einkum ákvæði varðandi upplýsingar um samningsákvæði um það hvaða lög skuli gilda um samninginn eða undir hvaða dómstól hann heyri, hefur ekki áhrif á gildi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum ([5]) varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, eða Rómarsamningsins frá 1980 um lög sem gilda um samningsskyldur.

9) Til að ná megi markmiðum aðgerðaáætlunarinnar um fjármálaþjónustu er þörf á öflugari

([1]) Stjtíð. EB C 385, 11.12.1998, bls. 10 og Stjtíð. EB C 177 E, 27.6.2000, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB C 169, 16.6.1999, bls. 43.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 5. maí 1999 (Stjtíð. EB C 279, 1.10.1999, bls. 207), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2001 (Stjtíð. EB C 58 E, 5.3.2002, bls. 32) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 26. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([4]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1.

neytendavernd á tilteknum sviðum. Þetta felur í sér aukna samleitni, einkum að því er varðar ósamræmda, sameiginlega fjárfestingarsjóði, siðareglur, sem gilda um fjárfestingarþjónustu, og neytendalán. Þar til framangreind samleitni næst skal viðhalda öflugri neytendavernd.

10) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]) er mælt fyrir um helstu reglur sem gilda um fjarsölusamninga á vörum og þjónustu sem gerðir eru milli þjónustuveitanda og neytanda. Þó tekur sú tilskipun ekki til fjármálaþjónustu.

11) Í tengslum við greiningu sem framkvæmdastjórnin annaðist, með það fyrir augum að kanna þörfina á sértækum ráðstöfunum á sviði fjármálaþjónustu, bauð framkvæmdastjórnin öllum hagsmunaaðilum að senda inn athugasemdir, einkum í tengslum við undirbúning grænbókar sinnar „Fjármálaþjónusta – komið til móts við væntingar neytenda". Viðræður um þetta sýndu að nauðsynlegt er að styrkja neytendavernd á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin ákvað því að leggja fram sérstaka tillögu um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

12) Ef aðildarríkin setja ósamrýmanlegar eða ólíkar reglur um neytendavernd, sem gilda um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, gæti það hindrað starfsemi innri markaðarins og samkeppni milli fyrirtækja á markaði. Því er nauðsynlegt að samþykkja sameiginlegar reglur á þessu sviði á vettvangi bandalagsins sem fela ekki í sér minni neytendavernd í aðildarríkjunum á heildina litið.

13) Tilskipun þessi skal tryggja öfluga neytendavernd með það fyrir augum að tryggja frjálsa fjármálaþjónustu. Aðildarríkin ættu ekki að geta samþykkt önnur ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun á þeim sviðum sem eru samræmd í henni, nema annað sé sérstaklega tekið fram í henni.

14) Tilskipun þessi tekur til allrar fjármálaþjónustu sem veita má sem fjarþjónustu. Þó fellur tiltekin fjármálaþjónusta undir sérstök lagaákvæði bandalagsins og gilda þau áfram um hana. Hins vegar skal mæla fyrir um meginreglur um fjarsölu á slíkri þjónustu.

15) Samningar, sem eru gerðir í fjarlægð, eru gerðir með aðstoð fjarsamskiptamiðla sem notaðir eru sem liður í kerfi fjarsölu eða fjarþjónustu þar sem þjónustuveitandinn og neytandinn eru ekki viðstaddir samtímis. Stöðug þróun þessara samskiptamiðla kallar á að settar séu meginreglur sem gilda, jafnvel fyrir þá tækni sem enn er ekki almennt notuð. Því eru fjarsölusamningar þeir samningar þar sem tilboð, samningaviðræður og samningsgerð fer fram í fjarlægð.

16) Sami samningur, sem felur í sér röð aðgerða sem koma hver á fætur annarri eða stakar aðgerðir af sama toga, sem ná yfir tiltekið tímabil, kann að fá mismunandi lagatúlkun í hinum ýmsu aðildarríkjum, en mikilvægt er að tilskipun þessari sé beitt á sama hátt í öllum aðildarríkjunum. Því er rétt að tilskipun þessi teljist gilda um þá fyrstu af röð aðgerða, sem koma hver á fætur annarri, eða þá fyrstu af röð stakra aðgerða af sama toga sem ná yfir tiltekið tímabil og líta má á sem heild, hvort sem um þá aðgerð eða röð aðgerða gildir einn samningur eða nokkrir samningar sem gerðir eru hver á fætur öðrum.

17) Það að opna bankareikning, fá greiðslukort eða gera samning um stjórnun verðbréfasamvals getur talist til „upphaflegs þjónustusamnings" og það að leggja inn eða taka út fé af bankareikningi, greiða með greiðslukorti eða viðskipti innan ramma samnings um stjórnun verðbréfasamvals getur talist til „aðgerða". Ef nýir þættir bætast við upphaflega þjónustusamninginn, svo sem sá möguleiki að nota rafrænt greiðsluform ásamt bankareikningi sem fyrir er, telst það ekki vera „aðgerð" heldur viðbótarsamningur sem fellur undir þessa tilskipun. Áskrift að nýjum hlutdeildarskírteinum í sama sameiginlega fjárfestingarsjóðnum telst vera ein af „aðgerðum af sama toga sem koma hver á fætur annarri".

18) Með því að ná yfir kerfi þjónustuveitingar, sem skipulagt er af veitanda fjármálaþjónustunnar, miðar þessi tilskipun að því að útiloka frá gildissviði sínu þjónustu sem er eingöngu er veitt stöku sinnum og utan þeirra viðskiptaaðferða sem viðhafðar eru við gerð fjarsölusamninga.

19) Þjónustuveitandi er sá sem veitir fjarþjónustu. Tilskipun þessi skal þó einnig gilda þegar millilið kemur að einhverju stigi markaðssetningarinnar. Viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar gilda um slíkan millilið með tilliti til þess hvernig og hversu mikið hann kemur að málinu, óháð lagalegri stöðu hans.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

20) Varanlegir miðlar geta einkum verið disklingar, geisladiskar, stafrænir mynddiskar (DVD) og harðir diskar í tölvu neytandans þar sem tölvupóstur er vistaður en taka ekki til vefsetra á Netinu nema þau uppfylli viðmiðanirnar sem er að finna í skilgreiningu á varanlegum miðli.

21) Notkun fjarsamskiptamiðla má ekki hafa í för með sér að upplýsingar til viðskiptavina séu takmarkaðar á ósanngjarnan hátt. Til að tryggja gagnsæi er í tilskipun þessari mælt fyrir um nauðsynlegar kröfur til að tryggja viðeigandi upplýsingastig til neytenda, bæði fyrir og eftir gerð samningsins. Áður en samningur er gerður á neytandi að fá þær upplýsingar, sem veita ber fyrir fram og þörf er á til að geta metið rétt þá fjármálaþjónustu sem honum er boðin, og taka þannig upplýsta ákvörðun um val. Þjónustuveitandi skal tilgreina hversu lengi tilboð hans gildir óbreytt.

22) Upplýsingaliðir, sem tilgreindir eru í þessari tilskipun, taka til almennra upplýsinga sem gilda um hvers konar fjármálaþjónustu. Aðrar kröfur um upplýsingar varðandi tiltekna fjármálaþjónustu, svo sem vátryggingavernd tiltekins vátryggingaskírteinis, eru ekki einungis tilgreindar í þessari tilskipun. Þess konar upplýsingar skulu veittar, þar sem við á, í samræmi við viðkomandi löggjöf bandalagsins eða innlenda löggjöf í samræmi við lög bandalagsins.

23) Með bestu mögulega neytendavernd í huga er mikilvægt að neytandinn fái viðeigandi upplýsingar um ákvæði þessarar tilskipunar og um það hvaða siðareglur eru til á þessu sviði, sem og um að hann eigi rétt á að falla frá samningi.

24) Þegar réttur til að falla frá samningi gildir ekki vegna þess að neytandi hefur eindregið farið fram á að samningur verði efndur skal þjónustuveitandi tilkynna neytanda um það.

25) Neytendur skulu verndaðir gegn óumbeðinni þjónustu. Neytendur skulu undanþegnir öllum skyldum varðandi óumbeðna þjónustu og ekki skal litið á það sem samþykki af þeirra hálfu ef þeir svara ekki. Þó skal þessi regla ekki hafa áhrif á endurnýjun með þegjandi samþykki á löglega gerðum samningum milli aðila ef lög aðildarríkjanna heimila slíka endurnýjun.

26) Aðildarríkjunum ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda vel þá neytendur sem vilja ekki að haft sé samband við þá með tilteknum samskiptamiðlum eða á tilteknum tímum. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á sérstakar ráðstafanir um verndun persónuupplýsinga og einkalífs sem neytandinn á völ á samkvæmt löggjöf bandalagsins.

27) Til þess að vernda neytendur er þörf á viðeigandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð til að leysa deilumál, sem upp kunna að koma milli þjónustuveitenda og neytenda í aðildarríkjunum, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru ef unnt er.

28) Aðildarríkin skulu hvetja opinberar stofnanir og einkaaðila, sem eiga að annast lausn deilumála utan dómstóla, til samvinnu við að leysa deilur yfir landamæri. Slík samvinna gæti til dæmis falist í því að gera neytendum kleift að leggja fram kærur gegn þjónustuveitendum í öðrum aðildarríkjum hjá aðilum í búseturíki sínu sem annast lausn deilumála utan réttar. Með tilkomu kvörtunarnets gegn aðilum í fjármálaþjónustu (FIN-NET) býðst neytendum aukin aðstoð þegar þeir nýta sér þjónustu yfir landamæri.

29) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á það ef aðildarríkin, í samræmi við lög bandalagsins, rýmka verndina sem þessi tilskipun veitir fyrirtækjum, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, og einstaklingum sem notfæra sér fjármálaþjónustu til að verða sjálfstæðir atvinnurekendur.

30) Tilskipun þessi skal einnig taka til tilvika þar sem í innlendri löggjöf er fjallað um það er neytendur gera bindandi samningsyfirlýsingu.

31) Ákvæði þessarar tilskipunar um val þjónustuveitanda á tungumáli skulu ekki hafa áhrif á ákvæði innlendrar löggjafar sem samþykkt er í samræmi við lög bandalagsins um val á tungumáli.

32) Bandalagið og aðildarríkin hafa tekið á sig skuldbindingar, í tengslum við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti (GATS), varðandi þann möguleika neytenda að kaupa banka- og fjárfestingarþjónustu erlendis. GATS-samningurinn gerir aðildarríkjunum kleift að samþykkja ráðstafanir af varfærnisástæðum, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda fjárfesta, sparifjáreigendur, vátryggingataka og einstaklinga sem eiga rétt á fjármálaþjónustu frá veitanda fjármálaþjónustu. Slíkar ráðstafanir skulu ekki fela í sér takmarkanir sem ganga lengra en nauðsynlegt er til að tryggja vernd neytenda.

33) Með tilliti til samþykktar þessarar tilskipunar skal breyta gildissviði tilskipunar 97/7/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/

EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda [1], sem og uppsagnarfrestinum í tilskipun ráðsins 90/619/EBE frá 8. nóvember 1990 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga, með ákvæðum um að greitt sé fyrir því að réttur til að veita þjónustu sé nýttur og um breytingu á tilskipun 79/267/EBE [2].

34) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á fót sameiginlegum reglum um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, og þeim verður betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um fjarsölu á fjármálaþjónustu til neytenda.

2. Þegar um er að ræða samninga um fjármálaþjónustu sem fela í sér upphaflegan þjónustusamning og í kjölfarið aðgerðir sem koma hver á fætur annarri eða röð stakra aðgerða af sama toga sem ná yfir tiltekið tímabil, skulu ákvæði þessarar tilskipunar eingöngu gilda um upphaflega þjónustusamninginn.

Ef ekki er fyrir hendi neinn upphaflegur þjónustusamningur og aðgerðirnar, sem koma hver á fætur annarri, eða stakar aðgerðir af sama toga, sem ná yfir tiltekið tímabil, eru gerðar milli sömu samningsaðila gilda 3. og 4. gr. eingöngu þegar fyrsta aðgerðin er framkvæmd. Ef engin aðgerð, sama eðlis, er hins vegar framkvæmd í meira en eitt ár skal næsta aðgerð teljast sú fyrsta í nýrri röð aðgerða og þar af leiðandi gilda 3. og 4. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fjarsölusamningur“: samningur um fjármálaþjónustu milli þjónustuveitanda og neytanda sem er gerður í gegnum skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða fjarþjónustu sem rekið er af þjónustuveitanda sem notar, að því er varðar samninginn, eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðla allt fram að þeim tíma sem gengið er frá samningnum, og við gerð hans,

b) „fjármálaþjónusta“: þjónusta á sviði bankaviðskipta, lána, vátrygginga, lífeyris, fjárfestinga eða greiðslna,

c) „þjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili, opinber eða einkaaðili, sem í hlutaðeigandi viðskiptum er samningsbundinn þjónustuveitandi samkvæmt fjarsölusamningi,

d) „neytandi“: einstaklingur sem í fjarsölusamningum, sem þessi tilskipun nær til, á viðskipti í öðrum tilgangi en vegna starfs síns,

e) „fjarsamskiptamiðill“: miðill sem nota má til fjarsölu á þjónustu milli þjónustuveitanda og neytanda án þess að þeir séu viðstaddir samtímis í eigin persónu,

f) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar,

g) „sá sem rekur eða lætur í té fjarsamskiptamiðil“: opinber aðili eða einstaklingur eða lögaðili sem starfar við að veita þjónustuveitendum aðgang að einum eða fleiri fjarsamskiptamiðlum.

3. gr.

Upplýsingar, veittar neytanda fyrir gerð fjarsölusamnings

1. Veita skal neytandanum upplýsingar um eftirfarandi með góðum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði:

1) þjónustuveitandi

a) nafn og aðalatvinna þjónustuveitanda, heimilisfang þar sem hann hefur staðfestu og hvert

---

[1] Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/31/EB (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2001, bls. 1).

[2] Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/96/EBE (Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1).

það heimilisfang annað sem máli skiptir varðandi tengsl viðskiptavinarins við þjónustuveitandann,

b) nafn fulltrúa þjónustuveitanda með staðfestu í aðildaríkinu, þar sem neytandi hefur búsetu, og heimilisfang sem máli skiptir varðandi tengsl viðskiptavinarins við fulltrúann ef slíkur fulltrúi er til,

c) eigi neytandi viðskipti við einhvern annan fagmann en þjónustuveitanda, nafn þess fagmanns, í hvers umboði hann kemur fram gagnvart neytandanum og heimilisfang sem máli skiptir varðandi tengsl viðskiptavinarins við þann fagmann,

d) ef þjónustuveitandi er skráður í viðskiptaskrá eða aðra opinbera skrá, viðskiptaskrána sem hann er skráður í, skráningarnúmer hans eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá,

e) ef starfsemi þjónustuveitanda er háð leyfisveitingarfyrirkomulagi, upplýsingar um viðkomandi eftirlitsyfirvald,

2) fjármálaþjónusta

a) lýsing á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar,

b) heildarverð sem neytanda ber að greiða fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum tengdum þóknunum, kostnaði og útgjöldum og öllum sköttum sem greiddir eru fyrir milligöngu þjónustuveitanda eða, þar sem ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð, grundvöll fyrir útreikningi verðsins svo að neytandi geti sannreynt það,

c) þar sem við á, tilkynning um að fjármálaþjónustunni tengist skjöl, sem fela í sér sérstaka áhættu vegna séreinkenna sinna eða þeirra aðgerða sem á að framkvæma, að verð þeirra sé háð sveiflum á fjármálamörkuðum, sem þjónustuveitandi hefur ekki stjórn á, og að fyrri árangur gefi ekki til kynna hvernig árangur verði í framtíðinni,

d) tilkynning um að það geti þurft að greiða aðra skatta og/eða kostnað, sem ekki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda eða lagðir á af honum,

e) allar takmarkanir á gildistíma upplýsinganna sem veittar eru,

f) fyrirkomulag greiðslu og samningsefnda,

g) allur sérstakur viðbótarkostnaður fyrir neytandann af notkun fjarsamskiptamiðils ef slíkur aukakostnaður er innheimtur,

3) fjarsölusamningur

a) hvort réttur til að falla frá samningi, í samræmi við 6. gr., sé fyrir hendi eða ekki og, sé hann fyrir hendi, gildistími hans og skilyrði fyrir því að megi nýta hann, þ.m.t. upplýsingar um fjárhæð sem kann að vera krafist að neytandi greiði skv. 1. mgr. 7. gr., sem og afleiðingar þess ef þessi réttur er ekki nýttur,

b) lágmarksgildistími fjarsölusamnings þegar um er að ræða fjármálaþjónustu sem veita á til frambúnaðar eða ítrekað,

c) upplýsingar um rétt aðilanna til að segja upp samningnum, áður en hann rennur út eða einhliða, með skírskotun til skilmála fjarsölusamningsins, þ.m.t. um viðurlög sem kveðið er á um í samningnum að skuli beitt í slíkum tilvikum,

d) hagnýtar leiðbeiningar um hvernig nýta megi rétt til að falla frá samningi, þar sem m.a. kemur fram heimilisfangið þangað sem senda á tilkynningu um það,

e) lög hvaða aðildarríkis eða -ríkja þjónustuveitandi leggur til grundvallar tengslum sínum við neytanda áður en fjarsölusamningurinn er gerður,

f) samningsákvæði um hvaða lög gilda um fjarsölusamninginn og/eða þar til bæran dómstól,

g) á hvaða tungumáli eða -málum samningsskilmálarnir og -skilyrðin eru og upplýsingarnar, sem veita ber fyrir fram og getið er um í þessari grein, sem og á hvaða tungumáli eða -málum þjónustuveitandi, með samþykki neytanda, hefur samskipti meðan á gildistíma fjarsölusamningsins stendur,

4) úrlausn

a) hvort fyrir hendi er kerfi fyrir kærur og úrlausn mála utan réttar fyrir neytendur sem eru aðilar að fjarsölusamningi og, ef svo er, hvernig aðgangur fæst að því,

b) hvort fyrir hendi eru ábyrgðarsjóðir eða annað bótafyrirkomulag, sem fellur ekki undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

([1]) Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5.

97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta ([1]).

2. Veita skal upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., og gera skal ljóst að þær þjóna viðskiptatilgangi, á skýran og skiljanlegan hátt með hverjum þeim hætti sem hentar fjarsamskiptamiðlinum sem notaður er, einkum með sérstöku tilliti til meginreglna um heiðarleika í viðskiptum og meginreglna sem vernda þá sem samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna geta ekki veitt samþykki sitt, svo sem ólögráða börn.

3. Þegar um er að ræða talsímasamskipti

a) í símtali frá þjónustuveitanda skal koma skýrt fram í upphafi samtals við neytanda hver þjónustuveitandi er og viðskiptatilgangur símtalsins,

b) eingöngu skal veita eftirfarandi upplýsingar ef neytandinn hefur samþykkt það skýlaust:

— nafn þess sem hefur samband við neytandann og tengsl hans við þjónustuveitanda,

— lýsing á helstu einkennum fjármálaþjónustunnar,

— heildarverð sem neytanda ber að greiða þjónustuveitanda fyrir fjármálaþjónustuna, að meðtöldum öllum sköttum sem greiddir eru fyrir milligöngu þjónustuveitanda eða, þar sem ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð, grundvöll fyrir útreikningi verðsins svo að neytandi geti sannreynt það,

— tilkynning um að það geti þurft að greiða aðra skatta og/eða kostnað, sem ekki eru greiddir fyrir milligöngu þjónustuveitanda eða lagðir á af honum,

— hvort réttur til að falla frá samningi, í samræmi við 6. gr., sé fyrir hendi eða ekki og, sé hann fyrir hendi, gildistími hans og skilyrði fyrir því að megi nýta hann, þ.m.t. upplýsingar um fjárhæð sem neytandi gæti þurft að greiða skv. 1. mgr. 7. gr.

Þjónustuveitandi skal tilkynna neytanda að aðrar upplýsingar séu fyrirliggjandi, sé um þær beðið, og hvers eðlis þessar upplýsingar eru. Þjónustuveitandi skal þó ætíð veita allar upplýsingar þegar hann uppfyllir skuldbindingar sínar skv. 5. gr.

4. Upplýsingar um samningsskyldu, sem ber að veita neytanda áður en samningur er gerður, skulu vera í samræmi við samningsskyldu þá, sem myndi leiða af lögum, sem ætla má að gildi um fjarsölusamninginn ef af gerð hans verður.

4. gr.

Viðbótarkröfur um upplýsingar

1. Ef í ákvæðum í löggjöf bandalagsins um fjármálaþjónustu er að finna aðrar kröfur um upplýsingar, sem veita ber fyrir fram, en þær sem taldar eru upp í 1. mgr. 3. gr. skulu þær kröfur gilda áfram.

2. Uns frekari samræming verður að veruleika geta aðildarríkin viðhaldið eða komið á strangari ákvæðum um kröfur um upplýsingar, sem veita ber fyrir fram, ef ákvæðin samrýmast lögum bandalagsins.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni innlend ákvæði um kröfur um upplýsingar, sem veita ber fyrir fram, skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, ef um er að ræða viðbótarkröfur við þær sem taldar eru upp í 1. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til innlendra ákvæða, sem henni eru send, við samningu skýrslunnar sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

4. Til að skapa sem mest gagnsæi með öllum tiltækum ráðum skal framkvæmdastjórnin tryggja að upplýsingarnar, sem henni berast um innlend ákvæði, séu einnig aðgengilegar neytendum og þjónustuveitendum.

5. gr.

Tilkynning um samningsskilmála og -skilyrði og um upplýsingar sem veita ber fyrir fram

1. Þjónustuveitandi skal senda neytanda alla samningsskilmála og -skilyrði og upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og í 4. gr., á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem fyrir hendi er og aðgengilegur neytandanum með góðum fyrirvara áður en hann er bundinn af fjarsölusamningi eða tilboði.

2. Þjónustuveitandi skal uppfylla skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þegar í stað eftir gerð samningsins hafi samningurinn verið gerður að beiðni neytanda með aðstoð fjarsamskiptamiðils þar sem ekki er unnt að láta í té samningsskilmála og -skilyrði og upplýsingar í samræmi við 1. mgr.

3. Hvenær sem er, á þeim tíma sem samningsbundin tengsl standa, á neytandi rétt, að eigin beiðni, á að fá samningsskilmálana og -skilyrðin á pappír. Auk þess á neytandi rétt á að breyta um fjarsamskiptamiðil sem notaður er, nema slíkt samræmist ekki samningnum, sem gerður var, eða eðli fjármálaþjónustunnar sem veitt er.

([1]) Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22.

6. gr.

Réttur til að falla frá samningi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að neytandi hafi að minnsta kosti fjórtán almanaksdaga frest til að falla frá samningi án viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Þó skal þetta tímabil lengt í 30 almanaksdaga þegar um er að ræða fjarsölusamninga um líftryggingu, sem falla undir tilskipun 90/619/EBE, og starfsemi séreignasjóða.

Frestur til að falla frá samningi skal hefjast:

— annað hvort á þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður, nema þegar um er að ræða framangreinda líftryggingu þar sem fresturinn hefst þegar neytanda er tilkynnt að fjarsölusamningur hafi verið gerður, eða

— á þeim degi þegar neytanda berast samningsskilmálar og -skilyrði og upplýsingar í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. gr., ef það er síðar en dagsetningin sem um getur í fyrsta undirlið.

Aðildarríkin geta, til viðbótar við réttinn til að falla frá samningi, kveðið á um að fullnustu samninga, sem tengjast fjárfestingaþjónustu, sé frestað um sama tímabil og kveðið er á um í þessari málsgrein.

2. Rétturinn til að falla frá samningi gildir ekki um:

a) fjármálaþjónustu ef verð hennar er háð sveiflum á fjármálamarkaði, sem þjónustuveitandi hefur ekki stjórn á og sem geta átt sér stað innan frestsins til að falla frá samningi, svo sem þjónustu tengda:

   — erlendum gjaldeyri,

   — peningamarkaðsskjölum,

   — framseljanlegum verðbréfum,

   — hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu,

   — stöðluðum, framvirkum viðskiptasamningum, þ.m.t. sambærilegum skjölum sem greidd eru með reiðufé,

   — framvirkum vaxtasamningum,

   — vaxtaskipta-, gjaldmiðlaskipta- og hlutabréfaskiptasamningum,

   — valrétti til að afla eða ráðstafa öllum skjölum sem um getur í þessum lið, þ.m.t. sambærilegum skjölum sem greidd eru með reiðufé. Þessi flokkur tekur einkum til valréttar varðandi gjaldeyri og vexti,

b) ferða- og farangurstryggingarskírteini eða svipuð skammtímatryggingaskírteini til skemmri tíma en eins mánaðar,

c) samninga, sem báðir aðilar hafa staðið við að fullu, að eindreginni beiðni neytanda, áður en neytandi beitir rétti sínum til að falla frá samningi.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að rétturinn til að falla frá samningi gildi ekki um:

a) lán sem ætlað er fyrst og fremst til þess að afla eða viðhalda eignarrétti á landi eða byggingu sem reist hefur verið eða áformað er að reisa eða sem ætlað er til þess að endurnýja eða bæta byggingu,

b) lán sem eru tryggð, annaðhvort með veði í fasteign eða réttindum sem tengjast fasteign, eða

c) yfirlýsingar neytenda með þátttöku opinbers starfsmanns, að því tilskildu að hann staðfesti að neytanda séu tryggð réttindi skv. 1. mgr. 5. gr.

Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á rétt til umhugsunartíma fyrir þá neytendur sem hafa búsetu í þeim aðildarríkjum þar sem slíkur réttur er fyrir hendi þegar tilskipun þessi er samþykkt.

4. Aðildarríki, sem notfæra sér möguleikann í 3. mgr., skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta Evrópuþinginu og ráðinu í té upplýsingarnar frá aðildarríkjunum og tryggja að þær standi einnig til boða neytendum og birgjum sem fara fram á það.

6. Ef neytandi beitir rétti sínum til að falla frá samningi skal hann, áður en frestur til þess rennur út og með aðferðum sem unnt er að sanna og samræmast innlendum lögum, tilkynna um það í samræmi við hagnýtu leiðbeiningarnar sem honum eru fengnar í samræmi við d lið 3. liðar 1. mgr. 3. gr. Fresturinn telst hafa verið virtur ef tilkynningin, ef hún er á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem fyrir hendi er og aðgengilegur viðtakanda, er send áður en fresturinn rennur út.

7. Þessi grein gildir ekki um lánssamninga sem falla úr gildi samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 97/7/EB eða 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83.

Ef fjarsölusamningi um tiltekna fjármálaþjónustu fylgir annar fjarsölusamningur um þjónustu sem þjónustuveitandi eða þriðji aðili lætur í té á grundvelli samnings milli þriðja aðila og þjónustuveitanda, skal þessi viðbótarfjarsölusamningur falla úr gildi, án þess að viðurlögum sé beitt, ef neytandinn nýtir rétt sinn til að falla frá samningi samkvæmt því sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr.

8. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á lög og reglugerðir aðildarríkjanna um afturköllun eða uppsögn fjarsölusamnings eða það þegar ekki er unnt að fullnusta fjarsölusamning eða á réttindi neytanda til að uppfylla samningsskyldur sínar fyrir þann tíma sem ákveðinn er í fjarsölusamningnum. Þetta gildir þrátt fyrir skilyrði fyrir samningsslitum og lagaleg áhrif þeirra.

7. gr.

Greiðsla þjónustu sem veitt er áður en fallið er frá samningi

1. Þegar neytandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skv. 1. mgr. 6. gr. er aðeins hægt að krefjast þess að hann greiði, án ónauðsynlegrar tafar, fyrir þá þjónustu sem þjónustuveitandi innir raunverulega af hendi í samræmi við samninginn. Efndir samningsins geta einungis hafist að fengnu samþykki neytanda. Upphæðin sem ber að greiða skal:

— ekki vera hærri en sem nemur hlutfalli umfangs veittrar þjónustu í samanburði við heildarvernd samningsins,

— ekki í neinu tilviki vera slík að líta megi á hana sem viðurlög.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að ekki sé hægt að krefjast neinnar greiðslu af neytanda sem fellur frá vátryggingasamningi.

3. Þjónustuveitandi getur ekki krafist þess að neytandi greiði neina upphæð á grundvelli 1. mgr., nema hann geti sannað að neytandanum hafi verið tilkynnt á réttan hátt um upphæðina, sem greiða bar, í samræmi við a-lið 3. liðar 1. mgr. 3. gr. Þó getur hann í engu tilviki farið fram á slíka greiðslu ef samningsefndir hafa hafist áður en fresturinn til að falla frá samningi, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., er útrunninn án þess að fengist hafi beiðni neytanda þar að lútandi.

4. Þjónustuveitandi skal, án ónauðsynlegrar tafar og eigi síðar en innan 30 almanaksdaga, endurgreiða neytanda allar þær upphæðir sem hann hefur fengið frá honum samkvæmt fjarsölusamningnum, að undanskilinni upphæðinni sem um getur í 1. mgr. Þessi frestur skal hefjast á þeim degi sem þjónustuveitandi fær tilkynningu um að fallið sé frá samningi.

5. Neytandinn skal endurgreiða þjónustuveitanda allar þær upphæðir og/eða eignir sem hann hefur fengið frá honum án ónauðsynlegrar tafar og eigi síðar en innan 30 almanaksdaga. Þessi frestur skal hefjast á þeim degi sem neytandi sendir tilkynningu um að fallið sé frá samningi.

8. gr.

Greiðsla með korti

Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðeigandi ráðstafanir sem gera neytanda kleift:

— að krefjast þess að greiðsla sé felld niður ef greiðslukort hans hefur verið notað á sviksamlegan hátt í tengslum við fjarsölusamninga,

— að láta bakfæra þær upphæðir, sem hann hefur greitt, eða fá þær endurgreiddar ef um sviksamlega notkun er að ræða.

9. gr.

Óumbeðin þjónusta

Með fyrirvara um ákvæði aðildarríkjanna um endurnýjun fjarsölusamninga með þegjandi samþykki skulu aðildarríkin, ef slíkar reglur heimila endurnýjun með þegjandi samþykki, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

— banna að neytanda sé látin í té fjármálaþjónusta án þess að hann hafi beðið um hana fyrir fram ef krafa fylgir um tafarlausa greiðslu eða greiðslu síðar,

— leysa neytandann undan hvers konar kvöð þegar um er að ræða óumbeðinn samning þar eð ekkert svar jafngildir ekki samþykki.

10. gr.

Óumbeðin samskipti

1. Þjónustuveitanda er óheimilt að nota eftirfarandi fjarsamskiptamiðla nema neytandinn hafi áður samþykkt það:

a) sjálfvirk upphringikerfi sem starfa án þess að fólk komi nærri (sjálfvirkt upphringitæki),

b) bréfasíma.

2. Heimili aðildarríkin að haft sé samband við einstaklinga skulu þau sjá til þess að aðrir fjarsamskiptamiðlar en þeir sem um getur í 1. mgr.:

a) séu ekki leyfðir nema að fengnu samþykki viðkomandi neytenda, eða

b) séu aðeins notaðir hafi neytandi ekki látið í ljós skýr andmæli gegn því.

3. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ekki hafa í för með sér kostnað fyrir neytendur.

11. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu kveða á um hæfileg viðurlög í þeim tilvikum þegar þjónustuveitandi uppfyllir ekki innlend ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

Þeim er heimilt að setja ákvæði í þessu skyni, einkum um að neytanda sé frjálst að afturkalla samning hvenær sem er, endurgjaldslaust og án þess að þurfa að sæta viðurlögum.

Viðurlögin skulu vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

12. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru ófrávíkjanleg

1. Neytendum er óheimilt að afsala sér réttindunum sem þeir öðlast með þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandinn sé ekki sviptur þeirri vernd, sem þessi tilskipun veitir honum, við það að lög lands utan bandalagsins eru valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef samningurinn tengist náið yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.

13. gr.

Dóms- og stjórnsýsluúrlausn

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að til séu viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar í þágu neytenda.

2. Meðal leiðanna, sem um getur í 1. mgr., skulu vera ákvæði sem einn eða fleiri eftirtalinna aðila geta, eins og ákveðið er í landslögum, nýtt sér til að hefja mál fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að tryggja að beitt sé ákvæðum landslaga um framkvæmd þessarar tilskipunar:

a) opinberir aðilar eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmæta hagsmuni af því að vernda neytendur,

c) fagfélög sem hafa lögmæta hagsmuni af því að grípa til aðgerða.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þjónustuveitendur og þeir sem reka fjarsamskiptamiðla hætti að beita starfsháttum, sem lýst hefur verið yfir að brjóti í bága við þessa tilskipun, á grundvelli dómsniðurstöðu, stjórnsýsluákvörðunar eða ákvörðunar, sem gefin er út af eftirlitsstofnun sem þeim er kunnugt um, að því tilskildu að þjónustuveitendurnir eða þeir sem reka samskiptamiðla séu í aðstöðu til þess.

14. gr.

Úrlausn utan réttar

1. Aðildarríki skulu hvetja til þess að komið verði á eða þróuð viðeigandi og skilvirk meðferð fyrir kærur og úrlausn mála utan réttar til að leysa deilumál á sviði neytendamála er varða fjármálaþjónustu sem veitt er sem fjarþjónusta.

2. Aðildarríkin skulu einkum hvetja þá aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, til að starfa saman að lausn deilumála yfir landamæri á sviði fjármálaþjónustu sem veitt er sem fjarþjónusta.

15. gr.

Sönnunarbyrði

Með fyrirvara um 3. mgr. 7. gr. geta aðildarríkin mælt fyrir um að sönnunarbyrði varðandi tilkynningaskyldu þjónustuveitanda til neytanda, samþykki neytanda við gerð samnings og, þar sem við á, efndir hans sé lögð á þjónustuveitanda.

Sérhver skilmáli eða skilyrði í samningi, þar sem kveðið er á um að neytandi beri sönnunarbyrði varðandi allar skuldbindingar eða hluta þeirra skuldbindinga sem hvíla á þjónustuveitanda samkvæmt þessari tilskipun, skal teljast óréttmætur skilmáli í skilningi tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.

16. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Aðildarríkjunum er heimilt að setja innlendar reglur, sem samræmast þessari tilskipun, um þjónustuveitendur sem hafa staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki enn tekið upp ákvæði þessarar tilskipunar í landslög og þar sem lög kveða ekki á um neinar skuldbindingar samsvarandi þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

17. gr.

Tilskipun 90/619/EBE

Í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 90/619/EBE komi eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„1. Hvert aðildarríki skal mæla svo fyrir að tryggingartaki, sem gerir samning um einstaklingslíftryggingu, hafi 30 almanaksdaga frest til að falla frá samningnum frá því er honum er tilkynnt um gerð hans.“

18. gr.

Tilskipun 97/7/EB

Tilskipun 97/7/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„— sem tengjast hvers kyns fjármálaþjónustu sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (*),

(*) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.“

2. Ákvæði II. viðauka falli niður.

19. gr.

Tilskipun 98/27/EB

Eftirfarandi liður bætist við viðauka tilskipunar 98/27/EB:

„11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (*).

(*) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.“

20. gr.

Endurskoðun

1. Í kjölfar framkvæmdar þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin kanna starfsemi innri markaðarins á sviði fjármálaþjónustu að því er varðar markaðssetningu á þessari þjónustu. Hún skal leitast við að greina og sundurliða vandamál sem bæði neytendur og birgjar þurfa eða gætu þurft að takast á við, einkum í tengslum við mismunandi, innlend ákvæði varðandi upplýsingar og rétt til að falla frá samningi.

2. Eigi síðar en 9. apríl 2006 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þau vandamál, sem blasa við bæði neytendum og þjónustuveitendum við kaup og sölu fjármálaþjónustu, ásamt tillögum, ef við á, um hvernig breyta má og/eða samhæfa betur ákvæði varðandi upplýsingar og rétt til að falla frá samningi í löggjöf bandalagsins um fjármálaþjónustu og/eða þau ákvæði sem fjallað er um í 3. gr.

21. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 9. október 2004 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði í landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til ásamt töflu sem sýnir hvernig ákvæði þessarar tilskipunar samsvara innlendu ákvæðunum.

22. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

23. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. FISCHER BOEL
forseti.	*forseti.*

480. Fyrirspurn [361. mál]

til landbúnaðarráðherra um ferðaþjónustu bænda.

Frá Önundi S. Björnssyni.

1. Hversu margir bændur sinna ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti?
2. Hver er staða þeirra og hverjir eru framtíðarmöguleikar greinarinnar að mati ráðherra?

481. Fyrirspurn [362. mál]

til dómsmálaráðherra um breytingar á skipan löggæslumála.

Frá Önundi S. Björnssyni.

1. Hver er tilgangur ráðherra með skipun starfshóps um breytingar á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar?
2. Hvernig hljóðar erindisbréf starfshópsins og hvaða annað veganesti hefur hann frá ráðherra?

482. Fyrirspurn [363. mál]

til samgönguráðherra um gangagerð og safnvegaframkvæmdir.

Frá Önundi S. Björnssyni.

1. Hvenær mun gangagerð í gegnum Almannaskarð hefjast, sbr. þingsályktun um samgönguáætlun frá 13. mars 2003, og hvenær er fyrirhugað að opna göngin?
2. Hyggst ríkisstjórnin auka fjárveitingar til framkvæmda við safnvegi til sögufrægra staða sem búa við vegleysur og ef svo er, hvenær?

483. Fyrirspurn [364. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni fatlaðra.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Er svæðisstjórnum málefna fatlaðra á Reykjanesi og í Reykjavík gert kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar varðandi þjónustu við fatlaða einstaklinga innan starfssvæðis þeirra?
2. Ef ekki, á hverju stendur, og mun ráðherra beita sér fyrir því að auknum fjármunum verði varið til þess að bæta úr ástandinu?
3. Hvernig hyggst ráðherra ná markmiðum laga nr. 59/1992 varðandi þjónustu við fatlaða?
4. Hver er stefna ráðherra varðandi skammtímavistun fyrir fatlaða og stoðþjónustu við foreldra sem vilja hafa fötluð börn sín lengur heima?
5. Hyggst ráðherra fjölga úrræðum í dagþjónustu og á vernduðum vinnustöðum?

Skriflegt svar óskast.

484. Fyrirspurn [365. mál]

til samgönguráðherra um auglýsingar í tölvupósti.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu til þess að setja skorður við óumbeðnum sendingum auglýsinga í tölvupósti?

485. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]

um könnun á starfsumgjörð fjölmiðla.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlareksturs hér á landi. Nefndin kanni m.a. eftirfarandi atriði sérstaklega:

a. hvort þörf sé á að sporna með lagaákvæðum eða öðrum hætti gegn óæskilegri samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, svo sem að óheimilt sé að dagblöð eða aðrir áhrifamiklir prent- og ljósvakamiðlar séu í eigu sömu aðila,

b. hvort setja beri sérstök ákvæði í lög sem tryggi fullt gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,
c. hvort ástæða sé til að takmarka sérstaklega möguleika aðila til eignarhalds á fjölmiðlum sem eru markaðsráðandi eða mjög umsvifamiklir á öðrum sviðum viðskipta, t.d. á sviði fjármálaþjónustu,
d. löggjöf og starfsskilyrði fjölmiðla í nálægum löndum með hliðsjón af markmiði nefndarstarfsins.

Nefndin skal í störfum sínum hafa samráð við Blaðamannafélag Íslands, helstu fjölmiðla eða samtök þeirra, menntamálaráðuneytið og aðra aðila er málið varðar. Nefndin skal hraða vinnu sinni sem kostur er og ljúka störfum með skýrslu og eftir atvikum tillögum til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins samfélags og lýðræðislegrar stjórnskipunar. Þeir hafa einnig undirstöðuhlutverki að gegna við að tryggja málfrelsi. Á fjölmiðlamarkaði þarf að ríkja fjölbreytni svo að almenningur fái upplýsingar úr ólíkum áttum. Mjög varhugavert er að of fáir aðilar verði ráðandi um þátt fjölmiðla í skoðanamyndun samfélagsins. Slíkt skapar hættu á að ólíkum sjónarmiðum sé gert mishátt undir höfði og fjölmiðlarnir ræki ekki sem skyldi aðhalds- og gagnrýnishlutverk sitt. Fjölmiðlar verða að njóta frelsis og sjálfstæðis, vera fjölbreyttir að gerð og eiginleikum og óháðir hver öðrum til að öll framangreind markmið náist. Samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því afar varasöm. Einnig er nauðsynlegt að ætíð liggi ljóst fyrir hvernig eignarhaldi fjölmiðla er háttað.

Í nágrannalöndum hafa víða verið sett lög eða reglur til að hindra óeðlilega samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og tryggja að fjölmiðlar séu sjálfstæðir og óháðir. Hafa í því skyni verið settar skorður við eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði til að hindra fákeppni og óeðlileg hagsmunatengsl, sem og hringamyndun.

Verkefni nefndarinnar sem hér er gerð tillaga um er að kanna starfsumgjörð fjölmiðla á Íslandi, hvert stefni í þeim efnum og hvort styrkja megi sjálfstæði þeirra, frelsi og fjölbreytni með lagaákvæðum eða öðrum hætti. Mikilvægt er að nefndin starfi í nánu samráði við hagsmunaaðila og hraði störfum sínum.

486. Framhaldsnefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta. Þá eru lagðar til 14 breytingartillögur sem samtals nema 447,9 m.kr. til hækkunar. Jafnframt eru gerðar breytingar á 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 8 m.kr.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til að jafna út halla fyrri ára hjá fasteignum forsætisráðuneytisins. Umsvif hafa aukist og fasteignum í umsjá byggingadeildarinnar fjölgað. Þar má nefna Gljúfrastein og Hótel Valhöll. Halli hefur verið á rekstrarviðfangi liðarins sem mun leiða til skerðingar á viðhaldsfé verði ekkert aðhafst. Nauðsynlegt er talið að koma rekstrinum í jafnvægi og tryggja að viðhaldsfé nýtist til brýnna viðhaldsverkefna.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 97,9 m.kr.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til Byggðasafnsins á Garðskaga.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. framlag til uppbyggingar Tækniminjasafns Austurlands.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lögð er til 56,1 m.kr. fjárheimild til að fjármagna lífeyrisuppbætur til fyrrverandi starfsmanna hljómsveitarinnar sem taka lífeyri samkvæmt eftirmannsreglunni úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Framlagið tekur mið af hlut ríkissjóðs í rekstri hljómsveitarinnar og nemur 56% af útgjöldum hljómsveitarinnar vegna þessa kostnaðarliðar á árununum 1999–2002. Stefnt er að samkomulagi milli rekstraraðila og hljómsveitarinnar um uppgjör á skuld hennar við sjóðinn og er þetta liður í því.

989 Ýmis íþróttamál.

1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til uppbyggingar fyrir Landsmót UMFÍ 2004.

1.31 Íþróttasvæði á Torfunesi, Ísafirði. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til uppbyggingar á íþróttasvæðinu á Torfunesi.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um að veitt verði 4 m.kr. lokaframlag til Lagnakerfamiðstöðvar Íslands sem komi til viðbótar 4 m.kr. framlagi samkvæmt sundurliðun óskiptrar fjárheimildar á þessu viðfangsefni í fjárlögum ársins 2003. Stöðin er samstarfsvettvangur þeirra sem vinna við rannsóknir og fræðslu í lagnaiðnaði. Markmiðið með starfseminni er að stuðla að rannsóknum, þróun, stöðlun og tækninýjungum auk þess að samhæfa rannsóknir á lagnakerfum í landinu.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 14 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Lögð er til 14 m.kr. hækkun á safnlið til ýmissa verkefna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 415 m.kr.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gerð er tillaga um 400 m.kr. fjárveitingu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við vanda tekjulægri sveitarfélaga á landsbyggðinni. Fénu verður úthlutað eftir nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.41 Framlög og styrkir. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til að framlengja starfsmenntunarátak fólks á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar kjarasamninga á árinu 2000 gerðu aðilar vinnumarkaðarins og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um 200 m.kr. framlag úr Atvinnuleyistryggingasjóði til að efla starfsmenntun starfsfólks á almennum vinnumarkaði á gildistíma kjarasamninganna. Átakinu á að ljúka í haust en vegna góðrar reynslu og mikillar þátttöku er lagt til að það verði framlengt.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 100 m.kr.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um 50 m.kr. hækkun á liðnum en jafnframt eru millifærðar 45 m.kr. á lið 08-491-1.01 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Lagt er til 50 m.kr. framlag vegna flutnings heilsugæslustöðvarinnar í Fannborg 7–9 Kópavogi í Hamraborg 8.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Millifærðar eru 45 m.kr. til Reykjalundar af óskiptum lið, 08-379-1.01.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 247,5 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september. Talsverð styrking hefur orðið á gengi krónunnar gagnvart dollar og jeni frá forsendum fjárlaga en það leiðir til lækkunar á útgjöldum fjárlagaliða sem tengjast þessum gjaldmiðlum. Á það einkum við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka. Áætlað meðalgengi evru og annarra evrópumynta á árinu er á hinn bóginn lítið breytt frá forsendum fjárlaga. Í samræmi við endurmat á þessum forsendum er gert ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða verði lækkaðar sem nemur alls 247,5 m.kr. Gerð er tillaga um þessar breytingar í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjárlaga í frumvarpinu en sundurliðun á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum meiri hlutans.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 50 m.kr.

301 Orkustofnun.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veittar verði 50 m.kr. til frekari rannsókna á sviði orkumála. Annars vegar er um að ræða 30 m.kr. vegna rammaáætlunar og hins vegar 20 m.kr. til vetnisrannsókna. Framlag til rammaáætlunarinnar er ætlað til að gera upp kostnað vegna 1. áfanga áætlunarinnar sem nú er lokið. Áformað er að Orkustofnun nýti 20 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að koma á fót vettvangi fyrir vistvænt eldsneyti. Markmiðið er að stofnunin afli þekkingar og aðstoði stjórnvöld við stefnumörkun auk þess að hún verði vettvangur fyrir samræmingu á vinnu þeirra ráðuneyta sem málið snertir.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 10,5 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að framlag til Hagstofu Íslands hækki um 10,5 m.kr. til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Í útfærslu málsins við 2. umræðu láðist að taka tillit til hluta þeirra tekna sem Hagstofan verður af og er lagt til að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

SKÝRINGAR VIÐ 3. GR.

Lagt er til að ríkissjóður taki 24,3 milljarða kr. lán á árinu í stað áætlana um 21,6 milljarða kr. lántöku í frumvarpinu. Lánsfjárráðstafanir ríkissjóðs hafa verið endurskoðaðar í ljósi þróunarinnar á árinu og þeirra breytinga sem gerðar voru á frumvarpinu við 2. umræðu.

Gerð er tillaga í b-lið um hækkun lánsfjárheimilda vegna aukinnar útgáfu húsbréfa umfram það sem áætlað var í frumvarpinu. Afgreiðsla húsbréfalána hefur aukist mjög á árinu og ekki eru horfur á að dragi verulega úr eftirspurn eftir lánum það sem eftir lifir ársins.

Í c-lið er gerð tillaga um auknar heimildir vegna almennra leiguíbúða. Afgreidd lán til leiguíbúða eru meiri en áætlað var þar sem framkvæmdatími er styttri en gert var ráð fyrir. Því verður lokið við fleiri íbúðir á árinu, en lánin eru veitt út á fullgerðar íbúðir.

Í samræmi við tillögu á þskj. 490 (7.19) um að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilt að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar er lagt til að lánsfjárheimild fyrirtækisins í fjárlögum fyrir árið 2003 hækki um 145 m.kr. og verði 645 m.kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 27. nóv. 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

487. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BjarnB, BJJ, ArnbS).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis			
a. 1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	0,0	8,0	8,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,0*	*8,0*
2. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.90 Söfn, ýmis framlög	0,0	3,0	3,0
b. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	0,0	4,8	4,8
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
a. 1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	56,1	56,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*56,1*	*56,1*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-989 Ýmis íþróttamál			
a. 1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004	0,0	15,0	15,0
b. 1.31 Íþróttasvæði á Torfunesi, Ísafirði	0,0	15,0	15,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,0*	*30,0*
5. Við **02-999 Ýmislegt**			
1.90 Ýmis framlög	0,0	4,0	4,0
6. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	25,0	14,0	39,0
7. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	34,0	400,0	434,0
8. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.41 Framlög og styrkir	0,0	15,0	15,0
Innheimt af ríkistekjum	*1.235,0*	*15,0*	*1.250,0*
9. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	145,0	5,0	150,0
10. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	210,3	50,0	260,3
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ			
a. 1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	45,0	45,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*45,0*	*45,0*

12. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	570,0	-247,5	322,5
13. Við **11-301 Orkustofnun**			
1.01 Yfirstjórn	-4,8	50,0	45,2
14. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	-11,9	10,5	-1,4
Greitt úr ríkissjóði	*36,2*	*10,5*	*46,7*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Sundurliðun á óskiptri fjárheimild á lið 08-700-1.01.

Af óskiptri fjárheimild á lið 08-700-1.01 skiptast 150 m.kr. á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-711-1.11	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	24,7
08-715-1.11	St. Fransiskusspítalinn, Stykkishólmi	5,9
08-721-1.11	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	3,3
08-725-1.11	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	11,5
08-731-1.11	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	1,8
08-735-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	1,4
08-741-1.11	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	3,8
08-745-1.11	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	5,8
08-751-1.11	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	13,2
08-755-1.11	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	6,3
08-761-1.11	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	11,1
08-777-1.11	Heilbrigðisstofnun Austurlands	19,6
08-781-1.11	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	9,7
08-785-1.11	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	14,1
08-791-1.11	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	17,8
	Samtals	**150,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Sundurliðun á óskiptri fjárheimild á lið 09-989-1.90.

Óskipt fjárheimild að fjárhæð 280,5 m.kr. á lið 09-989-1.90 vegna mats á úrskurðum kjaranefndar um greiðslur fyrir vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		Laun	Sértekjur	Alls
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	63,4	-19,7	43,7
08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	0,1	-0,1	0,0
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	9,6	-2,8	6,8

08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	6,2	-1,0	5,2
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	5,5	-0,6	4,9
08-525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2,4	-0,2	2,2
08-526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,6	0,0	1,6
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	2,4	-0,3	2,1
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	2,4	-1,3	1,1
08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	25,3	-7,3	18,0
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	6,2	-1,0	5,2
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,0	0,0	0,0
08-572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2,1	0,0	2,1
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	8,0	-1,2	6,8
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	2,9	0,0	2,9
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	5,5	-0,8	4,7
08-579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1,9	-0,2	1,7
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	26,9	-5,7	21,2
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,8	-2,5	0,3
08-584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	24,1	-6,9	17,2
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	14,2	-3,8	10,4
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	10,3	-2,2	8,1
08-711-1.01	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	29,1	-4,2	24,9
08-715-1.01	St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	1,7	-0,5	1,2
08-721-1.01	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	3,9	-1,4	2,5
08-725-1.01	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4,1	-1,6	2,5
08-731-1.01	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	3,9	-1,4	2,5
08-735-1.01	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	1,0	-0,1	0,9
08-741-1.01	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	1,9	-0,5	1,4
08-745-1.01	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	3,9	-1,0	2,9
08-751-1.01	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	9,1	-2,6	6,5
08-755-1.01	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	1,3	-0,5	0,8
08-761-1.01	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	3,7	-1,6	2,1
08-777-1.01	Heilbrigðisstofnun Austurlands	20,3	-3,9	16,4
08-781-1.01	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	10,5	-2,5	8,0
08-785-1.01	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	29,1	-4,2	24,9
08-791-1.01	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	20,3	-3,5	16,8
	Samtals	**367,6**	**-87,1**	**280,5**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Endurmat á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar.

Lækkun fjárheimilda sem nemur 247,5 m.kr. vegna endurmats á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	-1,7
02-872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-76,9
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	-7,2
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-9,4
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	-4,1
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-9,7
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	-18,0
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-2,5
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	-9,2
03-315-1.01	Sendiráð Íslands í Ottawa	-1,7
03-316-1.01	Sendiráð Íslands í Tókíó	-10,1
03-319-1.01	Sendiráð Íslands í Mapútó	-3,3
03-320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-5,7
03-391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-1,2
03-391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-2,5
03-391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-1,4
03-391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-2,4
03-401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	-4,3
03-401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	-1,4
03-401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-0,9
03-401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	-1,5
03-401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	-8,3
05-190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-2,0
05-190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-0,8
08-206-1.15	Lyf	-3,8
08-206-1.45	Brýn meðferð erlendis	-32,8
08-206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-7,5
08-399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn	-1,5
08-399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-1,6
10-190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-8,5
10-651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	-2,9
14-190-1.40	Alþjóðastofnanir	-2,7
	Samtals	**-247,5**

488. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BjarnB, BJJ, ArnbS).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-3.000,0	-4.460,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-60,0	-60,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	500,0	485,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-2.560,0**	**-4.035,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.150,0	706,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	260,0	270,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**-150,0**	**-3.059,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	40,0	40,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-677,7	-657,4
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	15,8	15,5
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**-621,9**	**-601,9**
	Tryggingagjöld	**-621,9**	**-601,9**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	0,9	0,9
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	0,0	0,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	250,0	250,0
	Skattar á hreina eign	**250,0**	**250,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	200,0	200,0
	Eignarskattar	**450,0**	**450,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	3.700,0	3.632,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.050,0	1.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	13,0	13,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	36,0	36,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-140,4	-305,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-300,0	-300,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	342,2	342,2
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	220,0	220,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.920,8**	**4.687,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	55,0	59,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	12,3	12,3
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**67,3**	**71,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.988,1**	**4.759,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-700,0	-700,0
	Skatttekjur, samtals	**3.967,1**	**849,6**

II	Aðrar rekstrartekjur	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-49,0	-49,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.613,0	1.613,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.564,0**	**1.564,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.000,0	0,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-180,0	-180,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-170,0	-170,0
	Aðrar eignatekjur	**650,0**	**-350,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**2.214,0**	**1.214,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	-12,2	-12,2
9.1.3.20	Prófgjöld	5,9	5,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	45,7	45,7
9.1.3.35	Ýmislegt	18,1	18,1
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**57,5**	**57,5**
	Ýmsar tekjur	**57,5**	**57,5**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	150,0	150,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**2.421,5**	**1.421,5**
	Heildartekjur samtals:	**6.388,6**	**2.271,1**

489. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BjarnB, BJJ, ArnbS).

Við 3. gr.

a. Í stað „allt að 21.600 m.kr.“ í 1. tölul. komi: allt að 24.300 m.kr.

b. Í stað „allt að 47.762 m.kr.“ í b-lið 3. tölul. komi: allt að 49.754 m.kr

c. Í stað „allt að 12.150 m.kr.“ í c-lið 3. tölul. komi: allt að 15.540 m.kr.
d. Við 3. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
h. Í stað orðanna „allt að 500 m.kr.“ í lið 3.8 kemur: allt að 645 m.kr.

490. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, BjarnB, BJJ, ArnbS).

1. Við 4. gr. Liður 2.26 orðist svo:
2.26 Að selja fasteign Vegagerðarinnar við Dufþaksbraut 10 á Hvolsvelli og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2. Við 4. gr. Nýr liður:
6.41 Að kaupa jörðina Vestaraland IV í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
3. Við 4. gr. Nýir liðir:
7.19 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar.
7.20 Að ganga til viðræðna við Sandgerðisbæ um hugsanlegar greiðslur til bæjarins í tengslum við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 564/2002.
7.21 Að semja við Byggðastofnun um yfirtöku á eignum Ferðamálasjóðs og heimila nauðsynlega fjármögnun vegna þess.
7.22 Að semja um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við sveitarfélög vegna verkefna sem hafa verið í samrekstri ríkis og sveitarfélaga og ganga frá uppgjöri vegna þess.

491. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um úttekt á gerð jarðganga í Reynisfjalli.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fara fram úttekt á gerð jarðganga í Reynisfjalli í Vestur-Skaftafellssýslu. Úttektinni verði lokið fyrir 1. september 2004.

Greinargerð.

Samkvæmt tillögu þessari felur Alþingi samgönguráðherra að láta gera úttekt á kostum jarðganga í Reynisfjalli í Vestur-Skaftafellssýslu. Í langtímaáætlun um jarðgöng er minnst á göng í Reynisfjalli. Ekki eru þau hins vegar tímasett. Með ákvörðun um jarðgöng undir Almannaskarð í Austur-Skaftafellssýslu má segja að leiðin frá Hverageröi að Djúpavogi liggi

öll á láglendi með einni undantekningu þó – Víkurskarði vestan Víkur í Mýrdal. Í vetrarfærð er það eina hindrun umferðar frá Reykjavík og austur á firði.

Ljóst er að með auknum umsvifum á Austurlandi á umferð um Suðurland eftir að vaxa stórlega. Þá eru í undirbúningi framkvæmdir í Vestur-Skaftafellssýslu er kunna að fela í sér mikla þungaflutninga úr Mýrdalshreppi í Þorlákshöfn. Spáð er almennum vexti í ferðaþjónustu og liggur straumur ferðamanna um Vestur-Skaftafellssýslu.

Lagt er til að samgönguráðherra láti gera úttekt á kostum jarðganga í Reynisfjalli sem nái annars vegar til jarðfræðilegs mats og hins vegar mats á kostnaði. Verkinu skal lokið fyrir 1. september 2004.

492. Fyrirspurn [368. mál]

til dómsmálaráðherra um samræmt fjarskiptakerfi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að allir þeir sem sinna björgunaraðgerðum noti samræmt fjarskiptakerfi?

493. Fyrirspurn [369. mál]

til dómsmálaráðherra um rýmingar- og björgunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er til rýmingar- eða björgunaráætlun fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög ef náttúruhamfarir eða stórslys verða sem ógna lífi íbúa?

494. Fyrirspurn [370. mál]

til dómsmálaráðherra um stjórnstöðina í Skógarhlíð.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er áformað að setja reglur um leitar- og björgunarþáttinn í starfsemi stjórnstöðvarinnar í Skógarhlíð?

495. Fyrirspurn [371. mál]

til dómsmálaráðherra um fjarskiptamiðstöð lögreglu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað er því til fyrirstöðu að fjarskiptamiðstöð lögreglu í Skógarhlíð þjóni öllu landinu?

496. Fyrirspurn [372. mál]

til dómsmálaráðherra um Neyðarlínuna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað er því til fyrirstöðu að Neyðarlínan svari fleiri neyðarnúmerum en 112, svo sem númerinu 911?

497. Frumvarp til laga [373. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

3. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að kaupendur almenningsvagna sitji við sama borð og kaupendur annarra hópferðabifreiða og njóti endurgreiðslu á ⅔ hlutum virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005.

Með lögum nr. 57/2001 var bundin í lög heimild til að endurgreiða þeim sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni ⅔ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 21. desember 2003. Með lögum nr. 77/2003 var heimildin framlengd til 31. desember 2005.

Niðurfelling virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum er hins vegar óheimil samkvæmt lögum nr. 50/1988 og hafa þeir sem reka almenningssamgöngur, en það eru einkum sveitarfélög og fyrirtæki þeirra, engrar endurgreiðslu notið. Frumvarpið gerir ráð fyrir

því að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða. Almenningssamgöngum er nú haldið úti á höfuðborgarsvæðinu af Strætó bs. með 110 vögnum. Frá 1. september 2000 hefur Strætó bs. keypt 14 vagna. Álagður virðisaukaskattur vegna þessara kaupa er 50,3 millj. kr. og ⅔ hlutar fjárhæðarinnar, þ.e. það sem endurgreiðslan tæki til, nemur 33,5 millj. kr.

Meðalaldur vagna Strætó bs. er um 11 ár. Elstu vagnarnir eru frá 1983, eða 20 ára gamlir. Því er ljóst að mikil þörf er á endurnýjun þessa flota, enda er fyrirhugað að kaupa 19 nýja strætisvagna á árunum 2004 og 2005. Gera má ráð fyrir því að ⅔ hlutar virðisaukaskatts vegna þeirra vagnakaupa verði á bilinu 45–50 millj. kr., eftir því hvert innkaupsverðið verður.

Þjónustusvæði Strætó bs., sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, er dreifbýli á Kjalarnesi og í Mosfellsdal, þéttbýli í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Bessastaðahreppi. Í athugun er jafnvel að taka upp akstur til Akraness en í raun er allt svæðið frá Árborg, Reykjanesbæ og Akranesi orðið eitt atvinnusvæði. Auk höfuðborgarsvæðisins er haldið uppi reglubundum almenningssamgöngum á Akureyri (3–4 vagnar), Ísafirði og í Fjarðarbyggð. Ætla má að endurgreiðsla ⅔ hluta virðisaukaskatts vegna kaupa á almenningsvögnum til allra þeirra sem hér um ræðir gæti numið um 100 millj. kr. vegna tímabilsins 1. september 2000 til 31. desember 2005.

Frekari stuðningur ríkisins við almenningssamgöngur væri í samræmi við markmið samgönguáætlunar 2003–2006 og að stefnt yrði að því að ríkið endurgreiði álögð gjöld á almenningssamgöngur að fullu.

498. Lög [90. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 90.

499. Frumvarp til laga [374. mál]

um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Grétar Mar Jónsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

2. gr.

Allir eiga rétt á kennslu og þjálfun í táknmáli frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst hjá þeim.

Nú fæðist barn heyrnarlaust, heyrnarskert eða daufblint eða það missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði og skulu þá nánustu aðstandendur þess eiga rétt á endurgjaldslausri kennslu og þjálfun í táknmáli.

3. gr.

Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eiga rétt á aðstoð táknmálstúlks til að sinna atvinnu sinni og námi og í daglegu lífi að öðru leyti.

4. gr.

Til túlkaþjónustu telst túlkun á íslenskt táknmál eða á annað form sem heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur maður skilur.

5. gr.

Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Óheimilt er að neita heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis eða þess að hann notar táknmál.

6. gr.

Allar stofnanir og embætti ríkis og sveitarfélaga skulu útvega táknmálstúlka sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem eiga erindi við viðkomandi stofnun eða embætti vegna þjónustu eða annarra atvika.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Sérhver notandi íslenska táknmálsins á rétt á a.m.k. 20 tíma endurgjaldslausri þjónustu táknmálstúlks mánaðarlega til að sinna persónulegum erindum sem ekki falla undir ákvæði 6. gr.

Daufblindir Íslendingar eiga rétt á a.m.k. tvöföldum tímafjölda skv. 1. mgr.

Notendur þjónustu táknmálstúlka eiga rétt á auknum tímafjölda samkvæmt þessari grein ef sérstaklega stendur á samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

8. gr.

Íslenska ríkið skal stuðla að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Íslenska ríkið skal efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálstúlkafræði. Þá skal íslenska ríkið í samræmi við ákvæði laga þessara og annarra laga leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálstúlkaþjónustu hverju sinni.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að „betla“ af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Að taka heyrnarskerta með inn í þetta mikilvæga mál veldur því að læknisfræðileg skilgreining á heyrnarleysi er nú farin að flokka sem flesta heyrnarskerta. Heyrnarlaus er því sagður „mjög heyrnarskertur“ þótt hann hafi aðeins 2% heyrn eða minna. Víðs vegar um

heim eru þessi tvö orð tekin undir sama hatt, má þar nefna á ensku „deaf and hard of hearing“, á norsku „døve og sterk tunghørte“, á sænsku „döv og hörselskadad“. Hér á landi má sjá þessi tvö orð tekin undir það sama, sbr. nafn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og svo Hlíðaskóli – táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Menningarleg sýn á heyrnarleysi birtist hins vegar í orðinu á ensku „profoundly deaf“ sem þýðir að sá sem sagður er vera það er heyrnarlaus frá fæðingu og hefur táknmál sem fyrsta mál sitt. Heyrnarskertir eru líka með fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa löngum verið sagðir „ekki þurfa á táknmálinu að halda“ og hafa því verið á svokölluðu „gráu svæði“, þ.e. ekki fundið sig almennilega í samskiptum með heyrandi samfélagi og ekki heldur með samfélagi heyrnarlausra vegna þess að þeir hafa ekki lært táknmálið á æviskeiði sínu. Rannsóknir og frásagnir heyrnarskertra sjálfra hafa sýnt að sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust hafa styrkst eftir að þeir hafa lært táknmál og kynnst öðrum heyrnarlausum. Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með, enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar eiga táknmálið sameiginlegt, því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál var bannað í u.þ.b. 100 ár en þennan tíma kalla heyrnarlausir einangrunartímabilið. Þessi ákvörðun var tekin í Mílanó árið 1880 á ráðstefnu heyrnleysingjakennara víðs vegar að úr heiminum. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykkja að beita svokallaðri „oral“-stefnu eða raddmálsaðferð við menntun heyrnarlausra. „Oral“-stefnan felst í því að heyrnarlausir og heyrnarskertir læra að lesa af vörum og læra að tala með hjálp kennara án þess að nota táknmál.

Þessi stefna breiddist út um allan heim og heyrnarlausir kennarar voru reknir frá skólunum. Verulega dró úr menntun heyrnarlausra, störf þeirra urðu einfaldari og samfélag heyrnarlausra einangraðist frá heimi heyrandi manna. Heyrnarlausir voru í felum til þess að geta talað saman á því máli sem var þeim eðlilegast, táknmálinu. Þetta ástand varði í 100 ár.

Árið 1960 uppgötvaði bandarískur málvísindamaðurinn William Stokoe að táknmál eru mál eins og hver önnur mál. Þessi vitneskja breiddist út um allan heim og þeir málvísindamenn sem hafa fjallað um táknmál sjá að táknmál eru fullkomin og flókin mál. Heyrnarlausir brutu smám saman niður múrinn eftir að uppalendur og skólar tóku að viðurkenna mál þeirra.

Á Norðurlöndunum var táknmál viðurkennt á tímabilinu 1975–1980 en verður sýnilegt á Íslandi um 1986.

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“ Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð og eiga þau sannarlega vel við þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu það hefur fyrir stjórnvöld. Flutningsmenn telja að fyrir þessa þrjá samfélagshópa sé viðurkenningin um leið viðurkenning á tilveru þeirra og ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega það að virða rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna; að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða hvert er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun. Það sæmir öllum þjóðfélögum sem vilja gera vel. Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, hátt undir höfði svo að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum hvað varðar réttindi og réttarstöðu heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarp um textun sjónvarpsefnis er væntanlegt.

Félag heyrnarlausra hefur nú þegar sent formönnum allra þingflokka á Alþingi formlegt bréf og beðið um að lögð verði áhersla á að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í samfélaginu. Réttindaskrá sú sem birtist í þessu frumvarpi er fyrsta skrefið í átt að því að jafnræðið verði tryggt og í réttindaskránni felast í aðalatriðum langtímamarkmið þess á forsendum táknmálsins. Frumvarpið gengur í þá átt að íslenska táknmálið verði síðar formlega viðurkennt í stjórnarskrá Íslands til jafns við íslenskuna sem móðurmál.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf þrennt jafnframt að vera tryggt:

1. Efling táknmálsfræðináms.

Í fyrsta lagi þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er núna fjögurra anna nám. Nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) annast kennslu í túlkanáminu í samvinnu við táknmálsfræði HÍ. Sjö nemendur eru í túlkanámi skólaárið 2003–2004. Svo að deildin geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor eini fasti starfsmaður deildarinnar, en tveir táknmálskennarar eru lausráðnir. Þessir tveir kennarar hafa starfað lengst allra við táknmálskennslu hér á landi og eru með mikla reynslu, en vegna ráðningarreglna deildarinnar er ekki hægt að fastráða þá af því að þeir eru ekki með MA-próf. Þá er ekki fastráðinn kennari við táknmálsfræðinámið.

Núna er ekkert nám í boði hér á landi til að heyrnarlausir geti öðlast viðurkennda menntun til að starfa sem táknmálskennarar. Þrír heyrnarlausir nemar útskrifuðust í vor frá Kennaraháskóla Íslands, en tveir þeirra starfa á táknmálssviði Hlíðaskóla og kenna þar grunnskólanemendum. Sá þriðji er einmitt einn af lausráðnum táknmálskennurum í táknmálsfræði sem nefndir eru hér á undan og stundar jafnframt MA-nám í kennslu- og uppeldisfræðum í HÍ. Aðrir sem annast táknmálskennslu í framhaldsskólum og á námskeiðum eru starfsmenn Samskiptamiðstöðvarinnar. Ef heyrnarlausir læra táknmálskennslu í Samskiptamiðstöðinni er það á engan hátt metið til eininga, ekkert diplómanám í táknmálskennslu er til hérlendis. Það þarf því augljóslega að bjóða heyrnarlausum upp á samfellt nám í táknmálskennslu og táknmálsfræði. Jafnvel þyrfti að koma á námi sambærilegu við táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra sem kennd er við Gallaudet-háskólann í Washington D.C. Hann er eini háskólinn í heiminum fyrir heyrnarlausa. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið stutt heyrnarlausa nemendur sem hyggja á nám í háskólum í formi skólagjalda. Gjald fyrir tvær annir í Gallaudet-háskóla

er um 2 millj. kr. Einnig mætti skoða Bristol University í Bretlandi en þar hafa táknmáls- og menningarfræði heyrnarlausra (deaf studies) líka verið kennd.

Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo að fleiri geti lagt stund á þær. Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem hún kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli í námi sínu og veldur það þeim vissum erfiðleikum í náminu miðað við aðrar deildir í Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Þess er rétt að geta að Samskiptamiðstöðin vinnur á því sviði að verkefni hennar er táknmálið, málsamfélagið og menningin. Hún hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun gefið út námsefni fyrir grunnskóla á táknmáli og er það vel. Efla mætti þennan þátt stöðvarinnar enn frekar með tilkomu laganna og yrði það námsefni heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum á táknmálssviði Hlíðaskóla mikil stoð þar sem stefna sviðsins er tvítyngi, þ.e. að börnin verði jafnfær á táknmál og skrifað mál. Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 kveður á um þetta og er það því eðlilegt að því sé fylgt.

Táknmál hefur á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn- og framhaldsskóla og háskólana sem heyrnarlausir sækja með aðstoð túlka. Táknmálsfréttir eru fluttar í Ríkissjónvarpinu í átta mínútur hvern einasta dag. Nýársræða forseta Íslands er túlkuð eftir á. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að heyrnarlaus sjúklingur eigi rétt á táknmálstúlki í viðtali við lækni þannig að táknmál sést á heilsugæslustöðum og sjúkrahúsum. Dómur Hæstaréttar nr. 151/1999 kveður á um að síðustu framboðsumræður séu túlkaðar á táknmáli í beinni útsendingu kvöldið fyrir kjördag. Prestur heyrnarlausra, séra Miyako Þórðarson, er viðurkennd sem táknmálsprestur og flytur messur á táknmáli auk þess að vera með táknmálskór. Táknmál sést hér á Alþingi. Nokkuð stór hluti aðalnámskrár grunnskóla fjallar um táknmál. Þetta eru því nokkur dæmi sem sýna að táknmálið er orðið sjálfsagt mál í samfélaginu og mikilvægt að tryggja því það jafnræði sem ætlast er til af því.

Þar sem táknmál er sjónrænt mál eru rannsóknir á íslensku táknmáli ekki gerðar nema með upptökutækjum. Því þarf táknmálsfræðideildin að hafa til umráða stúdíó með upptökutækjum, sjónvörpum, myndböndum og mynddiskatölvum til úrvinnslu á upptökum í stafrænu formi. Táknmálsorðabækur eða rannsóknir á táknmáli víða erlendis eru gerðar með upptökum á táknum. Þessi upptökutækni er sambærileg við framburðarrannsóknir á erlendum tungumálum og íslensku talmáli.

Táknmálsfræðinámið í HÍ heyrir núna undir heimspekideild. Að loknu fjögurra anna námi eiga nemendur að vera orðnir nokkuð góðir í táknmáli og eiga að geta bjargað sér í samskiptum á táknmáli. Þeir þurfa því góða þjálfun. Núna felst þjálfunin í því að nemendur nái tengslum við heyrnarlausa með heimsóknum til þeirra eða heimsóknum til Félags heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra býr þröngt og hefur ekki sal til umráða.

Táknmálsfræðinám í HÍ getur gefið nemum í öðrum námsgreinum háskólans möguleika á að læra táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum geta lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðar að námi loknu. Nemendur í sagnfræði geta skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði geta lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn var lagður niður í vor og starfsemin flutt í Hlíðaskóla og nefnist núna Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í, því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskóla. Táknmálsfræðideild HÍ gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í þroskaþjálfaskor, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í KHÍ eins og nemendur í grunnskólaskor. Það yrði mikill hagur í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða öðrum háskóla á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

2. Túlkaþjónusta.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka. Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í HÍ verði alltaf í boði því að fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti – sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því að daufblindir nota snertitáknmál.

Með því að tryggja fé til allrar túlkaþjónustu verður heyrnarlausum tryggður réttur til að sinna daglegum þörfum. Þar má m.a. nefna táknmálstúlkun hjá fasteignasala, bankastjóra, fjármálaráðgjafa, arkítekt, byggingafræðingi, rafvirkja, pípulagningamanni, í íþróttum og tómstundum barna, á húsfélagsfundum, á tómstundanámskeiðum, á starfsnámskeiðum, á starfsmannafundum og í starfsviðtölum hjá einkafyrirtæki. Þessum hluta hefur verið sinnt undanfarin ár með fjárveitingu frá ráðuneytunum, fyrst frá félagsmálaráðuneyti, sem hætti úthlutun árið 1999 og tók þá forsætisráðuneytið af skarið og hefur veitt fé síðan, þó ekki reglulega. Félag heyrnarlausra hefur haft mikið fyrir því að fá af þessu fé sem í daglegu tali nefnist félagslegi túlkunarsjóðurinn. Síðast var veitt fé í sjóðinn í mars 2003, 4 millj. kr. Þar af fóru 2 millj. kr. til greiðslu skulda þannig að staða sjóðsins er núna um 800 þús. kr. (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, 19.11.2003.) Gallinn við þennan sjóð er að aðeins Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær greitt úr honum. Eina einkarekna túlkaþjónustan, Hraðar hendur, getur ekki fengið greitt úr sjóðnum. Hraðar hendur hafa óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að fá greitt fyrir þau félagslegu verkefni sem sú þjónusta tekur að sér. En málið snýst líka um frelsi heyrnarlausra til að velja sér túlk. Það er ótækt að Samskiptamiðstöðin ein skuli hafa yfirráð yfir öllum sjóðnum því að oft getur hún ekki útvegað túlk í félagsleg verkefni. Þar starfa nú aðeins fjórir túlkar og um 80% af verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar snúast um túlkun í framhaldsskólum. Hjá Hröðum höndum starfa hins vegar sex túlkar. Þeir geta tekið að sér túlkun í félagslegum verkefnum en fá ekki greitt fyrir það af opinberu fé og því lendir það kannski á hinum heyrnarlausa að borga úr eigin vasa fyrir túlkaþjónustuna eða betla – sem er mjög niðurlægjandi.

3. Menning heyrnarlausra.

Í þriðja lagi þarf að líta til menningar heyrnarlausra. Af öllum tungumálum sprettur upp menning. Oft hefur því verið haldið fram að heyrnleysingjaskólarnir séu vagga menningar heyrnarlausra. Það er í sjálfu sér rétt því að þar er oftast fyrsta táknmálsumhverfið sem heyrnarlaus maður kynnist. Þar lærist táknmálið af eldri kynslóðum. Á Íslandi er komin upp sú staða að vagga menningar heyrnarlausra er ekki lengur til í því formi sem áður var og er algengt víða um heim. Vesturhlíðarskólinn, skóli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn, hefur verið lagður niður og nemendurnir stunda námið í deild í Hlíðaskóla sem ber nafnið Hlíðaskóli – táknmálssvið. Því verður lagt til í sérstöku frumvarpi að komið verði á fót Menningarsetri heyrnarlausra.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef Háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og að íslenska ríkið veiti nægilegt fé til málefna sem snerta íslenska táknmálið ár hvert. Þá er tekið sérstaklega fram að ekki megi mismuna fólki eftir því hvort það talar íslensku eða íslenska táknmálið.

Ákveðið var að nota hugtakið „fyrsta mál“ í greininni þar sem sú skilgreining sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt. Skilgreiningin er svohljóðandi: „Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“ (Málfræðiorðasafn.)

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt allra til kennslu og þjálfunar í íslenska táknmálinu frá þeim tíma sem þeir greinast með heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Þá er kveðið á um rétt nánustu aðstandenda barns sem fæðist heyrnarskert, heyrnarlaust eða daufblint eða missir heyrn og/eða sjón á máltökuskeiði til að fá strax kennslu og þjálfun í táknmáli. Skal þjónustan veitt þeim að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að fjölskylda barnsins fái þar með nægjanlegan stuðning við að læra táknmál og menningarfræði heyrnarlausra. Við samningu reglugerðar um þetta málefni er lögð sérstök áhersla á að fullt samráð verði haft við Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra barna (FSFH) sem og Félag heyrnarlausra.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lögfestur verði sá réttur hvers heyrnarlauss, heyrnarskerts eða daufblinds Íslendings að njóta aðstoðar táknmálstúlks til að sinna atvinnu, námi og menningarlífi. Athuga þarf sérstaklega að ekki þykir rétt að gera greinarmun á því hvort einstaklingur þurfi að sinna starfi eða námi á Íslandi eða erlendis. Þannig ætti t.d. einstaklingur rétt á aðstoð táknmálstúlks ef hann þyrfti að sækja fund eða ráðstefnu erlendis vegna starfs síns, náms eða áhugamáls.

Um 4. gr.

Í greininni er inntak og umfang túlkaþjónustu nánar skýrt. Í samræmi við stöðu íslenska táknmálsins samkvæmt lögunum og rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkaþjónustu verður að túlka hugtakið túlkaþjónusta rúmt. Markmiðið er að veita öllum einstaklingum jafnan rétt til tjáningar og þátttöku í samfélaginu hvort sem um vinnu, nám eða daglegt líf að öðru leyti er að ræða.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt notenda íslenska táknmálsins til að fá notið fræðsluefnis, upplýsinga, afþreyingarefnis o.þ.h., annaðhvort með textun eða túlkun á íslenskt táknmál. Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun. Hið sama gildir um kvikmyndahús og framleiðendur fræðslu-, auglýsinga- og afþreyingarefnis.

Þá leggur 2. mgr. bann við því að heyrnarlausum, heyrnarskertum eða daufblindum manni sé neitað um atvinnu, skólavist, tómstundir eða aðra þjónustu á grundvelli heyrnarleysis síns.

Um 6. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar ríki og sveitarfélögum og öllum stofnunum og embættum sem undir þau heyra að útvega táknmálstúlka á eigin kostnað sem túlka fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda sem leita til viðkomandi stofnunar eða embættis. Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir þurfi því ekki að koma með túlk með sér þegar þeir sinna erindum hjá stofnun eða embætti sem heyrir undir ríki eða sveitarfélag heldur gangi þeir að túlki vísum hjá viðkomandi stofnun. Ákvæðið tekur til allra stofnana og embætta ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. dómstóla landsins, auk fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög eiga helmingshlut í eða meira. Ekki er gert ráð fyrir að túlkarnir verði starfsmenn þeirra aðila sem skyldan hvílir á, enda er algjört skilyrði að túlkar séu óháðir í störfum sínum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver heyrnarlaus, heyrnarskertur eða daufblindur Íslendingur fái mánaðarlega að lágmarki 20 tíma endurgjaldslausa þjónustu táknmálstúlks til að sinna persónulegum erindum. Þessa tíma væri t.d. hægt að nota við foreldrafundi í skólum, ferð á fasteignasölu eða hvaðeina annað sem einstaklingur þarf að sinna og hann þarf aðstoð við. Þá er kveðið á um að sérhver daufblindur einstaklingur fái a.m.k. tvöfaldan þann tíma árlega sem aðrir heyrnarskertir og heyrnarlausir fá. Þá er gert ráð fyrir að notendur túlkaþjónustu geti fengið fleiri tíma en lágmarkið kveður á um þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um það en gera verður ráð fyrir að við samningu þeirra reglna verði tilgangur laga þessara og staða táknmálsins höfð að leiðarljósi. Heimild fyrir aukningu á tímafjölda má því ekki túlka of þröngt.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að efla og styðja við nám og kennslu í táknmálstúlkafræði auk þess að hlúa sérstaklega að menningu og menntun þeirra sem ekki heyra. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli á hverjum tíma leitast við að anna eftirspurn eftir túlkaþjónustu. Í því felst m.a. skylda til að gera nám í táknmálstúlkafræði eftirsóknarvert fyrir nýja nemendur, bæta starfsskilyrði og launakjör táknmálstúlka o.s.frv. Ef lögin eiga að ná markmiðum sínum verður að vera nægilegt framboð af táknmálstúlkum.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Svandís Svavarsdóttir,
vísindavef Háskóla Íslands:

Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt táknmál fyrir heyrnarlausa?

Flestir sem eru heyrnarlausir tala táknmál og líta á það sem sitt móðurmál. Táknmál er myndað með hreyfingum handa, höfuðs og líkama, með svipbrigðum, munn- og augnhreyfingum. Í táknmáli fær augnsambandið aukið mikilvægi því að í samskiptum á táknmáli verður alltaf að halda augnsambandi við viðmælandann. Svipbrigði fá aukna og ákveðna merkingu eða málfræðilegt hlutverk og staða líkamans hefur áhrif á blæbrigði og merkingu. Munnhreyfingarnar og svipbrigðin eru í mörgum tilvikum framandi meðal þeirra sem ekki þekkja til. Þessir hlutar táknmálsins eru þó jafnmikilvægir og hreyfingar handanna og órjúfanlegur hluti málsins.

Táknmál eru sjálfsprottin mál sem hafa þróast í samfélagi heyrnarlausra manna alls staðar í heiminum. Táknmál er ekki alþjóðlegt heldur sérstakt fyrir hvert land. Í sumum löndum er jafnvel mállýskumunur á táknmáli milli landsvæða. Skyldleiki táknmálanna er oft ólíkur skyldleika raddmálanna í viðkomandi löndum. Til dæmis er bandaríska táknmálið talið tölu-vert skylt því franska en nánast ekkert skylt því enska. Heyrnarlaus Bandaríkjamaður á auð-veldara með að tala við heyrnarlausan Frakka en heyrnarlausan Breta! Á þessu eru sögulegar skýringar sem ekki verður fjallað nánar um hér.

Táknmál eru byggð upp af táknum og ákveðnar málfræðireglur gilda um það hvernig tákn-in raðast saman. Röð tákna í setningu er ólík þeirri orðaröð sem við eigum að venjast í ís-lensku. Ef við röðum táknunum upp eins og um íslenska setningu væri að ræða verður hún málfræðilega röng og leiðir iðulega til misskilnings. Þess vegna er mikilvægt að þeir sem nota táknmál en eiga íslensku að móðurmáli fylgi lögmálum táknmálsins en myndi setning-arnar ekki á íslensku og snari þeim jafnharðan. Táknmál er annað mál sem lýtur öðrum mál-fræðilegum lögmálum en íslenskan.

Málfræði táknmálsins er flókin og spennandi og orðaforðinn litskrúðugur og frjór. Tákn-mál er nú um stundir afar spennandi rannsóknarvettvangur málfræðinga. Þarna er hægt að rannsaka mál sem hafa annan miðil en raddmál og niðurstöður þeirra rannsókna hafa áhrif á hefðbundnar hugmyndir manna um málfræði.

Eins og áður segir er einn hluti af málfræði táknmálsins fólginn í svipbrigðum, munn-hreyfingum og líkamsstöðu. Skapast hefur sú hefð að kalla þessa þætti alla saman látbrigði (e. non-manual features). Lítum aðeins nánar á þessa þætti. Meðan táknmál er talað er and-litið á stöðugri hreyfingu. Munnurinn er á ferð og flugi og líkaminn færist til hægri og vinstri. Allt hefur þetta málfræðilega þýðingu. Hægt er að skipta málfræðilegu hlutverki látbrigða í þrjá flokka; látbrigði sem eru skyldubundinn hluti tákns, látbrigði sem eru notuð til áhersluauka og loks látbrigði sem gegna setningalegu hlutverki (varða setninguna í heild).

Til dæmis um látbrigði af fyrsta flokki má nefna munnhreyfinguna sem fylgir tákninu sem merkir langur eða hávaxinn. Þetta tákn telst ekki rétt myndað ef munnhreyfingin sl fylgir ekki með. Sama gildir um munnhreyfinguna í tákninu sem merkir afbrýðissamur.

Stundum eru látbrigði notuð til að auka við merkingu, til að mynda til að herða á merkingu lýsingarorða. Þannig er munur á svipbrigðunum eftir því hvort merkingin er feitur eða mjög feitur. Munurinn á þessu tvennu felst sem sé aðeins í svipbrigðunum. Svipurinn felur þá í sér viðbótarmerkingu og er notaður eins og atviksorð.

Loks geta látbrigðin gegnt setningalegu hlutverki, varðað stöðu og merkingu setningarinnar í heild. Munurinn á spurningu og fullyrðingu liggur þá jafnvel í svipbrigðunum einum saman. Þessi svipbrigði eiga ekki við eitt tiltekið tákn heldur setninguna alla.

Algengur misskilningur er að táknmál sé alþjóðlegt. Eins og margir segja þá væri það „miklu sniðugra“. En staðreyndin er sú að þar sem táknmál eru sjálfsprottin og náttúrleg er ekki hægt að stýra þróun þeirra og venslum frekar en annarra mála. Þrátt fyrir þetta er staðreyndin þó sú að heyrnarlausir eiga léttara með samskipti við heyrnarlausa útlendinga en gerist og gengur um heyrandi fólk. Þegar samtal af þessu tagi hefst og meðan á samtalinu stendur fer oft nokkur tími í að koma sér saman um tákn fyrir hitt og þetta. Þegar slíkt samkomulag liggur fyrir getur samtalið haldið áfram.

Frá miðri síðustu öld hefur þróast nokkuð sem kallað er alþjóðlegt táknmál (International Sign Language, ISL). Um er að ræða blöndu margra táknmála sem notuð eru til að eiga samskipti á alþjóðlegum fundum heyrnarlausra. Þetta tilbúna mál hefur orðið til smátt og smátt á fundum Alheimssamtaka heyrnarlausra og á heimsleikum heyrnarlausra sem haldnir eru á fjögurra ára fresti. Oftast ræður tilviljun því hvaða tákn eru valin en þó má segja að frekar séu valin tákn sem hafa einhverja myndræna skírskotun, eru raunlíkingar (iconic). Þetta mál er hvorki staðlað né stöðugt heldur breytist í sífellu og lýtur í raun lögmálum aðstæðnanna hverju sinni.

Svo virðist sem nokkur munur sé á ISL og því sem kallað er European Sign Language (ESL, Evróputáknmál). Þegar hið fyrrnefnda er talað ber töluvert á enskum munnhreyfingum. Hins vegar eru munnhreyfingarnar í ESL að mestu leyti ættaðar frá táknmálunum sem í hlut eiga og látbragð og svipbrigði skipa háan sess í samtalinu.

500. Frumvarp til laga [375. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir.

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Í fangelsum þar sem vistaðir eru heyrnarlausir, heyrnarskertir eða daufblindir fangar skal séð til þess að táknmálstúlkur sá ávallt tiltækur. Þá skulu þeir njóta sömu réttinda og þjónustu og almennt gildir um þá sem tala íslenskt táknmál, m.a. með tilliti til menntunar, fræðslu- og afþreyingarefnis, vinnu o.fl.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Forstöðumaður skal sjá til þess að nægilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs hafi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo. Sama gildir um heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda fanga.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangi á rétt á að fá táknmálstúlk sér til aðstoðar þegar hann fær heimsóknir.

5. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Fangelsi skal útvega heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum föngum sérstakan útbúnað til að annast samskipti samkvæmt þessari grein.

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   1. Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf. Kostnaður af störfum hans greiðist úr ríkissjóði.

b. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.

c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

7. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þingmálið er íslenska eða íslenska táknmálið. Dómari skal kalla til táknmálstúlk þegar þess er þörf og greiðist kostnaður af störfum hans úr ríkissjóði. Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal dómari kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar.

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef gerðarþoli, gerðarbeiðandi, fyrirsvarsmaður aðila eða málsvari talar íslenska táknmálið skal sýslumaður kveðja táknmálstúlk sér til aðstoðar.

Breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

9. gr.

Á eftir 1. mgr. 44. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þjóðkirkjan skal veita sóknarmönnum sem tala íslenska táknmálið sömu þjónustu og þeim sem tala íslensku.

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

10. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórnvald skal kalla til táknmálstúlk sér til aðstoðar ef sá sem til þess leitar talar íslenska táknmálið og skal táknmálstúlkur jafnframt vera til staðar eftir því sem þörf krefur uns mál er til lykta leitt.

11. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef einhver nefndarmanna talar íslenska táknmálið skal stjórnvald sjá til þess að útvega nefndinni táknmálstúlk til aðstoðar.

II. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

12. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

1.4. Notandi heilbrigðisþjónustu sem talar íslenska táknmálið á rétt á þjónustu táknmálstalandi heilbrigðisstarfsmanns eða aðstoð táknmálstúlks.

III. KAFLI

Menntamálaráðuneyti.

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Útvarpsstöðvar skulu virða jafna stöðu íslenskunnar og íslenska táknmálsins og gæta þess að mismuna ekki borgurum eftir því hvort málið þeir tala.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Efni sem sent er út með íslensku tali skal ávallt fylgja íslenskur texti eða túlkun á íslenskt táknmál.

Breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

15. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Barn sem notar íslenska táknmálið skal njóta handleiðslu leikskólakennara sem hefur fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu og menningarfræði heyrnarlausra.

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

16. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Grunnskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

17. gr.

A-liður 2. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: íslenska, íslenska fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálið.

Breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

18. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Framhaldsskólinn skal veita nemendum sem nota íslensku og íslenska táknmálið sömu þjónustu og ber að tryggja að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

19. gr.

Á eftir 2. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í aðalnámskrá skal kveðið á um kennslu í íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenska táknmálinu.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um íslenska táknmálið og réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum sínum við ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra. Ljóst er að ef frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málefnasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er fyrst og fremst tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

501. Nefndarálit [249. mál]

um till. til þál. um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Hinir miklu og sögulegu atburðir í stjórnmálum Evrópu á níunda áratugnum sem náðu hámarki í kringum 1990 vöktu vonir um að kalda stríðinu væri ekki einungis lokið heldur hefðu þá einnig skapast forsendur til að hverfa frá skiptingu álfunnar og sameina Evrópu í eina heild í öryggis- og stjórnmálalegu tilliti. Miklar væntingar tengdust þessum breytingum, ekki bara í Evrópu heldur um heim allan. Vonir manna um varanlegan frið flugu hátt og að vígbúnaðarkapphlaup og ógnarjafnvægi undangenginna áratuga heyrði sögunni til. Í kjölfar þess að Varsjárbandalagið liðaðist sundur og var lagt niður töluðu margir fyrir því að unnið yrði að því sama hvað varðaði hernaðarbandalagið NATO sem ávallt hefur grundvallað vígbúnaðarstefnu sína á beitingu kjarnorkuvopna. Í stað hinna gömlu hernaðarbandalaga og þeirrar hugsunar sem þau voru sprottin úr yrði leitast við að þróa nýtt öryggiskerfi í Evrópu sem tæki til allrar álfunnar. Um leið yrði unnið að því að styrkja lýðræðisþróunina í Evrópu allri, ekki síst í ríkjum syðst og austast í álfunni þar sem þörfin fyrir samstilltar aðgerðir til að tryggja frið og stöðugleika var augljóslega mest, eins og því miður hefur rækilega komið á daginn.

Mikið hefur verið fjallað um breytt inntak öryggis- og friðarmálanna. Hugtakið öryggi hefur fengið víðari merkingu en áður var og vísar nú ekki eingöngu til stjórnmálaástands og hernaðarlegs styrks heldur einnig og ekki síður til öryggis og stöðugleika hvað varðar umhverfismál, félagsmál, efnahagslega þætti og fleira.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að vænlegasta leiðin í öryggismálum Evrópu hefði verið og sé sú að efla stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu (ÖSE) sem sameiginlega friðar- og öryggisgæslustofnun allrar Evrópu. Þar geta allar þjóðir setið við sama borð og tekið þátt í að móta nýja stefnu í öryggis- og friðarmálum álfunnar, stefnu sem byggist á nýrri hugsun, alþjóðasamvinnu, afvopnun og viðleitni til friðsamlegra lausna deilumála. Þessu tengist einnig viðleitni sem víða hefur gætt, t.d. á norrænum vettvangi, til þess að beina kröftunum í ríkari mæli að fyrirbyggjandi, borgaralegum aðgerðum, í því skyni að tryggja frið og stöðugleika, þ.e. að reynt verði að grípa inn í fyrir fram með aðgerðum á svæðum þar sem ástæða er til að hafa áhyggjur af þróun mála og að aðgerðir eins og aukin framlög til þróunarsamvinnu og uppbyggingar atvinnulífs, stuðningur við lýðræði og uppbyggingu stoðkerfa samfélagsins, aðstoð við að byggja upp eftirlitsstofnanir og réttarkerfi séu vænlegri til að tryggja frið og stöðugleika heldur en að beita herstyrk til að slökkva ófriðarbál sem þegar hefur kviknað. Því miður eru áformin um stækkun NATO í raun andstæð þessari hugsun, byggjast á því að færa út landamæri gamaldags hernaðarbandalags og á vígbúnaðarhugsun.

Einn meginágalli stækkunar NATO er þær kröfur sem gerðar eru af hálfu yfirstjórnar hernaðarbandalagsins um að ný aðildarríki verji miklum fjárhæðum til fjárfestinga í margs konar búnaði og til að endurnýja herafla sinn.

Ástæða er til að athuga reynsluna af fyrri áfanga stækkunar Atlantshafsbandlagsins þegar Pólland, Tékkland og Ungverjaland fengu aðild. Kostnaðarsamar aðgerðir til að uppfylla kröfur um endurnýjun heraflans hafa staðið mjög í þessum þjóðum. Miklar deilur stóðu lengi um endurnýjun flughers Póllands og þau gríðarlegu útgjöld sem henni fylgdu. Í Tékklandi

var nýlega ákveðið að fresta útgjöldum til uppbyggingar hersins í kjölfar flóða sem ollu Tékkum miklum búsifjum. Þetta og fleira má nefna til marks um hversu fráleitt það er að stóraukin útgjöld til vígbúnaðarmála séu það sem ríki Austur-Evrópu þurfi mest á að halda. Þvert á móti sárvantar þessar þjóðir fé til uppbyggingar og til að styrkja innviði samfélagsins, þar á meðal og ekki síst að taka á í umverfismálum sem víða eru í miklum ólestri á þessu svæði.

Áhugi þjóða í Austur-Evrópu á að tengjast vestrænum stofnunum hvort heldur sem er Evrópusambandinu eða Atlantshafsbandalaginu er skiljanlegur í ljósu hinnar dökku sögu þeirra. Að sjálfsögðu ber að hafa í huga það sjónarmið að virða beri sjálfsákvörðunarrétt þessara þjóða. Þeir kostir sem nýjum aðildarríkjum bjóðast eru hins vegar afgerandi sem og það hvort sú heildarskipan mála sem kemst á þjónar til lengri tíma litið markmiðum um frið, öryggi og stöðugleika allra þjóða, ekki bara sumra eða fáeinna útvalinna.

Fyrir liggur að hernaðarbandalagið NATO byggir tilvist sína og aðferðafræði á því að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Þetta er gert þrátt fyrir að Alþjóðadómstóllinn í Haag hafi fyrir mörgum árum dæmt kjarnorkuvopn sem slík og hótun um beitingu þeirra ólögmæta, brot á alþjóðalögum. Það er einnig ljóst að skipulag og starfshættir NATO byggjast að verulegu leyti enn á þeim viðhorfum sem voru ríkjandi á tímum kalda stríðsins, þ.e. á ógnarmætti fælingar, vígbúnaðarhugsun og nauðsyn hernaðarlegra yfirburða. Enn fremur verður að horfa til nýrrar stefnu sem NATO hefur mótað um að taka til hendi utan yfirráðasvæðis sjálfra aðildarríkjanna.

Minni hlutinn getur því ekki fallist á að það sé jákvætt skref í þróun öryggismála í heiminum að framlengja lífdaga hernaðarbandalagsins NATO. Þvert á móti beri að vinna að því að leggja hernaðarbandalög niður og gæta friðar, stöðugleika og öryggis í heiminum með lýðræðislega uppbyggðum svæðis- og alheimsstofnunum, eins og stofnuninni um öryggi og samvinnu í Evrópu (ÖSE) og endurskipulögðu öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Stækkun NATO sem slík er ekki jákvætt innlegg í þá þróun sem vænlegast væri að vinna að á sviði öryggisgæslumála í Evrópu sem og í heiminum öllum. Með vísan til þessarar afstöðu munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. nóv. 2003.

Steingrímur J. Sigfússon.

502. Beiðni um skýrslu [376. mál]

frá dómsmálaráðherra um afdrif hælisleitenda.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Merði Árnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Björgvin G. Sigurðssyni og Valdimar L. Friðrikssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um afdrif útlendinga sem sótt hafa um hæli á Íslandi síðastliðin átta ár.

Í skýrslunni verði skýrt hver meðferð þessara mála er, m.a. hvaða reglur og starfshættir gilda, hvaða stjórnvöld, stofnanir og samtök sinna þessum málum, hvort sérstakir samningar

eru í gildi á milli þessara aðila, hvert umfang starfa þeirra er og hver kostnaður hefur verið af störfum þeirra hvert ár.

Í skýrslunni verði gerð grein fyrir fjölda hælisleitenda hvert ár, þjóðerni, aldri, kyni, hjúskaparstöðu og menntun. Gerð verði grein fyrir tilfærðum ástæðum hælisleitenda, hvort við beiðnum hafi verið orðið eða ekki og rökstuðningi að baki ákvarðana. Einnig komi fram hvernig og á hvaða tungumáli ákvarðanir og rökstuðningur þeirra hafa verið birt hælisleitendum.

Leitað verði upplýsinga um hvar hver hælisleitandi er niður kominn og hverjir hagir hans eru nú. Hvort viðkomandi hafi atvinnu, haldi sjálfur heimili eða dvelji e.t.v. í flóttamannabúðum eða fangelsi eða sé með einhverjum hætti í umsjá hins opinbera og þá hverjar ástæður þess séu.

Greinargerð.

Oft hafa orðið miklar umræður hér á landi um óskir útlendinga um hæli. Hælisleitendur hafa byggt umsóknir á ýmsum rökum, m.a. þeim að þeir verði fyrir ofsóknum í heimalandi og telji jafnvel líf sitt í hættu. Íslensk stjórnvöld hafa oftast hafnað slíkum rökum útlendinga og það heyrir því til undantekninga að þau hafi orðið við beiðnum um hæli.

Að neita fólki, sem telur sig sæta ofsóknum, um hæli er auðvitað afar alvarlegt mál. Það er augljóslega skylda stjórnvalda að grafast vel fyrir um hagi þeirra sem leita hér hælis. Stjórnvöld hafa því góðar upplýsingar um þá sem hér hafa leitað hælis á undanförnum árum.

Margir hafa orðið til að gagnrýna stjórnvöld fyrir hörku gagnvart hælisleitendum og er full ástæða til að sannreyna hvort mat stjórnvalda á aðstæðum í hverju máli hafi reynst rétt. Það ætti líka að vera hluti meðferðar hvers máls fyrir sig að meta það að hæfilegum tíma liðnum hvort niðurstaðan hafi reynst byggð á réttu mati. Sú skýrsla sem hér er óskað að gerð verði gæti eytt tortryggni í garð stjórnvalda og einnig verið gagnleg fyrir þau til að meta hvort niðurstaða einstakra mála hafi verið rétt og byggð á nægilega góðum upplýsingum.

503. Fyrirspurn [377. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskan hugbúnað.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvenær varð íslensk útgáfa af stýrikerfinu Windows 98, sem ríkisstjórnin samdi um við Microsoft í janúar 1999, aðgengileg almenningi og hvernig hefur notkun hennar þróast hvað varðar notendafjölda?
2. Hvenær varð íslensk útgáfa af stýrikerfinu aðgengileg í skólum á vegum hins opinbera og hvernig hefur notkun hennar þróast þar hvað varðar notendafjölda?
3. Hvað hefur verið gert til að draga úr ólöglegri notkun hugbúnaðar og auka verndun höfundaréttar eins og samningurinn kveður á um og hvaða árangur má sjá af þeim ráðstöfunum?

4. Hver er kostnaður ríkisins af samningnum, sundurliðað eftir árum, annars vegar vegna þýðingar og staðfærslu stýrikerfisins og hins vegar vegna ráðstafana sem gerðar hafa verið til að draga úr ólöglegri notkun hugbúnaðar?

Skriflegt svar óskast.

504. Fyrirspurn [378. mál]

til viðskiptaráðherra um kaupréttarsamninga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ásgeiri Friðgeirssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingu til að koma í veg fyrir að gerðir séu kaupréttarsamningar til nokkurra ára við stjórnarformann eða aðra stjórnarmenn fyrirtækja sem kosnir eru á hluthafafundi til eins árs í senn? Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemd við þetta fyrirkomulag?
2. Hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemd við að kaupréttarsamningar stjórnenda séu fjármagnaðir með lánsfé frá viðkomandi fjármálafyrirtæki án tryggingar í öðru en bréfunum?

505. Fyrirspurn [379. mál]

til umhverfisráðherra um 9. þing aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig verður háttað þátttöku Íslands í 9. þingi aðildarríkja loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sem haldið verður í Mílanó í desember?
2. Hvernig verður sendinefnd Íslands skipuð og hverjar verða megináherslur íslensku fulltrúanna á fundinum?
3. Mun Ísland taka þátt í að beita Rússa þrýstingi um að þeir fullgildi Kyoto-bókunina?

506. Fyrirspurn [380. mál]

til umhverfisráðherra um meginákerslur íslenskra stjórnvalda í Barentsráðinu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hverjar verða meginákerslur íslenskra stjórnvalda í norrænu samstarfi á umhverfissviði þegar Ísland tekur við formennsku í Barentsráðinu 2004?

507. Fyrirspurn [381. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega úr húsafriðunarsjóði frá árinu 1999 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?
2. Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?
3. Hvernig er styrkjunum úthlutað?
4. Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?
5. Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

508. Fyrirspurn [382. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun úr safnasjóði.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega úr safnasjóði frá árinu 2001 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?
2. Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?
3. Hvernig er styrkjunum úthlutað?
4. Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?
5. Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.

509. Fyrirspurn [383. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki til atvinnumála kvenna.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver eru markmið styrkja til atvinnumála kvenna sem ráðherra veitir árlega?
2. Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega frá árinu 1999, hver er fjárhæð þeirra og hvernig hafa þeir dreifst eftir landshlutum?
3. Hvernig er styrkjunum úthlutað, hver metur umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar?
4. Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrundið í framkvæmd?
5. Hafa orðið breytingar á umsóknunum og ef svo er, hverjar eru þær og telur ráðherra þörf á að breyta einnig fyrirkomulagi við mat og tillögugerð?

Skriflegt svar óskast.

510. Fyrirspurn [384. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám.

Frá Sigurrós Þorgrímsdóttur.

1. Hvaða framhaldsskólar og háskólar bjóða upp á fjarnám?
2. Í hvaða greinum er hægt að stunda fjarnám í
   a. framhaldsskólum,
   b. háskólum?
3. Hvað eru margir nemendur skráðir í fjarnám í
   a. framhaldsskólum,
   b. háskólum?
4. Hvað hafa margir nemendur lokið burtfararprófi í fjarnámi frá upphafi og frá hvaða skólum og deildum?
5. Hvernig skiptast fjarnemar eftir landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

511. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	1.712,0	74,0	1.786,0
Greitt úr ríkissjóði	*1.969,0*	*74,0*	*2.043,0*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-401 Hjúkrunarheimili, almennt			
a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	-310,0	-310,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-310,0*	*-310,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-405 Hrafnista, Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	21,0	21,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*21,0*	*21,0*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	8,0	8,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,0*	*8,0*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-443 Holtsbúð, Garðabæ			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	47,0	47,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*47,0*	*47,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-499 Hjúkrunarheimili			
a. 6.21 Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ	0,0	160,0	160,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*160,0*	*160,0*

Greinargerð.

Lagt er til að 310 m.kr. fjárheimild til hjúkrunarheimilis að Vífilstöðum, sem veitt er í fjárlögum fyrir árið 2003, verði annars vegar varið til þjónustu annarra hjúkrunarheimila þar sem opnun heimilisins hefur tafist, og hins vegar til að fjármagna aukinn stofnkostnað við breytingu á húsnæðinu. Upphaflega var gert ráð fyrir 69 hjúkrunarrýmum í nýju hjúkrunarheimili að Vífilsstöðum en hagkvæmara þykir að 19 hjúkrunarrými verði flutt til annarra hjúkrunarheimila. Fjárveiting til þessara 19 rýma nemur 76 m.kr. Þar af er lagt til að 47 m.kr. fjárheimild fyrir 12 hjúkrunarrými verði millifærð á liðinn 08-443 Holtsbúð, Garðabæ, 21 m.kr. fyrir fimm rými á 08-405 Hrafnista, Reykjavík og 8 m.kr. fyrir tvö rými á 08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbæ. Auk þess er lagt til að af þessari fjárheimild, sem ætluð var til reksturs hjúkrunarheimilis að Vífilsstöðum, verði millifærðar 74 m.kr. til reksturs 22 rúma

biðdeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús sem er tímabundið úrræði. Loks er lagt til að millifærðar verði 160 m.kr. af rekstrarfjárveitingunni á lið 08-499 fyrir stofnkostnað vegna endurbóta á húsnæði Vífilsstaða þar sem framkvæmdakostnaðurinn er nú áætlaður 290 m.kr. en var upphaflega áætlaður 130 m.kr.

512. Framhaldsnefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Við 3. umræðu um fjáraukalög ársins 2003 leggur meiri hluti nefndarinnar til viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 447,9 millj. kr. Samtals nema því viðbótarútgjöld samkvæmt þessu fjáraukalagafrumvarpi 12,6 milljörðum kr. Viðbótarútgjöld samkvæmt fyrri fjáraukalögum, sem samþykkt voru í vor, námu 4,7 milljörðum kr. Samtals nema því viðbótarútgjöld ársins 17,3 milljörðum kr. sem er um 7% aukning frá fjárlögum. Heildarútgjöld ríkisins á árinu 2003 eru nú talin verða 277,4 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ársins verði 280,6 milljarðar kr. og því verði tekjuafgangur um 3,2 milljarðar kr.

Samanburður.

Fjárlög ársins 2003 gerðu ráð fyrir að tekjuafgangur yrði 11,5 milljarðar kr. og því stefnir í að hann verði 8,3 milljörðum kr. lægri en að var stefnt. Gjöld verða 17,3 milljarðar kr. umfram áætlun fjárlaga en á móti vegur að tekjur verða 9 milljörðum kr. hærri en áætlað var. Ljóst er að þegar ríkisreikningur fyrir árið 2003 verður lagður fram verður þessi tekjuafgangur horfinn. Þá bætast við ýmsir reiknaðir liðir sem ekki er gerð grein fyrir í fjáraukalögum, svo sem lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skatttekna og fjármagnskostnaður. Fyrir liggur að margar stofnanir verða með útgjöld umfram fjárheimildir og nægir að nefna í því sambandi að nú er gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús verði rekinn með 680 millj. kr. halla á þessu ári.

Til samanburðar má benda á að fjárlög og fjáraukalög ársins 2002 gerðu ráð fyrir 16,9 milljarða kr. tekjuafgangi en niðurstaðan samkvæmt ríkisreikningi fyrir sama ár sýnir tekjuhalla að fjárhæð 8,1 milljarður kr. Þarna er um að ræða 25 milljarða kr. mismun. Miðað við reynslu fyrri ára vantar mikið upp á að Alþingi hafi yfirsýn yfir ríkisfjármálin við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga.

Tillögur og fjárreiðulög.

Þegar tillögur meiri hlutans eru skoðaðar kemur margt sérkennilegt í ljós, ekki síst þar sem hér er um að ræða 3. umræðu um fjáraukalög og flest kurl ættu að vera komin til grafar enda aðeins eftir rúmur mánuður af fjárhagsárinu.

Hjá menntamálaráðuneytinu er gerð tillaga um 3 millj. kr. framlag til Byggðasafnsins á Garðskaga og 4,8 millj. kr. framlag til uppbyggingar Tækniminjasafns Austurlands. Hjá sama

ráðuneyti er gerð tillaga um 15 millj. kr. framlag til uppbyggingar fyrir Landsmót UMFÍ 2004 á Sauðárkróki og 15 millj. kr. framlag til uppbyggingar íþróttasvæðis á Torfunesi í Ísafjarðarbæ.

Þá er breytingartillaga um 14 millj. kr. hækkun á safnlið sjávarútvegsráðuneytisins, 05-190 Ýmis verkefni. Skýring á þessari fjárveitingu er engin, hún er aðeins sögð „til ýmissa verkefna". Gera verður þá kröfu að beiðnum um aukafjárveitingar fylgi fullnægjandi skýringar þannig að hægt sé að leggja mat á nauðsyn þeirra.

Þar sem hér er ekki um ríkisstofnanir að ræða er erfitt að sjá hvaða erindi þessar fjárveitingar eiga í fjáraukalög. Varla fellur þetta undir ófyrirséð útgjöld, kjarasamninga eða lagabreytingar.

Það er með ólíkindum að enn á ný þurfi að rifja upp ákvæði fjárreiðulaganna en í 44. gr. laganna segir:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Getur lagatextinn verið skýrari? Það er vandséð en eitthvað veldur því að ár eftir ár horfir ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar fram hjá þessari grein fjárreiðulaganna. Eina rökrétta skýringin, ef hægt er að tengja þessi vinnubrögð við einhver rök, er sú að með þessum hætti er viðhaldið blekkingarleiknum með fjárlögin. Glansmynd fjárlaganna er þannig viðhaldið án tengsla við raunveruleikann.

Staða stofnana.

Rétt er að ítreka þá skoðun 1. minni hluta að til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok yfirstandandi árs. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót.

Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því að tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Vegna þessa óskaði 1. minni hluti eftir því við fulltrúa allra ráðuneyta, þegar þeir komu á fund nefndarinnar, að fá upplýsingar um fjárhagsstöðu allra undirstofnana viðkomandi ráðuneytis. Vitað er að fjármálaráðuneytið ítrekaði með sérstöku bréfi við nokkur ráðuneyti að þau kölluðu eftir skýringum og aðgerðum hjá stofnunum sem farið höfðu meira en 4% fram úr fjárheimildum 31. ágúst sl. 1. minni hluti lagði mikla áherslu á að þessar upplýsingar yrðu kynntar fjárlaganefnd fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Það tókst hins vegar ekki en fjárlaganefndinni hafa nú borist upplýsingar frá þremur ráðuneytum þar sem gerð er grein fyrir áætlaðri stöðu stofnana í árslok. Þessi ráðuneyti eru dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Upplýsingar hafa ekki borist frá forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti,

landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Þessi bið eftir jafnsjálfsögðum upplýsingum kallar á ótal spurningar um hæfi viðkomandi ráðuneyta til lögskipaðs eftirlits með undirstofnunum sínum. Það er íhugunarefni hvort framvegis verði ekki að boða fulltrúa ráðuneytanna til sérstakra funda með fjárlaganefnd um stöðu undirstofnana og áætlaða stöðu þeirra í árslok.

Nefndinni hafa borist upplýsingar um skiptingu ýmissa safnliða frá nokkrum ráðuneytum sem gerir það kleift að átta sig betur á stöðu einstakra stofnana. Þessar upplýsingar auðvelda mjög alla umfjöllun um stóra málaflokka í fjárlögum og fjáraukalögum. 1. minni hluti leggur áherslu á að það verði gert að reglu að upplýsingar um fjárhagsstöðu allra stofnana verði framvegis lagðar fram með frumvarpi til fjárlaga og fjáraukalaga.

Fjármálaráðuneytið hefur lagt fram lista yfir fjárlagaliði sem hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum þrisvar sinnum eða oftar á síðustu fimm árum. Alls er um að ræða 100 fjárlagaliði. Þar af hafa 26 fjárlagaliðir fengið fjárveitingar öll árin fimm og 33 fjárlagaliðir hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum fjórum sinnum af þessum fimm.

Fjármálaráðuneytið bendir á að misjafnt er í gegnum tíðina hvort fjárveitingar hafa verið samþykktar á safnliði eða á hverja stofnun og á það einkum við um sjúkrastofnanir og framhaldsskóla. Ráðuneytið telur að listinn gefi ekki rétta mynd af því hvaða stofnanir hafi farið ítrekað fram úr fjárheimildum vegna hallareksturs.

Listi fjármálaráðuneytisins endurspeglar hins vegar vel þann vanda sem sífelld aukning og útþensla safnliða á undanförnum árum hefur valdið. Sem dæmi má nefna að endanleg skipting fjárheimilda framhaldsskóla fer ekki fram fyrr en í janúar næsta árs á eftir rekstrarári. Þá hefur það gerst í tvígang að einstakir liðir heilla málaflokka eru lagðir niður og í staðinn stofnaður einn „safnliður".

Annars vegar er um að ræða héraðsdómstóla og hins vegar sendiráð. Eðlilegt er að spyrja hver sé forsvarsmaður þessara liða, hver beri ábyrgð ef viðkomandi „safnliður" fer fram úr fjárheimildum. Við þetta skipulag verður ábyrgð einstakra forstöðumanna óljós. Þess vegna ber að hverfa frá þessari þróun.

Lokaorð.

Fyrsti minni hluti ítrekar enn á ný þá skoðun að óþolandi er að ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi fari ekki eftir lögum um fjárreiður ríkisins. Meðan sá háttur er viðhafður mun þeim lausatökum sem einkennt hafa fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar ekki linna. Þegar virðing valdahafanna fyrir fjárreiðulögunum er með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 og breytingartillögum ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar er ekki við því að búast að fjárlög fái þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 28. nóv. 2003.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

513. Framhaldsnefndarálit [87. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til seinni fjáraukalaga fyrir árið 2003 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs næmu 260,1 milljörðum kr. og heildartekjur 271,6 milljörðum kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður um 11,5 milljarðar kr.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 og með þeim breytingum sem gerðar hafa verið við 2. umræðu var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs mundu hækka um 12,1 milljarða kr. Enn fremur liggja nú við 3. umræðu frammi breytingartillögur frá meiri hlutanum um aukin útgjöld sem nema 448 millj. kr. Áður hefur Alþingi samþykkt að auka útgjöld ríkissjóðs um samtals 4,7 milljarða kr. frá því sem ákveðið var í fjárlögum fyrir árið 2003. Alls er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði um 277,4 milljarðar kr. Hér er um að ræða hækkun á útgjöldum ríkissjóðs um 17,3 milljarða kr. eða 6,7% frá samþykktum fjárlögum. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs í nóvember er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 280,6 milljarðar kr. en það er tæpum 9 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2003. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 3,2 milljarðar kr. Af þessum tekjuafgangi er gert ráð fyrir að sala eigna skili um 12,9 milljörðum kr. Lokagreiðslur vegna sölu bankanna hafa þó ekki enn verið inntar af hendi.

Jafnframt er nauðsynlegt að benda á að reynslan hefur kennt okkur að þessar niðurstöðutölur munu breytast. Í því sambandi er nærtakast að nefna gjöld og tekjur ríkissjóðs árið 2002. Í fjárlögum fyrir árið 2002 voru tekjur áætlaðar 257,9 milljarðar kr. og gjöldin 239,4 milljarðar kr. og því var gert ráð fyrir að tekjujöfnuður yrði 18,5 milljarðar kr. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 20022 reyndust tekjur ársins vera 259,2 milljarðar kr. og gjöldin um 267,3 milljarðar kr. Samkvæmt þessu varð ekki rekstrarafgangur upp á 18,5 milljarða kr. heldur halli upp á 8,1 milljarð kr. Tekjur ríkissjóðs höfðu því breyst um tæpa tvo milljarða kr. en gjöldin um 28 milljarða kr.

Í V. kafla laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er fjallað um frumvarp til fjáraukalaga. Í 1. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Þetta eru þau atvik sem lögin veita heimild til að fjárheimilda sé leitað í fjáraukalögum. Við skoðun á þeim breytingartillögum meiri hlutans nú við 3. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 2003 má setja spurningarmerki við hvort einstakar tillögur uppfylli skilyrði fjárreiðulaganna

Rammafjárlög og Alþingi.

Í vefriti fjármálráðuneytisins frá 27. nóv. sl. er fjallað um fjárlagagerðina og reynt að réttlæta þá ákvörðun framkvæmdarvaldsins að leggjast gegn því að fulltrúar stofnana og samtaka sem fá starfsfé sitt að hluta eða öllu leyti frá ríkinu komi á fund fjárlaganefndar og geri grein fyrir starfsemi sinni, fjárhagstöðu og rekstrarþörf:

„Í upphafi síðastliðins áratugar var að erlendri fyrirmynd tekið upp nýtt skipulag við undirbúning og mótun fjárlaga hér á landi sem kallað hefur verið „rammafjárlög“. Hugsunin að baki þeim er að *ríkisstjórnin* (leturbr 2. minni hluta) ákveði heildarútgjöld og skiptingu

þeirra milli ólíkra málaflokka, þ.e. útgjaldarammana, en láti ráðuneytum eftir að útfæra nánar hvernig fénu er varið. Þetta miðar að því að stefnumótun ríkisstjórnar sé ráðandi þáttur í fjárlagagerðinni, að fjárlagagerðinni sé stýrt „ofanfrá“ í stað þess að fjárlögin verði einfaldlega samtala þess kostnaðar sem til fellur í ríkiskerfinu á hverjum tíma, þ.e. verði stýrt „neðanfrá“.“

Athyglisvert er að hér er hvergi minnst á að Alþingi eða nefndir þess eigi að koma að fjárlagagerð heldur ráði rammi ríkisstjórnarinnar. Fjárlaganefnd og Alþingi kemur fjárlagagerðin ekkert við. Vissulega þarf að vera regla á fjárlagagerð eins og annarri lagasetningu og vinnu. En þessi sjálftökuréttur ráðherranna á valdi og hvernig því er beitt á stofnanir og félagasamtök í landinu er alvarleg ógnun við stöðu Alþingis, störf og verkefni þingmanna og þingnefnda og þar með ógnun við lýðræðið. Er það eitt brýnasta verkefni Alþingis og fjárlaganefndar að endurskoða alla vinnu við fjárlagagerðina, marka framkvæmdarvaldinu sinn bás í þeirri vinnu og tryggja eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð við fjárlagagerðina. Valdbeiting framkvæmdarvaldsins gagnvart stofnunum sínum og stríð þess við Alþingi og undirstofnanir þess sem birst hefur í bréfaskriftum ráðuneytanna til stofnana sinna nú í haust gengur einfaldlega ekki. Formaður fjárlaganefndar hefur lýst því yfir að farið verði í grundvallarendurskoðun á vinnu við fjárlagagerðina með það að markmiði að styrkja stöðu Alþingis í þeirri vinnu og styður 2. minni hluti þá ákvörðun eindregið. Þegar fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til fjárlaga á Alþingi og því hefur verið vísað til fjárlaganefndar er öll frekari vinna og afgreiðsla þess á ábyrgð þeirrar nefndar og Alþingis.

Bæta þarf fjárhag sveitarfélaganna.

Því er fagnað að lagt er til að veittar verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 400 millj. kr. til ráðstöfunar til minni sveitarfélaga. Til þess að sveitarfélögin héldu óbreyttum tekjum hefði þessi upphæð þó þurft að vera um 1 milljarður kr. Nærþjónustan, grunnalmannaþjónustan hefur verið færð til sveitarfélaganna og þau verða að fá tekjustofna til að standa undir henni Fjárskortur þeirra og röng tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga er ein alvarlegasta ógnunin við velferðarþjónustuna í landinu. Með stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sveitarfélaganna er verið að þvinga þau til að einkavæða og selja þjónustustofnanir sínar og skera niður almannaþjónustu.

Eitt dæmið er nú hér í fjáraukalagafrumvarpinu þar sem sveitarfélagið Dalabyggð finnur sig knúið til að selja hitaveitu sína. Ríkissjóður veitir svo kaupandanum, ríkisfyrirtækinu RARIK, 145 millj. kr. lántökuheimild til að kaupa hitaveituna. Að mati 2. minni hluta væri miklu réttara að veita Dalabyggð fjárstuðning og hagkvæm lán til að halda hitaveitu sinni. Það eru jú neytendur hitaveitu Dalabyggðar sem munu borga hitaveituna.

Samtök sveitarfélaga mega ekki láta glepjast af þeim blekkingarleik stjórnvalda að etja fyrst sveitarfélögum saman í sameiningarviðræðum og að þeim loknum endurskoða tekjuskiptinguna. Sameining sveitarfélaga á víða rétt á sér, en verður að fara fram á forsendum íbúanna sjálfra. Ríkisvaldið á strax að leiðrétta fjárþörf sveitarfélaganna og fyrir því eiga samtök þeirra að berjast.

Lokaorð.

Fjáraukalagafrumvarpið speglar óvönduð vinnubrögð meiri hlutans við fjárlagagerðina fyrir ári. Margar þeirra nauðsynlegu leiðréttinga sem hér eru gerðar voru fyrirsjánlegar og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu á það við umræðuna þá og lögðu fram breytingartillögur til úrbóta. Þær breytingartillögur felldi meiri hlutinn þá en kemur nú

með þær í fjáraukalagafrumvarpi. Þær snúa m.a. að fjárskorti heilbrigðis- og sjúkrastofnana og framhaldsskólanna. Enn munu framhaldsskólar þó fara með halla til næstu ára.

Háskólarnir fá engar leiðréttingar á fjárskorti sínum. Ef ekki rætist úr verður að taka á málum þeirra fyrir 3. umræðu fjárlaga fyrir 2004.

Fleiri þætti má nefna sem augljós þörf var á að leiðrétta og mikilvægt að það verði gert fyrir 3. umræðu fjárlaga fyrir 2004.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á sl. ári og rangrar forgangsröðunar. Tekjuöflun ríkssjóðs færist í stöðugt auknum mæli í notendagjöld og hlutfallslega aukna skattheimtu almenns launafólks og lágtekjufólks. Í stað þess er skattbyrðinni létt af fjármagnseigendum, fyrirtækjum og hátekjufólki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst fyrir öðrum áherslum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á jöfnun lífskjara og velferð fyrir alla. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér er verið að afgreiða. Annar minni hluti og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu því sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins í heild.

Alþingi, 28. nóv. 2003.

Jón Bjarnason.

514. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JBjarn).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-201 Háskóli Íslands			
a. 1.01 Kennsla	0,0	300	300
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*300*	*300*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-210 Háskólinn á Akureyri			
a. 1.01 Háskólinn á Akureyri	0,0	92,3	92,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*92,3*	*92,3*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-215 Kennaraháskóli Íslands			
a. 1.01 Kennsla	0,0	55,0	55,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*55,0*	*55,0*

515. Fyrirspurn [385. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig er háttað skattlagningu launa erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun, sundurliðað eftir því hvort um starfsmenn samningsverktaka eða undirverktaka er að ræða, hvort viðkomandi starfsmenn eru ráðnir af verktakanum sjálfum eða starfsmannaleigum, svo og eftir því hvort um fastráðningu eða verkefnaráðningu til skamms tíma er að ræða og öðru sem máli skiptir í þessu sambandi?
2. Hverjum ber í mismunandi tilvikum að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af erlendum starfsmönnum við Kárahnjúkavirkjun sem þiggja laun vegna vinnu hér á landi og hvernig er tryggt að greitt sé af raunverulegum heildarlaunum?
3. Hvernig er háttað skattlagningu erlendra verktaka eða lögaðila sem vinna við virkjunina? Í hvaða tilvikum bera þeir fulla eða takmarkaða skattskyldu hér á landi?
4. Hverjar eru skatttekjur ríkis og sveitarfélaga orðnar nú þegar vegna erlendra starfsmanna og erlendra lögaðila, sbr. fyrrgreinda sundurliðun, og hvaða skatttekjur eru áætlaðar af skattskyldum umsvifum erlendra aðila hér á landi á næsta ári?
5. Hver eru helstu álitamál og vandamál sem uppi eru eða upp kunna að koma að mati fjármálaráðuneytisins í sambandi við skattalega meðferð mála í fyrrgreindum tilvikum og tengd umsvifum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar í heild?

Skriflegt svar óskast.

516. Frumvarp til laga [386. mál]

um textun.

Flm.: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Grétar Mar Jónsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.

2. gr.

Gildissvið.

Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,
2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, hvort sem efnið verður sýnt í kvikmyndahúsum eða sett á myndbönd eða stafrænt form,
3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, óháð lengd og útgáfuformi kvikmyndar.
4. Öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.

3. gr.

Textun efnis.

Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.

Ef um beina útsendingu er að ræða, svo sem fréttir, dægurmálaþætti, viðtalsþætti, stjórnmálaumræður, íþróttakappleiki eða mót, skal sá er útsendingu annast leitast við að texta jafnóðum. Ef ekki er unnt að texta útsendingu samtímis skal efnið endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er óskylt að texta efni ef um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar. Sama gildir ef sjónvarpsstöð hefur fengið leyfi til útsendingar á öðru tungumáli en íslensku.

4. gr.

Aðlögunartími.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr. Nýir aðilar sem koma inn á markaðinn á aðlögunartímanum skulu uppfylla sömu skyldur og þeir sem fyrir eru og njóta sömu réttinda til styrkja úr Textunarsjóði.

Aðlögunartími skal vera sem hér segir:

1. eftir 1 ár frá gildistöku laganna skulu 40% af öllu innlendu efni textuð,
2. eftir 2 ár frá gildistöku laganna skulu 60% af öllu innlendu efni textuð,
3. eftir 3 ár fra gildistöku laganna skulu 80% af öllu innlendu efni textuð,
4. eftir 4 ár frá gildistöku laganna skulu 90% af öllu innlendu efni textuð og
5. eftir 5 ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði laganna.

Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Textunarsjóður.

Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.

Textunarsjóður skal almennt ekki veita styrki til textunar á efni en er þó heimilt að veita styrki til að kosta textun á ótextuðu efni sem til hefur orðið fyrir gildistöku laga þessara og getur hámarksstyrkur numið allt að 50% af kostnaði við textun.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Textunarsjóðs til fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ráðherra tilnefnir einn mann sem jafnframt skal vera formaður stjórnar, samtök myndbandaframleiðenda tilnefna einn, samtök kvikmyndaframleiðenda einn, einn stjórnarmaður skal vera fulltrúi hagsmunasamtaka heyrnarlausra og heyrnarskertra og einn skal vera fulltrúi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi.

Stjórnin setur úthlutunarreglur og nánari skilyrði fyrir styrkveitingu.

Stjórnin skal kanna fjárþörf sjóðsins í samræmi við markmið 1. gr. og gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárþörf hvers árs. Tekjur sjóðsins eru föst framlög ríkisins af fjárlögum hvers árs. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli áætlunar sjóðstjórnar og skulu fjárveitingar miðast við að markmið laga þessara nái fram að ganga á aðlögunartíma skv. 4. gr.

Þegar aðlögunartími skv. 4. gr. er liðinn skal Textunarsjóður lagður niður. Ríkið tekur við öllum réttindum og skyldum sjóðsins frá þeim tíma. Jafnframt fellur umboð stjórnarmanna niður.

6. gr.

Viðurlög.

Nú vanrækir aðili skv. 2. gr. skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga þessara og er menntamálaráðherra þá heimilt að leggja á dagsektir uns aðilinn færir starfsemi sína í lögmætt horf.

Dagsektir eru aðfararhæfar og skulu renna til Textunarsjóðs.

7. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Í apríl sl. ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í Ríkissjónvarpinu (RÚV). Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til RÚV til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Nú, fimm mánuðum síðar,

hafa aðeins tveir þættir (hálftími hvor) verið textaðir á viku. Efni líðandi stundar er ekki textað og er það mjög bagalegt. Þá þarf einnig að hafa í huga að hér er um tímabundna fjárveitingu að ræða og ekki er gefið að sams konar fjárveiting fáist á næsta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og er það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annar staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleika. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið leiðandi í textun í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta ára aðlögunartími til að ná markmiðinu, sem á að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru til dæmis allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu (House of Common) textaðar, en nú er verið að vinna að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni og aldursbilið mun breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.

BBC hefur mikla reynslu af því að senda út texta í beinni útsendingu. Það gera þeir með hraðritun með svokölluðu hljóðritunarlyklaborði. Samkvæmt upplýsingum frá yfirmanni textunardeildar BBC í Bretlandi, Martin Davies, er nú unnið að nýrri tækni sem breytir tali í texta og byrjað er að prufukeyra þá tækni í beinum útsendingum af íþróttakappleikjum og þingfundum.

Í Bandaríkjunum hefur allri textun fleygt fram vegna svokallaðra ADA-laga (Americans with Disabilities Act) um aðgengi. Nú má sjá textun á nærri öllum sjónvarpsstöðum þar, bæði stórum og smáum. Bandaríkjamenn nota aðra tækni en Evrópumenn. Á sjónvarpstækjunum sjálfum er takki þannig að áhorfendum er í sjálfvald sett hvort það horfir á mynd með texta eða ekki. Ef sjónvarpsstöð þar í landi býður upp á textun er allt efnið textað, þar á meðal kappleikir í beinni útsendingu og jafnvel auglýsingar. ADA-lögin um aðgengi tóku gildi 1985 og hafa verið endurskoðuð. Þau fjalla um aðgengi hvers konar, allt frá upplýsingum til aðgengis að opinberum stofnunum. Við endurskoðun hafa þau tekið stakkaskiptum og ná núna einnig til einkafyrirtækja. Gefinn hefur verið aðlögunartími til að koma á aðgengi án hnökra, eftir það er beitt sektum. Aðlögunartímabilið rennur út árið 2004.

Textun í Evrópu er orðin það mikil að jafnvel fyrrum austantjaldslönd eru farin að nota textun og finnst það sjálfsagt. Í austurrískri könnun sem Landssamtök heyrnarlausra í Austurríki gerðu í 16 Evrópulöndum og var gefin út 18. maí 2003 kemur eftirfarandi fram um fjölda tíma í textun á mánuði:

Land:	Textun á mánuði (ríkisstöðvar):
Albanía	Enginn, aðeins textun fyrir erlent mál
Austurríki	170 tímar
Belgía	5 tímar
Danmörk	189 tímar
England	80% af öllu efni á BBC, ITV og C4 20% í stafrænum útsendingum (nýtt)
Finnland	15% af öllu innlendu efni
Grikkland	14 tímar
Írland	23 tímar
Ísland	1 tími
Ítalía	80 tímar
Pólland	30 tímar
Spánn	446 tímar
Sviss	240 tímar
Þýskaland	387 tímar

Þegar þessi tafla er skoðuð hlýtur fólk að spyrja hvað sé eiginlega að gerast hér á landi. Í landi þar sem hagvöxtur er það mikill að Ísland er í 3.– 5. sæti yfir ríkustu lönd í heiminum. Hvort virkilega sé enginn áhugi á að koma á fullu aðgengi að upplýsingum í landinu. Hjá þingmönnum er fullur vilji til að koma textun í framkvæmd. Umræður um málið á síðustu þingum sýna það og sanna vel. Það sem stöðvað hefur málið er að einblínt hefur verið á Ríkisútvarpið – sjónvarp sem einu stöðina sem á að texta, hinar stöðvarnar eru ekki skyldugar til að texta. Eins og taflan sýnir er eflaust mjög lítill metnaður hjá RÚV að texta ef aðeins einn tími á viku er textaður. Textun er illframkvæmanleg þrátt fyrir góðan vilja æðsta yfirmanns RÚV, þ.e. menntamálaráðherra, en það vantar sama metnað hjá undirmönnum hans. Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning til að koma textun á innlendu efni í framkvæmd. Með tímanum mun textun festast í sessi og verða sjálfsagður hluti rekstrar stöðvanna sjálfra.

Þetta stóra verkefni verður þó ekki unnið án nokkurs kostnaðar. Því meira sem sjónvarpsstöðvar texta því minni verður kostnaðurinn og reynsla BBC hefur sýnt að eftir að farið var að texta sjónvarpsefni fundu aðrar sjónvarpsstöðvar einnig þörf hjá sér að texta. Textun var því boðin út og samkeppni um verkefnin jókst smám saman þannig að nú er kostnaðurinn minni. Því er ekki hægt að tala um dýra fjárfestingu. Þegar allt kemur til alls verður hagur notenda sennilega einna mestur. Það hefur verið sparað á aðgerðaleysinu einu í textunarmálum undanfarin missiri. Á sama tíma hafa verið veittir alls konar styrkir og fjárframlög til tónlistar en þeir sem ekki heyra hafa lítið sem ekkert fengið til að uppfylla sínar þarfir, þ.e. til textunar eða túlkunar.

Í 1. gr. er markmið laganna skilgreint en það er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og þeim sem heyrandi eru. Markmiðs-

greinina ber að túlka rúmt og almenn regla laganna er sú að allt efni sem framleitt er, sent er út eða dreift skuli veita heyrandi og heyrnarskertum sömu möguleika til að meðtaka og skilja efnið.

Í 2. gr. er gildissvið laganna afmarkað. Samkvæmt henni skulu allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi samkvæmt útvarpslögum til sjónvarpsreksturs, kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahús, framleiðendur auglýsinga-, fræðslu- og kynningarefnis, myndabanda- og myndiskaframleiðendur og aðrir þeir sem dreifa slíku efni sjá til þess að efnið sé textað. Dreifingaraðilum hér á landi ber m.a. að sjá til þess að efni sé textað og tekur það m.a. til alls efnis sem framleitt er erlendis, óháð tungumáli, og sýnt eða dreift á Íslandi. Ekki skiptir máli hvort efni er selt eða leigt. Sú mikilvæga takmörkun er þó á gildissviði laganna að þeim er aðeins ætlað að ná til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa á annan hátt efni í atvinnuskyni.

Í 3. gr. er kveðið nánar á um skyldu til textunar. Minni kröfur eru gerðar til efnis sem sýnt er beint (bein útsending) enda getur það stundum verið örðugt tæknilega. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að texta efni jafnóðum, t.d. með aðstoð textavélar en þessi tækni er í stöðugri þróun. Ef ekki er unnt að texta efnið jafnóðum skal það endursýnt innan 48 klst. með íslenskum texta. Í 3. mgr. 3. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu frá textun ef um er að ræða beint endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem ekkert er unnið með dagskrána að öðru leyti. Ef efnið væri hins vegar tekið upp og sýnt síðar í sjónvarpi, á myndbandi eða sem kvikmynd væri skylt að texta. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Í 4. gr. er kveðið á um sérstakan fimm ára aðlögunartíma frá gildistöku laganna. Í samræmi við markmið laganna er stefnt að því að allt efni verði textað fimm árum eftir frá gildistöku þeirra. Gera verður ráð fyrir því að í upphafi fylgi aukinni textun nokkur kostnaðarauki og er því kveðið á um að ríkið leggi til fjármuni með stofnun Textunarsjóðs sem auðveldi fyrirtækjum að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og þekkingu til að uppfylla markmið laganna. Komi nýir aðilar inn á markaðinn eftir gildistöku laganna skulu þeir uppfylla sömu kröfur og þeir sem fyrir eru þar sem þeir eru þá staddir í aðlögunarferlinu.

Í 5. gr. er kveðið á um stofnun Textunarsjóðs. Mjög mikilvægt er að nægileg fjárveiting fáist til sjóðsins svo markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að um tímabundið fjárframlag sé að ræða og að markaðsaðilar hafi náð að laga sig að breyttu umhverfi að loknum aðlögunartíma.

Í 6. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum en ráðherra er veitt heimild til að beita aðila þvingunarúrræði í formi dagsekta ef ekki er uppfyllt skylda um textunarhlutfall efnis.

Í 7. gr. er tekið fram að lögin skuli aðeins gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna. Eldra efni sem orðið hefur til er því ekki skylt að texta ef það hefur þegar verið framleitt eða því dreift. Eldra ótextað efni væri hins vegar skylt að texta ef senda ætti það út að nýju, hefja dreifingu á ný eða endurgera það. Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður geti styrkt textun á eldra ótextuðu efni svo að hægt sé að gera það aðgengilegt heyrnarskertum og heyrnarlausum.

517. Tillaga til þingsályktunar [387. mál]

um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu.

Flm.: Mörður Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að setja á fót nefnd sem athugi réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Í áliti nefndarinnar komi fram staða íslenskrar tungu í löggjöfinni og tillögur til úrbóta ef þörf er talin á. Nefndin geri grein fyrir réttarstöðu þjóðtungna og annarra mála í grannlöndum og taki til sérstakrar athugunar stöðu íslensks táknmáls og tungumála nýbúa hérlendis. Þá íhugi hún hvort ástæða sé til að gefa grannmálum, einkum dönsku, færeysku, norsku og sænsku, eða tilteknum útbreiddum málum, til dæmis ensku, frönsku eða þýsku, sérstaka stöðu í löggjöfinni.

Í nefndinni sitji meðal annars fulltrúar frá lagadeild og heimspekideild Háskóla Íslands, fulltrúi frá Íslenskri málnefnd og fulltrúar stjórnmálaflokkanna. Nefndin ljúki störfum nógu fljótt til að ráðrúm gefist til hugsanlegra lagabreytinga, þar á meðal stjórnarskrárbreytinga, á kjörtímabilinu.

Greinargerð.

„... og svo sem vor efni í flestum sökum dependera af þeim dönsku, því má þá ekki einninn vort tungumál vera sömu forlögum undirorpið?“

Sveinn Sölvason lögmaður (formáli Tyro Juris, 1754).

Hér er lagt til að sett verði á fót nefnd glöggra manna sem athugi stöðu íslenskrar tungu í löggjöfinni og setji fram tillögur til úrbóta ef þurfa þykir. Meðal þess sem sjálfsagt er að nefndin athugi er hvort þörf sé á að setja í stjórnarskrá eða almenn lög að íslenska er þjóðtunga Íslendinga, og gera grein fyrir skynsamlegu inntaki slíkra laga miðað við aðstæður okkar nú. Miðað er við að þessum störfum ljúki í tíma til þess að ráðrúm gefist til að breyta lögum á þessu kjörtímabili, m.a. vegna þess að stjórnarskrárbreytingu þarf Alþingi að samþykkja tvisvar, fyrir og eftir þingkosningar.

Hingað til hefur óljós staða íslensku í stjórnarskrá og almennum lögum ekki komið að sök svo heitið geti. Aðstæður breytast þó hratt. Alþjóðlegt samstarf eflist óðfluga og íslensk löggjöf tengist sífellt sterkari böndum ýmsum alþjóðasamningum og alþjóðastofnunum. Þetta kallar á skýrari ákvæði um stöðu íslensku sem þjóðtungu, en jafnframt kann að vera þörf á að skilgreina stöðu annarra tungumála í íslensku samfélagi, löggjöf og stjórnsýslu, Norðurlandamála t.d. og ensku, en e.t.v. einnig annarra „alþjóðamála“.

Síðustu ár og áratugi hafa sífellt fleiri flust frá útlöndum til Íslands og annars vegar gerst íslenskir ríkisborgarar (nýbúar, innflytjendur) og hins vegar sest hér að til langdvalar og starfa en kjósa að halda ríkisborgararétti sínum í föðurlandinu. Við þetta getur fjölgað stórlega íbúum á Íslandi sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Þetta hefur áhrif á stöðu íslenskunnar og kann að auka þörf á skýrum reglum um notkun íslensku í stjórnsýslunni. Þetta vekur einnig spurningar um það hvort skynsamlegt sé að móðurmál nýbúa og útlendinga á Íslandi hafi viðurkennda stöðu í löggjöf, t.d. hvað varðar samskipti við stjórnsýsluna og aðstoð við skólaskyld börn. Óskir heyrnarlausra um að móðurmál þeirra sé viðurkennt hafa líka vakið spurningar um formlega stöðu íslensku í löggjöf og stjórnkerfi.

Að þessu samanlögðu telja flutningsmenn brýnt að ýta úr vör framangreindu verkefni.

Athygli skal vakin á hugleiðingum forstöðumanns Íslenskrar málstöðvar, Ara Páls Kristinssonar, um þessi efni, en grein hans „Ríkismál Íslands“ úr Morgunblaðinu 14. nóvember 2002 er prentuð sem fylgiskjal I með tillögunni. Efnismikil greinargerð er einnig til á norsku eftir Ara Pál um stöðu íslensku á Íslandi eftir notkunarsviðum og skal einkum bent á kafla um stjórnsýsluna, 3.5, og á lista laga sem varða tungumálið, 3.7 („Utredning om de nordiske språkenes domener og det siste tiårs språkpolitiske initiativ – Island“ – íslenskur hluti athugunar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar frá 2001, sjá [www.ismal.hi.is/utgafa.html]).

Þá ber að geta fróðlegrar greinar Þórs Vilhjálmssonar dómara í *Lindælu* (Reykjavík 2001, 645–663), „Réttarreglur um íslenska tungu“ en sú grein hefur mjög nýst við undirbúning þessarar þingsályktunartillögu.

Áhugaverður er einnig í þessu tilliti fyrirlestur sem Birgitta Lindgren frá sænsku málnefndinni flutti á ráðstefnu Íslenskrar málnefndar um málstefnu og málstöðlun 4. október í haust og heitir „Språkplanering i ett flerspråkigt samhälle“. Þar er fjallað um stöðu sænskrar tungu og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða eru í undirbúningi til að skýra stöðu sænsku sem opinbers máls í Svíþjóð og til að skapa mælendum minnihlutatungna í Svíþjóð skýra réttarstöðu, bæði hinna hefðbundnu (finnsku, jiddísku, rómaní og sænsks táknmáls) og tungumála sænskra nýbúa. Fyrirlestur Birgittu er væntanlegur í íslenskri þýðingu í 3. bindi smárita Íslenskrar málnefndar (ritstj.nblað Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson).

Íslenska í íslenskum lögum.

Þingsályktunartillagan og þessi greinargerð eru á íslensku þótt ekkert segi í stjórnarskrá eða þingsköpum um að svo skuli vera. Flestir telja íslensku opinbert tungumál í Lýðveldinu Íslandi en þetta er ekki staðfest í stjórnarskrá eða með óyggjandi hætti í almennum lögum.

Þá hefð að tungumál Alþingis og stjórnsýslunnar sé íslenska telja lögfræðingar hins vegar svo sterka að nálgist stjórnskipunarvenju, enda hefur þetta tíðkast frá endurreisn Alþingis, og var þó ekki átakalaust þá. Lög hafa verið á íslensku frá 1859 og fyrir þann tíma lengi birt á íslensku samhliða dönskum frumtexta. Víðast í löggjöf má heita að gert sé ráð fyrir íslensku sem opinberu máli og almennu samskiptamáli en óvíða tekið fram beinlínis. Þó kemur fyrir að þetta er tekið fram, þar á meðal og einkum í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þar sem segir í 10. gr.: „Þingmálið er íslenska.“ Þetta er ekki gert í samsvarandi lögum um meðferð opinberra mála frá sama ári, nr. 19/1991, en í einstökum greinum þess kemur þó fram að íslenska er töluð í réttinum, t.d. í 13. gr. þar sem fjallað er um mann sem „er ekki nægilega fær í íslensku“ og í 69. gr. um mann sem „skilur ... ekki íslensku“. Þá eru í ýmsum lögum (um útvarp, leiklist, grunnskóla o.fl.) ákvæði um að vernda og efla íslenska tungu, og í öðrum lögum eru ákvæði um notkun íslensku (samkeppnislögum, lögum um einkaleyfi, vörumerki, verslanaskrár, mannanöfn, örnefnanefnd o.fl.). Sérstök lög eru um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, sem skal „vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti“ og vera „stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál“. Hins vegar virðist menntamálaráðherra skorta glögga lagaheimild fyrir útgáfu auglýsinga um stafsetningu og greinarmerki þótt 75 ár séu liðin frá fyrstu auglýsingunni árið 1918.

Þess má geta að orðið *þjóðtunga* kemur aðeins einu sinni fyrir í íslenskum lögum, um Íslenska málnefnd, og þá í fleirtölu.

Það er ályktun flutningsmanna að ástæða sé til að athuga hvort rétt sé að tryggja stöðu íslensku sem þjóðtungu, opinbers máls eða ríkismáls á Íslandi með nýju stjórnarskrárákvæði eða sérstökum lögum, og samræma ákvæði um stöðu hennar í stjórnkerfinu.

Aðrar tungur en íslenska í löggjöfinni.

Dæmi eru þess að til texta á öðrum tungum en íslensku sé vísað í lögum og reglugerðum. Þar er annars vegar um að ræða ensku eina saman, hins vegar Norðurlandamál og ensku.

Þetta á við um flugmálahandbók samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 60/1998, en þar skulu birtar ákvarðanir Flugmálastjórnar „á íslensku eða ensku eftir því sem við á“ og er heimilt að birta tæknilega staðla „á ensku eingöngu“.

Í lyfjalögum, nr. 93/1994, segir í 6. gr. að Ísland sé aðili að evrópsku lyfjaskránni: „Ensk útgáfa lyfjaskrárinnar gildir hér á landi.“

Í vörumerkjalögum, nr. 45/1997, er ákvæði um að íslensk yfirvöld taki á móti umsóknum um alþjóðlega skráningu vörumerkja hjá milliríkjastofnun, en þar kemur einnig fram í 49. gr. að slíka umsókn þyði ekki að senda nema á ensku.

Í samkeppnislögum, nr. 8/1993, segir í 23. gr. eftir breytingar frá árinu 2000 að leiðbeiningar með vöru og þjónustu skuli vera „á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku“. Skýrt er þó tekið fram að skilmálar þjónustuaðila skuli vera á íslensku.

Í lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, er gefinn kostur á að setja reglur um þýðingu umsóknargagna í reglugerð. Samkvæmt reglugerðarbreytingu frá árinu 1995 er meginreglan sú að gögnin skuli vera „á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku“.

Vera kann að þessi dæmi séu fleiri. Því skal bætt við að í nýju frumvarpi um verndun hafs og stranda (þskj. 164) er í s-lið 6. gr. lagt til að í reglugerð verði heimilt að „vísa til enskrar útgáfu efnalista og staðla“ frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Fyrirspurn hefur leitt í ljós að jafngildir frumtextar frá þessari alþjóðastofnun eru á ensku, frönsku, spænsku og rússnesku. Kann þessi grein að breytast með tilliti til þessa í meðförum umhverfisnefndar og þingsins.

Telja má nokkuð viðurkennt á Íslandi að í ákveðnum undantekningartilvikum sé ekki ástæða til að þýða texta sem vísað er til í lögum eða reglugerðum um afar sérhæfð efni. Engin ákvæði eru þó um rétt almennings til að fá slíkan texta þýddan eða skýrðan á íslensku ef á þarf að halda. Þá má sjá af upptalningu hér að framan að misræmi er um stöðu einstakra tungumála í slíkum textum.

Staða íslensks táknmáls og tungumála nýbúa.

Nú hillir undir að heyrnarlausir Íslendingar nái árangri í réttindabaráttu sinni fyrir því að móðurmál þeirra öðlist viðurkenningu. Því má halda fram að það torveldi starf að réttlátri lagastöðu íslenska táknmálsins hvað lagaákvæði um íslensku eru óskýr (sbr. t.d. bréf Hafdísar Gísladóttur í fylgiskjali II). Því er lagt til að nefndin athugi sérstaklega stöðu íslenska táknmálsins með fram könnun sinni um lagaumgjörð íslenskunnar.

Á Íslandi búa nú um 10 þúsund erlendir ríkisborgarar eða 3,5% allra þeirra sem hafa lögheimili á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofunnar frá desember 2002. Um nýbúa er erfiðara að nefna tölur samkvæmt eðli máls, en þess má geta að Hagstofan segir rúmlega 19 þúsund manns á Íslandi hafa fæðst erlendis. Hluti þeirra eru þó börn íslenskra foreldra í náms- eða vinnudvöl ytra.

Af þessum tölum ert óhætt að draga þá ályktun að um 5–6% íbúa á Íslandi eigi sér annað móðurmál en íslensku. Hér er lagt til að nefndin athugi sérstaklega stöðu þessa hóps og safni saman tiltækum upplýsingum um hann, sérstaklega um tungumálaerfiðleika og íslenskukunnáttu, og geri tillögur um úrbætur, t.d. hvað varðar reglur um túlkaþjónustu og um tilhögun móðurmálskennslu sem er eins og kunnugt er grundvöllur málskilnings og færni í öðrum tungum. Ráðlegt er að nefndin athugi sérstaklega tilhögun þessara mála og reglur sem um þau gilda hjá öðrum norrænum þjóðum.

Athygli skal vakin á því að ef rétt er á haldið styrkist staða íslenskunnar með því að hlúð er að þessum tveimur tegundum tungumála og tilvist þeirra á Íslandi viðurkennd.

Fylgiskjal I.

Ari Páll Kristinsson:

Ríkismál Íslands.

Er staða íslenskunnar nógu traust þegar horft er til framtíðar í heimi sem breytist hraðar en nokkru sinni fyrr? Hvað þyrfti að gera og hvað væri hægt að gera til að treysta íslensku enn frekar í sessi á Íslandi og í samskiptum okkar við umheiminn? Svarið við þessu er eflaust margþætt og mismunandi eftir því hvaða svið þjóðlífsins á í hlut.

Auðvitað byggist árangur í íslenskri málpólitík á því að almenningur í landinu hafi áfram áhuga á að nota íslensku, þyki vænt um hana og finnist hagfelldara að nota hana en önnur mál. Málstefna án stuðnings þorra landsmanna er ekki pappírsins virði. Enginn lagabókstafur getur gert sama gagn og sá áhugi á málinu sem almennur er hér á landi. Samt sem áður ætla ég hér að vekja máls á einum þætti í eflingu og styrkingu íslenskunnar þar sem löggjöf gæti þrátt fyrir allt haft hlutverki að gegna. Hér er átt við lög og reglur um íslensku sem þjóðtungu eða ríkismál.

Er staða íslenskrar tungu sem eina opinbera tungumálsins á Íslandi nægilega tryggð með núgildandi lögum og reglum í landinu? Getur hugsast að Alþingi ætti að lögfesta með einhverjum hætti eða binda í stjórnarskrá að íslenska sé ríkismálið og öll stjórnsýsla og samskipti stjórnvalda við borgara skuli við venjulegar aðstæður fara fram á því máli?

Stjórnmálamenn geta svarað því hvort til þessa væri pólitískur vilji og lögfræðingar mega velta vöngum yfir kostum þessa og annmörkum.

Þór Vilhjálmsson, dómari við EFTA-dómstólinn og fv. hæstaréttardómari, víkur m.a. að þessu efni í fræðigrein um réttarreglur um íslenska tungu í Líndælu, afmælisriti Sigurðar Líndals, 2001. Þór bendir á að þjóðtungan sé ekki nefnd í stjórnarskránni og það sé fremur sjaldgæft að gera í okkar heimshluta. Það sé þó m.a. gert í Finnlandi, Frakklandi og Austurríki. Í finnsku stjórnarskránni segir t.a.m. að þjóðtungur Finnlands séu finnska og sænska. (Þetta er stundum rifjað upp í málstefnuumræðum í Svíþjóð og bent á að sænska hafi að vissu leyti traustari lagagrundvöll sem opinbert mál í Finnlandi en hún nýtur í Svíþjóð!)

Þór Vilhjálmsson fer í grein sinni yfir venjur og lagareglur um íslenska tungu og kemst að þeirri niðurstöðu að enda þótt heimilt sé að nota erlend tungumál á vegum hins opinbera á Íslandi ef sérstaklega stendur á þá verði eigi að síður að skýra venjur og lagareglur um notkun og eflingu íslensku „á þann veg að það sé meginregla í íslenskum rétti að nota skuli íslensku í opinberri sýslu." Ég leyfi mér að vitna enn í grein Þórs: „Spyrja má, hvort sú venjuregla, að stjórnsýslan skuli starfa á íslensku, sé stjórnskipunarvenja. Undantekningar eru svo margar, að það er vafasamt, en þó má telja, að takmarkanir séu á hve langt má ganga með lögum."

Það væri áhugavert að heyra sjónarmið stjórnmálamanna og annarra í samfélaginu, þá ekki síst löglærðra manna, um hvort þeir telji þörf á að verja stöðu íslensku sem opinbers máls á Íslandi enn frekar en nú er með lagasetningu eða jafnvel stjórnarskrárbreytingu, hvort það er yfirleitt æskilegt eða framkvæmanlegt og þá hvernig fara mætti að við það. Hér væri

vitaskuld ekki um það að ræða að setja slík lög um málnotkun í borgaralegu lífi (sem stangaðist á við tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs) heldur hugsanlega almenn ákvæði um þá meginreglu að nota skuli íslensku á vegum opinberra aðila og í samskiptum við þá. Væntanlega þyrfti sérstök ákvæði til að tryggja rétt t.a.m. heyrnarlausra og útlendinga.

Vera má að mörgum þyki þessar vangaveltur með öllu óþarfar vegna sterkrar stöðu íslensku á flestum sviðum í landinu núna. Ég bið menn þó að staldra aðeins við og hugleiða þetta. Gæti það hugsanlega auðveldað íslenskum stjórnvöldum, fyrirtækjum og einstaklingum að standa á rétti sínum til þess að nota íslensku á margvíslegum sviðum ef lagaákvæði um stöðu íslensku sem eina opinbera málsins á Íslandi væru enn skýrari en þau eru nú? Íslendingar eiga í geysifjölbreyttum samskiptum við erlend ríki og fyrirtæki og Ísland er aðili að mörgum alþjóðlegum samtökum. Myndu íslensk stjórnvöld t.d. standa fast á þeirri kröfu að íslenska yrði eitt af tungumálum ESB við hugsanlegar aðildarviðræður þannig að íslenskir stjórnmálamenn ættu heimtingu á að mega nota íslensku (og túlk á kostnað ESB) á fundum sambandsins ef til aðildar kæmi? Stæðu íslensk stjórnvöld fast á því í hugsanlegum viðræðum að íslenskir borgarar ættu rétt á að skrifa stofnunum sambandsins á íslensku? Væri staða tungunnar tryggari í hugsanlegum viðræðum um slíkt ef íslensk lög kvæðu afdráttarlaust á um að ríkismál Íslands sé íslenska?

Minnt er á dag íslenskrar tungu, 16. nóvember.

Fylgiskjal II.

Hafdís Gísladóttir:

Bréf f.h. Félags heyrnarlausra til þingflokkanna (hér þingflokks Samfylkingarinnar).

(11. nóvember 2003.)

Að undanförnu hafa verið uppi umræður um hugsanlegar breytingar á stjórnarskrá Íslands. Í því sambandi vill Félag heyrnarlausra koma á framfæri eftirfarandi.

Í rúman áratug hefur Félag heyrnarlausra unnið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins og þar með talið bættri réttarstöðu þeirra sem eiga íslenskt táknmál að móðurmáli. Á vegum ráðuneyta eða Alþingis hafa a.m.k. fjórar nefndir verið settar á laggirnar til að álykta um þessi mál en niðurstaða þeirra litlu skilað er lýtur að bættri stöðu íslenska táknmálsins.

Félag heyrnarlausra leggur áherslu á að til þess að þeim sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli verði tryggt jafnræði í þessum efnum verði að setja sérlög um íslenska táknmálið og tryggja stöðu þess í stjórnarskrá Íslands. Án löggjafar um íslenska táknmálið er þeim sem eiga það að móðurmálið ekki tryggð þátttaka í samfélaginu.

Í þessu sambandi má geta þess að í íslenskum lögum er aðeins að finna eitt ákvæði sem tekur afstöðu til íslensku sem móðurmáls Íslendinga, þ.e. í 10. gr. laga um meðferð einkamála í héraði en þar segir að þingmálið sé íslenska.

Afstaða til móðurmáls Íslendinga hefur aldrei verið tekin í stjórnarskrá Íslands. Í ljósi þessa beinir Félag heyrnarlausra því til þingflokks Samfylkingarinnar að tekin verði afstaða til móðurmálsins í stjórnarskrá Íslands og blasir þá við að einnig verði tekin afstaða til íslenska táknmálsins sem er hluti af móðurmáli Íslendinga.

Félag heyrnarlausra lýsir sig reiðubúið til samstarfs um framgang þessa mikilvæga máls.

518. Fyrirspurn [388. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?
2. Hver er taxtinn á kílómetragjaldi vegna aksturs?
3. Hvernig er ákvörðunartöku háttað um þann taxta?
4. Hefur ráðherra íhugað endurskoðun á þeim taxta?
5. Hvernig er greitt fyrir dvalarkostnað?
6. Er í einhverjum tilfellum greitt fyrir vinnutap foreldra og fylgdarmanna barna?
7. Að hve miklu marki greiða vinnuveitendur og sjúkrasjóðir fyrir vinnutap foreldra vegna ferða þeirra með börn sín til þess að leita sérfræðiþjónustu eða til sjúkrahúsvistar?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á reglum um ferðakostnað og vinnutap foreldra með það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu?

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [389. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hjálpartæki fatlaðra.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um úthlutun hjálpartækja til fatlaðra?
2. Er sveigjanleiki í þeim reglum til að bregðast við sérstökum einstaklingsþörfum?
3. Hversu strangt mat þurfa fatlaðir að ganga í gegnum við endurnýjun hjálpartækja?
4. Hvernig er ákvörðunartöku háttað um ný hjálpartæki sem auka færni til sjálfsbjargar?
5. Hversu löng bið er eftir afgreiðslu og endurnýjun hjálpartækja?
6. Sjá einkaaðilar um einhverja þætti þjónustu í tengslum við hjálpartæki fatlaðra?
7. Eru áform um að bæta gagnagrunn Tryggingastofnunar ríkisins þannig að fatlaðir þurfi ekki í sífellu að endurnýja upplýsingar sem þegar liggja fyrir í stofnuninni?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir bættri og skeleggari þjónustu við þá fatlaða sem nýta sér hjálpartæki til að auka færni sína til sjálfsbjargar?

Skriflegt svar óskast.

520. Fyrirspurn [390. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðakvóta.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver voru markmið Byggðastofnunar við úthlutun byggðakvótans, sem stofnunin hefur til ráðstöfunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum um stjórn fiskveiða, og hvaða reglum var fylgt við úthlutun hans?
2. Hverjir fengu úthlutað byggðakvóta og í hvaða magni?
3. Hver hefur verið þróun fiskveiðiheimilda, landaðs afla og skipastóls í þeim byggðum sem byggðakvóta var ráðstafað til?
4. Hvaða áhrif má ætla að þessi aukning aflaheimilda muni hafa á skilyrði til búsetu í þeim byggðum sem hér um ræðir?

Skriflegt svar óskast.

521. Fyrirspurn [391. mál]

til viðskiptaráðherra um eftirlit með fjármálafyrirtækjum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti Fjármálaeftirlitsins með hagsmunaárekstrum vegna setu stjórnarmanna lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja í stjórnum annarra aðila?
2. Í hvaða mæli hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við slík hagsmunatengsl og getur það gefið upplýsingar um hversu algeng þau eru?
3. Er ástæða til að breyta gildandi lögum og reglum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá lífeyrissjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.

522. Svar [286. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um launaákvarðanir samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er skipting milli kynja í tíu stærstu stofnunum sem greitt hafa viðbótarlaun skv. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2002, og hver voru útgjöld þessara stofnana vegna viðbótarlauna og hvernig skiptust þau milli kynja?*

2. *Er þess gætt hjá ráðuneytum og stofnunum að greidd séu sambærileg viðbótarlaun í stofnunum til karla og kvenna sem vinna sambærileg störf?*
3. *Til hvaða starfa í fyrrgreindum tíu stofnunum náðu viðbótarlaunin?*
4. *Er unnið eftir sambærilegum reglum hjá opinberum aðilum við ákvörðun viðbótarlauna?*
5. *Hvaða ráðuneyti hafa beitt ákvæðum 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um viðbótarlaun og hvernig er skipting á þeim greiðslum milli kynja?*
6. *Hvaða opinberar stofnanir og ráðuneyti greiddu viðbótarlaun skv. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á árinu 2002 og hvaða stofnanir ekki?*

Ákvæði 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um viðbótarlaun hafa ekki enn komið til framkvæmda. Af þeim sökum er ekki unnt að svara fyrirspurninni. Hins vegar er rétt að upplýsa eftirfarandi:

Fyrirspurnin er byggð á upplýsingum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2002. Í 3. kafla hennar segir að við endurskoðun fjárhagsársins 2002 hafi verið lögð áhersla á að skoða hvernig laun almennra starfsmanna séu ákveðin. Þar kemur m.a. fram að ákvarðanir um laun hafi flust í æ ríkara mæli til einstakra forstöðumanna en ekki er greint frá því í hverju hið dreifstýrða launakerfi felist, þ.e. að röðun starfa og þar með launasetning einstakra starfsmanna fari eftir þáttum eða forsendum sem stofnun og viðkomandi stéttarfélag hafa samið um í stofnanasamningi. Þar er aftur á móti fjallað nokkuð um viðbótarlaun og byggist sú umfjöllun fyrst og fremst á 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Efni greinarinnar er útlistað og í samræmi við hana er hugtakið skýrt þannig að viðbótarlaun séu laun sem forstöðumenn stofnana geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um í kjarasamningum, vegna sérstakrar hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þá er m.a. tekið fram að ákvarðanir forstöðumanna um viðbótarlaun skuli taka mið af reglum sem fjármálaráðherra setur og greint frá því að slíkar reglur hafi ekki verið settar.

Það er rétt að enn hafa ekki verið settar reglur um viðbótarlaun samkvæmt 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sambærilegt ákvæði var ekki að finna í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í tengslum við gerð kjarasamninga um nýtt og dreifstýrt launakerfi var ákveðið að bíða með setningu reglna um viðbótarlaun þar sem ekki þótti hægt að vinna að útfærslu og framkvæmd þeirra á sama tíma og nýtt kerfi væri tekið upp, sbr. yfirlýsingu þáverandi fjármálaráðherra frá 23. apríl 1997 með kjarasamningi við Starfsmannafélag ríkisstofnana sem er svohljóðandi:

„Með fyrirliggjandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags ríkisstofnana hafa aðilar komist að samkomulagi um að taka upp nýtt launakerfi sem gerir ráð fyrir verulega breyttri tilhögun við ákvörðun launa með mun virkari þátttöku stofnana en áður. Aðilum er ljóst að það mun verða mjög tímafrekt að hrinda breyttu launakerfi í framkvæmd og kalla á mjög mikla samvinnu ráðuneyta, stofnana og stéttarfélaga við stefnumótun, útfærslu og framkvæmd þess. Með hliðsjón af framansögðu gera aðilar sér grein fyrir því að ekki verður hægt á sama tíma að vinna að útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlauna samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996.

Því hefur fjármálaráðherra, í samráði við formann BSRB, ákveðið að ekki verði af hálfu fjármálaráðuneytis, lögð vinna í útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlaun samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996, á því samningstímabili sem kjarasamningur aðila gildir eða til 31. október 2000."

Skilningur fjármálaráðuneytis er sá að ekki sé hægt að ákveða starfsmönnum viðbótarlaun fyrr en settar hafa verið reglur um slík laun, enda hljóðar 1. málsl. 3. mgr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins svo: „Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun.“

Svo virðist sem forsendum stofnanasamninga varðandi röðun starfa og þar með launasetningu einstakra starfsmanna hafi í nefndri skýrslu verið jafnað við ákvarðanir um viðbótarlaun eða taldar koma í stað þeirra. Að mati fjármálaráðuneytis er ekki rétt að blanda þessu saman. Í stofnanasamningum er jafnan kveðið á um lágmarksröðun starfa hjá hlutaðeigandi stofnun ásamt tilteknum starfstengdum og persónubundnum þáttum sem kunna að leiða til varanlegrar hækkunar við launasetningu. Við mat á starfstengdum þáttum ber fyrst og fremst að líta til þess hvort um viðvarandi eða stöðuga verkþætti sé að ræða. Við mat á persónubundnum þáttum ber að líta til þess hvort þeir nýtist viðkomandi í starfi. Sú hækkun sem mat á starfstengdum og persónubundnum þáttum kann að hafa í för með sér til viðbótar lágmarksröðun telst ekki til viðbótarlauna. Slík launasetning er í raun endanleg röðun samkvæmt kjarasamningi, enda kveður stofnanasamningur á um útfærslu eða aðlögun á tilteknum þáttum hins miðlæga kjarasamnings.

Þar sem kjarasamningar kveða á um lágmarkslaun er almennt ekki hægt að skerða laun starfsmanns með því að setja hann í lægri launaflokk en áður. Ákvörðunum um viðbótarlaun samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verður á hinn bóginn hægt að breyta með jafnlöngum fyrirvara og nemur uppsagnarfresti sé breytingin starfsmanni í óhag.

Enda þótt reglur um viðbótarlaun hafi ekki verið settar, hafa atriði eins og álag og árangur í starfi, sem og hæfni sem nýtist í starfi, án nokkurs vafa áhrif á laun ríkisstarfsmanna með einum eða öðrum hætti, einkum varðandi launasetningu og yfirvinnu. Enn sem komið er verður starfsmönnum þó ekki umbunað fyrir slík atriði í formi viðbótarlauna samkvæmt 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

523. Svar [282. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um vexti útlána banka og sparisjóða.

1. *Hverjir voru meðalvextir verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða til fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árinu 2002 og á fyrri hluta ársins 2003? Óskað er eftir að fram komi hverjir vextirnir voru á útistandandi lánum í lok árs 2002 og í lok júní 2003 sem og á nýjum veittum lánum á þessu tímabili.*

Ráðuneytið óskaði eftir að Seðlabanki Íslands legði til efni í svar við þessum lið fyrirspurnarinnar. Meðfylgjandi tafla er unnin upp úr opinberum skýrslum Seðlabanka Íslands. Aðrar upplýsingar um sundurgreinda vexti eftir því hvort fyrirtæki eða heimili taka lánin hefur Seðlabankinn ekki tiltækar.

Helstu meðalvextir hjá bönkum og sparisjóðum í %.

	Yfirdráttarlán fyrirtækja	Yfirdráttarlán einstaklinga	Almenn skuldabréf	Vísitölubundin lán
1. janúar 2002	19,6	20,1	17,4	10,2
1. apríl 2002	19,0	19,4	16,7	10,2
1. júlí 2002	17,8	18,2	15,2	10,1
1. október 2002	16,4	16,8	13,8	10,1
1. janúar 2003	15,2	15,8	12,5	9,5
1. apríl 2003	14,8	15,3	12,0	9,2
1. júlí 2003	14,8	15,3	12,0	9,1

2. *Hversu mikið lögðu bankar og sparisjóðir í afskriftareikning í hlutfalli við útistandandi lán á árunum 1998–2002, annars vegar vegna fyrirtækja og hins vegar heimila?*
3. *Hversu mikil voru töpuð útlán í hlutfalli við útistandandi lán vegna fyrirtækja annnars vegar og heimila hins vegar á árunum 1998–2002?*

Ráðuneytið óskaði eftir að Fjármálaeftirlitið legði til svar við þessum liðum fyrirspurnarinnar. Upplýsingarnar koma fram í meðfylgjandi töflum að öðru leyti en því að ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu á milli fyrirtækja og heimila. Hins vegar kemur fram í töflunni hver hlutfallsleg skipting er á útlánum milli fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar í árslok hvers árs 1998–2002. Á þessu árabili hefur hlutdeild fyrirtækja í útlánum banka og sparisjóða verið u.þ.b. 70% og einstaklinga u.þ.b. 30%.

Yfirlit yfir framlög í afskriftareikning og endanlega töpuð útlán hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, í millj. kr.*

	1998	1999	2000	2001	2002
1. Framlög í afskriftareikning	3.517	4.433	5.058	9.224	10.210
2. Endanlega afskrifuð útlán	3.565	2.621	2.419	4.294	6.951
1. Í hlutfalli af meðalstöðu útlána	1,00%	1,01%	0,90%	1,29%	1,23%
2. Í hlutfalli af meðalstöðu útlána	1,01%	0,60%	0,43%	0,60%	0,83%
Meðalstaða útlána á hverju ári	351.955	439.573	559.664	713.686	833.012

* Í talnaefni fyrri ára eru taldir með forverar þeirra banka sem starfandi voru á árinu 2002, t.d. FBA og Kaupþing. Miðað er við samstæðuuppgjör viðskiptabanka og sparisjóða.

Hlutfallsleg skipting útlána milli fyrirtækja og einstaklinga í árslok hvers árs.

	1998	1999	2000	2001	2002
Fyrirtæki	68,7%	70,9%	69,2%	72,6%	71,8%
Einstaklingar	31,3%	29,1%	30,8%	27,4%	28,2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

524. Fyrirspurn [392. mál]

til umhverfisráðherra um friðun rjúpu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hver var árangur alfriðunar rjúpnastofnsins á griðasvæði rjúpunnar í kringum Reykjavík? Hefur friðunin frá 1999 og stækkun svæðisins árið 2002 skilað marktækri fjölgun rjúpna á friðaða svæðinu?
2. Er núverandi lágmark rjúpnastofnsins tölfræðilega lægra en fyrri lágmörk stofnsins?
3. Hversu mörg erindi bárust umhverfisráðuneytinu í júní, júlí og ágúst sl. þar sem óskað var eftir skriflegu svari? Hve mörgum þeirra erinda hefur ráðuneytið séð sér fært að svara?

525. Fjáraukalög [87. mál]

fyrir árið 2003, sbr. lög nr. 58/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 379 (sbr. þskj. 87) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. 1. gr. laga nr. 58/2003, samkvæmt nánari skiptingu í sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**3.967,1**	**849,6**
Skattar á tekjur og hagnað	-150,0	-3.059,0
Tryggingagjöld	-621,9	-601,9
Eignarskattar	450,0	450,0
Skattar á vörur og þjónustu	4.988,1	4.759,6
Aðrir skattar	-699,1	-699,1
Aðrar rekstrartekjur	2.421,5	1.421,5
Sala eigna	0,0	0,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**6.388,6**	**2.271,1**
Æðsta stjórn ríkisins	35,8	35,8
Forsætisráðuneyti	140,6	140,6
Menntamálaráðuneyti	1.220,7	1.220,7

Utanríkisráðuneyti	372,2	372,2
Landbúnaðarráðuneyti	433,2	433,2
Sjávarútvegsráðuneyti	65,4	65,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	194,0	194,0
Félagsmálaráðuneyti	2.279,6	2.279,6
Heilbrigðis- og kirkjumálaráðuneyti	5.026,7	5.026,7
Fjármálaráðuneyti	1.768,2	1.768,2
Samgönguráðuneyti	508,9	508,9
Iðnaðarráðuneyti	114,5	114,5
Viðskiptaráðuneyti	-12,2	-12,2
Hagstofa Íslands	30,2	30,2
Umhverfisráðuneyti	832,1	832,1
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-430,0	-1.065,0
Gjöld samtals	**12.579,9**	**11.944,9**
Tekjujöfnuður	**-6.191,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2003, sbr. 2. gr. laga nr. 58/2003:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-6.191,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-365,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-3.117,5
Viðskiptaskuldir (breyting)	0,0
Handbært fé frá rekstri	**-9.673,8**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-2.050,0
Veitt löng lán	530,0
Afborganir veittra lána	2.780,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	2,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-230,0
Fjármunahreyfingar samtals	**1.032,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-8.641,8**

Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	4.300,0
Afborganir lána	400,0
Fjármögnun samtals	**4.700,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**-3.941,8**

Ýmis ákvæði.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2003:

1. Í stað orðanna „allt að 20.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 24.300 m.kr.

2. Á 2. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 5.890 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.290 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 4.300 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 3.900 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 500 m.kr.“ í lið 2.2 kemur: allt að 300 m.kr.

3. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 21.500 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 20.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 34.350 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 49.754 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 12.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 15.540 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 8.320 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 9.385 m.kr.
   e. Í stað orðanna „allt að 9.740 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 6.110 m.kr.
   f. Í stað orðanna „allt að 1.600 m.kr.“ í lið 3.6 kemur: allt að 1.700 m.kr.
   g. Í stað orðanna „allt að 2.500 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 2.887 m.kr.
   h. Í stað orðanna „allt að 500 m.kr.“ í lið 3.8 kemur: allt að 645 m.kr.

Ýmis ákvæði.

Heimildir.

4. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2003:

Nýir liðir:

2.25 Að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík.

2.26 Að selja fasteign Vegagerðarinnar við Dufþaksbraut 10 á Hvolsvelli og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.

3.31 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Fossheiði 54 á Selfossi.

3.32 Að selja eignarhlut ríkisins í Aðalgötu 10, Súðavík.

6.37 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir hæfingarstöð fatlaðra á Egilsstöðum.
6.38 Að kaupa fasteign til afnota fyrir líknarfélagið Byrgið.
6.39 Að kaupa eða leigja íbúðarhúsnæði fyrir fatlaða á Ísafirði.
6.40 Að kaupa hluta fasteignar við Mánabraut 20, Akranesi.
6.41 Að kaupa jörðina Vestaraland IV í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.

7.16 Að ráðstafa eignum Skráningarstofunnar hf. við slit á félaginu.
7.17 Að leggja fram viðbótarhlutafé í Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. að andvirði 75 m.kr.
7.18 Að kaupa hlutafé Sementsverksmiðjunnar hf. í fyrirtækjunum Speli hf. og Geca hf.
7.19 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að ganga til samninga um kaup á Hitaveitu Dalabyggðar.
7.20 Að ganga til viðræðna við Sandgerðisbæ um hugsanlegar greiðslur til bæjarins í tengslum við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 564/2002.
7.21 Að semja við Byggðastofnun um yfirtöku á eignum Ferðamálasjóðs og heimila nauðsynlega fjármögnun vegna þess.
7.22 Að semja um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við sveitarfélög vegna verkefna sem hafa verið í samrekstri ríkis og sveitarfélaga og ganga frá uppgjöri vegna þess.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-3.000,0	-4.460,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-60,0	-60,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	500,0	485,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-2.560,0**	**-4.035,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.150,0	706,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	260,0	270,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**-150,0**	**-3.059,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	40,0	40,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-677,7	-657,4
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	15,8	15,5
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**-621,9**	**-601,9**
	Tryggingagjöld	**-621,9**	**-601,9**

3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	0,9	0,9
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	0,0	0,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	250,0	250,0
	Skattar á hreina eign	**250,0**	**250,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	200,0	200,0
	Eignarskattar	**450,0**	**450,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	3.700,0	3.632,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.050,0	1.050,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	13,0	13,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	36,0	36,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-140,4	-305,3
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	-300,0	-300,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	342,2	342,2
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	220,0	220,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**4.920,8**	**4.687,9**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	55,0	59,4
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	12,3	12,3
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**67,3**	**71,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**4.988,1**	**4.759,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	-700,0	-700,0
	Skatttekjur, samtals	**3.967,1**	**849,6**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-49,0	-49,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.613,0	1.613,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.564,0**	**1.564,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.000,0	0,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-180,0	-180,0

8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	-170,0	-170,0
	Aðrar eignatekjur	**650,0**	**-350,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**2.214,0**	**1.214,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	-12,2	-12,2
9.1.3.20	Prófgjöld	5,9	5,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	45,7	45,7
9.1.3.35	Ýmislegt	18,1	18,1
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**57,5**	**57,5**
	Ýmsar tekjur	**57,5**	**57,5**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	150,0	150,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**2.421,5**	**1.421,5**
	Heildartekjur samtals	**6.388,6**	**2.271,1**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis	
Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0
02-919 Söfn, ýmis framlög	
Almennur rekstur:	
1.90 Söfn, ýmis framlög	3,0
Stofnkostnaður:	
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	11,7
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	4,8
Stofnkostnaður samtals	16,5
Gjöld samtals	**19,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,5

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 56,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,1

02-989 Ýmis íþróttamál
Almennur rekstur:
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004 15,0
1.31 Íþróttasvæði á Torfunesi, Ísafirði 15,0
Almennur rekstur samtals 30,0

Gjöld samtals **30,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

02-999 Ýmislegt
Almennur rekstur:
1.13 Útvarpsréttarnefnd 5,0
1.90 Ýmis framlög 4,0
Almennur rekstur samtals 9,0

Gjöld samtals **9,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

05-190 Ýmis verkefni
Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 39,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 434,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 434,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.160,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	75,0
1.41 Framlög og styrkir	15,0
Almennur rekstur samtals	1.250,0
Gjöld samtals	**1.250,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.250,0

08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	1.786,0
Viðhaldsverkefni:	
5.60 Viðhald	212,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Nýframkvæmdir	45,0
Gjöld samtals	**2.043,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.043,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	150,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	41,1
Gjöld samtals	**191,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,1

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:	
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	3,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Tækjakaup, óskipt	3,1
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	260,3
Stofnkostnaður samtals	263,4

Gjöld samtals **266,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 266,9

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt ..... -310,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -310,0

08-405 Hrafnista, Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 21,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,0

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-443 Holtsbúð, Garðabæ
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 47,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ
Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

08-499 Hjúkrunarheimili
Stofnkostnaður:
6.21 Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ 160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 24,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 24,7

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 5,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 5,9

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 3,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 3,3

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 11,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 11,5

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 1,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,8

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 1,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,4

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkrasvið 3,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,8

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 5,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,8

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 13,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,2

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 6,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,3

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 11,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,1

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 12,5
1.11 Sjúkrasvið 19,6
Almennur rekstur samtals 32,1

Gjöld samtals **32,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,1

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 9,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,7

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 14,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,1

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum
Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 17,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,8

09-989 Launa- og verðlagsmál
Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 322,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -90,0

Gjöld umfram tekjur **232,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 232,5

11-301 Orkustofnun
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 45,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,2

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -1,4
1.50 Þjóðskráin 31,6
Almennur rekstur samtals 30,2

Gjöld samtals **30,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,7
Innheimt af ríkistekjum ..... -16,5

Sundurliðun 2.

Sérstök yfirlit um skiptingu fjárheimilda í A-hluta.

1. Sundurliðun á óskiptri fjárheimild á lið 09-989-1.90.

Óskipt fjárheimild að fjárhæð 280,5 m.kr. á lið 09-989-1.90 vegna mats á úrskurðum kjaranefndar um greiðslur fyrir vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

	Laun	Sértekjur	Alls
08-505-1.01 Heilsugæsla í Reykjavík	63,4	-19,7	43,7
08-510-1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	0,1	-0,1	0,0
08-515-1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	9,6	-2,8	6,8
08-522-1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	6,2	-1,0	5,2
08-524-1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	5,5	-0,6	4,9
08-525-1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2,4	-0,2	2,2
08-526-1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal	1,6	0,0	1,6
08-551-1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	2,4	-0,3	2,1
08-552-1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	2,4	-1,3	1,1
08-553-1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri	25,3	-7,3	18,0
08-568-1.01 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	6,2	-1,0	5,2
08-571-1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,0	0,0	0,0
08-572-1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2,1	0,0	2,1
08-574-1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi	8,0	-1,2	6,8
08-576-1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási	2,9	0,0	2,9
08-578-1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði	5,5	-0,8	4,7
08-579-1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1,9	-0,2	1,7
08-582-1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	26,9	-5,7	21,2
08-583-1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,8	-2,5	0,3
08-584-1.01 Heilsugæsla í Kópavogi	24,1	-6,9	17,2
08-585-1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	14,2	-3,8	10,4
08-586-1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	10,3	-2,2	8,1
08-711-1.01 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	29,1	-4,2	24,9
08-715-1.01 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	1,7	-0,5	1,2
08-721-1.01 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	3,9	-1,4	2,5
08-725-1.01 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	4,1	-1,6	2,5
08-731-1.01 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	3,9	-1,4	2,5
08-735-1.01 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	1,0	-0,1	0,9
08-741-1.01 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	1,9	-0,5	1,4
08-745-1.01 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	3,9	-1,0	2,9
08-751-1.01 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	9,1	-2,6	6,5
08-755-1.01 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	1,3	-0,5	0,8
08-761-1.01 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	3,7	-1,6	2,1
08-777-1.01 Heilbrigðisstofnun Austurlands	20,3	-3,9	16,4
08-781-1.01 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	10,5	-2,5	8,0
08-785-1.01 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	29,1	-4,2	24,9
08-791-1.01 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	20,3	-3,5	16,8
Samtals	**367,6**	**-87,1**	**280,5**

2. Endurmat á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar.

Lækkun fjárheimilda sem nemur 247,5 m.kr. vegna endurmats á forsendum fjárlaga um gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		m.kr.
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	-1,7
02-872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-76,9
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	-7,2
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-9,4
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	-4,1
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-9,7
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	-18,0
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-2,5
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	-9,2
03-315-1.01	Sendiráð Íslands í Ottawa	-1,7
03-316-1.01	Sendiráð Íslands í Tókíó	-10,1
03-319-1.01	Sendiráð Íslands í Mapútó	-3,3
03-320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-5,7
03-391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-1,2
03-391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-2,5
03-391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-1,4
03-391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-2,4
03-401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	-4,3
03-401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	-1,4
03-401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-0,9
03-401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	-1,5
03-401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	-8,3
05-190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-2,0
05-190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	-0,8
08-206-1.15	Lyf	-3,8
08-206-1.45	Brýn meðferð erlendis	-32,8
08-206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-7,5
08-399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn	-1,5
08-399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	-1,6
10-190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-8,5
10-651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	-2,9
14-190-1.40	Alþjóðastofnanir	-2,7
	Samtals	**-247,5**

526. Þingsályktun [249. mál]

um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 269.

527. Þingsályktun [294. mál]

um fullgildingu samnings á sviði refsiréttar um spillingu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 339.

528. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir bárust frá Og Vodafone, Landssíma Íslands hf., Snerpu, Byggðastofnun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Grímsnes- og Grafningshreppi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Akraneskaupstað, Háskólanum á Akureyri og Djúpavogshreppi.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra fari með hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. í stað samgönguráðherra. Nefndin telur heppilegt að flytja handhöfn hlutafjár ríkisins á hlutabréfum í Landssímanum frá þeim ráðherra sem fer með fjarskiptamál og til fjármálaráðherra í samræmi við þá meginreglu, sem kemur fram í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að fjármálaráðuneytið fari með mál er varða eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, og fyrirsvar þeirra vegna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Bjarni Benediktsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Hún stendur ekki að álitinu og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 2. des. 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Sigurrós Þorgrímsdóttir.

529. Fyrirspurn [393. mál]

til viðskiptaráðherra um kostnað við að stofna fyrirtæki.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvað veldur því að kostnaður við að stofna fyrirtæki hér á landi er töluvert hærri en í mörgum OECD-ríkjum?
2. Eru áform uppi af hálfu stjórnvalda um að draga úr kostnaði við að setja á stofn fyrirtæki?

530. Fyrirspurn [394. mál]

til heilbrigðisráðherra um fæðingarþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve margar fæðingardeildir eru starfandi á landinu nú og hvernig hefur þróunin verið undanfarin tíu ár?
2. Á hvaða sjúkrastofnunum eru starfræktar fæðingardeildir?
3. Hve margar fæðingar hafa verið á hverri fæðingardeild sl. 5 ár?
4. Hve margar heimafæðingar voru á síðasta ári?
5. Hve margar heimafæðingar voru utan höfuðborgarsvæðis og hvar voru viðkomandi konur búsettar?
6. Hafa konur í dreifbýli eða á þeim stöðum þar sem ekki er rekin fæðingarþjónusta rétt á þjónustu við heimafæðingar og ef svo er, hver á að veita þá þjónustu?
7. Hvernig er komið til móts við þær konur sem ekki eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð?
8. Standa þeim og fjölskyldum þeirra íbúðir til boða og ef svo er, hvar eru þær íbúðir, hvernig er þeim úthlutað og hvernig eru þær kynntar?
9. Hverjar eru taldar helstu ástæður þess að fæðingarstöðum hefur fækkað?

10. Telur ráðherra að fjölga þurfi fæðingarstöðum út um land til að bæta öryggi fæðandi kvenna og ef svo er, hvernig telur ráðherra best að standa að þeirri uppbyggingu?

Skriflegt svar óskast.

531. Fyrirspurn [395. mál]

til landbúnaðarráðherra um úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær má vænta úthlutunar á 7.500 ærgilda greiðslumarki til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt, sbr. yfirlýsingu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar að lútandi á Alþingi 9. maí árið 2000 og svar ráðherra í þingskjali 1142 á 128. löggjafarþingi 2002–2003 (589. mál)?
2. Hafa úthlutunarreglur verið mótaðar og ef svo er, hvenær verða þær birtar?
3. Hver verður réttarstaða þeirra bænda sem sérstaklega eru háðir sauðfjárrækt en fá ekki úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum?

Skriflegt svar óskast.

532. Fyrirspurn [396. mál]

til samgönguráðherra um beint millilandaflug frá Akureyri.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hyggjast stjórnvöld kanna leiðir til að stuðla að beinu millilandaflugi frá Akureyri í ljósi þess að flugfélagið Grænlandsflug er að hætta slíku flugi?
2. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir opinberum styrkjum til markaðssetningar á slíku flugi í því skyni að efla ferðaþjónustu á landsbyggðinni ef áhugasamir aðilar finnast til að sjá um flugreksturinn?

533. Fyrirspurn [397. mál]

til menntamálaráðherra um nám í listgreinum á háskólastigi.

Frá Hlyni Hallssyni.

Hvað líður undirbúningi fyrir nám í listgreinum á háskólastigi á Akureyri?

534. Fyrirspurn [398. mál]

til umhverfisráðherra um niðurfellingu skatta á vistvæn ökutæki.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Telur ráðherra vænlegt til að ýta undir notkun vistvænna ökutækja að stjórnvöld beiti sér fyrir því að:

a. öll opinber gjöld, svo sem tollar, virðisaukaskattur, þungaskattur og vörugjöld, verði tímabundið felld niður af slíkum ökutækjum,
b. önnur gjöld, svo sem jarðgangatollar og gjöld á bílastæði á opinberum stæðum og í bílahúsum, verði einnig felld niður tímabundið af slíkum ökutækjum?

535. Fyrirspurn [399. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæsluna á Þingeyri.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Dýrfirðingar fái betri heilbrigðisþjónustu, t.d. með því að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur til starfa á heilsugæslustöðinni á Þingeyri?

536. Frumvarp til laga [400. mál]

um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Gjaldtímabil vegna bifreiða samkvæmt málsgrein þessari er 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis á gjaldtímabilinu greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 1.040 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt. Gjalddagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.
b. 2. málsl. 2. mgr. verður 3. mgr.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr tölulíður er orðast svo:

11. *Veiðarfæri úr gerviefnum:* sbr. viðauka XVII.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á heyrúlluplast frá 1. janúar 2004 og á veiðarfæri úr gerviefnum frá 1. janúar 2005.

4. gr.

Í stað „11,50 kr./kg“ í viðauka IV við lögin kemur hvarvetna: 14,50 kr./kg.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka V við lögin:

a. Í stað orðanna „Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar“ í inngangi viðaukans kemur: Úr 22., 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar.

b. Við bætast eftirfarandi tollskrárnúmer:

Úr 2207	**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er:**	
2207.2000	– Etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er	3,00 kr./kg
Úr 2905	**Raðtengd alkóhól ásamt halógen- , súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:**	
	– Mettuð monohydrísk alkóhól:	
2905.1100	– – Metanól (metylalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1200	– – Própan-l-ól (própylalkóhól) og própan-2-ól (ísóprópylalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1300	– – Bútan-l-ól (n-bútýlalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1400	– – Önnur bútanól	3,00 kr./kg
2905.1500	– – Pentanól (amylalkóhól)	3,00 kr./kg
	– Díól:	
2905.3100	– – Etylenglýkól (etandíól)	3,00 kr./kg
2905.3200	– – Própylenglýkól (própan-1,2-díól)	3,00 kr./kg
2905.3900	– – Önnur	3,00 kr./kg
Úr 2906	**Hringliða alkólhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:**	
	– Arómatísk:	
2906.2100	– – Bensylalkóhól	3,00 kr./kg
Úr 2909	**Eterar, eteralkóhól, eterfenól, eteralkóhólfenól, alkóhólperoxíð, eterperoxíð, ketonperoxíð (einnig kemískt skýrgreind), og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Raðtengdir eterar og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
2909.1100	– – Díetyleter	3,00 kr./kg
	– Eteralkóhól og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
2909.4100	– – 2,2'-Oxydíetanól (díetylenglýkól, dígól)	3,00 kr./kg
2909.4200	– – Monometyleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkóls	3,00 kr./kg
2909.4300	– – Monobútýleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkols	3,00 kr./kg
2909.4400	– – Aðrir monoalkyleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkols	3,00 kr./kg
2909.4900	– – Annað	3,00 kr./kg
Úr 2915	**Mettaðar raðtengdar monokarboxylsýrur og anhydríð, halíð, peroxíð og peroxysýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Maurasýra, sölt hennar og esterar:	
2915.1300	– – Esterar maurasýru	3,00 kr./kg
	– Esterar ediksýru:	
2915.3100	– – Etylacetat	3,00 kr./kg
2915.3200	– – Vinylacetat	3,00 kr./kg
2915.3300	– – n-Bútylacetat	3,00 kr./kg
2915.3400	– – Ísóbútylacetat	3,00 kr./kg
2915.3500	– – 2-Etoxyetylacetat	3,00 kr./kg
2915.3900	– – Aðrir	3,00 kr./kg

c. Tollskrárnúmer 2912.4100, 2912.4200 og 2912.4900 falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka VI við lögin:

a. Í stað „105,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 130,00 kr./kg.
b. Heiti tollskrárnúmers 3814.0002 verður svohljóðandi: Málningar- eða lakkeyðar, merkingarskyldir vegna innihalds hættulegra efna.

7. gr.

Í stað „1,30 kr./kg“ í viðauka VII við lögin kemur hvarvetna: 1,50 kr./kg.

8. gr.

Í stað „17,00 kr./kg“ í viðauka VIII við lögin kemur hvarvetna: 20,00 kr./kg.

9. gr.

Í stað „20,00 kr./kg“ í viðauka IX við lögin kemur hvarvetna: 34,00 kr./kg.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XII við lögin:

a. Í stað „36,75 kr./kg“ kemur: 51,00 kr./kg.
b. Í stað „61,25 kr./kg“ kemur: 85,00 kr./kg.
c. Í stað „122,50 kr./kg“ kemur: 170,00 kr./kg.
d. Í stað „147,00 kr./kg“ kemur: 204,00 kr./kg.
e. Í stað „196,00 kr./kg“ kemur: 272,00 kr./kg.
f. Í stað „294,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 408,00 kr./kg.

11. gr.

Við lögin bætist við nýr viðauki, viðauki XVII, sem orðast svo:

Veiðarfæri úr gerviefnum.

Á veiðarfæri úr gerviefnum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39., 55. og 56. kafla tollskrárinnar:

Úr 3926	**Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914:**	
	– Annars:	
3926.9021	– – Netahringir	24,10 kr./kg
3926.9022	– – Neta- og trollkúlur	24,10 kr./kg
3926.9023	– – Vörur til veiðarfæra ót.a.	24,10 kr./kg
Úr 5509	**Garn (þó ekki saumþráður) úr syntentískum stutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af stutttrefjum úr nyloni eða öðrum pólyamíðum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af pólyesterstutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.2101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.2201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn sem í er 85% eða meira að þyngd af syntetískum stutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.4101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg

	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.4201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5510	**Garn (þó ekki saumþráður) úr gervistutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af gervistutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5510.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5510.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn:	
5510.9001	– – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5607	**Seglgarn, snæri, reipi og kaðlar, einnig brugðið eða fléttað og einnig gegndreypt, húðað, hjúpað eða klætt með gúmmíi eða plasti:**	
	– Úr pólyetyleni eða pólyprópyleni:	
	– – Annað:	
5607.4901	– – – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.4902	– – – Kaðlar	24,10 kr./kg
5607.4903	– – – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Úr öðrum syntetískum trefjum:	
5607.5001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.5003	– – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað:	
5607.9001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
Úr 5608	**Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi; uppsett fiskinet og önnur fullgerð net úr spunaefnum:**	
	– Úr tilbúnum spunaefnum:	
	– – Fullgerð fiskinet:	
5608.1101	– – – Nætur	14,10 kr./kg
5608.1102	– – – Flotvörpur	15,90 kr./kg
5608.1103	– – – Rækjutroll	11,40 kr./kg
5608.1104	– – – Aðrar botnvörpur	15,00 kr./kg
5608.1105	– – – Önnur net	14,00 kr./kg
5608.1109	– – – Annað	24,00 kr./kg
	– – Annað:	
5608.1901	– – – Fiskinetjaslöngur	14,40 kr./kg
5608.1909	– – – Annars	24,10 kr./kg
Úr 5609	**Vörur úr garni, ræmum eða þess háttar sem lýst er í nr. 5404 eða 5405, seglgarni, snæri, reipum eða köðlum, ót. a.:**	
5609.0002	– Öngultaumar	24,10 kr./kg
5609.0003	– Botnvörpuhlífar	24,10 kr./kg

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, öðluðust gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma tók Úrvinnslusjóður, sbr. IV. kafla laganna, til starfa og tók við verkefnum spilliefnanefndar samkvæmt lögum nr. 56/1996 sem þá voru felld niður. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga um úrvinnslugjald. Ljóst var strax í upphafi þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald var lagt fram að gjaldtaka samkvæmt lögunum yrði endurskoðuð reglulega og hvaða vörur skuli bera úrvinnslugjald, enda er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. laga um úrvinnslugjald. Þar er kveðið á um að umhverfisráðherra leggi fram, að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs, tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds

og nýjar gjaldskyldar vörur og að fjármálaráðherra flytji frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds.

Í frumvarpi þessu er lagðar til fjórar breytingar. Í fyrsta lagi eru gerðar breytingar vegna veiðarfæra þar sem bætt er við nýjum viðauka um veiðarfæri, viðauka XVII, og fjárhæðum vegna þessa vöruflokks, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögunum og einnig lagt til að gjaldtöku verði frestað um eitt ár. Í ákvæði til bráðabirgða III í lögum um úrvinnslugjald er kveðið á um að leggja skuli úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum frá 1. janúar 2004. Lagt er til að gjaldtöku vegna veiðarfæra verði frestað um eitt ár enda hefur komið í ljós að lengri tíma þarf til að undirbúa framkvæmd þessarar gjaldtöku. Í öðru lagi er lögð til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalds á tiltekna vöruflokka. Upphæð úrvinnslugjalds var ákvörðuð með gildistöku frá 1. janúar 2003 og jafnvel fyrr hvað varðar vörur sem verða að spilliefnum. Óvissuþættir eru við rekstur hvers vöruflokks. Þannig getur innheimta vöruafganga verið mismikil milli ára og þarf nokkurra ára tímabil til að ná fram tölulegum upplýsingum um hlutfall innflutnings og skila. Að fenginni reynslu hefur stjórn Úrvinnslusjóðs því gert tillögu til umhverfisráðherra að breytingu úrvinnslugjalds í nokkrum vöruflokkum til þess að ná því markmiði laganna að hver uppgjörsflokkur standi undir sér og sé fjárhagslega sjálfstæður, sbr. ákvæði 3. og 4. gr. laga um úrvinnslugjald. Tillögur um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds eru grundvallaðar á þeirri meginreglu að ná jöfnuði í afkomu hvers vöruflokks á næstu fimm árum. Þá er í þriðja lagi gerð tillaga um að fella út tollskrárnúmer til gjaldtöku og bæta öðrum við. Loks er í fjórða lagi lagt til að álagningu úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir verði frestað enda krefst það töluverðs undirbúnings að hefja gjaldtöku á þessa vöruflokka, m.a. vegna þess hve víða pappírs-, pappa- og plastumbúðir koma fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að bifreiðar sem undanþegnar eru bifreiðagjaldi skv. 4. gr. laganna beri úrvinnslugjald einu sinni á ári í stað tvisvar eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Úrvinnslugjaldið verður óbreytt, eða 1.040 kr. á ári, en verður innheimt einu sinni á ári í stað tvisvar. Gjalddagi verður 1. júlí.

Um innheimtu úrvinnslugjaldsins vegna umræddra ökutækja sem undanþegin eru bifreiðagjaldi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 1. mgr. 5. gr. laganna.

Um 2. gr.

Þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald var til meðferðar á Alþingi lagði meiri hluti umhverfisnefndar til að veiðarfæri úr gerviefnum yrði einn af þeim vöruflokkum sem bæru úrvinnslugjald, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögunum. Því er lagt til að við 1. mgr. 8. gr. laganna verði bætt við nýjum tölulið um veiðarfæri úr gerviefnum, sbr. nánar viðauka XVII.

Um 3. gr.

Gerð er tillaga um að breyta ákvæði til bráðabirgða III samkvæmt tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs í þá veru að fresta því til 1. janúar 2005 að leggja úrvinnslugjald á veiðarfæri þannig að tími vinnist til að undirbúa framkvæmdina. Nokkur rök liggja að baki þessarar tillögu. Fordæmi er fyrir slíkum fresti vegna álagningar úrvinnslugjalds á heyrúlluplast, sbr. núgildandi ákvæði til bráðabirgða III. Nauðsynlegt er að hafa lengri aðdraganda að álagningu þar sem nætur og hugsanlega fleiri veiðarfæri eru gjarnan boðin út með nokkrum fyrirvara og því viðbúið að þau séu í vinnslu og þurfi að greiða af þeim úrvinnslugjald án þess að tekið

hafi verið tillit til þess í tilboði. Þá er hægt að skoða nánar hvernig best er að standa að endurgreiðslu vegna útflutnings og kanna leiðir til að einfalda innheimtu á innlenda framleiðslu eins og gert er t.d. með innheimtu á samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur. Þá þarf einnig að kanna leiðir til að tryggja samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda vegna veiðarfæra sem tekin eru beint í skip þegar þau eru keypt erlendis og notuð áður en komið er með þau að landi hér. Þá er erfitt fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að sannreyna hvort þau eru ný eða ekki og leggja á þau úrvinnslugjald. Þá er lagt til að fresta jafnframt álagningu úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir um óákveðinn tíma enda krefst það töluverðs undirbúnings að hefja gjaldtöku á þessa vöruflokka vegna þess hve víða þeir koma fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi. Nú er unnið að því hjá Úrvinnslusjóði að undirbúa álagningu á þessa vöruflokka og er fyrirhugað að leggja fram frumvarp um það við fyrsta tækifæri.

Um 4. gr.

Gerð er tillaga um að úrvinnslugjald á olíuvörur í viðauka IV, aðrar en þær sem falla undir tollskrárnúmer 2710.1920, hækki um 26% eða úr 11,50 kr./kg í 14,50 kr./kg. Tillaga þessi er gerð vegna aukins tilkostnaðar af endurnýjuðum samningi við verktaka sem sér um mestan hluta olíuúrgangsins.

Um 5. gr.

Annars vegar er gerð tillaga um að tollskrárnúmer 2912.4100, 2912.4200 og 2912.4900 í viðauka V við lögin falli brott þar sem um er að ræða vörur þar sem afgangar þeirra verða ekki að spilliefnum og því ekki í samræmi við gildissvið og markmið laganna að leggja úrvinnslugjald á þær.

Hins vegar er gerð tillaga um að við viðauka V, sem fjallar um lífræn leysiefni, bætist tiltekin tollskrárnúmer.

Um 6. gr.

Málningar- og lakkeyðar sem flokkast undir tollskrárnúmer 3814.0002 hafa innihaldið efni sem verða að spilliefnum. Nú eru einnig komnir á markað málningar- og lakkeyðar sem innihalda ekki slík efni. Til að stuðla að notkun þeirra er gerð tillaga um að þau beri ekki úrvinnslugjald og tollskrárnúmerinu verði skipt upp. Því þarf að breyta texta við framangreint tollskrárnúmer og tiltaka að um sé að ræða málningar- eða lakkeyða sem eru merkingarskyldir vegna innihalds hættulegra efna.

Þá er í greininni gerð tillaga um að úrvinnslugjald á halógeneruð efnasambönd í viðauka VI hækki um 24%, eða úr 105,00 kr./kg í 130,00 kr./kg. Tillaga þessi er gerð vegna aukinna skila vöruafganga en einnig vegna hækkunar tilkostnaðar.

Um 7. gr.

Gerð er tillaga um að úrvinnslugjald á ísócyanöt og polyúretön í viðauka VII hækki um 15% eða úr 1,30 kr./kg í 1,50 kr./kg. Tillaga þessi er fyrst og fremst gerð vegna aukinna skila vöruafganga.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um að úrvinnslugjald á málningu í viðauka VIII hækki um 18% eða úr 17,00 kr./kg í 20,00 kr./kg. Tillaga um hækkun úrvinnslugjalds á málningu er til komin af þremur meginástæðum. Skil vöruafganga jukust mjög á fyrri árum. Þetta leiddi til viðvarandi hallareksturs á uppgjörsflokknum í tíð spilliefnanefndar sem ekki hefur náðst að vinna upp.

Skil hafa nú verið nokkuð stöðug sl. 3–4 ár en tekjur af innflutningi á olíumálningu hafa verið verulega minni sl. 2–3 ár en þær voru fyrstu þrjú árin. Tekjur af innlendri framleiðslu hafa hins vegar ekki dregist saman.

Um 9. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að úrvinnslugjald á prentliti í viðauka IX hækki um 70% eða úr 20,00 kr./kg í 34,00 kr./kg. Tillaga þessi er gerð vegna hallareksturs þessara vöruflokka á fyrri árum.

Um 10. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að úrvinnslugjald á vörur í ljósmyndaiðnaði í viðauka XII hækki um 39%. Tillaga þessi er gerð vegna þess að tekjur af þessum vöruflokki hafa minnkað með tilkomu stafrænnar tækni við prentun en skil vöruafganga hafa ekki minnkað að sama skapi.

Um 11. gr.

Gerð er tillaga um að við lögin bætist nýr viðauki, viðauki XVII, sem fjallar um veiðarfæri úr gerviefnum, sbr. nánar 2. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Gerð er tillaga um að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004. Til að skapa festu í starfsemi Úrvinnslusjóðs er rétt að miða að því að breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds komi til framkvæmda um áramót, þ.e. að það verði meginregla þótt frá því verði að bregða í sérstökum tilvikum, t.d. með tilkomu nýrra vöruflokka.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á álagningu úrvinnslugjalds.

Í 1. gr. er lagt til að gjaldatímabil úrvinnslugjalds af þeim bifreiðum sem eru undanþegnar bifreiðagjaldi verði heilt ár í senn í stað tveggja hálfs árs tímabila.

Í 3. gr. er lagt til að frestað verði um eitt ár að leggja úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum auk þess sem frestað er ótímabundið upptöku úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, en samkvæmt gildandi lögum skal leggja úrvinnslugjald á hvort tveggja frá 1. janúar 2004. Kostnaður við úrvinnslu veiðarfæranna er áætlaður 30 m.kr. á ári og áætlað er að kostnaður við úrvinnslu umbúðanna geti orðið um 320 m.kr. á ári en hér er um að ræða umfangsmikinn vöruflokk og áætlunin nokkurri óvissu háð.

Í 4.–10. gr. eru lagðar til ýmsar breytingar á gjaldstofnum og fjárhæð úrvinnslugjalds á tiltekna vöruflokka sem teljast til spilliefna. Hér er um að ræða breytingar, sbr. ákvæði 4. gr. laganna, um að hver uppgjörsflokkur standi undir sér og sé fjárhagslega sjálfstæður. Áætlað er að tekjur af úrvinnslugjaldi hækki um tæpar 33 m.kr. á ári við þessar breytingar.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má ætla að tekjur af úrvinnslugjaldi á spilliefni hækki um tæpar 33 m.kr. á ári frá því sem þær annars hefðu orðið. Á móti kemur að áætluð 30 m.kr. álagning á veiðarfæri frestast um eitt ár og áætluð 320 m.kr. álagning á umbúðir frestast ótímabundið.

Áhrifin hjá ríkissjóði eru helst þau að á meðan frestað er upptöku úrvinnslugjalds á umbúðirnar er líklegt að á móti minni umsýslukostnaði verði árlegar tekjur ríkissjóðs af 0,5% umsýslugjaldi um 1,6 m.kr. lægri en þær hefðu orðið að óbreyttum lögum.

537. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umfjöllun sinni um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 25. nóvember sl. Meiri hluti nefndarinnar gerir engar tillögur sem leiða til breytinga á heildarútgjöldum en leggur til nokkrar millifærslur og leiðréttingar.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði óbreytt.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

Við 2. umræðu um frumvarpið var samþykkt sundurliðun fjárveitinga til viðhalds- og stofnkostnaðar hjá háskóla- og vísindastofnunum. 20 m.kr. fjárveiting var ranglega merkt rannsóknahúsi hjá Háskólanum á Akureyri en átti að fara til viðhalds hjá sömu stofnun. Gerð er tillaga um leiðréttingu á þessu.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að 2 m.kr. framlag til Herhússins á Siglufirði sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið verði millifært á lið Húsafriðunarsjóðs.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Við 2. umræðu um frumvarpið var samþykkt 2,2 m.kr. tímabundið framlag á lið Húsafriðunarsjóðs til úttektar á bryggjuhúsum á Wathnestorfunni á Seyðisfirði. Lagt er til að sú fjárheimild verði færð til Tækniminjasafns Austurlands til uppbyggingarstarfs.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Lagt er til að 7 m.kr. tímabundið framlag til viðgerðar á Vélsmiðjunni á Þingeyri og 2 m.kr. tímabundið framlag til Herhússins á Siglufirði sem samþykkt voru við 2. umræðu um frumvarpið verði millifærð af safnliðum á lið Húsafriðunarsjóðs. Við 2. umræðu um frumvarpið var samþykkt 2,2 m.kr. framlag á lið sjóðsins til úttektar á bryggjuhúsum á Wathnestorfunni á Seyðisfirði. Lagt er til að sú fjárheimild verði færð til Tækniminjasafns Austurlands til uppbyggingarstarfs og flytjist þannig á lið 02-919-6.90.

999 Ýmislegt.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Lagt er til að 7 m.kr. framlag til viðgerðar á Vél-

smiðjunni á Þingeyri sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið verði millifært á lið Húsafriðunarsjóðs.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði óbreytt.

331 Héraðsskógar.

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði og *6.41 Gagnagrunnur um skógrækt.* Lagt er til að 8 m.kr. tímabundið framlag til gerðar gagnagrunns í skógrækt, sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið á viðfangsefni 1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði, verði flutt á sérstakt viðfangsefni, 6.41 Gagnagrunnur um skógrækt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 2003.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Birkir J. Jónsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

538. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, DrH, GHall, BJJ, ArnbS).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
Í 1. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta breytist heiti 2. tölul. og verði svohljóðandi:			
2. Háskólinn á Akureyri, viðhald			
2. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.90 Söfn, ýmis framlög	19,3	-2,0	17,3
Í 3. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 8. tölul. [Herhúsið, Siglufirði] brott.			
b. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	80,0	2,2	82,2
Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
19. Tækniminjasafn Austurlands			2,2
3. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	154,4	6,8	161,2

4. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	61,5	-7,0	54,5
Í 12. yfirliti í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta falli 12. tölul. [Vélsmiðjan á Þingeyri] brott.			
5. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	109,1	-8,0	101,1
6.41 Gagnagrunnur um skógrækt	0,0	8,0	8,0

539. Frumvarp til laga [401. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðsins „tryggingayfirlæknir“ í 7. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.

2. gr.

1. og 2. mgr. 17. gr. laganna verða svohljóðandi:

Hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996, skulu eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 2003 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að fellt verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og hins vegar að ákvæðum um skilyrði til aðildar að sjóðnum verði breytt.

Vegna breyttra aðstæðna hjá Tryggingastofnun ríkisins hefur stofnunin óskað eftir því að fellt verði niður ákvæði í lögunum um að tryggingayfirlæknar stofnunarinnar meti orkutap sjóðfélaga sjóðsins. Með frumvarpinu er lagt til að í stað tryggingayfirlækna Tryggingastofnunar ríkisins muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast matið. Er það í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ákvæðum 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna um aðildarskilyrði að sjóðnum verði breytt. Samkvæmt gildandi lögum skulu allir hjúkrunarfræðingar, sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, eiga rétt til aðildar að sjóðnum. Þá hafa enn fremur aðrir hjúkrunar-

fræðingar sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 á meðan þeir starfa að hjúkrun heimild til aðildar, svo og þeir hjúkrunarfræðingar er starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Framangreind ákvæði um aðild að sjóðnum hafa á undanförnum misserum ekki þótt nægilega skýr. Þannig hefur komið upp ágreiningur um hvort aðrir en þeir sem starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga eigi rétt á aðild að sjóðnum. Hefur einkum verið litið til ákvæða um bakábyrgð ríkisins á ábyrgðarskuldbindingu launagreiðenda í því sambandi.

Til að taka af öll tvímæli um skilyrði til aðildar að sjóðnum er með frumvarpi þessu lögð til breyting á 1. og 2. mgr. 17. gr. Samkvæmt frumvarpinu skulu hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun. Þá er lagt til að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 2003 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafi áfram sömu heimild til að greiða iðgjald fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði 1. mgr.

Framangreind tillaga er í samræmi við þá breytingu sem gerð var á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og sjóðfélaga í B-deild sjóðsins sem tók gildi 1. maí 1997. Þannig var B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins alfarið lokað fyrir öðrum launagreiðendum en þeim sem höfðu fengið heimild sjóðsins fyrir árslok 1996. Ekkert sambærilegt ákvæði var hins vegar sett í lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunafræðinga.

Samkvæmt 18. gr. laganna um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga ábyrgjast ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóðnum, hver fyrir sinn hóp, greiðslur úr sjóðnum. Samkvæmt sömu grein er ríkissjóður hins vegar bakábyrgur reynist sá aðili sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, endurgreiða sjóðnum hækkun á lífeyrisgreiðslum vegna almennra launahækkana.

Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að eftirleiðis verði sjóðurinn aðeins opinn fyrir hjúkrunarfræðingum sem starfa á vegum opinberra stofnana, þ.e. hjá stofnunum sem eru alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Áfram gilda þau skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi starfi við hjúkrun, hafi greitt iðgjald til sjóðsins við árslok 1996 og sé ráðinn með föst mánaðarlaun.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að launagreiðendur, sem hafa fengið heimild sjóðsins fyrir árslok 2003, án þess að vera í eigu opinberra aðila, hafi áfram rétt til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 17. gr. laganna. Í þessu felst að frá og með 1. janúar 2004 geta launagreiðendur, sem ekki eru að fullu í eigu ríkis eða sveitarfélags og höfðu ekki fengið heimild til að greiða til sjóðsins fyrir starfsmenn sína fyrir árslok 2003, ekki óskað eftir því að greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að í stað tryggingayfirlæknis muni trúnaðarlæknir sjóðsins annast mat á orkutapi sjóðfélaga. Um nánari umfjöllun sjá skýringar hér að framan.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæðum um heimild til aðildar að sjóðnum verði breytt á þann veg að framvegis verði sjóðurinn opinn hjúkrunarfræðingum, sem starfa við hjúkrun og greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996, á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem sé alfarið í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun. Samkvæmt 2. mgr. er lagt til að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 2003 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafi áfram sömu heimild til að greiða iðgjald fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði 1. mgr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði niður ákvæði um að tryggingayfirlæknir Tryggingastofnunar meti orkutap sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Matið verði falið trúnaðarlækni sjóðsins eins og tíðkast hjá öðrum lífeyrissjóðum. Ekki er gert ráð fyrir að breytt tilhögun matsins að þessu leyti hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði um aðildarskilyrði að sjóðnum verði breytt á þá leið að frá og með 1. janúar 2004 geti launagreiðendur, sem ekki eru að fullu í eigu ríkis eða sveitarfélags og höfðu ekki fengið heimild til að greiða til sjóðsins fyrir starfsmenn sína fyrir árslok 2003, ekki óskað eftir því að greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Þetta felur t.d. í sér að hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá einkareknum hjúkrunarheimilum og læknastofum munu ekki fá aðild að sjóðnum, enda óeðlilegt að ríkissjóður taki almennt á sig bakábyrgð á lífeyrisskuldbindingum gagnvart öðrum en opinberum aðilum. Með frumvarpinu er kveðið skýrar á um að lífeyrissjóðurinn taki ekki á sig nýjar skuldbindingar með bakábyrgð ríkissjóðs fyrir aðra en opinbera aðila en ekki er unnt að segja fyrir um í hvaða mæli annars mundi reyna á slíka ábyrgð.

540. Frumvarp til laga [402. mál]

um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið þessara laga er að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun Evrópufélagsins.

Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags skal hann einnig gilda í Evrópufélaginu nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað, eða ákvæði 16. gr. leiði til annarrar niðurstöðu.

Í því skyni að tryggja framangreind markmið skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum Evrópufélögum í samræmi við málsmeðferð við samningaviðræður, sem um getur í II. kafla laganna, eða við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 13. gr. í samræmi við III. kafla.

2. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laganna gilda um Evrópufélög og fyrirtæki sem hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags á grundvelli laga um Evrópufélög og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 og hafa staðfestu á Íslandi.

Stjórnendur Evrópufélags og dótturfélaga þess eða stjórnendur þátttökufélaga, þegar við á, og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennirnir sjálfir, eftir því sem við á, skulu uppfylla þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í lögunum, óháð því hvort Evrópufélagið er með staðfestu hér á landi.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Evrópufélag:* Félag sem er stofnað í samræmi við ákvæði laga um Evrópufélög og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001.
b. *Þátttökufélag:* Félag sem á beinan þátt í að stofna Evrópufélag.
c. *Dótturfélag:* Fyrirtæki sem félag hefur ráðandi aðstöðu gagnvart samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999.
d. *Hlutaðeigandi dótturfélag eða starfsstöð:* Dótturfélag eða starfsstöð þátttökufélags sem fyrirhugað er að verði dótturfélag eða starfsstöð Evrópufélagsins við myndun þess.
e. *Fulltrúar starfsmanna:* Trúnaðarmenn stéttarfélaga samkvæmt lögum og aðrir fulltrúar sem starfsmenn þátttökufélags tilnefna samkvæmt lögum þessum eða samkomulagi á vinnustað.
f. *Fulltrúanefnd:* Nefnd starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulagi, sem um getur í 11. gr., eða í samræmi við ákvæði III. kafla, með það í huga að upplýsa og hafa

samráð við starfsmenn Evrópufélags, dótturfélaga og starfsstöðva þess og, þar sem við á, beita þátttökurétti starfsmanna hvað Evrópufélagið varðar.

g. *Sérstök samninganefnd:* Nefnd sem sett er á fót í samræmi við 5. gr. til að semja við þar til bæra stofnun þátttökufélaganna um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.

h. *Aðild starfsmanna:* Hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu.

i. *Upplýsingar:* Upplýsingar sem þar til bær stofnun Evrópufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um málefni er varða félagið sjálft og dótturfélög eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki. Upplýsingar skal veita á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun Evrópufélagsins nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.

j. *Samráð:* Viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og sem kann að verða tekið tillit til við ákvarðanatöku í félaginu.

k. *Þátttaka:* Áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni félagsins annaðhvort með:

1. rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn félagsins eða eftirlitsstjórn, eða
2. rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhverra eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins.

II. KAFLI
Myndun sérstakrar samninganefndar og málsmeðferð við viðræður um mótun reglna um þátttöku starfsmanna.

4. gr.
Upphaf samningaviðræðna og upplýsingagjöf.

Þegar framkvæmdastjórnir eða stjórnir þátttökufélaga gera áætlun um stofnun Evrópufélags skulu þær gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu eins fljótt og unnt er eftir að birt hefur verið áætlun um samruna eða myndun eignarhaldsfélags eða eftir að áætlun um að mynda dótturfélag eða umbreyta skráðu félagi í Evrópufélag hefur verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnir eða stjórnir þátttökufélaga skulu láta fulltrúum starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem stofnun Evrópufélags snertir, í té upplýsingar um heiti þátttökufélaganna, viðkomandi dótturfélaga eða starfsstöðva, félagsform, fjölda starfsmanna hvers félags og fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna svo fljótt sem unnt er eftir að áætlun um stofnun Evrópufélags liggur fyrir og hafa frumkvæði að skipun sérstakrar samninganefndar, sbr. 5. gr.

5. gr.
Myndun sérstakrar samninganefndar.

Áður en viðræður geta hafist samkvæmt þessum kafla skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga og hlutaðeigandi dótturfélaga eða starfsstöðva, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja að:

a. fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru af þátttökufélögunum og hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt,
b. þegar Evrópufélag er myndað við samruna sé bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert þátttökufélag sem er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu Evrópufélagsins, að svo miklu leyti sem:
   1. þessir viðbótarfulltrúar verða ekki fleiri en sem nemur tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru kjörnir skv. a-lið; og
   2. skipan þeirra hefur ekki í för með sér að starfsmenn viðkomandi þátttökufélags öðlist fleiri fulltrúa en þeir eiga rétt á skv. a-lið.

Ef þátttökufélögin sem b-liður 2. mgr. á við um eru fleiri en tiltæk viðbótarsæti skal viðbótarsætum úthlutað á þátttökufélög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda starfsmanna í þeim.

Ef svo umfangsmiklar breytingar verða á hinu fyrirhugaða Evrópufélagi að þær hafi áhrif á landfræðilega skiptingu fulltrúa í sérstöku samninganefndinni skal nefndin meta hvort nauðsynlegt sé að endurúthluta sætum samkvæmt þessari grein. Ef þörf er á endurúthlutun skal hún fara fram svo skjótt sem unnt er og á þann hátt að sem minnstar tafir verði á framhaldi viðræðna.

6. gr.

Fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarfélaga. Starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann skulu velja sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa skv. 1. mgr. skulu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni. Vægi atkvæða hvers trúnaðarmanns eða fulltrúa ræðst af fjölda starfsmannanna að baki honum.

Hafi engir trúnaðarmenn verið skipaðir eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Ef kjósa á fleiri en einn fulltrúa frá Íslandi í samninganefndina skal tryggja eins og unnt er að starfsmenn sem flestra þátttökufélaga eigi þar fulltrúa.

Í þeim tilvikum sem úthlutað er aukasæti í samninganefndinni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr., fer um val þeirra fulltrúa samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ef starfsmenn þátttökufélags á Íslandi missa rétt til fulltrúa, svo sem vegna þess að félagið tekur ekki lengur þátt í myndun Evrópufélags, skal því sæti úthlutað að nýju samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Hlutverk sérstöku samninganefndarinnar.

Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna skulu ákveða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélagi.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir þátttökufélaganna greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun Evrópufélags og sjálfu stofnunarferlinu fram að skrán-

ingu. Nefndinni er heimilt að ákveða að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. stéttarfélaga, frá byrjun samningaviðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur valið sérfræðinga sér til aðstoðar, til dæmis fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni nefndarinnar.

Þátttökufélög skulu bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og rekstri sérstöku samninganefndarinnar, þ.m.t. kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings, þannig að nefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

8. gr.

Ákvarðanataka innan sérstöku samninganefndarinnar.

Í öðrum tilvikum en um getur í 2. mgr. tekur sérstaka samninganefndin ákvarðanir með hreinum meiri hluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Hver fulltrúi greiðir eitt atkvæði.

Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf samkomulagið í eftirtöldum tilvikum að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúanna sem jafnframt eru fulltrúar að minnsta kosti ⅔ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum:

a. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að stofna við samruna, og a.m.k. fjórðungur starfsmanna þátttökufélaganna á þátttökurétt, eða
b. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að setja á fót með því að stofna eignarhaldsfélag eða mynda dótturfélag, og a.m.k. helmingur starfsmanna þátttökufélaganna á þátttökurétt.

Það að þátttökuréttur minnkar merkir að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnarstofnana Evrópufélagsins, í skilningi k-liðar 3. gr., verða minni en hæsta hlutfallið sem var í gildi í þátttökufélögunum.

9. gr.

Lengd samningaviðræðna.

Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er stofnuð og þeim má halda áfram í sex mánuði frá fyrsta samningafundi. Miða skal upphaf frests til að ljúka samningaviðræðum samkvæmt þessari grein við tvo mánuði frá því að fullnægjandi upplýsingar skv. 2. mgr. 4. gr. bárust fulltrúum starfsmanna hafi fyrsti fundur ekki verið haldinn fyrir þann tíma.

Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár samanlagt.

10. gr.

Slit viðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meiri hluta sem tilgreindur er í 3. mgr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar, og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá, sem í gildi eru í aðildarríkjum þar sem Evrópufélag er með starfsmenn.

Ákvörðun skv. 1. mgr. bindur enda á gerð samkomulags skv. 11. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði III. kafla ekki um aðild starfsmanna Evrópufélags, nema að því leyti sem sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir skv. 13. gr., en um upplýsingar og samráð gilda þá lög og venjur í hverju aðildarríki þar sem Evrópufélagið hefur starfsemi.

Ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær þarf að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúa í sérstöku samninganefndinni, sem jafnframt eru fulltrúar a.m.k. ⅔ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra, í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tilkynnt þar til bærum stofnunum þátttökufélaganna, og gilda þá ákvæði þessa kafla að breyttu breytanda. Heimilt er þó að hefja samningaviðræður fyrr ef aðilar verða um það sáttir.

Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn á ný, en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum, gilda engin ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna Evrópufélagsins.

Þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu gildir þessi grein ekki ef þátttökuréttur er fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

11. gr.

Efni samkomulags.

Samningaviðræður þar til bærra stofnana þátttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná skriflegu samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan Evrópufélags. Í samkomulaginu skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

a. gildissvið samkomulagsins,
b. skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefnd sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og samráð við þá,
c. hlutverk og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til fulltrúanefndarinnar og samráðs við hana,
d. hve oft fulltrúanefndin skal koma saman,
e. hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera,
f. með hvaða hætti fyrirkomulagi skal komið á ef aðilarnir ná samkomulagi um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd,
g. ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. fjölda fulltrúa í stjórn eða, ef við á, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra,
h. dagsetninguna þegar samkomulagið öðlast gildi og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skal endurskoðað og málsmeðferð við endurskoðun þess.

Ákvæði III. kafla gilda ekki ef aðilar ná samkomulagi samkvæmt þessari grein nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu.

Ef í hlut á Evrópufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að allir þættir sem varða aðild starfsmanna séu að lágmarki á sama stigi og þeir sem eru fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

12. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður.

Löggjöfin sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður skal vera löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa Evrópufélagsins verður staðsett nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

III. KAFLI
Ákvæði til vara.

13. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um Evrópufélög sem skráð eru hér á landi frá skráningardegi ef annaðhvort:

a. aðilarnir koma sér saman um það, eða
b. ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 9. gr., er runninn út og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   1. þar til bær stofnun hvers þátttökufélags hefur tekið ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna í tengslum við Evrópufélagið og halda þar með áfram skráningu Evrópufélagsins, og
   2. sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 10. gr.

Enn fremur skulu ákvæði 16. gr. eingöngu gilda í eftirtöldum tilvikum og að uppfylltum tilgreindum skilyrðum:

a. þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu, ef reglur um þátttökurétt starfsmanna eru til staðar í því félagi sem á að breyta,
b. þegar Evrópufélag verður til við samruna,
   1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna, eða
   2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það,
c. þegar Evrópufélag verður til við stofnun eignarhaldsfélags eða dótturfélags:
   1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. helmings af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna, eða
   2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en helmings af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Við beitingu heimilda skv. 2. mgr. skal sérstaka samninganefndin ákveða, með sama meiri hluta og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., hvaða form á þátttöku starfsmanna skuli gilda í Evrópufélagi. Nefndin skal greina þar til bærum stofnunum þátttökufélaganna frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

14. gr.

Skipan fulltrúanefndar starfsmanna.

Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. skal fulltrúanefnd starfsmanna skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

a. Fulltrúanefndin skal skipuð starfsmönnum Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfs-

stöðva sem trúnaðarmenn stéttarfélaga og sameiginlegur fulltrúi þeirra starfsmanna sem ekki eiga trúnaðarmann eða allir starfsmenn, ef trúnaðarmenn eru ekki til staðar, kjósa úr sínum hópi.

b. Kosning íslenskra fulltrúa í nefndina skal, eftir því sem við á, fara fram í samræmi við ákvæði 6. gr.
c. Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi skal fulltrúaráðið, í samráði við þar til bærar stofnanir Evrópufélagsins, endurskoða skiptingu sæta í fulltrúaráðinu. Þetta á einkum við ef miklar breytingar verða á starfsmannafjölda, eignarhaldi eða starfsemi Evrópufélagsins, svo og ef félagið flytur staðfestu sína milli ríkja.
d. Ef stærð nefndarinnar gefur tilefni til skal fulltrúanefndin kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð sem annast venjubundin samskipti við þar til bærar stofnanir Evrópufélags, á grundvelli starfsreglna sem fulltrúanefndin setur sér.
e. Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem starfa hjá þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern starfsmann í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna, eða broti af því, sem ráðnir eru af þátttökufélögunum, hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt.
f. Tilkynna skal þar til bærri stofnun Evrópufélags um skipan fulltrúanefndarinnar.
g. Fulltrúanefndin eða framkvæmdaráðið getur leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.
h. Fulltrúanefndarmenn skulu eiga rétt á leyfi til þjálfunar án þess að missa við það laun að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.
i. Evrópufélag greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum í henni fyrir því fjármagni og aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Einkum skal Evrópufélag greiða kostnað vegna skipulagningar funda og aðstöðu vegna túlkaþjónustu og gisti- og ferðakostnað fulltrúa- og framkvæmdanefndarmanna, nema um annað hafi verið samið.

Fjórum árum eftir að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags, sbr. 11. gr., eða beita áfram almennum reglum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði 7.–11. gr. skulu gilda, eftir því sem við á, hafi ákvörðun verið tekin um að hefja viðræður um samkomulag skv. 2. mgr. Ef frestur til að ljúka samningaviðræðunum rennur út án þess að samkomulag náist skal sú tilhögun sem fyrst tók gildi, í samræmi við ákvæði þessa kafla, gilda áfram í Evrópufélagi.

15. gr.

Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð.

Hlutverk fulltrúanefndar skal takmarkast við málefni er varða Evrópufélagið sjálft og dótturfélög þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana Evrópufélagsins í einstöku aðildarríki.

Á fundum fulltrúanefndarinnar og þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur starfsemi, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal upp-

lýsa fulltrúanefndina um málið. Fulltrúanefndin, eða framkvæmdaráðið ef brýnt er, á rétt á að hitta að eigin ósk þar til bæra stofnun innan Evrópufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, til að fá upplýsingar og hafa samráð um ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Auk funda, sem haldnir eru skv. 3. mgr., hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins, að minnsta kosti einu sinni á ári, til upplýsinga og samráðs á grundvelli reglulegra skýrslna sem stofnunin tekur saman um rekstur Evrópufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendum á viðkomandi stöðum skal jafnframt veita upplýsingar.

Skylt er að láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfunda eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á aðalfundi félagsins.

Ef þar til bær stofnun Evrópufélags ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álit það sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós, hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa Evrópufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, skulu eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru milli framkvæmdaráðsins og Evrópufélagsins skv. 3. mgr.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærri stofnun Evrópufélags á fulltrúanefndin eða framkvæmdanefndin, sem er stækkuð, ef nauðsyn krefur í samræmi við 7. mgr., rétt á að funda án þess að fulltrúar Evrópufélagsins séu viðstaddir.

Með fyrirvara um þagnarskyldu skv. 19. gr., skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

Álit fulltrúanefndarinnar samkvæmt þessari grein bindur ekki hendur þar til bærra stofnana Evrópufélagsins.

16. gr.

Almennar reglur um þátttöku.

Um þátttöku starfsmanna í Evrópufélagi gilda eftirfarandi reglur:

a. Þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn giltu fyrir skráninguna skulu allar reglur um þátttöku starfsmanna gilda áfram fyrir Evrópufélagið. Að breyttu breytanda skulu ákvæði þessarar greinar gilda í því skyni.
b. Í öðrum tilvikum en skv. a-lið eiga starfsmenn Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefnd starfsmanna rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu tiltekins fjölda fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn Evrópufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en Evrópufélagið er skráð.

Ef ekkert þátttökufélaganna starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu Evrópufélagsins er þess ekki krafist að Evrópufélagið setji reglur um þátttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna í samræmi við hlutfall starfsmanna í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hlutfallsviðmiðun leiðir til þess að starfsmenn í einhverjum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og skulu starfsmenn í aðildarríki þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er skráð njóta forgangs við þá jöfnun hafi þeir ekki þegar fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu.

Fulltrúanefndin setur reglur um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins, ef við á.

Ef starfsmenn á Íslandi öðlast rétt til að tilnefna eða kjósa fulltrúa samkvæmt þessari grein skal ákvæði 6. gr. gilda um það val. Um kjör eða tilnefningu annarra fulltrúa gildir löggjöf viðkomandi aðildarríkis en ef þar er ekki mælt fyrir um hvernig tilnefning fer fram skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa starfsmanna þess aðildarríkis.

Hver fulltrúi í stjórn eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins sem fulltrúanefndin eða, eftir atvikum, starfsmenn, hefur kosið, tilnefnt eða mælt með samkvæmt þessari grein, skal vera fullgildur stjórnarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar hluthafa, þ.m.t. rétt til að greiða atkvæði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.
Samskipti Evrópufélags við fulltrúa starfsmanna.

Þar til bær stofnun Evrópufélags og fulltrúanefnd starfsmanna skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skyldna.

Hið sama gildir um samvinnu stjórnar eða, þar sem við á, eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn.

18. gr.
Vernd fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni, fulltrúar í fulltrúanefndinni og fulltrúar starfsmanna í stjórn stofnana Evrópufélagsins skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Þeim skal einnig tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum. Þetta á einkum við um fundasetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni, aðra fundi er falla undir samkomulagið sem um getur í f-lið 1. mgr. 11. gr. og fundi stofnana Evrópufélagsins, meðal annars varðandi greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá þátttökufélagi, Evrópufélaginu eða dótturfélögum þess eða starfsstöðvum, fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

Fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð skulu njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, eftir því sem við á.

19. gr.
Þagnarskylda.

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að umboð þeirra skv. 1. og 2. mgr. er á enda.

20. gr.

Upplýsingar sem ekki er skylt að veita.

Eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags eða þátttökufélags sem stofnað er á Íslandi er ekki skuldbundin til að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

21. gr.

Misnotkun reglna.

Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi, dótturfélögum eða útibúum skömmu eftir stofnun þess, sem gefa skýra vísbendingu um að tilgangur með stofnun Evrópufélagsins hafi verið sá að svipta starfsmenn þátttökurétti eða hindra að þeir öðluðust slíkan rétt, er skylt að hefja nýjar samningaviðræður skv. II. kafla.

Með verulegum breytingum er átt við að breyting verði á samsetningu Evrópufélags, dótturfélaga þess eða starfsstöðva, fjölda starfsmanna eða staðfestu félagsins, sem hefði leitt til þess, ef hún hefði átt sér stað áður en Evrópufélagið var stofnað, að þátttökuréttur starfsmanna hefði aukist. Verði slík breyting innan árs frá skráningu Evrópufélags ber félagið sönnunarbyrði fyrir því að breytingarnar séu til komnar af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr.

Um viðræður samkvæmt þessari grein gilda eftirfarandi reglur:

a. Þær skulu hefjast að kröfu fulltrúanefndar starfsmanna eða fulltrúa starfsmanna í nýjum dótturfélögum eða útibúum Evrópufélagsins.
b. Ákvæði II. kafla eiga við um viðræðurnar og undirbúning þeirra, að breyttu breytanda.

22. gr.

Viðurlög.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 19. gr. láta af hendi trúnaðarupplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésekta nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Brot sem framin eru í starfsemi lögaðila gegn 4., 15, 18. og 21. gr. laga þessara varða lögaðila sektum, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, ef brotið er framið af ásetningi og það er til þess fallið að svipta starfsmenn Evrópufélags rétti sem varinn er samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Ágreiningur.

Unnt er að skjóta til dómstóla ágreiningi sem varðar framkvæmd þessara laga, þ.m.t. ágreiningi um rétt fulltrúa starfsmanna til að fá í hendur upplýsingar og rétt þátttökufélaga eða Evrópufélags til að binda upplýsingar trúnaði. Rétt til málshöfðunar hafa allir sem taldir eru upp í 18. gr., hlutaðeigandi stéttarfélög og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

24. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Þegar Evrópufélag er fyrirtæki sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu, eða er ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahóps, er þar starfar, í skilningi 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, skulu ákvæði þeirra laga ekki gilda um Evrópufélagið eða dótturfélög þess nema sérstaka samninganefndin ákveði, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessara laga, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Reglur um þátttöku starfsmanna sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju, og ekki varða framkvæmd þessara laga, gilda ekki um Evrópufélög.

Lög þessi skulu ekki hafa áhrif á:

a. rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn Evrópufélagsins og dótturfélaga þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins, og
b. reglur um þátttöku sem mælt er fyrir um í lögum og/eða leiðir af venju og gilda um dótturfélög Evrópufélagsins.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi, sem eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í félagsmálaráðuneytinu, tengist frumvarpi viðskiptaráðherra um Evrópufélög. Með ályktun 13. desember 2002 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002, frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Við gerð frumvarpsins hefur í öllum meginatriðum verið leitast við að fylgja ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB. Vegna eðlis tilskipunarinnar hefur verið lögð rík áhersla á það af hálfu framkvæmdastjórnar ESB að innleiðing hennar sé samræmd í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og að tilskipunin hafi alls staðar verið innleidd áður en hún tekur gildi 8. október 2004. Hefur fulltrúi félagsmálaráðuneytisins meðal annars sótt fjölmarga fundi sérfræðinganefndar ESB um innleiðingu tilskipunarinnar. Ráðuneytið hefur jafnframt haldið fundi með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og Bandalags háskólamanna þar sem efni tilskipunarinnar hefur verið kynnt og umræður farið fram um innleiðingu hennar í íslenskan rétt.

Í stað þess að velja frumvarpinu sama heiti og tilskipuninni er farin sú leið að gefa því heiti sem fellur betur að efni þess og inntaki.

II. Efni tilskipunar um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Hinn 8. október 2001 samþykkti Evrópusambandið reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Jafnhliða var samþykkt tilskipun nr. 2001/86/EB um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Í stuttu máli má segja að höfuðmarkmið löggjafar um Evrópufélög sé að auðvelda félögum í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að sameinast eða stofna eignarhaldsfélög og til þess að gera félögum og öðrum lögaðilum, sem stunda atvinnustarfsemi og starfa á grundvelli laga mismunandi aðildarríkja, kleift að mynda sameiginleg dótturfélög. Á sama hátt á hlutafélag með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins að geta breyst í Evrópufélag án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, svo fremi félagið eigi dótturfélag í öðru aðildarríki en því þar sem skráð skrifstofa þess er. Nánari grein er gerð fyrir forsögu og efni reglugerðarinnar í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um Evrópufélög sem viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.

Tilskipun nr. 2001/86/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög. Miða ákvæði tilskipunarinnar að því að viðhalda reglum um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum við stofnun Evrópufélags.

Vegna margbreytilegra reglna og venja í aðildarríkjunum, með tilliti til þess hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í fyrirtækjum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um aðeins eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll Evrópufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að tryggja fasta málsmeðferð á fjölþjóðlegum grundvelli við upplýsingamiðlun og samráð í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað. Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna Evrópufélag, þ.e. réttur fulltrúa starfsmanna til að hafa bein áhrif á val fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins, skal hann fylgja með í flutningnum yfir í Evrópufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar fyrirtækjanna sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað. Ef vilji er til þess innan samninganefndarinnar að semja um minni þátttökurétt starfsmanna Evrópufélagsins hefur tilskipunin einnig að geyma reglur um í hvaða tilvikum heimilt er að ákveða slíkt fyrirkomulag.

Ef ekki næst samkomulag um fyrirkomulag aðildar starfsmanna í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um Evrópufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, sem og rétt starfsmanna til þátttöku í viðkomandi stofnunum Evrópufélagsins ef slíkur réttur var til staðar fyrir stofnun þess.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 8. október 2004 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín á milli. Rétt er að hafa í huga að ekki verður heimilt að skrá Evrópufélag nema

fyrir liggi að félög sem taka þátt í stofnun þess hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni. Skilyrði þess að það ferli sem fjallað er um í II. hluta tilskipunarinnar geti hafist er að öll aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sem málið varðar hafi áður innleitt ákvæði tilskipunarinnar í landsrétt sinn.

III. Efni frumvarpsins.

Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing tilskipunar nr. 2001/86/EB og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 á lagabreytingar hér á landi. Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkaðinn hérlendis. Þótt fyrir fram megi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega nýti sér þennan möguleika er rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þátttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutafé verði að lágmarki 120.000 evrur.

Eins og áður segir hefur ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB verið fylgt í öllum meginatriðum við gerð frumvarpsins. Frumvarpið hefur það markmið að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga, sem kunna að eiga eftir að starfa hér á landi, til aðildar að ákvörðunum sem varða starfsemi félagsins sem þeir vinna hjá og að viðhalda reglum um aðild starfsmanna sem í gildi eru í þeim félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags.

Þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja tíðkast almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði eru ekki líkur til þess að tilskipunin leiði til þess að réttindi launamanna minnki með tilkomu Evrópufélaga. Þvert á móti er líklegra að í einhverjum tilvikum geti stofnun Evrópufélags leitt til þess að íslenskir starfsmenn félagsins öðlist meiri rétt en áður á grundvelli reglna tilskipunarinnar, þ.e. í þeim tilvikum þegar starfsmenn erlendra félaga sem taka þátt í stofnun félagsins eiga, á grundvelli laga í því aðildarríki eða samþykkta viðkomandi félags, rétt til aðildar að ákvarðanatöku í félaginu.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna Evrópufélag skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra félaga sem þátt taka í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.

Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga við þær viðræður. Við myndun nefndarinnar skal meðal annars tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum, hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis, en að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun Evrópufélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun Evrópufélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að Evrópufélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku. Í samkomulagi skal meðal annars kveðið á um skipan fulltrúanefndar, sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna

Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og í tengslum við samráð við þá, eða aðra málsmeðferð sem aðilarnir verða ásáttir um, í stað þess að skipa slíka fulltrúanefnd.

Ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, skal í samkomulagi þeirra einnig kveðið á um inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra, o.s.frv.

Samningaviðræður geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum og gilda þá ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna, eftir því sem við á. Sama máli gegnir ef ekki næst samkomulag innan þess frests sem veittur er til viðræðna.

Meginreglan er sú að einfaldur meiri hluti atkvæða ræður afstöðu sérstöku samninganefndarinnar, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur skuli minnka, þ.e. að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnar eða framkvæmdastjórnar Evrópufélagsins verði minni en fyrir stofnun þess, þarf samkomulagið hins vegar að hljóta atkvæði frá ⅔ hlutum fulltrúanna.

IV. Tengsl frumvarpsins við landsrétt.

Ákvæði frumvarpsins gilda eingöngu um Evrópufélög og hefur það engin áhrif á rétt starfsmanna annarra fyrirtækja til upplýsinga og samráðs. Í þeim tilvikum þegar starfandi félag umbreytist eða verður hluti af Evrópufélagi er meginreglan hins vegar sú að þær sérreglur sem kveðið er á um í frumvarpinu, eða byggjast á samkomulagi aðila skv. 11. gr., ganga framar ákvæðum almennra laga, að því leyti sem annað er ekki tekið fram. Þetta þýðir meðal annars að þar sem nú eru starfandi evrópsk samstarfsráð innan fyrirtækis, sbr. lög nr. 61/1999, gilda ákvæði þeirra laga almennt ekki um Evrópufélag eða dótturfélög þess. Sama máli gegnir um reglur einstakra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins um þátttöku starfsmanna.

Rétt er hins vegar að taka fram að það er eitt af yfirlýstum meginmarkmiðum frumvarpsins að viðhalda þátttökurétti starfsmanna í þeim tilvikum þegar hann var fyrir hendi fyrir stofnun félagsins, þótt í undantekningartilvikum sé heimilt að semja um brottfall hans. Ákvæðin leiða því fyrst og fremst til þess að þátttökurétturinn byggist eftirleiðis á samkomulagi sem fulltrúar starfsmanna og Evrópufélagsins eða stofnenda þess gera með sér eða, í þeim tilvikum þegar samningaviðræður leiða ekki til þess að gert sé samkomulag, á ákvæðum III. kafla.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið eiga ákvæðin ekki að skerða rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt gildandi reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins og skilgreiningar á hugtökum.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst því markmiði frumvarpsins að vernda og viðhalda rétti starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum. Í þeim efnum gildir sú meginregla að sá réttur sem var fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags skuli gilda áfram eftir stofnun slíks félags nema um annað sé samið á grundvelli reglna tilskipunar nr. 2001/86/EB.

Um 2. gr.

Í greininni er vísað til ákvæða reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 og laga um Evrópufélög, samanber frumvarp sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til innleiðingar á ákvæðum reglugerðarinnar í íslenskan rétt. Er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að lögin gildi um öll Evrópufélög sem hafa starfsemi hér á landi og um félög sem hafa starfsemi hér á landi og hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um ábyrgð á framkvæmd laganna. Hafa ber í huga að þótt ábyrgðin hvíli að miklu leyti sameiginlega á stjórnendum Evrópufélagsins eða þátttökufélaga og fulltrúum starfsmanna, geta einstök ákvæði laganna kveðið á um frumkvæðisskyldu tiltekins aðila. Má í því sambandi nefna 2. mgr. 4. gr. um skyldu þátttökufélaga til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar.

Um 3. gr.

Greinin hefur að geyma skilgreiningar á helstu hugtökum sem fram koma í frumvarpinu og þarfnast fæst þeirra sérstakra skýringa en ástæða þykir þó til að fara hér nokkrum orðum um fjögur þeirra:

„Þátttökufélag“ er skilgreint á þann veg í b-lið, að það sé félag sem á beinan þátt í að stofna Evrópufélag. Þótt nokkrar leiðir séu mögulegar til að stofna Evrópufélag samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 er ávallt skilyrði til þátttöku að um sé að ræða skráð félag á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að þátttaka sé bein þurfa hluthafar þátttökufélags annaðhvort að eignast hlutabréf í Evrópufélaginu við stofnun þess eða þátttökufélagið sjálft að verða hluthafi.

„Dótturfélag“ er í c-lið skilgreint með vísan til 5. gr. laga nr. 61/1999. Sú skilgreining er nokkuð frábrugðin skilgreiningu í 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og samsvarandi ákvæði í 2. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Ástæða þess að stuðst er við skilgreiningu fyrstnefndu laganna er sú að í c-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er vísað til samsvarandi ákvæðis í 3. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, sem innleidd var með lögum nr. 61/1999.

Varðandi d-lið, þar sem er að finna skilgreiningu á því hvað sé „hlutaðeigandi dótturfélag eða starfsstöð“, þykir rétt að taka fram að ekki er skilyrði að dótturfélagið eða starfsstöðin sé starfrækt í sama landi og þátttökufélagið sjálft. Þegar upplýsingar eru gefnar skv. 2. mgr. 4. gr. er meðal annars nauðsynlegt að hafa þetta atriði í huga, þar sem fulltrúar starfsmanna eiga rétt á að fá upplýsingar um allar einingar sem fyrirhugað er að tilheyri Evrópufélaginu þegar það hefur verið stofnað.

Í k-lið er að finna skilgreiningu á því hvað átt er við með þátttöku starfsmanna. Við túlkun verður að hafa í huga að á Evrópska efnahagssvæðinu er að finna margs konar fyrirkomulag á atvinnulýðræði og einnig gilda þar mismunandi reglur og fyrirkomulag um uppbyggingu og stjórn fyrirtækja. Samsvarandi ákvæði í k-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er ætlað að ná yfir öll þessi form og gildir þá einu hvort um er að ræða reglur sem byggjast á lögum, samningum eða venju. Þetta víða gildissvið hefur eðlilega í för með sér að reglur tilskipunarinnar eru mun flóknari en þær væru ef hvert aðildarríki fyrir sig setti eigin reglur sem aðeins giltu um fyrirkomulagið í því landi.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla frumvarpsins er að finna meginreglur um málsmeðferð við gerð samkomulags milli fulltrúa starfsmanna og þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélags. Skulu viðræður miða að því að ná samkomulagi um fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn Evrópufélagsins og, þar sem við á, þátttöku starfsmanna.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu fyrirsvarsmanna fyrirtækja, sem hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags, til að gera eins fljótt og unnt er ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna.

Til að viðræður geti hafist þarf að stofna sérstaka samninganefnd fulltrúa starfsmanna í samræmi við ákvæði 5. gr. Í 2. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um skyldu þátttökufélaganna til að láta fulltrúum starfsmanna í té ítarlegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að ákvarða fjölda fulltrúa í umræddri nefnd og skiptingu sæta í henni. Jafnframt skal veita upplýsingar um hvaða reglur gilda um þátttöku starfsmanna í hverju þátttökufélagi, en þær upplýsingar skipta miklu máli, meðal annars fyrir atkvæðagreiðslur í sérstöku samninganefndinni.

Upplýsingar þær sem veittar eru skulu byggðar á nýjustu fáanlegum upplýsingum. Varðandi tölur um starfsmannafjölda skal tekið fram að átt er við heildarfjölda starfsmanna í hverju þátttökufélagi, óháð því hvort þeir eru til dæmis í hlutastarfi eða starfa á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings. Til að forða misskilningi skal tekið fram að átt er við fjölda starfsmanna á hverjum tíma. Er því um aðra reglu að ræða en fram kemur í 8. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, þar sem miðað er við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um stofnun sérstakrar samninganefndar sem í eiga sæti fulltrúar starfsmanna þátttökufélaga og dótturfélaga þeirra eða starfsstöðva sem fyrirhugað er að taki þátt í stofnun Evrópufélags.

Reglur um skipun í nefndina eru fremur flóknar og stafar það einkum af því að unnt er að stofna Evrópufélag á mismunandi hátt, eins og kveðið er á um í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001. Að uppfylltum nánari skilyrðum getur Evrópufélag þannig í fyrsta lagi orðið til á grundvelli samruna, í öðru lagi er heimilt að stofna Evrópufélag sem er eignarhaldsfélag, í þriðja lagi geta tvö eða fleiri félög ákveðið að stofna sameiginlegt dótturfélag, sem verður Evrópufélag, og í fjórða lagi er heimilt að umbreyta starfandi hlutafélagi í Evrópufélag.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni geta hið fæsta orðið tíu en flestir geta þeir orðið þrjátíu. Eftir fyrirhugaða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins á árinu 2004 geta þeir þó mögulega orðið enn fleiri, en þó einungis ef Evrópufélag er stofnað með mjög umfangsmiklum samruna fyrirtækja. Ákvæði a-liðar 2. mgr. er ætlað að tryggja að sæti í nefndinni skiptist eftir fjölda þeirra ríkja innan EES þar sem þátttökufyrirtækin hafa starfsmenn í vinnu og felur reglan í sér að hvert ríki sem málið varðar á rétt á a.m.k. einum fulltrúa. Fulltrúafjöldi ræðst að öðru leyti af því hve stór hluti starfsmanna þátttökufélaganna starfar í hverju ríki og eykst fjöldi fulltrúa um einn fyrir hvern byrjaðan tug fulltrúa. Þannig fær til dæmis aðildarríki þar sem fjórðungur starfsmanna allra þátttökufélaganna starfar þrjá fulltrúa í samninganefndina.

Í b-lið 2. mgr. er sérregla sem einungis gildir þegar Evrópufélag er myndað við samruna. Felur hún í sér að bætt er við takmörkuðum fjölda fulltrúa í samninganefndina og eru þeir fulltrúar starfsmanna þátttökufélaga sem ekki verða lengur sjálfstæðir lögaðilar eftir að skráning Evrópufélagsins tekur gildi. Í 3. mgr. er tekið fram að ef fjöldi slíkra þátttökufélaga er meiri en fjöldi þeirra sæta sem unnt er að úthluta á þennan hátt skuli þau sæti sem laus eru til ráðstöfunar ganga til starfsmanna fjölmennustu félaganna í hverju aðildarríki.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að breytingar verði á hinu fyrirhugaða Evrópufélagi eftir að sérstaka samninganefndin hefur verið skipuð. Þetta getur til dæmis gerst þannig að eitt eða fleiri félög hætta við þátttöku í samruna og kann það meðal annars að leiða til þess að vægi atkvæða á bak við hvern fulltrúa í nefndinni breytist. Er í ákvæðinu gert ráð fyrir því að unnt sé að endurúthluta sætum í samninganefndinni ef nefndin telur það nauðsynlegt, en jafnframt er gert ráð fyrir því að sem minnstar tafir verði á samningaviðræðum vegna þessa, enda nauðsynlegt skv. 9. gr. að ljúka viðræðum eigi síðar en einu ári eftir að þær hefjast.

Til að útskýra hvernig þær reglur sem kveðið er á um í greininni virka í framkvæmd má taka eftirfarandi dæmi um stofnun Evrópufélags við samruna:

Ríki	**Hlutfall starfsmanna**	**Fjöldi sæta**
Frakkland	21 %	3
Portúgal	20 %	2
Spánn	19 %	2
Þýskaland	11 %	2
Bretland	10 %	1
Belgía	9 %	1
Ísland	5 %	1
Noregur	4 %	1
Svíþjóð	1 %	1
Samtals	100 %	14

Um 6. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kjör fulltrúa starfsmanna á Íslandi í sérstöku samninganefndina. Gert er ráð fyrir að trúnaðarmönnum stéttarfélaga verði falið það vald að velja þessa fulltrúa en jafnframt tekið fram að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjörinu. Skulu þessir aðilar velja fulltrúa úr sínum röðum til setu í sérstöku samninganefndinni en ef engir trúnaðarmenn eru innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjörinu og eru þeir þá jafnframt kjörgengir.

Sérregla gildir þó skv. 5. mgr. í þeim tilvikum þegar starfsmenn eiga rétt á að velja aukafulltrúa í sérstöku samninganefndina vegna þess að viðkomandi þátttökufélag hættir að starfa sem sérstakur lögaðili í kjölfar samruna. Eiga þá einungis fulltrúar þess félags rétt á að taka þátt í kosningunni.

Í greininni er að finna ákvæði um að ef fleiri en eitt íslenskt fyrirtæki tekur þátt í stofnun Evrópufélags skuli reynt að dreifa fjölda fulltrúa milli þátttökufélaganna, og að sætum skuli endurúthlutað ef starfsmenn þátttökufélags missa rétt til fulltrúa.

Um 7. gr.

Í greininni er hlutverki sérstöku samninganefndarinnar lýst og kveðið á um skyldu þeirra félaga sem taka þátt í stofnun Evrópufélags til að upplýsa nefndina um áætlanir sínar og gang stofnunarferlisins. Í þessu felst meðal annars skylda til að tilkynna nefndinni um breytingar sem kunna að eiga sér stað, til dæmis ef einhver félög hætta við þátttöku í Evrópufélaginu eða ný félög bætast í hóp þátttakenda, en slíkt getur meðal annars orðið til þess að hafa áhrif á samsetningu nefndarinnar.

Í greininni er einnig mælt fyrir um skyldu þátttökufélaganna til að bera kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og fellur þar undir allur eðlilegur kostnaður, svo sem ferðakostnaður,

en í greininni er sérstaklega kveðið á um skyldu til að bera kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings sem nefndin getur valið sér til aðstoðar.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna reglur um það hvernig sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir. Meginreglan er sú að ákvarðanir eru teknar með hreinum meiri hluta atkvæða, að því skilyrði uppfylltu að á bak við þann meiri hluta sé einnig meiri hluti starfsmanna hins fyrirhugaða Evrópufélags.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu sem ætlað er að varna því að þátttökuréttur starfsmanna minnki við stofnun Evrópufélags. Aukinn meiri hluta atkvæða þarf til að samþykkja slíkt samkomulag og að auki þarf að uppfylla skilyrði um að þeir sem greiða samkomulaginu atkvæði séu fulltrúar aukins meiri hluta starfsmanna, auk þess að vera frá a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Gildir þessi regla þegar Evrópufélag verður eignarhaldsfélag eða dótturfélag, og a.m.k. helmingur starfsmanna þátttökufélaganna eiga þátttökurétt og einnig þegar um samruna er að ræða og a.m.k. fjórðungur starfsmanna á slíkan rétt. Rétt er hins vegar að taka fram að óheimilt er að semja um minni þátttökurétt starfsmanna þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um tímafresti til að ljúka viðræðum, en skv. 5. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB verður samningaviðræðum að ljúka innan árs frá því að þær hefjast. Til að tryggja að upphaf viðræðna dragist ekki úr hófi er lagt til í frumvarpinu að viðræður skuli í síðasta lagi taldar hefjast tveimur mánuðum eftir að nauðsynlegar upplýsingar berast fulltrúum starfsmanna. Með þessu móti er tryggt að ekki þurfi að fresta úr hófi skráningu Evrópufélags af ástæðum sem þátttökufélögin ráða engu um.

Um 10. gr.

Í greininni er að finna ákvæði, í samræmi við 6. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB, um heimildir sérstöku samninganefndarinnar til að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á viðræður og vísa þess í stað til gildandi reglna í einstökum aðildarríkjum um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með auknum meiri hluta atkvæða, auk frekari skilyrða sem tilgreind eru í ákvæðinu. Rétt er hins vegar að taka fram að samninganefndinni er óheimilt að taka slíka ákvörðun ef stofna á Evrópufélag við umbreytingu, sbr. 6. mgr. greinarinnar og 3. mgr. 11. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild til að kalla sérstöku samninganefndina saman að nýju en almennt verður það ekki gert fyrr en að liðnum tveimur árum frá fyrri ákvörðun.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til efnis samkomulags milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna um aðild starfsmanna Evrópufélagsins og svarar ákvæðið til 4. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Rétt er að hafa í huga að upptalningin í 1. mgr. er ekki tæmandi og er aðilum frjálst að semja um önnur atriði en þar koma fram.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu, eins og fram kemur í b-lið 1. mgr., að aðilarnir geri samkomulag um að starfandi verði fulltrúanefnd starfsmanna, sem að mörgu leyti svipar til evrópskra samstarfsráða í fyrirtækjum sem kveðið er á um í lögum nr. 61/1999. Í f-lið 1. mgr. er þó gert ráð fyrir að heimilt sé að semja um annað fyrirkomulag á upplýsingamiðlun og samráði.

Á meðal annarra atriða sem nauðsynlegt er að komi fram í samkomulagi aðila er gildissvið samkomulagsins, þ.e. til hvaða fyrirtækja, þ.m.t. dótturfélaga, því er ætlað að ná. Einnig er afar mikilvægt að í samkomulaginu komi fram í hvaða tilvikum það skuli endurskoðað, enda líklegt að breytingar verði á starfsemi Evrópufélagsins, svo sem vegna frekari samruna eða breytinga á starfsemi félagsins, eftir að það hefur verið stofnað. Slíkar breytingar geta hæglega haft áhrif á skiptingu sæta í fulltrúanefndinni. Rétt er að taka fram að í 21. gr. er kveðið á um skyldu til þess að taka viðræður upp að nýju ef um misnotkun er að ræða og getur það ákvæði átt við óháð því hvort samkomulag hefur verið gert samkvæmt þessari grein.

Í þeim tilvikum sem samkomulag næst samkvæmt þessari grein eiga ákvæði III. kafla frumvarpsins ekki við um Evrópufélagið nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi aðila, sbr. 2. mgr.

Loks er í 3. mgr. að finna kvöð sem takmarkar samningsfrelsi aðila en á einungis við þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu. Er þá óheimilt að semja um að réttur starfsmanna verði minni en hann var í þátttökufélaginu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að löggjöf þess aðildarríkis, þar sem fyrirhugað er að aðalskrifstofa Evrópufélags verði staðsett, skuli gilda um málsmeðferð við samningaviðræður. Ákvæði tilskipunar nr. 2001/86/EB og eðli máls leiða þó í einstaka tilvikum til þess að landsréttur í hverju ríki gildi og á það til dæmis við um val fulltrúa hvers ríkis í sérstöku samninganefndina.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði sem hafa að markmiði að innleiða efni viðauka með tilskipuninni. Geta ákvæði kaflans, eða einstakar greinar hans eftir því sem við á, gilt í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 11. gr. eða ef aðilarnir koma sér saman um það, að uppfylltum skilyrðum.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 7. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB og felur í sér nánari afmörkun á því hvenær ákvæði kaflans geta átt við um aðild starfsmanna að Evrópufélagi. Er meginreglan sú að ákvæði 14. og 15. gr., um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn, gilda frá og með skráningu Evrópufélags í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 11. gr. og sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun um að slíta viðræðum og bera fyrir sig reglur sem gilda um lík samskipti í hverju aðildarríki, sbr. 10. gr.

Andstæð regla gildir um þátttökurétt starfsmanna skv. 16. gr. Gilda þær reglur sem þar er kveðið á um aðeins í þeim tilvikum sem talin eru upp í 2. mgr. 13. gr., að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Það getur ávallt gerst, til dæmis við samruna fyrirtækja frá mörgum aðildarríkjum, að þátttökuréttur starfsmanna byggist á ólíkum reglum. Þannig má nefna að nokkuð er um það í hollenskum hlutafélögum að þátttökuréttur felist í rétti fulltrúa starfsmanna til að mæla gegn setu eins eða fleiri fulltrúa í stjórn félags. Í flestum öðrum ríkjum er hins vegar algengast, þar sem þátttökuréttur er á annað borð fyrir hendi, að hann felist í rétti til að tilnefna einn eða fleiri fulltrúa í stjórnarstofnanir viðkomandi félags. Þessi ólíku form á þátttöku starfsmanna eru algerlega ósamrýmanleg og er það ástæða þess að í 3. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum sem 16. gr. á við skuli sérstaka samninganefndin taka ákvörðun um hvaða form á þátttöku skuli gilda í Evrópufélaginu.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um skipan og hlutverk fulltrúanefndar starfsmanna Evrópufélags. Gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi um kjör fulltrúa íslenskra starfsmanna í nefndina og kveðið er á um í 6. gr., varðandi kjör fulltrúa í sérstöku samninganefndina, en um fjölda og skiptingu fulltrúa er í e-lið kveðið á um sambærilega reglu og í 5. gr. Um frekari skýringar vísast til athugasemda með þeim greinum.

Gert er ráð fyrir því að fulltrúanefndinni sé heimilt að kjósa sér framkvæmdaráð sem getur starfað milli reglulegra funda nefndarinnar. Þess má vænta að úrræðinu verði nokkuð beitt og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúanefndin skilgreini umboð framkvæmdaráðsins í starfsreglum sínum.

Rétt er að taka fram að þótt í 2. mgr. sé ekki gert ráð fyrir að viðræður hefjist fyrr en fjórum árum eftir að fulltrúanefnd er stofnuð geta þær engu að síður hafist fyrr í þeim tilvikum sem 21. gr. á við.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í greininni er að finna ítarleg ákvæði um rétt fulltrúanefndarinnar til að fá upplýsingar um einstök mál og skyldu Evrópufélags til að eiga samráð við nefndina. Heimildir þessar eru töluvert rýmri en þær sem gilda um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, sbr. 20. gr. laga nr. 61/1999, og er nægilegt skv. 1. mgr. að um sé að ræða málefni sem nær út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana Evrópufélagsins í einstöku aðildarríki. Einnig er greinin frábrugðin ákvæðum II. kafla laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000, að því leyti að fulltrúanefndin á rétt á því að krefjast annars samráðsfundar í þeim tilvikum þegar Evrópufélagið ákveður að fara ekki að áliti nefndarinnar, þar sem leita skal eftir samkomulagi um málið.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því að fulltrúanefndin fundi a.m.k. árlega með þar til bærri stofnun Evrópufélagsins. Er samkvæmt tilskipun nr. 2001/86/EB gert ráð fyrir að það sé aðili sem hefur ákvörðunarvald, en það fer síðan eftir samþykktum og skipulagi Evrópufélagsins hver sá aðili er. Einnig á fulltrúanefndin rétt á því að óska eftir aukafundi á grundvelli upplýsinga um sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, sbr. 3. mgr. Framkvæmdaráð, sem skipað er skv. d-lið 1. mgr. 14. gr., hefur einnig heimild til að krefjast slíks fundar, einkum þegar ekki gefst tími vegna aðstæðna til að kalla saman fulltrúanefndina.

Samkvæmt greininni hefur samráð við fulltrúanefndina verulega þýðingu og getur nefndin m.a. krafist annars fundar í þeim tilvikum þegar þar til bær stofnun Evrópufélagsins ákveður að fara ekki að áliti nefndarinnar. Hins vegar er tekið fram í lokamálsgreininni að álit fulltrúanefndarinnar geti aldrei bundið hendur stjórnenda Evrópufélagsins og er það því eingöngu ráðgefandi.

Um 16. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við 13. gr. gilda ákvæði þessarar greinar, sem svarar til III. hluta viðauka við tilskipunina, einungis í afmörkuðum tilvikum, og því aðeins að ekki hafi verið samið um annað fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna. Eins og fram kemur í k-lið 3. gr. er þátttökuréttur annaðhvort fólginn í því að fulltrúar starfsmanna kjósi eða tilnefni einn eða fleiri fulltrúa til setu í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins eða að fulltrúar starfsmanna geti hafnað setu eins eða fleiri fulltrúa sem kjörnir hafa verið af hluthöfum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að fulltrúanefnd starfsmanna ákveði skiptingu sæta í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins meðal fulltrúa starfsmanna í einstökum aðildarríkjum. Gert er ráð

fyrir þeirri meginreglu að sæti í stjórn og eftirlitsstjórn gangi til þeirra aðildarríkja þar sem starfsmenn eru flestir og að sæti skiptist samkvæmt hlutfallsreglu. Í þeim tilvikum þegar slík hlutfallsskipting leiðir til þess að starfsmenn í einstökum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og njóta starfsmenn í því aðildarríki þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er þá forgangs fram yfir aðra starfsmenn sem ekki hafa fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu. Hafa verður í huga að sjaldan verður um mikinn fjölda sæta að ræða en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að hlutfallsregla ráði ávallt fyrstu sætum sem koma til úthlutunar samkvæmt þessari grein.

Ekki þykir þörf á að setja ítarlega reglu um aðferðir í þeim tilvikum þegar þátttökuréttur starfsmanna felst í því að mæla með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins. Nægilegt þykir að fela fulltrúanefnd starfsmanna að setja reglur þar að lútandi.

Í þriðja viðauka tilskipunar nr. 2001/86/EB er ekki kveðið á um hvernig standa skuli að kjöri eða tilnefningu fulltrúa starfsmanna frá einstökum aðildarríkjum í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins. Í frumvarpinu er valin sú leið að beita sömu aðferð og gert er við tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina og fulltrúaráð starfsmanna, sbr. 6. gr. Hvað varðar fulltrúa frá öðrum aðildarríkjum er meginreglan sú að löggjöf viðkomandi aðildarríkis ráði, en þegar löggjöf til innleiðingar á tilskipuninni kveður ekki sérstaklega á um val fulltrúa skuli þetta vald falið fulltrúanefnd starfsmanna Evrópufélagsins.

Í lokamálsgreininni er tekinn af vafi um að fulltrúar, sem ákvæði greinarinnar eiga við um, skuli hafa sömu stöðu og réttindi og aðrir stjórnarmenn.

Um IV. kafla.

Í lokakafla frumvarpsins er að finna ýmis almenn ákvæði sem gilda hvort sem samningur hefur náðst um aðild starfsmanna, sbr. 11. gr., eða beitt er ákvæðum III. kafla.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna almenna reglu um samskipti Evrópufélags og fulltrúa starfsmanna, í samræmi við 9. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Hún þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er mælt fyrir um á hvern hátt fulltrúum starfsmanna sem annast samskipti við stofnanir Evrópufélags skuli veitt vernd gegn uppsögn og kjaraskerðingu, sbr. 10. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Greinin er að mestu efnislega samhljóða 31. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæði frumvarpsins og tilskipunar nr. 2001/86/EB gera ráð fyrir að fulltrúum starfsmanna séu veittar margháttaðar upplýsingar sem leynt eiga að fara, svo sem um áform er varða samruna fyrirtækja, nýja framleiðslutækni o.s.frv. Í greininni er gert ráð fyrir því, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar, að þátttökufélögum og stofnunum Evrópufélags sé heimilt að binda upplýsingar trúnaði. Sambærileg ákvæði er meðal annars að finna í 29. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, og 10. gr. laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Þagnarskylda verður aðeins ákveðin í einstökum tilvikum og heimilar þessi grein frumvarpsins ekki að fulltrúar starfsmanna undirgangist almenna þagnarskyldu er varðar þær upplýsingar sem þeir fá í störfum sínum.

Ágreiningur um hvort heimilt sé að binda tilteknar upplýsingar þagnarskyldu verður borinn undir almenna dómstóla, sbr. 23. gr.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um heimild stofnana Evrópufélags eða þátttökufélaga til að undanskilja upplýsingar sem eru þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Heimildina verður að skýra fremur þröngt, meðal annars með vísan til þess að skv. 19. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði. Sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Heimilt er að bera ágreining um lögmæti ákvörðunar samkvæmt þessari grein undir almenna dómstóla, sbr. 23. gr. Einnig getur varðað sektum að undanskilja upplýsingar sem skylt var að láta af hendi, sbr. 22. gr.

Um 21. gr.

Í ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB er skýrt tekið fram að réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skuli vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu. Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem breytingarnar varða. Af þessari ástæðu hefur frumvarp þetta að geyma ýmis ákvæði um að reglulega skuli yfirfara skipan fulltrúaráðs starfsmanna og ákvæði um endurupptöku samningaviðræðna aðila, hafi þær ekki leitt til gerðar samkomulags, sbr. 11. gr. frumvarpsins, og eru þessar reglur byggðar á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 11. gr. tilskipunarinnar er að auki lögð sú kvöð á þau ríki sem gerast aðilar að henni að gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra að stofnun Evrópufélags leiði til þess að starfsmenn séu sviptir aðildarrétti. Af þessari ástæðu er hér lögð til regla sem gerir aðilum skylt að hefja samningaviðræður að nýju ef skýrar vísbendingar eru um að tilgangur með stofnun Evrópufélags hafi verið sá að svipta starfsmenn aðildarrétti eða hindra að slíkur réttur yrði fyrir hendi.

Ef ágreiningur er um hvort ákvæðið eigi við skera dómstólar úr. Um samningaviðræður fer skv. II. kafla en í stað þess að sérstök samninganefnd starfsmanna sé skipuð fer fulltrúanefnd starfsmanna með samningsumboð fyrir starfsmenn.

Um 22. gr.

Samkvæmt greininni liggja fésektir við þeirri háttsemi sem þar er tilgreind, en skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er aðildarríkjum skylt að tryggja að aðilar máls uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í tilskipuninni. Jafnframt ber aðildarríkjum að tryggja að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi í þeim tilvikum þegar ekki er farið að ákvæðum tilskipunarinnar.

Rétt er að benda á að því stjórnvaldi sem fer með skráningu Evrópufélaga í hverju ríki ber skv. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001/EB að synja Evrópufélagi um skráningu nema gert hafi verið samkomulag í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, eða teknar hafi verið ákvarðanir skv. 10. gr. þessa frumvarps sem leitt hafa til þess að viðræðum hefur verið slitið. Jafnframt er aðildarríkjum heimilað í reglugerðinni að fela skráningaraðila að breyta samþykktum Evrópufélags sem fara í bága við aðildarrétt starfsmanna. Meðal annars af þessum ástæðum er það mikið hagsmunamál fyrir þau félög sem taka þátt í stofnun Evrópufélags að hafa gott samstarf við fulltrúa starfsmanna og gæta þess að í einu og öllu sé farið

að ákvæðum tilskipunarinnar. Engu að síður þykir nauðsynlegt að kveða í frumvarpi þessu á um refsiviðurlög við tilteknum brotum.

Í 1. mgr. er að finna refsiákvæði sem einkum getur varðað fulltrúa starfsmanna. Er þar kveðið á um að það varði fésektum að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Rétt er að taka fram að ef ágreiningur er um hvort heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði er unnt að skjóta ágreiningi til dómstóla til að fá trúnaðarskyldu aflétt, sbr. 23. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Er þar kveðið á um að ásetningsbrot gegn 4., 15., 18. og 21. gr. laganna varði lögaðila fésektum, en að jafnaði má ætla að brot gegn framangreindum ákvæðum séu eingöngu framin í þágu viðkomandi Evrópufélags, dótturfélags eða þátttökufélaga. Brot verður því aðeins talið refsivert að það sé til þess fallið að svipta starfsmenn Evrópufélags rétti sem varinn er samkvæmt lögunum. Dæmi um slíkt er ef starfsmenn þátttökufélaga leyna fulltrúa starfsmanna upplýsingum eða gefa þeim rangar upplýsingar sem hafa áhrif á niðurstöðu samningaviðræðna skv. II. kafla eða á samráðsferli skv. 15. gr. Sama máli gegnir ef brotið er gegn reglum um vernd fulltrúa starfsmanna skv. 18. gr. eða ef tilgangurinn með stofnun Evrópufélags er að svipta starfsmenn þátttökurétti sem þeir höfðu fyrir stofnun félagsins.

Um 23. gr.

Í greininni er, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB, mælt fyrir um að ágreiningsmálum verði skotið til úrlausnar almennra dómstóla. Þar sem efni frumvarpsins er um margt flókið og ágreining getur borið að með ýmsu móti þótti ástæða til að taka fram hverjir ættu rétt til málshöfðunar og takmarkast sá réttur við aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Um 24. gr.

Greinin hefur að geyma heimild fyrir ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna og þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað um skil þeirra reglna, sem frumvarpið hefur að geyma, við aðrar lagareglur og svarar ákvæðið til 13. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Efni tilskipunarinnar hefur meðal annars áhrif á ákvæði tilskipunar nr. 94/45/EB, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, og er í 1. mgr. gengið út frá því sem meginreglu að slík samstarfsráð verði ekki fyrir hendi innan Evrópufélags.

Í 2. mgr. er kveðið á um að reglur aðildarríkja um þátttöku starfsmanna gildi ekki um Evrópufélög og þarfnast það ákvæði ekki skýringa.

Í 3. mgr. kemur fram að efni frumvarpsins skuli ekki hafa áhrif á rétt starfsmanna til aðildar, til dæmis í dótturfélögum Evrópufélags og starfsstöðvum, að því leyti sem sá réttur varðar ekki þátttöku í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins. Má sem dæmi nefna að ef til álita kæmi að grípa til hópuppsagna í dótturfélagi Evrópufélags í aðeins einu aðildarríki mundi ekki reyna á ákvæði þessara laga heldur færi um samráð um þá ráðstöfun samkvæmt ákvæðum laga um hópuppsagnir sem gilda í því ríki.

Um 26. gr.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Evrópufélög, sem viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi, verður ekki unnt að skrá Evrópufélög fyrr en 8. október 2004. Samkvæmt 14.

gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB skulu þau ríki sem eru aðilar að tilskipuninni hafa lokið innleiðingu eigi síðar en þann sama dag.

Þar sem hugsanlegt er að formlegur undirbúningur að stofnun Evrópufélags hefjist fyrir gildistöku reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001, þar sem meðal annars kann að reyna á ákvæði þessara laga við kosningu fulltrúa í sérstaka samninganefnd starfsmanna, er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Með því móti á að vera unnt að koma í veg fyrir að möguleg réttaróvissa verði til þess að tefja skráningu Evrópufélags að ástæðulausu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Frumvarpið hefur það að markmiði að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga, sem kunna að eiga eftir að starfa hér á landi. Frumvarpið er tengt frumvarpi um Evrópufélög sem viðskiptaráðherra leggur fram.

Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

541. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	3.955,0	500,0	4.455,0
Greitt úr ríkissjóði	*9.448,6*	*500,0*	*9.948,6*

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um að staðið verði við samkomulag sem gert var á milli ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins um aukinn lífeyri til þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og koma á til framkvæmda 1. janúar 2004. Fjárhæð þessi er til viðbótar 1.000 m.kr. sem eru í frumvarpinu en komið hefur í ljós að til þess að standa við samkomulagið þarf 1.500 m.kr.

542. Fyrirspurn [403. mál]

til umhverfisráðherra um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað líður áformum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs í ljósi þess að fengin er niðurstaða um þjóðlendur á svæðinu? Er rekstur Jöklasetursins á Hornafirði sem miðstöðvar þjóðgarðsins til skoðunar í því samhengi?

543. Fyrirspurn [404. mál]

til fjármálaráðherra um skattfrelsi félagsgjalda.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Í ljósi þess að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda eru frádráttarbær frá skattstofni telur ráðherra þá ekki sanngjarnt og í anda jafnræðisreglu íslenskra laga að launþegar fái að draga félagsgjöld til stéttarfélaga frá tekjuskattsstofni sínum?

Skriflegt svar óskast.

544. Fyrirspurn [405. mál]

til menntamálaráðherra um útgáfustyrki Menningarsjóðs.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hverjar hafa árlegar tekjur Menningarsjóðs verið frá því að lög nr. 79/1993 tóku gildi, hvaðan hafa þær komið og hve stórum hluta þeirra hefur verið varið til beinna styrkja?
2. Hverjir hafa setið í stjórn Menningarsjóðs á þeim tíma?
3. Útgáfu hvaða verka hefur Menningarsjóður styrkt á þessum tíma, hverjir eru höfundar eða ritstjórar einstakra verka, hve mikið voru þau styrkt og hvaða forlög gáfu út, sundurliðað eftir fræðiritum, handbókum, orðabókum og menningarsögulegum ritum, sbr. 1. gr. laganna?
4. Hvernig skiptist fjárhagslegur stuðningur Menningarsjóðs eftir einstökum forlögum á þessu tímabili?
5. Hvaða fjárhagslegan stuðning hefur sjóðurinn veitt „annarri skyldri starfsemi“ en beinlínis útgáfu svo vísað sé í orðalag 1. gr. laganna um sjóðinn, hverjir eru ábyrgðarmenn umsókna í slíkum tilvikum og hver er upphæð styrkja?
6. Hefur sjóðurinn styrkt útgáfu verkefna sem hafa svo ekki verið gefin út? Hvaða verk eru þetta, hve mikill styrkur rann til hvers verkefnis og hve mikið samtals? Hefur verið

beðið um endurgreiðslu styrkja af slíku tilefni? Ef svo er, hversu oft og hvernig hefur það tekist?

Skriflegt svar óskast.

545. Fyrirspurn [406. mál]

til landbúnaðarráðherra um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Björgvini G. Sigurðssyni og Önundi S. Björnssyni.

1. Hvenær var sérstakur stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins settur á stofn og hver voru skilgreind markmið hans?
2. Hvernig hefur sjóðurinn verið fjármagnaður og hve miklir fjármunir hafa runnið til hans
   a. á ári frá upphafi,
   b. samtals?
3. Gilda sérstakar reglur um starfsemi sjóðsins? Ef svo er, hverjar eru þær?
4. Hver skipar stjórn sjóðsins? Hverjir hafa setið í stjórninni og hvenær?
5. Hvaða reglur gilda um laun stjórnarmanna? Hve mikið hefur verið greitt fyrir stjórnarsetuna samtals frá stofnun sjóðsins?
6. Hve oft hefur sjóðurinn lánað til kaupa á sérstökum úrvalskynbótahrossum eða styrkt slík kaup? Hve miklar upphæðir var um að ræða
   a. hverju sinni,
   b. samtals?
7. Hvernig metur ráðherra að hafi til tekist með sjóðinn? Er ef til vill ástæða til að endurskoða tilgang hans og starfsemi, og þá í hvaða veru?

Skriflegt svar óskast.

546. Fyrirspurn [407. mál]

til heilbrigðisráðherra um framlög til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum og meðferðar ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver eru framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum, hverjir fá þau greidd og hversu mikið hver?
2. Hver eru framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda?
3. Hver voru árleg framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum að núvirði árin 1995–2003, hverjir fengu þau greidd og hversu mikið hver?

4. Hver voru árleg framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda árin 1998–2003 að núvirði?
5. Hver eru áætluð framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum árið 2004, hverjir fá þau greidd og hversu mikið hver?
6. Hver eru áætluð framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda árið 2004?

Skriflegt svar óskast.

547. Fyrirspurn [408. mál]

til landbúnaðarráðherra um hrossaliti.

Frá Önundi S. Björnssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

1. Eru einhverjir íslensku hrossalitanna í hættu að mati sérfræðinga landbúnaðarráðuneytisins?
2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að sjaldgæfir hrossalitir tapist ekki?
3. Er áformað að auka fjárveitingar til rannsókna og verndar fágætum litum í íslenska hestastofninum?

Skriflegt svar óskast.

548. Fyrirspurn [409. mál]

til landbúnaðarráðherra um litförótt í íslenska hestakyninu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Merði Árnasyni og Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hversu margir litfölóttir hestar eru taldir vera í landinu? Hversu hátt hlutfall eru þeir af íslenska stofninum? Hvernig hefur hlutfallið þróast frá þeim tíma sem upplýsingar ná fyrst til?
2. Er eitthvað sérstakt við erfðir litfölóttra hrossa sem veldur fæð þeirra í stofninum?
3. Hve margir fyrsta flokks litfölóttir stóðhestar eru nú í landinu sem hæfir eru til dóma á sýningum? Hve margir fyrsta flokks litfölóttir stóðhestar eru taldir vera í eigu erlendra aðila, og þá í hvaða löndum?
4. Hversu margir litfölóttir úrvalskynbótagripir hafa verið keyptir með aðstoð stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins? Hvað kostuðu kaupin í sérhverju tilviki?
5. Hversu tókst til í þessum tilvikum, að mati stjórnarmanna eða sérfræðinga ráðuneytisins?
6. Hefur stofnverndarsjóðurinn stuðlað með öðrum hætti að eflingu litfölótta hestakynsins, sbr. 15. gr. laga nr. 70/1998?

7. Hvernig var varið til verndar litförótta stofninum þeirri milljón króna sem ráðherra lofaði sérstaklega á Alþingi 9. febrúar 2000 að nota til að efla stofninn?
8. Hefur verið gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir að liturinn glatist úr íslenska hestakyninu? Ef svo er, hver er hlutur stjórnvalda í því?
9. Hefur erfðanefnd landbúnaðarins á einhvern hátt hugað að varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda sem felast í litföróttum hrossum?

Skriflegt svar óskast.

549. Svar [298. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um menningartengda ferðaþjónustu.

1. *Hvað hefur verið gert á vegum samgönguráðuneytis til að fylgja eftir skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu sem ráðuneytið gaf út í ágúst 2001 og þeim hugmyndum sem þar koma fram um eflingu slíkrar ferðaþjónustu?*

Í framhaldi af gerð skýrslunnar hófst á vegum samgönguráðuneytisins vinna við gerð aðgerðaáætlunar í menningartengdri ferðaþjónustu. Sú áætlun lá fyrir vorið 2002.

Á vegum ráðuneytisins hefur síðan verið unnið að ákveðnum aðgerðum í samræmi við tillögur í umræddri skýrslu. Má þar m.a. nefna samning við Snorrastofu um gerð menningartengds vefs, sem gerður var sl. vor, aðkomu að sérstöku verkefni til að kynna íslenska hestinn og úttekt á möguleikum okkar hvað varðar að gera Ísland að sælkeraáfangastað. Að þessu síðasttalda verkefni er einnig unnið á vegum ráðuneytisins innan verkefnisins „Iceland Naturally", m.a. með sérstakri matarhátíð hér á landi sl. tvö ár.

Auk þessara verkefna og ýmissa fleiri sem unnið er að í samræmi við tillögur í umræddri skýrslu hefur menningin orðið sterkari þáttur en fyrr í allri opinberri kynningu á landi og þjóð. Þá hefur Alþingi aukið fjárveitingar til viðhalds og endurgerðar gamalla húsa víða um land, en á það er einmitt lögð áhersla í umræddri skýrslu. Ýmislegt fleira hefur verið sett af stað af hálfu opinberra aðila og einnig rekstraraðila í ferðaþjónustu í samræmi við tillögur í skýrslunni.

En þrátt fyrir að ýmis verkefni séu komin í framkvæmd þá var skýrslan um menningartengda ferðaþjónustu unnin sem ein af mörgum til undirbúnings gerðar ferðamálaáætlunar til næstu 10 ára, sem nú er hafin vinna við. Til að undirbúa þá vinnu voru m.a. unnar skýrslur um heilsutengda ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu, framtíðarsýn ferðaþjónustu og sérstök skýrsla sem ber heitið „Auðlindin Ísland" og verður rædd frekar í svari við 2. lið. Rétt er að benda á að þær tillögur sem settar eru fram í þessum skýrslum snúa ekki síst að aðilum í atvinnugreininni og heimamönnum á hverju svæði.

2. *Hefur samgönguráðuneyti stuðst við skiptingu landsins í þróunar- og markaðssvæði, eins lagt er til í skýrslunni, og ef svo er, hver er grundvöllur þessarar skiptingar og hvað hefur ráðherra gert til að efla menningartengda ferðaþjónustu á öðrum svæðum sem ekki eru nefnd sérstaklega í skýrslunni?*

Í skýrslunni um menningartengda ferðaþjónustu er sett fram tillaga að skiptingu landsins í sérstök þróunar- og markaðssvæði. Af hálfu ráðuneytisins hefur ekki enn verið unnið eftir

þessum tillögum. Því er ekki um það að ræða að sérstaklega hafi verið litið til þeirra svæða né þá að hægt sé að svara því hvað hafi verið gert fyrir þau svæði sem ekki eru nefnd í skýrslunni. Unnið hefur verið almennt að eflingu þessa þáttar ferðaþjónustunnar án tillits til þeirra tillagna um skiptingu landsins sem vísað er til í spurningunni.

Ráðuneytið óskaði eftir því við Ferðamálaráð í byrjun árs 2002 að unnin yrði úttekt á landinu öllu með tilliti til möguleika einstakra landshluta til að þróa ferðaþjónustu. Ferðamálaráð skilaði haustið 2002 skýrslu sem ber heitið „Auðlindin Ísland“. Í henni eru gerðar tillögur um skiptingu landsins í þróunar- og markaðssvæði. Sú skipting sem þar er gerð tillaga um er önnur en sú sem fram kemur í skýrslunni um menningartengda ferðaþjónustu og byggist á fleiri forsendum einstakra svæða. Þá er þar t.d. gerð tillaga um mismunandi svæði eftir því hvort verið er að ræða um þróun ferðaþjónustu annars vegar og markaðssetningu hins vegar.

„Auðlindin Ísland“ er ein af þeim grunnskýrslum sem unnar voru vegna gerðar ferðamálaáætlunar sem nú er hafin á grunni allrar þeirrar forvinnu sem áður er getið og hefur verið unnin á undanförnum missirum.

550. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.34 Veiðarfærarannsóknir, Ísafirði	0,0	15,0	15,0

551. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.44 Byrgið, líknarfélag	25,7	15,0	40,7

552. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
6.50 Reykjalundur, byggingarstyrkur	0,0	30,0	30,0
Greitt úr ríkissjóði	*781,9*	*30,0*	*811,9*

553. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Sigurjóni Þórðarsyni, Grétari Mar Jónssyni og Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.097,8	50,0	1.147,8

554. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Sigurjóni Þórðarsyni, Grétari Mar Jónssyni og Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.24 Blái herinn, styrkur	0,0	5,0	5,0

555. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.01 Kennsla	2.816,0	210,0	3.026,0
b. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.549,2	80,0	2.629,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*4.031,5*	*290,0*	*4.321,5*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	568,2	75,0	643,2
Greitt úr ríkissjóði	*657,4*	*75,0*	*732,4*
3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	397,7	137,0	534,7
Greitt úr ríkissjóði	*1.127,1*	*137,0*	*1.264,1*

556. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	694,5	200,0	894,5

557. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Hlyni Hallssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **07-190 Ýmis verkefni**			
1.30 Til undirbúnings átaksverkefnis ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla	0,0	30,0	30,0

558. Frumvarp til laga [410. mál]

um tímabundna ráðningu starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmenn með tímabundna ráðningu, sbr. a-lið 3. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

a. nemendur sem ráðnir eru tímabundið á grundvelli samninga um grunnstarfsnám eða annarra námssamninga,
b. starfsmenn sem ráðnir eru á grundvelli tímabundinna ráðningarsamninga sem eru liðir í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlunum er njóta stuðnings opinberra aðila,
c. starfsmenn sem framleigufyrirtæki útvega öðrum fyrirtækjum, eða
d. embættismenn, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að bæta tímabundnar ráðningar með því að tryggja meginregluna um að starfsmönnum með tímabundna ráðningu sé ekki mismunað miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Enn fremur er lögum þessum ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Starfsmaður með tímabundna ráðningu* er starfsmaður með ráðningarsamning við vinnuveitanda þar sem lok samningsins ákvarðast af hlutlægum ástæðum, til dæmis tiltekinni dagsetningu, lokum afmarkaðs verkefnis eða ef upp koma tilteknar aðstæður.
b. *Sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu* er starfsmaður með ótímabundinn ráðningarsamning við sama fyrirtæki og starfsmaður með tímabundna ráðningu og vinnur sama eða sambærilegt starf að teknu tilliti til annarra áhrifaþátta, svo sem kunnáttu eða hæfni. Þegar ekki er til að dreifa sambærilegum starfsmanni með ótímabundna ráðningu í sama fyrirtæki skal samanburður gerður með vísan til hlutaðeigandi kjarasamnings eða, þar sem slíkur samningur er ekki fyrir hendi, með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju.

4. gr.

Vernd gegn mismunun.

Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Þegar krafist er ákveðins starfsaldurs til að öðlast tiltekin starfskjör skulu sömu skilyrði gilda fyrir starfsmann með tímabundna ráðningu og sambærilegan starfsmann með ótímabundna ráðningu nema krafan um mismunandi starfsaldur sé byggð á hlutlægum ástæðum.

5. gr.

Framlenging eða endurnýjun tímabundinnar ráðningar.

Óheimilt er að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þá er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning embættismanns eða stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma. Vinnuveitandi skal þó ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið.

Nýr ráðningarsamningur telst taka við af öðrum samningi sé hann framlengdur eða ef nýr tímabundinn ráðningarsamningur kemst á milli sömu aðila innan þriggja vikna frá lokum gildistíma eldri samnings.

Aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þar sem tekið er tillit til þarfa starfsmanna og vinnuveitanda í þeirri atvinnugrein sem kjarasamningurinn tekur til. Sá samningur skal þá gilda um framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þeirra starfsmanna er hann tekur til.

6. gr.

Upplýsingagjöf og endurmenntun.

Vinnuveitandi skal veita starfsmanni með tímabundna ráðningu tímanlega upplýsingar um störf sem losna innan fyrirtækis, þar með talin hlutastörf, til að hann hafi sömu tækifæri til að vera ráðinn ótímabundið og aðrir starfsmenn. Heimilt er að veita slíkar upplýsingar í almennum tilkynningum á viðeigandi stöðum innan fyrirtækis.

Vinnuveitandi skal enn fremur leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns með tímabundna ráðningu að starfsmenntun og starfsþjálfun, meðal annars í því skyni að hann geti aukið hæfni sína og til að stuðla að framgangi og hreyfanleika í starfi.

Þá skal vinnuveitandi leitast við að veita trúnaðarmanni starfsmanna viðeigandi upplýsingar um tímabundin störf innan fyrirtækis.

7. gr.

Ákvörðun um fjölda starfsmanna.

Starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið skulu taldir með meðan á ráðningunni stendur við ákvörðun um fjölda starfsmanna fyrirtækis í þeim tilvikum þegar fjöldi starfsmanna skiptir máli við tilnefningar fulltrúa starfsmanna samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

8. gr.

Réttur til skaðabóta.

Brjóti vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótum.

9. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, sem vísað er til í 32. lið a XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/2000.

10. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Önnur lög eða kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins er kveða á um meiri rétt starfsmanna en lög þessi kveða á um skulu halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á tilskipun 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella tilskipun þessa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 19. maí 2000, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 43/2000.

Aðildarríkjunum er heimilt skv. 2. gr. tilskipunarinnar að fela aðilum vinnumarkaðarins að semja um efni rammasamningsins í stað þess að kveða á um efni hennar með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Félagsmálaráðuneytið fór þess því á leit við aðila vinnumarkaðarins með bréfi, dags. 23. júní 2000, að þeir tækju samninga sína til endurskoðunar með tilliti til efnis rammasamningsins um tímabundna ráðningu. Aðilar vinnumarkaðarins óskuðu síðar eftir að félagsmálaráðherra legði fram frumvarp til innleiðingar á efni rammasamningsins þegar útséð var um að samningar tækjust milli þeirra um efnið.

Á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta þeirri óskráðu reglu og er því gert ráð fyrir að ótímabundnir ráðningarsamningar verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi. Þetta er einnig í samræmi við efni tilskipunarinnar en í forsendum hennar kemur fram að „[ó]tímabundnir ráðningarsamningar eru hið almenna form ráðningarsambands og stuðla að lífsgæðum viðkomandi launamanna og bæta árangur". Engu síður er tekið fram að tímabundnir ráðningarsamningar geta á tilteknum sviðum og í tilteknum starfsgreinum hentað bæði vinnuveitendum og launamönnum.

Frumvarpi þessu er ætlað að gilda um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið í samræmi við efni rammasamningsins. Aðildarríkjunum er þó heimilt að undanskilja nemendur í grunnstarfsnámi sem hafa verið ráðnir á grundvelli námssamninga. Enn fremur er heimilt að undanskilja ráðningarsamninga sem hafa verið gerðir innan ramma sérstakrar opinberrar áætlunar eða áætlunar um þjálfun, aðlögun og endurmenntun sem nýtur opinbers stuðnings. Í inngangsorðum rammasamningsins er jafnframt tekið fram að samningurinn gildi ekki um starfsmenn sem framleigufyrirtæki útvegar öðrum fyrirtækjum. Lagt er til að þessir hópar verði á sama hátt undanskildir gildissviði frumvarps þessa.

Í rammasamningnum er kveðið á um lágmarksreglur um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðildarríkin hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins við að útfæra nánar framkvæmd tiltekinna ákvæða samningsins í samræmi við venjur hvers lands og þarfir atvinnurekanda og launafólks í tilteknum atvinnugreinum. Markmið rammasamningsins er að bæta tímabundnar ráðningar með því að tryggja meginregluna um bann við mismunun og að sett verði rammaákvæði í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun sem byggist á því að tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum. Þess er sérstaklega getið í forsendum samningsins að tímabundnir ráðningarsamningar sem eiga sér stoð í hlutlægum ástæðum sé ein aðferðin til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í því skyni að koma í veg fyrir að tímabundnar ráðningar verði misnotaðar þannig að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum er mælt fyrir um þrenns konar leiðir sem stjórnvöld geta valið um í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sbr. 5. gr. rammasamningsins.

Heimilt er að velja eina eða fleiri leiðir en sú fyrsta felur í sér að taldar séu upp þær ástæður sem réttlæta endurnýjun tímabundinna ráðningarsamninga, önnur að kveðið sé á um hámarkstímalengd slíkra ráðningarsamninga og sú þriðja hversu oft sé heimilt að endurnýja þá. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tímabundinn ráðningarsamningur vari ekki lengur en tvö ár samfellt að því undanskildu að annað sé tekið fram í lögum. Þó er lagt til að heimilt verði að endurnýja tímabundna ráðningarsamninga embættismanna og stjórnenda sem gerðir eru til fjögurra ára eða lengri tíma þegar þeir eru endurnýjaðir til jafnlangs tíma. Lögð er sérstök áhersla á að aðilar vinnumarkaðarins hafi heimild til að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga en það sem lagt er til með frumvarpinu innan ramma viðkomandi samnings.

Rammasamningurinn leggur þær skyldur á vinnuveitendur að upplýsa þá starfsmenn sína sem ráðnir eru tímabundið um lausar stöður innan fyrirtækisins. Tilgangurinn er að þeir njóti sömu tækifæra og aðrir starfsmenn til að fá ótímabundna ráðningu. Þessi skylda hefur engin áhrif á skyldu opinberra stofnana og fyrirtækja um að auglýsa laus embætti og önnur störf, sbr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996, (hér eftir nefnd starfsmannalögin) og reglur um auglýsingar á lausum störfum, nr. 464/1996. Í frumvarpi þessu er einungis fjallað um upplýsingaskyldu vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum sem hann hefur ráðið tímabundið þegar störf losna sem ráðið er í ótímabundið. Þá er vinnuveitendum gert að leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns með tímabundna ráðningu að starfsmenntun og starfsþjálfun. Enn fremur kveður rammasamningurinn á um að starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið skuli taldir með meðan á ráðningunni stendur við ákvörðun um fjölda starfsmanna fyrirtækis við tilnefningar fulltrúa þeirra.

Erfitt er að meta áhrif frumvarps þessa á íslenskan vinnumarkað. Eins og að framan getur er áfram gert ráð fyrir að ótímabundnir ráðningarsamningar verði meginreglan. Ekki hefur áður verið fjallað almennt um tímabundna ráðningarsamninga í lögum eins og lagt er til með frumvarpi þessu að gert verði. Ákvæði 2. mgr. 41. gr. starfsmannalaga fjallar um tímabundnar ráðningar hjá hinu opinbera. Þar kemur fram að heimilt sé að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Í lokamálsliðnum kemur fram takmörkun á heimildinni til að ráða fólk tímabundið þar sem segir að tímabundin ráðning skuli aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár. Í athugasemdum við frumvarp til laganna kom fram að umrædd regla hefði verið tekin upp í kjarasamninga á hinum opinbera vinnumarkaði árið 1989. Þeir samningar eru ekki lengur í gildi. Þá gilda einnig sérlög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, en þar er fjallað um tímabundnar ráðningar.

Kjarasamningar milli einstakra sveitarfélaga og viðsemjanda þeirra hafa að geyma ákvæði um tímabundnar ráðningar. Dæmi um slíkt ákvæði er að finna í kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (ákvæði 12.3.2) en það er í samræmi við ákvæði starfsmannalaga. Kjarasamningur Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins fjallar einnig um tímabundna ráðningarsamninga (ákvæði 12.1.2). Þar kemur fram að heimilt sé að ráða starfsmann tímabundið eða til ákveðins verkefnis. Slík ráðning má þó ekki vera til lengri tíma en þriggja mánaða. Kveðið er á um tveggja vikna uppsagnarfrest miðað við vikumót. Ákvæði þetta mun vera tilkomið vegna aðstæðna í viðkomandi starfsgreinum. Aðrir kjarasamningar á íslenskum vinnumarkaði kveða ekki sérstaklega á um tímabundnar ráðningar.

Svo virðist sem ágreiningur um meinta misnotkun á tímabundnum ráðningarsamningum hafi ekki komið oft til kasta íslenskra dómstóla. Algengt virðist að ágreiningur er rís á grundvelli tímabundinna ráðningarsamninga snúist um hvort tiltekinn ráðningarsamningur gildi

tímabundið eða til óákveðins tíma eða hvort tímabundinn ráðningarsamningur hafi verið uppsegjanlegur á gildistímanum. Í apríl síðastliðnum dæmdi Héraðsdómur Vestfjarða í máli nr. E-310/2002 þar sem haldið var fram misnotkun á tímabundnum ráðningarsamningum sjómanna. Því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Að teknu tilliti til framangreinds og þess að fyrir liggur að aðilum vinnumarkaðarins tókst ekki að semja um útfærslu á efni 5. gr. rammasamningsins þótti rétt að fara varlega í að kveða á um frekari takmarkanir tímabundinna ráðninga en þær sem gilt hafa á hinum opinbera vinnumarkaði. Þar takast meðal annars á sjónarmið um verndun þess sveigjanleika sem talinn er einkenna íslenskan vinnumarkað og sjónarmið um aukna vernd launafólks. Þá koma einnig til skjalanna vangaveltur um hversu mikið svigrúm aðilar vinnumarkaðarins skuli hafa til að semja um réttindi og skyldur á vinnumarkaði við gerð kjarasamninga, þ.e. hvar draga eigi mörkin milli þess sem ákveða skuli með lögum og þess sem ákveða skuli með kjarasamningum á innlendum vinnumarkaði. Eðlilegra þykir að kannað verði í samráði við aðila vinnumarkaðarins hvernig tímabundnum ráðningarsamningum er raunverulega háttað á íslenskum vinnumarkaði áður en frekari reglur eru settar. Félagsmálaráðherra mun því beita sér fyrir skipun samstarfshóps þar sem farið verður yfir málin í samvinnu við Vinnumálastofnun á næstu þremur árum. Gert er ráð fyrir að hópurinn leggi fram skýrslu þar sem afstaða verði tekin til hvort nauðsynlegt sé að hafa strangari takmarkanir í lögum en þær sem hér eru lagðar til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að frumvarpið gildi um starfsmenn með tímabundna ráðningu sem nánar eru skilgreindir í a-lið 3. gr. Í 5. gr. er þó gert ráð fyrir að aðilum vinnumarkaðarins sé heimilt að semja um annað fyrirkomulag í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun á endurnýjun eða framlengingu ráðningarsamninga. Þeir samningar gilda þá um framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þeirra starfsmanna er þeir taka til. Önnur ákvæði gilda þó áfram um starfsmennina. Þá er gert ráð fyrir að önnur lög og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins er kveða á um meiri rétt starfsmanna haldi gildi sínu.

Rammasamningurinn veitir aðildarríkjunum heimild til að undanskilja nemendur sem ráðnir eru tímabundið á grundvelli samninga um grunnstarfsnám og annarra námssamninga í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ekki er skilgreint sérstaklega í samningnum hvers konar nám eða menntun átt er við með hugtökunum „grunnstarfsnám“ og „námssamningar“. Lagt er til að þessi undanþága verði nýtt hér á landi. Þá er átt við samninga sem vinnuveitendur gera við nemendur er stunda nám við viðurkennda menntastofnun um starf sem er viðurkennt sem nauðsynlegur hluti námsins samkvæmt skilgreiningu hlutaðeigandi menntastofnunar. Dæmi um slíkt starfsnám er starfsnám iðnnema og nema í hjúkrunarfræði. Hér er ekki átt við störf er nemendur sinna samhliða námi þótt starfið nýtist nemanda almennt sem starfsþjálfun innan þeirrar starfsgreinar sem hann stundar nám í eða geti hugsanlega síðar nýst honum í námi.

Á sama hátt heimilar rammasamningurinn að undanskildir séu ráðningarsamningar sem hefur verið komið á innan ramma sérstakrar opinberrar áætlunar eða áætlunar um þjálfun, aðlögun og endurmenntun sem nýtur opinbers stuðnings. Lagt er til að þessi heimild verði nýtt hér á landi. Með þessu er átt við ráðningarsamband þar sem markmiðið er menntun, aðlögun og endurmenntun. Undir það falla til dæmis þau starfsúrræði sem svæðisvinnumiðlanir hafa heimild til að bjóða atvinnuleitendum upp á, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997. Markmið þeirra er að auka starfsgetu og starfsmöguleika atvinnuleitenda en þau

hafa verið þrenns konar, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning. Þegar um starfsþjálfun og reynsluráðningu er að ræða er atvinnuleitandinn ráðinn til hlutaðeigandi vinnuveitanda með tilteknum skilyrðum.

Þá er enn fremur lagt til að ákvæði frumvarpsins taki ekki til starfsmanna sem framleigufyrirtæki útvega öðrum fyrirtækjum. Með þessu er átt við að ákvæði frumvarpsins taki ekki til sambandsins sem myndast milli starfsmannsins og notendafyrirtækisins enda ekki eiginlegt ráðningarsamband þeirra á milli. Þau gilda hins vegar um ráðningarsamband starfsmannsins við framleigufyrirtækið sjálft.

Loks er lagt til að embættismenn, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verði undanskildir gildissviði laganna. Þetta helgast af því að þeir starfa ekki á grundvelli ráðningarsamnings og þeir taka almennt ekki laun á grundvelli kjarasamninga heldur samkvæmt einhliða ákvörðun stjórnvalds.

Um 2. gr.

Almennar forsendur rammasamningsins kveða á um að ótímabundnir ráðningarsamningar skuli vera hið almenna form ráðningarsambanda en slíkir samningar eru taldir stuðla að lífsgæðum viðkomandi starfsmanns og bæta árangur hans. Þetta er í samræmi við það sem tíðkast hefur hérlendis en hér hafa ótímabundnir ráðningarsamningar verið algengastir. Í forsendum rammasamningsins er þó einnig tekið fram að tímabundnir ráðningarsamningar séu ráðningarform sem geti hentað vinnuveitendum og starfsmönnum við ákveðnar aðstæður. Gera verður ráð fyrir að hið sama gildi hér á landi.

Í ljósi þess að tímabundnir ráðningarsamningar tíðkast í einhverjum mæli er mikilvægt að tryggja að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli þeirra miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Á sama hátt þarf að koma í veg fyrir misnotkun tímabundinna ráðningarsamninga þar sem tímabundinn ráðningarsamningur tekur við af öðrum. Markmið frumvarpsins eru því í samræmi við tilgang rammasamningsins sem er að bæta tímabundna ráðningarsamninga með því að tryggja meginregluna um bann við mismunun. Enn fremur er tilgangur frumvarpsins að koma í veg fyrir misnotkun sem að framan greinir.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta hefur að geyma skilgreiningar á starfsmanni með tímabundna ráðningu og sambærilegum starfsmanni með ótímabundna ráðningu. Skilgreiningarnar eru í samræmi við skilgreiningar í rammasamningnum. Starfsmaður með tímabundna ráðningu er skilgreindur sem starfsmaður með ráðningarsamning þar sem lok samningsins eru fyrir fram ákveðin. Hugtakið „ráðningarsamningur“ þykir svo vítt að ekki er talin ástæða til að skilja milli tilvika þar sem fyrir hendi er ráðningarsamningur og tilvika þar sem fyrir hendi er ráðningarsamband. Ráðningarsamningar samkvæmt íslenskum rétti eru jafngildir hvort heldur þeir eru skriflegir eða munnlegir. Með skilgreiningunni er enn fremur gert ráð fyrir að beint samband sé milli starfsmanns og vinnuveitanda, enda eru samningar sem framleigufyrirtæki gerir um að útvega öðrum fyrirtækjum starfsmenn undanskildir gildissviði frumvarpsins. Þá er það skilyrði að lok ráðningarsamningsins ákvarðist af hlutlægum ástæðum. Þrátt fyrir orðið „tímabundnir“ er ekki einungis miðað við að ráðningarsamningur takmarkist við tiltekið tímamark heldur getur slíkur samningur markast af öðrum hlutlægum ástæðum, svo sem lokum verkefnis eða tilteknum atburði. Engu að síður er það skilyrði að starfsmanninum sé ljóst hvaða viðmið liggja til grundvallar lokum samningsins. Sem dæmi um tímabundin störf sem miðast við verkefni eru aðstoð í verslunum fyrir jól og störf við byggingu tiltekins mannvirkis. Dæmi um tímabundin störf er miðast við tiltekinn atburð er þegar annar starfs-

maður kemur aftur til starfa eftir veikindi eða fæðingarorlof. Síðara dæmið getur þó einnig takmarkast af tilteknu tímamarki.

Komi upp ágreiningur um hvort ráðningarsamningur starfsmanns sé tímabundinn, þá ber sá er heldur því fram að samningurinn sé tímabundinn sönnunarbyrðina um það atriði samkvæmt almennum sönnunarreglum.

Í rammasamningnum er gert ráð fyrir að starfsmaður með tímabundna ráðningu skuli borinn saman við sambærilegan starfsmann sem ráðinn er ótímabundið. Sá starfsmaður skal starfa í sama fyrirtæki og starfsmaðurinn með tímabundnu ráðninguna en orðið „fyrirtæki" vísar bæði til fyrirtækja og stofnana. Þá er gert að skilyrði að sá sem miðað er við sé ráðinn til óákveðins tíma í sama eða sambærilegt starf og það sem starfsmaðurinn með tímabundnu ráðninguna sinnir. Við samanburðinn skal hafa hliðsjón af kunnáttu og hæfni starfsmannsins með ótímabundnu ráðninguna.

Þegar ekki eru fyrir hendi sambærilegir starfsmenn með ótímabundna ráðningu innan fyrirtækisins þar sem starfsmaðurinn með tímabundnu ráðninguna starfar, skal samanburður gerður með vísan til hlutaðeigandi kjarasamnings. Í þeim tilvikum þar sem slíkur samningur er ekki fyrir hendi skal samanburðurinn gerður með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju. Þó má gera ráð fyrir að oftast sé til gildandi kjarasamningur sem unnt er að vísa til, sbr. 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Um 4. gr.

Lagt er til að starfsmaður með tímabundna ráðningu skuli hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu innan sama fyrirtækis. Þegar hlutfallslegur munur á starfskjörum eða meðferð réttlætist á grundvelli hlutlægra ástæðna er slíkur munur leyfilegur. Það eitt að starfsmaðurinn sé ráðinn tímabundið getur þar af leiðandi ekki réttlætt mun á kjörum þessara starfsmanna, tímabundna starfsmanninum í óhag. Ekki er sérstaklega skilgreint í rammasamningnum hvað telst til hlutlægra ástæðna.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að sé krafist ákveðins starfsaldurs til að öðlast tiltekin starfskjör skuli sömu skilyrði gilda hvort sem starfsmaður er ráðinn tímabundið eða ótímabundið. Dæmi um slík starfskjör er aukinn réttur til launa vegna veikinda. Þegar krafan um mismunandi starfsaldur er réttlætanleg vegna hlutlægra ástæðna er mismunun leyfileg.

Um 5. gr.

Í rammasamningnum um tímabundna ráðningu er lögð sérstök áhersla á að komið skuli í veg fyrir misnotkun sem byggist á því að tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum. Sú skylda er lögð á aðildarríkin að þau samþykki eina eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem lagðar eru til í ákvæði 5. gr. samningsins að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þær ráðstafanir sem lagðar eru til í ákvæði rammasamningsins eru að ákvæði verði sett er réttlæti endurnýjun tímabundinna ráðningarsamninga, kveðið verði á um hámarkstímalengd slíkra ráðningarsamninga eða hversu oft megi endurnýja þá.

Í frumvarpi þessu er lagt til að óheimilt verði að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár, að því undanskildu að annað sé tekið fram í lögum. Með endurnýjun og framlengingu samninga er átt við að tímabundið ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda gildi áfram með nýjum takmörkunum, hvort sem það er ný dagsetning eða aðrar hlutlægar ástæður. Hugtökin eiga einnig við þegar litið er svo á að tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum, þ.e. að

nýr samningur taki við af eldri samningi milli sömu aðila. Svo virðist sem venja sé að líta þannig á málin í þó nokkrum tilvikum á íslenskum vinnumarkaði.

Tillaga þessi á sér samsvörun í 41. gr. starfsmannalaga. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga kemur fram að 1. mgr. ákvæðisins kveður á um þá meginreglu að ráða skuli aðra starfsmenn en embættismenn ótímabundið. Þá er gert ráð fyrir í 2. mgr. að heimilt sé að ráða starfsmenn tímabundið en slík ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár. Hér er því lagt til að sambærilegar reglur muni gilda á almennum vinnumarkaði og gilt hafa á hinum opinbera vinnumarkaði. Gerð er undanþága þegar kveðið er á um annað fyrirkomulag í lögum. Er þar sérstaklega litið til þess að í ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, er gert ráð fyrir að erlendir ríkisborgarar, er undanþágur III. kafla laganna eiga ekki við um, séu ráðnir tímabundið í lengri tíma en tvö ár þar sem þeir þurfa endurnýjun atvinnuleyfis og þar með ráðningarsamnings.

Í ljósi þess að fáar reglur hafa gilt um tímabundnar ráðningar hér á landi og að sama skapi virðast fá dæmi til um meinta misnotkun þykir ekki rétt að setja strangari reglur um takmarkanir á þessu ráðningarformi. Er það einkum gert þar sem erfitt er að meta hver áhrif slíkra reglna yrðu á ráðningar í íslenskum fyrirtækjum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er mælst til þess að stjórnvöld, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, fylgist mjög náið með þróun þessara mála á íslenskum vinnumarkaði þannig að unnt verði að meta hvort þörf verði á endurskoðun laganna að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra verði frumvarp þetta samþykkt.

Þá er lagt til að heimilt verði að endurnýja tímabundna ráðningarsamninga embættismanna og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, sem gerðir eru til fjögurra ára eða lengri tíma í senn, til jafnlangs tíma. Sérstaklega er vísað til starfsmannalaga en þar er kveðið á um tímabundnar ráðningar embættismanna til fimm ára í senn. Velþekkt er að slíkir ráðningarsamningar eru oft endurnýjaðir til jafnlangs tíma. Sama fyrirkomulag þekkist hjá sveitarfélögum hvað varðar stjórnendur þeirra.

Í lokamálslið 1. mgr. er sú meginregla áréttuð að ráða skuli starfsmenn á innlendum vinnumarkaði ótímabundið en lögð er sú skylda á vinnuveitendur að þeir leitist við að ráða starfsmenn ótímabundið. Með þessu er lögð áhersla á mikilvægi þess að frumvarp þetta verði ekki til þess að breyta þeirri meginreglu sem hefur lengi tíðkast hér á landi í ráðningum starfsmanna.

Enn fremur er lagt til að kveðið verði á um þann tíma sem megi líða þannig að nýr ráðningarsamningur teljist taka við af eldri samningi. Það hefur ekki áður verið gert í íslenskum lögum en rétt þykir að gera slíkt svo að unnt sé að koma í veg fyrir ágreining um hvenær um samfelldan tíma sé að ræða skv. 1. mgr. Eðlilegt er að einhver tími geti liðið á milli samninga, einkum og sér í lagi þegar tímabundnir ráðningarsamningar markast af verkefnum. Ákvæði þetta á bæði við um framlengingu og endurnýjun ráðningarsamnings milli sömu aðila sem og þau tilvik þegar litið er svo á að nýr samningur taki við af öðrum samningi. Þykja þrjár vikur hæfilegur tími í þessu tilliti. Sé því haldið fram að umræddur frestur sé misnotaður í því skyni að koma í veg fyrir að starfsmenn fái notið þeirrar verndar sem frumvarp þetta mælir fyrir um er gert ráð fyrir að það sé í höndum dómara að meta hvort slíkt sé raunin.

Í rammasamningnum er gert ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins geti samið sín á milli um aðra skipan. Þess vegna er lagt til að aðilum vinnumarkaðarins verði heimilt að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þar sem tekið er tillit til þarfa starfsmanna og vinnuveitenda í þeirri atvinnugrein sem kjarasamningurinn tekur til. Í rammasamningnum er gert ráð fyrir að litið sé til þarfa í tilteknum greinum og/eða

meðal tiltekinna hópa launamanna. Hins vegar má ráða af orðalagi 5. gr. samningsins að einungis sé heimilt að velja eina eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í a–c-liðum ákvæðisins. Aðrar leiðir teldust ekki vera fullnægjandi innleiðing á rammasamningnum.

Um 6. gr.

Í rammasamningnum er kveðið á um að vinnuveitendur skuli upplýsa starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið um lausar stöður innan fyrirtækisins í því skyni að tryggja að þeir hafi sömu tækifæri til að fá ótímabundið starf og aðrir, sbr. 1. mgr. 6. gr. samningsins. Er því lagt til að sú skylda verði lögð á vinnuveitendur að veita starfsmönnum með tímabundna ráðningu tímanlega upplýsingar um störf er losna innan fyrirtækisins. Í þessu tilliti skiptir ekki máli hvort ótímabundna staðan felur í sér fullt starf eða hlutastarf. Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að starfsmaður sem ráðinn er tímabundið fái upplýsingar um laus störf hjá fyrirtækinu við sitt hæfi til að auka þannig tækifæri hans á að öðlast ótímabundna ráðningu. Þetta felur þó ekki í sér að starfsmaður sem ráðinn er tímabundið hafi ósjálfráðan forgang í starfið.

Samkvæmt ákvæði þessu ákveður vinnuveitandinn með hvaða hætti hann upplýsir starfsmenn með tímabundna ráðningu um lausar stöður. Í rammasamningnum kemur fram að honum sé heimilt að veita upplýsingar með almennri auglýsingu á viðeigandi stað innan fyrirtækisins eða á starfsstöðinni. Ætla má að dæmi um slíka staði séu kaffistofur fyrirtækisins eða þar til gerðar töflur þar sem venja er að hengja upp tilkynningar til starfsmanna. Enn fremur væri hægt að auglýsa stöðuna á innra neti fyrirtækisins eða í fréttablaði þess.

Um auglýsingar á lausum störfum í þjónustu ríkisins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þessara laga breyti reglum að baki auglýsingaskyldunni um jafnræði þeirra sem sækja um störf hjá ríkinu.

Í 2. mgr. er lagt til að vinnuveitandi skuli svo sem kostur er leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns með tímabundna ráðningu að starfsmenntun og starfsþjálfun. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. rammasamningsins. Markmiðið er að viðkomandi starfsmaður eigi þess kost að auka hæfni sína í starfi og þar með stuðla að framgangi sínum og hreyfanleika í starfi. Þetta getur til dæmis falið í sér sveigjanlegan vinnutíma svo að starfsmaður eigi þess kost að sækja námskeið samhliða starfinu.

Þá er lagt til að vinnuveitandi skuli svo sem kostur er veita trúnaðarmanni starfsmanna viðeigandi upplýsingar um tímabundin störf innan fyrirtækisins. Með þessu er ætlunin að trúnaðarmaður geti í starfi sínu tekið tillit til þess að innan fyrirtækisins séu ekki eingöngu ótímabundnar stöður heldur einnig stöður sem ráðið er í tímabundið. Ákvæði þetta er í samræmi við 3. mgr. 7. gr. rammasamningsins.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið skulu taldir með meðan á ráðningunni stendur við ákvörðun um fjölda starfsmanna fyrirtækis þegar fjöldi þeirra skiptir máli við tilnefningar fulltrúa starfsmanna samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Dæmi um slíkar tilnefningar eru tilnefningar öryggistrúnaðarmanna eða öryggisnefnda skv. II. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og stofnun samstarfsráða samkvæmt lögum um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999. Enn fremur má nefna tilnefningar trúnaðarmanna stéttarfélaga samkvæmt kjarasamningum og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.

Um 8. gr.

Starfsmaður sem ráðinn er tímabundið getur átt rétt á skaðabótum úr hendi vinnuveitanda virði sá síðarnefndi ekki ákvæði frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir að slíkum málum sé vísað til almennra dómstóla og er það í höndum þeirra að meta hvort ákvæði frumvarpsins hafa verið brotin.

Um 9. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 1999/70/EB um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, skulu aðildarríkin vísa í tilskipunina þegar lögin, stjórnsýslufyrirmælin eða kjarasamningurinn sem innleiða efni rammasamningsins inn í innlendan rétt eru birt opinberlega.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta fjallar um gildistöku frumvarps þessa auk stöðu annarra laga eða kjarasamninga sem kveða á um meiri rétt starfsmanna en lagður er til með frumvarpi þessu. Í 8. gr. rammasamningsins er tekið fram að samningurinn skuli ekki leiða til lakari réttar starfsmanna í tímabundnum störfum en þess sem fyrir er í aðildarríkjunum. Því er lagt til að ákvæði annarra laga eða kjarasamninga sem kveða á um meiri rétt starfsmanna skuli halda gildi sínu verði frumvarpið að lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 1990/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert. Í rammasamningnum er kveðið á um þær lágmarksreglur sem skulu gilda um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið.

Frumvarpi þessu er ætlað að gilda um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið í samræmi við efni rammasamningsins. Þar er fjallað um upplýsingaskyldu vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum sem hann hefur ráðið tímabundið þegar störf losna sem ráðið er í ótímabundið. Þá er vinnuveitendum gert að leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns með tímabundna ráðningu að starfsmenntun og starfsþjálfun. Enn fremur kveður frumvarpið á um að starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið skulu taldir með meðan á ráðningu stendur við ákvörðun um fjölda starfsmanna fyrirtækis við tilnefningar fulltrúa þeirra.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

559. Frumvarp til laga [411. mál]

um starfsmenn í hlutastörfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, einnig að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsmanna sem ekki eru með kjarasamningum tryggð þau lágmarksréttindi sem svara til efnisákvæða tilskipunar 97/81/EB, um rammasamning um hlutastörf.

Lögin hafa ekki áhrif á efni kjarasamninga sem gerðir eru til að innleiða efni tilskipunarinnar að því tilskyldu að í þeim felist ekki lakari réttur en felst í tilskipuninni, sbr. 1. mgr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Aðilum vinnumarkaðarins ber að endurskoða reglulega hvort þær hlutlægu ástæður sem lagðar eru til grundvallar undantekningunum séu enn í gildi.

Ákvæði laganna taka ekki til þeirra sem stunda störf á grundvelli grunnnáms og námssamninga eða ráðningarsambands sem er liður í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlun sem nýtur stuðnings opinberra aðila.

3. gr.

Skýring hugtaka.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Starfsmaður telst í hlutastarfi* ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi.
b. *Sambærilegur starfsmaður*, sbr. a-lið, er starfsmaður sem gegnir fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun og starfsmaður í hlutastarfi og vinnur sama eða sambærilegt starf að teknu tilliti til annarra áhrifaþátta, svo sem kunnáttu og hæfni. Þegar ekki er sambærilegur starfsmaður í fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun skal samanburður gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings en þar sem slíkur samningur er ekki fyrir hendi með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju.

4. gr.

Réttindi og skyldur.

Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að:

a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf,
b. taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess,
c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækisins eða stofnunarinnar, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum,
d. veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talin hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt,
e. greiða fyrir aðgangi hlutavinnufólks að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni að það geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi, og
f. veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað.

Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. Uppsögn telst þó ekki andstæð lögum þessum ef hún er í samræmi við lög, kjarasamninga eða venju og stafar af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

5. gr.

Réttur til skaðabóta.

Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótum.

6. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, sem vísað er til í 31. lið í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 104/1998.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, frá 15. desember 1997, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella tilskipun þessa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 104/1998.

Í inngangsorðum rammasamningsins kemur fram að hann sé framlag til skipulags atvinnumála í Evrópu. Þar eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf. Í samningnum komi fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastörfum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launþega. Með samningnum sé einnig viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum séu misjafnar. Tilgangur rammasamningsins er einnig að stuðla að sveigjanlegri skipulagningu vinnutíma. Megin-

sjónarmiðið er að hlutavinnufólk sæti ekki lakari meðhöndlun en þeir sem eru í fullu starfi nema mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Aðildarríkjunum er heimilt skv. 2. gr. tilskipunarinnar að fela samtökum aðila vinnumarkaðarins að semja um efni rammasamningsins í stað þess að kveða á um efni hans með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Félagsmálaráðuneytið fór þess á leit við samtök vinnumarkaðarins með bréfi, dags. 19. mars 2000, að þau tækju samninga sína til endurskoðunar með tilliti til efnis rammasamningsins um hlutastörf. Lögð var áhersla á að kannað væri hvort gildandi samningar geymdu ákvæði sem mismunuðu þeim sem stunda hlutastörf. Markmiðið væri að afnema slík ákvæði í samræmi við tilskipun 97/81/EB.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) hófu viðræður sín á milli um það að hrinda í framkvæmd efni tilskipunarinnar um hlutastörf. Samningaviðræðunum lauk með undirritun kjarasamnings 13. nóvember 2002.

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2002, vakti ráðuneytið athygli á því að til þess að tilskipunin um hlutastörf teldist innleidd á fullnægjandi hátt hér á landi þyrftu einnig að koma til samningar um efni hennar sem tækju til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra barst greinargerð frá fjármálaráðuneytinu, dags. 5. júní 2003. Í henni er gerð grein fyrir viðræðum fulltrúa fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga við fulltrúa Bandalags háskólamanna (BHM), Kennarasambands Íslands (KÍ), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og ASÍ um innleiðingu á efni framangreindrar gerðar með kjarasamningum. Í greinargerðinni kemur meðal annars fram að á fundi 9. desember 2002 hafi verið til umfjöllunar drög að heildarsamningi á milli ASÍ, BSRB og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar. Byggðust þau á áðurnefndum samningi ASÍ og SA. Ekki tókst samkomulag milli aðila um þessi drög. Samningaviðræður milli þessara aðila hafa ekki leitt til niðurstöðu.

Samkvæmt áðurnefndri greinargerð fjármálaráðuneytisins strönduðu viðræður einkum á gildissviði væntanlegs samnings, þ.e. hvaða hlutastörf samkvæmt tilskipuninni skyldu undanþegin, sbr. heimild í 2. tölul. 2. gr. rammasamningsins. Í henni er bent á að með tilskipun 97/81/EB, um hlutastörf, sé fest í sessi regla um jafna meðhöndlun þeirra sem ráðnir eru í hlutastörf og þeirra sem eru í fullu starfi. Vakin er athygli á því að í inngangsorðum rammasamningsins segir að með samningnum sé viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum séu misjafnar og að hlutastörf séu sérstakur þáttur á sumum sviðum tiltekinnar starfsemi og enn fremur séu í samningnum settar fram almennar meginreglur og lágmarksreglur er varða hlutastörf. Í greinargerðinni er tekið fram að samningsaðilar hafi ekki deilt um framangreind sjónarmið.

Í greinargerð fjármálaráðuneytisins er lögð áhersla á að heimildin í 2. tölul. í 2. ákvæði rammasamningsins um undanþágur frá gildissviði samningsins leiði til þess að samningsaðilum sé mögulegt að taka mið af hefðum í löggjöf og kjarasamningum í hverju landi fyrir sig, m.a. með því að undanskilja þá launþega sem eru „lausráðnir í hlutastörf“ (e. on casual basis), enda byggist slíkt á hlutlægum og málefnalegum ástæðum. Löng hefð sé fyrir því í kjarasamningum opinberra starfsmanna að greina á milli þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu og annarra sem fá mánaðarlaun. Eitt megineinkenni slíks ráðningarfyrirkomulags er að hinir fyrrnefndu eru yfirleitt ekki taldir í föstu ráðningarsambandi og skyldur þeirra því ekki sambærilegar því sem gerist almennt hjá mánaðarkaupsfólki. Þá er bent á að tímakaup í dagvinnu sé almennt hlutfallslega hærra en hjá þeim sem ráðnir eru á mánaðarlaun. Í kjarasamningum opinberra starfsmanna séu taldar upp þær hlutlægu ástæður sem heimila ráðningu

tímakaupsmanna. Sambærileg ákvæði finnast einnig í kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar annars vegar og aðildarfélaga ASÍ hins vegar, en þó sjaldnast í kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs og aðildarfélaga ASÍ.

Einnig kemur fram í áðurnefndri greinargerð að af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra, Launanefndar sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar hafi verið lagt til á fundi aðila 31. mars 2003 að byggt yrði á því að tímakaupsfólk væri undanskilið gildissviði samningsins enda gert ráð fyrir slíku ráðningarfyrirkomulagi á grundvelli hlutlægra ástæðna í viðkomandi kjarasamningi. Jafnframt hafi verið lagt til að samningsaðilar endurmætu heimildir kjarasamninga til greiðslu tímakaups til þess að ganga úr skugga um að hlutlægar ástæður byggju þar að baki. Með þessu fyrirkomulagi yrði tryggt að ekki væri farið gegn gildandi kjarasamningum aðila og að ráðrúm gæfist til að endurmeta og skýra nánar eftir atvikum þær hlutlægu ástæður sem heimiluðu ráðningu tímakaupsfólks. Í greinargerð fjármálaráðuneytisins kemur fram að fulltrúar opinberra vinnuveitenda hafa haldið því fram í samningaviðræðunum að unnt sé að undanskilja þá launþega sem eru tímakaupsráðnir með málefnalegum rökum. Heimild sé til þess er í tilskipuninni sjálfri, sbr. 2. tölul. í 2. ákvæði rammasamningsins, og heimildin hafi verið nýtt í öðrum Evrópulöndum, til dæmis í Danmörku. Undanþágan sé því ekki andstæð Evrópurétti eða íslenskum réttarreglum og hafi ekki áhrif á markmið tilskipunarinnar sjálfrar. Tilskipunin felur ekki í sér bein réttaráhrif varðandi niðurfellingu tímakaupsráðningarforms. Markmið tilskipunarinnar sé að ekki eigi að mismuna launþegum í hlutastarfi og launþegum sem er í fullu starfi og stuðla eigi að þróun hlutastarfa, þannig að tekið sé tillit til þarfa vinnuveitenda og launþega. Þessi túlkun endurspeglist í kjarasamningum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í Danmörku, en þar eru lausráðnir starfsmenn eða tímakaupsráðnir undanskildir gildissviði tilskipunarinnar.

Félagsmálaráðuneytinu barst bréf, dags. 28. maí 2003, frá ASÍ þar sem kynnt eru sjónarmið BSRB, BHM og KÍ, varðandi framangreind atriði sem voru þess valdandi að ekki tókst með kjarasamningi að láta réttindi sem felast í tilskipun ESB um hlutastörf ná til starfsmanna í þjónustu ríkisins og sveitarfélaganna. Í bréfinu kemur fram að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafi lagt til að allt launafólk hjá hinu opinbera sem ráðið er í svokallaða tímavinnu verði undanþegið ákvæðum kjarasamningsins. Þetta hafi ASÍ ekki getað fallist á. Ástæðan sé sú að samkvæmt nokkrum kjarasamningum er heimilt að ráða félagsmenn aðildarfélaga ASÍ í störf hjá hinu opinbera í tímavinnu. Dæmi um þetta er ráðning til að leysa afmörkuð verkefni eða ef starfshlutfall er þriðjungur eða minna. Starfmenn sem þannig eru ráðnir fá réttarstöðu sem hlutavinnufólk samkvæmt gildandi kjarasamningum, ýmist í tímabundinni ráðningu eða ótímabundinni. Í bréfinu leggur ASÍ áherslu á að undanþágur af þessum toga, a.m.k. að því er varðar hinn almenna vinnumarkað, séu ekki heimilar samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar um hlutastörf. Það fæli í sér skerðingu réttinda samkvæmt gildandi kjarasamningum sem gengur gegn markmiði tilskipunarinnar. Í bréfinu er upplýst að SA hafi farið þess á leit að svipuð undanþága kæmi inn í kjarasamning ASÍ og SA um innleiðingu tilskipunarinnar á almennum vinnumarkaði. Þessir aðilar undirrituðu kjarasamning án slíkrar undanþágu.

Af framangreindu má ljóst vera að ólíkur skilningur aðila á orðalagi í 2. tölul. í 2. ákvæði í evrópska rammasamningnum hefur valdið mestu um það hversu samningaviðræður hafa reynst torveldar. Í nefndu ákvæði er aðildarríkjum EES heimilað að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur, og/eða aðilum vinnumarkaðarins á viðeigandi vettvangi og í samræmi við venjur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju ríki, að undanskilja af hlutlægum orsökum, að öllu leyti eða að hluta til, frá skilmálum samningsins, launafólk sem er lausráðið í hlutastörfum. Slíkar undantekn-

ingar skal endurskoða reglulega til að ganga úr skugga um að hlutlægu orsakirnar sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til lausn á þessu ágreiningsefni sem vænst er að aðilar geti búið við og sé í samræmi við ákvæði í þegar gerðum kjarasamningum.

Þess skal getið að frá ASÍ kom rökstutt álit þess efnis að 2. gr. 2. tölul. rammasamningsins um hlutastörf heimili ekki að undanskilja allt fólk sem vinni á grundvelli kjarasamninga sem „tímavinnustarfsmenn". Í 2. gr. 2. tölul. rammasamningsins segi að aðilar geti af hlutlægum ástæðum undanskilið „part-time workers who work on a casual basis". Í samningaviðræðunum á Evrópuvettvangi hafi á sínum tíma ekki tekist að ná fram skilgreiningu á því við hvað væri átt með „casual" en þó ljóst að „casual" verði einungis notað um stutta, bráðabirgða/tímabundna (e. temporary) samninga sem ekki séu endurnýjaðir. Tímavinnufólk geti ekki talist vinna „on casual basis" jafnvel þó starfshlutfall þeirra sé lágt. Að mati ASÍ heimili 2. gr. 2. tölul. rammasamningsins því ekki þá almennu og víðtæku undanþágu frá rammasamningnum og tilskipuninni að undanskilja frá vernd hennar alla sem vinni á grundvelli kjarasamninga sem „tímavinnustarfsmenn". Að mati ASÍ geti undanþáguheimildin einungis átt við um þann hóp launafólks sem stofni yfir ákveðið tímabil til skammtíma ráðningarsambands við fleiri en einn atvinnurekanda, auk þess sem það ræður sig í mjög lágt starfshlutfall. Í slíkum tilvikum sé síður ástæða til að leggja sérstakar skyldur á atvinnurekendur en þegar um sé að ræða hlutavinnustarfsmenn sem vinni „reglulega" hjá sama atvinnurekanda, þó að reiknað starfshlutfall geti verið hvort tveggja lágt og breytilegt milli tímabila.

Alþýðusamband Íslands bendir á að 4. gr. rammasamningsins geymi nokkrar heimildir til takmörkunar á gildissviði varðandi jafna meðferð. Í fyrsta lagi í 1. tölul. 4. gr. þar sem segi að „mismuna" megi hlutavinnustarfsmönnum í starfskjörum ef það er réttlætt með hlutlægum ástæðum en hins vegar heimili 1. tölul. 4. gr. ekki að undanskilja alla sem vinni á grundvelli kjarasamninga sem „tímavinnustarfsmenn". Í öðru lagi heimili 4. tölul. 4. gr. að skilyrða aðgang að tilteknum starfskjörum eftir lengd þjónustu, vinnutíma eða tekjumörkum. Þetta ákvæði feli ekki í sér heimild til beinnar mismununar en heimili öllu fremur aðra meðferð en ella þó svo að í því geti falist tímabundin mismunun þar til sérstök skilyrði séu uppfyllt. Allar slíkar undanþágur beri hins vegar að endurskoða reglulega eins og segi í 4. tölul. 4. gr. enda er meginreglan sú að ekki skuli mismuna. Því heimili 4. tölul. 4. gr. rammasamningsins ekki heldur að undanskildir séu allir sem vinni á grundvelli kjarasamninga sem „tímavinnustarfsmenn".

ASÍ vakti einnig athygli á að efnislegan rökstuðning skorti fyrir notkun undanþáguheimildarinnar. Ljóst væri að sambærilegir starfsmenn væru bornir saman og því væri tímavinnustarfsmaður í fullu starfi borinn saman við tímavinnustarfsmann í hlutastarfi. Undanþágan eins og hún væri sett fram í frumvarpinu heimilaði hins vegar mismunun milli þeirra en það væri í andstöðu við megintilgang rammasamningsins og tilskipunarinnar.

Að lokum vakti ASÍ athygli á að undanþáguheimild 2. tölul. 2. gr. rammasamningsins heimili einungis að undanskilja „starfsmenn í hlutavinnu" sem vinni af og til eins og skýrt komi fram í ákvæðinu, þ.e. „part-time workers...". Frumvarpið geri hins vegar ráð fyrir því að tímavinnustarfsmenn í fullu starfi njóti til dæmis ekki réttinda skv. 4. gr., t.d. hvað varðar minna starfshlutfall.

Íslenskum stjórnvöldum hefur borist rökstutt álit Eftirlitsstofnunar EFTA, dags. 7. febrúar 2003, vegna innleiðingar á tilskipun 97/81/EB um hlutastörf. Í áliti Eftirlitsstofnunarinnar er vakin á því athygli að Íslandi hafi borið að hrinda efni tilskipunarinnar í framkvæmd í síðasta lagi 20. janúar 2000. Í álitinu er vísað til bréfs félagsmálaráðuneytisins, 27. mars 2000, þar sem fram kemur að ákveðið hafi verið í samráði við aðila vinnumarkaðarins að innleiða

efni tilskipunarinnar með kjarasamningum og því sé nauðsynlegt að nýta heimild um lengri frest til að hrinda efni hennar í framkvæmd. Lokafrestur til innleiðingar hafi því verið 20. janúar 2001. Á fundum samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á sviði félagsmála á EES-svæðinu hefur verið reglulega fjallað um framvindu þessa máls. Lengi vel horfði vænlega um að samningar tækjust á milli aðila um að láta efni tilskipunarinnar ná til starfsmanna hins opinbera. Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið haldið upplýstri um gang mála og kann það að einhverju leyti að skýra þá þolinmæði sem hún hefur sýnt íslenskum stjórnvöldum í þessu máli. Það er hins vegar ljóst að verði efni tilskipunarinnar ekki innleitt án frekari tafa mun Eftirlitsstofnunin stefna stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólinn fyrir brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram hvert markmið frumvarpsins er. Efnislega er um að ræða hliðstæðu við 1. ákvæði í rammasamningi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC), Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtaka fyrirtækja með opinbera eignaraðild (CEEP) um hlutastörf. Í rammasamningnum segir að markmið hans sé að skapa grundvöll til að uppræta mismunun gagnvart launamönnum í hlutastarfi og gera hlutastarf að fýsilegum kosti.

Um 2. gr.

Við afmörkun á gildissviði frumvarpsins hefur verið litið til innleiðingar Dana á tilskipun 97/81/EB þar sem ákvæði dönsku laganna taka fyrst og fremst til þeirra launþega sem ekki hafa verið tryggð í kjarasamningum þau lágmarksréttindi sem tilskipunin ákveður. Þótt lög nr. 55/1980 geri ráð fyrir því að í kjarasamningum sé kveðið á um lágmarkskjör á vinnumarkaði þykir rétt að taka fram að njóti launþegi ekki réttinda samkvæmt tilskipuninni eins og hún var innleidd með kjarasamningi SA og ASÍ þá skuli ákvæði frumvarpsins gilda. Tilvísun 2. mgr. á við um samning SA og ASÍ eins og hann er á hverjum tíma og er þannig gert ráð fyrir því að samningurinn geti tekið breytingum enda fullnægi hann ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt sé að undanskilja ákvæðum frumvarpsins þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímavinnukaup eins og það er oftast nefnt í kjarasamningum þeirra. Slíkar undanþágur hafa tekið til skólafólks við störf í skólafríum, lífeyrisþega sem vinna hluta úr starfi, starfsmanna sem ráðnir eru til skamms tíma á sérstökum, árvissum álagstímum stofnana ríkis eða sveitarfélaga, þó eigi lengur en tvo mánuði, starfsmanna sem ráðnir hafa verið til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum og starfsmanna sem starfa óreglubundið um lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði hafi í samræmi við þær hefðir sem þar hafa ríkt möguleika til þess að gera hlutastarf að ákjósanlegum kosti. Í samræmi við efni tilskipunarinnar er gert ráð fyrir því að samningsaðilar endurskoði slíkar undantekningar reglulega til að ganga úr skugga um að þær hlutlægu ástæður sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi.

Um 3. gr.

Í greininni eru skýringar á hugtökunum starfsmaður í hlutastarfi og sambærilegur starfsmaður. Skýringarnar eru byggðar á 3. gr. tilskipunar 97/81/EB.

Skilgreiningarnar eru í samræmi við þær skilgreiningar sem rammasamningurinn kveður á um. Starfsmaður í hlutastarfi er starfsmaður sem í viku hverri, eða að meðaltali á ráðningartímabili sem er allt að eitt ár, vinnur færri vinnustundir en sambærilegur starfsmaður í fullu starfi.

Sambærilegur starfsmaður er starfsmaður í fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun og starfsmaður í hlutastarfi sem hefur sams konar ráðningarsamning eða ráðningarskilmála og vinnur sambærilegt, sams konar eða áþekkt starf, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra atriða, svo sem menntunar og færni. Ef enginn sambærilegur starfsmaður er í fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun skal samanburðurinn gerður með því að vísa til viðeigandi kjarasamnings eða, ef ekki er um gildandi kjarasamning að ræða, í samræmi við innlend lög, kjarasamninga eða venjur. Er litið svo á að hugtakið ráðningarsamningur sé svo vítt að ekki er talin ástæða til að skilja milli tilvika þar sem er ráðningarsamningur og tilvika þar sem er ráðningarsamband. Ráðningarsamningar samkvæmt íslenskum rétti eru jafngildir hvort heldur sem þeir eru skriflegir eða munnlegir.

Þegar ekki eru sambærilegir starfsmenn í fullu starfi innan þess fyrirtækis þar sem starfsmaðurinn í hlutastarfi starfar skal samanburður gerður með vísan til hlutaðeigandi kjarasamnings. Í þeim tilvikum þar sem slíkur samningur er ekki til skal samanburðurinn gerður með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju. Gera má þó ráð fyrir að í flestum tilvikum sé að finna gildandi kjarasamning sem unnt er að vísa til, sbr. 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um réttindi og skyldur. Með greininni er lagt til að lögfestar séu meginreglur tilskipunar 97/81/EB sem tryggja starfsmönnum í hlutastörfum sambærileg kjör og meðferð og hliðstæðum starfsmönnum í óskertu starfshlutfalli.

Önnur málsgreinin felur í sér vernd gegn uppsögn af þeirri ástæðu einni að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf og öfugt. Þó telst uppsögn ekki andstæð lögunum ef starfslok eru af öðrum ástæðum og þau varða rekstraraðstæður viðkomandi fyrirtækis og ef þau byggjast á ákvæðum í lögum, kjarasamningum eða venju. Rétt er að árétta að rökstuddar aðrar ástæður fyrir starfslokum sem varða rekstraraðstæður eru ekki í andstöðu við lögin.

Um 5. gr.

Starfsmaður sem ráðinn er í hlutastarf getur átt rétt á skaðabótum úr hendi atvinnurekanda virði sá síðarnefndi ekki ákvæði samkvæmt frumvarpi þessu ef það verður að lögum. Er gert ráð fyrir að slíkum málum sé vísað til almennra dómstóla og er það í höndum þeirra að meta hvort ekki hafi verið farið að lögum.

Um 6. gr.

Samkvæmt 4. efnisgrein 2. gr. tilskipunar ráðsins 97/81/EB um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, skulu aðildarríkin er þau innleiða efni rammasamningsins inn í innlendan rétt hafa tilvísun í tilskipunina þegar lögin, stjórnsýslufyrirmælin eða kjarasamningurinn eru birt opinberlega. Er lagt til að umrædd tilvísun verði eins og fram kemur í ákvæðinu.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um rammasamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun nr. 14 um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með vísan til bókunarinnar um félagsmálastefnuna, sem fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, hafa aðildarríkin, að hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands undanskildu, (hér á eftir nefnd „aðildarríkin"), sem vilja halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð með félagsmálasáttmálanum frá 1989, gert með sér samning um félagsmálastefnuna.

2) Aðilar vinnumarkaðarins geta, með skírskotun til 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, sameiginlega óskað eftir að samningar sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins komi til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

3) Í 7. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er meðal annars kveðið á um að „stofnun hins innri markaðar skuli leiða til bættra lífskjara og vinnuskilyrða í Evrópubandalaginu. Þessu markmiði skuli náð með því að samræma þessi skilyrði innbyrðis jafnóðum og umbótunum er haldið áfram, einkum að því er varðar (. . .) annars konar ráðningu en ótímabundna ráðningu, til dæmis tímabundna ráðningu, hlutastörf, afleysingarstörf og árstíðabundin störf.

4) Ráðið hefur hvorki tekið ákvörðun um tillögu að tilskipun um tiltekin ráðningarkjör með tilliti til röskunar á samkeppni ([1]), eins og henni var breytt ([2]), né um tillögu að tilskipun um tiltekin ráðningarkjör með tilliti til vinnuskilyrða ([3]).

5) Í ályktunum leiðtogaráðsins sem kom saman í Essen var lögð á það áhersla að gerðar yrðu ráðstafanir til að efla atvinnu og stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna og hvatt til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að vöxtur geti stuðlað að fleiri atvinnutækifærum, einkum með sveigjanlegri vinnutilhögun, þannig að bæði sé tekið tillit til óska starfsmanna og til samkeppnisskilyrða.

6) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum bandalagsins með tilliti til sveigjanlegs vinnutíma og atvinnuöryggis.

7) Að höfðu slíku samráði aðhyllist framkvæmdastjórnin þá skoðun að æskilegt sé að grípa til bandalagsaðgerðar og hefur í framhaldi af því haft frekara samráð við aðila vinnumarkaðarins um inntak fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. umrædds samnings.

8) Hin almennu þverfaglegu samtök, þ.e. samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtök fyrirtækja með opinbera eignaraðild (CEEP) og Evrópusamtök verkalýðsfélaga (ETUC) hafa með sameiginlegu bréfi sínu til framkvæmdastjórnarinnar, dagsettu 19. júní 1996, óskað eftir því að málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, verði hafin. Þeir fóru fram á það við framkvæmdastjórnina, í sameiginlegu bréfi sem er dagsett 12. mars 1997, að þeir fengju þriggja mánaða frest til viðbótar og varð framkvæmdastjórnin við þeirri beiðni.

9) Áðurnefnd þverfagleg samtök gerðu með sér rammasamning um hlutastörf 6. júní 1997. Þau hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega beiðni sína um að þessi rammasamningur komi til framkvæmda með ákvörðun sem ráðið tekur að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna.

10) Ráðið hefur í ályktun sinni frá 6. desember 1994, um framtíðarhorfur félagsmálastefnu Evrópusambandsins: Framlag til efnahagslegrar og félagslegrar samleitni í sambandinu ([4]), farið þess á leit við aðila vinnumarkaðarins að þeir nýti sér þau tækifæri sem þeir hafa til að gera samninga þar eð þeir standa að jafnaði nær félagslegum veruleika og átta sig betur á félagslegum vandamálum.

11) Undirritunaraðilarnir óskuðu eftir að gera rammasamning um hlutastörf þar sem settar eru fram meginreglur og lágmarkskröfur um hlutastörf. Þeir hafa látið í ljós vilja sinn til að setja almennan ramma í því skyni að

([1]) Stjtíð. EB C 224, 8. 9. 1990, bls. 6.
([2]) Stjtíð. EB C 305, 5. 12. 1990, bls. 8.
([3]) Stjtíð. EB C 224, 8. 9. 1990, bls. 4.
([4]) Stjtíð. EB C 368, 23. 12. 1994, bls. 6.

uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og til að auka möguleikana á hlutastörfum á forsendum sem bæði vinnuveitendur og launþegar geta sætt sig við.

12) Aðilar vinnumarkaðarins vildu einkum gefa gaum að hlutastörfum, en hafa einnig gefið til kynna að þeir muni íhuga hvort þörf er á svipuðum samningi vegna annars konar sveigjanleika í starfi.

13) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins, sem kom saman í Amsterdam, kemur fram að leiðtogar ríkja og ríkisstjórna í Evrópusambandinu fagna þeim samningi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert um hlutastörf.

14) Rétti gjörningurinn til framkvæmdar þessum rammasamningi er tilskipun í skilningi 189. gr. sáttmálans. Hún er bindandi fyrir aðildarríkin hvað varðar þau markmið sem eiga að nást, en lætur þeim útfærslu þeirra eftir.

15) Ljóst er, í samræmi við dreifræðisregluna og hlutfallsregluna sem mælt er fyrir um í 3. gr. b í sáttmálanum, að aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar með viðhlítandi hætti og því nást þau betur á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

16) Með tilliti til þeirra hugtaka sem eru notuð í rammasamningnum, en eru ekki skilgreind sérstaklega, er aðildarríkjunum frjálst að skilgreina slík hugtök í samræmi við landslög og venjur, eins og gert er í öðrum tilskipunum um félagsmálastefnuna þar sem notuð eru svipuð hugtök, að því tilskildu að skilgreiningarnar samrýmist efnisákvæðum rammasamningsins.

17) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um framkvæmd bókunarinnar (nr. 14) um félagsmálastefnuna og orðsendingu sína frá 18. september 1996 um framvindu félagsmálaumræðunnar á vettvangi bandalagsins, samið drög að tillögum að tilskipun þar sem tekið er tillit til stöðu undirritunaraðilanna og lögmætis ákvæða rammasamningsins.

18) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tillögu að tilskipun, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, þar sem kveðið er á um að í tilskipunum um atvinnu- og félagsmál „skuli forðast að setja efnahagsleg eða lagaleg höft eða höft á sviði stjórnsýslu sem gætu hamlað vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja og komið í veg fyrir stofnun þeirra."

19) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um framkvæmd bókunarinnar (nr. 14) um félagsmálastefnuna, gert Evrópuþinginu viðvart með því að senda því tillögu að tilskipun sem inniheldur rammasamninginn.

20) Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt gert efnahags- og félagsmálanefndinni viðvart.

21) Í ákvæði 6.1 í rammasamningnum er kveðið á um að aðildarríkjunum og/eða aðilum vinnumarkaðarins sé heimilt að halda hagstæðari ákvæðum eða lögleiða þau.

22) Í ákvæði 6.2 í rammasamningnum er kveðið á um að með framkvæmd þessarar tilskipunar megi ekki réttlæta afturför miðað við ríkjandi ástand í hverju aðildarríki.

23) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennt mikilvægi þess að barist sé gegn hvers kyns mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum eða trúarbrögðum.

24) Í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið segir: „Sambandið skal virða grundvallarréttindi sem tryggð eru með Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, svo og þau er leiðir af sameiginlegum stjórnarskrárhefðum aðildarríkjanna sem væru þau reglur í lögum bandalagsins".

25) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnumarkaðarins, enda hafi þeir farið sameiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun í framkvæmd, að því tilskildu að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að þau geti ætíð tryggt framkvæmd þeirra ákvæða sem eru sett með þessari tilskipun.

26) Framkvæmd rammasamningsins stuðlar að því að markmiðum 1. gr. samningsins um félagsmálastefnuna verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari tilskipun er framkvæmd rammasamningsins um hlutastörf sem var gerður 6. júní 1997 milli almennu þverfaglegu samtakanna (UNICE, CEEP og ETUC) og fylgir hann með sem viðauki.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. janúar 2000 eða sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag tekið upp þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin geta fengið allt að því eins árs viðbótarfrest ef þörf krefur vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar með gerð kjarasamninga.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar aðstæður án tafar.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SAMTÖK EVRÓPSKRA IÐN- OG ATVINNUREKENDA

EVRÓPUSAMBAND VERKALÝÐSFÉLAGA

EVRÓPUSAMTÖK FYRIRTÆKJA MEÐ OPINBERRI EIGNARAÐILD

RAMMASAMNINGUR UM HLUTASTÖRF

Inngangsorð

Meðfylgjandi rammasamningur er framlag til heildarskipulags atvinnumála í Evrópu. Hlutastörf hafa haft veruleg áhrif á atvinnumál undanfarin ár. Af þeim sökum hafa aðilar að þessum samningi einkum gefið gaum að slíkum störfum. Aðilarnir munu meta hvort þörf er á svipuðum samningi vegna annars konar sveigjanleika í starfi.

Með samningi þessum er viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum eru misjafnar og að hlutastörf eru ákveðinn þáttur á vissum sviðum innan tiltekinnar starfsemi og enn fremur eru í samningi þessum settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf. Í samningnum kemur fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og til að auka möguleikana á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launþega.

Samningur þessi varðar ráðningarkjör launþega í hlutastarfi og jafnframt er viðurkennt að aðildarríkin taka ákvarðanir um málefni er varða félagslegt öryggi sem er tryggt með lögum. Með skírskotun til jafnræðisreglunnar hafa aðilar að samningi þessum veitt athygli yfirlýsingunni um atvinnumál sem gefin var á fundi leiðtogaráðsins í Dyflinni í desember árið 1996, þar sem meðal annars er lögð áhersla á nauðsyn þess að gera almannatryggingakerfi hagstæðari með tilliti til atvinnumála með því að „byggja upp kerfi félagslegrar verndar sem hægt er að aðlaga nýju starfsfyrirkomulagi og veitir þeim sem vinna slík störf viðhlítandi vernd." Aðilar að samningi þessum telja að þessari yfirlýsingu eigi að hrinda í framkvæmd.

ETUC, UNICE og CEEP fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún leggi þennan rammasamning fyrir ráðið, svo að það geti með ákvörðun gert þessi ákvæði bindandi í þeim aðildarríkjum sem eru aðilar að samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Aðilar að þessum samningi fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að í tillögu sinni um framkvæmd þessa samnings fari hún fram á að aðildarríkin samþykki lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að fara að ákvörðun ráðsins, innan tveggja ára frá því að hún er samþykkt eða sjái til þess ([1]) að aðilar vinnumarkaðarins geri nauðsynlegar ráðstafanir í formi samnings eigi síðar en við lok þessa tímabils. Aðildarríkin geta, ef þörf krefur vegna sérstakra örðugleika eða framkvæmdar með kjarasamningi, fengið allt að því eins árs viðbótarfrest til að fara að þessu ákvæði.

Með fyrirvara um hlutverk innlendra dómstóla og Evrópudómstólsins fara aðilar að þessum samningi fram á það að framkvæmdastjórnin vísi á fyrsta stigi öllum málum er varða túlkun þessa samnings á evrópskum vettvangi til þeirra til umsagnar.

Almennar forsendur

1. Með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.,

   og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. Í 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna er kveðið á um að samningar, sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins, geti komið til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, enda fari undirritunaraðilarnir sameiginlega fram á það.
3. Í öðru umsagnarskjali sínu um sveigjanlegan vinnutíma og öryggi launþega lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að hún hygðist leggja fram tillögu um lögformlega bindandi ráðstöfun í bandalaginu.

([1]) Í skilningi 4. mgr. 2. gr. samningsins um félagsmálastefnu stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

4. Í ályktunum leiðtogaráðsins sem kom saman í Essen var lögð áhersla á nauðsyn þess að gera ráðstafanir til að efla atvinnu og stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna og hvatt til þess að gerðar yrðu ráðstafanir sem miða að því að vöxtur stuðli að fleiri atvinnutækifærum, einkum með sveigjanlegri vinnutilhögun, þannig að bæði sé tekið tillit til óska launþega og til samkeppnisskilyrða.
5. Aðilar að samningi þessum leggja áherslu á ráðstafanir er veita körlum og konum greiðari aðgang að hlutastörfum í því skyni að undirbúa starfslok, samræma atvinnu og heimilislíf og nýta möguleika til menntunar í því augnamiði að auka faghæfni og stuðla að starfsframa til hagsbóta fyrir vinnuveitendur jafnt sem launþega og með þeim hætti að jafnframt sé stuðlað að vexti fyrirtækja.
6. Samningur þessi lætur aðildarríkjunum og aðilum vinnumarkaðarins það eftir að koma á fyrirkomulagi um beitingu þessara meginreglna, lágmarkskrafna og ákvæða svo að taka megi tillit til aðstæðna í hverju aðildarríki.
7. Í samningi þessum er tekið mið af því að nauðsynlegt er að endurbæta ákvæði félagsmálastefnunnar, efla samkeppnishæfni atvinnulífs í bandalaginu og forðast efnahagsleg eða lagaleg höft eða höft á sviði stjórnsýslu sem gætu hamlað vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja og komið í veg fyrir stofnun þeirra.
8. Aðilar vinnumarkaðarins eru best til þess fallnir að finna lausnir sem taka bæði mið af þörfum vinnuveitenda og launþega og skal því fela þeim sérstakt hlutverk við framkvæmd og beitingu þessa samnings.

HAFA UNDIRRITUNARAÐILARNIR KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. ákvæði: **Markmið**

Markmiðið með þessum rammasamningi er:

a) að skapa grundvöll til að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og stuðla að auknum gæðum hlutastarfa;
b) að greiða fyrir þróun hlutastarfa að frjálsu vali launþega og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma, þannig að bæði sé tekið tillit til þarfa vinnuveitenda og launþega.

2. ákvæði: **Gildissvið**

1. Samningur þessi gildir um alla launþega í hlutastarfi sem hafa ráðningarsamning eða ef ráðningarskilmálar þeirra falla undir skilgreiningu laga eða kjarasamninga eða venjur í hverju aðildarríki um sig.
2. Aðildarríkjunum er heimilt, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur, og/eða aðilum vinnumarkaðarins á viðeigandi vettvangi og í samræmi við venjur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju ríki, að undanskilja, af hlutlægum orsökum, að öllu leyti eða að hluta til frá skilmálum þessa samnings þá launþega sem eru lausráðnir í hlutastörf. Slíkar undantekningar ber að endurskoða reglulega til að ganga úr skugga um að hlutlægu orsakirnar sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi.

3. ákvæði: **Skilgreiningar**

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Launþegi í hlutastarfi“ er starfsmaður sem á vikugrunni, eða að meðaltali á ráðningartímabili sem er allt að því eitt ár, vinnur færri vinnustundir en sambærilegur launþegi í fullu starfi.
2. „Sambærilegur launþegi í fullu starfi“ er launþegi í fullu starfi hjá sama fyrirtæki sem hefur samskonar ráðningarsamning eða ráðningarskilmála, vinnur sambærilegt, samskonar eða áþekkt starf, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra atriða, svo sem starfsaldurs, menntunar og færni.

   Ef enginn sambærilegur launþegi er í fullu starfi hjá sama fyrirtæki skal samanburðurinn gerður með því að vísa til viðeigandi kjarasamnings eða, ef ekki er um gildandi kjarasamning að ræða, í samræmi við innlend lög, kjarasamninga eða venjur.

4. ákvæði: **Jafnræðisreglan**

1. Að því er varðar starfsskilyrði skulu launþegar í hlutastarfi ekki búa við lakari kjör en launþegar í sambærilegu fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru í hlutastarfi, nema mismunandi kjör séu réttlætanleg af hlutlægum orsökum.
2. Meginreglan um hlutfallstíma *pro rata temporis* skal gilda eftir því sem við á.

3. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu skilgreina fyrirkomulagið á beitingu þessa ákvæðis með hliðsjón af Evrópurétti, landslögum, kjarasamningum og venjum.
4. Ef slíkt er réttlætanlegt af hlutlægum orsökum er aðildarríkjunum, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur og/eða aðilum vinnumarkaðarins, eftir atvikum, heimilt að miða tiltekin starfsskilyrði við starfsaldur, vinnutíma og launakjör. Viðmiðanir vegna sérstakra starfsskilyrða launþega í hlutastarfi ætti að endurskoða reglulega með tilliti til jafnræðisreglunnar, sbr. ákvæði 4.1.

5. ákvæði: **Möguleikar á hlutastörfum**

1. Með skírskotun til 1. liðar þessa samnings og til reglunnar um jafnræði launþega í hlutastarfi og launþega í fullu starfi:

   a) ættu aðildarríkin, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög eða venjur, að skilgreina og endurskoða lagalegar hindranir eða hindranir á sviði stjórnsýslu sem kunna að takmarka möguleikana á hlutastörfum og útrýma slíkum hindrunum, ef við á.

   b) ættu aðilar vinnumarkaðarins, eftir því sem þeir eru bærir til og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gerð er grein fyrir í kjarasamningum, að skilgreina og endurskoða hindranir sem kunna að takmarka möguleikana á hlutastörfum og útrýma slíkum hindrunum, ef við á.

2. Neiti launþegi að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt telst það ekki eitt og sér gild ástæða til uppsagnar, með fyrirvara um starfslok í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur af öðrum ástæðum sem ráðast af rekstraraðstæðum viðkomandi fyrirtækis.
3. Vinnuveitendur ættu eftir föngum að gefa gaum að:

   a) óskum launþega um flutning úr fullu starfi í hlutastarf sem er í boði hjá fyrirtækinu;

   b) óskum launþega um flutning úr hlutastarfi í fullt starf eða umsóknum um lengri vinnutíma, skapist svigrúm til þess;

   c) því að veita upplýsingar í tæka tíð um störf og hlutastörf sem losna í fyrirtækinu í því skyni að auðvelda flutning úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.

   d) ráðstöfunum til að auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum stigum fyrirtækisins, að meðtöldum sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum, og ef við á, að auðvelda launþegum í hlutastarfi að afla sér starfsmenntunar í því skyni að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi;

   e) því að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar í tæka tíð um hlutastörf í fyrirtækinu.

6. ákvæði: **Framkvæmdarákvæði**

1. Aðildarríkjunum og/eða aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að halda ákvæðum eða taka upp ákvæði sem eru hagstæðari en ákvæði þessa samnings.
2. Framkvæmd ákvæða þessa samnings skal ekki teljast lögmæt ástæða til að draga úr almennri vernd sem launþegar njóta á því sviði sem þessi samningur tekur til. Þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða aðila vinnumarkaðarins til að móta annars konar laga-, stjórnsýslu- eða samningsákvæði, með tilliti til breyttra aðstæðna, og hefur ekki áhrif á beitingu liðar 5.1, svo framarlega sem farið er að jafnræðisreglunni, sbr. lið 4.1.
3. Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera samninga á viðeigandi vettvangi, einnig evrópskum, sem miðast við ákvæði samnings þessa og/eða eru til viðbótar við þau, með þeim hætti að tekið sé mið af sérþörfum hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.
4. Þessi samningur skal vera með fyrirvara um sérákvæði bandalagsins, einkum ákvæði bandalagsins um að karlar og konur njóti jafnræðis og fái sömu tækifæri.
5. Komið skal í veg fyrir deilumál og ágreining sem rís af beitingu samnings þessa og um þau fjallað í samræmi við landslög, kjarasamninga og venjur.
6. Undirritunaraðilarnir skulu endurskoða samning þennan fimm árum eftir dagsetningu ákvörðunar ráðsins, fari einn aðila samningsins fram á það.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um starfsmenn í hlutastörfum.

Frumvarp þetta er lagt fram til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, frá 15. desember 1997, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (*ETUC*), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (*UNICE*) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (*CEEP*) hafa gert. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella tilskipun þessa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nr. 104/1998. Tilgangur rammasamningsins er m.a. að stuðla að sveigjanlegri skipulagningu vinnutíma og að hlutavinnufólk sæti ekki lakari meðhöndlun en þeir sem eru í fullu starfi, nema mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Frumvarpinu er því ætlað að innleiða framangreinda tilskipun ráðsins með það að markmiði að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, einnig að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnurekanda og starfsmanna.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

560. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, HHj, JGunn, AKG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	65.900,0	600,0	66.500,0
b. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	88.021,0	250,0	88.271,0
c. 5.1.2.1.15 Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.540,0	50,0	4.590,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Efnahagsrannsóknir	50,0	-10,0	40,0
4. Við **02-211 Tækniháskóli Íslands**			
1.01 Tækniháskóli Íslands	561,1	21,0	582,1
Greitt úr ríkissjóði	*530,8*	*21,0*	*551,8*

5. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.12 FS-net, framhaldsskólar	0,0	34,2	34,2
b. 1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	0,0	10,8	10,8
c. 1.14 FS-net, útstöðvar	0,0	5,0	5,0
6. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.92 Hækkun lífeyrisgreiðslna og félagslegra bóta í samræmi við launavísitölu	0,0	600,0	600,0
7. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.21 Hjálpartæki	1.367,0	150,0	1.517,0
8. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0
9. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	4.505,0	600,0	5.105,0

10. Við 6. gr. Nýr liður:
    6.33 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Hafnarfirði.
11. Við 6. gr. Nýir liðir:
    7.12 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.13 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 500 m.kr.
    7.14 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.15 Að fela ráðuneytum að fresta viðhalds- og stofnkostnaði um 325 mkr.
    7.16 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 1.300 m.kr.
    7.17 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja og verja andvirðinu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

561. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Helga Hjörvar, Sigurlín Margréti Sigurðardóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Jóni Gunnarssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	3.955,0	528,8	4.483,8
Greitt úr ríkissjóði	*9.448,6*	*528,8*	*9.977,4*

562. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]

um bann við geimvopnum.

Flm.: Hlynur Hallsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að Íslendingum beri að leggja sitt af mörkum í baráttu gegn vígvæðingu himingeimsins. Í því samhengi samþykkir Alþingi að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.
4. Að vinna verði hafin við gerð nýs alþjóðasamnings sem tryggi friðhelgi himingeimsins.

Greinargerð.

Hinn 13. júní 2002 sagði ríkisstjórn Bandaríkjanna formlega upp ABM-samningnum um takmörkun eldflaugavarna. Ástæðan var sú að Bandaríkjastjórn sætti sig ekki við takmarkanir samningsins þar sem hún hafði í hyggju að hefja tilraunir á geimgagneldflaugakerfi sem unnið hefur verið að um áratugaskeið. Af þessum sökum er nauðsynlegt að Alþingi álykti um þessi mál.

Málið hefur í reynd áður komið til kasta Alþingis en á nú þangað erindi á nýjan leik í ljósi aðstæðna. Hjörleifur Guttormsson flutti á 108. löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar sem segja má að hér sé endurflutt með breyttu sniði og nýrri greinargerð.

Á þeim tíma, sem málið var fyrst flutt, fór mikil umræða fram á alþjóðavettvangi um „stjörnustríðsáætlun“ Ronalds Reagans, þáverandi Bandaríkjaforseta. Hinn 23. mars 1983 flutti Reagan fræga ræðu, sem kölluð hefur verið „stjörnustríðsræðan“. Markmiðin sem sett voru fram í þeirri ræðu, um fullkominn varnarbúnað gegn kjarnorkuflaugum, þóttu óraunsæ og voru ekki samrýmanleg samkomulagi þáverandi stórvelda, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, um takmörkun gagneldflaugakerfa sem skjalfest var í ABM-sáttmálanum frá árinu 1972. Var sá samningur liður í að koma böndum á þá vitfirrtu stefnu sem stórveldin viðhöfðu í vopnakapphlaupi sínu eins og flestir þekkja.

Frá lokum kalda stríðsins hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna unnið að endurnýjun verkefnisins og eytt miklum fjármunum í það. Á síðustu árum hefur verkefnið gengið í endurnýjun lífdaga undir forustu ríkisstjórnar George W. Bush, núverandi forseta Bandaríkjanna. Árlegur kostnaður verkefnisins hefur verið, frá valdatöku hans, um 8 milljarðar bandaríkjadal (600 milljarðar íslenskra króna) og fer upp í 9 milljarða dala (675 milljarða króna) á næsta ári. Heildarkostnaður verkefnisins frá því að Reagan ýtti því úr vör er áætlaður um 60 milljarðar dala (4.500 milljarðar króna).

Hér verður látið ógert að ræða ítarlega hinar tæknilegu hliðar þessa máls en þess má geta að margir af fremstu vísindamönnum heims hafa lýst efasemdum um að búnaðurinn muni nokkurn tíma virka (sjá fylgiskjal). Má benda á í þessu samhengi að bandarísk stjórnvöld hafa dregið mjög í land með fullyrðingar sínar um virkni búnaðarins frá því að Reagan kynnti hann á sínum tíma. Auk þess hafa nýlegar tilraunir með slíkan búnað leitt í ljós stórkostlega galla og verið mislukkaðar að flestu leyti.

Andstaða við geimvopnaáætlunina er mikil og kemur úr mörgum áttum. Nokkrar helstu ástæður hennar verða nefndar hér að neðan.

1. Kostnaður við áætlunina er gífurlegur, en önnur brýn verkefni, eins og að eyða kjarnaoddum frá Sovéttímanum, eru í ólestri vegna fjárskorts. Af þeim sökum er fjöldinn allur af kjarnaoddum undir takmörkuðu eftirliti í Rússlandi. Þær fjárhæðir sem vantar til að eyða þessum kjarnaoddum eru ekki nema brot af kostnaði við geimvopnaáætlunina.
2. ABM-samningurinn var tímamótasamningur sem byggðist á hagsmunum mannkynsins alls og tvímælalaust rétt skref í þá átt að draga úr kjarnorkuvígbúnaði. Flestir eru sammála um að ofuráhersla ráðamanna vestanhafs og austan á fælingarmátt vopnanna og þar með takmarkalausa framleiðslu þeirra var óráðsía. Geimvopnaáætlunin er hins vegar andstæð ABM-samningnum og þess vegna ákváðu bandarísk stjórnvöld að rifta honum. Það er áhyggjuefni, að meintir sérhagsmunir Bandaríkjastjórnar skuli njóta forgangs fram yfir augljósa hagsmuni heimsbyggðarinnar.
3. Geimvopnaáætlunin veitir falskt öryggi en ekki raunverulegt þar sem valdið er sett í hendur tækninni en ekki leyst með mannlegum ráðum. Samningurinn um fækkun kjarnorkuvopna er dæmi um samning þar sem mannlegt vald er notað til að taka á hættum sem það sjálft hefur getið af sér. Auk þess er mikil hætta fólgin í því að treysta á tækni til að koma í veg fyrir kjarnorkustríð.
4. Bent hefur verið á að geimvopnaáætlun Bandaríkjamanna ýtir undir nýtt vígbúnaðarkapphlaup. Stjórnvöld Kína, Pakistan, Indlands og Rússlands hafa til að mynda lýst áhyggjum af þróun mála. Á alþjóðavettvangi hefur verið vilji til að koma böndum á þróun og útbreiðslu kjarnorkuvopna í heiminum, sbr. NPT-samninginn (Non-Proliferation Treaty) sem gerður var einmitt í því skyni. Geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar gengur hins vegar þvert á þennan vilja.

Einhver mesta vá sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir er eigin útrýming með kjarnorkuvopnum og því sem kalla mætti „sjálfsmorð siðmenningar". Það er mikil óheillaþróun að Bandaríkjastjórn skuli nú vekja upp gamla drauga með því að blása til sóknar um geimvopnaáætlun sína . Mikilvægt er að alþjóðasamfélagið styrki þá samninga sem gerðir hafa verið til að takmarka framleiðslu kjarnorkuvopna og byggi framtíðarstefnu sína í friðar- og öryggismálum á slíkum samningum og nýjum alþjóðasamningi til að tryggja friðhelgi himingeimsins.

Fylgiskjal.

Samband bandarískra vísindamanna:

12. nóvember 2001

Háttv. **Tom Daschle**	Háttv. **J. Dennis Hastert**
talsm. meiri hluta öldd.	forseti fulltrúadeildar
Háttv. **Trent Lott**	Háttv. **Richard Gephardt**
talsm. minni hluta öldd.	talsm. minni hluta ftrd.

Í þágu þjóðaröryggis hvetjum við yður til þess að synja um fjárveitingar til hvers kyns áætlana, verkefna eða starfsemi sem ekki samrýmist samningnum um varnir gegn kjarnaeldflaugum (ABM-samningnum). Hinir hörmulegu atburðir sem urðu 11. september tóku af

allan vafa um að öryggisþarfir Bandaríkjamanna eru mun meiri en svo að þær verði leystar með tæknilega óvænlegum vörnum gegn herfræðilega ólíklegri eldflaugaárás frá þriðja heiminum.

Að því er varðar þá ógn sem sennilegust er, hafa árásirnar 11. september sýnt okkur í raun það sem blasað hefur við í mörg ár: Frumstæð langdræg skotflaug, sem vafasamt er að muni hæfa skotmark sitt, sem er óáreiðanleg og sem ber skýra utanáskrift þess sem sendir hana, er ekki freistandi kostur fyrir hryðjuverkamann og afar ósennilegur flutningsmáti hryðjuverkavopns. Að leggja gríðarlega vinnu og kostnað í að bregðast við ólíklegustu og óskilvirkustu ógninni væri glapræði.

Að því er varðar tæknina er það að segja að þótt hugsanlegt sé að „hæfa byssukúlu með byssukúlu“ við þær aðstæður sem ríkja á tilraunastofu, er mun erfiðara að hanna kerfi sem getur lifað af og veitt skilvirka vörn gegn skyndiárás þar sem beitt er gagnráðstöfunum, sem sumar kunna að koma vörninni í opna skjöldu. Það forskot sem árásaraðili ætíð hefur er meira en það forskot sem hægt er að ná með yfirburðatækni Bandaríkjamanna, einkum ef árásaraðilinn er útlagaríki sem þarf ekki að hæfa nema með einu af mörgum vopnum til þess að ná tilgangi sínum. Fyrri tilraunir til þess að koma upp eldflaugavörnum hafa farið út um þúfur þegar komið hefur í ljós að árangur var mun minni og kostnaður mun meiri en auglýst var. Við sjáum engar vísbendingar um að betur muni takast til með þeim kerfum sem nú eru uppi tillögur um.

Við getum sem þjóð komið okkur upp miklu betri vörnum gegn gereyðingarvopnum sem borin eru með langdrægum eldflaugum með því að koma í veg fyrir að slík vopn breiðist út og komist í óvinahendur. Uppsögn ABM-samningsins, sem kæmi til viðbótar við nýleg neikvæð ummæli um samninga um takmörkun vopna, myndi einnig grafa undan mótspyrnu við útbreiðslu vopna. Það myndi einnig grafa undan samstarfi við Rússa og Kínverja um að draga úr ógninni af kjarnorkuvá. Við hvetjum þess vegna til þess að ABM-samningurinn verði áfram í gildi.

Hans Bethe Cornell University 1967 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði		**Steven Weinberg** University of Texas at Austin 1979 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði
Sidney Altman Yale University 1989 Nóbelsverðlaun í efnafræði	**Philip Anderson** Princeton University 1977 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði	**Kenneth Arrow** Stanford University 1972 Nóbelsverðlaun í hagfræði
Julius Axelrod National Institutes of Health 1970 Nóbelsverðlaun í læknisfræði	**David Baltimore** The Baltimore Family Fund 1975 Nóbelsverðlaun í læknisfræði	**Baruj Benacerraf** Harvard Medical School 1980 Nóbelsverðlaun í læknisfræði
J. Michael Bishop Univ. of California Medical 1989 Nóbelsverðlaun í læknisfræði	**Nicolaas Bloembergen** Center Harvard University 1981 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði	**Paul Boyer** University of California 1997 Nóbelsverðlaun í efnafræði
Owen Chamberlain Lawrence Berkeley Lab 1959 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði	**E. J. Corey** Harvard University 1990 Nóbelsverðlaun í efnafræði	**James Cronin** Enrico Fermi Institute 1980 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði
Johann Deisenhofer Southwestern Medical Center 1988 Nóbelsverðlaun í efnafræði	**Val Fitch** Princeton University 1980 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði	**Jerome Friedman** MIT 1990 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði
Walter Gilbert Biological Laboratories 1980 Nóbelsverðlaun í efnafræði	**Donald Glaser** University of California 1960 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði	**Sheldon Glashow** Harvard University 1979 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Paul Greengard
The Rockefeller University
2000 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Roald Hoffmann
Cornell University
1959 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Leon Lederman
Fermi Nat. Accelerator Lab
1988 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Franco Modigliani
MIT
1985 Nóbelsverðlaun í hagfræði

Marshall Nirenberg
National Institutes of Health
1968 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Martin Perl
Stanford University
1995 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Richard Roberts
New England
1993 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Joseph Taylor
Princeton University
1993 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Daniel Tsui
Princeton University
1998 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Roger Guillemin
The Salk Institute
1977 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Jerome Karle
Department of the Navy
1992 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Edward Lewis
Cal Tech
1995Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Mario Molina
MIT
1995 Nóbelsverðlaun í efnafræði

Douglass Osheroff
Stanford University
1996 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

William Phillips
NIST
1997 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Robert Solow
Bio Labs MIT
1987 Nóbelsverðlaun í hagfræði

James Tobin
Yale University
1981 Nóbelsverðlaun í hagfræði

Eric Wieschaus
Princeton University
1995 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Dudley Herschbach
Harvard University
1986 Nóbelsverðlaun í efnafræði

Walter Kohn
University of California
2000 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Rudolph Marcus
Cal Tech
1992 Nóbelsverðlaun í efnafræði

Joseph Murray
Brigham and Women's Hospital
1990 Nóbelsverðlaun í læknisfræði

Arno Penzias
Bell Laboratories
1978 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Norman Ramsey
Harvard University
1989 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Jack Steinberger
CERN
1988 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Charles Townes
University of California
1964 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

Robert Wilson
Harvard University
1978 Nóbelsverðlaun í eðlisfræði

563. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Gunnari Birgissyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Katrínu Júlíusdóttur, Sigurði Kára Kristjánssyni, Hjálmari Árnasyni, Merði Árnasyni og Ástu Möller.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög.**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	35,2	4,8	40,0
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:			

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Erró	1.600
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5.	Guðbergur Bergsson	1.600
6.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
7.	Hannes Pétursson	1.600
8.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
10.	Jón Nordal	1.600
11.	Jón Þórarinsson	1.600
12.	Jórunn Viðar	1.600
13.	Kristinn Hallsson	1.600
14.	Kristján Davíðsson	1.600
15.	Matthías Johannessen	1.600
16.	Megas	1.600
17.	Róbert Arnfinnsson	1.600
18.	Rögnvaldur Sigurjónsson	1.600
19.	Svava Jakobsdóttir	1.600
20.	Thor Vilhjálmsson	1.600
21.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
22.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
23.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
24.	Þráinn Bertelsson	1.600
25.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**40.000**

564. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

		Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:				
1.	Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
	1.01 Þjóðminjasafn Íslands	259,8	50,0	309,8
2.	Við **02-918 Safnasjóður**			
	1.10 Safnasjóður	66,0	17,0	83,0
3.	Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
	6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	305,0	26,0	331,0

565. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.92 Háskóli Vestfjarða, undirbúningur	0,0	15,0	15,0

Greinargerð.

Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Hér er lagt til að veita 15 m.kr. til að vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.

566. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur nú til 3. umræðu. Það telst til tíðinda við þessa umræðu að meiri hluti fjárlaganefndar leggur ekki fram neinar breytingartillögur og er það líklega í fyrsta skipti í sögu þingsins. Ástæða þessa er því miður ekki sú að við 2. umræðu hafi verið gerðar nauðsynlegar breytingar til að tryggja rekstrargrundvöll stofnana ríkisins. Ástæðan virðist hins vegar vera sú að meiri hlutinn hafi gefist upp við verkefnið og því einfaldlega skellt í lás gagnvart öllum breytingartillögum. Óneitanlega bendir margt til þess að ástæða þessa tengist ekki fjármálum ríkissjóðs heldur því að upp sé kominn ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna sem m.a. hefur birst með misjöfnum ummælum ráðherra og einstakra þingmanna t.d. um samkomulagið við Öryrkjabandalagið og fjárhagsstöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Velferðar- og menntakerfið.

Þessi ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna mun óhjákvæmilega bitna m.a. á velferðar- og menntakerfinu. Það frumvarp sem hér liggur fyrir mun m.a. geta valdið því að Háskóli Íslands þurfi að vísa frá 900 nýnemum næsta haust, að Landspítali – háskólasjúkrahús þurfi að draga verulega saman útgjöld á næsta ári. Forstjóri spítalans telur að það vanti um 1,5 milljarða kr. til að halda uppi óbreyttri starfsemi á næsta ári. Til viðbótar kemur svo áætlaður halli í árslok 2003 að fjárhæð 680 millj. kr. þrátt fyrir að í fjáraukalögum ársins 2003 hafi verið veitt viðbótarfjárveiting vegna rekstrarhalla upp á 1,6 milljarða kr. Ljóst er að ekki er hægt að horfa einangrað á vanda Landspítala – háskólasjúkrahúss heldur þarf að horfa heildstætt á heilbrigðiskerfið til að finna framtíðarlausn. Þá þarf menntakerfið enn að berjast við fortíðarvanda og ekki er ætlunin að standa við nýgert samkomulag við Öryrkjabandalagið.

Við þetta bætist síðan það sem ríkisstjórnin kallar „aðhald í útgjöldum“ sem felur í sér 500 millj. kr. skerðingu lífeyrisréttinda með breytingum á tryggingagjaldi, 700 millj. kr. lækkun sjúkratrygginga, 600 millj. kr. lækkun vaxtabóta og loks 170 millj. kr. lækkun atvinnuleysisbóta. Hér er vissulega verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Svo er bætt gráu ofan á svart og neysluskattar hækkaðir verulega, þ.e. vörugjald af bensíni og þungaskattur um samtals einn milljarð kr. Þá mun hækkun bensíngjaldsins hafa bein áhrif á neysluverðsvísitölu og þannig m.a. hækka skuldir heimilanna.

Þróun efnahagsmála.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið ástæðu til að endurskoða þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarpsins þrátt fyrir að ýmsar blikur séu á lofti sem birtast m.a. í vaxandi viðskiptahalla á sama tíma og verðmæti sjávarafla minnkar, bæði vegna minni afla og lægra verðs. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs óx viðskiptahallinn um 30 milljarða kr. Rúm 40% af hallanum má rekja til samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Um 24% hallans má rekja til innflutnings á neysluvöru og ferðalaga erlendis en aðeins 10% má rekja til innflutnings á fjárfestingarvörum. Greiningardeild Íslandsbanka telur að þróun viðskiptajafnaðarins undanfarið bendi til þess að krónan sé orðin öllu verðmeiri en fær staðist til lengdar – gengið samræmist ekki langtímajafnvægi þjóðarbúsins. Á sama tíma hefur myndast vantrú meðal neytenda og fjárfesta á því að Seðlabankanum takist að ná verðbólgumarkmiðum sínum. Því miður er ekki hægt að treysta á stjórn ríkisfjármála eins og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt. Aðhald í útgjöldum hefur ekki verið sterkasta hlið ríkisstjórnarinnar eins og fjáraukalög yfirstandandi árs og undanfarinna ára bera með sér.

Þá eru kjarasamningar fram undan á næsta ári og ítrekað hafa komið fram í máli varaformanns fjárlaganefndar miklar áhyggjur af ábyrgðarlausum kjarasamningum hins opinbera í gegnum tíðina. Ljóst er að ef frumvarp um breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verður samþykkt mun það óhjákvæmilega auka útgjöld vegna næstu kjarasamninga. Þegar starfsöryggi opinberra starfsmanna hefur verið minnkað er ljóst að sú breyting kallar á kröfu um að það verði bætt í kjarasamningum.

Þróun útgjalda.

Miðað við niðurstöðu fjárlaga og fjáraukalaga fyrir árið 2003 hafa útgjöld ríkissjóðs, án lífeyrisskuldbindinga, aukist um 45% frá árinu 1999. Á sama tímabili hefur neysluverðsvísitala hækkað um 24%. Umsvif ríkissjóðs hafa því aukist verulega á þessu tímabili og langt umfram verðlagsþróun og forsendur fjárlaga

Á sama tímabili hafa tekjur einnig aukist verulega, fyrst og fremst vegna sölu eigna. Því miður hefur ekki tekist að nýta þennan tekjuauka til að greiða niður skuldir ríkissjóðs; þess

í stað hefur hann verið notaður til að mæta auknum útgjöldum. Þetta sést vel þegar þróun hreinna skulda ríkissjóðs er skoðuð því að þær hafa hækkað um 30 milljarða kr. frá árinu 1999 til áætlaðrar stöðu í árslok 2003.

Þessi útgjaldaaukning hefur m.a. leitt til þess að þurft hefur að samþykkja há fjáraukalög á hverju ári. Á árunum 1999–2003 námu fjáraukalög að meðaltali tæpum 6% af fjárlögum eða tæplega 63 milljörðum kr. á verðlagi hvers árs. Ef fyrra fjáraukalagafrumvarpi ársins 2003, að fjárhæð 4,7 milljarðar kr., er sleppt í þessum samanburði er frávikið 5,3%. Á tímabilinu 1999–2002 hefur niðurstaða ríkisreiknings verið að meðaltali tæplega 11% hærri en fjárlög viðkomandi árs. Þessar breytingar sjást vel í meðfylgjandi töflu:

Ár	Fjárlög	Fjáraukalög	Fjárheimild	Ríkisreikningur	Hækkun fjárl. með fjáraukal.	Mismunur fjárl. og ríkisreikn.	Mismunur fjárheim. og ríkisreikn.
1999	182.376	10.464	192.840	199.002	5,7%	9,1%	3,1%
2000	193.159	8.241	201.400	229.001	4,3%	18,6%	12,1%
2001	219.164	14.958	234.122	228.713	6,8%	4,4%	-2,4%
2002	239.370	11.921	251.291	267.332	5,0%	11,7%	6,0%
	834.069	*45.584*	*879.653*	*924.048*	*5,5%*	*10,8%*	*4,8%*
2003	260.142	17.280	277.422	?	6,6%		
	1.094.211	**62.864**	**1.157.075**				

Því miður er ljóst að á næsta ári verður engin breyting á og í ljósi reynslunnar má búast við að samþykkja þurfi fjáraukalög fyrir árið 2004 sem ekki verða lægri en 15 milljarðar kr., og er þá ekki tekið tillit til þeirra kjarasamninga sem fram undan eru.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Fyrir fáeinum dögum kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um mat á árangri af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í raun má segja að skýrslan sé áfellisdómur yfir þeim sem stýrt hafa þessum málaflokki. Þar kemur m.a. fram að það skorti nær algerlega stefnumótun í þennan stærsta einstaka útgjaldalið ríkisins. Þar kemur og fram það mat stofnunarinnar að sameiningin hafi ekki verið nægjanlega markvisst undirbúin. Þannig hafi hvorki verið tímasett framkvæmda- né kostnaðaráætlun eða sett markmið um það hverju ætti að ná fram með sameiningunni.

Þá segir síðar í skýrslunni: „Mismun á áætlunum fjárlaga og raunkostnaði má aðallega rekja til kostnaðar tengdum framþróun læknisfræðinnar og launaskriðs innan sjúkrahússins. Þá voru aldrei lagðir til sérstakir fjármunir vegna sameiningarinnar og gæti það skýrt hluta vandans.“

Einnig kemur fram að enn er ekki nægjanlega ljóst hvernig Landspítala – háskólasjúkrahúsi er ætlað að vera í framtíðinni og áréttað að slíkt dragi úr möguleikum til markvissrar stjórnunar og uppbyggingar. Því er nauðsynlegt að móta stefnu sjúkrahússins þar sem helstu spurningum um framtíð þess verður svarað.

Hvers vegna hefur það þá ekki verið gert? Það er vegna þess, eins og segir í skýrslunni, að „ráðuneyti heilbrigðismála, fjármálaráðuneytið og faghópar innan sjúkrahússins hafa mismunandi skoðanir á stefnumótun sjúkrahússins. Þessir aðilar þurfa að ná samstöðu um það hvaða áherslu skuli leggja á sparnað í rekstri, skilvirkni og magn þeirrar þjónustu sem veita á og þátt rannsókna og kennslu í starfseminni.“ Bendir Ríkisendurskoðun á að þótt þessi atriði geti stangast á megi þau ekki verða til þess að ekki sé tekin skýr afstaða með stefnu-

mótun og telur stofnunin að það hefði í raun átt að gerast áður en sameiningin varð. Þá er bent á að það að ekki hafi enn verið tekin afstaða til alls þessa standi í vegi fyrir skýrri stefnumótun og mótun framtíðarsýnar fyrir sjúkrahúsið.

Því miður má segja að þessi lýsing eigi við um margar stofnanir ríkisins þar sem stefnumótun er í lamasessi vegna ágreinings á milli fagráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðkomandi stofnunar. Skortur á frumkvæði stjórnvalda veldur því að slík mál eru ekki leyst og afleiðingin sést m.a. ár eftir ár í fjáraukalögum.

Þá vekur skýrslan um Landspítala – háskólasjúkrahús upp þá spurningu hvernig á því standi að ekki er hægt að reikna út nákvæmar áhrif kjarasamninga áður en þeir eru undirritaðir. Í skýrslunni kom fram að „þegar kostnaðaráhrif af samningum við lækna voru metin var talið að laun þeirra myndu hækka um 30% á því tímabili sem hér var til skoðunar (1999–2002). Í raun hækkuðu laun fyrir hvert ársverk lækna hjá sjúkrahúsinu um 43%. Talið var að kjarasamningar hjúkrunarfræðinga skiluðu 18% hækkun launa en í raun hækkaði kostnaður við hvert ársverk um 33%. Kjarasamningar sjúkraliða voru taldir skila 50% hækkun en í raun hækkuðu laun fyrir hvert stöðugildi um 56%. Laun ófaglærðra í verkalýðsfélaginu Eflingu áttu að hækka um 32% en hækkuðu í raun um 37%. Hafa ber í huga að dregið hefur úr yfirvinnu og vaktavinnu þannig að grunnlaun hafa hækkað meira en þessar tölur gefa til kynna."

Enn á ný virðist lýsing skýrslunnar geta átt við fleiri ríkisstofnanir því eitt megineinkenni seinni ára á kjarasamningum hefur verið það sama, þ.e. að kostnaður hefur reynst mun meiri en áætlað var við undirritun þeirra. Þessi mismunur hefur valdið rekstrarerfiðleikum hjá mörgum ríkisstofnunum og er ekki að sjá neinn mun hvort sem kjör starfsmannanna eru ákveðin af fjármálaráðuneyti með kjarasamningum eða hvort kjaranefnd ákveður launakjörin.

Samningurinn við Öryrkjabandalagið.

Miklar deilur hafa enn á ný risið milli stjórnvalda og öryrkja, nú í kjölfar samnings sem átti að bæta samskipti þessara aðila. Vegna deilunnar er nauðsynlegt að fara lítillega yfir málið.

Fram kemur í fréttatilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 25. mars 2003 að gert hafi verið samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Kemur fram í fréttatilkynningunni að ríkisstjórnin hafi samþykkt samkomulagið á fundi sama dag.

Fram kemur að skipaður hafi verið starfshópur sem gera eigi endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar í samræmi við samkomulagið. Starfshópurinn skuli miða störf sín við framangreint samkomulag sem felur í sér eftirfarandi:

- Stigið verði fyrsta skrefið til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.
- Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fá þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem nemur allt að tvöföldun grunnlífeyris.
- Þeir sem verða öryrkjar seinna á lífsleiðinni fá hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri, þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fá grunnlífeyri sem nemur sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.
- Hækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

Þá kemur fram í fréttatilkynningunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga ráðuneytisins verður kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytinguna rúmur einn milljarður kr. á ársgrundvelli.

Leggja verður áherslu á að það er fréttatilkynning ráðuneytisins sem túlkar samkomulagið með fyrrgreindum hætti. Nú virðist ljóst að ríkisstjórnin hefur bitið í sig þessa frumútreikninga á áhrifum samkomulagsins og sett það sem hámarksfjárhæð á næsta ári þrátt fyrir að útreikningar Tryggingastofnunar ríkisins frá 10. apríl 2003 sýndu að kostnaðurinn yrði 1.528.8 millj. kr.

Hvað veldur þessari niðurstöðu ríkisstjórnarinnar skal ósagt látið en ekki er hægt að horfa fram hjá deilum milli manna í ríkisstjórnarflokkunum um þetta mál. Ljóst er að frambjóðendur ríkisstjórnarflokkanna, sem lofuðu fyrir alþingiskosningarnar sl. vor að staðið yrði við samkomulagið, vissu hvaða kostnaður fylgdi því. Þannig bætist enn í safn svikinna kosningaloforða þó að flestir hafi talið að mælirinn gagnvart öryrkjum væri fyrir löngu orðinn fullur.

Breytingartillögur.

1. minni hluti fjárlaganefndar lagði til fjölmargar tillögur við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Margar þeirra komu til atkvæðagreiðslu þá og voru felldar en aðrar eru lagðar fram á ný nú við 3. umræðu. Enn fremur leggur 1. minni hluti fram nýjar tillögur sem miðast að því að efla menntakerfið í landinu m.a. með bættri stöðu þeirra stofnana sem að sinna fjarnámi og verk- og tæknínámi.

Þá flytur 1. minni hluti, ásamt tveimur þingmönnum Frjálslynda flokksins, breytingartillögu sem gerir ráð fyrir að staðið verði að fullu við samkomulagið við Öryrkjabandalagið.

Að venju gera tillögur 1. minni hluta ekki ráð fyrir að breyting verði á afkomu ríkissjóðs því að tillögurnar gera ráð fyrir jafnvægi milli tekjuhliðar og útgjaldahliðar.

Verklag í fjárlaganefnd.

Í fyrri nefndarálitum 1. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 og frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 hefur mikið verið fjallað um samskipti fjárlaganefndar við framkvæmdarvaldið, en sérstaklega var erfitt að fá sjálfsagðar upplýsingar frá ráðuneytum um mál sem sneru að fjárhagsstöðu einstakra stofnana sem undir þau heyra. Nokkur ráðuneyti höfðu sent viðeigandi upplýsingar fyrir 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 og síðan þá hefur forsætisráðuneytið bæst í þann hóp með skilmerkilegri greinargerð um stöðu sinna undirstofnana.

Það var ánægjulegt við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 að heyra fjármálaráðherra taka undir þau sjónarmið að bæta þurfi vinnubrögðin, bæði á vettvangi ráðuneyta og Alþingis. Taldi ráðherrann að bæta þyrfti áætlanagerð, skerpa á vinnubrögðum og auka agann.

Að mati 1. minni hluta þarf fjárlaganefnd m.a. að móta stefnu varðandi þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við umfjöllun um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga. Auk þessa þarf nefndin að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga innan ársins og krefja bæði viðkomandi fagráðuneyti og aðra eftirlitsaðila skýrslna um framkvæmd fjárlaganna. Þetta er í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga en skv. 9. gr. reglugerðarinnar ber fjármálaráðuneytinu ársþriðjungslega að taka saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gera ríkisstjórn og fjárlaganefnd grein fyrir niðurstöðunum.

Lokaorð.

Það er ábyrgðarhluti af hálfu Alþingis að samþykkja það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 sem hér er til umræðu. Það felur í sér að ýmsar mikilvægar stofnanir þurfa að skerða verulega þá þjónustu sem Alþingi hefur ákveðið í lögum að landsmenn skuli njóta. Nær þessi

skerðing til heilbrigðismála, menntamála og félagsmála eða þeirra málaflokka sem eru mikilvægastir fyrir þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Það sem fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umræðu stendur allt óhaggað þar sem engar breytingar koma nú fram hjá meiri hluta nefndarinnar og er vísað til þess álits til viðbótar því sem fram kemur í þessu framhaldsnefndaráliti.

Alþingi, 4. des. 2003.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Helgi Hjörvar.

Jón Gunnarsson.

567. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umræðu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 275,3 milljarðar kr. Engar breytingartillögur liggja fyrir frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar nú við 3. umræðu þrátt fyrir að ljóst sé að útgjöld ríkissjóðs eru vanmetin á mörgum sviðum í frumvarpinu. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 282 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður um 6,7 milljarðar kr. Ef miðað er við fjárlög yfirstandandi árs hækkuðu útgjöld ríkissjóðs frá því sem samþykkt var í fjárlögum 2003 og því sem nú liggur fyrir við samþykkt fjáraukalaga um 6,7%. Ef miðað er við að það sama gerist á næsta ári má gera ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs fari í um 294 milljarða kr. á árinu 2004. Ljóst er því að ef gjöldin þróast eins á næsta ári og á þessu þurfa að koma til auknar tekjur af hálfu ríkissjóðs ef hann á að skila afgangi. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu fjárlaga á þingskjali 428.

Samkomulagið við Öyrkjabandalagið.

Í mars 2003 gerðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og formaður Öryrkjabandalagsins samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, dags. 25. mars. 2003, sagði m.a. „Er með samkomulaginu komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en gert er ráð fyrir allt að tvöfaldri hækkun grunnlífeyris til þeirra sem yngstir verða öryrkjar.“ Enn fremur kom fram í fréttatilkynningunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins yrði kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytingar rúmur 1 milljarður kr. á ári. Þessu samkomulagi var fagnað mjög og í grein í Morgunblaðinu 27. mars 2003 sagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra m.a.: „Á blaðamannafundum í fyrradag var spurt hvort samkomulagið nú væri nokkuð annað en rétt og slétt kosningabomba. Ekkert er eðlilegra en fréttamenn spyrji spurninga af þessu tagi í aðdraganda kosninga. Það sem athyglisvert var á fundinum með blaða-

mönnum var að báðir aðilar, bæði sá sem þetta ritar og Garðar Sverrisson, formaður ÖBÍ, lýstu yfir að þannig bæri ekki að skilja niðurstöðuna og báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna myndi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið.“

Samkvæmt samkomulaginu hefur starfshópur unnið að tillögum að lagabreytingum og nánari útfærslu á framkvæmdinni þannig að hægt verði að standa að greiðslum samkvæmt þessari ákvörðun frá 1. janúar 2004. Á aðalfundi Öryrkjabandalagsins í október sl. kom fram í máli formanns bandalagsins, sem jafnframt á sæti í umræddri nefnd, að um 1,5 milljarð kr. þurfi á fjárlögum næsta árs til að fullnusta þetta tímamótasamkomulag ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004, eins og það liggur fyrir nú við 3. umræðu, er einungis gert ráð fyrir 1 milljarði kr. Ljóst er því að ekki á að standa að fullu við það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið rétt fyrir kosningar.

Mikil umræða hefur orðið um þá ætlan ríkisstjórnarinnar að standa ekki að fullu við það samkomulag sem gert var við Öryrkjabandalagið. Svo virðist sem fjármálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra greini á um hvað samið var um. Fram hafa komið upplýsingar sem sýna að stjórnvöldum var ljóst þegar í vor að nærri 1,5 milljarða kr. þyrfti til að standa við samkomulagið. Fjármálaráðherra telur samkomulagið fullefnt með 1 milljarði kr. en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra viðurkenndi í umræðum á Alþingi að samkomulagið væri aðeins efnt að tveimur þriðju hlutum með þessari upphæð sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Það liggur hins vegar skýrt fyrir að þegar samið var við Öryrkjabandalagið í vor var ekki kveðið á um áfangaskiptingu samkomulagsins. Í samkomulaginu er skýrt kveðið á um að samkomulagið eigi að koma til framkvæmda 1. janúar 2004 en ekki síðar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra verður að standa að fullu við það samkomulag sem hann gerði. Eða ætlar hann að vera sá sem stendur í vegi fyrir að staðið verði við samkomulagið eða, eins og hann orðaði það í áðurnefndri grein, „rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið“. Alvarlegast er þó að nú hyggst ríkisstjórnin ganga á bak orða sinna í samkomulaginu með því að staðfesta einhliða með lögum að þessi réttarbót nái aðeins til hluta þeirra öryrkja sem samið var um.

Undirritaður flytur breytingartillögu nú við 3. umræðu þar sem lagt er til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 500 milljónir kr. svo að hægt sé að standa að fullu við samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Öryrkjabandalagið frá því í vor. Vinstri hreyfingin – grænt framboð skorar á alla þingmenn að styðja þetta mál. Jafnframt er skorað á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að styðja það að staðið verði að fullu við það samkomulag sem hann gerði.

Heilbrigðismál.

Nauðsynlegt er að styrkja betur heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir um allt land. Fjárþörf Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er stórlega vanmetin og heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur líða fyrir fjárskort. Sérstök þörf er á að fjölga enn frekar hjúkrunarrýmum við öldrunarstofnanir um allt land en með auknum aldri og bættri heimahjúkrun eykst sú þörf hlutfallslega. Mikilvægt er að heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á landsbyggðinni haldi hlut sínum og veiti fjölbreytta staðbundna þjónustu.

Sú stefna er röng að skerða stöðugt verkefni og þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og auka þannig óöryggi íbúanna, kostnað þeirra og óþægindi þar sem þeir þurfa því að sækja læknisþjónustu langt að. Það var mikið óheillaspor að leggja niður stjórnir sjúkrahúsanna á landsbyggðinni og slíta þar með á tengsl þeirra við heimafólk og íbúana sem

vilja standa vörð um þessa þjónustu. Skerðing á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni leiðir til aukins álags á hátæknisjúkrahúsum á Akureyri og Reykjavík.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 og breytingum frá ríkisstjórn og meiri hlutanum við 2. umræðu er gert ráð fyrir að útgjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss umfram sértekjur verði tæpir 24,8 milljarðar kr. Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss kom á fund fjárlaganefndar eftir 1. umræðu um frumvarpið. Hann telur að spítalinn þurfi 1.400 millj. kr. til viðbótar við þá fjárheimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir miðað við óbreytta starfsemi árið 2004. Af þessu má ljóst vera, þar sem ekki er gert ráð fyrir frekari fjárveitingu til spítalans á næsta ári, að annaðhvort þarf að draga úr þjónustu eða spítalinn verður rekinn með halla sem síðan verður að gera upp í fjáraukalögum næsta árs.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur m.a. fram að sameiningin hafi ekki verið nógu markvisst undirbúin. Hvorki hafi verið gerð tímasett framkvæmda- eða kostnaðaráætlun né sett markmið um það hverju ætti að ná fram með sameiningunni. Í mati á afköstum fyrir og eftir sameiningu verði ekki komist nær en að umfang þjónustu sé óbreytt og ekki hefði tekist að auka afköst sjúkrahússins. Enn fremur kemur fram að fyrirliggjandi upplýsingar gefi ekki til kynna að bið eftir þjónustu hafi almennt styst. Af skýrslunni virðist því mega draga þá ályktun að sameining sjúkrastofnana þýði ekki endilega bætta og/eða aukna þjónustu. Ofurtrú þessarar ríkisstjórnar á að sameiningar þjónustustofnana og stærð eininga ráði öllu um gæði þjónustu og rekstrarhagkvæmni fær enn eina falleinkunn með þessari skýrslu.

Háskólarnir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld Háskóla Íslands umfram sértekjur verði um 4,5 milljarðar kr. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skólinn fái framlag fyrir 5.200 ársnemendur. Á fundi sem fulltrúar Háskóla Íslands áttu með fjárlaganefnd var lögð fram spá um fjölgun ársnemenda 2004–2007. Talið er að þeir verði 5.750 á næsta ári en ekki 5.200 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Að óbreyttu mun Háskóli Íslands þurfa að vísa frá 900 nýnemum haustið 2004. Samkvæmt því mun Háskóli Íslands ekki lengur verða þjóðskóli. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að aðgangur að skólanum verði takmarkaður.

Enn fremur lögðu fulltrúar Háskóla Íslands fram samanburð á framlagi til kennslu í lagadeild Háskóla Íslands annars vegar og í lagadeild Háskólans í Reykjavík hins vegar. Ráðstöfunarfé til kennslu virks laganema samkvæmt því er um 346 þús. kr. í Háskóla Íslands en um 530 þús. kr. í Háskólanum í Reykjavík. Mismunurinn er því um 184 þús. kr. eða um 53%. Vandi Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans er hliðstæður. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu flytja breytingartillögur sem ætlað er að leiðrétta bráðavanda þessara skóla.

Efnahagsforsendur.

Í DV 3. desember sl. kemur fram að sérfræðingar á fjármálamarkaði hafa áhyggjur af því hvort Seðlabanki Íslands nái að standa vörð um verðbólgumarkmiðin. Þeir benda á að verðbólguspá bankans sé of lág og vanmetnar séu vísbendingar í hagkerfinu sem gefa til kynna að verðhækkanir séu í þann mund að fara á skrið. Ljóst er að mikið liggur við að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist. Kjarasamningar byggjast meðal annars á þeim.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var viðskiptahallinn 32,3 milljarðar kr. fyrstu níu mánuði ársins 2003 en 2,1 milljarður kr. á sama tíma 2002. Samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka virðist því flest benda til þess nú að viðskiptahallinn verði meira en 4% af landsframleiðslu í ár en í fyrra var 0,6% afgangur. Landsbankinn telur að viðskiptahallinn verði 35–40 milljarðar kr. á þessu ári. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að hallinn verði einungis 2,5% af landsframleiðslu í ár. Í lok september sl. hafði hrein skuldastaða þjóðarbúsins hækkað um 24 milljarða kr. frá árslokum 2002. Fram kemur hjá greiningardeild Íslandsbanka að viðsnúningurinn væri lítið áhyggjuefni ef hann væri kominn til alfarið eða að mestu vegna þess að fjárfestingar hafi aukist samhliða því að stóriðjuframkvæmdir hafa farið af stað. Samkvæmt bankanum er viðsnúningurinn þó ekki nema að litlum hluta tilkominn vegna aukins innflutnings af fjárfestingarvörum. Að mestu má skýra aukinn halla með því að innlend neysla hafi tekið við sér og útflutningur hafi átt undir högg að sækja. Enn fremur kemur frá hjá greiningardeild Íslandsbanka að þróun viðskiptajafnaðarins undanfarið bendi til þess að krónan sé orðin öllu verðmeiri en hún getur orðið til lengdar – gengið samræmist ekki langtímajafnvægi þjóðarbúsins. Ef allt væri með felldu væri nú að hefjast hóflegt hagvaxtarskeið sem skapaði grundvöll fyrir fjölbreytt atvinnulíf og jarðveg fyrir nýja vaxtarsprota.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar stefnir þjóðfélaginu í aðra átt. Ráðist er í framkvæmdir sem eru allt of viðamiklar fyrir íslenskt efnahagslíf og gríðarleg fórn á náttúruauðlindum. Ruðningsáhrif þessara stórframkvæmda eru þegar farin að hafa mjög neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu annars atvinnulífs í landinu.

Með stefnu þessarar ríkisstjórnar í atvinnumálum verður heilu atvinnugreinunum, búsetu í mörgum byggðarlögum, eðlilegum vexti og stöðugleika í efnahagsmálum stefnt í mikla tvísýnu á næstu árum.

Lokaorð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Það að öllum þegnum þjóðfélagsins séu tryggð mannsæmandi lífskjör á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs. Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald“ þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að aðhald með útgjöldum skuli bitna mest á þeim sem síst skyldi: barnafólki, sjúklingum, öryrkjum, atvinnulausum og þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að þessir hópar eigi að borga brúsann til að viðhalda stöðugleikanum

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks situr í skjóli svikinna kosningaloforða. Lofað var tuga milljarða skattlækkunum, 90% húsnæðislánum, línuívilnun til bátaflotans og jarðgöngum svo nokkur dæmi sé nefnd sem ekki er staðið við. Skerðing á rétti atvinnulausra, hækkun á komugjöldum og hlut sjúklinga í lyfjakostnaði voru ekki meðal kosningaloforða Framsóknarflokksins

Vinstri hreyfingin – grænt framboð skorar á stjórnarflokkanna að standa að minnsta kosti við eitt kosningaloforð, en það er að efna að fullu samkomulagið sem gert var við Öryrkjabandalagið.

Alþingi, 3. des. 2003.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. I. Ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands árið 2003. (9. október 2003.)
II. Fréttatilkynning nr. 17/2003 frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (25. mars 2003).
III. Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið. Misskipting einkennir fjárlagafrumvarpið. (Morgunblaðið 18. október 2003.)
IV. Ályktun frá Samtökum fámennra skóla vegna breytinga á úthlutun úr Jöfnunarsjóði til skólaaksturs.
V. Ritstjórnargrein. Orð skulu standa. (Morgunblaðið 27. nóvember 2003.)
VI. Breytingin verður lögfest. (Morgunblaðið 28. nóvember 2003.)
VII. Orð skulu standa. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 3. desember 2003.)
VIII. Ályktun aðalfundar BSRB. Framkoma sem er ríkisstjórninni til vansa. (Morgunblaðið, 29. nóvember 2003.)
IX. Skynsamleg niðurstaða – ánægjulegt samráð. Jón Kristjánsson. (Morgunblaðið 27. mars 2003.)

568. Fyrirspurn [413. mál]

til fjármálaráðherra um fjármál hins opinbera.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvernig hafa eftirfarandi þættir í fjármálum hins opinbera þróast á tímabilinu 1991–2003, sundurliðað eftir árum:

a. áætluð útgjöld ríkisins í samþykktum fjárlögum,
b. upphæð samþykktra fjáraukalaga,
c. niðurstöðutala ríkisreiknings,
d. áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum,
e. andvirði seldra ríkiseigna,
f. útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
g. útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
h. afkoma ríkissjóðs?

Skriflegt svar óskast.

569. Fyrirspurn [414. mál]

til samgönguráðherra um öryggi vegfarenda á Kleifaheiði.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvað líður lagfæringum á veginum yfir Kleifaheiði til að auka öryggi vegfarenda?
2. Hefur verið samið um að setja vegrið á heiðinni og ef svo er, hvenær verður það gert?

570. Fyrirspurn [415. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárflutninga.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu háa styrki er Byggðastofnun ætlað að veita sláturleyfishöfum til kaupa á nútímalegri fjárflutningatækjum, sbr. tilmæli ríkisstjórnar til Byggðastofnunar?
2. Munu aðrir en sláturleyfishafar geta sótt um slíka styrki?
3. Hversu mörg lömb drápust á leið til sláturhúsa í sláturtíðinni árin 2000, 2001, 2002 og 2003?
4. Þurfa þeir sem flytja sláturfé landshorna á milli að afla sér starfsleyfis?
5. Eru fjárflutningavagnar skoðaðir og ákveðinn hámarksfjöldi dýra sem flytja má í einu?
6. Hversu margar úttektir voru gerðar á fjárflutningavögnum í síðustu sláturtíð og hversu margar athugasemdir voru gerðar við þá?
7. Eru gerðar kröfur um að brynna sauðfé sem tekur lengur en átta tíma að flytja til slátrunar?
8. Hvernig er háttað eftirliti með flutningi sláturfjár að öðru leyti?

571. Svar [290. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um greiðslu dráttarvaxta úr ríkissjóði.

1. *Hverju námu greiðslur úr ríkissjóði á dráttarvöxtum árin 1998–2002 af reikningum frá innlendum viðskiptavinum ríkissjóðs?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins námu greiddir dráttarvextir á árunum 1998–2002 samtals 583,1 millj. kr. Ekki er unnt að vinna upplýsingar um dráttarvexti eftir þjóðerni viðskiptavina, þar sem sú skipting liggur ekki fyrir í bókhaldi ríkisins. Hluti gjaldfærðra dráttarvaxta er vegna dómkrafna en ekki eiginlegra viðskipta ríkissjóðs. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve háa fjárhæð er að ræða. Gjaldfærðir dráttarvextir ríkissjóðs sundurliðast þannig eftir árum:

Ár	Gjaldfærðir dráttarvextir
1998	79.631
1999	102.097
2000	93.056
2001	69.825
2002	238.501
Samtals	**583.110**

2. *Eru dæmi þess að ríkissjóður greiði ekki dráttarvexti af reikningum frá viðskiptavinum sínum þótt þeir séu komnir fram yfir samningsbundinn gjalddaga? Sé svo, við hvaða reglur styðst það?*

Um viðskipti ríkissjóðs gilda sömu reglur og almennt gilda um viðskipti manna í milli. Skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, „...er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.“ Kröfuhafa er því ekki skylt að reikna dráttarvexti af kröfum sínum. Skuldara er að sama skapi heimilt að leita samninga um lækkun eða niðurfellingu dráttarvaxta. Fjármálaráðuneytið hefur ekki sett sérstakar reglur um slíkt og telur ekki þörf á því miðað við núgildandi lög.

Upplýsingar í bókhaldi ríkissjóðs benda ekki til þess að dæmi séu um að ríkissjóður greiði ekki dráttarvexti af reikningum frá viðskiptavinum sínum, þótt þeir séu komnir fram yfir samningsbundinn gjalddaga. Þó ber að hafa í huga að hyggist aðilar leita eftir niðurfellingu eða lækkun dráttarvaxta er mögulegt að þeir færi ekki dráttarvextina í bókhaldið.

572. Fyrirspurn [416. mál]

til fjármálaráðherra um undanþágu frá virðisaukaskatti.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hvar í lögum er að finna heimild til þess að viðskipti með aflaheimildir séu undanþegin virðisaukaskatti eins og viðgengist hefur undanfarin ár?

573. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson, Dagný Jónsdóttir.

1. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við sauðfjárbændur, sem hafa náð eða

ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007, um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 31. desember 2007 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma á meðan greiðslumark sauðfjár er í eigu hlutaðeigandi bænda og áfram skráð á lögbýli. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum, enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða svo á um í samningunum að þeir bændur sem hyggjast hefja sauðfjárrækt að nýju megi koma sér upp bústofni frá 1. september 2007. Samningunum skal þinglýst sem kvöðum á viðkomandi lögbýli sem gilda til 31. desember 2007. Verði eigendaskipti að greiðslumarki eða lögbýli fellur samningurinn niður og hin þinglýsta kvöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Greinargerð.

Hinn 3. september 2003 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem falið var það verkefni að fjalla um og meta vandann sem steðjar að sauðfjárbændum vegna verulegs tekjusamdráttar. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur til stjórnvalda um hvernig bregðast skuli við þeim vanda. Í tillögum og niðurstöðum nefndarinnar til landbúnaðarráðherra frá 5. nóvember 2003 er að finna umfjöllun um ástæður fyrir tekjusamdrætti sem orðið hefur hjá sauðfjárbændum, m.a. vegna lækkunar á verði innan lands, breytinga á útflutningshlutfalli og ójafnvægis í birgðastöðu, en einnig eru þar tillögur um ýmsar úrbætur. Meðal annars lagði nefndin til að þeir sauðfjárbændur sem náð hafa 63 ára aldri geti haldið óskertum beingreiðslum til loka núgildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, þ.e. til ársloka 2007, án skyldu um sauðfjáreign samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um, enda eiga þeir þá rétt til ellilífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar. Markmiðið er að hvetja þessa bændur til að fækka fé og minnka framleiðsluna en með því er talið að unnt verði að koma betra jafnvægi á kindakjötsmarkaðinn og hækka verð á kindakjöti til annarra bænda.

Samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, er hins vegar kveðið á um hvaða skilyrði sauðfjárbændur þurfa að uppfylla til að hljóta óskertar beingreiðslur. Meginreglan er skv. 39. gr. laganna að sauðfjárbændur þurfi að eiga 0,6 vetrarfóðraðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2001 en eftir það ákveði landbúnaðarráðherra ásetningshlutfall á hverju ári að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamnings. Ráðherra er heimilt að víkja frá meginreglunni og ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins ef búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland. Einnig má víkja frá ásetningshlutfallinu hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum. Framangreind ákvæði laganna eru í samræmi við ákvæði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, dags. 11. mars 2000. Þar sem heimildir landbúnaðarráðherra til að veita undanþágur frá ásetningshlutfalli því sem áskilið er í 39. gr. eru þar tæmandi taldar er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu til að hrinda í framkvæmd framangreindri tillögu nefndar um vanda sauðfjárbænda.

Hér er því lögð til sú breyting á 39. gr. laganna að landbúnaðarráðherra verði heimilt að gera samninga við bændur sem hafa náð eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007 um að eiga hvorki né halda sauðfé til ársloka 2007 gegn því að þeir haldi beingreiðslum á sama tíma. Í ákvæðinu felst að þeim er ekki heldur heimilt að halda og/eða fóðra sauðfé fyrir aðra á lögbýlum sínum. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum enda séu afurðir þeirra aðeins til eigin nota. Til að gæta jafnræðis þykir rétt að miða við aldursmarkið 64 ára eða eldri á tímabilinu, þó að innan þess hóps munu ekki allir ná lífeyrisaldri

samkvæmt lögum um almannatryggingar í lok tímabilsins, frekar en að draga mörkin við þá sem ná 67 ára aldri árið 2004. Ákvæði þetta og þau skilyrði sem það hefur að öðru leyti að geyma eru sambærileg við skilyrði um fjárleysi sem sett hafa verið í samninga ríkissjóðs um kaup á greiðslumarki sauðfjár, sbr. 4. mgr. 38. gr. laga nr. 99/1993 og reglugerð nr. 399/2000, um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár. Þá þykir rétt að kveða á um að landbúnaðarráðherra sé heimilt að kveða á um að þeim sauðfjárbændum sem ætla að hefja sauðfjárrækt að nýju sé heimilt að koma sér upp bústofni frá 1. september 2007 ef þeir hyggjast hefja framleiðslu að nýju á árinu 2008.

Greiðslumark sauðfjár er samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum bundið við lögbýli og er þess vegna nauðsynlegt að þinglýsa samningnum sem kvöð á viðkomandi lögbýli sem gilda skal til 31. desember 2007. Rétt þykir að miða við að selji þeir bændur sem gert hafa samninga samkvæmt þessu ákvæði greiðslumark sauðfjár af lögbýli falli niður réttur þeirra til beingreiðslna eftir það, ásamt hinni þinglýstu kvöð, enda þótt beingreiðslur sem greiddar eru á grundvelli greiðslumarks sauðfjár séu ekki framleiðslutengdar. Sama gildir ef þeir selja jarðirnar ásamt greiðslumarkinu.

574. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir orðinu „örorkulífeyris“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: aldurstengdrar örorkuuppbótar.

2. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Aldurstengd örorkuuppbót.

Aldurstengd örorkuuppbót greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. eða fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. Aldurstengd örorkuuppbót greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Um uppbótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 2. málsl. 4. mgr., 12. gr. um búsetutíma og örorkumat og 5. mgr. 12. gr. um skerðingu vegna tekna að öðru leyti en því að skerðing aldurstengdrar örorkuuppbótar hefst ef tekjur eru hærri en 2.514.788 kr. á ári. Fjárhæð uppbótar, sbr. 2. mgr., miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 12. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 og 19 ára	100%
20 og 21 árs	95%
22 og 23 ára	90%
24 og 25 ára	85%

26 og 27 ára	80%
28 og 29 ára	70%
30 og 31 árs	60%
32 og 33 ára	50%
34 og 35 ára	40%
36 og 37 ára	30%
38 og 39 ára	20%
40 til og með 43 ára	10%
44 til og með 48 ára	5%
49 til og með 59 ára	2,5%
60 til og með 66 ára	1,5%

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og gilda um umsóknir eftir þann tíma.

Þeir sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr., fullan örorkulífeyri skv. 29. gr. og endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð við gildistöku laganna eiga rétt á aldurstengdri örorkuuppbót án sérstakrar umsóknar og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Miðast fjárhæð uppbótar við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar Íslands hinn 25. mars 2003 gerði Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkomulag f.h. ríkisstjórnarinnar þann sama dag við Garðar Sverrisson, formann Öryrkjabandalags Íslands, um hækkun grunnlífeyris öryrkja. Samkomulagið var framhald af formlegum og óformlegum viðræðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og forsvarsmanna Öryrkjabandalags Íslands frá því í febrúar 2002 í tilefni af Evrópuári fatlaðra. Í viðræðunum lögðu forsvarsmenn Öryrkjabandalags Íslands áherslu á sérstöðu þeirra sem yngstir verða öryrkjar og vildu bæta hag þeirra sérstaklega.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að stíga fyrsta skref til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Felur frumvarpið í sér breytingar á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir nýrri 15. gr. í lögunum sem fjalli um aldurstengda örorkuuppbót og greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. laganna, fullan slysaörorkulífeyri skv. 29. gr. laganna eða endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Aldurstengda örorkuuppbótin lýtur sömu reglum og örorkulífeyrir varðandi búsetutíma, örorkumat og skerðingu vegna tekna. Fjárhæð uppbótar miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 12. gr. og 29. gr. laganna eða einstaklingur uppfyllti skilyrði endurhæfingarlífeyris skv. 8. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Gert er ráð fyrir að mánaðarleg fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar verði hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 12. gr. laganna og miðist við fæðingardag. Er hlutfallið 100% þegar öryrki er 18 og 19 ára en lækkar hlutfallslega frá 20 ára aldri til og með 66 ára. Þá er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd aldurstengdu örorkuuppbótarinnar.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2004 og gildi um umsóknir sem berast Tryggingastofnun ríkisins eftir þann tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem sótt hafa um eða fá greiddan örorkulífeyri, fullan slysaörorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins við gildistöku laganna fái aldurstengda örorkuuppbót án þess að þurfa að sækja sérstaklega um uppbótina hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Gert er ráð fyrir að eftir 1. júlí 2004 verði lagt mat á það hvernig til hafi tekist við að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, sbr. ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frumvarpið er samið í framhaldi af viðræðum við Öryrkjabandalag Íslands um hækkun lífeyris öryrkja með sérstakri áherslu á sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar ungir.

Með frumvarpinu er lagt til að frá 1. janúar 2004 greiðist mánaðarleg aldurstengd örorkuuppbót, sem nemi tilteknu hlutfalli af fullum örorkulífeyri, þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 12. gr. laganna og fullan slysaörorkulífeyri skv. 29. gr. laganna eða endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum. Lagt er til að fjárhæð uppbótar miðist við þann aldur þegar einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Einstaklingar á aldrinum 18–19 ára fá uppbót er nemur fullum grunnlífeyri og lækkar uppbótin í þrepum eftir því sem nær dregur 67 ára aldri og fellur þá niður. Er við það miðað að þeir sem verða ungir öryrkjar fái hærra hlutfall grunnlífeyris en þeir sem verða öryrkjar síðar á ævinni fái nokkru minni hlut, enda má gera ráð fyrir að þeir hafi tekjur úr lífeyrissjóði. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af því verði um 1 milljarður kr. í auknar lífeyrisgreiðslur á ári. Því til viðbótar er um 10 m.kr. tímabundinn kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins við að innleiða hinn nýja lífeyri.

575. Frumvarp til laga [419. mál]

um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 2. mgr. 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (með hástaf eða lágstaf eftir atvikum): Ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera þá breytingu á verkaskiptingu ráðuneyta að flytja mál er varða umferð og eftirlit með ökutækjum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins. Í því felst að eftirlit með framkvæmd umferðarlaga og yfirstjórn Umferðarstofu mun framvegis heyra undir samgönguráðuneytið. Þó munu mál er varða fébætur og vátryggingu skv. XIII. kafla umferðarlaga heyra undir viðskiptaráðuneytið, enda fer það ráðuneyti með mál er varða vátryggingar að öðru leyti.

Mál er varða öryggi í samgöngum í lofti og á legi heyra nú þegar að meginstefnu til undir samgönguráðuneytið. Flutningur umferðarmála til samgönguráðuneytisins er því í rökréttu samræmi við þessa skipan mála í öðrum greinum samgangna. Þá er við því að búast að samlegðaráhrif af sameiginlegri yfirstjórn Vegagerðar og Umferðarstofu muni þegar fram líða tímar geta skilað sér í auknum árangri og betri þjónustu.

Í mörgum þeirra ríkja, sem stjórnvöld eiga hvað mest samstarf við, heyra umferðarmál undir það ráðuneyti sem ábyrgð ber á vegamálum. Yfirleitt eru það samgönguráðuneyti viðkomandi ríkja. Einnig hagkvæmni í alþjóðlegu samstarfi í samgöngumálum mælir því með að umferðarmál heyri undir samgönguráðuneytið.

Tekið skal fram að afskipti lögreglu vegna brota á umferðarlögum og slysa í umferðinni breytast ekki, né heldur rannsókn og saksókn í slíkum málum.

Með frumvarpinu er lagt til að yfirstjórn umferðarmála verði ekki ákveðin með lögum, heldur vísað um það til reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sem er meginréttarheimildin um verkaskiptingu í stjórnarráðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og taka ákvarðana um það almennt á hendi ríkisstjórnarinnar, sbr. síðari málslið 15. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Breytingar sem fyrirhugað er að gera á reglugerðinni í samræmi við framangreint eru kynntar í fylgiskjali I í frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Drög

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands,
sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, með síðari breytingum.

1. gr.

5. tölul. 3. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar, sbr. 4. gr. auglýsingar um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, nr. 27/1993, bætist nýr töluliður, er verður 10. töluliður og hljóði svo:

10. Umferð og eftirlit með ökutækjum.

3. gr.

Við 9. tölul. 15. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. auglýsingar um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, nr. 11/1995, bætist orðin: þ. á m. fébætur og vátryggingar ökutækja.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í lögunum komi orðið „ráðherra“.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð heldur færist kostnaður við umferðarmálefni frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti yfir til samgönguráðuneytis.

576. Svar [243. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um búsetu geðfatlaðra.

1. *Hve margir geðfatlaðir einstaklingar eru á biðlista eftir félagslegum búsetuúrræðum, sbr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra? Svarið óskast sundurliðað eftir búsetuformi sem óskað er eftir og umdæmum svæðisskrifstofa fatlaðra.*
2. *Hvernig er búsetu þeirra nú háttað, þ.e. eru þeir á sjúkrastofnunum, á eigin heimilum, heimilislausir eða annars staðar?*

Í nóvember sl. óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um hve margir geðfatlaðir eru á biðlista eftir þjónustu skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra og frá þeim rekstraraðilum er hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða.

Taflan sýnir fjölda geðfatlaðra á biðlista eftir þjónustu skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra og núverandi búsetu þeirra, skipt eftir landsvæðum.

Geðfatlaðir á biðlista eftir þjónustu.

	Alls	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Ósk um búsetu							
Íbúðir	**33**	4		2	23		4
Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu	**34**	12	14		6		2
Sambýli	**21**	5	15			1	
Samtals	**88**	**21**	**29**	**2**	**29**	**1**	**6**

	Alls	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land
Núverandi búseta							
Heimahús	**53**	6	17	1	25		4
Sjúkrastofnun	**26**	12	10		1	1	2
Óstaðsettur í hús	**6**	3	1		2		
Skammtímavistun	**3**		1	1	1		
Samtals	**88**	**21**	**29**	**2**	**29**	**1**	**6**

Á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er enginn geðfatlaður á biðlista eftir félagslegu búsetuúrræði.

Varðandi fjölda á biðlista á Norðurlandi eystra er ljóst af svari búsetudeildar Akureyrarbæjar, frá 7. nóvember 2003, til ráðuneytisins að hluti þess hóps sem nú bíður eftir íbúð skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra nýtur nú þegar þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

577. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni og Katrínu Júlíusdóttur.

Í stað ártalsins „2019“ í 1. gr. komi: 2006.

578. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða aðrar sambærilegar orsakir“ í 2. mgr. kemur: eða aðrar ófyrirsjáanlegar ástæður.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu tveimur dögunum á tímabilinu 1. janúar til 30. júní og fyrstu tveimur dögunum á tímabilinu 1. júlí til 31. desember á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.
c. Í stað orðanna „30 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 20 greiðsludaga.
d. Í stað orðanna „60 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 30 greiðsludaga.

e. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:
Þrátt fyrir takmarkanir 4. mgr. á heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er Vinnumálastofnun heimilt að veita undanþágur þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er leiða til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Fyrirtæki, sem hyggst sækja um greiðslu skv. 1. gr., skal tilkynna skriflega um fyrirhugaða vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara til Vinnumálastofnunar. Skal fyrirtæki staðfesta tilkynninguna með umsókn um greiðslur ásamt nauðsynlegum upplýsingum um fyrirhugaða vinnslustöðvun, þar á meðal ástæður hennar, innan mánaðar frá því að vinnslustöðvun hófst. Hafi hvorki umsókn né tilskilin gögn borist Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst mun réttur fyrirtækisins til greiðslna falla niður að því er varðar umrædda vinnslustöðvun.

b. Í stað orðanna „Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.

c. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.

b. 2. mgr. orðast svo:
Vinnumálastofnun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis ásamt kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess. Starfsmenn Vinnumálastofnunar skulu fara með allar upplýsingar sem þeir komast að við framkvæmd á lögum þessum og varða persónuleg málefni eða rekstur fyrirtækja sem trúnaðarmál.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Hafi fyrirtæki fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það á rétt á samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga ber því að endurgreiða þær. Þá er Vinnumálastofnun heimilt að draga ofgreiddar fjárhæðir frá greiðslum sem fyrirtækið getur átt rétt á síðar samkvæmt lögunum.
Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hvers konar gögn skulu fylgja umsókn fyrirtækis sem sækir um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004. Að venju byggist síðarnefnda frumvarpið meðal annars á ákveðnum forsendum um tekjur og gjöld sem taka mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum. Í fjárlagafrumvarpi er stefnt að samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs en mikilvægt er að hann megi fram ganga í því skyni að viðhalda stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins. Þær breytingar sem lagðar eru til að

gerðar verði á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, með frumvarpi þessu eru liðir í þeirri viðleitni að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Breytingar þær sem lagðar eru til með frumvarpi þessu fela meðal annars í sér að þrengja skilgreiningu laganna á tímabundinni vinnslustöðvun og skýra þær reglur er gilda um tilkynningu og umsókn fyrirtækja er eiga rétt á greiðslum samkvæmt lögunum. Ástæðan er sú að ákvæði laganna hafa þótt nokkuð rúm og erfiðleikum háð að koma böndum yfir framkvæmd þeirra. Hefur til dæmis þótt vandkvæðum bundið að meta hvaða ástæður hafa þótt réttlæta vinnslustöðvun í rekstrarlegu tilliti þannig að vinnslustöðvun hafi talist til tímabundinnar vinnslustöðvunar í skilningi laganna. Er því markmiðið að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun við framkvæmd laganna. Í því skyni er meðal annars lagt til að skilgreining á því hvaða ástæður geta legið að baki vinnslustöðvun miðist við hráefnisskort og ófyrirsjáanleg tilvik, tímafrestir verði settir á skil á gögnum og að greiðslur verði ekki inntar af hendi fyrr en að öll nauðsynleg gögn liggi fyrir. Enn fremur er gert ráð fyrir að gerð verði skýr krafa um endurgreiðslu fyrirtækis þegar það hefur fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en því bar samkvæmt lögunum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga. Þá er lagt til að Vinnumálastofnun verði gert heimilt að skuldajafna við þær greiðslur er sama fyrirtæki getur átt rétt á vegna síðari vinnslustöðvana, hafi það ekki endurgreitt sjóðnum þær fjárhæðir sem því bar vegna ofgreiðslu úr sjóðnum.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til lúta að fjölda þeirra daga er fyrirtækin eiga rétt á greiðslum fyrir úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögunum. Þannig er gert ráð fyrir að ekki verði greitt fyrir tvo fyrstu vinnudagana er falla undir vinnslustöðvun á fyrri hluta hvers árs og heldur ekki fyrir tvo fyrstu dagana á seinni hluta ársins. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða fyrir 20 greiðsludaga í senn og 30 greiðsludaga á ári hverju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að breyting verði gerð á skilgreiningu á því hvaða ástæður geta legið að baki vinnslustöðvun fiskvinnslufyrirtækis sem Atvinnuleysistryggingasjóður bætir. Samkvæmt frumvarpi því er varð að gildandi lögum var til þess ætlast að greiðslur skyldu fyrst og fremst miðast við vinnslustöðvanir sem yrðu vegna hráefnisskorts. Þá var enn fremur gert heimilt að bæta þær vinnslustöðvanir þegar ekki þætti réttlætanlegt að vinna aflann af rekstrarlegum ástæðum. Við framkvæmd laganna hefur þetta þótt nokkuð víðtæk skilgreining í ljósi þess að erfitt hefur reynst að meta hvaða rekstrarlegu ástæður hafa talist réttlæta vinnslustöðvun í skilningi laganna að teknu tilliti til tilgangs þeirra. Er því lagt til að orðin „eða aðrar sambærilegar ástæður“ verði felld brott. Engu síður má gera ráð fyrir að ófyrirsjáanlegar ástæður, svo sem bruni, geti leitt til vinnslustöðvunar sem sanngjarnt og eðlilegt getur talist að bæta. Er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra nýti sér heimild 5. gr. laganna til að skilgreina nánar hvers konar tilvik teljist til ófyrirsjáanlegra ástæðna.

Lagt er til að fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og greiðir starfsfólki sínu föst laun fyrir dagvinnu í tímabundinni vinnslustöðvun í samræmi við ákvæði kjarasamninga, eigi rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag eins og verið hefur. Þó er gert ráð fyrir að ekki verði greitt fyrir fyrstu tvo dagana á tímabilinu 1. janúar til 30. júní ár hvert sem og fyrstu tvo dagana á tímabilinu 1. júlí til 31. desember.

Reynslan af framkvæmd laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, hefur verið sú að hver vinnslustöðvun varir að meðaltali í fáeina daga í senn. Þær geta hins vegar verið nokkuð tíðar en að meðaltali eru um það bil 12 vinnslu-

stöðvanir á ári hverju hjá sama fyrirtæki. Að teknu tilliti til þessa er lagt til að greiðsludagar sem heimilt er að bæta fyrirtækjum í einni vinnslustöðvun verði 20 talsins en ekki 30 greiðsludagar eins og verið hefur. Að því er varðar heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju virðist sem að fjöldi greiðsludaga fyrir hvert fyrirtæki sé um 16 dagar að meðaltali. Er þess vegna lagt til að heimilt verði að greiða fyrir því sem nemur 30 vinnudögum á ári hverju til sama fyrirtækis í stað 60 daga áður. Þó er lagt til að Vinnumálastofnun hafi heimild til að veita sérstakar undanþágur frá heildarfjölda greiðsludaga þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi er leiða til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis. Er með sérstökum ástæðum meðal annars verið að vísa til verkfalla er leiða til hráefnisskorts í fiskvinnslufyrirtækjum eða byggðasjónarmiða. Ber að skýra þessa undanþáguheimild þröngt en gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra muni skilgreina nánar hvað átt sé við með sérstökum ástæðum í reglugerð, sbr. 5. gr. laganna.

Um 2. gr.

Lagt er til að meiri festa verði viðhöfð við framkvæmd laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, en gjarnan hefur viljað brenna við að fyrirtæki hafi sent inn umsóknir og önnur fylgigögn nokkrum mánuðum eftir að vinnslustöðvun átti sér stað. Enn fremur hefur Vinnumálastofnun ekki alltaf verið að fullu ljóst hvaða daga umrædd vinnslustöðvun hefur staðið yfir þar sem hver tilkynning hefur gilt í 30 daga, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 308/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna kauptryggingar fiskvinnslufólks. Hefur því þótt ástæða til að gera reglurnar skýrari um framkvæmdina.

Í gildandi lögum er fyrirtækjum gert að tilkynna um fyrirhugaða vinnslustöðvun með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara. Eðli málsins samkvæmt má gera ráð fyrir að erfitt geti verið að sjá fyrir vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts með margra daga fyrirvara þar sem ýmislegt getur breyst á stuttum tíma. Þess vegna er lagt til í ljósi tækninnar að fiskvinnslufyrirtæki tilkynni skriflega um vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara enda má gera ráð fyrir að fyrirtæki viti með vissu hvort vinnslustöðvun verði með svo skömmum fyrirvara. Er til dæmis unnt að tilkynna Vinnumálastofnun um stöðvunina með rafrænum hætti eða myndsendi. Þannig er Vinnumálastofnun kunnugt um hvenær vinnslustöðvun hefst sem telst mikilvægt í því skyni að auðvelda eftirlit með framkvæmd laganna.

Þá er lagt til að Vinnumálastofnun greiði fyrirtækjum úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar öll nauðsynleg gögn liggja fyrir en ekki vikulega meðan á vinnslustöðvun stendur. Raunin hefur verið sú að hver vinnslustöðvun hefur staðið yfir í tiltölulega stuttan tíma þannig að fyrirtækin hafa fengið greiðslurnar eftir að vinnsla hefur hafist á ný og umsóknir borist Vinnumálastofnun. Er því einungis verið að færa lögin til samræmis við þá framkvæmd sem hefur þróast í gegnum árin. Í samræmi við framangreint er því jafnframt lagt til að síðari málsliður 2. mgr. falli brott. Gert er ráð fyrir að fyrirtækin staðfesti tilkynningu um vinnslustöðvun með umsókn um greiðslur innan mánaðar frá því að vinnslustöðvun hófst. Er þá mikilvægt að nauðsynleg gögn fylgi með umsókninni svo unnt sé að inna greiðslurnar af hendi til fyrirtækjanna svo fljótt sem mögulegt er. Enn fremur er lagt til að fyrirtæki verði af rétti sínum til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði að því er varðar tiltekna vinnslustöðvun sinni það ekki þeirri skyldu sinni að skila inn umsókn ásamt tilheyrandi gögnum innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvunin hófst. Er þetta gert í því skyni að koma í veg fyrir að umsóknir og nauðsynleg gögn berist Vinnumálastofnun löngu eftir umrædda vinnslustöðvun. Þykir það aukið hagræði í framkvæmd ef umsóknir berast stofnuninni jafnt og þétt

yfir árið. Er enn fremur mikilvægt að ekki líði of langur tími frá vinnslustöðvun svo unnt verði að viðhalda virku eftirliti með framkvæmd laganna.

Í b-lið er lagt til að í stað orðanna „Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. komi orðið „Vinnumálastofnun“. Þessi breyting er í samræmi við 19. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, þar sem kveðið er á um að Vinnumálastofnun annist sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar.

Um 3. gr.

Að því er varðar a-lið er vísað til skýringa við 2. gr. frumvarps þessa.

Gert er ráð fyrir að 2. mgr. verði efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. laganna en í stað atvinnuleysisskráningaraðila og Atvinnuleysistryggingasjóðs verði Vinnumálastofnun veitt þessi heimild. Í ljósi þess að um getur verið að ræða viðkvæmar upplýsingar er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á að starfsmenn Vinnumálastofnunar fari með þær upplýsingar sem þeir komast að við framkvæmd laganna sem trúnaðarmál, hvort sem um er að ræða persónubundnar upplýsingar um starfsmenn eða upplýsingar sem lúta að fyrirtækinu sjálfu.

Þá er lagt til að kveðið verði skýrt á um heimildir Vinnumálastofnunar um að krefja fyrirtæki um endurgreiðslu í þeim tilvikum er það hefur fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það hefur átt rétt á samkvæmt lögunum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga. Enn fremur er talið mikilvægt að í þeim tilvikum er fyrirtæki endurgreiðir ekki ofgreiddar fjárhæðir hafi Vinnumálastofnun heimildir til skuldajafnaðar við greiðslur er sama fyrirtæki getur átt rétt á vegna síðari vinnslustöðvana. Áfram er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða gögn skulu fylgja umsókn fyrirtækis sem sækir um greiðslur samkvæmt lögunum.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 en þar er gert ráð fyrir að breyting verði gerð á greiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Lagt er til að heimilt verði að greiða dagpeninga fyrir starfsmann sem orðið hefur verkefnalaus vegna vinnslustöðvunar allt að 20 greiðsludaga í stað 30 og aldrei lengur en 30 greiðsludaga í stað 60 á hverju almanaksári. Enn fremur er lagt til að dagpeningar verði ekki greiddir fyrir tvo fyrstu daga hvors árshelmings. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem skýra þær reglur er gilda um tilkynningu og umsókn fyrirtækja er rétt eiga á greiðslum samkvæmt lögunum og breytingar sem leiða til aukins eftirlits.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið ásamt auknu eftirliti leiði til lækkunar útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs sem nemur um 65–70 m.kr. á ári.

579. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um gerð jarðganga undir Vaðlaheiði.

Flm.: Hlynur Hallsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Dagný Jónsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, Sigurjón Þórðarson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna til hlítar í samráði við heimamenn grundvöll þess að ráðast í gerð jarðganga undir Vaðlaheiði.

Greinargerð.

Góðar samgöngur eru lífæð nútímasamfélags og forsenda farsællar byggðaþróunar. Samgöngur eiga að tryggja aðgengi að vörum og þjónustu, auðvelda samskipti og tengsl manna á milli og gera fólki kleift að búa þar sem hugur þess stendur til. Samgöngukerfið hefur tekið miklum breytingum hér á landi á síðustu áratugum og víða skipt sköpum um þróun byggða og atvinnulífs. Ekki síst hefur gerð jarðganga breytt miklu fyrir heilu byggðarlögin, tengt saman byggðarlög og stækkað atvinnusvæði. Jarðgöng hafa leyst erfiða fjallvegi af hólmi og rofið einangrun byggðarlaga, einkum að vetrarlagi.

Samgöngur um Eyjafjörð og frá honum til allra átta ráða ekki síst miklu um það hvort tekst að efla Akureyri og nágrenni sem höfuðstað Norðurlands eins og bæði stjórnvöld og almenningur virðast telja æskilegt. Það var mikil samgöngubót fyrir tveimur áratugum þegar vegurinn um Víkurskarð austur um í Þingeyjarsýslu kom í staðinn fyrir illfæran, brattan og krókóttan veg yfir Vaðlaheiði. Umferð um Víkurskarðsveginn hefur aukist mikið á síðustu árum, að meðaltali um 6% árlega, og er það mun meira en landsmeðaltal, sem er 1,4%. Um Víkurskarð fara nú um 500–600 bílar að jafnaði á dag að vetrinum, en umferðin er mun meiri á sumrin eða um og yfir 2.000 bílar á dag.

Þrátt fyrir ágæti Víkurskarðsvegar er langt síðan menn fóru að velta fyrir sér frekari úrbótum í samgöngum austur frá Akureyri og þykir mörgum tími til kominn að huga fyrir alvöru að jarðgöngum undir Vaðlaheiði og hefur þá helst verið litið til staðsetningar nálægt þeim stað þar sem gamli vegurinn lá og gangamunni opnast við Skóga í Fnjóskadal. Mikill áhugi er á málinu í nærliggjandi sveitarfélögum og hefur m.a. verið stofnað um það félagið Greið leið hf. Hugmyndin um Vaðlaheiðargöng hefur nú fengið byr undir báða vængi með athugun og niðurstöðum Jóns Þorvaldar Heiðarssonar hagfræðings sem hann kynnti á ráðstefnu Byggðarannsóknastofnunar 28. nóvember sl. um samgöngubætur, samfélag og byggð. Jón Þorvaldur skrifaði MS-ritgerð um Vaðlaheiðargöng með það að markmiði að varpa ljósi á hvað slík göng kostuðu ríkissjóð ef þau yrðu gerð í einkaframkvæmd, en einnig kannaði hann hvort raunhæft væri að gera tvenn göng og jafnframt hvort arðvænlegt væri að gera meðalstóra virkjun samhliða Vaðlaheiðargöngum. Við athuganir sínar lagði Jón Þorvaldur m.a. til grundvallar umferðarspá, orkuverðsspá og tímasetningu framkvæmda.

Athyglisverðar eru hugmyndir Jóns Þorvaldar um ekki aðeins ein göng undir Vaðlaheiði eins og hingað til hafa verið í umræðunni, heldur tvenn göng sem lægju undir heiðina allmiklu sunnar en rætt hefur verið um og önnur í framhaldinu undir Vaglafjall/Birningsstaðafjall handan Fnjóskár. Í tengslum við þá leið setur Jón Þorvaldur fram nýstárlega hugmynd um 10–18 MW virkjun í Vaðlaheiði og telur að það gæti orðið hagkvæmur kostur. Hugmyndin er innlegg í umræðuna, en mikið skortir þó á rannsóknir til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir arðsemi og ekki síst umhverfisáhrifum slíkrar framkvæmdar.

Hvað varðar hugmyndir um gjaldtöku af vegfarendum þá er niðurstaða Jóns Þorvaldar að greiða þyrfti frá u.þ.b. 400 kr. og upp í 550 kr. eftir því hvaða leið yrði valin. Enda þótt menn iðulega tengi gjaldtöku við einkaframkvæmd skal lögð áhersla á að opinberir aðilar gætu komið beint að framkvæmd og rekstri ganganna. Huga þarf að því hvort þetta gæti reynst hagkvæmasti og ódýrasti kosturinn.

Athugun á möguleikum jarðgangagerðar þyrfti að fara fram jafnhliða endurskoðun samgönguáætlunar sem fram á að fara á næsta ári. Jarðgöng undir Vaðlaheiði gætu orðið mikil samgöngubót og lyftistöng fyrir atvinnulíf á aðliggjandi svæðum. Þau gætu stytt vegalengdina um 16–22 kílómetra eftir því hvaða leið yrði valin og þau mundu auka umferðaröryggi til muna. Ljóst er að miklu verki er ólokið við undirbúning og útfærslu hugmynda um jarðgangagerð undir Vaðlaheiði og mikilvægt að hefjast handa við það verkefni hið fyrsta. Að því miðar þessi tillaga.

580. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Davíð Oddssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Guðna Ágústssyni, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	50,4	4,6	55,0
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	35,0	5,0	40,0
3. Við **09-999 Ýmislegt**			
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr.	180,0	20,0	200,0

581. Fyrirspurn [422. mál]

til viðskiptaráðherra um neytendastarf.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hefur ráðherra fyrirætlanir um að efla neytendastarf, t.d.

a. með auknum framlögum til þess,
b. með því að styrkja neytendasvið Samkeppnisstofnunar,
c. með stofnun embættis umboðsmanns neytenda,
d. með samningi við Neytendasamtökin um tiltekin verkefni á neytendasviði?

582. Lög [89. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 89.

583. Lög [142. mál]

um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994 (13. samningsviðauki).

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 142.

584. Lög [143. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 143.

585. Lög [146. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka (fullgilding spillingarsamnings).

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 146.

586. Lög [140. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 140.

587. Lög [141. mál]

um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 141.

588. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 466 (sbr. þskj. 1) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2004 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**254.617,1**	**245.371,6**
Skattar á tekjur einstaklinga	72.900,0	70.179,0
Skattar á tekjur lögaðila	8.900,0	7.636,0
Tryggingagjöld	29.006,8	28.183,3
Eignarskattar	8.710,0	8.607,0
Virðisaukaskattur	88.021,0	84.580,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	44.838,5	44.037,5
Skattar ótaldir annars staðar	2.240,8	2.148,8
Aðrar rekstrartekjur	**25.721,2**	**20.085,7**
Arðgreiðslur	3.726,0	3.726,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	15.121,0	9.583,8
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.874,2	6.775,9
Sala eigna	540,0	540,0
Fjárframlög	1.143,0	1.143,0
Tekjur samtals	**282.021,3**	**267.140,3**
Æðsta stjórn ríkisins	2.468,4	2.468,4
Forsætisráðuneyti	1.175,5	1.175,5
Menntamálaráðuneyti	33.325,8	33.325,8

Utanríkisráðuneyti	5.525,6	5.525,6
Landbúnaðarráðuneyti	11.713,2	11.713,2
Sjávarútvegsráðuneyti	3.103,8	3.103,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	15.050,7	15.050,7
Félagsmálaráðuneyti	23.376,3	23.376,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	110.542,6	110.542,6
Fjármálaráðuneyti	26.240,2	21.171,2
Samgönguráðuneyti	18.273,8	18.330,7
Iðnaðarráðuneyti	3.460,4	3.460,4
Viðskiptaráðuneyti	1.458,5	1.458,5
Hagstofa Íslands	541,5	541,5
Umhverfisráðuneyti	3.899,3	4.373,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.140,0	12.770,0
Gjöld samtals	**275.295,6**	**268.387,5**
Tekjujöfnuður	**6.725,7**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2004 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	6.725,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-2.827,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-5.153,8
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-531,9
Handbært fé frá rekstri	**-1.787,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-4.800,0
Afborganir veittra lána	20.860,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540,0
Fjármunahreyfingar samtals	**15.800,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14.012,8**

Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	27.300,0
Afborganir lána	-31.300,0
Fjármögnun samtals	**-4.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7.500,0
Breyting á handbæru fé	**2.512,8**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	628,9
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0
1.03 Fastanefndir	15,7
1.04 Alþjóðasamstarf	77,9
1.06 Almennur rekstur	615,5
1.07 Sérverkefni	22,8
1.10 Rekstur fasteigna	140,2
Almennur rekstur samtals	1.556,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	69,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,1
Gjöld samtals	**1.680,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**1.672,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.672,3

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	10,0
1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	7,1
1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,4
1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,4
1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,9
1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,8
1.19	Efnahagsrannsóknir	50,0
1.23	Hrafnseyri	5,9
1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi	10,0
1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	4,9
1.42	Grænlandssjóður	1,0
1.90	Ýmis verkefni	63,9
1.91	Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	40,0
	Almennur rekstur samtals	236,3

Viðhaldsverkefni:

5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	3,5

Stofnkostnaður:

6.52	Minningarkapella á Ljósavatni	5,0
	Gjöld samtals	**244,8**

Sértekjur:

	Sértekjur	-1,0
	Gjöld umfram tekjur	**243,8**

Fjármögnun:

	Greitt úr ríkissjóði	243,8

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:

1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	61,5
1.11	Símenntun og fjarkennsla	22,5
1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	10,8
1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,0
1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,0
1.23	Farskóli Norðurlands vestra	9,0
1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,0
1.25	Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,0
1.26	Fræðslunet Austurlands	9,0
1.27	Fræðslunet Suðurlands	9,0

1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum 9,0
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja 9,0
Almennur rekstur samtals 175,8

Gjöld samtals **175,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 175,8

02-919 Söfn, ýmis framlög
Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 5,0
1.11 Nýlistasafn 5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 7,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum 7,0
1.90 Söfn, ýmis framlög 17,3
Almennur rekstur samtals 41,3

Stofnkostnaður:
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði 14,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 82,2
Stofnkostnaður samtals 96,2

Gjöld samtals **137,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,5

02-979 Húsafriðunarnefnd
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 15,4

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 161,2

Gjöld samtals **176,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -45,0

Gjöld umfram tekjur **131,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,6

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	8,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	40,8
1.25 Tónlistarstarfsemi	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	5,0
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	9,4
1.30 Íslenska óperan	160,4
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	34,0
1.55 Menningarkynning í Frakklandi	30,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	40,0
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	34,3
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð	15,0
1.90 Listir	62,0
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	19,5
Almennur rekstur samtals	589,4
Stofnkostnaður:	
6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	17,0
Gjöld samtals	**606,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	606,4

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,6
1.43 Skriðuklaustur	11,1
1.44 Snorrastofa	10,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Fornleifasjóður	5,0
1.90 Ýmis framlög	36,7
Almennur rekstur samtals	75,4
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	54,5

Gjöld samtals **129,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,9

04-331 Héraðsskógar
Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 101,1

Stofnkostnaður:
6.41 Gagnagrunnur um skógrækt 8,0

Gjöld samtals **109,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **107,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,0

09-999 Ýmislegt
Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 40,7
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 27,8
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 7,4
1.13 Kjarasamningar 15,7
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 37,2
1.15 Kjararannsóknir 9,1
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr. 200,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 75,0
1.45 Ýmsar nefndir 25,8
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis 5,1
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,6
1.60 Dómkröfur 129,7
1.65 Kjaranefnd 19,5
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd 4,5
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5,0
1.90 Ýmis verkefni 52,2
Almennur rekstur samtals 676,3

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins 5,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis 4,8

6.91 Hagræðingarmál	4,5
Stofnkostnaður samtals	14,3
Gjöld samtals	**690,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	690,6

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269-5.21 og 6.21).	
1. Háskólinn á Akureyri, nýbygging	130.000
2. Háskólinn á Akureyri, viðhald	20.000
3. Viðhald, óskipt	20.000
Samtals	**170.000**
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318-6.90 og 6.95).	
1. Menntaskólinn í Kópavogi	60.000
2. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	50.000
3. Verkmenntaskólinn á Akureyri	70.000
4. Lundur, Akureyri	15.000
5. Framhaldsskólinn á Laugum	28.000
6. Menntaskólinn á Egilsstöðum	52.000
7. Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi	60.000
8. Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík	69.000
9. Óskipt, viðhald	18.000
Samtals	**422.000**
3. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	
1. Húni II	800
2. Iðnaðarsafnið á Akureyri, undirbúningur flutninga	500
3. Þjóðlagasetur Bjarna Þorsteinssonar	2.000
4. Kvennasögusafn Íslands	500
5. Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
6. Kirkjubæjarstofa	5.000
7. Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2.000
8. Sauðfjársetur á Ströndum	1.000
9. Búvélasafn Hvanneyri	2.000
10. Búvélasafn á Flúðum	1.000
Samtals	**17.300**
4. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	
1. Sögusetrið á Hvolsvelli	7.000
2. Hvalamiðstöðin á Húsavík	7.000
3. Sögusafnið í Perlunni Reykjavík	5.000

4.	Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði, geymslu- og sýningarhúsnæði	6.000
5.	Safnahús í Búðardal – Safn Leifs Eiríkssonar	7.000
6.	Kjarvalsstofa, Álfaland	2.000
7.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	7.000
8.	Samgöngusafnið Skógum	7.000
9.	Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík, uppbygging húsa	7.000
10.	Uppbygging Íslenska stríðsárasafnsins á Reyðarfirði	3.000
11.	Uppbygging Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar	3.000
12.	Safn um myndlist Tryggva Ólafssonar, Neskaupstað	2.000
13.	Eyrbyggja – Sögumiðstöð	7.000
14.	Íþróttasafn Íslands, Akranesi	1.500
15.	Uppbygging Tónminjaseturs Íslands á Stokkseyri	2.000
16.	Minjasafn Egils Ólafssonar, hönnun og skipulag lóðar	1.000
17.	Veiðisafn á Stokkseyri	500
18.	Stofnun sjóminjasafns í Reykjavík	5.000
19.	Tækniminjasafn Austurlands	2.200
	Samtals	**82.200**

5. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969-6.21).

1.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbygging Þjóðminjasafnshúss	180.000
2.	Þjóðminjasafn Íslands, endurbætur gamalla húsa í vörslu safnsins	55.000
3.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	20.000
4.	Þjóðskjalasafn Íslands	20.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	10.000
6.	Listasafn Íslands	10.000
7.	Viðhald, óskipt	10.000
	Samtals	**305.000**

6. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Erró	1.600
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5.	Guðbergur Bergsson	1.600
6.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
7.	Hannes Pétursson	1.600
8.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
10.	Jón Nordal	1.600
11.	Jón Þórarinsson	1.600
12.	Jórunn Viðar	1.600
13.	Kristinn Hallsson	1.600
14.	Kristján Davíðsson	1.600
15.	Matthías Johannessen	1.600
16.	Megas	1.600
17.	Róbert Arnfinnsson	1.600
18.	Rögnvaldur Sigurjónsson	1.600

19.	Svava Jakobsdóttir	1.600
20.	Thor Vilhjálmsson	1.600
21.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
22.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
23.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
24.	Þráinn Bertelsson	1.600
25.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**40.000**

7. Listir, framlög (02-982-1.90).

1.	Dalabyggð, Leifshátíð	500
2.	Íslensk grafík	200
3.	Listasafn Kópavogs	1.000
4.	Stórsveit Reykjavíkur	500
5.	Reykholtshátíð, tónlistarhátíð	500
6.	Efling Stykkishólms, tónleikahald	500
7.	Leikminjasafn Íslands, íslensk leikminjaskrá	1.000
8.	Leikminjasafn Íslands, sýning	3.000
9.	Harmonikkufélag Vestfjarða, safn	300
10.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.500
11.	Leikbrúðuland	1.200
12.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.200
13.	Sumartónleikar við Mývatn	500
14.	Tónlistarfélagið ÚT	4.000
15.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	500
16.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
17.	Listvinafélag Vestmannaeyja, tónlistarhátíð	500
18.	Norræn barnaleikhúshátíð	2.000
19.	Tónhátíð í Þjórsárveri	500
20.	Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti	7.000
	Óskipt	34.100
	Samtals	**62.000**

8. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Færeysk orðabók, útgáfa orðabókar	1.800
2.	Eyrbyggjar – útgáfustarf á menningar- og sögutengdu efni	400
3.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	800
4.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa fornbókmennta á erlendum tungumálum	500
5.	Nesútgáfan, útgáfa um listferil Kjarvals	500
6.	Jón Björnsson, Íslensk áraskip á 19. og 20. öld	600
7.	Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd	1.000
8.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	400
9.	Alfræðiorðabók sjávarútvegsins	500
10.	Byggðasaga Skagafjarðar	1.000
	Samtals	**7.500**

9. Norræn samvinna (02-984-1.90).

Norræna félagið, rekstur og sérverkefni	8.000
Óskipt	5.000
Samtals	**13.000**

10. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Snorraverkefnið, samskiptaverkefni við Vestur-Íslendinga	5.000
3.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi	3.000
4.	Fíladelfía í Reykjavík	2.000
5.	Ungmennafélag Íslands, NSU	1.500
	Óskipt	6.000
	Samtals	**18.500**

11. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Náttúruböð í Mývatnssveit	2.000
2.	Sumarbúðirnar Ástjörn, Gamla hús	1.000
3.	Frjálsíþróttasamband Íslands	2.000
4.	Sundsamband Íslands	1.000
5.	Körfuknattleikssamband Íslands	500
	Óskipt	6.400
	Samtals	**12.900**

12. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	4.500
2.	Lýsir, myndlist í íslenskum handritum	1.000
3.	Snjáfjallasetur, skráning, varðveisla o.fl.	1.000
4.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	1.200
5.	Holt í Önundarfirði, viðgerðir á húsnæði	700
6.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	1.000
7.	Heimili og skóli, endurnýjun efnis til útgáfu	500
8.	Kvenfélagasamband Íslands, rekstrarstyrkur	2.000
9.	Geðhjálp – Fjölmennt	500
10.	Kvenréttindafélag Íslands, ráðstefnuhald o.fl.	600
11.	Surtseyjarfélagið, rannsóknir og starfsemi	500
12.	Klúbbur matreiðslumeistara	700
13.	Þjóðbúningaráð, starfsemi ráðsins	500
14.	Sænautasel	500
15.	ÓB-ráðgjöf, fullorðinsfræðsla	2.000
16.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.000
17.	Fornleifastofnun Íslands	4.000
18.	Ólafsvíkurprestakall, minnisvarði	2.500
19.	Vestfirðir á miðöldum	7.000
20.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
21.	Sögufélag Ísfirðinga	2.000
22.	Steinaríki Íslands, Akranesi	1.000

23.	Menningarnefnd Vatnleysustrandarhrepps	1.000
	Samtals	**36.700**

13. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaður (02-999-6.90).

1.	Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	3.500
2.	Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	3.500
3.	Endursmíði vélbátsins Ölvers frá Bolungarvík	3.500
4.	Uppbygging húsdýragarðs á Blönduósi	3.000
5.	Menningar- og fræðsluverkefnið Grettistak	7.000
6.	Jöklasetur á Hornafirði	7.000
7.	Viðgerð á Kútter Sigurfara	3.500
8.	Viðgerðir á Sæljóni Ak 24, Byggðasafnið að Görðum	1.500
9.	Byggðasafnið að Görðum, framkvæmdir á útisvæði	1.500
10.	Sjóminjasafn Íslands, viðgerð á árabátnum Þór	3.500
11.	Minjasafn Egils Ólafssonar, kaup á Maríu Júlíu BA-36	2.000
12.	Tálknafjarðarkirkja, lista- og menningarhús	5.000
13.	Landnámssetur í Borgarbyggð	7.000
14.	Manngerðir hellar	3.000
	Samtals	**54.500**

14. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Hólaskóli, gæðamat í ferðaþjónustu	4.000
2.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
3.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	500
4.	Æðarræktarfélag Íslands	300
5.	Vottunarstofan Tún	5.000
6.	Landgræðslufélag Héraðsbúa	300
7.	Landvernd	5.000
8.	Nytjaland	7.000
9.	Upplýsingatækni í dreifbýli	400
10.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	1.000
11.	Rannsókn á landslagi	3.000
12.	Landssamtök skógareigenda	1.000
13.	Rannsóknir á glerál	1.000
14.	Ferðaþjónusta bænda, sóknarfæri í sveitum	2.000
	Óskipt	8.000
	Samtals	**40.000**

15. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland	2.000
2.	Norðurland	9.000
3.	Austurland	6.000
4.	Suðurland	25.000
	Heildarúttekt	2.400
	Samtals	**44.400**

16. Ýmis verkefni (05-190-1.90).

1.	Kalkþörungaverkefni í Arnarfirði	5.000
2.	Kalkþörungaverkefni í Hrútafirði	5.000
3.	Botndýrarannsóknir í Sandgerði	4.000
	Óskipt	23.700
	Samtals	**37.700**

17. Félagasamtök, styrkir (07-999-1.31).

1.	Umsjónarfélag einhverfra	600
2.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
3.	Félag ábyrgra feðra	100
4.	Foreldrafélag barna með AD/HD	500
5.	Vernd	1.000
6.	Sjálfsbjörg	3.500
7.	Daufblindrafélag Íslands	700
8.	Félag einstæðra foreldra	1.200
9.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
10.	Barnaheill	1.000
11.	Félag heyrnarlausra	3.200
12.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
15.	Systkinasmiðjan	500
16.	Vímulaus æska	4.000
17.	Hjálpræðisherinn	500
18.	Þroskahjálp	5.000
19.	Blindrafélagið	8.500
20.	Samtök aldraða	1.000
21.	Landsbyggðin lifi	1.000
22.	Ný dögun	600
23.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	2.000
24.	Kvennaráðgjöfin	700
25.	Sjónarhóll	15.000
	Óskipt	3.600
	Samtals	**62.200**

18. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	Samtökin '78	1.000
2.	Hjálparstarf kirkjunnar	1.000
3.	Regnbogabörn	5.000
4.	Leigjendasamtökin	1.000
5.	Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	5.000
	Óskipt	14.500
	Samtals	**27.500**

19. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

1.	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	41.200
2.	Hjúkrunarheimili Hólmavík	900
3.	Bygging anddyris og bílskýlis við sjúkrahús á Sauðárkróki	15.800
4.	Endurinnrétting sjúkrahúss á Siglufirði	23.000
5.	Heilsugæslustöð á Akureyri, 3. hæð	25.000
6.	Innrétting hæðar (K1) í suðurálmu FSA	30.000
7.	Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust á Þórshöfn	18.800
8.	Heilsugæslustöð Reyðarfirði	4.000
9.	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	5.000
10.	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað, endurbygging eldri hluta	5.000
11.	Hjúkrunarheimili Kirkjubæjarklaustri	17.000
12.	Sjúkrahús Suðurlands	100.000
13.	Vistheimilið Arnarholti	25.800
14.	Heilsugæslustöðin á Skagaströnd	5.000
	Samtals	**316.500**

20. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
2.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	400
3.	Blóðgjafafélag Íslands	200
4.	Samtök sykursjúkra	700
5.	Húsnæðisfélagið SEM	1.500
6.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
7.	Stómasamtök Íslands	200
8.	MS-félag Íslands	500
9.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	1.000
10.	Landsamtök hjartasjúklinga	2.000
11.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
12.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.600
13.	Samtök lungnasjúklinga	400
14.	Lauf, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.000
15.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
16.	Umhyggja	1.500
17.	Gigtarfélag Íslands	2.500
18.	Tourette-samtökin	400
19.	Alnæmissamtökin	600
20.	Málbjörg, félag um stam	200
21.	Beinvernd	500
22.	Astma- og ofnæmisfélagið	1.000
23.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
24.	Lífsvog	400
25.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.000
26.	Parkinsonsamtökin	200
27.	PKU-félagið á Íslandi	200
	Samtals	**22.800**

21. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	7.000
2.	Kelduneshreppur, gljúfrastofa	1.000
3.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
4.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	600
	Óskipt	6.900
	Samtals	**16.500**

22. Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu (10-190-1.45).

1.	Samgönguminjasafnið Ystafell	1.000
2.	Véla- og samgönguminjasafnið að Stóragerði í Óslandshlíð	1.000
3.	Ferðaþjónustan Grunnavík ehf.	800
	Óskipt	2.200
	Samtals	**5.000**

23. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Svifflugfélag Íslands	2.000
2.	Myndasýning í Kiðagili, fyrsta bílferðin yfir Sprengisand	200
	Óskipt	17.200
	Samtals	**19.400**

24. Lendingarbætur (10-336-6.74).

1.	Grunnavík Jökulfjörðum	200
2.	Hesteyri Jökulfjörðum	300
3.	Hornstrandir, Aðalvík, Hlöðuvík o.fl.	300
4.	Ingólfsfjörður, við Ós	1.000
5.	Gjögur, Karlshöfn	200
6.	Kolbeinsá Bæjarhreppi	400
7.	Villinganes Skagafirði	500
8.	Lagarfjót	1.000
	Samtals	**3.900**

25. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	Fagráð textíliðnaðarins	4.000
2.	Elí ehf., olíuplógur	2.000
	Óskipt	25.800
	Samtals	**31.800**

589. Fyrirspurn [423. mál]

til umhverfisráðherra um skaðleg efni og efnavöru.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða aðgerðum beita stjórnvöld til að takmarka notkun skaðlegra efna og efnavöru á Íslandi og hvernig er háttað eftirliti með notkun slíkra efna?
2. Hver er afstaða stjórnvalda til væntanlegrar löggjafar ESB sem gengur undir nafninu REACH (registration, evaluation and authorisation of chemicals) og hver verða helstu áhersluatriði þeirrar löggjafar?

590. Fyrirspurn [424. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða afurðir féllu til við hrefnuveiðar á þessu ári? Óskað er upplýsinga um magn kjöts, rengis o.s.frv.
2. Hve mikill hluti afurðanna hefur verið seldur til neytenda?
3. Hverjir eru eigendur þeirra afurða sem óseldar eru?

Skriflegt svar óskast.

591. Fyrirspurn [425. mál]

til umhverfisráðherra um skilgreiningar á friðlýstum svæðum.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hverjar eru alþjóðlegar skilgreiningar á friðlýstum svæðum?
2. Í hvaða flokka alþjóðlegra skilgreininga falla friðlýst svæði á Íslandi?
3. Hverjar eru íslenskar skilgreiningar á friðlýstum svæðum?
4. Í hvaða flokka íslenskra skilgreininga falla friðlýst svæði á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.

592. Fyrirspurn [426. mál]

til umhverfisráðherra um stjórnun þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvernig er stjórnun þjóðgarða og friðlýstra svæða háttað?
2. Eru á döfinni breytingar á stjórnun þjóðgarða og friðlýstra svæða?

593. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að meta til gangverðs fjármálagerninga ef þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Jafnframt er heimilt að meta til gangverðs skuldbindingar sem tengjast afleiðusamningum eða loforði um afhendingu fjármálagerninga sem enn eru ekki í eigu viðkomandi félags. Einnig má meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast á gangverði þegar þessar eignir og skuldbindingar uppfylla kröfur um áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna og skulu slíkar eignir og skuldbindingar metnar til gangverðs eins og krafist er í þeim reikningsskilum.

Ákvæði þetta nær þó ekki til:

1. útlána og viðskiptakrafna viðkomandi félags sem ekki er fyrirhugað að versla með,
2. fjármálagerninga, annarra en afleiðusamninga, sem ætlunin er að eiga fram að gjalddaga,
3. eignarhluta í dótturfélögum,
4. eignarhluta í hlutdeildarfélögum,
5. eignarhluta í samrekstrarfélögum, sbr. 3. mgr. 35. gr.,
6. eigin eignarhluta, skilyrts viðbótarverðs við sameiningu fyrirtækja, sem og annarra fjármálagerninga sem tengjast eigin fé viðkomandi félags,
7. allra annarra fjármálagerninga sem ekki er viðeigandi að færa á gangvirði samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum.

Til fjármálagerninga teljast hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, þ.m.t. afleiður þar sem uppgjörsákvæði byggjast á breytingum á undirliggjandi þáttum á tilteknu tímabili, svo sem vöxtum, gengi gjaldmiðla, verðbréfaverði eða verðbréfavísitölu, eða þær tengjast breytingu á verði tiltekinna vörutegunda, enn fremur framseljanleg skilríki á eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf.

2. gr.

Á eftir 29. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi.

a. (29. gr. A.)

Mat á fjármálagerningum og skuldbindingum til gangverðs skv. 29. gr. skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilareglur. Einungis er heimilt að beita slíku mati ef það byggist á áreiðanlegum upplýsingum um gangverð.

Gangverð skal ákvarðað með tilliti til:

1. markaðsverðs þeirra fjármálagerninga sem eru á virkum markaði,
2. markaðsverðs undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef viðkomandi fjármálagerningur er ekki skráður á markaði,
3. virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum virðislíkönum eða virðisaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík virðislíkön og virðisaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði.

Ef ekki er hægt að meta þessar eignir eða skuldbindingu til gangverðs samkvæmt framangreindum aðferðum skal matið byggjast á kostnaðarverði skv. 22. gr.

b. (29. gr. B.)

Á rekstrarreikning skal færa þær breytingar á virði fjármálagerninga og skuldbindinga sem metnar eru í samræmi við 29. gr. A, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 3. tölul. 20. gr., sbr. þó 2. mgr. Þar með eru taldar breytingar á virði afleiðusamninga og annarra fjármálagerninga sem aflað hefur verið í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum.

Slík breyting skal þó færð beint á gangvirðissjóð sem færður er með eigin fé þegar:

1. í reikningsskilum afleiðusamnings er byggt á að um sé að ræða áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna, að því marki sem þau leyfa að verðbreyting sé ekki tekin með í rekstrarreikningi, eða;
2. um er að ræða verðbreytingar á virði fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að selja aftur, eða;
3. verðbreytingar tengjast gengismun sem verður á peningalegum liðum sem eru hluti af nettófjárfestingu félagsins í starfsemi erlendis.

Leysa skal gangvirðissjóð upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir verðbreytingunni eru ekki fyrir hendi.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (37. gr. A.)

Veita skal eftirfarandi upplýsingar þegar fjármálagerningar eru metnir til gangverðs skv. 29. gr. A:

1. helstu forsendur sem liggja að baki matslíkönum og matsaðferðum þegar gangverð er ákvarðað skv. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. A,
2. breytingar á virði fyrir hvern flokk fjármálagerninga hvort sem breytingin hefur verið færð á rekstrarreikning eða á gangvirðissjóð,
3. umfang og eðli hvers flokks afleiðusamninga, þ.m.t. mikilvægi skilmála og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika framtíðarfjárstreymis, og
4. hreyfingar á gangvirðissjóði á árinu.

b. (37. gr. B.)

Veita skal eftirfarandi upplýsingar um þá fjármálagerninga, sbr. 29. gr., sem félag hefur ekki metið í ársreikningi sínum til gangverðs:

1. gangverð fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga ef hægt er að ákvarða það með einhverri þeirra aðferða sem fram kemur í 29. gr. A, og
2. umfang og eðli gerninganna.

Þegar um er að ræða áhættufjármuni sem eru fjármálagerningar í skilningi 3. mgr. 29. gr. og niðurfærsla í samræmi við 24. gr. hefur ekki farið fram skal upplýsa um bókfært verð og gangverð einstakra eigna eða flokka eigna. Rökstyðja skal forsendur þess álits að um skammvinna verðlækkun sé að ræða.

Fyrir fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum, sbr. 35. gr., skal jafnframt upplýst um gangverð einstakra eignarhluta eða eignaflokka.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 52. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í skýrslunni skal gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu, enda geti breytingar á virði fjármálagerninga haft veruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu. Upplýsa skal sérstaklega með hvaða hætti mat á einstökum liðum í reikningsskilum, svo sem afleiðusamningum, byggist á slíkri markmiðssetningu í áhættustýringu og þeim áhættuþáttum sem máli geta skipt við mat á eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu. Gera skal grein fyrir markaðsáhættu, þ.e. vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu, sem og útlánaáhættu og lausafjáráhættu í rekstri félagsins.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. og 2. tölul. 2. gr.“ í 2. mgr. 89. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 56/2003, kemur: 1. og 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. A.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð, sem og banka og annarra fjármálastofnana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um haustið 2000 var hafist handa á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoða lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á vettvangi ESB. Frumvarp það sem hér er lagt fram er þriðja frumvarpið um endurbætur á ársreikningslögunum vegna breytinga innan ESB.

Fyrsta frumvarpið um þessa endurskoðun, sem varð að lögum nr. 25/2002, heimilaði félögum sem uppfylltu tiltekin skilyrði að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Með öðru frumvarpi sem var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og varð að lögum nr. 56/2003 var VI. kafli laganna um samstæðureikningsskil endursaminn og aðrar aðkallandi breytingar á lögunum gerðar.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi byggjast á félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001 um breytingu á tilskipunum

78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Tilskipun þessi var felld inn í EES-samninginn samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002. Tilskipunin kallar á breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og ber breytingunum að ná til reikningsskila félaga vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2004 eða síðar á því ári.

Á undanförnum árum hefur framkvæmdastjórn ESB unnið að endurskoðun á fjórðu tilskipun sem fjallar um ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og sjöundu tilskipun sem fjallar um samstæðureikningsskil sömu félaga í samráði við samstarfsnefnd sem starfar skv. 52. gr. 4. tilskipunar. Allar aðildarþjóðirnar að EES-samningnum, þ.m.t. Ísland, eiga fulltrúa í þessari nefnd. Í þessum tilskipunum leggur ESB línurnar um það hvernig samanburðarhæf reikningsskil félaga í aðildarríkjum ESB eigi að líta út.

Endurskoðunarvinnu á þessum tilskipunum hjá framkvæmdastjórn ESB er lokið, annars vegar með því að bæði Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins hafa samþykkt breytingar á tilskipunum með fyrrnefndri tilskipun nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001, sem þetta frumvarp byggist á, og hins vegar með samþykkt tilskipunar nr. 2003/51/EB frá 18. júní 2003 sem fjallar um nútímavæðingu (e. modernisation) á tilteknum ákvæðum fjórðu og sjöundu tilskipananna. Verið er að fjalla um síðarnefndu tilskipunina í sameiginlegu EES-nefndinni.

Fyrrnefnda tilskipunin sem þetta frumvarp byggist á lýtur að því að vikið er frá þeirri kröfu 32. gr. fjórðu tilskipunar nr. 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (félög með takmarkaða ábyrgð) að liðir ársreiknings séu metnir á grundvelli meginreglunnar um innkaupsverð eða kostnaðarverð. Undanþágu frá þessari reglu er þó að finna í 33. gr. tilskipunarinnar er heimilar endurmat eigna með tilliti til áhrifa verðbólgu á þá liði sem sýndir eru í ársreikningi og verðbólgureikningsskil á Íslandi byggðust á meðan þau voru við lýði. Samkvæmt tilskipuninni er þess krafist að aðildarríkin taki upp kerfi gangverðsreikningsskila (e. fair value accounting) fyrir tiltekna fjármálagerninga til að fjármálaupplýsingar innan bandalagsins séu samanburðarhæfar. Aðildarríkin skulu heimila öllum félögum eða flokkum félaga sem starfa samkvæmt fyrrnefndum tilskipunum að taka upp þetta kerfi, bæði fyrir ársreikninga og samstæðureikninga, svo og samstæðureikninga eingöngu.

Með þessari tilskipun nr. 2001/65/EB hefur Evrópusambandið unnið að samræmingu milli fjórðu og sjöundu tilskipunar um reikningsskil hefðbundinna fjármálaskjala eins og hlutabréfa og skuldabréfa og þróun í setningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, einkum innan alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (International Accounting Standards Committee IASC), og á notkun margs konar afleiddra fjármálagerninga, svo sem framvirkra samninga, valréttar- og skiptasamninga. Til að koma á slíku samræmi milli alþjóðlegra viðurkenndra reikningsskilastaðla og tilskipana ESB um reikningsskil hefur verið talið nauðsynlegt að breyta þessum tilskipunum til að leyfa notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla í tengslum við greiningu og mat á fjármálagerningum. Þessi heimild gerir evrópskum félögum kleift að gera reikningsskil í samræmi við þróun á alþjóðavettvangi. Reikningsskil samkvæmt þessari tilskipun byggist á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IAS nr. 32 og 39 sem fjalla um mat og greiningu á fjármálagerningum. Þó bregður svo við að þessir staðlar eru ekki meðal þeirra reikningsskilastaðla sem verða innleiddir þegar reglugerð nr. 2002/1606/EB gengur í gildi 1. janúar 2005 þar sem ekki hefur náðst samstaða um tiltekna þætti þeirra innan ESB. Þeir eru í endurskoðun hjá arftaka alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar, þ.e. hjá alþjóðlega reikningsskilaráðinu, og er reiknað með endurútgáfu þeirra á árinu 2004. Engu síður verður litið til þeirra aðferða og reglna sem staðlarnir mæla með við framkvæmd á þessari tilskipun.

Seinni tilskipunin nr. 2003/51/EC, 18. júní 2003, lýtur að því að aðlaga tilskipanirnar að

öðru leyti efnislega alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þannig að aðildarríkin geti heimilað félögum að fylgja ákvæðum þeirra við samningu ársreikninga sinna og samstæðureikninga. Áður hafði Evrópuþingið og ráðið samþykkt 19. júlí 2002 reglugerð nr. 1606/2002/EB sem kveður á um skyldu allra skráðra félaga í kauphöllum á EES-svæðinu til að semja samstæðureikninga sína samkvæmt reikningsskilastöðlum alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar og síðar arftaka þess, alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Hafinn er undirbúningur að samningu frumvarpa um hvort tveggja, þ.e. um breytingu á lögum um ársreikninga í samræmi við tilskipun 2003/51/EC vegna félaga sem ekki verða skyld til að semja ársreikninga sína samkvæmt reglugerð nr. 1606/2002/EB og um lögleiðingu þeirrar reglugerðar sem skyldar skráð félög til að semja samstæðureikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Verða frumvörp þess efnis lögð fyrir Alþingi á árinu 2004.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2001/51/EB ber að heimila félögum eða flokkum félaga sem falla undir ákvæði laga um ársreikninga að taka upp kerfi gangverðsreikningsskila (e. fair value accounting). Enn fremur er heimilt að leggja slíka skyldu á félög eða flokk félaga. Í frumvarpinu er lagt til að þetta verði heimildarákvæði en við það að innleiða fyrrnefnda reglugerð nr. 1606/2002/EB í lög á næsta ári verður skráðum félögum í kauphöll skylt að fara eftir gagnverðsreikningsskilum við mat á fjármálagerningum, a.m.k. í samstæðureikningsskilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilað verði en ekki skylt að meta til gangverðs tiltekna fjármálagerninga samkvæmt nánari skilgreiningum. Þeir sem nýta þessa heimild laganna til að meta fjármálagerninga sína á gangverði verða að hlíta reglum um gangverðsreikningsskil sem settar eru fram í þessu frumvarpi og þeim alþjóðlegu reikningsskilareglum sem tilskipun ESB á þessu sviði byggist á. Hugtökin gangverð og gangverðsreikningsskil eru hér notuð í frumvarpi þessu fyrir ensku orðin „fair value“ og „fair value accounting“. Gangverð er hér notað sem yfirhugtak um metið söluverðmæti fjármálagerninga og skuldbindinga. Þegar virkur markaður er fyrir hendi fer saman markaðsverð (e. market value) og gangverð, en markaðsverð er skilgreint sem það verð sem fram hefur komið á virkum opinberum markaði á tilgreindum tíma. Gangverð er aftur á móti víðtækara hugtak sem einnig er notað yfir mat eigna sem er grundvallað á markaðsvirði undirliggjandi þátta í fjármálagerningi eða á annan hátt metið samkvæmt viðurkenndum virðislíkönum eða virðisaðferðum.

Önnur hugtök sem notuð hafa verið um „fair value“ eru t.d. sannvirði, raunvirði, dagvirði, markaðsverð, matsverð o.fl.

Ákvæði 1. mgr. nær til fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að selja aftur (e. available for sale) eða er aflað til að hagnast á verðbreytingum sem verða innan skamms eignarhaldstíma (e. trading). Jafnframt nær þetta ákvæði til tiltekinna skuldbindinga, þ.e. vegna afleiðusamninga og skuldbindinga sem tengjast loforði um afhendingu fjármálagerninga sem félagið hefur enn ekki aflað. Um er að ræða skuldbindingu vegna svokallaðrar skortsölu verðbréfa (e. short sale).

Einnig má meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast á gangverði þegar þessar eignir og skuldbindingar uppfylla kröfur alþjóðlegra reikningsskilareglna um áhættuvörn og skulu þær þá færðar eins og krafist er í þeim reikningsskilum. Er í þessu sambandi verið að vísa til svokallaðra baktryggingarreikningsskila (e. hedge accounting) sem gera ráð fyrir að áhættuvörn, í formi fjármálagernings, svo sem afleiðusamnings, sé tengd tilteknum eignum og skuldum eða framtíðarviðskiptum strax í upphafi. Í fyrsta lagi getur verið um að ræða

áhættuvörn gagnvart tilteknum eignum og skuldum sem eru fyrir hendi í félaginu, gangverðsáhættuvörn (e. fair value hedge), í öðru lagi áhættuvörn gagnvart væntanlegum viðskipum eða samningum, sjóðsáhættuvörn (e. cash flow hedge), og í þriðja lagi er um að ræða vörn gagnvart nettófjárfestingum í erlendri starfsemi (e. hedge of a net investement in a foreign entity).

Í 2. mgr. eru taldir upp þeir fjármálagerningar sem ekki má meta til gangverðs. Er þar fyrst að nefna útlán og viðskiptakröfur félaga í tengslum við viðskipti sín, sölu og kaup á vörum og þjónustu, einnig fjármálagerninga, aðra en afleiðusamninga, sem ætlunin er að eiga fram að gjalddaga.

Ekki má heldur meta til gangverðs eignarhluta í tengdum félögum, svo sem dótturfélögum, hlutdeildarfélögum eða samrekstrarfélögum, eða eigin eignarhluta, skilyrt viðbótarverð við sameiningu félaga og aðra fjármálagerninga sem tengjast eigin fé félagsins. Þá má ekki meta til gangverðs aðra fjármálagerninga sem ekki er viðeigandi að færa á gangviði samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum.

Í 3. mgr. er hugtakið fjármálagerningur (e. financial instrument) skilgreint og er það notað í sömu merkingu og í lögum um verðbréfaviðskipti. Fjármálagerningur er samheiti eða yfirhugtak yfir hvers kyns afurðir fjármálamarkaðar, svo sem verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini og peningagerninga. Þróun fjármálamarkaða hefur sýnt að nýjar tegundir fjármálagerninga líta reglulega dagsins ljós og eru því ekki taldir upp á tæmandi hátt í lögum um verðbréfaviðskipti. Því er líklegt að fleiri afurðir fjármálamarkaðarins sem eiga eftir að líta dagsins ljós geti einnig fallið undir lögin, enda hafi þeir fjármálagerningar svipað eðli og þeir sem taldir hafa verið upp. Í lögum um verðbréfaviðskipti er hugtakið verðbréf skilgreint sem hlutabréf, skuldabréf, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf. Afleiður eru aftur á móti samningar þar sem verðmæti samnings er leitt af verðbreytingum einhvers annars þáttar eða eignar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla eða vísitalna. Hjá einni tegund afleiðna er undirliggjandi þáttur breytingar á verði tiltekinnar vörutegundar. Hér er um að ræða samning, afleiðu (e. derivatives on commodity) þar sem viðmiðunarverðmætið er háð þróun verðmætis viðkomandi vöru sem tilgreind er í samningnum. Samningurinn er því ekki gerður upp á þann hátt að viðkomandi vara sé nokkurn tíma afhent, heldur eru verðbreytingar vörunnar sem um ræðir aðeins notaðar til viðmiðunar við uppgjör samningsins. Algengustu afleiðusamningarnir eru framvirkir samningar (e. forward/future contracts) og valréttarsamningar (e. options). Munurinn á framvirkum samningum og valréttarsamningum er í grófum dráttum munurinn á skyldu og rétti. Framvirkur samningur er óafturkræfur samningur á milli tveggja aðila um kaup eða sölu á tiltekinni eign á tilteknu verði á tilteknum tíma í framtíðinni. Valréttarsamningur veitir hins vegar kaupanda sínum rétt, ekki skyldu, til að kaupa eða selja eign á ákveðnu verði á ákveðnum tíma eða tímabili.

Með breytingu á þessari grein er jafnframt verið að fella niður heimild til að meta skráð verðbréf sem ekki eru ætluð til varanlegrar eignar á síðasta skráða kaupverði í stað kostnaðarverðs enda lagt til að í staðinn komi heimild til að nota gangverð.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar eru ákvæði um leiðir og aðferðir til að meta fjármálagerninga og skuldbindingar til gangverðs.

Samkvæmt 1. mgr. skal mat þetta vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilareglur og er þá átt við alþjóðlega reikningsskilastaðla, nú IAS 39. Einungis er heimilt að beita slíku mati að það byggist á áreiðanlegum upplýsingum um gangverð og farið sé í einu og öllu eftir viðurkenndum reikningsskilareglum.

Í 2. mgr. eru taldar upp þrjár leiðir til að leiða út gangverðið á hverri einstakri eign.

Í fyrsta lagi skal nota markaðsverð (e. market value). Með markaðsverði er átt við verð sem fram hefur komið á virkum markaði á tilgreindum tíma.

Í öðru lagi má reikna gangverð út frá upplýsingum um markaðsverð undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef sjálfur gerningurinn er ekki skráður á markaði.

Í þriðja lagi má reikna út gangverðið með almennum virðislíkönum eða virðisaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði og verða slík líkön eða aðferðir að geta gefið góða mynd af markaðsverðinu. Í skýringum með ársreikningi, sbr. 4. gr., verður að gera fullnægjandi grein fyrir þessum líkönum og aðferðum.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að meta skuli eignir og skuldbindingar á kostnaðarverði skv. 22. gr. laganna þegar ekki er hægt að beita þeim aðferðum sem lýst er í 2. mgr.

Rétt er að taka fram að samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum er sérstaklega tiltekið að óskráð hlutabréf, eða afleiðusamningar sem tengjast slíkum verðbréfum, uppfylla ekki alltaf skilyrði um áreiðanlegar upplýsingar um gangverð, enda er í þeim tilfellum ekki til að dreifa skráðu verði á virkum markaði sem hægt er að byggja mat eða virðislíkön á.

Samkvæmt 54. gr. C í lögunum skulu í samstæðureikningi notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi móðurfélags þannig að ekki er þörf á sérstöku ákvæði um mat þessara eigna og skuldbindinga í VI. kafla laganna.

Í b-lið greinarinnar eru ákvæði um að færa skuli verðbreytingarnar sem leiðir af mati fjármálagerninga samkvæmt ákvæðum 29. gr. A annaðhvort í rekstrarreikning eða á sérstakan reikning, gangvirðissjóð, meðal eigin fjár á efnahagsreikningi.

Í skilningi hefðbundinna reikningsskila eru tekjur að jafnaði skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið án tillits til þess hvort þær hafi verið innheimtar eða ekki. Almennt er þó gert ráð fyrir að tekjur séu innleystar eða innleysanlegar þegar þær eru skráðar. Tekjur eru því ekki skráðar þótt eign hækki í verði á reikningsári, svo sem vegna markaðsaðstæðna. Með innleiðingu 29. gr. A er vikið frá þessari meginreglu hvað varðar mat á fjármálgerningum og í þessari grein er síðan nánar skilgreint með hvaða hætti eigi að fara með verðbreytingar sem leiðir af þessu.

Mismunur á því hvort verðbreytingar séu færðar í rekstrarreikning og þannig sem hluti rekstrarafkomu á eigið fé á efnahagsreikningi eða beint á gangvirðissjóð á meðal eigin fjár hefur áhrif á heimildir félaga til greiðslu arðs til hluthafa og aðrar heimildir þeirra til ráðstöfun eigin fjár samkvæmt lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög. Þar sem það er meginreglan að félag ráðstafi ekki eigin fé fyrr en tekjur þess eru í hendi er þýðingarmikið að það sé vel skilgreint hvaða verðbreytingar skuli færa á rekstrarreikning og hvaða beint á gangvirðissjóð meðal eigin fjár. Annars getur félag hafa ráðstafað hagnaði vegna framtíðarvæntinga en þegar tekjur eru að lokum í hendi félagins við innlausn eða sölu eru þær aðrar og lægri en voru í fyrri uppgjörum félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal færa í rekstrarreikning þær breytingar á virði fjármálagerninga og skuldbindinga sem metnar eru í samræmi við ákvæði 29. gr. A, sbr. þó 2. mgr. Hér er um að ræða t.d. verðbreytingu á fjármálagerningi sem félag hefur aflað sér í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum og sem það áformar að selja þegar besta verð býðst á markaði (e. trading). Rétt er að taka fram að ákvæði þessarar málsgreinar nær til allra annarra afleiðusamninga en þeirra sem uppfylla skilyrðin sem fram eru sett í IAS 39, um að vera áhættuvörn (e. hedging instrument).

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvenær verðbreytingar sem leiðir af 29. gr. A skuli færðar á sérstakan reikning, gangvirðissjóð, meðal eigin fjár. Gangvirðissjóður á að sýna allar verð-

breytingar sem verða á fjármálagerningum sem metnir eru á gangverði aðrar en þær verðbreytingar sem færast beint á rekstrarreikning.

Í 1. tölul. er kveðið á um að við reikningsskil afleiðusamnings sem er áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna skuli verðbreytingin færð í gangvirðissjóð ef alþjóðlegar reikningsskilareglur gera það ekki að skyldu að hún færist í rekstrarreikning. Hér getur verið um að ræða afleiðusamning vegna framtíðarviðskipta, t.d. kaup á rekstrarfjármunum, sem telst vera sjóðsáhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna. Verðbreyting afleiðusamnings fram að kaupdegi þessara rekstrarfjármuna er færð á gangvirðissjóð, en er færð af gangvirðissjóði til hækkunar/lækkunar á kostnaðarverði viðkomandi eignar við kaup hennar.

Samkvæmt 2. tölul. er skylt að færa á gangvirðissjóð breytingar á virði fjármálagerninga sem aflað er til að selja aftur (e. available for sale). Í þessu sambandi er rétt að árétta þann mun sem er á meðferð virðisbreytinga fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum (e. trading) og færðar eru í rekstrarreikning og virðisbreytinga fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að selja aftur (e. available for sale) sem færast á gangvirðissjóð. Varðandi skiptingu fjármálagerninga í framangreinda flokka verður að gera ráð fyrir að í hinu síðarnefnda sé einungis fjárfest í fjármálagerningum sem hægt er að selja á virkum markaði eða sem tengjast verðþróun á slíkum markaði. Af því leiðir að það eru fyrst og fremst skráð markaðsverðbréf sem falla í þennan flokk, auk afleiðusamninga annarra en þeirra sem uppfylla skilyrði alþjóðlegra reikningsskilareglna um að vera áhættuvörn.

Í 3. tölul. er kveðið á um það að ef verðbreytingin tengist gengismun sem verður á peningalegum liðum sem eru hluti af nettófjárfestingu félagsins í starfsemi erlendis skal færa verðbreytinguna á gangvirðissjóð. Til dæmis er gengismunur af lánum vegna fjárfestingar í erlendri starfsemi færður á gangvirðissjóð.

Í 3. mgr. eru ákvæði um upplausn á gangvirðissjóði. Hann skal leystur upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir verðbreytingunni eru ekki lengur fyrir hendi. Færist þá uppsöfnuð verðbreyting á rekstrarreikning nema um sé að ræða sjóðsáhættuvörn sem færa ber á viðkomandi eign, sbr. athugasemd við 1. tölul. 2. mgr.

Um 3. gr.

Í a-lið þessarar greinar eru ákvæði um að í skýringum með ársreikningi skuli gera grein fyrir helstu forsendum sem liggja að baki matslíkönum og matsaðferðum þegar gangverðið er ákvarðað skv. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. A. Einnig skal gera grein fyrir breytingu á virði fyrir hvern flokk fjármálagerninga hvort sem breytingin hefur verið færð á rekstrarreikning eða gangvirðissjóð. Þá skal gera grein fyrir umfangi og eðli fyrir hvern flokk afleiðusamninga og um mikilvægi skilmála og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika framtíðarfjárstreymis. Þá skal birta töflu sem sýnir breytingar á gangvirðissjóði á árinu.

Í b-lið greinarinnar eru ákvæði um að félög sem ekki hafa nýtt sér heimild til að meta eignir og skuldbindingar á gangverði skuli samt sem áður greina frá gangverði þeirra í skýringum.

Í 1. mgr. kemur fram að greina skuli frá gangvirði fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga í samræmi við 29. gr. A og greina frá umfangi þeirra og eðli.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að þegar um er að ræða áhættufjármuni (e. financial fixed assets) sem eru fjármálagerningar í skilningi 3. mgr. 29. gr. og niðurfærsla í samræmi við 24. gr.

hefur ekki farið fram, skuli upplýsa um bókfært verð og gangverð einstakra eigna eða flokka eigna. Rökstyðja skal forsendur þess álits að um skammvinna verðlækkun sé að ræða.

Samkvæmt 3. mgr. skulu félög upplýsa um gangverð einstakra eignarhluta eða eignarflokka fyrir fjárfestingar þeirra í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein skal stjórn félagsins gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu í áhættustýringu í rekstri félagsins í skýrslu sinni til hluthafa, enda geti breytingar á virði fjármálagerninga haft veruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins. Í skýrslunni skal greina sérstaklega með hvaða hætti mat á einstökum liðum í reikningsskilum félagsins byggist á slíkri markmiðssetningu í áhættustýringu og þeim áhættuþáttum, svo sem varðandi framtíðarviðskipti, sem máli skipta við matið. Enn fremur skal gera grein fyrir markaðsáhættu, sem og útlánaáhættu og lausafjárstöðu í rekstri félagsins. Með markaðsáhættu er átt við þau áhrif sem breytingar á markaðsvöxtum, gengi gjaldmiðla eða á skráðu gengi hlutabréfa geta haft á rekstur eða fjárhagsstöðu viðkomandi félags.

Um 5. gr.

Í greininni er leiðrétting á tilvísun í lagagrein.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um ársreikninga að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóð.

594. Frumvarp til laga [428. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalið frá:

1. Áætlaðan afla báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum.
2. Aflaheimildir skv. 9. gr. og 9. gr. a.
3. Aflaheimildir og áætlaðan afla til línuívilnunar skv. 10. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þá getur ráðherra ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl., eða hluta þeirra, verði ráðstafað í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðarlögum, þannig:
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski.
   b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.
b. 3. mgr. verður nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin og jafnframt koma tveir nýir málsliðir í stað 1. málsl., svohljóðandi: Á fiskveiðiárinu 2004/2005 er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Við línuveiðar dagróðrabáta sem beita línu í landi má landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði

náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra með sama hætti ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði XXVI til bráðabirgða við lögin, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða við lög nr. 1 14. janúar 1999:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2004/2005 aflaheimildir sem nema 750 þorskígildislestum og á fiskveiðiárinu 2005/2006 aflaheimildir sem nema 375 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2004. Þó skal ákvæði a-liðar 3. gr. og ákvæði b-liðar 3. gr. að því er varðar línuveiðar á steinbít og ýsu koma til framkvæmda 1. febrúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginatriði þessa frumvarps er að lagt er til að tekin verði upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta, enda sé lína beitt í landi. Þá er lagt til að aukin verði heimild til að koma byggðarlögum til aðstoðar með úthlutun sérstakra aflaheimilda standi þau höllum fæti vegna almenns samdráttar í sjávarútvegi eða vegna skerðingar aflaheimilda til skipa sem þaðan hafa verið gerð út og landað afla. Samhliða þessu er lagt til að á tveimur næstu árum verði dregið úr úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókaaflamarksbáta og sérheimildum Byggðastofnunar til úthlutunar aflaheimilda og þær heimildir síðan felldar niður. Að lokum er lagt til að nokkur rýmkun verði gerð á heimild til tegundatilfærslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. segir að afli og áætlaður afli sem stafar af því að tekin er upp sérstök línuívilnun fyrir dagróðrabáta komi til frádráttar áður en leyfilegum heildarafla er skipt milli einstakra skipa á grundvelli aflahlutdeildar þeirra. Er það í samræmi við önnur ákvæði sem gilda um slíkar sérúthlutanir.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna hefur ráðherra til ráðstöfunar 12.000 lestir af óslægðum botnfiski til að mæta fyrirsjáanlegum áföllum sem útgerðir kunna að verða fyrir vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þessum 12.000 lestum er ráðherra heimilt að ráðstafa sérstaklega 1.500 lestum til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Heimild þessari hefur einkum verið beitt til að bæta skipum skerðingar sem orðið hafa í skel- og rækjuveiðum auk þess sem heimild til úthlutunar til stuðnings byggðarlögum hefur verið nýtt á þessu og síðasta fiskveiðiári. Í a-lið greinarinnar er lagt til að heimild ráðherra til stuðnings byggðarlögum verði rýmkuð þannig að hún takmarkist ekki við 1.500 lestir heldur við allan þann hluta sem ekki verður nýttur til að bæta skipum skerð-

ingar í aflaheimildum. Þá er lagt til að heimildinni verði breytt á þann veg að hún taki einnig til byggðarlaga sem verða fyrir því að aflaheimildir flytjist úr byggðarlaginu, enda hafi sá flutningur haft veruleg áhrif á atvinnuástand í því byggðarlagi og skal í slíkum tilvikum haft samráð við Byggðastofnun. Eðlilegt er því þegar þetta er metið að horft sé til annarra aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að efla búsetu í minni byggðarlögum.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að heimild ráðherra til úthlutunar aflaheimilda til króka-aflamarksbáta minnki um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006. Í ljósi þess að lagt er til að heimildin falli síðan niður þykir fara betur á því að ákvæðið sé gert að bráðabirgðaákvæði.

Um 3. gr.

Í a-lið þessarar greinar er lagt til að ráðherra geti rýmkað heimild til tegundatilfærslu þannig að hún takmarkist ekki við 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks fiskiskips eins og kveðið er á um í núgildandi ákvæði. Tilgangur með slíkri breytingu er sá að geta brugðist við í þeim tilvikum þegar einhverrar tegundar tekur að gæta í meira mæli í afla skipa en við hefði mátt búast. Má hér sem dæmi nefna að langa og keila eru í mjög mismunandi miklum mæli meðafli við línuveiðar. Með því að hækka viðmiðunarmörkin í þeim tegundum gengju þessar veiðar eðlilegar fyrir sig.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að tekin verði upp línuívilnun við veiðar dagróðrabáta. Línuívilnunin tekur til línuveiða á þorski, ýsu og steinbít. Enda þótt notað sé orðið dagróðrabátur venju samkvæmt takmarkast þessi heimild ekki við ákveðna stærð skipa. Skilyrði þess að línuskip njóti slíkrar línuívilnunar eru þau að línan sé beitt í landi, róður standi ekki lengur en sólarhring, aflanum sé landað þar sem línan er tekin um borð og báturinn sé með sjálfvirkt tilkynningarkerfi um borð. Línuívilnun í þorski takmarkast við 3.375 lestir sem eru 16% af áætluðum þorskafla dagróðrabáta á árinu 2002. Hins vegar er ekki takmörkun á magni ýsu og steinbíts sem þannig má veiða utan aflamarks á línu, en ráðherra getur sett slíka takmörkun á þær veiðar telji hann ástæðu til.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að heimild Byggðastofnunar til að úthluta árlega 1.500 lestum til stuðnings byggðarlögum, sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, verði minnkuð um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006 og falli síðan niður. Þá er lagt til að þessi sérstaka heimild falli niður eftir fiskveiðiárið 2005/2006 en flytjist ekki til ráðuneytisins eins og kveðið er á um í gildandi ákvæði. Þykir það eðlilegt miðað við þá breytingu sem felst í 2. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. september 2004 að öðru leyti en því að línuívilnun í ýsu og steinbít taki gildi 1. febrúar 2004 og enn fremur sú breyting sem lagt er til að gerð verði á heimild til tegundatilfærslu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 28 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp línuívilnun fyrir dagróðrabáta auk þess að auknar verði heimildir til að koma byggðarlögum til aðstoðar með úthlutun sérstakra aflaheimilda. Talið er að kostnaður Fiskistofu vegna hugbúnaðarkerfa verði um 1 m.kr. og á sá kostnaður að rúmast innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Verði frumvarpið að lögum mun það því hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

595. Fyrirspurn [429. mál]

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslur á rafhitun.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hversu miklar hafa niðurgreiðslur á rafhitun verið frá árinu 1990, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núvirði?
2. Hvað hafa margir notendur fengið niðurgreiðslur og hver er meðalupphæð þeirra á sama tíma, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?
3. Ef notendur sem búa við dýrar hitaveitur nytu niðurgreiðslna sambærilegra við niðurgreiðslur á rafhitun hvert yrði þá orkuverð til þeirra og hvaða hitaveitur og sveitarfélög kæmu til greina í því sambandi?
4. Hvað fækkaði þeim mikið sem nutu niðurgreiðslna eftir að lögin um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru sett og Orkustofnun hóf umsýslu þeirra? Hversu há upphæð sparaðist við þessa fækkun?
5. Hver hefur umsýslukostnaður verið við þennan málaflokk og í hlut hverra kom kostnaðurinn, sundurliðað eftir árum frá 1990?
6. Hverjar voru tillögur byggðanefndar forsætisráðherra 1998 um aukið fé til niðurgreiðslna á rafhitun og hvernig var þeim fylgt eftir?

Skriflegt svar óskast.

596. Fyrirspurn [430. mál]

til iðnaðarráðherra um verðmæti umfjöllunar um vetnisáform.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hvaða verðmæti má ætla að séu fólgin í þeirri umfjöllun sem vetnisáform Íslendinga hafa fengið á alþjóðavettvangi?

Skriflegt svar óskast.

597. Fyrirspurn [431. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir vegna lestrarerfiðleika.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvernig hefur ráðherra brugðist við úttekt ráðuneytisins frá síðasta ári á lestrarerfiðleikum í grunn- og framhaldsskólum?
2. Fyrir hvaða umbótum í skólum hefur ráðuneytið beitt sér á þessu sviði?
3. Hvernig hefur tekist til með lesskimun barna í upphafi skólagöngu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla?
4. Hvaða greiningartæki hafa verið þróuð í því skyni að greina lestrarerfiðleika hjá börnum og ungmennum? Liggur fyrir mat á því hvernig greiningartækin nýtast í skólastarfi?
5. Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til úrbóta vegna lestrarerfiðleika fullorðinna?

Skriflegt svar óskast.

598. Beiðni um skýrslu [432. mál]

frá dómsmálaráðherra um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Valdimar L. Friðrikssyni, Önundi S. Björnssyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa.

Í skýrslunni komi eftirfarandi fram:

1. Hversu margir hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot sl. fimm ár, á hvaða aldri eru þeir sem hafa verið dæmdir, á hvaða aldri eru þolendur og af hvaða kyni eru þeir og hversu margir hafa verið dæmdir oftar en einu sinni fyrir kynferðisbrot:
   a. á Íslandi,
   b. annars staðar á Norðurlöndum,
   c. í Bretlandi?
2. Eru sérstök meðferðarúrræði í fangelsum þeim til handa sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot:
   a. á Íslandi,
   b. annars staðar á Norðurlöndum,
   c. í Bretlandi?
3. Hvernig er meðferð háttað á Norðurlöndum og í Bretlandi:
   a. Fer hún fram í fangelsi eða utan þess, á meðan verið er að afplána dóm eða eftir að afplánun er lokið?
   b. Eru einhver skilyrði sett fyrir því að komast í slíka meðferð og ef svo er, hver?
   c. Geta dómstólar dæmt menn til slíkrar meðferðar og ef ekki, hverjir leggja þá meðferðina til?
   d. Hversu margir hafa gengist undir slíka meðferð sl. fimm ár?
   e. Á hvaða aldri eru þeir sem hafa gengist undir slíka meðferð?
   f. Hvernig er skiptingin á milli sakhæfra og ósakhæfra?
   g. Eru mismunandi úrræði fyrir sakhæfa og ósakhæfa einstaklinga?
4. Hvers konar meðferð hefur reynst best og hvernig þá:
   a. sérhæfð meðferð,
   b. meðferðarviðtal hjá geðlækni eða sálfræðingi,
   c. hópmeðferð eða lyfjameðferð?
5. Hafa verið gerðar rannsóknir á árangri meðferðar og ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra?
6. Hefur verið framkvæmt sérstakt áhættumat vegna einstaklinga og meðferð viðkomandi tekið mið af því?
7. Hver fylgir því eftir að þeir sem dæmdir hafa verið til að fara í meðferð geri það?
8. Eru einhver sérstök meðferðarúrræði fyrir unga gerendur og ef svo er, hver eru þau og á hvers vegum eru þau (dómstóla, fangelsa, barnaverndar o.s.frv.)?

599. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um úttekt á stöðu kornræktar á Íslandi.

Flm.: Önundur S. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna með hvaða hætti megi stórauka kornrækt til fóðurgerðar á Íslandi, þannig að hún verði samkeppnisfær við niðurgreitt innflutt korn. Nefndin geri tillögur um hve mikið korn sé raunhæft að rækta innan lands og hvað þurfi til svo að hægt sé að stunda kornrækt sem aðalbúgrein.

Þá leggi nefndin mat á hagkvæmni þess að rækta fóðurkorn á Íslandi og gildi þess fyrir atvinnulífið.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. nóvember 2004.

Greinargerð.

Kornrækt hefur verið stunduð í áratugi á Íslandi, gengið vel og sannað sig. Miklir vaxtarmöguleikar eru í fóðurkornsframleiðslu og hefur greinin alla burði til þess að vera sjálfstæð búgrein en til þess þarf hún að verða samkeppnisfær við innflutta framleiðslu. Þannig verða kornbændur að geta selt framleiðslu sína á samkeppnishæfu verði miðað við niðurgreidda innflutta framleiðslu.

Hér nýtur greinin lítils stuðnings og er stunduð sem hliðarbúgrein bænda sem framleiða mjólk og rækta korn fyrir búpeninginn. Bændur sem gætu stundað kornrækt sem aukabúgrein og selt öðrum eru ekki samkeppnisfærir því að innflutt korn er nú selt á 15–17 kr./kg. Þeir þurfa að fá u.þ.b. 24 kr. fyrir hvert kg. Erlendis fá kornbændur styrki til framleiðslunnar og geta þess vegna selt korn til annarra landa á verði sem ekki er hægt að keppa við hérlendis.

Korn var ræktað á um 2.400 hekturum sl. sumar og hefur kornuppskera aldrei verið meiri á Íslandi eða u.þ.b. 9.000 tonn. Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur ræktanlegt land sem hentar til kornræktar vera um 600.000 ha.

Efling greinarinnar er þjóðfélagslega hagkvæm bæði þegar litið er til gjaldeyrissparnaðar og landnýtingar. Hún eykur fjölbreytni atvinnulífs í byggðum landsins og atvinnumöguleika bænda að sama skapi. Um leið eru færð störf til íslenskra bænda.

600. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er landbúnaðarráðherra heimilað að semja við bændur sem eru 64 ára eða eldri um að þeir fái beingreiðslur út á greiðslumark sitt án þess að framleiða kindakjöt. Samningarnir gilda til 31. desember 2007, en þá rennur út gildandi sauðfjársamningur milli bænda og ríkisins.

Meiri hlutinn telur frumvarpið til þess fallið að auka sveigjanleika í greininni og laga framleiðsluna að markaðnum. Þá sé með því komið til móts við ákveðinn aldurshóp bænda sem vill mögulega hætta eða taka sér hlé frá búskap.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Inngangsmálsliður 1. gr. orðist svo: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi.

Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. Jón Bjarnason. Guðmundur Hallvarðsson.

Dagný Jónsdóttir. Anna Kristín Gunnarsdóttir.

601. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að mál sem varða umferð og eftirlit með ökutækjum verði flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Eftirlit með framkvæmd umferðarlaga og yfirstjórn Umferðarstofu heyri því framvegis undir samgönguráðuneyti.

Nefndin telur eðlilegt að umferðarmál heyri undir það ráðuneyti sem ábyrgð ber á vegamálum og tekur sérstaklega fram að afskipti lögreglu vegna brota á umferðarlögum og slysa í umferðinni breytast ekki frekar en rannsókn og saksókn í slíkum málum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðrún Ögmundsdóttir. Jónína Bjartmarz.

Birgir Ármannsson. Sigurjón Þórðarson. Sigurður Kári Kristjánsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson. Sigurrós Þorgrímsdóttir.

602. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um kirkjugripi.

Flm.: Önundur S. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að vinna að því að kirkjugripum í vörslu Þjóðminjasafnsins verði skilað í kirkjurnar þar sem þeir voru upphaflega eða þeir afhentir söfnum heima í héraði. Nefndin hugi m.a. að því hvaða munir gætu stuðlað að menningartengdri ferðaþjónustu á viðkomandi stað.

Greinargerð.

Listbúnaður í kirkjum er mikilvæg umgjörð alls helgihalds. Kirkjur hafa eignast dýrmæta gripi sem fólk hefur gefið af góðum hug. Gripirnir auðga kirkjurnar, bæði í augum sóknarbarna og ferðamanna. Áður fyrr, einkum í lok nítjándu aldar og á fyrri hluta tuttugustu aldar, voru margir merkir gripir teknir úr kirkjum og settir á söfn þar sem þeir hafa verið varðveittir. Allt frá upphafi 20. aldar hafa aðilar á vegum Þjóðminjasafnsins safnað eða jafnvel numið á brott muni sem kirkjur víða um land hafa átt. Mörgu hefur verið bjargað með því móti, ekki síst þar sem flestar kirkjur voru vanbúnar til að varðveita dýrmæta listgripi. Nú er öldin önnur, núorðið eru kirkjur yfirleitt vel byggðar og þeim vel við haldið, þeirra er yfirleitt vel gætt og vel hugsað um kirkjugripina. Ýmsir kirkjugripir hafa mikið aðdráttarafl og fólk vill njóta þeirra í réttu umhverfi. Æskilegt er að greiða fyrir því að gripir sem varðveittir hafa verið á söfnum komist aftur á upprunalegan stað óski heimamenn þess og verði því við komið.

Um þetta segir dr. Sigurbjörn Einarsson biskup í bókinni Haustdreifar (bls. 86–87): „Íslendingar hafa á sumum sviðum verið furðu hirðulausir og slysagjarnir í meðferð arfhelgra verðmæta. Og þegar menn fóru að skilja að kirkjugripir geta verið ómetanlega dýrmætir, varð stefnan sú að svipta þeim úr augsýn fólksins og hrúga þeim saman á einum stað, á safni í Reykjavík. Segja má að þetta hafi verið ill nauðsyn. Án efa hafa munir með þessu móti bjargast úr klóm erlendra og innlendra kirkjuræningja og úr loppnum lúkum umsjármanna, fátækra jafnt að augum og smekkvísi. Það ber að þakka. En stefnan er röng allt um það og fráleit nú á dögum. Nothæfir kirkjulegir listmunir frá fyrri tíð eiga sem flestir að varðveitast í kirkjum, þeim til nota og yndis, sem þangað koma og þeir eru stórum fleiri en hinir, sem sækja söfn sér að gagni. Það hlýtur að vera hin eina eðlilega, opinbera stefna, að helgidómar landsins njóti þeirrar virðingar og aðhlynningar, að dýrgripir sem þeim hafa verið lagðir af góðum hug og menningarlegum metnaði, fái að vera þar óhultir og gegna með því sínu rétta hlutverki.“

Einnig fjallar Björn Th. Björnsson um málið í greininni Dæmið Bessastaða í afmælisriti Vigdísar Finnbogadóttur, Yrkju.

Lagt er til að meðal nefndarmanna verði dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur Kjalnesinga, og Þorgeir Ólafsson, listfræðingur, frá menntamálaráðuneyti.

603. Nefndarálit [332. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti, Fjólu Guðjónsdóttur frá Löggildingarstofu, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum og Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Nefndin bendir á að einhver kostnaðarauki mun fylgja breyttri löggjöf, einkum hvað varðar starfsemi Löggildingarstofu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 8. des. 2003.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.	Þuríður Backman.	Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	

604. Nefndarálit [324. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti, Elínu G. Guðmundsdóttur frá Umhverfisstofnun, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum og Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000

frá 7. september 2000 um fyrsta áfanga áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um sæfiefni og 1687/2002 frá 25. september 2002 um viðbótarfrest til að tilkynna tiltekin, virk efni sem eru þegar á markaði til notkunar sem sæfiefni eins og fastsett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1896/2000.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi. Nefndin vekur athygli á því að heildaryfirsýn skortir yfir efnin sem tilskipunin nær til, einkum hvar þau eru í notkun. Kerfisbundin flokkun og skráning sæfiefna mun því verða til bóta en upplýsingaöflun, rannsóknir og skráning mun kosta töluvert fé.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 8. des. 2003.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.	Þuríður Backman.	Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	

605. Frumvarp til laga [435. mál]

um erfðafjárskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með þeim undantekningum er lög þessi greina.

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við fráfall hans.

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Eftirtalin hugtök eru í lögum þessum notuð sem hér segir:

a. *Sambýlismaður:* Sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við einstakling af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifandans er ótvírætt getið.
b. *Stjúpbarn:* Barn maka, enda hafi það alist upp á heimili arfleifanda.

c. *Fósturbarn:*
   1. Barn annars manns er alist hefur upp á heimili arfleifanda frá barnæsku til sjálfræðisaldurs,
   2. barn sambýlismanns arfleifanda,
   3. barn maka arfleifanda ef það telst ekki stjúpbarn arfleifanda.

3. gr.

Erfðafjárskattur ræðst af sifjatengslum erfingja við arfleifanda, hvort heldur sem arfur fellur til erfingja samkvæmt beinum lagaákvæðum, erfðaskrá eða dánargjafargerningi.

Nú hafnar maður eða afsalar sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða af hinum aukna arfi sama erfðafjárskatt og hinum hefði borið að greiða er hafnaði eða afsalaði sér arfi. Sé sá undanþeginn erfðafjárskatti sem hafnar eða afsalar sér arfi skal sá er þann arf hlýtur greiða af honum sama erfðafjárskatt og honum hefði borið að greiða ef hann hefði tekið þann arf beint.

4. gr.

Af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og af arfi sambýlismanns, sbr. a-lið 2. gr., skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um einstaklinga í staðfestri samvist samkvæmt lögum um staðfesta samvist.

5. gr.

Erfðafjárskattur af arfi annarra erfingja en greinir í 4. gr. ákvarðast þannig:

a. Af arfi, sem fellur til niðja hins látna, kjörbarna, stjúpbarna eða fósturbarna eða niðja þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum 35. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, skal greiða 5% erfðafjárskatt.
b. Af arfi til erfingja sem ekki falla undir a-lið þessarar málsgreinar, svo sem foreldra hins látna eða niðja þeirra, afa eða ömmu hins látna eða barna þeirra eða fjarskyldari eða óskyldra aðila, skal greiða 10% í erfðafjárskatt.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erfingjar beggja hjónanna séu hinir sömu eða ekki.

6. gr.

Af þeim verðmætum sem lög þessi taka til skv. 1. gr. og afhent eru sem fyrirframgreiðsla til erfingja upp í arf skal greiða erfðafjárskatt sem hér segir:

Erfingjar, sem falla undir a-lið 1. mgr. 5. gr., skulu greiða 5% í erfðafjárskatt.

Erfingjar, sem falla undir b-lið 1. mgr. 5. gr., skulu greiða 10% í erfðafjárskatt.

Erfingjar, sem falla undir 4. gr., eru undanþegnir erfðafjárskatti af fyrirframgreiddum arfi.

7. gr.

Erfðafjárskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 1.000.000 kr. sem samtals falla í arf greiðist enginn erfðafjárskattur. Af fjárverðmætum yfir 1.000.000 kr. greiðist erfðafjárskattur skv. 5. gr.

8. gr.

Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbú hans taka þann arf er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt er honum hefði borið að greiða.

9. gr.

Gjaldstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði skv. 10. gr.

Með heildarverðmæti skv. 1. mgr. er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Gildir þetta um öll verðmæti sem metin verða til fjár, þ.m.t. húsbréf, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf, hugverkaréttindi, líftryggingar, bifreiðar, aflaheimildir o.fl. Séu verðbréf önnur en hlutabréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði á þeim degi sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum, sem og aðrar inneignir og útistandandi skuldir, skulu taldar að meðtöldum áföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal gjaldstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:

a. Hlutabréf skulu talin á nafnverði að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum sem réttur hefur stofnast til fyrir lok skipta nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum, stofnfjárbréf í sparisjóðum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Erlend hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði, en ef nafnverð er ekki þekkt skulu bréfin færð til eignar á kaupverði.
b. Þegar eign hefur verið seld nauðungarsölu skal miða við uppboðsandvirði eignarinnar.
c. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið.

   Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi slík matsgjörð, sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflið.
d. Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt er til grundvallar álagningu opinberra gjalda á því ári sem erfðafjárskattur er greiddur.

10. gr.

Skuldir arfleifanda, þ.m.t. væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að skipta búinu og ákvarða skattstofna skv. 9. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum. Erfðafjárskattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær.

11. gr.

Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá, innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir, leggja fyrir sýslumann erfðafjárskýrslu til ákvörðunar á erfðafjárskatti, sbr. 93. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. Skal skýrslan vera skilmerkilega útfyllt og gögn fylgja til skýringar þeim fjárhæðum sem þar eru greindar. Með erfðafjárskýrslu skulu fylgja a.m.k. þrjú síðustu skattframtöl arfleifanda.

Allir erfingjar skulu undirrita erfðafjárskýrsluna.

Erfingjar sem taka við fyrirframgreiddum arfi skulu afhenda sýslumanni erfðafjárskýrslu til áritunar vegna þeirra verðmæta.

Erfðafjárskýrsla samkvæmt lögum þessum skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

12. gr.

Sýslumaður skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús.

Telji sýslumaður skýrslu áfátt að einhverju leyti getur hann veitt viðkomandi aðilum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur séu ágallar smávægilegir.

Þegar sýslumaður hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann ákvarða erfðafjárskatt hvers erfingja, árita skýrsluna og tilkynna hinum skattskylda aðila.

Nú greinir erfingja á við sýslumann um gjaldstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erfingjum með sannanlegum hætti. Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir áritar sýslumaður skýrsluna skv. 3. mgr. Að því búnu skal sýslumaður senda skýrsluna til skattstjóra í sínu skattumdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

13. gr.

Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann ásamt frumvarpi til úthlutunar til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því að skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann til ákvörðunar skattsins og áritunar.

Að lokinni áritun sýslumanns skv. 1. mgr. skal hann senda skýrsluna til skattstjóra í sínu umdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar, en ef erfingjar samþykkja getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.

14. gr.

Skattstjóri skal hafa lokið yfirferð erfðafjárskýrslunnar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 40 dögum frá því að honum barst erfðafjárskýrsla. Þegar skattstjóri hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu skal hann gera erfingjum og eftir atvikum skiptastjóra viðvart um að hann hafi lokið yfirferðinni. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna erfingja gert nauðsynlegar athuganir á erfðafjárskýrslu framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

15. gr.

Telji skattstjóri að eignir séu ekki réttilega taldar fram í erfðafjárskýrslu, gjaldstofn ekki réttur, erfðafjárskattur ekki lagður á viðkomandi aðila, erfðafjárskýrsla eða fylgigögn að öðru leyti ófullnægjandi eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann

skriflega skora á erfingja eða eftir atvikum skiptastjóra að bæta úr því innan ákveðins frests og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þ.m.t. bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fáist ekki fullnægjandi svar innan tiltekins tíma skal skattstjóri áætla þá liði erfðafjárskýrslu sem hann telur óljósa eða tortryggilega og ákvarða skatt í samræmi við skýrsluna þannig breytta.

Sé erfðafjárskýrslu breytt með stoð í þessari grein, þ.m.t. ef skattstofn er áætlaður, skal skattstjóri gera viðkomandi aðilum viðvart um breytingarnar með tilkynningu og rökstyðja ástæður þeirra.

Skattstjóri skal gera viðkomandi sýslumanni viðvart skriflega komi fram upplýsingar um eignir eða breyttan skattstofn sem ekki koma fram í skiptagerð.

Hafi skattstjóri grun um erfðafjárskattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

16. gr.

Skattskyldur aðili, sem telur skatt sinn eða skattstofn skv. 15. gr. eigi rétt ákveðinn, getur sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

17. gr.

Öllum aðilum, bæði þeim sem skattskyldir eru og öðrum, er skylt að láta sýslumönnum og eða skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann sem hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn sem þeir fela eftirlitsstörf krafist þess að skattskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þ.m.t. bréf og samninga. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Stjórnvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur sýslumaður, ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

18. gr.

Séu verðmæti á erfðafjárskýrslu ranglega fram talin má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna.

Fella skal niður álag samkvæmt þessari grein ef erfingi færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á erfðafjárskýrslu.

19. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa sýslumenn og eftir atvikum tollstjórinn í Reykjavík á hendi innheimtu þeirra. Skattur skal greiddur til innheimtumanns í því umdæmi sem skatturinn er lagður á.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga erfðafjárskatts eða leysir neinn undan viðurlögum sem lögð eru á við vangreiðslu hans.

Erfðafjárskattur skal reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á þeim degi sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu.

Gjalddagi erfðafjárskatts er tíu dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu, sbr. 3. og 5. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr.

Sé erfðafjárskattur hækkaður skv. 15. gr. fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Hafi erfðafjárskattur ekki verið greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga.

Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um endurgreiðslu oftekins erfðafjárskatts samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Sé kæra til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skal greiða erfingja dráttarvexti af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma er frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætlð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingu um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark þegar erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar sýslumaður hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

21. gr.

Skýri erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um erfðafjárskatt skal hann greiða fésekt allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt sem skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð. Skattur af álagi skv. 18. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Skýri erfingi rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur sýslumanni eða skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi erfðafjárskýrslu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til sýslumanns eða skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni skv. 17. gr. skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Um málsmeðferð samkvæmt þessari grein gilda meginreglur 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

22. gr.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á fjárverðmæti sem lög þessi taka til og greiddur hefur verið erfðafjárskattur af þeim verðmætum til opinberra aðila í öðru ríki, þá er skattstjóra heimilt samkvæmt umsókn erfingja að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum erfðafjárskattsgreiðslum hans. Lækkun skal aldrei nema hærri fjárhæð en þeirri sem erfingja væri gert skylt að greiða hér á landi af fjárverðmætum.

23. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

24. gr.

Ákvæði XI. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, skulu gilda eftir því sem við á við beitingu laga þessara.

25. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004 og taka til búskipta þar sem andlát á sér stað eftir gildistöku þeirra. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Árið 2000 var tekin sú ákvörðun að færa umsjón og framkvæmd laga um erfðafjárskatt frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Í framhaldi af því ákvað fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Í starfi sínu var nefndinni ætlað að taka tillit til þeirra athugasemda sem komið höfðu fram varðandi skattlagninguna, jafnframt því að hafa hliðsjón af því sem hefur verið að gerast á þessu sviði í nágrannalöndunum. Þá skyldi nefndin einnig skoða skattlagningu dánarbúa, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frumvarp þetta byggist í stórum dráttum á tillögum nefndarinnar og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

II. Sögulegar forsendur.

Núgildandi lög um erfðafjárskatt eru að mörgu leyti orðin úrelt, enda sett við allt aðrar aðstæður en við búum við nú. Lögin eiga uppruna sinn í dönsku lögum, en fyrstu ákvæðin um erfðafjárskatt í Danmörku er að finna í tilskipun 12. september 1792 sem einnig var lögleidd hér á landi (Lagasafn handa alþýðu I: 116–119). Í formála tilskipunarinnar kemur fram að erfðafé þyki heppilegur skattstofn þar sem hinir skattskyldu borgi skatt „af en virkelig formue, som ofte kan ansees som uventet". Þessar reglur voru svo áréttaðar og þeim breytt með tilskipun 8. febrúar 1810 um gjald af fasteignasölu og erfðafé (Lagasafn handa alþýðu I: 182–185). Þessar tvær lagaheimildir giltu fram til ársins 1911 er lög nr. 15/1911 leystu þær af hólmi. Var þá gerð sú breyting að erfðafjárskatturinn var hækkaður, látinn fara stighækkandi og gerður mishár eftir skyldleika erfingja. Í Alþingistíðindum frá 1921, A, bls. 33, kemur fram að eldri lögin hafi verið orðin „langt á eftir tímanum". Lög nr. 30/1921 tóku við af eldri lögum. Efni nýju laganna var í flestum efnum óbreytt, en einu breytingarnar sem lagðar voru til voru gerðar í þeim tilgangi að auka tekjur ríkissjóðs, annars vegar með hækkun skattsins á niðjum arfleifanda og hins vegar með ákvæðum sem mundu hafa í för með sér nákvæmara framtal til skattsins en áður tíðkaðist. Þessum lögum var breytt með lögum nr. 20/1972, en þau lög voru sett vegna þeirrar röskunar sem orðin var á skattstiganum vegna stórfelldra verðbreytinga og þeirrar hækkunar á fasteignamati sem tók gildi um áramótin 1971–1972. Með þessum lögum var gerð sú breyting á 1. gr. laganna að í stað orðsins „ríkissjóðs" kom „erfðafjársjóðs", en erfðafjársjóður var stofnaður með lögum nr. 12/1952. Í frumvarpinu var fjallað um það hlutverk erfðafjársjóðs að endurhæfa fólk sem ekki gæti séð sér farborða. Skattþrepunum var jafnframt fækkað. Hámarksskatturinn hélst sá sami, en fram kom í frumvarpi til laganna að jafnvel þótt skatturinn væri lægri en samkvæmt þágildandi lögum mundu tekjur erfðafjársjóðs hækka frá því sem áður væri vegna hinnar miklu hækkunar fasteignamats. Vegna gildistöku hins nýja fasteignamats um áramótin 1976–1977 var skattstiga laganna enn breytt, með lögum nr. 46/1978. Ekki var um grundvallarbreytingar að ræða, fremur en með lögunum frá 1972, og var hundraðshluta erfðafjárskattsins ekki breytt. Á 106. löggjafarþingi voru sett ný heildarlög um erfðafjárskatt, lög nr. 83/1984, sem enn eru í gildi. Í athugasemdum með frumvarpi því er fylgdi lögum þessum kemur fram að frumvarpið feli í sér lögfestingu á lagaframkvæmd sem smám saman hafi þróast og ætti lögfesting reglnanna að koma í veg fyrir þá réttaróvissu sem hætta væri á að myndaðist vegna mismunandi túlkunar í einstökum lögsagnarumdæmum. Í frumvarpinu væri jafnframt að finna verulegar breytingar frá gildandi reglum, svo sem ákvæði sem leiði til þess að langlífari maki arfleifanda verði undanþeginn erfðafjárskatti og sömuleiðis sambýlismaður arfleifanda hafi verið um óvígða sambúð að ræða. Lögunum var næst breytt með lögum nr. 114/1989, en í þeim voru ákvæði í tengslum við gerð samninga milli Norðurlanda til að koma í veg fyrir tvísköttun erfðafjár. Var ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna breytt á þá leið að erfðafjárskatt skyldi greiða af fasteignum hér á landi og óháð því hvar aðilar væru búsettir. Þá var bætt við ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera tvísköttunarsamninga við erlend ríki. Síðasta breyting sem gerð var á lögunum var gerð með lögum nr. 174/2000 þegar erfðafjársjóður var lagður niður og málaflokkurinn fluttur frá félagsmálaráðherra til fjármálaráðherra.

III. Almennt um skattlagningu erfðafjár.

Erfðafé hefur lengi verið talið eðlilegur skattstofn eins og sést best á forsögu íslenska kerfisins. Svipaða sögu er að segja af aðildarríkjum OECD. Einungis tvö ríki af 30 aðildarríkjum stofnunarinnar, þ.e. Ástralía og Kanada, leggja ekki á erfðafjárskatt. Fyrir skattlagn-

ingunni liggja ýmis rök varðandi yfirfærslu fjár milli kynslóða en almennt talið er erfðafjárskatturinn einungis ein leið af mörgum til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Erfðafjárskattur er dæmi um skattlagningu við yfirfærslu eigna milli aðila. Önnur dæmi um slíka skattlagningu eru þinglýsingargjöld og stimpilgjöld. Einnig má halda fram að virðisaukaskattur sé í eðli sínu slíkur skattur. Þessi tegund skatta felur það í sér að skattskylda skapast við aðilaskipti að eignarréttindum. Þá er litið til þess að um sé að ræða tekjueða eignaaukningu hjá móttakanda, þ.e. erfingja í tilviki erfðafjárskattsins. Með öðrum orðum að líta megi á erfðafjárskattinn sem skatt sem komi til viðbótar tekjuskatti.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er meginreglan sú að skattskyldar tekjur teljast hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Sérreglur um greiðslu erfðafjárskatts af tilteknum verðmætum sem skattaðilum hlotnast eru því undantekning frá þeirri meginreglu. Þannig segir í 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 að til skattskyldra tekna teljist *„Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir ...“* Þá kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. sömu laga þar sem talið er upp hvað ekki telst til tekna að þar á meðal er *„Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.“*

IV. Skattlagning erfðafjár í öðrum löndum.

Þótt flest ríki OECD leggi á erfðafjárskatt eru aðferðir við álagningu hans mjög mismunandi eftir ríkjum. Ákvörðun um skattstofn og skattfjárhæð er misjöfn. Einnig er mjög mismunandi eftir ríkjum hvort lagt er á dánarbúið sem heild eða á einstaka arfshluta. Síðari reglunni er fylgt á Norðurlöndum (nema Danmörku), í Frakklandi, Hollandi, á Spáni og í Þýskalandi, en í Bretlandi, Danmörku og ýmsum fleiri ríkjum Evrópu er dánarbúið andlag skattsins. Í langflestum tilvikum fylgja ríkin þó þeirri meginreglu að miða fjárhæð erfðafjárskattsins við skyldleika. Eftir því sem erfingjar eru fjarskyldari þeim mun hærri er skatturinn.

Samkvæmt íslenskri og norrænni löggjöf um erfðafjárskatta er almenna reglan sú að greiða skuli skatt af hverjum einstökum arfshluta, skatthlutfallið ræðst af sifjatengslum og fer stighækkandi eftir eftir því sem skyldleikinn fjarlægist. Þá hækkar skatturinn innan hvers flokks eftir því sem arfur verður meiri.

Nýleg endurskoðun hefur staðið yfir bæði í Noregi og Danmörku á lögum um erfðafjárskatt. Hefur við samningu þessa frumvarps nú sérstaklega verið litið til þeirra breytinga sem lagðar hafa verið til í þessum löndum.

Við samningu þessa frumvarps var það sérstaklega skoðað hvort skattleggja bæri dánarbúið sem slíkt í stað þess að leggja skatt á hvern arfshluta, einnig hvort leggja bæri á stigvaxandi skatt eða hafa fast skatthlutfall með skattfrelsismörkum og hvort skatthlutfall skyldi vera mismunandi eftir skyldleika og tengslum arfláta og erfingja. Skattur á arfshluta er lagður á einstaka erfingja. Skatthlutfallið ræðst þá almennt af sifjaréttarlegum tengslum við arfláta. Í þeim tilvikum sem skattur er lagður á dánarbúið þá er hann almennt reiknaður af nettóeign búsins. Þá skiptir ekki máli hver er erfingi eða hvernig arfur skiptist á milli erfingja.

V. Gallar gildandi kerfis.

Meðal þeirra atriða sem hafa verið gagnrýnd í íslenska kerfinu er skortur á skýrum reglum um ákvörðun gjaldstofns til erfðafjárskatts. Mest ber þó á gagnrýni á skatthlutfallið sjálft sem

fer stighækkandi eftir hæð gjaldstofns og sifjatengslum og getur orðið allt að 45%. Ljóst er að stighækkandi skattur getur skapað ákveðna hættu á ýmiss konar ráðstöfunum fyrir andlát arfleifanda. Þá er almennt talið að háir jaðarskattar ýti undir skattundandrátt.

Í gildandi lögum eru matskenndar heimildir fyrir ráðherra til að undanþiggja ákveðna aðila greiðslu erfðafjárskatts. Þannig hefur ráðherra samkvæmt gildandi lögum heimild til að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts eins og um maka eða sambýlismann væri að ræða „annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður". Þá greiða kirkjur, opinberir sjóðir, líknar- og menningarstofnanir og félög ekki erfðafjárskatt. Í mörgum tilvikum er ekki augljóst hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir undanþágu.

Málsmeðferðarreglur erfðafjárskatts, sem og álagning, eftirlit og innheimta hans, hafa verið mjög frábrugðnar því sem almennt gildir um aðra skatta. Álagning og innheimta skattsins hefur alfarið verið á hendi sýslumanna, en eins konar viðbótareftirlit hjá skattstjórum og Ríkisendurskoðun. Þannig hafa skattstjórar haft það hlutverk að yfirfara erfðafjárskýrslur að lokinni innheimtu skattsins, jafnframt því að gera sýslumönnum viðvart hafi einhverju verið ábótavant við álagninguna. Að öðru leyti hafa skattyfirvöld ekki komið að álagningu og eftirliti með erfðafjárskattinum og hafa ágreiningsmál milli aðila ekki verið kæranleg til yfirskattanefndar eins og gildir um aðra skatta.

VI. Helstu breytingar frumvarpsins.

Áður en vikið verður nánar að einstökum ákvæðum frumvarpsins verður gerð nokkur grein fyrir meginefni þess og helstu breytingum frá gildandi lögum.

A. Hverjir eru skattskyldir?

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru það erfingjar sem eru skattskyldir, þ.e. þeir er taka við arfi, gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna.

Samkvæmt gildandi lögum eru maki og sambýlismaður eða sambýliskona undanþegin greiðslu erfðafjárskatts og eru ekki lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi. Jafnframt er í gildandi lögum gert ráð fyrir heimild ráðherra til að undanþiggja greiðslu erfðafjárskatts „annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður". Sama gildir um undanþágu frá greiðslu skattsins fyrir kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög. Sama gildir um opinber söfn landsins og alþjóðlegar stofnanir. Í frumvarpinu lagt til að heimildir ráðherra til að undanþiggja þessa aðila greiðslu erfðafjárskatts verði felldar brott. Maki og sambýlismaður eða sambýliskona verða þó áfram undanþegin greiðslu erfðafjárskatts. Samfara þeim lækkunum erfðafjárskattsins sem lagðar eru til í frumvarpinu er talið að ekki séu lengur forsendur fyrir sérstökum undanþágum sem verið hafa í gildi hingað til auk þess sem það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að meta framangreind atriði. Mun breytingin leiða til þess að fyrrgreindir aðilar greiði framvegis 10% erfðafjárskatt.

B. Flokkun skattaðila.

Í frumvarpinu er erfingjum skipað í tvo skattflokka, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, í stað þriggja eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Skipan í skattflokka byggist á skyldleika erfingja og arfleifanda og er skatthlutfallið mishátt eftir flokkum. Í a-flokki eru niðjar arfleifanda, kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn og niðjar þeirra, svo og þeir bréferfingjar sem arfleifandi hefur ráðstafað fé til samkvæmt heimild í 35.

gr. erfðalaga, þ.e. þegar hann á skylduerfingja á lífi. Í b-flokki eru aðrir en þeir sem falla undir a-flokk, þ.e. foreldrar hins látna og niðjar þeirra, þar á meðal systkin hins látna, afi og amma og börn þeirra, þar á meðal kjörbörn og svo fjarskyldari erfingjar og óskyldir. Aðrir bréferfingjar en þeir sem rúmast innan fyrri flokksins sæta skattlagningu skv. 2. mgr. 5. gr.

C. Fjárhæð skattsins og skattfrelsismörk.

Tvær veigamestu breytingar frumvarpsins eru annars vegar veruleg lækkun skatthlutfallsins og hins vegar hækkun skattfrelsismarka. Þannig er gert ráð fyrir að af erfðafé í a-flokki skuli greiða 5% erfðafjárskatt og af erfðafé í b-flokki skuli greiða 10% erfðafjárskatt. Ræðst skattfjárhæðin af skyldleika erfingja við arfleifanda eins og samkvæmt gildandi lögum. Skatturinn er því hærri eftir því sem skyldleikinn er firnari. Slíkar reglur eru réttlættar út frá erfðaréttarlegum sjónarmiðum, þ.e. með vísan til þess að erfðaréttur fjarskyldari ættingja er veikari en erfðaréttur náskyldra. Hins vegar hækkar skatturinn ekki eftir því sem erfðafé vex eins og er samkvæmt gildandi lögum. Hann er með öðrum orðum ekki stigvaxandi.

Samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfall þeirra erfingja sem falla munu undir a-flokk samkvæmt frumvarpi þessu 5% á gjaldstofn undir 830 þús. kr. sem hækkar um 1% fyrir hverjar 830 þús. kr. umfram það mark þar til 4,1 millj. kr. eignamarki er náð. Af eignum umfram það greiðist 10% skattur. Í gildandi lögum fer skatthlutfall þeirra erfingja sem falla munu undir b-flokk stighækkandi miðað við 830 þús. kr. eignabil fyrir hver tvö prósent frá 15% upp í 25%, þar til 4,1 millj. kr. eignamarkinu er náð. Sem fyrr segir er tillaga frumvarpsins sú að allir þeir erfingjar sem samkvæmt gildandi lögum falla undir C-flokk verði skattlagðir með erfingjum í b-flokki. Í C-flokki samkvæmt gildandi lögum er skatthlutfallið á bilinu 30–45% miðað við 830 þús. kr. eignabil fyrir hver þrjú prósent. Það þýðir að erfðafjárskattur af eignum umfram 4,1 millj. kr. í C-flokki er 45% samkvæmt gildandi lögum. Nái frumvarpið fram að ganga munu þessir aðilar greiða 10% erfðafjárskatt eftir breytinguna. Af þessu sést að tillaga frumvarpsins gerir ráð fyrir að verulega verði dregið úr jaðaráhrifum erfðafjárskattsins enda óvenju mikil í gildandi kerfi.

Í frumvarpinu er miðað við að heildarskattfrelsismörk í hverju dánarbúi verði 1 millj. kr. og að erfðafjárskattur verði eingöngu lagður á þá fjárhæð sem er umfram viðmiðunarmörkin. Í dag eru skattfrelsismörkin afar lág, eða einungis 60 þús. krónur. Þá er skatturinn lagður á alla fjárhæðina sé hún hærri en 60 þús. kr., en ekki einungis það sem umfram er.

Samfara verulegri lækkun skatthlutfallsins og skattfrelsismarkanna er horfið frá ýmsum undanþágum sem verið hafa í lögunum, sbr. umfjöllun undir A-lið hér að framan. Há skatthlutföll vekja ávallt upp kröfur um undantekningarreglur á ýmsum sviðum. Með þeirri lækkun og einföldun á skattlagningunni sem lögð er til í frumvarpinu ætti að vera svigrúm til þess að afnema undanþágur frá greiðslu erfðafjárskatts sem verið hafa í gildi án þess að það komi of þungt niður á þeim aðilum sem hafa getað nýtt sér þær.

D. Ákvörðun gjaldstofns.

Í frumvarpinu eru ítarlegri ákvæði um gjaldstofn erfðafjárskatts en verið hafa samkvæmt gildandi lögum, án þess að um breikkun skattstofnsins sé að ræða. Þá eru sett skýrari ákvæði um við hvaða tímamark skuli ákveða gjaldstofninn.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er gjaldstofn erfðafjárskatts heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Erfðafjárskatturinn er síðan reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á gjalddaga skattsins, þ.e. við skiptalok. Sú meginregla er lögð til að við ákvörðun

gjaldstofns sé miðað við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Frá þeirri meginreglu eru fjórar undantekningar sambærilegar þeim sem eru í gildandi lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hlutabréf verði talin fram á nafnverði eins og samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi skal þegar eign hefur verið seld nauðungarsölu miða verðmæti við uppboðsandvirði eignarinnar. Þriðja undanþágan varðar fasteignir. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði. Hins vegar er tekið upp mikilvægt nýmæli varðandi fasteignir sem felur það í sér að sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 90/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi erfðafjárskýrslu matsgjörð sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul. Fjórða og síðasta undanþágan varðar mat á búpeningi og er það óbreytt frá gildandi lögum.

E. Málsmeðferðarreglur, álagning og innheimta.

Samkvæmt gildandi lögum skulu sýslumenn fyrir 15. janúar ár hvert senda skattstjóra í sínu skattumdæmi eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári. Jafnframt skal sýslumaður senda Ríkisendurskoðun fyrir sama tíma eitt eintak af öllum erfðafjárskýrslum sem þeir hafa afgreitt á næstliðnu ári. Í gildandi lögum er einnig mælt fyrir um endurskoðun skattstjóra á skýrslunum, einkum framtöldum eignum, og um endurskoðun Ríkisendurskoðunar á ákvörðun skattsins. Telji skattstjóri eignir vantaldar gerir hann sýslumanni viðvart. Skal sýslumaður ganga eftir skýringum erfingja, sbr. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga. Ef vantalning er afsakanleg skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskatt að nýju á grundvelli nýrrar erfðafjárskýrslu erfingja. Að öðrum kosti ákvarðar sýslumaður viðbótarerfðafjárskatt með rökstuddum úrskurði, sbr. 20. gr.

Í frumvarpinu eru lagðar til ítarlegri reglur um málsmeðferð en er að finna í gildandi lögum. Annars vegar eru reglur um hlutverk sýslumanns við ákvörðun á erfðafjárskatti og hins vegar um eftirlitshlutverk skattstjóra. Þá er lögð til sú meginbreyting að ekki er gert ráð fyrir sérstöku eftirliti Ríkisendurskoðunar. Þess í stað er kveðið skýrar á um allt eftirlit skattstjóra. Gert er ráð fyrir að skattstjóri endurákvarði erfðafjárskatt komi fram nýjar eignir eða verðmæti við eftirlit hans í stað sýslumanns samkvæmt gildandi lögum. Miðað er við að skattstjóri ljúki yfirferð sinni eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 40 dögum eftir að honum barst erfðafjárskýrsla frá sýslumanni. Engin slík ákvæði um málshraða er að finna í gildandi lögum, en með þessu er leitast við að ljúka þessum málum sem fyrst. Skattstjóra ber eftir sem áður að gera viðkomandi sýslumanni viðvart komi fram nýjar eignir sem ekki lágu fyrir í upphafi þar sem nauðsynlegt er að taka upp skiptin í slíkum tilvikum, sbr. lög um skipti á dánarbúum o.fl.

Í frumvarpinu eru einnig ítarlegri ákvæði um gjalddaga erfðafjárskatts og viðurlög sé skatturinn ekki greiddur á réttum tíma, sem og endurgreiðslu oftekins erfðafjárskatts og kæruheimild til yfirskattanefndar sem er nýjung.

VII. Áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs af erfðaskatti sveiflast talsvert milli ára. Á síðustu fimm árum hefur innheimta numið um 665 millj. kr. á ári að jafnaði. Sú fjárhæð hefur þó hækkað nokkuð síðustu ár, m.a. vegna hækkandi fasteignamats, enda eru fasteignir megingjaldstofninn. Á árinu 2002 námu tekjur af þessum skattstofni 769 millj. kr. og er reiknað með að tekjurnar verði nálægt 800 millj. kr. í ár.

Erfitt er að meta með nákvæmni áhrif breytingartillagna frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs, m.a. vegna ónógra upplýsinga um skiptingu skattteknanna eftir gjaldflokkum í gildandi kerfi.

Lausleg áætlun gefur til kynna eftirfarandi skiptingu gjaldstofnsins á mismunandi skattflokka samkvæmt gildandi lögum:

Gjaldflokkur A (5–10%) *85%*
Gjaldflokkur B (15–25%) *13%*
Gjaldflokkur C (30–45%) *2%*

Af þessum tölum sést að meginhluti erfingja, eða um 85%, lendir í lægsta skatthlutfallinu sem verður 5% eftir breytinguna. Ekki liggur fyrir hvert meðaltal arfs í þeim gjaldflokki er nú eða í öðrum gjaldflokkum og því útilokað að reikna út áhrif breytinganna af einhverri nákvæmni. Einnig er óljóst hvaða áhrif hækkun skattleysismarka samkvæmt tillögum frumvarpsins kemur til með að hafa. Á hinn bóginn er ljóst að þessar breytingar munu að óbreyttu skerða tekjur ríkissjóðs allnokkuð, en á móti vegur fækkun undanþágna og væntanlega virkari framkvæmd og eftirlit með skattheimtunni. Þegar allt er lagt saman má þó gera ráð fyrir að ríkissjóður verði af nokkrum tekjum við breytinguna, eða allt að 300–400 millj. kr.

VIII. Áhrif á gjaldendur.

Áhrif breytingartillagna frumvarpsins eru nokkuð mismunandi eftir skattflokkum, en í öllum tilvikum ætti skatturinn að lækka ef frá eru taldir þeir aðilar sem hafa verið undanþegnir skattinum en verða nú skattskyldir. Í eftirfarandi töflu er birtur lauslegur samanburður á skattflokkum fyrir og eftir breytingu. Í öllum tilvikum er erfingi aðeins einn og skattskyldur arfur 3 millj. kr. þegar kostnaður hefur verið dreginn frá.

Í krónum	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Áhrif
Skattflokkur A	190.274	100.000	-90.274
Skattflokkur B	530.559	200.000	-330.559
Skattflokkur C	1.020.856	200.000	-820.856

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin sem fjallar um andlag erfðafjárskatts er efnislega óbreytt frá 1. gr. laga nr. 83/1984. Skv. 1. mgr. eru það erfingjar sem greiða skulu skattinn og skv. 3. mgr. þeir sem taka við gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við frá fall hans. Það eru því erfingjar og gjafþegar sem eru skattskyldir. Athuga ber þó að í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er mælt fyrir um skatt á gjöfum, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Til tekjuskatts teljast samkvæmt ákvæðinu *„Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða.“* Ef ekki er greiddur erfðafjárskattur af fyrirframgreiðslu upp í arf kann því að vera litið svo á að um gjöf sé að ræða og fer þá um skattlagningu samkvæmt fyrrgreindu ákvæði laga nr. 90/2003. Sama gildir um dánargjafir og eignaauka vegna arftöku. Meginreglan samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er að slík eignaaukning er tekjuskattsskyld, sbr. 7. gr., en á grundvelli 1. tölul. 28. gr. laganna telst eignaaukningin ekki til tekna, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.

Í 1. mgr. er við það miðað að búskiptin fari fram hér á landi. Að því er varðar fasteignir

á Íslandi skal greiða skattinn á Íslandi án tillitis til þess hvar erfingjar eða arfleifandi eru búsettir. Ákvæðið kom inn með 1. gr. laga nr. 114/1989 til samræmis við reglur annars staðar á Norðurlöndum, en þar er alls staðar krafist erfðafjárskatts af fasteignum í því landi þar sem þær eru án tillits til þess hvar búskipti fara fram. Í þeim tilvikum sem búskipti fara fram hér á landi og búið á fasteign erlendis færi skv. 1. mgr. Þess ber að geta að ákvæði þessi verður að lesa með hliðsjón af ákvæði 22. gr. frumvarpsins sem er samhljóða 3. mgr. 25. gr. laga nr. 83/1984 og kom inn í lögin með breytingu sem gerð var með 2. gr. laga nr. 114/1989.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um skattalega meðferð lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóðs. Er ákvæðið sett inn til að taka af tvímæli um að ekki beri að greiða erfðafjárskatt af slíkum lífeyrissparnaði. Um skattlagningu hans fer samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar eru frádráttarbær frá skattskyldum tekjum, sbr. A-lið 30. gr. laga nr. 90/2003, og því ber að greiða tekjuskatt við útborgun lífeyrisins til rétthafa.

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 83/1984 og þarfnast því ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 83/1984, þó með þeirri undantekningu að gert er ráð fyrir þeim möguleika erfingja að hafna arfi, sbr. 2. mgr. Um skattlagningu hjá viðtakanda fer eftir sömu reglu eins og um afsal arfs væri að ræða.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Þá er áréttað að reglan gildi einnig um einstaklinga í staðfestri samvist, sbr. lög þar að lútandi.

Um 5. gr.

Í greininni er annars vegar mælt fyrir um skatthlutfall erfðafjárskatts og hins vegar skipan erfingja í skattflokka. Skipan í skattflokka byggist á skyldleika erfingja og arfleifanda. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt erfðaheimildin sé bréferfð, en ekki lögerfð. Í a-flokknum með lægri skattfjárhæð (5% erfðafjárskattur) eru niðjar arfleifanda, kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn og niðjar þeirra og þeir bréferfingjar sem arfleifandi hefur ráðstafað fé til samkvæmt heimild í 35. gr. erfðalaga, þ.e. þegar hann á skylduerfingja á lífi. Skv. 35. gr. erfðalaga er heimilt að ráðstafa fé til bréferfingja með því að skerða hlut skylduerfingja. Bréferfingjum samkvæmt þessu ákvæði er skipað í a-flokk þar sem talið er að þegar svona standi á sé um sérstaklega náið samband arfleifanda og bréferfingja að ræða. Lagt er til að aðrir erfingjar og bréferfingjar verði skattlagðir í b-flokki (10% erfðafjárskattur).

Ákvæði 2. mgr. er óbreytt og samhljóða 4. mgr. 4. gr. laga nr. 83/1984.

Um 6. gr.

Í greininni er mælt fyrir um fyrirframgreiðslu upp í arf. Af greininni leiðir að ráðstöfun telst ekki vera fyrirframgreiðsla arfs nema um hana sé gerð erfðafjárskýrsla og erfðafjárskattur greiddur. Að öðrum kosti væri framlag talið lífsgjöf, nema fyrrgreindur háttur sé hafður á, sbr. einnig athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Fyrirframgreiddan arf skal greiða þegar framlag hefur verið innt af hendi. Ber að leggja fram erfðafjárskýrslu og fá áritun sýslumanns, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Réttaráhrif fyrirframgreiðslu miðast við það tímamark þegar erfðafjárskattur er greiddur, sbr. 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lögð til veruleg lækkun á skatthlutfallinu. Lagt er til að skatthlutfallið verði 5% hjá þeim erfingjum sem falla undir a-lið 1. mgr. 5. gr. en 10% hjá þeim erfingum sem falla undir b-lið sömu málsgreinar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um verulega hækkun skattleysismarka frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að skattleysismörk fyrir hvert bú verði 1 millj. kr. Um greiðslu erfðafjárskatts af því sem umfram er fer skv. 5. gr. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 8. gr. laga nr. 83/1984.

Um 9. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um gjaldstofn erfðafjárskatts og hvernig meta eigi þær eignir sem þar eru taldar fram. Er meginreglan sú að miða verðmæti allra eigna við markaðsverðmæti. Til áréttingar eru síðan tilgreind algengustu verðmæti og eignir sem falla undir meginregluna. Þá er leitast við að afmarka skýrt við hvaða tímamark skuli miða gjaldstofn erfðafjárskatts og við hvaða tímamark skuli ákvarða verðmæti hans.

Samkvæmt 1. mgr. skal gjaldstofn erfðafjárskatts vera heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Erfðafjárskatturinn skal síðan reiknaður út miðað við verðgildi eignar eða verðmæta arfs hvers erfingja á þeim tíma sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu, þ.e. við skiptalok, sbr. 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Gjalddagi skattsins er síðan 10 dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu, sbr. 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. og 2. mgr. ákvæðsins eru efnislega samhljóða núgildandi reglum, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 83/1984. Gildandi ákvæði hafa þótt óskýr og er leitast við að kveða skýrar á um þessi atriði í frumvarpi þessu.

Í 2. mgr. er finna skilgreiningu á því hvað átt er við með „heildarverðmæti“ fjárhagslegra verðmæta í 1. mgr. ákvæðisins. Þar eru jafnframt taldar upp helstu eignir og verðmæti sem meta ber á markaðsverði. Er það á ábyrgð erfingja að sjá til þess að rétt markaðsverðmæti eigna sé skráð á erfðafjárskýrslu.

Í 3. mgr. eru taldar upp í fjórum stafliðum undantekningar frá meginreglu 2. mgr. ákvæðisins um markaðsverðmæti. Skv. a-lið skal miða verðmæti hlutabréfa við nafnverð. Skv. b-lið skal miða verðmæti eignar sem seld hefur verið nauðungarsölu við uppboðsandvirði. Skv. c-lið skulu fasteignir taldar á fasteignamatsverði. Frá þeirri reglu er ein undantekning sem felur í sér að í þeim tilvikum sem almennt gangverð fasteignar er talið lægra en fasteignamatsverð sé erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið. Að lokum er í d-lið 3. mgr. sérregla varðandi ákvörðun gjaldstofns þegar um búpening er að ræða.

Um 10. gr.

1. og 2. málsl. greinarinnar eru samhljóða 10. gr. gildandi laga. Til að taka af allan vafa er í 3. málsl. ákvæðisins tekið fram að erfðafjárskattur samkvæmt lögunum sé ekki frádráttarbær.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skil á erfðafjárskýrslu til sýslumanns. Er ákvæðið efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga. Það nýmæli er lagt til að erfðafjárskýrslu skuli fylgja þrjú síðustu skattframtöl arfleifanda. Er þetta gert til þess að sýslumaður geti um leið og hann veitir viðtöku erfðafjárskýrslu kannað réttmæti hennar þannig að allar eignir arfleifanda skili sér inn á erfðafjárskýrsluna. Þá er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti ákveðið í hvaða formi erfðafjárskýrsla skuli vera. Opnar þetta meðal annars möguleika til þess að skila rafrænum erfðafjárskýrslum.

Um 12. gr.

Greinin mælir fyrir um eftirlit sýslumanns með réttmæti erfðafjárskýrslu. Er ákvæði greinarinnar að mestu efnislega samhljóða ákvæðum 12. og 13. gr. gildandi laga, en leitast hefur verið við að kveða skýrar á um eftirlit sýslumanns í frumvarpinu.

Í 4. mgr. ákvæðisins er að finna nýmæli sem lýtur að þeirri breytingu á málsmeðferð sem lögð er til í frumvarpinu. Þannig er gert ráð fyrir að erfingjar geti borið ágreiningsefni sín undir yfirskattanefnd vilji þeir ekki fella sig við ákvörðun sýslumanns. Er þetta úrræði til viðbótar því úrræði sem verið hefur samkvæmt gildandi lögum, en erfingjar geta ávallt krafist úrlausnar héraðsdómara um skattskyldu og skattfjárhæð eftir ákvæðum 119. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Samkvæmt 5. mgr. skal sýslumaður senda skattstjóra í sínu skattumdæmi erfðafjárskýrslu sem skal yfirfara hana og kanna hvort eignir séu réttilega taldar fram.

Um 13. gr.

1. mgr. greinarinnar sem mælir fyrir um framkvæmd skiptastjóra við opinber skipti er efnislega samhljóða 1. mgr. 14. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að frumvarp til úthlutunar fylgi með erfðafjárskýrslu til sýslumanns. Að lokinni áritun sýslumanns skal hann senda skýrsluna til skattstjóra í sínu umdæmi sem kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram, sbr. 2. mgr.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 14. gr. laganna að viðbættu því nýmæli að heimilt er að kæra ákvörðun sýslumanns til yfirskattanefndar.

Um 14. gr.

Ákvæðið er nýmæli að því leyti að gert er ráð fyrir að sýslumaður sendi viðkomandi skattstjóra erfðafjárskýrslur jafnóðum og hann lýkur áritun þeirra, sbr. 5. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Skattstjóra eru síðan sett ákveðin tímamörk til að ljúka endurskoðun sinni. Þá er gert ráð fyrir að skattstjóri geri erfingjum sérstaklega viðvart þegar hann hefur lokið skoðun sinni.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli, en þar er mælt fyrir um málsmeðferð skattstjóra komi í ljós tormerki á erfðafjárskýrslu. Greinin er samin með hliðsjón af 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt 1. mgr. skal skattstjóri skriflega skora á erfingja og eftir atvikum skiptastjóra að gefa umbeðnar skýringar á erfðafjárskýrslu telji hann skýrsluna ófullnægjandi. Þess ber að geta að í þeim tilvikum sem erfingjar eru fleiri en einn ber skattstjóra að leita viðhorfa þeirra allra til álitaefnisins áður en hann tekur ákvörðun, nema fyrir liggi skýrt umboð um fyrirsvar.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að skattstjóri endurákvarði erfðafjárskatt sé erfðafjárskýrslu breytt í framhaldi af skoðun hans.

Um 16. gr.

Í greininni er að finna nýmæli sem felur í sér kæruheimild á ákvörðunum skattstjóra skv. 15. gr. til yfirskattanefndar samkvæmt lögum um yfirskattanefnd.

Um 17. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við þá upplýsingaskyldu sem er finna í 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar er samið með hliðsjón af sambærilegu ákvæði 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eiganrskatt. Greinin fjallar um hvernig með skuli fara ef eignir eru ekki réttilega taldar fram til erfðafjárskatts.

Um 19. gr.

Greinin mælir fyrir um innheimtu, gjalddaga og viðurlög við vangreiðslu erfðafjárskatts. Er ákvæðið fært til samræmis við innheimtu og álagningu annarra skatta og gjalda í ríkissjóð.

Samkvæmt 1. mgr. rennur erfðafjárskattur í ríkissjóð og tollstjórar hafa á hendi innheimtu þeirra. Í Reykjavík mun sýslumaðurinn í Reykjavík taka við greiðslu erfðafjárskatts, en þegar um skattbreytingu er að ræða hjá skattstjóra mun tollstjórinn í Reykjavík annast innheimtu skattsins.

Samkvæmt 3. mgr. skal erfðafjárskattur reiknaður út miðað við verðgildi eignar eða verðmæti arfs hvers erfingja á þeim tíma sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu, þ.e. við skiptalok. Samkvæmt 4. mgr. er gjalddagi erfðafjárskatts tíu dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu, sbr. 3. og 5. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. frumvarps þessa. Ef skattstjóri síðan hækkar eða eftir atvikum lækkar ákvarðaðan erfðafjárskatt fellur sú skattbreyting jafnframt í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, sbr. 5. mgr. Ef skatturinn er ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga, sbr. 6. mgr. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu.

Ákvæði 8. mgr. er sett hér til áréttingar, en lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda gilda um oftekinn erfðafjárskatt.

Ákvæði 9. og 10. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum 5. og 6. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða ákvæði 2. mgr. 21. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu eru erfingjar ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts. Er það óskipt ábyrgð, en með þeirri takmörkun að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

Um 21. gr.

Í greininni er að finna refsiákvæði vegna brota á lögunum. Er ákvæðið samið með hliðsjón af 109. og 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru samhljóða 25. gr. gildandi laga. Ákvæðið kom inn í lögin með breytingu sem gerð var með 2. gr. laga nr. 114/1989.

Um 24. gr.

Ákvæðið vísar til XI. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, Ýmis ákvæði um skattyfirvöld.

Um 25. og 26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um erfðafjárskatt.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um erfðafjárskatt sem að stofni til eru frá árinu 1984. Helstu breytingarnar frá gildandi lögum miða að því að lækka skatthlutföll og hækka skattfrelsismörk og draga þar með úr jaðarskattsáhrifum. Gert er ráð fyrir að skatthlutföll verði ekki lengur stighækkandi, heldur verði tveir flokkar skattaðila eftir skyldleika erfingja þar sem lagður verði á 5% skattur í öðrum flokknum en 10% í hinum. Miðað er við að skattfrelsismörk í dánarbúi verði 1 m.kr. í stað 60.000 kr. samkvæmt núgildandi ákvæðum. Í ljósi þess að skatturinn lækkar talsvert er hins vegar lagt til að horfið verði frá ýmsum undanþágum sem nú eru heimilar, svo sem þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi hjá erfingja eða þegar í hlut eiga opinberir sjóðir, kirkjur, félög o.fl. Þá miðar frumvarpið að því að málsmeðferðarreglur erfðafjárskatts hjá sýslumönnum og skattstjórum verði gerðar skýrari og skilvirkari á ýmsan hátt, auk þess sem heimilt verði að skjóta málum til úrskurðar hjá yfirskattanefnd.

Ekki liggja fyrir nægilega góð gögn um núverandi innheimtu skattsins til að unnt sé að áætla áhrif frumvarpsins á þessar tekjur ríkissjóðs. Samkvæmt lauslegu mati er þó reiknað með að tekjutapið verði í kringum 300–400 m.kr. þegar þess er gætt að framkvæmd og eftirlit ætti að verða skilvirkara og að lækkun skattsins ætti að draga úr undanskotum. Skattálagningin verður einfaldari samkvæmt frumvarpinu og er ekki ástæða til að ætla að breytingar á framkvæmdinni hafi teljandi áhrif á kostnað stjórnsýslunnar verði það lögfest.

606. Fyrirspurn [436. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir og veiðar á háfum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða tegundir háfa eru einkum taldar nýtanlegar hér við land, hvar veiðast þær helst og hvenær árs?
2. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á framangreindum tegundum, hvenær hófust þær og hvaða athuganir eru nú í gangi? Óskað er eftir almennum upplýsingum um lífshætti og líffræði þeirra tegunda sem taldar eru nýtanlegar, en jafnframt er spurt hvort einhverjir þættir í lífsháttum þeirra, svo sem göngur eða þjöppun á tilteknum árstímum, geri háfana auðveiddari þá en endranær.
3. Liggur fyrir mat, eða vísir að mati, á stofnstærð og veiðiþoli einhverra framangreindra tegunda?
4. Hvaða aðferðum er einkum beitt til að veiða þær hér á landi? Er öðrum aðferðum beitt við veiðar svipaðra tegunda annars staðar?
5. Hvar eru helstu markaðir fyrir íslenska háffiska og hvaða afurðir eru það sem einkum eru fluttar út?
6. Hve mikill er skráður háffiskaafli á ári sl. 10 ár og hvar barst hann einkum á land?
7. Hafa verið gerðar mælingar á magni þávirkra lífrænna efna og þungmálma í þeim tegundum háfa sem teljast vænlegastar til markaðssetningar? Óskað er eftir upplýsingum um grófar niðurstöður ef svo er. Ef svarið er neikvætt, telur þá ráðuneytið að einhverjir þættir í líffræði nýtanlegra tegunda, svo sem ævilengd og fæðuhættir, séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að ráðast í slíkar mælingar eigi að freista aukinnar markaðssetningar á þeim?
8. Telur ráðuneytið líklegt að þróa mætti veiðar á háffiskum þannig að þær stæðu undir sér og ykju framleiðslu í sjávarútvegi? Óskað er eftir ítarlegum rökstuðningi.

Skriflegt svar óskast.

607. Fyrirspurn [437. mál]

til landbúnaðarráðherra um íslenska álinn.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um lífshætti áls og álagöngur í íslenskum ám og votlendi?
2. Hvaða rannsóknarverkefni varðandi íslenska álinn eru í gangi, hvar eru þau vistuð og hve miklu fjármagni er áætlað að verja til þeirra?
3. Hvaða rannsóknir hafa áður verið gerðar á lífsháttum íslenska álsins?
4. Hversu miklum fjármunum hefur verið kostað til þeirra rannsókna sl. 10 ár? Óskað er eftir að upphæðir séu tilgreindar fyrir hvert ár.

5. Á hvaða svæðum landsins er einkum að finna ála?
6. Í hvers konar veiðarfæri og með hvers konar aðferðum er áll einkum veiddur? Hafa verið gerðar einhverjar tilraunir með veiðitækni í því skyni að auka afla?
7. Liggja fyrir upplýsingar um álaveiði sl. 10 ár?
8. Hvað meta sérfræðingar íslenska álastofninn stóran, og hve mikið er líklegt að megi veiða án þess að ganga of nærri honum?
9. Telur ráðuneytið að veiðar á ál og vinnsla afurða séu líkleg til að geta vaxið og staðið undir sér sem atvinnugrein?
10. Hafa verið gerðar tilraunir með áframeldi á íslenskum glerál? Ef svo er, hver virðast helstu tæknilegu vandamálin við eldið? Gefa niðurstöður tilrauna tilefni til að meta hvort áframeldi á íslenskum glerál væri líklegt til að standa undir sér?
11. Hafa verið gerðar rannsóknir á göngum gleráls með það fyrir augum að nota íslenskan glerál til áframeldis? Er hægt á grundvelli þeirra að meta hversu mikils magns gleráls megi afla úr íslenskum ám til hugsanlegs áframeldis? Hvað gæti það magn við bestu aðstæður staðið undir miklu álaeldi?

Skriflegt svar óskast.

608. Fyrirspurn [438. mál]

til umhverfisráðherra um kælimiðla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað förgun og/eða úrvinnslu kælimiðla sem heyra undir lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002?
2. Hversu mikið er flutt inn af slíkum efnum og hversu mikið kemur til endurvinnslu árlega?
3. Hverjir senda efnin til endurvinnslu og hver er talin helsta skýringin á því hversu lítið magnið er?
4. Hversu mikið af ósoneyðandi kælimiðlum er talið vera í notkun hér á landi og í íslenskum skipum?
5. Hvað hyggjast stjórnvöld fyrir til að tryggja að gömlum kælikerfum sé skilað til förgunar áður en bann við notkun þeirra gengur í gildi 2015?

Skriflegt svar óskast.

609. Fyrirspurn [439. mál]

til menntamálaráðherra um Olweus-átak gegn einelti í grunnskólum.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Hvaða grunnskólar taka þátt í Olweus-átakinu gegn einelti og hversu margir nemendur, starfsmenn og foreldrar taka þátt í því?
2. Hvernig metur ráðherra árangur af átakinu til þessa og hvers væntir hann af því á komandi árum?
3. Hversu margir skólar hafa sótt um að taka þátt í Olweus-átakinu gegn einelti frá haustinu 2004? Hvar eru þessir skólar á landinu?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að öllum grunnskólum hér á landi gefist kostur á að taka þátt í Olweus-átakinu á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.

610. Fyrirspurn [440. mál]

til heilbrigðisráðherra um læknismál í Austurbyggð.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvenær má vænta úrbóta í læknismálum í Austurbyggð en þar hefur verið læknislaust um nokkurt skeið? Er svipað vandamál víðar á landsbyggðinni?

611. Fyrirspurn [441. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rækjuveiðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu mikið af úthlutuðum rækjukvóta náðist ekki að veiða síðustu fimm fiskveiðiár? Svarið óskast sundurliðað eftir skipaskrárnúmerum, nöfnum, stærð og eigendum skipanna.

Skriflegt svar óskast.

612. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur, Jón Sæmund Sigurjónsson og Hrönn Ottósdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Garðar Sverrisson og Valgerði Ósk Guðjónsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands og Halldór Gunnarsson frá Þroskahjálp.

25. mars sl. gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samkomulag við formann Öryrkjabandalagsins um hækkun grunnlífeyris öryrkja. Í viðræðunum var lögð sérstök áhersla á sérstöðu þeirra sem yngstir verða öryrkjar og kom fram vilji til að bæta hag þeirra sérstaklega. Samráðsnefnd sem skipuð var síðasta vor var falið að útfæra samkomulagið innan þess ramma sem ríkisstjórnin samþykkti, sem var eins milljarðs kr. framlag til þessara breytinga.

Í frumvarpinu er lagt til að aldurstengd örorkuuppbót verði tekin upp. Felur hún í sér að fjárhæð uppbótarinnar miðist við þann aldur þegar einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. og 29. gr. almannatryggingalaga eða uppfyllir skilyrði 8. gr. laga um félagslega aðstoð. Frumvarpið miðar að því að bæta hag þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Algengt er að þarna sé um að ræða einstaklinga sem hafa ekki hafið störf á vinnumarkaði, ýmist vegna ungs aldurs eða skólagöngu, og hafa þar af leiðandi ekki haft tækifæri til að öðlast framreiknuð réttindi í lífeyrissjóðum, eins og sumir þeirra sem eldri eru, eða búa með atvinnutekjum í haginn fyrir framtíðina.

Í 1. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga kemur fram að einstaklingar á aldrinum 16–67 ára eiga, að uppfylltum lagaskilyrðum, rétt á örorkulífeyri. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að greiðslur aldurstengdrar örorkuuppbótar geti fyrst hafist við 18 ára aldur. Við umfjöllun málsins kom fram hjá fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að eðlilegt þætti að miða við 18 ára aldur sem er lögræðisaldur. Börn undir lögræðisaldri eru forsjárskyld og á framfæri foreldra sinna og því eiga ekki sömu sjónarmið við um þau og lögráða einstaklinga. Meiri hlutinn tekur undir þetta. Einnig kom fram að framkvæmdin hjá Tryggingastofnun er með þeim hætti að barn á aldrinum 16–17 ára, sem metið hefur verið öryrki, getur ásamt foreldum sínum valið hvort það fær örorkulífeyri eða hvort greiddar eru umönnunarbætur til foreldra þess. Valið ræðst svo af því hvort kemur hagstæðar út fyrir viðkomandi.

Meiri hlutinn fagnar því skrefi sem stigið er með frumvarpinu til viðurkenningar á sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni og þeim kjarabótum sem frumvarpið tryggir þeim. Það felur í sér að örorkulífeyrir, sem nú er 20.630 kr. hækkar með aldurstengingunni um 100% hjá þeim sem verða 75% öryrkjar 18 og 19 ára og verður því 42.498 kr. árið 2004, að viðbættum lögbundnum hækkunum miðað við verðlag 1. janúar nk. Aldurstengda örorkuuppbótin lækkar svo hlutfallslega eins og fram kemur í 2. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins (sem á að verða 2. mgr. 15. gr. laganna) eftir því sem einstaklingar verða öryrkjar síðar á lífsleiðinni. Að viðbættri tekjutryggingu og tekjutryggingarauka þýðir þessi lagabreyting að öryrkjum á aldursbilinu 18–19 ára eru tryggðar greiðslur frá Tryggingastofnun að fjárhæð 108.350 kr. á mánuði. Innifalin í þeirri fjárhæð er 2.000 kr. hækkun á tekjutryggingu og 2.000 kr. hækkun á tekjutryggingarauka sem koma til framkvæmda 1. janúar nk. samkvæmt

reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga, nr. 823/2002. Við þetta getur svo bæst heimilisuppbót þannig að samtals geta greiðslur til öryrkja á þessu aldursbili numið 126.547 kr. frá 1. janúar nk.

Þá minnir nefndin á aðrar nýlegar breytingar til hækkunar á bótum almannatrygginga til öryrkja. Verulega hefur verið dregið úr áhrifum atvinnutekna til lækkunar á bótagreiðslum til öryrkja en frá miðju ári 2001 eru einungis 60% af atvinnutekjum öryrkja lögð til grundvallar við útreikning á tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót í stað 100% áður. Áhrif tekna til skerðingar á tekjutryggingarauka hafa jafnframt verið minnkuð úr 67% í 45%.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að eftir 1. júlí nk. er fyrirhugað að meta hvernig til hafi tekist við að koma sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að við það mat verði sérstaklega skoðuð mismunandi fjárhagsleg afkoma þeirra sem verða öryrkjar ungir að árum með tilliti til þess hvort þeir hafa eignast framreiknaðan rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóði.

Meiri hlutinn mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 9. des. 2003.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir, varaform.	Dagný Jónsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Guðjón Hjörleifsson.

613. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Lokamálsliður orðast svo: Vörumerki skulu birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 69. gr. laganna kemur ný grein, 69. gr. a, sem orðast svo:

Allar auglýsingar og tilkynningar af hálfu Einkaleyfastofunnar, sem kveðið er á um í lögum þessum og birtar skulu almenningi, eru birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, lögum nr. 45/1997, um vörumerki, og lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, að heimilt verði að gefa ELS-tíðindi út á rafrænan hátt og dreifa þeim á netinu.

ELS-tíðindi hafa að geyma allar tilkynningar varðandi umsóknir og skráningar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar sem Einkaleyfastofunni er falið að birta almenningi lögum samkvæmt. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð fer birting sambærilegra tíðinda, er varða hugverkarétt á sviði iðnaðar, nú þegar fram með rafrænum hætti.

Einkaleyfastofan hefur birt ELS-tíðindi á netinu samhliða hinni prentuðu útgáfu frá árinu 2001, nánar tiltekið á vefsíðu Einkaleyfastofunnar á slóðinni www.els.is. Þannig er nú öll tölublöð ELS-tíðinda frá október 1990 að finna á framangreindri vefsíðu. Sú reynsla, sem fengin er af útgáfu ELS-tíðinda á netinu, hefur verið góð.

Með breytingum, sem gerðar voru árið 2002 á lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, var lögfest sú heimild að gefa Lögbirtingablað út með framangreindum hætti. Í greinargerð með frumvarpi breytingalaganna segir m.a.: „Rafræn miðlun upplýsinga er í senn skilvirk og ódýr leið til að koma upplýsingum á framfæri, auk þess sem hún er betur til þess fallin að ná því markmiði birtingar að efni, sem á erindi við allan almenning, verði kunnugt og aðgengilegt.“ Verður að telja að sömu rök eigi við um útgáfu ELS-tíðinda.

Aðgangur Íslendinga að tölvum og jafnframt netinu hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Sér í lagi er notkun þessi mikil á tæknisviðum, í rannsókna- og þróunarstarfi og á sviði viðskipta. Á þessum sviðum eru hugverkaréttindi einmitt hvað mest notuð. Verði útgáfa ELS-tíðinda eingöngu rafræn geta þeir sem þess óska áfram keypt útprentun af tíðindunum gegn greiðslu kostnaðar af útprentun þeirra og sendingu.

Með hliðsjón af framangreindu þykja nú hafa skapast skilyrði til að leysa hina prentuðu útgáfu ELS-tíðinda af hólmi með rafrænni birtingu á netinu.

Ekki er gert ráð fyrir að breyting þessi hafi áhrif á útgáfuna að öðru leyti. Sérstaklega skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir breytingum að því er varðar réttaráhrif þeirra tilkynninga sem birtar eru í tíðindunum. Þannig mun birting í tíðindunum miðast við tilgreindan útgáfudag þegar þeim er dreift á netinu með sama hætti og hún er nú miðuð við tilgreindan dag þegar blaðið fer í dreifingu frá prentsmiðju.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun kostnaður við útgáfu ELS-tíðinda lækka töluvert, þar eð útprentunar- og dreifingarkostnaður verður í lágmarki. Þá munu ELS-tíðindi berast notendum fyrr, sem nemur þeim tíma sem annars tekur að dreifa tíðindunum og lengir því þann tíma sem þeir hafa t.d. til að koma fram með andmæli við skráningum frá birtingardegi. Að lokum skal bent á þann umhverfisvæna þátt sem rafræn birting hefur í för með sér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, lögum nr. 45/1997, um vörumerki, og lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, þar sem Einkaleyfastofu er veitt heimild til að gefa út allar tilkynningar varðandi umsóknir og skráningar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar sé fært rafrænt og birt á vefnum (ELS-tíðindi). Ef frumvarpið verður að lögum má gera ráð fyrir að útgáfukostnaður Einkaleyfastofu lækki um 1,5 m.kr. á ári. Stofnunin er fjármögnuð með eigin tekjum og því er ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði úr ríkissjóði vegna frumvarpsins.

614. Nefndarálit [304. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Pál Gunnar Pálsson og Stefán Svavarsson frá Fjármálaeftirlitinu og Guðjón Rúnarsson frá samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunarinnar, Ríkisendurskoðun, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi löggiltra endurskoðenda, Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra sparisjóða, Seðlabanka Íslands, Kauphöll Íslands hf., Samtökum atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands og ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkanir á einstökum álagningarhlutföllum og lágmarksgjöldum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald hækki um rúm 11%. Þessar tillögur byggjast á skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs.

Nefndin vekur athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið segir að álagningarhlutföll séu hækkuð en lágmarksgjöld séu óbreytt. Þetta er ekki alls kostar rétt þar sem í frumvarpinu er ekki lögð til hækkun álagningarhlutfalls af iðgjöldum vátryggingafélaga eða rekstrartekjum verðbréfamiðstöðva. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir hækkun á lágmarksgjöldum verðbréfafyrirtækja og jafnframt verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Páll Magnússon.	Lúðvík Bergvinsson.

Ögmundur Jónasson.

615. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu, Hauk Hafsteinsson frá Landssambandi lífeyrissjóða og Elsu B. Friðfinnsdóttur og Helgu B. Ingimundardóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Lagt er til að trúnaðarlæknir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í stað tryggingayfirlæknis. Með breytingunni er framkvæmd þessa mats færð til samræmis við það sem tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Þá er í frumvarpinu lögð til breyting á aðildarskilyrðum að sjóðnum. Breytingin hefði í för með sér að frá og með 1. janúar 2004 gætu launagreiðendur, sem reka þjónustu sem ekki eru að fullu í eigu ríkis eða sveitarfélaga, ekki óskað eftir því að greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Álit nefndarinnar er að heildstæða skoðun þurfi á aðildarskilyrðum sjóðsins áður en slík breyting er gerð.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. falli brott.

Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Páll Magnússon.	Lúðvík Bergvinsson.

Ögmundur Jónasson.

616. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu og Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Ríkisútvarpinu, Alþýðusambandi Íslands, Kennarasambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Neytendasamtökunum og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að virðisaukaskattur af hljóðbókum verði lækkaður úr 24,5% í 14% sem er sama skatthlutfall og leggst á bækur almennt. Sanngirnisrök styðja þessa breytingu.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Önnur miðar að því að skýra nánar hvað átt sé við með hljóðbók þannig að það valdi ekki vafa í framkvæmd. Lagt er til að ákvæðið verði takmarkað við hljóðupptökur af lestri bóka sem í ákvæðinu greinir. Jafnframt þykir rétt að gildistaka frumvarpsins falli saman við uppgjörstímabil virðisaukaskattsins og er því lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar nk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Efnisliður 1. gr. orðist svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Páll Magnússon.	Lúðvík Bergvinsson.

Ögmundur Jónasson.

617. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu og Hauk Hafsteinsson frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að trúnaðarlæknir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins meti orkutap sjóðfélaga í stað tryggingayfirlæknis. Með breytingunni er framkvæmd þessa mats færð til samræmis við það sem tíðkast meðal annarra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Páll Magnússon.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

618. Nefndarálit [400. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Ólaf Kjartansson frá Úrvinnslusjóði, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Ögmund Einarsson frá Sorpu og Kjartan Valgarðsson frá Gámaþjónustunni.

Þá óskaði nefndin umsagnar umhverfisnefndar um málið og fylgir umsögn hennar áliti þessu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur. Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu samkvæmt ábendingu umhverfisnefndar, sbr. umsögn hennar um frumvarpið.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005.

Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Páll Magnússon.	Lúðvík Bergvinsson.
	Ögmundur Jónasson.	

Fylgiskjal.

Umsögn

Umhverfisnefnd hefur borist bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. desember sl., þar sem óskað er álits nefndarinnar á umhverfisþætti 400. máls, frumvarps til breytinga á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Ólaf Kjartansson frá Úrvinnslusjóði.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að gjaldtöku vegna veiðarfæra verði frestað um eitt ár en samhliða eru lagðar til breytingar á lögunum þannig að fjallað er um veiðarfæri í 8. gr. sem vöru sem úrvinnslugjald er greitt af og tollnúmer þeirra færð í viðauka. Umrætt ákvæði um að taka inn úrvinnslugjald á veiðarfæri lagði umhverfisnefnd til á 128. löggjafarþingi þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald, nú lög nr. 162/2002, var til umfjöllunar hjá nefndinni. Einnig er lagt til að álagningu úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir verði frestað ótímabundið. Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að það krefjist töluverðs undirbúnings að hefja gjaldtöku af þessum vöruflokkum, m.a. vegna þess hve víða þeir koma fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi. Við fyrstu umræðu um málið kom fram hjá fjármálaráðherra að stefnt sé að því að flytja nýtt frumvarp á þessu þingi þar sem þessum vöruflokkum verði bætt við lögin. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom jafnframt skýrt fram hjá fulltrúum ráðuneytanna og Úrvinnslusjóðs að unnið sé að undirbúningi þess að bæta viðkomandi vöruflokkum í hóp vöruflokka sem úrvinnslugjald er greitt af.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða III þannig að úrvinnslugjaldi á veiðarfæri er frestað um eitt ár en ákvæði sömu greinar um að leggja skuli úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir er fellt brott. Telur nefndin að með því sé frestunin á því að leiða þennan vöruflokk í lög orðin ótímabundin. Nefndin leggur til að þessu verði breytt þar sem hún telur rétt að miðað sé við tiltekinn tímafrest og er lagt til að miðað verði við að úrvinnslugjald verði lagt á þessa vöruflokka frá 1. janúar 2005. Jafnframt eru lagðar til lagfæringar á ákvæðinu þar sem óþarfi er að tiltaka í ákvæði til bráðabirgða að leggja skuli úrvinnslugjald á heyrúlluplast frá 1. janúar 2004 því að lögin skulu öðlast gildi frá og með þeim tíma og heyrúlluplastið fellur þar undir. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

3. gr. frumvarpsins orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. des. 2003.
Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Dagný Jónsdóttir, varaform.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Gunnar Birgisson.
Mörður Árnason.
Kjartan Ólafsson.

619. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu.

Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Kauphöll Íslands hf. og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að útgáfu starfsleyfa til alþjóðlegra viðskiptafélaga verði hætt frá og með 1. janúar 2004 og að starfsleyfi félaga sem þegar hafa fengið starfsleyfi falli úr gildi 1. janúar 2008 samhliða því að lögin falla úr gildi.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af lögunum og röksemda sem tíundaðar eru í greinargerð lýsir nefndin sig fylgjandi frumvarpinu. Nefndin telur þó rétt að að gefa markaðnum ráðrúm til að átta sig á breytingunum og leggur því til að ekki verði tekið fyrir útgáfu nýrra starfsleyfa fyrr en 1. mars 2004.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað dagsetningarnar „31. desember 2003“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1. mars 2004.

Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara við breytingartillöguna. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Birgir Ármannsson.	Páll Magnússon.	Lúðvík Bergvinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

620. Frumvarp til laga [443. mál]

um fórnarlamba- og vitnavernd.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Þuríður Backman.

1. gr.

Fórnarlömbum mansals skal gefinn kostur á fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt lögum þessum.

Með mansali er í lögum þessum átt við að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi fé eða tekið við því eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms.

2. gr.

Í fórnarlamba- og vitnavernd felst að útlendingi sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi skal gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi gegn því að hann aðstoði yfirvöld eftir því sem kostur er við að hafa uppi á þeim sem stunda mansal og veiti lögreglu og dómstólum upplýsingar, svo sem með skýrslum og vitnisburði. Fórnarlambaverndin gengur framar vitnaverndinni, þannig að ef fórnarlamb mansals treystir sér ekki til eða getur ekki vitnað gegn hinum brotlegu skerðir það ekki rétt hans til þeirrar aðstoðar sem lögin gera ráð fyrir.

Sá sem þiggur vernd samkvæmt lögum þessum skal slíta öll tengsl við þann sem grunaður er um að stunda mansal.

Dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. er veitt til eins árs. Það er hægt að framlengja um jafnlangan tíma.

Þeir sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd skulu taka þátt í áætlun um félagslegan stuðning þann tíma sem þeir þiggja verndina. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn

og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim standa til boða aðstoð við að sækja um ótímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þegar fórnarlamba- og vitnaverndinni lýkur.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áætlun um félagslegan stuðning og önnur úrræði skv. 4. mgr.

3. gr.

Fórnarlömb mansals, sem gefinn er kostur á fórnarlamba- og vitnavernd, hafa 30 daga umþóttunartíma til að ákveða hvort þau þiggja verndina. Meðan á umþóttunartímanum stendur skulu fórnarlömbin njóta aðstoðar skv. 4. mgr. 2. gr. og hafa bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

4. gr.

Þegar dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. rennur út eiga lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga við. Ef þeir sem hafa þegið fórnarlamba- og vitnavernd sækja um dvalar- og atvinnuleyfi skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd um fórnarlamba- og vitnavernd vegna framkvæmdar laga þessara. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Útlendingastofnun, einn af Vinnumálastofnun og einn af ríkislögreglustjóra. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis skal vera ritari og starfsmaður nefndarinnar og annast aðstoð við fórnarlömb mansals og þiggjendur fórnarlamba- og vitnaverndar.

Nefndin skal hafa eftirtalin verkefni:

a. að kanna hvort grunur um mansal er á rökum reistur,
b. að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis skv. 1. mgr. 2. gr. til þeirra sem þiggja boð um að taka þátt í fórnarlamba- og vitnavernd að uppfylltu skilyrði a-liðar,
c. að taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis skv. 3. mgr. 2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfssvið og starfshætti nefndarinnar.

6. gr.

Vinnumálastofnun gefur út atvinnuleyfi og Útlendingastofnun dvalarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. að fengnu samþykki nefndar um fórnarlamba- og vitnavernd.

7. gr.

Að öðru leyti en leiðir af lögum þessum gilda lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga eftir því sem við á um þau fórnarlömb mansals sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að festa í lög svokallaða fórnarlamba- og vitnavernd til handa fórnarlömbum mansals, enda er slíkt í samræmi við skuldbindingar aðildarríkja samnings

Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd 13. desember 2000 en bíður fullgildingar. Við samning þennan voru gerðir tveir viðaukar. Öðrum þeirra er ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst sölu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd og aðstoð. Þessi viðauki er kenndur við Palermó á Sikiley, en þar var samningurinn undirritaður.

Refsinæmi mansals og skilgreining.

Skilgreininging á mansali skv. 3. gr. Palermó-viðaukans er eftirfarandi (óopinber þýðing): „„Mansal" merkir að fólk sé fengið, flutt, framselt, hýst eða við því tekið, með valdi eða hótun um valdbeitingu eða með annars konar nauðung, með mannráni, svikum, blekkingu, valdníðslu eða misnotkun á varnarleysi þess, eða ef látið er af hendi eða tekið við fé eða öðrum gæðum til þess að fá fram samþykki við því að einstaklingur öðlist vald yfir öðrum einstaklingi í hagnýtingarskyni. Hagnýting tekur, í það minnsta, til hagnýtingar á vændi annarra eða annarrar kynferðislegrar hagnýtingar, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahalds eða athæfis sem svipar til þrælahalds, ánauðar eða líffæranáms. Samþykki þess sem er fórnarlamb mansals við hagnýtingu af þeim toga sem lýst er hér að ofan skiptir engu máli í tilvikum þar sem einhverjum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan hefur verið beitt. Tilkvaðning, flutningur, framsal, hýsing eða viðtaka á barni í hagnýtingarskyni telst vera „mansal", jafnvel þótt ekki sé beitt neinum þeim aðferðum sem lýst er hér að ofan. „Barn" merkir einstakling undir átján ára aldri."

Í núgildandi hegningarlögum, nr. 19/1940, er í 227. gr. a að finna svohljóðandi ákvæði sem gerir mansal refsivert með allt að 8 ára fangelsi:

„Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að átta ára fangelsi:

1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr."

Alþjóðlegt vandamál.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslum Sameinuðu þjóðanna um mansal (trafficking in persons) má gera ráð fyrir að hundruð þúsunda karla, kvenna og barna séu árlega seld ólöglega milli landa vítt og breitt um heiminn. Til skamms tíma töldu menn að þetta fólk væri viljugir þátttakendur í hinu ólöglega athæfi, fólk sem sjálfviljugt flýði fátækt og eymd í heimalöndum sínum í von um að eitthvað skárra væri í boði á hinum ríku Vesturlöndum. En hin síðari ár hafa nýjar hliðar á þessari ólöglegu starfsemi orðið meira áberandi, það er sú starfsemi sem tengist hinum svokallaða „kynlífsmarkaði" Vesturlanda. Í slíkum tilfellum er oft um nauðung að ræða og er ofbeldi og hótunum gjarnan beitt til að beygja fórnarlömbin undir vilja þeirra sem stunda mansal. Fólk greiðir gjarnan háar upphæðir fyrir flutninginn sem oft á sér stað við óviðunandi aðstæður. Fólkið endar svo oftar en ekki í nauðungarvinnu, vændi eða sem þátttakendur í öðru ólöglegu athæfi í móttökulandinu.Talið er að í Bandaríkjunum einum

stundi 100.000 ólöglegir innflytjendur vændi og í skýrslu Sameinuðu þjóðanna Global Report on Crime and Justice er talið að 40.000–50.000 tælenskar konur, ólöglegir innflytjendur, stundi vændi í Japan. Það ríkir mikil óvissa um hversu margir ólöglegir innflytjendur starfa við vændi í Evrópulöndunum, en í skýrslum Sameinuðu þjóðanna er þó talað um að þeir geti verið tvö til fimm hundruð þúsund. Tveir þriðju hlutar munu koma frá Austur-Evrópu og einn þriðji frá þróunarlöndum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Af þessu sést að vandamálið er alþjóðlegt og það vex hratt.

Nauðsyn verndar.

Konur sem seldar eru sem kynlífsþrælar lenda oft í grófu ofbeldi og er gjarnan nauðgað hvað eftir annað áður en sala frá einum aðila til annars á sér stað. Ótal dæmi eru um hroðalega meðferð þeirra og ekki er óalgengt að þær séu látnar þjóna vændiskúnnum upp í 18 tíma á dag, alla daga vikunnar. Þær eru í flestum tilfellum algerlega háðar kúgurum sínum, oft eigendum vændishúsanna. Þær eru oftast án vegabréfs í landi sem þær vita jafnvel ekki hvað heitir og eru neyddar til að láta af hendi stærstan hluta þeirra peninga sem kúnnarnir greiða fyrir vændið, enda eru þær sagðar þurfa að endurgreiða háar fúlgur fyrir fargjald, húsaleigu og fæði. Konunum er haldið innilokuðum á vændishúsunum eða þeim er ekið milli kúnna af „eigendum" sínum. Venjulega eru þær fluttar ört á milli landa/staða til að tryggja að þær geti ekki myndað nein tengsl við vændiskúnnana, slíkt gæti orðið til þess að einhverjir tækju það upp hjá sér að vilja bjarga þeim. Þær eru varaðar við að leita til lögreglu, heilbrigðisyfirvalda eða samtaka sem aðstoða fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Reyni þær slíkt kallar það á grófar líkamlegar refsingar, barsmíðar og nauðganir, eða því er hótað að eitthvað komi fyrir fjölskyldur þeirra í heimalöndunum. Allt gerir þetta yfirvöldum erfitt fyrir að ná til fórnarlamba mansals.

Lagasetning í samræmi við samning.

Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að samhliða lögfestingu ákvæðisins í 227. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem mansal er gert að sérstöku refsilagabroti, hefði átt að lögfesta ákvæði um fórnarlamba- og vitnavernd, enda er slíkt í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og viðauka hans. Það er líka í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skammtímadvalarleyfi til handa fórnarlömbum mansals sem aðstoða yfirvöld við að koma upp um þá sem grunaðir eru um að standa að eða stuðla að mansali, CNS 2002/0043. Tillagan bíður nú atkvæðagreiðslu.

Aðgerðir í Evrópu.

Þau lönd í Evrópu sem þegar hafa skilgreint mansal sem sérstakt refsilagabrot hafa jafnhliða tryggt vernd fórnarlambanna á ýmsan hátt. Má þar t.d. nefna Belgíu og Ítalíu. Ítalska fórnarlambaverndin er útfærð í 18. gr. laga nr. 286, dags. 25. júlí 1998, og 27. gr. forsetatilskipunar nr. 394, dags. 31. ágúst 1999, en þessar greinar gera ráð fyrir vegabréfsáritun vegna verndar erlendra borgara. Þar er lögð áhersla á að yfirvöld greini aðstæður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið seldir mansali til Ítalíu og setji af stað áætlun um að aðstoða viðkomandi með hvaðeina sem þarf til að losa þá undan valdi þeirra sem hafa gerst brotlegir við lög og alþjóðasamninga með því að stunda mansal. Í frumvarpinu er þetta atriði ítalska ákvæðisins haft til hliðsjónar.

Lögregluyfirvöld í Evrópulöndum hafa á síðustu árum reynt að kortleggja hegðunarmynstur þeirra glæpasamtaka sem stunda mansal milli landa og hefur orðið nokkuð ágengt

þótt enn sé langt í land. Samtök lögregluyfirvalda í Evrópu leggja áherslu á að samstarf milli landa verði aukið og að fræðsla til lögreglunnar innan hvers lands sé aukin. Samstarf og fræðsla eru lykilatriði í baráttunni gegn þessari ólöglegu starfsemi.

Hinn 26. nóvember 2003 lagði sænska ríkisstjórnin fram frumvarp um vitna- og fórnarlambavernd. Sænsk stjórnvöld vonast til þess að nýju lögin sjái sænsku lögreglunni fyrir öflugu verkfæri í viðleitni hennar til að hafa uppi á skipuleggjendum mansals og smygls á fólki.

Vitnisburður ekki skilyrði verndar.

Rökin fyrir fórnarlamba- og vitnavernd í tengslum við mansal eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi eru mannúðarsjónarmið. Mannréttindi þess fólks sem lendir í klóm nútímaþrælasala hafa verið brotin, það hefur verið niðurlægt og oft hefur það verið beitt grófu ofbeldi. Til að það geti endurheimt mannlega reisn og orðið virkir þegnar í samfélaginu þarf að styðja við það. Í öðru lagi eru þau rök að með því að fá fórnarlömbin til samvinnu við yfirvöld megi auka líkurnar á að lögreglu takist að koma upp um þá glæpamenn sem stunda ólöglegan innflutning eða sölu á fólki. Í því frumvarpi sem hér er flutt er samvinna fórnarlambsins við viðkomandi yfirvöld, um að vitna gegn hinum brotlegu, ekki gerð að skilyrði fyrir dvalarleyfi eða þeirri aðstoð sem skylt yrði að veita fórnarlömbunum samkvæmt frumvarpinu, heldur er lögð áhersla á að líkur aukast á því að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu fái það dvalarleyfið og félagslega og réttarfarslega aðstoð.

Ef ekki er í lögum heimild til sérstaks dvalarleyfis fyrir fórnarlömbin er yfirvöldum nauðugur einn kostur að senda þau úr landi. Það leiðir til þess að þau lenda aftur í klóm glæpamannanna og hörmungarnar halda áfram. Samstarf yfirvalda og fórnarlambs getur verið með því móti að fórnarlambið gefi upplýsingar um grunaða einstaklinga, leggi fram ákæru eða beri vitni fyrir dómi, en í þessu frumvarpi er það ekki gert að skilyrði eins og áður segir.

Mannréttindi og mannúðarsjónarmið.

Í ljósi þess sem áður er sagt um hversu erfitt er fyrir yfirvöld að ná sambandi við fórnarlömb mansals er mikilvægt að þeim sé gert það ljóst að þau eigi rétt á dvalarleyfi og að þau hafi tíma til umþóttunar. Þann tíma er líka mikilvægt að sjá fórnarlömbunum fyrir húsnæði, heilbrigðisþjónustu og annarri nauðsynlegri aðstoð.

Mikilvægt er að yfirvöld geri sér grein fyrir því að fórnarlömbin, oftast konur og börn, hafa að öllum líkindum gengið í gegnum miklar þjáningar, verið í lífshættu og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Einnig ber að hafa í huga að staða þeirra sem lenda í þessum aðstæðum er einatt afar veik. Alþjóðlegir glæpahringir notfæra sér neyð og fátækt fólks og eru því sekir um að notfæra sér yfirburðastöðu sína gagnvart fátækum fórnarlömbum. Aðgerðir lögregluyfirvalda verða því einatt að byggjast á virðingu fyrir einstaklingunum sem í hlut eiga og taka mið af sjálfsögðum mannréttindum og mannúðarsjónarmiðum.

Til að auðvelda yfirvöldum að ná til fórnarlambanna er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðarmálum og samtök sem starfa með innflytjendum eða fórnarlömbum ofbeldis. Ekki er ólíklegt að vitneskja um veru fórnarlamba mansals í landinu berist fyrst til slíkra samtaka. Því er mikilvægt að stjórnvöld efli skipulagt samstarf við slík samtök.

Rökin fyrir því að dvalarleyfið þurfi að vera til eins árs í senn, en ekki til skemmri tíma, eru byggð á raunsæju mati á því hversu langan tíma tekur að vinna mál af þessu tagi og einnig er líklegra að fórnarlömbin telji sér borgið ef tíminn er þetta langur. Líklegra er að fórnar

lömbin séu tilbúin að ganga til samstarfs við stjórnvöld ef þau eiga tryggt dvalarleyfi í landinu í a.m.k. eitt ár en ef eingöngu væri um örfáa mánuði að ræða.

Frumvarpið nær til einstaklinga sem hafa verið vistaðir á Íslandi fyrir milligöngu einstaklinga eða samtaka sem komið hafa þeim í ólögleg störf og/eða í þjónustu á sístækkandi klám- og kynlífsmarkaði. Það tekur hins vegar ekki til þeirra einstaklinga sem eingöngu eru viðkomufarþegar (transit-farþegar) á Íslandi og grunur fellur á við hefðbundið vegabréfaeftirlit slíkra farþega. Talið er ljóst af atburðum síðustu vikna að verið er að smygla fólki gegnum Ísland til Vesturheims og einnig eru til staðar ýmsar vísbendingar um að nektarstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum sem útvega stúlkur til starfa á slíkum stöðum. Vegna alls þessa getum við átt von á að það styttist í að fórnarlömb nútímaþrælaverslunar verði vistuð á Íslandi. Þá er mikilvægt að hafa löggjöf sem getur tekið á slíkum málum með afgerandi hætti.

621. Svar [358. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur um upplýsingar um andlát íslensks drengs í Hollandi.

1. *Hvað hafa dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess gert til að afla upplýsinga um hvarf og andlát Hjálmars Björnssonar, sem lést í Hollandi 27. júní 2002?*

Embætti ríkislögreglustjóra óskaði eftir því formlega í október 2002 að komið yrði á samstarfi milli embættisins og héraðssaksóknara í Rotterdam í Hollandi, en hann stýrir rannsókn á því máli sem hér um ræðir. Dómsmálaráðuneytið fól embættinu að annast þessi samskipti. Ráðuneytið hefur fylgst með framvindu málsins. Embættisbréf hafa gengið á milli landanna af þessu tilefni og var aðstoð íslenskra lögregluyfirvalda boðin fram við rannsókn málsins. Sérstaklega var óskað eftir að gögn sem safna mætti hér á landi yrðu yfirfarin í Rotterdam og afstaða tekin til þeirra í þágu rannsóknar málsins og að embætti ríkislögreglustjóra yrðu látin í té afrit málsgagna. Þá hefur hollenskum yfirvöldum verið gerð grein fyrir því að aðstandendur geri alvarlegar athugasemdir við rannsóknarhætti ytra.

Að tilmælum aðstandenda hófu íslensk stjórnvöld athugun sína á málinu, þegar í kjölfar andlátsins. Formleg bréfaskipti hófust hins vegar ekki við yfirvöld í Hollandi fyrr en embætti ríkislögreglustjóra hafði unnist tími til að fara yfir gögn, einkum frá aðstandendum.

Í svari hollenska héraðssaksóknarans til ríkislögreglustjóra var fallist á að taka við gögnum frá Íslandi sem væru málinu viðkomandi og meta þau með öðrum gögnum málsins í Rotterdam. Saksóknarinn heimilaði á hinn bóginn ekki að rannsóknargögn yrðu látin af hendi önnur en þau sem aðstandendur höfðu þegar fengið.

Ráðherra ræddi málið við ráðuneytisstjóra hollenska dómsmálaráðuneytisins síðla í nóvember 2002. Þar var ítrekað boð íslenskra yfirvalda um aðstoð við rannsókn málsins. Ráðuneytinu er einnig kunnugt um að utanríkisráðherra ræddi málið við utanríkisráðherra Hollands.

2. *Hverju hefur vinna ráðuneytisins skilað?*

Réttarmeinafræðingur, sem vinnur að málinu hér á landi, átti þýðingarmikinn fund með starfsbróður sínum í Hollandi í lok maímánaðar á þessu ári. Hinn 15. ágúst bárust honum gögn frá Hollandi. Vinnur réttarmeinafræðingurinn að því að ljúka athugun sinni í samstarfi við þá sem hann hefur leitað til hér á landi og erlendis.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að þau gögn fáist frá Hollandi sem réttarmeinafræðingur sá er rannsakar málið telur sig þurfa til að hægt sé að finna dánarorsök?*

Telji réttarmeinafræðingurinn að ekki verði lokið athugun hans á grundvelli þeirra gagna, sem þegar hafa borist frá Hollandi, mun ráðuneytið mælast til þess við embætti ríkislögreglustjóra að óskað verði eftir gögnum sem nauðsynleg þykja. Eins og áður sagði er rannsókn málsins í höndum héraðssaksóknara í Hollandi og því alfarið á forræði hollenskra yfirvalda en ekki íslenskra.

4. *Verður aðstandendum veittur aðgangur að þeim gögnum sem ráðuneytið og undirstofnanir þess hafa um málið?*

Gögn málsins eru og verða opin aðstandendum í samræmi við lög og reglur hér á landi jafnt hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess. Forræði rannsóknar þessa máls er hins vegar ekki í höndum íslenskra yfirvalda og er því ráðuneytinu eða stofnunum þess ekki heimilt að afhenda gögn eða upplýsingar sem stafa frá hollenskum yfirvöldum án samþykkis þeirra.

622. Fyrirspurn [444. mál]

til dómsmálaráðherra um áfengisauglýsingar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Lítur ráðherra svo á að 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, þar sem lagt er bann við auglýsingum á áfengi og einstökum áfengistegundum sé með einhverjum hætti fallin úr gildi?
2. Sé svo ekki, hvað er gert til að fylgja eftir þessum lögum gegn auglýsingum, duldum og augljósum, sem nú tíðkast í prentmiðlum og sjónvarpi, eins og mörg dæmi eru um?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að „leyfa áfengisauglýsingar að einhverju marki eða skýra lögin og gera þau skilvirkari þannig að erfiðara sé að fara á snið við þau“ (sbr. grein Þorgerðar Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra áfengis- og vímuvarnaráðs, í Morgunblaðinu 11. febrúar 2003)?
4. Telur ráðherra samræmi milli þess hvernig framfylgt er umræddum lagaákvæðum um áfengisauglýsingar annars vegar og lagaákvæðum um bann við tóbaksauglýsingum (7. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir) hins vegar?

623. Svar [389. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um hjálpartæki fatlaðra.

1. *Hvaða reglur gilda um úthlutun hjálpartækja til fatlaðra?*

Um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja gilda ákvæði a-liðar 1. mgr., sbr. 3. mgr., 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Á grundvelli þeirra hefur verið sett reglugerð nr. 460/2003, um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja.

2. Er sveigjanleiki í þeim reglum til að bregðast við sérstökum einstaklingsþörfum?

Já. Sem dæmi má nefna að víða í reglugerðarinni er gert ráð fyrir mati Tryggingastofnunar ríkisins og er það gert með tilliti til þess að hægt sé að bregðast við sérstökum þörfum. Einnig er sveigjanleiki í samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir um hjálpartæki til að koma til móts við sérþarfir sem samningar ná ekki til.

3. Hversu strangt mat þurfa fatlaðir að ganga í gegnum við endurnýjun hjálpartækja?

Rökstuðningur þarf að berast með umsókn um endurnýjun tækis. Gert er ráð fyrir að sá heilbrigðisstarfsmaður sem aðstoðar umsækjanda við umsókn eða umsækjandi sjálfur leggi fram upplýsingarnar. Tryggingastofnun ríkisins áskilur sér rétt til að skoða hjálpartækið ef um sérstök vafaatriði er að ræða.

4. Hvernig er ákvörðunartöku háttað um ný hjálpartæki sem auka færni til sjálfsbjargar?

Sækja þarf um hjálpartæki áður en fest eru kaup á þeim. Það á einnig við um almennar breytingar á hjálpartækjum og þær sem eru gerðar sérstaklega fyrir þann sem í hut á. Sótt er um á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins. Læknir og/eða annar hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmaður, t.d. iðjuþjálfi eða sjúkraþjálfari, metur þörf fyrir hjálpartækið og fyllir út eyðublaðið. Lýsing á færni og rökstuðningur fyrir hjálpartæki þarf ávallt að fylgja umsókn. Við fyrstu umsókn þarf umsögn læknis að fylgja eyðublaðinu (læknisvottorð). Ef breyting verður á sjúkdómsástandi eða fötlun getur þurft nýtt læknisvottorð. Ætíð er krafist nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpartækja sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn um hjálpartæki. Ef um nýtt hjálpartæki er að ræða sem reglugerð um hjálpartæki tekur ekki til þarf að koma skrifleg beiðni um slíkt til hjálpartækjanefndar Tryggingastofnunar ríkisins og hún gerir tillögur til ráðuneytisins um hvort breyta eigi reglugerðinni

5. Hversu löng bið er eftir afgreiðslu og endurnýjun hjálpartækja?

Umsóknir eru afgreiddar tafarlaust en oft þarf að kalla eftir viðbótargögnum. Leitast er við að afgreiða forgangsmál (vegna þeirra sem eru að útskrifast af sjúkrahúsum) innan þriggja virkra daga frá því að fullnægjandi umsókn berst. Í öðrum málum er hámarksafgreiðslutími fimm vikur frá viðtöku fullnægjandi umsóknar. Afgreiðslutími getur verið lengri ef umsókn er ófullnægjandi og afla þarf viðbótargagna.

Samkvæmt samningum Tryggingastofnunar ríkisins við söluaðila er afgreiðslufrestur þeirra að hámarki þrjár vikur til að afgreiða tæknileg hjálpartæki en fimm vikur til að afgreiða stoðtæki (spelkur, gervilimi og bæklunarskó). Þegar um er að ræða sérsmíðaða skó fyrir einstakling í fyrsta skipti má afhendingartími þó vera átta vikur að hámarki. Í sérstökum tilvikum getur hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins samþykkt lengri afhendingartíma að fenginni rökstuddri greinargerð frá söluaðila. Leitast er við að afgreiða hjálpartæki af lager hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar innan þriggja vikna eftir að afgreiðsla umsóknar er frágengin. Afgreiðslutími getur verið lengri ef afla þarf varahluta.

Ríkisendurskoðun gerði könnun á afgreiðslutíma umsókna um hjálpartæki á árinu 2000 (250 umsóknir, kerfisbundið slembiúrtak úr 19.728 umsóknum). Könnunin leiddi í ljós að 96,5% umsókna voru afgreidd innan fimm vikna, 37,6% allra umsókna um hjálpartæki voru afgreidd á viku eða skemur. Þá voru tæp 73% umsókna afgreidd á 14 dögum eða skemur.

6. *Sjá einkaaðilar um einhverja þætti þjónustu í tengslum við hjálpartæki fatlaðra?*

Tryggingastofnun ríkisins hefur gert fjölda samninga við fyrirtæki um tiltekin hjálpartæki, svo og um sérsmíði á hjálpartækjum og stoðtækjum. Samningsbundið fyrirtæki (seljandi) ber ábyrgð á afhendingu umsaminna hjálpartækja til hinna tryggðu. Í afhendingu eru aðlögun og leiðbeiningar um notkun hjálpartækjanna innifaldar eftir því sem við á hverju sinni, m.a. skulu leiðbeiningar á íslensku fylgja hjálpartæki. Með aðlögun er átt við að tækið sé tilbúið til notkunar, samsett og stillt fyrir notanda. Samningsbundnu fyrirtæki ber enn fremur að sinna öllum sanngjörnum óskum hins tryggða um frekari leiðbeiningar um notkun hjálpartækisins, án frekara endurgjalds. Breytingar og/eða aðlögun á stoðtækjum (spelkum, gervilimum og bæklunarskóm) innan þiggja mánaða frá afhendingu stoðtækisins er innifalin í verði þess. Í sérstökum tilvikum hefur Tryggingastofnun ríkisins gert samninga við fyrirtæki um akstur hjálpartækja heim til umsækjanda.

7. *Eru áform um að bæta gagnagrunn Tryggingastofnunar ríkisins þannig að fatlaðir þurfi ekki í sífellu að endurnýja upplýsingar sem þegar liggja fyrir í stofnuninni?*

Tryggingastofnun ríkisins er að endurnýja tölvukerfi sín og árið 2001 var m.a. komið upp nýju hjálpartækjatölvukerfi. Nýju kerfin gefa kost á breyttum og nýjum vinnubrögðum sem skila sér væntanlega í betri þjónustu við umsækjendur.

8. *Mun ráðherra beita sér fyrir bættri og skeleggari þjónustu við þá fatlaða sem nýta sér hjálpartæki til að auka færni sína til sjálfsbjargar?*

Sífellt er fylgst með nýjungum og nýrri tækni í því skyni að bæta þjónustuna. Reglur um hjálpartæki sem Tryggingastofnun ríkisins styrkir voru nýlega endurskoðaðar í heild með reglum tryggingaráðs sem tóku gildi 1. apríl 2002. Reglugerð 460/2003 byggist að mestu á þeim reglum. Nefna má að sérstök áhersla var lögð á að bæta upplýsingar um hjálpartæki og þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins á heimasíðu stofnunarinnar á sl. ári.

Bent er á að upplýsingar um framangreint er að finna á heimasíðu Tryggingastofnun ríkisins, www.tr.is, undir hjálpartækjamiðstöð. Einnig má benda á stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins í október 2001.

624. Svar [310. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lyfjakostnað.

1. *Er ráðherra reiðubúinn að láta endurskoða kerfi verðmyndunar lyfja með það að markmiði að hagræða og lækka verð til sjúklinga?*

Samkvæmt 43. gr. lyfjalaga ákvarðar lyfjaverðsnefnd hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu. Verð lyfja sem seld eru í lausasölu er hins vegar frjálst. Í 43. gr. lyfjalaga er nánar kveðið á um gagnsæi ákvarðana um lyfjaverð sem er í samræmi við tilskipun nr. 89/105/EBE um gagnsæjar ráðstafanir er varða verðlagningu lyfja sem ætluð eru mönnum og þátttöku sjúkratrygginga í greiðslu þeirra og síðari breytingar við þá tilskipun.

Það er hlutverk lyfjaverðsnefndar, samkvæmt lyfjalögum, að fylgjast með lyfjaverði og endurskoða það, telji nefndin ástæðu til. Nýlega tók ný lyfjaverðsnefnd til starfa undir formennsku Páls Péturssonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra, og er óhætt að treysta því að

nefndin vinni, innan þess ramma sem lög, tilskipanir og reglugerðir sníða henni, að því markmiði er fram kemur í 1. gr. lyfjalaga að halda lyfjakostnaði í lágmarki.

2. *Hvaða áform eru um greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og hvaða áhrif hafa þau á útgjöld ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar?*

Þrátt fyrir að niðurgreiðsla almannatrygginga á lyfjakostnaði hafi á undanförnum árum aukist umtalsvert umfram áætlun fjárlaga hefur greiðsluþátttaka almennings í lyfjakostnaði aukist hlutfallslega, a.m.k. ef ekki er tekið tillit til afslátta apóteka. Að undanförnu hefur verið rætt um að breyta þurfi greiðsluþátttökukerfinu þannig að það takmarkaða fé sem til ráðstöfunar er nýtist betur þeim sjúklingum sem mest þurfi á að halda. Í því sambandi hefur verið horft til niðurgreiðslufyrirkomulags í Danmörku og Svíþjóð sem byggist fremur á hámarkskostnaði sjúklinga vegna lyfja en kostnaði einstakra lyfja eins og hér á landi. Hins vegar hefur tafist af ýmsum tæknilegum ástæðum (t.d. vegna persónuverndarsjónarmiða við athuganir og útreikninga á greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjagagnagrunni Tryggingastofnunar ríkisins) að koma nýju greiðslufyrirkomulagi í þessa veru á laggirnar. Þá hefur það ekki hjálpað til að ýmsir gallar hafa komið fram bæði á danska og sænska greiðslukerfinu auk þess sem kostnaður vegna niðurgreiðslna hefur aukist þar mun meira en áætlað var. Ýmsar aðrar hugmyndir hafa verið reifaðar, svo sem að taka upp einfaldar niðurgreiðsluprósentur á einstök lyf og veita síðan lífeyrisþegum og sjúkratryggðum með mikinn lyfjakostnað afsláttarkort eða frikort þegar vissum kostnaðarmörkum er náð. Markmiðið með nýju greiðslukerfi er ekki að lækka lyfjakostnað heldur er stefnt að betri nýtingu þeirra fjármuna er til málaflokksins eru veittir hverju sinni.

3. *Hver er skoðun ráðherra á þeirri hugmynd ASÍ að taka upp það fyrirkomulag að enginn greiði meira en nemur ákveðnu hámarki á ári fyrir lyfseðilsskyld lyf?*

Eins og fram kemur í svari við 2. lið vinnur ráðuneytið að gerð nýs niðurgreiðslufyrirkomulags sem byggist, líkt og hugmynd ASÍ, á hámarkskostnaði sjúklinga og ver þá gegn of háum kostnaði þannig að enginn greiði meira en nemur ákveðnu hámarki á ári. Til að þessi hugmynd gangi upp verður að gera ráð fyrir að þeir sem sjaldan þurfa á lyfjum að halda greiði hærra hlutfall en þeir gera nú, og það viðbótarfjármagn sem þannig fæst verði notað til að koma betur til móts við þá sem þurfa oftar og meira á lyfjum að halda.

4. *Hver var hlutur heimilanna í krónum talið í heildarlyfjakostnaði (að undanskildum afslætti apóteka) á árunum 2001 og 2002 á föstu verðlagi?*

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins voru útgjöld heimila í lyfseðilsskyldum lyfjum miðað við útreiknað hámarksverð 2.666.939.488 kr. árið 2001 og 3.163.724.136 kr. árið 2002. Útgjöld heimila vegna lyfja sem seld eru í lausasölu miðað við útreiknað hámarksverð án afsláttar voru 1.428.835.405 kr. árið 2001 og 1.607.875.145 kr. árið 2002. Útgjöld heimila alls miðað við útreiknað hámarksverð voru því 4.095.774.893 kr. árið 2001 sem eru 36,2% af heildarútgjöldum vegna lyfja á árinu 2001 sem voru alls 11.320.783.255 kr. miðað við útreiknað hámarksverð og alls 4.771.599.281 kr. árið 2002 sem eru 36,4% af heildarútgjöldum vegna lyfja árið 2002 sem voru alls 13.116.278.999 kr. miðað við útreiknað hámarksverð lyfjaverðsskrár.

Greiðsluhlutfall Tryggingastofnunar ríkisins lækkar milli áranna 2001 og 2002. Skýring þess er tvíþætt, annars vegar var greiðslureglum breytt 1. janúar 2002 og hins vegar lækkaði lyfjaverð í kjölfar styrkingar íslensku krónunnar en við það breytist hluti Tryggingastofnunar ríkisins meira en hluti sjúklings, þar sem ákveðið þak er á greiðslum sjúklinga.

Athygli er vakin á að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar í lyfjum er reiknuð miðað við hámarksverð lyfja og þar sem sjúklingar njóta oft afsláttar af greiðsluhluta sínum er greiðsluhlutfall Tryggingastofnunar ríkisins í raun hærra en hér er gefið upp.

Greiðsluhlutfallið fyrir 2001 sem hér er gefið upp er annað en það sem gefið var upp í svari við fyrirspurn þingmannsins dags. 9. apríl 2002. Ástæða þess er sú að núverandi tölvukerfi Tryggingastofnunar var ekki komið í notkun á þeim tíma sem fyrirspurnin var gerð og þegar þörf var á upplýsingum úr gagnagrunni gat myndast ósamræmi í skiptingu gagna. Í dag eru fyrirspurnir í tölvukerfi Tryggingastofnunar framkvæmdar með sama hætti og eiga því niðurstöður milli ára að vera samanburðarhæfar.

625. Frumvarp til laga [445. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

B-liður 67. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna skal:

1. sjómannaafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2005 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2006 vegna tekna og eigna árið 2005 vera 546 kr. á hvern dag;
2. sjómannaafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2006 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2007 vegna tekna og eigna árið 2006 vera 364 kr. á hvern dag;
3. sjómannaafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2007 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2008 vegna tekna og eigna árið 2007 vera 182 kr. á hvern dag.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á tekjur og eignir ársins 2005. Ákvæði 1. gr. laganna öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sjómannaafsláttur verði felldur niður í jöfnum áföngum á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2008. Miðar frumvarpið við að sjómannaafsláttur-inn lækki um 25% á hverju ári frá 2005 og falli niður frá og með 2008.

Sjómannaafslátturinn þykir ekki í takt við tímann eða ríkjandi viðhorf í skattamálum. Eðlilegt er að um kjör sjómanna sé samið í frjálsum samningum milli þeirra og viðsemjenda þeirra. Er frumvarpið lagt fram í aðdraganda kjarasamninga sjómanna en samningar fyrir stóra hópa þeirra renna út í ársbyrjun 2004. Ríkisstjórnin telur rétt að af hennar hálfu liggi

fyrir á Alþingi mörkuð stefna varðandi afnám sjómannaafsláttarins þannig að samningsaðilar geti haft hana til hliðsjónar í viðræðum sínum.

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja allt aftur til ársins 1954 þegar lögfestur var annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur. Hafa ákvæði skattalaga um þetta efni tekið töluverðum breytingum í áranna rás en með breyttum lögum árið 1987, í tengslum við upptöku staðgreiðslu, var eldri frádráttarliðum steypt saman í einn sjómannaafslátt.

Sakir þess hve þetta fyrirkomulag hefur lengi tíðkast þykir eðlilegt að afnám sjómannaafsláttar eigi sér stað í nokkrum áföngum eins og fram kemur í frumvarpinu.

Sjómannaafslátturinn hefur minnkað að raungildi undanfarin ár vegna fækkunar sjómanna og er áætlað að hann nemi um 1,1 milljarði króna árið 2004.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fram á yfirstandandi þingi og er þar til meðferðar, er lögð til framlenging á sérstökum tekjuskatti um tvö ár, jafnframt því sem hann verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005. Í því samhengi má benda á að tiltölulega stór hluti sjómanna hefur á undanförnum árum greitt sérstakan tekjuskatt. Fyrirhuguð niðurfelling hins sérstaka tekjuskatts mun því í mörgum tilfellum gera meira en að vega upp á móti afnámi sjómannaafsláttarins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sérstakur afsláttur sjómanna frá tekjuskatti verði lækkaður um 25% á ári frá og með árinu 2005 þannig að hann verði fallinn niður að fullu á árinu 2008. Óeðlilegt þykir að ríkið hafi afskipti af kjörum eins launþegahóps með þessum hætti og mismuni þar með launþegahópum og fyrirtækjum. Áætlað er að sjómannaafslátturinn nemi um 1,1 milljarði króna árið 2004 og munu tekjur ríkissjóðs því aukast sem því nemur frá og með árinu 2008 verði frumvarpið að lögum. Með niðurfellingu afsláttarins verður nokkur einföldun á álagningu tekjuskatts og skattframkvæmdinni en ekki er þó reiknað með teljandi áhrifum á heildarútgjöld skattkerfisins.

626. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum l. á orkusviði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Þórð Skúlason, Jón Jónsson og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa borist umsagnir um

málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum iðnaðarins, Norðurorku, Rafmagnsveitum ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er ætlunin að samræma sérákvæði ýmissa laga á orkusviði um skyldu orkufyrirtækjanna til greiðslu fasteignaskatta svo að hún verði eins og fyrir þá breytingu sem gerð var á 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með 3. gr. laga nr. 78/2001. Með breytingunni voru hita- og rafveitur með einkaleyfi til starfsemi samkvæmt lögunum undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga með sama hætti og Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins. Fyrirmyndin er fengin úr lögum um Landsvirkjun og hefur nefndin verið upplýst um að framkvæmd þeirra hefur verið sú að greitt er af öllum metnum fasteignum samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna þó að í ákvæðinu sé einungis húseignir tilgreindar.

Nefndin telur texta frumvarpsins ekki nægilega skýran miðað við þau markmið að orkufyrirtækin skuli greiða fasteignaskatta af öllum metnum fasteignum samkvæmt lögum um mat á fasteignum eins og framkvæmdin var áður en orkulögunum var breytt og leggur því til að talað verði um fasteignir í frumvarpinu í stað húseigna. Nefndin tekur skýrt fram að ætlunin með frumvarpi þessu er að endurheimta það réttarástand sem var fyrir gildistöku laga nr. 78/2001. Því ber að skýra þær greinar sem frumvarpi þessu er ætlað að breyta á þann veg að skylda til greiðslu fasteignagjalda nái einungis til eigna sem skylt var að greiða fasteignagjöld af fyrir gildistöku laga nr. 78/2001 og eigna sem eru fullkomlega sambærilegar en eru tilkomnar eftir gildistöku þeirra. Seinni breytingin varðar einungis samræmingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „húseignum“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í öðrum ákvæðum frumvarpsins komi: fasteignum.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „svohljóðandi“ komi: er verður 2. málsl., svohljóðandi.

Einar Oddur Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hlynur Hallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. des. 2003.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Bjarni Benediktsson.	Kristján L. Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Birgir Ármannsson.

627. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Hermann B. Haraldsson og Þorstein Mána Árnason frá Félagi dagabátaeigenda, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Einar Kristjánsson útgerðarmann, Grétar Guðlaugsson útgerðarmann og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Rannsóknamiðstöð Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Lagt er til að andvirði svonefnds hafróafla, sem runnið hefur beint til Hafrannsóknastofnunarinnar, renni eftirleiðis í sama sjóð og gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þá er lagt til að heimilt verði að flytja eftirstöðvar af svonefndum þorskeldiskvóta frá fiskveiðiárinu 2002–2003 til fiskveiðiársins 2003–2004.

Heimild til löndunar hafróafla umfram aflamark samkvæmt ákvæði XXIX til bráðabirgða í lögum um stjórn fiskveiða rennur út í lok næsta fiskveiðiárs (2004/2005) komi ekki til framlengingar af hálfu Alþingis. Nefndin mælist því til þess að ráðherra leggi fyrir nefndina á komandi haustþingi skýrslu um þau áhrif sem þessi heimild hefur haft, hversu margir hafa nýtt sér hana, hversu miklum afla hefur verið landa á grundvelli hennar o.fl. Jafnframt mælist nefndin til þess að ráðherra leggi mat á það í skýrslunni hvort ástæða sé til þess að hækka prósentuhlutfall þessarar heimildar, lækka það eða jafnvel að fella heimildina niður. Loks verði lagt mat á það hvort rétt sé að auka hlut áhafnar í verðmæti þessa afla eða breyta aðferð við ákvörðun endurgjalds til þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller og Grétar Mar Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 9. des. 2003.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Kjartan Ólafsson.	Páll Magnússon.	Grétar Mar Jónsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.

628. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Ármann Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Hermann B. Haraldsson og Þorstein Mána Árnason frá Félagi dagabátaeigenda, Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Einar Kristjánsson útgerðarmann, Grétar Guðlaugsson útgerðarmann og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Rannsóknamiðstöð Íslands, Félagi dagabátaeigenda, Landssambandi smábátaeigenda, Fiskistofu, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Tvær efnisbreytingar felast í frumvarpinu. Lagt er til að ráðstöfun fjár úr sjóði vegna ólögmæts sjávarafla takmarkist ekki við hafrannsóknir og eftirlit eins og nú er heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa fé til nýsköpunar á sviði sjávarútvegs. Þá er lagt til að Fiskistofu verði heimilað að beita leyfissviptingum vegna vanskila á greiðslum vegna ólögmæts afla.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Hina fyrri má meðal annars rekja til þess að samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (255. mál) sem liggur fyrir þinginu og nefndin afgreiddi samhliða þessu máli er lagt til að andvirði hins svokallaða hafróafla renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins sem hér er mælt fyrir. Við þessa breytingu mun fjárstreymi sjóðsins aukast til mikilla muna. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að skýrar reglur gildi um úthlutun úr sjóðnum og að eðlilegt sé að skipuð verði stjórn yfir sjóðnum sem geri tillögur til ráðherra um úthlutun. Leggur nefndin til breytingartillögur í þessa veru. Mælist nefndin jafnframt til þess að reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum verði kynntar fyrir nefndinni áður en þær taka gildi.

Seinni breytingartillaga nefndarinnar hefur það að markmiði að kveða skýrar á um í hvaða tilvikum beita skuli leyfissviptingum vegna vanskila á greiðslu vegna ólögmæts sjávarafla, auk þess sem tekið er fram að leyfissviptingu skuli einnig beita þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, nema að eigendaskiptin hafi orðið við nauðungarsölu eða við gjaldþrotaskipti. Loks er mælt fyrir um heimild Fiskistofu til leyfissviptingar standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller og Grétar Mar Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 9. des. 2003.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Kjartan Ólafsson.	Páll Magnússon.	Grétar Mar Jónsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.

629. Breytingartillögur [254. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Ráðherra setur reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.
2. Í stað efnismálsliðar 4. gr. komi: Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.

630. Frumvarp til laga [446. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og einnig um eftirlit með slátrun, vinnslu, pökkun og dreifingu hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskmjölsverksmiðjur, framleiðslustöðvar dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem slátrun, vinnsla eða pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks fer fram. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um búnað vinnslustöðva þar sem slátrun á eldisfiski fer fram og um eftirlit með slátrun á eldisfiski.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögin nái til slátrunar á eldisfiski. Gildissvið áðurgildandi laga, nr. 93/1992, um meðferð og vinnslu sjávarafurða, náði til slátrunar á eldisfiski. Því var hins vegar breytt með setningu núgildandi laga, nr. 55/1998. Þar var orðið „slátrun" fellt brott úr 3. gr. Í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögunum segir að gildissvið frumvarpsins nái ekki til eftirlits með slátrun eldisfisks þar sem slíkt eftirlit sé á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytis. Þessu ákvæði var ekki breytt við meðferð þingsins.

Í ljósi þess að óhapp henti nú nýverið í tengslum við slátrun á eldisfiski og jafnframt kom upp óvissa um það hvar skilin liggja á milli eftirlits embættis yfirdýralæknis og eftirlits Fiskistofu sem fer með eftirlit með afurðum alls eldisfisks var nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um verkaskiptingu og ábyrgð og koma í veg fyrir mögulegan tvíverknað. Var málið tekið til umfjöllunar í fiskeldisnefnd sem yfirfór verkferla og tilhögun með það sérstaklega að markmiði að skerpa ábyrgð á eftirlitinu og koma í veg fyrir tvíverknað og þannig ónauðsynlegan kostnaðarauka við eftirlitið. Er frumvarp þetta í samræmi við álit nefndarinnar og er lagt til að eftirlit Fiskistofu taki til slátrunar alls eldisfisks en þannig næst heildstætt eftirlit með allri slátrun á eldisfiski og vinnsluferlum afurðanna eftir að slátrun er lokið. Jafnframt er lagt til að ráðherra verði fengin sérstök heimild til að setja reglugerð er kveði nánar á um búnað vinnslustöðva er hafi leyfi til slátrunar eldisfisks og um eftirlit með slátrun fisksins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Í frumvarpinu er lagt til að ábyrgð á slátrun eldisfisks verði flutt frá embætti yfirdýralæknis til Fiskistofu. Forsaga málsins er sú að á árinu 1992 var ákveðið að eftirlit með slátrun, meðferð, vinnslu og dreifingu eldisfisks félli undir verksvið Fiskistofu. Á árinu 1998 var lögum breytt í þá veru að eftirlit með slátruninni var flutt til embættis yfirdýralæknis en aðrir þættir eftirlitsins voru óbreyttir. Sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma hefur haft eftirlitið með höndum ásamt öðrum verkefnum. Með frumvarpi þessu er lagt til að eftirlitið verði fært í fyrra horf þannig að Fiskistofa hafi einnig með höndum eftirlit með slátrun eldisfisksins.

Frumvarpið felur því í sér flutning verkefnis innan ríkisins en ekki nýjar kröfur um eftirlit. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað embættis yfirdýralæknis vegna verkefnisins, en talið er að ekki sé um verulegar fjárhæðir að ræða. Embættið hefur ekki tekið gjald fyrir eftirlitið þótt í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sé landbúnaðarráðherra veitt heimild til að setja gjaldskrá fyrir eftirlit og skoðanir. Ekki liggur fyrir hvort útgjöld hjá embætti yfirdýralæknis lækki við flutning verkefnisins, en ljóst þykir að útgjöld Fiskistofu gætu aukist eitthvað en það fer þó væntanlega eftir því hvernig verkefnið er skipulagt. Samkvæmt lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir og verður að reikna með því að hugsanlegur útgjaldaauki verði borinn af tekjum af eftirlitsgjaldi. Miðað við framangreindar forsendur verður ekki séð að þessi breyting hafi viðbótarkostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

631. Nefndarálit [418. mál]

um frv. til l. um breytingu á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

25. mars sl. gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við formann Öryrkjabandalagsins um hækkun grunnlífeyris öryrkja. Um er að ræða margra ára baráttumál Öryrkjabandalagsins þar sem áhersla var lögð á hækkun grunnlífeyris fyrir þá sem yngstir verða öryrkjar. Í fréttatilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um samkomulagið frá 25. mars 2003, sbr. fylgiskjal VI, kom fram að hækkunin skyldi taka gildi 1. janúar 2004. Einnig kom fram að ríkisstjórnin hefði samþykkt samkomulagið á fundi þennan sama dag og jafnframt að gert væri ráð fyrir að skipaður yrði starfshópur sem gerði endanlegar tillögur að breytingum á lögum um almannatryggingar í samræmi við samkomulagið sem fæli í sér eftirfarandi:

- Stigið yrði fyrsta skrefið til viðurkenningar á hinni margvíslegu sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni.
- Þeir sem yngstir verða öryrkjar til lífstíðar fengju þannig hækkun á núverandi grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem næmi allt að tvöföldun grunnlífeyris.
- Þeir sem verða öryrkjar seinna á lífsleiðinni fengju hins vegar hækkun á núverandi grunnlífeyri með hliðsjón af aldri, þannig að þeir sem verða öryrkjar 67 ára fengju grunnlífeyri sem næmi sömu upphæð og ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þá kom jafnframt fram í fréttatilkynningunni að samkvæmt útreikningum sérfræðinga ráðuneytisins yrði kostnaðurinn við þessa hækkun grunnlífeyris og kerfisbreytinguna rúmur einn milljarður kr. á ári. Í útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. fylgiskjal XII, var hins vegar gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa að upphæð 1.528,8 millj. kr. og þar var gert ráð fyrir 16–17 ára bótaþegum.

Samkomulagið.

Talsverðar deilur hafa orðið um hvað hafi falist í samkomulagi heilbrigðisráðherra og Öryrkjabandalagsins. Því er rétt að athuga hvað fjölmiðlar sögðu felast í samkomulaginu eftir blaðamannafund heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formanns Öryrkjabandalagsins sem haldinn var 25. mars 2003.

Í umfjöllun Morgunblaðsins 26. mars 2003, sbr. fylgiskjal III, daginn eftir blaðamannafundinn segir: „Samkvæmt samkomulaginu nemur hækkunin/lækkunin rúmum 400 krónum fyrir hvert ár á aldursskeiðinu 18–67 ára, eftir því hvenær viðkomandi er metinn til örorku. Sá sem verður öryrki 18 ára eða yngri fær í dag 20.630 kr. í grunnlífeyri en fengi samkvæmt samkomulaginu 41.260 kr. Sá sem verður fyrir örorku 56–7 ára gamall fengi rúmlega 4 þúsund króna hækkun, 46–7 ára fengi rúmlega 8 þúsund og sá sem er 36–7 tæpar þrettán þúsund. Sá sem metinn er til örorku 26–7 ára fengi tæpar 17 þúsund og hjá yngsta hópnum er hækkunin sem fyrr segir tæpar 21 þúsund kr."

Samkvæmt frumvarpinu mun hins vegar 56 ára öryrki fá aldurstengda örorkuuppbót sem nemur 516 kr. en hefði fengið rúmar 4 þús. kr. ef samkomulaginu hefði verið fylgt eftir.

Ekki er heldur samræmi milli frumvarpsins og umfjöllunar Ríkisútvarpsins um samkomulagið frá 25. mars 2003, sbr. fylgiskjal VII. Í frétt Ríkisútvarpsins sagði: „Grunnlífeyrir þeirra sem verða öryrkjar 67 ára verður sá sami og hjá ellilífeyrisþegum. Hann hækkar hins vegar um rúmar 400 krónur á ári og verður hærri því yngri sem viðkomandi missir starfsorkuna."

Svipað kom fram í fréttum Stöðvar 2, sbr. fylgiskjal VIII, 25. mars 2003 en þar var sagt: „Grunnlífeyrir til þeirra sem verða fyrir örorku 18 ára og yngri hækkar um 20 þúsund krónur eða tvöfaldast frá því sem nú er. Hækkunin verður minni í réttu hlutfalli við aldur öryrkja sem nemur rúmum 400 krónum fyrir hvert aldursár uns grunnlífeyri ellilífeyris er náð við 67 ára aldur."

Þessum skilningi Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins eða Stöðvar 2 var ekki mótmælt af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarflokkanna en ljóst er að framlagt frumvarp er ekki í samræmi við lýsingar fjölmiðlanna á samkomulaginu eftir blaðamannafund heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formanns Öryrkjabandalagsins.

Samkvæmt frumvarpinu lækkar aldurstengd örorkuuppbót talsvert meira en um rúmar 400 kr. fyrir hvert aldursbil. Samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og því samkomulagi sem Öryrkjabandalagið, Morgunblaðið, Ríkisútvarpið og Stöð 2 töldu að komist hefði á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Öryrkjabandalagsins átti 44 ára gamall öryrki að fá aldurstengda örorkuuppbót að upphæð 9.684 kr. en samkvæmt frumvarpinu fær viðkomandi 1.032 kr.

Í frétt í Morgunblaðinu 28. nóvember 2003 sbr. fylgiskjal V, kom fram skilningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á samkomulaginu. Þar stóð m.a.: „Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp til að útfæra breytingarnar og gera endanlegar tillögur að breytingum á lögum. Fór hópurinn m.a. yfir kostnað við breytingarnar og fékk ráðherra nýtt kostnaðarmat í hendur þar sem í ljós kom að heildarkostnaðurinn er talinn um 1.500 milljónir kr. Niðurstaðan var því sú að sögn ráðherra að greiða þyrfti hækkanirnar sem um var samið í áföngum, 66% koma til greiðslu um næstu áramót og afgangurinn ári síðar."

Í sömu frétt Morgunblaðisns er haft eftir ráðherra: „Ég stend að fullu við það sem ég vissi réttast þá [þegar samkomulagið var gert]. Síðan hef ég einsett mér að uppfylla samkomulagið. Við munum breyta lögum í samræmi við það sem samkomulagið kveður á um, við munum borga strax um áramótin það sem samkomulagið hljóðaði upp á þegar það var gert og greiða síðan viðbótina. Kerfisbreytingin verður lögfest og hún er komin til að vera."

Í frétt Morgunblaðsins 27. nóvember sl., sbr. fylgiskjal IV, kemur fram: „Í ræðu Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra á Alþingi kom fram að einungis verður staðið við tvo þriðju samkomulagsins 1. janúar 2004, og muni afgangurinn koma til framkvæmda ári síðar. Jón Kristjánsson segir í samtali við Morgunblaðið að áætlað hafi verið að verja í þetta einum milljarði króna, og gert ráð fyrir því í fjárlögum. Þegar nefnd sem starfaði að málinu mat

kostnaðinn hafi komið í ljós að það vantaði 500 milljónir uppá. „Það þýðir það að 1. janúar [2004] getum við ekki farið í nema tvo þriðju. Síðan er meiningin, og ég vona að það takist um það samkomulag, að 2005 komi afgangurinn til framkvæmda," segir Jón. Hann segir að heimildir á fjárlögum séu eingöngu fyrir einum milljarði sem samkomulagið gerði ráð fyrir. „Það var í samræmi við þá kostnaðaráætlun sem lá fyrir þegar það var gert.""

Af ummælum ráðherra er ljóst að hann taldi samkomulagið lúta að fyrirkomulagi sem gerði ráð fyrir 421 kr. lækkun fyrir hvert aldursbil og sem kostaði þar af leiðandi 1.528,8 millj. kr. en ekki 1.058 millj. kr. eins og fyrirliggjandi frumvarp hans hljóðar upp á.

Skilningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á efni samkomulagsins kom einnig í ljós í umræðum um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 á Alþingi 25. nóvember sl. en þar sagði hann m.a.: „Samkomulagið markaði tímamót að því leyti að þar er um breytt kerfi að ræða. Eins og hv. þm. gat um vinnur nefnd að útfærslu þessa samkomulags og mun væntanlega ljúka því verki á næstu dögum. Miðað við þær heimildir sem ég hef þarf hins vegar að áfangaskipta þessu samkomulagi. En það stendur ekki til annað en að standa við það eins og það stendur. Hins vegar gæti þurft að áfangaskipta því þannig að fyrsti áfangi tæki gildi 1. jan. 2004, eins og stendur í samkomulaginu, og síðan verði framhaldið fært í lög og menn meti stöðuna þegar líður á árið í ljósi reynslunnar og hvernig menn uppfylli samkomulagið."

Það er því ljóst að ráðherra lítur svo á að hann sé að framfylgja samkomulagi í áföngum án þess að um áfangaskiptinguna hefði verið samið. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins kom skýrt fram að hækkun samkvæmt samkomulaginu skyldi koma til framkvæmda 1. janúar 2004. Það er svikið með frumvarpinu.

Á fundi heilbrigðis- og tryggingaefndar var óskað eftir að fá tillögur starfshóps ráðuneytisins til þess að sjá hvað haft var til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Þar sögðu embættismenn ráðuneytisins að ekki hefðu verið gerðar formlegar tillögur til ráðherra vegna málsins. Það er ekki í samræmi við upplýsingar sem fram hafa komið í þinginu, m.a. í ræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 4. desember 2003 en þar sagði hann: „Varðandi það hvaða tillögur starfshópurinn sem ég skipaði í byrjun maí skilaði þá skilaði hann til mín drögum og hugmyndum. Starfshópurinn hafði hugmyndir að þessari leið sem hv. þm. lýsti hér."

16–17 ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aldurstengd örorkuuppbót verði fyrst greidd við 18 ára aldur, þrátt fyrir að í 1. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga komi fram að einstaklingar á aldrinum 16–67 ára eigi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum rétt á örorkulífeyri og stangast frumvarpið því á við ákvæði gildandi laga. Á fundi heilbrigðis- og tryggingaefndar kom fram að 16–17 ára öryrkjar eru allstór hópur eða 100 piltar og 70 stúlkur. Þrátt fyrir að lögræðislögum hafi verið breytt fyrir nokkrum árum hefur fyrirkomulaginu fyrir þennan hóp ekki verið breytt í almannatryggingakerfinu. Á fundi nefndarinnar kom jafnframt fram að framkvæmdin hjá Tryggingastofnun er þannig að 16–17 ára barn sem metið hefur verið öryrki getur ásamt foreldrum sínum valið hvort það fær örorkubætur eða hvort greiddar eru umönnunarbætur til foreldra þess með því. Ekki verður séð af frumvarpinu að foreldrar og börn geti valið þessa leið. Það er alvarlegt að þau séu svipt þessum möguleika.

Skattar.

Þegar heildarútgjöld vegna samkomulagsins eru skoðuð kemur í ljós að kostnaður ríkissjóðs vegna frumvarpsins nemur 1.050 millj. kr. en samkvæmt upphaflegu samkomulagi hefði hann numið 1.528 millj. kr. Ef málið er skoðað nánar sést hins vegar að raunútgjöldin

næmu aðeins 645 millj. kr. Þar sem tekjuskattur er 38,54% yrðu samanlagðar tekjuskattsgreiðslur lífeyrisþeganna 405 millj. kr.

Ef staðið hefði verið við upphaflegt samkomulag og tekjuskattgreiðslur dregnar frá hefðu raunútgjöld ríkissjóðs því orðið 939.109 kr. þar sem tekjuskatturinn hefði verið 588.891 kr.

Því verður ekki annað séð en svigrúm ætti að vera til að standa að fullu við upphaflegt samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands, en fulltrúar ríkisstjórnarinnar á Alþingi felldu tillögur þess efnis við afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004.

Minni hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. des. 2003.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Önundur S. Björnsson

Þuríður Backman.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hlutfallsleg skerðing aldurstengdrar örorkuuppbótar miðað við samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Öryrkjabandalagsins.
II. Hlutfallsleg skerðing aldurstengdrar örorkuuppbótar miðað við frumvarp heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
III. Allt að tvöföldun grunnlífeyris hjá yngsta hópnum. (Morgunblaðið 26. mars 2003.)
IV. Uppfylla samkomulag við öryrkja í áföngum. (Morgunblaðið 27. nóvember 2003.)
V. Breytingin verður lögfest. (Morgunblaðið 28. nóvember 2003.)
VI. Fréttatilkynning nr. 17/2003 frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. (25. mars 2003.)
VII. Örorkulífeyrir. (Ríkisútvarpið 25. mars 2003.)
VIII. Bætt kjör (Stöð 2 25. mars 2003)
IX. Sótt og sigrað. Arnþór Helgason. (Tímarit Öryrkjabandalags Íslands, 2. tbl. 2003.)
X. Yfirlit formanns Öryrkjabandalags Íslands, Garðars Sverrissonar, frá aðalfundi bandalagsins 9. okt. 2003. (Tímarit Öryrkjabandalags Íslands, 2. tbl. 2003.)
XI. Bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið til Tryggingastofnunar ríkisins. (9. apríl 2003.)
XII. Kostnaðarmat fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið frá Tryggingastofnun ríkisins. (9. október 2003.)

632. Breytingartillaga [418. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (GÖg, ÁÓÁ, ÖB, ÞBack).

2. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppbótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 12. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 ára	100%	43 ára	49,00%
19 ára	97,96%	44 ára	46,96%
20 ára	95,92%	45 ára	44,92%
21 árs	93,88%	46 ára	42,88%
22 ára	91,84%	47 ára	40,84%
23 ára	89,80%	48 ára	38,80%
24 ára	87,76%	49 ára	36,76%
25 ára	85,72%	50 ára	34,72%
26 ára	83,68%	51 árs	32,68%
27 ára	81,64%	52 ára	30,64%
28 ára	79,60%	53 ára	28,60%
29 ára	77,56%	54 ára	26,56%
30 ára	75,52%	55 ára	24,52%
31 árs	73,48%	56 ára	22,48%
32 ára	71,44%	57 ára	20,44%
33 ára	69,40%	58 ára	18,40%
34 ára	67,36%	59 ára	16,36%
35 ára	65,32%	60 ára	14,32%
36 ára	63,28%	61 árs	12,28%
37 ára	61,24%	62 ára	10,24%
38 ára	59,20%	63 ára	8,20%
39 ára	57,16%	64 ára	6,16%
40 ára	55,12%	65 ára	4,12%
41 árs	53,08%	66 ára	2,08%
42 ára	51,04%	67 ára	0,04%

633. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Maríönnu Jónasdóttur, Ingva Má Pálsson, Guðmund Thorlacius, Ólaf Pál Gunnarsson, Elmar Hallgrímsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði, Guðmund Bjarnason og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Eirík Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Skúla Magnússon, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Skattstofu Reykjanesumdæmis, Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Skattstofu Reykjavíkur, ríkisskattstjóra, fjölskylduráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skattstofu Vesturlandsumdæmis.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru fjórar. Lagt er til að viðmiðunarfjárhæðir laganna hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins um 2,5%. Þá er lagt til að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott. Lagt er til að álagning sérstaks tekjuskatts verði framlengd um tvö ár, jafnframt því sem skatturinn verði lækkaður í áföngum uns hann fellur niður í árslok 2005. Loks er í frumvarpinu lögð til lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5%. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins á þessi breyting taka þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 16. október 2003 í máli nr. 549/2002, sem féll eftir að frumvarpið var lagt fram, komu upp efasemdir um stjórnskipulegt gildi ákvæðisins þar sem gert væri ráð fyrir að bætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 yrðu reiknaðar á grundvelli hins nýja ákvæðis en ekki á grundvelli þeirra lagareglna sem voru í gildi þegar vaxtagjöldin féllu til. Var á það bent að ákvæðið gæti hugsanlega falið í sér íþyngjandi afturvirka skerðingu sem ekki er hægt að útiloka að bryti í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Íslands um bann við afturvirkni skattalaga og/eða ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Vegna þessara efasemda fól fjármálaráðuneytið Skúla Magnússyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, að gefa lögfræðilegt álit á stjórnskipulegu gildi ákvæðisins.

Skúli dregur niðurstöður sínar saman í lok álitsins. Þar segir eftirfarandi:

1. „Líta verður á vaxtabætur sem einhliða greiðslur ríkisins til eigenda og byggjenda íbúðarhúsnæðis. Vaxtabætur eru því hvorki skattur né skattafsláttur, skattaendurgreiðsla eða skattahagræði. Þá standa vaxtabætur ekki í slíku sambandi við skattkerfið eða skattgreiðslur að rétt sé að telja þær til skatts. Á bann 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, við afturvirkni skattalaga, því ekki við um það frumvarp sem fjallað hefur verið um.
2. Vaxtabætur grundvallast ekki á greiðslum eða vinnuframlagi þeirra sem þiggja bæturnar. Af þessum sökum kemur almennt ekki til greina að telja rétt til vaxtabóta til eignar samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. stjórnarskipunarlaga,

nr. 97/1995, andstætt t.d. lífeyrisréttindum. Þessi niðurstaða á þó aðeins ótvírætt við um rétt til vaxtabóta sem ekki er orðinn gjaldkræfur eða er enn ekki tekinn að myndast.

3. Vaxtabætur sem þegar eru orðnar gjaldkræfar falla ótvírætt undir eignarréttarhugtak 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er meira vafamál hvernig fari um rétt til vaxtabóta sem tekinn er að myndast, er ekki að fullu orðinn til eða gjaldkræfur. Með hliðsjón af því að unnt er að áætla fjárhæð vaxtabóta fyrir þann tíma sem liðinn er með nokkurri vissu, mega rétthafar vaxtabóta almennt treysta því að þeir fái greiddar bætur samkvæmt gildandi reglum við lok álagningar næsta árs. Haggar það ekki þessari niðurstöðu að síðari tíma atvik geta leitt til einhverra breytinga á fjárhæð bótanna. Með hliðsjón af þeim grunnrökum eignarréttarákvæðisins að tryggja öryggi um fjárhagslega hagsmuni manna verður því að telja hagsmuni sem þessa til eignar í skilningi ákvæðisins. Sú skerðing á vaxtabótum fyrir árið 2003 sem ráðgerð er með frumvarpinu verður því að samrýmast eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.
4. Dómar Hæstaréttar benda til þess að eignarréttarvernd réttar til vaxtabóta, sem enn er ekki orðinn til að fullu, sé minni en endanlegs eða jafnvel gjaldkræfs réttar. Ef t.d. litið er svo á að slíkur réttur til vaxtabóta njóti sambærilegrar verndar og óvirk lífeyrisréttindi benda fordæmi Hæstaréttar til þess að heimilt sé að skerða þessi réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði lúta að meginstefnu að því að skerðing sé málefnaleg, jafnræðis sé gætt og skerðing gangi ekki lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að. Svipuð sjónarmið leiða af 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.
5. Sú efnislega skerðing sem lögð er til á vaxtabótum fullnægir kröfum eignarréttarákvæðisins um að vera málefnaleg og í samræmi við jafnræði. Er löggjafanum þannig ótvírætt heimilt að lækka vaxtabætur til samræmis við breytt vaxtaumhverfi og hvetja þannig íbúðareigendur til minni skuldsetningar, ef hann telur þetta þjóna almannahagsmunum. Gildistökuákvæði frumvarpsins, sem kveður á um að skerðing vaxtabóta skuli ná til ársins 2003, getur hins vegar ekki talist þjóna því markmiði að hvetja íbúðareigendur til minni skuldsetningar heimilanna. Þvert á móti er skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafa íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Með hliðsjón af því að regla frumvarpsins um afturvirka skerðingu bóta sýnist hvorki nauðsynleg né yfirleitt til þess fallin til að ná yfirlýstu markmiði frumvarpsins verður að draga í efa að frumvarpið standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, ef aðeins er litið til þessa markmiðs.
6. Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að gildistökureglu 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins er einnig ætlað að ná markmiðum í efnahagsstefnu ríkisins. Mat á því hvort þessum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti er að meginstefnu á forræði löggjafans. Hér verður þó að líta til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum, og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Að virtum tölulegum upplýsingum verður að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missi nálega allan þennan rétt með lagasetningu sem fram fer í lok þess árs þótt þær reglur sem gilt hafa allan þorrann af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til almennra efnahagslegra markmiða. Er því hætta á að dómstólar teldu umrædda

skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg.“

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum lagði fjármálaráðuneytið til við nefndina að ákvæði d-liðar 5. gr. um lækkun á hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum úr 7% í 5,5% yrði ekki beitt við álagningu 2004 heldur yrði þess í stað sett inn nýtt ákvæði þess efnis að vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skyldu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna. Slík flöt 10% skerðing taldi ráðuneytið að fullnægði þeim skilyrðum sem sett eru fram í áliti Skúla, þ.e. að skerðingin væri almenn, þ.e. hún kæmi niður á mörgum og varðaði litla fjárhagslega hagsmuni þeirra sem fyrir henni yrðu.

Að fengnu áliti Skúla óskaði nefndin eftir sjálfstæðu lögfræðiáliti frá Eiríki Tómassyni, prófessor við Háskóla Íslands. Var Eiríkur jafnframt beðinn um álit á breytingartillögu ráðuneytisins auk þess sem honum var afhent álit Skúla Magnússonar. Í niðurstöðukafla Eiríks segir eftirfarandi:

„Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, er niðurstaða mín sú að sá réttur til vaxtabóta á árinu 2004, sem þegar hefur myndast að verulegu leyti, teljist til eignarréttinda í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það sem mælir fyrst og fremst með því að unnt sé að skerða þennan rétt með lögum er að vaxtabæturnar hafa ekki verið endanlega ákvarðaðar og eru því síður fallnar í gjalddaga. Þegar svo stendur á og um er að ræða bætur, sem fólgnar eru í einhliða framlögum ríkisins, verða þeir, sem hlut eiga að máli, oftast nær að sætta sig við skerðinguna, enda sé hún málefnaleg og taki til allra þeirra sem eins stendur á um. Það styður jafnframt að skerðing af þessum toga sé stjórnskipulega gild að hún sé almenns eðlis og fremur lítilvæg fyrir þá sem hana þurfa að þola.

Með skírskotun til þessa er það álit mitt að það brjóti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi. Ástæðurnar eru þær, sem raktar eru á bls. 17 í áliti Skúla Magnússonar, þ.e. að skerðingin geti varla talist almenn, þar sem hún myndi bitna á tiltölulega fáum af þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem um yrði að ræða viðurhlutamikla skerðingu hjá flestum þeirra.

Öðru máli gegnir um þá hugmynd að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum. Slík skerðing væri almenns eðlis og skerðing bótanna auk þess fremur lítilvæg hjá hverjum og einum þeirra sem hana þyrftu að þola.

Það er þó ekki unnt að fullyrða með óyggjandi hætti að skerðing af þessu tagi yrði talin stjórnskipulega gild. Þótt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki beitt um afturvirka skerðingu á vaxtabótum, er ekki útilokað að dómstólar myndu horfa til sömu sjónarmiða og færð hafa verið fyrir banni við afturvirkum skattalögum við úrlausn á því hvort slík skerðing stæðist í ljósi eignarréttarákvæðisins í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæðan fyrir því eru hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið.

Þá má nefna tvö atriði til viðbótar sem gætu leitt til þessarar niðurstöðu. Í fyrsta lagi sú staðreynd að langt er liðið á árið og þar af leiðandi hafa flest þau atriði, sem ráða útreikningi vaxtabóta á næsta ári, þegar átt sér stað. Jafnframt hafa þeir, sem hlut eiga að máli, lítið svigrúm til þess að bregðast við skerðingunni, sbr. ummæli Hæstaréttar í dómi sínum 24. október 2002, þar sem vísað er til þess að sá, sem taldi á sér brotinn rétt vegna breytinga á lífeyrisréttindum, hafi haft „alla aðstöðu og forsendur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra.“ Í öðru lagi kann það hafa eitthvað að segja að eitt af þeim markmiðum, sem fært hefur verið fyrir skerðingu vaxtabóta, þ.e.

að draga úr skuldsetningu heimilanna, næst ekki með því að skerða bæturnar á afturvirkan hátt.

Þrátt fyrir þetta er það álit mitt að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, sé stjórnskipulega gild. Fyrir utan þau rök að um sé að ræða almenna og tiltölulega lítilfjörlega skerðingu á bótunum hygg ég að tillitið til þess að játa löggjafanum verulegu svigrúmi, til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins, muni vega þar þungt. Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána."

Það er álit meiri hluta nefndarinnar að líkur séu á því að skerðing vaxtabóta vegna vaxtagjalda á árinu 2003 við álagningu á árinu 2004 á grundvelli d-liðar 5. gr. frumvarpsins kunni að vera stjórnskipulega ógild þar sem hún gæti farið í bága við eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Álit þetta byggist einkum á því að skerðingin bitnar á tiltölulega fámennum hópi og getur haft umtalsverða fjárhagslega þýðingu fyrir einstaka bótaþega sem fyrir henni verða. Auk þess byggist þessi afstaða á þeim ályktunum sem draga má af dómi Hæstaréttar frá 16. október sl.

Að áliti meiri hlutans gegnir öðru máli um flata 10% skerðingu vaxtabóta sem taki til allra sem þiggja vaxtabætur enda snertir slík skerðing tiltölulega litla fjárhagslega hagsmuni hvers um sig. Sú niðurstaða er í samræmi við framangreind lögfræðiálit. Þeir fyrirvarar sem Eiríkur gerir í áliti sínu eru eðlilegir þegar litið er til þess að ekki er við skýr dómafordæmi að styðjast.

Lækkun vaxtabóta á árinu 2004 er liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og forsendum fjárlagafrumvarpsins um aukið aðhald í ríkisfjármálum árið 2004 með það að markmiði að halda aftur af innlendri eftirspurn og varðveita efnahagslegan stöðuleika nú þegar nýtt hagvaxtarskeið er hafið. Slíkt aðhald bætir hag allra, einnig þeirra sem þiggja vaxtabætur. Liður í því er lækkun ríkisútgjalda með sérstökum aðgerðum, þ.m.t. lækkun vaxtabóta. Það er afdráttarlaust álit meiri hlutans að játa verði löggjafanum verulegt svigrúm til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins og að dómstólum beri að skýra allan vafa að því leyti löggjafanum í hag. Þessu sjónarmiði til stuðnings má meðal annars vísa til fyrrgreindra orða Eiríks Tómassonar.

Í umræðum í nefndinni setti Pétur H. Blöndal fram það sjónarmið að álagning hátekjuskatts sem falla átti niður 1. janúar nk. kynni með sömu rökum að fela í sér ólögmæta afturvirkni þar sem laun byggjast á liðnum atburðum, t.d. ráðningarsamningum og sölu á hugverkum o.s.frv. sem talið hefur verið stjórnskipulega gild hingað til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar er eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 10. gr. frumvarpsins. Lagt er til að kveðið verði skýrar á um heimildir ríkisskattstjóra til að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. 89. gr. laganna um framtals- og skattlagningarstað.
2. Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að vaxtabætur á árinu 2004, vegna vaxtagjalda á árinu 2003, verði 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna. Þessi breyting er lögð til samhliða tillögu um að lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta úr 7% í 5,5% komi ekki

til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004.

3. Lagðar eru til þrjár breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði d-liðar 5. gr. frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 2004 og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Í öðru lagi er lagt til að 10. gr. frumvarpsins öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu og endurákvörðun eftir gildistöku ákvæðisins. Í þriðja lagi er lagt til að hið nýja ákvæði til bráðabirgða öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2003.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Gunnar Birgisson.

Birgir Ármannsson. Páll Magnússon.

634. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, KHG, GunnB, BÁ, PM).

1. 10. gr. orðist svo:
   5. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:
   Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað:
   a. þegar skattaðilar hafa flust á milli skattumdæma, eða
   b. þegar skattskyldir aðilar skv. I. kafla hafa með höndum sameiginlegan rekstur en eru ekki með búsetu í sama skattumdæmi, eða
   c. þegar ákvörðun launa er með þeim hætti sem um getur í 58. gr. en aðilar eru ekki með búsetu í sama skattumdæmi, eða
   d. vegna skatteftirlits skattstjóra, sbr. 1. mgr. 102. gr., þegar mál tekur til aðila sem ekki eru með búsetu í sama skattumdæmi.
2. Við 12. gr. Við bætist nýr liður, ákvæði til bráðabirgða X, svohljóðandi:
   Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna.
3. 13. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005 vegna tekna og eigna á árinu 2004. Ákvæði 2. gr., b-liðar 3. gr., b-liðar 6. gr. og b-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008. Ákvæði 10. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við endurákvörðun og álagningu eftir gildistöku ákvæðisins. Ákvæði b-liðar 12. gr. (ákvæði

til bráðabirgða X) öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

635. Frumvarp til laga [447. mál]

um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur Árni Stefánsson, Jónína Bjartmarz, Þuríður Backman, Sigurjón Þórðarson.

I. KAFLI
Eftirlaunaréttur, lífeyrisiðgjald og greiðsla eftirlauna.

1. gr.

Forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar eiga rétt til eftirlauna úr ríkissjóði þegar þeir láta af störfum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum. Þeir skulu meðan þeir gegna störfum greiða í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins iðgjald sem nemi 5% af heildarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi úr ríkissjóði sem sé jafnhátt hlutfall og fyrir almenna sjóðfélaga, sbr. 13. gr. laga um sjóðinn.

Iðgjaldagreiðslur skv. 1. mgr. skapa rétt til lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt reglum um hana. Ellilífeyrir, makalífeyrir og örorkulífeyrir úr A-deild, sem byggist á þeim iðgjaldagreiðslum, kemur til frádráttar greiðslum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Forseti Íslands.

2. gr.

Fyrrverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur biðlauna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1990.

Eftirlaunin nema 60% af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu lengur en eitt kjörtímabil eru eftirlaunin 70%, en 80% hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

3. gr.

Nú andast forseti og skal þá greiða eftirlifandi maka hans full laun í sex mánuði. Að þeim tíma liðnum skal greiða makanum helming þeirra eftirlauna sem hinn látni forseti hefði átt rétt á.

Um rétt maka forseta er látið hefur af störfum fer eftir 16. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr.

III. KAFLI
Ráðherrar.

4. gr.

Fyrrverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann lætur af ráðherrastörfum og er fullra 60 ára að aldri.

3. Hann hefur gegnt ráðherrastörfum í sex ár samtals eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar um þann tíma sem hann er í embætti umfram sex ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

5. gr.

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi ráðherra er 6% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunaréttur skv. 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur samkvæmt þessari grein verður þó aldrei meiri en 70%.

6. gr.

Fyrrverandi forsætisráðherra, sem hefur gegnt embætti í a.m.k. eitt ár, á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum með sama hlutfalli eftirlauna og forseti Íslands, sbr. 2. gr. Kjörtímabil samkvæmt þessari grein skal talið vera hver fjögur ár samtals í embætti. Sé embættistími ekki samfelldur má miða við samanlagðan tíma í árum talið og deila í hann með fjórum. Hafi fyrrverandi forsætisráðherra einnig gegnt ráðherrastörfum í ráðuneyti annarra má telja þriðjung þess embættistíma með til réttinda samkvæmt þessari grein.

Eftirlaunin fylgja heildarlaunum forsætisráðherra eins og þau eru á hverjum tíma, þ.e. ráðherralaunum og þingfararkaupi, og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunaréttur skv. 1. mgr. segir til um.

Ákvæði 4. gr. gilda um rétt fyrrverandi forsætisráðherra samkvæmt þessari grein. Réttur eftir þessari grein kemur þá í stað annarra réttinda skv. III. og IV. kafla.

7. gr.

Fyrrverandi ráðherra, sem jafnframt hefur gegnt þingstörfum og uppfyllir skilyrði 4. gr. til að fá eftirlaun fyrir ráðherrastörf, öðlast, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., jafnframt rétt til eftirlauna fyrir þingmennsku sína.

IV. KAFLI
Alþingismenn.

8. gr.

Fyrrverandi alþingismaður á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann lætur af þingmennsku og er fullra 60 ára að aldri.
3. Hann hefur átt sæti á Alþingi í samtals 16 ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar um sem svarar helmingi þingsetutíma hans sem er umfram 16 ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

9. gr.

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi alþingismanns er 3% fyrir hvert heilt ár þingsetu og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja þingfararkaupi eins og það er á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þess sem eftirlaunarétturinn skv. 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur verður aldrei meiri en 70%.

Álagsgreiðslur skv. 3. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað mynda viðbótarrétt til eftirlauna samkvæmt hlutfalli sínu fyrir þann tíma sem þær eru greiddar.

10. gr.

Ljúki þingsetu fyrir 40 ára aldur eða standi hún skemur en þrjú ár fellur niður réttur til greiðslna úr ríkissjóði samkvæmt þessum lögum. Veita þá iðgjaldagreiðslur skv. 1. gr. almennan rétt í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um sjóðinn.

11. gr.

Forseti Alþingis öðlast sama rétt til eftirlaunagreiðslna og ráðherra fyrir þann tíma sem hann gegnir forsetaembættinu.

12. gr.

Ráðherra, sem er ekki jafnframt alþingismaður, öðlast, auk réttinda skv. III. kafla, sama rétt til eftirlauna og alþingismenn fyrir þann tíma sem hann gegnir ráðherrastörfum.

13. gr.

Fyrrverandi alþingismaður, sem jafnframt hefur gegnt ráðherrastörfum og uppfyllir skilyrði 8. gr. til að fá eftirlaun fyrir þingmennsku, öðlast einnig, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., rétt til eftirlauna fyrir ráðherrastörf sín.

14. gr.

Með „alþingismaður“ er í lögum þessum átt við þann sem hefur tekið fast sæti á Alþingi. Varaþingmaður greiðir af þingfararkaupi sínu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og á rétt til lífeyris úr þeim sjóði eftir almennum reglum hans í samræmi við iðgjaldagreiðslur sínar.

Þegar réttindi alþingismanna samkvæmt lögum þessum eru reiknuð út er talinn með sá tími þegar þeir sátu á Alþingi sem varaþingmenn.

V. KAFLI
Hæstaréttardómarar.

15. gr.

Fyrrverandi hæstaréttardómari á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann hefur gegnt dómarastörfum í Hæstarétti tólf ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar sem svarar embættistíma hans sem er umfram tólf ár, þó ekki meira en tíu ár.

Eftirlaunahlutfallið er 6% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja föstum hæstaréttardómaralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn skv. 2. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur verður aldrei meiri en 80%.

Réttur til eftirlauna og makalífeyris samkvæmt þessari grein á ekki við um þá dómara sem fá lausn skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar.

VI. KAFLI
Maka- og örorkulífeyrir, biðlaun, skerðing greiðslna o.fl.

16. gr.

Nú andast sá sem lög þessi taka til og á þá maki hans rétt á lífeyri úr ríkissjóði er nemur helmingi þeirrar fjárhæðar sem hinn látni hefði haft í eftirlaun, þó að frádregnum greiðslum skv. 2. mgr. 1. gr.

Þegar greiðslum makalífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lýkur eftir reglum hans skerðast makalífeyrisgreiðslur úr ríkissjóði ef makinn hefur aðrar launatekjur og nemur skerðingin þriðjungi þess sem þau laun eru umfram fjárhæð makalífeyrisins.

Nú á sá sem lög þessi taka til rétt til örorkulífeyris skv. 16. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og skal honum þá greiddur lífeyrir úr ríkissjóði sem nemur þeim réttindum til eftirlauna, sem hann hefur aflað sér, hlutfallslega eftir orkutapi, þó að frádregnum greiðslum skv. 2. mgr. 1. gr.

17. gr.

Réttindaávinnsla samkvæmt lögum þessum helst meðan biðlaun eru greidd, enda séu þau helmingur fullra launa eða meira og iðgjöld greidd af þeim.

18. gr.

Enginn á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum meðan hann gegnir starfi sem lögin taka til eða fær biðlaun fyrir það. Sama gildir þótt eftirlaunin séu greidd samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr.

19. gr.

Nú tekur sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum við nýju starfi og skerðast þá eftirlaunagreiðslur til hans fram að 65 ára aldri um sem nemur 0,5% af áunnum rétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur frá því að við starfi er tekið. Sama skerðing verður á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur þó niður þegar látið er af starfi.

20. gr.

Sá sem hefur öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum skal leita eftir útreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á réttindahlutfalli sínu. Sjóðurinn sendir fjármálaráðuneyti niðurstöðuna. Verði ágreiningur má skjóta honum til þriggja manna nefndar. Forseti Alþingis, fjármálaráðherra og forseti Hæstaréttar tilnefna einn mann hver í nefndina.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laganna og fyrirkomulag greiðslna úr ríkissjóði og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga, lagaskil o.fl.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

a. Lög um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.
b. Lög um eftirlaun ráðherra, nr. 47/1965, með síðari breytingum.
c. 5. og 6. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

d. 9. og 10. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
e. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins.

22. gr.

Lög þessi taka til þeirra er rétt eiga í alþingismanna- og ráðherradeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eigi hafa þegar hafið töku lífeyris við gildistöku laganna. Nú hefur maður þegar öðlast betri rétt samkvæmt eldri lögum og getur hann þá tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim. Eldri lög geta þó eigi gilt um þá alþingismenn sem voru kosnir til Alþingis í fyrsta sinn 10. maí 2003.

Eftirlaun alþingismanna og ráðherra, sem ákvörðuð hafa verið samkvæmt eldri lögum eða verða ákvörðuð síðar samkvæmt þeim lögum, skulu greidd úr ríkissjóði frá gildistöku þessara laga. Sama gildir um makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri sem byggður er á eldri lögum. Eignir alþingismanna- og ráðherradeildar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins renna í ríkissjóð.

Hæstaréttardómurum, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr., að greiða iðgjald til þeirrar deildar meðan þeir eru í starfi, enda fer þá um réttindi þeirra, maka þeirra og barna samkvæmt reglum deildarinnar.

23. gr.

Breyting á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum:

a. 3. gr. laganna orðast svo:

Varaforsetar Alþingis fá greitt 20% álag á þingfararkaup.

Þeir alþingismenn, sem eru formenn stjórnmálaflokka, sem hlotið hafa a.m.k. þrjá þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, fá greitt 50% álag á þingfararkaup.

Formenn þingnefnda, sbr. 13. gr. þingskapa, og formenn þingflokka fá greitt 20% álag á þingfararkaup. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, sbr. 32. gr. þingskapa, svo og varaformanni fastanefndar, sambærilegt álag eða hluta þess ef sérstök ástæða er til. Enginn getur fengið nema eina álagsgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

b. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra á rétt til greiðslna samkvæmt lögum þessum nema skv. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr.

Ráðherra á rétt á biðlaunum úr ríkissjóði er hann lætur af embætti. Biðlaun jafnhá ráðherralaunum eru þá greidd í þrjá mánuði. Eftir ráðherrastörf í samfellt eitt ár eða lengur eru greidd biðlaun í sex mánuði. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. gilda um biðlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er steypt saman í einn bálk lagaákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Jafnframt er gerð sú grundvallarbreyting að eftirlaunagreiðslur fyrir þessi æðstu störf í þjóðfélaginu komi beint úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og verið hefur. Samhliða eru svo gerðar nokkrar lagfæringar og sett nýmæli um þessi réttindi, auk þess sem iðgjaldahlutfallið er hækkað.

Um eftirlaun forseta Íslands eru ákvæði í lögum frá 1990, lögum um laun forseta Íslands. Sérstök lög gilda nú um eftirlaun alþingismanna og ráðherra, að stofni til frá 1965, en þeim var breytt allnokkuð 1982. Engin sérstök lagaákvæði eru um eftirlaun hæstaréttardómara, en þó er að þeim vikið í 31. gr. dómstólalaga, nr. 15/1998.

Þegar gerðar voru breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna með lögum nr. 141/1996 (endurútgefin sem lög nr. 1/1997) komu fram hugmyndir um að breyta ætti jafnframt lífeyrisréttindum alþingismanna og ráðherra. Töldu þá margir að rétt væri að gera samsvarandi breytingar á eftirlaunarétti alþingismanna og ráðherra og er að finna í nýrri A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ljóst er að alþingismanna- og ráðherradeildir innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins standa ekki undir þeim skuldbindingum sem þær bera með núverandi iðgjaldafyrirkomulagi. Virðist ekki gerlegt að gera þar breytingu á nema með miklu framlagi ríkissjóðs og stórhækkuðu iðgjaldahlutfalli. Raunar er vafasamt að tala um „deildirnar“ sem sérstaka lífeyriseða eftirlaunasjóði heldur er hér í raun og veru um hreint gegnumstreymi úr ríkissjóði að ræða. Því hefur það sjónarmið verið lagt til grundvallar í frumvarpi þessu að falla frá sjóðmyndun um eftirlaunaskuldbindingar fyrir alþingismenn og ráðherra, svo og aðra sem lög þessi taka til, en taka þess í stað upp gegnumstreymiskerfi. Slíkt kerfi gildir nú um forseta Íslands og einnig hæstaréttardómara. Því þykir fara vel á því að fella saman í einn lagabálk eftirlaunakerfi fyrir þessa æðstu handhafa ríkisvalds, forseta, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara.

Breytingin byggist á því að árlegar greiðslur eftirlauna komi úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunadeildir alþingismanna og ráðherra innan LSR verði lagðar niður og árlegar greiðslur til fyrrverandi alþingismanna og ráðherra, sem komið hafa úr þeim sjóði, færðar yfir á ríkissjóð. Forseti Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómarar greiði af launum sínum eins og aðrir launþegar í A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og myndi þar almennan lífeyrisrétt samkvæmt lögum um sjóðinn og koma greiðslur samkvæmt þeim lögum til frádráttar greiðslum ríkissjóðs.

Í ljósi þess að réttur samkvæmt frumvarpinu til lífeyrisgreiðslna er nokkru betri en almennt tíðkast er iðgjaldahlutfallið hækkað frá því sem nú er, úr 4% af föstum launum í 5% af heildarlaunum.

Samhliða þessari skipulagsbreytingu á greiðslu eftirlauna eru gerðar nokkrar lagfæringar á eftirlaunaréttindum, m.a. til einföldunar. Slíkar efnisbreytingar er þessar helstar:

a. Réttindaávinnsla alþingismanna verður jöfn á hverju þingári, 3%, en ekki breytileg frá 1,7% upp í 5% eins og nú er. Hámark, 70%, er óbreytt.
b. Réttindaávinnsla ráðherra er óbreytt, 6% á hverju ári í embætti, en hámark er fært til samræmis við rétt þingmanna, þ.e. í 70%, í stað 50% eins og nú er.
c. Almennur lífeyrisaldur fyrir alþingismenn, ráðherra og hæstaréttardómara er óbreyttur, 65 ár. Sérregla hefur gilt um alþingismenn sem eru að hætta á þingi, þ.e. 61 árs aldur. Það aldursmark er lækkað um eitt ár og látið gilda líka um ráðherra sem þá láta af störfum.
d. Hin svokallaða „95-ára-regla“ fyrir alþingismenn er afnumin enda hefur hún lítið gildi eftir þær breytingar sem frumvarpið kveður á um.
e. Myndaður er sérstakur réttur fyrir alþingismenn og ráðherra, sem gegnt hafa forustuhlutverki í stjórnmálum um langan tíma, til að hverfa af vettvangi þjóðmála og fara á eftirlaun fyrr en annars er heimilt í stað þess að leita sér starfs á vinnumarkaði. Eru mörkin sett við alþingismenn sem setið hafa 16 ár hið minnsta á Alþingi og ráðherra sem gegnt hafa embætti í a.m.k. sex ár. Ljóst er að um tiltölulega fáa einstaklinga er að ræða miðað

við þann fjölda sem nýtur lífeyrisgreiðslna. Jafnframt eru sett ákvæði sem skerða þessar greiðslur fram að 65 ára aldri ef sá sem þeirra nýtur tekur við öðru starfi. Er m.a. haft í huga að þessi skipan mála geti auðveldað eðlilega endurnýjun í stjórnmálum og dregið úr þeirri tilhneigingu að fyrrverandi forustumenn á þeim vettvangi sæki í embætti í stjórnkerfinu til þess að ljúka starfsferli á viðunandi hátt.

f. Sett eru sérákvæði um eftirlaun forsætisráðherra. Réttindaávinnsla og hlutfall verður hið sama og hjá forseta Íslands en fyrirkomulag eftirlaunaréttarins verður að öðru leyti svipað og hjá öðrum ráðherrum.

g. Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, í því skyni að jafna aðstöðu formanna stjórnmálaflokkanna þannig að þeir formenn, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, hafi álag á þingfararkaup, 50%. Ráðherralaun, sem leggjast við þingfararkaup, eru tæp 80% af þingfararkaupinu. Formenn þingflokka, varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda fá nú samkvæmt gildandi lögum 15% álag á þingfararkaupið, en samkvæmt frumvarpinu hækkar það í 20%.

h. Sett eru almenn ákvæði um eftirlaunarétt hæstaréttardómara. Þau fela m.a. í sér rétt fyrir dómara, sem gegnt hafa störfum í Hæstarétti í a.m.k. tólf ár, til að komast á eftirlaun nokkru fyrr en áður hefur verið tíðkað. Flestir dómarar Hæstaréttar hafa fram að þessu setið í dómnum fram yfir 65 ára aldur og hafa þá fengið lausn frá störfum „án óskar" eins og það er orðað í dómstólalögum og haldið fullum embættislaunum til æviloka samkvæmt túlkun á 61. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessu frumvarpi er ekki hróflað við þeirri framkvæmd heldur tekur það til þeirra dómara sem ekki njóta hennar.

Eftirlaunaréttur þeirra sem lög þessi taka til, forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, er nú rýmri en almennt tíðkast. Á það sér þá skýringu að þetta eru æðstu opinber embætti og störf í þjóðfélaginu og vandasöm eftir því. Forseti Íslands og alþingismenn þiggja umboð sitt til starfa beint frá þjóðinni í almennum kosningum og sækja endurnýjun þess á a.m.k. fjögurra ára fresti. Sama gildir í raun og veru um ráðherra. Það er því lýðræðisleg nauðsyn að svo sé búið að þessum embættum og störfum að það hvetji til þátttöku í stjórnmálum og að þeir sem verja meginhluta starfsævi sinnar til stjórnmálastarfa á opinberum vettvangi og gegna þar trúnaðar- og forustustörfum geti dregið sig í hlé og vikið fyrir yngra fólki án þess að hætta fjárhagslegri afkomu sinni. Það er líka mikilsvert í lýðræðisþjóðfélagi að ungt efnisfólk gefi kost á sér til stjórnmálastarfa og þurfi ekki að tefla hag sínum í tvísýnu með því þótt um tíma bjóðist betur launuð störf á vinnumarkaði. Á þessum sjónarmiðum er það fyrirkomulag lífeyrisréttinda stjórnmálamanna byggt sem nú er í gildi. Svo virðist sem starfstími manna í stjórnmálum sé að styttast eftir því sem samfélagið verður opnara og margþættara og fjölmiðlun meiri og skarpari. Við því er eðlilegt að bregðast, m.a. með því gera þeim sem lengi hafa verið í forustustörfum í stjórnmálum kleift að hverfa af vettvangi með sæmilega örugga afkomu og án þess að þeir þurfi að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Frumvarp þetta er að nokkru leyti byggt á því fyrirkomulagi sem viðhaft er í nágrannalöndum, þeim ríkjum sem næst okkur standa að stjórnmálahefðum og stjórnskipan. Á það einkum við um möguleika stjórnmálamanna til að hverfa af þingi eða úr ríkisstjórn eftir langan feril. Skipan eftirlaunamála stjórnmálamanna er þó mismunandi í þessum löndum. Í Svíþjóð og Noregi ná þingmenn t.d. fullum réttindum eftir tólf ára þingsetu (þrjú kjörtímabil), ráðherrar eftir sex ár. Aðallega er þó höfð hliðsjón af því skipulagi sem gildir í Þýskalandi. Almennt aldursmark eftirlauna þingmanna þar er 65 ár en lækkar um þann tíma sem þingseta er umfram átta ár en verður þó aldrei lægra en 55 ár. Ráðherrar, sem setið hafa a.m.k. þrjú ár, geta lækkað útgreiðsluár eftirlauna niður í 55 ár.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds og LSR voru eftirlaunagreiðslur til þeirra sem falla undir ákvæði þessa frumvarps um 300 millj. kr. á árinu 2002. Skiptust þær þannig að til fyrrverandi forseta og maka forseta voru greiddar 21,6 millj. kr., til fyrrverandi ráðherra 30 millj. kr., til fyrrverandi alþingismanna 196 millj. kr. og til fyrrverandi hæstaréttardómara 52,4 millj. kr. Greiðslum til fyrrverandi ráðherra og alþingismanna úr LSR var mætt með jafnháu framlagi úr ríkissjóði en iðgjöld voru notuð til eignamyndunar. Ljóst er því að engin breyting verður á greiðslum úr ríkissjóði við þá breytingu sem frumvarpið felur í sér. Framlag ríkissjóðs til LSR lækkar sem nemur þeim greiðslum sem nú munu falla beint á ríkissjóð. Breytingar sem í frumvarpinu felast munu því koma fram á löngum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í almennum inngangi greinargerðarinnar verða „deildir" fyrir alþingismenn og ráðherra í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins lagðar niður með frumvarpi þessu en eftirlaunagreiðslur til þeirra, auk forseta Íslands og hæstaréttardómara, framvegis greiddar beint úr ríkissjóði. Eðlilegt þykir að þeir sem njóta réttar samkvæmt lögum þessum greiði hærra iðgjald til lífeyrissjóðsins en aðrir launþegar því að réttur þeirra er betri. Er iðgjaldahlutfallið ákveðið 5% en meginregla í LSR er 4%. Mótframlag ríkissjóðs er hins vegar hið sama og gildir almennt um A-deild LSR, nú 11,5%. Með iðgjaldagreiðslum þessum stofnast réttindi í A-deildinni og þegar til lífeyrisgreiðslna kemur koma þær greiðslur til frádráttar eftirlaunum úr ríkissjóði. Þar sem iðgjald launþega (sjóðfélaga) verður hærra en ákveðið er í 2. mgr. 13. gr. laga um LSR, þ.e. 5% í stað hins almenna iðgjalds sem er 4%, þyrfti að breyta samþykktum A-deildar LSR, sbr. heimild til þess í 6. mgr. 13. gr. laga um sjóðinn, svo að viðbótariðgjaldið nýtist til ávinnslu réttinda samkvæmt reglum sjóðsins.

Iðgjöld eru miðuð við heildarlaun eins og meginregla er í A-deild LSR. Það felur í sér einingar og álag á föst laun og aðrar greiðslur, sem teljast til launa, verða stofn iðgjaldagreiðslu.

Iðgjaldagreiðslur ríkissjóðs (mótframlag) til LSR samkvæmt þessu frumvarpi verða nokkru hærri en er í lögum um eftirlaun ráðherra og alþingismanna, þ.e. 11,5% (eins og þær eru nú) í stað 6%. Ekki verður þó raunbreyting því að ríkið hefur, a.m.k. fyrir alþingismenn og ráðherra, greitt sama mótframlag til LSR fyrir B-deildarmenn og þá sem eru í A-deild, þ.e. 11,5%.

Forseti Íslands hefur ekki greitt í lífeyrissjóð, og ekki hefur verið greitt mótframlag fyrir hann, en breyting verður þar á samkvæmt frumvarpinu. Sú skipan kemst þó ekki á fyrr en með nýju kjörtímabili forseta, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrár.

Hæstaréttardómarar, sem nú eru í embætti, greiða ýmist í A- eða B-deild LSR. Í 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins er ákvæði um að þeir dómarar sem nú greiða í B-deild LSR geti greitt iðgjald þangað áfram meðan þeir eru í starfi.

Eins og getið er um í almennum inngangi greinargerðarinnar skapa iðgjaldagreiðslur samkvæmt frumvarpi þessu almennan rétt í A-deild LSR, þ.e. til ellilífeyris, makalífeyris og örorkulífeyris. Það er meginstefna frumvarpsins að tryggja æðstu handhöfum hinna þriggja greina ríkisvaldsins viss lágmarksréttindi til eftirlauna en sú trygging kemur aðeins til viðbótar þeim réttindum sem ávinnast með iðgjaldagreiðslum samkvæmt frumvarpinu. Því gildir sú regla, eins og kveðið er á um í síðari málslið 2. mgr. greinarinnar, að lífeyrir úr A-deild LSR kemur til frádráttar þeim greiðslum sem ella falla á ríkissjóð. Það eru þó aðeins þær greiðslur úr A-deild sem byggjast á iðgjaldagreiðslu og réttindaávinnslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem koma til frádráttar en ekki aðrar lífeyrisgreiðslur sem menn kunna að eiga rétt á úr A-deildinni fyrir önnur störf.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 5. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, með smávægilegum orðalagsbreytingum, en í gildistökuákvæði þessa frumvarps er jafnframt lagt til að sú grein þeirra laga falli brott. Í 3. mgr. 5. gr. gildandi laga um laun forseta Íslands er ákvæði um skerðingu eftirlaunagreiðslna ef fyrrverandi forseti tekur við annarri stöðu í þjónustu ríkisins. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði enn og þykir raunar ósennilegt að svo verði. Í því falli ættu þá við ákvæði 19. gr. frumvarpsins sem skerða eftirlaunagreiðslur við vissar aðstæður.

Rétt er að vekja athygli á að eftirlaunaréttur fyrrverandi forseta Íslands og maka fyrrverandi forseta er talsvert hagstæðari eftir breytingar sem urðu á skattameðferð launa hans og nýrri launaákvörðun Kjaradóms fyrir forseta í framhaldi af því, sbr. lög nr. 84/2000, um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands. Miðast eftirlaun nú við talsvert hærri laun en áður var.

Um 3. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, með þeirri breytingu þó að hún á aðeins við um maka forseta sem er í starfi er hann fellur frá. Um rétt maka fyrrverandi forseta, sem fær eftirlaun samkvæmt þessum lögum, er fjallað í 2. mgr. greinarinnar. Rétturinn fer þá eftir almennu ákvæði í 16. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr., þ.e. makinn fær helming eftirlauna, að frádregnum makalífeyri úr A-deild LSR meðan hann er greiddur. Það er ekki efnisbreyting frá gildandi ákvæðum.

Í greininni er sérákvæði um þann rétt maka forseta Íslands sem fellur frá í starfi að njóta óskertra launa hans í sex mánuði, og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um laun forseta Íslands, sem fjallar um skerðingu greiðslna til maka fyrrverandi forseta ef hann tekur við nýju starfi, er fellt brott og eiga þá ákvæði 18. og 19. gr. frumvarpsins við ef svo er.

Um 4. gr.

Eftir gildandi lögum (2. og 3. gr. laga nr. 47/1965) eiga ráðherrar fyrst rétt til eftirlauna er þeir verða 65 ára, enda hafi þeir gegnt embætti í a.m.k. eitt ár. Samkvæmt frumvarpinu er réttur fyrrverandi ráðherra til eftirlauna rýmkaður nokkuð. Sem fyrr er haldið því almenna skilyrði að fyrrverandi ráðherra verði að vera 65 ára þegar hann tekur eftirlaun, sbr. 1. tölul. greinarinnar. Í 2. tölul. er þetta aldursmark hins vegar lækkað fyrir þá sem hverfa beint úr ráðherraembætti af vettvangi stjórnmála. Er það til samræmis við þá reglu sem gildir um alþingismenn, sbr. 8. gr.

Loks er í 3. tölul. sérstakt ákvæði um þá fyrrverandi ráðherra sem hafa gegnt embætti í hálft annað kjörtímabil eða samtals í sex ár. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að gera forustumönnum í þjóðmálum, eins og ráðherrar eru tvímælalaust, kleift að hverfa úr stjórnmálum eftir langan feril í forustusveit og stuðla þannig að eðlilegri endurnýjun. Hér er, eðli máls samkvæmt, aðeins um fáa forustumenn að tefla. Með ákvæðinu er opnuð leið fyrir slíka menn til að hætta stjórnmálaþátttöku nokkru fyrr en nú er, að lágmarki 55 ára, hafi þeir gegnt ráðherrastörfum í a.m.k. ellefu ár. Ráðherra sem gegnt hefur embætti í átta ár á þá slíkan rétt við 58 ára aldur. Þess er jafnframt að geta að fullum réttindum til eftirlauna nær ráðherra á tólfta embættisári samkvæmt frumvarpinu. Þegar réttur skv. 3. tölul. stofnast, þ.e. eftir sex ár í ráðherraembætti, verður hann að lágmarki fimm ár og aldursmarkið 60 ár. Með hliðsjón af 2. tölul. greinarinnar, þ.e. því ákvæði að ráðherra, sem lætur af embætti og er fullra 60 ára að aldri, á rétt til eftirlauna samkvæmt frumvarpinu, nýtist réttur eftir 3. tölul.

einvörðungu ráðherra, sem vill hverfa beint úr embætti og taka eftirlaun fyrir sextugsaldur, hafi hann setið í embætti meira en sex ár.

Réttindi skv. 3. tölul. eru ekki háð því að fyrrverandi ráðherra hverfi beint úr ráðherrastól á eftirlaun (eða biðlaun og eftirlaun) eins og skv. 2. tölul. Þannig getur fyrrverandi ráðherra, sem gegnt hefur embætti samtals í sex ár, t.d. átt sæti á Alþingi nokkurn tíma eftir að ráðherradómi hans lýkur þar til réttur hans til eftirlauna samkvæmt þessum tölulið verður virkur eða hann kýs að nýta sér þennan rétt.

Um 5. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um réttindaávinnslu ráðherra. Er hún hin sama og í gildandi lögum, þ.e. 6% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Í gildandi lögum eru hins vegar tvenns konar skilyrði og er þeim báðum breytt í frumvarpinu. Hið fyrra er að ráðherra þarf nú að hafa setið í eitt ár í embætti til þess að öðlast rétt til eftirlauna, en það ákvæði þykir óeðlilegt. Hið síðara er að nú er hámark eftirlauna 50%, þ.e. annað og talsvert lægra en fyrir önnur störf. Þykir því eðlilegra að hámarkið verði hið sama og fyrir þingsetu, þ.e. 70%. Núverandi hámarki ná ráðherrar eftir átta ára embættistíma (sé biðlaunatími talinn með), en samkvæmt frumvarpinu yrði það rúm ellefu ár, þ.e. nærri því þrjú kjörtímabil. Þess eru ýmis dæmi að ráðherrar greiði í lífeyrissjóð, jafnvel um árabil, samkvæmt núgildandi lögum án þess að auka réttindi sín.

Þess er rétt að geta að ráðherralaun eru talsvert lægri en þingfararkaup og eru aðeins um 45% af heildarlaunum ráðherra, en hann nýtur í starfi sínu jafnframt þingfararkaups.

Óbreytt er frá gildandi lögum að eftirlaunaréttur verður ekki virkur fyrr en að loknum þeim tíma sem fyrrverandi ráðherra nýtur biðlauna, nú skv. 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, eða þingfararkaups og biðlauna fyrir þingsetu samkvæmt lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Fyrrverandi ráðherra sem situr sem þingmaður eftir að hann lætur af ráðherrastörfum á því ekki rétt til eftirlauna fyrr en störfum hans á þingi lýkur.

Um 6. gr.

Í greininni er sérregla um fyrrverandi forsætisráðherra. Samkvæmt henni njóta þeir réttinda í sama hlutfalli og gildir um réttindaávinnslu forseta Íslands, sbr. 2. gr. Forsætisráðherra er á hverjum tíma hinn pólitíski leiðtogi þjóðarinnar og fer með valdamesta embætti landsins. Því þykir eðlilegt að um hann gildi sérregla sem sé nokkru hagstæðari en fyrir aðra ráðherra. Eftirlaun verða 60% af heildarlaunum forsætisráðherra, þ.e. ráðherralaunum og þingfararkaupi, eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef fyrrverandi forsætisráðherra hefur gegnt embættinu lengur en eitt kjörtímabil, þ.e. lengur en fjögur ár, verða eftirlaunin 70% og 80% hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil (lengur en átta ár). Er það hámark eftirlaunaréttar samkvæmt þessari grein.

Það er þó skilyrði réttar samkvæmt greininni að forsætisráðherra hafi setið í embætti í a.m.k. eitt ár. Ekki þykir ástæða til að maður, sem aðeins hefur gegnt embættinu í stuttan tíma, e.t.v. frá afsögn ríkisstjórnar fram yfir kosningar eins og dæmi eru um, öðlist rétt til þeirra eftirlauna sem felast í greininni.

Stjórnmálamenn geta á ferli sínum orðið forsætisráðherrar oftar en einu sinni og því þykir eðlilegt að heimila þeim að leggja saman starfstíma sinn í embætti, enda sé þá deilt í þann tíma, talinn í árum, með fjórum þannig að fá megi út kjörtímabil. Kjörtímabil í þingkosningum eru óreglulegri en þegar kosið er til forsetaembættisins, auk þess sem stjórnarskipti geta

orðið á kjörtímabili, og því þykir hagkvæmast að miða rétt samkvæmt þessari grein við samtals fjögur ár í embætti.

Svo getur átt við um fyrrverandi forsætisráðherra að hann hafi auk þess að veita ríkisstjórn forustu setið sem ráðherra í ríkisstjórnum annarra. Þykir eðlilegt að þeir sem annars eiga rétt samkvæmt þessari grein geti notið þeirra ráðherrastarfa að einhverju leyti kjósi þeir að fá eftirlaun sem fyrrverandi forsætisráðherrar. Er hér miðað við að í samanlagðan ráðherratíma í árum talinn, annan en sem forsætisráðherra, megi deila með þremur og bæta útkomunni við þann tíma sem hann hefur gegnt forsætisráðherraembætti. Hafi fyrrverandi forsætisráðherra, svo dæmi sé tekið, gegnt embætti tvívegis, í fyrra sinn í þrjú ár og hið síðara í tvö ár, en auk þess gegnt öðrum ráðherrastörfum í sex ár, þ.e. samtals verið ráðherra í ellefu ár, á hann rétt til eftirlauna samkvæmt þessari grein fyrir sjö ár (meira en eitt fjögurra ára kjörtímabil en minna en tvö) eða til 70% eftirlauna.

Í lokamálsgrein segir að ákvæði 4. gr. gildi um rétt fyrrverandi forsætisráðherra samkvæmt greininni, en í því felst að hann getur nýtt sér ákvæði þeirrar greinar til að taka eftirlaun fyrir 65 ára aldur. Í því dæmi sem tekið var hér að framan gætu réttindi orðið virk við 55 ára aldur (ellefu ára ráðherrastörf, þ.e. tíu ára lækkun frá 65 ára aldursmarkinu). Enn fremur er í málsgreininni ákvæði til áréttingar um að réttur fyrrverandi forsætisráðherra samkvæmt þessari grein komi í stað þess réttar sem hann kann að eiga fyrir ráðherrastörf, sbr. 5. gr., eða fyrir þingmennsku, sbr. IV. kafla.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Í því felst að hafi fyrrverandi ráðherra öðlast rétt til eftirlauna skv. III. kafla laganna, og hyggist hann hverfa af vettvangi stjórnmála, á hann jafnframt rétt til þess að gera virk réttindi sín til eftirlauna fyrir þingmennsku. Á þetta hefur ekki reynt áður því að fyrrverandi ráðherrar hafa ekki átt rétt til eftirlauna fyrir 65 ára aldur, en þá var jafnframt öllum aldursskilyrðum fullnægt til að fá jafnframt eftirlaun sem þingmaður. Hafi ráðherra, svo að dæmi sé tekið, gegnt embætti í átta ár, þingmennsku í tólf ár og sé jafnframt 58 ára að aldri á hann rétt til eftirlauna sem ráðherra en ekki sjálfstæðan rétt til eftirlauna sem þingmaður skv. 8. gr. hyggist hann hverfa úr stjórnmálum. Hann gæti þurft að bíða þeirra eftirlauna í sjö ár, fram til 65 ára aldurs. Með þessari grein fær stjórnmálamaðurinn, sem þannig vill hverfa af vettvangi, hins vegar rétt til að nýta jafnframt réttindi sín til eftirlauna sem þingmaður og þar með þau réttindi sem hann hefur aflað sér á stjórnmálaferli sínum á Alþingi. Þykir eðlilegt að þetta geti farið saman. Sambærilegt ákvæði er í 13. gr. frumvarpsins um þá sem eiga almennan rétt til eftirlauna sem þingmenn en ekki sem ráðherrar.

Um 8. gr.

Grein þessi er nokkuð breytt frá 2. gr. gildandi laga um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965. Áfram er þó byggt á þeirri meginreglu að það sé almennt skilyrði að eftirlaunaréttur stofnist við 65 ára aldur. Í gildandi lögum er svo ákvæði um að alþingismaður, sem er a.m.k. 61 árs gamall, eigi rétt til eftirlauna þegar hann lætur af þingmennsku, „enda verði hann 65 ára innan 4 ára frá því þingmennsku hans lýkur“. Þessu ákvæði er haldið efnislega í frumvarpinu, þó þannig að aldursmarkið er lækkað um eitt ár, niður í 60 ár. Jafnframt er afnumin hin svokallaða „95-ára-regla“. Í henni felst að fyrrverandi þingmaður, sem orðinn er 60 ára, á rétt á eftirlaunum ef samanlagður aldur hans og tvöfaldur sá tími sem hann hefur setið samtals á þingi nær 95 árum. Þetta merkir í raun að fyrrverandi þingmaður öðlast eftirlaunarétt við 60 ára aldur hafi hann setið í a.m.k. 17½ ár á þingi. Við lækkun aldursmarks skv. 2. tölul.

8. gr. frumvarpsins, svo og vegna nýrra ákvæða í 3. tölul., þykir þessi regla ekki hafa raunhæft gildi lengur.

Í 3. tölul. eru nýmæli um þingmenn, hliðstæð þeim sem eru í 3. tölul. 4. gr. og gilda um ráðherra. Þar er þeim fyrrverandi alþingismönnum sem setið hafa á Alþingi samtals 16 ár eða lengur, fjögur kjörtímabil eða lengur, gefinn kostur á að hverfa af vettvangi stjórnmála án þess að leita sér nýrra starfa og fá greidd eftirlaun nokkru fyrr en áður hefur tíðkast. Meginröksemdin að baki þessu ákvæði er að stuðlað verði að hóflegri endurnýjun í stjórnmálum þannig að þeir sem varið hafa drjúgum hluta ævi sinnar til stjórnmálastarfa geti horfið af vettvangi og búið við fjárhagslegt öryggi að einhverju marki, en þurfi ekki að lengja þingsetu sína fram yfir það aldursmark sem nú dugar til eftirlaunaréttinda. Þá má nefna að það er reynsla sumra þingmanna sem hætta á Alþingi eftir langa setu þar og slík áberandi störf í þjóðfélaginu að erfitt getur verið fyrir þá að fá vinnu á almennum vinnumarkaði, m.a. vegna þess að þeir séu ekki taldir „heppilegir" starfsmenn. Jafnframt hafa fyrrverandi alþingismenn, sem fengið hafa góð störf að lokinni þingmennsku, oft sætt ámæli og verið talið að þeir nytu stjórnmálastarfa sinna á óeðlilegan hátt.

Ákvæðið tekur aðeins til þeirra sem setið hafa samtals 16 ár á þingi. Þingseta þarf ekki að vera samfelld. Þá má lækka hið almenna aldursmark eftirlauna, þ.e. 65 ára markið, um fimm ár og síðan til viðbótar um sem svarar einu ári fyrir hver tvö ár á þingi umfram 16 ár og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Lækkunin verður aldrei meiri en tíu ár og aldursmarkið því aldrei lægra en 55 ár. Hafi alþingismaður t.d. setið á þingi í 18 ár á hann samkvæmt frumvarpinu rétt á því, láti hann af þingmennsku, að taka eftirlaun sé hann a.m.k. 59 ára að aldri. Þegar réttur samkvæmt þessum tölulið stofnast, þ.e. eftir 16 ára þingmennsku, verður hann að lágmarki fimm ár og aldursmarkið 60 ár. Með hliðsjón af 2. tölul. greinarinnar, þ.e. því ákvæði að alþingismaður, sem lætur af þingmennsku og er fullra 60 ára að aldri, á rétt til eftirlauna samkvæmt frumvarpinu, nýtist réttur eftir 3. tölul. þeim alþingismanni, sem vill hverfa beint af þingi og taka eftirlaun, fyrst eftir meira en 16 ára þingsetu. Hámarksréttur samkvæmt þessum tölulið fæst eftir 26 ára þingsetu, rúmum tveimur árum eftir að hæsta eftirlaunahlutfalli, 70%, er náð. Gæti það því nýst þeim þingmönnum til fulls sem sætu samfellt á þingi frá 29 ára aldri. Þeir eru hins vegar sárafáir í sögu Alþingis til þessa. Ákvæði þessa töluliðar mun því aðeins taka til fárra alþingismanna, þeirra sem lengst hafa átt sæti á Alþingi og að jafnaði valist til forustustarfa. Nú sem stendur hafa aðeins níu þingmenn átt sæti á Alþingi í 16 ár eða lengur. Af þeim alþingismönnum sem hafa verið kosnir nýir til Alþingis síðustu 50 ár (frá kosningunum 1953) hafa 57 setið samtals lengur en 16 ár á þingi, en aðeins hluti þeirra, 17, hefur hætt þingmennsku fyrir sextugsaldur. Af þeim 17 hafa níu horfið þegar til annarra og hárra embætta (sendiherrar, forstjórar o.fl.).

Um 9. gr.

Í greininni er réttindaávinnsla fyrrverandi þingmanna til eftirlauna samkvæmt lögunum ákveðin 3%, jöfn allan þingtímann. Er það breyting frá því sem er í gildandi lögum en þar er ávinnslan misjöfn, minnst fyrst, eykst mikið eftir fimm ár fram að níu ára þingsetu en minnkar svo aftur, fyrst fram að 15 ára þingsetu og enn meira fram að 21 árs þingsetu en hækkar þá aftur. Í eftirfarandi töflu er samanburður á gildandi lögum og 9. gr. frumvarpsins:

Gildandi lög		**Samtals**	**Frumvarpið**		**Samtals**
1.–5. ár:	2,0%	10%	1.–5. ár:	3%	15%
6.–9. ár:	5,0%	30%	6.–9. ár:	3%	27%

Gildandi lög		Samtals	Frumvarpið		Samtals
10.–12. ár:	3,3%	40%	10.–12. ár:	3%	36%
13.–15. ár:	3,3%	50%	13.–15. ár:	3%	45%
16.–18. ár:	1,7%	55%	16.–18. ár:	3%	54%
19.–21. ár:	1,7%	60%	19.–21. ár:	3%	63%
22.–26. ár:	2,0%	70%	22.–24. ár:	3%	70%

Réttindaávinnsla samkvæmt frumvarpinu er í samræmi við það sem almennt tíðkast nú í lífeyriskerfinu, þ.e. jöfn allan tímann. Prósentan er hærri en hjá LSR sem helgast af sérstöðu hinna þjóðkjörnu fulltrúa. Líklegt er að réttindaávinnsla samkvæmt gildandi lögum taki mark af því hvernig umhorfs var í lífeyriskerfinu á þeim tíma sem lögin voru sett, þ.e. 1965, og við endurskoðun þeirra 1982. Á þeim tíma voru aðrir en opinberir starfsmenn með veika lífeyrisstöðu, t.d. sjálfstæðir atvinnurekendur, bændur og konur. Vera má að það sjónarmið hafi legið til grundvallar að lyfta þyrfti þeim sem komu inn á Alþingi yfir miðjan aldur og áttu þar sæti tvö eða þrjú kjörtímabil. Skipulag lífeyriskerfisins er nú gerbreytt og öllum á vinnumarkaði er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Því er sá vandi sem menn vildu leysa með gildandi ávinnslukerfi að mestu úr sögunni. Nú öðlast allir réttindi til lífeyris um leið og þeir hefja störf á vinnumarkaði og halda áfram að bæta við sig réttindum þar til starfsævi lýkur.

Ávinnsla samkvæmt frumvarpinu er betri fyrstu árin en nokkru lakari eftir u.þ.b. tvö full kjörtímabil, átta ár. Mestu munar eftir 15 ár, 5%, en síðan minnkar munurinn og jafnast eftir 18 ár. Eftir það er ávinnslan hagstæðari samkvæmt frumvarpinu.

Eins og fram kemur í 3. mgr. er hámark eftirlaunaréttar 70% og er það óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. mgr. er ákvæði um að álagsgreiðslur þær sem þingmenn fá skv. 3. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað myndi viðbótarrétt fyrir þann tíma sem þær eru greiddar. Varaforsetar Alþingis, formenn þingflokka og formenn fastanefnda fá nú 15% álag á þingfararkaup samkvæmt þeim lögum, og varaformenn fjárlaga- og utanríkismálanefndar fá 10% álag samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar. Skv. a-lið 23. gr. frumvarpsins hækkar það álag í 20%. Eðlilegt þykir að þessar viðbótarlaunagreiðslur myndi rétt til eftirlauna, enda eru þær ætlaðar þeim þingmönnum sem gegna þýðingarmestu störfum Alþingis hverju sinni. Þannig eykst eftirlaunahlutfall þingmanns, sem gegnt hefur t.d. formennsku í nefnd í eitt kjörtímabil eða fjögur ár, um 0,6% fyrir hvert ár (þ.e. 20% af 3%) eða 2,4% fyrir kjörtímabilið.

Um 10. gr.

Það er meginsjónarmið að baki réttindum til eftirlauna skv. III. og IV. kafla að styrkja beri rétt þeirra stjórnmálamanna sem verja drjúgum hluta starfsævi sinnar til þjóðmálastarfa. Ekki er talin þörf á því að veita þeim sem sest hafa á Alþingi um skamman tíma eða hafa setið þar einungis snemma á starfsævi sinni sérstök réttindi samkvæmt frumvarpinu. Þeir sem ljúka þingsetu fyrir fertugsaldur hljóta að fara á almennan vinnumarkað á ný og þá leggjast réttindi sem þeir hafa aflað sér meðan þeir sátu á Alþingi og greiddu iðgjald í A-deild LSR við önnur réttindi sem þeir eiga í lífeyrissjóðum við starfslok. Réttur til greiðslna úr ríkissjóði fellur niður gagnvart þeim sem svo er ástatt um og gildir það um ellilífeyri, makalífeyri og örorkulífeyri.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða lokamálsgrein 3. gr. gildandi laga um eftirlaun alþingismanna. Hún tryggir forseta Alþingis sömu eftirlaunakjör og ráðherrum eru búin skv. III. kafla laganna fyrir þann tíma sem hann gegnir embætti. Um eftirlaunarétt samkvæmt þessari grein fer því að öllu leyti eins og kveðið er á um í III. kafla. Þannig reiknast embættistími forseta með ráðherratíma hans þegar réttur hans, t.d. skv. 3. tölul. 4. gr. og 6. gr., er metinn.

Um 12. gr.

Með greininni er utanþingsráðherra, þ.e. ráðherra sem ekki er jafnframt kjörinn alþingismaður, veittur réttur til eftirlauna eins og þingmenn almennt hafa fyrir þann tíma sem hann hefur setið í embætti sem slíkur. Þess eru raunar fá dæmi hér á landi að ráðherrar séu ekki einnig kjörnir alþingismenn — aðeins eru þrjú dæmi frá síðustu 50 árum um að skipaður hafi verið ráðherra sem ekki var jafnframt alþingismaður — gagnstætt því sem tíðkast t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Ekkert er því þó til fyrirstöðu hér samkvæmt stjórnskipaninni. Þvert á móti er ráð fyrir því gert í 51. gr. stjórnarskrárinnar að ráðherrar séu ekki allir jafnframt alþingismenn. Utanþingsráðherrar eiga auk ráðherralauna jafnframt rétt á þingfararkaupi, sbr. 5. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup og þingfararkostnað, svo sem eðlilegt er þar sem þeir hafa sömu skyldu til þingsóknar og aðrir ráðherrar og þingmenn. Laun ráðherra eru samsett, þ.e. sjálf ráðherralaunin og þingfararkaupið, og með þessari grein eru utanþingsráðherrum tryggð eftirlaun af öllum föstum launum sínum fyrir ráðherrastarfið.

Um 13. gr.

Greinin er hliðstæð 7. gr. en snýr að rétti þingmanna, sem hverfa af þingi, til að gera samtímis virk réttindi sín til eftirlauna fyrir þingmennsku og ráðherrastörf ef um þau er líka að tefla. Allmörg dæmi eru um að alþingismenn, sem láta af þingmennsku og fara á eftirlaun, þurfi að bíða nokkur ár, allt að fjögur til fimm ár, eftir því að fá jafnframt eftirlaun sem ráðherrar, en réttur til þeirra hefur verið bundinn við 65 ár. Það þykir óeðlilegt þar sem þessi störf eru samtvinnuð og laun fyrir þau líka. Vilji stjórnmálamaður hætta og hverfa af þingi, og eigi hann rétt til eftirlauna sem alþingismaður, þykir eðlilegt að hann njóti allra þeirra réttinda sem hann hefur aflað sér á stjórnmálaferli sínum. Hafi þingmaður t.d. setið á Alþingi í 20 ár, verið ráðherra í fjögur ár og sé jafnframt 58 ára að aldri á hann samkvæmt þessari grein rétt til eftirlauna fyrir hvort tveggja, þingmennsku og ráðherrastörf. Ella yrði hann að bíða í sjö ár eftir að fá full eftirlaun fyrir stjórnmálastörf sín, þ.e. til 65 ára aldurs þegar ráðherraréttindin yrðu annars virk.

Um 14. gr.

Greininni er ætlað að afmarka hugtakið „alþingismaður“ eins og það er notað í þessum lögum og er samhljóða fyrri málslið 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um eftirlaun alþingismanna. Sú skilgreining var sett í lögin árið 1996 en þá hafði legið fyrir um nokkurt skeið að varaþingmenn, sem tóku sæti á Alþingi um stuttan tíma, hálfan mánuð eða svo, gátu með því skapað maka sínum 20% lífeyri eftir sinn dag, eða eins og réttindi alþingismanns sem setið hafði á Alþingi á sjöunda ár. Þetta var missmíði á lögunum hafi túlkun þessa ákvæðis verið rétt. Með breytingunni 1996 var girt fyrir þetta og nú er ljóst að með orðinu „alþingismaður“ (og „þingmaður“ eftir atvikum) er átt við þann sem tekið hefur fast sæti á Alþingi, verið kosinn þangað eða tekið þar fast sæti við afsögn aðalmanns eða andlát hans. Varaþingmenn teljast þá ekki alþingismenn í skilningi laganna, jafnvel þótt þingseta þeirra kunni að verða nokkuð löng.

Í greininni segir að varaþingmenn skuli greiða af þingfararkaupi sínu í A-deild LSR og skapa sér þannig almennan rétt til lífeyris þar. Hins vegar er sú regla sett í 2. mgr. greinarinnar að verði varaþingmaður síðar aðalmaður geti hann bætt við réttindi sín þeim tíma sem hann sat á Alþingi sem varamaður. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur á undanförnum árum.

Um 15. gr.

Í greininni eru sett hliðstæð ákvæði um hæstaréttardómara og eru í III. og IV. kafla frumvarpsins um ráðherra og alþingismenn. Aldursmark fyrir eftirlaun hæstaréttardómara er 65 ár en dómara, sem hefur verið við réttinn í a.m.k. tólf ár, er veitt heimild til að hverfa úr starfi 60 ára að aldri og fá þannig eftirlaun fyrr en almennt aldursmark segir, allt að tíu árum. Er þá miðað við embættisár umfram tólf ár. Fullur réttur að þessu leyti skapast því eftir 17 ára setu í Hæstarétti. Svo að dæmi sé tekið getur dómari, sem setið hefur í réttinum í 15 ár, hætt störfum og farið á eftirlaun enda sé hann 57 ára. Fullum réttindum næði því aðeins sá dómari sem skipaður hefði verið í réttinn 38 ára gamall eða yngri.

Í greininni er réttindaávinnsla 6% fyrir hvert ár og hámark eftirlauna 80%. Það mark næst því á 14. embættisári. Eftirlaunin eru miðuð við „föst“ laun dómara eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi en ekki heildarlaun, þ.e. föst laun og aukagreiðslur. Er það til samræmis við sams konar ákvæði um alþingismenn og ráðherra.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hafa flestir dómarar við Hæstarétt setið þar fram yfir 65 ára aldur, en fengið þá lausn á grundvelli 61. gr. stjórnarskrárinnar og haldið fullum embættislaunum til æviloka. Í þeirri grein segir að „dómendum ... [verði] ekki vikið úr embætti nema með dómi“. Þó megi „veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar [skuli] eigi missa neins í af launum sínum“. Líklegt er, meðan þetta ákvæði er óbreytt, svo og túlkun þess og framkvæmd, að fáir dómarar nýti sér þann rétt sem þeim er veittur með þessari grein en um það verður þó ekkert fullyrt. Að baki greininni býr sú hugsun að starf hæstaréttardómara sé hliðstætt störfum ráðherra og alþingismanna að þjóðfélagslegu mikilvægi og því sé rétt að þeir njóti sömu réttinda og stjórnmálamenn að þessu leyti. Jafnframt sé mikilvægt að hófleg endurnýjun verði í réttinum. Þá geti skipt máli að reyndir dómarar geti helgað sig vísindum og fræðum í grein sinni áður en starfskraftar taka að dvína.

Í lokamálsgrein greinarinnar er tekið fram að þeir dómarar, sem fá lausn 65 ára eða eldri á grundvelli 61. gr. stjórnarskrárinnar, fái ekki eftirlaun úr ríkissjóði samkvæmt þessu frumvarpi, né heldur stofnist þá réttur til makalífeyris. Er það í samræmi við ákvæði í 8. mgr. 24. gr. laga um LSR, B-deild, en þar segir að þeir sem fá greidd óskert laun er þeir láta af störfum fái ekki jafnframt lífeyrisgreiðslur frá B-deildinni. Ákvæði þetta er að stofni til frá 1973. Sambærilegt ákvæði er þó ekki um A-deild LSR.

Um 16. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eiga eftirlifandi makar rétt til lífeyris, makalífeyris, við andlát þeirra sem lög þessi taka til eða eftirlaunaþega samkvæmt þeim. Fer þá um þær greiðslur eins og segir í 17. gr. laga um LSR (A-deild). Meginreglan er sú að maki nýtur fulls makalífeyris í þrjú ár og hálfs (50%) í tvö ár en þá fellur makalífeyrir niður nema við viss skilyrði (t.d. örorku, ef börn eru innan 22 ára aldurs o.s.frv.). Er þetta talsvert annað fyrirkomulag en nú gildir um alþingismenn og ráðherra og raunar aðra þá sem eiga aðild að B-deild LSR. Þar er makalífeyrisrétturinn helmingur af réttindum hins látna ævilangt og auk þess 20% hafi hinn látni verið í fullu starfi við starfslok.

Sú þróun hefur orðið á makalífeyri að réttur til hans hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Eru hin nýju ákvæði í A-deild LSR (fyrir nýja sjóðfélaga) glöggt dæmi um það. Þessi þróun á sér skýringar í aukinni atvinnuþátttöku, einkum kvenna, samhliða þeirri skyldu manna að eiga aðild að lífeyrissjóði. Þannig hafa langflestir skapað sér sjálfstæðan lífeyrisrétt en eru ekki einvörðungu háðir tekjum maka eins og oft var áður fyrr. Á hitt ber að líta að makar stjórnmálamanna hafa nokkra sérstöðu. Þeir þurfa óhjákvæmilega að verja tíma til að taka þátt í opinberu lífi án þess að þiggja laun fyrir. Eins eru þess mörg dæmi að makar stjórnmálamanna, einkum ráðherra, dragi úr atvinnu til að sinna opinberum skyldum.

Við þá breytingu að makalífeyrir byggist framvegis á réttindum samkvæmt A-deild LSR mun það taka allnokkurn tíma þangað til eðlilegur réttur myndast þar fyrir þá sem lög þessi taka til. Þannig mun alþingismaður, sem átt hefur sæti á Alþingi t.d. í tíu eða tólf ár við gildistöku frumvarpsins, varla ná að mynda eðlilegan makalífeyrisrétt í A-deildinni, a.m.k. miðað við það sem nú er samkvæmt gildandi lögum, þegar hann lætur af þingmennsku. Öðru máli gegnir um þá sem eru að hefja þingmannsferil sinn um þessar mundir. Með hliðsjón af þessari kerfisbreytingu er í frumvarpi þessu farin sú millileið milli ákvæða gildandi laga og reglna A-deildar LSR að makalífeyrir, 50% af eftirlaunum hins látna, er tryggður ótímabundið, þ.e. umfram þann tíma sem reglur 17. gr. laga um LSR mæla fyrir um. Meðan greiðslna nýtur úr LSR — venjulega í fimm ár — bætir ríkissjóður það upp sem kann að vanta á að makalífeyrir nemi 50% af eftirlaunum hins látna, en eftir það greiðist makalífeyririnn allur úr ríkissjóði eins og eftirlaun, þó þannig að hann skerðist ef makinn hefur aðrar launatekjur. Er miðað við að makinn geti haft aðrar tekjur er séu jafnháar makalífeyrinum en makalífeyrir úr ríkissjóði skerðist um þriðjung þess sem umfram er. Þetta þýðir að hafi makinn laun sem eru þreföld upphæð þess makalífeyris er hann ætti rétt á fellur makalífeyrisgreiðsla samkvæmt þessari grein niður. Séu önnur laun hins vegar lægri er skerðingin minni; sé makalífeyrir t.d. 100 þús. kr. en önnur laun 250 þús. kr. eru laun umfram makalífeyri 150 þús. kr. og skerðing þriðjungur þess eða 50 þús. kr. Að baki liggur sú hugmynd að réttur eins og þessi, sem er umfram það sem almennt tíðkast og byggist á greiðslum úr ríkissjóði til þeirra sem sérstaklega stendur á um, sæti hóflegri skerðingu ef önnur laun eru umtalsverð þannig að ekki sé greiddur lífeyrir ofan á há laun.

Til álita hlýtur svo að koma síðar að endurskoða tryggingu ríkissjóðs fyrir makalífeyri eftir þessari grein þegar kerfisbreyting samkvæmt frumvarpinu er gengin yfir.

Í 3. mgr. eru almenn ákvæði um örorkulífeyri. Meginreglan er sú að sá sem verður öryrki á frá þeim tíma rétt til örorkulífeyris sem nemur eftirlaunum eins og réttindastaða hans þá er. Verði t.d. fyrrverandi alþingismaður, sem sat á þingi í 12 ár, öryrki á hann rétt til örorkulífeyris sem nemur 36% þingfararkaups (þ.e. eftirlaunahlutfall hans) ef örorkan er 100%, en 18% sé örorkan 50%. Til frádráttar kemur örorkulífeyrir sem A-deild LSR greiðir eins og mælt er fyrir um í niðurlagi 1. gr. frumvarpsins. Líklegt er að örorkulífeyrir úr A-deild LSR geti oft verið hærri en þau réttindi sem felast í þessu frumvarpi og fellur þá greiðsla úr ríkissjóði niður. Stafar þetta af uppreikningsreglu örorkulífeyris í 5. mgr. 16. gr. laga um LSR en þar segir að við útreikning örorkulífeyris komi til viðbótar áunnum lífeyrisrétti réttur sem sjóðfélagi hefði áunnið sér til 65 ára aldurs, með vissum skilyrðum þó.

Um 17. gr.

Með greininni er lögfest sú túlkun og framkvæmd sem hefur fest sig í sessi undanfarin ár að réttindaávinnsla helst meðan biðlaun eru greidd. Í því felst að við embættis- eða starfstíma bætist sá tími sem biðlaun eru greidd. Þó er sett það skilyrði hér að biðlaunin séu a.m.k. helmingur fullra launa, en samkvæmt biðlaunareglum skerðast þau ef menn hafa tekjur í nýju

starfi á biðlaunatímanum, sbr. t.d. 13. gr. þingfararkaupslaga. Í samræmi við þetta hafa iðgjöld verið greidd af biðlaunum.

Um 18. gr.

Í greininni er sett sú regla að enginn geti notið eftirlaunagreiðslu samkvæmt lögunum meðan hann er í starfi sem lögin taka til eða meðan hann nýtur biðlauna fyrir starf samkvæmt þeim. Þannig getur alþingismaður t.d. ekki þegið eftirlaun fyrir þingmennsku meðan hann situr enn á þingi, né heldur fyrir ráðherrastörf, þótt hann eigi annars rétt til þeirra. Eins gæti fyrrverandi alþingismaður, svo að annað dæmi sé tekið, ekki notið eftirlauna samkvæmt lögunum ef hann væri orðinn hæstaréttardómari eða forseti Íslands þegar réttur til eftirlauna annars stofnast.

Enn fremur er í greininni girt fyrir að fyrrverandi alþingismenn eða ráðherrar, sem nýta sér fremur rétt sinn samkvæmt eldri lögum, eins og heimilt verður skv. 1. mgr. 22. gr., geti fengið eftirlaun meðan þeir eru á þingi. Þannig mundu eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi alþingismanns falla niður ef hann er kosinn á ný til Alþingis, eins og dæmi eru um.

Um 19. gr.

Í samræmi við þær hugmyndir sem reifaðar eru í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, svo og í skýringum við 4., 8. og 15. gr., er alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum sem gegnt hafa störfum lengi og verið í forustusveit í samfélaginu veittur rýmri réttur en áður til að hverfa af sviði og draga sig í hlé. Með því er stuðlað að hæfilegri endurnýjun í þjóðmálum og þeim sem varið hafa meginhluta starfsævi sinnar á þessum sviðum tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að svo geti orðið. Með þetta í huga og hliðsjón af því að þessi réttindi eru betri en almennt tíðkast er jafnframt eðlilegt að setja skorður við því að þessar breytingar veiti mönnum frekar færi á að auka tekjur sínar með því að hverfa úr starfi sem lög þessi taka til þegar réttindi eru orðin góð og fara á annan starfsvettvang. Þess vegna eru í 18. og 19. gr. sett ákvæði sem skerða greiðslur eftir hinum nýju reglum frumvarpsins um eftirlaunarétt fyrir 65 ára aldur. Eins og fram kemur í 18. gr. má sá er eftirlauna mun njóta samkvæmt þessu frumvarpi ekki hafa með höndum störf sem frumvarpið tekur til. Eins verður sá sem nýtur eftirlauna en tekur við nýju starfi að sæta skerðingu þeirra. Er farin sama leið og gildir um þá sem aðild eiga að A-deild LSR og hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Er skerðingin 0,5% fyrir hvern mánuð eða 6% á ári. Taki t.d. fyrrverandi ráðherra, sem ætti rétt til eftirlauna eftir tólf ára setu í embætti, þ.e. við 55 ára aldur, þegar við nýju starfi verður skerðingin 60% fram að 65 ára aldri. Sama á við ef réttur til eftirlauna stofnast meðan maður er í starfi. Hafi t.d. fyrrverandi alþingismaður horfið af þingi eftir 16 ára setu þar og tekið við nýju starfi skerðast eftirlaun hans er réttur til þeirra verður virkur, þ.e. við 60 ára aldur. Skerðingin nemur þá 30% fram að 65 ára aldri. Skerðing samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fellur þó niður ef sá sem eftirlauna nýtur hverfur úr starfi fyrir 65 ára aldur.

Rétt er að vekja athygli á að í greininni er talað um „starf“ en samkvæmt almennri merkingu er það aðalstarf sem jöfn mánaðarlaun koma fyrir. Er með orðunum „tekur ... við nýju starfi“ höfð hliðsjón af orðalagi 2. mgr. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þótt skerðingin sé að öðru leyti ólík. Ekki er gerður greinarmunur á hvort starfið er opinbert eða á einkamarkaði. Þannig felst ekki í greininni að tilfallandi störf, þótt fyrir þau komi tekjur, valdi skerðingu eftirlauna. Nefna má tekjur af setu í stjórnum, nefndum og ráðum, af tilfallandi kennslu eða fyrirlestrum, af ritstörfum eða annarri listrænni starfsemi og öðru þess háttar.

Um 20. gr.

Þar sem iðgjaldagreiðslur samkvæmt frumvarpinu ganga til LSR og sá sjóður mun því hafa yfirlit yfir réttindaávinnslu og stöðu sérhvers þeirra sem lög þessi taka til þykir eðlilegt að hann annist afgreiðslu umsókna um greiðslur samkvæmt þeim. Þannig á sá sem rétt á til eftirlauna að leggja inn beiðni hjá LSR sem svo reiknar út réttindahlutfallið. Þar sem greiðslur koma frá ríkissjóði ber LSR að tilkynna fjármálaráðuneytinu um niðurstöðu sína þegar hún liggur fyrir. Sama gildir um makalífeyri skv. 16. gr. Í greininni er jafnframt gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd úrskurði ef til ágreinings kemur. Ekki þykir rétt að stjórn LSR komi að því máli.

Um afgreiðslu annarra réttinda sem leiða til greiðslna úr LSR fer eftir almennum reglum laga um LSR, svo sem barnalífeyris, örorkulífeyris og réttinda skv. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um greiðslur samkvæmt lögunum og fyrirkomulag þeirra. Þar sem greiðslur verða oftast tvíþættar, þ.e. greiðslur úr A-deild í samræmi við áunnin réttindi og greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt réttindum frumvarpsins, þarf samvinnu ríkissjóðs og LSR um útborgun lífeyris svo að til þæginda verði fyrir þá sem greiðslna njóta, þ.e. um einn launaseðil og eina greiðslufærslu í banka. Er horft til þess að LSR annist greiðslurnar en hlutur ríkissjóðs í þeim sé greiddur LSR í einu lagi mánaðarlega.

Um 21. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar er kveðið á um brottfall laganna um eftirlaun alþingismanna og ráðherra og í c-lið um brottfall þeirra ákvæða laga um laun forseta Íslands sem felld eru efnislega inn í þetta frumvarp. Í d-lið eru felldar brott tvær málsgreinar í 24. gr. laga um LSR en þær fela í sér að ekki er unnt að greiða alþingismanni eða ráðherra lífeyri úr B-deild meðan hann nýtur þingfararkaups eða biðlauna. Í þessum málsgreinum eru tilvísanir í þau lög sem ætlað er með frumvarpinu að fella brott. Girt er fyrir greiðslur eftirlauna meðan ráðherra eða alþingismaður er í starfi með ákvæði 18. gr. frumvarpsins og öðru ákvæði í 22. gr. þar sem veittur er réttur til að fá eftirlaun samkvæmt eldri lögum. Breytingin felur hins vegar í sér að alþingismaður eða ráðherra gæti fengið lífeyrisgreiðslur fyrir önnur störf ef réttur til þeirra er fyrir hendi meðan þeir eru í stjórnmálum.

Í e-lið greinarinnar er lagt til að það sem enn er eftir af lögum nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, falli brott. Eru það 14., 25., 26. og 29. gr. þeirra. Þessi liður greinarinnar tengist breytingum á þingfararkaupslögunum í 23. gr. frumvarpsins. Eru þetta ýmist óvirk eða úrelt ákvæði, önnur en þau sem fjalla um biðlaun ráðherra (29. gr.). Í 14. gr. eru ákvæði um endurgreiðslu launa kennara og skólastjórnenda, en sveitarfélögin hafa tekið við starfsemi grunnskólanna af ríkinu. Í 1. mgr. 25. gr. er heimild fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar eftir reikningi sem ráðherra samþykkir og í 2. mgr. 25. gr. er ákvæði um laun samkvæmt reglugerð til innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda. Þessi ákvæði hafa ekki þýðingu lengur. Laun fyrir innheimtu ríkissjóðstekna hafa eingöngu runnið til embættismanna en þeir heyra undir ákvörðunarvald kjaranefndar að því er laun og önnur kjör varðar, sbr. lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sem m.a. ákveður hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega, sbr. 1. mgr. 11. gr. þeirra laga. Í 26. gr. er kveðið á um greiðslur fyrir embættisverk dýralækna og presta samkvæmt gjaldskrá sem hlutaðeigandi ráðherra setur. Í 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kemur fram í 4. tölul. að prestar þjóðkirkjunnar teljast til embættismanna, svo og í 12. lið yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.

Engin gjaldskrá um greiðslur til dýralækna er í gildi. Ein gjaldskrá er hins vegar í gildi um greiðslur til presta, en hún er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931, um embættiskostnað og aukaverk presta.

Um 22. gr.

Þegar frumvarp þetta verður að lögum falla eldri lög og lagaákvæði um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna úr gildi, sbr. 21. gr. Eigi að síður er þeim sem öðlast hafa betri rétt samkvæmt þeim lögum tryggt að þeir geti notið hans ef þeir svo kjósa. Ljóst er að eldri réttur alþingismanna sem setið hafa á þingi tvö til fjögur kjörtímabil er hagstæðari en samkvæmt þessu frumvarpi, svo og réttur til makalífeyris að nokkru leyti. Ekkert er því til fyrirstöðu að maki leiti réttar samkvæmt eldri lögum þó að eftirlaunagreiðslur hafi farið eftir ákvæðum þessa frumvarps ef hann á við. Hins vegar er girt fyrir að þeir sem þegar hafa hafið töku eftirlauna geti leitað réttar samkvæmt þessu frumvarpi ef hann er hagstæðari. Er eðlilegast að um það séu skýrar reglur.

Miðað er við að þeir alþingismenn, sem kosnir voru í fyrsta sinn 10. maí sl., falli einvörðungu undir ákvæði frumvarpsins, svo stutt sem um er liðið frá kosningunum, en geti ekki leitað betri réttar samkvæmt eldri lögum.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að lífeyrisgreiðslur samkvæmt eldri lögum skuli felldar niður hjá LSR og verður farið með þær eins og greiðslur samkvæmt þessum lögum, þ.e. þær koma beint úr ríkissjóði. Eru það eftirlaun samkvæmt lögum um fyrrverandi ráðherra og alþingismenn, svo og makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt þeim lögum. Jafnframt falla niður skuldbindingar af þeim hjá LSR. Lífeyrisskuldbindingar skv. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. falla á A-deild LSR. Með þessu móti má segja að eldra lífeyriskerfi sé lokað og greiðslur og skuldbindingar alþingismanna- og ráðherradeildar LSR færðar til ríkissjóðs.

Loks er í lokamálsgrein sérstakt ákvæði um þá hæstaréttardómara sem fram að þessu hafa greitt iðgjöld af launum sínum í B-deild LSR. Rétt þykir að þeir geti haldið því áfram en verði ekki þvingaðir til þess að greiða iðgjöld sín í A-deildina þau ár sem eftir eru af starfsævi þeirra. Fer þá um rétt þeirra samkvæmt reglum B-deildar. Með því móti gætu þeir skapað hagstæðari makalífeyrisrétt en annars. Hæstaréttardómarar sem eru í B-deild LSR og fá lausn skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar, og þar með full laun ævilangt, fá ekki lífeyrisgreiðslur, sbr. 8. mgr. 24. gr. laga um LSR.

Um 23. gr.

Í a-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á 3. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað. Meginbreytingin er sú að þeir alþingismenn, sem jafnframt eru formenn stjórnmálaflokka sem hafa fengið a.m.k. þrjá þingmenn kosna á Alþingi, eigi rétt til álags á þingfararkaup, 50%. Eins og fram kemur í almennum inngangi greinargerðarinnar er með þessari breytingu verið að jafna aðstöðu forustumanna í stjórnmálum. Breytingin mun í raun þýða að formenn stjórnarandstöðuflokka á Alþingi fá verulega hærri greiðslur en alþingismenn almennt. Ráðherrar hafa nú um 80% álag á þingfararkaup og forsætisráðherra nær tvöfalt þingfararkaup, og því þykir þessi breyting hófleg. Það tíðkast sums staðar erlendis að forustumenn stjórnarandstöðu fái sömu eða svipuð laun og leiðtogar stjórnarflokks. Þá er þess að geta að dæmi eru um hérlendis að formenn stjórnarflokka séu ekki í ríkisstjórn og mundi þá ákvæði greinarinnar gilda um þá.

Í greininni er miðað við að stjórnmálaflokkurinn hafi hlotið a.m.k. þrjá þingmenn kosna og er þá höfð hliðsjón af því lágmarki sem stjórnarskrá ákveður um rétt flokka til að fá jöfn-

unarsæti. Flokkur sem fær a.m.k. 5% í alþingiskosningum má búast við að fá þrjá þingmenn eða fleiri.

Þá er í 2. efnismgr. ráðgert að hækka álag, sem formenn þingflokka, formenn nefnda og varaformenn tveggja nefnda, fjárlaganefndar og utanríkismálanefndar, hafa, úr 15% eins og það var ákveðið 1995 í 20%.

Að öðru leyti eru smávægilegar orðalagsbreytingar á greininni.

Í b-lið greinarinnar um fjallað um greiðslur til ráðherra. Í 12. gr. frumvarpsins segir að ráðherra sem ekki er jafnframt alþingismaður eigi rétt til eftirlauna fyrir þingsetu sína en skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar eiga ráðherrar setu á Alþingi samkvæmt embættisstöðu sinni, hvort sem þeir eru kjörnir þangað eða ekki. Í 5. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað er því ákvæði um að greiða skuli ráðherra, sem ekki er jafnframt þingmaður, þingfararkaup. Í greininni eru hins vegar engin önnur fyrirmæli um greiðslur til ráðherra fyrir þingstörf, hvort sem þeir eru kosnir til Alþingis eða ekki. Um það hafa þó skapast venjur og er ráðherrum nú greiddur húsnæðiskostnaður skv. 6. gr. og starfskostnaður skv. 2. mgr. 9. gr. laganna. Hins vegar er þeim hvorki greiddur ferðakostnaður eins og öðrum alþingismönnum né símakostnaður. Hann er greiddur af því ráðuneyti sem ráðherrann fer með. Lagt er til í greininni að þessar venjur um greiðslur til ráðherra verði lögfestar. Eins og orðalag greinarinnar verður er óþarft að taka fram sérstaklega að utanþingsráðherra eigi rétt til þingfararkaups. Það gildir um alla ráðherra.

Um biðlaun ráðherra gildir nú 29. gr. laga nr. 92/1955:

„Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans."

Svo sem sjá má er biðlaunaréttur ráðherra miklu þrengri en biðlaunaréttur alþingismanna. Er hvort tveggja að hann fylgir ekki föstum ráðherralaunum og að til hans stofnast ekki fyrr en eftir tvö ár í embætti. Þar sem í frumvarpi þessu er fjallað um hluta af starfskjörum stjórnmálamanna þykir eðlilegt að jafnframt sé gerð leiðrétting á þessu atriði. Er þá miðað við að biðlaunaréttur skapist þegar er ráðherra tekur við embætti, líkt og gildir um þá sem taka fast sæti á Alþingi, og eins að biðlaunarétturinn sé þá miðaður við full föst laun. Jafnframt er reglunum breytt þannig að biðlaunaréttur skapast í sex mánuði hafi ráðherrann setið samfellt eitt ár í embætti eða lengur en ella í þrjá mánuði. Um biðlaunagreiðslur þessar gilda svo ákvæði 13. gr. þingfararkaupslaganna um sams konar skerðingu þeirra ef sá sem þeirra nýtur tekur við launuðu starfi.

Fylgiskjal.

Um eftirlaunasjóði alþingismanna og ráðherra.

(Skrifstofa LSR tók saman.)

Eftirlaun alþingismanna: Um eftirlaun alþingismanna gilda nú lög nr. 46/1965, með síðari breytingum. Verulegar breytingar voru gerðar á lögunum árið 1982 (breytingalög nr. 73/1982). Þá var m.a. breytt ákvæðum um ávinnslu lífeyrisréttinda. Aftur var gerð breyting með

lögum nr. 108/1996. Tóku þær fyrst og fremst til lífeyrisréttinda varaþingmanna (maka þeirra) og réttinda forseta Alþingis.

Samkvæmt lögunum skulu alþingismenn vera í sérstakri deild í LSR sem er með sérstakt reikningshald. Þá segir í lögunum að halli, sem verður á sjóðnum ef iðgjöld alþingismanna duga ekki fyrir greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna, eða lífeyris til maka þeirra, greiðist af alþingiskostnaði. Framkvæmdin hefur þó raunar orðið önnur, þ.e. sú að ríkissjóður hefur greitt mismuninn.

Alþingismenn greiða iðgjald til alþingismannadeildar LSR af þingfararkaupi eins og það er á hverjum tíma. Á árinu 2002 greiddu 87 alþingismenn eða varamenn þeirra iðgjöld til alþingismannadeildar LSR, samtals að fjárhæð 26,9 millj. kr.

Í árslok 2002 var áfallin skuldbinding metin vera 4.185 millj. kr. Alls átti þá 491 einstaklingur réttindi hjá alþingismannadeild, 63 starfandi þingmenn, 174 lífeyrisþegar og 254 fyrrverandi alþingismenn eða varaþingmenn sem ekki voru byrjaðir að fá lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum.

Fyrrverandi alþingismaður á samkvæmt gildandi lögum rétt á eftirlaunum úr sjóðnum þegar svo stendur á að:

1. Hann verður 65 ára.
2. Hann lætur af þingmennsku, enda verði hann 65 ára innan fjögurra ára frá því þingmennsku hans lýkur.
3. Samanlagður aldur hans og tvöfaldur sá tími, sem hann hefur setið á þingi, nær 95 árum, enda hafi hann náð 60 ára aldri.

Áunninn réttur til lífeyris fer eftir því hversu lengi viðkomandi hefur setið á þingi. Fyrir fyrstu 5 ár á þingi ávinnur þingmaður sér rétt sem nemur 2% af þingfararkaupi fyrir hvert ár. Fyrir næstu 4 ár ávinnur hann sér 5% rétt fyrir hvert ár. Fyrir árin frá 9 til 15 ára þingsetu ávinnur þingmaður sér rétt sem nemur 3,33% fyrir hvert ár. Frá 15 til 21 árs þingsetu er ávinningurinn 1,67% fyrir árið. Frá þeim tíma er þingmaður hefur setið á þingi í 21 ár öðlast hann 2% réttindi fyrir árið, en lífeyrisréttur verður þó aldrei hærri en 70% af þingfararkaupi.

Á árinu 2002 fengu samtals 183 einstaklingar greiðslur frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 196 millj. kr. Í nóvember 2003 fengu 175 einstaklingar greiðslur frá sjóðnum, samtals rúmlega 20 millj. kr. Greiðslurnar skiptust þannig á einstakar lífeyristegundir að 103 fengu greidd eftirlaun, 69 fengu makalífeyri og 3 örorkulífeyri.

Eignir alþingismannadeildar til greiðslu lífeyris eru óverulegar. Í árslok 2002 átti deildin 170 millj. kr. upp í skuldbindingar sem eins og að framan greinir voru þá metnar 4.185 millj. kr. Deildin hefur nánast verið hreinn gegnumstreymissjóður þar sem ríkissjóður hefur greitt það sem á vantar á hverjum tíma til greiðslu lífeyris.

Eftirlaun ráðherra: Um eftirlaun ráðherra gilda lög nr. 47/1965, með síðari breytingum. Verulegar breytingar voru gerðar á lögunum með breytingalögum nr. 73/1982. Þá var m.a. breytt ákvæðum um ávinnslu lífeyrisréttinda.

Samkvæmt lögunum skulu ráðherrar vera í sérstakri deild í LSR sem er með sérstakt reikningshald. Þá segir í lögunum að halli, sem verður á sjóðnum ef iðgjöld ráðherra duga ekki fyrir greiðslu eftirlauna til fyrrverandi ráðherra eða lífeyris til maka þeirra, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Ráðherrar greiða mánaðarlega iðgjald til ráðherradeildar LSR af þeim launum sem þeir fá fyrir störf ráðherra og greidd eru til viðbótar þingfararkaupi. Á árinu 2002 greiddu 13 ráðherrar iðgjöld til ráðherradeildar LSR, samtals að fjárhæð 4,2 millj. kr.

Í árslok 2002 var áfallin skuldbinding metin vera 883 milljónir kr. Alls átti þá 61 einstaklingur réttindi hjá ráðherradeild, tólf starfandi ráðherrar, 27 lífeyrisþegar og 22 fyrrverandi ráðherrar sem ekki eru byrjaðir að fá lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum.

Fyrrverandi ráðherra á rétt á lífeyri frá sjóðnum frá 65 ára aldri. Hann fær þó ekki greiðslur á meðan hann fær greitt þingfararkaup. Fyrir hvert ár í ráðherraembætti ávinnur ráðherra sér rétt til 6% af þeim hluta ráðherralauna sem greidd eru til viðbótar þingfararkaupi, en þó aldrei meira en 50%.

Á árinu 2002 fengu samtals 28 einstaklingar greiðslur frá sjóðnum, samtals að fjárhæð 30 millj. kr. Í nóvember 2003 fengu 28 einstaklingar greiðslur frá sjóðnum, samtals 3,2 millj. kr. Greiðslurnar skiptust þannig á einstakar lífeyristegundir að 19 fengu greidd eftirlaun og 9 fengu makalífeyri.

Eignir ráðherradeildar til greiðslu lífeyris eru óverulegar. Í árslok 2002 átti deildin 30,7 millj. kr. upp í skuldbindingar sem eins og að framan greinir voru þá metnar 883 millj. kr. Deildin hefur nánast verið hreinn gegnumstreymissjóður þar sem ríkissjóður hefur lagt fram það sem á vantar á hverjum tíma til greiðslu lífeyris.

636. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þær breytingar sem gerðar eru í frumvarpinu fela í sér skattahækkanir og verulega skerðingu á vaxtabótum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að sporna við þenslu og er lagður til niðurskurður með þessum ráðstöfunum sem nemur 3,7 milljörðum kr. Heimilunum í landinu er einkum ætlað að bera þessar byrðar. Þær birtast í því að vaxtabætur eru lækkaðar um 600 millj. kr., almennur tekjuskattur hækkaður um 600 millj. kr. með afnámi frádráttar vegna séreignarsparnaðar, í hækkun á bensíni um 600 millj. kr., atvinnuleysisbætur eru lækkaðar um 170 millj. kr. og sjúkratryggingar lækkaðar um 740 millj. kr. með auknum álögum á sjúklinga. Hér er um að ræða 2,8 milljarða kr. auknar álögur á einstaklinga og heimili í stað þeirra skattalækkana sem stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningar.

Frumvarpið um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér nokkrar af þessum álögum, en meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

a. Breyta á viðmiðunarfjárhæðum vegna tekjuskatts og eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta og eiga þær að hækka í samræmi við áætlaðar verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eða um 2,5%.
b. Hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta lækkar úr 7% af skuldum vegna húsnæðiskaupa í 5,5% af skuldum. Ríkisstjórnin féll frá þessum áformum þar sem verulegar líkur voru á að ákvæðið stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Í stað þess er nú lögð til 10% flöt skerðing á útgreiddar vaxtabætur sem umtalsverð hætta er á að brjóti einnig í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
c. Sérstakur tekjuskattur er lækkaður í 4% á árinu 2004 og gert ráð fyrir að hann lækki í 2% árið 2005 og falli síðan brott, en samkvæmt ákvæðum núgildandi laga átti hann að falla niður um næstu áramót.
d. Fella á brott ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög.

Hækkun viðmiðunarfjárhæða.

Fyrsti minni hluti leggst gegn því að miða breytingu á viðmiðunarfjárhæðum vegna tekjuskatts og eignarskatts, eins og hækkun persónuafsláttar, svo og barnabætur og vaxtabætur einungis við áætlaðar verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eða um 2,5%. Áætlað er að launavísitalan hækki á næsta ári um 5% og ef tekið væri mið af taxtahækkunum samkvæmt samningi Flóabandalagsins ætti að hækka þessar viðmiðunarfjárhæðir um 3,15%. Ljóst er því að um er að ræða skattahækkun sem felur í sér að skattbyrði tekjuskattsins eykst. Því til viðbótar hækkar almennur tekjuskattur um 600 millj. kr. með afnámi frádráttar vegna séreignarsparnaðar.

Vaxtabætur.

Mestur tími nefndarinnar fór í að ræða afar umdeild ákvæði um að skerða vaxtabætur með afturvirkum íþyngjandi hætti. Áform ríkisstjórnarinnar um að skerða verulega vaxtabætur hafa mætt mikilli andstöðu verkalýðshreyfingarinnar og hafa BSRB og ASÍ ályktað harðlega gegn þeim.

Ljóst er að þessi skerðing mun bitna harkaleg á þeim sem skuldugastir eru vegna húsnæðiskaupa, en fyrstu áform ríkisstjórnarinnar sem birtust í frumvarpinu voru að leggja til að lækkun á hámarkshlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta færi úr 7% í 5,5%. Rökin fyrir þessari breytingu sem sett eru fram í greinargerð eru afar hæpin. Þar er tínt til að frá því að núverandi viðmiðunarmörk voru sett hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert. Nefnt er að á árinu 1993 hafi raunvextir af húsbréfum verið 6%, en frá þeim tíma hafi vextir lækkað umtalsvert og séu húsbréfavextir nú 5%. Ekki er minnst á að vextir af eignaríbúðum þeirra sem eru innan tiltekinna tekjumarka hafa hækkað frá árinu 1998 þegar félagslega eignaríbúðakerfið var lagt niður, úr 2,4% í 5,6%. Auk þess eru vextir í húsbréfakerfinu fastir en ekki breytilegir þannig að stór hluti íbúðareigenda er með langtímavexti yfir 5%. Þannig eru einungis 3.769 lántakendur húsbréfalána með 5% vexti en rúmlega 56 þúsund lántakenda eru með vexti yfir 5%, þar af tæplega 9 þúsund með 6% vexti samkvæmt upplýsingum sem óskað var eftir frá Íbúðalánasjóði.

ASÍ bendir einnig á í umsögn sinni að ekki sé hægt að fallast á þau rök sem teflt er fram í frumvarpinu því ef vextir lækka þá lækki einfaldlega vaxtagjöldin og þar með vaxtabæturnar. Auk þess er nefnt í umsögninni að margt bendi til þess að vextir fari hækkandi.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið bentu fulltrúar Samfylkingarinnar á að afar líklegt væri að skerðing vaxtabótanna, sem væri íþyngjandi afturvirk skerðing, stæðist ekki stjórnarskrána. Það hefur nú komið á daginn. Fjármálaráðuneytið óskaði eftir áliti Skúla Magnússonar dósents við lagadeild Háskóla Íslands um þetta álitaefni. Hans niðurstaða var að hætta væri á því að dómstólar teldu skerðinguna andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Eiríkur Tómasson prófessor sem vann álit fyrir efnahags- og viðskiptanefnd um málið komst að þeirri niðurstöðu að það bryti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Enn eina ferðina er ríkisstjórnin uppvís að því að ætla að leiða í lög ákvæði — nú fyrir skulduga einstaklinga — sem líklegt er að brjóti stjórnarskrána. Ríkisstjórnin hefur því enn ekki lært sína lexíu þótt hún hafi á stuttum tíma ítrekað fengið úrskurð dómstóla um stjórnarskrárbrot — nú síðast í októbermánuði vegna brota á 77. gr. stjórnarskrárinnar gagnvart öryrkjum. Þar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að hinni umdeildu skerðingarreglu gagnvart öryrkjum yrði ekki beitt afturvirkt þar sem bótaþegar ættu kröfuréttindi til bóta í samræmi við reglur sem í gildi voru á þeim tíma þegar réttur til bóta stofnaðist og að þau kröfuréttindi nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Í stað þeirrar skerðingar sem ríkisstjórnin áformaði í frumvarpinu, sem tvö lögfræðiálit studdu að líklegt væri að gengi gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, leggur ríkisstjórnin samt til að vaxtabæturnar verði skertar með afturvirkum íþyngjandi hætti. Samkvæmt þeirri tillögu sem ríkisstjórnin lagði til og meiri hlutinn flytur sem breytingartillögu á að skerða útgreiddar vaxtabætur hjá öllum sem rétt eiga til vaxtabóta um 10% vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Eiríkur Tómasson prófessor gaf nefndinni álit sitt á þessari breyttu tillögu ríkisstjórnarinnar. Niðurstaða hans var sú að líkur væru á því að íslenskir dómstólar mundu komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2003, með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, væri stjórnskipulega gild. Í lok álitsins kemur þó fram eftirfarandi: *Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána.* 1. minni hluti tekur undir þetta, enda ljóst að réttaröryggi fær sífellt aukið vægi í dómum Hæstaréttar. Þrátt fyrir að Skúli Magnússon dósent hafi ekki fjallað um nýju útfærsluna í sínu áliti kom þó fram hjá honum á fundi nefndarinnar að þótt líklegt væri að hún stæðist væri ekki hægt að útiloka að sú tillaga gengi gegn stjórnarskránni.

Af framangreindu má ljóst vera að ríkisstjórnin og stjórnarliðar ætla að taka verulega áhættu í því að enn eina ferðina að ganga gegn stjórnarskránni með því að keyra þetta ákvæði í gegn og lögfesta það. Reyndar var ekki annað skilið af því sem fram kom hjá Eiríki Tómassyni prófessor en að umtalsverð hætta væri á að nýja útfærslan gengi gegn stjórnarskránni. Aðspurður sagði Eiríkur að þingmenn ættu ekki að standa að lagasetningu ef vafi léki á að hún stæðist stjórnarskrána.

Í áliti Skúla Magnússonar kemur fram að mat á því hvort ná megi markmiðum frumvarpsins með öðrum og minna íþyngjandi hætti sé að meginstefnu til á forræði löggjafans. Líta verði líka til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Þrátt fyrir þetta er athyglisvert að í áliti Skúla kemur fram að skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 sé til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafi íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Í áliti hans kemur einnig fram að í byrjun desember 2003 muni þau atvik vera að miklu leyti komin fram sem ráða fjárhæð vaxtabóta. Orðrétt segir síðan: „Er það álit mitt að rétthafar vaxtabóta megi almennt treysta því að þeir fái greiddar vaxtabætur fyrir þann tíma ársins sem liðinn er samkvæmt þeim reglum sem hafa verið í gildi á árinu.

Samkvæmt framangreindu er það álit mitt að réttur til vaxtabóta fyrir þann hluta árins 2003, sem liðinn er, njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Haggar það ekki stjórnskipulegri vernd þessa réttar þótt hann verði ekki að fullu ákveðinn og endanlegur fyrr en í árslok 2003 og ekki gjaldkræfur fyrr en við lok álagningar á árinu 2004.“ Síðan er tekið fram að það atriði kunni að leiða til þess að löggjafanum sé játað rýmri heimildum við skerðingu þessa réttar.

Auk þess kemur fram í álitinu að ekki sé útilokað að réttur til vaxtabóta, sem þegar er tekinn að myndast, falli undir eignarréttarhugtak ákvæðisins þótt rétturinn sé ekki endanlega orðinn til eða virkur. Orðrétt segir síðan í álitinu: „Styðst það við þau rök, sem áður greinir, að rétthafi bóta getur með nokkurri nákvæmni áætlað fjárhæð þeirra bóta sem hann mun eiga rétt á fyrir það tímabil sem liðið er. Með sama hætti og áður er lýst í tengslum við 72. gr. stjórnarskrárinnar nýtur slíkur réttur hins vegar minni verndar en réttur sem að fullu er orðinn til eða jafnvel gjaldkræfur.“ Í áliti Eiríks Tómassonar er því einnig lýst að réttur til vaxtabóta

á árinu 2004, sem þegar hefur myndast að verulegu leyti, teljist til eignarréttinda í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Framangreind sjónarmið eru ótvírætt rök sem styðja þau sjónarmið 1. minni hluta að atvikin sem mynda réttinn hafi þegar orðið og að réttindi stofnist þegar vaxtagjöldin falli til. Afar líklegt er því að skerðing á þeim réttindum gangi gegn stjórnarskránni, ekki síst þegar vel er liðið á desembermánuð og öll helstu atvik komin fram sem ráða fjárhæð vaxtabóta. Hér er því um íþyngjandi afturvirkt ákvæði að ræða og umtalsverð hætta á að það gangi gegn stjórnarskránni.

Í þeim tveimur lögfræðiálitum sem liggja fyrir í málinu er ljóst að skiptar skoðanir eru um hvort og þá að hve miklu leyti vaxtabætur tengjast skattkerfinu eða séu hluti af því. Þannig heldur Skúli Magnússon því fram í sínu áliti að 77. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skatta eigi ekki við um þá breytingu sem frumvarpið gerði ráð fyrir varðandi skerðingu vaxtabóta. Telur hann að ekkert beint samband sé milli álagningar skatta og greiðslu vaxtabóta. Eiríkur Tómasson telur aftur á móti að vaxtabætur séu hluti af skattkerfi ríkisins. Mælt sé fyrir um vaxtabætur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og bæturnar ákvarðaðar á grundvelli upplýsinga í skattframtali um leið og álagning skatta fer fram. Þótt vaxtabætur taki fyrst og fremst mið af vaxtagjöldum framteljenda eru þeim sett takmörk sem miðast nánar tiltekið við tekjur og eignir framteljenda. Jafnframt sé kveðið á um að bótunum verði m.a. skuldajafnað á móti sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Telur Eiríkur Tómasson að vaxtabæturnar séu nokkurs konar framhald á vaxtafrádrættinum sem áður tíðkaðist. Vitnar hann til hæstaréttardóms þar sem Hæstiréttur hafi skýrt ákvæði 77. gr. um bann við afturvirkni skattalaga á þann veg að breyting á frádráttarheimild, sem leiðir til hærri skattgreiðslu, falli undir ákvæðið sé sú breyting gerð með afturvirkum hætti. Er það skoðun Eiríks að hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið kunni, ásamt öðrum atriðum, að hafa áhrif á úrlausn dómstóla á því hvort afturvirk skerðing bótanna, eins og hún er ráðgerð, teljist stjórnskipulega gild.

Það hlýtur einnig að vega þungt um íþyngjandi afturvirk ákvæði frumvarpsins að stór hópur skuldugra einstaklinga hefur nýtt sér ákvæði um fyrirframgreiðslu vaxtabóta og þegar fengið þær greiddar vegna vaxtagjalda sem falla til á árinu 2003. Hér er um að ræða um 3.000 einstaklinga sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn og eiga þennan rétt. Þeirra bíður nú, ef þetta ákvæði nær fram að ganga, að endurgreiða 10% af þeim vaxtabótum sem þeir hafa fengið á þessu ári vegna áfallinna vaxtagjalda á árinu.

Fyrsti minni hlutinn átelur ríkisstjórnina harðlega fyrir að ætla að skerða vaxtabætur um 600 millj. kr. á næsta ári, ekki síst í ljósi þess að umtalsverð áhætta er þar tekin í því að eina ferðina enn sé verið að ganga í berhögg við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki er ólíklegt að einhver þeirra 50 þúsund einstaklinga sem eru rétthafar vaxtabóta vegna vaxtagjalda sem falla til á þessu ári og gert er að sæta íþyngjandi afturvirkum fjárhagslegum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar leiti réttar síns fyrir dómstólum.

Fyrsti minni hluti telur það líka gagnrýnisvert að verkalýðshreyfingin hafi ekki fengið tækifæri til að tjá sig um hina nýju útfærslu ríkisstjórnarinnar á skerðingu vaxtabóta áður en málið var afgreitt úr nefndinni.

Hátekjuskatturinn.

Samkvæmt frumvarpinu á að lækka hátekjuskatt í áföngum og fella hann loks brott. Þetta eru enn ein svik sjálfstæðismanna við kjósendur en þeir lofuðu að skatturinn yrði ekki framlengdur um þessi áramót eins og til stóð. Fyrsti minni hluti ítrekar hins vegar þá skoðun sína að það er ekki forgangsverkefni að fella niður hátekjuskatt meðan persónuafsláttur, barnabætur og vaxtabætur eru skertar, en ríkisstjórnin er að auka skattbyrði almenns launafólks

með því að breyta viðmiðunarfjárhæðum í skattalögum einungis í samræmi við áætlað verðlag.

Aðrar breytingar í frumvarpinu.

Fyrsti minni hluti styður það ákvæði frumvarpsins að fella á brott ákvæði laga um alþjóðleg viðskiptafélög, auk þeirra breytinga sem fela í sér einföldun á skatteftirliti og einfalda skattaframkvæmd. Aðrar breytingar eru fram komnar til að leiðrétta mistök, m.a. varðandi tilvísanir í gildandi lögum, sem leiddu til þess að ekki var samræmi í heildarskattlagningu, þ.e. skattlagningu félaga og einstaklinga, að því er varðar samlagsfélög og sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila annars vegar og samlaga, samtaka og annarra lögaðila hins vegar.

Fyrsti minni hluti mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu í heild sinni vegna ákvæðanna um íþyngjandi afturvirkni vaxtabóta sem veruleg hætta er á að standist ekki stjórnarskrána, og 1. minni hluti átelur harðlega, auk þess sem verið er að þyngja skattbyrði almenns launafólks með því að færa viðmiðunarfjárhæðir skattalaga einungis til samræmis við verðlagsbreytingar, eins og ákvæði skattalaga um persónuafslátt og barna- og vaxtabætur.

Alþingi, 10. des. 2003.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal I.

Skúli Magnússon dósent,
lagadeild Háskóla Íslands:

Skerðingar á vaxtabótum
með breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt.
(Álit unnið að beiðni fjármálaráðuneytisins 28. nóvember 2003.)

Með munnlegri beiðni 21. nóvember 2003 óskaði fjármálaráðuneytið eftir því að ég gæfi skriflegt álit á stjórnskipulegu gildi d-liðar 5. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt eins og gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi með 2. málslið 13. gr. sama frumvarps (130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 88 – 88. mál). Af hálfu ráðuneytisins hefur mér verið kynnt minnisblað Ágústs Geirs Ágústsonar ritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að framangreint ákvæði kunni að brjóta gegn 77. gr. eða 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944; eins og henni var breytt með 10. gr. og 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þá hefur ráðuneytið einnig kynnt mér fyrri framkvæmd lagasetningar um vaxtabætur (sbr. lög nr. 111/1992, lög nr. 122/1993 og lög nr. 147/1994). Sömuleiðis hefur ráðuneytið kynnt mér athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004, þar sem m.a. kemur ráðagerð um skerðingu vaxtabóta fyrir árið 2003. Að lokum hefur ráðuneytið kynnt mér töluleg gögn um áætluð fjárhagsleg áhrif þeirrar lagabreytingar sem að framan greinir. Verður gerð grein fyrir þessum gögnum í eftirfarandi köflum eftir því sem ástæða þykir til.

Af hálfu ráðuneytisins var óskað eftir því að umbeðið álit yrði látið uppi sem fyrst.

I.

Með d-lið 5. gr. áðurgreinds frumvarps er ráðgerð sú breyting á 3. mgr. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 að hámark vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda til útreiknings vaxtabóta samkvæmt 4. mgr. greinarinnar geti ekki orðið hærra en nemur 5,5% af skuldum sem stofnað hefur verið til, en hámarkið er 7% samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2001. Í 2. málslið frumvarpsins kemur hins vegar fram sú sérregla að ákvæði d-liðar 5. gr. skuli öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið er markmiðið með þessari breytingu á útreikningi vaxtabóta það „að draga úr hvata til frekari skuldsetningar heimilanna". Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins kemur fram að rökin fyrir breytingunni eru þau að frá því að núverandi viðmiðunarmörk voru sett hafa raunvextir langtímalána lækkað umtalsvert (húsbréfavextir séu nú 5% og vextir af lánum lífeyrissjóða um 5,5–6%). Í ljósi þessarar þróunar sé eðlilegt að ofangreint hlutfall breytist í samræmi við langtímavexti af íbúðalánum og þar með verði dregið úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði. Samkvæmt þessu felst í frumvarpinu ráðagerð um að niðurgreiðsla vaxta taki mið af þeim vöxtum sem kaupendum íbúða bjóðast í almenna húsbréfa- og lífeyrissjóðakerfinu og ekki sé talin ástæða til að hvetja til þess að íbúðareigendur taki lán með hærri vöxtum en þar gerist.

Í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins er áréttað að lagt sé til að regla frumvarpsins eigi að taka til útreiknings á vaxtabótum við álagningu á árinu 2004, þ.e. vegna vaxtagjalda sem greidd hafa verið á árinu 2003. Í athugasemdum við þessa grein er hins vegar ekki að finna sérstakar skýringar á því hvers vegna talið er nauðsynlegt að umrætt ákvæði öðlist gildi með þessum hætti og hvernig slík gildistaka samrýmist því markmiði að draga úr hvata til skuldsetningar heimilanna. Hér síðar verða hins vegar raktar athugasemdir í frumvarpi til fjárlaga ársins 2004 sem skoða má sem sjálfstæðar röksemdir fyrir þessari gildistöku ákvæðisins.

II.

Í íslenskri stjórnskipun er engri almennri settri reglu fyrir að fara sem bannar afturvirkni almennra laga. Á hinn bóginn er að finna í stjórnarskránni ákvæði sem banna afturvirkni laga á ákveðnum sviðum. Þannig felur 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, í sér almennt bann við afturvirkni á sviði refsilaga og 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um að enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Þá hefur 72. gr. stjórnarskrárinnar verið skýrð svo að hún takmarki heimildir löggjafans til að skerða eignarréttindi með afturvirkum hætti, eins og nánar verður rætt um hér síðar.

Að slepptum áðurgreindum ákvæðum stjórnarskrár gildir aðeins sú lögskýringarregla, sem einkum styðst við grunnrök 27. gr. stjórnarskrárinnar, að skýra beri lög þannig að þau feli ekki í sér aftuvirka niðurstöðu. Telja má þessu skýringarreglu svo þunga á metunum að minnsti vafi um afturvirkni laga verður skýrður á þá leið að lög hafi ekki afturvirk áhrif. Samkvæmt þessu þarf texti laganna sjálfra að vera ótvíræður ef ætlunin er að þau hafi afturvirk áhrif og duga t.d. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi ekki í þessu efni (sjá t.d. H I947:438). Að mínu mati er texti umrædds frumvarps fortakslaus um gildistöku laganna og lagaskil, þ.e. um það atriði að breyting á útreikningi vaxtabóta skuli taka til ársins 2003, enda þótt lögin geti í fyrsta lagi tekið gildi undir lok þess árs. Er því ekkert svigrúm

til að skýra ákvæði frumvarpsins til samræmis við meginregluna um bann við afturvirkni. Kemur því eingöngu til skoðunar hvort regla frumvarpsins kunni að brjóta í bága við greind ákvæði stjórnarskrárinnar. Í því sambandi koma 72. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar auk þess sem huga verður að 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Verður fyrst litið til 77. gr. stjórnarskrárinnar, en því næst að umræddum ákvæðum um friðhelgi eignarréttar.

III.

Eins og áður greinir kveður 77. gr. stjórnarskrárinnar á um að enginn skattur verði lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Með þessu ákvæði stjórnarskrárinnar var lagt bann við áratugalangri framkvæmd við setningu skattalaga á Íslandi. Í athugasemdum við það frumvarp sem varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 segir þannig eftirfarandi:

> Á undanförnum áratugum hefur þess gætt í nokkrum mæli að íþyngjandi reglur um skatta hafi verið lögfestar eftir lok gjaldatímabils áður en skattálagning hefur farið fram, en í tilvikum, þar sem hefur reynt á slíkar reglur fyrir dómstólum, hefur ekki verið talið að brotið hafi verið gegn óskráðum grunnreglum með setningu þeirra. Svigrúm til að breyta reglum um skatta til íþyngingar, eins og hér um ræðir, er af ýmsum sökum óviðunandi gagnvart skattgreiðendum. Sem dæmi um þetta má benda á að skattgreiðendur hafa ekki getað gengið út frá því með vissu að tekjuskattur verði lagður á þá samkvæmt reglunum sem gilda þegar þeir vinna fyrir tekjum sínum. Með þessu getur skattgreiðandi ekki treyst fyllilega á að reglur, sem gilda á meðan skatttímabil stendur enn yfir og hann kann að byggja einhverja ákvörðun sína á, verði lagðar til grundvallar þegar kemur að álagningu skatta. Má m.a. af þessum ástæðum telja réttmætt að leggja bann við setningu afturvirkra reglna um skatta og tryggja þannig stöðu almennings í þessum efnum gagnvart ríkinu og sveitarfélögum, en um leið getur þetta stuðlað að því að staðið verði á markvissari hátt að lagasetningu á þessu sviði.[1]

Í athugsemdunum er skýrt tekið fram að löggjöf um skatta teljist afturvirk ef hún sé sett eftir það tímamark sem skattskylda eða skatthæð taka mið af, t.d. ef lög eru sett 1. nóvember um hækkun á skatthlutfalli tekjuskatts eða útsvars sé óheimilt að beita nýja skatthlutfallinu á tekjur sem hafi sannanlega verið unnið til í októbermánuði.

Á reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar reyndi nýlega í dómi Hæstaréttar 28. maí 2003 í máli nr. 499/2002 þar sem fjallað var um gildi laga nr. 137/1996 sem afnámu skattalegt hagræði vegna hlutabréfakaupa í áföngum. Í málinu hafði J notfært sér heimild gildandi laga til að draga 80% fjárfestingar í innlendum hlutafélögum frá tekjum sínum. Þar sem fjárfestingin fór fram úr hámarki leyfilegs frádráttar fyrir eitt ár ráðgerði J að nýta sér heimild laganna til að flytja fjárhæð á milli ára og nýta til frádráttar næstu fimm ár. Með gildistöku laga nr. 137/1996 var þessi réttur hans hins vegar skertur (60% vegna ársins 1997, 40% á árinu 1998 og 20% á árinu 1999) frá því sem verið hafði samkvæmt þeim reglum sem giltu þegar J keypti bréfin. Af hálfu íslenska ríkisins var því m.a. haldið fram að umrætt skattahagræði hefði ekki verið „skattur" samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þeirri málsástæðu var hafnað af Hæstarétti með eftirfarandi rökstuðningi:

---

[1] Sjá 118. löggjafarþing, 1997, þskj. 389 – 297. mál.

Frádráttarheimildir skattalaga eru hluti af þeim reglum, sem stjórna því hvaða skattar eru lagðir á einstaklinga og lögaðila. Skattálögur er unnt að auka hvort heldur með því að draga úr eða fella niður eldri frádráttarheimildir, hækka skatthlutfall, breyta skattstofni eða með enn öðru móti. Verður ekki fallist á með áfrýjanda að breyting á frádráttarheimild, sem leiðir til hærri skattgreiðslu, falli almennt utan við reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni skattalaga, sem er sprottin af því að mikilvægt er talið að almenningur geti treyst því meðal annars að álagning tekjuskatts sé í samræmi við þær reglur, sem giltu þegar teknanna var aflað.

Af hálfu íslenska ríkisins var því einnig haldið fram að afnám umræddrs skattahagræðis hefði ekki verið afturvirkt, enda hefðu reglurnar komið til framkvæmda frá og með gildistökudegi laganna. Þeirri málsástæðu var hafnað af Hæstarétti á eftirfarandi forsendum:

Fjárfesting stefnda fór fram á árinu 1996 meðan lög kváðu á um heimild manna til að draga 80% fjárfestingar við hlutafjárkaup upp að tilteknu hámarki frá skatti næstu fimm árin. Skattaleg meðferð slíkrar ráðstöfunar fjár var þar með ákveðin í lögum, en áhrifum hennar jafnframt dreift á allt að fimm ár. Skatthagræði þetta var skert með lögum nr. 137/1996, en samkvæmt 5. mgr. 3. gr. þeirra laga skyldi farið með eldri ónýttan frádrátt eins og fjárfestingin að baki honum hefði átt sér stað eftir gildistöku laganna. Við úrlausn um það, hvort lagaákvæðið fái samrýmst reglu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, verður að líta til þess að löggjafi og stjórnvöld stuðluðu sjálf að því í þágu atvinnulífsins að einstaklingar legðu fé sitt í hlutafjárkaup, sem almennt fylgir áhætta, í stað þess að fjárfesta með öðrum og öruggari hætti. Á móti tók ríkið á sig að veita skattaívilnun af 80% fjárfestingarinnar. Sá tími, sem sú ívilnun skyldi gilda, var bæði fyrirfram gefinn og tiltölulega skammur. Skattalegt hagræði var þannig útreiknanlegt og unnt að leggja mat á áhættuna, sem tekin væri, í samanburði við það. Þegar þessi aðstaða er virt verður að fallast á með stefnda að lagagreinin feli í sér afturvirkni, sem braut í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt öllu framanröktu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Það sem m.a. vekur athygli við þennan rökstuðning Hæstaréttar er í fyrsta lagi að litið er til þess að ríkið hvatti til þess að einstaklingar legðu fé sitt í hlutafjárkaup með umræddum reglum um skattahagræði. Með öðrum orðum er við mat á afturvirkni litið svo á að regla 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar eigi að tryggja réttaröryggi og koma í veg fyrir að byrðar séu lagðar á þegnana af geðþótta eða með öðrum ófyrirsjáanlegum hætti. Í annan stað er athyglisvert að Hæstiréttur telur það skipta máli að skattalegt hagræði var útreiknanlegt til framtíðar og þannig unnt að leggja mat á þá áhættu sem tekin væri með hlutabréfakaupum. Í hnotskurn stendur rökstuðningur Hæstaréttar þannig til þess að með lögum nr. 137/1996 hafi J verið sviptur ákveðnum (þ.e. útreiknanlegum) fjárhagslegum réttindum með óréttlátum hætti.[2]

IV.

Ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar tekur aðeins til skatta. Með sköttum er almennt átt við gjöld sem greidd eru til opinberra aðila (venjulega ríki eða sveitarfélögum) og reiknuð eru út eftir einhverjum efnislegum mælikvarða, t.d. tekjum manna, eignum, verði eða þyngd. Frá sköttum ber að greina þjónustugjöld sem eru endurgjald fyrir veitta þjónustu. Er ekki ástæða til að víkja nánar að því atriði hér. Samkvæmt fyrrgreindum athugasemdum við stjórnarskipunarlög nr. 97/1995 teljast til skatta samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar ýmiss konar gjöld með einkenni skatta og skiptir þá ekki sköpum hvort þau eru bókstaflega nefnd skattar eða eitthvað annað (sbr. t.d. útsvar, sóknargjald og tollar). Á hinn bóginn er ótvírætt að einhliða

[2] Svipuð sjónarmið tengd réttlæti og sanngirni að norskum rétti um skýringu 97. gr. norsku stjórnarskrárinnar sem felur í sér almennt bann við afturvirkni laga. Sjá t.d. umfjöllun Johs. Andenæs, *Statsforfatningen i Norge*, Oslo 1997, bls. 418–424, að því er varðar almannatryggingagreiðslur og lífeyri.

greiðslur opinberra aðila til einstaklinga og lögaðila geta ekki talist skattar, a.m.k. ekki þegar slíkar greiðslur standa í engum tengslum við skattgreiðslur (sbr. t.d. á hinn bóginn endurgreiðslur skatta).

Eins og áður segir er reglur um vaxtabætur að finna í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna hefur tekjuskattsstofn áhrif á útreikning vaxtabóta auk þess sem vaxtabætur eru greiddar út að lokinni álagningu opinberra galda og vaxtagjöld eru miðuð við sama tímabil og álagning tekjuskatts. Þótt réttur til vaxtabóta sé þannig m.a. miðaður tekjuskattsstofn og skattkerfið sé notað til útreiknings og greiðslu vaxtabóta er ekkert beint samband milli álagningar skatta og greiðslu vaxtabóta. Vaxtabætur fela þannig ekki í sér endurgreiðslu skatta, skattafslátt eða skattalegt hagræði þrátt fyrir umrædd tengsl við skattkerfið. Verður að álykta að hagræðissjónarmið fremur en eðli þessara bóta ráði því að útreikningi og greiðslu vaxtabóta er komið fyrir í skattkerfinu fremur en sjálfstæðu kerfi.

Samkvæmt framansögðu verður að líta á vaxtabætur sem einhliða greiðslur ríkisins til rétthafa bótanna, þ.e. eigenda og byggjenda íbúðarhúsnæðis.[3] Eiga ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um skatta og dómur Hæstaréttar í máli nr. 499/2002 því ekki við um þá breytingu sem lögð er til með d-lið 5. gr. og 2. málslið 13. gr. frumvarpsins, enda þótt dómur Hæstaréttar vitni með almennum hætti um áherslu Hæstaréttar á réttaröryggissjónarmið. Kemur því næst til skoðunar hvort eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar sé umræddu ákvæði frumvarpsins til fyrirstöðu.

V.

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar er eignarrétturinn friðhelgur. Þá segir í greininni að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji – þurfi til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Eignarréttarákvæðið tekur aðeins til „eigna“, en til eigna teljast almennt hvers kyns fjárhagslegir hagsmunir manna.[4] Samkvæmt þessu eru það ekki aðeins eignarréttindi í þrengri merkingu (bein eignarréttindi yfir lausafé og fasteignum) sem teljast til eigna, heldur einnig önnur fjárhagslega verðmæt réttindi, svo sem óbein eignarréttindi, afnotaréttindi, kröfuréttindi, höfundarréttindi svo dæmi séu tekin.[5] Raunar þurfa fjárhagslegir hagsmunir ekki nauðsynlega að vera í formi lagalegra réttinda svo að eignarréttarvernd komi til greina. Þannig getur sérstök nýting gæða sem lúta almannarétti í undantekningatilvikum talist vernduð af eignarréttarákvæðinu, jafnvel þótt „eigandi“ eigi ekki meiri lagalegan rétt til þessara gæða en hver annar. Þeir hagsmunir sem hér koma helst til greina eru fjárhagslegir hagsmunir sem bundnir eru af atvinnu, starfi eða rekstri atvinnutækja, þ.e. svokölluð atvinnuréttindi.[6] Á þetta er bent hér til að leggja áherslu á að vernd eignarréttarákvæðisins beinist að hvers kyns fjárhagslegum hagsmunum manna án tillits til þess í hvaða lagalega formi þeir eru.

Í eldri umfjöllun um eignarréttarákvæðið var því stundum haldið fram að ákvæðið takmarkaðist við svokölluð réttindi einkaréttarlegs eðlis (þ.e. réttindi sem styðjast við réttar-

---

[3] Að þessu leyti eiga því svipuð sjónarmið við um vaxtabætur og ýmsar aðrar einhliða greiðslur og styrki sem greiddar eru úr ríkissjóði, t.d. ýmsar greiðslur á grundvelli laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Hér ber þó að hafa í huga að ýmsar greiðslur á sviði almannatrygginga njóta sjálfstæðrar verndar í stjórnarskránni, sbr. einkum 76. gr. hennar, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995.

[4] Sjá t.d. Gauk Jörundsson, *Um eignarnám*, Reykjavík 1969, bls. 49–54.

[5] Sjá t.d. Lyfrd. IX [1916], bls. 809.

[6] Sjá t.d. H 1964:573 um bann við minkaeldi.

reglur sem tilheyra einkamálarétti andstætt allsherjarrétti eða opinberum rétti). Þeirri skoðun hefur almennt verið hafnað af yngri fræðimönnum. Er talið að engin ályktun um eignarréttarvernd verði dregin af flokkun réttinda í allsherjarréttarleg (opinber) og einkaréttarleg.[7] Hefur slík skoðun og ítrekað fengið staðfestu Hæstaréttar.[8] Á hinn bóginn hefur fræðimenn greint á um hversu víðtæk vernd allsherjarlegra réttinda er. Hefur verið talið að grundvöllur þeirrar verndar sem allsherjarleg réttindi hvíla á væri veikari og löggjafanum væri heimilt að skerða þessi réttindi í ríkara mæli en önnur með lagabreytingum. Hefur í þessu sambandi verið bent á að allsherjarréttindi styðjist í meira mæli en einkaréttindi við almannahagsmuni sem réttlæti aukið vald ríkisins til íhlutunar.[9] Þetta þarf þó að meta með hliðsjón af eðli þeirra réttinda sem til skoðunar eru í hvert og eitt sinn.

Samkvæmt framangreindu kemur til greina að telja réttindi sem styðjast við allsherjarréttarlega heimild til eignarréttinda, enda þótt löggjafanum sé jafnan játað rúmum heimildum við skerðingu þessara réttinda. Enda þótt réttindi á sviði allsherjarréttar geti samkvæmt þessu talist til eignarréttinda í skilningi eignarréttarákvæðisins þurfa þessi réttindi að fullnægja almennum skilyrðum til að teljast eignarréttindi. Helst þessara skilyrða er að réttindin séu fjárhagslega verðmæt, en hafi ekki aðeins tilfinningalegt gildi (sbr. t.d. réttur til nafns, kosningaréttur, landvistarleyfi, ríkisborgararéttur). Réttindin þurfa að vera bundin við afmarkaðan hóp manna og fela þannig í sér einhvers konar sérrétt (sbr. á hinn bóginn réttindi sem bundin eru við alla menn eða alla íslenska þegna). Þá þurfa réttindi að vera nægilega ákveðin eða skýr (þ.e. fjárhagslegt verðmæti verður að vera mælanlegt eða útreiknanlegt með einhverjum hætti). Skilyrt réttindi fela yfirleitt í sér svo óvissa fjárhagslega þýðingu að eignarréttarvernd kemur ekki til greina eða þá að hún er af mjög skornum skammti. Hins vegar útilokar það ekki eignarréttarvernd réttinda þótt þau séu persónubundin og óframseljanleg.

Við þetta er því að bæta að almennt hefur verið talið að einhliða greiðslur af hálfu ríkisins, svo sem bætur almannatrygginga, njóti ekki eignarréttarverndar.[10] Með orðinu „einhliða“ er vísað til þess að rétthafinn hafi ekki lagt eitthvað af mörkum til réttindanna með peningagreiðslu eða öðru framlagi. Lífeyrisgreiðslur til ríkisstarfsmanna úr opinberum sjóðum teljast t.d. ekki einhliða greiðslur, enda er til þeirra stofnað með framlögum starfsmannanna. Þetta sjónarmið er stutt þeim rökum að til réttinda sem þessara sé almennt stofnað með fyrirvara um að þau kunni að vera afnumin að breyttum efnahagslegum og pólitískum forsendum.[11] Við þetta verður þó að gera þann almenna fyrirvara að ef réttindi sem þessi eru þegar orðin til og gjaldkræf njóta þau ótvírætt eignarréttarverndar, sbr. eftirfarandi dóm Hæstaréttar:

H 16. október 2003 í máli nr. 549/2002 (öryrkjadómur II). Í málinu taldi Hæstiréttur að með dómi réttarins 19. desember 2000 hefði verið viðurkennt að óheimilt væri að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega

---

[7] Sbr. Gauk Jörundsson, *Um eignarnám,* bls. 71. Sjá einnig Sigurð Líndal, *Stjórnkerfi búvöruframleiðslunnar,* 1992 Reykjavík, bls. 55.

[8] Sbr. Lyfrd. IX:809, X:601 og X:20 um leyfi til áfengissölu; H 1934:790 um vörumerki og H 1943:154 um undanþágu fyrirtækis frá eigna- og tekjuskatti.

[9] Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám,* bls. 75.

[10] Þessi réttindi njóta hins vegar verndar 76. gr. stjórnarskrárinnar sem ekki er ástæða til að ræða hér.

[11] Löggjafinn kann þó að stofna einhliða til fjárhagslegra réttinda þannig að menn treysti því að þau muni standa í tiltekinn tíma. Við slíkar aðstæður kann eignarréttarvernd að koma til greina. Svo á ekki við í því tilviki sem hér um ræðir.

í hjúskap frá 1. janúar 1999 á þann hátt, sem gert var í 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, en 1. janúar 1999 höfðu skerðingarákvæði í lögunum tekið gildi. Lög nr. 3/2001 höfðu tekið gildi í ársbyrjun 2001 og skertu þau örorkulífeyri fyrir árin 1999 og 2000 með vægari hætti en leitt hafði af þeim lögum sem talin voru andstæð stjórnarskrá. Í forsendum Hæstaréttar segir eftirfarandi: „Þetta lagaákvæði [þ.e. 5. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga] var ekki talið standast stjórnskipunarlög og þar með varð skerðingarreglu þess ekki beitt. Eftir uppsögu dómsins áttu örorkulífeyrisþegar þannig kröfu til að fá tekjutryggingu greidda eftir meginreglunni, sem fram kom í 4. mgr. 17. gr., án skerðingar vegna tekna maka allt fram til þess, er lög nr. 3/2001 tóku gildi. Þessi kröfuréttindi örorkulífeyrisþega njóta verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar og verða ekki skert með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf."

Raunar má deila um þá niðurstöðu Hæstaréttar að eftir uppsögu dómsins 19. desember 2000 hafi örorkulífeyrisþegar átt gjaldkræfa kröfu til tekjutryggingar eftir meginreglunni sem fram kom í 4. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga (þ.e. án skerðingar vegna tekna maka) allt fram til þess er lög nr. 3/2001 tóku gildi. Umfjöllun um það er þó utan marka þessarar álitsgerðar. Ef fallist er á þá forsendu Hæstaréttar, að öryrkjar hafi átt gjaldkræfa kröfu til óskerts örorkulífeyris fyrir árin 1999 og 2000, er dómurinn til vitnis um að einhliða greiðslur úr ríkissjóði njóti eignarréttarverndar a.m.k. frá því tímamarki sem þær eru gjaldkræfar. Auk þess virðist litið svo á í dóminum að fortakslaust sé óheimilt að skerða með afturvirkum hætti gjaldkræfar kröfur sem þessar (sbr. orðalagið „þessi réttindi njóta verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar og verða ekki skert með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf").

VI.

Vaxtabætur eru ótvírætt réttindi sem teljast til allsherjarréttar. Þetta einkenni þeirra útilokar þó ekki að þau kunni að njóta eignarréttarverndar samkvæmt framansögðu. Hins verður að líta á vaxtabætur sem einhliða greiðslur eða styrki ríkisins við ákveðna einstaklinga (þ.e. eigendur íbúðarhúsnæðis til eigin nota). Vaxtabætur grundvallast þannig ekki á greiðslum eða vinnuframlagi umræddra einstaklinga eins og t.d. lífeyrisgreiðslur eða laun. Af þessum sökum kemur almennt ekki til greina að telja réttinn til vaxtabóta til eignar samkvæmt eignarréttarákvæðinu. Er löggjafanum því stjórnskipulega heimilt að breyta vaxtabótum eða afnema þær í heild án þess að taka þurfi tillit til eignarréttarákvæðisins.[12] Þessi sjónarmið eiga þó aðeins ótvírætt við um rétt til vaxtabóta sem ekki er orðinn gjaldkræfur eða hefur ekki tekið að myndast (sbr. rétt til vaxtabóta fyrir árið 2004 sem kemur til greiðslu við álagningu gjalda árið 2005).

Réttur til vaxtabóta sem þegar er orðinn gjaldkræfur telst ótvírætt til eignar manna.[13] Hér er um að ræða ákveðinn sérrétt tiltekins manns til ákveðinnar peningagreiðslu. Ekki er hægt að líta svo á að slíkur réttur sé háður þeim fyrirvara að reglum kunni að vera breytt og rétturinn afnuminn. Sama máli gegnir um rétt til vaxtabóta, sem þegar hefur stofnast að öllu leyti, enda þótt hann sé ekki orðinn gjaldkræfur. Samkvæmt þessu verður að telja að í árslok viðkomandi skattárs þegar upplýsingar um vaxtagjöld, eignir og tekjuskattsstofn liggja fyrir njóti réttur til vaxtabóta eignarréttarverndar. Meira vafamál er um rétt til vaxtabóta sem tekinn er að stofnast, en er enn háður ákveðnum óvissuþáttum þar sem skattárinu er ekki lokið, en svo myndi eiga við um vaxtabætur fyrir árið 2003, sem greiða ætti út við álagningu 2004, yrði umrætt frumvarp að lögum fyrir árslok 2003.

---

[12] Hér þyrfti þó sem ávallt að gæta jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

[13] Sbr. dóm Hæstaréttar 16. október 2003 í máli nr. 549/2002 (öryrkjadómur II) sem ræddur er áður.

Eins og nánar kemur fram í 4. mgr. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 miðast vaxtabætur við vaxtagjöld, tekjur og eignir, eins og þessar stærðir liggja fyrir í lok hvers skattárs. Réttur til vaxtabóta er því ekki orðinn endanlega til fyrr en í lok skattárs þegar allar framangreindar stærðir liggja fyrir. Af þessum sökum kæmi e.t.v. til greina að telja rétt til vaxtabóta fyrir þetta tímamark svo skilyrtan, og þar af leiðandi svo óvissan, að eignarréttarvernd komi ekki til greina. Á það er hins vegar að líta að unnt er að reikna út, eða a.m.k. áætla, vaxtabætur fyrir viðkomandi ár með hliðsjón af áætluðum vaxtagjöldum, tekjum og eignum. Réttur til vaxtabóta er þannig í raun ekki alfarið háður óvissum atvikum, heldur fremur atvikum sem rétthafar geta að meginstefnu haft áhrif á, t.d. tekjur og skuldastaða. Jafnvel þótt breytingar kunni að verða á þeim stærðum sem hér hafa þýðingu, t.d. fasteignamati, verðbólgu og jafnvel vöxtum, haggar það því ekki að eftir að ákveðinn tími er liðinn af árinu geta einstaklingar áætlað með nokkurri vissu hvaða rétt þeir munu eiga til vaxtabóta. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því að rétthafar kunni að eiga rétt á fyrirframgreiðslu vaxtabóta ársfjórðungslega í 9. mgr. 68. gr. laga nr. 90/2003 og er það fyrirkomulag til þess fallið að auka væntingar manna um að bætur verði greiddar í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma. Enda þótt umrædd réttindi séu þannig að ekki að fullu komin fram fyrir lok skattárs má allt að einu áætla með nokkurri vissu hver inntak þeirra sé. Í byrjun desember 2003 munu þannig þau atvik sem ráða fjárhæð vaxtabóta vera að miklu leyti komin fram. Er það álit mitt að rétthafar vaxtabóta megi almennt treysta því að þeir fái greiddar vaxtabætur fyrir þann tíma ársins sem liðinn er samkvæmt þeim reglum sem hafa verið í gildi á árinu.

Samkvæmt framangreindu er það álit mitt að réttur til vaxtabóta fyrir þann hluta ársins 2003, sem liðinn er, njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Haggar það ekki stjórnskipulegri vernd þessa réttar þótt hann verði ekki að fullu ákveðinn og endanlegur fyrr en í árslok 2003 og ekki gjaldkræfur fyrr en við lok álagningar á árinu 2004. Það atriði kann þó að leiða til þess að löggjafanum sé játað rýmri heimildum við skerðingu þessa réttar, eins og nánar verður rætt hér síðar. Samkvæmt því frumvarpi, sem hér um ræðir, er gert ráð fyrir að því að umrædd skerðing á vaxtabótum taki til ársins 2003, enda þótt það ár verði því næst á enda við setningu og birtingu laganna. Verður því að kanna hvort þessi gildistaka og ætluð beiting laganna standist gagnvart eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

VII.

Eignarréttarákvæðinu er ætlað að stuðla að réttaröryggi manna um fjárhagslega hagsmuni þeirra, þ.e. að þegnarnir geti verið öruggir um eigur sínar gagnvart ríkisvaldinu.[14] Þessi grunnrök eignarréttarákvæðisins leiða til þess að löggjafanum eru takmörk sett við að virða að vettugi ýmsar ráðstafanir sem gildar hafa verið samkvæmt eldri lögum þegnunum með íþyngjandi hætti. Í þessu felst m.a. að eignarréttarákvæðið takmarkar heimild löggjafans til bótalausra afturvirkra skerðinga á þeim réttindum sem falla undir eignarréttarhugtak eignarréttarákvæðisins. Þótt eignarréttarákvæðið byggi á þessum grunnrökum verður þó einnig að hafa í huga að löggjafinn hefur heimild til að setja samfélaginu reglur, þar á meðal um meðferð og ráðstöfun fjárhagslega verðmætra réttinda. Þá er einn þáttur löggjafarvaldsins beinlínis vald til að taka til sín fjárhagsleg gæði, þ.e. vald til að leggja á skatta, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárirmar. Réttaröryggi þegnanna um fjárhagsleg verðmæti sín samkvæmt eignarréttarákvæðinu verður því að setja nokkrar skorður með hliðsjón af almennum valdheimildum löggjafans. Þetta má orða svo að enginn geti með rétti gert ráðstafanir eða

---

[14] Sjá nánar Gauk Jörundsson, *Um eignarnám*, Reykjavík 1969, bls. 40.

áætlanir um fjárhagslega hagsmuni sína á þeirri forsendu að gildandi lög dagsins í dag muni verða óbreytt um aldur og ævi. Hér vegast augljóslega á hagsmunir einstaklinga af öryggi um fjárhagslega hagsmuni sína annars vegar og nauðsyn handhafa opinbers valds til svigrúms við gæslu almannahagsmuna hins vegar.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort tiltekin skerðing samræmist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar koma til skoðunar fleiri atriði. Þannig kann eignarréttarvernd að vera breytileg eftir eðli réttinda og einnig eftir nánara inntaki þeirra (t.d. hvort þau eru orðin virk). Þá hefur hér þýðingu hvort skerðing er mikil eða lítil, hvort hún kemur niður á mörgum eða fáum, hvort hún er byggð á málefnalegum og efnislegum mælikvarða eða geðþótta, svo helstu atriði séu nefnd. Spurninguna um lögmæti afturvirkrar skerðingar réttinda er ekki hægt að slíta úr samhengi við þessi atriði. Þannig kann afturvirk skerðing eignarréttinda að teljast heimil í ákveðnum tilvikum og öðrum ekki. Afturvirkni skerðingar þýðir alla jafnan að auknar kröfur eru gerðar um að skerðingar feli ekki í sér mismunun, þær séu málefnalegar, ekki viðurhlutamiklar, o.s.frv. Verður nú vikið nánar að dómaframkvæmd um afturvirkni laga á sviði stjórnskipulegrar eignarréttarverndar.

VIII.

Takmörkun eignarréttarákvæðisins við afturvirkni laga hafði einkum þýðingu um afturvirkni skattlaga fyrir gildistöku núgildandi 77. gr. stjórnarskrárinnar sem áður ræðir. Þótt þessir dómar hafi ekki lengur þýðingu um skatta geta þeir haft þýðingu um mat á afturvirkum skerðingum á sviðum sem 77. gr. tekur ekki til, svo sem því sem hér um ræðir. Rétt þykir að reifa þessa dóma til skýringar:

H 1980:1732. Í málinu var annars vegar deilt um skyldu til greiðslu skyldusparnaðs sem lagður var á aðaláfrýjanda vegna ársins 1977 samkvæmt heimild í lögum nr. 77/1977. Hins vegar var deilt um lögmæti eignarskattsauka, sérstaks tekjuskatts og sérstaks atvinnurekstrarskatts sem lagður var á vegna ársins 1977 með bráðabirgðalögum sem sett voru eftir að álagning vegna þess árs hafði farið fram. Að því er varðar fyrrgreinda álitaefnið vísaði Hæstiréttur til þess að lögin væru sett á stjórnskipulegan hátt. Þau væru að vísu sett síðasta dag ársins 1977, en framtal tekna hafi ekki farið fram fyrr en fyrri hluta ársins og álagning skatta á þær tekjur hafi eigi farið fram fyrr en á miðju því ári. Með hliðsjón af langri venju um setningu skattalaga hér á landi var það eigi talið skerða svo mjög réttaröryggi manna, að ógildi álagningarinnar varði, að lögin höfðu verið sett þegar allra tekna ársins 1977 hafði raunverulega verið aflað. Um síðargreinda álitaefnið sagði Hæstiréttur eftirfarandi: „Þegar lög þessi voru sett, var lokið hinni almennu álagningu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 68/1971 og síðari breytingum á þeim lögum, en skattskrá í Reykjavík 1978 var lögð fram 27. júlí 1978 og skattþegnum sendar skattkröfur um sama leyti. Í íslenskum stjórnskipunarlögum eru ekki ákvæði, sem beint banna afturvirkni laga. Það leiðir af eðli máls, að lög hljóta oft að vera afturvirk, og könnun á íslenskum skattalögum sýnir, að allalgengt er, að skattalög séu afturvirk, leiðir þetta að nokkru af þeim skipan mála hér á landi, að skattar eru greiddir eftir á, miðað við tekjur ársins á undan og eign í lok þess árs. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að þau ákvæði bráðabirgðalaga nr. 98/1978, sbr. lög nr. 121/1978, sem hér er um fjallað, séu ógild af þessum sökum.“ Hæstiréttur bætti hins vegar við eftirfarandi athugasemd: „Umrædd skattálagning var lögboðin, eftir að hin almenna skattskrá fyrir árið 1978 hafði verið lögð fram og gjaldþegnum sendar skattkröfur. Þótt slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu verði að teljast mjög varhugaverð, þykir ekki alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógild lagaákvæða þeirra, sem hér skipta máli.“

Í málinu skiluðu tveir dómarar séráliti og byggðu niðurstöðu sína á því að á eftir lok álagningar og tilkynningar til skattþegns væri ekki heimilt að leggja á nýja skatta. Töldu þeir réttaröryggi stefnt í hættu ef menn gætu búist við því, jafnvel löngu eftir öflun tekna, sem þegar hefði verið lagður skattar á, að þeir þyrftu að greiða skatt af þeim að nýju. Jafnvel þótt

litið sé til rökstuðnings í sératkvæðinu er þó ljóst að Hæstiréttur er sammála um að afturvirk skattlagning og þar með skerðing eignarréttinda sé heimil að vissu marki. Bann eignarréttarákvæðisins við afturvirkni er því engan veginn jafn fortakslaust og núgildandi regla 77. gr. stjórnarskrárinnar. Aðrir dómar vitna hins vegar um að takmarkanir á afturvirkni samkvæmt eignarréttarákvæðinu eru engan veginn þýðingarlausar.

H 1984:560. Í málinu var sérstakt gatnagerðargjald vegna bundins slitlags lagt á fasteignaeigendur við tiltekna götu árið 1975, en slitlagið hafði verið lagt árið 1973. Um þetta sagði Hæstiréttur: „Gatnagerðargjald það, sem um er fjallað í máli þessu, var lagt á samkvæmt 3., 4. og 5. gr. laga nr. 51 /1974, sbr. lög nr. 31 /1975 og reglugerð nr. 430/1975. Það var lagt á eigendur fasteigna við Strandgötu á árinu 1975 vegna slitlags, sem sett hafði verið á götuna árið 1973. Hér var um sérstæða skattlagningu að ræða tengda tiltekinni framkvæmd, sem lauk um tveim árum áður en lög og reglugerð um hana voru sett. Verður ekki séð, að stefndi eða aðrir eigendur fasteigna við Strandgötu hafi getað séð það fyrir árið 1973 eða haft ástæðu til að búast við því þá, að þeim yrði einhvern tíma síðar einum gert að greiða kostnaðinn við þessa framkvæmd. Máttu þeir og gera ráð fyrir því árið 1975, er gatnagerðargjaldið var lagt á þá, að skattlagningu miðað við fjárhag þeirra 1973 væri lokið. Verður þessi skattlagning því ekki talin fá staðist eftir 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ber af þeim sökum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til."

H 1985:1296. Í lögum nr. 16/1965 um lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sagði: „Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli- og örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna [...] og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum." Ákvæðið fól í sér að atvinnurekandinn R þurfti að greiða lífeyrissjóðnum verðbætur vegna lífeyrisgreiðslna sem hann hafði áður innt af hendi. Í rökstuðningi Hæstaréttar sagði eftirfarandi: „Þeir, sem réðu málefnum [R], þegar [M] var í þjónustu félagsins, gátu ekki séð fyrir eða haft ástæðu til að búast við, að félagið þyrfti einhvern tíma síðar að greiða kostnað vegna uppbótar í lífeyri hennar af völdum verðlagsþróunar í landinu. Þvert á móti máttu þeir gera ráð fyrir, að greiðslum þeirra vegna starfa hjúkrunarfræðingsins væri lokið. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóm." Tveir dómarar töldu hins vegar mögulegt að túlka lög nr. 16/1965 þannig að þeim hefði ekki verið ætlað að hafa afturvirk áhrif.

Þau viðhorf sem birtast í tveimur síðastnefndu dómunum fá tæplega samrýmst rökstuðningi meirihlutans í H 1980:1732. Þegar litið er til þessara dóma, svo og yngri dómaframkvæmdar sem síðar ræðir, verður að telja mjög að vafasamt að H 1980:1732 hafi fordæmisgildi í dag að því er varðar afturvirknisþátt eignarréttarákvæðisins. Í H 1984:560 og H 1985:1296 er þannig lögð aukin áhersla á hvað menn gátu séð fyrir þegar þau atvik gerðust sem látin voru ráða skattskyldu. Er það í samræmi við þau réttaröryggisrök eignarréttarákvæðisins sem áður ræðir. Hins vegar verður vart talið að þessir dómar séu byggðir á reglu þess efnis að afturvirk skerðing eignarréttinda sé fortakslaust óheimil. Þannig er rökstuðningurinn í H 1984:560 miðaður við að eftir álagningu gjalda fyrir árið 1973, þegar bundið slitlag var lagt á, hafi fasteignareigendur við götuna mátt líta svo á skattlagningu vegna þess árs væri lokið. Ef lögin hefðu verið sett á árinu 1974, þ.e. áður en kom að álagningu en eftir að framkvæmdum lauk, er ekki víst að niðurstaðan hefði orðið sú sama. Einnig ber að hafa í huga að í umræddum málum kom skerðing niður á fáum. Þá var um að ræða nokkuð háar fjárhæðir.

Við mat á fordæmisgildi framangreindra dóma almennt verður að líta til þess að þeir tóku m.a. mið af venjum við setningu skattalaga sem nú hafa verið beinilínis felldar úr gildi með áðurræddri breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessum sökum verður að setja almennan

fyrirvara við fordæmisgildi þeirra. Sú almenna ályktun verður þó dregin af dómunum að afturvirk skerðing eignarréttar sé ekki fortakslaust óheimil samkvæmt eignarréttarákvæðinu.

IX.

Eins og áður greinir getur það haft þýðingu um stjórnskipulegra eignarréttarvernd hvert nánar inntak réttinda er. Hér skiptir einkum máli hvort réttindi eru orðin ákveðin og virk, þ.e.a.s. komin til framkvæmda samkvæmt aðalefni sínu. Ýmsir dómar Hæstaréttar eru til marks um að réttindi sem enn eru ekki orðin virk njóti ekki eignarréttarverndar eða njóti minni verndar en ella:

> H 1992:1962 (BHMR mál). Í málinu var deilt um lögmæti bráðabirgðalaga sem sett höfðu verið 3. ágúst 1990 í kjölfar dóms Félagsdóms 23. júlí sama árs um tiltekna hækkun launa félagsmanna BHMR samkvæmt gildandi kjarasamningum. Með bráðabirgðalögunum var launahækkunin samkvæmt dóminum afnumin auk þess sem kveðið var á um hvernig laun félagsmanna BHMR skyldu hækka eftir setningu laganna. Hæstiréttur féllst á að óheimilt hefði verið að afnema þá hækkun sem Félagsdómur hafði þegar dæmt félagsmönnum BHMR með eftirfarandi rökstuðningi: „Löggjafinn hafði til þess ríkan rétt að standa vörð um þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um, eins og segir í aðfaraorðum bráðabirgðalaganna. Hins vegar verður að haga almennri lagasetningu í samræmi við þá jafnræðisreglu, sem hér á við og víða er byggt á í stjórnarskrá Íslands, meðal annars í ákvæðum hennar um álögur á þegnana og skerðingu réttinda þeirra, ef til þess þarf að koma. Þegar ríkjandi aðstæður við setningu bráðabirgðalaganna eru metnar í heild, þykir á það hafa skort, að þessi regla hafi verið virt, og urðu þau því ekki skuldbindandi gagnvart áfrýjanda, að því er varðaði þá 4,5% launahækkun, sem hún hafði þá þegar öðlast.“ Að því er varðaði ákvæði laganna um framtíðarhækkanir komst Hæstiréttur hins vegar að gagnstæðri niðurstöðu með eftirfarandi rökstuðningi: „Vegna þess tilgangs bráðabirgðalaganna að koma í veg fyrir víxlhækkanir launa og verðlags varð áfrýjandi að sætta sig við, að girt væri fyrir almennar framtíðarhækkanir samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins, sem tóku mið af hækkunum annarra kauptaxta. Kjarasamningum samflotsfélaga BHMR og ríkisins mátti segja upp eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Jafna má setningu bráðabirgðalaganna til uppsagnar samningsins með gildi frá og með 1. nóvember 1990. Af þessum ástæðum má á það fallast, að áfrýjandi hafi orðið að sætta sig við, að hækkanir samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna kæmu á móti þegar fenginni hækkun, jafnóðum og þær féllu til eftir 1. nóvember 1990.“

Samkvæmt dóminum gegnir ólíku máli um launahækkanir, sem þegar eru komnar til framkvæmda, samanborið við launahækkanir í framtíðinni. Litið er svo á að launahækkanir í framtíðinni séu óvissar með hliðsjón af uppsagnarákvæði kjarasamnings. Þar með kemur ekki til greina að launþegar geti með rétti treyst því að þessar hækkanir komi til framkvæmda. Dóminn má þannig túlka á þá leið að laun, sem ekki hefur enn verið unnið fyrir, njóti ekki stjórnskipulegrar eignarréttarverndar, eða a.m.k. mun minni verndar en laun, sem þegar hefur verið unnið fyrir.

Dómar Hæstaréttar um lífeyrisréttindi styrkja þá niðurstöðu að máli skipti að réttindi séu orðin til og gjaldkræf.

> H 1998:2140. S hóf töku lífeyris hjá Lífeyrissjóði sjómanna árið 1991 er hann varð 60 ára, en þá giltu um sjóðin lög nr. 49/1974. Árið 1994 tóku gildi ný lög nr. 94/1994 um sjóðinn. Ekki var í nýju lögunum vikið að því hvernig skyldi fara með áunnin réttindi í sjóðnum, en í 5. gr. þeirra sagði að nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skyldi setja í reglugerð sjóðsins sem m.a. skyldi staðfest af ráðherra. Í reglugerð um sjóðinn sem var sett voru fjárhæðir til þeirra sem voru 60 til 65 ára lækkaðar hlutfallslega frá því sem áður var, en S var í þessum hópi. Hæstiréttur taldi þessa skerðingu ólögmæta með eftirfarandi rökstuðningi: „Á það er fallist með héraðsdómi að þau réttindi, er stefndi hafði áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 til lífeyris, hafi notið verndar þágildandi 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins

Íslands nr. 33/1944, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Verður ekki talið að slík heimild hafi falist í lögum nr. 94/1994, sem ekki höfðu að geyma efnisleg ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Var skerðing réttindanna með framangreindri reglugerð því ólögmæt."

Túlka verður dóminn á þá leið að þar sem lífeyrisréttindi S voru orðin virk hafi verið sérstök nauðsyn á skýrri lagaheimild til skerðingar á þeim. Í dóminum er hins vegar ekki tekin afstaða til þess hvort umrædd skerðing hefði staðist ef lagaheimild hefði verið fullnægjandi, sbr. hins vegar eftirfarandi dóm Hæstaréttar:

H 1999:4769. K hóf töku örorkulífeyris hjá Lífeyrissjóði sjómanna árið 1979. Með lögum nr. 44/1992 var ákvæðum laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna breytt á þann veg, að ekki var lengur tekið mið af hæfni sjóðfélaga til fyrri starfa við grundvöll örorkumats, heldur var byggt á hæfni til almennra starfa. Varð almenn örorka að vera 35% eða meiri til þess að sjóðfélagi ætti rétt á örorkulífeyri. Þessi breyting varð til þess að K taldist ekki eiga rétt á lífeyri frá sjóðnum. Hæstiréttur áréttaði að lífeyrisréttur K nyti eignarréttarverndar og yrði hann ekki skertur nema skýlausri lagaheimild. Hæstiréttur taldi þó skerðingu lífeyrisins hafa haft nægilega heimild í lögum. nr. 44/1992 (ólíkt H 1998:2140). Hæstiréttur hafnaði kröfum K með eftirfarandi rökstuðningi: „Gögn málsins sýna, að mikill hallarekstur var á sjóðnum og við árslok 1989 vantaði rúma 20 milljarða króna til þess að höfuðstóll sjóðsins ásamt verðmæti væntanlegra iðgjalda nægði fyrir skuldbindingum hans, ef reiknað var með 3% ársávöxtun. Til þess að mæta þessum mikla halla óskaði stjórn sjóðsins eftir því, að gerðar yrðu breytingar á lögum um sjóðinn. Það er ljóst, að málefnalegar forsendur lágu að baki þeim skerðingum lífeyrisréttinda, sem lög nr. 44/1992 höfðu í för með sér. [...] Sú skerðing, sem fólst í lögum nr. 44/1992 var almenn þar sem hún tók á sambærilegan hátt til allra, sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris, en fimm ára aðlögunarfrestur gilti jafnt um alla sjóðfélaga, eins og að framan greinir. Hefur jafnræðis verið gætt um þá, sem sambærilegir geta talist [...]."

Samkvæmt þessum dómi er heimilt að skerða lífeyrisréttindi, jafnvel þótt séu orðin virk, ef skerðingin styðst við málefnalegar ástæður og jafnræðis er gætt. Einnig verður að túlka dóminn svo að skerðing hafi verið nauðsynleg til að ná lögmætu markmiði, sbr. ummæli um fjárhagsstöðu sjóðsins. Þess ber að geta að málið hefur verið borið undir Mannréttindadómstól Evrópu og hefur dómstóllinn talið málið tækt til meðferðar með ákvörðun 28. janúar sl. með hliðsjón af jafnræðisreglu 14. gr. mannréttindasáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans sem síðar ræðir. Þess ber að geta að af hálfu kærandans er fyrst og fremst byggt á því fyrir dómstólnum að umrædd skerðing hafi falið í sér brot á jafnræði lífeyrisþega og meðalhófi fremur en að á því sé byggt að afturvirkni sé alfarið óheimil samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum sáttmálans.

Enn er ástæða til reifa dóma um eignarréttarvernd lífeyrisréttinda:

H 2000:1252. H hóf töku örorkulífeyris hjá Lífeyrissjóði sjómanna árið 1994, en þá höfðu tekið gildi lög nr. 94/1994 og ný reglugerð um sjóðinn verið sett. Fól reglugerðin í sér skerðingu á örorkulífeyri frá því sem gilt hafði samkvæmt lögum nr. 49/1974. H taldi skerðinguna andstæða eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur hafnaði kröfum H með eftirfarandi rökum: „Við úrlausn málsins verður ekki komist hjá að líta til þess að lífeyrisréttindi gagnáfrýjanda voru ekki orðin virk þegar þau voru skert með heimild í lögum nr. 94/1994. Að því leyti er aðstaða gagnáfrýjanda önnur en þeirra sjóðfélaga í aðaláfrýjanda, sem áður hafa lagt ágreining sinn við hann undir dómstóla vegna skerðingar á lífeyri þeirra, sbr. dóma Hæstaréttar í dómasafni 1998, bls. 2140, og 9. desember 1999 í máli nr. 195/1999 [H 1999:4769]. Skiptir þá máli að heimild löggjafans er mun þrengri til að skerða virk lífeyrisréttindi en þau, sem einungis eru væntanleg þegar skerðingin öðlast gildi. Þá verður heldur ekki horft framhjá því að fjárhagur aðaláfrýjanda var afar bágborinn, er lögum um hann var breytt 1994 og að greiðsluþrot hans

var óumflýjanlegt að öllu óbreyttu. Var stjórn sjóðsins skylt að gera ráðstafanir til að rétta fjárhag hans af. Liggur ekki annað fyrir en að skerðing allra óvirkra lífeyrisréttinda sjóðfélaga, svo sem hún birtist í áðurnefndri reglugerð er tók gildi 1. september 1994, hafi verið reist á almennum grundvelli og að jafnræðis milli sjóðfélaga hafi nægjanlega verið gætt. Þá voru hinar nýju reglur samþykktar af samtökum sjómanna og vinnuveitenda þeirra. Að virtu öllu því, sem að framan er rakið, verður fallist á með aðaláfrýjanda að skerðing lífeyrisréttinda gagnáfrýjanda hafi verið innan þeirra marka, sem 67. gr. stjórnarskrárinnar, nú 72. gr. hennar, setur því að unnt sé að skerða eignarréttindi manna án þess að bætur komi fyrir."

Framangreindur rökstuðningur er um margt athyglisverður með hliðsjón af fyrri dómum Hæstaréttar um Lífeyrissjóð sjómanna. Í fyrsta lagi vekur það athygli að talið er að lög nr. 94/1994 feli í sér nægilega lagaheimild til skerðinga gagnvart lífeyrisþeganum gagnstætt því sem talið var eiga við í H 1998:2140. Þannig eru vægari kröfur gerðar til lagaáskilnaðar þegar um er að ræða réttindi sem ekki eru orðin virk samanborið við virk réttindi. Í annan stað er því slegið föstu að löggjafinn hafi rýmri heimildir til að skerða réttindi sem einungis eru væntanleg, en ekki orðin virk. Með hliðsjón af því að málefnalegar ástæður lágu til skerðingar og gætt var jafnræðis og meðalhófs er skerðingin talin standast eignarréttarákvæðið. Eftirfarandi dómur vitnar um sambærilegt mat á skerðingu óvirkra lífeyrisréttinda:

H 24. október 2002 í máli nr. 101/2002. Í málinu krafðist B þess að viðurkennt yrði að skerðing á lífeyrisréttindum hennar sem hún hafði áunnið sér á námstíma samkvæmt lögum nr. 16/1965, sem varð við gildistöku laga nr. 141/1996, sbr. lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, hefði verið ólögmæt. Fyrir lá að vegna aldurs átti B þess kost fyrir gildistöku laga nr. 2/1997 að hætta störfum og taka lífeyri samkvæmt eldri lögunum. Hún kaus hins vegar að starfa áfram og hafði því aflað sér réttinda samkvæmt nýju reglunum. Talið var að ætla yrði löggjafanum nokkurt svigrúm til að breyta reglum um L í tímans rás með hliðsjón af breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Þá yrði að líta til þess að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 2/1997 hefðu verið liður í samræmingu á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna í heild og ávöxtur sameiginlegra viðræðna viðkomandi stéttarfélaga og ríkisvaldsins. Yrði að telja breytingarnar almennar og málefnalegar og að umrædd skerðing hefði náð jafnt til allra þeirra sem höfðu áunnið sér lífeyrisréttindi á námstíma. Jafnframt yrði að telja sýnt fram á að með nýju lögunum hefðu sjóðfélagar fengið umtalsverðar bætur á nokkrum sviðum sem B nyti að einhverju leyti góðs af. Að þessu virtu var talið að skerðing lífeyrisréttinda B sem varð með lögum nr. 2/1997 hefði verið innan þeirra marka sem 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 setur því að unnt sé að skerða eignarréttindi manna án þess að sérstakar bætur komi fyrir. Þar sem telja yrði að B hefði haft alla aðstöðu og forsendur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra var ekki fallist á að sá skammi tími sem leið frá birtingu til gildistöku nýju laganna gæti leitt til þess að krafa B yrði tekin til greina. Var L því sýknaður af kröfum B.

Það sem einkum greinir síðastgreinda dóminn frá rökstuðningi réttarins í H 2000:1252 er að lífeyrisþeginn átti þess kost að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra. Hér er því enn lögð áhersla á réttaröryggi þegnanna um fjárhagslega hagsmuni sína.

Vaxtabótum verður ekki jafnað til lífeyrisréttinda í hefðbundnum söfnunarsjóðum líkt og átti við í öllum framangreindum dómum Hæstaréttar.[15] Kemur það til af því að til lífeyrisréttinda er stofnað með greiðslum lífeyrisþega eða náinna aðstandenda þeirra og er þannig ekki um einhliða greiðslur eða styrki ríkisins að ræða heldur áunnin réttindi í einhverjum skilningi. Réttur til vaxtabóta – sem er tekinn að myndast en er ekki er orðin endanlegur eða að fullu orðinn til – nýtur því örugglega ekki meiri eignarréttarverndar en lögð er til grund-

[15] Ef um er að ræða séreignarsjóði verða almennt gerðar strangari kröfur til heimilla skerðinga.

vallar í framangreindum dómum. Samkvæmt þessu má draga þá ályktun af umræddum dómum Hæstaréttar að heimilt sé að skerða vaxtabætur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, jafnvel þótt þessi réttindi séu tekin að myndast og nálægt því að verða endanleg. Þessi skilyrði lúta að meginstefnu að því að skerðing sé málefnaleg, jafnræðis sé gætt og skerðing gangi ekki lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að. Verður nú vikið að þessum skilyrðum í tengslum við það frumvarp sem hér til umfjöllunar.

X.

Nátengd skilyrðum um að jafnræðis sé gætt og skerðing styðjist við málefnaleg rök er krafan um meðalhóf. Í kröfunni um meðalhóf við skerðingu eignarréttinda felst að ekki skuli gengið lengra í skerðingu þessara réttinda en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim lögmætu markmiðum sem að er stefnt. Jafnvel þótt markmiðið sem að er stefnt sé í sjálfu sér lögmætt gerir meðalhóf þannig þá frekari kröfu að leiðir að markmiðinu séu ekki meira íþyngjandi en nauðsyn krefur. Ályktun um að meðalhóf hafi þýðingu við mat á stjórnskipulegu gildi laga samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar má meðal annars draga af ýmsum þeim dómum Hæstaréttar sem áður hafa verið reifaðir (sbr. H 1992:1962, H 1999:4769 og H 2000:1252). Í H 1992:1962 (BHMR) er þannig vísað til þess að félagsmenn annarra stéttarfélaga en BHMR hafi ekki átt lögvarða kröfu til hækkunar eftir að Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að félagsmenn BHMR ættu kröfu á launahækkun. Þannig telur Hæstiréttur að ekki hafi verið nauðsynlegt að grípa til þess úrræðis að afnema launahækkun samkvæmt dómi Félagsdóms afturvirkt í því skyni að koma í veg fyrir almennar launahækkanir á vinnumarkaði með tilheyrandi efnahagslegum afleiðingum. Í H 1999:4769 og H 2000:1252 vegna lífeyrissjóðs sjómanna er með svipuðum hætti vísað til þess að skerðingar á lífeyri hafi verið nauðsynlegar með hliðsjón af bágri fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Ástæða er til þess að huga að umræddum kröfum með hliðsjón af því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Ljóst þykir að sú skerðing sem lögð er til með umræddu frumvarpi styðst almennt við málefnaleg rök, þ.e. breytingar á raunvöxtum langtímalána og það markmið að draga úr hvata til skuldsetningar heimilanna, eins og nánar kemur fram í athugasemdum við frumvarpið. Umrædd skerðing mun þannig einungis koma niður á þeim sem greiða yfir 5,5% vexti af lánum sínum þó ekki muni allir í þessum hópi verða fyrir skerðingum.[16] Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins telur sá hópur 4.083 einstaklinga. Meðalskerðing bóta hjá þessum hóp er áætluð um 147.000 kr., en núverandi hámark vaxtabóta er 166.000 kr. Um verulega skerðingu á vaxtabótum getur því verið að ræða hjá tilteknum einstaklingum. Áætluð skerðing kemur þó mismunandi niður á mönnum eftir tekjum, eignum og vaxtagjöldum þeirra. Lögmæti þessara breytinga til framtíðar, þ.e. frá og með greiðslu vaxtabóta fyrir árið 2004, er að mínu mati ótvírætt og þarfnast ekki sérstakrar umræðu. Öðru máli gegnir hins vegar um þá ráðagerð 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins að skerðingar taki gildi þegar fyrir greiðslu bóta fyrir árið 2003.

Samkvæmt athugasemdum við það frumvarp sem hér um ræðir er markmið ráðgerðrar lagabreytingar „að draga úr hvata til frekari skuldsetningar hjá heimilunum“, eins og áður segir. Þetta markmið er í sjálfu sér lögmætt eins og áður segir. Hins vegar er vandséð hvernig þessi gildistökuregla 2. málsgreinar 13. gr. frumvarpsins er til þess fallin að þjóna þessu markmiði. Er þannig ljóst að eigendur íbúðarhúsnæðis geta ekki breytt lántökum sínum,

---

[16] Þetta kemur til af því að í þessum hópi kunna að vera einstaklingar sem hvort sem er verða fyrir skerðingum vegna hámarksvaxtagjalda sem tekið er tillit til (468.000 kr.) eða hámarks greiddra vaxtabóta (157.000 kr.).

greiðslum eða haft áhrif á vaxtagjöld sín á árinu 2003 aftur í tímann. Hvatning til athafna getur eðli málsins samkvæmt ekki orðið með afturvirkum lögum og þarf því að vísa til annarra raka til stuðnings ráðagerð um afturvirkni d-liðar 5. gr. frumvarpsins. Að því er varðar greiðslu vaxtagjalda fyrir árið 2004 og síðari ár er frumvarpið þannig í samræmi við markmið sín, en svo á ekki við um greiðslu vaxtagjalda fyrir árið 2003.

Samkvæmt framangreindu verður að telja að ósamræmi sé á milli yfirlýsts markmiðs þess frumvarps sem hér um ræðir og gildistökuákvæðis í 2. málslið 13. gr. frumvarpsins. Sú beiting d-liðar 5. gr. frumvarpsins sem ráðgerð er í 2. málslið 13. gr. frumvarpsins er þannig hvorki nauðsynleg, né yfirleitt til þess fallin, að ná yfirlýstu markmiði, að því er varðar árið 2003. Ef aðeins er litið til þessa markmiðs frumvarpsins verður því að draga í efa að það standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Sú aukna áhersla á réttaröryggi og fyrirsjáanleika íþyngjandi laga sem fram kemur í nýjustu dómum Hæstaréttar (sbr. H 28. maí 2003 í máli nr. 499/2002; H 16. október 2003 í máli nr. 549/2002 (öryrkjadómur II) og H 24. október 2002 í máli nr. 101/2002) styrkir þá niðurstöðu.

XI.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem er fylgiskjal með umræddu frumvarpi, kemur fram að áætlað sé að ráðgerð breyting á greiðslu vaxtagjalda lækki útgjöld ríkisins á árinu 2004 um 600 milljónir króna frá því sem annars hefði orðið. Í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga er lýst almennt þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004. Kemur þar fram að stefnt sé að tekjuafgangi ríkissjóðs á því ári, meðal annars með lækkun á útgjöldum ríkissjóðs. Er áætluð lækkun vaxtabóta fyrir árið 2003 sérstaklega nefnd í þessu sambandi.[17] Þá er lækkun vaxtabóta sérstaklega rökstudd í athugasemdunum[18] og boðuð breyting á hámarksviðmiðun vaxtagjalda í yfirliti frumvarpsins um lagabreytingar.[19]

Samkvæmt framangreindu er skerðing vaxtabóta fyrir árið 2003 yfirlýstur liður í markmiðum frumvarps til fjárlaga og efnahagsstefnu ríkisins, en samkvæmt athugasemdum við frumvarp til fjárlaga er það einn af meginþáttum þessarar stefnu að halda aftur af innlendri eftirspurn og varðveita efnahagslegan stöðugleika.[20] Verður því að telja að með ráðgerðri skerðingu vaxtabóta fyrir árið 2003 sé einnig stefnt að framangreindum efnahagslegum markmiðum, enda þótt þetta komi aðeins óbeint fram í undirbúningsgögnum frumvarpsins sjálfs.

Almennt er viðurkennt að löggjafinn hafi ríkt svigrúm til þess að ná efnahagslegum markmiðum sínum, enda þótt hér verði sem endranær að haga lagsetningu til samræmis við stjórnskipulegar vernduð réttindi þegnanna (sbr. t.d. H 1992:1962 BHMR). Sú krafa um meðalhóf sem leiðir af 72. gr stjórnarskrárinnar og áður ræðir veitir þannig löggjafanum verulegt svigrúm um hvaða leiðir hann telur heppilegastar til að ná lögmætum markmiðum sínum, en til slíkra markmiða teljast ótvírætt þau efnahagslegu stefnumið sem áður greinir. Sé litið á gildistökureglu 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins í þessu ljósi er ljóst að hún er til þess fallin að þjóna yfirlýstum efnahagslegum markmiðum, þ.e. skertar eru bætur sem koma ættu til greiðslu á árinu 2004 og þannig eru útgjöld ríkisins lækkuð á því ári.

---

17 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 1 – 1. mál, bls. 282.
18 Sama tilv., bls. 414.
19 Sama tilv., bls. 482.
20 Sama tilv., bls. 5.

Þótt fallist sé á að regla 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins þjóni yfirlýstum markmiðum í þeirri efnahagsstefnu, sem liggur til grundvallar fjárlögum, er því ósvarað hvort með ráðgerðri skerðingu séu lagðar óhóflegar byrðar á þá einstaklinga sem þiggja vaxtabætur. Mat á því hvort umræddum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti, t.d. hækkun skatta á árinu 2004, er að meginstefnu pólítískt og á forræði löggjafans. Hér verður þó m.a. að líta til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum, og hvort þær varði mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni.

Samkvæmt þeim tölulegu upplýsingum sem áður greinir munu ráðgerðar skerðingar koma niður á tiltölulega litlum hluta þeirra sem þiggja vaxtabætur (þ.e. einungis 4.083 einstaklingum af þeim 52.503 sem kunna eiga rétt á bótum). Innan þessa hóps munu skerðingar þó ekki koma jafnt niður. Getur því verið að í einstökum tilvikum missi einstaklingar nálega allan sinn rétt vegna ársins ársins 2003 en í öðrum tilvikum séu skerðingar smávægilegar. Þótt ráðgerðar skerðingar d-liðar 5. gr. frumvarpsins séu málefnalegar (sbr. breytingar á raunvöxtum og efnahagsleg markmið) þegar horft er til framtíðar verður ekki hið sama sagt um rétt til vaxtabóta fyrir árið 2003 sem þegar hefur tekið að myndast. Verður þannig að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missi nálega allan þennan rétt með lagasetningu í lok þess árs þrátt fyrir að þær reglur sem gilt hafa allan þorran af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing tiltölulega hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til almennra efnahagslegra markmiða. Er það niðurstaða mín að hætta sé á að dómstólar teldu umræddu skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg. Öðru máli gegndi ef um væri að ræða hlutfallsskerðingu vaxtabóta fyrir árið 2003 hjá öllum rétthöfum samkvæmt núgildandi reglum, enda væri þá um að ræða tiltölulega litla skerðingu fjárhagslegra hagsmuna sem grundvallaðist á efnislegum mælikvarða og kæmi niður á mjög stórum hópi manna.

XII.

Í 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun marnnréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, er að finna svohljóðandi reglu um vernd eignarréttar:

> Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar. Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Um afmörkun eignarréttarhugtaks ákvæðisins gilda um margt svipuð sjónarmið og lýst er hér að framan í tengslum við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess ber þó að geta að eignarréttarhugtak sáttmálans er enn ekki að fullu mótað í dómaframkvæmd dómstólsins, m.a. að því er varðar ýmsar bætur og styrki frá hinu opinbera. Almennt má þó fullyrða að einhliða greiðslur úr opinberum sjóðum njóti ekki eignarréttarverndar eða mjög takmarkaðrar verndar. Öðru máli gegnir hins vegar um réttindi sem aðili hefur átt þátt í því að mynda með greiðslum eða öðru framlagi, t.d. lífeyrisréttindi. Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að réttur til vaxtabóta, sem þegar er tekin er að myndast, falli undir eignarréttarhugtak ákvæðisins, enda þótt rétturinn sé ekki endanlega orðin til eða virkur. Styðst það við þau rök, sem áður greinir, að rétthafi bóta getur með nokkurri nákvæmni áætlað fjárhæð þeirra bóta sem hann mun eiga rétt á fyrir

það tímabil sem liðið er. Með sama hætti og áður er lýst í tengslum við 72. gr. stjórnarskrárinnar nýtur slíkur réttur hins vegar minni verndar en réttur sem að fullu er orðinn til eða jafnvel gjaldkræfur.[21]

Við mat á því hvort um „sviptingu“ eignar samkvæmt ákvæðinu er almennt talið að líta beri til þess hvert markmið skerðingar sé, hvort gætt hafi verið meðalhófs við leiðir að því markmiði og hvort skerðing hafi nægilega lagaheimild. Við mat á meðalhófi er ljóst að mun meira þarf til að réttlæta afturvirka skerðingu réttinda en framvirka. Er þannig litið á afturvirka skerðingu sem mun alvarlegra inngrip í fjárhagsleg réttindi sem meiri opinbera hagsmuni þurfi til að réttlæta.[22] Rétt er að taka fram að við fordæmi Mannréttindadómstólsins um afturvirkar skerðingar eignarréttinda er ekki að styðjast nema að mjög takmörkuðu leyti. Verða því ekki fundinn fordæmi sem beinlínis taka til þess álitaefnis sem hér er til umfjöllunar.

Ólíklegt er að 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis feli í sér ríkari vernd gegn afturvirkri skerðingu eignarréttinda en áður hefur verið rakið um 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ótvírætt er að löggjafanum er heimilt að breyta reglum um einhliða greiðslur úr ríkissjóði með framvirkum hætti án þess að brotið sé gegn 1. gr. viðauka. Þá verður að telja líklegt að óheimilt sé að svipta menn rétti til bóta sem þegar er orðinn til og gjaldkræfur. Að því er varðar rétt til bóta, sem tekinn er að myndast, en er ekki að fullu orðinn til eða gjaldkræfur, er skerðing væntanlega heimil ef skerðing þjónar lögmætu markmiði, gengur ekki lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af því markmiði og hefur nægilega heimild í settum lögum, eins og áður segir. Samkvæmt þessu gefur 1. gr. 1. viðauka tilefni til sambærilegrar niðurstöðu og að framan greinir um eignarréttarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar.

XIII.

Niðurstöður framangreindrar umfjöllunar eru eftirfarandi:

1. Líta verður á vaxtabætur sem einhliða greiðslur ríkisins til eigenda og byggjenda íbúðarhúsnæðis. Vaxtabætur eru því hvorki skattur né skattafsláttur, skattaendurgreiðsla eða skattahagræði. Þá standa vaxtabætur ekki í slíku sambandi við skattkerfið eða skattgreiðslur að rétt sé að telja þær til skatts. Á bann 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, við afturvirkni skattalaga, því ekki við um það frumvarp sem fjallað hefur verið um.
2. Vaxtabætur grundvallast ekki á greiðslum eða vinnuframlagi þeirra sem þiggja bæturnar. Af þessum sökum kemur almennt ekki til greina að telja rétt til vaxtabóta til eignar samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, andstætt t.d. lífeyrisréttindum. Þessi niðurstaða á þó aðeins ótvírætt við um rétt til vaxtabóta sem ekki er orðinn gjaldkræfur eða er enn ekki tekinn að myndast.
3. Vaxtabætur sem þegar eru orðnar gjaldkræfar falla ótvírætt undir eignarréttarhugtak 72. gr. stjórnarskárinnar. Hins vegar er meira vafamál hvernig fari um rétt til vaxtabóta sem tekinn er að myndast, en er ekki að fullu orðinn til eða gjaldkræfur. Með hliðsjón

---

[21] Sjá nánar C. Ovey og R. White, The European Convention of Human Rights, Oxford 2002, bls. 305–307 og P. van Dijk og D.J.H. van Hoof, Theory and Practice of the European Convention on Human Rights, Haag 1998, bls. 621–622.

[22] Sjá t.d. dóm Mannréttindadómstólsins 20. nóvember 1995 í máli Pressos Compania Naviera S.A, o.fl. (Series A 301, bls. 21).

af því að unnt er að áætla fjárhæð vaxtabóta fyrir þann tíma sem liðinn er með nokkurri vissu, mega rétthafar vaxtabóta almennt treysta því að þeir fái greiddar bætur samkvæmt gildandi reglum við lok álagningar næsta árs. Haggar það ekki þessari niðurstöðu að síðari tíma atvik geta leitt til einhverra breytinga á fjárhæð bótanna. Með hliðsjón af þeim grunnrökum eignarréttarákvæðisins að tryggja öryggi um fjárhagslega hagsmuni manna verður því að telja hagsmuni sem þessa til eignar í skilningi ákvæðisins. Sú skerðing á vaxtabótum fyrir árið 2003 sem ráðgerð er með frumvarpinu verður því að samrýmast eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar:

4. Dómar Hæstaréttar benda til þess að eignarréttarvernd réttar til vaxtabóta, sem enn er ekki orðinn til að fullu, sé minni en endanlegs eða jafnvel gjaldkræfs réttar. Ef t.d. litið er svo á að slíkur réttur til vaxtabóta njóti sambærilegrar verndar og óvirk lífeyrisréttindi benda fordæmi Hæstaréttar til þess að heimilt sé að skerða þessi réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði lúta að meginstefnu að því að skerðing sé málefnaleg, jafnræðis sé gætt og skerðing gangi ekki lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að. Svipuð sjónarmið leiða af 1. gr. 1. viðauka samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.
5. Sú efnislega skerðing sem lögð er til á vaxtabótum fullnægir kröfum eignarréttarákvæðisins um að vera málefnaleg og í samræmi við jafnræði. Er löggjafanum þannig ótvírætt heimilt að lækka vaxtabætur til samræmis við breytt vaxtaumhverfi og hvetja þannig íbúðareigendur til minni skuldsetningar, ef hann telur þetta þjóna almannahagsmunum. Gildistökuákvæði frumvarpsins, sem kveður á um að skerðing vaxtabóta skuli ná til ársins 2003, getur hins vegar ekki talist þjóna því markmiði að hvetja íbúðareigendur til minni skuldsetningar heimilanna. Þvert á móti er skerðingin á greiðslum fyrir árið 2003 til þess fallin að skerða fyrirvaralaust fjárhagslega hagsmuni heimilanna, enda hafa íbúðareigendur ekki haft möguleika á því að haga fjármálum sínum til samræmis við nýjar reglur. Með hliðsjón af því að regla frumvarpsins um afturvirka skerðingu bóta sýnist hvorki nauðsynleg né yfirleitt til þess fallin til að ná yfirlýstu markmiði frumvarpsins verður að draga í efa að frumvarpið standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, ef aðeins er litið til þessa markmiðs.
6. Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að gildstökureglu 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins er einnig ætlað að ná markmiðum í efnahagsstefnu ríkisins. Mat á því hvort þessum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti er að meginstefnu á forræði löggjafans. Hér verður þó að líta til þess hvort skerðingar séu almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum, og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Að virtum tölulegum upplýsingum verður að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missi nálega allan þennan rétt með lagasetningu sem fram fer í lok þess árs, þótt þær reglur sem gilt hafa allan þorran af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til almennra efnahagslegra markmiða. Er er því hætta á að dómstólar teldu umrædda skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg.

Fylgiskjal II.

Eiríkur Tómasson prófessor:

Álit.

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hef ég undirritaður tekið að mér að láta nefndinni í té lögfræðilegt álit á stjórnskipulegu gildi d-liðar 5. gr., sbr. 2. málsl. 13. gr. frumvarps til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem nú liggur fyrir Alþingi. Við samningu álitsins hef ég haft til hliðsjónar lögfræðilegt álit á sama álitaefni, sem Skúli Magnússon, dósent, hefur látið fjármálaráðuneytinu í té. Enn fremur hefur nefndin beðið mig um að láta í ljós álit mitt á hugmynd að breytingu á 13. gr. frumvarpsins og nýrri grein, 14. gr., sem gert er ráð fyrir að bætist við það. Fylgir álit mitt hér á eftir.

I.

Með áðurnefndum d-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að sú breyting verði gerð á 1. málsl. 3. mgr. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt að hámark vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. B-liðar 68. gr. geti ekki orðið hærra en sem nemur 5,5% af skuldum, sem stofnað hefur verið til, í stað 7% samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt 2. málsl. 13. gr. frumvarpsins skal umrætt ákvæði d-liðar 5. gr. þess öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft af hálfu fjármálaráðherra að í stað þess að fyrrgreind lækkun á hámarki vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta taki gildi þegar í stað verði mælt svo fyrir um í 13. gr. frumvarpsins að við lög nr. 90/2003 bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, þar sem kveðið verði á um að vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skuli vera 90% af vaxtabótum, útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna. Samkvæmt nýrri grein frumvarpsins, 14. gr., komi síðan fyrirhuguð lækkun á hámarki vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta fyrst til framkvæmda við útreikning bótanna á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004.

Með þessu móti er ráðgert að vaxtabætur verði skertar hlutfallslega jafnt hjá öllum þeim sem þeirra munu njóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003. Þar af leiðandi verður um að ræða skerðingu á bótunum með afturvirkum hætti hjá þeim hópi framteljenda sem á annað borð nýtur þeirra. Það er þessi ráðagerð, sem veldur því að vafi leikur á stjórnskipulegu gildi þessar hugmyndar, á sama hátt og fyrri ráðagerð um að láta lækkun á hámarki vaxtabóta skv. d-lið 5. gr. frumvarpsins koma til framkvæmda með afturvirkum hætti. Hins vegar er það engum vafa undirorpið að löggjafanum er heimilt að skerða vaxtabætur með framvirkum hætti, t.d. með því að láta d-lið 5. gr. fyrst koma til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004, eins og nú er gert ráð fyrir. Hér á eftir verður því umfjöllun mín einskorðuð við ráðagerðina um afturvirka skerðingu vaxtabóta.

II.

Samkvæmt íslenskri stjórnskipun er ekki lagt almennt bann við afturvirkni laga sem Alþingi setur. Hins vegar eru í stjórnarskránni settar skorður við afturvirkni laga á tilteknum sviðum, þ. á m. er í 2. mgr. 77. gr. hennar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, lagt bann við afturvirkni skattalaga með svofelldum hætti: „Enginn skattur verður lagður á nema

heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Hæstiréttur hefur nýlega skýrt þetta ákvæði á þann veg að breyting á frádráttarheimild, sem leiðir til hærri skattgreiðslu, falli undir ákvæðið sé sú breyting gerð með afturvirkum hætti, sbr. H 28. maí 2003 í máli nr. 499/2002 sem reifaður er í áliti Skúla Magnússonar á bls. 4–5.

Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á hugtakinu „skattur“, sem virðist hafa verið lögð til grundvallar 2. mgr. 77. gr. þegar það ákvæði var tekið upp í stjórnarskrána með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995,[1] er það eitt einkenni á skatti að um sé að ræða greiðslu sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins.[2] Af þeirri ástæðu teljast vaxtabætur, sem inntar eru af hendi af ríkinu til einstaklinga, ekki vera skattur í merkingu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Er ég sammála niðurstöðu Skúla Magnússonar um það atriði sem gerð er grein fyrir á bls. 5–6 í áliti hans.

Að mínu áliti kemur ekki til greina að skýra ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar með rýmkandi skýringu, þannig að þrátt fyrir orðanna hljóðan taki ákvæðið til afturvirkrar skerðingar vaxtabóta. Það sem mælir á móti slíkri skýringu á ákvæðinu er í fyrsta lagi það að af skýringum með því verður ráðið að það taki einungis til skatta samkvæmt hinni viðteknu skilgreiningu þess hugtaks, en ekki til annars konar ráðstafana af hálfu hins opinbera. Ef beita ætti ákvæðinu um aðrar ráðstafanir en álagningu skatta væri mjög erfitt að draga mörkin í því efni. Í annan stað er regla 2. mgr. 77. gr. ekki hugsuð sem almenn meginregla, heldur leggur hún aðeins bann við afturvirkum lögum á afmörkuðu sviði.[3]

III.

Þótt vaxtabætur teljist samkvæmt framansögðu ekki vera skattur í merkingu 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar má segja að þær séu hluti af skattkerfi ríkisins. Þannig er ekki aðeins mælt fyrir um vaxtabætur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, heldur eru bæturnar ákvarðaðar á grundvelli upplýsinga í skattframtali um leið og álagning skatta fer fram. Þótt vaxtabætur taki fyrst og fremst mið af vaxtagjöldum framteljanda eru þeim sett takmörk sem miðast með nánar tilgreindum hætti við tekjur og eignir framteljanda. Jafnframt er kveðið á um að bótunum verði m.a. skuldajafnað á móti sköttum og öðrum opinberum gjöldum.

Síðast en ekki síst varpar tilurð vaxtabóta skýru ljósi á náin tengsl þeirra við skattkerfi ríkisins. Samkvæmt l. mgr. E-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt nutu þeir framteljendur, sem greiddu vaxtagjöld af íbúðarlánum og fullnægðu tilteknum skilyrðum, skattahagræðis að tilgreindu marki í formi skattfrádráttar. Með lögum nr. 92/1987 var vaxtafrádrátturinn afnuminn, en í stað hans teknar upp sérstakar bætur til handa þeim, sem höfðu byggt eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota, svonefndar húsnæðisbætur. Þær bætur voru óháðar vaxtagjöldum framteljenda. Í ákvæði til bráðabirgða með lögunum var hins vegar kveðið á um sérstakan skattafslátt, svonefndan vaxtaafslátt, til handa þeim sem notið höfðu vaxtafrádráttar áður. Tveimur árum síðar var húsnæðisbótum breytt í vaxtabætur með lögum nr. 79/1989. Þær bætur hafa frá upphafi verið miðaðar við vaxtagjöld framteljenda af íbúðarlánum á sama hátt og vaxtafrádrátturinn áður.

---

[1] Alþt. 1994–95 A, þskj. 389, bls. 2111.

[2] Jónatan Þórmundsson: Viðurlög við skattlagabrotum og skattlagning eftir á. Tímarit lögfræðinga 1973, 2. hefti, bls. 31–32.

[3] Á sama hátt verður 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar varla beitt með lögjöfnun um afturvirka skerðingu vaxtabóta. Jafnvel þótt það yrði gert, nyti slík lögskýring eða réttarheimild ekki stjórnarskrárverndar og því væri unnt væri að skerða bæturnar á afturvirkan hátt með almennum lögum, sbr. Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands* 1960, bls. 107, og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, 2. útgáfa 1999, bls. 57.

Af lögskýringargögnum verður ráðið að áþekk sjónarmið hafa búið að baki vaxtafrádrættinum annars vegar og húsnæðis- og vaxtabótabótum hins vegar. Þannig segir orðrétt í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 92/1987:

> „Nú njóta þeir mest í vaxtafrádrætti sem greiðast aðgang hafa að lánum. Dreifing frádráttarins sýnir að hann vex með hækkandi tekjum. Samkvæmt frumvarpinu munu allir sem byggja í fyrsta sinn njóta afsláttarins [þ.e. vegna húsnæðisbóta] að jöfnu. Mun hann á þeim sex árum, sem hann er við lýði, svara til 65–70% af vöxtum af hámarksláni Húsnæðisstofnunar.“[4]

Þá segir orðrétt í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu að lögum nr. 79/1989:

> „Tillaga nefndarinnar er að tekin verði upp greiðsla vaxtabóta í gegnum skattkerfið sem leysi af hólmi húsnæðisbætur og vaxtaafslátt samkvæmt núgildandi tekjuskattslögum. Sú heildarfjárhæð sem til þessa yrði varið tæki mið af áætluðum kostnaði við húsnæðisbóta- og vaxtaafsláttarkerfið og áætlaða vaxtaniðurgreiðslu í núgildandi kerfi húsnæðislána . . . Af þessum sökum er eðlilegt að teknar verði upp sérstakar vaxtabætur sem ráðist af hæð vaxta en hætt verði að greiða húsnæðisbætur og vaxtaafslátt á núverandi formi. Þar sem vaxtabæturnar taka mið af greiðslubyrði vaxta er óþarfi að greiða sérstakar bætur til þeirra sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn né heldur er ástæða til að þær séu tímabundnar. Það er nefnilega vaxtabyrðin sem skiptir meginmáli í þessu sambandi.“[5]

Á þessu sést að vaxtabætur eru nokkurs konar framhald á vaxtafrádrættinum sem áður tíðkaðist. Með skírskotun til H 28. maí 2003, sem áður er vitnað til, er ljóst að afturvirk skerðing vaxtafrádráttar væri óheimil skv. 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, meðan afturvirk skerðing vaxtabóta er það ekki, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Þar með er hins vegar ekki sagt að þessi nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið, sbr. m.a. áður tilvitnuð ummæli um greiðslu vaxtabóta „í gegnum skattkerfið“, hafi engin áhrif við mat á því hvort slík afturvirk skerðing bótanna teljist stjórnskipulega gild.

Þótt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verði samkvæmt framansögðu ekki beitt um það tilvik, sem hér um ræðir, er það þvert á móti skoðun mín að hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið kunni, ásamt öðrum atriðum, að hafa áhrif á úrlausn dómstóla á því hvort afturvirk skerðing bótanna, eins og hún er ráðgerð, teljist stjórnskipulega gild.

IV.

Þar sem vaxtabætur fela í sér einhliða framlög frá ríkinu til einstaklinga, þ.e. framteljenda, án þess að neitt endurgjald komi í staðinn, nýtur réttur framteljenda til þess að fá greiddar slíkar bætur til frambúðar örugglega ekki verndar sem kröfuréttindi eða eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar. Öðru máli gegnir um rétt til vaxtabóta, sem orðnar eru gjaldkræfar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 16. október 2003 í máli nr. 549/2002, og væntanlega einnig um rétt til vaxtabóta sem þegar hefur byrjað að myndast. Til stuðnings þessari niðurstöðu vísast til álits Skúla Magnússonar, bls. 6–9.

Þótt tiltekin réttindi njóti verndar sem eignarréttindi skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki þar með sagt að þau megi ekki skerða, án bóta, enda sé það gert með settum lögum. Þegar tekin er afstaða til þess hvort tiltekin skerðing eignarréttinda samræmist stjórnarskránni koma ýmis atriði til skoðunar. Þar skiptir m.a. máli hvort sérstaklega sé vegið að réttaröryggi þeirra, sem verða fyrir skerðingunni, hvort skerðingin sé almenn eða taki eingöngu til þröngs hóps manna og hvort skerðingin sé mikil eða lítil. Í áliti Skúla Magnússonar er á bls. 9–15 gerð ítarleg grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem hér vegast á, einkum með tilliti til þess hvort umræddur réttur til vaxtabóta verði skertur með afturvirkum hætti. Ég er í megindráttum sammála þeirri niðurstöðu Skúla, sem þar kemur fram, að löggjafinn geti skert ýmis kröfu-

---

[4] Alþt. 1986–87 A, þskj. 596, bls. 2981.
[5] Alþt. 1988–89 A, þskj. 638, bls. 2522.

réttindi, sem teljast ótvírætt til eignarréttinda í skilningi stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt þau séu byrjuð að myndast, enda styðjist skerðingin við málefnaleg rök og hún taki jafnt til allra sem eins stendur á um. Styðst þessi niðurstaða við nýlega dóma Hæstaréttar, sem varða lífeyrisréttindi, þ.e. H 1999, 4769, H 2000, 1252 og H 24. október 2002 í máli nr. 101/2002 sem reifaðir eru á bls. 13–14 í áliti Skúla.

Ég get út af fyrir sig tekið undir orð Skúla á bls. 14 að vaxtabótum verði ekki jafnað til lífeyrisréttinda í hefðbundnum söfnunarsjóðum af þeirri ástæðu að bæturnar fela í sér einhliða fjárframlög, meðan innt hefur verið af hendi endurgjald fyrir lífeyrisréttindin. Hins vegar er ég ekki sammála þeirri ályktun hans að réttur til vaxtabóta, sem tekinn er að myndast, en er ekki orðinn endanlegur eða að fullu orðinn til, njóti örugglega ekki meiri eignarréttarverndar en lögð er til grundvallar í þremur fyrrgreindum dómum Hæstaréttar. Þetta stafar af hinum nánu tengslum vaxtabótanna við skattkerfið sem gerð er grein fyrir í kafla III hér að framan.

Íslenskir dómstólar hafa talið að löggjafinn hafi verulegt svigrúm til þess að grípa til ráðstafana á sviði efnahagsmála, jafnvel þótt með því séu skert eignarréttindi sem njóta stjórnarskrárverndar, sbr. t.d. H 1992, 1962 sem reifaður er á bls. 12 í áliti Skúla Magnússonar. Með vísun til síðastnefnds viðhorfs dómstólanna til lagasetningar af hálfu löggjafans tel ég að mjög mikið þurfi til að koma til þess að lög, sem Alþingi hefur sett með stjórnskipulegum hætti, verði lýst andstæð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar vegna þess eins að þingið hafi brotið gegn meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar. Þó er ekki loku fyrir það skotið, að mínu áliti, að það geti verið eitt af þeim atriðum, sem hafi áhrif á úrlausn dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga, hvort lögin þjóni yfirlýstu markmiði sínu eða markmiðum, sbr. ummæli Skúla á bls. 15–17 í áliti hans.

Á sama hátt og Skúli, fæ ég ekki séð að 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, feli í sér ríkari vernd gegn afturvirkri skerðingu eignarréttinda en 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því til stuðnings vísa ég til umfjöllunarinnar á bls. 17–18 í áliti hans.

V.

Sú skerðing á vaxtabótum, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á árinu 2004, yrði afturvirk, ef til kæmi, vegna þess að þau atvik, sem ráða útreikningi bótanna, hefðu flest átt sér stað áður en það frumvarp, sem fyrir liggur, yrði að lögum. Útreikningur vaxtabóta á árinu 2004 byggist fyrst og fremst á vaxtagjöldum, er fallið hafa í gjalddaga á árinu 2003, af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ef frumvarpið yrði að lögum á næstu dögum, hefðu svo til öll þessi vaxtagjöld fallið í gjalddaga, áður en fyrirhuguð skerðing á vaxtabótum tæki gildi. Þeim framteljendum, sem hlut eiga að máli, gæfist að auki lítið svigrúm til þess að bregðast við skerðingunni með einhverjum ráðstöfunum af sinni hálfu á þeim stutta tíma sem eftir er af árinu.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla III hér, að framan, eru vaxtabætur nátengdar skattkerfinu. Það sem gerir þær eðlislíkar sköttum er að þær ráðast að mestu leyti, á sama hátt og t.d. tekjuskattur og eignarskattur, af fjármálalegum ráðstöfunum framteljenda á borð við töku lána og öflun eigna og tekna. Þá líta þeir sem notið hafa vaxtabóta á þann veg, að bótunum hafi verið skuldajafnað á móti tekjuskatti, eignarskatti og öðrum opinberum gjöldum, eflaust margir svo á að með skerðingu bótanna sé verið að auka skattbyrði þeirra vegna þess að afleiðingin verður sú að þeir greiða hærri opinber gjöld en ella hefði orðið. Jafnframt eykur það vafalaust traust framteljenda á því að útreikningur vaxtabóta muni haldast óbreyttur á

árinu, sem í hönd fer, að unnt er að fá áætlaðar vaxtabætur greiddar út fyrir fram miðað við þann úteikning á bótunum sem í gildi hefur verið.

Í þessu sambandi er fróðlegt að virða fyrir sér þau rök sem færð voru fyrir því að taka upp í stjórnarskrána bann við setningu afturvirkra skattalaga. Þannig segir orðrétt í greinargerð með 15. gr. frumvarps þess, sem síðar varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, sbr. nú 77. gr. stjórnarskrárinnar:

> „Á undanförnum áratugum hefur þess gætt í nokkrum mæli að íþyngjandi reglur um skatta hafi verið lögfestar eftir lok gjaldatímabils áður en skattálagning hefur farið fram, en í tilvikum, þar sem hefur reynt á slíkar reglur fyrir dómstólum, hefur ekki verið talið að brotið hafi verið gegn óskráðum grunnreglum með setningu þeirra. Svigrúm til að breyta reglum um skatta til íþyngingar, eins og hér um ræðir, er af ýmsum sökum óviðunandi gagnvart skattgreiðendum. Sem dæmi um þetta má benda á að skattgreiðendur hafa ekki getað gengið út frá því með vissu að tekjuskattur verði lagður á þá samkvæmt reglunum sem gilda þegar þeir vinna fyrir tekjum sínum. Með þessu getur skattgreiðandi ekki treyst fyllilega á að reglur, sem gilda á meðan skatttímabil stendur enn yfir og hann kann að byggja einhverja ákvörðun sína á, verði lagðar til grundvallar þegar kemur að álagningu skatta. Má m.a. af þessum ástæðum telja réttmætt að leggja bann við setningu afturvirkra reglna um skatta og tryggja þannig stöðu almennings í þessum efnum gagnvart ríkinu og sveitarfélögum, en um leið getur þetta stuðlað að því að staðið verði á markvissari hátt að lagasetningu á þessu sviði.“[6]

Þótt ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verði sem fyrr segir ekki beitt um fyrirhugaða skerðingu vaxtabóta tel ég líklegt að dómstólar muni taka eitthvert tillit til þess við mat á stjórnskipulegu gildi slíkrar skerðingar hversu hún minnir um margt á breytingu á reglum um útreikning skatta til íþyngingar fyrir skattgreiðendur, sbr. t.d. H 28. maí 2003 sem vísað er til í kafla II hér að framan.

VI.

Þegar allt það er virt, sem að framan greinir, er niðurstaða mín sú að sá réttur til vaxtabóta á árinu 2004, sem þegar hefur myndast að verulegu leyti, teljist til eignarréttinda í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Það sem mælir fyrst og fremst með því að unnt sé að skerða þennan rétt með lögum er að vaxtabæturnar hafa ekki verið endanlega ákvarðaðar og eru því síður fallnar í gjalddaga. Þegar svo stendur á og um er að ræða bætur, sem fólgnar eru í einhliða framlögum ríkisins, verða þeir, sem hlut eiga að máli, oftast nær að sætta sig við skerðinguna, enda sé hún málefnaleg og taki til allra þeirra sem eins stendur á um. Það styður jafnframt að skerðing af þessum toga sé stjórnskipulega gild að hún sé almenns eðlis og fremur lítilvæg fyrir þá sem hana þurfa að þola.

Með skírskotun til þessa er það álit mitt að það brjóti væntanlega í bága við stjórnarskrána að framkvæma afturvirka skerðingu á vaxtabótum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvarpi. Ástæðurnar eru þær, sem raktar eru á bls. 17 í áliti Skúla Magnússonar, þ.e. að skerðingin geti varla talist almenn, þar sem hún myndi bitna á tiltölulega fáum af þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem um yrði að ræða viðurhlutamikla skerðingu hjá flestum þeirra.

Öðru máli gegnir um þá hugmynd að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum. Slík skerðing væri almenns eðlis og skerðing bótanna auk þess fremur lítilvæg hjá hverjum og einum þeirra sem hana þyrftu að þola.

---

[6] Alþt. 1994–95 A, þskj. 389, bls. 2111.

Það er þó ekki unnt að fullyrða með óyggjandi hætti að skerðing af þessu tagi yrði talin stjórnskipulega gild. Þótt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verði ekki beitt um afturvirka skerðingu á vaxtabótum, er ekki útilokað að dómstólar myndu horfa til sömu sjónarmiða og færð hafa verið fyrir banni við afturvirkum skattalögum við úrlausn á því hvort slík skerðing stæðist í ljósi eignarréttarákvæðisins í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæðan fyrir því eru hin nánu tengsl vaxtabóta við skattkerfið.

Þá má nefna tvö atriði til viðbótar sem gætu leitt til þessarar niðurstöðu. Í fyrsta lagi sú staðreynd að langt er liðið á árið og þar af leiðandi hafa flest þau atriði, sem ráða útreikningi vaxtabóta á næsta ári, þegar átt sér stað. Jafnframt hafa þeir, sem hlut eiga að máli, lítið svigrúm til þess að bregðast við skerðingunni, sbr. ummæli Hæstaréttar í dómi sínum 24. október 2002, þar sem vísað er til þess að sá, sem taldi á sér brotinn rétt vegna breytinga á lífeyrisréttindum, hafi haft „alla aðstöðu og forsendur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og taka afstöðu til þeirra.“ Í öðru lagi kann það að hafa eitthvað að segja að eitt af þeim markmiðum, sem fært hefur verið fyrir skerðingu vaxtabóta, þ.e. að draga úr skuldsetningu heimilanna, næst ekki með því að skerða bæturnar á afturvirkan hátt.

Þrátt fyrir þetta er það álit mitt að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, sé stjórnskipulega gild. Fyrir utan þau rök að um sé að ræða almenna og tiltölulega lítilfjörlega skerðingu á bótunum hygg ég að tillitið til þess að játa löggjafanum verulegu svigrúmi, til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins, muni vega þar þungt. Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána.

637. Fyrirspurn [448. mál]

til iðnaðarráðherra um „Átak til atvinnusköpunar“.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hve háum fjárhæðum hefur verið varið árlega til „Átaks til atvinnusköpunar“ frá upphafi, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núvirði?
2. Hverjir hafa notið þessara úthlutana og hvernig skiptast þær eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

638. Fyrirspurn [449. mál]

til fjármálaráðherra um undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hversu margar undanþágur eru frá greiðslu virðisaukaskatts og hvað er áætlað að þær nemi háum fjárhæðum? Svarið óskast sundurliðað eftir starfsgreinum.

Skriflegt svar óskast.

639. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Gylfi Kristinsson, Hermann Sæmundsson og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir frá félagsmálaráðuneyti, Þórhallur Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti, Birgir Björn Sigurjónsson og Friðrik Friðriksson frá Reykjavíkurborg, Hrafnhildur Stefánsdóttir frá Samtökum atvinnulífsins, Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Gísli Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Erna Guðmundsdóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingólfur Sverrisson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurður Óli Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eiríkur Jónsson frá Kennarasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Birgi Birni Sigurjónssyni, Reykjavíkurborg og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á tilskipun 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert og sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmið frumvarpsins koma fram í 2. gr. og byggjast á ákvæðum rammasamningsins.

Samningar hafa ekki tekist á vinnumarkaðnum um innleiðingu á þessu efni rammasamningsins, þótt samningaumleitanir hafi staðið í nokkurn tíma, og verður vart hjá því komist lengur að innleiða það með lögum.

Nefndarmönnum virðist komið til móts við helstu sjónarmið aðila vinnumarkaðarins í frumvarpinu og þess gætt svo sem kostur er að raska ekki jafnvægi á vinnumarkaðnum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að félagsmálaráðherra muni beita sér fyrir skipun samstarfshóps sem athugi hvernig tímabundnum ráðningarsamningum er háttað á íslenskum vinnumarkaði áður en frekari reglur verði settar um þá í lögum. Nefndin telur þetta mjög jákvætt og mun leggja áherslu á að þessu verði fylgt vel eftir.

Nefndin telur að frumvarpið geti tryggt betur en nú er gert hag þeirra sem ráðnir eru tímabundið. Í d-lið 2. mgr. 1. gr. kemur fram að frumvarpið gildi ekki um embættismenn. Nefndin mælir því með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „ef upp koma tilteknar aðstæður“ í a-lið komi: tilteknum aðstæðum.
2. 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „varðar það“ komi: getur það varðað hann.

Við afgreiðslu málsins sat Ögmundur Jónasson á fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. des. 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðjón Hjörleifsson.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.	Helgi Hjörvar.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Gunnar Örlygsson.

640. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Aðalstein Á. Baldursson og Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands, Halldór Grönvold frá ASÍ og Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Eftir fund nefndarinnar með áðurgreindum aðilum 9. desember 2003 barst nefndinni boð um samkomulag sem tekist hafði á milli félagsmálaráðherra, fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva og fulltrúa Starfsgreinasambands Íslands, og hefur nefndin tekið tillit til samkomulagsins í áliti þessu.

Nefndin leggur áherslu á að fram fari vinna við endurskoðun laga nr. 19/1979 og þá helst 3. gr. þeirra í samstarfi félagsmálaráðuneytis, Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka fiskvinnslustöðva.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „eða aðrar ófyrirsjáanlegar ástæður“ í a-lið komi: eða aðrar viðlíka ástæður.

b. B-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:
Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu þremur dögunum á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.
c. Í stað tölunnar „30“ í d-lið komi: 45.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson rita undir álitið með fyrirvara.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 2003.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðjón Hjörleifsson.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Helgi Hjörvar, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Gunnar Örlygsson, með fyrirvara.

641. Lög [191. mál]

um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 193.

642. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er þar tekið á fjórum meginþáttum og verður hér stuttlega gerð grein fyrir hverjum þeirra fyrir sig.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að viðmiðunarfjárhæðir laganna, þ.e. fjárhæðir vegna tekjuskatts, eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta, eru hækkaðar samkvæmt verðlagsforsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir komandi ár eða um 2,5%. Nauðsynlegt er að þessar fjárhæðir komi til endurskoðunar með hliðsjón af kjarasamningum því að eðlilegt er að þessar bætur

taki mið af umsömdum launahækkunum en að lágmarki hækki þær þó aldrei minna en almennar verðlagsbreytingar.

Í öðru lagi var upphaflega gert ráð fyrir því í frumvarpinu að útreikningi vaxtabóta yrði breytt á þann veg að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum var breyttist úr 7,0% í 5,5%. Þetta er sá þáttur frumvarpsins sem sætt hefur mestri gagnrýni og hefur hún verið tvíþætt.

Fyrir það fyrsta hefur komið fram hörð gagnrýni frá verkalýðshreyfingunni og ýmsum almannasamtökum gegn almennri skerðingu á vaxtabótum. Hér má vísa til álitsgerða frá stærstu heildarsamtökum launafólks í landinu, ASÍ og BSRB, þar sem vísað var í eindregin mótmæli sem samþykkt höfðu verið á nýafstöðnu þingi BSRB. Þá er rétt að vísa í eindregin mótmæli Fjölskylduráðs gegn skerðingu vaxtabóta. Þar segir orðrétt: „Fram kemur í frumvarpinu að lagt er til að útreikningum vaxtabóta verði breytt með það að markmiði að draga úr frekari skuldsetningu heimilanna í landinu. Fjölskylduráð telur að þessi áform, þ.e. að draga úr vaxtabótum, muni íþyngja mörgum heimilum sem hafi reiknað með a.m.k. jafnháum vaxtabótum og þegar það gerði húsnæðiskaup sín. Fjölskylduráð telur að stjórnvöld eigi að setja sér þau almennu markmið gagnvart fjölskyldufólki, að fjölskyldur geti gert langtímaáætlanir um fjármögnun húsnæðiskostnaðar. Fjölskylduráð telur mjög óeðlilegt að kynna með þessum hætti breytingar á skattstofnum og útreikningum skatta sem geta með þeim hætti kollvarpað áætlunum fólks í húsnæðismálum og þannig stefnt fjárhagslegri stöðu þeirra í mikinn vanda. Þá bendir Fjölskylduráð á að þessi breyting getur íþyngt verulega fjölskyldufólki með þunga greiðslubyrði og háar skuldir. Fjölskylduráð telur að þau markmið sem stjórnvöld hafa kynnt um hækkun lána til húsnæðismála fari ekki saman við lækkun vaxtabóta. Fjölskylduráð mælir því gegn þessari breytingu í frumvarpinu."

Á hinn bóginn var gagnrýnt með hvaða hætti þetta skyldi gerast. Á það var bent að óeðlilegt væri að skerðingin kæmi til framkvæmda með afturvirkum hætti, þ.e. við álagningu ársins 2004 vegna vaxtagjalda ársins 2003. Í efnahags- og viðskiptanefnd komu upp efasemdir um að afturvirkt ákvæði í skattalögum stæðist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Tveir fulltrúar í nefndinni, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir, óskuðu formlega eftir að leitað yrði álits hjá Lagastofnun Háskóla Íslands um stjórnarskrárleg og lagaleg álitaefni sem tengdust frumvarpinu og var það í samræmi við vilja fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd. Áður höfðu komið fram gagnvart nefndinni varnaðarorð í þessa veru og mótmæli gegn afturvirkni laganna. Þannig sagði í álitsgerð ASÍ frá 19. nóvember að „með öllu óeðlilegt og óásættanlegt" væri „að láta framangreinda skerðingu vaxtabóta koma til framkvæmda með afturvirkum hætti". Í álitsgerð sem Skúli Magnússon, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, skilaði fjármálaráðuneytinu 28. nóvember sl. er að finna mjög afdráttarlausa niðurstöðu þess efnis að miklar líkur væru á því að frumvarpið stæðist ekki stjórnarskrá. Í niðurlagsorðum í álitsgerð Skúla Magnússonar segir eftirfarandi um þetta efni: „Með hliðsjón af athugasemdum í frumvarpi til fjárlaga er ljóst að gildistökureglu 2. málsliðar 13. gr. frumvarpsins er einnig ætlað að ná markmiðum í efnahagsstefnu ríkisins. Mat á því hvort þessum markmiðum megi ná með öðrum og minna íþyngjandi hætti er að meginstefnu á forræði löggjafans . Hér verður þó að líta til þess hvort skerðingar eru almennar, þ.e. hvort þær komi jafnt niður á mönnum, og hvort þær varði þá mikla eða litla fjárhagslega hagsmuni. Að virtum tölulegum upplýsingum verður að telja það verulega íþyngjandi skerðingu að einstaklingur sem átti rétt á hámarksvaxtabótum fyrir árið 2003 missi nálega allan þennan rétt með lagasetningu sem fram fer í lok þess árs , þótt þær reglur sem gilt hafa allan þorrann af árinu hafi gefið annað til kynna. Svo viðurhlutamikil skerðing hjá tiltölulega fámennum hópi verður að mínu mati ekki réttlætt með vísan til al-

mennra efnahagslegra markmiða. Er því hætta á að dómstólar teldu umrædda skerðingu andstæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, einkum í þeim tilvikum þar sem skerðing hefur verið veruleg.“

Eftir að þessi niðurstaða lá fyrir ákvað stjórnarmeirihlutinn að leita leiða til að spara ríkissjóði sambærilega upphæð, þ.e. um 600 millj. kr., með niðurskurði á vaxtabótum, en nú með öðrum hætti og þá þannig að stæðist stjórnarskrá. Lagt var til að vaxtabætur yrðu skertar um 10% eða eins og segir í breytingartillögum stjórnarmeirihlutans: „Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna.“ Enn á ný var birt lögfræðileg álitsgerð, að þessu sinni unnin af Eiríki Tómassyni prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Niðurstaða Eiríks Tómassonar er sú að hin nýtilkomna breytingartillga væri „stjórnskipulega gild“ en hann setur þó jafnframt fyrirvara um að dómstólar kynnu að komast að annarri niðurstöðu. Niðurlagsorð í skýrslu Eiríks Tómassonar eru þau að það sé álit sitt „að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 með því að skerða vaxtabætur afturvirkt um 10% hjá öllum þeim, sem rétt eiga á bótunum samkvæmt núgildandi lögum, sé stjórnskipulega gild. Fyrir utan þau rök að um sé að ræða almenna og tiltölulega lítilfjörlega skerðingu á bótunum hygg ég að tillitið til þess að játa löggjafanum verulegu svigrúmi, til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins, muni vega þungt. Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra, sem fyrir skerðingunni verða, að hún brjóti í bága við stjórnarskrána.“ Ástæða er til að vekja sérstaklega athygli á lokaorðum lagaprófessorsins.

Í þriðja lagi er um það að ræða í þessu frumvarpi að ákvæði laganna um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld brott úr skattalögunum. Jafnframt var boðað frumvarp frá viðskiptaráðherra um afnám laga um viðskiptafélög. Á Alþingi hefur undirritaður margoft gagnrýnt lögin um viðskiptafélög og vakið máls á því að þau samræmast ekki þeim markmiðum sem OECD hefur sett um afnám andfélagslegrar skattasamkeppni. Ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa sólundað tugum milljóna í þetta gæluverkefni sitt í samvinnu við Verslunarráð Íslands. Þessir tilburðir hafa borið lítinn árangur en þetta fyrirkomulag hefur þó fyrst og fremst verið gagnrýnt fyrir að vera ósiðlegt. Því ber að fagna að þessi ákvæði séu numin brott úr lögum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að framlengja sérstakan tekjuskatt, sem í daglegu tali er vísað til sem hátekjuskatts, um tvö ár. Þessu ber að fagna enda í samræmi við þau markmið sem æskilegt er að skattalög byggi á, þ.e. að þau séu til tekjujöfnunar ekki síður en til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Vinstri hreyfingin grænt framboð hefur jafnan verið opin fyrir þeirri hugmynd að taka skattkerfið allt til endurskoðunar en þá skuli það gert með það að markmiði að gera kerfið réttlátara og markvissara, en þó jafnan með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlega fjármuni til að standa straum af kostnaði við velferðarþjónustu landsmanna.

Alþingi, 11. des. 2003.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Skerðingar á vaxtabótum með breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Skúli Magnússon dósent, lagadeild Háskóla Íslands. (Álit unnið að beiðni fjármálaráðuneytisins 28. nóvember 2003.)
II. Álit Eiríks Tómassonar prófessors. (Álit unnið að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.)

Sjá samhljóða fylgiskjöl með nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar í þskj. 636 í sama máli á bls. 2600–2623.

643. Frumvarp til laga [450. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Avdic, Tea, f. 11. maí 1991 í Slóveníu.
2. Anulyté, Sandra, f. 15. október 1971 í Litháen.
3. Bell, Temma, f. 29. júní 1945 í Bandaríkjunum.
4. Indaryanti, Eka Kesuma Liana, f. 2. apríl 1970 í Indónesíu.
5. Jabali, Abdel Fattah el, f. 1. júlí 1939 í Jórdaníu.
6. Kharchenko, Artúr, f. 29. október 1964 í Sovétríkjunum.
7. Kospenda, Dejan, f. 31. maí 1982 í Slóveníu.
8. Kudpho, Wandee, f. 31. desember 1960 í Taílandi.
9. Kumar, Prashant, f. 9. janúar 1967 á Indlandi.
10. Laperashvili, Tamara, f. 14. apríl 1950 í Sovétríkjunum.
11. Matchavariani, Irma, f. 5. maí 1966 í Sovétríkjunum.
12. Mudz, Wojciech, f. 10. ágúst 1962 í Póllandi.
13. Nerdrum, Odd, f. 8. apríl 1944 í Svíþjóð.
14. Priyanthi P. Galhenage, Renuka, f. 25. júní 1970 á Sri Lanka.
15. Shamkuts, Aliaksandr, f. 22. júní 1973 í Hvíta-Rússlandi.
16. Shamkuts, Volha, f. 6. maí 1977 í Rússlandi.
17. Yakova, Hanna, f. 28. september 1979 í Úkraínu.
18. Ycot, Roderick C., f. 30. júlí 1976 á Filippseyjum.
19. Zielinski, Lena, f. 13. ágúst 1974 í Danmörku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 26 umsóknir um ríkisborgararétt á 130. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 19 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

644. Frumvarp til laga [451. mál]

um rannsókn flugslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til flugslysa og flugatvika, þ.m.t. flugumferðaratvika, sem eru í lögum þessum nefnd flugslys. Samgönguráðherra skal í reglugerð tilgreina hvað fellur undir flugslys samkvæmt lögum þessum, í samræmi við skilgreiningar í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Með flugslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum.

2. gr.

Flugslysarannsóknir samkvæmt lögum þessum miða aðeins að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að auknu öryggi í flugi.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Skipulag flugslysarannsókna.

3. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa fer með rannsóknir flugslysa hér á landi eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Slíkar rannsóknir skulu gerðar í samræmi við skuldbindingar í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

Í rannsóknarnefnd flugslysa eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn skipaður formaður. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur í Reykjavík. Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn. Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Samgönguráðherra skal, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann.

5. gr.

Þeir sem skipaðir eru í rannsóknarnefnd flugslysa skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við flugslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

6. gr.

Forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill hans.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun og/eða starfsreynslu á sviði flugmála eða flugslysarannsókna.

Forstöðumenn eða aðrir starfsmenn nefndarinnar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra sem starfa í flugrekstri eða öðrum rekstri sem lög þessi kunna að ná til og mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila. Um sérstakt hæfi þeirra að öðru leyti fer skv. 2. mgr. 5. gr.

7. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar flugslysa tekur til íslensks yfirráðasvæðis, svo og þess flugstjórnarsvæðis sem Ísland veitir þjónustu á að því er varðar flugumferðaratvik.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. flugslys þar sem borgaralega skráð loftför eiga hlut að máli og sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði,
b. flugslys þar sem loftför skráð á Íslandi eiga hlut að máli og sem verða utan yfirráðasvæðis annarra ríkja eða á svæði þar sem viðkomandi ríki hefur ekki skuldbundið sig til að framkvæma rannsóknina,
c. flugumferðaratvik sem verða á eða yfir íslensku yfirráðasvæði eða á flugstjórnar- eða flugupplýsingasvæði sem Ísland veitir þjónustu á,
d. flugslys sem verða utan íslensks yfirráðasvæðis þar sem loftför skrásett á Íslandi eiga hlut að máli, nema því aðeins að viðkomandi ríki framkvæmi rannsóknina.

Heimilt er, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að fela öðru ríki að annast rannsókn flugslyss að hluta til eða öllu leyti.

8. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal í rannsóknum sínum vera óháð öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss í samræmi við ákvæði laga þessara.

Flugmálastjórn Íslands skal veita nefndinni aðgang að hvers konar gögnum sem nauðsynleg eru við rannsókn máls, svo sem gögnum sem útgáfa leyfisbréfa og skírteina er byggð á, þar á meðal læknisfræðilegum gögnum.

Flugmálastjórn Íslands og lögreglu er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð við rannsókn máls.

Þegar það á við skal rannsóknarnefnd flugslysa láta rannsókn ná til fyrirkomulags tilkynninga um flugslys, til leitar, björgunaraðgerða og annarra eftirfarandi aðgerða sem ætlað er að draga úr afleiðingum flugslysa.

Samgönguráðherra er heimilt að fela rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að þau tengist flugslysi.

9. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga

að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Um aðgang að rannsóknargögnum fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

10. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur til Flugmálastjórnar Íslands og til annarra viðeigandi aðila um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á flugslysum gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega.

Þeir sem tillögum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt sem fram koma og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda það samgönguráðherra.

III. KAFLI
Tilkynning um flugslys. Framkvæmd rannsóknar.

11. gr.

Nú verður flugslys, sbr. 1. og 7. gr., og ber þá sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa tafarlaust. Sérstaka skyldu í þessu efni hafa Flugmálastjórn Íslands, stjórnendur loftfara og handhafar flugrekstrarleyfis.

Sama gildir um hvern þann sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að flugslys hafi orðið.

12. gr.

Yfirstjórn vettvangsrannsóknar er í höndum rannsóknarstjóra.

Rannsóknarstjóri getur ef þörf krefur tilnefnt annan mann í sinn stað til að fara með yfirstjórn rannsóknar á vettvangi.

Rannsóknarstjóri, rannsóknarnefnd flugslysa og aðrir starfsmenn nefndarinnar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi flugslyss, eins þótt um staði í einkaeign sé að ræða.

Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið.

Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi.

Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við rannsóknarnefnd flugslysa eftir því sem unnt er.

13. gr.

Þar sem flugslys hefur orðið má hvorki hreyfa né flytja á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né hrófla við ummerkjum slyssins uns rannsókn er lokið nema rannsóknarstjóri hafi heimilað það.

Án slíks leyfis má þó hreyfa eða flytja á brott loftfarið, hluta þess eða innihald að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir að loftfarið, hluti þess eða innihald valdi háska.

Rannsóknarstjóra er heimilt að láta fjarlægja af vettvangi og taka til vörslu loftfar eða hluta þess og annað sem ætla má að geti haft þýðingu við rannsókn.

14. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt við rannsókn mála að krefjast þess að fá í sínar vörslur upptökur, skráningar, bækur og önnur gögn er varða loftför, áhafnir þeirra og umferð loftfara. Þá getur nefndin krafist framlagningar gagna eða upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við rannsókn einstakra mála.

Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda loftfars, áhöfn þess, starfsmönnum flugmálayfirvalda og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyss. Heimild þessi nær til öflunar upplýsinga og gagna hjá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Rannsóknarstjóra og rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur aðila og vitna. Skýrslur aðila og vitna teljast réttar nema gerðar séu athugasemdir við þær.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn flugslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

15. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hvenær loftfar eða hlutar þess, svo og önnur gögn, sem nefndin hefur tekið í sína vörslu, eru látin af hendi.

Gögn úr flugritum og upptökur ber að varðveita varanlega á tryggilegan hátt.

16. gr.

Við aflestur og afritun samskipta sem fram koma á upptökum skv. 1. mgr. 14. gr., svo og við gerð skýrslna skv. 2. mgr. sömu greinar, skal rannsóknarnefnd flugslysa gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram.

Nefndin afritar eingöngu það af upptöku sem hún telur máli skipta fyrir rannsókn máls. Ella skulu aðalatriði úr skýrslum aðila og vitna skráð.

IV. KAFLI
Skýrslur um rannsóknir flugslysa.

17. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd flugslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og birta hana. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, sbr. 10. gr., eða draga úr afleiðingum þeirra.

Þess markmiðs flugslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd flugslysa sendir frá sér. Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

Þegar sérstaklega stendur á er rannsóknarnefnd flugslysa heimilt að gefa út yfirlýsingu um lok rannsóknar eða ljúka rannsókn máls með bókun í stað þess að gefa út skýrslu.

Skýrslu um rannsókn flugslyss skal að jafnaði gefa út innan árs frá því að flugslys varð. Ljúki rannsókn ekki innan þessara tímamarka skal þá og eftir það árlega gefa út yfirlýsingu um stöðu hennar.

Rannsóknarskýrslu má gera á ensku, m.a. ef málsaðili er útlendur.

18. gr.

Á hvaða stigi rannsóknar sem er skal rannsóknarnefnd flugslysa vekja athygli viðkomandi aðila á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar til að tryggja öryggi í flugi.

Eigandi eða flugrekandi viðkomandi loftfars, Flugmálastjórn Íslands, svo og aðrir aðilar, sem sérlega ríkra hagsmuna hafa að gæta að mati nefndarinnar, skulu eiga þess kost, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Umsagnaraðilum er heimilt að koma fram með ábendingar um frekari rannsókn á einstökum atriðum sem varða flugslys.

19. gr.

Óheimilt er rannsóknarnefnd flugslysa að veita aðgang að eftirfarandi gögnum sem nefndin aflar við rannsókn flugslyss eða upplýsingar um þau, sbr. þó 2.–4. mgr.:

a. upptökum eða endurriti af framburði þeirra sem nefndin yfirheyrir við rannsókn máls,
b. hvers konar skráðum fjarskiptum eða upptökum af fjarskiptum milli þeirra sem tengst hafa flugslysi,
c. læknisfræðilegum og öðrum persónulegum gögnum sem varða þá sem tengst hafa flugslysi,
d. upptökum af samskiptum eða skráðum samskiptum sem átt hafa sér stað í stjórnklefa loftfars, á vinnustað flugumferðarstjóra og annarra flugverja og flugliða, eða endurriti af slíkum samskiptum, og
e. hvers konar álitsgerðum sem aflað hefur verið í tengslum við mat á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. á flugritum loftfara.

Eingöngu skal veita umsagnaraðilum skv. 18. gr. aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd flugslysa telur að sé nauðsynlegt til að þeir geti veitt umsögn. Ef veittur er aðgangur að gögnum skv. a- og d-lið 1. mgr. skal aðgangur eingöngu ná til endurrits að upptökum, sbr. 16. gr.

Umsagnaraðilar og þeir sem starfa í þeirra þágu skulu virða þagnarskyldu um hvaðeina það sem þeim verður kunnugt vegna aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæði þessu. Er umsagnaraðilum óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við að veita umsögn upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal fella út úr lokaskýrslu sinni beina tilvísun til gagna skv. 1. mgr. nema að því leyti sem nauðsynlegt er talið vegna greiningar á orsökum flugslyss.

Þegar veittur er aðgangur að gögnum skv. 2. mgr. skal virða nafnleynd þeirra sem tengjast flugslysi. Sama á við um lokaskýrslu nefndarinnar.

20. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

Þegar flugslys verður tilefni rannsóknar að hætti laga um meðferð opinberra mála skal rannsóknarnefnd flugslysa veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Ekki skal afhenda eða veita upplýsingar um gögn sem tiltekin eru í 1. mgr. 19. gr., sbr. þó 21. gr.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 19. og 20. gr. er heimilt með dómsúrskurði að mæla fyrir um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. b–e-lið 1. mgr. 19. gr. eða upplýsingar um þau ef gagnanna eða upplýsinga um þau verður ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjast þess og ætla má að úrslit máls velti á gögnunum. Aðgangur að gögnum skv. d-lið 1. mgr. 19. gr. skal þó takmarkaður við endurrit af upptökum, sbr. 16. gr. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr.

22. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal senda eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars og Flugmálastjórn Íslands, svo og öðrum aðilum sem átt hafa hagsmuna að gæta við rannsókn máls, lokaskýrslu rannsóknar.

Heimilt er að afhenda þeim sem þess óska eintak af lokaskýrslu. Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert.

V. KAFLI
Endurupptaka mála o.fl.

23. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa getur endurupptekið mál þótt rannsókn sé lokið, sbr. 17. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati.

Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild. Gildistaka.

24. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um skilgreiningu flugslysa skv. 1. gr., meðferð og vörslu málsgagna, persónuskilríki með upplýsingum um réttarstöðu nefndarmanna og annarra starfsmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað, tæki og þjálfun nefndarinnar til vettvangsrannsókna, um fyrirkomulag á birtingu skýrslna nefndarinnar og aðra þætti málsmeðferðar hjá nefndinni.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 2004. Jafnframt falla úr gildi lög um rannsókn flugslysa, nr. 59/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipunartíma rannsóknarnefndar flugslysa samkvæmt lögum nr. 59/1996 lýkur við gildistöku laga þessara.

Formaður rannsóknarnefndar flugslysa, sem gegnir starfi rannsóknarstjóra nefndarinnar skv. 3. gr. laga nr. 59/1996, skal eiga rétt á skipun í stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa skv. 4. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um rannsóknir flugslysa. Það var fyrst lagt fram á 128. löggjafarþingi og var vísað til samgöngunefndar sem hafði það til umfjöllunar, en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum, einkum að því er varðar ákvæði III. og IV. kafla frumvarpsins um meðferð og birtingu gagna sem rannsóknarnefndin aflar við rannsókn mála.

24. ágúst 2001 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að endurskoða lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Starfshópnum var ætlað að vinna að heildarendurskoðun laganna og reglugerðar nr. 852/1999, um sama efni. Í starfshópinn voru skipuð Andri Árnason hæstaréttarlögmaður, formaður, Skúli Jón Sigurðarson, fyrrverandi formaður rannsóknarnefndar flugslysa, og María Thejll, þáverandi skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu.

Í erindi ráðuneytisins til starfshópsins var þess farið á leit að m.a. yrði fjallað um hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi og skipan rannsóknarnefndar flugslysa, stjórnsýslulegri stöðu nefndarinnar og heimildum til endurupptöku mála. Þá var þess farið á leit að starfshópurinn kannaði réttarstöðu nefndarinnar gagnvart upplýsingalögum og starfsaðferðir nefndarinnar með hliðsjón af athugasemdum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar frá því í júní 2001. Lagt var fyrir starfshópinn að gera tillögur um breytingar á gildandi lögum ef ástæða væri til.

Starfshópurinn tók í störfum sínum mið af alþjóðaflugmálasáttmálanum sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944, með síðari breytingum, en í viðauka 13 er sérstaklega fjallað um rannsóknir flugslysa.

Hinn 2. maí 2003 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að skila áliti og tillögum varðandi aðgang að gögnum sem rannsóknarnefnd flugslysa hefur undir höndum. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að honum beri að hafa að leiðarljósi þróun mála á alþjóðavettvangi og það markmið flugslysarannsókna að auka öryggi í flugi. Í starfshópinn voru skipaðir Andri Árnason hæstaréttarlögmaður, formaður, Hilmar B. Baldursson, f.h. Flugráðs, Loftur Jóhannsson, f.h. Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Þormóður Þormóðsson, f.h. rannsóknarnefndar flugslysa, og Kjartan Norðdahl, f.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til samgönguráðuneytisins í nóvember 2003.

Til viðbótar við þau sjónarmið sem á er byggt í alþjóðaflugmálasáttmálanum, viðauka 13, sem vísað er til hér að framan, tók síðarnefndi starfshópurinn í tillögum sínum m.a. mið af breytingartillögum ICAO á viðauka 13, um flugslysarannsóknir, sem kynntar hafa verið aðildarríkjum sáttmálans, en markmið breytingartillagnanna er að leggja aukna áherslu á trúnað sem rannsóknaraðilum og öðrum beri að virða við meðferð og birtingu gagna sem aflað er við rannsókn flugslysa.

II.

Gildandi lög um rannsókn flugslysa eru nr. 59/1996. Þau lög komu í stað ákvæða 141.–147. gr. þágildandi loftferðalaga, nr. 34/1964, sem hafði verið breytt með lögum nr. 8/1983 og var þá sett á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd flugslysa. Við endurskoðun á lögum nr. 34/1964 voru flugslysarannsóknir teknar til sjálfstæðrar meðferðar. Byggðist það á því alþjóðlega viðhorfi að auka sjálfstæði þeirra sem önnuðust flugslysarannsóknir og þar með aðskilnað þessa starfs frá starfsemi flugmálastjórna á hverjum stað. Á þennan aðskilnað er til dæmis lögð áhersla í tilskipun Evrópusambandsins nr. 94/56/EC frá 21. nóvember 1994 sem varðar grundvallaratriði í rannsókn flugslysa og flugatvika. Með lögum nr. 59/1996 voru

síðan sett sérstök lög um rannsókn flugslysa sem skyldu byggjast á framangreindum aðskilnaði.

Nokkur reynsla er komin á framkvæmd laga nr. 59/1996. Árið 2001 var eftir því leitað við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) að hún legði mat á framkvæmd flugslysarannsókna hér á landi. Umsögn barst samgönguráðuneytinu með bréfi, dags. 20. júní 2001, þar sem m.a. kom fram að íslensk löggjöf, reglugerðir, stefnumál og starfsaðferðir væru taldar ná yfir mikilvægustu þætti rannsókna á flugslysum hér á landi á fullnægjandi hátt í samræmi við staðla í viðauka 13 við Alþjóðaflugmálasáttmálann, um rannsóknir á flugslysum. Í yfirliti yfir lagalegt umhverfi, starfshætti og aðstöðu til rannsókna á flugslysum á Íslandi kom fram að endurskoðunarnefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) áleit að sjálfstæði rannsóknarnefndar flugslysa skyldi takmarkað við tæknileg viðfangsefni rannsóknaraðgerða, einkum framsetningu niðurstaðna og tillagna í öryggisátt. Almennt séð ætti rannsóknarnefnd að fullu að bera ábyrgð gagnvart samgönguráðuneytinu hvað varðar stefnumörkun og starfsemi, auk þess sem nefndin bæri ábyrgð gagnvart Alþingi og nefndum þess varðandi stefnu og verklag.

III.

Í þessu frumvarpi er lagt til grundvallar að rannsóknarnefnd flugslysa sé sjálfstæð og óháð nefnd og að ekki verði hróflað við sjálfstæði hennar. Ráðgert er að breyta stjórnskipulagi nefndarinnar frá því sem nú er þannig að nefndinni verði skipaður forstöðumaður sem annist daglegan rekstur nefndarinnar, stjórni rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar og verði rannsóknarstjóri hennar. Í því felst m.a. yfirstjórn vettvangssrannsókna á vegum nefndarinnar. Jafnframt verði ráðinn til nefndarinnar sérstakur aðstoðarforstöðumaður. Einnig er ætlunin að rannsóknarnefnd flugslysa verði skipuð þremur mönnum í stað fimm áður, en daglegur rekstur verði ekki í höndum hennar heldur forstöðumanns. Nefndin ber hins vegar ábyrgð á flugslysarannsóknum hér á landi, ákveður hvenær rannsóknar er þörf og gerir skýrslu um niðurstöður sínar. Sjálfstæði nefndarinnar er því aukið frá því sem nú er þar sem formaður nefndarinnar hefur jafnframt verið rannsóknarstjóri og í reynd forstöðumaður nefndarinnar auk þess að sinna almennum störfum á hennar vegum. Þykir það geta tryggt enn frekar sjálfstæði og hlutleysi nefndarinnar að sami aðili sé ekki formaður nefndarinnar, forstöðumaður og rannsóknarstjóri.

IV.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

a. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum frá gildandi lögum um rannsókn flugslysa, nr. 59/1996:
   - Gert er ráð fyrir að stjórnskipulagi flugslysarannsókna verði breytt og að rannsóknarnefnd flugslysa verði skipuð þremur mönnum í stað fimm áður (3. gr.).
   - Skipaður verði sérstakur forstöðumaður nefndarinnar sem annist daglegan rekstur. Jafnframt skal ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann (4. gr.).
   - Forstöðumaður verði jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en rannsóknarstjóri (e.: investigator in charge) stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Gerðar eru sérstakar auknar hæfnis- og hæfiskröfur til forstöðumanns (rannsóknarstjóra) (6. gr.). Rannsóknarstjóri verður ábyrgur fyrir stjórnun á vettvangi flugslysa (12. og 13. gr.). Að öðru leyti starfar hann undir yfirstjórn rannsóknarnefndar flugslysa (4. gr.).
   - Gert er ráð fyrir að rannsóknarnefnd flugslysa skuli þegar við á láta rannsókn máls ná til fyrirkomulags tilkynninga um flugslys, til leitar og björgunaraðgerða og

annarra aðgerða sem fara í kjölfarið og ætlað er að draga úr afleiðingum flugslysa (8. gr.).
- Kveðið er sérstaklega á um heimild til þess að fela öðru ríki með samkomulagi að annast rannsókn flugslyss á íslensku yfirráðasvæði (7. gr.).
- Samgönguráðherra getur falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að þau tengist flugslysi (8. gr.).
- Almennt þagnarskylduákvæði er tekið upp (9. gr.).
- Nefndin skal gera tillögur í öryggisátt til viðeigandi aðila, þ.m.t. Flugmálastjórnar, og skulu þeir sem tillögum er beint til tilkynna nefndinni innan þriggja mánaða hvernig við hafi verið brugðist (10. gr.).
- Rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að krefjast þess að fá í sínar vörslur upptökur og skráningar, svo og önnur gögn sem varða loftför, áhafnir þeirra og umferð loftfara, auk þess sem heimilt er að krefjast framlagningar gagna sem varða rannsókn flugslysa (14. gr.)
- Við aflestur og afritun samskipta, sem fram koma á upptökum og rannsóknarnefnd flugslysa getur krafist að fá í sínar vörslur, ber að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram. (16. gr.)
- Heimilt er að ljúka máli með yfirlýsingu í stað sérstakrar skýrslu (17. gr.).
- Rannsóknarnefnd skal þegar gera tillögur í öryggisátt, ef tilefni er til, áður en lokaskýrsla er gefin út (18. gr.).
- Sérstaklega er kveðið á um það í frumvarpinu, hvernig fara skuli með kynningu gagna gagnvart þeim aðilum sem veita umsögn um drög að rannsóknarskýrslum og um trúnaðarskyldur slíkra aðila (19. gr.).
- Í frumvarpinu er kveðið á um heimildir dómstóla til að mæla fyrir um aðgang að gögnum hjá rannsóknarnefnd flugslysa. Sú heimild nær ekki til aðgangs að aðila- og vitnaskýrslum sem teknar eru á vegum rannsóknarnefndarinnar og tekur eingöngu til endurrits af upptökum sem gerðar eru í tilefni af rannsókn flugslysa (21. gr.).
- Samgönguráðherra getur falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn er lokið (23. gr.).

b. Í fyrsta kafla frumvarpsins eru ákvæði sem kveða á um skilgreiningar á flugslysum og um þann tilgang flugslysarannsókna að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og auka öryggi í flugi. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra tilgreini hvað fellur undir flugslys samkvæmt lögum þessum, en tekið skal tillit til skilgreininga á flugslysum í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag flugslysarannsókna. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum þar að lútandi. Fulltrúum í rannsóknarnefnd flugslysa er fækkað úr fimm í þrjá, en jafnframt er nefndinni skipaður sérstakur forstöðumaður sem annast daglegan rekstur. Forstöðumaður verður jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en í því felst að hann hefur umsjón með rannsóknarverkefnum á vegum rannsóknarnefndar flugslysa.

Í III. kafla frumvarpsins er fjallað um tilkynningar um slys og um framkvæmd rannsóknar. Svo sem rakið er hér að framan og í umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa verði rannsóknarstjóri nefndarinnar en af því leiðir að rannsóknarstjóri (e.: investigator in charge) stýrir einstökum rannsóknarverkefnum og fer með yfirstjórn á vettvangi. Almennt er gert ráð fyrir að rannsóknarstjóri taki brýnar ákvarðanir við vettvangsrannsókn og hafi fullt umboð nefndarinnar til að taka ákvarðanir

sem varða verndum vettvangs, frumaðgerðir o.s.frv., en að öðru leyti sé yfirstjórn í höndum rannsóknarnefndarinnar.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um skýrslur rannsóknarnefndar flugslysa. Í þeim skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð vegna flugslysa heldur eingöngu að greina orsakaþætti slysa í þeim tilgangi að koma í veg fyrir önnur flugslys. Skýrslu um rannsókn flugslyss skal að jafnaði lokið innan árs frá því að slysið varð, en ella skal rannsóknarnefnd gera grein fyrir stöðu rannsóknar ári eftir slys og síðan árlega eftir það og jafnframt gera grein fyrir ástæðum þess að skýrsla hefur ekki verið gefin út. Ef tilefni verður til skal nefndin þó án tafar greina frá atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og ástæða er til að vekja athygli á þegar í stað. Áður en skýrsla nefndarinnar er gefin út skal nefndin gefa þeim sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta kost á að tjá sig um skýrsludrög áður en endanleg gerð er gefin út.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um endurupptöku mála. Þar er að finna það nýmæli að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefndinni að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða tiltekin atriði sem tengjast flugslysi. Ekki er gert ráð fyrir að slíkum beiðnum sé beint til nefndarinnar nema sérstaklega standi á og því komi ekki til þess nema í undantekningartilvikum. Við meðferð rannsóknar samkvæmt þessu ákvæði er ekki ráðgert að rannsóknarnefndin víki í neinu frá sjálfstæði sínu eins og það er skilgreint í frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er vísað til þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að á sviði flugmála og lúta að flugmálum og rannsóknum flugslysa. Sá sáttmáli sem hér skiptir mestu máli er ICAO-samningurinn (alþjóðaflugmálasáttmálinn), Convention on International Civil Aviation, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944, með síðari breytingum. Í viðauka 13 við sáttmálann er fjallað um rannsóknir flugslysa. Þeim viðauka var síðast breytt árið 2001.

Einnig er lögð til grundvallar tilskipun EB nr. 94/56/EC, um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á flugslysum og flugatvikum í almenningsflugi (Establishing the fundamental principles governing the investigation of civil aviation accidents and incidents).

Hugtökin flugslys og flugatvik eru skilgreind í alþjóðasáttmálanum og viðaukum við hann. Rétt þykir að kveða á um það í reglugerð hvað telst falla undir framangreind hugtök þar sem skilgreiningar kunna að breytast við endurskoðun alþjóðasamninga eða viðauka við þá.

Gert er ráð fyrir því að við flugslysarannsóknir hér á landi sé tekið fullt tillit til þeirra krafna og leiðbeininga sem kveðið er á um í alþjóðasáttmálum sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 3. og 4. mgr. 1. gr. gildandi laga, nema orðalagi er lítillega breytt. Ákvæðið kveður skýrt á um hinn sérstaka tilgang flugslysarannsókna, þ.e. að flugslys endurtaki sig ekki og stuðla að auknu öryggi í flugi. Rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum er óháð rannsókn máls sem kann að fara fram samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að rannsóknarnefnd flugslysa fari með rannsóknir flugslysa hér á landi, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum, og að slíkar rannsóknir skuli gerðar í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Mikilvægt ákvæði er að rannsóknarnefnd flugslysa skuli starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, en með því er átt við að

störf nefndarinnar við flugslysarannsóknir við úrlausn einstakra mála, við gerð skýrslu um rannsókn máls og við tillögugerð í öryggisátt sé rannsóknarnefndin óháð í störfum sínum, einkum gagnvart innlendum flugmálayfirvöldum sem bera ábyrgð á lofthæfi, útgáfu skírteina, flugrekstri, viðhaldi, leyfisveitingum, flugumferðarstjórn og rekstri flugvalla og yfirleitt gagnvart öllum aðilum sem hagsmunaárekstrar gætu orðið við.

Lagt er til að í rannsóknarnefnd flugslysa skuli eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipi til fimm ára í senn og að einn skuli skipaður formaður. Samgönguráðherra skipar varamenn til sama tíma. Í þessu felst að nefndarmönnum er fækkað úr fimm í þrjá, en á það skal bent að gert er ráð fyrir að nefndinni verði skipaður sérstakur forstöðumaður. Með þessari breytingu er ráðgert að gera starfsemi nefndarinnar markvissari og gera skipulag nefndarinnar einfaldara.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur umsjón með flugslysarannsóknum hér á landi, ákveður hvenær framkvæma skuli slíka rannsókn, hefur umsjón með framkvæmd hennar, gerir skýrslu um niðurstöður sínar og gerir tillögur í öryggisátt þegar við á.

Svo sem áður sagði er gert ráð fyrir að nefndinni sé skipaður sérstakur forstöðumaður sem fer með daglegan rekstur nefndarinnar, verður rannsóknarstjóri hennar og hefur umsjón með vettvangsrannsóknum o.fl., sbr. nánar II. kafla frumvarpsins. Samkvæmt gildandi lögum er formaður nefndarinnar jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar, en gert er ráð fyrir að frá því verði horfið. Þykir heppilegra að nefndinni sé skipaður sérstakur rannsóknarstjóri, m.a. til að tryggja sjálfstæði nefndarinnar og hlutlægni í rannsóknaniðurstöðum. Verður að telja að með því aukist sjálfstæði nefndarinnar frá því sem nú er þegar formaður nefndarinnar gegnir jafnframt hlutverki rannsóknarstjóra.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi nefndinni sérstakan forstöðumann til fimm ára í senn. Er þetta nýmæli, en gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi með höndum og beri ábyrgð á daglegum rekstri nefndarinnar. Talið er rétt að skipa nefndinni forstöðumann sem annast daglegan rekstur nefndarinnar, en ekki þykir heppilegt að nefndin sjálf þurfi að annast slík störf sérstaklega. Með því að skipa nefndinni forstöðumann er gert ráð fyrir að störf hennar verði markvissari og með því verði stuðlað enn frekar að þeim tilgangi laganna að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að tryggja öryggi í flugi. Þá stuðlar slíkt einnig að sjálfstæði nefndarinnar. Svo sem vikið verður að í athugasemdum við 6. gr. er ætlunin að forstöðumaður verði rannsóknarstjóri nefndarinnar og hafi með höndum vettvangsstjórn þegar við á. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra skuli, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann.

Um 5. gr.

Ákvæðið er hliðstætt núverandi 3. gr. i.f. og 4. gr. og þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa verði jafnframt rannsóknarstjóri hennar. Samkvæmt gildandi lögum er formaður nefndarinnar rannsóknarstjóri, en um breytingu á þeirri skipan mála vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum hér að framan (um II. kafla frumvarpsins) og til athugasemda við 4. gr.

Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill forstöðumanns sem rannsóknarstjóri. Gert er ráð fyrir að sértækar kröfur verði gerðar til forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns, að þeir hafi sérmenntun, þjálfun og starfsreynslu á sviði flugslysarannsókna. Þá er einnig gert

ráð fyrir að forstöðumenn eða aðrir starfsmenn nefndarinnar séu ekki stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra sem starfa í flugrekstri eða öðrum rekstri sem lög þessi kunna að ná til og megi ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila. Um sérstakt hæfi þeirra fer að öðru leyti eins og um nefndarmenn í rannsóknarnefnd flugslysa, sbr. 5. gr.

Um 7. gr.

Vikið er að skilgreiningu á lögsögu nefndarinnar í ákvæði þessu. Nær lögsaga nefndarinnar til íslensks yfirráðasvæðis, svo og þess flugstjórnarsvæðis sem Ísland veitir þjónustu á að því er varðar flugumferðaratvik. Með síðarnefnda atriðinu er átt við flugstjórnarsvæði á alþjóðlegu hafsvæði sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur falið Íslandi og Flugmálastjórn Íslands veitir þjónustu á samkvæmt fjölþjóðlegum samningi. Þá tekur umrætt flugstjórnarsvæði til svæðis sem Ísland fer með flugumferðarstjórn á samkvæmt samningi við Danmörku (vegna Grænlands og tiltekinna svæða við Færeyjar). Ljóst er að svæði sem Ísland veitir þjónustu á á hverjum tíma samkvæmt slíkum samningum kunna að breytast frá einum tíma til annars en gert er ráð fyrir að flugumferðaratvik á slíkum svæðum falli undir lögsögu nefndarinnar.

Ákvæðið er að öðru leyti hliðstætt 5. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er tekið upp það nýmæli að heimilt sé að fela öðru ríki að annast rannsókn flugslyss á íslensku yfirráðasvæði að hluta til eða að öllu leyti. Er ákvæði þetta í samræmi við ákvæði alþjóðaflugmálasáttmálans og á við þegar önnur ríki hafa verulega hagsmuni af rannsókn máls eða t.d. þegar rannsókn máls er fyrir sjáanlega svo yfirgripsmikil að rannsóknarnefnd flugslysa hefði ekki aðstöðu til að annast hana. Rannsóknarnefnd flugslysa tæki ákvörðun um gerð slíks samnings við annað ríki, en gert er ráð fyrir að slíkir samningar séu háðir samþykki samgönguráðherra.

Um 8. gr.

Ákvæðið kemur í stað 6. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er kveðið á um upplýsingagjöf af hálfu Flugmálastjórnar til rannsóknarnefndar, m.a. varðandi gögn sem útgáfa leyfisbréfa og skírteina byggist á, svo og læknisfræðileg gögn. Talið er mikilvægt að rannsóknarnefndin geti óhindrað gengið að gögnum um þessi atriði hjá flugmálayfirvöldum. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu Flugmálastjórnar og lögreglu til að veita aðgang að upplýsingum sem nauðsynlegar eru taldar við rannsókn máls auk þess sem mælt er fyrir um skyldu þessara aðila til að aðstoða við rannsókn máls ef þörf krefur.

Í 4. mgr. er tiltekið að rannsóknarnefnd flugslysa skuli, þegar það á við, láta rannsókn flugslyss jafnframt ná til atriða sem telja má að hafi verulega þýðingu fyrir afleiðingar flugslysa, þ.e. til þess hvernig fyrirkomulag hefur verið á tilkynningum um flugslys, svo og hvernig háttað hefur verið leitar- og björgunaraðgerðum. Ljóst er að mikilvægt er þegar litið er til almenns flugöryggis að framangreindir þættir séu rannsakaðir samhliða, en ábendingar nefndarinnar eða tillögur sem varða þessa liði geta aukið á öryggi í flugi í samræmi við meginmarkmið laga um flugslysarannsóknir.

Í 5. mgr. er kveðið á um það nýmæli að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka atriði sem varða almennt flugöryggi, án þess að það tengist flugslysi. Talið er mikilvægt að ráðherra samgöngumála geti óskað eftir því við nefndina að tiltekin atriði, sem tengjast þó ekki sérstöku flugslysi, en talin eru geta varðað almennt flugöryggi, séu rannsökuð. Mikilvægt getur verið að sjálfstæð og óháð nefnd láti í ljós álit og komi eftir atvikum með tilmæli í öryggisátt, þó svo að ekki sé um flugslys eða flugatvik að ræða. Slíkt getur stuðlað að auknu flugöryggi. Rétt er að taka fram að þótt ráðherra samgöngumála geti óskað eftir slíkri athugun eða rannsókn nefndarinnar er gert ráð fyrir að nefndin sé í störfum

sínum við slíka athugun eða rannsókn sjálfstæð og óháð og að niðurstöður slíkrar athugunar eða rannsóknar, hver sem hún kann að vera, byggist á því grundvallarsjónarmiði að nefndin sé óháð stjórnvöldum og öðrum hagsmunaðilum. Rétt þykir að taka fram að skv. 2. tölul. 6. gr. tilskipunar nr. 94/56/EC má fjölga þeim störfum sem rannsóknarnefnd flugslysa eru falin þannig að til þeirra teljist t.d. söfnun og greining gagna er varða flugöryggi, einkum í fyrirbyggjandi tilgangi, svo framarlega sem slíkt dregur ekki úr sjálfstæði nefndarinnar eða felur í sér ábyrgð á stjórnsýslu.

Um 9. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er kveðið á um sérstaka þagnarskyldu nefndarinnar og þeirra sem starfa fyrir hana. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Ákvæði upplýsingalaga eiga aðeins við um rannsóknir flugslysa ef gögn sem óskað er aðgangs að hafa ekki að geyma upplýsingar um einkahagi eða lögmæta einka- eða almannahagsmuni. Sérstaklega skal þó tekið fram ef sérstakar takmarkamir eru á aðgangi að tilteknum rannsóknargögnum, en um slíkt fer skv. IV. kafla frumvarpsins.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga. Þó er það nýmæli að gert er ráð fyrir að rannsóknarnefnd flugslysa geri tillögur til Flugmálastjórnar, svo og til annarra viðeigandi aðila, um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Þá er gert ráð fyrir að tillögurnar verði birtar opinberlega. Sérstaklega er tekið fram að þeir sem tillögum er beint til skuli taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt sem fram koma í tillögum nefndarinnar og hrinda þeim í framkvæmd ef við á.

Þá er það nýmæli að þeir sem tilmælum er beint til skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera rannsóknarnefnd flugslysa grein fyrir því með hvaða hætti viðkomandi aðili hafi brugðist við tilmælunum. Upplýsingar um slíkt skulu síðan koma fram í sérstöku yfirliti rannsóknarnefndar flugslysa sem í lok hvers starfsárs skal senda samgönguráðherra.

Um 11. gr.

Skylda til að tilkynna flugslys hvílir á sérhverjum sem um það veit, en sérstaka skyldu í þessu efni hefur Flugmálastjórn. Að auki er nú sérstök skylda lögð á herðar stjórnendum loftfara og á flugrekstrarleyfishafa.

Um 12. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að yfirstjórn vettvangsrannsóknar verði í höndum rannsóknarstjóra, en ekki í höndum nefndarinnar sem slíkrar eða formanns hennar. Með því er gert ráð fyrir að forstöðumaður nefndarinnar, sem gegnir stöðu rannsóknarstjóra, verði stjórnandi vettvangsrannsóknar í umboði rannsóknarnefndar flugslysa. Er í því sambandi miðað við að rannsóknarstjóri hafi það hlutverk að stjórna upphafsaðgerðum, þ.m.t. verndun vettvangs, yfirheyra vitni á staðnum o.s.frv. Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu sem veita skal aðstoð við verndun vettvangs, heftingu umferðar óviðkomandi aðila o.fl., svo og annað björgunar- og hjálparlið, og er ákvæðið að þessu leyti í samræmi við 10. gr. gildandi laga. Rannsóknarstjóri skal hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi. Komi rannsóknarnefnd flugslysa eða aðrir starfsmenn nefndarinnar á

vettvang skulu þeir hafa óhindraðan aðgang að vettvangi. Rannsóknarstjóri skal við vettvangsrannsókn hafa samráð við rannsóknarnefnd flugslysa eftir því sem unnt er.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga. Rannsóknarstjóri skal ákveða hvort heimilt sé að hreyfa loftfar á vettvangi flugslyss eða flytja það á brott. Þegar frumrannsókn á vettvangi er lokið skal ákveða hvort heimilt sé að láta fjarlægja loftfar eða hluta þess af vettvangi og jafnframt hvort taka skuli til vörslu loftfar eða hluta þess ef ætla má að það geti haft þýðingu við rannsókn.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um rétt nefndarinnar til að krefjast þess að fá í sínar vörslur upptökur, skráningar (útskriftir), bækur og önnur gögn varðandi loftför, áhafnir þeirra og umferð loftfara. Talið er mikilvægt að taka af tvímæli um að nefndin geti fengið mikilvæg gögn í sínar vörslur við rannsókn mála. Að auki getur nefndin krafist framlagningar á gögnum eða upplýsingum sem nauðsynleg eru við rannsókn mála. Í 2. mgr. er kveðið á um rétt nefndarinnar til að taka skýrslur af aðilum sem tengjast rannsókn flugslysa. Það er nýmæli að heimilt er að krefjast skýrslu af starfsmönnum flugmálayfirvalda, en þá er haft í huga að rannsókn máls getur m.a. lotið að umferð loftfara og fyrirkomulagi eða skipulagi slíkra þátta. Er þetta í samræmi við viðteknar venjur við rannsókn mála hjá nefndinni. Þá er það nýmæli að rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að afla upplýsinga og gagna hjá læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki og víkja þá sérstök þagnarskylduákvæði laga sem gilda um heilbrigðisstarfsfólk.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin felur í sér nýmæli. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að við aflestur samskipta sem fram koma á upptökum skv. 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins skuli rannsóknarnefnd flugslysa gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja fyllsta trúnað vegna upplýsinga sem þar koma fram. Skv. 14. gr. frumvarpsins getur nefndin krafist þess að fá í sínar vörslur m.a. upptökur sem tengjast loftfari, áhöfn þess og umferð loftfara. Við aflestur og vinnslu upplýsinga úr slíkum gögnum geta komið fram upplýsingar sem varða ekki rannsókn málsins sérstaklega. Nauðsynlegt er að tryggja að þess sé gætt að fleiri hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum en nauðsynlegt er talið í hverju tilviki. Þá er kveðið skýrt á um það að við afritun af upptökum skuli eingöngu afritað það sem máli skiptir við rannsókn máls en ekki önnur atriði sem fram koma á upptökum. Með sérstökum ráðstöfunum er t.d. átt við að takmarka ber fjölda þeirra starfsmanna sem aðgang hafa að upptökum og sinna afritun af upptökum og að afritun sé ekki umfangsmeiri en nauðsyn ber til í þágu rannsóknar flugslyss. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja persónulegan trúnað gagnvart þeim sem sæta skráningu samskipta sem rannsóknarnefndin getur krafist að fá í sínar vörslur við rannsókn mála. Ákvæðið er að þessu leyti í samræmi við breytingartillögur sem gerðar hafa verið við alþjóðaflugmálasáttmálann, viðauka 13.

Um 17. gr.

Ákvæðið kemur í stað 14. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um þau meginatriði sem skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa er ætlað að taka til. Fram kemur að þar skuli greina orsakir slysa til að koma í veg fyrir þau eða draga úr afleiðingum þeirra, svo sem varðandi tilkynningar um slys og leitar- og björgunaraðgerðir. Þá eru þau nýmæli í 3. mgr. að rannsóknarnefnd flugslysa er heimilt að ljúka rannsókn máls með því að gefa út yfirlýsingu í stað skýrslu eða að ljúka máli með bókun. Er þá vísað til þess að um sé að ræða minni háttar flugatvik sem ekki gefur tilefni til ítarlegrar rannsóknar og ekki sé tilefni til sérstakra athugasemda í flugöryggisátt. Þá er í 4. mgr. kveðið á um að skýrslu um rannsókn flugslyss skuli gefa út innan árs frá því að flugslys varð, nema sérstaklega standi á. Verði því ekki við komið að gefa skýrslu út innan tilgreindra tímamarka skal rannsóknarnefndin gefa út yfirlýsingu um stöðu rannsóknarinnar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það nýmæli að á hvaða stigi rannsóknar sem er skuli rannsóknarnefnd flugslysa vekja athygli á atriðum sem fram hafa komið við rannsókn og mikilvægt er talið að komið sé á framfæri án tafar. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að ef atriði koma fram við frumrannsókn máls sem varðað geta flugöryggi skuli nefndin vekja athygli viðeigandi aðila á þeim. Í 2. mgr. er fjallað um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að kynna eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars og Flugmálastjórn drög að lokaskýrslu nefndarinnar áður en endanlega er frá henni gengið.

Þá er jafnframt kveðið á um að aðrir sem taldir eru hafa sérlega ríkra hagsmuna að gæta að mati nefndarinnar skuli jafnframt eiga þess kost að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar áður en endanlega er gengið frá henni. Þetta er háð því að ekki liggi þegar fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra eða slíkt sé augljóslega óþarft. Rétt er að benda á að talið er óhjákvæmilegt að rannsóknarnefnd flugslysa meti það sjálfstætt í hverju tilviki hverjum skuli gefinn kostur á að tjá sig um drög að lokaskýrslu og með hvaða hætti, t.d. hvort sú umsögn nái til hluta skýrslunnar o.s.frv. Gert er ráð fyrir að umsagnaraðilar geti komið fram með ábendingar um frekari rannsókn á einstökum atriðum.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakar takmarkanir sem gilda um afhendingu á gögnum sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar. Rannsókn flugslysa samkvæmt lögum þessum lýtur þeirri sérstöðu að markmiðið er að greina orsakaþætti flugslysa til að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig. Talið er að það hamli mjög störfum rannsóknarnefndar flugslysa ef gögn sem hún aflar geta orðið öðrum kunn, og eru því lagðar verulegar takmarkanir við því að slík gögn séu afhent öðrum. Í því felst að þeir sem gefa rannsóknarnefnd flugslysa skýrslu eða láta í ljós álit á tilteknum atriðum geti treyst því að slík gögn séu ekki hagnýtt í öðrum tilgangi, nema sérstaklega standi á. Slík gögn eru því t.d. alfarið undanþegin upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn þau sem um ræðir eru tiltekin í 1. mgr.

Um undantekningar vísast til 2.–4. mgr. Í undantekningunum felst í fyrsta lagi að heimilt er að veita þeim sem gefa umsögn um drög að lokaskýrslu aðgang að gögnum skv. 1. mgr. að því marki sem rannsóknarnefnd flugslysa ætlar að sé nauðsynlegt. Slíkt er talið óhjákvæmilegt til að tryggja umsögn sem nýtist nefndinni við rannsókn máls og við greiningu orsakaþátta og til að tryggja hagsmuni þeirra sem tengjast rannsókn og rétt hafa til umsagnar. Áhersla er lögð á að ef nauðsynlegt er talið að veita aðgang að gögnum skv. a- og d-lið 1. mgr., sem nær til framburðar þeirra sem nefndin yfirheyrir og samskipta í stjórnklefa loftfars

eða á öðrum vinnustöðum flugverja, skuli eingöngu veita aðgang að endurriti af upptökum, en um fyrirkomulag á endurritun slíkra gagna vísast til 16. gr. frumvarpsins og umfjöllunar um hana.

Í 3. mgr. ákvæðisins er sérstaklega fjallað um trúnaðarskyldur umsagnaraðila og þeirra sem starfa í þeirra þágu. Jafnframt er kveðið á um að umsagnaraðilum, sem fengið hafa í hendur gögn sem falla undir ákvæði þetta, sé óheimilt að veita öðrum en þeim sem starfa í þeirra þágu við rannsókn mála upplýsingar um eða aðgang að slíkum gögnum.

Í öðru lagi getur verið nauðsynlegt að víkja að umræddum gögnum í lokaskýrslu, en slíkt skal ekki gert nema að því leyti sem nauðsynlegt er til greiningar á orsökum flugslyss.

Þegar nauðsynlegt er að veita aðgang að gögnum nefndarinnar skv. 1. mgr. skal að fullu virða nafnleynd þeirra sem tengjast viðkomandi flugslysi. Sama á við í lokaskýrslu nefndarinnar.

Um 20. gr.

Ákvæðið kemur í stað 3. mgr. 14. gr. gildandi laga og kveður á um að skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að rannsóknarnefnd flugslysa skuli í tilefni af rannsókn opinbers máls veita lögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaefna. Gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar sjáfstætt við rannsókn flugslyss skv. 1. mgr. 19. gr. skulu þó ekki afhent lögreglu eða ákæruvaldi, nema uppfyllt séu skilyrði 21. gr. Ákvæði þetta byggist á sérstakri skyldu sem hvílir á ríkjum sem stjórna rannsóknum flugslysa samkvæmt alþjóðaflugmálasáttmálanum, viðauka 13, gr. 5.12, en samkvæmt þeirri grein skulu gögn sem rannsóknarnefnd aflar í tengslum við rannsókn máls aðeins vera aðgengileg í tengslum við rannsókn flugslysa eða flugatvika, nema sérstaklega standi á, sbr. 21. gr.

Um 21. gr.

Í greininni er mælt fyrir um undantekningu frá því meginsjónarmiði að gögn sem rannsóknarnefnd flugslysa aflar í tengslum við rannsókn flugslyss og vísað er til í 1. mgr. 19. gr. skuli ekki aðgengileg öðrum en þeim sem annast rannsókn flugslysa. Samkvæmt alþjóðaflugmálasáttmálanum, viðauka 13, gr. 5.12, er heimilt að veita aðgang að slíkum gögnum, ef dómstólar telja að afhending eða birting þeirra sé mikilvægari en þau neikvæðu áhrif sem slík birting eða afhending kunni að hafa á rannsókn þess flugslyss eða flugslysa í framtíðinni. Orðrétt hljóðar þetta svo: „The State conducting the investigation of an accident or incident shall not make following records available for purposes other than accident or incident investigation, unless the appropriate authority for the administration of justice in that State determines that their disclosure outweights the adverse domestic and international impact such action may have on that or any future investigations [a–e-liðir].“ Er hér miðað við að gögn skv. 1. mgr. 19. gr. séu ekki afhent nema mælt sé fyrir um slíkt í dómsúrskurði, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt, þ.e. að gagnanna verði ekki aflað með öðrum hætti, sérstaklega ríkir hagsmunir krefjist þess og ætla megi að úrslit máls velti á gögnunum.

Ljóst er að orðalag 21. gr. er ekki orðað með sama hætti og ákvæði 5.12 í viðauka 13. Telja verður þó að við túlkun dómara á skilyrði 21. gr. beri að hafa í huga þá sérstöku hagsmuni sem tengjast rannsókn flugslysa, bæði varðandi rannsókn þess slyss sem um ræðir og þeirra framtíðarhagsmuna sem tengjast upplýsingaöflun á vegum rannsóknarnefndar flugslysa. Undanþáguákvæðið bæri því að túlka mjög þröngt.

Í ákvæðinu er tekið mið af tillögum sem gerðar hafa verið varðandi breytingu á nefndum viðauka 13, en þær tillögur miða að því að tryggja eins og frekast er unnt trúnað vegna upplýsinga sem fram koma við rannsókn flugslysa.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að í undantekningartilvikum geti dómari kveðið á um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. 1. mgr. 19. gr., en þó með eftirfarandi takmörkunum: Rannsóknarnefnd flugslysa verður ekki gert að leggja fram gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Að þessu leyti er litið svo á að skýrslur sem rannsóknarnefnd flugslysa tekur af aðilum og vitnum þjóni þeim tilgangi einum að vera til upplýsingar varðandi rannsókn flugslyss á vegum nefndarinnar. Telja verður það grundvallaratriði varðandi markmið slíkra rannsókna að slíkar skýrslur verði ekki undir neinum kringumstæðum hagnýttar í öðrum tilgangi. Er þá jafnframt höfð í huga meginregla íslensks réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð fyrir dómi. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að í þeim undantekningartilvikum þar sem dómsúrskurður hefur mælt fyrir um skyldu rannsóknarnefndar flugslysa til að veita aðgang að gögnum skv. d-lið 1. mgr. 19. gr. sé slíkur aðgangur takmarkaður við endurrit af upptökum en nái ekki til sjálfra upptakanna. Um fyrirkomulag á endurritun upptaka vísast til 16. gr. frumvarpsins og umfjöllunar um hana.

Um 22. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við 17. gr. gildandi laga, nema gert er ráð fyrir að þeir sem átt hafa hagsmuna að gæta við rannsókn máls skuli fá lokaskýrslu rannsóknarnefndar flugslysa senda. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 23. gr.

Um endurupptöku mála er fjallað í 16. gr. gildandi laga. Rannsóknarnefnd flugslysa metur það hvenær og hvort ástæða sé til að taka upp rannsókn máls sem lokið er með útgáfu skýrslu, sbr. 17. gr.

Í 2. mgr. ákvæðisins er þó mælt svo fyrir að samgönguráðherra geti falið rannsóknarnefnd flugslysa að rannsaka nánar tiltekið flugslys eða sérstök atriði sem tengjast flugslysi ef ný gögn koma fram eftir að rannsókn máls er lokið. Tilefni þessa nýmælis er að upp geta komið tilvik þar sem þess er farið á leit við samgönguráðherra, sem yfirmann flugmála hér á landi, að leitað verði nánari skýringa eða aflað frekari gagna um tiltekið flugslys, og þykir þá óhjákvæmilegt að ráðherra samgöngumála geti falið nefndinni að rannsaka eða kanna frekar flugslys sem rannsókn er lokið á, eða að rannsakað verði frekar tiltekið atriði varðandi flugslys, án þess að sú rannsókn þurfi að taka til allra þeirra þátta sem fyrri rannsókn náði til. Rétt er að benda á að þrátt fyrir þessa heimild er það á valdi nefndarinnar hvernig staðið yrði að slíkri rannsókn og hvernig slíkri rannsókn yrði lokið, en í þeim efnum myndi nefndin líta til sjálfstæðis síns með sama hætti og í þeim tilvikum þegar nefndin hefur rannsókn að eigin frumkvæði.

Um 24. og 25. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að við þá skipulagsbreytingu sem gerð er á rannsóknarnefnd flugslysa skuli núverandi formaður, sem jafnframt er rannsóknarstjóri nefndarinnar, eiga rétt á skipun í stöðu forstöðumanns nefndarinnar.

Þá er gert ráð fyrir að við gildistöku falli úr gildi skipun núverandi flugslysanefndar og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnskipulagi rannsóknarnefndar flugslysa verði breytt. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður nefndarinnar sem annist daglegan rekstur hennar og að hann verði einnig rannsóknarstjóri flugslysa. Jafnframt er lagt til að ráðinn verði aðstoðarforstöðumaður sem verði staðgengill forstöðumanns. Loks er lagt til að nefndin verði skipuð þremur mönnum í stað fimm samkvæmt gildandi lögum. Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

645. Tillaga til þingsályktunar [452. mál]

um stofnun vetnisráðs.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa vetnisráð til fjögurra ára í senn. Ráðið verði ríkisstjórn til ráðgjafar og upplýsinga um stöðu, framvindu og tækifæri á sviði vetnismála og standi árlega fyrir opnu vetnisþingi. Ráðið verði skipað níu fulltrúum, tveimur frá Íslenskri nýorku, einum frá Samtökum iðnaðarins, einum frá Háskóla Íslands, einum frá Samorku, einum frá Orkustofnun, einum frá Iðntæknistofnun, einum frá Tækniskóla Íslands og formanni sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Greinargerð.

Íslendingar hafa verið framarlega í hópi þjóða varðandi áætlanir um nýtingu vetnis og efnarafala. Hin pólitísku markmið um að Ísland verði fyrsta ríki veraldar til að byggja á vetnistækni í efnahag sínum hefur vakið verðskuldaða athygli. Umfjöllun um áform og athafnir á Íslandi í þessu sambandi hefur birst í nokkrum hundraða erlendra fjölmiðla. Fyrsta almenna vetnisstöðin í heiminum var opnuð á Íslandi, þrír vetnisstrætisvagnar aka á götum Reykjavíkur í tilraunaskyni, fyrsta vetnisknúna skipið er í undirbúningi, áætlanir um framleiðslu, notkun og útflutning vetnis eru í vinnslu, Íslandi var boðið að vera stofnaðili að

alþjóðlegu átaki í vetnisvæðingu (International Partnership for the Hydrogen Economy) með 14 öðrum ríkjum, hingað leita fjölmargir erlendir aðilar eftir samstarfi um hina nýju aðferð í orkumálum þjóða. Ísland er með öðrum orðum talið til framsæknustu ríkja á sviði vetnisvæðingar.

Frá því áformum um vetnisvæðingu var hleypt af stokkunum (1999) má segja að þróun hafi orðið hraðari en nokkurn óraði fyrir. Fylgja vitanlega ýmsir vaxtarverkir slíkri þróun og er því mikilvægt að stjórnvöld hafi formlegan vettvang til að fylgjast með þróuninni og framvindu mála. Tillagan gerir ráð fyrir því að með stofnun vetnisráðs skapist sá vettvangur er veitt geti ríkisstjórninni ráðgjöf um málefnið. Auk þess er ráðinu ætlað að standa árlega fyrir vetnisþingi þar sem á opnum fundi er gerð grein fyrir þróun mála og stefnumörkun rædd.

Gert er ráð fyrir því að vetnisráð verði skipað níu fulltrúum. Samkvæmt tillögunni eiga þeir að endurspegla þá aðila er málið tengist en vetnisráð getur enn fremur leitað til annarra aðila eftir þörfum um upplýsingar.

646. Svar [105. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skatttekjur og skatteftirlit vegna stofnunar einkahlutafélaga.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið árlega frá árinu 2001 til 2003 (áætlun) á skatttekjum ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, á verðlagi 2003, vegna breytinga á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög?*

Með lögum nr. 133/2001 var gerð sú breyting á tekjuskattslögunum að einstaklingum í rekstri var gert kleift að uppfylltum tilteknum skilyrðum að færa rekstur sinn úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag án þess að til skattskyldu kæmi vegna yfirfærslunnar sem slíkrar. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2002 og komu til framkvæmda við álagningu á árinu 2003 vegna tekna ársins 2002. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra voru á árinu 2001 stofnuð 1.841 einkahlutafélag og 3.093 á árinu 2002. Ekki liggur fyrir hversu margir nýttu sér umrædda heimild til breytingar á einstaklingsrekstri í einkahlutafélag árið 2002.

Með framangreindum lögum nr. 133/2001 voru enn fremur gerðar breytingar á ákvæðum 7. og 59. gr. þágildandi tekjuskattslaga. Með breytingunum voru ákvæði um reiknað endurgjald styrkt og kveðið nánar á um viðmið þeirra. Forsaga þeirra breytinga er sú að á undanförnum árum hafa einstaklingar í atvinnurekstri í auknum mæli valið einkahlutafélagaformið fyrir rekstur sinn. Var talið nauðsynlegt að styrkja þá framkvæmd að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila (sameignarfélagi, hlutafélagi, samlagshlutafélagi, einkahlutafélagi o.fl.), sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að, verði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í eigin rekstri. Með þeim breytingum var reynt að koma í veg fyrir að hluthafar eða hlutareigendur í fyrirtækjum ákvarði sér laun langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila. Samhliða framangreindum breytingum var stöðugildum á skattstofum til að sinna eftirliti með reiknuðu endurgjaldi fjölgað.

Í ljósi þess hve stutt er liðið frá gildistöku umræddra breytinga og þess hve margir þættir geta í raun haft áhrif á skatttekjur frá ári til árs er útilokað að meta þær breytingar sem orsakast hafa af breyttum reglum um færslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélög.

Meðfylgjandi tafla sýnir álagningu tekjuskatts einstaklinga til ríkissjóðs, útsvars og tekjuskatts lögaðila árin 2001, 2002 og 2003 á verðlagi ársins 2003. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Álagning tekjuskatts einstaklinga, millj kr.

Álagningarár	2001	2002	2003
Tekjuskattur einstaklinga	53.651	58.766	61.561
Útsvar	51.074	57.145	59.995
Tekjuskattur lögaðila	9.767	10.386	13.844

2. *Hvert er skattalegt hagræði af breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?*

Hagræði manna við það að færa sig úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag fer mjög eftir aðstæðum hverju sinni enda helgast það af tekjum, eignum og ýmsum öðrum þáttum hver hin endanlega álagning verður.

Í einstaklingsrekstri ber mönnum að reikna sér endurgjald fyrir vinnu sína í samræmi við skattmatsreglur sem gefnar er út af fjármálaráðherra, sbr. 118. gr. tekjuskattslaganna. Sömu viðmiðunarreglur gilda fyrir eigendur og stjórnendur einkahlutafélaga.

Samkvæmt 58. gr. tekjuskattslaganna skal skattstjóri hækka endurgjald manns hafi viðkomandi fært sér til tekna lægra endurgjald en áskilið er í reglum fjármálaráðherra. Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má hins vegar ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 37. gr. laganna. Sambærileg regla gildir ekki fyrir eigendur eða stjórnendur einkahlutafélaga sem eru launþegar hjá félaginu.

Í einstaklingsrekstri greiða menn, hafi þeir hagnað af rekstri sínum, tekjuskatt og útsvar af þeim hagnaði. Slíkur hagnaður sætir 38,55% skattlagningu (þ.e. 25,75% tekjuskattur + 12,80% útsvar). Fari hagnaður og tekjur upp fyrir mörk sérstaks tekjuskatts getur hlutfallið orðið allt að 43,55% af því sem umfram þau mörk fer.

Hagnaður einkahlutafélags sætir 18% skattlagningu. Arður greiddur til hluthafa er skattlagður með 10% fjármagnstekjuskatti. Heildarskattlagning tekna einkahlutafélags og arðs hluthafa er því 26%.

3. *Hvert er mat skattyfirvalda á því að framfylgja skatteftirliti með breytingu á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag?*

Einstaklingar í atvinnurekstri hafa á undanförnum árum, eða allt frá árinu 1995 þegar nýjar reglur um einkahlutafélög tóku gildi, í nokkrum mæli valið að flytja rekstur sinn yfir í einkahlutafélög. Skattyfirvöld hafa almennt lagt mat á slíka yfirfærslu, jafnt fyrir sem eftir breytingu á tekjuskattslögunum um yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélög. Við þetta mat hefur verið litið til þess hvort yfirfærslan uppfylli ákvæði gildandi laga. Það er mat skattyfirvalda að eftirlit með þessum þætti sé nauðsynlegt en mikilvægt er að yfirfærsla eigna úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag sé í öllum tilvikum í samræmi við gildandi reglur.

647. Tillaga til þingsályktunar [453. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 120., 121. og 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún, ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Nú hafa alls 33 ríki fullgilt samþykktina, sbr. fylgiskjal III, en eitt afturkallað fullgildingu (Brasilía). Á meðal þeirra ríkja sem hafa fullgilt samþykktina eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á ámóta reglum og þeim sem samþykktin byggist á.

Samþykkt nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríki getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar en þar eru nefndir til sögunnar þeir sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis og þeir sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma. Þá er að auki heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþágnanna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Meginefni samþykktarinnar má skipta í þrjá þætti. Sá fyrsti felst í því að atvinnurekanda er gert skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað en annar þátturinn felur í sér að starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða, í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í 5. gr. samþykktarinnar er nánar skilgreint hvað skuli ekki teljast gild ástæða uppsagnar en þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, að gegna stöðu trúnaðarmanns launafólks, að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda sem felur í sér ásökun um meint brot á lögum eða öðrum reglum, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, þjóðerni og félagslegur uppruni og fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi. Þá segir í 6. gr. samþykktarinnar að fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skuli ekki talin gild ástæða uppsagnar en skilgreina skal með lögum, reglugerðum

eða í kjarasamningum hvað teljist fjarvist um stundarsakir í þessu samhengi. Í þriðja lagi kveður samþykktin á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar, hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu. Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktarinnar mundu gerbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef þeir væru teknir upp í íslensk lög.

Að auki er í samþykktinni kveðið á um að starfsmenn sem sagt er upp skuli eiga rétt á tilteknum uppsagnarfresti og bótum vegna atvinnumissis, en þar sem slíkar reglur eru þegar í íslenskum lögum hefðu þau ákvæði ekki breytingar í för með sér þótt samþykktin yrði fullgilt.

Eins og staðan er nú hér á landi njóta aðeins trúnaðarmenn, foreldrar í fæðingarorlofi og þungaðar konur einhvers starfsöryggis í reynd, en einnig er kveðið á um tilteknar reglur í tengslum við hópuppsagnir og þegar starfsfólki er sagt upp vegna aðilaskipta að fyrirtækjum. Tvö síðasttöldu dæmin eru til komin vegna EES-reglna og voru tekin upp í íslenska löggjöf í tengslum við EES-samninginn.

Alloft hefur verið rætt á vettvangi þríhliða nefndar félagsmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins hvort fullgilda skuli samþykktina. Krafa hefur verið gerð um það af hálfu fulltrúa launafólks í nefndinni en fulltrúi atvinnurekenda hefur hafnað fullgildingu og fulltrúi félagsmálaráðuneytis hefur ekki viljað taka afgerandi afstöðu af þessum sökum. Af hálfu ráðuneytisins hefur því verið borið við að samstöðu skorti meðal aðila vinnumarkaðarins um málið. Þess vegna hefur það ekki verið afgreitt úr nefndinni. Reyndar gerir stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki ráð fyrir því að stjórnvöld leiki hlutlausan aðila í þríhliða nefndinni, enda er þríhliða starfið þannig uppbyggt að nauðsynlegt er að hið pólitíska vald taki afstöðu til mála eftir að hafa rætt málið í nefndinni. Sú stefna sem rekin hefur verið í þríhliða nefndinni hefur bitnað á því starfi sem henni er ætlað að sinna, enda ber fjöldi fullgildinga af Íslands hálfu merki um það. Íslendingar hafa fullgilt 22 samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en fjöldi fullgildinga annars staðar á Norðurlöndum er frá tæplega 70 til þess að vera yfir 100 í hverju landi. Í Norðurlandasamstarfi verkalýðshreyfinga hefur margoft komið til tals hversu lítið starfsöryggi íslensks launafólks sé og fyrirspurnir verið gerðar um það hvers vegna ekki séu fullgiltar fleiri samþykktir. Svör Íslendinga eru aðeins þau að ekki hafi verið pólitískur vilji til að koma málinu í gegn hjá þríhliða nefndinni, hvað þá á Alþingi. Þar sem lausn er ekki í sjónmáli í þríhliða nefndinni er ekki að vænta tillagna þaðan um fullgildingu og því er tillaga þessi til þingsályktunar lögð fram.

Eftirfarandi fylgiskjöl voru með tillögunni:

I. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 581 (332. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 2783–2793.

Fylgiskjal III.

Ríki sem hafa fullgilt samþykkt Alþjóða-vinnumálastofnunarinnar nr. 158. frá 1982.

Samþykktin tók gildi 23. nóvember 1985.

Ríki	Fullgilding
Antígva og Barbúda	16. september 2002
Ástralía	26. febrúar 1993
Bosnía-Hersegóvína	2. júní 1993
Eþíópía	28. janúar 1991
Finnland	30. júní 1992
Frakkland	16. mars 1989
Gabon	6. desember 1988
Jemen	13. mars 1989
Júgóslavía	23. nóvember 1984
Kamerún	13. maí 1988
Kýpur	5. júlí 1985
Lettland	25. júlí 1994
Lesótó	14. júní 2001
Lúxemborg	21. mars 2001
Lýðveldið Kongó	3. apríl 1987
Makedónía	17. nóvember 1991
Malaví	1. október 1986
Marokkó	7. október 1993
Moldavía	14. febrúar 1997
Namibía	28. júní 1996
Níger	5. júní 1985
Papúa Nýja-Gínea	2. júní 2000
Portúgal	27. nóvember 1995
Sankti Lúsía	6. desember 2000
Sambía	9. febrúar 1990
Slóvenía	29. maí 1992
Spánn	26. apríl 1985
Svíþjóð	20. júní 1983
Tyrkland	4. janúar 1995
Úganda	18. júlí 1990
Úkraína	16. maí 1994
Venesúela	6. maí 1985

33 ríki hafa fullgilt samþykktina en eitt ríki hefur afturkallað fullgildingu.

648. Skýrsla [454. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 1997 framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta.* Þar segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma

um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Á fyrri hluta árs 1999 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn og faghópa til að vinna að gerð rammaáætlunar.

Hlutverk verkefnisstjórnar hefur verið að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og hafa umsjón með hinni faglegu vinnu. Þá hefur verkefnisstjórn flokkað virkjunarkosti með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, áhrifa þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og á aðra landnýtingu, og staðið jafnframt fyrir samráði og kynningu verkefnisins.

Fagleg vinna hefur verið unnin í fjórum faghópum, sem farið hafa yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli. Hóparnir eiga að meta virkjunarkostina með stigagjöf og gera tillögur til verkefnisstjórnarinnar. Hóparnir eru skipaðir sérfræðingum á eftirtöldum sviðum:

- náttúru- og minjavernd,
- útivist og hlunnindi,
- þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun,
- nýting orkulinda.

Vinnu við 1. áfanga rammaáætlunar er nú lokið og var niðurstöðum skilað til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra ásamt viðaukum 27. nóvember sl. þar sem gerð er grein fyrir meginniðurstöðum áætlunarinnar og bent á not sem hafa má af þeim.

Á grundvelli mats faghópanna hefur verkefnisstjórnin flokkað 35 virkjunarhugmyndir í fimm flokka (a til e) eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi. Um þessa flokkun eru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum varðandi umhverfisáhrif, en einnig um heildarhagnað og arðsemi í þeim tilvikum þar sem frumáætlanir eru skammt á veg komnar.

Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana, bæði hagkvæmni þeirra og helstu umhverfisáhrif. Stjórnvöld geta nýtt niðurstöðurnar sem grundvöll að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum, sbr. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1997. Iðnaðarráðherra mun geta notfært sér niðurstöðurnar við stefnumörkun í frumrannsóknum ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana. Þá gagnast niðurstöðurnar stjórnvöldum við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana og margs konar skipulagsvinnu ríkis og sveitarfélaga. Líklegt er talið að þær rannsóknaraðferðir og niðurstöður á náttúrufari landsins er hafa mótast við vinnu rammaáætlunar muni gagnast við hvers konar grunnrannsóknir á umhverfi og náttúru landsins til frambúðar. Orkufyrirtækin og Orkustofnun geta við ákvörðun um rannsóknir á einstökum virkjunarkostum nýtt sér niðurstöður rammaáætlunar með því að velja vænlega kosti sem litlar líkur eru á að valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum né deilum.

Ákveðin kaflaskil verða nú að loknum 1. áfanga rammaáætlunar. Með þessum niðurstöðum hefur verkefnisstjórn náð því markmiði að leggja grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta þessa áfanga eins og henni var falið að gera. Hafa verður þó í huga að þekking á virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar er í mörgum tilvikum ekki fullnægjandi. Það er því mikilvægt að afla á næstu árum frekari þekkingar um þessa virkjunarkosti og endurmeta þá. Þá eru ókannaðar margar virkjunarhugmyndir sem nauðsynlegt er að huga að við næsta áfanga rammaáætlunar til að fá heildstætt yfirlit yfir möguleika þjóðarinnar til orku-

öflunar með vatnsafli og jarðvarma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Á næstu 3–4 árum er áformað að vinna að rannsóknum vegna næsta áfanga rammaáætlunar. Núverandi verkefnisstjórn og faghópar hafa með þessum áfanga lokið hinu umfangsmikla verkefni sínu sem mun nýtast við gerð næsta áfanga áætlunarinnar. Áformað er að þeirri vinnu verði stýrt af fámennari verkefnisstjórn sem skipuð yrði fulltrúum iðnaðar- og umhverfisráðuneyta auk helstu hagsmunaaðila. Sú vinna yrði byggð á þeim grunni er lagður hefur verið með aðferðafræði og niðurstöðum 1. áfanga verkefnisstjórnar.

NIÐURSTÖÐUR 1. ÁFANGA RAMMAÁÆTLUNAR.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Bréf verkefnisstjórnar til iðnaðarráðherra.
(27. nóvember 2003.)

Málefni: Skil á niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur starfað samkvæmt verklýsingu iðnaðarráðherra „Maður – nýting – náttúra“ frá 8. mars 1999. Vinnu við 1. áfanga áætlunarinnar er nú lokið og er niðurstöðum hans hér með skilað í meðfylgjandi skýrslu verkefnisstjórnar og viðaukum. Jafnframt er í þessu bréfi gerð grein fyrir meginniðurstöðum 1. áfanga og bent á not sem hafa má af þeim. Vert er að draga athygli að þeim nýmælum sem fólgin eru í þróun aðferðafræði við mat á virkjunarkostum í faghópum og í samþættingu á niðurstöðum þeirra í verkefnisstjórn.

Meginniðurstöður 1. áfanga.

Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, jafnt vatnsafls og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Á grundvelli mats faghópa hefur verkefnisstjórnin í 1. áfanga flokkað 35 virkjunarhugmyndir í fimm flokka (a til e) eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi. Um þessa flokkun eru gerðir fyrirvarar vegna takmarkaðra gagna, einkum um umhverfisáhrif, en einnig um heildarhagnað og arðsemi, þar sem frumáætlanir um tilhögun eru skammt á veg komnar.

Í flokk a með minnstum umhverfisáhrifum falla 15 virkjanir með samanlagða orkugetu um 11.200 GWh á ári. Tvær þeirra eru vatnsaflsvirkjanir en hinar jarðvarmavirkjanir. Arðsemi þessara virkjunarkosta er í meðallagi (flokkur c á skala a til e). Gögn skortir til að greina á milli jarðvarmavirkjana um arðsemi og heildarhagnað. Þar gætu virkjanir nærri byggð reynst hagkvæmari ef þær njóta markaðar fyrir varma til annarra nota en raforkuframleiðslu. Verkefnisstjórn telur að á næstu árum sé skynsamlegt að leggja áherslu að kanna nánar kosti þess að nýta virkjanir sem falla í þennan flokk.

Sjö virkjunarkostir með samanlagða orkugetu um 4.900 GWh á ári falla í umhverfisflokk b og arðsemisflokk c eða betri (á skala a til e). Fjórar þeirra eru vatnsaflsvirkjanir en 3 jarðvarmavirkjanir. Í þessum hópi eru sérstakar athugasemdir gerðar við Skaftárveitu vegna landslags og skorts á gögnum um áhrif á vatnasvæði í Skaftárhreppi og Brennisteinsfjöll vegna landslags og víðernis.

Í umhverfisflokk c falla aðeins tvær virkjanir, Grændalur (840 GWh/ár) og Skatastaðavirkjun a (1.046 GWh/ár). Grændalur fær hæsta einkunn af jarðhitasvæðum fyrir náttúruverðmæti í jarðminjum, vatnafari og vistgerðum. Ef vernda ætti eitthvert jarðhitasvæðanna á Hengilssvæði ósnortið kæmi Grændalur þar fyrst til greina. Skatastaðavirkjun fær allhátt mat í öllum viðföngum umhverfisáhrifa og er með lakari hagkvæmni en margir virkjunarkostir í umhverfisflokkum a og b.

Í umhverfisflokk d falla 5 virkjunarstaðir á Torfajökulssvæði með samanlagða orkugetu um 4.200 GWh á ári. Svæðið er mikilvægt til útivistar og ferðaþjónustu en frekari rannsókna er þörf til að skera úr um hvort og hvernig virkjanir og ferðaþjónusta gætu átt samleið á svæðinu. Svæðið er vegna orkugetu áhugavert fyrir orkuframleiðendur en ekkert bendir þó til þess að virkjanir þar verði hagkvæmari en virkjanir sem njóta hagræðis af nálægð við byggð.

Í umhverfisflokk e falla virkjun Jökulsár á Fjöllum (4.000 GWh/ár) og Markarfljótsvirkjanir a og b (735 GWh/ár). Vegna stærðar er virkjun Jökulsár með mikinn heildarhagnað og hún virðist einnig vel arðsöm. Rannsóknargögn og frumáætlanir um Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar eru komin til ára sinna og þau þyrfti að bæta. Jafnframt er rannsókn svæðisins mikilvæg vegna tillagna um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og hugsanlegrar tengingar hans við Vatnajökulsþjóðgarð. Markarfljótsvirkjun hefur mikil umhverfisáhrif og slaka hagkvæmni.

Not af niðurstöðum.

Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana, bæði hagkvæmni þeirra og helstu umhverfisáhrifum. Stjórnvöld munu geta nýtt niðurstöðurnar sem grundvöll að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum, samanber framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar sem samþykkt var í febrúar 1997.

Iðnaðarráðherra mun geta notfært sér niðurstöðurnar við stefnumörkun um frumrannsóknir ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana. Slíkt kann að vera sérstaklega mikilvægt eftir að ný raforkulög eru komin til framkvæmda, þar sem samkeppni í raforkuframleiðslu er eitt meginatriða þeirra laga.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið og leggja fyrir Alþingi. Fyrsta áætlun af þessu tagi liggur nú fyrir í drögum og verður lögð fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi. Þess er að vænta að mat og samanburður rammaáætlunar á náttúrufarsverðmætum tiltekinna svæða geti gagnast við gerð næstu náttúrverndaráætlunar.

Þá munu niðurstöður gagnast stjórnvöldum við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana og margskonar skipulagsvinnu ríkis og sveitarfélaga. Allt landið er nú skipulagsskylt og skulu öll sveitarfélög hafa lokið við gerð aðalskipulags eigi síðar en árið 2007. Rammaáætlun gefur vísbendingar um hagkvæma virkjunarkosti og náttúruverðmæti og upplýsingar af því tagi munu eflaust gagnast sveitarfélögunum við ákvörðun um landnotkun, jafnt við breytingar á aðalskipulagi sem við skipulag á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð áður.

Enn er vert að nefna að þær aðferðir sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þróað við vinnu vegna rammaáætlunar til rannsókna á náttúrufari landsins munu gagnast við hvers konar rannsókn á umhverfi og náttúru landsins til frambúðar.

Orkufyrirtækin og Orkustofnun munu geta nýtt sér þessar upplýsingar með ýmsum hætti. Oft hafa þessir aðilar lagt í ærinn kostnað við að útfæra og meta virkjunarhugmyndir áður en í ljós kom að veruleg andstaða var gegn framkvæmdum vegna óæskilegra umhverfisáhrifa

þeirra. Rammaáætlun gæti vísað á leiðir sem sneiddu hjá þessari óheppilegu stöðu. Í fyrsta lagi gefur niðurstaða áætlunarinnar vísbendingu um hvaða kostir eru fjárhagslega vænlegir. Í öðru lagi greinir hún þá kosti sem líklegir eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og sýnir á hvaða svæðum þekkingu er ábótavant. Í þriðja lagi er bent á náttúrufyrirbæri sem teljast vera verðmæt.

Orkufyrirtækin og Orkustofnun geta því við ákvörðun um rannsóknir á einstökum virkjunarkostum nýtt sér niðurstöður rammaáætlunar með því að velja vænlega kosti sem litlar líkur eru á að valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum né deilum. Þá gætu þessir aðilar leitað annarra leiða við hönnun mannvirkja en þeirra sem lagðar voru til grundvallar í mati vegna rammaáætlunar og þannig sneitt hjá verstu umhverfisáhrifum sem fram koma í niðurstöðum. Loks er rétt að benda á að orkufyrirtækin geta aukið rannsóknir á tilteknu virkjunarsvæði með það í huga að aukin þekking leiði í ljós minni umhverfisáhrif eða virkjun verði hagkvæmari en áætlað hefur verið og reynist því fýsilegri en fyrirliggjandi gögn benda til.

Ábendingar um framhald vinnu við rammaáætlun.

Með þessum niðurstöðum hefur verkefnisstjórn náð því markmiði sem henni var falið að leggja grundvöll að 1. áfanga í forgangsröðun virkjunarkosta. Hafa verður þó í huga að þekking á virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar er í mörgum tilvikum ekki fullnægjandi. Þannig sýnir yfirlit um stöðu þekkingar að í 10 tilvikum er þekkingarstigið metið í flokk c (á skala a til c). Það er því mikilvægt að afla frekari þekkingar um þessa virkjunarkosti og endurmeta þá. Þá eru fjölmargar virkjunarhugmyndir sem enn hafa ekki verið kannaðar en nauðsynlegt er að taka inn í myndina til að fá heildstætt yfirlit yfir möguleika til orkuöflunar með vatnsafli og jarðvarma. Í 6. kafla skýrslunnar er að finna tillögur um hvernig megi halda vinnu við þetta verkefni áfram.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Björnsson, formaður.

Verkefnisstjórn:

Einar Bollason	Ingimar Sigurðsson	Vilborg Gunnarsdóttir
Guðríður Þorvarðardóttir	Jón Helgason	Þorkell Helgason
Guðrún Zoëga	Jón Gunnar Ottósson	Þorsteinn Tómasson
Haukur Jóhannesson	Jónas Elíasson	Þorvaldur Jóhannsson
Helgi Bjarnason	Sigurður Guðmundsson	Þóra Ellen Þórhallsdóttir

Fylgiskjöl:
1. Skýrsla verkefnisstjórnar
2. Viðaukar

Samrit: Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra

Skýrsla verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

1 Inngangur.

1.1 Aðdragandi.

Með virkjun jarðhita til húshitunar og vatnsafls og jarðgufu til raforkuframleiðslu hafa Íslendingar náð að draga verulega úr notkun eldsneytis og geta nú státað af einu hæsta hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap iðnvæddra þjóða. Samt er verulegur hluti vatns-

afls og jarðhita enn óvirkjaður. Árið 2002 nam raforkuvinnsla úr vatnsafli um 7.000 GWh en tæknilega hagkvæm orkugeta í vatnsafli er talin um 37.000 GWh raforku á ári [1,2]. Meiri óvissa er um tæknilega hagkvæma orkugetu jarðhita til raforkuframleiðslu en hún er talin að lágmarki um 30.000 GWh á ári [3,4]. Árið 2002 nam raforkuvinnsla úr jarðhita 1.400 GWh.

Vegna umhverfisáhrifa virkjana ríkir veruleg óvissa um hve langt menn vilja ganga í nýtingu þessarar orkugetu. Árlegur vöxtur í raforkuþörf vegna almennrar notkunar nemur aðeins rúmum 50 GWh á ári. Þeirri þörf mætti sinna með litlum virkjunum sem hefðu hver um sig lítil umhverfisáhrif. Hins vegar er mikill áhugi á að nýta orkulindirnar til orkufrekrar stóriðju, í fjarlægari framtíð til framleiðslu eldsneytis og menn vilja vera opnir fyrir þeim möguleika að flytja raforku um sæstreng til annarra landa. Með vaxandi orkuþörf samhliða ótta um loftslagsbreytingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda verður endurnýjanleg orka verðmætari. Æskilegt verður að nýta slíkar orkulindir svo fremi það sé gert á sjálfbæran og vistvænan hátt. Jafnframt vex þörf manna fyrir útivist og tilvist ósnortinnar náttúru sem mótvægis við þéttbýlt manngert umhverfi.

Taka þarf tillit til ákvæða í alþjóðlegum samningum, svo sem um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lífrænna auðlinda (sbr. Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni). Af þessu tilefni hafa deilur risið um það hve stóran hluta nýtanlegrar og hagkvæmrar orku væri rétt að virkja þegar tillit er tekið til umhverfisáhrifa virkjunarinnar og gildis lands til annarra nota, svo sem útivistar, ferðaþjónustu og hlunninda, náttúruverndar og nýtingar lífrænna auðlinda.

Allt frá því lög um náttúruvernd, nr. 147/1971, voru samþykkt fyrir 30 árum var leitað eftir áliti þáverandi Náttúruverndarráðs á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum og skipulagt samstarf var með ráðinu og virkjunaraðilum, m.a. í samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO). Meðal mála sem leiddi af þessu samstarfi var veita austurkvísla Þjórsár til miðlunar í Þórisvatni í stað miðlunarlóns í Þjórsárverum, skýrsla um samanburð á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun) [5] og skýrsla um áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku [6]. Straumhvörf verða hins vegar með stofnun umhverfisráðuneytisins 1990 og breyttu lagaumhverfi í framhaldi af því, t.d. með lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem samþykkt voru á Alþingi 1993 og 2000 og nýjum skipulagslögum 1997. Jafnframt samþykkti Ísland alþjóðasamninga á þessu sviði sem breyta áherslum stjórnvalda (t.d. Ríó-samningarnir og Bernarsamningurinn).

Með lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, nr. 63/1993, var undirbúningur virkjana settur í nýjan farveg. Matið tekur til mun fleiri þátta en áður voru skoðaðir og aukin áhersla er á að bera saman virkjunarkosti og kanna mótvægisaðgerðir vegna hugsanlegra umhverfisspjalla. Í lögum um byggingar- og skipulagsmál er gert ráð fyrir að við gerð skipulagsáætlana verði fjallað um þá virkjunarkosti sem til greina koma á viðkomandi svæði og hugsanlega árekstra við aðra landnýtingu. Miðað er við að tekin verði afstaða til álitlegra virkjunarkosta við gerð skipulagsáætlunar og þeir afgreiddir með fyrirvara um mat á umhverfisáhrifum. Til þessa þarf að fara fram frummat á umhverfisáhrifum virkjana og gildi lands til annarra nota svo sem verndar.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ skipaði umhverfisráðherra árið 1993 starfshóp um umhverfismál, iðnþróun og orkumál. Honum var falið að skilgreina sjálfbæra þróun í þessum málaflokki og setja honum markmið til skemmri og lengri tíma. Jafnframt var honum falið að gera framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta. Starfshópurinn skilaði áliti sínu í mars 1995. Þar var lagt til að gerð verði rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsaflsins í samræmi við samhæfða stefnu

í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Þessi starfshópur var einn af sjö en hinir tóku á samsvarandi hátt fyrir aðra málaflokka. Í árslok 1995 setti umhverfisráðherra á fót starfshóp sem fékk það verkefni að setja saman drög að framkvæmdaáætlun sem yrði samþykkt af ríkisstjórn og byggð á skýrslum hópanna sjö. Niðurstaða faghópsins var lögð fyrir Umhverfisþing 1996 þar sem hún var rædd og farið yfir athugasemdir í fjórum starfshópum. Að teknu tilliti til athugasemda var samin framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn í febrúar 1997 og nefnd „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta“ [7].

1.2 Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar [7] segir m.a. í kafla 3.3.3 undir fyrirsögninni Orka og iðnaður:

„Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.“

Í framkvæmdaáætluninni var kveðið á um ýmis önnur verkefni á þessu sviði og þar segir einnig:

„Rannsóknir verði gerðar til að afla grundvallarþekkingar á umhverfisáhrifum virkjana á Íslandi og fé lagt til þróunar rannsóknaraðferða í því skyni.“

Þrátt fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar varð nokkur dráttur á að undirbúningur að gerð rammaáætlunarinnar hæfist. Horft var til úttektar sem Norðmenn höfðu gert og kölluðu „Samlet plan for vassdrag“ [8]. Fyrstu gerð hennar var lokið 1984 og hefur áætlunin þegar verið endurskoðuð tvívegis, 1987 og 1992. Orkustofnun og Náttúruvernd ríkisins sendu Þorkel Helgason orkumálastjóra, Sveinbjörn Björnsson, deildarstjóra auðlindadeildar Orkustofnunar og Árna Bragason, forstjóra Náttúruverndar ríkisins til Noregs í nóvember 1998 til að kynna sér rammaáætlun Norðmanna og ræða við stjórnendur hennar um hliðstæða áætlun hér á landi [9]. Á þessum grundvelli lagði Orkustofnun fram drög að skipulagi rammaáætlunar um virkjanir og verndarviðmið í desember 1998 [10].

Landvernd efndi til samstarfsverkefnis haustið 1998 með það að markmiði að halda ráðstefnu um vernd og nýtingu hálendisins. Verkinu var stýrt af hópi á vegum stjórnar Landverndar en undirbúningur fór fram í fjórum starfshópum sem ræddu umhverfis- og náttúruvernd, orkuvinnslu og orkunýtingu, ferðaþjónustu og útivist og beitar- og hlunnindaafnot. Markmið þessarar vinnu var að miðla faglegri þekkingu um hálendi Íslands og kynna mismunandi viðhorf til verndar og nýtingar þess. Einnig var þess vænst að fagleg rökstudd umræða sameinaði sjónarmið og stuðlaði að víðtækri sátt um vernd og nýtingu hálendisins. Á ráðstefnunni, sem haldin var í janúar 1999, fluttu hóparnir erindi um störf sín og almenn umræða hvatti til framhalds þessarar vinnu.

Um þetta leyti hafði samstarfsnefnd um svæðisskipulag miðhálendisins lokið störfum og umhverfisráðherra staðfesti tillögur hennar í apríl 1999. Jafnframt var í vændum breyting á skipulagslögum þess efnis að samráðsnefnd um skipulag miðhálendisins starfaði áfram þótt breyting yrði á fyrirkomulaginu. Þá var og hafin þróun í átt að markaðsvæðingu orkugeirans og gerði það ábyrgð hins opinbera enn skýrari í þeirri stefnumótun sem hér um ræðir þar sem með nýjum lögum verður ekki ætlast til þess að orkufyrirtækin gegni því hálfopinbera hlutverki sem þau hafa í reynd haft. Síðast en ekki síst hafði öll almenn umræða um umhverfismál aukist, sérstaklega í sambandi við nýtingu miðhálendis Íslands og náttúruvernd,

á sama tíma og talsmenn byggðamála hafa í vaxandi mæli bent á orkufreka stóriðju sem mikilvægan þátt í atvinnuuppbyggingu.

Af þessum sökum taldi ríkisstjórnin brýna nauðsyn að móta stefnu í þessum málum og efna til faglegrar og málefnalegrar umfjöllunar um nýtingu orkulindanna og áhrif hennar á hið náttúrulega umhverfi, efnahag þjóðarinnar og atvinnu- og byggðaþróun. Þess var vænst að þetta starf gæti stuðlað að almennri sátt um sambýli manns og náttúru við nýtingu auðlindanna. Kjörorð verkefnisins varð því *Maður – nýting – náttúra.*

Samkvæmt fyrrgreindri samþykkt ríkisstjórnarinnar hófst iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra handa við undirbúning áætlunarinnar. Málið snerti þó fleiri ráðherra, svo sem forsætisráðherra (vegna byggðamála og málefna þjóðlendna), samgönguráðherra (vegna samgangna og ferðamennsku), landbúnaðarráðherra (vegna landnota) og menntamálaráðherra (vegna menningararfleifðar). Stefna og verklag voru mörkuð með greinargerð iðnaðarráðherra *Maður – nýting – náttúra* dags. 8. mars 1999 [11] og málið kynnt í ríkisstjórn.

1.2.1 Markmið.

Í greinargerð iðnaðarráðherra segir:

„Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti sé lagður grundvöllur að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

1.2.2 Skipulag.

Skipulag undirbúningsvinnu að rammaáætlun var í senn hugsað þannig að innan þess rúmaðist fagleg vinna sem best yrði unnin í faghópum en auk þess almennur samráðsvettvangur almennings og allra þeirra sem eðlilegt væri að kæmu að málinu. Enn fremur var nauðsynlegt að öflug heildarstjórn mótaði áætlunina og skipulag hennar og beindi hinni faglegu vinnu í réttan farveg en stæði jafnframt fyrir samráði og kynningu með skipulegum hætti. Samkvæmt þessu var skipulagið þríþætt; verkefnisstjórn, faghópar og samráðsvettvangur.

1. Verkefnisstjórn.

Helstu faglegu verkefni stjórnarinnar voru þessi:

- Að skilgreina og afmarka viðfangsefnið og setja því meginramma.
- Að fjalla um tillögur faghópanna um gagnaöflun og rannsóknarþörf og gera í ljósi þeirra tillögur til iðnaðarráðuneytisins.
- Að móta verkreglur fyrir starf faghópanna, einkum hvað varðar stigagjöf þeirra vegna einstakra orkuverkefna og fylgjast með starfi þeirra.
- Að finna og skilgreina aðferðir til að meta orkukostina í heild á grundvelli stigagjafar faghópanna.
- Að vinna úr niðurstöðum faghópanna og flokka virkjunarkostina á grundvelli stigagjafar faghópanna.

Á það var lögð áhersla að það ætti að vera hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að standa fyrir rannsóknum vegna viðfangsefnisins og veita verkefnisstjórninni öflugan faglegan bakgrunn. Þar yrði Orkustofnun bakhjarl verkefnisstjórnarinnar á sviði orkumála og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt Náttúruvernd ríkisins í málum sem varða náttúrufar og mat á verndargildi.

Iðnaðarráðherra skipaði í samráði við umhverfisráðherra 16 einstaklinga í verkefnisstjórnina. Formaður hennar var Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi háskólarektor en aðrir stjórnarmenn voru:

Einar Bollason framkvæmdastjóri,
Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur, Náttúruvernd ríkisins,
Guðrún Zoëga verkfræðingur,
Haukur Jóhannesson, forseti Ferðafélags Íslands, formaður faghóps II,
Helgi Bjarnason verkfræðingur, síðar skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu,
Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu,
Jón Helgason, formaður Landverndar,
Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu,
Jón Gunnar Ottósson forstjóri, Náttúrufræðistofnun Íslands,
Jónas Elíasson, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði,
Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, Þjóðhagsstofnun, form. faghóps III,
Vilborg Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri,
Þorkell Helgason orkumálastjóri, formaður faghóps IV,
Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins,
Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði, formaður faghóps I.

Hér er starfsheitum haldið eins og þau voru við skipun í stjórnina vorið 1999. Í febrúar 2000 hvarf Jón Ingimarsson til starfa á öðrum vettvangi. Helgi Bjarnason tók þá við starfi hans hjá iðnaðarráðuneytinu og sæti hans í verkefnisstjórn en í sæti Helga var skipaður Þorsteinn Tómasson í maí 2000.

Hákon Aðalsteinsson, yfirverkefnisstjóri rannsóknarverkefna og áætlana vegna rammaáætlunarinnar á Orkustofnun, var verkefnisstjórn og formanni hennar til aðstoðar. Formaður verkefnisstjórnar sá um allan fjárhag vegna verkefnisins sem deildarstjóri auðlindadeildar Orkustofnunar. Formaður verkefnisstjórnar og skrifstofustjórar iðnaðarog umhverfisráðuneytanna gegndu starfi framkvæmdanefndar milli funda verkefnisstjórnarinnar.

Verkefnisstjórnin hélt eigin fundi að jafnaði í hverjum mánuði og boðaði til almennra samráðsfunda eftir því sem þurfa þótti til að veita upplýsingar um stöðu verkefna og leita eftir ábendingum og athugasemdum. Slíkir fundir voru haldnir víða um landið til að gefa sem flestum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

2. Faghópar.

Hlutverk faghópanna var að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli. Hóparnir áttu að meta virkjunarkostina og gera tillögur til verkefnisstjórnarinnar. Gert var ráð fyrir að í faghópunum yrðu sérfræðingar á viðkomandi sviði.

Faghópur I: Náttúrufar og minjar.

Verkefni:

Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á landslag, jarðmyndanir, gróður, dýralíf, einkum fuglalíf og hreindýr, og minjar.

Formaður:

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði.

Þátttaka:

Leitað var eftir tilnefningum frá þessum aðilum: Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Líffræðistofnun HÍ, Veiðimálastofnun, Náttúruverndarráði, Þjóðminja-

safni, Arkitektafélagi Íslands, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Sól í Hvalfirði og Umhverfissamtökum Íslands.

Þessir aðilar voru skipaðir auk formanns:

Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Eyþór Einarsson, Freysteinn Sigurðsson, Gísli Már Gíslason, Guðrún Jónsdóttir, Helgi Torfason, Hilmar Malmquist, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Jón Baldur Sigurðsson, Ragnheiður Traustadóttir, Sigmundur Einarsson, Sigurður Már Einarsson og Trausti Baldursson. Helgi Torfason kom í stað Sigmundar Einarssonar. Þeir voru báðir tilnefndir af Náttúrufræðistofnun. Ragnheiður Traustadóttir kom í stað Guðmundar Jónssonar sem áður kom í stað Birnu Gunnarsdóttur sem upphaflega var tilnefnd af Þjóðminjasafninu.

Faghópur II: Útivist og hlunnindi.

Verkefni:

Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á útivist sem tómstundagaman, landbúnað, landgræðslu og skógrækt, lax- og silungsveiðar og skotveiðar.

Formaður:

Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur, forseti Ferðafélags Íslands.

Þátttaka:

Leitað var eftir tilnefningum frá þessum aðilum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands, útivistarsamtökum, Ferðafélagi Íslands, Útivist, Háskóla Íslands (landfræðiskor), Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun, Veiðistjóra, Náttúruvernd ríkisins, Ungmennafélagi Íslands.

Þessir aðilar voru skipaðir auk formanns:

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Áki Ármann Jónsson, Eiríkur Þormóðsson, Guðmundur Gunnarsson, Guðni Guðbergsson, Karl Ingólfsson, Kristín Svavarsdóttir, Ólafur Arnalds, Ólafur R. Dýrmundsson, Sigurður Aðalsteinsson, Stefán Benediktsson og Þór Þorfinnsson.

Faghópur III: Þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun.

Verkefni:

Að meta hvaða áhrif það hefur á aðra atvinnustarfsemi, þ.m.t. ferðamennsku, að nýta virkjunarkostina. Einnig að meta langtímaáhrif þess á efnahag, atvinnulíf og byggðaþróun að nýta orkulindirnar.

Formaður:

Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur, Þjóðhagsstofnun.

Þátttaka:

Leitað var eftir tilnefningum frá þessum aðilum: Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Þjóðhagsstofnun, Fjárfestingarstofunni – orkusviði, Háskólanum á Akureyri, Ferðamálaráði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Félagi leiðsögumanna, ASÍ, Samtökum iðnaðarins, VSÍ (nú Samtökum atvinnulífsins), Verkfræðingafélagi Íslands.

Þessir aðilar voru skipaðir auk formanns:

Birgir Jónsson, Garðar Ingvarsson, Grétar Þór Eyþórsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir, Jóhannes Pálsson, Katrín Ólafsdóttir, Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Málfríður Kristjánsdóttir, Ólafur Kjartansson, Óskar Maríusson, Rannveig Sigurðardóttir, Smári Geirsson og Þorleifur Þór Jónsson.

Faghópur IV: Orkulindir.

Verkefni:

Að skilgreina þá kosti sem fyrir hendi kunna að vera til að nýta vatnsorku og jarðhita til raforkuvinnslu, meta afl, orkugetu og líklegan orkukostnað hvers þeirra og forgangsraða þeim eftir hagkvæmni. Hér er að mörgu leyti um að ræða framhald á vinnu vegna skýrslu iðnaðarráðuneytisins um innlendar orkulindir til raforkuvinnslu 1994 [6]. Þessi faghópur var leiðandi að því leyti að hann skilgreindi hugsanlega virkjunarkosti sem aðrir faghópar tóku síðan afstöðu til.

Formaður:

Þorkell Helgason, stærðfræðingur, orkumálastjóri.

Þátttaka:

Leitað var eftir tilnefningum frá þessum aðilum: Orkustofnun, Samorku (2 fulltrúar), Landsvirkjun, Samtökum sveitarfélaga (2 fulltrúar).

Þessir aðilar voru skipaðir auk formanns:

Agnar Olsen, Alfreð Þorsteinsson, Franz Árnason, Haukur Tómasson, Júlíus Jónsson og Valgerður Hrólfsdóttir sem starfaði með hópnum þar til hún lést um mitt ár 2001.

3. Samráðs- og ráðgjafarvettvangur.

Brýnt þótti að rammaáætlunin nyti trausts úti í samfélaginu. Því var talið mikilvægt að hafa öflugt samráð meðan að henni væri unnið og efna til funda með hópum hagsmunaaðila og almennra funda. Jafnframt þótti mikilvægt að opna heimasíðu fyrir verkefnið þannig að almenningur gæti fylgst með framvindu þess og komið sjónarmiðum á framfæri. Til að undirstrika enn frekar hæfilegan aðskilnað frá verkefnisstjórninni var ákveðið að óska eftir því við Landvernd að samtökin önnuðust samráðsvettvanginn.

Þessir samráðsaðilar verkefnisstjórnarinnar voru nefndir í greinargerð iðnaðarráðherra:

Stjórnvöld, Samtök sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga, stjórnmálaflokkar, fjölmiðlar, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Bændasamtök Íslands, Félag leiðsögumanna, Hitaveita Suðurnesja, Landgræðsla ríkisins, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráð (lagt niður 2001), Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Veiðistjóri. Arkitektafélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag leiðsögumanna, Hið ísl. náttúrufræðafélag, Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, ASÍ og aðildarfélög, VSÍ og aðildarfélög. Ferðafélag Íslands, ferðafélög og ferðamálasamtök í landshlutunum, Landvernd, Landssamband hestamannafélaga, Landssamband stangveiðifélaga, Landssamband veiðifélaga, Náttúruverndarsamtök í landshlutunum, s.s. Naust, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi og Samtök um verndun hálendisins norðan Vatnajökuls, Náttúruverndarsamtök Íslands, Skotveiðifélag Íslands, Sól í Hvalfirði, Umhverfissamtök Íslands, Ungmennafélag Íslands, Útivist, önnur útivistarsamtök, 4x4 klúbburinn.

1.3 Gangur verkefnisins.

Í mynd 1.1 er að finna yfirlit yfir helstu verkþætti og tímaferli þeirra.

Þegar verkefnisstjórnin hóf störf vorið 1999 setti hún sér það markmið að ljúka 1. áfanga áætlunarinnar í ársbyrjun 2003 með mati og samanburði á 20–25 virkjunarkostum vatnsafls og jarðvarma. Þar yrði fjallað um helstu kosti á virkjun vatnsafls í jökulám á hálendinu og jarðvarma á háhitasvæðum nærri byggð.

Nokkur umræða varð um hvort meta ætti allar virkjunarhugmyndir eða undanskilja einhverjar þeirra. Verkefnisstjórnin leitaði álits iðnaðarráðherra með bréfi 6. mars 2000 og hann svaraði með bréfi 26. maí. Þar kom fram sú skoðun ráðuneytisins að almennt bæri

„... ekki að undanskilja neinar þær virkjunarhugmyndir sem hafa á undanförnum áratugum verið til skoðunar hjá Orkustofnun og áður embætti raforkumálastjóra, svo og hin síðustu ár einnig hjá Landsvirkjun, og einhver haldbær gögn liggja fyrir um að geti verið raunhæfir virkjunarkostir í framtíðinni.“

Hins vegar var ekki talið eðlilegt að fjalla um virkjunaráform sem bæði Alþingi og ráðherra hefðu heimilað (þá Fljótsdalsvirkjun og stækkun Búrfellsvirkjunar). Í sama streng tók umhverfisráðherra í bréfi sínu til verkefnisstjórnar 26. maí. Í ljósi þessa undirbjó verkefnisstjórnin mat á virkjunarhugmyndum í Jökulsá á Dal en gerði ekki ráð fyrir mati á hugmyndum um virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Þegar Landsvirkjun ákvað síðar að stefna að virkjun beggja ánna með Kárahnjúkavirkjun varð að ráði að sú virkjunarhugmynd yrði metin og Fljótsdalsvirkjun til samanburðar.


Verkefnisstjórnin ræddi einnig hvort taka ætti til umfjöllunar hugsanlegar virkjunarhugmyndir sem hefðu áhrif á friðlýst svæði eða mikilvæg náttúruvætti svo sem Gullfoss, Dettifoss eða Geysi. Hún taldi rétt að slíkir kostir yrðu teknir með til samanburðar þótt ekki væri skynsamlegt að eyða miklu fé í áætlanir þeim tengdar. Treysta yrði því að matsaðferðir skiluðu þeirri umsögn um áhrif virkjana sem þessum stöðum bæri.

Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja létu Orkustofnun í té gögn um þær virkjunarhugmyndir sem þær hafa undirbúið. Þar var mat á náttúrufarsgildum og áhrifum í flestum tilvikum byggt á skýrslum um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi virkjana en þær eru mun ítarlegri en skýrslur um aðrar virkjanir sem eru skemmra komnar í undirbúningi. Orkustofnun reiddi fram eldri gögn um aðrar virkjanir úr sínum fórum og stýrði undirbúningsrannsóknum þar sem gögn skorti. Náttúrufræðistofnun Íslands gegndi hins vegar lykilhlutverki í rannsókn á náttúrufari virkjunarsvæðanna og studdist þar m.a. við eldri gögn í fórum stofnunarinnar. Vatnamælingar Orkustofnunar önnuðust öflun gagna um rennsli og aurburð og margar verkfræði- og ráðgjafarstofur tóku þátt í gerð frumáætlana um virkjanir.

Eitt fyrsta verkefni stjórnarinnar var að hrinda af stað gagnaöflun fyrir matsferlið, bæði um virkjunarhugmyndirnar sjálfar og náttúrufar viðkomandi svæða. Í tengslum við það verkefni tók Náttúrufræðistofnun að sér að vinna tilraunaverkefni sem miðaði að því að þróa aðferðir til að skrá og meta náttúruverndargildi fyrirhugaðra virkjunarsvæða [12, 13].

Áður en vinna við mat á mismunandi virkjunarkostum hófst snerist starf verkefnisstjórnar og faghópa um þróun aðferða sem beita mætti í matinu og um val á viðföngum og viðmiðum. Áhersla var lögð á skýrt og gagnsætt verklag og vinnureglur. Opin umfjöllun um aðferðafræðina var víðtæk með opnum málþingum og sérstökum fundum með orkufyrirtækjum og stofnunum sem málið varðar sérstaklega. Lýsingu á aðferðafræði faghópa er að finna í 3. kafla þessarar greinargerðar og í viðaukum b3 til b6.

Gögn um virkjunarkosti voru lögð fyrir fjóra faghópa verkefnisstjórnar. Þeir mátu gögnin hver frá sínum sjónarhóli og skiluðu niðurstöðum til verkefnisstjórnar. Samantekt á helstu niðurstöðum faghópa er sýnd í töflum í 5. kafla ásamt túlkun verkefnisstjórnar með skýringarmyndum.



Mynd 1.1 Verkferli við 1. áfanga rammaáætlunar

1.4 Tilraunamat 2002.

Sumarið 2000 óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því að verkefnisstjórnin flýtti mati og samanburði á virkjunarkostum í jökulám sem bera mætti saman við Kárahnjúkavirkjun. Verkefnisstjórnin taldi gerlegt að skila bráðabirgðaáliti með slíkum samanburði í byrjun árs 2002, þó með þeim fyrirvara að fleiri sumur þyrfti til að ljúka rannsóknum á náttúrufari sumra virkjunarsvæðanna. Þar yrði í fyrstu að styðjast við eldri gögn um náttúrufar og frumáætlanir um virkjanir sem endurskoðaðar yrðu á árinu 2002 áður en til endanlegs mats kæmi í ársbyrjun 2003. Verulega vinnu þyrfti einnig við skilgreiningu á þeim verðmætum og áhrifum virkjana sem meta skyldi og bera saman. Því yrði að líta á þetta mat og samanburð sem tilraun með þau viðföng og viðmið sem faghópar og verkefnisstjórn veldu til samanburðar og þær aðferðir sem beitt yrði til að vega saman óskylda þætti í heildarsamanburði.

Til þessa tilraunamats voru valdir virkjunarkostir í Austari- og Vestari-Jökulsá í Skagafirði, Skjálfandafljóti, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal, Jökulsá á Fljótsdal, Skaftá, Hólmsá og Markarfljóti. Einnig veita úr Skaftá um Langasjó í Tungnaá og veita Þjórsár frá Norðlingaöldu í Þórisvatn, alls 15 kostir. Þetta úrtak náði til flestra stærstu virkjunarkostanna í jökulám og gera má ráð fyrir að í hópnum séu einnig flestir hagkvæmustu kostirnir. Úrtakið er hins vegar ekki dæmigert fyrir heild allra virkjunarhugmynda um vatnsafl. Enn fremur vantaði samanburð við jarðvarmavirkjanir.

Niðurstöður tilraunamatsins voru kynntar með skýrslu í apríl 2002 [14]. Þar var að finna lýsingu á aðferðafræði allra faghópa og niðurstöður faghópa I, II og IV um 15 vatnsaflsvirkjanir en niðurstöður faghóps III um efnahagsleg áhrif voru ekki tiltækar fyrr en með greinargerð um tilraunamat á 10 virkjunarkostum haustið 2002 [15]. Þótt upphaflegur tilgangur tilraunamatsins hafi verið að fá samanburð við Kárahnjúkavirkjun var tilraunamatið ekki síður gert til að kynna þær aðferðir sem faghóparnir höfðu þróað og kalla eftir leiðbeinandi gagnrýni sem nýst gæti við endanlegt mat. Við þróun aðferða og framkvæmd matsins var lögð áhersla á gegnsæi svo að hver sem áhuga hefur geti rakið hvernig matið var unnið og fengið skýringar á þeim ályktunum sem af því eru dregnar.

Landsvirkjun skipaði sérstakan starfshóp sem fól Sigurði St. Arnalds hjá Hönnun hf. að setja saman álitsgerð um aðferðir og niðurstöður tilraunamatsins [16]. Í henni var lögð áhersla á að rammaáætlun væri ætlað að fjalla um virkjunaráætlanir framtíðarinnar og leggja mat á og flokka þá kosti en ekki að fjalla um kosti líðandi stundar sem aðra og umfangsmeiri umfjöllun hljóta á öðrum vettvangi. Sú aðferðafræði, sem faghópar I og II beittu, var talin í meginatriðum skynsamleg en fram voru settar gagnlegar ábendingar og athugasemdir. Frá Héraðsvötnum ehf. barst athugasemd við mat faghóps III á áhrifum Villinganesvirkjunar á ferðaþjónustu í formi fljótareiðar [17]. Gerð var athugasemd við áætlan tekjumissi ferðaþjónustu og þá framsetningu að bera hugsanlegar vergar tekjur af ferðaþjónustu saman við hagnað af virkjunum. Verkefnisstjórnin svaraði Héraðsvötnum ehf. með bréfi [18].

1.5 Kostnaður.

Kostnaður við 1. áfanga rammaáætlunar var borinn af Orkusjóði, fjárveitingum til Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja [19]. Framlög Orkusjóðs til undirbúnings að rammaáætlun hafa verið með þeim hætti að Orkusjóður hefur fengið fjárveitingu á fjárlögum sem á rætur að rekja til þess að Landsvirkjun var á árinu 1998 gert að endurgreiða útlagðan rannsóknakostnað ríkisins vegna undirbúnings Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við ákvæði orkulaga. Orkusjóður hefur svo veitt Orkustofnun þetta fé sem styrk til að standa undir kostnaði við undirbúning að rammaáætluninni. Styrkurinn hefur numið 50 m.kr. á ári

frá 1999 (75 m.kr. 2001). Jafnframt hefur Orkustofnun beint hluta af fjárveitingu sinni á hverju ári til að kosta vinnu við áætlunina og verkefni sem henni tengjast. Það framlag nam 23 m.kr. 1999, 38-39 m.kr. á ári 2000 til 2002 og mun nema um 43 m.kr. á þessu ári.

Í töflu 1.1 er dreginn saman kostnaður sem bókaður hefur verið hjá Orkustofnun. Þar er þó aðeins fjallað um kostnað þeirra verkefna sem unnin voru á vegum Orkustofnunar fyrir framlög Orkusjóðs eða hluta fjárveitingar til Orkustofnunar, stundum með þátttöku Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Í fyrstu tveimur dálkunum er sýndur kostnaður verkþátta eins og hann var bókaður hjá Orkustofnun. Í næstu þremur dálkum eru sýnd framlög Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur til þessara verkþátta en sá kostnaður er ekki í bókhaldi Orkustofnunar. Auk þess lagði Náttúrufræðistofnun fram verulegan skerf af eigin fjárveitingu til náttúrufarsrannsókna og orkufyrirtækin með undirbúningsrannsóknum á þeim virkjunarkostum sem komnir eru á þeirra hendur. Í mörgum tilvikum gátu þau lagt fram gögn sem aflað hafði verið til mats á umhverfisáhrifum virkjunar og voru mun ítarlegri en frummat á vegum rammaáætlunar þarfnast. Ekki er gerð tilraun hér til að meta þennan kostnað.

Í töflu 1.1 sést að mestu fé hefur verið varið til náttúrufarsrannsókna eða 198 m.kr. rannsóknar háhitasvæða 71 m.kr., rennslisgagna 59 m.kr., verkfræðiáætlana 38 m.kr. og kortagerðar 29 m.kr. Vinna verkefnisstjórnar og faghópa hefur kostað um 23 m.kr., annar kostnaður við fundi og ferðir þeirra 14 m.kr. og sérverkefni 11 m.kr. Vinna og útlagður kostnaður Landverndar í aðstoð við verkefnisstjórn og faghópa og við rekstur vefsíðu, kynningarfundi og ferðir verkefnisstjórnar og faghópa nema 18,5 m.kr. Vinna starfsmanna Orkustofnunar deilist á flesta þessa verkþætti. Kostnaður, sem nú er greiddur eða skuldbundinn, nemur alls 543 m.kr. Til að ljúka lokaúrvinnslu og ritun á skýrslum Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar á virkjunarsvæðum 1. áfanga skortir 10 m.kr. og kostnaður við útgáfu og kynningu á niðurstöðum 1. áfanga er áætlaður 2,1 m.kr. Í heild nemur kostnaður við 1. áfanga 555 m.kr.

Tafla 1.1 Kostnaður verkþátta vegna undirbúnings 1. áfanga rammaáætlunar.[1]

Verkþáttur	Orkusjóður þ.kr.	OS þ.kr.	NÍ þ.kr.	LV þ.kr.	OR þ.kr.	Alls þ.kr.
Kortagerð	23.392	2.929		3.150		29.471
Náttúrufar	129.635	15.386	37.800	15.000		197.821
Rennslisgögn	10.417	47.786		500		58.703
Ferðarannsókn	8.215					8.215
Verkfræðiáætlanir	26.005	12.324				38.329
Virkjunarskýrslur	10.350					10.350
Háhitasvæði	20.637	37.814	4.200	4.000	4.000	70.651
Fundir verkefnisstjórnar og faghópa	13.653					13.653
Vinna verkefnisstjórnar og faghópa	23.186					23.186

[1] Í fyrstu tveimur dálkunum er sýndur kostnaður verkþátta eins og hann var bókaður hjá Orkustofnun. Í næstu þremur dálkum eru sýnd framlög Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur til þessara verkþátta en sá kostnaður er ekki í bókhaldi Orkustofnunar. Auk þess lögðu þessir aðilar fram gögn til afnota við gerð rammaáætlunar en kostnaður við öflun þeirra hefur ekki verið metinn.

Verkþáttur	Orkusjóður þ.kr.	OS þ.kr.	NÍ þ.kr.	LV þ.kr.	OR þ.kr.	Alls þ.kr.
Sérverkefni fyrir verkefnisstjórn og faghópa	8.934	1.886				10.820
Landvernd, skrifstofuþjónusta og samráðsvettvangur	18.502					18.502
Vinna starfsmanna OS		63.561				63.561
Alls skuldbundið	**292.926**	**181.686**	**42.000**	**22.650**	**4.000**	**543.262**
Lokaúrvinnsla og ritun skýrslna um náttúrufar	10.000					
Útgáfa og kynning á niðurstöðum 1. áfanga	2.100					
Kostnaður við 1. áfanga	**305.026**	**181.686**	**42.000**	**22.650**	**4.000**	**555.362**

1.6 Annað.

Til þess að bæta upplýsingar um þá virkjunarkosti sem Landsvirkjun hefur undirbúið bauð hún faghópum rammaáætlunar til kynningarfunda og var það boð þegið. Svipaðir kynningarfundir voru einnig haldnir í boði Rafmagnsveitna ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.

Skilgreiningu og lýsingu á þeim virkjunarhugmyndum, sem teknar voru til mats í 1. áfanga rammaáætlunar, er að finna í viðauka a1 (vatnsaflsvirkjanir) og a2 (jarðvarmavirkjanir). Yfirlitskort yfir virkjunarsvæðin er hins vegar birt sem mynd 1.2. aftan við þennan kafla. Kort af virkjunarsvæðum 1. áfanga er að finna í viðaukum a.

1.7 Heimildir.

[1] Haukur Tómasson og Hákon Aðalsteinsson 1991. *Vatnsorkulindir landsins, átak í grunnrannsóknum.* Erindi flutt á ársfundi Orkustofnunar 1991, bls. 45–49.

[2] *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.* Iðnaðarráðuneytið maí 1994, 153 bls.

[3] Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Guðmundur Ingi Haraldsson og Gísli Karel Halldórsson 1985. *Mat á jarðvarma Íslands.* Orkustofnun. OS-85076/JHD- 10, 134 bls.

[4] Sveinbjörn Björnsson 2001. *Orkulindir og umhverfi – rammaáætlun.* Erindi flutt á Orkuþingi 2001, bls. 89–95.

[5] Kristján Þórarinsson, Einar Þórarinsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson og Björn Ingvarsson 1993. *Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun).* Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO), 120 bls.

[6] Anna Dóra Sæþórsdóttir 1998. *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku.* Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Landsvirkjun, 118 bls.

[7] *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.* Framkvæmdaáætlun til aldamóta. Ríkisstjórn Íslands 1997.

[8] *Samlet Plan for Vassdrag,* Hovedrapport, Miljöverndepartementet 1984.

[9] *Rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið.* Frásögn af kynnisferð 23.–26. nóv. 1998. Orkustofnun og Náttúruvernd ríkisins, 8 bls.

[10] *Rammaáætlun um virkjanir og verndarviðmið.* Drög að skipulagi. Orkustofnun, 6 bls., des. 1998.

[11] *Maður – nýting – náttúra.* Greinargerð iðnaðarráðherra 8. mars 1999.
[12] Sigmundur Einarsson, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Sigurður H. Magnússon 1999. *Verndargildi virkjunarsvæða. Áfangaskýrsla.* Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99020, 15 bls.
[13] Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Jón Gunnar Ottósson 2000. *Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla.* Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00009, 220 bls. og kort.
[14] *Tilraunamat á 15 virkjunarkostum í vatnsafli.* Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, apríl 2002, 16 bls. + 41 bls. viðauki.
[15] *Tilraunamat á 10 virkjunarkostum.* Greinargerð faghóps III á vegum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, október 2002, 16 bls.
[16] Sigurður St. Arnalds, Hönnun hf. *Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.* Álitsgerð fyrir Landsvirkjun, 10.1.2003, 10 bls.
[17] *Athugasemdir við tilraunamat faghóps III vegna Villinganesvirkjunar.* Héraðsvötn ehf., 20.1.2003, 2 bls.
[18] *Svarbréf verkefnisstjórnar rammaáætlunar til Héraðsvatna ehf.,* 20.5.2003.
[19] *Greinargerð um útgjöld vegna 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.* Orkustofnun, ágúst 2003, 7 bls.


Skýringar
Mynd 1.2
Mörkunarlón og jarðhitasvæði virkjanahugmynda sem fjallað er um í 1. áfanga rammaáætlunar

2 Rannsóknir og önnur gagnaöflun.

2.1 Gagnaöflun.

Eins og fram kom í greinargerð iðnaðarráðherra *„Maður – nýting – náttúra“* [1] var það hlutverk verkefnisstjórnar að skilgreina og afmarka viðfangsefnið og setja því meginramma. Hún átti að fjalla um tillögur faghópanna um gagnaöflun og rannsóknarþörf og gera í ljósi þeirra tillögur í því efni til iðnaðarráðuneytisins. Það var hins vegar hlutverk viðkomandi stofnana, einkum Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að standa fyrir rannsóknum vegna viðfangsefnisins og veita verkefnisstjórninni öflugan faglegan bakgrunn. Þar yrði Orkustofnun bakhjarl verkefnisstjórnarinnar á sviði orkumála og Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt Náttúruvernd ríkisins í málum sem varða náttúrufar og mat á verndargildi.

Þar sem framlög Orkusjóðs til undirbúningsrannsókna virkjana í tengslum við rammaáætlun runnu til Orkustofnunar kom það í hennar hlut að semja um rannsóknir við verktaka. Sumar þeirra voru að frumkvæði verkefnisstjórnar, aðrar að frumkvæði Orkustofnunar sjálfrar, enda beindi hún einnig hluta af fjárveitingu sinni til þessara verkefna. Í mörgum rannsóknarverkefnum var samið um þátttöku orkufyrirtækja, einkum Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig tóku þær rannsóknarstofnanir, sem önnuðust stærstu rannsóknarverkefnin, einkum Náttúrufræðistofnun, á sig umtalsverðan hluta vegna gildis verkefnanna fyrir eigin viðfangsefni.

Að ráðum Orkustofnunar valdi verkefnisstjórnin að meta í 1. áfanga rammaáætlunar virkjunarhugmyndir í jökulám á hálendinu og á háhitasvæðum nærri byggð. Þetta val var eðlilegt þar sem þessar hugmyndir eru lengst komnar í undirbúningsrannsóknum og því voru gögn um þær aðgengileg hjá orkufyrirtækjum og Orkustofnun. Auk hefðbundinna undirbúningsrannsókna á orkulindinni og bestu tilhögun virkjunar þurfti að þróa aðferðir til að lýsa verðmætum náttúrufars á virkjunarsvæðum og meta gildi þeirra fyrir útivist og ferðaþjónustu. Orkustofnun tók frumkvæði, í samráði við Náttúrufræðistofnun, um skilgreiningu verkefna í náttúrufarsrannsóknum og gerði samninga við rannsóknaraðila sem verktaka um þessi verkefni. Faghópar II og III völdu úr sínum röðum umsjónarhóp með ferðarannsóknum sem verktaki á vegum Orkustofnunar annaðist.

Verkefnisstjórnin beindi sinni orku að vali og þróun aðferða til mats á virkjunarhugmyndum eftir tillögum sem faghóparnir lögðu fram. Á sumum sviðum þurftu faghópar að þróa sjálfir kerfi og aðferðir til mats. Faghópur I lagði t.d. mikla vinnu í skilgreiningu og flokkun landslags þar sem erfitt var að fara eftir erlendum viðmiðum vegna séríslenskra aðstæðna. Þessum þætti eru gerð skil í lýsingu á aðferðafræði faghópsins í viðauka b3.

Hér fer á eftir lýsing Orkustofnunar á þeim rannsóknum sem fram fóru á hennar vegum.

2.2 Rannsóknir á vegum Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur um áratugaskeið unnið að rannsóknum á þeim orkulindum sem eru fólgnar í rennandi vatni og jarðhita. Hún hefur m.a. látið gera nákvæm landakort af stórum landsvæðum, einkum á hálendinu. Einhverjar jarðfræðirannsóknir hafa verið stundaðar á flestum stærri virkjunarsvæðum landsins. Vatnamælingar hafa verið stundaðar í öllum helstu ám landsins. Stofnunin hefur látið gera frumáætlanir um virkjun í mörgum af stærstu ám landsins og almennar rannsóknir á náttúrufari í tengslum við þær til að átta sig á helstu umhverfisáhrifum væntanlegra framkvæmda. Margar af þessum áætlunum voru komnar til ára sinna enda hefur tækni fleygt fram og reynsla fengist af hönnun og mannvirkjagerð. Mat á náttúrufarsgildi hafði um of verið persónubundið en síður kerfisbundið og tengt skýrum viðmiðum. Eldri gögn eru almennt ekki tölvutæk. Nú eru flest gögn unnin í tölvum og tæki og

grunngögn, sem tengdust fyrri vinnubrögðum, því óðum að úreldast. Við þessu varð að bregðast, m.a. með nýrri kortagerð sem byggist á litloftmyndum.

Orkustofnun sinnir rannsóknum á svonefndu forathugunarstigi. Í því felst leit að heppilegum og hagkvæmum leiðum til að nýta tiltekin náttúrufarsleg skilyrði til virkjunar. Orkufyrirtækin taka síðan við að þróa þessar hugmyndir og útfæra nánar og þau eru ábyrg fyrir endanlegri útfærslu og gera grein fyrir áhrifum einstakra þátta virkjunarinnar á umhverfið. Þetta er þróun þar sem nákvæmni á öllum sviðum undirbúnings eykst eftir því sem nær dregur framkvæmdum.

Forathugun á háhita til orkuvinnslu felst í yfirborðsrannsóknum þar sem nýtt er sú þekking sem afla má án borana til að átta sig á hugsanlegum vinnslueiginleikum viðkomandi svæðis. Það er ekki fyrr en með borunum sem úr því fæst skorið endanlega hvort svæðið hentar til raforkuframleiðslu og erfitt er að leggja fram hugmyndir um staðsetningu mannvirkja fyrr en vitað er hvar gufan verður unnin úr jarðhitageyminum. Orkustofnun hefur unnið að rannsóknum á forathugunarstigi á fjölmörgum háhitasvæðum og úr þeim þekkingarbrunni var veitt inn á svonefndan háhitavef Orkustofnunar þar sem fá má yfirlit um fyrirbæri á yfirborði sem tengjast háhitasvæðum og lýsingu á þeim háhitasvæðum sem tekin eru fyrir og eiginleikum þeirra.

2.2.1 Náttúrufar og verndargildi.

Þær rannsóknir, sem unnar hafa verið vegna undirbúnings rammaáætlunar, varða annars vegar gróðurfar og dýralíf á þurrlendi og samantekt gagna um straumvötn og stöðuvötn og hins vegar kortlagningu á jarðfræði og landslagseinkennum sem rekja má til framrásar og hörfunar jökla. Um almenna jarðfræði og berggerð er fyrst og fremst vísað til fyrirliggjandi þekkingar sem almennt er talin þokkaleg, a.m.k. samanborið við marga aðra náttúrufarsþætti.

2.2.2 Lífríki þurrlendis.

Leitað var til Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að gagnaöflun vegna þessa þáttar. Náttúrufræðistofnun lagði áherslu á að í þessum efnum yrði annars vegar byggt á þeirri leiðsögn sem felst í lögum um náttúruvernd og hins vegar á alþjóðlegum viðmiðum sem yrðu löguð að íslenskum aðstæðum [2; bls. 129–136].

Orkustofnun og Náttúrufræðistofnun lögðu áherslu á að rannsóknir yrðu skipulagðar þannig að gott yfirlit fengist um virkjunarsvæðin í heild, ekki einungis viðkomandi mannvirkjasvæði. Náttúrufræðistofnun taldi að það yrði best gert með flokkun lands í vistgerðir þar sem stuðst væri við alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði. Sú flokkun yrði byggð á gróðurflokkun á gróðurkortum. Gróðurkort voru til af flestum virkjunarsvæðunum en flest komin til ára sinna og ekki talið öruggt að þau stæðust tímans tönn. Það á við um aðferðir við flokkun og nákvæmni og auk þess mátti búast við að víða hefðu orðið einhverjar breytingar á gróðurfari og þekju gróðurs.

Vinnsla gróðurkorta hófst á sjötta áratug síðustu aldar. Þau voru í upphafi unnin á svarthvítar loftmyndir og færð handvirkt á kortagrunn sem byggðist á kortum bandaríska herforingjaráðsins í mælikvarða 1:50.000 með 20 m hæðarlínum. Nú er öll kortagerð unnin á tölvu, öll afmörkun gróðurlenda hnitsett og eigindi skráð í landupplýsingakerfi. Það varð sameiginleg niðurstaða Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar að nauðsynlegt væri að endurskoða gróðurkortin í tengslum við tölvutekt þeirra. Til þess að það væri hægt þurfti að afla nýrra litloftmynda og gera upprétt myndkort. Enn fremur var talið nauðsynlegt að skilgreina tilraunaverkefni til að laga vistgerðaflokkun að íslenskum aðstæðum. Landsvirkjun hafði látið gera myndkort af virkjunarsvæði á Hofsafrétt og allstóru svæði við fyrirhugað Hálslón við

Kárahnjúka. Orkustofnun hafði þá þegar látið tölvutaka gróðurkort af Hofsafrétt og Landsvirkjun að hluta af lónstæðum við jökulárnar norðan Vatnajökuls og auk þess voru þau kort nýleg og frá upphafi unnin yfir á nákvæmari kortagrunn en almennt gerðist.

Sumarið 1999 var því hægt að hefja vinnu við vistgerðaflokkun á Hofsafrétt og við fyrirhugað Hálslón. Sem fyrr segir var það skilgreint sem tilraunaverkefni og unnið af Náttúrufræðistofnun samkvæmt samningi við Orkustofnun og Landsvirkjun [2]. Markmið verkefnisins var að móta verklag við skráningu náttúrufars á virkjunarsvæðum til að meta umhverfisáhrif og setja fram tillögu um verndarviðmið sem beita mætti til að meta verndargildi virkjunarsvæða. Jafnframt sömdu Orkustofnun og Landsvirkjun að undangengnu útboði við Loftmyndir ehf. og Ísgraf ehf. um gerð myndkorta af um 8.000 km² lands á hálendinu, þ.e. á öllum þeim virkjunarsvæðum sem áætlað var að taka fyrir í 1. áfanga (sjá mynd 2.1).

Vinnulagið við vistgerðaflokkun er þannig:

1. Gróðurkort tölvutekin og yfirfærsla þeirra á kort endurskoðuð.
2. Farið er á viðkomandi svæði og gróðurflokkun endurskoðuð.
3. Ný gróðurkort gerð og flokkuð í tilgátuvistgerðir.
4. Farið á viðkomandi svæði og tilgátur sannreyndar.
5. Gerð vistgerðakorta.

Vistgerðirnar eru byggðar á gróðurfari en jafnframt er kannað hvort sú flokkun falli að einkennum í smádýra- og fuglafánu svæðanna. Niðurstaðan er sú að gróðurvistgerðirnar falla vel að samsvarandi flokkun fyrir smádýr og fugla og var ákveðið að beita þessari nálgun við skráningu á náttúrufari annarra fyrirhugaðra virkjunarsvæða. Vegna þessarar samsvörunar á milli gróðurs og dýralífs í vistgerðaflokkuninni var talið réttlætanlegt að fækka nokkuð þeim svæðum þar sem nákvæm greining er gerð á smádýralífi. Á hverju virkjunarsvæði eru valin eitt til tvö 100–150 km² stór undirsvæði þar sem gróðurfar og dýralíf eru könnuð nánar, bæði hvað varðar tegundir og þekju þeirra. Þessi svæði eru valin þannig að lónstæði virkjana falla innan þeirra en svæðin eru venjulega 5–10 sinnum stærri en lónstæðin. Með þessu fæst nákvæm athugun á lónstæðum og stórum grannsvæðum og heildarmynd af vistgerðum á enn stærra svæði.

Á eftirfarandi svæðum er rannsóknum lokið [3]:


Hofsafréttur, um 400 km²
Lónstæði Hálslóns og grannsvæði, um 300 km²
Svæði austan Jökulsár á Fjöllum (Arnardalur og Möðrudalur), um 300 km²
Afréttur Skaftártungu og Síðu, um 2.100 km²

Á öðrum svæðum er allri útivinnu lokið sem og frumúrvinnslu. Þessi svæði eru:


Við Skjálfandafljót, um 1000 km²
Á Kili (Guðlaugstungur og Blágnípuver), um 200 km²
Þjórsárver, um 100 km²

Auk þess voru gróðurkort við Markarfljót tölvutekin og litið lauslega á vistgerðir. Þau svæði, sem flokkuð hafa verið eftir vistgerðum vegna undirbúnings að rammaáætlun, eru sýnd á mynd 2.2. Rannsóknir á Hálslónssvæðinu, afrétti Skaftártungu og Síðu og Þjórsárverum voru að hluta greiddar af Landsvirkjun.

Fullnaðarskýrsla um fyrrnefndu svæðin fjögur var lögð fyrir faghóp I um náttúrufar og minjar og gerð grein fyrir þeim síðarnefndu eftir því sem hægt var þegar faghópurinn hóf mat sitt á virkjunum fyrir rammaáætlun. Samráð var milli faghópsins og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar um viðmið í mati á verndargildi.



Mynd 2.1 Svæði sem mynduð voru úr lofti vegna myndkortagerðar.



Mynd 2.2 Rannsóknarsvæði vegna vistgerðaflokkunar.

2.2.3 Náttúrufarsrannsóknir vegna háhitavirkjana.

Náttúrufarsrannsóknir vegna háhitavirkjana eru almennt fremur skammt á veg komnar og í þeim tilvikum, sem þær hafa verið gerðar, fjalla þær um staðbundin einkenni og vandamál. Þegar undirbúningur að rammaáætlun hófst skorti mikið til alla yfirlitsþekkingu á þessu sviði. Ekki var talið mögulegt að afla hennar fyrir öll háhitasvæðin á þeim tíma sem var til stefnu og að vonum höfðu menn óljósa hugmynd um hvernig að því skyldi staðið. Orkustofnun á í fórum sínum mikil gögn um háhitasvæðin en sú þekking sem þau gefa snýst fyrst og fremst um eiginleika svæðanna til vinnslu.

Orkustofnun ákvað því í samráði við Náttúrufræðistofnun að nálgast háhitasvæðin frá tveimur sjónarhornum, annars vegar miðað við það hvernig háhitasvæðin hafa áhrif á vistgerðir og tegundaeinkenni í þeim og hins vegar með frumupplýsingum um yfirborðsásýnd og landslagseinkenni.

Samið var við Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans um tilraunaverkefni sem hafði það að meginmarkmiði að kanna annars vegar lífríkiseinkenni sem beinlínis má heimfæra upp á áhrif af hita og hins vegar möguleg svæðisbundin einkenni, þ.e. mismunandi landsvæði og hæð [4]. Síðar komu Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun til samstarfs. Þessu verkefni á að ljúka um áramótin 2003/04. Aðilar verkefnisins líta á það sem þróunarverkefni og leggja rannsóknarstofnanirnar umtalsvert fé til þeirra. Ætlunin er að leggja fram einfalda en hnitmiðaða og vonandi tiltölulega ódýra verkáætlun um yfirlitskönnun á

öllum háhitasvæðum landsins sem yrði unnt að ljúka í tengslum við framhaldsáfanga í rammaáætlun.

Niðurstöður verkefnisins eins og þær voru í upphafi árs 2003 voru hluti af samantekt sem Náttúrufræðistofnun Íslands gerði fyrir faghóp I um náttúrufar og minjar; vinnuplagg um lífríki níu háhitasvæða hvað varðar gróður, smádýr og fugla.

Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur höfðu í samstarfi við Iðntæknistofnun, og með norrænum styrk, látið gera könnun á lífríki (örverum) í hverum á nokkrum svæðum. Orkustofnun kom inn í það samstarf í lokin og lagði fram fé til að ganga frá gagnagrunni um lífríki hveranna. Sá angi Iðntæknistofnunar, sem vann að þessu verki, rann síðar inn í líftæknifyrirtækið Prókaría. Faghópur I um náttúrufar og minjar leitaði til sérfræðinga Prókaría um aðstoð við flokkun háhitasvæða eftir fjölbreytni og gerð örverulífs eftir því sem þeirra gögn leyfðu.

Orkustofnun kallaði saman nokkra sérfræðinga sem þekkja vel til á háhitasvæðum landsins og lögðu þeir á ráðin um eftirfarandi verkefni sem sneru að ummerkjum jarðahita og landslagseinkennum:

1. Skrá um helstu ummerki háhita á yfirborði. Þeim var lýst og tekið saman yfirlit um það á hvaða svæðum þau koma fyrir.
2. Yfirlit um helstu háhitasvæði landsins. Þeim var lýst með tilliti til jarðfræðilegra einkenna og þess helsta sem ræður gerð þeirra. Með hverju svæði fylgja nokkrar myndir sem lýsa landslagi og yfirborðseinkennum.

Þessi yfirlit eru birt á heimasíðu Orkustofnunar undir heitinu Háhitavefur.

2.2.4 Vatnagrunnar.

Tveir aðilar hafa á undanförnum árum unnið að öflun gagna í yfirlit um annars vegar stöðuvötn og hins vegar straumvötn á Íslandi. Markmið beggja er flokkun eftir lífríkis- og vatnasviðseinkennum. Að hinu fyrrnefnda standa Náttúrufræðistofa Kópavogs, Veiðimálastofnun, Hólaskóli og Líffræðistofnun Háskólans en að hinu síðarnefnda standa Líffræðistofnun Háskólans og Orkustofnun. Bæði verkefnin hafa hlotið styrki frá ýmsum aðilum bæði innanlands og utan. Orkustofnun samdi við aðstandendur þessara verkefna um að veita þeim styrk til að vinna flokkun eftir vistgerðum úr þessum gögnum. Verkið hefur sóst seint, bæði vegna almennra anna og takmarkaðs fjár til að ljúka úrvinnslu. Aðstandendur verkefnanna eiga fulltrúa í faghópi I um náttúrufar og minjar og hafa því getað nýtt sér framvindu verkefnanna á vettvangi rammaáætlunar. Frekari vinnsla gagnanna mun því fyrst og fremst koma að notum við síðari áfanga rammaáætlunar [5].

2.2.5 Jarðfræði og landslag.

Landslag á miðhálendi Íslands er mjög óvenjulegt og á sér óvíða, ef nokkurs staðar, hliðstæðu. Sé landslag metið til náttúruverðmæta er því augljóst að það hefur hátt verndargildi vegna fágætis en sókn innlendra og erlendra ferðamanna sýnir jafnframt að það er eftirsóknarverð auðlind. Faghópur I fékk það hlutverk að meta landslag en hópurinn hafði ekki mótaða aðferðafræði að styðjast við þar sem ekki er hefð fyrir því hér á landi að meta gildi landslags með formlegum hætti, t.d. í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Á vegum hópsins var því leitað fanga víða erlendis um aðferðir við mat á landslagi og einnig var þróuð aðferð til að flokka landslag á miðhálendi Íslands niður í megingerðir.

Hluti af verkefni Náttúrufræðistofnunar var að móta aðferðir við mat á jarðfræðiminjum. Við það mat var byggt á jarðfræðikortlagningu á vegum ýmissa aðila og öðrum rannsóknargögnum. Farnar voru stuttar ferðir á svæðin með þessi gögn sem bakgrunn og metin gildi

jarðfræðiminja. Ítarlegust var úttekt Náttúrufræðistofnunar á svæðum norðan Hofsjökuls og virkjunarsvæði Kárahnjúkavirkjunar þar sem skráning jarðfræðiminja og mat á verndargildi þeirra var hluti af tilraunaverkefninu norðan jökla. Náttúrufræðistofnun hefur einnig skráð og metið jarðfræðiminjar á öðrum svæðum vegna alþjóðasamstarfs, t.d. á Síðuvatnasvæði og vegna undirbúnings að Náttúruverndaráætlun [6].

Þau mannvirki, sem að jafnaði hafa mest áhrif í umhverfi sínu, eru lón virkjananna. Þau ná flest yfir marga ferkílómetra en yrðu í flestum tilfellum frekar grunn (tugir metra). Af þeim sökum má gera ráð fyrir að þau hafi meiri áhrif á lágreist en háreist landslagsform. Orkustofnun og Landsvirkjun hafa haft um það samvinnu að taka saman og afla gagna um jarðfræði- og landslagsform sem eru mótuð af jöklum. Þetta verkefni var hafið á vegum Orkustofnunar áður en rammaáætlun kom til, einkum sem liður í þeirri viðleitni að tölvutaka mikilvæg gögn sem safnast hafa í áranna rás hjá Orkustofnun í verkefnum á vegum hennar og annarra. Verkið er unnið af sérfræðingum á ROS, þ.e. Rannsóknarsviði OS (nú Íslenskar orkurannsóknir; ÍSOR). Nú er lokið kortlagningu slíkra forma umhverfis Hofsjökul, við Vatnajökul frá og með Síðujökli og langleiðina að Kverkfjöllum [7–11] og auk þess að stærstum hluta framan við Brúarjökul og Eyjabakkajökul. Ekki var beint stuðst við niðurstöður þessara rannsókna við mat faghóps I á jarðminjum en nokkrir í faghópnum þekktu þó til þeirra. Á árinu 2003 er lögð áhersla á að ljúka við að koma þessum gögnum í landupplýsingakerfi.

2.2.6 Útivist og hlunnindi.

Faghópur II um útivist og hlunnindi nýtir að nokkru leyti svipuð gögn og faghópur I um náttúrufar og minjar hvað varðar mat á útivistargildi. Gögn um hlunnindi liggja að mestu í aðgengilegu formi á viðkomandi stofnunum.

Útivist og ferðamennska sem atvinnugrein eiga margt sameiginlegt í þeim skilningi að ferðamennskan notfærir sér m.a. aðdráttarafl svæða til útivistar. Orkustofnun samdi við Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar um sérstaka rannsókn á gildi landsvæða til útivistar og ferðamennsku. Tekin voru fyrir helstu virkjunarsvæðin og kannað:

- Hvernig þau eru nýtt nú.
- Lagt mat á framtíðarmöguleika í nýtingu þessara svæða.
- Reynt að skyggnast inn í framtíðina hvað varðar líklega þróun í ferðamennsku.

Faghópar II og III, sem fjalla um útivist og ferðamennsku, skipuðu umsjónarnefnd sem tók þátt í að móta verkefnin. Skýrsla um 1. lið þessara rannsókna kom út í mars 2001[12]. Seinni skýrslan um framtíðarhorfur (2. og 3. lið) var nokkuð flókin í vinnslu. Að henni komu margir og talsvert tafsamt að vinna úr öllu því efni sem safnaðist í heildstæða samantekt. Faghópur II um útivist og hlunnindi hafði handrit af henni við matsvinnuna en hún birtist í maí 2003 [13].

2.2.7 Efnahagsleg áhrif.

Sem fyrr segir tók gagnaöflun vegna útivistar og ferðamennsku mið af þörfum faghóps III sem á að leggja mat á hagræn áhrif virkjana, ekki síður en þess sem fjallaði um útivist. Einnig notar faghópurinn t.d. gögn sem tengjast forathugun á virkjunum.

2.2.8 Virkjunaráætlanir.

Í 1. áfanga að rammaáætlun voru teknar fyrir virkjanir í jökulám, einkum þær sem hafa miðlunarlón á hálendinu, og jarðvarmavirkjanir sem eru nærri byggð. Margar af þeim eru til athugunar hjá orkufyrirtækjum en hinar eru í verkahring Orkustofnunar. Um þær virkjanir

sem eru í verkahring Orkustofnunar eru gerðar svonefndar forathuganir. Virkjanir sem eru í forsjá orkufyrirtækja eru yfirleitt komnar a.m.k. á verkhönnunarstig sem þýðir að þá hefur verið valin tiltekin lausn og hún útfærð í mun meiri smáatriðum en hægt er í forathugun.

Þær vatnsaflsvirkjanir, sem teknar voru fyrir í 1. áfanga, eru ýmist á svonefndu forathugunarstigi eða lengra komnar, þar af allmargar á framkvæmdastig, og í þeim tilfellum er byggt á skýrslum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Þar er ekki alltaf byggt á þeirri nálgun sem notuð er við rammaáætlun hvað varðar vistgerðir, en rannsóknir geta verið mun ítarlegri á öðrum sviðum, og fjallað um ýmis smáatriði sem í ljós koma við fullnaðarhönnun en ekki er fengist við í forathugun, svo sem nákvæma legu vega, staðsetningu efnisnáma og svæða þar sem fyrirhugað er að losa efni og staðsetningu vinnubúða.

Það gildir líkt um háhitasvæðin og vatnsorkusvæðin að gögn, sem byggt er á, eru nokkuð mismunandi bæði að umfangi og eðli eftir því hvort orkufyrirtækin eru að undirbúa vinnslu eða hvort þau eru á forathugunarstigi.

Vatnsaflsvirkjanir.

Samið var við þær þrjár verkfræðistofur, sem mesta reynslu hafa í gerð virkjunaráætlana, um forathugun þeirra virkjunarhugmynda sem ekki voru á vegum orkufyrirtækja. Þær eru Almenna verkfræðistofan hf. [14–16], Hönnun hf. [17] og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. [18]. Stofnkostnaður er reiknaður í kostnaðarlíkani Landsvirkjunar en þar sem forathugun byggist ekki á nákvæmri hönnun einstakra mannvirkja voru unnar staðlaðar, almennar hönnunarforsendur fyrir einstök mannvirki í samstarfi Orkustofnunar við verkfræðistofurnar. Lýsingu á forsendum er að finna í viðauka b6 þar sem raktar eru aðferðir faghóps IV.

Jarðvarmavirkjanir.

Í forathugun hafa að jafnaði engar rannsóknarboranir átt sér stað og því á litlu að byggja um borkostnað. Hins vegar er talið að annar tæknilegur kostnaður sé nokkuð staðlaður [19]. Mismunur á kostnaði milli jarðvarmavirkjana er þannig fyrst og fremst háður árangri af borun sem hefur áhrif á fjölda borholna og lengd gufuveitu. Samið var við Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. um að setja upp áætlun fyrir staðlaða jarðvarmavirkjun [20]. Magnús Sigurðsson samdi álitsgerð um þróun nýtingartíma raforkumarkaðarins og áhrif hennar á nýtingartíma jarðgufustöðva [21]. Nánari lýsingu á forsendum og mati á stofnkostnaði og reksturskostnaði er að finna í viðauka b6 um aðferðir faghóps IV.

Tengikostnaður.

Tengikostnaður virkjunar við flutningskerfi raforku er áætlaður með hliðsjón af líklegri lengd háspennulína og þeim búnaði sem þarf til að tengja virkjun við meginflutningskerfið og/eða notanda beint en gert er ráð fyrir að virkjanir stærri en um 150 MW verði tengdar inn á svæði sem faghópur III um efnahagsáhrif telur nægilega öflugt og býr yfir aðstæðum til að þar megi byggja upp orkufreka starfsemi. Guðmundur Valsson rafmagnsverkfræðingur [22] var fenginn til að áætla þennan kostnað. Tengikostnaður hefur á þessu stigi ekki áhrif á röðun virkjana eftir hagkvæmni en athugasemdir eru gerðar um það hvort hann er líklegur til að vera mikill, miðlungs eða lítill.

Virkjunarskýrslur.

Upplýsingar um sem flesta þá þætti, sem talið var að skiptu máli við mat á einstökum virkjunarkostum, voru teknar saman í yfirlitsskýrslur sem báru undirtitilinn tilhögun og umhverfi. Lokið var við slíka skýrslu um Skatastaðavirkjun [23] en aðrar eru í bráðabirgða-

útgáfu sem var dreift til verkefnisstjórnar og faghópa. Enn vantar hluta af þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er að hafa með í yfirlitsskýrslunum og bíða þær því útgáfu. Upphaflega var að því stefnt að faghópar byggðu mat sitt á þeirri samantekt upplýsinga sem verður að finna í þessum skýrslum. Reynslan sýndi hins vegar að faghóparnir töldu nauðsynlegt að sækja upplýsingar í frumskýrslur um rannsóknir eða beint til þeirra sem rannsakað höfðu og komu þeir þá á fundi faghópanna til þess að greina þeim frá meginatriðum og niðurstöðum.

Orkustofnun lét taka saman nokkrar yfirlitsskýrslur um jarðhitasvæði þar sem unnið hafði verið að rannsóknum á forathugunarstigi [24–26]. Eftir er að gera hliðstæða skýrslu um Torfajökul en frumgögnin liggja fyrir í nokkrum skýrslum og kortum.

2.2.9 Gæði gagna.

Ljóst er að þær upplýsingar um virkjunarsvæði og tilhögun virkjunar, sem byggt var á við mat í 1. áfanga, voru mjög mismunandi. Sumar hugmyndirnar eru komnar langt í verkhönnun og umhverfisrannsóknum og hafa fengið ítarlega umfjöllun við mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Aðrar eru á stigi frumhönnunar og þar er verið að afla gagna í skýrslur um mat á umhverfisáhrifum. Í þriðja lagi eru hugmyndir sem eru enn á forathugunarstigi. Þótt vísbendingar séu fengnar um orkugetu og hugmyndir komnar um hugsanlega tilhögun skortir oft upplýsingar sem afla þarf með ítarlegri rannsóknum og verkfræðilegum áætlunum. Þessar hugmyndir eiga þó að vera höfuðviðfangsefni rammaáætlunar þar sem henni er ætlað að annast frummat á hugmyndum áður en of miklu er til kostað og meðan nægur tími er til stefnu að breyta tilhögun eða velja aðra kosti ef virkjunarhugmyndin reynist óæskileg. Faghópar verkefnisstjórnarinnar hafa gert sér grein fyrir þessum mun í gæðum gagna og þeir hafa flokkað gögnin eftir gæðum og getið þeirrar flokkunar í matstöflum. Verkefnisstjórnin hefur einnig haft þetta atriði í huga í mati sínu á niðurstöðum og ábendingum um framhald vinnu við þróun rammaáætlunarinnar.

Í töflu 1.2 í viðauka b1 er lagt mat á stöðu þekkingar og gæði gagna um hverja virkjunarhugmynd. Greint er á milli þriggja flokka, A, B og C. Þar svarar flokkur B til þeirra gæða sem æskileg eru talin við mat vegna rammaáætlunar. Flokkur A táknar gögn sem eru ítarlegri og yfirleitt fullnægjandi til mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Flokkur C táknar hins vegar gögn sem eru ófullkomnari en æskilegt telst við mat á vegum rammaáætlunar.

2.3 Heimildir.

[1] *Maður – nýting – náttúra.* Greinargerð iðnaðarráðherra 8. mars 1999.

[2] Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Jón Gunnar Ottósson 2000. *Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla.* Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00009, 220 bls. og kort.

[3] Sigurður H. Magnússon, Guðmundur Guðjónsson, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Borgþór Magnússon, Hörður Kristinsson, Kristbjörn Egilsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2002. *Vistgerðir á fjórum hálendissvæðum.* Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-02006, 246 bls. og kort.

[4] Ásrún Elmarsdóttir, Jón S. Ólafsson, María Ingimarsdóttir, Sigurður H. Magnússon og Íris Hansdóttir 2002. *Lífríki háhitasvæða á Reykjanesi, Ölkelduhálsi og Þeistareykjum.* Framvinduskýrsla. Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskólans, maí 2002.

[5] Hilmar J. Malmquist, Jón S. Ólafsson, Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason 2003. *Vistfræði- og verndarflokkun íslenskra stöðuvatna.* Áfangaskýrsla. Náttúrufræðistofa Kópavogs, október 2003, 33 bls.

[6] Helgi Torfason og Ingvar A. Sigurðsson 2002. *Verndun jarðminja á Íslandi. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002.* Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins. Reykjavík, NÍ-02019, 47 bls.

[7] Ingibjörg Kaldal 2000. *Umhverfi og orkuöflun – jöklalandslag. Stöðuyfirlit í árslok 1999.* Orkustofnun, greinargerð. IK-0001. 2000-1-24.

[8] Ingibjörg Kaldal 2003. *Umhverfi og orkuöflun – jöklalandslag. Norðvestanverður Vatnajökull frá Sylgjujökli að Kverkfjöllum. Staða gagnasafns í árslok 2002.* Orkustofnun, greinargerð. IK-0301. 2003-02-06.

[9] Elsa G. Vilmundardóttir og Ingibjörg Kaldal 2001. *Forn lón að Fjallabaki.* Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar og Landsvirkjun. Orkustofnun, OS-2001/072.

[10] Ingibjörg Kaldal og Elsa G. Vilmundardóttir 2002. *Jökulmenjar á Emstrum, norðvestan Mýrdalsjökuls.* Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar og Landsvirkjun. Orkustofnun, OS-2002/080.

[11] Ingibjörg Kaldal 2002. *Skaftá – Athugun á áfoki. Útbreiðsla Skaftárhlaupsins 1995.* Orkustofnun, OS-2002/022.

[12] Rögnvaldur Guðmundsson 2001. *Ferðamenn á hálendi Íslands – sumarið 2000. Ferðamenn á Torfajökulssvæði, Síðuvatnasvæði, norðan Hofsjökuls og viðmiðunarhópar á láglendi. Símakönnun meðal Íslendinga.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, mars 2001; 86 bls. og viðaukar.

[13] Rögnvaldur Guðmundsson 2003. *Gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til 2020. Áhersla á svæðin norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, Síðuvatnasvæði og Torfajökulssvæði.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, maí 2003.

[14] Almenna verkfræðistofan hf. 2002. *Skaftárvirkjun, ofan Skaftárdals. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/059.

[15] Almenna verkfræðistofan hf. 2002. *Hólmsárvirkjun, Hólmsá í Skaftártungu. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/060.

[16] Almenna verkfræðistofan hf. 2003. *Virkjun Djúpár og Hverfisfljóts í Fljótshverfi. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2003/020.

[17] Hönnun hf. 2002. *Virkjanir í Skjálfandafljóti ofan Bárðardals. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/061.

[18] Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 2002. *Markarfljótsvirkjanir. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/058.

[19] Valgarður Stefánsson 2000. *Stofnkostnaður jarðgufuvirkjana.* Orkustofnun, greinargerð VS-2000/01.

[20] Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. 2003. *Stofnkostnaður jarðvarmavirkjana.* Greinargerð – VGK/03.03.03.

[21] Magnús Sigurðsson 2003. *Þróun nýtingartíma íslenska raforkumarkaðarins á næstu árum og áhrif þess á hagkvæmni jarðgufustöðva.* Minnisblað 25.02.2003/Magnús Sigurðsson.

[22] Guðmundur Valsson 2003. *Minnisblað um áætlun á stofnkostnaði við tengingar virkjunarkosta í rammaáætlun við meginflutningskerfið og notkunarstaði.* (GV/4.3.2003).

[23] VSÓ Ráðgjöf og Orkustofnun 2001. *Skatastaðavirkjun á Hofsafrétt – Tilhögun og umhverfi.* Orkustofnun, OS-2001/021.

[24] Halldór Ármannsson 2001. *Þeistareykir – Yfirlit um rannsóknir og rannsóknakostnað.* Orkustofnun, OS-2001/035.
[25] Almenna verkfræðistofan hf. 2001. *Yfirlit rannsókna á jarðhitasvæðinu í Krýsuvík.* Orkustofnun, OS-2001/041.
[26] Helgi Torfason og Magnús Á. Sigurgeirsson 2001. *Brennisteinsfjöll – Rannsóknir á jarðfræði svæðisins.* Orkustofnun, OS-2001/048.

3 Aðferðafræði[2] við röðun virkjunarkosta.

3.1 Val á matsaðferðum við röðun virkjunarkosta.

Þegar vinna við rammaáætlun hófst var með öllu óljóst hvaða aðferðafræði væri heppilegt að beita við flokkun virkjunarkosta, mat á þeim og innbyrðis röðun. Rammaáætlun er unnin að norskri fyrirmynd en ekki var talið sjálfgefið að beita aðferðum norsku áætlunarinnar (Samlet plan for vassdrag) [1].

3.1.1 Norska aðferðin.

Í Noregi var matið í höfuðatriðum tvíþætt.[3] Í fyrsta lagi voru virkjunarkostir settir í 6 hagkvæmnisflokka (Q1..Q6) á grundvelli kostnaðar og orkuframleiðslu. Í öðru lagi voru áhrif virkjana á umhverfið metin á 13 mismunandi sviðum. Á hverju sviði voru eitt eða fleiri atriði sem litið var til og á grundvelli þess hvaða gildi þau fengu var gefin einkunn fyrir viðkomandi svið á bilinu +4 til -4. Kostir, sem fengu -4, voru taldir hafa afar alvarlegar afleiðingar á viðkomandi sviði. Því næst var virkjunarkostum raðað í 8 mismundi flokka (K1...K8) eftir heildareinkunn sem var reiknuð sem einfalt meðaltal. Á þessum grundvelli var sett upp fylki þar sem virkjunarkostunum var raðað, annars vegar á grundvelli K1...K8 og hins vegar Q1...Q6. Bestu meðmæli fengu þeir kostir sem féllu undir K1 og Q1 (lítil neikvæð umhverfisáhrif en mikil hagkvæmni). Sístir þóttu þeir virkjunarkostir sem féllu undir K8 og Q6.

Á grundvelli fylkisins var virkjunarkostunum raðað í 3 flokka. Í 1. flokki voru kostir sem töldust mjög fýsilegir (samtals 10 TWh). Í 2. flokki voru virkjunarkostir sem talið var rétt að bíða með og skoða betur (samtals 21 TWh). Í 3. flokk féllu kostir sem náðu til svæða sem höfðu mjög hátt friðunargildi (og lága arðsemi) og voru ekki taldir koma til greina sem virkjanasvæði.

3.1.2 Samráð um aðferðafræði.

Fljótlega eftir að vinna við rammaáætlun hófst vorið 1999 var Umhverfisstofnun Háskóla Íslands falið að taka saman yfirlit yfir skýrslur, rannsóknir og verkefni sem hugsanlega gætu haft að geyma hugmyndir um aðferðir sem hafa mætti sem fyrirmynd [2]. Þessi leit varpaði ljósi á þá staðreynd að sú rammaáætlun, sem að var stefnt, var á margan hátt einstakt viðfangsefni.

Haustið 1999 var haldið málþing um hugsanlegar aðferðir og í kjölfar hennar var skipaður vinnuhópur formanna faghópanna og fjögurra ráðgjafa sem fékk það hlutverk að móta hugmyndir um aðferðafræði. Ráðgjafarnir voru þeir Friðrik Már Baldursson, Páll Jensson, Stefán Gíslason og Þorlákur Karlsson. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu 1. nóvember 2000 [3] þar sem fjallað var um fjórar meginleiðir til að meta virkjunarhugmyndir;

---

[2] Þetta er afar stutt lýsing á aðferðum faghópa og verkefnisstjórnar. Nánari lýsingu er að finna í viðaukum.
[3] Sjá skýrslu „Samlet Plan for Vassdrag – Hovedrapport, Miljöverndepartementet 1984".

1. aðferð sem beitt var við mat á virkjunarhugmyndum í Noregi,
2. AHP-samanburðaraðferð,
3. hagrænt mat á skilyrtum greiðsluvilja til að vernda landsvæði fyrir virkjunum,
4. sjóðval [4,5].

Þótt hópurinn teldi norsku aðferðina bæði einfalda og skiljanlega mælti hann ekki með að henni yrði beitt þar sem hún tryggði ekki innra samræmi og gegnsæi auk þess sem vægi hinna ýmsu þátta matsins væri ávallt það sama.

Þá taldi hópurinn að skilyrt verðmætamat væri ekki heppileg leið þegar meta á margar virkjunarhugmyndir samtímis eins og gera á í rammaáætluninni. Ástæðan er sú að þegar einn virkjunarkostur hefur verið valinn umfram aðra og komið til framkvæmda er líklegt að sú framkvæmd geti haft áhrif á mat á verðgildi annarra áþekkra landsvæða.

Hópurinn taldi að sjóðval hentaði ekki í vinnu vegna rammaáætlunar þar sem aðferðin fæli í sér atkvæðagreiðslu einstaklinga en ekki mat með tilvísun í skilgreind viðmið.

Niðurstaða hópsins var að mæla með því að stuðst yrði við AHP-samanburðaraðferðina eftir því unnt væri. Meginkosti AHP-samanburðaraðferðarinnar taldi hópurinn vera þessar:

1. Aðferðin er tiltölulega auðveld í framkvæmd samanborið við aðrar aðferðir, sem settar hafa verið fram til að bera saman kosti, þar sem áhrif þeirra eru fleiri en af einum toga.
2. Aðferðin byggist alfarið á því að tvö atriði (tvö viðmið eða tveir kostir) eru borin saman í senn. Þetta virðist tryggja trúverðugri niðurstöður en sú aðferð að gefa einkunnir beint, auk þess sem ætíð verður hægt að rekja forsendur niðurstöðu.
3. Matið er agaðra en matið í norsku aðferðinni.
4. Mikilvægi viðmiða er metið á kerfisbundinn hátt og þau fá vogtölur þannig að ekki er um óvegna samlagningu einkunna að ræða eins og í norsku aðferðinni.
5. Hægt er að reikna út hvort samræmi er í svörum.[4]

Með hliðsjón af þessum ráðleggingum var innan hvers faghóps unnið að því að þróa aðferðir sem nota mætti til að leysa viðfangsefnið. Þessar aðferðir voru kynntar á opnum fundum og einnig á sérstökum fundum með viðkomandi stofnunum og orkufyrirtækjum og fleiri aðilum. Voru haldnir um 20 samráðs- og kynningarfundir um aðferðafræði faghópanna. Í upphafi þróunarferlisins var mikið stuðst við AHP-aðferðina en eftir tilraunamat og samráð við fjölmarga aðila varð niðurstaðan sú að beita AHP-aðferðinni einungis við endanlega röðun faghópa I og II á grundvelli einkunna um áhrif virkjunarmannvirkja á skilgreind viðföng.

3.1.3 Í hverju felst AHP-aðferðin.

Í skýrslu vinnuhópsins [3] er að finna stutta lýsingu á AHP-aðferðinni. Þar segir m.a. að AHP-aðferðin hafi verið sett fram af Thomas Saaty fyrir u.þ.b. 25 árum til að velja milli kosta þegar um mörg viðmið eða markmið er að ræða. Slík viðfangsefni eru á vettvangi aðgerðarannsókna kölluð ákvarðanataka með mörgum viðmiðum eða á ensku „Multi Criteria Decision Making“. AHP stendur fyrir „Analytic Hierarchy Process“, og eins og nafnið bendir til er byggt á skipulögðum þrepum í greiningarferlinu.[5]

Það er einkennandi fyrir AHP-aðferðina að bera saman aðeins tvo þætti í senn. Einkunnakvarðinn, sem Saaty stakk upp á fyrir þennan samanburð, er frá 1–9 og er túlkaður þannig:

1 – Enginn munur

3 – Smávægilegur munur

---

[4] Bls. 5 í skýrslu vinnuhópsins.

[5] Bls. 2 í skýrslu vinnuhópsins.

5 – Allnokkur munur
7 – Mikill munur
9 – Afgerandi munur

Einnig má velja tölurnar 2, 4, 6 og 8 þegar vafi leikur á hvora einkunnina á að velja.[6]

Vinnuhópurinn mælti með því að þrengja kvarðann í 1–5 vegna þess að mikil reynsla er komin á hann í skoðanakönnunum og sá skali mundi síður ýkja muninn á lægsta og hæsta gildi.

AHP-aðferðinni var eingöngu beitt við lokaröðun í faghópum I og II og við þá röðun var stuðst við víðtækt mat á fjölmörgum þáttum er snerta hvern virkjunarkost. Hlutverk hennar var að fá fram sem heildstæðast mat við lokaröðun og að gera niðurstöður faghópa I og II sambærilegar þannig að draga mætti þær saman í eina vísitölu um umhverfisáhrif.

3.1.4 Sjónarmið verkefnisstjórnar.

Áhersla var lögð á að móta aðferðafræði og vinnureglur áður en til mats á virkjunarhugmyndum kæmi. Með því verklagi yrði minni hætta á því að huglægir þættir tengdir einstökum atriðum eða svæðum réðu afstöðu manna og niðurstöðum í mati. Faghóparnir gerðu hver sína tillögu að vinnureglum og aðferðafræði sem þeir lögðu fyrir verkefnisstjórn og hún samþykkti. Verkefnisstjórnin samþykkti að faghópar I og II beittu AHP-aðferðinni við lokaröðun og einnig við aðra þætti matsins eftir því sem þeir teldu henta.

Ljóst var að niðurstöður faghópa I og II yrðu ekki settar fram á fjárhagslegum mælikvarða. Verkefnisstjórnin ákvað því að vega niðurstöður faghópa I og II saman í eina einkunn sem kallast vísitala umhverfisáhrifa. Þar er niðurstaða faghóps I látin vega 2/3 en niðurstaða faghóps II 1/3. Rök verkefnisstjórnar fyrir þessum hlutföllum eru m.a. eftirfarandi:

- Viðföng faghóps I eru mun fjölþættari en viðföng faghóps II.
- Faghópur I metur verðmæti sem eru undirstaða fyrir það sem faghópur II fjallar um.
- Verðmæti náttúrunnar eru varanlegri og breytast ekki með þróun samfélagsins eins og þau verðmæti sem faghópur II metur.

Þess var vænst að suma þætti í niðurstöðum faghóps III um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun mætti meta á fjárhagslegum kvarða og tengja niðurstöðum faghóps IV um heildarhagnað eða arðsemi virkjana. Þar var einkum litið til tekna af ferðaþjónustu. Í reynd var þó horfið frá beinni tengingu niðurstaðna faghóps III við niðurstöður faghóps IV en tekið er tillit til þeirra í umfjöllun um flokkun og heildarröðun í kafla 5.

3.2 Aðferðir faghóps I.

3.2.1 Viðföng.

Faghópur I um náttúrufar og minjar skipti viðfangsefni sínu í 5 meginviðföng: Jarðminjar og vatnafar, tegundir lífvera, vistgerðir og jarðveg, landslag og víðerni, og menningarminjar. Faghópurinn notaði AHP-aðferð til að velja vogtölur þessara meginviðfanga í útreikningi á heildareinkunn fyrir verðmæti eða áhrif á hverju svæði. Eftir samráð við Náttúrufræðistofnun var ákveðið að þessar vogtölur skyldu vera eins og sýnt er í töflu 3.1.

---

[6] Sjá bls. 2 í skýrslu hópsins.

Tafla 3.1 Vogtölur meginviðfanga náttúru- og menningarminja.

Viðföng	Vogtala
Jarðminjar og vatnafar	0,25
Tegundir lífvera	0,20
Vistgerðir og jarðvegur	0,20
Landslag og víðerni	0,25
Menningarminjar	0,10

Meginviðföngin skiptust svo eftir atvikum í undirviðföng.

3.2.2 Viðmið.

Hvert undirviðfang er metið og því gefin einkunn með tilvísun í skilgreind viðmið (sjá töflu 3.2). Viðmiðin eru auðgi eða fjölbreytni, fágæti, stærð og heild, alþjóðleg ábyrgð, upplýsingagildi og sjónrænt gildi. Oftast eru notuð 4 eða 5 viðmið við matið, en þó t.d. aðeins 2 fyrir víðerni.

Almennt gildir að það telst verðmætt sem er **auðugt eða fjölbreytt.** Tiltekið svæði getur t.d. verið sérlega auðugt að fuglategundum og annað getur verið sérlega fjölbreytt hvað vistgerðir varðar.

Fágætar náttúru- og menningarminjar hafa sérstakt gildi; brotthvarf þeirra skerðir fjölbreytni. Ísland er t.d. auðugt að jarðfræðifyrirbærum sem mörg eru sjaldgæf á heimsvísu.

Verðmæti náttúru- og menningarminja er metið hærra ef þær eru **stórar, samfelldar** eða mynda sérstaka **heild.**

Alþjóðleg ábyrgð vísar til náttúru- eða menningarfyrirbæra sem viðurkennt er að Íslendingar beri einhvers konar alþjóðlega ábyrgð á.

Náttúrufyrirbæri geta haft sérstakt **vísinda- eða rannsóknagildi** eða verið verndarverð sakir **dæmigildis eða heimildagildis.** Önnur henta e.t.v. fyrir kennslu vegna þess að þau eru í eða rétt við skóla eða þéttbýli (fræðslugildi). Menningarminjar geta líka haft sérstaka táknræna þýðingu, t.d. minjar á Þingvöllum.

Sjónrænt samspil og mikilfengleiki eru einu óhlutbundnu gildin sem lagt er mat á. Þau eru aðeins metin fyrir landslag og stök í landi.

Tafla 3.2 sýnir hvaða viðmið og undirviðföng voru metin og hvaða vægi einstaka viðmið fengu. Við útreikning á meðaleinkunn fyrir meginviðfang voru undirviðföngin látin vega jafnt nema við mat á landslagi og víðernum þar sem vægi landslags var tvöfalt á við vægi víðerna.

Tafla 3.2 Viðföng og undirviðföng fyrir mat á verðmætum virkjunarsvæða og áhrifum virkjunar á þessi verðmæti.

		Viðmið					
Viðföng	**Undirviðföng**	**Auðgi, fjölbreytni**	**Fágæti**	**Stærð, heild**	**Alþjóðleg ábyrgð**	**Upplýsinga-gildi**	**Sjónrænt gildi**
Jarðminjar og vatnafar	Berggrunnur	0,5		0,3		0,2	
	Jarðgrunnur	0,5		0,3		0,2	
	Grunnvatn	0,5		0,3		0,2	
	Fallvötn, stöðuvötn	0,5		0,3		0,2	
Tegundir lífvera	Tegundir (plöntur og dýr)	0,4	0,4		0,2		
Vistgerðir og jarðvegur	Vistgerðir og jarðvegur	0,3	0,3	0,2	0,1	0,1	
Landslag og víðerni	Landslag og stök	0,3	0,2	0,2			0,3
	Víðerni		0,2	0,8			
Menningar-minjar	Búseta, samgöngur, saga, þjóðtrú	0,2	0,3	0,2		0,3	

Sýnd eru vægi viðmiða sem notuð eru fyrir hvert viðfang. Fyrir jarðminjar og vatnafar var gefin ein einkunn fyrir auðgi/fjölbreytni og fágæti.

3.2.3 Mat á verðmætum.

Matsaðferðin sjálf er tvískipt. Annars vegar er mat á verðmætum, hins vegar mat á áhrifum virkjunar á þessi verðmæti.

Fyrst eru verðmæti svæðis metin fyrir hvert undirviðfang á einkunnaskalanum 1, 3, 6 og 10 þar sem 10 vísar til mestu verðmæta. Samtals voru 30 atriði metin fyrir hvert svæði með þessum hætti, eins og sjá má í töflu 3.2. Verðmætaeinkunn hvers meginviðfangs fannst svo sem meðaltal af einkunnum viðeigandi undirviðfanga. Í tilraunamati 2002 [6] notaði faghópurinn AHP-aðferð til að bera saman verðmætaeinkunn fyrir hvert meginviðfang á svæðunum og bjó þannig til raðtölur fyrir hvert meginviðfang sem notaðar voru með viðeigandi vogtölum úr töflu 3.1 til að reikna raðtölur fyrir heildarverðmæti svæðanna. Í mati við lok 1. áfanga voru svæðin og virkjunarhugmyndirnar mun fleiri og því hefði þetta verklag orðið mjög vinnufrekt. Þess vegna var horfið frá AHP-röðun á meginviðföngum og heildareinkunn verðmæta fyrir hvert svæði reiknuð beint úr einkunnum meginviðfanga með viðeigandi vogtölum úr töflu 3.1.

3.2.4 Mat á áhrifum.

Í mati á áhrifum virkjunar á verðmætin var notaður skalinn 0, 1, 3, 6 og 10 þar sem 10 vísar til mestu áhrifa. Heildareinkunn áhrifa var fundin á hliðstæðan hátt og heildareinkunn verðmæta þar sem vægi viðmiða voru tekin úr töflu 3.2 og vægi meginviðfanga úr töflu 3.1.

3.2.5 AHP-röðun.

Þegar heildareinkunnir verðmæta og áhrifa voru ljósar á svæðunum beitti faghópurinn AHP-aðferð til að raða virkjunarhugmyndunum þar sem samanburður var gerður á tveimur

kostum í senn. Við þá röðun var litið til áhrifaeinkunnar en einnig verðmæta á svæðinu, fjaráhrifa, óvissu um áhrif og sérstaks mikilvægis, s.s. friðlýsingar, tegunda á válista eða alþjóðlegra samninga með skuldbindandi ákvæðum sem snerta viðkomandi svæði[7]. AHPaðferðin raðar virkjunum í sæti og gefur þeim AHP-einkunn. Heildarsumma allra AHPeinkunna er 100. Sú virkjun, sem fær hæsta AHP-einkunn í þessari summu, telst hafa mest áhrif á náttúru og minjar samanlagt og raðast í efsta sæti.

Faghópurinn raðaði fyrst öllum virkjunarhugmyndum sem til skoðunar voru í 1. áfanga. Síðar kom ósk um að úr safninu væru teknar þær virkjanir sem valdar höfðu verið til samanburðar en eru þegar heimilaðar eða fallið hefur verið frá. Við þetta fækkaði hugmyndum sem metnar voru úr 43 í 35. Fyrri einkunnir fyrir undirviðföng voru þá endurskoðaðar með tilliti til þess að einhver atriði svo sem fágæti eða mikilvægi gætu hafa breyst þegar landsvæði eru tekin undir virkjanir. Einnig þurfti að endurreikna AHPeinkunnir þegar tekið var úr safninu og breyta sætistölum í samræmi við það.

3.3 Aðferðir faghóps II.

Faghópur II um útivist og hlunnindi skipti viðfangsefni sínu í 3 meginviðföng: Útivist, veiðar og hlunnindi. Lagt var mat á gildi útivistar til afþreyingar með því að áætla fjölda daga sem varið er til þessara þátta. Efnahagsleg áhrif af ferðaþjónustu og veiðum falla undir faghóp III. Með hlunnindum er átt við landnytjar aðrar en veiði svo sem beit og nytjar af berjum og grösum.

Tafla 3.3 sýnir meginviðföngin þrjú, sem faghópur II mat, og undirviðföngin ásamt vogtölum þeirra. Við mat á útivist var stuðst við skýrslur sem unnar voru fyrir verkefnisstjórn um útivistar- og afþreyingarmöguleika og áhrif virkjana á þau atriði (sjá m.a. [7] og [8]). Við mat á veiðum og hlunnindum var stuðst við gögn viðkomandi sérfræðinga í hópnum. Nánar er greint frá þessu í viðauka b4.

Faghópur II studdist við lýsingar á verðmætum en gaf þeim ekki einkunnir. Áhrif virkjana á undirviðföng voru hins vegar metin til einkunna. Áhrifin gátu verið jákvæð og þá var gefin einkunni +3. Ef áhrifin voru talin engin var gefin einkunnin 0, -1 fyrir lítil áhrif, -3 fyrir talsverð áhrif og -5 fyrir mikil neikvæð áhrif. Einkunnir fyrir áhrif á undirviðföng voru vegnar saman með viðeigandi vogtölum í meðaleinkunn hvers meginviðfangs. Virkjunum var síðan raðað með AHP-aðferðinni fyrir hvert meginviðfang og vogtölur meginviðfanga notaðar til að reikna heildareinkunn áhrifa virkjunar á hverju svæði og AHP-sæti hennar frá mestu til minnstu áhrifa.

Tafla 3.3 Meginviðföng og undirviðföng faghóps II.

Meginviðföng	Vogtala	Undirviðföng	Vogtala
Útivist	**0,72**		
		Stuttar ferðir	0,10
		Langar ferðir	0,13
		Náttúruskoðun	0,17
		Ævintýraferðir	0,13
		Þjóðfræðiferðir	0,10
		Hestaferðir	0,10

[7] Í viðauka b3 er yfirlit sem sýnir til hvaða þátta er litið við AHP-samanburð.

Meginviðföng	Vogtala	Undirviðföng	Vogtala
		Vetrarferðir	0,10
		Upplifun	0,17
Veiði	**0,19**		
		Veiðar í ám	0,37
		Veiðar í vötnum	0,46
		Skotveiðar	0,17
Önnur hlunnindi	**0,09**		
		Beit	0,95
		Grös og ber	0,05

3.4 Aðferðir faghóps III.

Verkefni faghóps III um þjóðhagsmál og byggðaþróun var m.a. að meta hve mikil áhrif það mundi hafa á þjóðfélagið til langs tíma ef orkulindirnar verða nýttar, einkum efnahag, atvinnu og byggðaþróun. Þá var hópnum ætlað að meta hvaða áhrif það hefur á aðra atvinnustarfsemi, þ.m.t. ferðamennsku, að nýta virkjunarkosti.

Hópurinn þróaði líkan til að meta áhrif virkjanaframkvæmda á efnahag og atvinnumarkað og gerði útreikninga til tilraunar á 10 virkjunarhugmyndum [9]. Helsta niðurstaða tilraunamatsins var að ekki væri hægt að gera upp á milli virkjana hvað varðaði staðbundin áhrif byggingar virkjunar á grundvelli þeirra upplýsinga sem eru fyrirliggjandi um sundurliðaðan stofnkostnað. Ekki var því talin ástæða til að gera þessa greiningu í endanlegu mati á virkjunum í 1. áfanga.

Hópurinn þróaði einnig líkan til að meta áhrif virkjana á ferðaþjónustu. Líkanið ber saman núvirtar tekjur tveggja mismunandi þróunarferla; annars vegar tekjur af þróun ferðaþjónustu ef ekki kæmi til virkjunar og hins vegar þróun tekna af ferðaþjónustu samhliða virkjun. Með þessari aðferð greindi hópurinn þær virkjanir þar sem líklegast er talið að verulegir hagsmunir ferðaþjónustu séu í húfi.

Þá flokkaði faghópurinn virkjanir með tilliti til þess hvort staðbundin nýting orkunnar væri líkleg eða ekki og hvort nýting orku væri líkleg til að hafa umtalsverð byggðaáhrif. Þar naut hópurinn m.a. þeirrar forvinnu sem unnin var á vegum staðarvalsnefndar um iðnrekstur á árunum 1980–1985 [10].

Að lokum lagði hópurinn mat á möguleika til að nota afgangsvarma jarðvarmavirkjana eða jarðvarma beint til annars en raforkuframleiðslu.

3.5 Aðferðir faghóps IV.

Hlutverk faghóps IV var að greina virkjunarkosti, meta orkugetu þeirra og stofn- og rekstrarkostnað. Hópurinn sótti upplýsingar í fyrirliggjandi virkjunarskýrslur og beint til verkfræðistofa og orkufyrirtækja eða til Orkustofnunar. Þær meginstærðir, sem hópurinn notar, eru orkugeta, stofnkostnaður og vísitölur um heildarhagnað og arðsemi.

Orkugeta vatnsaflsvirkjana ræðst af rennsli vatnsfallanna og möguleikum á miðlun þess yfir árið. Í jarðvarmavirkjunum er almennt gert ráð fyrir 120 MW á hverjum virkjunarstað og þar með 840 GWh/ár miðað við 7.000 stunda sölu á orku á ári.

Stofnkostnaður miðast við verðlag í ársbyrjun 2003. Þar er allur kostnaður við mannvirki, sem tengjast virkjuninni, ásamt vegum innan virkjunarsvæðis og að næsta stofnvegi, kostnaður vegna undirbúningsrannsókna og mats á umhverfisáhrifum, vinnubúða og vaxta á byggingartíma. Kostnaður miðast við háspennta orku inn á tengivirki við stöðvarvegg en tekur

ekki til flutningsvirkja til að koma orkunni frá virkjuninni. Stuðst er við kostnaðartölur frá orkufyrirtækjum þar sem þær eru tiltækar, að öðrum kosti við mat hönnuða í frumáætlunum. Í niðurstöðum faghópsins er sýndur stofnkostnaður á orkueiningu (kr/(kWh/ár) þar sem orkugetu er deilt upp í stofnkostnaðinn.

Þá er reiknaður núvirtur heildarhagnaður af rekstri virkjana. Sá reikningur er gerður með sérstöku hermilíkani. Reiknað er yfir 50 ára rekstrartíma. Afskriftartími er einnig valinn 50 ár. Notað var orkuverð við stöðvarvegg 1,70 kr/kWh á forgangsorku sem seld er í 7.000 stundir á ári en verð á ótryggðri orku er 0,60 kr/kWh og hún seld allt að 10% til viðbótar við forgangsorku. Árlegur rekstrarkostnaður reiknast 0,8% af stofnkostnaði vatnsaflsvirkjana og 2% af stofnkostnaði jarðvarmavirkjana. Rekstrargjöld hvers árs eru dregin frá sölutekjum hvers árs og mismunur núvirtur með 5,5% vöxtum til fyrsta rekstrardags. Á sama hátt er stofnkostnaður, sem fellur til á mismunandi tíma, núvirtur til fyrsta rekstrardags og dreginn frá núvirtum nettótekjum. Mismunurinn er skilgreindur sem núvirtur heildarhagnaður af rekstri virkjunar. Hagkvæmnireikningarnir hafa aðeins þann tilgang að bera virkjunarkosti saman. Þótt hagkvæmnitölurnar séu byggðar á umdeilanlegum forsendum er þess vænst að óvissa í þeim riðli ekki hagkvæmnisröð virkjana.

Við útreikning á heildarhagnaði er gert ráð fyrir að allar virkjanir selji forgangsorku á sama verði. Þar sem stofnkostnaður á orkueiningu er svipaður fyrir flestar virkjanir í þeim hópi sem um var fjallað í 1. áfanga, og forsendur um reksturkostnað og orkuverð hinar sömu fyrir hvora gerð virkjana, vatnsafl og jarðvarma, endurspeglar vísitala heildarhagnaðar fyrst og fremst sölutekjur og stærð virkjana í hvorri gerð. Til að leggja áherslu á hagkvæmnisröð fremur en umdeilanlega fjárhæð heildarhagnaðar eru niðurstöður settar fram sem vísitala heildarhagnaðar þar sem mestur núvirtur heildarhagnaður virkjunar er látinn samsvara 10 í vísitölu og aðrar virkjanir fá vísitölu í hlutfalli við það.

Hlutfall núvirts heildarhagnaðar og stofnkostnaðar virkjunar dregur skýrt fram arðsemi fjárfestingar í virkjun. Önnur leið til að meta arðsemi er að reikna afkastavexti virkjunar. Afkastavextir sýna þá hæstu ávöxtunarkröfu, sem virkjunin gæti staðið undir, án þess að núvirtur heildarhagnaður verði neikvæður. Þessir reikningar voru gerðir með hermilíkaninu og undir sömu forsendum og reikningar á núvirtum heildarhagnaði. Þar sem hér er einnig um röð fremur en upphæð að ræða voru niðurstöður settar fram sem vísitala arðsemi, reiknuð á þann hátt að hæstu afkastavextir virkjunar í safninu gefa vísitölu 10 en afkastavextir annarra virkjana gefa þeim vísitölu í hlutfalli við það.

Ekki var talið gerlegt að meta tengikostnað nákvæmlega þar sem virkjunartilhögun er víðast enn óljós. Tengikostnaður er á þessu stigi ekki látinn hafa áhrif á röðun virkjana eftir hagkvæmni en athugasemdir eru gerðar um það hvort hann er líklegur til að vera mikill, miðlungs eða lítill.

3.6 Heimildir.

[1] *Samlet Plan for Vassdrag, Hovedrapport,* Miljöverndepartementet 1984.

[2] *Heimildaskrá vegna aðferðafræði,* Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, desember 1999. Birt á www.landvernd.is/natturuafl

[3] *Val á aðferðafræði,* skýrsla til verkefnisstjórnar, 1. nóvember 2000. Birt á www.landvernd.is/natturuafl.

[4] Björn S. Stefánsson 2001. *Sjóðval við forgangsröðun virkjana og friðunar.* Orkuþing 2001, bls. 116–119.

[5] Björn S. Stefánsson 2003. *Lýðræði með raðvali og sjóðvali.* Háskólaútgáfan, Reykjavík, september 2003, 145 bls.

[6] *Tilraunamat á 15 virkjunarkostum í vatnsafli.* Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, apríl 2002, 16 bls. + 41 bls viðauki.
[7] Rögnvaldur Guðmundsson 2001. *Ferðamenn á hálendi Íslands – sumarið 2000. Ferðamenn á Torfajökulssvæði, Síðuvatnasvæði, norðan Hofsjökuls og viðmiðunarhópar á láglendi. Símakönnun meðal Íslendinga.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, mars 2001; 86 bls. og viðaukar.
[8] Rögnvaldur Guðmundsson 2003. *Gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til 2020. Áhersla á svæðin norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, Síðuvatnasvæði og Torfajökulssvæði.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, maí 2003.
[9] *Tilraunamat á 10 virkjunarkostum.* Greinargerð faghóps III á vegum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, október 2002, 16 bls. Greinargerðin er birt á www.landvernd.is/natturuafl.
[10] *Staðarval fyrir orkufrekan iðnað.* Forval. Staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Iðnaðarráðuneytið, mars 1983, 137 bls.

4 Samráð.

Vorið 1999 fólu stjórnvöld Landvernd að standa að samráðsvettvangi við undirbúning rammaáætlunarinnar. Þetta hlutverk hefur Landvernd leyst með ýmsum hætti.

1. Með vefsíðu þar sem safnað er saman upplýsingum um vinnuna og fræðsluefni sem henni tengist og boðið upp á gagnvirka miðlun.
2. Með því að standa fyrir opnum fundum þar sem almenningur, fyrirtæki og stofnanir gátu kynnt sér framþróun verksins og komið athugasemdum á framfæri.
3. Með fundum með stofnunum, fyrirtækjum og fulltrúum samtaka sem hafa sérstakan áhuga á að fylgjast með framgangi verkefnisins.
4. Með því að taka þátt í fundum þar sem óskað hefur verið eftir kynningu á rammaáætlun.

4.1 Heimasíðan www.landvernd.is/natturuafl.

Landvernd setti upp sérstaka heimasíðu í þeim tilgangi að veita almennan aðgang að upplýsingum um verkefnið. Á heimasíðunni má finna lýsingu á skipulagi og verklagi, skipan vinnuhópa og verkefnisstjórnar. Þar eru einnig skýrslur um einstaka verkþætti og tengingar inn á heimasíður með efni er snertir vinnu við rammaáætlun. Á heimasíðunni hafa verið birtar fréttir um framgang verkefnisins og viðburði á vegum þess og þar eru fundargerðir af fundum verkefnisstjórnar og frásagnir af opnum fundum sem haldnir voru. Efni af heimasíðu rataði oft inn á síður dagblaðanna. Stefnt er að enskum texta með lýsingu á aðferðum, virkjunarhugmyndum og markverðustu niðurstöðum.

4.2 Almennir fundir um rammaáætlun.

Frá því að þessi vinna hófst árið 1999 hefur Landvernd staðið fyrir 22 almennum fundum og málstofum með liðlega 1.100 þátttakendum. Eftirfarandi fundir hafa verið haldnir:

- *Almenn kynning.* Almennur kynningarfundur í Háskóla Íslands með gagnvirkum sjónvarpstengingum við Hvanneyri, Ísafjörð, Sauðárkrók, Akureyri, Egilsstaði og Höfn í Hornafirði. (16. október 1999, þátttakendur um 50).
- *Aðferðafræði.* Málstofa í Háskóla Íslands (21. október 1999, þátttakendur um 50).
- *Efnahagslegt mat á náttúrunni.* Málstofa í Reykjavík (Þjóðhagsstofnun) með Ståle Navrud, frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi (26. nóvember 1999, þátttakendur um 30).

- *Gerð langtímaáætlana.* Í samstarfi við Umhverfismiðstöð Háskólans í Lundi var haldinn fundur í Háskóla Íslands um þróun aðferða sem auðvelda gerð langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun á Íslandi (10. janúar 2000, þátttakendur um 60).
- *Siðfræðileg álitamál.* Í samstarfi við Siðfræðistofnun Háskólans var haldin málstofa í Háskóla Íslands um siðfræði og álitamál við virkjanir (6. mars 2000, þátttakendur um 70).
- *Hagrænar leiðir til að meta náttúru.* Í samstarfi við Þjóðhagsstofnun var haldin málstofa í Reykjavík um hagrænar leiðir til að meta verðgildi náttúru (23. mars 2000, þátttakendur um 40).
- *Valkostir í aðferðafræði.* Málstofa um valkosti í aðferðafræði í Háskóla Íslands (17. maí 2000, þátttakendur um 40).
- *Almenn kynning.* Kynningarfundir á Reyðarfirði, Egilsstöðum og Akureyri (í maí 2001, þátttakendur samtals um 80).
- *Almenn kynning.* Kynningarfundur í Skagafirði (í júní 2001, þátttakendur um 90).
- *Verndarviðmið.* Opinn kynningarfundur í Reykjavík (Háskóla Íslands) um skýrslu Náttúrufræðistofnunar um verndarviðmið (16. október 2001, þátttakendur um 60).
- *Landslag.* Málþing í Reykjavík (Norræna húsið) um mat á landslagi (október 2001, þátttakendur um 50).
- *Landslag.* Hádegisfundur í Reykjavík (Hótel Borg) um mat á landslagi (10. nóvember 2000, þátttakendur um 70).
- *Hagræn áhrif virkjana.* Málstofa í Reykjavík (Þjóðhagsstofnun) um aðferðir til að meta hagræn áhrif virkjana (21. október, þátttakendur um 50).
- *Almenn kynning.* Kynningarfundir á Hellu og Kirkjubæjarklaustri (24. og 25. nóvember, þátttakendur um 60).
- *Útivist á hálendinu.* Málstofa með fjarfundabúnaði á Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum um rannsókn á viðhorfum til mannvirkja á hálendinu og framtíðarmöguleika fyrir útivist á hálendinu norðan Vatnajökuls (þátttakendur um 40).
- *Mat á landslagi.* Fyrirlestrar Carl Steinitz um mat á landslagi í Reykjavík. (Tveir fyrirlestrar í júlí 2001, þátttakendur liðlega 100 samtals).
- *Kynningarfundur* á Kirkjubæjarklaustri um virkjunarhugmyndir í Skaftá og Hólmsá. (2. október 2001, þátttakendur um 30).
- *Almenn kynning.* Kynningarfundur á Húsavík um virkjunarhugmyndir í Skjálfandafljóti, Jökulsá á Fjöllum, á Þeistareykjum, í Öxarfirði, við Kröflu og Bjarnarflag. (23. október 2001, þátttakendur um 60).
- *Útvistargildi.* Hádegisfyrirlestur í Reykjavík um athugun á útvistargildi hálendisins. (20. nóvember 2001, þátttakendur um 60).
- *Tilraunamat.* Kynningarfundur um niðurstöður tilraunamats á 15 vatnsaflsvirkjunum. Haldinn í Háskóla Íslands með fjarfundabúnaði á Akureyri og á Egilsstöðum. (29. maí 2002, þátttakendur um 40).
- *Heildstæð sýn á náttúrufar.* Kynningarfundur um rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands undir fyrirsögninni „Heildstæð sýn á náttúrufar á hálendi Íslands". Haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík (11. desember 2002, þátttakendur um 80).

4.3 Samráð um aðferðafræði.

Haustið 2001 komu fram fyrstu heildstæðu hugmyndirnar um aðferðafræði faghópanna. Um þessar hugmyndir var fjallað á opnum fundum eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan en einnig á fjölmörgum fundum með tilteknum aðilum og hópum. Þannig voru í sam-

starfi við Landsvirkjun skipulagðir fjórir fundir þar sem farið var yfir aðferðafræði hvers faghóps fyrir sig með hópi sérfræðinga frá stærstu orkufyrirtækjunum. Í kjölfar tilraunamatsins, sem lauk vorið 2002, skapaðist einnig víðtæk umræða um aðferðafræðina, m.a. á fundum með fulltrúum orkufyrirtækja og frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisog náttúruverndar.

4.4 Aðrir fundir um rammaáætlun.

Auk framangreindra opinna funda hafa verið haldnir ótaldir fundir með stofnunum, fyrirtækjum og fulltrúum samtaka sem tengjast sérstaklega vinnu við verkefnið. Einnig hafa formaður verkefnisstjórnar og framkvæmdastjóri Landverndar tekið þátt í fjölmörgum fundum á vegum ýmissa samtaka til að kynna verkefnið. Þá var talsverð umfjöllun um þetta verkefni á Orkuþingi haustið 2001. Sérstaklega mikil umfjöllun var um aðferðafræði faghóps I og stóð formaður faghópsins að um 20 fyrirlestrum og samræðufundum um hana. Í kjölfar tilraunamats, sem lauk vorið 2002, skapaðist einnig víðtæk umræða um aðferðafræðina við fjölmarga aðila.

4.5 Kostnaður.

Samráðsvettvangurinn tók til starfa haustið 1999 og heildarkostnaður við rekstur hans fram til 1. ágúst 2003 er liðlega 8 m.kr. Þar af er þóknun vegna vinnuframlags starfsmanna Landverndar um 3 m.kr. Landvernd sinnti einnig skrifstofuþjónustu fyrir verkefnisstjórn og faghópa frá því í maí 1999. Heildarkostnaður vegna þessa verkefnis fram til 1. ágúst 2003 er um 10,5 m.kr. og þar af var greitt fyrir vinnuframlag starfsmanna Landverndar um 8,5 m.kr.

4.6 Annað.

Landvernd notaði fjölmörg tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um rammaáætlunina, m.a. í fréttabréfi samtakanna. Bæklingur um verkefnið var gefinn út (og endurútgefinn) og var hann þýddur og prentaður á ensku. Greinar um fundi, sem birtar hafa verið á vefsíðu, hafa í nokkrum tilvikum einnig verið birtar í blöðum.

Haldnir voru þrír sérstakir fundir fyrir fjölmiðla:

- Kynningarfundur í Reykjavík með fulltrúum fjölmiðla vegna skýrslu Náttúrufræðistofnunar (21. september 2001).
- Kynningarfundir í Reykjavík með fjölmiðlum um niðurstöður rannsóknar Rögnvaldar Guðmundssonar um viðhorf ferðamanna til mannvirkja á hálendinu m.m. (febrúar 2001 og júní 2003).

Landvernd hefur svarað fjölmörgum fyrirspurnum um verkefnið, jafnt innlendum sem erlendum.

5 Niðurstöður.

5.1 Virkjanir metnar í 1. áfanga.

Faghópunum var falið að meta 35 virkjunarhugmyndir. Orkugeta þeirra samanlagt er um 28 þúsund GWh á ári. Í fjórum tilvikum voru tvær virkjunarleiðir, a og b, metnar fyrir sama orkukost. Til samanburðar voru einnig metnar 8 virkjunartillögur sem ítarleg gögn eru til um og því var æskilegt að hafa með í samanburði. Orkugeta þeirra er allt að 6,7 þús. GWh á ári. Lengi var að því stefnt að taka einnig til mats í 1. áfanga virkjunarhugmyndir í Hvítá í Árnessýslu og í Hverfisfljóti til þess að samanburður næðist milli allra stærstu orkukosta í jökulám. Vegna takmarkaðra rannsókna á náttúrufari og kostnaðar varð þó að fresta Hvítá til 2. áfanga.

Rannsókn á aðstæðum við Hverfisfljót leiddi í ljós að vegna leka yrði erfitt að finna stað fyrir miðlunarlón. Því var sú hugmynd ekki tekin til mats nú. Í töflu 5.1 er yfirlit yfir þær virkjanir sem metnar voru í 1. áfanga. Númer framan við nöfn virkjananna eru auðkennisnúmer þeirra. Jarðvarmavirkjunum er þar raðað í landfræðilega röð eftir gosbeltinu frá Reykjanesi í suðvestri til Þeistareykja í norðri en vatnsaflsvirkjunum frá Skagafirði austur um land og suður.

Tafla 5.1 Virkjanir metnar í 1. áfanga.

Jarðvarmavirkjanir	Orkugeta GWh/ár	Vatnsaflsvirkjanir		Orkugeta GWh/ár
30 Reykjanes	840	**Jökulsár í Skagafirði:**		
Krýsuvíkursvæði:		1 Skatastaðavirkjun a		1.046
32 Sandfell	840	2 Skatastaðavirkjun b	(1.290)	
33 Trölladyngja	840	**Skjálfandafljót:**		
34 Seltún	840	4 Fljótshnjúksvirkjun		405
35 Austurengjar	840	5 Hrafnabjargavirkjun a		575
36 Brennisteinsfjöll	840	6 Hrafnabjargavirkjun b	(618)	
Hengilssvæði:		7 Jökulsá á Fjöllum		4.000
37 Hellisheiði	840	10 Skaftárvirkjun		904
38 Innstidalur	840	11 Hólmsárvirkjun		438
40 Grændalur	840	14 Skaftárveita		450
41 Þverárdalur	840	12 Markarfljót a		735
42 Ölkelduháls	840	13 Markarfljót b	(855)	
Torfajökulssvæði:		17 Núpsvirkjun a		1.001
44 Reykjadalir vestari	840	18 Núpsvirkjun b	(1.019)	
45 Reykjadalir austari	840	19 Urriðafossvirkjun		920
46 Reykjadalir (Kaldaklof)	840			
47 Háuhverir	840			
48 Brennisteinsalda	840			
43 Hágöngusvæði	840			
49 Þeistareykir	840			
50 Bjarnarflag	560			
52 Krafla Vestursvæði	840			
53 Krafla Leirhnjúkur	840			
Metin orkugeta í jarðvarma	**17.360**	**Metin orkugeta í vatnsafli**		**10.474**
		Til samanburðar:		
		3 Villinganesvirkjun		190
Til samanburðar:		8 Kárahnjúkavirkjun		4.670
31 Svartsengi – stækkun	140	9 Fljótsdalsvirkjun	(1.390)	
39 Nesjavellir – stækkun	210	15 Norðlingaölduveita (575 m)		650
51 Krafla I – stækkun	280	16 Búðarhálsvirkjun		630
Samanburður alls	**630**	**Samanburður alls**		**6.140**
Metin orkugeta í jarðvarma alls	**17.990**	**Metin orkugeta í vatnsafli alls**		**16.614**
Metin orkugeta í 1. áfanga alls 34.604				

5.2 Mat faghóps I.

Mat faghóps I var unnið í þremur áföngum. Í fyrsta lagi var lagt mat á verðmæti virkjunarsvæða m.t.t. fimm viðfanga, þ.e. jarðminja og vatnafars, tegunda lífvera, vistgerða og jarðvegs, landslags og víðernis og menningarminja. Fjórar einkunnir voru notaðar: 1, 3, 6 og 10 þar sem 10 vísar til mesta verðmætis. Þá var lagt mat á áhrif framkvæmda á þessi viðföng. Fimm einkunnir voru mögulegar: 0, 1, 3, 6 og 10 þar sem 10 vísar til mestu umhverfisáhrifa. Að lokum var virkjunarhugmyndunum raðað með þrepagreiningu (AHPaðferð). Við þá röðun var litið til áhrifaeinkunnar en einnig verðmæta á svæðinu, fjaráhrifa, óvissu og annarra þátta sem að mati faghópsins er nauðsynlegt að líta til.[8]

5.2.1 Mat á verðmætum náttúru og minja.

5.2.1.1 Verðmætamat með samanburðarvirkjunum.[9]

Í töflu 5.2a er að finna samantekt á niðurstöðum mats faghóps I á 12 verðmætustu virkjanasvæðunum.

Tafla 5.2a Mat faghóps I á verðmætum (með samanburðarvirkjunum)
-12 efstu af 41 sýndar hér.

			Jarðminjar og vatnafar	Menningar-minjar	Tegundir lífvera	Vistgerðir og jarðvegur	Landslag og víðerni
	Vægi		*0,25*	*0,10*	*0,20*	*0,20*	*0,25*
Nr.	**Virkjun**	**Samvegin verðmæti**					
15	Norðlingaölduveita (575 m)	7,2	3,2	5,4	10,0	9,9	7,5
7	Jökulsá á Fjöllum	7,2	7,6	7,3	5,1	5,9	9,7
8	Kárahnjúkavirkjun	6,8	5,1	8,5	5,9	8,2	7,5
9	Fljótsdalsvirkjun	6,0	3,8	5,6	6,2	6,9	7,3
44–46	Reykjadalir (Torfajökull)[10]	6,0	6,8	1,0	5,0	3,4	10,0
14	Skaftárveita	5,1	6,0	1,1	2,7	5,8	7,1
13	Markarfljót b	5,1	5,0	4,4	1,8	3,2	9,5
12	Markarfljót a	5,0	4,9	4,4	1,8	3,2	9,5
2	Skatastaðavirkjun b	4,9	4,8	7,4	4,0	5,0	4,6
1	Skatastaðavirkjun a	4,8	4,6	7,3	4,0	5,0	4,6
40	Grændalur (Hengill)	4,7	4,7	1,6	5,0	5,4	5,3
34	Seltún (Krýsuvík)	4,7	6,0	4,8	3,8	4,5	4,0
	Meðaltal 41 svæðis	**3,8**	**3,8**	**3,9**	**3,3**	**3,4**	**4,6**

[8] Almenna lýsingu á aðferðafræði faghóps I er að finna í kafla 3 og nákvæmari lýsingu í viðauka b3.
[9] Samanburðarvirkjanir eru Villinganesvirkjun, Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Búðarhálsvirkjun, Norðlingaölduveita (575 m) og stækkun jarðvarmavirkjana við Nesjavelli, Kröflu og Svartsengi. Fljótsdalsvirkjun er ekki framkvæmanleg samhliða Kárahnjúkavirkjun. Ekki verður heldur af Norðlingaölduveitu (575 m) vegna úrskurðar setts umhverfisráðherra um lægra lón. Tilhögun samkvæmt úrskurði ráðherra er ekki endanlega skilgreind og því ekki tekin til mats að sinni.
[10] Í Reykjadölum var fjallað um þrjá virkjunarstaði, Reykjadali vestari, Reykjadali austari og Reykjadali (Kaldaklof). Vegna takmarkaðra gagna um náttúrufar treysti faghópur I sér ekki til að greina á milli þessara staða heldur mat svæðið sem heild.

Lengst til vinstri í töflunni er auðkennisnúmer og heiti virkjunarhugmyndar. Sýnd er einkunn fyrir 5 viðföng og samvegin verðmæti þar sem jarðminjar og vatnafar vega 0,25, menningarminjar 0,10, tegundir lífvera 0,20, vistgerðir og jarðvegur 0,20 og landslag og víðerni 0,25. Í viðauka b3 er tafla sem sýnir verðmætamat á öllum svæðum og jafnframt hvernig matið skiptist á undirviðföng. Rökstuðningur faghópsins og skýringar á tilteknum einkunnum verða birt á heimasíðu rammaáætlunar. Að mati hópsins eru verðmætust virkjunarsvæði Norðlingaölduveitu (575 m), Jökulsár á Fjöllum, Kárahnjúka- og Fljótsdalsvirkjunar og Reykjadala á Torfajökulsvæðinu. Þar á eftir koma svæði Markarfljóts og Skaftárveitu um Langasjó. Sérstaklega eru vistgerðir og jarðvegur og tegundir lífvera á svæði Norðlingaölduveitu hátt metin. Landslag og víðerni fá hæsta einkunn á Torfajökulssvæðinu og við Markarfljót.

5.2.1.2 Verðmætamat án samanburðarvirkjana.

Ákvörðun um að heimila virkjun á tilteknum stað getur haft áhrif á verðmæti annarra svæða þar sem bæði fágætis- og fræðslugildi geta breyst. Samanburður á töflum 5.2a og 5.2b sýnir þetta. Í töflu 5.2a kemur fram hátt verðmætamat á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun hefur áhrif á verðmæti annarra svæða. Þannig hækkar heildareinkunn vegna Jökulsár á Fjöllum, Reykjadala og Markarfljóts í töflu 5.2b við það að fágæt náttúruverðmæti á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar glatast.

Tafla 5.2b Mat faghóps I á verðmætum (án samanburðarvirkjana)
-15 verðmætustu svæðin af 33.

		Jarðminjar og vatnafar	Menn-ingar-minjar	Tegundir lífvera	Vistgerðir og jarðvegur	Landslag og víðerni
Vægi		*0,25*	*0,10*	*0,20*	*0,20*	*0,25*
Virkjun	**Samvegin verðmæti**					
Jökulsá á Fjöllum	7,4	7,6	7,3	5,5	6,5	9,7
Reykjadalir (Torfajökull)	6,0	6,8	1,0	5,0	3,4	10,0
Markarfljót a og b	5,2	5,5	4,4	1,8	3,2	9,5
Skaftárveita	5,1	6,0	1,1	2,7	5,8	7,1
Skatastaðavirkjun b	5,0	4,8	7,4	4,0	5,0	5,0
Skatastaðavirkjun a	4,9	4,6	7,3	4,0	5,0	5,0
Brennisteinsalda (Torfajökull)	4,8	4,7	2,1	4,1	4,0	7,3
Grændalur (Hengill)	4,7	4,7	1,6	5,0	5,4	5,3
Seltún (Krýsuvík)	4,7	6,0	4,8	3,8	4,5	4,0
Austurengjar (Krýsuvík)	4,6	6,0	4,7	3,8	4,5	4,0
Reykjanes	4,5	4,9	5,2	5,4	2,6	4,4
Hrafnabjargavirkjun b	4,4	4,6	7,2	4,5	2,9	4,3
Hrafnabjargavirkjun a	4,4	4,6	7,1	4,2	2,9	4,3
Fljótshnjúksvirkjun (m.v. Sprengisandslínu)	4,3	3,5	7,2	4,5	2,9	4,7
Háuhverir (Torfajökull)	4,2	3,9	1,0	1,0	2,2	9,9
Meðaleinkunn 33 svæða	**3,9**	**4,1**	**3,8**	**3,0**	**3,1**	**4,8**

5.2.2 Mat á áhrifum framkvæmda á náttúru og minjar.

Í töflu 5.3 er greint frá mati faghóps I á áhrifum framkvæmda. Þar eru samanburðarvirkjanir undanskildar. Virkjun Jökulsár á Fjöllum hefur áberandi mest áhrif og þar á eftir koma virkjanir í Markarfljóti. Á báðum þessum stöðum eru áhrif á landslag og víðerni mjög mikil. Í fjórða og fimmta sæti eru tvær mismunandi útfærslur á Skatastaðavirkjun og í sjötta sæti Grændalur. Þrettán virkjanir fá samvegin áhrif 3 eða þar fyrir ofan en meðaleinkunn er 2,9. Landslagsáhrif eru að jafnaði metin hvað hæst og eru að meðaltali 4,5.

Í viðauka b3 er einnig að finna áhrifamat fyrir virkjanir sem metnar voru til að fá samanburð, m.a. Kárahnjúkavirkjun og Norðlingaölduveitu (575 m).

Tafla 5.3 Mat faghóps I á áhrifum (án samanburðarvirkjana)
-15 svæði af 33 þar sem áhrifaeinkunn er hæst.

			Jarðminjar og vatnafar	Menningarminjar	Tegundir lífvera	Vistgerðir og jarðvegur	Landslag og víðerni
	Vægi		*0,25*	*0,10*	*0,20*	*0,20*	*0,25*
Nr.	**Virkjun**	**Samvegin verðmæti**					
8	Jökulsá á Fjöllum	7,3	7,0	4,9	5,4	8,5	9,3
13	Markarfljót b	4,9	5,0	2,0	2,6	2,7	9,5
12	Markarfljót a	4,8	4,7	2,0	2,6	2,7	9,4
2	Skatastaðavirkjun b	4,4	4,3	3,6	3,7	4,6	5,3
1	Skatastaðavirkjun a	4,2	4,2	3,6	3,7	4,6	4,6
40	Grændalur (Hengill)	4,1	2,6	0,9	3,1	5,7	6,4
48	Brennisteinsalda (Torfajökull)	4,0	2,2	0,0	4,2	3,7	7,7
44–46	Reykjadalir (Torfajökull)	3,7	1,6	0,0	3,1	2,1	9,1
6	Hrafnabjargavirkjun b	3,5	2,7	6,3	3,0	2,6	4,5
47	Háuhverir (Torfajökull)	3,3	1,3	0,0	2,4	1,5	8,7
5	Hrafnabjargavirkjun a	3,2	2,7	6,3	3,0	2,6	3,0
19	Urriðafossvirkjun	3,1	2,4	5,9	5,0	1,5	2,6
49	Þeistareykir	3,1	1,5	4,7	2,4	1,5	5,7
4	Fljótshnjúksvirkjun (m.v. Sprengisandslínu)	2,9	2,0	1,9	2,6	3,5	4,1
36	Brennisteinsfjöll	2,8	1,1	1,0	0,8	1,3	8,1
14	Skaftárveita[11]	2,8	2,5	1,3	3,0	1,3	4,7
	Meðaltal 33 virkjana	**2,9**	**2,3**	**2,2**	**2,5**	**2,4**	**4,5**

5.2.3 Röðun virkjunarhugmynda.

Faghópur I raðaði virkjunarhugmyndunum með þrepagreiningu (AHP-aðferðinni). Við þá röðun var litið til áhrifaeinkunnar en einnig verðmæta á svæðinu, fjaráhrifa, óvissu um áhrif og sérstaks mikilvægis, s.s. friðlýsingar, tegunda á válista eða alþjóðlegra samninga með skuldbindandi ákvæðum sem snerta viðkomandi svæði. Nánari skýringar á aðferðafræði hópsins er að finna í viðauka b3.

[11] Sjá nánar um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7.

Faghópur I hefur raðað virkjunum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með samanburðarvirkjunum (sjá viðauka b3). Í öðru lagi þeim virkjunum sem eftir standa þegar samanburðarvirkjanir eru undanskildar. Sú röð birtist í töflu 5.4.

Virkjun Jökulsár á Fjöllum er að mati faghóps I sú virkjunarhugmynd sem hefur mest áhrif á náttúru og minjar. Þar á eftir koma virkjanir í Markarfljóti og á vestari hluta Torfajökulssvæðis. Skatastaðavirkjun með öllum veitum raðast talsvert lægra og er því sem næst á pari við Brennisteinsöldu og Háuhveri.

Tafla 5.4 AHP-röðun faghóps I (án samanburðarvirkjana).
Há AHP-einkunn er vísbending um mikil umhverfisáhrif virkjunar.


Nr.	Virkjun	AHP-einkunn	Nr.	Virkjun	AHP-einkunn
7	Jökulsá á Fjöllum	14,2	14	Skaftárveita[12]	1,0
13	Markarfljót b	10,6	18	Núpsvirkjun b	0,8
12	Markarfljót a	9,9	11	Hólmsárvirkjun	0,8
44	Reykjadalir vestari	7,3	10	Skaftárvirkjun	0,7
45	Reykjadalir austari	7,3	38	Innstidalur (Hengill)	0,6
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	7,3	50	Bjarnarflag	0,6
2	Skatastaðavirkjun b	5,2	30	Reykjanes	0,6
48	Brennisteinsalda (Torfajökull)	5,1	35	Austurengjar (Krýsuvík)	0,5
47	Háuhverir (Torfajökull)	5,1	17	Núpsvirkjun a	0,5
1	Skatastaðavirkjun a	4,7	34	Seltún (Krýsuvík)	0,4
40	Grændalur (Hengill)	3,5	33	Trölladyngja (Krýsuvík)	0,4
6	Hrafnabjargavirkjun b	2,9	32	Sandfell (Krýsuvík)	0,3
19	Urriðafossvirkjun	1,8	41	Þverárdalur (Hengill)	0,3
5	Hrafnabjargavirkjun a	1,5	52	Krafla Vestursvæði	0,3
49	Þeistareykir	1,5	43	Hágöngusvæði (m.v. Sprengisandslínu)	0,3
36	Brennisteinsfjöll	1,3	42	Ölkelduháls (Hengill)	0,2
4	Fljótshnjúksvirkjun (m.v. Sprengisandslínu)	1,2	37	Hellisheiði (Hengill)	0,2
53	Krafla Leirhnjúkur	1,1			

5.2.4 Samanburður á mati á verðmætum, áhrifum og AHP-röðun.

Í verkefnisstjórn var mikið um það rætt hvort einfalda mætti framsetningu á niðurstöðum faghóps I og hvort nauðsyn væri á þremur einkunnakvörðum, verðmætaeinkunn, áhrifaeinkunn og AHP-einkunn. Stigaskipt matskerfi hefur ýmsa kosti, m.a. gerir það matið gegnsærra þannig að betur má greina hvers vegna tilteknir kostir raðast hátt eð lágt. Af þessum sökum var ákveðið að meta virkjunarsvæðin og virkjunarkostina með þremur einkunnakvörðum. Á mynd 5.1 má sjá að nokkur fylgni er á milli verðmætaeinkunnar, áhrifaeinkunnar og AHP-einkunnar. Þannig er fylgnistuðull á milli einkunnar fyrir áhrif og AHP-einkunnar 0,91, fylgnistuðull einkunnar fyrir verðmæti og AHP-einkunnar er 0,75 og fylgnistuðull fyrir verðmætaeinkunn annars vegar og áhrifaeinkunn hins vegar er 0,82. Verðmætaeinkunn er vís-

[12] Sjá athugasemd um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7.

bending um hversu ríkt virkjunarsvæðið er af náttúru- og minjaverðmætum en ekki er sjálfgefið að virkjunin hafi áhrif á þau. Áhrifaeinkunn fer eftir umfangi áhrifa. Hún er ekki metin sem hlutfall af þeim verðmætum sem á svæðinu eru en þó geta líkur á áhrifum verið meiri á svæðum þar sem mikil verðmæti er að finna. Í mörgum tilvikum eru svæði metin verðmæt en fá tiltölulega lága áhrifaeinkunn.[13] Við AHP-röðun er bæði horft til áhrifa og verðmæta. Ef áhrif eru jöfn fær verðmætara svæðið hærri AHP-einkunn sem vísbendingu um meiri umhverfisáhrif virkjunar af þeirri ástæðu að þar er meira í húfi. Önnur rök til þessa eru óvissa í mati á áhrifum. Áhrifamatið er byggt á verðmætamatinu og felur þar með í sér sömu óvissu og verðmætamatið en því til viðbótar kemur að upplýsingar um áhrif eru oft ófullkomnar meðan virkjunarhugmynd er á frumstigi. Við AHP-röðun er auk þessa litið til sérstaks mikilvægis svæða og áhættu sem röskun fylgir. Í viðauka b3 er yfirlit yfir þá þætti sem hafa áhrif á AHP-röðun fyrir hvert tiltekið virkjunarsvæði. AHP-röðunin felur bæði í sér röðun í sæti og AHP-einkunn. Einkunnin er ekki línulegur mælikvarði á umhverfisáhrif heldur vísbending um hve mikil umhverfisáhrif virkjun hefur í samanburði við þær sem næst henni raðast í samanburðarhópnum. Summa þessara einkunna er 100. Á mynd 5.1 sést að AHP-röðunin skerpir áherslu á þær virkjanir sem teljast hafa mest umhverfisáhrif en gerir minni mun á þeim sem hafa minni áhrif. Gæta þarf að því að AHP-einkunnir eru háðar því safni sem er til samanburðar. Ef einhverjir kostir eru teknir úr safninu breytast AHP-einkunnir þeirra sem eftir eru. Þessi annmarki er ekki á einkunnakvörðunum fyrir verðmæti eða áhrif en þær eink-



Mynd 5.1 Samanburður einkunna faghóps I fyrir verðmæti og áhrif og AHP-einkunnar (án samanburðarvirkjana).

[13] Dæmi um þetta eru Skaftárveita, Bjarnarflag og Seltún í Krýsuvík.

unnir gætu þó breyst ef ráðist er í framkvæmdir við einhverja virkjun úr safninu. Við virkjunina gætu farið forgörðum einhver verðmæti og þar með yrðu slík verðmæti á öðrum svæðum talin enn fágætari og dýrmætari en áður.

5.2.5 Sérstakar ábendingar faghóps I.

Eftir að faghópur I hafði lokið við röðun var talið nauðsynlegt að koma á framfæri sérstökum ábendingum um tiltekin svæði. Í fyrsta lagi bendir hópurinn á svæði sem fá mjög háa einkunn í sumum viðföngum en lenda þó ekki í efstu röð. Þetta eru Háuhverir og Brennisteinsalda (á Torfajökulssvæði) sem hluti af einni sérstæðustu og áhrifamestu landslagsheild landsins og Grændalur sem er það jarðhitasvæði sem fær hæsta áhrifaeinkunn í jarðminjum og vatnafari og í vistgerðum og skorar hátt í öllum viðföngum nema menningarminjum. Í öðru lagi svæði sem ekki fá háa einkunn samtals en búa yfir tilteknum þáttum sem teljast mjög verðmætir. Þetta eru Brennisteinsfjöll sem fá næst hæsta áhrifaeinkunn jarðhitasvæða fyrir landslag og víðerni og Skaftárveita (Langisjór) vegna landslags og víðernis.[14]

5.3 Mat faghóps II.

5.3.1 Mat á áhrifum framkvæmda á útivist, veiðar og hlunnindi.

Faghópur II vann sitt mat með heldur einfaldari hætti en faghópur I. Metin voru þrjú viðföng og 13 undirviðföng. Í töflu 5.5 má sjá einkunnir fyrir þær 15 virkjunarhugmyndir sem koma lakast út vegna neikvæðra áhrifa mannvirkja á útivist, veiðar og hlunnindi. Hér eru samanburðarvirkjanir undanskildar. Lakasti virkjunarkosturinn er virkjun Markarfljóts en virkjanir á Torfajökulssvæði og vatnasviði Jökulsár á Fjöllum fylgja þar á eftir.

Meðaltal heildareinkunnar er -1,3, þ.e. virkjanir hafa að jafnaði neikvæð áhrif á útivist, veiðar og hlunnindi að mati faghóps II. Í einu tilviki er talið að um engin áhrif sé að ræða (Sandfell).

Alvarlegustu neikvæðu áhrifin eru vegna útivistar við Markarfljót og á Torfajökulssvæðinu.

Að mati faghóps II mun það ekki hafa áhrif á útivistargildi þeirra 35 svæða, sem hópurinn mat, þótt ráðist verði í framkvæmdir á þeim virkjunarsvæðum sem höfð voru til samanburðar.

---

[14] Sjá nánar um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7.

Tafla 5.5 Mat faghóps II á áhrifum (án samanburðarvirkjana).

		Útivist									Veiðar				Hlunnindi			
Undirviðföng		Stuttar ferðir	Langar ferðir	Náttúruskoðun	Ævintýraferðir	Þjóðfræðiferðir	Hestaferðir	Vetrarferðir	Upplifun	Útivist	Veiðar í ám	Veiðar í vötnum	Skotveiðar	Veiðar	Grös og ber	Beit	Hlunnindi	Heildareinkunn
Vægi		*0,10*	*0,13*	*0,17*	*0,13*	*0,10*	*0,10*	*0,10*	*0,17*	***0,72***	*0,37*	*0,46*	*0,17*	***0,19***	*0,05*	*0,95*	***0,09***	
Nr.	**Virkjun**																	
13	Markarfljót b	-1	-5	-5	-5	-3	-5	-5	-5	**-4,4**	-1	0	0	**-0,4**	0	-1	**-1,0**	**-3,3**
12	Markarfljót a	-1	-5	-5	-5	-3	-5	-3	-5	**-4,2**	-1	0	0	**-0,4**	0	-1	**-1,0**	**-3,2**
48	Brennisteinsalda	0	-5	-5	-5	0	-1	-5	-5	**-3,6**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-2,6**
7	Jökulsá á Fjöllum – allt vatnasvið	-3	-3	-3	-3	-1	0	0	-5	**-2,5**	-3	-3	-3	**-3,0**	0	-1	**-1,0**	**-2,5**
44	Reykjadalir vestari	0	-5	-5	-5	0	-1	-3	-5	**-3,4**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-2,4**
45	Reykjadalir austari	0	-5	-5	-5	0	0	-3	-5	**-3,3**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-2,4**
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	0	-5	-5	-5	0	0	-3	-5	**-3,3**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-2,4**
47	Háuhverir	0	-5	-5	-5	0	0	-1	-5	**-3,1**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-2,2**
6	Hrafnabjargavirkjun b	-5	-3	-5	-1	0	-1	-1	-3	**-2,6**	0	0	-3	**-0,5**	-1	-3	**-2,9**	**-2,2**
14	Skaftárveita	0	-5	-3	-1	0	0	-1	-5	**-2,2**	-3	-3	0	**-2,5**	0	0	**0,0**	**-2,1**
5	Hrafnabjargavirkjun a	-5	-3	-5	-1	0	-1	-1	-3	**-2,6**	0	0	-3	**-0,5**	-1	-1	**-1,0**	**2,0**
10	Skaftárvirkjun	3	-5	-5	-3	0	0	0	-3	**-2,1**	-3	0	0	**-1,1**	0	-1	**-1,0**	**-1,8**
40	Grændalur	-3	0	-3	-1	0	0	0	-5	**-1,8**	0	0	0	**0,0**	0	-3	**-2,9**	**-1,5**
53	Krafla Leirhnjúkur	-3	0	-5	-1	0	0	0	-5	**-2,1**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-1,5**
36	Brennisteinsfjöll	-3	0	-3	-3	0	0	0	-5	**-2,1**	0	0	0	**0,0**	0	0	**0,0**	**-1,5**
	Meðaltal 35 svæða	**-0,1**	**-1,8**	**-2,6**	**-1,8**	**-0,4**	**-0,4**	**-0,9**	**-2,8**	**-1,5**	**-0,7**	**-0,2**	**-0,3**	**-0,4**	**-0,1**	**-0,7**	**-0,7**	**-1,3**

5.3.2 Röðun virkjunarhugmynda.

Með hliðsjón af einkunnagjöf raðaði faghópurinn virkjunarhugmyndum með AHP-aðferðinni. Heildarröðun kemur fram í neðangreindri töflu 5.6.

Sætaskipan virkjana er sú sama fyrir einkunn og AHP-röðun. Fylgnistuðull þessara tveggja raða er 0,85. Markarfljótsvirkjun er með mestu neikvæðu áhrifin, þá koma virkjanir á Torfajökulssvæðinu og vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Nokkru neðar eru Hrafnabjargavirkjun í Skjálfandafljóti og Skaftárveita um Langasjó.

5.4 Mat faghóps III.

Hlutverk faghóps III var að bera saman virkjanir m.t.t. áhrifa þeirra á efnahag og byggðir. Eftir yfirgripsmikla vinnu komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að greina á milli virkjana með m.t.t. áhrifa þeirra á atvinnu og efnahag. Hins vegar taldi hópurinn að líta mætti til þriggja þátta sem gætu gefið vísbendingar um efnahagsleg áhrif virkjana og áhrif sem þær kynnu að hafa á viðkomandi byggð. Þessi atriði eru talin upp í töflu 5.7.

Tafla 5.6 AHP-röðun faghóps II (án samanburðarvirkjana).
Há AHP-einkunn er vísbending um mikil umhverfisáhrif virkjunar.

Nr.	Virkjun	AHP-einkunn	Nr.	Virkjun	AHP-einkunn
13	Markarfljót b	14,4	1	Skatastaðavirkjun a	1,2
12	Markarfljót a	12,5	42	Ölkelduháls	1,0
48	Brennisteinsalda (Torfajökull)	8,7	52	Krafla – Vestursvæði	1,0
7	Jökulsá á Fjöllum	7,2	34	Seltún (Krýsuvík)	0,9
44	Reykjadalir vestari	6,8	38	Innstidalur	0,8
45	Reykjadalir austari	6,3	11	Hólmsárvirkjun	0,8
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	5,6	41	Þverárdalur	0,7
47	Háuhverir – Jökulgil	4,4	4	Fljótshnjúkur	0,7
6	Hrafnabjargavirkjun b	4,1	37	Hellisheiði	0,7
14	Skaftárveita	3,5	18	Núpsvirkjun b	0,6
5	Hrafnabjargavirkjun a	3,2	17	Núpsvirkjun a	0,6
10	Skaftárvirkjun	2,4	19	Urriðafossvirkjun	0,6
40	Grændalur	1,8	35	Austurengjar	0,6
3	Krafla – Leirhnjúkur	1,7	30	Reykjanes	0,6
36	Brennisteinsfjöll	1,5	32	Sandfell	0,5
49	Þeistareykir	1,3	43	Hágöngusvæði	0,5
33	Trölladyngja	1,2	50	Bjarnarflag	0,3
2	Skatastaðavirkjun b	1,2			

Í fyrsta lagi greindi hópurinn svæðin með tilliti til þess hvort þau hefðu gildi fyrir ferðaþjónustu og hvaða áhrif virkjun gæti haft á möguleika fyrirtækja í ferðaþjónustu til að nýta sér svæðið til framdráttar starfsemi sinni. Taldi hópurinn að svæði Jökulsár á Fjöllum, Torfajökulssvæðið, Nesjavellir, Bjarnarflag, Markarfljót, Skaftársvæði og Svartsengi væru mikilvægust fyrir ferðaþjónustu. Nokkur svæði voru tilgreind þar sem virkjun var talin hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Þetta voru Krafla–Leirhnjúkur, Markarfljót og Villinganesvirkjun. Hins vegar voru Kárahnjúkavirkjun, Skatastaðavirkjun, Reykjanesvirkjun, Bjarnarflagsvirkjun og Hellisheiðarvirkjun taldar geta stuðlað að frekari vexti og viðgangi ferðaþjónustu. Hópurinn taldi sig ekki hafa forsendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um áhrif virkjana á ferðaþjónustu á nokkrum stöðum, m.a. á Torfajökulssvæðinu.

Í öðru lagi taldi hópurinn að aðstæður til að nýta varma til annars en rafmagnsframleiðslu og möguleg nýting afgangsvarma gætu skotið traustari stoðum undir jarðvarmavirkjanir og skapað möguleika til framþróunar atvinnulífs í nærliggjandi byggð. Í mati hópsins eru tilgreindar jarðvarmavirkjanir þar sem þessi möguleiki gæti verið fyrir hendi. Í töflu 5.7 má sjá að allar jarðvarmavirkjanir nema virkjun á Hágöngusvæði og jarðvarmavirkjanir á Torfajökulssvæðinu eru taldar hafa þessa kosti. Kostir virkjana við Kröflu eru þó eingöngu bundnir við nýtingu afgangsvarma.

Í þriðja lagi greindi faghópurinn þær virkjanir sem gætu skapað forsendur fyrir orkufrekum iðnaði á landsbyggðinni. Þessi greining bendir til þess að allar virkjanir norðan jökla gætu skapað forsendu fyrir orkufrekum og atvinnuskapandi iðnaði á landsbyggðinni.

Tafla 5.7 Mat faghóps III (með samanburðarvirkjunum)
– raðað eftir vísitölu heildarhagnaðar.

Nr.	Virkjun	Vísitala heildar-hagnaðar	Bein nýting jarð-varma	Nýting afgangs-varma	Mikilvægi ferða-þjónustu	Áhrif á ferða-þjónustu	Nýting orku á lands-byggð	Tengi-kostnaður
7	Jökulsá á Fjöllum	10,0			xxxx		x	Miðlungs
(8	Kárahnjúkavirkjun	9,1			xx	+	x	Miðlungs)
(9	Fljótsdalsvirkjun	3,3			xx	+	x	Lítill)
14	Skaftárveita[15]	2,2			x			Lítill
10	Skaftárvirkjun	1,8			xxx	0		Miðlungs
30	Reykjanes	1,8	x	x	óþekkt	+		Lítill
52	Krafla Vestursvæði	1,4		x	0	0	x	Lítill
43	Hágöngusvæði	1,4			ath.			Lítill
(15	Norðlingaölduveita (575 m)	1,4						Lítill)
17	Núpsvirkjun a	1,2			0	0		Lítill
18	Núpsvirkjun b	1,1			0	0		Lítill
19	Urriðafossvirkjun	1,1			0	0		Lítill
5	Hrafnabjargavirkjun a	1,1			0	0	x	Lítill
35	Austurengjar (Krýsuvík)	1,0	x	x	0	0		Lítill
48	Brennisteinsalda (Torfaj.)	1,0			xxxx	ath.		Miðlungs
36	Brennisteinsfjöll	1,0	x	x	0	0		Lítill
40	Grændalur (Hengill)	1,0	x	x	ath.	ath.		Lítill
47	Háuhverir (Torfajökull)	1,0			xxxx	ath.		Miðlungs
37	Hellisheiði (Hengill)	1,0	x	x	óþekkt	+		Lítill
38	Innstidalur (Hengill)	1,0		x	ath.	ath.		Lítill
53	Krafla – Leirhnjúkur	1,0		x	xx	-	x	Lítill
45	Reykjadalir austari	1,0			xxxx	ath.		Miðlungs
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	1,0			xxxx	ath.		Miðlungs
44	Reykjadalir vestari	1,0				ath.		Miðlungs
32	Sandfell (Krýsuvík)	1,0	x	x	0	0		Lítill
34	Seltún (Krýsuvík)	1,0	x	x	0	0		Lítill
33	Tröllladyngja (Krýsuvík)	1,0		x	x	0	0	Lítill
49	Þeistareykir	1,0	x	x	0	0	x	Miðlungs
41	Þverárdalur (Hengill)	1,0	x	x	ath.	ath.		Lítill
42	Ölkelduháls (Hengill)	1,0	x	x	ath.	ath.		Lítill
1	Skatastaðavirkjun a	0,8			xx	+	x	Mikill
2	Skatastaðavirkjun b	0,8			xx	+	x	Mikill
50	Bjarnarflag	0,8	x	x	xxxx	+	x	Lítill
(39	Nesjavellir – stækkun	0,8	x	x	óþekkt	+		Lítill)
11	Hólmsárvirkjun	0,7			0	0		Miðlungs
(51	Krafla I – stækkun	0,7		x	0	0	x	Lítill)
13	Markarfljótsvirkjun b	0,7			xxxx	-		Mikill
(16	Búðarhálsvirkjun	0,7			0	0		Lítill)
6	Hrafnabjargavirkjun b	0,7			0	0	x	Lítill
12	Markarfljótsvirkjun a	0,6			xxxx	-		Mikill
(31	Svartsengi – stækkun	0,6	x	x	xxxx	0		Lítill)
(3	Villinganesvirkjun	0,2			xx	-	x	Lítill)
4	Fljótshnjúksvirkjun	-1,5			0	0	x	Lítill

[15] Sjá nánar um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7 og hugsanleg efnahagsáhrif á bleikjueldi í byggð.

5.5 Mat faghóps IV.

Hlutverk faghóps IV var að greina virkjunarkosti, meta orkugetu þeirra og stofn- og rekstrarkostnað. Hópurinn sótti upplýsingar í fyrirliggjandi virkjunarskýrslur og beint til verkfræðistofa og orkufyrirtækja eða til Orkustofnunar. Þær meginstærðir, sem hópurinn notar, eru orkugeta, stofnkostnaður og vísitölur um heildarhagnað og arðsemi. Eðlismunur er á vatnsaflsvirkjunum og jarðvarmavirkjunum en samt var reynt að gera forsendur sambærilegar eftir því sem eðli máls leyfði.

Í töflu 5.8 er að finna helstu kennistærðir sem faghópur IV hefur tekið saman um virkjunarhugmyndirnar. Hugmyndunum er raðað í töflunni eftir vísitölu heildarhagnaðar. Í 1. dálki er auðkennisnúmer virkjunar, í 2. dálki vinnuheiti hennar, síðan orkugeta (GWh/ár), stofnkostnaður á orkueiningu (kr/(kWh/ár)), þá vísitala núvirts heildarhagnaðar yfir 50 ára rekstrartíma, hlutfall arðsemi reiknað út frá hlutfalli núvirts heildarhagnaðar og stofnkostnaðar, þá afkastavextir og vísitala arðsemi. Í síðasta dálki er gefið til kynna hvort tengikostnaður gæti orðið mikill, miðlungs eða lítill.

Mikil stærðarmunur er á virkjunum og orkugetu þeirra, eða frá 4.670 GWh á ári í Kárahnjúkavirkjun niður í 140 GWh á ári í stækkun Svartsengisvirkjunar. Orkugeta vatnsaflsvirkjana ræðst af rennsli vatnsfallanna og möguleikum á miðlun þess yfir árið. Í jarðvarmavirkjunum er almennt gert ráð fyrir 120 MW á hverjum virkjunarstað og þar með 840 GWh/ár miðað við 7.000 stunda sölu á forgangsorku á ári. Undantekning er Bjarnarflag þar sem afl virkjunar er reiknað 80 MW og stækkanir núverandi virkjana.

Við útreikning á heildarhagnaði er gert ráð fyrir að allar virkjanir selji forgangsorku á sama verði sem er 1,7 kr/kWh. Í 50 ára rekstri eru rekstrargjöld hvers árs, 0,8% í vatnsafli og 2% í jarðvarma, dregin frá sölutekjum hvers árs og mismunur núvirtur með 5,5% vöxtum til fyrsta rekstrardags. Á sama hátt er stofnkostnaður, sem fellur til á mismunandi tíma, núvirtur til fyrsta rekstrardags og dreginn frá núvirtum nettótekjum. Mismunurinn er skilgreindur sem núvirtur heildarhagnaður af rekstri virkjunar. Mestur núvirtur heildarhagnaður virkjunar er látinn samsvara 10 í vísitölu heildarhagnaðar og aðrar virkjanir fá vísitölu í hlutfalli við það. Þar sem stofnkostnaður á orkueiningu er svipaður fyrir flestar virkjanir í þessu safni og forsendur um rekstrarkostnað og orkuverð hinar sömu fyrir hvora gerð virkjana, vatnsafl og jarðvarma, endurspeglar vísitala heildarhagnaðar fyrst og fremst stærð virkjana í hvorri gerð. Kárahnjúkavirkjun og Jökulsá á Fjöllum gnæfa yfir aðra kosti vegna stærðar. Aðeins ein virkjun í þessu safni, Fljótshnjúksvirkjun, er með tap á rekstri miðað við það verð forgangsorku og ávöxtunarkröfu fjár sem notuð eru í reikningum.

Hlutfall arðsemi sýnir hlutfall núvirts heildarhagnaðar og stofnkostnaðar virkjunar. Það dregur skýrt fram hagkvæmni Skaftárveitu. Afkastavextir sýna þá hæstu ávöxtunarkröfu sem virkjunin gæti staðið undir án þess að núvirtur heildarhagnaður verði neikvæður. Þar er Skaftárveita einnig langhæst en lægst er Fljótshnjúksvirkjun sem þolir aðeins 2,6% vexti á því orkuverði sem reiknað er með. Vísitala arðsemi er reiknuð á þann hátt að afkastavextir Skaftárveitu gefa vísitölu 10 en vextir annarra virkjana gefa þeim vísitölu í hlutfalli við það. Líklegt er að vatnsaflsvirkjanir með vísitölu arðsemi 4 og yfir séu marktækt arðsamari en virkjanir með vísitölu nærri 3.

Stækkanir núverandi virkjana í Svartsengi, Kröflu og á Nesjavöllum eru vel arðsamar. Í töflu 5.8 eru virkjanir á Reykjanesi, Hágöngusvæði, í Bjarnarflagi og á Kröflu – Vestursvæði sýndar með nokkru lægri stofnkostnað á orkueiningu og þar með meiri arðsemi en staðal-

virkjun[16] jarðhita. Þar höfðu orkufyrirtækin rök fyrir lægri kostnaði vegna nálægðar við aðrar virkjanir eða vegna sérstakra skilyrða. Sama mundi væntanlega gilda um þær virkjanir á stærri jarðhitasvæðunum sem byggðar yrðu eftir að fyrsta virkjun væri komin á svæðið. Munurinn á virkjunum á Reykjanesi, Hágöngusvæði, í Bjarnarflagi og á Kröflu – Vesturssvæði annars vegar og staðalvirkjun hins vegar er því ekki marktækur. Miklu meira máli gæti skipt nálægð við markað sem gæti nýtt varma beint eða afgangsvarma frá raforkuverinu. Þau skilyrði eru líklegri á jarðhitasvæðum nærri byggð eða höfn en á svæðum inni á miðju hálendi. Arðsemi jarðvarmavirkjana reiknast svipuð og þeirra vatnsaflsvirkjana sem hér eru metnar en hún gæti orði verulega meiri þegar aðstæður eru til fjölþættari nota jarðhitans með raforkuvinnslunni.

Það vekur athygli að lítil sem engin fylgni er á milli orkugetu og arðsemi fjármagns (fylgnistuðull er 0,01) þannig að lítil stærðarhagkvæmni virðist vera fyrir hendi í þessu úrtaki virkjana.

Í flestum tilfellum er tengikostnaður lítill og á aðeins tveimur virkjunarsvæðum, Skatastaðavirkjun í Skagafirði og í Markarfljóti, er talið að tengikostnaður verði mikill.

5.6 Flokkun verkefnisstjórnar.

5.6.1 Kennistærðir faghóps IV.

Til að átta sig á helstu kennistærðum faghóps IV hefur verkefnisstjórn teiknað myndir sem hér fara á eftir með skýringum. Virkjunarhugmyndir í vatnsafli eru auðkenndar með númerum 1–19 en jarðvarmavirkjanir með 30–53, sbr. töflu 5.8. Reikna má með að í þessu safni séu flestir hagstæðustu kostir, sem völ er á í vatnsafli og að flestar þær hugmyndir í vatnsafli, sem eftir er að meta, verði hlutfallslega dýrari og að jafnaði með minni orkugetu.

Sá munur, sem fram kom í mati á stofnkostnaði nýrra jarðvarmavirkjana í töflu 5.8, var ekki talinn marktækur. Þess vegna er stofnkostnaður þeirra hér settur jafn stofnkostnaði staðalvirkjunar og táknaður með punkti sem merktur er S á myndunum. Auk þess eru sýndir punktar fyrir stækkanir núverandi jarðvarmavirkjana í Svartsengi (31), á Nesjavöllum (39) og í Kröflu (51).


Stofnkostnaður þeirra virkjana, sem hér eru til umfjöllunar, er með allmikilli óvissu, einkum í þeim hugmyndum sem skammt eru þróaðar. Á mynd 5.2 er stofnkostnaður á orkueiningu teiknaður á móti orkugetu. Í þessum hópi virkjana gætir stærðarhagkvæmni lítið. Skaftárveita (14), stækkanir núverandi jarðvarmavirkjana (31, 39 og 51) og Norðlingaölduveita (575 m) (15) eru ódýrari en aðrir kostir og Fljótshnjúksvirkjun (4) dýrari. Þar fyrir utan má í vatnsafli greina nokkra lækkun stofnkostnaðar á orkueiningu með vaxandi orkugetu. Staðalvirkjun jarðhita er svipuð í stofnkostnaði á orkueiningu og stærstu vatnsaflsvirkjanirnar.

Á mynd 5.3 er vísitala núvirts heildarhagnaðar teiknuð á móti stofnkostnaði á orkueiningu. Hér skera Jökulsá á Fjöllum og Kárahnjúkavirkjun sig úr með háan heildarhagnað vegna mikillar orkugetu. Að sama skapi er vísitala heildarhagnaðar af stækkun jarðvarmavirkjana lág vegna lítillar orkugetu stækkunarinnar. Að öðru leyti má greina fallandi vísitölu heildarhagnaðar með vaxandi stofnkostnaði á orkueiningu.


[16] Sjá lýsingu á staðalvirkjun í viðauka b6.

Tafla 5.8 Kennistærðir virkjunarhugmynda (með samanburðarvirkjunum).
Raðað er eftir vísitölu heildarhagnaðar.


Nr.	Nafn virkjunarstaðar	Orkugeta GWh/ári	Stofnkostn. á orkuein. (kr/kWh/ári)	Vísitala heildar-hagnaðar	Hlutfall arðsemi	Afkasta vextir %	Vísitala arðsemi	Umfang tengi-kostnaðar
7	Jökulsá á Fjöllum	4.000	18,4	10,00	145	9,5	4,6	Miðlungs
8	Kárahnjúkavirkjun	4.670	20,0	9,28	105	8,3	4,0	Miðlungs
9	Fljótsdalsvirkjun	1.390	18,9	3,35	135	9,1	4,4	Lítill
14	Skaftárveita	450	8,2	2,18	630	20,5	10,0	Lítill
30	Reykjanes	840	16,7	1,79	136	9,1	4,4	Lítill
10	Skaftárvirkjun	904	20,5	1,74	99	8,2	4,0	Miðlungs
43	Hágöngusvæði	840	17,7	1,49	106	8,3	4,0	Lítill
52	Krafla – Vestursvæði	840	17,8	1,39	99	8,1	4,0	Lítill
15	Norðlingaölduveita (575 m)	650	16,3	1,38	139	8,6	4,2	Lítill
17	Núpsvirkjun a	1.001	22,7	1,26	59	7,1	3,5	Lítill
18	Núpsvirkjun b	1.019	23,1	1,16	53	7,0	3,4	Lítill
32	Sandfell	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
33	Trölladyngja	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
34	Seltún	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
35	Austurengjar	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
36	Brennisteinsfjöll	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
37	Hellisheiði	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
38	Innstidalur	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
40	Grændalur	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
41	Þverárdalur	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
42	Ölkelduháls	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
44	Reykjadalir vestari	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
45	Reykjadalir austari	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
47	Háuhverir	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
48	Brennisteinsalda	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
49	Þeistareykir	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Miðlungs
53	Krafla – Leirhnjúkur	840	19,0	1,08	72	7,4	3,6	Lítill
19	Urriðafossvirkjun	920	23,2	1,06	53	7,0	3,4	Lítill
5	Hrafnabjargarvirkjun a	575	21,2	1,03	90	8,0	3,9	Lítill
50	Bjarnarflag	560	18,3	0,82	85	7,8	3,8	Lítill
1	Skatastaðavirkjun a	1.046	24,5	0,77	32	6,4	3,1	Mikill
39	Nesjavellir – stækkun	210	11,9	0,76	322	14,5	7,1	Lítill
2	Skatastaðavirkjun b	1.290	25,0	0,73	24	6,2	3,0	Mikill
16	Búðarhálsvirkjun	630	23,2	0,72	52	6,8	3,3	Lítill
51	Krafla I – stækkun	280	15,3	0,70	175	9,9	4,8	Lítill
6	Hrafnabjargavirkjun b	618	23,3	0,70	52	6,9	3,4	Lítill
13	Markarsfljótsvirkjun b	855	24,4	0,70	35	6,5	3,2	Mikill
11	Hólmsárvirkjun	438	22,0	0,67	74	7,5	3,7	Miðlungs
12	Markarsfljótsvirkjun a	735	23,7	0,59	36	6,4	3,1	Mikill
31	Svartsengi – stækkun	140	10,7	0,57	401	16,7	8,1	Lítill
3	Villinganesvirkjun	190	24,4	0,18	41	6,7	3,3	Lítill
4	Fljótshnjúksvirkjun	405	40,3	-1,49	-97	2,6	1,3	Lítill




Mynd 5.2 Stofnkostnaður á orkueiningu miðað við orkugetu.



Mynd 5.3 Vísitala heildarhagnaðar miðað við stofnkostnað á orkueiningu.



Mynd 5.4 Vísitala arðsemi miðað við stofnkostnað á orkueiningu.



Mynd 5.5 Vísitala heildarhagnaðar miðað við vísitölu arðsemi.

Mynd 5.4 sýnir vísitölu arðsemi sem fall af stofnkostnaði á orkueiningu. Arðsamastar eru Skaftárveita (14) og stækkanir jarðvarmavirkjana (31, 39 og 51). Vísitala arðsemi lækkar línulega með vaxandi stofnkostnaði á orkueiningu. Greina má tvo flokka. Annars vegar eru veiturnar og stækkanir jarðvarmavirkjana sem skera sig úr með lægri stofnkostnað á orkueiningu og hærri arðsemi. Hins vegar vatnsaflsvirkjanirnar með öllu hærri stofnkostnað og miðlungsarðsemi. Þar eru Jökulsá á Fjöllum (7), Fljótsdalsvirkjun (9) og Kárahnjúkavirkjun (8) efstar í arðsemi en Skatastaðavirkjun (2) og Fljótshnjúksvirkjun (4) neðstar. Staðalvirkjun jarðvarma er með miðlungsarðsemi en lægri stofnkostnað á orkueiningu en flestar vatnsaflsvirkjanir.


Á mynd 5.5 er vísitala heildarhagnaðar teiknuð á móti vísitölu arðsemi. Myndin sýnir vel eðlismun á þessum vísitölum. Jökulsá á Fjöllum (7) og Kárahnjúkavirkjun (8) yfirgnæfa í vísitölu heildarhagnaðar vegna stærðar en Skaftárveita (14) og stækkanir jarðvarmavirkjana (31, 39 og 51) eru arðsamastar þrátt fyrir miðlungshagnað.

5.6.2 Kennistærðir og umhverfisáhrif.

Næstu myndir bera niðurstöður faghóps IV saman við niðurstöður faghópa I og II. Notaðar eru AHP-einkunnir um vísitölu umhverfisáhrifa úr takmarkaða safninu (sjá töflu 2.2 í viðauka b2). Þar sem æskilegt er að samanburðarvirkjanir séu hér með líkt og í myndum 5.2–5.5 voru þeim áætlaðar AHP-einkunnir á þessum kvarða út frá stöðu þeirra á kvarðanum um allar virkjanir í töflu 2.1 í viðauka b2.

Á mynd 5.6 er orkugeta teiknuð á móti vísitölu umhverfisáhrifa. Hér eru jarðvarmavirkjanir sýndar hver fyrir sig enda er munur á nýjum jarðvarmavirkjunum í vísitölu umhverfisáhrifa þótt kostnaðartölur þeirra séu svipaðar. Mikil umhverfisáhrif virkjunar Jökulsár á Fjöllum (7) og Kárahnjúkavirkjunar (8) má að hluta skýra með umfangi þeirra. Sú skýring á ekki við um Markarfljótsvirkjanir (12 og 13), Fljótsdalsvirkjun (9) og Norðlingaölduveitu (575 m) (15) sem hafa mun meiri umhverfisáhrif en Skatastaðavirkjanir (1 og 2), Hrafnabjargavirkjanir (5 og 6) og Skaftárveita (14). Af jarðvarmavirkjunum skera virkjunarstaðir á Torfajökulssvæði (44, 45, 46, 47 og 48) sig úr með meiri umhverfisáhrif en aðrar jarðvarmavirkjanir. Grændalur (40) á Hengilssvæði er einnig með hærri vísitölu umhverfisáhrifa en aðrir virkjunarstaðir á Hengilssvæði og jarðvarmavirkjanir almennt.

Rétt er að hafa í huga að vísitölur umhverfisáhrifa eru hlutfallstölur sem sýna hvort áhrif einnar virkjunar eru talin meiri en annarrar en kvarðinn er ekki línulegur. Ef önnur þrep hefðu verið notuð í einkunnagjöf gætu þau hafa gefið aðrar tölur á kvarðanum en innbyrðis röðun virkjana hefði þó ekki breyst. Af þessum sökum mundi summa umhverfiseinkunna tveggja virkjana ekki verða réttur mælikvarði á umhverfisáhrif sem fylgdu því að byggja báðar virkjanirnar. Eins væri vísitala umhverfisáhrifa deild með orkugetu virkjunar ekki nothæfur mælikvarði þótt líklegt sé að umhverfisáhrif stórrar virkjunar verði minni en samanlögð áhrif margra virkjana sem hefðu samanlagt sömu orkugetu og sú stóra. Til að ná orkugetu Kárahnjúkavirkjunar (8) þyrfti t.d. 6–8 smærri virkjanir úr safninu. Í stað þess að leggja hlutfallstölur þessara virkjana saman til að reikna heildaráhrif þess að þær yrðu allar byggðar yrði að gera nýtt mat á samanlögðum umhverfisáhrifum þess að byggja allar virkjanirnar.




Mynd 5.6 Orkugeta miðað við vísitölu umhverfisáhrifa.


Á mynd 5.7 er vísitala heildarhagnaðar teiknuð á móti vísitölu umhverfisáhrifa. Vegna stærðar skila Kárahnjúkavirkjun (8) og virkjun Jökulsár á Fjöllum (7) mestum heildarhagnaði. Miðað við núvirtan heildarhagnað og umhverfisáhrif koma Kárahnjúkavirkjun (8) og virkjun Jökulsár á Fjöllum (7) svipað út. Ferill, sem sýndi ásættanlegan vöxt í umhverfisáhrifum miðað við ávinning í heildarhagnaði, mundi sveigjast upp á við eftir því sem umhverfisáhrif verða meiri, líkt og ferillinn á myndinni sýnir. Þeir kostir sem liggja neðan við ferilinn yrðu þeim mun síðri sem þeir liggja fjær honum. Samkvæmt því væru Markarfljótsvirkjanir (12 og 13) sístar með tilliti til umhverfisáhrifa og heildarhagnaðar, þar næst kæmu Fljótshnjúksvirkjun (4) og Norðlingaölduveita (575 m) (15) í vatnsafli en Torfajökulssvæðið í jarðvarma. Ákjósanlegastar væru hins vegar virkjanir sem lægju ofan við ferilinn og hefðu sem minnst umhverfisáhrif.

Á mynd 5.8 er vísitala arðsemi teiknuð á móti umhverfisáhrifum. Vísitalan er vísbending um hve hratt fjárfesting í virkjuninni mundi skila sér. Skaftárveita (14) skilar langmestri arðsemi ásamt stækkunum í Svartsengi (31) og á Nesjavöllum (39), og hefur tiltölulega lítil um hverfisáhrif.[17] Að öðru leyti er arðsemi virkjana í safninu svipuð en umhverfisáhrif mjög misjöfn. Virkjun Jökulsár á Fjöllum (7), Kárahnjúkavirkjun (8), Markarfljótsvirkjanir (12 og 13), Fljótsdalsvirkjun (9) og Norðlingaölduveita (575m) (15) hafa mikil umhverfisáhrif. Sama má segja um virkjanir á Torfajökulssvæðinu (44, 45, 46, 47, 48) og Grændal (40) á Hengilssvæði í samanburði við aðrar jarðvarmavirkjanir.

[17] Sjá athugasemd um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7.



Mynd 5.7 Vísitala heildarhagnaðar miðað við vísitölu umhverfisáhrifa.
(Sýndur er hugsanlegur ferill fyrir ásættanleg umhverfisáhrif miðað við hagnað.)



Mynd 5.8 Vísitala arðsemi miðað við vísitölu umhverfisáhrifa.

5.6.3 Flokkun verkefnisstjórnar á virkjunarhugmyndum.

Eins og fram hefur komið eru niðurstöður faghópa margþættar og auk þess er fjöldi virkjunarhugmynda sem til mats eru teknar í 1. áfanga mikill, 35 nýjar hugmyndir auk 8 samanburðarvirkjana. Verkefnisstjórnin hefur leitað leiða til að einfalda yfirlit yfir niðurstöður faghópanna og draga ályktanir af þeim. Ákveðið var að flokka virkjunarhugmyndir eftir vísitölu umhverfisáhrifa, vísitölu heildarhagnaðar og vísitölu arðsemi og skipa virkjunarhugmyndunum í fimm flokka eftir hverri vísitölu. Skil milli flokka eru ekki sjálfgefin en þau voru valin þar sem greinilegt stökk kemur fram í vísitölum innan hópsins eða þar sem eðlileg skil eru af öðrum ástæðum.

Tafla 5.9 sýnir þau bil sem notuð voru til að afmarka flokk hverrar vísitölu.

Tafla 5.9 Flokkar eftir vísitölum.

	Vísitala umhverfisáhrifa	Vísitala heildarhagnaðar	Vísitala arðsemi
Flokkur			
a	0 – 0,9	10 – 5	10 – 5
b	1,0 – 2,4	4,9 – 1,15	4,9 – 4,0
c	2,5 – 3,9	1,14 – 0,9	3,9 – 3,4
d	4,0 – 7,9	0,8 – 0,0	3,3 – 2,0
e	≥ 8	< 0	< 2

5.6.3.1 Flokkun eftir vísitölu umhverfisáhrifa.

Vísitala umhverfisáhrifa er vegið meðaltal af AHP-einkunnum faghópa I og II þar sem álit faghóps I vegur tvöfalt á við álit faghóps II. Í töflu 5.10 er sýnd flokkun eftir þeirri vísitölu. Alls falla virkjunarhugmyndir með orkugetu 11.200 GWh/ár í flokk a. Þetta eru Núpsvirkjun a (1.001 GWh/ár) fremur en Núpsvirkjun b (1.019) og Hólmsárvirkjun (438 GWh/ár) í vatnsafli en hitt allt jarðvarmavirkjanir raðað eftir vaxandi umhverfisáhrifum: Hágöngusvæði, Hellisheiði, Sandfell, Þverárdalur, Ölkelduháls, Bjarnarflag, Krafla – Vestursvæði, Austurengjar, Seltún, Reykjanes, Innstidalur, Tröllladyngja.

Í flokk b kemur orkugeta 5.800 GWh/ár. Þar eru Fljótshnjúksvirkjun, Skaftárvirkjun, Urriðafossvirkjun, Skaftárveita og Hrafnabjargavirkjun a í vatnsafli og Krafla–Leirhnjúkur, Brennisteinsfjöll og Þeistareykir í jarðhita.

Í flokk c koma tvær virkjanir með 1.900 GWh/ár, Skatastaðavirkjun a og Grændalur en auk þess Skatastaðavirkjun b og Hrafnabjargavirkjun b sem víkja fyrir tilhögun a um sama vatnsafl.

Í flokk d koma 4.200 GWh/ár á Torfajökulssvæði og í flokk e koma 4.700 GWh/ár, Markarfljót a og Jökulsá á Fjöllum en Markarfljót b víkur.

Fróðlegt er að aðgæta í hvaða flokk þær virkjanir hefðu fallið sem metnar voru til samanburðar. Þar þarf að hafa í huga að AHP-einkunnir eru ekki hinar sömu í heildarsafninu með samanburðarvirkjunum og í takmarkaða safninu þar sem þær eru undanskildar. Flokkunin í töflu 5.10 notar AHP-einkunnir fyrir takmarkaða safnið. Ljóst er þó af samanburði á töflum 2.1 og 2.2 í viðauka b2 að Kárahnjúkavirkjun hefði fallið í flokk e, Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita (575 m) í flokk d, Villinganesvirkjun í flokk b, og Búðarhálsvirkjun ásamt stækkunum í Kröflu, Svartsengi og á Nesjavöllum í flokk a.

Tafla 5.10 Flokkar umhverfisáhrifa (án samanburðarvirkjana).

	Orkugeta GWh/ár	Samanlögð orkugeta GWh/ári	Vísitala umhverfis-áhrifa	Flokkar umhverfis-áhrifa	Vísitala heildar-hagnaðar	Vísitala arðsemi
Virkjanir						
Hágöngusvæði	840	840	0,33	a	1,49	4,0
Hellisheiði (Hengill)	840	1.680	0,33	a	1,08	3,6
Sandfell (Krýsuvík)	840	2.520	0,39	a	1,08	3,6
Þverárdalur (Hengill)	840	3.360	0,44	a	1,08	3,6
Ölkelduháls (Hengill)	840	4.200	0,48	a	1,08	3,6
Bjarnarflag	560	4.760	0,48	a	0,82	3,8
Krafla Vestursvæði	840	5.600	0,50	a	1,39	4,0
Austurengjar (Krýsuvík)	840	6.440	0,54	a	1,08	3,6
Núpsvirkjun a	1.001	7.441	0,54	a	1,26	3,5
Seltún (Krýsuvík)	840	8.281	0,58	a	1,08	3,6
Reykjanes	840	9.121	0,58	a	1,79	4,4
Innstidalur (Hengill)	840	9.961	0,66	a	1,08	3,6
Trölladyngja (Krýsuvík)	840	10.801	0,68	a	1,08	3,6
Núpsvirkjun b	1.019		0,77	a	1,16	3,4
Hólmsárvirkjun	438	11.239	0,78	a	0,67	3,7
Fljótshnjúksvirkjun	405	11.644	1,02	b	-1,49	1,3
Skaftárvirkjun	904	12.548	1,28	b	1,74	4,0
Krafla Leirhnjúkur	840	13.388	1,34	b	1,08	3,6
Urriðafossvirkjun	920	14.308	1,37	b	1,06	3,4
Brennisteinsfjöll	840	15.148	1,38	b	1,08	3,6
Þeistareykir	840	15.988	1,43	b	1,08	3,6
Skaftárveita[18]	450	16.438	1,86	b	2,18	10,0
Hrafnabjargavirkjun a	575	17.013	2,07	b	1,03	3,9
Grændalur (Hengill)	840	17.853	2,96	c	1,08	3,6
Hrafnabjargavirkjun b	618		2,98	c	0,70	3,4
Skatastaðavirkjun a	1.046	18.899	3,55	c	0,77	3,1
Skatastaðavirkjun b	1.290		3,85	c	0,73	3,0
Háuhverir (Torfajökull)	840	19.739	4,84	d	1,08	3,6
Brennisteinsalda	840	20.579	6,29	d	1,08	3,6
Reykjadalir (Kaldaklof)	840	21.419	6,76	d	1,08	3,6
Reykjadalir (Austur)	840	22.259	6,99	d	1,08	3,6
Reykjadalir (Vestur)	840	23.099	7,18	d	1,08	3,6
Markarfljót a	735	23.834	10,74	e	0,59	3,1
Jökulsá á Fjöllum	4.000	27.834	11,85	e	10,00	4,6
Markarfljót b	855		11,88	e	0,70	3,2

[18] Sjá nánar um áhrif Skaftárveitu í gr. 5.6.7

5.6.3.2 Flokkun eftir vísitölu heildarhagnaðar.

Í töflu 5.11 er virkjunarhugmyndunum skipt í flokka eftir vísitölu heildarhagnaðar. Heimilaðar virkjanir eru sýndar til samanburðar og flokkar umhverfisáhrifa í stað vísitölu. Nýjar jarðvarmavirkjanir eru allar settar með vísitölu heildarhagnaðar fyrir staðalvirkjun og falla því í flokk c. Alls eru þar teknar saman virkjanir á 20 stöðum með orkugetu 840 GWh/ári hver, auk 560 GWh/ár í Bjarnarflagi. Sumar þessara virkjana gætu reynst hagkvæmari vegna sérstakra aðstæðna, t.d. tækifæra til sölu á varma auk raforku. Það gæti orðið til að lyfta þeim í flokk b. Stækkanir núverandi jarðvarmavirkjana eru hins vegar settar inn með þeirri vísitölu heildarhagnaðar sem faghópur IV reiknaði þeim enda er þar byggt á fenginni reynslu fyrri áfanga. Vegna smæðar stækkananna raðast þær í flokk d.

Jökulsá á Fjöllum og Kárahnjúkavirkjun falla hér í flokk a og yfirgnæfa aðrar virkjanir vegna stærðar. Í flokk b falla Fljótsdalsvirkjun og Núpsvirkjun en einnig smærri virkjanir svo sem Skaftárvirkjun og veiturnar við Norðlingaöldu og Skaftá. Urriðafossvirkjun og Hrafnabjargavirkjun a falla í flokk c með staðalvirkjun jarðhita en í flokk d Skatastaðavirkjun, Markarfljótsvirkjun og flestar smærri vatnsaflsvirkjanir.

Tafla 5.11 Flokkar heildarhagnaðar (með samanburðarvirkjunum).

	Orkugeta GWh/ár	Flokkar umhverfis-áhrifa	Vísitala heildar-hagnaðar	Flokkar heildar-hagnaðar	Vísitala arðsemi
Virkjanir					
Jökulsá á Fjöllum	4.000	e	10,00	a	4,6
Kárahnjúkavirkjun	4.670	e	9,28	a	4,0
Fljótsdalsvirkjun	1.390	d	3,35	b	4,4
Skaftárveita	450	b	2,18	b	10,0
Skaftárvirkjun	904	b	1,74	b	4,0
Norðlingaölduveita (575m)	650	d	1,38	b	4,2
Núpsvirkjun a	1.001	a	1,26	b	3,5
Núpsvirkjun b	1.019	a	1,16	b	3,4
Staðalvirkjun jarðhita	17.360	a–d	1,08	c	3,6
Urriðafossvirkjun	920	b	1,06	c	3,4
Hrafnabjargavirkjun a	575	b	1,03	c	3,9
Skatastaðavirkjun a	1.046	c	0,77	d	3,1
Nesjavellir – stækkun	210	a	0,76	d	7,1
Skatastaðavirkjun b	1.290	c	0,73	d	3,0
Búðarhálsvirkjun	630	a	0,72	d	3,3
Hrafnabjargavirkjun b	618	c	0,70	d	3,4
Markarfljót b	855	e	0,70	d	3,2
Krafla I stækkun	280	a	0,70	d	4,8
Hólmsárvirkjun	438	a	0,67	d	3,7
Markarfljót a	735	e	0,59	d	3,1
Svartsengi – stækkun	140	a	0,57	d	8,1
Villinganesvirkjun	190	b	0,18	d	3,3
Fljótshnjúksvirkjun	405	b	-1,49	e	1,3

5.6.3.3 Flokkun eftir vísitölu arðsemi.

Í töflu 5.12 er flokkað eftir vísitölu arðsemi. Flokkar umhverfisáhrifa og heildarhagnaðar eru sýndir til samanburðar. Í flokki a eru arðsömustu virkjanirnar Skaftárveita og stækkanir í Svartsengi og á Nesjavöllum. Í flokki b eru stækkun í Kröflu, Jökulsá á Fjöllum, Fljótsdalsvirkjun, Norðlingaölduveita (575 m), Kárahnjúkavirkjun og Skaftárvirkjun. Í flokki c er staðalvirkjun jarðhita ásamt Hrafnabjargavirkjun, Hólmsárvirkjun, Núpsvirkjun og Urriðafossvirkjun. Í flokk d falla Búðarhálsvirkjun, Markarfljót, Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun.

Tafla 5.12 Flokkar arðsemi (með samanburðarvirkjunum).

	Orkugeta GWh/ár	Flokkar umhverfis-áhrifa	Flokkar heildar-hagnaðar	Vísitala arðsemi	Flokkar arðsemi
Virkjanir					
Skaftárveita	450	b	b	10,0	a
Svartsengi – stækkun	140	a	d	8,1	a
Nesjavellir – stækkun	210	a	d	7,1	a
Krafla I stækkun	280	a	d	4,8	b
Jökulsá á Fjöllum	4.000	e	a	4,6	b
Fljótsdalsvirkjun	390	d	b	4,4	b
Norðlingaölduveita (575m)	650	d	b	4,2	b
Kárahnjúkavirkjun	4.670	e	a	4,0	b
Skaftárvirkjun	904	b	b	4,0	b
Hrafnabjargavirkjun a	575	b	c	3,9	c
Hólmsárvirkjun	438	a	d	3,7	c
Staðalvirkjun jarðhita	17.360	a-d	c	3,6	c
Núpsvirkjun a	1.001	a	b	3,5	c
Núpsvirkjun b	1.019	a	b	3,4	c
Urriðafossvirkjun	920	b	c	3,4	c
Hrafnabjargavirkjun b	618	c	d	3,4	c
Búðarhálsvirkjun	630	a	d	3,3	d
Villinganesvirkjun	190	b	d	3,3	d
Markarfljót b	855	e	d	3,2	d
Skatastaðavirkjun a	1.046	c	d	3,1	d
Markarfljót a	735	e	d	3,1	d
Skatastaðavirkjun b	1.290	c	d	3,0	d
Fljótshnjúksvirkjun	405	b	e	1,3	e

5.6.4 Einfaldaðar niðurstöður flokkunar.

Í töflu 5.13 eru niðurstöður flokkunar eftir vísitölum umhverfisáhrifa, heildarhagnaðar og arðsemi dregnar saman. Í 4. dálki táknar fyrsti bókstafur flokk umhverfisáhrifa (U), næsti flokk heildarhagnaðar (H) og hinn síðasti flokk arðsemi (A). Efst er raðað virkjunarhugmyndum með minnst umhverfisáhrif (a), síðan (b) o.s.frv. Innan flokks minnstu umhverfisáhrifa (a) koma efst þær virkjanir sem hafa hagstæðasta flokkun heildarhagnaðar eða arðsemi. Á svipaðan hátt mætti draga niðurstöðurnar saman þar sem efst væri raðað virkjunum með hagstæðasta flokk heildarhagnaðar eða arðsemi eins og gert er í töflum 3 og 4. Þar skortir hins vegar gögn til að greina á milli jarðvarmavirkjana. Munur á þeim kemur fyrst og fremst fram í vísitölu umhverfisáhrifa. Í 5. dálki er sýnd einföld flokkun á gæðum gagna sem

stuðst var við í mati. Fyrsti bókstafur táknar gæði gagna að mati faghóps I, síðan II og loks IV. Nánari lýsingu á þessari flokkun og sundurliðun hennar eftir viðföngum er að finna í töflu 1.2 í viðauka b1. Gæði B eru þau sem eðlilegt er að krefjast við mat vegna rammaáætlunar. Gæði A eru betri og oft fullnægjandi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Gæði C eru hins vegar minni en æskilegt er við mat vegna rammaáætlunar.

Í umhverfisflokki a eru Núpsvirkjun með einkennisflokkunina (abc) og Hólmsárvirkjun (adc) álitlegir kostir í samanburði við Búðarhálsvirkjun (add). Hólmsárvirkjun fær lægri heildarhagnað en Núpsvirkjun vegna smæðar. Nýjar jarðvarmavirkjanir fá allar sömu flokkun (acc). Röðun þeirra innan umhverfisflokks a er eftir vaxandi umhverfisáhrifum. Allar þessar virkjanir nema Hágöngusvæði gætu vegna nálægðar við byggð reynst hagkvæmari en hér er sýnt ef þær njóta markaðar fyrir varma til annarra nota en raforkuframleiðslu. Virkjanir á Reykjanesi, Hellisheiði og í Bjarnarflagi eru taldar geta haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og orka virkjana í Kröflu og Bjarnarflagi gæti nýst til styrktar atvinnu í nálægri byggð.

Í umhverfisflokki b bera Skaftárveita og Skaftárvirkjun af bæði í heildarhagnaði og arðsemi. Hrafnabjargavirkjun a er einnig vel arðsöm. Jarðvarmavirkjanir og Urriðafossvirkjun gætu haft vinning yfir Villinganesvirkjun en Fljótshnjúksvirkjun er ekki hagkvæm á því orkuverði sem notað er í samanburðarreikningum um heildarhagnað. Jarðvarmavirkjanirnar gætu hugsanlega átt von í betri arðsemi með sölu á afgangsvarma eða beinni nýtingu jarðvarma til iðnaðar. Faghópur I hefur bent á að þrátt fyrir lága meðaltölu umhverfisáhrifa leynist mikilvæg umhverfisverðmæti meðal virkjana í þessum hópi. Bent er á Skaftárveitu (Langasjó) vegna landslags og víðernis og Brennisteinsfjöll sem fá næsthæsta einkunn jarðhitasvæða fyrir landslag. Um Skaftárveitu verður einnig að gera fyrirvara vegna áhrifa veitunnar á vatnsmagn Skaftár og afar viðkvæma náttúru á vatnasvæði hennar.[19]

Faghópur III hefur gert sérstaka athugasemd við Villinganesvirkjun vegna neikvæðra áhrifa á ferðaþjónustu. Virkjun á Kröflusvæði við Leirhnjúk er einnig talin hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu.

Í umhverfisflokki c eru aðeins tvær virkjanir, Skatastaðavirkjun (a) og Grændalur. Skatastaðavirkjun (b) og Hrafnabjargavirkjun (b) víkja þar sem kostur (a) fyrir þessar virkjanir yrði frekar valinn. Skatastaðavirkjun (a) er lakari bæði í heildarhagnaði og arðsemi en staðalvirkjun jarðhita í Grændal. Skatastaðavirkjun fær allhátt áhrifamat í öllum viðföngum en ekkert sérstakt atriði stendur þar upp úr að mati faghóps I. Faghópur III telur virkjunina geta haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og nýting orku hennar gæti styrkt byggð í nágrenni hennar. Grændalur fær hæsta einkunn af jarðhitasvæðum í jarðminjum og vatnafari og í vistgerðum og liggur vel við til náttúruskoðunar, t.d. frá heilsudvöl í Hveragerði. Ef varðveita ætti eitthvert jarðhitasvæðanna á Hengilssvæði ósnortið kæmi Grændalur þar einna fyrst til greina.

---

[19] Rennsli í Skaftá með Síðuheiðum hefur áhrif á rennsli í Bresti og Skálarálum og þar með á allar uppsprettur undan Eldhrauni og Landbrotshrauni sem eru undirstaða lífríkis og vega þungt fyrir afkomu íbúa héraðsins. Áformað er að í mannvirkjum Skaftárveitu felist gerð stíflu og lokuvirkja sem eiga að tryggja nægilegt rennsli úr Skaftá með Síðuheiðum inn í grunnvatnsgeyma hraunanna og gæta jafnframt annarra hagsmuna byggðarinnar. Takist að stýra vatni Skaftár svo að Skaftárveita hafi ekki áhrif á efnasamsetningu og hæð náttúrulegs grunnvatns í Eldhrauni gæti það dregið úr einhverjum þáttum umhverfisáhrifanna en að öðru leyti er ekki hægt að segja til um hve umhverfisáhrifin verða mikil og flokkun önnur af þeim sökum. Verkefnisstjórnin gerir fyrirvara um þetta mál þar til ljóst er hver umhverfisáhrifin niður í byggðinni verða. Niðurstöður um áhrif veitunnar munu væntanlega skýrast þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Tafla 5.13 Einfaldaðar niðurstöður flokkunar á virkjunarhugmyndum.
(Með samanburðarvirkjunum) Raðað eftir umhverfisáhrifum og síðan heildarhagnaði eða arðsemi.

Nr.	Nafn virkjunarstaðar	Röðun eftir flokkum	Flokkun UHA	Gæði gagna I II IV	Orkugeta (GWh/ár)	Samanlögð ný orkugeta (GWh/ár)
31	Svartsengi – stækkun	1	ada	B A A	140	-
39	Nesjavellir – stækkun	2	ada	A A A	210	-
17	Núpsvirkjun a	3	abc	A A A	1.001	1.001
18	Núpsvirkjun b	4	abc	A A A	1.019	-
51	Krafla I – stækkun	5	adb	B A A	280	-
43	Hágöngusvæði	6	acc	B C B	840	1.841
37	Hellisheiði	7	acc	A A B	840	2.681
32	Sandfell	8	acc	C C C	840	3.521
41	Þverárdalur	9	acc	C C C	840	4.361
42	Ölkelduháls	10	acc	B C B	840	5.201
50	Bjarnarflag	11	acc	A A A	560	5.761
52	Krafla – Vestursvæði	12	acc	B A B	840	6.601
35	Austurengjar	13	acc	B C C	840	7.441
34	Seltún	14	acc	B C B	840	8.281
30	Reykjanes	15	acc	A A B	840	9.121
38	Innstidalur	16	acc	B C B	840	9.961
33	Tröllladyngja	17	acc	B B B	840	10.801
11	Hólmsárvirkjun	18	adc	B B B	438	11.239
16	Búðarhálsvirkjun	19	add	A A A	630	-
14	Skaftárveita	20	bba	B B B	450	11.689
10	Skaftárvirkjun	21	bbb	B B B	904	12.593
53	Krafla – Leirhnjúkur	22	bcc	B B C	840	13.433
19	Urriðafossvirkjun	23	bcc	A A A	920	14.353
36	Brennisteinsfjöll	24	bcc	C B C	840	15.193
49	Þeistareykir	25	bcc	B C B	840	16.033
5	Hrafnabjargarvirkjun a	26	bcc	B C B	575	16.608
3	Villinganesvirkjun	27	bdd	A A A	190	-
4	Fljótshnjúksvirkjun	28	bee	B C B	405	17.013
40	Grændalur	29	ccc	A A B	840	17.853
6	Hrafnabjargavirkjun b	30	cdc	B C B	618	-
1	Skatastaðavirkjun a	31	cdd	B C B	1.046	18.899
2	Skatastaðavirkjun b	32	cdd	B C B	1.290	-
9	Fljótsdalsvirkjun	33	dbb	B A A	1.390	-
15	Norðlingaölduveita (575m)	34	dbb	A A A	650	-
47	Háuhverir	35	dcc	C C C	840	19.739
48	Brennisteinsalda	36	dcc	B C C	840	20.579
46	Reykjadalir (Kaldaklof)	37	dcc	C C C	840	21.419
45	Reykjadalir austari	38	dcc	C C C	840	22.259
44	Reykjadalir vestari	39	dcc	C C C	840	23.099
8	Kárahnjúkavirkjun	40	eab	A A A	4.670	-
7	Jökulsá á Fjöllum	41	eab	C C B	4.000	27.099
12	Markarfljótsvirkjun a	42	edd	C B B	735	27.834
13	Markarfljótsvirkjun b	43	edd	C B B	855	-

Í umhverfisflokki d eru fimm virkjunarstaðir á Torfajökulssvæði ásamt samanburðarvirkjununum Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveitu (575m). Gögn skortir til að gera upp á milli virkjunarstaðanna á Torfajökulssvæðinu. Lægri einkunn, sem Háuhverir hljóta í umhverfisáhrifum, er varla marktæk. Vegna legu svæðisins er ekki gert ráð fyrir aukinni arðsemi vegna annarra nota af jarðhita en til raforkuframleiðslu. Svæðið er mikilvægt útivistar- og ferðaþjónustusvæði en faghópur III komst ekki að niðurstöðu um áhrif virkjana á ferðaþjónustu. Frekari rannsókna er þörf til að skera úr um hvort og hvernig virkjanir og ferðaþjónusta tengd útivist gætu átt samleið á svæðinu. Svæðið gæti reynst vera með orkugetu sem dygði til framleiðslu 10.000 GWh á ári. Það verður því mjög áhugavert fyrir orkuframleiðendur en vegna mikilla umhverfishagsmuna er líklegt að aðrir kostir til virkjunar jarðhita verði fyrst nýttir.

Í flokk e falla virkjun Jökulsár á Fjöllum og Markarfljótsvirkjun, ásamt Kárahnjúkavirkjun. Jökulsá á Fjöllum er vegna stærðar með mikinn heildarhagnað og virðist einnig vel arðsöm. Henni verður helst jafnað við Kárahnjúkavirkjun um heildarhagnað, arðsemi og umhverfisáhrif. Frumáætlanir um Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar eru komnar til ára sinna og þær þyrfti að endurskoða. Jafnframt er rannsókn svæðisins mikilvæg vegna tillagna um stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og hugsanlegrar tengingar hans við Vatnajökulsþjóðgarð.[20]

Miðað við heildarhagnað og arðsemi og mikil umhverfisáhrif virðist virkjun Markarfljóts mun síðri en aðrir kostir. Áhrif hennar á ferðaþjónustu eru eindregið talin neikvæð.

5.6.5 Orkugeta eftir flokkum.

Í töflu 5.14 er lögð saman orkugeta þeirra virkjunarhugmynda sem falla í sérhvern flokk umhverfisáhrifa og heildarhagnaðar annars vegar og flokk umhverfisáhrifa og arðsemi hins vegar. Í flokka umhverfisáhrifa a og b falla 16.170 GWh á ári með heildarhagnaðarflokk c eða betri og 16.608 GWh á ári með arðsemisflokk c eða betri. Þar af eru 12.320 í 15 jarðvarmavirkjunum en um 4.000 í 6 vatnsaflsvirkjunum. Í flokka umhverfisáhrifa c, d og e falla 10.821 GWh á ári. Þar af liggja 5.040 í 6 jarðvarmavirkjunum (5 á Torfajökulssvæði og 1 í Grændal) með heildarhagnaðar- og arðsemisflokk c, 4.000 í Jökulsá á Fjöllum með heildarhagnaðarflokk a og arðsemisflokk b, og 1.781 í Skatastaðavirkjun og Markarfljóti með heildarhagnaðar- og arðsemisflokk d.

Í heild benda niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar til þess að jarðhitavirkjanir geti vegna minni umhverfisáhrifa hentað betur en vatnsaflsvirkjanir til uppbyggingar raforkuiðnaðar á næstu áratugum. Um þetta verður þó að gera þann fyrirvara að jarðhitasvæðin eru flest enn lítið rannsökuð og að virkjanir þar verða að byggjast í áföngum og ná ekki fullri orkugetu fyrr en eftir 10–12 ár frá byrjun 1. áfanga virkjunar. Þessar niðurstöður ættu þó að hvetja til aukinna rannsókna á jarðhitasvæðum og ákvörðunar um hver þessara svæða henta best til raforkuframleiðslu og hver ættu fremur að nýtast ósnortin sem friðlönd.

Í viðauka b7 eru sýnd nokkur dæmi um hvernig mætti nota niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar til að velja úr hugmyndum virkjanir til að uppfylla tiltekna orkuþörf á ákveðnum landsvæðum.

---

[20] Í kjölfar umræðu um hugmyndir um verndun landsvæða norðan Vatnajökuls og mögulega stofnun þjóðgarðs á svæðinu skipaði umhverfisráðherra nefnd til að fara yfir kosti og möguleika á að friðlýsa hluta svæðisins og tengja við fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í mars 2003.

Tafla 5.14 Dreifing orkugetu á flokka.
(Án samanburðarvirkjana). Tölur eru í GWh á ári.

Flokkar umhverfisáhrifa (U) og heildarhagnaðar (H)						
U-flokkur / H-flokkur	a	b	c	d	e	Allir
a	0	0	0	0	4.000	4.000
b	1.001	1.354	0	0	0	2.355
c	9.800	4.015	840	4.200	0	18.855
d	438	0	1.046	0	735	2.219
e	0	405	0	0	0	405
Allir	**11.239**	**5.774**	**1.886**	**4.200**	**4.735**	**27.834**

Flokkar umhverfisáhrifa (U) og arðsemi (A)						
U-flokkur / A-flokkur	a	b	c	d	e	Allir
a	0	450	0	0	0	450
b	0	904	0	0	4.000	4.904
c	11.239	4.015	840	4.200	0	20.294
d	0	0	1.046	0	735	1.781
e	0	405	0	0	0	405
Allir	**11.239**	**5.774**	**1.886**	**4.200**	**4.735**	**27.834**

6 Ábendingar og framhald.

6.1 Endurnýjanlegar orkulindir og sjálfbær nýting þeirra.

Í greinargerð iðnaðarráðherra Maður – nýting – náttúra [1] var markmið rammaáætlunarinnar skilgreint svo:

„Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti til raforkuframleiðslu, jafnt vatnsafls og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Með þessu móti mætti leggja grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Að öllu jöfnu eru meginorkulindir okkar Íslendinga, jarðhiti og vatnsorka, flokkaðar sem endurnýjanlegar, m.a. af þeim alþjóðastofnunum sem láta sig orkumál varða. Greina þarf á milli hugtakanna endurnýjanleiki og sjálfbærni. Endurnýjanleiki lýsir eiginleikum orkulindar en hugtakið sjálfbær, tengist því hvernig nýtingu hennar er háttað. Á íslensku hefur hugtakið *sustainable* (í tengslum við sustainable development) verið þýtt sem sjálfbær í stað orðsins *haldbær* sem notað er á mörgum tungumálum í þessum tilgangi. Þetta hefur valdið hugtakaruglingi þar sem hugtökin *endurnýjanlegur* og *haldbær* fá sömu merkingu. Samkvæmt skilgreiningu sem á rætur að rekja til svonefndrar Brundtlandskýrslu lýsir sustainable ástandi eða

aðgerðum sem tryggja svo sem kostur er hagsmuni komandi kynslóða bæði með hliðsjón af efnahagslegum, félagslegum og náttúrufarslegum sjónarmiðum. Nýtingu kola og olíu, þar sem árleg vinnsla er margþúsundföld miðað við árlegan endurnýjunarhraða, má nota sem dæmi um hugtakarugling. Kol og olía eru ekki endurnýjanleg auðlind en yrði vinnslu á þeim hætt með skömmum fyrirvara mundi það valda þjóðfélagsupplausn og það gæti því engan veginn talist *haldbær þróun* samkvæmt skilgreiningu í Brundtland-skýrslunni.

6.1.1 Sjálfbær vinnsla jarðhita.


Hér verður stuðst við niðurstöður málstofu á vegum Orkustofnunar sem birtust í erindi á Orkuþingi 2001 [2]. Jarðhita er viðhaldið af samfelldum náttúrulegum orkustraumi og því er hann talinn eiga betur heima í flokki endurnýjanlegra orkulinda en í flokki endanlegra orkulinda. Þessi flokkun er þó ekki svo einföld því að jarðhiti er í eðli sínu tvíþættur, þ.e. samsettur af orkustraumi (með varmaburði og varmaleiðni) og varmaforða. Endurnýjun þessara tveggja þátta er mjög mismunandi þar sem orkustraumurinn er stöðugur (endurnýjast jafnóðum) en varmaforðinn endurnýjast tiltölulega hægt. Sá hluti varmaforðans, sem endurnýjast með varmaleiðni, endurnýjast reyndar svo hægt að á tímakvarða mannlegra athafna ætti hann frekar að teljast endanlegur en endurnýjanlegur. Vægi þessara tveggja þátta í jarðhitaorkuvinnslu er bæði háð jarðhitakerfi og vinnsluálagi. Í svokölluðum „Hot Dry Rock"-kerfum er vægi forðans yfirgnæfandi en í öflugustu háhitakerfunum í gosbelti Íslands er vægi orkustraumsins mikið.

Í erindinu á Orkuþingi 2001 var gerð tillaga um eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu *sjálfbær vinnsla jarðhita á einu jarðhitasvæði:*

„Fyrir sérhvert jarðhitasvæði, og sérhverja vinnsluaðferð, er til ákveðið hámarksvinnslustig, E0, sem er þannig háttað að með lægra vinnslustigi en E0 er unnt að viðhalda óbreyttri orkuvinnslu frá kerfinu yfir mjög langt tímabil (100–300 ár). Sé vinnsluálag meira en E0, er ekki unnt að viðhalda óbreyttri orkuvinnslu svo lengi. Jarðvarmavinnsla minni en eða jöfn E0 er skilgreind sem sjálfbær vinnsla en vinnsla umfram E0 er ekki sjálfbær."

Skilgreining þessi tekur hvorki til hagrænna atriða, umhverfismálefna né tækniþróunar, en búast má við að slíkir þættir sveiflist mikið í tímans rás. Skilgreining þessi tekur til allrar vinnanlegrar orku og er því í raun háð eðli kerfis þess sem um er fjallað, en ekki álagsþáttum eða nýtni. Hún er og háð vinnsluaðferð sem getur falið í sér sjálfrennsli, dælingu, niðurdælingu eða vinnslu með hléum. Gildi E0 er óþekkt fyrir fram en það má meta út frá þekktum gögnum, þ.e. með líkanreikningum. Mynd 6.1 sýnir megindrættina í ofangreindri skilgreiningu.

Þessi einfalda skilgreining á hugtakinu sjálfbær nýting jarðhita byggist á því að fyrir sérhvert jarðhitakerfi séu til eins konar vinnslumörk þannig að hægt sé að halda vinnslunni nokkurn veginn í jafnvægi í langan tíma sé hún undir þeim. Reynslan frá mörgum jarðhitasvæðum síðustu áratugi styður þetta en hún hefur sýnt að með því að halda vinnslu innan ákveðinna marka er hægt að halda viðkomandi jarðhitakerfum nokkurn veginn í jafnvægi í mjög langan tíma. Lokatakmark þessara hugleiðinga er að meta hve mikla jarðhitaorku sé unnt að vinna á sjálfbæran hátt á Íslandi. Til þess þarf þó viðameiri vinnu.



Mynd 6.1. Skýringarmynd fyrir hugtakið sjálfbær vinnsla jarðhita.

6.1.2 Sjálfbær (haldbær) vinnsla vatnsorku.

Við vatnsorkuvinnslu er hringrás vatnsins nýtt og hún er drifin af sólarorku. Frumaflið er óháð því hvernig vatnið er notað og þar með er vatnsorkan sem slík endurnýjanleg, þ.e. *self-sustainable* (sjálfbær), a.m.k. á fyrirsjáanlegum tímakvarða.

Á Íslandi er árstíðasveifla í rennsli vatnsfalla í flestum tilvikum í andfasa við eftirspurn eftir raforkuafurð vatnsaflsins. Þetta er leyst með því að geyma vatn, sem rennur fram að sumrinu, til vetrarins. Vatninu er miðlað milli árstíða í miðlunarlónum. Stærstu vatnsföll á Íslandi eru jökulár og þess vegna fylgir sá böggull skammrifi að með tímanum fyllast miðlunarlón af auri. Það breytir ekki eðli rennandi vatns sem endurnýjanlegrar auðlindar þótt ofantaldar aðstæður dragi smám saman úr afrakstri virkjunar verði ekkert að gert.

Í alþjóðasamfélaginu hafa verið skiptar skoðanir um hvernig ætti að flokka vatnsorku í þessu tilliti. Almennt er viðurkennt að fella megi nýtingu vatnsorkukosts í flokk endurnýjanlegra ef aurfylling og landnotkun eru óveruleg (neglectable). Hvað er óverulegt í þessu tilliti? Einn mikilvægur mælikvarði er eflaust endingartími virkjunar. Hvað er hæfilegt í því sambandi t.d. í samanburði við endingartíma annarra orkugjafa?

Hafa má uppi efasemdir um að nýting vatnsorkukosts sé haldbær ef hún hefur mjög neikvæð áhrif á samfélag manna eða vistgæði (ecological environment), t.d. ef flytja þarf burt fólk í stórum stíl og mikilvæg náttúrufarsleg gildi eru í húfi.

Ef náttúrulegt umhverfi vatnsorkukostanna er endurheimtanlegt er með meiri fullvissu hægt að tala um haldbæra virkjun. Þá verður einnig að hafa til hliðsjónar að ósnortin náttúra eins og við þekkjum hana er í sífelldri þróun og er vart sjálfbær í merkingunni ævarandi nema á einhvern skilgreindan tímakvarða. Náttúran er víða í hraðri mótun uppbyggingar og rofs. Dettifoss á eftir að hverfa í þeirri mynd sem hann er nú. Allar fjörur landsins eiga eftir

að breytast; hverfa og nýjar myndast gangi spár eftir um loftslagsbreytingar af völdum gróðurhúsaáhrifa.

6.2 Heildarorkugeta í vatnsafli og jarðhita.

Af framangreindu má ráða að engin ein skilgreining er fyrir hendi sem leysir úr spurningunni hvað það er sem skilur á milli haldbærra og óhaldbærra virkjunarhugmynda. Hins vegar má með samanburði greina hvort tiltekin virkjunarhugmynd sé haldbærari en önnur. Opið og gegnsætt ákvörðunarferli á að leiða fram kosti og ókosti valkosta. Í skýrslu alþjóðlegrar nefndar um stórar stíflur (World Commission on Dams) [3] er að finna leiðbeiningar um hvernig á að haga umfjöllun og ákvörðunartöku til að tryggja niðurstöðu sem er samfélaginu hagfelld. Fyrsta stigið í ákvörðunartökunni felst í því að staðfesta hvort meint þörf fyrir vatn og orku sé raunveruleg og æskileg. Ef svarið er já þá ber á öðru stigi að greina alla hugsanlega valkosti til að mæta tiltekinni þörf og velja þann sem er talinn hafa góðar fjárhagslegar, félagslegar og umhverfislegar forsendur. Frá þessu sjónarhorni er samanburður virkjana í rammaáætlun aðferð sem gæti stuðlað að því að orku verði aflað með haldbærari hætti.

Með hliðsjón af þessu markmiði og niðurstöðum sem ræddar voru í kafla 5 hér að framan er eðlilegt að spurningar vakni um þá heildarorkugetu sem menn vænta í orku- lindum landsins, hve stór hluti hennar reynist nýtanlegur og hagkvæmur og hve stóran hluta menn kynnu að vilja láta óvirkjaðan vegna umhverfisáhrifa.

Mat á heildargetu vatnsafls og jarðhita til raforkuframleiðslu hefur að mestu verið byggt á forsendum orkuvinnslunnar. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka á Íslandi, í einingum stærri en 10 MW, hefur verið metin um 37.000 GWh/ár [4,5]. Á árinu 2002 nam raforkuvinnsla úr vatnsafli 7.000 GWh. Vegna sjónarmiða náttúruverndar og annarrar landnotkunar ríkir veruleg óvissa um þann hluta sem óvirkjaður er.

Mat á nýtanlegri orku jarðhita er mun flóknara en matið á vatnsorku. Greina þarf á milli þess varmaforða sem aðgengilegur er í bergi og endurnýjunar þessa forða með varmaburði úr iðrum jarðar. Aðgengilegur og nýtanlegur varmaforði til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum er talinn nægilegur til að framleiða 1.550 TWh af raforku [6]. Með núverandi vinnslutækni án niðurdælingar á afgangsvarma gæti þessi forði enst til vinnslu raforku sem næmi 30.000 GWh/ár í 50 ár. Raforkuvinnsla úr jarðhita nam alls um 1.400 GWh árið 2002. Með bættri vinnslutækni og niðurdælingu sem skilaði afgangsvarma við raforkuvinnsluna aftur niður í varmageyminn gæti nýtanlegur hluti af náttúrulegri endurnýjun varmans úr iðrum jarðar haldið jafnvægi við þann varma sem notaður væri til framleiðslu raforku. Með því lagi gæti vinnslan á háhitasvæðum numið allt að 26.000 GWh/ár án þess að ganga á varmaforðann [7]. Hér verður þó að gera þann fyrirvara að ekki er tæknilega gerlegt á öllum svæðum að skila varmanum í geyminn. Hugsanlegt er hins vegar að vinna megi raforku úr varmaforða í miðrein gosbeltisins á milli háhitasvæðanna en þar eru rannsóknir svo skammt á veg komnar að ekki er hægt að telja þá orku tæknilega nýtanlega enn sem komið er. Einnig er verulegan varmaforða til raforkuvinnslu að finna í sjóðandi lághita á jöðrum gosbeltisins og utan þess. Með hliðsjón af þessum atriðum virðist ekki óvarlegt að áætla tæknilega hagkvæma orkugetu jarðhita til raforkuframleiðslu um 30.000 GWh/ár. Líkt og um vatnsaflið ríkir þó veruleg óvissa um hve langt menn vilja ganga þegar tekið er tillit til náttúruverndarsjónarmiða.

Tafla 6.1 sýnir heildarorkugetu í vatnsafli og jarðhita og hvernig hún skiptist á virkjanir sem voru starfræktar 2002, þær samanburðarvirkjanir sem heimilaðar eru 2003, virkjunarhugmyndir sem í 1. áfanga rammaáætlunar falla í flokka umhverfisáhrifa (Uflokka) a, b og

c og þær sem falla í U-flokka d og e. Þegar fjallað var um tvær hugmyndir (a) og (b) um nýtingu á sama vatnsfalli er orkugeta hugmyndar (a) aðeins talin hér. Næst er sýnd orkugeta virkjunarhugmynda í vatnsafli og jarðhita sem lagt er til að verði viðfangsefni 2. áfanga rammaáætlunar (sbr. töflu 6.2), og að lokum sú orkugeta sem eftir væri til umfjöllunar í seinni áföngum rammaáætlunar. Sýndur er fjöldi virkjana í hverjum flokki og hlutdeild þeirra í heildarorkugetu hvorrar tegundar, vatnsafls og jarðhita. Of snemmt er að leggja mat á þá kosti sem verða til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar en sennilegt er að í síðasta hópnum sem nefndur er „seinni áfangar“ verði fáir álitlegir kostir, fremur safn kosta sem ekki hafa þótt hagkvæmir eða taldir eru óæskilegir vegna umhverfisáhrifa.

Tafla 6.1 Heildarorkugeta í vatnsafli og jarðhita.

	Vatnsafl			Jarðhiti		
	GWh/ár	**Fjöldi**	**%**	**GWh/ár**	**Fjöldi**	**%**
Vinnsla 2002	7.000	10	18,9	1.400	3	4,7
Samanburðarvirkjanir heimilaðar 2003	6.140	5	16,6	630	3	2,1
1. áf. rammaáætlunar (U-flokkar a, b og c)	5.739	8	15,6	13.160	16	41,0
1. áf. rammaáætlunar (U-flokkar d og e)	4.735	2	12,7	4.200	5	16,8
2. áf. rammaáætlunar	>7.000	24	18,9	>5.000	6	16,7
Seinni áfangar	<6.386	?	17,3	<5.610	>6	18,7
Heild	**um 37.000**	**>52**	**100**	**>30.000**	**>40**	**100**

6.3 Viðfangsefni 2. áfanga rammaáætlunar.

Umfjöllun í 1. áfanga snerist einkum um vatnsaflsvirkjanir í jökulám á hálendinu og jarðhitavirkjanir nærri byggð auk Torfajökulssvæðis. Þar voru jafnframt flestir stærstu virkjunarkostirnir sem völ er á. Viðfangsefni 2. áfanga rammaáætlunar verður annars vegar að endurbæta þau gögn sem stuðst var við í 1. áfanga um marga virkjunarkosti og þær aðferðir sem beitt var við mat. Hins vegar þarf að undirbúa nýjar virkjunarhugmyndir með rannsóknum og gerð frumáætlana um tilhögun.

6.3.1 Endurmat og þróun aðferða.

Af mikilvægum svæðum sem voru til umfjöllunar í 1. áfanga en rannsaka þyrfti betur má sérstaklega nefna vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, Skaftársvæðið og Torfajökulssvæðið. Þessi svæði eru mikilvæg vegna orkugetu, mikilla náttúruverðmæta og útivistarhagsmuna. Á Skaftársvæði eru áhrif Skaftárveitu á vatnasvæði í Skaftárhreppi ekki nægilega þekkt. Auka þarf rannsóknir á náttúrufari háhitasvæða og áhrifum vinnslu á lífríki þeirra. Einnig væri æskilegt að huga að flokkun vatnsfallagerða. Rannsaka þarf og þróa betri aðferðir til að flokka landslag og meta. Enn fremur þarf að bæta aðferðir til að meta áhrif virkjana á atvinnustarfsemi sem byggist á ferðaþjónustu.

6.3.2 Nýir virkjunarkostir.

Í töflu 6.2 eru sýndar hugmyndir um nýja virkjunarkosti til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar. Mest orkugeta í vatnsafli er fólgin í Hvítá í Árnessýslu ásamt Jökulfalli og í neðri hluta Skjálfandafljóts. Aðrar virkjanir eru með 500 GWh/ár eða minna. Þessar virkjanir eru

flestar nærri byggð og því má gera ráð fyrir að meira reyni á áhrif þeirra á ræktað land og veiðihlunnindi en við virkjanir í 1. áfanga. Að jafnaði eru þessar hugmyndir einnig skemmra á veg komnar. Um jarðhita er svipað að segja. Nefnd eru 12 svæði þar sem háhita gæti verið að finna en ekki er víst að aðstæður reynist fýsilegar til virkjunar þótt það teldist ásættanlegt vegna umhverfisáhrifa. Röð svæðanna er hugsuð sem forgangsröðun í rannsóknum frá sjónarhóli orkuvinnslu. Geysissvæði er tekið með vegna mikilvægis fyrir ferðaþjónustu en ekki vegna áhuga á virkjun. Hver fullbyggður virkjunarstaður jarðvarma gæti haft orkugetu 840 GWh/ár. Varlega er áætlað að 6 slíkir virkjunarkostir finnist í þeim hópi sem valinn er.

Þær hugmyndir sem hér eru nefndar fyrir 2. áfanga eru yfirleitt ekki komnar á hendur orkufyrirtækja og því má búast við kostnaður við undirbúningsrannsóknir falli meira á ríkið og allmörg ár þurfi til að ljúka þeim.

Tafla 6.2 Virkjunarhugmyndir sem gætu komið til mats í 2. áfanga.

Vatnsafl	Orkugeta (GWh á ári)
Berufjarðarvirkjun	?
Bjallavirkjun	300
Brúará	100
Byggðavötn í Skaftártungum	?
Djúpá	500
Eystri Rangá	?
Fjarðará, Seyðisfirði	100
Gláma – Vatnsfjörður	450
Grímsá, Reyðarvatn	70
Hagavatn - Farið	30
Hágönguvirkjun	100
Hólmsá	120
Hvalá, Ófeigsfirði	300
Hvítá í Árnessýslu, efri hluti (án Gullfoss)	1.200
Hvítá í Árnessýslu, neðri hluti	800
Hvítá, Borgarfirði	270
Jökulfall	400
Lagarfossvirkjun	120
Mjóadalsá/Íshólsvatn	60
Neðri hluti Skjálfandafljóts	800
Norðlingafljót	100
Sandá, Þistilfirði	?
Selá, Vopnafirði	?
Stóra-Laxá	130
Þverá, Langadalsströnd	60
Tungufljót	100
Vatnsdalsá, Forsæludal	300
Virkjanir í Blöndu, Langadal	350
Virkjanir í Blönduveitu	120
Vatnsafl alls (a.m.k.)	**7.000**

Jarðhiti		Orkugeta (GWh á ári)
	Austan Kleifarvatns	
	Austan Hveragerðis	
	Gjástykki	
	Fremri Námar	
	Hrúthálsar	
	Prestahnúkur	
	Tindfjöll	
	Vonarskarð	
	Kerlingarfjöll	
	Hveravellir-Beljandi	
	Dyngjufjöll	
	Geysissvæði	
Jarðhiti alls (a.m.k.)		**5.000**
	2. áfangi alls (a.m.k.) **12.000**	

6.4 Ábendingar um not á niðurstöðum.

Líta má á niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem grunn fyrir mat á umhverfisáhrifum virkjunaráætlana. Umfang rannsókna og staða þekkingar eru hins vegar ekki sambærileg við það sem krafist er samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Yfirlit, sem tekið var saman um stöðu þekkingar á þeim svæðum sem tekin voru til mats og samanburðar í 1. áfanga rammaáætlunar, sýnir að aðeins í 20 tilfellum af 43 er talið að gögn séu fullnægjandi (sjá töflu 5.13). Þetta er með öðrum orðum gróft mat til að fá yfirsýn. Því er eðlilegt að spurt sé hvernig megi nota þetta grófa yfirlit.

Verkefnisstjórn telur að orkufyrirtækin, stofnanir og ráðuneyti, sem fjalla um virkjunarhugmyndir, geti haft talsvert gagn af þessari vinnu. Í fyrsta lagi gefur yfirlitið vísbendingu um hvaða kostir eru fjárhagslega vænlegir. Í öðru lagi greinir það þá kosti sem líklegir eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og sýnir á hvaða svæðum þekkingu er ábótavant. Í þriðja lagi bendir skýrslan á náttúrufyrirbæri sem teljast verðmæt.

Orkufyrirtækin geta nýtt sér þessar upplýsingar með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi geta þau án mikils tilkostnaðar greint vænlega kosti sem líklegt er að hvorki valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum né deilum. Oft hafa orkufyrirtækin lagt í ærinn kostnað við að útfæra og meta virkjunarhugmyndir áður en í ljós kom að veruleg andstaða var gegn framkvæmdum vegna óæskilegra umhverfisáhrifa þeirra. Rammaáætlun gæti vísað á leiðir sem sneiddu hjá þessu. Í öðru lagi gætu orkufyrirtækin leitað annarra leiða við hönnun mannvirkja en þeirra sem lagðar voru til grundvallar í mati vegna rammaáætlunar og þannig sneitt hjá verstu umhverfisáhrifum sem niðurstöður faghópa I og II hafa bent til. Í þriðja lagi geta orkufyrirtækin bætt gögn um tiltekin virkjunarsvæði í þeirri von að aukin þekking leiði í ljós minni umhverfisáhrif en áætlað var á grundvelli takmarkaðrar þekkingar og virkjunin verði fýsilegri kostur.

Allt landið er nú skipulagsskylt og skulu öll sveitarfélög hafa lokið við gerð aðalskipulags eigi síðar en árið 2007. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.[21] Rammaáætlun gefur vísbendingar um hagkvæma virkjunarkosti og náttúruverðmæti og upplýsingar af því tagi munu eflaust gagnast sveitarfélögunum við

[21] Sbr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997.

ákvörðun um landnotkun, jafnt við breytingar á aðalskipulagi sem við skipulag á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð áður.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið og leggja fyrir Alþingi.[22] Fyrsta áætlun af þessu tagi liggur nú fyrir í drögum[23] og verður lögð fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi. Þess er að vænta að mat og samanburður faghóps I á náttúrufarsverðmætum tiltekinna svæða geti gagnast við gerð næstu náttúruverndaráætlunar.

6.5 Framhald rammaáætlunar.

6.5.1 Öflun gagna.

Gert er ráð fyrir að rannsóknir á virkjunarsvæðum verði sem áður á vegum Orkustofnunar í samstarfi við Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og orkufyrirtæki. Viðfangsefni verði valin í samráði við verkefnisstjórn rammaáætlunar. Auk rannsóknar á náttúrufari og aðstæðum til virkjunar verði hugað að þeim atriðum sem nefnd eru í grein 6.3.1, áhrifum jarðvarmavinnslu á lífríki jarðhitasvæða, flokkun vatnsfallagerða, þróun betri aðferða til að flokka og meta landslag og betri aðferða til að meta áhrif virkjana á atvinnustarfsemi sem byggist á ferðaþjónustu.

6.5.2 Ný verkefnisstjórn.

Lagt er til að skipað verði að nýju í verkefnisstjórn en hún verði fámennari. Verkefnisstjórnin hafi forgöngu um þróun og endurbætur á aðferðum til mats og annist endurmat á fyrri virkjunarhugmyndum eftir því sem óskir berast. Þar yrði byggt á nýjum upplýsingum eða breyttri tilhögun um virkjunarkosti sem voru til mats í 1. áfanga. Einnig yrði tekið við nýjum hugmyndum sem menn vilja bera saman við þá kosti sem áður hafa verið metnir. Um þetta mat og þróun aðferða mundi verkefnisstjórnin styðjast við sérfræðinga sem hún kveddi með sér til starfa eða fengi sér til aðstoðar frá viðeigandi stofnunum. Ekki er talin ástæða til að skipa að nýju faghópa fyrr en dregur að mati á nýjum hópi virkjunarkosta í 2. áfanga og nægar niðurstöður undirbúningsrannsókna eru fengnar eftir nokkur ár. Æskilegt væri að verkefnisstjórnin kynnti starf sitt vel.

6.6 Heimildir.

[1] Maður – nýting – náttúra. Greinargerð iðnaðarráðherra 8. mars 1999.
[2] Guðni Axelsson o.fl. 2001. Um sjálfbæra vinnslu jarðhita. Erindi flutt á Orkuþingi 2001, bls. 478–484.
[3] Dams and Development, November 2000. Earthscan Publication Ltd., London
[4] Haukur Tómasson og Hákon Aðalsteinsson 1991. Vatnsorkulindir landsins, átak í grunnrannsóknum. Erindi flutt á ársfundi Orkustofnunar 1991, bls. 45–49.
[5] Innlendar orkulindir til vinnslu raforku. Iðnaðarráðuneytið maí 1994, 153 bls.
[6] Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Guðmundur Ingi Haraldsson og Gísli Karel Halldórsson 1985. Mat á jarðvarma Íslands. Orkustofnun. OS-85076/JHD- 10, 134 bls.
[7] Sveinbjörn Björnsson 2001. Orkulindir og umhverfi – rammaáætlun. Erindi flutt á Orkuþingi 2001, bls. 89–95.

---

[22] Lög um náttúruvernd 44/1999, 63. gr.
[23] Náttúruverndaráætlun 2003–2008, drög maí 2003, Umhverfisstofnun.

649. Svar [226. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattlagningu bótasjóða tryggingafélaganna.

1. *Hvernig er háttað skattlagningu fjár sem lagt er í bótasjóði tryggingafélaganna?*

Tryggingafélögin meta út frá tryggingafræðilegum forsendum tjónagreiðslur sem líklegt er að falli á þau. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum og eignum félaganna. Lækkun skuldbindingarinnar kemur hins vegar til tekna.

2. *Hvernig er háttað eftirliti með því að tryggingafélögin leggi ekki meira fé í bótasjóðina en sem nemur fjármagni til tryggingar áföllnum skyldum til að komast þannig hjá skattlagningu og auka hagnað sinn?*

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með vátryggingaskuld vátryggingafélaga er einkum í samræmi við 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Þar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli árlega leggja mat á vátryggingaskuld vátryggingafélaga, þar á meðal hvort tekið sé á fullnægjandi hátt tillit til óvissu í mati með nauðsynlegu álagi og að skilyrðum um það sem lagt er fram til jöfnunar vátryggingaskuldinni sé fullnægt. Einnig skal Fjármálaeftirlitið skv. 2. mgr. 55. gr. áðurnefndra laga fylgjast með því að iðgjöld sem í boði eru hér á landi séu sanngjörn í garð vátryggingartaka og í samræmi við þá áhættu sem í vátryggingum felst og eðlilegan rekstrarkostnað. Hluti af því eftirliti er að fylgjast með því að upphæð vátryggingaskuldar sé ekki hærri en nemur þeirri áhættu sem felst í að tjón séu óuppgerð eða ótilkynnt.

3. *Hafa skattyfirvöld á einhvern hátt eftirlit með því að frádráttur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt vegna framlaga í bótasjóði takmarkist við það fé sem félögunum ber að leggja til hliðar til að mæta kostnaði af áföllnum en óuppgerðum skyldum? Ef svo er ekki, telur fjármálaráðherra rétt að koma á slíku eftirliti eða að taka upp samvinnu við Fjármálaeftirlitið um það?*

Eftirlit með vátryggingaskuld er í höndum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi. Skattyfirvöld hafa ekki haft sérstakt eftirlit, umfram það sem leiðir af venjulegu og hefðbundnu eftirliti með skattskilum rekstraraðila, með réttmæti gjald- og skuldfærðrar hækkunar á tjónaskuld tryggingafélaganna enda byggjast útreikningar á stöðluðum tryggingafræðilegum aðferðum sem erfitt er fyrir skattyfirvöld að draga í efa. Ekki eru uppi áform um breytingar hér á.

4. *Telur ráðherra rétt með tilliti til þess hve bótasjóðir tryggingafélaganna hafa vaxið mikið á undanförnum árum að láta kanna sérstaklega hvort fé í sjóðunum sé umfram það sem nauðsynlegt er vegna óuppgerðra skuldbindinga?*

Fjármálaeftirlitið hefur reglulega athugað stöðu vátryggingaskuldar hjá einstökum vátryggingafélögum. Samandregnar niðurstöður athugana á þessu sem gerðar voru í tengslum við iðgjaldahækkanir árin 1999 og 2000 voru birtar opinberlega. Síðustu mánuði hefur staðið yfir umfangsmikil athugun á stöðu tjónaskuldar þriggja stærstu vátryggingafélaganna og munu niðurstöður þeirrar athugunar liggja fyrir á næstu vikum.

5. *Hvað verður ríkissjóður af miklu fé fyrir hvern milljarð sem lagður er í bótasjóðina umfram það sem er nauðsynlegt og heimilað skv. 7. tölul. 31. gr. skattalaga?*

Í árslok færa innlend vátryggingafélög fé í bótasjóð sem nemur áætlun til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka. Komi síðan í ljós við uppgjör við vátryggingartaka að greiðsla í bótasjóðinn hafi verið ofáætluð er það sem ofáætlað hefur verið fært til tekna og skattlagt í samræmi við það skatthlutfall sem viðkomandi tryggingafélag er skattlagt í á þeim tíma. Ekki er því um það að ræða að ríkissjóður verði af fé, en skattgreiðslur geta frestast.

6. *Telur fjármálaráðherra rétt að takmarka stærð bótasjóða við óuppgerð tjón tiltekins árafjölda svo að óuppgerð tjón geti ekki legið í sjóðunum árum saman og þar með réttlætt undanþágu mikils fjár frá skattlagningu?*

Það er skoðun fjármálaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins að ekki sé rétt að leggja bann við því að lagt sé til hliðar í tjónaskuld vegna tjóna sem eru eldri en tiltekinn árafjöldi. Þó verður að gera þá kröfu til vátryggingafélaganna að þau hafi gild rök fyrir því að halda eldri tjónum áfram opnum. Samkvæmt áðurnefndri 2. mgr. 54. gr. laga um vátryggingastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið sett almennar reglur um mat á vátryggingaskuldinni og hvaða gögn skuli fylgja í því sambandi. Á næstu vikum hyggst Fjármálaeftirlitið birta drög að slíkum reglum þar sem fyrirhugað er að gera auknar kröfur til vátryggingafélaganna um upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins, meðal annars um tjónaskuld vegna eldri ára.

650. Fyrirspurn [455. mál]

til sjávarútvegsráðherra um selastofna við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvert er ástand selastofna hér við land og hvaða stofnbreytingar eru þekktar sl. 30 ár?
2. Hverjar eru orsakir þeirra stofnbreytinga sem orðið hafa?
3. Hvaða stjórnvöld og stofnanir bera ábyrgð á vöktun selastofna og mati á ástandi þeirra?
4. Er svokölluð hringormanefnd enn þá starfandi? Ef svo er, hvaða stjórnvald ber ábyrgð á störfum hennar og hvernig er starfsemi hennar fjármögnuð?
5. Er enn greitt fyrir veiddan sel með einhverjum hætti (kjálka, maga eða samkvæmt öðrum skilyrðum)?
6. Hvaða stjórnvöld og stofnanir bera ábyrgð á selveiðum og eftirliti með þeim? Hvaða lagastoð er fyrir þeirri ábyrgð?
7. Hvaða ráðuneyti hefur umsjón með að alþjóðlegar skuldbindingar um verndun sela séu í heiðri hafðar?

Skriflegt svar óskast.

651. Fyrirspurn [456. mál]

til sjávarútvegsráðherra um nýsköpunarkvóta.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Telur ráðherra að ýta mætti undir veiðar á nýjum tegundum með sérstökum nýsköpunarkvóta sem ráðstafað yrði til þeirra sem tækju fjárhagslega áhættu af því að veiða og markaðssetja nýjar eða vannýttar tegundir?
2. Telur ráðherra ekki líklegt að það yrði veruleg hvatning til slíkra tilraunaveiða ef t.d. hálfu prósenti þorskkvótans yrði ráðstafað í þessu skyni og jafnframt skilyrt að jafnmikið kæmi frá öðrum en frumkvöðlinum sjálfum, t.d. birgjum af ýmsu tagi?
3. Væri ráðherra reiðubúinn til að gera tilraun af þessu tagi næst þegar aukið verður við þorskkvóta þannig að ljóst væri að af engum núverandi kvótahafa væri beinlínis tekið það sem þyrfti til tilraunarinnar og því ekki líkur á öðru en kvótahafar tækju tilrauninni vel?

652. Fyrirspurn [457. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hversu mikið greiddi Fæðingarorlofssjóður út:
   a. árið 2002,
   b. fyrstu tíu mánuði ársins 2003?
2. Hversu mikið hefðu greiðslur Fæðingarorlofssjóðs breyst ef útgreiðslur hefðu ekki mátt vera hærri á mánuði en:
   a. 150 þús. kr.,
   b. 200 þús. kr.,
   c. 250 þús. kr.,
   d. 300 þús. kr.,
   e. 400 þús. kr.,
   annars vegar árið 2002 og hins vegar fyrstu tíu mánuði ársins 2003?

Skriflegt svar óskast.

653. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samninga við sauðfjárbændur, sem hafa náð eða ná 64 ára aldri á tímabilinu 2004–2007, um að eiga hvorki né halda sauðfé til og með 31. desember 2007 en halda óskertum beingreiðslum á sama tíma á meðan greiðslumark sauðfjár er í eigu hlutaðeigandi bænda og áfram skráð á lögbýli. Þeim er þó heimilt að halda eftir allt að tíu vetrarfóðruðum kindum, enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða svo á um í samningunum að þeir bændur sem hyggjast hefja sauðfjárrækt að nýju megi koma sér upp bústofni frá 1. september 2007. Samningunum skal þinglýst sem kvöðum á viðkomandi lögbýli sem gilda til 31. desember 2007. Verði eigendaskipti að greiðslumarki eða lögbýli fellur samningurinn niður og hin þinglýsta kvöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

654. Þingsályktun [324. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og bókun 37 við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 375.

655. Þingsályktun [332. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 384.

656. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „hagnaður af sölu“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: kaupverð.

2. gr.

Orðin „þó ekki af félögum sem hafa starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags“ í 1. málsl. 9. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað „91.049“ í 2. mgr. kemur: 93.325.
b. 3. málsl. 3. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

a. Í stað „321.900“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 329.948.
b. Í stað „728“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur: 746.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað „35.422“ í 3. mgr. A-liðar kemur: 36.308.
b. Í stað „120.248“, „143.135“, „200.282“, „205.448“, „1.408.916“ og „704.459“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 123.254, 146.713, 205.288, 210.584, 1.444.139, og: 722.070.
c. 1. málsl. 7. mgr. A-liðar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessa stafliðar má ákvarða barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda séu framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum.
d. Í stað „7%“ í 1. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 5,5%.
e. Í stað „468.655“, „615.244“ og „761.832“ í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 480.371, 630.626, og: 780.878.
f. Í stað „3.525.022“, „5.843.331“, „160.588“, „206.528“, „265.567“ og „593“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 3.613.148, 5.989.414, 164.603, 211.691, 272.206, og: 600.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 18% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 2. mgr. orðast svo:

Tekjuskattur annarra lögaðila, sbr. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr., skal vera 26% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr.

7. gr.

Í stað „1.401.117“ og „2.802.235“ í 77. gr. laganna kemur: 1.436.145, og: 2.872.290.

8. gr.

Í stað „4.720.000“ í 1. og 2. málsl. 82. gr. laganna kemur: 4.838.000.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

a. Í stað „4.720.000“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: 4.838.000.
b. 4. mgr. fellur brott.

10. gr.

5. mgr. 89. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.–4. mgr. um framtals- og skattlagningarstað og ákveða annan framtals- eða skattlagningarstað:

a. þegar skattaðilar hafa flust á milli skattumdæma, eða
b. þegar skattskyldir aðilar skv. I. kafla hafa með höndum sameiginlegan rekstur en eru ekki með búsetu í sama skattumdæmi, eða
c. þegar ákvörðun launa er með þeim hætti sem um getur í 58. gr. en aðilar eru ekki með búsetu í sama skattumdæmi, eða
d. vegna skatteftirlits skattstjóra, sbr. 1. mgr. 102. gr., þegar mál tekur til aðila sem ekki eru með búsetu í sama skattumdæmi.

11. gr.

Á eftir 4. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sé að öllu leyti fallist á kröfur kæranda er skattstjóra heimilt að senda úrskurð í almennri póstsendingu eða rafrænt í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

12. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (IX.)

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 2004 og 2005 skal á árunum 2005 og 2006 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 4.191.686 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 8.383.372 kr. skal reikna sérstakan tekjuskatt. Sérstakur tekjuskattur vegna tekna ársins 2004 skal vera 4% en vegna tekna ársins 2005 skal sérstakur tekjuskattur vera 2%.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 4.191.686 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 4.191.686 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts árin 2005 og 2006 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árin 2004 og 2005. Fyrirframgreiðslan árið 2004 skal vera 4% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2004 vegna tekna á árinu 2003 umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.383.372 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðslan árið 2005 skal vera 2% af tekjuskatts-

stofni samkvæmt skattframtali ársins 2005 vegna tekna á árinu 2004 umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og umfram 8.383.372 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst til og með desember hvert ár. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal þá bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

b. (X.)

Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum skv. B-lið 68. gr. laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005 vegna tekna og eigna á árinu 2004. Ákvæði 2. gr., b-liðar 3. gr., b-liðar 6. gr. og b-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008. Ákvæði 10. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við endurákvörðun og álagningu eftir gildistöku ákvæðisins. Ákvæði b-liðar 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða X) öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

657. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein:

Afsali alþjóðlegt viðskiptafélag starfsleyfi sínu starfar félagið áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Sama gildir er starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags fellur niður við afnám laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008. Samhliða falla úr gildi starfsleyfi starfandi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir 1. mars 2004 verða ekki gefin út ný starfsleyfi. Fullbúna umsókn sem berst fyrir það tímamark er starfsleyfisnefnd þó heimilt að taka til afgreiðslu.

658. Frumvarp til laga [400. mál]

um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Gjaldtímabil vegna bifreiða samkvæmt málsgrein þessari er 1. janúar – 31. desember og skal skráður eigandi gjaldskylds ökutækis á gjaldtímabilinu greiða úrvinnslugjald að fjárhæð 1.040 kr. fyrir hvert gjaldskylt ökutæki sitt. Gjalddagi úrvinnslugjalds á bifreiðar samkvæmt málsgrein þessari er 1. júlí ár hvert. Um innheimtu gjaldsins að öðru leyti gildir 1. mgr.

b. 2. málsl. 2. mgr. verður 3. mgr.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo:

11. *Veiðarfæri úr gerviefnum:* sbr. viðauka XVII.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005.

4. gr.

Í stað „11,50 kr./kg“ í viðauka IV við lögin kemur hvarvetna: 14,50 kr./kg.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka V við lögin:

a. Í stað orðanna „Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar“ í inngangi viðaukans kemur: Úr 22., 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar.

b. Við bætast eftirfarandi tollskrárnúmer:

Úr 2207	**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er:**	
2207.2000	– Etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er	3,00 kr./kg
Úr 2905	**Raðtengd alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:**	
	– Mettuð monohydrísk alkóhól:	
2905.1100	– – Metanól (metylalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1200	– – Própan-1-ól (própylalkóhól) og própan-2-ól (ísóprópylalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1300	– – Bútan-1-ól (*n*-bútylalkóhól)	3,00 kr./kg
2905.1400	– – Önnur bútanól	3,00 kr./kg
2905.1500	– – Pentanól (amylalkóhól)	3,00 kr./kg
	– Díól:	
2905.3100	– – Etylenglýkól (etandíól)	3,00 kr./kg
2905.3200	– – Própylenglýkól (própan-1,2-díól)	3,00 kr./kg
2905.3900	– – Önnur	3,00 kr./kg
Úr 2906	**Hringliða alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:**	
	– Arómatísk:	
2906.2100	– – Bensylalkóhól	3,00 kr./kg
Úr 2909	**Eterar, eteralkóhól, eterfenól, eteralkóhólfenól, alkóhólperoxíð, eterperoxíð, ketonperoxíð (einnig kemískt skýrgreind), og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Raðtengdir eterar og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
2909.1100	– – Díetyleter	3,00 kr./kg
	– Eteralkóhól og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
2909.4100	– – 2,2'-Oxydíetanól (díetylenglýkól, dígól)	3,00 kr./kg
2909.4200	– – Monometyleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkóls	3,00 kr./kg
2909.4300	– – Monobútyleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkóls	3,00 kr./kg
2909.4400	– – Aðrir monoalkyleterar etylenglýkóls eða díetylenglýkóls	3,00 kr./kg
2909.4900	– – Annað	3,00 kr./kg
Úr 2915	**Mettaðar raðtengdar monokarboxylsýrur og anhydríð, halíð, peroxíð og peroxysýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:**	
	– Maurasýra, sölt hennar og esterar:	
2915.1300	– – Esterar maurasýru	3,00 kr./kg
	– Esterar ediksýru:	
2915.3100	– – Etylacetat	3,00 kr./kg
2915.3200	– – Vinylacetat	3,00 kr./kg
2915.3300	– – *n*-Bútylacetat	3,00 kr./kg
2915.3400	– – Ísóbútylacetat	3,00 kr./kg
2915.3500	– – 2-Etoxyetylacetat	3,00 kr./kg
2915.3900	– – Aðrir	3,00 kr./kg

c. Tollskrárnúmer 2912.4100, 2912.4200 og 2912.4900 falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka VI við lögin:

a. Í stað „105,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 130,00 kr./kg.
b. Heiti tollskrárnúmers 3814.0002 verður svohljóðandi: Málningar- eða lakkeyðar, merkingarskyldir vegna innihalds hættulegra efna.

7. gr.

Í stað „1,30 kr./kg“ í viðauka VII við lögin kemur hvarvetna: 1,50 kr./kg.

8. gr.

Í stað „17,00 kr./kg“ í viðauka VIII við lögin kemur hvarvetna: 20,00 kr./kg.

9. gr.

Í stað „20,00 kr./kg“ í viðauka IX við lögin kemur hvarvetna: 34,00 kr./kg.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XII við lögin:

a. Í stað „36,75 kr./kg“ kemur: 51,00 kr./kg.
b. Í stað „61,25 kr./kg“ kemur: 85,00 kr./kg.
c. Í stað „122,50 kr./kg“ kemur: 170,00 kr./kg.
d. Í stað „147,00 kr./kg“ kemur: 204,00 kr./kg.
e. Í stað „196,00 kr./kg“ kemur: 272,00 kr./kg.
f. Í stað „294,00 kr./kg“ kemur hvarvetna: 408,00 kr./kg.

11. gr.

Við lögin bætist við nýr viðauki, viðauki XVII, sem orðast svo:

Veiðarfæri úr gerviefnum.

Á veiðarfæri úr gerviefnum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 39., 55. og 56. kafla tollskrárinnar:

Úr 3926	**Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914:**	
	– Annars:	
3926.9021	– – Netahringir	24,10 kr./kg
3926.9022	– – Neta- og trollkúlur	24,10 kr./kg
3926.9023	– – Vörur til veiðarfæra, ót.a.	24,10 kr./kg
Úr 5509	**Garn (þó ekki saumþráður) úr syntetískum stutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af stutttrefjum úr nyloni eða öðrum pólyamíðum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	14,40 kr./kg
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af pólyesterstutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.2101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.2201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn sem í er 85% eða meira að þyngd af syntetískum stutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5509.4101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg

	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5509.4201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5510	**Garn (þó ekki saumþráður) úr gervistutttrefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
	– Sem í er 85% eða meira að þyngd af gervistutttrefjum:	
	– – Einþráða garn:	
5510.1101	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– – Margþráða (snúið) eða kaðalbrugðið garn:	
5510.1201	– – – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað garn:	
5510.9001	– – Til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
Úr 5607	**Seglgarn, snæri, reipi og kaðlar, einnig brugðið eða fléttað og einnig gegndreypt, húðað, hjúpað eða klætt með gúmmíi eða plasti:**	
	– Úr pólyetyleni eða pólyprópyleni:	
	– – Annað:	
5607.4901	– – – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.4902	– – – Kaðlar	24,10 kr./kg
5607.4903	– – – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Úr öðrum syntetískum trefjum:	
5607.5001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
5607.5003	– – Einþáttungar til veiðarfæragerðar	24,10 kr./kg
	– Annað:	
5607.9001	– – Færi og línur til fiskveiða	24,10 kr./kg
Úr 5608	**Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi; uppsett fiskinet og önnur fullgerð net úr spunaefnum:**	
	– Úr tilbúnum spunaefnum:	
	– – Fullgerð fiskinet:	
5608.1101	– – – Nætur	14,10 kr./kg
5608.1102	– – – Flotvörpur	15,90 kr./kg
5608.1103	– – – Rækjutroll	11,40 kr./kg
5608.1104	– – – Aðrar botnvörpur	15,00 kr./kg
5608.1105	– – – Önnur net	14,00 kr./kg
5608.1109	– – – Annað	24,00 kr./kg
	– – Annað:	
5608.1901	– – – Fiskinetjaslöngur	14,40 kr./kg
5608.1909	– – – Annars	24,10 kr./kg
Úr 5609	**Vörur úr garni, ræmum eða þess háttar sem lýst er í nr. 5404 eða 5405, seglgarni, snæri, reipum eða köðlum, ót. a.:**	
5609.0002	– Öngultaumar	24,10 kr./kg
5609.0003	– Botnvörpuhlífar	24,10 kr./kg

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

659. Frumvarp til laga [11. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

6. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

660. Frumvarp til laga [458. mál]

um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi og á 125., 126., 127. og 128. löggjafarþingi en hefur ekki fengið afgreiðslu og er því endurflutt nú. Umræða liðinna missira hefur enn sýnt mikilvægi þess að tekin séu af öll tvímæli í þeim efnum sem hér um ræðir þar sem kveðið er á um rétt alþingismanna til upplýsinga um málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira.

Þess er vænst að stuðningur við frumvarp þetta hafi nú aukist þegar til þess er litið að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa nýverið rætt nauðsyn gegnsæis og upplýsinga í hlutafélögum. Það gerðist í kjölfar tíðinda af ofurkjörum yfirmanna banka í landinu. Stjórnarliðar hafa m.a. rætt um mikilvægi þess að allir samningar við stjórnendur hlutafélaga verði gerðir sýnilegir hluthöfum og þeir samþykktir á hluthafafundum. Í því ljósi má vænta þess að þeir samþykki reglur sem miða að auknu aðhaldi hluthafa í hlutafélögum sem ríkið á að stærstum hluta og hluthafar eru þannig í raun allir Íslendingar. Alþingi er eftirlitsaðili með verklagi framkvæmdarvaldsins og á atbeini framkvæmdarvaldsins að rekstri hlutafélaga í eigu ríkisins ekki að vera undanskilinn því eftirliti.

Flutningsmönnum þykir efni frumvarps þessa enn brýnna nú en nokkru sinni áður. Málefni Landssímans hf. sýna berlega nauðsyn þess að fyrirtækjum sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins sé skylt að veita Alþingi upplýsingar. Mörgum sinnum hefur það gerst á liðnum árum, allt frá því að Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutafélag, að Alþingi hefur verið neitað um upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins. Þingmönnum hefur gengið illa að fá umbeðnar upplýsingar um mikilvæg atriði í rekstri félagsins, þar á meðal um starfskjör yfirmanna, starfslokasamning við fyrrverandi forstjóra, afskipti ráðherra af einstökum atriðum

í rekstri, vafasamar fjárfestingar o.fl. Jafnan hefur því verið borið við að málefni fyrirtækisins teljist ekki lengur opinber eftir að því var breytt í hlutafélag. Óþolandi er að atriði sem þessi séu falin undir hulu hlutafélagaformsins.

Umræður um þessi mál hafa verið miklar innan þings og utan. Af málefnum Landssímans hf. má læra að Alþingi hefði betur haft tækifæri til þess að veita stjórnendum þar á bæ aðhald. Samþykkt frumvarps þessa er því löngu tímabær.

Í greinargerð sem fylgdi samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi koma fram upplýsingar um sögulega þróun upplýsingagjafar framkvæmdarvaldsins til Alþingis. Sú greinargerð er að mestu óbreytt hér á eftir.

Á 125. löggjafarþingi var skilað ítarlegri skýrslu nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Um skýrslu þessa var fjallað í umræðum á Alþingi 21. febrúar 2000. Þar er m.a. kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga og segir um þau efni í kafla 3.9.7: „Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra.“ Síðar í sama kafla segir: „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Um þessa niðurstöðu er þó ekki samstaða meðal fræðimanna.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum væri heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði þar sem sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskapalögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að ein-

ungis ætti að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þar segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Í 9. gr. er tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga sem ríkið á að hálfu eða meira skýrðar, en fram að þeim tíma er þau lög tóku gildi var ekki gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Því er álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast „opinber málefni“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr. hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Íslandspóst hf. og Landssíma Íslands hf. eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram. Þess er vænst að það fái skjótan og góðan framgang í þinginu og verði afgreitt með jákvæðum hætti fyrr en síðar.

661. Frumvarp til laga [459. mál]

um breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hlutafélögum sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

Hlutafélögum sem eru í eigu sveitarfélaga að hálfu eða meira er skylt að veita sveitarstjórnum upplýsingar um opinbert málefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 122., 125. og 126. löggjafarþingi. Málið var síðan endurflutt á 127. og 128. löggjafarþingi en bætt við ákvæði um upplýsingaskyldu sveitarfélaga þar sem þau hafa eins og ríkisvaldið í auknum mæli hlutafélagavætt ýmis þjónustufyrirtæki. Því þykir flutningsmönnum eðlilegt að sama regla gildi um þau og hlutafélagavædd ríkisfyrirtæki. Málið hefur ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það er nú flutt enn á ný samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls. Frumvarpið tekur einnig til hlutafélaga í meirihlutaeigu sveitarfélaga, enda eðlilegt að kjörnir sveitarstjórnarmenn njóti sama réttar til upplýsinga í þessum efnum og alþingismenn.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé að hluta girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. máli, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og byggist sú niðurstaða á því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaga. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. álit nefndar um „starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2001 er sérstaklega vikið að rekstrarformi opinberra fyrirtækja og stofnana og beinlínis kallað eftir skýrari línum í þeim efnum. Segir um þau efni í kafla I.4.7 í skýrslunni: „Ég tel að framangreind þróun í einkavæðingu opinberrar þjónustu og verkefna leiði til þess að mikilvægt sé að tekin sé afstaða til þess þegar slík formbreyting á sér stað hvort og þá í hvaða mæli hinar almennu stjórnsýslureglur og þá einnig reglur stjórnsýslulaga og upplýsingalaga eigi framvegis að gilda um starfsemina. Það er hvorki starfseminni né borgurunum í hag að réttaróvissa sé um þetta. Sérstaklega á þetta við þegar farin er sú leið af hálfu ríkis og sveitarfélaga [að] færa starfsemi yfir í hlutafélag eða annað einkaréttarlegt form án þess að það verði nein breyting á eignarhaldi eða verkefnum.“ Áfram segir í skýrslu umboðsmanns: „Það á líka að vera hlutverk löggjafans og þeirra sem taka ákvarðanir um slíkar formbreytingar að taka afstöðu til þess í hvaða mæli sjónarmið um aukið hagræði og skilvirkni við framkvæmd opinberrar þjónustu eigi að skerða það réttaröryggi sem býr að baki tilvist almennra stjórnsýslureglna í samskiptum stjórnvalda og borgaranna.“

Skýrsla umboðsmanns Alþingis var til umræðu á Alþingi 7. nóvember 2002 og kom þar fram sú afstaða þingmanna í öllum flokkum, þar á meðal forseta þingsins, að nauðsyn væri á skýrari reglum á þessu sviði. Hlutafélög í eigu ríkisins eiga ekki að vera undanþegin eftirliti af hálfu Alþingis. Gildir þar einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, úr skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2001, kafli I.4.7, bls. 13–15. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 513 (410. mál 128. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2002–2003, bls. 2246–2248.

662. Frumvarp til laga [460. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 3. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því: Af landbúnaðarvörum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og sendar eru tímabundið hingað til lands til aðvinnslu samkvæmt nánari skilyrðum þessa töluliðar. Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Landbúnaðarráðherra getur veitt lögaðilum, sem stunda umfangsmikla fullvinnslu í atvinnuskyni á innfluttum landbúnaðarvörum til endurútflutnings, heimild til tímabundins innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt þessum tölulið.

Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I með lögum þessum.

Leyfishafi skal greiða kostnað við tolleftirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulið.

Landbúnaðarráðherra skal afturkalla leyfi skv. 2. mgr. þessa töluliðar fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmdina.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings til aðvinnslu samkvæmt þessum tölulið, m.a. um það hverjir geti sótt um undanþágu, aðgreiningu innflutts hráefnis til vinnslu fullunninna vara fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings, nýtingarhlutfall hráefnis við vinnslu, lágmarkskröfur um bókhald leyfishafa og upplýsingagjöf leyfishafa til landbúnaðarráðherra og tollyfirvalda. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið upp sú krafa að erlent landbúnaðarhráefni sem ber magntoll (A1-toll) verði flutt til landsins til aðvinnslu eingöngu og að lokinni aðvinnslu verði varan, sem unnin hefur verið úr hráefninu, flutt úr landi. Tilgangur slíkrar starfsemi er að flytja inn hráefni til fullvinnslu og skapa þannig verðmætaaukningu með því að auka gæði vörunnar og viðskiptavirði. Starfsemi af þessu tagi mun ekki raska því kerfi sem starfrækt er á grundvelli laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem innflutningur fyrir innanlandsmarkað mun áfram verða háður gildandi reglum sem eiga að tryggja að jafnræði ríki í samkeppni milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu. Þá er innflutningur landbúnaðarafurða samkvæmt frumvarpinu háður almennum reglum sem gilda á hverjum tíma um innflutning landbúnaðarafurða, svo sem reglum um varnir gegn dýrasjúkdómum og varnir gegn því að sýktar afurðir berist til landsins.

Við gerð frumvarpsins var höfð hliðsjón af ákvæðum í norskum tollskrárlögum um sama efni, sbr. c-lið 10. tölul. 14. gr. í almennum kafla tollskrárlaganna, nr. 2107 frá 1985, (FOR 1985-12-06 nr. 2107: Tolltariffens innledende bestemmelser) og reglugerð nr. 27 frá 1999 (FOR 1999-01-20 nr. 27: Forskrift om bearbeiding av ufortollede landbruksvarer).

Með frumvarpinu er lagt til að tímabundinn innflutningur á hráefni og efnivörum sem flokkast sem landbúnaðarvörur og bera magntoll (A1-toll) til aðvinnslu verði heimilaður. Heimildin er bundin því skilyrði að hinar innfluttu landbúnaðarvörur verði fluttar úr landi að aðvinnslu lokinni. Í greininni er áskilið að endurútflutningur afurða, sem unnar hafa verið úr innfluttu hráefni samkvæmt þessari grein, skuli eiga sér stað innan sex mánaða frá komudegi flutningsfars til landsins. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra veiti tilteknum lögaðilum leyfi til tímabundins innflutnings samkvæmt ákvæðinu, þ.e. þeim sem stunda í atvinnuskyni umfangmikla fullvinnslu á innfluttum landbúnaðarafurðum til endurútflutnings. Með þessu skilyrði er leitast við að tryggja að þeir sem njóti undanþágu samkvæmt ákvæðinu stundi stöðuga starfsemi og reglulegan útflutning. Leyfi samkvæmt ákvæðinu skal ekki veitt til tímabundins innflutnings stakra sendinga eða vegna tímabundinnar starfsemi.

Verði vara ekki flutt úr landi innan sex mánaða frá komudegi flutningsfars skal tollur greiddur af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I með tollalögum með sama hætti og að um innflutning eftir almennum reglum hafi verið að ræða.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að afturkalla leyfi samkvæmt þessari grein fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmd leyfisins. Í greininni er veitt undanþága frá meginreglum um greiðslu tolls af innfluttum vörum og þess vegna ber að skýra skilyrði hennar þröngt.

Það er mælt fyrir um að landbúnaðarráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings landbúnaðarhráefna til aðvinnslu og endurútflutnings. Skilyrðin lúta m.a. að aðgreiningu innflutts hráefnis fyrir innanlandsmarkað og hráefnis til útflutnings og lágmarkskröfum til bókhalds leyfishafa, m.a. með bókhaldslega aðgreiningu í huga, og upplýsingagjöf hans til landbúnaðarráðuneytis og tollyfirvalda. Þessi skilyrði miða að því að unnt verði að staðreyna það magn landbúnaðarhráefna sem flutt er inn tímabundið til aðvinnslu og það magn sem flutt er úr landi aftur. Það er einungis útflutt magn sem nýtur undanþágu að teknu tilliti til eðlilegs úrgangs sem fellur til við framleiðsluna. Þá skal landbúnaðarráðherra setja fram viðmiðunarreglur varðandi eðlilegt magn úrgangs miðað við hlutaðeigandi aðvinnslu. Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um önnur framkvæmdaratriði við inn- og útflutning, svo sem viðeigandi skýrslugjöf til tollyfirvalda vegna inn- og útfluttra sendinga. Jafnframt er landbúnaðarráðherra veitt heimild til þess að setja það skilyrði fyrir lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu þeirra. Þá er það gert að skilyrði leyfisveitingar að leyfishafi greiði kostnað af nauðsynlegu tolleftirliti vegna starfsemi hans.

663. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Ármann Kr. Ólafsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson, Björgólf Jóhannsson og Eirík Tómasson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Bjarnason frá farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Örn Pálsson og Arthúr Bogason frá Landssamtökum smábátaeigenda, Hermann B. Haraldsson og Þorstein Mána Árnason frá Félagi dagabátaeigenda, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Óskar Þór Karlsson og Jón Stein Elíasson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Byggðastofnun, Sjómannasambandi Íslands og Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi. Lagt er til að lögleidd verði svonefnd línuívilnun. Samkvæmt frumvarpinu takmarkast ívilnunin við dagróðrabáta sem beita línu í landi og er þeim heimilt að landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð. Mælt er fyrir um að línuívilnun í þorski skuli á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski. Ekki eru hins vegar sett takmörk á afla í ýsu og steinbít en þó mælt fyrir um heimild ráðherra til þess að takmarka afla í þessum tegundum telji hann ástæðu til. Þá er kveðið á um að aflaheimildir og áætlaður afli til línuívilnunar skuli dreginn frá leyfðum heildarafla áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

Samhliða upptöku línuívilnunar til dagróðrabáta er lagt til að aflaheimildir sem ráðherra hefur haft til úthlutunar til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að

verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta, skv. 3. mgr. 9. gr., verði skertar í tveimur áföngum og loks aflagðar í lok fiskveiðiársins 2005/2006. Með sama hætti er lagt til að aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi verði aflagðar í tveimur áföngum. Til mótvægis við niðurfellingu þessara aflaheimilda er lagt til, auk framangreindrar línuívilnunar, að ráðherra geti ráðstafað eftirstöðvum af þeim 12.000 lestum sem hann hefur til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna, til minni byggðarlaga sem annaðhvort hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski eða til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.

Loks er í frumvarpinu lagt til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að heimild til tegundatilfærslu skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra einungis heimilt að ráðstafa til byggðarlaga, sbr. a-lið 2. gr., eftirstöðvum af þeim 12.000 lestum sem hann hefur ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Verði ákvæði frumvarpsins samþykkt óbreytt getur sú staða komið upp að engar eða litlar aflaheimildir verði til ráðstöfunar til að mæta vanda byggðarlaga af öðrum orsökum. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til breytingartillögu sem ætlað er að treysta stöðu minni byggðarlaga sem lenda í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háðar eru veiðum og vinnslu á bolfiski. Breytingartillögunni er enn fremur ætlað að styrkja byggðarlög sem orðið hafa fyrir skyndilegum skerðingum á aflaheimildum sínum.

Markmið línuívilnunar með þessu frumvarpi og með breyttu fyrirkomulagi byggðakvótans er að styrkja og efla útgerð og fiskvinnslu í sjávarbyggðum, þ.m.t. þeim byggðum sem hafa fengið sérstaka úthlutun í formi byggðakvóta. Með breytingartillögunni vill meiri hlutinn styrkja grundvöll byggðakvótans og gera hann markvissari. Þær aflaheimildir sem á grundvelli breytingartillögunnar munu fara til lítilla byggðarlaga sem háðar eru bolfiskveiðum og vinnslu og hafa orðið fyrir samdrætti eiga meðal annars að koma í stað þess byggðakvóta sem úthlutað hefur verið til krókaaflamarksbáta og 1.500 tonna byggðakvóta sem úthlutað var í samráði við Byggðastofnun, að teknu tilliti til aðstæðna. Meiri hlutinn leggur loks til að ráðherra skipi starfshóp, með aðild Byggðastofnunar, sem hafi það hlutverk að gera tillögur til ráðherra um fyrirkomulag úthlutunar.

Þá er lögð til smávægileg orðalagsbreyting á 7. málsl. efnismgr. b-liðar 3. gr. frumvarpsins.

Málefni svonefndra dagabáta hafa verið rædd í nefndinni. Ekki reyndist nú unnt að leggja til tillögur um framtíðarskipan í málefnum þeirra sem þó er mikilvægt verkefni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að vinnu við það verði hraðað.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. A-liður 2. gr. orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

   Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á bolfiski.
   b. Til byggðarlaga, sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum, og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.

2. Orðin „með sama hætti“ í 7. málsl. efnismgr. b-liðar 3. gr. falli brott.

Alþingi, 11. des. 2003.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm. Einar K. Guðfinnsson. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Kjartan Ólafsson. Guðjón Ólafur Jónsson.

664. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur um þingfararkostnað, þ.e. húsnæðis- og dvalarkostnað, alþingismanna sem búsettir eru á Suðurnesjum verði þær sömu og gilda um aðra þingmenn Suðurkjördæmis. Nefndin telur þetta eðlilegt með hliðsjón af því að með breytingu á kjördæmaskipan árið 1999 og nýjum kosningalögum, nr. 24/2000, var Reykjaneskjördæmi skipt þannig að Suðurnes, Reykjanes sunnan Straumsvíkur og eldra Suðurlandskjördæmi mynda nú Suðurkjördæmi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að tekinn verði af allur vafi um það hvaða svæði falla undir hugtakið „Reykjavík og nágrenni“ með því að tilgreina í staðinn Reykjavíkurkjördæmi suður og norður og Suðvesturkjördæmi.
2. Lagt er til að um rétt alþingismanna til launa í fæðingar- og foreldraorlofi fari samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Þegar gildandi lög um þingfararkaup og þingfararkostnað voru sett árið 1995 var fyrst tekið inn ákvæði um rétt alþingismanna til launa í fæðingarorlofi. Höfð var hliðsjón af réttindum opinberra starfsmanna sem þá nutu óskertra fastra launa í fæðingarorlofi en nokkurrar skerðingar á yfirvinnugreiðslum. Því var talið rétt að alþingismenn héldu óskertu þingfararkaupi enda engar yfirvinnugreiðslur fyrir hendi. Eftir breytinguna munu alþingismenn fá 80% af þingfararkaupi og öðrum greiðslum sem teljast til launa, t.d. starfskostnaði eins og aðrir á vinnumarkaði. Samkvæmt núgildandi lögum halda alþingismenn föstum kostnaðar-

greiðslum óskertum. Nefndin telur það ekki í samræmi við anda nýju laganna. Nefndin telur þó nauðsynlegt að taka tillit til þeirra alþingismanna sem halda tvö heimili og fá í því skyni álag á húsnæðis- og dvalarkostnað. Þótt eðlilegt sé að ætla að þeir alþingismenn sem álags njóta beri ekki með sama hætti og áður útgjöld við tvöfalt heimilishald meðan á fæðingarorlofi stendur þurfa þeir að standa undir rekstrarkostnaði húsnæðisins. Því leggur nefndin til að grunngreiðsla húsnæðis- og dvalarkostnaðar haldi sér og verði ætlað að standa undir húsaleigu eða rekstri húsnæðis í fæðingarorlofi.

Lagt er til að ákvæði um slysa- og ferðatryggingar alþingismanna verði óbreytt frá gildandi lögum.

Nefndin telur að nauðsynlegt kunni að vera að kveða nánar á um ýmis atriði við framkvæmd reglna um fæðingar- og foreldraorlof, svo og um slysa- og ferðatryggingar. Því leggur nefndin til að forsætisnefnd geti sett nánari reglur um það atriði.

3. Þá telur nefndin eðlilegt að kveða á um það í bráðabirgðaákvæði að hinar nýju reglur um fæðingar- og foreldraorlof gildi aðeins um þá alþingismenn sem nýti sér réttinn framvegis; reglurnar skerði því ekki rétt þeirra þingmanna sem nú eru í fæðingar- eða foreldraorlofi eða eiga nú rétt til þess en hafa ekki enn nýtt sér hann.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 11. des. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.

665. Breytingartillögur [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Reykjavíkur og Reykjaness“ í 1. mgr. kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
   b. Í stað orðanna „Reykjavíkur eða nágrennis“ hvarvetna í greininni kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
   c. Í stað orðanna „annað heimili í Reykjavík“ í 3. mgr. kemur: annað heimili í Reykjavíkurkjördæmi suður eða norður eða Suðvesturkjördæmi.

2. Við bætist ný grein, 2. gr., er orðist svo:
   12. gr. laganna orðast svo:
   Alþingismaður á rétt á fæðingar- og foreldraorlofi og fer um lengd þess og greiðslur meðan það varir samkvæmt lögum nr. 95/2000. Þeir alþingismenn sem halda tvö heimili og fá álag á húsnæðis- og dvalarkostnað, sbr. 3. mgr. 6. gr., halda þó greiðslum skv. 1. mgr. 6. gr.
   Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.
   Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd og greiðslur samkvæmt þessari grein.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Réttur þeirra sem eru í fæðingarorlofi við gildistöku laganna fer eftir eldri ákvæðum, svo og réttur þeirra sem hafa öðlast rétt til fæðingarorlofs en ekki hafið töku þess.

666. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin leitaði upplýsinga eftir föngum um áhrif þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu á þeim stutta tíma sem gafst til umfjöllunar um málið. Rætt var við fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Nefndinni gafst ekki sá tími sem hefði þurft til að hafa samráð við hagsmunaaðila. Við umfjöllun í nefndinni kom þó mjög skýrt í ljós að málið er afar illa undirbúið af hendi sjávarútvegsráðuneytisins.

Þegar fulltrúar helstu hagsmunaaðila komu á fund nefndarinnar var þeim gert að tala fyrir máli sínu að viðstöddum öðrum hagsmunaaðilum sem hafa mjög andstæðar skoðanir á málinu. Þetta er nýjung í starfi sjávarútvegsnefndar sem féll í fremur grýttan jarðveg hjá fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Vélstjórafélagsins sem allir gengu af fundinum í mótmælaskyni. Starfandi formaður nefndarinnar hafnaði ósk minni hlutans um fundarhlé til að bera klæði á vopnin. Nefndin ræddi síðan við þá sem eftir sátu sem voru fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og dagabáta. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskvinnslu án útgerðar.

Allir hagsmunaaðilar sem nefndin ræddi við og fékk umsagnir frá lögðust gegn því að málið yrði afgreitt, að frátöldum fulltrúa ASÍ sem tók ekki afstöðu til þess en sagði skoðanir skiptar hjá sínu fólki.

Við umfjöllun nefndarinnar um einstakar greinar frumvarpsins kom í ljós að meiri hlutinn hugðist taka málið óbreytt út úr nefndinni að undanskilinni einni orðalagsbreytingu auk þeirrar breytingar að við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laganna yrði ráðherra óbundinn af því hvort um væri að ræða úthlutun vegna aflabrests eða vegna atvinnuvanda í byggðarlögum vegna skorts á veiðiheimildum.

Það er skoðun minni hlutans að málið sé allt vanreifað og stórgallað. Hleypa á af stað kapphlaupi vegna línuívilnunar í þorski fjórum sinnum á ári. Ráðherra á svo að ákveða hvort ástæða þykir til að hafa sama hátt á vegna annarra tegunda.

Byggðakvóti yrði lagður af á tveim árum samkvæmt frumvarpinu. Í stað hans yrði öllum aðgerðum vegna vanda sjávarbyggða beint inn í 12.000 tonna pott skv. 9. gr. laganna og öll framkvæmd sett undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra sem hefur reyndar lýst sig almennt andvígan byggðakvóta. Það er álit minni hlutans að veruleg hætta sé á því að aflaheimildir sem falla undir byggðakvóta nú glatist úr byggðarlögum sem hafa þurft sárlega á þeim að halda.

Afnám byggðakvótans og skerðingar á aflaheimildum krókabáta sem felast í frumvarpinu virðast á ýmsum stöðum geta orðið umtalsvert meiri en hugsanleg línuívilnun miðað við veiðar á síðustu árum. Ekki verður séð í fljótu bragði hvernig byggðavandaákvæði nýtast á móti skerðingunum. Á meðan málið hefur ekki verið skýrt betur virðist staða byggðarlaga sem hafa haft byggðakvóta eða umtalsverðar veiðiheimildir í byggðapotti krókaaflamarksbáta í algeru uppnámi. Það er sérstök ástæða til að gagnrýna að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um hvaða heimildir verða til ráðstöfunar fyrir einstök byggðarlög sem hafa þurft að treysta á úrræðin sem nú á að leggja af.

Þá bendir minni hlutinn á að bátar sem nota beitningatrektar fá ekki ívilnun þótt slíkar veiðar séu í raun mjög sambærilegar og mikil spurning er hvort jafnræðis sé gætt með því að sniðganga þann flokk báta fyrst línuívilnun er á annað borð komið á.

Ekki er tekið á málefnum dagabáta í frumvarpinu en skerðing á veiðirétti þeirra er nú þegar mikil. Bátarnir höfðu 23 daga áður en 19 nú og stefnir hratt í að útgerð margra þeirra leggist af á næstu árum. Slíkt hefði mikil byggðaleg áhrif þar sem engin nýliðun er í útgerð fiskiskipa við Ísland.

Samkvæmt frumvarpinu yrði ráðherra gefin heimild til verulegrar aukningar á svokallaðri tegundatilfærslu sem felst í því að útgerðarmenn mega breyta einni fisktegund í aðra. Þetta er afar umdeilt fyrirkomulag. Auk þess hafa úrræði til að koma með aukaafla að landi verið rýmkuð nýlega með svokölluðum hafróafla. Nýting tegundatilfærslu hefur stundum orðið til þess að ákveðin tegund hefur ekki verið fullnýtt og einnig hefur hún leitt til þess að meira hefur verið veitt af einstökum tegundum en Hafrannsóknastofnunin hefur ráðlagt.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu línuívilnun í aðdraganda síðustu kosninga. Sjávarútvegsráðherra lýsti því margsinnis yfir í sumar að hann þyrfti drjúgan tíma til að undirbúa málið. Þrýstingur frá starfandi formanni sjávarútvegsnefndar Alþingis virðist hafa valdið því að ráðherrann kastar nú algerlega vanbúnu máli fram til umfjöllunar á Alþingi.

Minni hlutinn átelur harðlega þessi vinnubrögð við undirbúning málsins og leggst gegn samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 2003.

Jóhann Ársælsson, frsm. | Kristján L. Möller. | Jón Gunnarsson.

Grétar Mar Jónsson.

22660 Skjalapantur 10/03 Sig. 1

Fylgiskjal I.

Ályktun frá fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands um línuívilnun.

Fundur formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands haldinn 17. og 18. október 2003 mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að taka upp svokallaða línuívilnun til dagróðrabáta sem róa með línu. Jafnframt mótmælir fundurinn nú sem endranær hvers konar sértækum aðgerðum stjórnvalda við úthlutun aflaheimilda, nema sérstakar aðstæður skapist vegna aflabrests á einstökum fisktegundum.

Öllum ætti að vera ljóst, þar sem heildarafli er takmarkaður, að verði einum hópi útgerða veitt ívilnun í aflahlutdeild eða aflamarki hlýtur sú ívilnun að verða tekin frá öðrum. Slíkt leiðir aðeins til mismununar innan atvinnugreinarinnar.

Línuívilnunin sem rætt er um að taka upp mun að stærstum hluta koma til smábáta. Frá því aflamarkskerfið var tekið upp hafa smábátar aukið afla sinn verulega á kostnað aflamarksskipa og ljóst að með kröfu um línuívilnun er ætlunin að ná enn stærri hluta af veiðiheimildunum til smábátaflotans. Fundurinn mótmælir sífelldri undanlátssemi við þennan bátaflokk og krefst þess af stjórnvöldum að þau láti nú þegar af þeirri undanlátsstefnu við smábáta sem stunduð hefur verið undanfarin ár.

II. og III. fylgiskjal voru bréf til sjávarútvegsnefndar frá Aðalsteini Þorsteinssyni, forstjóra Byggðastofnunar, (11. desember 2003) og frá Samtökum eigenda sjávarjarða (8. desember 2003).

Fylgiskjal IV.

Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller og Jón Gunnarsson:

Ósk um upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneyti vegna máls nr. 428.

1. Yfirlit og skipting eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum á afla krókaflamarksbáta sbr. 2. gr. b. sem fellur út, samkvæmt frumvarpinu skipt eftir tegundum.

   3. mgr. verður nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin og jafnframt koma tveir nýir málsliðir í stað 1. málsl., svohljóðandi: Á fiskveiðiárinu 2004/2005 er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa.

Athugasemdir við 2. gr.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að heimild ráðherra til úthlutunar aflaheimilda til krókaaflamarksbáta minnki um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006. Í ljósi þess að lagt er til að heimildin falli síðan niður þykir fara betur á því að ákvæðið sé gert að bráðabirgðaákvæði.

2. Yfirlit yfir veiddan afla á línu skipt eftir tegundum og skipt eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum, síðastliðin fimm fiskveiðiár.
3. Yfirlit og skipting á byggðakvóta eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, sem fellur út samkvæmt frumvarpinu.
   a. Byggðakvóti sem Byggðastofnun útdeilir.
   b. Byggðakvóti sem ráðherra útdeilir.
4. Yfirlit yfir úthlutaðan byggðakvóta nú nýlega (ráðherrakvóti)
   a. Hjá hverjum hefur verið samþykkt?
   b. Hjá hverjum hefur verið frestað/hafnað?
   c. Hvaða dagsetningar hafa verið í gangi varðandi þennan kvóta?
5. Yfirlit yfir úthlutanir á kvóta samanber 9. gr. síðustu 5 fiskveiðiár, hverjir hafa fengið og hvers vegna?
   a. Dagsetningar á úthlutun vegna 9. gr.
   b. Dagsetningar á úthlutun á „restinni".
6. Hvenær hófst vinna í ráðuneytinu við gerð þessa frumvarps?
   Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þá getur ráðherra ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl., eða hluta þeirra, verði ráðstafað í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðarlögum, þannig:
7. Hvaða byggðarlög, að mati ráðuneytisins, mundu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2. gr. a?
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski.
8. Hvaða byggðarlög, að mati ráðuneytisins, mundu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2. gr. b?
   b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.
9. Hver verður skipting á þessum afla (3.375 tonnum) skipt eftir ársfjórðungum:
   a. sept. – nóv.,
   b. des. – febr.,
   c. mars – maí,
   d. júní – ágúst?

   Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002.
10. Hver verður heildarniðurskurður í tonnum talið og skipt eftir tegundum samanber þetta frumvarp, þ.e. vegna byggðakvótanna og úthlutunar til krókaaflamarksbáta sbr. 2. gr.? Skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum.
11. Hvert er leiguverð m.v. daginn í dag á þessum 3.375 tonnum?
12. Hvert er söluverð á þessum 3.375 tonnum af þorski m.v. daginn í dag?
13. Hvert er líklegt upphafshámark af ýsu og steinbít til línuívilnunar 1. febr. 2004?

Fylgiskjal V.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Svör við spurningum frá Kristjáni L. Möller, Jóhanni Ársælssyni og Jóni Gunnarssyni vegna máls nr. 428.
(Reykjavík 11. desember 2003.)

Spurning 1.

Úthlutun aflaheimilda skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Staður	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Bakkafjörður	8.642	11.257	0
Bolungarvík	400.000	400.000	359.598
Breiðdalsvík	5.286	5.713	3.297
Drangsnes	99.514	101.870	88.529
Flateyri	388.013	393.736	361.333
Ísafjörður	90.512	96.537	62.420
Ólafsvík	243.687	253.008	200.234
Sandgerði	26.384	31.004	4.843
Stöðvarfjörður	44.194	47.302	29.706
Suðureyri	169	9.533	0
Tálknafjörður	400.000	400.000	400.000

Miðað er við kg þorskígildi

Spurning 2.
Sjá fskj. I

Spurning 3a.

Úthlutun aflaheimilda skv. bráðabirgðaákvæði nr XXVI, laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Staður	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Bakkafjörður	72.000	72.000	72.000	72.000	72.000
Borgarfjörður eystri	112.000	112.000	112.000	112.000	112.000
Breiðdalsvík	181.000	181.000	181.000	181.000	181.000
Fáskrúðsfjörður	113.000	113.000	113.000	113.000	113.000
Grímsey	92.000	92.000	92.000	92.000	92.000
Hofsós	114.000	114.000	114.000	114.000	114.000
Kaldrananeshreppur	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000
Seyðisfjörður	67.000	67.000	67.000	67.000	67.000

Staður	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Stöðvarfjörður	94.000	94.000	94.000	94.000	94.000
Vesturbyggð	205.000	205.000	205.000	205.000	205.000
Þingeyri	387.000	387.000	387.000	387.000	387.000

Miðað er við kg þorskígildis

Spurning 3b.

Samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 9. gr. hefur ráðherra 1.500 lestir til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Spurning 4.

Á yfirstandandi fiskveiðiári skiptist byggðakvótinn þannig milli einstrakra sveitarfélaga:

	Sveitarfélög	Úthlutuð tonn
0	Sveitarfélagið Árborg	33,2
0	Sveitarfélagið Ölfus	20,7
+	Sandgerðisbær	92,6
+	Gerðahreppur	16,6
0	Snæfellsbær	34,6
+	Grundarfjarðarbær	18,0
+	Stykkishólmsbær	26,3
	Vesturbyggð	76,0
0	Tálknafjarðarhreppur	15,2
0	Bolungarvíkurkaupstaður	66,4
0	Ísafjarðarbær	118,9
+	Súðavíkurhreppur	30,4
+	Árneshreppur	34,6
0	Kaldrananeshreppur	23,5
+	Hólmavíkurhreppur	56,7
+	Húnaþing vestra	55,3
+	Blönduósbær	65,0
+	Höfðahreppur	19,4
+	Sveitarfélagið Skagafjörður	20,7
+	Siglufjarðarkaupstaður	29,0
+	Ólafsfjarðarbær	29,0
+	Dalvíkurbyggð	37,3
+	Hríseyjarhreppur	49,8
0	Akureyrarkaupstaður	5,5
0	Grímseyjarhreppur	4,1
0	Grýtubakkahreppur	4,1
+	Húsavíkurbær	37,3
+	Öxarfjarðarhreppur	38,7
+	Raufarhafnarhreppur	49,8
+	Þórshafnarhreppur	59,4
+	Skeggjastaðahreppur	9,7
	Vopnafjarðarhreppur	24,9

	Sveitarfélög	Úthlutuð tonn
+	Borgarfjarðarhreppur	20,7
0	Seyðisfjarðarkaupstaður	20,7
0	Mjóafjarðarhreppur	13,8
+	Fjarðabyggð	70,5
+	Búðahreppur	11,1
+	Stöðvarhreppur	29,0
0	Breiðdalshreppur	29,0
+	Djúpavogshreppur	47,0
0	Sveitarfélagið Hornafjörður	26,3
+	Vestmannaeyjabær	29,0

Spurningar 4a og 4b.

Sveitarfélög sem eru merkt + hér að ofan hafa samið reglur sem ráðuneytið hefur staðfest. Þau sem merkt eru 0 vildu að aflaheimildum yrði úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar. Þau sem eru ómerkt hafa ekki gefið fullnægjandi svör enn.

Spurning 4c.

Frestur er til 1. mars fyrir sveitarfélög til að ganga frá endanlegri skiptingu byggðakvótans. Þeir sem ganga frá sínum málum eru afgreiddir jafnóðum og tillögur þeirra berast.

Spurning 5a.

Sjá fylgiskjal II.

Spurning 6.

Í mars 2003.

Spurningar 7 og 8.

Nánari útfærsla á þessu yrði unnin í samráði við Byggðastofnun.

Spurning 9.

Áætluð skipting þorskafla eftir ársfjórðungum.

Ársfjórðungur	Skipting (%)	Magn línuívilnunar
sept. – nóv.	27,7	936
des. – feb.	34,1	1.151
mars – maí	24,7	835
júní – ágúst	13,4	453

Afli miðast við lestir af óslægðum þorski

Spurning 10.

Ráðuneytið treystir sér ekki til að svara þessari spurningu þar sem ekki er ljóst hvað mikið fellur til í sk. byggðakvóta við breytingu á 9. gr. laganna.

Spurning 11.

Verð á aflamarki er samkvæmt þeim upplýsingum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur aflað í kringum 115 kr./tonn af þorski í almenna kerfinu og í kringum 80 kr./tonn í smábátakerfinu.

Spurning 12.

Miðað við meðaltalsverð allra fiskmarkaða var verð á þorski þann 10. desember 152 kr. á kíló. Lægsta verð var 69 kr. á kíló, hæsta verð 260 kr. á kíló.

Spurning 13.

Ekki verður sett hámark á ýsu og steinbít nema veiðar þróist með þeim hætti að sérstök ástæða þyki til.

FYLGISKJAL I

Samtals línuafli íslenskra skipa per heimahöfn skips fiskveiðiárin 1998/1999 - 2002/2003. Löndun frá: 01-SEP-1998, Löndun til: 31-ÁGÚ-2003 Veiðarfæri númer: 1 Meðtalinn er afli af öllum veiðisvæðum

Afli í tonnum upp úr sjó (óslægt)

	9899	9899	9899	9899	9899	9900	9900	9900	9900	9900	0001	0001	0001	0001	0001	0102	0102	0102	0102	0102	0203	0203	0203	0203	0203
Heimahöfn	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Samtals
Vestmannaeyjar	296	181	18	185	679	1.058	436	119	359	1.973	202	432	27	242	903	768	237	191	313	1.509	356	159	23	281	819
Stokkseyri														3	3				1	1					
Eyrarbakki	98	84	12	22	217	1	1	0	5	7											2	0		0	2
Selfoss						18	10	1	15	43	19	41	2	23	85	2	5	0	13	21	16	32	1	55	103
Þorlákshöfn	254	125	28	137	544	445	168	79	114	806	351	469	95	214	1.129	474	218	43	208	944	351	159	7	138	655
Grindavík	12.704	3.027	1.179	5.696	22.606	15.222	3.247	1.037	5.066	24.573	11.720	2.918	1.072	3.467	19.177	12.068	2.949	1.007	4.020	20.044	11.343	3.724	990	4.210	20.267
Sandgerði	921	425	460	140	1.946	948	392	223	150	1.713	789	375	524	283	1.971	1.745	372	339	165	2.622	561	269	309	111	1.250
Garður	103	23	11	13	150	23	5	1	2	32	191	49	35	95	371	127	33	38	19	217	164	61	16	63	304
Keflavík	623	87	72	49	831	1.077	185	82	130	1.474	1.184	316	132	171	1.804	425	119	92	82	719	465	220	155	69	909
Njarðvík	161	63	19	22	266	147	50	10	15	222	141	69	45	40	295	77	33	25	14	148	109	49	21	21	199
Vogar	165	13	17	130	324	1.495	197	19	357	2.068	1.127	276	65	316	1.784	1.260	277	57	282	1.876	1.295	322	13	421	2.052
Hafnarfjörður	723	295	160	107	1.285	352	235	57	83	728	382	295	84	110	872	271	103	64	55	492	420	193	59	138	810
Garðabær											20	10	58	2	90	62	10	60	2	134					
Kópavogur	0				0	37	10	3	1	52	69	41	20	7	138	35	0	7	0	42	67	4	5	0	76
Seltjarnarnes											1			0	1										
Reykjavík	2.237	798	186	1.128	4.350	2.624	870	285	1.039	4.818	2.413	746	463	494	4.116	2.078	483	609	545	3.715	1.854	717	106	742	3.420
Akranes	242	230	81	41	594	382	261	101	51	796	256	233	96	41	626	263	210	60	27	560	255	307	66	34	662
Borgarnes	71	15	10	4	99	30	8	4	2	43	47	22	18	5	92	45	13	16	1	76	3	2	0	0	5
Arnarstapi	56	8	17	5	86	69	7	6	3	84	30	6	16	2	54	13	2	4	0	19	33	5	4	2	43
Hellnar	14	10	3	0	28	12	10	0	1	24															
Hellissandur	432	85	35	30	581	374	65	16	22	478	393	36	38	28	495	563	70	54	28	715	567	157	58	39	822
Rif	2.075	643	54	1.148	3.919	2.889	509	56	803	4.257	2.074	542	291	599	3.506	2.348	560	185	385	3.479	1.747	615	112	306	2.780
Ólafsvík	1.350	397	167	104	2.017	1.677	483	239	109	2.508	1.542	556	723	122	2.943	1.517	450	249	56	2.272	1.601	919	491	133	3.144
Grundarfjörður	752	194	130	40	1.116	786	126	94	16	1.022	690	133	266	26	1.114	658	90	78	8	835	566	178	99	23	866
Stykkishólmur	649	96	37	19	801	796	65	50	13	923	593	34	41	8	676	458	10	21	5	494	742	95	67	26	930
Flatey á Breiðafirði																					2	0	0	0	3
Brjánslækur	32	1	34	0	67	57	2	31	3	92	102	2	134	2	240	103	5	111	4	223	23	1	44	4	73
Patreksfjörður	3.165	379	1.380	677	5.601	3.081	354	1.619	404	5.457	2.013	321	1.240	259	3.833	1.014	119	1.095	33	2.261	1.669	513	954	306	3.442
Tálknafjörður	2.680	384	1.222	46	4.331	2.820	386	1.931	41	5.178	1.911	539	2.300	38	4.788	1.432	299	1.134	16	2.882	1.633	576	1.100	105	3.414
Bíldudalur	325	9	173	5	512	104	5	87	1	197	122	1	35	2	159	91	1	20	0	112	126	6	83	6	220
Þingeyri	348	49	72	7	475	435	151	280	8	873	510	213	256	7	985	810	184	334	436	1.764	1.102	392	358	202	2.054
Flateyri	1.562	106	363	349	2.380	842	231	284	72	1.429	933	380	649	14	1.977	1.501	199	755	7	2.462	1.910	477	902	34	3.324
Suðureyri	1.895	839	480	22	3.237	1.587	921	555	20	3.083	1.617	946	545	36	3.144	1.198	722	391	37	2.349	1.028	975	685	48	2.736
Bolungarvík	4.009	1.581	760	325	6.675	2.925	1.477	1.059	92	5.553	3.446	1.613	883	89	6.032	2.868	1.090	773	59	4.789	1.739	1.317	869	63	3.987
Hnífsdalur	216	118	48	4	387	205	144	77	4	431	60	36	4	4	103						94	45	25	2	166
Ísafjörður	700	285	129	19	1.134	886	407	164	31	1.488	984	501	305	33	1.824	1.047	317	207	17	1.588	888	516	275	14	1.693
Súðavík	131	84	7	3	225	132	54	36	2	225	45	0	0		45	2	1	2	3	8	39	7	7	2	55
Norðurfjörður	35	21	9	0	65	70	38	29	0	136	17	17	1	0	35	0				0					
Djúpavík						0			0	0	1				1										
Drangsnes	210	82	15	3	310	309	100	12	2	423	501	224	83	6	814	441	164	10	2	616	534	303	17	7	862
Hólmavík	186	23	3	1	214	679	130	16	4	829	668	101	63	8	840	488	67	5	2	562	521	164	10	10	705

	9899	9899	9899	9899	9899	9900	9900	9900	9900	9900	0001	0001	0001	0001	0001	0102	0102	0102	0102	0102	0203	0203	0203	0203	0203
Heimahöfn	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Sam-tals	Þorsk-ur	Ýsa	Stein-bítur	Annar afli	Samtals
Hvammstangi	138	15	25	0	179	61	16	1	1	78	110	45	1	1	157	76	24	0	0	101	111	56	0	1	168
Blönduós																					7	2	2	1	11
Skagaströnd	1				1						178	14	10	1	202	157	3	1	0	161	252	38	5	1	296
Sauðárkrókur											38	2	2	0	42	13	1	0	0	14	37	14	1	0	52
Hofsós	0	0	0	0	0																21	35			57
Haganesvík						9				9	4	0			4										
Siglufjörður	580	141	72	10	803	486	144	102	3	735	381	153	58	8	601	277	77	46	3	404	199	103	13	3	317
Ólafsfjörður	900	86	60	200	1.246	233	31	15	103	381	1		0		1	0		0	0	1	13	1	1	1	16
Grímsey	858	8	63	13	943	1.205	33	101	33	1.371	1.103	85	126	19	1.333	1.011	76	77	23	1.188	989	100	49	71	1.209
Hrísey											183	30	20	1	233	134	18	8	0	160	178	25	12	1	216
Dalvík	68	1	4	2	75	200	3	14	3	220	124	35	13	21	192	9	0	1	1	11	273	39	11	24	348
Árskógssandur	187	5	15	2	209	229	7	18	2	256	205	16	18	1	240	154	10	12	1	178	148	20	7	3	178
Árskógsströnd						725	77	97	247	1.146	545	77	59	89	770	708	83	20	94	906	330	32	9	7	377
Hauganes	38	0	2	1	41	16	0	2	0	18	25	0	1	0	26	42	1	1	0	44	50	8	1	1	60
Hjalteyri	8			0	8	8			0	8	9	0	0	0	9	5	0	0	0	5	4	0			4
Akureyri	171	7	23	1	202	200	4	56	0	261	186	30	137	2	355	143	8	9	0	160	280	40	7	3	330
Grenivík	217	8	17	5	245	325	49	52	4	430	294	32	52	3	381	157	24	27	1	209	32	13	2	1	48
Húsavík	668	202	41	84	995	700	178	60	50	988	550	204	82	108	944	369	148	16	118	651	1.895	609	133	661	3.299
Kópasker	0				0																				
Raufarhöfn	207	27	8	19	260	123	19	7	8	157	195	21	78	17	312	144	9	60	5	218	114	51	83	8	258
Þórshöfn	44	2	1	0	48	84	0	2	0	86	32		0	0	32	55	1	1	0	56	54	12	2	1	68
Bakkafjörður	550	26	66	16	658	616	40	116	13	785	607	68	214	30	919	390	50	51	32	523	354	73	33	70	531
Vopnafjörður	68	2	9	4	83	59	4	16	2	80	44	7	19	1	72	30	2	11	1	45	74	25	44	2	145
Borgarfjörður eystri	392	33	134	2	560	471	65	147	7	691	456	40	141	4	642	439	36	83	3	561	400	67	119	5	591
Seyðisfjörður	52	8	20	0	80	163	10	27	1	200	227	20	33	247	526	520	101	11	75	706	189	15	10	202	416
Neskaupstaður	168	55	63	10	295	147	55	62	11	275	159	21	65	3	248	84	9	23	0	116	141	16	28	1	185
Eskifjörður	61	17	19	7	105	101	19	35	0	155	38	4	16	0	58	56	4	12	0	71	46	15	39	0	100
Reyðarfjörður	50	23	12	0	85	78	23	19	2	123	46	23	37	0	108	25	10	17	0	51	39	26	43	0	107
Fáskrúðsfjörður	58	16	29	2	105	85	19	18	1	123	109	31	56	2	198	78	21	43	2	145	103	47	35	4	189
Stöðvarfjörður	578	187	248	29	1.041	527	95	208	12	841	420	179	395	14	1.008	285	102	300	6	693	228	75	329	25	656
Breiðdalsvík	60	25	36	2	123	60	5	24	0	91	78	18	48	3	146	30	18	20	5	73	29	23	58	1	111
Djúpivogur	117	11	21	2	151	173	17	61	3	254	62	6	17	1	86	27	2	2	4	35	0				0
Hornafjörður	2.020	761	182	872	3.835	2.669	787	189	1.281	4.926	3.322	1.022	264	895	5.503	2.504	560	61	319	3.443	1.516	638	109	319	2.582
Samtals	47.678	12.425	8.561	11.764	80.428	54.348	13.441	10.108	10.831	88.727	46.894	14.676	12.569	8.271	82.410	44.172	10.811	8.949	7.542	71.475	41.931	15.695	9.113	9.034	75.773

Fylgiskjal II.

Spurning 5a

Úthlutun samkvæmt 9. gr. til einstakra báta vegna skerðingar í innfjarðarækju og hörpudiski. Úthlutun hefur jafnan farið fram í upphafi hvers fiskveiðiárs.

Heimahöfn	Nr.	Nafn skips	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Þorlákshöfn	1752	Gissur ÁR 6		141.680	62.684		
Grindavík	124	Gaukur GK 660			41.113		
Grindavík	399	Kári GK 146	53.723	22.518	13.704	14.206	19.769
Grindavík	926	Þorsteinn GK 15			126.648	122.015	111.251
Grindavík	1006	Geirfugl GK 66				42.617	59.308
Grindavík	1105	Ólafur GK 33	161.169	67.556			
Grindavík	1873	Askur GK 65	53.723	22.518	13.704	14.206	19.769
Garður	102	Kristinn Friðrik GK 58					29.654
Garður	923	Röstin GK 120		22.518	13.704	14.206	19.769
Garður	1231	Þorkell Árnason GK 21	80.586	33.778	20.556	21.308	29.654
Garður	1371	Bergur Vigfús GK 100					19.769
Keflavík	120	Erling KE 140	161.169	67.556	41.113	42.617	59.308
Keflavík	929	Svanur KE 90	53.723				
Keflavík	1371	Guðfinnur KE 19	134.309	56.296	34.261	35.514	
Reykjavík	1228	Sigurgeir Sigurðsson RE 80	19.491				
Akranes	2323	Stapavík AK 132					34.000
Grundarfjörður	1399	Haukaberg SH 20				17.143	87.843
Grundarfjörður	1472	Klakkur SH 510				51.466	263.739
Grundarfjörður	1629	Farsæll SH 30				17.143	87.843
Stykkishólmur	182	Grettir SH 104				31.851	
Stykkishólmur	245	Þórsnes SH 108			26.249	73.584	275.735
Stykkishólmur	1252	Bjarni Svein SH 107				34.972	179.216
Stykkishólmur	1424	Þórsnes II SH 109				52.134	267.159
Stykkishólmur	1846	Kristinn Friðriksson SH 3			26.249	155.866	860.613
Stykkishólmur	1850	Gísli Gunnarsson II SH 85				15.387	78.853
Stykkishólmur	2274	Sandvík SH 53				123.113	83.251
Bolungarvík	361	Bryndís ÍS 69	18.968				
Bolungarvík	1109	Neisti ÍS 218	20.232				
Bolungarvík	1118	Sæbjörn ÍS 121	18.809				10.484
Bolungarvík	1222	Árni Óla ÍS 81	18.067				
Bolungarvík	1502	Páll Helgi ÍS 142	21.655				12.070
Bolungarvík	1686	Gunnbjörn ÍS 302	2.165				1.207
Bolungarvík	1791	Sædís ÍS 67	21.498				
Bolungarvík	1862	Hafrún II ÍS 365	18.809				10.484
Bolungarvík	1920	Þjóðólfur ÍS 86	18.809				10.484
Ísafjörður	612	Ritur ÍS 22	16.644				
Ísafjörður	780	Ver ÍS 120	16.644				
Ísafjörður	1148	Bára ÍS 66	73.114				
Ísafjörður	1181	Finnbjörn ÍS 37	16.644				
Ísafjörður	1303	Örn ÍS 31	47.503				41.480
Ísafjörður	1344	Gissur hvíti ÍS 114	32.890		20.000		
Ísafjörður	1403	Halldór Sigurðsson ÍS 14					17.201

Heimahöfn	Nr.	Nafn skips	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Ísafjörður	1428	Dagný ÍS 34	16.644				9.277
Ísafjörður	1436	Snæbjörg ÍS 43					30.624
Ísafjörður	1440	Halldór Sigurðsson ÍS 14	30.860				
Ísafjörður	1440	Valur ÍS 20					23.985
Ísafjörður	1787	Stundvís ÍS 883	16.644				
Ísafjörður	1907	Gunnvör ÍS 53	52.778		20.000	37.504	25.986
Ísafjörður	1977	Júlíus Geirmundsson ÍS 270					66.819
Ísafjörður	2019	Aldan ÍS 47	34.710		40.001	37.504	31.861
Súðavík	133	Trausti ÍS 111					29.195
Súðavík	824	Fengsæll ÍS 83	19.491				22.845
Súðavík	1240	Hafrún ÍS 154	22.228				
Súðavík	1403	Valur ÍS 420	34.710				
Djúpavík	1184	Dagrún ST 12	33.555	25259	26163,6	32118,9	29342,3
Drangsnes	741	Grímsey ST 2	52.460	39.491	30.644	99.470	88.110
Drangsnes	1232	Gunnhildur ST 29	28.576	21.512	16.693	22.083	
Drangsnes	1396	Gunnvör ST 39	28.576	21.512	16.693	22.083	
Drangsnes	1859	Sundhani ST 3	23.883	17.979	27.903	36.913	16.348
Drangsnes	2008	Stefnir ST 47	23.883	17.979			
Drangsnes	2406	Kristbjörg ST 6					39.121
Drangsnes	7261	Stefnir ST 47					16.348
Hólmavík	1054	Sæbjörg ST 7	57.152	43.024	111.894	148.030	131.121
Hólmavík	1175	Donna ST 5			5.565		
Hólmavík	1434	Ásdís ST 37	143.929	108.350			
Hólmavík	1543	Hilmir ST 1	91.469	68.858	53.430	70.685	62.611
Hólmavík	2475	Sigurbjörg ST 55				7.362	6.521
Hvammstangi	1081	Harpa HU 4		25.833	20.044	26.519	23.490
Hvammstangi	1186	Haförn HU 4	34.316				
Hvammstangi	1834	Neisti HU 5	34.316	25.833	20.044	26.519	23.490
Blönduós	1102	Húni HU 62	76.258	57.408	44.546		
Skagaströnd	530	Hafrún HU 12	33.555				
Skagaströnd	656	Auðbjörg HU 6		25.259	65.540		
Skagaströnd	1236	Ólafur Magnússon HU 54	100.661	75.778	58.800	147.034	136.497
Sauðárkrókur	1876	Hafborg SK 54				123.113	83.251
Sauðárkrókur	1997	Jökull SK 33			126.936		
Sauðárkrókur	2102	Þórir SK 16			126.936	123.113	83.251
Sauðárkrókur	2274	Sandvík SK 188			126.936		
Hofsós	1581	Berghildur SK 137			126.936	123.113	83.251
Húsavík	586	Reistarnúpur ÞH 273			126.648		
Húsavík	1125	Gerður ÞH 110				87.937	77.001
Húsavík	1414	Haförn ÞH 26		141.680	62.684	87.937	77.001
Húsavík	1639	Dalaröst ÞH 40		141.680	62.684	87.937	77.001
Kópasker	1354	Viðar ÞH 17					222.500
Kópasker	1650	Þingey ÞH 51			126.648	122.015	111.251
Raufarhöfn	1354	Viðar ÞH 17				244.030	
Raufarhöfn	1538	Öxarnúpur ÞH 162			126.648		

Miðað er við kg þorskígildi

667. Breytingartillaga [428. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Grétari Mar Jónssyni og Jóni Bjarnasyni.

Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs verði aldrei færri en 23, og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla á fiskveiðiárinu umfram 230 þúsund tonn.

668. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 12. desember 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 2004.

669. Svar [383. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um styrki til atvinnumála kvenna.

1. *Hver eru markmið styrkja til atvinnumála kvenna sem ráðherra veitir árlega?*

Tilgangur styrkveitinga er einkum að auka fjölbreytni í atvinnulífi, viðhalda byggð um landið, efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auðvelda aðgang kvenna að fjármagni og draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

2. *Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega frá árinu 1999, hver er fjárhæð þeirra og hvernig hafa þeir dreifst eftir landshlutum?*

	1999	Fjöldi	2000	Fjöldi	2001	Fjöldi	2002	Fjöldi	2003	Fjöldi
Höfuðborgarsvæðið	2075000	11	4477000	13	7260000	11	4155000	15	5700000	9
Vesturl.	2200000	14	3188000	12	2425000	8	5408000	17	4300000	8
Vestfirðir	2318000	12	2190000	10	2270000	10	2295000	10	1950000	5
Norðurland vestra	4160000	13	4437000	11	2765000	6	1035000	5	550000	2
Norðurland eystra	1900000	8	1583000	5	4720000	10	947000	6	6700000	12
Austurl	1160000	6	1113000	5			2425000	7	2650000	4
Suðurland	3020000	13	1073000	5	660000	3	2450000	5	2200000	4
Suðurnes	300000	1	895000	2			515000	3	250000	1
Útlönd/landið allt										
	17123000	78	18957000	63	20100000	48	19230000	68	24075000	45

3. *Hvernig er styrkjunum úthlutað, hver metur umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar?*

Styrkirnir eru auglýstir í fjölmiðlum a.m.k. einu sinni á ári og sótt er um þá á þar til gerðum eyðublöðum. Lögð hefur verið áhersla á að greinargóð lýsing á verkefni fylgi umsóknum ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Einnig þarf að koma fram hvort leitað hafi verið til annarra um fjárstyrk.

Að öllu jöfnu nemur framlag af hálfu ríkisins ekki meira en 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Óheimilt er að veita rekstrarstyrki né heldur eru veittir styrkir til verkefna sem eru í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri. Við ráðstöfun fjárins hefur einkum verið tekið mið af nýsköpunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna. Er það skilyrði að verkefni séu atvinnuskapandi þar sem ekki er veittur styrkur til annarra verkefna. Þá eru ekki veittir styrkir til verkefna sem njóta greiðslna úr almannatryggingakerfinu né heldur til listiðnaðar en þó er tekið tillit til nytjalistar.

Umsóknir eru metnar út frá verkefnum þar sem leitast er við að styrkja góðar og framsæknar hugmyndir en ekki er lögð sérstök áhersla á jöfnuð milli landshluta. Engu að síður er svæðum þar sem hlutfall atvinnulausra kvenna er hátt og fábreytni er í atvinnulífi veitt sérstök athygli.

Félagsmálaráðherra tekur á hverjum tíma ákvarðanir um úthlutun styrkjanna. Sérstakur ráðgjafahópur metur umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Í hópnum eiga sæti fulltrúi félagsmálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, Byggðastofnunar, Impru – nýsköpunarmiðstöðvar og atvinnu- og jafnréttisfulltrúi Norðausturkjördæmis.

Fulltrúar fara yfir allar umsóknir en skipta með sér verkum við nánari yfirferð og upplýsingaöflun. Síðan hittast allir fulltrúarnir til að meta endanlega framkomnar umsóknir og sameinast um tillögur til ráðherra. Þessi ráðgjafahópur setur sér sérstakar úthlutunarreglur þar sem ekki eru lög né formlegar reglur til um úthlutanir úr sjóðnum.

4. *Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrundið í framkvæmd?*

Félagsmálaráðherra sendir bréf til þeirra umsækjenda sem fengið hafa samþykktan styrk þar sem fram kemur til hvaða verkefnaþátta styrkurinn er ætlaður. Vinnumálastofnun sér um útborgun styrkja og hefur eftirlit með ráðstöfun þeirra. Styrkurinn er greiddur út við afhendingu afrita reikninga sem falla að skilyrðum styrkveitingarinnar og er þar með komið í veg fyrir að greiddir séu út styrkir til verkefna sem ekkert verður af.

Á árinu 1998 var gerð úttekt á vegum Vinnumálastofnunar á nýtingu styrkja til atvinnumála kvenna. Sú skýrsla sýnir vel viðhorf styrkþega til sjóðsins og greinir megináherslur þeirra. Hins vegar er hún ekki örugg heimild til að byggja á um framkvæmd verkefna vegna dræmrar svörunar spurningalistakönnunar þeirrar sem skýrslan byggist á.

5. *Hafa orðið breytingar á umsóknunum og ef svo er, hverjar eru þær og telur ráðherra þörf á að breyta einnig fyrirkomulagi við mat og tillögugerð?*

Á fyrstu tveimur árum sjóðsins einkenndust styrkveitingar af átaksverkefnum á vegum ýmissa sveitarfélaga og styrkveitinga til þriggja kvennaráðgjafa sem skyldu vinna að málefnum kvenna á þremur stöðum á landinu. Næstu ár jókst hlutur einstakra kvenna í styrkveitingum og jafnframt kvennahópa. Einstök verkefni hafa verið af margvíslegum toga en framan af einkenndust þau einkum af tengingu við handverksiðnina, svo sem prjón, saum, útskurð og annað.

Almennt hafa verkefni og umsóknir orðið umfangsmeiri, þótt enn sé nokkuð af verkefnum sem hafa þótt einkenna verkefnaval kvenna. Einnig hefur fjölgað umsóknum til verkefna sem eru af allt öðrum toga og verkefnin eru stærri og viðameiri og krefjast meira fjármagns.

670. Frumvarp til laga [462. mál]

um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Heimildir til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

1. gr.
Heimild til að hafa milligöngu um eigendaskipti að fasteignum o.fl.

Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Sama gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur er um að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.

Þegar rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr., og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögunum er einnig átt við þá sem hafa löggildingu ráðherra til að annast sölu fyrirtækja og skipa.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Er slík áritun á skjal skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf eftir því sem við getur átt.

Þeir sem hafa í öðru EES-ríki fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

2. gr.
Skilyrði löggildingar o.fl.

Hver maður getur fengið löggildingu ráðherra sem fasteignasali ef hann:

a. hefur lögheimili hér á landi,
b. er lögráða og hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu bóta og kostnaðar vegna tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af völdum hans eða manna sem ráðnir eru til starfa hjá honum,
d. hefur staðist próf fyrir fasteignasala.

Víkja má frá skilyrði b-liðar 1. mgr. að fengnum meðmælum Félags fasteignasala ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarandi ár.

Undanþegnir prófraun eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er ráðherra að synja manni um löggildingu ef hann hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum XVI., XVII., XX., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi samkvæmt ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Prófraun.

Sá sem öðlast vill löggildingu sem fasteignasali skal standast próf sem sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Heimild til að þreyta próf öðlast þeir er:

a. setið hafa námskeið sem haldið er skv. 4. gr.,
b. hafa að baki að minnsta kosti tólf mánaða ráðningartíma í fullu starfi hjá löggiltum fasteignasala og
c. hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilega menntun að mati prófnefndar.

Ráðherra skipar prófnefnd til að standa fyrir prófi samkvæmt lögum þessum. Skal prófnefnd skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Félag fasteignasala skal tilnefna einn nefndarmann og varamann hans, Hæstiréttur Íslands einn og varamann hans, en einn nefndarmaður og varamaður hans skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Prófnefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að semja við háskóla um að annast framkvæmd prófs.

4. gr.

Námskeið til undirbúnings fyrir prófraun.

Ráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf fyrir fasteignasala. Prófnefndin skal hafa á hendi forstöðu námskeiðs og bera ábyrgð á framkvæmd þess. Hún ákveður námsefni og prófsefni að því leyti sem ekki hafa verið settar um það reglur. Heimilt er prófnefnd, með samþykki ráðherra, að semja við háskóla um framkvæmd námskeiðs.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa skv. 3. gr., þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófagjöldum sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum prófnefndar.

5. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá honum. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging, jafngild að mati ráðherra. Kveða skal nánar á um vátrygginguna í reglugerð, m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð bóta innan hvers vátryggingartímabils.

Nú starfa tveir eða fleiri fasteignasalar saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvor eða hver annars og fullnægja þeir þá vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu og skulu þá lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Hið sama á við ef fasteignasali hefur ráðið til starfa menn við fasteignasölu á sínum vegum eða þeir eru starfsmenn félags sem rekur fasteignasölu. Hafi einhver starfsmanna hans löggildingu til fasteignasölu skulu þó vátryggingarfjárhæðir ekki hækka vegna hans.

Ef fasteignasali hefur samhliða fasteignasölu með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur telst hann hafa með því fullnægt vátryggingarskyldu sinni sem fasteignasali samkvæmt lögum þessum, enda taki ábyrgðartrygging hans líka til tjóns sem hann, eða þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum, kann að valda í starfi sínu við fasteignasölu. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

6. gr.

Löggilding.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna af kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Löggilding fasteignasala er bundin við nafn hans.

Fyrir löggildingu skal fasteignasali greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Sá einn má nefna sig fasteignasala, fyrirtækjasala eða skipasala sem hefur til þess löggildingu. Hið sama á við um starfsheiti sem er lýsandi um þessa starfsemi eða hætta kann að vera á að ruglað sé saman við störf þau sem tilgreind eru.

Ráðherra skal auglýsa löggildingu fasteignasala í Lögbirtingablaði og tilkynna Félagi fasteignasala um hana.

Í dómsmálaráðuneyti skal haldin skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala.

7. gr.

Eignarhald á fasteignasölu. Starfsstöð fasteignasala o.fl.

Fasteignasala ber sjálfum að starfa á fasteignasölu sinni og vera eigandi að rekstrinum. Fasteignasali getur þó ráðið sig til starfa hjá öðrum fasteignasala sem rekur fasteignasölu samkvæmt lögum þessum. Fasteignasala er einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við fasteignasöluna menn sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar.

Nú er fasteignasala stunduð í nafni félags og skal þá fasteignasalinn eiga meiri hluta í því. Aðrir eigendur, og sá eða þeir sem fara í raun með framkvæmdastjórn, skulu fullnægja skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar girða hvorki fyrir að aðrir fasteignasalar starfi hjá félaginu, né að tveir eða fleiri fasteignasalar sem starfa saman eigi sameiginlega meiri hluta í félagi.

Þótt fasteignasala sé rekin í nafni félags ber fasteignasali óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann kann að valda viðskiptamönnum sínum. Aðrir sem starfa í þjónustu félagsins skulu falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasala.

Fasteignasali skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð. Fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sjálfur eða í nafni félags, er þó heimilt að reka útibú, enda hafi annar fasteignasali, sem ráðinn er til starfa hjá honum, starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu. Fasteignasali, sem hyggst hefja starfsemi útibús, skal tilkynna eftirlitsnefnd og ráðherra um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu gilda um útibú fasteignasala og hann skal vera eigandi að rekstri þess.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf og starfshættir.

8. gr.
Réttarstaða.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

9. gr.
Samningur um þjónustu.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar eða aðra þjónustu samkvæmt lögum þessum, gera skriflegan samning við þann er til hans leitar. Samningurinn skal gerður áður en fasteignasali tekur til við starfann. Í samningi skal tilgreint hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna, hver þóknun hans sé fyrir starfann eða hvernig hún skuli ákveðin og hvaða útlagða kostnað viðsemjandinn eigi að greiða.

Greina skal sérstaklega ef fasteignasali hefur einn rétt til sölu eignar og í hve langan tíma sá réttur hans á að standa.

10. gr.
Söluyfirlit.

Strax og fasteignasali fær eign til sölumeðferðar, eða honum er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um og afhent kauptilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar.

Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent söluyfirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnritun sinni og dagsetningu.

Fasteignasali, sem fær eign til sölumeðferðar, eða er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um, skal afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits sé rétt samkvæmt bestu vitund hans.

11. gr.
Efni söluyfirlits.

Fasteignasali skal gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í söluyfirliti skal auk almennrar lýsingar á fasteign m.a. koma fram:

a. söluverð það sem eigandi óskar að fá fyrir eign sé það ákveðið,
b. staðsetning eignar og númer, stærð hennar samkvæmt opinberum skrám, fasteignamat, brunabótamat, byggingarlag og byggingarefni og byggingarár eignar og einstakra hluta hennar ef við á; teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skal jafnan vera fyrir hendi, svo og lóðaruppdráttur sé hann til,
c. upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign,
d. föst gjöld af eigninni, áhvílandi veðskuldir, kvaðir og önnur eignahöft, samkvæmt veðbókarvottorði; tilgreina skal eftirstöðvar og lánskjör, þar á meðal vexti og verðtryggingu

allra áhvílandi veðskulda og kvaða og tilgreina sérstaklega ef skuld er í vanskilum; um þær veðskuldir sem fylgja eiga við sölu skal tilgreina fjölda ógreiddra afborgana,
e. kostnaður sem kaupandi hefur af kaupum, þar á meðal þinglýsingarkostnaður, stimpilgjöld, umsýslukostnaður kaupanda, lántökukostnaður sé það unnt o.fl.
f. tekjur af eigninni ef um er að ræða eign sem ætluð er til atvinnustarfsemi,
g. afhendingarástand eignar sem seld er ófullgerð, og skal það vera í samræmi við staðla sem út eru gefnir af opinberum stofnunum er annast byggingarrannsóknir eða byggingareftirlit,
h. húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélags,
i. eignaskiptayfirlýsing eða samningur sé um fjöleignarhús að ræða,
j. önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.

Sambærilegt yfirlit skal, eftir því sem við getur átt, gert vegna sölu á skipi og/eða fyrirtæki. Í söluyfirliti vegna fyrirtækja skal einnig tilgreina hverjar hafi verið tekjur og gjöld þess síðustu þrjú ár fyrir gerð söluyfirlits, svo og hverjar eignir þess séu og skuldir. Upplýsingar þessar skulu reistar á endurskoðuðum reikningum fyrirtækisins eða öðrum haldbærum gögnum. Skal fasteignasali leitast við að tryggja að kaupandi fái öruggar og nákvæmar upplýsingar um allt sem máli skiptir um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækis áður en hann gerir tilboð í það eða tekur afstöðu til sölutilboðs.

12. gr.

Öflun upplýsinga vegna söluyfirlits.

Fasteignasali skal sjálfur afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Skal hann sækja upplýsingar í opinberar skár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu skal hann kynna sér af eigin raun.

Fasteignasali ber ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup er óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Kynning fasteignasala á eign.

Fasteignasali skal við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Skal hann gæta hófs í lýsingum á eigninni.

Fasteignasali skal geta skýrlega nafns síns í öllum auglýsingum og kynningum á eign. Sé firmanafn fasteignasölu auglýst eða kynnt skal nafn fasteignasala einnig koma fram.

14. gr.

Fasteignasali skal vera sjálfstæður og óháður í störfum sínum.

Fasteignasala og starfsmönnum hans er óheimilt að kaupa eign sem fasteignasalanum hefur verið falin til sölumeðferðar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um kaup eða sölu fasteignar búi hann eða starfsmenn hans yfir sérstökum upplýsingum sem hafa þýðingu við söluna og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum tafarlaust með sannanlegum hætti hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en þeirra er varða greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar.

15. gr.

Fasteignasali skal gæta hagsmuna kaupanda og seljanda.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

16. gr.

Samnings- og skjalagerð.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð við sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal söluyfirliti, kauptilboði, kaupsamningi, afsali, veðbréfi og skuldabréfi, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

17. gr.

Vörslufjárreikningar.

Fasteignasala er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Fasteignasali er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Um vörslufjárreikninga gilda nánari reglur sem ráðherra setur skv. 26. gr. að fengnum tillögum Félags fasteignasala.

III. KAFLI

Félag fasteignasala. Eftirlit með störfum fasteignasala.

18. gr.

Félag fasteignasala.

Fasteignasalar skulu hafa með sér félag sem nefnist Félag fasteignasala. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

Félag fasteignasala setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum þessum, sbr. þó 7. mgr.

Félag fasteignasala skal setja siðareglur fyrir fasteignasala.

Félagi fasteignasala ber að senda ráðherra samþykktir sínar og siðareglur, svo og breytingar á þeim, þegar eftir samþykkt þeirra.

Félag fasteignasala kemur fram fyrir hönd fasteignasala gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félagi fasteignasala er heimilt að starfrækja í öðru skyni en mælt er fyrir um í lögum þessum, svo sem til þess að sinna símenntun félagsmanna eða starfsmanna þeirra, sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem fasteignasölum er frjálst að eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

19. gr.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

Í tengslum við Félag fasteignasala skal starfa eftirlitsnefnd sem skipuð skal þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Tveir nefndarmenn og tveir til vara skulu tilnefndir af Félagi fasteignasala og skal annar þeirra vera fasteignasali en hinn löggiltur endurskoðandi. Hinn þriðja, sem vera skal formaður nefndarinnar, og varamann hans, skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera lögmaður og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Félag fasteignasala ber kostnað af þeim störfum eftirlitsnefndarinnar sem henni eru fengin með lögum þessum. Getur félagið lagt á félagsmenn að greiða árgjald til félagsins til að standa straum af þeim kostnaði.

Félagið skal sjá eftirlitsnefndinni fyrir hæfum starfsmanni til að hún geti sinnt skyldum sínum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt þeir láti af störfum.

20. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala skal hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga þessara, siðareglur félagsins og góðar venjur í fasteignasölu.

Hún skal sérstaklega fylgjast með eftirtöldum þáttum í starfi fasteignasala:

a. að eignarhald að fasteignasölum sé í samræmi við lög þessi,
b. að fasteignasali starfi á fasteignasölu sinni og hafi ekki aðra í þjónustu sinni en þá sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar,
c. að fullnægjandi ábyrgðartryggingar séu teknar vegna starfseminnar,
d. að fasteignasalar geri þau skjöl er lög þessi og góðar venjur í fasteignasölu bjóða,
e. að skjöl séu gerð á réttum tíma og árituð af þeim sem skylt er,
f. að fasteignasalar hagi skjalagerð efnislega í samræmi við ákvæði laganna og góðar venjur í fasteignasölu,
g. að hagsmunir aðila að samningum séu ekki fyrir borð bornir,
h. að meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna þeirra sé í hvívetna í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga og
i. að fasteignasali uppfylli ávallt skilyrði laga þessara til að vera fasteignasali.

Nú hefur hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd Félags fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

21. gr.

Heimildir og skyldur eftirlitsnefndar.

Fasteignasali skal skila til eftirlitsnefndar eigi síðar en í ágúst hvert ár yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að meðferð hans á fjármunum viðskiptamanna hans undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

Nú hefur yfirlýsingu endurskoðanda ekki verið skilað í réttu horfi, og þess efnis sem krafist er, í lok ágústmánaðar og skal þá eftirlitsnefnd veita tveggja vikna frest til skilanna. Sé ekki orðið við áskorun um skil og skýringar sem nefndin metur fullnægjandi ekki veittar á því að skil hafi ekki farið fram skal eftirlitsnefnd svipta fasteignasala tímabundið löggildingu

hans. Hafi yfirlýsingu ekki verið skilað í réttu horfi 1. október sama ár skal fasteignasali sá er í hlut á sviptur löggildingu tímabundið.

Eftirlitsnefnd er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að skoða bókhald og öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum sem hann hefur með höndum. Skal nefndin framkvæma slíka skoðun svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala.

Berist Félagi fasteignasala eða eftirlitsnefnd trúverðug ábending um að misfellur séu í starfsemi fasteignasala skal eftirlitsnefndin svo fljótt sem auðið er rannsaka málið, m.a. með skoðun á starfsstöð hans. Nú finnst bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala ekki á starfsstöð hans og skal þá nefndinni heimilt að leita þeirra annars staðar þar sem ætla má að þau séu geymd.

Nú synjar fasteignasali eftirlitsnefnd um aðgang að starfsstöð sinni, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans, og getur þá nefndin óskað aðstoðar lögreglu til að hún fái sinnt eftirliti sínu. Hið sama á við ef bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala eru í vörslum þriðja manns. Um slíka leit gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali hafi gerst brotlegur við almenn hegningarlög í störfum sínum, eða sýnt af sér aðra refsiverða háttsemi, og skal hún þá tilkynna það lögreglu með formlegum hætti. Nefndin skal halda áfram rannsókn sinni og ljúka máli þess fasteignasala er í hlut á þótt lögreglu sé send tilkynning og hún hefji rannsókn máls.

22. gr.

Agaviðurlög og tímabundin svipting löggildingar.

Nú telur eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að fasteignasali hafi vanrækt skyldur sínar, eða hann hafi gerst brotlegur við lög í starfsemi sinni, og skal hún þá skora á hann að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki, eða nefndin telur að brot sé ekki smávægilegt, getur hún veitt fasteignasala áminningu vegna slíkra brota. Áður en áminning er veitt skal nefndin gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Nú lætur fasteignasali ekki skipast við áminningu skv. 1. mgr. eða hann vanrækir alvarlega skyldur sínar að mati eftirlitsnefndar eða hefur ítrekað verið áminntur vegna brota sinna, án þess að starfsemi hans teljist komin í gott horf, og skal þá nefndin svipta hann tímabundið löggildingu til fasteignasölu. Áður en til þess kemur skal hún gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum sé þess kostur.

Nú felst brot fasteignasala í því að hann hlítir ekki reglum um meðferð á fé viðskiptamanna sinna og skal þá nefndin, ef hún telur til þess ráðrúm, skora á hann að bæta úr án tafar. Telji nefndin ekki svigrúm til áskorunar, fasteignasali sinnir ekki þegar slíkri áskorun eða brot er talið svo alvarlegt að ekki sé kostur til úrbóta fyrir fasteignasala sviptir hún hann tímabundið löggildingu.

Nú telur eftirlitsnefnd, sem svipt hefur fasteignasala tímabundið löggildingu sinni, að hætta sé á að hann hafi milligöngu um fasteignaviðskipti og skal hún þá með atbeina lögreglu loka starfsstöð hans.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali, sem hún hefur svipt tímabundið löggildingu, að hann hafi bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni sviptingarinnar og getur hún þá afturkallað hana.

Tímabundin svipting löggildingar getur ekki verið lengur en til tólf vikna.

Nú veitir eftirlitsnefnd fasteignasala áminningu, sviptir hann tímabundið löggildingu eða lokar starfsstöð hans og skal þá nefndin tilkynna það þegar í stað til ráðherra.

Nú gerist fasteignasali brotlegur við skyldur sínar og eftirlitsnefnd beitir hann einhverjum þeim viðurlögum sem getur í 7. mgr., og skal þá nefndin í úrlausn sinni ákvarða kostnað af rannsókn og málsmeðferð. Fasteignasalinn skal greiða kostnaðinn eftir ákvörðun nefndarinnar.

23. gr.

Málskot til dómsmálaráðherra.

Fasteignasali getur skotið ákvörðun eftirlitsnefndar um að veita honum áminningu og um greiðslu málskostnaðar til ráðherra.

Fasteignasali getur skotið til ráðherra ákvörðun eftirlitsnefndar um tímabundna sviptingu á löggildingu, svo og ákvörðun nefndarinnar um að loka starfsstöð hans, auk ákvörðunar hennar um málskostnað.

Eftirlitsnefnd getur skotið máli fasteignasala, sem sviptur hefur verið tímabundið löggildingu til fasteignasölu, til ráðherra. Getur nefndin m.a. gert kröfu um að ráðherra mæli fyrir um ótímabundna sviptingu löggildingar.

Ráðherra getur ákveðið að fella úr gildi ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar, breytt þeim tíma sem sviptingin skal standa, staðfest ákvörðun um tímabundna sviptingu löggildingar eða ákveðið að hún skuli vera ótímabundin. Jafnframt getur ráðherra staðfest eða breytt ákvörðun eftirlitsnefndar um málskostnað og greiðslu hans.

Sé máli um áminningu fasteignasala, tímabundna sviptingu löggildingar eða lokun starfsstöðvar skotið til ráðherra skal hann tilkynna eftirlitsnefnd um málalyktir.

Eftirlitsnefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði ákvörðun um tímabundna og ótímabundna sviptingu löggildingar til fasteignasölu.

Málsmeðferð samkvæmt þessari grein skal vera samkvæmt stjórnsýslulögum.

Heimilt er fasteignasala að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðherra.

24. gr.

Missir skilyrða til löggildingar fasteignasala.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar fellur löggilding hans sjálfkrafa niður og er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu. Heimilt er að veita fasteignasala löggildingu að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til hennar.

Nú fellur löggilding fasteignasala niður skv. 1. mgr. og ber þá eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að tilkynna það þegar í stað til ráðherra og Félags fasteignasala og auglýsa það í Lögbirtingablaði.

25. gr.

Fasteignasala án réttinda.

Ef eftirlitsnefnd berast upplýsingar um að maður, sem ekki hefur fengið löggildingu til fasteignasölu, stundi slíka starfsemi eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur er nefndinni heimilt að óska þess við ráðherra að starfsstöð viðkomandi verði lokað þegar í stað.

IV. KAFLI
Heimild til að setja reglugerð.

26. gr.
Reglugerðarheimildir.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirtalin atriði:

a. um samninga um þjónustu fasteignasala og um söluyfirlit,
b. um námsefni á námskeiði til undirbúnings prófi fasteignasala, um námskeiðið sjálft, lágmarkstímasókn, lágmarkseinkunn, hvort og hvernig sé unnt að stunda slíkt námskeið með fullnægjandi hætti í fjarnámi, skipan prófa og prófsefni, skilyrði til að fara í próf og um námskeiðs- og prófagjöld,
c. um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, þar á meðal um vátryggingarfjárhæðir,
d. um útibú fasteignasala,
e. um prófraun og tryggingar þeirra sem fengið hafa leyfi til starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu,
f. um vörslufjárreikninga skv. 17. gr. og
g. um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

V. KAFLI
Skaðabætur og refsingar.

27. gr.
Skaðabætur.

Fasteignasali ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar.

28. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um slík mál fer eftir lögum um meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.
Réttindi samkvæmt eldri lögum.

Þeir sem hlotið hafa löggildingu til fasteignasölu samkvæmt eldri lögum um fasteignasölu skulu halda henni.

30. gr.
Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Ákvæði um vörslufjárreikninga skulu þó ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2005. Hið sama á við um ákvæði er lúta að eignarhaldi á rekstri fasteignasölu og félögum sem hafa með höndum rekstur fasteignasölu.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 54/1997, skulu halda gildi sínu, eftir því sem við getur átt, þar til settar hafa verið reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarps til nýrra laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. desember 2002, var Viðari Má Matthíassyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, falið að semja frumvarp til nýrra laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Í aðdraganda þessa var lögð áhersla á að samráð yrði haft við ráðuneytið og hagsmunaðila á þessu sviði, einkum Félag fasteignasala. Tilefni þess að farið var að huga að endurskoðun gildandi laga um þetta efni, nr. 54/1997, er meðal annars ósk frá Félagi fasteignasala, en stétt fasteignsala hefur orðið fyrir nokkrum áföllum á undanförnum missirum, einkum vegna þess að upp hafa komið mál um misferli manna er starfa við þessa grein. Í þeim málum hefur komið í ljós að ákvæðum gildandi laga er í ýmsu ábótavant, sérstaklega vantar ákvæði um eftirlit með störfum fasteignasala og heimildir til að bregðast við brotum af þeirra hálfu. Félag fasteignasala hefur nú enga kosti til þess að hafa virkt eftirlit með félagsmönnum sínum. Félagið hefur eindregið óskað eftir því að við endurskoðun gildandi laga verði tekið með ákveðnum hætti á þeim vanköntum sem eru á gildandi lögum og jafnframt settar reglur sem beita má til þess að tryggja betur hagsmuni neytenda, þ.e. þeirra sem eiga viðskipti við fasteignasala.

Þau atriði sem komið hafa til umræðu og orðið tilefni til endurskoðunar á gildandi lögum eru einkum eftirfarandi:

Mikið ber á því að menn, sem ekki hafa löggildingu sem fasteignasalar og fullnægja jafnvel ekki almennum skilyrðum til þess, setji á stofn fasteignasölur og eigi þær og reki, en fái til starfa hjá sér löggiltan fasteignasala og stundi starfsemina í skjóli hans. Fasteignasali sem er starfsmaður og undir boðvaldi annarra getur ekki verið sjálfstæður í störfum sínum svo sem lög bjóða. Hann hefur skyldur gagnvart vinnuveitanda sínum sem geta rekist á lögbundnar skyldur hans sem fasteignasala að gæta hagsmuna beggja jafnt, þ.e. kaupanda og seljanda. Það er einnig þversögn í því að fasteignasali eigi að bera ábyrgð á starfsmönnum sínum og starfsábyrgðartrygging hans að taka til þeirra líka þegar aðstaðan er sú að hann er sjálfur starfsmaður þeirra sem hann ber ábyrgð á.

Þá er einsýnt að rekstur útibúa, sem heimilaður er að vissu marki samkvæmt gildandi lögum, hefur farið úr böndunum. Útibú er í eðli sínu hluti af eða deild í atvinnurekstri þótt því sé að jafnaði ákveðið eitthvert sjálfstæði að því er lýtur að stjórn. Tilhneigingin hefur á hinn bóginn verið sú að útibú í fasteignasölu séu í raun sjálfstæð fyrirtæki sem fá að starfa undir firmanafni annars fyrirtækis og í skjóli sömu löggildingar. Þá hefur sú skipan að einungis megi setja á fót útibú í öðru sveitarfélagi en því sem fasteignasali starfar í einnig verið gagnrýnd og hefur henni ekki verið fylgt í framkvæmd.

Félag fasteignasala hefur ítrekað bent á að gera verði meiri kröfur til þeirra sem fá löggildingu sem fasteignasalar, einkum um starfsreynslu en líka að bæta þurfi menntun á námskeiði því sem er aðdragandi að prófraun fasteignasala.

Í gildandi lögum er kveðið á um það að starfsábyrgðartrygging taki til skaðaverka sem fasteignasali vinnur af gáleysi, svo og skaðaverka starfsmanna hans. Er það eðlilegt í ljósi þess að hann ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem starfsmenn hans valda með saknæmum hætti. Sú óheppilega þróun hefur orðið í rekstri fasteignasölu hérlendis að sífellt fleiri vinna í þjónustu fasteignasala sem verktakar eða með annars konar samningum sem þó eru ekki ráðningarsamningar. Hlýtur þetta að valda mikilli óvissu um skaðabótaréttarlega stöðu neytenda sem skipta við fasteignasala, einkum þegar tengsl slíkra verktaka við fasteignasalann eru lítil, e.t.v. ekki önnur en þau að fasteignasalinn leigir honum aðstöðu á starfsstöð sinni gegn gjaldi, en hefur lítil afskipti af honum eða sölustörfum hans.

Gildandi lög mæla eingöngu fyrir um að lágmarksvátryggingarfjárhæðir skuli hækka þegar tveir fasteignasalar starfa saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvor annars. Fullnægja þeir þá vátryggingarskyldu sinni með einni vátryggingu sem hækkar um 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Engin fyrirmæli eru um hækkun þótt fasteignasali semji við fólk um að sinna sölustörfum í sínu nafni sem verktakar. Miðað við fyrirmæli gildandi laga gæti fasteignasali samið við tugi manna og haft mikil umsvif án þess að vátryggingarfjárhæðir hans ættu að hækka. Er það sérkennileg staða því í þessum tilvikum eykst hætta á tjóni mun meira en þegar tveir löggiltir fasteignasalar eða fleiri mynda með sér félagsskap um rekstur fasteignasölu með óskiptri ábyrgð.

Á undanförnum missirum hefur staða hins löggilta fasteignasala, sem ábyrgð á að bera á því að viðskiptin fari að lögum, veikst og hefur mátt sjá ítrekað auglýsingar og aðra kynningu á fasteignum sem einungis er gerð í nafni sölumanna sem lögin gera enga kröfu til og bera í raun takmarkaða ábyrgð ef nokkra.

Þá er ljóst að söluyfirlit, sem á að hafa að geyma upplýsingar um fasteign, fyriræki eða skip svo ítarlegar að það, ásamt skoðun á eign þegar hún fer fram, á að geta verið grundvöllur að ákvörðun kaupanda um hvort hann vill kaupa eign og hvað hann vill greiða fyrir hana, hefur ekki náð þeirri stöðu sem því ber að hafa. Er því þörf á að styrkja reglur um söluyfirlit bæði til að tryggja að það sé ævinlega gert en á því hefur verið misbrestur og einnig til að tryggja að efni þess sé fullnægjandi miðað við framangreindan tilgang.

Þá er einnig nauðsynlegt í ljósi dóms Hæstaréttar frá 21. nóvember 2002 í máli nr. 223/2002 að taka af skarið um það hver beri ábyrgð á öflun upplýsinga í söluyfirliti og hver sé skylda og ábyrgð fasteignasala að því er varðar skoðun og lýsingu á ástandi eignar.

Í gildandi lögum eru engar reglur um meðferð fasteignasala á fé viðskiptamanna sem hann kann að hafa undir höndum. Er þetta bagalegt þar sem algengt er að fasteignasalar hafi umtalsverða fjármuni viðskiptamanna sinna undir höndum, oft í nokkurn tíma, t.d. til að tryggja afléttingu áhvílandi veðskulda á réttum tíma o.fl. Er brýnt að setja reglur um meðferð þeirra á slíku vörslufé.

Reglur um eftirlit með starfsemi fasteignasala eru ófullnægjandi. Gildandi lög gera ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið hafi með höndum eftirlitið. Þó skortir með öllu heimildir í lögum um framkvæmd eftirlitsins og reglur um viðbrögð við brotum fasteignasala á skyldum sínum eru rýrar að efni til. Það er óheppilegt almennt séð, en einkum í ljósi þess að í sérhverjum fasteignaviðskiptum eru verulegir hagsmunir í húfi og þegar einstaklingar eiga í hlut er það oftast aleiga þeirra og gjarnan stór hluti af tekjum þeirra í nánustu framtíð. Er því brýnt að hafa í lögum reglur sem heimila eftirlitsaðila að bregðast skjótt við til þess að forða áföllum.

Eftirlit með fasteignasölum hefur, vegna þeirra reglna sem um það hafa gilt, einskorðast við að bregðast við vandamálum sem upp hafa komið. Mikil fjarlægð hefur verið milli fasteignasala og eftirlitsaðila vegna skorts á reglum um viðvarandi eftirlit og það því ekki verið fyrirbyggjandi.

Þar sem eftirlitið hefur verið hjá dómsmálaráðuneytinu hefur aðeins verið fjallað um mál á einu stjórnsýslustigi.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um skaðabótaábyrgð fasteignasala og reglur gildandi laga um refsiverð brot í starfsemi fasteignasala eru óheppilegar að því leyti að þær tilgreina aðeins að sérstaklega upp talin brot séu refsiverð, en hafa ekki að geyma neitt almennt ákvæði um refsinæmi brota á lögunum.

Dómsmálaráðuneytið hefur fallist á að gera þurfi víðtækar endurbætur á gildandi lögum um þessa starfsgrein og látið semja frumvarp þetta.

2. Sjónarmið við gerð frumvarpsins.

Þegar vinna við frumvarpið hófst í upphafi árs 2003 lágu fyrir sjónarmið Félags fasteignasala um þau atriði sem félagið taldi að bæta þyrfti úr. Að auki var það mat dómsmálaráðuneytis að einnig þyrfti að breyta ýmsum atriðum í gildandi lögum og setja reglur um önnur sem ekki voru skráðar reglur um eða ekki nægilega skýrar. Af hálfu Félags fasteignasala voru ekki gerðar tillögur um hvernig skipa skyldi efni nýrra reglna. Af hálfu ráðuneytisins var því ákveðið að gera tillögur að heildarendurskoðun gildandi laga og leitast við að taka á þeim vandamálum sem tíunduð hafa verið. Í mörgum tilvikum er um róttækar breytingartillögur að ræða, sem sumar hverjar hljóta að vekja upp umræðu um hvort nauðsynlegt sé að ganga svo langt sem lagt er til og um það hvort gengið sé nærri mannréttindum sem halda ber í heiðri, einkum félagafrelsi og friðhelgi einkalífs. Í skýringum við III. kafla frumvarpsins er rakið að tillögur þær, sem gerðar eru, fari ekki í bága við reglur um vernd framangreindra mannréttinda. Vísast um röksemdir fyrir því til III. kafla.

Þegar skipað er efni reglna um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa verður að hafa hugfast að ríkisvaldið veitir tilteknum hópi manna einkarétt til þess að stunda þessi störf í atvinnuskyni. Þeir sem hljóta slíkan einkarétt frá ríkisvaldinu verða að sæta því að til þeirra séu gerðar ríkar kröfur, einkum þegar þeim er heimilað að sýsla með mikla hagsmuni sem oftast eru aleiga þeirra einstaklinga sem viðskipti eiga við þá. Það getur því ekki verið varhugavert að gera strangar kröfur til að farið sé að lögum og reglum í starfseminni og að viðbrögð stjórnvalda við brotum á þessum lögum og reglum feli í sér sviptingu þess einkaréttar sem hinum brotlega hefur verið fenginn.

3. Vinnan við frumvarpið.

Vinna við frumvarpið hófst í upphafi árs 2003. Auk Viðars Más Matthíassonar unnu starfsmenn dómsmálaráðuneytis, Drífa Pálsdóttir skrifstofustjóri og Bryndís Helgadóttir lögfræðingur, að verkinu og einnig veitti Sigurður Helgi Guðjónsson, hrl. og formaður Húseigendafélagsins, ýmsa ráðgjöf og aðstoð.

Á meðan á gerð frumvarpsins stóð var haft nokkurt samráð við forustu Félags fasteignasala og þegar frumdrög þess lágu fyrir, þ.e. texti greina, var það kynnt á samráðsfundi með hópi fasteignasala sem stjórn þess var boðið að koma með til fundarins. Þá átti frumvarpshöfundur fund með stjórn félagsins og ráðgjöfum hennar til að skýra frekar þær hugmyndir sem er að finna í frumvarpinu. Milli þessara funda hafði félagið haldið almennan félagsfund til að fjalla um málið. Þá voru setnir þrír fundir með fulltrúum vátryggingafélaga til upplýsingaöflunar um framkvæmdina við starfsábyrgðartryggingar fasteignasala og hvaða vandamál brynnu helst á félögunum.

Félag fasteignasala afhenti minnisblað með samandregnum niðurstöðum og nokkrum ábendingum og athugasemdum um frumvarpið. Auk þess ritaði félagið dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 14. ágúst 2003, þar sem fram kemur að almennt sé viðhorf félagsins til frumvarpsins jákvætt, en þó gerður fyrirvari vegna skamms tíma sem félagsmenn hafi haft til þess að kynna sér það. Í bréfinu kemur einnig fram að félagið telur eftirlit með starfsemi fasteignasala best fyrir komið hjá starfsstéttinni sjálfri, þ.e. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Félagið bendir þó á í því sambandi að stórfelldur kostnaður muni falla á félagsmenn vegna slíks eftirlits og þeim hugnist illa að taka hann á sig án þess að félaginu verði á einhvern hátt tryggðar tekjur til að mæta honum.

Unnt var að fallast á ýmsar tillögur Félags fasteignasala og var frumvarpsdrögum breytt í samræmi við þær. Má sem dæmi nefna breytingu á skilyrði um búsforræði í b-lið 1. mgr. 2. gr. til samræmis við sambærilegar reglur um lögmenn, nokkrar breytingar á 7. gr., áskilnað

í 9. gr. um að samningur um þjónustu fasteignasala sé formbundinn, ýmsar breytingar á efni söluyfirlits, sem 11. gr. tekur til, breytingar á 21. gr. um að fasteignasala beri aðeins að skila yfirlýsingu endurskoðanda um að reglum um vörslufjárreikninga hafi verið fylgt, en ekki ársreikningi sínum o.fl.

Þegar lokið var við að taka afstöðu til þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust frá Félagi fasteignasala voru frumvarpsdrögin í heild send til kynningar af hálfu dómsmálaráðuneytis. Var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Alþýðusambandi Íslands, Bændasamtökunum, Dómarafélagi Íslands, Félagi fasteignasala, félagsmálaráðuneytinu, Húseigendafélaginu, Íbúðalánasjóði, Landssamtökum íslenskra útvegsmanna, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum aldraðra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingafélagi Íslands hf., viðskiptaráðuneytinu.

Athugasemdir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi fasteignasala, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sambandi íslenskra tryggingafélaga, en þar var tekið fram að skoða bæri athugasemdirnar svo að þær væru einnig frá þeim þremur vátryggingafélögum, sem gefinn var kostur á því að veita umsögn.

Athugasemdir og ábendingar eru settar upp í stafrófsröð eftir heiti umsagnaraðila. Við hvert efnisatriði er með skáletri gerð grein fyrir hvernig afstaða var tekin til tillögu og hvaða rök eru færð fyrir því. Ekki þykir ástæða til að tilgreina aðrar athugasemdir og ábendingar en þær sem fela í sér tillögur um breytingar á efni greina eða skýringa við frumvarpið eða hafa sérstaka þýðingu við einstakar greinar. Þó þykir rétt að taka fram að umsagnaraðilar létu almennt í ljós jákvæða afstöðu til frumvarpsins og í engu tilviki voru gerðar tillögur um að felldar yrðu út einstakar greinar eða valdar aðrar lausnir en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Umsögn ASÍ.

Bent á að skilgreina þurfi hugtök betur og sérstaklega vísað til 4. tölul. 7. gr. í því sambandi um hugtökin starfsstöð og útibú.

Vegna þessarar ábendingar var farið sérstaklega yfir hugtök og orðnotkun í frumvarpinu.

Bent á að í 21. gr. séu mjög víðtækar heimildir til húsleitar án úrskurðar á vegum nefndar sem ekki fari með eiginlegt opinbert vald, og tekið fram að þetta ákvæði standist vart að réttum lögum.

Í niðurlagi 5. mgr. 21. gr. segir að um „slíka leit", þ.e. þegar fasteignasali neitar nefndinni um aðgang að húsnæði eða stað þar sem ætla má að bókhald eða önnur gögn séu geymd, skuli gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála. Leit samkvæmt þeim lögum fer almennt aðeins fram að undangengnum úrskurði og hún fer fram undir stjórn lögreglu, sem tekur sjálfstæða afstöðu til beiðni nefndarinnar um húsleit. Um þetta er ítarlega fjallað í skýringum í greinargerð með frumvarpinu. Ábending ASÍ varðar mikilsvert atriði sem nauðsynlegt er að vel sé búið um. Telja verður þó að ekki geti leikið vafi á um það að leitin fer ekki fram nema að undangengnum úrskurði.

Umsögn Félags fasteignasala.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðin „í atvinnuskyni" verði felld út í 1. mgr. Er þett rökstutt ítarlega, einkum með vísan til þess að viðskiptin séu svo sérhæfð að aðrir geti ekki annast þau, og að

fasteignasalar á landsbyggðinni kvarti einkum undan þessu. Þar sé fólk sem geri þetta fyrir þóknun þótt það hafi ekki aðalatvinnu af fasteignasölu.

Þess skal getið að í lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og í lögum um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, var notað orðalagið „engum er heimilt að annast kaup, sölu ... fyrir aðra". Þannig var orðalagið einnig í frumvarpi því sem síðar varð að gildandi lögum, nr. 54/1997, er það var lagt fram á Alþingi. Meiri hluti allsherjarnefndar Alþingis lagði til að orðunum „í atvinnuskyni" yrði bætt inn í textann, en rökin fyrir því eru sögð þau að það sé gert til að taka af öll tvímæli. Fallist er á það með Félagi fasteignasala, að það sé til þess fallið að skapa vandamál þegar þeir sem ekki hafa sérstaka þekkingu og aðstöðu eru að veita aðstoð við slík viðskipti. Þegar styrkir líka röksemdir félagsins að útilokað er að láta eftirlitskerfi það sem frumvarpið gerir ráð fyrir ná til þeirra sem stunda slíka milligöngu, án þess að hafa af því atvinnu. Þótt það mundi útiloka milligöngu í greiðaskyni, t.d. náinna ættingja sem varla er almennt æskilegt að koma í veg fyrir með lögum, vegur það þyngra að leitast við að koma þessu í fyrra horf. Því verður heldur ekki neitað að orðin „í atvinnuskyni" geta kallað á deilumál um skýringu á þeim.

Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði felld út. Er það einkum rökstutt svo að rök skorti til að veita lögmönnum þessa sérstöku aðstöðu og að nokkuð hafi borið á leppun meðal lögmanna.

Ekki verður talið að það sé vandamál við heimild lögmanna að þeir leppi fasteignasölu. Tillaga Félags fasteignasala miðar við að þessi heimild, sem lögmenn hafa haft allt frá setningu laga nr. 47/1938, sbr. 13. gr. þeirra, verði felld niður. Sérstök rök þurfa að vera til þess að skerða heimildir starfsstéttar með þeim hætti sem lagt er til. Er ekki unnt að fallast á að þau rök séu fyrir hendi.

Lagt er til að heimild félaga og fyrirtækja í 4. mgr. 1. gr. verði felld niður með öllu. Til vara bent á að bæta þurfi við „eða endursölu". Þetta er einkum rökstutt með því að það samrýmist ekki kröfum um sjálfstæði fasteignasala að hafa reglurnar þannig að fasteignasali sé í starfi hjá t.d. byggingarfyrirtækjum.

Fram til gildistöku laga nr. 54/1997 sýnist einstaklingum og lögaðilum hafa verið heimilt að selja fasteignir, sem þeir byggðu, án þess að löggiltir fasteignasalar kæmu þar nærri, þ.e. hefðu hvorki milligöngu né önnuðust skjalagerð. Með lögum nr. 54/1997 (gildandi lögum) var fyrst lögfest ákvæði um skyldu þeirra sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna til að láta löggiltan fasteignasala annast skjalagerð. Er það rökstutt svo í skýringum í greinargerð að það séu fyrst og fremst neytendasjónarmið sem búi að baki breytingartillögunni, enda geti aðstaðan verið afar ójöfn í slíkum viðskiptum. Rökin að baki breytingunni sem gerð var 1997 eru góð og gild. Tillaga Félags fasteignasala nú miðast við að eigandi fasteigna, sem byggir þær í atvinnuskyni, verði með öllu sviptur rétti til að hafa milligöngu um sölu þeirra. Telja verður að hér sé að óþörfu gengið á sjálfsagðan rétt byggingaraðila. Telja verður að sú breyting, sem gerð var 1997 og kveður á um að fasteignasali skuli í þessum tilvikum annast skjalagerð, tryggi réttarstöðu neytenda. Því til viðbótar skal bent á að í niðurlagi 4. mgr. 1. gr. segir að ákvæði laganna gildi um slík störf fasteignasala eftir því sem við getur átt. Í því felst að fasteignasali á að gæta þeirra skyldna sem á hann eru lagðar í II. kafla laganna, m.a. að gæta að jöfnu hagsmuna kaupanda og seljanda. Að auki hljóta reglur frumvarpsins (þ.e. 7. gr.) um eignarhald á fasteignasölu að leiða til þess að fasteignasalar, sem starfað hafa sem launþegar við fasteignasölu hjá byggingarfyrirtækjum, hverfi úr þeim störfum og reki eigin fasteignasölur. Það mundi auka sjálfstæði þeirra. Telja verður varasamt að ganga lengra í þessum efnum, enda ekki séð að nein ástæða sé til þess.

Að því er varðar tillögu til vara, þ.e. að tekið skuli fram að ákvæðið eigi ekki aðeins við um sölu, heldur líka endursölu, skal tekið fram að orðalag 4. mgr. 1. gr. er þannig að ekki

á að leika vafi á því að það eigi ekki aðeins við um upphaflega sölu fasteignar, heldur hvers konar sölu (endursölu). Til alls öryggis er þó talið rétt að hnykkja á þessu í skýringum á ákvæðinu í greinargerð.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði inn nýjum lið, þ.e. ákvæði um skyldu til að setja sérstaka tryggingu/ábyrgð, til þess að tryggja frágang verkefna, ef fasteignasali hættir störfum. Félag fasteignasala telur þetta falla utan starfsábyrgðartryggingar og leggur til að sett verði bankaábyrgð eða eins konar peningatrygging. Tilefni þessarar tillögu er að sögn Féags fasteignasala að þetta sé þekkt vandamál sem valdið hafi miklum óþægindum.

Þótt ekki sé dregið í efa að upp hafi komið slík vandamál er afar flókið að koma í kring sérstakri tryggingu vegna þessa þáttar eins og sér. Setja þyrfti sérstakar reglur um þessa tryggingu og einnig stjórnvaldsreglur. Líklega er viðurhlutaminnst að bæta slíkum þætti við þá starfsábyrgðartryggingu sem fasteignasölum er gert að hafa. Þess ber einnig að geta að líklega verðar þetta vandamál ekki eins alvarlegt, ef reglur frumvarpsins um mjög aukið eftirlit með fasteignasölum verða að lögum. Er því ekki tilefni til þess að verða við þessari tillögu Félags fasteignasala eins og hún er sett fram.

Leggja til að 3. mgr. verði felld niður.

Með vísan til þess sem áður segir um lögmenn og heimildir þeirra til að hafa milligöngu um viðskipti með fasteignir verður að telja að það skorti gild rök til að fallast á þessa athugasemd.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað kröfu um 12 mánaða ráðningartíma sem skilyrði fyrir því að þreyta prófraun fasteignasala komi krafa um 18 mánaða ráðningartíma. Að auki er gerð tillaga um aðra 18 mánuði eftir próf, en áður en löggilding er veitt. Þetta er rökstutt með því að starfið sé flókið efnislega, svo og skjalagerð, útreikningar lögskilauppgjöra o.fl., og að oft hafi menn marga ófaglærða í vinnu sem þeir þurfi að leiðbeina.

Þótt fallast megi á að nauðsynlegt sé að hafa áskilnað um starfstíma við fasteignasölu, áður en maður öðlast heimild til að þreyta prófraun fasteignasala, þá verða slík skilyrði þó að taka mið af því einu að maður hafi hlotið nægilega þjálfun í starfi og hagnýta þekkingu til að fá löggildingu. Fræðilegu þekkinguna á hann að fá með því að sækja námskeiðið og þreyta próf. Þess ber að gæta að gera skilyrðin ekki strangari en þörf krefur og gæta þess að loka ekki starfsstéttinni. Það er matsatriði hve langan starfstíma eigi að gera kröfu um. Frumvarpsdrögin miða við tólf mánuði. Miðað er við að það sé nægilega langur tími til að öðlast þá þjálfun í starfi og hagnýtu þekkingu sem til þarf.

Þá er lagt til að prófnefnd en ekki ráðherra, eins og frumvarpsdrögin gerðu ráð fyrir, verði falið að meta hvað sé sambærileg menntun í skilningi c-liðar 2. mgr. 3. gr.

Fallist er á að heppilegra sé að prófnefnd annist þetta mat og taki ákvörðun á grundvelli þess.

Um 7. gr.

Velta upp sem hugmynd í 2. mgr. að einnig verði gerður áskilnaður um stjórnarsetu, þ.e. ekki aðeins eignarhlut.

Ekki eru rök til að ganga svo langt að gera líka kröfu um stjórnarsetu. Er óneitanlega gengið nokkuð langt með kröfum um eignaraðild eins og frumvarpið miðar við og ætti ekki

að ganga lengra nema gild rök séu fyrir því. Félag fasteignasala hefur ekki fært rök fyrir því að nauðsynlegt sé að gera líka áskilnað um stjórnarsetu.

Um útibú eru gerðar tvær tillögur, annars vegar að áskilið verði að útibú verði aðeins heimilað að þar starfi löggiltur fasteignasali, hins vegar að ekki verði takmarkanir á því að útibú verði rekin í sama sveitarfélagi og fasteignasalan sjálf er rekin í. Einnig lagt til að engar hömlur verði á hvað reka megi mörg útibú í hverju sveitarfélagi. Breytingartillögurnar eru rökstuddar með því að nægur fjöldi löggiltra fasteignasala sé til að manna öll útibú. Einnig með því að hagsmunir sem útibú meðhöndla séu ekki ómerkilegri en þeir sem fasteignasalan sjálf meðhöndlar. Félag fasteignasala leggur áherslu á að fólk á landsbyggðinni eigi rétt á þjónustu fagmanna.

Fallist er á báðar þessar breytingartillögur. Er engin ástæða til þess að binda heimild til stofnunar útibús við að það sé í öðru sveitarfélagi. Eftir sem áður verður að gera sömu faglegu kröfurnar til þeirrar þjónustu sem veitt er af útibúum og veitt er af fasteignasölunni sjálfri. Þess vegna er fallist á að áskilið verði að það sé fasteignasali sem hafi starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu. Eftirlitsnefndin mun fylgjast með því farið sé eftir þessum kröfum. Um frekari röksemdir vísast til skýringa við greinina.

Um 11. gr.

Leggja til að felld verði úr d-lið orðin „[...] og tilgreina sérstaklega ef skuld er í vanskilum“. Rök Félags fasteignasala fyrir þessu eru einkum þau að þetta veiki samningsstöðu seljanda gagnvart kaupanda og að fasteignasali eigi erfitt með að fylgjast með því hvort skuldir séu í skilum eða ekki.

Ekki er unnt að fallast á þessa breytingartillögu. Fasteignasali sem fær eign til sölumeðferðar verður að fá heimild seljanda til að afla þessara upplýsinga. Ekki verður séð að það séu gild rök að skuldastaða seljanda veiki samningsstöðu hans, einkum andspænis þeirri staðreynd að kaupandinn á rétt á því að fá upplýsingar um áhvílandi veðskuldir og það er sérstaklega mikilvægt fyrir hann að fá upplýst ef lán eru í vanskilum því kaupi hann við þær aðstæður tekur hann óneitanlega nokkra áhættu. Um áhættuna verður hann að vita og meintir samningshagsmunir seljanda verða að víkja. Hér skal einnig vísað til Hrd. 1996, bls. 2466. Í þeim dómi var það talið saknæmt af hálfu fasteignasala að gera kaupanda ekki ítarlega grein fyrir áhvílandi skuldum sem voru í vanskilum og þeirri áhættu sem hann tæki með kaupunum. Það athugast að það var ekki, er málsatvik áttu sér stað, lagaskylda að uppreikna skuldir sem kaupandi átti ekki að yfirtaka. Samt leggur Hæstiréttur þessar skyldur á fasteignasalann. Telja verður að ekki sé unnt að víkja frá þeirri stefnu sem Hæstiréttur markar í þessum dómi.

Um 12. gr.

Ekki breytingartillaga, en þó tekið fram að mikill minni hluti félagsmanna leggist eindregið gegn reglu 2. mgr. 12. gr.

Ekki ástæða til breytinga.

Um 14. gr.

Félag fasteignasala leggur til að tekið verði fram að 1. mgr. taki líka til sölu fasteignar. Greinin banni því bæði að fasteignasali eða starfsmenn hans sem fá eign til sölumeðferðar kaupi hana og einnig að ef þeim er falin milliganga um kaup fasteignar sé þeim óheimilt að selja hana!!!

Gera á hinn bóginn ekki athugasemdir við efni 2. mgr.

Athugasemdin er óljós og ekki fyllilega ljóst hvað við er átt. Fallast má þó á að rétt sé að bæta orðinu „kaup" við 2. mgr. sem gerir að verkum að ákvæðið tekur bæði til milligöngu um kaup og sölu.

Um III. kafla.

Almennt sammála þeim breytingum sem tillaga er gerð um í kaflanum en lýsa áhyggjum af kostnaði fyrir félagið.

Um 19. gr.

Leggja til í 2. mgr. að ríkið beri kostnað af starfi eftirlitsnefndar fyrstu þrjú árin, en eftir það verði honum skipt að jöfnu milli félagsins og ráðuneytisins.

Greiðsla kostnaðar af eftirlitinu er miðuð við þá staðreynd að starfsstéttir, og starfsemi sem sætir eftirliti, hafa í æ ríkara mæli verið látnar greiða það sjálfar, þ.e. hinir eftirlitsskyldu aðilar kosta sjálfir eftirlitið. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999, sbr. 12. gr. reglugerðar um eftirlitsreglur hins opinbera, nr. 812/1999. Er á þetta bent í skýringum í frumvarpinu.

Um 20. gr.

Félag fasteignasala gagnrýnir að lögmenn sem selja mega fasteignir séu ekki félagsmenn og að Félag fasteignasala eigi að kosta eftirlit með þeim. Jafnframt er gagnrýnt að eftirlit virðist ekki eiga að taka til þeirra sem hafa milligöngu um fasteignasölu í greiðaskyni. Félagið beitir þessu einnig sem frekari rökum fyrir því að afnema eigi þessa heimild lögmanna og tekur út orðin „í atvinnuskyni" í 1. gr.

Miðað er við að lögmenn, sem hafa heimild til fasteignasölu og fá löggildingu til þess, verði félagsmenn í Félagi fasteignasala. Það verður öllum fasteignasölum skylt að vera. Það er eðlilegt að þeir séu settir undir eftirlit eftirlitsnefndar. Frumvarpið gerir á hinn bóginn ekki ráð fyrir að eftirlitsnefndin hafi eftirlit með þeim lögmönnum sem selja einstakar eignir í tengslum við lögmannsstörf sín. Eftirlit með þeim verður að vera á hendi lögmannafélagsins að því leyti sem það fer með eftirlitsvald. Þeir sem telja sig bera skarðan hlut frá borði í viðskiptum við lögmenn í þessum tilvikum geta borið málið undir úrskurðarnefnd lögmanna og ætti réttarstaða þeirra að bera nokkuð trygg.

Um 21. gr.

Félag fasteignasala leggur til að frestir verði lengdir, t.d. fyrstu skil í ágúst og lokafrestur til 1. október.

Fallist er á þessar tillögur og gerðar breytingar á upphaflegum frumvarpsdrögum.

Félagið leggur til að felld verði niður fortakslaus skylda til eftirlits hjá hverjum fasteignasala á þriggja ára fresti, svo og að eftirlitshlutverkið að því er bókhald varðar verði takmarkað við bókhald um fjárvörslur, ekki bókhald almennt. Segir aðra eiga að sinna því eftirliti.

Fyrri tillagan er rökstudd með því að hjá flestum séu hlutirnir í lagi og það sé íþyngjandi fyrir eftirlitsnefnd að þurfa að skoða einn fasteignasala í viku hverri, en það verði raunin miðað við núverandi fjölda fasteignasala. Félagið bendir líka á að það felist ákveðið reglubundið eftirlit í að endurskoðandi þurfi árlega að gefa yfirlýsingu um að reglum um fjárvörslureikninga sé fylgt.

Telja verður mikilvægt að eftirlitsnefnd hafi reglubundið eftirlit með öllum fasteignasölum. Er nauðsynlegt að nefndinni sé skylt að framkvæma reglubundið eftirlit og hún þurfi ekki að rökstyðja það sérstaklega er hún tekur fasteignasala til athugunar. Nefndin verður

að meta sjálf hversu ítarleg hin reglulega skoðun er. Það fer væntanlega eftir aðstæðum og hvort einhver ástæða sé til að ætla að eitthvert misferli eigi sér stað. Þetta er einnig mikilvægt vegna þess að fyrir kemur að fasteignasalar sem starfað hafa árum saman lenda í vandræðum. Ef ekki væri reglulegu eftirliti fyrir að fara væri hætta á því að sumir gleymdust og sættu alls engri skoðun. Slíkt væri óheppilegt.

Yfirlýsing endurskoðanda lýtur eingöngu að fjárvörslureikningum og reglum um þá. Að baki slíkri yfirlýsingagjöf liggur því ekki skoðun á öllum þeim atriðum sem eftirlitsnefnd á að fylgjast með.

Það er vart of mikið á eftirlitsnefndina lagt þótt skyldur hennar bjóði að skoða eina fasteignasölu í viku hverri.

Umsögn Lögmannafélags Íslands.

1. LMFÍ lýsir þeirri skoðun að afmarka þurfi nánar reglur um rétt til sölu hluta í fyrirtækjum. Segir þetta algengan hluta af starfi lögmanna, endurskoðenda og fjármálafyrirtækja. Félagið lýsir því að sömu efnisreglur þurfi að gilda um allar starfsstéttir sem annast milligöngu og skjalagerð vegna sölu á hlutum í fyrirtækjum. Er bent á að lögmenn stundi slík störf í tengslum við lögmannsstörfin og geri það undir ströngum kröfum í reglum sem um störf þeirra gildi og undir eftirliti LMFÍ.

Ábending LMFÍ er réttmæt. Það er vandasamt að greina að fullu á milli einkaréttar fasteignasala til fyrirtækjasölu og réttar annarra, eins og lögmanna og fjármálafyrirtækja, til þess að hafa milligöngu um slíka sölu. Ábending LMFÍ var tilefni til þess að skýring á 1. gr. var yfirfarin og leitast við að draga mörkin milli einkaréttar fasteignasala og almenns réttar annarra. Ljóst er að þau mörk verða vart dregin með ótvíræðum hætti. Dómstólar eiga síðasta orðið um hvernig mörkin verða dregin í einstökum tilvikum. Við skýringu á 1. gr. mundu dómstólar án efa skýra einkarétt fasteignasala þröngt, slíkt leiðir af almennum lögskýringarreglum. Að öðru leyti vísast til skýringa með 1. gr. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa einnig gert athugasemd við sama atriði.

2. LMFÍ telur að eðlilegt sé að lögin taki fullum fetum til þeirra lögmanna sem eru jafnframt löggiltir fasteignasalar. Félagið telur á hinn bóginn að engin ástæða sé til að láta eftirlitskerfi laganna taka til lögmanna sem hafa milligöngu um sölu eigna sem hluta af lögmannsstörfum sínum. Eftirlitskerfi með lögmönnum sé nægilegt og starfsábyrgðartryggingar þeirra taki til slíkra starfa. Leggur til í ljósi þessa að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala eigi ekki að hafa eftirlit með þeim störfum lögmanna sem hér um ræðir. Leggur í þessu sambandi einnig til að lokamálsliður 2. mgr. 1. gr. kveði á um að lögin gildi um slík störf lögmanna eftir því sem við á.

Fallist er á þessa ábendingu eins og getið er að framan. Í þessu sambandi ber að geta þess að ekki er algengt að lögmenn selji fasteignir sem hluta af starfi við afmörkuð lögmannsstörf. Er það einkum við skipti á búum sem slíkt á sér stað. Þess ber einnig að geta að þótt eftirlitskerfi laganna taki ekki til sölu á einstökum eignum gilda aðrar reglur laganna, t.d. II. kafla um skyldur lögmanna við þessi störf. Eru í engu gerðar minni kröfur til þeirra en fasteignasala og lögmanna sem hafa löggildingu sem fasteignasalar.

Umsögn Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin gera tvær efnislegar athugasemdir.

Um 9. gr.

Í stuttu máli gera Neytendasamtökin þá tillögu að fasteignasala verði aðeins heimilt að

áskilja sér þóknun úr hendi kaupanda ef kaupandi óskar sérstaklega eftir henni og að hún sé ekki eðlilegur/nauðsynlegur liður í samningsgerð. Lagt verði bann við því að fasteignasali áskilji sér (einhliða) þóknun fyrir störf eða viðvik sem telja má eðlilegan hluta af söluferlinu og samningsgerð.

Meðal þeirra breytinga sem gerð er tillaga um í frumvarpinu er að fasteignasali þurfi að gera skriflegan samning við þann sem til hans leitar um kaup eða sölu fasteignar „eða aðra þjónustu samkvæmt lögunum". Skyldan er ekki bundin við tilvik þar sem óskað er aðstoðar við kaup og sölu eins og gert er í gildandi lögum. Í skýringum í greinargerð er sérstaklega tekið fram að fasteignasali verði að gera skriflegan samning við kaupanda ef samið er um að hann sinni tilteknum viðvikum fyrir kaupandann. Verður því að telja að nægilega sé búið um hnúta að þessu leyti.

Hitt atriðið, sem bent er á, er að banna eigi að taka þóknun fyrir verkefni sem eru hluti af söluferlinu og samningagerð. Það er vandasamt að afmarka hvað sé hluti af söluferlinu og hvað sé hluti af samningagerð. Þinglýsing skjala og undirbúningur að útgáfu fasteignaveðbréfa og skipti á þeim fyrir húsbréf eru þættir sem oftast eru í þágu kaupanda. Vinna tengd húsbréfum er fyrst til komin fyrir um áratug eða svo. Slík vinna er vart hluti af söluferlinu og skjalagerð, enda oft sem engin húsbréf eru gefin út. Gjaldtaka fasteignasala af seljanda yrði hærri ef hann ætti ekki rétt á þóknun úr hendi kaupanda fyrir viðvik sem hann vinnur sérstaklega í þágu kaupandans. Það er varla sanngjarnt. Telja verður að við það verði að una að kaupandi greiði fyrir þá vinnu sem hann óskar eftir að fasteignasali vinni fyrir hann. Einhliða getur þó fasteignasali ekki krafið hann um þóknun ef frumvarpið verður að lögum. Til grundvallar gjaldtöku verður að liggja skriflegur samningur, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 19. og 20. gr.

Neytendasamtökin fagna í sjálfu sér áformum að að sett verði á fót eftirlitsnefnd. Samtökin leggja þó mikla áherslu á að hlutverk hennar verði rýmkað og hún verði jafnframt úrskurðarnefnd sem skeri úr deilumálum milli fasteignasala og viðskiptamanna þeirra. Neytendasamtökin telja að þau eigi að fá rétt til þess að tilefna einn nefndarmann í nefndina til þess að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sem flestir séu neytendur.

Eftirlitsnefndin, sem lagt er til að sett verði á fót, er ekki úrskurðarnefnd. Ef bæta á því hlutverki á hana verður að gerbreyta frumvarpinu og óvíst að mögulegt sé að leggja það á Félag fasteignasala að standa undir kostnaði við slíka úrskurðarnefnd, auk kostnaðar við eftirlitið. LMFÍ, sem er mun stærra og öflugra félag en Félag fasteignasala, hefur mikinn kostnað af starfi úrskurðarnefndar lögmanna svo að sú reynsla mælir gegn því að þessu hlutverki sé einnig bætt á Félag fasteignasala við núverandi aðstæður. Félag fasteignasala hefur haft svonefnda samskiptanefnd sem hefur svipað hlutverk en ekki úrskurðarvald. Það er því útilokað að bæta þessu hlutverki við verkefni eftirlitsnefndr. Líklega er ekki óvarlegt að bíða og sjá hver reynslan verður ef frumvarp þetta verður að lögum og taka þá til ákvörðunar á nýjan leik hvort rétt sé að setja á fót úrskurðarnefnd eða auka hlutverk eftirlitsnefndarinnar.

Umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV).

Um 1. gr.

SBV leggja áherslu á mikilvægi þess að enginn vafi leiki á því að fjármálafyrirtækjum verði áfram heimilt að hafa með höndum sölu hluta í einkahlutafélögum eins og öðrum félögum. Samtökin telja orðalag 1. gr. frumvarpsins óljóst að þessu leyti. Benda á að í 9. tölul. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sé gert ráð fyrir að starfsemi banka geti

tekið til m.a. ráðgjafar og annarrar þjónustu varðandi samruna og sölu fyrirtækja. Telja tilvitnuð lög sérlög sem hljóti að ganga framar hinum almennu lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Áður er fjallað um åbendingar LMFÍ um þörf á að afmarka einkarétt fasteignasala til fyrirtækjasölu svo skýrlega sem kostur er. Þessi åbending SBV er sama efnis. Þótt 9. tölul. 20. gr. laga nr. 161/2002 skýrður samkvæmt orðanna hljóðan þurfi ekki að skarast við 1. gr. frumvarpsins er åbendingin réttmæt og er fallist á hana. Hefur verið leitast við að draga mörkin skýrar í greinargerðinni.

Um 11. gr.

SBV benda á að gera þurfi ráð fyrir að söluyfirlit þegar fyrirtæki eru seld verði óhjákvæmilega öðruvísi en þegar fasteignir og skip eru seld og að taka þurfi sérstaklega fram hvað þurfi að koma fram í söluyfirlitum þegar fyrirtæki eru seld.

Þessi athugasemd er réttmæt og hefur leitt til þess að ákvæði 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins hefur verið breytt á þann veg að sérákvæði hefur verið bætt inn um efni söluyfirlits við fyrirtækjasölu.

Um 12. gr.

SBV telja að ákvæðið, verði því fylgt samkvæmt orðanna hjóðan, sé í raun óframkvæmanlegt ef gert er ráð fyrir að fasteignasali eigi að afla þessara upplýsinga, án samþykkis seljanda. Sé eðlilegra að orða ákvæðið þannig að seljandi afli upplýsinganna og að fasteignasali yfirfari þær.

Vísað er til þess sem segir um athugasemdir Félags fasteignasala við 11. gr. Fasteignasali sem fær eign til sölumeðferðar verður að fá heimild seljanda til að afla slíkra upplýsinga. Það er hluti af undirbúningi hans fyrir sölu eignarinnar. Þegar eigandi fasteignar felur fasteignasala að hafa milligöngu um sölu fasteignar er hluti af samningi hans við fasteignasalann að hann veitir honum heimild til að afla þeirra upplýsinga sem skylt er. Það er vandséð að þetta geti verið vandamál.

Um 16. gr.

SBV telja að gera þurfi ráð fyrir að fasteignasölum sé heimilt að „útvista" hluta af vinnu við skjalagerð. Samtökin nefna einnig að heimilt ætti að vera að fela t.d. fjármálafyrirtæki að annast vistun vörslufjár og tiltekna þætti skjalagerðar. Engin rök séu til að banna slíkt því fáir séu betur til þess fallnir er fjármálafyrirtæki með viðurkennt starfsleyfi. Þau lúti eftirliti Fjármálaeftirlits sem hafi í leiðbeinandi tilmælum sínum veitt heimild til að fela öðrum (útvista) einstök verkefni.

Í frumvarpinu er ekkert sem kemur í veg fyrir að fasteignasali feli fjármálafyrirtæki vistun vörslufjár. Það verður þó að vera í samræmi við reglur frumvarpsins og reglugerðar sem sett mun um vörslufjárreikninga. Hlýtur almennt að mega búast við að fasteignasalar visti fjármuni sem þeir hafa undir höndum hjá fjármálafyrirtækjum, einkum bönkum eða sparisjóðum. Er gert ráð fyrir að reglugerð verði sett um þetta. Verður að telja að ávinningur sé af slíkri vistun. Ekki er samt unnt að fallast á að fasteignasali geti losnað undan ábyrgð á skyldu til skjalagerðar með því að fela það öðrum, hvort sem um fjármálafyrirtæki er að ræða eða aðra. Skjalagerðin hlýtur að fara fram á ábyrgð fasteignasala þótt hann dragi ekki upp sjálfur allt efni skjalanna.

Umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT).

Um 2. gr.

Talið að heldur beri að nota skilyrði um búsetu en lögheimili sem ekki er víst að fái staðist skyldur samkvæmt EES-samningnum.

Í upphaflegum gerðum frumvarpsins var notað orðið búseta. Í gildandi lögum er notað orðið heimilisfesti. Orðinu búseta var breytt á síðustu stigum af því að talið var skýrara að nota orðið lögheimili. Er auðveldara að sanna lögheimili en búsetu eða heimilisfesti. Á þessu átti á hinn bóginn ekki að verða efnisbreyting, enda segir svo í 1. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990: „Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.“ Hvar maður hefur fasta búsetu er svo skilgreint í 2. mgr. 1. gr. Ekki eru undantekningar í téðum lögum vegna þeirra sem eru ríkisborgarar í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Telja verður því að heppilegra sé að nota orðið lögheimili, en ítrekað skal að ekki á að vera efnislegur munur á þeirri orðnotkun og þeirri sem er í gildandi lögum eða orðinu búsetu.

SÍT telur að skilyrðið um búsforræði, þ.e. að fasteignasali megi aldrei hafa orðið gjaldþrota, sé allt of víðtækt og vafi sé á að það standist jafnræðisreglur og grundvallarrétt manna til atvinnu. Telja að samræma þurfi þetta ákvæði nýrri ákvæðum af sama stofni, t.d. í 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þar er miðað við fimm ára búsforræði, án heimildar til undanþágu. Auk þess eru þar sett fleiri skilyrði.

Ákvæði frumvarpsins um þetta eru sama efnis og ákvæði 6. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998. Var talið eðlilegt að samræmi væri þarna á milli. Breytingin var reyndar gerð að sérstakri áeggjan Félags fasteignasala þar sem félagið taldi að það væri ósanngjarnt að hafa fyrirvaralausa reglu um þetta, heldur ætti ráðherra að geta metið hvort veita ætti afbrigði frá reglunni eða ekki. Telja verður að þessi regla sé sanngjarnari en regla gildandi laga og reglan í 53. gr. laga nr. 161/2002.

Um önnur skilyrði í 52. gr. laga nr. 161/2002 verður að telja að þau séu of ströng í garð fasteignasala og er ekki fallist á að frumvarpinu verði breytt í samræmi við tiltvitnað ákvæði. Skal tekið fram að linað var á skilyrði því sem laut að almennum hegningarlögum í frumvarpinu frá því sem er í gildandi lögum, nr. 54/1997, og var það gert af sanngirnisástæðum, enda ýmis brot á almennum hegningarlögum sem veita enga vísbendingu um hæfi manna til að eiga og reka fasteignasölu.

Um 5. gr.

Gerðar eru þrjár athugasemdir við þessa grein.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðalag 1. mgr. 5. gr. um heimildir ráðherra til að ákveða í reglugerð atriði er lúta að starfsábyrgðartryggingu verði rýmkað með því að skjóta inn orðunum m.a. og breyta orðalagi lítillega.

Þessi ábending er réttmæt og er á hana fallist. Ákvæðið þarf að vera rýmra til þess að ráðherra hafi svigrúm til þess að hafa áhrif á efni skilmála vátryggingarinnar.

Í öðru lagi er lagt til að sú hækkun á vátryggingarfjárhæðum sem lögð er til í 2. mgr. 5. gr. taki bara til tjóna innan ársins en ekki hvers einstaks tjónstilviks.

Telja verður að það sé ekki aðeins hætta á fleiri tjónum, heldur líka alvarlegri tjónum þegar ófaglærðum starfsmönnum fjölgar. Eftirlit fasteignasalans með þeim verður minna eftir því sem þeir verða fleiri. Áhættan verður sem sagt almennt meiri. Er því ekki tilefni til að breyta þessu ákvæði frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lagt til að áréttað verði að ef löggiltur fasteignasali er ráðinn til starfa hjá fasteignasala, en það veldur því að vátryggingarfjárhæðir þurfa ekki að hækka, sé sá er löggildingu hefur með gilda vátryggingu samkvæmt lögunum.

Eins og skýrt er í athugasemd við 5. gr. fær maður ekki löggildingu nema hafa tryggingu og ef trygging er felld niður er hann sviptur löggildingu. Er því ekki þörf á að tíunda þetta sérstaklega í lagaákvæðinu sjálfu. Þetta leiðir óhjákvæmilega af reglunni eins og hún er.

Um 7. gr.

SÍT setur spurningarmerki við orðalagið „hafa í þjónustu sinni". Sýnist vilja hafa það skýrt að um sé einungis að ræða starfsmenn, þ.e. þá sem vinna á grundvelli ráðningarsamninga.

Þótt frumvarpið miði fyrst og fremst að því að þeir sem vinna við fasteignasölu verði starfsmenn fasteignasalans, þ.e. sinni störfum sínum á grundvelli ráðningarsamninga, er þó ekki hægt að útiloka að um annars konar samninga geti verið að ræða. Gæti t.d. verið að fasteignasali semdi sérstaklega við vátryggingafélag um að láta vátrygginguna taka til manns sem ekki væri ráðinn til starfa hjá honum samkvæmt ráðningarsamningi, væri t.d. ættingi hans og ekki starfsmaður, væri í námsvist hjá honum eða því um líkt. Þess vegna er varhugavert að nota annað orðalag en „hafa í þjónustu sinni". Skal bent á að fasteignasali þarf að semja sérstaklega við vátryggingafélag til þess að starfsábyrgðartrygging taki til annars en þess sem ráðinn er til starfa hjá honum. Eru því ekki rök til að fallast á þessa tillögu.

Um III. kafla.

Um 19. gr.

SÍT telur að réttara sé að hafa orðið lögfræðingur en orðið lögmaður í þessari grein.

Tillaga frumvarpsins er sú að lögmaður sinni þessu, enda mikið gagn af þekkingu og reynslu sem menn afla sér í lögmannsstörfum í starfi eftirlitsnefndarinnar. Er því ekki tilefni til að fallast á þessa tillögu.

Um 25. gr.

Lagt er til að orðalag gildandi laga, þ.e. 3. mgr. 15. gr., verði notað ef loka á starfsstöð fasteignasala, sem misst hefur löggildingu.

Það athugast að í skýringum í greinargerð segir að ákvæði 25. gr. séu að mestu í samræmi við 3. mgr. 15. gr. gildandi laga. Það leiðir af sjálfu sér að dómsmálaráðherra felur lögreglu að loka starfsstöð fasteignasala en gerir það ekki sjálfur.

Um 27. gr.

SÍT telur að ekki sé rétt að nota orðalagið „um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar". Er rökstuðningi í frumvarpinu fyrir því orðalagi hafnað og það helst talið til þess fallið að efna til óþarfa ágreinings. Lagt er til að notað verði orðalagið „Um sakarmat og sönnun gilda almennar reglur skaðabótaréttarins". Tillagan felur efnislega í sér að bætt verði inn orðinu „almennar".

Í skýringum með 27. gr. frumvarpsins er ítarlega rökstutt af hverju það orðalag er notað sem gert er. Þarfnast það ekki frekari skýringa. Er varhugavert að vísa til almennra reglna skaðabótaréttar í ljósi þess að þróun um sakarmat og sönnun þegar sérfræðingar eins og fasteignasalar eiga í hlut hefur verið öðruvísi en leiðir af almennum reglum. Hafa sérsjónarmið um strangara sakarmat og öðruvísi beitingu sönnunarreglna en venjulegt er þróast á þessu sviði. Er ástæðulaust að hindra þá þróun.

4. Skipan löggjafar um milligöngu við fasteignasölu í nokkrum nágrannalöndum.

4.1. Inngangur.

Við samningu frumvarps þessa var m.a. litið til þess hvernig löggjöf er háttað í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Að sumu leyti er löggjöf þessara landa þannig að til eftirbreytni er, en að öðru leyti verður að telja að heppilegri reglur gildi nú þegar hér á landi, t.d. um skjalagerð og söluyfirlit, þótt ekki hafi tekist að fylgja þeim reglum eftir til fullnustu. Í sumum tilvikum, t.d. um eftirlitskerfi það sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, er talið réttara að miða að nokkru við reynslu þá sem fengist hefur af eftirliti með lögmönnum.

4.2. Danmörk.

Í Danmörku gilda nú lög nr. 453/1993 frá 30. júní það ár. Lögin heita „Lov om omsætning af fast ejendom". Lögin gilda um milligöngu í viðskiptum með fasteignir, svo og ráðgjöf og aðra aðstoð í því sambandi. Mælt er fyrir um einkarétt fasteignamiðlara, lögmanna, banka og fjármálastofnana og vátryggingafélaga til þess að hafa slíka milligöngu. Ýmis ákvæði eru um skyldur þess sem annast starfsemina, m.a. um upplýsingaskyldu hans og rannsóknarskyldu á atriðum sem varða fasteignina og um skyldu hans til þess að gæta hagsmuna beggja jafnt, þ.e. kaupanda og seljanda. Kveðið er á um að opinber stofnun, „Erhvervs- og Selskabsstyrelsen", skuli hafa eftirlit með fasteignamiðlurum og getur stofnunin m.a. svipt þá leyfi til starfa ef brot á skyldum er alvarlegt eða ítrekað. Sviptingu leyfis má bera undir dómstóla. Í Danmörku hafa verið sett ýmis stjórnsýslufyrirmæli (bekendtgørelser) á grundvelli laganna og lúta þær einkum að framkvæmdinni.

4.3. Noregur.

Í Noregi gilda lög nr. 53/1989, frá 16. júní það ár. Lögin heita „Lov om eiendomsmegling". Lögunum var síðast breytt með lögum nr. 76/2002. Lögin taka til þeirra sem hafa milligöngu, m.a. annast uppgjör á viðskiptum með fasteignir, þ.m.t. hlutdeild í fasteignum, hlutabréfum og skilríkjum fyrir eignarrétti að fasteignum, rétti til orlofshúsnæðis o.fl. Réttur til að stunda þessi viðskipti er veittur lögmönnum og þeim sem hafa bréflegt leyfi til fasteignamiðlunar, en það geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar. Heimilt er að leyfa sérstaklega að útibú fasteignamiðlunar sé rekið, en áskilið er að það sé undir faglegri stjórn fasteignamiðlara eða lögmanns. Eftirlit með þeim sem stunda þessa starfsemi er falið opinberri stofnun, „Kredittilsynet", sem getur afturkallað leyfi til að stunda fasteignamiðlun. Ítarleg ákvæði eru um störf og starfshættu þeirra sem stunda fasteignamiðlun, rétt þeirra til þóknunar o.fl. Tekið skal fram að grunur um brot, sem leitt getur til sviptingar réttar til fasteignamiðlunar, getur veitt framangreindri stofnun rétt til að svipta hann leyfi tímabundið.

4.4. Svíþjóð.

Í Svíþjóð gilda lög nr. 400/1995, Fastighetsmäklarlag. Gildissvið laganna er viðskipti með fasteignir og hluta þeirra og tilgreindra réttindi til fasteigna, t.d. búseturéttar, leiguréttar o.fl. Fasteignamiðlarar hafa einkarétt til þeirra viðskipta sem lögin taka til, en þennan rétt hafa einnig lögmenn. Eftirlit með starfseminni er falið nefnd, Fastighetsmäklarnämnden, sem skipuð er af ríkisstjórninni, allt að sjö mönnum. Nefndin getur afturkallað skráningu fasteignamiðlara sem er skilyrði þess að þeir fái að starfa, m.a. ef þeir brjóta skyldur sínar eða lögin. Afturköllun gildir þegar í stað. Ítarleg ákvæði eru um störf og starfsháttu fasteignasala, skaðabótaskyldu þeirra og þóknun.

5. Meginefni frumvarpsins og helstu breytingartillögur.

5.1. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarp þetta er í sex köflum.

Í I. kafla eru ákvæði um heimildir til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, hver séu skilyrði löggildingar fasteignasala, um prófraun þeirra og námskeið til undirbúnings fyrir hana. Þá eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, reglur um hækkun lágmarksvátryggingarfjárhæðar við tilteknar aðstæður, löggildinguna, eignarhald á fasteignasölu, starfsstöð fasteignasala, þá sem ráða sig til starfa hjá þeim, útibú fasteignasala o.fl.

Í II. kafla eru ákvæði um réttarstöðu fasteignasala, skyldu til að gera samninga um þjónustu við seljanda og kaupanda, skyldu til að gera söluyfirlit strax og eign kemur til sölumeðferðar, um efni söluyfirlits, um öflun upplýsinga vegna þess og ábyrgð á þeirri upplýsingaöflun. Þá eru ákvæði um kynningu fasteignasala á eign, um stöðu fasteignasala, þ.e. að hann skuli vera sjálfstæður og óháður í störfum sínum, að hann skuli gæta hagsmuna kaupanda og seljanda jafnt, um samnings- og skjalagerð hans og um skyldu fasteignasala til að varðveita fé viðskiptamanna sinna, sem hann hefur í vörslum sínum, á svonefndum vörslufjárreikningum. Einnig eru ákvæði um stöðu innstæðu á vörslufjárreikningi við skipti á búi fasteignasala.

Í III. kafla eru ákvæði um Félag fasteignasala og skyldu fasteignasala til aðildar að því, svo og um lögbundið hlutverk félagsins. Jafnframt eru ákvæði um skipulag eftirlits með fasteignasölum, um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, heimildir hennar og skyldur til eftirlits, um beitingu agaviðurlaga, þ.e. áminninga, tímabundinnar sviptingar löggildingar og um lokun starfsstöðvar, um kæruheimild ákvarðana hennar til ráðherra, um missi skilyrða til löggildingar, sem veldur sjálfkrafa brottfalli löggildingarinnar, og um viðbrögð við því að fasteignasala er stunduð án réttinda, þ.e. án löggildingar.

Í IV. kafla eru ákvæði um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerðir.

Í V. kafla eru ákvæði um skaðabætur og grundvöll þeirra og um refsingu við brotum á lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Í VI. kafla eru ákvæði um gildi réttinda sem aflað hefur verið samkvæmt eldri lögum um þetta efni, um gildistöku frumvarpsins ef það verður að lögum, um brottfall gildandi laga, nr. 54/1997, og um gildi reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

5.2. Helstu breytingartillögur.

Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur til veigamikilla breytinga á gildandi lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Lagt er til að heiti laganna verði breytt og þau nefnd lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Er þetta þjálla heiti, án þess að í því felist nein efnisleg breyting. Gerðar eru tillögur til ýmissa breytinga á I., II. og V. kafla, auk þess sem ákvæði III. kafla um Félag fasteignasala og um eftirlit með starfsemi þeirra fela í heild sinni í sér nýmæli. Ekki eru efni til að fjalla um IV. og VI. kafla í þessu sambandi.

Í stuttu máli má segja að þær breytingartillögur, sem gerðar eru á gildandi rétti, hafi það að markmiði að bæta úr þeim vandamálum sem risið hafa í og vegna starfsemi fasteignasala og gerð er grein fyrir framar í frumvarpinu.

Nánar tiltekið eru veigamestu breytingartillögurnar eftirfarandi:

Í I. kafla eru gerðar tillögur að eftirfarandi breytingum:

Lagt er til að orðin „í atvinnuskyni“ í gildandi lögum sem hafa gert mögulegt að menn og félög hafi milligöngu um kaup eða sölu fasteigna, t.d. í greiðaskyni, verði felld niður. Í því felst að frumvarpið bannar öðrum en fasteignasölum að hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra. Er þetta sama skipan og gilti samkvæmt lögum um fasteigna- og skipa-

sölu, nr. 34/1986, og lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938. Þá er lagt til að hnykkt verði á því að ákvæði laganna gildi þegar fasteignasali tekur að sér að hafa milligöngu um viðskipti með fasteignir fyrir þá sem hafa atvinnu að byggingu fasteigna, svo og þegar lögmenn selja einstakar fasteignir í tengslum við lögmannsstörf þeirra. Eftirlitsreglur frumvarpsins taka þó ekki til slíkra einstakra starfa lögmanna. Lagt er til að heimild 3. mgr. 2. gr. um að synja megi manni um löggildingu ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga verði þrengd þannig að hún eigi aðeins við ef maður hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum tiltekinna kafla laganna, þ.e. kafla sem taka til fjármunabrota eða brota sem tengjast skjalafalsi o.fl. Þá er lagt til að skilyrði því, sem gilt hefur um búsforræði fasteignasala, verði breytt og samræmt því skilyrði sem gildir um lögmenn um sama efni. Þá er lagt til að gerðar verði auknar kröfur til þeirra sem þreyta vilja prófraun fasteignasala, þ.e. að aukið verði við þær að því leyti að maður verði að hafa unnið í fullu starfi á fasteignasölu í a.m.k. tólf mánuði þegar hann gengst undir próf, að hann þurfi að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun að mati prófnefndar og hann þurfi að hafa setið námskeið til undirbúnings prófrauninni. Þá eru gerðar tillögur um breytingar á tilnefningum í prófnefnd og aðra skipan á starfsábyrgðartryggingum en nú gilda m.a. um hækkun þeirra í takt við fjölda starfsmanna. Loks eru gerðar tillögur um breytingar á reglum um eignarhald á fasteignasölu, um útibú, um að starfsábyrgðartrygging eigi að taka til þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala og ýmis önnur atriði.

Í II. kafla lúta breytingartillögur einkum að tveimur meginatriðum, þ.e. annars vegar að söluyfirliti í því skyni að styrkja stöðu þess og hins vegar að skyldu til að varðveita fé viðskiptamanna á vörslureikningum og stöðu þess. Gerð er tillaga um nýtt ákvæði, sem bætt er í 3. mgr. 11. gr., um efni söluyfirlits við sölu fyrirtækja, en ekkert slíkt ákvæði er í gildandi lögum. Jafnframt eru lagðar til ýmsar lagfæringar á gildandi reglum um störf og starfsháttu fasteignasala, svo og um skyldur þeirra við upplýsingaöflun vegna söluyfirlits og ábyrgð þeirra á réttmæti upplýsinganna.

Í III. kafla eru tillögur um veigamiklar breytingar, þ.e. að fasteignasölum verði skylt að eiga aðild að Félagi fasteignasala og því verði ákveðið veigamikið hlutverk í lögunum. Lagt er til að sett verði á fót stjórnsýslunefnd, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem starfi í tengslum við félagið og á kostnað þess. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með fasteignasölum í starfi þeirra og lögmönnum að því leyti sem þeir stunda fasteignasölu. Nefndin hefur miklar skyldur til eftirlits og ríkar heimildir til viðbragða ef rökstuddur grunur er um að fasteignasali hafi brotið af sér í störfum sínum. Nefndin getur veitt áminningu, hún getur svipt fasteignasala löggildingu hans tímabundið og hún getur lokað starfsstöð hans. Ákvörðunum nefndarinnar, sem hér hefur verið getið um, má skjóta til ráðherra sem æðra stjórnvalds samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ráðherra getur ákveðið m.a. að svipting löggildingar skuli vera varanleg. Eftirlit nefndarinnar er tvenns konar, þ.e. reglulegt eftirlit sem þó þarf ekki að vera oftar en þriðja hvert ár og eftirlit sem ákveðið er sérstaklega ýmist að gefnu tilefni eða ekki. Auk þess felst eftirlit nefndarinnar í því að fasteignasalar eiga að skila til hennar vottorði löggilts endurskoðanda um að meðferð þeirra á fé viðskiptamanna hafi verið í samræmi við lögin og reglur um vörslufjárreikninga.

Í V. kafla er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að grundvöllur skaðabótaábyrgðar fasteignasala sé sakarreglan. Einnig er lagt til að mælt verði fyrir um það með almennum hætti að brot á ákvæðum laganna, ef frumvarpið verður samþykkt á Alþingi, varði sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Áður hefur verið gerð grein fyrir meginatriðum í efni þessa kafla, svo og helstu breytingartillögum.

Efni kaflans er að mestu í samræmi við efni I. kafla gildandi laga, en nokkrar breytingartillögur eru þó gerðar eins og vikið hefur verið að framar í athugasemdum þessum. Vísast til þeirrar umfjöllunar og skýringa við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er leitast við að afmarka það svið er einkaréttur til að annast kaup, sölu eða skipti fasteigna, skráningarskyldra skipa eða atvinnufyrirtækja í atvinnuskyni tekur til. Þegar mörk einkaréttar fasteignasala eru dregin í réttarframkvæmd sýnist ljóst að lögskýringarreglur leiði til þess að velja eigi þann kost sem þrengri er ef um fleiri en einn kost er að ræða. Getur einkaréttur til starfa vart verið víðtækari en ótvírætt leiðir af lögum.

Efni greinarinnar er að miklu leyti hið sama og 1. gr. gildandi laga, nr. 54/1997. Sú grein fól í sér nokkra breytingu frá 1. gr. laga nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, forvera gildandi laga. Það var einkum að þrennu leyti sem lögunum var breytt, þ.e. í fyrsta lagi var einkarétturinn rýmkaður og látinn taka til sölu á atvinnufyrirtækjum og eignarhlutum í þeim, í öðru lagi var bætt við þeirri sérreglu sem er í 4. mgr., um þá sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna og í þriðja lagi var bætt við reglu um heimildir þeirra sem fengið hafa löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings í öðru EES-ríki. Síðastgreind regla var þó ekki efnislegt nýmæli því með lögum nr. 133/1993, um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, var efnislega sömu reglu bætt við sem 3. mgr. við 2. gr. laga nr. 34/1986.

Það er einkum ástæða til að skýra tvær fyrrnefndu reglurnar, en að öðru leyti verður um skýringu á greininni að vísa til athugasemda sem fylgdu frumvörpum þeim er síðar urðu að lögum nr. 34/1986 og nr. 54/1997 er þau voru lögð fram á Alþingi, sbr. Alþingistíðindi 1985–86, A-deild, bls. 2428, og Alþingistíðindi 1996–97, A-deild, bls. 556–557. Þá er ástæða til að skýra þá breytingu sem gerð er tillaga um, þ.e. að orðin „í atvinnuskyni“ verði felld niður úr textanum, en í því felst tillaga um rýmkun á einkarétti fasteignasala.

Í samræmi við orðnotkun í frumvarpinu og í gildandi lögum verður orðið fasteignasala og fasteignasali notað um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og þá sem einkarétt hafa til að sinna þessum verkum í atvinnuskyni. Eingöngu er notað orðið „sala“ þótt fjallað sé um sölu, kaup og skipti, svo og hvers konar aðstoð við að koma á og útbúa löggerninga sem lúta að þessum viðskiptum, sem veitt er í atvinnuskyni.

Rýmkun á einkarétti fasteignasala að því leyti að hann taki einnig til fyrirtækjasölu er í athugasemdum frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 54/1997 fyrst og fremst rökstudd með vísan til neytendasjónarmiða. Segir m.a. að oft sé um verulega hagsmuni að ræða í slíkum viðskiptum og þörf sé á því að þeir sem hafi „[...] opinbera starfsviðurkenningu, annist slík viðskipti [...] og beri ábyrgð á að þannig sé að samningsgerð staðið að hagsmunir beggja séu tryggðir“ (Alþingistíðindi 1996–97, A-deild, bls. 556). Sú afmörkun sem felst í orðunum „[...] kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur er um ræða ræða fyrirtæki í eign einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga“ er ekki skýrð í athugasemdunum. Ekki er t.d. sérstaklega tekið af skarið um það hvort sala á hlut í einkahlutafélagi falli undir einkaréttinn.

Ljóst má vera að afmörkun á því hvers konar viðskipti falli undir einkarétt fasteignasala annars vegar og þeirra viðskipta sem teljast verðbréfaviðskipti samkvæmt lögum um verð-

bréfaviðskipti, nr. 33/2003, hins vegar, er ekki fullkomlega glögg. Hið sama á við um afmörkun frá ákvæðum 9. tölul. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en það ákvæði mælir fyrir um að starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða geti m.a. tekið til ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

Um nánari afmörkun skal tekið fram að verðbréfaviðskipti teljast m.a. miðlun og framkvæmd fyrirmæla frá þriðja aðila til þess að eiga viðskipti, fyrir hans reikning með ýmiss konar framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum, að öðru en fasteign, þar með talið hlutabréfum, sbr. 1. og 2. gr. tilvitnaðra laga. Hugtakið fjármálagerningur samkvæmt lögum nr. 33/2003 er víðtækt og víðtækara en hugtakið verðbréf sem notað var í eldri lögum nr. 13/1996. Lögin um verðbréfaviðskipti taka til viðskipta með fjármálagerninga í framangreindum skilningi. Einkaréttur fasteignasala getur því ekki tekið til þeirra. Einkaréttur fasteignasala tekur þó ekki eingöngu til tilvika er einkafirmu eða sameignarfélög, sem stunda atvinnurekstur, eru seld. Það er heldur ekki víst að einkarétturinn taki til allra tilvika þegar einkafirmu og sameignarfélög sem stunda atvinnurekstur eru seld.

Það sem veldur fyrst og fremst vafa um mörk einkaréttar fasteignasala er sala fyrirtækja sem rekin eru af einkahlutafélögum. Telja verður að meginreglan hljóti að vera sú að sala á hlutum í einkahlutafélagi, sérstaklega þegar allir hlutir í því eru seldir og markmiðið er að fram fari eigendaskipti að fasteign eða fyrirtæki, falli undir einkarétt fasteignasala, og teldist ekki verðbréfaviðskipti. Er það m.a. vegna þess að fjármálagerningur er samheiti yfir það sem í frumvarpi því er varð að lögum nr. 33/2003 er nefnt afurð á fjármálamarkaði og vandséð að hlutur í einkahlutafélagi geti fallið þar undir. Á það einnig við þótt gefið hafi verið út hlutaskírteini til að votta eignarhlut manns í einkahlutafélagi, en slík skírteini eru ekki viðskiptabréf, eða verðbréf í viðteknum skilningi. Einnig verður að miða við að orðið hlutafélag í niðurlagi 1. mgr. taki ekki til einkahlutafélaga. Eins og fyrr segir er þó ekki útilokað að upp geti komið takmarkatilvik. Verður að telja að þessi skýring fari ekki í bága við þá starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að veita ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

Eins og fyrr greinir er lagt til að orðin „í atvinnuskyni“ verði felld úr 1. mgr. Í því felst að engum sé heimilt að hafa milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja eða skipa fyrir aðra, nema hann hafi til þess leyfi. Þannig var reglan um 60 ára skeið, þ.e. frá gildistöku laga 48/1937 og þar til lög nr. 54/1997 öðluðust gildi. Hinum tilvitnuðu orðum var skeytt inn í frumvarp það sem varð að síðastnefndum lögum að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar Alþingis og það sagt „til að taka af öll tvímæli“. Þessi breytingartillaga var af hálfu allsherjarnefndar gerð í tengslum við aðrar breytingartillögur. Ekki er því víst að hin tilvitnuðu orð endurspegli hugmyndir nefndarinnar að því er varðar orðin „í atvinnuskyni“. Hvað sem því líður þykir nú rétt að leggja til að þessu verði breytt í fyrra horf. Ástæður þess eru einkum þær að nokkuð hefur borið á því að félagasamtök hafi viljað annast viðskipti eða hluta viðskipta með fasteignir fyrir félagsmenn sína. Nokkuð hefur einnig verið um það að menn annast milligöngu um viðskipti með fasteignir og skip án þess að hafa til þess réttindi. Þá eru gerðar tillögur um það í frumvarpinu að öllum fasteignasölum verði skylt að vera félagsmenn í Félagi fasteignasala og einnig er gerð tillaga um viðamikið eftirlit félagsins með starfsemi félasmanna sinna. Þetta veldur því að varhugavert er að haga orðalagi frumvarpsins þannig að fasteignir geti gengið kaupum og sölum fyrir milligöngu manna eða félaga, sem e.t.v. þiggja þóknun, án þess að unnt sé að segja að milligangan sé gerð í atvinnuskyni. Hið sama á við um þá sem hafa slíka milligöngu án þess að taka fyrir það þóknun. Þess vegna er lagt til að bann við milligöngu um fasteignaviðskipti fyrir aðra taki ekki eingöngu til þeirra, sem gera það í atvinnuskyni.

Það skal sérstaklega áréttað að framangreind regla kemur ekki í veg fyrir að menn geti sjálfir selt eignir sínar og gengið frá þeirri sölu að fullu.

Hið efnislega inntak einkaréttarins, þ.e. hvaða starfsemi falli undir hann, er ekki skýrt sérstaklega, en um er að ræða kaup, sölu eða skipti á fasteignum, fyrirtækjum eða skipum. Þessi þáttur einkaréttarins verður ekki skýrður á annan veg en svo að hann taki líka til undirbúnings að þessum viðskiptum, m.a. auglýsinga og kynninga á eignum í því skyni að selja þær, skjalagerðar í slíkum viðskiptum, ráðgjafar sem tengist þeim og fleira. Ákvæði frumvarpsins sem efnislega lúta að viðskiptum með þessar eignir, en þær er einkum að finna í II. kafla þess, taka þess vegna til bæði kynningar á eign, undirbúnings að sölu, t.d. gerðar söluyfirlits, samningsgerðar, skjalagerðar o.fl. Má því af reglum II. kafla ráða hvert hið efnislega gildissvið einkaréttarins sé. Það samrýmist því ekki ákvæðum frumvarpsins að t.d. félagasamtök séu að auglýsa fasteignir, fyrirtæki eða skip fyrir félagsmenn sína í því skyni að finna kaupendur. Er hætt við að slíkar kynningar verði ekki í samræmi við reglur frumvarpsins, t.d. að því er varðar söluyfirlit og skyldu til að kynna það fyrir væntanlegum tilboðsgjöfum.

Hin reglan sem þörf er á að skýra nokkuð er í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins og er hún samhljóða 4. mgr. 1. gr. gildandi laga. Sú grein var nýmæli í lögum og var skýrð í athugasemdum frumvarps til laganna (Alþingistíðindi 1996–97, A-deild, bls. 557). Hvatinn að setningu reglunnar var að tryggja betur en áður neytendavernd í slíkum tilvikum. Vísað er til nefndrar skýringar frumvarpsins. Hér er einungis ástæða til að árétta að ákvæði um skyldur fasteignasala og um störf þeirra og starfshætti, sbr. reglur II. kafla frumvarps þessa, gilda óskorað um þessi störf fasteignasala, enda ekki tilgreindar neinar undantekningar í 4. mgr. 1. gr. frá því. Aðrar breytingar sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu, t.d. um eignarhald á fasteignasölu, munu að líkindum leiða til þess að sölustarfsemi byggingarfyrirtækja verður í höndum „utanhússmanna“ en ekki fasteignasala sem eru starfsmenn fyrirtækjanna. Er slík breyting nauðsynleg til þess að tryggja betur sjálfstæði fasteignasala þannig að hann geti betur sinnt þeirri lagaskyldu sinni að gæta hagsmuna beggja, kaupanda og seljanda, jafnt.

Þá skal tekið fram að ákvæði 5. mgr. gerir ráð fyrir að sett verði reglugerð um þau skilyrði sem fasteignasalar og málflutningsmenn í öðrum EES-ríkjum verða að fullnægja til þess að annast fasteignaviðskipti í atvinnuskyni. Þessir menn þurfa því að gangast undir próf til þess að staðreyna þekkingu sína á íslenskum réttarreglum og öðrum reglum sem um viðskiptin gilda. Þessi áskilnaður en óhjákvæmilegur vegna hagsmuna neytenda.

Loks skal tekið fram að ekki þótti ástæða til að leggja til að skertur yrði réttur hæstaréttar- og héraðsdómslögmanna til þess að annast milligöngu um viðskipti með fasteignir, fyrirtæki eða skip án þess að hafa löggildingu til fasteignasölu. Þessi heimild lögmanna er þröng. Hún heimilar einungis að hafa slíka milligöngu í einstökum tilvikum, ef það verk er hluti af öðru verkefni sem lögmaður hefur tekið að sér. Fyrst og fremst er hér verið að heimila þeim sem annast skipti á búum vegna gjaldþrots, andláts eða vegna skilnaðar að annast sölu eigna sem tilheyrt hafa viðkomandi búum. Lögmaður getur ekki samkvæmt þessari heimild tekið að sér að hafa milligöngu um viðskipti með fasteignir, fyrirtæki eða skip, nema í slíkum eða sambærilegum tengslum við önnur lögmannsstörf. Lögmaður getur heldur ekki tekið að sér sjálfstætt einstök verkefni, t.d. skjalagerð við fasteignaviðskipti, nema það sé hluti af öðrum lögmannsverkum hans fyrir seljanda eða kaupanda.

Um 2. gr.

Þessi grein frumvarpsins er að frátöldum b-lið að mestu samhljóða 2. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa hér. Tekið skal fram að í gildandi lögum er í a-lið 1. mgr. notað orðið „heimilisfesti“ en heppilegra þyki að nota orðið lögheimili. Það orð er líka heppi-

legra en orðið búseta þótt merkingin sé í raun hin sama. Þá er ekki notað orðið „starfsmenn“ í c-lið svo sem gert er í gildandi lögum, heldur talað um þá sem „ráðnir eru til starfa“. Breytt orðnotkun að þessu leyti er skýrð í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins. Lagt er til að skilyrði b-liðar um búsforræði verði breytt þannig að það verði samræmt sambærilegu skilyrði, sem gildir um lögmenn. Eldri regla um fyrirvaralaust búsforræði undanfarin tíu ár getur verið ósanngjörn, einkum í tilvikum þar sem t.d. gjaldþrot hefur verið vegna óvæntra áfalla þriðja manns, sem hefur verið viðskiptamaður fasteignasala eða hann verið í ábyrgðum fyrir, en ekki fjármálaóreiðu hans sjálfs. Verður að telja, án þess að ætlunin sé að rýmka þetta skilyrði sérstaklega, að eðlilegra sé að hafa ákvæði um að bú fasteignasala hafi aldrei verið tekið til gjaldþrotaskipta, en að heimild sé til þess að víkja frá því ef ráðherra telur það sanngjarnt.

Þá skal þess getið að lagt er til að orðalagi 4. mgr. verði breytt nokkuð, þ.e. efni hennar þrengt frá því sem er í gildandi lögum. Þar segir að heimilt sé að synja manni um löggildingu „ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga [...]“. Þessi takmörkun er of rúm, enda geta brot á almennum hegningarlögum verið margbreytileg og mörg þeirra veita enga vísbendingu um hvort hætta sé að því að maður brjóti skyldur sínar sem fasteignasali eða misfari með aðstöðu sína í því starfi. Er því lagt til að einungis brot á tilteknum köflum almennra hegningarlaga geti staðið í vegi því að maður fái löggildingu sem fasteignasali. Er einkum um að ræða fjármunabrot og brot sem ætla má að veiti vísbendingu um að hinn brotlegi geti skaðað hagmuni viðsemjenda sinna í starfi sem fasteignasali.

Um 3. og 4. gr.

Ákvæði 3. og 4. gr. frumvarpsins eru að mestu í samræmi við 3. og 4. gr. gildandi laga. Þó eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar sem einkum felast í eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi er miðað við að það sé skilyrði fyrir því að þreyta prófraun fasteignasala að maður hafi setið námskeið til undirbúnings prófi, en samkvæmt gildandi lögum er það ekki skilyrði.

Í öðru lagi er nú gert að skilyrði að til þess að þreyta prófraun fasteignasala þurfi próftaki að hafa verið ráðinn í fullt starf í a.m.k. tólf mánuði eða meira hjá löggiltum fasteignasala, áður en hann getur þreytt prófið.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að það sé skilyrði þess að prófraun fasteignasala megi þreyta að próftaki hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun að mati prófnefndar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að Félag fasteignasala fái að tilnefna einn mann og annan til vara af þremur í prófnefnd.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir nokkru veigameira hlutverki prófnefndar samkvæmt frumvarpinu en samkvæmt gildandi rétti. Þannig er lagt til að prófnefnd, reyndar með samþykki ráðherra, geti samið við háskóla um framkvæmd námskeiðs og prófraunar, en samkvæmt gildandi lögum er það ráðherra sem getur falið öðrum en prófnefnd að standa fyrir námskeiði.

Markmið þeirra breytingartillagna sem gerðar eru í þessum greinum frumvarpsins lúta að því að efla menntun fasteignasala og leitast við að tryggja að þeir hafi einnig lágmarksstarfsreynslu við fasteignasölu áður en þeir fá löggildingu sem slíkir. Þá býr hér einnig að baki að auka áhrif Félags fasteignasala, sem lagt er til í frumvarpinu að verði skylduaðildarfélag, og auðvelda prófnefnd að semja við háskóla um að annast framkvæmdina og framkvæmd prófa í stað þess að halda námskeiðin sjálf.

Um einstakar breytingartillögur skal tekið fram:

Um fyrsta atriðið.

Lögð er til sú breyting að óheimilt sé að þreyta prófraun fasteignasala, nema próftaki hafi setið undirbúningsnámskeið. Telja verður löngu tímabært að gera slíka breytingu. Lagaákvæði um námskeið til undirbúnings prófraun fasteignasala voru fyrst sett með lögum nr. 34/1986, en með áður gildandi lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, var þó gert að skilyrði fyrir leyfi til að annast sölu fasteigna að umsækjandi sannaði að hann hefði staðist próf sem haldið skyldi samkvæmt reglugerð er síðar var sett, það er reglug. nr. 3/1939, um próf fasteignasala. Fram til gildistöku laga nr. 34/1986 voru ekki haldin námskeið fyrir þá sem þreyta vildu próf. Í athugasemdum frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 34/1986 er því lýst að margir menn starfi að fasteigna- og skipasölu sem sölumenn án þess að hafa fengið leyfi til starfans. Góð rök væru til þess að leyfisbinda þessa umsýslu og að almannahagsmunir byðu að reynt væri að tryggja að þeir einir fengjust við þessi störf sem hefðu til þess nægа menntun og starfsþjálfun. „Í sambandi við löggjöf um fasteigna- og skipasölu má að sjálfsögðu spyrja, hvort ekki væri rétt að áskilja lögfræðingum og viðskiptafræðingum einum rétt til að stunda þessi viðskipti, en svo sem kunnugt er hefur fjöldi þeirra tveggja háskólamenntuðu starfsstétta farið mjög vaxandi síðustu árin. Ekki þykir það ráðlegt að svo komnu máli, enda er sanngjarnt að heimila öðrum að afla sér réttinda á þessu sviði, ef þeir hafa nægilega þekkingu og þjálfun til að bera. Er sú leið farin annars staðar á Norðurlöndum, og víða annars staðar.“ (Alþingistíðindi 1985–86, A-deild, bls. 2426). Ekki var þó gert ráð fyrir að skylt væri að sækja námskeið áður en prófraun væri þreytt. Skoða verður þessa tilhögun í ljósi þess að engin námskeið höfðu verið haldin fram til þess tíma, en margir menn höfðu starfað lengi við fasteignasölu án þess að hafa leyfi til starfans. Var því ekki sanngjarnt að gera það að skilyrði að þeir menn sæktu námskeið, áður en próf væri þreytt, heldur eðlilegt að það yrði þá valkvætt. Staðan nú er önnur. Ætla má að þeir sem starfað hafi í nokkurn tíma við fasteignasölu hafi átt þess kost að þreyta próf, enda hafa námskeið með eftirfarandi prófum verið haldin fimm sinnum frá gildistöku laga nr. 34/1986 og 147 menn lokið prófrauninni. Mun fleiri hafa sótt námskeiðin. Sé miðað við skráningu á námskeið í upphafi hvers þeirra hafa samtals 317 skráð sig.

Með hliðsjón af aukinni þörf fyrir menntun og starfsreynslu í greininni og þeirri staðreynd að flestir þeirra sem höfðu langa starfsreynslu við fasteignasölu hafa nú lokið prófi eða átt þess a.m.k. ítrekað kost þykir ekki varhugavert að gera breytingar á skilyrðum þess að menn fái að þreyta próf. Sú breyting að áskilja að próftaki hafi lokið námskeiði er vart íþyngjandi en til þess fallin að allir þeir sem þreyta próf hafi notið kennslu á námskeiði og fengið þann fræðilega og hagnýta grundvöll sem nauðsynlegan verður að telja. Hafa ber hér í huga að hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn eru undanþegnir því að þreyta próf.

Um annað atriðið.

Einnig þykir nauðsynlegt að leggja til að þeir er fá löggildingu sem fasteignasalar hafi áður aflað sér reynslu af starfinu með því að vera ráðnir til starfa hjá löggiltum fasteignasala við fasteignasölustörf. Undirskilið er að það sé starf við fasteignasölu hans. Það samrýmist ekki viðleitni síðustu ára til þess að efla menntun og þekkingu þeirra sem hafa milligöngu um viðskipti með svo veigamikla hagsmuni fyrir neytendur sem fasteignir eru að unnt sé að hefja slíka milligöngu í atvinnuskyni án þess að hafa teljandi starfsreynslu í greininni. Starfsreynsla er nauðsynleg, ekki aðeins vegna vandasamrar skjalagerðar og flókins regluverks, sem fasteignasalar starfa eftir, heldur einnig vegna þeirra ríku skyldna sem hvíla á fasteignasölum um öflun og framsetningu upplýsinga um fasteign og samskipta við viðskiptamenn. Hefur því t.d. nýlega verið slegið föstu í dómi Hæstaréttar (Hrd. frá 21. nóvember 2002, mál nr. 223/2002) að á fasteignasala hvíli sjálfstæð skylda til að skoða eign og tilgreina þá galla

á henni í söluyfirliti, sem hann átti að sjá við slíka skoðun. Getur það varðað skaðabótaábyrgð að sinna ekki þessari skyldu.

Um þriðja atriðið.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að það sé skilyrði þess að prófraun fasteignasala megi þreyta, að próftaki hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun að mati ráðherra. Sömu rök eru fyrir þessari breytingu og áður eru rakin, efling menntunar fasteignasala og traustari vernd fyrir þá sem trúa þeim fyrir umsýslu með aleigu sína. Engin ástæða er þó til að ganga svo langt sem ráðagerð var um í athugasemdum frumvarps þess er síðar varð að lögum nr. 34/1986, að binda leyfisveitingu við lögfræðinga og viðskiptafræðinga. Þótt inntak þessa skilyrðis sé að tryggja að þeir sem þreyta próf hafi trausta almenna menntun er engin ástæða til að einskorða það við stúdentspróf. Er það bæði vegna þess að valkostir í menntun eru margir og mun fleiri en áður voru, auk þess sem ekki eru rök til þess að meina t.d. þeim sem hlotið hefur byggingarfræðimenntun eða hefur aflað sér meistararéttinda í húsasmíðum að sitja námskeið og þreyta prófraun fasteignasala. Er lagt til að prófnefnd verði falið að taka ákvörðun um það hverju sinni hvort nám og eftir atvikum starfsreynsla þess sem sitja vill námskeið og þreyta próf getur talist sambærilegt því að hann hafi lokið stúdentsprófi.

Um fjórða atriðið.

Fjórða atriðið varðar aukið hlutverk Félags fasteignasala. Félag fasteignasala hefur ekki verið skylduaðildarfélag þótt fjölmargir fasteignasalar hafi átt þar aðild. Félagið hefur því ekki getað gegnt því opinbersréttarlega hlutverki að hafa eftirlit með starfsemi fasteignasala almennt þótt það hafi getað sinnt þjónustu við félagsmenn sína og fyrirbyggjandi eftirliti án þess að hafa til þess lögbundnar heimildir. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um gagngera breytingu á ákvæðum um eftirlit með störfum og starfsháttum fasteignasala. Er Félagi fasteignasala ætlað veigamikið hlutverk í því og lagt til að í tengslum við það starfi eftirlitsnefnd félagsins sem fari með eftirlits- og agavald yfir fasteignasölum sem stjórnvald á fyrsta stigi, en dómsmálaráðherra geti fengið mál til meðferðar sem æðra sett stjórnvald. Með þessum tillögum yrði Félagi fasteignasala falið slíkt hlutverk að óhjákvæmilegt væri að lögbjóða skylduaðild, ella yrði eftirliti ekki við komið þannig að það næði til allra. Í ljósi þessa er eðlilegt að félagið fái að hafa nokkur áhrif á það hverjir verða skipaðir til að hafa með höndum stjórn á námskeiði og prófraun fasteignasala. Er minnt á að skipunarvaldið er enn í höndum ráðherra eins og í núgildandi lögum.

Um fimmta atriðið.

Sömu rök eru fyrir því að ætla prófnefnd nokkru veigameira hlutverk en nefndin hefur í dag þótt gert sé ráð fyrir að ráðherra hafi sömu valdheimildir og samkvæmt gildandi lögum. Eðlilegt er að rýmka nokkuð svigrúmið til þess að semja við háskóla um að annast framkvæmdina við menntun og prófraun fasteignasala. Í því sambandi má geta þess að Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri reka allir endurmenntunarstofnanir eða deildir og hafa til þess góða aðstöðu. Þessar stofnanir/deildir hafa reynslu af skipulagningu og framkvæmd lengri og skemmri námskeiða sem unnt er að taka samhliða starfi. Í ljós hefur komið að það er viðamikið starf fyrir prófnefnd að standa fyrir slíku námskeiði með vali á kennurum, útvegun húsnæðis, skipulagningu kennslutíma og skráningu nemenda í námskeið og sjá um framkvæmd prófa. Verður að telja að það sé bæði hagkvæmara fyrir stjórnvöld og ódýrara fyrir þá sem sækja námskeið og þreyta próf að þeir sem hafa reynslu, starfsfólk og aðstöðu og sinna reglulega námskeiðs- og prófahaldi sjái um framkvæmdina en að halda áfram núverandi skipan. Með orðinu háskóli er átt við þær stofnanir sem falla undir lög um háskóla, nr. 136/1997, þ.e. háskólar almennt, en ekki eingöngu ríkisháskólar.

Um 5. gr.

Í greininni eru reglur um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala. Í meginatriðum er lagt til að efni greinarinnar verði óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Er því ekki ástæða til skýringa um þau atriði. Þó er gerð tillaga um þrjár breytingar á þeirri framkvæmd sem er í dag. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi verði breytt frá því sem er í gildandi lögum og ráðherra ætlað meira svigrúm til að ákvarða með reglugerð hverjir vera skuli í meginatriðum skilmálar starfsábyrgðartryggingar, en ekki aðeins vátryggingarfjárhæðir. Þarfnast þetta atriði ekki frekari skýringar. Í öðru lagi er lagt til að þeir sem starfa við fasteignasölu eða önnur verkefni á vegum löggilts fasteignasala og falla undir ábyrgðartryggingu hans verði starfsmenn hans, þ.e. séu ráðnir til starfa hjá honum á grundvelli ráðningarsamnings, sbr. og 7. gr. frumvarpsins. Önnur skipan, þótt ekki sé hún fortakslaust bönnuð, getur leitt til réttaróvissu. Í þriðja lagi er gerð tillaga um lögboðna hækkun á vátryggingarfjárhæðum í samræmi við fjölda þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala.

Tekið var til sérstakrar skoðunar hvort unnt væri að leggja til þá breytingu að fasteignasali skyldi leggja fram tryggingu vegna tjóns sem hann kynni að valda af ásetningi. Slíkt væri nýlunda í lagaákvæðum sem taka til starfsábyrgðartrygginga einstakra starfstétta, enda hefur vart verið unnt að fá svo víðtækar starfsábyrgðartryggingar. Tekið skal þó fram að í 1. mgr. 87. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, sem tekur til starfsábyrgðartryggingar vátryggingamiðalara, er mælt fyrir um skyldu þeirra til að hafa starfsábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þeir valda í störfum sínum, án þess að það sé takmarkað við gáleysi. Treglega gekk að fá svo víðtækar starfsábyrgðartryggingar. Í reglugerð um vátryggingarskyldu vegna miðlunar vátrygginga, nr. 352/1997, er gildissvið starfsábyrgðartryggingar vátryggingamiðlara þrengt og eingöngu miðað við tjón sem valdið er af gáleysi. Einnig skal tekið fram að þegar fyrst var mælt fyrir um skipan ábyrgðartryggingar fasteignasala í reglugerð nr. 520/1987 var gert ráð fyrir tvíþættri tryggingu. Annars vegar hefðbundinni ábyrgðartryggingu, sem tók til tjóna sem valdið var af gáleysi, og hins vegar sjálfskuldarábyrgðartryggingu sem bæta skyldi tjón sem valdið var af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í framkvæmd var þessi tvískipting flókin og kallaði gjarnan fram ágreining um það undir hvora trygginguna tjónið félli. Reyndist neytendum, þ.e. tjónþolum, erfitt að sækja rétt sinn þar sem fyrst þurfti að skera úr um hvort tjóni væri valdið af almennu gáleysi eða af stórfelldu gáleysi/ásetningi áður en til þess kom að bætur væru greiddar. Var þessu því breytt síðar í núverandi horf. Ekki þótti fært vegna fenginnar reynslu að leggja til í frumvarpi þessu reglur um víðtækara gildissvið starfsábyrgðartryggingar fasteignasala en er í gildandi lögum þótt ekki verði fram hjá því litið að ásetningsbrot geta valdið alvarlegum tjónum. Önnur ákvæði frumvarpsins miða einnig að mun ríkara eftirliti en hingað til hefur verið með starfsemi fasteignasala, auk þess sem lagt er til að lögfestar verði reglur um skyldu fasteignasala til að geyma fé viðskiptamanna, sem þeir kunna að hafa undir höndum, á vörslufjárreikningum. Er því gert ráð fyrir mun meira aðhaldi með starfsemi fasteignasala en nú er og ætti það að draga úr hættu á tjónum þótt aldrei verði komið í veg fyrir slíkt.

Um fyrri breytingartillöguna, sem getið er að ofan, skal tekið fram að í 5. gr. gildandi laga er einnig í þessu sambandi notað orðalagið „gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans“. Sé það skýrt samkvæmt orðanna hljóðan á reglan ekki við um þá sem eru verktakar hjá fasteignasala við sölumennsku eða skjalagerð. Er sú skýring í samræmi við reglur skaðabótaréttar. Framkvæmdin hefur verið sú að vátryggingafélög hafa til þessa, þrátt fyrir tilvitnað orðalag laganna, litið fram hjá því þótt tjóni sé valdið af manni sem ekki er starfsmaður fasteignasala heldur er í þjónustu hans á grundvelli verksamnings.

Brýn nauðsyn er á því að þeir sem koma fram f.h. löggilts fasteignasala séu starfsmenn hans, þ.e. séu ráðnir til starfa á grundvelli ráðningarsamnings, en sinni ekki verkefnum sem verktakar. Ástæða þessarar brýnu nauðsynjar er sú að samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð ber vinnuveitandi ábyrgð á skaðaverkum sem starfsmenn hans valda með saknæmum hætti. Af þessu leiðir að ef vinnuveitandi sem er löggiltur fasteignasali tekur lögboðna starfsábyrgðartryggingu tekur sú starfsábyrgðartrygging einnig til tjóns sem starfsmenn hans (þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum) valda vegna þess að reglan um vinnuveitandaábyrgð leiðir til skaðabótaábyrgðar hans á slíku tjóni. Meginregla skaðabótaréttar er á hinn bóginn sú að þeir sem vinna verk sem verktakar bera sjálfir ábyrgð á því tjóni sem þeir valda með skaðabótaskyldum hætti, en ekki verkkaupinn. Í þessu felst að ef löggiltur fasteignasali fær verktaka til þess að sinna sölumennsku eða öðrum störfum og sá veldur viðskiptamönnum tjóni með saknæmum hætti, þá ber löggilti fasteignasalinn venjulega ekki skaðabótaábyrgð, a.m.k. ekki á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og af því leiðir að starfsábyrgðartrygging hans tekur ekki til tjónsins. Málið er að vísu nokkuð flóknara því reglur kröfuréttar leiða til þess að ef maður fær þriðja mann til þess að vinna verk, sem hann er skuldbundinn til samkvæmt samningi, þá ber hann að öðru jöfnu ábyrgð á tjóni sem þessi maður veldur. Á það við um tjón vegna vanefnda á samningi, þ.e. samningsábyrgðin tekur til þriðja manns. Hér eru þó mörk ábyrgðar mjög óljós. Réttarstaða tjónþola er því óvissari þegar tjóni hans er valdið af verktaka en ef því er valdið af þeim sem ráðinn er til starfa hjá fasteignasala. Fleira kemur hér til. Þróun í fasteignasölu á liðnum árum hefur verið á þann veg að fasteigasölur hafa margar stækkað verulega og fjöldi þeirra sem sinna verkum fyrir ýmsa fasteignasala hefur aukist verulega. Er nú svo komið að sumir fasteignasalar hafa á sínum snærum fjölda manns, ýmist á starfsstöð sinni eða í útibúum, og réttarsamband þeirra við fasteignasalann er í mörgum tilvikum reist á annars konar samningi en ráðningarsamningi. Einnig er það þekkt að fasteignasali hafi forræði á starfsstöð sinni og rekstri fasteignasölu, en hafi ekki annað réttarsamband við þá sem selja fasteignir á hans vegum en að hann leigi viðkomandi aðstöðu þar gegn gjaldi og heimili þeim að koma fram undir nafni sínu og löggildingu. Slík staða eykur líkur á því að tjón verði, einkum þegar sölumenn eru reynslulitlir og skortir þekkingu, en engar kröfur eru gerðar til þeirra í lögum. Ekki er því víst að niðurstaðan verði alltaf sú að fasteignasalinn verði talinn bera ábyrgð á skaðaverkum verktaka sem selja undir merkjum hans, eða merkjum sjálfstæðs firma, þar sem fasteignasalinn sjálfur er ekki í forgrunni. Þess ber einnig að geta að tjón sem valdið er við fasteignasölu getur hæglega farið umfram lágmarksvátryggingarfjárhæð og þá getur verið álitaefni hvort alltaf sé víst að fasteignasalinn beri það tjón sem umfram er, t.d. ef hann er starfsmaður tjónvalds. Á þá að beita reglunni um vinnuveitandaábyrgð um slík tilvik?

Af framangreindu leiðir að það mundi skýra réttarstöðu viðskiptamanna ef breyting yrði á þeirri skipan sem nú er orðin svo útbreidd að verktakar, sumir hverjir með afar sjálfstæða stöðu, sinni þjónustu á vegum löggiltra fasteignasala.

Við skipan laga um þessi efni er nauðsynlegt að búa svo um hnúta að enginn vafi geti leikið á því að viðskiptamaður sem kann að verða fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi þess sem raunverulega hefur milligöngu um viðskipti með fasteign hans eigi skaðabótakröfur á hendur hinum löggilta fasteignasala. Er það ekki síst mikilvægt þar sem að baki honum er hin lögboðna ábyrgðartrygging. Tryggasta staðan er þegar þeir sem starfa á vegum fasteignasala gera það á grundvelli ráðningarsamninga, enda gilda þá almennar reglur skaðabótaréttar um ábyrgð fasteignasalans sem vinnuveitanda á skaðaverkum sem þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum vinna.

Nauðsynlegt er að eyða óvissu um skaðabótaréttarlega stöðu þeirra sem verða fyrir tjóni vegna starfsemi fasteignasala, enda er það unnt án þess að skerða um of samningsfrelsi eða hefta þróun í fasteignasölu og rekstrarformi þeirra.

Um síðara atriðið, þ.e. að lagt sé til að vátryggingarfjárhæðir hækki með tilteknum hætti í samræmi við fjölda þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala, er það að segja að slík breyting er óhjákvæmileg. Til skamms tíma voru fasteignasölur flestar smáar, þar starfaði oftast einn fasteignasali og einn eða tveir starfsmenn. Við setningu laga nr. 34/1986 og síðar laga nr. 54/1997 voru dæmi þess að fleiri en einn fasteignasali störfuðu saman og báru óskipta ábyrgð á rekstrinum. Þessi staðreynd leiddi til þess að mælt er fyrir um það í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. gildandi laga að ef tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvor annars teljist þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu og skal þá lágmarkstryggingarfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Á hinn bóginn er engin regla um samsvarandi hækkun þótt á vegum fasteignasala séu menn sem sinna fasteignasölu á hans vegum, án þess að vera fasteignasalar sjálfir. Má ljóst vera að hætta á tjóni er ekki minni þegar samstarfsmenn fasteignasalans eru ekki með löggildingu og e.t.v. ekki þá menntun og reynslu sem fasteignasalar hafa. Þetta á því fremur við sem æ algengara verður að mikill fjöldi manna sem ekki eru fasteignasalar starfi á vegum eins fasteignasala, jafnvel í öðru sveitarfélagi. Er þetta rætt að framan. Til þess að tryggja stöðu þeirra sem fela fasteignasölum að hafa milligöngu um viðskipti með fasteignir sínar er nauðsynlegt að gera þá breytingu sem hér er lögð til, þ.e. að vátryggingarfjárhæðir hækki í samræmi við fjölda starfsmanna. Ekki er gerður greinarmunur á því hvaða störf viðkomandi starfsmenn vinna, enda sinnir yfirgnæfandi meiri hluti starfsmanna á fasteignasölum sölustarfsemi, a.m.k. að einhverju marki.

Í ljósi framanritaðs er gerð tillaga um reglur sem fela í sér fjögur tilbrigði, þ.e.:

- Þegar fasteignasali starfar einn og án starfsmanna miðast vátryggingarskylda hans einungis við lágmarksvátryggingarfjárhæðir.
- Þegar tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvor annars skulu lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækka um 10% fyrir hvern þeirra sem er umfram einn.
- Þegar einn fasteignasali á fasteignasölu en hefur fasteignasala sem starfsmann sinn án þess að hann beri óskipta ábyrgð á rekstrinum og skuldbindingum sem stofnast vegna hans, hækka lágmarksvátryggingarfjárhæðir ekki, enda er ljóst að fasteignasali sem ráðinn er til starfa hjá öðrum hefur að lögum starfsábyrgðartryggingu, enda getur hann annars ekki verið fasteignasali. Sá fasteignasali sem ræður hann til starfa ber einnig ábyrgð á honum á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Eru því viðskiptamenn í raun með tvenns konar tryggingar í þessum tilvikum. Eru dæmi þess að ábyrgð hafi verið felld á báða fasteignasalana í slíkum tilvikum, sbr. Hrd. 27. mars 2003 í málinu nr. 333/2002.
- Fasteignasali sem ræður til sín starfsmenn fullnægir vátryggingarskyldu sinni með því að lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækki um 10% fyrir hvern mann sem ráðinn er til starfa hjá honum.

Um 6. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. gr. gildandi laga, en þó eru gerðar nokkrar tillögur til breytinga. Lúta þær ýmist að því að lagðar eru til nýjar reglur eða að ákvæði í gildandi lögum verði flutt til. Tilgangur með breytingartillögunum er einkum sá að miða reglurnar

meira við eðlilega tímaröð atvika en gert er í gildandi lögum, svo og að gera þær skýrari að því leyti sem þörf telst á.

Eftirfarandi breytingartillögur eru gerðar:

Lagt er til að 1. mgr. 7. gr. gildandi laga verði flutt í 3. mgr. þessarar greinar án efnislegrar breytingar.

Lagt er til að við 4. mgr. gildandi laga, sem er 5. mgr. í þessari grein frumvarpsins, verði bætt ákvæði um að bannað sé öðrum en þeim sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu að nota starfsheiti sem er lýsandi um starfsemina eða hætta kann að vera á að ruglað sé saman við störf þau sem um ræðir, þ.e. fasteignasölu, fyrirtækjasölu eða skipasölu. Tillagan um þessa breytingu er gerð til að treysta stöðu þeirra sem leita eftir þjónustu fasteignasala. Nokkuð hefur verið tíðkað að notað sé starfsheitið fasteignamiðlari (skipamiðlari) af þeim sem ekki hafa löggildingu sem fasteignasali. Orðið fasteignamiðlari en nákvæm lýsing á því starfi sem fasteignasali sinnir. Ekki er unnt að ætlast til að fólk sem lítið þekkir til slíkrar starfsemi geri greinarmun á orðunum fasteignasali og fasteignamiðlari, enda eru orðin lík og lýsa sömu starfsemi, hið síðara reyndar betur en hið fyrra. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að unnt sé að blekkja fólk með þessum hætti. Er því lagt til, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 25. gr. dönsku fsl., að tekið sé af skarið um að ekki sé heimilt að nota starfsheiti sem til þess eru fallin að villa heimildir á þeim sem sinna sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Ákvæði 6. og 7. mgr. frumvarpsins eru nýmæli. Hið fyrra er í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkuð er, þ.e. að auglýsa hver hafi fengið löggildingu sem fasteignasali í Lögbirtingablaði. Bætt er við að tilkynna beri það Félagi fasteignasala, en nauðsynlegt er að það sé gert þar sem eftirlit með fasteignasölum er, ef frumvarp þetta verður að lögum, fært frá dómsmálaráðuneyti til félagsins. Þess skal getið að skyldan til að auglýsa hver hafi fengið löggildingu sem fasteignasali gildir líka þegar manni er veitt löggilding að nýju, eftir að hann hefur misst hana, t.d. vegna tímbundinnar sviptingar. Ákvæði 7. mgr. þarfnast ekki skýringa. Skrá um fasteignasala er í dag einnig haldin í ráðuneytinu.

Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar frá því sem er í gildandi lögum. Áður er að því vikið að lagt er til að 1. mgr. 7. gr. gildandi laga verði færð í 6. gr. Því til viðbótar eru tillögur um nokkur nýmæli í greininni. Segja má að markmið þeirra breytingartillagna sé hið sama í öllum tilvikum, þ.e. að efla sjálfstæði fasteignasala og tryggja hagsmuni þeirra sem nota þjónustu fasteignasala að því leyti að víst sé að sú þjónusta, sem fram er boðin, sé á veitt af og á ábyrgð fasteignasala sem hlotið hefur löggildingu til starfans og nýtur verndar starfsábyrgðartryggingar. Þá eru tillögur um að rýmka ákvæði gildandi laga um heimildir til að stofna útibú en jafnframt gera áskilnað um að raunverulega sé um að ræða útibú, ekki sjálfstætt félag eða fyrirtæki, og að útibúinu sé veitt forstaða af fasteignasala.

Í 1. mgr. er lagt til að fasteignasala verði skylt að starfa á fasteignasölu sinni. Er þessi krafa sjálfsögð og í samræmi við þá stefnu frumvarpsins að þeir sem leita til fasteignasölu, sem starfar í nafni eða á vegum fasteignasala sem fengið hefur löggildingu til starfans, geti verið vissir um að hann sé í raun sá er að rekstrinum stendur og sinnir þjónustu við viðskiptavini, en noti ekki til þess aðra menn. Hefur óneitanlega borið á slíku. Reglan sem um ræðir felur ekki annað í sér, en að fasteignasali sinni þeim störfum sjálfur sem hann hefur fengið sérstakan rétt frá ríkinu til þess að stunda og með drengskaparheiti skuldbundið sig til að rækja með kostgæfni og samviskusemi, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þessi regla kemur ekki í veg fyrir að fasteignasali ráði til sín starfsmenn til að sinna t.d. sölumennsku, upplýs-

ingaöflun og undirbúningi skjalagerðar. Reglan mælir fyrir um að fasteignasali sé á vinnustaðnum og starfi við reksturinn. Hann ber einnig ábyrgð á störfum þeirra sem hann hefur ráðið til starfa. Þess má geta að sama krafa er gerð til lögmanna, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998. Með þessari reglu yrði þó ekki komið í veg fyrir að sá sem aflað hefur sér löggildingar til fasteignasölu ráði sig til starfa hjá öðrum fasteignasala. Þykir rétt að leggja til að þetta verði sérstaklega tekið fram til þess að taka af allan vafa. Þá er sérstaklega tekið fram að þeir sem fasteignasalinn hefur í þjónustu sinni við fasteignasöluna, þ.e. hinni leyfisskyldu starfsemi, skuli falla undir ábyrgðartryggingu hans. Almennt felst í því að þeir þurfi að vera ráðnir til starfa hjá honum þótt ekki sé það ófrávíkjanlegt skilyrði. Með þessu er leitast við að takmarka eftir megni þá réttaróvissu sem fylgir verksamningum í þessari starfsgrein.

Í 2. mgr. er lagt til að sett verði regla sem gerir ráð fyrir að fasteignasölu megi reka í félagsformi, svo sem tíðkað er í dag. Lagt er á hinn bóginn til að gengið verði út frá að eignarhald slíks félags sé í höndum fasteignasalans sjálfs, a.m.k. að meiri hluta til. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að aðrir en fasteignasalinn eigi minni hluta í félaginu. Það gerir einnig ráð fyrir að framkvæmdastjórn fasteignasölu, þ.e. rekstrarleg framkvæmdastjórn, geti verið í höndum annars en fasteignasalans sem þá sinnir faglegum verkefnum. Sé þessi háttur hafður á er á hinn bóginn áskilið að meðeigandi og/eða framkvæmdstjóri fullnægi þeim skilyrðum að eiga lögheimili hér á landi og hafa sem meginreglu alltaf haft forræði á búi sínu. Nokkuð hefur borið á því að menn sem sjálfir hafa ekki löggildingu sem fasteignasalar og fullnægja ekki skilyrðum til þess að fá löggildingu reki í raun fasteignasölur og fái til starfa hjá sér fasteignasala sem hafa löggildingu. Má t.d. sjá slíkt í dómi Hæstaréttar frá 21. nóvember 2002, máli nr. 223/2002. Verulega skortir á sjálfstæði fasteignasala í slíkum tilvikum, enda er hann þá í raun ekki annað en starfsmaður þess sem á og fer með alla stjórn á fasteignasölunni og þarf að lúta fyrirmælum hans sem vinnuveitanda. Þannig hafa menn getað sniðgengið gildandi reglur sem gilda um þá er annast fasteignasölu. Leitast er við að koma í veg fyrir þetta með þeim reglum sem gerð er tillaga um í þessari málsgrein. Rétt þykir að benda á að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala hefur heimild til að ganga eftir því að rekstri sé háttað eins og hér er gerð tillaga um.

Sérstaklega er tekið fram að ákvæðið eigi ekki að koma í veg fyrir að fleiri en einn fasteignasali sem starfa saman eigi sameiginlega meiri hluta í félagi.

Í 3. mgr. er hnykkt á því að þótt fasteignasala sé rekin í nafni félags beri fasteignasalinn samt sem áður fulla og óskipta ábyrgð á því tjóni sem viðskiptamönnum kann að vera valdið t.d. af starfsmönnum einkahlutafélags ef reksturinn er í nafni þess. Líklega felur lögfesting þessarar reglu ekki í sér neina breytingu á gildandi rétti, en ástæða er til að taka af skarið um hvaða regla gildir um þetta. Er sambærileg regla í 3. mgr. 19. gr. laga um lögmenn. Í 2. málsl. málsgreinarinnar eru svo hnykkt á því til samræmis við 1. mgr. að aðrir sem starfa í þjónustu félagsins (við fasteignaviðskipti, sölu, skjalagerð og annað) skuli falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasalans.

Í 4. mgr. er að finna reglur sem eru að hluta sama efnis og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Ýmsar breytingartillögur er þó að finna í þessari málsgrein. Ákvæðið heimilar fasteignasala, eða félagi sem rekur fasteignasölu skv. 2. mgr., að stofna útibú. Ekki er skilyrði að útibú sé í öðru sveitarfélagi, svo sem er í gildandi lögum, enda skortir fullnægjandi rök fyrir því skilyrði. Með orðinu útibú er ekki átt við sjálfstætt fyrirtæki, heldur deild eða annars konar hluta af fasteignasölunni. Þannig hefur orðið almennt verið skilið í félagarétti. Þar er gerður greinarmunur á útibúi og dótturfélagi sem er sjálfstætt félag. Með útibúi í þessari málsgrein er átt við þrönga merkingu orðsins. Útibú er því ein reikningsleg heild með aðalskrifstofu.

Þau verkefni sem útibú hefur með höndum eru í engu frábrugðin þeim sem aðalskrifstofan sýslar með. Þess vegna verður að gera áskilnað um að útibúi sé veitt forstaða af hálfu fasteignasala, þ.e. manns sem hefur löggildingu sem fasteignasali. Það tryggir stöðu viðskiptamanna þannig að þeir njóti sama öryggis og þeir sem skipta við aðalskrifstofu. Sá er veitir útibúi forstöðu hefur sömu stöðu og aðrir sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala. Sá sem á fasteignasölu, hvort sem hann rekur hana í eigin nafni eða í nafni félags, er eigandi útibúsins og ber samkvæmt framansögðu alla fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess. Ekki er því unnt að komast fram hjá reglum um eignarhald og fjárhagslega ábyrgð með því að stofna útibú.

Í 5. mgr. er hnykkt á því að ákvæði 2. og 3. mgr. skuli gilda um útibú fasteignasala og hann skuli vera eigandi að rekstri þess.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um réttarstöðu fasteignasala, um störf þeirra og starfshætti. Í II. kafla gildandi laga eru ákvæði um sama efni. Að stofni til eru ákvæði þessa kafla frumvarpsins sama efnis. Lagt er til að greinaskipan gildandi laga verði breytt, þannig að efni greina sé meira í samræmi við þá rás atburða sem algengust er. Þannig er t.d. gerð tillaga um að í 9. gr. verði ákvæði um samninga um söluþjónustu fasteignasala, en grein um þetta er í 14. gr. gildandi laga, lokaákvæði II. kafla. Gerðar eru tillögur að nokkrum efnisbreytingum á gildandi rétti og eru þær þessar helstar:

Í fyrsta lagi er lagt til að vægi söluyfirlits verði aukið frá því sem nú er og lögfest fyrirmæli um að sýna beri væntanlegum tilboðsgjafa söluyfirlitið og láta hann árita það til staðfestingar á því. Hefur nokkuð borið á því að söluyfirlit hafi ekki verið gert þegar í upphafi sölutilrauna, svo sem lögboðið er, og má reyndar finna þess dæmi í dómaframkvæmd að söluyfirlit sé alls ekki útbúið, sbr. Hrd. frá 13. febrúar 2003 í málinu nr. 353/2002. Slíkt brot fasteignasala á starfsskyldum sínum getur stofnað hagsmunum þess sem hann vinnur fyrir í mikla hættu. Hið aukna vægi söluyfirlits er undirstrikað með því að lagt er til að reglur um meginatriði í efni þess verði færðar í lagatextann sjálfan, svo sem gert var í lögum nr. 34/1986, en ekki hafðar í reglugerð svo sem skipan mála er í gildandi reglum, sbr. reglug. nr. 93/1998. Þá er gerð tillaga um sérstakar reglur um efni söluyfirlits við fyrirtækjasölu.

Í öðru lagi er lagt til að mælt sé með ótvíræðum hætti fyrir um skyldu fasteignasala til upplýsingaöflunar vegna söluyfirlits og um ábyrgð hans vegna rangra upplýsinga í söluyfirliti sem rekja má til gáleysis hans og loks er lagt til að sérstaklega verði tekið fram að skylda seljanda til að veita upplýsingar sé óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögunum. Þótt ákvæði um þetta séu ný er um efnisreglur að ræða sem gilt hafa í réttarframkvæmd, sbr. Hrd. frá 21. nóvember 2002, mál nr. 223/2002, og Hrd. 27. mars 2003, mál nr. 333/2002.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um nýtt ákvæði um skyldur fasteignasala við kynningu á eign sem honum hefur verið fengin til sölumeðferðar, en það ákvæði miðar við að fasteignasalinn leggi sig í líma við að láta aðeins frá sér fara upplýsingar um fasteign sem séu í samræmi við raunverulega eiginleika hennar og ástand og að hann gæti hófs í öllum lýsingum á fasteigninni. Hefur borið á því að einungis sé lýst kostum fasteigna í sölukynningum á þeim sem oft hefur gefið ranga mynd af raunverulegum eiginleikum og ástandi fasteignar og skapað óraunhæfar væntingar hjá kaupendum.

Í fjórða lagi er veigamikið nýmæli í 17. gr. þar sem lagt er til að lögfest verði skylda fasteignasala til þess að varðveita allt fé sem hann tekur við úr hendi annarra aðgreindu frá eigin fé, þ.e. á sérstökum vörslufjárreikningum. Slíkri skipan hefur verið komið á hjá lögmönnum og virðist hafa gefist vel og ekki valdið teljandi vandræðum í framkvæmd.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. málsl. er óbreytt frá því sem er í 8. gr. gildandi laga. Lagt er til að hnýtt verði við það nýju ákvæði í 2. málsl. um að þagnarskylda haldist þótt fasteignasali láti af störfum. Vart getur leikið vafi á því að þessi efnisregla gildir nú þegar. Þó þykir rétt að leggja til að þetta verði tekið afdráttarlaust fram í 8. gr. Er það til samræmis við meginregluna um þagnarskyldu starfsmanna ríkisins í 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og um þagnarskyldu sveitastjórnarmanna, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Eðlilegt er, í ljósi þeirrar réttarstöðu fasteignasala að þeir teljast opinberir sýslunarmenn, að sambærilegt orðalag sé á reglum um þagnarskyldu þeirra og þeirra sem teljast opinberir starfsmenn þótt blæbrigðamunur sé á ýmsum þáttum í réttarstöðu þeirra.

Um 9. gr.

Í 11. og 14. gr. gildandi laga eru ákvæði um skyldu fasteignasala til þess að gera samning við umbjóðanda sinn um þóknun fyrir starfann og greiðslu útlagðs kostnaðar (14. gr.) og um skyldu hans til að tryggja sér ótvírætt umboð til þess að sinna þeim verkum sem honum eru falin (11. gr.). Í framkvæmd hefur samningur um söluþjónustu fasteignasala og um þóknun honum til handa verið á einu skjali. Þykir því rétt að um þessi atriði verði fjallað í einni grein, svo sem lagt er til í 9. gr. frumvarpsins. Auk þess er gerð tillaga um minni háttar orðalagsbreytingar.

Lögð er áhersla á í greininni að samningur um þjónustu fasteignasala sé gerður áður en hann tekur til við starfann. Nýmæli er að áskilnaður sé um að hann eigi að vera skriflegur. Í framkvæmd hefur svo almennt verið. Það er mikilvægt fyrir neytandann, sem skiptir við fasteignasala, og raunar einnig fyrir fasteignasalann sjálfan að enginn vafi leiki á um hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna. Ekki er önnur hagfelld leið til að tryggja ótvíræða sönnun um verkefni fasteignasala en að mæla fyrir um að samningur um þjónustu hans sé skriflegur. Ástæða þess að kveðið er á um að samningur um þjónustu fasteignasala sé gerður áður en hann tekur við starfanum er sú að borið hefur á því að þetta sé ekki gert svo ótvírætt sé fyrr en á síðari stigum. Er það óheppilegt og til þess fallið að skapa ágreining um hvert hafi verið verkefni fasteignasalans, sbr. t.d. Hrd. 1995, bls. 1692. Telja má víst að skriflegur samningur, gerður á réttum tíma, hefði gerbreytt aðstæðum sem urðu tilefni til þessa dóms. Þá er lagt til að notað verði það orðalag að í samningi skuli tilgreint hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna í stað þeirrar upptalningar sem er í 11. gr. gildandi laga. Þá er blæbrigðamunur á orðalagi um ákvörðun þóknunar fasteignasala því oft er ekki unnt að ákveða fjárhæð þóknunar fyrir fram, einkum ef hún á að vera hlutfall af söluverði eignar. Í þeim tilvikum ber að tilgreina hvernig þóknun skuli ákveðin. Er þetta nákvæmara orðalag en er í 14. gr. gildandi laga og meira í samræmi við framkvæmdina.

Orðalagi greinarinnar er hagað þannig að ekki á að leika vafi á því að skylt er að gera samning, hvort sem fasteignasala er falið að selja fasteign eða honum er falið að aðstoða við kaup, eða hafa önnur verkefni með höndum. Þegar fasteignasali gerir samning við seljanda um að hafa milligöngu um sölu á fasteign hans, en tekur jafnframt að sér verkefni fyrir kaupanda, svo sem vinnu við þinglýsingu skjala, samskipti við opinberar stofnanir o.fl., felur ákvæðið í sér að hann verður einnig að gera um þetta samning við kaupandann. Með þjónustu í ákvæðinu er því bæði átt við verk sem hann tekur að sér fyrir seljanda og kaupanda.

Að öðru leyti er ekki þörf skýringa á greininni.

Um 10. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um skyldu til að gera söluyfirlit, um afhendingu þess til væntanlegs tilboðsgjafa og staðfestingu á þeirri afhendingu og um skyldu til að afla undirskriftar seljanda á söluyfirlit til þess að hann staðfesti að þær upplýsingar sem þar eru tilgreindar séu réttar. Efni greinarinnar svarar að hluta til 1. málsl. 12. gr. gildandi laga og 4. mgr. 2. gr. reglug. nr. 93/1998, um samninga um söluþjónustu fasteignasala og söluyfirlit. Að hluta til eru nýmæli í greininni.

Reglur þessarar og annarra greina, sem varða söluyfirlit, taka mið af því mikilvæga hlutverki þessa skjals að á grundvelli þess, þ.e. þeirra upplýsinga sem þar koma fram, á kaupandi sem skoðað hefur eign að geta reist mat sitt á því hvort hann vilji kaupa fasteignina og hvað hann vilji greiða mikið fyrir hana. Mikilvægi þessa skjals verður því seint áréttað of oft.

Í 1. mgr. er tekið fram að fasteignasala beri strax og hann fær eign til sölumeðferðar að semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar. Hið sama á við þegar fasteignasala er falið að ganga frá kauptilboði í fasteign og/eða kaupsamningi, t.d. þegar aðilar hafa áður samið um kaup. Fasteignasalanum ber þá, þrátt fyrir að kaupsamningur sé í raun á kominn, að gera söluyfirlit í samræmi við lögin og afla áritana á það. Þótt þetta sé ekki í bestu samræmi við tilgang söluyfirlits er nauðsynlegt að gera slíkt yfirlit einnig við þessar aðstæður, enda getur það komið í veg fyrir ágreining samningsaðila síðar og getur haft þýðingu ef kaupandi hyggst selja fasteignina. Í texta ákvæðisins kemur fram að hafi þegar verið gert söluyfirlit þegar tilboðsgjafi eða kaupandi leitar til annars fasteignasala um aðstoð þurfi sá síðarnefndi ekki að útbúa söluyfirlit.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um nýja reglu sem mælir fyrir um að áður en væntanlegur kaupandi gerir tilboð í fasteign skuli honum afhent söluyfirlitið og hann staðfesta móttöku þess með áritun sinni, t.d. á ljósrit eða samrit þess, og tilgreina dagsetningu. Sú skylda hvílir á fasteignasala, verði ákvæðið að lögum, að sjá til þess að framkvæmdin verði þessi. Eins og áður greinir hafa í sumum tilvikum verið nokkur lausatök á því að kaupandi hafi fengið söluyfirlit í hendur, en markmið þessa skjals er þó fyrst og fremst að veita honum upplýsingar um fasteign sem ásamt skoðun á henni eiga að vera nægilega traustur grundvöllur fyrir ákvarðanatöku af hans hálfu. Það er því brýnt að leitast við að skipa reglum svo að lögð sé ótvíræð skylda á fasteignasala að afhenda þeim sem leitar upplýsinga um fasteign eða óskar eftir að skoða hana söluyfirlitið eða tryggja með öðrum hætti að hann hafi fengið það í hendur áður en hann gerir tilboð í hana. Skjalið kemur ekki að sama gagni sé það fyrst afhent eftir að tilboð er gert því tilboðsgjafi er skuldbundinn þegar tilboðið er komið til móttakandans, þ.e. seljanda eignarinnar, sem með samþykki getur komið á samningi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að fasteignasali sem hefur fasteign til sölumeðferðar, eða aðstoðar við tilboðsgerð í eign eða gerð kaupsamnings, eigi að sjá til þess að seljandi undirriti yfirlýsingu um að efni söluyfirlitsins sé rétt samkvæmt bestu vitund hans. Hafi áður verið gert söluyfirlit og það áritað með réttum hætti af seljanda þarf ekki að afla undirskriftar hans á nýjan leik. Sama regla, sem reyndar átti eingöngu við þann fasteignasala er fengið hafði eign til sölumeðferðar, er í 4. mgr. 2. gr. reglug. nr. 93/1998. Ákvæði þessarar málsgreinar er nýmæli að því leyti að lagt er til að skyldan sé víkkuð út svo að hún nái til allra fasteignasala sem hafa milligöngu eða aðstoða við eigendaskipti að fasteign, svo fremi annar fasteignasali hafi ekki útbúið söluyfirlit vegna þeirra sömu viðskipta.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins fela einungis að litlu leyti í sér tillögur til breytinga.

Í 1. mgr. eru reglur sem nú er að finna í 2. málsl. 12. gr. gildandi laga. Lagt er til að orðalagi verði breytt lítillega þannig að tilgang söluyfirlitsins sem skjals megi lesa út úr ákvæðinu. Þess vegna er orðum þess hagað svo að þar segi „[...] sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana“. Er þetta í samræmi við það hlutverk söluyfirlits sem áður er gerð grein fyrir. Orða verður regluna með þeim fyrirvara, að ekki sé víst að kaupandi skoði alltaf fasteign fyrir kaup, enda er honum það ekki fyrirvaralaust skylt skv. 29. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002.

Í 2. mgr. eru reglur sem eru að mestu samhljóða efni 2. gr. reglugerðar nr. 93/1998. Þó eru minni háttar frávik í ýmsum liðum. T.d. er lagt til að regla c-liðar 2. mgr. verði almennari en regla sú sem nú er í 3. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar og fjallar um sama efni. Ástæða þessarar breytingartillögu er sú að erfitt er að fullnægja þeirri skyldu reglugerðarákvæðisins að tilgreina alltaf ástand lagna í fasteign sem sett er til sölumeðferðar. Er slík tilgreining t.d. á frárennslislögnum yfirleitt ágiskun ein, nema henni til grundvallar liggi sérstök rannsókn. Heppilegra er, svo sem lagt er til að gert verði, að skylda seljanda (og fasteignasala) til þess að tilgreina almennt ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem kunnugt er um á eign, en mikilvægt er að þeirri skyldu sé sinnt. Þess skal getið að með orðunum „[...] auk almennrar lýsingar á fasteign [...]“ er m.a. átt við almenna herbergjaskipan eignarinnar, hvernig upphitun sé háttað, glerjun, ástand hennar og útlit.

Þá er lagt til að bætt verði inn lið í söluyfirlit, þ.e. j-lið 2. mgr. frumvarpsins, en þar er lögð sú skylda á fasteignasala að hann sjái til þess að önnur atriði um fasteignina sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið, komi þar fram. Ástæða þessa er sú að fyrir kemur að ástandsskýrslur séu gerðar um fasteignir, t.d. í tilefni af væntanlegri sölu þeirra. Séu slíkar skýrslur til um fasteign, þótt ekki séu þær nýjar, er eðlilegt að skylt sé að kynna þær fyrir væntanlegum tilboðsgjafa eða a.m.k. upplýsa hann um tilvist þeirra, enda getur mikilsverðar upplýsingar verið þar að finna um ástand eignarinnar og annað sem máli getur skipt.

Í 3. mgr. er gerð tillaga um þá breytingu að settar verði sérstakar reglur um efni söluyfirlits þegar fyrirtæki eru seld. Tillagan lýtur einkum að því að til viðbótar þeim upplýsingum, sem koma eiga fram í söluyfirliti þegar fasteign eða skip er selt komi upplýsingar um fjárhagslega afkomu og stöðu fyrirtækis. Er áskilið að upplýsingarnar skuli reistar á endurskoðuðum reikningum fyrirtækis, en séu þeir ekki tiltækir, þá á þeim göngum sem haldbærust má telja. Markmið þessara upplýsinga er hið sama og annarra upplýsinga í söluyfirliti, þ.e. að tryggja að kaupandi fái svo glöggar og traustar upplýsingar um fyrirtæki að söluyfirlitið ásamt skoðun á fyrirtækinu, fari hún fram, sé nægilegur grundvöllur undir ákvörðun hans um hvort hann vill kaupa og hvað hann vill greiða fyrr það.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er að finna nýmæli sem ekki er í gildandi lögum. Á hinn bóginn mun lögfesting þessara nýmæla ekki breyta þeim reglum sem um þetta efni hafa gilt í réttarframkvæmd, en þær má lesa úr forsendum og niðurstöðum nokkurra dóma. Þykir rétt að skrá þessar reglur og leggja til lögfestingu þeirra. Markmið reglnanna er að skilgreina verkaskiptingu við öflun upplýsinga sem fara eiga í söluyfirlit og taka af skarið um hver beri ábyrgð á réttmæti þeirra og á hvaða grundvelli sú ábyrgð sé reist. Þá þykir rétt að taka af skarið um hvaða áhrif upplýsingar í söluyfirliti hafa á upplýsingaskyldu seljanda sem mælt er fyrir um í 26. og 27. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002.

Í 1. mgr. er lagt til að tekið verði af skarið um það að það sé fasteignasalinn sjálfur sem eigi að afla upplýsinga þeirra sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Það að kveðið sé á um að hann eigi að gera þetta sjálfur þýðir ekki að hann geti ekki falið starfsmönnum sínum að gera þetta á sína ábyrgð og í umboði sínu, heldur er verið að undirstrika að það sé fasteignasalinn, en ekki seljandinn, sem skyldan hvílir á. Lagt er fyrir fasteignasala að sækja upplýsingar til opinberra stofnana eftir því sem kostur er og með því er tekið af skarið um það að slíkar upplýsingar á hann ekki að láta sér nægja að fá frá seljanda. Þá er lagt fyrir fasteignasala að kynna sér af eigin raun ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu. Einnig þetta getur hann látið starfsmenn sína gera í sínu umboði og á sína ábyrgð. Í þessu felst að fasteignasali verður að skoða eign fyrir sölu, enda er ljóst að hann getur ekki fullnægt upplýsingaskyldu sinni í söluyfirliti nema framkvæma skoðun. Með þessu er ekki verið að leggja nýja skyldu á fasteignasala því hún hvílir þegar á þeim svo sem slegið er föstu í dómi Hæstaréttar frá 21. nóvember 2002 í málinu nr. 223/2002.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði skýrlega á um að fasteignasali beri ábyrgð á því tjóni, sem kann að verða ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi. Af fyrirmælum í gildandi lögum um að fasteignasali eigi að gera söluyfirlit leiðir að hann ber ábyrgð á því að þessar upplýsingar séu í söluyfirlitinu og á honum hljóta að hvíla skyldur til þess að hafa þær réttar að því marki sem honum er unnt. Regla um ábyrgð hans í þessum efnum er því ekki nýmæli. Lagt er til að tekið verði af skarið um að ábyrgð þessi sé þó ekki hlutlæg, heldur komi eingöngu til ef fasteignasalinn sýnir af sér gáleysi, þ.e. að sakarreglan gildi um grundvöll bótaábyrgðar hans í þessu efni sem öðru. Sjá má þessa reglu í dómaframkvæmd, sbr. Hrd. 1988, bls. 1453, en þar var það talið afsakanlegt hjá fasteignasala að stærðartilgreining fasteignar var ekki alls kostar rétt, enda reglur um stærðarútreikninga, einkum ris-íbúða eins og um ræddi í málinu, á reiki á þeim tíma.

Í 3. mgr. er lagt til að tekið verið af skarið um að upplýsingaskylda seljanda skv. 26. og 27. gr. laga um fasteignakaup, nr. 40/2002, sé óháð þeim skyldum sem hvíla á fasteignasala til upplýsingaöflunar og upplýsingagjafar í söluyfirliti. Upplýsingaskylda seljanda gagnvart kaupanda er rík samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum. Sú skylda minnkar ekki þótt mælt sé fyrir um að fasteignasali eigi að tryggja að tilteknar upplýsingar liggi fyrir í söluyfirliti og ábyrgjast réttmæti þeirra.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru tillögur um ýmis nýmæli sem miða að því að lögfesta reglur um nokkur atriði sem teljast vera góðir starfshættir við fasteignasölu.

Í 1. mgr. er lagt til að sett verði almenn regla um skyldur fasteignasala til þess að veita réttar upplýsingar um fasteign og að hann gæti hófs í allri kynningu á fasteigninni. Er um að ræða almennar leiðbeiningarreglur sem þó leggja ákveðnar skyldur á fasteignasala. Sambærilega reglu er að finna í 21. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, en þar er með almennum hætti mælt fyrir um skyldur þeirra sem auglýsa vörur um að gæta þess að upplýsingar sem þar koma fram séu hvorki rangar, ófullnægjandi né villandi. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að lýsingar á fasteignum í auglýsingum og öðrum kynningum séu ekki hlutlægar og þar séu einungis ætlaðir kostir eignarinnar dregnir fram.

Í 2. mgr. er lagt til að áhersla verði lögð á að nafn fasteignasala komi fram í öllum auglýsingum og kynningum á fasteign og ef fasteignasala er rekin undir firmanafni þá komi nafn þess fasteignasala, sem á firmað og rekur, einnig fram. Áður er vikið að því í þessum athugasemdum að þess gæti í auknum mæli í auglýsingum að sölumenn séu í forgrunni sem milligöngumenn um sölu eigna, svo ætla megi að sjálfstæði þeirra sé mikið og eru nú mörg dæmi

þess að fasteignasala þess sem löggildingu hefur og standa á fyrir starfseminni sé jafnvel alls ekki getið. Slíkt er ekki í samræmi við gildandi lög og leiðir til vafa um það hver beri ábyrgð á fasteignasölunni. Er því nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við sem verið hefur og er leitast við að gera það með þeim tillögum sem hér er gerðar.

Um 14. gr.

Þessi grein er að mestu sama efnis og 9. gr. gildandi laga. Markmið hennar er að tryggja sjálfstæði fasteignasala og koma í veg fyrir að hann hafi aðra hagsmuni af sölumeðferð eignar en þá sem felast í rétti hans til þóknunar og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 1. mgr. 9. gr., en þó er lagt til að gengið verði lengra er þar er gert. Í gildandi lögum er gerð sú undantekning að fasteignasali megi „ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu“ ef hann hefur lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölumeðferðar að hann sé persónulegur kaupandi hennar. Þessi regla var í elstu lögum um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938, sbr. 1. mgr. 5. gr. þeirra. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að þeim lögum eru nokkrar skýringar á þessari reglu sem einkum lúta að því að ef fasteignasala er gert að upplýsa þetta strax geti kaupandi og seljandi frekar varað sig á því og leiðað aðstoðar annarra. (Sjá Alþingistíðindi 1938, A-deild, bls. 197–198.) Þessi rök eru ekki sannfærandi, enda teflt fram á tímum þar sem kröfur til sérstaks hæfis og til neytendaverndar voru aðrar en nú eru viðteknar. Þykir eðlilegast að hafa skýrar línur að þessu leyti og er því lagt til að fasteignasala verði fortakslaust óheimilt að kaupa sjálfur eign sem hann hefur til sölumeðferðar og að láta hið sama einnig gilda um starfsmenn hans. Ef að líkum lætur yrði þessi regla skýrð rýmkandi lögskýringu þannig að þetta ætti einnig við um börn fasteignasalans og maka hans, enda vandséð hvernig ella mætti framkvæma þessa reglu svo vel fari. Ef fasteignasali girnist eign sem honum hefur verið fengin til sölumeðferðar eða til að leita tilboða í fyrir annan mann verður hann að segja sig frá þeim starfa og gera tilboð eins og hver annar. Þá skal þess getið að ekki þykir rétt að nota orðalagið „ganga inn í samning um kaup á eign“ því það gefur til kynna einhvers konar forkaupsrétt, sem er andstætt því sem verið er að banna, þ.e. að fasteignasali kaupi eign sem honum hefur verið fengin til sölumeðferðar. Er því lagt til að orðalagi verði breytt að þessu leyti.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 9. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt er við að ákvæðið eigi einnig við um kaup á fasteign. Því er ætlað að koma í veg fyrir að fasteignasali nýti sér þekkingarforskot í því skyni að komast yfir fasteign. Er lagt til að hún verði óbreytt. Rétt er að benda sérstaklega á að aðeins er átt við upplýsingar, sem fasteignasali eða starfsmenn hans hafa komist að, en aðrir hafa ekki aðgang að. Hér er um að ræða fágæta stöðu, en nauðsynlegt er að viðskiptamenn fasteignasala njóti verndar í slíkum tilvikum.

Ákvæði 3. mgr. er einnig nánast samhljóða 3. mgr. 9. gr. gildandi laga. Þó er bætt við að fasteignasali verði að tilkynna sannanlega um aðra hagsmuni sína af sölu og einnig til fyllingar að hann megi hafa þá hagsmuni af sölu að fá endurgreiddan útlagðan kostnað sinn. Í þessu felst í raun engin breytingartillaga.

Um 15. gr.

Þessi grein er sama efnis og 10. gr. gildandi laga. Er lagt til að hún verði óbreytt. Tekið skal fram að það var vegið og metið hvort þessi regla væri heppileg, þ.e. hvort fasteignasali geti gætt hagsmuna beggja í svo mikilsverðum viðskiptum. Niðurstaðan var sú að reynslan sýni að slíkt sé vel unnt og gangi áfallalaust í flestum tilvikum. Í 9. gr. dönsku fsl., nr. 453/1993, í gr. 3-1 í norsku lögunum um fasteignasölu, nr. 53/1989, og í 12. gr. sænsku lag-

anna um fasteignamiðlara, nr. 400/1995, er kveðið á um þá skyldu fasteignasala að gæta hagsmuna beggja, þ.e. kaupanda og seljanda. Svíar voru síðastir til þess að lögfesta slíka ótvíræða reglu í síðastgreindum lögum, en í eldri lögum þar í landi um sama efni, þ.e. lögum nr. 81/1984, voru reglur í 9. og 10. gr. sem mæltu fyrir um skyldu fasteignasala til að gæta góðrar venju í fasteignaviðskiptum og veita báðum ráðgjöf, en ekki um skyldu hans til að gæta hagsmuna beggja jafnt. Það skref var stigið 1995.

Með hliðsjón af framanrituðu, svo og því að önnur skipan mundi hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir kaupanda og seljanda við fasteignaviðskipti, þykir ekki ástæða til að gera breytingar á þeirri skipan sem er í gildandi lögum.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nánast óbreytt frá því sem er í 13. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó lögð til að skylda sú sem mælt er fyrir um í tilvitnaðri grein gildandi laga, að fasteignasali skuli geta nafns síns í öllum auglýsingum, er hluti af 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins þar sem hún á betur heima miðað við uppbyggingu reglna kaflans. Með kynningu er átt við hvers konar kynningu í söluskyni, þ.m.t. kynningu á vefnum, en slík kynning vegur æ meir í viðleitni fasteignasala til að selja eignir.

Þarfnast greinin því ekki skýringa.

Um 17. gr.

Þessi grein er nýmæli og mundi leiða til umtalsverðra breytinga í starfsháttum fasteignasala ef frumvarpið verður að lögum.

Í gildandi lögum eru ekki reglur um skyldu fasteignasala til þess að tryggja að fjármunir viðskiptamanna séu aðskildir frá fjármunum hans. Algengt er að fasteignasalar hafi um lengri eða skemmri tíma fjármuni viðskiptamanna sinna í vörslum sínum. Oft er t.d. um það samið að greiðslustaður sé á starfsstöð fasteignasalans og oft er honum falið að hafa milligöngu t.d. um að aflétta áhvílandi veðskuldum, einkum ef mikið er áhvílandi og fjárhagur seljanda e.t.v. tæpur. Um getur verið að ræða háar fjárhæðir. Ekki leikur vafi á því að flestir fasteignasalar hafa slíka fjármuni aðskilda frá eigin fjármunum í rekstri sínum. Það gera á hinn bóginn ekki allir. Nauðsynlegt er því að leggja til reglur um skyldu til að halda fjármunum viðskiptamanna aðskildum frá eigin fjármunum fasteignasala og möguleika til að fylgjast með því að eftir þeim reglum sé farið.

Lagt er til að komið verði á sömu skipan og gildir um lögmenn, sbr. 23. gr. laga um þá, nr. 77/1998, og reglugerð um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., nr. 201/1999. Í 26. gr. er kveðið á um að dómsmálaráðherra setji reglugerð um vörslufjárreikninga, svo sem sérstaklega er tekið fram í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Í 20. gr. frumvarpsins er m.a. tilgreint það hlutverk eftirlitsnefndar að fylgjast með að fasteignasalar varðveiti fé í samræmi við reglur um vörslufjárreikninga. Í 21. og 22. gr. frumvarpsins eru einnig ákvæði sem lúta sérstaklega að vörslufjárreikningum og viðbrögðum við því að reglum um þá sé ekki sinnt. Verður að telja að viðskiptamenn fasteignasala hafi brýna hagsmuni af því að settar séu reglur um skyldu þeirra til varðveislu fjár á vörslufjárreikningum.

Ástæða þykir til að árétta að þeir vextir sem kunna að falla á vörslufé renni til þess sem á fjármunina, þannig að ekki leiki vafi á því að fasteignasala beri að skila honum þeim. Þá þykir einnig rétt að leggja til að í lagatextanum, en ekki í reglugerð, verði sérstaklega tekið fram að innstæða á vörslufjárreikningi sé ekki eign fasteignasala, hún sé ekki hæft aðfararandlag kröfuhafa hans og komi ekki til skipta ef bú hans sætir slíkri meðferð.

Um III. kafla.

Reglur þriðja kafla frumvarpsins eru að verulegu leyti nýmæli. Í þessum kafla er lagt til að gerðar verði víðtækar breytingar á þeim reglum sem gilt hafa um eftirlit með starfsemi fasteignasala. Í því sambandi er einnig nauðsynlegt að leggja til að mælt verði fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala og því verði fengið með lögum veigamikið hlutverk í eftirliti með starfsemi félagsmanna þess og ýmsar aðrar skyldur. Félagið mun ekki geta rækt þessar lögbundnu skyldur sínar, sem eru í þágu almannahagsmuna, nema því aðeins að mælt verði fyrir um skylduaðild að því. Er af þeim ástæðum gerð tillaga um skyldubundna aðild að félaginu. Lagt er til að í tengslum við félagið og á kostnað þess starfi eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og að sú nefnd hafi ríkar eftirlitsskyldur. Þó er gert ráð fyrir að sá fasteignasali sem sætir viðurlögum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar þurfi að greiða þann kostnað sem verður af málinu. Það er því einkum hið reglulega eftirlit og úrtaksathuganir sem ekki leiða til beitingar viðurlaga sem félagið, þ.e. allir félagsmenn, greiðir. Lagt er til að félagið tilnefni meiri hluta nefndarmanna sem skipaðir verði af dómsmálaráðherra. Lagt er til að nefndin hafi að vísu ekki skyldubundið reglulegt eftirlit með hverjum fasteignasala nema þriðja hvert ár, en sjálfstæða heimild til að gera sérstakar skoðanir án fyrirvara, svo og ríkar og skýrar heimildir til þess að knýja fasteignasala til þess að fara að lögum og góðum starfsháttum í starfi sínu að viðlagðri áminningu eða sviptingu löggildingar tímabundið.

Við ákvörðun um skipan reglna um eftirlit með einstökum starfsstéttum eða starfsemi ber að fara að ákvæðum laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð nr. 812/1999, sem sett er með heimild í þeim lögum. Samkvæmt því voru athugaðir þeir kostir sem fyrir hendi eru um hvernig skipa eigi reglum um eftirlit með fasteignasölum. Er ljóst að ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Samkvæmt gildandi lögum og lögum um sama efni, sem giltu á undan þeim, þ.e. lögum 34/1986, var eftirlitið í höndum dómsmálaráðherra. Einnig kæmi til álita að fela lögreglustjórum á hverjum stað eftirlit með fasteignasölum með hliðstæðum hætti og gert er um þá sem hafa atvinnu af milligöngu um sölu notaðra ökutækja, sbr. 19. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Viðskiptaráðherra veitir leyfi til slíkrar starfsemi, en eftirlitið er í höndum lögreglustjóra þar sem leyfishafi hefur starfsstöð. Brjóti leyfishafi af sér eða missi skilyrði laganna til að hafa leyfi ber lögreglustjóra að tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir hann leyfinu. Lögreglustjóri getur lokað starfsstöð þess sem stundar sölu notaðra ökutækja án þess að hafa tilskilin leyfi. Þess eru dæmi að Fjármálaeftirlitið hafi á hendi eftirlit með starfsemi sem a.m.k. um sumt svipar til fasteignasölu, þ.e. vátryggingamiðlara, en skv. IX. kafla laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi vátryggingamiðlara. Þá er unnt að láta félagsskap fasteignasala annast eftirlitið, en sú skipan gildir að nokkru um lögmenn, sbr. lög um þá, nr. 77/1998. Lögmannafélag Íslands er skylduaðildarfélag og hefur nokkurt eftirlit með félagsmönnum sínum. Er það að því leyti að í tengslum við félagið starfar úrskurðarnefnd sem hefur úrskurðarvald um ágreining um störf lögmanna. Agavald Lögmannafélags Íslands yfir félagsmönnum sínum styðst þannig við heimildir úrskurðarnefndar. Eftirlit Lögmannafélags Íslands með félagsmönnum sínum felst einnig í því að stjórn félagsins annast skv. 13. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, eftirlit með því að lögmaður upfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum. Komi fram við eftirlit félagsins að félagsmaður fullnægi ekki skilyrðum þeim sem um ræðir ber félaginu að leggja það til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmanns verði felld niður.

Þegar litið er til danskra, norskra og sænskra laga má sjá að eftirliti með starfsemi fasteignasala er hagað með mismunandi hætti.

Í 25. gr. dönsku laganna um viðskipti með fasteignir, nr. 453/1993, er mælt fyrir um að „Erhvervs- og Selskabsstyrelsen" annist eftirlitið, en ákvarðanir þess stjórnvalds má almennt kæra til iðnaðarráðherra, sbr. 31. gr. laganna.

Í norsku lögunum um fasteignasölu, nr. 53/1989, er „Kredittilsynet" eftirlitsaðili með fasteignasölum. Ekki eru fyrirmæli í þeim lögum um að ákvörðunum „Kredittilsynet" megi skjóta til annars stjórnvalds.

Í 7. gr. sænsku laganna um fasteignasölu, nr. 400/1995, er mælt fyrir um að eftirlit með fasteignasölum sé hjá „Fastighetsmäklarnämnden", en ákvarðanir hennar má bera undir stjórnsýsludómstóla. Í nefnd þessari sitja, samkvæmt stjórnsýslureglum er um hana gilda (Förordning (1998/1808) med instruktion för Fastighetsmäklarnämnden og Fastighetsmäklarförordning (1995/1028)), allt að sjö menn sem skipaðir eru af ríkisstjórninni.

Svo sem gerð er grein fyrir í almennum hluta greinargerðar þessarar er eitt af tilefnum þess að ákveðið hefur verið að ráðast í endurskoðun á gildandi lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu að reglum um eftirlit með þessari starfsemi er stórlega ábótavant. Reynslan hefur sýnt að nauðsyn er á viðvarandi eftirliti sem felst í reglubundnum skoðunum á starfsstöð fasteignasala, svo og heimildum til skyndiskoðana þegar sérstök ástæða þykir til. Þegar þessum málum er skipað verður að líta til þess að hver samningur um fasteignakaup, þar sem einstaklingar eiga í hlut, snýst undantekningarlítið um aleigu þeirra og oftast meira, þ.e. veigamikinn hluta af framtíðartekjum. Þegar illa fer fyrir fasteignasala, hann t.d. missir fótanna fjárhagslega geta þessir miklu hagsmunir viðskiptamanna hans verið í uppnámi. Það hafa dæmin sýnt. Þess vegna verða að vera heimildir fyrir eftirlitsaðila til þess að gera skyndiskoðanir og fylgja því fast eftir, ef staða eða hagir fasteignasala eru þannig að hagsmunum viðskiptamanna þeirra sé hætta búin. Þótt benda megi á að þær reglur sem tillaga er gerð um þrengi mjög kosti fasteignasala við þær aðstæður að eftirlitsnefndin telur nauðsynlegt að svipta hann löggildingu tímabundið, þá verða hagsmunir hans að víkja. Hann hefur fengið sérstaka löggildingu hins opinbera til þess að hafa einkarétt til að stunda tiltekna starfsemi í atvinnuskyni. Það er því ekki óeðlilegt að hann þurfi að undirgangast strangar reglur um eftirlit til þess að tryggja að hagsmunum viðskiptamanna hans sé ekki hætta búin.

Frá sjónarhóli mannréttinda er það einkum tvennt sem líta þarf til í þeim reglum sem tillaga er gerð um. Annars vegar hvort það samrýmist félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar, einkum ákvæði 2. mgr. um frelsi til að standa utan félaga, að kveða á um skylduaðild að Félagi fasteignasala. Hins vegar hvort reglur um heimildir til húsleitar að bókhaldi, skjölum og gögnum fari í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Um fyrrnefnda atriðið er það að segja að skylduaðild að Félagi fasteignasala er nauðsynleg til þess að það geti rækt þær skyldur opinbersréttar eðlis sem á það eru lagðar með frumvarpinu og borið af því kostnað. Þær skyldur, sem lagt er til að lögfestar verði, eru einkum eftirfarandi:

- Félagið setur sér samþykktir og siðareglur sem sendar eru ráðherra.
- Félagið kemur fram fyrir hönd fasteignasala gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem varða stétt fasteignasala. Því er t.d. ætlað að veita umsögn áður en ráðherra tekur ákvörðun um hvort víkja megi frá meginreglu b-liðar 1. mgr. 2. gr. um að bú fasteignasala hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta.
- Félagið tilnefnir einn mann í prófnefnd fasteignasala.
- Félagið tilnefnir tvo menn í eftirlitsnefnd þess, en nefndin hefur víðtækar eftirlitsskyldur og heimildir til að beita skilgreindum viðurlögum.
- Eftirlitsnefnd félagsins starfar í tengslum við það og á kostnað þess.

– Félagið leggur eftirlitsnefnd til starfsmann.
– Félaginu ber að gera tillögur til ráðherra um reglur um vörslufjárreikninga.

Þessar víðtæku skyldur getur félagið ekki innt af hendi, nema það hafi til ráðstöfunar umtalsverða fjármuni og ekki er unnt að gera ráð fyrir öðrum tekjuliðum þess en félagsgjöldum. Ber því nauðsyn til að allir fasteignasalar séu félagsmenn því eftirlitið tekur til þeirra allra og þær skyldur félagsins sem getið er að framan eru í þágu allra fasteignasala. Hagur fasteignasala er ekki fyrir borð borinn þótt þeim sé ætlað að kosta eftirlit með starfseminni, enda er það meginreglan um þá sem eru undir lögboðnu opinberu eftirliti, sbr. t.d. 16. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og 4. mgr. 3. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998.

Um síðarnefnda atriðið, þ.e. þegar eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimiluð húsleit í því skyni að afla gagna við rannsókn máls, verður að skipa reglum í samræmi við 71. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er kveðið á um að ekki megi gera húsleit nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Mikilvægt er að reglur feli í sér skýr skilyrði þess að húsleit megi framkvæma. Samkvæmt reglum frumvarpsins er miðað við eftirfarandi skilyrði:

Að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, eða félaginu sjálfu sem kemur því til eftirlitsnefndar, hafi borist trúverðug ábending um misfellur í starfsemi fasteignasala. Hið sama á við ef eftirlitsnefnd kemst að þessu við reglubundna skoðun eða skyndiskoðun þótt ekki sé ástæða til að taka það sérstaklega fram, svo sjálfsagt sem það er.

Að fasteignasali neiti eftirlitsnefnd um aðgang að starfsstöð sinni, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans.

Að eftirlitsnefnd óski aðstoðar lögreglu til að fullnægja eftirlitinu, en í því felst að leit fer einungis fram undir stjórn lögreglu. Um framkvæmdina er vísað til ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í því felst í fyrsta lagi að lögregla metur á frumstigi hvernig hún eigi að bregðast við beiðni eftirlitsnefndar um húsleit og í öðru lagi, ef lögregla telur ekki ástæðu til annars en að verða við beiðni eftirlitsnefndar, að meginreglan er sú að húsleit sem fer gegn andmælum viðkomandi fasteignasala fer einungis fram samkvæmt úrskurði dómara, sbr. 1. mgr. 90. gr. laganna. Framkvæmdin yrði sú að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala krefði fasteignasala þann sem til rannsóknar væri um aðgang að skrifstofu hans. Ef hann neitar eða þar finnst ekkert bókhald, skjöl eða gögn sem leitað er að og ætla má að þau séu á öðrum stöðum sem eftirlitsnefnd er synjað um aðgang að snýr hún sér til lögreglu með beiðni. Lögreglan leggur sitt mat á beiðnina og tilefni hennar og ef ákvörðun er tekin um að halda áfram leggur lögregla beiðni fyrir dómara. Um heimildir til að leita á stöðum, sem aðrir en fasteignasali hafa forræði á, gilda ákvæði 2. mgr. 89. gr. laganna. Verður að ætla að með þessu séu hagsmunir fasteignasala og friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu hans tryggðir, svo sem þau eiga kröfu til.

Um frekari skýringar verður að vísa til skýringa með einstökum greinum þessa kafla frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í þessari grein eru tillögur að reglum um skylduaðild að Félagi fasteignasala og ýmis ákvæði um hlutverk félagsins, en reglur um það er víðar að finna í frumvarpinu.

Í 1. mgr. er gerð tillaga að skylduaðild að félaginu og er rökstutt að framan hvers vegna slíkt sé nauðsynlegt í þágu hagsmuna almennings, þ.e. þeirra fjölmörgu sem viðskipti eiga við fasteignasala. Í því sambandi má geta þess að árið 2001 var velta á fasteignamarkaði samkvæmt ársskýrslu Fasteignamats ríkisins fyrir það ár (bls. 54) um 115 milljarðar kr.,

tæplega helmingur af tekjulið fjárlaga fyrir það ár. Fjöldi kaupsamninga um fasteignir það ár var samkvæmt sömu heimild 10.189 og aðilar að þeim samningum því a.m.k. tvöfalt fleiri. Það má því fullyrða að störf fasteignasala og eftirlit með þeim séu í þágu almannahagsmuna. Við mat á því hvort það samrýmdist félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar var auk skýringa á því ákvæði litið til 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, dóms Hæstaréttar 1998, bls. 718, og Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní 1993 í máli Sigurðar Ármanns Sigurjónssonar gegn Íslandi. Sérstaklega var litið til stöðu Lögmannafélags Íslands. Fullyrða má að Félagi fasteignasala sé ætlað veigameira opinbersréttarlegt hlutverk, ef frumvarp þetta verður að lögum, en Lögmannafélag Íslands hefur. Er einkum átt við hið víðtæka eftirlitshlutverk sem eftirlitsnefnd félagsins, sem starfar í tengslum við það og á kostnað þess, hefur. Skal sérstaklega tekið fram að skylduaðild að Félagi fasteignasala er bundin við þann hluta starfsemi þess sem lýtur að hinum opinbersréttarlegu skyldum. Rekstur félagsdeilda um önnur málefni, sem heimilaður er skv. 7. mgr., kemur einungis til ef fasteignasalar vilja, enda er þeim frjálst að ákveða hvort þeir vilja eiga aðild að þess háttar deildum. Kostnaður við rekstur slíkra deilda skal aðgreindur frá öðrum fjárhag félagsins og greiddur sérstaklega með framlögum þeirra sem kjósa að eiga aðild að þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að félagið skuli setja sér samþykktir, og eins og gerð er grein fyrir næst að framan að það megi ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögunum. Þó er vísað til 6. mgr. um starfsemi félagsdeilda. Þarfnast þetta ákvæði ekki frekari skýringa.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að félagið skuli setja félagsmönnum sínum siðareglur, en siðareglur starfsstétta eins og fasteignasala eru mikilvægur vegvísir um góða háttu í fasteignasölu.

Í 4. mgr. er lagt fyrir félagið að senda ráðherra samþykktir sínar og siðareglur, svo og breytingar á þeim þegar eftir samþykkt þeirra. Ráðherra er ekki áskilinn sérstakur réttur í þessu sambandi, t.d. þarf hann ekki að samþykkja samþykktir félagsins eða breytingar á þeim. Ráðherra er þó nauðsyn að hafa á hverjum tíma rétt uppfærðar samþykktir og siðareglur, t.d. af því að skjóta má ákvörðunum eftirlitsnefndar félagsins til hans til úrlausnar.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að Félag fasteignasala skuli koma fram fyrir hönd félagsmanna sinna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða. Félagið er því málsvari félagsmanna sinna og gætir hagsmuna þeirra t.d. að því er varðar upplýsingar um störf fasteignasala. Félagið er á hinn bóginn ekki vettvangur ákvarðana um gjaldtöku, enda verður hún að fara fram á grundvelli ákvarðana hvers fasteignasala. Undir þetta hlutverk félagsins fellur m.a. skylda þess skv. 2. mgr. 2. gr. til að láta ráðherra í té umsögn áður en hann tekur ákvörðun um hvort veita á undanþágu frá búsforræðisskilyrði b-liðar 1. mgr. 2. gr.

Í 6. mgr. er félaginu heimilað að stofna félagsdeildir sem sinna ólögákveðnum verkefnum, svo sem til þess að tryggja að félagsmönnum og starfsmönnum þeirra standi til boða eðlilegir kostir um símenntun. Ekki felst í þessu að félagsdeildin þyrfti að annast þetta sjálf, heldur gæti hún t.d. samið við endurmenntunardeild/símenntunardeild háskóla um að halda námskeið um tiltekin efni sem félagsdeildin tæki að sér að kynna og hvetja félagsmenn og/eða starfsmenn þeirra til að sækja. Eru í sjálfu sér ekki önnur takmörk fyrir því hvaða starfsemi slíkar félagsdeildir geta rekið, svo fremi sem það samrýmist samþykktum félagsins og ákvörðun um starfsemina er tekin með réttum hætti. Nærtækast er að frjálsar félagsdeildir standi fyrir mennunarkostum og félagslegri afþreyingu fyrir félagsmenn og starfsmenn þeirra.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að í tengslum við félagið skuli starfa eftirlitsnefnd. Orðalagið „í tengslum við“ er hið sama og notað er í 3. mgr. 3. gr. laga um úrskurðarnefnd lögmanna í lögum um þá, nr. 77/1998. Í þessu felst að eftirlitsnefndin er ekki hluti af stjórnskipulagi Félags fasteignasala og tekur ekki við fyrirmælum frá félaginu. Nefndin er stjórnsýslunefnd í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Hún er skipuð af ráðherra og henni er ætlað að taka ákvarðanir um rétt og skyldu þeirra sem undir eftirlit hennar falla. Ákvörðunum hennar um áminningu, um tímabundna sviptingu löggildingar og um lokun starfsstöðvar má skjóta til ráðherra sem æðra setts stjórnvalds. Nefndin starfar í tengslum við Félag fasteignasala, svo sem fyrr greinir, en í því felst að félagið stendur straum af kostnaði við starf hennar og sér henni fyrir starfsmanni. Af þessu leiðir að félaginu ber að sjá eftirlitsnefndinni fyrir aðstöðu, en sú aðstaða getur verið á starfsstöð félagsins ef því er að skipta. Félagið tilnefnir einnig meiri hluta nefndarmanna.

Fyrirmæli eru í 1. mgr. um hvaða hæfiskröfur eigi að gera til þeirra sem skipaðir eru í nefndina. Mælt er fyrir um að einn skuli vera fasteignasali, annar löggiltur endurskoðandi og hinn þriðji, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal vera lögmaður og fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti hæstaréttardómara. Ákvæði um samsetningu nefndarinnar ráðast af þeim faglegu atriðum sem ætla má að reyni helst á í starfi hennar. Nefndin þarf að búa yfir þekkingu á bókhaldi, reglum um fasteignasölu og um lögfræðileg atriði. Sérstaklega er tekið fram að um varamenn gildi sömu hæfiskröfur.

Ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda einnig um hæfi nefndarmanna við meðferð hvers máls.

Eins og fyrr segir er nefndin stjórnvald. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda því um störf hennar og starfsaðferðir. Á hinn bóginn verður að líta til þess að nefndin hefur takmörkuð úrræði til viðurlaga, þ.e. áminningu og tímabundna sviptingu löggildingar, auk réttar og skyldu til að krefjast lokunar á starfsstöð fasteignasala. Hún á einnig að ákvarða kostnað af máli. Henni er ætlað að vinna hratt og oft við aðstæður þar sem ekki er t.d. mögulegt að gefa þeim sem sætir rannsókn kost á að gæta hagsmuna sinna. Verður því að skýra reglur stjórnsýslulaga í þessu ljósi, enda er orðalag ýmissa ákvæða frumvarpsins, einkum 21. gr., sérstaklega miðað við þessar aðstæður.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að það sé Félag fasteignasala sem ber kostnað af því starfi nefndarinnar sem henni er falið með lögunum. Frá þessu er sú undantekning gerð að fasteignasali sem sætir rannsókn eða aðgerðum eftirlitsnefndar sem lýkur með því að hann er beittur viðurlögum er tilgreind eru í 7. mgr. 22. gr. á að greiða kostnað af rannsókn og málsmeðferð. Sá kostnaður rennur til Félags fasteignasala. Það er því kostnaður eftirlitsnefndar sem felst í hinu reglulega eftirliti og úrtaksskoðunum (skyndiskoðunum) sem greiðist jafnt af öllum félagsmönnum. Félagið getur lagt á félagsmenn sína árgjald til að standa straum af þessum kostnaði. Ekki er við því að búast að félagið hafi aðra tekjustofna a.m.k. í upphafi og þess vegna verður að ætla að félagsmenn standi sjálfir straum af öllum kostnaði félagsins með árgjöldum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að félagið skuli sjá nefndinni fyrir hæfum starfsmanni. Ekki er tekið af skarið um það hvort um fullt starf þurfi að vera að ræða, en ætla má að það sé nauðsynlegt í byrjun þegar nefndin er að ná tökum á eftirlitsskyldum sínum. Yrði þetta að ráðast af þeirri þörf sem er fyrir eftirlitið.

Loks er í 4. mgr. ákveðið að nefndarmenn séu bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í störfum sínum og að hún haldist eftir að þeir láta af nefndarstörfum. Hið sama á við um starfsmann eða starfsmenn nefndarinnar.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hlutverk eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Ákvæði um hlutverk nefndarinnar eru í þremur hlutum. Í 1. mgr. er almennt ákvæði um hlutverk hennar, í 2. mgr. eru sérstaklega tilgreind nokkur veigamikil atriði sem hún á að fylgjast með og í þriðja lagi er leitast við að mæla fyrir um hvert hlutverk nefndarinnar við eftirlit sé þegar í hlut eiga lögmenn sem einnig stunda fasteignasölu og lögmenn sem selja einstakar eignir sem þátt í lögmannsstörfum sínum, t.d. búskiptum.

Í 1. mgr. er, sem fyrr greinir, almennt ákvæði um hlutverk eftirlitsnefndarinnar. Þar segir að nefndin eigi að hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga þessara og siðareglur Félags fasteignasala, svo og í samræmi við góðar venjur í fasteignasölu. Í þessari almennu reglu felst að eftirlitsskyldur nefndarinnar eru víðtækar og ekki bundnar við þau einstöku atriði sem talin eru upp í 2. mgr.

Í 2. mgr. eru svo taldir upp þeir þættir í starfsemi fasteignasala sem nefndin skal sérstaklega fylgjast með. Þessi upptalning er í ljósi ákvæðis 1. mgr. ekki tæmandi, en felur í sér þau atriði sem telja verður að mikilvægast sé að nefndin taki til skoðunar þegar hún framkvæmir eftirlit sitt.

Ekki er ástæða til að skýra sérstaklega ákvæði a–c-liðar. Í d-lið er mælt fyrir um að eftirlitsnefndin gangi úr skugga um að fasteignasali geri þau skjöl sem honum ber að gera. Ekki er ástæða til að ætla að misbrestur sé á því að kauptilboð, kaupsamningar og afsöl séu gerð, en á hinn bóginn er, miðað við núverandi aðstæður, ástæða til að ætla að ekki sé nægilega vel staðið að gerð samninga um söluþjónustu né heldur að nægilega sé vandað til gerðar söluyfirlits. Ber nefndinni að ganga eftir því hvort þessi skjöl séu gerð og í d-lið er kveðið á um að hún skuli athuga hvort skjölin séu ekki gerð á réttum tíma, en í því felst að nefndin á t.d. að ganga úr skugga um að söluyfirlit sé gert áður en tilboð er gert í fasteign og á það eða ljósrit þess á að vera kvittað fyrir móttöku og með tímasetningu af þeim sem gerir tilboð.

Í g-lið er kveðið á um að nefndin eigi að fylgjast með því að hagsmunir aðila samnings séu ekki fyrir borð bornir í samningum. Í þessu felst að nefndin á t.d. að fylgjast með því að greiðslu kaupverðs fasteigna sé þannig háttað samkvæmt samningi að kaupandi sé aldrei í þeirri stöðu að hafa greitt svo mikið af kaupverðinu að staða hans sé ekki trygg ef seljandi afléttir ekki þeim veðskuldum sem hann á að aflétta.

Í 3. mgr. er kveðið á um að eftirlitsnefndin eigi að hafa eftirlit með störfum lögmanna sem stunda fasteignasölu, þ.e. þeirra sem fengið hafa löggildingu sem fasteignasalar. Nefndin á þá að hafa sömu heimildir gagnvart þeim lögmönnum og fasteignasölum, en eftirlitsvald hennar er þó takmarkað við þann hluta starfs þessara lögmanna sem lýtur að fasteignasölustörfum, bókhaldi, skjölum og gögnum sem þann þátt varða. Nefndin verður að hafa allar sömu heimildir til eftirlits með fasteignasölustörfum gagnvart þessum hópi og gagnvart fasteignasölum. Ætti það ekki að vera varhugavert í ljósi þess að nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru allir bundnir þagnarskyldu og nefndin á í störfum sínum að fara að samkvæmt fyrirmælum stjórnsýslulaga að því leyti sem kostur er. Eftirlitsnefndinni er ekki ætlað að hafa eftirlit með þeim tilvikum er lögmenn selja fasteignir sem hluta af einstökum lögmannsstörfum þeirra. Þetta eru einkum tilvik er lögmaður hefur með höndum búskipti. Lögmaður má ekki sinna milligöngu um viðskipti með fasteignir, fyrirtæki eða skip í ríkara mæli en svo að örugglega sé um að ræða hluta af öðru lögmannsverkefni hans, t.d. búskipt-

um. Vilji hann sinna þessari milligöngu í ríkara mæli verður hann að afla sér löggildingar sem ekki er viðurhlutamikið fyrir hann. Þykir óvarlegt að eftirlitsnefnd hafi eftirlit með öðrum en þeim sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu og verður að telja að eftirlitskerfi með lögmönnum sé nægilega traust til að annast eftirlit með þessum tilfallandi störfum lögmanna. Þess ber þó sérstaklega að geta að ef lögmaður tekur að sér slík tilfallandi verkefni í tengslum við annað verður hann að fara eftir efnisreglum frumvarpsins, sbr. einkum ákvæði II. kafla, eins og fasteignasalar.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir og skyldur eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Skipta má efni greinarinnar í fjóra þætti. Í hinum fyrsta, þ.e. 1. og 2. mgr., eru ákvæði um skil fasteignasala á yfirlýsingu endurskoðanda um að meðferð hans reikningsárið á undan á fjármunum viðskiptamanna hans hafi verið í samræmi við lögin og reglur um vörslufjárreikninga. Í öðrum þætti, þ.e. 3. mgr., eru ákvæði um skoðunarheimildir og skyldur eftirlitsnefndarinnar, annars vegar heimild til fyrirvaralausra skoðana og hins vegar skyldubundnar skoðanir þriðja hvert ár. Í þriðja þætti, þ.e. í 4. mgr., eru ákvæði um skyldu nefndarinnar til rannsókna þegar sérstök tilefni eru til og kosti hennar til leitar að gögnum einnig þegar sá er rannsókn sætir, eða annar, neitar henni um aðgang að stöðum þar sem ætla má að skjöl eða önnur gögn séu geymd, ekki reynist unnt að afla samþykkis þeirra eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans. Í fjórða þætti, þ.e. 6. mgr., eru ákvæði um skyldu nefndarinnar til að tilkynna lögreglu ef hún telur refsiverð brot hafa verið framin í starfsemi fasteignasala.

Um fyrsta þáttinn skal þess getið að skylda fasteignasala stendur til þess að skila yfirlýsingu löggilts endurskoðanda til eftirlitsnefndar. Hann þarf ekki að skila ársreikningi sínum, eða bókhaldi, enda engin sérstök þörf á því. Eftirlitsnefnd hefur heimild til aðgangs að þessum gögnum í reglubundnu eftirliti sínu, svo og í sérstökum skoðunum og rannsóknum. Einungis þarf að skila fyrirvaralausri yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að hann staðfesti að fasteignasalinn hafi á síðasta reikningsári farið með fjármuni viðskiptamanna sinna eins og ákvæði frumvarpsins og reglur um vörslufjárreikninga bjóða. Slík yfirlýsing af hálfu endurskoðanda felur í sér staðfestingu af hans hálfu um meðferð fjármuna. Hann þarf því að eiga aðgang að bókhaldi og öðrum gögnum fasteignasala til þess að geta gefið yfirlýsinguna.

Yfirlýsingunni ber að skila fyrir lok ágúst ár hvert, vegna næstliðins reikningsárs. Það er brýnt að þessi skil fari réttilega fram, enda er skylda fasteignasala um lögboðna meðferð á fjármunum viðskiptamanna lykilatriði. Sé yfirlýsingu ekki skilað í réttu horfi og þess efnis sem krafist er verða að vera skýrar heimildir til viðbragða af hálfu eftirlitsnefndar. Ekki er unnt að útiloka að gildar ástæður séu fyrir því að yfirlýsingu er ekki skilað á réttum tíma. Er því lagt til að nefndin skuli í fyrstu veita tveggja vikna frest til skila ef þau fara ekki fram fyrir lok ágúst. Miðað er við að fasteignasalar skili að eigin frumkvæði yfirlýsingu innan hins tilgreinda tíma. Eftirlitsnefndin á ekki að þurfa að kalla eftir henni. Berist yfirlýsingin ekki og engar skýringar, sem fasteignasala á einnig að hafa frumkvæði að því að koma með, hlýtur svipting löggildingar að vera yfirvofandi. Sé þannig ekki farið eftir reglum um skil innan þess frests og fullnægjandi skýringar á drætti ekki veittar skal eftirlitsnefndin svipta fasteignasala löggildingu tímabundið. Eins skal fara að ef yfirlýsingunni er ekki skilað fyrir 1. október, hvaða skýringar sem á því kunna að vera. Ef fasteignasali getur ekki skilað slíkri yfirlýsingu er það vísbending um að meðferð hans á fjármunum viðskiptamanna sinna sé ekki í samræmi við reglur sem um hana gilda. Ekki er unnt að leggja til að annar en hann beri áhættu af því hvort slík vísbending er rétt eða röng. Í samræmi við það er lagt til að reglum

verði skipað svo að svipta beri hann tímabundið löggildingu ef vanhöld verða á skilum af hans hálfu.

Um annan þáttinn, þ.e. um heimildir og skyldur eftirlitsnefndar til þess að skoða bókhald, öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum, eru ákvæði í 3. mgr. Miðað er við að reglubundið eftirlit sé ekki sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala. Eftirlitsnefndin verður að meta með hliðsjón af aðstæðum hve mikla rannsókn hún á að framkvæma í slíkum reglubundum skoðunum. Hjá þeim fasteignasölum sem reynslan sýnir að hafa öll sín mál, þar með talið skjalagerð, uppgjör og annað í góðu horfi, er vart þörf á ítarlegum rannsóknum. Hjá öðrum gæti slíkt þurft þótt um reglubundna skoðun sé að ræða. Hjá þeim fasteignasölum sem fylgja lögum og reglum í starfsemi sinni ætti því eftirlit það sem hér er gerð tillaga um ekki að vera íþyngjandi. Til viðbótar hinu reglulega eftirliti hefur nefndin heimild til þess að skoða hvenær sem er og án fyrirvara bókhald og öll skjöl fasteignasala. Nefndin getur ákveðið af sjálfsdáðum að framkvæma athugun eftir slembiúrtaki, en einnig getur verið að slík skoðun sé framkvæmd að gefnu tilefni.

Um þriðja þáttinn, þ.e. hvernig með eigi að fara ef nefndinni berast trúverðugar upplýsingar um að misfellur séu í starfi fasteignasala, eru ákvæði í 4. mgr. Ef nefndinni berast trúverðugar ábendingar eða Félag fasteignasala kemur til hennar slíkum ábendingum ber henni að bregðast við. Gerður er áskilnaður um að ábendingar séu trúverðugar. Nefndin verður að leggja mat á tvennt í þessu sambandi, þ.e. annars vegar hvort tilefni ábendingarinnar sé málefnalegt og hins vegar hvort efni þeirrar misfellu sem ábendingin lýtur að sé þannig að það mundi að líkindum leiða til áminningar eða sviptingar löggildingar ef rétt reyndist. Ef ábending fullnægir þessum skilyrðum ber nefndinni að hefja rannsókn á málinu, m.a. með skoðun á starfsstöð fasteignasala eða öðrum stað ef bókhald, skjöl eða önnur gögn finnast ekki á starfsstöðinni. Nefndin þarf ekki atbeina lögreglu til að leita ef fasteignasali samþykkir það. Ef hann synjar eftirlitsnefnd um aðgang, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans fer málið á hinn bóginn í annan farveg. Í þeim tilvikum ber eftirlitsnefndinni að snúa sér til lögreglu og biðja um aðstoð við framkvæmd leitar. Lögregla mundi óska eftir úrskurði dómara og stjórna leit á grundvelli slíks úrskurðar. Er um framkvæmdina vísað til XI. kafla laga um meðferð opinberra mála og þykir það ekki varhugavert, enda er þessi farvegur leitar þekktur og undir stjórn lögreglu sem hefur reynslu af slíkum aðgerðum og þekkingu á framkvæmd þeirra. Eftirlitsnefnd mundi ekki stjórna slíkri leit en vera viðstödd, einkum til að tryggt sé að ekki sé leitað að öðrum gögnum en þörf er á vegna rannsóknar hennar. Með því að skilyrði leitar eru ítarlega skilgreind í 4. og 5. mgr. og að reglur XI. kafla laga um meðferð opinberra mála gildi um framkvæmd hennar, eftir að dómsúrskurður er fenginn, ætti að vera ljóst að reglur frumvarpsins fara ekki í bága við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um vernd friðhelgi einkalífs.

Fjórði þátturinn varðar þau tilvik er eftirlitsnefnd telur sig komast að því að fasteignasali hafi framið refsivert brot í starfsemi sinni, eins og tilgreint er í 6. mgr. Þá ber nefndinni að tilkynna lögreglu það með formlegum hætti. Efnislega verður slík tilkynning að hafa að geyma lýsingu á tilgreindum brotum, a.m.k. ef ekki er augljóst í hverju það eða þau felast. Lögreglan metur það svo hvort hefja beri opinbera rannsókn. Almennt verður að telja að það sé ekki heppilegt að tveir opinberir aðilar, hér eftirlitsnefndin og lögregla, séu að rannsaka sama eða sömu brot. Þetta á sérstaklega við þegar rannsókn beinist í báðum tilvikum að því að staðreyna hvort brot hafi verið framið sem ef rétt reynist mundi leiða til sömu eða samkynja refsinga. Hér er sú ekki raunin. Rannsókn eftirlitsnefndarinnar getur lokið með því að hún veitir áminningu eða sviptir fasteignasala löggildingu tímabundið og loki starfsstöð, auk

þess sem henni getur lokið með því að engra aðgerða teljist þörf. Nefndinni ber einnig, ef viðurlögum eða lokun er beitt, að ákvarða kostnað sem fasteignasala ber að greiða vegna rannsóknar og málsmeðferðar. Rannsókn lögreglu miðar að því að afla allra gagna og upplýsinga til þess að ákæruvaldi sé unnt að meta hvort sækja beri fasteignasalann til sakar. Ef hann teldist sekur hefði hann unnið til refsinga. Með því að markmið rannsóknar eftirlitsnefndarinnar og lögreglu er ólíkt er eðlilegt að nefndin ljúki rannsókn sinni og taki ákvörðun um áminningu eða sviptingu löggildingar og eftir atvikum lokun starfsstöðvar á grundvelli rannsóknarinnar óháð því hvort lögregla hefur hafið opinbera rannsókn eða ekki. Málskot til ráðherra á niðurstöðu nefndarinnar fer einnig fram óháð rannsókn og aðgerðum lögreglu.

Um 22. gr.

Í þessari grein eru reglur um úrræði eftirlitsnefndar til að beita viðurlögum og ákvarða kostnað. Þau eru einungis tvenns konar, þ.e. áminning og tímabundin svipting löggildingar. Að auki getur hún látið loka starfsstöð, sem er sérstakt úrræði, ef tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Til viðbótar þessu ber nefndinni að ákvarða kostnað þann sem fasteignasala ber að greiða vegna rannsóknr og málsmeðferðar. Í greininni eru gerðar tillögur um reglur sem fela í sér að skilyrði áminningar og þó einkum tímabundinnar sviptingar löggildingar eiga að vera skýr. Á hinn bóginn verður að taka tillit til þess að undantekningalítið eru miklir hagsmunir viðskiptamanna í uppnámi þegar fasteignasali bregst starfsskyldum sínum. Áminning er vart til þess fallin að hafa áhrif þegar mál eru komin í óefni. Þess vegna er tímabundin svipting löggildingar nærtækt úrræði sem unnt er að beita til að þvinga fasteignasala til að fara að lögum og góðum siðum í störfum sínum. Verður að telja að reglur þessarar greinar hljóti einnig að hafa varnaðaráhrif þótt það sé vandmetið.

Í 1. mgr. eru reglur um tilvik þegar eftirlitsnefnd telur fasteignasala hafa brotið af sér í störfum sínum. Fyrstu aðgerðir nefndarinnar í slíkum tilvikum eru að skora á fasteignasala að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki veitir nefndin honum áminningu. Það gerir hún einnig ef brot hans er ekki smávægilegt. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir ber nefndinni að gefa fasteignasala kost á því að koma að sjónarmiðum sínum. Er það í samræmi við reglur IV. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt.

Í 2. mgr. eru reglur um þrenns konar tilvik sem öll leiða til sömu niðurstöðu, þ.e. tímabundinnar sviptingar löggildingar. Þessi tilvik eru: Þegar fasteignasali lætur ekki skipast við áminningu skv. 1. mgr., þegar hann hefur brotið alvarlega skyldur sínar sem fasteignasali og þegar hann hefur verið ítrekað áminntur vegna brota sinna, án þess að starfsemi hans teljist komin í gott horf. Í síðastnefndum tilvikum getur aðstaðan verið sú að fasteignasali hafi í sjálfu sér leitast við að bæta ráð sitt þegar hann hefur verið áminntur, en hann hafi verið ítrekað áminntur og starfsemi hans er enn í ófullnægjandi horfi, t.d. vegna þess að aftur hafi sigið á ógæfuhliðina hjá honum, eða svo margar misfellur séu á rekstri hans eða vinnubrögðum að óviðunandi verði að telja, þótt hver og ein þeirra sé e.t.v. ekki alvarleg.

Áður en eftirlitsnefnd grípur til þess að svipta fasteignasala löggildingu í þessum tilvikum ber henni að gefa honum kost á því að neyta andmælaréttar. Það er ekki alltaf hægt, t.d. vegna alvarleika brots eða af því að það er fyrirsjáanlega með öllu tilgangslaust. Eftirlitsnefnd verður þó í ljósi þess að um mikilsverð starfsréttindi er að ræða að nýta það svigrúm sem kann að vera fyrir hendi til að gefa fasteignasala kost á að nota andmælarétt sinn.

Í 3. mgr. eru reglur um viðbrögð eftirlitsnefndar þegar fasteignasali er talinn ber að tilteknum brotum, þ.e. hann sinnir ekki reglum um meðferð á fé viðskiptamanna sinna. Telja verður að slík brot séu alltaf alvarleg og þau benda jafnan til þess að fasteignasala sé ekki að fullu treystandi fyrir hagsmunum viðskiptamanna sinna. Sé þess kostur ber þó eftirlitsnefnd-

inni að gefa honum færi á að bæta úr án tafar. Geri hann það ekki, eða ef ekki er ráðrúm til að gefa honum kost á úrbótum eða það hefur enga þýðingu vegna þess að málum er svo illa komið, brot t.d. svo alvarlegt að það sé enginn möguleiki á því að fasteignasali geti bætt úr, skal nefndin svipta hann tímabundið löggildingu sem fasteignasali.

Í 4. mgr. er eftirlitsnefnd gert að loka starfsstöð þess fasteignasala sem sviptur hefur verið löggildingu sinni tímabundið, en hún telur hætta á því að hann hafi samt milligöngu um fasteignaviðskipti. Eftirlitsnefnd ber að leita atbeina lögreglu til að loka starfsstöð, en hefur ekki heimildir til þess sjálf.

Í 5. mgr. eru ákvæði sem heimila eftirlitsnefnd að afturkalla tímabundna sviptingu löggildingar. Það getur hún gert ef fasteignasali sýnir fram á að hann hafi bætt að fullu úr því sem ábótavant var í rekstri hans eða vinnubrögðum og var tilefni sviptingarinnar. Slíkt ákvæði er eðlilegt, enda markmiðum hinnar tímabundnu sviptingar náð. Það horfir til skilvirkni að nefndin hafi beina lagaheimild til endurupptöku málsins í stað þess að fasteignasali þurfi að skjóta máli sínu til ráðherra til þess að fá löggildinguna aftur. Hann hefur brýna hagsmuni af því að geta hafið störf aftur sem fyrst og ef hann hefur bætt að fullu úr því sem sviptingin var reist á verður að telja þá hagsmuni hans réttmæta.

Í 6. mgr. er lagt til að sett verði hámark á þann tíma sem hin tímabunda svipting má standa. Er það nauðsynleg takmörkun á valdi eftirlitsnefndar sem getur þurft að taka ákvörðun um sviptingu löggildingar á stuttum tíma og jafnvel án þess að ráðrúm sé til þess að gefa fasteignasala kost á að neyta andmælaréttar.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu eftirlitsnefndar til ráðherra. Málsgreinin þarfnast ekki skýringar.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um að ef eftirlitsnefnd beitir fasteignasala viðurlögum, þ.e. áminningu eða tímabundinni sviptingu löggildingar, eða hún lokar starfsstöð hans, beri henni að ákvarða kostnað vegna rannsóknar og málsmeðferðar og gera fasteignasala að greiða kostnað af máli. Nefndin hefur svigrúm við ákvörðun sína um hvern kostnað hún lætur fasteignasala greiða af máli. T.d. getur hún tekið tillit til þess ef einungis hluti af ávirðingum sem á hann eru bornar hafa reynst réttar. Í slíkum tilvikum er ekki sanngjarnt að fasteignasali greiði allan kostnað að málinu. Á hinn bóginn er mikilvægt að honum verði gert að greiða þann kostnað sem stofna þarf til vegna brota hans því ef hann verður ekki látinn bera þann kostnað þurfa aðrir félagsmenn Félags fasteignasala að greiða kostnaðinn með félagsgjöldum sínum. Verður eftirlitsnefndin að hafa hugfast að ekki verði lagður meiri kostnaður af starfi hennar á félagsmenn en svarar til venjulegs reksturs nefndarinnar og venjulegs eftirlits af hennar hálfu.

Um 23. gr.

Í þessari grein eru reglur um málskot til ráðherra og meðferð málsins hjá honum.

Í fyrsta lagi er mælt fyrir um heimild fasteignasalans til þess að skjóta til ráðherra ákvörðun eftirlitsnefndar um að veita honum áminningu og um ákvörðun kostnaðar. Er eðlilegt að hann hafi slíka heimild því áminning getur haft alvarleg réttaráhrif fyrir hann, sbr. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er mælt fyrir um rétt fasteignasala til þess að skjóta til ráðherra ákvörðun eftirlitsnefndar um tímabundna sviptingu löggildingar og lokun starfsstöðvar, svo og ákvörðun um kostnað sem fasteignasala ber að greiða af máli. Ekki er þörf á að rökstyðja hagsmuni hans af því að eiga kost á slíku málskoti.

Í þriðja lagi er mælt fyrir um heimild eftirlitsnefndar Félags fasteignasala til þess að skjóta ákvörðun sinni til ráðherra. Slík málskotsheimild stjórnvalds er óvenjuleg. Í þessu tilviki er

hún þó nauðsynleg þar sem eftirlitsnefnd hefur aðeins heimild til þess að svipta fasteignasala löggildingu hans tímabundið þótt fyrir hendi kunni að vera ærið tilefni til ótímabundinnar sviptingar. Ekki þykir fært að leggja til að eftirlitsnefnd hafi heimild til að svipta löggildingu varanlega. Brýnast er að stöðva starfsemi fasteignasala þegar högum hans og vinnubrögðum er þannig komið að hann setur hagsmuni viðskiptamanna sinna í uppnám. Því markmiði er náð með tímabundinni sviptingu og heimild til að loka starfsstöð. Þarf því ekki að ganga lengra í að veita eftirlitsnefndinni heimildir, enda getur hún orðið að taka ákvarðanir á skömmum tíma eins og fyrr greinir. Nefnin getur í málskoti sínu, eða í andsvari við málskoti fasteignasala, gert kröfu um að fasteignasali verði sviptur löggildingu ótímabundið.

Í 4. mgr. eru ákvæði um kosti ráðherra þegar málum er skotið til hans. Kostir hans eru fjórir eins og segir í málsgreininni að viðbættum möguleikum á ákvörðun kostnaðar sem fasteignasala ber að greiða af máli.

Í 5. og 6. mgr. eru ákvæði um tilkynningarskyldu sem ekki þarfnast skýringa.

Ákvæði 7. og 8. mgr. þarfnast heldur ekki skýringa, en rétt er að taka fram að eftirlitsnefnd er ekki heimilt að bera ákvörðun ráðherra undir dómstóla. Félag fasteignasala hefur heldur engar málskotsheimildir samkvæmt þessari grein.

Um 24. gr.

Meðal skyldna eftirlitsnefndar Félags fasteignasala er að fylgjast með því að fasteignasali fullnægi ávallt skilyrðum laga til að vera fasteignasali, sbr. ákvæði i-liðar 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Skilyrðin eru þess eðlis að það má sýna fram á það með ótvíræðum hætti, t.d. vottorðum opinberra aðila, hvort þeim sé fullnægt eða ekki. Ef eftirlitsnefnd telur að sýna megi fram á að fasteignasali fullnægi ekki lengur skilyrðum tilkynnir hún honum það og jafnframt að löggilding hans sé sjálfkrafa niður fallin eins og beinlínis er kveðið á um í 1. mgr. þessarar greinar. Í þessum tilvikum þarf ekki sama aðdraganda að sviptingu og um er fjallað í 23. gr. Lögð er til sú eðlilega regla að fasteignasali eigi þess kost að fá löggildingu að nýju ef hann sýnir fram á að hann fullnægi að nýju skilyrðum til löggildingar.

Ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu sama efnis og 3. mgr. 15. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er ein grein sem heimilar dómsmálaráðherra að setja reglugerðir um þau atriði sem tilgreind eru. Ekki er ástæða skýringa á þessum heimildum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar, annars vegar með ákvæðum um skaðabætur og hins vegar um refsingar. Ákvæði um skaðabætur er ekki í gildandi lögum og er því 27. gr. nýmæli í lögum. Lagt er til að orðalagi 28. gr. um refsingar verði breytt verulega frá því sem er í 18. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Sú regla, sem gerð er tillaga um í þessari grein á ekki að leiða til breytinga á þeim óskráðu reglum, sem gilda um skaðabótaábyrgð fasteignasala. Sakarreglan gildir um bótagrundvöllinn vegna tjóns sem þeir valda í störfum sínum og þeir bera ábyrgð á tjóni sem starfsmenn

þeirra valda með saknæmum hætti á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í greininni er sérstaklega tekið fram að um sakarmat og sönnun gildi „reglur skaðabótaréttar". Lagt er til að þetta orðalag verði notað, en ekki tilvísun til almennra reglna skaðabótaréttar. Ástæðan er sú, að reglur um skaðabótaábyrgð sjálfstætt starfandi sérfræðinga innan skaðabótaréttar hafa þróast nokkuð á þann veg að sakarmatið hefur verið strangara en leiðir af almennum reglum og sönnunarreglum beitt með þeim hætti sem er tjónþola hagfelldari en almennar reglur mundu leiða til. Má sjá þetta af dómum Hæstaréttar í ýmsum málum, sbr. t.d. Hrd. 1995, bls. 1692, Hrd. 1996, bls. 1279, og Hrd. 1996, bls. 3178. Með vísan til almennra reglna skaðabótaréttar væri hugsanlega verið að hefta þessa þróun sem einnig á sér stað í nágrannalöndunum.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í 18. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að tilgreind brot á lögunum, sem talin eru í sex stafliðum, varði sektum. Ekkert er tiltekið um önnur brot sem jafnvel geta verið alvarlegri. Í eldri lögum, nr. 34/1986, var almennt ákvæði og er lagt til í þessari grein frumvarpsins að sama regla verði lögfest. Reglur frumvarpsins varða mikilsverða almannahagsmuni og eru að langmestu leyti opinbersréttareðlis. Tilgreining nokkurra brota, sem mælt eru refsiverð, opnar fyrir að dregin sé sú ályktun að brot á öðrum ákvæðum séu ekki refsiverð. Það er líka hugsanlegt að brot á tilgreindum ákvæðum séu ekki alltaf alvarleg, t.d. smávægileg brot á ákvæðum reglna um söluyfirlit, en þau eiga fyrirvaralaust að sæta sektum.

Skipan reglna um refsingar í gildandi lögum er ekki heppileg í ljósi framangreinds eðlis reglnanna. Er því eðlilegra að mælt sé með almennum hætti fyrir um að brot á þeim og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra séu refsiverð, þ.e. varði sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru tvær greinar, önnur um gildi réttinda sem menn hafa áunnið sér samkvæmt eldri lögum um fasteignasölu og hin um gildistöku frumvarpsins verði það að lögum, svo og um gildi reglugerða sem settar hafa verið samkvæmt eldri lögum. Loks er mælt fyrir um brottfall gildandi laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Ákvæði þessara greina þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Frumvarp þetta felur í sér tillögur um endurbætur á margvíslegum atriðum sem þykir vera áfátt í gildandi lögum um sölu fasteigna. Er frumvarpinu sérstaklega ætlað að ráða bót á eftirliti með störfum fasteignasala og heimildum til að bregðast við brotum af þeirra hálfu og tryggja þar með betur hagsmuni þeirra sem eiga viðskipti við fasteignasala. Helstur breytingarnar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru að gerðar verði auknar kröfur til menntunar fasteignasala, starfshátta þeirra, varðveislu á fé viðskiptamanna, starfstrygginga o.fl. Þá verði

prófnefnd sem stendur fyrir prófum samkvæmt lögunum falið veigameira hlutverk en nú er. Eftirlit með fasteignasölum verði styrkt og því settur skýrari rammi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirliti með störfum fasteignasala verði komið þannig fyrir að sett verði á fót eftirlitsnefnd í tengslum við Félag fasteignasala. Eftirlitsnefndin skal skipuð af dómsmálaráðherra og er hún ekki hluti af félaginu og lýtur ekki stjórn þess. Nefndin hefur stöðu stjórnsýslunefndar á þessu sviði og fer með opinbert eftirlit og stjórnsýsluvald. Nefndin á að fylgjast með eignarhaldi á fasteignasölum, ábyrgðartryggingum, skjalagerð fasteignasala, meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna o.fl. Fasteignasölum er ætlað að skila eftirlitsnefndinni árlega yfirlýsingu endurskoðanda um meðferð á fjármunum viðskiptamanna. Nefndinni er heimilt að skoða hvenær sem er bókhald og skjöl fasteignasala á starfsstöð þeirra og verður skylt að gera það hjá hverjum sala a.m.k. þriðja hvert ár. Samkvæmt frumvarpinu getur nefndin beitt tímabundinni sviptingu löggildingar og getur lokað fasteignasölu. Ákvörðunum nefndarinnar má áfrýja til dómsmálaráðherra. Fasteignasölum verður gert skylt að vera félagar í Félagi fasteignasala til að hafa starfsréttindi og er jafnframt kveðið á um að félagið leggi árgjald á alla fasteignasala til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndarinnar. Einnig verði nefndinni heimilt að krefja fasteignasala sem beittir eru viðurlögum um að greiða sérstakan kostnað við rannsókn mála.

Í ljósi þessa fyrirkomulags og með hliðsjón af lögum um fjárreiður ríkisins telur fjármálaráðuneytið að innheimt gjöld og kostnað sem leiða kann af ákvæðum frumvarpsins um eftirlit beri að færa í fjárlög og ríkisreikning á svipaðan hátt og á við um önnur lögþvinguð eftirlitsgjöld og ráðstöfun þeirra. Felur það í sér að í fjárlögum verði veitt fjárheimild jafnhá lögboðna gjaldinu til að heimila ráðstöfun á því með framlagi til eftirlitsnefndarinnar. Lausleg áætlun Félags fasteignasala bendir til að árlegur kostnaður við starf nefndarinnar gæti numið í kringum 18 m.kr. en á móti kæmu tekjur af eftirlitsgjaldinu. Er því ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins leiði til útgjalda umfram tekjur fyrir ríkissjóð.

671. Frumvarp til laga [463. mál]

um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

Lögin taka einnig, eftir því sem við á, til lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíkra lögmanna hér á landi, þar með talda þátttöku í félagi um rekstur lögmannsþjónustu.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Úrskurðarnefndin hefur lögsögu yfir lögmönnum sem starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. Skal nefndin skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í þrjú ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Einn nefndarmaður skal skipaður af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal skipaður af dómsmálaráðherra og einn skipaður af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum sjálfstætt starfandi lögmanna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.
b. Á eftir 4. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: hefur starfað sex mánuði sem fulltrúi lögmanns, sem ekki hefur fengið undanþágu frá 1. mgr. 12. gr. eða eitt ár sem aðstoðarmaður dómara, fulltrúi ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík eða sýslumanns eða hefur hlotið sambærilega starfsreynslu að mati prófnefndar skv. 1. mgr. 7. gr.
c. 4. mgr. orðast svo:

   Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 5. og 6. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Erlendum lögmönnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. má veita héraðsdómslögmannsréttindi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um veitingu réttindanna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Sá sem óskar eftir að þreyta prófraun til öflunar lögmannsréttinda skal áður hafa hlotið starfsreynslu skv. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. Prófraunin skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur að fengnum

tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,
2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,
3. hefur flutt ekki færri en 40 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar,
4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna Hæstarétti þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu dómsmálaráðherra, að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,
2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða
3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Ef undanþágu er leitað skv. 3. tölul. 2. mgr. ber vinnuveitandi húsbóndaábyrgð á fjárvörslu og þeim störfum lögmannsins sem starfsábyrgðartryggingar ná til.

Þeim sem fengið hefur undanþágu skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. er óheimilt að nefna sig lögmann nema þegar hann kemur fram fyrir hönd þeirra sem þar greinir og í málum sem varða hagsmuni þeirra. Með undanþágubeiðni skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni einungis nýta réttindi sín innan þeirra marka er þar greinir.

Vinnuveitanda jafnt sem lögmanni er skylt að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnusambandi þeirra er slitið.

Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að leggja réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins og skulu þau lýst óvirk.

8. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins. Ákveði stjórn félagsins að fela endurskoðanda félagsins að rannsaka fjárreiður lögmanns er félaginu heimilt að krefja lögmanninn um greiðslu kostnaðar við rannsóknina.

Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir, sbr. þó 4. mgr., ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld niður. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Verði lögmaður sviptur sjálfræði eða fjárræði falla réttindi hans þegar sjálfkrafa niður. Sama á við ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta. Skal skiptastjóri þá tilkynna dómsmálaráðuneytinu svo fljótt sem verða má um töku búsins til gjaldþrotaskipta með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt.

Hafi lögmaður sem ákvæði 23. gr. tekur til ekki skilað stjórn Lögmannafélags Íslands yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings skv. 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. október ár hvert, eða slík yfirlýsing hefur ekki reynst fullnægjandi, ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld niður. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

9. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu áliti lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar. Nefndin getur lagt til niðurfellingu eða sviptingu þó svo að lögmaðurinn hafi lagt réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins og þau hafi verið lýst óvirk skv. 2. mgr. 15. gr.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

10. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn virkra lögmannsréttinda skal hann leggja réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins og skulu réttindin lýst óvirk.

Lögmanni er alltaf frjálst að leggja réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins og skulu þau þá lýst óvirk.

11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Hafi dómsmálaráðherra lýst réttindi lögmanns óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir skulu þau lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra. Hafi réttindi lögmanns verið felld niður skv. 5. mgr. 13. gr. skal að auki leita staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingu um stöðu fjárvörslureiknings.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir dómsmálaráðherra að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands.

12. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra skal auglýsa veitingu réttinda í Lögbirtingablaði. Sama gildir um sviptingu þeirra, svo og ef þau eru felld niður, falla sjálfkrafa niður eða eru lýst óvirk.

Í dómsmálaráðuneytinu skal halda skrá um lögmenn sem hafa virk lögmannsréttindi. Skal þar greina sérstaklega þá sem hafa hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.

13. gr.

5. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Lögmanni sem ekki hefur fengið undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. er skylt að halda fjármunum þeim sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé og er skylt að hafa sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og varðveita þar slíka fjármuni.

Lögmaður skal fyrir 1. október ár hvert senda Lögmannafélagi Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda um að staða vörslufjárreiknings hinn 31. desember fyrra árs sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi lögmannsins. Samtímis skal lögmaður senda félaginu upplýsingar um verðbréf sem voru í hans vörslu 31. desember fyrra árs sem staðfestar eru af löggiltum endurskoðanda.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

15. gr.

Við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nefndin vísar frá sér ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri.

16. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo.

Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Úrskurðarnefndinni er heimilt að taka upp hæfilegt málagjald sem greiða skal við framlagningu ágreiningsmáls eða kvörtunar fyrir nefndinni. Sé grundvöllur fyrir erindinu staðreyndur með úrskurði nefndarinnar skal endurgreiða innheimt málagjald til málshefjanda.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Úrskurðarnefndinni er heimilt að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna reksturs máls fyrir henni.

Úrskurðarnefndinni er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður eða skammstafanirnar hdl. og hrl. sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Þeim sem hafa virk réttindi með undanþágu skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. er þó einungis heimilt að nota starfsheitin innan þeirra marka er í 12. gr. segir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., er orðast svo:

Það varðar sektum að nota starfsheiti erlendra lögmanna sem greind eru í reglum sem dómsmálaráðherra setur skv. 2. mgr. 1. gr. án þess að hafa hlotið tilskilið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

19. gr.

2., 4., 5. og 6. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna samkvæmt lögum þessum skulu einn aðalmaður og varamaður hans skipaðir til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þriðji aðalmaður ásamt varamanni til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn með hlutkesti þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um lögmenn, nr. 77/1998, er unnið sameiginlega af starfsmönnum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stjórn Lögmannafélags Íslands. Tilefni þess að ákveðið var að efna til endurskoðunar á lögum um lögmenn er að við framkvæmd laganna hafa komið fram ýmis atriði sem talið er að betur mættu fara.

Ráðuneytið og Lögmannafélagið hafa um alllangt skeið haldið samráðsfundi um málefni lögmanna og á slíkum samráðsfundi varð samkomulag um að efna til endurskoðunarinnar. Ritaði ráðuneytið félaginu hinn 22. júní 2001 bréf og óskaði tilnefningar af hálfu þess á fulltrúum til að vinna með ráðuneytinu að endurskoðuninni. Félagið tilnefndi þá Ásgeir Thoroddsen, hrl., formann félagsins, og Helga Birgisson, hrl., varaformann þess, til þess að vinna að þessari endurskoðun af félagsins hálfu ásamt framkvæmdastjóra félagsins, Ingimar Ingasyni. Vinna við endurskoðun laganna hélt áfram eftir að ný stjórn tók við í Lögmannafélagi Íslands og hefur sú stjórn er tók við á árinu 2003 tekið við af þeim sem fyrst voru skipaðir og unnið að endurskoðuninni.

Breytingar þær sem felast í frumvarpinu taka til allmargra ákvæða laganna en sérstaklega þykir rétt að benda á eftirtalin atriði:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 1. gr. laganna bætist ákvæði um að lögin taki einnig til erlendra lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja nánari reglur um starfsemi slíkra lögmanna hér á landi. Er hér einkum um að ræða störf þeirra lögmanna sem samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa hér staðfestu og starfa undir starfsheiti heimalands síns og geta eftir tiltekinn starfstíma öðlast rétt til þess að fá hérlend lögmannsréttindi en einnig þá sem hafa heimild til að veita hér þjónustu án staðfestu undir starfsheiti heimalands síns.

2. Skv. 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna þannig að ekki verði lengur skilyrði að menn hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands heldur uppfylli þeir sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla, sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu samkvæmt lögum um háskóla, skilyrði 4. tölul. Lagt er til að bætt verði nýju ákvæði í 6. gr. sem verði 5. tölul. þess efnis að sá sem sækir um að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi þurfi, auk þess að standast sérstaka prófraun, að afla sér starfsreynslu annaðhvort sem lögmannsfulltrúi eða starfsmaður tiltekinna embætta ríkisins. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarpsins skal sá sem þreyta vill prófraunina áður hafa lokið starfsreynslu samkvæmt áðurnefndum 5. tölul. Þá er lagt til að við 6. gr. bætist ný málsgrein varðandi þá lögmenn sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. þar sem heimilað verði að veita þeim héraðsdómslögmannsréttindi og ráðherra setji nánari reglur um veitingu réttindanna í reglugerð.

3. Skv. 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 9. gr. laganna sem fjallar um hvernig héraðsdómslögmaður getur öðlast leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður. Samkvæmt núgildandi lögum skal sá sem óskar eftir réttindum til að vera hæstaréttarlögmaður hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár, fullnægja þeim kröfum sem getið er í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, hafa flutt ekki færri en þrjátíu mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli og sýna fram á það með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Þá skal hann beina til sérstakrar prófnefndar umsókn um að fá að þreyta þófraunina ásamt staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. 9. gr. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sá sem óskar eftir að öðlast þessi réttindi skuli uppfylla skilyrðin um að hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár, fullnægja kröfum 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, hafa flutt fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli a.m.k. 40 mál munnlega, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar, og sýna fram á með prófraun sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála sem flutt eru fyrir fimm eða sjö dómurum í Hæstarétti að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Skulu a.m.k. tvö málanna vera einkamál. Í stað þess að beina til sérstakrar prófnefndar umsókn um að fá að þreyta próf-

raunina skal viðkomandi tilkynna Hæstarétti ósk sína og leggja fram staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi skilyrðum 1.–3. tölul. 6. gr. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta svo hvort viðkomandi hafi staðist prófraun.

4. Lögð er til nokkur breyting á orðalagi í 12.–17. gr. laganna þegar um er að ræða að lögmaður hyggst ekki nýta réttindi sín til lögmannsstarfa eða uppfyllir ekki lengur skilyrði til þess að njóta réttindanna. Í núgildandi lögum skal lögmaður sem ekki fullnægir skilyrðum 1. mgr. 12. gr. skila leyfisbréfi sínu og skulu réttindi hans felld niður. Þá skal Lögmannafélag Íslands leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmanns verði felld úr gildi komi fram við eftirlit félagsins skv. 13. gr. laganna að lögmaður uppfyllir ekki skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr. Þá getur úrskurðarnefnd lögmanna, skv. 1. mgr. 14. gr. laganna, lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmanns verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið hafi lögmaður í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða siðareglum lögmanna. Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda skulu réttindin felld niður, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Þá er lögmanni alltaf frjálst að afsala sér réttindum sínum, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að ef lögmaður fullnægir ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. 12. gr. beri honum að leggja réttindi sín inn og verða réttindin þá lýst óvirk. Sama er ef lögmaður tekur við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn virkra lögmannsréttinda. Skal hann þá leggja réttindi sín inn til ráðuneytisins og skulu réttindin lýst óvirk. Þá verður lögmanni ávallt frjálst að leggja réttindi sín inn til ráðuneytisins og skulu réttindin þá lýst óvirk.

Þá er lagt til að komi fram við eftirlit Lögmannafélagsins skv. 1. mgr. 13. gr. að lögmaður fullnægir ekki þeim skilyrðum er þar greinir, þ.e. þeim skilyrðum sem fram koma í 6., 9. og 12. gr. laganna, að undanskildum þeim tilvikum sem fram koma í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins, beri Lögmannafélaginu að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld niður. Þá getur úrskurðarnefnd lögmanna lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmanns verði felld niður um tiltekinn tíma eða hann sviptur réttindum. Nýmæli er í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins um að verði lögmaður sviptur sjálfræði eða fjárræði eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta falli réttindi hans þegar niður. Þá er einnig það nýmæli í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins að skili lögmaður ekki til stjórnar Lögmannafélagsins yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings eða reynist yfirlýsingin ekki fullnægjandi beri Lögmannafélaginu að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld niður.

Samkvæmt þessu geta réttindi lögmanns fallið niður á eftirfarandi hátt:

1. Lögmaður leggur réttindi sín inn og þau eru lýst óvirk, sbr. 7. og 10. gr. frumvarpsins.
2. Réttindi lögmanns eru felld niður, tímabundið eða ótímabundið, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins.
3. Réttindi lögmanns falla sjálfkrafa niður, sbr. 8. gr. frumvarpsins.
4. Lögmaður er sviptur réttindum sínum, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

   Rétt þykir að gera greinarmun á því hvort lögmaður leggur sjálfviljugur inn réttindi sín til ráðuneytisins eða hvort þau falla sjálfkrafa niður, eru felld niður eða hann er sviptur þeim þar sem hann fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögmaður eða úrskurðarnefnd lögmanna hefur talið hann hafa brotið af sér á þann hátt að ekki verði við unað að hann hafi lögmannsréttindi.
5. Í 18. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 29. gr. laganna að aðeins þeir sem hafa virk lögmannsréttindi megi nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður, eða skammstafanirnar hdl. og hrl., en þeim sem fyrir sjúkleika eða aldurs sakir hafa látið af störfum sem lögmenn verði heimilt að nota áfram titilinn með for-

skeytinu fyrrverandi eða fv. Þá þykir rétt að taka sérstaklega fram að það varði sektum að nota starfsheiti erlendra lögmanna án þess að hafa hlotið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Loks er gert ráð fyrir að um gildistöku laganna fari skv. 7. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan þá er lagt til að tekið verði fram í lögunum að þau taki einnig, eftir því sem við á, til þeirra lögmanna sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu og dómsmálaráðherra setji nánari reglur um störf þeirra. Er hér einkum um að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998, um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi, og tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977, um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu, en báðar þessar tilskipanir hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Um 2. gr.

Lagt er til að 2. gr. verði óbreytt að öðru leyti en því að 2. málsl. 3. mgr. verði felldur brott þar sem heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um starfsemi þeirra lögmanna er hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins er í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að skipun úrskurðarnefndar sem fjallað er um í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga verði breytt þannig að hún verði skipuð þremur mönnum í stað fimm. Lagt er til að skipunartími verði þrjú ár í stað fimm ára. Varðandi skipun nefndarmanna er lagt til að einn nefndarmaður verði skipaður af Lögmannafélagi Íslands en nú eiga sæti í nefndinni tveir nefndarmenn kosnir af félaginu, einn verði skipaður af Hæstarétti og einn af dómsmálaráðherra. Þá er lagt til að nefndarmaður sá sem Hæstiréttur tilnefnir nú verði skipaður af Hæstarétti. Lagt er til að í upphafi greinarinnar komi orðið sjálfstæð úrskurðarnefnd til þess leggja áherslu á að nefndin lýtur hvorki Lögmannafélagi Íslands né dómsmálaráðherra í störfum sínum.

Þá er lögð til sú breyting að tekið verði fram í lögunum að úrskurðarnefndin geti einnig leyst úr málum er varða erlenda lögmenn sem heimild hafa til að starfa hér á landi. Er hér átt við þá lögmenn sem hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins.

Um 4. gr.

Samkvæmt núgildandi 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn er það skilyrði sett að sá sem sækir um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður skuli hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Þar sem Háskóli Íslands er ekki lengur eini háskólinn á Íslandi sem kennir lögfræði þykir rétt að leggja til þá breytingu á framangreindum 4. tölul. að þeir uppfylli skilyrðið sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu samkvæmt lögum um háskóla. Með orðinu fullnaðarnám í lögfræði er vísað til þess að viðkomandi hafi lokið heildstæðu laganámi, bæði grunn- og framhaldsgráðu eða embættisprófi, og því ekki nægilegt til þess að uppfylla skilyrðið að hafa lokið grunnnámi í annarri grein en lögfræði þótt viðkomandi hafi lokið meistaraprófi í lögfræði. Er litið til þess að eðlilegt er að gera þá kröfu að lög-

menn hafi öðlast þekkingu á helstu grunngreinum lögfræðinnar, svo sem réttarheimildafræði og lögskýringum, kröfurétti, skaðabótarétti, refsirétti og réttarfari. Að sjálfsögðu er æskilegt að lögmenn hafi þekkingu á ýmsum öðrum sviðum lögfræðinnar, en hér eru hins vegar nefnd dæmi um fræðigreinar lögfræðinnar sem gera verður kröfu um að lögmenn hafi tileinkað sér í námi og iðulega reynir á í störfum þeirra, enda hefur þeim jafnan verið gerð skil í laganámi hérlendis sem erlendis.

Nýr töluliður bætist við 1. mgr. 6. gr. og verður 5. tölul. þar sem lagt er til að eitt af skilyrðum þess að geta öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður sé að viðkomandi hafi öðlast nokkra starfsreynslu annaðhvort sem fulltrúi lögmanns eða sem starfsmaður tiltekinna embætta ríkisins. Með lögmanni er hér einungis átt við þá lögmenn sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. laganna, þ.e. hafa opna skrifstofu, vörslufjárreikning og gilda starfsábyrgðartryggingu. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að menn hafi öðlast nokkra starfsreynslu áður en þeir fái lögmannsréttindi.

Þá er lögð til sú breyting á 6. gr. að við bætist ný málsgrein þar sem tekið verði fram að þeim lögmönnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. megi veita héraðsdómslögmannsréttindi. Er hér fyrst og fremst átt við þá erlendu lögmenn sem hér starfa á grundvelli heimildar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi 98/5/EB. Jafnframt er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um veitingu þessara réttinda.

Um 5. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. núgildandi laga. Má þar fyrst nefna að lögð er til breyting á því hverjir tilnefni í prófnefnd skv. 7. gr. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að einn nefndarmaður sé tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands en sá þriðji skuli vera án tilnefningar. Þar sem Háskóli Íslands er ekki lengur eini háskólinn sem kennir lögfræði er lagt til að einn nefndarmaður verði tilnefndur af Dómarafélagi Íslands einn nefndarmaður verði án tilnefningar en einn tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að viðkomandi hafi hlotið starfsreynslu skv. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna áður en hann gengst undir prófraun skv. 7. gr.

Um 6. gr.

Lögð er til breyting á ákvæðum 9. gr. sem fjallar um skilyrði þess að öðlast réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Breytingin felst m.a. í því að lagt er niður það fyrirkomulag að leita þurfi samþykkis sérstakrar prófnefndar sem metur hvort mál sé tækt sem prófmál. Komið hefur fram gagnrýni á að erfitt geti verið að fá mál sem nefndin samþykkir að séu tiltæk sem prófmál og lögmenn eigi misjafnan aðgang að prófmálum. Lögð er áhersla á að tilgangur prófraunar sé að prófa málflutningshæfni lögmanns. Er því lagt til að á þeim fimm árum sem lögmaður skal hafa haft héraðsdómslögmannsréttindi skuli hann hafa flutt ekki færri en 40 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli í stað 30 eins og er í dag. Af þessum 40 málum skulu 10 mál fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða hafa fengið leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar. Þá er lagt til að prófmálum verði fjölgað úr tveimur í fjögur og skulu þau flutt í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum. Þá skulu a.m.k. tvö þessara prófmála vera einkamál. Með þessari breytingu er verið að jafna aðgang lögmanna að hæstaréttarlögmannsréttindum. Vísast að öðru leyti til umfjöllunar um ákvæðið í 3. tölul. almennra athugasemda hér að framan.

Um 7. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 12. gr., einkum 1. mgr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á orðalagi varðandi vörslufjárreikninga þannig að skýrar er kveðið á um skyldu lögmanns til að hafa sérstakan vörslufjárreikning, en í núgildandi ákvæði er aðeins kveðið á um að lögmaðurinn skuli varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um skyldu lögmanna til að hafa sérstakan vörslufjárreikning, hvort sem þeir varðveita fé annarra eða ekki, auk þess sem ákvæðið auðveldar Lögmannafélagi Íslands eftirlitshlutverk sitt með fjárvörslum lögmanna. Í öðru lagi er kveðið á um að lögmaður skuli hafa gilda starfsábyrgðartryggingu í stað þess að núgildandi ákvæði segir að lögmaður skuli afla sér starfsábyrgðartryggingar.

Í 4. mgr. eru sett ný ákvæði um notkun titilsins lögmaður. Lagt er til að heimild þeirra sem fengið hafa undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. til að nefna sig lögmenn verði takmörkuð við þau lögfræðistörf sem hlutaðeigandi inna af hendi í þágu hagsmuna þeirra aðila sem þeir starfa fyrir. Þannig er heimild lögmanns sem er starfsmaður opinberrar stofnunar eða einkaaðila takmörkuð við lögfræðistörf sem unnin eru í þágu hagsmuna vinnuveitandans. Slíkur lögmaður hefur því ekki heimild til að vinna lögfræðistörf í þágu hagsmuna viðskiptavina vinnuveitanda síns sem lögmaður. Heimild lögmanns sem er starfsmaður félagasamtaka nær til að vinna lögfræðistörf fyrir vinnuveitanda sinn og félagsmenn þeirra samtaka sem lögmaðurinn er starfsmaður hjá. Þjónusta lögmannsins er þó takmörkuð við verkefni sem falla innan starfssviðs samtakanna. Sérstaklega er tekið fram í frumvarpinu að vinnuveitandi slíks lögmanns beri húsbóndaábyrgð á störfum lögmannsins. Um slíka húsbóndaábyrgð er ekki að ræða á störfum lögmanns með undanþágu skv. 1. tölul. 2. mgr. því að slíkur lögmaður hefur ekki heimild til að vinna störf fyrir annan en vinnuveitanda sinn. Er þessi breyting gerð m.a. til að tryggja rétta notkun lögmannstitilsins. Þá ber að geta þess að lögmenn þessir hafa fengið undanþágu frá skilyrðum 1. mgr., þar á meðal starfsábyrgðartryggingu, þar sem verksvið þeirra sem lögmanna er takmarkað við ákveðna aðila skv. 2. mgr.

Í 6. mgr. er breytt orðalagi frá því sem er nú í 4. mgr. 12. gr. Í stað þess að skila leyfisbréfi sínu til ráðuneytisins og að réttindin skuli þá felld niður fullnægi lögmaður ekki skilyrðum til að njóta þeirra er lagt til að lögmaður leggi réttindi sín inn til ráðuneytisins þegar svo stendur á og þau verði þá lýst óvirk.

Um 8. gr.

Á 13. gr. núgildandi laga sem m.a. fjallar um eftirlitsskyldu Lögmannafélags Íslands eru lagðar til nokkrar breytingar. Á 2. mgr. 13. gr. er lögð til sú breyting að félagið geti krafið lögmann um greiðslu kostnaðar við rannsókn á fjárreiðum hans. Eðlilegt er talið að lögmaður standi undir þeim kostnaði sem af rannsókn á fjárreiðum hans kann að hljótast.

Þá er lagt til að 4. mgr. greinarinnar verði felld niður þar sem ekki er talin ástæða til að kveða á um í lögum að þeim sem sætir niðurfellingu réttinda sinna sé heimilt að höfða einkamál á hendur ríkinu til ógildingar á slíkri ákvörðun. Hér er um almenn réttindi að ræða sem ekki er ástæða til að kveða á um í sérlögum. Í staðinn kemur ný 4. mgr. er kveður á um að verði lögmaður sviptur sjálfræði eða fjárræði falli réttindi hans þegar niður. Skv. 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, skal dómari svo fljótt sem við verður komið senda staðfest endurrit úrskurðar um sviptingu lögræðis með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt til dómsmálaráðuneytisins. Óþarfi er því í þessum lögum að kveða á um tilkynningu til dómsmálaráðuneytisins ef lögmaður er sviptur lögræði. Samkvæmt nýrri 4. mgr. er jafnframt lagt til að verði bú lögmanns tekið til gjaldþrotaskipta falli réttindi hans þegar niður. Skal þá skiptastjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu svo fljótt sem verða má um töku búsins til gjald-

þrotaskipta. Rétt þykir að hafa sérstakt ákvæði um að þegar lögmaður uppfyllir ekki lengur þessi grunnskilyrði lögmannsréttinda þá falli réttindi hans niður við úrskurð um töku bús til gjaldþrotaskipta eða sviptingu lögræðis en ekki þurfi að fella réttindin úr gildi eins og nú er.

Þá er bætt inn í núverandi 3. mgr. 13. gr., sem fjallar um meðferð máls þegar lögmaður fullnægir ekki þeim skilyrðum sem fram koma í 6., 9. og 12. gr. laganna, ákvæði er undanskilur þau tilvik er fram koma í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins enda lúta þau tilvik sérmeðferð skv. 4. mgr. 8. gr.

Þá er lagt til að ný málsgrein bætist við 13. gr. og verði 5. mgr. Þar er lagt til að skili lögmaður ekki inn til félagsins yfirlýsingu um fjárvörslur fyrir 1. október árlega eða reynist yfirlýsing sú er hann skilar inn ekki fullnægjandi beri Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðuneytið að réttindi hans verði felld niður. Rétt þykir að hafa þessa heimild í lögum sem hingað til hefur einingis verið í 18. gr. reglugerðar um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., nr. 201/1999.

Um 9. gr.

Lögð er til sú breyting á 14. gr. laganna að úrskurðarnefnd lögmanna geti lagt til niðurfellingu lögmannsréttinda tímabundið eða að lögmaður verði sviptur réttindum þó svo að hann hafi lagt leyfisbréf sitt inn til dómsmálaráðuneytisins í samræmi við 2. mgr. 15. gr. og réttindin lýst óvirk. Ólíkar reglur gilda varðandi endurveitingu lögmannsréttinda þegar lögmaður er sviptur réttindum eða þegar hann leggur þau inn og þau eru lýst óvirk. Þykir eðlilegt að úrskurðarnefndin hafi þessa heimild til að leggja til að lögmaður, sem brotið hefur svo mjög gegn lögum og siðareglum lögmanna, sé sviptur réttindum eða réttindi hans felld niður þrátt fyrir að hann hafi lagt þau inn.

Þá er lagt til að 3. mgr. 14. gr. verði felld niður af sömu ástæðu og greinir í athugasemd varðandi 4. mgr. 13. gr.

Um 10. gr.

Sú breyting er lögð til á 15. gr. laganna að í stað þess að réttindi lögmanns verði felld niður þegar hann tekur við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda er lagt til að taki lögmaður við slíku starfi skuli hann leggja réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins sem þá lýsir réttindin óvirk.

Lagt er til að felldur verði niður lokamálsliður 1. mgr. sem er samhljóða ákvæðum í 13. og 14. gr. sem lagt er til að verði felld niður.

Þá er lagt til að orðalagi 2. mgr. verði breytt og að í stað þess að lögmaður afsali sér réttindum sínum sé honum ávallt frjálst að leggja réttindi sín inn til dómsmálaráðuneytisins og verði þau þá lýst óvirk. Nánar er fjallað um innlögn, niðurfellingu og sviptingu réttinda í 4. tölul. í almennum athugasemdum með frumvarpinu hér að framan.

Um 11. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 16. gr. felast fyrst og fremst í breyttu orðalagi vegna innlagnar, niðurfellingar og brottfalls réttinda og endurveitingu þeirra. Skv. 1. mgr. greinarinnar skulu réttindi lögmanns lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans, án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra, hafi þau verið lýst óvirk eða þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem segir í 12.–15. gr. laganna. Þá er einnig lagt til að staðfestingar Lögmannfélagsins verði leitað á því hvort yfirlýsingu um fjárvörslur hafi verið skilað á fullnægjandi hátt hafi réttindi lögmannsins verið felld niður þar sem hann skilaði ekki inn slíkri yfirlýsingu. Í 2. mgr. 16.

gr. er lögð til sú breyting að til þess að dómsmálaráðherra geti heimilað þeim sem sviptur hefur verið réttindum að gangast undir lögmannspróf að nýju skuli liggja fyrir meðmæli Lögmannafélags Íslands en í núgildandi ákvæði er aðeins krafist umsagnar félagsins. Ekki er gert ráð fyrir að viðkomandi þurfi að uppfylla skilyrðið um starfsreynslu skv. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. áður en hann þreytir prófið.

Um 12. gr.

Aðeins eru lagðar til breytingar á 17. gr. sem stafa af breyttu orðalagi á afsali og niðurfellingu réttinda.

Um 13. gr.

Lagt er til að núgildandi 5. mgr. 19. gr. laganna verði felld brott en þar er fjallað um að ráðherra geti heimilað að aðrir en lögmenn geti rekið félag um skrifstofu lögmanns. Er það ekki talið samræmast anda laganna um óháða lögmannastétt að aðrir en lögmenn geti átt hlut í lögmannsstofu.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. er kveðið á um skyldu lögmanns til að hafa sérstakan vörslufjárreikning og áréttuð sú skylda sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr. Lögð er til sú breyting að lögmanni sé ávallt skylt að hafa sérstakan vörslufjárreikning, hvort sem hann hefur vörslufé með höndum eða ekki.

Í 2. mgr. er tekið upp nýtt ákvæði þar sem lögfest er skylda lögmanns til að senda Lögmannafélagi Íslands fjárvörsluyfirlýsingu og upplýsingar um verðbréf í hans vörslu og skal hvort tveggja staðfest af löggiltum endurskoðanda. Jafnframt eru tilgreindir þeir tímafrestir sem miða ber upplýsingarnar við og skilafrestur yfirlýsinganna. Ákvæðið á sér fyrirmynd í núgildandi reglugerð um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., nr. 201/1999, en rétt þykir að tryggja frekar grundvöll þessarar skyldu með því að lögfesta hana.

3. mgr. er óbreytt 2. mgr. 23. gr.

Um 15. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málsliður um að úrskurðarnefnd lögmanna vísi frá ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri. Samkvæmt lögmannalögum fjallar nefndin annars vegar um ágreiningsmál um endurgjald fyrir lögmannsstörf, sbr. 1. mgr. 26. gr., og hins vegar um kvartanir sem nefndinni berast vegna meintra brota lögmanna í störfum þeirra á lögum eða siðareglum, sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 27. gr. laganna vísar nefndin frá sér kvörtun ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma henni á framfæri. Sambærilegt fyrningarákvæði er ekki að finna í lögunum að því er varðar ágreiningsmál um endurgjald. Vegna þessa hefur úrskurðarnefndin í nokkrum tilvikum þurft að fjalla um ágreingsmál um endurgjald sem eru orðin nokkurra ára gömul. Úrlausn gamalla mála getur verið erfið í framkvæmd og eðlilegt er að sambærilegt fyrningarákvæði sé til fyrir ágreiningsmál um endurgjald og gildir um kvartanir.

Um 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laganna getur úrskurðarnefnd lögmanna fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum viðvörun eða áminningu. Er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að erfitt sé í framkvæmd að beita viðvörun og nægjanlegt sé fyrir nefnd-

ina að geta fundið að vinnubrögðum lögmanns eða veitt honum áminningu auk þess að geta sent dómsmálaráðherra tillögu skv. 1. mgr. 14. gr. laganna. Lagt er því til að tekin verði út heimild úrskurðarnefndarinnar um að veita lögmanni viðvörun.

Um 17. gr.

Lagðar eru til þrjár breytingar á 28. gr. laganna sem fjallar um rekstur mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Í fyrsta lagi er lagt til að úrskurðarnefndinni verði veitt heimild til að leggja á hæfilegt málagjald sem þeim er ber fram kvörtun fyrir nefndina verði gert að greiða. Sé slíkt málagjald tekið upp og innheimt er gengið út frá því að gjaldið verði endurgreitt til málshefjanda komi í ljós að framlögð kvörtun eigi við rök að styðjast. Í öðru lagi er lagt til að heimild nefndarinnar til að skylda málsaðila til greiðslu málskostnaðar til gagnaðila verði rýmkuð frá því sem nú er. Í stað þess að slíkt sé einungis heimilt þegar sérstaklega stendur á, eins og ákvæðið hljóðar nú, er gert ráð fyrir að úrskurðarnefndin geti lagt slíka greiðsluskyldu á án sérstakra takmarkana. Í þriðja lagi er lagt til nefndinni verði veitt heimild til að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra. Með kostnaði er hér bæði átt við fastan og breytilegan kostnað nefndarinnar af rekstri viðkomandi máls.

Um 18. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á efni 2. mgr. 29. gr. laganna varðandi notkun starfsheita lögmanna. Í fyrsta lagi er bætt við ákvæði um að verndun starfsheitisins taki einnig til skammstafananna hdl. og hrl. Í öðru lagi er breytt orðalagi þannig að í stað þess að talað er um „fullgild starfsréttindi“ komi virk réttindi svo sem þeim er lýst í 12. gr. og áréttingu um að ákvæði 12. gr. þurfi að uppfylla. Í þriðja lagi er lagt til að sama gildi um starfsheiti erlendra lögmanna sem hér starfa á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins undir sínum heimatitli þannig að það varði sektum að nota þá titla án þess að hafa til þess tilskilið starfsleyfi heimalands.

Tilgangur þessara breytinga er að taka af allan vafa um hvenær handhafar lögmannsréttinda megi nota titilinn lögmaður, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða skammstöfun þessara titla. Þannig verður einungis þeim sem hafa virk réttindi samkvæmt lögunum heimilt að nota lögmannstitil og þeim handhöfum lögmannsréttinda sem starfa á grundvelli undanþágu skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. laganna eru settar skýrari leiðbeiningar um það hvenær þeim er heimilt að nota hann. Eiga þar við sömu sjónarmið og fram koma í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins um 3. mgr. 12. gr. laganna.

Um 19. gr.

Lagt er til að þau ákvæði 31. gr. sem ekki hafa lengur gildi vegna tímamarka verði felld brott.

Um 20. gr.

Núgildandi ákvæði til bráðabirgða um skipun úrskurðarnefndar lögmanna er breytt með tilliti til þess að í frumvarpinu er lagt til að úrskurðarnefnd lögmanna verði skipuð þremur mönnum í stað fimm.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Efni frumvarps þessa er í höfuðatriðum tvíþætt. Annars vegar felur það í sér endurskoðun á ákvæðum laga um lögmenn varðandi veitingu og niðurfellingu lögmannsréttinda og eftirlit. Hins vegar er ákvæðum frumvarpsins ætlað að innleiða EES-gerð um réttindi erlendra lögmanna sem starfa hér á landi undir starfsheiti heimaríkis síns.

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands starfar sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmanna sem leysir úr málum eftir ákvæðum laganna, svo sem kvörtunum á hendur lögmönnum. Starfar hún ekki í umboði dómsmálaráherra en getur lagt til við ráðherra að réttindi lögmanns sem brotið hefur gegn lögunum verði afturkölluð tímabundið eða til frambúðar. Samkvæmt frumvarpinu verður úrskurðarnefndinni heimilt að innheimta gjald fyrir upptöku mála sem endurgreiðist til málshefjanda hafi reynst vera grundvöllur fyrir erindinu. Einnig verður nefndinni heimilt að skylda aðila til að greiða gagnaðila málskostnað og ef sérstaklega stendur á að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að Lögmannafélag Íslands hafi eftirlit með því að lögmenn uppfylli skilyrði fyrir lögmannsréttindum, þar á meðal hvernig staðið er að vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingum, og getur félagið krafið lögmenn um greiðslu kostnaðar við rannsóknir í því skyni.

Úrskurðarnefndin og félagið hafa samkvæmt frumvarpinu nokkuð takmarkað eftirlitssvið og fara ekki með stjórnsýsluvald. Með hliðsjón af því er ekki talið að fjármál í tengslum framkvæmd ákvæða frumvarpsins verði talin til opinberra fjárreiðna. Er því ekki ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á fjárreiður ríkissjóðs.

672. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Liðurinn *Reiðhjól* orðast svo:
   a. Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks.
   b. Vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.
   c. Lítil vél- eða rafknúin farartæki, sem eigi eru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól, sem búið er stigbretti,

er á tveimur hjólum og með stöng að framan sem á er stýri. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.

b. Við liðinn *Torfærutæki* bætist nýr stafliður er orðast svo: Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga utan vega, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma sé það rafknúið.

2. gr.

6. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, er orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, þar á meðal um:

a. notkun ökurita, sem er búnaður ökutækis þar sem skráðar eru og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, hraða ökutækis og fleira,
b. skyldu til þess að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og veita eftirlitsmanni aðgang að þeim upplýsingum þegar þess er óskað,
c. útgáfu, efni og form ökuritakorts, sem er lykill að rafrænum ökurita og geymir jafnframt rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
d. gjald fyrir ökuritakort.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Vegagerðin annast eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Sérstökum eftirlitsmönnum hennar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Dómsmálaráðherra setur reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og setur þeim starfsreglur.

5. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum loftpúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum, sbr. 2. mgr.

Eigi er skylt að nota öryggis- eða verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.–4. mgr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um notkun öryggis- eða verndarbúnaðar og um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo: Hver sá sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð skal nota hlífðarhjálm ætlaðan til slíkra nota.

7. gr.

Í stað orðanna „100.000 krónum“ í 1. málsl. 4. mgr. 100. gr. laganna kemur: 300.000 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ og vínandamagn í lofti fer yfir 1.000 milligrömm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.
b. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
   Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 2. mgr. 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en tvö ár. Ef einungis síðara brotið varðar við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en þrjú ár. Ef bæði brotin varða við ákvæði 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vera skemur en fimm ár.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem dómsmálaráðherra setur með stoð í 67. gr.
b. Í stað orðanna „gjalds þessa“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.
c. Í stað orðsins „gjaldsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Gjald vegna stöðvunarbrota o.fl.**

10. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Gjald vegna vanrækslu á skoðun hvílir á eiganda eða umráðamanni ökutækis.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987, sem miða að bættu umferðaröryggi, einkum ákvæði um öryggis- og verndarbúnað barna. Þá miðar frumvarpið að innheimtu gjalda í stað sekta vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar og að bættu eftirliti með aksturs- og hvíldartíma. Einnig er lagt til að svipting ökuréttar vegna

ölvunar við akstur taki mið af áfengismagni í blóði og svipting vegna ítrekunar ölvunar við akstur verði lengd.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að svokölluð vélknúin hlaupahjól verði talin til reiðhjóla. Vafi hefur ríkt um skilgreiningu slíkra tækja og hvaða reglur ættu að gilda um þau í umferðinni, enda um nýja tegund farartækja að ræða. Lagt er til að ekki megi aka vélknúnum hlaupahjólum á akbrautum enda mundi að öðrum kosti skapast af þeim augljós hætta.

Tilefni breytinganna eru m.a. ábendingar og tillögur frá Umferðarstofu, ríkissaksóknara og lögreglunni í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á síðustu árum hafa verið að ryðja sér til rúms vél- eða rafknúin hlaupahjól. Þau hafa í einhverjum mæli verið flutt inn til landsins, en hin síðari ár hafa þau verið skilgreind sem létt bifhjól og hafa þau ekki fengist tollafgreidd hér á landi þar sem þau uppfylla ekki þau skilyrði sem gerð eru til léttra bifhjóla í reglugerð nr. 308/2003, um gerð og búnað ökutækja.

Lagt er til að lítil vél- eða rafknúin farartæki, hvort sem þau eru knúin með rafmótor eða sprengihreyfli, sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klst. verði skilgreind sem reiðhjól. Undir þá skilgreiningu falli m.a. vélknúin hlaupahjól.

Ástæða þess er einkum sú að ef þau verða skilgreind sem létt bifhjól verða þau enn fremur vélknúið ökutæki og ber þá að fara með þau sem slík í almennri umferð. Vélknúin ökutæki eru skráningarskyld, þau þurfa að uppfylla skilyrði léttra bifhjóla í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, taka þarf ökupróf til að stjórna vélknúnum ökutækjum, óheimilt er að nota vélknúin ökutæki annars staðar en á akbrautum í almennri umferð, þ.e. ekki er heimilt að aka þeim á gangstéttum, göngustígum og hjólreiðastígum. Bent er á að vél- eða rafknúin hlaupahjól sem ekki eru hönnuð til hraðari aksturs en 15 km á klst. eru of veigalítil tæki til að vera í almennri umferð og getur það skapað almenna slysahættu að skilgreina þau sem létt bifhjól. Verður því að telja eðlilegra að skilgreina þau sem reiðhjól.

Í greininni er enn fremur lagt til að skilgreiningu á torfærutækjum verði breytt. Er það gert vegna innleiðingar á tilskipun 2002/24/EB, IV. viðauka, varðandi bifhjól. Skilgreiningunni hefur þegar verið breytt í reglugerð nr. 308/2003, um gerð og búnað ökutækja.

Um 2. og 3. gr.

Lagt er til að 6. mgr. 44. gr. laganna um reglugerðarheimild ráðherra verði felld brott. Í stað hennar komi nýtt ákvæði, 44. gr. a, þar sem kveðið verði á um að ráðherra setji reglur um notkun rafrænna ökurita, skyldu til að nota ökurita og ökuritakort, að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og veita eftirlitsmanni aðgang að þeim upplýsingum þegar þess er óskað. Enn fremur um útgáfu, efni og form ökuritakorta og gjald fyrir ökuritakort. Það ákvæði verður ítarlegra en 6. mgr. 44. gr. gildandi laga er.

Gjaldi fyrir ökuritakort er ætlað að standa undir kostnaði við að framfylgja EES-gerðum nr. 3820/85 og 3821/85 ásamt öðrum gerðum um sama efni, kostnaði við framleiðslu kortanna og árlegum rekstrarkostnaði kortaútgáfu vegna umsýslu og evróputengdra tölvukerfa.

Ökuritakort er skilgreint sem lykill að rafrænum ökurita og að það geymi rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns. Gert er ráð fyrir að gefnar verði út fjórar gerðir ökuritakorta, þ.e. ökumannskort, eftirlitskort, verkstæðiskort og fyrirtækiskort, og að gerð verði nánari grein fyrir þeim í reglum ráðherra. Ökumannskort notar ökumaður til þess að setja það í ökuritann. Upplýsingar um aksturstíma hans og hvíld færast yfir á ökuritakortið

og inn á ökuritann. Eftirlitskort veitir eftirlitsmanni aðgang að ökurita, fyrirtækiskort veitir rekstraraðila ökutækis sams konar upplýsingar og verkstæðiskort veitir viðgerðar- og prófunarmanni aðgang að ökurita.

Skylda til að nota rafræna ökurita mun eingöngu ná til ökutækja sem verða skráð eftir 5. ágúst 2004, en ökuritar af þeirri gerð sem nú er notuð, órafrænir með skífum og eru í ökutækjum í umferð fyrir umræddan dag, mega vera áfram í notkun eftir 5. ágúst 2004 þar til ökutækið verður ónýtt eða ökuritinn þarfnast viðgerðar. Um það hvaða ökutæki skylt verður að búa ökurita vísast til framangreindra EES-gerða.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að 68. gr. umferðarlaga verði breytt á þá leið að sérstakir eftirlitsmenn á vegum Vegagerðarinnar sjái um eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að lögreglumönnum og eftirlitsmönnum Vegagerðar sé heimilt að stöðva ökutæki í þeim tilgangi að skoða upplýsingar sem er að finna í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða þær upplýsingar sem þar séu varðveittar með öðrum hætti. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og setji þeim starfsreglur.

Vegagerðin hefur annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Vegna ákvæða í tilskipun um aksturs- og hvíldartíma ökumanna fyrir rafræna ökurita má áætla að eftirlitið verði aukið og er þess að vænta að kostnaður Vegagerðarinnar við eftirlitið aukist með tilliti til aukins umfangs og tækjabúnaðar.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 71. gr. umferðarlaga um öryggis- og verndarbúnað barna í bifreiðum. Er þannig gert ráð fyrir að skyldan nái ekki eingöngu til að nota öryggisbelti, heldur einnig til að nota annan viðurkenndan öryggisbúnað, svo sem öryggisbelti, barnabílstól eða annan sérstakan búnað sem sérstaklega er ætlaður börnum. Er breytingin á 71. gr. lögð til vegna innleiðingar á tilskipun 2003/20/EB. Ákvæði tilskipunarinnar skulu hafa tekið gildi fyrir 9. maí 2006, en talið er rétt að gera ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma þetta varðandi. Einnig var tekið tillit til athugasemda Umferðarráðs við ákvæðið.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að 1. málsl. 1. mgr. 72. gr. um hlífðarhjálma á bifhjólum og torfærutækjum verði breytt á þá leið að slíkir hlífðarhjálmar séu ætlaðir til slíkra nota, þ.e. að notaðir verði hlífðarhjálmar sem sérstaklega eru viðurkenndir sem bifhjólahjálmar eða hjálmar fyrir torfærutæki.

Um 7. gr.

Lagt er til að hámarksfjárhæð sekta í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga hækki úr 100.000 kr. í 300.000 kr.

Fjárhæðum í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um lögreglustjórasáttir, nr. 569/1998, sbr. reglugerð nr. 980/2000, var breytt á þá leið að heimilt varð að ljúka broti með lögreglustjórasátt, enda verði fjárhæð sektar ekki hærri en 300.000 kr. í stað 100.000 kr. áður og verðmæti þess sem gera á upptækt ekki meira en 300.000 kr. í stað 35.000 kr. áður.

Tilgangur ákvæðisins er að fleiri málum vegna umferðarlagabrota verði hægt að ljúka með lögreglustjórasátt, sem verður til þess að færri ákærur verði gefnar út og vinnuálag ákærenda og dómara minnkar.

Um 8. gr.

Ríkissaksóknari hefur sent ráðuneytinu erindi í framhaldi af dómum Hæstaréttar um beitingu lágmarkssviptingar vegna ölvunaraksturs, ef um fyrsta brot ökumanns er að ræða og ekkert annað í málinu horfi til þyngingar viðurlaga. Hæstiréttur hefur í tvígang á þessu ári staðfest þá dómvenju að við fyrsta ölvunarakstursbrot ökumanns sé beitt lágmarkssviptingu ökuréttar, án tillits til áfengismagns í blóði eða lofti umrætt sinn, nema eitthvað annað í málinu horfi til þyngingar viðurlaga. Ríkissaksóknari hefur lagt til að miðað verði við vínandamagn í blóði og lofti við sviptingar, í stað þess að lágmarkssviptingu verði ávallt beitt í þeim tilfellum. Af dómum þessum virðist sama hversu ölvaður ökumaður hefur verið, valdi hann ekki tjóni eða raunverulegri og sannanlegri hættu með akstrinum. Ekki virðist slæmur ökuferill ökumanns heldur skipta máli, ef brot hans felur ekki í sér ítrekun. Lagt er til að 102. gr. umferðarlaga verði breytt á þá leið að fari vínandamagn í blóði ökumanns yfir tvö prómill og vínandamagn í lofti yfir 1.000 milligrömm í lítra lofts skuli hann sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

Þá er lagt til að sviptingar ökuréttar við ítrekun ölvunarakstursbrots verði lengdar frá því sem nú er. Er þannig gert ráð fyrir að sé um ítrekun að ræða, ítrekun á 2. mgr. 45. gr. eða ökumaður vilji ekki veita atbeina sinn við rannsókn máls, þ.e. neiti að gefa öndunarsýni, skuli svipting eigi vera skemur en tvö ár. Um nýmæli er að ræða um ítrekun á 2. mgr. 45. gr., en lágmarkssvipting vegna neitunar á að veita öndunarsýni er eitt ár vegna fyrsta brots í gildandi lögum, en tvö ár við ítrekun. Þá er gert ráð fyrir að varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skuli svipting ökuréttar eigi vera skemur en þrjú ár, en það er nýmæli að sérstaklega sé tekið á að síðara brot varði við 3. mgr. 45. gr. Þá er lagt til að lágmarkssvipting við ítrekun á broti gegn 3. mgr. 45. gr. verði lengd úr þremur árum í fimm ár.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að 108. gr. laganna verði breytt á þá leið að nýr stafliður bætist við 1. mgr. þannig að í stað sekta verði lagt gjald skv. 108. gr. á eigendur eða umráðamenn bifreiða vegna vanrækslu á aðalskoðun eða endurskoðun. Einnig eru lagðar til orðalagsbreytingar á 3. mgr. ákvæðisins með tilliti til þessa.

Brot vegna vanrækslu á skoðun og aðalskoðun hafa verið talsvert mörg samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu lögreglunnar í Reykjavík 2001:

	1998	**1999**	**2000**	**2001**
Vanræksla á að færa ökutæki til aðalskoðunar	2.520	3.370	2.171	799
Vanræksla á að færa ökutæki til endurskoðunar	924	702	653	337

Telja verður ljóst að mikil vinna margra deilda lögreglu og annarra embætta þegar um sektamál er að ræða minnki verulega verði frumvarpið að lögum.

Um 10. gr.

Lagt til að 109. gr. verði breytt til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 9. gr. frumvarpsins, þannig að gjald skv. 108. gr. vegna vanrækslu á skoðun hvíli á eiganda eða umráðamanni ökutækis.

Um 11. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1987, umferðarlögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á umferðarlögum sem ætlað er að stuðla að bættu umferðaröryggi, svo sem ákvæði um öryggisbúnað barna. Í frumvarpinu er einnig ákvæði um að settar verði reglur um skyldu til að nota ökurita og ökuritakort. Gert er ráð fyrir að innheimt verði gjald fyrir ökuritakort sem renni í ríkissjóð til að standa undir kostnaði við útgáfu kortanna. Ákvæði um ökurita eru í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði og er áætlað að kostnaður við að innleiða tilskipunina verði 27 m.kr. Þegar hefur verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum með sérstakri tímabundinni útgjaldaheimild hjá Umferðarstofu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004. Þá er reiknað með að árlegur rekstrarkostnaður við umsýslu í tengslum við ökuritakortin og notkun sameiginlegra evrópskra tölvukerfa verði um 14 m.kr. Við það bætist um 5.000 kr. framleiðslukostnaður við hvert kort. Talið er að gefa þurfi út um 1.800 kort á ári miðað við að gefin verði út fjögur kort á hverja ökuritaskylda bifreið. Til að endurheimta þennan kostnað á fjögurra ára tímabilinu frá 2005–2008 er áætlað að hvert kort þurfi að kosta um 16–20 þús. kr.

Samkvæmt frumvarpinu mun Vegagerðin annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Vegagerðin hefur fengið greiddan kostnað af því samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið og er gert ráð fyrir að fyrirkomulagið á þessu eftirliti verði svipað og verið hefur undanfarin ár.

Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hámark samanlagðra sekta fyrir umferðarbrot hækki úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. til að unnt verði að ljúka fleiri málum með lögreglustjórasátt og fækka að sama skapi málum hjá ákærendum og dómstólum.

Þá er í frumvarpinu ákvæði um að í stað sektar fyrir að vanrækja að færa ökutæki til skoðunar megi lögregla leggja á gjald. Með því móti er gert ráð fyrir að draga megi nokkuð úr kostnaði við vinnu lögregluembætta vegna slíkra sektarmála.

Að samanlögðu er ekki talið að lögfesting frumvarpsins leiði til útgjalda umfram tekjur fyrir ríkissjóð.

673. Frumvarp til laga [465. mál]

um fullnustu refsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Stjórn og skipulag fangelsismála.

1. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

3. gr.

Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi.

Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu.

Heimilt er að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn Fangelsismálastofnunar.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

6. gr.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Að öðru jöfnu skal ekki skipa aðra fangaverði en þá sem hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Fangavörðum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

8. gr.

Starfsmönnum Fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum ber þagnarskylda um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga, sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða starfshætti fangelsa og fangelsisyfirvalda og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

II. KAFLI

Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.

A. Almennt.

9. gr.

Fangelsismálastofnun tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara.

10. gr.

Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta í beinu framhaldi af því að dómur berst Fangelsismálastofnun.

Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal Fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflega hvenær og hvar honum beri að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur Fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi.

Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.

Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji hann refsiverðan verknað á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

11. gr.

Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er Fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrír mánuðir í heild.

Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Ekki skal veita frest ef hætta er talin á því að dómþoli misnoti hann. Synja skal um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd. Ekki skal fresta fullnustu vegna ítrekaðrar beiðni um náðun nema að í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að dómþoli fremji ekki refsiverðan verknað. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur Fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

12. gr.

Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef sérstakar ástæður mæla með því. Slíkt hlé má binda skilyrðum.

13. gr.

Strjúki fangi úr afplánun refsivistar, telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans. Hluti úr degi telst heill dagur.

14. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við þá ákvörðun skal tillit tekið til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar.

Fangelsismálastofnun getur tekið ákvörðun um að færa fanga frá einu fangelsi til annars meðan á afplánun stendur. Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda í fangelsi meðan á afplánun stendur.

Ekki er skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann milli fangelsa eða klefa.

15. gr.

Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

Fangi sem lagður er á sjúkrahús telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

Fangelsismálastofnun ákveður, að höfðu samráði við sjúkrahús, hvort fangi skuli sæta þar sérstakri gæslu.

16. gr.

Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8.00 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma mæli sérstakar ástæður með því.

Fangi sem afplánar vararefsingu fésekta skal látinn laus á sama tíma sólarhrings og afplánun hófst.

B. Fullnusta í fangelsi.

17. gr.

Við móttöku fanga í afplánun skal skrá upphafsdag afplánunar og lok refsitíma samkvæmt dómi. Þá skal skrá upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja eigi að hafa samband við ef fangi veikist eða deyr meðan á afplánun stendur.

Heimilt er að taka andlitsmyndir af fanga.

Við upphaf afplánunar, eða við flutning fanga milli fangelsa til lengri tíma, skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eða flutning milli fangelsa nema ástæða sé til að ætla að það hafi áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu eða brýnar ástæður mæli því mót.

18. gr.

Við upphaf afplánunar skal kynna fanga þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varði agaviðurlögum, um málsmeðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti skotið ákvörðunum er varða fullnustu refsingarinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis.

Fangi skal fá upplýsingar um rétt sinn til að hafa samband við lögmann.

19. gr.

Fanga ber að vinna þau störf í fangelsi sem honum eru falin.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 2. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Í slíkum tilvikum má ákveða að fangi greiði gjald fyrir uppihald sitt í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8.00 til kl. 17.00, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en 8 klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsisins má inna af hendi utan dagvinnutíma.

20. gr.

Fangi skal eiga kost á að stunda nám eða starfsþjálfun eftir því sem unnt er og hann telst hæfur til.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti getur forstöðumaður fangelsis, að höfðu samráði við skólameistara, ákveðið að víkja fanga úr námi og að hann sinni í staðinn vinnu í fangelsinu.

Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna náms í fangelsi og eru þær eign fangelsisins.

21. gr.

Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms.

Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu.

Fangi sem er vistaður um stundarsakir utan fangelsis, svo sem á sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar umönnunar eða forsjár, fær ekki greidda dagpeninga þann tíma nema að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar.

Fangi í leyfi skv. IV. kafla laga þessara fær ekki greidda dagpeninga í leyfinu.

22. gr.

Þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal fyrir skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en 70% af þóknun fanga eða dagpeningum til slíkra greiðslna.

23. gr.

Læknir skoðar fanga við upphaf afplánunar nema Fangelsismálastofnun telji það óþarft. Þó skal læknisskoðun fara fram ef fangi óskar eftir því.

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

24. gr.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu. Fangelsismálastofnun skal tilkynna barnaverndarnefnd þegar svo stendur á.

Barnaverndarnefnd getur skoðað aðstæður í fangelsi og kynnt sér hagi móður til umönnunar barnsins.

C. Fullnusta utan fangelsis.

25. gr.

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda stundi hann vinnu eða nám sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný og búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti. Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

Fangelsismálastofnun getur bundið lok afplánunar utan fangelsis frekari skilyrðum.

26. gr.

Nú fer fangi ekki eftir reglum stofnunar eða heimilis varðandi útivistartíma, neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða brjóti gegn öðrum reglum stofnunar eða heimilis, eða skilyrðum Fangelsismálastofnunar fyrir dvöl á slíkri stofnun eða heimili, getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli beittur agaviðurlögum skv. VI. kafla laga þessara.

Þegar fangi stundar ekki þá vinnu eða nám sem var forsenda vistunar utan fangelsis eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, eða brjóti reglur þess, getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar. Í slíkum tilvikum er ekki skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann í fangelsi á ný.

D. Samfélagsþjónusta.

27. gr.

Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir.

Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir.

28. gr.

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Sama gildir þegar dómþoli er í fangelsi.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þar með talið hvort líklegt er að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun

á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

29. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

30. gr.

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
2. Að dómþoli neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Nú sætir dómþoli síðara skilyrði 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

31. gr.

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá Fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsing skuli afplánuð í fangelsi.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eftir að ákveðið er að fullnusta fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu og getur Fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsinguna í fangelsi.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi.

Þegar ákveðið er skv. 1. eða 2. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum þannig að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur fanga.

32. gr.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal fangaklefi vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

33. gr.

Fangi á rétt á að þiggja heimsóknir nánustu vandamanna sinna í fangelsið á viðtalstímum sem fangelsið ákveður. Fangi á rétt á heimsóknum eigi sjaldnar en vikulega.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft frekari heimsóknir. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir annarra en þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsækja hann að tilmælum forstöðumanns fangelsis.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvort fleiri en einn má heimsækja fanga hverju sinni.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga og láta þá gangast undir líkamsrannsókn. Munir eða efni, sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi, skulu vera í vörslum fangelsis meðan á heimsókn stendur. Lagt skal hald á muni eða efni sem refsivert er að hafa í vörslum sínum.

34. gr.

Fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið í sérstökum tilvikum að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsisins. Ákvörðun um það skal bókuð og ástæða tilgreind.

35. gr.

Heimsóknir til fanga skulu almennt fara fram án eftirlits.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsókn skuli fara fram undir eftirliti ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Er þá heimilt að setja það skilyrði að samtal fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur. Ef nauðsyn krefur og aðstæður leyfa er heimilt að fá túlk fangaverði til aðstoðar.

Sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geta óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn.

Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

36. gr.

Fangi á rétt á símtölum við fólk utan fangelsis á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala og lengd þeirra. Einnig er heimilt að banna símtöl við fanga í öðrum fangelsum.

Heimilt er að hlusta á símtöl fanga ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits, til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað og í þeim tilgangi að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga.

Ákvörðun um að hlusta á símtal skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur.

Heimilt er að taka símtöl fanga upp á hljóðband ef grunur leikur á að efni samtalsins tengist eða feli í sér refsiverðan verknað. Fanga og viðmælanda hans skal sagt frá því að símtalið hafi verið tekið upp á hljóðband að samtali loknu. Upptökunum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Ekki er heimilt að hlusta á eða taka upp á hljóðband símtöl fanga við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt beiðni rétthafa símanúmers getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr fangelsi.

Fangi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín.

37. gr.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að skoða bréf til og frá fanga til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Forstöðumaður getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti fanga við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá fanga. Enn fremur er heimilt að skoða bréf fanga ef það þykir nauðsynlegt vegna almenns eftirlits. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur.

Ekki skal skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana eða umboðsmanns Alþingis.

Ákvörðun um að lesa bréf, eða leggja hald á það, skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

Þegar fangelsi útvegar bréfsefni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður í fangelsi.

Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir.

38. gr.

Fangi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp.

Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við forstöðumann fangelsis hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga.

39. gr.

Fangi á rétt á útiveru í að minnsta kosti eina klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

Fanga skal gefinn kostur á að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa.

Fangi á rétt á daglegum aðgangi að hreinlætisaðstöðu.

40. gr.

Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

Nú er fangi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal fangelsi þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.

41. gr.

Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags.

42. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa í klefa sínum eigin tölvu, þó án nettengingar, tölvuprentara, hljómflutningstæki, útvarpstæki, sjónvarpstæki o.fl. Fanga er óheimilt að hafa síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi eða ávana- og fíkniefni.

Fanga er heimilt að hafa peninga í klefa sínum, þó ekki hærri fjárhæð en sem svarar dagpeningum fanga á einum mánuði.

IV. KAFLI
Leyfi úr fangelsi.

43. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að heimsækja fjölskyldu sína eða vini ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Slíkt leyfi skal vera fjórtán klukkustundir að hámarki og skal að jafnaði veitt frá kl. 8.00 að morgni til kl. 22.00 að kvöldi sama dags. Heimilt er að lengja leyfið um allt að tvær klukkustundir ef fangi á sannanlega um langan veg að fara.

Í beiðni um leyfi skal fangi upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi er veitt skal leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað.

Nú fer afplánun fram utan fangelsis skv. 25. gr. og skal þá ekki veita fanga leyfi nema sérstakar ástæður mæli með.

44. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ef eftirfarandi atvik eiga við:

1. til að heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkur að fengnu samþykki viðkomandi,
2. til að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga; þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu og jarðarför maka síns, niðja eða foreldris,
3. til að vera viðstaddur fæðingu, skírn eða fermingu barns síns,
4. til að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1.–4. tölul. nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Slíkt leyfi skal vera átta klukkustundir að hámarki.

Með nánum ættingja og nákomnum í fjölskyldu fanga í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er átt við maka, sambúðarmaka, niðja, stjúpbörn, fósturbörn, foreldra, tengdaforeldra, systkin, systkinabörn, föður- og móðurforeldra og föður- og móðursystkin.

45. gr.

Fangelsismálastofnun getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám eða starfsþjálfun ef það telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við Fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám nema fyrir liggi staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla, eða þess sem veitir starfsþjálfun, á að fangi geti hafið og stundað nám eða starfsþjálfun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að skóla, eða þeim sem veitir starfsþjálfun, sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu. Jafnframt skal gera skólanum og þeim sem veitir starfsþjálfun grein fyrir þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

46. gr.

Fangi getur ekki fengið leyfi skv. 43. gr. fyrr en hann hefur afplánað þriðjung refsitímans og verið samfellt í fangelsi í eitt ár, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist. Slíkt leyfi má veita á ný er liðnir eru fullir tveir mánuðir frá síðasta leyfi.

Nú hefur fangi verið samfellt í fangelsi tvö ár hið minnsta og fengið leyfi í samræmi við 1. mgr. a.m.k. sex sinnum og ekki misnotað þau eða brotið gegn skilyrðum þeirra og er þá heimilt að veita honum leyfi á ný þegar liðinn er einn mánuður frá síðasta leyfi.

47. gr.

Taka skal tillit til afbrots, sakar- og afplánunarferils þess fanga sem í hlut á við ákvörðun um að veita leyfi til dvalar utan fangelsis.

Nú hefur fangi verið dæmdur í síðasta refsidómi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, eða auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis.

Nú hefur fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi eða framið refsiverðan verknað í fyrra leyfi til dvalar utan fangelsis eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi, eða ef fangi er grunaður um að hafa framið brot, sem ekki telst smávægilegt, í núverandi afplánun, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis. Sama gildir teljist fangi síbrotamaður, hætta sé á að hann muni misnota leyfi eða reyni að komast úr landi.

48. gr.

Eftirtalin skilyrði eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. fanga er óheimilt að neyta áfengis eða ávana- og fíkniefna í leyfinu,
2. fanga er óheimilt að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra ávana- eða fíkniefna í leyfinu,
3. fanga er óheimilt að fara til útlanda í leyfinu,

4. ef um leyfi til vinnu eða náms, eða leyfi vegna sérstakra ástæðna er að ræða er fanganum óheimilt að gera eða fara nokkuð annað í leyfinu en samræmist tilgangi leyfisins.

Auk þess er heimilt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. að fanginn skuli láta í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið,
2. að fanginn skuli gangast undir töku þvag- og blóðsýnis fyrir og eftir leyfið,
3. að fanginn skuli gangast undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið,
4. að fanginn skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis.

Tilgreina skal hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið. Fangi skal tilkynna fangelsinu ef slys, sjúkdómur eða önnur sambærileg atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

49. gr.

Leyfi fanga til dvalar utan fangelsis skulu almennt vera án fylgdar fangavarða. Þetta á þó ekki við þegar fangi hefur gerst sekur um brot eða háttsemi þá sem greinir í 2. og 3. mgr. 47. gr.

50. gr.

Nú óskar fangi eftir leyfi til dvalar utan fangelsis og skal hann þá sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini sem greinir skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hvaða reglur gilda um leyfið að öðru leyti og hverju það varði að rjúfa skilyrði leyfisins.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis nema hann undirriti skriflega yfirlýsingu um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

51. gr.

Fangi ber sjálfur kostnað af leyfi til dvalar utan fangelsis. Fangi skal þó ekki bera kostnað af fylgd fangavarða.

52. gr.

Heimilt er að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis vegna hegðunar fanga eða annarra atvika sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda, og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Sama á við ef ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.

Nú rýfur fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða brýtur gegn þeim reglum sem um leyfið gilda og getur þá sá sem leyfið veitti fellt það niður. Slík brot gegn skilyrðum leyfis eða reglum þess geta varðað agaviðurlögum skv. VI. kafla laga þessara.

Nú verður fangi uppvís að neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í fangelsi eða utan þess og kemur þá leyfi til dvalar utan fangelsis að jafnaði eigi til greina fyrr en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki.

V. KAFLI
Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

53. gr.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

1. refsivert er að hafa í vörslum sínum,
2. hafa orðið til við refsiverðan verknað,
3. smyglað hefur verið inn í fangelsið,
4. föngum er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum fangelsis.

Einnig má leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti þótt skilyrði 1.–4. tölul. séu ekki uppfyllt.

Fangi skal ekki vera viðstaddur leit í klefa og skal hann fluttur í aðrar vistarverur fangelsis meðan á leit stendur. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og fanga er óheimilt að hafa í klefa.

Fanga skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í klefa fanga skal tekin með rökstuddri bókun.

54. gr.

Leita má á fanga og í fötum hans við komu í fangelsi, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 53. gr.

Leit á fanga innanklæða skal gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns og fangi er.

55. gr.

Forstöðumaður tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 53. gr. Einnig má taka blóðsýni og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu í fangelsi og við almennt eftirlit.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skal taka með rökstuddri bókun.

56. gr.

Heimilt er að leggja hald á muni og efni sem getið er í 1. mgr. 53. gr. og finnast við leit í klefa skv. 53. gr., leit á fanga skv. 54. gr. eða við líkamsrannsókn skv. 55. gr.

57. gr.

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

VI. KAFLI
Agaviðurlög o.fl.

58. gr.

Fyrir brot fanga á reglum fangelsis má beita fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Sviptingu réttinda sem fangar njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum,
2. sviptingu þóknunar fyrir ástundun vinnu eða náms eða dagpeninga um ákveðinn tíma,
3. einangrun í allt að 30 daga.

Nú er brot smávægilegt og fangi hefur ekki áður framið agabrot, og má þá í stað agaviðurlaga beita skriflegri áminningu.

Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samtímis.

59. gr.

Fanga má einangra frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt af öryggisástæðum. Einnig má einangra fanga vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin. Nú er hætta á að fangi valdi meiri háttar eignaspjöllum á húsakosti eða húsbúnaði fangelsis og má þá halda honum einangruðum, svo og til að koma í veg fyrir strok.

Þá má einangra fanga til að koma í veg fyrir að hann hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis og hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf. Fanga má sömuleiðis aðgreina frá öðrum til að afstýra því að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Heimilt er að einangra fanga að hans eigin ósk.

Spennibol og handjárn má nota um skamman tíma ef nauðsyn krefur.

60. gr.

Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa hans, koma í veg fyrir sjálfsvíg hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra.

Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti, hanska, fót- og handreimar eða fót- eða handjárn.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa. Vistun í öryggisklefa og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana skulu aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða.

Ákvörðun um vistun í öryggisklefa sætir kæru til dómsmálaráðuneytisins og gilda um kæruna ákvæði 2. mgr. 62. gr.

61. gr.

Þegar einangrun er beitt skv. 58. eða 59. gr., eða fangi settur í öryggisklefa skv. 60. gr., skal kalla til lækni til að skoða fanga. Ef unnt er skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

62. gr.

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun skv. 58. og 59. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal fanga gefinn kostur á að kynna sér fyrirliggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri.

Ákvarðanir skv. 58. og 59. gr. skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis. Þessar ákvarðanir sæta kæru til dómsmálaráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu. Ráðuneytið skal taka ákvörðun innan fjögurra virkra daga frá því að kæran barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Berist kæran utan afgreiðslutíma ráðuneytisins telst hún hafa borist því við upphaf næsta virka dags.

63. gr.

Heimilt er að setja fanga í einangrun í allt að 24 klukkustundir á meðan könnuð eru málsatvik vegna meints agabrots hans eða hvort skilyrði séu til að einangra fanga skv. 59. gr.

64. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga. Þetta gildir þó ekki um eign grandlauss þriðja manns.

Forstöðumaður fangelsis getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan fangelsis ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

VII. KAFLI
Reynslulausn.

65. gr.

Þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju hluta refsitímans getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu.

Heimilt er að veita þeim fanga, sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn. Nú hefur fangi tvívegis eða oftar afplánað fangelsisrefsingu og verður honum þá ekki veitt reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein nema sérstakar ástæður mæli með.

Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn.

Fanga, sem telst vera síbrotamaður eða sem ítrekað hefur verið veitt lausn til reynslu og rofið skilyrði þeirra, skal ekki veitt reynslulausn á ný nema sérstakar ástæður mæli með. Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans, svo sem þegar hann hefur ekki vísan samastað eða vinna eða önnur kjör nægja honum ekki til framfærslu.

Það er skilyrði reynslulausnar að fangi lýsi því yfir að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

66. gr.

Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár og má þá ákveða reynslutíma allt að fimm árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Auk þess má ákveða að reynslulausn verði, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans, bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að sá aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.
2. Að aðili neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómstundastarfa.
4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsitíma.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

Nú sætir aðili skilyrði skv. 2. tölul. 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

67. gr.

Nú fremur aðili nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 59. gr. almennra hegningarlaga þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti getur Fangelsismálastofnun ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að aðili afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 65. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 66. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem aðili hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðila sem sætt hefur refsingu gefin refsingin eftir að hluta eða í heild með náðun, sem bundin er skilyrðum, og eiga þá ákvæði 1.–4. mgr. við fremji hann nýtt brot eða rjúfi skilorð að öðru leyti.

VIII. KAFLI
Skilorðsbundnar refsingar.

68. gr.

Þegar mælt er fyrir um eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá náðun fer Fangelsismálastofnun með eftirlitið eða felur það öðrum.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli skv. 4. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og getur Fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er til að skipta.

69. gr.

Fangelsismálastofnun gerir dómþola grein fyrir því hvað felist í því að sæta eftirliti. Dómþola ber að upplýsa Fangelsismálastofnun um hagi sína og ber að hlíta því sem fyrir hann er lagt af hálfu Fangelsismálastofnunar.

70. gr.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og getur þá Fangelsismálastofnun krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

71. gr.

Telji Fangelsismálastofnun að sá sem sætir eftirliti hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun skal Fangelsismálastofnun gera lögreglu og ákæruvaldi viðvart.

Eftirliti Fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi sérstök skilyrði samkvæmt dómi eða ákærufrestun lýkur þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum dómþola hefst hjá lögreglu.

IX. KAFLI
Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.

72. gr.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum nema annað komi fram í viðkomandi sektarákvörðun.

Lögreglustjórum er heimilt að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma skal þegar innheimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

Sökunautur sem gerð hefur verið sekt getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

73. gr.

Nú telur lögreglustjóri að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun skal sektarþola send tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Tilkynningu skal senda með sannanlegum hætti.

Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður lögreglustjóri þá styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.

74. gr.

Nú innheimtist fésekt ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 20 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.

Hafi dómþoli í einni eða fleiri refsiákvörðunum verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða fésekt verður vararefsing ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu ef samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Sama gildir ef fullnusta á í einu lagi vararefsingu samkvæmt fleiri en einni sektarákvörðun.

75. gr.

Ákvæði II. kafla D um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send Fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda Fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

76. gr.

Lögreglustjóri annast innheimtu sakarkostnaðar.

Um innheimtu sakarkostnaðar gilda ákvæði 72. og 73. gr. eftir því sem við á.

77. gr.

Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.

Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

X. KAFLI
Málsmeðferð og kæruheimildir.

78. gr.

Þegar forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun samkvæmt ákvæðum laga þessara er slík ákvörðun kæranleg til ráðuneytis.

Fangi á ekki rétt á aðgangi að málsgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra fanga eða öryggisatriði viðkomandi fangelsis.

Heimilt er að halda gögnum og upplýsingum frá fanganum ef slíkt telst nauðsynlegt með tilliti til öryggis fangelsisins, brotaþola, vitna eða annarra sem tengjast máli fanga, annarra fanga, rannsóknar sakamáls eða annarra sérstakra ástæðna.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

79. gr.

Ákvæði V. og VI. kafla laganna gilda einnig um gæsluvarðhaldsfanga.

Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði II., III. og IV. kafla laganna einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiði ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert að sæta á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þó ber gæsluvarðhaldsfanga ekki að stunda vinnu í fangelsi.

80. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til þriggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar Fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

81. gr.

Hjá Fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

82. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um Fangelsismálastofnun og hlutverk hennar. Í reglugerð er einnig heimilt að mæla fyrir um vinnu og nám fanga, um greiðslu og fjárhæð þóknunar fyrir vinnu og nám og um greiðslu fanga á kostnaði af dvöl í fangelsi.

Þá er ráðherra heimilt að kveða nánar á í reglugerð um leyfi til dvalar utan fangelsis, um viðtöl við fanga í fjölmiðlum, trúnaðarmenn fanga og önnur atriði er varða framkvæmd

ákvæða um réttindi og skyldur fanga, svo og um veitingu reynslulausnar, þar á meðal útfærslu skilyrða reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun setur reglur fangelsa.

83. gr.

Sá sem smyglar eða reynir að smygla til fanga munum eða efnum sem getið er í 53. gr. og hann veit eða má vita að fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

84. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 2004.

Jafnframt falla úr gildi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum, svo og 40.–42. gr., 2.–5. mgr. 52. gr. og 58. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögin gilda um þá dóma sem eru til fullnustu við gildistöku laganna og þá dóma sem koma til fullnustu eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fangelsismálalöggjöfin hefur um nokkra hríð verið til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðherra skipaði árið 2001 vinnuhóp til að gera heildarendurskoðun á lögum og reglum um fullnustu refsidóma, og semja lagafrumvarp sem ætlað væri að leysa af hólmi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, og önnur lagaákvæði þar sem fjallað væri um fullnustu refsinga. Í vinnuhópnum hafa starfað Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, og var hún formaður vinnuhópsins, Benedikt Bogason héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, vann með hópnum að samningu frumvarpsins. Vinnuhópurinn skilaði dómsmálaráðuneytinu tillögum sem frumvarp þetta er reist á.

Í frumvarpinu er lagt til að fjölmörgum ákvæðum laga og reglugerða um fullnustu refsinga verði skipað í ein heildarlög, er varði réttindi og skyldur dæmdra manna. Miðar frumvarpið bæði að því að gera gildandi reglur skýrari og að styrkja lagastoð ýmissa ákvæða. Sem dæmi má nefna að ýmis ákvæði eru í frumvarpinu um réttindi og skyldur fanga hvað varðar símtöl og bréfaskriftir, hvaða muni fangi má hafa í klefa sínum, rétt hans til að njóta útiveru, iðka tómstundastörf, aðgang að hreinlætisaðstöðu, aðgang að fjölmiðli til að fylgjast með gangi þjóðmála og rétt til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags.

Þá miða nokkur ákvæði að því að bæta öryggi í fangelsi, til hagsbóta fyrir bæði þá sem dvelja þar og starfa. Lagt er til að fangaverðir og annað starfsfólk fangelsa sé bundið þagnarskyldu áþekkri þeirri sem lögreglumenn hlíta. Einnig er lagt til að heimild fangavarða til að beita valdi verði lögbundin, en hún verði bundin því skilyrði að þeir megi ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Fyrirmyndin er sótt til lögreglulaga. Auk þess eru lögð til ákvæði til að stemma stigu við smygli á munum og efnum til fanga, sem honum er óheimilt að hafa í fangelsi. Heimilt verði að leita á þeim sem heimsækir fanga og að láta hann gangast undir líkamsrannsókn. Þá verði jafnframt refsivert að smygla eða reyna að smygla munum eða efnum til fanga.

Fyrrnefnd heildarendurskoðun tekur til laga um fangelsi og fangavist ásamt nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga er varða innheimtu sekta og reynslulausn. Þá er ráðgert að lögfest verði fjölmörg ákvæði sem nú er skipað í reglugerð. Er einkum um að ræða reglugerð um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga, nr. 409/1998, reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis, nr. 719/1995, og reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga, nr. 119/1990.

Við samningu frumvarpsins var einnig höfð hliðsjón af ákvæðum danskra laga um fullnustu refsinga, þ.e. lov om fuldbyrdelse af straf, nr. 432/2000, og norskra laga um sama efni, þ.e. lov om gjennomføring af straff, nr. 21/2000. Einnig var litið til ákvæða evrópsku fangelsisreglnanna sem gefnar voru út af Evrópuráðinu í febrúar 1987.

Loks var höfð hliðsjón af álitum umboðsmanns Alþingis um málefni fanga sem gefin hafa verið síðastliðin ár.

Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli og breytingar og eru þessar helstar:

1. Upphaf afplánunar.

Lagt er til að fjallað verði nánar um upphaf afplánunar í frumvarpinu en nú er gert og með hvaða hætti hún hefst, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins. Lögð er áhersla á að frestun á afplánun heyri til undantekninga. Í því sambandi er lagt til að tímalengd frestsins verði stytt frá núgildandi reglugerðarákvæðum, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

2. Störf og nám fanga.

Ákvæði 19.–22. gr. frumvarpsins fjalla um störf, eða eftir atvikum nám, fanga. Fjallað er um vinnuskyldu, heimild fanga til að útvega sér sjálfur vinnu, greiðslu þóknunar og hvað megi draga af henni. Nýmæli er í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að draga megi af launum fanga fyrir uppihald í fangelsi ef hann nýtur þeirrar ívilnunar að stunda launaða vinnu sem hann hefur sjálfur útvegað. Er fyrirmynd þessa ákvæðis sótt í dönsku fullnustulögin.

3. Réttindi og skyldur fanga.

Í III. kafla frumvarpsins, um réttindi og skyldur fanga, eru fjölmörg nýmæli. Ítarleg ákvæði eru um heimsóknir til fanga, sbr. 33.–34. gr. frumvarpsins, og heimild til að kalla til túlk fangaverði til aðstoðar ef nauðsyn krefur og aðstæður leyfa, sbr. 2. mgr. 35. gr. Eins og fram kemur hér að framan hefur verið leitast við að gera réttindi og skyldum fanga skýr skil í sambandi við símtöl, sbr. 36. gr., og bréfaskipti, sbr. 37. gr. Þá er lagt til að lögfest verði ýmis mikilsverð réttindi fanga: réttur fanga til að fylgjast með gangi þjóðmála, sbr. 38. gr., réttur til útivistar, tómstundastarfa o.fl., sbr. 39. gr., réttur erlendra fanga til að hafa samband við sendiráð eða annan sambærilegan fulltrúa lands síns, sbr. 40. gr., og réttur fanga til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags, sbr. 41. gr. Auk þess er lagt til að mælt verði skýrt fyrir um hvaða hluti fangi má hafa í klefa sínum, sbr. 42. gr.

4. Heilbrigðisþjónusta.

Í frumvarpinu er að finna nokkur ákvæði er varða heilsugæslu fanga. Gert er ráð fyrir að fangar fari í læknisskoðun við upphaf afplánunar, telji Fangelsismálastofnun það nauðsynlegt og óski fangi eftir því. Einnig er fjallað nánar um rétt fanga til að njóta heilbrigðisþjónustu, sbr. 23. gr. frumvarpsins, en ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á núverandi skipan.

Eigi kona ungbarn á meðan hún afplánar refsingu skuli það tilkynnt barnaverndarnefnd, sem hafi síðan heimild til að skoða aðstæður í fangelsi, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að þegar fangi afplánar refsingu á sjúkrahúsi ákveði Fangelsismálastofnun í samráði við sjúkrahús hvort hann skuli sæta sérstakri gæslu, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

5. Skráning persónuupplýsinga.

Í frumvarpinu eru nýmæli er varða skráningu persónuupplýsinga um fanga. Fangelsismálastofnun og fangelsum er veitt heimild til að vinna persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er, sbr. 81. gr. frumvarpsins. Um vinnsluna fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Þá verði fangelsi veitt heimild til að taka ljósmynd af fanga við upphaf fangavistar, sbr. 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Það þykir nauðsynlegt, einkum ef fangi strýkur.

6. Fangaverðir.

Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um heimildir og skyldur fangavarða en nú er gert. Lagt er til að fangaverðir hafi sambærilega valdbeitingarheimild, sbr. 7. gr., og þagnarskyldu, sbr. 8. gr., og lögreglumenn hafa við framkvæmd skyldustarfa. Þagnarskylduákvæðið á einnig við um aðra starfsmenn fangelsis, sem og fanga og gesti þeirra.

7. Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

Í V. kafla er lagt til að fangavörðum sé heimilt að leita í klefum fanga og gera líkamsleit á fanga og sett ýmis nánari ákvæði þar um. Enn fremur eru í kaflanum ákvæði um líkamsrannsókn á fanga, sbr. 55. gr., og að læknir eða hjúkrunarfræðingur skuli annast hana. Ákvörðun um leit í klefa fanga og líkamsrannsókn skuli tekin með rökstuddri bókun og skýrsla gerð um slíkar aðgerðir.

8. Haldlagning og eignaupptaka.

Í frumvarpinu eru nokkur nýmæli um haldlagningu og eignaupptöku. Í V. kafla er gert ráð fyrir sérstakri heimild til haldlagningar á munum sem finnast á föngum eða í fangaklefum, sbr. 56. gr. Þá er nýmæli í VI. kafla, um agaviðurlög o.fl., en þar er gert ráð fyrir sérstakri heimild fyrir forstöðumann fangelsis til að gera upptæka muni eða peninga sem smyglað hefur verið inn í fangelsi, og sem ekki eru eign grandlauss þriðja manns. Loks er í 33. gr. lögð til heimild til að leita á þeim sem heimsækja fanga og leggja hald á þá muni sem refsivert er að hafa í vörslum sínum eins og áður er vikið að.

9. Agaviðurlög o.fl.

Lagðar eru til breytingar á núgildandi ákvæðum um agaviðurlög. Áminning verði ekki talin til agaviðurlaga og læknisskoðun skuli fara fram þegar einangrun er beitt, sbr. 61. gr. Heimilt verði að beita einangrun til bráðabirgða meðan könnuð eru málsatvik vegna meints agabrots, sbr. 63. gr. Ekki eru lagðar til breytingar á málsmeðferð kæru ákvörðunar um agaviðurlög og einangrun fyrir utan þann frest sem ráðuneytið hefur til málsmeðferðar. Lagt er til að hann verði fjórir dagar, sbr. 2. mgr. 62. gr. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til að vista fanga í öryggisklefa í ákveðnum tilvikum, og kveðið á um heimild til að halda honum föstum með nánar tilteknum aðferðum, sbr. 60. gr., og læknisskoðun í þessu sambandi, sbr. 61. gr.

10. Leyfi til dvalar utan fangelsis.

Í IV. kafla er gert ráð fyrir að fangi sem afplánar refsingu fái ekki leyfi til dvalar utan fangelsis nema í undantekningartilfellum. Lagt er til að lögfest verði í hvaða tilvikum fangi eigi rétt á leyfi, sbr. 44. gr. frumvarpsins, í stað þess að kveða á um það í reglugerð eins og nú er gert.

Ekki er gert ráð fyrir að fangar fái leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda vinnu, en í stað þess lagt til að þeir geti fengið leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám eða starfsþjálfun, sbr. 45. gr., enda teljist það heppilegur þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki.

11. Reynslulausn.

Ákvæði 40.–42. gr. almennra hegningarlaga um reynslulausn eru tekin upp í VI. kafla frumvarpsins, ásamt ákvæðum reglugerðar nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma. Í 4. mgr. 66. gr. er nýmæli um að heimilt sé að krefjast þess að sá sem reynslulausn sætir undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann brjóti gegn því skilyrði reynslulausnar að neyta ekki áfengis eða fíkniefna.

12. Skilorðsbundnar refsingar.

Í VII. kafla er mælt fyrir um skilorðseftirlit Fangelsismálastofnunar. Stofnunin geri dómþola grein fyrir í hverju eftirlitið felst, og honum ber að hlíta því sem Fangelsismálastofnun leggur fyrir hann, sbr. 69. gr. frumvarpsins. Telji Fangelsismálastofnun að dómþoli hafi rofið skilyrði gerir stofnunin lögreglu og ákæruvaldi viðvart, sbr. 71. gr. Þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum hefst lýkur skilorðseftirliti Fangelsismálastofnunar. Í 70. gr. er lagt til að Fangelsismálastofnun geti krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.

13. Fullnusta fésekta.

Lagt er til að tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga um fullnustu fésekta verði tekin upp í frumvarpið, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um stjórn og skipulag fangelsismála og er lagt til í upphafi hans að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn fangelsismála. Þetta er óbreytt skipan frá núgildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sbr. og 3. gr. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum, en samkvæmt henni fer dóms- og kirkjumálaráðuneytið m.a. með framkvæmd refsingar, fangahús og vinnuhæli, reynslulausn refsifanga, náðun og uppgjöf sakar, uppreist æru, fangahjálp og framsal sakamanna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um verkefni Fangelsismálastofnunar. Í stað þess að telja upp verkefni stofnunarinnar, eins og gert er í 2. gr. gildandi laga, er lagt til að ákvæðið verði einfaldað og einungis kveðið á um meginverkefni stofnunarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til að Fangelsismálastofnun hafi umsjón með rekstri fangelsa, sem er breyting frá gildandi lögum þar sem kveðið er á um að Fangelsismálastofnun annist daglega

yfirstjórn á rekstri fangelsa. Með því er verið að undirstrika að fangelsi séu sjálfstæðar stofnanir og stjórnsýslueiningar.

Um 3. gr.

Greinin er að nokkru leyti sambærileg við ákvæði 3. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó er lagt til að afnumin verði skipting fangelsa í afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi, en sérstakt gæsluvarðhaldsfangelsi hefur ekki verið starfrækt hér á landi um árabil.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 5. gr.

Hér er mælt fyrir um skipun forstöðumanns fangelsis, sbr. 5. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 6. gr.

Greinin er nær samhljóða 6. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó er lagt til að heimilt sé að skipa fangaverði sem ekki hafi lokið námi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Gert er ráð fyrir að það verði einungis gert í undantekningartilvikum.

Um 7. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 14. gr. lögreglulaga, nr. 90, 13. júní 1996. Líta verður á það sem meginreglu að fangaverðir sinni skyldustörfum sínum án valdbeitingar. Skilyrði valdbeitingar er að aldrei verði gengið lengra í beitingu valds en nauðsynlegt er hverju sinni og að ekki verði gripið til valdbeitingar nema önnur mildari úrræði hafi verið reynd án árangurs. Byggist það á meðalhófsreglunni um að ekki sé beitt harkalegra úrræði en nauðsynlegt er til að náð verði því markmiði sem að er stefnt hverju sinni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 22. gr. lögreglulaga. Í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið á um að ríkisstarfsmanni sé skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi. Samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, varðar það opinbera starfsmenn refsingu ef hann segir frá nokkru sem leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan.

Vegna eðlis starfa starfsmanna fangelsa og Fangelsismálastofnunar þykir rétt að kveðið verði sérstaklega á um þagnarskyldu. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga sem starfsmenn fá í starfi sínu og vegna þess. Ákvæðið á við um alla sem starfa í fangelsum, ekki einvörðungu fangaverði og starfsmenn Fangelsismálastofnunar. Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga um starfshætti fangelsa og fangelsisyfirvalda og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Sérstaklega er kveðið á um að þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi.

Í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eru taldar upp þær upplýsingar sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þeirra eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan

verknað og upplýsingar um heilsuhagi, lyfja-, áfengis- eða vímuefnanotkun. Má af þessu fá nokkrar vísbendingar um til hvaða upplýsinga þagnarskyldan nær þótt ekki sé þetta tæmandi upptalning.

Tilgangur greinarinnar er að sporna við því að fangaverðir, aðrir sem starfa í fangelsum og starfsmenn Fangelsismálastofnunar láti af hendi upplýsingar sem ákvæðið tekur til.

Um 9. gr.

Efni ákvæðisins svarar til 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma. Þó er hér einungis gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun taki við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara, en ekki frá Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin, eins og reglugerðarákvæðið hljóðar á um. Rétt þykir að þegar dómur er sendur Fangelsismálastofnun til fullnustu sé hann fullnustuhæfur. Ríkissaksóknari sér um birtingu dóma og dómarnir eru fyrst fullnustuhæfir þegar þeir berast birtir frá ríkissaksóknara til Fangelsismálastofnunar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um með hvaða hætti afplánun hefst miðað við hvort dómþoli er frjáls, afplánar dóm eða situr í gæsluvarðhaldi. Er þetta nýmæli í lögum en 1. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. ákvæðisins eiga fyrirmynd í dönsku fullnustulögunum. Rétt þykir að tekin séu af tvímæli um þetta.

Ákvæði 2. mgr. er sambærilegt við 2. gr. reglugerðar nr. 29/1993.

Í 4. mgr. er lagt til að heimilt sé að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun fremji dómþoli refsiverðan verknað á ný, ef hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða ef almannahagsmunir mæla með því. Auk þess að ákvæðið eigi við ef dómþoli fremur nýjan refsiverðan verknað á það t.d. við um þegar dómþoli sætir farbanni eða lögregla hefur endurtekin afskipti af honum án þess að um refsiverðan verknað sé að ræða eða aðstandendur dómþola óska eftir að afplánun hefjist fyrr en gert var ráð fyrir.

Um 11. gr.

Efni ákvæðisins er að stofni til úr 3. gr. reglugerðar nr. 29/1993. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar. Lagt er til að Fangelsismálastofnun geti veitt stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því, en fresturinn geti ekki orðið lengri en þrír mánuðir alls. Er þetta stytting á fresti frá 3. gr. reglugerðar nr. 29/1993, en samkvæmt henni er heimilt að veita frest í allt að sex mánuði.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að við ákvörðun um frest á afplánun skuli, auk þess að taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakarferli og hversu langt sé frá því að brot var framið, taka mið af persónulegum aðstæðum dómþola. Þá er lagt til að synja skuli um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Ákvæði 3. mgr. eru að efni til úr 4. gr. reglugerðar nr. 29/1993. Einnig eru sambærileg ákvæði í dönsku fullnustulögunum.

Í 4. og 5. mgr. eru sambærileg ákvæði við 13. gr. dönsku laganna um að ef dómþoli rýfur skilyrði fyrir frestun fullnustu eða gefur rangar upplýsingar vegna frestbeiðnar geti Fangelsismálastofnun ákveðið að afplánun hefjist án fyrirvara.

Mæti dómþoli ekki að fresti loknum til afplánunar felur Fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka dómþola og færa í fangelsi, sbr. 10. gr.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 9. gr. og 3. mgr. 31. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Rétt þykir að leggja á það áherslu að gert er ráð fyrir að hlé á afplánun refsingar verði aðeins í algerum undantekningartilvikum. Þá er í 12. gr. nýmæli þess efnis að náist fangi sem strýkur eftir hluta úr degi bætist heill dagur við afplánunartímann.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. er hliðstætt 1. mgr. 8. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Í 2. og 3. mgr. eru nýmæli um heimild til að flytja fanga milli fangelsa og fangelsisdeilda. Slíkur flutningur getur t.d. verið nauðsynlegur út frá skipulags- eða öryggissjónarmiðum, sbr. það sem fram kemur um 4. mgr. hér á eftir.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ekki sé skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið er að flytja hann milli fangelsa eða klefa. Er það í fyrsta lagi vegna öryggissjónarmiða, en gildar ástæður geta legið til þess að fangi fái ekki að vita um flutning áður en hann fer fram. Í öðru lagi verður að veita fangelsisyfirvöldum nauðsynlegt svigrúm til að flytja fanga á milli fangelsa af skipulagsástæðum; fangar geta ekki krafist þess að vera vistaðir í einu fangelsi umfram annað.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. eru hliðstæð 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði þar sem gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun ákveði, að höfðu samráði við sjúkrahús, hvort fangi skuli sæta sérstakri gæslu á meðan hann er á sjúkrahúsi.

Um 16. gr.

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins eru hliðstæð 35. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó er lagt til það nýmæli að heimilt sé að láta fanga lausan á öðrum tíma en kl. 8 að morgni ef sérstaklega stendur á. Þarna eru sérstaklega höfð í huga þau tilvik þegar útlendingar, sem ljúka afplánun, sæta brottvísun úr landi og eru sendir með morgunflugi frá landinu. Er þá mikilvægt að þeir séu ekki lengur skilgreindir sem fangar sem þurfa eftir atvikum fylgd. Ákvæðið á því aðeins við í undantekningartilvikum.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir að við móttöku fanga í afplánun skuli skrá upphafsdag afplánunar og lok hennar samkvæmt dómi. Enn fremur skuli skrá upplýsingar um persónulega hagi fanga og við hverja eigi að hafa samband ef fangi veikist eða deyr meðan á afplánun stendur. Hér er um nýmæli að ræða, en ákvæðið tekur mið af 8. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Um vinnslu persónuupplýsinga vísast til 81. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

Þá er lagt til í 2. mgr. að heimilt sé að taka andlitsmyndir af föngum. Það þykir m.a. nauðsynlegt ef fangi strýkur úr fangelsi.

Um nýmæli er að ræða í 3. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að leyfa megi fanga að láta aðstandendur sína og lögmann vita við upphaf afplánunar og við flutning fanga milli fangelsa til lengri tíma, nema talið sé að það geti haft áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um hvaða upplýsingar fangar skuli fá þegar afplánun hefst. Ákvæðið er nýmæli sem tekur mið af evrópsku fangelsisreglunum og dönsku fullnustulögunum. Telja

verður eðlilegt að fangar fái þegar við upphaf afplánunar allar þær upplýsingar sem um afplánunina gilda, svo og um réttindi sín og skyldur.

Ákvæðið á enn fremur rót sína að rekja til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2805/1999, sem var frumkvæðisathugun um ýmis réttindamál fanga. Lauk henni í nóvember 2001. Í áliti umboðsmanns kom m.a. fram að þær upplýsingar sem fangar fengju um réttarstöðu sína við upphaf afplánunar væru ekki samræmdar. Gerði umboðsmaður m.a. athugasemdir við að í þeim upplýsingum kæmi ekki fram að fangar gætu leitað í trúnaði til umboðsmanns Alþingis, skriflega eða símleiðis, og ekki væri getið skrifstofu hans eða símanúmers. Þá taldi umboðsmaður rétt að upplýsingar um rétt og skyldur fanga við upphaf afplánunar væru einnig til í enskri þýðingu.

Í 1. mgr. 18. gr. er talið nægilegt að kveða á um að fangar fái upplýsingar um að heimilt sé að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Rétt er að geta þess að í frumvarpinu má einnig finna ákvæði um heimild fanga til að leita í trúnaði til umboðsmanns Alþingis, sbr. 36. gr. um símtöl og 37. gr. um bréfaskipti fanga.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um skyldu fanga til að vinna í fangelsi. Ákvæðin eru að efni til úr 1. gr. reglugerðar nr. 409/1998, um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga. Þá er ákvæði 1. mgr. samhljóða 2. mgr. 13. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Auk þess var litið til ákvæða í dönsku fullnustulögunum.

Ákvæði síðari málsliðar 3. mgr. er nýmæli og sækir fyrirmynd sína til dönsku fullnustulaganna. Rökin að baki ákvæðinu eru að fangi, sem nýtur þeirrar ívilnunar að mega stunda þá vinnu sem hann útvegar sér sjálfur, greiði á móti gjald til að standa straum af kostnaði við dvölina í fangelsinu. Hér er gengið út frá því að meðalhófs sé gætt við beitingu ákvæðisins og að fangi, sem útvegar sér vinnu sjálfur, komi ekki verr út fjárhagslega en fangi sem stundar þau störf í fangelsi sem honum eru falin. Um nánari skilyrði og upphæð gjaldsins fer samkvæmt reglugerð er ráðherra setur, sbr. 82. gr.

Ákvæði 5. mgr., um að daglegur vinnutími fanga skuli að jafnaði ekki vera lengur en 8 klukkustundir á dag, ber að skilja þannig að víkja megi frá því vegna tímabundinna anna.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um að fangi skuli eiga kost á að stunda nám eða starfsþjálfun meðan á afplánun stendur, sem komi í stað vinnuskyldu. Ákvæðið er að stofni til úr 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 409/1998.

Um 21. gr.

Hér eru ákvæði um þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms fanga og dagpeninga, sé ekki unnt að útvega fanga vinnu eða geti hann ekki stundað vinnu eða nám. Ákvæðið er í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 409/1998.

Lagt er til að í stað þess að rætt verði um vinnulaun verði notað orðið þóknun og er það gert til að skilja á milli launa á almennum vinnumarkaði og þeirrar greiðslu sem fangar fá fyrir störf í fangelsi.

Í 2. mgr. er fjallað um dagpeninga og tekið fram að dagpeningar greiðist eingöngu á virkum dögum. Það er til að gæta samræmis við þóknun vegna vinnu og náms. Fangelsismálastofnun skal ákvarða fjárhæð dagpeninga og miðast hún við að fangar eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Þá er ekki gert ráð fyrir að fangi sem vistaður er tímabundið utan fangelsis, svo sem á sjúkrahúsi eða annars staðar þar sem hann nýtur sérstakrar umönnunar, fái greidda dagpeninga þann tíma, nema að fengnu sérstöku samþykki Fangelsismálastofnunar. Slíkt samþykki verður að líta á sem undantekningu frá almennu reglunni um að dagpeningar greiðist ekki í þeim tilvikum sem 4. mgr. á við um. Ekki er gert ráð fyrir að fangi sem er í leyfi skv. IV. kafla fái dagpeninga og undantekningarregla 4. mgr. um samþykki Fangelsismálastofnunar á hér ekki við.

Um 22. gr.

Í greininni eru ákvæði um að þóknun fanga fyrir ástundun vinnu eða náms megi taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal skuldum við fangelsi, þó ekki meira en 70% af þóknun eða dagpeningum.

Ákvæðið er sambærilegt við 4. mgr. 13. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist og 11. gr. reglugerðar nr. 409/1998 utan að ekki er gert ráð fyrir að lokamálsliður síðarnefndu greinarinnar eigi hér við, þ.e. um að heimilt sé að taka síðustu greiðslu að öllu leyti upp í skuldir.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að fangar fari í læknisskoðun við upphaf afplánunar, ef Fangelsismálastofnun telur það nauðsynlegt eða fangi óskar eftir því. Tilgangurinn er að læknir geti kannað heilbrigði fanga og líkamlegt ástand við komu hans í fangelsi svo fyrir liggi upplýsingar um ástand hans þá ef það breytist síðar.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða síðari málslið 2. mgr. 2. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, eins og honum var breytt með lögum nr. 10/1997. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum kemur fram að gert sé ráð fyrir að Fangelsismálastofnun sjái um að í fangelsum sé fyrir hendi viðunandi aðstaða fyrir heilbrigðisþjónustu við fanga.

Ekki er kveðið sérstaklega á um einstaka þætti heilbrigðisþjónustu, svo sem tannlæknaþjónustu og hver skuli bera kostnað af henni. Um þetta var fjallað í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 102/1989. Umboðsmaður taldi það annmarka á lögum að ekki væri skýrt kveðið á um hver eigi að bera kostnað af tannlæknaþjónustu fanga. Taldi hann lagaheimild bresta fyrir því að fella kostnaðinn fortakslaust á ríkissjóð og að Fangelsismálastofnun bæri að sjá til þess að fangar fengju nauðsynlegar tannviðgerðir án tillits til þess hvort þeir gætu greitt fyrir þær. Fangelsisyfirvöld gætu krafið fanga um útlagðan kostnað af tannviðgerðum með þeim takmörkunum sem leiddi af þörf þeirra fyrir fé til brýnna nauðsynja.

Ekki þykir rétt að kveða á um kostnað af heilbrigðisþjónustu við fanga í lögum um fullnustu refsinga. Taka verður afstöðu til þess á öðrum vettvangi, svo sem í lögum eða reglugerðum sem varða sjúkratryggingar einstakra hópa í þjóðfélaginu.

Um 24. gr.

Ákvæði 1. mgr., um að konu sem eignast barn meðan á afplánun stendur sé heimilt að hafa það í fangelsinu, er efnislega samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Í 2. málsl. 1. mgr. er gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun tilkynni barnaverndarnefnd um fæðingu barns meðan móðir afplánar dóm og ef ungbarn fylgir móður í fangelsi.

Í 2. mgr. er lagt til að barnaverndarnefnd geti kannað aðstæður í fangelsi og hagi móður til umönnunar barnsins. Rétt þykir að sérstaklega verði kveðið á um þetta þótt meginákvæði um úrræði barnaverndarnefndar sé í barnaverndarlögum, nr. 80/2002.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. mgr. um skilyrði fullnustu utan fangelsis er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Auk þess er lagt til í 2. mgr. að Fangelsismálastofnun geti bundið lok afplánunar utan fangelsis frekari skilyrðum.

Um 26. gr.

Þegar fangi brýtur gegn reglum stofnunar eða heimilis er heimilt að ákveða að hann sæti agaviðurlögum skv. VI. kafla.

Fangelsismálastofnun gerði á sínum tíma samning við áfangaheimilið Vernd þess efnis að um fanga sem ljúka afplánun á grundvelli 2. mgr. 11. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist giltu almenn ákvæði þeirra laga. Leiddi það m.a. til þess að föngum var gert að sæta agaviðurlögum skv. 31. gr. laganna. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í máli sínu nr. 3034/2000 að í 2. mgr. 11. gr. laga um fangelsi og fangavist væri gert ráð fyrir að fangi gæti lokið afplánun utan fangelsis. Hins vegar væri 31. gr. laganna um agaviðurlög takmörkuð við afplánun í fangelsi. Ákvörðun um agaviðurlög væri íþyngjandi ákvörðun og af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins og sjónarmiðum um réttaröryggi fanga leiddi að lagaheimild til beitingar agaviðurlaga þyrfti að vera skýr og glögg. Umboðsmaður taldi ekki hafa verið fullnægjandi lagaheimild til þess að fangar sættu agaviðurlögum á áfangaheimili Verndar.

Með hliðsjón af þessu áliti umboðsmanns Alþingis er talið rétt að taka af öll tvímæli um beitingu agaviðurlaga við afplánun refsidóma utan fangelsa í lögum.

Þá er enn fremur lagt til að Fangelsismálastofnun geti ákveðið að fangi skuli færður aftur í fangelsi ef þau tilvik liggja fyrir sem greinir í 2. mgr. Í slíkum tilvikum verði ekki skylt að gefa fanga kost á að tjá sig áður en ákveðið sé að flytja hann í fangelsi á ný.

Um 27.–31. gr.

Ákvæðin eru nánast samhljóða ákvæðum 22.–26. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Þó eru nokkur nýmæli í kaflanum. Lagt er til að við þau skilyrði samfélagsþjónustu, að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum, bætist að dómþoli afpláni ekki þá þegar refsingu í fangelsi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. Þá lagt er til að almennt skuli synja beiðni um samfélagsþjónustu mæti dómþoli ekki til viðtals hjá Fangelsismálastofnun þegar fram fer athugun á persónulegum högum hans.

Einnig eru í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar frá orðalagi núgildandi ákvæðis 2. mgr. 25. gr. laga um fangelsi og fangavist til samræmis við núgildandi framkvæmd. Bætt verði við heimild til að krefjast þess að aðili, sem bundinn er því skilyrði að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna, undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða sé til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

Um 32. gr.

Ákvæðið er nánast óbreytt frá 16. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 33. gr.

Í greininni er fjallað um rétt fanga til að fá nánustu vandamenn í heimsókn í fangelsið á ákveðnum viðtalstímum. Tekið er fram að fangi eigi rétt á heimsóknum eigi sjaldnar en vikulega. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði hámark á heimsóknir til fanga. Verði því að miða við að fangi geti tekið við heimsóknum í hverjum viðtals- eða heimsóknartíma fangelsis. Tekið er fram að forstöðumaður fangelsis geti leyft frekari heimsóknir og einnig bannað tilteknum

mönnum að heimsækja fanga. Þá er lagt til að fangi geti neitað að þiggja heimsóknir, og felst í því að fangi geti hafnað heimsóknum ákveðinna manna eða heimsóknum yfirleitt. Þó geti fangi ekki hafnað heimsóknum þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsóknum sem forstöðumaður fangelsis ákveður að fangi skuli þiggja. Sem dæmi um þá sem eiga opinber erindi við fanga má nefna lögreglu, hvort sem um rannsóknir opinberra mála er að ræða eða birtingu skjala sem í 20. gr. laga nr. 19/1991 greinir, og verjanda eða lögmann fanga.

Þá er lagt til það nýmæli að heimilt sé að leita á þeim sem heimsækja fanga og að láta þá gangast undir líkamsrannsókn. Tilgangurinn verði að ganga úr skugga um að sá, sem heimsækir fanga, hafi ekki meðferðis muni sem óheimilt er að hafa í fórum sínum í fangelsi og muni sem refsivert er að hafa í fórum sínum, t.d. ávana- og fíkniefni eða ákveðin vopn. Lagt er til að heimilt sé að taka af gesti fanga þá hluti sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi meðan á heimsókn stendur. Þá er gert ráð fyrir því að heimilt sé að haldleggja hluti sem refsivert er að hafa í fórum sínum og finnast á gestum við leit og líkamsrannsókn. Auk þess er lagt til í 83. gr. að sú háttsemi, að smygla eða gera tilraun til að smygla munum eða efnum til fanga sem honum er óheimilt að hafa í fangelsi, verði refsiverð. Eins og segir í almennum athugasemdum er þessu ætlað að stemma stigu við því vandamáli sem smygl í fangelsi er.

Greinin er að öðru leyti að stofni til úr 17. gr. laga um fangelsi og fangavist og 13. gr. reglugerðar nr. 119/1990, um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga. Einnig var höfð hliðsjón af dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 34. gr.

Í greininni er fjallað um hvar fangi taki á móti heimsóknum, þ.e. í sérstöku heimsóknarherbergi eða í klefa sínum. Forstöðumaður fangelsis geti í sérstökum tilvikum ákveðið að heimsókn til fanga skuli fara fram í öðrum vistarverum fangelsis, svo sem þegar heimsókn fer fram undir eftirliti eða þegar fangi og gestur hittast aðeins í gegnum gler. Það getur einnig átt við þegar heimsókn fer fram með aðstoð túlks eða aðrar aðstæður við heimsókn gera það að verkum að nauðsynlegt er að nýta stærri vistarverur en fangaklefa eða heimsóknarherbergi. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi ákvörðunarvald um hvar fangi taki við heimsóknum í hvert sinn en sú ákvörðun verði bókuð og ástæður hennar tilgreindar.

Greinin er úr 15. gr. reglugerðar nr. 119/1990. Einnig var höfð hliðsjón af norsku fullnustulögunum hvað varðar heimsóknarherbergi.

Um 35. gr.

Hér er lagt til að heimsóknir til fanga fari almennt fram án eftirlits. Þó geti forstöðumaður fangelsis ákveðið að heimsókn fari fram undir eftirliti, þyki það nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað. Enn fremur er gert ráð fyrir að taki forstöðumaður slíka ákvörðun geti hann krafist þess að samtal fanga og gests fari fram á máli sem fangavörður skilur, eftir atvikum með aðstoð túlks. Þetta er lagt til í ljósi þess að nokkuð er um að erlendir fangar afpláni dóma hér á landi og ákvæði um eftirlit haldlítið ef samtal fanga og gests fer fram á tungumáli sem fangavörður skilur ekki.

Í 3. og 4. mgr. er gert ráð fyrir að sá sem heimsækir fanga og fangi sjálfur geti óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsókn. Þetta ákvæði er nýmæli. Tilgangur þess er að öryggis gests eða fanga sé gætt, sé þess óskað.

Ákvæði 36. gr. eru að efni til úr 18., 19. og 20. gr. reglugerðar nr. 119/1990 og einnig eru sambærileg ákvæði í dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um símtöl fanga. Lagt er til í 1. mgr. að fangi eigi rétt á símtölum á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um.

Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að forstöðumaður fangelsis geti bannað símtöl við fanga í öðrum fangelsum, og að hann geti ákveðið að hlustað verði á símtöl fanga að nánari skilyrðum uppfylltum, m.a. í þeim tilgangi að vernda þann sem afleiðingar af broti hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Þetta er nýmæli og er sett bæði í þeim tilgangi að fangi hringi ekki í þessa aðila eftir atvikum með hótunum eða hringi í aðra til að mæla fyrir um hótanir eða ófarnað gagnvart fyrrnefndum aðilum. Ekki er þó gert ráð fyrir því að hlustað sé á öll símtöl fanga og er því ekki hægt að koma að öllu leyti í veg fyrir að fangi hringi í brotaþola eða vitni, eða hringi í aðra í þeim tilgangi að hefna sín á brotaþola eða vitnum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef hlustað er á símtöl fanga skuli það tilkynnt honum og ástæður tilgreindar og bókaðar. Er þetta lagt til í ljósi þess að um afar íþyngjandi aðgerð er að ræða. Heimilt verði að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur. Eiga hér sömu röksemdir við og í athugasemdum við 35. gr.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að heimilt sé að taka símtöl fanga upp á hljóðband ef grunur leikur á að efni samtalsins tengist refsiverðum verknaði eða feli hann í sér. Er þar m.a. átt við að símtalið feli í sér hótanir, t.d. við brotaþola, vitni eða aðra, eða að í símtali sé lagt á ráðin um refsiverðan verknað, innan eða utan fangelsis. Fanga og viðmælanda hans skal greint frá því að símtalið sé tekið upp á hljóðband að samtali loknu. Gert er ráð fyrir að slíkum upptökum skuli eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf. Ekki verði tiltekinn ákveðinn tími í því sambandi, en gert er ráð fyrir að það fari eftir eðli og efni símtalsins hverju sinni. Innihaldi símtalið ekkert óeðlilegt er ekkert því til fyrirstöðu að upptökunum verði eytt svo fljótt sem verða má. Ef efni símtalsins tengist hins vegar eða felur í sér refsiverðan verknað eða upplýsingar um refsiverðan verknað getur upptakan orðið sönnunargagn í rannsókn opinbers máls og mögulegri dómsmeðferð málsins. Er upptakan þá geymd með gögnum viðkomandi máls.

Gert er ráð fyrir að ekki verði heimilt að hlusta á eða taka upp á hljóðband símtöl fanga við lögmann, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Það nýmæli kemur fram í 6. mgr. að samkvæmt beiðni rétthafa símanúmers geti forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í viðkomandi símanúmer úr fangelsi. Er þetta ákvæði lagt til að gefnu tilefni, fyrst og fremst ætlað að vernda þá sem ekki vilja að tiltekinn eða tilteknir fangar hringi í þá, svo sem ef um er að ræða brotaþola, þá sem báru vitni í viðkomandi máli og aðra sem ekki vilja símtöl frá viðkomandi fanga eða föngum.

Loks er tekið sérstaklega fram að fangi greiði sjálfur kostnað við símtöl sín.

Ákvæði greinarinnar eru að stofni til úr ákvæðum gildandi laga um fangelsi og fangavist, reglugerð nr. 119/1990 og dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 37. gr.

Hér er fjallað um heimild fanga til að senda bréf og taka við þeim og um heimild forstöðumanns fangelsis til að skoða bréf til og frá fanga að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að gera það að skilyrði að bréfasendingar fanga fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur. Eiga þar sömu röksemdir við og í athugasemdum við 35. gr. Einnig verði fanga greint frá því að bréf hans séu skoðuð og ástæður þess tilgreindar og bókaðar.

Þá er mælt fyrir um að fangi skuli sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir, en þegar fangelsi útvegar bréfsefni og umslög megi það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni fangelsis.

Ákvæði greinarinnar eru að stofni til úr I. kafla reglugerðar nr. 119/1990 og 18. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist auk þess sem litið var til ákvæða dönsku og norsku fullnustulaganna.

Um 38. gr.

Hér er lagt til að fangi skuli að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála í fjölmiðlum. Ákvæðið leggur skyldur á fangelsi að útvega dagblöð og gefa föngum kost á að hlusta á útvarp og horfa á sjónvarp og er það í samræmi við það sem nú tíðkast. Ekki ber að skilja ákvæðið svo að það skyldi fangelsisyfirvöld til að útvega áskrift að öllum dagblöðum og sjónvarpsrásum, heldur verði miðað við að fangar eigi, eins og ákvæðið er orðað, að jafnaði kost á að fylgjast með gangi þjóðmála. Tilgangurinn er sá að fangar einangrist ekki í fangavistinni og eigi auðveldara með að aðlagast samfélaginu á ný að afplánun lokinni.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um rétt fanga til útiveru á lóð fangelsis í a.m.k. eina klukkustund á dag og til að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir, enda bjóði aðstæður í fangelsi upp á það. Enn fremur er tekið fram að fangi eigi rétt á daglegum aðgangi að hreinlætisaðstöðu.

Ákvæðið á fyrirmynd í 15. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, 86. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 40. gr.

Ákvæðið er nýmæli og fjallar um rétt erlendra fanga sem afplána dóma hér á landi til að hafa samband við sendiráð eða ræðismann lands síns hérlendis, eða lands sem gætir hagsmuna þess, og aðstoð fangelsis við ríkisfangslausa fanga eða fanga sem eru flóttamenn við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana. Þetta er m.a. lagt til í ljósi þess að erlendum föngum hefur fjölgað hér undanfarin ár og því þykir eðlilegt að huga sérstaklega að þeirra rétti þegar þar á við.

Greinin á fyrirmynd í 44. gr. evrópsku fangelsisreglnanna og í dönsku fullnustulögunum.

Um 41. gr.

Lagt er til að fangi skuli eiga þess kost að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags. Tilgangurinn er að fangi fái sáluhjálp og geti iðkað trú sína með eðlilegum hætti. Ákvæðið gefur fanga ekki rétt til að kalla til prest á hvaða tíma sem er, heldur ákvarði fangelsisyfirvöld, eftir atvikum í samráði við prest eða fulltrúa trúfélags, hvernig og hvenær samtali við fanga verði háttað. Rétt þykir að slá þann varnagla að um skráð trúfélag sé að ræða til að heimildin verði ekki misnotuð með einum eða öðrum hætti.

Um 42. gr.

Hér er lagt til hvaða muni forstöðumaður geti leyft fanga að hafa í klefa. Nauðsynlegt þykir að hafa um það skýrar meginreglur með lögmæltum takmörkunum. Ekki verði heimilt að hafa tölvu með nettengingu. Fangar geti því hvorki nálgast efni á netinu né sent eða tekið við tölvupósti. Markmiðið er m.a. að koma í veg fyrir refsiverðan verknað, m.a. að fangar geti fengið eða sent ólöglegt efni sem hægt er að nálgast á netinu, eða skipulagt ólöglega starfsemi. Hafa ber í huga að fangavistin, og sú einangrun sem af henni leiðir, væri næsta gagnslaus ef fangi hefði ótakmarkaðan aðgang að netinu. Af sömu ástæðu er lagt til að fanga verði ekki heimilt að hafa eigin síma eða önnur fjarskiptatæki í klefa sínum, hvorki síma tengdan við símalínu né farsíma. Þá verði fanga óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi og

ávana- og fíkniefni. Lagt er til að fanga verði heimilt að hafa peninga í klefa sínum að því tilskildu að fjárhæðin sé ekki hærri en sem svarar dagpeningum fanga á einum mánuði.

Ákvæðið er nýmæli og var höfð hliðsjón af dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 43. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að forstöðumaður fangelsis geti að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að heimsækja fjölskyldu sína eða vini. Gert verði að skilyrði að leyfið sé talið heppilegt til að búa fanga undir að ljúka afplánun eða sem þáttur í refsifullnustu.

Lagt er til að leyfi til að heimsækja fjölskyldu eða vini sé að hámarki 14 klukkustundir og að leyfið sé veitt á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni dags til kl. 22.00 að kvöldi sama dags. Ber að skilja þetta þannig að fangi fari úr fangelsi kl. 8.00 að morgni eða síðar og komi til baka í fangelsi fyrir kl. 22.00. Þó er lagt til að heimilt sé að lengja fríið um allt að tvær klukkustundir eigi fangi sannanlega um langan veg að fara. Misjafnlega getur staðið á ferðum á milli fangelsis og ákvörðunarstaðar fanga, sem getur verið mjög langt frá fangelsinu. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum geti leyfið verið allt að 16 klukkustundir. Rétt er að leggja áherslu á að þessi heimild skuli aðeins nýtt í undantekningartilvikum og almenna reglan verði sú að leyfi verði að hámarki 14 klukkustundir. Ef veitt er undanþága verði það metið hverju sinni hvort rétt sé að veita undanþágu og hvað teljist sannanlega löng vegalengd. Gert er ráð fyrir að slíkt mat ráðist fyrst og fremst af því hversu löng ferðin er og hvort mestur hluti leyfisins fari í ferðir milli fangelsis og ákvörðunarstaðar.

Þá er í 2. mgr. lagt til að fangi skuli í leyfisbeiðni upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu og hvern hann hyggst heimsækja. Gert er ráð fyrir að leita skuli staðfestingar hjá þeim sem fangi hyggst heimsækja, og hlýtur það að teljast eðlileg krafa.

Gert er ráð fyrir að fangi, sem afplánar refsingu utan fangelsis skv. 25. gr., fái af augljósum ástæðum ekki leyfi nema sérstakar ástæður mæli með. Það getur átt við þegar fjölskylda fanga er búsett í öðrum landshluta.

Um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis er fjallað í reglugerð nr. 719/1995, með síðari breytingum.

Um 44. gr.

Hér er mælt fyrir um leyfi fanga til dvalar utan fangelsis í sérstökum tilvikum sem nánar er lýst í 1.–4. tölul. 1. mgr. Gert er ráð fyrir að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um að þær aðstæður, sem þar er lýst, séu fyrir hendi. Þá verði leyfi samkvæmt ákvæðinu 8 klukkustundir að hámarki.

Í 3. mgr. er nánar lýst hverjir teljist vera ættingjar eða aðrir nákomnir. Í frumvarpinu er lagt til að látist maki, barn eða foreldri, geti fangi bæði farið í kistulagningu og jarðarför. Þá verði sambúðarmaka, stjúpbörnum og fósturbörnum, tengdaforeldrum og systkinabörnum bætt við þá skilgreiningu á nánum ættingjum sem byggt er á í reglugerðinni, enda verður að telja að þeir fjölskyldumeðlimir geti í mörgum tilvikum verið nánari fanga en aðrir ættingjar sem þar eru taldir upp.

Um 45. gr.

Hér er lagt til að Fangelsismálastofnun geti veitt fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám eða starfsþjálfun. Sömu skilyrði eiga við hér og greinir í 43. gr., þ.e. slíkt leyfi teljist heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki.

Gert er ráð fyrir að áður en ákvörðun er tekin liggi fyrir staðfesting á námi eða starfsþjálfun fanga, staðfest stundaskrá eða skrifleg staðfesting skóla eða þess sem veitir starfsþjálfun á að fangi geti hafið viðkomandi nám eða starfsþjálfun, og enn fremur að skóla eða þeim sem veitir starfsþjálfun sé ljóst að um refsifanga sé að ræða.

Greinin er sambærileg ákvæðum 33. og 34. gr. reglugerðar nr. 719/1995. Nám eða starfsþjálfun miðar að því að búa fangann sem best undir að ljúka afplánun og taka þátt í samfélaginu að afplánun lokinni. Talið er rétt að lögfesta ákvæði þar um. Í ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir að fangi fái leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda vinnu. Er það breyting frá gildandi lögum og reglugerð en þau ákvæði hafa ekki verið nýtt um árabil. Þó er bent á 25. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að Fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis m.a. með því að stunda vinnu eða nám, sem er þá liður í aðlögun hans að samfélaginu að lokinni afplánun.

Um 46. gr.

Greinin fjallar um það hvenær fyrst verði unnt að veita fanga leyfi skv. 43. gr. og hvenær slíkt leyfi verði veitt að nýju. Nauðsynlegt þykir að skýrar reglur gildi um þetta til að jafnræðis sé gætt.

Um 47. gr.

Í greininni er lagt til að litið sé til brotsins sem fangi afplánar refsivist fyrir og sakar- og afplánunarferils fanga áður en leyfi til dvalar utan fangelsis er veitt. Sérstaka gát skuli sýna við veitingu leyfis þegar um er að ræða tiltekin brot, og einnig skuli hegðun fanga skipta þar máli. Núgildandi ákvæði eru í reglugerð nr. 719/1995.

Um 48. gr.

Lagt er til að lögfest verði þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis. Í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru tilgreind almenn skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa og í 1.–4. tölul. 2. mgr. eru frekari skilyrði tilgreind.

Um 49. gr.

Hér er gert ráð fyrir fangi með leyfi til dvalar utan fangelsis skuli almennt vera án fylgdar fangavarða. Þetta gildi þó ekki hafi fangi verið dæmdur í síðasta refsidómi fyrir þau alvarlegu brot sem í 2. mgr. 47. gr. greinir. Verður að telja það eðlilega varúðarráðstöfun.

Um 50. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til reglur um form umsóknar, um leyfi og leyfisveitingar. Þær eru sambærilegar ákvæðum 21. gr. reglugerðar nr. 719/1995.

Um 51. gr.

Hér er gert ráð fyrir að fangi beri sjálfur kostnað vegna leyfis til dvalar utan fangelsis, þó ekki kostnað við fylgd fangavarða. Er það í samræmi við það sem nú gildir.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis áður en það kemur til framkvæmda. Slíkt verði fyrst og fremst gert þegar fram koma upplýsingar sem hefðu leitt til þess að neitað hefði verið um leyfi, hefðu þær upplýsingar legið fyrir áður en leyfið var veitt.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir heimild til niðurfellingar leyfis til dvalar utan fangelsis ef fangi rýfur skilyrði leyfisins meðan á því stendur. Auk þess geti rof á skilyrðum leyfis varðað agaviðurlögum.

Um 53. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Lagt er til að leita megi í klefa fanga ef grunur leikur á um að fangi hafi í vörslum sínum muni sem honum er óheimilt að hafa, sbr. 1.–4. tölul. Auk þess megi leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti. Tekið er fram að fanga skuli skýrt frá ástæðum fyrir leit áður en hún fer fram, nema sérstakar ástæður mæli gegn því, svo sem ef hætta er talin á að fangi kunni að skjóta undan eða eyða hlutum eða efnum sem refsivert er að hafa í vörslum sínum eða hafa orðið til við refsiverðan verknað.

Lagt er til í 2. mgr. að fangi skuli almennt ekki vera viðstaddur leit í klefa og að heimilt sé að flytja hann í aðrar vistarverur á meðan hún fer fram. Þó verði heimilt að ákveða að hann skuli viðstaddur leit. Verður það að fara eftir tilgangi leitar og eðli þess sem leitað er að, hvor leiðin er farin. Þá er í lok 2. mgr. lagt til að gera skuli gera skýrslu um leitina og þá hluti sem þar finnast og fanga er óheimilt er að hafa í klefa sínum.

Ástæður meginreglu þeirrar sem lögð er til í 2. mgr. eru að fangi geti ella aflað sér upplýsinga um leitaraðferðir fangavarða og þar með verði öryggi í fangelsinu ógnað. Enn fremur að fangi geti brugðist við á tilfinningalegan eða ofbeldisfullan hátt við að sjá fangaverði leita í persónulegum eigum hans.

Í gildandi lögum um fangelsi og fangavist er ekki heimild til að leita í klefum fanga. Telja verður eðlilegt að lögfesta slíka heimild, enda er um íþyngjandi ákvörðun að ræða. Slík ákvæði eru og í dönsku og norsku fullnustulögunum.

Um 54. gr.

Hér er nýmæli um leit á fanga, í fötum hans og innanklæða. Gert er ráð fyrir að leit á fanga innanklæða skuli gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns og fangi er.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað um líkamsrannsókn á fanga. Gert verði að skilyrði að grunur liggi fyrir um að fangi hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getur í 1. mgr. 53. gr. Þá verði kveðið á um að taka megi blóðsýni og þvagsýni úr fanga ef grunur leikur á um að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna og að læknir eða hjúkrunarfræðingur annist líkamsrannsókn og töku blóðsýnis. Lagt er til að ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skuli tekin með rökstuddri bókun.

Líkamsrannsókn er rannsókn til að komast að því hvort fangi feli í líkama sínum efni eða muni sem í 1. mgr. 53. gr. getur. Slík rannsókn getur farið fram hvort heldur er með sýnatöku, röntgenmyndatöku eða á annan þann hátt sem læknir eða hjúkrunarfræðingur telur gefa gleggsta og öruggasta niðurstöðu. Leiki grunur á því að fangi feli ávana- eða fíkniefni innvortis verður að telja nauðsynlegt að læknar eða hjúkrunarfólk geti komist að því hvort svo sé með þeim aðferðum sem hverju sinni gefa öruggasta niðurstöðu, enda geta slík efni falin í líkama manns skapað mikla hættu fyrir líf og heilsu viðkomandi.

Um 56. gr.

Lögð er til sérstök heimild til haldlagningar á efnum og hlutum sem getið er í 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins og sem finnast við leit í klefa, leit á fanga eða líkamsrannsókn á fanga.

Um 57. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um að stjórnsýslukæra fresti ekki leit og líkamsrannsókn.

Um 58. gr.

Hér er fjallað um viðurlög við agabrotum fanga. Ekki er gert ráð fyrir að agabrot verði sérstaklega skilgreind, en í ákvæðinu kemur skýrt fram að um er að ræða brot fanga á reglum fangelsis.

Gert er ráð fyrir að ef brot fanga er smávægilegt, og fangi hefur ekki áður framið agabrot, megi í stað agaviðurlaga beita skriflegri áminningu. Þetta er breyting frá lögum um fangelsi og fangavist en skv. 31. gr. þeirra telst áminning til agaviðurlaga. Eðlilegra þykir að áminning sé undanfari agaviðurlaga, ef svo stendur á.

Um 59. gr.

1., 2. og 4. mgr. greinarinnar eru nánast samhljóða 1., 2. og 3. mgr. 30. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist. Lagt er til að í stað heimildar til einangrunar fanga af þeirri ástæðu að það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins sé notað orðalagið að það sé nauðsynlegt af öryggisástæðum. Ákvæði 3. mgr. um einangrun að eigin ósk fanga er nýmæli og á sér m.a. fyrirmynd í norsku fullnustulögunum.

Um 60. gr.

Hér er lagt til að fanga megi vista í öryggisklefa ef nauðsyn krefur og önnur skilyrði 1. mgr. eiga við.

Gert er ráð fyrir að þegar fangi er vistaður í öryggisklefa megi nota belti og hanska, fót- og handjárn og fót- og handreimar, sbr. 2. mgr. Nú er kveðið á um þetta í reglugerð nr. 179/1992. Vistun í öryggisklefa megi aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingu annarra aðgerða.

Ákvæðið á fyrirmynd í dönsku og norsku fullnustulögunum og í reglugerð nr. 179/1992.

Um 61. gr.

Greinin fjallar um skyldu til að kalla til lækni þegar einangrun er beitt eða fangi settur í öryggisklefa. Læknisskoðun skuli fara fram daglega ef unnt er.

Um 62. gr.

Hér er gert ráð fyrir að áður en ákvörðun er tekin um agaviðurlög skv. 58. gr. eða einangrun skv. 59. gr. skuli rannsaka málsatvik og gefa fanga kost á að kynna sér fyrirliggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Gengið er út frá að almennt verði gerð grein fyrir sjónarmiðum fanga í skýrslu um rannsókn á viðkomandi agabroti. Enn fremur að fanga skuli greint frá því að hann geti kært agaviðurlög til dómsmálaráðuneytisins. Taki hann ákvörðun um það sendi forstöðumaður fangelsis stjórnsýslukæruna og öll gögn málsins til ráðuneytisins eins og nú tíðkast.

Ákvæðum um málsmeðferðarfrest dómsmálaráðuneytisins er breytt frá gildandi lögum. Í stað tveggja sólarhringa er lagt til að fresturinn verði fjórir virkir vinnudagar frá því að kærandi berst. Tvímæli verði tekin af um að kæra, sem berst utan afgreiðslutíma ráðuneytisins, teljist hafa borist því við upphaf næsta virka dags. Er þetta í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 63. gr.

Ákvæðið er nýmæli og gerir ráð fyrir að heimilt sé að setja fanga í einangrun í allt að sólarhring á meðan könnuð eru málsatvik vegna meints agabrots hans. Slík einangrun sækir fyrirmynd í dönsku fullnustulögin og í reglugerð nr. 179/1992, um gæsluvarðhaldsvist.

Um 64. gr.

Nýmæli er í greininni um að forstöðumaður fangelsis geti tekið ákvörðun um upptöku á munum eða peningum sem óheimilt er að koma með í fangelsi, hafa þar í vörslum sínum eða búa þá þar til eða sem reynt er að smygla í fangelsi. Undantekning frá þessu verði eign grandlauss þriðja manns. Slík heimild til upptöku er í eðlilegu framhaldi af þeim haldlagningarheimildum sem lagðar eru til í 33. og 56. gr. frumvarpsins.

Við samningu ákvæðisins var höfð hliðsjón af 73. gr. dönsku fullnustulaganna.

Um 65.–67. gr.

Ákvæðin eru sambærileg ákvæðum 40.–42. gr. almennra hegningarlaga og ákvæðum 5. gr. reglugerðar 29/1993.

Þó skal getið nýmælis í 4. mgr. 66. gr. þar sem lagt er til að heimilt sé að krefjast þess að sá sem reynslulausn sætir undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn því skilyrði reynslulausnar að neyta ekki áfengis eða fíkniefna.

Um 68. gr.

Í 68. gr. er fjallað um fyrirkomulag á skilorðseftirliti Fangelsismálastofnunar. Ákvæðið er að efni til sambærilegt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist.

Um 69. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um fyrirkomulag skilorðseftirlits. Gert er ráð fyrir að Fangelsismálastofnun geri dómþola grein fyrir í hverju eftirlitið felst. Skiptir hér ekki máli þótt dómari hafi áður gert dómþola grein fyrir því sama við dómsuppkvaðningu, eða ákærandi við ákvörðun um ákærufrestun. Þá upplýsi dómþoli Fangelsismálastofnun um hagi sína, t.d. heimili, síma, vinnu, fjölskylduaðstæður o.s.frv. Þá er gert ráð fyrir að dómþola beri að hlíta því sem Fangelsismálastofnun leggur fyrir hann, enda er það forsenda þess að eftirlitið geti farið fram.

Um 70. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en án þessar heimildar væri eftirlit með skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna næsta haldlítið.

Um 71. gr.

Lagt er til að Fangelsismálastofnun skuli gera lögreglu og ákæruvaldi viðvart ef talið er að dómþoli hafi rofið þau skilyrði sem honum var gert að hlíta með dómi eða ákærufrestun. Verður þetta að teljast eðlileg ráðstöfun í ljósi þess að lögreglurannsókn er nauðsynleg til að komast að því hvort um skilorðsrof hafi verið að ræða og þar með hvort ákæra verður gefin út.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þegar opinber rannsókn hefst á meintum skilorðsrofum dómþola, ljúki eftirliti Fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi skilyrðin. Þar með er dómþoli orðinn sakborningur í því opinbera máli sem þá hefst og nýtur réttinda sem slíkur.

Um 72. gr.

Greinin er að stofni til úr ákvæðum 49. gr. og 52. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 73. gr.

Hér er fjallað um vararefsingu fésekta, sem skuli beita ef innheimtuaðgerðir sem í 72. gr. greinir eru þýðingarlausar eða fullreyndar.

3. mgr. er að stofni til úr 54. gr. almennra hegningarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 74. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. a laga um fangelsi og fangavist og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 75. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. b laga um fangelsi og fangavist og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 76. gr.

Hér er lagt til að lögreglustjóri annist innheimtu sakarkostnaðar og að um þá innheimtu fari samkvæmt ákvæðum 72. og 73. gr. og mundi það vera lögfesting á fyrirkomulagi sem tíðkast hefur um langa hríð.

Um 77. gr.

Hér er einnig gert ráð fyrir lögfestingu á framkvæmd eignaupptöku sem tíðkast hefur lengi.

Um 78. gr.

Í greininni eru sérákvæði um málsmeðferð. Rétt er að hafa í huga að víðar í frumvarpinu er að finna slík ákvæði, sbr. t.d. sérreglur um kærumeðferð ákvarðana skv. VI. kafla um agaviðurlög o.fl. og ákvæði um málsmeðferð í 4. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 26. gr. Ekki eru lagðar til aðrar takmarkanir á andmælarétti fanga en þar eru. Þess í stað er gengið út frá því að andmælaréttur geti ráðist af eðli máls þegar upp koma þær aðstæður að ógerlegt er að framfylgja honum, svo sem þegar valdbeitingar er þörf.

Í 2. og 3. mgr. eru lagðar til sérstakar undanþágur frá aðgangi fanga að málsgögnum. Telja verður rétt að fangi fái ekki aðgang að upplýsingum um aðra fanga eða öryggismál fangelsis. Ef kostur er og aðstæður leyfa má sýna fanga þau atriði viðkomandi málsgagna sem fjalla um hann einan, og halda að öðru leyti efni málsgagnanna frá honum.

Um 79. gr.

Nauðsynlegt þykir að tilgreina hvaða ákvæði gildi um gæsluvarðhaldsfanga því að um þá gilda önnur sjónarmið og reglur en fanga sem afplána refsingu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um náðunarnefnd og er nær samhljóða 32. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist, með þeirri undantekningu að lagt er til að skipunartími nefndarinnar verði þrjú ár í stað tveggja.

Um 81. gr.

Samhljóða ákvæði var í frumvarpi til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sem lagt var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi, en var ekki samþykkt. Í ákvæðinu er lagt til að Fangelsismálastofnun fái heimild til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfseminnar. Þetta er ekki bundið við vinnslu almennra persónuupplýsinga heldur getur vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga einnig verið nauðsynleg. Hér má til dæmis nefna að gert er ráð fyrir vinnslu upplýsinga um refsidóma og aðrar ákvarðanir, sem fela í sér refsingu og Fangelsismálastofnun berast til fullnustu, og vinnslu upplýsinga um fullnustu refsinga, en slíkar upplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þessi heimild til vinnslu persónuupplýsinga tekur mið af 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, en þar er gert ráð fyrir að ákvæði annarra laga mæli fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Það skal áréttað sérstaklega að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessu ákvæði yrði einungis heimil að því marki sem nauðsynlegt væri með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Fangelsismálastofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðinu fari samkvæmt lögum nr. 77/2000.

Um 82. gr.

Greinin fjallar um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna, og eru tiltekin nokkur atriði í dæmaskyni. Rétt er að geta þess að reglugerðarheimildum frumvarpsins er hér safnað saman í eina grein til að gefa skýra mynd af þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um í reglugerð.

Í 3. mgr. er síðan gert ráð fyrir að Fangelsismálastofnun setji reglur fangelsa.

Um 83. gr.

Hér er lagt til að gera refsiverða þá háttsemi að smygla munum til fanga sem hann má ekki hafa í fangelsi. Ákvæðið er nýmæli og er tilgangur þess að stemma stigu við því vandamáli sem smygl á munum inn í fangelsi er. Gert er ráð fyrir að að auk muna sem refsivert er að hafa í fórum sínum, svo sem fíkniefnum og ákveðnum tegundum vopna, nái ákvæðið til annars löglegra muna sem fanga er óheimilt að hafa í fangelsi, svo sem vopna, áfengis, síma og annarra fjarskiptatækja, lyfja og annarra hluta sem fanga er óheimilt samkvæmt reglum fangelsis að hafa í fangelsi.

Um 84. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar að öðru leyti en því að lagt er til brottfall nánar tiltekinna ákvæða hegningarlaga þar sem gert er ráð fyrir að efni þeirra verði flutt í lög um fullnustu refsinga, sbr. það sem að framan greinir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsinga.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðum ýmissa laga og reglugerða um fullnustu refsinga verði steypt saman í ein heildarlög með það að markmiði að gera gildandi reglur skýrari en nú og styrkja lagastoð ýmissa ákvæða. Þau ákvæði sem eru nýlunda eða breyting frá núverandi skipan varða fæst kostnað ríkissjóðs nema í litlum mæli. Í því sambandi má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að draga kostnað við uppihald frá launum fanga sem nýtur þeirrar ívilnunar að stunda vinnu sem hann hefur sjálfur útvegað sér. Reiknað er með að þetta ákvæði eigi aðeins við í mjög fáum undantekningartilvikum. Þá er gert ráð fyrir að einhver kostnaður kunni að falla til við það að heimilað verði að fangavörður njóti aðstoðar túlks í sambandi við afplánun erlendra fanga, svo sem við heimsóknir til fanga, lestur bréfa, hlustun á símtöl og þess háttar. Einnig má nefna að í frumvarpinu er lögð til rýmkun á reglum um leyfi fanga úr fangelsi til að heimsækja aðstandendur á sjúkrabeð og til að vera viðstaddir jarðarfarir, en það kann að hafa í för með sér lítils háttar hækkun á kostnaði við fylgd fangavarða með föngum. Að öllu virtu er ekki talið að frumvarpið hafi umtalsverðan viðbótarkostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

674. Tillaga til þingsályktunar [466. mál]

um gjafsókn á stjórnsýslustigi.

Flm.: Guðjón Ólafur Jónsson, Birkir J. Jónsson, Dagný Jónsdóttir, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagabreytingar í því skyni að koma á gjafsókn á stjórnsýslustigi. Miðað verði við að sambærilegar reglur gildi og við rekstur einkamála fyrir almennum dómstólum og stefnt að því að breytingarnar taki gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Í XX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er að finna ákvæði um gjafsókn í einkamálum sem rekin eru fyrir almennum dómstólum. Taka ákvæðin bæði til gjafsóknar og gjafvarnar. Samkvæmt 1. mgr. 126. gr. laganna er gjafsókn aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

a. að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, en við mat á efnahag hans má eftir því sem á við einnig taka tillit til eigna og tekna maka hans eða sambýlismanns eða eigna og tekna foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Samkvæmt 125. gr. laga nr. 91/1991 skal umsókn um gjafsókn beint til dómsmálaráðherra sem getur veitt gjafsókn hafi svokölluð gjafsóknarnefnd mælt með því. Í nefndinni sitja þrír lögfræðingar, skipaðir af dómsmálaráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands og annar eftir tilnefningu Dómarafélags Íslands.

Gjafsókn skuldbindur ríkið til að greiða málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af dómsmáli. Hana má þó takmarka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti numið tiltekinni hámarksfjárhæð. Sé þóknun umboðsmanns gjafsóknarhafa fyrir flutning máls ekki undanskilin gjafsókn skal hún ákveðin í dómi. Gjafsóknarhafi er undanþeginn öllum greiðslum í ríkissjóð vegna þess máls sem gjafsóknin tekur til.

Á undanförnum árum hefur málum á stjórnsýslustigi fjölgað mjög. Jafnframt hafa í stjórnsýslulögum verið settar skýrari reglur en áður um málsmeðferð. Þar eru jafnframt gerðar strangari kröfur til kæru. Á sama tíma hefur úrskurðarnefndum á stjórnsýslustigi fjölgað mjög og lagaumhverfi allt orðið mun flóknara en áður. Þetta hefur leitt til þess að sífellt erfiðara verður fyrir almenning að reka mál sín á stjórnsýslustigi án aðstoðar lögmanna. Sökum kostnaðar getur það reynst ýmsum ófært að leita sér nauðsynlegrar lögmannsaðstoðar og er nauðsynlegt að bæta þar úr.

Með tillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í því skyni að koma á gjafsókn á stjórnsýslustigi. Í þeim efnum getur m.a. komið til greina að ákvæði þar að lútandi yrðu hluti af stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Vel má þó vera að betur færi að setja sérstök lög.

Í þessu sambandi skal bent á að á 113. löggjafarþingi lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um opinbera réttaraðstoð þar sem m.a. var rætt nokkuð um þessi efni. Markmiðið var sagt vera að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði og jafnframt leitast við að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna.

675. Frumvarp til laga [467. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að annast framkvæmd laga um vitamál og laga um köfun.

b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Að annast framkvæmd laga um siglinga- og hafnavernd.

14. Að birta á heimasíðu sinni íslenska og/eða enska útgáfu alþjóðasamninga á sviði siglinga sem Ísland er aðili að. Jafnframt skal stofnunin birta á heimasíðu sinni enska útgáfu af viðaukum og kóðum sem þeim samningum fylgja og öðrum samningum sem varða flutning á hættulegum efnum með skipum og hafa almennt gildi, en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Viðaukar þessir og kóðar skulu uppfærðir jafnóðum og breytingar verða á þeim.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Siglingastofnun Íslands aflar sér tekna á eftirfarandi hátt:
1. Með innheimtu gjalda sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skv. 1.–3. tölul. 5. mgr. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal gjaldtaka ekki vera meiri en nemur þeim kostnaði. Kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Siglingastofnun Íslands. Markmið frumvarpsins eru þríþætt, í fyrsta lagi að fela Siglingastofnun framkvæmd og eftirlit með siglingavernd hér á landi, í öðru lagi að kveða á um hvernig haga eigi birtingu tiltekinna kóða sem eru tæknilegs eðlis og varða aðeins takmarkaðan hóp manna og í þriðja lagi að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar.

Um a-lið 1. gr.

Í gildandi lögum er vitnað til þess að Siglingastofnun annist framkvæmd laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf. Lög um leiðsögu skipa hafa verið felld úr gildi með lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003. Lög um köfun voru sett 1996. Áður hétu lögin „Lög um kafarastörf“ en var breytt í „Lög um köfun“. Þetta ákvæði frumvarpsins miðar að því að samræma lög um Siglingastofnun Íslands fyrrgreindum lagabreytingum.

Um b-lið 1. gr.

Siglingastofnun Íslands eru falin tvö ný verkefni, í fyrsta lagi að annast framkvæmd siglinga- og hafnaverndar hér á landi og í öðru lagi að annast birtingu á stöðlum og kóðum sem gefnir eru út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO).

Ísland er aðili að alþjóðasamþykkt um reglur er lúta að aukinni vernd gegn ólögmætum aðgerðum, svo sem hryðjuverkum í skipum og höfnum. Evrópusambandið hefur boðað að það muni innleiða reglur í þessu skyni og munu þær þá heyra undir EES-samninginn. Siglingastofnun Íslands mun jafnframt annast framkvæmd þeirra þegar þar að kemur. Samgönguráðherra skipaði stýrihóp í maí 2003 sem hefur það hlutverk að innleiða þessar reglur hér á landi og mun hann ljúka störfum í byrjun árs 2004. Ákveðið hefur verið að leggja fram sérstakt frumvarp um siglinga- og hafnavernd þar sem kveðið verður á um ábyrgð og skyldur þeirra aðila sem koma að innleiðingu þessara alþjóðlegu verndarreglna.

Á vegum IMO hefur verið gefinn út fjöldi gerninga (e. instruments) með ýmiss konar ákvæðum sem tengjast öryggi til sjós. Í þessum gerningum eru ýmist bindandi ákvæði eða tilmæli. Tilvísanir til gerninga, sem eru bindandi, er m.a. að finna í alþjóðasamningum. Slíkir gerningar eru einkum í formi kóða. Í alþjóðasamningunum er einnig vísað annarra gerninga, svo sem ályktana þings IMO og dreifibréfa IMO, alþjóðlegra staðla og reglna viðurkenndra flokkunarfélaga.

Á undanförnum árum og áratugum hefur þróun alþjóðlegra gerninga á vegum IMO miðað að því að minnka umfang texta alþjóðasamninga og vísa þess í stað í aðrar gerðir, einkum

kóða sem eru skuldbindandi. Í þessu felst töluvert hagræði, m.a. vegna þess að einfaldara er að breyta kóðum en alþjóðasamningum. Lauslega áætlað er umfang texta þeirra kóða sem gerðir hafa verið á vettvangi IMO a.m.k. 6.400 blaðsíður. Texti annarra gerninga, svo sem ályktana, er þá ekki með talinn. Þess má einnig geta að umræddir alþjóðasamningar, kóðar og aðrir gerningar eru í stöðugri endurskoðun þannig að texti þeirra breytist sífellt og á þann veg að heildarmagn eykst.

Í nágrannaríkjum okkar eru alþjóðasamþykktir um öryggi á hafinu þýddar og birtar. Í Danmörku annast t.d. þarlend siglingastofnun, Søfartsstyrelsen, birtingu slíkra samþykkta og er það gert í formi tæknilegra reglugerða (d. teknisk forskrift) í „Meddelelser fra Søfartsstyrelsen". Almennt eru kóðar IMO hvorki þýddir á dönsku né birtir. Samkvæmt upplýsingum Siglingastofnunar mun IMDG-kóðinn um flutning á hættulegum efnum með skipum almennt ekki gefinn út né birtur, í heild sinni, af aðildarlöndum IMO. Þeim kóða, sem er u.þ.b. 4.000 blaðsíður, er breytt á tveggja ára fresti og nema breytingarnar tugum ef ekki hundruðum blaðsíðna hverju sinni.

Flestir IMO-gerninga gilda um kaupskip, sem eru mjög fá hérlendis, auk þess sem töluverður hluti ákvæða þeirra fjallar um kröfur til smíði og búnaðar slíkra skipa. Í ljósi þess hversu umfangsmiklir textar alþjóðlegra gerninga á sviði siglinga eru og hversu fá kaupskip eru hérlendis leggur Siglingastofnun til að um birtingu alþjóðasamninga, viðauka þeirra og kóða gildi einfaldari reglur en almennt gilda um birtingu alþjóðareglna hérlendis. Þess vegna er lagt til að íslensk og ensk útgáfa alþjóðasamninga verði birt á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands. Auk þess er lagt til að viðaukar við slíka samninga ásamt kóðum sem samningarnir vísa til verði birtir á heimasíðunni á íslensku eða ensku eftir því sem við á.

Rétt er í þessu sambandi að benda á frumvarp umhverfisráðherra (162. mál yfirstandandi þings). Í s-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir: „flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til enskrar útgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar." Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „Sérstök ástæða er til að vekja athygli á s-lið. Innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hafa verið samþykktir kóðar sem notaðir eru við flutning á hættulegum farmi. Þessir kóðar, sem eru alþjóðlegir, eru geysilega viðamiklir og taka verulegum breytingum á hverju ári. Það svarar ekki kostnaði og hefur enga þýðingu að þýða slíka kóða yfir á íslensku þar sem einungis örfáir vinna með þá, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að fara eftir þeim og því er lagt til að enski textinn gildi. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og er að finna í 6. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, en þar segir að Ísland sé aðili að evrópsku lyfjaskránni ásamt viðaukum og að enska útgáfan gildi hér á landi. Rétt er að taka fram að um er að ræða alþjóðlega kóða og staðla og engan veginn lagðar þyngri byrðar á Íslendinga en nágranna okkar."

Um c-lið 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um gjaldtöku Siglingastofnunar Íslands verði gerð skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hefur heimild til að taka gjald.

Samkvæmt 1. tölul. eru innheimt gjöld fyrir ýmis skírteini og vottorð sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar, t.d. lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum, lögum um skipamælingar, nr. 146/2002, lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, lögum um köfun, nr. 31/1996, með síðari breytingum, og lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, en nú er í gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl., nr. 587/2002, með breytingu nr. 641/2002.

Samkvæmt 2. tölul. er heimilt að taka gjald fyrir sölu á sérhæfðri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar. Undir þetta fellur t.d. gjald fyrir afnot af gögnum í vörslu stofnunarinnar, svo

sem fyrir afnot af skipaskrá og lög- og réttindaskráningu sjómanna, gjald fyrir leigu á sérhæfðum tækjabúnaði til rannsókna og gjöld fyrir bækur, fræðslurit og fræðslumyndbönd sem stofnunin hefur gefið út og fellur undir starfssvið stofnunarinnar.

Gjöld skv. 1.–3. tölul. eru svokölluð þjónustugjöld og taka því mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöld ekki vera hærri en nemur þeim kostnaði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er þríþættur. Í fyrsta lagi er lagt til að Siglingastofnun verði falin framkvæmd og eftirlit með siglingavernd, í öðru lagi er kveðið á um í frumvarpinu hvernig haga eigi birtingu á stöðlum og kóðum sem gefnir eru út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni og í þriðja lagi er gjaldtökuheimild Siglingastofnunar styrkt þannig að fram komi fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til Siglingastofnunar vegna innleiðingar siglingaverndar og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er lögð til 11 m.kr. tímabundin fjárveiting til sama verkefnis, samtals 21 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð umfram það sem áður er getið.

676. Fyrirspurn [468. mál]

til dómsmálaráðherra um gjafsókn.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

1. Hversu margar umsóknir um gjafsókn, sbr. 3. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991, bárust ráðherra á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu oft var gjafsókn veitt og hversu oft var hennar synjað á sama tímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu oft var gjafsókn veitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 og hversu oft á grundvelli b-liðar 1. mgr. 126. gr. á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?
4. Af hvaða ástæðum var gjafsóknar synjað á umræddu tímabili, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

677. Fyrirspurn [469. mál]

til umhverfisráðherra um seli.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða skuldbindingar hafa Íslendingar samkvæmt alþjóðlegum samningum varðandi verndun sela við Ísland?
2. Telur ráðherra að aðgerðir stjórnvalda til eyðingar selum samræmist framangreindum skuldbindingum miðað við stöðu og þróun selastofna hér við land?

678. Svar [322. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um tekjutap sveitarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert er talið heildartekjutap sveitarfélaga við breytingu á rekstrarformi fyrirtækja í einkahlutafélög?*
2. *Verður sveitarfélögum bætt tekjutapið og þá hvernig?*

Leitað var upplýsinga um málið hjá fjármálaráðuneyti.

Ráðuneytið hefur ekki athugað hvort sveitarfélög hafi orðið fyrir tekjutapi við breytingu á rekstrarformi fyrirtækja í einkahlutafélög. Upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fært hafa rekstur sinn yfir í einkahlutafélag og áhrif þess á útsvarsstofn eigenda liggja ekki fyrir hjá ríkisskattstjóra. Án framangreindra upplýsinga er ógerningur að meta áhrif breytts rekstrarforms á útsvarstekjur sveitarfélaga og allar tölur í því sambandi einungis ágiskanir.

Eins og kunnugt er hefur ráðherra ákveðið að skipa nefnd sem hefur það verkefni að laga tekjustofna sveitarfélaga að væntanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nýrri sveitarfélagaskipan. Nefndin mun væntanlega fjalla um ýmis óuppgerð ágreiningsmál ríkis og sveitarfélaga í tengslum við þá vinnu.

Þess má geta að í nóvember 2001 skipaði Samband íslenskra sveitarfélaga starfshóp til að fjalla um og meta meinta skerðingu útsvarsstofns í kjölfar fjölgunar einkahlutafélaga frá ársbyrjun 1995. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í febrúar 2002 þar sem reynt var að nálgast líkleg efri og neðri mörk þeirra fjárhæða sem um ræðir án þess að um ótvíræða niðurstöðu væri að ræða. Ekki hefur verið farið sameiginlega yfir niðurstöður skýrslunnar af hálfu fulltrúa ríkis og sveitarfélaga. Fyrr en slík úttekt hefur farið fram er ekki unnt að fullyrða um hvort nauðsynlegt sé að bæta sveitarfélögunum þau áhrif sem umræddar lagabreytingar kunna að hafa haft á fjárhag sveitarfélaga.

679. Fyrirspurn [470. mál]

til umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar veiðikortshafa.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu margir veiðikortshafar stunduðu eingöngu rjúpnaveiðar á síðasta veiðiári? Hversu hátt hlutfall er það af veiðikortshöfum?
2. Hversu margir veiðikortshafar stunduðu rjúpnaveiðar á síðasta veiðiári? Hversu hátt hlutfall er það af veiðikortshöfum?
3. Hvernig verður komið til móts við þá sem stunda rjúpnaveiðar og hafa greitt fyrir veiðikort á þessu veiðiári?

Skriflegt svar óskast.

680. Fyrirspurn [471. mál]

til menntamálaráðherra um listasafn Samúels Jónssonar.

Frá Guðjóni Ólafi Jónssyni.

Hefur ráðherra áform um að stuðla að varðveislu listaverka Samúels Jónssonar í Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði?

681. Skýrsla [34. mál]

dómsmálaráðherra um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Með beiðni (á þskj. 34) frá Steingrími J. Sigfússyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninganna 10. maí 2003.

Undirbúningur fyrir alþingiskosningarnar 2003 hófst í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á haustmánuðum árið 2002.

Þá hófst m.a endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Megintilgangur breytingarfrumvarpsins var að heimila talningu atkvæða á fleiri en einum stað í hverju kjördæmi og í þessum tilgangi var búin til heimild fyrir yfirkjörstjórnir til að skipa umdæmiskjörstjórn. Enn fremur var nauðsynlegt að lagfæra upptalningu á sveitarfélögum í 6. gr. lag-

anna, þar sem kjördæmin eru skilgreind, í samræmi við breytingar sem orðið höfðu á heiti þeirra vegna sameiningar eða af öðrum ástæðum. Lagt var til að kjörseðlar yrðu útbúnir með kassa eða ferningi fyrir framan listabókstafina, sem kjósendur setja krossinn í. Þá var sérstaklega tekið fram að atkvæði væri gilt þótt merkt væri utan fernings, svo lengi sem ljóst væri við hvaða listabókstaf væri átt. Í þessu sambandi væri brýnt að hafa í huga að vafaatkvæði yrðu skýrð með hliðsjón af vilja kjósanda. Loks var talin ástæða til að auðvelda kjósendum, sem eiga erfitt með að komast á sinn rétta kjörstað eða greiða atkvæði þar, t.d. vegna fötlunar, að afsala sér kosningarrétti í sinni kjördeild og fá að greiða atkvæði í annarri kjördeild innan sama kjördæmis. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í nóvember 2002 og hlaut samþykki þingsins þann 13. mars 2003.

Haustið 2002 var einnig hrundið af stað í dómsmálaráðuneytinu vinnu við gerð sérstaks kosningavefs tileinkuðum alþingiskosningunum 2003. Markmið með gerð kosningavefsins var að hafa þar aðgengilegar upplýsingar sem sneru að alþingiskosningunum 2003 þannig að bæði almenningur og þeir sem unnu við kosningarnar gætu haft gagn af. Eftir að vefurinn fór í loftið þann 11. nóvember 2002 varð strax ljóst að margir nýttu sér þennan möguleika í upplýsingaöflun og ráðuneytið fór strax að fá þar fjölda fyrirspurna. Þegar á leið gat ráðuneytið tekið þessar spurningar saman og búið til gagnabanka á vefnum sem hýsti svör við algengustu spurningunum sem borist höfðu og þannig komið til móts við kjósendur með aukinni upplýsingagjöf. Kosningavefurinn reyndist vera gríðarlega öflugt upplýsingatæki sem stjórnmálaflokkar, kjörstjórn, fjölmiðlar og almenningur notfærðu sér til þess nálgast upplýsingar varðandi kosningarnar. Auk þess gat ráðuneytið komið mikilvægum upplýsingum í dreifingu með auðveldum hætti, m.a. í gegnum póstlista. Til að mynda var mörgum tilkynningum og upplýsingum bætt inn á vefinn jafnóðum og þörf var á.

Auk þess að ráðast í gerð kosningavefs þá voru teknar upp ýmsar nýjungar varðandi upplýsingagjöf af hálfu ráðuneytisins í tilefni af alþingiskosningunum 2003.

Þar ber fyrst að nefna að þegar utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst þann 15. mars 2003 hafði dómsmálaráðuneytið sent til allra sýslumanna á landinu leiðbeiningar varðandi framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar. Þessar leiðbeiningar voru hugsaðar til upplýsingar fyrir þá einstaklinga sem sýslumenn fá til þess að vinna að utankjörfundaratkvæðagreiðslunni (fylgiskjal I). Leiðbeiningarnar voru einnig sendar til utanríkisráðuneytisins enda áttu þær eins vel við um utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis. Þá var leiðbeiningunum einnig dreift til blaða- og fréttamanna á sérstökum kynningarfundi sem ráðuneytið efndi til fyrir fjölmiðla þann 27. febrúar 2003. Á kynningarfundinum var einnig dreift til fjölmiðla upplýsingum um helstu tímapunkta sem máli skiptu varðandi kosningarnar frá því að utankjörfundaratkvæðagreiðslan gat hafist þann 15. mars 2003 til kjördags þann 10. maí 2003 (fylgiskjal II).

Í öðru lagi var í fyrsta sinn af hálfu ráðuneytisins ráðist í gerð bæklings fyrir unga kjósendur og bar hann heitið: Til hamingju með kosningaréttinn ! og var sendur út til 16.600 ungmenna sem voru að kjósa í kosningum til Alþingis í fyrsta sinn. Við undirbúning bæklingsins fóru fulltrúar ráðuneytisins í framhaldsskóla og ræddu við ungt fólk til að athuga hvað ungt fólk vildi vita um kosningar og hvað það ekki vissi fyrir. Á daginn kom að einfaldir hlutir eins og hvar kjósendur merkja á kjörseðilinn og hvað kjósandinn gerir við kjörseðilinn þegar hann gengur út úr kjörklefanum vöfðust fyrir þessu unga fólki. Því var ákveðið að hafa bæklinginn myndrænan með litlu magni af skrifuðum texta, enda kom í ljós að myndræni hluti kosningavefsins var það helsta sem stóð upp úr hjá þeim eftir að hafa skoðað vefinn. Bæklingurinn var sendur heim til ungra kjósenda rétt fyrir miðjan apríl auk þess sem bæklingnum var dreift til framhaldsskóla.

Í þriðja lagi var leiðbeiningum um alþingiskosningar á kjörfundi breytt en þær höfðu í áraraðir verið með sama útlit og texta. Þá var reynt að flokka upplýsingar þannig að textinn yrði aðgengilegri og brotinn upp með myndrænni uppsetningu (fylgiskjal III).

Í fjórða lagi lét ráðuneytið búa til eyðublöð um afsal kosningaréttar í kjördeild en það kom til vegna breytts ákvæðis í 80. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Í fimmta lagi lét ráðuneytið prenta tilkynningar um þá lista sem í framboði voru og voru þær látnar hanga uppi á kjörstað bæði innan og utan kjördeilda. Þetta var nýbreytni í lögum um kosningar til Alþingis nr. 24 frá árinu 2000.

Í sjötta lagi lét ráðuneytið gera sérprentun með lögum um kosningar til Alþingis, þar sem einnig er að finna stjórnarskrána, lög um framboð og kjör forseta Íslands, lög um kosningar til sveitarstjórna, leiðbeiningar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra og lög um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi. Þessu var dreift til kjörstjórna, sýslumanna, utanríkisráðuneytisins og stjórnmálaflokka um miðjan apríl 2003.

Auk þess að sjá um gerð utankjörfundarkjörgagna er það í verkahring ráðuneytisins að annast gerð og dreifingu kjörgagna sem notuð eru á kjörfundi. Ráðuneytið sendir kjörgögnin til yfirkjörstjórna og þær dreifa gögnunum svo áfram til sinna undirkjörstjórna. Einnig sér ráðuneytið um gerð annarra kjörgagna eins og umslaga sem kjörstjórnir nota til að senda gögn til yfirkjörstjórnar og um gerð blindraspjalda.

Ráðuneytið heldur skrá yfir alla listabókstafi stjórnmálasamtaka og ákveður bókstaf nýrra stjórnmálasamtaka en fyrir alþingiskosningarnar 2003 var tveimur nýjum bókstöfum úthlutað, T til framboðs óháðra í Suðurkjördæmi og N til Nýs afls.

Ráðuneytið sér um að löggilda gerðabækur kjörstjórna og láta þeim í té innsigli og stimpla.

Með beiðni (á þskj. 34) var sérstaklega óskað svara við 13 spurningum sem lagðar voru fram.

Við undirbúning skýrslunnar af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var leitað eftir upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu varðandi spurningar 7, 8, 9, 10, 11, 12 og upplýsingum frá öllum sýslumannsembættum sem undir dómsmálaráðuneytið heyra varðandi spurningar 7, 8, 9 og 10. Svör bárust frá utanríkisráðuneytinu og frá 23 sýslumannsembættum af 25.

1. **Er rétt að huga að breytingum á því fyrirkomulagi að Alþingi sjálft hafi það hlutverk með höndum að staðfesta lögmæti sitt og gildi kosninga, sbr. einkum 46. gr. stjórnarskrárinnar og 1., 4. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis?**

Alþingi tekur afstöðu til þess, hvað þykir rétt í þessu efni. Stjórnarskránni verður ekki breytt án þess að þing sé rofið og efnt til kosninga. Dómsmálaráðuneytið mun ekki flytja tillögu um breytingar á þeim ákvæðum, sem nefnd eru í spurningunni.

2. **Er ekki brýnt að setja í lög um kosningar til Alþingis ákvæði um hvenær endurtelja skuli atkvæði, bæði í einstökum kjördæmum sem og á landinu í heild, þegar mjótt er á munum?**

Alþingi metur hve brýn þessi breyting er. Dómsmálaráðuneytið mun ekki flytja tillögu um slíka lagabreytingu.

3. **Er reynt með einhverjum hætti að tryggja samræmda framkvæmd alþingiskosninga hvað varðar úrskurð vafaatkvæða, talningaraðferðir og ákvarðanir um hvort endurtelja skuli og önnur hliðstæð atriði í öllum kjördæmum landsins?**

Yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi fyrir sig hefur yfirumsjón með talningu atkvæða innan síns kjördæmis. Ekki eru til samræmdar reglur um úrskurð vafaatkvæða umfram það sem fram kemur í lögum um kosningar til Alþingis. Í 91. til og með 95. gr. laga um kosningar til Alþingis er fjallað um meðferð utankjörfundaratkvæða í þessu tilliti og um atkvæði greidd á kjörfundi í 100. til og með 104. gr. laganna. Þá eru ekki fyrir hendi samræmdar talningaraðferðir eða reglur um ákvarðanir um endurtalningu á milli kjördæma.

4. **Hverju sætir að einstakar yfirkjörstjórnir ljúka endanlega störfum og loka úrvinnslu kosningaúrslita áður en heildarúrslit í landinu liggja fyrir og þar með hversu mjótt kann að reynast á munum við úthlutun jöfnunarsæta og hvort ástæða sé til að endurtelja skuli atkvæði af þeim sökum?**

Hlutverk yfirkjörstjórnar er að annast framkvæmd kosninga í sínu kjördæmi og þar með stýra talningu atkvæða þar. Jafnan tíðkast að birt eru úrslit í viðkomandi kjördæmi, þegar atkvæði hafa verið talin þar. Reiknireglur um úthlutun jöfnunarsæta breyta engu um niðurstöðu talningar í einstökum kjördæmum. Fulltrúar allra framboða fylgjast með talningu innan kjördæma. Alþingi á síðasta orðið um vafaatkvæði.

5. **Kemur til álita að færa landskjörstjórn það vald í hendur að geta úrskurðað endurtalningu í landinu öllu?**

Vissulega er þetta álitaefni og ræður afstaða Alþingis niðurstöðu, því að þar eru kosningalög ákveðin.

6. **Kemur til álita að landskjörstjórn fái það hlutverk að kveða upp leiðbeinandi forúrskurði um álitamál sem upp kunna að koma í aðdraganda kosninga sem yfirkjörstjórnir einstakra kjördæma hafi til að styðjast við?**

Sjá svar við 5. spurningu.

7. **Hvernig er utankjörfundaratkvæðagreiðsla undirbúin, kynnt og framkvæmd:**
   a. **í sendiráðum og hjá ræðismönnum erlendis,**
   b. **hjá sýslumönnum,**
   c. **annars staðar, svo sem á sjúkrahúsum eða í heimahúsum?**

Þegar utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst hinn 15. mars 2003 hafði dómsmálaráðuneytið sent til allra sýslumanna á landinu leiðbeiningar varðandi framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar. Þessar leiðbeiningar voru hugsaðar til upplýsingar fyrir þá sem sýslumenn fá til þess að vinna að utankjörfundaratkvæðagreiðslunni. Vitað er til þess að sýslumenn hafi í töluverðum mæli notað þessar leiðbeiningar til að árétta við starfsfólk sitt hvernig framkvæmdin við utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli vera. Leiðbeiningarnar voru einnig sendar til utanríkisráðuneytisins enda áttu þær einnig við um utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis. Þá var leiðbeiningunum einnig dreift til blaða- og fréttamanna á sérstökum kynningarfundi sem ráðuneytið efndi til fyrir fjölmiðla hinn 27. febrúar 2003.

Ráðuneytið sá um gerð og dreifingu utankjörfundargagna til utanríkisráðuneytisins og sýslumanna um allt land auk þess að útvega hvaðeina annað sem þessa aðila vanhagaði um, t.d. stimpla með listabókstöfum. Þá var ráðuneytið sýslumönnum og utanríkisráðuneytinu

(sendiráðum, ræðismönnum o.s.frv.) innan handar í tengslum við atriði sem upp komu varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðsluna.

Á kosningavef dómsmálaráðuneytisins mátti finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Þar var m.a. kynnt hvar utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram, hvenær hún gæti hafist og hvenær henni lyki og hvernig henni væri háttað. Þar voru tenglar yfir á lista yfir sýslumenn og aðsetur þeirra, lista yfir sendiráð og ræðismenn Íslands erlendis auk þess sem vakin var athygli á leiðbeiningum um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra á stofnunum og í heimahúsum.

a. Utanríkisráðuneytið annast framkvæmd og hefur umsjón með utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis sbr. 59. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þá annast utanríkisráðuneytið afgreiðslu kjörgagna til kjörstjórna erlendis sbr. 1. mgr. 46. gr. sömu laga. Í svari utanríkisráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins vegna skýrslu þessarar kom fram að undirbúningur utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis hófst með því að sendiskrifstofum Íslands erlendis var sent embættiserindi hinn 7. febrúar 2003. Þar var óskað eftir upplýsingum um a) hvaða tími hentaði best fyrir sendiráð til að hafa opið fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu, b) hjá hvaða ræðismönnum í umdæmi sendiskrifstofa væri hægt að kjósa og á hvaða tíma (dagsetningar), c) hversu marga kjörseðla sendiskrifstofan áætlaði að hún þyrfti fyrir sig og sína ræðismenn og d) hvaða kosningastimpla sendiskrifstofan ætti, þ.e. hvaða bókstafi. Þá segir í svari utanríkisráðuneytisins að einnig hafi verið bent á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins vegna alþingiskosninganna www.kosning2003.is. Fram kemur að þegar upplýsingar höfðu borist frá sendiskrifstofum hafi kjörgögn verið send til þeirra og sendiskrifstofur síðan séð um að senda kjörgögn áfram til ræðismanna í sínu umdæmi eftir atvikum, ásamt leiðbeiningum.

Þá kemur einnig fram í svari utanríkisráðuneytisins að fréttatilkynning hafi verið send út hinn 13. mars 2003, þar sem tilkynnt hafi verið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninganna 2003 hæfist 15. mars 2003. Væntanlegum kjósendum hafi þar verið bent á að hafa samband við ræðismenn áður en þeir kæmu til að kjósa. Tekið hafi verið fram að kjósendur ættu sjálfir að kynna sér hverjir væru í framboði og hvaða listabókstafir yrðu notaðir. Bent hafi verið á að kjósendur gætu fundið upplýsingar á www.kosning2003.is. Fréttatilkynningunni hafi fylgt listi yfir kjörstaði erlendis. Fréttatilkynningin var send á alla fjölmiðla á Íslandi og á póstlista til þeirra sem óskuðu eftir að fá sendar allar fréttatilkynningar utanríkisráðuneytisins. Hinn 21. mars hafi verið send út önnur fréttatilkynning þar sem upplýst hafi verið að kjörstöðum hafði verið fjölgað og þriðja fréttatilkynningin var send út þann 10. apríl þar sem sagt var frá breytingu á kjörstað í Noregi. Einnig kemur fram að nokkur sendiráð hafi leitað til Íslendingafélaga varðandi auglýsingar á utankjörfundaratkvæðagreiðslu, auk þess sem utankjörfundaratkvæðagreiðslan hafi verið auglýst í helstu dagblöðum á Norðurlöndunum samkvæmt beiðni frá stjórnmálaflokkunum.

Í svari utanríkisráðuneytisins er einnig greint frá því að eftir því sem næst verði komist hafi framkvæmd utankjörfundarkosninganna verið í samræmi við það sem fram kemur í leiðbeiningum í fylgibréfi með atkvæðaseðlum og í leiðbeiningum sem sendar hafi verið ræðismönnum. Í sendiráðum hafi verið hægt að kjósa á áður auglýstum opnunartímum en óskað hafi verið eftir því að menn mæltu sér mót við ræðismenn.

b. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram hjá sýslumanni, á aðalskrifstofu hans eða útibúi, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis. Til þess að afla upplýsinga

um undirbúning, kynningu og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sýslumönnum sendi ráðuneytið bréf til allra sýslumanna á landinu þar sem óskað var upplýsinga um það. Alls heyra 25 sýslumannsembætti á landinu undir dómsmálaráðuneytið og bárust svör frá 23 þeirra.

Almennt má segja að í svörum sýslumannsembættanna hafi komið fram að við undirbúninginn hafi verið farið yfir kjörgögn sem til voru og áætlað hversu mikið þyrfti að panta frá dómsmálaráðuneytinu, settur hafi verið upp kjörklefi og kjörkassi fyrir atkvæði verið innsiglaður. Þá hafi verkum verið skipt á milli starfsmanna sýslumannsembættanna þegar slíkt átti við og kosningalög og hagnýt atriði varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðsluna kynnt fyrir starfsmönnum embættanna. Afgreiðslutímar utan heföbundins skrifstofutíma voru ákveðnir, auk þess sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla á stofnunum var skipulögð. Í kjölfarið var utankjörfundaratkvæðagreiðslan og sérstakir opnunartímar auglýstir í bæjar-, héraðs- og/eða landsfréttablöðum, auk þess sem tilkynningar um sérstaka opnunartíma voru í mörgum tilfellum sendar á kosningaskrifstofur stjórnmálaflokka á viðkomandi svæði. Í sumum tilvikum var sent dreifibréf inn á öll heimili viðkomandi svæðis þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðslan var auglýst.

Í flestum tilvikum er tekið fram að kosning hafi farið fram með þeim heföbundna hætti að kjósandi hafi komið á embætti sýslumanns og sannað á sér deili, fyllt hafi verið út fylgibréf með kjörseðli og upplýsingar færðar í gerðabækur. Því næst hafi kjósanda verið afhentur kjörseðill og honum leiðbeint um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Kjósandi hafi síðan farið með seðilinn inn í kjörklefa og skilað atkvæði sínu að því loknu í lokuðu umslagi til sýslumanns/fulltrúa sýslumanns sem setti umslagið í sendiumslagið ásamt fylgibréfinu og innsiglaði það. Þá hafi kjósendur á kjörskrá í kjördæminu getað sett atkvæðið sitt í kjörkassa á staðnum en öðrum verið bent á að koma atkvæði sínu sjálfir til skila. Óskaði kjósandi þess að sýslumaður kæmi atkvæðinu til skila var það póstlagt.

c. Í svörum sýslumannsembættanna mátti sjá að sá möguleiki að kjósa í heimahúsum hafi verið auglýstur með sama hætti og að ofan er lýst og upplýsingar veittar um fresti til að sækja um slíkt. Í slíkum tilvikum hafi verið farið á heimili þeirra sem óskuðu eftir því að fá að kjósa heima.

Varðandi kosningar á stofnunum virðist sem viðkomandi sýslumannsembætti hafi haft samband við forstöðumenn stofnana og ákveðið í samráði við þá heppilegan tíma fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnuninni. Þá kemur fram að viðkomandi forstöðumanni hafi í flestum tilvikum verið falið að kynna vistmönnum stofnunarinnar fyrirkomulag kosningarinnar og þá var í u.þ.b. helmingi tilvika reynt að koma því við að kynna þetta einnig fyrir fulltrúum framboðslista. Í einhverjum tilvikum sáu sýslumannsembættin sjálf um að auglýsa utankjörfundaratkvæðagreiðsluna á stofnuninni. Kosið var á ýmsum stöðum, t.a.m. á sjúkrastofnunum, dvalarheimilum aldraða og í fangelsum. Við utankjörfundaratkvæðagreiðslur sem fram fóru í heimahúsum og á stofnunum var þess gætt eftir fremsta megni að kjósendur fengju að kjósa í einrúmi.

8. Hvaða upplýsingar liggja frammi þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram og hvernig er tryggt að þær séu réttar, t.d. um listabókstafi framboða í viðkomandi kosningum?

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla getur hafist 8 vikum fyrir kjördag, sbr. 57. gr. laga um kosningar til Alþingis. Hins vegar rennur frestur til að skila inn framboði ekki út fyrr en 15

dögum fyrir kjördag. Þetta gerir það að verkum að í tæpar 6 vikur getur ríkt óvissa um það hvaða framboðslistar verða í boði á kjördag, þrátt fyrir að þeir sem í boði verða séu þá í langflestum tilvikum búnir að standa í kosningabaráttu og kynningu á framboði sínu í einhvern tíma. Þannig má segja að formlega geti ríkt óvissa um hverjir eru í boði út frá þeim reglum sem um framboð og framboðsfresti í alþingiskosningum gilda.

Hinn 15. apríl 2003, sendi dómsmálaráðuneytið bréf til allra sýslumanna og til utanríkisráðuneytisins og fylgdi því skrá yfir lista og listabókstafi framboða í alþingiskosningunum 1999 og yfir ný framboð sem þá höfðu sótt um listabókstafi til ráðuneytisins fyrir alþingiskosningarnar 2003. Þetta var gert í ljósi þess að athugasemdir höfðu borist ráðuneytinu um að ekki lægi fyrir listi sem hægt væri að styðjast við við utankjörfundaratkvæðagreiðsluna. Í bréfinu kom fram hvaða listabókstafir væru nýir og áréttað var að óvíst væri hvort allir þeir aðilar sem boðið hefðu fram til Alþingis árið 1999 myndu bjóða fram lista að þessu sinni.

Þann 30. apríl 2003 var síðan birt á kosningavef dómsmálaráðuneytisins auglýsing landskjörstjórnar um þá lista sem í boði voru í hverju kjördæmi, sbr. auglýsingu landskjörstjórnar í Lögbirtingarblaði og fjölmiðlum.

Í svari frá utanríkisráðuneytinu kom fram að þær upplýsingar um listabókstafi sem legið hefðu frammi á kjörstöðum hefðu verið „Skrá yfir lista og listabókstafi framboða í alþingiskosningunum 1999 og ný framboð 2003“ sem dómsmálaráðuneytið hafði sent ráðuneytinu.

Af svörum sýslumanna má dæma að almennt hafi upplýsingar frá dómsmálaráðuneytinu verið aðgengilegar kjósendum fram að þeim tíma er framboðsfrestur rann út og framboð í hverju kjördæmi voru auglýst af landskjörstjórn. Þetta hefur þó ekki verið í öllum tilvikum, enda virðast lög um kosningar til Alþingis gera ráð fyrir því að kjósendur afli þessara upplýsinga sjálfir og komi upplýstir til utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar. Í einhverjum tilvikum var stuðst við auglýsingu dómsmálaráðuneytisins í Stjórnartíðindum frá 21. febrúar 2003, þar sem auglýstir voru listabókstafir þeirra stjórnmálaflokka sem buðu fram í alþingiskosningunum 8. maí 1999, sbr. 38. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þá voru í langflestum tilvikum lagðar fram upplýsingar um þá lista sem í boði voru þegar framboðsfrestur var útrunninn og landskjörstjórn hafði auglýst framboð í hverju kjördæmi með auglýsingum þann 30. apríl 2003.

Auk þess lágu á flestum stöðum frammi lög um kosningar til Alþingis eða leiðbeiningar dómsmálaráðuneytisins um hvernig greiða ætti atkvæði utan kjörfundar.

9. Hvernig er háttað eftirliti með því að rétt kjörgögn og stimplar séu notuð við kosningar utan kjörfundar, en ekki úrelt gögn frá eldri kosningum?

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga um kosningar til Alþingis lætur dómsmálaráðuneytið í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru skilgreind í 1. mgr. 47. gr. fyrrgreindra laga, en það eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag, svo og stimplar með listabókstöfum. Kosningin skv. 2. mgr. 62. gr. laganna fer síðan þannig fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins til allra sýslumanna frá 28. febrúar 2003 var á það minnt að æskilegt væri að kjörgögn væru pöntuð tímanlega. Þá höfðu þegar verið send kjörgögn til utanríkisráðuneytisins, en sá háttur hefur verið hafður á að utanríkisráðuneytið og sýslumenn geri sjálfir grein fyrir þeim fjölda kjörgagna sem þeir telji að muni koma til með að vera notaðir hjá sér. Við mat á þessu er venjulega stuðst við kjörsókn við utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá hverjum og einum frá fyrri árum. Þá hefur ráðuneytið einnig orðið við óskum þeirra sem að utankjörfundaratkvæðagreiðslu standa um að láta þeim í té stimpla með listabókstöfum, en stimplarnir eru einnig merktir með blindraletri.

Þessir aðilar hafa sjálfir farið yfir þá stimpla sem til staðar eru hjá þeim fyrir hverjar kosningar og óskað eftir þeim bókstöfum sem þá vanhagar um inn í stafrófið.

Utanríkisráðuneytið gerði grein fyrir því í svari sínu til dómsmálaráðuneytisins að sendiráðin óskuðu eftir upplýsingum frá ræðismönnum um hvort þeir ættu kjörgögn vegna alþingiskosninga og sendi þeim síðan gögn í samræmi við óskir þeirra. Kjörgögn hafi verið óbreytt undanfarin ár og því hafi sömu gögn gilt fyrir sveitarstjórnar-, forseta- og alþingiskosningar. Auk þess sé ekki gerð krafa um að notaðir séu stimplar með listabókstöfum við kosninguna, sbr. 62. gr. laga um kosningar til Alþingis. Það sé þó gert í flestum sendiráðum.

Í svörum allra þeirra sýslumanna sem ráðuneytið hefur undir höndum kemur fram að ekki hafi verið notuð önnur kjörgögn en þau sem dómsmálaráðuneytið hefur látið þeim í té. Þá kemur einnig fram að í u.þ.b. helmingi tilvika hafi allir tiltækir stimplar, þ.e. allt stafrófið, legið frammi hjá sýslumönnum fram að þeim tíma er framboð voru kunn. Eftir það hafi einungis legið frammi stimplar með listabókstöfum þeirra lista sem í framboði voru samkvæmt auglýsingu landskjörstjórnar. Þá kemur fram að í sumum tilvikum lágu þó aðeins frammi stimplar þeirra stjórnmálaflokka sem vitað var að væru í framboði. Að auki lágu blýantar einnig frammi á flestum stöðum.

Einhver hluti sýslumanna sagðist hafa reglulega gætt þess að ekki hefði verið átt við stimplana í kjörklefunum. Þá virðist sem stimplar hafi verið notaðir við utankjörfundaratkvæðagreiðslu í stofnunum og í heimahúsum í u.þ.b. helmingi tilvika en í öðrum tilvikum blýantar.

10. Er undirbúningi, kynningu og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu hagað með tilliti til þess að auðvelda einstökum hópum, svo sem sjómönnum, námsmönnum, Íslendingum búsettum erlendis o.s.frv., að kjósa?

Eins og fyrr hefur verið greint frá stóð dómsmálaráðuneytið fyrir gerð sérstaks kosningavefs www.kosning2003.is sem m.a. var ætlað að auðvelda kjósendum að nálgast upplýsingar um alþingiskosningarnar 2003, hvort sem það voru sjómenn, námsmenn eða Íslendingar búsettir erlendis. Þetta var nýbreytni í upplýsingagjöf af hálfu ráðuneytisins í tengslum við kosningar til Alþingis. Eins og áður hefur verið greint frá var þar að finna upplýsingar um hvar utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram, hvenær hún gæti hafist og hvenær henni lyki og hvernig henni væri háttað. Þá voru einnig tenglar yfir á lista yfir sýslumenn og aðsetur þeirra, lista yfir sendiráð og ræðismenn Íslands erlendis auk þess sem vakin var athygli á leiðbeiningum um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra á stofnunum og í heimahúsum. Þar var einnig að finna upplýsingar um að samkvæmt 60. gr. laga um kosningar til Alþingis sé heimilt að kjósa um borð í íslensku skipi sem er í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, sé kjósandi í áhöfn eða farþegi um borð. Þá er skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir kjörstjóri um borð.

Í svari utanríkisráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins kemur fram að utanríkisráðuneytið líti þannig á að undirbúningur, kynning og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu miði að því að auðvelda Íslendingum sem búsettir eru erlendis að neyta kosningaréttar síns.

Af svörum flestra sýslumanna má dæma að afgreiðslutímar og skipulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá embættunum hafi verið auglýst með góðum fyrirvara. Þá hafi átt að vera auðvelt fyrir einstaka hópa að kjósa enda góðar samgöngur á flestum stöðum og afgreiðslutímar sýslumanna vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu rúmir. Einnig hafi verið komið til móts við aðila sem um það báðu sérstaklega, svo sem sjómenn, og þeim gert kleift að kjósa utan skrifstofutíma, þ.e. á kvöldin eða um helgar.

11. Fer fram einhver kynning gagnvart íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis á þeim reglum sem gilda um kosningarétt þeirra og veru á kjörskrá og er yfir höfuð reynt að greiða fyrir því að þeir geti neytt kosningaréttar síns?

Eins og fyrr hefur verið greint frá var kosningavefur dómsmálaráðuneytisins www.kosning2003.is mikil bót í kynningu á alþingiskosningunum 2003 fyrir flesta kjósendur og ekki síst fyrir íslenska ríkisborgara búsetta erlendis. Þar var gerð grein fyrir reglum sem um kjörskrána gilda auk þess sem margir íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis nýttu sér þann möguleika að hafa samband við dómsmálaráðuneytið til að athuga hvort þeir væru á kjörskrá. Var reynt eftir fremsta megni að aðstoða alla sem til ráðuneytisins leituðu í þessum erindagjörðum.

Auk þess var að finna á kosningavefnum upplýsingar um hvar utankjörfundaratkvæðagreiðsla gæti farið fram, hvenær hún gæti hafist og hvenær henni lyki og hvernig henni væri háttað. Þá voru einnig tenglar yfir á lista yfir sendiráð og ræðismenn Íslands erlendis.

Í svari utanríkisráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins kemur fram að utanríkisráðuneytið hafi ekki staðið fyrir sérstökum kynningum fyrir íslenska ríkisborgara búsetta erlendis á þeim reglum sem um kosningarétt þeirra gilda og veru þeirra á kjörskrá. Hins vegar hafi ráðuneytið og sendiskrifstofur þess leitast við að upplýsa og leiðbeina fólki sem þess hefur óskað. Þá ítrekar utanríkisráðuneytið að það líti svo á að undirbúningur, kynning og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu miði að því að auðvelda Íslendingum sem búsettir eru erlendis að neyta kosningaréttar síns.

12. Hefur sá möguleiki verið skoðaður að opna kjörstaði á kjördag í stærstu Íslendingabyggðum erlendis, svo sem í Kaupmannahöfn?

Í svari utanríkisráðuneytisins til dómsmálaráðuneytisins kom fram að ekki hefði verið skoðaður sá möguleiki að opna kjörstaði erlendis á kjördag, enda hafi það hvorki verið talið nauðsynlegt né hagkvæmt.

13. Hafa kostir þess að taka upp rafræna kjörskrá og/eða opna rafræna kjörstaði verið skoðaðir, sérstaklega með hliðsjón af því að auðvelda íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis eða öðrum hópum manna að neyta kosningaréttar síns?

Nei, þetta hefur ekki verið skoðað.

Fylgiskjal I.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÞAÐ SEM ATHUGA ÞARF VIÐ FRAMKVÆMD UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLU

Hvenær getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla hafist?

Kjósanda sem ekki getur kosið á kjördag, er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er 8 vikur eru til kjördags, þ.e. frá og með 15. mars 2003 til kjördags.

~

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram á eftirfarandi stöðum:

Hjá sýslumönnum um allt land, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Þá getur sýslumaður einnig ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættis fari fram á sérstökum stað utan aðalskrifstofu svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stað í umdæminu.

Hjá hreppstjórum, á skrifstofu eða heimili hreppstjóra.

Erlendis, á skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið getur þó ákveðið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis. Utanríkisráðuneytið auglýsir einnig hvar og hvenær atkvæðagreiðsla geti farið fram erlendis.

Skipum. Áhafnir eða farþegar um borð í íslenskum skipum á siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, mega kjósa um borð í þeim. Skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir er kjörstjóri.

Sjúkrahúsum, fangelsum, dvalar- og vistheimilum. Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, á dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um vistmann fangelsis. Slík atkvæðagreiðsla skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, á sjúkrahúsi sem næst kjördegi, að höfðu samráði við stjórn stofnunar. Hún má þó ekki fara fram fyrr en í fyrsta lagi 3 vikum fyrir kjördag.

Heimahúsi. Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun, sbr. framangreint. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en í fyrsta lagi 3 vikum fyrir kjördag.

Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram, með þeim hætti sem venja er á hverjum stað að birta opinberar auglýsingar.



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÞAÐ SEM ATHUGA ÞARF VIÐ FRAMKVÆMD UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLU

Atriði sem gott er að hafa í huga við kosningaathöfnina

1. Kjósandi þarf að gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra. Kennivottorð er **persónuskilríki með mynd, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort eða greiðslukort.**

2. Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn.

3. Skal kjósandi svo aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Kjósandinn **stimplar eða ritar á** kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röð frambjóðenda á listanum. Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda má hann fá annan í stað hins.

4. **Þá áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna.**

5. Að lokum skal kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu lagt í sendiumslagið og því lokað vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans, sýslumannsins eða kjörstjórnarinnar í því umdæmi þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

Kjósanda er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar oftar en einu sinni og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði tekið til greina. Utankjörfundaratkvæði teist greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

Kjósandi þarf aðstoð:

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra frá því að hann sé ekki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða annarrar fötlunar, skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. **Aðstoðin skal þó aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.** Kjósandi verður sjálfur að biðja um aðstoð.

Fyrirgerir utankjörfundaratkvæðagreiðsla rétti manns til að greiða atkvæði á kjördag?
Nei, kjósanda er heimilt að greiða atkvæði á kjördag þótt hann hafi greitt atkvæði utan kjörfundar og kemur utankjörfundaratkvæðaseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

~

Hvernig fer með atkvæðið?

Ef atkvæðið er greitt hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem kjósandi er á kjörskrá þá skilur kjósandi þar eftir bréf með atkvæði sínu og skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa. Atkvæðakassinn skal svo innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Ef atkvæðið er greitt hjá kjörstjóra í öðru umdæmi en því sem kjósandi er á kjörskrá, þá annast og kostar hann sjálfur sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandi er á kjörskrá.

Utankjörfundaratkvæði skal vera komið í hendur kjörstjórnar fyrir lok kjörfundar á kjördag svo að hægt sé að taka það til greina við kosninguna.

Fylgiskjal II.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ALÞINGISKOSNINGAR 10. MAÍ 2003

Hinn 26. febrúar 2003 gaf dómsmálaráðherra út auglýsingu um að almennar reglulegar kosningar til Alþingis skuli fara fram 10. maí 2003.

Af framangreindu tilefni er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Utankjörfundarkosning getur hafist laugardaginn 15. mars.

2. Kjörskrár skulu gerðar miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, þ.e. laugardaginn 5. apríl.

3. Beiðni um nýjan listabókstaf stjórnmálasamtaka skal hafa borist dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út, þ.e. eigi síðar en kl. 12 á hádegi þriðjudaginn 22. apríl.

4. Framboð skal tilkynna yfirkjörstjórn eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag, þ.e. eigi síðar en kl. 12 á hádegi föstudaginn 25. apríl.

5. Sveitarstjórnir skulu leggja kjörskrár fram almenningi til sýnis eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, þ.e. eigi síðar en miðvikudaginn 30. apríl.

6. Landskjörstjórn skal auglýsa framboð eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, þ.e. eigi síðar en miðvikudaginn 30. apríl.

7. Kjörstjóri skal taka ákvörðun um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á stofnunum (sjúkrahúsi, dvalarheimili aldraðra, stofnun fyrir fatlaða og fangelsi) eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag, þ.e. eigi síðar en laugardaginn 3. maí.

8. Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skal hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag, þ.e. eigi síðar en kl. 16 þriðjudaginn 6. maí.

9. Atkvæðagreiðsla á stofnun og í heimahúsi má ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag, þ.e. ekki fyrr en laugardaginn 19. apríl.

Fylgiskjal III.

LEIÐBEININGAR UM ALÞINGIS-KOSNINGAR Á KJÖRFUNDI

Kjörfundarstofan

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram í. Þá getur kjörstjórn ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem setja að greiða atkvæði.



Kjósandi gerir grein fyrir sér

Kjósandi skal gera grein fyrir sér með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan full*nægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Kennivottorð er* persónuskilríki með mynd og kennitölu, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort eða greiðslukort. Ef hann á rétt á að greiða atkvæði fær hann afhentan einn kjörseðil.

Kjörklefinn og meðferð kjörseðils

Þegar kjósandi hefur talið við kjörseðilnum fer hann inn í kjörklefann. Í kjörklefanum skal vera borð og á því skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý.



Kjósandi greiðir atkvæði sitt með því að marka á kjörseðilinn kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa.

Í kjörklefanum skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.



Merkingar og aðrar breytingar á kjörseðli

Vilji kjósandi breyta röð frambjóðenda á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðendum á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.



Kjósandi má ekki hagga neitt við listum sem hann ekki kýs, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð. Slíkt ógildir atkvæðið.

Þá verður kjósandi að gæta þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem hér segir, slíkt gæti valdið ógildingu atkvæðisins.



Kjósandi þarf aðstoð

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða annarrar fötlunar skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir velta honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Aðstoð skal þó aðeins velta að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Kjósandi verður sjálfur að biðja um aðstoðina.

Réttur til að fá nýjan kjörseðil

Láti kjósandi sjá hvernig hann hefur greitt atkvæði er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.



Kjörkassi

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn *geti séð hvernig hann greiddi atkvæði*. Þá vikur hann af kjörfundarstofunni þegar hann hefur látið kjörseðilinn í kjörkassann.

682. Frumvarp til laga [401. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „tryggingayfirlæknir“ í 7. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

683. Frumvarp til laga [306. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó skulu aðilar skv. 1. mgr. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum í eigu þeirra samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10 19. mars 2001, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Hitaveita Suðurnesja hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159 20. desember 2002, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Norðurorka hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40 30. maí 2001, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal Orkubú Vestfjarða hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139 21. desember 2001, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Orkuveita Reykjavíkur greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum fyrirtækisins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

684. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Sjóður þessi nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Ráðherra setur reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.

2. gr.

Í stað „1. mgr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 3. mgr.

3. gr.

Í stað „2. mgr.“ í 8. gr. laganna kemur: 3. mgr.

4. gr.

Við 3. mgr. 10. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir er orðast svo: Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

685. Frumvarp til laga [410. mál]

um tímabundna ráðningu starfsmanna.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmenn með tímabundna ráðningu, sbr. a-lið 3. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

a. nemendur sem ráðnir eru tímabundið á grundvelli samninga um grunnstarfsnám eða annarra námssamninga,
b. starfsmenn sem ráðnir eru á grundvelli tímabundinna ráðningarsamninga sem eru liðir í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlunum er njóta stuðnings opinberra aðila,
c. starfsmenn sem framleigufyrirtæki útvega öðrum fyrirtækjum, eða
d. embættismenn, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að bæta tímabundnar ráðningar með því að tryggja meginregluna um að starfsmönnum með tímabundna ráðningu sé ekki mismunað miðað við þá sem ráðnir eru ótímabundið. Enn fremur er lögum þessum ætlað að koma í veg fyrir misnotkun er byggist á því að hver tímabundinn ráðningarsamningur taki við af öðrum án hlutlægra ástæðna.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Starfsmaður með tímabundna ráðningu* er starfsmaður með ráðningarsamning við vinnuveitanda þar sem lok samningsins ákvarðast af hlutlægum ástæðum, til dæmis tiltekinni dagsetningu, lokum afmarkaðs verkefnis eða tilteknum aðstæðum.
b. *Sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu* er starfsmaður með ótímabundinn ráðningarsamning við sama fyrirtæki og starfsmaður með tímabundna ráðningu og vinnur sama eða sambærilegt starf að teknu tilliti til annarra áhrifaþátta, svo sem kunnáttu eða hæfni. Þegar ekki er til að dreifa sambærilegum starfsmanni með ótímabundna ráðningu í sama fyrirtæki skal samanburður gerður með vísan til hlutaðeigandi kjarasamnings eða, þar sem slíkur samningur er ekki fyrir hendi, með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju.

4. gr.
Vernd gegn mismunun.

Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Þegar krafist er ákveðins starfsaldurs til að öðlast tiltekin starfskjör skulu sömu skilyrði gilda fyrir starfsmann með tímabundna ráðningu og sambærilegan starfsmann með ótímabundna ráðningu nema krafan um mismunandi starfsaldur sé byggð á hlutlægum ástæðum.

5. gr.

Framlenging eða endurnýjun tímabundinnar ráðningar.

Óheimilt er að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma. Vinnuveitandi skal þó ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið.

Nýr ráðningarsamningur telst taka við af öðrum samningi sé hann framlengdur eða ef nýr tímabundinn ráðningarsamningur kemst á milli sömu aðila innan þriggja vikna frá lokum gildistíma eldri samnings.

Aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þar sem tekið er tillit til þarfa starfsmanna og vinnuveitanda í þeirri atvinnugrein sem kjarasamningurinn tekur til. Sá samningur skal þá gilda um framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þeirra starfsmanna er hann tekur til.

6. gr.

Upplýsingagjöf og endurmenntun.

Vinnuveitandi skal veita starfsmanni með tímabundna ráðningu tímanlega upplýsingar um störf sem losna innan fyrirtækis, þar með talin hlutastörf, til að hann hafi sömu tækifæri til að vera ráðinn ótímabundið og aðrir starfsmenn. Heimilt er að veita slíkar upplýsingar í almennum tilkynningum á viðeigandi stöðum innan fyrirtækis.

Vinnuveitandi skal enn fremur leitast við að greiða fyrir aðgangi starfsmanns með tímabundna ráðningu að starfsmenntun og starfsþjálfun, meðal annars í því skyni að hann geti aukið hæfni sína og til að stuðla að framgangi og hreyfanleika í starfi.

Þá skal vinnuveitandi leitast við að veita trúnaðarmanni starfsmanna viðeigandi upplýsingar um tímabundin störf innan fyrirtækis.

7. gr.

Ákvörðun um fjölda starfsmanna.

Starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið skulu taldir með meðan á ráðningunni stendur við ákvörðun um fjölda starfsmanna fyrirtækis í þeim tilvikum þegar fjöldi starfsmanna skiptir máli við tilnefningar fulltrúa starfsmanna samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

8. gr.

Réttur til skaðabóta.

Brjóti vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara getur það varðað hann skaðabótum.

9. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 1999/70/EB, um rammasamninginn um tímabundna ráðningu sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, sem vísað er til í 32. lið a XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/2000.

10. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Önnur lög eða kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins er kveða á um meiri rétt starfsmanna en lög þessi kveða á um skulu halda gildi sínu.

686. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða aðrar sambærilegar orsakir“ í 2. mgr. kemur: eða aðrar viðlíka ástæður.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu þremur dögunum á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.
c. Í stað orðanna „30 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 20 greiðsludaga.
d. Í stað orðanna „60 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 45 greiðsludaga.
e. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

   Þrátt fyrir takmarkanir 4. mgr. á heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er Vinnumálastofnun heimilt að veita undanþágur þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er leiða til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum vinnslutíma fyrirtækis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Fyrirtæki, sem hyggst sækja um greiðslu skv. 1. gr., skal tilkynna skriflega um fyrirhugaða vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara til Vinnumálastofnunar. Skal fyrirtæki staðfesta tilkynninguna með umsókn um greiðslur ásamt nauðsynlegum upplýsingum um fyrirhugaða vinnslustöðvun, þar á meðal ástæður hennar, innan mánaðar frá því að vinnslustöðvun hófst. Hafi hvorki umsókn né tilskilin gögn borist Vinnumálastofnun innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst mun réttur fyrirtækisins til greiðslna falla niður að því er varðar umrædda vinnslustöðvun.
b. Í stað orðanna „Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.
c. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. mgr. kemur: Vinnumálastofnun.
b. 2. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis ásamt kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess. Starfsmenn Vinnumálastofnunar skulu fara með allar upplýsingar sem þeir komast að við framkvæmd á lögum þessum og varða persónuleg málefni eða rekstur fyrirtækja sem trúnaðarmál.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi fyrirtæki fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það á rétt á samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga ber því að endurgreiða þær. Þá er Vinnumálastofnun heimilt að draga ofgreiddar fjárhæðir frá greiðslum sem fyrirtækið getur átt rétt á síðar samkvæmt lögunum.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hvers konar gögn skulu fylgja umsókn fyrirtækis sem sækir um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

687. Lög [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 574.

688. Lög [417. mál]

um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 653.

689. Lög [419. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 575.

690. Lög [88. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 656.

691. Lög [312. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 657.

692. Lög [400. mál]

um breyting á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 658.

693. Lög [328. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 380.

694. Lög [11. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 659.

695. Skýrsla [472. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD


1.1 Tekjur og framlög.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 2002 voru áætlaðar ráðstöfunartekjur vegna framkvæmdaþáttar flugmálaáætlunarinnar, þ.e. tekjur af flugvallagjaldi í utan- og innanlandsflugi 721 millj. kr. Þá var einnig gert ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll, sem varð á árinu 178,1 millj. kr. Tekjur af flugvallagjaldi urðu nokkru lægri en áætlunin gerði ráð fyrir, eða 638,5 millj. kr.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna framkvæmdaþáttar flugmálaáætlunarinnar árin 1997–2002:

Tafla 1 Þróun tekna flugmálaáætlunar 1997-2002 (þús. kr.)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Flugvallagjald, utanlandsflug	435.991	495.370	546.979	647.076	617.513	587.016
Flugvallagjald, innanlandsflug	62.332	69.332	71.631	67.840	52.670	51.496
Eldsneytisskattur	51.793	16.927	0	0	0	0
Samtals:	**550.116**	**581.629**	**618.610**	**714.916**	**670.183**	**638.512**



Eins og taflan sýnir náðu tekjurnar hámarki árið 2000, en hafa síðan farið lækkandi.

Rekstrartekjur Flugmálastjórnar urðu 1.846,4 millj. kr. á árinu 2002 og höfðu hækkað um 8,9% frá fyrra ári.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu rekstrartekna Flugmálastjórnar árið 2002 og samanburð við fyrra ár:

Tafla 2 Rekstrartekjur Flugmálastjórnar 2001 og 2002 (þús kr.)

Tekjur	2001	2002	Breyting
Þjónustutekjur	597.150	677.903	13,5%
Lendingargjöld	75.970	67.369	-11,3%
Leigutekjur flugvélar	55.957	46.921	-16,1%
Flugleiðsögugjöld	19.737	0	
Fjármunatekjur	26.196	32.827	25,3%
Aðrar tekjur	48.753	45.718	-6,2%
Framlag af flugmálaáætlun	84.100	103.000	22,5%
Framlag úr ríkissjóði	786.900	872.700	10,9%
Samtals	**1.694.763**	**1.846.438**	**8,9%**

Eins og sést á töflunni hafa tekjur af lendingargjöldum lækkað á milli ára um 11,3%, vegna minni umsvifa í innanlandsfluginu á árinu 2002. Leigutekjur af flugvél Flugmálastjórnar lækka einnig nokkuð á milli ára, vegna færri verkefna. Þá voru flugleiðsögugjöld lögð af á árinu 2002.

1.2 Gjöld.

Rekstrarútgjöld Flugmálastjórnar á árinu 2002 urðu 1.837,9 millj. kr. og hækkuðu um 5% frá árinu áður. Launaútgjöld hækkuðu um 9,9% og önnur rekstrargjöld aðeins um 0,4% eins og sést á eftirfarandi töflu:

Tafla 3 Rekstrargjöld Flugmálastjórnar 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2001	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	851.321	935.747	9,9%
Önnur rekstrargjöld	898.857	902.182	0,4%
Samtals	**1.750.178**	**1.837.929**	**5,0%**

1.2.1 Yfirstjórn.

Rekstrargjöld yfirstjórnar lækka um 7,1% milli áranna 2001 og 2002. Launagjöld hækka um 12,6%, en önnur rekstrarútgjöld lækka verulega, eða um 27,6%, sem skýrist af því að á árinu 2001 voru styrkir vegna innanlandsflugs að upphæð 35,7 millj. kr. bókfærðir á yfirstjórn.

Tafla 4 Rekstur yfirstjórnar 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2001	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	144.832	163.090	12,6%
Önnur rekstrargjöld	140.126	101.520	-27,6%
Samtals	**284.958**	**264.610**	**-7,1%**
Tekjur	222.881	246.885	10,8%
Gjöld umfram tekjur	62.077	17.725	-71,4%

Eins og sést á töflunni hefur rekstrarafkoma yfirstjórnar batnað verulega á milli ára.

1.2.2 Flugöryggissvið.

Á undanförnum árum hafa umsvif flugöryggissviðsins aukist jafnt og þétt, vegna krafna um aukið eftirlit ásamt meiri gæðakröfum. Laun og launatengd gjöld hækka um 13,1% á milli ára og önnur rekstrargjöld um 61,5%.

Eins og taflan sýnir hafa rekstrarútgjöld hækkað á milli áranna 2001 og 2002 um 31,7%, meðan tekjur hafa aðeins hækkað um 7,2%. Rekstrarafkoma ársins 2002 hefur því versnað nokkuð miðað við fyrra ár.

Tafla 5 Rekstur flugöryggissviðs 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2001	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	74.851	84.627	13,1%
Önnur rekstrargjöld	46.900	75.742	61,5%
Samtals	**121.751**	**160.369**	**31,7%**
Tekjur	104.589	112.129	7,2%
Gjöld umfram tekjur	17.162	48.240	181,1%

1.2.3 Flugumferðarsvið.

Útgjöld flugumferðarsviðs hækkuðu um 13,5% á milli ára. Laun hækkuðu um 18,1%, en önnur rekstrargjöld lækkuðu um 4,7%.

Tafla 6 Rekstur flugumferðarsviðs 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2001	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	301.580	356.162	18,1%
Önnur rekstrargjöld	75.274	71.706	-4,7%
Samtals	**376.854**	**427.868**	**13,5%**
Tekjur	270.656	310.597	14,8%
Gjöld umfram tekjur	106.198	117.271	10,4%

Tekjur flugumferðarsviðsins hækkuðu um 14,8% milli áranna 2001 og 2002. Gjöld umfram tekjur urðu 10,4% hærri en árið 2001.

1.2.4 Flugvalla- og flugleiðsögusvið.

Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Engu að síður er nauðsynlegt að viðhalda mannvirkjum á þeim flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur lagst af. Þannig hafa önnur rekstrargjöld ekki lækkað í takt við þróunina. Á árinu 2002 hækkuðu önnur rekstrargjöld um 15% frá árinu áður, en laun og launatengd gjöld hækkuðu aðeins um 0,5%, sem skýrist af fækkun starfsmanna þeirra flugvalla sem áður voru áætlunarflugvellir.

Tafla 7 Rekstur flugvalla-og flugleiðsögusviðs 2001 og 2002 (þús. kr.)

Gjöld	2001	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	330.058	331.867	0,5%
Önnur rekstrargjöld	501.234	576.411	15,0%
Samtals	**831.292**	**908.278**	**9,3%**
Tekjur	226.259	204.782	-9,5%
Gjöld umfram tekjur	605.033	703.496	16,3%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur lækkað á milli ára um 9,5% vegna minni umsvifa í innanlandsfluginu. Afkoman er því 16,3% lakari en á fyrra ári.

Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir rekstrarafkomu fimm stærstu áætlunarflugvallanna, það er Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvalla. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman í einni niðurstöðutölu í töflum 18 og 19.

1.2.4.1 Reykjavíkurflugvöllur. Rekstur Reykjavíkurflugvallar hækkaði um 13,2% milli áranna 2001 og 2002, eða um 34,2 millj. kr. Heildarútgjöldin fóru 11,8 millj. kr. fram úr áætlun, eða sem nemur 4,2%. Tekjur flugvallarins lækkuðu um 14,4% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2002:

Tafla 8 Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2002 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	162.351	166.871	-4.520	-2,7%
Flugumferðarsvið	130.362	114.058	16.304	14,3%
Samtals	**292.713**	**280.929**	**11.784**	**4,2%**

Rekstur flugvalla- og flugleiðsögusviðs varð 2,7% lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstur aðflugsþjónustu fór hins vegar 14,3% fram yfir áætlun, eða sem svarar 16,3 millj. kr.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum hinna ýmsu verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2001 og 2002:

Tafla 9 Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árin 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2001**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	52.268	45.099	-7.169	-13,7%
Snjómokstur	13.778	15.516	1.738	12,6%
Slökkviþjónusta	76.075	72.192	-3.883	-5,1%
Vélaverkstæði	11.785	19.471	7.686	65,2%
Trésmíðaverkstæði	9.034	10.073	1.039	11,5%
Flugturn	95.568	130.362	34.794	36,4%
Samtals	**258.508**	**292.713**	**34.205**	**13,2%**
Tekjur				
Lendingargjöld	45.207	39.787	-5.420	-12,0%
Leigutekjur	17.271	9.873	-7.398	-42,8%
Verksala og þjónusta	12.743	14.738	1.995	15,7%
Samtals	**75.221**	**64.398**	**-10.823**	**-14,4%**
Gjöld umfram tekjur	183.287	228.315	45.028	24,6%
Hlutfall tekna af gjöldum	29,1%	22,0%		
Framlag á hvern farþega kr.	521	696	175	33,7%

Taflan sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 228,3 millj. kr. og hækkuðu um 24,6% frá fyrra ári. Hlutfall tekna af gjöldum er 22%, sem er nokkur lækkun frá árinu áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2002 er 696 kr. á móti 521 kr. árið á undan og er það

33,7% hækkun, en farþegum sem fóru um flugvöllinn fækkaði um 6,9% milli ára, sem skýrir þessa hækkun að hluta.

1.2.4.2 Akureyrarflugvöllur. Rekstrarniðurstaða Akureyrarflugvallar fyrir árið 2002 er sú að flugvöllurinn fór 8 millj. kr. fram úr rekstraráætlun ársins, eða 6%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2002 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við rekstraráætlun ársins:

Tafla 10 Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2002 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	97.285	93.094	4.191	4,5%
Flugumferðarsvið	45.033	41.183	3.850	9,3%
Samtals	**142.318**	**134.277**	**8.041**	**6,0%**

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur Akureyrarflugvallar rúmar 142 millj. kr. á árinu 2002 án fjármagns- og stofnkostnaðar. Heildarútgjöld flugvallarins á árinu 2002 voru 20 millj. kr. hærri en árið á undan, eða 16,4%.

Næsta tafla sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 2001 og 2002, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlag á hvern farþega sem um flugvöllinn fóru árið 2002:

Tafla 11 Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árin 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2001**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	89.245	97.285	8.040	9,0%
Rekstur flugturns	33.066	45.033	11.967	36,2%
Samtals	**122.311**	**142.318**	**20.007**	**16,4%**
Tekjur				
Lendingargjöld	12.936	12.003	-933	-7,2%
Leigutekjur	2.378	2.704	326	13,7%
Verksala og þjónusta	2.179	1.551	-628	-28,8%
Samtals	**17.493**	**16.258**	**-1.235**	**-7,1%**
Gjöld umfram tekjur	104.818	126.060	21.242	20,3%
Hlutfall tekna af gjöldum	14,3%	11,4%		
Framlag á hvern farþega kr.	651	803	152	23,3%

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 126 millj. kr. á árinu 2002, samanborið við 104,8 millj. kr. árið 2001 og er hækkunin 20,3%. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2002 11,4%, samanborið við 14,3% á árinu 2001. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 803 kr. sem er nokkur hækkun frá árinu áður, eða 23,3%.

1.2.4.3 Vestmannaeyjaflugvöllur. Rekstrarafkoma Vestmannaeyjaflugvallar var mjög góð á árinu 2001. Rekstrarútgjöldin urðu 7% undir áætlun, eða 4 millj. kr. Bæði stjórnunarsviðin voru undir rekstraráætlun.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2002 ásamt samanburði við áætlanir:

Tafla 12 Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2002 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	29.835	32.385	-2.550	-7,9%
Flugumferðarsvið	23.272	24.697	-1.425	-5,8%
Samtals	**53.107**	**57.082**	**-3.975**	**-7,0%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar 53,1 millj. kr., sem er 3,4% hækkun frá árinu áður.

Tekjur flugvallarins á árinu 2002 lækkuðu hins vegar um 25,9% frá árinu áður, eða úr 6,4 millj. kr. í 4,7 millj. kr. Tekjur af lendingargjöldum lækkuðu um 43,7% og leigutekjur um 1,9%. Skýringarnar eru minni farþegaflutningar og verulega minni leigutekjur af flugstöðinni, eftir að Flugfélag Íslands hætti flugi til Vestmannaeyja.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2001 og 2002, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

Tafla 13 Útgjöld og tekjur Vestmannaeyjaflugvallar árin 2001 og 2002 (þús. kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2001**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	31.761	29.835	-1.926	-6,1%
Rekstur flugturns	19.615	23.272	3.657	18,6%
Samtals	**51.376**	**53.107**	**1.731**	**3,4%**
Tekjur				
Lendingargjöld	4.267	2.404	-1.863	-43,7%
Leigutekjur	1.389	1.416	27	1,9%
Verksala og þjónusta	735	915	180	24,5%
Samtals	**6.391**	**4.735**	**-1.656**	**-25,9%**
Gjöld umfram tekjur	44.985	48.372	3.387	7,5%
Hlutfall tekna af gjöldum	12,4%	8,9%		
Framlag á hvern farþega kr.	789	987	198	25,1%

Eins og taflan sýnir hafa heildarrekstrarútgjöld á árinu 2002 hækkað frá fyrra ári um 3,4%. Taflan sýnir einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur lækkað úr 12,4% árið áður í 8,9% á árinu 2002 og að framlag á hvern farþega er 987 kr. á móti 789 kr. árið 2001, en skýringin er veruleg tekjulækkun milli ára.

1.2.4.4 Egilsstaðaflugvöllur. Heildarrekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar á árinu 2002 urðu 4,3 millj. kr. hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir, eða 6,3%. Rekstur flugvallarins kostaði á árinu rúmar 72 millj. kr. og hefur því hækkað um 6,9 millj. kr. frá árinu áður, eða um 10,5%. Tekjur flugvallarins hækkuðu nokkuð, eða um 8,7%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2002 og samanburð við rekstraráætlanir ársins:

Tafla 14 Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2002 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	53.336	48.575	4.761	9,8%
Flugumferðarsvið	18.587	19.070	-483	-2,5%
Samtals	**71.923**	**67.645**	**4.278**	**6,3%**

Eins og fram kemur í töflunni hækkaði starfsemi flugvalla- og flugleiðsögusviðs um 9,8% umfram rekstraráætlun, en flugumferðarsviðs vegna aðflugsþjónustu lækkaði hins vegar um 2,5%.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2001 og 2002, ásamt framlagi á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu.

Tafla 15 Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árin 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2001**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	47.673	53.336	5.663	11,9%
Rekstur flugturns	17.389	18.587	1.198	6,9%
Samtals	**65.062**	**71.923**	**6.861**	**10,5%**
Tekjur				
Lendingargjöld	5.204	5.906	702	13,5%
Leigutekjur	1.155	1.203	48	4,2%
Verksala og þjónusta	391	231	-160	-40,9%
Samtals	**6.750**	**7.340**	**590**	**8,7%**
Gjöld umfram tekjur	58.312	64.583	6.271	10,8%
Hlutfall tekna af gjöldum	10,4%	10,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	956	1.009	53	5,6%

Í töflunni kemur fram að rekstrarútgjöld hækkuðu milli ára um 6,9 millj. kr., eða 10,5%. Einnig sýnir taflan að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 10,8% frá árinu 2001 og hlutfall tekna af gjöldum er svipað og árið áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu hækkar úr 956 kr. á fyrra ári í 1009 kr. árið 2002, eða um 5,6%.

1.2.4.5 Ísafjarðarflugvöllur. Mjög góður árangur varð á rekstri Ísafjarðarflugvallar á árinu 2002. Eins og sjá má á töflunni urðu heildarútgjöld flugvallarins 6% undir rekstraráætlun.

Tafla 16 Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2002 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	34.183	35.990	-1.807	-5,0%
Flugumferðarsvið	7.801	8.660	-859	-9,9%
Samtals	**41.984**	**44.650**	**-2.666**	**-6,0%**

Tafla 17 Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árin 2001 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2001**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	34.676	34.183	-493	-1,4%
Rekstur flugturns	8.226	7.801	-425	-5,2%
Samtals	**42.902**	**41.984**	**-918**	**-2,1%**
Tekjur				
Lendingargjöld	3.569	3.196	-373	-10,5%
Leigutekjur	1.927	1.706	-221	-11,5%
Verksala og þjónusta	932	641	-291	-31,2%
Samtals	**6.428**	**5.543**	**-885**	**-13,8%**
Gjöld umfram tekjur	36.474	36.441	-33	-0,1%
Hlutfall tekna af gjöldum	15,0%	13,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	912	934	23	2,5%

Eins og töflurnar sýna er rekstur Ísafjarðarflugvallar á árinu 2002 mjög vel viðunandi, þegar rekstrarútgjöld eru borin saman við áætlanir. Heildarrekstrarkostnaður flugvallarins á árinu 2002 varð 42 millj. kr. á móti 42,9 millj. kr. árið 2001 og hefur því lækkað um 0,9 millj. kr., eða 2,1%. Tekjur flugvallarins lækkuðu um 13,8% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum lækkaði því úr 15% árið 2001 í 13,2% árið 2002. Framlag á hvern farþega hækkaði um 2,5% milli ára, eða úr 912 kr. árið 2001 í 934 kr. árið 2002.

1.2.4.6 Aðrir áætlunarflugvellir. Rekstur annarra áætlunarflugvalla hækkaði nokkuð á árinu 2002 frá fyrra ári. Um er að ræða 9 flugvelli og eru heildarrekstrarútgjöld þeirra 79,2 millj. kr., en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir útgjöldum að upphæð 76,4 millj. kr., sem er 2,8 millj. kr. yfir áætlunum og 5,5 millj. kr. hærri útgjöld en á árinu 2001.

Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar og urðu tæpar 7,4 millj. kr. á árinu 2002. Því var hlutfall tekna af gjöldum ekki nema 9,3% og framlag á hvern farþega sem um flugvellina fóru var að jafnaði 2.138 kr. á móti 1.787 kr. árið 2001 og hafði því hækkað um 19,6%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2002:

Tafla 18 Aðrir áætlunarflugvellir, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2002

(Þús.kr.)	Gjöld	Áætlun	Tekjur	Gjöld um-	Hlutf.tekna	Framlag
Flugvellir	árið 2002	árið 2002	árið 2002	fram tekjur	af gjöldum	á farþega
Hornafjörður	17.463	17.175	2.386	15.077	13,7%	1.406
Sauðárkrókur	12.169	12.227	937	11.232	7,7%	1.178
Bíldudalur	9.004	7.885	580	8.424	6,4%	1.727
Grímsey	6.483	5.891	956	5.527	14,7%	1.823
Þórshöfn	8.100	8.299	453	7.647	5,6%	5.216
Vopnafjörður	6.295	7.299	445	5.850	7,1%	3.561
Þingeyri	5.860	5.767	547	5.313	9,3%	2.908
Gjögur	5.354	4.509	770	4.584	14,4%	9.298
Bakki	8.503	7.337	323	8.180	0,0%	324
Samtals	**79.231**	**76.389**	**7.397**	**71.834**	**9,3%**	**2.138**

Eins og taflan sýnir er framlag með hverjum farþega óheyrilega hátt á einstökum flugvöllum sem hafa mjög litla flutninga, en eru í fullum rekstri eins og flugvellirnir á Gjögri, Þórshöfn og Vopnafirði.

1.2.4.7 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir skiptast í þjónustuflugvelli, kennslu- og æfingaflugvelli og lendingarstaði, samkvæmt flokkun flugvalla í þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

Næsta tafla sýnir skiptingu útgjalda milli þjónustuflugvalla, kennslu- og æfingaflugvalla og lendingarstaða á árinu 2002, ásamt samanburði við rekstraráætlanir:

Tafla 19 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2002 (þús kr.)

Gjöld	2002	Áætlun	Mismunur
Þjónustuflugvellir	23.120	25.218	-8,3%
Kennslu- og æfingaflugvellir	7.833	6.884	13,8%
Lendingarstaðir	6.942	6.594	5,3%
Samtals	**37.895**	**38.696**	**-2,1%**

Heildartekjur þessara flugvalla voru á árinu 2002 4,5 millj. kr., þar af vegna Húsavíkurflugvallar 3,6 millj. kr., sem er að stærstum hluta eignarleiga. Hlutfall tekna af gjöldum var því 11,8%.

1.3 Rekstrarafkoma A-hluta Flugmálastjórnar árið 2002.

Rekstrarafkoma Flugmálastjórnar var jákvæð á árinu 2002 sem nemur 6,1 millj. kr. eins og sést á eftirfarandi töflu:

Tafla 20 Afkoma A-hluta Flugmálastjórnar árið 2002 (þús. kr.)

Viðfangsefni:	Gjöld	Tekjur	Hlutfall tekna af gjöldum
Yfirstjórn	264.610	246.885	93,3%
Flugöryggissvið	160.369	112.129	69,9%
Flugumferðarsvið	427.868	310.597	72,6%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	908.278	204.782	22,5%
Samtals rekstrarsvið	**1.761.125**	**874.393**	**49,6%**
Þátttaka í rekstri Alþjóðaflugþjónustunnar	51.523		
Þáttt. Í rekstri Alþjóðaflugþj. v/Veðurst. og Landss.	26.535		
Önnur gjöld	54.854		
Framlag af flugmálaáætlun		103.000	
Framlag úr ríkissjóði		872.700	
Sérstök framlög		50.000	
Samtals rekstur	**1.894.037**	**1.900.093**	
Hagnaður ársins	6.056		
Alls	**1.900.093**	**1.900.093**	

Eins og taflan sýnir námu tekjur rekstrarsviða 49,6% af heildarútgjöldum rekstrarsviðanna.

II. FLOKKUN FLUGVALLA OG ÞRÓUN FLUTNINGA

Nokkrar breytingar hafa orðið á flokkun flugvalla frá fyrri þingsályktun um flugmálaáætlun, þar sem nokkrir flugvellir hafa færst til um flokk og er gerð grein fyrir því í viðeigandi flokkum.

2. 1 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um flugmálaáætlun árið 2002 breyttist flokkun innanlandsflugvallanna og eru þeir nú flokkaðir á eftirfarandi hátt:

2.1.1 Flokkur I. Áætlunarflugvellir.

Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlands- og utanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Boeing 757, Boeing 737, Fokker 50 og ATR-42.

2.1.2 Flokkur II. Áætlunarflugvellir.

Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR-42 eða sambærilegum. Húsavíkurflugvöllur hefur fallið úr þessum flokki í flokk IV frá síðustu þingsályktun um flugmálaáætlun, þar sem áætlunarflug er aflagt.

2.1.3 Flokkur III. Áætlunarflugvellir.

Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögurs-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á 19 farþega flugvélum, t.d. Dornier 228. Frá síðustu þingsályktun hafa Patreksfjarðar- og Siglufjarðarflugvellir fallið úr þessum flokki í flokk IV, þar sem áætlunarflug til þessara flugvalla hefur verið aflagt.

2.1.4 Flokkur IV. Þjónustuflugvellir.

Húsavíkur-, Kópaskers-, Mývatns-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur. Í þessum flokki eru þjónustuflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Á þessa flugvelli er ekki flogið reglubundið áætlunarflug, en þeir eiga að vera með flugvallarstjórn og mannaðir þegar þeir þjóna leigu- eða áætlunarflugi.

2.1.5 Flokkur V. Kennslu- og æfingaflugvellir.

Blönduóss-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps-, Tungubakka- og Stykkishólmsflugvöllur. Í þessum flokki eru æfinga- og kennsluflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallastjórnar, en þá á að vera hægt að manna þegar á þarf að halda. Tungubakkaflugvöllur er nýr í þessum flokki, en Borgarness- og Dagverðarárflugvellir falla í flokk VI.

2.1.6 Flokkur VI. Lendingarstaðir.

Í þessum flokki eru 37 sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar og ekki mannaðir.

Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Á árinu 2001 var hætt að fljúga áætlunarflug til Húsavíkur, Patreksfjarðar og Siglufjarðar. Í dag eru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 14 talsins, þegar Bakkaflugvöllur er meðtalinn, en á þann flugvöll er nánast eingöngu flogið leiguflug milli lands og Vestmannaeyja. Þingeyrarflugvöllur er vara-


þjónustuflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og er því ekki beinlínis skilgreindur sem áætlunarflugvöllur, þó að hann sé í flokki III. Fyrir rúmum áratug voru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 31 talsins og hefur þeim því fækkað um rúmlega helming, samhliða því að farþegum í innanlandsflugi hefur fjölgað mjög mikið á sama tíma, þrátt fyrir nokkra fækkun á árinu 2002.

2.2 Þróun flutninga.

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt og náði hámarki árið 1999, en hefur síðan farið fækkandi. Á árunum 1982–2000 var aukningin um 60%. Á árinu 2002 fækkaði farþegunum frá árinu áður um 4,5%. Þróunin hefur orðið sú, að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega, enda ferðatíðni meiri, að undanskildum Ísafjarðarflugvelli, en þar hefur farþegum sem fara um flugvöllinn fækkað um 11,7% frá árinu 1982. Á móti hefur farþegum fækkað sem notuðu minni flugvellina, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár.

Myndin hér að aftan sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi 1982–2002:

Mynd 2 Farþegafjöldi sem fór um innanlandsflugvellina árin 1982-2002



Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hefur fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík, Blönduósi og Siglufirði var hætt, þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur einnig bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Einnig hefur aðsemiskrafa flugrekenda nú á allrasíðustu árum leitt til þessarar þróunar, samanber að hætt hefur verið áætlunarflugi til Húsavíkur.

Eins og fram kemur í töflu 21 halda fjórir stærstu áætlunarflugvellirnir ríflega hlutfalli sínu í farþegaflutningunum þegar árin 1982 og 2002 eru borin saman. Aðrir flugvellir halda í horfinu, eða farþegum hefur fækkað mjög mikið.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvellina árin 1982 annars vegar og 2002 hins vegar:

Tafla 21 Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar 1982 og 2002

Flugvellir	1982	Hlutfall	2002	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	258.595	45,0%	328.007	47,0%	26,8%
Akureyri	105.932	18,4%	157.062	22,5%	48,3%
Vestmannaeyjar	29.218	5,1%	49.347	7,1%	68,9%
Egilsstaðir	39.000	6,8%	63.670	9,1%	63,3%
Ísafjörður	44.013	7,7%	38.870	5,6%	-11,7%
Hornafjörður	13.212	2,3%	10.722	1,5%	-18,8%
Sauðárkrókur	11.375	2,0%	9.538	1,4%	-16,1%
Bíldudalur	2.672	0,5%	4.879	0,7%	82,6%
Grímsey	1.783	0,3%	3.031	0,4%	70,0%
Þórshöfn	2.053	0,4%	1.466	0,2%	-28,6%
Vopnafjörður	3.721	0,6%	1.643	0,2%	-55,8%
Þingeyri	2.449	0,4%	1.827	0,3%	-25,4%
Gjögur	863	0,2%	493	0,1%	-42,9%
Bakki	0	0,0%	25.280	3,6%	0,0%
Áður áætlunarflugvellir	59.691	10,4%	2.778	0,4%	-95,3%
Samtals	**574.577**	**100,0%**	**698.613**	**100,0%**	**21,6%**

Á árinu 1998 hófust skráningar farþega sem fóru um Bakkaflugvöll í Austur-Landeyjum, en verulegt leiguflug fer um flugvöllinn frá Vestmannaeyjum, eða um og yfir 25.000 farþegar á ári.

Þegar þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi frá árinu 1982 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftirfarandi í ljós:

Tafla 22 Farþegaflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2002	Hlutfall	Breyting
Vesturland	7.328	1,3%	41	0,0%	-99,4%
Vestfirðir	66.077	11,5%	46.133	6,6%	-30,2%
Norðurland v.	20.897	3,7%	9.615	1,4%	-54,0%
Norðurland e.	130.431	22,8%	164.068	23,5%	25,8%
Austurland	59.925	10,5%	76.122	10,9%	27,0%
Suðurland	29.218	5,1%	74.627	10,7%	155,4%
Reykjavík	258.595	45,2%	328.007	47,0%	26,8%
Samtals	**572.471**	**100,0%**	**698.613**	**100,0%**	**22,0%**

Eins og taflan sýnir er fjölgun farþega hlutfallslega mest um flugvellina á Suðurlandi, þ.e. Vestmannaeyja- og Bakkaflugvöll. Norðurland eystra og Austurland halda sínu hlutfalli, en farþegaflutningar um flugvelli á Vestfjörðum eru á undanhaldi, enda hefur verið nokkur fólksfækkun í landshlutanum á undanförnum árum.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun flutninganna eftir flugvallaflokkum:


Tafla 23 Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar

Flugvellir	1982	Hlutfall	2002	Hlutfall	Breyting
Áætlunarflugv. I	403.527	70,2%	548.739	78,5%	36,0%
Áætlunarflugv. II	118.736	20,7%	114.822	16,4%	-3,3%
Áætlunarflugv. III	22.484	3,9%	32.274	4,6%	43,5%
Áður áætlunarflugv.	29.830	5,2%	2.778	0,4%	-90,7%
Samtals	**574.577**	**100,0%**	**698.613**	**100,0%**	**21,6%**

Eins og sést á töflunni fara 78,5% farþegaflutninganna um áætlunarflugvelli í flokki I, en það eru Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur. Aðeins 4,6% fara um áætlunarflugvelli í flokki III.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á næstu mynd, þó varð um 7,6% aukning milli áranna 2001 og 2002.

Mynd 3 Vöru- og póstflutningar með flugi 1982-2002



Á töflunni sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1982 eftir landshlutum:

Tafla 24 Vöru- og póstflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2002	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	1.066	12,6%	322	10,6%	-69,8%
Norðurland	2.325	27,5%	680	22,4%	-70,8%
Austurland	1.219	14,4%	353	11,7%	-71,0%
Suðurland	229	2,7%	156	5,1%	-31,9%
Reykjavík	3.604	42,7%	1.519	50,1%	-57,9%
Samtals	**8.443**	**100,0%**	**3.030**	**100,0%**	**-64,1%**

III. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Fjárveitingar ársins 2002 til flugmálaframkvæmda eru þær hæstu sem verið hafa frá upphafi þingsályktunar um flugmálaáætlun, eða 932,1 millj. kr. (sjá fylgiskjal II). Alls var framkvæmt fyrir 483,8 millj. kr. á árinu, þar af á Reykjavíkurflugvelli fyrir 310,2 millj. kr. Fjárveiting til Reykjavíkurflugvallar var á árinu 2002 742 millj. kr., en þar sem árið áður hafði fengist heimild til að þiggja boð verktakans um að fresta innheimtu á kostnaði umfram 350 millj. kr. til þess að hægt yrði að ljúka við N/S-flugbrautina í einum áfanga, sem var mjög hagstætt fyrir báða aðila, þurfti að greiða þann umframkostnað á árinu 2002 og skýrir það muninn á 742 millj. kr. fjárveitingu og 310 millj. kr. framkvæmdakostnaði.

Framkvæmdir á flugvöllum skiptast í þrjá eftirfarandi verkefnaflokka:

1. *Flugbrautir og hlöð.* Undir þennan verkefnaflokk heyra uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlað, bílastæði og lóð.
2. *Byggingar.* Flugstöð, farþegaskýli, tækja- og sandgeymsla.
3. *Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Flugvallarlýsing og aðflugs- og raforkukerfi.

Ráðstöfunarfé til flugmálaframkvæmda var á árinu 2002 483 millj. kr. eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 25 Ráðstöfunarfé til framkvæmda á árinu 2002 (þús. kr.).

Innheimt flugvallargjald í innanlandsflugi	49.866
Innheimt flugvallargjald í utanlandsflugi	587.016
Innheimt flugvallargjald Færeyjar og Grænland	1.630
Viðskiptafærsla/framlag	178.100
Samtals:	816.612
Tekjur til Flugmálastjórnar v/rekstrar	-103.000
Sérstakt framlag til rekstrar	-20.000
Staða í árslok 2001	-210.604
Ráðstöfunarfé til framkvæmda í flugmálum:	483.008

Á árinu 2002 var alls ráðstafað til framkvæmda í flugmálum 460,2 millj. kr. Þannig er afgangur til næsta árs 22,8 millj. kr.

Næsta tafla sýnir hvernig fjármunum flugmálaáætlunarinnar fyrir árið 2002 var ráðstafað eftir verkefnaflokkum:

Tafla 26 Framkvæmdir ársins 2002 eftir verkefnaflokkum (millj. kr.)

Flugbrautir og hlöð	277,0
Byggingar	12,1
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	51,6
Flugumferðar- og leiðsögubúnaður	27,6
Tækjasjóður	68,9
Flugstjórnarmiðstöð	5,0
Stjórnunarkostnaður	15,0
Annað	3,0
Samtals:	**460,2**

3.1 Viðhaldssjóðir.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 2002 var alls til ráðstöfunar á þessum lið 17 millj. kr. Vegna galla sem kom upp við lagningu klæðingaryfirlags á A/V-flugbrautinni í Vestmannaeyjum, var ákveðið að leggja á flugbrautina svokallað Ralomac sem er þunnt bikþeytiefni. Verktaki var Arnardalur sf. og varð heildarkostnaður 11,8 millj. kr. Þá var einnig ákveðið að setja sama efni á flughlaðið á Bakkaflugvelli. Þá framkvæmd annaðist sami verktaki, en kostnaður varð 1 millj. kr. Til flugbrautarmerkinga var varið á árinu 2002 2 millj. kr.

3.2 Reykjavíkurflugvöllur.

Á árinu 2002 var að mestu lokið við endurbætur flugbrauta og akbrauta á Reykjavíkurflugvelli. Unnið var við akbraut Alfa, flugbraut 01-19, flugbraut 13-31 og flugbraut 06-24 auk ýmissa annarra framkvæmda sem tengdust endurbótunum.

Um veturinn var unnið við regnvatnslagnir og uppsetningu girðinga á norðursvæði flugvallarins. Einnig var unnið við að flytja til jarðveg sem búið var að setja í haug sunnan við skýli 3 og jarðvegurinn settur á nýtt öryggissvæði milli gamla göngustígsins og nýrrar strandvarnar.

Vorið 2002 hófust framkvæmdir við akbraut Alfa, sunnan við flugbraut 13-31. Unnið var af kappi við að ljúka gerð akbrautarinnar og frágangi meðfram henni, auk yfirborðsfrágangs meðfram flugbraut 01-19. Þessum verkhluta var að mestu lokið 22. júní. Samhliða framkvæmdum við akbraut Alfa var unnið við smíði á stefnuvitahúsi, flutning á göngustíg og girðingu út á nýjan sjóvarnargarð, vestan við flugbraut 01-19. Í lok júní var byrjað að undirbúa yfirlagsmalbikun á flugbraut 13-31, austan við flugbraut 01-19, en þeim verkþætti var frestað haustið 2000.

Breyta þurfti ljósakerfi flugbrautar 13-31 til að uppfylla ný skilyrði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Framkvæmdir við þessar breytingar hófust í lok júní samhliða yfirborðsfrágangi meðfram flugbrautinni og á suðurhluta flugbrautar 06-24. Þessum framkvæmdum lauk síðan um mánaðamótin júlí/ágúst.

Í ágúst var unnið við malbikun á flugbraut Alfa og yfirborðsfrágangi á norðursvæði flugvallarins. Í september var unnið við uppsetningu á girðingum á svæðunum við Fluggarða og við skemmu Flugfélags Íslands, þvert yfir akbraut Golf við Suðurgötu. Þessum framkvæmdum við girðingar lauk síðan í október, en í desember var sett upp nýtt hlið við slökkvistöð.

Hætt var við að endurbyggja akbraut Foxtrot, en í útboðsgögnum var stefnt að því að byggja hana upp að nýju milli Fluggarða og flugbrautar 01-19. Líklegt þótti að flugumferð um akbraut Foxtrot mundi hafa truflandi áhrif á aðflugshallageisla fyrir aðflug á flugbraut 19 og var því ákveðið að leggja nýja akbraut Golf frá Fluggörðum að akbraut Echo. Hins vegar er búið að jafna jarðveg yfir gamla akbrautarstæði Foxtrot og sá í það svæði.

Helstu framkvæmdir sem eftir voru við flugbraut 01-19 voru frágangur og jöfnun yfirborðsmoldar auk sáningar að því loknu. Hafist var handa við þessa verkþætti í byrjun júní og var þeim að fullu lokið 22. júní, þ.e. sunnan við flugbraut 13-31. Samhliða þessum framkvæmdum var haldið áfram að ljúka við frágang á tippsvæði vestan við flugbrautina að nýjum göngustíg á strandvörn.

Yfirborðsfrágangur milli flugbrauta 13-31 og 06-24 hófst í ágúst. Verkþátturinn gekk almennt vel og í beinu framhaldi var haldið áfram vinnu við yfirborðsfrágang á svæðum norðan við flugbraut 06-24. Sáningu á svæðum meðfram flugbraut, norðan við flugbraut 06-24, lauk í ágúst. Breyta þurfti yfirborðshæðum norðan við aðflugshallageislahús og þar sem akbraut Foxtrot hafði áður tengt saman Fluggarða og flugbraut 01-19. Unnið var við til-

færslu á jarðvegi á þessu svæði í ágúst. Færa þurfti aðflugshallamastur og að auki var settur 50 cm malarpúði á 16 m breitt svæði milli masturs og húss.

Ákveðið var að setja túnþökur yfir mold á svæði við brautarenda 19 og var það gert í ágúst. Þessi aðgerð var gerð til að koma í veg fyrir að jarðvegur bærist í átt að Hringbraut, eða inn á flugbrautina þegar hvasst er, eða í flugtaki stærri véla. Slík atvik áttu sér stað þegar búið var að koma fyrir valinni fyllingu á þetta svæði á árinu 2001, en valin fylling inniheldur talsvert magn fínefna sem fýkur auðveldlega við ákveðnar aðstæður.

Framkvæmdir hófust aftur við flugbraut 13-31 þann 24. júní með vinnu við ljósakollur aðliggjandi akbrauta, breytingum á RESA-kerfi brautar og undirbúning á malbikun yfirlags, austan við 01-19.

Nauðsynlegt var að breyta staðsetningum á innfelldum þröskuldsljósum og aðflugshallaljósum til að uppfylla nýjar reglugerðir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessi vinna fólst í því að malbik var fræst upp til að koma fyrir nýjum ídráttarrörum á austurhluta vallarins, en á vesturenda var malbik hins vegar sagað og fjarlægt, ásamt hluta af efra burðarlagi, til að koma ídráttarrörum fyrir á nýjum stað á brautinni. Að loknum frágangi við ídráttarrör var sett steypa yfir rörin á austurhluta vallarins og yfirlag malbikað skömmu síðar. Á vesturenda brautarinnar var hins vegar neðra- og efra burðarlag sett í hæð og þjappað áður en tvö ný lög af malbiki voru lögð út. Þegar búið var að malbika yfir fræstar lagnaleiðir að innfelldum ljósum kom í ljós að ekki hafði verið nægjanlega vel að verki staðið við meðhöndlun yfirborðs lagnaleiðar því að sléttleiki malbiks er á mörkum þess að uppfylla kröfur verklýsingar. Greina má lagnaleiðir undir malbiki við ákveðnar aðstæður.

Flutningur á aðflugshallaljósum gekk vel, en bæta þurfti við regnvatnssvelg austan við ljósin því fyllt er að undirstöðum sem standa nokkuð hærra en yfirborð umhverfis. Við þessa breytingu þurfti að leysa ákveðið vandamál, þ.e. að koma regnvatni norðan við flugbraut á þessu svæði inn á regnvatnskerfi vallarins.

Malbikun hófst að nýju í fyrstu viku júlí og hafði henni þá verið frestað um nokkra daga. Áður en malbikun byrjaði óskaði verkkaupi eftir því við flugrekstraraðila að þeir tækju tillit til framkvæmdanna þegar malbikað var upp við flugbraut 01-19 og því mátti ekki nota brautina á meðan útlagningarvél var inni á öryggissvæði. Útlögn yfirlags á öryggissvæðum gekk almennt vel og þótti samvinna við flugturn og flugrekstraraðila takast mjög vel.

Ákveðið var í júlí að malbika 2,5 m breiðar axlir á braut eins og gert var á flugbraut 01-19 og akbraut Alfa. Hafist var handa við þennan verkþátt um miðjan júlí og tók verkið rúmlega viku, þ.e. undirbúningur, lækkun á burðarlagi, fræsing lása, sögun eldra malbiks, líming og malbikun.

Yfirborðsfrágangur meðfram flugbraut hófst af fullum krafti í júlí. Verkþátturinn gekk vel, en nauðsynlegt var að fara í smávægilegar tilfærslur á jarðvegi til að auka virkni á afvötnun svæða meðfram braut. Öllum frágangi yfirborðsmoldar og sáningar lauk um mánaðamótin júlí/ágúst.

Ákveðið var að setja gróðurmold undir túnþökur við brautarenda 13, en þær voru settar ofan á valda fyllingu árið 2001. Þökurnar náðu hins vegar ekki að festa rætur í fyllingunni, þannig að hætta var á að þær færðust úr stað í flugtaki stærri flugvéla. Hugsanlegar afleiðingar þessa voru að vélar gátu dreift fyllingarefnum yfir Suðurgötu, en eitt tjón varð árið 2001, áður en túnþökur voru settar yfir svæðið.

Við breytingar á brautarljósabúnaði var einnig nauðsynlegt að breyta brautarmerkingum sem málaðar voru árið 2000. Ljóst var að hreinsa þurfti gamlar merkingar áður en hinar nýju merkingar voru málaðar. Talsverðan tíma tók að finna út hvaða aðferð var best til þess fallin, en að lokum var ákveðið að nota öfluga háþrýstivatnssprautu, sem er einnig útbúin með sand-

blöndun. Sú hreinsun var ásættanleg með tilliti til þess að fyrri málning náðist af að mestu og yfirborð malbiks virðist ekki hafa skemmst við þessa aðgerð. Verkþátturinn tók hins vegar talsverðan tíma og var unnið á vöktum til að halda verklokum þessa áfanga.

Málun flugbrautar og frágangur meðfram köntum malbiksaxla lauk 30. júlí, sem var í samræmi við áður áætluð verklok 3. áfanga.

Yfirborðsfrágangur meðfram suðurhluta flugbrautar 06-24 hófst í lok júní. Verkþátturinn gekk vel, en moldin var unnið uppúrtektarefni við sandgeymslu. Búið var að ganga frá þessu svæði, en verktaki óskaði eftir því að fá að vinna yfirborðsmold úr þessum jarðvegi til að vera á vinnusvæðinu og stytta akstur. Öllum frágangi yfirborðsmoldar og sáningar á suðurhluta brautarinnar lauk í júlí.

Í byrjun ágúst var hafist handa við yfirborðsfrágang á norðurhluta brautarinnar. Ekki náðist að ljúka við verkþættina að fullu, sem eftir voru, vegna bleytu í yfirborðsjarðvegi. Aðstæður til að valta yfirborð voru orðnar mjög erfiðar að lokinni sáningu, þar sem talsverð úrkoma var í ágúst og september, en lítið um þurrk. Ákveðið var að brjóta gömul slitlög á stærra svæði í kringum þröskuldsljós við brautarenda 24, því þónokkur vatnssöfnun var við undirstöður ljósanna. Þessi aðgerð skilaði árangri. (Heimild: Ársskýrsla framkvæmdaeftirlits.)

Bókfærður kostnaður ársins 2002 vegna endurbóta Reykjavíkurflugvallar var 310,2 millj. kr.

Heildarkostnaður við endurbætur Reykjavíkurflugvallar varð 1,692,3 millj. kr. Samanlagðar fjárveitingar hvers árs fyrir sig urðu 1,648 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á raunkostnaði og kostnaðaráætlun:

Tafla 27 Framkvæmdakostnaður borinn saman við áætlun (millj. kr.)

Verkþættir:	Raunkostn.	Áætlun	Hlutfall
Undirbúningur og aðstaða	31,7	36,0	-11,9%
Flugbrautir og hlöð	1.171,4	1.157,0	1,2%
Flugöryggisbúnaður	238,5	248,2	-3,9%
Hönnun, umsjón og eftirlit	131,7	99,8	32,0%
Annað	119,0	148,1	-19,6%
Samtals:	**1.692,3**	**1.689,1**	**0,2%**

Liðurinn „Hönnun, umsjón og eftirlit" varð tæplega 32 millj. kr. hærri en áætlað hafði verið. Það skýrist af nokkrum þáttum. Hönnunarvinna á verktímanum varð meiri heldur en reiknað var með. Ákveðið var að Flugmálastjórn réði sérstakan verkefnisstjóra til að stýra verkefninu og eftirlit með framkvæmdunum af hálfu verkfræðistofunnar VSÓ varð meira en gert hafði verið ráð fyrir vegna ýmissa viðbótarverkefna. (Heimild: Verkefnisstjóri Flugmálastjórnar.)

Þegar litið er um öxl er óhætt að fullyrða að framkvæmdir við endurbætur Reyjavíkurflugvallar hafa tekist einstaklega vel. Verkáætlanir stóðust, öll samskipti verkkaupa og framkvæmdaeftirlits við verktakann voru mjög góð. Heildarframkvæmdin er í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun.

3.3 Akureyrarflugvöllur.

Á árinu 2002 var alls varið til framkvæmda á Akureyrarflugvelli 4,1 millj. kr. Haldið var áfram girðingarframkvæmdum á flugvellinum og var varið til þess 1,5 millj. kr. Þá var hafin vinna við nýtt deiliskipulag og fór í það verkefni 0,7 millj. kr. Vegna Schengen-krafna urðu

ýmsar framkvæmdir í flugstöðinni sem kostuðu 0,9 millj. kr. Til endurbóta í flugturninum var svo varið 1,0 millj. kr.

3.4 Bakkaflugvöllur.

Vegna eftirstöðva við gerð nýrrar A/V-flugbrautar á Bakkaflugvelli á árinu 2001 var á árinu 2002 kostnaður að upphæð 1,2 millj. kr.

3.5 Ísafjarðarflugvöllur.

Á árinu 2002 var hafinn undirbúningur að byggingu nýs flugturns á Ísafjarðarflugvelli og til þess varið 2,7 millj. kr.

3.6 Þingeyrarflugvöllur.

Á Þingeyrarflugvelli var hafinn undirbúningur að lengingu flugbrautarinnar og var til þess verkefnis varið 0,2 millj. kr.

3.7 Hornafjarðarflugvöllur.

Á árinu 2002 var varið til uppgræðslu öryggissvæða á Hornafjarðarflugvelli 0,5 millj. kr.

3.8 Þórshafnarflugvöllur.

Á árinu 2002 var lokið við frágang á efnisnámu vegna nýju flugbrautarinnar og nam sá kostnaður 0,5 millj. kr. Þá var einnig unnið að girðingarframkvæmdum fyrir 0,2 millj. kr.

3.9 Gjögursflugvöllur.

Engar framkvæmdir urðu á Gjögursflugvelli á árinu 2002.

3.10 Siglufjarðarflugvöllur.

Unnið var að endurbótum í flugstöðinni á Siglufjarðarflugvelli fyrir 0,2 millj. kr. á árinu 2002.

3.11 Æfingaflugvöllur.

Unnið var áfram á árinu 2002 að undirbúningi fyrir gerð nýs æfingaflugvallar á höfuðborgarsvæðinu og var varið til þess verkefnis á árinu 1,9 millj. kr.

3.12 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Gerðar voru endurbætur á flugbrautinni á Stóra-Kroppi sem kostuðu 0,9 millj. kr. Þá var unnið við girðingarframkvæmdir á Kópaskersflugvelli fyrir 0,3 millj. kr., gerðar voru ýmsar endurbætur á tækjageymslu Raufarhafnarflugvallar fyrir 0,3 millj. kr. Unnið var að lagfæringum á flugbrautinni á Patreksfirði sem kostuðu 0,8 millj. kr. Auk þess var unnið að framkvæmdum við Grímseyjarflugvöll fyrir 0,4 millj. kr. og Vopnafjarðarflugvöll fyrir 0,8 millj. kr.

3.13 Flugumferðar- og leiðsögubúnaður.

Til flugumferðar- og leiðsögubúnaðar voru til ráðstöfunar samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun 2002 34,7 millj. kr. Alls var varið til þessara verkefna á árinu 2002 32,6 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig þessi fjárhæð skiptist á hin ýmsu verkefni:

Tafla 28 Flugumferðar- og leiðsögubúnaður (millj. kr.)	
Upplýsingakerfi	6,7
GPS/WAAS/NAAN/ADS	5,8
Veðurupplýsingakerfi	0,7
Rannsóknarverkefni	5,2
NDB, Reykholt	0,2
Ýmis búnaður	6,0
Flugstjórnarmiðstöð	5,0
Flugprófunarbúnaður	3,0
Samtals:	**32,6**

Upplýsingakerfi. Um er að ræða sérstakan tölvubúnað til útgáfu Flugmálahandbókar og einnig til hönnunar og teikninga aðflugsferla. Búnaðurinn sem varð fyrir valinu var keyptur frá breska fyrirtækinu SERCO. Kostnaður á árinu 2002 varð 6,7 millj. kr. Kerfið hefur verið tekið í notkun og reynst vel. Áfram verður unnið að þróun kerfisins og námskeiðum fyrir starfsfólk.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/LAAS. Þessi liður greiðir kostnað Flugmálastjórnar við þátttöku í gervihnattaleiðsögu. Hönnun, flugprófanir og útgáfa GPS-aðflugs er rekin af þessum lið. Einnig var þáttur Íslands í samstarfsverkefni bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA), Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Íslands við víðáttustoðkerfið (WAAS) greiddur af þessum lið, en því verkefni er lokið. Á árinu 2002 var unnið áfram við hönnun og flugprófanir á GPS-aðflugum að nokkrum innanlandsflugvöllum og hefur GPS-aðflug verið tekið í notkun á Hornafjarðar-, Bíldudals-, Ísafjarðar-, Þórshafnar- og Vopnafjarðarflugvöllum. Á flugvöllunum í Reykjavík og Sauðárkróki er hönnun og flugprófunum lokið, en útgáfa aðflugskorta er í vinnslu. Kostnaður á árinu 2002 var 5,8 millj. kr.

Veðurupplýsingakerfi. Unnið hefur verið að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Fyrir valinu varð búnaður frá finnska fyrirtækinu VAISALA. Búið er að setja upp þennan búnað fyrir Reykjavíkurflugvöll. Kostnaður vegna þessa verkefnis var á árinu 2002 0,7 millj. kr.

Rannsóknarverkefni. Þau rannsóknarverkefni sem unnið er að, eru hávaðamælingar umhverfis Reykjavíkurflugvöll og er þeim lokið. Skýrsla um öryggismat næturaðflugs inn til Ísafjarðarflugvallar liggur fyrir og er niðurstaða hennar að áhætta í aðflugi að nóttu er mun meiri en að degi. Þá var einnig unnið að fjareftirliti fyrir Þingeyrarflugvöll frá flugturninum á Ísafirði. Búnaður hefur verið keyptur og tvær myndavélar settar upp, þannig að þeim er beint að aðflugsleiðum til þess að meta aðflugsskilyrði í firðinum og stendur til að bæta við þeirri þriðju til að meta brautarskilyrði. Reynsla af þessum búnaði lofar góðu. Kostnaður á árinu 2002 var 5,2 millj. kr.

Nýr radíóviti (NDB) fyrir Reykholt. Vitinn var keyptur á árinu 2001 og var settur upp á árinu 2002. Kostnaður á árinu 2002 varð 0,2 millj. kr.

Ýmis búnaður. Á árinu 2002 var 6 millj. kr. varið í ýmsan tilfallandi tækjabúnað vegna flugleiðsögu- og flugumferðarþjónustu. Algengt er að búnaður sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu bili þannig að viðgerð verði ekki komið við og endurnýjun sé nauðsynleg.

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2002 var þessi kostnaður 5,0 millj. kr.

Flugprófunarbúnaður. Á árinu 2002 var varið 3 millj. kr. til kaupa á nýjum flugprófunarbúnaði.

3.14 Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Á árinu 2002 var samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun til ráðstöfunar á þessum lið 12,5 millj. kr. Þessum fjármunum var veitt til ýmissa brýnna verkefna og leiðréttinga frá árinu 2001.

3.15 Tækjasjóður.

Á árinu 2002 var varið til tækjakaupa, þ.e. snjóruðnings-, slökkvi- og björgunarbúnaðar, 68,9 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun þessara tækjakaupa:

Tafla 29 Tækjasjóður (millj. kr.)

Reykjavík,	slökkvibifreið, eftirstöðvar frá f. ári	1,5
"	slökkvibifreið	38,2
"	björgunarbátur	10,6
"	slökkvibúnaður	1,4
"	snjóblásari	13,6
Akureyri,	slökkvibifreið, eftirstöðvar frá f. ári	1,5
"	dráttarvél	0,5
Ýmis búnaður		1,6
Samtals:		**68,9**

3.16 Stjórnunarkostnaður.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 2002 voru til ráðstöfunar 15 millj. kr. til stjórnunarkostnaðar vegna framkvæmdaverkefna. Sömu upphæð var ráðstafað á árinu í þessu skyni.

3.17 Flugvernd, vopnaleit.

Til flugverndar og vopnaleitar var alls varið á árinu 2002 1,3 millj. kr.

Fylgiskjal I.

Sundurliðun framkvæmda árið 2002.


Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2000	Bókfærður kostn. 2002
3.1 Viðhaldssjóðir	17,0	14,8
3.2 Reykjavík	739,0	310,2
3.3 Akureyri	25,9	4,1
3.4 Bakki	1,5	1,2
3.5 Ísafjörður	10,7	2,7
3.6 Þingeyri	2,0	0,2
3.7 Hornafjörður	0,8	0,5
3.8 Þórshöfn	2,2	0,7
3.9 Gjögur	0,5	0,0
3.10 Siglufjörður	0,5	0,2
3.11 Æfingaflugvöllur	2,7	1,9
3.12 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	4,0	4,7
3.13 Flugumferðar- og leiðsögubúnaður	34,7	32,6
3.14 Til leiðréttinga og brýnna verkefna	12,5	0,0
3.15 Tækjasjóður	42,9	68,9
3.16 Stjórnunarkostnaður	15,0	15,0
3.17 Flugvernd, vopnaleit	20,2	1,3
Vopnafjörður	0,0	0,8
Grímsey	0,0	0,4
Samtals:	**932,1**	**460,2**

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda 1988-2002 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (nóvember 2002, sem er 277,5)

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	643.992
1989	272.000	523.077
1990	325.000	524.956
1991	349.000	520.966
1992	374.000	550.292
1993	393.000	573.685
1994	395.000	555.563
1995	355.000	536.527
1996	332.000	438.923
1997	400.000	421.959
1998	415.000	448.278
1999	485.000	506.688
2000	691.000	710.754
2001	837.000	895.748
2002	932.100	932.100
Samtals	**6.836.600**	**8.783.508**



Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostnað einstakra flugvalla árin 1988-2002:

Stofnkostnaður flugvalla 1988-2002 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (277,5 í nóvember 2002)

Staður	1988-95	1996-99	2000	2001	2002	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	319.364	195.867	707.239	798.130	310.206	2.330.806	31,6%
Akureyri	236.622	332.367	85.248	36.049	4.113	694.399	9,4%
Vestmannaeyjar	257.161	157.084	52.412	1.488	12.216	480.361	6,5%
Egilsstaðir	1.341.925	154.042	3.813	7.793	0	1.507.573	20,5%
Ísafjörður	162.215	198.079	1.635	4.983	2.686	369.598	5,0%
Hornafjörður	113.077	103.214	9.123	2.065	525	228.004	3,1%
Húsavík	152.241	55.209	400	0	0	207.850	2,8%
Sauðárkrókur	189.460	26.505	0	0	0	215.965	2,9%
Patreksfjörður	68.236	8.612	0	0	758	77.606	1,1%
Bíldudalur	111.909	33.461	12.616	0	0	157.986	2,1%
Grímsey	64.037	30.641	0	0	369	95.047	1,3%
Norðfjörður	64.298	1.106	0	0	0	65.404	0,9%
Vopnafjörður	32.566	23.818	1.016	0	796	58.196	0,8%
Siglufjörður	48.911	481	1.793	287	212	51.684	0,7%
Þórshöfn	189.670	53.595	0	844	688	244.797	3,3%
Hólmavík	76.887	0	0	0	0	76.887	1,0%
Gjögur	45.254	6.159	3.502	0	0	54.915	0,7%
Þingeyri	10.473	39.923	0	0	216	50.612	0,7%
Raufarhöfn	17.425	0	0	0	0	17.425	0,2%
Kópasker	31.063	0	0	0	0	31.063	0,4%
Flateyri	18.890	0	0	0	0	18.890	0,3%
Mývatn	28.551	32.079	7.028	0	0	67.658	0,9%
Bakki	0	0	2.380	58.039	2.190	62.609	0,8%
Borgarfjörður eystri	23.084	0	0	0	0	23.084	0,3%
Ólafsfjörður	389	0	0	0	0	389	0,0%
Breiðdalsvík	7.142	0	0	0	0	7.142	0,1%
Blönduós	20.675	0	0	0	0	20.675	0,3%
Stykkishólmur	619	0	0	0	0	619	0,0%
Rif	53.444	0	0	0	0	53.444	0,7%
Aðrir flugvellir	61.263	17.209	6.314	10.649	3.559	98.994	1,3%
Samtals	**3.746.851**	**1.469.451**	**894.519**	**920.327**	**338.534**	**7.369.682**	**100,0%**

Fylgiskjal IV.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárfestingar til einstakra flugvalla 1988-2002, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

Fjárfestingar á flugvöllum 1988-2002.
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988-2002.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (277,5 í nóvember 2002).

Staður	Fjárhæð í þús. kr.	Fjöldi farþega	Framlag á hvern farþega
Reykjavík	2.330.806	5.289.717	441
Akureyri	694.399	2.174.444	319
Vestmannaeyjar	480.361	1.111.385	432
Egilsstaðir	1.507.573	869.402	1.734
Ísafjörður	369.598	743.081	497
Hornafjörður	228.004	245.342	929
Húsavík	207.850	181.798	1.143
Sauðárkrókur	215.965	184.721	1.169
Patreksfjörður	77.606	59.523	1.304
Bíldudalur	157.986	90.130	1.753
Grímsey	95.047	52.609	1.807
Norðfjörður	65.404	31.339	2.088
Vopnafjörður	58.196	47.427	1.227
Siglufjörður	51.684	44.208	1.169
Þórshöfn	244.797	29.094	8.415
Hólmavík	76.887	10.062	7.643
Gjögur	54.915	9.807	5.598
Þingeyri	50.612	32.189	1.572
Raufarhöfn	17.425	9.162	1.902
Kópasker	31.063	4.468	6.965
Flateyri	18.890	30.741	615
Mývatn	67.658	31.601	2.141
Bakki	62.609	95.881	653
Borgarfjörður eystri	23.084	1.491	15.493
Ólafsfjörður	389	6.012	65
Breiðdalsvík	7.142	3.068	2.334
Blönduós	20.675	11.247	1.838
Stykkishólmur	619	6.885	90
Rif	53.444	14.024	3.812
Samtals	**7.270.688**	**11.420.858**	**637**


Fylgiskjal V.


Þróun flutninga 1995–2002.

Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega-, vöru- og póstflutninga milli áranna 1995–2002. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrrgreindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar, Vestmannaeyja og Egilsstaða.


Vöru- og póstflutningar með flugi hafa minnkað verulega frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar.


Reykjavíkurflugvöllur







Akureyrarflugvöllur







Vestmannaeyjaflugvöllur







Egilsstaðaflugvöllur







Ísafjarðarflugvöllur







Hornafjarðarflugvöllur







Húsavíkurflugvöllur







Sauðárkróksflugvöllur







Bíldudalsflugvöllur







Grímseyjarflugvöllur







Siglufjarðarflugvöllur







Þórshafnarflugvöllur







Vopnafjarðarflugvöllur







Þingeyrarflugvöllur







Gjögursflugvöllur







Patreksfjarðarflugvöllur





Bakkaflugvöllur





VIÐAUKI

Flugmálastjórn Íslands:

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR – ENDURBÆTUR

Í þessum útdrætti úr lokaskýrslu Flugmálastjórnar Íslands um endurbætur á Reykjavíkurflugvelli eru allir meginkaflar skýrslunnar. Köflum sem fjalla um tæknileg atriði í smáatriðum ásamt meðfylgjandi töflum og viðaukum er sleppt í þessari útgáfu. Hægt er að nálgast heildarskýrsluna hjá Flugmálastjórn.

FORMÁLI

Eftirfarandi skýrsla er samsett úr þremur skýrslum sem unnar voru af þremur aðilum sem komu að stjórnun verksins „Endurbygging Reykjavíkurflugvallar“ með einum eða öðrum hætti.

Í fyrsta lagi er um að ræða skýrslu VSÓ-ráðgjafar sem hafði eftirlit með þeim hluta framkvæmdanna sem unninn var af Ístaki. Í skýrslunni er farið ofan í verkframkvæmdina sem slíka; yfirlit yfir heildarframkvæmdina af hálfu Ístaks, magntölur, malbikun, viðbótarverk, kostnaðareftirlit, úttektir, mælingar og rannsóknarniðurstöður.

Í öðru lagi er um að ræða skýrslu vegna framkvæmda við endurnýjun allra flugbrautaljósa, skilta og annarra þátta sem tengjast rafmagnsmálum.

Í þriðja lagi er um að ræða skýrslu verkefnisstjóra framkvæmdanna af hálfu Flugmálastjórnar Íslands (FMS). Þar er m.a. gerð grein fyrir kostnaðaráætlunum, breytingum sem urðu á verkinu á verktímanum, verðlagsforsendum og heildarframkvæmdakostnaði.

Skýrsla VSÓ er langviðamest enda fjallar hún um stærsta hluta verksins, þ.e. þann hluta sem unninn var af Ístaki og undirverktökum þess. Vinna við rafmagnslagnir var unnin af rafvirkjum Flugmálastjórnar enda um mjög sérhæfða vinnu að ræða sem þeir hafa sérþekkingu á. Í hluta VSÓ er eingöngu fjallað um verk sem unnin voru af Ístaki. Sum þeirra voru ekki fjármögnuð af fjárveitingum til verksins „Endurbygging Reykjavíkurflugvallar“ heldur af öðrum liðum í flugmálaáætlun, stærstu liðirnir þar voru lagning girðingar í kringum flugvöllinn og smíði stefnuvitahúss. Í kostnaðaryfirliti í III. hluta er fjallað um allan kostnað sem tilheyrði þessu ákveðna verki, þ.m.t. kostnað við raflagnavinnu sem ekki var inni í útboði. Af þeim sökum er ekki hægt að bera saman tölur í I. og III. hluta skýrslunnar. Þetta skýrist betur í töflunni hér að aftan:

Umfjöllunarefni lokaskýrslu:

	Skýrsla VSÓ	**Skýrsla verkefnisstjóra FMS**
Ístak – útboð	X	X
Ístak – önnur verk (útboð)	X	
Rafmagnsvinna		X

Það er því ekki um það að ræða að tölurnar í annaðhvort skýrslu VSÓ eða skýrslu FMS sé réttar eða rangar heldur er ekki verið að fjalla um sama hlutinn í þessum tveimur skýrslum.

Kostnaðar- og magntölur
Helstu kostnaðar- og magntölur í verkinu eru eftirfarandi:

- Heildarkostnaður var 1.692,3 m.kr.
- Uppbrot á gömlu malbiki og steypu var 242.000 m^2 sem samsvarar 35 km af 7 m breiðum vegi.
- Uppgrafið óhæft efni (mold) var 461.500 m^3 sem samsvarar 33 þúsund vörubílaförmum (trailerum).
- Fylling sjávarefna var 416.800 m^3 sem eru u.þ.b. 30 þúsund vörubílafarmar.
- Í burðarlög fóru 56.200 m^3 af efni sem samsvarar rúmlega 4 þúsund vörubílaförmum.
- Malbikaður var 411.854 m^2 stór flötur sem eru u.þ.b. 60 km af 7 m breiðum vegi.
- Málaðir fletir voru 14.800 m^2 sem samsvarar 98 km af einfaldri línu.

Efnisflutningar innan svæðisins voru alls um 1 milljón rúmmetrar sem samsvarar því að vöruflutningabifreið (trailer) hafi komið eða farið á 6 mínútna fresti alla vinnudaga ársins, 10 tíma á dag, í 3 ár.

FRAMKVÆMDAEFTIRLIT

1. Reykjavíkurflugvöllur – Endurbætur

1.1 Inngangur

Í þessari lokaskýrslu er fjallað framkvæmdir við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli allt frá opnun tilboða árið 1999 og fram að verklokum árið 2002 en þá var vinnu við endurbyggingu brauta að mestu lokið. Farið er yfir framvindu framkvæmda og kostnað við þær auk umfjöllunar um malbikun og þær kröfur sem gerðar til einstakra verkþátta samkvæmt útboðsgögnum.

1.2 Opnun tilboða BIRK - 01

Að loknu forvali verktaka fyrir útboð BIRK – 01 og útboðstímabil voru opnuð tilboð í endurbætur og framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli, þann 23. júní 1999, kl. 11.00 á skrifstofu Ríkiskaupa, þar sem eftirtalin tilboð bárust:

Verktaki	Tilboðsupphæð	% af kostnaðaráætlun
Ístak hf. Ísland	1.075.712.114 kr.	76,8%
frávikstilboð 1	1.065.129.614 kr.	76,0%
frávikstilboð 2	1.055.792.114 kr.	75,3%
Suðurverk hf. Ísland	1.088.518.428 kr.	77,7%
frávikstilboð 1	1.077.307.509 kr.	76,9%
frávikstilboð 2	1.068.048.252 kr.	76,2%
Arnarfell hf. Ísland	1.156.292.256 kr.	82,5%
frávikstilboð 1	1.151.639.405 kr.	82,2%
frávikstilboð 2	1.141.943.394 kr.	81,5%
Højgaard & Schultz a/s Danmörk	1.237.530.000 kr.	88,3%
frávikstilboð 1	1.218.855.000 kr.	87,0%
frávikstilboð 2	1.200.180.000 kr.	85,6%

Verktaki	Tilboðsupphæð	% af kostnaðaráætlun
Strabag International Ltd. Þýskaland	1.147.691.939 kr.	90,8%
Loftorka, Háfell hf., Ísland	DEM 3.188.735,6	
Kostnaðaráætlun	**1.401.411.242 kr.**	**100,0%**
Lagan Holdings Ltd., Norður-Írland	1.332.935.157 kr.	109,7%
	£ 1.730.550	
Joint Venture Krafttak Ísland –Veidekke –	1.263.245.062 kr.	110,0%
Selmer Noregur	NOK 29.319.134	
frávikstilboð 1	1.235.838.061 kr.	107,9%
	NOK 29.056.913	
frávikstilboð 2	1.207.932.874 kr.	104,3%
	NOK 26.710.040	
Íslenskir aðalverktakar hf. Ísland	1.979.366.580 kr.	141,2%

Eftir að tilboð höfðu verið yfirfarin og frávikstilboð metin var ákveðið að ganga til samninga við Ístak hf. um framkvæmdir verksins á grundvelli aðaltilboðs fyrirtækisins.

Fulltrúar verkkaupa, samgönguráðuneytis og verktaka skrifuðu undir verksamning BIRK – 01 þann 17. ágúst 1999. Áætlað var að framkvæmdir við endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar mundu standa yfir frá nóvember 1999 til haustsins 2002 með einhverjum hléum á framkvæmdum yfir vetrarmánuðina. Þessar áætlanir stóðust að mestu og verður gerð grein fyrir verkáætlun framkvæmda í kaflanum Yfirlit framkvæmda hér á eftir.

Nánar verður gerð grein fyrir framkvæmdakostnaði í kafla 6. Kostnaðareftirlit.

1.3 Tilboð í eftirlit BIRK – 11

Þann 15. september 1999 kl. 14.00 voru opnuð tilboð í eftirlit með endurbótum Reykjavíkurflugvallar en alls bárust fimm tilboð frá ráðgjafa- og verkfræðistofum og voru þau eftirfarandi:

Verktaki	Tilboðsupphæð	% af kostnaðaráætlun
VSÓ-ráðgjöf ehf.	25.100.000 kr.	45,5%
Fjölhönnun ehf.	27.000.000 kr.	48,9%
Línuhönnun hf.	28.890.000 kr.	52,3%
Hnit hf.	29.900.000 kr.	54,2%
Kostnaðaráætlun	55.200.000 kr.	100,0%
Hönnun hf.	64.900.000 kr.	117,6%

Eftir að verkkaupi hafði yfirfarið og metið framangreind tilboð var gengið til samninga við VSÓ-ráðgjöf ehf. um eftirlit með endurbótum Reykjavíkurflugvallar. Skrifað var undir verksamning þann 11. nóvember 1999.


Sérfræðiráðgjafi og samstarfsaðili VSÓ-ráðgjafar í þessu verki var BAE Systems og veitti það fyrirtæki sérstaka ráðgjöf varðandi malbiksundirbúning og útlagnir malbiks á meðan framkvæmdum stóð.

2. Aðilar verksins

2.1 Verkkaupi – verkefnisstjórn

Verkkaupi var Flugmálastjórn Íslands. Af hálfu Flugmálastjórnar voru skipaðar nokkrar nefndir og ráð til að hafa yfirstjórn með verkinu. Auður Eyvinds og Hermann Hermannsson, starfsmenn FMS, hafa sinnt verkefnisstjórn, haldið utan um samskipti við opinbera aðila og samræmingar á starfsemi flugvallarins og endurbótum frá árinu 2001.

Hér má sjá skipurit Flugmálastjórnar í verkefninu.



Í upphafi árs 2001 tóku við verkefnisstjórn þau Auður Eyvinds og Hermann Hermannsson af þeim Emil Ágústssyni og Ólafi Hilmari Sverrissyni sem létu af störfum í árslok 2000.

Litlar breytingar urðu á aðkomu annarra aðila verksins á framkvæmdatímanum, þ.e. starfsmanna Flugmálastjórnar, ráðgjafa og verktaka.


Samskipti Flugmálastjórnar við ráðgjafa, eftirlit, verktaka og ytri aðila vegna framkvæmdanna hafa verið í höndum verkefnisstjóra endurbótanna, þeirra Auðar Eyvinds og Hermanns Hermannssonar.

Rétt er að geta þess að í skipuriti Flugmálastjórnar er aðeins hluti þeirra fjölmörgu starfsmanna FMS sem unnu í samstarfi við ráðgjafa og verktaka í verkinu.

Ýmsir ráðgjafar og verktakar unnu hörðum höndum við að ljúka við hönnun og framkvæmdir á samningstímanum og eru þeir tilgreindir hér á eftir.

2.2 Framkvæmdaeftirlit

Framkvæmdaeftirlit með endurbótum flug- og akbrauta samkvæmt samningi BIRK-11 er í höndum VSÓ-ráðgjafar ehf.




Eftirfarandi aðilar hafa unnið að rannsóknum einstakra þátta vegna framkvæmdanna.

Aðili	Rannsóknir
Vegagerðin	Sáldurferlar fyllinga
Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins	Malbik / Sáldurferlar fyllinga
Slökkvilið Reykjavíkur	Bremsumælingar flugbrauta


2.3 Hönnuðir

Hönnun verksins og gerð útboðsgagna BIRK-01 var í höndum Almennu verkfræðistofunnar en að auki tóku Rafhönnun ehf., LM ehf. og Swedavia þátt í hönnun og ráðgjöf undir stjórn Flugmálastjórnar.



2.4 Verktakar

Aðalverktaki framkvæmda, að samningi BIRK–01 Reykjavíkurflugvöllur – Endurbætur, er Ístak hf. Skipurit verktaka má sjá hér fyrir aftan:



Auk ofangreindra undirverktaka Ístaks unnu eftirfarandi aðilar við endurbæturnar:

Undirverktaki:	Verkþáttur
Vegmerking hf.	Brautarmálun
JVJ ehf., að hluta	Efra burðarlag
Vatnsskarðsnámur Alexanders Ólafssonar, að hluta	Efra burðarlag
Hefilverk sf.	Jöfnun og frágangur utan flugbrauta
Hönnun hf.	Rannsóknir á efra burðarlagi

3. Yfirlit framkvæmda

3.1 Breytt áfangaskipting 2002

Á árinu 2001 var tilhögun framkvæmda breytt miðað við útboðsgögn BIRK-01 en þá var ákveðið að ljúka framkvæmdum við flugbraut 01-19 á árinu 2001 og vinna við flugakbraut Alfa á árinu 2002. Áður var gert ráð fyrir því að framkvæmdir og vinnusvæði verktaka á árinu 2002 yrði á norðurhluta flugvallarins, þ.e. endurbætur á flugbraut 01-19 og flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 13-31. Öllum jarðvegsskiptum var lokið árið 2001 en unnið var við lagnir, burðarlög og malbikun á flugakbraut Alfa á árinu 2002 auk þess sem lokið var við fullnaðarfrágang á flugvallarsvæðinu.

Þessar breytingar fólu í sér talsverða minnkun á umfangi framkvæmda ársins 2002 en á móti var aukning á framkvæmdum á árinu 2001. Gerð er grein fyrir áhrifum þessara breytinga á framkvæmdagreiðslur vegna verksins í kafla 6.2 Áfallinn kostnaður BIRK-01.

Vorið 2002 lagði Ístak fram verkáætlun sem miðaði við að ljúka öllum framkvæmdum og fullnaðarfrágangi flug- og flugakbrauta, í lok ágúst. Áfangaskipting og lokun flugbrauta var lögð fram á fundi byggingarnefndar Reykjavíkurflugvallar eftir verkfund 15. maí og voru eftirfarandi framkvæmdaáfangar árið 2002 samþykktir:

Áfangi	Framkvæmdasvæði	Endurbætur	Tímabil
1.	Flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31 og flugbraut 01-19 sunnan við akbraut Charlie. (Flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31)	– burðarlög og malbikun – fullnaðarfrágangur	21. maí – 22. júní (11. júní – 22. júní)
2.	Flugbrautir 13-31 og 06-24 lokaðar	– malbikun og fullnaðarfrágangur	24. júní – 17. júlí
3.	Flugbraut 13-31 lokuð vestan við flugbraut 06-24.	– RESA og fullnaðarfrágangur	17. júlí – 30. júlí
4.	Flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 06-24. Flugbrautir 01-19 og 06-24 lokaðar.	– burðarlög og malbikun – fullnaðarfrágangur	7. ágúst – 14. ágúst
5.	Flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 06-24 Flugbraut 01-19 lokuð norðan við flugbraut 06.	– fullnaðarfrágangur	15. ágúst–30. ágúst

Samhliða framangreindum framkvæmdum var unnið við endurnýjun girðingar, stefnuvitahús, breytingar á RESA-kerfi flugbrautar 13-31 og fullnaðarfrágang á strandvörn auk færslu á göngustíg meðfram nýju öryggissvæði flugbrautarenda 01.

Eins og árið 2001 gengu framkvæmdirnar almennt vel og flugrekstur varð ekki fyrir teljandi óþægindum þrátt fyrir lokanir á einstaka flugbrautum, stærstan hluta sumarsins. Að beiðni flugrekstraraðila og flugturns var óskað eftir því að fá að nota flugbraut 01-19 á meðan unnið var við fullnaðarfrágang meðfram brautinni og var það heimilað eftir þörfum í samvinnu við verktaka.

Verklok áfanganna stóðust almennt mjög vel miðað við verkáætlun þrátt fyrir að verkþættirnir féllu ekki alveg inn á þann tíma sem verktaki hafði sett sér í upphafi vors.

3.2 Framkvæmdir 1999–2001

3.2.1 Framkvæmdir 1999

Framkvæmdir hófust í nóvember þegar búið var ganga frá framkvæmdaleyfi milli FMS og Reykjavíkurborgar. Byrjað var að leggja lagnir þvert í gegnum Suðurgötu inn á fráveitukerfi Reykjavíkurborgar. Í framhaldi af því hófust framkvæmdir innan flugvallarins með því að leggja regnvatnslagnir samhliða flugbraut 13-31 frá Suðurgötu.

Framkvæmdir gengu fremur hægt fyrir sig sökum veðurs og lítillar afkastagetu á þessum verkþætti þannig að ekki var unnt að ljúka við allar þær regnvatnslagnir sem lagt var til að verktaki ynni við árið 1999.

3.2.2 Framkvæmdir 2000

Áður en formlegar framkvæmdir við endurbætur á flugbrautum hófust í janúar árið 2000 byrjaði Ístak á að byggja upp sjóvarnargarð vestan við suðurhluta brautar 01-19 (norður-suður).

Endurbótum flugbrauta á árinu 2000 var skipt í þrjá áfanga og skiptust þeir á eftirfarandi hátt.

Áfangi	Framkvæmdasvæði	Endurbætur	Tímabil 2000
1.	Flugbraut 13-31 vestan við brautarmót 06-24 (flugbraut 01-19) Flugbraut 06-24 suðurhluti að brautarmótum flugbrautar 01-19	– jarðvegsskipti, – burðarlög, – malbikun og – fullnaðarfrágangur	15. mars – 8. ágúst (15. maí – 8. ágúst) 15. maí – 8. ágúst
2.	Brautarmót, flugbrauta 13-31 og 01-19	– jarðvegsskipti, – burðarlög, – malbikun og – fullnaðarfrágangur	8. ágúst – 17. júlí
3.	Flugbraut 13-31 austan við flugbraut 01-19	– jarðvegsskipti, – burðarlög, – malbikun og – fullnaðarfrágangur	5. júlí – 30. september

Ístak hóf formlega framkvæmdir við fyrsta áfanga endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar í mars 2000 en þá var flugbraut 13-31, austur-vestur, lokuð að hluta eða að flugbraut 06-24. Skortur á uppdældu fyllingarefni í neðri burðarlög hafði mikil áhrif á gang framkvæmda 2000 og þurfti að fresta malbikun á yfirborðslagi 3. áfanga vegna tafa við öflun fyllingarefna úr sjó.

1. áfangi

Framkvæmdir við endurbyggingu flugbrauta hófust 15. mars. Byrjað var á endurbyggingu austur-vestur flugbrautar 13-31 auk aðlögunar við akbraut Echo. Framkvæmdir við rif slitlaga og uppúrtekt úr brautunum gengu vel í upphafi verks. Samhliða vinnu við fyllingar var hafist handa við að grafa fyrir og leggja regnvatnslagnir meðfram flugbraut 13-31. Í upphafi var unnið við framkvæmdir á vöktum en vegna ónæðis sem hlaust af næturvöktum þá var óskað eftir því við verktaka að næturvöktum yrði hætt og varð verktaki við þeirri beiðni verkkaupa.

Snemma vors 2000 fór að bera töluvert á skorti á fylliefnum sem nota átti í neðri fyllingar flugbrautanna og kom þessi skortur talsvert niður á framvindu framkvæmda. Skortur á fylliefnum gerði það að verkum að framkvæmdir gengu mun hægar fyrir sig miðað við afkastagetu vinnuvéla á staðnum. Þeir verkþættir sem háðir voru neðri fyllingum flugbrauta hófust því nokkuð seinna en gert var ráð fyrir í verkáætlun ársins 2000.

Byrjað var á endurbyggingu flugbrautar 06-24 þann 15. maí. Ekki var gert ráð fyrir neinni uppúrtekt á þeirri braut þar sem miðað var við að nægjanleg þykkt fyllingar væri fyrir hendi en í ljós kom að einungis var um ræða þunnt afréttingarlag af rauðamöl. Því var gripið til þess ráðs að jarðvegsskipta undir þeim hluta yfirborðs sem var endurhannaður og aðlagaður brautamótum við flugbraut 13-31.

Í lok júní hófust framkvæmdir við efra burðarlag en þær framkvæmdir voru þá orðnar allt að tveimur vikum á eftir áætlun. Jöfnun efra burðarlagsins gekk fremur hægt í byrjun þar sem að tölvubúnaður í hefli bilaði auk þess sem tæknimenn og stjórnendur voru ekki vanir að nota þessi tæki. Að lokum náðist að ljúka við jöfnun á efra burðarlagi á hluta brautarinnar þannig

hægt væri að hefja malbikun 11. júlí, tæplega tveimur vikum á eftir áætlun. Malbikunarvinna í fyrsta áfanga tók 6 vikur þar sem gert var viku hlé í kringum verslunarmannahelgina.

Upphaflega var áætlað að verklok 1. áfanga yrðu 10. ágúst en þeim lauk ekki fyrr en 23. ágúst.

2. áfangi

Framkvæmdir við Krossinn hófust aðfaranótt 24. ágúst og gengu fyrstu verkþættir þeirra framkvæmda nokkuð vel. Byrjað var að malbika aðlögunarkafla 01-19 sunnan við Kross þann 31. ágúst og samhliða þeim framkvæmdum var verið að jafna út efra burðarlag brautarinnar á u.þ.b. 210 m kafla brautarinnar. Á þeim hluta tókst að ljúka við uppúrtekt, fyllingar og malbikun brautarinnar.

Hefðbundnar endurbætur og lagnavinna við braut 13-31, sem er milli flugbrauta 01-19 og 06-24, gengu nokkuð vel í þessum áfanga.

Miðað var við að framkvæmdir stæðu yfir í 14 daga en vegna tafa í jöfnun á efra burðarlagi og malbikun á efra malbikslagi seinkaði þessum framkvæmdum um tvo daga. Lítið svigrúm var til að vinna upp slíkar tafir meðal annars vegna þess hve seint þessar framkvæmdir fóru í gang.

3. áfangi

Framkvæmdir við flugbraut 13-31 og flugakbraut Alfa austan við brautamót héldu áfram eftir að Ístak hafði lokið framkvæmdum við Krossinn. Framkvæmdir gengu mjög hægt vegna áframhaldandi skorts á fyllingarefni sem flutt var með dæluskipinu Sóley og þegar að líða tók á september óskaði Ístak eftir því að hefja akstur á neðra burðarlagi úr Bolöldu, sem er náma í nágrenni Reykjavíkur. Hönnuður og eftirlit samþykktu notkun á neðra burðarlagi enda Bolalda þekkt fyllingarnáma hér á Reykjavíkursvæðinu.

Flugakbraut Alfa var endurbyggð á u.þ.b. 140 m kafla, við flugbraut 13-31, en vinna við akbrautina var í samræmi við framvindu framkvæmda á flugbraut 13-31, austan við brautamót.

3.2.2 Framkvæmdir 2001

Í útboðsgögnum BIRK-01 var gert ráð fyrir því að framkvæmdir og vinnusvæði verktaka á árinu 2001 yrði á suðurhluta flugvallarins, þ.e. endurbætur á flugbraut 01-19 og flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31.

Tekin var ákvörðun snemma vors 2001 um að bæta við norðurhluta flugbrautar 01-19 og brautar 06-24, án snyrtinga meðfram brautunum. Þá var einnig ákveðið að sleppa malbikun og frágangi á suðurhluta akbrautar Alfa, en ljúka í staðinn öllum jarðvegsskiptum á norðurhluta akbrautarinnar. Ákveðið var skipta verkinu í eftirgreinda þrjá áfanga:

	Áfangi	Endurbætur	Verktími
1.	flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31	– uppúrtekt og fyllingar	02.01-30.09.'01
	flugbraut 01-19 sunnan við flugbraut 13-31	– fullnaðarfrágangur	12.03-07.07.'01
2.	brautarmót 06-24 og 01-19 / flugakbraut Echo	– uppúrtekt og fyllingar fullnaðarfrágangur án snyrt	07.05-31.07.'01
3.	flugbraut 01-19 norðan við flugakbraut Echo	– uppúrtekt og fyllingar fullnaðarfrágangur án snyrtinga meðfram braut	17.04-30.09.'01
	flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 06-24	– uppúrtekt og fyllingar	30.09.'01-

Flugbrautum var lokað að hluta eða nánast alveg í samræmi við framangreinda áfangaskiptingu.

Almennt gengu framkvæmdirnar vel og flugrekstur varð ekki fyrir teljandi óþægindum þrátt fyrir að geta aðeins notað eina flugbraut stærsta hluta sumarsins.

Þessar breytingar fólu í sér talsverða aukningu á umfangi framkvæmda ársins og á kostnað framkvæmda ársins 2002. Gerð er grein fyrir áhrifum þessara breytinga á greiðslur vegna verksins í kafla 6.2 Áfallinn kostnaður BIRK-01.

Snemma vors lagði Ístak fram verkáætlun sem miðaði við að ljúka framkvæmdum við flugbrautir 01-19 og 06-24 án yfirborðsfrágangs meðfram brautunum. Verklok áfanganna stóðust almennt vel miðað við verkáætlun þrátt fyrir að verkþættirnir féllu ekki alveg inn á þann tíma sem verktaki hafði sett sér að vinna samkvæmt verkáætlun ársins 2001.

4. Framkvæmdir 2002

Veturinn 2002 var unnið við regnvatnslagnir og uppsetningu girðinga á norðursvæði flugvallarins. Einnig var unnið við að flytja til jarðveg sem búið var setja í haug sunnan við skýli 3 og jarðvegurinn settur á nýtt öryggissvæði milli gamla göngustígsins og nýrrar strandvarnar.

Eins áður sagði þá lagði Ístak fram verkáætlun en hún miðaði við að ljúka öllum framkvæmdum og fullnaðarfrágangi flug- og flugakbrauta í lok ágúst. Áfangaskipting og lokun flugbrauta var eftirfarandi:

Áfangi	Framkvæmdasvæði	Endurbætur	Tímabil
1.	Flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31 og flugbraut 01-19 sunnan við akbraut Charlie. (Flugakbraut Alfa sunnan við flugbraut 13-31)	– burðarlög og malbikun – fullnaðarfrágangur	21. maí – 22. júní (11. júní – 22. júní)
2.	Flugbrautir 13-31 og 06-24 lokaðar	– malbikun og fullnaðarfrágangur	24. júní – 17. júlí
3.	Flugbraut 13-31 lokuð vestan við flugbraut 06-24.	– RESA og fullnaðarfrágangur	17. júlí – 30. júlí
4.	Flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 06-24. Flugbrautir 01-19 og 06-24 lokaðar.	– burðarlög og malbikun – fullnaðarfrágangur	7. ágúst–14. ágúst
5.	Flugakbraut Alfa norðan við flugbraut 06-24 Flugbraut 01-19 lokuð norðan við flugbraut 06.	– fullnaðarfrágangur	15. ágúst–30. ágúst

Vorið 2002 hófust framkvæmdir við flugakbraut Alfa, sunnan við flugbraut 01-19. Unnið var af kappi við að ljúka við gerð akbrautarinnar og frágangi meðfram henni auk yfirborðsfrágangs meðfram flugbraut 01-19. Þessum verkhluta var að mestu lokið 22. júní.

Samhliða framkvæmdum við flugakbraut Alfa var unnið við smíði á stefnuvitahúsi, flutningi á göngustíg og girðingu út á nýjan sjóvarnargarð, vestan við flugbraut 01-19. Í lok júní var byrjað að undirbúa yfirlagsmalbikun á flugbraut 13-31, austan við flugbraut 0-19, en þeim verkþætti var frestað haustið 2000.

Breyta þurfti brautarljósakerfi flugbrautar 13-31 til að uppfylla ný skilyrði alþjóðaflugmálayfirvalda. Framkvæmdir við þessar breytingar hófust í lok júní samhliða yfirborðsfrágangi meðfram flugbrautinni og á suðurhluta flugbrautar 06-24. Þessum framkvæmdum lauk síðan skömmu fyrir verslunarmannahelgi.

Í ágúst var unnið við malbikun á flugakbraut Alfa og yfirborðsfrágang á norðursvæði vallarins. Almennt náðist að ljúka þessum frágangi en eftir er að valta og jafna yfirborðsmold sem verður klárað vorið 2003.

Unnið var við uppsetningu á girðingum, í september, á svæðunum við Fluggarða, við skemmu FÍ, þvert yfir flugakbraut Golf og við Suðurgötu. Þessum framkvæmdum við girðingar lauk síðan í október en í desember var sett upp nýtt hlið við slökkvistöð. Eftir er að setja upp hliðslá á girðingu við LHG en hún var áður staðsett við slökkvistöð.

Hætt var við að endurbyggja akbraut Foxtrot en í útboðsgögnum var stefnt að því byggja hana upp að nýju milli Fluggarða og flugbrautar 01-19. Líklegt þótti að flugumferð um akbraut Foxtrot mundi hafa truflandi áhrif á aðflugshallageisla fyrir aðflug á 19 og því var ákveðið að leggja nýja akbraut Golf frá Fluggörðum að flugakbraut Echo. Hins vegar er búið jafna jarðveg yfir gamla akbrautarstæði Foxtrot og sá í það svæði.

4.1 Flugakbraut Alfa

4.1.1 Áfangi 1

Framkvæmdir við akbrautina hófust að nýju í apríl 2002 en þá var hafist handa við að ljúka við afréttingu á neðra burðarlagi, sunnan við skýli 2, og koma fyrir skiltasteinum auk ídráttarröra að þeim. Byrjað var á akstri og afréttingu á efra burðarlagi í maí. Malbikun á undirlagi hófst 23. maí og var henni að mestu lokið í byrjun júní, þ.e. sunnan við flugbraut 13-31.

Vinna við frágang meðfram akbrautinni tók heldur lengri tíma en áætlað var þannig að verklokum áfangans var seinkað til 22. júní. Áður var gert ráð fyrir að frágangi og sáningu, þessa áfanga, lyki 15. júní. Þessi seinkun átti hins vegar ekki að hafa áhrif á áætlanir í næstu áföngum nema að austurhluti flugbrautar 13-31 var ekki opnaður fyrr en 17. júlí en þar var m.v. ákveðinn dagafjölda við lúkningu verkþátta. Segja má að framkvæmdum hafi m.a. seinkað vegna meira umfangs á tilfærslu jarðvegs á suðaustursvæði, vanáætlunar vinnustunda við yfirborðsfrágang, opnunar og lokunar flugbrautar 01-19, vegna flugumferðar, auk mikillar gæslu vegna Natófundar en dregið var úr vinnu hjá verktaka á þeim tíma.

Allhvasst var í veðri þann 18. júní en þá var búið að sá í talsvert svæði milli flugbrautar 01-19 og Alfa, sunnan við akbraut Charlie. Vegna þessa veðurs þá fauk töluvert af fínefnum úr mold og grasfræi úr yfirborði þannig að talið var nauðsynlegt að sá í það aftur, að hluta.

Vinna við akbrautarljósakerfi, skilti og malaraxlir í 1. áfanga gekk mjög vel. Ístak lauk að mestu við frágang sunnan við flugbraut 13-31 en notaður var hluti af júlí til þess að ljúka við frágang austan við akbraut, þ.e. norðan við skýli LHG. Þeir verkþættir voru unnir samhliða framkvæmdum á austurhluta flugbrautar 13-31.

4.1.2 Áfangi 4–5

Í lok júní var að mestu búið að þjappa og ganga frá yfirborði neðra burðarlags, norðan við flugskýli 1, en það var gert að mestu samhliða framkvæmdum við 2. áfanga.

Í annarri viku júlí var byrjað að aka efra burðarlagi á norðursvæði akbrautarinnar. Verkþættinum var síðan að mestu lokið tveimur vikum síðar, þ.e. tveimur vikum á undan áætlun.

Jöfnun meðfram akbrautinni norðan við flugbraut 06-24 hófst af fullum krafti í lok júlí en ýta þurfti til talsverðu magni jarðvegs sem var í haugum austan við brautina. Þá var unnið að því að ná yfirborði þannig að unnt væri að setja unna yfirborðsmold á svæðin.

Malbikunarframkvæmdir hófust að nýju við akbraut Alfa þann 13. ágúst með tveimur útlögnum af undirlagi frá flugbraut 01-19 að braut 06-24. Talsverðir erfiðleikar komu upp við einstaka útlagnir sem rekja mátti til þess að sigti í malbikunarstöð hafði brugðist. Við

þessi atvik var erfiðara að uppfylla kröfur um þjöppun malbiks en verktaki brást við með því að auka völtun.

Að lokinni malbikun akbrautaryfirlags var gert hlé á malbikun en henni haldið áfram þegar búið var að ganga frá undirstöðum ljósa og undirlagi axlar. Malbikun flugakbrautar var að fullu lokið 29. ágúst.

Vinna við frágang yfirborðsmoldar var unnin samhliða malbikun og lagningu raflagnakerfa. Sáningu á norðursvæði var að mestu lokið í verklok 5. áfanga þann 30. ágúst.

Enn er eftir að ljúka við frágang útrásar á norðursvæði flugakbrautar en þar skal hlaða pokum með sementssteypu í kringum enda regnvatnslagnar.

4.2 Flugbraut 01-19

4.2.1 Áfangi 1

Helstu framkvæmdir sem eftir voru við flugbraut 01-19 var frágangur og jöfnun yfirborðsmoldar auk sáningar að því loknu. Hafist var handa við þessa verkþætti í byrjun júní og var þeim að fullu lokið 22. júní, þ.e. sunnan við flugbraut 13-31. Samhliða þessum framkvæmdum var haldið áfram að ljúka við frágang á tippsvæði vestan við flugbrautina að nýjum göngustíg á strandvörn.

4.2.2 Áfangar 4–5

Yfirborðsfrágangur milli flugbrauta 13-31 og 06-24 hófst í ágúst. Verkþátturinn gekk almennt vel og í beinu framhaldi var haldið áfram vinnu við yfirborðsfrágang á svæðum norðan við flugbraut 06-24. Sáningu á svæðum meðfram flugbraut, norðan við flugbraut 06-24, lauk í ágúst en í útboðsgögnum er mælst til þess að ekki séð sáð síðar en í lok júlí. Það verður því að skoða vandlega, á næsta sumri, hvernig hefur tekist til með sáningu sem framkvæmd var í ágúst.

Breyta þurfti yfirborðshæðum norðan við aðflugshallageislahús og þar sem akbraut Foxtrot hafði áður tengt saman Fluggarða og flugbraut 01-19. Unnið var við tilfærslu á jarðvegi á þessu svæði í ágúst. Færa þurfti aðflugshallamastur og að auki var settur 50 cm malarpúði á 16 m breitt svæði milli masturs og húss.

Ákveðið var að setja túnþökur yfir mold á svæði við brautarenda 19 og var það gert í ágúst. Þessi aðgerð mun koma í veg fyrir að jarðvegur berist í átt að Hringbraut eða inn á braut þegar hvasst er eða í flugtaki stærri véla. Slík atvik áttu sér stað þegar búið var að koma fyrir valinni fyllingu á þetta svæði á árinu 2001 en valin fylling inniheldur talsvert magn fínefna sem að fýkur auðveldlega við ákveðnar aðstæður.

4.3 Flugbraut 13-31

4.3.1 Áfangar 2–3

Framkvæmdir hófust aftur við flugbraut 13-31 þann 24. júní með vinnu við ljósakollur aðliggjandi akbrauta, breytingum á RESA-kerfi brautar og undirbúningi á malbikun yfirlags, austan við 01-19.

Nauðsynlegt var að breyta staðsetningum á innfelldum þröskuldsljósum og aðflugshallaljósum til að uppfylla nýjar reglugerðir flugmálayfirvalda. Þessi vinna fólst í því að malbik var fræst upp til að koma fyrir nýjum ídráttarrörum á austurhluta vallarins en á vesturenda var malbik hins vegar sagað og fjarlægt, ásamt hluta af efra burðarlagi, til að koma ídráttarrörum fyrir á nýjum stað á brautinni. Að loknum frágangi við ídráttarrör var sett steypa yfir rörin á austurhluta vallarins og yfirlag malbikað skömmu síðar. Á vesturenda brautarinnar var hins vegar neðra og efra burðarlag sett í hæð og þjappað áður en tvö ný lög af malbiki

voru lögð út. Þegar búið var að malbika yfir fræstar lagnaleiðir að innfelldum ljósum kom í ljós að ekki hafði verið nægjanlega vel að verki staðið við meðhöndlun yfirborðs lagnaleiðar því að sléttleiki malbiks er á mörkum þess að uppfylla kröfur verklýsingar. Greina má lagnaleiðir undir malbiki við ákveðnar aðstæður.

Flutningur á aðflugshallaljósum gekk vel en bæta þurfti við regnvatnssvelg austan við ljósin því fyllt er að undirstöðum sem standa nokkuð hærra en yfirborð umhverfis. Við þessa breytingu þurfti að leysa ákveðið vandamál, þ.e. að koma regnvatni norðan við flugbraut á þessu svæði inn á regnvatnskerfi vallarins.

Malbikun hófst að nýju í fyrstu viku júlí og hafði henni þá verið frestað um nokkra daga. Áður en malbikun byrjaði óskaði verkkaupi eftir því við flugrekstraraðila að þeir tækju tillit til framkvæmdanna þegar malbikað var upp við flugbraut 01-19 og því mátti ekki nota brautina á meðan útlagnarvél var inn á öryggissvæði. Útlögn yfirlags á öryggissvæðinu gekk almennt vel og þótti samvinna við flugturn og flugrekstraraðila einnig takast vel.

Ákveðið var í júlí að malbika 2,5 m breiðar axlir á braut eins og gert var á flugbraut 01-19 og akbraut Alfa. Hafist var handa við þennan verkþátt um miðjan júlí og tók verkið rúmlega viku, þ.e. undirbúningur, lækkun á burðarlagi, fræsa lása, sögun eldra malbiks, líming og malbikun.

Yfirborðsfrágangur meðfram flugbraut hófst af fullum krafti í júlí. Verkþátturinn gekk vel en nauðsynlegt var að fara í smávægilegar tilfærslur á jarðvegi til að auka virkni á afvötnun svæða meðfram braut. Öllum frágangi yfirborðsmoldar og sáningar lauk skömmu fyrir verslunarmannahelgi.

Ákveðið var að setja gróðurmold undir túnþökur við brautarenda 13 en þær voru settar ofan á valda fyllingu árið 2001. Þökurnar náðu hins vegar ekki að festa rætur í fyllingunni þannig að hætta var á að þær færðust úr stað í flugtaki stærri flugvéla. Hugsanlegar afleiðingar þessa var að vélar gátu dreift fyllingarefnum yfir Suðurgötu en eitt tjón varð árið 2001 áður en túnþökur voru settar yfir þetta svæði.

Við breytingarnar á brautarljósabúnaði var einnig nauðsynlegt að breyta brautarmerkingum sem málaðar voru árið 2000. Ljóst var að hreinsa þurfti gamlar merkingar áður en hinar nýju merkingar voru málaðar. Talsverðan tíma tók að finna út hvaða aðferð var best til þess fallin en að lokum var ákveðið að nota öfluga háþrýstivatnssprautu sem er einnig útbúin með sandblöndun. Sú hreinsun var ásættanleg m.t.t. þess að fyrri málning náðist af að mestu og yfirborð malbiks virðist ekki hafa skemmst við þessa aðgerð. Verkþátturinn tók hins vegar talsverðan tíma og var unnið á vöktum til að halda verklokum þessa áfanga.

Málun flugbrautar og frágangur meðfram köntum malbiksaxla lauk 30. júlí sem var í samræmi við áður áætluð verklok 3. áfanga.

4.4 Flugbraut 06-24

4.3.1 Áfangar 2–3

Yfirborðsfrágangur meðfram suðurhluta flugbrautar hófst í lok júní. Verkþátturinn gekk vel en moldin var unnin úr uppúrtektarefni við sandgeymslu. Búið var að ganga frá þessu svæði en verktaki óskaði eftir því að fá að vinna yfirborðsmold úr þessum jarðvegi til að vera á vinnusvæðinu og stytta akstur. Öllum frágangi yfirborðsmoldar og sáningar á suðurhluta brautarinnar lauk í júlí.

Eftir verslunarmannahelgi var hafist handa við yfirborðsfrágang á norðurhluta flugbrautar. Ekki náðist að ljúka við verkþættina að fullu sem eftir voru vegna bleytu í yfirborðsjarðvegi. Aðstæður til að valta yfirborð voru orðnar mjög erfiðar að lokinni sáningu þar sem talsverð

úrkoma var í ágúst og september en lítið um þurrk. Lokið verður við þennan verkþátt næsta vor.

Ákveðið var að brjóta gömul slitlög á stærra svæði í kringum þröskuldsljós við brautarenda 24 því þónokkur vatnssöfnun var við undirstöður ljósanna. Þessi vatnssöfnun á nú að heyra sögunni til.

4.5. Ýmsar framkvæmdir

Auk framkvæmda við flugbrautir 01-19, 13-31 og akbrautir var unnið við frágang og framkvæmdir á eftirfarandi verkefnum tengdum endurbótunum:

— flutning á göngustíg
  - lítils háttar uppúrtekt og fyllingar
  - efra burðarlag
  - flutningur á lýsingu, raflagnakassa, áhöldum og bekkjum
  - malbikun, málun og frágangur meðfram stíg

— uppsetning nýrra girðinga og hliða umhverfis flugvallarsvæðið
  - á norðursvæði
  - við strandvörn
  - við Þyrluþjónustuna
  - við Suðurgötu
  - við afgreiðslu FÍ
  - við slökkvistöð

— regnvatnslagnakerfi austan við flugakbraut Alfa

— stefnuvitahús við flugbrautarenda 01
  - uppúrtekt og fyllingar
  - gerð vegslóða
  - sökklar og lagnir
  - fylling innan sökkla og lagnir
  - gólfplata steypt
  - smíði yfirbyggingar, að Smiðshöfða
  - flutningur og frágangur yfirbyggingar

— lenging á undirstöðu stefnuvita og ílögn í lárétta hæð

— akbrautarljós og frágangur á Bravo

— jarðvegsfleygur undir flugakbraut Echo milli skýli 4 og flugbrautar 01-19

— malbiksviðgerðir á flugakbraut Echo

— breikkun á akbraut Golf

5 Verkframvinda og vinnuafl
5.1 Verkframvinda í tölum

Verkþáttur:	Heildarmagn	Framvinda 2002		Framvinda 1999-2002	
	skv. samningi	Magn	%	Magn	%
Flugbrautir og akbrautir					
Slitlag rif t <=15cm	37.900 m²	0 m²	0,0%	39.770 m²	104,9%
Slitlag rif 15 < t < 30cm	148.500 m²	150 m²	0,1%	159.230 m²	107,2%
Slitlag rif 30cm > t	42.900 m²	0 m²	0,0%	43.120 m²	100,5%
Tjöruasfalt	48.000 m²	0 m²	0,0%	6.110 m²	12,7%
Slitlög og rauðamöl	126.800 m²	7.400 m²	5,6%	89.660 m²	68,2%
Uppúrtekt	334.000 m³	10.650 m³	3,2%	357.670 m³	107,1%
Neðri fylling	97.800 m³	0 m³	0,0%	110.270 m³	112,8%
Valin fylling	189.300 m³	0 m³	0,0%	172.380 m³	91,1%
Neðra burðarlag	126.650 m³	0 m³	0,0%	133.660 m³	105,5%
Jöfnun neðra burðarlag	41.410 m²	0 m²	0,0%	38.860 m²	93,8%
Efra burðarlag	45.500 m³	2.860 m³	6,3%	44.960 m³	98,8%
Malbik 50mm, undirlag	149.490 m²	19.590 m²	13,1%	153.870 m²	102,9%
Malbik 40mm, undirlag	94.480 m²	0 m²	0,0%	28.410 m²	30,1%
Malbik 40mm, yfirborð	94.480 m²	39.520 m²	41,8%	97.010 m²	102,7%
Malbik 50mm, yfirlag/eb.	48.650 m²	8.730 m²	21,4%	41.500 m²	101,8%
Malbik 50mm, yfirlag	90.910 m²	0 m²	0,0%	92.500 m²	101,8%
Malbik 40mm, aðlögun	16.720 m²	0 m²	0,0%	12.750 m²	76,3%
Malaraxlir	59.850 m²	21.390 m²	35,7%	58.540 m²	97,8%
Málun	10.300 m²	2.160 m²	17,9%	10.730 m²	88,6%
Regnvatnskerfi	3.390 m	390 m	11,5%	5.880 m þar af	173,5%
(Regnvatnslagnir raflagnabr.)	(0 m)			(1.770m)	
Raflagnir					
Ídráttarrör	38.320 m	3.280 m	8,6%	37.470 m	97,8%
Brunnar	118 stk.	0 stk.	0,0%	116 stk.	98,3%
Jarðvír	33.800 m	3.280 m	9,7%	35.380 m	104,7%
Kantljós / ljósakollur	510 stk.	180 stk.	35,3%	570 stk.	111,1%
Skiltaundirstöður	80 stk.	13 stk.	16,3%	101 stk.	126,3%
Sjóvarnargarður					
Fylling kjarna * (43.200 m³)	8.600 m³			54.000 m³	125,0%
Síulag	14.000 m³			17.600 m³	125,7%
Grjótvörn	9.300 m³			9.500 m³	102,2%

*Hönnuður hefur yfirfarið breytingar á magntölum strandvarnar

5.2 Mannafli, tæki og búnaður

Fjöldi starfsmanna verktaka og ráðgjafa hefur á árinu unnið hörðum höndum við framkvæmdir og endurbyggingu flugbrauta. Erfitt er að giska á heildarstarfsmannafjölda ársins sem að framkvæmdunum hafa komið en að jafnaði unnu 10–15 starfsmenn hjá Ístaki yfir sumarið auk nokkurs fjölda starfsmanna sem tilheyra undirverktökum Ístaks.

Helstu vinnutæki sem að notuð voru við framkvæmdirnar voru eftirfarandi:

Belta- og hjólagröfur
Traktors- og smágröfur
Ýtur
Hjólaskóflur
Valtarar fyrir fyllingar, malbik og mold
Vegheflar
Malbiksútlagnarvélar
Malbiksfræsarar og -sög
Vörubílar og vagnar
Vörubílar með krana

Á þessu ári var hætt að nota stóru grjótflutningsbíla Ístaks þar sem búið var að grafa upp jarðveg og setja sjávarfyllingarefni í brautarstæði. Fylliefnisflutningum á sjó með dæluskipinu Sóley lauk árið 2001.

Auk áðurgreindra vinnutækja notuðu Ístak og VSÓ fullkominn hugbúnað og mælitæki við útsetningar, úttektir og eftirlit til að tryggja strangar kröfur verkkaupa um nákvæmni en þær ná m.a. til yfirborðshæðar á malbiki, efra burðarlagi, kantljósa og aðflugshallaljósa.

Ístak notaði fullkominn útsetningar- og hæðarmælingabúnað á hefil sem keyptur var sérstaklega til þessa verkefnis til að uppfylla hæðarkröfur á neðra og efra burðarlagi flugbrauta. Þessi búnaður var þó vandmeðfarinn og viðkvæmur gagnvart veðri, t.d. sól, en við þær aðstæður myndaðist tíbrá sem ruglað getur geisla mælinganna eins og flestar aðrar mælingar með sambærilegum tækjum. Verktaki þurfti því stöðugt að hæðarmæla yfirborð til að sannreyna að uppstilling tækja, veðuraðstæður og hinn mannlegi þáttur við þessa vinnu væri örugglega í lagi.

Til að tryggja þjöppun flugbrauta þá var sett upp tölva í einum valtara Ístaks sem skráði niðurstöður mælitækis í valtaranum en tækið mældi m.a. hve mikið fylling þjappaðist milli umferða. Þessar upplýsingar eru til á aðgengilegu tölvutæku eða skriflegu formi sem auðvelt er að yfirfara og hægt er þá að fara aftur yfir þau svæði sem ekki teljast nægjanlega vel þjöppuð.

6. Kostnaðareftirlit

6.1 Yfirlit yfir heildarverk

Áfallinn kostnaður á verðlagi samnings ásamt áætluðum heildarkostnaði er eftirfarandi:

Liður:	Kostnaður	Breyting í %
Heildarkostnaður BIRK - 01	1.289,6 M.ISK	117,6%
Upphafleg samningsupphæð*	1.096,4 M.ISK	100,0%
Mismunur	193,2 M.ISK	17,6%
Sundurliðun kostnaðarauka		
Magnbreytingar	81,9 M.ISK	7,5%
Aukaverk	49,7 M.ISK	4,5%
Viðbótarverk	58,5 M.ISK	5,3%
Flýtifé	1,7 M.ISK	0,2%
Viðbótargreiðsla vegna hækkunar á tryggingum	1,4 M.ISK	0,1%

Upphæðir með VSK á verðlagi í júní 1999
* Magnaukningar frá útboðsgögnum og aukakostnaður við strandvörn innifalinn

Gerð verður nánari grein fyrir magnbreytingum, viðbótar- og aukaverkum hér á eftir.

Eftirfarandi fjárhæðir eru verðbætur með VSK sem greiddar hafa verið til Ístaks miðað við síðasta reikning.

Verðbótargreiðslur til verktaka	Desember 2003	Desember 2002	Heildarkostnaður
Áfallnar verðbætur	0,5 M.ISK	10,1 M.ISK	106,6 M.ISK
Verðbætur á stungubiki 2000-2002	0,0 M.ISK	0,0 M.ISK	23,0 M.ISK
Samtals verðbætur með VSK	0,5 M.ISK	10,1 M.ISK	129,6 M.ISK

Eins og sést þá er kostnaður við verðbætur 10% af framkvæmdakostnaði miðað við verðlag samnings 1999 en gerð verður grein fyrir þeim greiðslum og breytingum á vísitölum á samningstímanum síðar í kaflanum.


6.2 Áfallinn kostnaður BIRK-01

Greiðslur til Ístaks:	Uppfærð greiðsluáætlun 2002	Framvinda 2002-2003		Framvinda frá upphafi		Heild skv. samningi og viðbótarverk
	Þ.ISK	Þ.ISK	%	Þ.ISK	%	Þ.ISK
Uppsetning aðstöðu / rekstur aðstöðu	3.492	3.492	100%	16.412	100%	16.412
Dæling vatns	664	664	100%	2.648	100%	2.648
Sjóvarnargarður				62.638	120%	52.371
Flugbraut 02-20	6.500	7.518	116%	363.294	109%	334.406
Flugbraut 14-32	13.000	14.777	114%	267.012	98%	273.005
Flugbraut 07-25	2.500	2.713	109%	47.810	117%	40.888
Flugakbrautir	50.000	50.542	101%	221.232	102%	216.140
Regnvatnslagnir	6.000	5.955	99%	69.002	137%	50.524
Raflagnakerfi	8.600	8.262	96%	111.522	113%	98.785
Ýmis önnur verk	3.500	9.265	265%	12.975	148%	8.755
Aukagreiðsla / grjótvörn				2.490	100%	2.490
-Veðurmöstur	-15	-15		4.376	116%	3.771
RESA	8.550	12.618	148%	12.618	112%	11.284
Innri girðing FMS	19.500	26.098	134%	28.409	129%	21.672
Göngustígur	8.550	7.626	89%	7.626	89%	8.550
-Stefnuvitahús	3.849	5.468	137%	6.387	142%	3.850
Flýtifé	1.743	1.743	100%	1.743		
Ófyrirséð aukaverk/ tryggingar	2.000	35.126		49.224		
Samtals:	138.448	191.851	139%	1.289.588	113%	1.145.550
Samtals tilboðsverk	94.256	103.187	109%	1.178.294	108%	1.096.424

Ofangreindar tölur byggja á reikningum verktaka fyrir árin 1999-2003 og eru á verðlagi júní 1999, og með VSK.

Eins og fram hefur komið var ákveðið að flytja framkvæmdir við flugbrautir 01-19 og 06-24 af árinu 2002 yfir á 2001. Framkvæmdum við þessar brautir er nánast lokið og var framkvæmdakostnaður ársins 2002, án aukaverka og verðbóta, áætlaður rúmlega 94 m.kr. í stað 323 m.kr. þegar miðað var við framkvæmdir á öllum norðurhluta vallarsvæðisins. Fyrrgreind og uppfærð greiðsluáætlun fyrir tímabilið 2002 miðaðist við framkvæmdir við raflagnir og malbikun á akbraut Alfa, malbikun yfirlags flugbrautar 13-31 austan við flugbraut 01-19 og yfirborðsfrágang meðfram brautum.

Á grafinu hér á eftir má sjá greiðslur til verktaka á árinu 2002 en þær eru allar með VSK og verðbættar samkvæmt byggingarvísitölu.



Greiðslur til verktaka á árinu 2002 með VSK og verðbótum

Eins og sést þá eru greiðslur til verktaka mestar í júlí og við lokauppgjör í desember þegar magnuppgjöri ársins 2002 lauk.

6.3 Kostnaðarbreytingar ýmissa verkþátta

Í töflum hér á eftir er gerð grein fyrir og gerður samanburður á kostnaði helstu verkþátta eins þeir litu út í útboðsgögnum og núverandi kostnaði eftir magnuppgjör skv. 30. reikningi. Nær eingöngu eru skoðaðir verkþættir sem breyttust verulega í magni og byggjast eftirfarandi tölur á reikningi verktaka í desember árið 2003 en þær eru án verðbóta og með VSK á verðlagi í maí 1999.

6.3.1 Strandvörn

Áður en gengið var frá verksamningi BIRK-01 var samið um að breyta þversniði sjóvarnargarðs þannig að kjarni hans var stækkaður og nam sú magnaukning rúmlega 34.000 m^3 af skeljasandi.

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Strandvörn (skv. verksamningi)				
Samtals kjarni, sía og grjót	52.370	62.638	10.268	19,6%
Aukakostnaður við breytingar strandvörn*		2.490	2.490	
* Innifalinn í samningsupphæð				

Vegna sigs á undirlagi sjóvarnargarðs þá jókst magn kjarna og síulags þannig að kostnaður hækkaði um tæp 20%.

6.3.2 Flugbraut 01-19

Helstu breytingar á verkþáttum flugbrautar 01-19 voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
P4.01 Brot slitlög t<=15cm	2.895	3.629	734	25,3%
P4.02 Brot slitlög 15-30cm	8.572	11.895	3.323	38,8%
P4.03 Brot slitlög >30cm	14.733	8.029	-6.705	-45,5%
P4.04 Tjörubik	3.586	0	-3.586	-100,0%
P5.01 Slitlög og rauðamöl	15.299	10.322	-4.977	-32,5%
P5.02 Uppúrtekt	17.567	23.926	6.359	36,2%
P6.01 Neðri fylling	7.916	24.516	16.601	209,7%
P6.02 Valin fylling	61.616	63.783	2.166	3,5%
P6.03 Neðra burðarlag	40.982	41.424	442	1,1%
P6.08 Jöfnun fyllingar	1.270	7.241	5.971	470,2%
P6.09 Yfirborðsmold - unnin REKflugv.	671	671	0	0,0%
P6.10 Yfirborðsmold - aðflutt mold	2.364	2.364	0	0,0%
P7.02 Efra burðarlag	4.037	7.154	3.117	77,2%
P8.05 Malbik 50mm, á eb. **	675	675	0	0,0%
P8.08 Malbiksíblöndun	791	1.501	710	89,8%
P8 Malbik 50mm, við þrösk.lj.	0	747	747	
P9.01 Yfirborðsmöl	2.469	2.678	208	8,4%
P12.04 Sáning og áburðardreifing	1.183	2.640	1.457	123,2%
P12.05 Málun	2.718	1.977	-741	-27,3%
Samtals braut 01-19	189.345	215.172	25.827	13,6%

(** Bætt við malbikuðum öxlum)

Magnbreytingar á broti slitlaga má rekja til þess að tilfærslur urðu á þykktarflokkum slitlaga. Útilokað var að áætla nákvæma skiptingu á þykkt slitlaga nema með miklum tilkostnaði. Ekki varð vart við tjörubik í slitlögum flugbrautar 01-19.

Heildaruppúrtekt hækkaði um 7% í magni en hins vegar var hækkunin um 4% í kostnaði. Aukningu á neðri fyllingu má rekja til magnminnkunar á rúmmáli í rauðamöl sem nota átti ásamt gömlum slitlögum í neðri fyllingu brauta.

Jöfnun fyllingar jókst þar sem umfang yfirborðsflatarmáls var vanáætlað en gert var ráð fyrir að greiða þyrfti fyrir jöfnun undir yfirborðsmold í útboðslýsingu en hins vegar gleymdist að magntaka þau svæði að stórum hluta.

Magn á efra burðarlagi jókst m.a. vegna þess að hluta þess vantaði í aðlögunarkafla flugbrautar árið 2000.

Ákveðið var að bæta við malbikuðum öxlum á flugbraut 01-19 enda ávinningur þess við annars tímafrekan snjómokstur talinn vera mjög hagstæður.

Að ósk hönnuðar þá var ákveðið að setja malbiksíblöndunarefni í undirlag malbiks en einungis var gert ráð fyrir því í yfirborðsmalbiki.

Magn sáningar og áburðardreifingar var talsvert meira m.a. vegna sáningar árið 2001 sem var endurtekin árið 2002 þegar ákveðið var að setja yfirborðsmold á öll gróðursvæði vallarins. Einnig þurfti að endurtaka sáningu á svæði sem búið var að sá í fyrir 18. júní árið 2002 en þá gerði mikinn vind eftir þurrkatíð og grasfræ fauk því úr yfirborði.

6.3.3 Flugbraut 13-31

Helstu breytingar á verkþáttum flugbrautar 13-31 voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn Þ.ISK	Rauntölur Þ.ISK	Mismunur Þ.ISK	Mismunur %
P4.01 Brot slitlög t<=15cm	1.918	1.422	-496	-25,9%
P4.02 Brot slitlög 15-30cm	10.686	9.952	-734	-6,9%
P4.03 Brot slitlög >30cm	1.557	6.522	4.965	319%
P4.04 Tjörubik	3.586	1.096	-2.489	-69%
P5.01 Slitlög og rauðamöl	12.456	8.090	-4.366	-35,0%
P5.03 Bergskering	10.346	435	-9.911	-95,8%
P5.04 Fjarlægja pípur og strengi	342	274	-68	-20,0%
P6.01 Neðri fylling	18.285	24.728	6.443	35,2%
P6.07 Jöfnun neðra burðarlags	651	573	-78	-12,0%
P6.08 Jöfnun fyllingar	550	1.803	1.252	227,6%
P8.01 Malbik 50mm	0	21.833	21.833	
P8.03 Malbik 40mm	32.508	13.828	-18.680	-57,5%
P8.05 Malbik 50mm, á eb.	583	1.320	737	126,3%
P8.08 Malbiksíblöndun	508	1.078	570	112,3%
P9.01 Yfirborðsmöl	2.036	1.872	-165	-8,1%
P12.04 Sáning og áburðardreifing	635	985	350	55,2%
P12.05 Málun	2.570	1.868	-702	-27,3%
Samtals braut 13-31	99.217	97.678	-1.539	-1,6%

(** Bætt við malbikuðum öxlum)

Magnbreytingar á broti slitlaga má rekja til þess að tilfærslur urðu á þykktarflokkum slitlaga. Útilokað var að áætla nákvæma skiptingu á þykkt slitlaga nema með miklum tilkostnaði. Talsverð magnminnkun varð við meðhöndlun tjörubiks í slitlögum flugbrautar 13-31.

Aukningu á neðri fyllingu má rekja til magnminnkunar á rúmmáli í rauðamöl sem nota átti ásamt gömlum slitlögum í neðri fyllingu brauta.

Hætt var við mikla bergskeringu á hól meðfram flugbraut og því lækkaði það magn verulega.

Jöfnun fyllingar jókst eins fyrr sagði þar sem umfang yfirborðsflatarmáls var vanáætlað og líklega gleymdist að magntaka þau svæði að stórum hluta.

Ákveðið var af fulltrúum verkkaupa, um mitt sumar árið 2000, að þykkja malbiksundirlag þar sem verktaki taldi sig ekki geta uppfyllt kröfur sem gerðar voru til holrýmdar nema þykkt lagsins yrði breytt í 50 mm í stað 40 mm. Einnig var bætt við malbikuðum öxlum á flugbraut 13-31, austan við flugbraut 01-19.

Að ósk hönnuðar þá var ákveðið að setja malbiksíblöndunarefni í undirlag malbiks en einungis var gert ráð fyrir því í yfirborðsmalbiki.

Magn sáningar og áburðardreifingar var talsvert meira m.a. vegna þess að ástæða var til fara í landmótun meðfram flugbrautinni í óhreyfðu landi til að auka virkni afvötnunarkerfis.

6.3.4 Flugbraut 06-24

Helstu breytingar á verkþáttum flugbrautar 06-24 voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Braut 06-24				
P4.02 Brot slitlög 15-30cm	4.134	3.217	-916	-22,2%
P4.03 Brot slitlög >30cm	0	1.690	1.690	
P4.04 Tjörubik	1.434	0	-1.434	-100,0%
P5.01 Slitlög og rauðamöl	1.363	1.696	333	24,4%
P5.02 Uppúrtekt***	0	1.601	1.601	
P6.02 Valin fylling	3.298	7.017	3.720	112,8%
P6.03 Neðra burðarlag	6.274	7.127	853	13,6%
P6.08 Jöfnun fyllingar	0	1.518	1.518	
P7.02 Efra burðarlag	3.451	3.653	202	5,8%
P8.05 Malbik 50mm, á eb.	10.803	9.981	-822	-7,6%
P8.07 Stungubik	3.063	2.736	-326	-10,7%
P8.08 Malbiksíblöndun	240	217	-23	-9,4%
P12.04 Sáning og áburðardreifing	187	799	612	327,8%
P12.05 Málun	890	751	-139	-15,6%
Samtals braut 06-24	35.135	42.003	6.868	19,5%

(*** Ekki var gert ráð fyrir þessum lið)

Magnbreytingar á broti slitlaga má rekja til þess að tilfærslur urðu á þykktarflokkum slitlaga. Ekki varð vart við tjörubik í slitlögum flugbrautar 06-24.

Veruleg breyting var gerð á þversniði flugbrautar 06-24 því í upphafi var ekki talið nauðsynlegt að skipta um jarðveg undir slitlögunum því að þar undir var talið vera nægjanlegt magn af burðarhæfri rauðamöl sem reyndist hins vegar vera mjög takmarkað. Að loknu mati hönnuða var ákveðið að fjarlægja slitlög og jarðveg í brautarstæði. Í staðinn voru sett fyllingarefni og burðarlög sem leiddi til allmikillar hækkunar á framkvæmdakostnaði.

Jöfnun fyllingar gleymdist þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir jarðvegi meðfram braut undir yfirborðsmold en greiða átti jöfnun undir yfirborðsmold í útboðslýsingu.

Magn á efra burðarlagi jókst lítillega vegna þess að hluta þess vantaði í aðlögunarkafla flugbrautar árið 2000.

Magn sáningar og áburðardreifingar var talsvert meira m.a. þess að jarðvegur var settur yfir stærra svæði af óhreyfðu landi en sýnt var í útboðsgögnum.

6.3.5 Flugakbrautir

Helstu breytingar á verkþáttum flugakbrauta voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Flugakbrautir				
P4.02 Brot slitlög 15-30cm	4.895	5.266	370	8%
P4.03 Brot slitlög >30cm	0	134	134	
P4.04 Tjörubik	4.429	2.867	-1.562	-35%
P5.01 Slitlög og rauðamöl	28.934	26.354	-2.580	-9%
P5.02 Uppúrtekt	40.936	27.262	-13.674	-33%
P6.02 Valin fylling	43.881	26.410	-17.471	-40%
P6.03 Neðra burðarlag	24.378	28.562	4.183	17%
P6.08 Jöfnun fyllingar	0	3.822	3.822	
P7.02 Efra burðarlag	4.102	4.854	751	18%
P8.01 Malbik 50mm	2.453	18.214	15.760	642%
P8.02 Malbik 50mm	2.582	3.397	815	32%
P8.03 Malbik 40mm	13.898	0	-13.898	-100%
P8.05 Malbik 50mm, á eb. **	7.488	12.214	4.726	63,1%
P8.06 Malbik 40mm, bráðb.	0	345	345	
P8.07 Stungubik	7.590	8.873	1.284	16,9%
P8.08 Malbiksíblöndun	248	708	461	186%
P9.01 Yfirborðsmöl	2.499	2.283	-215	-9%
P12.04 Sáning og áburðardreifing	614	1.304	690	112%
P12.05 Málun	1.137	544	-593	-52,2%
Ferging akbrauta	0	16.463	16.463	
Akbraut Golf	2.081	6.738	4.657	224%
Breikkun á akbraut Golf í VK		453	453	
Samtals akbrautir	192.145	196.612	4.467	2,3%

(** Bætt við malbikuðum öxlum)

Magnaukning varð á broti slitlaga sem má rekja til stækkunar á einstaka akbrautarsvæðum. Talsverð magnminnkun varð á sérstakri meðhöndlun tjörubiks í slitlögum flugakbrauta.

Heildaruppúrtekt akbrauta lækkaði um 12% í magni og kostnaði miðað við útboðsgögn. Munaði þar mestu um áætlað magn á norðurenda Alfa sem talið var mun meira en endanlegt magn uppúrtektar þar. Magnminnkun á neðri fyllingu má rekja til magnminnkunar á rúmmáli uppúrtektar vegna minni jarðvegsdýptar en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum.

Ekki var gert ráð fyrir að setja farg á hluta flugakbrauta Foxtrot og Alfa en þar átti að hafa jarðvegsskipti. Kostnaður í töflu við fergingu akbrauta er miðaður við alla verkþætti fergingar.

Jöfnun fyllingar gleymdist þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir jarðvegi og skeringum meðfram akbraut Alfa undir yfirborðsmold en greiða átti jöfnun undir yfirborðsmold samkvæmt útboðslýsingu.

Magn efra burðarlags jókst vegna vanáætlunar í magntöku útboðsgagna meðfram flugakbrautum.

Malbik undirlags á akbrautum var breytt úr 40 mm í 50 mm þykkt samhliða breytingum á malbiksundirlagi á flugbraut 13-31, árið 2000. Einnig var bætt við malbikuðum öxlum á flugakbrautum Alfa, Bravo, Charlie og Echo. Að ósk hönnuðar var ákveðið að setja malbiksíblöndunarefni í undirlag malbiks en einungis var gert ráð fyrir því í yfirborðsmalbiki.

Magn sáningar og áburðardreifingar var talsvert meira m.a. vegna sáningar árið 2001 sem var endurtekin árið 2002 þegar ákveðið var að setja yfirborðsmold á öll gróðursvæði vall-

arins. Einnig þurfti að endurtaka sáningu á svæði sem að búið var að sá í fyrir 18. júní árið 2002 en þá gerði mikinn vind eftir þurrkatíð og grasfræ fauk því úr yfirborði.

6.3.6 Regnvatnslagnir

Helstu breytingar á verkþáttum regnvatnslagna voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Regnvatnslagnir				
Regnvatnslögn í niðurfall	0	1.402	1.402	
Regnvatnslagnir PN 6 Ø110mm úr raflagnabrunnum	0	6.814	6.814	
Niðurföll í raflagnabrunnum	0	822	822	
Regnvatnslagnir Ø110 inn á stofnlögn	0	146	146	
Regnvatnslögn PN6 Ø200 s. við LHG	0	1.134	1.134	
P10.02 Regnvatnsl. PN 6 Ø280mm	910	1.084	174	19,1%
P10.04 Regnvatnsl. PN 6 Ø315mm	1.537	1.683	145	9,5%
P10.05 Regnvatnslagnir PN 6 400mm	7.621	7.964	343	4,5%
P10.06 Regnvatnslagnir PN 10 400mm	4.254	2.925	-1.329	-31,2%
P10.07 Regnvatnsl. PN 6 Ø500mm	3.948	7.588	3.641	92,2%
P10.08 Regnvatnsl. PN 10 Ø500mm	5.357	7.447	2.090	39,0%
P10.09 Regnvatnslagnir PN 10 600mm	4.428	5.892	1.464	33,0%
P10.11 Regnvatnsgrein 280/250	67	134	67	100,0%
P10.12 Regnvatnsgrein 315/250	535	382	-153	-28,6%
P10.13 Regnvatnsgr. 400/250	256	683	427	166,7%
P10.14 Regnvatnsgrein 600/250	126	0	-126	-100,0%
P10.15 Klapparfleygun 0-1m	549	627	77	14%
P10.16 Klapparfleygun 1-2m	211	1.202	990	468%
P10.17 Brot slitlaga í sk.st.<200mm	605	851	246	40,7%
P10.18 Brot slitlaga í sk.st. <400mm	640	1.993	1.353	211,5%
Samtals regnvatnslagnir	31.045	50.771	19.726	63,5%

Bætt var við nokkrum verkþáttum til viðbótar þeim sem fyrir voru, m.a. annars lögnum sem tengja saman hliðarniðurföll beint inn á stofnlagnir eða í regnvatnsbrunna.

Vandamál kom upp í raflagnabrunnum þegar regn- og grunnvatn tók að leka inn í brunnana skömmu eftir að þeir voru teknir í notkun. Þeir gátu því ekki afvatnað sig og ákvað FMS að láta setja niðurfall í alla raflagnabrunna meðfram flugbraut 01-19 og nokkra við flugbraut 13-31 auk 110 mm lagnar inn á stofnkerfi regnvatnslagna.

Auk þessa var talið nauðsynlegt að setja regnvatnslögn sunnan við skýli LHG en hún veitir vatni úr opnum skurði sem þar er í lögn sem liggur undir göngustíg skammt frá Nauthólsvík.

Allmiklar breytingar voru gerðar á stofnlagnakerfi sunnan við flugbraut 13-31 en ákveðið var að setja lögn meðfram flugbraut 01-19 og suður fyrir akbraut Charlie þar sem hún var síðan lögð samsíða annarri stofnlögn út í sjó við nýja strandvörn. Þessi stofnlögn var áður hönnuð norðan og vestan við skýli 3 þar sem hún átti að enda í opnum skurði.

Magnaukningar í broti á slitlögum og klapparfleygun má m.a. rekja til breytinga á staðsetningu lagna sunnan við flugbraut 13-31.

6.3.7 Raflagnakerfi

Helstu breytingar á verkþáttum raflagnakerfis og ídráttarlagna voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Raflagnir				
P11.01 Plastlögn, PN4, 10ø110mm	549	287	-262	-47,8%
P11.03 Plastlögn, PN4, 5ø110mm	3.933	3.342	-592	-15,0%
P11.04 Plastlögn, PN4, 4ø110mm	2.526	2.194	-332	-13,2%
P11.05 Plastlögn, PN4, 3ø110mm	2.825	2.080	-745	-26,4%
P11.06 Plastlögn, PN4, 2xø110mm	5.840	6.333	493	8,4%
P11.07 Plastlögn, PN4, 1xø110mm	2.017	2.287	269	13,3%
P11.08 Plastlögn, PN4, 2ø50mm	9.473	7.092	-2.381	-25,1%
P11.10 Plastlögn, PN10, 10xø110mm	2.008	1.623	-385	-19,2%
P11.11 Plastlögn, PN10, 7x110mm	1.197	1.249	52	4,3%
P11.12 Plastlögn, PN10, 5x110mm	2.001	2.906	905	45,2%
P11.13 Plastlögn, PN10, 4xø110mm	5.895	5.404	-491	-8,3%
P11.14 Plastlögn, PN10, 3x110mm	2.983	3.283	299	10,0%
P11.15 Plastlögn, PN10, 2x110mm	4.673	6.425	1.752	37,5%
P11.16 Plastlögn, PN10, 1xø50mm	1.421	633	-789	-55,5%
P11.18 Plastlögn, PN10, 2x50mm	610	2.843	2.233	366%
P11.20 Raflagnabrunna 1,5x1,5x1,0m	1.653	1.757	103	6,3%
P11.21 Brot slitlaga í skurði <200mm	605	5.492	4.887	808,2%
P11.22 Brot slitlaga í skurði <400mm	666	3.356	2.690	403,6%
P11.24 Ljósakollur við brautarkanta	7.257	8.101	844	11,6%
P11.26 Innfeldar ljósaundirstöður	2.359	1.849	-510	-21,6%
P11.27 Skiltaundirstöður uppúrtekt/fyll.	5.824	7.353	1.529	26,3%
P11.28 Brot / sögun fyrir skiltaundirst.	2.614	4.656	2.042	78,1%
P11.29 Dýpkun fyrir skiltaundirst. 2-4m	1.013	760	-253	-25,0%
P11.30 Dýpkun fyrir skiltaundirst. 4-6m	2.425	0	-2.425	-100,0%
P11.32 Plastlögn, PN10, 1x110mm	333	1.066	733	219,9%
P11.34 Undirstöður skilta	0	2.721	2.721	
P10.15 Klapparfleygun 1m	0	432	432	
Samtals raflagnakerfi:	72.701	85.522	12.821	17,6%

Helstu magnbreytingar á ídráttarrörum má rekja til þess að tilfærslur urðu á stærðum og fjölda lagna í skurðum miðað við upphaflega hönnun. Verktaki taldi einnig ekki hægt að vinna nokkra leggi ídráttarröra á hefðbundnum einingarverðum því aðstæður frá spennistöð að flugbraut 13-31 voru og eru ekki þær sömu og meðfram flugbrautum. Eftirlit samþykkti því að sá hluti yrði unninn í tímavinnu og því varð magnminnkun á nokkrum verkþáttum ídráttarröra.

Allmiklar magnaukningar urðu á broti slitlaga þar sem um vanáætlanir var um ræða í útboðsgögnum. Einnig bættist við lítils háttar kostnaður við klapparfleygun sem talið var að mynda sleppa í útboðsgögnum.

Smíði skiltaundirstaðna var ekki hluti af útboði og var samið við Ístak um smíði þeirra snemma árs 2000. Gert var ráð fyrir að greiða viðbót fyrir uppúrtekt og fyllingar ef jarðvegsdýpt undir skiltum væri meiri en 2 m. Það kom hins vegar í ljós að jarðvegsdýpt var almennt á milli 1–2 m á þeim stöðum sem skilti eru staðsett.

6.3.8 Ýmsar framkvæmdir

Helstu breytingar á verkþáttum sem falla undir kaflann ýmis verkefni voru:

Greiðsluliðir	Útboðsgögn	Rauntölur	Mismunur	
	Þ.ISK	Þ.ISK	Þ.ISK	%
Ýmsar framkvæmdir				
P6.08 Jöfnun fyllingar	0	4.995	4.995	
P6.10 Yfirborðsmold - aðflutt mold	3.287	2.785	-502	-15,3%
P12.01 Bráðabirðgarakbr. í Fluggarða	2.081	2.237	156	7,5%
P12.04 Sáning og áburðardreifing	2.026	2.107	81	4,0%
Aðkomuvegur við afgr. FÍ	0	748	748	
Samtals ýmis verkefni:	7.393	12.872	5.478	74,1%

Í útboðslýsingu er sagt frá því að jöfnun og frágangur á yfirborði uppúrtektar verði greidd sem jöfnun fyllingar undir kaflanum ýmsar framkvæmdir. Þessi liður var hins vegar ekki settur í útboðsgögn og því voru ekki til neinar magntölur eða framkvæmdakostnaður í verksamningi.

Lítils háttar magnminnkun varð á svæðum sem þekja þurfti með yfirborðsmold en ákveðið var á sumum svæðum að setja ekki mold en hins vegar var sáð grasfræi í svæðið.

Á árinu 2002 var ákveðið að byggja upp veg við afgreiðslu FÍ inn á flughlað við flugakbraut Echo. Samið var um að kostnaður við uppúrtekt, fyllingar og burðarlög fyrir þann veg væri sá sami á lengdareiningu eins og fyrir bráðabirgðaakbraut. Kostnaður við aukaverk vegna lagna, strengja og færslu á ljósastaur féll inn á liðinn aukaverk.

FJÁRMÁL

1. Fjármál

1.1 Inngangur

Endurbyggingu flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli er nú lokið en verkefnið er stærsta einstaka flugvallarframkvæmd á Íslandi frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Það tók alls fjögur ár í framkvæmd og kostaði rúmlega 1.690 m.kr.

Aðalflugbrautirnar tvær N-S og A-V brautir voru algjörlega endurnýjaðar. Malbik rifið upp, grafið niður á fastan botn, sett ný fyllingarlög og malbikað að nýju. Einnig voru endurnýjaðar allar raflagnir og ljósabúnaður, lagt regnvatnskerfi meðfram flugbrautunum, gerð ný akstursbraut meðfram N-S flugbrautinni, NA-SV flugbrautin var aðlöguð hinum brautunum hæðarlega séð og malbikuð, sett voru upp fjarlægðarskilti, aðrar akbrautir lagfærðar og svo mætti lengi telja.

Í þessari greinargerð eru teknar saman helstu upplýsingar sem varða fjárhagshlið framkvæmdanna, svo sem kostnaðaráætlanir, fjárveitingar, raunkostnaður, verðlagsforsendur og breytt framkvæmdaröðun.

1.2 Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna var unnin af Almennu verkfræðistofunni árið 1997. Í niðurstöðu „nefndar um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar“ frá því í febrúar 1998 er þessa kostnaðaráætlun að finna. Þar segir meðal annars: „Enginn vafi er á því að endur-

gerð Reykjavíkurflugvallar er fjárfrek framkvæmd. Miðað við þær forsendur sem hér hefur verið gerð grein fyrir er áætlaður kostnaður við endurbæturnar 1.510 m.kr. á verðlagi í febrúar 1998". Þessu fylgir síðan sundurliðuð áætlun sem er í takti við þá áætlun sem stuðst var við þegar farið var af stað með framkvæmdirnar.

Í kostnaðaráætlun sem samþykkt var í ríkisstjórn í desember 1998 kom fram að kostnaður við verkið væri áætlaður um 1.520 m.kr. Gert var ráð fyrir að fjárveitingar skiptust eftirfarandi:

Tafla I

1998	1999	2000	2001	2002	Samtals
10	207	340	382	581	1.520

Skipting fjárveitinga tók nokkrum breytingum á vinnslutímanum en í endanlegri mynd sinni leit hún þannig út:

Tafla II

1998	1999	2000	2001	2002	Samtals
29	207	319	423	545	1.523

1.3 Útboð

Stærstur hluti verksins var boðinn út, þ.e. öll jarðvinna, malbikun og frágangur en vinna við ljósabúnað var undanskilin, enda um mjög sérhæfða vinnu að ræða sem starfsmenn Flugmálastjórnar hafa sérþekkingu á. Ríkiskaup sáu um útboðið sem fór fram vorið 1999. Átti Ístak lægsta boðið í samvinnu við Hlaðbæ-Colas sem sá um malbikunina. Þeirra tilboð hljóðaði upp á ríflega 1.075 m.kr. Samningur við Ístak var síðan undirritaður 17. ágúst 1999.

Eftirlit með framkvæmdunum var einnig boðið út og sáu Ríkiskaup um það fyrir hönd Flugmálastjórnar. Það útboð fór fram haustið 1999. VSÓ-ráðgjöf var þar með hagstæðasta tilboð, að upphæð 25,1 m.kr. og var samningur við þá undirritaður 11. nóvember 1999.

1.4 Breytt framkvæmdaröð

Á árinu 2001 var ákveðið að flýta framkvæmdum við N-S flugbrautina þannig að einungis þyrfti að loka flugbrautinni í eitt sumar í stað tveggja. Þetta var gert eftir að tilboð barst frá aðalverktakanum, Ístaki, um að fresta innheimtu á reikningum sínum, allt að 200 m.kr., fram í ársbyrjun 2002.

Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að N-S brautin yrði unnin í tveimur hlutum, þ.e. að unnið yrði við annan helming hennar á árinu 2001 og hinn helminginn 2002. Vegna þess óhagræðis sem það hefði haft í för með sér fyrir verktakann sendi hann verkkaupa tilboð í árslok 2000 um að vinna alla brautina á einu ári en fresta innheimtu á allt að 200 m.kr. fram á árið 2002 vegna þess hvernig fjárveitingar féllu til. Í janúar 2001 fóru verkefnisstjórar framkvæmdanna fram á það við byggingarnefnd flugvallarframkvæmdanna að verkið yrði unnið með þessum hætti. Var það samþykkt og í framhaldinu var sent samhljóða erindi til samgönguráðuneytisins. Samgönguráðuneytið sá um að afla viðhlítandi heimilda frá fjármálaráðuneyti og þann 11. apríl barst jákvætt svar frá fjármálaráðuneyti:

„Vísað er til erindis samgönguráðherra frá 31. janúar sl. þar sem óskað er eftir heimild til að flýta framkvæmdum við endurgerð Reykjavíkurflugvallar þannig að norður-suður flugbrautin verði lagfærð í einum áfanga og honum lokið á þessu ári. Í erindinu kemur fram að

verktakinn hefur farið fram á þessa flýtingu á eigin forsendum og að hann muni sjálfur fjármagna umframgjöld ársins og taka á sig fjármagnskostnað sem af flýtingunni leiðir.

Í ljósi þess að umrædd flýting leiðir til minni röskunar í innanlandsflugi en ráð var fyrir gert og að verktakinn greiðir allan kostnað af flýtingu framkvæmdanna fellst ráðuneytið á hana enda verði svigrúm til að greiða þann kostnað af flugmálaáætlun á næsta ári. Fjármálaráðherra mun í frumvarpi til næstu fjáraukalaga gera tillögu um öflun fullnægjandi heimilda til framkvæmdanna á þessu ári.“


Fjárlagaheimildir vegna framkvæmdanna urðu því eftirfarandi:

Tafla III

Tölur í þús. kr.	1998	1999	2000	2001	2002	Samtals
Fjárveitingar	29.000	207.000	319.000	673.000	420.000	1.648.000

1.5 Verðlagsforsendur

Eins og sést í töflu III hér á undan voru heimildir 2002 alls 420 m.kr. en á því ári fékkst viðbótarfjárheimild vegna framkvæmdanna að upphæð 125 m.kr. Þetta var vegna verðbótagreiðslna til verktakans á verktímanum. Í útboðsgögnum var ákvæði um að greiðslur í samræmi við verksamning skyldu verðbættar samkvæmt breytingum á byggingarvísitölu (BVT) á verktímanum. Einnig var sérstakt verðbótaákvæði vegna breytinga á verði olíu í malbiki.



Graf 1: Þróun byggingarvísitölu janúar 1997 til janúar 2003.

Myndin hér að framan sýnir þróun byggingarvísitölu frá janúar 1997 til janúar 2003. Af henni má sjá að verðlag hækkaði umtalsvert á verktímanum. Kostnaðaráætlun var á verðlagi í september 1998 en þá var vísitalan 231,1 stig en var komin í 278,0 stig í janúar 2003. Þetta er 20,3% hækkun. Langmesta hækkunin varð á árinu 2001 en þá hækkaði vísitalan um 8,4%. Þar af leiðandi verður að telja það heppilegt að framkvæmdum skyldi að stærstum hluta ljúka á því ári. Verðbótagreiðslur til verktakans urðu alls 125,3 m.kr. og eru þá bæði taldar bætur vegna hækkunar byggingarvísitölu og vegna olíuhækkana. Í töflu IV má sjá hækkun byggingarvísitölu í prósentum innan hvers árs:

Tafla IV

Hækkun BVT				
1998	1999	2000	2001	2002
2,3%	2,4%	3,5%	8,4%	4,6%

Ef upphaflega kostnaðaráætlunin, 1.523 m.kr., er uppreiknuð miðað við BVT í júlímánuði ár hvert á verktímanum er niðurstaðan 1.689,1 m.kr. Eðlilegt er að framreikna áætlunina á þennan hátt, þ.e. sama hátt og kostnaðurinn hefur verið verðbættur því þá fást samanburðarhæfar tölur.

1.6 Framkvæmdakostnaður


Heildarkostnaður við framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli varð 1.692,3 m.kr. Hann skiptist þannig á milli ára:

Tafla V

Tölur í þús. kr.	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**Samtals**
Raunkostnaður	12.351	86.085	623.798	735.738	234.313	1.692.285
Hlutf. af heildarkostn.	0,70%	5,10%	36,90%	43,50%	13,80%	100%
Fjárveitingar	29.000	207.000	319.000	673.000	295.000	1.523.000
Uppr. fjárveit. m.v. BVT	**29.000**	**211.482**	**338.204**	**755.777**	**354.664**	**1.689.127**
BVT júlí ár hvert	230,9	235,9	244,8	259,3	277,6	

Þegar kostnaðartölur vegna framkvæmdanna eru bornar saman við áætlun verður að telja það betri kost að framreikna kostnaðaráætlunina í heild sinni heldur en að taka eingöngu þær fjárveitingar sem upphaflega var veitt til framkvæmdanna, 1.523 m.kr., að viðbættu 125 m.kr. framlagi á árinu 2002 og bera saman við raunkostnað. Þetta stafar af því að þó að Ístak hafi unnið stærsta hluta framkvæmdanna þá var það alls ekki allt verkið. Þar af leiðandi eru engar verðbætur reiknaðar á þann hluta kostnaðarins sem féll til vegna annarra verka. Til dæmis voru allar framkvæmdir við ljósabúnað unnar af starfsmönnum Flugmálastjórnar og búnaðurinn keyptur erlendis frá. Gengi flestra erlendra gjaldmiðla hækkaði talsvert á framkvæmdatímanum þannig að kostnaður varð hærri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ef uppreiknuð kostnaðaráætlun er borin saman við raunkostnað í verkinu má sjá að kostnaðaráætlunin er um 3 m.kr. lægri en endanlegur kostnaður við verkið. Þetta má sjá í súluritinu:



Graf 2: Samanburður á kostnaðaráætlun og raunkostnaði við framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli.

Í súluritinu má einnig sjá að árin 2000 og 2001 voru langstærstu framkvæmdaárin en 80% kostnaðarins féll til á þessum tveimur árum. Austur-vestur flugbrautin var endurbyggð á árinu 2000 og norður-suður flugbrautin á árinu 2001.

Fjárveitingar voru alls 1.648 m.kr. en kostnaðurinn 1.692 m.kr. Á þessu er um 44 m.kr. munur sem verður fjármagnaður annars vegar með 31,5 m.kr. umframtekjum af flugvallargjaldi ársins 2002 og hins vegar með 12,5 m.kr. af liðnum „Önnur verkefni" í flugmálaáætlun 2003.

Eins og áður sagði voru fjárveitingar alls 1.648 m.kr. og eru þær sundurliðaðar á verkþætti í töflu VI:

Tafla VI

	Raunkostn.	**Áætlun**	**Mismunur**
Undirbúningur	12.351.011	13.500.000	1.148.989
Aðstaða	19.391.670	19.000.000	-391.670
N-S flugbraut	424.417.726	371.100.000	-53.317.726
A-V flugbraut	271.703.505	273.000.000	1.296.495
NA-SV flugbraut	61.260.632	42.700.000	-18.560.632
Akbrautir	219.749.428	230.900.000	11.150.572
Regnvatnskerfi	68.951.591	50.500.000	-18.451.591
Ídráttarkerfi	112.794.377	98.800.000	-13.994.377
Ýmis önnur verk	93.534.747	93.500.000	-34.747
Ljósabúnaður	125.707.549	125.000.000	-707.549
Flughlað		75.000.000	75.000.000

Stoðv. og færsla göngustígs	13.606.874	20.000.000	6.393.126
Hönnun, umsjón, eftirlit	131.707.913	90.000.000	-41.707.913
Fegrun og snyrting	11.840.072	20.000.000	8.159.928
Verðbætur	125.267.728	125.000.000	-267.728
	1.692.284.823	**1.648.000.000**	**-44.284.823**

Ef tafla VI er skoðuð má sjá að nokkrir liðir fóru þar fram úr upphaflegri áætlun. Taka verður tillit til þess að kostnaðaráætlanir vegna jarðvegsframkvæmda eru í eðli sínu nokkuð ólíkar áætlunum vegna t.d. húsbygginga. Mun meiri óvissa ríkir þar sem ekki er fyrir fram ljóst hversu langt er niður á fastan eða burðarhæfan botn. Þegar um jafn stóra fleti er að ræða eins og flugbrautirnar og akbrautirnar eru skiptir hver metri í dýpt miklu máli og getur kostnaður sveiflast í samræmi við það. Þetta sýndi sig, bæði við N-S flugbrautina og einnig við nýju akbrautina, akbraut Alfa, sem gerð var.

Kostnaður vegna N-S flugbrautar varð rúmlega 53 m.kr. meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Það skýrist aðallega af viðbótarkostnaði við gerð sjóvarnargarðs og því að jarðlög reyndust liggja öðruvísi en mælingar höfðu sagt til um. Ekki var um slíkar breytingar að ræða á A-V flugbrautinni og því stóðst kostnaðaráætlun þar. Þess er hins vegar að gæta að gera þurfti nokkrar breytingar á vesturenda brautarinnar vegna breyttra krafna um öryggissvæði en sá kostnaður var bókaður á „Ýmis önnur verk".

Kostnaður við NA-SV braut varð um 18,5 m.kr. hærri en áætlanir sögðu til um. Það kemur aðallega til af tvennu: í fyrsta lagi lengingu brautarinnar til bráðabirgða á verktímanum og hins vegar því að hæðarleg aðlögun brautarinnar að legu hinna tveggja brautanna varð kostnaðarsamari en áætlað var.

Gera þurfti nokkrar breytingar á ídráttarkerfum (raflagnakerfum) á framkvæmdatímanum. Í ljós kom að svonefndir ídráttarbrunnar náðu ekki að afvatna sig sem skyldi þannig að vatn sat í brunnunum. Því þurfti að leggja regnvatnslagnir úr ídráttarbrunnum og inn á regnvatnskerfið. Bætt var við regnvatnslögnum við A-V flugbrautina sem skýrir aukinn kostnað við regnvatnslagnirnar.

Kostnaðarliðirnir „Ýmis önnur verk", „Ljósabúnaður", „Stoðveggur og færsla göngustígs" og „Fegrun og snyrting" voru allir annaðhvort nokkurn veginn á pari eða vel innan kostnaðaráætlunar.

Liðurinn „Hönnun, umsjón og eftirlit" varð rúmlega 41 m.kr. hærri en áætlað hafði verið. Það skýrist af nokkrum þáttum: hönnunarvinna á verktímanum varð meiri heldur en reiknað var með, ákveðið var að Flugmálastjórn réði sérstakan verkefnisstjóra til að stýra verkefninu og eftirlit með framkvæmdunum af hálfu verkfræðistofunnar VSÓ varð meira en gert hafði verið ráð fyrir vegna viðbótarverkefna sem nánar er sagt frá hér á eftir.

Nokkrar breytingar urðu á verkáætluninni á framkvæmdatímanum. Þegar unnið er að jafn stóru verki og þessu verður að gera ráð fyrir að aðstæður geti breyst og þá þarf að vera svigrúm til að bregðast við þeim breyttu aðstæðum. Nýjar kröfur um öryggissvæði á enda flugbrauta komu fram af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á verktímanum sem leiddi til þess að fara þurfti í viðbótarframkvæmdir við A-V flugbrautina. Einnig varð ljóst að til þess að halda rekstri flugvallarins gangandi á meðan framkvæmdir stóðu yfir árið 2000 þurfti að lengja NA-SV flugbrautina til bráðabirgða á meðan unnið var við A-V flugbrautina. Framkvæmdir við sjóvarnargarð við enda N-S flugbrautar urðu mun meiri heldur en gert hafði verið ráð fyrir í verkfræðilegum úttektum vegna þess hversu mikið efnið seig á hafsbotni. Ákveðið var að fara í mun víðtækari fegrun og snyrtingu svæðisins heldur en áætlað var í upphaflegum áætlunum. Jarðvegur var undirbúinn og sáð var í stærri svæði og einnig var

plantað um 7500 trjám og runnum innan flugvallargirðingarinnar árið 2002. Útbúið var æfingasvæði fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) en það sér um slökkviþjónustu á Reykjavíkurflugvelli samkvæmt sérstökum samningi.

Einnig var hætt við eða frestað framkvæmdum sem höfðu verið í upphaflegri áætlun. Gert var ráð fyrir svonefndu uppkeyrslusvæði fyrir flugvélar í suðvestur hluta flugvallarins og einnig að unnið yrði við framkvæmdir á flughlaði við flugskýli 1. Þegar leið á verktímann varð ljóst að uppkeyrslusvæði væri nánast óþarft og var þá ákveðið að hætta við það og æfingasvæði SHS útbúið í staðinn. Af ýmsum ástæðum, m.a. vegna óvissu um byggingu flugstöðvar á flugvellinum, var ekki talið heppilegt að fara í framkvæmdir við flugskýli 1 á þessum tíma og var þeim því frestað.

696. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson frá fjármálaráðuneyti og Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Frumvarpinu er ætlað að steypa saman í einn lagabálk ákvæðum um eftirlaun æðstu handhafa þriggja þátta ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að eftirlaun verði framvegis greidd beint úr ríkissjóði í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og verið hefur. Iðgjaldahlutfall þeirra sem eiga rétt á eftirlaunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er hækkað úr 4% af föstum launum í 5% af heildarlaunum. Þetta er gert í ljósi þess að réttur til lífeyrisgreiðslna samkvæmt frumvarpinu er nokkru betri en almennt gerist.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögfest verði ákvæði þess efnis að eftir að þeir sem lögin taka til hafa náð fullum réttindum samkvæmt þeim falli niður skylda þeirra til greiðslu iðgjalda. Þá er lögð til smávægileg breyting á orðalagi 2. mgr. 1. gr.
2. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði 10. gr. sem kveður á um að réttur til greiðslna úr ríkissjóði falli niður ef þingsetu lýkur fyrir 40 ára aldur.
3. Gerð er tillaga um breytingu á 14. gr. til þess að hnykkja á því að varaþingmenn skuli greiða 5% af launum sínum fyrir þingsetuna til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þar sem fleiri launaliðir en þingfararkaup geta talist til heildarlauna varaþingmanns.
4. Lögð er til sú leiðrétting á 15. gr. að fellt verði niður ákvæði um makalífeyri í 5. mgr. þar sem hvergi er vísað til hans annars staðar í greininni.
5. Þá eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 22. gr. Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting til að hnykkja á efnisatriði greinarinnar um að sá sem hefur öðlast rétt samkvæmt eldri lögum geti tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim. Hins vegar er lagt til að almennum lagaskilareglum verði beitt um ákvæði frumvarpsins og því er gerð tillaga um að lokamálsliður 1. mgr., þess efnis að eldri lög geti ekki gilt um alþingismenn sem voru kosnir til Alþingis í fyrsta sinn 10. maí 2003, verði felldur brott.

6. Loks er lagt til að gerðar verði breytingar á 23. gr. þess efnis að ekki verði hróflað við álagi varaforseta Alþingis, formanna þingnefnda og formanna þingflokka að þessu sinni þannig að það verði áfram 15%. Þá er lagt til að sömu reglur gildi um þá alþingismenn sem eru formenn stjórnmálaflokka sem hafa hlotið a.m.k. þrjá þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, og formenn þingnefnda, þingflokka, sérnefnda og varaformenn fastanefnda þess efnis að enginn geti fengið nema eina álagsgreiðslu samkvæmt ákvæðum þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að tekið verði til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögum um Kjaradóm þannig að hann geti framvegis ákvarðað álag á þingfararkaup í stað þess að sú ákvörðun sé í höndum þingmanna sjálfra. Meiri hlutinn telur eðlilegt í ljósi þess að Kjaradómur ákveður samkvæmt gildandi lögum þingfararkaup ákveði hann einnig kjör þingmanna í heild sinni. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að skoða þurfi sérstaklega hverjir eigi að fá slíkt álag greitt og hvort greiða skuli álagsgreiðslur til einstakra alþingismanna fyrir að sinna fleiri trúnaðarstörfum en einu fyrir stjórnmálaflokk hverju sinni.

Alþingi, 12. des. 2003.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Jónína Bjartmarz. | Birgir Ármannsson.

Sigurður Kári Kristjánsson. | Sigurrós Þorgrímsdóttir.

697. Breytingartillögur [447. mál]

við frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, JBjart, BÁ, SKK, SÞorg).

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Iðgjaldagreiðslur skv. 1. mgr. skapa rétt til lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt reglum um hana. Ellilífeyrir, makalífeyrir og örorkulífeyrir úr A-deild, sem byggist á iðgjaldagreiðslum skv. 1. mgr., kemur til frádráttar greiðslum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum. Eftir að þeir sem lög þessi taka til hafa náð fullum réttindum samkvæmt þeim fellur niður skylda þeirra til greiðslu iðgjalda.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „Ljúki þingsetu fyrir 40 ára aldur eða standi hún skemur“ í fyrri málslið komi: Standi þingseta skemur.
3. Við 14. gr. Í stað orðanna „af þingfararkaupi sínu“ í síðari málslið 1. mgr. komi: 5% af launum fyrir þingsetuna.
4. Við 15. gr. Orðin „og makalífeyris“ í 5. mgr. falli brott.
5. Við 22. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nú hefur maður öðlast rétt samkvæmt eldri lögum og getur hann þá tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim.
   b. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.

6. Við 23. gr.
   a. Í stað orðanna „20% álag“ tvívegis í a-lið komi: 15% álag.
   b. 2. og 3. efnismgr. a-liðar verði 2. efnismgr.

698. Tillaga til þingsályktunar [473. mál]

um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Hjörleifsson, Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Bjarni Benediktsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Jón Gunnarsson, Jón Bjarnason, Grétar Mar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um árlegan kostnað við að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Greinargerð.

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn eru sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur verið byggt upp til að ná til byggðra bóla, til fólks með fasta búsetu árið um kring, og með lágmarkstilkostnaði. Talið er að á um 70 sveitabæjum séu léleg eða engin skilyrði til móttöku sjónvarpsins.

Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði hljóðvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina Bandaríkin-Nýfundnaland-Ísland.

Kunnugt er að Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár átt í viðræðum við innlend og erlend fyrirtæki um sjónvarps- og útvarpssendingar um gervitungl. Einnig hefur Ríkisútvarpið staðið fyrir tilraunasendingum um gervitungl. Fyrstu tilraunasendingarnar hófust í október 2002 með efni frá kynningarmyndbandi en beinar sendingar fóru fram í tengslum við alþingiskosningarnar í maí 2003. Tilraunasendingarnar voru opnar en reglubundnar útsendingar á dagskrá sjónvarpsins þurfa að vera lokaðar af rétthafaástæðum og mun þá þurfa lykilkort til opnunar,

auk hefðbundins búnaðar til móttöku gervitunglasendinga. Tilraunasendingarnar sýndu að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda dagskrá sjónvarps (og þar með útvarps) um gervitungl og ná þar með til hópa Íslendinga sem eru utan dreifikerfisins á Íslandi. Þó er ljóst að ekki nást þær sendingar alls staðar á landinu þar sem gervitunglin eru á jarðstöðubraut í um 36 þúsund km hæð yfir miðbaug og eru því ekki hátt á lofti séð frá Íslandi. Sjónlínu þarf frá móttökustað í gervitunglið og hæðir, fjöll og byggingar geta því skyggt á.

Viðbrögð við tilraunasendingunum voru skjót, jákvæð og gríðarmikil og svo vonbrigði að ekki væri um reglubundnar útsendingar að ræða. Talið er að hundruð sjómanna hafi fylgst með útsendingunum og að fjöldi Íslendinga erlendis hafi skipt þúsundum. Einnig heyrðist frá fólki á Íslandi sem hefur gervitungladisk en býr utan þess svæðis sem dreifikerfið nær til. Dagskrá tengd alþingiskosningunum ýtti verulega undir áhuga á tilraunasendingunum.

Af framansögðu er ljóst að gervitunglasendingar munu stórauka og bæta dreifingu Ríkisútvarpsins og ná til flestra þeirra sem nú fá lélega eða enga þjónustu. Þar má nefna íbúa afskekktra býla, sjómenn á hafi úti, sumarbústaðaeigendur og Íslendinga erlendis.

Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og hljóðvarps verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

699. Fyrirspurn [474. mál]

til menntamálaráðherra um varðveislu hella í Rangárvallasýslu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Eru fyrirætlanir um:

a. varðveislu manngerðra hella í Rangárvallasýslu,
b. að stuðla að rannsóknum fornleifafræðinga á hellunum,
c. að stuðla að viðgerð hella sem skemmdust í jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000?

700. Fyrirspurn [475. mál]

til landbúnaðarráðherra um beiðslisgreiningu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í athugun í ráðuneytinu að efla rannsóknir á beiðslisgreiningu kúa?

701. Breytingartillaga [410. mál]

við frv. til l. um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Við 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. bætist: hverju sinni.

702. Breytingartillaga [447. mál]

við frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá Þuríði Backman.

2. mgr. a-liðar 23. gr. falli brott.
Varatillaga:
Í stað „50%“ í 2. mgr. a-liðar 23. gr. komi: 15%.

703. Fyrirspurn [476. mál]

til dómsmálaráðherra um fölsuð myndverk.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að samkvæmt lögum verði heimilað að eyða fölsuðum myndverkum?

704. Breytingartillaga [447. mál]

við frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 22. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Iðgjaldagreiðslur forseta Íslands skv. 1. gr. hefjast 1. ágúst 2004.

705. Frumvarp til laga [428. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalið frá:

1. Áætlaðan afla báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum.
2. Aflaheimildir skv. 9. gr. og 9. gr. a.
3. Aflaheimildir og áætlaðan afla til línuívilnunar skv. 10. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á bolfiski.
   b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.

b. 3. mgr. verður nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin og jafnframt koma tveir nýir málsliðir í stað 1. málsl., svohljóðandi: Á fiskveiðiárinu 2004/2005 er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við línuveiðar dagróðrabáta sem beita línu í landi má landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða úr höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári tak-

markast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði XXVI til bráðabirgða við lögin, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða við lög nr. 1 14. janúar 1999:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2004/2005 aflaheimildir sem nema 750 þorskígildislestum og á fiskveiðiárinu 2005/2006 aflaheimildir sem nema 375 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2004. Þó skal ákvæði a-liðar 3. gr. og ákvæði b-liðar 3. gr. að því er varðar línuveiðar á steinbít og ýsu koma til framkvæmda 1. febrúar 2004.

706. Frumvarp til laga [447. mál]

um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI

Eftirlaunaréttur, lífeyrisiðgjald og greiðsla eftirlauna.

1. gr.

Forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar eiga rétt til eftirlauna úr ríkissjóði þegar þeir láta af störfum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum. Þeir skulu meðan þeir gegna störfum greiða í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins iðgjald sem nemi 5% af heildarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi úr ríkissjóði sem sé jafnhátt hlutfall og fyrir almenna sjóðfélaga, sbr. 13. gr. laga um sjóðinn.

Iðgjaldagreiðslur skv. 1. mgr. skapa rétt til lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt reglum um hana. Ellilífeyrir, makalífeyrir og örorkulífeyrir úr A-deild, sem byggist á iðgjaldagreiðslum skv. 1. mgr., kemur til frádráttar greiðslum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum. Eftir að þeir sem lög þessi taka til hafa náð fullum réttindum samkvæmt þeim fellur niður skylda þeirra til greiðslu iðgjalda.

II. KAFLI
Forseti Íslands.

2. gr.

Fyrrverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur biðlauna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1990.

Eftirlaunin nema 60% af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu lengur en eitt kjörtímabil eru eftirlaunin 70%, en 80% hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

3. gr.

Nú andast forseti og skal þá greiða eftirlifandi maka hans full laun í sex mánuði. Að þeim tíma liðnum skal greiða makanum helming þeirra eftirlauna sem hinn látni forseti hefði átt rétt á.

Um rétt maka forseta er látið hefur af störfum fer eftir 16. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr.

III. KAFLI
Ráðherrar.

4. gr.

Fyrrverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann lætur af ráðherrastörfum og er fullra 60 ára að aldri.
3. Hann hefur gegnt ráðherrastörfum í sex ár samtals eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar um þann tíma sem hann er í embætti umfram sex ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

5. gr.

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi ráðherra er 6% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunaréttur skv. 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur samkvæmt þessari grein verður þó aldrei meiri en 70%.

6. gr.

Fyrrverandi forsætisráðherra, sem hefur gegnt embætti í a.m.k. eitt ár, á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum með sama hlutfalli eftirlauna og forseti Íslands, sbr. 2. gr. Kjörtímabil samkvæmt þessari grein skal talið vera hver fjögur ár samtals í embætti. Sé embættistími ekki samfelldur má miða við samanlagðan tíma í árum talið og deila í hann með fjórum. Hafi fyrrverandi forsætisráðherra einnig gegnt ráðherrastörfum í ráðuneyti annarra má telja þriðjung þess embættistíma með til réttinda samkvæmt þessari grein.

Eftirlaunin fylgja heildarlaunum forsætisráðherra eins og þau eru á hverjum tíma, þ.e. ráðherralaunum og þingfararkaupi, og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunaréttur skv. 1. mgr. segir til um.

Ákvæði 4. gr. gilda um rétt fyrrverandi forsætisráðherra samkvæmt þessari grein. Réttur eftir þessari grein kemur þá í stað annarra réttinda skv. III. og IV. kafla.

7. gr.

Fyrrverandi ráðherra, sem jafnframt hefur gegnt þingstörfum og uppfyllir skilyrði 4. gr. til að fá eftirlaun fyrir ráðherrastörf, öðlast, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., jafnframt rétt til eftirlauna fyrir þingmennsku sína.

IV. KAFLI
Alþingismenn.

8. gr.

Fyrrverandi alþingismaður á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann lætur af þingmennsku og er fullra 60 ára að aldri.
3. Hann hefur átt sæti á Alþingi í samtals 16 ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar um sem svarar helmingi þingsetutíma hans sem er umfram 16 ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

9. gr.

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi alþingismanns er 3% fyrir hvert heilt ár þingsetu og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja þingfararkaupi eins og það er á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þess sem eftirlaunarétturinn skv. 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur verður aldrei meiri en 70%.

Álagsgreiðslur skv. 3. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað mynda viðbótarrétt til eftirlauna samkvæmt hlutfalli sínu fyrir þann tíma sem þær eru greiddar.

10. gr.

Standi þingseta skemur en þrjú ár fellur niður réttur til greiðslna úr ríkissjóði samkvæmt þessum lögum. Veita þá iðgjaldagreiðslur skv. 1. gr. almennan rétt í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um sjóðinn.

11. gr.

Forseti Alþingis öðlast sama rétt til eftirlaunagreiðslna og ráðherra fyrir þann tíma sem hann gegnir forsetaembættinu.

12. gr.

Ráðherra, sem er ekki jafnframt alþingismaður, öðlast, auk réttinda skv. III. kafla, sama rétt til eftirlauna og alþingismenn fyrir þann tíma sem hann gegnir ráðherrastörfum.

13. gr.

Fyrrverandi alþingismaður, sem jafnframt hefur gegnt ráðherrastörfum og uppfyllir skilyrði 8. gr. til að fá eftirlaun fyrir þingmennsku, öðlast einnig, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., rétt til eftirlauna fyrir ráðherrastörf sín.

14. gr.

Með „alþingismaður“ er í lögum þessum átt við þann sem hefur tekið fast sæti á Alþingi. Varaþingmaður greiðir 5% af launum fyrir þingsetuna til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna

ríkisins og á rétt til lífeyris úr þeim sjóði eftir almennum reglum hans í samræmi við iðgjaldagreiðslur sínar.

Þegar réttindi alþingismanna samkvæmt lögum þessum eru reiknuð út er talinn með sá tími þegar þeir sátu á Alþingi sem varaþingmenn.

V. KAFLI
Hæstaréttardómarar.

15. gr.

Fyrrverandi hæstaréttardómari á rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að:

1. Hann er 65 ára eða eldri.
2. Hann hefur gegnt dómarastörfum í Hæstarétti tólf ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um fimm ár og síðan til viðbótar sem svarar embættistíma hans sem er umfram tólf ár, þó ekki meira en tíu ár.

Eftirlaunahlutfallið er 6% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Eftirlaunin fylgja föstum hæstaréttardómaralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn skv. 2. mgr. segir til um.

Eftirlaunaréttur verður aldrei meiri en 80%.

Réttur til eftirlauna samkvæmt þessari grein á ekki við um þá dómara sem fá lausn skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar.

VI. KAFLI
Maka- og örorkulífeyrir, biðlaun, skerðing greiðslna o.fl.

16. gr.

Nú andast sá sem lög þessi taka til og á þá maki hans rétt á lífeyri úr ríkissjóði er nemur helmingi þeirrar fjárhæðar sem hinn látni hefði haft í eftirlaun, þó að frádregnum greiðslum skv. 2. mgr. 1. gr.

Þegar greiðslum makalífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lýkur eftir reglum hans skerðast makalífeyrisgreiðslur úr ríkissjóði ef makinn hefur aðrar launatekjur og nemur skerðingin þriðjungi þess sem þau laun eru umfram fjárhæð makalífeyrisins.

Nú á sá sem lög þessi taka til rétt til örorkulífeyris skv. 16. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og skal honum þá greiddur lífeyrir úr ríkissjóði sem nemur þeim réttindum til eftirlauna, sem hann hefur aflað sér, hlutfallslega eftir orkutapi, þó að frádregnum greiðslum skv. 2. mgr. 1. gr.

17. gr.

Réttindaávinnsla samkvæmt lögum þessum helst meðan biðlaun eru greidd, enda séu þau helmingur fullra launa eða meira og iðgjöld greidd af þeim.

18. gr.

Enginn á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum meðan hann gegnir starfi sem lögin taka til eða fær biðlaun fyrir það. Sama gildir þótt eftirlaunin séu greidd samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr.

19. gr.

Nú tekur sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum við nýju starfi og skerðast þá eftirlaunagreiðslur til hans fram að 65 ára aldri um sem nemur 0,5% af áunnum rétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur frá því að við starfi er tekið. Sama

skerðing verður á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur þó niður þegar látið er af starfi.

20. gr.

Sá sem hefur öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum skal leita eftir útreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á réttindahlutfalli sínu. Sjóðurinn sendir fjármálaráðuneyti niðurstöðuna. Verði ágreiningur má skjóta honum til þriggja manna nefndar. Forseti Alþingis, fjármálaráðherra og forseti Hæstaréttar tilnefna einn mann hver í nefndina.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laganna og fyrirkomulag greiðslna úr ríkissjóði og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga, lagaskil o.fl.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

a. Lög um eftirlaun alþingismanna, nr. 46/1965, með síðari breytingum.
b. Lög um eftirlaun ráðherra, nr. 47/1965, með síðari breytingum.
c. 5. og 6. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.
d. 9. og 10. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
e. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins.

22. gr.

Lög þessi taka til þeirra er rétt eiga í alþingismanna- og ráðherradeild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eigi hafa þegar hafið töku lífeyris við gildistöku laganna. Nú hefur maður öðlast rétt samkvæmt eldri lögum og getur hann þá tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim.

Eftirlaun alþingismanna og ráðherra, sem ákvörðuð hafa verið samkvæmt eldri lögum eða verða ákvörðuð síðar samkvæmt þeim lögum, skulu greidd úr ríkissjóði frá gildistöku þessara laga. Sama gildir um makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri sem byggður er á eldri lögum. Eignir alþingismanna- og ráðherradeildar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins renna í ríkissjóð.

Hæstaréttardómurum, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr., að greiða iðgjald til þeirrar deildar meðan þeir eru í starfi, enda fer þá um réttindi þeirra, maka þeirra og barna samkvæmt reglum deildarinnar.

Iðgjaldagreiðslur forseta Íslands skv. 1. gr. hefjast 1. ágúst 2004.

23. gr.

Breyting á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, með síðari breytingum:

a. 3. gr. laganna orðast svo:

Varaforsetar Alþingis fá greitt 15% álag á þingfararkaup.

Þeir alþingismenn, sem eru formenn stjórnmálaflokka, sem hlotið hafa a.m.k. þrjá

þingmenn kjörna, og eru ekki jafnframt ráðherrar, fá greitt 50% álag á þingfararkaup. Formenn þingnefnda, sbr. 13. gr. þingskapa, og formenn þingflokka fá greitt 15% álag á þingfararkaup. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, sbr. 32. gr. þingskapa, svo og varaformanni fastanefndar, sambærilegt álag eða hluta þess ef sérstök ástæða er til. Enginn getur fengið nema eina álagsgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

b. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra á rétt til greiðslna samkvæmt lögum þessum nema skv. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr.

Ráðherra á rétt á biðlaunum úr ríkissjóði er hann lætur af embætti. Biðlaun jafnhá ráðherralaunum eru þá greidd í þrjá mánuði. Eftir ráðherrastörf í samfellt eitt ár eða lengur eru greidd biðlaun í sex mánuði. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. gilda um biðlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein.

707. Lög [401. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 682.

708. Lög [304. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 349.

709. Lög [306. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 683.

710. Lög [254. mál]

um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 684.

711. Lög [255. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 275.

712. Lög [410. mál]

um tímabundna ráðningu starfsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 685 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Framlenging eða endurnýjun tímabundinnar ráðningar.

Óheimilt er að framlengja eða endurnýja tímabundinn ráðningarsamning þannig að hann vari samfellt lengur en í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Þó er heimilt að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma, í jafnlangan tíma hverju sinni. Vinnuveitandi skal þó ávallt leitast við að ráða starfsmann ótímabundið.

Nýr ráðningarsamningur telst taka við af öðrum samningi sé hann framlengdur eða ef nýr tímabundinn ráðningarsamningur kemst á milli sömu aðila innan þriggja vikna frá lokum gildistíma eldri samnings.

Aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að semja um annað fyrirkomulag á framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þar sem tekið er tillit til þarfa starfsmanna og vinnuveitanda í þeirri atvinnugrein sem kjarasamningurinn tekur til. Sá samningur skal þá gilda um framlengingu eða endurnýjun tímabundinna ráðninga þeirra starfsmanna er hann tekur til.

713. Lög [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 686.

714. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Reykjavíkur og Reykjaness“ í 1. mgr. kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
b. Í stað orðanna „Reykjavíkur eða nágrennis“ hvarvetna í greininni kemur: Reykjavíkurkjördæma suður og norður og Suðvesturkjördæmis.
c. Í stað orðanna „annað heimili í Reykjavík“ í 3. mgr. kemur: annað heimili í Reykjavíkurkjördæmi suður eða norður eða Suðvesturkjördæmi.

2. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Alþingismaður á rétt á fæðingar- og foreldraorlofi og fer um lengd þess og greiðslur meðan það varir samkvæmt lögum nr. 95/2000. Þeir alþingismenn sem halda tvö heimili og fá álag á húsnæðis- og dvalarkostnað, sbr. 3. mgr. 6. gr., halda þó greiðslum skv. 1. mgr. 6. gr.

Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.

Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd og greiðslur samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttur þeirra sem eru í fæðingarorlofi við gildistöku laganna fer eftir eldri ákvæðum, svo og réttur þeirra sem hafa öðlast rétt til fæðingarorlofs en ekki hafið töku þess.

715. Svar [388. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra.

1. *Hvaða reglur gilda um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?*

Í gildi eru reglur nr. 213/1999 með þremur seinni breytingum, þ.e. nr. 927/2000, nr. 762/2002 og nr. 465/2003.

Þessar upplýsingar og ferðareglur má sjá nákvæmlega á heimasíðum heilbrigðisráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

2. *Hver er taxtinn á kílómetragjaldi vegna aksturs?*

Viðmiðunargjald á ekinn km við akstur eigin bifreiðar í ferð sjúklings innan lands er nú 16,05 kr.

3. *Hvernig er ákvörðunartöku háttað um þann taxta?*

Viðmiðunargjaldið er ákveðið upphaflega með reglum um ferðakostnað (nú nr. 213/1999) og breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

4. *Hefur ráðherra íhugað endurskoðun á þeim taxta?*

Ráðherra hefur ekki ráðgert breytingu á því fyrirkomulagi sem nú gildir.

5. *Hvernig er greitt fyrir dvalarkostnað?*

Reglur um ferðakostnað sjúklinga innan lands gera ekki ráð fyrir greiðslu á dvalarkostnaði. Líknarfélög, Landspítali og ýmis stéttarfélög bjóða upp á ódýrt húsnæði í höfuðborginni. Rauði krossinn (sjúkrahótel), Reykjalundur og Heilsuhælið í Hveragerði eru t.d. með þjónustusamninga við ráðuneytið þar sem sjúklingar greiða ýmist ekkert eða tiltölulega lágt gjald fyrir sólarhringsgistingu.

6. *Er í einhverjum tilfellum greitt fyrir vinnutap foreldra og fylgdarmanna barna?*

Vinnutap aðstandenda í sjúkdómstilfellum er ekki bætt, nema ef telja skyldi í þann flokk áframhald greiðslna umönnunarbóta í þeim tilfellum þegar börn dvelja á sjúkrahúsum.

7. *Að hve miklu marki greiða vinnuveitendur og sjúkrasjóðir fyrir vinnutap foreldra vegna ferða þeirra með börn sín til þess að leita sérfræðiþjónustu eða til sjúkrahúsvistar?*

Upplýsingar af þessu tagi liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu.

8. *Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á reglum um ferðakostnað og vinnutap foreldra með það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu?*

Fyrsta skrefið hefur verið stigið til að breyta umhverfi reglna um ferðakostnað sjúklinga innan lands með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem nú liggur fyrir Alþingi, en sú breyting lýtur að því að færa tillögurétt tryggingaráðs um ferðakostnað alfarið til ráðuneytis.

Breytingar á ferðakostnaði foreldra með tilliti til greiðslu vinnutaps í því augnamiði að jafna búsetuskilyrði í landinu verða vart unnin að ráði nema til komi samvirkt átak ríkis,

vinnumarkaðar og sjúkrasjóða stéttarfélaga í landinu, sem innheimta 1% launasummu allra vinnandi manna í landinu til að mæta erfiðleikum fólks á vinnumarkaði í veikindum.

716. Tillaga til þingsályktunar [477. mál]

um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði á tímabilinu unnið áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Náttúruverndaráætlunin taki til eftirfarandi svæða:

I. Fuglasvæði.

Búsvæði fugla á eftirtöldum svæðum:

a. Álftanes – Akrar – Löngufjörur,
b. Álftanes – Skerjafjörður,
c. Austara-Eylendið,
d. Guðlaugstungur – Ásgeirstungur (Álfgeirstungur),
e. Látrabjarg – Rauðasandur,
f. Vestmannaeyjar,
g. Öxarfjörður.

II. Stækkun þjóðgarða.

a. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 km² þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meiðavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs.
b. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli verði stækkaður um nálægt 730 km² svo að hann nái yfir allan Skeiðarársand til sjávar.

III. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Unnið verði áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndarsvæða sem munu tengjast honum á grundvelli ályktunar Alþingis frá 10. mars 1999 svo og ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2000.

IV. Plöntusvæði, gróðurfar og jarðfræði.


Sjaldgæfar plöntutegundir, gróðurfar og jarðfræðiminjar á eftirtöldum svæðum:

a. Sjaldgæfar plöntutegundir:
   i. Látraströnd – Náttfaravíkur,
   ii. Njarðvík – Loðmundarfjörður.
b. Sérstætt gróðurfar: Vatnshornsskógur í Skorradal.

c. Jarðfræðiminjar:
   i. Geysir í Haukadal,
   ii. Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg.

Fylgiskjal.

Lýsing á svæðum í náttúruverndaráætlun 2004–2008.



Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Þingsályktunin hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Um efni náttúruverndaráætlunar fer skv. 66. gr. náttúruverndarlaga.

Í athugasemdum þessum er fjallað um gerð náttúruverndaráætlunar, tillögur um verndun fjórtán svæða og forsendur fyrir vali þeirra. Í viðauka eru ítarlegar lýsingar á svæðunum fjórtán.

Með gerð náttúruverndaráætlunar til fimm ára er brotið blað í sögu náttúruverndar á Íslandi. Með henni er lagður grundvöllur að markvissari verndun náttúru Íslands en áður hefur tíðkast. Náttúruverndaráætlun 2004–2008 markar fyrsta skrefið í þá átt að koma á fót skipulögðu neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunnum um náttúru Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra.

Áætlunin var unnin í tveimur áföngum. Fyrst var unnin ítarleg tillaga að náttúruverndaráætlun á vegum Umhverfisstofnunar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar fagstofnanir þar sem gerð var tillaga um friðlýsingu 77 svæða sem ætti að tryggja verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu, verndun helstu flokka jarðminja, mikilvægustu birkiskóga landsins og mikilvægra vatnakerfa. Í endanlegri tillögu Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra, sem ber heitið *Náttúruverndaráætlun, aðferðafræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar,* er lagt til að 75 svæði verði vernduð, en þar er hins vegar ekki að finna forgangsröðun á friðlýsingu svæðanna eða tímasetta framkvæmdaröð. Tillaga Umhverfisstofnunar gefur á hinn bóginn heildarmynd af stöðu mála og hvaða svæði stofnunin telur að skoða beri þegar til lengri tíma er litið. Tillögum Umhverfisstofnunar hefur verið dreift til þingmanna á Alþingi.

Síðari áfangi verksins fólst í ítarlegri yfirferð tillagna Umhverfisstofnunar og með því mótun náttúruverndaráætlunar til næstu fimm ára fyrir tímabilið 2004–2008. Umhverfisráðherra kom á og kynnti sér nær öll svæðin 75, sem er að finna í tillögum Umhverfisstofnunar, og fundaði með heimamönnum um mögulega verndun þeirra. Í kjölfar þess voru drög að náttúruverndaráætlun 2004–2008 unnin í umhverfisráðuneytinu og lögð fram til kynningar og umræðu á 3. umhverfisþingi sem haldið var 14. og 15. október 2003.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að unnið verði að verndun 14 svæða, þar sem tekið er tillit til mikilvægis þeirra fyrir náttúruvernd, aðsteðjandi ógna og óska heimamanna, en þó einnig með það að leiðarljósi að festa í sessi tiltekna aðferðafræði við svæðisbundna náttúruvernd sem uppfyllir skyldur Íslands á alþjóðavettvangi. Friðlýsing krefst töluverðrar undirbúningsvinnu ef tryggja á að hún skili árangri, hana þarf að vinna í sem mestri sátt við heimamenn og hún þarf að falla sem best að áætlunum um aðra landnotkun. Friðlýst svæði skiptast í fimm mismunandi flokka eftir eðli, tilgangi og markmiði friðlýsingar skv. 50. gr. náttúruverndarlaga:

a. þjóðgarðar,
b. friðlönd,
c. náttúruvætti,
d. tegundir lífvera og búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi og
e. fólkvangar.

Í einstökum friðlýsingum eru settar reglur um landnotkun eftir því hvaða áhrif hún hefur á hið friðlýsta svæði. Friðlýsing svæðis vegna einstakra lífvera og líffræðilegrar fjölbreytni þarf þannig að fullnægja þörfum viðkomandi tegunda til vaxtar og viðkomu en um leið er hægt að stunda aðra landnotkun sem ekki fer gegn markmiðum friðlýsingarinnar. Stofnun þjóðgarðs er í eðli sínu þannig að strangar reglur gilda um aðra landnotkun þar sem meginmarkið með stofnun þjóðgarða er að veita fólki aðgang að svæðum þar sem náttúra landsins fær að þróast eftir eigin lögmálum án verulegrar íhlutunar mannsins. Á öðrum svæðum þarf friðlýsing ekki að koma í veg fyrir aðra landnotkun ef hún gengur ekki í berhögg við tilgang og markmið friðunar. Einnig er rétt að leggja áherslu á að það þarf nauðsynlegt fjármagn til að treysta framkvæmd friðlýsingar og eftirlit með að skilyrði hennar séu uppfyllt og að friðuð svæði verði ekki fyrir skemmdum eða áníðslu, eftir atvikum á hverju svæði.

Einn helsti ávinningur af gerð náttúruverndaráætlunar er að lögð er fram skýrari stefnumörkun (forgangsröðun) við náttúruvernd en áður á grundvelli faglegra sjónarmiða. Annar ávinningur er efling lýðræðislegrar umræðu um náttúruvernd og framkvæmd hennar. Með því að gefa sveitarfélögum, stofnunum og hagsmunaaðilum kost á að senda inn umsagnir um tillögur Umhverfisstofnunar fékkst betri mynd af vilja heimamanna á hverju svæði og annarra til náttúruverndar. Auk þess voru umræður um náttúruverndaráætlun 2004–2008 á Umhverfisþingi til þess fallnar að efla umræðu um náttúruvernd og þátttöku sem flestra í stefnumörkun á því sviði.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að stærri skref í friðlýsingu svæða verði stigin næstu fimm árin en gert hefur verið áður. Þrjú verkefni ber hæst í náttúruvernd á þessu tímabili: Komið verði á heildstæðu neti verndaðra fuglasvæða með alþjóðlegt verndargildi, unnið verði að stækkun tveggja núverandi þjóðgarða og undirbúin verði stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun svæða sem tengjast honum, en ákvörðun um Vatnajökulsþjóðgarð hefur þegar verið tekin af ríkisstjórn á grundvelli þingsályktunar. Að auki verður unnið að friðlýsingu nokkurra svæða þar sem er að finna sjaldgæfar plöntutegundir, náttúrulegan birkiskóg og sérstæðar jarðmyndanir. Nánari útlistun á þessum verkefnum og þeim forsendum sem liggja að baki þeim er að finna hér á eftir.

Framkvæmd náttúruverndar til þessa.

Á Íslandi er um 90 ára hefð fyrir friðun einstakra náttúruminja, en íslenski hafarnarstofninn var friðlýstur með lögum um fuglafriðun í ársbyrjun 1914. Ef frá eru tekin landgræðslu- og skógræktarsvæði má rekja upphaf svæðisbundinnar náttúruverndar til 1928 þegar Þingvellir voru friðlýstir með sérlögum sem helgistaður allrar þjóðarinnar. Friðlýst svæði voru fá fram undir 1970 en fjölgaði mjög á áttunda áratugnum í kjölfar breytinga á lögum um náttúruvernd og eru nú 91 talsins.

Miklar breytingar hafa orðið á stjórnsýslu náttúruverndarmála síðastliðin 13 ár. Stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990 markaði tímamót, en nokkur tími leið áður en stjórnsýslu náttúruverndarmála var breytt frá fyrra horfi. Með lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd, var Náttúruverndarráð lagt niður og Náttúruvernd ríkisins stofnuð. Með lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, var stjórn Náttúruverndar ríkisins lögð niður. Náttúruvernd ríkisins var svo sameinuð fleiri stofnunum á sviði umhverfismála í eina stofnun, Umhverfisstofnun, sem tók til starfa í ársbyrjun 2003.

Friðlýsingar hafa verið framkvæmdar ýmist samkvæmt ákvæðum gildandi laga um náttúruvernd eða á grundvelli sérlaga, en ekki hefur verið gerð heildstæð áætlun um svæðisbundna náttúruvernd fyrr en nú. Friðlýsingar hafa oftast verið gerðar á grundvelli augljósra verndarhagsmuna, byggðar á tiltækri þekkingu hvers tíma á náttúru landsins, en huglægir þættir eins og fegurðarsjónarmið hafa verið hafðir til hliðsjónar. Þessu til viðbótar hafa yfirvöld náttúruverndarmála látið gera náttúruminjaskrá sem hefur að geyma upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar og aðrar náttúruminjar sem hafa sérstakt gildi og ástæða er til að vernda. Núgildandi náttúruminjaskrá var gefin út árið 1996 (7. útgáfa) samkvæmt náttúruverndarlögum frá 1971. Í henni eru skráð 324 svæði sem ástæða þykir til að vernda, þar af eru sjö svæði sem hafa verið friðlýst að hluta eða í heild á síðustu árum. Heildarflatarmál þessara 324 svæða er 17.145 km^2 eða 16,6% af flatarmáli landsins. Ný náttúruminjaskrá verður unnin í kjölfar umfjöllunar Alþingis um náttúruverndaráætlun þar sem meðal annars verða hafðar til hliðsjónar fyrrnefndar tillögur Umhverfisstofnunar sem liggja til grundvallar náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Hugmyndafræði náttúruverndar nú á tímum kristallast í nokkrum alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, ekki síst í Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu frá 1993 og alþjóðasamningnum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992. Þessir samningar leggja sérstaka áherslu á skráningu, vernd og uppbyggingu náttúrulegra vistkerfa, tegunda og búsvæða. Hverju aðildarríki ber að koma á fót neti verndarsvæða sem til samans tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar fjölbreytni þess ríkis. Traustar upplýsingar um náttúrufar og náttúruminjar skulu liggja til grundvallar vali á hverju svæði og netið skal byggt upp skipulega þannig að hvert nýtt svæði sem bætist við netið auki heildarfjölbreytni náttúruminja sem njóta verndar.

Aðrir samningar eru einnig hluti af þeim alþjóðlega grunni sem náttúruvernd byggist á, svo sem Ramsarsamningurinn um votlendi frá 1971, en hann og hugmyndafræðin sem hann byggist á hefur verið veigamikill þáttur í íslenskri náttúruvernd. Markmið samningsins er að vernda votlendissvæði heimsins, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Hverju aðildarríki ber að tilnefna a.m.k. eitt alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, friðlýsa það og sjá um að það njóti fullnægjandi verndar. Á Íslandi hafa þrjú svæði verið tilnefnd sem Ramsarsvæði og eru þau öll friðlýst: Mývatn og Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörður. Einnig ber að nefna samninginn um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins frá 1972, en hlutverk hans er fyrst og fremst að tryggja að verðmætum menningar- og náttúruminjum verði ekki spillt og það verði sameiginleg ábyrgð þjóða heims að vernda þær. Sérstaða samningsins er sú að hann setur menningar- og náttúruminjar undir einn hatt. Samkvæmt honum skal semja heimsminjaskrá um einstæð mannvirki, sögustaði og náttúruminjar sem telja má hluta af sameiginlegum arfi mannkyns. Ísland hefur tilnefnt eitt menningarminjasvæði á skrána, Þingvelli, auk þess sem undirbúningur er hafinn að tilnefningu þjóðgarðsins í Skaftafelli sem náttúruminja- og menningarsvæðis. Að auki byggist náttúruvernd á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og verndarviðmiðum sem m.a. Alþjóðanáttúruverndarsamtökin (IUCN) og Alþjóðafuglaverndarsamtökin (BirdLife International) hafa skilgreint.

Breytt hugmyndafræði hefur getið af sér nýjar vinnuaðferðir við svæðisbundna náttúruvernd. Þessar vinnuaðferðir eru meðal annars skilgreindar í *Natura 2000,* verkefni Búsvæðatilskipunar Evrópusambandsins, og í *Emerald Network,* verkefni Bernarsamningsins, sem nær til allra Evrópulanda og Ísland er aðili að. Í stuttu máli felast þessar vinnuaðferðir í því að byrja á að skilgreina og skrásetja náttúruminjar sem þarfnast verndar og síðan tryggja tiltekna lágmarksvernd þeirra með neti friðlýstra svæða. Náttúruminjar sem notaðar eru til grundvallar eru einkum vistgerðir og tegundir sem þarfnast verndar. Í Bernarsamningnum og búsvæðatilskipun Evrópusambandsins eru viðaukar sem tilgreina þær náttúruminjar (tegundir og vistgerðir) sem ástæða þykir til að vernda sérstaklega.

Alþjóðlegt samstarf um vernd jarðfræðiminja og landslags er skemmra á veg komið en það sem lýtur að vernd lífríkisins. Evrópuráðið hefur þó nýlega samþykkt sérstakan landslagssáttmála sem staðfestur hefur verið af 26 aðildarríkjum. Jafnframt er unnið á vegum Evrópuráðsins, að frumkvæði Íslands, að því að skilgreina jarðmyndanir sem þarfnast verndar. Mikil umræða fer nú fram í Evrópu og á alþjóðavettvangi um vernd strand- og hafsvæða og má búast við að alþjóðleg náttúruverndarumræða um málefni hafsins eflist á komandi árum.

Undirbúningur náttúruverndaráætlunar.

Undirbúningur náttúruverndaráætlunar hófst árið 2000 á vegum Náttúruverndar ríkisins, en árið 2001 var myndaður vinnuhópur skipaður fulltrúum Náttúruverndar ríkisins [Umhverfisstofnunar], Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfisráðuneytisins í því skyni að

leggja grunn að aðferðafræði sem notuð skyldi við gerð áætlunarinnar með það að leiðarljósi að uppfylla sem best ákvæði laga um náttúruvernd og alþjóðlegar skyldur Íslands á sviði náttúruverndar. Í kjölfarið hóf Náttúrufræðistofnun Íslands skipulega greiningu á tiltækum upplýsingum til þess að leggja mat á hvaða tegundir eru í hættu og hverjar sé mikilvægt að vernda. Samhliða því hófu Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins skipulega vinnu við að flokka jarðminjar á Íslandi og meta verndarstöðu þeirra. Niðurstaða þessarar vinnu og tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands liggja fyrir í tveimur skýrslum sem lagðar voru til grundvallar tillögum Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru annars vegar *Verndun tegunda og svæða* sem tekur til lífríkis og vistgerða og hins vegar *Verndun jarðminja á Íslandi.* Auk þess var leitað eftir tillögum og ábendingum frá öðrum stofnunum sem stunda rannsóknir á náttúru Íslands og menningarminjum og einnig frá sveitarfélögum. Skógrækt ríkisins lagði áherslu á verndun sérstæðra náttúrlegra birkiskóga. Veiðimálastofnun lagði áherslu á verndun vatnakerfa frá sjónarhóli lífauðgi og stöðu fisktegunda. Nokkur sveitarfélög komu einnig með tillögur að friðlýsingu svæða.

Samtals bárust þannig 119 tillögur eða ábendingar um svæði sem ástæða þótti til að fjalla um í náttúruverndaráætlun. Út frá þeim vann Umhverfisstofnun, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun, ítarleg drög að náttúruverndaráætlun og sendi þau til umsagnar í maí 2003 til allra sveitarfélaga, fagstofnana á sviði náttúruvísinda og félagasamtaka. Ákveðið var að birta drögin á heimasíðu Umhverfisstofnunar og gat þá hver sem er gert athugasemdir. Viðbrögð við drögum að náttúruverndaráætlun urðu mikil og fjöldi athugasemda barst. Umhverfisstofnun hefur farið yfir allar athugasemdir og tekið tillit til þeirra eins og kostur var en endanleg tillaga stofnunarinnar ber heitið *Náttúruverndaráætlun, aðferðafræði – Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.*

Í tillögum Umhverfisstofnunar er fjallað um 75 svæði sem ástæða þykir til að vernda. Friðlýsing svæðanna ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna mun að mati stofnunarinnar marka fyrsta skrefið í þá átt að koma upp neti verndarsvæða á Íslandi og um leið tryggja vernd nokkurra þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi, vernd helstu flokka íslenskra jarðminja, mikilvægustu náttúrlegu birkiskóga landsins og mikilvægra vatnakerfa. Tillögur um svæðisbundna friðun eru fæstar nýjar því að 66 svæðanna (88%) eru að hluta til eða í heild sinni á náttúruminjaskrá og sum jafnframt nefnd í öðrum heimildum.

Svæðistillögurnar 75 skiptast á sjö landshluta á eftirfarandi hátt: Suðvesturland, níu svæði; Vesturland, sjö svæði; Vestfirðir, þrjú svæði; Norðurland vestra, átta svæði; Norðurland eystra, tólf svæði; Austfirðir, átján svæði og Suðurland, sextán svæði. Að auki er eitt svæði sem tilheyrir bæði Suður- og Vesturlandi og annað sem tilheyrir bæði Suður- og Suðvesturlandi.

Meðferð tillagnanna í umhverfisráðuneytinu.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008 er byggð á sama grunni og aðferðafræði og tillögur Umhverfisstofnunar þó að áætlunin nái aðeins til hluta þeirra svæða sem fjallað er um í tillögum Umhverfisstofnunar. Friðlýsing er hins vegar vandasamt ferli sem krefst samkomulags við eigendur og notendur lands og viðkomandi sveitarfélög. Náttúruverndaráætlun til fimm ára þarf að taka tillit til þessa og forgangsraða svæðum út frá þeim forsendum sem yfirvöld umhverfismála telja brýnastar og tilgreindar eru í næsta kafla. Tillögur Umhverfisstofnunar eru því fyrst og fremst stefnumörkun um svæði, sem helst ættu að njóta verndar vegna sérstæðs náttúrufars, sem liggur til grundvallar þessari áætlun og náttúruverndaráætlunum í framtíðinni.

Umhverfisráðherra hefur ásamt starfsmönnum umhverfisráðuneytisins og starfsmönnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands komið á nær öll svæðin 75 sem er að finna í tillögu Umhverfisstofnunar og hefur haldið fundi með heimamönnum í öllum landshlutum í því skyni að kynna tillögurnar og fá viðbrögð við þeim og ábendingar um framkvæmd friðlýsinga í kjölfar þeirra. Slíkar ábendingar hafa ásamt formlegum umsögnum um drög að tillögu Umhverfisstofnunar gagnast vel við gerð náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og aukið umræðu um náttúruvernd á umræddum landsvæðum.

Meðferð tillagnanna á umhverfisþingi.

Drög umhverfisráðuneytisins að náttúruverndaráætlun 2004–2008 voru lögð fram á 3. umhverfisþingi sem haldið var dagana 14. og 15. október 2003. Drög að náttúruverndaráætlun voru kynnt og þær forsendur sem lágu að baki henni. Markmiðið með þessari kynningu var að skapa umræðu um áætlunina sjálfa og um náttúruvernd á Íslandi, sem og að gefa þátttakendum á umhverfisþingi tækifæri til að hafa áhrif á gerð náttúruverndaráætlunar 2004–2008. Miklar umræður urðu um áætlunina en helsta gagnrýnin sem fram kom var sú að erfitt væri að taka afstöðu til friðlýsingar tiltekinna svæða fyrr en afmörkun þeirra og friðlýsingarskilmálar lægju fyrir. Slík útfærsla á svæðunum fellur undir framkvæmd sjálfrar áætlunarinnar og er hluti af viðræðum sem munu eiga sér stað við viðkomandi landeigendur, sveitarfélög og aðra sem eiga hagsmuna að gæta.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008: Friðlýsing 14 svæða og forsendur hennar.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008 er byggð á faglegri úttekt Umhverfisstofnunar. Í áætluninni er lagt til að friðlýsa 14 svæði á tímabilinu 2004–2008, en í því er meðtalin stækkun á þjóðgörðunum í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli. Þau svæði sem lagt er til að friðlýst verði eru:

Austara-Eylendið,
Álftanes – Akrar – Löngufjörur,
Álftanes – Skerjafjörður,
Geysir í Haukadal,
Guðlaugstungur – Ásgeirstungur,
Jökulsárgljúfur,
Látrabjarg – Rauðasandur,
Látraströnd – Náttfaravíkur,
Njarðvík – Loðmundarfjörður,
Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg,
Skeiðarársandur,
Vatnshornsskógur í Skorradal,
Vestmannaeyjar,
Öxarfjörður.

Auk þessa verður á tímabilinu unnið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýsingu svæða sem tengjast honum, í samræmi við þingsályktunartillögu sem samþykkt var 10. mars 1999 á 123. löggjafarþingi og ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 2000 í þá veru.

Mismunandi forsendur liggja að baki þess að ástæða er talin til þess að friðlýsa viðkomandi svæði og stundum er um að ræða samspil margra þátta. Lögð voru tiltekin viðföng (líffræðileg fjölbreytni, jarðfræðileg fjölbreytni, landslag, menningarminjar o.fl.) til grundvallar og þau metin út frá verndarviðmiðum, svo sem hvort sjaldgæfar tegundir lífvera finnist á svæðinu, hvort svæðið sé óvenjutegundaríkt eða viðkvæmt fyrir röskun, hvort það sé nauðsynlegt til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda eða mikilvægt fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla, hvort það hafi alþjóðlegt verndargildi eða sé einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Ákveðið var að vinna að þremur stórum verkefnum í náttúruvernd á tímabilinu 2004–2008 þótt í þessari áætlun sé einnig að finna tillögur að friðlýsingum sem ekki tengjast þessum meginverkefnum. Þessi verkefni eru:

1. Að koma upp heildstæðu neti friðaðra fuglasvæða sem hafa verndargildi á alþjóðavísu.
2. Stækkun tveggja þjóðgarða.
3. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýsing svæða sem munu tengjast honum.

Hér verður gerð grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og því lýst hvernig verndun einstakra svæða fellur að viðkomandi verkefni og hvaða forsendur liggja til grundvallar við val á þeim.

Friðlýsing fuglasvæða.

Í þingsályktunartillögu þessari um náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lögð áhersla á að festa í sessi nýja aðferðafræði við svæðisbundna náttúruvernd sem á rætur að rekja til breyttrar hugmyndafræði í málaflokknum. Í stuttu máli felst hún í því að skilgreina og skrásetja náttúruminjar sem þarfnast verndar og tryggja lágmarksvernd þeirra í neti friðlýstra svæða. Þetta er gert í áætluninni annars vegar með verndun tveggja af stærstu bjargfuglabyggðum landsins en hins vegar með því að koma á fót neti friðaðra svæða sem tekur til búsvæða fimm fuglategunda sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á samkvæmt viðmiðum sem finna má í Bernarsamningnum og fleiri alþjóðlegum samþykktum. Um er að ræða tvær tegundir sjaldgæfra fuglategunda, flórgoða og haförn, og tvær tegundir fargesta, margæs og rauðbrysting, auk heiðagæsar.

Flórgoði er á válista og áætlað er að í íslenska varpstofninum séu rúmlega fimm hundruð varppör. Rúmlega helmingur (53%) verpir á friðlýstum svæðum. Í náttúruverndaráætlun er lagt til að vernda tvö svæði sem eru mikilvæg búsvæði fyrir flórgoða, Öxarfjörð og Austara-Eylendið. Með friðlýsingu svæðanna á um 80% flórgoðastofnsins að eiga öruggt varpsvæði til frambúðar.

Haförn er sjaldgæfur varpfugl hér á landi og er á válista. Varpstofninn nemur um 50 pörum og verpa þau öll á vestanverðu landinu. Um 76% stofnsins verpir á friðlýstum svæðum og í náttúruverndaráætlun er lagt til að friðlýsa einnig svæðið Álftanes – Akrar – Löngufjörur. Með friðlýsingu þess munu 90% hafarna verpa á friðlýstum svæðum.

Margæs og rauðbrystingur eru fargestir sem hafa viðdvöl hér á landi á leið sinni til og frá norðlægum varpstöðvum og eru viðkomustaðirnir afar mikilvægir til þess að þeir nái að byggja upp forða fyrir varp og hið langa farflug. Nánast allar margæsir af Íslands-Kanadastofni og margæsir af deilitegundinni *Branta bernicla hrota,* sem hefur vetursetu í Evrópu, koma við hér á landi og tæplega 80% rauðbrystingsstofnsins af deilitegundinni *Calidris canutus islandica.* Áætlað er að um 47% margæsa og 64% rauðbrystinga sem hafa viðdvöl hér á landi komi við á svæðum sem þegar njóta einhvers konar friðunar og í náttúruverndaráætlun eru gerðar tillögur um verndun tveggja svæða til viðbótar sem tegundirnar nýta sér. Þessi svæði eru: Álftanes – Skerjafjörður og Álftanes – Akrar – Löngufjörur. Friðlýsing þessara svæða mun tryggja örugg búsvæði fyrir 65–73% margæsa og 71% rauðbrystinga sem hafa viðdvöl hér á landi.

Heiðagæs er algengur varpfugl á hálendi Íslands og mjög stór hluti stofnsins á heimsvísu verpir eða hefur viðkomu hér á landi, eða um 90%. Um 35.000 pör verpa hér á landi, en heiðagæsin verpir hvergi nema hér á landi og á Grænlandi og Svalbarða. Í Guðlaugstungum – Ásgeirstungum verpa allt að 2.000 pör, eða um 4% af heiðagæsastofninum í Evrópu. Svæðið telst því alþjóðlega mikilvægt varpland heiðagæsar. Í Guðlaugstungum – Ásgeirstungum eru víðfeðm votlendi og þar er þéttara fuglavarp en áður hefur mælst á hálendinu. Með friðlýsingu svæðisins munu um 25% af íslenska heiðagæsastofninum verpa innan friðlýstra svæða.

Að auki er lagt til í náttúruverndaráætlun að vernda tvær af stærstu sjófuglabyggðum landsins, Látrabjarg – Rauðasand og Vestmannaeyjar. Í fyrirhuguðu verndarsvæði á Látra-

bjargi og Rauðasandi verpa um 60% af álkustofninum hér við land, um 30% af langvíu og 20% af stuttnefju. Í Látrabjargi er stærsta álkubyggð í heimi og fuglabjörgin innan fyrirhugaðs verndarsvæðis eru hin mestu við Norður-Atlantshaf. Látrabjarg er vestasta fuglabjarg í Evrópu. Í Hafnarvaðli og Rauðasandi eru einnig leirur og skeljasandsfjörur með fjölbreyttu fuglalífi. Í Vestmannaeyjum verpa um 40% íslenska lundastofnsins, 35% súlustofnsins og þar verpa einnig tegundir sjófugla sem vart finnast annars staðar á landinu, þ.e. skrofa, sjósvala og stormsvala. Lagt er til að fuglabjörg og eyjar verði friðlýst sem búsvæði fugla, en innan verndarsvæðisins verpa yfir milljón pör sjófugla og í Vestmannaeyjum er stærsta sjósvölubyggð í Evrópu.

Með friðun þessara sjö svæða, auk þeirra svæða sem áður hafa verið friðlýst, hefur að stærstum hluta náðst að vernda búsvæði nokkurra fuglategunda sem Ísland ber sérstaka ábyrgð á að viðhalda samkvæmt alþjóðasamningum og viðmiðum alþjóðlegra náttúruverndarsamtaka. Nákvæmari upplýsingar um verndargildi einstakra svæða út frá þessum forsendum er að finna í viðauka við áætlunina.

Stækkun þjóðgarða í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli.

Þjóðgarðarnir skipa sérstakan sess í náttúruvernd á Íslandi. Til þeirra hefur verið stofnað þar sem ástæða þykir að vernda landslag eða lífríki sem skipar sérstakan sess, jafnvel á alþjóðavísu, eða þá að á svæðinu hvíli söguleg helgi. Þeir gegna meðal annars því hlutverki að auðvelda almenningi aðgang að náttúru landsins, með stígagerð og öðrum aðgerðum sem stuðla að bættu aðgengi og með skipulögðu fræðslustarfi. Nú eru þrír þjóðgarðar á Íslandi friðlýstir á grundvelli náttúruverndarlaga: þjóðgarðurinn í Skaftafelli, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Fjórði þjóðgarðurinn og sá elsti, Þingvellir, er friðlýstur sem helgistaður þjóðarinnar samkvæmt sérlögum.

Í náttúruverndaráætlun er gert ráð fyrir að stækka tvo þjóðgarða, í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn í Skaftafelli verði stækkaður svo hann nái yfir allan Skeiðarársand til sjávar, en með því stækkar hann um nálægt 730 km^2. Skeiðarársandur er mesti sandur hérlendis sem myndaður er af framburði jökuláa, en sandflæmi þannig mynduð eru fágæt á jörðinni utan Íslands. Með Skeiðarársandi mun þjóðgarðurinn í Skaftafelli mynda samfellda heild frá jökli til sjávar sem segja má að sé einstök á heimsvísu. Fulltrúar heimsminjaskrár UNESCO hafa m.a. bent á að æskilegt sé að Skeiðarársandur sé hluti af þjóðgarðinum þegar óskað verður eftir tilnefningu Skaftafells á heimsminjaskrána. Í viðbót við þessi meginrök hefur Skeiðarársandur verndargildi sem eitt helsta látur landsels og útsels og sem eitt stærsta skúmsvarp á landinu. Þar verpir einnig mikill hluti þórshanastofnsins sem telur aðeins um 30 varppör á landinu.

Lagt er til að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um 78 km^2 þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Núverandi mörk þjóðgarðsins í austri liggja um miðja Jökulsá á Fjöllum. Stækkunin nær einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk. Einnig er lagt til að Meiðavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs. Með stækkun þjóðgarðsins verða innan hans fornir hlaupfarvegir Jökulsár, fjölbreytilegar jarðmyndanir og ríkulegur gróður. Nákvæmari upplýsingar um verndargildi einstakra svæða út frá þessum forsendum er að finna í viðauka við áætlunina.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun svæða sem tengjast honum.

Á grundvelli þingsályktunartillögu sem samþykkt var 10. mars 1999 á 123. löggjafarþingi ákvað ríkisstjórnin árið 2000 að stofna Vatnajökulsþjóðgarð sem í fyrstu næði eingöngu til

jökulhettunnar. Í umhverfisráðuneytinu hefur verið lögð mikil vinna í undirbúning þessa máls þar sem lögð hefur verið áhersla á kynningu í nærliggjandi sveitum og samráð við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Vinna skal áfram að stofnun þjóðgarðsins og á tímabilinu verður unnið að verndun svæða sem munu tengjast þjóðgarðinum eða jafnvel verða hluti af honum.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er eitt stærsta skref í náttúruvernd sem stigið verður á Íslandi og verður hann stærsti þjóðgarður Evrópu. Sú heild sem myndast með þjóðgarðinum og öðrum friðuðum svæðum við jaðra hans verður einstakt svæði á heimsvísu. Þar hvílir stærsti jökull Evrópu ofan á einu öflugasta eldvirknissvæði jarðar. Samspil elds og íss hefur skapað fjölbreyttar jarðminjar og virkni landmótunarafla er sýnilegri og aðgengilegri en á flestum eða öllum öðrum stöðum í heiminum.

Umhverfisráðherra skipaði í febrúar árið 2003 nefnd um undirbúning Vatnajökulsþjóðgarðs sem á að vera ráðuneytinu og Umhverfisstofnun til ráðgjafar. Í þeirri nefnd eiga sæti, undir formennsku fulltrúa Umhverfisstofnunar, fulltrúar umhverfisverndarsamtaka, Ásahrepps, Fljótsdalshrepps, Norður-Héraðs, Skaftárhrepps, Skútustaðahrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Þingeyjarsveitar, ferðamálasamtaka Austurlands, ferðamálasamtaka Norðurlands eystra og ferðamálasamtaka Suðurlands. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum og drögum að reglugerð fyrir þjóðgarðinn fyrir árslok 2003.

Umhverfisráðherra skipaði í október árið 2002 nefnd undir formennsku ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, sem í eiga sæti fjórir fulltrúar þingflokka, sem á að gera tillögur um verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Þessi verndarsvæði munu tengjast náið væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði eða verða hluti hans. Er þess að vænta að nefndin skili tillögum á árinu 2004.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er gert ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði stofnaður á tímabilinu, en ekki er fjallað nánar um stofnun hans eða hugsanlega friðlýsingu svæða sem tengjast honum þar sem þau verkefni eru í skýrum farvegi í starfi framangreindra nefnda. Það er þó ljóst að tillögur Umhverfisstofnunar sem liggja að baki náttúruverndaráætlun munu verða nefndunum tveimur gagnlegt leiðarljós í vinnu þeirra.

Þau svæði sem er að finna í tillögu Umhverfisstofnunar og tengjast Vatnajökli eru: Kverkfjöll – Krepputunga, Eyjabakkar – Vesturöræfi, Austurskógar í Lóni, Fjalllendi við Hoffellsjökul, Steinadalur, Breiðamerkursandur – Kviármýrarkambur og Skaftáreldahraun. Líklegt má teljast að einhver þessara svæða verði friðlýst á tímabilinu 2004–2008 eða fljótlega eftir það, en ekki er fjallað um það nánar í þessari áætlun af framangreindum ástæðum.

Plöntusvæði, gróðurfar og jarðfræði.

Auk þessa eru nokkur svæði sem ekki falla undir fyrrgreindar skilgreiningar en ástæða er talin til að friðlýsa á næstu fimm árum samkvæmt þessari áætlun. Þessi svæði eru: Geysir í Haukadal, Látraströnd – Náttfaravíkur, Njarðvík – Loðmundarfjörður, Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg og Vatnshornsskógur.

Lagt er til að Látrastönd – Náttfaravíkur og Njarðvík – Loðmundarfjörður verði friðlýst fyrst og fremst vegna gildis þeirra fyrir verndun sjaldgæfra plöntutegunda. Þetta eru þau tvö svæði á landinu þar sem flestar tegundir sjaldgæfra plöntutegunda er að finna. Í væntanlegu verndarsvæði í Njarðvík – Loðmundarfirði er að finna 32 tegundir háplantna sem eru sjaldgæfar á Íslandi. Átta þeirra teljast verndarþurfi, þar af eru fimm tegundir á válista og fimm eru alfriðaðar. Þá eru á svæðinu fimm sjaldgæfar fléttutegundir sem allar þarfnast verndar, þar af eru fjórar á válista. Svæðið einkennist af fjölbreyttum og sums staðar sérstæðum gróðri, litríkum bergmyndunum og svipmiklu landslagi. Í væntanlegu verndarsvæði Látra-

strönd – Náttfaravíkur er að finna 30 tegundir háplantna sem eru sjaldgæfar og þarfnast 12 þeirra verndar. Af þeim eru fimm á válista og fjórar friðlýstar. Á svæðinu eru einnig allmargar aðrar sjaldgæfar plöntutegundir. Gróðurfar er gróskumikið og landslag fjölbreytt. Bæði þessi svæði hafa notið vaxandi vinsælda sem útivistarsvæði með mikilfenglegu landslagi og menningarminjum.

Að auki er lagt til að eitt svæði til viðbótar verði friðlýst vegna gróðurfars, en það er Vatnshornsskógur í Skorradal. Skógurinn er lítt snortinn gamall birkiskógur þar sem birki er óvenjuhávaxið samanborið við annað birki á Vesturlandi. Friðlýsing skógarins er til marks um mikilvægi þess að vernda og endurheimta náttúrulega birkiskóga og vilja yfirvalda náttúruverndarmála til að vinna að því verkefni. Það mun verða gert í samvinnu við Skógrækt ríkisins sem hefur verndað og girt af marga skóga og kjarrlendi samkvæmt reglum um skógvernd.

Lagt er til að Geysir í Haukadal og Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg verði friðlýst fyrst og fremst vegna jarðfræðilegs verndargildis þeirra. Ekki er jafn auðvelt að beita tölulegum viðmiðum til að forgangsraða svæðum út frá jarðfræðilegum verndargildum og svæðum sem eru friðlýst einkum vegna þess að þau eru mikilvæg fyrir sjaldgæfar tegundir lífvera. Forgangsröðun er því nokkuð huglægari, en þó er ljóst að margvísleg jarðfræðileg fyrirbæri á Íslandi eru sjaldgæf á heimsvísu, jafnvel afar sjaldgæf, og því hlýtur friðlýsing svæða á þessum forsendum að beinast sterklega að slíkum fyrirbærum. Geysir er eitt þekktasta kennileiti landsins og nafntogaðasti goshver heims. Brýnt er að koma friðlýsingu hans í örugga höfn sem fyrst og tryggja vernd hverasvæðisins og aðgang ferðamanna í samræmi við umgengnisreglur. Reykjanes er einstakt svæði á heimsvísu því að þar má sjá framhald úthafshryggjar á þurru landi þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur. Ummerki um gliðnun jarðskorpunnar eru greinileg á svæðinu og þar eru fjölbreytt eldvörp og jarðhitasvæði. Nákvæmari upplýsingar um verndargildi einstakra svæða út frá þessum forsendum er að finna í viðauka við áætlunina.

Umfang friðlýsinga samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Heildarfjöldi friðlýstra svæða á landinu er nú 91 og heildarflatarmál þeirra, ef miðað er við þurrlendi, er 10.207 km² eða tæplega 10% af heildarflatarmáli landsins. Miðað við áætlun þessa og stærð þeirra svæða sem um ræðir munu friðlýst svæði ná yfir um það bil 21% af heildarflatarmáli landsins í árslok 2008. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs en ekki hugsanlegri verndun svæða norðan Vatnajökuls eða annars staðar við jaðar hans sem stefnt er að á tímabilinu.

Tillögur Umhverfisstofnunar og náttúruminjaskrá.

Ljóst er að öll þau 75 svæði sem nefnd eru í tillögu Umhverfisstofnunar þurfa sérstakrar aðgátar við hvað varðar hvers konar rask og ógnir, eins þau sem eru ekki á náttúruverndaráætlun 2004–2008 og verða ekki friðlýst á næstunni. Þau verða höfð til hliðsjónar við endurskoðun náttúruminjaskrár en skrásetning náttúruminja á náttúruminjaskrá hefur ákveðið lagagildi. Þegar hætta er á að framkvæmdir geti spillt friðlýstum náttúruminjum þarf leyfi Umhverfisstofnunar, en ef um er að ræða aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá skal tilkynna og leita umsagnar stofnunarinnar um þær.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skulu í náttúruminjaskrá vera sem gleggstar upplýsingar um:

a. friðlýstar náttúruminjar,
b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun og

c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er skráning svæðis á náttúruminjaskrá eitt af þeim viðmiðum sem hafa þarf sérstaklega í huga við mat á því hvort framkvæmd sé matsskyld eða ekki. Þá ber á skipulagsuppdráttum að gera grein fyrir svæðum á náttúruminjaskrá, svo og öðrum náttúruverndarsvæðum.

Framkvæmd náttúruverndaráætlunar.

Vinna við undirbúning friðlýsingar er í höndum Umhverfisstofnunar sem ber að gera drög að friðlýsingu og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 58. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Með drögum að friðlýsingu er átt við að afmörkun svæðanna er nánar útfærð en gert er í náttúruverndaráætlun og skilmálar friðlýsingarinnar eru settir fram. Umhverfisstofnun mun áður en drög að friðlýsingu verða lögð fram óska eftir athugasemdum og eiga viðræður við landeigendur og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Á grunni athugasemda og viðræðna verða mótuð drög að friðlýsingu. Drögin verða síðan kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Ef samkomulag næst um friðlýsingu svæðis við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta er málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar. Ef samkomulag næst ekki um friðlýsingu skal skv. 1. mgr. 59. gr. náttúruverndarlaga vísa málinu til meðferðar umhverfisráðherra sem ber að gæta þeirrar málsmeðferðar sem lýst er í 59. gr. laganna.

Vinna við friðlýsingu svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004–2008 mun krefjast mikillar og náinnar samvinnu og samráðs við hagsmunaaðila. Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar verður lögð áhersla á að kynning og samráð fari fram eins snemma í ferlinum og hægt er og að þeir aðilar sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Þessari aðferðafræði er ætlað að stuðla að aðkomu hagsmunaaðila snemma í friðlýsingarferlinu og með því auka líkur á að sátt náist um friðlýsingu sem er grunnurinn að því að friðlýsingin nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Metinn hefur verið lauslega kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar fyrir þau 14 svæði sem áætlunin tekur til. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 32 millj. kr. þegar friðlýsingu allra 14 svæðanna lýkur. Í fjárlagagrunni Umhverfisstofnunar eru nú þegar um 73 millj. kr. til að standa undir framangreindum stofnkostnaði þannig að viðbótarfjárframlög til að standa undir heildarstofnkostnaði munu því nema um 75 millj. kr.

Ekki er gert ráð fyrir að neitt svæði verði friðlýst á árinu 2004 en gengið er út frá því að svæðin verði friðlýst á árunum 2005–2008. Viðbótarfjárframlög til stofnkostnaðar, alls að upphæð 75 millj. kr., kæmu því til greiðslu á þeim árum. Ef miðað er við jafna dreifingu framkvæmda á framangreind ár þá mun stofnkostnaður verða um 18–20 millj. kr. á ári. Kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður aukist um 7–9 millj. kr. á ári fyrir framangreint tímabil.

Kostnaðaráætlunin tekur ekki til kostnaðar vegna framkvæmda við Vatnajökulsþjóðgarð og tengd svæði, en áætlanir um kostnað liggja ekki fyrir. Í kostnaðaráætluninni er heldur ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna kaupa á landi sem nauðsynlegt kanna að reynast að ráðast í til að ljúka friðlýsingu einstakra svæða.

Endurskoðun náttúruverndaráætlunar.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal umhverfisráðherra leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Náttúruverndaráætlun mun verða í stöðugri þróun hjá Umhverfisstofnun, m.a. vegna friðlýsinga einstakra svæða, tillagna sveitarfélaga og fagstofnana um ný svæði, í ljósi nýrra rannsókna og skuldbindinga vegna hugsanlegra staðfestinga á alþjóðasamningum sem Ísland kann að gerast aðili að. Umhverfisráðherra mun leggja næst fram náttúruverndaráætlun í síðasta lagi árið 2008 fyrir tímabilið 2009–2013.

VIÐAUKI

I. Friðlýsing fuglasvæða.

Megináherslan í náttúruverndaráætlun er að tryggja nægjanlega verndun ákveðinna tegunda fugla en það eru fjórar íslenskar varptegundir, þ.e. haförn, flórgoði, grágæs og heiðagæs, og tvær tegundir fargesta, þ.e. margæs og rauðbrystingur, auk helstu tegunda sjófugla hér við land. Því eru sjö af 14 svæðum í áætluninni fuglasvæði. Í meðfylgjandi töflu er gerð grein fyrir stofnstærðum þessara varpfugla á Íslandi, í Evrópu og á Norðurlöndunum. Augljóst er að verulegir hlutar stofna grágæsa og heiðagæsa í Evrópu byggja tilveru sína að miklu leyti á Íslandi. Stofnar hafarna og flórgoða hér á landi eru hins vegar hlutfallslega litlir miðað við stofna þeirra í Evrópu.

Tegund	Áætlaður varpstofn á Íslandi	Áætlaður varpstofn í Evrópu	Hlutfall á Íslandi (%)	Áætlaður varpstofn á Norðurlöndum	Hlutfall á Íslandi (%)
Flórgoði	500–700	16.000–110.000	1,9–0,3	5.500–9.100	5,5–3,3
Heiðagæs	40.000	54.500–60.000	66,7–73,4	45.500–50.000	66,7–73,4
Grágæs	25.000	67.000–84.000	37,3–29,8	41.000–46.000	61,0–54,3
Haförn	50	4.000–4.700	1,1–0,9	2.000–2.200	2,2–2,0

Með verndun þessara sjö fuglasvæða er tryggð verndun búsvæða flestra tegunda sjófugla landsins auk varp-, fæðu- og viðkomusvæða fyrrgreindra tegunda. Þau svæði sem þegar eru friðlýst veita þessum tegundum þegar töluverða vernd en með tilkomu þessara sjö svæða eykst hún umtalsvert þannig að á bilinu 20–90% búsvæða þessara tegunda njóta verndar nema búsvæða heiðagæsar en um 6% þeirra verða vernduð, sbr. eftirfarandi töflu sem byggist á skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tegund	Innan friðaðra svæða (F)	%	Innan nýrra svæða (T)	%	Samtals F+T	%
Flórgoði	264 pör	53	120 pör	21	384 pör	74
Heiðagæs	8.100 pör	20	1.500 pör	4	9.600 pör	24
Margæs	11.840 fuglar	47	4.400 fuglar	22	16.240 fuglar	69
Haförn	38 pör	76	8 pör	16	46 pör	90
Rauðbrystingur	172.800 fuglar	64	23.500 fuglar	7	176.300 fuglar	71
Fellifuglar						
Heiðagæs	4.600 fuglar	2			4.600 fuglar	2
Grágæs	≈ 4.000 fuglar	5	4.000 fuglar	5	8.000 fuglar	10

a. Álftanes – Akrar – Löngufjörur.

Svæðið sem lagt er til að vernda er um 460 km² að stærð og er innan sveitarfélaganna Borgarbyggðar, Kolbeinsstaðahrepps og Eyja- og Miklaholtshrepps. Hlutar svæðisins hafa verið á náttúruminjaskrá, þ.e. Hjörsey og Straumfjörður og Löngufjörur (svæði 213 og 214), vegna mikilvægis þeirra fyrir fugla. Talið er mikilvægt að vernda svæðið sem friðland fyrir fugla og að sérstaka áherslu beri að leggja á verndun búsvæða margæsar, rauðbrystings og hafarnar.


Mörk: Svæðið sem lagt er til að verði verndað nær frá Fiskiskeri utan Álftaness í Grænhólma og í land í punkt sem er einum kílómetra austan við Sauratjörn. Allar eyjar og sker eru innan svæðisins. Frá Sauratjörn liggja mörkin í Norðlingavað að bænum í Skógarnesi, með þjóðvegi í norðaustur að Hömluholti. Þaðan í austurátt að Eldborgarhrauni og Kaldá og með ströndinni suður fyrir Hítarnes. Þá að Kálfalæk í Bergsteinsvatn í Steinatjörn. Þaðan í Hamraendakletta austur í Álftá og yfir í Krossanes. Síðan eftir þjóðvegi suðaustur í Grunnavatn og Fiskisker.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Strandsvæði sem einkennist af víðáttumiklum leirum, sjávarfitjum, sandfjöru, grunnsævi, eyjum og skerjum auk mýrlendis. Gróðurfar einkennist af blautum brokflóum og vex fölvastör í miklu magni í flóa norðan Hólmavatns. Sandmaðkur er áberandi og mikill kræklingur er í ósum. Útselur kæpir í Hvalseyjum og Tjaldeyjum og landselir halda sig að staðaldri við Löngufjörur. Grunnsvæðið er mjög mikilvægt fyrir æðarfugl og mjög mikill fjöldi vaðfugla (svo sem rauðbrystingur, sanderla, stelkur, lóuþræll o.fl.) fer um svæðið vor og haust. Sex af átta varpstöðum dílaskarfs við Faxaflóa eru innan svæðisins. Þórshani hefur fundist á tveimur stöðum. Mikið fuglalíf er á vetrum (svo sem æðarfugl, straumönd, hávella, tjaldur og sendlingur).

Á Melabakka, sem er tangi fram undan Eldborgarhrauni, eru sjávarfitjar með ógrynni tjarna. Merkar sjávarfitjar.

Eignarhald: Fjölmargir eigendur eru að svæðinu bæði einstaklingar og sveitarfélög.



Núverandi landnotkun: Landbúnaður, beit, æðarrækt, fiskveiðar, selveiðar, fjöruþörungatekja, útivist og ferðaþjónusta (hestaferðir).

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Svæðið býr yfir mjög fjölbreyttu fuglalífi og er mikilvægur viðkomustaður farfugla vor og haust. Mikilvægi svæðisins byggist fyrst og fremst á víðáttumiklum leirum og fjölbreyttum og lífríkum fjörum. Svæðið er talið hafa alþjóðlegt náttúruverndargildi, sérstaklega vegna fjölda margæsa og rauðbrystings, en einnig er verndargildi þess mikið vegna fjölda hafarna á svæðinu. Auk þess er svæðið þýðingarmikið fyrir aðrar tegundir fugla, svo sem lóm, um 200 varppör, álftir í fjaðrafelli allt að 1.300 fugla, sendlinga að vetri og tildrur, lágmark um 400. Þá er lundi algengur varpfugl í eyjum. Mikið af sanderlum hefur þar einnig viðkomu, t.d. sáust um 7.000 í Akranesi í maí 1990. Þórshani finnst einnig á svæðinu, 3–6 pör.

Lykiltegundir fyrir mikilvægi friðunar svæðisins eru fyrst og fremst haförn, margæs og rauðbrystingur. Að hausti er talið að allt að 10.000 margæsir hafi viðkomu á svæðinu eða um 50% margæsa sem um landið fara árlega. Um 20.000 rauðbrystingar fara um svæðið eða um 6% af evrópskum stofni tegundarinnar. Þá nýtir umtalsvert hlutfall lóms og þórshana svæðið, eða um 10–20% íslenskra stofna þessara tegunda, sem og dílaskarfs en um 11–16% stofnsins er á svæðinu.

Lykiltegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Haförn	8 varppör	16	<1
Margæs	2.660 fuglar að vori	13	4
Rauðbrystingur	20.500 fuglar	6	6
Lómur	200 varppör	10–20	<1

Sjávarfitjagróður er m.a. að finna við Stakkhamar, Hausthús og Skógarnes. Burknastóð, þar á meðal skollakambur, ásamt jarðhitagróðri finnst í Þjófhellisrjóðri í Eldborgarhrauni. Innan svæðisins vaxa fimm tegundir háplantna sem allar hafa takmarkaða útbreiðslu og finnast aðeins á nokkrum stöðum á landinu en það eru fölvastör, lónajurt, marhálmur, sandlæðingur og skollakambur. Sandlæðingur er talinn sjaldgæfur og er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Fölvastör	*Carex livida*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Einn af nokkrum fundarstöðum
Lónajurt	*Ruppia maritima*	Háplanta	?		Einn af nokkrum fundarstöðum
Marhálmur	*Zostera marina*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Takmörkuð útbreiðsla
Sandlæðingur	*Glaux maritima*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af nokkrum fundarstöðum
Skollakambur	*Blechnum spicant*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Einn af nokkrum fundarstöðum

b. Álftanes – Skerjafjörður.

Lagt er til að fjara og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð, alls um 37 km², verði verndað. Svæðið er innan marka Garðabæjar, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness. Hluti svæðisins hefur verið á náttúruminjaskrá sem tvö aðskilin svæði (117 og 122), sérstaklega vegna mikilvægis grunnsævis, fjörunnar og tjarna fyrir fugla. Talin er ástæða til þess að friða svæðið sem búsvæði með sérstakri áherslu á farfugla og vaðfugla.

Mörk: Svæðið nær yfir fjöru og grunnsævi frá Bala að Álftanesi yfir Skerjafjörð og norður fyrir Gróttu í land við Bygggarð. Innan svæðisins eru allar fjörur innan þessara marka og land neðan byggðar, ásamt Bessastaðanesi og Gálgahrauni.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Fjögur friðlýst svæði eru innan marka svæðisins en það eru Hlið sem er fólkvangur, Kasthúsatjörn og fjaran sem er að hluta friðland og að hluta fólkvangur, Fossvogsbakkar sem friðlýstir eru sem náttúruvætti og Grótta sem er friðland. Auk þess er friðlandið Bakkatjörn á mörkum svæðisins.

Svæðislýsing: Strand- og sjávarsvæði í þéttbýli. Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Þangfjörur. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með sérkennilegum hraunmyndunum sem runnið hefur frá Búrfelli. Vinsælt útivistarsvæði. Fjörumór með óvenjulegu smádýralífi í Seltjörn og Bakkavík ber vitni um lægri sjávarstöðu fyrr á öldum. Steingervingalög finnast í Fossvogi. Í Gálgahrauni eru sjávarfitjar og vart hefur orðið jarðhita í sjó utan við Hlið.


Grunnsævi með miklu botndýralífi. Fjölbreytt fuglalíf allt árið, mikilvægur viðkomustaður farfugla og sjaldgæfar fuglategundir. Viðkomustaður margæsar og rauðbrystings en auk þess er þar æðarfugl, sendlingur og tildrur sem hafa alþjóðlegt verndargildi. Stórir máfar og hávella eru algengir vetrargestir og hundruð tjalda, stelka og lóuþræla á fartíma.

Á svæðinu eru sjaldgæfar plöntur, þar er eini fundarstaður fléttunnar gálgaskeggs og þar vex marhálmur sem hefur takmarkaða útbreiðslu.

Eignarhald: Eigendur eru fjölmargir einstaklingar, sveitarfélög og ríkið.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, æðarrækt, útivist, fiskveiðar, þaratekja, siglingar og hafnir.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Svæðið er mikilvægur viðkomustaður fugla allan ársins hring, þar er fjölbreytt fuglalíf og lífríkar fjörur og leirur og hentar svæðið sérstaklega vel til fuglaskoðunar. Alþjóðlegt náttúruverndargildi svæðisins er mikið og þar finnast nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir.



Lykiltegundir fugla eru margæs og rauðbrystingur. Á bilinu 5–13% margæsa sem um landið fara nýtir svæðið og um 1% rauðbrystinga. Báðar þessar tegundir ná alþjóðlegu verndarviðmiði auk eftirfarandi tegunda: æðarfugl með um 3.200 varppör, um 1.000 sendlingar hafa vetursetu á svæðinu og um 200 tildrur koma þar á fartíma auk hundraða tjalda, stelka og lóuþræla. Stórir máfar og hávella eru algengir vetrargestir.

Tegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Margæs	1.000–2.500	5–12	4–10
Rauðbrystingur	3.000	1	1


Lykiltegundir plantna eru gálgaskegg sem telst vera mjög sjaldgæft og hefur ekki fundist annars staðar á landinu og marhálmur sem hefur takmarkaða útbreiðslu.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Gálgaskegg	*Bryoria pseudofuscescens*	Flétta	Mjög sjaldgæf	VU	Eini fundarstaðurinn
Marhálmur	*Zostera marina*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Fleiri en fimm fundarstaðir þekktir

c. Austara-Eylendið.

Lagt er til að um 47 km² svæði við ósa Héraðsvatna sem kallast Austara-Eylendið og tilheyrir sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi verði verndað. Svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá (svæði 418) vegna lífríkis og mikilvægis þess fyrir fuglalíf. Talið er rétt að leggja til friðun svæðisins vegna mikilvægis þess fyrir fugla og fjölbreytni fuglalífs, sérstaklega vegna ákveðinna tegunda, svo sem flórgoða og gæsategunda. Lagt er til að svæðið verði friðland.

Mörk: Austara-Eylendið og votlendi með Austari-Héraðsvötnum frá þjóðvegi norðan við Garð og suður í Grundarnes, ásamt vötnum á Hegranesi: Ásvatni, Svanavatni og Hendilkotsvatni, einnig Garðsvatni og mýrlendi umhverfis þau.



Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Votlendi, tjarnir og vötn á láglendi. Svæðið er hluti af víðfeðmustu flæðilöndum á landinu. Þar sem landið er blautast eru víðáttumikil gulstararflóð. Mikill botngróður er í Ásvatni. Mikið og fjölbreytt fuglalíf, mikið er af öndum, grágæs, óðinshana, stelk og jaðrakan, einnig sjaldgæfar tegundir. Varpstaður vað- og andfugla og viðkomustaður helsingja sem er algengur fargestur að vori. Ábyrgðartegundin jaðrakan er mjög algeng og nær fjöldi hennar líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Flórgoði er á svæðinu en samkvæmt Bernarsamningnum ber að vernda búsvæði hans.

Eignarhald: Fjölmargir eigendur. Líklega mest í einkaeign.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, aðallega beit og veiði.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Forsendur fyrir verndun svæðisins eru mikilvægi þess fyrir nokkrar lykiltegundir, sjaldgæfar tegundir og fjölda votlendisfugla sem finnast á svæðinu. Stofnstærðir nokkurra fuglategunda á svæðinu ná alþjóðlegum verndarviðmiðum. Lykiltegundir eru flórgoði, helsingi, grágæs og heiðagæs. Um 20 pör flórgoða verpa á svæðinu eða u.þ.b. 3–4% af íslenska stofninum, um 1.700 helsingjar nýta svæðið að vorlagi en það er um 5% stofnsins, grágæs verpir þar í hundraðatali og minnst 80 varppör heiðagæsar finnast á svæðinu, sem og jaðrakan en fjöldi þeirra nær líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Auk þess verpir fjöldi andfugla og vaðfugla á svæðinu.


Tegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Flórgoði	Lágmark 20 varppör	3–4	0,02–0,1
Helsingi	> 1.700 fuglar að vori	5	5
Grágæs	Hundruð varppara	-	-
Heiðagæs	Lágmark 80 varppör	0	0

d. Guðlaugstungur – Ásgeirstungur.

Svæðið sem lagt er til að verði verndað í Guðlaugstungum og Ásgeirstungum er um 192 km² að stærð og tilheyrir Bólstaðarhlíðarhreppi. Talið er rétt að vernda svæðið vegna mikilvægis þess sem beitar- og varpsvæðis heiðagæsar og jafnframt þýðingarmikils votlendis- og rústasvæðis á hálendinu. Talið er rétt að vernda svæðið sem friðland með sérstaka áherslu á heiðagæs.

Mörk: Frá Dúfunesfelli norðan Hveravalla í háaustur að Blöndu. Þaðan sjónhending í Sauðhól og Hraungarðshaus og þaðan með Lambamannalæk og Haugakvísl í Blöndu. Frá ármótum Haugakvíslar til suðurs með Blöndu að Seyðisá og Þegjanda í Dúfunesfell.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.



Svæðislýsing: Víðáttumikil heiðalönd með votlendi, mólendi, ám og vötnum. Mikilvæg varp- og beitilönd heiðagæsar. Gróskumikið votlendi á hálendi. Víðfeðm votlendi, ein stærstu og fjölbreyttustu rústasvæði utan Þjórsárvera.

Eignarhald: Svæðið er afréttur.

Núverandi landnotkun: Svæðið er notað sem beitiland og einnig til útivistar.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Ítarleg náttúrufarsúttekt hefur farið fram í Guðlaugstungum undanfarin tvö ár og svæðið m.a. kortlagt með tilliti til vistgerða. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem varp- og beitiland heiðagæsa og er algerlega óraskað hálendissvæði með fjölbreyttum rústamýrum.


Lykiltegundir fyrir svæðið eru heiðagæs og fjallkrækill. Um 2–5% af íslenska heiðagæsastofninum nýtir svæðið að jafnaði. Fjallkrækill er sjaldgæfur og finnst á allmörgum fundarstöðum.

Tegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Heiðagæs	1.000–2.000	3–5	2–4

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Fjallkrækill	*Sagina caespitosa*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
	Leciophysma finmarckicum	Flétta	Sjaldgæf	LR	Einn af fimm fundarstöðum

e. Látrabjarg – Rauðasandur.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 486 km² að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð. Hlutar svæðisins hafa verið á náttúruminjaskrá (svæði 306, 307 og 308) um nokkurt skeið vegna lífríkis. Talið er mikilvægt að svæðið verði verndað fyrst og fremst vegna fjölbreytts og mikils fuglalífs í fuglabjörgunum en jafnframt vegna landslags. Áhugi er hjá sveitarstjórn Vesturbyggðar fyrir því að svæðið verði verndað sem þjóðgarður, m.a. vegna útivistar. Talið er mikilvægt að svæðið verði verndað sem friðland eða þjóðgarður með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og fjörusvæði.



Mörk: Allt land vestan þjóðvegar um Kleifaheiði er innan svæðisins. Almennt liggja mörk þess við ströndina 100 m í sjó fram miðað við stórstraumsfjöruborð nema framan við Látrabjarg þar sem mörkin liggja 2 km á sjó út.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins og Evrópu. Bæjarvaðall og Rauðasandur eru víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi. Hafnarvaðall í Örlygshöfn býr jafnframt yfir miklum skeljasandsfjörum og fjölskrúðugu fuglalífi. Innan svæðisins eru stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar.

Í Látrabjargi er stærsta álkubyggð í heimi og þar nær lundi líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Miklar og tegundaauðugar leirur eru í Bæjarvaðli. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla, þar á meðal sex tegundir á válista: himbrimi, grágæs, straumönd, fálki, svartbakur og hrafn.

Fjöldi þjóðminja finnst á svæðinu sem eykur verndargildi þess. Þar eru minjar um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma. Söguminjar í Sauðlauksdal eru m.a. garðurinn Ranglátur sem hlaðinn var til þess að hefta sandfok á 18. öld og þar finnast jafnframt sérkennilegir sandhólar. Hluti af svæðinu er enn í byggð.

Eignarhald: Fjölmargir eigendur eru að svæðinu, bæði einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður er minni en áður og byggð dreifðari. Rekin hefur verið ferðaþjónusta í Breiðuvík yfir sumartímann en svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sérstaklega vegna þess hversu aðgengilegt bjargið er. Nokkur eggjataka hefur verið stunduð í bjarginu og fiskveiðar með ströndinni.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Mikilfenglegt og fjölbreytt landslag. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Stærsta álkubyggð í heimi.

Látrabjarg hefur afgerandi þýðingu fyrir þrjár tegundir bjargfugla sem eru álka, langvía og stuttnefja en þar þrífast 20–60% af íslenskum stofnum þessara tegunda. Álkubyggðin í

Látrabjargi er talin stærsta álkubyggð í heimi. Svæðið hefur mikla þýðingu fyrir fýl og ritu en þar finnst um 7–8% af íslenskum stofnum þessara tegunda. Mikið er af lunda í Látrabjargi. Alþjóðlegt mikilvægi svæðisins er mikið þar sem um 40% evrópska álkustofnsins heldur sig í bjarginu og um 15% af langvíustofninum.


Tegund	Fjöldi fugla (pör)	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Álka	230.000	60	40–42
Langvía	298.000	30	13–14
Stuttnefja	118.000	20	4–4
Fýll	120.000	8	3–5
Rita	46.600	7	1–2

Sjaldgæf fléttutegund, bjargstrý (*Ramalina siliquosa*), sem þrífst á svæðinu hefur aðeins fundist á tveimur öðrum stöðum á landinu. Aðrar sjaldgæfar plöntutegundir eru ferlaufungur (*Paris quadrifolia*), sem er friðlýstur, sóldögg (*Drosera rotundifolia*), blöðrujurt (*Utricularia minor*), mýraertur (*Lathyrus palustris*), fuglaertur (*Lathyrus pratensis*), fölvastör (*Carex livida*) og þrenningarmaðra (*Galium trifidum*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Ferlaufungur	*Paris quadrifolia*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Fleiri en fimm fundarstaðir
Bjargstrý	*Ramalina siliquosa*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af þremur fundarstöðum

f. Vestmannaeyjar.

Lagt er til að Vestmannaeyjar verði verndaðar í heild ásamt tveggja kílómetra svæði umhverfis eyjarnar, nema Heimaey en þar er lagt til að verndunin nái eingöngu til Ystakletts og Heimakletts. Svæðið er alls um 20 km² að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vestmannaeyjar. Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 721, 722, 724 og 725) og Surtsey er þegar friðlýst. Talin er ástæða til þess að vernda svæðið vegna mikilvægis þess fyrir sjófugla og alþjóðlegs mikilvægis þess. Talið er eðlilegt að svæðið verði verndað sem búsvæði sjófugla.



Mörk: Innan svæðisins eru Ystiklettur og Heimaklettur á Heimaey, Álsey, Bjarnarey, Brandur, Elliðaey, Litli- og Stóri-Geldungur, Hellisey, Suðureyjar og Súlnasker. Verndun nær til tveggja kílómetra breiðs beltis umhverfis eyjarnar.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Á Heimaey er stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands. Eyjar og sjávarbjörg með fjölskrúðugt fuglalíf. Í Vestmannaeyjum er stærsta sjósvölubyggð í Evrópu, einu varpstöðvar skrofu og yfir þriðjungur íslenska lundastofnsins verpir þar. Nokkrar sjaldgæfar plöntur vaxa í Vestmannaeyjum, m.a. í Herjólfsdal.

Núverandi landnotkun: Fiskveiðar, fuglaveiðar, eggjataka, útivist og ferðaþjónusta.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Vestmannaeyjar eru alþjóðlega mikilvægar vegna sjófuglabyggða með yfir milljón pör sjófugla. Stærsta sjósvölubyggð í Evrópu er í eyjunum og þar er eini varpstaður skrofu á Íslandi. Nær allar íslenskar stormsvölur eru á svæðinu og yfir þriðjungur lundastofnsins verpir þar.

Lykiltegundir fugla eru skrofa, stormsvala, sjósvala, súla, rita, langvía og lundi. Um og yfir 90% sjósvala, stormsvala og skrofa finnast í Vestmannaeyjum og um 35–40% af súlu og lunda. Í fjölda ná þessar tegundir allar viðmiðum fyrir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.

Tegund	Fjöldi fugla (varppör)	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Sjósvala	80–150.000	>95	75–88
Lundi	1.000.000	40	16–20
Stormsvala	50–100.000	>95	13–29
Súla	9.000	35	3,2–3,3
Skrofa	7–10.000	100	2,5–2,9
Langvía	57.000	6	2,6–2,7
Rita	32.000	4–5	1,1–1,4
Fýll	65.000	3–7	1,7–2,7
Álka	5.600	1	1


Fléttan bjargstrý (*Ramalina siliquosa*) hefur fundist í Vestmannaeyjum. Í Herjólfsdal vaxa nokkrar sjaldgæfar plöntur, þar á meðal knjápuntur (*Danthonia decumbens*) og giljaflækja (*Vicia sepium*). Hnúfmosi (*Molendoa warburgii*) hefur fundist í Hánni á Heimaey og aðrar sjaldgæfir mosar eins og götusnúður (*Tortula modica*) og garðasnúður (*Tortula truncata*), sem er eini fundarstaður þessara þriggja mosategunda.

g. Öxarfjörður.

Svæðið sem lagt er til að verði verndað er um 220 km² að stærð og tilheyrir sveitarfélögunum Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi. Nyrsti hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 532) vegna fjölbreytileika votlendis og auðugs fuglalífs. Talið er mikilvægt að vernda svæðið vegna fjölbreytni og fjölda fugla, alþjóðlegs mikilvægis svæðisins og vegna þess að þar finnast sjaldgæfar tegundir fugla og plantna. Talið er mikilvægt að vernda svæðið með sérstakri áherslu á flórgoða og að svæðið verði gert að friðlandi.

Mörk: Svæðið afmarkast af Lóni í vestri og fylgir þaðan þjóðvegi, og þar sem við á þjóðgarðsmörkum, austur fyrir Jökulsá á Fjöllum og áfram með þjóðvegi til sjávar við ósa Sandár.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.



Svæðislýsing: Svæðið er sandur, myndaður af framburði Jökulsár á Fjöllum og er mikilvægur hluti af hamfarahlaups- og flóðasögu árinnar. Afar fjölbreytt votlendi, ár, lækir, sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Strandengjar, keldur, graslendi, ræktað land og þornaðir árfarvegir. Sjávarfitjagróður við Árnanes og jarðhitaáhrif á vatnagróður. Fágætar plöntur og fremur sjaldgæfar plöntutegundir. Fjölbreytt fuglalíf og sjaldgæfar fuglategundir, þar á meðal flórgoði. Meðal tegunda með alþjóðlegt verndargildi eru grágæs, álft, skúmur og flórgoði. Við Víkingavatn er stærsta flórgoðavarp landsins utan Mývatns og þar verpir einnig hrafnsönd sem er sjaldséð utan Mývatns.

Við Bakkahlaup er háhitasvæði og benda viðnámsmælingar til þess að stærð þess á 1.000 m dýpi sé allt að 15 km² að flatarmáli.

Eignarhald: Kelduneshreppur, einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, beit, fiskeldi, stangveiði, fiskveiðar, útivist, fuglaveiði, æðarvarp, eggjataka og rekaviður.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Fjölbreytni fuglalífs er mikil og óvenjumikið er af flórgoða. Nokkrar sjaldgæfar tegundir finnast á svæðinu og þar er mikið votlendi, þar á meðal sjávarfitjar. Lykiltegundir fugla eru flórgoði og grágæs. 14–20% íslenska flórgoðastofnsins nýtir svæðið og um 5% grágæsastofnsins er þar á fellitíma auk þess sem mikið grágæsavarp er á svæðinu. Skúmur er algengur en um 3–4% íslenska stofnsins nýtir svæði. Álft verpir á svæðinu og nýtir það umtalsvert á fellitíma. Þessar tegundir gefa svæðinu allar alþjóðlegt verndargildi auk þess sem fjöldi annarra tegunda fugla finnst á svæðinu, svo sem endur og lómur.

Tegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Flórgoði	um 100 pör	14–20	<1
Grágæs	4.000 fuglar á fellitíma	5	5
Grágæs	Hundruð para	-	-
Skúmur	210–240 pör	3–4	2
Álft	80–200 fuglar á fellitíma	-	-

Af plöntutegundum eru ferlaufungur, rauðkollur og lónajurt lykiltegundir á svæðinu. Rauðkollur hefur aðeins fundist á fáeinum stöðum á landinu. Auk þess finnast aðrar fremur sjaldgæfar tegundir plantna svo sem lensutungljurt (*Botrychium lanceolatum), aronsvöndur (Erysimum hieraciifolium),* þrenningarmaðra (*Galium trifidum*), mýraertur (*Lathyrus palustris*), haustbrúða (*Callitriche autumnalis*), hnotsörvi (*Zannichellia palustris*) og langnykra (*Potamogeton praelongus*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Ferlaufungur	*Paris quadrifolia*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Tveir af >5 fundarstöðum
Lónajurt	*Ruppia maritima*	Háplanta			Einn af nokkrum fundarstöðum
Rauðkollur	*Knautia arvensis*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Fáeinir fundarstaðir

II. Stækkun þjóðgarða.


a. Jökulsárgljúfur.

Lagt er til að þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um rúmlega 200 km² fyrst og fremst með því að bæta svæði austan Jökulsár á Fjöllum við þjóðgarðinn ásamt Meiðavallaskógi. Svæðið tilheyrir Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi og Skútustaðahreppi. Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536). Mikilvægt er að stækka þjóðgarðinn þannig að hann verði heildstæðari og taki til svæða beggja megin Jökulsár.

Mörk: Mörk þjóðgarðsins eru útfærð þannig að Meiðavallaskógur, jörðin Ásbyrgi, syðsti hluti Ássands, land austan Jökulsár á Fjöllum og svæði sunnan þjóðgarðs sem afmarkast af beinni línu sem er dregin frá Selfossi í topp Eilífs verði innan þjóðgarðsins. Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss eru innan marka svæðisins.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Fornir hlaupfarvegir Jökulsár á Fjöllum eru vestan Ásbyrgis og austan Jökulsár. Í Meiðavallaskógi eru fornar tóftir eyðibýla. Svæðið austan Jökulsár á Fjöllum er fjölbreytilegt að gerð og þar er víða ríkulegur gróður, sambærilegt landi þjóðgarðsins.



Eignarhald: Einkaeign að mestu og ríkiseign.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, beit og útivist.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Tillagan miðar að því að ná fram samfelldri og heildstæðri landslagsheild utan um gljúfrin með stækkun þjóðgarðsins. Á svæðinu er birkiskógur, fornminjar og land með mikið útivistargildi. Meiðavallaskógur er náttúrulegur birkiskógur þar sem finnst fjöldi minja um smábýli fyrri alda og fornar götur auk þess sem í þjóðgarðinn bætast nútímagosmyndanir, hraun og gígar og minjar um hopun jökla í lok ísaldar, fornir jökulgarðar og ummerki hamfarahlaups fyrir 2.500 árum. Einstæð fossaröð, Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, er þegar friðlýst.

b. Skeiðarársandur.


Talið er mikilvægt að bæta Skeiðarársandi, alls um 728 km² að stærð, við þjóðgarðinn í Skaftafelli til þess að þjóðgarðurinn myndi jarð- og landfræðilega heild sem nær til jökulsins, eldvirku svæða jökulsins, jökulsána og jökulsandinn allt til sjávar. Svæðið tilheyrir sveitarfélaginu Hornafirði.

Mörk: Að vestan liggja mörk með landamerkjum Skaftafells og Núpsstaðar allt að mörkum þjóðgarðsins í Skaftafelli. Að norðanverðu með þjóðgarðsmörkum og að austan fylgja mörkin núverandi þjóðvegi til sjávar. Friðlandið í Ingólfshöfða er innan svæðisins.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Skeiðarársandur er mikið sandflæmi myndað af framburði ánna undan Skeiðarárjökli. Sandurinn er mestur sinnar gerðar á Íslandi. Á alþjóðlegu jarðfræðimáli kallast ársléttur jökuláa „sandur plain“. Á sandinum sést samfella landmótunar jökulhreyfinga, setmyndunar jökuláa og sjávarrofs. Þar eru og ummerki mikilla jökulhlaupa, svo sem eftir gosið í Gjálp.

Skeiðará, Núpsvötn og Súla voru áður fyrr miklir farartálmar á sandinum.



Næst jökli er Skeiðarársandur afar grýttur, jafnvel stórgrýti, en er fjær dregur aur og möl og næst sjó sandur og leir. Takmarkaður gróður er á Skeiðarársandi en sums staðar nær að myndast samfellt gróðurlendi og skapast þar með nokkurt haglendi fyrir sauðfé.

Selur kæpir á ströndinni, bæði landselur og útselur.

Eignarhald: Að mestu í einkaeign.

Núverandi landnotkun: Beitiland og ferðaþjónusta, svo sem hestaferðir.

Forsendur fyrir verndun: Á Skeiðarársandi er eitt stærsta varp skúms á landinu og er hann auk þess talinn meðal mikilvægra selalátra á landinu. Fyrsta skipbrotsmannaskýli hérlendis var byggt á Skeiðarársandi árið 1904. Eitt þekktasta skipsstrandið á sandinum var árið 1667 þegar Het Wapen van Amsterdam strandaði þar.

Samkvæmt ábendingu frá fulltrúum heimsminjaskrár UNESCO er talið æskilegt að Skeiðarársandur allur verði með þegar óskað verður eftir tilnefningu Skaftafells á heimsminjaskrána.

III. Plöntusvæði, gróðurfar og jarðfræði.


a. Sjaldgæfar plöntutegundir.

i. Látraströnd – Náttfaravíkur.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 604 km² að stærð og tilheyrir Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit. Svæðið er á náttúruminjaskrá (svæði 512) fyrir fjölbreytilegt landslag og ríkulegan gróður og fyrir útivistargildi þess. Talið er mikilvægt að vernda svæðið sem friðland á grundvelli gróðurfars, en þar finnst fjöldi sjaldgæfra tegunda háplantna sem hafa takmarkaða útbreiðslu, jafnframt vegna gildis svæðisins fyrir útivist og ferðaþjónustu.

Mörk: Frá sjó við Hjalla norðan Grenivíkur, í Grenivíkurfjall og beint austur í Þjófadal. Um Grjótskálarhnjúk suður í Skessuhrygg og þaðan í austur í Austurfjall og þá norðaustur í Skessuskálarfjall og til sjávar í Hellisvík.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.



Svæðislýsing: Mjög fjölbreytilegt landslag með fjalllendi, láglendi og strandsvæðum. Nokkrar eyðijarðir eru á Látraströnd, í Fjörðum og á Flateyjardal. Kjörið útivistarsvæði til gönguferða og náttúruskoðunar. Fjölbreytt búsvæði með ríkulegum gróðri, svo sem gras- og votlendi við sjó og upp í fjallseggjar í meira en 1.000 m hæð. Þarna er sérstætt og óvenjufjölbreytt gróðurfar og margar sjaldgæfar og fremur sjaldgæfar háplöntutegundir. Gömul megineldstöð er á svæðinu með rhýólítmyndunum og tilheyrandi jarðhitaummyndun. Við ströndina norðaustan til gætir áhrifa frá Húsavíkur – Flateyjar-þverbrotabeltinu. Fornminjar og eyðijarðir tengdar sögnum.

Eignarhald: Eyðibyggð, mikið í einkaeign.

Núverandi landnotkun: Beit, útivist og ferðaþjónusta.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Svæðið hefur mikið verndargildi sakir sérstæðs og óvenjufjölbreytts gróðurfars. Þar er mikilfenglegt landslag með mikið útivistar- og fræðslugildi, sérstaklega vegna náttúrufars og sögu svæðisins.

Óvenjumargar sjaldgæfar tegundir finnst á svæðinu en það eru: eggtvíblaðka, finnungsstör, fjallabláklukka, fjallkrækill, fölvastör, hjartafífill, mánajurt, skollaber, skollakambur, skógfjóla og trjónustör.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Eggtvíblaðka	*Listera ovata*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Fjórir af allmörgum fundarstöðum
Finnungsstör	*Carex nardina*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Einn af >5 fundarstöðum
Fjallbláklukka	*Campanula uniflora*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Þrír af >5 fundarstöðum
Fjallkrækill	*Sagina caespitosa*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Tveir af >5 fundarstöðum
Fölvastör	*Carex livida*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Einn af nokkrum fundarstöðum
Hjartafífill	*Crepis paludosa*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Fimm af allmörgum fundarstöðum
Mánajurt	*Botrychium boreale*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Tveir af fjórtán fundarstöðum
Skollaber	*Cornus suecica*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Tíu af allmörgum fundarstöðum
Skollakambur	*Blechnum spicant*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Einn af nokkrum fundarstöðum
Skógfjóla	*Viola riviniana*	Háplanta	Sjaldgæf		Vex víða um land, afmörkuð svæði
Trjónustör	*Carex flava*	Háplanta	Sjaldgæf	EN	Fjórir af fimm fundarstöðum

Fjölmargar aðrar fremur sjaldgæfar plöntur eru á svæðinu eins og blöðrujurt (*Utricularia minor*), fjallalójurt (*Antennaria alpina*), grájurt (*Omalotheca sylvatica*), sóldögg (*Drosera rotundifolia*), mýraberjalyng (*Vaccinium microcarpus*), grænlilja (*Orthilia secunda*), blá-klukkulyng (*Phyllodoce coerulea*), fjallabrúða (*Diapensia lapponica*), þrenningarmaðra (*Galium trifidum*), lensutungljurt (*Botrychium lanceolatum*), skrautpuntur, kollstör (*Carex macloviana*), línstör (*Carex brunnescens*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*), sifjarsóley (*Ranunculus auricomus*), álftalaukur (*Isoëtes echinospora*), bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*), keldustör (*Carex magellanica*) og þúsundblaðarós (*Athyrium distentifolium*).

Eggtvíblaðka, skógfjóla, trjónustör og línarfi eru friðlýstar plöntutegundir samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978.


ii. Njarðvík – Loðmundarfjörður.

Hér er lagt til að allur Borgarfjarðarhreppur, alls um 468 km², verði verndaður. Hluti svæðisins hefur verið á náttúruminjaskrá um nokkurt skeið (svæði 606 og 607) vegna stórbrotins og sérstæðs landslags, bergmyndana og fjölskrúðugs og sérstæðs gróðurfars. Talið er mikilvægt að vernda svæðið á grundvelli gróðurfars, fjölda sjaldgæfra tegunda plantna, en jafnframt vegna jarðfræði svæðisins og gildis þess fyrir útivist og ferðaþjónustu. Lagt er til að svæðið verði verndað sem friðland.

Mörk: Svæðið nær frá Brimnesi í norðaustri í Tóarfjall og þaðan eftir fjallsbrúnum á hreppamörkum suður í 1.070 m tind á Botnsdalsfjalli um Súlur, Tindfell, Beinageitarfjall, Jónsfjall, Norðdalshnjúk, Herfell og Skýhnjúk. Þaðan eftir hæstu brúnum í sjó fram hjá Brimnesfjalli. Njarðvík, Borgarfjörður, Brunavík, Breiðavík og Loðmundarfjörður eru innan svæðisins en annars staðar miðast mörkin við sjó við 100 m línu frá landi.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Víðlent og fjölbreytt svæði, litríkar bergmyndanir, svo sem rhýólít, sérstæður gróður og grösug dalverpi. Á svæðinu er forn megineldstöð með fjölbreyttum bergtegundum. Borgarfjörður er stuttur og breiður fjörður og inn af fjarðarbotninum gengur grösugur dalur, en innst í honum er mikið berjaland. Í Partafjalli er skógur: birki, víðir og einir. Allt svæðið er með afar fjölbreyttum gróðri, en vesturhlíð Njarðvíkur og Landsendi við Loðmundarfjörð skera sig úr. Óvenjumikið er um sjaldgæfar plöntutegundir. Mikið varpland er í Hafnarhólma. Dyrfjöll eru áberandi kennileiti og einkennandi fyrir svæðið. Hvítserkur er óvenjulitauðugt og sérkennilegt fjall þar sem svartir berggangar liggja á víð og dreif um marglitt rhýólít. Stórurð, stórbrotið framhlaup er innan svæðisins. Í Loðmundarfirði eru malarhjallar í hlíðum sem eru merki um hærri stöðu sjávarborðs, og í kirkjugarðinum á Klyppsstöðum er að finna skeljabrot. Merkar jarðmyndanir, steinrunnir trjábolir og einnig er mikið um steindir og steina, svo sem bikstein, perlustein, baggalúta, jaspis og bergkristalla. Í Loðmundarfirði er sjávarlón með opinn ós til sjávar og miklar leirur.



Meðal menningarminja á svæðinu er Borgarfjarðarleið, forn þjóðleið, og eyðibyggðir, svo sem í Loðmundarfirði þar sem Loðmundur hinn gamli nam land. Fjölbreytt landslag hentugt til útivistar og gönguferða.

Eignarhald: Fjölmargir eigendur, einstaklingar, sveitarfélög og ríkið.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, ferðaþjónusta, fiskveiðar og útivist.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Sérstætt og fjölbreytt gróðurfar og óvenjumargar sjaldgæfar plöntutegundir gefa svæðinu mikið verndargildi. Allt svæðið er með afar fjölbreyttum gróðri, en vesturhlíð Njarðvíkur og Landsendi við Loðmundarfjörð skera sig þó úr. Þar er jafnframt stórbrotið landslag. Þá er svæðið vinsælt útivistarsvæði og hentugt til gönguferða. Eyðibyggðir og minjar um búsetu finnast víða og búsetulandslag áberandi á láglendi.

Fjöldi sjaldgæfra tegunda eru á svæðinu og lykiltegundir eru óvenjumargar eða alls 13: grábleðla, klettakræða, seltulauf, svarðskjóða, *Euopsis pulvinata,* ferlaufungur, lyngbúi, skollakambur, súrsmæra, stinnasef, eggtvíblaðka, ljósalyng og skógfjóla.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Eggtvíblaðka	*Listera ovata*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Ferlaufungur	*Paris quadrifolia*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Einn af allmörgum fundarstöðum
Grábleðla	*Lobothallia alphoplaca*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af sjö fundarstöðum
Klettakræða	*Cornicularia normoerica*	Flétta	Sjaldgæf	LR	Fimm af 13 fundarstöðum
Ljósalyng	*Andromeda polifolia*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Þrír af fjórum fundarstöðum
Lyngbúi	*Ajuga pyramidalis*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Tíu af 12–13 fundarstöðum
Seltulauf	*Cladonia strepsilis*	Flétta	Mjög sjaldgæf	EN	Einn af fjórum fundarstöðum
Skollakambur	*Blechnum spicant*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		Fjórir af allmörgum fundarstöðum
Skógfjóla	*Viola riviniana*	Háplanta	Sjaldgæf		Vex víða um land, takmarkað svæði
Stinnasef	*Juncus squarrosus*	Háplanta	Sjaldgæf		Tveir af örfáum fundarstöðum
Súrsmæra	*Oxalis acetosella*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Þrír af nokkrum fundarstöðum
Svarðskjóða	*Thrombium epigeum*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af sex fundarstöðum
	Euopsis pulvinata	Flétta	Sjaldgæf		Einn af 14 fundarstöðum


Aðrar sjaldgæfar háplöntutegundir eru: línstör (*Carex brunnecens*), bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*), sifjarsóley (*Ranunculus auricomus*), bergsteinbrjótur (*Saxifraga paniculata*), bláklukkulyng (*Phyllodoce coerulea*), lensutungljurt (*Botrychium lanceolatum*), mýrarberjalyng (*Vaccinium microcarpus*), hagastör (*Carex pulicaris*), hjallasveifgras (*Poa jemtlandica*), álftalaukur (*Isoëtes echinospora*), blöðrujurt (*Utricularia minor*), broddkrækill (*Sagina subulata*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*), fjallavorblóm (*Draba alpina*), grájurt (*Omalotheca sylvatica*), grástör (*Carex flacca*), grænlilja (*Orthilia secunda*), gullkollur (*Anthyllis vulneraria*), keldustör (*Carex magellanica*), kollstör (*Carex macloviana*), laugamaðra (*Galium uliginosum*), stóriburkni (*Dryopteris filix-mas*), trjónubrúsi (*Sparganium angustifolium*) og þúsundblaðarós (*Athyrium distentifolium*).

Á svæðinu finnast einnig ferlaufungur, lyngbúi, súrsmæra, eggtvíblaðka og skógfjóla sem eru friðlýstar plöntutegundir samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978.

b. Sérstætt gróðurfar.

i. Vatnshornsskógur.

Lagt er til að Klausturskógur í Vatnshornshlíð í Skorradal, alls um 2 km² að stærð, verði verndaður. Svæðið er í Skorradalshreppi og er á náttúruminjaskrá (svæði 238) vegna lítt snortins birkiskógar með hávöxnum trjám og gróskumiklum botngróðri. Talið er mikilvægt að vernda þessar leifar birkiskógarins á Vesturlandi sem búsvæði birkis.



Mörk: Mörk svæðisins fylgja vatnsborði Skorradalsvatns frá jarðamörkum Haga og Vatnshorns að Vatnshorni sem og þaðan upp Vatnshornshlíð upp fyrir skógarmörk og þaðan með skógarmörkum til baka að landi Haga.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Gamall, lítt snortinn skógur. Óvenjuhávaxið birki samanborið við annað birki á Vesturlandi. Gróskumikill botngróður. Skógurinn er friðaður fyrir beit.

Fjölbreytt fuglalíf er við ós Fitjaár.

Eignarhald: Skógrækt ríkisins og Skorradalshreppur.

Núverandi landnotkun: Skógurinn er notaður til útivistar.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Klausturskógur er náttúrlegur og hávaxinn birkiskógur sem ekki hefur verið raskað og er einn af fáum slíkum skógarleifum á Vesturlandi. Verndargildi skógarins er mikið vegna grósku hans og lítillar röskunar. Ekki liggja fyrir rannsóknir á gróðurfari eða dýralífi svæðisins.

c. Jarðfræðiminjar.

i. Geysir í Haukadal.

Lagt er til að svæðið umhverfis Geysi, alls um 2,2 km² að stærð, verði verndað. Svæðið er í Bláskógabyggð og hefur verið á náttúruminjaskrá um langt skeið (svæði 737) vegna jarð-

hitans og hveranna, sérstaklega Geysis. Talið er nauðsynlegt að vernda svæðið vegna gildis þess fyrir þjóðina og vegna alþjóðlegs verndargildis. Lagt er til að svæðið verði verndað sem náttúruvætti á grundvelli jarðhitans og hveravirkni.


Mörk: Geysissvæðið í Haukadal, ásamt 5 km jaðarsvæði umhverfis.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Svæðislýsing: Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Allt fram á 19. öld voru goshverir óþekkt fyrirbæri utan Íslands. Svæðið á sér langa rannsóknasögu og eru elstu ritaðar heimildir frá 1294 en þá breyttist svæðið mikið í kjölfar jarðskjálfta. Geysissvæðisins er getið í ferðabókum og ferðahandbókum allt frá 17. öld. Geysir gefur erlendum hverum nafn, „geyser", og hverahrúður er á erlendum málum oft kallað „geyserite". Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þekktastir. Marteinslaug er friðlýst sem fornminjar en þar var reist torfsundlaug og var þar sundkennsla fyrir börn í sveitinni. Árið 1894 keypti breskur maður hluta hverasvæðisins og rukkaði hann þá fyrir aðgang að því. Síðar gaf hann vini sínum svæðið. Árið 1935 keypti Sigurður Jónasson landið aftur og gaf það íslensku þjóðinni. Eftir að Geysissvæðið var girt af náði gróðurinn sér og eru þar þekktar yfir 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu til lengri tíma, m.a. á goshegðun Geysis og Strokks.

Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður.



Eignarhald: Einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, beit, orlofshús, ferðaþjónusta og útivist.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Helstu ástæður þess að talið er mikilvægt að verndar svæðið eru jarðhitinn og goshverirnir, fyrst og fremst Geysir, og verður að telja svæðið þjóðargersemi. Á svæðinu finnst fjöldi sjaldgæfra háplantna og nokkrar sem eru á válista.


Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Laugadepla	*Veronica anagallis-aquatica*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af >5 fundarstöðum
Vatnsnafli	*Hydrocotyle vulgaris*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af >5 fundarstöðum
Flóajurt	*Persicaria maculosa*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af >5 fundarstöðum
Ferlaufungur	*Paris quadrifolia*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Einn af >5 fundarstöðum
Naðurtunga	*Ophioglossum azoricum*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Einn af >5 fundarstöðum
Grámygla	*Filaginella uliginosa*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		
Fuglaertur	*Lathyrus pratensis*	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla		
Brönugrös	*Dactylorhiza maculata*	Háplanta	Algeng		Íslensk ábyrgðartegund
Friggjargras	*Platanthera hyperborea*	Háplanta	Algeng		Íslensk ábyrgðartegund

ii. Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg.

Það svæði sem lagt er til að vernda yst á Reykjanesskaga er um 113 km² að stærð og er innan marka sveitarfélaganna Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá nokkuð lengi (svæði 106) vegna jarðfræðilegs mikilvægis þess en einnig vegna lífríkis. Mjög mikilvægt er talið að vernda svæðið á grundvelli jarðfræði og eldvirkni, m.a. vegna Atlantshafshryggjarins. Lagt er til að svæðið verði verndað sem náttúruvætti vegna jarðfræðilegs mikilvægis.

Mörk: Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjarbungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. Karlinn og aðrir stapar fyrir ströndu eru innan svæðisins. Iðnaðarsvæðið á Reykjanesi telst ekki til fyrirhugaðs verndarsvæðis.

Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.



Svæðislýsing: Reykjaneshryggurinn, nyrsti hluti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem klýfur Atlantshafið í tvær úthafsplötur kemur á land á Reykjanesi. Ísland er eini staðurinn á jörðinni þar sem skoða má virkan úthafshrygg ofansjávar og hvergi er tengingin skýrari en á Reykjanesi. Aðrir hlutar hryggjarins (rekbeltanna) á Íslandi eru undir meiri áhrifum frá heita reitnum undir Íslandi og að því leyti ólíkari venjulegum úthafshryggjum. Á Reykjanesi sjást glögglega merki gliðnunar í sprungubeltum og sigdölum. Þar eru fallegar gígaraðir (t.d. Eldvörp og Stampar) og dyngjur (Skálafell, Háleyjarbunga og Sandfellshæð). Háleyjarbunga er úr pikríti sem er sjaldgæf bergtegund. Þar er öflugt og sérstætt jarðhitasvæði með fjölskrúðugum hveragróðri og volg sjávartjörn. Reykjanes er einstakt svæði til jarðfræðirannsókna og hefur mikið fræðslugildi. Í Hafnabergi er fjölskrúðug bjargfuglabyggð með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Hafnaberg er aðgengilegt til fuglaskoðunar og því tilvalið til fræðslu.

Eignarhald: Einkaeign og ríkiseign.

Núverandi landnotkun: Orkuframleiðsla, útivist, ferðaþjónusta og saltverksmiðja.

Lykiltegundir og forsendur fyrir verndun: Alþjóðlegt verndargildi svæðisins er mikið, einkum sakir þess að þetta er eini staðurinn í heiminum sem úthafshryggurinn kemur á land og er sýnilegur. Svæðið er einstakt til jarðfræðirannsókna og fræðslugildi þess er mikið. Þá eykur það gildi svæðisins að um 2–4% af kríustofninum verpir þar og að fjöldi sjaldgæfra jarðhitaplantna er mikill.

Tegund	Fjöldi fugla	Hlutfall af íslenskum stofni	Hlutfall af evrópskum stofni
Kría	8.200–10.500 pör	2–4	1–2
Rita	2.300 fuglar	<1	<1
Langvía	600 fuglar	<1	<1
Stuttnefja	80 fuglar	<1	<1
Álka	380 fuglar	<1	<1

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
Dvergtungljurt	*Botrychium simplex* var.	Háplanta	Sjaldgæf	DD	Einn af fáum fundarstöðum
Flóajurt	*Persicaria maculosa*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Fleiri en fimm fundarstaðir, vegna jarðhita
Giljaflækja	*Vicia sepium*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Fleiri en fimm fundarstaðir
Hveraburst	*Campylopus flexuosus*	Mosi		LR	Fundist á þremur svæðum, jarðhitategund
Hæruburst	*Campylopus introflexus*	Mosi	Fremur algeng	VU	Þarf að fara af válista
Laugaseti	*Entosthodon attenuatus*	Mosi		LR	Fjórir fundarstaðir, jarðhitategund
Naðurtunga	*Ophioglossum azoricum*	Háplanta	Sjaldgæf	LR	Fleiri en 5 fundarstaðir, vegna jarðhita
	Cladonia humilis	Flétta	Sjaldgæf		
	Bryum subapiculatum	Mosi			Fimm fundarstaðir, jarðhitategund
	Campylopus pyriformis	Mosi			Fjórir fundarstaðir, jarðhitategund
	Riccia beyrichiana	Mosi			Fundist á ellefu stöðum, jarðhitategund
	Didymodon tophaceus	Mosi			Fundist á sjö stöðum, jarðhitategund

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsenda verndar
	Marsupella funckii	Mosi			Tveir fundarstaðir, jarðhitategund
	Riccia cavernosa	Mosi			Tveir fundarstaðir, jarðhitategund

717. Breytingartillaga [447. mál]

við frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá Þuríði Backman.

Við 1. mgr. 21. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lög þessi koma þó eigi til framkvæmda fyrr en nefnd sem Alþingi kýs með fulltrúum allra þingflokka hefur farið yfir ákvæði þeirra í því skyni að ná sátt um þau, skilað Alþingi tillögum og þingið tekið afstöðu til þeirra.

718. Fyrirspurn [478. mál]

til landbúnaðarráðherra um Flatey á Mýrum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hverjar hafa verið leigutekjur af ríkishluta jarðar Flateyjar á Mýrum undanfarin fimm ár?
2. Mun ráðherra segja upp leigusamningi jarðarinnar með tilliti til þess að landið er ekki lengur nytjað til landbúnaðar?

719. Þingsályktun [461. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 668.

720. Lög [428. mál]

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 705.

721. Lög [447. mál]

um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 706.

722. Lög [450. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 643.

723. Lög [460. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 662.

724. Lög [186. mál]

um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 714.

725. Svar [295. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um æskulýðs- og tómstundamál.

1. *Er hafinn undirbúningur að stofnun sérstakrar skrifstofu íþrótta-, félags- og tómstundamála? Ef svo er, hvernig miðar undirbúningnum og hverjir munu vinna hjá stofnuninni?*

Í gildi er auglýsing um menntamálaráðuneytið, dags. 2. maí 2003, sem birt er í Stjórnartíðindum. Skrifstofur ráðuneytisins eru fjórar, skrifstofa ráðherra og ráðuneytisstjóra, skrifstofa menningarmála, skrifstofa menntamála og skrifstofa vísinda. Svið ráðuneytisins eru fjögur, þ.e. almennt svið, fjármálasvið, lögfræði- og stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Skrifstofa menningarmála hefur umsjón með stjórnsýslu og stefnumótun í menningarmálum. Þar er m.a. fjallað um málefni lista og menningararfs, fjölmiðlamál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Ráðuneytið telur að íþrótta-, félags- og tómstundamálum sé vel fyrir komið innan ráðuneytisins samkvæmt núverandi skipulagi.

2. *Hefur verið sett reglugerð um úthlutun styrkja til samtaka á sviði félags- og tómstundamála? Ef ekki, hvenær áætlar ráðherra að slík reglugerð verði sett?*

Til að unnt sé að setja reglugerð um úthlutun styrkja til samtaka á sviði félags- og tómstundamála þyrfti sérstaka lagaheimild sem ekki er fyrir hendi. Á fjárlögum er sérstakur fjárlagaliður sem ber heitið Ýmis æskulýðsmál 02-988- 1.90. Á árinu 2003 hefur ráðuneytið til ráðstöfunar til alls málaflokksins 2.500 þús.kr., en árið 2002 nam sú fjárveiting 2.900 þús. kr. og 2.300 þús. kr. árið 2001. Ráðuneytið hefur úthlutað af þessum lið til annarra æskulýðssamtaka en þeirra sem fá fjárveitingar beint af fjárlögum. Hækkun hefur orðið á fjárveitingum til málaflokksins á fjárlögum undanfarin ár. Frá 1994 til 2003 hækkuðu fjárveitingar til þessa málaflokks um 265% að raungildi.

3. *Hverjir skipa fulltrúa í Æskulýðsráð ríkisins og hvaða samtök eiga þar sæti?*

Kveðið er á um skipan Æskulýðsráðs ríkisins í lögum um æskulýðsmál, nr. 24/1970. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar, Samband íslenskra sveitarfélaga skipar einn fulltrúa og einn til vara. Þá eru þrír fulltrúar og þrír til vara kjörnir á sérstökum kjörfundi er ráðuneytið boðar til. Á þann fund eru boðaðir bréflega fulltrúar æskulýðssamtaka. Í núverandi Æskulýðsráði eiga sæti einstaklingar sem eru í eftirtöldum samtökum: AFS – Alþjóðleg ungmennaskipti og fræðsla, Bandalagi íslenskra skáta, Iðnnemasambandi Íslands, Landssambandi KFUM og KFUK, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands, æskulýðssviði Biskupsstofu og tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, annar fulltrúinn er framkvæmdastjóri menningar-, íþrótta- og tómstundasviðs

Reykjanesbæjar og hinn æskulýðsfulltrúi Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Á fundi Æskulýðsráðs ríkisins eru varamenn ávallt boðaðir.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir að efla regnhlífasamtök á borð við Æskulýðssamband Íslands eða stuðla að stofnun nýrra samtaka?*

Í skýrslu nefndarinnar kemur skýrt fram að samstaða hafi verið meðal fulltrúa félags- og tómstundasamtaka um að þörf sé á að koma á laggirnar nýju samstarfi æskulýðssamtaka á landsvísu. Slík samtök eru landssamband æskulýðssamtaka. Þannig samstarf er mikilvægur vettvangur þessara aðila með tilliti til samskipta við sambærileg landssambönd æskulýðssamtaka á Norðurlöndunum og æskulýðsvettvang Evrópu (Youth Forum). Ráðuneytið telur að slíkt frumkvæði eigi að koma frá æskulýðssamtökunum sjálfum. Ráðuneytið mundi styðja stofnun slíkra samtaka.

5. *Hefur verið stofnaður sérstakur tómstundasjóður barna og ungmenna (æskulýðssjóður)? Ef svo er, hver sér um þann sjóð? Hverjir hafa fengið fé úr honum og hve mikið sl. fimm ár?*

Slíkur sjóður hefur ekki verið til en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að fjármunir verði settir í sérstakan æskulýðssjóð. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að 6 millj. kr. renni í slíkan sjóð.

726. Svar [441. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um rækjuveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið af úthlutuðum rækjukvóta náðist ekki að veiða síðustu fimm fiskveiðiár? Svarið óskast sundurliðað eftir skipaskrárnúmerum, nöfnum, stærð og eigendum skipanna.

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu um svar við fyrirspurninni og er svar hennar eftirfarandi.

Skýringar við töflur.

Rétt er að hafa í huga að aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru á hverju fiskveiðiári eru settar saman af úthlutuðu aflamarki ársins á grundvelli ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um leyfilegan heildarafla og aflamarki sem flutt er frá fyrra fiskveiðiári eða af næsta fiskveiðiári. Þannig er til að mynda heimilt að flytja sem svarar 20% af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiárs í úthafsrækju til næsta fiskveiðiárs og 5% af aflamarki innfjarðarækju. Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark í úthafsrækju og 3% af aflamarki innfjarðarækju og greiðist umframveiðin af aflamarki næsta fiskveiðiárs. Í töflunum hér á eftir merkir „Óveiddur afli“ því það sem eftir stendur af aflaheimildum í lok fiskveiðiárs en „Fellur ónotað“ er sá hluti eftirstöðva aflaheimilda sem er umfram heimild til flutnings milli fiskveiðiára.

Upplýsingarnar miðast í megindráttum við eiganda skips í upphafi hvers fiskveiðiárs. Erfitt er og naumast kleift að eltast nákvæmlega við eigendabreytingar skipa með tilliti til afla og aflaheimilda í hverju tilviki. Það þýðir að í einhverjum tilvikum eru upplýsingar um aflaheimildastöðu eftir eigendum ekki nákvæmar.

Úthlutað rækjuaflamark skiptist í tíu tegundir á fiskveiðiárunum 1998/1999–2002/2003 eftir svæðum og rækjustofnum. Síðustu tvö fiskveiðiár hefur verið greint milli stofna innfjarðarækju í aflaskráningarkerfinu Lóðs. Í töflu 1 eru tölur um aflaheimildir og afla í hverri tegund á hverju fiskveiðiári, eftirstöðvar aflamarks í lok fiskveiðiárs og þann hluta eftirstöðva aflamarks sem ekki var hægt flytja til næsta fiskveiðiárs.

Í töflu 2 eru sýndar eftirstöðvar aflamarks í mismunandi rækjutegundum fiskveiðiárin 1998/1999–2002/2003 skipt eftir eigendum skipa sem aflaheimildirnar voru skráðar á og einnig sá hluti aflaheimildanna sem felldur var niður óveiddur í lok fiskveiðiárs. Upplýsingarnar ná til aflaheimilda í eigu einstakra fyrirtækja eða félaga sem skráð voru fyrir aflamarki í rækju. Upplýsingar um aflaheimildir í eigu einstaklinga eru teknar saman í eina tölu í hverju tilviki.

Í töflu 3 kemur fram óveitt aflamark í rækju eftir skipanúmeri, nafni skips, stærð skips og eiganda fiskveiðiárin 1998/1999–2002/2003.

Tafla 1. Aflaheimildir í rækju fiskveiðiárin 1998/1999–2002/2003, afli, eftirstöðvar aflaheimilda í lok fiskveiðiárs og aflaheimildir sem féllu niður ónýttar í lok fiskveiðiárs.
Magn í kg.

Fisktegund	Aflaheimild	Afli	Óveitt	Fellur ónotað
Fiskveiðiárið 98/99				
Úthafsrækja	55.111.371	30.687.896	24.423.475	16.523.411
Rækja á Flæmingjagrunni	9.299.998	9.274.159	25.839	33.884
Innfjarðarækja	5.023.441	4.946.030	77.411	80.443
Samtals	**69.434.810**	**44.908.085**	**24.526.725**	**16.637.738**
Fiskveiðiárið 99/00				
Úthafsrækja	27.907.134	20.677.143	7.229.991	3.594.032
Rækja á Flæmingjagrunni	10.099.999	8.907.834	1.192.165	1.192.165
Rækja á Flæmingjagrunni 3 L	66.998	66.613	385	4.545
Innfjarðarækja	3.320.447	3.243.420	77.027	322
Samtals	**41.394.578**	**32.895.010**	**8.499.568**	**4.791.064**
Fiskveiðiárið 00/01				
Úthafsrækja	28.635.962	22.052.234	6.583.728	1.958.547
Rækja á Flæmingjagrunni	10.099.999	5.301.382	4.798.617	4.798.617
Rækja á Flæmingjagrunni 3 L	66.999	13.973	53.026	53.026
Innfjarðarækja	2.231.634	2.128.693	102.941	80.170
Samtals	**41.034.594**	**29.496.282**	**11.538.312**	**6.890.360**
Fiskveiðiárið 01/02				
Úthafsrækja	39.625.361	27.353.656	12.271.705	5.325.717
Rækja á Flæmingjagrunni	9.000.001	5.741.411	3.258.590	3.258.590
Rækja á Flæmingjagrunni 3 L	67.001	51.884	15.117	23.762
Arnarfjarðarrækja	761.328	752.053	9.275	0
Rækja í Djúpi	1.502.886	1.497.174	5.712	0
Skagafjarðarrækja	215	215	0	0
Öxarfjarðarrækja	162.423	92.139	70.284	65.940
Rækja í Skjálfanda	1.530	1.530	0	0
Innfjarðarækja	50.100	50.048	52	52
Samtals	**51.170.845**	**35.540.110**	**15.630.735**	**8.674.061**
Fiskveiðiárið 02/03				
Úthafsrækja	36.945.989	24.326.677	12.619.312	6.723.414
Rækja á Flæmingjagrunni	13.500.002	4.433.523	9.066.479	9.066.479
Rækja á Flæmingjagrunni 3 L	144.001	0	144.001	144.001
Arnarfjarðarrækja	672.466	636.729	35.737	3.287
Rækja í Djúpi	1.011.682	988.531	23.151	319
Skagafjarðarrækja	254	254	0	0
Öxarfjarðarrækja	9.051	4.707	4.344	4.344
Rækja í Skjálfanda	4.956	4.956	0	0
Rækja í Breiðafirði	50.000	200	49.800	47.300
Samtals	**52.338.401**	**30.395.577**	**21.942.824**	**15.989.144**

Tafla 2. Árlegar eftirstöðvar aflaheimilda í rækju og magn aflaheimilda sem féllu niður óveiddar fiskveiðiárin 1998/1999–2002/2003. Magn í kg.

												1998/1999 – 2002/2003	
		Fiskveiðiárið 98/99		Fiskveiðiárið 99/00		Fiskveiðiárið 00/01		Fiskveiðiárið 01/02		Fiskveiðiárið 02/03		Samtals	
Nafn eiganda	Fisktegund	Óveitt	Fellur ónotað	Óveitt	Fellur ónotað	Óveitt	Fellur ónotað	Óveitt	Fellur ónotað	Óveitt	Fellur ónotað	Óveitt	Fellur ónotað
Einstaklingar 182		1.270.334	867.597	1.073.652	863.383	1.199.355	1.108.802	671.150	622.872	521.273	471.166	4.735.764	3.933.820
Otur ehf.	Úthafsrækja	25.357	25.357									25.357	25.357
Nesfiskur hf.	Úthafsrækja							180.815	57.731	407.523	302.022	588.338	359.753
Þróunarsjóður sjávarútvegs	Úthafsrækja	840	840									840	840
Ögmundur ehf.	Úthafsrækja					34.566	34.566					34.566	34.566
Háanes hf.	Úthafsrækja	8.628	8.628	164.496	139.000	31.924	50	254.995	210.371	0	0	460.043	358.049
K G fiskverkun ehf.	Úthafsrækja					116.238	0	2.125	2.076	258	258	118.621	2.334
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf.	Úthafsrækja					48.382	886	1.190.568	1.190.568	1.678.135	1.678.135	2.917.085	2.869.589
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni					1.056.467	1.056.467					1.056.467	1.056.467
Guðfinnur ehf.	Úthafsrækja									36.000	36.000	36.000	36.000
Þorbjörn Fiskanes hf.	Úthafsrækja	781.554	510.189	160.241	136	241.033	0	443.057	78.322	312.629	0	1.938.514	588.647
Þórsnes ehf.	Úthafsrækja	21.394	0	10.632	64	13.088	0	35.967	17.470	48.462	32.608	129.543	50.142
Sólrún ehf.	Úthafsrækja	0	0	44.186	44.186	14.997	330	25.832	5.298	41.830	41.830	126.845	91.644
Ásver ehf., útgerðarfélag	Úthafsrækja	16.484	13.832	16.154	14.844	618	0	62.084	62.084			95.340	90.760
Ásver ehf., útgerðarfélag	Innfjarðarækja	-1.200	0	0	0							-1.200	0
Hafsúlan ehf.	Úthafsrækja	8.653	8.653	25.294	25.294	0	0	35.850	35.850			69.797	69.797
Hafsúlan ehf.	Innfjarðarækja	-675	0	0	0							-675	0
Bjarni Kjartansson ehf.	Úthafsrækja							34.906	34.906			34.906	34.906
Álmáni ehf., Ísafjarðarbær	Úthafsrækja	1.000	1.000									1.000	1.000
Hlaðir ehf.	Úthafsrækja	111.725	87.974	17.301	5.568	25.002	4.184	16.643	0	65.091	40.109	235.762	137.835
Skálar ehf.	Úthafsrækja	59.190	2.544	124.989	97.007	0	0					184.179	99.551
Sæfell hf.	Úthafsrækja	61.150	52.147	4.447	0	5.560	0	3.283	0	6.642	0	81.082	52.147
Gunnbjörg hf.	Úthafsrækja			119	119	0	0					119	119
Gunnbjörg hf.	Innfjarðarækja			0	0							0	0
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf.	Úthafsrækja	100.000	100.000									100.000	100.000
Útgerðarfél. Hersir ehf.	Úthafsrækja									10.375	10.375	10.375	10.375
Lómur hf.	Úthafsrækja	21.781	21.781	85.485	32.658	710	710					107.976	55.149
Sigurbára ehf.	Úthafsrækja	18.500	18.500									18.500	18.500
Hafdís ehf.	Úthafsrækja	13.210	11.265	0	0	0	0	8.408	6.727	1.441	0	23.059	17.992
Ýmir ehf. Bíldudal	Úthafsrækja			0	0	0	0	0	0			0	0
Ýmir ehf. Bíldudal	Arnarfjarðarrækja							-3.526	0	5.417	0	1.891	0
Ýmir ehf. Bíldudal	Innfjarðarækja	-840	0	3	0	937	0					100	0

		Fiskveiðiárið 98/99		Fiskveiðiárið 99/00		Fiskveiðiárið 00/01		Fiskveiðiárið 01/02		Fiskveiðiárið 02/03		1998/1999 – 2002/2003 Samtals	
Nafn eiganda	**Fisktegund**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**
Vesturljós ehf.	Úthafsrækja	181.136	129.522									181.136	129.522
Grenó ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni							0	0	0	0	0	0
Grenó ehf.	Rækja á Flæmingjagr. 3 L							0	0	0	0	0	0
Hælsvik ehf.	Úthafsrækja	2.099	2.098									2.099	2.098
Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.	Úthafsrækja			1	1	1	1	2	2	0	0	4	4
Gullfell ehf.	Úthafsrækja									305	305	305	305
Heimaskagi ehf.	Úthafsrækja	38.400	38.400									38.400	38.400
Andromeda ehf.	Úthafsrækja							4.220	4.220			4.220	4.220
Frosti ehf.	Úthafsrækja	46.950	43.060	11.745	9.824	-778	0	8.064	4.701	56.921	54.038	122.902	111.623
Grjótnes sf.	Úthafsrækja	52.000	52.000	68.735	68.735							120.735	120.735
Víkurfiskur sf.	Úthafsrækja					2.847	2.847	6.850	6.850			9.697	9.697
Útgerðarfélagið Skaginn ehf.	Úthafsrækja									3.000	3.000	3.000	3.000
Öxl ehf.	Úthafsrækja			0	0							0	0
Geir ehf.	Úthafsrækja	883	753	0	0	0	0	562	450	593	497	2.038	1.700
Byggðastofnun	Úthafsrækja							20.872	20.872	52.473	52.473	73.345	73.345
Röst sf.	Úthafsrækja			30.000	30.000	115	115	0	0	0	0	30.115	30.115
Útvík ehf.	Úthafsrækja	14.695	14.695	0	0							14.695	14.695
Guðmundur Guðmundsson hf.	Úthafsrækja	60.869	40.124	2.130	0	16.509	3.698	54.801	36.865	39.621	24.247	173.930	104.934
Guðmundur Guðmundsson hf.	Innfjarðarækja	3.293	0	0	0							3.293	0
Fiskanes hf.	Úthafsrækja	147.528	77.506	-4.116	153	16.402	783					159.814	78.442
Vís ehf.	Úthafsrækja	1.704	1.453	870	746	0	0	0	0	3.277	3.091	5.851	5.290
Vís ehf.	Rækja í Djúpi							0	0	132	0	132	0
Vís ehf.	Innfjarðarækja	-83	0	2.328	0	-1.304	0					941	0
Lóðsinn ehf.	Úthafsrækja							0	0			0	0
Vör ehf.	Úthafsrækja	27.400	27.400									27.400	27.400
Pétur Jónsson ehf.	Úthafsrækja									185.613	46.561	185.613	46.561
Útgerðarfélagið Haukur hf.	Úthafsrækja	36.428	31.065	2.649	0	2.097	0	25.281	20.644	0	0	66.455	51.709
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	Úthafsrækja	20.842	9.350	5.677	0	7.000	0	10.415	479	0	0	43.934	9.829
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Úthafsrækja	190.733	142.964	23.288	0	29.500	0	142.865	101.565	268.680	74.586	655.066	319.115
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Rækja á Flæmingjagrunni	0	0	179.979	179.979					271.288	271.288	451.267	451.267
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	Úthafsrækja	20.842	9.350	5.677	0	7.000	0	10.415	479	0	0	43.934	9.829
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Úthafsrækja	190.733	142.964	23.288	0	29.500	0	142.865	101.565	268.680	74.586	655.066	319.115
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Rækja á Flæmingjagrunni	0	0	179.979	179.979					271.288	271.288	451.267	451.267
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Rækja á Flæmingjagr. 3 L									2.893	2.893	2.893	2.893
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Innfjarðarækja	0	0									0	0
Knarrareyri ehf.	Úthafsrækja	3.994	0	1.949	0	2.467	0	4.764	1.311	32.076	32.076	45.250	33.387
Hólmadrangur hf.	Úthafsrækja	413.092	244.293	78.037	0							491.129	244.293

		Fiskveiðiárið 98/99		Fiskveiðiárið 99/00		Fiskveiðiárið 00/01		Fiskveiðiárið 01/02		Fiskveiðiárið 02/03		1998/1999 – 2002/2003 Samtals	
Nafn eiganda	**Fisktegund**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**
Hólmadrangur hf.	Rækja á Flæmingjagrunni	0	0	0	0							0	0
Hólmadrangur hf.	Rækja á Flæmingjagr. 3 L			0	0							0	0
Útgerðarfélagið Marína ehf.	Úthafsrækja			9.083	0	0	0	35.005	1	0	0	44.088	1
Útgerðarfélagið Marína ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni			2	2	159	159					161	161
Útgerðarfélagið Enni hf.	Úthafsrækja	11.646	8.420									11.646	8.420
Skinney – Þinganes hf.	Úthafsrækja	230.575	230.575	42.782	42.782	11.446	0	77.865	640	66.192	0	428.860	273.997
Stakkavík ehf.	Úthafsrækja					31.837	31.837	59.200	59.200			91.037	91.037
Sólberg ehf.	Úthafsrækja	680	542	999	931	350	265	1.402	1.122	102	0	3.533	2.860
Sólberg ehf.	Rækja í Djúpi							-595	0	400	0	-195	0
Sólberg ehf.	Rækja í Breiðafirði									0	0	0	0
Sólberg ehf.	Innfjarðarækja	-456	0	6.370	21	-1.341	0	0	0			4.573	21
Snæfell hf.	Úthafsrækja	912.476	728.974	159.585	68.939	211.008	3.774					1.283.069	801.687
Þröskuldar ehf.	Úthafsrækja			24.603	132							24.603	132
Sigurður Ágústsson ehf.	Úthafsrækja	582.134	442.664	84.635	15.781	168.176	16.004	535.747	322.490	191.182	158.594	1.561.874	955.533
Sigurður Ágústsson ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni	0	0									0	0
Sigurður Ágústsson ehf.	Rækja í Djúpi							-3.894	0			-3.894	0
Flói ehf.	Úthafsrækja					0	0					0	0
Valtýr Þorsteinsson ehf.	Úthafsrækja	136.557	70.431	37.528	4.863	40.836	0	256.887	256.887			471.808	332.181
Erlingur ehf.	Úthafsrækja	937	937									937	937
Háigarður ehf.	Úthafsrækja	15.457	32	7.619	0							23.076	32
Búlandstindur hf.	Úthafsrækja	235.085	194.598	39.056	3.080							274.141	197.678
Freydís sf.	Úthafsrækja			0	0	0	0			0	0	0	0
Freydís sf.	Rækja í Djúpi							317	0	0	0	317	0
Freydís sf.	Innfjarðarækja	30	0	3.172	0	1.179	0					4.381	0
Hraðfrystihúsið Norðurtangi	Úthafsrækja	21.000	756									21.000	756
Hraðfrystihúsið Norðurtangi	Rækja á Flæmingjagrunni	2	2									2	2
Spillir ehf.	Úthafsrækja	129	129							16.000	16.000	16.129	16.129
Spillir ehf.	Rækja í Djúpi									3.245	0	3.245	0
Grímsnes ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni			0	0							0	0
Særún ehf.	Úthafsrækja	451.571	451.571	25.603	7.887	16.831	0	30.943	0	0	0	524.948	459.458
Sólborg ehf.	Úthafsrækja	2.201	1.877	160	0	0	0	280	0	1.481	1.241	4.122	3.118
Keilir KE 111 ehf.	Úthafsrækja					0	0					0	0
Kristján Guðmundsson hf.	Úthafsrækja	9.082	9.026	339.703	309.675							348.785	318.701
Kristján Guðmundsson hf.	Rækja á Flæmingjagrunni	0	0	0	0							0	0
Þórir sf.	Úthafsrækja	0	0									0	0
Þórir sf.	Skagafjarðarrækja							0	0	0	0	0	0
Þórir sf.	Innfjarðarækja	-5.428	0	-1.409	0	0	0					-6.837	0

		Fiskveiðiárið 98/99		Fiskveiðiárið 99/00		Fiskveiðiárið 00/01		Fiskveiðiárið 01/02		Fiskveiðiárið 02/03		1998/1999 – 2002/2003 Samtals	
Nafn eiganda	**Fisktegund**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**	**Óveitt**	**Fellur ónotað**
Brotsjór ehf. /Ingvi Harðarson	Úthafsrækja							0	0			0	0
Ker hf.	Úthafsrækja							66.500	6			66.500	6
Þingey ehf.	Úthafsrækja					33.100	33.100					33.100	33.100
Saltver ehf.	Úthafsrækja	194.170	69.375	74.753	13.107	76.877	0	107.869	0	1.040.411	947.930	1.494.080	1.030.412
Hánes ehf.	Úthafsrækja							1.493	1.493	4.982	4.982	6.475	6.475
Kópnes ehf.	Úthafsrækja							12.004	12.004	3.893	3.893	15.897	15.897
Kista ehf.	Úthafsrækja			143.330	50.379	0	0			229.066	2.624	372.396	53.003
Kista ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni			0	0					51.446	51.446	51.446	51.446
Kista ehf.	Rækja á Flæmingjagr. 3 L			0	0					0	0	0	0
Kross ehf.	Úthafsrækja	16.900	16.900									16.900	16.900
Rækjuver ehf.	Úthafsrækja	7.972	7.972	0	0	0	0	0	0			7.972	7.972
Rækjuver ehf.	Arnarfjarðarrækja							1.190	0	2.708	0	3.898	0
Rækjuver ehf.	Innfjarðarækja	18	0	-784	0	1.189	0					423	0
Trausti ehf.	Úthafsrækja	53.763	31.721	7.697	0	0	0					61.460	31.721
Trausti ehf.	Rækja á Flæmingjagrunni			0	0							0	0
Marteinn Haraldsson ehf.	Úthafsrækja			12.744	12.744			3.100	3.100			15.844	15.844
Gandí ehf.	Úthafsrækja	43.740	36.123	3.700	0							47.440	36.123
Fagrimúli ehf.	Úthafsrækja									6.508	6.508	6.508	6.508
Sjólaskip hf.	Úthafsrækja					0	0					0	0
Vídalín ehf.	Úthafsrækja					0	0					0	0
Glitnir hf.	Innfjarðarækja	79	0									79	0
Guðmundur Runólfsson hf.	Úthafsrækja			57.770	0	0	0	0	0	0	0	57.770	0
Guðmundur Runólfsson hf.	Rækja á Flæmingjagrunni					429.979	429.979					429.979	429.979
Guðmundur Runólfsson hf.	Rækja á Flæmingjagr. 3 L			0	0	0	0					0	0
2197	Örvar	Síldarvinnslan hf.	736,37					0
2204	Sveinn Rafn	Andromeda ehf.	271,86				4.220	
2204		Landsbanki Íslands hf. lög	271,86		0			
2204		Landsbanki Íslands höfuðstöðvar	271,86					0
2212	Baldvin Þorsteinsson	Samherji hf.	1225,3					168.865
2212	Guðbjörg	Samherji hf.	1225,3	0				
2216	Húsvíkingur	Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	1018,9	187.133	0			
2218	Hjalteyrin	Hjalteyrin, útgerðarfélag	846,14				799.289	0
2218	Snæfell	Snæfell hf.	846,14			195.000		
2218		Útgerðarfélagið Njörður hf.	846,14	0				
2233	Jóna Eðvalds	Skinney hf.	441,33	48	24			
2233		Skinney–Þinganes hf.	441,33			0	0	0
2235	Snotra	Njáll Helgason	8,13	12.200				
2240	Búi	Stefán Stefánsson	9,12		18.457			
2240	Kári	Grenó ehf.	9,12				0	0
2242	Orri	Básafell hf.	776,88		369.926			
2242		Hraðfrystihúsið Norðurtangi	776,88	21.002				
2249	Helga	Ingimundur hf.	1066,3	341.225	0			
2253	Elliði	Haraldur Böðvarsson hf.	731	61.000	0			
2262	Rauðinúpur	Jökull hf.	428,28		119.895			
2262		Raufi ehf.	428,28	286.192				
2262		Útgerðarfélag Akureyringa hf.	428,28			176.197	245.877	225.309
2265	Arnar	Skagstrendingur hf.	1063	0	42.949	53.744	109.258	57.703
2266	Helga Björg	Skagstrendingur hf.	490,2	1.662				
2274	Sandvík	Tindur ehf.	29,17	-3.928	-2.974	0		
2276	Hersir	Ljósavík hf.	605,36	0				
2279	Lómur	Lómur hf.	370,51	0				
2281	Sighvatur Bjarnason	Bárustígur ehf.	666		0	0		
2285	Geiri Péturs	Geiri Péturs ehf.	272,25	375.484	107.758	129.667	227.801	167.611
2286	Bliki	BGB – Snæfell hf.	419,74	132.139	30.464	5.403		
2287	Bjarni Ólafsson	Runólfur Hallfreðsson ehf.	984,19	109.891	7.992	0		
2288	Pétur Jónsson	Pétur Stefánsson	1068,9	478.732	607.475	76.404	257.921	
2288		Pétur Stefánsson ehf.	1068,9					2.559.710
2289	Stakkavík	Stakkavík ehf.	11,4			31.837		
2309	Ólöf	Guðni Kristján Ásgrímsson	10,69			12.939	250	

Sknr.	Nafn skips	Eigandi skips	Stærð (brl)	Aflaheimild - afli Fiskveiðiár 98/99	99/00	00/01	01/02	02/03
2313	Örn	Sólbakki ehf.	135,02					83
2329	Guðmundur Ólafur	Garðar Guðmundsson hf.	700,93					35.718
2329		SR–mjöl hf.	700,93				143.352	
2332	Askur	Ljósavík hf.	605,36	299.328	151.856	265.319	657.801	153.119
2333	Aron	Knarrareyri ehf.	126,77	3.994	1.949	2.467	4.764	0
2334	Óli í Sandgerði	Haraldur Böðvarsson hf.	547,29	56.000	0			
2354	Valdimar	Þorbjörn Fiskanes hf.	344,33				100.019	85.730
2354	Vesturborg	Valdimar ehf.	344,33		0	3.873		
2363	Gullberg	Ufsaberg ehf.	699,49		0	0	1.591	1.681
2371	Gandí	Gandi ehf.	279,08		3.700			
2371		Vinnslustöðin hf.	279,08			0		
2395	Bríx	Þiljur ehf., útgerðarfélag	29,6		1.453	2.055	74.021	2.708
2400	Valur	Lárus L. Guðmundsson	29,93					319
2408	Geir	Geir ehf.	115,73		0	0	562	593
2410	Vilhelm Þorsteinsson	Samherji hf.	1632,5		25.000	31.045	44.110	37.329
2411	Huginn	Huginn ehf.	1135,7					142.206
2412	Ásgrímur Halldórsson	Þingey ehf.	651,68			33.100		
2433	Björn	Dynjandi ehf. útgerð	209				1.006	2.504
2433	Smáey	Bergur–Huginn ehf.	209			294.480		
2438	Petra	Einar Albert Gunnarsson	7,09				0	
2446	Þorlákur	Jakob Valgeir ehf.	156,59			210	291	269
2449	Helga	Ingimundur hf.	209,99				200.000	
2454	Ýmir	Ýmir ehf. Bíldudal	94,7			937	-3.526	5.417
2460	Sildey	Síldey ehf.	250,95				0	
2462	Rúna	Útgerðarfélagið Rún sf.	94,7				0	
2464	Garðar	Oddi hf.	94,7					4.264
2475	Sigurbjörg	Sigurbjörg Jónsdóttir ehf.	94,7				8.039	2.526
2530	Svanur	Svanur RE 45 ehf.	863,99				46.241	39.635
2550	Sléttbakur	Útgerðarfélag Akureyringa hf.	1094,2					171.109
5132	Ósk	Sigursteinn Óskarsson	3	311				
5239	Rýta	Ingólfur Þorleifsson	2,03		204			
5239		Jakob Valgeir ehf.	2,03			0		
5296	Rósa	Ríkharður Reynisson	5,01			30.406		
5358	Vísir	Agnar Þórisson	1,78	0				
5362	Hafdís	Ólafur Guðmundur Jóhannesson	5,09	5.844		7.438		
5390	Siggi	Þorlákur Sigurðsson	4,87			8.500		
5418	Eyrún	Jón Sigurðsson	2,86	2.100				
5466	Hreifi	Helgi Héðinsson	1,5				0	
5493	Árni	Bragi Sigurðsson	6,09		10.000			
5525	Bjarki	Helgi Héðinsson	3,81	2.188	1.643	7.758		
5581	Egill	Njáll Halldórsson	3,43	0				
5655	Tjaldur	Jens Kristjánsson	2,66			5.537		
5678	Blik	Útvík ehf.	3,42	6.361				
5836	Júlíus	Óli B Gunnarsson	5,31		16.255			
5889	Hrönn	Ragnar Hjaltason	2,17				7.010	
6083	Óli málari	AÓA útgerð ehf.	3,28				5.870	
6084	Harpa	Börkur Jónsson	2,17				0	
6095	Hafbjörg	Bergsteinn Garðarsson	2,19			427		
6110	Eyrún	Vilhjálmur Hendriksson	2,17	3.500		3.349		
6154	Ölduljón	Dala–Rafn ehf.	5,04	6.000				
6175	Bravo	Hjálmar Guðnason	7,16	730		1.408		
6181	Eva	Ton Khorchai	4,89				237	
6186	Frosti	Hreinn Sverrisson	3,4			8.940		

Sknr.	Nafn skips	Eigandi skips	Stærð (brl)	Aflaheimild - afli Fiskveiðiár 98/99	99/00	00/01	01/02	02/03
6195	Sædís	Knarrareyri ehf.	6,83	0				32.076
6196	Freyðir	Ton Khorchai	2,17		480			
6209	Jón Kristinn	Jóhann Jónsson	3,28	1.250			1.250	
6306	Kúði	Íslenskar matvörur VJS ehf.	3,86	1.650		516		
6341	Ólafur	Jón Ólafsson	6,72	4.000	18.095	1.635		
6348	Glaður	Fjólmundur Fjólmundsson	4,23	6.000	153			
6381	Þura	Steindór Kristinn Oliversson	4,23	1.720				
6389	Stormur	Karl Hallbertsson	5,15	380		6.666		
6391	Merkúr	Eiður Marinósson	4,6	17.440				
6399	Haukur	Ólafur Þ. Jónssson DB	8,11	2.006	1.907			
6418	Andri	Magnús Jónsson	3,87				11.660	
6425	Mardís	Árni Sigurðsson	6,1	1.345		9.006	0	
6437	Bjössi	Fiskkaup hf.	4,84				9.258	
6438	Hafbjörg	Pálmar Þorsteinsson	8,25		3.500			
6461	Gauti	Ásgeir Gunnar Jónsson	3,2	844				
6517	Ólsen	Kristinn Þór Ingvarsson	4,58			8.000		
6518	Kveldúlfur	Skarphéðinn Árnason	7,37	700				
6539	Hrönn II	Kristinn Konráðsson	5,68			1.415		
6540	Sædís	Þorvaldur Loftsson	6,35	207				
6560	Litlanes	Ólafur Steingrímsson	3,2	4.200	4.200			
6565	Lárberg	Lárus L. Guðmundsson	6,94	5.303				
6600	María	Ljósavík hf.	4,9				18.385	
6619	Jenný	Gunnar Jónsson	6,78	1.200	6.760			
6620	Ás	Sigfús Vilhjálmsson	3,2	1.841		4.370	668	
6639	Njáll	Jónas Benediktsson	5,3			265		
6640	Glaumur	Kristján Guðmundsson hf.	5,68	8.700				
6650	Díana	Hermann Ægir Aðalsteinsson	5,3	3.000				
6664	Lotta	Kristinn B. Steinarsson	3,28	0				
6708	Kópur	Bjarni Þ. Bergmann	5,1			3.434		
6710	Þröstur	Útgerðarfélagið Súlur ehf.	6,17			62.439	0	
6710		Útgerðarfélagið Röðull ehf.	6,17	20.000				
6712	Sigurpáll	Þorgeir Þorvaldsson	5,68		4.765			
6788	Gissur hvíti	Jón Sveinsson	5,3	1.200				
6788		Melavík ehf.	5,3		21.906			
6824	Máni	Hörður Jónsson	7,39	7.533		8.490		
6835	Lax	Ingvar Matthíasson	5,9	11.450				
6837	Edda	Hreinn Björgvinsson	6,64			1.870		
6841	Bjarmi	Hornsíli ehf.	5,9	6.000		12.610		
6849	Örn II	Hilmar Ágústsson	5,77	8.173		4.137		
6867	Ásberg	Eggert Bergmann Halldórsson	5,68		1.600			
6876	Eyrarröst	Gísli Garðarsson	5,77			7.997	13.000	
6905	Víkingur	Guðbjörn Sigurpálsson	5,77	13.000				
6905		Vísir hf.	5,77		2.195			
6909	Drífa	Óli Ólafsson	9,29			1.365		
6935	Máni	Sigurbjörn Björnsson	6,64	2.500				
6935		Stefán Björnsson	6,64			7.227		
6945	Gæska	Sturla Hjaltason	9,29	0				
6952	Uggi	Marteinn Haraldsson ehf.	9,13		12.744		3.100	
6955	Ver	Hvammsfell ehf.	5,68			11.856		
6965	Arnar	Ragnar Gerald Ragnarsson	10,15				111	
6965	Katrín	Rafn ehf.	10,15			81		
6969	Rita	Guðmundur Ragnarsson	6,66	3.340		7.685		
6970	Guðrún Hermanns	Höskuldur Skarphéðinsson	9,29	11.765				

Sknr.	Nafn skips	Eigandi skips	Stærð (brl)	Aflaheimild - afli Fiskveiðiár 98/99	99/00	00/01	01/02	02/03
6973	Hulda	Þormóður rammi – Sæberg hf.	7,86			3.847		
6975	Funi	Guðjón Atli Steingrímsson	5,77	543	430			
6985	Gustur	Jóhann Halldórsson	9,29	10.000	28.173	8.200		
6991	Sigrún	Lóðsinn ehf.	9,29				0	
6996	Björn	Henning Jóhannesson	7,96	5.574		11.112		
7000	Fönix	Baldur Hólmsteinsson	8,54			2.702	12.500	
7005	Uggi	Bjarni Pétursson	3,91	1.500				
7007	Andri	Útgerðarfélagið Röðull ehf.	9,29		11.980			
7008	Hafrún	Bjarni Elíasson	8,3			608		
7015	Hafborg	Guðni Þórarinn Sigurðsson	9,29	11.389				
7023	Silla	Sigurður Guðjónsson	6,16	5.002		14.993		
7037	Sæbjörn	Sigvaldi Loftsson	6,18	13.063				
7037	Þura II	Steindór Kristinn Oliversson	6,18			1.768		
7041	Darri	Jón Elías Vagnsson	5,9	2.100				
7044	Ásbjörg	Dynjandi ehf. útgerð	9,22			0	0	
7044	Fróði	Guðmundur Kristjánsson	9,22	8.700	575			
7048	Gæfa	Páll Guðmundsson	8,3				13.000	
7048	Jóhanna	Gísli Geirsson	8,3	6.660				
7057	Birna	Þráinn Sigurðsson	5,9	15.500		5.556	1.352	
7096	Jón Páll	Hafþór Gylfi Jónsson	9,29			1.921		
7098	Bliki	Jóhann Steinsson	8,3	6.000				
7111	Atli	Fiskverkun S. Gunnarsson ehf.	9,29		40.000			
7111	Sólnes	Álmáni ehf., Ísafjarðarbær	9,29	1.000				
7113	Emilía	Böðvar Ingvason	6,23	2.600		3.650		
7120	Óskar	Magnús Hólm Sigurðsson	6,32			2.682		
7136	Frigg	Gunnar I. Hafsteinsson	5,9	3.000				
7143	Kristinn	Grjótnes sf.	9,29	52.000	68.735			
7184	Sporður	Nýhús ehf.	7,04	2.927		13.079		
7191	Gullbrandur	Njáll Halldórsson	6,23	4.500	7.500	11.445		
7213	Gulley	Gullver sf. Reykjavík	5,26	3.200				
7243	Pegron	Hjörtur Sigurðsson	10,45	12.000				
7473	Eskey	Eskey ehf.	6,1				0	
Eftirstöðvar aflaheimilda eftir skipum alls				**24.526.725**	**8.499.568**	**11.538.312**	**15.630.735**	**21.942.824**

727. Svar [381. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega úr húsafriðunarsjóði frá árinu 1999 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?*
2. *Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?*
3. *Hvernig er styrkjunum úthlutað?*
4. *Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?*
5. *Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?*

Leitað var upplýsinga hjá húsafriðunarnefnd í tilefni af fyrirspurninni. Þaðan hafa borist ítarlegar upplýsingar sem ráðuneytið telur að svari fyrirspurninni með fullnægjandi hætti og byggist eftirfarandi á þeim.

Til fróðleiks skal þess getið að húsafriðunarnefnd er með heimasíðu, www.hfrn.is. Þar má finna upplýsingar um starfsemi húsafriðunarnefndar og húsafriðunarsjóðs.

Rétt er að taka fram að við úthlutanir úr húsafriðunarsjóði starfar húsafriðunarnefnd samkvæmt lögum um húsafriðun, nr. 104/2001, einkum 16., 17. og 18. gr., ásamt reglugerð um húsafriðunarsjóð, B 479/1993, sbr. fylgiskjal.

Fyrstu tillögur um úthlutanir eru gerðar af forstöðumanni húsafriðunarnefndar sem leggur þær fyrir formann nefndarinnar. Formaður og forstöðumaður leggja síðan sameiginlegar tillögur fyrir nefndina sem ákvarðar úthlutanir endanlega. Viðbótarfjárveiting sem veitt er í sjóðinn að tilstuðlan fjárlaganefndar er öll eyrnamerkt ákveðnum verkefnum, oftast þeim sem húsafriðunarnefnd hefur haft forgöngu um að styrkja.

Um allt land hefur verið byggt upp öflugt net eftirlitsaðila, einkum húsasmiða, sem eru í nánum tengslum við forstöðumann húsafriðunarnefndar. Að auki fara forstöðumaður og starfsmenn nefndarinnar fjölmargar vinnuferðir um land allt til ráðgjafar og eftirlits. Þá eru ráðgjafar húsafriðunarnefndar, arkitektar, verkfræðingar húsasmíðameistarar og múrarameistarar sendir á vettvang ef ástæða þykir til. Eftirliti sinna einnig hönnuðir margra verka sem hlotið hafa styrk þótt yfirumsjón liggi hjá húsafriðunarnefnd (stofnuninni). Gengið er mjög ákveðið eftir því að verk sé vel unnið og í anda viðkomandi húss eftir föngum.

Rétt er að taka fram sögusagnir um að ekki sé leyfilegt að nota tvöfalt gler í friðuð eða varðveisluverð hús eru ekki á rökum reistar.

Eftirfarandi er yfirlit um styrki árin 1999–2003.

Styrkumsóknir og styrkveitingar 1999–2003.

1999	**Þús kr.**
Friðuð hús: styrkumsóknir 19, styrkveitingar 17	7.700
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 44, styrkveitingar 40	16.650
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 8, styrkveitingar 5	850
Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 5, styrkveitingar 2	300
Húsakannanir: styrkumsóknir 5, styrkveitingar 4	1.500
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 44, styrkveitingar 23	6.400
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 9, styrkveitingar 7	1.800
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 16, styrkveitingar 9	2.450
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir 13, styrkveitingar 12	5.000
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 31, styrkveitingar 27	8.000
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 19, styrkveitingar 16	4.150
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 17, styrkveitingar 16	4.250
Samtals	**59.050**
Styrkumsóknir samtals: 231	
Styrkveitingar samtals: 178	

2000	**Þús kr.**
Friðuð hús: styrkumsóknir 24, styrkveitingar 19	9.600
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 28, styrkveitingar 23	8.700
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 9, styrkveitingar 6	2.100

Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 3	350
Húsakannanir: styrkumsóknir 5, styrkveitingar 3	1.300
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 54, styrkveitingar 26	5.850
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 8, styrkveitingar 4	850
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 19, styrkveitingar 10	2.200
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 5	1.300
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 40, styrkveitingar 21	9.300
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 24, styrkveitingar 18	7.350
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 24, styrkveitingar 16	6.150
Samtals	**55.050**
Styrkumsóknir samtals: 255	
Styrkveitingar samtals: 154	

2001	**Þús kr.**
Friðuð hús: styrkumsóknir 27, styrkveitingar 24	17.075
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 34, styrkveitingar 27	17.300
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 7, styrkveitingar 5	1.900
Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 5	660
Húsakannanir: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 5	2.700
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 50, styrkveitingar 27	7.050
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 7	1.950
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 5	1.300
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir 18, styrkveitingar 14	3.300
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 29, styrkveitingar 24	14.500
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 17, styrkveitingar 13	5.300
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 24, styrkveitingar 10	1.750
Samtals	**74.785**
Styrkumsóknir samtals: 246	
Styrkveitingar samtals: 166	

2002	**Þús kr.**
Friðuð hús: styrkumsóknir 23, styrkveitingar 22	18.940
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 41, styrkveitingar 33	23.550
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 10, styrkveitingar 6	1.850
Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 5, styrkveitingar 2	700
Húsakannanir: styrkumsóknir 2, styrkveitingar 2	1.500
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 47, styrkveitingar 16	5.000
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 11, styrkveitingar 9	2.250
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 7	3.250
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir 18, styrkveitingar 13	2.200
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 28, styrkveitingar 24	14.750
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 26, styrkveitingar 15	5.700
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 20, styrkveitingar 8	1.700
Samtals	**81.390**
Styrkumsóknir samtals: 245	
Styrkveitingar samtals: 157	

2003	**Þús kr.**
Friðuð hús: styrkumsóknir 18, styrkveitingar 12	7.640.000
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 40, styrkveitingar 28	24.300.000
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 9, styrkveitingar 6	15.900.000
Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 7, styrkveitingar 3	3.550.000
Húsakannanir: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 4	880.000
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 40, styrkveitingar 11	3.750.000
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 16, styrkveitingar 8	1.200.000
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 9, styrkveitingar 6	4.700.000
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir 18, styrkveitingar 10	8.550.000
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 31, styrkveitingar 13	12.200.000
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 27, styrkveitingar 13	8.100.000
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 16, styrkveitingar 4	9.250.000
Samtals	**100.020.000**
Styrkumsóknir samtals: 237	
Styrkveitingar samtals: 118	
Endurúthlutaðir styrkir samtals:	14.390.000

Fylgiskjal.

Lög, reglugerðir og starfsreglur húsafriðunarnefndar ríkisins.

(Leiðbeiningar um umsóknir úr húsafriðunarsjóði.)

Húsafriðunarnefnd ríkisins veitir fjárstyrk úr húsafriðunarsjóði til viðhalds og endurbóta á styrkhæfum húsum samkvæmt reglugerð um húsafriðunarsjóð. Að jafnaði setur húsafriðunarnefnd það skilyrði að gerð hafi verið greinargóð áætlun áður en framkvæmdir hefjast.

Viðkomandi húsi skal lýst í máli, teikningum og myndum. Gera skal grein fyrir sögu þess og þeim breytingum sem það hefur tekið í tímans rás og jafnframt rökstudd nauðsyn á þeim framkvæmdum sem að er stefnt. Með teikningum og verklýsingum skal gerð skýr grein fyrir því verki sem sótt er um styrk til og kostnaðaráætlun hvers verkhluta.

Oft þarf að leggja mikla vinnu í gerð áætlunar af þessu tagi og nauðsynlegt að hún sé samin af fagmönnum. Þegar framkvæmdir við endurbætur eru hafnar samkvæmt staðfestingu eftirlitshönnuðar eða starfsmanna húsafriðunarnefndar eru framkvæmdastyrkir greiddir ýmist í einu lagi eða í fleiri greiðslum.

Ef sótt er um styrk til verks sem þegar er hafið og áður hefur verið veittur styrkur til úr húsafriðunarsjóði, skal jafnframt gerð grein fyrir stöðu verksins og kostnaði við það.

Sérstök athygli er vakin á því að styrkurinn fellur niður við næstu áramót ef hann er ekki nýttur, nema sótt sé sérstaklega um frestun hans og á það sé fallist.

Reglugerð um húsafriðunarsjóð. B 479/1993[1]

1. gr. Húsafriðunarsjóður skal stuðla að varðveislu og viðhaldi húsa og annarra mannvirkja sem húsafriðunarnefnd telur hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga sbr. 46. gr. þjóðminjalaga skulu renna í sjóðinn fyrir maímánuð ár hvert. Varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

2. gr. Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði til áætlunargerðar vegna viðgerða húsa og til viðgerða húsa, sem hún metur styrkhæf. Þá getur nefndin ákveðið að verja fé til verkefna er stuðla að varðveislu íslensks byggingararfs, til rannsókna á honum og útgáfu rita þar að lútandi. Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin í mars ár hvert á grundvelli umsókna sbr. 3. gr.

3. gr. Auglýsa skal í nóvembermánuði ár hvert eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum, Lögbirtingarblaði og Sveitarstjórnarmálum. Umsóknir skulu greinilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum og skulu vera á sérstökum umsóknareyðublöðum sem húsafriðunarnefnd lætur í té og berast eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.[2]

Með umsóknum til áætlunargerðar skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

a. Uppdrættir, ef til eru.
b. Sögulegar upplýsingar og lýsing á núverandi ástandi.
c. Ljósmyndir sem sýna útlit húss fyrr, ef til eru.
d. Ljósmyndir sem sýna útlit húss nú.
e. Fyrirhugaðar breytingar, ef einhverjar eru.

Með umsóknum til viðgerða húsa skulu enn fremur fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

f. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
g. Uppmælingar og teikningar af breytingum ef ráðgerðar eru.
h. Teikningar sem sýna smíðafrágang glugga, klæðningar o.fl.
i. Kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir.

4. gr. Húsafriðunarnefnd hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur. Húsafriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eða starfsmaður hennar eiga greiðan aðgang að vinnustað á meðan viðgerð fer fram.

5. gr. Húsafriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu, þjóðminjaráði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit yfir greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs. Starfsskýrsla húsafriðunarnefndar og húsverndardeildar með yfirliti yfir úthlutanir úr húsafriðunarsjóði skal birt í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

6. gr. Reglugerð þessi er sett með heimild í 48. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur reglugerð nr. 316/1990 úr gildi.

---

[1] Með gildistöku laga nr. 104/2001 var húsafriðun gefin sérstaða innan þjóðminjavörslunnar og húsafriðunarnefnd gerð að sérstakri ríkisstofnun með stjórnsýsluvald og forstöðumanni í stað þess að vera undirnefnd þjóðminjaráðs. Ákvæði laga nr. 104/2001 eru um flest sambærileg ákvæðum V. kafla þjóðminjalaga.

[2] Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar hefur húsafriðunarnefnd ákvarðað að umsóknir skuli berast fyrir 1. desember ár hvert, og auglýsa skuli eftir umsóknum í september ár hvert. Styrkir úr húsafriðunarsjóði eru að öðru leyti veittir í samræmi við III. kafla laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

Mat húsafriðunarnefndar á styrkhæfi umsókna.

Við mat á styrkhæfi húss er litið til varðveislugildis húss og notar húsafriðunarnefnd svonefnda SAVE-aðferðafræði en í henni er m.a. lagt mat á byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunaleika og tæknilegt ástand.

Enn fremur er litið til fyrri styrkja til hússins og áætlanagerðar og hönnunar í þessari umsókn. Hjálögð gögn geta einnig haft áhrif á mat nefndarinnar.

Gagnaskil.

Athygli skal vakin á því að húsafriðunarnefnd hefur ákveðið að herða reglur um frágang á nýjum umsóknum til framkvæmda þannig að umsókn sem ekki er fyllt út skilmerkilega eða ef ljósmynd af núverandi útliti vantar og/eða kostnaðaráætlun, verður hún ekki tekin til greina.

Stafræn skil.

Frá og með árinu 2003 má skila umsóknum til húsafriðunarsjóðs stafrænt. Þeim sem hafa áhuga á því er bent á að fara á heimasíðu húsafriðunarnefndar: www.husafridun.is og velja „umsóknir“ í vallista vinstra megin á skjánum.

728. Svar [352. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um húsnæðiskostnað ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið heildarkostnaður ríkissjóðs af endurbótum, flutningum og viðbótarhúsnæði ráðuneyta frá árinu 1995, sundurliðað eftir ráðuneytum og árum?

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum um húsnæðiskostnað þeirra. Fjárhæðir og upplýsingar um endurbætur, flutninga og viðbótarhúsnæði í svari þessu eru byggðar á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum ásamt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins og Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga.

Hér á eftir er tilgreint hvaða endurbætur hafa verið gerðar á aðalskrifstofum hvers ráðuneytis á tímabilinu, sem og ef ráðuneyti hefur flutt eða viðbótarhúsnæði verið standsett. Kostnaður við reglubundið viðhald, leigu og rekstur húsnæðis er ekki meðtalinn. Í meðfylgjandi töflu er kostnaðurinn sýndur, flokkaður eftir ráðuneytum og árum.

Forsætisráðuneyti: Á árunum 1996–1999 var unnið að umfangsmiklum endurbótum á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: Árið 1999 voru gerðar endurbætur á skrifstofu ráðherra og árið 2002 var unnið að endurbótum á aðalskrifstofu ráðuneytisins á 2. hæð í Arnarhváli. Árið 2003 flutti ráðuneytið úr Arnarhváli í endurbætt húsnæði í Skuggasundi. Kostnaður vegna flutninganna dreifist á árin 2002–2004. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlar kostnað ársins 2004 2,5 millj. kr.

Félagsmálaráðuneyti: Árið 1998 voru gerðar breytingar á skrifstofu ráðherra og fundarsal á 4. hæð í Hafnarhúsinu. Árin 1999–2000 voru gerðar breytingar á 2. hæð og 2001–2002 var afgreiðslu ráðuneytisins breytt auk þess sem gerðar voru nýjar skrifstofur á 4. hæð.

Fjármálaráðuneyti: Árið 1996 var unnið að breytingum á húsnæði starfsmannaskrifstofu á Sölvhólsgötu 7. Árin 1998–1999 voru gerðar breytingar á 1. hæð í Arnarhváli. Árið 2001 var unnið að lagfæringum á 1.–3. hæð Lindargötu 9. Árið 2003 flutti efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis í Arnarhvál af Lindargötu 9. Framkvæmdasýsla ríkisins áætlar kostnað ársins 2004 vegna þessara flutninga 3,6 millj. kr.

Hagstofa Íslands: Árið 1996 var unnið að viðhaldi utanhúss í Skuggasundi 3. Árin 2002–2003 flutti Hagstofan í nýtt leiguhúsnæði að Borgartúni 21a og 24 og fylgdi því ýmis kostnaður, m.a. gerð húsrýmisáætlunar og ráðgjöf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Ráðuneytið er í leiguhúsnæði og kostnaður við viðhald og endurbætur er innifalinn í húsaleigunni.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Ekki hefur verið ráðist í neinar umbætur á húsnæði, né heldur verið staðið í flutningum eða verið þörf á viðbótarhúsnæði á umræddu tímabili.

Landbúnaðarráðuneyti: Árið 1995 voru gerðar endurbætur á innréttingum á 4. hæð Sölvhólsgötu 4.

Menntamálaráðuneyti: Árið 1995 var unnið að breytingum á herbergjum og afgreiðslu Sölvhólsgötu 4 og 1996 voru gerðar breytingar á afgreiðslu á 1. og 3. hæð.

Samgönguráðuneyti: Árin 1995, 1999 og 2001 var unnið að endurbótum á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneyti: Ekki hefur verið ráðist í neinar umbætur á húsnæði, né heldur verið staðið í flutningum eða verið þörf á viðbótarhúsnæði á umræddu tímabili. Ráðuneytið er í leiguhúsnæði.

Umhverfisráðuneyti: Ráðuneytið er í leiguhúsnæði en hefur sjálft borið kostnað af nauðsynlegum breytingum. Árin 1996–1997 var unnið að endurbótum á Vonarstræti 4. Auk þess féll til ýmis kostnaður vegna endurbóta, flutninga og viðbótarhúsnæðis árin 1995–2000. Stefnt er að því að umhverfisráðuneytið flytji í húsnæðið að Lindargötu 9 síðari hluta árs 2004. Áætlaður kostnaður við endurbætur á húsnæðinu og flutning ráðuneytisins er 130–140 millj. kr.

Utanríkisráðuneyti: Ráðuneytið er í leiguhúsnæði og kostnaður við viðhald og endurbætur er innifalinn í húsaleigunni. Árið 2000 tók ráðuneytið á leigu 520 m^2 viðbótarhúsnæði í Þverholti 14 fyrir þýðingarmiðstöð og alþjóðaskrifstofu – fjölþjóðlega þróunarsamvinnu. Þar voru settir upp milliveggir. Árið 2002 voru einnig settir upp milliveggir í Þverholti 18 en þar leigir ráðuneytið 110 m^2 geymsluhúsnæði.

Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga: Rekstrarfélagið fer með umsýslu og rekstur á Arnarhváli, Sölvhólsgötu 4 og 7, Skuggasundi 3 og Lindargötu 9. Í sumum tilvikum hefur rekstrarfélagið haft umsjón með viðhaldi og endurbótum sem gerð var grein fyrir að framan og hægt er að heimfæra á einstök ráðuneyti. Árið 1999 var sett upp brunavarnakerfi í húsnæðið sem heyrir undir rekstrarfélagið að kröfu brunayfirvalda, auk þess sem farið var yfir brunahólf og þéttingar. Einnig var sett upp aðgangs-, myndavéla- og innbrotsvarnakerfi í öll húsin. Árin 1996–1999 voru gerðar endurbætur utanhúss á Sölvhólsgötu 4. Skipt var um þakefni, gluggar endurnýjaðir og útveggir múraðir upp og málaðir. Árið 2000 voru gerðar endurbætur á sameiginlegri snyrtingu ráðuneyta á 2. hæð Arnarhváls. Árið 2001 voru gerðar lagfæringar á 1.–3. hæð Lindargötu 9.

Húsnæðiskostnaður ráðuneyta 1995–2003 í þús. kr.

Ráðuneyti	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Forsætisráðuneyti		19	78.430	31.421	283					**110.153**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti					8.406			2.769	106.573	**117.748**
Félagsmálaráðuneyti				4.085	2.280	1.600	660	7.642		**16.267**
Fjármálaráðuneyti		4.200			6.500				21.946	**32.646**
Hagstofa Íslands		1.309						35.928	62.413	**99.650**
Landbúnaðarráðuneyti	1.793									**1.793**
Menntamálaráðuneyti	1.100	2.450								**3.550**
Samgönguráðuneyti	1.848				2.196		2.295			**6.339**
Umhverfisráðuneyti	259	10.022	6.451	1.493		1.418				**19.643**
Utanríkisráðuneyti						139		250		**389**
Stjórnarráðsbygging við Sölvhólsgötu, hönnun				109	548	37	9.654	33.993	78.262	**122.603**
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga, sameiginlegur kostnaður					109.550	2.100	4.400			**116.050**
Samtals öll ráðuneyti	**5.000**	**18.000**	**84.881**	**37.108**	**129.763**	**5.294**	**17.009**	**80.582**	**269.194**	**646.831**

729. Tillaga til þingsályktunar [479. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003:

1. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003.
2. Samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003: 1. samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003, og 2. samkomulagi milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.

Samningurinn við Færeyjar er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari og samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal II.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Aðilar hafa síðan árlega gert fimmhliða samkomulag um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum þar til árið 2002 en þá tókst ekki að ná slíku samkomulagi um veiðar á árinu 2003.

Í ljósi þess freistuðu aðilar þess að gera tvíhliða samninga sín á milli um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003, þar á meðal um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Til grundvallar þeim tvíhliða samningum sem gerðir voru liggur að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sé 710.000 lestir, auk 1.500 lesta sem koma í hlut annarra ríkja samkvæmt nánari ákvörðun Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), en undanfarin tvö ár hafði leyfilegi heildaraflinn verið 850.000 lestir. Af Íslands hálfu voru gerðir tvíhliða samningar við Færeyjar annars vegar og Noreg hins vegar.

Samkvæmt samningnum milli Íslands og Færeyja er íslenskum skipum heimilað að veiða allan sinn aflahlut úr norsk-íslenska síldarstofninum, 110.334 lestir, innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2003. Færeyskum skipum er sömuleiðis heimilað að veiða sinn aflahlut, 38.774 lestir, úr stofninum innan efnahagslögsögu Íslands, en þar sem Færeyjar höfðu framselt 9.251 lest af aflahlut sínum er raunveruleg heimild þeirra til veiða í íslenskri lögsögu 29.523 lestir. Samningurinn gerir ráð fyrir að aflahlutdeild Íslands sé óbreytt frá árinu 2002, þ.e. 15,54%.

Í samkomulaginu milli Íslands og Noregs er tekið fram að leyfilegur heildarafli, sem leggja skuli til grundvallar aflahlutum aðila úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003, skuli vera 711.500 lestir. Aðilar komu sér saman um að hlutur Íslands skyldi vera 110.334 lestir sem er eins og áður segir óbreytt hlutfall frá árinu 2002. Jafnframt féllst Ísland á að láta 1% af leyfilegum heildarafla, þ.e. 7.100 lestir, í skiptum fyrir aukinn aðgang að efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N. Íslenskum skipum er nú heimilt að veiða þar 12.000 lestir af aflahlut Íslands, en á árinu 2002 nam sú heimild 5.900 lestum. Íslensk skip njóta sem fyrr ótakmarkaðs aðgangs að lögsögunni við Jan Mayen. Samkomulagið kveður á um að aflahlutur Noregs skuli vera 433.800 lestir og að norskum skipum sé heimilt að veiða 84.153 lestir af þeim hlut í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2003.

Samningnum við Færeyjar var beitt til bráðabirgða frá 4. júní 2003 og samkomulaginu við Noreg frá 26. júní 2003. Samkomulagið og samningurinn öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku þeirra hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 22. maí 2003

Hr. lögmaður
Anfinn Kallsberg
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003.

1. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum að veiða 38.774 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.*

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum að veiða 110.334 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

2. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á lista þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

3. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar geta færeysk stjórnvöld takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

4. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

* Hér er um upphaflegan aflahlut Færeyja að ræða. Færeyjar hafa framselt 9.251 tonn og er færeyskum skipum því heimilt að veiða 29.523 tonn.

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 4. juni 2003

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Harra uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett 22. mai 2003, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2003.
Eg havi skilt, at semja er vorðin um fylgjandi:

"Semja
millum Føroyar og Ísland
um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2003.

1. gr.
Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða 38.774 tons av várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.*
Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða 110.334 tons af várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

2. gr.
Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.
Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.
Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

3. gr.
Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

4. gr.
Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

---

* Hetta er heildarkvotan hjá Føroyum. Burtur av hesi hava Føroyar latið 9.251 tons, so at veiða hjá føroyskum skipum eru 29.523 tons.

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum øðrum eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing
Anfinn Kallsberg

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003.

Hr. Gunnar Pálsson, formaður íslensku sendinefndarinnar, og hr. Johán H. Williams, formaður norsku sendinefndarinnar, koma sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að eftirfarandi sérstöku samkomulagi milli Noregs og Íslands um stjórnun veiða þeirra, hvers um sig, úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 verði komið á.

1. Leyfilegur heildarafli, sem leggja skal til grundvallar aflahlutum aðila úr norsk-íslenska síldarstofninum, hér á eftir nefndur síld, á árinu 2003, skal vera 711.500 lestir á því ári.

2. Samkvæmt framantöldu voru sendinefndirnar sammála um að leyfilegur afli á árinu 2003 skyldi vera sem hér segir:

Ísland	110.334 lestir
Noregur	433.800 lestir

3. Innan þeirra aflamarka sem getið er um í 2. tölulið skal Ísland yfirfæra 7.100 lestir af heildarsíldarkvóta sínum til Noregs sem eru innfaldar í norska heildarkvótanum sem getið er um í 2. tölulið.

4. Aðilar mega gera tvíhliða samkomulag við aðra aðila innan þeirra aflamarka sem getið er um í 1. og 2. tölulið, þar á meðal samkomulag um aðgang að síldveiðum og yfirfærslu heimilda til síldveiða.

5. Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2003 heimilt að veiða 103.234 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring for 2003

Mr. Gunnar PÁLSSON, Head of Delegation of Iceland and Mr. Johán H. WILLIAMS, Head of Delegation of Norway, agree to recommend to their respective authorities the following ad-hoc arrangement between Norway and Iceland on the management of their respective fisheries on Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring in 2003.

1. The basis for the Parties' quotas in 2003 on the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, hereinafter referred to as herring, shall be a total allowable catch (TAC) of 711,500 tonnes in 2003.

2. In keeping with the above, the Delegations agreed on the following allowable catches for 2003:

Iceland	110,334 tonnes
Norway	433,800 tonnes

3. Within the catch limits referred to in paragraph 2 Iceland will transfer 7,100 tonnes of its total catch limitation of herring to Norway, which is included in the total Norwegian catch limit in para 2.

4. Within the catch limits referred to in paragraph 1 and 2 the Parties may conclude bilateral arrangements with other Parties, including arrangements for access and transfers of fishing possibilities on herring.

5. Icelandic fishing vessels are granted access in 2003 to fish 103,234 tonnes of herring in the Fishery

Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 12.000 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

6. Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða 84.153 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2003.

7. Sendinefndirnar koma sér saman um að upplýsa Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndina (NEAFC) hér um.

Ósló, 26. júní 2003

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Gunnar Pálsson

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 12,000 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

6. Norwegian fishing vessels are granted access in 2003 to fish 84,153 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

7. The Delegations agree to inform NEAFC accordingly.

Oslo, 26 June 2003

Gunnar PÁLSSON
For the Delegation of Iceland

Johán H. WILLIAMS
For the Delegation of Norway

730. Svar [377. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um íslenskan hugbúnað.

1. *Hvenær varð íslensk útgáfa af stýrikerfinu Windows 98, sem ríkisstjórnin samdi um við Microsoft í janúar 1999, aðgengileg almenningi og hvernig hefur notkun hennar þróast hvað varðar notendafjölda?*

Þýðingu á Windows 98 stýrikerfinu lauk í apríl árið 2000 og var hún þá aðgengileg almenningi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hvernig notkun hennar hefur þróast en samkvæmt upplýsingum frá söluaðilum var sala á íslensku útgáfunni til almennings óverulega. Að mati söluaðila er meginástæðan fyrir lítilli notkun íslensku þýðingarinnar sú að skömmu síðar kom út ný útgáfa af stýrikerfinu sem ekki var íslenskuð.

2. *Hvenær varð íslensk útgáfa af stýrikerfinu aðgengileg í skólum á vegum hins opinbera og hvernig hefur notkun hennar þróast þar hvað varðar notendafjölda?*

Í desember árið 1999 gerði menntamálaráðuneytið samkomulag við Microsoft um skólaleyfi (school agreement) sem felur í sér sérstök kjör fyrir skóla á hugbúnaði frá Microsoft. Valdi stór hluti íslenskra skóla að gerast aðilar að þessu samkomulagi. Íslensk útgáfa af Windows 98 stóð því skólum til boða á góðum kjörum þegar hún var gefin út í apríl árið 2000. Notkun á íslenskri útgáfu af stýrikerfinu í skólum hefur hins vegar verið óveruleg líkt og hjá almenningi.

3. *Hvað hefur verið gert til að draga úr ólöglegri notkun hugbúnaðar og auka verndun höfundaréttar eins og samningurinn kveður á um og hvaða árangur má sjá af þeim ráðstöfunum?*

Samningur íslenska ríkisins við Microsoft fól í sér skuldbindingu um úttekt á notkun hugbúnaðar hjá ríkisstofnunum og aðgerðir til að draga úr ólöglegri notkun hans. Samningur-

inn fól ekki í sér skyldu til að auka verndun höfundaréttar, heldur átti samkvæmt honum að tryggja að allur hugbúnaður hjá ríkisstofnun væri löglegur og þar með yrði höfundaréttur Microsoft á eigin framleiðslu virtur. Ríkisendurskoðun gerði árið 1999 úttekt á notkun hugbúnaðar hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins og skilaði skýrslu með niðurstöðum úttektarinnar í desember það ár. Í framhaldi af skýrslunni rituðu ráðuneyti stofnunum og fyrirtækjum á þeirra vegum bréf þar sem vakin var athygli á niðurstöðum úttektar Ríkisendurskoðunar og minnt á ábyrgð forstöðumanna hvað varðar löglega notkun hugbúnaðar. Ríkiskaup hafa haft milligöngu um tilboð til ríkisstofnana á hugbúnaðarleyfum og vakið athygli á nauðsyn þess að útrýma ólöglegum hugbúnaði. Um 95% íslenskra skóla hafa gert samning við Microsoft um hugbúnaðarleyfi samkvæmt skólasamningi. Hefur þar með verið stigið stórt skref í að útrýma ólöglegum hugbúnaði í skólakerfinu.

4. *Hver er kostnaður ríkisins af samningnum, sundurliðað eftir árum, annars vegar vegna þýðingar og staðfærslu stýrikerfisins og hins vegar vegna ráðstafana sem gerðar hafa verið til að draga úr ólöglegri notkun hugbúnaðar?*

Kostnaður vegna samningaviðræðna og samningagerðar var 550.000 kr. árið 1999. Á árinu 2000 féll til kostnaður að fjárhæð 560.000 kr. vegna eftirlits með þýðingu af hálfu Íslenskrar málstöðvar og vinnhóps á hennar vegum. Ríkisendurskoðun bar kostnað af úttekt á notkun hugbúnaðar. Kaup á hugbúnaðarleyfum er á ábyrgð ríkisstofnana og fyrirtækja. Upplýsingar um kostnað vegna þessara þátta liggja ekki fyrir, enda er hann óháður kostnaði við samninginn sjálfan.

731. Svar [384. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurrósar Þorgrímsdóttur um fjarnám.

1. *Hvaða framhaldsskólar og háskólar bjóða upp á fjarnám?*

Fimm háskólar er heyra undir menntamálaráðuneytið voru með nemendur í fjarkennslu á haustönn 2003: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Sex framhaldsskólar voru með nemendur í fjarkennslu á haustönn 2003: Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Iðnskólinn í Reykjavík og Verkmenntaskólinn á Akureyri.

2. *Í hvaða greinum er hægt að stunda fjarnám í*
   a. *framhaldsskólum,*
   b. *háskólum?*

	Háskólastig – haustönn 2003.	
1	Auðlindadeild	HA
2	BS-próf í viðskiptafræði	Bifröst
3	Dipl.Ed.-nám í uppeldis- og menntunarfræði	KHÍ
4	Doktorsnám (90 ein.)	KHÍ
5	Enska	HÍ
6	Erlendir skiptinemar	KHÍ

7	Fjármálabraut	HA
8	Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs	KHÍ
9	Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs (15 ein.)	KHÍ
10	Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-prófs (90 ein.)	KHÍ
11	Grunnskólakennarar	HA
12	Hjúkrun – framhaldsnám	HA
13	Hjúkrunarfræði	HA, HÍ
14	Íslenska	HÍ
15	Íþróttabraut	KHÍ
16	Íþróttafræði til BS-prófs	KHÍ
17	Kennsluréttindabraut	KHÍ
18	Leikskólafræði til diplómu (45 ein.)	KHÍ
19	Leikskólakennarabraut	KHÍ
20	Leikskólakennarafræði til B.Ed.-prófs (15 ein. viðbótarnám)	KHÍ
20	Leikskólakennarafræði til B.Ed.-prófs (90 ein.)	KHÍ
22	Leikskólakennarar	HA
23	Ljósmóðurfræði	HÍ
24	Meistaranám	Bifröst
25	Meistaranám (60 ein.)	KHÍ
26	Meistaranám í félagsráðgjöf	HÍ
27	Nám fyrir innlenda gestanemendur	KHÍ
28	Nám til kennsluréttinda fyrir faggreinakennara (15 ein.)	KHÍ
29	Nám til kennsluréttinda fyrir faggreinakennara (30 ein.)	KHÍ
30	Náms- og starfsráðgjöf	HÍ
31	Nútímafræði	HA
32	Opinber stjórnsýsla MPA	HÍ
33	Rannsóknartengt framhaldsnám, 60 ein. doktorsnám	KHÍ
34	Rannsóknartengt framhaldsnám, 60 ein. meistaranám	KHÍ
35	Rekstrarbraut – ferðaþjónustusvið	HA
36	Rekstrarbraut – markaðssvið	HA
37	Rekstrarbraut – stjórnunarsvið	HA
38	Rekstrarbraut – rekstrarsvið	HA
39	Rekstrar- og viðskiptafræði	HA
40	Sagnfræði	HÍ
41	Sjávarútvegsbraut	HA
42	Sænska	HÍ
43	Tómstunda- og félagsmálafræði til BA-prófs (90 ein.)	KHÍ
44	Tómstunda- og félagsmálafræði til diplómu (45 ein.)	KHÍ
45	Tómstundabraut	KHÍ
46	Tölvunarfræðideild	HR
47	Viðbótarnám í grunndeild (k-nám)	KHÍ
48	Þroskaþjálfabraut	KHÍ
49	Þroskaþjálfanám til BA-prófs (15 ein. viðbótarnám)	KHÍ
50	Þroskaþjálfanám til BA-prófs (90 ein.)	KHÍ
	Framhaldsskólar: Boðið er upp á fjarnám í nær öllum bóklegum greinum.	

3. *Hvað eru margir nemendur skráðir í fjarnám í*
   a. framhaldsskólum,
   b. háskólum?

Á haustönn 2003 voru skráðir nemar í fjarnámi á háskólastigi samtals 2.258 og á framhaldsskólastigi samtals 2.036.

4. *Hvað hafa margir nemendur lokið burtfararprófi í fjarnámi frá upphafi og frá hvaða skólum og deildum?*

Samtals luku 211 nemendur á háskólastigi burtfararprófi árið 2002 alfarið í fjarnámi. Mun fleiri ljúka einstökum áföngum í fjarkennslu til burtfararprófs á háskólastigi.

Framhaldsskólanemendur nýta sér fjarnám fyrst og fremst til að taka einstaka áfanga til burtfararprófs. Ekki er algengt að þeir stundi allt námið í fjarnámi. Alls voru um 690 nemendur skráðir í fjarnámi árið 2002 er nýttu sér að hluta fjarnámsáfanga til að ljúka burtfararprófi. Af þeim 690 nemum sem voru í fjarnámi árið 2002 luku 26 öllum áföngum til burtfararprófs í fjarnámi, tveir frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja, tveir frá Fjölbrautaskóla Garðabæjar og 22 frá Verkmenntaskólanum á Akureyri.

5. *Hvernig skiptast fjarnemar eftir landshlutum?*

Á haustönn 2003 skiptist fjöldi nemenda svo eftir landshlutum:

	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Erlendis
Háskólastig	926	219	122	111	228	151	99	368	34
	41,0%	9,7%	5,4%	4,9%	10,1%	6,7%	4,4%	16,3%	1,5%
Framhaldsskólastig	885	103	159	104	83	314	177	156	885
	43,7%	5,1%	7,8%	5,1%	4,1%	15,4%	8,7%	7,7%	2,5%

732. Svar [390. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um byggðakvóta.

1. *Hver voru markmið Byggðastofnunar við úthlutun byggðakvótans, sem stofnunin hefur til ráðstöfunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum um stjórn fiskveiða, og hvaða reglum var fylgt við úthlutun hans?*

Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar byggðakvóta frá árinu 1999. Um hann er fjallað í ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (sjá þó 4. gr. laga nr. 147/2003):

„Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja við byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.“

Í samræmi við framangreint ákvæði hefur Byggðastofnun úthlutað byggðakvóta á rekstraraðila í 11 byggðarlögum víðs vegar um landið. Úthlutað var til fimm ára, frá 1999–2004. Þrjú þessara byggðarlaga eru á Vestfjörðum, tvö á Norðurlandi og sex á Austurlandi. Samdar voru sérstakar reglur um val á þeim byggðarlögum sem til greina komu við úthlutunina. Reglurnar voru þannig úr garði gerðar að þær tryggðu sem best að þau byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi fengju byggðakvóta til samræmis við vanda þeirra. Reglurnar eru grundvallaðar á punktakerfi eða eins konar stigagjöf þar sem eftirfarandi þættir voru lagðir til grundvallar. Vægi þeirra í matinu er tilgreint í aftari dálki:

Kvótatap hverrar byggðar í þorskígildum sl. fimm ár	30%
Hlutur fiskveiða og vinnslu í atvinnulífi staðarins	20%
Fækkun ársverka í fiskvinnslu og veiðum 1991–96	15%
Frávik meðaltekna á íbúa frá landsmeðaltali	15%
Fólksfækkun á fimm ára tímabili (1995–99)	10%
Íbúafjöldi	10%

Að gefnum þessum forsendum og á grundvelli útreikninga Byggðastofnunar var 1.500 þorskígildislestum úthlutað sem hér segir:

Vesturbyggð	205 lestir
Ísafjarðarbær	387 lestir
Drangsnes	63 lestir
Hofsós	114 lestir
Grímsey	92 lestir
Bakkafjörður	72 lestir
Borgarfjörður eystri	112 lestir
Seyðisfjörður	67 lestir
Fáskrúðsfjörður	113 lestir
Stöðvarfjörður	94 lestir
Breiðdalsvík	181 lestir

Meginmarkmið úthlutunar byggðakvóta er að efla útgerð og fiskvinnslu og treysta þar með búsetu í þeim byggðarlögum sem fá byggðakvóta. Byggðastofnun setti sérstakar reglur 30. júní 1999 um meðferð úthlutaðs byggðakvóta fyrir þá aðila sem fengu slíkan kvóta.

Megininntak þessara reglna er sem hér segir:

- Byggðakvóti er bundinn við vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.
- Hann skal veiddur á skip í viðkomandi byggðarlagi ef því verður við komið og hagkvæmt þykir.
- Byggðakvóti er afhentur endurgjaldslaust.
- Byggðastofnun skal gera samninga við eina eða fleiri vinnslustöðvar í viðkomandi byggðarlagi um vinnslu afla úr byggðakvóta og við eitt eða fleiri skip um veiðar hans.
- Skip skulu hafa veiðileyfi og aflahlutdeild til að þau komi til greina við að veiða byggðakvóta.
- Skip sem fá af byggðakvóta skulu landa eins miklum hluta afla síns og mögulegt er í viðkomandi byggðarlag.

- Skip sem fá byggðakvóta í heimabyggðarlagi sínu skulu bundin af því að selja ekki né leigja frá sér kvóta út fyrir byggðarlagið í þeim fisktegundum sem þeim er úthlutað af byggðakvóta.
- Óheimilt er að ráðstafa byggðakvóta á önnur skip en samið hefur verið um að veiði byggðakvóta.
- Sveitastjórnir skulu gera Byggðastofnun árlega grein fyrir framkvæmd laga um byggðakvóta í sínu byggðarlagi.
- Alla samninga um ráðstöfun byggðakvóta skal bera undir stjórn Byggðastofnunar til samþykktar.

Byggðakvótinn er svo nánar skilgreindur í reglugerðum sjávarútvegsráðuneytisins um veiðar í atvinnuskyni og heildarafla ár hvert. Þar er kveðið á um skiptingu hans í einstakar fisktegundir en heildarmagnið nemur ætíð samtals 1.500 þorskígildislestum af slægðum þorski. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig byggðakvótinn skiptist niður á einstakar fisktegundir við fyrstu úthlutun fiskveiðiárið 1999/2000:

Þorskur	1.397 lestir
Ýsa	196 lestir
Ufsi	168 lestir
Steinbítur	73 lestir
Alls	**1.834 lestir**

Þessi samsetning hefur lítillega breyst frá ári til árs.

Við undirbúning að úthlutun byggðakvóta til einstakra rekstraraðila hafði Byggðastofnun náið samráð við sveitarstjórnir og atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Stuðst var við reglur Byggðastofnunar um meðferð byggðakvóta frá 30. júní 1999. Byggðastofnun óskaði eftir því að sveitarstjórnir könnuðu áhuga rekstraraðila á byggðakvóta í sínu byggðarlagi. Á flestum stöðum var auglýst eftir umsóknum en á öðrum var bréf sent til þeirra sem til greina komu í viðkomandi byggðarlagi. Áhersla var lögð á eftirfarandi grundvallaratriði varðandi úthlutun byggðakvótans á hverjum stað:

1. Að í hverju tilviki yrði gerður samningur milli Byggðastofnunar og handhafa kvótans um þann byggðakvóta sem honum væri úthlutaður. Í samningnum þurfti að koma fram hver veiddi kvótann og hvar hann væri unninn. Auk samnings við handhafa kvótans, sem gat verið hvorutveggja fiskvinnslustöð eða útgerð, varð einnig að liggja fyrir samningur um veiðar á kvótanum.
2. Að gildistími samninganna væri til fimm ára en endurskoðun með tilliti til hvernig samningar hefðu verið haldnir færi fram við upphaf hvers fiskveiðiárs.
3. Að þess væri gætt að byggðakvóti félli þeim í skaut sem gætu fallið undir þá skilgreiningu Byggðastofnunar að „með ákvæðum um byggðakvóta sé leitast við styrkja stöðu minni flotans í landinu og styrkja stöðu byggðarlaganna eða sjávarplássanna um landið“ svo vitnað sé í niðurlag fylgiskjals Byggðastofnunar í gögnum sem send voru sveitarstjórnum.
4. Að tenging byggðakvóta við fiskvinnslu í byggðarlaginu væri tryggð ef útgerðaraðili væri handhafi kvótans. Í hverju tilviki fyrir sig varð að liggja fyrir samningur við fiskvinnslustöð í viðkomandi byggðarlagi um vinnslu afla af þeim skipum sem fengu byggðakvóta.
5. Að langtímaáhrif úthlutunarinnar á byggðarlagið yrði sem mest þar sem um tímabundna úthlutun byggðakvóta var að ræða. Handhafar byggðakvóta á hverjum stað áttu að leitast

við að efla varanlega sinn hag fyrir tilstilli kvótans og þar með útgerð og fiskvinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Því var mikilvægt að þeir sem til álita komu við úthlutun byggðakvóta gerðu grein fyrir því hvernig þeir hygðust efla sinn hag til langs tíma litið fyrir tilstilli byggðakvótans.

2. *Hverjir fengu úthlutað byggðakvóta og í hvaða magni?*

Upphaflega voru samningar gerðir við 39 rekstraraðila í þeim 11 byggðarlögum sem fengu byggðakvóta fiskveiðiárið 1999/2000. Að mati Byggðastofnunar hefur í mörgum tilvikum tekist vel til og líkur eru á að þau 1.500 þorskígildistonn sem byggðakvótinn er geti leitt til þess að allt að 3–4 sinnum meira af fiski verði landað að jafnaði ár hvert til vinnslu í þeim byggðarlögum sem hafa byggðakvóta. Algengt er að þeir handhafar kvótans sem starfrækja fiskvinnslu hafi samið við aðkomubáta um að veiða fyrir sig byggðakvótann og leggja að auki upp sinn kvóta til vinnslu á sama stað.

Gætt var að því að sveigjanleiki væri fyrir hendi í fyrirkomulagi úthlutunarinnar. Það er gert með þeim hætti að ár hvert er farið yfir stöðu hvers rekstraaðila og metið hversu vel hafi tekist til með að standa við gerðan samning. Það hefur leitt til þess að í nokkrum tilvikum hefur samningi verið rift og samið við aðra rekstraaðila að undangenginni auglýsingu í viðkomandi sveitarfélagi. Eins hafa orðið breytingar á aðstæðum aðila sem leitt hafa til breytinga á þeirri úthlutun sem þeir fengu. Í þessu sambandi er hlutverk sveitarstjórna mikilvægt en þær eru eftirlitsaðili með framkvæmd einstakra samninga í sínu sveitarfélagi ásamt Byggðastofnun.

Í töflunni er að finna tölulegt yfirlit um upphaflega úthlutun byggðakvótans árið 1999 sem er í öllum meginatriðum óbreytt að undanskildum breyttum rekstraraðilum í nokkrum sveitarfélögum.

Tölulegt yfirlit yfir úthlutun byggðakvóta 1999.

Byggðarlög	Magn	Úthlutanir	Fyrirtæki	Umsóknir	Áætlað margfeldi	Magn alls
Vesturbyggð	205	1	V	27	3	615
Ísafjarðarbær	387	1	V	4	5	1.935
Kaldrananeshreppur	63	2	V	11	2	126
Hofsós	114	1	V	1	2,5	285
Grímsey	92	10	V&B	5	2	184
Bakkafjörður	72	10	V&B	16	2	144
Borgarfjörður eystri	112	9	V&B	10	2,5	280
Seyðisfjörður	67	2	V&B	5	5	335
Fáskrúðsfjörður	113	1	V	5	2,5	282,5
Stöðvarfjörður	94	1	V	9	2	188
Breiðdalsvík	181	1	V	1	4	724
	1.500	**39**		**94**	**3,4**	**5.099**

Skýringar:
Magn er tilgreint í þorksígildistonnum af slægðum fiski.
Þorskígildistonn er miðað við stuðla í reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins.
V merkir vinnsla.
V&B merkir vinnsla og bátar.

3. *Hver hefur verið þróun fiskveiðiheimilda, landaðs afla og skipastóls í þeim byggðum sem byggðakvóta var ráðstafað til?*

Almennt hefur þróun fiskveiðiheimilda, landaðs afla og skipastóls í þeim byggðarlögum sem byggðakvóta var ráðstafað til verið jákvæð, að mati Byggðastofnunar, þó að enn sé fullsnemmt að meta endalega árangurinn af úthlutun byggðakvóta Byggðastofnunar. Kemur þar til að ýmsar tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir auk þess að úthlutunartímabilinu er ekki lokið.

Almenn rekstrarskilyrði í sjávarútvegi hafa einnig mikið að segja en miklar sveiflur hafa orðið í verðlagi á afurðum á tímabilinu, einkum vegna gengisbreytinga. Þá hefur verðlag á leigukvóta haft mikil áhrif en margir þeirra sem fengu byggðakvóta hafa leigt til sín kvóta. Hvorutveggja hefur haft mikil áhrif á afkomu þeirra rekstraraðila sem hafa byggðakvóta. Nú stendur yfir síðasta árið af þeim fimm sem úthlutunin náði til en að því loknu ætti þetta mat að geta farið fram. En þó að úthlutunartímabilinu sé ekki lokið má strax greina ýmis atriði sem gefa vísbendingu um áhrif byggðakvótans.

Byggðakvótinn hefur ekki haft mikil áhrif á skipastól þeirra byggðalaga sem hafa byggðakvóta. Almennt séð fækkar stærri skipum, togurum og opnum bátum en smærri vélbátum fjölgar á landinu öllu. Í þeim 11 byggðarlögum sem fengu byggðakvóta hefur þróunin verið sú sama. Hér á eftir er að finna töflu um þróun skipastóls í byggðarlögunum 11 sem fengu byggðakvóta. Þegar lagt er mat á þennan þátt málsins verður að hafa í huga að byggðakvótinn var fyrst og fremst ætlaður til að nýta framleiðslutækin betur á hverjum stað, einkum fiskverkunarstöðvarnar. Með þeim hætti er atvinna fólksins sem þar býr best tryggð. Því er allmikið um það að aðkomubátar veiði byggðakvótann og leggi að auki sinn kvóta upp hjá viðkomandi fiskverkun. Þannig hefur byggðakvótinn víða dregið viðbótarveiðiheimildir inn á þá staði sem fengu úthlutun.

Þróun unnins botnfiskafla hefur verið mjög jákvæð í byggðarlögunum 11 sem fengu byggðakvóta. Ef skoðuð er þróunin árin 1992 til 2002 kemur í ljós að aflatap þessara byggðarlaga samtals nemur tæpum 8 þúsund tonnum milli áranna 1992 til 1998. Unninn botnfiskafli fer úr rúmum 25 þúsund tonnum í rúm 17 þúsund tonn. Breytingin nemur um 1% af heildarafla. Frá árinu 1999 snýst þessi þróun við m.a. fyrir tilstilli byggðakvótans. Árið 2002 er landaður unninn botnfiskafli þessara byggðarlaga um 20 þúsund tonn eða um 4,43% af heildarafla sem er nær sama hlutfall og þau höfðu viðmiðunarárið 1992 eða 4,76%. Áhrif byggðakvótans koma þarna skýrt í ljós og enn betur ef skoðuð eru einstök byggðarlög. Árið 1997 var landaður botnfiskafli á Þingeyri 460 tonn en nam tæpum 4 þúsund tonnum 2002. Svipaða þróun má sjá á Drangsnesi, Borgarfirði eystra og á Breiðdalsvík. Á öðrum stöðum má sjá að byggðakvótinn hefur haldið í horfinu í magni en hlutfallslega hefur unninn botnfiskafli aukist í þessum byggðarlögum borið saman við heildarafla. Byggðastofnun metur það svo að byggðakvótinn hafi verið jákvæð innspýting í atvinnulíf þessara staða þó að í sumum tilvikum hafi rekstraraðilar ekki náð sér á strik.

Þróun skipastóls 1998–2002.

	1998			1999				2000				2001				2002			
	Sam-tals	Vél-bátar	Tog-arar	Sam-tals	Opnir bátar	Vél-bátar	Tog-arar	Sam-tals	Opnir bátar	Vél-bátar	Tog-arar	Sam-tals	Opnir bátar	Vél-bátar	Tog-arar	Sam-tals	Opnir bátar	Vél-bátar	Togarar
Bakkafjörður	7	7		28	20	8		24	15	9		26	16	10		21	12	9	
Bíldudalur	15	13	2	26	8	16	2	25	8	15	2	26	7	17	2	26	7	18	1
Borgarfjörður eystri	5	5		15	9	6		16	10	6		17	10	7		15	8	7	
Breiðdalsvík	2	2		3	1	2		0	0	0		0	0	0		0	0	0	0
Drangsnes	8	8		20	13	7		21	12	9		19	12	7		22	13	9	
Fáskrúðsfjörður	3	2	1	21	17	3	1	20	14	5	1	19	13	5	1	20	14	5	1
Grímsey	10	10		30	18	12		31	19	12		36	20	16		40	21	19	
Hofsós	4	4		10	7	3		9	6	3		8	6	2		9	6	3	
Seyðisfjörður	3	2	1	19	15	3	1	18	13	4	1	17	11	5	1	17	11	5	1
Stöðvarfjörður	8	7	1	12	3	8	1	12	4	7	1	13	4	8	1	13	6	7	
Þingeyri	6	5	1	22	15	7		25	14	11		25	14	11		21	10	11	
Samtals	**71**	**65**	**6**	**206**	**126**	**75**	**5**	**201**	**115**	**81**	**5**	**206**	**113**	**88**	**5**	**204**	**108**	**93**	**3**
% af landinu öllu	***8,93%***	***9,38%***	***5,88%***	***10,43%***	***11,11%***	***9,99%***	***5,49%***	***10,09%***	***10,45%***	***10,02%***	***5,95%***	***10,24%***	***10,69%***	***10,06%***	***6,25%***	***10,54%***	***10,93%***	***10,68%***	***3,95%***
Landið allt	795	693	102	1.976	1.134	751	91	1.993	1.101	808	84	2.012	1.057	875	80	1.935	988	871	76

Heimild: Útvegur

Þróun unnins botnfisksafla eftir verkunarsvæðum 1992–2002.

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Bakkafjörður	757	921	1.583	2.346	1.773	1.346	1.545	2.339	2.546	2.472	1.547
Bíldudalur	2.234	2.012	1.618	1.351	2.116	3.330	2.288	1.036	1.153	1.556	1.261
Borgarfjörður eystri	360	342	293	399	551	525	562	687	690	748	738
Breiðdalsvík	2	–	–	1.213	1.583	1.082	1.556	1.183	1.324	1.143	1.046
Drangsnes	213	265	144	0	73	–	86	1.084	897	731	720
Fáskrúðsfjörður	6.032	5.361	5.897	5.015	4.098	3.442	3.390	3.801	3.966	3.905	4.749
Grímsey	306	–	–	552	628	1.044	1.276	834	1.045	1.031	891
Hofsós	3.272	2.548	1.184	1.025	1.583	1.201	1.508	1.963	1.665	891	260
Seyðisfjörður	3.443	6.641	2.658	2.244	2.383	2.130	2.543	2.352	2.471	2.082	2.501
Stöðvarfjörður	5.085	4.939	5.254	2.922	3.185	1.624	1.749	2.143	1.733	1.994	2.374
Þingeyri	3.682	4.290	5.330	4.169	2.381	460	1.089	1.476	3.230	3.710	3.859
Samtals 11 byggðarlög	**25.387**	**27.318**	**23.961**	**21.235**	**20.355**	**16.183**	**17.591**	**18.898**	**20.721**	**20.264**	**19.945**
Hlutfall af heildarafla	*4,76%*	*5,18%*	*4,73%*	*4,64%*	*4,52%*	*3,77%*	*3,74%*	*3,91%*	*4,46%*	*4,62%*	*4,43%*
Allt landið + afli fluttur út óunninn	**533.159**	**527.434**	**507.077**	**457.901**	**450.693**	**429.596**	**469.882**	**482.934**	**465.047**	**438.350**	**449.852**

4. *Hvaða áhrif má ætla að þessi aukning aflaheimilda muni hafa á skilyrði til búsetu í þeim byggðum sem hér um ræðir?*

Almennt séð hafa áhrifin verið jákvæð, að mati Byggðastofnunar, og byggðakvótinn bætt búsetuskilyrði í þeim byggðarlögum sem fengu úthlutun fyrir tímabilið 1999–2004. Sá byggðakvóti sem kom í hlut Byggðastofnunar að úthluta samkvæmt ákvörðun Alþingis er 1.500 þorskígildistonn. Það magn eitt og sér vegur ekki þungt í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Það er einnig ljóst að einungis var hægt að koma til móts við óskir fárra um byggðakvóta. Úthlutunin á með jákvæðum hætti að rétta hlut þeirra byggðarlaga sem hafa tapað frá sér kvóta. Hafa ber í huga að hún er tímabundin. Því lagði Byggðastofnun mikla áherslu á að þeir sem fengju byggðakvóta notuðu hann vel til þess að styrkja sinn rekstur m.a. með kvótakaupum til að tryggja afkomuna þegar tímabilinu lýkur og kvótinn fellur niður.

Við framkvæmd úthlutunar byggðakvóta á vegum Byggðastofnunar var höfð hliðsjón af framansögðu. Megináherslan var lögð á að úthlutunin næði til þeirra sem verst voru staddir en jafnframt að hún næði að koma að gagni. Úthlutunin var unnin undir stjórn og eftirliti stjórnar Byggðastofnunar. Að henni komu fjölmargir aðilar, starfsmenn Byggðastofnunar, starfsmenn Atvinnuþróunarfélaganna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, sveitarstjórnarmenn í 11 sveitarfélögum, starfsmenn þessara sveitarfélaga, forsvarsmenn fyrirtækja, starfsmenn sjávarútvegsráðuneytis, starfsmenn Fiskistofu og ráðgjafar sem ráðnir voru að ýmsum verkum tengdum úthlutuninni.

Áætluð margfeldisáhrif þessarar úthlutunar eru 3–4-föld ef miðað er við þá samninga sem gerðir voru og þá reynslu sem þegar er fengin. Samkvæmt því er líklegt að úr þeim 1.500 þorskígildistonnum sem byggðakvótinn er verði landað á bilinu 4.500–6.000 þorskígildistonnum að jafnaði á hverju fiskveiðiári vegna byggðakvótans í þeim 11 byggðarlögum sem hann fengu.

Varanleg ársverk gætu orðið allt að 60–100 samkvæmt þessu. Þá er fyrst og fremst átt við ársverk í vinnslu á saltfiski. Aukning í fiskveiðum verður fyrst og fremst í tekjum fremur en ársverkum. Þá er og þess að geta að þeir bátar sem veiða byggðakvótann skuldbinda sig til að leggja upp allan annan afla sinn í viðkomandi byggðarlagi. Það mun einnig verða til þess að tryggja atvinnu við fiskverkun á viðkomandi stöðum enn frekar.

Mat Byggðastofnunar er að úthlutun hennar á kvóta til byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í aflaheimildum hafi tekist vel. Ef byggðakvótinn er skynsamlega nýttur, eins og mörg dæmi eru um, leiði hann til þess að þeir sem fengu byggðakvóta geti styrkt stöðu sína verulega til frambúðar og þar með atvinnu í sínu byggðarlagi. Verði það almennt raunin er tilgangi með úthlutun byggðakvóta á vegum Byggðastofnunar náð.

733. Svar [405. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um útgáfustyrki Menningarsjóðs.

1. *Hverjar hafa árlegar tekjur Menningarsjóðs verið frá því að lög nr. 79/1993 tóku gildi, hvaðan hafa þær komið og hve stórum hluta þeirra hefur verið varið til beinna styrkja?*

Tekjur Menningarsjóðs eru framlög frá Alþingi og vextir af bankainnstæðu.

Heildarframlög ríkissjóðs 1993–2003	137.916.400 kr.
Vextir af bankainnstæðu	8.826.004 kr.
Styrkloforð	138.750.000 kr.

Hlutfall styrkveitinga af heildartekjum er því um 95%. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun eftir árum:

Tafla I.

	Fjöldi styrkja	Styrkloforð	Fjöldi niður-felldra styrkja	Fjárhæð	Fjöldi ógreiddra styrkja	Fjárhæð	Greiddir styrkir	Fjárlög	Fellt niður og endurgreitt v/ skemmtana-skatts	Vextir
1993	31	13.350.000	2	800.000	0	0	12.550.000	13.916.400		24.094
1994	27	8.500.000	3	1.200.000	0	0	7.300.000	9.000.000		147.657
1995	34	10.850.000	4	1.550.000	0	0	9.300.000	11.500.000		417.713
1996	51	13.200.000	5	1.450.000	0	0	11.750.000	12.500.000		681.390
1997	48	13.600.000	3	650.000	1	200.000	12.750.000	13.000.000		787.437
1998	49	14.600.000	3	1.150.000	4	1.200.000	12.250.000	13.000.000		815.227
1999	44	13.200.000	2	600.000	6	1.650.000	10.950.000	13.000.000	-5.600.000	1.236.160
2000	46	15.150.000	1	300.000	18	6.800.000	8.050.000	13.000.000		1.244.410
2001	44	13.200.000	0	0	8	2.050.000	11.150.000	13.000.000		1.953.372
2002	48	15.000.000	0	0	22	6.550.000	8.450.000	13.000.000	5.600.000	1.518.544
2003	45	15.800.000	0	0	31	10.800.000	5.000.000	13.000.000		
	467	146.450.000	23	7.700.000	90	29.250.000	109.500.000	137.916.400		8.826.004
	23	7.700.000								
Alls	444	138.750.000								

Heildarframlög ríkissjóðs	137.916.400	
Vextir	8.826.004	
Greiddir styrkir		109.500.000
Ógreiddir styrkir		29.250.000
	146.742.404	138.750.000
Niðurfelldir styrkir		7.700.000

2. Hverjir hafa setið í stjórn Menningarsjóðs á þeim tíma?

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna skv. 2. gr. laga nr. 79/1993, um Menningarsjóð:

Maí 1993	Bessí Jóhannsdóttir, formaður
	Áslaug Brynjólfsdóttir
	Hlín Daníelsdóttir
Varamenn	Sigurður Björnsson
	Kári Bjarnason
	Katrín Andrésdóttir
Júní 1995	Bessí Jóhannsdóttir, formaður
	Áslaug Brynjólfsdóttir
	Sigríður Jóhannesdóttir
Varamenn	Sigurður Björnsson
	Kári Bjarnason
	Ingunn Jónasdóttir

Júní 1999	Bessí Jóhannsdóttir, formaður
	Áslaug Brynjólfsdóttir
	Dóra Líndal Hjartardóttir
Varamenn	Sigurður Björnsson
	Kári Bjarnason
	Katrín Andrésdóttir
Maí 2003	Bessí Jóhannsdóttir, formaður
	Jakob Frímann Magnússon
	Kári Bjarnason
Varamenn	Katrín Fjeldsted
	Eiríkur Bergmann Einarsson
	Inga Steinunn Ólafsdóttir

3. *Útgáfu hvaða verka hefur Menningarsjóður styrkt á þessum tíma, hverjir eru höfundar eða ritstjórar einstakra verka, hve mikið voru þau styrkt og hvaða forlög gáfu út, sundurliðað eftir fræðiritum, handbókum, orðabókum og menningarsögulegum ritum, sbr. 1. gr. laganna?*

Menningarsjóður hefur ekki flokkað styrkt rit eftir skilgreiningu 1. gr. laganna í fræðirit, handbækur, orðabækur og menningarsöguleg rit. Frekar hefur verið litið til þessarar skilgreiningar til að ákvarða hvaða rit séu styrkhæf en rit getur flokkast undir fleiri en eina bókmenntagrein. Styrkt rit eru flokkuð eftir árum, umsækjendum og höfundum, sbr. eftirfarandi töflur:

Tafla II. Rit sem fengið hafa styrkloforð frá Menningarsjóði 1993–2003 (raðað eftir árum).

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Almenna bókafélagið	Íslenskar tilvitnanir	250.000	1993	x	
Almenna bókafélagið	Ritsafn Sigurðar Nordals – 3. hluti	100.000	1993	x	
Almenna bókafélagið	Úr forðabúri Forsetans – úrval úr ritgerðum Jóns Sigurðssonar	500.000	1993	x	
Bandalag íslenskra skáta	Skátahandbókin	100.000	1993	x	
Blaðamannafélag Íslands	Saga fjölmiðlunar á Íslandi	500.000	1993	x	
Bolli Gústafsson	Ljóðmæli – Björn Halldórsson	300.000	1993	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Íslensk-ítölsk orðabók	1.000.000	1993	x	
Bókmenntafélagið Hringskuggar	Um Jónas eftir Matthías Johannessen	200.000	1993	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Túlkun Heiðarvígasögu eftir Bjarna Guðnason	250.000	1993	x	
Gylfi Gröndal	Sveinn Björnsson – Ævisaga	200.000	1993	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1993	100.000	1993	x	
Kvenréttindafélag Íslands	Veröld sem ég vil – Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992	1.000.000	1993	x	
Landssamband Gideon-félaga á Íslandi	Til kaupa á Nýja testamenti og Davíðssálmum og Biblíum	50.000	1993	x	
Leikfélag Reykjavíkur	Leikfélag Reykjavíkur 100 ára	500.000	1993	x	
Matthías Bjarnason	Ísland frjálst og fullvalda ríki	500.000	1993	x	
Mál og menning	Íslensk bókmenntasaga II	350.000	1993	x	
Mál og menning	Íslensk orðtengslabók eftir Jón Hilmar Jónsson	500.000	1993	x	
Mál og menning	Saga daganna eftir Árna Björnsson	250.000	1993	x	
Nesútgáfan – Helgi Haraldsson	Rússnesk-íslensk orðabók	2.000.000	1993	x	
Ormstunga hf.	Landfræðisaga Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, endurútgáfa	300.000	1993	x	
Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands	Lýðmentun. Hugleiðingar og tillögur eftir Guðmund Finnbogason, endurútgáfa	100.000	1993	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Raunvísindastofnun Háskólans	Minningarrit um Leif Ásgeirsson	150.000	1993	x	
Skipstjóra- og stýrimanna-félagið Aldan	Aldan 100 ára	500.000	1993	x	
Vaka – Helgafell	Íslandsísar eftir Ara Trausta Guðmundsson	500.000	1993		x
Vaka – Helgafell	Lífsmyndir forseta – æviferill Jóns Sigurðssonar	300.000	1993		x
Vaka – Helgafell	Saga Íslands og Íslendinga. Íslandssaga A–Ö eftir Einar Laxness	300.000	1993	x	
Valborg Sigurðardóttir	Saga Fósturskóla Íslands	300.000	1993	x	
Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðsaga hf.	Íslensk þjóðmenning, 7. bindi	1.000.000	1993	x	
Ættfræðifélagið	Manntal 1910	250.000	1993	x	
Örn og Örlygur bókaklúbbur hf.	Íslensk orðatiltæki eftir Jón G. Friðjónsson	500.000	1993	x	
Örn og Örlygur bókaklúbbur hf.	Stóra alfræðibókin fyrir börn og unglinga	500.000	1993	x	
Almenna bókafélagið	Saga mannkyns – kennarahandbækur	150.000	1994	x	
Ágúst Þór Árnason	Stjórnarskrárbókin	200.000	1994		x
Bílorðanefnd bílgreinanna	Bílorðasafn	200.000	1994	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Um þýðingar á Laxdælasögu eftir Kenevu Kunz	200.000	1994	x	
Fjölvaútgáfan	Skrímsli á Íslandi eftir Þorvald Friðriksson	500.000	1994		x
Framtíðarsýn	Leiðtogar á lýðveldistíma eftir Jónínu Michaelsdóttur	100.000	1994	x	
Gott mál hf.	Sýslu- og sóknalýsingar Þingeyjarsýslna (1838)	200.000	1994	x	
Hálfdán Ó. Hálfdánarson	Líforðasafn – Enskt-íslenskt, íslenskt-enskt	200.000	1994	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Afmælisbók Þjóðminjasafns Íslands	500.000	1994	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Bókmenntaskrá Skírnis	100.000	1994	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun (Freud)	200.000	1994	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1994	100.000	1994	x	
Kvenréttindafélag Íslands	Veröld sem ég vil, viðbótarstyrkur	100.000	1994	x	
Landmælingar Íslands	Kortagerð á Íslandi frá 1800–1970	800.000	1994	x	
Mál og menning	Íslendingasögur og orðstöðulykil – CD-ROM	400.000	1994	x	
Mál og menning	Íslensk bókmenntasaga III	400.000	1994	x	
Menntamálaráðuneytið	Handbók um lista og menningarmál á Íslandi	500.000	1994	x	
Nobuyoshi Mori	„1500 íslensk orð“ – Íslensk-japönsk orðabók	200.000	1994	x	
Orðanefnd Félags við-skipta- og hagfræðinga og Íslensk málnefnd	Hagfræðiorðasafn	200.000	1994	x	
Orðanefnd RVFÍ	Raftækniorðasafn 5	500.000	1994	x	
Rannsóknarstofnun. Kennaraháskóla Íslands	Ármann á Alþingi (Baldvin Einarsson)	200.000	1994	x	
Rannsóknastofa í kvennafræðum	Fléttur. Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum	250.000	1994	x	
Reykholt hf.	Ritsafn Indriða G. Þorsteinssonar	500.000	1994	x	
Sögufélag	Stutt greinargerð um Ísland – flutt á Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu	200.000	1994	x	
Vaka – Helgafell	Milli vonar og ótta, 3. bindi eftir Þór Whitehead	300.000	1994	x	
Þjóðdansafélag Reykjavíkur	Gömlu dansarnir á Íslandi í tvær aldir	800.000	1994	x	
Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðsaga	Íslensk þjóðmenning II–IV	500.000	1994		x
Arngrímur Jónsson	Hátterni í kirkjusiðum eftir Arngrím Jónsson	150.000	1995	x	
Bandalag íslenskra skáta	Handbók flokksforingjans eftir Kristínu Bjarnadóttur	100.000	1995	x	
Bóka- og blaðaútgáfan sf.	Íslenskar þjóðsögur I: 1. bindi, Álfar og tröll. Ritstjóri Ólína Þorvarðardóttir.	500.000	1995	x	
Bókaútgáfan Leifur Eiríksson	Íslendingasögur á ensku	1.000.000	1995	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Íslenskur heimildaskáldskapur eftir Magnús Hauksson	200.000	1995	x	
Einar Pálsson	Kristnitakan og kirkja Péturs í Skálholti eftir Einar Pálsson	500.000	1995	x	
Gagnasmiðja Kennaraháskóla Íslands	Könnum saman lóð og mó – fræðsluefni til margmiðlunar ætlað börnum	300.000	1995		x
Garðar Guðmundsson	Ritaskrá um íslenska fornleifafræði í ritstjórn Garðars Guðmundssonar	200.000	1995		x
Glímusamband Íslands	Glímusaga Íslands eftir Þorstein Einarsson	800.000	1995		x
Hart í bak, útgáfa	Leikrit Jökuls Jakobssonar I–II í ritstjórn Jóns Viðars Jónssonar	500.000	1995	x	
Háskólaútgáfan	Also sprach Zarathustra eftir Nietzsche í þýðingu Jóns Árna Jónssonar	100.000	1995	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Ritsafn Sigurðar Nordals 4. hluti – Samhengi og samtíð	300.000	1995	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Siðfræði Níkomakkosar eftir Aristóteles í þýðingu Svavars Hrafns Svavarssonar	500.000	1995	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1995	100.000	1995	x	
Hjálpræðisherinn á Íslandi	Hjálpræðisherinn á Íslandi í hundrað ár eftir dr. Pétur Pétursson	300.000	1995	x	
Hvítabandið	„Saga Hvítabandsins 1895–1995“ eftir Margréti Guðmundsdóttur	200.000	1995	x	
Iðnú, bókaútgáfa	Tækniorðasafn fyrir bíl- og málmiðngreinar eftir Sigfús Sigurðsson	200.000	1995	x	
Jón Ögmundur Þormóðsson	Fegursta kirkjan á Íslandi	100.000	1995	x	
Margrét Margeirsdóttir	Fötlun og samfélag eftir Margréti Margeirsdóttur	200.000	1995	x	
Marteinn H. Friðriksson	Söngvasafn Dómkirkjunnar	100.000	1995	x	
Mál og menning	Merkisdagar á mannsævinni eftir Árna Björnsson	200.000	1995	x	
Mál og menning	Vídalínspostilla. Formáli eftir Gunnar Kristjánsson, greinargerð eftir Mörð Árnason	500.000	1995	x	
Nesútgáfan – Helgi Haraldsson	Rússnesk-íslensk orðabók – viðbótarstyrkur	1.000.000	1995	x	
Safnastofnun Austurlands	Húsasaga Seyðisfjarðar 1870–1940 eftir Þóru Guðmundsdóttur	500.000	1995	x	
Setberg, bókaútgáfa	Vegsemd þess og vandi að vera Íslendingur eftir Gylfa Þ. Gíslason	100.000	1995	x	
Skerpla	Fátækt fólk, þriggja bóka safnrit eftir Tryggva Emilsson	200.000	1995	x	
Stofnun Jóns Þorlákssonar	Íslenskar tilvitnanir í ritstjórn Hannesar H. Gissurarsonar – viðbótarstyrkur	250.000	1995	x	
Sögufélag	Sýslu- og sóknalýsingar Skaftafellssýslu 1839–1843	200.000	1995	x	
Vaka – Helgafell	„Eldstöðvar Íslands“ eftir Ara Trausta Guðmundsson	250.000	1995		x
Vaka – Helgafell	Íslenskir fuglar eftir Ævar Örn Petersen og Jón Baldur Hlíðberg	300.000	1995	x	
Vaka – Helgafell	Ljóðasafn Davíðs Stefánssonar	200.000	1995	x	
Vaka – Helgafell	Saga Íslands og Íslendinga eftir Einar Laxness, viðbótarstyrkur	200.000	1995	x	
Þjóðminjasafn Íslands	Leirker fundin í jörðu á Íslandi eftir Guðrúnu Sveinbjarnardóttur	300.000	1995	x	
Þórdís T. Þórarinsdóttir og Margrét Loftsdóttir	Kerfisbundin efnisorðaskrá fyrir bókasöfn	300.000	1995	x	
Afmælisnefnd bókasafns- og upplýsingafræði	„Íslensk bókasöfn á upplýsingaöld“ – hlutur þeirra í menningu, menntun og rannsóknum þjóðarinnar	200.000	1996	x	
Afmælisnefnd um útgáfu heiðursrits til Gísla Jónssonar	Íslenskt mál – eftir Gísla Jónsson	200.000	1996	x	
Ágúst Þór Árnason	Stjórnarskrárbókin, viðbótarstyrkur	200.000	1996		x
Bókaútgáfan Iðunn	Heimssöguatlas í ritstjórn Helga Skúla Kjartanssonar	500.000	1996	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Ítölsk-íslensk orðabók eftir Paola Maria Turchi, viðbótarstyrkur	500.000	1996	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Tveggja heima sýn – saga Ólafs Þórhallssonar og þjóðsögur. Höfundur María Anna Þorsteinsdóttir, í ritröðinni Studia Islandica	200.000	1996	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Sýnisbók ljóða eftir íslenskar konur 1876–1990 eftir Helgu Kress, í ritröðinni Íslensk rit	200.000	1996	x	
Félag íslenskra myndlistarmanna	Sjónargrip eftir Hjörleif Sigurðsson listmálara	300.000	1996	x	
Fjölvaútgáfan	Skordýrabókin eftir Þorstein Thorarensen	500.000	1996		x
Frank Ponzi	Ísland fyrir aldamót – harðindaárin 1882–1888	200.000	1996	x	
Hannes Hólmsteinn Gissurarson	„Íslenskt atvinnulíf í ljósi stjórnmálahagfr.“ Hádegisverðurinn verður aldrei ókeypis	200.000	1996	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Haraldur Jóhannesson	„Niðurlögn verslunarhamla, gjaldeyrishafta og tvíhliða jafnviðis viðskipta í Vestur-Evrópu frá 1945–1959“	100.000	1996	x	
Herdís Helgadóttir	Vaknaðu kona! – Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli	100.000	1996	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Hugmyndaheimur Magnúsar Stephensens eftir Inga Sigurðsson	200.000	1996	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun, síðara bindi eftir Sigmund Freud, í þýðingu Sigurjóns Björnssonar	100.000	1996	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Siðbreytingin á Íslandi 1537–1551 eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur	200.000	1996	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1996, ársrit	100.000	1996	x	
Hildur G. Eyþórsdóttir	Bókmenntaskrá Skírnis 1994	100.000	1996		x
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum. Hluti (14 sögur) af heildarútgáfu Íslendingasagna	800.000	1996	x	
Hljóðhúsið – Páll Sveinn Guðmundsson	Hljóðbók – Þjóðsögur Jóns Árnasonar í ritstjórn Vilborgar Dagbjartsdóttur og Þorgeirs Þorgeirsonar	200.000	1996		x
Hljóðsetning ehf.	Davíð Stefánsson, hljóðbók	100.000	1996	x	
Hringurinn, kvenfélag	„Hringurinn 1904–1994“. Ritstjóri Björg Einarsdóttir	300.000	1996	x	
Inga Huld Hákonardóttir	Konur og Kristsmenn – Hin týnda saga; níu erindi eftir jafnmarga höfunda, ritstjóri Inga Huld Hákonardóttir	300.000	1996	x	
Jón Hnefill Aðalsteinsson	Þjóðfræði í fornritum	150.000	1996	x	
Jón Kaldal	Jón Kaldal – aldarafmæli	400.000	1996	x	
Jón Viðar Jónsson	(Leikhús fæðist) – Leyndarmál frú Stefaníu	200.000	1996	x	
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, IV. aukabindi	300.000	1996	x	
Mál og menning	„Stórurriðinn í Þingvallavatni“ eftir Össur Skarphéðinsson	100.000	1996	x	
Mál og menning	Ígorskviðan – Rússneskt hetjukvæði og íslenskar fornbókmenntir eftir Árna Bergmann	150.000	1996	x	
Mál og menning	Kaupmannahafnarbókin eftir Tryggva Gíslason	150.000	1996	x	
Mál og menning	Vinir við Gamlatorg – Pólitísk tengsl íslenskra sósíalista við kommúnistaflokk Sovétríkjanna eftir Jón Ólafsson	200.000	1996	x	
Mál og mynd ehf.	Þórsmörk – þættir um land og sögu eftir Þórð Tómasson	300.000	1996	x	
Ormstunga ehf.	Landfræðisaga Íslands eftir Þorvald Thoroddsen – viðbótarstyrkur	300.000	1996	x	
Ormstunga ehf.	Maður margra handa – Guðmundur frá Miðdal eftir Illuga Jökulsson	200.000	1996	x	
Ólafur H. Torfason	St. Jósefssystur á Íslandi – 100 ára starfsafmæli	300.000	1996	x	
Pétur Pétursson	Hljóðbók – Ævisaga Árna Þórarinssonar eftir Þórberg Þórðarson	200.000	1996	x	
Samband veitinga- og gistihúsa	Gestir og gestgjafar eftir Gylfa Gröndal	200.000	1996	x	
Sigfríður Björnsdóttir og Þuríður Pálsdóttir	„Íslenska einsöngslagið“ – saga, stíll, þróun	300.000	1996		x
Skálholtsútgáfan	Bókin um kristna trú eftir dr. Einar Sigurbjörnsson	300.000	1996	x	
Stofnun Árna Magnússonar	Bréf Gunnars Pálssonar II. Athugasemdir og skýringar eftir Gunnar Sveinsson	200.000	1996	x	
Sverrir Tómasson og Háskólaútgáfan	Guðamjöður og arnarleir í ritstjórn Sverris Tómassonar	100.000	1996	x	
Sögufélag og Sagnfræðistofnun HÍ	Minningarrit með greinum eftir dr. Gísla Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðing	500.000	1996	x	
Trausti Valsson	Skipulag byggðar	150.000	1996	x	
Tryggvi Gíslason	„Orð í tíma töluð“ – 8000 tilvitnanir eða fleyg orð í íslensku	300.000	1996	x	
Vaka – Helgafell	Ísland í köldu stríði eftir Þór Whitehead	300.000	1996		x
Vaka – Helgafell	Stóra tilvitnanabókin eftir Axel Ammendrup og Símon Jón Jóhannsson	500.000	1996	x	
Vaka – Helgafell	Upplestur Halldórs Laxness – hljóðbók	400.000	1996	x	
Valborg Sigurðardóttir	„Fósturskóli Íslands 50 ára“ – aðdragandi, þróun saga – viðbótarstyrkur	200.000	1996	x	
Þorsteinn Úlfar Björnsson	Villigarðurinn – garðyrkjuhandbók letingjans	100.000	1996	x	
Ættfræðifélagið	Manntalið 1910, 3. bindi – Árnessýsla, í ritstjórn Hólmfríðar Gísladóttur og Eggerts Th. Kjartanssonar	200.000	1996	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Örlygur Hálfdanarson	„Aldarhvörf“, myndir og efni Brunos Scwheizer frá Íslandi um 1935	700.000	1996	x	
Anna H. Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir	Þjóðsögur og sagnir í Kópavogi	150.000	1997	x	
Ármann Jakobsson	Í leit að konungi – konungsmynd íslenskra konungasagna	200.000	1997	x	
Blindrabókasafn Íslands	Fræðirit og handbækur á Daisy-formi	300.000	1997	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Ítölsk-íslensk orðabók eftir Paola Maria Turchi, viðbótarstyrkur	600.000	1997	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Skotveiðar í íslenskri náttúru eftir Ólaf E. Friðriksson	200.000	1997	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Studia Islandica – Úr landnorðri, Samar og ystu rætur íslenskrar menningar eftir Hermann Pálsson	200.000	1997	x	
Bókmenntaklúbbur Suðurnesja	Ritsafn eftir Hilmar Jónsson. 2 bindi	300.000	1997	x	
Delos ehf.	Leitin að ljósinu – ævi, störf, fræðimennska og kenningar dr. Esra Pétursonar e. Ingólf Margeirssonar	300.000	1997	x	
Ferðafélag Íslands	Islandsreise 1858 eftir Konrad Maurer	400.000	1997	x	
Gunnar Þorsteinn Halldórsson	Mál manna	200.000	1997		x
Hannes H. Gissurarson og Ragnar Árnason	Kvótakerfið	200.000	1997	x	
Háskólaútgáfan og Clarence E. Glad	Klassísk menntun á Íslandi 1846–1996 e. Clarence E. Glad og Ágúst Ásgeirsson	200.000	1997		
Hið íslenska bókmenntafélag	Annálar 1400–1800 – Nafnaskrá, eftir Einar S. Arnalds	300.000	1997	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1997, ársrit	100.000	1997	x	
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum, 2. áfangi	300.000	1997	x	
Hringurinn, kvenfélag	Hringurinn í Reykjavík eftir Björgu Einarsdóttur, viðbótarstyrkur.	300.000	1997	x	
Hörpuútgáfan	Brautryðjandinn Júlíana Jónsdóttir skáldkona eftir Guðrúnu P. Helgadóttur	300.000	1997	x	
Iðnú, bókaútgáfa	Gamlir skólasiðir eftir Guðlaug R. Guðmundsson	200.000	1997	x	
Íslenska bókaútgáfan	Rætur málsins í íslenskri biblíumálshefð eftir Jón G. Friðjónsson	300.000	1997	x	
Íþróttafélag Reykjavíkur	90 ára afmælisrit ÍR. Ágúst Ásgeirsson	250.000	1997		x
Íþróttasamband fatlaðra	Íþróttir fatlaðra á Íslandi í 25 ár. Sigurður Magnússon	250.000	1997	x	
JPV-útgáfa	Ljósmyndarar á Íslandi 1846–1926 eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur	300.000	1997	x	
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	„KR – Öldin okkar“ í ritstjórn Ellerts Schram og Magnúsar Orra Schram	250.000	1997	x	
Kristinn H. Skarphéðinsson og Náttúrufræðistofnun Íslands	Varpfuglar á Suðurlandi e. Einar Ó. Þorleifsson, Jóhann Óla Hilmarsson og Kristin H. Skarphéðinsson	200.000	1997		x
Kvennasögusafn Íslands	Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna. Anna Sigurðardóttir/ Erla Hulda Halldórsdóttir	200.000	1997	x	
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	Passíusálmar Hallgríms Péturssonar	600.000	1997	x	
Leikfélag Reykjavíkur	Leikfélag Reykjavíkur 100 ára, viðbótarstyrkur	600.000	1997	x	
Leiklistarsamband Íslands	Leikhúsorð. Sigmundur Örn Arngrímsson	100.000	1997	x	
Lýður Björnsson – HÍB	Rekstrarsaga Innréttinganna	400.000	1997	x	
Mál og menning	Af tvennu illu: eftir Kristján Kristjánsson	100.000	1997	x	
Mál og menning	Íslenskar sjávarnytjar eftir Gunnar Jónsson, Ólaf Karvel Pálsson og Karl Gunnarsson	300.000	1997	x	
Mál og menning	Stórbók 18. aldar. Þorfinnur Skúlason, Víkingur Kristjánsson, Mörður Árnason	200.000	1997	x	
Mál og menning	Vínlandsgátan eftir Pál Bergþórsson	200.000	1997	x	
Nesútgáfan	Rússnesk-íslensk orðabók, viðbótarstyrkur	500.000	1997	x	
Orðanefnd RVFÍ	Raftækniorðasafn 7	300.000	1997	x	
Rannsóknastofa í kvennafræðum	Íslenskar kvennarannsóknir. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir	200.000	1997	x	
Setberg, bókaútgáfa	Í nærveru sálar – Einar Hjörleifsson Kvaran – maðurinn og skáldið, eftir Gils Guðmundsson	500.000	1997	x	
Sigurður Gylfi Magnússon	Sýnisbók alþýðumenningar á 19. öld	350.000	1997	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Sigurður Kr. Árnason	Íslenskir myndlistarmenn eftir Sigurð Kr. Árnason og Gunnar Dal	400.000	1997	x	
Skákprent – Karlakórinn Fóstbræður	Saga fóstbræðra eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson	400.000	1997	x	
Skáksamband Íslands	Skáksamband Íslands í 70 ár. I. bindi	300.000	1997	x	
Skerpla	Saga fiskveiða á Íslandi fram til 1970 eftir Jón Þ. Þór	300.000	1997	x	
Skjaldborg ehf.	Hafræna – sjávarljóð og siglinga. Guðmundur Finnbogason safnaði	150.000	1997	x	
Skúli Magnússon	Rjúpan	200.000	1997	x	
Vaka – Helgafell	Brennunjálssaga. Halldór Laxness	250.000	1997	x	
Vaka – Helgafell	Íslenska þjóðsagnasafnið. Ólafur Ragnarsson og Sverrir Jakobsson sjá um útgáfuna	300.000	1997	x	
Vaka – Helgafell	Skáldsnilld Laxness. Kristján J. Jónsson, Pétur M. Ólafsson, Valgerður Benediktsdóttir taka saman	250.000	1997	x	
Ættfræðifélagið	Manntalið 1910, 2. og 3. hefti. Viðbótarstyrkur	200.000	1997	x	
Ágúst Þór Árnason	Stjórnarskrárbókin, viðbótarstyrkur	400.000	1998		x
Bókafélagið	Stjórnmálaheimspeki eftir Hannes Hólmstein Gissurarson	250.000	1998	x	
Bókaforlagið Dægradvöl	Endurútgáfa 7 ævisagna: Píslarsaga síra Jóns Magnússonar, Dægradvöl e. Benedikt Gröndal, Harmsaga ævi minnar e. Jóhannes Birkiland, Frá foreldrum mínum. Íslensk baráttusaga e. Gísla Jónsson, Dagbók í Höfn e. Gísla Brynjúlfsson, Sýslumannsæfir e. Boga Benediktsson og Sögukaflar af sjálfum mér e. Matthías Jochumsson	500.000	1998		x
Bókaútgáfan Hólar	Íslenskir fornkappar og kvenhetjur eftir Gísla Jónsson	200.000	1998	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Einar Benediktsson – ævisaga eftir Guðjón Friðriksson 2. bindi	300.000	1998	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Ítölsk-íslensk orðabók eftir Paola Maria Turchi, viðbótarstyrkur	400.000	1998	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	„Gefðu mér veröldina aftur“. Um sjálfsævisöguleg skrif á átjándu og nítjándu öld eftir Eirík Ómar Guðmundsson	150.000	1998	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Sturlun. Samband geðlækninga, bókmennta og siðmenningar eftir M. Foucault og J. Derrida. Ritstjórn Matthías V. Sæmundsson	250.000	1998	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Stúlkur í innheimum. Um sagnaskáldskap Vigdísar Grímsdóttur eftir Kristínu Viðarsdóttur	100.000	1998	x	
Eggert Þór Bernharðsson	Á mörkum hins byggingarsamþykkta heims, Braggabyggð í Reykjavík 1940–1970	500.000	1998	x	
Forlagið	Ritgerðasafn Sigfúsar Daðasonar í samantekt Þorsteins Þorsteinssonar	200.000	1998	x	
Forlagið	Skyggnst á bak við ský eftir Svövu Jakobsdóttur	200.000	1998	x	
Guðjón Sveinsson	Sagan af Daníel	200.000	1998	x	
Guðrún J. Vigfúsdóttir	„Við vefnað í hálf öld“ eftir Guðrúnu Vigfúsdóttur og Elísabetu Þorgeirsdóttur	1.000.000	1998	x	
Gunnar G. Schram	Stjórnskipunarréttur	100.000	1998	x	
Haraldur Jóhannsson	Alþjóðleg peningamál 1960–1990	200.000	1998	x	
Haukur Guðlaugsson	Kennslubók í orgelleik	300.000	1998	x	
Háskólaútgáfan	Hafið eftir Unnstein Stefánsson	300.000	1998	x	
Helga Kress	„Guma girnist mær“. Greinar um íslenskar bókmenntir síðari alda	200.000	1998	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Laufás I. Staðurinn eftir Hörð Ágústsson	300.000	1998		
Hið íslenska bókmenntafélag	Mannanafnaskrá – Annálar 1400–1800 eftir Einar S. Arnalds	300.000	1998	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 1998, ársrit	100.000	1998	x	
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum, 3. áfangi	500.000	1998	x	
Hulda Sigurborg Sigtryggsdóttir	Gullsmiðurinn frá Æðey	300.000	1998	x	
Ísalög sf.	Sönglög eftir íslensk tónskáld í samantekt Ólafs Vignis Albertssonar	500.000	1998	x	
Íslenska söguþingið	Íslenska söguþingið, ráðstefnurit í ritstjórn Guðmundar J. Guðmundssonar	300.000	1998	x	
Jakob Hjálmarsson	Sigrún Jónsdóttir – Líf og list	300.000	1998	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Jón Jónsson	Strandir I. Jarðalýsingar og ábúendatal eftir Jón Jónsson og Lýð Björnsson	400.000	1998		
Jón Óskar	Frakklandssaga eftir Sölva Helgason	400.000	1998	x	
Jón S. Ólafsson	Íslensk votlendi, verndun og nýting í ritstjórn Jóns S. Ólafssonar	200.000	1998	x	
Jón Torfason	Ein ný vísnabók eftir Guðbrand Þorlaksson	400.000	1998	x	
Kjartan Guðjónsson	Þorpið og heimurinn, Jón úr Vör. Myndlýsing Kjartan Guðjónsson	250.000	1998		x
Leshús	2 hljóðbækur. Alexis Sorbas e. Nikos Kasantsakis og Turninn úti á heimsenda e. William Heinesen	200.000	1998	x	
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	Sigurjón Ólafsson myndhöggvari – ævi og starf eftir Aðalstein Ingólfsson og Lise Funder	400.000	1998	x	
Mál og menning	Árni Magnússon eftir Má Jónsson	200.000	1998	x	
Mál og menning	Jónas Hallgrímsson eftir Pál Valdimarsson	200.000	1998	x	
Mál og menning	Tvö Íslönd eftir Guðjón Arngrímsson	200.000	1998	x	
Ragnhildur Richter	„Lafað í röndinni á mannfélaginu". Um sjálfsævisögur kvenna	100.000	1998	x	
Rannsóknastofa í kvennafræðum	Íslenskar kvennarannsóknir. Ritstjóri Helga Kress, Kristín Björnsdóttir, Rannveig Traustadóttir	200.000	1998		
Ritnefnd Kvískerjabókar	Kvískerjabók í ritstjórn Gísla Sverris Árnasonar	200.000	1998	x	
Samvinnuháskólinn á Bifröst	Bifrastarævintýrið og Jónasarskólinn eftir Jón Sigurðsson	300.000	1998		
Skjaldborg ehf.	Andvökur eftir Stephan G. Stephansson Viðbótarstyrkur	200.000 100.000	1998 1999	x	
Sögurítunarsjóður Félags íslenskra listdansara	Saga íslensks listdans eftir Árna Ibsen	700.000	1998	x	
Sölvi Björn Sigurðarson	Blóðberg	100.000	1998	x	
Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða	Vestfjarðarit – Land og lýðir í Vestur Ísafjarðarsýslu 900–1900 eftir Kjartan Ólafsson	600.000	1998	x	
Vigfús Björnsson	Huldulandið	200.000	1998	x	
Þorgrímur Gestsson	Saga Laugarness	400.000	1998	x	
Þorsteinn Geirsson	„Gamla hugljúfa sveit"	100.000	1998	x	
Ættfræðifélagið	Manntalið 1910, 4 bindi, Gullbringu- og Kjósarsýsla	200.000	1998	x	
Bandalag íslenskra skáta	Handbók fyrir dróttskátaforingja eftir Ólaf Ásgeirsson	200.000	1999	x	
Bandalag íslenskra skáta	Sveitarráðið, handbók fyrir skátaforingja. Hörður Zophaniasson tók saman	200.000	1999	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Einar Benediktsson, ævisaga 3. bindi, eftir Guðjón Friðriksson	300.000	1999	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Íslenskir bátar I–IV eftir Jón Björnsson frá Bólstaðarhlíð	500.000	1999	x	
Bókaútgáfan Iðunn	Þjóðráð – Haldbær þróun samfélags og lífshátta eftir Hörð Bergmann	200.000	1999	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Studia Íslandica 56. Að leita trúar í sögum. Um heiðni og kristni í sögum og samtíma Gunnars Gunnarssonar eftir Höllu Kjartansdóttur	200.000	1999	x	
Fornleifastofnun Íslands	Archaeologia Islandica, tímarit Fornleifastofnunar Íslands	300.000	1999	x	
Guðmundur Magnússon	Safnahúsið	300.000	1999		
Guðrún Karlsdóttir	Samræmd nafnamyndaskrá íslenskra ritverka fyrir 1540 eftir Guðrúnu Karlsdóttur, Kristínu Bragadóttur og Einar G. Pétursson	300.000	1999		x
Haraldur Jóhannsson	Saga hagfræðinnar fram á miðja 19. öld	150.000	1999	x	
Helga Kress	Heilagra meyja sögur eftir Kirsten Wolf og Helgu Kress	300.000	1999		x
Hið íslenska bókmenntafélag	Annálar 1400–1800 VIII – Lykilbók 2 í ritstjórn Einars Arnalds	500.000	1999	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík eftir Svein Yngva Egilsson	200.000	1999		
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari, 1999, ársrit	200.000	1999	x	
Íslenska menningarsamsteypan art.is ehf.	Heimur kvikmyndanna í ritstjórn Guðna Elíssonar	700.000	1999	x	
Íþróttasamband fatlaðra	Stærsti sigurinn. Íþróttir fatlaðra á Íslandi í 25 ár eftir Sigurð Magnússon	250.000	1999	x	
Janus F. Guðlaugsson	Íþróttanámskrá	200.000	1999	x	
Jenný Karlsdóttir	Leiðbeiningar til að nema ýmsar kvenlegar hannyrðir 1886 og Leiðbeiningar til að nema ýmsar hannyrðir og fatasaum 1828	150.000	1999	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Jóhannes Helgi	Um víðan völl	300.000	1999	x	
Jón Kr. Gunnarsson	Eyjar við Ísland	400.000	1999		
Jón Viðar Jónsson	Safn til sögu íslenskrar leiklistar og leikbókmennta 2. b.	200.000	1999	x	
Karton ehf.	Horfin handtök eftir Pétur G. Kristbergsson	200.000	1999	x	
KFUM og KFUK í Reykjavík	Með eld í sál – 100 ára saga KFUM og KFUK á Íslandi eftir Þórarin Björnsson	250.000	1999		
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	Fyrsta öldin – saga KR í hundrað ár eftir Ellert B. Schram	250.000	1999	x	
Leikur sf.	Sjálfstæðið er sívirk auðlind eftir Ragnar Arnalds	300.000	1999	x	
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	Sigurjón Ólafsson, ævi og list II eftir Aðalstein Ingólfsson	400.000	1999	x	
Mál og menning	Handbók um íslenska steina eftir Einar Gunnlaugsson	250.000	1999	x	
Mál og menning	Öræfasveit og saga könnunar Öræfajökuls eftir Snævarr Guðmundsson	250.000	1999	x	
Mál og mynd ehf.	Sagnfræðingar að fornu og nýju I–II	400.000	1999	x	
Mál og mynd ehf.	Njáluslóðir eftir Bjarka Bjarnason	400.000	1999	x	
Ólína Þorvarðardóttir	Brennuöldin. Galdramál og galdratrú í málskjölum og sagnageymd	400.000	1999	x	
Rannsóknastofa í kvennafræðum	Íslenskar kvennarannsóknir 1970–1998. Ritstjórar Helga Kress, Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir	200.000	1999		
Setberg, bókaútgáfa	Konur og kristur eftir Sigurbjörn Einarsson	200.000	1999	x	
Sigurrós Þorgrímsdóttir	EES-handbók	400.000	1999	x	
Snorri Sigfús Birgisson	Portrett nr. 1–7	150.000	1999	x	
Svavar Sigmundsson	Úrval úr ritum Grunnavíkur-Jóns í ritstjórn Guðrúnar Ingólfsdóttur og Svavars Sigmundssonar	100.000	1999	x	
Sögufélag	Sýslu- og sóknalýsingar Múlasýslna 1839–1843	500.000	1999	x	
Söguritunarsjóður Félags íslenskra listdansara	Saga íslensks listdans eftir Árna Ibsen, viðbótarstyrkur	500.000	1999		
Vaka – Helgafell	Ísland í síðari heimsstyrjöld, 4. bindi eftir Þór Whitehead	400.000	1999	x	
Vísindafélag Íslendinga	Vísindi við aldarhvörf. Afmælisrit Vísindafélagsins 1918–1998	200.000	1999	x	
Þjóðsaga	Bréfaskipti dr. Valtýs Guðmundssonar og Jóhannesar Jóhannessonar bæjarfógeta eftir Jón Þ. Þór	400.000	1999	x	
Þjóðsaga	Horfin öld á Hafnarslóð eftir Aðalgeir Kristjánsson	200.000	1999	x	
Æðarræktarfélag Íslands	Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi í ritstjórn Jónasar Jónssonar	500.000	1999	x	
Æskan ehf.	Magnús organisti eftir Aðalgeir Kristjánsson	300.000	1999	x	
Arkitektafélag Íslands	Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Formaður ritstjórnar Dennis Jóhannesson	500.000	2000	x	
Bókaútgáfan Hólar	Fyrsta kröfugangan eftir Pétur Pétursson	400.000	2000		
Bókaútgáfan Iðunn	Latnesk-íslensk orðabók eftir Paolo Maria Turchi	1.000.000	2000		
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Hvað er heimspeki; Þýddar greinar eftir 12 heimspekinga í ritstjórn Ármanns Halldórssonar og Róberts Jack	200.000	2000	x	
Bókmenntafræðistofnun HÍ	Studia Islandica 57. Sonatorrek eftir Jón Hnefil Aðalsteinsson	200.000	2000	x	
Bragi Guðmundsson	Líf í Eyjafirði í ritstjórn Braga Guðmundssonar	500.000	2000	x	
Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	Downs-heilkenni eftir Göran Annerén o.fl. í þýðingu Þorleifs Haukssonar	100.000	2000	x	
Félag spænskukennara	Spænsk-íslensk orðabók í ritstjórn Guðrúnar H. Tulinius	500.000	2000		
Genealogia Islandorum hf.	Skipstjórnarmenn og saga íslensks sjávarútvegs, i–v, í ritstjórn Þorsteins Jónssonar og Lýðs Björnssonar	300.000	2000		
Gestur Þorgrímsson	Steinar og annað grjót í ritstjórn Þorgríms Gestssonar	300.000	2000	x	
Glímusamband Íslands	Glímusaga, tilurð glímu, þróun hennar og staða í íslensku þjóðlífi í ellefu aldir eftir Þorstein Einarsson, viðbótarstyrkur	400.000	2000		
Gunnlaugur Ingólfsson	Alexanders saga í ritstjórn Gunnlaugs Ingólfssonar	200.000	2000	x	
Halla Kjartansdóttir	Rit um jarðelda á Íslandi eftir Markús Loftsson – endurútgáfa	150.000	2000	x	
Haraldur Jóhannsson	„Fjær og nær", fyrirlestrar og greinar í hagsögu	150.000	2000	x	
Haukur Guðlaugsson	Kennslubók í organleik, 3. hefti	400.000	2000		
Háskólaútgáfan	Orð af eldi. Bréfaskipti Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar eftir Ernu Sverrisdóttur	300.000	2000	x	

Umsækjandi	Heiti bókar	Styrkur	Ár	Greitt	Fellt niður
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	Íslenskir þjóðbúningar eftir Ásdísi Birgisdóttur og Elínbjörtu Jónsdóttur	300.000	2000		
Helga Kress	Líf og ljóð, Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum	200.000	2000		
Hið íslenska bókmenntafélag	Gerð skráa fyrir Annála 1400–1800. Lykilbók II eftir Einar Arnalds, viðbótarstyrkur	300.000	2000	x	
Hið íslenska bókmenntafélag	„Íslensk heimspeki“, greinar um kvennasiðfræði og femíníska heimspeki eftir Sigríði Þorgeirsdóttur	300.000	2000	x	
Hið íslenska þjóðvinafélag	Andvari 2000, ársrit	200.000	2000	x	
Hundaræktarfélag Íslands	Íslenski fjárhundurinn	100.000	2000		
Hörpuútgáfan – JPV	„Ljóðaúrval Jóhanns Hjálmarssonar“ í ritstjórn Þrastar Helgasonar	300.000	2000	x	
Íslendingasagnaútgáfan ehf.	Nafnabókin okkar í ritstjórn Herberts Guðmundssonar	300.000	2000	x	
Íslensk málnefnd	Þjóð og tunga eftir Baldur Jónsson	200.000	2000		
Íslensk tónverkamiðstöð	Edda I eftir Jón Leifs í ritstjórn Árna Heimis Ingólfssonar	400.000	2000		
Íslenska menningarsamsteypan art.is ehf.	Dyggðirnar sjö að fornu og nýju í ritstjórn Jóns Proppé og Friðriks Rafnssonar	300.000	2000		x
Jóhannes Helgi	Hin hvítu segl, endurútgáfa	200.000	2000	x	
Jón Hnefill Aðalsteinsson	Blótminni og goðgá í Hrafnkels sögu Freysgoða	150.000	2000		
Jón Kristvin Margeirsson	Deilur hörmangarafélagsins og Íslendinga 1752–1757	200.000	2000		
Karlakór Reykjavíkur	Ísland, eg vil syngja, Saga Karlakórs Reykjavíkur eftir Þorgrím Gestsson	400.000	2000	x	
Mál og menning	Hálendið í náttúru Íslands eftir Guðmund Pál Ólafsson	350.000	2000	x	
Mál og menning	Hugtök og heiti í heimspeki eftir Erlend Jónsson	350.000	2000		
Mál og menning	Íslensk bókmenntasaga, IV. bindi í ritstjórn Halldórs Guðmundssonar	400.000	2000		
Mál og mynd ehf.	Gest ber að garði eftir Þórð Tómasson	350.000	2000	x	
Mál og mynd ehf.	Sagnfræðingar að fornu og nýju, I–II, í ritstjórn Gústafs Níelssonar, Lofts Guttormssonar, Sigrúnar Pálsdóttur og Sigurðar Gylfa Magnússonar, viðbótarstyrkur	300.000	2000	x	
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík	Myndhöggvarafélagið í Reykjavík árið 2000 eftir Jón Proppé	400.000	2000	x	
Nýja bókafélagið ehf.	„Hugsjónir og hryðjuverk“ eftir dr. Arnór Hannibalsson	300.000	2000		
Ormstunga ehf.	Ellefu í efra eftir Svein Einarsson	250.000	2000	x	
Sigurður Þórir Sigurðsson	Úr hugarheimi eftir Ólaf Hauk Símonarson og Sigurð Þóri	300.000	2000	x	
Skálholtsútgáfan	Börn og trú eftir sr. Sigurð Pálsson	350.000	2000	x	
Stefán Jón Hafstein	„Sögur af landi: ritgerð um byggðamál við aldarhvörf“	300.000	2000		
Vaka – Helgafell	Ljóðasafn Matthíasar Johannessen	400.000	2000	x	
Þóra Kristjánsdóttir	Myndlistarmenn á Íslandi frá siðaskiptum fram á öndverða 19. öld	250.000	2000		
Þórdís T. Þórarinsdóttir og Margrét Loftsdóttir	Kerfisbundinn efnisorðalykill fyrir bókasöfn	300.000	2000	x	
Ættfræðifélagið	Manntal 1910, Reykjavík	300.000	2000	x	
Almenna bókafélagið – Edda	Sálfræði einkalífsins eftir Guðfinnu Eydal og Álfheiði Steinþórsdóttur	300.000	2001	x	
Orðanefnd RVFÍ	Raftækniorðasafn 9. Ritstjóri Bergur Jónsson	300.000	2001
Orðanefnd RVFÍ	Raftækniorðasafn 10. Ritstjóri Bergur Jónsson	200.000	2002
Orðanefnd RVFÍ	Raftækniorðasafn 11. Ritstjóri Bergur Jónsson	300.000	2003
JPV-útgáfa	„Íslensk hugtakaorðabók“ eftir Jón Hilmar Jónsson	400.000	2002

4. *Hvernig skiptist fjárhagslegur stuðningur Menningarsjóðs eftir einstökum forlögum á þessu tímabili?*

Ekki er í öllum tilfellum ljóst hver endanlega gefur ritið út og ekki hefur verið gerð sérstök skrá yfir útgefendur. Að öðru leyti vísast í töflu III hér að framan.

5. *Hvaða fjárhagslegan stuðning hefur sjóðurinn veitt „annarri skyldri starfsemi“ en beinlínis útgáfu svo vísað sé í orðalag 1. gr. laganna um sjóðinn, hverjir eru ábyrgðarmenn umsókna í slíkum tilvikum og hver er upphæð styrkja?*

Fjárhagslegur stuðningur til annarrar skyldrar starfsemi en útgáfu rita hefur verið veittur til hljóðbóka og þriggja margmiðlunardiska. Einnig styrkti sjóðurinn útgáfu Íslendingasagna á enskri tungu.

Tafla VII. Margmiðlunarefni styrkt af Menningarsjóði 1993–2003.

Mál og menning	Íslendingasögur og orðstöðulykil – CD-ROM	400.000	1994
Vaka – Helgafell	Orðstöðulykill Halldórs Laxness. Ritstjórn Eiríkur Rögnvaldsson, Orðabók Háskólans og Pétur Már Ólafsson. Guðrún Ingólfsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir annast orðskýringar	1.000.000	2002
Collegium Musicum, Landsbókasafn Íslands og Gagarín ehf.	Myndlist og tónlist í handritum Landsbókasafns Íslands á geisladiski. Verkefnisstjóri er Hringur Hafsteinsson	1.000.000	2003

Tafla VIII. Hljóðbækur styrktar af Menningarsjóði 1993-2003.

Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum. Hluti (14 sögur) af heildarútgáfu Íslendingasagna	800.000	1996
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum, 2. áfangi	300.000	1997
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	Íslendingasögur á hljóðbókum, 3. áfangi	500.000	1998
Hljóðsetning ehf.	Davíð Stefánsson, hljóðbók	100.000	1996
Leshús	2 hljóðbækur. Alexis Sorbas e. Nikos Kasantsakis og Turninn úti á heimsenda e. William Heinesen	200.000	1998
Pétur Pétursson	Hljóðbók – Ævisaga Árna Þórarinssonar eftir Þórberg Þórðarson	200.000	1996
Krass ehf.	Kóngar í ríki sínu, 3 hljóðbækur eftir Hrafnhildi Valgarðsdóttur	200.000	2002

6. *Hefur sjóðurinn styrkt útgáfu verkefna sem hafa svo ekki verið gefin út? Hvaða verk eru þetta, hve mikill styrkur rann til hvers verkefnis og hve mikið samtals? Hefur verið beðið um endurgreiðslu styrkja af slíku tilefni? Ef svo er, hversu oft og hvernig hefur það tekist?*

Fyrsta starfsár Menningarsjóðs voru styrkir greiddir þegar óskað var eftir. Af þeim styrkjum sem voru greiddir var eitt rit sem ekki kom út og var sá styrkur endurgreiddur. Einn styrkur til Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðsögu var starfsstyrkur og ekki beðið um endurgreiðslu. Styrkir eru að jafnaði greiddir þegar rit kemur út og falla styrkloforð niður ef rit kemur ekki út tveim árum eftir áætlaðan útgáfutíma og ekki hefur verið haft samráð um lengdan frest.

734. Svar [382. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um úthlutun úr safnasjóði.

Menntamálaráðuneytið leitaði upplýsinga hjá safnaráði í tilefni af fyrirspurninni og svörin eru þaðan. Til fróðleiks skal þess getið að ráðið hefur eigið vefsetur á slóðinni safnarad.is. Þar má finna margs konar upplýsingar, m.a. um styrkveitingar, íslensk minja- og byggðasöfn og starf safnaráðs.

1. *Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega úr safnasjóði frá árinu 2001 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?*

Frá því að safnalög, nr. 106/2001, voru sett, hefur safnaráð úthlutað tvisvar úr safnasjóði. Árið 2002 fengu 56 styrk og 53 árið 2003. Rekstrarstyrkir eru veittir söfnum/sérsöfnum með safnastarfsemi skv. 10 gr. safnalaga, þ.e. varðveislu, skráningu og miðlun. Verkefnastyrkir eru veittir samkvæmt umsókn og ákvæðum safnalaga almennt. Sundurliðun er í eftirfarandi tveimur töflum.

Úthlutanir úr safnasjóði 2002.
(Samþykktar á fundi safnaráðs 14. mars 2002.)

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Árbæjarsafn	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	1.000.000	0	1.000.000
Listasafn Borgarness	0	200.000	200.000
Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	0	300.000	300.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.000.000	900.000	1.900.000
Bátasafn í Stykkishólmi	0	0	0
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Vestfjarða	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Dalamanna	0	500.000	500.000
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	1.000.000	900.000	1.900.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	1.000.000	0	1.000.000
Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Síldarminjasafnið á Siglufirði	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Minjasafnið á Akureyri	1.000.000	1.200.000	2.200.000
Byggðasafn Suður-Þingeyinga	1.000.000	500.000	1.500.000
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	0	200.000	200.000
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	0	200.000	200.000
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	0	500.000	500.000
Minjasafn Austurlands	1.000.000	600.000	1.600.000
Sjóminjasafn Austurlands	1.000.000	300.000	1.300.000
Byggðasafn Austur-Skaftfellinga	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf., Skógum	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Vestmannaeyja	1.000.000	0	1.000.000
Byggðasafn Árnesinga	1.000.000	900.000	1.900.000
Sjóminjasafnið Eyrarbakka	0	400.000	400.000

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Rjómabúið á Baugsstöðum	0	200.000	200.000
Byggðasafn Suðurnesja	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.000.000	900.000	1.900.000
Byggðasafn Garði	0	300.000	300.000
Samgöngusafnið í Ystafelli	0	500.000	500.000
Búvélasafnið á Hvanneyri	0	500.000	500.000
Flugsafnið á Akureyri	0	300.000	300.000
Fransmenn á Íslandi	0	300.000	300.000
Gerðarsafn	0	800.000	800.000
Íslensk tónverkamiðstöð	0	0	0
Listasafn Reykjavíkur	0	1.200.000	1.200.000
Náttúrustofa Kópavogs	1.000.000	900.000	1.900.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0	150.000	150.000
Mývatnssafn	0	0	0
Náttúrugripasafnið á Akureyri	0	0	0
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000.000	900.000	1.900.000
Listasafn ASÍ	0	500.000	500.000
Samtök um leikminjasafn	0	500.000	500.000
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	0	300.000	300.000
Sjávarsafn á Norðurtanga Ólafsvík	0	0	0
Listasafn Reykjanesbæjar	0	0	0
Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	300.000	300.000
Listasafn Austur-Skaftafellssýslu	0	300.000	300.000
Steinaríki Íslands á Akranesi	0	150.000	150.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.000.000	500.000	1.500.000
Byggðasafnið á Dalvík	1.000.000	0	1.000.000
Náttúrugripasafn, Bolungarvík	0	300.000	300.000
Ósvör	0	150.000	150.000
Skáksambandið – skákminjasafn	0	150.000	150.000
Ljósmyndasafn Steingríms á netinu	0	150.000	150.000
Breiðdalsvík	0	300.000	300.000
Safnasafnið á Svalbarðseyri	0	800.000	800.000
Listasetrið Kirkjuhvoll	0	0	0
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur	0	150.000	150.000
ICOM	0	300.000	300.000
Tækniminjasafnið Seyðisfirði	0	500.000	500.000
Farskólinn	0	300.000	300.000
Samtals	**24.000.000**	**28.900.000**	**52.900.000**
Umsýslukostnaður			5.100.000
			58.000.000

Úthlutanir úr safnasjóði 2003.

(Samþykktar á fundi safnaráðs 25. apríl 2003.)

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Starfsmaður og rekstur safnaráðs	6.400.000	0	
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	0	150.000	150.000
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur	0	150.000	150.000
Byggðasafn Dalamanna	0	0	0
Byggðasafn Gerðahrepps	0	300.000	300.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf., Skógum	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar – forvarsla	0	150.000	150.000
Byggðasafn Skagfirðinga	1.500.000	300.000	1.800.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000	100.000	1.600.000
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	1.500.000	0	1.500.000
Byggðasafnið í Breiðdalsvík	0	0	0
Farskólinn – Félag íslenskra safna	0	300.000	300.000
Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild	0	0	0
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.500.000	0	1.500.000
Flugsafnið á Akureyri	0	0	0
Fransmenn á Íslandi	0	0	0
Fræðasetrið í Sandgerði	0	0	0
Grasagarður Reykjavíkur	0	250.000	250.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	1.500.000	0	1.500.000
Hlunnindasýning á Reykhólum	0	0	0
Húni II	0	0	0
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	1.500.000	100.000	1.600.000
Húsið á Eyrarbakka – Byggðas. Árn. (náttúrusafn)	0	150.000	150.000
Húsið á Eyrarbakka – Rjómabúið á Baugsstöðum	0	0	0
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið Eyrarbakka	0	150.000	150.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.500.000	0	1.500.000
ICOM – Íslandsdeild	0	300.000	300.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0	0	0
Langabúð, byggðasafn	0	0	0
Langabúð, Safn Ríkarðs Jónssonar	0	150.000	150.000
Leikminjasafn	0	300.000	300.000
Listasafn ASÍ	0	0	0
Listasafn Árnesinga	1.500.000	0	1.500.000
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	0	300.000	300.000
Listasafn Reykjanesbæjar	0	0	0
Listasafn Reykjavíkur	0	300.000	300.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	0	0	0
Listasafnið á Akureyri	1.500.000	0	1.500.000
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.500.000	0	1.500.000

	Rekstur	Verkefni	Samtals
Ljósmyndasafn Steingríms á netinu	0	0	0
Menningarmiðst. Hornafj. – Byggðasafn A-Skaft	1.500.000	100.000	1.600.000
Menningarmiðst. Hornafj. – Listasafn A-Skaft.	0	150.000	150.000
Menningarmiðst. Hornafj. – Náttúrugripas. A-Skaft.	0	150.000	150.000
Minjasafn Austurlands	1.500.000	100.000	1.600.000
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti	1.500.000	100.000	1.600.000
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	1.500.000	0	1.500.000
Minjasafnið á Akureyri	1.500.000	100.000	1.600.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.500.000	0	1.500.000
Náttúrustofa Vestfj., Bolungarvík – náttúrugripasafn	0	0	0
Nýlistasafnið	0	0	0
Pakkhúsið í Ólafsvík	0	0	0
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	1.500.000	0	1.500.000
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness	0	150.000	150.000
Safnahús Borgarfjarðar – Náttúrugripasafn Borgarfj.	0	150.000	150.000
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestm.	1.500.000	0	1.500.000
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja	0	150.000	150.000
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn Vestm.	0	150.000	150.000
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn S-Þingeyinga	1.500.000	100.000	1.600.000
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	0	150.000	150.000
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	0	150.000	150.000
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Listasafn Ísafjarðar	0	150.000	150.000
Safnasafnið á Svalbarðseyri	1.500.000	0	1.500.000
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurl.	1.500.000	0	1.500.000
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn	1.500.000	100.000	1.600.000
Safnasvæðið á Akranesi – Steinaríki Íslands	0	0	0
Saltfisksetur Grindavík	0	0	0
Samgöngusafnið í Ystafelli	1.500.000	0	1.500.000
Samstaf sjóminjasafna – Sjóminjar Íslands	0	300.000	300.000
Sauðfjársetur á Ströndum	0	0	0
Síldarminjasafnið á Siglufirði	1.500.000	400.000	1.900.000
Sjóminjasafnið Ósvör	0	0	0
Skákminjasafn	0	0	0
Snorrastofa	0	0	0
Tækniminjasafn Austurlands	1.500.000	0	1.500.000
Vesturfarasetrið á Hofsósi	0	0	0
Samtals	**51.400.000**	**6.600.000**	**51.600.000**
Rekstur safnaráðs			6.400.000
			58.000.000

2. Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?

Landfræðileg dreifing styrkja úr safnasjóði 2002.
(R = rekstrarstyrkur, V = verkefnastyrkur.)

Minjasvæði 1 – Reykjavík		
Leikminjasafn Íslands	V	Reykjavík
ICOM Íslandsdeild	V	Reykjavík
Listasafn ASÍ	V	Reykjavík
Listasafn Reykjavíkur	V	Reykjavík
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	V	Reykjavík
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	R+V	Reykjavík
Skákminjasafn Íslands	V	Reykjavík
Minjasvæði 2 – Reykjanes		
Byggðasafn Gerðahrepps	V	Garður
Byggðasafn Hafnarfjarðar	R+V	Hafnarfjörður
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	V	Kópavogur
Náttúrufræðistofa Kópavogs	R+V	Kópavogur
Byggðasafn Reykjanesbæjar (áður Suðurnesja)	R+V	Reykjanesbær
Minjasvæði 3 – Vesturland		
Búvélasafnið á Hvanneyri	V	Hvanneyri
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn Akraness og nærsveita	R+V	Akranes
Safnasvæðið á Akranesi – Steinaríki Íslands	V	Akranes
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	R	Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness	V	Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar – Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	V	Borgarnes
Byggðasafn Dalamanna	V	Dalabyggð
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	R+V	Stykkishólmur
Minjasvæði 4 – Vestfirðir		
Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík – Náttúrugripasafn	V	Bolungarvík
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík	V	Bolungarvík
Byggðasafn Vestfjarða	R+V	Ísafjörður
Minjasafn Egils Ólafssonar	R+V	Patreksfjörður
Minjasvæði 5a – Norðurland		
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	R	Blönduós
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	R	Dalvík
Hvalamiðstöðin á Húsavík	R+V	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn Suður-Þingeyinga	R+V	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	V	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	V	Húsavík
Samgönguminjasafnið í Ystafelli	V	Húsavík
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	V	Kópasker
Ljósmyndasafn Steingríms á netinu	V	Siglufjörður
Síldarminjasafnið á Siglufirði	R+V	Siglufjörður
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	R+V	Staður
Safnasafnið á Svalbarðseyri	V	Svalbarðsströnd
Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ	R+V	Varmahlíð

Minjasvæði 5b – Akureyri		
Flugsafnið á Akureyri	V	Akureyri
Iðnaðarsafnið á Akureyri	V	Akureyri
Minjasafnið á Akureyri	R+V	Akureyri
Minjasvæði 6 – Austurland		
Byggðasafnið Breiðdalsvík	V	Breiðdalsvík
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur	V	Djúpivogur
Fransmenn á Íslandi	V	Fáskrúðsfjörður
Safnahúsið á Egilsstöðum – Minjasafn Austurlands	R+V	Egilsstaðir
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurlands	R+V	Eskifjörður
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn A-Skaft.	R+V	Höfn
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Listasafn A-Skaft.	V	Höfn
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Náttúrugripasafn A-Skaft.	V	Höfn
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	V	Seyðisfjörður
Minjasvæði 7 – Suðurland		
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	R+V	Eyrarbakki
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	V	Eyrarbakki
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf., Skógum	R+V	Hvolsvöllur
Húsið á Eyrarbakka – Rjómabúið á Baugsstöðum	V	Stokkseyri
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	R+V	Vestmannaeyjar
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestmannaeyja	R	Vestmannaeyjar
Óstaðsett		
Farskóli íslenskra safna og safnmanna	V	

Landfræðileg dreifing styrkja úr safnasjóði 2003.

(R = rekstrarstyrkur, V = verkefnastyrkur.)

Minjasvæði 1 – Reykjavík		
Grasagarður Reykjavíkur	V	Reykjavík
ICOM Íslandsdeild	V	Reykjavík
Leikminjasafn Íslands	V	Reykjavík
Listasafn Reykjavíkur	V	Reykjavík
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	R	Reykjavík
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	R	Reykjavík
Minjasvæði 2 – Reykjanes		
Byggðasafn Gerðahrepps	V	Garður
Byggðasafn Hafnarfjarðar	R+V	Hafnarfjörður
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	V	Kópavogur
Náttúrufræðistofa Kópavogs	R	Kópavogur
Byggðasafn Reykjanesbæjar – forvarsla	V	Reykjanesbær
Byggðasafn Reykjanesbæjar (áður Suðurnesja)	R+V	Reykjanesbær
Minjasvæði 3 – Vesturland		
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn Akraness og nærsveita	R+V	Akranes
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	R	Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness	V	Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar – Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	V	Borgarnes
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	R+V	Stykkishólmur

Minjasvæði 4 – Vestfirðir		
Byggðasafn Vestfjarða	R+V	Ísafjörður
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Listasafn Ísafjarðar	V	Ísafjörður
Minjasafn Egils Ólafssonar	R+V	Patreksfjörður
Minjasvæði 5a – Norðurland		
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	R	Blönduós
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	R	Dalvík
Hvalamiðstöðin á Húsavík	R	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn Suður-Þingeyinga	R+V	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – myndlistarsafn	V	Húsavík
Safnahúsið á Húsavík – náttúrugripasafn	V	Húsavík
Samgönguminjasafnið í Ystafelli	R	Húsavík
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	V	Kópasker
Síldarminjasafnið á Siglufirði	R+V	Siglufjörður
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	R+V	Staður
Safnasafnið á Svalbarðseyri	R	Svalbarðsströnd
Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ	R+V	Varmahlíð
Minjasvæði 5b – Akureyri		
Listasafnið á Akureyri	R	Akureyri
Minjasafnið á Akureyri	R+V	Akureyri
Minjasvæði 6 – Austurland		
Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur	V	Djúpivogur
Langabúð – Safn Ríkarðs Jónssonar	V	Djúpivogur
Safnahúsið á Egilsstöðum – Minjasafn Austurlands	R+V	Egilsstaðir
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurlands	R	Eskifjörður
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn A-Skaft.	R+V	Höfn
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Listasafn A-Skaft.	V	Höfn
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Náttúrugripasafn A-Skaft.	V	Höfn
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	R	Seyðisfjörður
Minjasvæði 7 – Suðurland		
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	R+V	Eyrarbakki
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga, náttúrusafn	V	Eyrarbakki
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	V	Eyrarbakki
Listasafn Árnesinga	R	Hveragerði
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf., Skógum	R+V	Hvolsvöllur
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	R	Vestmannaeyjar
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestmannaeyja	R	Vestmannaeyjar
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja	V	Vestmannaeyjar
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn Vestmannaeyja	V	Vestmannaeyjar
Óstaðsett		
Farskóli íslenskra safna og safnmanna	V	
Samstarf sjóminjasafna – Sjóminjar Íslands	V	

3. Hvernig er styrkjunum úthlutað?

Úthlutað er tvenns konar styrkjum, verkefnastyrkjum og rekstrarstyrkjum, í samræmi við 4. og 10. gr. safnalaga og úthlutunarreglur safnasjóðs, sbr. fylgiskjal. Í 4. gr. laganna er að

finna ákvæði um hvaða skilyrði stofnun þarf að uppfylla til að kallast safn lögunum samkvæmt. Í greininni segir orðrétt:

„Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“

Skilgreining þessi er nokkuð sveigjanleg og hefur safnaráð reynt að miða túlkun sína á greininni við íslenskan veruleika. Til að mynda er hugtakið „rannsaka“ ekki nánar skilgreint í lögunum, en ljóst er að afar fá íslensk söfn hafa bolmagn til að stunda fræðilegar rannsóknir af elju. Allar stofnanir sem sótt hafa um styrki úr safnasjóði og safnaráð telur uppfylla skilyrði 4. gr. safnalaga, eiga kost á verkefnastyrkjum úr sjóðnum. Þó eru undanskilin þau söfn sem rekin eru af ríkinu eins og fram kemur í 10. gr. laganna.

Í úthlutunarreglum safnasjóðs kemur fram hvers konar verkefni geta fengið styrk, en orðrétt segir þar:

„Öll söfn sem safnalög ná til geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Söfn geta sótt sameiginlega um styrk til samstarfsverkefna. Safnaráð úthlutar styrkjum til eftirtalinna verkefna:

1. Stefnumótunar á sviði safnastarfs.
2. Skráningarverkefna.
3. Rannsókna á vegum safna.
4. Öryggismála safna.
5. Til varðveislumála.
6. Fræðsluverkefna.
7. Sýninga.
8. Markaðssetningar.
9. Forvörslu.
10. Merkingu safna.
11. Endurmenntunar og menntunar safnamanna.
12. Annað: Önnur verkefni en þau, sem þegar hafa verið talin og safnaráð metur styrkhæf hverju sinni.“

Í 10. grein safnalaga er fjallað um þau skilyrði sem safn þarf að uppfylla til að eiga kost á rekstrarstyrki úr safnasjóði. Í greininni segir orðrétt:

„Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
b. önnur framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:


1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið óaðfinnanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.

5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.

Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.“

Þó að safnaráð hafi safnalög og úthlutunarreglur safnasjóðs að leiðarljósi við úthlutanir hefur ráðið einnig miðað starf sitt við veruleika íslensks safnastarfs. Til að mynda hafa komið upp tilfelli þar sem safnaráð hefur talið nauðsynlegt að veita styrk til starfsemi sem ekki fellur undir lögin. Má í því samhengi nefna Íslandsdeild ICOM (alþjóðaráðs safna). Fram að setningu safnalaga hafði Íslandsdeild ICOM hlotið styrki frá menntamálaráðuneyti, allt frá stofnun deildarinnar. Eftir setningu safnalaga og stofnun safnaráðs hefur ráðuneytið vísað umsóknum deildarinnar til safnaráðs. Um er að ræða starfsemi sem ekki fellur undir safnalög, en safnaráð hefur engu að síður talið nauðsynlegt að styðja starfsemina með styrkjum síðustu tvö ár, með hag íslensks safnastarfs og mikilvæga tengingu þess við alþjóðlega safnaheiminn í huga. Hið sama er að segja um Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna, sem er mikilvægur samstarfs- og samráðsvettvangur íslenskra safnmanna.

Tafla 1 - Safnasjóður - umsóknir og styrkveitingar 2002-2004



* Miðað er við að rekstrarstyrkir séu jafnháir og árið 2003 (1500 þús. kr.).

** Miðað er við áætlaða fjárveitingu fyrir árið 2004 (66 millj. kr.) og að rekstrarfé ráðsins 2004 verði hið sama og 2003 (6,4 millj. kr.)

Þar sem fjárhagur safnasjóðs hefur verið takmarkaður miðað við fjölda umsækjanda og heildarupphæð umsókna þau ár sem sjóðurinn hefur starfað hefur safnaráð tekið þá stefnu undanfarin tvö ár að leggja megináherslu á rekstrarstyrki til safna, en gefa verkefnastyrkjum minna vægi. Þessari stefnu var fylgt ríkar við úthlutun á árinu 2003 en 2002. Af þessu leiðir að til að eiga kost á hærri styrkjum úr safnasjóði verða söfnin að uppfylla fleiri skilyrði safnalaga um faglegt safnastarf en áður, þ.e. öll ákvæði 10. gr. Þessi aðferð hefur bæði kosti

og galla. Með því að gefa skilyrðum fyrir faglegu safnastarfi mikið vægi er ýtt undir faglegt safnastarf á íslenskum söfnum. En um leið verður fjárþörf safnanna meiri, þar sem smærri söfn geta þurft að auka umfang starfseminnar til að uppfylla skilyrðin, svo sem kröfuna um a.m.k. 50% starfshlutfall forstöðumanns og krafan um notkun viðurkennds skráningarkerfis. Einnig hefur stefnan undanfarin tvö ár verið sú að undanskilja í flestum tilfellum ekki einungis ríkisrekin söfn (eins og um getur í lögunum) heldur einnig söfn sem hlutu beina rekstrarstyrki á fjárlögum.

Þar sem safnaráð er ung stofnun og er enn að finna starfsemi sinni farsælan farveg með tilliti til veruleika íslensks safnastarfs, hefur verið hafður sá háttur á að veita sömu upphæð í rekstrarstyrki til allra gildra umsækjanda, óháð umfangi starfseminnar. Litið hefur verið á þessa aðferð sem bráðabirgðaúrræði meðan ráðið mótar vænlegar og réttlátar úthlutunarleiðir. Safnmenn hafa gagnrýnt aðferðina og leitar ráðið nú leiða til að miða úthlutanir rekstrarstyrkja að einhverju leyti við umfang og aðstæður á söfnum við úthlutun 2004.

5. *Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?*

Safnaráð hefur sl. tvö ár metið umsóknir með tilliti til þess hvort og hvernig stofnanirnar uppfylla skilyrði safnalaga og úthlutunarreglna safnasjóðs, þó með tilliti til veruleika íslensks safnastarfs. Eins og fyrr greindi hefur úthlutun rekstrarstyrkja verið látin ganga fyrir og söfn sem hlotið hafa rekstrarstyrki beint af fjárlögum verið undanskilin í flestum tilfellum. Ráðsmenn hafa gert tillögur um úthlutanir hingað til en fjallað hefur verið sameiginlega um tillögurnar á fundum.

6. *Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?*

Hingað til hafa ráðsmenn haft óformlegt eftirlit með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd, sér í lagi forstöðumenn höfuðsafna, hver á sínu sviði (sviði myndlistar, menningarminja og náttúruminja). Enn fremur hafa mörg söfn sent safnaráði ársskýrslur sínar og ársreikninga til vitnisburðar um fjármögnun og framkvæmd þeirra verkefna sem styrkt voru. Áform eru uppi um að efla eftirlitsstarf safnaráðs samkvæmt nýsettum úthlutunarreglum, sem menntamálaráðherra staðfesti 6. maí 2003, en þar segir: „Safnaráð hefur eftirlit með því, að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa safnaráðs stöðu verksins, sé þess óskað. Safnaráð getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir, safnaráði að kostnaðarlausu. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji safnaráð að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn. Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir safnaráði með skriflegri skýrslu.“

Fylgiskjal.

Úthlutunarreglur Safnasjóðs

1. gr.

Hlutverk safnasjóðs.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna.

2. gr.

Úthlutanir úr safnasjóði.

Safnaráð úthlutar úr sjóðnum rekstrarstyrkjum og verkefnastyrkjum til safna. Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.

1. Rekstrarstyrkir:

Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið faglega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður. Safnið sendi með umsókn sinni ársskýrslu og ársreikning ásamt rekstrar- og verkefnaáætlun í upphafi hvers árs. Í ársskýrslu skal koma fram hvernig opnunartíma safnsins var háttað, fjöldi safngesta, fjöldi sýninga og atburða, staða skráningar, t.d. hve stór hluti safnsins er skráður, aðföng, önnur veitt þjónusta og rannsóknir. Safnið sendi með umsókn sinni söfnunar- og sýningarstefnu.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi. Beitt skal viðurkenndum aðferðum við forvörslu muna.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna, birtar af ICOM, alþjóðaráði safna.

2. Verkefnastyrkir.

Öll söfn sem safnalög ná til geta sótt um verkefnastyrki til safnasjóðs. Söfn geta sótt sameiginlega um styrk til samstarfsverkefna. Safnaráð úthlutar styrkjum til eftirtalinna verkefna:

1. Stefnumótunar á sviði safnastarfs.
2. Skráningarverkefna.
3. Rannsókna á vegum safna.
4. Öryggismála safna.
5. Til varðveislumála.
6. Fræðsluverkefna.
7. Sýninga.
8. Markaðssetningar.
9. Forvörslu.
10. Merkingu safna.
11. Endurmenntunar og menntunar safnamanna.
12. Annað: Önnur verkefni en þau, sem þegar hafa verið talin og safnaráð metur styrkhæf hverju sinni.

Áður en til styrkveitingar kemur, metur safnaráð, hvort það telur umsókn styrkhæfa og ákveður upphæð styrks. Safnaráð metur styrkhæfi með tilliti til verkefnis og gildi þess fyrir safnastarf almennt.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað, fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn um frest skal vera skrifleg og rökstudd.

3. gr.

Auglýsing um styrki úr safnasjóði.

Safnaráð auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti.

4. gr.

Almennt um umsóknir.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði safnaráðs. Umsóknir um verkefnastyrk skulu bera greinilega með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Þeim skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
2. Nafn þess, er annast samskipti við stjórn sjóðsins.
3. Nákvæm lýsing verkefnisins.
4. Tíma- og kostnaðaráætlun.

5. gr.

Eftirlit safnaráðs.

Safnaráð hefur eftirlit með því, að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa safnaráðs stöðu verksins, sé þess óskað. Safnaráð getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir, safnaráði að kostnaðarlausu. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji safnaráð að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn. Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir safnaráði með skriflegri skýrslu.

6. gr.

Gildistaka.

Úthlutunarreglur þessar eru settar skv. heimild í 10. gr. safnalaga nr. 106/2001 og öðlast þegar gildi.

735. Svar [439. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um Olweus-átak gegn einelti í grunnskólum.

1. *Hvaða grunnskólar taka þátt í Olweus-átakinu gegn einelti og hversu margir nemendur, starfsmenn og foreldrar taka þátt í því?*

Í desember 2000 skipaði samráðsnefnd grunnskóla að beiðni menntamálaráðherra starfshóp um aðgerðir gegn einelti. Í samráðsnefnd grunnskóla eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum kennara og skólastjóra. Hlutverk starfshópsins, sem skipaður var fulltrúum frá öllum fyrrgreindum aðilum auk fulltrúa Heimilis og skóla, var að gera tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við einelti.

Forsaga málsins er sú að árið 1998 fól menntamálaráðuneytið Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að rannsaka umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í september 1999. Í framhaldi af rannsókninni gerði stofnunin

aðra rannsókn á úrræðum skóla við lausn á eineltisvandamálum og lágu niðurstöður fyrir í september 2000. Markmið þeirrar rannsóknar var að kanna hvernig tekið væri á eineltismálum í skólum og hvernig foreldrar, nemendur og sérfræðingar tengdust því ferli.

Starfshópur samráðsnefndar grunnskóla hafði þessar rannsóknir til hliðsjónar við tillögugerð sína um forvarnir í grunnskólum. Í tillögum, sem menntamálaráðherra samþykkti var m.a. gerð grein fyrir hugmyndum norska prófessorsins Dans Olweus, sem hefur þróað aðgerðaáætlun gegn einelti í grunnskólum. Áætlunin byggist á niðurstöðum viðamikilla rannsókna og áratuga vinnu. Þar sem aðferðum Olweus hefur verið beitt í grunnskólum í Noregi hefur eineltið minnkað um 30–70%, auk þess sem skemmdarverk og önnur hegðunar- og samskiptavandamál minnkuðu verulega. Þess má geta að Dan Olweus hlaut lýðheilsuverðlaun Norðurlanda 2002 vegna forvarnagildis verkefnisins. Bandarískir sérfræðingar völdu Olweus-kerfið eina af tíu bestu aðferðunum til þess að draga úr ofbeldi og glæpum meðal ungmenna í Bandaríkjunum.

Í Noregi hefur ríkisstjórnin hrint af stað átaki þar sem kerfi Olweus er lagt til grundvallar og er öllum skólum gefinn kostur á að taka þátt í átakinu og innleiða kerfið.

Hér á landi var kerfi Olweus kynnt á málþingi um einelti sem menntamálaráðuneytið efndi til í nóvember 2001 þar sem Dan Olweus var aðalfyrirlesari. Í kjölfar ráðstefnunnar ákvað samráðsnefnd grunnskóla að fela starfshópnum, sem áður er nefndur, að undirbúa framkvæmd aðgerðaáætlunar hér á landi að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og annarra hlutaðeigandi aðila og að verkefnið yrði samstarfsverkefni ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla.

Styrktaraðilar eru, auk menntamálaráðuneytisins, Kennarasamband Íslands og þátttökusveitarfélögin. Kennaraháskólinn hefur einnig styrkt verkefnið á myndarlegan hátt, m.a. með því að sjá framkvæmdastjóra fyrir húsnæði.

Olweus-verkefnið fór af stað á Íslandi haustið 2002 með þátttöku 43 skóla og aðild nokkurra skólaskrifstofa og Háskólans á Akureyri. Haustið 2003 bættust tveir skólar við svo að nú eru 45 skólar virkir í verkefninu. Af þeim eru tíu í Reykjavík, fjórir á Vesturlandi, sjö á Vestfjörðum, þrír á Norðurlandi vestra, tíu á Norðurlandi eystra, tveir á Austurlandi, einn á Suðurlandi, fjórir á Reykjanesi og fjórir í Kópavogi. Að auki eru fjórar skólaskrifstofur virkar í samstarfinu. Sundurliðun er í meðfylgjandi töflu.

Samtals eru í þessum skólum á fjórtánda þúsund nemendur eða þriðjungur allra grunnskólanemenda í landinu. Þá eru allir starfsmenn skólanna og starfsfólk tengdra stofnana þátttakendur og hafa um 2400 starfsmenn tekið markvisst þátt í Olweus-verkefninu.

Samhliða verkefninu njóta 18 sérstakir verkefnisstjórar handleiðslu Olweus-hópsins í Björgvin í Noregi og eru verkefnisstjórarnir jafnframt faglegir leiðbeinendur í skólunum. Stefnt er að því að verkefnisstjórar verði áfram leiðbeinendur þegar fyrstu áætlun lýkur vorið 2004 og nýir skólar bætast við.

Þátttakendur í Olweus-verkefninu 2002–2004.

Móðurskóli	Nemar	Handb.fj.	Samstarfsskólar	Nemar	Handb.fj.
Austurbæjarskóli	611	83	Melaskóli	622	73
			Vesturbæjarskóli	310	52
Engjaskóli	431	55	Víkurskóli	431	39
			Klébergsskóli	163	25
Réttarholtsskóli	322	53	Breiðagerðisskóli	378	62
Seljaskóli	676	100			
Ölduselsskóli	587	90			

Móðurskóli	Nemar	Handb.fj.	Samstarfsskólar	Nemar	Handb.fj.
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga		8	Grunnsk á Hellissandi	97	24
			Grunnsk. í Ólafsvík	174	30
			Grunnsk. í Grundarfirði	204	31
			Grunnsk. í Stykkishólmi	204	42
Patreksfjörður	117	23	Grunnsk. á Tálknafirði	62	15
			Bíldudalsskóli	36	6
			Birkimelsskóli	18	4
Grunnskólinn á Ísafirði	546	75	Flateyri	38	
			Suðureyri		
Árskóli, Sauðárkróki	464	80	Varmahlíðarskóli	110	30
			Grunnskóli Siglufjarðar	217	45
Húsabakkaskóli	53	20	Árskógarskóli	67	15
			Grunnskólar Ólafsfirði	172	40
Háskólinn á Akureyri		1	Glerárskóli	450	50
			Brekkuskóli	548	75
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga			Borgarhólsskóli	415	72
			Öxarfjarðarskóli	74	20
Heppuskóli	123	16	Hafnarskóli	161	24
Vallaskóli	903	135			
Grunnskólinn í Sandgerði	269	57	Heiðarskóli	495	62
			Njarðvíkurskóli	411	62
			Gerðaskóli	215	39
Smáraskóli	635	90	Hjallaskóli	472	73
Snælandsskóli	461	75	Salaskóli	300	40
			Húsavíkurkaupstaður		6
Samtals	*6.198*	*961*		*6.844*	*1.056*

2. *Hvernig metur ráðherra árangur af átakinu til þessa og hvers væntir hann af því á komandi árum?*

Einelti í grunnskólum hefur verið í brennidepli undanfarin ár og hafa ýmsir látið málið til sín taka. Einelti er alvarlegt mál og mikilvægt er að bregðast við á faglegan hátt. Olweus-verkefnið er dæmi um markviss vinnubrögð sem byggjast á fagmennsku og áratuga löngum rannsóknum og miðast við að skólar taki á heildrænan hátt upp skipulagt kerfi til að takast á við og fyrirbyggja einelti. Þótt gert sé ráð fyrir að það taki hvern skóla tvö ár að innleiða kerfið er ekki litið svo á að verkefninu ljúki að tveimur árum liðnum heldur á kerfið að verða eðlilegur hluti af skólastarfi viðkomandi skóla. Styrkur verkefnisins felst ekki síst í því að allir starfsmenn skólanna taka þátt í því og fá leiðsögn og fræðslu allan tímann auk náins samstarfs við foreldra.

Verkefnisstjórarnir gegna nú lykilhlutverki, en þeir eru flestir námsráðgjafar eða kennarar. Þeir eru 18 talsins og hafa notið fræðslu og leiðsagnar norsku sérfræðinganna, þar á meðal Dans Olweus, með reglubundnum kennslulotum hér heima. Að loknu tveggja ára tímabilinu verða þeir „löggiltir“ sérfræðingar í Olweus-kerfinu og geta tekið að sér leiðsögn annarra.

Í nóvember 2002 var könnun á einelti í þátttökuskólum lögð fyrir alla nemendur í 4.–10. bekk. 11,5% nemenda í 4.–7. bekk sögðust vera lagðir í einelti en 7,6% nemenda í 8.–10. bekk. Í nóvember 2003 var aftur lögð fyrir könnun í sömu skólum og ættu niðurstöður hennar að liggja fyrir snemma árs 2004. Sýnt hefur verið fram á mælanlegan árangur verkefnisins í Noregi.

Þegar eineltismál hafa komið upp í þátttökuskólunum eru þau strax sett í markvissan farveg þar sem unnið er eftir ákveðnu kerfi sem allir starfsmenn skólans þekkja og hafa fengið fræðslu og leiðsögn um á tveggja ára tímabilinu. Starfsmenn skólanna geta því tekið mun ákveðnar á málum en ella og af meira öryggi í samstarfi við foreldra. Foreldrar vita að afdráttarlaust er tekið á eineltismálum og að umsjónarkennarar gegna mikilvægu hlutverki í meðferð þeirra mála. Gefinn hefur verið út vandaður bæklingur til að upplýsa foreldra m.a. um hvernig bregðast eigi við einelti.

3. *Hversu margir skólar hafa sótt um að taka þátt í Olweus-átakinu gegn einelti frá haustinu 2004? Hvar eru þessir skólar á landinu?*

Menntamálaráðuneytið kannaði í júní 2003 áhuga grunnskóla á þátttöku í nýjum áfanga Olweus-verkefnisins sem fyrirhugað var að hefja haustið 2004 ef næg þáttaka fengist. Mikill áhugi kom fram meðal grunnskóla og sveitarfélaga á að taka þátt í verkefninu. Af þeim sökum hafa samstarfsaðilar ákveðið að hrinda af stað nýju verkefni og Þorláki Helgasyni framkvæmdastjóra falið að gegna starfinu áfram.

Nú þegar hafa 55 skólar sótt um þátttöku frá haustinu 2004 sem skiptast nokkuð jafnt á milli kjördæma í landinu. Heildarnemendafjöldi þessara 55 skóla er tæplega 15.000. Sundurliðun er í töflunni.

	Nemar haust		
Skóli	**2001**	**2003**	**Skólagerð**
Reykjavík			
Foldaskóli	639	600	1.–10. b.
Vogaskóli	410	411	1.–10. b.
Húsaskóli	468	452	1.–10. b.
Langholtsskóli	538	553	1.–10. b.
Selásskóli	411	372	1.–10. b.
Laugalækjarskóli	284	289	8.–10. b.
Korpuskóli	200	199	1.–10. b.
Hólabrekkuskóli	595	574	1.–10. b.
Rimaskóli	815	784	1.–10. b.
Árbæjarskóli	806	796	1.–10. b.
Hamraskóli	361	349	1.10. b.
Brúarskóli	0	20	1.–10. b.
Grandaskóli	412	355	1.–7. b.
Álftamýrarskóli	363	358	1.–10. b.
Hagaskóli	518	591	8.–10. b.
Nemendur samtals:	*6.820*	*6.703*	
Norðvesturkjördæmi			
Grunnskólinn í Borgarnesi	311		1.–10. b.
Kleppsjárnsreykjaskóli	123		1.–10. b.
Laugagerðisskóli	41		1.–10. b.
Drangsnesskóli	30		1.–10. b.
Andakílsskóli	34		1.–5. b.
Grunnskólinn á Þingeyri	61		1.–10. b.
Grunnskóli Bolungarvíkur	144		1.–10. b.
Súðavíkurskóli	32		1.–9. b.
Grunnskóli Húnaþimgs vestra	178		1.–10. b.
Grunnskólinn á Blönduósi	137		1.–10. b.
Nemendur samtals:	*1.091*		

Skóli	Nemar haust 2001	2003	Skólagerð
Norðausturkjördæmi			
Dalvíkurskóli	256		1.–10. b.
Hrafnagilsskóli	189		1.–10. b.
Grunnskóli Skútustaðahrepps	82		1.–10. b.
Vopnafjarðarskóli	113		1.–10. b.
Grunnskólinn í Breiðdal	36		1.–10. b.
Nesskóli, Neskaupstað	225		1.–10. b.
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	47		1.–10. b.
Grunnskólinn á Eskifirði	154		1.–10. b.
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	98		1.–10. b.
Valsárskóli	81		1.–10. b.
Grunnskóli Raufarhafnar	45		1.–10. b.
Grunnskóli Djúpavogs	75		1.–10. b.
Fellaskóli	103		1.–10. b.
Nemendur samtals:	*1.504*		
Suðurkjördæmi			
Hamarsskóli í Vestmannaeyjum	324		1.–10. b.
Barnaskóli Vestmannaeyja	457		1.–10. b.
Hvolsskóli	227		1.–10. b.
Þykkvabæjarskóli	33		1.–7. b.
Flúðaskóli	181		1.–10. b.
Villingaholtsskóli	20		1.–7. b.
Grunnskólinn í Þorlákshöfn	238		1.–10. b.
Grunnskólinn í Hveragerði	373		1.–10. b.
Ljósafossskóli	52		1.–10. b.
Grunnskólinn í Grindavík	408		1.–10. b.
Flóaskóli	57		1.–7. b.
Brautarholts- og Gnúpverjaskóli	60		1.–7. b.
BES	170		1.–10. b.
Kirkjubæjarskóli	84		1.–10. b.
Nemendur samtals:	*2.684*		
Suðvesturkjördæmi			
Setbergsskóli í Hafnarfirði	741		1.–10. b.
Öldutúnsskóli í Hafnarfirði	696		1.–10. b.
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar			
Varmárskóli í Mosfellsbæ	826		1.–10. b.
Digranesskóli	501		1.–10. b.
Nemendur samtals:	*2764*		
Samtals	*14.863*		

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að öllum grunnskólum hér á landi gefist kostur á að taka þátt í Olweus-átakinu á næstu árum?*

Menntamálaráðherra hefur lagt sérstaka áherslu á að aðgerðir gegn einelti í grunnskólum séu faglegar og markvissar og beitt sér fyrir því að verkefnið nái fram að ganga með öflugum fjárstuðningi frá upphafi. Veittur var 5 millj. kr. styrkur til verkefnisins á árunum 2002–2004 og nú hefur hefur ráðherra ákveðið að veita áframhaldandi styrk sem nemur 3 millj. kr. árlega til 2006.

Ráðuneytið veitir verkefninu fjárhagslegan stuðning, en það er undir hverju sveitarfélagi komið að ákveða hvort grunnskólarnir þar taka þátt í verkefninu. Olweus-verkefnið er fyrst og fremst endurmenntunarverkefni fyrir allt starfsfólk skólanna og hafa sveitarfélög og einstakir skólar nýtt sér það. Verkefnið hefur reynst vel og greiðlega hefur gengið að aðlaga það

íslenskum aðstæðum. Það er nú þegar orðið eitt umfangsmesta endurmenntunarverkefnið í íslenskum grunnskólum.

Þegar er hafinn undirbúningur að næstu lotu og stýrihópur samstarfsaðila fer nú yfir þær umsóknir sem borist hafa um þátttöku. Fjöldi skólanna í næstu lotu mun ráðast af mannafla til leiðsagnar (verkefnisstjóra) og fjármagni.

Menntamálaráðuneytið lítur mjög jákvæðum augum á verkefnið og mun fylgjast vel með framvindu þess og árangri á næstu árum. Sjálfsagt er að skoða hvernig unnt verði að bregðast við ef fleiri skólar óska eftir þátttöku í framtíðinni.

736. Svar [296. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um stefnumótun í æskulýðs- og tómstundamálum.

1. *Er hafin vinna við stefnumótun langtímarannsókna á sviði æskulýðsmála? Ef svo er, hverjir sinna þeirri stefnumótun og hve langt á veg er vinnan komin?*

Ráðuneytið hefur gert samning við Rannsóknir og greiningu um framkvæmd æskulýðsrannsókna sem bera heitið Ungt fólk 2003 og Ungt fólk 2004. Í rannsókninni Ungt fólk 2003 sem gerð var á þessu ári voru spurningalistar lagðir fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla. Verið er að undirbúa kynningu á niðurstöðum þeirrar rannsóknar sem nær til menntunar, menningar og tómstunda- og íþróttaiðkunar íslenskra unglinga. Hafinn er undirbúningur í samstarfi við starfsfólk Rannsókna og greiningar vegna rannsóknarinnar Ungt fólk 2004 sem gerð verður á næsta ári. Þá er verið að leggja lokahönd á útgáfu sérstaks rits með samantekt á íslenskum æskulýðsrannsóknum sem gerðar voru á árunum 1991 til ársins 2002. Um er að ræða rannsóknir, greinar, ritgerðir o.fl. Í viðauka með ritinu fylgja niðurstöður athugana á högum íslenskra unglinga árin 1970 til 1990 en það rit var gefið út árið 1991. Þá er í undirbúningi að halda málþing um stöðu og framtíð íslenskra æskulýðsrannsókna í samstarfi við Æskulýðsráð ríkisins, Rannsóknir og greiningu og fleiri aðila.

Árið 1992 var gerð viðamikil rannsókn á högum ungs fólks er nefndist Ungt fólk 92 að frumkvæði ráðuneytisins. Samstarf tókst við ýmsa aðila um þá rannsókn, þar á meðal Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur sem hefur stutt mjög vel við æskulýðsrannsóknir. Má segja að rannsóknin Ungt fólk 92 hafi verið upphafið að nútímaæskulýðsrannsóknum hér á landi. Síðan hafa verið gerðar svipaðar rannsóknir árin 1997 og 2000 og nú árið 2003. Ekki er deilt um mikilvægi æskulýðsrannsókna, bæði fyrir stjórnvöld og aðra þá aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna. Þá er Ísland aðili að evrópskum rannsóknum á sviði æskulýðsmála. Í skýrslu nefndar sem skipuð var í september 2002 og skilaði niðurstöðum og tillögum á vormánuðum sl. er fjallað ítarlega um æskulýðsrannsóknir. Í skýrslunni eru margar góðar ábendingar og tillögur sem munu nýtast í þeirri vinnu sem fram undan er við stefnumótun í rannsóknum á högum ungs fólks á Íslandi.

2. *Hefur verið stofnaður félagsforustuskóli/leiðtogaskóli í samvinnu við samtök á sviði félags- og tómstundamála? Ef svo er, hvert er hlutverk hans?*

Ráðuneytið hefur ekki staðið að stofnun slíks skóla. Mörg æskulýðsfélög og æskulýðssamtök halda úti öflugu fræðslustarfi meðal félagsmanna sinna og gefa út viðamikið fræðsluefni. Þá starfrækir Ungmennafélag Íslands leiðtogaskóla sem hefur gefið góða raun. Á vegum

Æskulýðsráðs ríkisins er verið að vinna að því að koma á samstarfi milli æskulýðssamtaka um félagsmálafræðslu.

3. *Hvað líður undirbúningi að stofnun félags- og tómstundabrautar til stúdentsprófs, sbr. fyrirliggjandi drög að námskrá?*

Formlega var gengið frá námskrá fyrir félags- og tómstundabraut með birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum 20. maí 2003. Nám á brautinni tekur tvö ár og veitir undirbúning til starfa að æskulýðs-, tómstunda- og félagsstörfum, í félagsmiðstöðvum, skólum og íþrótta- og félagasamtökum. Nemendur sem ljúka námi af brautinni geta síðan bætt við sig námi og lokið stúdentsprófi, sbr. auglýsingu nr. 54/2002 sem fjallar um viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir þá sem ljúka námi af starfsnámsbrautum.

4. *Hefur stuðningur við félags- og tómstundanám á háskólastigi verið aukinn?*

Árið 2001 hóf Kennaraháskóli Íslands kennslu á tómstundabraut á grundvelli kennslusamnings við menntamálaráðuneytið. Nám á tómstundabraut er 45 eininga fjarnám sem lýkur með diplómu. Námið er ætlað starfsfólki sem vinnur að tómstundamálum í grunnskólum og félagsmiðstöðvum, hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum og á öðrum slíkum vettvangi. Námið skiptist í menntunarfræði, tómstundafræði og vettvangstengd verkefni. Einnig er unnt að taka 30 einingar í tómstundafræðum sem aukagrein í BA-námi.

Háskóli Íslands býður upp á diplómanám í uppeldis- og félagsstarfi. Það er í boði sem 45 eininga diplómanám og jafnframt er hægt að taka uppeldis- og félagsstarf til 30 eininga sem aukagrein í BA-námi í skólanum.

5. *Hvað líður endurskoðun laga um æskulýðsmál frá 1970? Er samvinna milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun laganna?*

Ráðuneytið hefur skipað nefnd til að hefja vinnu við gerð draga að nýjum lögum um æskulýðsmál. Nefndin mun að sjálfsögðu nýta sér þá miklu vinnu er unnin var og fram kemur í áðurnefndri skýrslu. Nefndin mun væntanlega eiga samstarf við ýmsa aðila, þar á meðal Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndin mun hafa að leiðarljósi hagsmuni barna og ungmenna í starfi sínu. Ljóst er að verkið er flókið og mörg sjónarmið um hvernig slík lög eigi að vera og hversu ítarleg.

737. Svar [431. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um aðgerðir vegna lestrarerfiðleika.

1. *Hvernig hefur ráðherra brugðist við úttekt ráðuneytisins frá síðasta ári á lestrarerfiðleikum í grunn- og framhaldsskólum?*

Í október 2002 skilaði IBM (business consulting) úttekt á lestrarerfiðleikum í grunn- og framhaldsskólum, sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið. Markmiðið var að fá greinargóða mynd af því hvernig tekið væri á þessu vandmáli. Í úttektinni kom fram hver staðan væri og hversu vandinn væri umfangsmikill ásamt tillögum til úrbóta. Í kjölfar úttektarinnar skipaði menntamálaráðuneytið samráðsnefnd í febrúar 2003 til að endurskoða reglugerð um

sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996 með það að markmiði að skýra ábyrgð sveitarfélaga á þjónustu við grunnskólanemendur.

Nefndin hefur lokið störfum og í samræmi við niðurstöður hennar gaf menntamálaráðherra út reglugerð um breytingu á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996. Helstu breytingarnar eru að nú ber skólum að kanna á fyrstu árum skólagöngu barna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestur og bregðast við með kerfisbundnum hætti þannig að öll börn fái nauðsynlega aðstoð við að ná viðunandi lestrarfærni. Sérfræðiþjónusta skóla skal aðstoða skólana við þetta verkefni með leiðbeiningum til kennara og gerð greiningarprófa.

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með lestrargreiningu og því hvernig skólar aðstoða nemendur með lestrarerfiðleika með því að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á tveggja ára fresti.

2. *Fyrir hvaða umbótum í skólum hefur ráðuneytið beitt sér á þessu sviði?*

Menntamálaráðuneytið ákvað að eitt af auglýstum forgangssviðum Þróunarsjóðs grunnskóla fyrir yfirstandandi skólaár skyldi vera Læsi til menntunar. Auglýst var eftir umsóknum um verkefni sem fælu í sér umbætur í lestrarkennslu og lestrarþjálfun í grunnskólum og stuðningi við nemendur sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða. Sóst var eftir verkefnum til að þróa innra skipulag kennslu til að koma til móts við mismunandi getu, áhuga og þarfir nemenda af báðum kynjum, bæði dugmikilla nemenda og þeirra sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða. Einnig var lögð áhersla á notkun tölvu- og upplýsingatækni, samstarf kennara, hlutverk og ábyrgð umsjónarkennara og samvinnu heimila og skóla á sviði lestrarkennslu og þjálfunar. Leitað var eftir skólum til að þróa heildstæða byrjendakennslu í lestri, lestrarþjálfun í öllum námsgreinum, þróun vinnubragða í skólum til að bæta lesskilning nemenda, lestrartækni og leshraða og mat á lestri frá upphafi til loka grunnskóla. Allnokkur þróunarverkefni voru styrkt úr sjóðunum og liggur afrakstur þeirrar vinnu væntanlega fyrir um mitt næsta ár. Ráðuneytið væntir þess að unnt verði að nýta niðurstöður þróunarverkefnanna til umbóta sem víðast. Læsi til menntunar verður væntanlega einnig forgangsverkefni við úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 2004–2005.

3. *Hvernig hefur tekist til með lesskimun barna í upphafi skólagöngu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla?*

Menntamálaráðuneytið hefur stuðlað að lesskimun í 1. og 2. bekk grunnskóla í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla frá 1999, m.a. með því að styrkja útgáfu á prófum sem Guðmundur B. Kristmundsson, dósent við Kennaraháskóla Íslands, og Þóra Kristinsdóttir, fyrrverandi lektor við skólann, hafa þýtt og staðfært. Ráðuneytið samdi við þau um útgáfu á prófunum og um að þau héldu fræðslufundi fyrir kennara. Haldnir voru um 30 fræðslufundir fyrir um 600 grunnskólakennara um land allt.

Ráðuneytið samdi enn fremur við Námsgagnastofnun um dreifingu á þessum prófgögnum til skóla og hefur mikil eftirspurn verið eftir þeim. Ráðuneytið styrkti einnig gerð foreldrabæklings í tengslum við lesskimunarverkefnið og hefur honum verið dreift víða. Háskólinn á Akureyri vinnur nú að úttekt fyrir ráðuneytið á lesskimunarverkefninu. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður væntanlega hægt að meta hvernig til hefur tekist og til hvaða aðgerða gæti þurft að grípa til að ná enn betur markmiðum aðalnámskrár á þessu sviði.

4. *Hvaða greiningartæki hafa verið þróuð í því skyni að greina lestrarerfiðleika hjá börnum og ungmennum? Liggur fyrir mat á því hvernig greiningartækin nýtast í skólastarfi?*

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt höfunda greinandi ritmálsprófs fyrir hópa (GRP 14h)

sem er greiningartæki fyrir 14 ára nemendur í grunnskóla, bæði með þróunarstyrkjum og styrkjum til fullvinnslu og útgáfu. Einnig hefur ráðuneytið styrkt gerð greinandi ritmálsprófs fyrir 14 ára einstaklinga (GRP 14e) sem fyrirhugað er að komi út í kjölfarið. Menntamálaráðuneytið samdi einnig við höfunda greiningartækisins HLJÓMs um veitingu styrks til að fullvinna tækið sem er ætlað að finna börn í leikskóla á aldrinum 5–6 ára sem eiga á hættu að þurfa síðar að glíma við lestrarerfiðleika.

Styrkur menntamálaráðuneytisins er notaður til að greiða kostnað við að fullvinna greiningartækið og standa straum af hluta kostnaðar vegna námskeiða fyrir leikskólakennara um notkun þess. Leikskólar og grunnskólar hafa nýtt sér þessi greiningartæki en ekki liggur fyrir yfirlit yfir heildarnýtingu þeirra í skólastarfi, en skólum þykir fengur í að eiga kost á þessum greiningartækjum.

5. *Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til úrbóta vegna lestrarerfiðleika fullorðinna?*

Ráðuneytisstjórar félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingamála- og menntamálaráðuneytis fjölluðu nýlega um lestrarerfiðleika fullorðinna og tóku ákvörðun um að skipa starfshóp með fulltrúum framangreindra ráðuneyta til að fjalla um þetta vandamál. Það er hlutverk hópsins að móta afstöðu ráðuneytanna í þessum málaflokki með tilliti til fyrirliggjandi skýrslu um efnið, sem nefnist „Aukin lestrarfærni fullorðinna – Tillögur um úrræði og leiðir“, sem unnin var af nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins.

Samráðshópurinn á einnig að fjalla um beiðni Námsflokka Reykjavíkur um styrk til að stofna námsbraut fyrir fólk með lestrarörðugleika, sem barst forsætisráðuneytinu fyrr á þessu ári. Þess er vænst að nefndin geri tillögur til úrbóta sem framangreind ráðuneyti geti sameinast um að hrinda í framkvæmd.

Loks má geta þess að á formennskuári Íslendinga í norrænu ráðherranefndinni 2004 hefur ráðgjafanefnd ráðherranefndarinnar um skólasamstarf (NSS) ákveðið að gera umræðunni um læsi hátt undir höfði með það að markmiði að Norðurlöndin skerpi áherslur sínar í þessu efni. Nokkrar alþjóðlegar rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu árum og hafa Íslendingar forgöngu um að fram fari umræða um lestrarfærni og niðurstöður þessara rannsókna á norrænum vettvangi.

738. Svar [436. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um rannsóknir og veiðar á háfum.

Leitað var svara hjá Hafrannsóknastofnuninni.

1. *Hvaða tegundir háfa eru einkum taldar nýtanlegar hér við land, hvar veiðast þær helst og hvenær árs?*

Eina smáháfstegund af ættbálki gadd- eða stinghafa, Squaliformes, sem stundaðar hafa verið veiðar á hér er **háfur**, *Squalus acanthias*, sem veiðist á grunnsævi. Auk hans kæmi hugsanlega til greina að veiða djúpháfana **gljáháf**, *Centroscymnus coelolepis*, og **rauðháf**, *Centrophorus squamosus*, auk **svarthafs**, *Centroscyllium fabricii*, **dökkhafs**, *Etmopterus princeps*, og **þorsteinshafs**, *Centroscymnus crepidater*. Háfurinn *S. acanthias* veiðist mest undan Suðurlandi og Suðvesturlandi, einkum í júní til nóvember. Djúpháfarnir veiðast helst

sem aukaafli við botnvörpuveiðar á Reykjaneshrygg en þeir hafa aldrei verið hirtir sérstaklega.

2. *Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á framangreindum tegundum, hvenær hófust þær og hvaða athuganir eru nú í gangi? Óskað er eftir almennum upplýsingum um lífshætti og líffræði þeirra tegunda sem taldar eru nýtanlegar, en jafnframt er spurt hvort einhverjir þættir í lífsháttum þeirra, svo sem göngur eða þjöppun á tilteknum árstímum, geri háfana auðveiddari þá en endranær.*

Í leiðöngrum á djúpslóð á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar allt frá árinu 1975 voru þeir djúpháfar sem veiddust mældir og kyngreindir. Almennar upplýsingar um lífshætti og líffræði framangreindra tegunda eru á minnisblaði Gunnars Jónssonar fiskifræðings (sjá fylgiskjal).

3. *Liggur fyrir mat, eða vísir að mati, á stofnstærð og veiðiþoli einhverra framangreindra tegunda?*

Nei.

4. *Hvaða aðferðum er einkum beitt til að veiða þær hér á landi? Er öðrum aðferðum beitt við veiðar svipaðra tegunda annars staðar?*

Undanfarin ár hefur háfur, *S. acanthias*, m.a. verið veiddur í net undan Suður- og Vesturlandi. Einnig hefur hann fengist sem aukaafli í botnvörpu, dragnót og á línu. Hann veiðist á svipaðan hátt annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi.

5. *Hvar eru helstu markaðir fyrir íslenska háffiska og hvaða afurðir eru það sem einkum eru fluttar út?*

Helstu markaðir fyrir háf sem veiðst hefur á Íslandsmiðum eru á Bretlandseyjum (Grimsby) og þar hefur hann verið unninn til útflutnings til annarra landa, m.a. Þýskalands.

6. *Hve mikill er skráður háffiskaafli á ári sl. 10 ár og hvar barst hann einkum á land?*

Skráður háfsafli árin 1993–2002 er eftirfarandi:

Ár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Tonn	109	97	166	157	106	78	57	109	136	276

7. *Hafa verið gerðar mælingar á magni þrávirkra lífrænna efna og þungmálma í þeim tegundum háfa sem teljast vænlegastar til markaðssetningar? Óskað er eftir upplýsingum um grófar niðurstöður ef svo er. Ef svarið er neikvætt, telur þá ráðuneytið að einhverjir þættir í líffræði nýtanlegra tegunda, svo sem ævilengd og fæðuhættir, séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að ráðast í slíkar mælingar eigi að freista aukinnar markaðssetningar á þeim?*

Samkvæmt upplýsingum frá Guðjóni Atla Auðunssyni hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafa ekki verið gerðar gerðar mælingar á magni þrávirkra lífrænna efna og þungmálma í framangreindum tegundum. Ef freista á aukinnar markaðssetningar á þessum tegundum þarf slíkt að gerast. Til eru tvær mælingar á kvikasilfri í háfi frá 1994 og bentu þær til þess að styrkur sé lítill og vel undir mörkum fyrir kvikasilfur í matvælum (0,5 mg/kg).

8. *Telur ráðuneytið líklegt að þróa mætti veiðar á háffiskum þannig að þær stæðu undir sér og ykju framleiðslu í sjávarútvegi? Óskað er eftir ítarlegum rökstuðningi.*

Hugsanlega. E.t.v. er unnt að gera sér meiri mat úr háfnum, *S. acanthias,* en ekki virðist vera mikil eftirspurn eftir djúpháfunum til manneldis. Þeim hefur m.a. verið breytt í mjöl og stundum er lifrin í tísku til lýsisgerðar. Það gæti því verið ráðlegt að hirða fyrst þá djúpháfa sem veiðast sem meðafli og reyna að koma þeim í verð áður en farið verður að veiða þá á skipulegan hátt og ef svo verður í framtíðinni er algert skilyrði að vel verði fylgst með þeim veiðum því háfar eru hægvaxta tegundir, viðkoma er lítil og þeir því viðkvæmir fyrir ofveiði.

Fylgiskjal.

Gunnar Jónsson,
Hafrannsóknastofnuninni:

MINNISBLAÐ
Almennar upplýsingar um lífshætti háfs, *Squalus acanthias.*
(17. desember 2003.)

Háfurinn er botnfiskur á leirbotni á landgrunninu og í hlíðum landgrunnshallans. Hann heldur sig mest á 10–200 metra dýpi í 7–15°C heitum sjó. Þegar kólnar á veturna fer hann sennilega niður á meira dýpi en 200 metra en hann hefur fundist allt niður á 950 metra dýpi. Í nóvember árið 2000 varð háfs vart á 200–250 m dýpi í kantinum suður af Selvogsbanka og í nóvember og desember sama ár var hann að þvælast upp á Selvogsbankagrunninu. Hann þolir seltulítinn strandsjó en forðast ferskvatn. Háfurinn er góður sundfiskur og flækist víða um og oftast í torfum. Hingað til lands hafa gengið háfar merktir við Noreg og Norður-Ameríku. Háfar hafa ekki verið merktir hér við land.

Við Ísland finnst háfurinn allt í kringum landið en hann er þó mun sjaldséðari við norðanvert land og Austfirði en í hlýja sjónum sunnan og suðvestan lands.

Háfurinn er gráðugur fiskur og étur allt sem að kjafti kemur. Má nefna þorsk, ýsu, lýsu, spærling, síld og loðnu en einnig krabbadýr, burstaorma og skrápdýr. sjálfur verður hann stærri fiskum að bráð eins og stórum háfiskum, stórum beinfiskum en einnig selum og háhyrningi.

Háfurinn gýtur ungum sem eru 22–33 cm langir og eru þeir venjulega 4–6 en stundum fleiri. Hér við land eru gotstöðvar sennilega á djúpmiðum undan Suður- og Vesturlandi. Ungar gætu klakist hér allt árið um kring með hámarki að sumri. Rannsóknir frá Kanada gefa til kynna að egg séu frjóvguð á tímabilinu febrúar til júlí. Meðgöngutími er 18–24 mánuðir. Hængar geta orðið kynþroska 50–70 cm en hrygnur 70–100 cm og 10–20 ára. Vöxtur er hægur og verða hrygnur stærri og eldri en hængar. Aldur er unnt að ákvarða út frá vaxtarhringjum í aftari bakuggagaddi og virðist háfurinn geta náð a.m.k. 35–40 ára aldri og jafnvel orðið miklu eldri.

Það eru einkum Frakkar, Írar, Skotar og Norðmenn sem veiða háf í Norðaustur-Atlantshafi og eru helstu veiðisvæði við Noreg, í Norðursjó, norðan Skotlands og við Írland, í Norðvestur-Atlantshafi hafa Bandaríkjamenn og Kanadamenn veitt háf.

Áður fyrr var háfurinn veiddur vegna lifrarinnar en núna er hann víða étinn og kemur á markað undir ýmsum dulnefnum, svo sem hafáll, kóngaáll og Schiller-lokkur en það eru reykt þunnildi.

Djúpháfategundirnar svarthákur, dökkháfur og þorsteinsháfur, sem ná allt að 90 cm lengd (algeng stærð í afla er 50–80 cm), svo og gljáháfur og rauðháfur sem geta orðið meira en 120 cm langir (80–120 cm í afla), finnast hér á djúpmiðum frá Suðausturlandi vestur með landinu um Reykjaneshryggjarsvæðið og allt norður undir 66°N. Þessar tegundir eru algengastar á um 600–1.200 m dýpi.

739. Svar [189. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um styrkveitingar til eldis sjávardýra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hverjir hafa fengið styrki til eldis sjávardýra frá því að styrkveitingar hófust?

Á árinu 1991 fékkst fjárveiting á sérstökum fjárlagalið, 05-299, vegna styrkja til verkefna sem tengjast eldi sjávardýra og hafa slíkir styrkir verið veittir á hverju ári síðan, á fjárlagalið 05-190-120 frá árinu 1994. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig þessum fjárveitingum hefur verið ráðstafað frá upphafi.

Styrkveitingar til eldis sjávardýra, 05-190-120, árin 1991–2003.

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
1991		
Fiskeldi Eyjafjarðar	Rannsóknir á lúðuklaki	9.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Rannsóknir á klaki þorsks og hafbeitartilraunir	3.900.000
Hafrannsóknast., Hásk. á Akureyri, Fiskeldi Eyjafjarðar og Rannsóknast. fiskiðn.	Klak og eldi þorsks, hlýra og lúðu	6.800.000
		19.700.00
1992		
Fiskeldi Eyjafjarðar		15.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Eldis- og fóðurtilraunir	3.500.000
		18.500.000
1993		
Fiskeldi Eyjafjarðar	Framleiðsla lúðuseiða	16.900.000
Hafrannsóknastofn. og Ranns. fiskiðn.	Rannsóknir á vaxtarhraða lúðuseiða	1.500.000
		18.400.000
1994		
Fiskeldi Eyjafjarðar	Rannsóknir og tilraunir í lúðueldi	17.500.000
Máki hf., Sauðárkróki	Rannsóknir á eldi sjávardýra	1.500.000
		19.000.000
1995		
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Fóðurtilraunir á lúðuseiðum að Stað	1.200.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Klakrannsóknir og ljóslotutilraunir	17.000.000
Hafrannsóknastofnunin	Fóðurtilraunir á lúðuseiðum að Stað	1.200.000
		19.400.000

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
1996		
Sæbýli hf.	Eldi á sæeyra	2.500.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Lúðueldi	17.000.000
		19.500.000
1997		
Sæbýli hf.	Eldi á sæeyra	2.000.000
Stofnfiskur hf.	Fiskeldi	2.000.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Lúðueldi	15.000.000
		19.000.000
1998		
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Fiskeldi	1.500.000
Stofnfiskur hf.	Fiskeldi	2.300.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Lúðueldi	16.000.000
		19.800.000
1999		
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Rannsóknir	2.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Rannsóknir	1.900.000
Sæbýli hf.	Eldi á sæeyra	4.700.000
Stofnfiskur hf.	Fiskeldi	2.500.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Lúðueldi	7.000.000
Sæblóm ehf.	Styrkur	1.000.000
Máki hf. Sauðárkr.	Breytingar á kerjum – fiskeldi	2.000.000
		21.100.000
2000		
Stofnfiskur hf.	Rannsóknir á lúðu til eldis	3.000.000
Stofnfiskur hf.	Rannsóknir á rauðu sæeyra	3.000.000
Máki hf.	Styrkur vegna eldis á barra	3.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Varnir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma í eldi	3.000.000
Hönnun og ráðgjöf ehf.	Tilraunir með hlýraeldi	3.000.000
		15.000.000
2001		
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Eldi sjávardýra – SVT	3.000.000
Sandgerðisbær	Bætt rannsóknaaðstaða	2.000.000
Vopnafjarðarhreppur	Tilraunir með þorskeldi – hönnun á gildrum	2.000.000
Jón Gunnar Schram	Verkefni um arðsemismat – eldi smþ.	993.000
Sæbýli hf.	Þróun búnaðar – eldi á sæeyra	2.000.000
Fiskeldi Eyjafjarðar	Kynbótarannsóknir á lúðu	3.500.000
Hlýri ehf.	Tilraunaeldi á hlýra	3.000.000
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	Þorskeldi – rannsóknir	3.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Sandhverfa – rannsóknir	2.500.000
Máki hf.	Eldi sjávardýra – þróun aðferða	3.500.000
		25.493.000
2002		
Fiskistofa	Heilnæmisathuganir vegna fiskeldis	905.000
Hafrannsóknastofnunin	Framlag skv. ákvörðun Alþ. til þorskeldisvkn.	3.000.000
Útgerðarfélag Akureyringa	Áframeldi á ýsu	1.000.000

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Útgerðarfélag Akureyringa	Áframeldi á þorski	1.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Efling forvarna í þorskseiðaeldi	3.000.000
Þórsberg ehf.	Áframeldi á smáþorski – arðsemismat	2.500.000
Grandi hf.	Þorskeldi í Hvalfirði og Faxaflóa	2.500.000
Sæbýli hf.	Eldi á sandhverfu	2.000.000
Matvælarannsóknir MATRA	Mótun rannsókna	1.000.000
Hafrannsóknastofnun	Verkefnisstjórn, þorskeldi	3.500.000
Hlýri ehf.	Hlýraeldi	3.000.000
		23.905.000
2003		
Netagerð Vestfjarða	Tilraunaveiðar á þorskseiðum í flotvörpu	500.000
Fiskeldishópur AVS	Stefnumótun um framgang fiskeldis, útg.- og netverkefni	4.000.000
Háskóli Íslands	Hönnunarforsendur og álag á sjókvíar við suðurströndina	1.440.000
Stofnfiskur hf.	Kynbætur í þorskeldi og framleiðsla þorskseiða	6.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Þorskeldi á Vestfjörðum, sjúkdómarannsóknir	2.000.000
Stofnfiskur hf.	Áframeldi á villtum þorsk- og eldisseiðum á Nauteyri	1.500.000
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	Forvarnir í fiskeldi	2.200.000
Fóðurverksmiðjan Laxá hf.	Ódýrir próteingjafar í þorskfóður	1.947.000
Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar	Markaðsstarf íslensks eldisfisks	250.000
Háskóli Íslands – Guðrún Marteinsdóttir	Kortlagning eldiseiginleika þorskins o.fl.	450.000
		20.287.000

740. Svar [413. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fjármál hins opinbera.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hafa eftirfarandi þættir í fjármálum hins opinbera þróast á tímabilinu 1991–2003, sundurliðað eftir árum:

a. áætluð útgjöld ríkisins í samþykktum fjárlögum,
b. upphæð samþykktra fjáraukalaga,
c. niðurstöðutala ríkisreiknings,
d. áætlaðar tekjur ríkisins í samþykktum fjárlögum,
e. andvirði seldra ríkiseigna,
f. útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
g. útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
h. afkoma ríkissjóðs?

Meðfylgjandi tafla er unnin úr þingskjölum, ríkisreikningi og af vef Hagstofu Íslands. Vakin er athygli á að tölur um útgjöld ríkisins í fjárlögum og fjáraukalögum sem og tölur um tekjur ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum voru á greiðslugrunni árin 1991–1997, en á rekstrar-

grunni 1998–2003, auk þess sem framsetningu ríkisfjármála var breytt í veigamiklum atriðum frá og með árinu 1998. Framsetningu ríkisreiknings var einnig breytt frá og með árinu 1998. Upplýsingar um andvirði seldra ríkiseigna sýna tekjufært andvirði vegna sölu fasteigna, jarða og lóða auk eignarhluta í fyrirtækjum. Upplýsingar um útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sem og útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru samkvæmt samræmdri framsetningu þjóðhagsreikningsuppgjörs. Þjóðhagsuppgjör er talsvert ólíkt uppgjöri ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi og fjárlögum og munar þar mest um að tekjur af eignasölu hafa ekki áhrif á tekjuafgang og í stað þess að gjaldfæra fjárfestingu er hún eignfærð og afskrifuð, þá eru lífeyrisskuldbindingar færðar með öðrum hætti. Athygli er vakin á því að samanburður á fjárlögum og fjáraukalögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar er varasamur þar sem talsvert hefur verið fært til gjalda í ríkisreikningi undanfarin ár vegna afskrifta skattkrafna, auk þess sem gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar hafa sveiflast mjög á milli ára.

	Útgjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum	Útgjöld ríkissjóðs skv. fjáraukalögum	Útgjöld ríkissjóðs skv. ríkisreikningi hvers árs	Tekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum hvers árs	Tekjufært andvirði seldra ríkiseigna skv. ríkisreikningi	Útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af landsframleiðslu*			Tekjuafgangur ríkissjóðs í millj. kr. sem hlutfall af landsframleiðslu	
						Opinbera	Ríkið	Sveitarfélög	Tekjuafgangur	Hlutfall af VLF
1991	105.767,4	6.483,0	112.487,0	101.698,0	382,9	39,9	32,7	7,7	–11.187	–2,8
1992	109.574,7	3.524,0	110.607,0	105.463,0	333,0	40,4	32,7	8,3	–9.563	–2,4
1993	111.015,0	4.647,0	112.863,0	104.771,0	50,0	40,3	32,1	8,6	–13.781	–3,3
1994	113.781,6	6.024,0	116.896,0	104.146,0	139,0	39,9	31,5	8,8	–13.440	–3,1
1995	119.528,3	5.909,0	123.344,0	112.092,0	155,0	39,1	31,6	8,0	–11.560	–2,6
1996	124.816,1	16.355,0	139.730,0	120.865,0	253,0	38,5	31,3	8,3	–7.339	–1,5
1997	126.099,7	7.530,0	130.753,0	126.224,0	631,0	37,9	28,9	10,0	2.748	0,5
1998	165.677,3	14.716,0	189.636,0	165.810,0	2.741,0	38,3	28,9	10,3	6.152	1,1
1999	182.375,9	10.463,9	199.002,0	184.817,0	11.140,0	39,4	30,1	10,5	15.595	2,6
2000	193.158,7	8.240,7	229.001,0	209.900,0	635,0	39,1	29,5	10,7	16.948	2,6
2001	219.164,4	14.957,1	228.713,0	253.063,1	1.065,0	40,2	29,9	11,4	4.557	0,6
2002	239.370,4	11.920,5	267.332,0	257.900,0	11.722,0	42,1	30,8	12,0	–3.467	–0,4
2003	260.142,1	17.279,9	–	271.600,0	–	–	–	–	–	–

*Heimild: Hagstofan

741. Svar [334. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiðamál ráðherra.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum um bifreiðamál ráðherra. Fjárhæðir og upplýsingar vegna bifreiðakaupa, rekstrarkostnaðar og viðhalds bifreiða auk starfskjara bifreiðastjóra í svari þessu eru byggðar á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum.

1. *Hvaða ráðherrar hafa haft til umráða bifreið í eigu og rekstri ríkisins við embættisstörf sín frá 1. janúar 1998 til 15. nóvember 2003, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 580/1991, um*

bifreiðamál ríkisins, og hvaða ráðherrar sem nýta eigin bifreiðar til embættisstarfans hafa á sama tímabili nýtt sér ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar?

Ráðherrar sem hafa haft til umráða bifreið í eigu og rekstri ríkisins allt umrætt tímabil eru:
- forsætisráðherra,
- dóms- og kirkjumálaráðherra,
- fjármálaráðherra,
- iðnaðar- og viðskiptaráðherra,
- menntamálaráðherra,
- sjávarútvegsráðherra,
- utanríkisráðherra.

Ráðherrar sem hafa haft til umráða bifreið í eigu og rekstri ríkisins hluta tímabilsins eru:
- félagsmálaráðherra frá 1. janúar 1998 til 10. júní 2003,
- heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 14. maí 2001,
- landbúnaðarráðherra frá 12. maí 1999,
- umhverfisráðherra frá 12. maí 1999.

Ráðherrar sem hafa nýtt eigin bifreið til embættisstarfans eru:
- félagsmálaráðherra frá 10. júní 2003,
- heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 1 janúar 1998 til 14. maí 2001,
- landbúnaðarráðherra frá 1. janúar 1998 til 11. maí 1999,
- umhverfisráðherra frá 1. janúar 1998 til 11. maí 1999.

2. *Hver hafa útgjöld verið árlega á fyrrgreindu tímabili hjá hverju ráðuneyti fyrir sig hjá þeim ráðherrum sem hafa til umráða ráðherrabifreið í eigu ríkisins annars vegar og hins vegar hjá þeim ráðherrum sem nýta eigin bifreið vegna embættisstarfans, þ.e.*
   a. bílakaup (tegund og verð bíls á föstu verðlagi),
   b. fyrningarfé fyrir eigin bifreið, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar,
   c. rekstrarkostnaður og viðhald, sbr. 10. og 11. gr. reglugerðarinnar?

Í töflu 1 má sjá svör við a-lið, í töflu 2 eru svör við b-lið, og í töflu 3 er svör við c-lið að finna.

Tafla 1: Útgjöld ráðuneyta vegna kaupa ráðherrabifreiða.[1]

Ráðuneyti / tegund bifreiðar	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**Samtals**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti							
Mercedes Benz E240		5.126.972					5.126.972
útlagður kostn.	*0*	*5.126.972*	*0*	*0*	*0*	*0*	*5.126.972*
Félagsmálaráðuneyti							
Jeep Grand Cherokee			5.545.494				5.545.494
söluverð eldri bifr.			1.143.683			2.520.000	3.663.683
útlagður kostn.	*0*	*0*	*4.401.811*	*0*	*0*	*-2.520.000*	*1.881.811*

[1] Kaupverð og söluverð er á föstu verðlagi og miðað er við vísitölu neysluverðs, meðaltal hvers árs, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Ráðuneyti / tegund bifreiðar	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Fjármálaráðuneyti							
BMW 523			4.395.017				4.395.017
BMW 530						4.614.591	4.614.591
söluverð eldri bifr.			1.708.689			2.007.500	3.716.189
útlagður kostn.	*0*	*0*	*2.686.328*	*0*	*0*	*2.607.091*	*5.293.419*
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti[1]							
BMW 525				4.098.203			4.098.203
Volvo XC90						5.156.816	5.156.816
söluverð eldri bifr., áætlað						2.400.000	2.400.000
útlagður kostn.	*0*	*0*	*0*	*4.098.203*	*0*	*2.756.816*	*6.855.019*
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti[2]							
Audi A6			4.727.373				4.727.373
BMW X5						4.995.000	4.995.000
söluverð eldri bifr.			1.799.819				1.799.819
útlagður kostn.	*0*	*0*	*2.927.554*	*0*	*0*	*4.995.000*	*7.922.554*
Landbúnaðarráðuneyti							
Mitsubishi Pajero		4.584.677					4.584.677
Mitsubishi Pajero					5.263.400		5.263.400
söluverð eldri bifr.		0			2.282.264		2.282.264
útlagður kostn.	*0*	*4.584.677*	*0*	*0*	*2.981.136*	*0*	*7.565.813*
Menntamálaráðuneyti							
Mercedes Benz E240			4.290.142				4.290.142
söluverð eldri bifr.			1.503.646				1.503.646
útlagður kostn.	*0*	*0*	*2.786.496*	*0*	*0*	*0*	*2.786.496*
Samgönguráðuneyti							
Mitsubishi Pajero		4.389.622					3.669.631
söluverð eldri bifr.		2.212.975					1.850.000
útlagður kostn.	*0*	*1.819.631*	*0*	*0*	*0*	*0*	*1.819.631*
Sjávarútvegsráðuneyti							
Mercedes Benz 240E			4.499.605				4.499.605
söluverð eldri bifr.			1.509.342				1.509.342
útlagður kostn.	*0*	*0*	*2.990.263*	*0*	*0*	*0*	*2.990.263*
Umhverfisráðuneyti							
Audi A6		4.688.736					4.688.736
Lexus RX300						5.344.000	5.344.000
söluverð eldri bifr.		0				1.650.000	1.650.000
útlagður kostn.	*0*	*4.688.736*	*0*	*0*	*0*	*3.694.000*	*8.382.736*

[1] BMW-bifreið ráðuneytisins hefur ekki enn verið seld en áætlað söluverð er 2,4 millj. kr.

[2] Audi-bifreið ráðuneytisins skemmdist illa árið 2003. Tjónið hefur ekki enn verið gert upp af hálfu tryggingafélagsins og því hefur ekki verið unnt að selja bifreiðina að svo stöddu og tekjufærsla því ekki tilgreind í töflunni.

Ráðuneyti / tegund bifreiðar	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Utanríkisráðuneyti							
Mitsubishi Pajero SX-357						5.187.201	5.187.201
söluverð eldri bifr.						658.000	658.000
útlagður kostn.	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*4.529.201*	*4.529.201*
Öll ráðuneyti samtals	**0**	**16.220.016**	**15.792.452**	**4.098.203**	**2.981.136**	**16.062.108**	**55.153.915**

Tafla 2: Fyrningarfé fyrir eigin bifreið ráðherra sem nýtt er til embættisstarfans.

Ráðuneyti	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Félagsmálarn.[1]						0	*0*
Heilbrigðis- og tryggingamálarn.	515.230	501.800	446.400	122.033			*1.585.463*
Landbúnaðarrn.[2]	350.000	126.389					*476.389*
Umhverfisrn.[2]	350.000	126.388					*476.388*
Samtals	**1.215.230**	**754.577**	**446.400**	**122.033**	**0**	**0**	**2.538.240**

Tafla 3: Rekstrarkostnaður og viðhald bifreiða.[3]

Bifreiðar í eigu ríkisins

Ráðuneyti	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Forsætisrn.	1.054.591	898.359	836.606	1.167.741	1.622.371	726.125	*6.305.793*
Dóms- og kirkjumálarn.[4]	0	528.393	672.237	1.372.247	1.644.984	637.091	*4.854.952*
Félagsmálarn.	1.156.141	1.099.794	1.680.885	2.007.412	1.185.306	777.788	*7.907.326*
Fjármálarn.	505.443	597.195	611.814	881.228	822.428	804.282	*4.222.390*
Heilbrigðis- og tryggingamálarn.				546.156	813.702	1.007.007	*2.366.865*
Iðnaðar- og viðskiptarn.	1.370.000	1.919.000	2.251.000	1.055.000	1.112.000	2.708.000	*10.415.000*
Landbúnaðarrn.		617.396	1.094.247	1.664.723	1.499.926	1.092.900	*5.969.192*
Menntamálarn.	646.476	1.173.578	1.349.038	1.411.290	1.100.946	1.134.830	*6.816.158*
Samgöngurn.	989.500	1.413.345	1.305.230	1.725.275	1.833.666	1.249.430	*8.516.446*
Sjávarútvegsrn.	464.944	824.203	846.099	1.019.924	1.149.287	954.312	*5.258.769*
Umhverfisrn.		620.950	1.143.802	1.736.746	1.714.210	1.538.645	*6.754.353*
Utanríkisrn.	679.254	746.957	701.887	1.552.940	509.149	535.484	*4.725.671*
Samtals	**6.866.349**	**10.439.170**	**12.492.845**	**16.140.682**	**15.007.975**	**13.165.894**	**74.112.915**

---

1 Fyrningarfé vegna eigin bifreiðar félagsmálaráðherra fyrir árið 2003 hafði ekki verið greitt 15. nóvember sl.

2 Árið 1998 og fram á mitt ár 1999 gegndi Guðmundur Bjarnason stöðu landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Landbúnaðarráðuneyti sá um uppgjör en skuldfærði síðan helming fjárhæðar á umhverfisráðuneyti.

3 Taflan er tvískipt. Í fyrri hluta er gerð grein fyrir bifreiðum í eigu ríkisins en í þeim síðari eigin bifreiðum ráðherra sem nýttar eru til embættisstarfa.

4 Frá 1. janúar 1998 til vors 1999 var ekki bifreið í rekstri hjá ráðuneytinu þar sem þáverandi dómsmálaráðherra var einnig sjávarútvegsráðherra og bifreið hans var rekin á vegum síðarnefnda ráðuneytisins.

Bifreiðar ráðherra sem nýttar eru til embættisstarfans.

Ráðuneyti	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Félagsmálarn.						676.655	*7.543.004*
Heilbrigðis- og tryggingamálarn.	804.519	1.055.786	1.350.206	272.649			*3.483.160*
Landbúnaðarrn.	354.218	182.367					*536.585*
Umhverfisrn.	354.218	182.368					*536.586*
Samtals	**1.512.955**	**1.420.521**	**1.350.206**	**272.649**	**0**	**676.655**	**5.232.986**

3. *Hvaða reglur gilda um skattgreiðslu bifreiðahlunninda og fyrningarfé til ráðherra sem nýta eigin bifreiðar?*

Um skattgreiðslu bifreiðahlunninda og fyrningarfé til ráðherra, sem nýta eigin bifreiðar, gildir reglugerð nr. 580/1991, um bifreiðamál ríkisins. Samkvæmt 10. gr. hennar getur ráðherra fengið til afnota bifreið í eigu og rekstri ríkisins. Ráðherra sem fengið hefur slíka bifreið til afnota hefur heimild til takmarkaðra einkanota, svo sem til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og annarra einstakra ferða. Greiða skal skatt af bifreiðahlunnindum í samræmi við almennar reglur um skattmat sem fjármálaráðuneytið birtir í upphafi hvers tekjuárs, sbr. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt reglum um skattmat fyrir takmörkuð afnot bifreiðar skal á árinu 2003 greiða 55,00 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra. Framkvæmdin er sú að ráðherrar greiða mánaðarlega staðgreiðslu af bifreiðahlunnindum, sem dregin er af launum.

Samkvæmt 11. gr. sömu reglugerðar á ráðherra er eigi kýs að fá ríkisbifreið til umráða þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa, enda sé bifreiðin í góðu ásigkomulagi þegar notkun í þágu ríkisins hefst. Ríkissjóður ber allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar og greiðir eiganda hennar fyrningarfé sem skal vera 20% af endurnýjunarverði hennar ár hvert. Ríkissjóður greiðir eigi fyrningarfé af eldri bifreiðum en fimm ára. Fyrningarfé telst vera skattskyldar tekjur hjá viðkomandi ráðherra, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að frádreginni fyrningu sem er samkvæmt skattmati 330.000 kr. á ári. Greiða skal staðgreiðslu af þessum tekjum, sbr A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Að auki skal greiða staðgreiðslu af bifreiðahlunnindum af rekstri bifreiðarinnar, þó þannig að fyrningarþátturinn er tekinn út úr hlunnindamatinu.

4. *Hver hefur kostnaður ráðuneyta verið á sama tímabili vegna starfskjara bílstjóra ráðherra, sundurliðað eftir tegundum greiðslna, og hver tekur ákvörðun um launakjör þeirra?*

Kostnaður ráðuneyta frá 1. janúar 1998 til 15. nóvember 2003 vegna starfskjara bílstjóra ráðherra er eftirfarandi:

- Laun: 299.627.870 kr.
- Launatengd gjöld: 53.806.863 kr.
- Annað, fatapeningar: 3.267.661 kr.

Kostnaður við afleysingar í veikindum og orlofi bílstjóra er meðtalinn. Forsætisráðuneytið hefur annast gerð samkomulags fyrir hönd ráðuneyta við bifreiðastjóra embættis forseta Íslands og ráðuneyta Stjórnarráðs Íslands. Að öðru leyti taka laun ráðherrabílstjóra breytingum samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Þess ber að geta að bifreiðastjórar ráðherra eru ráðnir sem starfsfólk ráðuneytanna

og sinna jafnframt ýmsum öðrum störfum í samræmi við verkefnaskipan viðkomandi ráðuneytis.

5. *Hefur á fyrrgreindu tímabili ávallt farið fram útboð á bifreiðakaupum ráðherra og hvaða reglur gilda um kaup og sölu á ráðherrabifreiðum? Ef ekki hafa farið fram útboð er óskað skýringa á því.*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum hafa á nefndu tímabili ekki farið fram útboð á bifreiðakaupum ráðherra, enda hafa fjárhæðir verið innan viðmiðunarmarka um útboðsskyldu vörukaupa sbr. 12. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup. Kaupin eru þó oftast gerð eftir að Ríkiskaup hefur gert verðkönnun fyrir viðkomandi ráðuneyti. Að sögn Ríkiskaupa hefur slíkt skilað sjáanlegum árangri.

Um kaup og sölu á ráðherrabifreiðum gildir reglugerð nr. 580/1991, um bifreiðamál ríkisins og reglur fjármálaráðuneytis frá 1992, um innkaup og endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins sem ráðherrar hafa til afnota. Samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar skal Innkaupastofnun ríkisins (nú Ríkiskaup) sjá um innkaup og endurnýjun á ráðherrabifreiðum. Samkvæmt reglum fjármálaráðuneytis skal Innkaupastofnun (Ríkiskaup) hafa samráð við bílanefnd ríkisins um innkaup og endurnýjun bifreiðanna og annast afsöl og nauðsynlegar tilkynningar vegna viðskiptanna svo og afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis.

Öll ráðuneyti hafa notið aðstoðar Ríkiskaupa við kaup og sölu á bifreiðum fyrir ráðherra, nema forsætisráðuneytið sem ekki hefur keypt ráðherrabifreið á umræddu tímabili og utanríkisráðuneytið sem leitaði sjálft tilboða frá fjórum bílaumboðum þegar bíll var keyptur.

6. *Telur ráðherra að hægt sé með hagkvæmari hætti en nú er að standa að bifreiðamálum ráðherra og kostnaði þeim tengdum? Ef svo er, hvaða leiðir telur ráðherra rétt að skoða í því efni?*

Nauðsynlegt er að bifreiðamál ráðherra séu reglulega til skoðunar og gætt sé hagkvæmni í rekstri og innkaupum eins og kostur er. Ljóst er að á síðasta áratug hefur nokkur árangur náðst varðandi aðhald í kaupum nýrra ráðherrabifreiða og sölu eldri bifreiða. Með bættum samgöngum og fjarskiptatækni auk þróunar í bifreiðaframleiðslu hafa áherslur í bílakaupum nokkuð breyst frá því að reglur fjármálaráðuneytis um innkaup og endurnýjun á bifreiðum í eigu ríkisins, sem ráðherrar hafa til afnota voru settar árið 1992. Störf ráðherra eru þess eðlis að þau útheimta mikil ferðalög innanlands allt árið um kring og hefur því til að mynda aukin áhersla verið lögð á ýmsa öryggisþætti sem og á öruggar fjórhjóladrifsbifreiðar. Í ljósi þessa getur talist eðlilegt að reglur um endurnýjun og innkaup bifreiða verði yfirfarnar og samræmdar með hliðsjón af þörfum og aðstæðum hverju sinni.

742. Svar [291. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um framlög til ferðaþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið fé hefur ríkissjóður veitt til ferðaþjónustu og tengdra mála, svo sem safna, árið 2002 og það sem af er 2003? Spurt er um fjárveitingar af öllum fjárlagaliðum, þ.m.t. safnliðum. Óskað er eftir að svarið verði sundurliðað eftir ráðuneytum, árum, verkefnum og eftirfarandi landshlutum:

a. Reykjavík,
b. Suðurnesjum,
c. Suðurlandi,
d. Vestmannaeyjum,
e. Austurlandi,
f. Norðausturlandi,
g. Norðvesturlandi,
h. Vestfjörðum,
i. Vesturlandi,
j. Suðvesturkjördæmi.

Fjármálaráðuneytið hefur aflað upplýsinga frá öðrum ráðuneytum vegna svarsins og lét hverju og einu eftir að meta hvaða fjárveitingar skyldi telja með og hvernig skyldi flokka. Hluta fjárveitinga var ekki hægt að setja niður á landshluta og munar mestu um fjárframlög til landkynningar erlendis. Í töflu 1 er gerð grein fyrir samtals 726,6 millj. kr. framlögum árið 2002 sem talin eru tengjast ferðaþjónustu með tiltölulega beinum hætti og í töflu 2 er gerð grein fyrir 710,1 millj. kr. fram í nóvember 2003. Til viðbótar koma fjárveitingar til nokkurra safna sem ríkið rekur og tengjast ferðaþjónustu óbeint, u.þ.b. 900 millj. kr. Ekki eru talin með framlög til ýmiss konar menningarstarfsemi svo sem leikhúsa, hljómsveita og íþróttaviðburða þótt verkefnin geti dregið að sér ferðafólk. Sama er að segja um rekstur þjóðgarða sem falla undir umhverfisráðuneytið. Þá er sleppt útgjöldum ríkisins til grunnkerfa sem ferðamennska byggist á og munar mestu um útgjöld til vegamála og flugmála.

Forsætisráðuneyti.

Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 250,9 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og áætlar að veita 224 millj. kr. árið 2003 til slíkra verkefna. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum. Ekki eru tíundaðir styrkir sem kunna að hafa verið veittir af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar, ráðstöfunarfé ráðherra og úr Kristnihátíðarsjóði.

Menntamálaráðuneyti.

Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 112 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 171,1 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum. Að auki var Háskólanum á Akureyri veitt 5 millj. kr. framlag í fjárlögum 2003 vegna ferðamálaseturs um menningartengda ferðaþjónustu. Þá var samningur við Menningarborgarsjóð hækkaður um 10 millj. kr. til að styrkja listviðburði sem efla menningartengda ferðaþjónustu og nemur ríkisframlag til samningsins 15 millj. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjölmörg söfn sem bjóða þjónustu er höfðar til ferðafólks, beint eða óbeint, fá regluleg framlög af fjárlagaliðum ráðuneytisins. Samkvæmt fjárlögum 2002 voru framlögin um 891,6 millj. kr. og skiptast sem hér segir: Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Listasafn ASÍ, Nýlistasafn og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar með samtals 630,3 millj. kr. framlag. Á Austurlandi var Skriðuklaustur með 10,6 millj. kr. framlag. Á Vesturlandi var Snorrastofa með 5,9 millj. kr. framlag og í suðvesturkjördæmi Þjóðminjasafn Íslands og Kvikmyndasafn með samtals 244,8 millj. kr. Ekki hefur verið tekið saman hvað þessir aðilar fengu greitt fyrstu ellefu mánuði ársins 2003.

Utanríkisráðuneyti.
Ráðuneytið hefur ekki veitt sérstök framlög til ferðaþjónustu en kynning á Íslandi er grundvallarþáttur í starfi sendiráða og tengist almennt samskiptum þess við erlenda aðila í hverju landi. Margt í starfi sendiráða er að auki til þess fallið að hjálpa ferðaþjónustunni á Íslandi, t.d. vefsetur sendiráða, upplýsingabæklingar um Ísland, starfsemi viðskiptaþjónustunnar og viðskiptafulltrúa sendiráða, ýmiss konar menningarkynningar, opinberar heimsóknir ráðamanna og tengsl starfsmanna sendiráða og ræðismanna við fólk erlendis. Þjónusta sendiráða stendur fulltrúum Ferðamálaráðs til boða. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn og skrifstofa Ferðamálaráðs þar í borg verða í sama húsnæði.

Landbúnaðarráðuneyti.
Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 54,4 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 0,5 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum.

Sjávarútvegsráðuneyti.
Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 2,6 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 0,3 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Ráðuneytið hefur ekki veitt framlög til ferðaþjónustu.

Félagsmálaráðuneyti.
Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 6,1 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 6,5 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Ráðuneytið hefur ekki veitt framlög til ferðaþjónustu.

Samgönguráðuneyti.
Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 282,4 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 276,6 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum.

Fjármálaráðuneyti.
Ráðuneytið hefur ekki veitt slík framlög.

Viðskiptaráðuneyti.
Ráðuneytið hefur ekki veitt slík framlög.

Iðnaðarráðuneyti.
Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 16,7 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og um 28,8 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum. Auk þessa var 20 millj. kr. tekjum af sölu Kísiliðjunnar árið 2002 ráðstafað til kaupa á hlutum í Baðfélagi Mývatnssveitar. Þá keypti Byggðastofnun hlutafé árið 2002 fyrir 42,5 millj. kr. sem skiptist þannig: 20 millj. kr. í Sæferðum hf., Stykkishólmi; 2,5 millj. kr. í Sumarbyggðum ehf., Súðavík; 10 millj. kr. í Hótel Mývatni ehf. og 10 millj. kr. í Reynihlíð ehf. Árið 2003 voru keyptir hlutir fyrir 4 millj. kr. í Vesturferðum ehf. og 5 millj. kr. í Laugarhóli ehf.

Hagstofa Íslands.

Ráðuneytið hefur ekki veitt slík framlög.

Umhverfisráðuneyti.

Ráðuneytið veitti árið 2002 samtals 0,6 millj. kr. til ferðaþjónustu og tengdra mála og 2,4 millj. kr. fram í nóvember 2003. Fjárhæðirnar eru sundurliðaðar í töflum.

Tafla 1. Framlög ríkissjóðs til ferðaþjónustu og tengdra mála árið 2002 (í þús. kr.).

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm.eyjar	Austurland	Norðaustur-land	Norðvestur-land	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
01-190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar		6.800										6.800
01-190-1.23	Hrafnseyri, Hrafnseyrarnefnd									4.000			4.000
01-190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi								17.000				17.000
01-190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal				2.000								2.000
01-190-5.25	Stafkirkjan í Vestmannaeyjum, viðhald					2.500							2.500
01-251-1.01	Þjóðmenningarhúsið		56.390										56.390
01-255	Minningarsafn um Halldór Laxness að Gljúfrasteini											71.308	71.308
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum				90.865								90.865
Forsætisráðuneyti alls		**0**	**63.190**	**0**	**92.865**	**2.500**	**0**	**0**	**17.000**	**4.000**	**0**	**71.308**	**250.863**
02-919	Sögusetrið á Hvolsvelli				7.000								7.000
02-919	Hvalamiðstöðin á Húsavík							7.000					7.000
02-919	Geysisstofa í Haukadal				7.000								7.000
02-919	Endurb. vélb. Blátinds					4.000							4.000
02-919	Sögusafnið í Reykjavík		7.000										7.000
02-919	Endurbygging Brydebúðar				3.000								3.000
02-919	Sjóminjasafn Íslands											1.000	1.000
02-919	Endurb. Tryggvaskála				4.000								4.000
02-919	Síldarminjasafnið							7.000					7.000
02-919	Safnahús í Neðstakaupstað									6.000			6.000
02-919	Viðg. á eikarbátnum Sædísi									3.500			3.500
02-919	Viðg. á vélbátnum Gesti									3.500			3.500
02-919	Safnahús í Búðardal										7.000		7.000
02-919	Kjarvalsstofa Borgarfirði eystri						4.000						4.000
02-919	Saltfisksetur í Grindavík			3.000									3.000
02-919	Galdrasýning á Ströndum									7.000			7.000
02-919	Steinaríki Íslands, Akranesi										2.000		2.000
02-919	Kirkjubæjarstofa				4.000								4.000
02-919	Sjávarsafn Ólafsvík										2.500		2.500
02-919	Húni II.			1.000									1.000
02-919	Búvélasafn Hvanneyri										1.000		1.000
02-919	Herhúsið á Siglufirði							500					500
02-919	Kvennasögusafnið		500										500
02-919	Hlunnindasafn Reykhólum									500			500
02-919	Sjávardýrasafn Höfnum			3.000									3.000
02-919	Þjóðlagasetur Siglufirði							2.000					2.000
02-969	Kaupvangur í Vopnafirði						7.000						7.000
02-969	Duushúsin í Reykjanesbæ			7.000									7.000
Menntamálaráðuneyti alls		**0**	**7.500**	**14.000**	**25.000**	**4.000**	**11.000**	**16.500**	**0**	**20.500**	**12.500**	**1.000**	**112.000**
04-101	Uppbygging ferðamannastaða				300								300
04-190	Uppbygging safna				200					200			400
04-190	Ferðatengd þjónusta			100	600				500				1.200
04-821	Gisti og greiðasala				19.375		5.150	5.570	5.200	7.450	3.950	1.500	48.195
04-821	Önnur ferðatengd þjónusta, söfn o.fl.				2.000				1.500	800			4.300
Landbúnaðarráðuneyti alls		**0**	**0**	**100**	**22.475**	**0**	**5.150**	**5.570**	**7.200**	**8.450**	**3.950**	**1.500**	**54.395**

Liður	Verkefni	Óstað-sett	Reykja-vík	Suður-nes	Suður-land	Vestm. eyjar	Austur-land	Norð-austur-land	Norð-vestur-land	Vest-firðir	Vestur-land	Suðv. kjör-dæmi	Samtals
05-190	Bátasafn Gríms Karlssonar, Reykjanesbæ			750									750
05-191	Hátíð hafsins		300										300
05-192	Þátttaka Íslands í matreiðslukeppni í Lyon	1.500											1.500
Sjávarútvegsráðuneyti alls		**1.500**	**300**	**750**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**2.550**
07-984-1.41	Kortlagning örnefna á Hólsfjöllum		153										153
07-984-1.41	Listvefnaðarsetur				150								150
07-984-1.41	Gistiheimili á Borgarfirði eystri						300						300
07-984-1.41	Kvennahópur						200						200
07-984-1.41	Útgáfa vættakorts af Fjarðab. og Mjóaf.						525						525
07-984-1.41	Sýningar í Sænautaseli í uppgerðum torfbæ						350						350
07-984-1.41	Kaffihús á Dalvík							150					150
07-984-1.41	Kvennahópur									240			240
07-984-1.41	Enduruppb. handverkshúss á Ingjaldssandi									150			150
07-984-1.41	Kvennahópur									150			150
07-984-1.41	Kvennahópur									600			600
07-984-1.41	Ferðaþjónusta í Dýrafirði, forvarnastarf með unglingum									80			80
07-984-1.41	Minjasafn um húsmæðraskólann á Ísafirði									375			375
07-984-1.41	Kvennahópur										235		235
07-984-1.41	Markaðssetning listviðburða í Vivaldi Borgarnesi										150		150
07-984-1.41	Aðstaða til handverkssölu og fyrir grafíska hönnun										150		150
07-984-1.41	Hestaleiga í Húsafelli										150		150
07-999-1.90	Þjóðahátíð Austfirðinga						200						200
07-999-1.90	Safnasafnið á Akureyri							200					200
07-999-1.90	Vestnorden handverkssýning							200					200
07-999-1.90	Gallerí Sigló, handverk kvenna							200					200
07-999-1.90	Minnisvarði í Óslandshlíð								100				100
07-999-1.90	Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi								500				500
07-999-1.90	Grettistak, menningar- og fræðslustofnun								500				500
07-999-1.90	Þjóðahátíð Vestfirðinga									100			100
Félagsmálaráðuneyti alls		**0**	**153**	**0**	**150**	**0**	**1.575**	**750**	**1.100**	**1.695**	**685**	**0**	**6.108**
10-101-1.01	Aðgengi fatlaðra	500											500
10-101-1.01	Fjarnám í ferðamálafr.	875											875
10-101-1.01	Írskir dagar										450		450
10-101-1.01	Leifsháttíð, markaðssetning á menningartengdri ferðaþjónustu í Dalasýslu										600		600
10-101-1.01	Merkingar á söguslóðum Hrafnkels sögu Freysgoða						200						200
10-101-1.01	Styrkur v. alþjóðasamstarfs ferðamálafulltrúa	150											150
10-101-1.01	Styrkur v. fagkeppni nema í Ferðamálask. í Kópavogi á Ítalíu	50											50
10-101-1.01	Sjóminjasafn Íslands vegna endurbóta á flutningabátnum Friðþjófi, Reykhólum									400			400
10-101-1.01	Útgáfa göngukorta						300		300		1.000		1.600

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm. eyjar	Austurland	Norðausturland	Norðvesturland	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
10-101-1.01	Styrkur v. norræns sjóréttarmálþings	200											200
10-101-1.01	Vettvangsferð til Japans á Kúluskítshátíð							200					200
10-101-1.01	Styrkur vegna kynningar á minjum um siglingar og fiskveiðar	150											150
10-101-1.01	Félagsstarf f. þroskahefta og fatlaða		7										7
10-101-1.01	Menningartengd ferðaþjónusta leikfélagsins Baldurs									50			50
10-101-1.01	Leiksýning um ævi Muggs listmálara									50			50
10-190-1.41	Samstarf Vestur-Norðurlanda	1.000											1.000
10-190-1.42	Fjarnám í ferðamálafræðum	3.000											3.000
10-190-1.42	Gestastofurekstur				2.000						2.000		4.000
10-190-1.42	Landsmót hestamanna	2.000											2.000
10-190-1.42	Samgönguminjasafn								3.000				3.000
10-190-1.42	Íslandskynning í Japan	300											300
10-190-1.42	Fornleifarannsóknir á Grænlandi	1.000											1.000
10-190-1.44	Markaðssókn í ísl. ferðaþjónustu	189.110											189.110
10-190-1.45	Framlag til Norðursiglingar á Húsavík til að styrkja rekstur							5.000					5.000
10-190-1.47	Kynning á Íslandi í Bandaríkjunum (Iceland Naturally)	55.999											55.999
10-190-1.48	Kynning á íslenska hestinum								7.500				7.500
10-190-1.49	Húsahótel á Seyðisfirði						5.000						5.000
Samgönguráðuneyti alls		**254.334**	**7**	**0**	**2.000**	**0**	**5.500**	**5.200**	**10.800**	**500**	**4.050**	**0**	**282.391**
11-201	Hagkvæmniathugun fyrir kláf í Esjunni		200										200
11-201	Uppbygging ferðaþjónustu á Fossatúni										300		300
11-201	Gerð viðskiptaáætlunar f. stjörnuskoðunarstöð								200				200
11-299-1.48	Hvalamiðstöðin Húsavík, fræðsla og kynning							400					400
11-299-1.48	Gæðastýring í grænni ferðaþjónustu									500			500
11-299-1.48	Aldamótabærinn Seyðisfjörður						700						700
11-299-1.48	Markaðssetning Dalabyggðar og Eiríksstaða										700		700
11-299-1.48	Uppbygging Kolkuóss í Skagafirði								1.500				1.500
11-299-1.48	Upplýsingatækni, fyrirtæki á Hofsósi um Vesturfara								2.500				2.500
11-299-1.48	Uppbygging ferðaþjónustu í Fossatúni										400		400
11-299-1.48	Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum, auka möguleika á fjölbreytni atvinnulífs									100			100
11-299-1.50	Iðnaðarsafnið á Akureyri							400					400
11-299-1.50	Vestfjarðakynning í Perlunni									300			300
11-299-1.50	Markaðsstofa Austurlands v. aðstöðu f. ferðamenn á hálendinu við Vatnajökul						500						500
11-299-1.50	Uppbygging safns um ísl. bræðsluiðn								500				500
11-299-1.50	Rekstur gistiheimilis í Hólmavík									500			500
11-299-1.50	Hvalaferðir ehf., v. markaðsátaks							900					900

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm.eyjar	Austurland	Norðaustur-land	Norðvestur-land	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
11-299-1.50	Undirbúningur v. markaðsskrifstofu Norðurlands							1.500					1.500
11-411	Sýning á íþróttasögu Íslands										500		500
11-411	Náttúrusafn Bolungarv.									500			500
11-411	Endurbætur á Grettislaug									500			500
11-411	Sýning um hákarlaveiðar							500					500
11-411	Starfsemi ferðamálafulltrúa							500					500
11-411	Breytingar á báti						300						300
11-411	Uppbygging á ferðaþj.						500						500
11-411	Stofnun Kjarvalsstofu						400						400
11-411	Sýningin „Fransmenn á Íslandi"						500						500
11-411	Rætur, áhugahópur um menningarfjölbreytni – þjóðahátíð									300			300
11-411	Dægurlagakeppni árið 2002								200				200
11-411	Óperustúdió Austurlands, „Bjartar nætur í júní 2002"						400						400
11-411	Þjóðahátið Austfirðinga						300						300
52-101	Byggðasafn									150			150
Iðnaðarráðuneyti alls		**0**	**200**	**0**	**0**	**0**	**3.600**	**4.200**	**4.900**	**2.850**	**1.900**	**0**	**17.650**
14-101	Uppl. um aðgengilega ferðamannastaði á Íslandi		200										200
14-101	Þáttagerð um gönguleiðir hálendisins		100										100
14-101	Sýningin „Fuglalíf í Látrabjargi"									300			300
Umhverfisráðuneyti alls		**0**	**300**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**300**	**0**	**0**	**600**
Ráðuneytin samtals		**255.834**	**71.650**	**14.850**	**142.490**	**6.500**	**26.825**	**32.220**	**41.000**	**38.295**	**23.085**	**73.808**	**726.557**

Tafla 2. Framlög ríkissjóðs til ferðaþjónustu og tengdra mála frá 1. janúar til 12. nóvember 2003 (í þús. kr.).

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm. eyjar	Austurland	Norðaustur-land	Norðvestur-land	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
01-190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar		6.900										6.900
01-190-1.23	Hrafnseyri, Hrafnseyrarnefnd									6.400			6.400
01-190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi								22.000				22.000
01-190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal				2.000								2.000
01-190-5.25	Stafkirkjan í Vestmannaeyjum, viðhald					2.500							2.500
01-251-1.01	Þjóðmenningarhúsið		83.300										83.300
01-255	Minningarsafn um Halldór Laxness að Gljúfrasteini											18.500	18.500
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum				82.430								82.430
Forsætisráðuneyti alls		**0**	**90.200**	**0**	**84.430**	**2.500**	**0**	**0**	**22.000**	**6.400**	**0**	**18.500**	**224.030**
02-319	Garðabær, gagnvirkt kynningarefni um fornminjar á Hofstöðum											1.500	1.500
02-919	Sögusetrið á Hvolsvelli				7.000								7.000
02-919	Hvalamiðst. á Húsavík							7.000					7.000
02-919	Geysisstofa í Haukadal				7.000								7.000
02-919	Sögusafnið í Reykjavík		7.000										7.000
02-919	Endurbygging Brydebúðar				3.000								3.000
02-919	Endurb. Tryggvaskála				4.000								4.000

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm. eyjar	Austurland	Norðausturland	Norðvesturland	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
02-919	Síldarminjasafnið							7.000					7.000
02-919	Safnahús í Neðstakaupstað									6.000			6.000
02-919	Viðg. á eikarb. Sædísi									3.500			3.500
02-919	Viðg. á vélbátnum Gesti									3.500			3.500
02-919	Safnahús í Búðardal										7.000		7.000
02-919	Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri						4.000						4.000
02-919	Saltfisksetur í Grindavík			7.000									7.000
02-919	Galdrasýning á Ströndum									7.000			7.000
02-919	Kvennasögusafnið		500										500
02-919	Sjávarsafn á Ólafsvík										2.500		2.500
02-919	Húni II.			1.500									1.500
02-919	Iðnaðarsafn á Akureyri							1.000					1.000
02-919	Sturlusafn í Dölum										200		200
02-919	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga								200				200
02-919	Sjóminja-/ smiðjumunasafn						2.000						2.000
02-919	Íslenska stríðsárasafnið						1.000						1.000
02-919	Sædýrasafnið Höfnum			3.500									3.500
02-919	Herhúsið Siglufirði							1.000					1.000
02-919	Þjóðlagasetur Siglufirði							2.000					2.000
02-919	Kirkjubæjarstofa				5.000								5.000
02-919	Náttúrugripasafn Vestmannaeyjum					3.000							3.000
02-919	Sjóminjasafn Íslands											200	
02-919	Söguslóðir í Reykjanesbæ			7.000									7.000
02-919	Búnaðarsafn Eyjafjarðar							3.000					3.000
02-919	Sjóminjasafnið Ósvör									7.000			7.000
02-919	Tónminjasetur á Stokkseyri				7.000								7.000
02-919	Safn Tryggva Ólafssonar						7.000						7.000
02-919	Jöklasetur á Hornafirði				7.000								7.000
02-919	Tækniminjasafn Austurlands						7.000						7.000
02-919	Samgöngusafnið Skógum				7.000								7.000
02-969	Kaupvangur í Vopnafirði						7.000						7.000
02-969	Duushúsin í Reykjanesbæ			7.000									7.000
Menntamálaráðuneyti alls		**0**	**7.500**	**26.000**	**47.000**	**3.000**	**28.000**	**21.000**	**200**	**27.000**	**9.700**	**1.700**	**171.100**
04-821	Ýmis verkefni, áætlað framlag í ár	500											500
Landbúnaðarráðuneyti alls		500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	500
05-190	Rækjuhátið á Ísafirði									150			150
05-191	Hátið hafsins		150										150
Sjávarútvegsráðuneyti alls		**0**	**150**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**150**	**0**	**0**	**300**
07-984-1.41	Hönnunar- og sölumiðstöð á íslenskri/ austfirskri nytjalist						1.000						1.000
07-984-1.41	Gistiheimili og netkaffi á Eskifirði						250						250
07-984-1.41	Sumarhús í Fljótum							300					300
07-984-1.41	Vörulína með ísl. mynstrum fyrir erl. ferðamenn							500					500
07-984-1.41	Uppbygging handverkshúss í Grímsey							500					500
07-984-1.41	Uppbygging handverkshúss í Hrísey							500					500
07-984-1.41	Uppbygging handverkshúss á Fosshóli							500					500
07-984-1.41	Uppbygging handverkshúss í Ásbyrgi							500					500
07-984-1.41	Uppbygging handverkshúss á Húsavík							500					500

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykja-vík	Suður-nes	Suður-land	Vestm. eyjar	Austur-land	Norð-austur-land	Norð-vestur-land	Vest-firðir	Vestur-land	Suðv. kjör-dæmi	Samtals
07-984-1.41	Föndurbækur fyrir erlenda ferðamenn								400				400
07-984-1.41	Afþreying á Ströndum, sjóstangaveiði og náttúruskoðunarferðir									500			500
07-984-1.41	Húsdýragarður á Arnarstapa										500		500
07-999-1.90	Brydebúð í Vík				500								500
Félagsmálaráðuneyti alls		**0**	**0**	**0**	**500**	**0**	**1.250**	**3.300**	**400**	**500**	**500**	**0**	**6.450**
10-101-1.01	Aðgengi fatlaðra	400											400
10-101-1.01	Átak í ferðamálum							250					250
10-101-1.01	Eyrbyggjusafn										2.000		2.000
10-101-1.01	Félag ísl. ferðamálafulltr. v. ráðstefnuundirbúnings EUTO 2004	150											150
10-101-1.01	Frumkvöðlasetur ungs fólks í Húnaþingi vestra								200				200
10-101-1.01	Gestastofa á Hellnum										100		100
10-101-1.01	Íslandskynning		250										250
10-101-1.01	Látrabjarg, áhugamanna-félag, styrkur til undirbúningsrannsókna									1.600			1.600
10-101-1.01	Látrabjarg, áhuga-mannafélag, styrkur v. rannsóknaráætlunar									400			400
10-101-1.01	Matarhátíð á Blönduósi								200				200
10-101-1.01	Menningar- og ferðaþjónustuverkefni í Húnaþingi								1.000				1.000
10-101-1.01	Merkingar á söguslóðum Hr. s. Freysgoða						100						100
10-101-1.01	Ráðstefna á vegum Stofnunar Sigurðar Nordal		200										200
10-101-1.01	Ráðstefna um varðveislu og nýtingu vita í menningartengdri ferðaþjónustu	100											100
10-101-1.01	Ritun sögu ferðaþjónustunnar		1.000										1.000
10-101-1.01	Skemmti- og fræðslugarður Huliðsheimar – vættabyggð	200											200
10-101-1.01	St. v. fagkeppni nema í Ferðamálask. í Kópavogi í tengslum við aðalfund AEHT	75											75
10-101-1.01	Styrkur til handverks-hússins Gallerí Sól í Grímsey							100					100
10-101-1.01	St. til uppbyggingar á grænni menningartengdri ferðaþjónustu	250											250
10-101-1.01	Styrkur v. Ferðatorgs Ferðamálasamtaka Íslands	700											700
10-101-1.01	Styrkur v. menningar-viðburða í Faktorshúsi á Ísafirði									300			300
10-101-1.01	Styrkur v. vinnufundar hvalaskoðunarfyrirtækja	300											300
10-101-1.01	Til styrktar útgáfu á félagsblaði Félags leiðsögumanna	50											50
10-101-1.01	Umboðsmaður íslenska hestsins	3.000											3.000
10-101-1.01	Uppfærsla á íslensku leikriti í London	200											200
10-101-1.01	Félagsstarf f. þroskahefta og fatlaða		7										7
10-190-1.41	Samstarf Vestur-Norðurlanda	1.000											1.000

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykja-vík	Suður-nes	Suður-land	Vestm. eyjar	Austur-land	Norð-austur-land	Norð-vestur-land	Vest-firðir	Vestur-land	Suðv. kjör-dæmi	Samtals
10-190-1.42	Bygging aðstöðuhúss við Þingeyraklausturskirkju								300				300
10-190-1.42	Fjarnám í ferðamálafr.	3.875											3.875
10-190-1.42	Gestastofurekstur										2.000		2.000
10-190-1.42	Þórbergssetur				5.000								5.000
10-190-1.44	Markaðssókn í ísl. ferðaþjónustu	164.277											164.277
10-190-1.44	Gestastofurekstur										3.500		3.500
10-190-1.47	Kynning á Íslandi í Bandaríkjunum (Iceland Naturally)	65.219											65.219
10-190-1.48	Kynning á íslenska hestinum								5.000				5.000
10-190-1.52	Samningur um flug til Grænlands	12.500											12.500
10-190-1.90	Breytingar á bát til Papeyjarferða með ferðamenn						800						800
Samgönguráðuneyti alls		**252.296**	**1.457**	**0**	**5.000**	**0**	**900**	**350**	**6.700**	**2.300**	**7.600**	**0**	**276.603**
11-201	Ráðgjafastyrkur til nýsköpunar hjá ferðaþjónustufyrirtæki								500				500
11-201	Ráðgjafastyrkur til nýsköpunar hjá ferðaþjónustufyrirtæki									250			250
11-201	Ráðgjafastyrkur til nýsköpunar hjá ferðaþjónustufyrirtæki										500		500
11-201	Ráðgjafastyrkur til nýsköpunar hjá ferðaþjónustufyrirtæki									250			250
11-201	Styrkur til markaðs-ráðgjafar hjá ferða-þjónustufyrirtæki							200					200
11-201	Styrkur til ráðgjafar í fjármálastjórnun hjá ferðaþjónustufyrirtæki						200						200
11-201	Efling nýsköpunar í atvinnulífi á Tröllaskaga								200				200
11-299-1.48	Menningar- og ferðaþjónustuhús í Bessastaðahreppi											300	300
11-299-1.48	Aukning atvinnutækifæra fyrir konur á Grundarfirði										350		350
11-299-1.50	Hornstrandir ehf. til kynningar á ferðum og til að bæta aðstöðu ferðamanna									400			400
11-299-1.50	Síldarminjasafnið á Siglufirði v. þátttöku í keppni til evrópsku safnaverðlaunanna								700				700
11-401	Uppbygging og þróun ferðaþjónustu á lands-byggðinni m. SAM									11.500	8.500		20.000
11-411	Minjagripaframleiðsla				500								500
11-411	Hótel Framtíð ehf. – viðhald eldri hluta hótelsins						500						500
11-411	Uppsetningar á útsýnisaðstöðu				100								100
11-411	Grettisbæli								50				50
11-411	Enduruppbyggingar hlöðugryfju				250								250
11-411	Hreinlætisaðstaða í friðlandi									100			100
11-411	Starfsemi ferðamálaftr.							400					400
11-411	Gestastofa og upplýsingamiðstöð							300					300
11-411	Listskreytingar í ferju						300						300
11-411	Saurbær – menning og saga										150		150

Liður	Verkefni	Óstaðsett	Reykjavík	Suðurnes	Suðurland	Vestm. eyjar	Austurland	Norðaustur-land	Norðvestur-land	Vestfirðir	Vesturland	Suðv. kjördæmi	Samtals
11-411	Bygging sýningarsals							300					300
11-411	Starfsemi ferðamálafulltrúa							800					800
11-411	Námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila		500										500
11-411	Djasshátíð á Egilsst.						400						400
11-411	Útimarkaður						250						250
Iðnaðarráðuneyti alls		**0**	**500**	**0**	**850**	**0**	**1.650**	**2.000**	**1.450**	**12.500**	**9.500**	**300**	**28.750**
14-101	Kortlagning og úttekt á aðgengilegum ferðamannastöðum		200										200
14-101	Uppbygging á umhverfisvænni ferðaþjón. á landsbyggðinni		800										800
14-101	Aðstaða fyrir almenning til fuglaskoðunar á Höfn						500						500
14-101	Merkingar kennileita á Seltjarnarnesi		150										150
14-101	Samnorræn sýning á vistvænum byggingum		50										50
14-101	Umhverfisstefna Síldarminjasafnsins á Sigluf.							100					100
14-101	Kaup á náhvalstönn frá Grænlandi									100			100
14-101	Uppbygging Grettislaugar í Drangey								200				200
14-101	Kerfisbundið vottunarkerfi á umhverfisvænni ferðaþjónustu								250				250
Umhverfisráðuneyti alls		**0**	**1.200**	**0**	**0**	**0**	**500**	**100**	**450**	**100**	**0**	**0**	**2.350**
Ráðuneytin samtals		**252.796**	**101.007**	**26.000**	**137.780**	**5.500**	**32.300**	**26.750**	**31.200**	**48.950**	**27.300**	**20.500**	**710.083**

743. Svar [250. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um rannsóknahús við Háskólann á Akureyri.

1. *Hver er áætlaður heildarkostnaður opinberra stofnana af rannsóknahúsi við Háskólann á Akureyri?*

Núvirtur heildarkostnaður opinberra stofnana vegna leigu og þjónustu í nýju rannsóknahúsi við Háskólann á Akureyri er á ársgrundvelli um 127 millj. kr. Heildarkostnaðurinn byggist á hagstæðasta tilboði í útboði sem haldið var á vegum Ríkiskaupa fyrr á árinu þar sem nokkur öflugustu fyrirtækin á þessum markaði skiluðu inn tilboðum. Þarfir ríkisstofnana voru skilgreindar í útboðsgögnum og taka mið af þeirri starfsemi sem þarna mun fara fram. Um er að ræða sérhæft húsnæði fyrir opinberar rannsóknastofnanir þar sem nábýlið við Háskólann á Akureyri mun skila sér í auknu samstarfi þessara stofnana við skólann á sviði kennslu og rannsókna.

2. *Hver er heildarkostnaður allt samningstímabilið á hvern leigðan fermetra og hver er sú fjárhæð núvirt samkvæmt meðalraunvaxtakostnaði ríkissjóðs á yfirstandandi ári?*

Heildarfermetrafjöldi sem opinberar stofnanir leigja er 5.231,3 m^2. Sé litið á kostnað á hvern fermetra er hann 2.305 kr. með virðisaukaskatti fyrstu 10 ár samningsins en 2.022 kr. án virðisaukaskatts næstu 15 ár samningstímans. Inni í þessum tölum er þjónustuþáttur sem

nemur um 30% heildarverðs. Ekki liggja fyrir tölur um meðalraunvaxtakostnað ríkissjóðs á yfirstandandi ári en sé við það miðað að prósentutalan sé 6,5% næmi samanlagður núvirtur kostnaður á fermetra allt samningstímabilið um 320.000 kr.

3. *Hvert er markaðsverð og hver er markaðsleiga fermetra atvinnuhúsnæðis á Akureyri?*

Markaðsverð og markaðsleiga á atvinnuhúsnæði á Akureyri líkt og annars staðar á landinu mótast af því um hvers konar húsnæði er að ræða og hversu mikið framboð og eftirspurn er á hverjum tíma. Erfitt er að tilgreina eitthvert eitt markaðsverð í svona tilvikum þar sem ekki er skilgreint um hvers konar húsnæði er að ræða. Þess ber þó að geta að miðað við þær þarfir og skilgreiningar sem settar voru fram í útboði vegna þess verkefnis sem hér um ræðir var markaðsverð fundið með samkeppni milli þeirra sem stunda viðkomandi starfsemi. Húsnæðið sem um ræðir er að mörgu leyti sérhæft og sérhannað fyrir þá starfsemi sem þar mun fara fram og hefur það áhrif á endanlegt verð fyrir bæði húsnæði og þjónustu.

4. *Hversu mikið eykst húsnæðiskostnaður hverrar stofnunar mánaðarlega við flutning í rannsóknahúsið?*

Ekki eru tiltæk gögn yfir leigukostnað allra stofnana. Ljóst er þó að leigukostnaður mun í einstökum tilvikum hækka verulega. Stafar það ýmist af auknu húsnæðisrými og því að leiguverð sumra stofnana er ekki í takt við raunkostnað. Enn fremur er um stóraukna þjónustu við leigjendur að ræða. Loks eru gæði hins nýja húsnæðis í flestum tilvikum talsvert meiri en nú er.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að leiguverð flestra ríkisstofnana byggist ekki nauðsynlega á raunkostnaði við rekstur eignanna. Af þeim sökum hefur verið að því stefnt að auka þau tengsl og þar með færa sem næst markaðsverði. Greiðsla markaðsleigu hefur hins vegar í för með sér að útgjöld stofnana aukast þar sem í fæstum tilvikum er gert ráð fyrir fullum húsnæðiskostnaði í fjárveitingum vegna reksturs stofnana. Á móti aukningu útgjalda vegna leigu kemur hins vegar að kostnaður ríkisins vegna fjárbindingar og viðhalds hverfur. Kostnaður verður sýnilegri og kostnaðarvitund stofnana hvað varðar húsnæði mun aukast og hvati myndast til betri nýtingar á rýmum.

5. *Hvers vegna eignast ríkissjóður ekki hinn leigða hluta rannsóknahússins að leigutíma loknum?*

Þegar verkefni eru boðin eru út sem einkaframkvæmd er sjaldnast um það að ræða að ríkissjóður eignist viðkomandi húsnæði að leigutíma loknum enda ekki sérstakt keppikefli fyrir ríkissjóð að standa að rekstri fasteigna. Slíkum rekstri geta aðilar á einkamarkaði sinnt eins vel og jafnvel betur en ríkissjóður. Einkaframkvæmd felur það jafnan í sér að verkkaupi tekur að sér að hanna, byggja og annast stoðþjónustu í viðkomandi húsnæði, halda því við og jafnvel annast þá kjarnastarfsemi sem húsið er byggt fyrir, þótt kjarnastarfsemin sé ekki hluti af þeim samningi sem hér um ræðir. Sú stefna er og hefur verið ríkjandi að draga beri ríkissjóð út úr rekstri húsnæðis eftir því sem kostur er og talið er hagkvæmt. Sérhæfð rekstrarfélög skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis hafa rutt sér til rúms á fasteignamarkaði undanfarin ár og hefur reynslan sýnt að leigukjör eru almennt hagkvæm fyrir ríkið. Má einnig geta þess að viðhald þeirra fasteigna sem ríkisstofnanir hafa aðsetur í er að jafnaði gott og útkoman þar með betri fyrir ríkissjóð þegar allir þættir hafa verið lagðir og vegnir saman.

Undanfarin ár hefur verið lögð á það áhersla að umsýsla fasteigna verði aðskilin frá hefðbundinni starfsemi. Fyrir þessu eru ýmis rök er m.a. lúta að sérhæfingu í rekstri, bættri kostnaðarvitund og sveigjanleika. Ábyrgð á viðhaldi, rekstri og meiri háttar endurbótum flyst

til fagaðila og hægt er að tryggja sveigjanleika í nýtingu húsnæðis. Á síðustu árum hefur í flestum tilfellum verið leitað tilboða í leigu sem fyrsta valkost við útvegun á almennu skrifstofuhúsnæði fyrir ríkisstofnanir en bygging nýs skrifstofuhúsnæðis á vegum ríkisins verður sífellt fátíðari og hefur þetta þýtt minni fjárbindingu ríkissjóðs í fasteignum.

6. *Hvers vegna setur fjármálaráðuneytið ekki ákvæði um fyrir fram ákveðið kaupverð að leigutíma loknum í útboðsskilmála?*

Ekki kom til álita að setja ákvæði um fyrir fram ákveðið kaupverð að leigutíma loknum í útboðsskilmála með sömu röksemdum og koma fram í svari við 5. lið Má ætla að slíkar kröfur hefðu endurspeglast í hærra tilboðsverði og þar með mun hærri leigu á samningstímanum en raun ber vitni.

7. *Er í samningum um rannsóknahúsið kveðið á um leigukjör ríkisstofnana að samningstíma loknum?*

Ekki er kveðið á um leigukjör að loknum samningstíma sem er til 25 ára enda afar fátítt að leigusamningar séu almennt gerðir til lengri tíma. Að liðnum leigutíma á ríkið forleigu- og forkaupsrétt að húsnæðinu.

744. Svar [331. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjarskiptakostnað ráðuneyta og ríkisfyrirtækja.

1. *Hve mikill er árlegur fjarskiptakostnaður*
   a. *ráðuneyta,*
   b. *ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana?*

Fjarskiptakostnaður ráðuneyta árið 2002 nam 115,2 millj. kr. og ríkisstofnana í A-hluta 1.240,4 millj. kr. Samtals nam því fjarskiptakostnaður ráðuneyta og ríkisstofnana í A-hluta 1.355,6 millj. kr. árið 2002. Kostnaður við kaup og leigu á símabúnaði og kaup á varahlutum nemur þar af um 163,7 millj. kr. Við mat á fjarskiptakostnaði var litið til eftirfarandi tegundaliða í bókhaldi ríkisins:

- Varahlutir v/fjarskiptabúnaðar og fiskileitartækja.
- Síma- og afnotagjöld af línum.
- Afnotagjöld af skrám og tölvupóstsþjónusta.
- Leiga á síma- og fjarskiptatækjum.
- Síma- og fjarskiptabúnaður.

Ekki liggja fyrir miðlægar upplýsingar um fjarskiptakostnað ríkisfyrirtækja og stofnana í B-, C-, D- og E-hluta.

2. *Hefur árangur útboða ríkisfyrirtækja á fjarskiptaþjónustu verið kannaður? Ef svo er, hver hefur hann verið?*

Árangur útboða ríkisfyrirtækja á fjarskiptakostnaði hefur ekki verið kannaður sérstaklega.

3. *Eru uppi áform um frekari útboð á fjarskiptaþjónustu ráðuneyta og ríkisfyrirtækja?*

Fjarskiptaþjónusta ráðuneyta og ríkisfyrirtækja er ekki útboðsskyld samkvæmt lögum um opinber innkaup, nr. 94/2001. Skv. c-lið 5. mgr. 4. gr. laganna eru kaup á talsíma-, telex-, þráðlausri síma-, boðkerfis- og gervihnattaþjónustu ekki talin til vöru-, þjónustu- eða verksamninga og því undanþegin útboðsskyldu.

Fjármálaráðuneytið er þó sífellt að kanna leiðir sem fara megi til að spara í ríkisrekstri og er fjarskiptaþjónusta þar ekki undanskilin. Ráðuneytið hefur óskað eftir að Ríkiskaup skilgreini þá þætti fjarskiptaþjónustu sem hentað gætu til útboðs, hvaða kröfur eigi að gera og mögulegan ávinning af slíku útboði. Við þessa vinnu þarf að tryggja að raunveruleg samkeppni og jafnræði ríki milli bjóðenda ef til útboðs kæmi. Ljóst er að þarfir hinna ýmsu stofnana ríkisins eru ólíkar og er því nauðsynlegt að skilgreina þá þætti sem til greina kæmi að leita tilboða í.

745. Svar [404. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um skattfrelsi félagsgjalda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í ljósi þess að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda eru frádráttarbær frá skattstofni telur ráðherra þá ekki sanngjarnt og í anda jafnræðisreglu íslenskra laga að launþegar fái að draga félagsgjöld til stéttarfélaga frá tekjuskattsstofni sínum?

Við skattlagningu er í íslenskum skattarétti byggt á þeirri meginreglu að félög, ólíkt launþegum, megi draga rekstrarkostnað frá tekjum sínum, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Þessi greinarmunur byggist á hugmyndum um eðli og tilgang félaga, en tilgangur félaga er sá að afla tekna með atvinnurekstri. Frádráttarheimildir launþega takmarkast við tiltekna lögákveðna liði sem markvisst hefur verið fækkað á undanförnum áratugum.

Í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis með lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 49/1987, um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru gerðar miklar breytingar á frádráttarreglum launþega. Á þessum tíma voru tekjutengdir skattar til ríkis, sveitarfélaga og til ýmissa sérverkefna margir og byggðust þeir á mismunandi grunni án þess að fyrir því væru augljós rök. Forsenda þess að einfalda mætti álagningarkerfið og m.a. skapa skilyrði fyrir einfaldari innheimtu í staðgreiðslu með einum skattstofni, einu skatthlutfalli og einum almennum skattafslætti var að afnema yrði nær allar gildandi frádráttarheimildir frá tekjum, þ.m.t. heimildina til að draga frá félagsgjöld til stéttarfélaga. Á móti kom m.a. að persónuafsláttur var rúmlega tvöfaldaður, auk þess sem jaðarskatthlutfallið var lækkað nokkuð.

Á grundvelli þess eðlismunar sem liggur í frádráttarbærni atvinnurekstrartekna og launatekna, tilgangi rekstrarkostnaðar félaga og upptöku staðgreiðslukerfisins hafa frádráttarheimildir launþega verið takmarkaðar. Yrði launþegum gert heimilt að draga félagsgjöld til stéttarfélaga frá tekjuskattsstofni sínum yrði um verulega stefnubreytingu að ræða. Þá ber einnig að árétta að afnámi frádráttarheimilda launþega, hverju nafni sem þær nefnast, hefur í gegnum tíðina í reynd verið mætt með hækkun persónuafsláttar. Núverandi skipan er því hvorki ósanngjörn né gegn anda jafnræðisreglu íslenskra laga.

746. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.
2. Líftryggingafélög, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.
3. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4. og 5. gr.

b. Á eftir 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Ákvæði 31., 32., 34. og 35. gr. þeirra laga gilda um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

Erlendum líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 64. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, eða án stofnunar útibús, sbr. 65. gr. þeirra laga. Ákvæði 64.–70. gr. laganna gilda um heimildir líftryggingafélaga til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um með hvaða hætti rétthöfum skulu tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.

2. gr.

Í stað „1.–3. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 1. og 2. tölul.

3. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:

Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. málsl. eru launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi.

Vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skulu hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytja til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða

til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verði varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinunum eða hlutunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
b. Á eftir 2. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. málsl. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins.
c. Á eftir orðinu „verðbréfasjóði“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: eða einstakri deild hans.
d. Við 5. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá er lífeyrissjóði óheimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum fjárfestingarsjóðs, eða einstakri deild hans. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparisjóðs.
e. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 9. mgr. og orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. er lífeyrissjóðum ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, sbr. ákvæði 38. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Helstu breytingar er þessar:

Skilyrði um starfsstöð hér á landi vegna þjónustu skv. II. kafla afnumin.

Í fyrsta lagi er lagt til að erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verði, að uppfylltum vissum skilyrðum, heimilt að veita þjónustu skv. II. kafla laganna, þ.e. að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd. Með breytingunni er brugðist við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA en stofnunin hefur talið það fyrirkomulag að gera skilyrði um starfsstöð hér á landi brjóta í bága við 36. gr. EES-samningsins um frelsi ríkisborgara aðildarríkja ESB og EFTA til að veita þjónustu.

Í frumvarpinu er gengið út frá þeirri meginreglu að fjármálafyrirtæki eða líftryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, geti á grundvelli þess opnað útibú í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda þar eða boðið fram þjónustu sína þar án þess að opna útibú. Þetta þýðir t.d. að viðskiptabanki í Belgíu getur boðið upp á samning um viðbótarlífeyrissparnað hér á landi skv. II. kafla laganna hafi hann samsvarandi heimildir samkvæmt starfsleyfi sínu frá belgískum stjórnvöldum.

Þá er enn fremur gengið út frá þeirri meginreglu að eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja í sérhverju aðildarríkjanna skuli vera í höndum eftirlitsaðila í heimaríki fyrirtækis.

Þetta þýðir að starfsemi eða þjónusta belgísks viðskiptabanka hér á landi á grundvelli II. kafla laganna yrði undir eftirliti þarlendra yfirvalda en í samvinnu við Fjármálaeftirlitið.

Innleiðing tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

Með frumvarpinu er í öðru lagi lagt til að við lögin verði bætt nýrri grein er fjallar um réttindi launþega sem koma hingað til lands til starfa frá höfuðstöðvum sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Samkvæmt ákvæðinu skal þeim heimilt að greiða áfram til þess lífeyriskerfis sem þeir eiga aðild að með sama hætti og þeim væri heimilt ef þeir öfluðu teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ákvæðið er í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast milli aðildarríkja.

Samkvæmt 2. efnismgr. 3. gr. skulu vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga sem greinin tekur til um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verða varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

Markmið tilskipunar nr. 98/49/EB er að standa vörð um réttindi félaga sem flytja frá einu aðildarríki til annars í lífeyriskerfum og stuðla þannig að því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum flutningum launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga innan bandalagsins. Samkvæmt greininni tekur slík vernd jafnt til lífeyrisréttinda í valfrjálsum sem skyldubundnum lífeyriskerfum, að undanskildum þeim sem heyra undir reglugerð 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Í þessu sambandi er rétt að árétta að hinn skyldubundni hluti lífeyrisréttinda í íslenskum lífeyrissjóðum, sbr. ákvæði I. kafla laganna, fellur undir reglugerð 1408/71/EBE og þar af leiðandi ekki undir tilskipun nr. 98/49/EB, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd, er lífeyrissjóðum heimilt að taka við iðgjöldum til öflunar viðbótarlífeyrisréttinda í samtryggingarsjóðum og líftryggingarfélögum heimilt að bjóða upp á samninga um lífeyristryggingu. Þá er vörsluaðilum lífeyrissparnaðar einnig heimilt að verja hluta af iðgjöldum til einstaklingsbundins sparnaðar til kaupa á líftryggingu. Slíkir samningar og réttindi sem áunnin eru á grundvelli þeirra eru utan gildissviðs reglugerðar 1408/71/EBE og falla þar með undir gildissvið tilskipunar nr. 98/49/EB. Aðrar reglur um lífeyrisréttindi falla ekki undir gildissvið tilskipunarinnar og þar af leiðandi ekki undir ákvæði 3. gr. frumvarps þessa.

Hugtökin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003.

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum. Í 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að lífeyrissjóði sé heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skuli skipt á aðra töluliði málsgreinarinnar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.

Samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, tók hugtakið verðbréfasjóður til sjóða sem heimilt var að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu. Uppfylltu þeir sjóðir kröfur tilskipunar 85/611/EB, svokallaðir UCITS-sjóðir. Með lögum nr. 17/1999, um breytingu á lögum nr. 10/1993, var m.a. heimilað að stofna „verðbréfasjóði“ sem eingöngu yrði heimilt

að markaðssetja hérlendis. Höfðu þeir sjóðir víðtækari fjárfestingarheimildir en UCITS-sjóðir en við lagasetninguna var höfð hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnar ESB að breyttri verðbréfasjóðatilskipun sem var til meðferðar í Evrópuþinginu og hjá Evrópuráðinu. Varð hugtakið verðbréfasjóður þar með víðara og tók þá bæði til verðbréfasjóða sem heimilt var að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu og til sjóða sem eingöngu var heimilt að markaðssetja hérlendis, svokallaðra heimasjóða. Eftir framangreinda lagabreytingu var lífeyrissjóðum þá skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. jafnframt heimilt að fjárfesta í heimasjóðunum.

Með lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sem innleiddu m.a. framangreindar tillögur að breyttri verðbréfasjóðatilskipun, féllu framangreind lög nr. 10/1993, með síðari breytingum, úr gildi. Skv. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2003 merkir hugtakið verðbréfasjóður nú sjóð með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu sem stofnaður er og rekinn af rekstrarfélagi og gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu eigenda að eignum sjóðsins. Í 2. tölul. 2. gr. sömu laga merkir fjárfestingarsjóður sjóð með starfsleyfi, en án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnhagssvæðinu. Slíkir sjóðir gefa út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Fjárfestingarsjóður getur verið í tvenns konar formi. Hann getur verið stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi líkt og verðbréfasjóður eða rekinn í hlutafélagsformi.

Samkvæmt framangreindu ákvað löggjafinn að hugtakið verðbréfasjóður skyldi ekki ná yfir nýja tegund sjóða, með rýmri fjárfestingarheimildir, þ.e. fjárfestingarsjóði, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hérlendis. Nær hugtakið verðbréfasjóður nú yfir samsvarandi sjóðaafurðir með samsvarandi fjárfestingarheimildum og það gerði samkvæmt lögum nr. 10/1993, sbr. þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 17/1999.

Framangreindar lagabreytingar hafa enn fremur í för með sér að lífeyrissjóðum er skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 eingöngu heimilt að fjárfesta í verðbréfasjóðum skv. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 30/2003. Skv. 5. mgr. 36. gr. laganna mega lífeyrissjóðir ekki eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

Fjárfestingar lífeyrissjóða í hlutum eða hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða falla hins vegar undir 6. tölul. (hlutabréf) eða 8. tölul. (önnur verðbréf) 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Af 5. mgr. 36. gr. leiðir að lífeyrissjóði er ekki heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki og samanlögð eign lífeyrissjóðs í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða samstæðu má ekki vera meira 10% af hreinni eign sjóðs og samanlögð eign lífeyrissjóðs í öðrum verðbréfum skv. 8. tölul. má hæst vera 5% af hreinni eign sjóðs.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps til laga nr. 30/2003 kemur m.a. fram að verðbréfasjóði sé heimilt að markaðssetja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu felst að verðbréfasjóðir hafa Evrópupassa og geta á grundvelli hans opnað útibú eða hafið starfsemi í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda. Verðbréfasjóðir uppfylla því öll skilyrði tilskipunar um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Þá kemur fram að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu innleysanleg að kröfu eigenda að eignum sjóðs.

Í athugasemdunum er jafnframt vikið að fjárfestingarsjóðum en þar kemur fram að þeir uppfylli ekki tilskipun um sameiginlega fjárfestingu og geti því ekki markaðssett skilríki sín á Evrópska efnahagssvæðinu án starfsleyfis í viðkomandi ríki. Um markaðssetningu fjárfestingarsjóða í öðru ríki fari því eftir lögum þess ríkis. Fram kemur að fjárfestingarsjóður geti verið í tvenns konar formi. Hann geti verið stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi líkt og verðbréfasjóður. Hins vegar geti hann verið rekinn í hlutafélagsformi. Ólíkt verðbréfasjóðum geta viðskiptavinir í fjárfestingarsjóðum ekki innleyst skírteini sín án fyrirvara.

Þá kemur fram að heitin verðbréfasjóður og fjárfestingarsjóður eigi að endurspegla núverandi hugtakanotkun á fjármálamarkaði. Hugtakið verðbréfasjóður hafi fest sig í sessi hér á landi og standi fyrir hlutdeild í áhættudreifðu safni verðbréfa sem ætíð sé innleysanleg. Vert sé að halda þessari notkun á heitinu verðbréfasjóður. Hugtakið fjárfestingarsjóður hafi á undanförnum árum hins vegar verið notað hér á landi um sjóði sem hafi áhættusamari fjárfestingarstefnu.

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er enn fremur fjallað um eðli verðbréfasjóða og kemur þar m.a. fram að verðbréfasjóður sé ekki vogunarsjóður með frjálslegar fjárfestingarheimildir. Til að koma í veg fyrir mikla áhættu sé verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum í öðru en skráðum verðbréfum á skipulegum verðbréfamarkaði. Að sama skapi séu ítarlegar kröfur um áhættudreifingu í fjárfestingarstefnukafla verðbréfasjóðalaga.

Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða eru hins vegar mun áhættusamari en verðbréfasjóða, m.a. hvað varðar ótakmarkaðar heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, minni áhættudreifingu, heimildir til skortsölu og heimildir til lántöku að tilteknu marki. Með skortsölu er átt við að verðbréfasjóði er heimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu sjóðsins á þeim tíma sem salan fer fram, þ.e. verðbréfasjóði er heimilt að taka verðbréf að láni tímabundið til að selja þau.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum. Í ljósi þess að um áhættusamari sjóðaafurð er að ræða sem lýtur ekki skilyrðislausri innlausnarskyldu að kröfu eigenda sjóðs er lagt til að heimildir til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum sama fjárfestingarsjóðs, eða einstakrar deildar hans, verði þrengri en gildir um verðbréfasjóði. Þykir hæfilegt að miða við 15%.

Samkvæmt 38. gr. laganna er lífeyrissjóðunum óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Í samræmi við framangreint verður lífeyrissjóðum óheimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem nýta heimildir 5. og 6. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 til lántöku eða skortsölu. T.d. mætti hugsa sér að fjárfestingarsjóðir yrðu stofnaðir utan um fjárfestingar lífeyrissjóðs sem nýttu heimildir til lántöku, þ.e. allt að 25% af verðmæti eigna fjárfestingarsjóðsins. Þannig væru fjárfestingar lífeyrissjóðs fjármagnaðar að hluta til með lántökum sem gengur gegn 38. gr. laganna. Með þessu móti gætu lífeyrissjóðir einnig nýtt heimildir til lántöku til að stilla af tryggingafræðilegar úttektir sjóðanna um áramót.

Er því lagt til að ný málsgrein bætist við 36. gr. sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. sé lífeyrissjóðum ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, sbr. ákvæði 38. gr. laganna. Í því sambandi skal bent á að ekki er víst að allir fjárfestingarsjóðir muni nýta heimildir laga nr. 30/2003 til lántöku og skortsölu heldur nýta t.d. eingöngu rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga en verðbréfasjóðir hafa í einstökum útgefendum og óskráðum verðbréfum. Væri lífeyrissjóðum þá heimilt að fjárfesta í slíkum fjárfestingarsjóðum.

Innlán skv. 36. gr. laganna.

Spurningar hafa vaknað um hvernig beri að túlka 5. mgr. 36. gr. og hvort innlán falli undir þá reglu að samanlögð eign sjóðs í verðbréfum skv. 2.–8. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skuli ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins. Rök hníga til þess að túlka beri umrædda lagagrein með þeim hætti að takmarkanir 5. mgr. 36. gr. nái einnig til innlána. Bent hefur verið á að það sé erfiðleikum háð

að dreifa innlánum á 10 aðila í ljósi þess hve fáar innlánsstofnanir eru hérlendis. Verður að telja varhugavert með tilliti til áhættudreifingar að lífeyrissjóðum sé heimilt að fela innlán sjóðs eingöngu einni lánastofnun eða sparisjóði. Til samanburðar skal bent á að skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er miðað við 20% vegna innlána, þ.e. verðbréfasjóðum er ekki heimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis. Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóði verði óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparisjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, verði heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, þ.e. að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Í samræmi við þetta er orðalagi 1. mgr. breytt og töluliðum fækkað til samræmis við breytingar sem gerðar voru með tilkomu nýrra laga um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 1. efnismgr. b-liðar er erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, veitt heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla laganna, annaðhvort með stofnun útibús hér á landi eða án stofnunar útibús. Um heimildir og hlutverk Fjármálaeftirlitsins er vísað til ákvæða 31., 32., 34. og 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 2. efnismgr. b-liðar er sambærilegt ákvæði og í 1. efnismgr. en hér er fjallað um líftryggingafélög og vísað til ákvæða í 64.–70. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Lagt er til í 3. efnismgr. b-liðar að fjármálaráðherra geti sett nánari reglur um með hvaða hætti rétthöfum skuli tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.

Um 2. gr.

Þar sem tölulíðum í 8. gr. var breytt er nauðsynlegt að lagfæra tilvísun í 2. mgr. 9. gr. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin verði bætt nýrri grein, 19. gr. a, þar sem er fjallað um rétt launþega til að greiða áfram til þess lífeyriskerfis er hann hefur valið sér þegar hann starfar utan höfuðstöðva. Ákvæðið er í samræmi við 6. og 7. gr. tilskipunar nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast milli aðildarríkja.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar skal launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Í 2. málsl. 1. mgr. kemur fram að ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv.

1. málsl. sé launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi.

Með orðunum „launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ er átt við einstakling sem sendur er til starfa í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en heyrir áfram undir löggjöf upprunaríkisins samkvæmt skilmálum II. kafla reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1408/71 eins og hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt með reglugerðum.

Í 2. mgr. er lagt til að vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skuli hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytja til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verða varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

Um 4. gr.

Í a-lið er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, með svipuðum hætti og verðbréfasjóðum. Samkvæmt ákvæðinu verða heimildir til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum eða hlutum sama fjárfestingarsjóðs, eða einstakrar deildar hans, þrengri en gildir um verðbréfasjóði þar sem um áhættusamari sjóðaafurð er að ræða. Þykir hæfilegt að miða við 15%.

Í b-lið er áréttað að samanlögð eign lífeyrissjóðs í verðbréfum skv. 1. málsl. 5. mgr. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar megi ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins.

C-liður þarfnast ekki skýringa.

Í fyrri efnismálsl. d-liðar kemur fram að lífeyrissjóði skuli eigi vera heimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum fjárfestingarsjóðs, eða einstakri deild hans. Vísað er til umfjöllunar í almennum athugasemdum um frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Í síðari efnismálslið stafliðarins kemur fram að lífeyrissjóði sé óheimilt að binda meira en 25% af eignum sínum í innlánum sama banka eða sparisjóðs. Vísast nánar til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Í e-lið er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. þessarar greinar verði lífeyrissjóðum ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu, sbr. ákvæði 38. gr. laga þessara. Vísast nánar til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagðar til nokkrar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eins og nánar er greint frá í athugasemdum með

frumvarpinu. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

747. Svar [346. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um ferðapunkta.

1. *Hvert var verðmæti ferðapunkta sem flugfélög veittu einstaklingum fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?*
2. *Hvert var verðmæti ferðapunkta einstaklinga í þeim tíu stofnunum sem flesta punkta fengu fyrir ferðir á vegum ríkissjóðs árið 2002?*
3. *Hvert var verðmæti ferðapunkta þeirra tuttugu einstaklinga sem flesta punkta fengu árið 2002, sundurliðað eftir einstaklingum og stofnunum? Mannanafna er ekki óskað.*

Fjármálaráðuneytið býr ekki yfir þeim upplýsingum sem óskað er eftir í fyrirspurninni né hefur slíkar upplýsingar á sínu forræði. Þar sem Flugleiðir hafa stærstu markaðshlutdeildina í ferðum sem þessum var talið að fyrirspurninni yrði ekki svarað með fullnægjandi hætti án þess að afla upplýsinga hjá félaginu. Fjármálaráðuneytið fór formlega fram á það við félagið að veittar yrðu umbeðnar upplýsingar að því er varðar ferðir einstaklinga á vegum ríkisins með því. Þar eð ráðuneytið ræður ekki yfir öðrum upplýsingum um efni fyrirspurnarinnar en fram koma í svari Flugleiða við beiðninni þykir rétt að birta það í heild sinni sem fylgiskjal með svari þessu.

Fylgiskjal.

Bréf Flugleiða til fjármálaráðuneytis.
(4. desember 2003.)

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2003, þar sem farið er fram á að Flugleiðir veiti ráðuneytinu tilteknar upplýsingar að því er varðar ferðir einstaklinga á vegum ríkissjóðs með félaginu. Ástæða þessara umleitana er fyrirspurn til fjármálaráðherra sem nýverið var lögð fyrir hann á Alþingi.

Icelandair vill í þessu sambandi koma eftirfarandi atriðum á framfæri í þeirri von að þau nýtist ráðuneytinu við úrvinnslu fyrirspurnarinnar.

Einstaklingar, 18 ára og eldri, geta orðið félagar í Vildarklúbbi Icelandair. Félög, stofnanir og aðrir lögaðilar, hvort sem þeir eru opinberir eða tilheyra einkageiranum, geta því ekki gerst félagar og þar með fá þeir ekki skráða á sig svokallaða vildarpunkta. Icelandair getur ekki greint á milli þess hvort farþegar, sem nýta sér þjónustu félagsins, séu að ferðast á eigin vegum eða á vegum þeirra aðila sem þeir starfa fyrir. Punktasöfnun fer fram með margvíslegum hætti, svo sem með ferðum innan lands og utan, leigu bifreiða hjá bílaleigum, leigu á hótelherbergjum, verslun á varningi um borð í flugvélum félagsins auk þess sem handhafar Vildarkorta VISA og Heimskorta Europay ávinna sér punkta af allri notkun kortsins innan lands. Til viðbótar þessum veltutengdu vildarpunktum fást punktar vegna viðskipta við fjölmörg fyrirtæki í verslun og þjónustu sem veita korthöfum afslátt í formi vildarpunkta. Mark-

miðið með þessu fyrirkomulagi er að verðlauna farþegana fyrir að ferðast með Icelandair og nýta sér þjónustu annarra aðila sem á einhvern hátt hafa kosið að tengjast félaginu.

Hvað varðar verðgildi eða verðmæti ferðapunkta þá vill Icelandair benda á að slíkt hefur aldrei verið metið af félaginu nema hvað varðar reikninga félagsins í heild, enda væri mat á verðmæti punkta hvers og eins farþega afar erfitt í framkvæmd. Eðli punktanna gerir það að verkum að verðgildi þeirra er ekki fastsett því birtingarmynd þeirra er misjöfn, þ.e.a.s. annaðhvort í formi fríðinda eða afsláttar. Fjöldi punkta fyrir hverja flugferð ræðst t.a.m. af lengd ferðarinnar og farrými. Einstök fargjöld á Internetinu gefa ekki punkta. Slíkt mat á verðmæti ferðapunkta kynni því að gefa ranga mynd af ábata viðskiptavinarins af notkun þeirra.

Starfræksla sams konar klúbba og Vildarklúbbs Icelandair er algeng meðal þeirra fjölmörgu flugfélaga sem eru starfandi í heiminum. Ferðapunktar gegna þar lykilhlutverki rétt eins og hjá Icelandair. Svar þetta á eingöngu við um punktakerfi Icelandair og þarf því ráðuneytið að leita til annarra flugfélaga hvað þeirra vildarkerfi varðar.

Virðingarfyllst,
Már Gunnarsson, forstöðumaður lögfræðideildar.

748. Svar [237. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um unga langlegusjúklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margir ungir langlegusjúklingar, þ.e. yngri en 35 ára, liggja nú inni á heilbrigðisstofnunum, skipt eftir stofnunum? Hvaða áform eru um sérstök úrræði fyrir þennan hóp sjúklinga?

Ráðuneytið leitaði skriflegra upplýsinga á öllum sínum stofnunum um fjölda þeirra ungu langlegusjúklinga sem þar liggja. Viðmiðunin var sjúklingar yngri en 35 ára sem legið höfðu inni á stofnuninni í 120 daga eða lengur.

Svör bárust frá öllum þeim stofnunum þar sem ætla má að ungir langlegusjúklingar geti hugsanlega legið. Samkvæmt svörunum liggja þeir einvörðungu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og á Sogni og skiptast þannig:

Á hæfingardeild í Kópavogi eru fimm einstaklingar, á endurhæfingardeildum geðsviðs eru sextán einstaklingar, á unglingageðdeild BUGL eru þrír einstaklingar, á endurhæfingardeild Grensáss eru fjórir sjúklingar, þar af tveir dagsjúklingar, og á réttargeðdeildinni að Sogni eru þrír sjúklingar, þar af tveir dæmdir ósakhæfir og einn fangi.

Samtals eru þetta því 29 einstaklingar og tveir dagsjúklingar.

Eins og sjá má af framantöldu er um nokkuð breytilegan hóp að ræða. Áform eru því breytileg eftir einstaklingum og að svo stöddu ekki um einstaka heildrænar lausnir fyrir þá heldur er tekið á þörf hvers og eins fyrir sig, bæði með vistun inni á stofnuninni sem og áætlunum um hugsanlega vistun á öðrum stofnunum eða á heimilum þeirra.

749. Svar [394. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um fæðingarþjónustu.

1. *Hve margar fæðingardeildir eru starfandi á landinu nú og hvernig hefur þróunin verið undanfarin tíu ár?*
2. *Á hvaða sjúkrastofnunum eru starfræktar fæðingardeildir?*

Í landinu eru starfandi fimm fæðingardeildir, þ.e. deildir sem eru sjálfstæðar innan viðkomandi stofnunar með sérstöku starfsliði og yfirmanni eða yfirmönnum.

Deildirnar eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Keflavík, Sjúkrahúsinu á Akranesi og Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi. Á Landspítalanum eru deildirnar þó í reynd tvær, annars vegar almenna fæðingardeildin og hins vegar lágáhættufæðingardeild sem nefnist „Hreiðrið".

Á Landspítalanum hefur fjöldi fæðinga síðastliðin tíu ár verið nokkuð stöðugur, á bilinu 2.750–3.000 á ári, þótt hlutfall fæðinga þar af öllum fæðingum í landinu hafi smáhækkað og sé komið upp undir 70%. Hlutfallslega fæða sífellt fleiri í „Hreiðrinu", fæðingar þar eru nú 400–500 á ári.

Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafa árlegar fæðingar einnig verið álíka margar síðustu tíu ár, eða 390–450.

Í Keflavík hafa fæðingar verið 220–280 á ári.

Á Sjúkrahúsinu á Akranesi hafa fæðingar flestar orðið 200 á ári á þessu tíu ára tímabili en heildarfjöldinn hefur yfirleitt verið um 160–170.

Á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi hefur fjöldinn verið á bilinu 140–180.

Á mælikvarða þess sem talið er eðlileg stærð fyrir fæðingardeildir í nágrannalöndunum, þ.e. annars staðar á Norðurlöndum eða í Bretlandi, eru allar deildirnar taldar litlar nema kvennadeild Landspítalans sem er meðalstór deild miðað við svipaðar deildir á háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndum. Lítil fæðingareining er á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði (ekki sjálfstæð deild) og þar hafa fæðingar verið á bilinu 60–100 árlega undanfarin tíu ár. Fæðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað hafa sveiflast milli 30–50 á ári, og voru eitt árið nokkru færri vegna sumarlokunar. Um mitt ár 2002 var hætt að taka á móti börnum á Egilsstöðum. Konum hefur að hluta verið vísað til Neskaupsstaðar í staðinn þannig að búast má við 40–50 fæðingum árlega á sjúkrahúsinu þar.

Fæðingum á Sjúkrahúsi Húsavíkur hefur fækkað verulega á undanförnum árum og þær flust til Akureyrar og sama má segja um fæðingar á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Einnig hefur verið tekið á móti börnum á Blönduósi, Siglufirði, Patreksfirði og Höfn í Hornafirði á undanförnum árum en fæðingar þar hafa verið mjög fáar eða innan við tíu á ári víðast hvar þó að þær hafi tímabundið orðið á annan tuginn, t.d. á Höfn í Hornafirði.

3. *Hve margar fæðingar hafa verið á hverri fæðingardeild sl. 5 ár?*

Svarið er í eftirfarandi töflu.

Fæðingar á fæðingarstofnunum og í heimahúsum 1996–2002.

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Landspítali	2870	2748	2822	2787	2980	2880	2791
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	418	410	449	397	441	446	418
Sjúkrahúsið Keflavík	252	228	227	229	222	218	232
Sjúkrahúsið Akranesi	166	161	201	207	195	198	158
Sjúkrahúsið Selfossi	171	160	140	142	167	144	147
Sjúkrahúsið Ísafirði	89	85	76	69	51	62	62
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	73	83	50	52	49	41	44
Sjúkrahúsið Húsavík	34	43	26	32	14	14	5
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	48	44	34	40	26	16	22
Sjúkrahúsið Neskaupstað	55	33	51	36	14	35	34
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	37	23	24	19	26	19	11
Sjúkrahúsið Blönduósi	27	19	17	6	6	12	3
Sjúkrahúsið Siglufirði	17	13	12	7	8	4	2
Sjúkrahúsið Stykkishólmi	12	13	0	0	0	0	0
Sjúkrahúsið Patreksfirði	9	4	2	7	11	4	6
Höfn í Hornafirði	5	15	6	6	5	2	17
Heimafæðingar	9	9	6	17	31	19	25
Heilsugæslustöðin Vopnafirði				1			
Samtals	**4292**	**4091**	**4143**	**4054**	**4269**	**4114**	**3977**

4. *Hve margar heimafæðingar voru á síðasta ári?*
Heimafæðingar árið 2002 voru samtals 25.

5. *Hve margar heimafæðingar voru utan höfuðborgarsvæðis og hvar voru viðkomandi konur búsettar?*
Allar heimafæðingar á árinu 2002 voru í Reykjavík nema ein. Konurnar voru búsettar þar sem þær fæddu.

6. *Hafa konur í dreifbýli eða á þeim stöðum þar sem ekki er rekin fæðingarþjónusta rétt á þjónustu við heimafæðingar og ef svo er, hver á að veita þá þjónustu?*
Hvergi á landinu teljast konur eiga sérstakan „rétt“ á heimafæðingum. Nokkrar ljósmæður taka að sér að annast konur sem óska eftir heimafæðingu, ef taldar eru mjög litlar líkur á að eitthvað fari úrskeiðis við fæðinguna. Nefnd á vegum landlæknisembættisins vinnur sem stendur að gerð staðla fyrir val á konum til heimafæðinga og um útbúnað ljósmæðra og annan nauðsynlegan viðbúnað við heimafæðingar.

7. *Hvernig er komið til móts við þær konur sem ekki eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð?*
Konur sem koma til fæðingar til Reykjavíkur frá stöðum þar sem ekki er sérstök fæðingarþjónusta búa yfirleitt hjá ættingjum eða vinum. Fyrir kemur að þær eru lagðar inn á kvennadeild Landspítalans til að bíða eftir fæðingunni, en þá er yfirleitt um að ræða einhvers konar sjúkdómsástand, svo sem blóðþrýstingsvandamál eða grindarlos. Reynt er að styðja við þær með þéttara eftirliti á biðtímanum og stundum er einnig reynt að koma til móts við þær með

því að framkalla fæðingu með hliðsjón af óskum konunnar. Hið sama mun gilda á Sjúkrahúsi Vesturlands og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en á síðarnefnda staðnum er einnig völ á íbúð á vegum sjúkrahússins ef þess er óskað og íbúðin er laus. Ekki er greiddur ferðakostnaður nema um sé að ræða sjúkdómsástand.

8. *Standa þeim og fjölskyldum þeirra íbúðir til boða og ef svo er, hvar eru þær íbúðir, hvernig er þeim úthlutað og hvernig eru þær kynntar?*

Eins og fram kemur að framan er eina tiltæka íbúðin á vegum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Henni er úthlutað eftir þörfum og kynning fer þannig fram að starfsfólk bendir á þennan möguleika þegar á þarf að halda. Á Barnaspítala Hringsins við Landspítalann eru tvö gistiherbergi og hugsanlegt er að nota þau að einhverju leyti fyrir foreldra veikra fyrirbura. Fyrirburamæður og mæður veikra barna eru oft nokkru lengur á sængurkvennadeild eða meðgöngudeild kvennadeildar og nokkuð oft fá makar einnig að gista þar ef ástand barnsins er alvarlegt.

9. *Hverjar eru taldar helstu ástæður þess að fæðingarstöðum hefur fækkað?*

Helstu ástæður þess að fæðingarstöðum í landinu hefur fækkað á undanförnum árum eru raktar í I. kafla skýrslu frá fæðingarskráningunni fyrir árið 2002. Þar kemur fram að á ýmsum smærri stöðum hefur aðsókn að fæðingaraðstöðunni minnkað jafnhliða því að störf ljósmæðra hafa breyst, kröfur um þjálfun þeirra og lækna á stöðunum orðið aðrar og samgöngur batnað verulega. Sem dæmi má nefna að fyrir 16 árum hvarf ljósmóðir á brott frá Bolungarvík og lögðust þá fæðingar af þar, enda hafði aðstaða batnað til muna á Ísafirði og samgöngur þangað orðið mun greiðari. Sama má segja um staði eins og Seyðisfjörð og Hvammstanga.

Hlutfallsleg fækkun fæðinga hefur einnig átt sinn þátt í þessu en fyrir um 30 árum var fæðingartalan á Íslandi mun hærri en hún er nú. Þá hafa kröfur foreldra til þjónustunnar aukist og þeim er ekki unnt að mæta alls staðar né halda við nauðsynlegum búnaði. Þetta er sama breyting og orðið hefur annars staðar í þróuðum ríkjum. Í nágrannalöndunum er yfirleitt talið eðlilegt að hver ljósmóðir annist um 40 fæðingar á ári og að hver heimilislæknir sjái hið minnsta 25 þungaðar konur árlega til þess að halda eðlilegri þjálfun og færni við meðgöngueftirlit og fæðingarhjálp. Á fæstum stöðum á Íslandi er þetta hægt. Því hefur sums staðar verið mætt með því að ljósmæður hafa unnið hluta úr árinu á Landspítalanum og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og þannig haldið færninni við, en það á ekki við alls staðar.

10. *Telur ráðherra að fjölga þurfi fæðingarstöðum út um land til að bæta öryggi fæðandi kvenna og ef svo er, hvernig telur ráðherra best að standa að þeirri uppbyggingu?*

Öryggi í fæðingum á Íslandi er mjög mikið, burðarmálsdauði með því lægsta sem gerist í heiminum og slys í fæðingunum sjálfum mjög fátíð. Meðal ástæðna fyrir þessu er gott mæðraeftirlit og gott forval á konum. Ef búast má við einhverjum erfiðleikum eru þær sendar á Landspítalann eða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þ.e. á aðra hvora stóru, vel útbúnu fæðingardeildina. Stöku sinnum fara þær á minni staðina. Reynslan erlendis og hérlendis hefur hins vegar sýnt að á litlum fæðingarstöðum og -deildum með innan við 500 fæðingar hefur tíðni inngripa síst verið lægri en á stærri stöðum eins og Landspítalanum.

Einnig má nefna breytingar á búsetu og samgöngum í landinu, þróun í fæðingafræði og kröfur fólks um aukið öryggi hvað varðar aðstöðu, þjálfun og kunnáttu heilbrigðisstarfsfólks. Ekki er tilefni til að ætla að fjölga þurfi fæðingarstöðum úti um land til að auka öryggi fæðandi kvenna. Líklegt er að þeim stöðum gæti enn fækkað. Til að gæta hagsýni verður nauð-

synlegt að breyta formi vaktþjónustu og byggja á færri en betur útbúnum stöðum þar sem starfsfólk nær að halda góðri færni á raunhæfu þjónustustigi miðað við umfang þjónustunnar. Í staðinn þarf að tryggja möguleika á heimferð fyrr eftir fæðingu og færni heilbrigðisstarfsfólks til að annast konuna og nýfædda barnið þar. Þá geta fjarlækningar einnig skipt máli til að konan geti verið lengur heima ef veikindi koma upp á meðgöngunni.

Öryggi móður og barns hlýtur alltaf að vega þyngst í allri umræðu um fæðingarþjónustu. Færni og aðstaða heilbrigðisstarfsfólks er í beinu samhengi við fjölda fæðinga. Því er mikilvægt að skipulag og framkvæmd þjónustunnar taki fullt tillit til þessa.

750. Tillaga til þingsályktunar [481. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóð

þinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.

Tilskipun nr. 2002/92/EB mælir fyrir um rétt vátrygginga- og endurtryggingamiðlara til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli skráningar í heimaríki. Eitt helsta markmið tilskipunarinnar er að afnema hindranir í vegi þess að vátryggingamiðlarar geti stundað starfsemi sína óhindrað á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur er í tilskipuninni stefnt að aukinni neytendavernd, m.a. með því að setja strangari kröfur um starfsemi vátryggingamiðlara og mæla fyrir aukinni upplýsingagjöf til neytenda. Tilskipunin skilgreinir vátryggingamiðlun sem þá „starfsemi að kynna, bjóða fram eða inna af hendi annað undirbúningsstarf fyrir gerð vátryggingasamninga, gerð slíkra samninga eða aðstoð við stjórnun og framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um vátryggingabætur er sett fram.“ Hins vegar er ekki litið á starfsemi vátryggingafélaga og tilfallandi upplýsingagjöf innan ramma annarrar atvinnustarfsemi sem vátryggingamiðlun.

Samkvæmt tilskipuninni skulu vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar vera skráðir hjá lögbæru yfirvaldi í heimaríki sínu. Til að hljóta slíka skráningu verða vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar að búa yfir fullnægjandi þekkingu og hæfni samkvæmt því sem heimaríki miðlarans ákvarðar. Þá skal vátrygginga- og endurtryggingamiðlari hafa óflekkað mannorð og hafa forræði yfir búi sínu. Þá mælir tilskipunin fyrir um að vátryggingamiðlarar skuli hafa starfsábyrgðartryggingu til að mæta bótakröfum sem leiðir af vanrækslu í starfi og mælir tilskipunin fyrir um hækkun á lágmarksfjárhæðum slíkra trygginga.

Vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, sem skráður er hjá lögbæru yfirvaldi í heimaríki sínu, skal vera heimilt samkvæmt tilskipuninni að starfa hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Hafi vátryggingamiðlari í hyggju að stunda starfsemi sína utan heimaríkis síns skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi þar sem hann er skráður og ber því að áframsenda slíkar tilkynningar til þeirra aðildarríkja sem þess óska.

Tilskipunin hefur að geyma ítarleg ákvæði um skyldu vátryggingamiðlara til að láta viðskiptavinum sínum í té upplýsingar, m.a. um hugsanleg tengsl við starfandi vátryggingafélög. Þessi ákvæði miða að því að auka vernd neytenda. Enn fremur mælir tilskipunin fyrir um að aðildarríki skuli koma á málsmeðferð sem geri viðskiptavinum og samtökum neytenda kleift að leggja fram kvartanir gegn vátrygginga- og endurtryggingamiðlara.

Lokið skal við að innleiða tilskipunina fyrir 15. janúar 2003 og fellur þá úr gildi tilskipun nr. 77/92/EBE frá 13. desember 1976 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar (úr ISIC-flokki 630) geti nýtt sér staðfesturétt og rétt til að stunda þjónustustarfsemi á því sviði, svo og sérstakar bráðabirgðaráðstafanir varðandi þá starfsemi. Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum er nú unnið að gerð frumvarps um innleiðingu þessarar tilskipunar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 115/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13a (tilskipun 2001/17/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„13b. **32002 L 0092:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga (Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 3).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/92/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

([1]) Stjtíð. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 18 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/92/EB

frá 9. desember 2002

um miðlun vátrygginga

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar gegna mikilvægu hlutverki við miðlun vátrygginga og endurtrygginga í bandalaginu.

2) Með tilskipun ráðsins 77/92/EBE frá 13. desember 1976 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar (úr ISIC-flokki 630) geti nýtt sér staðfesturétt og rétt til að stunda þjónustustarfsemi á því sviði, svo og sérstakar bráðabirgðaráðstafanir varðandi þá starfsemi ([4]), var stigið fyrsta skrefið í þá átt að greiða fyrir því að umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar gætu nýtt sér staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

3) Tilskipun 77/92/EBE átti að gilda uns ákvæði um samræmingu reglna aðildarríkjanna um að hefja og reka starfsemi sem umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar tækju gildi.

4) Aðildarríkin hafa, í stórum dráttum, fylgt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 92/48/EBE frá 18. desember 1991 um vátryggingamiðlara ([5]) sem hafa stuðlað að samhæfingu ákvæða aðildarríkjanna um fagkröfur og skráningu vátryggingamiðlara.

5) Þó er enn verulegur munur á ákvæðum aðildarríkjanna, sem skapar hindranir í stofnun og rekstri á starfsemi vátrygginga- og endurtryggingamiðlara á hinum innri markaði. Því er við hæfi að ný tilskipun komi í stað tilskipunar 77/92/EBE.

6) Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar ættu að geta nýtt sér staðfesturétt þann og rétt til að veita þjónustu sem sáttmálinn felur í sér.

7) Það, að vátryggingamiðlarar geta ekki starfað óhindrað um gervallt bandalagið, stendur í vegi fyrir eðlilegri starfsemi innri vátryggingamarkaðarins.

8) Samræming ákvæða aðildarríkjanna um fagkröfur og skráningu einstaklinga, sem hefja og stunda vátryggingamiðlun, getur því bæði stuðlað að því að einn óskiptur fjármálaþjónustumarkaður verði að veruleika og að bættri vernd viðskiptavina á þessu sviði.

9) Ýmsum aðilum og stofnunum er heimilt að miðla vátryggingum, svo sem umboðsmönnum, miðlurum og aðilum sem bjóða saman banka- og vátryggingaþjónustu („bancassurance"). Til að tryggja jafna meðferð rekstraraðila og vernd viðskiptavina þarf tilskipun þessi að taka til allra þessara aðila og stofnana.

10) Í tilskipun þessari er að finna skilgreiningu á „bundnum vátryggingamiðlara" en hún tekur tillit til séreinkenna markaða í tilteknum aðildarríkjum og hefur að markmiði að setja skilyrði um skráningu slíkra miðlara. Slíkri skilgreiningu er ekki ætlað að standa í vegi fyrir því að aðildarríkin noti svipuð hugtök um vá-

([1]) Stjtíð. EB C 29 E, 30.1.2001, bls. 245.
([2]) Stjtíð. EB C 221, 7.8.2001, bls. 121.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 14. nóvember 2001 (Stjtíð. EB C 140 E, 13.6.2002, bls. 167), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. mars 2002 (Stjtíð. EB C 145 E, 18.6.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 2002.
([4]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([5]) Stjtíð. EB L 19, 28.1.1992, bls. 32.

tryggingamiðlara sem starfa hjá og fyrir hönd vátryggingafélags og á fulla ábyrgð þess félags og hafa heimild til að innheimta iðgjöld eða fjárhæðir til handa viðskiptavinum sínum í samræmi við þær fjárhagslegu tryggingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

11) Tilskipun þessi skal gilda um aðila er hafa það að starfi að veita þriðju aðilum vátryggingamiðlunarþjónustu gegn þóknun, sem getur verið í formi peninga eða annars umsamins fjárhagslegs ávinnings, sem tengist frammistöðu.

12) Þessi tilskipun skal hvorki gilda um aðila sem stunda aðra atvinnu, svo sem skattasérfræðinga eða endurskoðendur, og veita tilfallandi ráðgjöf um vátryggingavernd í starfi sínu né skal hún gilda þegar látnar eru í té almennar upplýsingar um vátryggingar, að því tilskildu að tilgangurinn sé ekki að aðstoða viðskiptavininn við að gera eða efna vátrygginga- eða endurtryggingasamning, meðferð krafna fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða tjónauppgjör og sérfræðilegt mat á tjónakröfum.

13) Tilskipun þessi skal ekki gilda um aðila sem stunda vátryggingamiðlun sem viðbótarstarfsemi samkvæmt tilteknum, ströngum skilyrðum.

14) Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu skráðir hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem þeir hafa búsetu eða aðalskrifstofu, að því tilskildu að þeir uppfylli strangar fagkröfur um hæfni, óflekkað mannorð, starfsábyrgðartryggingu og nægilegt fjármagn.

15) Slík skráning skal heimila vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum að starfa í öðrum aðildarríkjum í samræmi við meginreglur um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu, að því tilskildu að lögbær yfirvöld hafi fylgt viðeigandi málsmeðferð um tilkynningar.

16) Þörf er á hæfilegum viðurlögum gegn aðilum sem stunda vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun án þess að vera skráðir, gegn vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, sem notfæra sér þjónustu óskráðra miðlara, og gegn miðlurum sem uppfylla ekki innlend ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

17) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld hafi með sér samstarf og skiptist á upplýsingum til að vernda viðskiptavini og tryggja trausta vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi á innri markaðnum.

18) Brýnt er að viðskiptavinur viti hvort miðlari, sem hann skiptir við, veitir honum ráðgjöf um vátryggingar frá mörgum mismunandi vátryggingafélögum eða um vátryggingar frá tilteknum fjölda vátryggingafélaga.

19) Í tilskipun þessari skal skilgreind upplýsingaskylda vátryggingamiðlara til viðskiptavina sinna. Aðildarríki er heimilt að viðhalda eða samþykkja strangari ákvæði sem gera má vátryggingamiðlurum, sem stunda miðlunarstarfsemi á yfirráðasvæði þess, að hlíta, án tillits til þess hvar þeir hafa búsetu og að því tilskildu að slík ákvæði séu í samræmi við lög bandalagsins, þ.m.t. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna, lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti)([1]).

20) Haldi miðlari því fram að hann veiti ráðgjöf um vátryggingar frá mörgum mismunandi vátryggingafélögum, ber honum að gera sanngjarna og nægilega víðtæka greiningu á þeim vátryggingum sem í boði eru á markaðnum. Auk þess skulu allir miðlarar skýra frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum þeirra.

21) Það er minni þörf á að krefjast slíkra upplýsinga ef viðskiptavinurinn er fyrirtæki sem óskar eftir endurtryggingu eða vátryggingu gegn áhættu í viðskiptum og iðnaði.

22) Þörf er á viðeigandi og skilvirkri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir og leita lausna í deilumálum, sem upp koma milli vátryggingamiðlara og viðskiptavina þeirra í aðildarríkjunum, þar sem stuðst er við þau úrræði sem fyrir eru ef unnt er.

23) Með fyrirvara um rétt viðskiptavina til að höfða mál fyrir dómstólum skulu aðildarríkin hvetja opinberar stofnanir og einkafyrirtæki, sem stofnuð eru til að annast lausn deilumála utan réttar, til samvinnu við að leysa deilur yfir landamæri. Slík samvinna gæti t.d. beinst að því að gera viðskiptavinum kleift að hafa samband við aðila í búseturíki sínu, sem annast lausn deilumála utan réttar, með kvartanir varðandi tryggingamiðlara með staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Með tilkomu kvörtunarnets gegn fjármálaþjónustuaðilum (FIN-NET) býðst

([1]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

neytendum aukin aðstoð þegar þeir nýta sér þjónustu yfir landamæri. Í ákvæðum, sem lúta að málsmeðferð, skal taka tillit til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/257/EB frá 30. mars 1998 um þær meginreglur sem gilda um aðila sem annast lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla ([1]).

24) Til samræmis við þetta falli tilskipun 77/92/EBE úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Í tilskipun þessari eru settar reglur um stofnun og rekstur vátrygginga- og endurtryggingamiðlunar af hálfu einstaklinga og lögaðila með staðfestu í aðildarríki eða sem óska eftir staðfestu þar.

2. Tilskipunin gildir ekki um aðila sem veita miðlunarþjónustu með vátryggingasamninga ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) vátryggingasamningurinn krefst eingöngu þekkingar á þeirri vátryggingavernd sem hann veitir,

b) vátryggingasamningurinn er ekki líftryggingarsamningur,

c) vátryggingasamningurinn tekur ekki til skaðabótaábyrgðar,

d) aðalatvinna aðilans er önnur en vátryggingamiðlun,

e) vátryggingin kemur til viðbótar tryggingu eða þjónustu sem látin er í té af hvaða aðila sem er ef vátryggingin nær yfir:

i) hættu á að vörur, sem sá aðili lætur í té, bili, glatist eða skemmist, eða

ii) farangur, sem skemmist eða glatast, og aðra áhættu sem tengist ferð, sem bókuð er hjá þeim aðila, jafnvel þótt vátryggingin feli í sér líftryggingu eða skaðabótaábyrgð, að því tilskildu að vátryggingaverndin sé til viðbótar við aðalverndina gegn áhættu tengdri þeirri ferð,

f) árlegt iðgjald er ekki hærra en 500 evrur og heildargildistími vátryggingarsamningsins, að öllum endurnýjunum meðtöldum, er ekki lengri en fimm ár.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um vátrygginga- og endurtryggingamiðlun í tengslum við áhættu og skuldbindingar utan bandalagsins.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á lög aðildarríkisins varðandi vátryggingamiðlunarstarfsemi vátrygginga- og endurtryggingamiðlara með staðfestu í þriðja landi sem starfa á yfirráðasvæði þess samkvæmt meginreglunni um rétt til að veita þjónustu, að því tilskildu að öllum aðilum, sem stunda eða hafa heimild til að stunda vátryggingamiðlun á þeim markaði, sé tryggð jöfn meðferð.

Tilskipun þessi gildir ekki um vátryggingamiðlun, sem fram fer í þriðju löndum, eða um starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélaga innan bandalagsins, eins og hún er skilgreind í fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga ([2]), og í fyrstu tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu ([3]), sem fram fer fyrir milligöngu vátryggingamiðlara í þriðju löndum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking hugtaka sem hér segir:

1. „vátryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi yfirvalda í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE,

2. „endurtryggingafélag“: félag, annað en vátryggingafélag, innan eða utan bandalagsins, sem hefur það að meginmarkmiði að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag, innan eða utan bandalagsins, eða önnur endurtryggingafélög hafa látið frá sér,

3. „vátryggingamiðlun“: sú starfsemi að kynna, bjóða fram eða inna af hendi annað undirbún-

([1]) Stjtíð. EB L 115, 17.4.1998, bls. 31.

([2]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

([3]) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11).

ingsstarf fyrir gerð vátryggingasamninga, gerð slíkra samninga eða aðstoð við stjórnun og framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um vátryggingabætur er sett fram.

Ekki skal litið á þessa starfsemi sem vátryggingamiðlun ef hún er í höndum vátryggingafélags eða starfsmanns vátryggingafélags sem starfar í umboði þess.

Tilfallandi upplýsingagjöf innan ramma annarrar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að markmið þeirrar starfsemi sé ekki að aðstoða viðskiptavininn við gerð eða framkvæmd vátryggingasamnings, meðferð krafna fyrir vátryggingafélag í atvinnuskyni og tjónauppgjör og sérfræðimat á tjónakröfum skal heldur ekki teljast til vátryggingamiðlunar,

4. „endurtryggingamiðlun“: sú starfsemi að kynna, bjóða fram eða inna af hendi annað undirbúningsstarf fyrir gerð endurtryggingasamninga, gerð slíkra samninga eða aðstoð við stjórnun og framkvæmd slíkra samninga, einnig þegar krafa um vátryggingabætur er sett fram.

   Ekki skal litið á þessa starfsemi sem endurtryggingamiðlun ef hún er í höndum endurtryggingafélags eða starfsmanns endurtryggingafélags sem starfar í umboði þess.

   Tilfallandi upplýsingagjöf innan ramma annarrar atvinnustarfsemi, að því tilskildu að markmið þeirrar starfsemi sé ekki að aðstoða viðskiptavininn við gerð eða framkvæmd endurtryggingasamnings, meðferð krafna fyrir endurtryggingafélag í atvinnuskyni og tjónauppgjör og sérfræðimat á tjónakröfum skal heldur ekki teljast til endurtryggingamiðlunar,

5. „vátryggingamiðlari“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur eða stundar vátryggingamiðlun gegn þóknun,

6. „endurtryggingamiðlari“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur eða stundar endurtryggingamiðlun gegn þóknun,

7. „bundinn vátryggingamiðlari“: hver sá sem stundar vátryggingamiðlun hjá og fyrir hönd eins eða fleiri vátryggingafélaga, þegar um er að ræða vátryggingar sem eiga ekki í samkeppni, en innheimtir ekki iðgjöld eða fjárhæðir til handa viðskiptavininum og sem starfar alfarið á ábyrgð hvers vátryggingafélags um sig að því er varðar vátryggingar þess.

   Hver sá sem stundar vátryggingamiðlun til viðbótar við aðalatvinnustarfsemi sína telst einnig vera bundinn vátryggingamiðlari, sem starfar á ábyrgð eins eða fleiri vátryggingafélaga, að því er varðar vátryggingar hvers þeirra ef vátryggingin kemur til viðbótar tryggingu eða þjónustu sem látin er í té innan ramma aðalatvinnustarfseminnar og viðkomandi innheimtir ekki iðgjöld eða fjárhæðir til handa viðskiptavininum,

8. „stóráhætta“ er eins og skilgreint er í d-lið 5. gr. tilskipunar 73/239/EBE,

9. „heimaaðildarríki“:

   a) ef miðlari er einstaklingur, aðildarríkið þar sem hann hefur búsetu og stundar starfsemi sína,

   b) ef miðlari er lögaðili, aðildarríkið þar sem hann hefur skráða skrifstofu eða, ef hann hefur ekki skráða skrifstofu samkvæmt landslögum þess, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er,

10. „gistiaðildarríki“: aðildarríki þar sem vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari hefur útibú eða veitir þjónustu,

11. „lögbær yfirvöld“: yfirvöldin sem hvert aðildarríki tilnefnir skv. 7. gr.,

12. „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til samanburðar síðar og eins lengi og við á, eftir því hver tilgangurinn er með upplýsingunum, og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar.

   Varanlegur miðill getur m.a. verið disklingar, geisladiskar, stafrænir mynddiskar (DVD) og harðir diskar í einkatölvum þar sem tölvupóstur er vistaður en tekur ekki til vefsetra nema slík setur uppfylli viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í fyrstu málsgrein.

II. KAFLI

KRÖFUR VEGNA SKRÁNINGAR

3. gr.

Skráning

1. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu

skráðir hjá lögbæru yfirvaldi, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 7. gr., í heimaaðildarríki sínu.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um að vátrygginga- og endurtryggingafélög og aðrir aðilar geti starfað með lögbærum yfirvöldum að skráningu vátrygginga- og endurtryggingamiðlara og við að framfylgja kröfum skv. 4. gr. gagnvart slíkum miðlurum. Einkum geta bundnir vátryggingamiðlarar verið skráðir hjá vátryggingafélagi eða samtökum vátryggingafélaga undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

Aðildarríkjum ber ekki skylda til að framfylgja kröfunni, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, gagnvart öllum einstaklingum sem starfa hjá fyrirtæki við vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun.

Þegar um er að ræða lögaðila skulu aðildarríkin skrá þá og tilgreina einnig í skránni nöfn einstaklinga í stjórn sem bera ábyrgð á miðlunarstarfseminni.

2. Aðildarríkjunum er frjálst að koma á fót fleiri en einni skrá yfir vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, að því tilskildu að þau mæli fyrir um viðmiðanir um skráningu miðlaranna.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að komið verði á fót einni upplýsingamiðstöð þar sem nálgast má upplýsingar úr öllum þessum skrám fljótt og auðveldlega og skal upplýsingum miðlað þangað rafrænt og skulu þær uppfærðar stöðugt. Í þessari upplýsingamiðstöð skulu einnig tilgreind þau lögbæru yfirvöld í hverju aðildarríki sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. Í skránni skal einnig koma fram í hvaða landi eða löndum miðlarinn stundar starfsemi samkvæmt reglum um staðfesturétt eða rétt til að veita þjónustu.

3. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingamiðlarar, einnig bundnir, og endurtryggingamiðlarar séu því aðeins skráðir að þeir uppfylli hæfnikröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að vátryggingamiðlarar, einnig bundnir, og endurtryggingamiðlarar, sem ekki uppfylla lengur þessar kröfur, séu felldir brott úr skránni. Lögbært yfirvald skal endurskoða reglulega hvort skilyrðin fyrir skráningu séu ennþá uppfyllt. Heimaaðildarríki skal tilkynna gistiaðildarríki um brottfellingu úr skránni með viðeigandi hætti ef nauðsyn ber til.

4. Lögbær yfirvöld geta látið vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum í té skjal sem gerir sérhverjum hagsmunaaðila kleift að sannprófa að þeir séu réttilega skráðir með því að kanna skrána eða skrárnar sem um getur í 2. mgr.

Í skjalinu skulu a.m.k. vera þær upplýsingar sem tilgreindar eru í a- og b-lið 1. mgr. 12. gr. og, þegar um er að ræða lögaðila, nafn eða nöfn einstaklinganna sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríkið skal krefjast þess að skjalinu sé skilað til lögbæra yfirvaldsins sem gaf það út ef viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari fellur af skrá.

5. Skráðum vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum er heimilt að hefja og stunda vátrygginga- og endurtryggingamiðlun í bandalaginu bæði vegna staðfesturéttarins og réttarins til að veita þjónustu.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að vátryggingafélög noti eingöngu þjónustu skráðra vátrygginga- og endurtryggingamiðlara og aðila, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., við vátrygginga- og endurtryggingamiðlun.

4. gr.

Fagkröfur

1. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu búa yfir viðeigandi þekkingu og hæfni samkvæmt því sem heimaaðildarríki miðlarans ákvarðar.

Heimaaðildarríkjum er heimilt að aðlaga tilskilin skilyrði um þekkingu og hæfni, í samræmi við vátrygginga- eða endurtryggingamiðlunarstarfsemina og vátryggingarnar, sem miðlað er, einkum ef aðalatvinnugrein miðlara er önnur en vátryggingamiðlun. Í slíkum tilvikum er þeim miðlara eingöngu heimilt að stunda vátryggingamiðlun ef vátryggingamiðlari, sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar, eða vátryggingafélag tekur fulla ábyrgð á gerðum hans.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að í þeim tilvikum, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr., skuli vátryggingafélagið ganga úr skugga um að þekking og hæfni miðlaranna sé í samræmi við kvaðir fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar og, ef nauðsynlegt er, sjá til þess að slíkir miðlarar hljóti þjálfun sem samsvarar þeim kröfum sem gerðar eru vegna vátrygginganna sem miðlararnir selja.

Aðildarríkjum ber ekki skylda til að framfylgja kröfunni, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, gagnvart öllum einstaklingum sem starfa hjá fyrirtæki við vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun. Aðildarríkin skulu tryggja að verulegur hluti þeirra einstaklinga, sem eru í stjórnunarstöðum í slíkum fyrirtækjum og bera ábyrgð á miðlun vátrygginga, og allra annarra einstaklinga sem tengjast beint vátrygginga- og endurtryggingamiðlun, sýni fram á nauðsynlega þekkingu og hæfni til að inna störf sín af hendi.

2. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu hafa óflekkað mannorð. Þeir skulu a.m.k. hafa hreint sakavottorð eða samsvarandi vottorð í viðkomandi landi að því er varðar alvarleg, refsiverð auðgunarbrot eða önnur brot sem tengjast fjármálum og skulu ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota nema þeir hafi fengið aftur forræði á búi sínu í samræmi við landslög.

Aðildarríkin geta, í samræmi við ákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 3. gr., heimilað vátryggingarfélögum að kanna hvort vátryggingamiðlarar hafi óflekkað mannorð.

Aðildarríkjum ber ekki skylda til að framfylgja kröfunni, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, gagnvart öllum einstaklingum sem starfa hjá fyrirtæki við vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun. Aðildarríkin skulu tryggja að þeir sem gegna stjórnunarstöðum í slíkum fyrirtækjum og allt starfsfólk, sem tengist beint vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun, uppfylli kröfuna.

3. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu hafa starfsábyrgðartryggingu, sem tekur til alls yfirráðasvæðis bandalagsins, eða sambærilega tryggingu til að mæta bótakröfum sem leiðir af vanrækslu í starfi, og skal hún nema a.m.k. 1 000 000 evra fyrir hverja kröfu og samtals 1 500 000 evrum á ári fyrir allar kröfur hafi vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða annað félag, sem vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn starfar fyrir eða hefur umboð til að starfa fyrir, ekki þegar tryggt hann á þennan hátt eða með sambærilegri tryggingu eða tekið fulla ábyrgð á gjörðum hans.

4. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda viðskiptavini gegn því að vátryggingamiðlari standi ekki skil á iðgjöldum til vátryggingafélagsins eða á bótafjárhæð eða endurgreiddum iðgjöldum til vátryggingartaka.

Slíkar ráðstafanir skulu felast í einu eða fleiri eftirfarandi atriða:

a) laga- eða samningsákvæðum sem kveða á um að fé, sem viðskiptavinur greiðir miðlara, teljist greitt til félagsins en að fé, sem félag greiðir miðlara, teljist ekki greitt til viðskiptavinar fyrr en hann fær það í hendur,

b) kröfu um að vátryggingamiðlarar hafi að staðaldri yfir að ráða fjármagni sem nemur 4% af samanlögðum, árlegum iðgjöldum, sem móttekin eru, þó ekki lægra en 15 000 evrur.

c) kröfu um að fé viðskiptavina fari tafarlaust inn á stranglega aðskilda viðskiptamannareikninga og að fé af þessum reikningum sé ekki notað til að endurgreiða öðrum lánadrottnum ef til gjaldþrots kemur,

d) kröfu um að komið sé á fót ábyrgðarsjóði.

5. Til að mega stunda vátrygginga- og endurtryggingamiðlun er þess krafist að fagkröfurnar, sem gerðar eru í þessari grein, séu uppfylltar að staðaldri.

6. Aðildarríkjunum er heimilt að setja strangari kröfur en settar eru í þessari grein eða bæta við kröfum vegna vátrygginga- og endurtryggingamiðlara sem skráðir eru innan lögsögu þeirra.

7. Endurskoða skal reglulega fjárhæðirnar, sem um getur í 3. og 4. mgr., með tilliti til breytinga á evrópskri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópubandalaganna birtir. Fyrsta endurskoðunin skal eiga sér stað fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar og síðari endurskoðanir á fimm ára fresti frá fyrri endurskoðunardegi.

Fjárhæðirnar skal aðlaga sjálfkrafa með því að auka grunnfjárhæðina í evrum, sem nemur prósentubreytingum á framangreindri vísitölu á tímabilinu frá gildistöku þessarar tilskipunar til dagsetningar fyrstu endurskoðunar eða milli síðustu endurskoðunar og nýs endurskoðunardags, og hækka hana upp í næstu evru.

5. gr.

Réttindum haldið

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að þeir sem stunduðu miðlunarstarfsemi fyrir 1. september 2000, voru á skrá og höfðu hlotið svipaða þjálfun og reynslu og krafist er í þessari tilskipun séu sjálfkrafa færðir inn í skrána, sem komið verður á, ef þeir uppfylla kröfurnar í 3. og 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Tilkynning um staðfestu og þjónustustarfsemi í öðrum aðildarríkjum

1. Vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari, sem hyggst hefja starfsemi í fyrsta sinn í einu eða fleiri aðildarríkjum, samkvæmt réttinum til veita þjónustu eða staðfesturétti, skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins.

Innan eins mánaðar frá slíkri tilkynningu skulu lögbæru yfirvöldin tilkynna lögbærum yfirvöldum allra gistiaðildarríkja, sem þess óska, um þennan ásetning vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarans og skulu þau tilkynna viðkomandi miðlara það um leið.

Vátrygginga- eða endurtryggingamiðlaranum er heimilt að hefja starfsemi einum mánuði eftir þann dag sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins tilkynntu honum um tilkynninguna sem um getur í annarri undirgrein. Þó er miðlaranum heimilt að hefja starfsemi þegar í stað ef gistiaðildarríkið óskar ekki eftir tilkynningu um það.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau óska eftir að fá tilkynningar í samræmi við 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það öllum aðildarríkjunum.

3. Lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði, sem gilda skulu um viðkomandi starfsemi á yfirráðasvæði þeirra svo almennra hagsmuna sé gætt, séu birt á viðeigandi hátt.

7. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem hafa umboð til að tryggja að þessi tilskipun komi til framkvæmda. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni og greina frá því ef um einhverja verkaskiptingu er að ræða.

2. Yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., skulu annaðhvort vera opinber yfirvöld eða aðilar sem viðurkenndir eru samkvæmt landslögum eða af opinberum yfirvöldum sem til þess hafa sérstakar heimildir í landslögum. Þau skulu ekki vera vátrygginga- eða endurtryggingafélög.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa nauðsynlegar heimildir til að rækja störf sín. Þar sem lögbær yfirvöld eru fleiri en eitt á yfirráðasvæði aðildarríkis skal aðildarríkið tryggja að þau starfi náið saman svo að þau geti, hvert um sig, gegnt skyldum sínum á skilvirkan hátt.

8. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um hæfileg viðurlög við því að aðili, sem stundar vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun, sé ekki skráður í aðildarríki og hans sé ekki getið í 2. mgr. 1. gr.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um hæfileg viðurlög við því að vátrygginga- eða endurtryggingafélög noti þjónustu aðila, sem ekki eru skráðir í aðildarríki og er ekki getið í 2. mgr. 1. gr., við vátrygginga- eða endurtryggingamiðlun.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um hæfileg viðurlög við því að vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari uppfylli ekki innlend ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

4. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á vald gistiaðildarríkja til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot gegn laga- eða reglugerðarákvæðum, sem þau hafa sett í almannaþágu, á yfirráðasvæðum sínum. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að vátryggingaeða endurtryggingamiðlarar, sem hafa gerst brotlegir, hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

5. Allar ráðstafanir, sem gripið er til og fela í sér viðurlög eða takmarkanir á starfsemi vátryggingaeða endurtryggingamiðlara, verða að vera rökstuddar og þær ber að tilkynna hlutaðeigandi miðlara. Öllum slíkum ráðstöfunum má skjóta til dómstóla í aðildarríkinu sem samþykkti þær.

9. gr.

Upplýsingaskipti milli aðildarríkja

1. Lögbær yfirvöld hinna ýmsu aðildarríkja skulu starfa saman til þess að tryggja að ákvæðum þessarar tilskipunar sé rétt beitt.

2. Lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum um vátrygginga- og endurtryggingamiðlara sem hafa þurft að hlíta viðurlögunum, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., eða ráðstöfun, sem um getur í 4. mgr. 8. gr., ef búast má við því að slíkar upplýsingar geti leitt til þess að viðkomandi miðlarar séu felldir brott úr skránni. Lögbærum yfirvöldum er einnig heimilt að skiptast á öðrum viðeigandi upplýsingum að beiðni yfirvalds.

3. Allir þeir sem krafist er að taki við eða miðli upplýsingum í tengslum við þessa tilskipun skulu bundnir þagnarskyldu á sama hátt og mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([1]) og 15. gr. tilskipunar ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga og um breytingu á tilskip-

([1]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

unum 79/267/EBE og 90/619/EBE (þriðja tilskipun um líftryggingar) ([1]).

10. gr.

Kvartanir

Aðildarríkin skulu tryggja að komið sé á málsmeðferð sem gerir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum, einkum neytendasamtökum, kleift að leggja fram kvartanir gegn vátrygginga- og endurtryggingamiðlurum. Öllum kvörtunum skal svarað.

11. gr.

Lausn deilumála utan réttar

1. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að komið verði á viðeigandi og skilvirkri málsmeðferð við að fjalla um kvartanir og leita lausna í deilumálum milli vátryggingamiðlara og viðskiptavina þeirra utan réttar með aðstoð aðila sem fyrir eru þar sem við á.

2. Aðildarríki skulu hvetja þessa aðila til að starfa saman að lausn deilumála yfir landamæri.

III. KAFLI

UPPLÝSINGAKRÖFUR TIL MIÐLARA

12. gr.

Upplýsingar sem vátryggingamiðlari skal láta í té

1. Áður en nýr vátryggingasamningur er gerður, sem og við breytingu eða endurnýjun hans ef nauðsyn ber til, skal vátryggingamiðlari láta viðskiptavini í té a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang,

b) í hvaða skrá hann er skráður og hvernig ganga megi úr skugga um að hann sé skráður,

c) hvort hann á eignarhlutdeild, beina eða óbeina, sem stendur fyrir meira en 10% atkvæðaréttar eða hlutafjár tiltekins vátryggingafélags,

d) hvort tiltekið vátryggingafélag eða móðurfyrirtæki tiltekins vátryggingafélags á eignarhlutdeild, beina eða óbeina, sem stendur fyrir meira en 10% atkvæðaréttar eða hlutafjár vátryggingamiðlarans,

e) málsmeðferðina, sem um getur í 10. gr., sem gerir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að leggja fram kvartanir vegna vátryggginga- og endurtryggingamiðlara og, ef við á, málsmeðferðina við að fjalla um kvartanir og leita lausna í deilumálum utan réttar sem um getur í 11. gr.

Auk þess skal vátryggingamiðlari tilkynna viðskiptavininum um eftirfarandi, varðandi samninginn sem í boði er:

i) hvort ráðgjöf hans samræmist skyldunni skv. 2. mgr. um hlutlausa greiningu, eða

ii) hvort hann sé bundinn samningsskyldu um að stunda vátryggingamiðlun með einu eða fleiri vátryggingafélögum eingöngu. Í því tilviki skal hann gefa upp nöfn þessara vátryggingafélaga, að beiðni viðskiptavinarins, eða

iii) að hann sé ekki bundinn samningsskyldu um að stunda vátryggingamiðlun eingöngu með einu eða fleiri vátryggingafélögum en að ráðgjöf hans samræmist ekki skyldunni skv. 2. mgr. um hlutlausa greiningu. Í því tilviki skal hann gefa upp, að beiðni viðskiptavinarins, nöfn þeirra vátryggingafélaga sem honum er heimilt að eiga viðskipti við og sem hann á viðskipti við í reynd.

Í tilvikum, þar sem aðeins ber að veita upplýsingar að beiðni viðskiptavinarins, skal viðskiptavininum tilkynnt um að hann eigi rétt á að biðja um slíkar upplýsingar.

2. Tilkynni vátryggingamiðlari viðskiptavini að ráðgjöf hans byggist á hlutlausri greiningu ber honum skylda til að veita ráðgjöf sína á grundvelli greiningar á nægilega mörgum vátryggingasamningum, sem í boði eru á markaðnum, til að hann geti komið með tillögu, í samræmi við faglegar viðmiðanir, um hvaða vátryggingasamningur samrýmist þörfum viðskiptavinarins.

3. Áður en tiltekinn samningur er gerður skal vátryggingamiðlarinn a.m.k. skilgreina, einkum á grundvelli upplýsinga frá viðskiptavininum, kröfur og þarfir viðskiptavinarins og skýra frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans til viðskiptavinarins um tilteknar vátryggingar. Smáatriðin skulu miðast við hversu flókinn vátryggingasamningurinn er sem mælt er með.

4. Vátryggingamiðlurum, sem stunda vátryggingamiðlun á sviði stórahættu, ber ekki skylda til að veita

([1]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB Evrópuþingsins og ráðsins.

upplýsingarnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., og hið sama á við um miðlun endurtryggingamiðlara.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda eða samþykkja strangari ákvæði varðandi upplýsingakröfurnar sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að slík ákvæði séu í samræmi við lög bandalagsins.

Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá innlendum ákvæðum í samræmi við fyrri málsgrein.

Til að skapa sem mest gagnsæi með öllum tiltækum ráðum skal framkvæmdastjórnin tryggja að upplýsingarnar, sem henni berast um innlend ákvæði, séu einnig aðgengilegar neytendum og vátryggingamiðlurum.

13. gr.

Skilyrði varðandi upplýsingar

1. Allar upplýsingar, sem ber að veita viðskiptavinum skv. 12. gr., skal veita:

a) á pappír eða öðrum varanlegum miðli sem fyrir hendi er og aðgengilegur viðskiptavininum,

b) á skýran og nákvæman hátt sem viðskiptavininum er skiljanlegur,

c) á opinberu tungumáli aðildarríkisins, þar sem gengist er undir skuldbindinguna, eða á öðru tungumáli sem báðir aðilar samþykkja.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er heimilt að veita upplýsingarnar, sem um getur í 12. gr., munnlega ef viðskiptavinur fer fram á það eða ef vátryggingarverndar er þörf þegar í stað. Í þeim tilvikum skulu upplýsingarnar veittar viðskiptavini í samræmi við 1. mgr. þegar í stað eftir gerð vátryggingasamnings.

3. Þegar um er að ræða símasölu skulu upplýsingar, sem veittar eru viðskiptavini fyrirfram, vera í samræmi við bandalagsreglur um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Enn fremur skulu upplýsingarnar veittar viðskiptavini í samræmi við 1. mgr. þegar í stað eftir gerð vátryggingasamnings.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Réttur til að áfrýja til dómstóla

Aðildarríkjum ber að tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum, sem teknar eru varðandi vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingafélög, samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru samkvæmt tilskipun þessari.

15. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 77/92/EBE falli hér með úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í 1. mgr. 16. gr.

16. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli fyrir 15. janúar 2005 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Í þessum ráðstöfunum skal vera tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni lög og stjórnsýslufyrirmæli sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til. Þar með skal fylgja tafla þar sem tilgreind eru innlend ákvæði sem svara til þessarar tilskipunar.

17. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

18. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	H. C. SCHMIDT
forseti.	*forseti.*

751. Svar [406. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, Björgvins G. Sigurðssonar og Önundar S. Björnssonar um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. *Hvenær var sérstakur stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins settur á stofn og hver voru skilgreind markmið hans?*

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins varð til með breytingu á lögum um búfjárækt, nr. 31/1973. Reglugerð var síðan sett, nr. 248, 14. maí 1975. Í 37. gr. laga nr. 31/1973 segir:

„Mynda skal hjá Búnaðarfélagi Íslands sérstakan sjóð, „Stofnverndarsjóð", í þeim tilgangi að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fé til kaupa á kynbótahrossum, sem annars kynnu að verða seld úr landi.

Til sjóðsins skulu útflytjendur hrossa greiða gjald, er nemi 20% af útflutningsverði ógeltra hesta og 10% af útflutningsverði hryssna.

Búnaðarfélag Íslands setur reglur um starfssemi sjóðsins og fer með stjórn hans."

Skilgreind markmið sjóðsins koma fram í tilgreindri lagagrein og í 4. gr. reglugerðar nr. 248/1975, en þar segir:

„A. Að styrkja hrossaræktarsambönd, stofnræktarfélög og stofnræktarbú til kaupa á kynbótahrossum.

1. Styrkja kaup á kynbótahestum, sem hlotið hafa I. og II. verðlaun, og öðrum álitlegum stóðhestum, sem yrðu að öðrum kosti fluttur úr landi. Styrkfjárhæð má nema 30–50% af kaupverði.
2. Styrkja kaup á efnilegum ungum stóðhestum. Styrkfjárhæð má nema 20 til 40% af kaupverði.
3. Styrkja kaup á kynbótahryssum, er hlotið hafa I. og II. verðlaun, sem annars yrðu fluttar úr landi. Styrkfjárhæð má nema 10 til 20% af kaupverði.

B. Að lána hrossaræktarsamböndum, stofnræktarfélögum og stofnræktarbúum til kaupa á kynbótahrossum. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum stóðhestum, sem annars yrðu fluttir úr landi. Miðað skal við, að styrkur og lánsfjárhæð geti numið allt að 80% af kaupverði. Veita lán til kaupa á ungum stóðhestum. Miðað skal við, að lánsfjárhæð og styrkur geti numið allt að 60% af kaupverði. Veita lán til kaupa á ættbókarfærðum hryssum. Lánsfjárhæð skal miðuð við, að styrkur og lán geti numið allt að 50% af kaupverði."

Breytingar á lögum um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins: Lög um búfjárrækt, nr. 84/1989, 15. gr., og reglugerð nr. 137, 14. apríl 1992, með síðari breytingum. Búnaðarlög, nr. 70/1998, 15. gr., og reglugerð nr. 470, 29. júní 1999.

2. *Hvernig hefur sjóðurinn verið fjármagnaður og hve miklir fjármunir hafa runnið til hans*
   a. *á ári frá upphafi,*
   b. *samtals?*

Fjármögnun sjóðsins hefur ætíð verið með þeim hætti sem lög um hann og reglugerðir hafa sagt fyrir um, þ.e. með gjaldi til hans af útflutningi hrossa.

Árin 1973–1989 samkvæmt lögum nr. 31/1973: 20% af söluverði ógeltra hesta til útflutnings og 10% af verði útfluttra hryssna.

Frá 30. maí 1989 samkvæmt lögum nr. 84/1989 og reglugerð nr. 137, 14. apríl 1992: 10% af söluverði óvanaðra hesta til útflutnings og 5% af söluverði útfluttra hryssna, hrossasæðis

og fósturvísa. Reglugerðinni var breytt 6. apríl 1993: allt að 20% af kaupverði tímgunarhæfra hrossa, fósturvísa og sæðis, sem flutt er úr landi.

Frá 15. apríl 1995 samkvæmt lögum nr. 161/1994, um útflutning hrossa, 5. gr.: „Útflutningsgjald, skal leggja á hvert útflutt hross og skal það innheimt við útgáfu upprunavottorðs. Það skal vera 8.000 kr. að hámarki og breytast árlega ... 5% af gjaldinu skal greiða í stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins, sem starfar skv. 15. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt ...“

Frá 16. mars 1999 lækkaði útflutningsgjaldið samkvæmt lögum nr. 15/1999 í 6.800 kr. á hvert útflutt hross en gjald til stofnverndarsjóðs var áfram 5% gjaldsins.

Frá 1. júlí 2002 samkvæmt 5. gr. laga nr. 55/2002: „Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.“

Í töflunni er yfirlit um árlegar tekjur sjóðsins frá upphafi, svo og gjöld, lánahreyfingar og innstæðu sjóðsins um hver áramót. Upphæðir eru í kr. á verðlagi hvers árs.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins.

	Tekjur		Gjöld		Eignir	
	Af útflutningi hrossa	Af vöxtum	Framlög til hrossaræktarsambanda/ rannsókna	Kostnaður	Skuldabréf hrossaræktarsambanda. Árleg breyting	Innstæða á banka
1973	47	1				48
1974	560	45				653
1975	12.525	784				13.962
1976	14.429	3.550	2.550		3.400	25.991
1977	19.634	4.088	2.000		1.000	46.713
1978	19.611	8.857	4.000		5.000	66.181
1979	41.436	11.720	15.900		15.055	88.382
1980	42.844	14.735	37.500		65.900	42.561
1981	42.221	49.816	46.500		48.395	39.703
1982	222.583	63.613	12.000	13.370	-325	300.854
1983	482.621	222.905	80.000	6.582	243.000	676.798
1984	100.700	145.225	24.000		2.897	895.826
1985	396.720	96.641	250.150	11.900	205.036	922.101
1986	641.109	283.633	346.000		228.005	1.272.838
1987	2.049.616	454.089	816.000		1.329.011	1.631.532
1988	1.111.173	407.712				3.150.417
1989	3.442.828	1.155.528	1.670.000		331.738	5.747.035
1990	5.138.361	883.305	1.390.000		262.514	10.116.187
1991	5.215.819	1.713.581	2.300.000		3.470.000	11.275.587
1992	6.371.215	1.054.075	1.383.900		414.426	16.902.551
1993	4.537.650	1.662.752	1.100.000		-2.364.702	24.367.655
1994	10.134.462	1.050.401	1.242.000		-1.142.950	35.453.468
1995	4.628.757	1.584.126	1.380.100	600.000	-587.050	41.935.091
1996	959.575	3.916.929	2.300.001	31.635	888.714	43.591.245
1997	1.023.125	3.823.341	3.890.000	36.454	152.984	44.358.273
1998	797.600	3.749.914		42.878	-1.222.016	50.084.925
1999	628.928	5.874.247	4.500.000	141.185	-1.015.016	52.961.931

	Tekjur		Gjöld		Eignir	
	Af útflutningi hrossa	Af vöxtum	Framlög til hrossaræktarsambanda/ rannsókna	Kostnaður	Skuldabréf hrossaræktarsambanda. Árleg breyting	Innstæða á banka
2000	588.107	5.574.684		176.787	-1.015.016	59.962.951
2001	601.340	8.210.845	4.800.000	156.915	-320.000	64.138.221
2002	636.220	4.972.570	4.400.000	212.082		65.134.929
	49.901.816	**46.993.712**	**31.992.601**	**1.429.788**	**0**	**535.204.609**

Allar fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

3. Gilda sérstakar reglur um starfsemi sjóðsins? Ef svo er, hverjar eru þær?

Reglur um starfsemi sjóðsins er fyllstar að finna í fyrstu reglugerð um sjóðinn, nr. 248/1975, einkum í 4. gr. reglugerðarinnar en einnig í 5–7. gr. Enn fremur í lögum og reglugerðum um sjóðinn síðan.

Núgildandi reglugerð, nr. 470/1999, er samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, með síðari breytingum. Reglur um starfsemi sjóðsins er að finna í 2.–3. gr. reglugerðarinnar:

„2. gr. Verkefni sjóðsins eru að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum, ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninu, svo sem litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbótagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Heimilt er að veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í hrossarækt. Fagráð auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar."

„3. gr. Óheimilt er að skerða höfuðstól stofnverndarsjóðs að raungildi frá því sem var 1. janúar 1998. Lán úr sjóðnum skulu vera til fimm ára gegn veðum sem fagráð metur gild. Vextir af lánum sem sjóðurinn veitir skulu vera þeir sömu og inneignir sjóðsins bera á hverjum tíma."

4. Hver skipar stjórn sjóðsins? Hverjir hafa setið í stjórninni og hvenær?

Stjórn sjóðsins er skipuð með reglugerðum.

Í fyrstu reglugerð sjóðsins, nr. 248/1975, segir í 2. gr.: „Stjórn sjóðsins skipa ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og 4 menn sem stjórn Búnaðarfélags Íslands kýs, einn úr hverjum landsfjórðungi, og skulu þeir kosnir, er nýkjörið Búnaðarþing kemur saman."

Í reglugerð nr. 137/1992 segir í 1. gr.: „Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands, skv. 5. gr. laga nr. 84/1989, annast stjórn sjóðsins."

Í reglugerð nr. 470/1999 segir í 1. gr.: „Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er deild í stofnverndasjóði, sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð í hrossarækt annast stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands sem annast reikningshald sjóðsins og ávöxtun í samráði við fagráðið. Reikningar stofnverndarsjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun."

5. Hvaða reglur gilda um laun stjórnarmanna? Hve mikið hefur verið greitt fyrir stjórnarsetuna samtals frá stofnun sjóðsins?

Laun hafa aldrei verið greidd fyrir stjórnarsetu í Stofnverndarsjóði. Aldrei hefur verið greidd þóknun fyrir umsjón eða umsýslu með sjóðnum.

6. *Hve oft hefur sjóðurinn lánað til kaupa á sérstökum úrvalskynbótahrossum eða styrkt slík kaup? Hve miklar upphæðir var um að ræða*
   a. hverju sinni,
   b. samtals?

Í eftirfarandi töflu koma fram allar lán- og styrkveitingar úr Stofnverndarsjóði, allt frá byrjun. Á árunum 1976–1997 var eingöngu lánað og veittir styrkir til kaupa á úrvalskynbótahrossum. Efir það hafa eingöngu verið veitt framlög til þróunarverkefna. Er það í samræmi við heimild og breyttar áherslur sem fram koma í reglugerð nr. 470/1999.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins.
Lán og framlög, kr.

Ár	Lán-/styrkþegi	Styrkir/framlög	Lán	Samtals
1976				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	750	900	1.650
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	1.500	2.100	3.600
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	300	400	700
1977				
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	2.000	1.000	3.000
1978				
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	4.000	5.000	9.000
1979				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	7.500	7.500	15.000
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	2.250	2.250	4.500
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	2.400	2.400	4.800
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	1.500	1.500	3.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	2.250	2.250	4.500
1980				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	13.000	2.600	15.600
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	5.000	15.000	20.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	19.500	26.000	45.500
	Fjalla-Blesi, stofnræktarfélag	2.000	2.000	4.000
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	14.000	16.000	30.000
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	1.500	5.000	6.500
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	9.000	13.500	22.500
1982				
	Hrossaræktarsamtök Austurlands vegna Freyfaxa	12.000	15.000	27.000
1983				
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	3.000	6.000	9.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	9.000	18.000	27.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	12.000	12.000	24.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	43.000	90.000	133.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	13.000	65.000	78.000
	Hrossaræktarsamband Suðurlands		20.000	20.000
1984				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	24.000	36.000	60.000
1985				
	Hrossaræktarsamband vegna Hlyns 910	168.750	98.438	267.188
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	40.700	61.000	101.700
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	40.700	61.000	101.700
1986				
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	70.000	70.000	140.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	56.000	56.000	112.000
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	70.000	70.000	140.000

Ár	Lán-/styrkþegi	Styrkir/framlög	Lán	Samtals
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	35.000	35.000	70.000
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	35.000	35.000	70.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	80.000	80.000	160.000
1987				
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	100.000	200.000	300.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	200.000	400.000	600.000
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	200.000	400.000	600.000
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	26.000	52.000	78.000
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	200.000	400.000	600.000
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	90.000	180.000	270.000
1988				
1989				
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	112.500	56.250	168.750
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	650.000	325.000	975.000
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	112.500	56.250	168.750
	Hossaræktarsamband A-Skaftfellinga	40.000		40.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	330.000	300.000	630.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	150.000	300.000	450.000
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	125.000	250.000	375.000
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	75.000	150.000	225.000
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	75.000	150.000	225.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands		360.000	360.000
1990				
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	500.000	500.000	1.000.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	240.000	240.000	480.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	400.000	400.000	800.000
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	250.000	250.000	500.000
1991				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	650.000	650.000	1.300.000
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	500.000	500.000	1.000.000
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	400.000	400.000	800.000
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	250.000	250.000	500.000
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	500.000	500.000	1.000.000
1992				
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	464.500	464.400	
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	232.200	232.200	
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	455.000	455.000	
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	232.200	232.200	
1993				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	900.000	900.000	
	Hrossaræktarsamband A-Skaftfellinga	200.000	100.000	
1994				
	Hrossaræktarsamband Suðurlands		100.000	
	Hrossaræktarsamtök Austurlands	214.000	214.000	
	Hrossaræktaramtök Eyfirðinga og Þingeyinga	214.000	214.000	
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	200.000	200.000	
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	614.000		
1995				
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	200.000	200.000	
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	200.000		
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	133.400	133.400	
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	180.000	180.000	
	Hrossaræktarsamband Suðurlands	400.000	400.000	
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	266.700		

Ár	Lán-/styrkþegi	Styrkir/framlög	Lán	Samtals
1996				
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands	800.000	800.000	
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands	200.000	200.000	
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands	350.000	350.000	
	Hrossaræktarsamtök Austurlands	116.667	116.664	
	Samtök hrossabænda í A-Húnavatnssýslu	200.000	200.000	
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	116.667		
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	116.667		
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	400.000		
1997				
	Hrossaræktarsamtök V-Húnavatnssýslu	280.000	280.000	
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands	1.000.000	1.000.000	
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	580.000		
	Hrossaræktarsamband Dalamanna	280.000		
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	350.000		
	Hrossaræktarsamband Vesturlands	500.000		
	Hrossaræktarsamband Skagfirðinga	400.000		
	Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga	500.000		
1998				
1999				
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands vegna sæðingastöðvar	4.500.000		
2000				
2001				
	Tilraunastöð HÍ, rannsóknir litabreytileika	4.000.000		
	Friðþjófur Þorkelsson, myndir vegna litaverkefnis	800.000		
2002				
	Hrossaræktarsamtök Suðurlands, sæðingastöð Gunnarsholti	1.500.000		
	Tilraunastöð HÍ, rannsóknir litabreytileika	2.500.000		
	Eiríkur Jónsson, myndir vegna litaverkefnis	400.000		
	Samtals	**31.992.601**	**15.400.202**	

7. *Hvernig metur ráðherra að hafi til tekist með sjóðinn? Er ef til vill ástæða til að endurskoða tilgang hans og starfsemi, og þá í hvaða veru?*

Ráðherra telur að starfsemi sjóðsins hafi náð þeim tilgangi sem að var stefnt með stofnun hans. Reglugerð sjóðsins hefur verið endurskoðuð alloft frá stofnun hans árið 1975 í samræmi við breyttar aðstæður, síðast árið 1999.

752. Svar [409. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, Marðar Árnasonar og Björgvins G. Sigurðssonar um litförótt í íslenska hestakyninu.

1. *Hversu margir litfóróttir hestar eru taldir vera í landinu? Hversu hátt hlutfall eru þeir af íslenska stofninum? Hvernig hefur hlutfallið þróast frá þeim tíma sem upplýsingar ná fyrst til?*

Samkvæmt skýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands í hrossarækt er tíðni litfóróttra folalda um 0,4% í hverjum árgangi, þ.e. um 20 folöld á ári. Út frá þeirri tíðni ættu að vera um 300 litför-

ótt hross í landinu. Tíðnin hefur verið svipuð undanfarna tvo áratugi en tölur frá því um 1930 gefa til kynna að þá hafi tíðnin verið um 1%.

2. *Er eitthvað sérstakt við erfðir litfróttra hrossa sem veldur fæð þeirra í stofninum?*

Liturinn stafar af einum ríkjandi erfðavísi, RnRn, sem breytir venjulegum lit í litfróttan. Álitið er nær fullvíst að erfðavísirinn komi ekki fyrir í arfhreinu ástandi og skýringin talin sú að fóstur sem eru arfhrein fyrir litfrótta erfðavísinum deyi á fósturskeiði (erfðavísirinn tengdur meingeni). Þetta atriði gerir það að verkum að liturinn er fátíðari en ella. Það eitt og sér skýrir þó ekki hversu fátíður liturinn er í stofninum en hann virðist hreinlega ekki hafa þótt nægjanlega eftirsóknarverður. Ef til vill hefur þótt bagalegt að litfrótt hross skipta litum eftir árstíðum og því stundum erfitt að þekkja þau, sérstaklega fyrir daga frost- og örmerkinga.

3. *Hve margir fyrsta flokks litfróttir stóðhestar eru nú í landinu sem hæfir eru til dóma á sýningum? Hve margir fyrsta flokks litfróttir stóðhestar eru taldir vera í eigu erlendra aðila, og þá í hvaða löndum?*

Af þeim stóðhestum sem nú eru í almennri notkun hérlendis er enginn litfróttur hestur. Með almennri notkun er átt við hesta sem sökum mikilla gæðingskosta eru vinsælir til kynbóta og eignast margt afkvæma ár hvert. Sárafáir litfróttir stóðhestar hafa komið upp síðustu áratugi en frá síðustu árum má þó nefna til sögunnar tvo þokkalega frambærilega litfrótta stóðhesta sem voru notaðir nokkuð, þá Litfara frá Helgadal og Erp frá Erpsstöðum. Afkomendur þeirra bera margir litinn og bundnar eru vonir við að fá áhugaverðan stóðhest undan dætrum þeirra. Vitað er um einn litfróttan stóðhest erlendis í svipuðum gæðaflokki og fyrrnefndir hestar, sá hestur hefur verið í Þýskalandi og Danmörku.

4. *Hversu margir litfróttir úrvalskynbótagripir hafa verið keyptir með aðstoð stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins? Hvað kostuðu kaupin í sérhverju tilviki?*
5. *Hversu tókst til í þessum tilvikum, að mati stjórnarmanna eða sérfræðinga ráðuneytisins?*

Enginn litfróttur úrvalskynbótagripur hefur verið keyptur með aðstoð stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins.

6. *Hefur stofnverndarsjóðurinn stuðlað með öðrum hætti að eflingu litfrótta hestakynsins, sbr. 15. gr. laga nr. 70/1998?*
7. *Hvernig var varið til verndar litfrótta stofninum þeirri milljón króna sem ráðherra lofaði sérstaklega á Alþingi 9. febrúar 2000 að nota til að efla stofninn?*
8. *Hefur verið gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir að liturinn glatist úr íslenska hestakyninu? Ef svo er, hver er hlutur stjórnvalda í því?*

Árið 1999 beitti fagráð í hrossarækt sér fyrir átaki til fjölgunar litfróttum hrossum með því að setja fé úr stofnverndarsjóði í sérstakan verðlaunasjóð litfróttra hrossa. Tilgangurinn er að stuðla að því að sem allra flest litfrótt hross sem til eru í landinu séu skráð og komi til kynbótadóms með það að markmiði að koma upp eftirsóknarverðum litfróttum stóðhestum. Segja má að mikil vakning hafi orðið meðal hrossaræktenda um þennan lit og vitað er um ógelta hesta sem munu koma til kynbótadóms nú á næsta vori sem rekja má beint til þessa átaks. Of snemmt er að segja hver árangurinn verður en það er talið vænlegast til að útbreiða litinn að koma litfróttum hrossum í hóp gæðinga í landinu.

9. *Hefur erfðanefnd landbúnaðarins á einhvern hátt hugað að varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda sem felast í litföróttum hrossum?*
Hin nýja erfðanefnd hefur ekki fjallað um málið enn þá.

753. Svar [408. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önundar S. Björnssonar og Össurar Skarphéðinssonar um hrossaliti.

1. *Eru einhverjir íslensku hrossalitanna í hættu að mati sérfræðinga landbúnaðarráðuneytisins?*
Af þeim litum sem eru skýrt skilgreindir má telja að litfrótt sé í ákveðinni hættu. Áætlað er að innan við 1% folalda sem fæðast árlega beri þennan lit. Liturinn stafar af einum ríkjandi erfðavísi og getur því ekki dulist.

2. *Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að sjaldgæfir hrossalitir tapist ekki?*
Fyrir fjórum árum beitti fagráð í hrossarækt sér fyrir átaki til fjölgunar litföróttum hrossum með því að setja fé (úr stofnverndarsjóði) í sérstakan verðlaunasjóð litfróttra hrossa. Tilgangurinn er að stuðla að því að sem allra flest litfrótt hross komi til kynbótadóms með það að markmiði að koma upp eftirsóknarverðum litföróttum stóðhestum. Segja má að mikil vakning hafi orðið meðal hrossaræktenda um þennan lit og vitað er um ógelta hesta sem munu koma til kynbótadóms nú á næsta vori sem rekja má beint til þessa átaks. Of snemmt er að segja hver árangurinn verður.

3. *Er áformað að auka fjárveitingar til rannsókna og verndar fágætum litum í íslenska hestastofninum?*
Stofnverndarsjóður veitti sl. haust styrk til söfnunar gagna um svonefnda glóliti en þar gæti verið um að ræða sérstakan litaflokk sem er afbrigði af eða hliðstætt við leirljóst. Á þessu stigi er ekki ljóst hversu fágætir þeir litir eru og raunar óvíst hvort tilgátan um þennan litaflokk er rétt.

754. Tillaga til þingsályktunar [482. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl 2003. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2003.

Samningur þessi gerir ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2003 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2004. Er eins og í samningi landanna frá árinu 2002 við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2003/2004 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2003.

Enn fremur er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

Loks er að finna í samningnum það nýmæli að hvor aðili skal veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2003.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 15. apríl 2003 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 31. mars 2003

Hr. lögmaður
Anfinn Kallsberg
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2003 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2003 til apríl 2004. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2003/2004 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2003. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2003. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2003 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 15. apríl 2003

Hr. Halldór Ásgrímsson, uttanríkismálaráðharri
Rauðarárstígur 25
ÍS-150 Reykjavík
Ísland

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett 31. mars 2003, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2003.

Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum
sjógvi í 2003.

1. gr.

Partarnir fara fyri 20. juni 2003 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2003 til apríl 2004. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.

Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2003/2004 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 2003. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 2003. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2003 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.

7. gr.

Hvør partur fyri sig skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, samsvarar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.“

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, samsvarar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Virðingarfylst,
Anfinn Kallsberg

755. Frumvarp til laga [483. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson,
Gunnar Örlygsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Á eftir 113. gr. bætist við ný grein, 113. gr. a, svohljóðandi:

Frestun á breytingu sparisjóða í hlutafélög.

Gildistaka 73. gr., 74. gr., 75. gr. og 76. gr. frestast til 1. janúar 2006.

Breyting sparisjóðs í hlutafélag sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt samþykki fyrir skv. 1. mgr. 73. gr. fyrir 1. febrúar 2004 skal teljast lögleg og skal farið með hana eftir ákvæðum þessara laga óháð 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur þessa frumvarps að ekki verði gengið lengra í bili með hlutafélagavæðingu sparisjóða og þar með sölu þeirra og sameiningu við önnur fjármálafyrirtæki. Á skömmum tíma hafa orðið mjög miklar breytingar á fjármálamarkaði með einkavæðingu og sameiningu banka og annarra fjármálafyrirtækja. Sú þróun hefur orðið meiri og hraðari en menn hugðu í upphafi þegar stefnt var að mjög dreifðri eignaraðild bankanna. Nú um hríð hafa áhugamenn í hópi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, unnið að því að breyta rekstrinum í hlutafélagsform og selja síðan sparisjóðinn KB-banka, áður Kaupþingi – Búnaðarbanka. Um þessa hlutafélagsvæðingu og fyrirhugaða sölu hafa staðið miklar og harðar deilur. Sparisjóðir gegna mjög mikilvægu hlutverki víða um land og hafa sumir starfað á aðra öld, enda elstu starfandi fjármálastofnanir á Íslandi. Ekki fer á milli

mála að við setningu laga nr. 161/2002 var ætlunin að setja varnir gegn yfirtöku á sparisjóðum en í greinargerð með frumvarpi til laganna sagði m.a.:

„Ákvæðum um sparisjóði er breytt til að treysta yfirtökuvarnir sparisjóða. Þannig er kveðið á um við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skal heimila framsal á virkum eignarhlut. Þá er tryggilegar búið um að tengdir stofnfjáreigendur geta ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði. Að lokum er kveðið á um að sparisjóður skuli breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en samruni við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja getur átt sér stað.“

Þetta ferli skal, áður en það verður virkt, vera samþykkt af Fjármálaeftirliti. Nú er tímabært að staldra við og þess vegna er þetta frumvarp lagt fram.

756. Tillaga til þingsályktunar [484. mál]

um úttekt á stöðu íslenskra farskipa.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson,
Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna hvernig breyta megi skattareglum og öðrum reglum sem lúta að útgerð vöruflutningaskipa þannig að íslenskar útgerðir sjái sér hag í að sigla skipum sínum undir íslenskum fána með íslenskar áhafnir. Nefndinni verði falið að fara yfir núgildandi reglur og reglur annarra þjóða og móta tillögur til að ná framangreindu markmiði.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Tillaga þessi miðar að því að íslensk skip sem sigla með vörur til Íslands verði að nýju mönnuð íslenskum sjómönnum. Nú er svo komið að ekkert vöruflutningaskip siglir undir íslensku flaggi. Áhafnir flutningaskipanna eru ýmist skipaðar Íslendingum að öllu leyti eða að hluta og stundum er jafnvel enginn Íslendingur um borð. Ef fram fer sem horfir mun Íslendingum í áhöfn skipanna fækka enn frekar og þeir jafnvel hverfa úr áhöfn. Sú þróun hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir sjálfstæða þjóð á eyju í miðju Atlantshafi að ráða ekki yfir þekkingu til þess að sigla með vörur til og frá landinu. Einnig skiptir miklu máli út frá mengunarsjónarmiðum, svo sem til að verja hrygningarsvæði nytjastofna, að þeir sem sigla við strendur landsins með hættulegan varning, t.d. olíu, séu staðkunnugir. Ætla má að íslenskir sjómenn séu að jafnaði staðkunnugri en útlenskir sjómenn og þekki betur þær hættur sem ber að varast við strendur Íslands.

Norrænar þjóðir hafa farið ýmsar leiðir til þess að stuðla að því að flutningaskip sigli undir sínum þjóðfána og sé ekki „flaggað út“. Það hefur hvatt fyrirtæki til þess að „flagga skipunum“ að með því hafa þau getað ráðið sjómenn frá þróunarríkjum á launum sem eru brot af launum norrænna sjómanna. Flutningsmenn þessarar tillögu telja sérstaklega áhugavert að skoða þá leið sem Svíar hafa farið, þ.e. að allir sjómenn eru ráðnir samkvæmt innlendum kjarasamningum en skattgreiðslur af launum renna beint til útgerðarfyrirtækjanna í stað þess að renna í ríkissjóð. Sænska ríkið nýtur þess að sænskir ríkisborgarar eyða tekjum sínum í landinu en erlendir sjómenn fara til heimalands síns með tekjur sínar. Útflöggun

farskipa og fækkun starfa í farmannastétt hefur margoft verið færð í tal við stjórnvöld á liðnum árum. Til upprifjunar á því skal láta hér nægja að vitna í skýrslu FFSÍ frá nóvember 1995, bls. 15:

„Öll Norðurlöndin að Íslandi slepptu hafa hrint í framkvæmd umfangsmiklum aðgerðum til að tryggja innlent atvinnuöryggi í kaupskipaútgerð í samkeppni við ódýrt vinnuafl frá þróunarlöndum og Austur-Evrópu. Þessum aðgerðum er einnig ætlað að gera eigin skráningarfána eftirsóknarverðan í krafti rekstrarskilyrða til jafns við þau sem ríkja á alþjóðamörkuðum.

Í ljósi þess að atvinnutækifærum íslenskra farmanna hefur fækkað um meira en helming á undangengnum fimm árum og að kaupskipaflotinn hefur ekki verið minni um áratuga skeið og þess utan eru flest skip flotans undir erlendum skráningarfánum, þá ríkja nú hérlendis hliðstæð skilyrði við þau sem urðu forsendur fyrir áðurnefndum stjórnvaldsaðgerðum á hinum Norðurlöndunum.

Markmið úttektarinnar yrði að meta ávinning og kostnað fyrir íslenskan þjóðarbúskap í víðustu merkingu þeirra orða, af aðgerðum hliðstæðum við þær sem gripið hefur verið til á öðrum Norðurlöndum. Slík úttekt er nauðsynlegur grunnur fyrir Alþingi og stjórnvöld að byggja á, við ákvarðanir um hvort grípa eigi til aðgerða hérlendis, eður ei.

Fyrir liggja ýmsar athuganir á stöðu íslenskrar kaupskipaútgerðar og atvinnuöryggi íslenskra farmanna, sbr. eftirfarandi:

- Mönnun, skráningar og rekstur kaupskipa. Reykjavík 1991.
- Skráning íslenskra kaupskipa. Skýrsla nefndar vegna skráningarreglna íslenskra kaupskipa. Samgönguráðuneytið 1993.

Í framangreindum skýrslum er þó ekki lagt mat á þjóðhagslegan ávinning né kostnað af opinberum aðgerðum.

Fyrrgreind hagsmunasamtök telja að ekki sé tímabært að tíunda í smáatriðum alla þá þætti sem úttektin skuli ná til, fyrr en fyrir liggi vilji stjórnvalda til að framkvæma úttektina. Sömu aðilar eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita allar umbeðnar upplýsingar en árétta samtímis að þeir óska ekki eftir beinni aðild að úttektinni, þannig að niðurstöður hennar verði sannanlega óhlutdrægar.

Með hliðsjón af áhugaleysi og sinnuleysi samtaka útgerða kaupskipa gagnvart sameiginlegu átaki til að efla samkeppnisstöðu atvinnu íslenskra farmanna og rekstur kaupskipa í samvinnu með stjórnvöldum, virðist benda til þess að samtök farmanna verða að setja sér nýja stefnumörkun um eflingu atvinnunnar.“

757. Frumvarp til laga [485. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Grétar Mar Jónsson, Jón Bjarnason.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Leyfilegir sóknardagar hvers fiskveiðiárs skulu aldrei vera færri en 23 og skal þeim fjölgað um einn fyrir hver 20 þúsund tonn leyfðs heildarþorskafla umfram 230 þúsund tonn á hverju fiskveiðiári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að skapa festu í veiðikerfi handfærabáta sem leyfi hafa til veiða með takmörkun á sóknardögum. Í stað þess að sóknardögum haldi áfram að fækka eins og lögin eru nú úr garði gerð verði sett gólf í kerfið miðað við 23 daga. Algjört ósamræmi hefur verið í lögum að því er varðar handfæraveiðar smábáta þar sem veiðimöguleikar þeirra eru skertir á sama tíma og aflaheimildir annarra fiskiskipa eru að aukast. Þorskaflinn var aukinn um 30 þúsund tonn á þessu fiskveiðiári og aukning hefur orðið á heildarafla ýsu og ufsa. Auk þess var afli annarra skipa sem veiða með krókum aukinn sérstaklega nú rétt fyrir jól með lögum um línuívilnun en þeir sem ekki beita á krókana og veiða með handfærum eiga enn að búa einir við aukna skerðingu á veiðum. Með þessari málsmeðferð stjórnvalda er rekstrargrundvelli kippt undan handfæraveiðum smábáta, en jafnframt er öðrum krókaveiðum veitt línuívilnun og heildarafli þeirra aukinn. Þessi mismunun vegur markvisst að rekstrargrundvelli handfærabáta og afkomu sjómanna. Frumvarpið er sanngjörn leiðrétting á núverandi stöðu mála.

758. Fyrirspurn [486. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rafræna sjúkraskrá.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað líður gerð rafrænnar sjúkraskrár og hvernig mun hún nýtast?
2. Er unnt með skráningu að safna upplýsingum um greiðslur sjúklinga fyrir læknisverk þannig að afsláttarkerfi almannatrygginga verði virkt um leið og sjúklingur nær tilsettum greiðslumörkum?

759. Fyrirspurn [487. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjarlækningar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar á sviði fjarlækninga?
2. Hvaða tilraunir hafa verið gerðar með fjarlækningar og hver hefur árangurinn orðið?
3. Hvernig gætu fjarlækningar gagnast í dreifbýli og hvernig yrðu þær fjármagnaðar?

760. Fyrirspurn [488. mál]

til dómsmálaráðherra um endurnýjun búsetuleyfa og dvalarleyfa útlendinga.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margir útlendingar hafa ekki fengið endurnýjað búsetuleyfi eða dvalarleyfi hér á landi frá gildistöku nýrra útlendingalaga vegna þess að þeir þágu fjárhagsaðstoð í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga?
2. Frá hvaða löndum eru þessir útlendingar og hversu lengi fengu þeir fjárhagsaðstoð?
3. Á hvaða aldri og af hvaða kyni er þetta fólk og hversu lengi hafði það dvalist hér á landi áður en til aðstoðar kom?
4. Hvaða sveitarfélög veittu fjárhagsaðstoðina?

Skriflegt svar óskast.

761. Fyrirspurn [489. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd stúdentspróf.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í athugun í ráðuneytinu að falla frá samræmdum stúdentsprófum í framhaldsskólum?

762. Fyrirspurn [490. mál]

til viðskiptaráðherra um rafræna þjónustu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hefur ráðherra áform um að efla opinbera rafræna þjónustu?

763. Fyrirspurn [491. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðitilraunir og rannsóknir erlendra aðila við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða erlendum aðilum hefur sjávarútvegsráðuneytið veitt heimild til veiðitilrauna eða annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. heimild í 13. gr. laga nr. 79/1997?
2. Hvaða veiðitilraunir eða aðrar vísindalegar rannsóknir er um að ræða?

Skriflegt svar óskast.

764. Fyrirspurn [492. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og rannsóknir á túnfiski.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa Íslendingar gert á bláuggatúnfiski frá 1996 og hvað hafa þær kostað?
2. Benda rannsóknirnar til þess að líklegt sé að túnfisksveiðar gætu orðið arðvænlegar fyrir íslenskar útgerðir?
3. Hafa rannsóknirnar leitt í ljós hvað veldur mismiklum göngum bláuggatúnfisks inn í íslensku efnahagslögsöguna? Er t.d. líklegt að hækkandi hitastig sjávar auki túnfisksgengd innan lögsögunnar?
4. Hafa Íslendingar fengið kvóta með aðild sinni að Alþjóðatúnfisksveiðiráðinu og ef svo er, hvernig hafa þeir nýtt sér hann?

765. Fyrirspurn [493. mál]

til menntamálaráðherra um þjóðarleikvanginn í Laugardal.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við stækkun gömlu stúkunnar við þjóðarleikvanginn í Laugardal?

766. Fyrirspurn [494. mál]

til menntamálaráðherra um viðurkenningu starfsnáms á Norðurlöndum.

Frá Merði Árnasyni.

Hvernig gengur samstarf norrænu menntamálaráðherranna um Norðurlönd sem samfellt menntasvæði, sérstaklega hvað varðar gagnkvæma viðurkenningu starfstengds náms?

767. Fyrirspurn [495. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stafræn gögn í heilbrigðiskerfinu.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvenær lýkur undirbúningi miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði?
2. Hversu alvarlegum töfum hefur drátturinn við undirbúning gagnagrunnsins valdið við að stofna til rafrænnar skráningar gagna í heilbrigðiskerfinu?

768. Fyrirspurn [496. mál]

til menntamálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að létt verði af Ríkisútvarpinu lífeyrisskuldbindingum sem á það voru lagðar árið 1993?

769. Fyrirspurn [497. mál]

til menntamálaráðherra um opnun Þjóðminjasafns Íslands.

Frá Merði Árnasyni.

1. Verður Þjóðminjasafn Íslands opnað að nýju sumardaginn fyrsta eins og síðast var fyrirhugað? Ef ekki, hvenær ársins verður það opnað að nýju?
2. Telur ráðherra að veita þurfi safninu fé til opnunarinnar umfram það sem gert var ráð fyrir?

770. Fyrirspurn [498. mál]

til fjármálaráðherra um hugbúnaðarkerfi ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist rekstrar- og stofnkostnaður í kostnaðaráætlun þeirra sem ráðuneytið samdi við vegna nýs hugbúnaðarkerfis (ORACLE) hjá ríkinu, sundurliðaður eftir helstu kostnaðarþáttum, og hvernig hefur áætlunin staðist?
2. Hver er áætlaður heildarkostnaður nú og hvenær er gert ráð fyrir verklokum? Ef heildarkostnaður hefur aukist frá upphaflegri kostnaðaráætlun er óskað eftir skýringum á frávikunum.
3. Var gerð þarfagreining í upphafi, hverjir gerðu hana og hver var helsta niðurstaða hennar?
4. Hvernig var staðið að útboði og var lægsta tilboði tekið?
5. Var fjárfesting í nýju hugbúnaðarkerfi nauðsynleg að mati stjórnvalda annars vegar og ríkisreikningsnefndar hins vegar? Var kannað hvort hagkvæmara hefði verið að breyta og aðlaga eldra kerfi þörfum ríkisins og liggur fyrir kostnaðarmat á þeirri leið?
6. Telur ráðherra rétt að Ríkisendurskoðun geri úttekt á því hvernig staðið hefur verið að þessari framkvæmd og mun hann beita sér fyrir slíkri úttekt?

Skriflegt svar óskast.

771. Fyrirspurn [499. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstæður heimilislausra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um vanda og aðstæður heimilislausra, skipt eftir kyni og aldri? Með heimilislausum er átt við fólk sem hefur engan fastan samastað.
2. Hve margir í þessum hópi eru á biðlista eftir félagslegum leiguíbúðum og hve margir þiggja félags- eða fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum og í hvaða formi?
3. Hvaða úrræði og hve mörg pláss eða gistirými getur hið opinbera boðið fólki sem er heimilislaust?
4. Hve margir heimilislausra stríða við vímuefna- eða fíkniefnavanda og hve margir stríða við geðræn vandamál?
5. Hve margir þeirra sem nú eru heimilislausir eru álitnir hættulegir umhverfi sínu?
6. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um að taka á vandamálum heimilislausra, annars vegar félagslegum og hins vegar heilsufarslegum?

Skriflegt svar óskast.

772. Fyrirspurn [500. mál]

til dómsmálaráðherra um ofbeldi í fíkniefnaheiminum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Munu lögregluyfirvöld grípa til sérstakra aðgerða vegna síendurtekinna árása handrukkara?
2. Telja lögregluyfirvöld sig nægjanlega vel í stakk búin að takast á við sívaxandi ofbeldi í fíkniefnaheiminum? Ef svo er ekki, hvað telja þau vænlegast til úrbóta?
3. Báðu lögregluyfirvöld um fé á fjárlögum fyrir þetta ár og það síðasta til að auka mannafla, til tækjakaupa, rannsókna eða annars til að stemma stigu við ofbeldi sem tengist handrukkurum og fíkniefnaheiminum? Ef svo er, hve mikið fé vantar til að verða við óskunum og hverjar voru þær?

Skriflegt svar óskast.

773. Fyrirspurn [501. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðmyndun á grænmeti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist verðmyndun árlega á helstu tegundum grænmetis árin 2001–2003, annars vegar innlends og hins vegar innflutts, sundurliðað milli eftirfarandi þátta, bæði hlutfallslega og í krónum:
   a. framleiðenda,
   b. heildsöluálagningar,
   c. smásöluálagningar,
   d. opinberra gjalda?
2. Ef framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir slíkri sundurgreiningu?
3. Hver hefur verið árlegur heildarinnflutningur á grænmeti frá árinu 1999?
4. Hve miklar hafa árlegar tekjur ríkissjóðs af innfluttu grænmeti verið árin 1999–2003?
5. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir frekari lækkun á tollum af grænmeti?
6. Er ástæða til sérstakra aðgerða að mati ráðherra til að tryggja hag neytenda á grænmetis- og ávaxtamarkaði, m.a. vegna fákeppni í heildsöludreifingu?

Skriflegt svar óskast.

774. Fyrirspurn [502. mál]

til umhverfisráðherra um notkun hættulegra efna við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða eiturefni og önnur hættuleg efni, t.d. sprengiefni og bergþéttiefni, eru notuð við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka?
2. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á mögulegum áhrifum þeirra efna á umhverfið, t.d. á grunnvatn?
3. Hvernig er háttað eftirliti með flutningi og meðferð sprengiefnis á virkjunarsvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

775. Fyrirspurn [503. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árin 2002 og 2003, sundurgreint eftir landsvæðum?
2. Hver var kostnaðurinn við aðgang að þriggja fasa rafmagni á þessum svæðum sömu ár?
3. Hve miklu fjármagni er ætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn á árinu 2004?
4. Hefur verið boðið upp á tímabundna úrlausn, t.d. með uppsetningu á tíðnibreytum sem breyta eins fasa rafmagni í þriggja fasa, og ef svo er, hversu margir hafa fengið slíka úrlausn?
5. Er spenna óstöðug á einhverjum hlutum þessara svæða?

Skriflegt svar óskast.

776. Fyrirspurn [504. mál]

til sjávarútvegsráðherra um viðvörunarskeyti umframafla.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

Hversu mörg viðvörunarskeyti hefur Fiskistofa sent út til skipstjórnarmanna á hverju ári sl. þrjú ár um umframafla, annars vegar á krókabátum og hins vegar á öðrum fiskiskipum? Svar óskast sundurliðað eftir skráningarumdæmum fiskiskipa.

Skriflegt svar óskast.

777. Fyrirspurn [505. mál]

til sjávarútvegsráðherra um gjaldþrot fyrirtækja í sjávarútvegi.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

Hversu mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hafa orðið gjaldþrota sl. 15 ár? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum, annars vegar eftir útgerðarfyrirtækjum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

778. Fyrirspurn [506. mál]

til menntamálaráðherra um fölsun listaverka.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við aukinni hættu á því að fölsuð listaverk verði á boðstólum á listaverkamarkaði? Kæmi til greina að breyta lögum á þann veg að verk, t.d. myndverk sem færðar hafa verið sönnur á að séu fölsuð, yrðu merkt sérstaklega sem slík eða gerð upptæk á grundvelli þess að um stuld á hugverkarétti væri að ræða?
2. Hver er réttur listamanna eða annarra rétthafa sem hafa þurft að sæta því að á markaði hafa verið verk með fölsuðu höfundarnafni? Geta þessir aðilar gert kröfu um að fölsuð auðkenni verði afmáð af slíkum verkum?

779. Fyrirspurn [507. mál]

til menntamálaráðherra um fylgiréttargjald á listaverk.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað innheimtu fylgiréttargjalds sem lagt er á við endursölu myndlistarverka skv. 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og annarra listmuna skv. 6. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998?
2. Hvaða aðilar hafa fengið leyfi til að stunda listaverka- og listmunauppboð?
3. Hvaða leyfi þarf til að annast endursölu á listaverkum í atvinnuskyni og hvaða aðilar hafa slík leyfi?
4. Hvernig er háttað eftirliti með því að fylgiréttargjald skili sér til höfunda eða annarra rétthafa?

Skriflegt svar óskast.

780. Beiðni um skýrslu [508. mál]

frá forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Katrínu Júlíusdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhanni Ársælssyni og Jóni Gunnarssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagslegt og lagalegt umhverfi stjórnmálaflokkanna hér á landi með samanburði við skipulag þessara mála hjá nágrannaþjóðum. Jafnframt verði í skýrslunni greint frá framkvæmd laga og reglna sem hér gilda um þetta efni og hvort, og þá hvernig, Ísland hefur undirgengist og framfylgt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og um gagnsæi og eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka.

Óskað er eftir að vikið verði að eftirfarandi atriðum í skýrslunni:

Fjárhagsleg umgerð um stjórnmálastarfsemi.

Framkvæmd og úthlutun á þeim framlögum sem Alþingi veitir á fjárlögum til stjórnmálaflokkanna:

a. Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka (á fjárlagalið Alþingis).
b. Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr. (áður 7. gr.) fjárlaga (á fjárlagalið fjármálaráðuneytis).
c. Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum (á fjárlagalið forsætisráðuneytis).

Fram komi hvernig og hverjir taka ákvarðanir um breytingu á fyrrgreindum framlögum, hvaða reglur gilda um skiptingu þeirra og hverjir taka ákvarðanir um hana.

Einnig verði getið hvaða breytingar hafa orðið á þessum framlögum árlega sl. 5 ár.

Í skýrslunni komi fram hve háar fjárhæðir hafa á sl. þremur árum komið til frádráttar frá tekjum lögaðila eða tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á móti gjöfum eða framlögum til stjórnmálaflokkanna, sbr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og af hve miklum tekjum ríkissjóður hefur orðið af þeim sökum. – Telur ráðherra að þessar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar? Séu þær það ekki, er ráðherra þá reiðubúinn að beita sér fyrir að svo verði?

Fram komi hver sé afstaða ráðherra til lagasetningar sem skyldaði stjórnmálaflokka til að birta opinberlega yfirlit um útgjöld þeirra í kosningabaráttu, svo og ársreikninga þeirra í samræmdu formi í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Staða Íslands í alþjóðlegum samanburði.

Fram komi í skýrslunni hvernig er háttað fjárhagslegu og lagalegu umhverfi stjórnmálaflokkanna í samanburði við önnur OECD-ríki og hver sé skýring á því að ekki hafa verið sett lög hér á landi um fjármál stjórnmálaflokkanna líkt og gildir hjá flestum nágrannaþjóðanna.

Enn fremur komi fram hvort Ísland hafi undirgengist þær alþjóðlegu samþykktir sem hafa verið gerðar um aðgerðir gegn pólitískri spillingu og hagsmunaárekstrum og um gagnsæi og eftirlit með fjármálum stjórnmálaflokka. Fram komi hverjar þessar samþykktir eru og hvaða ákvæði þeirra lúta sérstaklega að gagnsæi og eftirliti með fjármálum flokkanna og hvernig

þeim hefur verið framfylgt. – Telur ráðherra það brot á alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga að ekki hafa verið sett hér á landi lög um fjármál stjórnmálaflokka?

Lagalegt umhverfi stjórnmálastarfsemi.

Í skýrslunni komi fram hvort ráðherra sé þeirrar skoðunar að ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi feli í sér sérstaka vernd fyrir stjórnmálaflokka og komi í veg fyrir að hægt sé að setja lög um fjármál þeirra. Sé svo, hver sé þá skýring þess að áþekkt ákvæði um félagafrelsi í stjórnarskrám annarra norrænna ríkja eru ekki túlkuð með þessum hætti.

Þess er óskað að skýrsla ráðherra verði tekin til umræðu jafnskjótt og henni hefur verið útbýtt á Alþingi.

781. Frumvarp til laga [509. mál]

um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „150.000“ í 1. tölul., „75.000“ í 2. tölul., „50.000“ í 3. tölul., „50.000“ í 5. tölul., „75.000“ í 7. tölul. og „60.000“ í 9. tölul. 13. gr. laganna kemur: 40.000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð, sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkunin yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 150.000 kr. í 40.000 kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40.000 kr. Þá mundi skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs lækka úr 60.000 kr. í 40.000 kr.

Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn er hér hár í samanburði við þessi lönd. Nemur kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi um 3,7% af vergri landsframleiðslu á mann en er enginn í Danmörku svo að dæmi sé tekið. Í Finnlandi telst kostnaðurinn vera 1,1%, í Svíþjóð 0,7% og 0,6% í Bandaríkjunum.

Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags hefur verið tekið gjald sem nemur nú 150.000 kr. Fyrir skráningu einkahlutafélags er þessi fjárhæð 75.000 kr. Gjald fyrir aðrar skráningar hefur verið allt að 75.000 kr. Þá hefur umskráning einkahlutafélags í hlutafélag kostað 75.000 kr.

Framangreind gjöld eru bein skattheimta og varða ekki sjálfa skráninguna. Kostnaði af skráningum fyrirtækja er mætt með skráningargjaldi sem kveðið er á um í reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, með stoð í lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Hár kostnaður við stofnun fyrirtækja er hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og kemur mest niður á nýsköpun. Ekki er óvarlegt að ætla að svo há gjöld sem nefnd hafa verið hér hafi fælt einhverja frá stofnun t.d. einkahlutafélags. Það er bagalegt því að hlutafélagaformið er tvímælalaust æskilegra í atvinnurekstri heldur en t.d. rekstur manns í eigin nafni. Með frumvarpinu er leitast við að ryðja úr vegi þessari hindrun og búa þannig betur í haginn fyrir væntanlegt athafnafólk og nýsköpunarstarf.

782. Fyrirspurn [510. mál]

til heilbrigðisráðherra um helgarlokun bráðamóttöku Landspítalans við Hringbraut.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hætt verði við helgarlokun bráðamóttöku á Landspítalanum við Hringbraut?
2. Hver er sparnaðurinn við lokunina, að teknu tilliti til aukinna útgjalda annars staðar í heilbrigðiskerfinu vegna hennar?
3. Hve margir hafa leitað árlega til bráðamóttökunnar við Hringbraut frá árinu 2000 og hve margir þeirra voru hjartasjúklingar í bráðri lífshættu?

783. Fyrirspurn [511. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við útgáfu rita um sögu stjórnarráðsins 1964–2004.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við útgáfu Sögu stjórnarráðsins 1964–2004? Hversu mikill kostnaður er þegar til fallinn?
2. Hvernig skiptist þessi kostnaður (laun hvers höfundar, laun ritstjóra, þóknun ritnefndar, laun annarra starfsmanna við útgáfuna, kostnaður vegna mynda, umbrotskostnaður, prentsmiðjukostnaður, kynningarkostnaður, annar kostnaður og þá hver)?
3. Hvernig er verktöku Sögufélagsins við útgáfuna háttað?

784. Fyrirspurn [512. mál]

til heilbrigðisráðherra um störf nefndar um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem vinnur að mótun heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana?

785. Fyrirspurn [513. mál]

til menntamálaráðherra um verktöku starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa nýverið fengið tilkynningu frá skattyfirvöldum þess efnis að þeir séu ranglega skráðir verktakar hjá stofnuninni?
2. Hvernig mun stofnunin bregðast við niðurstöðu skattyfirvalda og hver er staða þessara starfsmanna nú?
3. Hver er ástæða þess að viðkomandi starfsmenn voru ráðnir sem verktakar en ekki sem almennir launþegar?

786. Frumvarp til laga [514. mál]

um breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Vátryggingar.

Björgunarsveitum er skylt að tryggja björgunarsveitarmenn vegna slysa er þeir kunna að verða fyrir í störfum sínum á vegum björgunarsveita.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa eignatryggingu fyrir tjóni á persónulegum munum björgunarsveitarmanna sem verða kann í störfum þeirra á vegum björgunarsveita.

Björgunarsveitum er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem björgunarsveitarmenn kunna að valda þriðja aðila í störfum sínum á vegum björgunarsveita. Um skaðabótaábyrgð björgunarsveita fer að almennum reglum skaðabótaréttar.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um vátryggingarskylduna, þar með talið gildissvið vátrygginga þessara og vátryggingarfjárhæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003, tóku gildi 1. júlí sl. Í 5. gr. laganna er kveðið á um skyldu björgunarsveita til að kaupa slysatryggingar fyrir félagsmenn sína, eignatryggingar fyrir því tjóni sem þær og björgunarsveitarmenn kunna að verða fyrir við æfingar, björgun, leit og gæslu og ábyrgðartryggingar sem ná til tjóns á mönnum, dýrum, munum og umhverfi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á því að ákvæði 5. gr. mun vera of víðtækt og almennt orðað þannig að torvelt reynist að kaupa tryggingar þær sem ákvæðið mælir fyrir um.

Því er lagt til í frumvarpi þessu að ákvæði 5. gr. taki mið af hefðbundnum slysatryggingum, eignatryggingum og ábyrgðartryggingum. Einnig verði kveðið nánar á um einstök atriði í reglugerð, svo sem vátryggingarfjárhæðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumnvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/2003, um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um tryggingar vegna starfsemi björgunarsveita. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

787. Fyrirspurn [515. mál]

til viðskiptaráðherra um afskriftir viðskiptabankanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve miklar voru afskriftir viðskiptabanka hér á landi samanborið við afskriftir norrænna banka á árunum 1999–2003?
2. Hvað má ætla að vaxtamunur inn- og útlána gæti minnkað mikið ef afskriftir hér á landi væru sambærilegar við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali?

Skriflegt svar óskast.

788. Fyrirspurn [516. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í sjúkratryggingum hafi aukist um 70% á sl. 15 árum, sbr. niðurstöðu Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í heilsufélagsfræði við Háskóla Íslands?
2. Telur ráðherra rétt að gild rök megi færa fyrir því að útgjöld sjúklinga hér á landi séu þegar komin á varasamt stig og farin að bitna á aðgengi að heilbrigðisþjónustunni, sbr. niðurstöðu greinar Rúnars Vilhjálmssonar og Guðrúnar V. Sigurðardóttur um bein útgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðisþjónustu í 1. tbl. Læknablaðsins 2003?

789. Fyrirspurn [517. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og verkun grásleppu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve margar grásleppuverkunarstöðvar eru á landinu og hvar eru þær?
2. Hvert var heildarmagn grásleppuhrogna sl. fimm ár og hvert var heildarútflutningsverðmæti þeirra?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við eindregnum óskum Landssambands smábátaeigenda um breytingar á reglum um grásleppuverkunarhús og túlkun Fiskistofu á þeim reglum?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að veita sérstakt fjármagn til stuðnings fiskverkun í smáum einingum til að bæta aðstöðu grásleppuverkenda svo að þeir uppfylli nýjar kröfur um aðbúnað?

Skriflegt svar óskast.

790. Tillaga til þingsályktunar [518. mál]

um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Flm.: Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði.

Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði best tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort vænlegt sé, sem liður í að styrkja óháða stöðu Fjármálaeftirlitsins, að það heyri undir Alþingi.

Greinargerð.

Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun með sérstaka stjórn en heyrir undir viðskiptaráðherra. Stofnunin gegnir lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Henni er ætlað afar mikilvægt opinbert eftirlitshlutverk og getur með aðgerðum sínum haft stefnumarkandi áhrif á allar athafnir og þróun á fjármálamarkaði. Því er mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar sé tryggt þannig að hún geti starfað óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins og hagsmunaaðilum. Að sama skapi er ljóst að búa verður þannig að Fjármálaeftirlitinu að það geti sinnt sínum mikilvægu verkefnum af myndarskap og afgreitt þau mál sem því berast eða það tekur upp að eigin frumkvæði fljótt og vel. Þess vegna gerir tillagan jafnframt ráð fyrir að nefndarstarfið miði að því að skoða hvernig efla megi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í ljósi mikilla og umdeildra hræringa á íslenskum fjármálamarkaði er brýnt að vinnu nefndarinnar sé hraðað sem kostur er.

Fjármálaeftirlitinu var komið á fót með lögum nr. 87/1998 og fer með þá starfsemi sem áður var á höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Þar var valin sú leið að setja stofnunina undir viðskiptaráðherra en það val verður að teljast hæpið, m.a. í ljósi þess að viðskiptaráðherra hefur með sölu banka verið einhver atkvæðamesti aðilinn á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum. Það er breytilegt eftir löndum hvar ríkisstofnunum, sem fara með sambærilegt hlutverk og Fjármálaeftirlitið gerir, er skipað í stjórnsýslunni. Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins, þannig að það verði fært undan viðskiptaráðherra, gæti styrkt stofnunina sem óháðan eftirlitsaðila og jafnframt eflt traust hennar og trú manna á íslenskum fjármálamarkaði. Sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir að skoðaður verði samkvæmt tillögunni, að færa stofnunina undir Alþingi, gæti komið bæði Alþingi og Fjármálaeftirlitinu verulega til góða þar sem hvor aðilinn gæti styrkt hinn í eftirlitshlutverki þeirra.

Það að færa mikilvægar eftirlitsstofnanir undir Alþingi er ekki ný hugmynd. Þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson fluttu tillögu til þingsályktunar á 127. löggjafarþingi þar sem lagt var til að kannaðir yrðu kostir þess að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. Þar var bent á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Allt fram til ársins 1987 heyrði hún undir fjármálaráðherra. Þar var einnig bent á stöðu umboðsmanns Alþingis þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða. Þessum aðilum hefur reynst það vel að heyra undir Alþingi fremur en ráðherra og það hefur reynst þeim haldgóð trygging fyrir því að þeir njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð þeirra séu ekki dregin í efa vegna stöðu þeirra í stjórnsýslunni. Tillaga þessi gerir þó ekki ráð fyrir að aðeins sé kannaður sá kostur að færa Fjármálaeftirlitið undir Alþingi heldur skulu aðrir kostir skoðaðir og samanburður gerður á hvar sjálfstæði stofnunarinnar verður best tryggt.

Flutningsmenn leggja áherslu á að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnunarinnar séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

791. Fyrirspurn [519. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til að stemma stigu við aðgengi að söfnunarkössum?
2. Hvað líður samningu reglugerðar um framkvæmd laga um söfnunarkassa?

792. Svar [437. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um íslenska álinn.

Leitað var svara hjá Veiðimálastofnun.

1. *Hvaða upplýsingar liggja fyrir um lífshætti áls og álagöngur í íslenskum ám og votlendi?*

Upplýsingar um lífshætti ála og álagöngur á Íslandi er að finna í nokkrum greinum í ritrýndum tímaritum, bókaköflum, skýrslum, greinargerðum og gagnasöfnum. Þekking á lífsháttum ála hérlendis er samt enn tiltölulega takmörkuð og ljóst að þörf er mun meiri rannsókna. Mikilvæg vitneskja hefur þó aflast með þeim rannsóknum sem farið hafa fram síðustu árin.

2. *Hvaða rannsóknarverkefni varðandi íslenska álinn eru í gangi, hvar eru þau vistuð og hve miklu fjármagni er áætlað að verja til þeirra?*

— Rannsóknir á útbreiðslu og lífsháttum ála á Íslandi. Verkefnið er vistað á Hólum í Hjaltadal og unnið í samvinnu við Tókíó-háskóla í Japan og Guelph-háskóla í Kanada.
— Rannsóknir á sjávarálum við Ísland. Verkefnið sem er nýtt er vistað á Hólum og unnið í samvinnu við Tókíó-háskóla í Japan og Guelph-háskóla í Kanada.
— Rannsóknir á útbreiðslu og tíðni kynblendinga Evrópuáls og Ameríkuáls á Íslandi. Verkefnið er vistað á Hólum og unnið í samvinnu við Laval-háskóla í Kanada.
— Rannsóknir á erfðasamsetningu ála á Íslandi. Verkefnið er vistað á Hólum og unnið í samvinnu við Leuven-háskóla í Belgíu.
— Rannsóknir á glerálagöngum til Íslands. Verkefnið er vistað á Hólum og unnið í samvinnu við Tókíó-háskóla í Japan og Guelph-háskóla í Kanada.
— Veiðar á glerálum til álaeldis. Verkefnið hefst í vor og er vistað á Hólum og unnið í samvinnu við aðila í fiskeldi og veiðum.

Til framangreindra verkefna sem vistuð eru á Hólum verður varið í fjárlögum 2004 einni milljón króna.

— Rannsóknir á sníkjudýrum ála. Verkefnið er vistað hjá Rannsóknastöð háskólans í meinafræðum að Keldum og kostað af rannsóknastyrkjum.

3. *Hvaða rannsóknir hafa áður verið gerðar á lífsháttum íslenska álsins?*

Á undanförnum áratugum hefur takmarkaðri athygli verið beint að rannsóknum á ál á Íslandi og að mestu verið stuðst við rannsóknir erlendis á lífsháttum ála. Af og til hafa þó verið í gangi svæðisbundnar rannsóknir og átaksverkefni sem hafa miðað að því að auka nytjar af ál á Íslandi. Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar stóð fyrir rannsóknum á bjartálagöngum og mögulegum nytjum af álaveiðum á Suðurlandi fyrir um 10 árum og smærri úttektir á möguleikum á álaveiðum hafa farið fram á Vesturlandi. Úttekt á fæðuvali ála fór fram á Hólum í samstarfi við Líffræðistofnun HÍ og ýmiss konar gögn um lífshætti ála hafa einnig safnast samhliða öðrum rannsóknum. Með umfangsmestu rannsóknum sem farið hafa fram á álum hérlendis eru rannsóknir á glerálagöngum til landsins sem vistaðar eru á Hólum í Hjaltadal og unnar eru í samstarfi við erlendar rannsókna- og háskólastofnanir. Þrátt fyrir að mikil þekking hafi aflast á glerálagöngum og veiðum á glerál á síðustu árum er ljóst að þörf er á mun meiri rannsóknum á lífsháttum ála hérlendis og þá ekki síst því sem snýr að öðrum lífsskeiðum álsins, gulálum og bjartálum.

4. *Hversu miklum fjármunum hefur verið kostað til þeirra rannsókna sl. 10 ár? Óskað er eftir að upphæðir séu tilgreindar fyrir hvert ár.*

Á safnlið landbúnaðarráðuneytisins hefur verið veitt til rannsókna á glerál: árið 2000 500 þús. kr., árið 2001 700 þús. kr., árið 2002 800 þús. kr. og árið 2003 800 þús. kr.

5. *Á hvaða svæðum landsins er einkum að finna ála?*

Til skamms tíma var talið að ála væri aðallega að finna á suðvestanverðu landinu, Suðurlandi og ekki austar en í Berufirði. Einnig að ála væri í takmörkuðum mæli að finna á norðvestanverðu landinu og þeir væru ekki á Austurlandi og Norðurlandi eystra. Nýlegar rannsóknir og samantekt upplýsinga frá heimafólki víðs vegar um landið sýna að álar eru útbreiddir um allt land og nýta sér fjölbreyttari búsvæði en áður var talið, en mest er af þeim á svæðinu frá Barðaströnd í vestri, um Vesturland, Suðurland og austur að Hornafirði. Ein mikilvægasta viðbótin við þekkingu á útbreiðslu og búsvæðavali ála á Íslandi er að talsvert er af álum í sjó á strandsvæðum víða um land.

6. *Í hvers konar veiðarfæri og með hvers konar aðferðum er áll einkum veiddur? Hafa verið gerðar einhverjar tilraunir með veiðitækni í því skyni að auka afla?*

Gulálar og bjartálar eru nánast eingöngu veiddir í vængjagildrur í vötnum, eða ám og lækjum. Það eru sömu veiðarfæri og mest eru notuð erlendis. Vegna birtuskilyrða veiðast gulálar helst á vorin áður en nætur verða bjartar og síðla sumars þegar dimma fer að nóttu. Bjartálar veiðast frá september og fram í nóvember og dæmi eru um að þeir hafi veiðst fram í desember. Veiðitímabil bjartála er því lengra en þekkist í öðrum Evrópulöndum. Aftur á móti eru þeir tímar ársins sem henta til gulálaveiða takmarkaðri hér vegna bjartra sumarnátta og lágs vatnshita stóran hluta ársins. Álar hreyfa sig lítið um þegar vatnshiti er undir 5°C og varast gildrur í dagsbirtu. Fyrir utan hefðbundnar veiðiaðferðir hafa verið gerðar tilraunir þar sem notuð eru netbúr með beitu á stöðum þar sem erfitt er að koma við öðrum veiðiaðferðum. Þær veiðiaðferðir hafa þó ekki gefist vel. Einnig hefur verið beitt rafveiði við álaveiðar og gefast þær best í vatnsminni ám og lækjum. Ekki hafa verið gerðar tilraunir sérstaklega með önnur veiðarfæri. Umfangsmiklar tilraunir hafa aftur á móti farið fram með veiðitækni til glerálaveiða þar sem notaðar hafa verið ýmsar útgáfur af gildrum, nótaveiði, rafveiðar og nokkrar gerðir háfa.

7. *Liggja fyrir upplýsingar um álaveiði sl. 10 ár?*

Ekki hefur verið fyrir hendi fast skráningarkerfi fyrir álaveiðar líkt og tíðkast með lax- og silungsveiðar. Því eru upplýsingar um veiðitölur af skornum skammti. Gróflega má þó áætla að síðustu 10 ár hafi verið veidd á bilinu 5–15 tonn árlega af álum hérlendis og þá aðallega bjartál sem veiddur er á haustin þegar hann fer af stað á hrygningarstöðvarnar. Mest var á þessu tímabili veitt af ál á árunum 1996–1998 þegar félagsskapur álaveiðimanna, Norðuráll, stóð fyrir átaki í álaveiðum.

8. *Hvað meta sérfræðingar íslenska álastofninn stóran, og hve mikið er líklegt að megi veiða án þess að ganga of nærri honum?*

Rannsóknir á Suðurlandi benda til þess að þar megi veiða yfir 10 tonn af ál á ári án þess að ganga of nærri stofninum og á Vesturlandi gæti það farið yfir 20 tonn. Ef litið er til landsins alls gætu þessar tölur verið um 50–80 tonn. Hér er miðað við ár, vötn, tjarnir og ísölt lón víðs vegar um landið. Nýjar rannsóknir sýna að ál er að finna í sjó í kringum landið og gefa fyrirheit um að einnig megi veiða talsvert af ál í sjó og auka þannig mögulegt veiðimagn enn frekar. Áætlanir um stærð veiðistofns og veiðiþol byggjast þó á veikum grunni vegna takmarkaðrar þekkingar á magni og lífsháttum áls á Íslandi. Þörf er mun meiri rannsókna til að fá skýrari mynd af mögulegum álanytjum hérlendis.

9. *Telur ráðuneytið að veiðar á ál og vinnsla afurða séu líkleg til að geta vaxið og staðið undir sér sem atvinnugrein?*

Veiðar á álum og vinnsla álaafurða hefur alla möguleika á að verða mikilvæg aukabúgrein hérlendis en til að veiðarnar og vinnslan geti orðið öflug atvinnugrein vantar mikla rannsókna- og þróunarvinnu.

10. *Hafa verið gerðar tilraunir með áframeldi á íslenskum glerál? Ef svo er, hver virðast helstu tæknilegu vandamálin við eldið? Gefa niðurstöður tilrauna tilefni til að meta hvort áframeldi á íslenskum glerál væri líklegt til að standa undir sér?*

Tilraunir með áframeldi á íslenskum glerálum hafa ekki farið fram til þessa. Gera má ráð fyrir að tæknileg vandamál við hugsanlegt eldi séu þau sömu og í þeim nágrannalöndum okkar þar sem slíkt eldi fer fram, svo sem Danmörku og Hollandi. Við eldi hérlendis mundu menn hins vegar njóta þess hve mikið framboð er hér af heitu vatni til slíks eldis og að hingað hafa ekki borist sníkjudýr sem valdið hafa verulegum skaða í álaeldi víða um heim, vegna flutnings glerála á milli landa. Bann við innflutningi erlendra glerála hefur einmitt verið mikilvæg vörn gegn innflutningi sjúkdóma og sníkjudýra sem plagað hafa náttúrulega fiskistofna og fiskeldi erlendis. Veiðar á íslenskum glerálum eru því forsenda þróunar álaeldis á Íslandi. Kynákvörðun ála er umhverfisháð og ræðst snemma á lífsferlinum. Hrygnur vaxa mun betur en hængar í eldi og hátt hlutfall hrygna á Íslandi getur gert íslenska glerála enn verðmætari fyrir áframeldi en ella. Hérlendis eru aðstæður hagstæðar til álaeldis og líklegt að við gætum verið samkeppnisfær við önnur Evrópulönd í álaeldi. Líkt og í öðru fiskeldi á Íslandi er fjarlægð frá markaðssvæðum einn helsti ókosturinn. Nokkur óvissa ríkir þó um hvernig Evrópulöndum muni takast að mæta aukinni framleiðslu og samkeppni við Asíulönd og þá sérstaklega Kína þar sem framleiðslukostnaður er mjög lítill. Samkvæmt upplýsingum frá Asíulöndum hefur markaðseftirspurn eftir álaafurðum þó aukist samhliða framleiðsluaukningu.

11. Hafa verið gerðar rannsóknir á göngum gleráls með það fyrir augum að nota íslenskan glerál til áframeldis? Er hægt á grundvelli þeirra að meta hversu mikils magns gleráls megi afla úr íslenskum ám til hugsanlegs áframeldis? Hvað gæti það magn við bestu aðstæður staðið undir miklu álaeldi?

Síðustu þrjú ár hefur verið í gangi átak í rannsóknum á göngum gleráls til Íslands. Áður en það verkefni hófst höfðu á undanförnum 20 árum verið gerðar nokkrar árangurslitlar tilraunir til veiða á glerál og voru tilraunaveiðar Jóns Gunnars Schram árin 1992 og 1993 í Meðallandi og Landbroti þeirra umfangsmestar. Þær rannsóknir á göngum gleráls sem hafa verið í gangi síðustu þrjú árin hafa skilað góðum árangri og mikilsverðum niðurstöðum um göngur glerála til Íslands. Eitt helsta markmið rannsóknanna var að kanna hvort hérlendis væri mögulegt að veiða glerála í nægjanlegu magni til álaeldis og að þróa veiðiaðferðir til glerálaveiða. Takmörkuð þekking var áður á glerálagöngum til landsins og hvernig best væri að veiða þá, en hún er grundvöllur þess að hægt sé að veiða glerála í atvinnuskyni og forsenda þess að hægt sé að hefja samkeppnishæft álaeldi á Íslandi. Tekist hefur í þessum rannsóknum að staðfesta að göngurnar eru árvissar, að hægt er að veiða glerála á fjölda staða á Íslandi og í nægjanlegu magni til að hefja tilraunir með álaeldi. Á þessu ári mun sú þekking sem aflast hefur verða nýtt til veiða á glerálum í áframeldi. Of snemmt er að segja til um hve miklu magni gleráls verður hægt að ná og taka verður tillit til verndunarsjónarmiða og þess að göngurnar eru misstórar eftir árum.

Fylgiskjal.

Bjarni Jónsson,
Veiðimálastofnun:

MINNISBLAÐ
Almennar upplýsingar um nytjar og lífshætti ála (Anguilla sp.).

Þeir álar sem finnast hérlendis hrygna í Þanghafinu en lirfur þeirra berast hingað ári síðar með hafstraumum um 5.000 km leið og nefnast þá glerálar. Þeir taka á nokkrum árum út vöxt sinn í ferskvatni, ísöltum vötnum, árósum eða sjó og eru á því æviskeiði kallaðir gulálar. Eftir um 5 til 20 ára tíma umbreytast álarnir í bjartála og ganga aftur á hrygningarslóð til hrygningar og ljúka lífsferli sínum. Álar eru mest veiddir þegar þeir hafa náð nokkrum vexti sem gulálar eða sem bjartálar á göngu sinni í sjó. Ekki hefur enn tekist að ærla saman álum og halda álalirfum lifandi nægjanlega lengi til að nota þær í álaeldi. Samkeppnisfært álaeldi byggist því að veiða glerála og nota þá í áframeldi.

793. Svar [391. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um eftirlit með fjármálafyrirtækjum.

Viðskiptaráðherra óskaði eftir svörum við fyrirspurninni frá Fjármálaeftirlitinu. Svör Fjármálaeftirlitsins fara hér á eftir.

1. *Hvernig er háttað eftirliti Fjármálaeftirlitsins með hagsmunaárekstrum vegna setu stjórnarmanna lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja í stjórnum annarra aðila?*

Fjármálafyrirtæki:

Komið hefur verið á reglubundnum skýrsluskilum fjármálafyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu viðkomandi fyrirtækis til venslaðra aðila, þar á meðal stjórnarmanna. Á grundvelli skýrsluskilanna hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með viðskiptum stjórnarmanna og tengdra aðila við fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur í einstökum tilvikum tekið til skoðunar fyrirgreiðslu eftirlitsskyldra aðila til aðila tengdra stjórnarmönnum viðkomandi fyrirtækja. Er þá litið til þess hvernig ákvarðanatöku var háttað þegar fyrirgreiðslan var veitt, hvort hæfisreglum hafi verið fylgt og hvort kjör fyrirgreiðslunnar séu í samræmi við það sem gengur og gerist til annarra viðskiptamanna. Eftirlit með þessu er einnig liður í eftirliti með virkum eignarhlutum.

Lífeyrissjóðir:

Í vettvangsathugunum Fjármálaeftirlitsins á lífeyrissjóðum er óskað upplýsinga um stjórnarsetu framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um lánveitingar og aðra fyrirgreiðslu til þessara aðila. Við athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða er einnig skoðað hvort meðal fjárfestinga séu lánveitingar til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra eða aðila tengdra þeim. Sé svo er athugað hvort farið hafi verið að lögum, reglum og innri reglum varðandi lánveitingarnar og afgreiðslu.

2. *Í hvaða mæli hefur Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við slík hagsmunatengsl og getur það gefið upplýsingar um hversu algeng þau eru?*

Fjármálafyrirtæki:

Fjármálaeftirlitið hefur í nokkrum tilvikum gert athugasemdir og gripið til aðgerða vegna fyrirgreiðslu til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Slíkar athugasemdir og aðgerðir geta verið liður í ýmiss konar eftirlitsaðgerðum, svo sem aðgerðum gagnvart fyrirtækinu sjálfu og eigendum virkra eignarhluta. Fjármálaeftirlitið hefur ekki tekið saman upplýsingar um það hversu algeng hagsmunatengsl af þessu tagi eru í fjármálafyrirtækjum.

Lífeyrissjóðir:

Stjórnarmenn lífeyrissjóða sitja margir hverjir í stjórnum annarra félaga, hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra félagasamtaka. Fjármálaeftirlitið hefur í nokkuð mörgum tilfellum gert athugasemdir við afgreiðslu lánveitinga til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila tengdra þeim. Í mörgum tilfellum eru gerðar athugasemdir þar sem ekki er farið að ákvæðum laga og reglna um hæfi til afgreiðslu lánveitinga. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt gert athugasemdir þar sem lánveitingar til slíkra aðila hafa verið hærri en hámarkslán samkvæmt lánareglum sjóðsins, veðhlutfall ekki í samræmi við lánareglur sjóðsins eða að nauðsynlegar upplýsingar vegna lánveitinga hafa ekki verið til staðar hjá viðkomandi lífeyrissjóði.

Erfitt er að leggja mat á það hvort hagsmunatengsl, af því tagi sem spurt er um, séu algeng. Fjármálaeftirlitið hefur kannað setu stjórnarmanna stærstu lífeyrissjóða í öðrum félögum. Niðurstöður þeirrar könnunar gefa til kynna að um 70% stjórnarmanna þessara lífeyrissjóða sitji í stjórnum hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Að meðaltali sitja þessir stjórnarmenn í fjórum stjórnum félaga, hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Tæplega 40% þeirra sitja í tveimur eða fleiri stjórnum. Félög sem sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóði eru undanskilin.

3. *Er ástæða til að breyta gildandi lögum og reglum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá lífeyrissjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum?*

Í 31. gr. laga nr. 129/1997, um lífeyrissjóði, kemur fram að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Í samþykktum lífeyrissjóðs, starfsreglum framkvæmdastjóra, starfsreglum stjórnar og reglum um verðbréfaviðskipti sjóðsins er jafnframt kveðið á um að stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn megi ekki taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins.

Um þátttöku stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í meðferð mála er í 55. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, m.a. tiltekið að stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar: „1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða 2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul. Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.“

Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 er enn fremur kveðið á um að stjórnir fjármálafyrirtækja skuli setja sér sérstakar reglur um störf sín. Fjármálaeftirlitið hefur sett sérstök tilmæli, nr. 1/2003, um efni þeirra reglna. Í tilmælunum er kveðið á um ýmis atriði er takmarka eiga hættuna á hagsmunaárekstrum. Þá vill Fjármálaeftirlitið benda á umræðuskjal nr. 11/2003, en í viðauka II með því er að finna yfirlit yfir lög, reglur og tilmæli er varða aðskilnað hagsmuna í fjármálafyrirtæki. Tilmæli og umræðuskjöl Fjármálaeftirlitsins eru aðgengileg á heimasíðu þess, www.fme.is.

Fjármálaeftirlitið telur að rétt sé að láta reyna frekar á núgildandi löggjöf um lífeyrissjóði og fjármálafyrirtæki áður en hugað verði að frekari endurskoðun.

Viðskiptaráðuneytið tekur undir að ekki sé ástæða til að endurskoða lagaákvæði um hagsmunaárekstra vegna setu stjórnarmanna fjármálafyrirtækja í öðrum fyrirtækjum eða vegna hagsmunatengsla þeirra að öðru leyti á þessu stigi. Miklar breytingar voru gerðar á lagaákvæðum um stjórn og starfsmenn með nýjum lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Ástæða er til að láta reyna á þá löggjöf áður en hugað verður að frekari breytingum.

794. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sérstaða kynferðisafbrota gegn börnum.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna þá sérstöðu þessara brota. Sakir sérstöðu slíkra brota vilja flutningsmenn afnema fyrningarfrest brota í 194.–202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem framin eru gegn einstaklingum yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er ekki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma og telur sig jafnvel sjálfan bera sök. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandi á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola. Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2002 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 43,5% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 5–10 ára en hins vegar voru 44,7% þeirra sem leituðu til Stígamóta á aldrinum 19–29 ára og 31,8% á aldrinum 30–49 ára. Oft koma þessi brot því ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolarnir hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar brotamaður er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Ljóst er því að núgildandi fyrningarfrestir geta í mörgum tilfellum verið of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, staðfesta þetta.

Rétt er að miða við 14 ára aldur í ljósi þeirrar staðreyndar að skv. 202. gr. almennra hegningarlaga eru lögleg aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka miðuð við 14 ára aldur. Þær röksemdir sem eru að baki sérstöðu þessara brotaþola eiga sömuleiðis fyrst og fremst við einstaklinga undir 14 ára aldri fremur en brotaþola á aldursbilinu 14–18 ára. Þolendur á aldrinum 14–18 ára eru í mun betri aðstöðu til að skilja að um brot sé að ræða og jafnframt líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisbrota bjóðast en brotaþoli sem er yngri en 14 ára. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára njóta því áfram sömu fyrningarfresta og fullorðnir.

Umboðsmaður barna hefur nýverið hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum en sú hvatning kom fyrst fram í skýrslu hans frá 1997. Með þessu frumvarpi er farið eftir tilmælum umboðsmanns barna.

Núgildandi fyrningarfrestir.

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Aðeins þeir glæpir þar sem hámarksrefsing er ævilangt fangelsi fyrnast aldrei skv. IX. kafla almennra hegningarlaga. Þetta eru landráð skv. 86. gr. og 87. gr. laganna, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. 98. gr. og 100. gr., hryðjuverk skv. 100. gr. a, manndráp skv. 211. gr., mannrán skv. 226. gr.. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök á 2 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á 5 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi. Þetta á t.d.

við um 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni gagnvart barni sínu eða öðrum niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um kynferðislega áreitni manns skv. 2. mgr. 201. gr. við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldi og er undir 16 ára aldri.

Fimm ára fyrningarfrestur á einnig við um kynferðislega áreitni við barn undir 14 ára aldri, sbr. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, og þegar blekkingum, gjöfum og öðru slíku er beitt til að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. laganna. Sé barni undir 18 aldri greitt endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök skv. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga er einnig 5 ára fyrningarfrestur. Sök fyrnist á 10 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi. Þessi fyrningarfrestur á t.d. við það sem fram kemur í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja sem kominn er yfir 16 ára aldur. Samkvæmt því sem fram kemur í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga er sami fyrningarfrestur við samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er á aldursbilinu 16–18 ára.

Að lokum fyrnist sök á 15 árum þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi. Þetta er lengsti tímabundni fyrningarfresturinn og á hann t.d. við það sem tilgreint er í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um samræði eða önnur kynferðismök manns, samkvæmt því sem tilgreint er í 1. mgr. 201. gr. laganna, við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn manns, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, og er undir 16 ára aldri. Þessi fyrningarfrestur á einnig við nauðgun skv. 194. gr. almennra hegningarlaga og við samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára skv. 1. mgr. 202. gr. laganna.

Í núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Þetta ákvæði var lögfest árið 1998 í kjölfar tillögu þingmanna jafnaðarmanna um að fyrningarfrestur brota á 200., 201. og 202. gr. laganna hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri. Þótt bót hafi verið með lögfestingu þessa ákvæðis telja flutningsmenn ekki nóg að gert og leggja því til í frumvarpi þessu að fyrning kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði afnumin með öllu í ljósi sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna á þessum aldri.

Réttarstaða barna verði tryggð.

Hugtakið fyrning í refsirétti felur í sér að réttur ríkisvaldsins til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum fellur niður að ákveðnum tíma liðnum. Fyrning getur verið af tvennum toga, fyrning sakar annars vegar og hins vegar fyrning refsingar. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem metur hvort það

sem fram er komið sé nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. sömu laga. Hins vegar má telja að sú vitneskja um að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður hvetji brotaþola til leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma.

Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki á líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu.

Flutningsmenn telja að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi þyngra en þau hagkvæmnis- og sanngirnisrök sem búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta að rangt sé að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður að telja að með fyrningarfresti á slíkum brotum sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið miðast að því að fyrningarfrestir vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga verði afnumdir með öllu með vísan í sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna á þessum aldri.

Um 2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.“ Með afnámi fyrningarfrests vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. sem eru framin gagnvart brotaþola undir 14 ára aldri verður þessi málsliður óþarfur.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Rétt er að taka fram að ákvæði frumvarpsins geta einungis átt við þau brot sem eru framin eftir gildistöku þessara lagabreytinga og er það í samræmi við ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga um bann við afturvirkni refsilöggjafar.

795. Svar [395. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um úthlutun sérstaks greiðslumarks í sauðfjárrækt.

1. *Hvenær má vænta úthlutunar á 7.500 ærgilda greiðslumarki til svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt, sbr. yfirlýsingu ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar að lútandi á Alþingi 9. maí árið 2000 og svar ráðherra í þingskjali 1142 á 128. löggjafarþingi 2002–2003 (589. mál)?*
2. *Hafa úthlutunarreglur verið mótaðar og ef svo er, hvenær verða þær birtar?*

Reglur um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7.500 ærgildum á árunum 2003–2004, nr. 967/2003, voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda 19. desember 2003. Tilgangurinn er að styrkja svæði sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt. Greiðsla vegna ársins 2003 fór fram 23. desember 2003.

3. *Hver verður réttarstaða þeirra bænda sem sérstaklega eru háðir sauðfjárrækt en fá ekki úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum?*

Í úthlutunarreglunum, sem byggðar eru á tillögum frá Byggðastofnun, kemur fram hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi svo að einstök landssvæði teljist sérstaklega háð sauðfjárrækt og hvaða skilyrði einstakir bændur þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á greiðslu.

796. Fyrirspurn [521. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum heilbrigðisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Blóðbankans,
Krabbameinsmiðstöðvar Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Rannsóknastofu í næringarfræði,
Rannsóknastofnunar Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Rannsóknastofu í öldrunarfræðum,
Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri,
Geislavarna ríkisins,
Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands,
Lýðheilsustöðvar, áður manneldisráðs?

Skriflegt svar óskast.

797. Fyrirspurn [522. mál]

til umhverfisráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum umhverfisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Landmælinga Íslands,
Náttúrufræðistofnunar Íslands,
Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn,
Umhverfisstofnunar,
Veðurstofu Íslands,

Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar?

Skriflegt svar óskast.

798. Fyrirspurn [523. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum landbúnaðarráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Keldnaholti,
Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri,
Hólaskóla,
Garðyrkjuskóla ríkisins,
Landgræðslu ríkisins,
Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá,
Veiðimálastofnunar,
embættis yfirdýralæknis?

Skriflegt svar óskast.

799. Fyrirspurn [524. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum iðnaðarráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Iðntæknistofnunar,
Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins,
Íslenskra orkurannsókna,
Orkustofnunar?

Skriflegt svar óskast.

800. Fyrirspurn [525. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum félagsmálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Vinnueftirlits ríkisins árin 2001, 2002 og 2003? Úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Skriflegt svar óskast.

801. Fyrirspurn [526. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum samgönguráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Ferðamálasjóðs,
Siglingastofnunar Íslands,
Vegagerðarinnar,
rannsóknarnefndar flugslysa,
rannsóknarnefndar sjóslysa?

Skriflegt svar óskast.

802. Fyrirspurn [527. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum sjávarútvegsráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Skriflegt svar óskast.

803. Fyrirspurn [528. mál]

til utanríkisráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum utanríkisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Skriflegt svar óskast.

804. Fyrirspurn [529. mál]

til fjármálaráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum fjármálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna sjálfseignarstofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Krabbameinsfélags Íslands,
Hjartaverndar,
Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar,
Reykjavíkurakademíunnar,
Fornleifastofnunar Íslands?

Skriflegt svar óskast.

805. Fyrirspurn [530. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum menntamálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Háskóla Íslands,
Félagsvísindastofnunar Háskólans,

Guðfræðistofnunar Háskólans,
Bókmenntafræðistofnunar Háskólans,
Heimspekistofnunar Háskólans,
Íslenskrar málstöðvar,
Málvísindastofnunar Háskólans,
Sagnfræðistofnunar Háskólans,
Stofnunar Sigurðar Nordals,
Orðabókar Háskólans,
Stofnunar í erlendum tungumálum,
Stofnunar Árna Magnússonar,
Hugvísindastofnunar Háskólans,
Lagastofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,
Rannsóknastofu í heilbrigðisfræði,
Rannsóknastofu í líffærafræði,
Lífeðlisfræðistofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í meinafræði,
Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum,
Raunvísindastofnunar Háskólans,
Líffræðistofnunar Háskólans,
Rannsóknaseturs Vestmannaeyja,
Verkfræðistofnunar Háskólans,
Viðskiptafræðistofnunar Háskólans,
Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns,
Rannsóknaþjónustu Háskólans,
Sjávarútvegsstofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í kvennafræðum,
Alþjóðamálastofnunar Háskólans,
Umhverfisstofnunar Háskólans,
Háskólans á Akureyri,
Kennaraháskóla Íslands,
Tækniháskóla Íslands,
Listaháskóla Íslands,
Viðskiptaháskólans á Bifröst,
Háskólans í Reykjavík,
Námsmatsstofnunar,
Þjóðminjasafns Íslands,
Norrænu eldfjallastöðvarinnar,
Listasafns Íslands?

Skriflegt svar óskast.

806. Fyrirspurn [531. mál]

til umhverfisráðherra um mælingar á þungmálmum og þrávirkum lífrænum efnum í hafinu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða mælingar eru gerðar reglulega hér við land á lífrænum þrávirkum efnum og þungmálmum í tengslum við umhverfisvöktun Íslendinga á lífríki sjávar?
2. Gefa mælingar til kynna að uppsöfnun sé að aukast? Óskað er upplýsinga um þróun magns frá því að mælingarnar hófust.
3. Eru vísbendingar um að einhvers staðar sé magn þessara efna tekið að nálgast mörk sem talin eru óæskileg frá manneldissjónarmiði?
4. Eru uppi áform um að kanna sérstaklega magn þessara efna í langlífum tegundum sem eru tiltölulega ofarlega í fæðukeðjunni, svo sem háfi, hákarli og lúðu?

Skriflegt svar óskast.

807. Fyrirspurn [532. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um speglunaraðgerðir á hnjám.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver eru viðbrögð ráðherra við fjölda speglunaraðgerða á hnjám með holsjá og miklum kostnaði við þær? Hefur ráðuneytið látið kanna ástæður og þörf fyrir þennan mikla fjölda hátækniaðgerða?

808. Fyrirspurn [533. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar á lúðu, skötu og hákarli.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hver hefur verið árlegur skötu-, hákarls- og lúðuafli? Óskað er upplýsinga eins langt aftur og skráningar ná.
2. Hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á ástandi þessara tegunda? Sé svo er óskað eftir upplýsingum um stærð og þróun stofnanna ef upplýsingar liggja fyrir.
3. Hvert er mat sérfræðinga á því hvort tegundirnar séu undir of miklu veiðiálagi eða hvort staða þeirra sé viðunandi?

Skriflegt svar óskast.

809. Fyrirspurn [534. mál]

til menntamálaráðherra um viðmiðunarreglur menntamálaráðuneytisins (normtölur) fyrir byggingar framhaldsskóla.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvenær voru viðmiðunarreglur (normkostnaður) ráðuneytisins fyrir byggingar framhaldsskóla fyrst settar og hvað lá að baki þeim?
2. Hvernig voru þessar normtölur í upphafi?
3. Hvernig og á hvaða árum hafa þær breyst?
4. Hverjar hafa leiðréttingarnar verið, skipt eftir árum?
5. Hvernig er normtala á fermetra skólahúsnæðis samsett eftir einstökum verkhlutum:
   a. við upphafsár,
   b. við leiðréttingar,
   c. í árslok 2003?
6. Hver hefur þróun normtölunnar verið frá upphafi miðað við byggingarvísitölu?

Skriflegt svar óskast.

810. Fyrirspurn [535. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir aukinni þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna?

811. Fyrirspurn [536. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bið eftir heyrnartækjum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margir bíða nú eftir heyrnartækjum, hve löng er biðin og hvað kostar að eyða biðlistum?
2. Hversu margir leituðu til einkaaðila á síðasta ári vegna kaupa á heyrnartækjum og hve langur er biðlistinn þar?
3. Hver er kostnaður einstaklinga við kaup á heyrnartækjum annars vegar hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hins vegar hjá einkaaðilum?

812. Fyrirspurn [537. mál]

til iðnaðarráðherra um raforku við Skjálfanda.

Frá Merði Árnasyni.

1. Af hverju tengist einungis gamla línan frá Laxárvirkjun til Akureyrar landskerfinu?
2. Liggur fyrir áætlun um að tengja Húsavík og nærsveitir betur við landskerfið?
3. Hvað kostar slík tenging?

813. Fyrirspurn [538. mál]

til dómsmálaráðherra um fjölda fanga.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Hversu margir hafa verið dæmdir til fangavistar hér á landi sl. 20 ár, sundurliðað eftir aldri, kyni, tegund afbrota og þyngd dóma?

Skriflegt svar óskast.

814. Fyrirspurn [539. mál]

til utanríkisráðherra um mengun frá tímum bandarísku herstöðvarinnar á Heiðarfjalli á Langanesi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra fylgt eftir eða brugðist á einhvern hátt við sameiginlegri kröfu norrænu umhverfisverndarsamtakanna um hreinsun á Heiðarfjalli á Langanesi sem send var bandarískum stjórnvöldum í desember sl.?
2. Hefur ráðherra fylgst með framvindu mála þar sem hreinsun er hafin á menguðum jarðvegi í sambærilegum yfirgefnum herstöðvum Bandaríkjahers, svo sem á Resolution-eyju í Nunavut í Kanada?
3. Hvað hefur ráðherra aðhafst til að tryggja að íslenskir aðilar, landeigendur, sveitarfélag og stofnanir, nái rétti sínum í þessu máli gagnvart þeim yfirvöldum, bandarískum eða innlendum, sem ábyrgð bera á ástandinu á Heiðarfjalli?
4. Hefur ráðherra skoðað réttarstöðu málsaðila í deilum um mengun á Heiðarfjalli út frá grundvallarreglum Ríó-yfirlýsingarinnar, svo sem varúðarreglunni og mengunarbótareglunni?

815. Fyrirspurn [540. mál]

til umhverfisráðherra um dýrahald í atvinnuskyni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjir hafa fengið starfsleyfi á grundvelli 12. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni, sem ekki fellur undir búfjárhald? Hvers konar starfsemi stunda þeir, hvar er hún stunduð, hve mörg dýr eru bak við hvert leyfi og hve margir starfsmenn?
2. Eru dæmi um að aðilar starfi á þessum vettvangi án starfsleyfa?
3. Hvernig er háttað eftirliti með þeirri starfsemi sem hér um ræðir?
4. Hversu algengt er að yfirvöldum berist kvartanir um starfsemi af þessu tagi og hve oft hefur umhverfisráðuneytið þurft að úrskurða um aðbúnað eða meðferð dýra á grundvelli laga nr. 15/1994?
5. Stendur til að endurskoða reglugerð nr. 499/1997, um dýrahald í atvinnuskyni, og ef svo er, hvar er sú vinna á vegi stödd?

Skriflegt svar óskast.

816. Fyrirspurn [541. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsmarkaði fyrir íslenskt dilkakjöt.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hverjir voru helstu útflutningsmarkaðir fyrir íslenskt dilkakjöt sl. fimm ár? Hve mikið magn fór árlega á hvern stað?
2. Hvert var cif-verð á hverjum markaði hvert ár (sl. fimm ár) miðað við verð á heilum skrokkum?
3. Hver er slátur-, vinnslu- og flutningskostnaður á hvert kíló á hverjum markaði hvert ár (sl. fimm ár)?
4. Hvert var skilaverð til bænda (cif-verð að frádregnum slátur-, vinnslu- og flutningskostnaði) á hverjum markaði sl. fimm ár?
5. Hver er markaðs-, sölu- og kynningarkostnaður á hverjum markaði ár hvert sl. fimm ár og hvernig skiptist hann á milli:
   a. Framleiðnisjóðs landbúnaðarins,
   b. framkvæmdanefndar búvörusamnings,
   c. Bændasamtakanna,
   d. annarra, og þá hverra?
6. Hver er annar kostnaður og hve mikill er hann sl. fimm ár vegna stuðnings við útflutning dilkakjöts, t.d. kostnaður innan lands?
7. Liggur fyrir kostnaður einstakra fyrirtækja sem hafa annast útflutning dilkakjöts sl. fimm ár? Ef svo er, hver var kostnaður þeirra sl. fimm ár?

Skriflegt svar óskast.

817. Tillaga til þingsályktunar [542. mál]

um nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Flm.: Kristján L. Möller, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa byggingarnefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús á lóð sjúkrahússins við Hringbraut. Nefndin skili einnig tillögum um hagnýtingu núverandi húsnæðis Landspítalans í Fossvogi.

Nefndina skipi fulltrúar tilnefndir af stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Auk þess tilnefni heilbrigðisráðherra einn fulltrúa sem verði formaður nefndarinnar. Nefndin skili áfangaáliti ekki síðar en 1. janúar 2006.

Komi til frekari sölu ríkiseigna, t.d. Landssímans hf., renni hluti af söluverðmætinu til þessa verkefnis.

Greinargerð.

Flutningsmenn vilja með tillögu þessari koma af stað vinnu til undirbúnings nýbyggingu við Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH) á lóð spítalans sunnan Hringbrautar. Enn fremur er lagt til að verði af frekari sölu ríkiseigna, t.d. Landssímans, verði hluta af söluverðmætinu varið til þessa mikilvæga verkefnis.

Flutningsmenn eru hlynntir sölu samkeppnissviðs Símans þegar gott tækifæri gefst til en eru andvígir sölu grunnnetsins eins og komið hefur fram í umræðum á Alþingi í tengslum við breytingu á rekstrarformi Landssímans.

Rétt er að taka einnig fram að verði byggt við LSH eins og hér er lagt til losna um leið margar og verðmætar eignir spítalans sem hægt verður að selja og verja andvirðinu til nýbyggingarinnar.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að hefja byggingu við spítalann sem allra fyrst, m.a. til að ná fram fullri hagræðingu af sameiningu spítalanna með því að starfsemi hans verði nær öll á sama stað í borginni. Starfsemi LSH er nú, eins og kunnugt er, á tveimur stöðum, þ.e. við Hringbraut og í Fossvogi. Enn fremur eru rekstrardeildir í Kópavogi, á Grensási, Kleppi, Vífilsstöðum og á Landakoti. Þá er lagt til að byggingarnefndin geri tillögu um framtíðarnotkun Borgarspítalans, eftir að starfsemin hefur öll verið flutt í hið nýja húsnæði spítalans, og þá alveg sérstaklega hvort nýta eigi húsnæðið undir dvalarheimili fyrir aldraða, en þörf fyrir slíkt eykst ár frá ári með hækkandi aldri þjóðarinnar. Einnig mætti hugsa sér að hluti þeirrar byggingar yrði tekinn undir sjúkrahótel eða að byggt yrði yfir slíka starfsemi á lóð spítalans við Hringbraut. Sjúkrahótel í nánum tengslum við spítalann, og aukið rými fyrir aldraða, mundi spara ríkissjóði mikið fé þar sem slíkur rekstur er miklu ódýrari og hagkvæmari en rekstur á hátæknisjúkrahúsi. Rekstur sjúkrahótels í næsta nágrenni sjúkrahússins og í tengslum við hann mundi enn fremur gagnast landsbyggðarfólki afar vel. Því má segja að lagt sé til að efnt verði til þjóðarátaks undir kjörorðinu „Landspítala fyrir Landssíma“. Frá stofnun Pósts og síma hafa Íslendingar byggt upp það mikla og öfluga fyrirtæki sem nú heitir Síminn og Alþingi hefur breytt í hlutafélag og samþykkt að selja eignarhlut sinn í. Fram hefur komið að fyrir hlut ríkisins megi fá allt að 35–40 milljarða kr. Með tillögu þessari er lagt til að hluta þeirrar upphæðar verði varið til þessa „þjóðarátaks“ sem flestir Íslendingar eru örugglega sammála um að þurfi að ráðast í sem allra fyrst.

Lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa byggingarnefnd sem annist undirbúning nýbyggingar í nánu samstarfi við t.d. starfsfólk sem hefur mikla og víðtæka reynslu og þekkingu á húsnæðisþörf sjúkrahúsa. Undirbúningstími slíkra stórframkvæmda er langur og því er nauðsynlegt að hefjast handa sem fyrst og vanda mjög til allrar forvinnu, m.a. þarf að undirbúa og fá samþykkt nýtt deiliskipulag fyrirhugaðs byggingarsvæðis.

Flutningsmenn telja raunhæft að vinna við nýbygginguna geti hafist af fullum krafti haustið 2007 um leið og framkvæmdum austanlands við álver og virkjanir lýkur. Verkið verður að undirbúa vel og tímasetja með tilliti til þess að hinum miklu framkvæmdum eystra verði lokið og sú þensla á vinnumarkaði sem þær valda tímabundið hafi minnkað. Nýbygging við LSH hæfist á hentugum tíma og stuðlaði þar með að hagstæðum tilboðum og því að viðhalda hér á landi góðu atvinnuástandi í byggingariðnaði.

Afar brýnt er að tekin verði ákvörðun um framtíðaruppbyggingu spítalans á einum stað. Langan tíma tekur að hanna og skipuleggja uppbyggingu nýs spítala. Viðhald og endurbætur núverandi húsnæðis yrðu einnig markvissari ef áætlanir lægju fyrir. Með samþykkt þessarar tillögu, sem flutningsmenn binda vonir við að um skapist þverpólitísk samstaða á Alþingi, yrði til tímasett ákvörðun Alþingis um að hefjast handa á tilteknu ári. Slík ákvörðun mundi gagnast stjórnendum LSH vel m.a. í sambandi við viðhald og endurbætur annarra eigna sjúkrahússins.

Íslendingum fjölgar stöðugt, þjóðin eldist og tækninni fleygir fram. Augljóst þykir að eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vaxi stöðugt. Það er lagalegur réttur almennings að heilbrigðisþjónusta sé eins og best gerist erlendis því að í lögum um réttindi sjúklinga segir í 3. gr.: „Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita.“ Til að styrkja heilbrigðisþjónustuna í landinu voru sjúkrahúsin í Reykjavík sameinuð árið 2000 í flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu og spítala allra landsmanna, Landspítala – háskólasjúkrahús. Við sameininguna voru eftirfarandi markmið í forgrunni: Gera átti starfsemina skilvirkari og ódýrari. Auka átti gæði þjónustunnar og ánægju sjúklinga með hana. Styrkja átti sérgreinar og rannsóknir og kennslu. Ljóst er með hliðsjón af nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um mat á árangri af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík að þessi meginmarkmið hafa að mörgu leyti náðst en hvað kostnað varðar hefur sameiningin ekki skilað tilætluðum árangri.

Undanfarið hafa málefni LSH verið í brennidepli vegna mikils rekstrarvanda. Margir telja að það sem helst hindri fullt hagræði af sameiningunni sé að meginstarfsemin er á tveimur stöðum. Líklegt er að hagræðing í rekstri náist ekki fyrr en starfsemi LSH sameinast á einum stað. Þá er ljóst að núverandi fyrirkomulag og húsnæðisskortur bitnar á þjónustu við sjúklinga. Fyrir þessum staðhæfingum liggja eftirfarandi rök: Dýrustu rekstrareiningar spítalans, sem eru gjörgæsla, skurðstofur, rannsóknastofur og myndgreining, verða ekki sameinaðar fyrr en öll bráðastarfsemi spítalans er komin undir eitt þak. Þar sem meginstarfsemi spítalans er á tveimur stöðum er nauðsynlegt að reka tvær bráðamóttökur. Þetta fyrirkomulag veldur óhagræði, bæði fyrir starfsmenn og sjúklinga, vaktþjónusta þessarar starfsemi er á tveimur stöðum og á vissum sviðum verður ekki komist hjá tvíverknaði. Auk þess eru báðar bráðamóttökurnar í ófullnægjandi húsnæði.


Samkvæmt ráðgjafarfyrirtækinu Ementor frá Danmörku er áætluð húsnæðisþörf spítalans 120 þús. fermetrar og munu núverandi byggingar á Hringbraut og í Fossvogi vera samtals 90 þús. fermetrar. Ljóst er að núverandi húsnæðisvandi LSH er mikill og mun fara versnandi. Nær allt núverandi húsnæði spítalans er orðið gamalt og hentar að ýmsu leyti ekki til reksturs nútímaspítala. Tví- eða fjórbýli er á flestum sjúkrastofum en nútímaviðhorf gerir ráð fyrir einbýlum eða tvíbýlum. Streymi (e. logistic) starfseminnar er ekki í samræmi við nútíma-

starfshætti á sjúkrahúsum enda bera viðbyggingar spítalanna þess glöggt vitni. Reynt hefur verið að sameina samstæða starfsemi eftir því sem við á í húsnæði spítalans við Hringbraut eða í Fossvogi. Vegna þrengsla er þetta þó ekki hægt að öllu leyti. Erfiðleikar skapast þar eð nánar samstarfssérgreinar læknisfræðinnar eru ekki á sama stað. Má þar nefna að deild hjartalyflækninga er við Hringbraut en lungnalækningar í Fossvogi. Hlýst af þessu óhagræði bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk og kallar á stöðugan flutning á starfsfólki og sjúklingum milli staða. Skipting starfsemi milli húsa getur einnig sett sjúklinga í hættu þegar slys og bráðatilvik ber að. Kostir sameiningar koma því ekki að fullu fram fyrr en einstakar einingar spítalans njóta allar stuðnings hver frá annarri. Vegna húsnæðisskorts er algengt að sjúklingar liggi á göngum, sem ekki er boðlegt, auk þess sem slíkt fyrirkomulag getur verið varasamt við óvænta atburði, svo sem ef kviknar í húsnæði spítalans eða aðrar ástæður gera skjóta rýmingu húsnæðis nauðsynlega. Vegna þrengsla og óhentugs húsnæðis er ekki hægt að koma við nauðsynlegum sýkingavörnum þar sem ekki er hægt að einangra sjúklinga þegar mikið er um gangainnlagnir og stór hluti sjúkrarúma er í fjölbýlum. Þetta er einkum bagalegt vegna vaxandi fjölda spítalasýkinga og hættu á farsóttum, svo sem bráðri lungnabólgu, þótt sá sjúkdómur næði ekki að berast til landsins á liðnum vetri er hann geisaði í Austurlöndum fjær. Nær öruggt má telja að slíkur sjúkdómur berist fyrr eða síðar til Íslands og því lífsnauðsynlegt að fullnægjandi einangrunaraðstaða sé fyrir hendi til að hindra útbreiðslu alvarlegra farsótta á Íslandi. Aðstaða til göngudeildastarfsemi er takmörkuð á spítalanum þar sem mun minni áhersla var lögð á meðferð án innlagnar sjúklinga fram á síðustu 15–20 ár en nú er. Húsnæði spítalans er óhentugt fyrir göngudeildastarfsemi, jafnvel þótt ráðist yrði í viðamiklar breytingar. Þetta er einkar bagalegt í ljósi þess að tækninýjungar hafa aukið möguleika á að meðhöndla sjúklinga án innlagnar. Slíkt fyrirkomulag er ódýrara en innlögn og gefur tækifæri til mikillar hagræðingar í rekstri spítalans. Ný spítalabygging gæfi færi á uppbyggingu sjúkrahótels í tengslum við spítalann og dregið gæti úr kostnaði vegna dvalar sjúklinga utan af landi sem nytu nálægðar við spítalann meðan á meðferð stæði en þyrftu ekki sólarhringsþjónustu á sjúkradeild. Kostnaður við uppbyggingu sjúkrahúsa hefur verið áætlaður um það bil þrefaldur árlegur rekstrarkostnaður fullbyggðrar nýrrar stofnunar. Hagræði í starfi spítala er því fljótt að skila sér ef vel tekst til. Ljóst er að sameiningin hefur eflt ýmsar sérgreinar faglega. Hins vegar var eitt af markmiðum sameiningar bætt aðstaða til háskólastarfsemi spítalans. Aðstaða til rannsókna og kennslu er hins vegar ófullnægjandi og hið sama má segja um aðstöðu til fyrirlestrahalds. Margir starfsmenn búa við slæma vinnuaðstöðu vegna þrengsla og kemur það meðal annars fram í nýrri athugun Vinnueftirlitsins á starfsumhverfi lækna. Þetta veldur óhagræði og óánægju og getur haft truflandi áhrif á starfsemi spítalans í heild.

Í greinargerð stjórnarnefndar LSH um árin 2000–2003 er á nokkrum stöðum fjallað um framtíðaraðstöðu LSH hvað húsnæði varðar. Í einum kaflanum er rætt um framtíðarhúsnæði spítalans. Þar segir: „Nýjar byggingar – framtíðaruppbygging. Stærsta verkefnið sem bíður nýrrar stjórnarnefndar er að fylgja eftir áformum um að reisa nýjan spítala sunnan Hringbrautar. Að baki er að byggja upp eitt sameinað sjúkrahús og hefur það tekist vel að mati stjórnarnefndar. Þar lágu m.a. fyrir þau vandamál að aðalstarfsemi LSH fer nú fram á tveimur stöðum í húsnæði sem fullnægir ekki nútímakröfum, hvorki fyrir sjúklinga né starfsfólk. Það var því stór áfangi þegar ákvörðun var tekin um framtíðarstaðsetningu LSH og uppbyggingu þess. Í ljósi þess að samningar við Reykjavíkurborg eru efnislega í höfn er tímabært að skipa verkefnisnefnd/byggingarnefnd sem hafi það verkefni að gera áætlanir um þetta mikla verkefni og tryggja framgang þess innan stjórnkerfisins. Mikilvægt er að ný stjórnarnefnd komi með þunga að verkefninu. Hlutverk verkefnisnefndar er að leggja línur um stefnumarkandi

þætti, kröfur til húsnæðis og allrar vinnu og ytra fyrirkomulag nýs spítala. Gera verður ráð fyrir að slíkt ferli taki talsverðan tíma og verði eitt aðalverkefni næstu stjórnarnefndar. Tímabært er að hefja nú þegar þarfagreiningu út frá sviðum, sérgreinum og öðrum rekstrarþáttum. Stjórnarnefnd þarf hið fyrsta að láta hefja slíka vinnu með tilnefningu notendaráða innan LSH sem hafi þessi verkefni með höndum. Mikilvægt er að með notendaráðum starfi fulltrúar sjúklinga og almennings. Með notendaráðum starfi jafnframt samhæfingaraðilar, tengiliðir stjórnarnefndar og framkvæmdastjórnar. Brýnt er að vanda vel til þessa verks frá upphafi, enda eitt umfangsmesta og flóknasta verkefni sem bíður stjórnvalda. Nýr spítali á að þjóna Íslendingum á nýrri öld tækni og vísinda þar sem þjóðin mun gera kröfu til alls þess besta sem völ er á, í aðbúnaði, þjónustu og tækni.“

Lóð spítalans og hugmynd að framtíðarskipulagi svæðisins.



818. Frumvarp til laga [543. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 35. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 157/1998, bætist nýr töluliður sem hljóðar svo: Heimildarbréf sveitarfélaga, félaga og félagasamstaka fyrir húseignum sem Íbúðalánasjóður hefur veitt lán til kaupa á sem leiguhúsnæði skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að heimildarbréf, þ.e. kaupsamningar og afsöl, vegna íbúða sem sveitarfélög, félög og félagasamtök kaupa í þeim tilgangi að leigja þær út, sbr. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, verði stimpilfrjáls. Fyrir árið 1999 voru heimildarbréf vegna félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Þá var farið að krefjast stimpilgjalda af heimildarbréfum slíkra íbúða á grundvelli breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og lögum nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Við athugun á þessum lögum virðist sem mistök við lagasetningu hafi valdið því að skýr lagaheimild fyrir stimpilfrelsi þessara bréfa féll út frekar en að þar hafi vilji löggjafans komið fram.

Niðurfelling stimpilskyldu af heimildarbréfum leiguhúsnæðis getur auðveldað félögum, meira en nú er, að ráðast í fjárfestingar sem miða að því að auka og bæta leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa á húsnæði til þeirra nota, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs í þessum tilgangi, sbr. VIII. kafla sömu laga, eru stimpilfrjáls, sbr. 4. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Stimpilgjalda er aftur á móti krafist af heimildarbréfum vegna þessa húsnæðis sem er umdeilanleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Fyrir gildistöku laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, voru heimildarbréf félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Sú framkvæmd byggðist á ákvæði 4. mgr. 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem segir: „Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis."

Með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, voru verulegar breytingar gerðar á húsnæðislöggjöfinni. Í 46. gr. þeirra laga, um þinglýsingu og stimpilgjöld, var kveðið á um að skuldabréf sem gefin væru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laganna, væru undanþegin stimpilgjaldi en ekki getið heimildarbréfa vegna þeirra eigna. Í bráðabirgðaákvæðum laganna kom aftur á móti fram að nokkur ákvæði laga nr. 97/1993 skyldu halda gildi sínu og þar á meðal var 78. gr.

Við gildistöku laga nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, voru ákvæði ýmissa sérlaga, sem kváðu á um undanþágur frá stimpilskyldu, felld út og færð í lög um stimpilgjald. Þar á meðal var ákvæði 46. gr. laga nr. 44/1998 en efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 4. og 5. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1998. Við þessar lagabreytingar skapaðist óvissa um stimpilskyldu heimildarbréfa fyrir húseignum sem voru keyptar í því skyni að vera leiguíbúðir. Sveitarfélög og félög í þeirra eigu hafa talið að heimildarbréf fyrir slíku húsnæði eigi að njóta stimpilfrelsis á grundvelli 78. gr. laga nr. 97/1993 en þeirri kröfu hefur verið hafnað af fjármálaráðuneyti á grundvelli túlkunar á 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að eyða þessari óvissu og bæta nýjum tölulið við 35. gr. laga nr. 36/1978 sem kveður skýrt á um stimpilfrelsi heimildarbréfa fyrir leiguhúsnæði sem Íbúðalánasjóður veitir lán til kaupa á skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998.

Samkvæmt lögum um stimpilgjöld eru skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, stimpilfrjáls. Sama gildir um heimildarbréf vegna íbúða sem keyptar eru með viðbótarlánum. Viðbótarlán fá ákveðnir tekjuhópar og geta þau numið allt að 25% af kaupverði til viðbótar húsbréfalánum. Íbúðalánasjóður lánar þannig kaupendum íbúða, með milligöngu sveitarfélaga, allt að 90% af kaupverði á hagstæðum kjörum. Félagslegt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga og annarra félaga sem hér um ræðir er í flestum tilfellum leigt einstaklingum sem hafa enn lægri tekjur en þeir sem fá viðbótarlán. Engin haldbær rök styðja að gerður sé greinarmunur á innheimtu stimpilgjalda af heimildarbréfum fyrir félagslegu leiguhúsnæði annars vegar og heimildarbréfum vegna kaupa á íbúðum með viðbótarlánum hins vegar. Það er tæplega vilji löggjafans að viðhalda slíkri mismunun. Stimpilgjöld auka kostnað við kaup á leiguhúsnæði sem aftur getur leitt til hærra leiguverðs.

Stimpilgjöld sem innheimt eru vegna kaupa á húsnæði geta skipt sveitarfélög, félög og félagasamtök, og þá sérstaklega þau sem smærri eru, allnokkru máli enda um nokkrar fjárhæðir að ræða. Má í því sambandi nefna að Félagsbústaðir hafa greitt frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2004 tæpar 20 millj. kr. í stimpilgjöld vegna leiguíbúða. Því er eðlilegt að heimildarbréf sem þinglýst er við kaup eða byggingu þessara eigna séu stimpilfrjáls.

819. Svar [468. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Ólafs Jónssonar um gjafsókn.

1. Hversu margar umsóknir um gjafsókn, sbr. 3. mgr. 125. gr. laga nr. 91/1991, bárust ráðherra á árunum 1998–2003, sundurliðað eftir árum?

Gjafsóknarnefnd

Sundurliðun eftir tegund mála

Tafla II

Ár	Fjöldi umsagna, gjafsóknarbeiðnir	Mál skv. VII kafla barnalaga		Forsjármál		Fasteignir, eignaréttur		Hjónaskilnaður, sambúðarslit		Starfsréttindi, laun lífeyrir		Fjárkröfur, viðskipti		Skaðabætur, slys, líkamstjón		Skaðabætur,læknamistök		Skaðabætur, önnur mál		Stjórnsýsluákvarðanir		Önnur mál	
			Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild		Hundraðshluti af heild
1998	315	32	*10*	65	*21*	19	*6*	10	*3*	20	*6*	7	*2*	95	*30*	10	*3*	30	*10*	4	*1*	23	*7*
1999	346	41	*12*	85	*25*	16	*5*	9	*3*	18	*5*	5	*1*	95	*27*	10	*3*	37	*11*	7	*2*	23	*7*
2000	352	42	*12*	88	*25*	23	*7*	13	*4*	15	*4*	9	*3*	82	*23*	19	*5*	38	*11*	9	*3*	14	*4*
2001	378	46	*12*	95	*25*	22	*6*	15	*4*	7	*2*	6	*2*	84	*22*	25	*7*	39	*10*	7	*2*	32	*8*
2002	428	32	*7*	107	*25*	22	*5*	21	*5*	17	*4*	8	*2*	131	*31*	21	*5*	26	*6*	8	*2*	35	*8*
1/1-15/6																							
2003	436	47	*11*	104	*24*	12	*3*	21	*5*	7	*2*	5	*1*	115	*26*	19	*4*	26	*6*	7	*2*	73	*17*
Samtals	**2255**	**0**	**240**	***11***	**544**	***24***	**114**	***5***	**89**	***4***	**84**	***4***	**40**	***2***	**602**	***27***	**104**	***5***	**196**	***9***	**42**	***2***	**200**	***9***

Í töflunni kemur fram heildarfjöldi umsókna um gjafsókn árin 1998–2003. Jafnframt eru umsóknir sundurliðaðar eftir tegundum mála. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda umsókna seinni helming ársins 2003, en samkvæmt bráðabirgðatölum voru umsóknir um gjafsókn það árið 503.

2. *Hversu oft var gjafsókn veitt og hversu oft var hennar synjað á sama tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Gjafsóknarnefnd

Yfirlit yfir afgreiddar gjafsóknarbeiðnir

Tafla I		Mælt með gjafsókn						Ekki mælt með gjafsókn										
Ár	Fjöldi umsagna, gjafsóknarbeiðnir	Lögbundin gjafsókn	Hundraðshluti af heild	Mælt með skv. A og B lið	Hundraðshluti af heild	Samtals mælt með gjafsókn	Hundraðshluti af heild	Ekki nægilegt tilefni	Hundraðshluti af heild	Ekki mælt með skv. A og B lið	Hundraðshluti af heild	Beiðni frávísað	Hundraðshluti af heild	Ekki mælt með, samtals	Hundraðshluti af heild	Ýmsar aðrar umsagnir	Umsagnir í heild	Mál fyrir Hæstarétti
1998	315	44	*14*	147	*47*	**191**	***61***	25	*8*	75	*24*	24	*8*	**124**	***39***	2	317	45
1999	346	63	*18*	179	*52*	**242**	***70***	20	*6*	53	*15*	31	*9*	**104**	***30***	3	349	58
2000	352	66	*19*	170	*48*	**236**	***67***	27	*8*	70	*20*	19	*5*	**116**	***33***	5	357	59
2001	378	65	*17*	203	*54*	**268**	***71***	29	*8*	57	*15*	24	*6*	**110**	***29***	2	380	59
2002	428	51	*12*	255	*60*	**306**	***71***	30	*7*	77	*18*	15	*4*	**122**	***29***	5	433	65
Frá 1/1 til 26/10						**0**												
2003	436	72	*17*	245	*56*	**317**	***73***	52	*12*	47	*11*	16	*4*	**115**	***26***	4	436	

Hér sést hversu oft gjafsókn var veitt og hversu oft hennar var synjað árin 1998–2003. Ekki liggja enn fyrir tölur um fjölda eftir 26. október 2003.

3. *Hversu oft var gjafsókn veitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 og hversu oft á grundvelli b-liðar 1. mgr. 126. gr. á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Gjafsóknarnefnd

Tölulegar upplýsingar 1998-2002

Tafla III

	Mælt með gjafsókn				
Ár	A	B	A og B	Lögbundið	Samtals
1998	131	4	12	44	191
1999	156	12	11	63	242
2000	149	13	8	66	236
2001	181	14	8	65	268
2002	226	22	7	51	306

4. Af hvaða ástæðum var gjafsóknar synjað á umræddu tímabili, sundurliðað eftir árum?

Gjafsóknarnefnd

Tölulegar upplýsingar 1998-2002

Tafla IV

Ekki mælt með gjafsókn

Ekki tilefni	A	B	A og B	Vísað frá	Samtals
25	56	4	15	24	124
20	25	3	25	31	104
27	27	8	35	19	116
29	29	1	27	24	110
30	25	8	44	15	122

820. Svar [449. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar undanþágur eru frá greiðslu virðisaukaskatts og hvað er áætlað að þær nemi háum fjárhæðum? Svarið óskast sundurliðað eftir starfsgreinum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, skal greiða í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu. Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá nær hún til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. 2. gr. laganna.

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 er upptalning á þeirri vinnu og þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti, en þar kemur fram að eftirtalin vinna og þjónusta sé undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.
4. Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
5. Íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
6. Fólksflutningar. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið.
7. Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfapóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

8. Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða. Útleiga hótel- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða er þó skattskyld, svo og önnur gistiþjónusta þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar. Sama gildir um sölu á aðstöðu fyrir veitingar og samkomur þegar leigt er til skemmri tíma en eins mánaðar.
9. Vátryggingarstarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg listarstarfsemi.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Í 3. gr. laga nr. 50/1988 eru tilgreindir þeir aðilar sem skyldugir eru til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð.

Í 4. gr. laga nr. 50/1988 kemur fram að eftirtaldir aðilar eru undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. sömu laga:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 220.000 kr. á ári.
4. Skólamötuneyti.

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar sem geri kleift að áætla hvað undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. og 4. gr. laga nr. 50/1988 nemi háum fjárhæðum.

Tekið skal fram að í 42. gr. laga nr. 50/1988 er kveðið á um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem nánar tilgreindir aðilar hafa innt af hendi. Hér að aftan er gerð grein fyrir slíkum endurgreiðslum á virðisaukaskatti fyrir árið 2002 (fjárhæðir eru í milljónum króna):

Vegna íbúðarhúsnæðis	1.312
Til opinberra aðila	2.764
Til erlendra aðila	385
Af vörum til manneldis	820
Vegna hitunar húsa og laugarvatns	221
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, bygging	18
Aðrar endurgreiðslur	265
	5.785

821. Svar [385. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar og Jóns Bjarnasonar um skattgreiðslur í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

1. *Hvernig er háttað skattlagningu launa erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun, sundurliðað eftir því hvort um starfsmenn samningsverktaka eða undirverktaka er að ræða, hvort viðkomandi starfsmenn eru ráðnir af verktakanum sjálfum eða starfsmanna-*

leigum, svo og eftir því hvort um fastráðningu eða verkefnaráðningu til skamms tíma er að ræða og öðru sem máli skiptir í þessu sambandi?

Erlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun eru skattskyldir hér á landi af þeim launum sem þeir fá greidd fyrir vinnu sína þar. Gildir þá einu hvort þeir eru starfsmenn samningsverktaka eða undirverktaka, hvort þeir eru ráðnir af verktakanum sjálfum eða af starfsmannaleigum svo og hvort þeir eru með fastráðningu eða verkefnaráðningu til skamms tíma. Það fer síðan eftir því hversu lengi starfsmennirnir dvelja hér á landi hvort þeir bera hér ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. gr. laga nr. 90/2003 eða takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. sömu laga. Í báðum tilvikum reiknast skattur á launatekjur eftir sömu reglum. Vísast að öðru leyti til bréfs ríkisskattstjóra til skattstjóra frá 27. ágúst 2003, sem fylgir svari þessu. Í vissum tilvikum geta starfsmenn erlends aðila, sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, verið utan skattskyldu hér á landi.

2. *Hverjum ber í mismunandi tilvikum að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af erlendum starfsmönnum við Kárahnjúkavirkjun sem þiggja laun vegna vinnu hér á landi og hvernig er tryggt að greitt sé af raunverulegum heildarlaunum?*

Samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ber launagreiðanda að standa skil á staðgreiðslu af launum þeim sem hann greiðir starfsmönnum. Líkt og fram kemur í bréfi ríkisskattstjóra frá 27. ágúst 2003 líta skattyfirvöld svo á að þessi skylda taki til allra þeirra aðila sem hafa með höndum starfsemi hér á landi. Enn fremur tekur þessi skylda til allra sem hjá þeim starfa hér á landi, óháð því hvaða form er á ráðningu starfsmannanna, m.a. hvort þeir starfi samkvæmt samningum um leigu á vinnuafli, sé réttarsamband þeirra með þeim hætti að líta beri á það sem samband launamanns og launagreiðanda í skattalegu tilliti. Er fjallað nánar um það í bréfi ríkisskattstjóra frá 27. ágúst 2003 og vísast að öðru leyti til þess bréfs. Enn fremur er spurt um hvernig tryggt sé að greitt sé af heildarlaunum. Því er til að svara að skil á staðgreiðslu eru í þessum tilvikum sem öðrum byggð á skilagreinum launagreiðanda en þeim ber að gera mánaðarlega grein fyrir heildarlaunagreiðslum sínum og sundurliðun þeirra á einstaka starfsmenn. Sé skilagreinum vegna staðgreiðslu ekki skilað eða telji skattstjóri þeim áfátt getur hann krafist úrbóta og áætlað launagreiðanda staðgreiðslu fáist ekki fullnægjandi upplýsingar hjá honum. Að lokum er við álagningu opinberra gjalda á lögaðila athugað hvort samræmi sé á milli þeirra launagjalda sem gjaldfærð eru í rekstri og þeirra launa sem staðgreiðsla hefur verið greidd af.

3. *Hvernig er háttað skattlagningu erlendra verktaka eða lögaðila sem vinna við virkjunina? Í hvaða tilvikum bera þeir fulla eða takmarkaða skattskyldu hér á landi?*

Félög í eigu erlendra aðila, sem skráð eru hér á landi, eru skattskyld hér á landi með sama hætti og önnur íslensk félög, þ.e. bera hér ótakmarkaða skattskyldu. Erlendir aðilar, sem reka útibú eða aðra starfsstöð hér á landi, bera hér takmarkaða skattskyldu, þ.e. eru skattskyldir vegna þeirra tekna sinna sem upprunnar eru hér á landi og hafa þeir sömu heimildir tekjuskattslaga og innlendir aðilar til frádráttar á þeim kostnaði sem fallið hefur til vegna tekjuöflunar þeirra hér á landi.

4. *Hverjar eru skatttekjur ríkis og sveitarfélaga orðnar nú þegar vegna erlendra starfsmanna og erlendra lögaðila, sbr. fyrrgreinda sundurliðun, og hvaða skatttekjur eru áætlaðar af skattskyldum umsvifum erlendra aðila hér á landi á næsta ári?*

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust á árinu 2003. Álagning skatta á menn og lögaðila vegna tekna á því ári hefur ekki farið fram og því ekki unnt að veita svar við þessum

lið fyrirspurnarinnar. Í staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra eru takmarkaðar upplýsingar um þau atriði sem um er spurt, svo sem um hvaða launagreiðendur eru að störfum við Kárahnjúka, hvert sé þjóðerni launþeganna o.s.frv. Þær upplýsingar, sem tiltækar eru á þessu stigi, eru um heildarlaunagreiðslur og staðgreiðsluskil nokkurra launagreiðenda, sem vitað er að starfa að virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka. Í ljósi þess hversu fáa aðila er um að ræða þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekju- og eignarskatt, ekki rétt að upplýsa um fjárhæðir þessar. Ríkisskattstjóri hefur ekki forsendur til að áætla tekjur af skattskyldum umsvifum erlendra aðila hér á landi eins og óskað er eftir í fyrirspurninni.

5. *Hver eru helstu álitamál og vandamál sem uppi eru eða upp kunna að koma að mati fjármálaráðuneytisins í sambandi við skattalega meðferð mála í fyrrgreindum tilvikum og tengd umsvifum vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar í heild?*

Að mati ráðuneytisins eru engin sérstök álitamál eða vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna annarra framkvæmda af þessari stærðargráðu.

Fylgiskjal.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra, dags. 27. ágúst 2003:

Efni: „Leiga“ á erlendu vinnuafli – skattaleg staða.

Að gefnu tilefni telur ríkisskattstjóri rétt með vísan til 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að fjalla um skattalega stöðu aðila með starfsemi hér á landi, sem fær til liðs við sig vinnukraft á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli eins og það hefur verið nefnt, að því er varðar skyldur launagreiðenda samkvæmt gildandi skattalögum.

Til nánari afmörkunar á þeim tilvikum sem hér um ræðir skal nefnt dæmi. Fyrirtæki hér á landi vantar starfsmenn. Með fyrirtæki er hér er átt við fyrirtæki sem ber hér skattskyldu samkvæmt 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og einnig fyrirtæki sem ber hér takmarkaða skattskyldu vegna fastrar starfsstöðvar hér á landi samkvæmt 4. tölul. 3. gr. sömu laga (hér eftir nefnt innlenda fyrirtækið). Í stað þess að ráða starfsmenn samkvæmt hefðbundnum leiðum ákveður innlenda fyrirtækið að leita til ótengds fyrirtækis (vinnuleigu) sem hefur starfsmenn á sínum snærum og semur við það um að fá „leigða“ starfsmenn þess. Er gerður samningur á milli fyrirtækjanna um að vinnuleigan sjái hinu innlenda fyrirtæki fyrir starfsmönnum í tiltekinn tíma. Er í umfjölluninni hér á eftir gengið út frá því að um sé að ræða erlenda vinnuleigu og erlenda starfsmenn sem koma hingað til lands á grundvelli slíks samnings. Þessir erlendu starfsmenn koma hingað til lands og vinna að þeim verkefnum sem innlenda fyrirtækið felur þeim. Starfsmennirnir þiggja að forminu til ekki laun frá hinu innlenda fyrirtæki, heldur greiðir það tiltekna fjárhæð reglulega til vinnuleigunnar, sem greiðir starfsmönnunum síðan laun. Gengið er út frá því að ekki sé um að ræða viðskipti milli tengdra aðila á óeðlilegu verði.

Um skattskyldu erlendra starfsmanna.

Starfsmenn sem ráðast til starfa á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli bera hér ýmist fulla og ótakmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og

eignarskatt, eða takmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. tölul. 3. gr. sömu laga. Ræðst það af því hversu lengi dvöl þeirra er hér á landi. Í því felst m.a. að þeim ber að skila hér inn framtali samkvæmt 90. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Með lögum nr. 145/1995 var sérstaklega kveðið á um skattalega stöðu þessara manna en lög þessi voru breytingarlög á þágildandi lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt því er sérstaklega kveðið á um að takmarkaða skattskyldu beri þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi „á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili". Í greinargerð með frumvarpi að nefndum breytingarlögum var lagabreyting þessi skýrð svo:

„Um langt skeið hefur alþjóðleg útleiga vinnuafls leitt til ýmissa vandkvæða í skattframkvæmd. Hér er um það að ræða að rekstraraðili sem óskar eftir því að ráða erlent vinnuafl í skemmri tíma en 183 daga ræður starfskraft í gegnum erlendan millilið. Milliliðurinn gefur sig út fyrir að vera vinnuveitandi og leigir út vinnuaflið til rekstraraðilans. Með breytingunni er gert ráð fyrir að launþegi sem þannig hagar til um verði skattskyldur hér á landi á grundvelli 3. gr. Launagreiðandi hans (hinn innlendi rekstraraðili) ber ábyrgð á staðgreiðslu af launum hans eins og annarra launamanna sem hér starfa tímabundið. Þetta er í samræmi við sambærileg ákvæði tvísköttunarsamninga og er lagt til að tekin verði af tvímæli um að menn sem svo háttar um sem að framan er lýst verði ótvírætt taldir skattskyldir hér á landi. Sú regla er í samræmi við gildandi framkvæmd og því ekki breyting að því leyti."

Ákvæði 3. og 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ber að skýra til samræmis við þetta og telur ríkisskattstjóri ljóst að innlenda fyrirtækið sé jafnan staðgreiðsluskyldur launagreiðandi vegna staðgreiðslu af launum starfsmanna sem þeir ráða til starfa samkvæmt samningum um útleigu á vinnuafli, enda leiði könnun á sambandi aðila í ljós að skattalegt réttarsamband þeirra sé með þeim hætti að líta beri á það sem samband launamanns og launagreiðanda í skattalegu tilliti. Ríkisskattstjóri telur að samningar launagreiðanda við svonefnda vinnuleigu um að hún láti í té starfsmenn geti aldrei breytt stöðu hans sem launagreiðanda. Er nánar um það fjallað hér að neðan.

Skyldur launagreiðanda samkvæmt lögum nr. 45/1987.

Eins og greinir hér að framan má almennt gera ráð fyrir því að hið innlenda fyrirtæki hafi stöðu launagreiðanda í skilningi laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, gagnvart starfsmönnum sem þeir hafa á sínum vegum samkvæmt samningi við vinnuleigu. Til að slá slíkri niðurstöðu fastri þarf engu að síður að meta hvert tilvik fyrir sig og við það mat þarf m.a. að skoða samninga aðila einkum í ljósi eftirfarandi atriða (ath. listinn er ekki tæmandi):

- hver ber ábyrgð á störfum starfsmannanna (hver ber húsbóndaábyrgð vegna starfa þeirra hér á landi)
- hver ber ábyrgð á starfi með tilliti til verkefna sem þeim eru falin, þ.e. er áherslan á tilteknum árangri í starfi (verklokum) eða almennu vinnuframlagi eftir ákvörðun hins innlenda fyrirtækis
- hver hefur verkstjórn og eða tekur ákvörðun um framkvæmd starfa, svo sem varðandi það hvar og hvenær vinna er unnin
- hver ræður fjölda starfsmannanna og er fyrir að fara persónulegri vinnuskyldu einstakra starfsmanna
- hvar er vinnan innt af hendi (er það á starfsstöð hins innlenda fyrirtækis undir umsjón og á ábyrgð þess)
- við hvað miðast endurgjald til vinnuleigunnar (er þar miðað við vinnutíma starfsmanna auk þóknunar til vinnuleigunnar eða er annars konar samband á milli endurgjaldsins og

þeirra launa sem starfsmennirnir fá fyrir sína vinnu eða á hvaða grundvelli er það ákvarðað)
- hver leggur til verkfæri og efni
- önnur atriði sem hafa þýðingu við úrlausn á því hvort starfsmennirnir eru í eðli sínu starfsmenn hins íslenska launagreiðanda eða hvort réttara er að líta á þá sem starfsmenn erlends verktaka.

Tekið skal fram að það nafn eða umgjörð sem aðilar hafa að formi til byggt í kringum réttarsamband sitt ræður ekki úrslitum heldur efnislega hvert raunverulegt samband aðila er. Ríkisskattstjóri telur það ekki standast í skattalegu tilliti að lögaðilar geri vinnusamninga sín á milli og ráðstöfun launamanna á slíkum grundvelli fær ekki staðist eftir að vistarband leið undir lok.

Sé niðurstaðan úr ofangreindu mati sú að um vinnusamband sé að ræða þá er það innlenda fyrirtækið sem telst launagreiðandi gagnvart starfsmönnunum og ber það þar með allar skyldur sem launagreiðandi samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Innlenda fyrirtækinu ber því að halda eftir staðgreiðslu af launum starfsmanna ásamt því að greiða tryggingagjald af launum. Með sama hætti ber því að standa skil á launaframtali. Því ber jafnframt að gera grein fyrir launagreiðslum á launamiðum samkvæmt 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Það leiðir af þessari lögboðnu skyldu hins innlenda fyrirtækis sem launagreiðanda að það verður að afla sér upplýsinga frá erlenda leigufyrirtækinu eða eftir atvikum starfsmönnunum um það hvernig fjárhæðin sem íslenska fyrirtækið greiðir vinnuleigunni skiptist í laun til starfsmanna og þóknun til vinnuleigunnar og þá jafnframt hvernig launin skiptast innbyrðis milli starfsmannanna, ef þær upplýsingar liggja ekki þá þegar fyrir.

Ef hluti af greiðslu til vinnuleigunnar rennur ekki til að standa straum af launagreiðslum heldur er þóknun vinnuleigunnar, og þar er um erlendan aðila að ræða, er þar um að ræða greiðslur til aðila sem ber hér takmarkaða skattskyldu af þeim samkvæmt 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Ber hinu innlenda fyrirtæki að halda eftir staðgreiðslu af þeim greiðslum samkvæmt 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sé niðurstaðan hins vegar sú samkvæmt framangreindri könnun á réttarsambandi aðilanna, að ekki sé um vinnusamband að ræða í skattalegu tilliti og þar með að innlenda fyrirtækið hafi ekki stöðu launagreiðanda gagnvart starfsmönnunum í skattalegu tilliti, kemur tvennt til greina. Annað hvort telst hin erlenda vinnuleiga hafa fasta starfsstöð hér á landi og ber þar af leiðandi sjálf skattskyldu hér á landi samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003. Henni ber þá að gera grein fyrir skattskyldum tekjum sínum á skattframtali eins og öðrum lögaðilum sem skattskyldu bera hér samkvæmt nefndu ákvæði. Ef umfang starfseminnar er aftur á móti ekki með þeim hætti að unnt sé að líta á starfsemi hins erlenda fyrirtækis þannig að um fasta starfsstöð sé að ræða yrði að líta svo á að um væri að ræða verktakasamband á milli hins innlenda fyrirtækis og erlenda aðilans. Erlendi aðilinn ber í slíkum tilvikum takmarkaða skattskyldu á grundvelli 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Innlenda fyrirtækið er staðgreiðsluskylt vegna greiðslna til hans samkvæmt 6. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og telst slík afdregin staðgreiðsla sem greidd hefur verið til ríkissjóðs endanleg álagning skatta á hinn erlenda aðila.

Fyrir utan hina lagalegu stöðu aðila samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þykir að lokum rétt að vekja og sérstaka athygli á ábyrgð hins innlenda fyrirtækis á skattgreiðslum hins erlenda fyrirtækis vegna hinnar aðkeyptu þjónustu samkvæmt 3. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Staðgreiðsluskyldan og ábyrgðin eiga í

raun líka við þó svo íslenski aðilinn teljist launagreiðandi gagnvart starfsmönnunum en þá eingöngu af þeirri fjárhæð sem telst vera þóknun erlenda fyrirtækisins eins og rakið hefur verið að framan.

Ríkisskattstjóri.

822. Fyrirspurn [544. mál]

til fjármálaráðherra um sjómannaafslátt.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu margir fengu svokallaðan sjómannaafslátt árin 1994–2003 á hverju ári um sig? Hvað er um marga lögskráningardaga að ræða?
2. Hversu margir vinnudagar voru á þessum tíma teknir til greina vegna:
   a. vinnu lögskráðs sjómanns á fiskiskipi,
   b. vinnu fiskimanns á eigin fari án lögskráningar,
   c. vinnu á varðskipi,
   d. vinnu á rannsóknarskipi,
   e. vinnu á sanddæluskipi,
   f. vinnu á ferju,
   g. vinnu á farskipi sem er í förum milli landa,
   h. vinnu á farskipi í strandsiglingum innan lands,
   i. vinnu hlutaráðins beitningarmanns,
   j. annarrar vinnu?
3. Hver er fjárhæð afsláttar á þessum tíma eftir þeim flokkum sem taldir voru upp í 2. lið?
4. Hvernig skiptist afslátturinn á þessum tíma eftir einstökum atvinnufyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.

823. Fyrirspurn [545. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni heilabilaðra.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hafa margir heilabilaðir einstaklingar verið á biðlista eftir viðeigandi dvalarrými, skipt eftir árum frá árinu 2000?
2. Hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að stytta biðlistana? Ef svo er, til hvaða ráðstafana?
3. Hvaða stuðningur stendur til boða þeim aðstandendum sem annast heilabilaða í heimahúsum?

4. Hefur verið metið hver áhrif ónógt dvalarrými hefur á atvinnuþátttöku og heilsufar aðstandenda sem annast heilabilaða í heimahúsum?

824. Fyrirspurn [546. mál]

til forsætisráðherra um hlutfall matvöru í framfærslukostnaði heimilanna.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hversu hátt er hlutfall matvöru í framfærslukostnaði heimilanna frá árinu 1995, skipt eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

825. Fyrirspurn [547. mál]

til félagsmálaráðherra um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað eru margir á biðlista eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skipt eftir aldri og búsetu?
2. Hver hefur þróun biðlistans verið frá árinu 2000?
3. Hvaða þýðingu hefur greining fyrir rétt viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans á þjónustu frá
   a. ríki,
   b. viðkomandi sveitarfélagi?
4. Hvaða reglur gilda um forgangsröðun greiningar?

Skriflegt svar óskast.

826. Fyrirspurn [548. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um verðbreytingar á vöru og þjónustu umfram verðlag.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða verðbreytingar hafa orðið á vöru og þjónustu umfram verðlag frá árinu 1999 og hverjar eru helstu skýringar á hækkunum umfram verðlagsbreytingar?

2. Hvernig skiptast verðbreytingar sem eru umfram verðlagsbreytingar milli eftirfarandi þátta frá árinu 1999:
   a. heilbrigðisþjónusta,
   b. húsnæðiskostnaður,
   c. menntamál, skipt milli skólastiga,
   d. heimilistryggingar,
   e. rafmagn og hiti,
   f. póst- og símakostnaður?
3. Hvað hefur ríkissjóður haft í tekjur af verðhækkunum sem hafa verið umfram verðlagsbreytingar á tímabilinu 1999–2003 og hvað hafa þær hækkað mikið vísitölu neysluverðs?

Skriflegt svar óskast.

827. Fyrirspurn [549. mál]

til forsætisráðherra um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margar verkefnanefndir, annars vegar tímabundnar og hins vegar ótímabundnar, voru starfandi á vegum hvers ráðuneytis fyrir sig á árunum 2001, 2002 og 2003, hver voru verkefni nefndanna, hver var virkur starfstími þeirra á þessum árum og hvernig skiptust nefndarmenn í hverri nefnd fyrir sig eftir kynjum? Hve margir í hópi nefndarmanna voru í starfi hjá hinu opinbera?
2. Hve mikið var greitt í nefndarþóknun hjá hverri þessara nefnda á þessum árum og hve margir fengu greitt samkvæmt ákvörðun þóknananefndar? Hve margir fengu laun fyrir nefndarsetu sem ekki tók mið af ákvörðun þóknananefndar og um hve háar heildarfjárhæðir var að ræða á hverju ári hjá hverju ráðuneyti fyrir sig?
3. Hve margir sem áttu sæti í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins á þessum árum voru í fleiri en einni nefnd? Í hve mörgum nefndum sat hver þeirra og hve háar fjárhæðir voru greiddar þeim tíu sem mest fengu í sinn hlut?
4. Telur ráðherra að breyta eigi því fyrirkomulagi að þeir sem sæti eiga í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins og starfa hjá hinu opinbera fái nefndarþóknun ef nefndarstarfið fer fram í hefðbundnum vinnutíma þeirra?

Skriflegt svar óskast.

828. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

B-liður 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo: að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu eða sparisjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti tveir fulltrúar sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu í hlutafélag, tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af samtökum sparisjóða.
b. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gerð tillaga að tveimur breytingum á lagaákvæðum um sparisjóði.

Í 1. gr. er tekið tillit til athugasemdar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gert við lagaákvæði um sparisjóði. Í framhaldi af athugun ESA á fjármálalöggjöf í Noregi og Liechtenstein á árunum 2001–2002 hóf stofnunin skoðun sína á íslensku fjármálalöggjöfinni. Á síðasta ári óskaði ESA skýringa á nokkrum lagaákvæðum um sparisjóði sem stofnunin taldi í bráðabirgðaáliti sínu að brytu í bága við ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Þetta eru ákvæði um 5% hámark atkvæðisréttar í sparisjóði, bæði í hefðbundnum sparisjóði og hlutafélagssparisjóði, og ákvæði um takmörkun á framsali stofnfjár. Þá taldi stofnunin að það samrýmdist ekki EES-samningnum að sparisjóðsstjórn væri ekki heimilt að samþykkja framsal nema sýnt væri fram á að öflun stofnfjárhlutarins væri liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu. Með því væri verið að mismuna sparisjóðum á Íslandi og sparisjóðum á EES-svæðinu.

Viðskiptaráðuneytið hefur gefið ESA skýringar á þessum lagaákvæðum. Ráðuneytið telur að bráðabirgðaálit ESA standist ekki nánari skoðun sakir ólíkrar félagaréttarlegrar stöðu stofnfjárhluta og hlutabréfa. Ráðuneytið gerir jafnframt grein fyrir að ákvæði um beinar fjárfestingar og virka eignarhluti í tilskipunum ESB styðji túlkun ráðuneytisins. Þá bendir ráðuneytið á ákvæði í löggjöf um sparisjóði í öðrum EES-ríkjum þar sem takmarkanir á viðskiptum með bréf sem sparisjóðir gefa út séu meiri en hér á landi. Ráðuneytið tekur hins vegar undir að rétt sé að heimilt sé að samþykkja framsal stofnfjárhluta ef öflun hlutarins er liður í eflingu sparisjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugun ESA er ekki komin langt á veg og ekki liggur fyrir hvort stofnunin muni taka skýringar ráðuneytisins gildar. ESA hefur ekki gefið út formlega tilkynningu vegna þessa máls (letter of formal notice).

Í 2. gr. er kveðið á um hverjir skuli skipa stjórn sjálfseignarstofnunar sem orðið hefur til við hlutafélagavæðingu sparisjóðs. Í núgildandi ákvæðum er mælt fyrir um að í stjórn slíkrar sjálfseignarstofnunar skuli minnst eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar. Meginreglan í gildandi lögum er sú að í fulltrúaráði stofnunarinnar sitja stofnfjáreigendur sparisjóðs, sbr. 3. mgr. 76. gr. laganna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að hagsmunaárekstrar geta orðið á milli stofnfjáreigenda annars vegar og sjálfseignarstofnunarinnar hins vegar og að óheppilegt sé að stofnfjáreigendur taki bæði ákvörðun fyrir sína hönd og hönd sjálfseignarstofnunarinnar, t.d. um sölu á hlutabréfum stofnfjáreigenda annars vegar og sjálfseignarstofnunarinnar hins vegar. Frumvarp þetta er því lagt fram til að tryggja að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar verði óháð stofnfjáreigendum í viðkomandi sparisjóði.

Sparisjóðirnir þjóna að meginstefnu til þörfum staðbundins markaðar. Þannig þjóna þeir ekki síst hinum dreifðu byggðum landsins. Einnig er það einn af grunneðlisþáttum sparisjóða að stuðla að vexti á sínu starfssvæði og vinna að menningar- og líknarmálum á þeim svæðum. Í ljósi þessa er lagt til að stjórn sjálfseignarstofnunar verði skipuð tveimur fulltrúum sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu í hlutafélag.

Þá er lagt til að viðskiptaráðherra tilnefndi tvo menn til setu í stjórn sjálfseignarstofnunar. Er það gert í ljósi þeirra miklu fjármuna sem sjálfseignarstofnunin hefur mögulega forræði fyrir og til að tryggja eftirlit með starfrækslu stofnunarinnar, sbr. X. og XII. kafla laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

Loks er lagt til að samtök sparisjóða tilnefni einn fulltrúa í stjórn sjálfseignarstofnunar til að tryggja tengsl á milli sjálfseignarstofnunarinnar við heildarsamstarf sparisjóða í landinu.

Þá er í frumvarpinu lagt til að ákvæði gildandi laga um fulltrúaráð sjálfseignarstofnunar falli brott. Ekki er talin þörf á að fulltrúaráð starfi í sjálfseignarstofnun þegar skilið hefur verið á milli stofnfjáreigenda og stjórn sjálfseignarstofnunar og þegar leiðir viðskiptaráðherra til að hafa eftirlit með stofnuninni hafa verið efldar með því að hann tilnefni tvo fulltrúa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á því hverjir skipa stjórn sjálfseignarstofnunar sem orðið hefur til við breytingu á rekstrarformi sparisjóðs í hlutafélag. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

829. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um könnun á framkvæmd EES-samningsins.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásgeir Friðgeirsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sérfræðinga til að kanna hvort framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið rúmist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin verði skipuð fimm mönnum og tilnefni Alþingi tvo menn og Hæstiréttur Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík einn mann hver til setu í nefndinni. Fulltrúi Alþingis verði formaður nefndarinnar.

Nefndin skili Alþingi skýrslu um athuganir sínar fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Inngangur.

EES-samningurinn er umfangsmikill og tekur til flestra þátta þjóðlífsins. Samningurinn er í stöðugri þróun og mótun þar sem hann breytist samhliða þróun reglna á innri markaði ESB. Við gerð samningsins komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu í nefndaráliti 6. júlí 1992 að samningurinn rúmaðist innan valdheimilda 21. gr. stjórnarskrárinnar en jafnframt að ekki væri loku fyrir það skotið að þróun samningsins yrði á þann veg að það mat breyttist. Þessi niðurstaða var umdeild meðal fræðimanna. Frá gildistöku EES-samningsins hefur eðli samningsins breyst svo og áhrif Íslands á ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hans. Færa má rök fyrir því að þróun samningsins hafi síðan verið með þeim hætti að ástæða sé til að meta á ný hvort hann og viðbætur við hann rúmist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar eða hvort þörf er á að breyta stjórnarskránni.

Flutningsmenn telja það mikinn vafa leika á að framkvæmd EES-samningsins standist ákvæði 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands að rétt sé að Alþingi hlutist til um rannsókn á málinu. Flutningsmenn leggja því til að Alþingi skipi nefnd sérfræðinga sem fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmd EES-samningsins standist fyrrnefnt ákvæði stjórnarskrárinnar. Lagt er til að fimm menn skipi nefndina og að hver grein ríkisvaldsins tilnefni einn fulltrúa auk tveggja fulltrúa sem tilnefndir skulu af háskólasamfélaginu.

Eðli EES-samningsins.

EES-samningurinn er lifandi samningur og breytist dag frá degi. Í samningnum er gert ráð fyrir að Ísland innleiði nýjar reglur ESB á samningssviðinu, en áætlað hefur verið að Ísland innleiði 70–80% af öllum reglum ESB með þessum hætti. Þetta hefur víðtæk áhrif á íslenskt löggjafarvald. Umfang þessarar löggjafar hefur reynst mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Frumkvæði og lokaákvörðun um innleiðingu nýrra reglna er í auknum mæli komin á Evrópuvettvanginn og fá svið samfélagsins eru undanskilin. Á sumum sviðum, eins og í umhverfismálum og matvælaeftirliti, er nær öll löggjöf sem tekur gildi á Íslandi mótuð af fulltrúum annarra ríkja í Brussel, en ekki af lýðræðislega kjörnum fulltrúum á Íslandi. Aðgangur íslenskra stjórnvalda að ákvarðanatöku ESB er mestur í upphafi, en enginn á þeim vettvangi þegar endanlegar ákvarðanir eru teknar. Borgarar ESB hafa jafnframt margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem íslenskir borgarar hafa ekki en ákvarð-

anir í stofnunum ESB byggjast á fjölþættu samráði við sérfræðinga, stjórnmálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum.

Óvirkt neitunarvald.

Ísland og EFTA-ríkin hafa engin áhrif á frumrétt ESB. Þau hafa ekki atkvæðisrétt þegar fjallað er um afleidda löggjöf eða breytingar á samstarfinu. EFTA-ríkin geta hins vegar neitað að taka upp nýja löggjöf eða breytingar á samstarfinu, en til þess að svo sé þurfa þau öll að tala einum rómi. Hvert EFTA-ríki hefur neitunarvald þegar kemur að upptöku nýrra reglna. Við framkvæmd samningsins hefur þó komið í ljós að neitunarvaldið sem EFTA-ríkin hafa í orði kveðnu er óvirkt. Ástæða þess er sú að hvert EFTA-ríkjanna veit að ef neitunarvaldinu er beitt getur það ríki í næstu umferð þurft að lúta neitunarvaldi annars ríkis og þannig koll af kolli. Af því leiðir að Alþingi hefur einungis formlegt en ekki raunverulegt neitunarvald, því að beiting þess mundi í reynd kollvarpa samningnum. Við slíkar aðstæður er það hlutverk ESB að meta hvort slík neitun hafi áhrif á það samræmi sem stefnt er að með samningnum og getur það í framhaldi af því fellt niður samninginn á viðkomandi sviði. Ef svo reynist vera er ekki fráleitt að EES-samningurinn falli niður á því sviði sem viðkomandi gerð nær til. Þar með væri grafið undan meginforsendu samningsins um einsleitni á öllu svæðinu, að sömu reglur eigi að gilda alls staðar á innri markaðinum. Pólitískt er það því svo gott sem ógerlegt fyrir EES-ríki að neita að staðfesta gerðir frá ESB. EES-ríkin geta einungis dregið að staðfesta gerðir sem þeim líkar ekki, fengið tímabundna aðlögun að þeim og frestað þannig gildistöku þeirra um nokkra hríð. Með öðrum orðum, fari svo að eitt EES-ríki hafni gerð sem snýr að innri markaðinum þýðir það í raun uppsögn á EES-samningnum á því sviði og næði uppsögnin til allra EFTA-ríkjanna.

Minna vægi EFTA.

EES-samningurinn er gerður milli tveggja jafnrétthárra ríkjablokka og byggðist á gagnkvæmum viðskiptalegum hagsmunum beggja aðila. Um var að ræða tólf ríki ESB og sex EFTA-ríki sem voru að auki langmikilvægasti markaður Evrópusambandsríkjanna. Áður voru innan EFTA 30 milljónir manna sem samanlagt áttu meiri viðskipti við ESB en Bandaríkin. Þrátt fyrir að í upphafi hafi verið vitað af hinum formlegu ágöllum á uppbyggingu samningsins ESB í vil var ávallt gert ráð fyrir því að jafnvægi EFTA og ESB-ríkjanna mundi tryggja ásættanlega niðurstöðu í pólitísku samráði. Þetta hefur breyst. ESB hefur ekki lengur sömu hagsmuni af samningnum og áður og EFTA-ríkin skipta nú orðið litlu fyrir efnahag Evrópusambandsríkjanna. Eftir því sem hefur fækkað í EFTA-stoð EES hefur áhugi ESB á samstarfi við EES-ríkin dofnað. Formleg staða samningsins er enn óbreytt en pólitískt vægi EFTA-stoðarinnar hefur minnkað. Að undanförnu hefur margt bent til þess að í kjölfar fækkunar í EFTA-stoðinni hafi dregið úr vægi EES-samningsins og þær fréttir berast frá fulltrúum ESB að sambandið hafi í raun misst áhugann á EES þótt auðvitað verði það að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart EES-ríkjunum. Glöggt dæmi um þetta er áhugaleysi forustumanna ESB á að uppfæra EES-samninginn og þróa hann til samræmis við þróun ESB. Talsmenn ESB hafa til að mynda sagt að aðildarviðræðurnar við Austur- og Mið-Evrópuríkin hafi leitt til minnkandi vægis EES. Embættismenn Íslands sem vinna á vettvangi samningsins hafa orðið þess varir að fulltrúar ESB taka nú minna tillit til hagsmuna EES-ríkjanna og gefa þá skýringu að ekki sé lengur hægt að ætlast til að ESB veiti sérstakar tilslakanir. Áhugaleysi ESB á samningnum hefur til að mynda birst í því að í nýrri löggjöf ESB hefur brunnið við að EES-ríkin hreinlega gleymist. Mörg dæmi eru um að EES-ríkjunum hafi ekki verið gefinn kostur á samráði um nýja löggjöf sem ætti þó að vera skv. 99. gr. EES-samningsins sem

kveður á um að leita skuli ráða hjá sérfræðingum EFTA á sama hátt og leitað er ráða hjá sérfræðingum ESB.

Áhrif á íslenskt dómsvald.

Réttaráhrif EES-samningsins hafa reynst mun meiri en séð var fyrir í upphafi. Í hæstaréttardómi frá 16. desember 1999 í máli nr. 236/1999, Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu, gekk Hæstiréttur lengra en áður og dæmdi íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna vanrækslu þess við lögfestingu á tilskipun frá Evrópusambandinu. Vísað var í niðurstöðu EFTA-dómstólsins í máli nr. E 9/97 frá 10. desember 1998 þar sem íslensk stjórnvöld voru talin vera bótaskyld þrátt fyrir að EES-samningurinn segði ekkert um slíkan rétt til bóta. Reyndar hafði það verið grundvallaratriði í samningaviðræðum um EES að tvíeðli réttarkerfa EFTA-ríkjanna yrði virt og að Evrópuréttur hefði ekki bein réttaráhrif á Íslandi. Niðurstaða EFTA-dómstólsins í þessu máli bar þess hins vegar vitni að meiri áhersla væri lögð á að endurspegla í dómsniðurstöðunum áþekk réttaráhrif og tíðkuðust vegna dómafordæma dómstóls Evrópusambandsins fremur en að virða þetta grundvallarsjónarmið um fullveldi Íslands og að ríkið gæti ekki bakað sér bótaábyrgð með aðgerðum eða aðgerðaleysi á vettvangi þjóðaréttar.

Breytt framkvæmd.

Í upphafi var daglegt samstarf á grundvelli EES gjarnan byggt á anda samningsins en ekki endilega samkvæmt orðanna hljóðan. Þannig fengu EES-ríkin mun meiri aðgang að ákvarðanatöku innan ESB í þeim málum sem heyra undir innri markaðinn en kveðið er á um í samningnum með beinum hætti. Til að mynda hafði Ísland í upphafi aðgang að fjölda nefnda sem undirbúa lagagerðir ESB sem síðan gilda fyrir allan innri markaðinn. ESB hefur á undanförnum missirum tekið þá stefnu, meðvitað eða ómeðvitað, að túlka samninginn þröngt og í síauknum mæli er hann eingöngu túlkaður samkvæmt orðanna hljóðan. EES-ríkjunum hefur í kjölfarið verið meinaður aðgangur að undirbúningsvinnu lagagerða, sem hefur leitt til þess að Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa nú miklu minni möguleika á að koma hagsmunamálum sínum á framfæri en í upphafi. Enn fremur hafa orðið mikil umskipti meðal þeirra starfsmanna ESB sem fara með EES-samninginn. Flestir þeirra sem stóðu að gerð hans eru farnir til annarra starfa og þeir nýju þekkja ekki anda samningsins og hann hefur lent neðar í forgangsröð ESB.

Nýir sáttmálar.

EES-samningurinn byggist á Rómarsamningnum, stofnsáttmála Evrópusambandsins, og ákvæði hans eru samhljóma texta sáttmálans eins og hann var þegar viðræðum lauk. Síðan samningurinn var gerður hafa þrír nýir sáttmálar ESB litið dagsins ljós. Með Maastricht-samningnum frá 1992, Amsterdam-samningnum frá 1997 og Nice-samningnum frá 2000 hafa orðið töluverðar breytingar á stofnsáttmálanum og starfsemi ESB sem ekki eru endurspeglaðar í EES-samningnum. Samkvæmt þessum nýju samningum hefur samstarf ESB bæði orðið nánara og samstarfssviðum verið fjölgað. Þá hefur ákvarðanatökuferli sambandsins breyst. EES-samningurinn endurspeglar því ekki Evrópusambandið eins og það er nú.

Eins og áður hefur verið sagt tryggir EES-samningurinn EFTA-ríkjunum nokkurn aðgang að störfum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, svo sem að sérfræðinganefndum sem undirbúa lagagerðir. Síðan samningurinn var undirritaður hefur sú grundvallarbreyting orðið á starfsemi Evrópusambandsins að dregið hefur úr völdum framkvæmdastjórnarinnar. Með gildistöku Maastricht-samningsins og síðan Amsterdam- og Nice-samningsins hefur mikil

valdatilfærsla orðið til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. EFTA-ríkin hafa lítinn aðgang að þessum stofnunum. Þessar breytingar á innri gerð ESB hafa dregið verulega úr möguleikum EES-ríkjanna til að hafa áhrif á Evrópulöggjöfina sem þó gildir á öllu EES- svæðinu eftir sem áður. Aukið vægi Evrópuþingsins og ráðherraráðsins hefur orðið til þess að erfiðara reynist að fá framkvæmdastjórnina til að tala máli EFTA-ríkjanna gagnvart ráðherraráðinu og aðildarríkjunum þar sem hún þarf að hafa meira fyrir því en áður að halda til streitu eigin sjónarmiðum og áhersluatriðum.

Áhrif stækkunar Evrópusambandsins.

Við stækkun ESB, þegar tíu ný ríki bætast við ESB-stoðina, má gera ráð fyrir að vægi EES-samningsins minnki enn. Þá verða 25 ríki og 480 milljónir manna í ESB og þrjú ríki og 4,8 milljónir í EES. Í aðdraganda stækkunarinnar hefur komið sífellt betur í ljós hve lítið vægi EES/EFTA-ríkin hafa í samstarfinu. Viðræður ESB við þau ríki sem sótt hafa um aðild að sambandinu virðast hafa leitt til þess að Evrópusambandið er enn tregara en áður til að fallast á sérlausnir fyrir EES/EFTA-ríkin, enda var brýnt fyrir umsóknarríkjunum að undanþágur væru almennt ekki í boði. Þá leiðir það af sjálfu sér að sá tími og aðstæður sem fyrir hendi eru til að leita álits EFTA-ríkjanna minnkar við stóraukinn fjölda aðildarríkja ESB.

Við vinnslu greinargerðarinnar var að miklu leyti stuðst við niðurstöður úr rannsókn Eiríks Bergmann Einarssonar, stjórnmálafræðings í Háskóla Íslands, sem birt er í bókinni Evrópusamruninn og Ísland: leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi. Reykjavík, Háskólaútgáfan 2003.

830. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir orðinu „sjónskerta“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta að höfðu samráði við stofnunina.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og reglum settum með stoð í þeim lögum.

Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við yfirlækni Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra. Það felur í sér breytingar á 4., 5., 6. og 11. gr. laga nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Megintilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði laganna kröfum sem gerðar eru í 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, að því er varðar gjaldtöku og veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Í 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að stofnunin annist þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar og er það til samræmis við það sem gildir um sambærilega heilbrigðisþjónustu samkvæmt öðrum lögum hér á landi.

Í 2. gr. frumvarpsins er orðalag 2. mgr. 5. gr. laganna gert skýrara að því er varðar þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í 3. gr. frumvarpsins er 6. gr. laganna gerð skýrari að því er varðar gjaldtöku fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir. Kveðið er skýrar á um að einstaklingur sem er sjúkratryggður samkvæmt lögum um almannatryggingar skuli greiða gjald samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Er talið rétt að sömu skilyrði gildi um þjónustu stofnunarinnar og um aðra heilbrigðisþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi greiði gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá ráðherra og gildir þá sama regla og um aðra heilbrigðisþjónustu þeirra sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi.

Í 4. gr. frumvarpsins er það nýmæli að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna en fellt er brott ákvæði um að ráðherra setji stofnuninni starfsreglur, enda hefur það ekki verið nýtt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Framvarpið gerir m.a. ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta að höfðu samráði við þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir að sjúkratryggður einstaklingur greiði gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og settum reglum með stoð í þeim lögum. Þá kveður frumvarpið á um að einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skuli greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að styrkja lagastoð gjaldtökuákvæða og gerir hvorki ráð fyrir nýjum gjaldtökum né útgjöldum fyrir ríkissjóð.

831. Tillaga til þingsályktunar [553. mál]

um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að gera úttekt á hvernig megi stytta og bæta leiðir á þjóðvegi eitt og aðalvegum sem tengja byggðir landsins við þann veg.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004.

Greinargerð.

Mikilvægi góðra vegasamgangna fyrir eflingu og vöxt byggðar eykst stöðugt. Aðdráttarafl einstakra byggðarlaga ræðst að nokkru leyti af því hvernig vegamálum er háttað. Það skiptir því miklu að akstursleiðir séu öruggar og vel færar allan ársins hring og sem allra stystar.

Flutningsmenn leggja því til að samgönguráðherra verði falið að skipa nefnd til að kanna leiðir til að bæta og stytta þjóðveg eitt. Nefndin geri samanburð á mismunandi leiðum sem færar eru til að stytta vegalengdir á milli einstakra staða eftir þjóðvegi eitt og meti hagkvæmni þeirra með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetrarakstur, kostnaðar og annarra þátta sem nefndin telur mikilvæga í slíku mati.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að því að bæta þjóðveg eitt en ekki liggur fyrir heildstætt mat þar sem gerður er samanburður á kostum sem velja má á milli til að bæta hann og stytta. Slíkt heildarmat gæti nýst sem stjórntæki fyrir Alþingi og aðra þá sem sinna vegamálum.

832. Svar [488. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um endurnýjun búsetuleyfa og dvalarleyfa útlendinga.

1. *Hversu margir útlendingar hafa ekki fengið endurnýjað búsetuleyfi eða dvalarleyfi hér á landi frá gildistöku nýrra útlendingalaga vegna þess að þeir þágu fjárhagsaðstoð í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga?*

Það er almennt skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis að framfærsla hér á landi sé trygg, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002. Eftir gildistöku laganna þann 1. janúar 2003 hafa tveir erlendir ríkisborgarar fengið synjun, annars vegar á umsókn um búsetuleyfi og hins vegar á endurnýjun dvalarleyfis sökum þess að fyrir lá að útlendingurinn hafði þegið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Búsetuleyfi veitir rétt til ótímabundinnar dvalar og reynir því ekki á umsóknir um endurnýjun búsetuleyfa.

Í fyrra tilvikinu var um það að ræða að sótt var um búsetuleyfi en því synjað sökum þess að framfærsla var í formi félagslegrar aðstoðar. Í því tilviki var útlendingnum bent á að sækja um framlengingu dvalar- og atvinnuleyfis sem hann gerði og var það leyfi veitt. Í síðara tilvikinu var um að ræða umsókn um framlengingu dvalarleyfis aðstandanda og hafði umsækjandi leyfisins þegið fulla fjárhagsaðstoð allt frá komu til landins þar til sótt var um framlengingu þess. Þeim einstaklingi var síðar veitt dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

2. *Frá hvaða löndum eru þessir útlendingar og hversu lengi fengu þeir fjárhagsaðstoð?*

Þeir tveir útlendingar er hér um ræðir komu frá Eþíópíu og Króatíu. Ríkisborgari Eþíópíu fékk námssyrk frá félagsþjónustu allt árið 2001 og síðar fékk hann fullan framfærslustyrk í 9 mánuði á árinu 2003. Ríkisborgari Króatíu þáði fullan framfærslustyrk frá september 2002, frá komu til landsins, þar til umsókn um endurnýjun var lögð fram á árinu 2003.

3. *Á hvaða aldri og af hvaða kyni er þetta fólk og hversu lengi hafði það dvalist hér á landi áður en til aðstoðar kom?*

Annar aðilinn var 21 árs karlmaður er kom hingað til lands í maí 2000. Hann dvaldi hérlendis í tæpa sjö mánuði áður en hann fékk námssyrk frá félagsþjónustu. Hann var búinn að dvelja hér í tvö ár þegar hann fékk fulla fjárhagsaðstoð í 9 mánuði. Hinn aðilinn er 82 ára kona er kom hingað til lands í september 2002. Hún fékk fulla fjárhagsaðstoð strax við komu og hafði notið slíkrar aðstoðar þar til umsókn um framlengingu var lögð fram.

4. *Hvaða sveitarfélög veittu fjárhagsaðstoðina?*

Í báðum tilvikunum var það Félagsþjónustan í Reykjavík er veitti aðstoðina.

833. Fyrirspurn [554. mál]

til dómsmálaráðherra um rafræna stjórnsýslu stofnana dómsmálaráðuneytis.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Á hvaða málefnasvið og hvaða stofnanir dómsmálaráðuneytis hyggst ráðherra leggja áherslu í sambandi við rafræna stjórnsýslu?

834. Fyrirspurn [555. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning á lambakjöti.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hver verður kostnaður ríkisins á þessu ári af sölu á lambakjöti erlendis?
2. Hvaða erlendir markaðir eru líklegir til að skila bændum viðunandi afurðaverði?
3. Í hverju má helst sjá árangur af afskiptum ríkisins af sölu á lambakjöti?

4. Hefur orðið stefnubreyting í ríkisstjórninni hvað varðar útflutning á lambakjöti og ef svo er, hver er stefna ríkisstjórnarinnar í málinu?

835. Fyrirspurn [556. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skráningu nafna í þjóðskrá.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Stendur til að breyta skráningu nafna í þjóðskrá þannig að allir geti skráð fullt nafn sitt án þeirra takmarkana sem eru nú á heildarlengd nafna?
2. Hefur kostnaður við slíka breytingu á skráningu verið kannaður og ef svo er, hversu mikill yrði hann?
3. Hefur verið kannað hversu langan tíma tæki að gera slíka breytingu?
4. Hversu margir einstaklingar hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá?

836. Fyrirspurn [557. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar á kolmunna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Einari Má Sigurðarsyni og Kristjáni L. Möller.

1. Hvernig hafa kolmunnaveiðar Íslendinga þróast sl. 10 ár?
2. Hversu miklu af kolmunna hefur verið landað hér á landi sl. 10 ár og hversu mikið af því veiddu erlend skip? Svar óskast sundurliðað eftir löndunarhöfnum og skipum.
3. Hvernig hefur veiðin skipst milli þjóða sl. 10 ár?
4. Hvar eru helstu veiðisvæðin? Óskað er eftir að helstu veiðisvæðin og afstaða þeirra til efnahagslögsagna komi fram á korti.
5. Hvert er mat sérfræðinga á stöðu kolmunnastofnsins nú og hvernig hafa spár um veiðiþol gengið eftir sl. 10 ár?
6. Hvaða kröfur um aflahlutdeild gera þær þjóðir og ríkjasambönd sem koma að samningum um veiðar á kolmunna og með hvaða rökum?
7. Hver er staða samninga núna?

Skriflegt svar óskast.

837. Fyrirspurn [558. mál]

til landbúnaðarráðherra um úreldingu sauðfjársláturhúsa.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

1. Stóðust þær áætlanir sem gengið var út frá um úreldingu sauðfjársláturhúsa sl. haust?
2. Lækkaði fastur og breytilegur kostnaður við rekstur sauðfjársláturhúsa sl. haust vegna fækkunar þeirra? Ef svo er, skilaði sá heildarsparnaður sér í hærra afurðaverði til bænda?
3. Hefur flutningur á sláturfé um langan veg áhrif á gæði kindakjöts?

Skriflegt svar óskast.

838. Fyrirspurn [559. mál]

til menntamálaráðherra um íslenska byggingarlist.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hafa íslensk stjórnvöld mótað samræmda stefnu í málefnum íslenskrar byggingarlistar?
2. Með hvaða hætti hafa stjórnvöld komið að starfi íslenskra arkitekta á norrænum vettvangi um auðlegð í norrænni byggingarlist?
3. Hvaða sess skipar vistvæn byggingarlist í framtíðarstefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun?

839. Fyrirspurn [560. mál]

til heilbrigðisráðherra um neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Á hvern hátt verður neyðarmóttaka vegna nauðgana fyrir barðinu á sparnaðaraðgerðum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?
2. Hvaða störf er fyrirhugað að leggja niður eða skerða á móttökunni og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á starfsumhverfinu?
3. Hversu háa upphæð er áætlað að spara með þessum breytingum?
4. Var haft samráð við fagfólk á neyðarmóttöku um tillögur til sparnaðar?
5. Hverju svarar heilbrigðisráðherra ákalli kvennahreyfinga sem hafa undirritað áskorun um að horfið verði frá fyrirhuguðum breytingum á starfsemi neyðarmóttökunnar?

Skriflegt svar óskast.

840. Fyrirspurn [561. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu íslenskrar leikritunar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða íslensk leikverk hefur Þjóðleikhúsið sett upp sl. 10 ár, hverjir eru höfundar þeirra og á hvaða sviði voru verkin flutt?
2. Hver hefur kostnaður við íslensk verk verið á sama tímabili sem hlutfall af heildarkostnaði við rekstur leikhússins?
3. Hver hefur annar kostnaður leikhússins verið við frumsköpun íslenskra leikverka, t.d. stuðningur við leikskáld án skuldbindingar um uppsetningu, námskeið, höfundasmiðjur o.fl.?

Skriflegt svar óskast.

841. Fyrirspurn [562. mál]

til menntamálaráðherra um upplýsingaveituna „Opin menning“.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er upplýsingaveitan „Opin menning“ til komin, hvar er hún vistuð og hver er tilgangurinn með henni?
2. Hver er áætlaður kostnaður við veituna og hvernig er hún fjármögnuð?
3. Hver eru tengsl veitunnar við aðrar upplýsingaveitur, t.d. Sarp og upplýsingaveitur íslenskra listasafna?
4. Hvaða verkefni hefur „Opin menning“ styrkt?

Skriflegt svar óskast.

842. Skýrsla [563. mál]

iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Hér með leggur iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi áætlunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginþáttum byggðaáætlunarinnar, hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum hennar og lagt mat á hvernig til hefur tekist.

Meginþættir byggðaáætlunar.

Alþingi samþykkti eftirfarandi ályktun 3. maí 2002:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.
e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.“

Lagt var til að þær aðgerðir sem beitt yrði til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggðust á eftirtöldum meginstoðum: Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun.

Byggðaáætlunin hefur tólf stefnumarkandi áherslusvið:

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.
2. Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum.
3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs.
4. Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu.
5. Efling sveitarfélaga.
6. Búsetuskilyrði.
7. Starfsskilyrði atvinnuveganna.
8. Mikilvægi menningar.
9. Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.
10. Bættar samgöngur.
11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.
12. Aukið alþjóðlegt samstarf.

Samþykkt Alþingis fylgdu tillögur um aðgerðir í tuttugu og tveimur liðum til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Aðgerðirnar eru ekki tæmandi og taka ekki til allra þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í framangreindum stefnumarkandi áherslusviðum. Tiltekin ráðuneyti eða Byggðastofnun bera ábyrgð á framkvæmd hverrar aðgerðar. Til þess að tryggja sem best framgang áætlunarinnar var skipuð sérstök verkefnastjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni. Hana skipa fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Hlutverk verkefnastjórnarinnar er nánar tilgreint að fylgjast með framgangi verkefna samkvæmt tillögunum tuttugu og tveimur um beinar aðgerðir, upplýsa viðkomandi ráðuneyti um

framgang byggðaáætlunar eins og þurfa þykir og beita sér eftir þörfum fyrir því að unnið sé að framgangi áætlunarinnar. Verkefnastjórnin skal gera iðnaðarráðherra grein fyrir framkvæmd og framvindu byggðaáætlunarinnar árlega.

Öflun efniviðar.

Skýrsla þessi var unnin þannig að iðnaðarráðherra fól Byggðastofnun í upphafi að taka saman þær upplýsingar sem hún hefði tiltækar um framkvæmd tillagnanna tuttugu og tveggja um aðgerðir, sem gerð er tillaga um í byggðaáætlun. Í kjölfarið óskaði iðnaðarráðherra eftir nánari upplýsingum frá þeim ráðuneytum, sem fulltrúa eiga í verkefnisstjórn um framvindu byggðaáætlunarinnar, auk forsætisráðuneytis. Bæði var óskað eftir að ráðuneytin greindu frá framvindu þeirra aðgerða sem þau eru ábyrg fyrir og að þau skiluðu eftir atvikum upplýsingum um aðrar aðgerðir sem unnið hefði verið að á þeirra vegum og tengdust meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Þessar upplýsingar voru teknar saman og þess að lokum farið á leit við Byggðastofnun að hún legði heildarmat á hvernig framkvæmd byggðaáætlunarinnar hefði undið fram, þar á meðal hvernig miðaði í átt að meginmarkmiðum áætlunarinnar.

Heildarmat Byggðastofnunar á árangri.

Bréf Byggðastofnunar til iðnaðarráðherra, dags. 20. nóvember 2003, fer hér á eftir:

„Með bréfi dagsettu 4. nóvember 2003 fór iðnaðarráðuneytið þess á leit við Byggðastofnun að lagt verði heildarmat á hvernig miðað hafi í átt að meginmarkmiðum stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Ljóst er að framkvæmd er hafin við flestar þær aðgerðir sem upp var lagt með í byggðaáætlun fyrir 2002–2005. Jafnframt hefur á ýmsum sviðum verið unnið að því af hálfu stjórnvalda að efla og bæta starfsskilyrði atvinnulífsins og búsetuskilyrði fólks á landsbyggðinni.

Meginmarkmið byggðaáætlunar eru fimm og eru nokkuð almennt orðuð, þannig að það er vandkvæðum bundið að leggja sjálfstætt mat á einstaka þætti. Almennt er þó hægt segja að unnið sé að fjölmörgum verkefnum, sem tengjast áhersluatriðunum fimm.

Annað atriði sem skapar vanda við mat er að einungis hluti af áætlunartímanum er liðinn og vinna því í mörgum tilvikum hafin, en henni ekki lokið. Eins og gefur að skilja mun árangur af framkvæmd byggðaáætlunar koma í ljós með vaxandi þunga eftir því sem líður á áætlunartímabilið.

Með byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og samningum um byggingu álvers á Reyðarfirði er stigið eitt stærsta spor sem stigið hefur verið á síðari árum til að bæta lífskjör og afkomumöguleika fólks á Austfjörðum þaðan sem fólksflótti hefur verið hvað mestur á undanförnum árum. Þessi framkvæmd hefur nú þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástand og íbúaþróun á Austurlandi þó svo hún sé rétt farin af stað.

Þá hefur ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar sl. um sérstakt 700 millj. kr. framlag til þess annars vegar að leggja fram hlutafé í sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í skýrum vexti og hins að styðja rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna til að styðja grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar augljós áhrif til að bæta starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni.

Sérstakt átak sem ákveðið var að ráðast í til að flýta samgöngubótum sem ríkisstjórnin ákvað er til þess fallið að draga úr mismun á lífskjörum fólks og bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Hér er ástæða til að benda á að samkvæmt áliti Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnunar Íslands þá eru samgöngubætur sú aðgerð sem best er til þess fallin að bæta afkomu og lífskjör íbúa á landsbyggðinni.

Sérstök byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð hefur að markmiði að efla búsetu á Norðurlandi og hafin er vinna við byggðaáætlun fyrir Vestfirði, þar sem stefnt er að eflingu byggðar vestra.

Uppbygging Háskólans á Akureyri og rannsóknarstarfs honum tengt hefur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á byggðaþróun á Akureyri. Hið sama má segja um uppbyggingu framhaldsnáms víðar á landinu.

Samningar um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni munu gera almenningi auðveldara að rækta menningu sína og auðga þar með þar með þjóðlífið.

Það er mat stofnunarinnar að skýrslan lýsi framkvæmd áætlunarinnar með fullnægjandi hætti og að samkvæmt henni sé vinna við flesta liði í viðunandi farvegi. Hins vegar verður ekki hægt að meta árangur að fullu fyrr en að áætlunartímabilinu lýkur."

Framvinda aðgerða sem lagðar eru til í byggðaáætlun.

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sameiningu atvinnuþróunarstarfs á vegum iðnaðarráðuneytisins. Lagt er til að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, verði falið að samræma þessa starfsemi á landsvísu og að veita henni faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar verði komið fyrir í fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.

Markmið.

Að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Nýsköpunarmiðstöðinni verði tryggt fjármagn til að þróa verkefni í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla og/eða aðra. Þannig verði meginmarkmið starfseminnar að auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verði lögð á að þróa ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft. Áherslur í starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar taki mið af byggðaáætlun og áherslum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Með þessu fyrirkomulagi verður atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni fært að nýskipan vísinda- og tæknimála.

Ábyrgð á framkvæmd.

Iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Impra – nýsköpunarmiðstöð.

Impra – nýsköpunarmiðstöð tók til starfa á Akureyri í desember 2002. Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi og atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Iðnaðarráðuneytið fól Iðntæknistofnun Íslands að setja nýsköpunarmiðstöðina á stofn og reka hana til 31. desember 2005. Helstu verkefni nýsköpunarmiðstöðvar frá opnun eru þessi:

Stuðningsverkefni fyrir fyrirtæki í rekstri:

a. Verkefnið „Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum". Markmið að bæta árangur í rekstri, auka þekkingu og gera fyrirtæki hæfari til að takast á við nýjungar, níu fyrirtæki taka nú þátt í verkefninu.
b. „Vöruþróun í starfandi fyrirtækjum". Þrettán fyrirtæki vinna að þróun jafnmargra nýrra vörutegunda sem verða komnar á markað um mitt ár 2004.
c. Verkefnið „Skrefi framar" hefur að markmiði að styðja fyrirtæki til að afla sér ráðgjafar og byggja upp þekkingu til að auka veltu og arðsemi, 20 fyrirtæki taka þátt í verkefninu.

d. Verkefnið „Hagnýt viðmið“ fyrir meðalstór fyrirtæki hefur verið rekið á landsvísu til að gefa fyrirtækjum færi á að meta rekstur sinn í samanburði við það besta sem gerist í Evrópu.
e. Hagnýt leiðbeiningarrit hafa verið gefin út og dreift til atvinnuráðgjafa, fyrirtækja og frumkvöðla um allt land: Vöruþróun, Gæðahúsið, Markaðsmál, Verkefnastjórnun.
f. Unnið er að þróun netsamstarfsverkefna.

Stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla:

a. Vaxandi eftirspurn er eftir handleiðslu fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Unnið hefur verið að gerð nýs upplýsingaefnis fyrir frumkvöðla.
b. Gagnvirk handleiðsla er ný þjónusta sem opnuð verður á internetinu í nóvember. Upplýsingaefni, fræðsla og hagnýt rekstrartæki fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.
c. Brautargengi er fimmtán vikna námskeið fyrir konur til að hvetja þær til atvinnusköpunar og til að bæta rekstur fyrirtækja sem þær reka. Námskeiðinu lýkur með gerð viðskiptaáætlunar. Námskeiðið er haldið samtímis með hjálp fjarfundarbúnaðar á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum. Alls taka 24 konur þátt í verkefninu á landsbyggðinni.
d. Frumkvöðlaskólinn starfar á Akureyri. Kennt er á laugardögum og er náminu skipt í þrjú missiri. Fyrstu tvö byggjast á kennslu, en það þriðja á verkefnavinnu með frumkvöðlafyrirtæki.
e. Frumkvöðla- og handleiðslustyrkir styðja nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og fyrirtækja. Styrkirnir eru til nýnæmisathugana, einkaleyfisumsókna, hönnunarverndar, viðskiptaáætlana, þróunar, prófana og annarra verkefna á frumstigi nýsköpunar.
f. Átak hefur verið gert í þátttöku örfyrirtækja í sjálfsmatsverkefninu „Hagnýt viðmið“ í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og Samtök iðnaðarins. Ólympíuleikar ungra frumkvöðla voru haldnir 18.–19. júní sl. í samstarfi við Career Scotland og fimmtán önnur þátttökulönd. Stefnt er á að halda undankeppni í öllum landsfjórðungum á árinu 2004 í því skyni að auka áhuga nemenda á aldrinum 15–18 ára á nýsköpun.

Þjónusta við atvinnuþróunarfélög:

a. Vinna er hafin við sex samstarfsverkefni Impru og atvinnuþróunarfélaganna.
b. Fiskur undir steini – markmið að útbúa leiðbeiningarefni og rekstrarlíkan um stofnun og rekstur smábáta og minni fiskvinnsla (Vestfirðir og Norðurland eystra).
c. Nýsköpunarnám fyrir grunnskóla á landsbyggðinni (Vestfirðir).
d. Námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja (Austurland).
e. Svæðisbundið ráðgjafaverkefni í fyrirtækjum (Vesturland).
f. Þarfagreining á upplýsinga- og hugbúnaðarþörfum atvinnuþróunarfélaganna.
g. Þróun verkskráningarkerfis fyrir atvinnuþróunarfélögin.
h. Vinna við gagna- og verkfæragrunn fyrir atvinnuþróunarfélög er komin á gott skrið og verður grunnurinn opnaður á internetinu í desember.
i. Námskeiðið „Hlutverk ráðgjafans“ var haldið fyrir atvinnuráðgjafa í október. Alls sóttu 32 atvinnuráðgjafar alls staðar að af landinu námskeiðið.
j. Impra stóð að haustfundi atvinnuráðgjafa í samstarfi við Byggðastofnun í október.
k. Starfsmaður á Akureyri tekur þátt í tveimur Evrópuverkefnum til þess að byggja upp þekkingu á Evrópusamstarfi á Akureyri og til þess að leggja sérstaka áherslu á þátttöku fyrirtækja á landsbyggðinni í Evrópuverkefnunum. Markmið verkefnanna er að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í rannsóknarverkefnum, koma þeim í tengsl við evrópsk fyrirtæki, hvetja til tækniyfirfærslu og betri nýtingar á upplýsingatækni í rekstri.

Nýir samningar Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin.

Hinn 14. febrúar 2003 voru undirritaðir nýir samningar Byggðastofnunar við átta atvinnuþróunarfélög um verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Með nýju samningunum er nánar kveðið á um verkefni félaganna, greiðslur og greiðslufyrirkomulag. Er tilgangurinn sá að gera samningana markvissari og gegnsærri. Jafnframt því að gerðir voru nýir samningar við félögin þá voru greiðslur til þeirra hækkaðar frá því sem verið hafði. Eru framlög til atvinnuþróunarfélaganna á árinu 2003 samtals 115 millj. kr. en voru á árinu 2002 103 millj. kr. Þessi hækkun var möguleg meðal annars með því að Byggðastofnun tók á sig allnokkra hækkun framlaga til félaganna umfram fjárveitingu til þeirra á fjárlögum.

Atvinnuþróunarfélögin gegna ákaflega veigamiklu og nauðsynlegu hlutverki hvert á sínu starfssvæði. Markmið langflestra félaganna er að efla atvinnulíf og stuðla að bættum búsetuskilyrðum á starfssvæðinu. Sömuleiðis hafa flest félögin á stefnuskránni að vinna að nýsköpun og nýjungum í atvinnurekstri. Þessi markmið fara ágætlega saman við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. þeirra samninga sem nú eru í gildi við atvinnuþróunarfélögin. Þar segir að markmið samningsins sé að stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs, bæta almenn búsetuskilyrði, uppbygging og miðlun þekkingar og að Byggðastofnun og aðrar stofnanir hafi sem öflugastan samstarfsaðila. Fram kemur í 2. gr. samningsins að forsendur hans séu lög og reglugerð um Byggðastofnun. Í 3. gr. er tiltekið að atvinnuþróunarfélag vinni að; atvinnu- og byggðaþróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, búsetuþáttum, upplýsingaöflun, endurmenntun, samstarfi og verkefnasamningum. Í 4. gr. kemur fram að hlutverk Byggðastofnunar sé að veita faglega aðstoð, vinna að samræmingu og tengslum og hafa umsjón með fundum og ráðstefnum. Í 5. og 6. gr. eru ákvæði um fjármögnun og greiðslur. Flest félögin eiga þess kost að fá greiddar rúmlega 16 millj. kr. í gegnum Byggðastofnun á ári. Í 7. gr. eru ákvæði um eftirfylgni og kemur þar fram að félögin hafa verulega upplýsingaskyldu við Byggðastofnun. Loks eru í 8. gr. ákvæði um að samningurinn sé uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara og að Byggðastofnun skuli hafa frumkvæði að endurskoðun á tveggja ára fresti.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Meginhugmynd.

Að auka samvinnu þeirra opinberu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar atvinnulífs, þ.e. Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lánastarfsemi Byggðastofnunar og átaks til atvinnusköpunar.

Markmið.

Að samþætta krafta opinberra sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, stofnstyrki, áhættulán og verkefnafjármögnun.

Ábyrgð á framkvæmd.

Byggðastofnun.

Framkvæmd.

Haldnir hafa verið fundir fulltrúa Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Orkusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Byggðastofnunar þar sem aðilar hafa skipst á upplýsingum. Ákveðið er að hafa slíka fundi með reglulegum hætti þannig að samráðsvettvangurinn verði virkur í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli aðila og skilgreina sameiginlega aðkomu að verkefnum í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða. Það er álit Byggðastofnunar að fenginni reynslu að samstarf þetta þurfi að vera með formlegum hætti á reglulegum samráðsvettvangi. Ekki er nægilegt að einungis forstjórar og

stjórnarformenn viðkomandi sjóða hittist, heldur þarf að vera virkt samstarf á milli almennra starfsmanna einnig. Þar verði miðlað upplýsingum um verkefni hinna ýmsu sjóða og stofnana, og teknar ákvarðanir um frekara samstarf eftir því sem tilefni eru til. Hugmyndin er að formlegir fundir séu haldnir tvisvar á ári, en vænta má að óformlegt samstarf og upplýsingamiðlun sé mun tíðari.

3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að stækka sveitarfélögin í landinu á næstu árum. Þetta verði m.a. gert með hækkun á lágmarksíbúatölu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnhliða verði reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt til að þær stuðli markvisst að þessari þróun. Má þar nefna að tekjuhá sveitarfélög greiði til sjóðsins, einnig að framlög úr sjóðnum verði byggð á almennum reglum en í minna mæli á því hvernig sveitar félögin leysa verkefnin af hendi. Samhliða þessu verði undir forustu félagsmálaráðuneytisins unnið áfram að því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga mark vissari og breyta tekjustofnum sveitarfélaga til samræmis við breytt verkefni.

Markmið.

Að efla sveitarstjórnarstigið, treysta sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga, gera stjórnsýslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu.

Ábyrgð á framkvæmd.

Félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Félagsmálaráðherra hefur skipað verkefnisstjórn vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga, sem hefur þegar tekið starfa. Jafnframt hefur ráðherra skipað nefnd sem gera á tillögur um nýja sveitarfélagaskipan, auk nefndar um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og sveitarfélagaskipan. Verkefnisstjórn mun hafa yfirumsjón með átakinu og tryggja nauðsynlegt upplýsingastreymi milli verkefna. Störfum þessara nefnda verði þannig hagað að atkvæðagreiðslur um sameiningartillögur geti farið fram vorið 2005.

Verkefnisstjórninni hefur verið falið að leggja fram tillögur til félagsmálaráðherra um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft verður að leiðarljósi að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr.

Nefnd um endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skilaði tillögum sínum til félagsmálaráðherra í september 2002. Jöfnunarsjóðskafla laga um tekjustofna sveitarfélaga var breytt í desember 2002 og ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tók gildi í febrúar 2003, þar sem tekið er fullt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í byggðaáætlun.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Meginhugmynd.

Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana.

Markmið.

Að efla stærstu byggðarlögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta eru endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari. Að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd.

Forsætisráðuneyti.

Framkvæmd.

Forsætisráðherra fór þess á leit í janúar 2003 að Halldór Blöndal, forseti Alþingis, og Magnús Stefánsson þingmaður yrðu með sér í ráðum um framkvæmd þessarar aðgerðar byggðaáætlunar og færu yfir með ráðherrum hvaða verkefni og störf hefðu verið færð til landsbyggðarinnar eða áform væru um að færa þangað. Þeir skiluðu skýrslu sinni til forsætisráðuneytisins í nóvember. Í skýrslunni kemur m.a. fram að í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi komið fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gæfust til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Skýrsluhöfundar benda á að því séu ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum geti orðið. Í því sambandi vilja þeir að áhersla verði einkum lögð á eftirfarandi:

- Að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni þar á meðal frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi megi m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.
- Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina beri athygli sérstaklega að einum byggðarkjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi beri einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt sé mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem byggðir hafa verið á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana.

Forsætisráðherra mun í framhaldi af þessari skýrslu vinna áfram að gerð tillagna að áætlun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Að því er stefnt að slík tillaga liggi fyrir á næstu mánuðum.

5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Meginhugmynd.

Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Í því sambandi verði m.a. horft til reynslu nágrannaþjóða.

Markmið.

Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.

Ábyrgð á framkvæmd.
Iðnaðarráðuneyti.
Framkvæmd.
Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni „Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni“ sem kom út í mars 2003.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.
Meginhugmynd.
Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Skoðaðar verði sérstaklega skattalegar aðgerðir og í því sambandi horft til reynslu nágrannaþjóða. Á grundvelli rannsóknar verði lagðar fram tillögur um aðgerðir.
Markmið.
Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.
Ábyrgð á framkvæmd.
Iðnaðarráðuneyti.
Framkvæmd.
Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni „Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni“ sem kom út í mars 2003.
Á vegum iðnaðarráðuneytisins er verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Vinnan byggist á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í kjölfar umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um flutningskostnað haustið 2001 og greinargerð Byggðastofnunar sem unnin var í framhaldinu.

7. Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.
Meginhugmynd.
Að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig megi styrkja byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar á næstu árum um a.m.k. 2–3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist. Unnið verði að eflingu Akureyrar sem skólabæjar og menningarmiðstöðvar, svo og að eflingu ferðaþjónustu, fiskeldis og fleiri atvinnugreina á svæðinu. Einnig verði unnið að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins, t.d. á sviði sjávarútvegs í tengslum við uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri. Þá felast margvísleg sóknarfæri í að efla starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Markmið.

Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Mið-Norðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.

Ábyrgð á framkvæmd.

Iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra skipaði í október 2002 fimm manna verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að gera tillögu til ráðherra um stefnumörkun byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð. Miðað er við að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2004. Verkefnisstjórnin hefur haldið fjölda funda, með sérfræðingum norðan heiða og sunnan, og eins hefur nefndin leitast við að kynna sér hug margra lykilmanna á sviði atvinnu-, menningar- og félagsmála til uppbyggingar á svæðinu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla tengsl á milli Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins. Verkefnisstjórnin hefur kynnt sér byggðamál erlendis, m.a. á alþjóðlegri ráðstefnu OECD o.fl. um byggðaþróun og með vettvangsferð til Finnlands. Í apríl sl. hélt verkefnisstjórnin í samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Iðntæknistofnun Íslands fjölmenna ráðstefnu á Akureyri um samkeppnishæfni svæða og fyrirtækja. Í september 2003 stóð verkefnisstjórnin ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og fleiri aðilum fyrir námskeiði í Reykjavík um hvernig mætti nýta svonefnda klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða. Þá hefur sjónvarpsstöðin Aksjón unnið stutta skýringar- og viðtalsþætti um byggðamál sem sýndir hafa verið í tengslum við fréttaþætti stöðvarinnar.

Áfangaskýrsla verkefnisstjórnarinnar er í vinnslu og verður kynnt á næstu vikum. Þar mun verða að finna hátt í sjötíu tillögur um eflingu byggðar á Eyjafjarðarsvæðinu sem miða allar að því að auka lífsgæði og samkeppnishæfni þess. Tillögurnar hafa verið unnar af sjö starfshópum sem tóku til starfa á seinni hluta síðasta vetrar, en hóparnir fjölluðu um eftirfarandi málefni:

1. Atvinnumál, nýsköpun og samkeppnishæfni.
2. Samgöngubætur.
3. Menningar- og ferðamál.
4. Heilbrigðismál.
5. Sveitarfélög og byggðatengsl.
6. Mennta- og skólamál.
7. Erlenda ráðgjöf.

Framkvæmdir eru hafnar við rannsóknarhús sem ríkisstjórnin ákvað að reisa í tengslum við Háskólann á Akureyri og er stefnt að því að taka húsið í notkun í lok árs 2004. Fyrirhugað er að ýmsar stofnanir ríkisins hafi aðstöðu í rannsóknarhúsinu.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Meginhugmynd.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1999. Skólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans. Nauðsynlegt er að treysta forustuhlutverk skólans á sviði fræðslu og rannsókna í þágu landbúnaðarins í samvinnu við

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Með markvissu samstarfi öðlast þessar stofnanir meiri burði til þess að sinna hlutverki sínu á sviði rannsókna og fræðslu og keppa um innlent og erlent rannsóknafé og hæfustu starfskrafta en nú er. Nauðsynlegt getur verið að huga að breytingum á rekstrarformi skólanna sem geri þeim kleift að afla sértekna með sölu þjónustu og samstarfi við fyrirtæki, samtök o.fl. aðila.

Markmið.

Að sameina krafta rannsókna- og fræðslustofnana landbúnaðarins í öflugu átaki til eflingar landbúnaði og atvinnulífi í sveitum almennt.

Ábyrgð á framkvæmd.

Landbúnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eru reknar þrjár háskólanámsbrautir: Búvísindabraut, landnýtingarbraut og umhverfisskipulagsbraut. Hægt er að ljúka meistaranámi við skólann og doktorsnámi með samstarfssamningum við aðra háskóla. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur á síðustu fimm árum boðið upp á fjarnám til búfræðiprófs. Aðsókn eykst sífellt og á vorönn 2003 skráðu nálægt 40 manns sig til náms.

Landbúnaðarráðherra hefur sett reglugerð sem gerir Hólaskóla meðal annars kleift að starfa sem háskólastofnun. Þetta gerir skólanum kleift að brautskrá nemendur með háskólapróf. Við skólann eru starfræktar ferðamáladeild, fiskeldisdeild og hrossaræktardeild. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hólaskóli hafa gert með sér samstarfssamning á sviði rannsókna og kennslu í fiskeldi og tengdum greinum. Samningnum er ætlað að mæta vaxandi þörf fyrir menntun á háskólastigi á þessu sviði. Samgönguráðherra hefur gert samning við Hólaskóla um eflingu fjarnáms ferðamálabrautar skólans. Samningurinn er til þriggja ára og með tilkomu hans verður Hólaskóla gert kleift að vinna markvisst að því að bjóða upp á meginhluta náms ferðamálabrautar í fjarkennslu við lok samningstímabilsins.

Frá og með haustinu 2001 hefur verið boðið upp á stutta (30e) braut á háskólastigi við Garðyrkjuskóla ríkisins í garðyrkjuframleiðslu í samvinnu við raunvísindadeild Háskóla Íslands samkvæmt sérstökum samstarfssamningi milli skólanna.

9. Efling fiskeldis.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu fiskeldis í landinu þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, fræðslu og meiri fjárhagslegan stuðning við þróunar- og markaðsstarf í greininni. Áhersla verði lögð á að byggja upp seiðaeldi á þorski.

Markmið.

Að tryggja áfram sterka stöðu Íslendinga á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem samkeppni við eldisafurðir fer vaxandi. Að nýta þau sóknarfæri sem eru í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar á Íslandi, m.a. með nýtingu jarðhita og aðgangi að sjó og fersku vatni. Að efla atvinnugrein sem hentar vel til uppbyggingar í dreifbýli, en mun byggjast mjög hægt upp ef ekki kemur til öflugur stuðningur hins opinbera við rannsóknir og markaðsþróun.

Ábyrgð á framkvæmd.

Sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Fiskeldi fellur undir tvö ráðuneyti, eldi sjávardýra undir sjávarútvegsráðuneyti og eldi ferskvatnsfiska undir landbúnaðarráðuneyti. Á vegum þessara ráðuneyta er starfandi sérstök

sameiginleg nefnd, fiskeldisnefnd, sem er til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó.

Á árinu 2001 til 2002 var unnið verkefnið „Þorskeldi á Íslandi: Stefnumótun og upplýsingabanki". Um var að ræða samstarfsverkefni sjávarútvegsráðuneytis, auðlindadeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja. Meginmarkmið verkefnisins voru að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu og afla og miðla upplýsingum um þorskeldi. Hópurinn skilaði skýrslu sem lögð er til grundvallar við stefnumótun á þessu sviði.

Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað sérstakan sjóð, AVS-sjóð, sem ætlað er að standa á bak við átak til að auka virði íslenskra sjávarafurða. Á vegum sjóðsstjórnar er starfandi sérstakur fiskeldishópur sem m.a. fer með söfnun upplýsinga, samhæfingu, kynningu og stefnumótun varðandi eldi sjávardýra. Á undanförnum árum hefur sjávarútvegsráðherra árlega veitt sérstaka styrki til fiskeldisrannsókna.

Árið 2002 var unnin fyrir sjávarútvegsráðherra skýrsla um uppbyggingu seiðaeldis á þorski á Íslandi. Í samræmi við tillögur skýrslunnar og álit fiskeldishópsins var unnið að því að fá helstu aðila sem hafa áhuga á þorskseiðaeldi til samstarfs um uppbyggingu einnar stöðvar. Nú hefur verið stofnað fyrirtæki í eigu fjögurra aðila um rekstur seiðaeldisstöðvar á Stað í Grindavík. Þar munu m.a. fara fram rannsóknir er miða að kynbótum á eldisfiski.

Landbúnaðarráðuneytið hefur lagt áherslu á bleikjueldi, en Íslendingar þykja leiðandi á því sviði í heiminum. Útflutningsverðmæti bleikjuafurða er nú um 600 millj. kr. á ári og er gert ráð fyrir verulegri aukningu á næstu árum. Leggja þarf sérstaka áherslu á öflugt markaðsstarf fyrir bleikjueldið.

Laxeldi hefur verið leyft í nokkrum fjörðum á Austurlandi og fer mest af framleiðslu eldislax fram í þeim landshluta en annað fiskeldi víða um land.

Fiskeldi er víða umtalsverður atvinnuþáttur og nefnir landbúnaðarráðuneytið sem dæmi að í Öxarfirði og Kelduhverfi hafi fiskeldisframleiðsla skapað mikla atvinnu í héraði þar sem dregið hefur úr hefðbundnum landbúnaði eins og víða annars staðar, og svo megi segja um fleiri héruð.

105 millj. kr., eða sem samsvarar helmingi af andvirði Steinullarverksmiðjunnar, hefur verið varið til tveggja verkefna á sviði fiskeldis, en samkvæmt lögum nr. 57/2002, um breytingar á lögum um steinullarverksmiðju, skyldi helmingur söluandvirðis verksmiðjunnar renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ákveðið var að veita annars vegar 35 millj. kr. til Sægulls ehf., til að ljúka tilraunum við barraeldi í samvinnu við Nýsköpunarsjóð, og hins vegar 70 millj. kr. til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Meginhugmynd.

Skipaður verði starfshópur á árinu 2002 er fjalli um fjarskiptamál í dreifbýli. Skal starfshópurinn kanna möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli. Telji hann slíka framkvæmd fýsilega skal hann setja fram áætlun um hvernig þetta skuli gert, hvenær og hve mikið framkvæmdin kosti. Skal starfshópurinn skila af sér fyrir lok ársins 2002.

Markmið.

Að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Með slíkum ljósleiðara er hægt að bjóða alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal stafrænt sjónvarp og útvarp. Með ljósleiðaravæðingu fæst góð

lausn fyrir fjarskiptatengingar bæði heimila og fyrirtækja. Ljósleiðarar geta borið nærri ótakmarkaðan gagnaflaum, takmörkin eru einungis í búnaðinum sem tengdur er við ljósleiðara. Ljósleiðarar eru ódýrir en endabúnaðurinn er dýr og dýrt er að leggja ljósleiðara langar vegalengdir. Tækniframfarir í ljósleiðaratækni eru stórstígar nú og búnaður lækkar óðum í verði.

Ábyrgð á framkvæmd.

Samgönguráðuneyti.

Framkvæmd.

Það liggur fyrir að umtalsverður kostnaður er við að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli og fjarskiptafyrirtæki telja það ekki arðbæra fjárfestingu miðað við núverandi tækni og markaðsaðstæður. Samgönguráðuneytið skipaði starfshóp sem fékk það verkefni að leita leiða til að auka og bæta gagnaflutningsmöguleika í dreifðari byggðum landsins. Niðurstaða þess starfs var verkefnið „Upplýsingatækni í dreifbýli" (UD). Í október sl. voru undirritaðir samningar á milli Landssíma Íslands og UD um að öll lögbýli í landinu hefðu aðgang að ISDN-tengingu. Með því er komið til móts við þarfir hinna dreifðari byggða og tengingar stórbættar. Samgönguráðuneytið stefnir að því að landsmönnum verði boðin 2 Mb/s tenging við internetið á næstu árum. Uppbygging þessarar þjónustu verður jafnframt að miðast við að sami kostnaður verði við gagnaflutninga, óháð vegalengd.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Meginhugmynd.

Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu.

Markmið.

Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabil. Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar.

Ábyrgð á framkvæmd.

Samgönguráðuneyti.

Framkvæmd.

Í leyfisbréfi Landssímans og samkomulagi fyrirtækisins við samgönguráðherra frá 16. mars 2001 er tryggð stórfelld uppbygging ATM-gagnaflutningsneta og ADSL-þjónustu, auk þess sem framtíð NMT, langdræga farsímakerfisins, er tryggð. Í kjölfar samkomulagsins kynnti Landssími Íslands hf. aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar á gagnaflutningsþjónustu og til að ná fram markmiðum um aukna gagnaflutningsþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felst stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Landssíminn skuldbatt sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að tveggja megabita samböndum yfir ATM-netið eða sambærilegri þjónustu á verði, sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram 17.000 kr. á mánuði.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Meginhugmynd.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að stefnumörkun á sviði „rafrænnar" menntunar, auk þess sem margt hefur áunnist í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur mark að. Í því sambandi

er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarstöðva verði efld með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna" nemendahópa við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.

Markmið.

Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförnum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu.

Ábyrgð á framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti hafa gert með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Í samkomulaginu er m.a. lögð áhersla á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni. Upplýsingatækni verður nýtt til að efla símenntun og starfsmenntun á landsbyggðinni og stuðla að auknu námsframboði á öllum skólastigum. Einnig verður unnið að því að auka aðgengi að menningarefni frá ólíkum landsvæðum. Á grundvelli samkomulagsins munu ráðuneytin sameiginlega leggja fram að lágmarki 100 millj. kr. á ári í þrjú ár, samtals 300 millj. kr., í verkefni í ólíkum landshlutum. Fjármununum er ráðstafað til þessara verkefna á árinu 2003:

a. Háskólanámssetur á Egilsstöðum.
b. Fræðasetur á Húsavík.
c. Efling þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum.
d. Efling símenntunarstöðva um land allt.
e. Kjarnaskólar og framhaldsskólar á landsbyggðinni vegna starfsmenntunar.
f. Þróunarverkefni í grunnskólum í dreifðum byggðum á Vestfjörðum.
g. Þróun framhaldsskóla á Snæfellsnesi.
h. Háskólar vegna skipulags og þróunar námsframboðs í fjarkennslu.
i. Skráningarvinna í menningarstofnunum og miðlun menningarefnis.

Menntamálaráðuneyti leggur í upphafi árs 2004 og 2005 fram áætlun um samstarfsverkefni ráðuneytanna til samþykktar iðnaðarráðuneytis. Menntamálaráðuneyti leggur í mars að loknu hverju áranna þriggja fram skýrslu þar sem lagt er mat á árangur verkefnanna. Í lokaskýrslu, sem menntamálaráðuneyti vinnur og leggja á fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd.

Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.

Markmið.

Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað

sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjarvinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförnum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtalsverðan hluta vinnumarkaðarins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipulagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðiskostnað.

Ábyrgð á framkvæmd.

Fjármálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Allmargir ríkisstarfsmenn vinna störf sín að hluta til fjarri vinnustað stofnana sinna, meðal annars vegna þess að upplýsingatæknin hefur opnað nýja möguleika á þessu sviði. Talið er að töluverður hópur ríkisstarfsmanna nýti sér tæknina með því að vera í beinum tölvutengslum við vinnustað sinn frá heimili sínu eða þar sem þeir eru staddir í erindum vinnuveitanda. Ekki hefur verið gerð athugun á þessu fyrirkomulagi, m.a. því hversu útbreitt þetta er, hver reynslan er og hvort þörf er á sérstökum reglum. Á vegum fjármálaráðuneytisins er unnið að athugun á fjarvinnslu með tilliti til þess að ríkisstofnanir geti boðið starfsfólki sínu í auknum mæli að vinna hluta af starfi sínu utan vinnustaða stofnana. Athugunin beinist að ýmsum hliðum þessa máls svo sem tölvu- og fjarskiptatækni, réttindum og skyldum starfsfólks, stjórnunarlegum atriðum, kostnaði og fjárhagslegum ávinningi. Gert er ráð fyrir að skýrsla um athugunina liggi fyrir í vetur.

14. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Meginhugmynd.

Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt“ samfélag, sem felur í sér að bjóða tveimur til þremur framsæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.

Markmið.

Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þáttur í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu „upplýsingasamfélagsins“ úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynsluverkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um land.

Ábyrgð á framkvæmd.

Byggðastofnun.

Framkvæmd.

Efnt var til samkeppni um rafrænt samfélag í upphafi árs 2003. Byggðastofnun annaðist framkvæmd samkeppninnar, en byggðarlögum af landsbyggðinni gafst kostur á þátttöku. Þrettán byggðarlög tóku þátt í forvali samkeppninnar og á endanum valdi þriggja manna valnefnd, skipuð af iðnaðarráðherra, tvö þeirra til þátttöku í þróunarverkefni um rafrænt samfélag. Byggðarlögin sem um ræðir eru annars vegar Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit. Byggðastofnun hefur gengið til

samninga við þessi byggðarlög um framkvæmd þróunarverkefnisins. Framlag ríkissjóðs til verkefnisins um rafrænt samfélag nemur samtals 120 millj. kr. og dreifist á þrjú ár. Framlag byggðarlaganna er nokkuð hærra, enda var skilyrði að framlag þeirra yrði a.m.k. jafnt framlagi ríkissjóðs.

15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Meginhugmynd.

Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í því sambandi er lagt til að stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum og að Ísland taki þátt í Norðurslóðaáætlun ESB.

Markmið.

Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi, en hún hefur verið fremur lítil. Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri á sumum sviðum alþjóðlegs samstarfs, einkum með þátttöku í rammaáætlunum Evrópusambandsins. Þá þurfa Íslendingar að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og nýta sér þær hugmyndir sem líklegar eru til að geta gagnast í þeim málaflokkum hér á landi. Mikilvægt er að samþætta ólíkar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, svo sem í samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, félagsmálum og umhverfismálum. Í því sambandi er gagnlegt að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða af samræmdri byggðastefnu.

Ábyrgð á framkvæmd.

Iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Ísland hefur gerst aðili að Norðurslóðaáætlun ESB (Northern Periphery Programme – NPP). Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands, ásamt Færeyjum og Grænlandi eiga einnig aðild að áætluninni sem er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurslóða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í sjö verkefnum af átján innan áætlunarinnar.

Ísland tekur einnig þátt í störfum NORA, Norrænu Atlantsnefndarinnar. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu. Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noregur. NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi.

Byggðastofnun hefur umsjón með NPP og NORA á Íslandi.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið láti gera áætlun um hvernig hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og fiskeldis með sérstakri áherslu á nýtingu aukaafurða. Gert verði yfirlit yfir allar þær aukaafurðir sem ekki eru nýttar og sett fram áætlun um hvernig hægt verði að nýta þær í framtíðinni. Stuðlað verði að samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja, háskóla, sjóða og rannsóknastofnana um rannsóknir og frumkvöðlastarf á þessu sviði með sérstakri áherslu á líftækni og nýjar vinnsluleiðir.

Markmið.

Að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og fiskeldi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.

Ábyrgð á framkvæmd.

Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Framkvæmd.

Sjávarútvegsráðherra skipaði nefnd sem var falið að koma með tillögur um hvernig auka mætti verðmæti sjávarfangs. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að miklir möguleikar séu á að auka nýtingu sjávarfangs, þar með talið aukaafurða og auka þannig verðmæti sjávarafurða. Í framhaldi af skýrslunni hefur sjávarútvegsráðherra stofnað AVS-rannsóknasjóð sem er ætlað að standa á bak við átak, sem er til fimm ára í fyrsta áfanga, til að auka virði íslenskra sjávarafurða og efla nýsköpun í greininni. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2004 er gert ráð fyrir sérstakri 100 millj. kr. fjárveitingu til verkefna sjóðsins. Á yfirstandandi ári hafa verið veittir styrkir í verkefni á sviði fiskeldis, líftækni og framleiðslutækni. Sjóðstjórn getur skipað starfshópa eða starfað með til þess bærum aðilum, til að fjalla um einstök svið, meta verkefni og vera ráðgefandi aðilar. Sem stendur eru starfshópar er fjalla um fiskeldi, líftækni og framleiðslutækni.

Iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti hafa gert með sér samkomulag um að stefna að uppbyggingu öndvegisseturs í auðlindalíftækni í tengslum við Háskólann á Akureyri. Unnið er að því að meta ávinning af því að öndvegissetrið verði stofnað og á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu matsins munu ráðuneytin vinna saman að uppbyggingu þess.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu.

Meginhugmynd.

Að landsstefna verði mótuð fyrir þjóðmenningarstofnanir til að bæta þjónustu þeirra við landsbyggðina. Þetta er nauðsynlegt skref í kjölfar lagasetningar t.d. á sviði minjavörslu, samninga ríkis og sveitarfélaga, nýrra leiða í rekstri og fjármögnun menningarmála, samninga um árangursstjórnun við stofnanir og átaks í upplýsingatækni. Nýleg lög, samningar og reglugerðir gera ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum, m.a. með tilkomu nýrra stofnana. Verkefni á sviði rannsókna, varðveislu og miðlunar menningar eru orðin mjög aðkallandi. Því er brýnt að stofnanir og einstaklingar sem starfa á þessu sviði stilli saman strengi við nýjar aðstæður.

Markmið.

Að þjóðmenningarstofnanir bæti og efli samstarf og þjónustu við landið allt með því að taka faglega forustu um stefnumótun í menningarmálum sem geti orðið grundvöllur frekari samninga- og áætlanagerðar stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila sem starfa að menningarmálum á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að því að auka aðgengi almennings að menningarefni sem tengist tilteknum landsvæðum. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið ákveðið að veita styrki til verkefna á landsbyggðinni sem felast í því að safna saman upplýsingum, heimildum, fróðleik og myndefni sem er að finna í menningarstofnunum um

land allt og búa efnið til birtingar á netinu. Til þessa verkefnis er ráðstafað 15 millj. kr. á árinu 2003.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Meginhugmynd.

Að stofnað verði til skipulegs samstarfs við háskólastofnanir undir forsjá miðstöðvanna og á grundvelli óska þeirra.

Markmið.

Að bæta möguleika fólks á Vestfjörðum og Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar og skapa þar um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum. Að efla fræðslu- og rannsóknasamstarf háskólastofnana og heimamanna í þessum landshlutum og vera nemendum og kennurum þeirra hvatning til að efna til og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum.

Ábyrgð á framkvæmd.

Menntamálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar í öllum landshlutum. Hlutverk þeirra er að efla símenntun með því að miðla námskeiðum og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga. Símenntunarmiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í að veita stoðþjónustu við nemendur og aðstöðu fyrir kennslu. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið ákveðið að vinna að uppbyggingu háskólanámsseturs á Egilsstöðum, fræðaseturs á Húsavík, eflingu þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum og eflingu símenntunarstöðva um land allt. Samtals er ráðstafað til þessara verkefna 41 millj. kr. á árinu 2003.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Meginhugmynd.

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, tengsl við skipulagsvinnu sveitarfélaga og markaðssetningu ferðaþjónustu í dreifbýli. Jafnframt verði stóraukin fræðsla og starfsmenntun í greininni. Þetta verði gert með fjárhagslegum stuðningi við þróunar- og markaðsstarf. Lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.

Markmið.

Að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi fjárfestinga hins opinbera og einkaaðila og auka samkeppnishæfi einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.

Ábyrgð á framkvæmd.

Samgönguráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra og samgönguráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Samkomulagið felur í sér að ráðuneytin munu sameiginlega vinna að verkefnum er lúta að eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Ráðuneytin munu beita sér fyrir því að samtals 100 millj. kr. verði til ráðstöfunar til samstarfsverkefnanna á árunum 2003, 2004

og 2005, þar af 60 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Sex verkefni eru styrkt á grundvelli samkomulags iðnaðar- og samgönguráðherra á árinu 2003. Í byrjun árs 2004 og 2005 mun samgönguráðuneytið leggja fram áætlun um ný verkefni að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti. Samgönguráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins og leggur í mars ár hvert fram skýrslu þar sem mat er lagt á árangurinn. Í lokaskýrslu, sem samgönguráðuneyti vinnur og leggur fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

Á árinu 2000 skilaði nefnd skipuð af samgönguráðherra af sér skýrslunni *Heilsutengd ferðaþjónusta*. Í skýrslunni voru settar fram tillögur varðandi framtíð heilsutengdrar ferðaþjónustu hér á landi og hvernig best væri að standa að uppbyggingu hennar. Einnig skipaði samgönguráðherra nefnd sem skilaði af sér skýrslunni *Menningartengd ferðaþjónusta* sem kom út síðla árs 2001. Þá vann Ferðamálaráð Íslands skýrsluna *Auðlindin Ísland* að frumkvæði samgönguráðherra, en hún kom út árið 2002. Í skýrslunni er lögð áhersla á að kanna styrk einstakra svæða með tilliti til markhópa ferðamanna.

Byggðastofnun og Félag ferðamálafulltrúa á Íslandi gerðu könnun um rekstrar- og starfsumhverfi upplýsingamiðstöðva árið 2003. En þær eru hluti af stoðkerfi ferðaþjónustunnar og gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu greinarinnar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Ferðamálaráð Íslands unnu rannsókn á þolmörkum ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum. Umræddar skýrslur og rannsóknir eru mikilvæg tæki til að stuðla að frekar uppbyggingu greinarinnar. Lögð er áhersla á að auka fræðslu og starfsmenntun í greininni og í þeim tilgangi var í nóvember 2003 undirritaður samningur milli Byggðastofnunar og Ferðamálaráðs Íslands, en þessar stofnanir munu standa fyrir námskeiðum fyrir ferðaþjónustuaðila um rekstur fyrirtækja á landsbyggðinni.

20. Endurgreiðsla námslána.

Meginhugmynd.

Að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána.

Markmið.

Að hvetja ungt fólk með menntun á háskólastigi til að setjast að og starfa úti á landi, og taka þannig þátt í uppbyggingu byggðarlaga þar sem menntað fólk vantar til starfa, og til að byggja upp ný fyrirtæki.

Ábyrgð á framkvæmd.

Fjármálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna aflað upplýsinga frá Noregi um reglur um afslátt frá endurgreiðslu námslána sem gilda fyrir háskólamenntað fólk sem býr í nyrstu héruðum Noregs og nokkrum öðrum svæðum þar í landi. Einnig hefur verið tekið saman yfirlit yfir helstu atriði sem taka þyrfti afstöðu til verði hliðstæðar reglur teknar upp hér á landi. Athugunin hefur leitt í ljós að afsláttarreglur í Noregi eru töluvert flóknar og er talið líklegt að afsláttarreglur sem settar yrðu hér á landi yrðu jafnvel flóknari vegna þess að staðhættir eru ólíkir. Þá er talið að eftirlit með reglunum geti orðið kostnaðarsamt, feli reglurnar í sér að gert verði upp á milli fólks eftir því t.d. hvar það á lögheimili, hvar á landinu það stundar vinnu, á hvaða aldri það er, í hvaða skóla það hefur stundað nám og hvort það vinnur störf sem krefjast háskólamenntunar. Ekki hefur verið lagt mat á hugsanlegan ávinning og kostnað af slíkum afsláttarreglum verði þær settar. Áfram verður unnið að athugun á málinu.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Meginhugmynd.

Að efla umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, jafnframt því að mynda stuðningsnet fyrir umhverfisnefndir og þá sem vinna að umhverfismálum hjá sveitarfélögum.

Markmið.

Að efla sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra og að fylgja eftir hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Ábyrgð á framkvæmd.

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni er tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum. Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Ávinningur sveitarfélaganna er margþættur, þ.e. beinn efnahagslegur ávinningur, samfélagslegur og menningarlegur ávinningur og betri nýting auðlinda. Ráðherrarnir munu beita sér fyrir því að til þessara samstarfsverkefna verði til ráðstöfunar samtals 8 millj. kr. á ári á þriggja ára tímabili, þar af 7 millj. kr. á ári af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis til framkvæmdar byggðaáætlunar. Af þessu fé fara 2 millj. kr. á ári í þrjú ár til sérstaks þróunarverkefnis um sjálfbært samfélag í Hrísey.

Í byrjun árs 2004 og 2005 mun umhverfisráðuneytið leggja fram áætlun um ný verkefni að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti. Umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins og leggur í mars eftir hvert áranna þriggja fram skýrslu þar sem mat er lagt á árangurinn. Í lokaskýrslu, sem umhverfisráðuneyti vinnur og lögð verður fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Meginhugmynd.

Að sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins verði gert kleift að nýta sér í vaxandi mæli landupplýsingakerfi í stjórnsýslu. Jafnframt geti þau nýtt sér kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku, samþættingu á skráðum upplýsingum og við að auðvelda aðkomu almennings að athöfnum stjórnsýslunnar.

Markmið.

Að bæta grundvöll ákvarðanatöku sveitarfélaga og auka aðgengi almennings að upplýsingum.

Ábyrgð á framkvæmd.

Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmd.

Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra hafa gert með sér samkomulag um sameiginleg verkefni sem tengjast uppbyggingu landupplýsingakerfa sveitarfélaga. Ráðuneytin munu vinna saman og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að verkefnum er lúta að uppbyggingu gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar er snerta rekstur sveitarfélaga. Meginmarkmiðið er að efla hvers kyns samanburð á fjárhagslegum upplýsingum milli sveitarfélaga sem geti nýst þeim sem öflugt tæki við stjórnun og rekstur og leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri sveitarfélaganna. Einnig er gert ráð fyrir að gagnagrunnurinn muni gegna afar þýð-

ingarmiklu hlutverki í störfum annarra opinberra aðila svo sem fjármálaráðuneytis við gerð efnahagsspár, Hagstofu Íslands við upplýsingaöflun um búskap hins opinbera, félagsmálaráðuneytis við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga í hagsmunagæslu þeirra. Enn fremur er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélaga geti haft aðgang að hinum samræmdu upplýsingum. Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra munu beita sér fyrir því að samtals verði ráðstafað til verkefna á grunni samkomulagsins 24 millj. kr. á árunum 2003–2005, þar af 12 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Félagsmálaráðuneytið gerir iðnaðarráðuneyti grein fyrir framvindu verkefna á grunni samkomulagsins í lok hvers hinna þriggja ára og gerir grein fyrir heildarárangri eigi síðar en í mars árið 2006.

Félagsmálaráðuneytið samdi í maí 2003 við fyrirtækið Forsvar ehf. á Hvammstanga um smíði upplýsingakerfis sem halda á utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á Íslandi í framtíðinni. Samið er um að smíðinni verði lokið í apríl 2004, en hluti kerfisins verði kominn í notkun fyrir árslok 2003. Einnig er samið um uppfærslu og viðhald kerfisins til ársloka 2006. Stefnt er að því að upplýsingaveitan muni í framtíðinni tengjast samræmdum gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar úr rekstri sveitarfélaga.

Samráðsnefnd umhverfisráðuneytis um þróun landupplýsingakerfa sem sett var á laggirnar árið 2001 til þriggja ára, skilaði bráðabirgðaskýrslu til ráðherra í maí 2003 með tillögum um aðgerðir stjórnvalda. Í nefndinni er nú þegar fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og í skýrslunni er lögð áhersla á nauðsyn samhæfingar á gagnaskráningu og gagnasamskiptum milli stjórnsýslustiga. Þar segir m.a.: „Samband íslenskra sveitarfélaga verði hvatt til þess að aðstoða sveitarfélög sem ekki hafa tök á að nýta stafrænar upplýsingar, t.d. með að veita þeim faglega ráðgjöf á þessu sviði. Í því starfi verði lögð áhersla á samræmda gagnaskráningu og gagnasamskipti.“ Þá fór nefndin þess á leit við umhverfisráðherra að nefndin yrði stækkuð með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Nú hafa fulltrúar þessara ráðuneyta verið tilnefndir í nefndina og stefnt er að því að leggja drög að tilraunaverkefni sem eflt gæti möguleika smærri sveitarfélaga á því að nýta kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku og auðveldaði aðkomu íbúa að athöfnum stjórnsýslunnar.

Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um gagnkvæma notkun á stafrænum landfræðilegum kortagögnum og um fjarkönnun.

Aðrar aðgerðir stjórnvalda.

Iðnaðarráðuneyti.

Sérstök fjárveiting til atvinnuþróunarverkefna.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 11. febrúar 2003 sérstaka 700 millj. kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna. Þar af var Byggðastofnun falið að verja allt að 350 millj. kr. til kaupa á hlutafé í álitlegum félögum sem eru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Byggðastofnun var einnig falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og heimilað að verja allt að 150 millj. kr. af fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til slíkra verkefna. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, í samstarfi við Byggðastofnun, var falið að meta nýja iðnaðarkosti sem gætu haft afgerandi áhrif á búsetu og atvinnuþróun og taka þátt í stofnun arðbærra hlutafélaga sem tryggðu stöðuga atvinnu með varanlegum hætti. Sjóðnum voru heimiluð kaup á allt að 200 millj. kr. hlutafjár vegna þessa.

Ráðstöfun söluandvirðis Kísilgúrverksmiðjunnar.

Samkvæmt lögum nr. 15/2001, um breytingu á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, skyldi söluandvirði verksmiðjunnar renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ákveðið hefur verið að verja 30 millj. kr. af söluandvirðinu til kaupa á hlutafé í Pólýolverksmiðjunni ehf. Féð verður m.a. notað til þess að meta hagkvæmni staðsetningar verksmiðju á Húsavík, sem er eina staðsetningin utan þéttbýlisins á Suðvesturhorninu sem nú kemur til álita. Framleiðsla á pólýoli byggist á notkun jarðgufu, en pólýol er samheiti yfir flokk efna sem m.a. eru notuð við framleiðslu á matvælum, snyrtivörum, plastefnum og lyfjum. Þá hefur 20 millj. kr. af söluandvirði Kísilgúrverksmiðjunnar verið varið til kaupa á hlutafé í Baðfélagi Mývatnssveitar, sem er einkahlutafélag um uppbyggingu og rekstur náttúrulegra heilsubaða í Mývatnssveit.

Námskeið um klasa – til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða.

Í september 2003 stóð Verkefnisstjórn um byggðaþróun við Eyjafjörð ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og fleiri aðilum fyrir námskeiði í Reykjavík um hvernig mætti nýta klasa (Clusters, tengslanet) til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða. Víða erlendis hafa klasar gegnt veigamiklu hlutverki við að auka samkeppnishæfni fyrirtækja á einstaka svæðum, þar sem tengslanet fyrirtækja skipta oft verulegu máli. Klasar hafa orðið til með ýmsu móti, en nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ákveðnar aðgerðir fyrirtækja, einstaklinga, samtaka og opinberra aðila geta haft veigamikil áhrif á þróun og þann árangur sem klasar hafa. Af þessu tilefni var fenginn reyndur erlendur sérfræðingur, Ifor Fflowcs-Williams frá Nýja-Sjálandi, til að halda tveggja daga námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Ifor hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir, svo sem OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, bæjum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi. Námskeiðið var fjölsótt af aðilum víðsvegar af landinu, ekki síst af atvinnuráðgjöfum sem nýtt geta í framtíð þær hugmyndir og þekkingu sem námskeiðið skilaði, til frekari þróunar og framkvæmda hér á landi.

Verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

Í lok september 2003 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra verkefnisstjórn um byggðaþróun fyrir Vestfirði og er hlutverk hennar að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum á Vestfjörðum fyrir næstu þrjú ár. Meðal meginverkefna nefndarinnar er að huga sérstaklega að aðgerðum sem eru til þess fallnar að styrkja Ísafjarðarbæ sem byggðakjarna á Vestfjörðum. Í mars 2003 kom út byggðaáætlun fyrir Vestfirði, sem var unnin af fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjölda aðila úr atvinnu-, mennta- og menningarlífi svæðisins. Þetta er svæðisbundin áætlun sem fellur vel að markmiðum byggðaáætlunar, og í henni koma fram margar beinar tillögur um ný verkefni sem talið er mikilvægt að unnin verði á Vestfjörðum. Verkefnisstjórnin mun meta framkomnar tillögur, taka nýjar tillögur til umfjöllunar og gera áætlun um framkvæmd þeirra. Í því starfi verður lögð megináhersla á verkefni sem líkleg eru til að skila árangri í styrkingu atvinnulífs og annarra búsetuskilyrða. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki eigi síðar en við lok ársins 2006. Verkefnisstjórnin hefur þegar hafið störf og fundað nokkrum sinnum og leggur hún áherslu á að hraða störfum. Stjórnin mun viðhafa það vinnulag að einstaka tillögur sem tilbúnar eru verði þegar í stað sendar iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Gert er ráð fyrir að fyrstu tillögur verkefnisstjórnar verði sendar til ráðherra innan skamms.

Samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir.

Iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráð Íslands gerðu í maí 2003 með sér samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir. Samkomulagið er gert á grunni áherslu byggðaáætlunar á að auka þurfi þekkingu og nýsköpun í hefðbundnum greinum. Bent er á nauðsyn þess að stefna stjórnvalda gagnvart atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, eins og landbúnaður, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennari byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ. Eitt af sóknarfærunum í landbúnaði tengist útflutningi á íslenskum ullarafurðum. Sérkenni íslenskrar ullar eru mikil og þess má vænta að með endurskipulagningu á markaðssetningu ullarafurða megi ná umtalsverðum ávinningi. Á þessum grundvelli hafa iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráð ákveðið að vinna með Fagráði textíliðnaðarins að eflingu markaðsstarfs erlendis á íslenskum ullarafurðum. Átakið er til tveggja ára og er markmið þess að endurskipuleggja markaðs- og sölustarf á íslenskum ullarafurðum og þróa skilvirk markaðs- og söluferli sem nýtast allri atvinnugreininni. Iðnaðarráðuneytið leggur til átaksins samtals 8,5 millj. kr. Útflutningsráð Íslands hefur yfirumsjón með framvindu verkefnisins og leggur í júní 2004 fram skýrslu þar sem lagt er mat á árangur átaksins fyrra starfsárið og lokaskýrslu um heildarárangur átaksins í júní 2005.

Frumkvöðlasetur á Höfn í Hornafirði.

Iðnaðarráðuneyti á aðild að frumkvöðlasetri á Höfn í Hornafirði, sem komið var á fót vorið 2003. Setrinu er ætlað að veita sérhæfða aðstoð við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd.

Útibú Orkustofnunar á Akureyri.

Í upphafi árs 2003 hófst starfsemi á vegum Orkumálasviðs Orkustofnunar á Akureyri, þegar útibú þess tók til starfa í húsnæði Norðurorku á Rangárvöllum. Lögð er áhersla á að verkefni er tengjast landsbyggðinni sérstaklega séu unnin á Akureyri. Einn starfsmaður er í útibúinu og meðal verkefna hans er umsjón með niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, verkefnisstjórnun með leit að jarðhita á köldum svæðum, samskipti við þá sem hafa hug á að reka eða reka einkarafstöðvar auk verkefna sem tengjast nýjum hitaveitum eða stækkun eldri veitna. Einnig er fyrirhugað að umsýsla Orkusjóðs verði í Akureyrarútibúinu.

Heilbrigðisráðuneyti.

Fjarlækningar og bráðarannsóknir.

Unnið er að prófunum á búnaði og fyrirkomulagi vegna fjarlækninga, með þátttöku Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (HÞ), Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) og Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH). Markmið verkefnisins er að styrkja tengsl heilbrigðisstarfsfólks á norðausturhorni landsins, auka heilbrigðisþjónustu á svæðinu og draga úr sjúkraflutningum. Einnig að styrkja samstarfið við FSA. Ýmiss konar samskiptum milli heilbrigðisþjónustuaðila vegna bráðaþjónustu er ætlað að nýta sér möguleika með fjarlækningum. Gerðar eru tilraunir með sendingar á röntgenmyndum til greiningar hjá sérfræðingi sem ekki er á þeim stað þar sem myndin er tekin. Einnig eru send hjartarit, stafrænar myndir og prófanir gerðar á stafrænni hlustunarpípu. Skilgreining og prófun á þessari nýju tegund þjónustu er einnig stór hluti verkefnisins.

Fjarlækningar fyrir sjómenn.

Verkefni þar sem gerðar hafa verið prófanir á fjarlækningabúnaði um borð í skipum er á lokastigi, en það var unnið með stuðningi NORA, Niðurstöður þess verða kynntar fljótlega, en þær eru m.a. búnaðar-„pakki“ sem hægt er að koma fyrir um borð í skipum og getur gefið sjómönnum kost á læknisþjónustu sem ekki hefur verið til staðar. Gert er ráð fyrir að í

framhaldsverkefni verði skilgreind og prófuð sú þjónusta sem nauðsynleg er til að búnaður sem þessi nýtist, en það er nauðsynlegur undirbúningur fyrir að hleypa þjónustu sem þessari af stokkunum.

Lyfseðlar.

Á Akureyri eru í gangi prófanir á rafrænum lyfseðlum, þar sem FSA, Heilsugæslan á Akureyri og apótekin á Akureyri skiptast á lyfseðlum á rafrænu formi. Frá því í lok júní s.l. hafa flestir lyfseðlar frá Heilsugæslunni verið sendir á rafrænan hátt og ekki skrifaðir út, en það bæði einfaldar alla vinnslu lyfseðlanna og eykur öryggi í meðhöndlun þeirra. Verkefnið er undirbúningur fyrir að taka í notkun rafræna lyfseðla á landsvísu.

Umhverfisráðuneyti.

Þjóðgarðar.

Á grundvelli laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, eru starfræktir þrír þjóðgarðar hér á landi auk þjóðgarðsins á Þingvöllum sem starfar samkvæmt lögum nr. 59/1928 og heyrir undir forsætisráðuneytið. Þjóðgarðarnir þrír eru þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn Skaftafelli og þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum. Árið 2003 var heilsársstarfsmönnum í þeim fjölgað þannig að nú starfa auk þjóðgarðsvarðar og landvarða yfir sumartímann einn starfsmaður allt árið í hverjum þjóðgarði. Unnið hefur verið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum Umhverfisstofnunar og nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins vinnur að tillögum um stofnun þjóðgarðs fyrir norðan Vatnajökul.

Fráveitumál.

Unnið er samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Ríkið tekur þátt í kostnaði við framkvæmdir sveitarfélaga samkvæmt nánari reglum þar um. Heildarframlag ríkisins til fráveitumála á árunum 1995–2005, þ.e. á gildistíma laganna er áætlað 2,2 milljarðar króna. Fráveitunefnd umhverfisráðuneytisins sem starfar samkvæmt lögunum hefur verið falið að gera tillögu að endurskoðuðum lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum með hliðsjón af framkvæmd þeirra hingað til.

Ofanflóðamál.

Samkvæmt lögum nr. 47/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, skal vinna að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla í þeim sveitarfélögum sem búa við hættu vegna ofanflóða. Til þess að fjármagna þessar aðgerðir er innheimt sérstakt gjald af fasteignaeigendum sem nemur 700–800 millj. kr. á ári. Unnið er samkvæmt framkvæmdaráætlun um uppbyggingu varna á landsvísu og er við það miðað að brýnustu aðgerðum verði lokið árið 2010. Fyrirsjáanlegt er að sú tímasetning færist aftar og er nú unnið að endurskoðun áætlunarinnar í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Jafnhliða uppbyggingu varna hefur verið unnið að hættumati fyrir þéttbýlisstaði og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki að mestu 2004. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður um 10 milljarðar króna.

Félagsmálaráðuneyti.

Samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Þriggja ára tilraunaverkefni um jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins þann 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæm-

inu. Með samningi milli félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar hefur verið tekin ákvörðun um að færa verkefnið út og framlengja það. Um er að ræða samstarfsverkefni þessara aðila um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Samstarf aðilanna gildir til ársins 2005, og eru ráðgjafar staðsettir í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Byggt er á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra og mun reynslan af því starfi því nýtast öðrum héruðum landsins til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið er sérstaklega brýnt því atvinnuleysistölur sýna að staða kvenna á landsbyggðinni hefur versnað hlutfallslega gagnvart körlum á vinnumarkaði. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir:

- að frá og með 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 sé ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Norðausturkjördæmi,
- að frá og með 1. ágúst 2003 til ársloka 2005 sé ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Suðurkjördæmi.

Stofnun Varasjóðs húsnæðismála.

Varasjóður húsnæðismála var stofnaður með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingin byggðist á samkomulagi milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002. Sjóðurinn veitir framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennan markað og rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Jafnframt hefur sjóðurinn umsýslu með varasjóði viðbótarlána. Ráðgjöf og leiðbeiningar um rekstrarform félagslegra leiguíbúða ásamt upplýsingavinnslu er í verkahring sjóðsins. Varasjóður húsnæðismála er staðsettur á Sauðárkróki og hefur hann einn starfsmann í fullu starfi.

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum á Bifröst.

Í ágúst 2003 var undirritaður samningur milli félagsmálaráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs og Viðskiptaháskólans á Bifröst um stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir því að rannsóknarsetrið muni í fyrstu einbeita sér að hagrænum og efnahagslegum rannsóknum á sviði húsnæðismála, jafnframt því að vinna að víðtækri upplýsingaöflun um húsnæðismál. Mun rannsóknarsetrið sjá um gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga fyrir Íbúðalánasjóð og félagsmálaráðuneytið samkvæmt samningi við þessa aðila. Við stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum var sett á fót sérstök rannsóknarstaða og er ráðið í stöðuna frá hausti 2003. Innifalin í starfsskyldum forstöðumanns rannsóknarseturs er kennsla við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem svarar til 20% fullrar kennslu. Gert er ráð fyrir að nemendur Viðskiptaháskólans muni koma að starfi rannsóknarseturs samkvæmt ákvörðun forstöðumanns og skólayfirvalda.

Landbúnaðarráðuneyti.

Landshlutabundin skógræktarverkefni.

Sérstök skógræktarverkefni eru starfrækt í öllum landshlutum. Starfað er samkvæmt áætlunum er gerðar hafa verið fyrir hvert svæði. *(Héraðsskógar 1991; Suðurlandsskógar 1997; Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum 2000; Austurlandsskógar 2001).* Meginhugmyndin að baki verkefnunum er að byggja upp nýja auðlind; nytjaskóga á Íslandi, og skapa ný atvinnutækifæri og treysta byggð. Reynsla og úttekt á starfi landshlutabundnu skógræktarverkefnanna sannar mikilvægi þeirra á landsbyggðinni. Markmiðið er að rækta skóga á 5% láglendis á 40 árum. Í hverjum landshluta er starfrækt skrifstofa fyrir hvert verkefni með sérmenntuðu fólki. Ætla má að samtals starfi 15–20 manns við stjórnun, ráðgjöf og áætlanagerð á landsbyggðinni vegna þessa. Þá hafa verkefnin fengið umtalsvert fjármagn sem dreifist á fjölmarga einstaklinga sem vinna að því að byggja upp skóg sem nýja

auðlind þessa lands. Á Alþingi 2002–2003 var samþykkt skógræktaráætlun þar sem kveðið er á um ákveðið fjármagn til verkefnanna á árunum 2003–2008. Nú er unnið samkvæmt þeirri áætlun. Fjölmargir hafa sýnt þessum verkefnum áhuga og gerst þátttakendur í þeim. Sérstaklega skal bent á að mikið er um að fólk úr þéttbýlinu vilji hefja skógrækt á jörðum sem það á á landsbyggðinni og nokkrir hafa flutt lögheimili sín í sveitirnar til að geta gerst þátttakendur í skógræktarverkefnunum. Auk þess að rækta skóg til nytja er mikið bundið af kolefni með skógrækt og er horft til þess þáttar sem hugsanlegs tekjumöguleika í framtíðinni

Bændur græða landið.

Um er að ræða verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins. Á Alþingi 2001–2002 var samþykkt landgræðsluáætlun 2003–2014 þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir þessum þætti og fjármagni til hans. Meginhugmyndin að baki verkefninu er að nýta krafta bænda við uppgræðslustörf, bæði innan og utan sinna landa. Auk þess að græða landið er mikið bundið af kolefni með slíkri uppgræðslu og horfa bændur til þess þáttar sem hugsanlegs tekjumöguleika í framtíðinni. Markmiðið er að auka þátttöku bænda og jarðareiganda í uppgræðslustarfi og stuðla að því að það fjármagn sem til uppgræðsluaðgerða fer nýtist jafnframt til eflingar byggðar og treysti búsetu. Sífellt fleiri bændur gerast nú verktakar að landgræðsluframkvæmdum. Auk þess leggja margir bændur fram vélar og vinnu á móti áburði og fræi frá Landgræðslu ríkisins í átakinu Bændur græða landið, auk ráðgjafar af stofnunarinnar hálfu. Starfandi eru héraðsmiðstöðvar í nær öllum landshlutum þar sem sérmenntaðir einstaklingar eru til staðar við að leiðbeina þátttakendum í landgræðslustarfi og efla tengsl íbúa héraðanna og Landgræðslunnar. Milli 600 og 700 aðilar eru nú þátttakendur í verkefninu og sífellt vilja fleiri bætast í hópinn.

Landbótasjóður.

Komið hefur verið á fót landbótasjóði í samræmi við landgræðsluáætlun 2003–2014. Sjóðnum er ætlað að styðja við bændur til að fjármagna landbætur á sínu heimalandi. Gert er ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi ríkisins á árinu 2004 til sjóðsins. Markmiðið með landbótasjóði er að efla enn frekar gróðurbætur með þátttöku heimamanna. Umráðahafar lands framkvæma verkið en landgræðslan tekur það út. Framkvæmdir velta á framlögum til landbótasjóðs hverju sinni.

Lifandi landbúnaður.

Grasrótarsamtökin Lifandi landbúnaður voru stofnuð á fundi kvenna í íslenskum landbúnaði 15. október árið 2002. Verkefnið hefur verið stutt af landbúnaðarráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu auk annarra aðila. Lifandi landbúnaður eru samtök kvenna í íslenskri bændastétt. Ramminn sem hreyfingin hefur sett sér, er að það sem konurnar taka sér fyrir hendur í nafni hennar hafi eitthvert það markmið sem stuðlar að eflingu kvenna í bændastétt, stuðli að jákvæðum tengslum milli þéttbýlis og dreifbýlis og því að neytendur landbúnaðarafurða séu ánægðir og upplýstir. Megináherslan er á að byggja upp samskiptanet, sem síðan er hægt að nota í hverjum þeim tilgangi sem þátttakendur kjósa hverju sinni. Fyrsta verkefni Lifandi landbúnaðar nefnist Gullið heima. Stefnt er að því að Gullið heima verði þriggja ára Evrópusamstarfsverkefni sem miðar að því að efla konur í landbúnaði til að takast á við ákveðið upplýsingastarf sem þær hafa lýst vilja sínum til að einhenda sér í, og fá þeim þann efnivið og þjálfun sem til þess þarf. Leiðarljós Lifandi landbúnaðar er gagnkvæm virðing ólíkra menningarheima og miðlun þekkingar. Með samskiptaneti Lifandi landbúnaðar og starfinu að Gullinu heima byggja konurnar brúna sín á milli, þ.e. miðla þekkingu hver til annarrar og tengjast saman í náms- og vinnuhópa. Saman leitast konurnar síðan við að sameina menningarheima þéttbýlis og dreifbýlis. Í verkefninu felst m.a. námsefnisgerð um sveitalíf fyrir leik- og grunnskóla, kynningarefni fyrir almenning,

heimsóknir bænda í skóla, kynningar í verslunum og víðar meðal almennings ásamt fræðslu á vefsíðu. Undanfari þessa er námskeiðahald fyrir bændurna og aðra sem að þessu kynningarstarfi kunna að koma. Verkefnið snertir því allt í senn jafnréttismál, menningarmál, menntamál, landbúnaðarmál og byggðamál.

Upplýsingatækni í dreifbýli – UD.

Átaksverkefnið Upplýsingatækni í dreifbýli hóf formlega starfsemi í byrjun árs 2002 en allnokkur undirbúningsvinna hafði farið fram á árinu 2001. Þátttaka í verkefninu er bundin við íbúa á lögbýlum eða búnaðargjaldsskylda starfsemi. Öðrum er heimilt að sækja tölvunámskeið eða annað sem telst á vegum UD en verða þá að greiða kostnað alfarið sjálfir. Landbúnaðarráðherra skipaði stjórn yfir verkefnið sem afmarkaði viðfangsefni og gerði áætlun um framkvæmd þeirra. Viðfangsefnin voru greind í fjóra flokka en þeir eru: Námskeiðahald, gagnaflutningar, nýting upplýsingasamfélagsins til nýsköpunar og þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Gengið hefur verið frá samningi við Vinnumálastofnun um tilraunaverkefni um miðlun starfa í fjarvinnslu en sá samningur var undirritaður í lok janúar á þessu ári. Þá var hafinn undirbúningur að þátttöku í sameiginlegu upplýsingatækniverkefni nokkurra þjóða í norðanverðri Evrópu, sem sækir um styrk til Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme). Gengið var frá verkefnislýsingu og styrkumsókn á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þá var m.a. unnið að gerð heimasíðu fyrir verkefnið og fjárhagslegur grundvöllur þess styrktur. Námskeiðahald var viðamesti þátturinn í starfsemi ársins 2002, en fyrstu námskeiðin fóru ekki af stað fyrr en í aprílmánuði. Alls sóttu 435 manns námskeið sem voru niðurgreidd af verkefninu. Áætlanir gerðu ráð fyrir 600 þátttakendum á námskeiðum ársins 2003, en aðsókn verður mun meiri. Meginhugmynd verkefnisins er að styrkja stöðu dreifbýlis hvað varðar notkun upplýsingatækni og markmiðið að auka samkeppnishæfni sveitanna með sérstöku átaki í tölvukennslu og tækniváðingu. Verkefnisstjórn réði framkvæmdastjóra sem hefur starfað í 75% starfi frá því í nóvember 2001 með aðsetur á Sauðárkróki. Ekki er um aðra launamenn að ræða, enda mörkuð sú stefna að hafa yfirbyggingu UD-verkefnisins í lágmarki og semja um verkefni við samstarfsaðila á landinu öllu. Eftir töluverðar vangaveltur um rekstrarform, fékk verkefnið í marsmánuði 2002, kennitölu í eigu landbúnaðarráðuneytisins en fjárhagur þess er engu að síður sjálfstæður. Endurskoðandi reikninga er Ríkisendurskoðun. UD gerði í haust samkomulag við Símann um að efna til þriggja ára samstarfsverkefnis um átak um þróun upplýsingatækni í dreifbýli. Einnig hefur verið gerður rammasamningur milli UD og Félags ferðaþjónustubænda sem snýst um að nýta upplýsingasamfélagið til verðmætaaukningar fyrir ferðaþjónustubændur.

Hestamiðstöð Íslands.

Hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar Hestamiðstöð Íslands er að beita sér fyrir átaki til gæðastýringar og eflingar fagmennsku í hrossarækt, hestamennsku, hestaíþróttum og hestatengdri ferðaþjónustu. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Skagafirði, en starfsemi hennar er ekki staðbundin. Markmið Hestamiðstöðvar Íslands eru að byggja upp sem mest af sjálfstæðri starfsemi með starfi sínu og stuðningi. Hestamiðstöðin skal vinna að hlutverki sínu með því að veita styrki til verkefna sem samrýmast markmiðum stofnunarinnar, með þátttöku í samstarfsverkefnum og með hlutafjárkaupum í fyrirtækjum í hestatengdri starfsemi. Stuðla á að aukinni fagmennsku innan greinarinnar, aðlaga stærð hrossastofnsins markaðsaðstæðum, ræktunarmarkmiðum og markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, styrkja félagslega samstöðu hrossabænda og hestamanna og auka arðsemi í greininni. Stofnendur Hestamiðstöðvar Íslands eru forsætisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stofnfé er 2 millj. kr. Landbúnaðar-

ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessara aðila. Stjórn Hestamiðstöðvar Íslands getur ein getur tekið ákvarðanir um styrkveitingar og aðra ráðstöfun fjár til verkefna sem samrýmast markmiðum stofnunarinnar. Sömuleiðis ræður hún eftir þörfum starfsmenn er sinna einstökum samstarfsverkefnum og hafa umsjón með rekstri miðstöðvarinnar. Stjórn verkefnisins skal í samvinnu við samtök greinarinnar og Landgræðslu ríkisins beita sér fyrir aukinni umræðu og fræðslu innan greinarinnar um landnýtingu og standa fyrir umræðu og umfjöllun um nauðsyn þess að landnýting samrýmist markmiðum um sjálfbæra landnýtingu. Stjórn verkefnisins skal í samráði við samtök greinarinnar beita sér fyrir því meðal hrossabænda og annarra hestaeigenda að fjöldi hrossa í landinu sé í samræmi við það sem nauðsynlegt er vegna ræktunarstarfs og tiltækra markaða fyrir lífhross og hrossaafurðir. Áhersluverkefni eru að:

- Styðja með nauðsynlegri setningu laga og reglugerða gæðastjórnunarátak innan hrossaræktarinnar.
- Efla nám á sviði hrossaræktar, hestamennsku og landnýtingar.
- Setja skýr og afdráttarlaus lagaákvæði til þess að koma í veg fyrir ofnotkun lands af völdum hrossabeitar.
- Afla Íslandi alþjóðlegrar viðurkenningar sem upprunalandi íslenska hestsins.
- Greiða fyrir auknum útflutningi hrossa m.a. með viðræðum við stjórnvöld annarra landa um lækkun innflutningstolla og annarra innflutningskvaða á hrossum.
- Tengja íslenska hestinn í auknum mæli opinberri landkynningu.
- Leita leiða til að tryggja til framtíðar örugga vistun á gagnabanka um íslenska hrossakynið.

843. Frumvarp til laga [564. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

2. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka með-

fram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir, sbr. kort í fylgiskjali I með lögum þessum.

Þá taka lögin enn fremur til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. kort í fylgiskjali II með lögum þessum.

Ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

II. KAFLI
Verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

3. gr.
Verndun Mývatns og Laxár.

Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.

4. gr.
Verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.

Verði breytingar á skilgreindu vatnasviði Laxár og Mývatns, sbr. fylgiskjal II með lögum þessum, vegna náttúrulegra breytinga eða aukinnar þekkingar, er ráðherra heimilt með reglugerð að skilgreina ný mörk vatnasviðsins í samræmi við þær breytingar.

III. KAFLI
Umsjón verndarsvæðisins og gerð verndaráætlunar.

5. gr.
Umsjón.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með náttúruvernd á landsvæði því sem um getur í lögum þessum. Umhverfisstofnun er þó heimilt að fela öðrum umsjón svæðisins, í heild eða að hluta, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

6. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir landsvæði það sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar. Verndaráætlun skal endurskoða á fimm ára fresti. Tillögu að verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunina skal birta sem auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þegar hún hefur hlotið staðfestingu umhverfisráðherra.

IV. KAFLI
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

7. gr.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Við Mývatn er starfrækt náttúrurannsóknastöð. Stöðin er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns og Laxár. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og hlutverk náttúrurannsóknastöðvarinnar.

8. gr.

Forstöðumaður og fagráð.

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann náttúrurannsóknastöðvarinnar til fimm ára í senn. Forstöðumaður fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun í náttúrufræðum sem nýtist honum í starfi. Skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um starfssvið og starfsskyldur forstöðumanns.

Umhverfisráðherra skal skipa fagráð náttúrurannsóknastöðvarinnar. Skal fagráð vera forstöðumanni náttúrurannsóknastöðvarinnar til ráðgjafar um vísindastarf stofnunarinnar, rannsóknastefnu og fagleg tengsl við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á vatnasviði Mývatns og Laxár í samræmi við lög. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipan og hlutverk fagráðsins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

10. gr.

Refsiábyrgð og dagsektir.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gerð verndaráætlunar skv. 6. gr. skal lokið fyrir 1. janúar 2006.

II.

Umhverfisstofnun skal þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga þessara en eigi að síður er mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða.

Umhverfisráðherra skal við gildistöku laga þessara tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa samkvæmt framangreindu.

Að öðru leyti skal um friðlýsingu þessara svæða fara eftir ákvæðum náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Skal friðlýsingu samkvæmt ákvæði þessu vera lokið fyrir 1. janúar 2008.


III.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. getur Umhverfisstofnun heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000, og að fengnu samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2014.


Fylgiskjal I.

Mörk votlendissvæða umhverfis Mývatn skv. 1. mgr. 2. gr.



Fylgiskjal II.

Vatnasvið Mývatns og Laxár.



Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frumvarpi sem umhverfisráðherra lagði fram á Alþingi á 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið fór fyrir umhverfisnefnd Alþingis og var sent til umsagnar fjölmargra aðila. Gerðar hafa verið lítils háttar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim umsögnum sem bárust. Helsta breytingin felst í nýju ákvæði til bráðabirgða III þar sem Umhverfisstofnun er heimilað að veita leyfi fyrir hækkun á núverandi stíflu við Laxárvirkjun náist um það samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram.

Efnislega er frumvarpið í meginatriðum byggt á frumvarpi nefndar sem umhverfisráðherra skipaði hinn 25. september 2001. Nefndinni var falið að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum á stjórnsýslu náttúruverndarmála, m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig var nefndinni falið að gera tillögur um framtíðarstarfsemi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Í nefndina voru skipaðir Finnur Þór Birgisson lögfræðingur, formaður, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Gísli Már Gíslason prófessor, formaður stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, og Jón Helgi Björnsson líffræðingur. Ritari nefndarinnar var Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu. Hinn 6. febrúar 2002 skilaði nefndin ráðherra drögum að frumvarpi til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nefndin var samhljóða í niðurstöðu sinni að öðru leyti en því að Árni Bragason og Gísli Már Gíslason skiluðu minnihlutaáliti um 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II.

Frumvarpið var sent til valinna aðila 15. febrúar 2002 og bárust umsagnir frá 20, þ.e. Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Skipulagsstofnun, veiðistjóra, Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastjóra, Veiðimálastofnun, Landeigendafélagi Laxár og Mývatns, Kísiliðjunni, Orkustofnun, Landsvirkjun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Umhverfissamtökum Mývatns, Samtökum aðila í ferðaþjónustu, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landvernd, Aðaldælahreppi, Reykdælahreppi og Skútustaðahreppi. Voru þá gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpi nefndarinnar með hliðsjón af ábendingum umsagnaraðila.

Sérstaða Mývatns og alþjóðlegar skuldbindingar.

Mývatn hefur mikla sérstöðu og er raunar einstætt ef litið er til hnattstöðu þess. Vatnið býr yfir óvenjuauðugu gróður- og dýralífi. Vatnasvið þess nær jafnframt til Laxár, einnar víðfrægustu laxveiðiár landsins, og er vistkerfi og lífríki árinnar og vatnsins í raun órjúfanleg heild. Fegurð Mývatns og náttúru þess er einnig einstök. Er verndargildi svæðisins því afar mikið og má geta þess að Mývatn var fyrsta svæðið sem Ísland tilkynnti til alþjóðlegrar skrár um verndun votlendis sem komið var á fót á grundvelli Ramsar-sáttmálans. En náttúrufegurð Mývatnssvæðisins er ekki aðeins einstök heldur er jafnframt fagurt mannlíf við Mývatn. Við vernd svæðisins verður því að taka tillit til þarfa og hagsmuna íbúa svæðisins. Nauðsynlegt er að taka tillit til margra ólíka sjónarmiða við náttúruvernd á þessu svæði.

Á þeim 29 árum sem liðin eru frá því að lög nr. 36/1974 voru sett hafa orðið gagngerar breytingar á lögum er varða umhverfis- og náttúruvernd. Meðal nýlegrar löggjafar á þessu sviði má nefna skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt hefur íslenska ríkið samþykkt

ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem varða náttúruvernd á Íslandi. Þar má m.a. nefna samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1978, samning um líffræðilega fjölbreytni, sbr. auglýsingu nr. 11/1995, og samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamninginn), sbr. auglýsingu nr. 17/1993.

Með skráningu Mývatns- og Laxársvæðisins á Ramsar-listann ábyrgist íslenska ríkið að stjórn og nýting votlendisins sé skynsamleg (6. mgr. 2. gr.), að unnin verði verndaráætlun fyrir svæðið (1. mgr. 3. gr.) og að Ramsar-skrifstofunni verði skýrt frá því ef breytingar verða á vistfræðilegum eiginleikum vatnsins af mannavöldum eða ef búast má við breytingum (2. mgr. 3 gr). Með samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Bernar-samningnum skuldbatt íslenska ríkið sig til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í Mývatni sem og annars staðar innan lögsögu sinnar og að vernda sérstaklega lífsvæði, plöntur og dýr á svæðum sem gegna miklu hlutverki í fari dýra.

Núgildandi lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36/1974.

Í samningi stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands, sem undirritaður var hinn 16. maí 1973 af hálfu forsætisráðherra og hinn 19. maí 1973 af hálfu annarra samningsaðila, var mælt fyrir um að ríkisstjórnin léti semja frumvarp til laga um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins og legði það fyrir Alþingi. Samningur þessi markaði endalok hinnar svokölluðu Laxárdeilu sem staðið hafði um nokkurra ára skeið vegna fyrirhugaðrar virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Var Náttúruverndarráði falið að semja frumvarpið að fengnum umsögnum ýmissa aðila er málið varðaði en endanleg gerð þess var unnin í samráði við menntamálaráðuneytið sem þá fór með náttúruverndarmál innan Stjórnarráðsins. Varð frumvarpið að lögum nr. 36/1974, um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í greinargerð Náttúruverndarráðs með frumvarpinu sagði m.a.:

„Hið sérstæða vistkerfi Mývatns og Laxár hlýtur að vera mjög næmt fyrir hvers konar utanaðkomandi truflunum. Það verður aldrei sterkara en veikasti hlekkur þess, og ber því að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við hvers konar mannvirkjagerð og atvinnurekstur, sem ætla má að geti haft neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Sérstök lagasetning um takmarkaða náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu virðist ekki aðeins réttlætanleg heldur beinlínis nauðsynleg til þess að auðvelda náttúruverndaraðgerðir á svæðinu. Hér verður hvorki um þjóðgarð né friðland í anda náttúruverndarlaganna að ræða. Beiting ákvæða náttúruverndarlaga um náttúruverndaraðgerðir á svæðinu mundu því verða mjög í molum og án nokkurs samhengis. Með setningu sérstakra laga um þetta efni og reglugerða gefnum út samkvæmt þeim, mundi hins vegar vera hægt að sameina í eina heild öll þau ákvæði, sem lúta að náttúruvernd á þessu viðkvæma svæði.“

Áratugareynsla er nú komin á framkvæmd laganna. Síðustu ár hafa þau sætt talsverðri gagnrýni af hálfu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Beinist sú gagnrýni helst að tveimur þáttum. Í fyrsta lagi telur sveitarstjórnin að með núgildandi lögum sé tekið frá henni vald sem almennt er í höndum sveitarstjórna í landinu og þá fyrst og fremst í skipulags- og byggingarmálum. Í öðru lagi hefur stjórnsýslan í tengslum við lögin talist of þung í vöfum.

Niðurstaða nefndarinnar og efni frumvarpsins.

Í starfi nefndarinnar var einkum litið til tveggja kosta um hvernig haga mætti vernd náttúru Mývatns og Laxár. Er fyrri kosturinn sá að friðlýsa svæðið á grundvelli laga nr.

44/1999 og fella að því búnu lög nr. 36/1974 úr gildi. Meginröksemdin fyrir þeirri leið er sú að þá færi um friðun þessa svæðis eins og um friðun annarra svæða sem friðlýst hafa verið á grundvelli náttúruverndarlaga. Hafa verður í huga að allt lagaumhverfi á sviði náttúruverndar- og umhverfismála er breytt frá því að lög nr. 36/1974 voru sett og má því færa rök fyrir því að ekki sé lengur þörf fyrir sérlög um vernd Mývatns og Laxár. Þá má með friðlýsingu einstakra landsvæða á Mývatns- og Laxársvæðinu skilgreina nánar hvaða náttúruminjar beri að friða á viðkomandi landsvæði. Síðari kosturinn er sá að gera breytingar á núgildandi lögum. Má þannig færa lögin til samræmis við ákvæði núgildandi náttúruverndarlaga jafnframt því að gera aðrar breytingar á þeim með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur. Meginröksemdirnar fyrir þeirri leið eru í fyrsta lagi að sérstaða svæðisins sé slík að hentugra sé að vernda svæðið með sérlögum fremur en friðlýsa það á grundvelli heimildar í náttúruverndarlögum. Sérstaða svæðisins er ekki aðeins fólgin í háu verndargildi þess, og fá svæði á Íslandi eru jafnverðmæt frá sjónarhóli náttúruverndar en einmitt Mývatns- og Laxársvæðið, heldur einnig í því að þar er nokkur byggð og mikil umferð ferðamanna. Verða allar náttúruverndaraðgerðir við Mývatn og Laxá að taka mið af þessu, en sjaldgæft er að reyni á þetta samspil byggðar og náttúruverndar með jafnafgerandi hætti á friðlýstum náttúruverndarsvæðum. Í öðru lagi ber að líta til þess að friðun svæðisins á grundvelli náttúruverndarlaga gæti orðið afar tímafrekt og flókið ferli. Líta má á vatnasvæði Mývatns og Laxár sem eina heild og æskilegt að sömu meginreglur gildi um vernd svæðisins alls. Þá hafa ýmsar náttúruminjar í grennd við Mývatn afar mikið verndargildi, en þær teljast órjúfanlegur hluti svæðisins og færi betur á að um vernd þeirra náttúruminja færi með sama hætti og vatnasvæðisins sjálfs. Í þriðja lagi verður að líta til þess að nú þegar eru í gildi lög um vernd svæðisins. Er bæði einfaldara og fljótlegra að breyta núgildandi lögum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra og þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfi náttúruverndarmála á undanförnum árum.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að gera málamiðlun milli framangreindra valkosta, þ.e. friðlýsingar svæðisins á grundvelli náttúruverndarlaga og verndunar svæðisins með sérlögum. Lagði nefndin til að verndun Mývatns og Laxár yrði áfram bundin í sérlögum. Efni verndarákvæðis laganna yrði skýrt frekar og gildissvið þess bundið við Mývatn og Laxá ásamt 200 m breiðu belti meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Enn fremur féllu undir ákvæðið nánar tilgreind votlendissvæði við bakka vatnsins og árinnar. Er hér um að ræða votlendissvæði sem eru m.a. mikilvæg varplönd fugla, fuglabúsvæði og því órjúfanlegur hlekkur í lífkeðju vatnsins. Þá verði lögfest sérstakt ákvæði um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár. Vatnasvið Mývatns og Laxár er geysistórt og ljóst að rask innan þess getur haft bein áhrif á lífríki vatnsins og árinnar.

Í Skútustaðahreppi er fjöldi annarra náttúruminja sem hafa afar mikið verndargildi vegna mikilvægis þeirra fyrir lífríki vatnsins eða vegna sérstæðra jarðmyndana og landslags. Er hér fyrst og fremst um að ræða þær náttúruminjar sem felldar hafa verið í verndarflokk I og II á náttúruverndarkorti fyrir Mývatnssveit. Taldi nefndin nauðsynlegt að breyting á lögunum leiddi ekki til minni verndar þessara svæða. Lagði nefndin því til að þau yrðu friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga og er í ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu að finna sérákvæði um hvernig standa eigi að þeirri friðlýsingu. Með því að friðlýsa þessar náttúruminjar á grundvelli náttúruverndarlaganna má frekar taka tillit til sérstöðu einstakra náttúruminja við gerð friðlýsingarskilmála. Er með þessari breytingu leitast við að tryggja áframhaldandi vernd Mývatns og Laxár og verndun þess hluta Mývatns- og Laxársvæðisins sem óneitanlega hefur mest verndargildi en um leið að ekki verði þrengt um of að sjálfsstjórn sveitarfélagsins og hagsmunum landeigenda og annarra hagsmunaaðila á svæðinu. Minni

hluti nefndarinnar, þeir Árni Bragason og Gísli Már Gíslason, taldi nauðsynlegt að í ákvæði til bráðabirgða II væri kveðið á um að skylt væri að leita leyfis Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar, áður en veitt væri framkvæmda- eða byggingarleyfi á landsvæðum sem umhverfisráðherra hefur tilkynnt að áformað sé að friðlýsa samkvæmt ákvæðinu.

Í verndun Mývatns og Laxár felst hvorki að svæðið sé þjóðgarður né friðland á grundvelli náttúruverndarlaga. Verndun svæðisins er sérstaks eðlis og byggist á sérstöðu þess. Meginatriði hennar er að settar eru takmarkanir á framkvæmdir. Í eldri lögum var lagt bann við framkvæmdum nema með leyfi Náttúruverndar ríkisins. Í frumvarpinu er leitast við að skýra nánar og skilgreina hvað felst í verndun svæðisins og setja nánari ákvæði um takmarkanir á framkvæmdum. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að réttlæta þarf verndun einstakra landsvæða með sérlögum þar sem meginreglan í íslenskri umhverfislöggjöf er að um verndun og friðlýsingu náttúruverndarsvæða fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999. Er þar að finna ítarleg ákvæði um málsmeðferð við friðlýsingu náttúruminja, m.a. hvernig eigi að leysa úr ágreiningi er rísa kann um friðlýsingarskilmála, sem og hugsanlegar bótakröfur á hendur ríkinu, sbr. 59. gr. náttúruverndarlaga. Fram að þessu hefur lítið reynt á ákvæði 59. gr. en ljóst er að friðlýsing náttúruminja við Mývatn er ekki einfalt ferli og kann því að reyna meira á framkvæmd þess ákvæðis en fram að þessu. Til að gæta samræmis í löggjöf er eðlilegt að um friðun einstakra náttúruminja við Mývatn fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1999 þó að enn verði mælt fyrir um verndun vatnsins og árinnar í sérlögum, eins og hér er mælt fyrir um.

Nefndin var sammála um að efla þyrfti starf Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Mývatns- og Laxársvæðið er mikill fjársjóður fyrir náttúrufræðinga og má segja að hvergi á Íslandi hafi farið fram jafnmiklar rannsóknir í náttúrufræði eins og við Mývatn. Þar hefur hlutur Náttúrurannsóknastöðvarinnar verið drjúgur. Hefur stöðin m.a. staðið fyrir vöktun á Mývatni í um aldarfjórðung og eru þær rannsóknir einstakar í veröldinni. Er af þessum ástæðum afar brýnt að samfella verði í rannsóknastarfi stöðvarinnar og að það mikilvæga vísinda- og fræðastarf sem þar fer fram verði styrkt enn frekar, ekki aðeins til eflingar vísindastarfs heldur jafnframt til eflingar byggðar í Mývatnssveit. Mikilvægt er að Íslendingar efli enn frekar vatnarannsóknir sínar á komandi árum, m.a. vegna fyrirmæla hinnar svonefndu vatnatilskipunar Evrópusambandsins (2000/60/EB), og er af þeim sökum ástæða til að efla enn frekar einu stofnunina hér á landi sem hefur sérhæft sig á þessu sviði.

Nefndin var enn fremur sammála um að óheppilegt væri að stjórn stöðvarinnar væri lögbundinn umsagnaraðili um allt er lýtur að framkvæmd laganna um vernd Mývatns. Er í sjálfu sér engin þörf á því að stöðin gegni slíku hlutverki, enda er hlutverk hennar fyrst og fremst að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatnssvæðisins. Líklegra er að friður skapist um starf Náttúrurannsóknastöðvarinnar ef hún gegnir ekki lögbundnu hlutverki við framkvæmd laganna. Engu að síður mun stjórnvöldum og öðrum aðilum vera heimilt, eftir sem áður, að óska eftir umsögnum og álitsgerðum frá stöðinni og starfsmönnum hennar um hvaðeina sem fellur undir fræðasvið hennar. Þá telur nefndin, með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnsýslu stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið, að leggja megi niður stjórn stofnunarinnar. Í stað þess leggur nefndin til að sett verði á laggirnar sérstakt fagráð sem sé faglegur umfjöllunaraðili fyrir vísinda- og rannsóknastarf stöðvarinnar. Rekstrarstjórn stöðvarinnar verði hins vegar alfarið í höndum forstöðumanns hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um markmið laganna sem er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við svonefnda meginreglu um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu vegna framkvæmda, mannvirkjagerðar eða annarra mannlegra gerða. Þá eiga lögin að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár, ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd þar sem tekið er tillit til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er leitast við að þrengja gildissvið laganna frá lögum nr. 36/1974. Þar segir að ákvæðin taki til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 36/1974 segir að rétt hafi þótt að miða við Skútustaðahrepp, þótt víðáttumikill sé, þar sem landsvæðið sem þá hafi fallið undir hin sérstöku verndarákvæði frumvarpsins væri að mörgu leyti órofin heild. Sagði í athugasemdum að auðveldara væri, ef nauðsyn þætti, að undanskilja einstök atriði ákvæðum frumvarpsins, en að draga aðrar markalínur en hreppsmörkin.

Hér er hins vegar lagt til að gildissvið verndarákvæða frumvarpsins sé tvenns konar. Skv. 1. mgr. tekur það til Mývatns og Laxár ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Enn fremur er gert ráð fyrir að undir ákvæðið falli votlendissvæði í nágrenni Mývatns sem nánar eru afmörkuð á korti í fylgiskjali I. Á kortinu hefur verið dregin lína umhverfis framangreind votlendissvæði þannig að þau myndi eina heild og nær ákvæðið til þess svæðis. Mörk votlendissvæðanna eru á kortinu dregin á eftirfarandi hátt: Frá mörkum Laxár og Pollalækjar liggja mörkin 200 m norðan við farveg Pollalækjar að þjóðvegi, meðfram þjóðvegi að punkti 200 m vestan Sortulækjar, til norðurs 200 m vestan Sortulækjar að Sandvatni ytra, meðfram norðurbökkum þess, ásamt 200 m breiðum bakka, að Randarvegi, meðfram Randarvegi að þjóðvegi og eftir honum að Kísilvegi, norðan Kísilvegar liggja mörkin meðfram 300 m hæðarlínu umhverfis Slýin, að þjóðvegi við Reykjahlíð, þaðan til suðurs meðfram Mývatni ásamt 200 m breiðum bakka, að Grænavatnsafleggjara og meðfram honum að Kráká á móts við Strengjabrekku, þaðan beina línu í vestur yfir Kráká í 300 m hæðarlínu og eftir henni í norður að vegi við Baldursheim, meðfram Baldursheimsvegi í norður að heimreið Gautlanda, meðfram henni í vestur að Gautlandabænum, þaðan til norðurs 200 m frá vesturbakka Arnarvatns og Helluvaðsár, að Laxá.

Hér er um að ræða votlendissvæði sem liggja meðfram bakka vatnsins og árinnar og eru mikilvægur hluti af vistkerfi og lífkeðju vatnsins. Er með þessu dregin markalína um það svæði sem óneitanlega hefur mest verndargildi og er um leið torveldast að friðlýsa í heild sinni á grundvelli ákvæða náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Mývatn og Laxá mynda í raun eina órjúfanlega heild og er af þeim sökum afar mikilvægt að um vernd þess svæðis gildi sömu reglur.

Þá segir í 2. mgr. að frumvarpið taki jafnframt til vatnsverndar á vatnasviði yfirborðsvatns Mývatns og Laxár. Vatnasvið Mývatns og Laxár er að sönnu torvelt að skilgreina en byggt er á að um sé að ræða vatnasvið grunnvatns og fylgir kort með frumvarpi þessu þar sem mörk þess vatnasviðs eru dregin. Í 3. mgr. 4. gr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að skilgreina ný mörk vatnasviðsins í reglugerð, verði breytingar á skilgreindu vatnasvæði, svo sem vegna náttúrulegra breytinga á rennsli grunnvatns eða aukinnar þekkingar við gerð rennslislíkana.

Að auki er í 3. mgr. kveðið á um að ákvæði laganna um gerð verndaráætlunar taki til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Þetta er sama svæði og fellur undir gildissvið núgildandi laga.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem getur um í 1. mgr. 2. gr. Enn fremur er mælt fyrir um að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna séu óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Með þessu ákvæði er leitast við að skilgreina nánar hvað felist í vernd Mývatns- og Laxársvæðisins samkvæmt frumvarpi þessu. Samkvæmt núgildandi lögum er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Ákvörðun um að veita slíkt leyfi er því háð mati stofnunarinnar en almenn viðmið um hvenær veita megi slíkt leyfi eru ekki í lögunum. Nokkrar efnisreglur hafa verið í reglugerð nr. 136/1978, sem sett var á grundvelli laganna, svo sem um bann við byggingu frístundahúsa innan 200 m frá bökkum stöðuvatna og straumvatna. Almennar reglur náttúruverndarlaga og alþjóðasamningar sem Ísland hefur fullgilt hafa m.a. verið hafðar til hliðsjónar. Í raun er því ekki gert ráð fyrir að um efnisbreytingu sé að ræða á vernd svæðisins. Markmið greinarinnar er að tryggja Laxá, Mývatni og nálægum votlendissvæðum sömu vernd og samkvæmt eldri lögum. Ákvæðinu er þannig ekki ætlað að hafa áhrif á þá starfsemi atvinnufyrirtækja, svo sem Kísiliðjunnar við Mývatn, sem leyfð hefur verið í gildistíð núgildandi laga, sbr. leyfi iðnaðarráðuneytisins frá 7. apríl 1993, sem gildir til ársloka 2010. Allar breytingar á slíkri starfsemi sem haft gætu áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag yrðu hins vegar háðar leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 2. mgr. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga um vernd Mývatns og Laxár, nr. 36/1974.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til hvers konar framkvæmda sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem getur um í 1. mgr. 2. gr. Til einföldunar er kveðið á um að leita skuli leyfis fyrir öllum framkvæmdum á svæðinu sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir eða landslag. Þar sem svæðið sem fjallað er um í 1. mgr. 2. gr. er mun minna en svæðið sem verndað er með núgildandi lögum, nr. 36/1974, er ekki við því að búast að margar framkvæmdir falli undir ákvæðið. Með þessu móti er tryggt að Umhverfisstofnun geti tekið afstöðu til allra framkvæmda á svæðinu og metið hvort þær séu líklegar til að fara í bága við ákvæði 1. mgr. 3. gr. Í 2. málsl. 2. mgr. er tekið fram að heimilar séu án sérstaks leyfis framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. Sams konar ákvæði er í 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um vernd þess svæðis sem fellur undir ákvæði greinarinnar.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er hér lagt til að sérstakt ákvæði verði í lögunum um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár. Með ákvæðinu á að koma í veg fyrir að spjöll verði unnin innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Er þar sérstaklega litið til rennslis grunnvatns, en grunnvatnsrennsli er afar þýðingarmikill þáttur í vatnabúskap Mývatns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um varnir gegn mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár. Skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar

og viðkomandi sveitarstjórna. Í reglugerð skal m.a. kveða á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu. Jafnframt er ráðherra heimilt í reglugerð að skilgreina ný mörk vatnasviðsins í reglugerð, verði breytingar á skilgreindu vatnasvæði, svo sem vegna náttúrulegra breytinga á rennsli grunnvatns eða aukinnar þekkingar við gerð rennslislíkana.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun skuli hafa umsjón með landsvæði því sem getur um í 2. gr. Umhverfisstofnun skal þó heimilt að fela öðrum umsjón svæðisins, í heild eða að hluta, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli en þar er mælt fyrir um gerð verndaráætlunar fyrir Skútustaðahrepp og Laxá að ósi árinnar við Skjálfanda. Verndaráætluninni er ætlað að ná til alls þess svæðis sem féll undir gildissvið eldri laga. Með því móti er unnt að byggja verndarstefnu á heildarsýn á jarðfræði svæðisins allt frá Vatnajökli og niður í Mývatnssveit, en merkar jarðfræðiminjar eru í Skútustaðahreppi utan þess svæðis sem afmarkað er á kortum í fylgiskjölum I og II. Verndaráætlunin yrði stefnumótandi fyrir náttúru- og umhverfisvernd á svæðinu. Er lagt til að Umhverfisstofnun hafi yfirumsjón með gerð verndaráætlunarinnar en vinni hana í samvinnu við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, stofnanir, umhverfisverndarsamtök og landeigendur á svæðinu. Megintilgangur slíkrar verndaráætlunar er að marka skýra stefnu á sviði náttúru- og umhverfisverndar á svæðinu með þátttöku allra hagsmunaaðila, koma í veg fyrir að náttúruvernd á svæðinu verði brotakennd og tryggja þannig samhengi í öllum verndar- og friðunaraðgerðum á svæðinu. Skal auglýsa verndaráætlunina og gefa kost á athugasemdum, en með því móti er stefnt að þátttöku sem flestra í stefnumótun á þessu sviði. Að því loknu skal verndaráætlunin lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hlutverk og starfssvið náttúrurannsóknastöðvarinnar, sem er að stunda rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns og Laxár.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skipun forstöðumanns náttúrurannsóknastöðvarinnar. Almennt skilyrði til skipunar er að forstöðumaður hafi hlotið háskólamenntun í náttúrufræðum sem nýtist honum í starfi. Skal ráðherra setja nánari fyrirmæli um starfssvið og starfsskyldur forstöðumanns í reglugerð.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skipun fagráðs náttúrurannsóknastöðvarinnar. Er meginhlutverk fagráðs að vera forstöðumanni náttúrurannsóknastöðvarinnar til ráðuneytis um mótun vísinda- og rannsóknastefnu stöðvarinnar sem og fagleg tengsl hennar við aðrar stofnanir sem stunda rannsóknir á vatnasviði Mývatns og Laxár í samræmi við lög. Skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig fagráðið skal skipað, sem og um hlutverk þess.

Um 9.–11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ljóst er að margar mikilvægar náttúruminjar sem líta má á sem órjúfanlegan hluta Mývatnssvæðisins falla utan þess svæðis sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að friða margar þessara náttúruminja. Rétt er að taka fram að á vegum Náttúruverndarráðs, og síðar Náttúruverndar ríkisins, hefur verið skilgreint hvaða landsvæði á Mývatnssvæðinu hafa mest verndargildi. Liggur því til grundvallar mat á vísinda-, fræðslu-, útivistar- og hlunnindagildi þessara svæða. Í ákvæði þessu er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun hefjist þegar handa við að vinna að friðlýsingu þeirra. Ljóst er að það starf er tímafrekt og er þess vegna mælt fyrir um að því skuli lokið eigi síðar en 1. janúar 2008. Til þess að koma í veg fyrir að þessum náttúruminjum verði spillt áður en þær eru friðlýstar er hér mælt fyrir um að umhverfisráðherra tilkynni við gildistöku laganna landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa. Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir á þeim svæðum og því er nauðsynlegt að sveitarstjórn hafi fullt samráð við umhverfisráðuneytið áður en veitt er framkvæmdar- eða byggingarleyfi skv. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum sem fyrirhugað er að friðlýsa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í Laxá eru nú þrjár vatnsaflsstöðvar, Laxá I sem reist var árið 1939, Laxá II reist árið 1953 og Laxá III sem tekin var í notkun árið 1973 í kjölfar samnings stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands frá maí 1973 sem markaði endi hinnar svokölluðu Laxárdeilu. Samkvæmt 1. gr. samningsins þarf samþykki landeigendafélagsins fyrir breytingum á virkjunum í Laxá sem leiða til hækkunar á vatnsborði árinnar.

Mikill sandburður í Laxá hefur valdið erfiðleikum í rekstri virkjunarinnar og valdið miklu sliti á vatnsvélum. Einnig hafa ís- og krapastíflur við inntak virkjunarinnar truflað rekstur hennar. Þá hafa heimamenn haft áhuga á því að draga úr sandburði í Laxá. Vegna þessa hefur Landsvirkjun, sem nú er eigandi Laxárvirkjana, gert áætlun um að hækka núverandi stíflu efst í Laxárgljúfri. Með því myndast lítið inntakslón ofan stíflunnar og sandur og grjót sem Laxá ber með sér fellur til botns í lóninu. Jafnframt mundi það leysa ís- og krapavandamál þar sem vatnið yrði tekið af botni lónsins en ekki af yfirborði eins og nú er gert. Hugsanlegt er talið að minni sandburður í Laxá neðan virkjunar hefði jákvæð áhrif á lífríki árinnar.

Samkvæmt núgildandi lögum og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins eru allar breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Í 1. gr. fyrrnefnds samnings varðandi lok Laxárdeilunnar segir að ekki verði stofnað til frekari virkjana í Laxá en þeirrar sem nú er unnið að og sem ekki hefur vatnsborðshækkun í för með sér, nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Bráðabirgðaákvæði þessu er ætlað að veita Umhverfisstofnun heimild til að leyfa breytingar á hæð vatnsborðs Laxár vegna framangreindrar framkvæmdar, þ.e. ekki er áskilið að breytingin sé til verndunar og ræktunar náist samkomulag um framkvæmdina milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Um framkvæmdina fer þá eins og um aðrar framkvæmdir sem falla undir 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Sérstaklega er tekið fram að meta skuli umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og getur Umhverfisstofnun þá haft það mat til hliðsjónar við ákvörðun á því hvort leyfi fyrir framkvæmdinni er veitt. Að auki þykir eðlilegt í ljósi forsögu núgildandi laga að áskilið sé að leyfi Landeigendafélags Laxár og Mývatns liggi fyrir.

Bráðabirgðaákvæðinu er því ætlað að tryggja að lögin um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu standi ekki í vegi fyrir framkvæmdum sem aðilar máls, þ.e. Landsvirkjun og Landeigendafélag Laxár og Mývatns, yrðu sammála um að nauðsynleg væru til að leysa þá erfiðleika sem verið hafa í rekstri virkjunarinnar að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefði farið fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 36/1974, sama heitis. Lögð er til nokkur þrenging á gildissviði laganna á þann veg að í stað þess að þau nái til Skútustaðahrepps alls, nái þau til Mývatns, Laxár og nálægra votlendissvæða, en taki jafnframt til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár. Einnig er lögð til breyting á stjórnskipulagi Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Ákvæði frumvarpsins sem leitt geta til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð eru í 6. gr. og ákvæði II til bráðabirgða. Skv. 6. gr. ber Umhverfisstofnun ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir það landsvæði sem lögin taka til auk alls Skútustaðahrepps. Áætlaður kostnaður við gerð áætlunarinnar er 5 m.kr. Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða skal Umhverfisstofnun hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra landsvæða sem mikilvægt er að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða þótt svæðin falli utan almenns gildissviðs laganna. Áætlaður kostnaður við þá vinnu er 1 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist um 6 m.kr. og er þar um einsskiptiskostnað að ræða.

844. Frumvarp til laga [565. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

4. og 5. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Upplýsingaskylda.

Jafnréttisstofa getur krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Jafnréttisstofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Jafnréttisstofa getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða fyrirmælum Jafnréttisstofu.

Við framkvæmd lagagreinar þessarar skal fylgja ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála skv. 5. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Kærunefnd jafnréttismála getur við meðferð kærumála falið Jafnréttisstofu að afla allra tiltækra upplýsinga og gagna skv. 4. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 96 22. maí 2000 og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 96/2000 er mælt fyrir um úrræði til að vinna gegn kynbundnum launamun og öðru misrétti kynjanna.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Engu að síður er það staðreynd að kynbundinn launamunur er talinn vera á bilinu 14–18% þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og engin teikn á lofti um breytingar. Með kynbundnum launamun er að sjálfsögðu brotið í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og enn fremur við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hann misbýður réttlætiskennd fólks. Þessi mismunun leiðir til annars misréttis og hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, efnahags-, félags- og menningarlífi. Fleiri staðreyndir um misrétti kynjanna liggja fyrir. Heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla, heildaratvinnutekjur kvenna meðal opinberra starfsmanna eru um 86% af atvinnutekjum karla, um 30% einstæðra mæðra hafa framfærslu af tekjum undir fátæktarmörkum og konur eru aðeins um 19% af forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana svo að fátt eitt sé nefnt. Verk karla eru meira metin en verk kvenna. Kvennastörf eru hvorki metin að félagslegum né fjárhagslegum verðleikum. Karlar eru „viðmið“ (norm) en konur „frávik“ og á þeim hugmyndum byggist óskráður kynbundinn og karllægur samfélagssamningur sem stjórnar aðstæðum kynjanna félagslega, efnahagslega og pólitískt. Allt eru þetta þekktar stað-

reyndir og það er einnig staðreynd að vilji er allt sem þarf til að koma á raunverulegu jafnrétti.

Í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur annars vegar og launakannanir Reykjavíkurborgar hins vegar. Þetta skýrist að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er að miðstýrðir kjarasamningar séu hafðir til viðmiðunar á opinbera vinnumarkaðnum. Starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt algengara er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli. Þessar staðreyndir ásamt landlægri launaleynd gera það að verkum að sífellt erfiðara verður að fylgjast með launum, launaþróun og launamisrétti. Ýmsar vísbendingar eru um að kynbundið launamisrétti hafi fundið sér nýjan farveg í aukagreiðslum, svo sem bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu og dagpeningum, en slíkt má meðal annars lesa út úr launakönnun Reykjavíkurborgar frá árinu 2001. Engin ráð eru í dag til að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af þessu tagi og slíkar upplýsingar eru takmarkaðar hjá kjararannsóknarnefndunum. Ekkert bendir hins vegar til þess að launamunur fari minnkandi en alþjóðlegar rannsóknir benda þvert á móti til þess að kynbundinn launamunur muni aukast á næstu árum með auknum einstaklingslaunasamningum verði ekkert að gert.

Ljóst er að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að kerfislægri mismunun kynjanna en góð stjórnvaldstæki þarf til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna á vinnumarkaði. Að veita opinberri stofnun heimild til að afla gagna og vinna úr þeim upplýsingar er nauðsynlegt tæki til að greina stöðuna til að geta gripið til aðgerða.

Frumvarpið veitir Jafnréttisstofu heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum skv. III. kafla jafnréttislaganna sé fullnægt, svo sem um launajafnrétti, og tryggt sé að bannákvæðum IV. kafla þeirra sé framfylgt. Er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin frumkvæði, að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Um viðlíka heimildir er til að mynda mælt fyrir í skattalögum, samkeppnislögum og lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi. Sýnu veigameiri eru rökin fyrir því að veita Jafnréttisstofu sambærilega heimildir til að tryggja konum stjórnarskrárbundin mannréttindi.

Það er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar frá árinu 1998 að jafna launamun kynjanna og gæta að jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Frumvarpið samræmist markmiðum ríkisstjórnarinnar og yfirlýstum stefnumiðum allra stjórnmálaflokka í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi 4. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um skyldu opinberra stofnana, atvinnurekenda og félagasamtaka til að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Lagt er til að málsgreinin verði felld niður sem 4. mgr. 3. gr., en umorðuð sem ný 4. gr. laganna og taki bæði til almennrar og sértækrar upplýsingaskyldu opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnurekenda og félagasamtaka, sbr. almennar athugasemdir við lagafrumvarpið og 2. gr. þess. Samhengis vegna þykir rétt að 5. mgr. 3. gr. verði 6. mgr. nýrrar 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru Jafnréttisstofu veittar heimildir til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur almennt og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar skv. 3. gr. laganna og vegna athugunar einstakra mála, sbr. einnig III., IV. og V. kafla laganna. Jafnréttisstofu eru með frumvarpinu veittar heimildir bæði til að krefjast upplýsinga munnlega og skriflega, til að krefjast afhendingar gagna og hún getur við rannsókn máls, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brot hafi verið framin gegn lögunum eða fyrirmælum hennar, gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum atvinnurekenda og lagt hald á gögn. Hér er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni. Um tilgang þessara breytinga er vísað til almennra athugasemda um frumvarpið. Er frumvarpið samið í anda þeirra heimilda sem skattyfirvöldum, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirliti og fleiri opinberum eftirlitsstofnunum er veitt lögum samkvæmt til eftirlits með skattgreiðslum, samkeppni og fjármálum. Vísað er til rökstuðnings í frumvörpum til laga fyrir þeim heimildum sem nefndum eftirlitsstofnunum eru lögákveðin. Það er því rökrétt og varla tiltökumál að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að vinna gegn mannréttinda- og stjórnarskrárbrotum gegn konum. Það gefur auga leið að Jafnréttisstofa verður að gæta lagaákvæða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við rannsókn mála og gagnaöflun. Verður Jafnréttisstofa þannig að gæta þess að vinna persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Jafnréttisstofu er í lófa lagið að afla gagna og gera athuganir og samanburð á launakjörum til að staðreyna mismunun og afla sannana án þess að nafngreina þá einstaklinga sem bornir eru saman í launakjörum. Sama gildir um haldlagningu og leit. Hefur ekki vafist fyrir opinberum eftirlitsaðilum, sem veittar eru sömu heimildir, að halda sig innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála. Í 3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um almennar heimildir sem ekki þarfnast skýringa. Í 6. mgr. 2. gr. kveðið á um sömu málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu sem nú er mælt fyrir um í 5. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Nefndin hefur iðulega staðið frammi fyrir sönnunarvanda við úrlausnir kærumála. Hér eru lagðar til breytingar til að bregðast við þessum sönnunarvanda, eins og nánar er rökstutt í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

845. Svar [438. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kælimiðla.


1. *Hvernig er háttað förgun og/eða úrvinnslu kælimiðla sem heyra undir lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002?*

Þeir kælimiðlar sem koma inn til eyðingar eru sendir til fyrirtækisins Kommunekemi í Danmörku samkvæmt sérstökum samningi við fyrirtækið. Efnamóttakan hf. meðhöndlar kælimiðlana aðeins þannig að innihald kúta sem komið er með er sett á stóra tanka.

2. *Hversu mikið er flutt inn af slíkum efnum og hversu mikið kemur til endurvinnslu árlega?*

Undanfarin sex ár hafa verið flutt inn á milli 86–132 tonn á ári af kælimiðlum, vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) og vetnisflúorkolefnum (HFC), þar með talin bæði ný og endurunnin HCFC-efni. Að meðaltali gera þetta 109 tonn á ári, sjá eftirfarandi línurit yfir innflutning kælimiðla 1986–2003. Engir kælimiðlar koma inn til endurvinnslu. Árið 2001 var skilað inn 1.528 kg af kælimiðlum en árið 2002 var skilað inn 394 kg til förgunar. Ekki liggja fyrir tölur um skil á kælimiðlum fyrir árið 2003.

Innflutningur kælimiðla 1986 - 2003



Skýringar.

Kælimiðlar sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum en eru ekki ósoneyðandi:

R-134a er vetnisflúorkolefni – tetraflúoretan.

HFC-blöndur eru kælimiðilsblöndur nokkurra mismunandi vetnisflúorkolefna.

Kælimiðlar sem eru ósoneyðandi (og stuðla einnig að auknum gróðurhúsaáhrifum):

HCFC-blöndur eru kælimiðilsblöndur vetnisklórflúorkolefna (HCFC) og vetnisflúorkolefna (HFC) og hafa lægri ósoneyðingarmátt en R-22 (HCFC-22) sem mest er flutt inn af nú af kælimiðlum sem falla undir úrvinnslugjaldslögin.

R-22 er HCFC-22, klórdíflúormetan. Það er bæði flutt inn nýframleitt, og þá háð innflutningsheimildum, og sem endurunnið efni og eru engar magntakmarkanir á þeim innflutningi.

R-12 er klórflúorkolefni (CFC-12), díklórdíflúormetan. Innflutningi klórflúorkolefna var hætt 1. janúar 1995. CFC-12 hefur u.þ.b. 20 sinnum meiri ósoneyðingarmátt en HCFC-22.

R-502 er blanda af CFC-115 og HCFC-22. Innflutningi þess var hætt 1. janúar 1995.

Á árunun 1994–1997 voru stundaðar úthafsveiðar og fylgdi þeim mikil kæliefnanotkun eins og sjá má á línuritinu fyrir þessi ár. Samkvæmt línuritinu er aukning á innflutningi ósoneyðandi kælimiðla á árinu 2003 í samanburði við árið 2002. Skýringin á þessu er að hluta til að spilliefnagjald sem lagt var á í nóvember árið 1999 var lækkað úr 98 kr./kg í 2,50 kr./kg frá 1. janúar 2003.[1] Innflytjendur kælimiðla gerðu hlé á innflutningi síðla árs 2002 þegar ljóst var að til stæði að lækka spilliefnagjald á kælimiðlum frá komandi áramótum, en þeir treystu sér ekki til að taka lækkunina á sig vegna aðstæðna á markaði. Kælivélaverkstæði hafa á undanförnum þremur árum getað fengið spilliefnagjaldið endurgreitt af kælimiðlum sem seldir eru í erlend skip. Útflutningurinn er dreginn frá heildarinnflutningnum og þannig fæst nettóinnflutningur sem kemur fram í súluritunum fyrir árin 2000, 2001 og 2002. Engin upplýsingaskylda er á kælivélaverkstæðum um að tilkynna útflutning í erlend skip þrátt fyrir að útflutningurinn á nýframleiddu efni dragist frá innflutningskvótanum. Innflytjendur selja sjaldan kælimiðlana beint í erlend skip. Ekki hefur verið sótt um endurgreiðslur á spilliefnagjaldi fyrir árið 2003 vegna þess hversu lága upphæð á kíló er að ræða og því er útflutningur til erlendra skipa ekki skráður og heildarinnflutningur skráður sem notkun innan lands. Árið 2002 minnkaði innflutningur nokkuð og má það að hluta rekja til bætts eftirlits með kælikerfum. Aukningin sem kemur fram á milli áranna 2002 og 2003 sýnir því ekki að öllu leyti rétta mynd. Ekki hefur verið heimilt að setja upp ný kælikerfi með ósoneyðandi kælimiðlum frá árinu 1996.

3. *Hverjir senda efnin til endurvinnslu og hver er talin helsta skýringin á því hversu lítið magnið er?*

Þjónustuaðilar kælikerfa koma notuðum kælimiðlum í endurnotkun með því að setja þá á kerfi sem þeir eru með í þjónustu. Skýringin á því hversu lítið kemur inn af kælimiðlum til förgunar er þessi endurnotkun sem á sér stað hjá þjónustuaðilum kælikerfa. Eingöngu ónýtum olíu- og vatnsmenguðum kælimiðlum er skilað til förgunar.

4. *Hversu mikið af ósoneyðandi kælimiðlum er talið vera í notkun hér á landi og í íslenskum skipum?*

Áætlað hefur verið að í íslenska fiskiskipaflotanum séu um 300 tonn af ósoneyðandi kælimiðlum. Magnið í frystikerfum frystihúsa, matvælageymslna og stórmarkaða er áætlað um 40 tonn. Hér er ekki meðtalið magn ósoneyðandi kælimiðla í heimilisísskápum og líkum tækjum.

5. *Hvað hyggjast stjórnvöld fyrir til að tryggja að gömlum kælikerfum sé skilað til förgunar áður en bann við notkun þeirra gengur í gildi 2015?*

Reglugerð nr. 586/2002, um ósoneyðandi efni, gerir ráð fyrir því að innflutningi nýrra ósoneyðandi efna verði hætt í áföngum fram til ársins 2010, sjá eftirfarandi töflu. Samkvæmt reglugerðinni er heimilt að flytja inn endurunnin efni til 1. janúar 2015, en engar magntakmarkanir eru á þeim innflutningi. Reglugerðin var sett til að fylgja eftir EB-reglugerð nr. 2037/2000, um ósoneyðandi efni. Jafnframt er í gildi reglugerð nr. 533/1993, um kæli- og

---

[1] Samkvæmt upplýsingum frá Úrvinnslusjóði var spilliefnagjald fyrir vetnisflúorkolefni lækkað árið 2003 vegna þess hve lítið af efni kom til eyðingar en hlutverk sjóðsins er að standa undir eyðingu spilliefna og það samrýmist ekki markmiðum sjóðsins að safna fé umfram það sem þarf til eyðingar viðkomandi spilliefna.

varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum. Þar sem óheimilt verður að flytja inn ósoneyðandi kælimiðla frá 2015 verður sjálfhætt notkun kælikerfa með slíkum kælimiðlum. Bannið árið 2015 nær til ósoneyðandi kælimiðla en ekki kælikerfanna sjálfra en hugsanlega verður hægt að breyta þeim þannig að kerfin nýti aðra kælimiðla. Árið 2002 var auk kælimiðla flutt inn vetnisklórflúorkolefni sem þenslumiðill, en tekið var fyrir þann innflutning 2003.

Leyfilegur heildarinnflutningur nýrra vetnisklórflúorkolefna til Íslands.

Tímabil	ODP tonn
1. janúar 2002 til 31. desember 2002	8,4
1. janúar 2003 til 31. desember 2003	3,4
1. janúar 2004 til 31. desember 2004	2,3
1. janúar 2005 til 31. desember 2005	2,3
1. janúar 2006 til 31. desember 2006	2,3
1. janúar 2007 til 31. desember 2007	2,3
1. janúar 2008 til 31. desember 2008	1,9
1. janúar 2009 til 31. desember 2009	1,9
1. janúar 2010 til 31. desember 2010	0

Þar sem 11 ár eru þar til óheimilt verður að flytja inn áðurnefnda kælimiðla hafa að svo stöddu ekki verið gerðar áætlanir um frekari ráðstafanir. Hins vegar má benda á að bannað hefur verið að setja upp ný kerfi með ósoneyðandi kælimiðlum frá 1. janúar 1996.

Verið er að vinna að innleiðingu Evróputilskipunar 2002/96/EB, um raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Þar er tekið á hvernig meðhöndla skuli heimilisísskápa, heimilisfrysta og stærri heimilistæki ætluð til kælingar og geymslu matvæla, auk sjálfsala með kælivélum og frystum sem notaðir eru á sjúkrastofnunum, þegar eigandi ákveður að losa sig við þá. Fyrirhugað er að þessi tæki sem innihalda kælimiðla, auk mun fleiri raftækja- og rafeindatækja, verði tekin inn í lög um úrvinnslugjald.

846. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Réttarríkið.

Upp úr frönsku stjórnarbyltingunni þróuðust hugmyndir manna um réttarríkið og þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þannig skyldi borgarinn verndaður fyrir ofurvaldi ríkisins. Ef ágreiningur reis um framkvæmd laga skyldu dómstólar skera úr um hann.

Hinn 21. desember 2003 skrifuðu stjórnir SPRON og Kaupþings – Búnaðarbanka hf. undir viljayfirlýsingu um eignasamstarf með eðlilegum fyrirvörum og var tilkynnt um hana 22. desember til íslensku og sænsku kauphallanna í samræmi við reglur. 22. janúar 2004 var undirritaður samningur á milli Kaupþings – Búnaðarbanka hf. og sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. um kaup bankans á öllum þeim hlutum í SPRON hf. sem SPRON-sjóð-

urinn ses. yrði eigandi að, gengi fyrirhuguð breyting á SPRON í hlutafélag eftir. 23. janúar var kauphöllunum tilkynnt um þennan samning.

Í fyrstu umræðu um frumvarpið sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur til umfjöllunar kom ítrekað fram hjá ræðumönnum að frumvarpinu væri stefnt gegn þessum samningum. Sama kom fram hjá viðskiptaráðherra í viðtali í fréttum Ríkissjónvarpsins 4. febrúar. Það ótrúlega er að gerast að Alþingi Íslendinga ætlar að setja sérstök lög til höfuðs einstökum löglegum samningum milli einkaaðila. Þetta er alvarlegt brot á réttarríkinu. Það er dómstóla og eftirlitsstofnana að útkljá ágreining um lögmæti gerninga en ekki löggjafarsamkundunnar. Það gengur ekki frekar en að setja t.d. lög um að bannað sé að aka yfir gatnamót á grænu ljósi og láta þau gilda fyrir árið á undan og sekta þá sem þá óku yfir á grænu ljósi í góðri trú og samkvæmt lögum. Slík lagaframkvæmd grefur undan tiltrú manna á réttarríkinu.

Reynt var að fá álit sérfræðinga í lögum á þessum þætti frumvarpsins en enginn fékkst til að gefa álit á þeim skamma tíma sem meiri hluti nefndarinnar gaf til umræðna um málið. Þess vegna liggur ekki fyrir hvort samþykkt þessa frumvarps muni leiða til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð vegna ógildingar samninga. Þá gafst enginn tími til að leita umsagna eins og venja er þegar vandað er til lagasetningar.

Vandi stjórnar SPRON.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum fyrir fund stofnfjáreigenda 10. febrúar nk. eins og að er stefnt stendur stjórn SPRON frammi fyrir tveimur kostum:

1. Hún hættir við fyrirhugaða hlutafélagsvæðingu. Þá verður hún og stjórn sjálfseignarstofnunarinnar SPRON ses. að rifta gerðum samningum við KB-banka hf. og getur við það bakað sér og sjálfseignarstofnuninni skaðabótaábyrgð jafnvel þó að hún beri fyrir sig breytt lagaumhverfi. Stofnfjáreigendur tapa því sem þeir hefðu mátt vænta af samningunum. Spurning er hvort stjórn SPRON verði einnig skaðabótaskyld gagnvart þeim. Þessa ákvörðun verður að tilkynna KB-banka og hann verður að tilkynna hana áfram til íslensku og sænsku kauphallanna og geta tilefnis, sem er breytt lagaumhverfi sem ógildir gerða löglega samninga.
2. Hún heldur fyrirhugaðri hlutafélagsvæðingu til streitu. Þá lendir hún í lagaóvissu. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar verður ekki kosin aftur eins og fyrirhugað var því að fulltrúaráðið er ekki lengur til. Verður núverandi stjórn að víkja fyrir stjórn samkvæmt lögunum eða situr hún út kjörtímabil sitt, sem venjulega er tvö ár? Líklega munu valdhafar túlka stöðuna sér í hag og ný stjórn taka við sem aldrei hefur haft neitt með sparisjóðinn að gera. Þá koma upp tveir kostir:
   a. Ný stjórn viðurkennir samning fyrri stjórnar við KB-banka. Við það missir hún 80% völd yfir SPRON hf. og stendur eingöngu í úthlutunum styrkja. Þá munu allir samningar ganga eftir, SPRON hf. verður dótturfyrirtæki KB-banka og framtíð hans tryggð eins og að var stefnt, stofnfjáreigendur sem vilja selja fá sitt og sjálfseignarstofnunin getur úthlutað arði af sex milljörðum kr. En þetta er ekki vilji ráðherra eða samtaka sparisjóða enda lægi þá ekki á samþykkt frumvarpsins. Þetta er því ólíkleg niðurstaða.
   b. Ný stjórn riftir samningi fyrri stjórnar við KB-banka eða ógildir hann. Á því eru yfirgnæfandi líkur, enda yfirlýstur vilji ráðherra og meiri hluta þingmanna. Við það bakar hún sjálfseignarstofnuninni hugsanlega skaðabótaábyrgð gagnvart KB-banka en einnig gagnvart stofnfjáreigendum. Hún ræður þá 80% í SPRON hf. og getur gert við sparisjóðinn það sem hana lystir. Hún fær 80% af arði SPRON hf. sem hún ákveður sjálf en hefur miklu minni tekjur en ella, enda eigið fé SPRON einungis

fjórir milljarðar kr. og hagnaður einungis 500 millj. kr. að jafnaði og ekki skynsamlegt að úthluta honum öllum. Stofnfjáreigendur eiga þá hlutabréf sem eru nánast verðlaus, enda eru þau algerlega áhrifalaus bera lítinn arð auk þess að vera óseljanleg því að enginn vill kaupa hlutabréf í hlutafélagi þar sem einn aðili ræður 80%.

Þar sem seinni kosturinn, b, er mjög líklegur getur stjórn SPRON ekki valið leið 2 og skaðað stofnfjáreigendur með þeim hætti og látið sparisjóðinn í hendur einhverra sem opinberir aðilar tilnefna. Hún hlýtur því að velja leið 1 þrátt fyrir allar hætturnar sem því fylgja. Hugsanlega getur stjórn SPRON beint hugsanlegu tapi sínu að ríkissjóði. Frumvarpið hefur þegar valdið miklum óróa á meðal starfsmanna og viðskiptamanna SPRON sem sparisjóðurinn tapar á.

Neyðarlög.

Einstaka sinnum kemur upp neyðarástand svo að beita þarf lögum afturvirkt. Ef afturvirknin veldur fjártjóni er skylt að bæta það. Slíkt neyðarástand kemur ekki upp vegna samninganna á milli SPRON og KB-banka. Það kom fram á fundi nefndarinnar að SPRON mun draga sig út úr öllu samstarfi sparisjóða eftir þá reynslu að fjármunir hans hafa verið notaðir í áróðri gegn honum. Þá úrsögn verður ekki hægt að hindra. Það hvort lögin verða samþykkt og samningurinn gengur eftir eða ekki breytir engu. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum sparisjóða og sveitarfélaga 3. febrúar sl. kom fram að sparisjóðamenn óttast ekki endilega brotthvarf SPRON úr samstarfinu. Þeir segjast munu ráða vel við það en óttast að stofnfjáreigendur annarra stórra sparisjóða fylgi í kjölfarið og þannig hrynji sparisjóðakerfið. Þar sem ⅔ hluta stofnfjáreigenda þarf til að breyta sparisjóði í hlutafélag má orða þetta þannig að sparisjóðamenn óttist stofnfjáreigendur sína. Til að koma í veg fyrir þessi áhrif er nægilegt að hindra aðra sparisjóði í að feta í fótspor SPRON. Slík lagasetning mundi varla skapa skaðabótaskyldu en einhverjir kynnu að halda því fram að jafnræðis væri ekki gætt. Fyrir því er þó fjöldi fordæma, t.d. við breytingar á skatta- og tollalögum. Um þetta er gerð tillaga í sérstöku þingskjali. Þessi lausn kemur í veg fyrir meint hrun sparisjóðakerfisins, veldur ekki skaðabótaskyldu, veikir ekki trú manna á réttarríkinu og varðveitir góðan orðstír íslensks atvinnulífs í augum erlendra fjárfesta.

Lögmæti samninga.

Sagt hefur verið að viljayfirlýsing stjórnar SPRON, sem hún stóð einhuga á bak við, standist ekki lög. Ef það væri rétt hefði mátt vænta þess að Fjármálaeftirlitið, sem m.a. á að gæta að lögmæti gerninga, stöðvaði gerninginn. Það að lögð skuli fram tvö frumvörp á Alþingi til að stöðva þessa samninga, annað meira að segja frá ríkisstjórninni, staðfestir að almennt er óttast að Fjármálaeftirlitið geti ekki stöðvað gerninginn vegna þess að hann er fullkomlega í samræmi við gildandi lög. Það verður hins vegar erfitt fyrir Fjármálaeftirlitið að starfa eftir að Alþingi hefur tekið að sér að leysa úr vanda sem það hefði með réttu átt að úrskurða um.

Uppruni sparisjóða.

Meginhluta síðustu aldar var mikill skortur á lánsfé hér á landi. Til að ná í lánsfé voru stofnaðir sparisjóðir og seinna lífeyrissjóðir. Markmið þessara stofnana var fyrst og fremst að útvega ákveðnum stéttum eða landsvæðum lánsfé. Þetta endurspeglaðist í nöfnum þessara sjóða, sbr. Verzlunarsparisjóðinn. Stofnendurnir, sem urðu að vera eignamenn, lögðu yfirleitt fram ábyrgðir til að tryggja innlánin en sátu þá fyrir um verkefnin sem lánveitingarnar fjármögnuðu. Á árunum um 1960–1970 var þremur sparisjóðum breytt í hlutafélög með lögum

frá Alþingi. Verzlunarsparisjóðnum, Samvinnusparisjóðnum og Sparisjóði alþýðu var breytt í hlutafélög, Verzlunarbankann hf., Samvinnubankann hf. og Alþýðubankann hf. Í öllum tilfellum eignuðust stofnfjáreigendur allan sparisjóðinn sinn. Sumir hafa sagt að þannig hafi Alþingi gefið stofnfjáreigendum merki um að mega vænta þess að eiga sparisjóðinn sinn þrátt fyrir annan skilning í ákvæðum laga. Síðastliðið haust féll dómur í Hæstarétti, öryrkjadómurinn, sem sagði eignarréttarákvæði stjórnarskárinnar tryggja rétt manna til bóta sem byggðist á eldri lögum og að þann rétt mætti ekki skerða aftur í tímann. Fyrrnefndir aðilar telja að gildandi lög um sparisjóði skerði eignarrétt þeirra því að nú skuli mynduð sjálfseignarstofnun sem taki yfir rjómann af eign sem aðrir fengu óskerta áður. Þetta sé í andstöðu við stjórnarskrána með sama hætti.

Þróunin.

Mikil breyting hefur orðið á fjármagnsmarkaði undanfarið. Samkeppni hefur vaxið hröðum skrefum og með henni auknar kröfur um tölvuvæðingu og upplýsingakerfi, sterka markaðssetningu og nýverið hefur brotist út samkeppni um lánskjör til einstaklinga. Allt þetta gerir kröfu til stórra eininga með gott lánshæfismat. Sparisjóðirnir hafa unnið nokkuð saman en óeining hefur verið ríkjandi og hrepparígur og einnig hafa verið mjög mismunandi skoðanir á því hver þróunin er og hvort bregðast þurfi við. Þegar sparisjóðirnir seldu frá sér yfirráð yfir Kaupþingi hf. má segja að þeir hafi misst af tækifæri til að snúa bökum saman með sterkan bakhjarl. Stóraukið framboð á lánsfé hefur líka snúið við upprunalegu hlutverki sparisjóðanna og tilgangi þeirra fyrir stofnfjáreigendur. Þetta kunna að vera skýringarnar á breyttri afstöðu stofnfjáreigenda til sparisjóða sinna. Ljóst er að lagabreytingar af þeim toga sem hér um ræðir stöðva ekki þessa þróun og kunna að verða mjög skaðlegar fyrir sparisjóðina.

Göfugt fé sparisjóða.

Fram kom á fundum nefndarinnar að sparisjóðirnir hafa hagnast um 11 milljarða kr. á sölu eða uppfærslu á eign sinni í Kaupþingi og Scandinavian Holding. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að eigið fé þeirra er í heild 20 milljarðar kr. Þetta segir jafnframt að allar rómantískar hugmyndir manna um sparisjóðinn í heiðardalnum og göfugt samfélagslegt fé hans eru úr lausu lofti gripnar. Margir mundu jafnvel kalla þetta brask-fé.

Því hefur verið haldið á lofti að stofnfé sé mjög öruggt fé, nánast gulltryggt og gefi mjög góðan arð. Þetta á að sjálfsögðu við á meðan sparisjóður græðir. Hins vegar eru allt of mörg dæmi þess að illa hafi farið fyrir sparisjóði og er hægt að nefna nýleg dæmi um fréttir af sparisjóðunum á Siglufirði, á Ólafsfirði og í Hornafirði. Þessum sparisjóðum hefur verið bjargað fyrir horn á þann hátt að aðrir sparisjóðir hafa gerst stofnfjáreigendur með umtalsverðan hlut. Það er svo spurning hversu lengi slík samhjálp getur gengið því að hún tekur í eigið fé þess sparisjóðs sem bjargar.

Þar sem allur hagnaður sparisjóðs umfram eðlilega ávöxtun stofnfjár fer til að byggja upp sjálfseignarstofnun sem stofnfjáreigandinn á ekki er eðlilegt að álykta verði í hina áttina. Hvað með sparisjóð sem lendir í vandræðum og verður jafnvel gjaldþrota? Er ekki eðlilegt að stofnfjáreigandinn eigi kröfu til samfélagsins um ávöxtun á fé sitt fyrst samfélagið hirðir arðinn af stofnfé hans. Er ekki eðlilegt að stofnfé sé ríkistryggt?

Allur sá vandræðagangur sem frumvarpinu er ætlað að taka á stafar af því að við hlutafélagsvæðingu sparisjóðs er myndaður risasjóður sem gefur þeim sem honum stýra mikil völd, yfir miklum fjármunum sem viðkomandi á ekki og enginn á. Talað hefur verið um að hagsmunaárekstur myndist við það að stofnfjáreigendur selja bæði bréf sjálfseignarstofnunar-

innar og sjálfs sín. Þessum hagsmunum er ekki kippt í burtu. Þeir eru bara fluttir til fólks sem ekkert á í viðkomandi sparisjóði. Það þarf ekki einu sinni að taka tillit til annarra stofnfjáreigenda, sem flestir eiga tiltölulega lítilla hagsmuna að gæta eins og í SPRON. Allt í einu eru örfáir einstaklingar komnir í þá stöðu að ráðskast með milljarða án þess að eiga þá. Hvað hefur áhrif á þá ákvörðun þessara aðila að kaupa hlutabréf í A hf. fyrir 100 millj. kr. í staðinn fyrir B hf.? Alltaf er hægt að rökstyðja ákvörðunina. En kannski fylgir stjórnarsæti í A hf. með í kaupunum með stjórnarlaunum og völdum. Svo þarf að ráða forstjóra eða deildarstjóra hjá A hf. Möguleikar á spillingu vaxa mjög. Nú þarf að undirstrika að möguleiki á spillingu er ekki það sama og spilling en þetta kallar á öflugt eftirlitskerfi.

Hagsmunirnir minnka ekki, þeir aukast. Vandinn er sá að stjórn sem opinberir aðilar velja á ekki féð og tekur því enga áhættu með fölskum ráðstöfunum frekar en stofnfjáreigendur. En hún mætir ekki árlega hópi fyrrverandi stofnfjáreigenda sem hugsanlega spyrja eins eða annars. Hún verður á vissan hátt ábyrgðarlaus. Þetta er sú hætta sem ávallt fylgir fé sem enginn á því að þar vantar hina hörðu hönd eigandans sem tapar ef mistök eru gerð.

Frumvarpið.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að opinberir framkvæmdaraðilar, ráðherrar og sveitarstjórnir, tilnefni stjórn þeirrar sjálfseignarstofnunar sem myndast við hlutafélagsvæðingu sparisjóðs í stað stofnfjáreigenda. Þetta er algert brotthvarf frá þeirri stefnu núverandi ríkisstjórnar að minnka völd opinberra aðila í atvinnulífinu og kemur illa heim og saman við einkavæðingu ríkisbankanna. En í raun er óþarfi að hafa áhyggjur af því. Það er engin skynsemi í því að breyta sparisjóði í hlutafélag eftir þessa breytingu á lögunum. Eins og áður var bent á mun sjálfeignarstofnunin SPRON ses. fara með 80% atkvæða í SPRON hf. Með því afli getur hún breytt samþykktum og ráðið allri stjórninni en stofnfjáreigendur fá bréf í hendurnar sem eru nánast verðlaus. Það yrði óðs manns æði fyrir stofnfjáreigendur að afhenda yfirráðin yfir sparisjóðnum sínum einhverju fólki sem opinberir aðilar hafa valið, fólki sem hefur engin tengsl við sparisjóðinn, og fá auk þess ekki nema lítið brot af arðinum og eiga óseljanleg bréf. Fyrir breytinguna ráða þeir öllu, fá allan arð sem greiddur er út og geta hvenær sem er innleyst stofnfé sitt.

En þetta leiðir líka til þess að sparisjóðir geta ekki brugðist við tækifærum eða vandræðum með því að auka áhættufé sitt. 5% hámark atkvæðavægis, mikil andúð á stofnfjáreigendum sem komið hefur fram undanfarið hjá fjölda þingmanna og auknar kvaðir á stofnfé mun leiða til þess að ekki verður mikill vilji til að fjárfesta í stofnfé. Sá möguleiki sem fólk sá við hlutafélagsvæðingu SPRON er ekki lengur til staðar. Þetta þýðir mikla og aukna hættu fyrir sparisjóðakerfið. Viðbúið er að innan nokkurra ára muni aftur koma fram nýjar breytingar sem auka veg stofnfjáreigenda til þess að bjarga kerfinu.

Fé sem enginn á.

Alla síðustu öld hefur hrannast upp fé sem enginn á. Sem dæmi má nefna Brunabótafélagið, KEA, Mjólkurbú Flóamanna, Mjólkursamsöluna, Bændahöllina (Hótel Sögu) og sparisjóðina. Það er umhugsunarvert að þetta fé hefur að mestu verið myndað með framlögum bænda, sem búa margir við afar slæm kjör á meðan sjálfseignarstofnanirnar þeirra vaða í peningum. Bændur sem stunduðu búskap um miðja síðustu öld greiddu til dæmis og reistu Bændahöllina. Á gamals aldri búa sumir þeirra nú við mjög lök kjör, lélegan lífeyrissjóð og lágar bætur. Á sama tíma stýra einhverjir menn Bændahöllinni, eflaust með góð laun og mikil völd. Allt er þetta gert í þágu góðs málefnis. Göfugs fjár.

Öllu þessu fé stýrir eitthvert fólk. En það á ekkert í þessum sjóðum og hefur því ekki hagsmuni af því að fénu sé vel ráðstafað. Það kann hins vegar að hafa óbeina hagsmuni af völdunum sem slíku fé fylgja. Þess vegna er í sjálfu sér ánægjulegt að ekki verði um frekari hlutafélagavæðingar sparisjóða að ræða. Hins vegar hlaut undirritaður að vinna í samræmi við þau lög sem Alþingi hafði samþykkt þó að það hefði myndun slíks risasjóðs í för með sér. Reyndar var reynt að draga úr hættunni af völdunum með því að sjóðurinn eignaðist ekki nema tvo milljarða kr. í hlutabréfum í KB-banka í stað sex milljarða kr. eins og upphaflega leit út fyrir og ekki skyldi heimilt að kaupa frekari hlutabréf. Svo voru settar inn reglur um styrkveitingar sem tryggja eiga gæðaeftirlit með þeim verkefnum sem verða styrkt og er það nýmæli. Þannig var reynt að vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem uppsöfnun fjár án eiganda getur haft.

Æskilegt væri að þingheimur sneri sér að því að finna eigendur að slíku fé í stað þess að skapa sífellt nýja slíka sjóði. Eigandinn fer ætíð betur með fé en sá sem ekki á það fé sem hann stýrir. Eigandinn finnur a.m.k. illilega fyrir því ef hann gerir mistök því að þá tapar hann peningunum sínum sem hinn gerir ekki. Hjá honum breytist oftast ekkert þó að hann geri mistök.

Alþingi, 5. febr. 2004.

Pétur H. Blöndal,
form.

847. Breytingartillaga [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB).

Við 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 2. gr. taka þó ekki til sjálfseignarstofnana sem stofnaðar hafa verið fyrir gildistöku laganna.

848. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Jón G. Tómasson, stjórnarformann SPRON, Guðmund Hauksson, sparisjóðsstjóra SPRON, Kristján Þorbergsson hrl., Helga Sigurðsson frá KB-banka, Sigurð Hafstein, Jón Sólnes, Hallgrím Jónsson og Gísla Kjartansson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Pál Harðarson frá Kauphöll Íslands og Ragnar Hafliðason og Hannes J. Hafstein frá Fjármálaeftirlitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á b-lið 2. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 76. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 2. mgr. 70. gr. laganna eru settar hömlur á það að einstakur stofnfjáreigandi eða stofnfjáraðili og aðili sem hann er í nánum tengslum við geti eignast virkan eignarhlut í sparisjóði við framsal stofnfjárhlutar. Til þess þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins og annaðhvort að um sé að ræða lið í nauðsynlegri fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sparisjóðs og sýnt þyki að slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu verði ekki komið við nema með því að stofnfjáreigandi eignist virkan eignarhlut eða að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu. Eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gert þá athugasemd við síðasttalið skilyrði og nokkur önnur ákvæði laganna sem snerta stjórn og eignarhald á sparisjóðum að hugsanlega samræmist þau ekki ákvæðum EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Meiri hlutinn fellst á að sú breyting á b-lið 2. mgr. 70. gr. sem lögð er til með frumvarpinu sé skynsamleg að teknu tilliti til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og að mjög takmarkaðar líkur séu á að hún geti skaðað hagsmuni íslenskra sparisjóða til langs tíma.

Meiri hlutinn bendir á að þegar breyta á rekstrarformi sparisjóðs þannig að hann verði hlutafélag er skylt að stofna sjálfseignarstofnun sem eignast þann hluta hlutafjárins sem ekki gengur til stofnfjáreigenda, sbr. 1. mgr. 74. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi ákvæðum mynda stofnfjáreigendur fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem svo skipar sjálfseignarstofnuninni stjórn sem í skulu sitja minnst fimm menn úr fulltrúaráðinu, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laganna. Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á skipun stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar. Þegar athugaður er munurinn á stöðu sjálfseignarstofnunar sem hlutafjáreiganda í sparisjóði með lögbundið hlutverk annars vegar og svo stöðu stofnfjáreigenda eftir að sparisjóði er breytt í hlutafélag hins vegar má vænta þeirrar stöðu að hagsmunir þessara aðila fari ekki saman. Til að forðast hagsmunaárekstra á milli þessara aðila og til að tryggja að hagsmuna sjálfseignarstofnunarinnar verði gætt á réttmætan hátt er rétt að skilja á milli stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og þeirra sem eiga stofnfé í sparisjóði við hlutafélagavæðingu. Einnig má benda á þann annmarka sem er á núverandi löggjöf um stjórnun sjálfseignarstofnunarinnar að fulltrúaráð hennar er skipað stofnfjáreigendum í sparisjóði á þeim tímapunkti þegar honum er breytt í hlutafélag og hvergi mælt fyrir um að það geti breyst þó svo að tengsl stofnfjáreigenda við sparisjóðinn og sjálfseignarstofnunina geti rofnað, svo sem við fráfall stofnfjáreiganda og sölu hlutabréfa. Það verður því að telja þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins sjálfseignarstofnuninni til hagsbóta í eðli sínu. Eigendur stofnfjár í sparisjóði þegar honum er breytt í hlutafélag og sjálfseignarstofnun mynduð eiga ekki eignarréttarlegt tilkall til sjálfseignarstofnunarinnar né heldur stjórnarskrárvarinn rétt til að stjórna henni og því ekki verið að ganga á rétt stofnfjáreigenda eða hluthafa í sparisjóði með þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Meiri hlutinn telur ljóst að hagsmunum sjálfseignarstofnunarinnar verði betur gætt en nú er við að skipan stjórnar hennar sé breytt.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Lagt er til að sú breyting verði gerð á núgildandi 2. mgr. 75. gr. laganna að ákvæði um 5% hámarksatkvæðamagn gildi ekki fyrir sjálfseignarstofnun skv. 76. gr. laganna.

Lagt er til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt til áréttingar á gildandi rétti og vilja löggjafans um að sjálfseignarstofnun skv. 1. mgr. 76. gr. laganna geti ekki tekið á sig réttindi eða skyldur fyrr en fundur stofnfjáreigenda skv. 73. gr. laganna hefur farið fram og því geti enginn tekið skuldbindandi ákvörðun fyrir slíka stofnun áður.

Þá er lagt til að í stjórn sjálfseignarstofnunar verði tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra og einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra í stað tveggja fulltrúa tilnefndra af

viðskiptaráðherra og eins fulltrúa sem er tilnefndur af samtökum sparisjóða, eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Áfram er gert ráð fyrir að það sveitarfélag þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu í hlutafélag tilnefni tvo fulltrúa í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Ástæður fyrir breytingartillögu þessari eru að ekki telst eðlilegt út frá samkeppnissjónarmiðum að fulltrúi samtaka sparisjóða sitji í stjórn sjálfseignarstofnunar. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæði í þeim tilgangi að skýra verkaskiptingu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og stjórnartíma.

Einnig er lagt til að skýrt sé kveðið á um að rétt skipuð stjórn sjálfseignarstofnunar, skv. 2. mgr. 76. gr., fari að öllu leyti með hagsmuni hennar. Er það nauðsynlegt þar sem lagt er til í frumvarpinu að ákvæði um fulltrúaráð í 3. mgr. 76. gr. laganna verði fellt niður. Stjórn sjálfseignarstofnunar verður því eini aðilinn sem bær er til að taka gildar ákvarðanir fyrir hönd stofnunarinnar. Tekið skal fram að í breytingartillögunum felst ekki breyting frá gildandi rétti að því er varðar það tímamark þegar stjórn sjálfseignarstofnunar verður bær til að taka ákvörðun fyrir hennar hönd og öðlast umboð til að ráðstafa hagsmunum hennar.

Þá er kveðið á um fyrirkomulag undirbúnings við stofnun sjálfseignarstofnunar, í ljósi þess að ekki er lengur ætlunin að stjórn hennar verði kosin á fundi fulltrúaráðs. Þannig er gert ráð fyrir að sparisjóðurinn afli tilnefninga í stjórn stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að framangreindur undirbúningur eigi sér stað áður en ákveðið er á fundi stofnfjáreigenda að breyta sparisjóði í hlutafélag, sbr. 1. mgr. 76. gr. og 73. gr. laganna.

Meiri hlutanum þykir ástæða til að árétta að hann telur gildandi rétt skýran að því er varðar heimildir sjálfseignarstofnunar. Í 1. mgr. 76. gr. laganna kemur fram að sé ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. skuli sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem kveðið er á um í 74. gr. laganna. Í 73. gr. laganna er síðan kveðið á um að fundur stofnfjáreigenda geti ákveðið að breyta sparisjóði í hlutafélag. Af því leiðir að sjálfseignarstofnunin hefur hvorki eiginlega starfsemi né verður henni skipuð stjórn sem getur tekið endanlega bindandi ákvarðanir um ráðstöfun hagsmuna stofnunarinnar fyrr en tekin hefur verið gild ákvörðun um að breyta sparisjóði í hlutafélag skv. 1. mgr. 73. gr. laganna. Síðan fer stjórn stofnunarinnar, þannig skipuð, með atkvæðisrétt á hluthafafundi, sbr. 2. mgr. 75. gr. laganna.

Meiri hlutinn leggur til að gerð verði breyting á 101. gr. laganna þar sem skýrt komi fram að einvörðungu sparisjóðir í hinu hefðbundna rekstrarformi sparisjóða geti sameinast án þess að áður eigi sér stað hlutafélagavæðing þeirra.

Áréttað er að í gildistökuákvæði felst að verði frumvarp þetta að lögum gilda ákvæði 3. gr. þess um sparisjóði þar sem stofnfjáreigendafundur hefur ekki tekið ákvörðun um hlutafélagavæðingu skv. 73. gr. laganna þegar lögin öðlast gildi. Þá munu lögin einnig gilda um þá sparisjóði þar sem ákvörðun um samruna sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess hefur ekki fengið samþykki fundar stofnfjáreigenda, sbr. 1. mgr. 101. gr. laganna. Fyrir liggur að tveimur sparisjóðum hefur þegar verið breytt í hlutafélag, þ.e. nb.is-sparisjóður hf. og Sparisjóður Kaupþings hf. Þykir því rétt að lagabreytingin taki ekki til þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 5. febr. 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Birgir Ármannsson.
Gunnar Birgisson.		Dagný Jónsdóttir.

849. Breytingartillögur [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(KHG, LB, GÁS, JóhS, ÖJ, BÁ, GunnB, DJ).

1. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:
   Sjálfseignarstofnun fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína.
2. 2. gr., er verði 3. gr., orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. verða engar skuldbindandi ákvarðanir teknar fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar.
   b. 2. og 3. mgr. orðast svo:
      Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti tveir fulltrúar sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu hans í hlutafélag, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra. Stjórnin, þannig skipuð, velur sér formann og fer með hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar frá og með fundi stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum. Minnst tveimur mánuðum fyrir lok stjórnartíma skal formaður stjórnar afla nýrra tilnefninga skv. 1. málsl.
      Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. skal sparisjóðurinn hafa aflað tilnefninga skv. 2. mgr. þessarar greinar.
3. Við bætist ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:
   2. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:
   Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.

4. 3. gr., er verði 5. gr., orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. taka þó ekki til sparisjóða þar sem stofnfjáreigendafundur hefur þegar tekið ákvörðun um hlutafélagavæðingu skv. 73. gr. laganna.

850. Breytingartillaga [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði í samþykktum“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: þar sem m.a. skal kveðið á um að öllum viðskiptamönnum sparisjóðsins skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni að hluta.

851. Fyrirspurn [566. mál]

til forsætisráðherra um skýrslubeiðnir á Alþingi.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni.

1. Hve oft hefur verið óskað eftir skýrslum frá ráðherra á Alþingi frá setningu 120. löggjafarþings 1995 fram til ársloka 2003?
2. Hver hefur heildarkostnaður ríkissjóðs verið við framkomnar skýrslubeiðnir á fyrrgreindu tímabili samkvæmt verðlagi í árslok 2003?
3. Hver hefur kostnaður verið við hverja skýrslu um sig á sama verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

852. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

(Eftir 2. umr., 5. febr.)

1. gr.

B-liður 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo: að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárhlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu eða sparisjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Sjálfseignarstofnun fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. verða engar skuldbindandi ákvarðanir teknar fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar.

b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Í stjórn sjálfseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti tveir fulltrúar sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu hans í hlutafélag, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra. Stjórnin, þannig skipuð, velur sér formann og fer með hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar frá og með fundi stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum. Minnst tveimur mánuðum fyrir lok stjórnartíma skal formaður stjórnar afla nýrra tilnefninga skv. 1. málsl.

Fyrir fund stofnfjáreigenda skv. 1. mgr. 73. gr. skal sparisjóðurinn hafa aflað tilnefninga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

2. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. taka þó ekki til sparisjóða þar sem stofnfjáreigendafundur hefur þegar tekið ákvörðun um hlutafélagavæðingu skv. 73. gr. laganna.

853. Lög [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

(Afgreidd frá Alþingi 5. febr.)

Samhljóða þskj. 852.

854. Svar [299. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um starfslokasamninga sl. 10 ár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á ári undanfarin 10 ár við yfirmenn stofnana á vegum hins opinbera og starfsmenn í stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera, sundurliðað eftir kynjum?*
2. *Hversu mikið kostuðu þessir starfslokasamningar hver og einn?*
3. *Hversu mikið hafa þeir kostað undanfarin 10 ár, sundurliðað eftir árum og kynjum?*

Upplýsingar varðandi framangreinda fyrirspurn um starfslokasamninga eru ekki aðgengilegar. Þær er ekki hægt að nálgast miðlægt, hvorki úr launavinnslukerfi ríkisins né með öðrum rafrænum hætti. Auk þess veldur það vandkvæðum að hugtakið starfslokasamningur er ekki skýrt. Það er oft notað um samninga sem gerðir eru í tengslum við niðurlagningu starfa án þess að endilega sé samið um greiðslur umfram réttindi viðkomandi einstaklings samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (biðlaunarétt). Þá er nokkuð um að samið sé um starfslok í tilteknu starfi samhliða því sem gerður er tímabundinn samningur við viðkomandi um tiltekið verkefni eða ráðgjöf. Það er umdeilanlegt hvort slíkir samningar teljast til eiginlegra starfslokasamninga eða ekki.

Við undirbúning á svari þessu var leitað til allra ráðuneyta um upplýsingar varðandi starfslokasamninga sem þau og undirstofnanir þeirra hafa gert. Í því sambandi tók fjármálaráðuneytið eftirfarandi fram:

1. Eðlilegt er að takmarka samantektina við samninga sem fela í sér greiðslur umfram það sem kveðið er á um í lögum um starfsmenn ríkisins eða í kjarasamningum, enda á samningsformið ekki við þegar um lögbundin eða samningsbundin réttindi er að ræða. Þannig bæri t.d. að sleppa samningi vegna niðurlagningar á starfi sem kvæði á um biðlaunagreiðslur sem viðkomandi ætti rétt á samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. Rétt þykir að miða við tímabilið frá og með 1. janúar 1994 til og með vinnsludegi.
3. Litið er svo á að til stofnana á vegum hins opinbera teljist ráðuneyti og undirstofnanir þeirra en ekki hlutafélög og annars konar félög, einkaréttarlegs eðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins.
4. Telja verður eðlilegt að kostnaður sé tilgreindur með sama hætti og gert var í svari forsætisráðherra við c-lið 1. liðar í fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfslokasamninga á 127. löggjafarþingi 2001–2002, þskj. 832, 396. mál.

Svar við 1. lið fyrirspurnarinnar um fjölda starfslokasamninga.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum er samanlagður fjöldi slíkra samninga sem gerðir hafa verið við yfirmenn og starfsmenn í stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera á ári undanfarin 10 ár (miðað við upphafsdag/gildistöku samnings), sundurliðað eftir kynjum, eins og greinir í töflu þessari:

Ár	Karlar	Konur
1994	1	
1995	2	
1996	1	
1997	2	2
1998	3	1
1999	4	1
2000	9	1
2001	8	1
2002	6	
2003	3	1
Samtals	**39**	**7**

Svar við 2. lið fyrirspurnarinnar um kostnað ásamt fleiri upplýsingum.

Svör ráðuneytanna voru sett fram með nokkuð mismunandi hætti, einkum varðandi kostnað, en upplýsingar um hann verða ekki með góðu móti sóttar í launavinnslukerfið eða með öðrum rafrænum hætti. Þá virðast samningar um starfslok sjaldnast kveða nákvæmlega á um tiltekna fjárhæð heldur er yfirleitt kveðið á um greiðslur/laun í tiltekinn tíma. Vegna þessa eru svör ráðuneytanna birt hér í heild sinni ásamt frekari upplýsingum þegar það á við, svo sem um kyn og gildistíma samninga. Slíkar viðbótarupplýsingar eru jafnan hafðar innan sviga. Athugasemdir fjármálaráðuneytis eru hafðar innan hornklofa.

Forsætisráðuneytið.

Forsætisráðuneytið hefur á umræddu tímabili gert einn starfslokasamning. Árið 1996 var gerður samningur við forstöðumann stofnunar við niðurlagningu hennar. Samkvæmt samningnum skyldi viðkomandi einstaklingur fá greidd biðlaun í 12 mánuði frá 1. janúar 1997, lögum samkvæmt, auk þess sem greidd skyldi tiltekin fjárhæð mánaðarlega fyrir ráðgjafarstörf (15 stundir á mánuði) frá því að biðlaunagreiðslum lauk og fram til 5. júlí 2002 [svarar til 100% starfs í 4,7 mánuði].

Viðkomandi forstöðumaður var karlkyns. Kostnaður vegna framangreinds samnings nam samtals 2.543.347 kr. yfir tímabilið 1. janúar 1998–5. júlí 2002 á verðlagi ársins 2002 án launatengdra gjalda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneytið hefur gert einn slíkan samning. Voru málavextir þeir að yfirmaður undirstofnunar (karlmaður) með langan starfsaldur hafði misst heilsuna og var útlit fyrir að hann yrði lengi frá störfum, en veikindaréttur hans var eitt ár. Samið var við hann um að hann léti af störfum svo unnt yrði að skipa nýjan mann í hans stað en ella yrði líklegast að reka stofn-

unina um margra mánaða skeið með staðgengli. Yfirmaður tók hins vegar að sér sérstakt verkefni fyrir ráðuneytið í eitt ár (2002) og þáði fyrir það laun sem miðuð voru við sjúkralaun embættismanna. Að loknu því tímabili fór hann á eftirlaun.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um gerð starfslokasamninga við yfirmenn hjá undirstofnunum þess á því tímabili sem til umræðu er.

Félagsmálaráðuneytið.

Stofnanir félagsmálaráðuneytis hafa enga slíka samninga gert síðan 1. janúar 1994. Félagsmálaráðuneytið hefur gert tvo starfslokasamninga og eru þeir báðir við konur. Annar samningurinn var gerður í árslok 1996 við konu sem hafði verið í viðkomandi starfi í u.þ.b. 15 ár. Kvað samningurinn á um sem svaraði tólf mánaða launum og var kostnaður vegna samningsins 2.803.050 kr. á verðlagi 1997. Hinn samningurinn var gerður á þessu ári (2003) við konu sem hafði verið í viðkomandi starfi í u.þ.b. þrjú ár. Kvað samningurinn á um sem svaraði sex mánaða launum og var kostnaður vegna samningsins 3.650.288 kr.

Fjármálaráðuneytið.

Fjármálaráðuneytið gerði samninga við tvo karla á umræddu tímabili:

1. Við starfslok yfirmanns/forstöðumanns undirstofnunar ráðuneytisins í árslok 2000 var viðkomandi einstaklingi falið að sinna ráðgjöf og verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisstjóra til septemberloka 2001, eða í 9 mánuði.
2. Við starfslok aðstoðarforstjóra í undirstofnun ráðuneytisins var í ágúst 2000 gerður samningur sem kvað á um að honum skyldu greidd laun í tólf mánuði samkvæmt þeim starfskjörum sem um stöðuna giltu.

Ein af undirstofnunum ráðuneytisins gerði starfslokasamninga við þrjá stjórnendur (karla). Árið 1998 var gerður einn samningur vegna aldurs til 6,5 mánaða. Árið 2001 voru gerðir tveir samningar vegna langvarandi veikinda, annar til 21 mánaða og hinn til 20 mánaða.

Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands hefur ekki gert neina starfslokasamninga undanfarin 10 ár við starfsmenn í stjórnunarstöðum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og stofnana þess hafa á umræddu tímabili verið gerðir tólf starfslokasamningar sem fallið geta undir þá skilgreiningu sem fram kemur í 1. tölul. í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 21. nóvember 2003, sbr. og 1. lið í fyrirspurninni. Kostnaður er tilgreindur með sama hætti og gert var í svari forsætisráðherra við c-lið 1. liðar í fyrirspurn um starfslokasamninga á 127. löggjafarþingi 2001–2002, sbr. 4. tölul. í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 21. nóvember sl.

Eftirtaldir níu samningar hafa verið gerðir við karlmenn:

1. Framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar voru greidd föst laun í þrjá mánuði eftir að tímabundinni ráðningu lauk (2002). Orlof er meðtalið.
2. Við niðurlagningu stöðu framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar var gert samkomulag um að viðkomandi einstaklingi skyldu greidd föst laun í níu mánuði eftir að tímabundinni ráðningu lauk (2000).
3. Við niðurlagningu stöðu yfirlæknis sjúkrahúss var gert samkomulag um að viðkomandi skyldu greidd laun í þrjá mánuði og 20 daga umfram biðlaunarétt, eða þar til 67 ára aldri væri náð (1997). Orlof og ótekin leyfi eru meðtalin.

4. Við niðurlagningu stöðu yfirlæknis sjúkrahúss var gert samkomulag um að viðkomandi skyldu greidd laun í ellefu mánuði eftir starfslok (1998), þar til eftirlaunaaldri var náð. Orlof og ótekin leyfi meðtalin.
5. Forstjóra voru greidd föst laun í átta mánuði eftir starfslok (2001). Orlof er meðtalið.
6. Framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar voru greidd laun í 24 mánuði eftir starfslok (2002). Orlof innifalið.
7. Framkvæmdastjóra sjúkrahúss voru greidd 78,65% mánaðarlaun í 18 mánuði eftir að veikindaleyfi lauk og þar til eftirlaunaaldri var náð (1995). [Svarar til 100% launa í 14,2 mánuði.]
8. Framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar greidd laun í þrjá mánuði (2002).
9. Heilsugæslulækni greidd laun í 13 mánuði (2001).

Eftirtaldir þrír samningar hafa verið gerðir við konur:

1. Við niðurlagningu starfs hjúkrunarforstjóra var gert samkomulag um að viðkomandi einstaklingi skyldu greidd laun í tólf mánuði (2001).
2. Framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar, er starfað hafði í 50% starfi, voru greidd laun í tólf mánuði eftir starfslok (1999). Orlof er meðtalið. [Svarar til 100% launa í sex mánuði.]
3. Yfirmanni í eldhúsi voru greidd tólf mánaða laun þar til eftirlaunaaldri var náð (2000).

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Árið 1996. Við niðurlagningu undirstofnunar iðnaðarráðuneytisins var gert samkomulag við forstöðumann hennar um að hann skyldi njóta launa í tólf mánuði frá starfslokum, í stað biðlauna, og að hann mundi veita ráðuneytinu ráðgjöf að því tímabili loknu. Fyrir vinnuframlag hans komu greiðslur.

Árið 1999. Við starfslok stjórnanda í iðnaðarráðuneytinu varð að samkomulagi að hann nyti launa, samkvæmt ákvörðun kjaranefndar um starfið, í 18 mánuði frá starfslokum.

Árið 2000. Við flutning undirstofnunar iðnaðarráðuneytisins var gert samkomulag við fyrrverandi forstjóra hennar um að hann sinnti verkefnum í tengslum við flutning stofnunarinnar um tólf mánaða skeið og að hann nyti óskertra launa á meðan.

Árið 2002. Við starfslok forstjóra undirstofnunar iðnaðarráðuneytis varð að samkomulagi að hann nyti launa samkvæmt ákvörðun kjaranefndar um starfið í 24 mánuði.

Árið 2003. Við starfslok forstöðumanns undirstofnunar iðnaðarráðuneytis varð að samkomulagi að hann nyti óskertra launa í 12 mánuði, gegn vinnuframlagi er stofnunin óskaði eftir.

Umræddir aðilar eru allir karlmenn.

Landbúnaðarráðuneytið.

Hjá landbúnaðarráðuneytinu hefur einungis verið gerður einn starfslokasamningur á umræddu tímabili. Samningurinn var við fyrrverandi stjórnanda (karlmann) á aðalskrifstofu ráðuneytisins og fól í sér sérverkefni (ca. 20% starfshlutfall) sem viðkomandi tók að sér eftir starfslok. Samningurinn gilti frá 1. september 2000 til ársloka 2001 [svarar til 100% starfs í 3,2 mánuði]. Samkvæmt samningi þessum voru greiddar 2.010.651 kr. Launatengd gjöld voru á umræddu tímabili 358.641 kr.

Þá var gerður samningur um áframhaldandi störf fyrir ráðuneytið við fyrrverandi stjórnanda á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Sá samningur gilti frá 1. febrúar 1995 til loka september 1997 [32 mánuðir]. Samkvæmt samningnum voru greiddar 10.552.292 kr. Launatengd gjöld voru 894.304 kr.

Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið hefur gert þrjá starfslokasamninga við yfirmenn stofnana og starfsmenn í stjórnunarstöðum á því tímabili sem spurt er um.

Gert var samkomulag um starfslok við forstöðumann undirstofnunar (konu). Forstöðumaðurinn fékk leyfi frá starfi frá 1. nóvember 1997–31. ágúst 1998 á embættislaunum að orlofi meðtöldu [tíu mánuðir]. Staðan var formlega lögð niður 1. september 1998 og fékk viðkomandi greidd biðlaun frá þeim tíma í tólf mánuði.

Gert var samkomulag við forstöðumann undirstofnunar (karl) er hann lét af störfum. Samkvæmt því skyldi viðkomandi njóta launagreiðslna í tvö ár, gegn vinnuframlagi tengdu þeirri stofnun sem hann áður veitti forstöðu. Gildistími samningsins var frá 1. apríl 2000–31. mars 2002.

Gert var samkomulag við forstöðumann undirstofnunar (karl) um að hann nyti óskertra launa í 19 mánuði eftir að hann lét af starfi sínu og kom til starfa á ný eftir veikindi. Á móti kom vinnuframlag við ráðgjöf er tengist starfsreynslu viðkomandi einstaklings. Gildistími samningsins var frá 1. júní 2001–31. desember 2002.

Samgönguráðuneytið.

1. Starfslokasamningar á vegum ráðuneytisins:

Á umræddu tímabili hefur ráðuneytið gert þrjá starfslokasamninga við starfsmenn í stjórnunarstöðum. Gerðir voru samningar við eftirtalda starfsmenn:

a. Stjórnanda í samgönguráðuneytinu: Samkomulagið var um að stjórnandinn fyrrverandi (karlmaður) tæki að sér ákveðið verk fyrir ráðuneytið og héldi fullum launum fyrir, ásamt greiðslum fyrir afnot af eigin bifreið sem nam 4.000 km á ári. Fastagjald fyrir afnot af síma var einnig greitt. Samningurinn tók gildi 1. september 1994 og skyldi lokið eigi síðar en 31. desember 1998. Viðkomandi lést í september 1997 [37 mánuðir].
b. Yfirmann undirstofnunar: Samkomulagið tók gildi 1. september 2001 og gilti til og með 31. mars 2002 [7 mánuðir]. Greidd voru föst mánaðarlaun með vinnuskyldu. Um karlmann er að ræða.
c. Stjórnanda í undirstofnun: Í september 2001 var gerður starfslokasamningur við fyrrverandi stjórnanda (karlmann) undirstofnunar með gildistöku frá 1. janúar 2001–30. september 2004 [45 mánuðir]. Launagreiðslur með vinnuskyldu eru mánaðarlaun auk fastrar yfirvinnu (37 klst.).

2. Starfslokasamningar á vegum stofnana ráðuneytisins.

Undirstofnun. Umrætt tímabil voru gerðir sjö starfslokasamningar við starfsmenn í stjórnunarstöðum umfram lögbundinn biðlaunarétt hjá einni stofnun, í öllum tilvikum er um karla að ræða sem unnu um áratuga skeið hjá stofnuninni en hættu störfum vegna aldurs eða skipulagsbreytinga. Samningarnir voru háðir því skilyrði að ef viðkomandi starfsmaður gerðist launþegi hjá öðrum vinnuveitanda féllu greiðslur samkvæmt þeim niður eða lækkuðu sem næmi launum í hinu nýja starfi. Fimm starfslokasamningar fólu í sér að greidd voru laun í sex mánuði án vinnuskyldu af hálfu starfsmanna en tveir voru gerðir við fyrrverandi yfirmenn þjónustusvæða vegna skipulagsbreytinga. Þessir tveir síðarnefndu fólu í sér greiðslur umfram lögbundinn biðlaunarétt vegna niðurlagningar starfs. Annars vegar er um að ræða samning þar sem starfsmaður fékk greidd full laun í eitt ár og dagvinnulaun í eitt ár og átta mánuði og hins vegar samning sem fól í sér full laun í eitt ár og dagvinnulaun í eitt ár. Samningarnir dreifðust á umrætt árabil með eftirfarandi hætti:

– Árið 1997: Einn samningur um full laun í eitt ár og dagvinnulaun í eitt ár og átta mánuði [32 mánuðir].

- Árið 1999: Tveir samningar til sex mánaða hvor [2 x 6 mánuðir].
- Árið 2000: Tveir samningar, annar þar sem starfsmaður fékk greidd full laun í eitt ár og dagvinnulaun í eitt ár og hinn fól í sér greiðslur til sex mánaða [24 mánuðir og 6 mánuðir].
- Árið 2002: Einn samningur til sex mánaða.
- Árið 2003: Einn samningur til sex mánaða.

Sjávarútvegsráðuneytið.

Stjórn einnar undirstofnunar sjávarútvegsráðuneytisins hefur með vitund og samþykki ráðuneytisins gert samkomulag við stjórnanda. Fól það í sér að viðkomandi skyldi sinna sérverkefnum í 15 mánuði gegn greiðslu fastra mánaðarlauna og launatengdra gjalda en að greiðslur féllu niður ef viðkomandi tæki sér annað launað aðalstarf. Samningurinn gildir til 31. desember 2002.

Á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til þessa dags er ekki vitað um aðra starfslokasamninga á vegum sjávarútvegsráðuneytisins sem fyrirspurn fjármálaráðuneytisins nær til, sbr. 1. tölul. í bréfi þess frá 21. nóvember 2003.

Umhverfisráðuneytið.

Á umræddu tímabili, þ.e. frá og með 1. janúar 1994–31. desember 2003 gerði aðalskrifstofa umhverfisráðuneytisins einn samning við einn stjórnanda en stofnanir ráðuneytisins gerðu tvo samninga við yfirmenn.

Samningur aðalskrifstofu var gerður á árinu 1998 við konu í stjórnunarstöðu að upphæð 1.300.000 kr. (svarar til launa í u.þ.b. 5,5 mánuði).

Ein stofnun umhverfisráðuneytisins gerði einn starfslokasamning við yfirmann, karlmann, frá 1. janúar 2000–31. desember 2003 [48 mánuðir]. Kostnaður vegna starfslokasamnings er um 250.000 kr. á mánuði og heildarkostnaður stofnunarinnar um 9.000.000 kr.

Önnur stofnun umhverfisráðuneytisins gerði einn starfslokasamning við yfirmann, karlmann, frá 20. júní 2003–31. mars 2004 [9,3 mánuðir]. Kostnaður vegna starfslokasamnings er að meðaltali alls um 600.000 kr. á mánuði með launatengdum gjöldum. Heildarkostnaður stofnunarinnar fyrir gildistíma starfslokasamningsins er því um 5.400.000 kr.

Utanríkisráðuneytið.

Engir starfslokasamningar hafa verið gerðir við starfsmenn í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu á umræddu tímabili. Hins vegar hafa í tveimur tilvikum verið gerðar sérstakar ráðstafanir við starfslok yfirmanna undirstofnana ráðuneytisins sem hættu fyrir sjötugt. Það er lagt í mat fjármálaráðuneytisins hvort umræddir samningar teljist vera eiginlegir starfslokasamningar.

[Önnur ráðstöfunin tengdist hlutafélagi og á því ekki við í svari þessu, sbr. athugasemd fjármálaráðuneytisins til ráðuneytanna um að litið væri svo á að til stofnana á vegum hins opinbera teldust ráðuneyti og undirstofnanir þeirra en ekki hlutafélög og annars konar félög, einkaréttarlegs eðlis, jafnvel þótt þó séu að öllu leyti í eigu ríkisins.]

Hin ráðstöfunin fólst í því að yfirmanni undirstofnunar sem var veitt lausn frá störfum árið 1999 voru greidd laun í fimm mánuði til viðbótar sem ráðgjafa um rekstur stofnunarinnar.

Svar við 3. lið fyrirspurnarinnar um kostnað, sundurliðað eftir árum og kynjum.

Eins og áður hefur komið fram er heildarkostnaður sjaldnast tilgreindur í starfslokasamningum. Upplýsingar um kostnað slíkra samninga liggja heldur ekki fyrir miðlægt. Þær er ekki

hægt að nálgast í launavinnslu- eða bókhaldskerfi ríkisins eða með öðrum rafrænum hætti. Það hefði kostað mikla vinnu að afla allra þeirra gagna sem nauðsynleg hefðu verið til þess að reikna út hvað þeir kostuðu hver og einn fyrir sig og hversu mikið þeir hafa kostað undanfarin 10 ár sundurliðað eftir árum og kynjum. Þá hefðu útreikningar úr þessum gögnum einnig kallað á mikla nákvæmnisvinnu. Að þessu virtu var ákveðið að taka saman fjölda þeirra mánaða sem um ræðir, enda virðast starfslokasamningar jafnan kveða á um greiðslur/laun í tiltekinn tíma. Samkvæmt framangreindum upplýsingum frá ráðuneytunum er fjöldi mánaða sem greitt hefur verið fyrir samtals og að meðaltali sundurliðað eftir árum og kynjum eins og greinir í töflu þessari:

Ár	Karlar mánuðir samtals	Karlar meðaltal mánaða	Konur mánuðir samtals	Konur meðaltal mánaða
1994	37	37		
1995	46,2	23,1		
1996	12	12		
1997	35,7	17,9	22	11
1998	22,2	7,4	5,5	5,5
1999	35	8,75	6	6
2000	153,2	17	12	12
2001	142	17,8	12	12
2002	72	12		
2003	27,3	9,1	6	6

855. Svar [491. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðitilraunir og rannsóknir erlendra aðila við Ísland.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða erlendum aðilum hefur sjávarútvegsráðuneytið veitt heimild til veiðitilrauna eða annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. heimild í 13. gr. laga nr. 79/1997?*
2. *Hvaða veiðitilraunir eða aðrar vísindalegar rannsóknir er um að ræða?*

Land/Skip Þýskaland:	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil 1998
Valdivia	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjórannsóknir og straummælingar	14.08.–02.09.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/Universität Kiel	Alþjóðlegar rannsóknir á straumakerfinu suður af Íslandi	02.08.–21.08.
Polarstern	Alfred Wegener Institut Bremerhaven	Alþjóðlegt hafrannsóknaverkefni (Veins)	24.08.–15.10.

Land/Skip	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil
Poseidon	Institut fur Meereskunde	Sjó- og straummælingar	24.08.–10.09.
Valdivia	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjó- og straummælingar	01.04.–15.04.
Noregur:			
G.O. Sars	Institute of Marine Research Bergen	Rannsóknir á rauðátu og smokkfiski	28.11.–22.12.
Bretland:			
Scotia	FRS Marine Laboratory Aberdeen	Sjó- og straummælingar	03.12.–20.12.
Færeyjar:			
Magnus Heinason	Fiskirannsóknarstovan	Síldarrannsóknir	06.05.–20.05.
Svíþjóð:			
Argos	National Board of Fisheries	Síldarrannsóknir	25.04.–24.05.
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember
Þýskaland:			**1999**
Valdivia	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Hafrannsóknir	08.04.–27.04.
Valdiva	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjó- og straummælingar	06.05.–28.05.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Hafrannsóknir	23.06.–06.07.
Meteor	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Hafrannsóknir	11.06.–08.07.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Sjórannsóknir	09.07.–22.07.
Meteor	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Rannsóknir á straumkerfi Norðurhafa	13.08.–02.09.
Rússland:			
Fridtjof Nansen	Polar Research Institute of Marine Fisheries and Oceanograpy	Rannsóknir á umhverfisþáttum í Noregshafi	01.06.–30.06.
Frakkland:			
Marion-Dufrense	Institut Polarie	Rannsóknir á hafsbotni og vatnafræðilegar rannsóknir	24.07.–17.08.
Noregur:			
Johan Hjort	Institute of Marine Research	Sjó- og jarðfræðirannsóknir	19.03.–27.04.
Håkan Mosby	University of Bergen	Sjórannsóknir	15.07.–05.08.
G.O.Sars	Institute of Marine Research	Rannsóknir á norsk-íslenska síldarstofninum og umhverfisþáttum í Noregshafi	28.04.–03.06.
G.O.Sars	Institue of Marine Research	Rannsóknir á norsk-íslenska síldarstofninum og umhverfisþáttum í Noregshafi, einnig útbreiðslu makríls og kolmunna í Noregshafi	21.07.–17.08.
Håkan Mosby	University of Bergen	Sjórannsóknir	16.08.–01.09.

Land/Skip	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil
Danmörk:			
Dana	Danish Institute for Fisheries Research	Sjórannsóknir	02.06.–21.06.
Dana	Danish Institute for Fisheries Research	Sjórannsóknir	03.08.–22.08.
Finnland:			
Aranda	Finnish Institute of Marine	Hafrannsóknir	12.08.–05.10.
Færeyjar:			
Magnus Heinason	Fiskirannsóknarstovan	Sjórannsóknir	06.05.–25.05.
Bretland:			
Charles Darwin	Southampton Oceanography Center	Jarðeðlisfræðirannsóknir	18.06.–21.07.
James Clark Ross	Natural Environment Research Council	Sjórannsóknir	21.07.–31.08.
Discovery	Southampton Oceanography Center	Hafeðlisfræðilegar rannsóknir	07.09.–06.10.
Scotia	FRS Marine Laboratory	Sjó- og áturannsóknir	09.12.–21.12.
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember
Þýskaland:			**2000**
2 skip	Í samvinnu við Landssíma Íslands	Sæstrengur milli Íslands og Evrópu	ágúst
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Hafrannsóknir	03.08.–23.08. 25.08.–11.09.
Bretland:			
Discovery	Southampton Oceanography Center	Sjórannsóknir	27.01.–22.02.
Discovery	Natural Environment Research Council	Sjó- og svifrannsóknir	01.04.–16.05.
Discovery	Woods Hole Oceanographic Institution	Haf- og straumrannsóknir	05.06.–03.07.
James Clark Ross	Natural Environment Research Council	Hafrannsóknir	21.07.–31.08.
Noregur:			
G.O.Sars	Institute of Marine Research Bergen	Haf- og umhverfisrannsóknir	28.04.–03.06. 20.07.–17.08.
Håkan Mosby	University of Bergen/Geophisical Institute	Bergmálsrannsóknir á sjávarbotni	25.05.–21.06.
Rússland:			
Fridtjof Nansen	Polar Research Institute of Marine	Sameiginlegar langtíma-rannsóknir	01.06.–30.06.
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember
Þýskaland:			**2001**
Meteor	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjó- og straummælingar	21.06.–16.07.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Sjó- og straummælingar	13.07.–27.07.
Meteor	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjó- og straummælingar	18.07.–12.08.

Land/Skip	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil
Noregur:			
Johan Hjort	Institut of Marine Research Bergen	Fjölþjóðlegar rannsóknir	01.05.–27.05.
Håkon Mosby	University of Bergen	Sameiginlegar rannsóknir Íslendinga, Norðmanna, Dana og Breta	26.05.–20.06.
G.O.Sars	Institute of Marine Research Bergen	Sjó- og straummælingar	15.06.–11.07.
Håkan Mosby	University of Bergen	Fjölþjóðlegar rannsóknir á botndýralífi	04.07.–17.07.
Rússland:			
Fridtjof Nansen	Polar Research Institute of Marine Fisheries on Oceanography Murmansk	Sameiginlegar fjölþjóðarannsóknir á hafsvæðum austan Íslands	01.06.–30.06.
Atlantniro	Polar Research Institute of Marine Fisheries on Oceanography	Sameiginlegar langtímarannsóknir á karfastofnum suðvestur af Íslandi	25.05.–20.07.
Bretland:			
Discovery	Natural Environment Research Council	Hafrannsóknir	06.11.–18.12.
Færeyjar:			
Magnus Heinason	Fiskirannsóknarstovan	Sameiginlegar síldar- og umhverfisrannsóknir	10.05.–30.05.
West Freezer	Fiskimálastýrið	Rannsóknir á vettvangi NAMMCO	29.06.–25.07.
Bandaríkin:			
Oceanus	Woods Hole Oceanographic Institution	Sjó- og straumrannsóknir	29.07.–30.08.
Rig Supporter	Center for Imaging and Visualization/Woods Hole Oceanographic	Slepping Keikós	sumarið 2001
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember **2002**
Þýskaland:			
Humboldt	Geomar Research Center for Marine Geosciences	Jarðeðlisfræðirannsóknir	05.04.–19.04.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Sjó- og straumrannsóknir	06.06.–26.06.
Poseidon	Institut fur Meereskunde	Jarðeðlisfræðirannsóknir	26.06.–16.07.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Sjórannsóknir	07.08.–03.09.
Poseidon	Institut fur Meereskunde/University Kiel	Sjórannsóknir	03.09.–09.09.
Bretland:			
Discovery	Natural Environment Research Council	Alþjóðlegar rannsóknir	18.04.–27.05.
Discovery	Natural Environment Research Council	Sjó- og umhverfisrannsóknir	24.07.–27.08.
Discovery	Natural Environment Research Council	Sjó- og umhverfisrannsóknir	06.11.–20.12.
Danmörk:			
Magnus Heinason	Fiskirannsóknarstovan	Sameiginlegar langtímarannsóknir Íslendinga, Færeyinga og fleiri þjóða	10.05.–30.05.
Noregur:			
Håkan Mosby	University of Bergen	Sjórannsóknir	01.07.–15.07.

Land/Skip	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil
Rússland:			
Fridtjof Nansen	Porlar Resarch Institute of Marine Fisheries and Oceanography (PINRO)	Sameiginlegar rannsóknir Norðmanna, Rússa, Íslendinga og fleiri þjóða á útbreiðslu norsk-íslenska síldarstofnsins á hafsvæðum austan Íslands	15.07.–30.07.
Bandaríkin:			
Knorr	Woods Hole Oceanographic Institution	Sjórannsóknir	08.05.–23.06.
Oceanus	Woods Hole Oceanograpihc Institution	Sjó- og straumrannsóknir	03.08.–23.08.
Knorr	Woods Hole Oceanograpihc Institution	Fornveðurfarsrannsóknir á grundvelli setlaga djúpt suður af landinu	29.07.–13.09.
Bahamaeyjar:			
Svitzer	Í samvinnu við Landssíma Íslands	Kortlagningar á sjávarbotni vegna sæstrengs	
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember
Þýskaland:			**2003**
Meteor	Institut fur Meereskunde/University of Hamburg	Sjórannsóknir	27.06.–21.07. 24.07.–28.08.
Poseidon	Institut fur Meereskunde Kiel	Sjórannsóknir	09.08.–08.09. 11.09.–06.10.
Noregur:			
Johan Hjort	Institute of Marine Research Bergen	Sjó- og straummælingar	11.06.–30.06.
G.O.Sars	Institute of Marine Research Bergen	Hafeðlis- og hafefnafræðirannsóknir	25.09.–14.10.
Sarsen	Institute of Marine Research Bergen	Sjó- og straumrannsóknir	12.10.–12.11.
Danmörk:			
Magnus Heinason	Fiskirannsóknarstovan	Síldar- og umhverfisrannsóknir	10.05.–28.05.
Rússland:			
Fridtjof Nansen	State Enerprise St. Pétursborg	Rannsóknir á norsk-íslenska síldarstofninum	01.06.–30.06.
Smolensk	State Enterprise St. Pétursborg	Rannsóknir á karfastofninum	01.06.–20.07.
Professor Logachef	State Enterprise St. Pétursborg	Jarðeðlisfræðirannsóknir	22.07.–07.08.
Bandaríkin:			
Ronald H. Brown	National Oceanic and Atmospheric Administration (NOAA)	Langtímavöktun	23.04.–10.05.
Oceanus	Woods Hole Oceanographic Institution	Sjó- og straumrannsóknir	25.07.–10.08.
Japan:			
5 skip	Íslenska Hafrannsóknastofnunin	Tilraunaveiðar á túnfiski, sýnataka	ágúst–nóvember

Land/Skip	Rannsóknaraðili	Rannsóknartilgangur	Tímabil
Grænland:			
Aritc Wolf	Atlantor ehf.	Tilraunaveiðar á krabba	22.10.03–29.02.04

856. Svar [351. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um skatttekjur ríkissjóðs.

1. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga skipt eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélög	Tekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík	26.716
Seltjarnarnes	1.428
Vatnsleysustrandarhreppur	145
Kópavogur	5.781
Garðabær	2.576
Hafnarfjörður	4.344
Bessastaðahreppur	407
Reykjanesbær	2.075
Grindavík	447
Sandgerði	224
Garður, Gerðahreppi	210
Mosfellsbær	1.382
Akranes	1.152
Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár- og Melasveit	92
Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklholtshreppur	487
Stykkishólmur, Helgafellssveit	226
Grundarfjarðarbær	151
Snæfellsbær	314
Dalabyggð	94
Reykhólasveit	41
Bolungarvík	171
Súðavíkurhreppur	40
Ísafjarðarbær	758
Vesturbyggð	180
Tálknafjörður	54
Kaldrananeshreppur	17
Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur	108
Húnaþing vestra	141
Blönduósbær	144
Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur	58
Skagaströnd, Skagabyggð	134
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	659

Sveitarfélög	Tekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Siglufjörður	262
Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð	285
Akureyri	2.878
Grýtubakkahreppur	68
Grímseyjarhreppur	27
Dalvíkurbyggð	327
Ólafsfjarðarbær	254
Hríseyjarhreppur	26
Húsavík	378
Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit	104
Skútustaðahreppur	78
Öxarfjarðarhreppur, Kelduneshreppur	57
Raufarhafnarhreppur	48
Þórshafnarhreppur, Svalbarðshreppur	92
Skeggjastaðahreppur	23
Vopnafjarðarhreppur	127
Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur	408
Seyðisfjörður	137
Mjóafjarðarhreppur	5
Borgarfjarðarhreppur	16
Fjarðabyggð	728
Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur	168
Breiðdalshreppur	35
Djúpavogshreppur	79
Sveitarfélagið Hornafjörður	403
Hveragerði	292
Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	236
Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð	1.526
Rangárþing ytra, Ásahreppur	224
Rangárþing eystra	217
Mýrdalshreppur	64
Skaftárhreppur	63
Vestmannaeyjar	967
Samtals	**61.363**

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Tekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík [1]	26.716
SV	16.062
NV	5.025
NA	6.610
S	6.948
Samtals	**61.361**

[1] Ekki er hægt að sýna tölur sérstaklega fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö.

Framangreindar upplýsingar um heildartekjur ríkissjóðs af almennum og sérstökum tekjuskatti einstaklinga er töluvert hærri en í upplýsingum frá Ríkisskattstjóra eða um 4,3 milljarðar króna. Ástæða þessa mismunar felst í greiðslum ríkisins til sveitarfélaga upp í útsvar vegna þeirra einstaklinga sem eru undir skattleysismörkum.

2. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila skipt eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélög	Tekjuskattur lögaðila, millj. kr.
Reykjavík	9.387
Kópavogur	720
Seltjarnarnes	48
Garðabær	176
Hafnarfjörður	599
Bessastaðahreppur	12
Mosfellsbær	75
Reykjanesbær	236
Grindavík	195
Sandgerði	45
Gerðahreppur	67
Vatnsleysustrandarhreppur	6
Akranes	84
Sveitarfélagið Borgarfjörður	2
Borgarbyggð	30
Grundarfjarðarbær	62
Stykkishólmur	17
Eyja- og Miklaholtshreppur	4
Snæfellsbær	121
Dalabyggð	4
Bolungarvíkurkaupstaður	48
Ísafjarðarbær	139
Reykhólahreppur	1
Tálknafjarðarhreppur	6
Vesturbyggð	22
Súðavíkurhreppur	3
Kaldrananeshreppur	5
Bæjarhreppur	1
Hólmavíkurhreppur	8
Siglufjörður	55
Sveitarfélagið Skagafjörður	91
Húnaþing vestra	8
Blönduós	9
Höfðahreppur	3
Akureyri	495
Húsavík	65
Ólafsfjörður	6
Dalvíkurbyggð	30
Grímseyjarhreppur	3
Hríseyjarhreppur	4
Eyjafjarðarsveit	2
Hörgárbyggð	2

Sveitarfélög	Tekjuskattur lögaðila, millj. kr.
Svalbarðsstrandarhreppur	3
Grýtubakkahreppur	13
Skútustaðahreppur	2
Aðaldælahreppur	3
Þingeyjarsveit	3
Öxarfjarðarhreppur	9
Raufarhafnarhreppur	6
Þórshafnarhreppur	10
Seyðisfjörður	22
Fjarðabyggð	142
Skeggjastaðahreppur	4
Vopnafjarðarhreppur	7
Fellahreppur	2
Borgarfjarðarhreppur	3
Mjóafjarðarhreppur	1
Fáskrúðsfjarðarhreppur	2
Búðahreppur	16
Stöðvarhreppur	10
Breiðdalshreppur	4
Djúpavogshreppur	6
Austur-Hérað	29
Sveitarfélagið Hornafjörður	144
Vestmannaeyjar	75
Árborg	163
Mýrdalshreppur	5
Skaftárhreppur	3
Rangárþing eystra	16
Rangárþing ytra	40
Hraungerðishreppur	7
Hrunamannahreppur	12
Hveragerði	39
Sveitarfélagið Ölfus	68
Grímsnes- og Grafningshreppur	7
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5
Bláskógabyggð	14
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr.	7
Samtals	**13.805**

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Tekjuskattur lögaðila, millj. kr.
Reykjavík [1]	9.387
SV	1.631
NV	563
NA	1.075
S	1.150
Samtals	**13.805**

[1] Ekki er hægt að sýna tölur sérstaklega fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö.

3. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga skipt eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélög	Eignarskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík	1.033
Seltjarnarnes	84
Vatnsleysustrandarhreppur	3
Kópavogur	205
Garðabær	143
Hafnarfjörður	144
Bessastaðahreppur	12
Reykjanesbær	38
Grindavík	14
Sandgerði	4
Garður, Gerðahreppi	4
Mosfellsbær	45
Akranes	24
Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár og Melasveit	4
Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklholtshreppur	22
Stykkishólmur, Helgafellssveit	4
Grundarfjarðarbær	2
Snæfellsbær	6
Dalabyggð	6
Reykhólasveit	2
Bolungarvík	2
Ísafjarðarbær	1
Vesturbyggð	3
Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur	4
Húnaþing vestra	5
Blönduósbær	2
Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur	6
Skagaströnd, Skagabyggð	1
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	12
Siglufjörður	2
Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð	11
Akureyri	62
Dalvíkurbyggð	5
Ólafsfjarðarbær	4
Húsavík	5
Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit	7
Skútustaðahreppur	1
Öxarfjarðarhreppur, Kelduneshreppur	2
Þórshafnarhreppur, Svalbarðshreppur	2
Vopnafjarðarhreppur	2
Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur	8
Seyðisfjörður	1
Fjarðabyggð	4
Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur	1
Djúpavogshreppur	2

Sveitarfélög	Eignarskattur einstaklinga, millj. kr.
Sveitarfélagið Hornafjörður	10
Hveragerði	6
Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	3
Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð	54
Rangárþing ytra, Ásahreppur	9
Rangárþing eystra	10
Mýrdalshreppur	2
Skaftárhreppur	4
Vestmannaeyjar	17
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr.	4
Samtals	**2.086**

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Eignarskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík [1]	1.033
SV	635
NV	121
NA	122
S	175
Samtals	**2.086**

1 Ekki er hægt að sýna tölur sérstaklega fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö.

4. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila skipt eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélög	Eignarskattur lögaðila, millj. kr.
Reykjavík	701
Kópavogur	72
Seltjarnarnes	5
Garðabær	34
Hafnarfjörður	76
Mosfellsbær	15
Reykjanesbær	21
Grindavík	6
Sandgerði	8
Gerðahreppur	4
Akranes	11
Hvalfjarðarstrandarhreppur	12
Skilmannahreppur	27
Borgarbyggð	8
Grundarfjarðarbær	3
Stykkishólmur	2
Snæfellsbær	9

Sveitarfélög	Eignarskattur lögaðila, millj. kr.
Bolungarvíkurkaupstaður	6
Ísafjarðarbær	10
Tálknafjarðarhreppur	1
Vesturbyggð	3
Siglufjörður	2
Sveitarfélagið Skagafjörður	16
Húnaþing vestra	4
Blönduós	3
Höfðahreppur	3
Akureyri	41
Húsavík	4
Ólafsfjörður	5
Dalvíkurbyggð	7
Grýtubakkahreppur	3
Skútustaðahreppur	4
Þingeyjarsveit	2
Öxarfjarðarhreppur	1
Seyðisfjörður	1
Fjarðabyggð	6
Búðahreppur	5
Austur-Hérað	3
Sveitarfélagið Hornafjörður	3
Vestmannaeyjar	13
Árborg	47
Rangárþing ytra	2
Hrunamannahreppur	1
Hveragerði	2
Sveitarfélagið Ölfus	6
Bláskógabyggð	1
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr.	16
Samtals	**1.236**

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Eignarskattur lögaðila, millj. kr.
Reykjavík [1]	701
SV	203
NV	97
NA	116
S	119
Samtals	**1.236**

[1] Ekki er hægt að sýna tölur sérstaklega fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö.

5. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti samkvæmt álagningarseðlum 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti einstaklinga skipt eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélög	Fjármagnstekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík	2.080
Seltjarnarnes	271
Vatnsleysustrandarhreppur	17
Kópavogur	331
Garðabær	355
Hafnarfjörður	230
Bessastaðahreppur	12
Reykjanesbær	88
Grindavík	109
Sandgerði	7
Garður, Gerðahreppi	19
Mosfellsbær	59
Akranes	73
Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár og Melasveit	3
Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklholtshreppur	54
Stykkishólmur, Helgafellssveit	6
Grundarfjarðarbær	6
Snæfellsbær	29
Dalabyggð	7
Bolungarvík	14
Súðavíkurhreppur	4
Ísafjarðarbær	49
Vesturbyggð	4
Tálknafjörður	12
Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Hólmavíkurhreppur	7
Húnaþing vestra	11
Blönduósbær	5
Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur	4
Skagaströnd, Skagabyggð	4
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	23
Siglufjörður	8
Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð	13
Akureyri	150
Grýtubakkahreppur	5
Grímseyjarhreppur	1
Dalvíkurbyggð	15
Ólafsfjarðarbær	21
Hríseyjarhreppur	1
Húsavík	38
Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit	9
Skútustaðahreppur	3
Öxarfjarðarhreppur, Kelduneshreppur	3
Raufarhafnarhreppur	5
Þórshafnarhreppur, Svalbarðshreppur	7
Skeggjastaðahreppur	1

Sveitarfélög	Fjármagnstekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Vopnafjarðarhreppur	6
Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur	19
Seyðisfjörður	5
Fjarðabyggð	29
Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur	8
Breiðdalshreppur	2
Djúpavogshreppur	3
Sveitarfélagið Hornafjörður	201
Hveragerði	7
Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	11
Árborg, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð	77
Rangárþing ytra, Ásahreppur	15
Rangárþing eystra	10
Mýrdalshreppur	3
Skaftárhreppur	8
Vestmannaeyjar	69
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr.	2
Samtals	**4.648**

Heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti einstaklinga skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Fjármagnstekjuskattur einstaklinga, millj. kr.
Reykjavík [1]	2.080
SV	1.276
NV	318
NA	351
S	623
Samtals	**4.648**

[1] Ekki er hægt að sýna tölur sérstaklega fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö.

Upplýsingar um fjármagnstekjuskatt einstaklinga eru bundnar nokkurri óvissu þar sem þær eru unnar upp úr álagningarskrá fyrir árið 2003. Ástæða þess er að nokkur misbrestur er hjá framteljendum að telja fram allar fjármagnstekjur, þar með talið tekjur af innstæðum í innlánsstofnunum.

6. *Hver var skattalegur ávinningur lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003 af lækkun skatthlutfalls sameignarfélaga úr 38% í 26% og hlutafélaga og annarra lögaðila úr 30% í 18%, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*
7. *Hver var skattalegur ávinningur lögaðila samkvæmt álagningarseðlum 2003 af lækkun skatthlutfalls eignarskatts úr 1,2% í 0,6%, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Ekki er unnt að svara þessum tveimur liðum fyrirspurnarinnar þar sem skattgreiðslur lögaðila ráðast af fleiri atriðum en skatthlutfallinu. Hér koma til sögunnar jafnt efnahagslegir þættir sem hafa áhrif á afkomu fyrirtækja og ýmsir aðrir þættir sem tengjast beint lækkun skatthlutfallanna og efnahagslegum áhrifum þeirra. Þessir þættir birtast meðal annars í aukn-

um fjárfestingum, aukinni atvinnu, aukinni tekjumyndun og almennt auknum umsvifum í þjóðarbúskapnum. Meðal annars má ætla að þessar aðgerðir muni leiða til aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Jafnframt má ætla að lækkun eignarskatta skili sér að hluta í auknum þjóðhagslegum sparnaði og að hluta í aukinni veltu.

8. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs árið 2003 af álögðum fjármagnstekjuskatti á sveitarfélög, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti á sveitarfélög skipt eftir sveitarfélögum:

Heiti sveitarfélags	Fjármagnstekjuskattur, millj. kr.
Reykjavík	18
Garðabær	3
Hafnarfjörður	5
Kópavogur	3
Reykjanesbær	11
Grindavík	2
Akranes	1
Sveitarfélagið Skagafjörður	2
Akureyri	3
Bláskógarbyggð	2
Árborg	3
Önnur sveitarfélög < 1 millj. kr.	7
Samtals	**61**

Heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti á sveitarfélög skipt eftir hinum nýju kjördæmum:

Kjördæmi	Fjármagnstekjuskattur, millj. kr.
Reykjavík	18
SV	12
NV	2
NA	8
S	21
Samtals	**61**

857. Skýrsla [567. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2003.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 138 þing en aukaaðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur

að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. IPU hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing IPU taka pólitískar ákvarðanir og álykta um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef í sendinefnd eru ekki fulltrúar beggja kynja), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Sautján manna framkvæmdastjórn hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Eftir lagabreytingar sem samþykktar voru í apríl 2003 á 108. þingi eru nú þrjár fastanefndir starfandi innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

I. nefnd um friðar- og öryggismál,
II. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál,
III. nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Þá eru starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhópur um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samhæfingarnefnd um öryggismál og samstarf á Miðjarðarhafssvæðinu, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU, vinnuhópur um samstarf kynjanna og stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna IPU.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess stendur sambandið fyrir nokkrum alþjóðlegum ráðstefnum og málstofum á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeildin var fram að kosningum skipuð þeim Einari K. Guðfinnssyni, þingflokki sjálfstæðismanna, formanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformanni, og Ástu Möller, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn Íslandsdeildar voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna. Í kjölfar alþingiskosninga var á 129. þingi kjörin ný Íslandsdeild 27. maí. Í henni sitja Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, og Hjálmar Árnason, þingflokki framsóknarmanna. Íslandsdeildin kaus Einar K. Guðfinnsson sem formann og Hjálmar Árnason varaformann. Varamenn eru Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Íslandsdeildin var endurkjörin 1. október í upphafi 130. þings. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

Íslandsdeildin hélt fjóra fundi á árinu. Það sem hæst bar á árinu var samvinna Íslandsdeildar til að tryggja kjör Einars K. Guðfinnssonar sem formanns II. nefndar IPU um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál. Jafnframt kom Íslandsdeildin því til leiðar að Alþingi styrkti námstefnu um fjárlagagerð sem haldin var í Sri Lanka fyrir þingmenn og embættis-

menn þinga í Suðvestur-Asíu. Verkefnið var unnið í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, en forseti Alþingis samþykkti í upphafi árs að styðja verkefnið að beiðni formanns Íslandsdeildar. Þing sem litla reynslu hafa af fjárlagavinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum fengu á námstefnunni aðstoð og leiðsögn. Styrkurinn var tekinn af fjárveitingu til alþjóðastarfs Alþingis og segja má að Alþingi hafi þarna lagt nokkuð af mörkum til þróunarstarfs.

3. Störf og ályktanir 108. þings IPU.

108. þing IPU var haldið í Santíagó í Chile 6.–11. apríl 2003. Íslandsdeildin átti erfitt með að sækja þingið vegna yfirstandandi kosningabaráttu og var sendinefndin því ekki fullskipuð. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Sigríður Ingvarsdóttir, Karl V. Matthíasson (í forföllum aðal- og varamanns) og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: Andrés Zaldivar Larrain, forseti efri deildar þings Chile, J.A. Ocampo, fulltrúi aðalritara og efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir latnesku Ameríku og Karíbahaf, S. Páez Verdugo, forseti IPU-ráðsins, og Ricardo Lagos Escobar, forseti Chile.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um „stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum“. Sigríður Ingvarsdóttir og Karl V. Matthíasson tóku bæði til máls. Stríðið í Írak var að vonum helsta umræðuefni þingmanna í almennum umræðum. Sigríður ræddi stríðið út frá þróun mála í Írak síðustu tólf ár og lýsti Saddam Hussein sem samviskulausum harðstjóra sem virti mannslíf einskis og væri ógn við heimsfriðinn. Hún sagði Ísland ekki aðila að stríðinu, en að landið styddi sína nánustu bandamenn í viðleitni þeirra til að auka öryggi heimsins og hefði heitið aðstoð eftir stríð. Hún lýsti samúð með saklausum borgurum í Írak og lagði áherslu á öflugt uppbyggingar- og mannúðarstarf að stríðinu loknu og jafnframt á ábyrgð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna við að tryggja friðinn. Karl ræddi sýn sína á betri heim og lagði áherslu á náungakærleik og lítillæti sem lýsti sér í virðingu fyrir trúarbrögðum og menningu annarra. Hann vonaðist eftir framtíð þar sem öll börn heimsins gætu lifað við réttlæti og jöfnuð, og sagði það á ábyrgð þingmanna að gera verulegar breytingar á núverandi heimsmynd. Hann útskýrði að íslenskir stjórnarandstöðuflokkar væru á móti stríðinu í Írak og stefnu íslenskra stjórnvalda í því máli og sagði að skoðanakannanir sýndu að almenningur í landinu væri sama sinnis. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að Sameinuðu þjóðirnar kæmu að uppbyggingu Íraks að stríði loknu.

Þingið afgreiddi ályktanir um fjögur mál. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu og voru þau rædd í málefnanefndum. Í nefnd um lagaleg málefni og mannréttindamál var rætt um hlutverk þjóðþinga við að styrkja lýðræðislegar stofnanir í sundurleitum heimi. Í lokaályktun eru öll þing m.a. hvött til að vinna að lýðræði sem grundvallast á frjálsum kosningum, til að auka tvíhliða og fjölþjóðasamstarf þinga, taka virkan þátt í umræðum um alþjóðamál og hafa strangt eftirlit með framkvæmdarvaldinu í alþjóðlegum samningaviðræðum.

Í nefnd um efnahags- og félagsmál var rætt um alþjóðlegt samstarf til að takast á við náttúruhamfarir sem hafa áhrif yfir landamæri. Í lokaályktun er hvatt til margvíslegra aðgerða til að unnt verði að bregðast við náttúruhamförum og auka alþjóðlegt samstarf á þessu sviði, t.d. við fjármögnun aðstoðar, samhæfingu aðgerða og áhættustjórn.

Samþykkt var á fyrsta degi þingsins að hafa utandagskrárumræðu í nefnd um stjórnmál og öryggis- og afvopnunarmál um mikilvægi þess að hefta útbreiðslu kjarna-, efna- og lífefnavopna sem og eldflauga og að koma í veg fyrir notkun hryðjuverkamanna á slíkum vopnum. Var ályktun um málið samþykkt á þinginu þar sem ríki eru hvött til aðildar að

alþjóðlegum samningum á þessum sviðum. M.a. er farið fram á að ríki sem hafa ákveðið eða íhuga að segja sig frá samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna falli frá slíkri ákvörðun og virði skuldbindingar sínar gagnvart alþjóðasamfélaginu. Jafnframt er farið fram á að þau ríki sem ekki eiga aðild að samningnum gerist aðilar án tafar og fyrirvaralaust. Þá eru þingmenn hvattir til margvíslegra aðgerða til að tryggja að ríki taki skuldbindingar sínar um að hefta útbreiðslu gjöreyðingarvopna alvarlega.

Þá var samþykkt að leggja fram tillögu að neyðarályktun um nauðsyn þess að binda enda á stríðið í Írak og koma á friði: hlutverk Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaþingmannasambandsins. Ályktunin var afgreidd degi fyrr en aðrar ályktanir þingsins, sem var mjög óvanalegt, en ástæðan virtist sú að sumir óttuðust að stríðinu mundi ljúka áður en Alþjóðaþingmannasambandið næði að ályktа um það! Öðrum þótti þessi framganga með ólíkindum og töldu um skrípaleik að ræða, enda vel hægt að ályktа um ástandið í Írak hvort sem stríðinu væri formlega lokið eða ekki. Ef stríðinu lyki áður en ályktun væri samþykkt bæri að fagna því. Flýtimeðferðin fékk þó almennan stuðning, enda studd dyggilega af framkvæmdastjóra IPU. Í ályktuninni er fjallað um nauðsyn þess að binda enda á stríðið og lögð áhersla á að farið sé að lögum í alþjóðasamskiptum. Þjóðir heims voru m.a. hvattar til að veita Írökum mannúðaraðstoð og lögð áhersla á að Sameinuðu þjóðirnar gegni lykilhlutverki bæði á þessu sviði sem og í endurbyggingu landsins. Farið var fram á að öryggisráðið aflétti efnahagsþvingunum sem fyrst og lýst yfir að IPU væri tilbúið til að veita aðstoð við uppbyggingu lýðræðis í landinu.

Þingið samþykkti viðamiklar breytingar á lögum IPU að tillögu ráðsins, eftir ítarlegar umræður sem höfðu staðið í nokkur ár. Meðal þeirra breytinga sem gerðar eru á starfi IPU eru eftirfarandi: Þingin verða eftir sem áður tvö á ári, en haustþingið verður mun minna í sniðum og verður haldið í Genf nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ekki verða lengur leyfðar utandagskrárumræður á þinginu (supplementary item) en áfram verður hægt að taka fyrir eina neyðarályktun (emergency item) á hverju þingi. Hvert ríki hefur átt tvö sæti í ráði IPU fram til þessa, en nú fær hvert aðildarríki þrjú sæti, nema í þeim tilvikum sem sendinefnd samanstendur einungis af öðru kyninu. Breytingar eru gerðar á skipulagi nefndastarfs. Í hinni nýju nefndaskipan IPU eru þrjár fastanefndir: 1. nefnd um friðar- og öryggismál, 2. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál og 3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál. Samkvæmt nýjum starfsaðferðum ræða nefndirnar fyrir fram ákveðið þema og eru sérstakir skýrsluhöfundar tilnefndir úr hópi nefndarmanna til að undirbúa umræðurnar með skýrslu og ályktunardrögum.

Fjölgað er í framkvæmdastjórn IPU úr tólf í sautján. Forseti ráðsins verður forseti IPU (það embætti var ekki til áður). Ef sendinefnd á þingi samanstendur einungis af öðru kyninu fækkar fulltrúum sjálfkrafa um einn og atkvæðavægi sendinefndarinnar minnkar lítillega. Einungis fulltrúar frá ríkjum þar sem bæði kynin mega kjósa og bjóða sig fram hafa rétt til setu í framkvæmdastjórn IPU.

4. Störf og ályktanir 109. þings IPU.

Þingið var haldið 1.–3. október í Genf. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson formaður og Kristján L. Möller, auk Stígs Stefánssonar, setts ritara Íslandsdeildar. Alls sóttu sendinefndir frá 122 þjóðþingum þingið.

Þingið í Genf var hið fyrsta eftir viðamiklar breytingar á lögum IPU og komu hinar nýju nefndir saman í fyrsta skipti á þinginu. Kristján L. Möller sótti fundi nefndar um frið og alþjóðleg öryggismál. Þema nefndarinnar var hlutverk þjóðþinga við að aðstoða fjölþjóðlegar stofnanir við að tryggja öryggi og frið. Fyrir fundum nefndarinnar lágu skýrsla og ályktunar-

drög þingmannanna S. Masri frá Jórdaníu og C. Zöpel frá Þýskalandi auk fjölda breytingartillagna við drögin. Í ályktunardrögunum var m.a. hvatt til þess að koma á fót nýjum nefndum og vinnuhópum til þess að auka vægi þingmanna við alþjóðlegar ákvarðanir í öryggismálum. Kristján L. Möller lagði fram breytingartillögu Íslands sem var svipuð tillögum Norðmanna og Svía um að sleppa ákvæðum um stofnun nýrra nefnda og hópa. Ástæða þess er að stofnanaflóran í öryggismálum er næg fyrir og hlutverk IPU er alþjóðlegt þingræðislegt eftirlit en ekki ný stofnanamyndun. Var þessu breytt þegar ályktunardrögin voru afgreidd úr nefndinni til þingsins. Í lokaályktun þingsins er m.a. fjallað sérstaklega um hryðjuverkastarfsemi og hryðjuverk fordæmd skilyrðislaust. Jafnframt er fjallað um leiðir til að auka öryggi í heiminum og m.a. hvatt til undirritunar og fullgildingar á ýmsum alþjóðlegum samningum, t.d. Rómarsamþykkt um alþjóðlegan sakadómstól, viðauka við Genfarsáttmálana og samningum gegn hryðjuverkum.

Einar K. Guðfinnsson er formaður nefndarinnar um sjálfbæra þróun, efnahagsmál og viðskipti og stjórnaði hann starfi hennar. Nefndin kom alls fjórum sinnum saman á þinginu. Þema fundanna voru hnattræn almannagæði og lögðu þingmennirnir D. Oliver frá Kanada og E. Matthei frá Chile fram skýrslu og ályktunardrög. Mikil umræða spannst um drögin og fluttu fulltrúar 48 þjóðríkja alls 50 erindi um þau. Nokkrar breytingartillögur við ályktunardrögin lágu fyrir fundinum og var sérstakur vinnuhópur skipaður að frumkvæði Einars til þess að fara vandlega yfir þær og útbúa ný ályktunardrög. Þau voru lögð fyrir lokafund nefndarinnar og afgreidd þar til þingsins. Lokaályktun þingsins hvetur m.a. til þess að ríkisstjórnir, þing, alþjóðastofnanir og góðgerðarsamtök tryggi að fjármagni sé beint til fátækustu ríkja heims, að hnattræn almannagæði verði betur skilgreind og að mengunarskattar og önnur úrræði þurfi til að framfylgja þeirri grundvallarreglu að enginn geti grætt á hnattrænum almannagæðum á kostnað annarra.

Nefnd um lýðræði og mannréttindi fjallaði um hvernig nýta mætti upplýsingatæknina til að stuðla að góðri stjórnsýslu og auknu lýðræði á tímum hnattvæðingar og afgreiddi þingið ályktun á grundvelli þeirrar umræðu. Í henni var m.a. hvatt til þess að þjóðþing fylgdust með þróun rafrænnar stjórnsýslu til að tryggja lýðræði og gegnsæi og að fátæk ríki fái sérstaka aðstoð við að auka tæknigetu sína.

Neyðarályktun var tekin fyrir á þinginu um þingræðislegan stuðning við framkvæmd vegvísis til friðar til þess að enda átök Palestínumanna og Ísraela og tryggja frið og réttlæti í Miðausturlöndum. Var nefnd IPU um Miðausturlönd falið að vinna ályktunardrög sem seinna voru samþykkt á þinginu, þó með fyrirvörum frá nokkrum þjóðum eða einstökum þingmönnum, annaðhvort við einstakar greinar eða ályktunina í heild. Í ályktuninni er m.a. Ísrael hvatt til að hætta við landnemabyggðir á hernumdu svæðunum og uppsetningu múrs og girðinga sem hafa lamandi áhrif á palestínskt þjóðfélag og þess er krafist að palestínsk stjórnvöld beiti öllum nauðsynlegum úrræðum til að hindra árásir á saklausa borgara.

Einn fundur var haldinn í framkvæmdastjórn IPU (Executive Committee) um framkvæmd þingsins og önnur skyld mál og sótti Einar K. Guðfinnsson hann sem formaður II. nefndar IPU. Rætt var um lausar stöður í framkvæmdastjórn IPU en þær tilheyra svæðahópunum svokölluðu. Svæðahóparnir byggjast að mestu á landfræðilegri skiptingu í heimsálfur nema Tólf-plús hópurinn þar sem vestræn lýðræðisríki auk Eyjaálfu skipa sér saman í hóp. Nokkur umræða fór fram um það hvort hóparnir ættu að tilnefna beint í stöðurnar eða hvort þingið ætti að kjósa á milli frambjóðenda ef ekki næst samhljóða niðurstaða í landahópunum en slíkt fyrirkomulag hefur verið við lýði. Varð ofan á að fara eftir gamla kerfinu en að skoða gaumgæfilega hvort æskilegt sé að breyta því fyrir næsta þing. Nokkuð var rætt um sérstaka nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU en illa hefur gengið að kalla nefndina

saman og hefur hún því verið óvirk að undanförnu. Einar kvað það ótækt þar sem fjöldi þingmanna í löndum sem skammt eru á veg komin í lýðræðismálum treystu á störf nefndarinnar, það eftirlit, þrýsting og vernd sem hún getur veitt gegn stjórnvöldum sem stunda pólitískar ofsóknir gegn eigin þjóðþingum eða hluta þeirra.

5. Svæðisbundið samstarf innan IPU.

5.1. Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist svokallaður Tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Í tengslum við 108. þing einbeitti íslenska sendinefndin sér innan Tólfplús-hópsins að framboði Einars K. Guðfinnssonar til formennsku í einni af fastanefndum IPU, nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, og vann ötullega að kjöri hans. Þar var samkeppnin hörð því ljóst var að hópurinn fengi einungis formennsku í einni af hinum þremur nýju nefndum. Þannig þurfti fyrst að tryggja að Tólfplús-hópurinn legði áherslu á formennsku í þessari tilteknu nefnd í samningum við aðra svæðishópa. Til viðbótar þurfti Einar að etja kappi við mótframbjóðendur innan hópsins frá Kanada og Ástralíu, og fékk hann yfirgnæfandi fylgi þótt hann hefði ekki tök á að vera sjálfur á staðnum, enda vel kynntur innan IPU. Þegar svæðishóparnir voru búnir að ganga frá skiptingu embætta og Einar var formlega orðinn frambjóðandi Tólfplús-hópsins til formennsku í nefndinni var hann sjálfkjörinn í embætti á ráðsfundinum.

Á 109. þingi var mikil umræða innan Tólfplús-hópsins um vandamál tengd fyrirhuguðu þinghaldi í London vorið 2004, eftir að Bretar lýstu sig bundna af ákvörðun ESB um ferðabann gagnvart um 60 nafngreindum einstaklingum úr stjórnkerfi Zimbabwe. Vandamálið fólst í því að þau ríki sem halda IPU-þing skrifa undir bindandi samning þess efnis að þau veiti sendinefndum allra aðildarríkja vegabréfsáritun til þess að sækja þingin og það er ákvörðun hvers og eins þjóðþings hvernig sendinefnd þess er saman sett. Bresk stjórnvöld sem lagt höfðu mikla vinnu og fjármagn í undirbúning þingsins í London gátu ekki skrifað undir þess háttar samning þar sem nokkrir þeirra sem ferðabann ESB tekur til sitja á þingi Zimbabwe og því ekki hægt að leyfa þeim að ferðast til Bretlands kysu Zimbabwemenn að tilnefna þá í sendinefnd til IPU-þingsins.

Einar K. Guðfinnsson lýsti yfir stuðningi við þinghald í London og varaði við afleiðingum þess ef öll ESB- og EES-löndin yrðu útilokuð frá því að geta hýst þing IPU. Flestir ræðumenn tóku í svipaðan streng og var skipuð viðræðunefnd til þess að leita lausnar á málinu með viðræðum við Afríkuhópinn sem lagt hafði áherslu á ófrávíkjanlega hefð IPU fyrir að þinghaldari skuldbindi sig til að taka á móti sendinefndum aðildarríkjanna eins og þau kjósa að setja þær saman. Viðræðurnar við Afríkuhópinn báru ekki árangur en Bretar nutu áfram stuðnings flestra Tólfplús-ríkja til þinghalds í London. Frekar er fjallað um þetta mál í 6. kafla.

5.2. Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Formaður og ritari Íslandsdeildar sóttu fundina. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Svíar í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Stokkhólmi 21. mars 2003 og sá síðari í Nösund 18.–19. september 2003.

6. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU Council).

6.1. Ráðsfundir í tengslum við 108. þing.

Ráð IPU kom þrívegis saman á 108. þingi og afgreiddi fjölda mála, fyrir utan lagabreytingartillögurnar. Inngöngubeiðni í IPU lá fyrir frá Sádí-Arabíu og jafnframt óskaði Pakistan eftir endurinngöngu og voru báðar beiðnirnar samþykktar. Þing Mið-Afríkulýðveldisins hafði verið leyst upp eftir valdarán í landinu og var því samþykkt að reka það úr IPU. Ákveðið var í ljósi stöðunnar í alþjóðamálum að bíða þar til í haust með umræðu um hvort reka ætti úr sambandinu þau ríki sem hafa ekki greitt árgjöld til margra ára, þar á meðal Bandaríkin. Rætt var um vígslu nýrra höfuðstöðva IPU sem fyrirhuguð var um mitt ár, en sambandið hefur eignast glæsilega byggingu í Genf. Við umfjöllun um fjármál IPU kom fram að vinnubrögð hafa verið bætt og fjárhagsstaðan er betri en mörg undanfarin ár. Farið var yfir helstu verkefni sem IPU var með í vinnslu á árinu. Þegar rætt var um námstefnu um fjárlagagerð sem halda á í Sri Lanka fyrir þingmenn og embættismenn þinga í Suðvestur-Asíu var Alþingi sérstaklega þakkað fyrir fjárstuðning við verkefnið. Þá var rætt lítillega um næsta fund þingforseta IPU-ríkja sem fyrirhugaður er 2005.

Einar K. Guðfinnsson var á ráðsfundi í lok þingsins kjörinn formaður hinnar nýju nefndar IPU um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, en um framboð hans verður fjallað í kafla um svæðisbundið samstarf. Kosið er til eins árs í senn.

6.2. Ráðsfundir í tengslum við 109. þing.

Á 109. þingi samþykkti ráð IPU endurinngöngu Barein í samtökin. Írak og Gíneu-Bissá var vikið úr IPU enda engin þing starfandi í löndunum tveimur um þessar mundir. Einnig var Bandaríkjunum og nokkrum öðrum ríkjum vikið úr IPU fyrir að hafa ekki greitt árgjöld til margra ára. Ráðið samþykkti franska tillögu þar sem hvatt var til að kallað yrði saman stjórnlagaþing í Írak þar sem fulltrúar frá öllum lögum þjóðfélagsins kæmu að því að semja landinu nýja stjórnarskrá.

Fyrirferðarmesta málið innan ráðsins á 109. þingi var fundarstaður næsta þings. Á ráðsfundi lagði framkvæmdastjórinn Anders Johnsson fyrir hönd framkvæmdastjórnar samtakanna til að þingið yrði fært frá London. Fulltrúi Ástralíu lagði fram móttillögu um að ráðið staðfesti fyrri ákvörðun um að halda þingið í London og studdu Írar þá tillögu. Fulltrúar Breta ítrekuðu að þjóðþing Zimbabwe væri velkomið að senda sendinefnd á þingið í London en þó að því tilskildu að þeir einstaklingar sem tilgreindir eru í ferðabanni ESB yrðu ekki í sendinefndinni. Heitar umræður sköpuðust um málið og var bæði tekist á um hvort Bretar brytu gegn samþykktum IPU með því að halda fast við ferðabannið gegn Zimbabwe og hvort atkvæðagreiðsla um að staðfesta London sem fundarstað væri þannig ólögleg. Eftir nokkurt uppnám ákvað forseti IPU, Sergio Páez Verdugo, að leyfa atkvæðagreiðslu um tillögu Ástrala um að staðfesta London sem þingstað. Var tillagan felld með 132 atkvæðum gegn 87 en 27 sátu hjá. Íslenska sendinefndin studdi tillöguna eins og flest ríki Tólfplús-hópsins.

7. Aðrir fundir.

Einar K. Guðfinnsson sótti tvo fundi á vegum IPU um málefni WTO á árinu, en þau málefni hafa sérstaklega verið til umfjöllunar í nefnd þeirri sem hann stýrir innan IPU.

8. Starf IPU árið 2004.

8.1. Fundir.

110. þing sambandsins verður í Mexíkóborg í apríl 2004. Þar verða eftirfarandi mál á dagskrá:

I. nefnd: Alþjóðleg sáttagjörð, aukinn stöðugleiki á átakasvæðum og aðstoð við enduruppbyggingu að loknum átökum.
II. nefnd: Að stuðla að sanngirni í alþjóðlegum viðskiptum með landbúnaðarvörur og nauðsynleg lyf.
III. nefnd: Að auka þingræðislegt lýðræði til að vernda mannréttindi og stuðla að sáttum milli þjóðflokka og samvinnu milli þjóða.

111. þing IPU verður haldið í Genf og verður dagskrá þess ákveðin í Mexíkó.

Að venju mun IPU jafnframt standa fyrir ráðstefnum og minni fundum um ákveðin málefni á árinu.

8.2. Hvert stefnir í starfi IPU?

Starf IPU mun þróast áfram í samræmi við þær breytingar á reglum sambandsins sem urðu á árinu. Verða þær vonandi til þess að starf IPU verði skilvirkara og markvissara. Sambandinu eru þó takmörk sett og þarf það að sníða sér stakk eftir vexti.

Alþjóðaþingmannasambandið er vettvangur þingmanna alls staðar úr heiminum. Til þess að fá aðild að IPU þarf einungis að sýna fram að þjóðþing sé starfandi í sjálfstæðu ríki. Engar kröfur eru t.d. gerðar um lýðræðislegar kosningar. Þannig er forsendur þingmanna fyrir veru í sambandinu æði misjafnar. Eitt mál sem kom upp á árinu sýnir í hnotskurn vanda sambandsins, en þar sem Bretland var ekki tilbúið að sniðganga samþykkt ESB og hleypa glæpahyski frá Zimbabwe inn í landið var ákveðið að færa næsta þing til annars ríkis.

Segja má að Alþjóðaþingmannasambandið sé að mörgu leyti ólíkt öðrum alþjóðastofnunum sem Alþingi á aðild að, en því svipar aftur á móti nokkuð til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á þinginu hafa margir hverjir takmarkað lýðræðislegt umboð og hlýtur það að lita starf sambandsins, þó að sumir vilji láta sem svo sé ekki. Að því leyti hafa ályktanir þess, sérstaklega um viðkvæm pólitísk deilumál, takmarkað gildi út á við. Þessi áhersla á að allir geti verið með veikir sambandið að vissu leyti, en það styrkir starfið á öðrum sviðum. Námstefnur IPU og námskeið fyrir þing sem eru að þróast í lýðræðisátt eru dæmi um verkefni sem henta sambandinu vel. Handbækur og skýrslur sem stuðla að auknu lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum eru frekari dæmi um þarft starf sambandsins. Nefndin sem fjallar um mannréttindabrot gagnvart þingmönnum um víða veröld er enn eitt dæmi um mjög gott starf af hálfu IPU. Þingmenn einræðisríkja þar sem virðingu skortir fyrir grundvallarmannréttindum hafa eflaust gott af því að komast í snertingu við önnur gildi og aðrar skoðanir. Það er almennt hollt fyrir þingmenn að kynnast öðrum menningarheimum en sínum eigin og ólíkum viðhorfum til heimsmála. Þannig stuðlar málefnavinna á vegum nefnda sambandsins að skoðanaskiptum og samvinnu þingmanna. IPU heldur fundi í tengslum við málefnaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana og hvetur þjóðþing til að taka virkan þátt í stefnumótun heima fyrir og auka þannig lýðræðislega umfjöllun um gerð alþjóðasamninga. Þá hefur IPU verið vettvangur þar sem þingmenn frá ríkjum sem eiga í deilum geta sest niður og rætt saman. Á öllum þessum sviðum sannar IPU gildi sitt. En því miður vilja ýmsir innan IPU að sambandið láti meira til sín taka í alþjóðamálum þannig að framkvæmdastjóri eða pólitísk stjórn sambandsins geti talað fyrir hönd allra þinga heims og fjallað í þeirra nafni um alls konar pólitísk mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Slíkur metnaður er út í hött og mun Íslandsdeildin halda áfram að berjast gegn tilraunum til að ýta IPU út á þá braut.

Í undirbúningi er nú annar fundur þingforseta IPU-ríkja sem haldinn verður árið 2005. Forsetafundurinn mun einmitt fjalla um hlutverk IPU gagnvart Sameinuðu þjóðunum og er því mikilvægt að fylgjast vel með starfi þess undirbúningshóps sem settur hefur verið á laggirnar.

9. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2003.

9.1. Ályktanir 108. þings IPU.

- Hlutverk þjóðþinga við að styrkja lýðræðislegar stofnanir í sundurleitum heimi.
- Alþjóðlegt samstarf til að takast á við náttúruhamfarir sem hafa áhrif yfir landamæri.
- Mikilvægi þess að hefta útbreiðslu kjarna-, efna- og lífefnavopna sem og eldflauga og að koma í veg fyrir notkun hryðjuverkamanna á slíkum vopnum.
- Nauðsyn þess að binda enda á stríðið í Írak og koma á friði: hlutverk Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaþingmannasambandsins.

9.2. Ályktanir 109. þings IPU.

- Hlutverk þjóðþinga við að aðstoða fjölþjóðlegar stofnanir við að tryggja öryggi og frið.
- Hnattræn almannagæði: nýtt verkefni fyrir þjóðþing.
- Nýting upplýsingatækninnar til að stuðla að góðri stjórnsýslu og auknu lýðræði.
- Þingræðislegur stuðningur við vegvísinn til friðar til þess að binda enda á átök Palestínumanna og Ísraela og tryggja frið og réttlæti í Miðausturlöndum.

Alþingi, 28. jan. 2004.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Kristján L. Möller.	Hjálmar Árnason, varaform.

858. Tillaga til þingsályktunar [568. mál]

um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að koma á opinberri lögfræðiaðstoð með það að markmiði að tryggja að efnalítið fólk geti leitað réttar síns. Aðstoðin taki til lausnar á lögfræðilegum álitaefnum og til mála sem lögð eru fyrir dómstóla og falla ekki undir ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð vegna gjafsóknar.

Dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á haustþingi 2004.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að tryggja að réttur þeirra sem hafa þörf fyrir lögfræðiaðstoð verði ekki fyrir borð borinn sökum fátæktar eða vanefna.

Á síðasta áratug hafa þrívegis verið lögð fram stjórnarfrumvörp um opinbera lögfræðiaðstoð sem greidd yrði úr ríkissjóði að hluta eða að fullu til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Síðast var slíkt frumvarp lagt fram á 118. löggjafarþingi en áður á 112. og 113. löggjafarþingi. Einnig má nefna að árið 1974 var lögð fram tillaga á Alþingi frá þingmönnum um sama efni sem ekki náði fram að ganga. Af umræðum um fyrrgreind stjórnarfrumvörp á sínum tíma er ljóst að mikill vilji var fyrir framgangi málsins og má í því sambandi nefna að á 113. löggjafarþingi var málið afgreitt samhljóða úr allsherjarnefnd en náði þó ekki fram að ganga.

Full ástæða er til að láta á nýjan leik reyna á framgang þessa máls. Samfélagið er sífellt að verða flóknara og tæknivæddara og miklar breytingar hafa orðið á réttindum og skyldum fólks, m.a. með aukinni alþjóðavæðingu. Oft er það því ekki á færi hins almenna borgara að fylgjast með réttindum sínum eða leita réttar síns nema með lögfræðilegri aðstoð. Einnig verður sífellt dýrara að leita sér slíkrar aðstoðar í lögfræðilegum málum og að reka mál fyrir dómstólum. Mál þetta snýst því að verulegu leyti um það að allir séu jafnir fyrir lögum og hafi sömu möguleika á að leita réttar síns í þjóðfélaginu. Að öðrum kosti er hætta á að efnalítið fólk glati réttindum sem það hefur.

Álitaefni sem tengjast löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk eru t.d. á hvaða réttarsviðum lögfræðiaðstoðin eigi að vera, hverjir og hvaða tekjuhópar eigi að njóta hennar, hverjir eiga að hafa á hendi ákvörðun og úrskurð í álitaefnum sem upp kunna að koma og hverjir eigi að veita þjónustuna. Í grein sem Gunnar Eydal hdl. og Ragnar Aðalsteinsson hdl. skrifa í Úlfljót (32. árg., 3. tbl., 1979) kemur fram að við úrlausn þessa máls þurfi að skoða eftirfarandi:

a. Hverjir skulu eiga rétt til slíkrar lögfræðiaðstoðar og hversu mikil á hún að vera.
b. Hvaða aðili á að ákveða hverjir skuli eiga rétt til aðstoðar.
c. Á hvaða réttarsviðum á að veita aðstoðina.
d. Hverjir eiga að veita lögfræðiþjónustuna.

Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur framangreint helstu viðfangsefni sem taka þurfi á í löggjöf um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk. Í tilvitnaðri grein Gunnars Eydal og Ragnars Aðalsteinssonar koma fram afar fróðlegar upplýsingar um stöðu þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þar kemur m.a. fram að í Noregi er langalgengast eða í tæplega 59% allra tilvika að leitað sé eftir lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk í hjúskaparmálefnum en næstalgengust eru erfðamál.

Athyglisvert er að Ísland sker sig nokkuð úr varðandi löggjöf um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, en í flestum nágrannaríkja okkar er að finna reglur og löggjöf um réttaraðstoð við tekjulítið fólk og lögfræðiaðstoð við almenning. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa slíkar reglur verið í gildi í 30–40 ár. Aðstoðin er að öllu jöfnu tekju- og eignatengd, en mörkin eru mismunandi eftir ríkjum. Auk þess er ekki óalgengt að þeir sem leita sér þessarar aðstoðar taki einhvern þátt í kostnaðinum. Mismunandi er hver annast þjónustuna, og virðist það ýmist vera ríkisvald eða ríki og sveitarfélög sameiginlega. Einnig er það breytilegt eftir löndum hvort lögfræðiaðstoðin er veitt af sjálfstætt starfandi lögmönnum gegn greiðslu frá hinu opinbera eða af sérstökum skrifstofum hins opinbera þar sem lögmenn starfa á föstum launum.

Réttaraðstoðin er oft takmörkuð við ákveðna málaflokka, en algengustu málaflokkar sem óskað er aðstoðar við eru sifja- og erfðamál. Í Danmörku nær lögfræðiaðstoðin til eftirtalinna málaflokka:

a. persónu-, sifja- og erfðaréttarmálefna,
b. skaðabóta utan samninga,
c. vátryggingarmálefna,
d. lausaurakaupa eða samninga um verksleigu, þ.m.t. verk- og viðgerðarsamninga, þó ekki í atvinnuskyni,
e. leigu á íbúðarhúsnæði og ágreinings í sambandi við öflun íbúðarhúsnæðis,
f. vinnusamninga og orlofs,
g. mála sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kæra út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.

Einnig tekur aðstoðin til samningar umsókna um gjafsókn.

Þótt ekki hafi verið sett lög hér á landi um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk hefur lögfræðiaðstoð Orators og Lögmannafélags Íslands gegnt veigamiklu hlutverki í að aðstoða fólk í lögfræðilegum málefnum og við að leita réttar síns. Einnig ber að geta þess að ýmis önnur félagasamtök hafa verið með lögfræðilega leiðbeiningarþjónustu fyrir félagsmenn sína. Slík aðstoð kemur þó aldrei í stað þeirrar lögfræðiaðstoðar sem efnalítið fólk hefur áratugum saman átt rétt á í nágrannaríkjum okkar enda felst þjónusta þessara félaga fyrst og fremst í ráðgjöf um réttarstöðu þeirra sem þangað og hugsanlega framvindu máls þeirra. Ef frekari aðstoðar er þörf verður viðkomandi að leita annað og þá greiða fyrir þá þjónustu.

Þá er í lögum um meðferð einkamála að finna ákvæði um gjafsóknarheimildir. Samkvæmt þeim getur gjafsóknarnefnd mælt með því að gjafsókn verði veitt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verður málstaður umsækjanda gjafsóknar að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarna en auk þess verður að fullnægja skilyrðum um annaðhvort efnahag eða hagsmuni umsækjanda. Við mat á efnahag er höfð hliðsjón af skattleysismörkum tekju- og eignarskatts á hverjum tíma en einnig er litið til tekna maka eða sambúðarmanns, framfærslubyrðar, vaxtagjalda af skuldum vegna eigin íbúðar umsækjanda, fjármagnstekna o.fl. Þannig fer fram heildstætt mat á efnahag umsækjanda. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum frá gjafsóknarnefnd bárust nefndinni 2.534 umsóknir á árunum 1992–2001 og mælti nefndin með 1.687 þeirra eða um 66,6%. Í 1.155 tilvikum taldi nefndin að skilyrðum um efnahag væri fullnægt.

Ljóst er að með flóknara þjóðfélagi og flóknara réttarkerfi verður sífellt erfiðara fyrir efnalítið fólk að leita réttar síns. Það er markmið þessarar tillögu að fela stjórnvöldum að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga á haustþingi 2004 sem tryggi að efnalítið fólk hér á landi eigi rétt á sambærilegri lögfræðiaðstoð og tíðkast hjá helstu nágrannaþjóðum okkar.

859. Frumvarp til laga [569. mál]

um siglingavernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Stjórn siglingaverndarmála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglingaverndarmála, en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.
Gildissvið og markmið.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
c. færanlega borpalla.

Lög þessi gilda um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum, innlendum og erlendum, sem stunda millilandasiglingar er þjónað.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Siglingavernd:* Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS CODE) um skipa- og hafnavernd:
   a. skipavernd: forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   b. hafnavernd: forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   c. farmvernd: forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
2. *Tilnefnt stjórnvald:* Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktar um siglingavernd í höfnum og skipum.
3. *Hafnaraðstaða:* Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd.
4. *Áhættumat:* Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum.
5. *Verndaráætlun:* Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm.
6. *Verndarfulltrúi:* Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.

4. gr.

Siglingastofnun Íslands, ásamt tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra, útgerðarfélögum og höfnum sem falla undir lög þessi, fer með framkvæmd siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands ber m.a. ábyrgð á að:

a. staðfesta áhættumat útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og áhættumat hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
b. staðfesta verndaráætlanir útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og verndaráætlun hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
c. staðfesta skipan verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerða og hafnaraðstöðu,
d. staðfesta skipan eftirlitsaðila og gefa út skírteini til eftirlitsmanna,
e. hafa eftirlit með virkni verndaráætlana íslenskra skipa og hafnaraðstöðu,
f. gefa út ferilskrá íslenskra skipa,
g. halda skrá um íslensk skip og hafnir sem hafa viðurkenndar verndaráætlanir.

Áður en Siglingastofnun Íslands staðfestir áhættumat og verndaráætlun skv. 2. mgr. skal hún leita umsagnar ríkislögreglustjóra. Siglingastofnun skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Siglingastofnun annast öll samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina um siglingavernd, þ.m.t. að senda lögboðnar tilkynningar o.s.frv.

Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í skipum og í höfnum. Þegar ógn steðjar að ákveður hann hækkun vástigs um borð í skipum eða í höfnum, að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu nema þegar um bráðatilvik er að ræða, þá tekur hann

ákvörðun einn. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum tekur ríkislögreglustjóri við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir.

Ríkislögreglustjóri hefur heimild til, að fengnu samþykki viðkomandi einstaklings, og að beiðni og í umboði Siglingastofnunar Íslands, að gera bakgrunnsskoðun á einstaklingum sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum sem lúta að siglingavernd.

Landhelgisgæslan hefur eftirlit með að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi.

Útgerðarfélög sem gera út skip undir íslenskum fána og falla undir lög þessi bera ábyrgð á að lögboðnum verndarráðstöfunum sé fullnægt og að í hverju skipi liggi fyrir verndaráætlun með nákvæmum leiðbeiningum um viðbrögð við yfirvofandi vá.

Höfn sem rekur hafnaraðstöðu sem fellur undir lög þessi ber ábyrgð á því að lögboðnum ráðstöfunum um siglingavernd sé fullnægt og að í verndaráætlun liggi fyrir nákvæmar leiðbeiningar um viðbrögð við yfirvofandi vá.

II. KAFLI
Skipavernd.

5. gr.

Útgerðarfélög skulu útbúa áhættumat og verndaráætlun fyrir hvert íslenskt skip sem fellur undir lög þessi og tilnefna verndarfulltrúa fyrir skipið og útgerðarfélagið. Áhættumatið, verndaráætlunina og skipan verndarfulltrúans skal leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og Landhelgisgæslu.

III. KAFLI
Hafnavernd.

6. gr.

Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til ráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir.

Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og tollyfirvalda.

Að fengnu samþykki Siglingastofnunar Íslands getur höfn falið rekstraraðilum hafnaraðstöðu framkvæmd og eftirlit með að kröfum skv. 1. mgr. um siglingavernd sé framfylgt. Ef kröfum 1. mgr. er ekki fullnægt að mati Siglingastofnunar Íslands getur höfn rift samningum við rekstraraðila án frekari fyrirvara.

IV. KAFLI
Farmvernd.

7. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd verndarráðstafana, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi, eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík skal upplýsa og leiðbeina hafnaryfirvöldum um kröfur farmverndar við gerð áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Leit.

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki, áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um leit í farmi, á farþegum og í farangri þeirra. Tollstjórar annast framkvæmd leitar.

Hægt er að synja þeim mönnum sem neita öryggisleit samkvæmt þessari grein um aðgang að hafnaraðstöðu og skipi sem lög þessi ná yfir.

9. gr.

Gjöld.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. gjöld fyrir staðfestingar, eftirlit og útgáfu skráa skv. 4. gr. og námskeið sem haldin eru í samræmi við ákvæði laga þessara. Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, siglingaverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eða landað í höfn. Gjald þetta skal taka mið af magni vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi, svo sem girðingum, vöktun, leit og lokun svæða.

Höfnum er heimilt að innheimta gjald fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda og/eða dvalartíma á hafnarsvæðinu. Gjald þetta skal standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar skipi, svo sem vöktun og lokun svæða.

Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi. Gjald þetta skal standa undir þeim kostnaði sem leiðir af siglingavernd í farþegaflutningum, svo sem móttökuaðstöðu, öryggisleit, vöktun og búnaði.

Höfnum, sem annast tilfallandi framkvæmd siglingaverndar, er heimilt að innheimta þann kostnað sem af henni hlýst samkvæmt reikningi hverju sinni. Með tilfallandi framkvæmd siglingaverndar er átt við ráðstafanir vegna einstakra koma og brottfara skipa sem falla undir lög þessi, svo sem vegna afgreiðslu farþega- og flutningaskipa. Gjaldið sem innheimt er hverju sinni skal standa undir þeim kostnaði sem hlýst af þeim ráðstöfunum sem gripið er til, svo sem uppsetningu móttökuaðstöðu, öryggisleit, tímabundinni lokun svæða o.s.frv.

Komi fram beiðni um aukna þjónustu við framkvæmd siglingaverndar, t.d. aukna löggæsla, aukna vakt í skipi o.s.frv., er þeim sem beiðnin beinist að heimilt að innheimta útlagðan kostnað samkvæmt reikningi hverju sinni.

Gjaldtaka samkvæmt grein þessari skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda þeirra sem kveðið er á um í grein þessari.

10. gr.

Málskotsréttur.

Ákvarðanir sem Siglingastofnun Íslands tekur samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til samgönguráðherra. Kæra skal vera skrifleg og fer um meðferð hennar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

11. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hlutverk Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila.

Undir skipavernd fellur m.a. að setja reglur um skyldur útgerðarfélags, áhættumat fyrir skip, leit, verndaráætlun skips, skrár sem færa skal og varðveita um borð í skipi, verndarfulltrúa útgerðarfélags, verndarfulltrúa skips, útgáfu skírteina fyrir skip og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar.

Undir hafnavernd fellur m.a. að setja reglur um áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, verndarfulltrúa hafnar, kennslu, þjálfun og æfingar vegna hafnaverndar.

12. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru innleiddar í íslenskan rétt þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þess hluta alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS frá 1974) sem fjallar um siglingavernd.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samvinnu við stýrihóp sem samgönguráðherra setti á fót í maí 2003 til að vinna að innleiðingu siglingaverndar hér á landi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Siglingastofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóra, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, sam-

gönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti auk formanns sem tilnefndur var af samgönguráðherra. Hópnum var falið eftirfarandi hlutverk:

1. að fara yfir og skilgreina þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðasamþykktum um siglingavernd og ákvarða hverjum beri að fullnægja þeim,
2. að gera tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum til að innleiða framangreindar alþjóðlegar kröfur,
3. að semja siglingaverndaráætlun fyrir Ísland (skýrsla stýrihópsins),
4. að kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Hópurinn skilaði skýrslu í janúarlok 2004. Skýrsla stýrihópsins er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar.

Atburðirnir í New York og Washington 11. september 2001 urðu til þess að á aðalfundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í nóvember 2001 var samþykkt ályktun þess efnis að þörf væri á alþjóðlegum aðgerðum til að koma í veg fyrir að nokkuð viðlíka gæti komið fyrir í siglingum. Á fundinum var skipaður vinnuhópur auk þess sem öllum nefndum stofnunarinnar var falið að fjalla um hvað ætti að gera til að verja sjófarendur fyrir hryðjuverkum. Vinnuhópur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar átti marga fundi 2002.

Árangur þessa starfs var sá að á þingi stofnunarinnar í Lundúnum 9.–13. desember 2002 var samþykkt að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS, og taka inn í hana ákvæði til að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnanir á höfunum. Á ráðstefnunni var einnig staðfestur nýr viðauki við SOLAS-samþykktina, svokallaður alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd (e. International Ship and Port Facility Security Code, ISPS Code), sem felur í sér nánari lýsingar á skuldbindingum og ráðstöfunum sem aðildarríki samþykktarinnar skulu framfylgja í þessum efnum.

Hjá Evrópusambandinu liggja fyrir drög að reglugerð um siglingavernd. Þegar hún hefur öðlast gildi mun hún innleidd í íslenskan rétt samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar koma til framkvæmda 1. júlí 2004 og er lagt til að frumvarpið taki þegar gildi og komi til framkvæmda þann dag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands, fer samgönguráðherra m.a. með yfirstjórn siglingamála, þ.m.t. siglingavernd. Vegna stigskiptingar framkvæmdarvaldsins og í samræmi við lög um Siglingastofnun Íslands er stofnuninni falið að annast framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Lög þessi taka til skipa og hafnaraðstöðu sem falla undir ákvæði viðauka alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) og ISPS-kóða um sama efni sem samþykktur var hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni í desember 2002.

Reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar taka til farþegaskipa, þ.m.t. háhraðaferja, flutningaskipa sem eru 500 brúttótonn og stærri og stunda millilandasiglingar, og hafnaraðstöðu sem þjónar slíkum skipum í millilandasiglingum. Auk þess taka reglurnar til færanlegra borpalla. Lögin gilda til að mynda ekki um íslensk varðskip, íslensk flutningaskip undir 500

brúttótonnum eða skip sem íslenska ríkið gerir út í þágu ríkisins og ekki eru notuð í viðskiptalegum tilgangi.

Markmið þessara laga er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms, hafnaraðstöðu og þjóðfélagsins alls gagnvart hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum. Með frumvarpi þessu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt ákvæði alþjóðasamninga um siglingavernd. Með siglingavernd er á átt við að gripið er til fyrirbyggjandi aðgerða til varnar því að skip eða farmur þess sé notaður í þágu hryðjuverka eða annarra viðlíka aðgerða.

Auk þess er að finna í lögunum nýmæli sem felst í hugtakinu farmvernd. Farmvernd er hluti siglingaverndar, þ.e. að með fyrirbyggjandi aðgerðum er farmur sem fluttur er á milli landa eða umfluttur varinn fyrir misnotkun hryðjuverkamanna eða annarri viðlíka ógn.

Ráðstafanir til farmverndar eru fólgnar í að tryggja öryggi í flutningi farms frá framleiðanda inn á lokað hafnasvæði í útflutningshöfn.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreind nokkur hugtök sem eru ný í íslensku siglingamáli og koma oft fyrir í umræðu um siglingavernd.

1. tölul. Hér er orðið siglingavernd skilgreint og getið frumheimilda. Siglingavernd er megininntak kafla XI-2 í SOLAS-samþykktinni sem samþykktur var í desember 2002 á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Á þinginu voru samþykktir tveir viðaukar til leiðbeiningar fyrir aðildarþjóðirnar við útfærslu siglingaverndar í skipum og höfnum. Viðaukarnir skiptast í A- og B-hluta, og eru ákvæði A-hlutans bindandi fyrir aðildarríki til að innleiðingar og eftirfylgni en ákvæði B-hlutans eru til frekari leiðbeiningar og túlkunar á ákvæðum A-hlutans.

Viðaukinn nefnist ISPS-kóðinn (e. International Ship & Port Facility Security Code) og er eftirfarandi skilgreining hans: „Alþjóðlegar reglur um siglingavernd, sem samanstanda af A-hluta (skuldbindandi ákvæði) og B-hluta (leiðbeinandi ákvæði), samþykktar á fundi Alþjóðasiglingastofnunarinnar, IMO, 12. desember 2002 sem „Ályktun 2“ á ráðstefnu aðildarríkja alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS-samþykktarinnar, frá 1974.“

Í a-lið er orðið skipavernd skilgreint. Alþjóðasamningurinn um siglingavernd og reglur hans (ISPS) gilda annars vegar um skip og hins vegar um hafnaraðstöðu sem skip á gildissviði hans nota. Með skipavernd er átt við ráðstafanir samkvæmt þeim hluta samningsins sem gildir um vernd skipa, svo sem áhættumat skipa, verndaráætlun skipa, verndarfulltrúa útgerða og verndarfulltrúa skipa.

Í b-lið er orðið hafnavernd skilgreint. Með hafnavernd er átt við ráðstafanir samkvæmt þeim hluta samningsins sem gildir um vernd hafna, svo sem áhættumat hafna, verndaráætlun hafna og verndarfulltrúa hafna.

Í c-lið er orðið farmvernd skilgreint. Farmvernd nær til alls farms, þ.m.t. olíufarma, lausra farma, stykkjavöru eða gáma. Bandaríkin hafa boðað nýja áætlun, CSI („Container Security Initiative“), um skoðun og vottun gáma sem fluttir eru til Bandaríkjanna frá öðrum löndum. Áætlunin gengur út á að finna leiðir til að hafa upp á áhættugámum, að eftirlit með gámum fari fram í útflutningshöfnum og að nýta nýjustu tækni við eftirlitið. Tæknin sem mest áhersla er lögð á er færanlegur röntgenbúnaður, skannar og rafræn gámainnsigli.

Stýrihópurinn samþykkti að leggja til innleiðingu þessara reglna í lagafrumvarpi þessu og að aðlaga þær íslenskum aðstæðum. Hugmyndin er sú að viðurkenna útflutningsaðila sem hafa heimild til að innsigla útflutningsgáma á framleiðslustað vöru. Gámurinn verður ekki

opnaður að nýju fyrr en á áfangastað. Með þessari aðferð er ábyrgð á innihaldi gáms fært til flutningsaðilans sem hefur hagræðingu og sparnað í för með sér. T.d. þarf ekki að skoða gáma eða gegnumlýsa þá í sama mæli er þeir berast til hafnar til útflutnings.

2. tölul. Tilnefnt stjórnvald er sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd þessarar alþjóðasamþykktar að því er varðar siglingavernd skipa og vernd þeirra í höfn.

3. tölul. Hafnaraðstaða: Höfn/hafnarsvæði (e. Port facility), staður/svæði skilgreint af aðildarríki eða „tilnefndu stjórnvaldi" þar sem tengsl skips og hafnar eru. Hugtakið getur einnig átt við um hafnarlegu þar sem skip liggja við akkeri og hafnarmannvirki þar sem skip bíða tímabundið eftir aðlegu, ásamt siglingaleið inn til og frá höfn, eftir því sem við á.

4. tölul. Áhættumat: Mat á áhættu hafnar og skipa gagnvart ógnunum og váatvikum. Áhættumat hafnar og skipa skal fela í sér fjölda atriða sem lýst er í A- og B-hluta ISPS-kóðans.

5. tölul. Verndaráætlun: Áætlun sem hefur að markmiði að tryggja framkvæmd viðeigandi verndarráðstafana og verja höfn, skip, vörur, farþega, áhafnir, búnað og vistir til skipa sem eru innan hafnar/hafnaraðstöðu gegn hvers konar ólögmætum aðgerðum eða ógn og sem lýsir þeim ráðstöfunum sem grípa skal til í þeim efnum.

6. tölul. Verndarfulltrúi: Sá aðili sem falin eru eftirfarandi verkefni: gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar fyrir höfn og/eða skip og samskipti við þann fulltrúa útgerðar skips sem er ábyrgur fyrir siglingavernd viðkomandi skips eða útgerðar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hlutverk og ábyrgð einstakra aðila við framkvæmd siglingaverndar.

Siglingastofnun er „tilnefnt stjórnvald" (e. designated authority) og fer með framkvæmd siglingaverndar á Íslandi í umboði samgönguráðuneytis, sbr. ákvæði SOLAS-samningsins sem gerður er á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Ísland hefur undirritað. Ábyrgð Siglingastofnunar sem stjórnvalds vegna siglingaverndar má í megindráttum skipta í tvennt:

a. Að gegna hlutverki fánaríkis, hvað varðar framkvæmd laga og reglugerða um siglingavernd, fyrir kaupskipaútgerðir sem gera út skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá.
b. Að koma fram sem aðili að SOLAS-samþykktinni þar sem stofnunin annast framkvæmd laga og reglugerða um siglingavernd er gilda um íslenskar hafnir. Jafnframt að hafa eftirlit með erlendum skipum í íslenskum höfnum og annast samskipti við aðra aðila að SOLAS-samþykktinni, aðallega siglingamálayfirvöld erlendra ríkja og Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í skipum og í höfnum. Þegar ríkislögreglustjóri ákveður hækkun vástigs um borð í skipum eða höfnum tekur hann við stjórn aðgerða eða aðrir þeir sem hefur verið falin stjórn á hættustundu samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og/eða almennum lögum um lögregluaðgerðir. Sem dæmi um aðgerðir má nefna ef grunur leikur á að sprengja sé um borð í skipi eða á hafnaraðstöðu.

Með bakgrunnsskoðun er átt við skoðun ríkislögreglustjóra á tilteknum einstaklingum sem gegna ákveðnu hlutverki við skipa- og hafnavernd og hafa aðgang að vissum trúnaðarupplýsingum og að svæðum sem falla undir skipa- og hafnavernd. Markmiðið með slíkri skoðun er að ganga úr skugga um trúverðugleika viðkomandi einstaklings og hvort þeir hafi hlotið dóm fyrir tiltekin brot eða gert tilraun til eða átt hlutdeild í tilteknum brotum. Þessir einstaklingar geta m.a. verið verndarfulltrúar hafnar, skipa og fyrirtækja, starfsmenn opinberra

stofnana sem koma að siglingavernd, starfsmenn hafna og fyrirtækja sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum og starfsmenn þjónustufyrirtækja sem aðgang hafa að svæðum sem falla undir skipa- og hafnavernd.

Í ákvæðinu er lagt til að tollstjórinn í Reykjavík setji reglur um farmvernd og framkvæmd hennar. Hins vegar er gert ráð fyrir að tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annist framkvæmd farmverndar og eftirlit með farmvernd.

Í reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar er gert ráð fyrir að hafnir sem kjósa að þjóna skipum sem falla undir lög þessi beri verulega ábyrgð við framkvæmd siglingaverndar. Höfn ber ábyrgð á því að verndarráðstafanir samkvæmt reglum og alþjóðasamningum um siglingavernd sem Ísland er aðili að séu framkvæmdar og að fyrir hendi séu nákvæmar leiðbeiningar í verndaráætlun um viðbrögð við yfirvofandi vá.

Um 5. gr.

Útgerðarfélög sem gera út íslensk farþegaskip, þ.m.t. háhraðaferjur, og flutningaskip sem eru 500 brúttótonn og stærri og stunda millilandasiglingar, þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd samkvæmt þessari grein. Sama gildir um eigendur íslenskra færanlegra borpalla. Með íslensku skipi er átt við skip á íslenskri skipaskrá.

Þau íslensku skip sem falla undir lögin eru undir eftirliti flokkunarfélaga sem gera kröfur um að unnið sé eftir gæðakerfi um borð, m.a. til þess að tryggja öryggi skips og áhafnar. Gæðakerfinu er ætlað að auðvelda útgerðum að framfylgja kröfum um siglingavernd um borð í skipum sínum.

Siglingastofnun hefur það hlutverk sem tilnefnt stjórnvald að staðfesta verndaráætlanir fyrir skip og verndarfulltrúa skipa og útgerða þeirra, sbr. 4. gr. Jafnframt gefur Siglingastofnun út siglingaverndarskírteini fyrir skip að uppfylltum settum kröfum.

Um 6. gr.

Höfn sem ákveður að þjóna skipum sem falla undir lögin getur skilgreint hafnaraðstöðu á ákveðnu skilgreindu svæði innan hafnarmarka sinna þar sem kröfur um siglingavernd eru uppfylltar. Ákveðið hefur verið að nefna hið skilgreinda svæði „hafnaraðstöðu“ í lögum þessum.

Í greininni eru tíundaðar þær skyldur sem hvíla á höfnum sem kjósa að uppfylla kröfur um hafnavernd samkvæmt lögunum. Þær þurfa að meta áhættu, útbúa áætlun um verndarráðstafanir og tilnefna verndarfulltrúa og bera undir Siglingastofnun til staðfestingar, sbr. 4. gr.

Gert er ráð fyrir að þótt hafnir beri ábyrgð á að reglum um siglingavernd sé fullnægt á skilgreindri hafnaraðstöðu geti þær með samningi framselt framkvæmd reglnanna til þjónustu- og rekstraraðila sem Siglingastofnun samþykkir. Framselji hafnaryfirvöld framkvæmd laga og reglna samkvæmt þessari grein verða þau að skilgreina í samningi við nefnda aðila þær kröfur um siglingavernd sem þeir verða að uppfylla. Hafnaryfirvöld hafa umsjónar- og eftirlitsvald með samningsaðilum sínum og geta þegar í stað rift samningi við þau standist þau ekki nefndar kröfur að mati Siglingastofnunar Íslands.

Um 7. gr.

Markmið þessarar greinar er að setja lagaheimild til handa tollstjóranum í Reykjavík til að móta reglur um farmvernd. Reglurnar skulu taka mið af alþjóðaskuldbindingum eins og þær eru á hverjum tíma.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tollstjórinn í Reykjavík setji reglur um farmvernd sem gilda skulu á landsvísu. Þykir eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi þetta hlutverk með höndum

þar sem hann annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði ríkisins, sbr. 2. mgr. 33. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík kveði á um í reglum um farmvernd með hvaða hætti farmvernd skuli framkvæmd. Gert er ráð fyrir að slíkar reglur hafi að geyma eftir atvikum ákvæði um áhættugreiningu, gegnumlýsingu farms, vottun viðurkenndra útflytjenda o.fl. Í ákvæðinu er lagt til að tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annist framkvæmd eftirlits, eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórar eru við framkvæmd leitar bundnir af ákvæðum tollalaga um leit.

Í 2. mgr. er sú leiðbeiningarskylda lögð á herðar tollstjóranum í Reykjavík gagnvart hafnaryfirvöldum að upplýsa með hvaða hætti kröfum um farmvernd er fullnægt í höfnum. Um er að ræða t.d. upplýsingar um haftasvæði viðkomandi hafnaraðstöðu, hvernig vöktun er háttað þegar skip sem falla undir lögin eru fermd eða losuð, hvaða reglur gildi um móttöku skemmtiferðaskipa o.s.frv.

Reglur samkvæmt þessari grein geta verið ólíkar eftir stærð og staðháttum einstakra hafna. Til að mynda er hugsanlegt á minni stöðum að einungis sé vakt á haftasvæði hafnaraðstöðu þann tíma sem verið er að þjónusta skip sem falla undir lög þessi. Þá mætti hugsa sér í hagræðingarskyni að vaktmaður væri starfsmaður viðkomandi útgerðar skips uppfylli hann sett skilyrði. Aðrar reglur og ráðstafanir til að uppfylla reglur um siglingavernd væru svo fyrir stærri hafnir. Þó má ætla að alltaf sé leitað hagkvæmustu leiða með tilliti til stærðar og staðhátta einstakra hafnarsvæða.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að hafnaryfirvöld og aðrir viðkomandi geti stjórnað aðgangi að lokuðum svæðum í þeirra umsjón og framkvæmt leit samkvæmt úrtaki ef ástæða þykir til. Við alvarlegar aðstæður eða ef framkvæma þarf ítarlega leit er miðað við að sérþjálfaðir menn eða lögregla annist hana. Í 1. mgr. er lagt til að Siglingastofnun setji reglur um hvar, hvenær og hvernig öryggisleit skuli háttað á starfsmönnum, áhöfnum og öðrum sem eiga erindi inn á öryggissvæði hafnaraðstöðu sem uppfyllir kröfur um siglingavernd. Hér er átt við einfalda öryggisleit, t.d. í hliðum viðkomandi svæða eða við landgang skips o.s.frv.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tollstjórinn í Reykjavík setji reglur um leit á farþegum og í farangri sem gilda skulu á landsvísu. Þykir eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi þetta hlutverk með höndum þar sem að hann annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði ríkisins, sbr. 2. mgr. 33. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík kveði á um í slíkum reglum með hvaða hætti leit á farþegum og í farangri fari fram. Tollstjóri er bundinn af ákvæðum tollalaga um leit á mönnum og leit í farangri þeirra að þessu leyti. Jafnframt er lagt til að tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annist framkvæmd leitar á farþegum og í farangri eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórar eru við framkvæmd leitar á farþegum og í farangri bundnir af ákvæðum tollalaga um leit.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um með hvaða hætti gjaldtaka skuli fara fram til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um almenna heimild ráðherra til að setja nánari reglur um ákvæði laganna.

Um 12. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru innleiddar í íslenskan rétt þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þess hluta alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) sem fjallar um skipa- og hafnavernd.

Um 14. gr.

Samkvæmt alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS 1974) og ISPS-kóðum taka reglur um siglingavernd gildi hjá aðildarþjóðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 1. júlí 2004. Því er lagt til að lög þessi komi til framkvæmda þann dag en öðlist þegar gildi þar sem mikil starfsemi fer þegar fram í samræmi við ákvæði þeirra.

Fylgiskjal I.

Skýrsla stýrihóps um siglingavernd.

(Janúar 2004.)

1. INNGANGUR

1.1 Aðdragandi siglingaverndar.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 var samþykkt á 22. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í nóvember 2001 að gera sérstakt átak er varðar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að hindra ógnanir og hryðjuverk í siglingum. Málefni sem lúta að þessum markmiðum kallast í skýrslu þessari siglingavernd.

Á fundi stofnunarinnar í Lundúnum 9.–13. desember 2002 var samþykkt að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS (Safety Of Life At Sea), og taka inn í hana ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hryðjuverk og ógnanir. Á ráðstefnunni var í þessu skyni staðfestur nýr viðauki við SOLAS-samþykktina, svokallaður alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd (e. International Ship and Port Facility Security Code, ISPS Code), sem felur í sér nánari lýsingar á skuldbindingum og ráðstöfunum sem aðildarríki samþykktarinnar skulu framfylgja í þessum efnum.

1.2 Hryðjuverkaógn í alþjóðlegum siglingum.

Samanborið við flugið hafa siglingar að mestu leyti verið lausar við árásir hryðjuverkamanna, að sjóránum undanskildum. Sjórán hafa hins vegar verið mikið vandamál í ákveðnum heimshlutum og er miðað við að siglingavernd muni leggja baráttunni gegn þeim lið. Í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1982 eru reglur um meðferð mála sem snerta sjóræningjaárásir á alþjóðlegum hafsvæðum og vopnuð rán gegn skipum í lögsögu ríkis. Þessir glæpir, sem skapa mikinn vanda í alþjóðasiglingum á vissum hafsvæðum, eru þó allt annars eðlis en þau vandamál sem hryðjuverkamenn skapa.

Þótt sjaldgæf séu eru það þau dæmi um árásir hryðjuverkamanna á skip sem til eru sem hafa haft mest áhrif á framgang siglingaverndar fram að þessu.

Árið 1985 gerðu palestínskir skæruliðar t.d. árás á skemmtiferðaskipið Achille Lauro á Miðjarðarhafi og tóku af lífi bandarískan mann úr hópi gíslanna. Þessi atburður varð upphafið að svokölluðum Rómarsáttmála 1988 þar sem aðildarríkin skuldbundu sig til að lögfesta refsingu við þess háttar árásum.

Skip geta orðið skotmörk hryðjuverkamanna. Hvaða skip sem er má nota sem vopn eða flytja með því gjöreyðingarvopn eða annan háskalegan farm sem hægt er að misnota ef öryggiseftirliti er ekki sinnt. Ógn gegn skipi getur stafað frá öðru skipi, laumufarþegum eða hryðjuverkamönnum sem ráðast um borð. Í augum hryðjuverkamanna eru farþegaskip væntanlega áhugaverðari skotmörk en flutningaskip vegna þess hversu mörg mannslíf eru í hættu verði farþegaskip sprengt eða notað sem vopn gegn hernaðarlegum eða borgaralegum skotmörkum.

Hryðjuverkamenn gætu þó einnig sýnt flutningaskipum tilræði eða nýtt sér farm þeirra til illvirkja, t.d. geislavirk efni eða eiturefni sem hryðjuverkamenn gætu notað til að ná fram markmiðum sínum með hræðilegum afleiðingum fyrir menn og umhverfi. Þá er hætta á því að hryðjuverkamenn noti sér almennar vöruflutningaleiðir til að smygla vopnum eða hættulegum varningi.

Í siglingum hafa ekki verið fyrir hendi neinar samræmdar alþjóðlegar verndarkröfur með sama hætti og gilt hefur um nokkurt skeið um alþjóðlegar flugsamgöngur, en þar hafa í áratugi verið gerðar ýmsar kröfur um slíkt, t.d. áætlanir gegn árásum og vopnaleit. Atburðurinn um borð í Achille Lauro varð þó til þess að International Chamber of Shipping setti saman áætlun um hvernig útgerðaraðilar farþegaskipa geta varið sig gegn slíku. Þessi áætlun er m.a. notuð af norrænum ferjuútgerðum.

1.3 Alþjóðlegt starf að málum siglingaverndar.

Atburðirnir í New York og Washington 11. september 2001 urðu til þess að á 22. aðalfundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, () í nóvember 2001 komu fram harðorðar yfirlýsingar, um hversu illa siglingar og sjóflutningar væru verndaðir fyrir ógn hryðjuverkamanna, bæði frá aðalritara IMO og fulltrúum einstakra ríkja, ekki síst Bandaríkjanna. Yfirlýsingarnar urðu til þess að samþykkt var ályktun þar sem lögð var áhersla á þörf á aðgerðum til að koma í veg fyrir að nokkuð viðlíka geti komið fyrir í siglingum.

Á fundinum var ákveðið að skipa vinnuhóp og láta allar nefndir stofnunarinnar fjalla um hvað ætti að gera til verja sjófarendur á höfunum fyrir hryðjuverkum. Vinnuhópurinn kom oft saman 2002 m.a. við siglingaöryggisfund IMO í maí og desember. Vinnunni við siglingaverndina lauk með SOLAS-ráðstefnu sem haldin var í London 9.–13. desember 2002.

1.4 SOLAS-ráðstefnan 2002.

SOLAS-ráðstefna var haldin í aðalstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, í Lundúnum dagana 9.–13. desember 2002. Á ráðstefnunni var samþykktur fjöldi breytinga á SOLAS-samþykktinni. Helstu breytingarnar felast í því að nýjum kafla XI-2 er bætt við á eftir kafla XI-1 (áður kafli XI). Heiti kafla XI-1 er „Sérstakar ráðstafanir til að auka siglingaöryggi“ (e. SPECIAL MEASURES TO ENHANCE MARITIME SAFETY) en heiti þess nýja, þ.e. kafla XI-2, er „Sérstakar ráðstafanir til að auka siglingavernd“ (e. SPECIAL MEASURES TO ENHANCE MARITIME SECURITY). Á ráðstefnunni var einnig staðfestur nýr kóði, svokallaður Alþjóðakóði um skipa- og hafnavernd (e. International Ship and Port Facility Security Code, ISPS Code). Kóðinn skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. Í A-hlut-

anum eru ákvæði um verndarráðstafanir sem eru skuldbindandi fyrir ríkisstjórnir, hafnaryfirvöld og skipafélög. B-hlutinn er einungis leiðbeinandi, en hann skiptist í sömu aðalkafla og A-hlutinn. Loks samþykkti ráðstefnan fjölda ályktana sem er ætlað að leggja frekari áherslu á ISPS-kóðann og breytingarnar í SOLAS-samþykktinni auk þess að koma á framfæri tillögum um frekari aðgerðir á vettvangi IMO á sviði siglingaverndar. Samþykktum SOLAS-ráðstefnunnar er lýst nánar í Viðauka A.

1.5 Stýrihópur samgönguráðuneytisins.

Ísland er aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni og vegna hinna nýju samþykkta um siglingavernd skipaði samgönguráðherra stýrihóp í maí 2003 sem hefur það hlutverk að:

1. Fara yfir og skilgreina þær kröfur sem gerðar eru í samþykktum um siglingavernd og ákvarða hverjum beri að fullnægja þeim.
2. Gera tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum til að innleiða framangreindar alþjóðlegar kröfur.
3. Semja siglingaverndaráætlun fyrir Ísland.
4. Kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Í hópnum eru:
Thomas Möller, framkvæmdastjóri Thorarensen Lyfja, formaður,
Ari Guðmundsson, deildarstjóri hjá Siglingastofnun Íslands,
Dagmar Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá Landhelgisgæslu Íslands,
Gísli Viggósson, forstöðumaður hjá Siglingastofun Íslands,
Guðmundur Ómar Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum,
Helga Jónsdóttir, hagfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu,
Hörður Blöndal, hafnarstjóri Akureyrarhafnar,
Jón Þorvaldsson, forstöðumaður hjá Reykjavíkurhöfn,
Ólafur J. Briem, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða,
Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður hjá tollstjóranum í Reykjavík,
Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri hjá dómsmálaráðuneytinu.

Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir frá samgönguráðuneyti eru starfsmenn hópsins auk þess sem Már Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Hafnarfjarðarhafnar, varamaður fulltrúa Hafnasambands sveitarfélaga, tók þátt í störfum hópsins. Þessi skýrsla ásamt fylgigögnum er afrakstur af vinnu stýrihópsins en auk þess hefur verið haldin ráðstefna á hans vegum. Á ráðstefnunni voru nýju reglurnar kynntar fyrir hagsmunaaðilum.

1.6 Um áfangaskýrsluna.

Sökum þess hve skammur tími er til ráðstöfunar fyrir innleiðingu siglingaverndarinnar ákvað stýrihópurinn að gefa út áfangaskýrslu sem inniheldur tillögur um hlutverk og ábyrgð aðila sem að siglingaverndinni koma. Áfangaskýrslan var gefin út í nóvember en skýrslan sem hér birtist er byggð á henni. Kaflinn um fjárhagslegar skuldbindingar er þó að mestu nýr.

1.7 Þátttaka hafna í siglingavernd er valkvæð.

Unnið er að innleiðingu SOLAS-samþykktarinnar hjá flestum eða öllum aðildarþjóðum IMO, en ákvæði hennar taka gildi 1. júlí 2004. Það er háð ákvörðunum stjórnar hverrar hafnar hvort viðkomandi höfn undirgengst ákvæði SOLAS-samþykktarinnar og ISPS-kóðans um hafnavernd og gerist þannig aðili að hinu alþjóðlega öryggiskerfi sem siglingaverndin er. Óhætt er að fullyrða að eftir að það hefur tekið gildi muni hafnir utan þess eiga erfiðara með

að þjóna skipum sem falla undir ákvæði kóðans. Millilandasiglingar og hafnarstarfsemi þeim tengd er mikilvægur þáttur í efnahag Íslands. Þess vegna er það afar áríðandi að viðkomandi íslenskar hafnir og skip uppfylli reglurnar í tíma því að hætt er við að skipafélög hafni því að senda skip sín í aðrar hafnir en þær sem eru innan siglingaverndar eftir 1. júlí 2004.

1.8 Gildissvið ISPS-kóðans.

ISPS-kóðinn byggist á kerfisbundinni greiningu og mati á ógnunum eða váatvikum, afleiðingum slíkra atburða, fyrirmælum um hvernig bregðast eigi við þeim og hvernig koma megi í veg fyrir þá. Umfang og eðli nauðsynlegra verndarráðstafana fer eftir áhættunni sem viðkomandi hafnarstarfsemi er talin standa frammi fyrir. Þetta þýðir að í höfn, þar sem áhætta er metin lítil á hvers kyns voðaatburðum, þarf ekki að viðhafa eins víðtækar verndarráðstafanir og í höfn þar sem áhættan er metin mikil.

ISPS-kóðinn gildir um:

1. eftirfarandi skipagerðir sem stunda siglingar á alþjóðasiglingaleiðum:
   1. farþegaskip, þar á meðal háhraðafarþegaför;
   2. flutningaskip, þar á meðal háhraðaflutningaför 500 BT eða stærri; og
   3. færanlega borpalla; og
2. hafnaraðstöðu sem þjónar skipum sem stunda siglingar á alþjóðasiglingaleiðum.

Samkvæmt skilgreiningu á „hafnaraðstöðu“ í SOLAS-samþykktinni (reglu XI-2/1) er hafnaraðstaða svæði ákveðið af aðildarríki þar sem skip tengist höfn. Svæðið tekur m.a. til skipalægis, viðlegukanta og aðkomuleiða frá sjó, eins og við á. Reglur SOLAS og ISPS-kóðans taka ekki til íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skipa í innanlandssiglingum, né íslenskra flutningaskipa undir 500 BT í alþjóðasiglingum.

Gildissvið samþykktarinnar gagnvart skipum, eins og það er sett fram í samþykktum IMO, tekur til tveggja til þriggja skipa á íslenskri skipaskrá og um 40 hafnaraðstaðna sem þjóna skipum í millilandasiglingum. ESB hefur tekið samþykktir IMO inn í drög að reglugerð um siglingavernd og gengur hún lengra en ákvæði SOLAS-samþykktarinnar. Í drögunum er gerð krafa um að farið verði eftir tilteknum reglum samþykktarinnar (í B-hluta ISPS-kóðans) sem eru valkvæðar í SOLAS-samþykktinni. Auk þess stækkar gildissvið reglnanna og tekur til allra flutninga- og farþegaskipa á siglingaleiðum A innan lands, óháð því hvort þau eru í millilandasiglingum eða ekki. Siglingaleiðir innan lands á hafsvæðum A eru utan 20 sjómílna frá grunnlínu landgrunnsins. Engar íslenskar ferjur sigla á hafsvæði A og hafa reglugerðardrögin því ekki áhrif hér á landi að þessu leyti. Hins vegar hafa þau áhrif varðandi önnur atriði sem ganga framar IMO-samþykktinni.

1.9 Farmvernd.

Fram hefur komið aukin áhersla á eftirlit með farmi sem fer til útflutnings sem stafar ekki síst af hertum reglum Bandaríkjanna (Container Security Initiative) um gámainnflutning sem fjallað er nánar um í viðauka skýrslunnar. Fregnir berast einnig um aukna áherslu ESB á eftirlit með farmi skipa og eru frumvörp um þetta efni væntanleg frá bandalaginu.

Stýrihópurinn ákvað því að fjalla um hvaða stjórnvald skuli bera ábyrgð á eftirliti sem áskilið er að haft sé með vörum sem fluttar eru úr landi með skipum. Vegna þessa varð til hugtakið „farmvernd“ sem er víðtækara en kröfur SOLAS-samþykktarinnar um eftirlit með farmi skipa. Það fellur hins vegar ágætlega að íslenskri löggjöf sem felur tollayfirvöldum að hafa eftirlit með útflutningi og innflutningi. Að einhverju leyti er verið að flytja áherslur á tollaeftirlit frá innflutningi til útflutningsins með farmverndinni.

Farmvernd miðar að því að flytja farm eftir vottaðri flutningaleið frá því að gengið er frá honum, t.d. frá því að vörur eru settar í gám, honum lokað í verksmiðju eða farmstöð, og þar til honum hefur verið komið fyrir á lokuðu svæði, haftasvæði, innan hafnarinnar fyrir útflutning. Gert er ráð fyrir að tollgæslan votti þann starfsmann sem lokar gámnum/farminum hjá framleiðanda vöru / sendanda og þá sem flytja hann. Aukið öryggi við lestun gáma og flutning þeirra til hafnar ætti að draga úr þörf fyrir að kanna innihald gáma á hafnarsvæði og lækkar þannig kostnað við siglingaverndina. Miðað er við að farmverndin einskorðist ekki við gámaflutninga heldur nái þessi aðferð til fleiri farmtegunda svo sem útflutnings frá loðnuverksmiðjum. Reiknað er með að strangari reglur gildi um þann farm sem ekki er vottaður í farmverndinni. Vikið er nánar að þessu í kafla 2.1 síðar í skýrslunni þar sem fjallað er um ábyrgð tollstjóra.

2. SKIPULAG SIGLINGAVERNDAR OG HLUTVERK STOFNANA

Í þessum kafla er farið yfir skipulag siglingaverndar og hlutverk og ábyrgð þeirra stofnana sem ætlað er að koma að henni. Á mynd 2.1 hér á eftir er sett fram hverjir skuli bera ábyrgð á að skuldbindingar vegna siglingaverndar verði uppfylltar. Hún felur í sér að Siglingastofnun verði „tilnefnt stjórnvald“ (Designated Authority), Vaktstöð siglinga verði „tengiliður“ (Contact Point) og ríkislögreglustjóri beri ábyrgð á mikilvægustu þáttum við ákvörðun vástigs. Í mynd 2.1 er einnig að finna nýtt hugtak, „farmvernd“, eins og vikið er að í inngangi.

Tollalög leggja sömu ábyrgð á tollgæslustofnanir er varðar innflutning, útflutning og umflutning vöru og því eðlilegt að tollgæslan gegni lykilhlutverki við vernd farms. Stýrihópurinn leggur til að farmvernd verði tekin með í innleiðingu og framkvæmd siglingaverndar með formlegum hætti og verði hluti siglingaverndar.

Mynd 2.1 sýnir hvernig ábyrgð á siglingavernd er skipt á milli ráðuneyta og stofnana. Umfjölluninni er hins vegar skipt í tvennt. Í kafla 2.1 er fjallað um ábyrgð og hlutverk einstakra aðila við siglingavernd. Í kafla 2.2 er fjallað um ábyrgð og hlutverk við hækkað vástig.

Mynd 2.1 – Skipting ábyrgðar.

Samgönguráðuneytið	Fjármálaráðuneytið	Dómsmálaráðuneytið

Siglingastofnun (design. authority)
Búnaður íslenskra skipa:
- Nýjar kröfur til búnaðar skipa vegna siglingaverndar
- Gefa út ferilskrá skipa

Skipavernd, hafnarvernd
- Leiðbeiningar um kröfur sem þarf að uppfylla fyrir útgáfu verndaryfirlýsinga
- Staðfesting áhættumats
- Staðfesting verndaráætlana
- Staðfesting verndarfulltrúa skipa, útgerða og hafna
- Útg. verndaryfirlýsinga/ siglingaverndarskírteina
- Eftirlit með virkni verndaráætlana

Hafnarríkiseftirlit og skipaskoðun
- Staðfesta eftirlitsaðila
- Skírteini til eftirlitsmanna
- Siglingaverndareftirlit

Samskipti við aðila SOLAS-samþykktar
- Valkvæðar verndarráðstafanir
- Samskipti við IMO. Tilkynning um tilnefnt stjórnvald, „designated authority"
- Tilkynning til IMO um hafnir sem uppfylla kröfur. Tilkynning um tengilið

Vaktstöð siglinga (Tengiliður – contact point)
- Aðstoð við skip við komu í lögsögu

Hafnir
- Mat á áhættu
- Verndaráætlun hafnar
- Tilnefna verndarfulltrúa
- Framkvæmd verndarráðstafana
- Viðbrögð við váatviki

Skipafélög
- Mat á áhættu
- Áætlun um vernd skips
- Tilnefna verndarfulltrúa fyrir skip og fyrir útgerð
- Framkvæmd verndarráðstafana
- Viðbrögð við váatviki

Tollstjórar
Farmvernd:
- Mat á áhættu
- Áætlun um vernd farms
- Viðurkenning farmverndarfulltrúa
- Framkvæmd verndarráðstafana
- Viðbrögð við váatviki
- Eftirlit með vörum sem ráðgert er að flytja úr landi

Ríkislögreglustjóri/Landhelgisgæslan
- Móttaka tilkynninga um váatvik
- Móttaka vákalla
- Mat á upplýsingum um váatvik
- Ákvörðun vástigs
- Móttaka tilkynningar um hækkað vástig frá erlendu ríki
- Tilkynna vástig 2,3 í skipum fánaríkis
- Framkvæmd aðgerðaráætlana
- Löggæsla og eftirlit á sjó

2.1 Hlutverk og ábyrgð við siglingavernd.
Siglingastofnun.

Ábyrgð Siglingastofnunar sem stjórnvalds vegna siglingaverndar má í megindráttum skipta í tvennt:

a. Gegna hlutverki fánaríkis skips þar sem stofnunin annast framkvæmd laga og reglugerða er gilda um skip sem eru skráð á íslenska skipaskrá svo og íslenskar kaupskipaútgerðir sem gera út skip skráð á íslenska skipaskrá.
b. Koma fram sem aðili að SOLAS-samþykktinni þar sem stofnunin annast framkvæmd laga og reglugerða er gilda um íslenskar hafnir, eftirlit með erlendum skipum í íslenskum höfnum og samskipti við aðra aðila að SOLAS-samþykktinni (aðallega siglingamálayfirvöld erlendra ríkja) og Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO.

Íslensk skip (smíði og búnaður skipa).

Siglingastofnun Íslands ber að annast eftirlit með atriðum er varða smíði og búnað skipa og tengjast siglingavernd. Gerð er krafa um þau atriði í kafla V, XI-1 og XI-2 í SOLAS-samþykktinni. Þetta á einkum við um AIS-búnað (Automatic Identification System) samkvæmt reglu V/19, IMO-skipaskrárnúmer samkvæmt reglu XI-1/3, ferilskrá fyrir íslensk skip samkvæmt reglu XI-1/5 og búnað til útsendingar á vákalli frá skipi samkvæmt reglu XI-2/6.

Íslensk skip og kaupskipaútgerðir sem gera út skip á íslenskri skipaskrá (ráðstafanir vegna skipaverndar).

Um verndarráðstafanir íslenskra skipa og kaupskipaútgerðir sem gera út skip skráð á íslenska skipskrá, gilda einkum ákvæði 7.–13. kafla A-hluta ISPS-kóðans. Siglingastofnun ber að annast yfirferð og samþykki áhættumats vegna skipaverndar og yfirferð og samþykki verndaráætlunar skips. Stofnunin skal einnig samþykkja verndarfulltrúa viðkomandi kaupskipaútgerðar og skipa. Stofnuninni ber einnig að annast eftirlit og skírteinisútgáfu svo sem kveðið er á um 19. kafla A-hluta ISPS-kóðans.

Íslenskar hafnir (ráðstafanir vegna hafnaverndar).

Um verndarráðstafanir hafna gilda einkum ákvæði 14.–18. kafla A-hluta ISPS-kóðans. Siglingastofnun ber að setja markmið og leiðbeiningar fyrir hafnir vegna gerðar áhættumats og verndaráætlunar. Siglingastofnun ber jafnframt að annast yfirferð og samþykki áhættumats vegna hafnaverndar og að annast yfirferð og samþykki verndaráætlana hafna. Verndarfulltrúar hafna skulu einnig hljóta samþykki Siglingastofnunar samkvæmt skilyrðum sem hún setur. Loks ber stofnuninni að stuðla að og taka þátt í menntun, þjálfun og æfingum o.fl. er varðar hafnavernd.

Erlend skip í íslenskum höfnum.

Um eftirlit með verndarráðstöfunum um borð í erlendum skipum í íslenskum höfnum gilda einkum ákvæði reglu XI-2/9 í SOLAS-samþykktinni. Siglingastofnun ber að annast hafnarríkiseftirlit með þáttum er varða siglingavernd.

Samskipti við aðra aðila að SOLAS-samþykktinni.

Samskipti við aðra aðila að SOLAS-samþykktinni, sem eru einkum siglingamálayfirvöld erlendra ríkja, geta verið með ýmsu móti. Þegar slík samskipti varða siglingavernd í íslensku skipi sem er á leið til, frá eða er statt í erlendri höfn eða lögsögu, eða siglingavernd í íslenskri höfn sem erlent skip er á leið til, frá eða er statt í, eða í íslenskri lögsögu, ber Siglingastofnun

að annast fyrir hönd Íslands þau atriði sem falla undir SOLAS-samþykktina. Þegar gerðir eru samningar við önnur ríki um valkvæðar verndarráðstafanir samkvæmt reglu XI-2/11 í SOLAS-samþykktinni ber Siglingastofnun að annast slíka samningagerð fyrir hönd íslenska ríkisins og að hafa eftirlit með slíkum samningum.

Samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO.

Siglingastofnun ber að senda til Alþjóðasiglingamálstofnunarinnar, IMO, þær upplýsingar sem kveðið er á um í reglu XI-2/13 í SOLAS-samþykktinni og að uppfæra slíkar upplýsingar þegar breytingar eru gerðar. Þetta á m.a. við um eftirfarandi atriði:

- Upplýsingar um að Siglingastofnun Íslands sé það íslenska stjórnvald (Designated Authority) sem beri ábyrgð á siglingavernd íslenskra skipa og hafna.
- Upplýsingar um íslenskar hafnir sem hafa samþykktar verndaráætlanir og eru fullgildir aðilar að siglingavernd.
- Upplýsingar um að Vaktstöð siglinga sé sá tengiliður sem beri að taka á móti vákalli frá skipi (regla 13.1.3) sem skilað er til ríkislögreglustjóra/Landhelgisgæslunnar.
- Upplýsingar um að Siglingastofnun Íslands sé það íslenska stjórnvald sem annist hafnarríkiseftirlit sem beri að snúa sér til um atriði varðandi siglingavernd (regla 13.1.4.).
- Upplýsingar um að Siglingastofnun Íslands/Vaktstöð siglinga sé það íslenska stjórnvald (Contact Point) sem hægt er að snúa sér til vegna atriða er varða siglingavernd í tengslum við skip (ISPS: 4.20).

Siglingastofnun ber, eigi síðar en 1. júlí 2004, að senda til Alþjóðasiglingamálstofnunarinnar, IMO, upplýsingar um þær viðurkenndu stofnanir á sviði siglingaverndar sem hún hefur veitt umboð til að annast þætti sem varða siglingavernd fyrir hönd stjórnvalda.

Siglingastofnun ber, eigi síðar en 1. júlí 2004, að senda til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, lista yfir hafnir sem hafa samþykkta verndaráætlun ásamt upplýsingum um þau svæði sem slíkar áætlanir gilda fyrir og dagsetningar þegar áætlanirnar voru samþykktar. Jafnframt ber stofnuninni að upplýsa IMO um breytingar sem gerðar eru á listanum yfir hafnir og breytingar sem gerðar eru á svæðum sem verndaráætlun hafnar gildir fyrir. Loks ber að tilkynna um það þegar samþykki er dregið til baka á verndaráætlun hafnar sem er skráð á framangreindan lista yfir hafnir.

Siglingastofnun ber, á fimm ára fresti eftir 1. júlí 2004, að senda til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, endurskoðaðan og uppfærðan lista yfir hafnir sem hafa samþykkta verndaráætlun ásamt upplýsingum um þau svæði sem slíkar áætlanir gilda fyrir og dagsetningar þegar áætlanirnar voru samþykktar. Þessi uppfærði listi kemur í staðinn fyrir allar upplýsingar um hafnir sem sendar voru til IMO á næsta fimm ára tímabili á undan.

Þegar íslensk löggjöf kveður á um að beita megi valkvæðum verndarráðstöfunum samkvæmt reglu XI-2/11 í SOLAS-samþykktinni á afmörkuðum siglingaleiðum ber Siglingastofnun að tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, um milliríkjasamninga um slíkar ráðstafanir og að hafa eftirlit með þeim í íslenskum skipum, í íslenskum höfnum og í erlendum skipum sem samningarnir ná til. Jafnframt ber stofnuninni að upplýsa IMO um breytingar sem gerðar eru á slíkum samningum og þegar þeir falla úr gildi.

Þegar Siglingastofnun heimilar að jafngildum verndarráðstöfunum samkvæmt reglu XI-2/12 í SOLAS-samþykktinni sé beitt fyrir einstakt íslenskt skip eða einstaka íslenska höfn ber Siglingastofnun að tilkynna Alþjóðasiglingamálstofnuninni, IMO, um það og að hafa eftirlit með slíkum ráðstöfunum.

Landhelgisgæslan.

Löggæsla.

Landhelgisgæslan hefur með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi. Innleiðing siglingaverndar, sbr. mynd 2.1, tekur mið af þessari ábyrgð Landhelgisgæslunnar en ekki er gert ráð fyrir viðbótarskyldum við hana. Hins vegar er miðað við að Landhelgisgæslan geti starfað eftir viðbragðsáætlun og að hlutverk og boðleiðir séu skýrar, sbr. mynd 2.2, ef ógn steðjar að.

Eftirlit.

Megineftirlit Landhelgisgæslunnar á hafi úti snýr að veiðiskipum, bæði íslenskum og erlendum, en þau falla utan gildissviðs siglingaverndar. Samningur er í gildi á milli Landhelgisgæslu og Siglingastofnunar um eftirlit og skyndiskoðanir á sjó auk þess sem stofnanirnar hafa samvinnu um ýmis önnur verkefni.

Hlutverk Landhelgisgæslu við váatvik.

Landhelgisgæslan býr yfir ýmiss konar sérþekkingu og búnaði sem þarf að vera fyrir hendi við framkvæmd siglingaverndar. Dæmi um þetta er tækjabúnaður, svo sem þyrla og skip, og ýmiss konar þjálfun og þekking, svo sem á sprengiefni.

Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri leiti til Landhelgisgæslunnar í þeim tilvikum þegar váatvik kemur upp í skipi á siglingu utan hafnarmarka. Í framhaldi af því framkvæmir Landhelgisgæslan nauðsynlegar ráðstafanir í samráði við skipstjóra skips þess er um ræðir, útgerðaraðila þess, siglingayfirvöld fánaríkis skipsins og ríkislögreglustjóra eftir atvikum. Landhelgisgæsla þarf að hafa heimild til að gera leit á einstaklingum og um borð í skipi í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samþykkta. Sé um alvarleg váatvik að ræða, svo sem vopnaða afbrotamenn, gíslatöku eða hryðjuverk, kemur sérsveit ríkislögreglustjórans að viðbrögðum við ógn eða váatviki á sjó.

Ríkislögreglustjóri.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur með höndum ábyrgð á eftirfarandi þáttum siglingaverndar:

a. er umsagnaraðili um áhættumat og verndaráætlun,
b. sér um bakgrunnsskoðun einstaklinga,
c. ber ábyrgð á ákvörðun vástigs, þ.e. hækkun eða lækkun sem vikið er að í kafla 2.2 hér á eftir,
d. tekur við tilkynningum um og metur váatvik og viðeigandi ráðstafanir gagnvart slíkum tilkynningum,
e. mælir fyrir um og ber ábyrgð á þeim sérstöku ráðstöfunum sem íslenskum stjórnvöldum er skylt að grípa til við yfirvofandi ógnun á vástigi 2 og 3.

Hlutverk við gerð áhættumats.

Ríkislögreglustjóri býr yfir ýmiss konar sérþekkingu sem nauðsynleg er við undirbúning og framkvæmd siglingaverndar. Hann aðstoðar við gerð áhættumats og verndaráætlana fyrir hafnir, t.d. með því að leggja mat á þær ógnanir sem einstakar hafnir búa við. Einnig hefur ríkislögreglustjóri aðgang að ýmiss konar upplýsingum sem gætu verið gagnlegar við framkvæmd siglingaverndar. Þegar váatvik koma upp, skulu þau tilkynnt til ríkislögreglustjóra

auk þess sem viðbragðsáætlun samkvæmt verndaráætlun hafnar er hrint í framkvæmd. Í áætluninni skal koma fram við hvaða aðstæður kalla skuli til lögreglu.

Við eftirlit og skoðanir.

Samkvæmt núgildandi lögum ber ríkislögreglustjóri ábyrgð á eftirliti með vegabréfum farþega eða skipverja við komu skipa erlendis frá þegar þeir fara frá borði og út fyrir hafnarsvæðið. Landhelgisgæslan tilkynnir ríkislögreglustjóra um skipakomur ásamt upplýsingum um áhöfn og farþega. Ríkislögreglustjóri fer yfir þessa lista og sendir yfirfarna lista ásamt athugasemdum, ef einhverjar eru, til viðkomandi lögregluembætta, sem koma á staðinn ef ástæða er til. Hins vegar afgreiðir tollgæslan skipin við komu í höfn og gefur m.a. út samskiptaleyfi fyrir skipið.

Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri gegni ýmiss konar eftirlits- og skoðanahlutverki við framkvæmd siglingaverndar, sérstaklega að því er lýtur að höfnum. Það er fyrst og fremst ríkislögreglustjóri sem hefur þekkingu og upplýsingar um ógnir, bæði almennar og gegn ákveðnum þáttum. Aðkoma lögreglunnar yrði bundin við öll vástig en þó sérstaklega vástig 2 og 3 auk sérstakra tilfella, svo sem við afgreiðslu skemmtiferðaskipa. Þá er ætlað að ríkislögreglustjóri komi við sögu við æfingar og prófun á verndaráætlunum.

Við leit á einstaklingum og í vöru.

Miðað er við að lögreglan, ásamt tollgæslu, komi að hafnaverndinni með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í verndaráætlun hafnarinnar og viðbragðsáætlunum.

Samanburður og samstarf við Norðurlönd.

Ríkislögreglustjórinn hefur verið í sambandi við lögreglu í Svíþjóð og Danmörku vegna aðkomu lögreglunnar í þessum löndum að undirbúningi að lögleiðingu reglna um siglingavernd. Skipulag lögreglunnar í þessum löndum er nokkuð líkt skipulagi lögreglunnar á Íslandi. Því hefur verið höfð hliðsjón af upplýsingum sem ríkislögreglustjóranum hafa borist frá þessum löndum.

Nauðsynlegt er að fara yfir hvaða þjálfun lögreglan þarf til þess að sinna siglingavernd.

Tollgæslan.

Í viðauka A er gerð ítarleg grein fyrir hlutverki tollstjóra við innflutning og útflutning frá Íslandi. Þar kemur m.a. fram að samkvæmt lögum hafa tollstjórar sömu heimildir til eftirlits og leitar hvað varðar vörur í útflutningi og innflutningi. Hins vegar hefur eftirlit með útflutningi verið mjög lítið þar sem áhersla tollyfirvalda hefur fyrst og fremst legið í að hafa eftirlit með innfluttum vörum vegna gjaldskyldu við komu til landsins og til þess að verjast ólöglegum innflutningi. Með siglingavernd koma fram kröfur um nýjar áherslur á eftirlit með útflutningi í stað eftirlits með innflutningi.

Í viðauka A er gerð grein fyrir nýjum kröfum sem Bandaríkjamenn gera til innflutnings og kallast þetta verkefni Bandaríkjamanna CSI (Container Security Initiative). Íslensk stjórnvöld hafa haft áhyggjur af því að þessar auknu öryggiskröfur kynnu að hafa áhrif á útflutning og umflutning frá Íslandi.

Það að Ísland er eyja og á ekki landamæri við önnur lönd, fámenni og aðrar aðstæður leyfir betra eftirlit hér á landi en víðast erlendis með farmi sem á uppruna hér á landi. Þetta leyfir að setja upp svipað kerfi og viðhaft er við siglingavernd til þess að loka flutningakeðjunni og færa eftirlit með farmi og lokuðum einingum að lestunarstað. Miðað er við að þetta auki öryggi farms skipa, minnki þörf fyrir skoðun gáma í útskipunarhöfn og lækki þannig

kostnað við eftirlit með farmi. Hér er sett fram hugmynd um að tollayfirvöld beri ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar er varðar farmvernd. Eftirfarandi ástæður, aðrar en er varða landfræðilegar aðstæður, liggja að baki slíkri tillögu:

- Samkvæmt tollalögum er hlutverk tollstjóra að hafa eftirlit á landamærum með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara til og frá landinu.
- Tollgæslan hefur samkvæmt lögum nauðsynlegar heimildir til þess að fylgjast með vörum í útflutningi.
- Tollgæslan býr yfir allri nauðsynlegri þekkingu sem þarf til að gera árangursríka könnun á farmi og viðbrögðum sem skal viðhafa ef leit leiðir eitthvað í ljós.
- Hagkvæmt og eðlilegt er að tollgæslan og hafnir forðist tvítekningu og finni hagkvæmustu leið til þess að uppfylla kröfur siglingaverndar um öryggi farms.
- Flutningsaðilar hafa byggt upp flutningakeðju sem miðar við flutning vöru frá dyrum til dyra (rakleitt frá sendanda til móttakanda). Einnig nota helstu útflytjendur öflug gæðakerfi. Allt bendir til þess að auðvelt sé að loka flutningakeðjunni frá framleiðanda til viðtakanda með markvissu verklagi og athugunum.
- Bandarísk stjórnvöld hafa haft frumkvæði að því að krefjast aðgerða til þess að tryggja öryggi innflutnings til Bandaríkjanna. Samskipti hafa verið á milli tollyfirvalda viðkomandi landa. Vegna þessa trúnaðarsambands við bandarísk yfirvöld er eðlilegt að fela tollgæslunni framkvæmd farmverndar.
- Takist vel til að koma upp lokaðri flutningakeðju getur það vegið þungt í viðræðum við bandarísk yfirvöld um óheftan útflutning til Bandaríkjanna.

Gert er ráð fyrir að flæði vöru til útflutnings fari eftir reglum sem tollyfirvöld setja og höfð verði hliðsjón af sömu aðferð við hafnavernd og skipavernd og kölluð farmvernd. Í mynd 2.1 sem sýnir ábyrgð og verkaskiptingu tollstjóra er gert ráð fyrir þessari aðferðafræði við uppbyggingu, innleiðingu og framkvæmd farmverndar. Þó þarf að taka mið af aðstæðum í hverju tollumdæmi og útflutningshöfn.

Nú er unnið að heildarendurskoðun á tollalögunum. Ljóst er að í gildandi lögum eru til staðar ríkar heimildir til skoðunar á öllum varningi í inn-, út- og umflutningi. Hins vegar þarf að taka til sérstakrar skoðunar hvort setja þurfi ákvæði í tollalögin um aðkomu tollyfirvalda að siglinga- og hafnarvernd í ljósi nýrra reglna og breytinga sem eru að verða á því sviði. Lagt er til að fjármálaráðuneytið skipi starfshóp til þess að vinna að uppbyggingu og innleiðingu farmverndar í landinu í samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila.

Við gerð áhættumats.

Tollyfirvöld búa yfir ýmiss konar sérþekkingu sem nauðsynleg er við undirbúning og framkvæmd siglingaverndar. Þau aðstoða við gerð áhættumats og verndaráætlana fyrir hafnir, t.d. með því að leggja mat á þær ógnanir sem geta stafað af farmi og hvernig beri að vernda hann. Þegar váatvik koma upp skulu þau tilkynnt til staðarlögreglu eða ríkislögreglustjóra auk þess sem viðbragðsáætlun samkvæmt verndaráætlun hafnar er hrint í framkvæmd. Í áætluninni skal koma fram við hvaða aðstæður gera skuli tollayfirvöldum aðvart.

Við leit á einstaklingum og í vöru.

Tillaga er gerð um að tollgæslan beri að mestu ábyrgð á leit á einstaklingum og í vöru á leið inn á hafnarsvæði. Með tilliti til hefðbundinna starfa tollgæslunnar og þess starfs- og lagaumhverfis sem við búum við þykir skynsamlegra að leit í farmi verði á forræði tollgæslunnar frekar en lögreglu. Samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum,

hefur tollgæslan, auk heimildar til leitar í varningi, skipum, bifreiðum og húsum, heimild til leitar á mönnum. Hún hefur með höndum daglega starfsemi á hafnarsvæðum sem reglur hafnarverndar munu taka til. Þá ber þess að geta að tollgæslan í Reykjavík hefur yfir að ráða röntgenbúnaði til gegnumlýsingar á varningi. Búnaðurinn er staðsettur í sérhannaðri bifreið og er því hreyfanlegur. Með slíkum búnaði má m.a. greina vopn og annan hættulegan varning og hafa starfsmenn tollgæslunnar fengið sérstaka þjálfun í notkun búnaðarins.

Hafnaryfirvöld geta neitað um aðgang að yfirráðasvæði sínu eða sett skilyrði fyrir honum. Þannig geta þau gert kröfu um leit á þeim sem óska eftir aðgangi að yfirráðasvæði hafnarinnar og einnig vöru sem flutt er á yfirráðasvæðið. Engu síður er gert ráð fyrir að leit í gámum og í öllum farmi sem er á hafnarsvæðum verði á ábyrgð tollgæslu. Hvað varðar leit á hafnarsvæðum sjálfum og í mannvirkjum á þeim getur slík leit verið hvort sem er á ábyrgð hafnaryfirvalda, lögreglu eða tollgæslu. Það sem kann að mæla með því að tollgæslan hafi með höndum leit á hafnarsvæðum er að tollverðir þekkja til aðstæðna á hafnarsvæðum enda daglegur starfsvettvangur fjölda tollvarða. Við vástig 2 eða 3 er a.m.k. í Reykjavík unnt að kalla til fjölda tollvarða með mjög stuttum fyrirvara til sérstakra aðgerða á viðkomandi hafnarsvæði.

Búast má við að þörf aukist fyrir meiri ráðstafanir og ítarlegra eftirlit við vástig 2 og 3 eða váatvik sem hafnir geti brugðist við að mestu með lokun svæða eða takmörkun á aðgangi. Miðað er við að verndaráætlun hafnar skilgreini nánar aðkomu og hlutverk tollvarða að leit.

Hafnir.

Eins og sýnt er á mynd 2.1 er gert ráð fyrir að hafnir axli ábyrgð við framkvæmd hafnaverndar, þ.e. þær hafnir sem kjósa að þjóna millilandaskipum og uppfylla settar kröfur. Búast má við að töluverðan undirbúning og tíma þurfi til þess að gera höfnum þetta kleift. Hafnir þurfa að meta áhættu og útbúa áætlun um verndarráðstafanir. Þá skulu þær tilnefna verndarfulltrúa. Ljóst er að hafnirnar búa ekki yfir allri þekkingu sem þarf til verksins. Gerð er tillaga um að lögreglu og tollayfirvöldum verði skylt að koma að tilteknum þáttum hafnaverndar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að hafnir beri ábyrgð á að þjónustu- og rekstraraðilar á skilgreindu hafnarsvæði uppfylli kröfur hafnaverndar þar sem það á við. Það þýðir að þó svo að ábyrgðin hvíli á höfnunum munu þær að öllum líkindum þurfa að framselja hluta af framkvæmdinni til leigjenda sinna. Höfnin þarf því að skilgreina kröfur sem leigjendur þurfa að uppfylla og sinna ákveðnu eftirlits- og umsjónarhlutverki gagnvart þeim.

Útgerðaraðilar og áhafnir skipa.

Mynd 2.1 sýnir ábyrgð útgerðaraðila og skipstjórnarmanna við siglingavernd. Örfá skip á íslenskri skipaskrá þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd. Þessi skip eru undir eftirliti flokkunarfélaga og fellur siglingaverndin vel að gæðakerfum sem flokkunarfélögin gera kröfu um. Siglingastofnun mun veita tilfallandi aðstoð við gerð verndaráætlana, staðfesta verndarfulltrúa og gefa út siglingaverndarskírteini að uppfylltum settum kröfum.


2.2 Hækkun vástigs.

Mynd 2.2 sýnir tillögu um samskipti og hlutverk við ákvörðun vástigs. Hér á eftir er sett fram tillaga um hlutverk viðkomandi aðila við hækkað vástig.

Siglingastofnun.

Um váköll skipa gilda ákvæði reglu XI-2/6 í SOLAS-samþykktinni. Gert er ráð fyrir að Vaktstöð siglinga taki á móti váköllum og komi áleiðis til ríkislögreglustjóra.

Mynd 2.2 Váatvik og miðlun upplýsinga.



Ríkislögreglustjóri.

Að fengnu áliti Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar ákveður ríkislögreglustjórinn (RLS) hvaða vástig gildir um skip eða höfn.

Ríkislögreglustjórinn á í bráðatilvikum að taka ákvörðun án þess að hafa fengið álit Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar. Einnig geta komið upp tilvik um váatvik þar sem brugðist er umsvifalaust við í höfn eða skipi og aðgerðum verndaráætlunar hrint í framkvæmd, án þess að yfirlýsing eða tilkynning liggi fyrir um hækkun vástigs. Við eðlilegt ástand, vástig 1, þarf ekki að taka neinar ákvarðanir um aðgerðir.

Þegar hæsta vástig er í gildi getur RLS ákveðið að skip eða höfn grípi til frekari aðgerða umfram það sem stendur í verndaráætlun viðkomandi skips eða hafnar.

Skip eða höfn skal þegar í stað grípa til þeirra aðgerða sem á að grípa til samkvæmt verndaráætlun vegna viðkomandi vástigs. Þegar hæsta vástig er í gildi skal einnig grípa til annarra aðgerða sem RLS ákveður.

Ríkisstjórnin eða RLS getur gefið út frekari tilskipanir um vástig.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um viðbrögð lögreglu við hækkuðu vástigi varðandi siglingavernd. Setning verklagsreglna, kynningu og þjálfun viðkomandi lögreglumanna þarf að vera lokið fyrir 1. júní 2004.

Landhelgisgæslan.

Landhelgisgæslan gæti gegnt veigamiklu hlutverki við hækkun vástigs. Það fer þó mikið eftir því hvort vá steðjar að frá sjó, höfn eða landi. Landhelgisgæslan þarf að geta brugðist við vá, váatviki eða vákalli frá sjó annaðhvort með beinum aðgerðum eða hertu eftirliti eftir eðli ógnarinnar.

Tollgæslan.

Tollgæslan þarf að bregðast við hækkun vástigs með sérstökum aðgerðum, allt eftir eðli máls og þeirri verndaráætlun sem gildir hverju sinni.

Hafnir, útgerðaraðilar og áhafnir skipa.

Verndaráætlanir hafna og skipa segja til um þær aðgerðir sem grípa þarf til við aðsteðjandi vá. Þar að auki geta yfirvöld krafist sérstakra aðgerða ef aðsteðjandi ógn gefur tilefni til þess.

3. ÁÆTLUN UM INNLEIÐINGU

Verkáætlunin hér á eftir sýnir helstu tímasetningar fyrir þá aðila sem koma að innleiðingu siglingaverndar hér á landi. Við útfærsluna er fylgt leiðbeiningum SOLAS-samningsins og viðauka hans um ISPS-kóðann. Hér er fyrst og fremst fjallað um innleiðingu málsins en þegar henni er lokið snýst vinnan aðallega um að halda kerfi siglingaverndar við og fylgast með virkni þess. M.a. er gerð krafa um að æfingar verði haldnar reglulega.

Það fer ekki leynt að tímasetningarnar eru mjög knappar og vel þarf að halda á málum ef takast á að uppfylla kröfur um siglingavernd fyrir 1. júlí 2004. T.d. er brýnt að vekja athygli skipulagsyfirvalda sveitarfélaga á hversu knappur tímaramminn er og á nauðsyn þess að ráðstafanir vegna siglingaverndar fái forgang í afgreiðslu þeirra. Vakin er athygli á því að siglingaverndin fellur undir öryggismál og að því er eðlilegt að sjónarmið hennar vegi þyngra en önnur þegar kemur að skipulagsmálum. Afleiðingarnar af seinkunum eru að kröfur um siglingavernd verða ekki uppfylltar og skip hætti við að koma í höfn af þeim sökum.

Ljóst er að fjöldamargir aðilar, einkaaðilar og opinberir aðilar, koma að siglingavernd á einn eða annan hátt. Gerður er greinarmunur á ábyrgð og framkvæmd. Sá aðili sem ber ábyrgð á tilteknum verkþætti getur í mörgum tilfellum leitað til annarra aðila við að skipuleggja hann og sjá um rekstur og framkvæmd verkþáttarins. Skýrasta dæmið um þetta er t.d. verndaráætlun hafnar. Höfn ber ábyrgð á gerð og framkvæmd verndaráætlunar sinnar. Nokkuð ljóst er að hún þarf að leita aðstoðar hjá öðrum aðilum við að útfæra ýmis atriði verndaráætlunarinnar, svo sem er varðar vopn, meðferð trúnaðarupplýsinga og mat á váatvikum. Þá er þekking á sprengiefnum nauðsynleg við gerð verndaráætlunar en bæði ríkislögreglustjóri og Landhelgisgæslan búa yfir slíkri þekkingu. Einnig þarf hún að hafa samstarf við tollayfirvöld um verklag er varðar farmvernd. Þá gæti höfn þurft að framselja framkvæmd tiltekinna þátta í verndaráætlun til rekstraraðila á hafnarsvæðinu. Eftir sem áður bera hafnir ábyrgð gagnvart stjórnvöldum á framkvæmd hafnarverndar fyrir hönd rekstraraðila á hafnarsvæði.

Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri beri ábyrgð á ákvörðun vástigs. Í mynd 2.2, sem og í kafla 2, er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri taki ákvörðun um vástig og beri ábyrgð á þeirri ákvörðun og hvernig upplýsingum um hana er dreift. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri setji reglur í samráði við samstarfsaðila sína um dreifingu slíkra upplýsinga og meðferð þeirra t.d. með tilliti til trúnaðar. Ekki er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri sé bundinn af því að gera ráðstafanir til þess að dreifa upplýsingunum sjálfur, heldur leiti til fyrirliggjandi stofnana, svo sem Landhelgisgæslunnar, Vaktstöðvar siglinga, Neyðarlínunnar og annarra er málið varðar.

3.1 Samgönguráðuneytið.


Gert er ráð fyrir að samgönguráðuneytið vinni að innleiðingu IMO-samþykktarinnar í íslensk lög auk reglugerðar ESB þegar hún liggur fyrir og reglugerðar um búnað skipa. Fjallað er nánar um þessa vinnu í 5. kafla. Samgönguráðherra lagði fram frumvarp til laga um siglingavernd fyrir ríkisstjórn sem afgreiddi það í janúar. Þá er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið tilkynni um eftirtalda aðila til IMO:

- Íslenskt stjórnvald sem ber ábyrgð á siglingavernd (Siglingastofnun Íslands).
- Tengilið sem tekur á móti vákalli frá skipi (ríkislögreglustjóri/Landhelgisgæslan).
- Íslenskt stjórnvald sem annast hafnarríkiseftirlit (Siglingastofnun Íslands).
- Tengilið (contact point) fyrir leiðbeiningar til skipa um siglingavernd (Vaktstöð siglinga).

3.2 Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun í samráði við samgönguráðuneytið hóf undirbúning að siglingavernd strax í sumar. Þegar hefur stofnunin sent dreifibréf á hafnir, gefið út leiðbeinandi handbók fyrir hafnir og haldið nokkra kynningarfundi og þriggja daga námskeið fyrir verndarfulltrúa. Þá hafa á hennar vegum verið gerðar áætlanir um siglingavernd, unnið að útfærslu siglingaverndar í höfnum og undirbúin námskeið.

Í töflunni hér að neðan má sjá tímaáætlun Siglingastofnunar Íslands um innleiðingu hafnaverndar. Tímaáætlun er mjög knöpp þannig að vel þarf að halda á spilunum ef takast má að halda hana. Viðbúið er að Siglingastofnun þurfi að forgangsraða verkefnum við innleiðinguna og óvíst hvort hægt verði að viðurkenna allar hafnir er óska eftir því innan setts tímaramma.




Í myndinni kemur fram að hafnir urðu að tilkynna um hafnarvernd fyrir 1. nóvember og verndarfulltrúa fyrir 7. nóvember 2003. Stofnunin hélt námskeiðð fyrir verndarfulltrúa hafna 26.–28. nóvember, en miðað er við að þjálfun þeirra verði lokið fyrir lok mars 2004. Áhættumat átti að senda Siglingastofnun fyrir desemberlok og verndaráætlun fyrir janúarlok. Þessum verkefnum er að mestu lokið. Viðurkenning Siglingastofnunar á áhættumati og verndaráætlun að fenginni umsögn RLS þarf að vera lokið í byrjun marsmánaðar. Því fyrr sem verndaráætlun berst því fyrr mun afgreiðslu hennar hjá Siglingastofnun ljúka, en Siglingastofnun áskilur sér rétt til að forgangsraða afgreiðslu á verndaráætlunum og öðru er siglingavernd snertir í samræmi við mikilvægi hafnanna fyrir atvinnulíf og efnahag landsins. Berist gögn frá höfnunum vegna siglingaverndar seint er ekki hægt að tryggja að viðkomandi hafnir geti fengið þátttöku sína í siglingavernd staðfesta fyrir 1. júlí 2004. Uppsetningu verndarbúnaðar í samræmi við verndaráætlun þarf að vera lokið fyrir miðjan apríl 2004. Framkvæmd hafnaverndar í samræmi við verndaráætlun og þjálfun allra aðila sem koma að verndaráætluninni þarf að vera lokið fyrir maí. Um leið og unnið er að innleiðingunni þarf Siglingastofnun að sækja nauðsynlega þekkingu og koma skipulagi á siglingaverndina. M.a. þarf að setja upp aðgangsstýrðan tölvugrunn fyrir verndaráætlanir. Hann þarf að vera aðgengilegur fyrir stofnunina, auk ríkislögreglustjóra, tollyfirvöld og Landhelgisgæsluna auk annarra sem þurfa takmarkaðan aðgang til þess að setja upp verndaráætlanir sínar.

Siglingastofnun þarf að hafa eftirlit með og staðfesta framkvæmd verndaráætlunarinnar fyrir 1. júlí nk. með tilkynningu til IMO.

3.3 Vaktstöð siglinga.


Hér að neðan getur að líta helstu tímasetningar hjá Vaktstöð siglinga.



Vaktstöð siglinga gegnir hlutverki tengiliðar (Contact Point). Gert er ráð fyrir að undirbúningi fyrir þetta hlutverk verði lokið fyrir 15. apríl 2004. Siglingavernd verður undirbúin með þátttöku í námskeiðum, söfnun upplýsinga og gerð leiðbeininga. Eftir að undirbúningi lýkur er gert ráð fyrir þjálfunum og æfingum sem þarf að vera lokið fyrir 15. maí.

3.4 Landhelgisgæslan.


Eftirfarandi mynd sýnir helstu verkþætti í undirbúningi Landhelgisgæslunnar.



Gert er ráð fyrir að starfslið Landhelgisgæslu fái fræðslu um siglingavernd, einnig námskeiði, mögulega í samráði við ríkislögreglustjóra, í að framkvæma rannsóknir um borð í skipum á hafi úti. Miðað er við að Landhelgisgæslan verði í samstarfi við ríkislögreglustjóra um viðbragðsáætlanir og þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. maí. Sjá töfluna: viðbragðsáætlun, gagnasöfnun, undirbúningur.

3.5 Ríkislögreglustjóri.

Myndin hér að neðan sýnir helstu verkþætti við undirbúning ríkislögreglustjóra að siglingavernd.



Ríkislögreglustjórinn skipaði starfshóp sem hefur það hlutverk að setja fram áætlun og reglur fyrir þá verkliði sem lögreglan ber ábyrgð á, sbr. verkáætlun. Þá skal starfshópurinn gera tillögu að verklagsreglum um viðbrögð lögreglu við hækkuðu vástigi. Hlutverk starfshópsins er eftirfarandi:

1. Setja verklagsreglur um eftirfarandi atriði:
   - Mat á váatvikum og upplýsingum.
   - Móttöku vákalls – tilkynningu og meðferð.
   - Váatvik í hafi. RLS og LHG þurfa að hafa samvinnu um þennan verklið.

- Viðbrögð við hækkuðu vástigi. RLS og LHG þurfa að hafa samvinnu um þennan verklið.
- Meðferð og vörslu upplýsinga – kröfur og leiðbeiningar.

2. Skilgreina tilkynninga- og samskiptaleiðir vegna:
   - Tilkynninga til skipa um vástig í lögsögu.
   - Tilkynninga um vástig í höfnum.
   - Tilkynninga um ógnun til fánaríkis.
   - Tilkynninga um vákall frá íslensku skipi til ríkja við siglingaleið þess.
   - Tilkynninga til aðildarríkja um vástig 2 eða 3 í eigin skipum.

Starfshópurinn skal setja fram áætlun um þjálfun og fræðslu til þeirra lögreglumanna sem koma til með að starfa við siglingavernd. Samvinnu þarf við LHG og Siglingastofnun Íslands varðandi þennan verklið.


Starfshópurinn skal ljúka störfum eigi síðar en 1. mars 2004.

Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri miðli upplýsingum til verndarfulltrúa um ógnir og áhættu og fái síðan áhættumat hafna til yfirferðar og samþykktar. Áhættumat áttu að berast Siglingastofnun fyrir desemberlok 2003. Verndaráætlun skal senda fyrir janúarlok 2004. Þessum verkefnum er að mestu lokið. Viðurkenning Siglingastofnunar á áhættumati og verndaráætlun að fenginni umsögn RLS þarf að vera lokið í byrjun marsmánaðar. Loks er gert ráð fyrir að lögreglan taki þátt í æfingum í einstökum höfnum.

Verkáætlunin er sett fram með þeim fyrirvara að ríkislögreglustjóranum verði tryggt fjármagn til framkvæmdarinnar.

3.6 Fjármálaráðuneytið – tollstjórar.

Skipaður verði starfshópur til að vinna að farmvernd í samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila. Starfi hópsins verði hagað þannig að sérstakar verklagsreglur um farmvernd taki gildi þann 1. júlí 2004 þegar nýjar reglur um hafna- og siglingavernd taka gildi.




Gert er ráð fyrir að tollgæslan komi að námskeiðshaldi Siglingastofnunar með námskeiðsefni. Þá er gert ráð fyrir að tollgæsluyfirvöld aðstoði hafnir við gerð verndaráætlana, sérstaklega er varðar farm, leit, móttöku skipa og aðgangsstýringu að lokuðum svæðum með vöru til útflutnings. Einnig þurfa viðbrögð tollyfirvalda og hafna að fara saman er váatvik ber að höndum.

Tollgæslan vinnur að undirbúningi farmverndar og setur reglur og gerir nauðsynlegar ráðstafanir fyrir eftirlit með farmi allt frá verksmiðju, ef við á. Gert er ráð fyrir að tollyfirvöld taki þátt í prófunum og æfingum á siglingavernd sem lýkur í lok júní.

3.7 Hafnir.

Hafnir á Íslandi eru flestar nálægt því að vera það sem á ensku er nefnt „landlord“ hafnir. Hafnirnar eiga hafnarmannvirkin og hafnarlandið sem þær leigja út til notenda sem sjá um og reka ýmsa starfsemi sem fram fer á þessum svæðum. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð, sem samgönguráðherra setur höfnum landsins, bera þær ábyrgð á mörgu því sem viðkemur öryggi og umhverfi hafnarsvæða. Gert er ráð fyrir að þær beri þá ábyrgð á hafnarvernd á sínu hafnarsvæði sem í lögum og reglugerð samgönguráðherra felst, en framselji framkvæmd hennar til leigjenda eins og nauðsynlegt er.



Hafnir áttu að tilkynna SÍ um siglingavernd fyrir 7. nóvember 2003. Áætlanir þeirra miðuðust við að þjálfa og fá staðfestan verndarfulltrúa hafnarinnar (PFSO) og að tilskilinni þjálfun hans yrði lokið fyrir 1. desember 2003.

Eftirfarandi er verk- og tímaáætlun fyrir undirbúning hafnaverndar. Rétt er að geta þess að sumum verkefnanna hér á eftir er lokið og einnig eru nokkur langt komin:

Áhættumat.

Gert var ráð fyrir að hafnir gerðu, eða létu gera, áhættumat, samkvæmt forsögn og leiðbeiningum Siglingastofnunar og skyldi og aðstoði þá þjónustu-og rekstraraðila, sem ákvæði ISPS-kóðans taka til og aðstöðu hafa á hafnarsvæðinu, til að gera slíkt hið sama.

Miðað er við að hafnir geti notið utanaðkomandi aðstoðar við gerð áhættumats, frá RLS, Landhelgisgæslu, tollayfirvöldum og eða öðrum sem lagt geta verkefninu lið.

Áhættumat átti að sendast Siglingastofnun fyrir desemberlok 2003 og er þessi liður langt kominn.

Verndaráætlun.

Gert er ráð fyrir að hafnir geri eða láti gera verndaráætlun samkvæmt forsögn og leiðbeiningum Siglingastofnunar sem miðar að því að koma í veg fyrir að þær ógnir, sem í ljós koma samkvæmt áðurnefndu áhættumati, verði að veruleika. Hér verður um öryggishandbók að ræða með viðbragðsáætlunum vegna atvika og mismunandi váatvika ásamt leiðbeiningum um hvernig eigi að standa að framkvæmd siglingaverndar í hverri höfn.

Verndaráætlun skal send Siglingastofnun fyrir janúarlok 2004.

Tilnefning og þjálfun verndarfulltrúa.

Hafnir völdu verndarfulltrúa sína, einn eða fleiri, og tilkynntu Siglingastofnun til samþykktar fyrir 7. nóvember 2003.

Menntun og þjálfun verndarfulltrúa fór fram með námskeiði í umsjá Siglingastofnunar.

Ljóst er að þeir einstaklingar (ásamt staðgenglum) sem gegna hlutverki verndarfulltrúa munu hafa upplýsingar sem varða með beinum og óbeinum hætti öryggi almennings. Íslensk stjórnvöld munu hafa skoðun á því hvaða einstaklingar veljast til þessara verka. Þörf er á að bakgrunnskoðun einstaklinganna í skrám lögreglu verði heimiluð og munu verndarfulltrúar og verndarráðgjafar ekki hljóta viðurkenningu til starfa nema að henni undangenginni. Siglingastofnun og ríkislögreglustjóri móta í sameiningu reglur um það hvernig bregðast skuli við niðurstöðum bakgrunnskönnunar ef hún leiðir í ljós að væntanlegur verndarfulltrúi hafi gerst brotlegur með þeim hætti að haft geti áhrif á öryggisstörf hans og trúverðugleika á því sviði.

Uppsetning verndarbúnaðar.

Hafnir annist uppsetningu verndarbúnaðar í samræmi við ákvæði verndaráætlunar. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 15. apríl 2004.

Siglingastofnun skal sinna eftirliti og samþykkt verndarbúnaðar.

Þjálfun hafnarstarfsmanna.

Hafnarstarfsmenn fái þjálfun til þess að takast á við mismunandi hlutverk hvers og eins í hafnaverndinni, með námskeiðum og fræðslu á vegum Siglingastofnunar. Þjálfun hafnastarfsmanna verði lokið fyrir 1. maí.

Framkvæmd hafnarverndar.

Hafnir sjái um framkvæmd hafnaverndar í samræmi við samþykkta verndaráætlun í samvinnu við þjónustuaðila og aðra þá aðila sem verndaráætlunin varðar, svo sem lögreglu, tollayfirvöld og Landhelgisgæslu. Unnið verði að æfingum og prófunum frá miðjum maí til júníloka.

3.8 Skip og útgerðaraðilar.

Skip á íslenskri skipaskrá, sem falla undir siglingavernd, eru fá eða 2–3 skip. Einhver þeirra eru undir eftirliti flokkunarfélaga sem munu aðstoða við að uppfylla kröfur um siglingavernd.

4. TILLÖGUR AÐ LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGUM

Samgönguráðuneytið hefur umsjón með laga- og reglugerðarbreytingum sem fylgja innleiðingu reglnanna í íslenskan rétt. Lögð verða fram tvö frumvörp samhliða, annað til breytinga á lögum nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, og hitt með efnislegum ákvæðum um siglingavernd sem stjórnvöld eiga að innleiða og fylgja eftir. Markmiðið er að frumvörpin verði tilbúin í janúar og lögð fram á vorþingi 2004. Í viðauka er að finna drög að frumvarpi um siglingavernd.

Reglur um siglingavernd samanstanda fyrst og fremst af nýjum kafla í SOLAS og kóða fyrir vernd skipa og hafna, ISPS-kóðanum (International Code for the Security of Ships and Port Facilities). Reglurnar skiptast í A- og B-hluta og er A-hlutinn skuldbindandi en B-hlutinn leiðbeinandi. Samþykktin öðlast gildi 1. júlí 2004 í millilandasiglingum. Miðað er við

að sett verði reglugerð sem tekur til A-hluta ISPS-reglnanna auk annarra nauðsynlegra ákvæða.

Þá hefur framkvæmdastjórn ESB boðað birtingu þriggja nýrra reglugerðadraga í byrjun næsta árs. Ein reglugerðin fjallar um siglingavernd, önnur um hafnarvernd og hin þriðja um vernd blandaðra flutninga (þ.e. á landi, láði og legi). Reglur Evrópusambandsins munu ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en í júlí 2007. Þar af leiðir að laga- og reglugerðarbreytingar munu taka mið af fyrrgreindum reglum IMO.

5. FJÁRHAGSLEG ÁHRIF INNLEIÐINGAR

Erfitt er að meta fjárhagslegar afleiðingar siglingaverndar til fulls fyrr en verndaráætlanir liggja fyrir, útfærsla sem og ráðstafanir vegna þeirra. Einnig hefur verið bent á að siglingavernd hafi ýmsa kosti og sparnað á móti kostnaði við innleiðingu og rekstur hennar. Dæmi um það eru að vegna aukins eftirlits og lokunar hafnarsvæða verði minni líkur á smygli, laumufarþegum og slysum. Væntingar standa til að aukið eftirlit með farmi til útflutnings á alþjóðavísu fyrir tilstilli farmverndar minnki þörf fyrir innflutningseftirlit tollyfirvalda. Þegar þetta er skrifað (janúar 2004) er enn nokkuð í að innleiðingin nái landi.

Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi fulltrúum í stýrihópi um mat á kostnaði eigin stofnunar við að innleiða siglingavernd. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem bárust. Einnig er gerð lausleg grein fyrir hvernig miðað er við að kostnaður skiptist á milli hlutaðeigandi.

5.1 Siglingastofnun.

Vísað er til umfjöllunar um hlutverk og ábyrgð Siglingastofnunar við siglingavernd. Stofnunin hefur metið kostnað sinn við innleiðingu vera 10 m.kr. 2003 og 11 m.kr. 2004. Eftir það metur stofnunin kostnaðinn vera 8 m.kr. á ári. Kostnaðurinn er vegna aðkeyptrar ráðgjafarvinnu, nýs starfsmanns, námskeiða, kynningarfunda, erlends samstarfs o.fl.

5.2 Ríkislögreglustjóri.

Vísað er til umfjöllunar um hlutverk og ábyrgð ríkislögreglustjóra við siglingavernd. Embættið hefur metið kostnað embættisins við innleiðingu siglingaverndar og metur stofnkostnað vegna ýmiss konar búnaðar vera um 30 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir að lögreglan beri kostnað af vopnaleitarbúnaði eða öðrum leitarbúnaði.

Ríkislögreglustjóri leggur til að lögreglustjóra verði heimilt samkvæmt lögum að innheimta gjöld af útgerðaraðilum, hafnaryfirvöldum, farmflytjendum og öðrum þeim sem hag hafa af því að reglum um siglingavernd sé framfylgt. Gjaldið miðast við útselda vinnu lögreglumanns og annan tilfallandi kostnað við hvert verk. Þessi heimild er hugsuð fyrir þau tilvik þegar aðilar óska eftir sérstöku vinnuframlagi lögreglunnar sem ekki fellur beint undir hlutverk hennar í þágu almannahagsmuna.

Sé vástig hækkað hefur það í för með sér tímabundinn kostnaðarauka hjá viðkomandi lögreglustjóra og eftir atvikum ríkislögreglustjóra á meðan það ástand varir. Eðlilegt er að slíkum kostnaði verði mætt með aukafjárveitingu hverju sinni því erfitt er að áætla slíkt fyrir fram.

5.3 Landhelgisgæslan.

Landhelgisgæslan áætlar kostnað sinn af siglingavernd vera 9 m.kr. og er hann aðallega vegna námskeiða og þjálfunar auk stofnkostnaðar vegna búnaðar til að verjast hryðjuverka-

mönnum á hafi úti. Valdi hækkun vástigs tímabundnum kostnaðarauka er miðað við að slíkum kostnaði verði mætt með aukafjárveitingu. Þá er miðað við að Landhelgisgæslunni verði heimilað að innheimta fyrir kostnaði ef óskað er eftir sérstöku vinnuframlagi hennar sem fellur ekki beint undir hlutverk hennar í þágu almannahagsmuna.

5.4 Samband íslenskra kaupskipaútgerða.

Kostnaður aðildarfyrirtækja SÍK liggur ekki fyrir.

Þær ráðstafanir, sem ákvæði ISPS-kóðans mæla fyrir um að viðhafa skuli um borð í skipum, gilda um öll skip sem flytja vörur að og frá landinu og útgerðir þeirra. Þessar ráðstafanir hafa í för með sér aukinn tilkostnað við rekstur nær allra skipa sem eru í siglingum að og frá landinu, ekki aðeins þeirra skipa sem rekin eru af íslenskum kaupskipaútgerðum. Upplýsingar um þennan kostnaðarauka liggja ekki fyrir, en hann mun óhjákvæmilega leiða til almennra hækkana á farmgjöldum.

SÍK telur afar óheppilegt að þær ráðstafanir, sem hafnir viðhafa til að fullnægja skuldbindingum siglingaverndar, skuli, vegna þess nýja lagaumhverfis sem gilda á um hafnir eftir 1. júlí 2004, verða samkeppnisþáttur í rekstri hafnanna. Þetta kalli á eftirlit með því að ákvæðum sé framfylgt í þeim tilgangi að tryggja trúverðugleika og orðspor landsins á alþjóðlegum vettvangi.

5.5 Hafnir.

Miðað er við að hafnir beri ábyrgð á hafnarvernd á umráðasvæði hafnarinnar.

Gert er ráð fyrir að hafnir framselji að einhverju leyti framkvæmd hafnarverndar til rekstraraðila á hafnarsvæðinu. Í slíkum tilvikum þarf að liggja fyrir samkomulag um hlutverk og kostnaðarskiptingu á innleiðingu og framkvæmd siglingaverndar.

Engin höfn hefur lokið við gerð verndaráætlunar og eru því ekki til nákvæmar kostnaðaráætlanir um innleiðingu siglingaverndar í höfnum. Þegar vitað er hversu margar hafnir munu innleiða siglingavernd og verndaráætlanir liggja fyrir er hægt að slá mati á kostnað sem verndaráætlunin leiðir af sér fyrir hafnir. Hins vegar hafa borist grófar kostnaðaráætlanir frá Akureyrarhöfn, Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn. Akureyrarhöfn metur stofnkostnað við að uppfylla kröfurnar vera 15. m.kr. og árlegan rekstrarkostnað vera 11 m.kr. Reykjavíkurhöfn áætlar árlegan kostnað sinn og annarra aðila á hafnarsvæðinu við siglingavernd vera um 195 m.kr. að teknu tilliti til stofnkostnaðar. Hafnarfjarðarhöfn áætlar stofnkostnað vera 35–40 m.kr. en árlegan rekstrarkostnað 25–35 m.kr. miðað við vöktun hafnarsvæðisins allan sólarhringinn en hugsanlega má leysa það með hagkvæmari hætti.

Fulltrúar hafna hafa óskað eftir að gjaldtökuheimildir verði settar í lög til þess að standa straum af kostnaði þeirra við siglingavernd. Þær er að finna í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga um siglingavernd. Miðað er við að innheimta gjöld af farmeigendum, útgerðaraðilum skipa og farþegum eftir því sem við á.

Viðauki.

ISPS-KÓÐI
A-HLUTI

KRÖFUR SEM SKYLT ER AÐ HLÍTA
SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM KAFLA XI–2 Í ALÞJÓÐASAMÞYKKTINNI
UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU, 1974, MEÐ BREYTINGUM

1. Almennt.

1.1. Inngangur.

Þessi hluti alþjóðakóðans um skipa- og hafnavernd inniheldur kröfur sem skylt er að hlíta og sem tilgreindar eru í kafla XI–2 í alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, með breytingum.

1.2. Markmið.

Markmið þessa kóða eru:

1. að mynda alþjóðlegan samstarfsgrundvöll fyrir ríkisstjórnir samningsaðila, ríkisstofnanir, sveitarstjórnir og atvinnuvegi á sviði siglinga og hafna til að greina ógn við öryggi og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana til að fyrirbyggja atvik sem ógna öryggi og snerta skip eða hafnaraðstöðu sem notuð er í alþjóðlegum siglingum;
2. að ákveða hlutverk og ábyrgð ríkisstjórna samningsaðila, ríkisstofnana, sveitarstjórna og atvinnuvega á sviði siglinga og hafna, innan lands og á alþjóðlegum vettvangi, við að tryggja siglingavernd;
3. að tryggja skjóta og markvissa söfnun og miðlun upplýsinga sem varða öryggismál;
4. að móta aðferðir við gerð áhættumats sem nýtist við gerð áætlana og þróun aðferða til að bregðast við breytingum á vástigi; og
5. að skapa traust á því að gripið sé til fullnægjandi og viðeigandi ráðstafana til að tryggja siglingavernd.

1.3. Kröfur um ráðstafanir.

Til að stuðla að því að markmið kóðans náist eru í honum kröfur um ráðstafanir í því skyni. Í þeim felst eftirfarandi, sem þó er ekki tæmandi upptalning:

1. að safna upplýsingum og meta sem lúta að ógn við öryggi og miðla þeim til hlutaðeigandi ríkisstjórna samningsaðila;
2. að krefjast þess að reglur um samskipti skipa og hafnaraðstöðu séu uppfærðar;
3. að hindraður sé óheimill aðgangur að skipum, hafnaraðstöðu og svæðum þar sem höft eru í gildi;
4. að komið sé í veg fyrir að óheimil vopn, íkveikjusprengjur eða sprengiefni berist um borð í skip eða til hafnaraðstöðu;
5. að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að unnt sé að gera viðvart um yfirvofandi ógn við öryggi eða váatvik;
6. að gerð sé verndaráætlun fyrir skip og hafnaraðstöðu sem byggist á áhættumati; og
7. að fræðsla, þjálfun og æfingar fari fram til að tryggja þekkingu á verndaráætlunum og verklagi samkvæmt þeim.

2. Skilgreiningar.

2.1.

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

1. Samþykktin merkir alþjóðasamþykktina um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, með breytingum.
2. Regla merkir reglu í alþjóðasamþykktinni.
3. Kafli merkir kafla í alþjóðasamþykktinni.
4. Verndaráætlun skips merkir áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir um borð í skipinu til að vernda einstaklinga um borð, farm, farmflutningseiningar, vistir eða skipið sjálft gegn hættu sem stafar af váatvikum.
5. Verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu merkir áætlun til að tryggja gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu og skip, einstaklinga, farm, flutningseiningar og vistir innan hafnarsvæðisins gegn hættu sem stafar af váatvikum.
6. Verndarfulltrúi skips er sá einstaklingur um borð í skipi sem hefur ábyrgð gagnvart skipstjóra og er tilnefndur af útgerðarfélagi til að annast verndarmál skipsins, þar á meðal að innleiða og viðhalda verndaráætlun skipsins, og sjá um samskipti við verndarfulltrúa útgerðarfélagsins og verndarfulltrúa hafna.
7. Verndarfulltrúi útgerðarfélags er sá einstaklingur sem útgerðarfélag skips hefur falið að tryggja að gert sé áhættumat fyrir skipið, að verndaráætlun sé gerð, lögð sé fyrir til samþykktar og sem verði síðan hrundið í framkvæmd og haldið við. Einnig skal verndarfulltrúi útgerðarfélags bera ábyrgð á samskiptum við verndarfulltrúa hafna og verndarfulltrúa skips.
8. Verndarfulltrúi hafnar er sá einstaklingur sem ber ábyrgð á að þróa, innleiða, endurskoða og halda við verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og eiga samskipti við verndarfulltrúa skips og útgerðarfélags.
9. Vástig 1 er það stig þegar viðhlítandi lágmarksverndarráðstöfunum skal beitt öllum stundum.
10. Vástig 2 er það stig þegar viðhlítandi viðbótar verndarráðstöfunum skal beitt tímabundið vegna aukinnar hættu á váatviki.
11. Vástig 3 er það stig þegar grípa skal tímabundið til sértækra verndar- og öryggisráðstafana meðan líkur eru taldar á váatviki eða það er yfirvofandi, þótt e.t.v. sé ekki unnt að benda á tiltekið „skotmark".

2.2.

Þegar hugtakið „skip" er notað í þessum kóða nær það einnig yfir færanlega borpalla á sjó og háhraðaför sem skilgreind eru í reglu XI-2/1.

2.3

Þegar fjallað er um hafnaraðstöðu í 14.-18. kafla þessa kóða felur hugtakið „ríkisstjórn samningsaðila" í sér tilvísun til hugtaksins „tilnefnt stjórnvald".

2.4.

Þau hugtök, sem ekki eru sérstaklega skilgreind í þessum hluta, skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í köflum I og XI-2.

3. Gildissvið.

3.1.

Ákvæði þessa kóða gilda um:

1. eftirtaldar gerðir skipa í millilandasiglingum:
   a. farþegaskip, þar með talin háhraðafarþegaför;
   b. flutningaskip, þar með talin háhraðaför, 500 brúttótonn að stærð og stærri; og
   c. færanlega borpalla á sjó; og
2. hafnaraðstöðu, sem þjónar framangreindum skipum í millilandasiglingum.

3.2.

Þrátt fyrir ákvæði kafla 3.1.2 skulu ríkisstjórnir samningsaðila ákveða að hve miklu leyti ákvæði þessa hluta kóðans skuli gilda um hafnaraðstöðu á umráðasvæði þeirra sem einkanlega þjóna skipum sem ekki eru í millilandasiglingum, en þjóna þó stöku sinnum skipum sem taka þar höfn eða láta úr höfn í millilandasiglingar.

3.2.1.

Ríkisstjórnir samningsaðila skulu byggja ákvarðanir sínar samkvæmt kafla 3.2 á áhættumati fyrir hafnaraðstöðu sem gert er í samræmi við þennan hluta kóðans.

3.2.2.

Ákvarðanir sem ríkisstjórn samningsaðila tekur samkvæmt kafla 3.2. skulu ekki veikja það öryggi sem leitast er við að ná með kafla XI-2 eða þessum hluta kóðans.

3.3.

Ákvæði þessa kóða gilda ekki um herskip, aðstoðarskip sjóherja eða önnur skip í eigu eða útgerð ríkisstjórnar samningsaðila og eru eingöngu starfrækt í þjónustu hins opinbera og ekki í atvinnuskyni.

3.4.

Ákvæði 5.–13. kafla og 19. kafla í þessum hluta kóðans gilda um útgerðarfélög og skip eins og kveðið er á um í reglu XI-2/4.

3.5.

Ákvæði 5. kafla og 14.–18. kafla í þessum hluta kóðans gilda um hafnaraðstöðu eins og kveðið er á um í reglu XI-2/10.

3.6.

Ákvæði þessa kóða gilda með fyrirvara um réttindi og skyldur ríkja samkvæmt þjóðarétti.

4. Ábyrgð og skyldur ríkisstjórna samningsaðila.

4.1.

Með fyrirvara um ákvæðin í reglum XI-2/3 og XI-2/7 skulu ríkisstjórnir samningsaðila ákveða vástig og gefa út leiðbeiningar um vernd við váatvikum. Því hærra sem vástig er þeim mun meiri líkur eru á váatviki. Meðal þeirra þátta sem leggja ber mat á við ákvörðun vástigs eru:

1. hversu áreiðanlegar upplýsingarnar um ógn eru;
2. hvort upplýsingar um ógn fáist staðfestar;

3. hversu ítarlegar upplýsingarnar eru og hversu bráð hættan virðist; og
4. mögulegar afleiðingar váatviksins.

4.2.

Við ákvörðun vástigs 3 skulu ríkisstjórnir samningsaðila eftir þörfum gefa út viðhlítandi fyrirmæli og leiðbeiningar um öryggismál til þeirra skipa og hafnaraðstöðu sem þetta getur snert.

4.3.

Ríkisstjórnum samningsaðila er heimilt að fela viðurkenndum verndaraðila að sinna hluta þeirra skuldbindinga á sviði öryggismála sem tilgreindar eru í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans, en þó ekki:

1. að ákveða gildandi vástig;
2. að samþykkja áhættumat fyrir hafnaraðstöðu og breytingar sem kunna að verða á staðfestu áhættumati;
3. að ákveða hvaða hafnaraðstaða skuli tilnefna verndarfulltrúa hafnar;
4. að viðurkenna verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu og þær breytingar sem kunna að verða á viðurkenndri áætlun;
5. að hafa eftirlit og gæta þess að ráðstöfunum samkvæmt reglu XI-2/9 sé framfylgt; og
6. að ákveða hvaða kröfur skuli gerðar til yfirlýsingar um siglingavernd.

4.4.

Ríkisstjórnir samningsaðila skulu ákveða hvenær þörf er á yfirlýsingu um siglingavernd með því að meta hvaða hættu snertifletir skips og hafnar eða innbyrðis samskipti milli skipa geta skapað gagnvart einstaklingum, eignum eða umhverfinu.

5. Yfirlýsing um siglingavernd.

5.1.

Aðildarríki skulu, með því að leggja mat á það hvort á snertiflötum skips og hafnaraðstöðu, eða í innbyrðis samskiptum milli skipa, sé hættu að finna sem beinist að einstaklingum, eignum eða umhverfi, ákveða hvenær krefjast skal yfirlýsingar um siglingavernd.

5.2.

Skip getur farið fram á yfirlýsingu um siglingavernd þegar:

1. vástig skips er hærra en hafnar sem það kemur til eða skips sem það er í samskiptum við;
2. fyrir liggur samkomulag um yfirlýsingu um siglingavernd milli ríkisstjórna samningsaðila sem tekur til tiltekinna millilandasiglinga eða tiltekinna skipa í þessum siglingum;
3. skipi eða höfn hefur verið ógnað eða orðið hafa váatvik sem tengjast skipi eða höfn, eftir því sem við á;
4. skip er í höfn þar sem ekki er krafist viðurkenndrar verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu;
5. skip á í samskiptum við skip þar sem ekki er krafist viðurkenndrar verndaráætlunar skips.

5.3.
Beiðnum um gerð yfirlýsingar um siglingavernd í samræmi við ákvæði þessa kafla skal sinnt af viðkomandi höfn eða viðkomandi skipi.

5.4.
Yfirlýsing um siglingavernd skal gerð af:
1. skipstjóra eða verndarfulltrúa skips fyrir skipsins hönd, og ef við á,
2. verndarfulltrúa hafnar eða, ef ríkisstjórn samningsaðila kýs að ráðstafa því svo, annar aðili sem er ábyrgur fyrir öryggi í landi í umboði hafnar.

5.5.
Í yfirlýsingu um siglingavernd skal fjallað um þær kröfur til siglingaverndar sem hafnaraðstaða og skip (eða fleiri skip sín á milli) skulu uppfylla og þar skal kveðið á um ábyrgð hvers aðila um sig.

5.6.
Ríkisstjórnir samningsaðila skulu, með tilliti til ákvæðanna í reglu XI-2/9.2.3, tilgreina þann lágmarkstíma sem yfirlýsingar um siglingavernd skulu varðveittar af hálfu hafnaraðstöðu innan umráðasvæðis þeirra.

5.7.
Stjórnvöld skulu, með tilliti til ákvæðanna í reglu XI-2/9.2.3, mæla fyrir um þann lágmarkstíma sem varðveita skal yfirlýsingar um siglingavernd skipa sem hafa rétt til að sigla undir fána þeirra.

6. Skyldur útgerðarfélags.
6.1.
Útgerðarfélag skal tryggja að í verndaráætlun skips sé ótvíræð yfirlýsing um óskorað umboð og valdsvið skipstjóra. Útgerðarfélagi ber að taka það fram í verndaráætlun skips að skipstjórinn hafi endanlegt vald og beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum sem lúta að öryggi og vernd skipsins og á því að leita aðstoðar útgerðarfélagsins eða hvaða ríkisstjórn samningsaðila sem er, ef þörf krefur.

6.2.
Útgerðarfélagi ber að sjá til þess að verndarfulltrúi útgerðarfélags, skipstjóri og verndarfulltrúi skips hljóti nægilegan stuðning við að sinna skyldum og ábyrgðarstörfum þeirra til samræmis við ákvæði kafla XI-2 og þessa hluta kóðans.

7. Vernd skipa.
7.1.
Skip skulu haga viðbrögðum sínum við vástigi skilgreindu af ríkisstjórn samningsaðila eins og um getur hér á eftir.

7.2.
Á vástigi 1 skulu eftirtaldar ráðstafanir gerðar með viðhlítandi hætti um borð í öllum skipum, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, í því skyni að greina váatvik og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana gegn þeim:

1. tryggja að allar verndarráðstafanir skips séu fullnægjandi;
2. stýra aðgangi um borð í skip;
3. hafa eftirlit með fólki sem fer um borð og farangri þess;
4. vakta svæði þar sem höft eru í gildi til að tryggja að einungis einstaklingar er hafa til þess heimild fái þar aðgang;
5. vakta þilför skips og næsta umhverfi þess;
6. hafa eftirlit með meðhöndlun farms og vista; og
7. tryggja að samskiptaleiðir sem varða siglingavernd séu virkar og tiltækar.

7.3.

Á vástigi 2 skal beita þeim viðbótarvarnaraðgerðum, sem tilgreindar eru í verndaráætlun skips, fyrir hvern starfsþátt sem lýst er í kafla 7.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

7.4.

Á vástigi 3 skal til viðbótar beitt sérstökum fyrirbyggjandi ráðstöfunum, sem tilgreindar eru í verndaráætlun skips, fyrir hvern starfsþátt sem lýst er í kafla 7.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

7.5.

Í hvert sinn sem stjórnvald ákveður vástig 2 eða vástig 3 skal skip staðfesta móttöku fyrirmæla um breytt vástig.

7.6.

Áður en skip kemur til hafnar, eða meðan það liggur í höfn innan lögsögu ríkisstjórnar samningsaðila sem hefur ákveðið vástig 2 eða 3 skal skipið staðfesta móttöku slíkra fyrirmæla og staðfesta við verndarfulltrúa hafnar að byrjað sé að gera viðhlítandi ráðstafanir eftir verndaráætlun skipsins og, ef um er að ræða vástig 3, eftir fyrirmælum ríkisstjórnar samningsaðila sem ákvað vástig 3. Skipið skal tilkynna hvers kyns vanda við framkvæmd. Í slíkum tilvikum skulu verndarfulltrúi skips og verndarfulltrúi hafnar hafa náið samráð og samræma viðeigandi ráðstafanir.

7.7.

Ef stjórnvald krefst þess að skip hækki vástig sitt umfram það sem gildir fyrir höfn þá sem skip hyggst taka eða liggur þegar í, eða ef vástig skips er þegar hærra en það sem gildir í viðkomandi höfn, skal skipið tafarlaust gera viðvart um þetta til lögbærs yfirvalds þeirrar ríkisstjórnar samningsaðila þar sem höfn er staðsett og til verndarfulltrúa hafnarinnar.

7.7.1.

Í slíkum tilvikum skal verndarfulltrúi skips hafa samband við verndarfulltrúa hafnar og skulu þeir samræma viðeigandi ráðstafanir ef þess gerist þörf.

7.8.

Stjórnvald sem gefur skipum sem hafa rétt til að sigla undir fána þess fyrirmæli um að vástig 2 eða 3 skuli gilda í höfn annarrar ríkisstjórnar samningsaðila skal tafarlaust tilkynna það til þeirrar ríkisstjórnar samningsaðila.

7.9.

Þegar ríkisstjórnir samningsaðila ákveða vástig og tryggja að upplýsingar um það berist til skipa sem sigla í landhelgi þeirra, eða hafa tilkynnt að þau hyggist sigla inn í landhelgi þeirra, skal þessum skipum ráðlagt að sýna árvekni og tilkynna án tafar til stjórnvalds þeirra og nærliggjandi strandríkja um alla vitneskju sem það öðlast um hvaðeina sem gæti haft áhrif á siglingavernd á svæðinu.

7.9.1.

Þegar ríkisstjórn samningsaðila tilkynnir þessum skipum um gildandi vástig skal hún einnig, með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, greina þessum skipum frá þeim verndarráðstöfunum sem þau ættu að grípa til og, ef við á, um þær ráðstafanir sem ríkisstjórn samningsaðila grípur til í því skyni að veita vernd gegn ógninni.

8. Áhættumat fyrir skip.

8.1.

Áhættumat fyrir skip er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur þáttur í því að útbúa og uppfæra verndaráætlun skips.

8.2.

Verndarfulltrúi útgerðar skal tryggja að áhættumat fyrir skip sé unnið af einstaklingum sem ráða yfir viðeigandi sérfræðikunnáttu í að meta skipsverndina í samræmi við þennan kafla og með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

8.3.

Með fyrirvara um ákvæðin í kafla 9.2.1 getur viðurkenndur verndaraðili annast áhættumat fyrir tiltekið skip.

8.4.

Áhættumat fyrir skip skal fela í sér vettvangsskoðun sem að lágmarki skal ná til eftirtalinna þátta:

1. að bera kennsl á og lýsa þeim verndarráðstöfunum, verklagsreglum og aðgerðum sem beitt er;
2. að bera kennsl á og meta þá grundvallarþætti í starfseminni um borð sem mikilvægt er að vernda;
3. að bera kennsl á hugsanlega ógn við grundvallarþætti starfseminnar um borð og meta hvaða líkur séu á henni til að koma á og forgangsraða verndaraðgerðum; og
4. bera kennsl á veikleika, þar á meðal mannlega veikleika í grunnvirkjum, stefnu og verklagsreglum.

8.5.

Skjalfesta skal áhættumat fyrir skip og útgerðarfélagið skal fara yfir það, samþykkja það og varðveita.

9. Verndaráætlun skips.

9.1.

Um borð í sérhverju skipi skal vera verndaráætlun skipsins sem hafi hlotið samþykki stjórnvalds. Í áætluninni skal taka tillit til hinna þriggja vástiga sem skilgreind eru í þessum hluta kóðans.

9.1.1.

Með fyrirvara um ákvæðin í kafla 9.2.1 getur viðurkenndur verndaraðili útbúið verndaráætlun fyrir tiltekið skip.

9.2.

Stjórnvaldi er heimilt að fela viðurkenndum verndaraðilum að endurskoða og samþykkja verndaráætlanir skipa eða gera breytingar á áætlunum sem hlotið hafa samþykki.

9.2.1.

Í þessum tilvikum má hinn viðurkenndi verndaraðili sem tekst á hendur endurskoðun og samþykkt verndaráætlunar tiltekins skips eða gerir breytingar á henni hvorki hafa verið aðili að áhættumati skips né breytingum á þeirri verndaráætlun sem verið er að endurskoða.

9.3.

Verndaráætlun skips eða breytingum á samþykktri verndaráætlun sem lögð er fyrir til samþykktar skal fylgja áhættumat það sem verndaráætlunin eða breytingarnar grundvallast á.

9.4.

Slík áætlun skal gerð með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða og skal rituð á vinnutungumáli eða vinnutungumálum skipsins. Ef það eða þau tungumál eru hvorki enska, franska né spænska skal fylgja með þýðing á eitt þessara tungumála. Verndaráætlun skal að minnsta kosti innihalda eftirfarandi:

1. ráðstafanir til að hindra að vopn, hættuleg efni og búnaður sem ætlaður er til nota gegn einstaklingum, skipum eða höfnum og óheimilt er að flytja séu tekin um borð í skipið;
2. skilgreiningu á svæðunum þar sem höft eru í gildi og ráðstafanir til að hindra óheimilan aðgang að þeim;
3. ráðstafanir til að hindra að unnt sé að komast um borð í skipið í heimildarleysi;
4. starfsreglur um það hvernig skuli bregðast við váatvikum eða brestum í skipsvernd, þar með talið ákvæði um hvernig mikilvægri starfsemi um borð í skipi eða á snertiflötum skips og hafnar skuli haldið gangandi;
5. starfsreglur um það hvernig brugðist skuli við þeim fyrirmælum sem ríkisstjórnir samningsaðila kunna að gefa við vástig 3;
6. starfsreglur um brottflutning fólks ef um váatvik er að ræða eða brestir verða í skipsvernd;
7. skyldur skipverja sem bera ábyrgð á vernd skipsins og annarra skipverja með tilliti til skipsverndar;
8. starfsreglur um það hvernig endurmeta skuli verndarráðstafanirnar;
9. starfsreglur um tilhögun kennslu, þjálfunar og æfinga sem tengjast verndaráætlun;
10. starfsreglur um tilhögun þátttöku í verndarráðstöfunum hafnaraðstöðu;
11. starfsreglur um tilhögun reglubundinnar endurskoðunar og uppfærslu verndaráætlunar;
12. starfsreglur um það hvernig skuli tilkynna um váatvik;

13. útnefningu verndarfulltrúa skips;
14. útnefningu verndarfulltrúa útgerðarfélags ásamt upplýsingum um hvernig unnt sé að ná sambandi við hann á hvaða tíma sólarhrings sem er;
15. starfsreglur um það hvernig tryggja skuli eftirlit með verndarbúnaði skipsins, prófun hans, stillingu og viðhaldi;
16. starfsreglur um það hversu títt skuli prófa og stilla verndarbúnað skipsins;
17. skilgreiningu á því hvar hægt er að ræsa vákallsbúnað[1]; og
18. starfsreglur og fyrirmæli um notkun á vákallsbúnaði skipsins, þar á meðal hvernig skuli prófa hann, ræsa hann, slökkva á honum og endurstilla, og hvernig skuli stemma stigu við tilefnislausum vaköllum.

9.4.1.

Starfsmenn sem annast innri endurskoðun þeirra verndarráðstafana sem lýst er í verndaráætlun eða meta framkvæmd þeirra skulu ekki tengjast þeim störfum sem endurskoðunin nær til nema slíkt sé óhagkvæmt vegna stærðar og eðlis útgerðarfélagsins eða skipsins.

9.5.

Stjórnvöld skulu ákveða hvaða breytingar á samþykktri verndaráætlun eða búnaði sem getið er um í slíkri áætlun skuli ekki koma til framkvæmda eða verða beitt fyrr en viðeigandi breytingar á verndaráætluninni hafa hlotið samþykki stjórnvalda. Sérhver slík breyting skal að minnsta kosti vera jafnáhrifarík og þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans.

9.5.1.

Inntak breytinga sem gerðar eru á verndaráætlun skips eða verndarbúnaði sem hlotið hefur sérstakt samþykki stjórnvalda í samræmi við ákvæði kafla 9.5 skal skjalfest á þann hátt að samþykki stjórnvalda birtist með óyggjandi hætti. Samþykki stjórnvalda skal liggja fyrir um borð og skal þar lagt fram ásamt alþjóðlegu siglingaverndarskírteini (eða alþjóðlegu siglingaverndarskírteini til bráðabirgða). Séu breytingarnar tímabundnar þarf ekki að varðveita skjalið um borð eftir að hinar upphaflegu samþykktu ráðstafanir og samþykktur búnaður hafa verið tekin í notkun á ný.

9.6.

Heimilt er að varðveita verndaráætlun skips á rafrænu formi. Ef það er gert skal vernda hana með aðferðum sem miða að því að hindra óheimila eyðingu hennar, förgun eða breytingu á henni.

9.7.

Verja skal áætlunina fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

---

[1] Í því skyni að koma í veg fyrir að því markmiði að hafa vákallsbúnað um borð í skipi sé stofnað í hættu með einhverjum hætti mega stjórnvöld heimila að þessar upplýsingar séu varðveittar annars staðar um borð í skjali sem aðeins skipstjórinn, verndarfulltrúi skipsins og aðrir háttsettir starfsmenn um borð vita um, eftir því sem útgerðarfélag ákveður.

9.8.

Verndaráætlanir skipa falla ekki undir eftirlit þeirra eftirlitsmanna sem ríkisstjórn samningsaðila skipar til að hafa eftirlit með því að ráðstöfunum samkvæmt reglu XI-2/9 sé framfylgt nema undir þeim kringumstæðum sem lýst er í kafla 9.8.1.

9.8.1.

Ef þeir eftirlitsmenn sem ríkisstjórn samningsaðila hefur skipað hafa rökstuddan grun um að skip uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í kafla XI-2 eða A-hluta þessa kóða og eina leiðin til þess að sannreyna það eða bæta úr því er að fara yfir viðhlítandi fyrirmæli í verndaráætlun skipsins má gera þá undanþágu að veita takmarkaðan aðgang að þeim fyrirmælum einvörðungu sem varða meintar vanefndir, en þó því aðeins að ríkisstjórn samningsaðila sem ábyrg er fyrir skipinu eða skipstjóri þess veiti samþykki sitt. Engu að síður skal líta á þau ákvæði áætlunarinnar sem snerta kafla 9.4 og undirkafla .2, .4, .5, .7, .15, .17, og .18 í þessum hluta kóðans sem trúnaðarupplýsingar sem ekki skuli sæta skoðun nema hlutaðeigandi ríkisstjórnir komist að samkomulagi um það.

10. Skrár.

10.1.

Að lágmarki skal færa og varðveita um borð skrár um eftirtalin atriði í verndaráætlun skips, í að minnsta kosti þann lágmarkstíma sem fyrirmæli stjórnvalda segja fyrir um, og með tilliti til ákvæða í reglu XI-2/9.2.3:

1. kennslu, þjálfun og æfingar;
2. ógnanir og váatvik;
3. bresti í skipsverndinni;
4. breytingar á vástigi;
5. samskipti sem varða beinlínis öryggi skips, svo sem tilteknar ógnanir við skip eða þá hafnaraðstöðu þar sem skipið liggur eða hefur legið;
6. innri endurskoðun og endurmat á verndarráðstöfunum;
7. reglubundna endurskoðun á áhættumati fyrir skip;
8. reglubundna endurskoðun á verndaráætlun skips;
9. framkvæmd breytinga á verndaráætlunum; og
10. viðhald, stillingar og prófanir á þeim verndarbúnaði sem er til ráðstöfunar um borð, þar á meðal prófanir á vákallsbúnaði skipsins.

10.2.

Skrárnar skulu færðar á vinnutungumáli eða vinnutungumálum skipsins. Ef það eða þau tungumál eru hvorki enska, franska eða spænska skal þýðing á eitthvert þessara tungumála fylgja með.

10.3.

Skrárnar mega vera á rafrænu formi. Ef svo er skulu þær varðar með ráðstöfunum sem hindra óheimila eyðingu þeirra, förgun eða breytingu á þeim.

10.4.

Verja skal skrárnar fyrir óheimilum aðgangi og birtingu.

11. Verndarfulltrúi útgerðarfélags.

11.1

Útgerðarfélag skal tilnefna verndarfulltrúa. Sá einstaklingur sem útnefndur er sem verndarfulltrúi útgerðarfélags getur verið verndarfulltrúi viðkomandi útgerðarfélags gagnvart fleiri skipum en einu, háð fjölda og gerð þeirra skipa sem útgerðarfélagið rekur, að því tilskildu að ótvírætt sé hvaða skip séu á ábyrgð viðkomandi einstaklings. Útgerðarfélag sem rekur mörg skip eða skip ólíkrar gerðar getur tilnefnt fleiri en einn verndarfulltrúa að því tilskildu að það sé ótvírætt hvaða skip séu á ábyrgð hvers verndarfulltrúa um sig.

11.2.

Til viðbótar þeim skyldum og þeirri ábyrgð verndarfulltrúa útgerðarfélags sem greint er frá annars staðar í þessum hluta kóðans skulu viðfangsefni og ábyrgð verndarfulltrúa útgerðarfélags vera eftirtalin, sem þó er ekki tæmandi upptalning:

1. upplýsa um þá áhættu sem skipið mun að líkindum verða fyrir og nota viðeigandi áhættumat og aðrar upplýsingar sem máli skipta;
2. sjá til þess að mat á vernd skipa fari fram;
3. sjá til þess að gerð sé verndaráætlun fyrir skipið, að hún sé lögð fram til samþykktar og að svo búnu sé farið eftir henni og henni haldið við;
4. sjá til þess að verndaráætlun skips sé breytt eftir því sem við á til að bæta úr hugsanlegum ágöllum og mæta verndarkröfum fyrir viðkomandi skip;
5. skipuleggja innra gæðaeftirlit og endurmat á verndarráðstöfunum;
6. skipuleggja fyrstu og síðari sannprófanir á skipinu sem stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili framkvæmir;
7. tryggja að samstundis sé brugðist við annmörkum á skipsvernd eða frávikum sem koma í ljós við innri úttektir, reglubundið endurmat, öryggisskoðanir eða sannprófun á að kröfum sé fullnægt;
8. vekja vitund fólks um skipsvernd og árvekni;
9. tryggja viðeigandi þjálfun þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á skipsvernd;
10. tryggja virk samskipti og samvinnu milli verndarfulltrúa skips og hlutaðeigandi verndarfulltrúa hafnar;
11. tryggja samræmi milli krafna um skipsvernd og krafna um öryggi skips;
12. tryggja að þótt notaðar séu verndaráætlanir fyrir systurskip eða skipaflota endurspegli verndaráætlun sérhvers skips nákvæmlega upplýsingar um það tiltekna skip; og
13. tryggja að allir valkostir eða jafngildar ráðstafanir sem samþykktar eru fyrir tiltekið skip eða tiltekinn flokk skipa komi til framkvæmda og sé haldið við.

12. Verndarfulltrúi skips.

12.1.

Verndarfulltrúi skal tilnefndur um borð í sérhverju skipi.

12.2.

Til viðbótar þeim skyldum og þeirri ábyrgð verndarfulltrúa skips sem greint er frá annars staðar í þessum hluta kóðans skulu viðfangsefni og ábyrgð hans vera eftirfarandi, sem þó er ekki tæmandi upptalning:

1. annast reglubundnar öryggisskoðanir á skipinu til að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu gerðar;

2. viðhalda verndaráætlun skips og sjá um framkvæmd hennar, þar með talið að gera nauðsynlegar breytingar á áætluninni;
3. samhæfa öryggisþætti og verndaraðgerðir við meðhöndlun farms og vista við störf annarra skipverja og störf hlutaðeigandi verndarfulltrúa hafnar;
4. gera tillögur um breytingar á verndaráætlun skips;
5. tilkynna verndarfulltrúa útgerðarfélags um alla annmarka og frávik sem í ljós koma við innri úttektir, reglubundið endurmat, öryggisskoðanir og sannprófun á að kröfum sé fullnægt og að hrinda í framkvæmd úrbótum;
6. efla skilning á skipsvernd og árvekni um borð;
7. tryggja að skipverjar hljóti fullnægjandi þjálfun, eftir því sem við á;
8. tilkynna um öll váatvik;
9. samræma framkvæmd verndaráætlunar skips í samstarfi við verndarfulltrúa útgerðarfélags og hlutaðeigandi verndarfulltrúa hafnar; og
10. tryggja að verndarbúnaði skips, ef einhver er, sé beitt rétt, hann sé prófaður, stilltur og honum haldið við.

13. Kennsla, þjálfun og æfingar á sviði skipsverndar.

13.1.

Verndarfulltrúi útgerðarfélags og viðeigandi starfslið í landi skal öðlast þekkingu og þjálfun með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

13.2.

Verndarfulltrúi skips skal öðlast þekkingu og þjálfun með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

13.3.

Þeim skipverjum sem hafa sérhæfðum skyldum að gegna á sviði siglingaverndar skal vera ljós ábyrgð sín á sviði siglingaverndar eins og lýst er í verndaráætlun skips og þeir skulu hafa til að bera fullnægjandi þekkingu og hæfni til að gegna skyldum sínum með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

13.4.

Í því skyni að tryggja árangursríka framkvæmd verndaráætlunar skips skulu æfingar fara fram með hæfilegu millibili sem ákvarðast af gerð skipsins, breytingum á mannahaldi skipsins, þeirri hafnaraðstöðu sem skipinu er ætlað að halda til og öðrum aðstæðum sem máli skipta með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

13.5.

Verndarfulltrúi útgerðarfélags skal tryggja árangursríka samhæfingu og framkvæmd verndaráætlunar skips með því að taka þátt í æfingum með hæfilegu millibili með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

14. Hafnavernd.

14.1.

Höfn ber að haga ráðstöfunum sínum í samræmi við þau vástig sem sú ríkisstjórn samningsaðila, sem fer með lögsögu á því svæði þar sem höfnin er, setur. Framfylgja skal verndar-

ráðstöfunum og starfsreglum hafnaraðstöðu með þeim hætti að sem minnst óþægindi og tafir hljótist af fyrir farþega, skip, áhafnir og gesti, vöru og þjónustu.

14.2

Á vástigi 1 skulu eftirtaldar ráðstafanir gerðar með viðeigandi hætti í allri hafnaraðstöðu með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða, í því skyni að greina váatvik og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana:

1. tryggja að allar verndarráðstafanir hafnaraðstöðu virki eins og til er ætlast;
2. stýra aðgangi að hafnaraðstöðunni;
3. vakta hafnaraðstöðuna, þar með talin akkerislægi og viðlegukanta;
4. vakta svæði þar sem höft eru í gildi til að tryggja að einungis einstaklingar sem hafa til þess heimild fái þar aðgang;
5. hafa eftirlit með meðhöndlun farms;
6. hafa eftirlit með meðhöndlun vista skipsins; og
7. tryggja að samskiptaleiðir sem varða siglingavernd séu virkar og tiltækar.

14.3.

Á vástigi 2 skal gripið til aukinna verndarráðstafana, sem tilgreindar eru í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, fyrir þá starfsþætti sem lýst er í kafla 14.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

14.4.

Á vástigi 3 skal gripið til frekari og sértækari verndarráðstafana, sem tilgreindar eru í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, fyrir þá starfsþætti sem lýst er í kafla 14.2 með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

14.4.1.

Á vástigi 3 skulu hafnir þar að auki bregðast við og framkvæma öll þau fyrirmæli um vernd sem gefin kunna að vera af þeirri ríkisstjórn samningsaðila sem fer með lögsögu á því svæði þar sem hafnaraðstaðan er.

14.5.

Þegar verndarfulltrúi hafnar verður þess áskynja að skip eigi í erfiðleikum með að uppfylla kröfurnar í kafla XI-2, eða í þessum hluta, eða að eitthvað hindrar að gripið sé til viðeigandi ráðstafana og aðgerða eins og þeim er lýst í verndaráætlun skips og, þegar vástig 3 er í gildi, eigi í erfiðleikum með að fara eftir hvers konar verndarfyrirmælum sem gefin eru af þeirri ríkisstjórn samningsaðila sem fer með lögsögu á því svæði þar sem hafnaraðstaða er, skulu verndarfulltrúi hafnar og verndarfulltrúi skips samræma viðeigandi aðgerðir.

14.6.

Þegar verndarfulltrúi hafnar verður þess áskynja að um borð í skipi gildi hærra vástig en í hafnaraðstöðu skal verndarfulltrúi hafnar greina lögbæru stjórnvaldi frá þessu og hann skal vera í sambandi við verndarfulltrúa skipsins og skulu þeir samræma viðeigandi aðgerðir ef þörf krefur.

15. Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu.

15.1.

Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu er nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti þess að gera og viðhalda verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu.

15.2.

Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu skal gert af ríkisstjórn samningsaðila sem fer með lögsögu á því svæði þar sem höfn er staðsett. Ríkisstjórn samningsaðila getur falið viðurkenndum verndaraðila að gera áhættumat fyrir tiltekna hafnaraðstöðu innan lögsögu hennar.

15.2.1.

Hafi áhættumat fyrir hafnaraðstöðu verið gert af viðurkenndum verndaraðila skal sú ríkisstjórn samningsaðila sem fer með lögsögu á því svæði þar sem hafnaraðstöðu er endurskoða og samþykkja áhættumatið og að farið sé eftir því samkvæmt þessum kafla.

15.3.

Þeir einstaklingar sem annast áhættumat skulu hafa viðeigandi þekkingu til að meta öryggi hafnaraðstöðunnar samkvæmt þessum kafla með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

15.4.

Áhættumat hafnaraðstöðu skal endurskoðað og uppfært með reglulegu millibili með tilliti til breytinga á ógnunum og/eða minni háttar breytinga á höfn og skal það ætíð endurskoðað og uppfært ef meiri háttar breytingar verða á hafnaraðstöðu.

15.5.

Áhættumat fyrir hafnaraðstöðu skal að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

1. greiningu og mat á mikilvægum eignum og grunnvirkjum sem áríðandi er að vernda;
2. greining á mögulegum ógnum við þessar eignir og grunnvirki og mat á líkum á að til þeirra komi svo unnt sé að koma á og forgangsraða verndarráðstöfunum;
3. greiningu, val á og forgangsröðun gagnráðstafana og breytingar á verkferlum og áhrifamætti þeirra með það að markmiði að styrkja siglingavernd; og
4. greiningu á veikleikum, þar á meðal mannlegum veikleikum, í grunnvirkjum, stefnu og starfsreglum.

15.6.

Ríkisstjórnir samningsaðila geta heimilað að áhættumat fyrir hafnaraðstöðu taki til fleiri en einnar hafnaraðstöðu ef rekstraraðili, staðsetning, starfsemi, búnaður og hönnun hafnaraðstöðu sem í hlut á er sá sami eða með svipuðum hætti. Ríkisstjórn samningsaðila sem heimilar slíkt fyrirkomulag skulu senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, upplýsingar þar að lútandi.

15.7.

Við lok gerðar áhættumats fyrir hafnaraðstöðu skal gera skýrslu sem hefur að geyma yfirlit um það hvernig staðið var að gerð áhættumatsins, lýsingu á þeim veikleikum sem matið leiddi í ljós og lýsingu á þeim gagnráðstöfunum sem nota má til að bæta úr veikleikunum. Verja skal skýrsluna fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

16. Verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu.

16.1.

Þróa skal og viðhalda verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu á grundvelli áhættumats sem gert er fyrir hverja hafnaraðstöðu og skal hún ná til snertiflata skips og hafnar. Í áætluninni skal taka tillit til hinna þriggja vástiga sem skilgreind eru í þessum hluta kóðans.

16.1.1.

Með fyrirvara um ákvæðin í kafla 16.2 getur viðurkenndur verndaraðili gert verndaráætlun fyrir tiltekna hafnaraðstöðu.

16.2.

Verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu skal hljóta samþykki þeirrar ríkisstjórnar samningsaðila sem fer með lögsögu þar sem hafnaraðstaða er.

16.3.

Gera skal verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða og hún skal rituð á vinnutungumáli hafnarinnar. Verndaráætlun skal að minnsta kosti innihalda eftirfarandi:

1. ráðstafanir til að hindra að vopn eða önnur hættuleg efni og búnaður sem ætlaður er til að nota gegn einstaklingum, skipum eða höfnum og sem óheimilt er að flytja, berst til hafnaraðstöðu eða um borð í skip;
2. ráðstafanir til að hindra óheimilan aðgang að höfn, að skipum sem liggja þar við festar og að þeim svæðum innan hafnarsvæðisins þar sem höft eru í gildi;
3. fyrirmæli um viðbrögð við ógnunum eða brestum í verndarráðstöfunum, þar á meðal ráðstafanir til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi hafnaraðstöðu og/eða tengslum skips og hafnar;
4. fyrirmæli um viðbrögð við hvers konar verndarfyrirmælum þeirrar ríkisstjórnar samningsaðila sem fer með lögsögu þar sem hafnaraðstaða er og gefin kunna að vera á vástigi 3;
5. fyrirmæli um brottflutning fólks ef öryggi er ógnað og ef brestir koma í framkvæmd verndarráðstafana;
6. upplýsingar um skyldur starfsmanna hafnaraðstöðu sem starfa að siglingaverndinni og skyldur annarra starfsmanna að því er verndarráðstafanir varðar;
7. starfsreglur um samvinnu um verndarráðstafanir við skip;
8. starfsreglur um reglubundna endurskoðun og uppfærslu verndaráætlunarinnar;
9. starfsreglur um hvernig tilkynna skuli um váatvik;
10. nafn verndarfulltrúa hafnarinnar auk upplýsinga um það hvernig hægt sé að ná sambandi við hann á hvaða tíma sólarhringsins sem er;
11. ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem í verndaráætlun eru;
12. ráðstafanir til að tryggja öryggi farms og búnaðar til að meðhöndla farm í hafnaraðstöðunni;
13. starfsreglur um endurskoðun verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu;
14. starfsreglur um viðbrögð ef kall berst frá vákallskerfi skips í höfninni; og
15. starfsreglur um hvernig er unnt að liðka til um landgönguleyfi skipverja og áhafnarskiptum og um aðgang gesta að skipinu, þar með talið um aðgang fulltrúa velferðarfélaga sjómanna og verkalýðsfélaga.

16.3.1.
Einstaklingar sem annast innri úttektir á þeim verndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í verndaráætlun, eða leggja mat á beitingu þeirra, skulu vera ótengdir þeim verkefnum sem mat er lagt á nema það sé óframkvæmanlegt vegna stærðar og eðlis hafnaraðstöðunnar.

16.4.
Verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu getur verið hluti af almennri öryggisáætlun hafnarinnar eða sérhverri annarri neyðaráætlun eða -áætlunum hafnarinnar.

16.5.
Sú ríkisstjórn samningsaðila sem hefur lögsögu þar sem hafnaraðstaða er skal ákveða hvaða breytingar á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu skuli ekki taka gildi fyrr en viðeigandi breytingar hafa hlotið staðfestingu þessa ríkis.

16.6.
Heimilt er að varðveita verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu á rafrænu formi. Ef það er gert skal vernda hana með aðferðum sem miða að því að hindra óheimila eyðingu hennar, förgun eða breytingu á henni.

16.7.
Verja skal áætlunina fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu.

16.8.
Ríkisstjórnir samningsaðila geta heimilað að verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu taki til fleiri en einnar hafnaraðstöðu ef rekstraraðili, staðsetning, starfsemi, búnaður og hönnun hafnaraðstöðu er með svipuðum hætti. Sérhver ríkisstjórn samningsaðila sem leyfir slíkar fráviksráðstafanir skal senda Alþjóðasiglingamálastofnunni, IMO, upplýsingum þar að lútandi.

17. Verndarfulltrúi hafnar.
17.1.
Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hverja höfn. Sami einstaklingur getur verið verndarfulltrúi fleiri en einnar hafnar.

17.2.
Því til viðbótar sem tilgreint er annars staðar í þessum hluta kóðans felast ábyrgð og skyldur verndarfulltrúa hafnar í eftirfarandi, sem þó er ekki tæmandi upptalning:
1. gera ítarlega frumathugun á höfn með tilliti til gildandi áhættumats fyrir hafnaraðstöðu;
2. annast gerð og viðhald verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu;
3. hrinda í framkvæmd og framfylgja verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu;
4. standa fyrir reglubundnum skoðunum á hafnaraðstöðunni til að tryggja að viðeigandi verndarráðstöfunum sé haldið við;
5. ráðleggja og koma á, eftir þörfum, viðeigandi breytingum á verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu til að bæta úr annmörkum og uppfæra áætlunina með tillit til breytinga sem máli skipta á höfninni;
6. hvetja starfsmenn hafnaraðstöðu til árvekni og efla skilning þeirra á hafnaverndinni;
7. tryggja að þeir starfsmenn sem bera ábyrgð á hafnavernd hljóti viðeigandi þjálfun;

8. sjá um að tilkynna til viðeigandi stjórnvalda um atvik sem orðið hafa og ógnað hafa hafnarverndinni og halda skrár um þau;
9. samræma framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu í samstarfi við verndarfulltrúa útgerðarfélags og hlutaðeigandi verndarfulltrúa skips;
10. sjá um nauðsynlegt samráð við fyrirtæki og stofnanir á sviði öryggismála, eftir því sem við á;
11. tryggja að farið sé eftir viðmiðunum um starfsmenn sem bera ábyrgð á hafnarverndinni;
12. tryggja að verndarbúnaður, ef einhver er, sé notaður á réttan hátt, prófaður, stilltur og honum haldið við; og
13. aðstoða verndarfulltrúa skips, sé þess óskað, við að staðfesta deili á þeim sem leita eftir að komast um borð í skip.

17.3.

Veita skal verndarfulltrúa hafnar allan nauðsynlegan stuðning við að uppfylla þær skyldur sem á hann eru lagðar samkvæmt kafla XI-2 og þessum hluta kóðans.

18. Kennsla, þjálfun og æfingar vegna hafnaverndar.

18.1.

Verndarfulltrúi hafnar og þeir starfsmenn hafnaraðstöðu sem gegna hlutverki við hafnavernd skulu hafa til að bera þekkingu og hafa öðlast þjálfun á þessu sviði með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

18.2.

Þeir starfsmenn hafnaraðstöðu sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við hafnaverndina skulu vera meðvitaðir um verkefni sín og ábyrgð á því sviði, eins og þessu er lýst í verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, og þeir skulu hafa til að bera nægilega þekkingu og hæfni til að sinna þeim störfum sem þeim verða falin á þessum vettvangi með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

18.3.

Æfingar skulu haldnar með hæfilegu millibili til að tryggja fullnægjandi framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu að teknu tilliti til eðlis þeirrar starfsemi sem fram fer í hafnaraðstöðu, breytinga á starfsliði hafnaraðstöðu, þeirra tegunda skipa sem höfnin þjónar og annarra kringumstæðna sem máli skipta og með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

18.4.

Verndarfulltrúi hafnar skal tryggja markvissa samræmingu og framkvæmd verndaráætlunar fyrir hafnaraðstöðu með því að taka þátt í æfingum með hæfilegu millibili með tilliti til leiðbeininganna í B-hluta þessa kóða.

19. Sannprófun og útgáfa skírteina fyrir skip.

19.1. Sannprófun.

19.1.1.

Sérhvert skip sem þessi hluti kóðans nær til skal gangast undir eftirfarandi sannprófun:

1. fyrsta sannprófun áður en skip er tekið í notkun eða áður en skírteini það sem krafist er í kafla 19.2 er gefið út í fyrsta skipti, en í henni felst ítarlega sannprófun á verndar-

búnaði skips og öllum búnaði sem honum kann að tengjast og um er fjallað í viðeigandi ákvæðum í kafla XI-2, þessum hluta kóðans og samþykktri verndaráætlun skipsins. Þessi sannprófun skal tryggja að verndarbúnaður skipsins og öryggisbúnaður honum tengdur fullnægi að öllu leyti viðeigandi kröfum í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans, sé í viðunandi ástandi og henti þeim rekstri sem skipinu er ætlað í;

2. endurnýjunarsannprófun sem fer fram með millibili sem stjórnvöld tilgreina en þó ekki sjaldnar en á fimm ára fresti, nema þegar ákvæði kafla 19.3 eiga við. Þessi sannprófun skal tryggja að verndarbúnaður skipsins og öryggisbúnaður honum tengdur fullnægi að öllu leyti gildandi kröfum í kafla XI-2, þessum hluta kóðans, samþykktri verndaráætlun skipsins, sé í viðunandi ástandi og henti þeim rekstri sem skipinu er ætlað í;
3. að minnsta kosti ein millisannprófun. Ef aðeins er gerð ein millisannprófun skal hún fara fram einhvern tíma á þriðja gildisári skírteinis eins og skilgreint er í reglu I/2(n). Í millisannprófun skal skoða verndarbúnað skipsins og tengdan öryggisbúnað til að tryggja að hann sé ávallt í fullnægjandi ástandi til að gegna hlutverki sínu í þeim rekstri sem skipinu er ætlaður. Staðfestingu á millisannprófun skal skrá í skírteinið;
4. aðrar viðbótarsannprófanir sem stjórnvöld kunna að krefjast.

19.1.2.

Sannprófanir á skipum skulu framkvæmdar af embættismönnum stjórnvalds. Stjórnvöldum er þó heimilt að fela sannprófunina viðurkenndum verndaraðila sem um getur í reglu XI-2/1.

19.1.3.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal í öllum tilfellum ábyrgjast til fulls að sannprófanir séu ítarlegar og markvissar og skal tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að fullnægja þessari skyldu.

19.1.4.

Verndarkerfi skips og öllum öryggisbúnaði sem því tengist skal að sannprófun lokinni halda við þannig að kerfi og búnaður standist ákvæðin í reglum XI-2/4.2 og XI-2/6 í þessum hluta kóðans og samþykktri verndaráætlun skipsins. Eftir að sannprófun samkvæmt kafla 19.1.1 hefur farið fram má ekki gera breytingar á verndarkerfi skipsins, öryggisbúnaði því tengdum eða samþykktri verndaráætlun skips án leyfis stjórnvalds.

19.2. Útgáfa og áritun skírteina.

19.2.1.

Gefið skal út alþjóðlegt siglingaverndarskírteini eftir að fyrsta sannprófun eða endurnýjunarsannprófun samkvæmt ákvæðum í kafla 19.1 hefur farið fram.

19.2.2.

Skírteini þetta skal gefið út og áritað af stjórnvaldi eða viðurkenndum verndaraðila sem starfar í umboði stjórnvalds.

19.2.3.

Önnur ríkisstjórn samningsaðila getur, að beiðni stjórnvalds, komið því til leiðar að skip sæti sannprófun og ef hún telur að farið hafi verið eftir ákvæðunum í kafla 19.1.1 skal það

gefa út eða heimila útgáfu á alþjóðlegu siglingaverndarskírteini til viðkomandi skips og, þegar við á, árita eða heimila áritun þessa skírteinis í samræmi við ákvæði þessa kóða.

19.2.3.1.
Afrit skírteinis og afrit sannprófunarskýrslu skulu send eins fljótt og unnt er til þess stjórnvalds sem óskaði eftir sannprófuninni.

19.2.3.2.
Í skírteini sem gefið er út á þennan hátt skal vera yfirlýsing um að það sé gefið út samkvæmt beiðni stjórnvalds og sé jafngilt og njóti sömu viðurkenningar og skírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum kafla 19.2.2.

19.2.4.
Alþjóðlega siglingaverndarskírteinið skal gefið út í samræmi við fyrirmynd í viðauka við þennan kóða. Ef notað er annað tungumál en enska, franska eða spænska skal fylgja með þýðing á eitthvert þessara tungumála.

19.3. Gildistími og gildistaka skírteinis.
19.3.1.
Gildistími alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis skal ákveðið af stjórnvaldi en skal þó aldrei vera lengri en fimm ár.

19.3.2.
Sé lokið við endurnýjunarsannprófun innan þriggja mánaða áður en gildandi skírteini rennur út tekur hið nýja skírteini gildi á þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur og gildir að tilteknum degi innan fimm ára frá þeim degi sem eldra skírteinið fellur úr gildi.

19.3.2.1.
Sé lokið við endurnýjunarsannprófun eftir að gildandi skírteini rennur út tekur hið nýja skírteini gildi á þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur og gildir að tilteknum degi innan fimm ára frá þeim degi sem eldra skírteinið fellur úr gildi.

19.3.2.2.
Sé lokið við endurnýjunarsannprófun meira en þremur mánuðum fyrir gildislokadag gildandi skírteinis skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem lokið er við endurnýjunarskoðun til tiltekins dags innan fimm ára frá þeim degi sem endurnýjunarsannprófun lýkur.

19.3.3.
Ef skírteini er gefið út til skemmri tíma en fimm ára getur stjórnvald framlengt gildistíma þess fram yfir gildislokatíma að þeim hámarkstíma sem tilgreindur er í kafla 19.3.1 að því tilskildu að sannprófanirnar sem getið er um í kafla 19.1.1 og eiga við þegar skírteini er gefið út til fimm ára séu framkvæmdar með viðeigandi hætti.

19.3.4.
Sé lokið við endurnýjunarsannprófun, en ekki er unnt að gefa út nýtt siglingaverndarskírteini eða koma því um borð í skipið áður en það skírteini sem fyrir er rennur út, getur stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili sem starfar í umboði þess áritað eldra skírteinið og

skal það þá gilda í tiltekið tímabil sem ekki má vera lengra en fimm mánuðir frá gildislokadegi skírteinisins.

19.3.5.

Sé skip ekki statt í höfn þar sem unnt er að framkvæma sannprófun þegar skírteini fellur úr gildi getur stjórnvald framlengt gildistíma þess en framlengingin skal aðeins vara í þann tíma sem nauðsynlegur er til að ljúka sjóferð sinni til hafnar þar sem unnt er að láta sannprófa það og þetta skal því aðeins gert að það virðist réttmætt og sanngjarnt. Framlenging skal aldrei gefin út til lengri tíma en þriggja mánaða og skylt er því skipi sem fengið hefur slíka framlengingu að láta endurnýja skírteini sitt þegar það kemur næst í þá höfn þar sem á að sannprófa það og má ekki láta úr þeirri höfn án þess að vera með nýtt skírteini. Að endurnýjunarsannprófun lokinni skal gefið út nýtt skírteini sem gildir til tiltekins dags innan fimm ára frá gildislokadegi gildandi skírteinis áður en framlenging var veitt.

19.3.6.

Hafi gildistími skírteinis skips, sem er í stuttum ferðum, ekki verið framlengdur samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum þessa kafla getur stjórnvald framlengt gildistímann um allt að einn mánuð frá gildislokadegi. Að endurnýjunarsannprófun lokinni skal gefið út nýtt skírteini sem gildir til tiltekins dags innan fimm ára frá gildislokadegi áður en framlenging var veitt.

19.3.7.

Ef millisannprófun lýkur fyrir lok þess tímabils sem tilgreint er í kafla 19.1.1 skal:

1. breyta gildislokadegi skírteinisins með áritun til dagsetningar innan þriggja ára frá lokum millisannprófunar;
2. gildislokadagur getur haldist óbreyttur svo fremi að ein eða fleiri millisannprófanir fari fram þannig að ekki sé farið fram yfir þau tímamörk sem tilgreind eru í kafla 19.1.1.

19.3.8.

Skírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum í kafla 19.2 fellur úr gildi við eftirfarandi kringumstæður:

1. ef viðeigandi sannprófanir eru ekki gerðar innan þeirra tímamarka sem tiltekin eru í kafla 19.1.1;
2. ef skírteinið er ekki áritað í samræmi við kafla 19.1.1.3 og 19.3.7.1, ef við á;
3. ef útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á útgerð skips sem það hefur ekki áður gert út; og
4. ef skip er fært undir þjóðfána annars ríkis.

19.3.9.

Í þeim tilvikum;

1. þegar skip er fært undan fána einnar ríkisstjórnar samningsaðila undir fána annarrar ríkisstjórnar samningsaðila skal sú ríkisstjórn samningsaðila sem skipið færðist frá senda hinni ríkisstjórn samningsaðila eins fljótt og hægt er allar upplýsingar um alþjóðlegt siglingaverndarskírteini skipsins áður en yfirfærslan á sér stað og afrit af öllum gögnum sem það varða ásamt afritum af skoðunarskýrslum, eða
2. þegar útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á útgerð skips sem það hefur ekki gert út áður skal það útgerðarfélag sem gerði skipið út áður láta útgerðarfélaginu sem tekur við skip-

inu í té afrit af öllum upplýsingum um alþjóðlegt siglingaverndarskírteini þess og þeim sannprófunarskýrslum sem tilgreindar eru í kafla 19.4.2, eins fljótt og hægt er.

19.4. Útgáfa bráðabirgðaskírteinis.

19.4.1.

Skírteinin sem tilgreind eru í kafla 19.2 skulu því aðeins gefin út að stjórnvaldið sem gefur skírteini út sé fyllilega sannfært um að skipið uppfylli kröfurnar í kafla 19.1. Eftir 1. júlí 2004 gildir þó eftirfarandi í eftirtöldum fjórum tilvikum:

1. ef skip hefur ekki skírteini þegar það er afhent eða fer í rekstur á nýjan leik eftir hlé;
2. flutningur skips undan fána ríkisstjórnar samningsaðila undir fána annarrar ríkisstjórnar samningsaðila;
3. flutningur skips undir fána ríkisstjórnar samningsaðila frá ríki sem er ekki ríkisstjórn samningsaðila; eða
4. ef útgerðarfélag tekst á hendur ábyrgð á útgerð skips sem það hefur ekki áður gert út.

Þar til skírteini það sem vísað er til í kafla 19.2 hefur verið gefið út getur stjórnvald komið því til leiðar að gefið verði út alþjóðlegt siglingaverndarskírteini til bráðabirgða eftir þeirri fyrirmynd sem gefin er í viðauka við þennan hluta kóðans.

19.4.2.

Alþjóðlegt siglingaverndarskírteini til bráðabirgða skal því aðeins gefið út að stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili sem starfar í umboði þess hafi sannreynt að:

1. lokið sé áhættumati fyrir skip sem krafist er í þessum hluta kóðans;
2. eintak af verndaráætlun skips sem uppfyllir kröfur kafla XI-2 og A-hluta þessa kóða sé um borð og hafi verið lagt fram til skoðunar og samþykktar og að verndaráætluninni sé framfylgt um borð í skipinu;
3. í skipinu sé vákallsbúnaður sem uppfyllir kröfurnar í reglu XI-2/6, ef þess er krafist;
4. verndarfulltrúi útgerðarfélags:
   a. hafi tryggt:
      1. að farið hafi verið yfir verndaráætlun skips til að ganga úr skugga um að hún uppfylli kröfur þessa hluta kóðans;
      2. að áætlunin hafi verið lögð fram til samþykktar; og
      3. að áætluninni um borð í skipinu sé framfylgt; og
   b. gerðar hafi verið nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um æfingar og þjálfun og úttektir, sem sannfæri verndarfulltrúa útgerðarfélags um að skipið muni innan sex mánaða standast þá sannprófun sem krafist er í kafla 19.1.1.1.
5. gerðar hafi verið ráðstafanir til að framkvæma þær sannprófanir sem krafist er í kafla 19.1.1.1;
6. skipstjóri, verndarfulltrúi skips og aðrir í áhöfn skips er hafa sérstökum skyldum að gegna á sviði siglingaverndar þekki verkefni sín og ábyrgð eins og tilgreint í þessum hluta kóðans og viðeigandi ákvæði í verndaráætlun skips, sem skal vera tiltæk um borð; og hafi fengið þessar upplýsingar á vinnutungumáli skipverja eða tungumáli sem áhöfn skilur; og
7. verndarfulltrúi skips standist þær kröfur sem gerðar eru í þessum hluta kóðans.

19.4.3.

Stjórnvald, eða viðurkenndur verndaraðili í umboði þess, getur gefið út alþjóðlegt siglingaverndarskírteini til bráðabirgða.

19.4.4.
Gildistími alþjóðlegs siglingaverndarskírteinis til bráðabirgða skal vera sex mánuðir eða þar til gefið er út skírteini það sem krafist er í kafla 19.2, hvort sem gerist áður, og ekki má framlengja gildistíma bráðabirgðaskírteinis.

19.4.5.
Ríkisstjórn samningsaðila má ekki koma því til leiðar að alþjóðlegt siglingaverndarskírteini til bráðabirgða verði gefið út í framhaldi af fyrra bráðabirgðaskírteini skips ef stjórnvald eða viðurkenndur verndaraðili álítur að í beiðni skips eða útgerðarfélags um þetta felist viðleitni til að komast hjá því að fylgja til fulls reglum í kafla XI-2 og þessum hluta kóðans að liðnum gildistíma upphaflegs bráðabirgðaskírteinis sem ákveðinn er í kafla 19.4.4.

19.4.6.
Hvað reglu XI-2/9 snertir er ríkisstjórnum samningsaðila heimilt að sannreyna hvort kröfur í köflum 19.4.2.4 og 19.4.2.6 hafi verið uppfylltar áður en alþjóðlegt siglingaverndarskírteini til bráðabirgða er tekið gilt.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd.

Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar um siglingavernd sem eiga að stuðla að vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógnum eða hryðjuverkum. Í 4. gr. er kveðið á um hlutverk og ábyrgð einstakra aðila við framkvæmd siglingaverndar. Siglingastofnun Íslands er falin framkvæmdin í umboði samgönguráðherra. Hlutverk ríkislögreglustjóra er að vera umsagnaraðili um áhættumat og verndaráætlun, auk þess að kanna feril einstaklinga sem gegna hlutverki við skipa- og hafnavernd. Ríkislögreglustjóri ákveður einnig vástig í höfnum og/eða skipum í samráði við Siglingastofnun og tekur við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum þegar ógn steðjar að skipi eða höfn. Landhelgisgæslan hefur eftirlit með því að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafsvæðinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga. Tollstjórinn í Reykjavík setur almennar reglur um farmvernd. Tollstjórar annast í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um ábyrgð og hlutverk útgerðarfélaga og hafna. Í 9. gr. er kveðið á um gjaldtökuheimildir til að standa undir kostnaði við siglingavernd.

Samkvæmt áætlun frá ríkislögreglustjóra er gert ráð fyrir að kostnaður embættisins við innleiðingu siglingaverndar verði u.þ.b. 30 m.kr. og þar af eru u.þ.b. 23 m.kr. til kaupa á vopnum og búnaði fyrir lögregluna en 7 m.kr. eru vegna þjálfunar og kynningar lögregluembætta og vinnu við vottun verndarfulltrúa hafnanna. Landhelgisgæslan metur kostnað sinn vegna innleiðingarinnar u.þ.b. 9 m.kr. og þar af eru 4 m.kr. vegna kaupa á vopnum og skotheldum vestum fyrir átta manns í áhöfn hvers varðskips. Auk þessa gerir gæslan ráð fyrir 1,3 m.kr. árlegum kostnaði við æfingar og námskeiðshald vegna siglingaverndar. Tollstjórinn í Reykjavík áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndar 10 m.kr. Siglingastofnun hefur

haldið utan um vinnu hafnanna til þessa og m.a. gefið út handbók og haldið námskeið fyrir starfsmenn sem eiga að vinna við þessar verndarráðstafanir. Til þessa hefur stofnunin fengið 10 m.kr. í fjáraukalögum 2003 og 11 m.kr. í fjárlögum 2004. Stofnunin áætlar árlegan kostnað vegna siglingaverndarinnar u.þ.b. 8 m.kr.

Samtals er því gert ráð fyrir að kostnaður við innleiðingu siglingaverndar í íslenskan rétt verði um 60 m.kr., þar af er stofnkostnaður áætlaður um 40 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 20 m.kr.

860. Frumvarp til laga [570. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skulu skipaðir án tilnefningar, þar af skal annar þeirra vera starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Samstarfsnefndin skal hafa sérstakan ritara og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

1. Byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr., og byggingar stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., en þó ekki til byggingar íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
2. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr. og 14. gr., að frátöldum íbúðum í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
3. Viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila.
4. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.
5. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Þá er Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Skilyrði er að hvorki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra skv. 2. mgr. til að byggja hjúkrunarheimilið né að veittur hafi verið styrkur frá ríkinu með öðrum hætti. Húsaleiga samkvæmt þessari málsgrein skal greidd að undangengnu útboði og telst hún ígildi stofnkostnaðar.

Þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu hjúkrunarheimila skal aldrei vera minni en sem nemur 15% af stofnkostnaði. Þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega skal eignarhlutur

þeirra vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag. Þátttaka sveitarfélaga í greiðslu leigu fyrir hjúkrunarheimili skal aldrei vera minni en sem nemur 15% af leigunni.

Framlög skv. 2. mgr. og húsaleiga skv. 3. mgr. eru ekki veitt nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16. gr. Umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu fylgja sérstök skilmálablöð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Skulu umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu fylgja sérstök skilmálablöð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi, sbr. 1. mgr., fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skal fylgja umsögn og þarfagreining þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Þá skal fylgja greinargerð um fjármögnun, eigendur og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

c. 4. mgr. orðast svo:

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi vegna meiri háttar breytinga á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu, uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og um afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um það hvort breytingarnar hafi áhrif á umfang starfseminnar og hvort þær leiði til fjölgunar eða fækkunar vistmanna. Þá skulu fylgja upplýsingar um fjármögnun breytinganna.

d. 5. mgr. orðast svo:

Ráðherra veitir framkvæmda- og rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.

e. Fyrirsögn á undan greininni verður: *Framkvæmda- og rekstrarleyfi.*

4. gr.

17. gr. laganna og fyrirsögn á undan greininni falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í framhaldi af skýrslu samráðshóps um málefni eldri borgara frá 19. nóvember 2002 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vinnuhóp til að gera tillögur um breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í vinnuhópnum voru fjórir starfsmenn heilbrigðis- og trygginga-

málaráðuneytisins, Svanhvít Jakobsdóttir, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu, formaður, Hrafn Pálsson, deildarstjóri, Hermann Bjarnason, deildarstjóri, og Vilborg Þ. Hauksdóttir, deildarstjóri. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu til ráðherra 30. maí 2003 þar sem gerðar voru tillögur og fylgdi þeim drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og drög að reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra. Þá gerði vinnuhópurinn jafnframt tillögu um að umsækjendur um framkvæmda- og rekstrarleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fengju afhent sérstök umsóknareyðublöð með skilmálum og flæðiriti þar sem lýst er ferli umsóknar. Skilmálarnir yrðu hluti umsóknar og ígildi samnings yrði umsókn samþykkt.

Frumvarpið tekur mið af tillögum samráðshóps um málefni eldri borgara frá nóvember 2002 og tillögum vinnuhóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá maí 2003. Gerir frumvarpið ráð fyrir heimild til að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili sem byggt hefur verið fyrir aldraða af öðrum en ríkinu. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skal greidd að undangengnu útboði og telst ígildi stofnkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að heimiluð eru framlög til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Enn fremur er lagt til að þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu hjúkrunarheimila sé aldrei minni en 15% af stofnkostnaði og þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega sé eignarhluti þeirra í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Áfram er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög geti samið um aðra kostnaðarskiptingu og eignarhlut. Þegar ríki og sveitarfélög leigja sameiginlega húsnæði fyrir hjúkrunarheimili er gert ráð fyrir því að leiga skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á ákvæðum um framkvæmda- og rekstrarleyfi eru til þess að gera framkvæmdina skýrari. Í núgildandi lögum er gert að skilyrði að áður en framkvæmdir og rekstur hefst þá skuli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veita sérstakt framkvæmda- og rekstrarleyfi. Þessu er ekki breytt með frumvarpinu en talið mikilvægt að skerpa á framkvæmdinni að því er varðar umsóknir og leyfisveitingar.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir breytingum á 4. gr. laganna sem fjallar um samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Gert er ráð fyrir að annar fulltrúi sem skipaður er án tilnefningar verði starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá er skýrt tekið fram að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr Framkvæmdasjóði aldraðra en núgildandi ákvæði um það eru í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra. Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á skipan nefndarinnar en talið er að breytingar þessar leiði m.a. til aukins frumkvæðis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í uppbyggingu öldrunarstofnana.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna er fjallað um skipan samstarfsnefndar um málefni aldraðra og gerir frumvarpið ráð fyrir að skipan nefndarinnar verði óbreytt. Í frumvarpinu er þó tekið fram að annar fulltrúi sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar skuli vera starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá er jafnframt tekið fram að nefndin skuli hafa ritara og að kostnaður af störfum nefndarinnar verði greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna eru felld brott en þar er kveðið á um að sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skuli vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

Um 2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar. Helstu breytingar á 9. gr. eru:

a. Ákvæði 1. og 2. tölul. 2. mgr. eru óbreytt að efni til og staðfesta núgildandi framkvæmd. Tekið er fram að ekki sé veitt fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga og er það jafnframt í samræmi við núgildandi framkvæmd.
b. Ákvæði 3. tölul. 2. mgr. eru felld brott þar sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur ekki veitt fjármagn til sveitarfélaga og heilsugæslustöðva til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að í 3. tölul. verði sett ákvæði um að fjármagn verði veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Er hér um nýmæli að ræða.
c. Ákvæði 4. tölul. 2. mgr. eru óbreytt en gert er ráð fyrir að hætt verði að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í áföngum á tímabilinu 2004–2008. Þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt með því að lækka rekstrarlið Framkvæmdasjóðs aldraðra um 45 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004.
d. Ákvæði 5. tölul. 2. mgr. um framlög til rannsókna, kennslu og kynningar á öldrunarmálum eru felld brott til samræmis við það að fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði fyrst og fremst veitt til uppbyggingar á öldrunarþjónustu. Framlög til rannsókna, kennslu og kynningar sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu eru áfram veitt skv. 5. tölul. 2. mgr. í frumvarpinu.
e. Ákvæði 6. tölul. 2. mgr. verður 5. tölul. samkvæmt frumvarpinu. Í núgildandi lögum segir að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli veita fjármagn til annarra verkefna sem eru í samræmi við markmið laganna. Í frumvarpinu er orðalagi breytt á þann veg að Framkvæmdasjóður aldraðra skuli veita fjármagn til annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Ákvæði 3. mgr. heimila Framkvæmdasjóði aldraðra það nýmæli að greiða húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005. Skilyrði er að hvorki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að byggja hjúkrunarheimilið né að veittur hafi verið styrkur frá ríkinu með öðrum hætti. Húsaleiga sem greidd er að undangengnu útboði með þessum hætti telst ígildi stofnkostnaðar.

Í 4. mgr. er fjallað um greiðslu stofnkostnaðar og eignarhlut þegar um er að ræða hjúkrunarheimili sem sveitarfélög taka þátt í að byggja. Gerir frumvarpið ráð fyrir að þátttaka sveitarfélaga verði aldrei minni en sem nemur 15% af stofnkostnaði. Þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega skal eignarhlutur þeirra vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Þó er ríki og sveitarfélagi heimilt að semja um aðra kostnaðarskiptingu og fer þá eignarhlutur þeirra eftir samkomulaginu. Tekið er fram í ákvæðinu að framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra sé ríkisframlag en gert er ráð fyrir því að eftir sem hingað til verði framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra 40% af stofnkostnaði. Þá er tekið fram í frumvarpinu að þátttaka sveitarfélaga í greiðslu leigu fyrir hjúkrunarheimili skuli aldrei vera minni en sem nemur 15% af leigunni. Talið var rétt að setja ákvæði í lögin um stofnkostnað og eignarhlut þar sem nokkur óvissa hefur verið um það hvernig skuli staðið að greiðslum í þessum tilvikum.

Í 5. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að framlög og húsaleiga skuli ekki veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16. gr. laganna. Er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamála-

ráðuneytið útbúi sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Umsóknunum fylgi einnig sérstök skilmálablöð.

3. mgr. 9. gr. laganna verður 6. mgr.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum um málefni aldraðra er fjallað um framkvæmdaleyfi og rekstrarleyfi í 16. og 17. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 16. og 17. gr. verði sameinaðar í eina grein, 16. gr. Í a-lið 3. gr. eru lagfæringar á orðalagi til samræmis við þá breytingu og jafnframt er bætt við nýjum málslið sem kveður á um að umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi skuli vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin séu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðu- og skilmálablöð eru birt í fylgiskjali II með frumvarpinu.

Í b-lið 3. gr. eru sameinuð ákvæði 16. og 17. gr. laganna um hvað skuli fylgja beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar á ákvæðunum.

Í c-lið 3. gr. er nánar tiltekið hvað skuli fylgja beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi vegna meiri háttar breytinga á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða. Í 16. gr. núgildandi laga segir einungis að beiðni skuli fylgja sömu upplýsingar og fylgi beiðni um framkvæmdaleyfi. Er talið skýrara að telja upp nákvæmlega hvað skuli fylgja beiðninni.

Ákvæði d-liðar 3. gr. umorðar 3. mgr. 17. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra þannig að ráðherra veiti framkvæmda- og rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum laganna og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Í núgildandi ákvæðum 16. gr. er gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra en við nánari skoðun á framkvæmdinni þá er ekki heimilt að samþykkja framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra nema framkvæmda- og rekstrarleyfi ráðherra liggi fyrir. Í flæðiriti sem birt er í fylgiskjali II með frumvarpinu er gert ráð fyrir að nefndin fái umsóknir til umsagnar og geri í framhaldi af því tillögur til úthlutunar úr Framkvæmdasjóði aldraðra til ráðherra.

Ákvæði e-liðar 3. gr. breytir fyrirsögn þar sem 16. og 17. gr. núgildandi laga eru sameinaðar.

Um 4. gr.

Með ákvæðum frumvarpsins er 17. gr. núgildandi laga og fyrirsögn felld brott þar sem ákvæðin hafa verið sameinuð í 16. gr. laganna.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Reglugerð
um Framkvæmdasjóð aldraðra – drög.

1. gr.

Hlutverk.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

2. gr.
Stjórn.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 3. tölul. 5. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skal árlega gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Skal umsóknum raðað í forgangsröð í samræmi við þörf á hverjum stað. Skal þess gætt að ekki séu gerðar tillögur um úthlutun vegna stofnana annarra en þeirra sem fengið hafa framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 7. gr.

Við gerð tillagna um úthlutun til nýrra verkefna skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra styðjast við eftirfarandi:

a. Framlag vegna þjónustumiðstöðva aldraðra skv. a-lið 5. gr. og dagvistar skv. b-lið 5. gr. má nema allt að 20% af heildarkostnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 10.500 kr. á hvern m^2 miðað við byggingarvísitölu 100.
b. Framlag vegna dvalarheimila og sambýla skv. c-lið 5. gr. má nema allt að 20% af heildarkostnaði með búnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 8.750 kr. á hvern m^2 miðað við byggingarvísitölu 100.
c. Framlag vegna hjúkrunarrýmis í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila skv. d-lið 5. gr. má nema allt að 40% af heildarkostnaði með búnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 28.100 kr. á hvern m^2 miðað við byggingarvísitölu 100.
d. Framlag vegna endurbóta skv. e-lið 5. gr. skal miðast við framlagða kostnaðaráætlun og mat á nauðsyn.
e. Framlög til annarra verkefna skv. h-lið 5. gr. skulu taka mið af 1. gr.

Umsóknir um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu jafnframt fylgja skilmálablöð ráðuneytisins.

3. gr.
Varsla og reikningshald.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal ársfjórðungslega og oftar ef þörf krefur gefa Samstarfsnefnd um málefni aldraðra yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir nýliðið ár skulu fullgerðir um leið og aðrir reikningar Tryggingastofnunar ríkisins. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana.

4. gr.
Tekjur.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

a. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Fjárhæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.
b. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
c. Vaxtatekjur.

5. gr.

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

a. Byggingar þjónustumiðstöðva aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
b. Byggingar dagvista fyrir aldraða sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.
c. Byggingar dvalarheimila og sambýla sem eru sérhönnuð fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
d. Byggingar hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum ætluðum öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum eða sambýlum. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.
e. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem tilgreint er í a–d-liðum.
f. Viðhalds húsnæðis sem tilgreint er í a–d-liðum.
g. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum.
h. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

6. gr.

Húsaleiga.

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að greiða húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Skilyrði er að hvorki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra skv. 5. gr. til að byggja hjúkrunarheimilið né að veittur hafi verið styrkur frá ríkinu með öðrum hætti. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti telst ígildi stofnkostnaðar. Hjúkrunarheimili skal tekið á leigu að undangengnu útboði.

7. gr.

Framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Framlög skv. 5. gr. og húsaleiga skv. 6. gr. eru ekki veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. b-lið 5. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. c- og d-lið 5. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis skv. 1. mgr. Skulu um-

sóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi skal fylgja umsögn og þarfagreining þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Þá skal fylgja greinargerð um fjármögnun, eigendur og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi vegna meiri háttar breytinga á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða skv. e-lið 5. gr. skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu, uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og um afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um það hvort breytingarnar hafi áhrif á umfang starfseminnar og hvort þær leiði til fjölgunar eða fækkunar vistmanna. Þá skulu fylgja upplýsingar um fjármögnun breytinganna.

Ráðherra veitir framkvæmda- og rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum laga um málefni aldraðra og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

Um framkvæmdir skv. 5. gr. fer samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þá sem framlög hafa fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í þágu annarra en aldraðra innan 20 ára frá því að húsnæðið var tekið í notkun.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 299/1990, um Framkvæmdasjóð aldraðra, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, nóvember 2003.

Fylgiskjal II.

Drög að eyðublöðum fyrir umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraða ásamt skilmálablöðum og flæðiritum.

Dagsetning umsóknar:

Umsókn um framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraða, sbr. lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra

Leita þarf leyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna bygginga og/eða reksturs húsnæðis ætlað öldruðum og auglýst sem slíkt. Umsókn um rekstrar- og framkvæmdaleyfi þarf að berast fyrir 1. febrúar ár hvert fyrir árið á eftir.

Umsækjandi:

Nafn:	Kennitala:	Vinnusími:
Heimili:	Netfang:	Farsími:
Sveitarfélag:	Póstnúmer:	Heimasími:

Tegund umsóknar:

Framkvæmda- og rekstrarleyfi: ☐ Rekstrarleyfi: ☐ Framkvæmdaleyfi: ☐

Tegund framkvæmdar:

Nýbygging: ☐ Viðbygging: ☐ Endurbætur: ☐
Bygging leiguhúsnæðis: ☐

Rekstrarfyrirkomulag:

Sjálfseignarstofnun: ☐ Sameignarfélag: ☐ Hlutafélag: ☐
Opinberir aðilar: ☐ Samvinnufélag: ☐ Einkaeign: ☐

Eigendur og stjórn stofnunar:

Gera skal grein fyrir eigendum og stjórn stofnunar. Ef stofnun er í eigu félags, þá þarf einnig að upplýsa um eigendur og stjórn félags.

Eigendur stofnunar:	Stjórn stofnunar:

Fjárhagur:

Með umsókn fylgi endurskoðaður ársreikningur félags eða stofnunar fyrir tvö síðustu ár og árshlutareikningur fyrir núverandi ár.

Áætlun um mönnun:

Starfsstéttir í umönnun	Ársverk	Aðrar starfsstéttir	Ársverk

Staðsetning húsnæðis:

Heimilisfang:	Sveitarfélag:

Gerið grein fyrir afstöðu húsnæðis til nágrennis.

Tegund þjónustu:

Umsögn og þarfagreining þjónustuhóps aldraðra skal fylgja umsókn um framkvæmda- og rekstrarleyfi. Með umsókn skal fylgja fjöldi í þjónustuþörf, hversu margir eru í þörf, hversu brýn hún er og hvers konar húsnæði á að byggja?

Þjónusta	Fjöldi í þörf	Fjöldi í brýnni þörf	Fjöldi í mjög brýnni þörf	Fjöldi í þörf samtals
Hjúkrunarþjónusta				
Dvalarþjónusta				
Dagvist				
Annað: Hvað?				
Samtals				

Er húsið tengt einhverri þjónustu við eldri borgara? Ef svo er, þá hvaða þjónustu?

Tegund og stærð húsnæðis:

Þegar um blandaða starfsemi er að ræða skal tilgreina hlutfall falatarmáls af heildarflatarmáli, sem áætlað er fyrir hverja tegund stofnunar samkvæmt teikningum hönnuða.

Tegund	Hlutfall	Fjöldi	Stærð eins rýmis í m²			Stærð m²
			vistrými	sameign	samtals	allt húsið
Íbúðarhús						
Þjónustumiðstöð(-kjarni)						
Dvalarheimili eða sambýli						
Hjúkrunarheimili						
Annað: Hvað?						
Samtals						

Áætlaður byggingarkostnaður:

Byggingarteikningar skulu fylgja umsóknum. Upphaflegar teikningar skulu fylgja umsóknum vegna endurbóta á húsnæði.

Byggingarkostnaður	Kostnaður 1. ár	Kostnaður 2. ár	Kostnaður 3. ár	Samtals
Hönnun				
Búnaður				
Stofngjöld veitna				
Leyfisgjöld				
Byggingarkostnaður				
Annar kostnaður				
Kostnaður samtals				

Áætlun um fjármögnun framkvæmda:

Fjármögnun miðast við að framkvæmdir taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Bankatrygging skal fylgja upplýsingum um fjármögnun félaga og einakaðila. Með upplýsingum um fjármögnun sveitarfélaga í framkvæmdum þarf að fylgja samþykki sveitarstjórnar.

Útfylling hlutfalls og fjárhæðar í fjármögnun úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst vera umsókn um framlag úr sjóðnum.

Fjármögnun	Hlutfall %	Fjárhæðir
Framkvæmdasjóður aldraðra		
Ríkissjóður		
Sveitarfélög		
Önnur fjármögnun: Hver?		
Fjármögnun samtals		

Umsækjandi hefur kynnt sér skilmála fyrir veitingu framkvæmda- og rekstrarleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Undirskrift

Dagsetning:	
Útfyllist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
Umsókn endursend: ☐ **Umsókn synjað:** ☐ **Umsókn samþykkt:** ☐	
Ástæður synjunar eða endursendingar:	

Skilmálablað vegna dagvistarheimila – drög.

Staðsetning og þörf fyrir þjónustu.
Veiting framkvæmda- og rekstrarleyfis kemur einungis til álita þegar um raunverulega þörf fyrir þjónustu er að ræða að áliti þjónustuhóps aldraðra á umræddu svæði.

Við ákvörðun um staðsetningu dagvistarheimilis og annars húsnæðis fyrir aldraða skal leitast við að staðsetning húsnæðis sé þannig í byggðakjörnum að aldraðir hafi greiðan aðgang að og fái notið eðlilegrar þjónustu sem byggðakjarninn og umhverfið hefur upp á að bjóða.

Reglur um kostnað og stærðir.
Reglum er skipt í tvo flokka, reglum um hámarkskostnað og reglum um minnstu mál rýma og starfsemi sem fram á að fara í húsnæðinu.

Verið er að útfæra þessar reglur.

Fjármögnun húsnæðis.
Einkaaðilar, félög og sveitarfélög fjármagna byggingu dagvistarheimilis með allt að 20% framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóð aldraðra. Framlagið felur ekki í sér eignaraðild ríkis. Staðfesting viðkomandi aðila um fjármögnun 80% hluta byggingarkostnaðar þarf að liggja fyrir og vera tryggð áður en framlag er veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þá, sem styrk hafa fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra, um

endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í öðru skyni en styrkumsókn tók til innan 20 ára frá því að húsnæðið var tekið í notkun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Fjármögnun rekstrar dagvistarheimila.
Tryggingastofnun ríkisins greiðir daggjald og húsnæðisgjald vegna viðhalds samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Daggjöldum og húsnæðisgjaldi vegna viðhalds er ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustu og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um rekstur dagvistar aldraðra í lögum, reglugerðum og í skilmálablaði. Daggjöld og húsnæðisgjald vegna viðhalds miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisiðgjöldum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum í barnsburðarleyfi, launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá vistmönnum.

Húsnæðisgjald sem ætlað er til viðhalds húsnæðis er reiknað út frá stærð þess, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 921/2002, um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Á árinu 2003 er gjaldið 2000 kr. á m^2 á ári.

Stjórnendur dagvistar innheimta hjá vistmönnum 500 kr. fyrir hvern dvalardag. Mánaðarlegt gjald má þó aldrei verða hærra en sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 45/1990. Noti vistmaður flutningsþjónustu er greiðsla vegna hennar innifalin í gjaldinu sem hann greiðir fyrir hvern dvalardag. Rekstraraðila er óheimilt að krefja vistmenn um greiðslur umfram það sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna þeirrar þjónustu sem vistmenn eiga að njóta sér að kostnaðarlausu.

Greiðslutilhögun.
Daggjöld dagvistarheimila eru ákvörðuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og birt í reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana í upphafi hvers árs. Við útreikning er m.a. tekið tillit til meðalrekstrarkostnaðar allra dagvistarheimila og heimilaðra fjárveitinga í fjárlögum. Dagvistarheimilin senda reikning í lok mánaðar til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir fjölda vistmanna mánaðarins. Tryggingastofnun ríkisins greiðir reikninginn í byrjun mánaðarins á eftir.

Dagvistarheimili sem falla undir B-lið reglugerðar um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum fá greitt fyrir fram 95% af áætluðum daggjöldum mánaðarins og skulu greiðslur inntar af hendi fyrsta virka dag mánaðarins. Eftirstöðvar daggjalda mánaðarins greiðast samkvæmt uppgjörsreikningi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar á eftir.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds verður greitt tvisvar sinnum á ári. Greiðslur skal inna af hendi fyrsta virka dag mánaðanna apríl og september.

Daggjald er greitt fyrir einn vistmann á dag.

Kröfur um aðbúnað og þjónustu.
Tryggja ber vistmönnum dagvistarrýmis umönnun á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða hverju sinni og er í samræmi við þau markmið sem fram koma í 1. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Dagvistun er stuðningsúrræði við aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.

Í dagvistun aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs, sbr. 3. tölul. 13. gr. laga nr. 125/1999.

Rekstraraðila er heimilt að kaupa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og stoðþjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum enda tryggi hann að þeir uppfylli ekki minni kröfur en gerðar eru til rekstraraðila um þjónustu í skilmálablaði þessu.

Vistmenn eigi kost á fæði sem m.a. tekur mið af manneldismarkmiðum Íslendinga.

Vistmenn eigi kost á félags- og tómstundaþjónustu sem er við hæfi og tryggir virkni þeirra.

Dagvistarheimili skulu eftir því sem við á, uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og kröfur heilbrigðisreglugerða.

Dagvistarheimili skulu skapa þannig umhverfi og andrúmsloft á heimilinu að vistmönnum finnist aðstæður vera heimilislegar og notalegar. Stjórnendur heimilisins skulu sjá til þess að starfsfólk sýni virðingu og lipurð í samskiptum við vistmenn. Við val á starfsmönnum skal gera kröfu um hæfileika á sviði mannlegra samskipta.

Dagvistarheimili framfylgir ákvæðum stjórnsýslulaga vegna þeirrar stjórnsýslu sem heimilunum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu, sem þau eiga að veita.

Gæði og markmið.
Rekstraraðili skal almennt setja sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og umönnun og kostur er miðað við þá fjármuni, sem rekstraraðili hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Meginmarkmið þjónustunnar er að styðja vistmenn til sjálfshjálpar og gera þeim kleift að lifa lífi sem þeim er eiginlegt og að öðlast lífsfyllingu þrátt fyrir sjúkdóma og fötlun.

Skráning og meðferð ábendinga og kvartana er hluti af innra eftirlitskerfi rekstraraðila. Rekstraraðili skal safna og skrá kvartanir frá vistmönnum og aðstandendum þeirra vegna þjónustunnar. Skulu allar kvartanir fá formlega afgreiðslu.

Faglegt eftirlit.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan er veitt og kalla eftir upplýsingum sem ráðuneytið telur þörf á hverju sinni.

Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.
Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri starfsemi dagvistarheimila sem fjallað er um í skilmálablaði þessu. Í því sambandi er rekstraraðila skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá rekstraraðila, sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Upplýsingaskylda.
Rekstraraðili skal ótilkvaddur senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun fyrir lok mars endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tafarlaust megi honum vera það ljóst að hann geti ekki staðið við fjárhagslegar eða faglegar kröfur skilmálablaðs þessa.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa Tryggingastofnun ríkisins um nýja einstaklinga og brottför vistmanna vegna daggjalda.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.
Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og laga um bókhald, nr. 145/1994.

Þagnarskylda.
Rekstraraðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónulega hagi þeirra sem dagvistina sækja. Þagnarskyldan gildir þrátt fyrir að starfsmaður láti af störfum.

Skilmálablað vegna dvalarheimila (sambýla) aldraðra – drög.

Staðsetning og þörf fyrir þjónustu.
Veiting framkvæmda- og rekstraleyfis kemur einungis til álita þegar um raunverulega þörf fyrir þjónustu er að ræða að áliti þjónustuhóps aldraðra á umræddu svæði.

Við ákvörðun um staðsetningu dvalarheimilis og annars húsnæðis fyrir aldraða skal leitast við að staðsetning húsnæðis sé þannig í byggðakjörnum að aldraðir hafi greiðan aðgang að og fái notið eðlilegrar þjónustu sem byggðakjarninn og umhverfið hefur upp á að bjóða.

Reglur um kostnað og stærðir.
Reglum er skipt í tvo flokka, reglum um hámarkskostnað og reglum um minnstu mál rýma og starfsemi sem fram á að fara í húsnæðinu.

Verið er að útfæra þessar reglur.

Fjármögnun húsnæðis.
Einkaaðilar, félög og sveitarfélög fjármagna byggingu dvalarheimilis með allt að 20% framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóð aldraðra. Framlagið felur ekki í sér eignaraðild ríkis. Staðfesting viðkomandi aðila um fjármögnun 80% hluta byggingarkostnaðar þarf að liggja fyrir og vera tryggð áður en framlag er veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þá, sem styrk hafa fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra, um endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í öðru skyni en styrkumsókn tók til innan 20 ára frá því að húsnæðið var tekið í notkun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Fjármögnun rekstrar dvalarheimila.
Tryggingastofnun ríkisins greiðir daggjald og húsnæðisgjald vegna viðhalds samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Daggjöldum og húsnæðisgjaldi vegna viðhalds er ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustu og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um rekstur dvalarheimilis í lögum, reglugerðum og í skilmálablaði. Daggjöld og húsnæðisgjald vegna viðhalds miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisiðgjöldum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum í barnsburðarleyfi, launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá vistmönnum. Rekstraraðila ber að tryggja vistmenn dvalarheimilisins skv. 10. gr. laga nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

Rekstraraðila er ekki skylt að kosta eftirfarandi þjónustu:
a. Kostnað vegna dvalar vistmanns á sjúkrahúsi, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 422/1992.
b. Persónulega muni og aukaþjónustu, svo sem fatnað, fatahreinsun, snyrtivörur, hársnyrtingu og fótsnyrtingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 422/1992.

Daggjöld dvalarheimila eru ákvörðuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og birt í reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana í upphafi hvers árs. Við útreikning er m.a. tekið tillit til meðalrekstrarkostnaðar allra dvalarheimila og heimilaðra fjárveitinga í fjárlögum.

Húsnæðisgjald sem ætlað er til viðhalds húsnæðis er reiknað út frá stærð þess, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 921/2002, um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Á árinu 2003 er gjaldið 2000 kr. á m^2 á ári.

Dvalarheimili innheimtir greiðslur vegna kostnaðarþátttöku vistmanna í samræmi við lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Rekstraraðila er óheimilt að krefja vistmenn um greiðslur umfram það sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna þeirrar þjónustu sem vistmenn eiga að njóta sér að kostnaðarlausu.

Greiðslutilhögun.
Greiðslutilhögun miðast við lagabreytingu sem tekur gildi 1. janúar 2004. Dvalarheimilið fær þá greitt fyrir fram 95% af áætluðum daggjöldum mánaðarins og verða greiðslur inntar af hendi fyrsta virka dag mánaðarins. Eftirstöðvar daggjalda mánaðarins greiðast samkvæmt uppgjörsreikningi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar á eftir.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds verður greitt tvisvar sinnum á ári. Greiðslur skal inna af hendi fyrsta virka dag mánaðanna apríl og september.

Í þeim mánuði sem rekstraraðili hefur rekstur skal hann taka inn á heimilið eigi færri en helming vistmanna og fær hann þá greidd daggjöld fyrir þá vistmenn sem hann tekur inn fyrir alla daga mánaðarins. Í næsta mánuði á eftir skal rekstraraðili taka inn á heimilið þann fjölda sem á vantar og fær hann þá greidd á sama hátt daggjöld fyrir þá vistmenn sem hann tekur inn á heimilið fyrir alla daga mánaðarins. Frá og með þriðja mánuði í rekstri heimilisins fær rekstraraðili einungis greitt fyrir þá vistmenn sem dvelja á heimilinu.

Daggjald er greitt dvalarheimili fyrir einn vistmann á sólarhring. Daggjaldið fellur ekki niður ef vistmaður hverfur af heimilinu í stuttan tíma, svo sem ef aðstandendur taka við vistmanni yfir helgi eða hátíðir. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar er greitt 70% af daggjaldi heimilisins í allt að 30 daga en síðan fellur það niður. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af heimilinu er greitt fullt daggjald í allt að 7 daga en síðan fellur það niður.

Kröfur um þjónustu og aðbúnað.
Tryggja ber vistmönnum dvalarrýmis umönnun á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða hverju sinni og er í samræmi við þau markmið sem fram koma í 1. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Á dvalarheimili skal vera varsla allan sólarhringinn og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar, sbr. 1. tölul. 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Rekstraraðili skal tryggja, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu, að vistmenn eigi kost á eftirfarandi þjónustu:

1. Almennri læknishjálp og sérfræðilæknishjálp.
2. Lyfjum.
3. Rannsóknum og geisla- og myndgreiningu.
4. Endurhæfingu, t.d. sjúkraþjálfun.
5. Hjálpartækjum, þó ekki gleraugum, heyrnartækjum eða hjólastólum.
6. Sjúkraflutningi, öðrum en þeim sem sjúkrahúsi ber að greiða.

Ef vistmaður á dvalarheimili er lagður inn á sjúkrahús dvelst hann þar á kostnað sjúkrahússins.

Rekstraraðila er heimilt að kaupa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og stoðþjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum enda tryggi hann að þeir uppfylli ekki minni kröfur en gerðar eru til rekstraraðila í skilmálablaði þessu vegna þjónustunnar.

Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu.

Vistmenn skulu fá fullt fæði sem m.a. tekur mið af manneldismarkmiðum Íslendinga ásamt sérfæði vegna ýmissa sjúkdóma og maukfæði (tube feeding).

Dvalarheimilið skal sjá vistmönnum fyrir þvotti. Enn fremur er heimilinu skylt að sjá um þvott á einkafatnaði vistmanna. Þvott á einkafatnaði sem þarfnast meðhöndlunar í efnalaug eða þvottar í höndum er dvalarheimilinu þó ekki skylt að sjá um eða greiða fyrir.

Vistmenn eigi kost á félags- og tómstundaþjónustu sem er við hæfi og tryggir virkni þeirra.

Dvalarheimili skulu eftir því sem við á uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og kröfur heilbrigðisreglugerðar.

Dvalarheimili skulu skapa þannig umhverfi og andrúmsloft á heimilinu að vistfólki finnist aðstæður vera heimilislegar og notalegar. Stjórnendur heimilisins skulu sjá til þess að starfsfólk sýni virðingu og lipurð í samskiptum við vistmenn. Við val á starfsmönnum skal gera kröfu um hæfileika á sviði mannlegra samskipta.

Dvalarheimili framfylgja ákvæðum stjórnsýslulaga vegna þeirrar stjórnsýslu sem heimilunum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu, sem þau eiga að veita.

Um réttindi vistmanna að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, þ.m.t. ákvæði er lúta að sjálfsákvörðunarrétti sjúklinga.

Réttur til vistunar.
Rétt til vistunar eiga einstaklingar sem eru aldraðir (67 ára og eldri), eru með öldrunarsjúkdóma eða aðra sjúkdóma sem hafa í för með sér þörf fyrir vistun á dvalarheimili, enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

a. Eiga gilt vistunarmat, framkvæmt af þjónustuhópi aldraðra, matshópi aldraðra í Reykjavík eða öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa.
b. Hafa sótt um og/eða samþykkt dvöl á dvalarheimili.
c. Fullnægja búsetuviðmiðum.

Losni vistrými á heimilinu ganga þeir fyrir sem eru í mjög brýnni þörf samkvæmt vistunarmati.

Gæði og markmið.
1 Almennt.

1.1. Rekstraraðili skal almennt setja sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og umönnun og kostur er. Meginmarkmið þjónustunnar er að styðja vistmenn til sjálfshjálpar og gera þeim kleift að lifa lífi sem þeim er eiginlegt og að öðlast lífsfyllingu þrátt fyrir sjúkdóma og fötlun. Rekstraraðili skal setja sér gæða- og þjónustumarkmið m.a. með tilliti til lágmarkskrafna og koma sér upp eigin innra eftirliti (gæðakerfi) í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar.

2 Gæðakerfi.

2.1 Reglubundin skráning.

2.1.1 Allar ákvarðanir sem varða meðferð og þjónustu við vistmenn skulu vera rekjanlegar. Halda skal skrá um ástand og hjúkrunarsögu hvers vistmanns allt frá innlögn.

2.1.2 Í samræmi við reglugerð nr. 546/1995, um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum, skal gera mat á heilsufari og hjúkrunarþörf hvers vistmanns með RAI-mati við innlögn og hvenær sem merkjanleg breyting verður á líkamlegu, andlegu eða félagslegu ástandi hans. Enn fremur skal rekstraraðili framkvæma árlega RAI-mat á öllum vistmönnum, samkvæmt nánari reglum RAI-matsnefndar. Rekstraraðili skal gæta þess við mat sitt að fylgja til hlítar reglum RAI-matsnefndar á hverjum tíma svo samræmi sé tryggt í mælingum á milli tímabila og á milli einstakra dvalarheimila.

2.2 Samfelldar gæðaumbætur. Samanburður á gæðavísum.

2.2.1 Rekstraraðili tekur árlega saman gæðavísa (quality indicators) út frá RAI-matinu. Rekstraraðili skuldbindur sig til að fylgja reglum RAI-matsnefndar, sbr. reglugerð nr. 546/1995, við mælingar á gæðavísum sínum.

2.2.2 Rekstraraðili skal setja sér markmið í samvinnu við RAI-matsnefnd um viðmiðunarmörk gæðavísa. Rekstraraðili mun birta starfsmönnum sínum og þeim sem njóta þjónustunnar framangreind markmið.

2.2.3 Rekstraraðili skal með skipulögðu og samfelldu gæðastarfi leitast við að bæta gæðin m.t.t. gæðavísanna. Fari niðurstöður RAI-mats út fyrir viðmiðunarmörk gæðavísa eins og þau eru tilgreind af RAI-matsnefnd skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd gæðaumbótaverkefnum sem hafi það að markmiði að niðurstöður matsins haldist innan viðmiðunarmarka.

2.2.4 Reynist niðurstöður RAI-mats rekstraraðila viðvarandi undir viðmiðunarmörkum, samkvæmt nánari skilgreiningu RAI-matsnefndar, getur það leitt til lækkunar á daggjaldi og til endurskoðunar á starfsheimild rekstraraðila.

2.2.5 Rekstraraðili skal að öðru leyti setja sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og umönnun og kostur er miðað við þá fjármuni, sem rekstraraðili hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.

2.3 Einstaklingsbundin umönnun.

2.3.1 Rekstraraðili mun gera einstaklingsbundna umönnunaráætlun fyrir hvern vistmann og nota m.a. til þess hjúkrunarskráningu og gagnasafn um heilsufar og hjúkrunarþörf á öldrunarstofnunum (MDS) og tryggja að henni sé framfylgt.

3 Ábendingar og kvartanir.

3.1 Skráning og meðferð ábendinga og kvartana er hluti af innra eftirlitskerfi rekstraraðila. Rekstraraðili skal safna og skrá kvartanir frá vistmönnum og aðstandendum þeirra vegna þjónustunnar. Skulu allar kvartanir fá formlega afgreiðslu.

Eftirlit og endurskoðun á framkvæmd og fjármálum dvalarheimila.

Faglegt eftirlit.

Landlæknir, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafa með höndum faglegt eftirlit með störfum rekstraraðila og gæðum þjónustu hans, samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur eftirlit með starfsemi dvalarheimila og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan er veitt og kalla eftir upplýsingum sem ráðuneytið telur þörf á hverju sinni.

Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.
Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri starfsemi dvalarheimila sem fjallað er um í skilmálablaði þessu. Í því sambandi er rekstraraðila skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá rekstraraðila, sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Upplýsingaskylda.
Rekstraraðili skal ótilkvaddur senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun fyrir lok mars endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tafarlaust megi honum vera það ljóst að hann geti ekki staðið við fjárhagslegar eða faglegar kröfur skilmálablaðs þessa.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa Tryggingastofnun ríkisins um nýja einstaklinga, breytingar á aðsetri þeirra, brottför og andlát vegna daggjalda, bótagreiðslna til vistmanna frá Tryggingastofnun ríkisins og þátttöku vistmanna í vistunarkostnaði.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.
Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og laga um bókhald, nr. 145/1994.

Þagnarskylda.
Rekstraraðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónulega hagi vistmanna. Þagnarskyldan gildir þrátt fyrir að starfsmaður láti af störfum.

Févarsla og umsýsla.
Vistmaður á dvalarheimili annast sjálfur févörslu og umsýslu fjármuna sinna.

Rekstraraðili skal þó bjóða upp á að haldið verði utan um vasapeninga vistmanna frá Tryggingastofnun ríkisins með öruggum hætti.

Eftirfarandi eru **möguleikar** til févörslu og umsýslu fjármuna vistmanna:

A. Fjárhaldsmaður. Fjárhaldsmaður vistmanns annast fjárreiður samkvæmt umboði vistmanns.

B. Umboð. Rekstraraðili annast fjárreiður vistmanns, sé þess óskað og samkvæmt umboði vistmanns gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. Stuðst skal við skriflegt umboð frá vistmanni

eða fjárhaldsmanni hans. Rekstraraðili getur leitað eftir þjónustu bankanna til að annast févörslu vistmanns.

C. Vistmannabókhald. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að sérstakt bókhald sé haldið þar sem skráðar eru fjárreiður fyrir hvern vistmann um sig, svo sem vasapeningatekjur frá Tryggingastofnun ríkisins og úttektir, greiðslur frá lífeyrissjóðum og aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

D. Gjaldkeri. Rekstraraðili felur ábyrgum starfsmanni þá ábyrgð að gæta hagsmuna vistmanna hvað varðar notkun á vasapeningum þeirra og öðrum eignum sem þeir hafa hjá sér á heimilinu auk þess að annast fjárreiður.

E. Ráðstöfun vasapeninga. Rekstraraðila er einungis heimilt að ráðstafa vasapeningum vistmanns þannig að þeir nýtist viðkomandi vistmanni til persónulegra þarfa, efli sjálfstæði og auki ánægju hans. Ekki er ætlast til að vistmenn greiði af vasapeningum sínum venjulega innanstokksmuni, svo sem húsgögn til sameiginlegra nota, rúm, rúmfatnað og gardínur, nema um séróskir sé að ræða. Hins vegar er heimil viðeigandi ráðstöfun á vasapeningum til t.d. ferðalaga eða annarra skemmtana, til kaupa á sælgæti, tóbaki, persónulegum munum, tískufatnaði og jafnvel húsbúnaði í eigið herbergi, allt eftir ástandi og þörfum hvers og eins.

Skilmálablað vegna hjúkrunarheimila – drög.

Staðsetning og þörf fyrir þjónustu.
Veiting framkvæmda- og rekstraleyfis kemur einungis til álita þegar um raunverulega þörf fyrir þjónustu er að ræða að áliti þjónustuhóps aldraðra á umræddu svæði.

Við ákvörðun um staðsetningu hjúkrunarheimilis og annars húsnæðis fyrir aldraða skal leitast við að staðsetning húsnæðis sé þannig í byggðakjörnum að aldraðir hafi greiðan aðgang að og fái notið eðlilegrar þjónustu sem byggðakjarninn og umhverfið hefur upp á að bjóða.

Reglur um kostnað og stærðir.
Reglum er skipt í tvo flokka, reglum um hámarkskostnað og reglum um minnstu mál rýma og starfsemi sem fram á að fara í húsnæðinu.

Verið er að útfæra þessar reglur.

Fjármögnun húsnæðis.
Einkaaðilar, félög og sveitarfélög fjármagna byggingu hjúkrunarheimila með allt að 40% framlagi úr Framkvæmdajóði aldraðra í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóð aldraðra. Framlagið felur ekki í sér eignaraðild ríkis. Staðfesting frá viðkomandi aðila um fjármögnun 60% hluta byggingarkostnaðar þarf að liggja fyrir og vera tryggð áður en framlag er veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu hjúkrunarheimila skal aldrei vera minni en sem nemur 15% af stofnkostnaði. Þegar ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega skal eignarhlutur þeirra

vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag.

Um framkvæmdir fer samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda.

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að greiða húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Skilyrði er að hvorki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að byggja hjúkrunarheimilið né að veittur hafi verið styrkur frá ríkinu með öðrum hætti. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skal greidd að undangengnu útboði og telst hún ígildi stofnkostnaðar.

Þátttaka sveitarfélaga í leigu skal aldrei vera minni en sem nemur 15% af leigunni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þá, sem styrk hafa fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra, um endurgreiðslu framlagsins ef húsnæði það sem styrkur var veittur til er notað í öðru skyni en styrkumsókn tók til innan 20 ára frá því að húsnæðið var tekið í notkun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. ?, um Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fjármögnun rekstrar hjúkrunarheimila.
Tryggingastofnun ríkisins greiðir daggjald og húsnæðisgjald vegna viðhalds samkvæmt reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Daggjöldum og húsnæðisgjaldi vegna viðhalds er ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustu og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um rekstur hjúkrunarheimilis í lögum, reglugerðum og í skilmálablaði. Daggjöld og húsnæðisgjald vegna viðhalds miðast við að rekstraraðili beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisiðgjöldum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum í barnsburðarleyfi, launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá vistmönnum. Rekstraraðila ber að tryggja vistmenn hjúkrunarheimilisins skv. 10. gr. laga nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu.

Rekstraraðila er ekki skylt að kosta eftirfarandi þjónustu:
a. Kostnað vegna dvalar vistmanns á sjúkrahúsi, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 422/1992.
b. Persónulega muni og aukaþjónustu, svo sem fatnað, fatahreinsun, snyrtivörur, hársnyrtingu og fótsnyrtingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 422/1992.

Daggjöld hjúkrunarheimila eru ákvörðuð samkvæmt reiknilíkani heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og birt í reglugerð um daggjöld sjúkrastofnana í upphafi hvers árs. Við útreikning er m.a. tekið tillit til RAI-mats hjúkrunarheimila, meðalrekstrarkostnaðar allra heimila og heimilaðra fjárveitinga.

Húsnæðisgjald sem ætlað er til viðhalds húsnæðis er reiknað út frá stærð þess, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 921/2002, um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Á árinu 2003 er gjaldið 2.000 kr. á m^2 á ári.

Hjúkrunarheimili innheimtir greiðslur vegna kostnaðarþátttöku vistfólks í samræmi við lög um málefni aldraða, nr. 125/1999. Rekstraraðila er óheimilt að krefja vistfólk um greiðslur umfram það sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna þeirrar þjónustu sem vistmenn eiga að njóta sér að kostnaðarlausu.

Greiðslutilhögun.
Hjúkrunarheimilið fær greitt fyrir fram 95% af áætluðum daggjöldum mánaðarins og skulu greiðslur inntar af hendi fyrsta virka dag mánaðarins. Eftirstöðvar daggjalda mánaðarins greiðast samkvæmt uppgjörsreikningi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar á eftir.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds verður greitt tvisvar sinnum á ári. Greiðslur skal inna af hendi fyrsta virka dag mánaðanna apríl og september.

Í þeim mánuði sem rekstraraðili hefur rekstur skal hann taka inn á heimilið eigi færri en helming vistmanna og fær greidd daggjöld fyrir þá vistmenn sem hann tekur inn fyrir alla daga mánaðarins. Í næsta mánuði á eftir skal rekstraraðili taka inn á heimilið þann fjölda sem á vantar og fær greidd á sama hátt daggjöld fyrir þá vistmenn sem hann tekur inn á heimilið fyrir alla daga mánaðarins. Frá og með þriðja mánuði í rekstri heimilisins fær rekstraraðili einungis greitt fyrir þá vistmenn sem dvelja á heimilinu.

Daggjald er greitt hjúkrunarheimili fyrir einn vistmann á sólarhring. Daggjaldið fellur ekki niður ef vistmaður hverfur af heimilinu í stuttan tíma, svo sem ef aðstandendur taka við vistmanni yfir helgi eða hátíðir. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar er greitt 70% af daggjaldi heimilisins í allt að 30 daga en síðan fellur það niður. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af heimilinu er greitt fullt daggjald í allt að 7 daga en síðan fellur það niður.

Kröfur um þjónustu og aðbúnað.
Tryggja ber vistmönnum hjúkrunarrýmis umönnun á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða hverju sinni og er í samræmi við þau markmið sem fram koma í 1. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Þjónustan á við um hjúkrunarrými skv. 2. tölul. 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og þá þjónustu sem því fylgir. Rekstraraðili skal tryggja vistmönnum eftirfarandi þjónustu:

a. Hjúkrun og aðhlynningu allan sólarhringinn.
b. Almenna læknishjálp og sérfræðilæknishjálp.
c. Lyf.
d. Rannsóknir og geisla- og myndgreiningu.
e. Endurhæfingu, t.d. sjúkraþjálfun.
f. Hjálpartæki, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða hjólastóla.
g. Sjúkraflutning, annan en þann sem sjúkrahúsi ber að greiða.
h. Fullt fæði.
i. Félagsþjónustu.
j. Sálgæslu.

k. Févörslu og umsýslu fyrir heimilismenn.
l. Lín og fatnað.

Ef vistmaður á hjúkrunarheimili er lagður inn á sjúkrahús dvelst hann þar á kostnað sjúkrahússins.

Rekstraraðila er heimilt að kaupa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og stoðþjónustu af sjálfstætt starfandi aðilum enda tryggi hann að þeir uppfylli ekki minni kröfur en gerðar eru til rekstraraðila í skilmálablaði þessu vegna þjónustunnar.

Vistmönnum skal tryggð fullnægjandi hjúkrunar- og læknisþjónusta sem tekur mið af þörfum þeirra á hverjum tíma og styðst við viðurkennd viðmið.

Vistmenn skulu fá fullt fæði sem m.a. tekur mið af manneldismarkmiðum Íslendinga ásamt sérfæði vegna ýmissa sjúkdóma og maukfæði (tube feeding).

Vistmönnum skal veitt félagsþjónusta sem er við hæfi heimilismanna og tryggir virkni þeirra.

Boðið skal upp á sálgæslu eftir viðurkenndum aðferðum, þ.m.t. heimsóknir til deyjandi eða mikið veikra auk stuðnings við aðstandendur og starfsfólk.

Hjúkrunarheimili ber að varðveita og halda utan um vasapeninga vistmanna með tryggum hætti ef vistmaður eða aðstandendur vistmanns óska þess.

Hjúkrunarheimilið sér vistmönnum fyrir sængurfatnaði, líni, nærfatnaði og hreinlætisvörum og fyrir þvotti. Enn fremur er heimilinu skylt að sjá um þvott á einkafatnaði vistmanna. Þvott á einkafatnaði sem þarfnast meðhöndlunar í efnalaug eða þvottar í höndum er hjúkrunarheimilinu þó ekki skylt að sjá um eða greiða fyrir.

Hjúkrunarheimilið skal eftir því sem við á uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og kröfur heilbrigðisreglugerða.

Hjúkrunarheimilið skal skapa þannig umhverfi og andrúmsloft á heimilinu að vistfólki finnist aðstæður vera heimilislegar og notalegar. Stjórnendur heimilisins skulu sjá til þess að starfsfólk sýni virðingu og lipurð í samskiptum við vistmenn. Við val á starfsmönnum skal gera kröfu um hæfileika á sviði mannlegra samskipta.

Hjúkrunarheimilið framfylgir ákvæðum stjórnsýslulaga vegna þeirrar stjórnsýslu sem heimilinu er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu, sem það á að veita.

Um réttindi vistmanna að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, þ.m.t. ákvæði er lúta að sjálfsákvörðunarrétti sjúklinga.

Réttur til vistunar.
Rétt til vistunar eiga einstaklingar sem eru aldraðir (67 ára og eldri), eru með öldrunarsjúkdóma eða aðra sjúkdóma sem hafa í för með sér þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili, enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

a. Eiga gilt vistunarmat, framkvæmt af þjónustuhópi aldraðra, matshópi aldraðra í Reykjavík eða öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa.
b. Hafa sótt um og/eða samþykkt dvöl á hjúkrunarheimili.
c. Fullnægja búsetuviðmiðum.

Losni vistrými á heimilinu ganga þeir fyrir sem eru í mjög brýnni þörf samkvæmt vistunarmati.

Gæði og markmið.

1 Almennt.

1.1. Rekstraraðili skal almennt setja sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og umönnun og kostur er. Meginmarkmið þjónustunnar er að styðja vistmenn til sjálfshjálpar og gera þeim kleift að lifa lífi sem þeim er eiginlegt og að öðlast lífsfyllingu þrátt fyrir sjúkdóma og fötlun. Rekstraraðili skal setja sér gæða- og þjónustumarkmið m.a. með tilliti til lágmarkskrafna og koma sér upp eigin innra eftirliti (gæðakerfi) í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar.

2 Gæðakerfi.

2.1 Reglubundin skráning.

2.1.1 Allar ákvarðanir sem varða meðferð og þjónustu við vistmenn skulu vera rekjanlegar. Halda skal skrá um ástand og hjúkrunarsögu hvers vistmanns allt frá innlögn.

2.1.2 Í samræmi við reglugerð nr. 546/1995, um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum, skal gera RAI-mat á heilsufari og hjúkrunarþörf hvers vistmanns við innlögn og hvenær sem merkjanleg breyting verður á líkamlegu, andlegu eða félagslegu ástandi hans. Enn fremur skal rekstraraðili framkvæma árlega RAI-mat á öllum vistmönnum, samkvæmt nánari reglum RAI-matsnefndar. Rekstraraðili skal gæta þess við mat sitt að fylgja reglum RAI-matsnefndar á hverjum tíma til hlítar svo samræmi sé tryggt í mælingum á milli tímabila og á milli einstakra hjúkrunarheimila.

2.2 Samfelldar gæðaumbætur. Samanburður á gæðavísum.

2.2.1 Rekstraraðili tekur árlega saman gæðavísa (quality indicators) út frá RAI-matinu. Rekstraraðili skuldbindur sig til að fylgja reglum RAI-matsnefndar, sbr. reglugerð nr. 546/1995, við mælingar á gæðavísum sínum.

2.2.2 Rekstraraðili skal setja sér markmið í samvinnu við RAI-matsnefnd um viðmiðunarmörk gæðavísa. Rekstraraðili mun birta starfsmönnum sínum og þeim sem njóta þjónustunnar framangreind markmið.

2.2.3 Rekstraraðili skal með skipulögðu og samfelldu gæðastarfi leitast við að bæta gæðin m.t.t. gæðavísanna. Fari niðurstöður RAI-mats út fyrir viðmiðunarmörk gæðavísa eins og þau eru tilgreind af RAI-matsnefnd skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd gæðaumbótaverkefnum sem hafi það að markmiði að niðurstöður matsins haldist innan viðmiðunarmarka.

2.2.4 Reynist niðurstöður RAI-mats rekstraraðila viðvarandi undir viðmiðunarmörkum, samkvæmt nánari skilgreiningu RAI-matsnefndar, getur það leitt til lækkunar á daggjaldi og til endurskoðunar á starfsheimild rekstraraðila.

2.2.5 Rekstraraðili skal að öðru leyti setja sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og umönnun og kostur er miðað við þá fjármuni, sem rekstraraðili hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.

2.3 Einstaklingsbundin umönnun.

2.3.1 Rekstraraðili skal gera einstaklingsbundna umönnunaráætlun fyrir hvern vistmann og nota m.a. til þess hjúkrunarskráningu og gagnasafn um heilsufar og hjúkrunarþörf á öldrunarstofnunum (MDS) og tryggja að henni sé framfylgt.

3 Lækna- og lyfjamál.

3.1 Rekstraraðili skal skipuleggja læknisþjónustu á stofnuninni, setja markmið um þjónustustig og framfylgja þeim.

3.2 Halda skal sjúkraskrá fyrir alla vistmenn og rita læknabréf fyrir þá sem útskrifast. Við komu á heimilið skal læknir gera sjúkraskrá um vistmann. Afla skal gagna um sjúkrahúslegur og skrá heilsufarsyfirlit. Sjúkraskráin inniheldur, auk hefðbundinnar sjúkraskrár, heilsufarsyfirlit, rannsóknarniðurstöður, læknabréf og önnur gögn sem tilheyra vistmanni.

3.3 Læknir skal annast læknisfræðilegan þátt RAI-mats við komu vistmanns og hvenær sem merkjanleg breyting verður á líkamlegu, andlegu eða félagslegu ástandi hans, sbr. 2.1.2.

3.4 Læknir skal í umboði rekstraraðila semja lyfjalista og leiðbeiningar um þau lyf sem skynsamlegt er að nota hverju sinni.

4 Ábendingar og kvartanir.

4.1 Skráning og meðferð ábendinga og kvartana er hluti af innra eftirlitskerfi rekstraraðila. Rekstraraðili skal safna og skrá kvartanir frá vistmönnum og aðstandendum þeirra vegna þjónustunnar. Skulu allar kvartanir fá formlega afgreiðslu.

Eftirlit og endurskoðun á framkvæmd og fjármálum hjúkrunarheimila.

Faglegt eftirlit.

Landlæknir, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafa með höndum faglegt eftirlit með störfum rekstraraðila og gæðum þjónustu hans, samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur eftirlit með rekstri og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður og þjónustu sem veitt er og kalla eftir upplýsingum sem ráðuneytið telur þörf á hverju sinni.

Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.
Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri starfsemi hjúkrunarheimila sem fjallað er um í skilmálablaði þessu. Í því sambandi er rekstraraðila skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá rekstraraðila sbr. lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Upplýsingaskylda.
Rekstraraðili skal ótilkvaddur senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun fyrir lok mars endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfseminni og framkvæmd samningsins.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tafarlaust megi honum vera það ljóst að hann geti ekki staðið við fjárhagslegar eða faglegar kröfur skilmálablaðs þessa.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að upplýsa Tryggingastofnun ríkisins um nýja einstaklinga, breytingar á aðsetri þeirra, brottför og andlát vegna daggjalda, bótagreiðslna til vistmanna frá Tryggingastofnun ríkisins og þátttöku vistmanna í vistunarkostnaði.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.
Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 144/1994, og laga um bókhald, nr. 145/1994.

Þagnarskylda.
Rekstraraðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónulega hagi vistmanna. Þagnarskyldan gildir þrátt fyrir að starfsmaður láti af störfum.

Févarsla og umsýsla.
Vistmaður á hjúkrunarheimili annast sjálfur févörslu og umsýslu fjármuna sinna.

Rekstraraðili skal þó bjóða upp á að haldið verði utan um vasapeninga vistmanna frá Tryggingastofnun ríkisins með öruggum hætti.

Eftirfarandi eru **möguleikar** til févörslu og umsýslu fjármuna vistmanna:

A. Fjárhaldsmaður. Fjárhaldsmaður vistmanns annast fjárreiður samkvæmt umboði vistmanns.

B. Umboð. Rekstraraðili annast fjárreiður vistmanns, sé þess óskað og samkvæmt umboði vistmanns gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. Stuðst skal við skriflegt umboð frá vistmanni eða fjárhaldsmanni hans. Rekstraraðili getur leitað eftir þjónustu bankanna til að annast févörslu vistmanns.


C. Vistmannabókhald. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að sérstakt bókhald sé haldið þar sem skráðar eru fjárreiður fyrir hvern vistmann um sig, svo sem vasapeningatekjur frá Tryggingastofnun ríkisins og úttektir, greiðslur frá lífeyrissjóðum og aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

D. Gjaldkeri. Rekstraraðili felur ábyrgum starfsmanni þá ábyrgð að gæta hagsmuna vistmanna hvað varðar notkun á vasapeningum þeirra og öðrum eignum sem þeir hafa hjá sér á heimilinu auk þess að annast fjárreiður.

E. Ráðstöfun vasapeninga. Rekstraraðila er einungis heimilt að ráðstafa vasapeningum vistmanns þannig að þeir nýtist viðkomandi vistmanni til persónulegra þarfa, efli sjálfstæði og auki ánægju hans. Ekki er ætlast til að vistmenn greiði af vasapeningum sínum venjulega innanstokksmuni, svo sem húsgögn til sameiginlegra nota, rúm, rúmfatnað og gardínur, nema um séróskir sé að ræða. Hins vegar er heimil viðeigandi ráðstöfun á vasapeningum til t.d. ferðalaga eða annarra skemmtana, til kaupa á sælgæti, tóbaki, persónulegum munum, tískufatnaði og jafnvel húsbúnaði í eigið herbergi, allt eftir ástandi og þörfum hvers og eins.


Umsókn um framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Flæðirit ráðuneytisins.

Umsókn um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra þarf að berast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 1. febrúar ár hvert fyrir næsta ár á eftir.



Umsókn um framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra

Umsókn um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra þarf að berast heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 1. febrúar ár hvert fyrir næsta ár á eftir.



Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga umbreytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til að verja fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraða í rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum verði felld brott. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að greiða úr sjóðnum húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimilum sem hafin verður bygging á eftir 1. janúar 2005. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti skal greidd að undangengnu útboði og telst ígildi stofnkostnaðar.

Í frumvarpinu er tekið fram að þegar um er að ræða hjúkrunarheimili sem ríki og sveitarfélög byggja sameiginlega fari greiðsla stofnkostnaðar skv. 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, en þar segir að framlag ríkissjóðs til tilgreindra sjúkrahúsbygginga skuli vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins segir að í þeim tilvikum verði framlag úr Framkvæmdasjóði allt að 40% og beint framlag úr ríkissjóði þarf því a.m.k. að vera 45%. Þessi hlutföll koma ekki fram í meginmáli frumvarpsins en eru í samræmi við drög að reglugerð sem fylgir frumvarpinu. Í öðrum tilvikum nema styrkir Framkvæmdasjóðs aldraða 40% af byggingarkostnaði hjúkrunarheimila á móti 60% eigin fjármögnun framkvæmdaaðila. Búast má því við að fjármögnun hjúkrunarheimila komi í ríkari mæli í hlut ríkis og sveitarfélaga og fari þá eftir lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þar sem kostnaðarþátttaka ríkisins er 85% af stofnkostnaði. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem annast stjórn sjóðsins, er hins vegar heimilt að gera tillögu til ráðherra um lægra styrkhlutfall til hjúkrunarheimila en 40% og þyrfti þá framlag úr ríkissjóði að hækka til að mæta 85% hlut, þegar byggt er í samvinnu við sveitarfélög.

Frumvarpið er kostnaðarmetið að teknu tilliti til reglugerðar sem fylgir frumvarpinu og er þar lagt til að hlutföll styrkja úr Framkvæmdasjóði aldraðra haldist óbreytt frá því sem nú er í gildi. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er 231,5 m.kr. styrkur til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að rekstrarstyrkurinn falli brott í áföngum á tímabilinu 2004–2008 og renni til uppbyggingar stofnanaþjónustu aldraðra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum þarf því árlega rúmlega 230 m.kr. úr ríkissjóði til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða, sem kemur til framkvæmda í áföngum á árunum 2004–2008. Ekki er kostnaðarmetin hugsanleg breyting á reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra til lækkunar á 40% framlagi sjóðsins til hjúkrunarheimila. Komi til slíkra breytinga hækka útgjöld ríkissjóðs að sama skapi til að mæta 85% kostnaðarþátttöku á móti sveitarfélögum.

861. Tillaga til þingsályktunar [571. mál]

um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Flm.: Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Einar Oddur Kristjánsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega verður ráðist í.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 14.–16. ágúst 2003. Ályktunin var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið ályktar að fela ríkisstjórn Íslands og landsstjórnum Færeyja og Grænlands að fela heilbrigðisyfirvöldum landanna að auka samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Æskilegt er að finna samskiptum vestnorrænu landanna á sviði heilbrigðismála fastan farveg og grundvöll til frambúðar. Samskipti vestnorrænu landanna á heilbrigðissviði hafa verið óformleg á ýmsa lund. Á ráðstefnu um heilbrigðismál á Vestur-Norðurlöndum, sem Vestnorræna ráðið stóð fyrir í Ilulissat í júní 2003, gátu fulltrúar sannreynt það. Á þeirri ráðstefnu kom fram að sums staðar á Vestur-Norðurlöndum skortir margvíslega heilbrigðisþjónustu, en annars staðar er þjónustustigið mjög hátt. Með meiri samhæfingu væri án efa hægt að þjóna íbúum allra Vestur-Norðurlanda betur. Nokkur formleg samvinna hefur þó verið með löndunum á þessu sviði og má þar nefna samkomulag frá árinu 1997 um flutning bráðasjúklinga frá Austur-Grænlandi til læknismeðferðar á Íslandi. Í því samkomulagi segir að stefnt skuli að enn frekara samstarfi um heilbrigðisþjónustu.

Vestur-Norðurlönd eru víðáttumikil, vegalengdir eru miklar og margir staðir afskekktir og því nokkrum erfiðleikum bundið að uppfylla ýtrustu kröfur um samræmda heilbrigðisþjónustu. Vestnorræna ráðið hefur þrátt fyrir það lagt til að heilbrigðisráðuneyti Íslands og Færeyja og heilbrigðisskrifstofa Grænlands taki upp samstarf og löndin miðli hvert til annars reynslu sinni af rekstri heilbrigðiskerfis og stjórnsýslu, skiptist á upplýsingum um fagleg málefni og kanni hvernig nýta megi krafta lækna og annars fagfólks öllum íbúum vestnorrænna landa til heilla. Þá hefur ráðið lagt til að heilbrigðisráðuneyti Íslands og Færeyja og heilbrigðisskrifstofa Grænlands láti útfæra „samvinnulíkan“ sem hægt yrði að styðjast við til að leysa ýmis úrlausnarefni. Einnig hefur ráðið lagt til að framangreind stjórnvöld láti árlega taka saman skýrslu um framvindu samstarfsins sem yrði lögð fyrir þing landanna.

862. Tillaga til þingsályktunar [572. mál]

um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Flm.: Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Einar Oddur Kristjánsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 14.–16. ágúst 2003. Ályktunin var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið ályktar að fela ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að auka samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Góður efnahagur Vestur-Norðurlanda, Færeyja, Grænlands og Íslands, er að langmestu leyti kominn undir skynsamlegri nýtingu auðæfa sjávar og af þeim sökum er brýnt að löndin hafi áfram með sér gott samstarf um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Auðlindir hafsins eru ekki óþrjótandi. Arðbær nýting á sameiginlegum fiskstofnum er háð því að Vestur-Norðurlönd standi saman um ábyrga stefnu. Með því móti fá komandi kynslóðir einnig notið þess arðs sem sjávarútvegur aflar íbúum landanna. Afar mikilvægt er að vestnorrænu löndin hafi með sér nána samvinnu um ábyrga fiskveiðistjórn á Norður-Atlantshafi svo að auðlindin nýtist þeim öllum til hagsbóta.

Enginn vafi er á því að Vestur-Norðurlöndum hefur tekist betur en mörgum öðrum að fullnægja grundvallarkröfum um nýtingu fiskstofna. Löndin eru aðilar að alþjóðasamningum um fiskveiðar og milli landanna eru í gildi tvíhliða samningar sem öll löndin hafa hag af.

Ávallt er þó hægt að bæta um betur og þess vegna er mikilvægt að með tvíhliða samningum um fiskveiðar og á fjölþjóðlegum vettvangi, eins og í Norðaustur- Atlantshafsfiskveiðiráðinu (NEAFC), vinni vestnorrænu löndin áfram í sameiningu að eðlilegri þróun sjávarútvegs.

Hingað til hafa Vestur-Norðurlönd getað leyst í sameiningu vandamál varðandi sameiginlega fiskstofna og er tillögu þessari ætlað að stuðla að því að svo verði áfram.

Vestnorræna ráðið beinir því þeim tilmælum til ríkisstjórna Vestur-Norðurlanda að samþykkja ályktun um þetta efni.

863. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristin Hugason frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá fiskeldisnefnd, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnuninni og Umhverfisstofnun sem allar voru mjög jákvæðar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði heimildir sjávarútvegsráðherra til að takmarka eða banna eldi á lifandi sjávardýrum og verja stofna íslenskra sjávardýra gegn óæskilegum áhrifum erfðablöndunar við aðra stofna sömu tegundar eða innfluttra tegunda eða stofna sem ekki finnast við Íslandsstrendur ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir duga ekki til.

Nefndin telur að gildissvið frumvarpsins sé of þröngt miðað við gildissvið laganna um eldi nytjastofna sjávar sem frumvarpinu er ætlað að breyta. Nefndin leggur því til að gildissviðið verði samræmt lögunum þannig að heimild ráðherra nái ekki eingöngu til lifandi sjávardýra heldur til nytjastofna, en undir það falla samkvæmt skilgreiningu laganna sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjaður er eða kann að verða nytjaður í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 4. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal um takmörkun eða bann eldis á nytjastofnum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu.

Hjálmar Árnason og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Jóhann Ársælsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Kristján L. Möller.	Magnús Þór Hafsteinsson.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

864. Fyrirspurn [573. mál]

til samgönguráðherra um farsíma- og tölvusamband í dreifbýli.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu margir GSM-sendar voru settir upp árlega í dreifbýli árin 1998–2002, sundurliðað eftir landshlutum?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þétta GSM-samband á vegum landsins?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að bæta tölvusamband, t.d. með ADSL-tengingu, í dreifbýli þar sem búa færri en 500 íbúar?

Skriflegt svar óskast.

865. Fyrirspurn [574. mál]

til dómsmálaráðherra um greiðslur til fanga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvenær voru reglur um greiðslur dagpeninga til fanga endurskoðaðar síðast?
2. Við hvað er miðað þegar ákvarðanir um greiðslur eru teknar?
3. Fá fangar í gæsluvarðhaldi eða einangrunarvist greidda dagpeninga?

866. Fyrirspurn [575. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um tölfræði Hagstofunnar í heilbrigðismálum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Skráir Hagstofa Íslands heilbrigðisútgjöld landsmanna í samræmi við reglur og flokkunarkerfi OECD? Ef svo er ekki, að hvaða leyti er skráning Hagstofunnar frábrugðin því sem gerist hjá OECD?
2. Eru upplýsingar OECD, t.d. í „OECD Health Data 2003“ og „OECD in Figures 2003“, um heildarútgjöld og opinber útgjöld til heilbrigðismála sambærilegar milli OECD-landa? Ef ekki, hvaða lönd eru sambærileg við Ísland og hver eru það ekki?
3. Hver voru heildarútgjöld og opinber útgjöld Íslendinga til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu síðasta tiltæka samanburðarár og í hvaða röð var Ísland af OECD-löndum það ár?

Skriflegt svar óskast.

867. Frumvarp til laga [576. mál]

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Gildissvið.

Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar og í 4. gr.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

Ákvæði þessara laga gilda ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

Ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gilda ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr.

2. gr.

Stjórn vatnsveitu.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum. Sveitarstjórn getur ráðið vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr. eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr.

Sveitarstjórn skal fylgjast reglubundið með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé í samræmi við það sem lög eða samningar kveða á um.

3. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Ákvæði VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði nema um annað sé sérstaklega samið.

4. gr.

Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt þessum lögum.

Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal eftir því sem við á kveðið á um eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar, innlausnarrétt sveitarfélagsins á stofnkerfi og fastafjármunum vatnsveitunnar í samningi aðila auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð stofnkerfis og fastafjármuna skv. 2. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr, nema samningsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

5. gr.

Vatnsæðar.

Eigandi vatnsveitu sér um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun á þeim. Vatnsveitu er skylt að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem stjórn vatnsveitu setur og skal sú heimæð teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal senda til vatnsveitu.

Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til vatnsveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingunum.

Vatn, sem tekið er úr stofnkrana innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema stjórn vatnsveitu samþykki annars konar fyrirkomulag. Stjórn vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá skv. 10. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimæðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

6. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið og má gjaldið nema allt að 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati. Í þeim tilvikum sem matsverð fasteignar

liggur ekki fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur þó notið vatns frá vatnsveitu, er heimilt að ákveða upphæð vatnsgjalds með hliðsjón af áætluðu fasteignamati fullfrágenginnar eignarinnar, og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Í gjaldskrá er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning skv. 1. og 2. málsl. skal þó aldrei vera hærri en segir í 1. mgr.

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignaskatti. Skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

7. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa er vatnsveitu heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald skal að jafnaði innheimta eftir á samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður stjórn vatnsveitu gjaldið samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveita lætur þeim er greiða skulu notkunargjald í té löggilta vatnsmæla þar sem þeim verður við komið en notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi vatnsmælanna og skal notandi greiða gjald fyrir leigu mælis samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að rjúfa innsigli mælis nema með leyfi vatnsveitu.

Endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun í rúmmetrum samkvæmt gjaldskrá. Hafnarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Heimilt er að áætla vatnsnotkun ef ekki er unnt að mæla hana.

Heimilt er í gjaldskrá að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka eftir magni og/eða notkun. Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

8. gr.

Endurgjald til annarra vatnsveitna.

Selji vatnsveita annarri vatnsveitu vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða með mati dómkvaddra matsmanna, náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður við söluna, ásamt allt að 5% álagi.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Vatnsgjaldi og heimæðargjaldi, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum, fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Notkunargjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

10. gr.

Gjaldskrá vatnsveitu.

Stjórn vatnsveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 5.–7. gr. þessara laga. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Heimilt er að skipta starfssvæði vatnsveitu í veitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði.

Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

11. gr.

Reglugerð.

Ráðherra skal setja reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtöku, vatnsæðar o.fl.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu og byggist það í meginatriðum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem félagsmálaráðherra flutti á 128. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Við gerð þess frumvarps sem nú er lagt fram hefur verið tekið tillit til umsagna sem bárust félagsmálanefnd Alþingis um málið og einnig hefur ráðuneytið haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorku, samtök rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, við frumvarpsgerðina. Varð niðurstaðan af því samráði að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þær breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Það landsvæði sem einkaréttur sveitarstjórnar til reksturs vatnsveitu og sölu vatns gildir á er skilgreint á annan hátt en í gildandi lögum. Er lagt til að einkarétturinn gildi innan staðarmarka sveitarfélagsins að því leyti sem annað er ekki tekið fram í lögum. Þetta hefur meðal annars í för með sér að einkarétturinn verður ekki til staðar á landsvæðum í dreifbýli þar sem óhagkvæmt þykir að leggja vatnsveitu og á landsvæðum þar sem vatnsveita í eigu vatnsveitufélags eða annars aðila er þegar starfandi, sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Framsalið skal

binda nánar tilgreindum skilyrðum og kvöðum. Jafnframt er í frumvarpinu mælt fyrir um skyldu sveitarstjórnar til að hafa eftirlit með því að vatnsveita veiti íbúum fullnægjandi þjónustu.

Mælt er fyrir um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Jafnframt er lagt til að vatnsveita geti krafið einstaka notendur um hluta kostnaðar þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun til brunavarna.

Lagt er til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 7. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að notkunargjald sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Einnig er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka en afnumið er ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli miðast við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gjaldtaka vatnsveitna byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna, að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar vegna framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun.

Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu og er það í samræmi við ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 421/1992, með síðari breytingum. Þar sem svo háttar til að ekki hefur verið kosin sérstök stjórn vatnsveitu fer sveitarstjórn með ákvörðunarvald um málefni vatnsveitu. Í þeim tilvikum sem einkaréttur sveitarfélags til starfrækslu vatnsveitu hefur verið falinn öðrum eða vatnsveita er í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga fer um stjórn vatnsveitunnar eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerð eða samþykktum sem gilda um rekstur hennar.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að starfrækja vatnsveitu í kaupstöðum og bæjum. Jafnframt er hreppsnefndum heimilað að starfrækja vatnsveitu í hreppum ef slíkt er hagkvæmt. Orðalag ákvæðisins er í samræmi við ákvæði eldri sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en í gildandi sveitarstjórnarlögum eru þéttbýlisstöðum ekki gefin mismunandi heiti eftir stærð þeirra. Meðal annars af þessari ástæðu er mælt fyrir um það í 1. mgr. að sveitarfélögum sé skylt að starfrækja vatnsveitu í þéttbýli nema þegar vatnsveita er þegar starfandi þar. Í 2. mgr. er sveitarfélögum á sambærilegan hátt heimilað að starfrækja vatnsveitu í dreifbýli ef rannsóknir og kostnaðaráætlanir sýna að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

Ákvæði 3.–4. mgr. eru nýmæli og er þeim ætlað að afmarka gildissvið laganna á skýrari hátt en gert er í lögum nr. 81/1991, meðal annars að því er varðar einkarétt sveitarfélaga til að starfrækja vatnsveitu, sbr. 4. gr.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að sveitarstjórn fari með stjórn vatnsveitu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið. Með þessu orðalagi verður

sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Ákvæðið er samið með hliðsjón af nýjum raforkulögum, nr. 65/2003, þar sem mælt er fyrir um að öll fyrirtæki sem annast dreifingu raforku skuli vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá þeim rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun.

Með því að gefa rekstrarform vatnsveitna í eigu sveitarfélaga frjálst er verið að koma í veg fyrir að skipta verði veitufyrirtækjum í eigu sveitarfélaga upp í tvö eða fleiri fyrirtæki eða stofnanir til að uppfylla skilyrði 14. gr. raforkulaga. Ákvæði 1. mgr. er jafnframt ætlað að veita vatnsveitum sem eingöngu eru í eigu eins sveitarfélags sambærilega stöðu og vatnsveitum sem eru í sameign tveggja eða fleiri sveitarfélaga, en skv. 3. gr. gildandi laga er sameigendum vatnsveitu heimilt að gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli og er því ætlað að tryggja að ákvæði frumvarpsins endurspegli öll þau fjölbreytilegu rekstrarform vatnsveitna sveitarfélaga sem nú fyrirfinnast hér á landi.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að fylgjast með því að þjónusta vatnsveitu við íbúa sé fullnægjandi. Þótt ákvæðið eigi einkum við þegar ráðstöfun skv. 4. gr. hefur átt sér stað gildir það einnig þegar sveitarfélag stendur sjálft að rekstri vatnsveitu eða í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Fyrri málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga en kveðið er á um það nýmæli í 2. málsl. 1. mgr. að sveitarstjórn sem lagt hefur vatnsveitu sé heimilt að fela stofnun eða félagi, sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga, skyldur sínar og réttindi samkvæmt lögunum. Ákvæðið tekur m.a. til einkaréttar sveitarstjórnar á rekstri vatnsveitu og sölu vatns þar sem einkarétturinn er fyrir hendi.

Fyrir slíkri ráðstöfun geta legið gildar ástæður en skýrt er tekið fram í greininni að með henni taki viðkomandi stofnun eða fyrirtæki bæði að sér réttindi og skyldur sveitarfélagsins samkvæmt lögunum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 31. gr. orkulaga að því er varðar hitaveitur, en vegna þess að rekstur vatnsveitu telst til skylduverkefna sveitarfélaga þótti ástæða til að takmarka heimild sveitarstjórnar meira en gert er í orkulögum. Er því ekki heimilt að fela einkaaðila eða lögaðila sem ekki er að meiri hluta í opinberri eigu rekstur vatnsveitu. Í 2. mgr. er m.a. lögð sú skylda á sveitarstjórnir að tryggja að notendur veitunnar fái vatn frá veitunni á viðráðanlegu verði og að sveitarfélagið geti yfirtekið starfsemi veitunnar ef þörf er á, svo sem ef gæði þjónustunnar eru ekki nægileg.

Í 3. mgr. er kveðið nánar á um innlausnarverð stofnkerfis og fastafjármuna vatnsveitu og þarfnast ákvæðið ekki sérstakra skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga en það ákvæði þykir að sumu leyti torskilið og þótti ástæða til að orða það skýrar, m.a. varðandi gjaldtökuheimildir.

Helstu breytingar frá gildandi ákvæði felast í því að í 5. mgr. er lagt til að kveðið verði á um skyldu vatnsveitu til að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000. Jafnframt er lagt til að í 6. mgr. komi heimild til að krefja notendur um hluta kostnaðar í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar. Meðal annars getur reynt á ákvæðið vegna krafna um brunavarnir en samkvæmt gildandi lögum ber sveitarstjórn allan kostnað af vatnsöflun vegna brunavarna.

Loks skal þess getið að 1. mgr. er að mestu efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga en í 3. málsl. ákvæðisins er þó lögð til sú breyting, að því er varðar eignarhald og viðhaldsskyldu á heimæðum, að vatnsveitu verði skylt að yfirtaka heimæð komi fram skrifleg beiðni frá eiganda hennar. Ástæða þessa er sú að nú eru liðin tólf ár frá gildistöku laga nr. 81/1991, sem m.a. gerðu ráð fyrir því að vatnsveitur sæju um og eignuðust heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Þykir ekki lengur þörf á að hlífa vatnsveitum við skyldunni til að endurnýja illa frágengnar heimæðar og því eðlilegt að húseigendum verði gert kleift að losna undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera á þeim ábyrgð.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga en gerðar hafa verið breytingar á orðalagi og uppsetningu ákvæðisins, meðal annars með hliðsjón af því að stofn til útreiknings vatnsgjalds er nú fasteignamat viðkomandi eignar í stað álagningarstofns sem miðast við afskrifað endurstofnverð fasteignar. Af þeirri ástæðu þótti heldur ekki ástæða til þess að hafa lengur í gildi ákvæði 3. mgr. 7. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð í þeim tilvikum þegar ágreiningur verður um gjaldstofn.

Í 1. mgr. er lagt til að orðin „og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu“ falli brott. Hér er þó ekki um efnisbreytingu að ræða þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sambærileg regla verði framvegis í 10. gr. þar sem kveðið er á um gjaldskrá vatnsveitu.

Að öðru leyti felur greinin fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Að stofni til byggist greinin á 8. gr. gildandi laga en lagðar eru til allnokkrar efnisbreytingar. Fyrst ber að nefna að í 1. mgr. er lagt til að orðið „notkunargjald“ komi í stað „aukavatnsgjalds“ í gildandi lögum og að innheimta megi notkunargjald óháð því hvort notandi greiðir jafnframt vatnsgjald skv. 6. gr. Þá er miðað við að notkunargjald skuli greiða af allri atvinnustarfsemi og allri vatnsnotkun til annars en venjulegra heimilisþarfa en vafi hefur leikið á því hvort túlka beri 1. mgr. 8. gr. gildandi laga á þann veg að atvinnustarfsemi þar sem vatnsnotkun er lítil skuli undanþegin aukavatnsgjaldi.

Í 3. málsl. 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að rjúfa innsigli vatnsmælis nema með leyfi vatnsveitu. Er hér um að ræða refsiverða háttsemi skv. 113. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er að taka fram að ekki er talin þörf á því að hafa í frumvarpinu sérstakt refsiákvæði líkt og ákvæði 12. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lögð til sú breyting að kveðið verði á um heimild til að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka. Jafnframt er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi, sem kveðið er á um í gildandi lögum, að hámark aukavatnsgjalds miðist við ákvæði í reglugerð sem ráðherra setur. Þess í stað er miðað við að ákvörðun notkunargjalds miðist við almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga en gerðar hafa verið orðalagsbreytingar til samræmis við 7. gr. frumvarpsins. Einnig hefur orðalagi í 2. mgr. verið breytt lítils háttar.

Um 10. gr.

Í 11. gr. gildandi laga er sveitarstjórn falið að setja vatnsveitu gjaldskrá og auglýsa hana. Vegna þess hve rekstrarform vatnsveitna getur verið fjölbreytilegt þykir nauðsynlegt til að einfalda framkvæmd að kveða á um að stjórn vatnsveitu annist þessi verkefni.

Regla 2. málsl. 1. mgr. byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna. Til að taka af allan vafa er kveðið sérstaklega á um heimild til þess að taka fjármagnskostnað og fyrirhugaðan stofnkostnað samkvæmt langtímaáætlun veitunnar með í reikninginn við gjaldskrárútreikning. Samkvæmt 11. gr. setur ráðherra nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Algengt er að veitufyrirtæki sameinist og við það getur starfssvæði vatnsveitu orðið afar stórt. Er ákvæðinu ætlað að eyða óvissu um það hvort heimilt sé að hafa fleiri en eina gjaldskrá í gildi en til að slíkt sé heimilt þarf vatnsveita að auglýsa skiptingu starfssvæðis síns í veitusvæði.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á áhrifum frumvarps til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.
(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember 2002.)

Þær breytingar frá gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna.

Ráðstöfunarheimildir sveitarfélags á einkarétti þess til reksturs vatnsveitu eru auknar í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. þar sem lagt er til að sveitarstjórn geti falið stofnun eða fyrirtæki, sem að meiri hluta er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, einkarétt sinn á rekstri vatnsveitu og sölu vatns. Í 1. mgr. 2. gr. er sveitarstjórn jafnframt heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Skv. 5. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, verða virkjanaleyfi til raforkuframleiðslu aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila og gerir frumvarpið sveitarstjórnum kleift, ef svo ber undir, að reka í einu félagi vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu.

Með frumvarpinu er jafnframt stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Með 6. gr. er komið í veg fyrir ágreining um stofn til útreiknings vatnsgjalds þar sem fasteignamat viðkomandi eignar ákvarðar nú stofninn í stað álagningarstofns. Í 7. gr. er lagt til að notkunargjald (aukavatnsgjald í gildandi lögum) skuli greiða af allri atvinnustarfsemi og allri vatnsnotkun sem ekki flokkast undir venjulega heimilisnotkun óháð umfangi notkunarinnar. Í 10. gr. er tekið fram að heimilt er að taka tillit til fjármagnskostnaðar og fyrirhugaðs stofnkostnaðar í gjaldskrá vatnsveitu og jafnframt að skipta starfssvæði vatnsveitu í veitusvæði með sérstaka gjaldskrá fyrir hvert svæði.

Skyldur sveitarfélaga eru einungis auknar á einu sviði er varðar eignarhald og viðhaldsskyldur á heimæðum þar sem í 1. mgr. 5. gr. er lagt til að sveitarfélagi sé skylt að yfirtaka heimæð komi fram skrifleg beiðni frá eiganda hennar.

Af framansögðu verður ekki séð að frumvarpið feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Á hinn bóginn kann það, með auknum sveigjanleika í rekstri og rekstrarformi, að gera sveitarstjórnum kleift að hagræða rekstri vatnsveitna.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum frá gildandi lögum sem m.a. miða að auknum sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna sveitarfélaga. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Heimildirnar skulu þó byggjast á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði af veittri þjónustu. Samkvæmt frumvarpinu fer sveitarstjórn með stjórn vatnsveitumála í viðkomandi sveitarfélagi en jafnframt er gert ráð fyrir heimild hennar til að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

868. Tillaga til þingsályktunar [577. mál]

um aukna notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa í samgöngum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Mörður Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera heildstæða áætlun um aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega, innlenda orkugjafa. Skal miðað við að árið 2020 verði fjórðungur nýrra bifreiða knúinn slíkum orkugjöfum.

Áætlunin skal meðal annars fela í sér tillögur um lagabreytingar er veita fjármálaráðherra heimild til að fella niður svo lengi sem þurfa þykir öll opinber gjöld, svo sem virðisaukaskatt, vörugjöld og þungaskatt:

a. af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa,
b. af búnaði sem nýttur er til að framleiða nýja endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi,
c. af endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleiddir er hér á landi í því skyni að knýja samgöngutæki.

Áætlunin skal jafnframt fela í sér tillögur að samstarfi ríkis við sveitarfélög um aðgerðir sem hvetja til nýtingar innlendra orkugjafa, svo sem tímabundna styrki vegna almenningsvagna, um rannsóknir sem ýtt gætu undir þróun vistvænna samgangna og um aðrar aðgerðir sem gætu dregið úr mengun frá samgöngutækjum.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en fyrir lok vorþings 2005.

Greinargerð.

Samgöngur valda gríðarlegri mengun í formi gróðurhúsalofttegunda sem verða til við bruna eldsneytis sem á uppruna sinn í jörðu. Gróðurhúsalofttegundirnar verða að eins konar hitagildru sem kemur í veg fyrir að hiti geislist frá jörðu út í geiminn. Hlýnun á sér því stað í andrúmsloftinu. Ekki er lengur deilt um að hlýnunin geti raskað umhverfi jarðarinnar verulega. Auk þess veldur brennsla jarðefnaeldsneytis í farartækjum margvíslegri loftmengun sem m.a. hefur áhrif á heilsu fólks. Minni notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum mun því til lengri tíma einnig auka heilbrigði og lífsgæði samfara því að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Áhrif vaxandi styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti gætu orðið geigvænleg. Breytt straumakerfi sem drægi úr Golfstraumnum gæti hugsanlega haft mikil áhrif á gengd fiskstofna og búsetuskilyrði meðal annars í okkar heimshluta. Rannsóknir á borkjörnum úr Grænlandsjökli, þar sem íslenskir vísindamenn hafa verið í forustu, benda til að skjót hlýnun andrúmsloftsins geti verið undanfari ísalda sem skella á með litlum fyrirvara. Hröð hlýnun af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda hefur því verið skilgreind sem ein mesta vá sem steðjar að mannkyninu. Víðs vegar um heim eru stjórnvöld að grípa til aðgerða gegn henni. Kyotosamningurinn er besta dæmið.

Sérstaða Íslands.

Miklar vonir standa til að innan fárra ára hefjist fjöldaframleiðsla farartækja sem knúin verða með mengunarlausum orkuberum í stað mengandi jarðefnaeldsneytis. Tækist það yrðu tímamót í umhverfisvernd. Í þessari þróun eiga Íslendingar kost á að leika veigamikið hlut-

verk. Náttúrulegar auðlindir okkar bjóða upp á fágæta möguleika til að þróa samgöngur sem byggjast að langstærstum hluta á innlendum orkugjöfum. Þar ber að sönnu hæst þá miklu möguleika sem felast í að nýta vetni og rafmagn til samgangna, en ekki má heldur horfa fram hjá tækifærum sem liggja í að nota metan og metanól. Notkun tveggja síðasttöldu orkuberanna er að sönnu ekki laus við myndun gróðurhúsalofttegunda, en mengun af þeirra völdum er hins vegar miklu minni en vegna olíu og bensíns. Því er einnig mikilvægt að búa í haginn fyrir notkun þeirra. Þá er einnig rétt að hafa í huga að áætlanir um skógrækt í atvinnuskyni sem nú eru komnar til framkvæmda í öllum landshlutum munu í framtíðinni gefa af sér afurðir sem gætu nýst vel til framleiðslu á lífrænu endurnýjanlegu eldsneyti en hún er líkleg til að auka arðsemi þeirra verkefna. Í þessari tillögu eru samgöngur sem byggjast á öllum framangreindum innlendum orkugjöfum því skilgreindar sem endurnýjanlegar samgöngur. Heimildirnar sem lagt er til í þessari þingsályktunartillögu að stjórnvöld fái ná sömuleiðis til allra áðurgreindra orkugjafa.

Við framleiðslu endurnýjanlegra orkubera, svo sem vetnis og rafmagns, verða flestar þjóðir að nýta að einhverju marki eldsneyti eða hráefni sem er af uppruna jarðefna og fæst með námagreftri, svo sem kol, olíu eða jarðgas. Við umbreytingu þeirra í hreina orkugjafa verður jafnan einhver losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar, nær einir þjóða, eiga hins vegar kost á því að nýta náttúrulegar, endurnýjanlegar auðlindir í formi vatnsafls og jarðhita, til að framleiða vetni og rafmagn án þess að nokkur losun gróðurhúsalofttegunda verði við framleiðsluna. Í þessu felst mikilvæg sérstaða Íslands.

Íslendingar búa ekki aðeins að endurnýjanlegum auðlindum. Hér á landi er einnig einstök þekking og reynsla í framleiðslu þessara orkugjafa. Við Háskóla Íslands hefur dr. Bragi Árnason unnið ómetanlegt starf við þróun á framleiðslu vetnis og nýtingu þess til samgangna. Dr. Bragi hefur m.a. kynnt stórmerkar hugmyndir sem byggjast á því að nýta útblástur frá stóriðjuverunum til að framleiða metanól, en í slíku framleiðsluferli fellur það vel undir skilgreiningu á endurnýjanlegu eldsneyti. Þá er ónefnt framlag Íslenskrar nýorku ehf. á sviði vetnisnýtingar, sem vakið hefur heimsathygli. Fyrirtækið rekur fyrstu og einu vetnisdreifingarstöð Íslendinga í samvinnu við olíufyrirtæki og sömuleiðis nokkra almenningsvagna sem ganga fyrir vetni, auk þess að sinna þróunar- og rannsóknarvinnu varðandi vetni. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þekkingu okkar Íslendinga á sviði raforkuframleiðslu. Fyrir utan mikla þekkingu á virkjun fallvatna er hvergi í heiminum jafnmikil reynsla og á Íslandi af því að framleiða rafmagn úr jarðhita.

Íslendingar ættu því að geta lagt mikið af mörkum til umhverfisverndar í heiminum með því að þróa þá tækni sem þarf til að nýta mengunarlausa orkugjafa til samgangna. Mikil orka í formi jarðhita er víða ónýtt. Má í því sambandi rifja upp frumkvæði Samfylkingarinnar varðandi orkuvinnslu úr lághita en þingsályktunartillaga flokksins, sem Örlygur Hnefill Jónsson var fyrsti flutningsmaður að, var samþykkt á Alþingi 3. maí 2002. Sömuleiðis eru sums staðar góðar aðstæður hér á landi til að framleiða orku með vindmyllum, en þeirri tækni fleygir nú fram erlendis auk þess sem Íslendingar hafa sinnt rannsóknum á beislun vindafls. Engin ástæða er til að ætla annað en hér á landi verði framleidd orka með þeim hætti í framtíðinni. Við bestu aðstæður gætum við orðið útflytjendur á vetni til að knýja samgöngur utan Íslands. Frumkvæði og forganga Íslands á þessu sviði getur því ef rétt er á haldið einnig skapað margvísleg efnahagsleg tækifæri.

Sérstaða okkar Íslendinga í þessum efnum er slík að fullyrða má að okkur beri siðferðileg skylda til að taka að okkur forustuhlutverk í þessum efnum.

Nýir möguleikar.

Tvennt hefur einkum háð útbreiðslu ökutækja sem ganga fyrir umhverfisvænu eldsneyti. Í fyrsta lagi er fjárfestingarkostnaður við uppbyggingu á dreifikerfi mengunarlausra orkubera ákaflega dýr. Hann er eðlilega erfitt að kljúfa meðan notkun vistvænna ökutækja er enn hlutfallslega mjög lítil. Hér á landi skipti efalítið sköpum að vetnisstöðina sem fyrr var nefnd styrkti Evrópusambandið með framlagi sem nam 40% af stofnkostnaði. Meðal brýnustu framtíðarverkefna við uppbyggingu vistvænna samgangna hér á landi er því að þróa skipulag sem auðveldar uppbyggingu neytendavænna eldsneytisstöðva (á ensku kallað „Customer Accepted Infrastructure“) án þess að skekkja til frambúðar samkeppnisstöðu á eldsneytismarkaði.

Í öðru lagi hefur mjög hátt verð á bifreiðum háð mjög útbreiðslu þeirra. Sums staðar hafa ríkisstjórnir því farið þá leið að niðurgreiða slík ökutæki. Frönsk stjórnvöld reyndu á sínum tíma að örva notkun rafbíla til einkanota með því að greiða 2.000 franka með hverjum bíl. Í þessu samhengi verður að líta bæði til stofnkostnaðar og reksturs ökutækja. Beinar niðurgreiðslur geta hugsanlega komið til greina í einstaka tilvikum, svo sem gagnvart almenningsvögnum, meðan verið er að efla samgöngur sem byggjast á endurnýjanlegum orkugjöfum. Að jafnaði telur þó Samfylkingin vænlegra að beita fremur tímabundnum skattaívilnunum sem tengjast stofnkostnaði og notkun ökutækja, til að draga úr verðmun og reksturskostnaði á hefðbundnum farartækjum og þeim sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Á hinn bóginn leggja flutningsmenn áherslu á að slíkum ívilnunum verði einungis beitt tímabundið meðan verið er að ýta undir innleiðingu nýjustu tækni þannig að hún verði samkeppnishæf við eldri tækni sem mengar mun meira.

Í þessu ljósi leggur því Samfylkingin til að fjármálaráðherra fái tímabundna heimild til að fella niður öll opinber gjöld af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa og jafnframt að sama gildi um slíka orkugjafa sem eru framleiddir hér á landi. Orðalagið „nýir“ endurnýjanlegir orkugjafar sem notað er í tillögugreininni varðandi búnað felur í sér að heimild ráðherrans skuli ná til búnaðar við framleiðslu nýrra orkugjafa, svo sem vetnis, metans og metanóls en ekki til rafmagns. Ástæðan er sú að ekki er hægt að afmarka framleiðslu raforku til samgangna frá raforkuframleiðslu í öðru skyni. Einnig er lagt til að opinber gjöld skuli falla niður af endurnýjanlegu eldsneyti. Það kann að sönnu að orka tvímælis þar sem nauðsynlegt er að horfa til þess að fjármagn þarf til að byggja áfram upp samgöngukerfi landsmanna. Verði tillagan samþykkt mun það hins vegar verða í hendi fjármálaráðherra hverju sinni að meta hversu lengi slík gjöld skuli felld niður og í hve miklum mæli.

Fjöldaframleiðsla á döfinni.

Þær tillögur sem hér eru reifaðar ber að skoða í samhengi við framfarir sem nú hillir undir í gerð vistvænna ökutækja. Þróun tvinnbíla (hybrid), þar sem notast er við tvenns konar orkugjafa, til dæmis rafmagn og bensín, hefur fleygt fram og má gera ráð fyrir fjöldaframleiðslu þeirra innan tiltölulega fárra ára. Miklu meiru skiptir þó fyrir Íslendinga að þróun og framleiðsla vetnisbíla er senn að komast á flugstig. Á allra næstu árum fyrirhuga stórir bílaframleiðendur fjöldaframleiðslu á tvinnbílum sem nýta að mestu leyti vetni. Daimler-Chrysler hyggst á árunum 2008–2012 hefja framleiðslu vetnisbíla og framleiða nokkur hundruð á ári, hugsanlega nokkur þúsund. Fyrirtækið áformar svo fjöldaframleiðslu slíkra bíla 2012–2015. Þess ber að geta að miklar vonir eru bundnar við að framleiðsla vetnisbíla sem nýta vetni á sprengihreyfil komi fyrr á markaðinn, jafnvel á árabilinu 2006–2009.

Um leið og fjöldaframleiðsla á tvinnbílum hefst er fyrirsjáanleg mikil verðlækkun á bílum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa. Leiða má rök að því að verði ráðist í þær aðgerðir sem

tillaga þessi felur í sér, þá verði þeir samkeppnisfærir í verði gagnvart hefðbundnum bílum innan skamms tíma. Það mundi marka tímamót í vistvænum samgöngum hér á landi og opna upp á gátt dyrnar fyrir notkun innlendra orkugjafa.

Samstarf um nýtingu metans.

Auk vetnis og rafmagns er metangas orkugjafi sem fellur til innan lands og er þegar notað til að knýja bíla. Tæknin, sem þarf til þess, er vel þekkt og þaulreynd. Metangas verður til við niðurbrot lífrænna efna og töluvert magn af því fellur til í urðunarsvæðum. Það má einnig framleiða úr hvers kyns lífrænum úrgangi sem erfitt er að losna við, svo sem sláturúrgangi, fiskúrgangi, lífrænum eldhúsúrgangi, mykju, hrossataði, hænsnaskít, skógarúrgangi og öðrum úrgangi frá landbúnaði. Slík framleiðsla á metani er í fullum gangi víða erlendis, svo sem í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Sviss, Austurríki, Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Þá er einnig mjög algengt að hluti af skolphreinsikerfum sé gasgerð úr úrgangi sem fellur til við hreinsunina. Þar eð loftmengun er víða vandamál í stórborgum hafa yfirvöld margra þeirra haft frumkvæði að því að nýta metangas til að knýja bifreiðar í sinni þjónustu. Má þar sérstaklega nefna Stokkhólm, þar sem notkun metanbíla er einna útbreiddust.

Sorpa hefur sýnt lofsvert frumkvæði á þessu sviði. Fyrirtækið Metan hf., sem Sorpa stofnaði og á meiri hluta í, markaðssetur metangas sem til verður á urðunarsvæði höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Magnið, sem þar fellur til, gæti dugað til að knýja 2.000–4.000 bíla. Á höfuðborgarsvæðinu eru nú 44 ökutæki sem ganga fyrir metani, rekin af ýmsum fyrirtækjum. Reykjavíkurborg hefur stutt frumkvæði Sorpu dyggilega og til dæmis hefur borgarráð einróma samþykkt að breyta sorpbílaflotanum í metanknúin ökutæki.

Eins og þegar er komið fram er efni tillögu Samfylkingarinnar hins vegar ekki einskorðað við vetni eða rafmagn heldur nær einnig til orkugjafa úr lífrænu endurnýjanlegu hráefni, eins og metangasi, sem valda miklu minni mengun en bensín og olía. Samþykkt tillögu þessarar yrði því mikil lyftistöng undir frumkvæði Sorpu á þessu sviði.

Samstarf við sveitarfélög.

Í tillögu þessari til þingsályktunar er m.a. lagt til sérstakt samstarf ríkis við sveitarfélög um aðgerðir til að auka notkun innlendra, endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Þar er reifaður sá möguleika að sveitarfélög geti notið tímabundinna styrkja meðan verið er að byggja upp almenningssamgöngu á þeim grunni. Í dag eru almenningsvagnar sem knúðir eru vetni um fimmfalt dýrari í innkaupum hér á landi en hefðbundnir vagnar. Það er því ljóst að mjög erfitt verður að þróa almenningssamgöngur sem byggjast á vetnistækni nema til komi einhvers konar tímabundin aðstoð í upphafi. Í tillögunni er sérstaklega drepið á þann möguleika að ívilna ökutækjum á öðrum sviðum en lúta að beinni skattheimtu ríkis. Í Noregi þarf ekki að greiða virðisaukaskatt eða þungaskatt af rafbílum samkvæmt frétt Ríkissjónvarpsins 21.9.2003, þeim er að auki sleppt við vega- og jarðgangatolla og fá ókeypis aðgang að opinberum bílahúsum og stæðum. Þeir njóta jafnframt þeirra forréttinda að fá að aka á akreinum sem einungis eru ætlaðar strætisvögnum. Í sömu frétt segir seljandi Peugeot-rafbíla að salan hafi aukist tífalt. Efalítið eiga framangreindar stjórnvaldsaðgerðir mestan þátt í því.

Reynsla Norðmanna sýnir því, að samstarf sveitarfélaga og ríkis er mikilvægt til að ná góðum árangri. Ívilnanir sem ekki varða beinlínis ríkið sjálft er því nauðsynlegt að skoða einnig hér á landi. Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga gæti til dæmis falið í sér að ríkið felldi niður sín gjöld gegn því að sveitarfélögin gripu til áðurnefndra ráðstafana. Ávinningur ríkisins væri að því yrði auðveldara að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Þess má geta að Svíar hafa reiknað út að þjóðhagslegur sparnaður af notkun strætisvagna sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku í Stokkhólmi sé að andvirði um 100.000 bandaríkjadalir á hvern vagn á ári. Sá útreikningur miðast við svokallað líftímagreiningu, þ.e. sparnað sem verður í heilbrigðiskerfinu vegna minni loftmengunar, sparnað vegna minni mengunarskemmda á mannvirkjum, sparnað vegna minni loftmengunar, og vegna minni notkunar á innfluttu jarðefnaeldsneyti. Hér er því um gríðarlega fjármuni að tefla fyrir utan þau jákvæðu áhrif sem vistvænar samgöngur hefðu fyrir vernd umhverfisins.

Nauðsyn aðgerða.

Í ritinu „Velferð til framtíðar" hafa íslensk stjórnvöld markað stefnu um sjálfbæra þróun fram til ársins 2020. Þar axla Íslendingar þá skuldbindingu að draga með virkum hætti úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra til að minnka hættuna á alvarlegri röskun á veðrakerfum jarðarinnar. Allt bendir til að brýnt sé að Íslendingar ráðist í átak í þessum efnum, ekki síst á sviði samgangna. Bílum fjölgar hér langt umfram fjölgun íbúa. Árið 2000 voru bílar orðnir 180 þúsund og hafði þá fjölgað um 80% milli áranna 1980 og 2000 á sama tíma og þjóðinni fjölgaði um 24%. Þessar upplýsingar er að finna í samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi 13. mars 2003. Góðar horfur um hagvöxt og áætlanir um auknar samgöngubætur á næstu árum munu enn ýta undir bílaeign landsmanna. Að sama skapi mun því útstreymi gróðurhúsalofttegunda vaxa ef ekki verður gripið til aðgerða. Þetta speglast ljóslega í spá íslensku ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í skýrslu hennar frá apríl 2003 til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Þar spáir ríkisstjórnin því að losun frá samgöngum kunni að aukast um 42,6% frá 1990 til 2020.

Þessu mætti hins vegar gjörbreyta með því að gera verulegt átak til að örva notkun innlendra mengunarlausra orkugjafa. Á vegum stjórnar Veitustofnana Reykjavíkurborgar var í nóvember 1998 lögð fram skýrsla um endurnýjanlegar samgöngur þar sem fram koma upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegundarinnar CO_2 frá bílum. Á grundvelli þeirra má komast að þeirri niðurstöðu að ef 100 þúsund bílar nýttu innlenda, endurnýjanlega orkugjafa í stað hefðbundins eldsneytis mundi losun CO_2 minnka árlega um 300 þúsund tonn. Það svarar til næstum fimmtungs af heildarlosun landsmanna.

Undanþáguheimildir núgildandi laga.

Þrenns konar ákvæði er að finna í gildandi lögum um ívilnanir gagnvart bifreiðum sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti. Tvö þeirra eru þó bráðabirgðaákvæði og annað er þegar fallið úr gildi. Hitt fellur úr gildi um næstu áramót.

Fyrra ákvæðið, sem er bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., mælti fyrir um að vörugjald af bifreiðum sem eru búnar vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns skuli vera 120 þús. kr. lægra en ella væri samkvæmt lögunum. Það ákvæði féll illu heilli úr gildi í lok síðasta árs. Ekki bólar á frumvarpi af hálfu ríkisstjórnarinnar um að framlengja undanþáguna. Ákvæðið heimilaði heldur ekki afslátt af vörugjaldi í tilviki bifreiða sem nýta vetni.

Hitt bráðabirgðaákvæðið er nr. VIII í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Þar segir, að bifreiðar sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en hefðbundið eldsneyti skuli undanþegnar greiðslu þungaskatts. Þar er um mikilvægt ákvæði að ræða þar sem það virðist samkvæmt orðanna hljóðan ná yfir bæði tvinnbíla og bíla sem nota einvörðungu óhefðbundinn orkugjafa. Sá böggull fylgir þó skammrifi að ákvæðið fellur úr gildi í lok þessa árs.

Eina ákvæðið sem nú er í lögum og ívilnar varanlega samgöngutækjum sem nota óhefðbundið eldsneyti er að finna í 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 29/1993. Þar er kveðið á um að ekki

þurfi að greiða vörugjald af þeim ökutækjum sem „hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni“. Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um tvinnbíla, þar sem notast er við tvenns konar orkugjafa, og bensín er að jafnaði annar orkugjafinn. Eins og þegar er lýst er hins vegar á döfinni fjöldaframleiðsla á tvinnbílum og líklegt að hún verði einmitt grunnur næstu byltingar á sviði vistvænna samgangna. Það er því afar brýnt til að ná takmarkinu sem sett er með þessari tillögu að allar ívilnanir nái til tvinnbíla.

Í ljósi þeirra raka sem hér hafa verið reifuð, og með tilliti til þess hversu lítið tillit er tekið í lögum um opinber gjöld til farartækja sem nýta endurnýjanlegt, innlent eldsneyti er ljóst, að ríka nauðsyn ber til að endurskoða lög með það í huga að ýta eins og kostur er undir notkun innlendra, endurnýjanlegra orkugjafa. Það er tilgangur þessarar þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar sem felur í sér stefnu flokksins á þessu sviði.

869. Svar [429. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um niðurgreiðslur á rafhitun.

1. *Hversu miklar hafa niðurgreiðslur á rafhitun verið frá árinu 1990, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núvirði?*

Heildarupphæð niðurgreiðslna frá árinu 1990 til 2002 á verðlagi hvers árs nemur 6.386.095 þús. kr. og á verðlagi 2004 nemur upphæðin 8.031.262 þús. kr.

Upphæðir vegna niðurgreiðslu raforku 1990–2004.

Ár	Niður-greiðslur, þús. kr.	Vísitala neyslu-verðs	Niðurgreiðslur verðlag frv. 2004, þús. kr.	Fjárveitingar, verðlag hvers árs, þús. kr.	Fjárveitingar, verðlag 2004, þús. kr.	Mis-munur, þús. kr.	Mis-munur, %
1990	218.649	145,50	349.342	250.600	400.392	51.049	13%
1991	283.266	155,40	423.751	262.000	418.606	-5.145	-1%
1992	329.717	161,20	475.492	340.800	491.475	15.983	3%
1993	372.818	167,80	516.502	347.000	480.734	-35.768	-7%
1994	441.560	170,30	602.757	397.000	541.929	-60.827	-11%
1995	455.384	173,20	611.219	397.000	532.856	-78.363	-15%
1996	404.923	177,10	531.521	447.000	586.754	55.232	9%
1997	496.476	180,30	640.132	437.000	563.446	-76.685	-14%
1998	514.670	183,30	652.730	437.000	554.225	-98.505	-18%
1999	559.041	189,60	685.444	600.000	735.665	50.220	7%
2000	766.024	199,10	894.413	760.000	887.379	-7.034	-1%
2001	716.836	212,40	784.571	790.000	864.648	80.077	9%
2002	826.731	222,60	863.388	853.100	890.926	27.538	3%
*2003**	*655.598*	*226,80*	*671.988*	*847.000*	*868.175*	*196.187*	
*2004**		*232,47*		*868.000*			
1990–2002	**6.386.095**		**8.031.262**		**7.949.034**	**-82.228**	**-1,03%**

*Ath. Tölur fyrir 2003 eru fram í nóvember og vantar tvo mánuði í niðurgreiðsluupphæð ársins.

2. *Hvað hafa margir notendur fengið niðurgreiðslur og hver er meðalupphæð þeirra á sama tíma, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Notendur sem nutu niðurgreiðslna fyrir setningu laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, voru 11.526 árið 2001. Niðurgreiðslur ársins 2002 námu 863,4 millj. kr. og meðalupphæð er því 74.900 kr. á hvern notanda á ári.

Skipting notenda eftir dreifiveitusvæðum og meðalupphæð á notanda var eftirfarandi árið 2002:

Notendur eftir dreifiveitusvæðum og meðalupphæð á hvern árið 2002.

	Fjöldi notenda	Kr. á notanda
Dreifiveitusvæði:		
Rafmagnsveitur ríkisins	7.323	77.183
Orkubú Vestfjarða	2.596	72.145
Hitaveita Suðurnesja vegna Vestmannaeyja	1.384	59.890
Rafveita Reyðarfjarðar	223	77.887
Sundurliðun eftir kjördæmum:		
Norðvesturkjördæmi	4.820	72.650
Norðausturkjördæmi	4.253	74.900
Suðurkjördæmi	2.450	69.595

Heildarupphæðir niðurgreiðslna skipt eftir sveitarfélögum á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða koma fram í eftirfarandi töflum.

Rarik – Niðurgreiðsluupphæðir vegna rafhitunar 2002 flokkaðar eftir sveitarfélögum.

Nr.	Sveitarfélag	Nr. Rarik-umdæmis	Garðyrkju-lýsing, kr.	Rafhiti, kr.	R/O veitur, kr.	Alls, kr.
0	Reykjavík	3		420.680		420.680
1606	Kjósarhreppur	3		3.580.960		3.580.960
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur	3		365.487		365.487
3502	Skilmannahreppur	3		554.045		554.045
3503	Innri-Akraneshreppur	3		1.414.789		1.414.789
3504	Leirár- og Melahreppur	3		681.590		681.590
3506	Skorradalshreppur	3		374.452		374.452
3510	Borgarfjarðarsveit	3		2.138.937		2.138.937
3601	Hvítársíðuhreppur	3		1.202.799		1.202.799
3609	Borgarbyggð	3	457.779	8.976.750		9.434.529
3701	Kolbeinsstaðahreppur	3		2.593.723		2.593.723
3709	Grundarfjarðarbær	3		20.167.705		20.167.705
3710	Helgafellssveit	3		1.312.982		1.312.982
3711	Stykkishólmur	3		50.342		50.342
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	3		2.170.341		2.170.341
3714	Snæfellsbær	3		40.275.899		40.275.899
3809	Saurbæjarhreppur	3		0		0
3811	Dalabyggð	3		10.393.262		10.393.262
4910	Bæjarhreppur	4		549.258		549.258
5000	Siglufjörður	5		1.617.552		1.617.552
5200	Sveitarfél. Skagafjörður	5		21.585.669		21.585.669
5508	Húnaþing vestra	5		13.131.808		13.131.808
5601	Áshreppur	5		1.818.458		1.818.458

Nr.	Sveitarfélag	Nr. Rarik-umdæmis	Garðyrkju-lýsing, kr.	Rafhiti, kr.	R/O veitur, kr.	Alls, kr.
5602	Sveinsstaðahreppur	5		1.976.158		1.976.158
5603	Torfalækjarhreppur	5		361.267		361.267
5604	Blönduós	5		1.859.783		1.859.783
5605	Svínavatnshreppur	5		2.828.218		2.828.218
5606	Bólstaðahlíðarhreppur	5		2.666.540		2.666.540
5609	Höfðahreppur	5		13.140.307		13.140.307
5611	Skagabyggð	5		1.913.156		1.913.156
5706	Akrahreppur	5		5.636.610		5.636.610
6200	Ólafsfjörður	6		717.965		717.965
6400	Dalvíkurbyggð	6		5.415.694		5.415.694
6501	Grímseyjarhreppur	6		24.588		24.588
6504	Hríseyjarhreppur	6		0		0
6506	Arnarneshreppur	6		3.987.583		3.987.583
6513	Eyjafjarðarsveit	6		10.560.724		10.560.724
6514	Hörgárbyggð	6		6.373.715		6.373.715
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	6		4.838.424		4.838.424
6602	Grýtubakkahreppur	6		8.670.835		8.670.835
6607	Skútustaðahreppur	6		1.033.721		1.033.721
6609	Aðaldælahreppur	6		2.625.373		2.625.373
6611	Tjörneshreppur	6		1.439.405		1.439.405
6612	Þingeyjarsveit	6		7.327.966		7.327.966
6701	Kelduneshreppur	6		2.838.742		2.838.742
6702	Öxarfjarðarhreppur	6		2.796.611		2.796.611
6705	Raufarhafnarhreppur	6		9.726.853		9.726.853
6706	Svalbarðshreppur	6		2.368.056		2.368.056
6707	Þórshafnarhreppur	6		11.634.731		11.634.731
7000	Seyðisfjörður	7		4.865.741	13.792.882	18.658.623
7300	Fjarðabyggð	7		53.249.448		53.249.448
7501	Skeggjastaðahreppur	7		2.967.517		2.967.517
7502	Vopnafjarðarhreppur	7		20.871.841		20.871.841
7505	Fljótsdalshreppur	7		1.609.831		1.609.831
7506	Fellahreppur	7		1.231.834		1.231.834
7509	Borgarfjarðarhreppur	7		3.298.712		3.298.712
7512	Norður-Hérað	7		5.214.348		5.214.348
7605	Mjóafjarðarhreppur	7		761.905		761.905
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	7		1.509.140		1.509.140
7611	Búðahreppur	7		15.652.501		15.652.501
7612	Stöðvarhreppur	7		6.461.642		6.461.642
7613	Breiðdalshreppur	7		7.812.224		7.812.224
7617	Djúpavogshreppur	7		12.258.921		12.258.921
7618	Austur-Hérað	7		9.124.630		9.124.630
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	7		24.785.521	22.015.534	46.801.055
8200	Árborg	8		2.067.435		2.067.435
8508	Mýrdalshreppur	8		11.515.390		11.515.390
8509	Skaftárhreppur	8		10.598.182		10.598.182
8610	Ásahreppur	8		3.792.149		3.792.149
8613	Rangárþing eystra	8		19.897.458		19.897.458
8614	Rangárþing ytra	8		14.535.273		14.535.273
8701	Gaulverjabæjarhreppur	8		3.088.770		3.088.770
8706	Hraungerðishreppur	8		1.849.085		1.849.085
8707	Villingaholtshreppur	8		4.365.946		4.365.946
8710	Hrunamannahreppur	8	2.374.903	1.322.519		3.697.422

Nr.	Sveitarfélag	Nr. Rarik-umdæmis	Garðyrkju-lýsing, kr.	Rafhiti, kr.	R/O veitur, kr.	Alls, kr.
8716	Hverageröi	8	3.223.032	0		3.223.032
8717	Sveitarfélagið Ölfus	8	49.394	942.029		991.423
8719	Grímsnes- og Grafnings-hreppur	8		3.784.518		3.784.518
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8		194.745		194.745
8721	Bláskógabyggð	8	3.855.436	3.213.142		7.068.578
	Samtals		**9.960.544**	**500.982.910**	**35.808.416**	**541.103.475**

Niðurgreiðslur á rafhitun á orkusvæði Orkubús Vestfjarða.

Sölusvæði	C1	C2	A5	Hitaveita	Samtals
Ísafjarðarbær	34.420.120	0	3.124.054	71.226.141	108.770.314
Bolungarvík	13.580.916		534.663	12.979.991	27.095.570
Súðavík	5.875.356	66.102	520.419	0	6.461.876
Tálknafjörður	8.809.107				8.809.107
Vesturbyggð	15.458.992	551.793	2.510.446	15.812.519	34.333.750
Reykhólahreppur	2.914.142		1.639.805		4.553.947
Bæjarhreppur	1.344.517		1.206.654		2.551.171
Broddaneshreppur	2.776.860		614.517		3.391.377
Hólmavík	11.827.889				11.827.889
Kaldrananeshreppur	877.425		96.570		973.995
Árneshreppur	1.584.272		118.383		1.702.655
Samtals	**99.469.595**	**617.895**	**10.365.510**	**100.018.651**	**210.471.651**
Þar af Landsvirkjun	*13.227.349*	*130.339*	*1.420.434*		*14.778.122*
Þar af Orkubú Vestfjarða				*14.000.333*	*14.000.333*

Sundurliðun eftir sveitarfélögum

Gjald-skrárl.	Sölusvæði				
12	Ísafjarðadjúp	547.943		1.193.510	
15	Ísafjörður	17.577.488		281.689	57.129.023
16	Bolungarvík	13.580.916		534.663	12.979.991
17	Súðavík	5.692.708	66.102	122.582	
18	Suðureyri	577.815		223.780	8.733.583
19	Flateyri	3.920.570		1.186.332	5.363.535
22	Þingeyri	12.161.599		1.034.416	
35	Bíldudalur	7.999.741	84.191	135.880	
37	Tálknafjörður	8.809.107			
38	Patreksfjörður	6.357.810	467.602		15.812.519
39	Rauðasandshreppur	337.031		990.988	
40	Barðastrandahrepur	764.410		1.383.578	
41	Flatey				
57	Reykhólahreppur	2.914.142		1.639.805	
62	Bæjarhreppur	1.344.517		1.206.654	
65	Broddaneshreppur	2.776.860		614.517	
68	Hólmavík	11.645.241			
70	Kaldrananeshreppur	877.425		96.570	
71	Árneshreppur	1.584.272		118.383	
	Samtals	**99.469.595**	**617.895**	**10.763.347**	**100.018.651**

3. *Ef notendur sem búa við dýrar hitaveitur nytu niðurgreiðslna sambærilegra við niðurgreiðslur á rafhitun hvert yrði þá orkuverð til þeirra og hvaða hitaveitur og sveitarfélög kæmu til greina í því sambandi?*

Orkustofnun hefur reiknað út húshitunarkostnað fyrir staðlaðan viðskiptavin miðað við gildandi gjaldskrár hitaveitna og birt niðurstöðurnar á heimasíðu sinni. Miðað er við 430 m^3 stórt húsnæði og stuðst við forsendur orkuspárnefndar til að finna orkuþörf við hitun hússins. Notaðar eru tölur sem hitaveiturnar gefa upp fyrir framrásarhita vatnsins. Orkuþörf til hitunar er reiknuð út fyrir hverja veitu fyrir sig eftir meðalútihita og er um 34.000 kWh á ári fyrir þær veitur sem hér um ræðir. Tilsvarandi útreikningar hafa verið gerðir fyrir notanda rafhitunar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins til samanburðar. Eftirfarandi tafla sýnir árlegan kostnað við rafhitun og kostnað hjá notendum þeirra hitaveitna þar sem kostnaðurinn er meiri en við rafhitun (kr. á ári með virðisaukaskatti).

	Kr. á ári
Rarik, rafhitun	89.851
Hitaveita Rangæinga	97.651
Hitaveita Siglufjarðar	91.476
Orkubú Vestfjarða, Reykhólum	90.388

Miðað við núverandi niðurgreiðslur á rafhitun og gjaldskrár hitaveitna mundi orkukostnaður dýrustu hitaveitunnar samkvæmt þessu lækka um tæplega 8 þús. kr. á ári eða um 7–8% yrði orkuverð þessara hitaveitna greitt niður í núverandi rafhitunargjaldskrá.

4. *Hvað fækkaði þeim mikið sem nutu niðurgreiðslna eftir að lögin um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru sett og Orkustofnun hóf umsýslu þeirra? Hversu há upphæð sparaðist við þessa fækkun?*

Hinn 1. desember 2003 nutu samtals 10.755 notendur niðurgreiðslna á rafhitun en á sama tíma árið 2002 voru þeir 11.526. Þeim hefur því fækkað um tæp 7% og miðað við meðalrafhitunarkostnað notanda hefur niðurgreiðsluupphæð til rafhitunar lækkað um 57–58 millj. kr. á ári.

5. *Hver hefur umsýslukostnaður verið við þennan málaflokk og í hlut hverra kom kostnaðurinn, sundurliðað eftir árum frá 1990?*

Umsýslukostnaður dreififyrirtækjanna er ekki þekktur, en hann hefur að mestu fallið á Rarik og Orkubú Vestfjarða. Umsýslukostnaður við framkvæmd rafhitunar hefur einkum falist í rekstri mælakerfis og uppgjörs auk margvíslegrar þjónustu við notendur. Fyrirtækin gátu ekki gefið upp neinar beinar tölur í þessu sambandi en töldu að kostnaðurinn gæti numið nokkrum milljónum fyrir utan mælaviðhald.

Frá því að lög nr. 78/2002, um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, tóku gildi hefur umsýsla með niðurgreiðslum á rafhitun færst til Orkustofnunar. Að mati Orkustofnunar hefur árlegur kostnaður vegna þessarar starfsemi numið 8–10 millj. kr. en þess er að vænta að hann lækki nokkuð á næstu árum.

6. *Hverjar voru tillögur byggðanefndar forsætisráðherra 1998 um aukið fé til niðurgreiðslna á rafhitun og hvernig var þeim fylgt eftir?*

Þingsályktunartillagan um byggðaáætlun hljóðar svo:

„Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til

hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hita veitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf.“

Að mati iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnið að lækkun kostnaðar við húshitun í samræmi við fyrrgreinda þingsályktun. Alþingi hefur veitt aukið fé til þessa verkefnis. Árið 1998 var 554 millj. kr. varið til niðurgreiðslu húshitunar en 868 millj. kr á fjárlögum 2004 og það er hækkun um 57%. Þá var á árunum 1999–2003 varið 250 millj. kr. í styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna. Á sama árabili var 25–35 millj. kr. árlega varið til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Loks var unnið að orkusparnaðarátaki víða um land á árunum 1998–2000 með kynningu, fræðslu og ráðgjöf eins og kveðið er á um í ályktuninni.

870. Tillaga til þingsályktunar [578. mál]

um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og hernaðarumsvifa á Íslandi og hættum sem eru núverandi hernaðarumsvifum samfara. Einnig verði gerð úttekt á lagalegum álitaefnum þessu tengdum.

Rannsókn beinist sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

1. grunnvatnsmengun,
2. jarðvegsmengun,
3. frágangi spilliefna og sorphauga,
4. umhverfishættu sem stafar af núverandi hernaðarumsvifum,
5. réttarfarslegum hliðum málsins varðandi skaðabótaskyldu erlendra og/eða íslenskra stjórnvalda gagnvart landeigendum í þeim tilfellum sem mengun hefur orðið og skyldu þeirra til að hreinsa menguð svæði.

Jafnframt verði reynt að áætla kostnað við hreinsun þeirra svæða sem mengast hafa.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Aðstæður eru í aðalatriðum óbreyttar frá því sem þá var hvað efni tillögunnar snertir og er hún því endurflutt nú ásamt upphaflegri greinargerð að stofni til en bætt er inn nokkrum upplýsingum um þróun mála að undanförnu.

Brýnt er að fram fari almenn úttekt á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu á Íslandi. Allt frá árinu 1985 hefur það legið fyrir með óyggjandi hætti að mikil grunnvatnsmengun hefur orðið á Miðnesheiði og náð til bæði Keflavíkur og Njarðvíkur. Á þessum slóðum er berggrunnurinn úr grágrýti sem gleypir auðveldlega í sig vatn og aðra vökva. Mengunin stafar aðallega af þrenns konar efnum: klórkolvetnissamböndum, olíum og nítrötum. Rannsóknir leiddu á sínum tíma í ljós víðtæka mengun á þessu svæði, m.a. í vatni af völdum TCE (tríklóretýlen) og PCE (tetraklóretýlen). Vitneskja um þessa mengun varð til

þess að ráðist var í gerð nýs vatnsbóls fyrir Keflavík, Njarðvík og flugvallarsvæðið svo fljótt sem auðið varð. Þá hafa af og til orðið olíuslys á Nikkelsvæðinu svokallaða og hreinsunaraðgerðir ekki borið tilætlaðan árangur. Staða mála á Nikkelsvæðinu, sem er eins og kunnugt er beint fyrir ofan byggðina í Reykjanesbæ, er sú að farið hefur fram hreinsun á jarðvegi og lausum efnum á yfirborði en mikil mengun situr eftir í föstum jarðlögum og grunnvatni. Skipulagsmál svæðisins eru enn þá í nokkurri óvissu vegna mengunar og reyndar einnig nálægðar við Keflavíkurflugvöll og hávaða sem þaðan stafar. Þessu til viðbótar má nefna að um ríflega 20 ára skeið var efnasambandið urea notað til afísingar á Keflavíkurflugvelli. Alls munu um 10–15 þúsund tonn af því hafa sigið niður í grunnvatnið og valdið þar nítratmengun, m.a. í tveimur vatnsbólum á vallarsvæðinu.

Árið 1991 var staðfest mikil mengun frá ratsjárstöðinni á Heiðarfjalli í landi Eiðis. Kröfum landeigenda á hendur bandarískra hernum var vísað frá af sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi á grundvelli samnings frá 30. júní 1970, sem gerður var af ríkisstjórn Íslands og Bandaríkjahers, svokallaðs „Memorandum of understanding“. Sama gerði þáverandi flotaforingi á Keflavíkurflugvelli, Thomas F. Hall. Landeigendur við Heiðarfjall, sveitarfélagið Þórshafnarhreppur, heilbrigðisyfirvöld og fleiri aðilar hafa árum saman reynt að fá stjórnvöld, bæði íslensk og bandarísk til að sinna málinu en öllu slíku er drepið á dreif. Erfitt hefur reynst að fá málið tekið fyrir af dómstólum og svo virðist sem áðurnefndur samningur ríkisstjórnar Íslands við bandaríkjaher og viðhorf íslenskra stjórnvalda, einkum utanríkisráðuneytisins, geri það að verkum að enginn telji sig bera ábyrgð á ástandinu. Niðurstaðan er að úrgangur og sorp sem urðað var í miklu magni heldur áfram að liggja í leyfisleysi á landi í einkaeigu og hvorki landeigendur né viðkomandi sveitarfélag fá rönd við reist enn sem komið er.

Á Straumnesfjalli standa mikil mannvirki auð og hafa verið í niðurníðslu frá því að þar var starfrækt ratsjárstöð. Við ratsjárstöðina á Bolafjalli sem tók við hlutverki stöðvarinnar á Straumnesfjalli hafa orðið mengunarslys, sbr. alvarlegan olíuleka sem varð haustið 1989. Þá er ljóst að frágangur sorphauga á svæði ratsjárstöðvarinnar á Stokksnesi er algjörlega ófullnægjandi og ekki liggur fyrir hverjum ber að fjarlægja þau mannvirki sem þar hafa verið yfirgefin. Loks má nefna að ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi stendur upp af vatnsbóli Þórshafnar og kom til deilna milli heilbrigðisyfirvalda og forsvarsmanna stöðvarinnar um það mál á sínum tíma.

Víða erlendis hefur Bandaríkjaher ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að hreinsa athafnasvæði sín með ærnum tilkostnaði. Svo dæmi sé tekið var u.þ.b. 90 milljörðum ísl. kr. varið til slíkra verkefna árið 1992 á verðlagi þess árs. Mengun af því tagi sem orðið hefur hér á landi hefur einnig verið staðfest í Þýskalandi, Suður-Kóreu, á Filippseyjum og eyjunni Guam. Nýlega hófust kanadísk yfirvöld handa um að fjarlægja þúsundir tonna af menguðum jarðvegi frá Resolution-eyju syðst á Baffinslandi í Núnavút. Þar er um að ræða yfirgefna herstöð sem þjónaði sambærilegu hlutverki og herstöðin á Heiðarfjalli í ratsjárkeðju bandaríkjahers. Stöðin á Resolution-eyju var byggð og yfirgefin um svipað leyti og Heiðarfjallsstöðin og ætla má að reksturinn, þar með talið hvers kyns efnanotkun, hafi verið mjög sambærilegur.

Fyrir liggur að hreinsunaraðgerðir á þeim svæðum sem vitað er að hafa orðið fyrir mengun hér á landi yrðu gríðarlega kostnaðarsamar. Af þeim sökum er brýnt að fá úr því skorið hvaða aðili beri ábyrgð á slíku hreinsunarstarfi og kostnaðinum við það. Sama máli gegnir um ábyrgð og skaðabótaskyldu vegna hugsanlegra mengunarslysa í tengslum við hernaðarumsvif í framtíðinni.

Þessum málum hefur nokkrum sinnum áður verið hreyft á Alþingi, þar á meðal af Sigríði Jóhannesdóttur með þingsályktunartillögu um rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við varnarsvæðin á Suðurnesjum sem flutt var á 115. löggjafarþingi (þskj. 738) og endurflutt á 121. löggjafarþingi (þskj. 909).

871. Svar [425. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um skilgreiningar á friðlýstum svæðum.

1. Hverjar eru alþjóðlegar skilgreiningar á friðlýstum svæðum?

Alþjóðlegar skilgreiningar á friðlýstum svæðum hafa verið mótaðar á vettvangi alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna IUCN og hafa verið í þróun um áratuga skeið. Frá því 1959 hafa samtökin séð um að vinna skrá Sameinuðu þjóðanna yfir friðlýst svæði í heiminum og var fyrsta skráin birt árið 1962. Skráin er endurnýjuð á nokkurra ára fresti og er nýjasta skráin frá 2003. Þegar farið var að vinna fyrst við skrána kom í ljós mikið ósamræmi í flokkun og skilgreiningu friðlýstra svæða eftir heimshlutum og milli landa. Samtökin fólu því fastanefnd samtakanna um friðlýst svæði og þjóðgarða, World Commission on Protected Areas (sem þá hét Commission on National Parks and Protected Areas), að setja upp alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir friðlýst svæði og voru drög að slíkri flokkun kynnt árið 1973. Drögin urðu síðar grunnur að kerfi yfir flokkun, markmiðslýsingu og skilgreiningu friðlýstra svæða sem samtökin samþykktu árið 1978. Þar voru friðlýst svæði flokkuð í 10 flokka og hefur kerfið verið notað víða um heim og verið fyrirmynd að löggjöf nokkurra ríkja á þessu sviði. Árið 1997 var flokkunarkerfið endurskoðað og einfaldað og skiptist það nú sex flokka.

Skilgreining alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna á friðuðu svæði frá IV. heimsþingi um friðlýst svæði árið 1994 er lögð til grundvallar við mat á því hvort svæði falla innan flokkunarkerfisins en hún hljóðar svo: „Land eða hafsvæði sérstaklega ætlað til verndar og viðhalds líffræðilegri fjölbreytni og náttúruauðlindum ásamt menningu sem því tengist og er stýrt með löggjöf eða á annan haldbæran máta.“

Skilgreiningin er opin enda er henni ætlað að ná yfir alla friðlýsingarflokkana. Þeir sex friðlýsingarflokkar sem IUCN tók upp við endurskoðun flokkunarkerfisins árið 1997 eru eftirfarandi:

Flokkur	Friðun/Verndun	Tegund friðlýsingar
I	Ströng friðun	a. Friðland b. Friðlýst víðerni
II	Verndun vistkerfa og útivist	Þjóðgarður
III	Verndun sérstæðra náttúruminja	Náttúruvætti
IV	Verndun tegunda og vistgerða	Búsvæðis- og tegundaverndarsvæði
V	Verndun landslags eða hafsvæðis og útivist	Landslagsverndarsvæði
VI	Sjálfbær nýting náttúrulegs vistkerfis	Verndað landnýtingarsvæði

Nánari flokkun er sem hér segir:

I. flokkur Algert náttúrufriðland/friðlýstar óbyggðir: Verndað svæði sem stjórnað er vegna vísindalegs gildis eða til verndar óbyggðum.

I. flokkur a Algert náttúrufriðland: Verndað svæði sem stjórnað er vegna vísindalegs gildis.
Skilgreining: Svæði til lands og/eða sjávar með sérstökum eða einkennandi vistkerfum, jarðfræðilegum eða lífeðlislegum einkennum og/eða tegundum sem nota má fyrst og fremst til vísindarannsókna og/eða vöktunar umhverfisins.

I. flokkur b Friðlýst víðerni/óbyggðir: Svæði sem stjórnað er einkum til verndar óbyggðum – **Friðlönd.**
Skilgreining: Stórt svæði til lands og/eða sjávar sem nýtur verndar, óbreytt eða lítið breytt, með náttúrulegum einkennum sínum og áhrifum án varanlegrar eða umtalsverðrar búsetu og stjórnað er til að náttúrulegt horf þess varðveitist.

II. flokkur Þjóðgarður: Friðlýst svæði einkum til verndar vistkerfum og til útivistar.
Skilgreining: Friðlýst náttúrulegt svæði til lands og/eða sjávar þar sem a) verndaðar eru vistfræðilegar heildir eins eða fleiri vistkerfa fyrir núlifandi og komandi kynslóðir, b) komið er í veg fyrir nýtingu eða búsetu sem gengur gegn tilgangi friðunar svæðisins og c) sköpuð eru skilyrði til að sinna megi vísindum, menntun, útivist og þörfum gesta sem samræmist umhverfi og menningararfi.

III. flokkur Náttúruminjar: Verndað svæði sem stjórnað er til varðveislu tiltekinna afmarkaðra náttúrulegra fyrirbæra.
Skilgreining: Svæði þar sem er að finna eitt eða fleiri tiltekin náttúruleg eða menningarleg einkenni sem eru sérstaklega eða einstaklega mikilvæg vegna fágætis síns, einkennandi vegna fagurfræðilegra eiginleika eða menningarlegs mikilvægis.

IV. flokkur Búsvæði og tegundir: Friðlýst svæði sem stjórnað er einkum til verndar tegundum, búsvæðum og vistgerðum.
Skilgreining: Svæði til lands og/eða sjávar þar sem beitt er virkri íhlutun við stjórnun í þeim tilgangi að tryggja viðhald búsvæða eða til að uppfylla þarfir tiltekinna tegunda.

V. flokkur Verndað landslag/sjávarsvæði: Friðað svæði sem stjórnað er einkum til varðveislu landslags eða sjávarsvæðis og fyrir tómstundaiðkun.
Skilgreining: Landsvæði, ásamt strönd eða sjó eftir því sem við á, þar sem samskipti manns og náttúru í gegnum tíðina hafa gert svæðið sérstætt, fagurfræðilega, vistfræðilega og/eða menningarlega, og gjarnan með mjög fjölbreyttu lífríki. Varðveisla þessara hefðbundnu samskipta í heild sinni er nauðsynleg fyrir verndun, viðhald og þróun slíks svæðis.

VI. flokkur Sjálfbær nýting náttúrulegs vistkerfis: Verndað svæði sem stjórnað er einkum fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegra vistkerfa.
Skilgreining: Svæði, að mestum hluta lítt snortin náttúruleg kerfi, sem stjórnað er til að tryggja verndun og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni til langs tíma, þar sem um leið er séð fyrir sjálfbæru framboði náttúrulegra afurða og þjónustu vistkerfa til að fullnægja þörfum samfélagsins.

Nánari útlistun byggist á tilgangi friðlýsinga og stjórnunarlegum markmiðum friðlýsingar, sbr. eftirfarandi markmið:

- Vísindarannsóknir.
- Vernd náttúrulegra svæða/víðerna.
- Varðveisla tegunda og erfðafjölbreytileika.
- Viðhald auðlinda umhverfisins.
- Vernd tiltekinna náttúru- og menningarminja.
- Ferðamennska og útivist.
- Fræðsla.
- Sjálfbær nýting úr náttúrulegum vistkerfum.
- Viðhald hefða/menningar.

Sambandið milli markmiða friðlýsingar og flokkunarkerfisins skýrist best með eftirfarandi töflu þar sem markmiðum er gefið mismikið vægi eftir friðlýsingarflokkum.

Markmið með friðlýsingu svæða (bæði land- og hafsvæða) og gildi þeirra eftir friðlýsingarflokkum:

Markmið	**Ia**	**Ib**	**II**	**III**	**IV**	**V**	**VI**
Vísindarannsóknir	1	3	2	2	2	2	3
Vernd náttúrulegra svæða/víðerna	2	1	2	3	3	–	2
Varðveisla tegunda og erfðafjölbreytileika	1	2	1	1	1	2	1
Viðhald auðlinda umhverfisins	2	1	1	–	1	2	1
Vernd tiltekinna náttúru- og menningarminja	–	–	2	1	3	1	3
Ferðamennska og útivist	–	2	1	1	3	1	3
Fræðsla	–	–	2	2	2	2	3
Sjálfbær nýting úr náttúrulegum vistkerfum	–	3	3	–	2	2	1
Viðhald hefða/menningar	–	–	–	–	–	1	2
1 = meginmarkmið, 2 = almenn markmið, 3 = möguleg markmið, – = á ekki við.							

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin hafa bent á að flokkunarkerfið miðist við tilgang friðlýsingar og stjórnunarleg markmið friðunar og að röðun þeirra á friðlýstum svæðum í friðlýsingarflokka gefi eingöngu upplýsingar um þessi markmið en sé ekki ætlað að meta árangur í stjórnun eða rekstri viðkomandi svæða.

2. *Í hvaða flokka alþjóðlegra skilgreininga falla friðlýst svæði á Íslandi?*

	I	**II**	**III**	**IV**	**V**	**VI**	**Samtals**
Þjóðgarðar		2					2
Friðlönd	2		1	20	10		33
Náttúruvætti			31				31
Fólkvangar					10		10
Sérlög		1		1	1		3
Alls	**2**	**3**	**32**	**21**	**21**	**0**	**79**

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin birta reglulega lista yfir skipun friðlýstra svæða í IUCN-flokkunarkerfið. Í nýjasta lista samtakanna sem gefinn var út 2003 eru flokkuð 79 friðlýst svæði á Íslandi. Þar eru tvö svæði, Eldey og Surtsey, í flokki I, þjóðgarðarnir þrír, Þingvellir, Skaftafell og Jökulsárgljúfur, eru í flokki II, en þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er ekki með á listanum. Þau náttúruvætti sem á listanum eru falla í flokk III, alls 31 svæði. Í IV. flokki eru flest friðlöndin, alls 20, en auk þess er eitt svæði sem friðað er með sérlögum í þessum flokki, þ.e. Breiðafjörður. Þau svæði sem eftir eru falla í flokk V, þ.e. 10 friðlönd, 10 fólkvangar og Mývatns- og Laxársvæðið sem friðað er með sérlögum. Þess má geta að nýjustu friðlýstu svæðin hafa ekki verið metin inn á lista IUCN og því er ekki hægt að gera grein fyrir því hvar þau verða flokkuð þótt leiða megi líkum að því hvernig þau gætu flokkast.

3. Hverjar eru íslenskar skilgreiningar á friðlýstum svæðum?

Fjallað er um friðlýstar náttúruminjar í VII. kafla laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og skiptast þær í fimm flokka og er lýst á eftirfarandi hátt í lögunum:

A. Þjóðgarðar. Svæði sem er sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða er til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

B. Friðlönd. Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis.

C. Náttúruvætti á landi og í hafi. Náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Einnig náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað.

D. Fólkvangar. Landsvæði, sem ætlað er til útivistar og almenningsnota

E. Friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi. Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

4. Í hvaða flokka íslenskra skilgreininga falla friðlýst svæði á Íslandi?

Svæði sem friðlýst hafa verið á grundvelli laga um náttúruvernd eða með sérstökum lögum eru alls 90, þar af eru 87 svæði friðuð á grundvelli náttúruverndarlaganna en þrjú á grundvelli sérlaga sem eru lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar. Skipting svæðanna eftir skilgreiningum er eftirfarandi:

Þjóðgarðar	3
Friðlönd	36
Náttúruvætti	34
Fólkvangar	13
Búsvæðavernd	1
Sérlög	3

872. Skýrsla [579. mál]

Sivjar Friðleifsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2003

1. Inngangur

Aðlögun, samþætting og samræmi.

Svíar leiddu norrænt samstarf á árinu 2003 undir yfirskriftinni „Integration Norden", eða „Norðurlönd sem heild". Aðlögun innan og á milli norrænu landanna, samþætting og samræming voru lykilorð í formennskuáætlun þeirra í Norrænu ráðherranefndinni. Kveikjan að helstu stefnumálum Svía var meðal annars sú mikla samgöngubót sem varð með Eyrarsundsbrúnni, en með auknu streymi vinnandi fólks yfir Eyrarsund varð enn ljósara ósamræmi milli laga og reglugerða grannríkjanna svo sem á sviði skattamála. Svíar lögðu og áherslu á aðgerðir til að tryggja aukin áhrif og betri aðlögun útlendinga í norrænum fjölmenningarsamfélögum, samræmingu á innri markaði Evrópusambandsins (ESB) og samþættingu í samstarfi við Eystrasaltsríkin.

Norrænt samstarf í nýrri Evrópu.

Svæðisbundið samstarf mun fá aukið vægi í ESB eftir stækkun þess. Ljóst er að sú þróun hefur áhrif í norrænu samstarfi. Norræna ráðherranefndin verður í þessu samhengi mikilvægur vettvangur umræðna og samráðs, en stefnt er að því að gera átak á sem flestum fagsviðum til að styrkja stöðu Norðurlanda í Evrópusamstarfinu. Það sjónarhorn var t.d. haft að leiðarljósi við endurskipulag norræna rannsóknarsamstarfsins.

Í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherra á árinu 2002 um að Norræna ráðherranefndin skuli vera virkur þátttakandi í svæðisbundnum samtökum og alþjóðastarfi var á árinu 2003 unnið markvisst að því að efla tengsl við alþjóðlegar samstarfsstofnanir. Liður í því var aðkoma ráðherranefndarinnar að framkvæmdaáætlun ESB um Norðlægu víddina 2004–2006, sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina í mars sl. Í henni er yfirlit yfir aðgerðir á mörgum fagsviðum þar sem ráðherranefndin lýsir sig reiðubúna til samstarfs við sambandið um framkvæmdina. Norðlæga víddin kveður meðal annars á um aðgerðir í öryggis- og umhverfismálum og aðstoð við að bæta lífskjör í dreifðum byggðum á norðurslóð.

Samstarfi ráðherranefndarinnar við framkvæmdastjórn ESB verður haldið áfram með það fyrir augum að styrkja það enn frekar og koma því í svo góðan farveg að gera megi bindandi samstarfssamninga. Markmiðið er sem fyrr að tryggja hagvöxt á Norðurlöndum og í ríkjunum við Eystrasalt og að Norðurlönd hafi áhrif á mótun Evrópusamstarfsins á næstu árum þegar aðildarríkjum fjölgar svo mjög.

Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi.

Skýrslan „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi" var samþykkt af samstarfsráðherrum á vordögum. Í henni kemur fram sú meginskoðun að ekki megi líta á hin dreifbýlu og fámennu lönd við Norður-Atlantshaf sem jaðarsvæði í norrænu samstarfi, heldur lönd með

mikla vaxtarmöguleika. Skilgreind eru fjölmörg samstarfssvið sem beri að efla svo sem samgöngur, ferðaþjónustu, rannsóknir, umhverfisvernd og fiskveiðistjórnun. Einnig er lögð áhersla á að það þjóni norrænum heildarhagsmunum að taka upp nánara samstarf við grannsvæðin við Norður-Atlantshaf. Skýrslan er þannig grundvöllur að norrænni stefnumótun um grannsvæðasamstarf í vesturátt og fellur jafnframt vel að markmiðum norðurskautsáætlunarinnar og Evrópusamstarfsins um Norðlægu víddina sem nær yfir Grænland og norðurskautssvæðin. Með grannsvæðum Norðurlanda í vestri er einkum átt við kanadísku Atlantshafshéruðin Nunavut og Nunavik, Írland, Norður-Írland, Skotland og skosku eyjarnar.

Ráðstefna með þátttöku fulltrúa þessara svæða var haldin í Reykjavík árið 1999 og var þá lagður grunnur að samstarfi þeirra með áherslu á verndun hafsins. Fyrsta eiginlega Norður-Atlantshafsráðstefnan var haldin í Færeyjum á árinu 2000 og önnur í Leirvík á Hjaltlandi í september sl. Þriðja ráðstefnan verður haldin í Noregi árið 2005. Til stendur að efla þetta samstarf enn frekar, t.d. með tengslanetum á rannsóknarsviði. Er það m.a. í samræmi við tillögur í skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ en hún hefur að geyma margar hugmyndir og beinar tillögur sem eru til þess fallnar að efla samstarf þjóðanna við Norður-Atlantshaf. Þar er meðal annars lagt til að grönnum við Norður-Atlanshaf verði boðin aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda, að vestnorræna svæðasamstarfið NORA komi sterkar inn sem samræmingaraðili fyrir samstarf atvinnulífsins á svæðinu auk þess sem grönnum í vestri verði boðin bein aðild að samstarfinu. Þá er einnig lagt til að norrænu menningarstofnanirnar í Reykjavík, Nuuk og Þórshöfn fái sams konar hlutverk í menningarsamstarfi á Vestur-Norðurlöndum. Þá er lagt til að gerð verði víðtæk úttekt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á stöðu flug- og skipasamgangna innan vestnorræna svæðisins og milli Vestur-Norðurlanda og annarra ríkja. Við undirbúning að formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2004 var eftirfylgni við skýrsluna „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ meðal helstu forgangsmála og mörg verkefni skilgreind með sérstakri áherslu á vestnorrænt samstarf.

Auðlindir Norðurlanda.

Undirbúningur að formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni hófst síðsumars í samstarfi allra ráðuneyta. Norðurlandaskrifstofa útbjó samræmda verkefnaáætlun sem kynnt var á Norðurlandaráðsþingi í október undir fyrirsögninni „Auðlindir Norðurlanda – Lýðræði, menning, náttúra“. Hún miðar að því að nýta betur þann auð sem býr í Norðurlandabúum, norrænni lýðræðishefð og náttúru.

Meðal þess sem Íslendingar leggja til er að Norræna ráðherranefndin setji Vestur- Norðurlönd í forgang og leiti eftir samstarfi við grannsvæði í vestri. Þá er lögð áhersla á að skoða framtíð lýðræðis í ljósi hnattvæðingar og upplýsingatækni. Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa skipað nefnd með fulltrúum norrænu ríkisstjórnanna til að koma með tillögur að því hvernig tryggja megi að lýðræðið verði sem virkast á næstu 25 árum. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur er formaður nefndarinnar.

Í þremur undirflokkum verkefnaáætlunarinnar eru skilgreind ýmis verkefni og ráðstefnur sem m.a. snúa að betri auðlindanýtingu, náttúruvernd og menningar- og menntasamstarfi. Norrænn gagnabanki um sérstöðu hafsvæða og tegunda sjávardýra er meðal verkefna sem hrint verður úr vör á formennskutímanum, en Íslendingar setja á oddinn að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og rekjanleika sjávarafurða. Á formennskutímanum verður einnig lögð áhersla á verndun og sjálfbæra nýtingu ósnortinnar náttúru og á endurnýjanlega orkugjafa.

Á menningarsviði eru sett fram nokkur meginmarkmið svo sem að meira verði framleitt af stafrænu menningarefni. Lagt er til að stofnaður verði norrænn margmiðlunarsjóður í þeim tilgangi.

Formennskuáætlun Íslendinga hefur verið gefin út á prenti á íslensku og dönsku, og á vefsetrinu www.raduneyti.is/formennska2004 má fá ítarupplýsingar um stefnumál, viðburði ársins, fréttir tengdar formennskunni og tengiliði vegna viðburða.

Sjálfbær Norðurlönd.

Norrænt samstarf um sjálfbæra þróun fer fram samkvæmt þverfaglegri rammaáætlun, „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd". Þar eru sett fram markmið á sex fagsviðum til næstu tveggja áratuga og framkvæmdaáætlun sem nær til loka árs 2004.

Sviðin sex sjá um framkvæmdina, en frumkvæði að stefnumörkun áttu norrænu forsætisráðherrarnir.

Áætlunin hefur verið send Evrópusambandinu og umhverfisnefnd framkvæmdastjórnarinnar sem innblástur og innlegg í alþjóðlegt starf um sjálfbæra þróun. Hún þykir fordæmisgefandi fyrir fjölþjóðlegt samstarf á sviði umhverfisverndar og var þannig kynnt til sögunnar á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg í september 2002.

Framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun er í endurskoðun og á að ljúka á formannsári Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2004. Markmiðið er að ný áætlun taki gildi árið 2005. Í tengslum við endurskoðun stefnunnar hafa Norðurlönd lagt fram eigin vísa sem stuðst verður við til að ná fram settum markmiðum um sjálfbærni og til að taka bindandi pólitískar ákvarðanir. Þá er stefnt að því að draga í auknum mæli félagslega og efnahagslega þætti inn í stefnumótunina.

Tvær stórar norrænar ráðstefnur um sjálfbæra þróun voru haldnar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu – önnur í Kaupmannahöfn í byrjun árs og hin í Karlskrona í júní þar sem Norðvestur-Rússland og ríki við Eystrasalt áttu einnig fulltrúa.

Norrænar öndvegisrannsóknir og nýsköpun.

Á árinu 2002 ákvað ráðherranefnd menntamála og rannsókna að láta taka saman skýrslu um hvernig koma mætti rannsóknum og atvinnulífi Norðurlanda í fremstu röð. Gustav Björkstrand, fyrrum menntamálaráðherra Finnlands og nú rektor háskólans í Åbo, var falið að gera úttekt og koma með tillögur. Þær voru kynntar á Norðurlandaráðsþingi í Ósló í október sl. undir fyrirsögninni „Norrænar rannsóknir og nýsköpun – í fararbroddi með auknu samstarfi" (Nordisk forskning och innovation – globalt ledande genom ökat samarbete – NORIA). Undanfari þessarar hvítbókar Björkstrands var tilraunaverkefni um norræn öndvegisrannsóknarsetur á sviði náttúruvísinda sem hófst á árinu 2002 og mun standa til ársins 2006. Hugtakið öndvegisrannsóknarsetur nær þar í raun yfir tengslanet fræðimanna í mörgum norrænum háskólum og rannsóknarstofnunum eða yfir viðurkenndan hóp vísindamanna. Í báðum tilvikum stendur norrænum vísindamönnum til boða aðstaða til rannsókna, faglegt bakland, tæknibúnaður og samskiptakerfi.

Hvítbók Björkstrands, sem miðast við aðgerðir fram til ársins 2010, byggir á þessum hugmyndum um öndvegisrannsóknir og þykir hún marka tímamót. Í henni eru lagðar til róttækar breytingar á fyrirkomulagi norræns rannsóknarsamstarfs með það fyrir augum að skapa betri tengsl milli vísinda og nýsköpunar í atvinnulífinu. Ein meginniðurstaðan er sú að líta beri á norrænt samstarf á þessu sviði sem þverfaglegt og svæðisbundið í evrópsku eða alþjóðlegu samhengi. Tillögurnar taka mið af því að Norðurlönd þurfi sem heild að efla og

auka vísindarannsóknir til að styrkja samkeppnisstöðu sína og nýta sem best upplýsingatækni og sameiginlega þekkingu. Takmörkuðum fjárveitingum af norrænu fjárlögunum sé betur varið til að tengja saman háskóla, rannsóknarstofnanir og sjóði í stað þess að stærstur hluti þeirra fari, líkt og hingað til, í rekstur sameiginlegra stofnana. Kjarninn í nýju fyrirkomulagi rannsóknarsamstarfsins verði nýtt norrænt rannsóknar- og nýsköpunarráð sem taki til starfa í ársbyrjun 2005. Ráðherranefnd menntamála hefur samþykkt helstu tillögur Björkstrands. Hún er nú til umsagnar í löndunum og á því ferli að vera lokið 1. mars 2004.

Liður í endurskipulagi norræna rannsóknarsamstarfsins verða breytingar á rekstri sameiginlegra rannsóknarstofnana sem ætlunin er að muni smám saman færast yfir til landanna. Þannig er stefnt að því að Íslendingar taki þegar á árinu 2004 yfir rekstur Norrænu eldfjallastöðvarinnar og að dregið verði úr framlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fram til ársins 2007. Samruni Norræna iðnaðarsjóðsins og Norrænu prófunarstofunnar í Norrænu nýsköpunarmiðstöðina er einnig liður í því að efla samstarf um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Nýsköpunarmiðstöðin tekur til starfa í byrjun árs 2004.

Heimssýningin í Japan – sameiginleg þátttaka Norðurlanda.

Norðurlönd ætla að standa fyrir sameiginlegri kynningu á heimssýningunni í Aichi í Japan á árinu 2005. Verkefnið fór af stað á árinu og hefur verið sett upp skrifstofa hjá Norrænu ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn sem sér um framkvæmdina. Pertti Huitu, fyrrverandi forstjóri finnska útflutningsráðsins, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri norrænu sýningarinnar, en fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd er Ólafur Egilsson sendiherra. Áætlaður heildarkostnaður við norrænu sýninguna er jafnviði 50 millj. d.kr. Norræna ráðherranefndin leggur fram 5 millj. d.kr. Á heimssýningunni ætla Norðurlönd að kynna sig sem landamæralaust svæði og fá þau tæplega 1300 fermetra sýningarsvæði. Yfirskrift heimssýningarinnar er að þessu sinni „Viska náttúrunnar". Hún þykir falla einkar vel að markmiðum Norðurlanda, sem annars vegar leggja áherslu á að sýna í verki norræna samstarfshefð og hins vegar hvernig stórfengleg náttúra á norðurslóð endurspeglast í norrænni menningu.

Norðurlandaráðsþing í Ósló.

Norðurlandaráðsþing var haldið í Ósló dagana 27.–29. október. Þar komu greinilega fram breyttar áherslur í norrænu samstarfi svo sem aukin áhersla á pólitískt samstarf og sameiginlega afstöðu í Evrópumálum. Norðurlönd og umheimurinn, framtíð norræns rannsóknarsamstarfs og afnám landamærahindrana voru þau mál sem hæst bar í umræðum á þinginu. Þá var skýrslan „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi" lögð fram og staða Vestur-Norðurlanda rædd auk þess sem nokkrar umræður urðu um umsókn Færeyinga um fulla aðild að Norðurlandaráði.

Forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi sínum í Ósló að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að Norræna fjárfestingarbankanum. Jafnframt var framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar falið að kanna hvort grundvöllur væri fyrir aðild Eystrasaltsríkjanna að fleiri norrænum stofnunum.

Ákveðið var á þinginu að veita árlega norræn kvikmyndaverðlaun en fyrir eru veitt bókmennta-, tónlistar- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Sænska ljóðskáldið Eva Ström hlaut að þessu sinni Norrænu bókmenntaverðlaunin, tónlistarverðlaunin fékk samíska listakonan Marie Boine og finnsku samtökin Luonto-Liitto ry fengu viðurkenningu fyrir æskulýðsstarf í þágu umhverfisverndar.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrarnir áttu tvo fundi á starfsárinu, sumarfund sem haldinn var í Harpsund, opinberum sumarbústað forsætisráðherra Svía þann 29. júní og venjubundinn fund í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló þann 27. október. Þann sama dag áttu forsætisráðherrarnir fund með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, fund með oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Þá átti forsætisráðherra Íslands fund með oddvitum stjórna Færeyja og Grænlands þann 27. nóvember þegar Norðurbryggja í Kaupmannahöfn var formlega opnuð.

Til umræðu á fundum forsætisráðherranna voru að venju þau mál sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarf Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk alþjóðlegra málefna, þar á meðal málefna Atlantshafsbandalagsins (NATO), Íraksstríðsins og baráttunnar gegn hryðjuverkaöflum í heiminum. Forsætisráðherrarnir ræddu sérstaklega stöðu og framtíð norræns samstarfs í alþjóðlegu samhengi með megináherslu á tengslin við ESB og Eystrasaltsríkin. Áhersla var lögð á að styrkja hinn pólitíska þátt samstarfsins við Eystrasaltsríkin. Þá var og lögð áhersla á mikilvægi þess að styrkja menningarsamstarf og önnur tengsl við Eystrasaltsríkin eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta var talið nauðsynlegt samhliða þeim samdrætti í norrænu verkefnasamstarfi sem hafinn er.

Á sumarfundi ráðherranna var tekin ákvörðun um að Eystrasaltsríkjunum yrði boðin aðild að Norræna fjárfestingarbankanum og framkvæmdastjóra ráðherranefndarskrifstofunnar falið að skoða sérstaklega hvort grundvöllur væri fyrir að bjóða þeim aðild að fleiri norrænum stofnunum. Á sameiginlegum fundi forsætisráðherra norrænu og baltnesku ríkjanna í Ósló var Eystrasaltsríkjunum síðan boðin aðild að bankanum, sem forsætisráðherrar þeirra þáðu.

Þá var lögð áhersla á mikilvægi Norrænu ráðherranefndarinnar sem vettvangs óformlegs samráðs og skoðanaskipta um málefni ESB.

Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Dana kom til fundar við forsætisráðherrana í Ósló og gerði þeim grein fyrir störfum sínum við að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum.

Forsætisráðherra Íslands gerði á fundinum grein fyrir megindráttum formennskuáætlunar Íslands fyrir árið 2004, „Auðlindir Norðurlanda, lýðræði, menning, náttúra“, sem hann kynnti síðar sama dag í stefnuræðu við setningu Norðurlandaráðsþings.

Tengslin yfir Atlantshafið og samstarfið í Atlantshafsbandalaginu ásamt Íraksstríðinu voru til umræðu á öllum fundum ráðherranna.

Fundur forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var helgaður þemanu „Norðurlönd og hlutverk norræns samstarfs í Evrópu“.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna voru, auk aðildar að Norræna fjárfestingarbankanum og þær breytingar á norrænu samstarfi sem af aðild ríkjanna að ESB leiðir, rædd málefni Eystrasaltsráðsins og starfsáætlun ESB um Norðlægu víddina. Þá var þar fjallað um þróunina á vettvangi ESB, svo sem stöðuna í stjórnarskrármálinu, fjölgun aðildarríkja EES sem afleiðingu af stækkun ESB og samstarfið við Rússland. Þá var staða mála á alþjóðavettvangi einnig á dagskrá.

Á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna var fjallað um stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi á grundvelli skýrslu þeirrar sem lögð hafði verið fram í Norrænu ráðherranefndinni um samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“. Forsætisráðherra Íslands gerði þar sérstaka grein fyrir áherslum í formennskuáætlun Íslands á norrænt samstarf um málefni Vestur-Norðurlanda og

aukið samstarf við grannsvæði Norðurlanda við Norður-Atlantshaf. Þá voru þar til umræðu siglingar í Norður-Atlantshafi og þær hættur sem umhverfi sjávar getur stafað af auknum olíuflutningum á nýjum siglingaleiðum kringum Færeyjar og önnur vestnorræn lönd.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda setja samstarfinu pólitísk markmið og eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna er að stuðla að því, að starfsemin sé í samræmi við þau. Auk þessarar stefnumótunar, er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinga milli samstarfssviða ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherra. Þeir fara og með upplýsingamálin og þau samstarfsmál, sem eru þverfagleg eða falla af öðrum ástæðum ekki undir neina fagráðherranefnd. Þverfaglegum verkefnum hefur fjölgað undanfarin ár en samstarfið við grannsvæði norrænu landanna er þó enn þeirra helst.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárlög ársins 2003 að upphæð 811 millj. d.kr. voru að raunvirði óbreytt frá fyrra ári.

Norræna fjárlagagerðin var endurskoðuð árið 2000 í því skyni að fjárlögin nýttust betur en fyrr til að beina fjármagninu að forgangsverkefnum. Breytingarnar komu að hluta til framkvæmda við undirbúning fjárlaga ársins 2002 og að fullu við undirbúning fjárlaga ársins 2003. Þær þóttu hafa reynst allvel. Þær höfðu þó ekki eins mikil áhrif og ætlunin var í þá veru að flytja fjármagn til forgangsverkefna. Því er þegar farið að huga að frekari breytingum.

Þegar ákvörðun er tekin um ramma og megináherslur fjárlaganna meira en ári fyrir upphaf fjárlagaársins, eins og raunin er nú, er nauðsynlegt að samstarfsráðherrarnir hafi við upphaf fjárlagaárs til ráðstöfunar nægilega fjármuni til að hrinda í framkvæmd pólitískt mikilvægum verkefnum. Því er nú í fjárlögunum liðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“, að upphæð 10 millj. d.kr. Þessi tilhögun er í raun forsenda þess að formennskulandið geti komið sínum áhersluverkefnum í framkvæmd, því þau eru ekki kynnt fyrr en á þingi Norðurlandaráðs við mánaðamót október/nóvember, tveimur mánuðum fyrir upphaf formennskuársins.

Afnám landamærahindrana.

Mál tengd réttindum Norðurlandabúa voru í brennidepli allt árið 2003, annað árið í röð, því skýrslan „Réttindi Norðurlandabúa“ sem út kom árið 2002 sýnir að enn eru margar stjórnsýsluhindranir á norrænum landamærum. Þær hafa áhrif á daglegt líf einstaklinga og fjölskyldna sem afla tekna eða sækja þjónustu handan norrænna landamæra. Helsta forgangsmálið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu var að vinna áfram að því að ryðja þessum hindrunum úr vegi. Í samræmi við formennskuáætlun Svía var ákveðið að fylgja af fullum þunga eftir úrbótatillögum sem settar voru fram í skýrslunni með það að markmiði að samræma sem mest lög og reglur til að auðvelda fólki ferðir og flutninga á milli landanna. Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Dana var skipaður fulltrúi samstarfsráðherra Svía í þessu máli og falið að samræma störf fagráðherranefnda og knýja á um úrbætur.

Schlüter einsetti sér að ná árangri á fjórum meginsviðum:

– að samræma norræna skattalöggjöf,

- að sníða af vankanta á norræna félagsmálasáttmálanum,
- að samræma prófgráður og viðurkenningu á menntun á Norðurlöndum,
- að samræma reglur um atvinnuleyfi útlendinga sem eru með landvistar- og atvinnuleyfi í einu norrænu ríki, en mega ekki vinna annars staðar á Norðurlöndum.

Á árinu 2003 tókst að ryðja úr vegi á þriðja tug stjórnsýsluhindrana. Meðal annars var unnið að því að einfalda skráningu fólks við flutninga milli landanna með því að koma á beinu sambandi milli norrænu þjóðskránna og flýta þannig til muna fyrir úthlutun kennitalna. Íslendingar sömdu einnig við Svía í nafnamálinu svokallaða og var reglum um nafngiftir í Svíþjóð breytt á þann veg að nú er unnt að nefna börn sem hafa bæði íslenskan og sænskan ríkisborgararétt samkvæmt íslenskum nafnahefðum. Þá gerðu Danir og Svíar með sér nýjan skattasamning sem nær einkum til þeirra sem búa og starfa á Eyrarsundssvæðinu. Hann kveður á um að tekin skuli upp danska reglan um skattgreiðslur þannig að greiða skuli skatt í því landi þar sem teknanna er aflað en ekki þar sem menn hafa búsetu. Með samningnum er gamalt og erfitt ágreiningsmál til lykta leitt og betri aðlögun og samræmi á Eyrarsundssvæðinu í sjónmáli.

1. nóvember sl. tók til starfa ný deild við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn sem á að fylgja eftir starfi Poul Schlüters. Þrír starfsmenn munu samhæfa störf fagráðherranefnda við afnám landamærahindrana og halda til haga upplýsingum og lausnum sem berast í gegnum upplýsingaþjónustuna Halló Norðurlönd og þær þjónustuskrifstofur sem starfræktar eru á norrænum landamærum.

Poul Schlüter mun á formennskutíma Íslendinga, fyrir hönd norrænu samstarfsráðherranna, halda áfram baráttunni við norrænt skrifræði, eða fram á mitt ár 2004.

Norrænt samstarf við grannsvæðin.

Meginmarkmið samstarfs Norðurlanda við granna í austurvegi hefur verið að styðja lýðræðisþróun og markaðsvæðingu við Eystrasalt. Með beinum fjárframlögum, sérfræðiaðstoð og upplýsingamiðlun hefur verið unnið að uppbyggingu í Eystrasaltsríkjunum og stofnað hefur verið til sameiginlegra verkefna svo sem á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Kaflaskil verða í þessu samstarfi með inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB 1. maí 2004. Ákvörðun um að hefja ekki ný samstarfsverkefni við þau nema Norðvestur- Rússland eigi einnig aðild að þeim, tók gildi á árinu og fyrir dyrum stendur að styrkja enn frekar verkefnasamstarf við Rússland. Samhliða þessu verður meira jafnræði í samstarfi við Eystrasaltsríkin og pólitíska samstarfið við þau styrkt til muna. Fyrstu skrefin hafa þegar verið tekin í þá átt eins og væntanleg aðild Eystrasaltsríkjanna að Norræna fjárfestingarbankanum ber vott um.

Meginþungi grannsvæðasamstarfsins mun einnig færast á næstu þremur árum í áföngum yfir til Norðvestur-Rússlands. Samstarfsnet sem tengja Norðvestur-Rússland við Norðurlönd hafa eflst, ekki síst á sviði umhverfisverndar og auðlindanýtingar og verða þau styrkt enn frekar. Frá árinu 2000 hefur verið unnið að því að opna nýja upplýsingaskrifstofu í Kaliningrad og samningaviðræður sem nú standa yfir við Rússa benda til þess að af því geti orðið fyrir mitt ár 2004.

Líta má á svæðasamstarfið við Norðvestur-Rússland sem hluta af framlagi Norrænu ráðherranefndarinnar til hinnar Norðlægu víddar ESB. Þannig hefur ráðherranefndin boðist til að samræma ýmis samstarfsverkefni í Rússlandi meðal annars í gegnum norrænu upplýsingaskrifstofurnar sem þar eru starfræktar.

Samstarfið við Norðurlandaráð.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðurlandaráð á árinu var gott. Það fór fram samkvæmt stefnu þeirri sem mótuð var 2002. Meðal annars var náið samstarf við ráðið um fjárlögin á öllum stigum fjárlagagerðarinnar. Eins var rætt við Norðurlandaráð um að fækka þeim tilmælum ráðsins sem á hverjum tíma eru á dagskrá til að auka pólitískt vægi þeirra. Þessar viðræður leiddu til verulegrar fækkunar tilmælanna sem við lok Norðurlandaráðsþingsins í Ósló 2003 voru 55 talsins en árið áður voru þær 71.

Norrænt samstarf við önnur fjölþjóðleg samtök.

Á árinu tóku samstarfsráðherrarnir stefnumarkandi ákvörðun um að Norrænu ráðherranefndinni bæri að efla samstarf og eiga nánara samráð við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir sem einnig starfa á norðurslóðum, þ.e. Norðurskautsráðið, Barentsráðið, Eystrasaltsráðið og ESB með tilliti til Norðlægu víddarinnar. Unnið var markvisst að þessu stefnumáli. Ráðherranefndinni hefur á undanförnum árum gefist kostur á að fylgjast nokkuð með starfi þessara stofnana, ýmist með því að sitja fundi þeirra sem áheyrnarfulltrúi, en það gildir um Norðurskautsráðið, eða með setu á ráðherrafundum, sem á við um Eystrasaltsráðið. Norræna ráðherranefndin telur mikilvægt að hafa einnig nánari tengsl við Barentsráðið með því að eiga þar áheyrnarfulltrúa.

Markmiðið með nánara samráði er að auka hagkvæmni og ná samlegðaráhrifum með því að koma á verkaskiptingu og nýta þannig betur krafta og fjármuni samtakanna fjögurra á þeim sviðum þar sem hagsmunir fara saman og viðfangsefni eru keimlík eða þau sömu. Á árinu hafði Norræna ráðherranefndin frumkvæði að því að haldnir voru fundir með fulltrúum samtakanna þriggja og var einkum unnið að því að koma persónutengslum og upplýsingagjöf í fastari farveg og að skilgreina nánar hvaða viðfangsefnum væri einkum vert að huga að. Samtökin fjögur leggja öll ríka áherslu á umhverfisvernd og sjálfbæra þróun og því er eðlilegt að efla samstarfið á þeim sviðum. Önnur viðfangsefni eru orkumál, heilbrigðismál, mennta- og vísindasamstarf, baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi og landamærasamstarf.

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja í norrænu samstarfi.

Forsætisráðherrarnir fólu samstarfsráðherrunum á fundi sínum í október 2002 að skoða möguleika þess að Færeyjar, Grænland og Álandseyjar fengju aukna aðild að Norrænu ráðherranefndinni. Í framhaldinu beindu Færeyingar því til forsætisráðherra Danmerkur að umsókn um fulla aðild þeirra að Norrænu ráðherranefndinni og Helsingforssamningnum yrði lögð fram. Sú umsókn sem samstarfsráðherra Danmerkur lagði síðan fram f.h. Færeyja var ekki sama efnis og Færeyingar höfðu farið fram á. Þeir mótmæltu þegar í upphafi, er málið var tekið á dagskrá samstarfsráðherra, þeim rökum sem Danir beittu gegn því að leggja fram umsókn Færeyja óbreytta. Þess vegna hefur ekki verið grundvöllur fyrir því að taka málið til meðferðar.

4. Norrænt samstarf á vegum utanríkisráðuneytisins

Almennt.

Norðurlandasamstarfið hefur ætíð verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Það er nánast sjálfgefinn og óumdeilanlegur hluti af starfsemi utanríkisþjónustunnar, í ljósi sögulegra, menningarlegra og pólitískra tengsla norrænu landanna og vegna hagnýtrar þýðingar þess fyrir Ísland.

Samstarf utanríkisráðherra Norðurlanda fer þó ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar, heldur eru reglulegir fundir þeirra aðalvettvangurinn fyrir norrænt samstarf á sviði utanríkismála. Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda hafa verið haldnir reglulega tvisvar til þrisvar sinnum á ári allt síðan 1946. Þrátt fyrir ólíkar áherslur á ýmsum sviðum í gegnum tíðina, t.d. vegna hlutleysisstefnu tveggja norrænu landanna og aðild þriggja þeirra að ESB, hefur yfirleitt náðst samstaða í þeim milliríkjamálum sem til umfjöllunar hafa verið. Skrifstofustjórar stjórnmálaskrifstofa utanríkisráðuneytanna hittast venjulega til að undirbúa hvern fund utanríkisráðherra Norðurlanda. Aðrir embættismenn norrænu utanríkisráðuneytanna hafa einnig náið og gagnlegt samstarf og samráð um flesta málaflokka sem undir ráðuneytin heyra.

Frá því að Eystrasaltsríkin þrjú endurheimtu sjálfstæði sitt árið 1991 hafa formleg og óformleg samskipti þeirra og norrænu landanna aukist, ekki síst á sviði utanríkismála. Sem dæmi má nefna að undanfarin ár hefur einu sinni á ári verið haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja og samstarf og samráð embættismanna utanríkisráðuneytanna átta eykst stöðugt.

Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda.

Á árinu voru haldnir þrír fundir utanríkisráðherra Norðurlanda í boði Svía en sú þjóð sem er í formennsku í Norrænu ráðherranefndinni sér um að skipuleggja fundina.

Fyrsti fundurinn var haldinn í byrjun mars í Torshälla skammt frá Stokkhólmi. Þar ræddu ráðherrar m.a. stöðu mála í Írak og fyrir botni Miðjarðarhafs, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og stöðu Rússlands með tilliti til stækkunar ESB. Þá var fjallað um átak Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í baráttunni gegn mansali, sem Anna Lindh, utanríkisráðherra Svía átti frumkvæði að á fundi í Tallinn í ágúst 2002. Staðfest var að skipaður skyldi starfshópur um málið.

Segja má að dagskrár á fundum utanríkisráðherra Norðurlanda annars vegar og utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hins vegar, sem fram fóru í Riga í Lettlandi í lok ágústmánaðar, hafi verið með hefðbundnu sniði. Á hinum fyrrnefnda var meðal annars rætt um þróun og stækkun ESB og framtíðarsamstarf á Evrópska efnahagssvæðinu. Utanríkisráðherra lagði m.a. áherslu á hversu mikilvægt væri að gengið yrði frá stækkun EES á sama tíma og samningurinn um stækkun ESB tæki gildi. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkja var einnig rætt um evrópsk öryggismál og framtíðarsamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna með tilliti til aðildar Eystrasaltsríkjanna að ESB. Ástand og horfur í Írak og Mið-Austurlöndum var viðfangsefni beggja funda.

Þriðji fundur utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu var haldinn í Ósló í tengslum við 55. þing Norðurlandaráðs, en þá funduðu þeir einnig með forsætisnefnd ráðsins. Á utanríkisráðherrafundinum var m.a. rætt um stækkun ESB og EES, samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og grannsvæðasamstarf, þ.m.t. við Rússland. Þá var fjallað um málefni Mið-Austurlanda, Íraks, Írans og Norður-Kóreu.

Í umræðum á þingi Norðurlandaráðs um skýrslur norrænna utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra lagði Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra áherslu á mikilvægi áframhaldandi upplýsingamiðlunar og aukins samráðs Norðurlanda um málefni Evrópu í kjölfar fyrirhugaðrar stækkunar ESB. Hann lýsti ánægju með frumkvæði sænskra stjórnvalda að fundum norrænna utanríkisráðherra annars vegar og utanríkisráðherra nokkurra Afríkuríkja hins vegar, þar á meðal nýlegan fund í Mósambík, sem nánar verður fjallað um hér að neðan. Utanríkisráðherra lagði til að fastafulltrúar Norðurlanda hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni ættu fundi með fulltrúum þessara Afríkuríkja og leituðust við að miðla málum. Þannig gætu

Norðurlöndin aðstoðað við að brúa þá miklu gjá sem myndast hefði milli norðurs og suðurs.

Í umræðu á Norðurlandaráðsþingi um varnarmál lýsti utanríkisráðherra vilja Íslands til virkari þátttöku í norrænu samráði og samstarfi á sviði varnarmála. Hann nefndi í því sambandi að fundur varnarmálaráðherra Norðurlanda hefði verið haldinn á Íslandi í fyrsta sinn í september sl. og að þá hefði Ísland gerst aðili að formlegri samræmingu Norðurlanda á sviði friðargæslu, NORDCAPS (Nordic Coordinated Arrangement for Military Peace Support). Markmiðið með NORDCAPS er að auka getu og hæfni Norðurlanda til að taka að sér friðar- og öryggisgæslu á átakasvæðum undir sameiginlegri stjórn. Aðkoma Íslands að NORDCAPS er í gegnum Íslensku friðargæsluna og munu einstaklingar af viðbragðslista hennar taka þátt í verkefnum á vegum NORDCAPS í framtíðinni.

Utanríkisráðherra eða fulltrúi hans sækir að jafnaði reglulega fundi varnarmálaráðherra Norðurlanda sem haldnir eru tvisvar sinnum á ári og fundi ráðuneytisstjóra varnarmála.

Utanríkisviðskipti.

Utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda héldu einnig fund í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló og var m.a. fjallað um stöðuna í viðskiptaviðræðunum hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), innri markaðsmál ESB og afnám viðskiptahindrana á Norðurlöndum.

Samstarfshópur er um norrænt samstarf í Brussel. Í honum sitja fulltrúar frá fastanefndum norrænu landanna og fulltrúar skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Hópur þessi hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Helstu verkefni hans eru að undirbúa, í samstarfi við norrænu samstarfsnefndina (NSK), árlegan fund samstarfsráðherra Norðurlanda með sendiherrunum sem eru norrænir fastafulltrúar í Brussel; að aðstoða við árlega þjálfunarvist starfsmanna frá Kaupmannahöfn í Brussel og að hafa yfirumsjón með og hvetja til norræns samráðs í Brussel á einstökum fagsviðum. Markmið norræna samstarfsins í Brussel er ekki að löndin séu með samræmda afstöðu til einstakra mála heldur að miðla upplýsingum þeirra í millum.

Samstarf á alþjóðavettvangi.

Óhætt er að fullyrða að staða norrænu landanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (S.þ.) er mun sterkari en stærð og fólksfjöldi gefa tilefni til að ætla. Vafasamt er að löndin hefðu getað haft eins mikil áhrif innan samtakanna og raun ber vitni ef þau stæðu ekki saman og kynntu sig oft sem eina heild og málstað sinn sem norrænan. Stuðningur Norðurlanda við S.þ. og hugsjónir þær sem samtökin byggja á hefur ætíð verið mikill. Víða er litið á Norðurlönd sem fyrirmyndar velferðarþjóðfélög og þykir málflutningur þeirra um jafnrétti, jafnræði, frelsi, lýðræði, mannúð og mannréttindi trúverðugur, hvort sem um er að ræða einstaklinga heima fyrir eða þjóðir í samfélagi þjóðanna. Norrænt samstarf, samráð og upplýsingamiðlun um málefni S.þ. er afar mikilvæg til að viðhalda og efla stöðu Norðurlanda á vettvangi S.þ.

Norðurlönd vinna iðulega sameiginlega að ýmsum málum sem eru á dagskrá S.þ. og endurspegla megináherslur í utanríkisstefnu þeirra. Samstarf fastanefnda Norðurlanda hjá S.þ. í New York er því mikilvægur þáttur í starfsemi fastanefndar Íslands.

Tvö af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar á næstu árum varða þátttöku Íslands í starfsemi S.þ., þ.e. framboð Íslands til setu í öryggisráði S.þ. 2009–2010 og formennska Íslands fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í framkvæmdaráði Alþjóðabankans. Norrænt samstarf er sérlega mikilvægt með tilliti til þessara verkefna og málefna sem tengjast þeim, eins og fram kemur hér á eftir.

Ákvörðun um framboð Íslands til öryggisráðs S.þ. var tekin árið 1998 en það var formlega tilkynnt aðildarríkjum S.þ. haustið 2003. Framboð til öryggisráðsins er staðfesting á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og þeirri ábyrgð sem Íslendingar hafa axlað. Með því gefst einstakt tækifæri til að halda fram megináherslum í utanríkisstefnu Íslands og annarra Norðurlanda, en það er lykilatriði að Ísland býður sig fram sem eitt af norrænu löndunum. Samvinna við þau, bæði í framboðinu og við upplýsingaöflun um þau mál sem tekin verða fyrir í öryggisráðinu, mun skipta miklu.

Samstarf norrænu landanna í marghliða þróunarsamvinnu er umfangsmikið. Í Alþjóðabankanum er samráð einkar náið og í október tók Ísland við mikilvægri ábyrgðarstöðu innan þessarar stærstu þróunarstofnunar heims þegar Þorsteinn Ingólfsson sendiherra tók við stöðu stjórnarfulltrúa fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Þessi lönd mynda kjördæmi í bankanum og starfrækt er sérstök skrifstofa í Alþjóðabankanum þar sem ríkin átta skipa einn fulltrúa hvert. Að auki eiga viðkomandi ráðuneyti á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum með sér mjög náið samráð um þau mál er upp koma í stjórn bankans. Utanríkisráðuneytið á Íslandi leiðir þá málefnavinnu sem fer fram meðal annars með vikulegum símasamráðsfundum og fyrirmælum til skrifstofu kjördæmisins í bankanum. Sem liður í undirbúningi utanríkisráðuneytisins var starfsmaður þess sendur til starfa í utanríkisráðuneyti Danmerkur í hálft ár þar sem hann starfaði að málefnum Alþjóðabankans.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, sat óformlegan samráðsfund utanríkisráðherra Norðurlanda og utanríkisráðherra Benín, Botsvana, Gana, Malí, Mósambík, Nígeríu, Senegal, Suður-Afríku og Tansaníu sem haldinn var í Pemba í norðurhluta Mósambík í október sl. Helstu umfjöllunarefni fundarins voru staða Afríkusambandsins og framkvæmd svonefnds endurnýjaðs samstarfs um þróun Afríku (NEPAD) og málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) Meðal annars var ákveðið, að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar, að norrænir fastafulltrúar við Alþjóðaviðskiptastofnunina í Genf fylgdu eftir áherslu ráðherranna að koma svonefndum DOHA-viðræðunum á rekspöl eftir vonbrigðin með niðurstöður fundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Cancun.

Utanríkis- og þróunarmálaráðherrar Norðurlanda samþykktu í október sameiginlega yfirlýsingu um þúsaldarmarkmið S.þ. og mikilvægi þess að efna skuldbindingar svo að þeim megi ná.

Norrænt samstarf á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu var með hefðbundnum hætti á árinu, en framkvæmdastjórar þróunarsamvinnustofnana á Norðurlöndum hittast að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Einnig fóru fram sérfræðingafundir á hinum ýmsu sviðum þróunarsamvinnu og sóttu þá ýmsir embættismenn.

Samráð norrænu landanna um málefni þriggja stofnana S.þ. í Róm fer fram á milli höfuðborganna og hjá fastanefndum í Róm. Þessar stofnanir eru Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.þ. (FAO), Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD) og Matvælaáætlun S.þ. (WFP). Reglulegir samráðsfundir eru milli fastanefndanna í Róm þar sem málefni allra stofnana eru rædd.

Samráð Norðurlanda um málefni Þróunarstofnunar S.þ. (UNDP) fer að mestu leyti fram hjá fastanefndum í New York og þá aðallega í tengslum við fundi framkvæmdastjórnar UNDP og Mannfjöldasjóðs S.þ. (UNFPA) sem fara fram í janúar og september á hverju ári. Vegna aukinna ábyrgðarstarfa utanríkisráðuneytisins í marghliða þróunarstarfi hefur samráð verið aukið við norrænt samstarfsfólk og skrifstofu UNDP í Kaupmannahöfn.

Annað samstarf og samráð.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, skrifstofustjórar og ýmsir aðrir embættismenn eiga reglulega fundi með norrænum starfsbræðrum, og í mörgum tilvikum er einnig náið samráð á milli funda. Þá eiga fulltrúar sendiráða Íslands erlendis yfirleitt mikið og gott samstarf við norræna sendierindreka á staðnum, bæði í höfuðborgum Norðurlanda og annars staðar þar sem norrænar sendiskrifstofur starfa. Sendiráð skiptast á upplýsingum og hafa samráð í ýmsum málum er varða sameiginlega hagsmuni ríkjanna. Óformleg tengsl sendierindreka við embættismenn í stjórnkerfi, stjórnmálamenn og forystumenn í stjórnmála-, viðskipta- og menningarlífi eru mjög mikilvæg. En vegna opinna og vandalausra samskipta sín á milli geta norrænir sendierindrekar oft nýtt sér sambönd hvers annars með góðum árangri. Eins og áður segir er ímynd Norðurlanda yfirleitt mjög góð á alþjóðavettvangi og eru flestar dyr því opnar norrænum sendierindrekum, sérstaklega þegar þeir koma fram sem ein heild. Rétt er að minna á að hið verðmæta samráð milli utanríkisráðuneyta Norðurlanda og norrænna sendierindreka hvar sem þeir starfa, og farið er að líta á sem sjálfsagðan hlut, byggir að sjálfsögðu á langri hefð og sameiginlegri menningarlegri og sögulegri fortíð. Í breyttum heimi með breyttum tengslamynstrum er mikilvægt að vel sé hlúð að sameiginlegum norrænum gildum til þess að viðhalda vitund um og þekkingu á þeim menningarlega og sögulega skyldleika sem er forsenda þeirra nánu formlegu og óformlegu tengsla milli landanna sem við búum við.

Eins og fram kemur hér að framan eru náin tengsl, samráð og samvinna milli embættismanna flestra skrifstofa og deilda utanríkisráðuneyta Norðurlanda, auk þess sem norrænir sendierindrekar í öðrum ríkjum eiga yfirleitt gott samstarf með reglulegum fundum. Ísland hefur ótvírætt mikið gagn af þessum tengslum. Til að efla þau enn frekar, einkum meðal yngri embættismanna, efndi utanríkisráðuneytið til námsstefnu fyrir unga norræna diplómata í október sl., en samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneyta Norðurlanda er gert ráð fyrir að slíkar námsstefnur verði haldnar árlega, til skiptis í löndunum fimm. Í stuttu máli má segja að markmiðið sé að vekja og viðhalda áhuga á norrænu samstarfi við upphaf starfsferils ungra diplómata, að kynna land gestgjafans hverju sinni með áherslu á menningarleg, söguleg og pólitísk tengsl á Norðurlöndum, að styrkja stöðu norrænna tungumála í samstarfi utanríkisráðuneyta Norðurlanda og almennt að efla skilning á mikilvægi norræns samstarfs.

Á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni mun utanríkisráðuneytið leggja sérstaka áherslu á að efla þekkingu og skilning á norrænu samstarfi meðal embættismanna utanríkiráðuneytisins m.a. með því í að gefa þeim tækifæri til að bæta kunnáttu sína í norrænum tungumálum og þekkingu á norrænum málefnum.

5. Menningarmál

Samstarf um menningarmál er umfangsmikið hjá Norrænu ráðherranefndinni og tekur til margháttaðrar starfsemi. Á vegum ráðherranefndarinnar um menningarmál störfuðu á árinu 8 stofnanir: Norræna húsið í Reykjavík, Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræna stofnunin í Grænlandi (NAPA), Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ), Norræna fjölmiðlamiðstöðin (NJC), gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM), listamannasetur í Dalsåsen og stofnun fyrir samtímalist í Sveaborg (NIFCA). Í lok ársins var ákveðið að flytja norrænu stofnunina í Finnlandi (NIFIN) af menntamálasviði til menningarsviðs, því starfsemin er mjög svipuð þeirri, sem fram fer í öðrum norrænum menningarstofnunum. Tveir sjóðir eru starfandi á sviði menningarmála; Norræni menningarsjóðurinn og Norræni kvik-

mynda- og sjónvarpssjóðurinn auk SLEIPNIS, sem veitir ungum listamönnum ferðastyrki. Stjórnar- og listanefndir eru níu: Stjórnarnefnd um menningarverkefni erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um fjölmiðla og menningarmál, samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um barna- og æskulýðsmenningu, norræn æskulýðsnefnd, bókmennta- og bókasafnanefnd (NORDBOK), tónlistarnefnd (NOMUS), sviðslistanefnd (NORDSCEN) og norræna menningararfsnefndin. Norræna ráðherranefndin um menningarmál styrkir norrænt listamannasetur í Róm þar sem 2–3 íslenskir listamenn dvelja ár hvert.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir héldu þrjá fundi á árinu. Svíar hafa í formennskustarfi sínu lagt á það áherslu að uppbygging menningarsamstarfsins verði endurskoðuð. Í þessu skyni var unnin greinargerð um núverandi uppbyggingu menningarsamstarfsins. Á grundvelli tillagna sem fylgdu henni ákváðu ráðherrarnir að skoðað verði hvort unnt sé að sameina rekstur nefnda og ráða og jafnvel stofna norrænt menningarráð sem m.a. eigi að sjá um styrkveitingar og veita umsagnir og undirbúa mál fyrir ráðherrana. Á vettvangi ráðherranefndarinnar urðu einnig allmiklar umræður um hvernig standa eigi að því að stofna til norrænna kvikmyndaverðlauna, en Norðurlandaráð hefur ályktað um þau mál þannig að til þeirra ætti að stofna. Þá er áhugi á að stofnað verði til norræns margmiðlunarverkefnis sem sérstaklega yrði fyrir börn og ungt fólk. Árið hefur verið notað til að skoða gagnsemi slíks verkefnis fyrir norrænt samstarf.

Sænska ljóðskáldið Eva Ström fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu og norrænu tónlistarverðlaunin fékk samíski listamaðurinn Mari Boine frá Noregi.

Í nóvember sl. undirrituðu á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn menningarmálaráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands samstarfssamning um menningu, menntamál og rannsóknir til þriggja ára. Er þetta í þriðja sinn sem slíkur samningur er undirritaður og er góður árangur af þessu samstarfi landanna á milli. Nú er lokið verkefnum fyrri samnings með ráðstefnu í Færeyjum um málvísindi. Einnig var unnið að því að efla íþróttasamstarf milli landanna með því að mynda tengsl milli ungra íþróttaleiðtoga og koma upp samskiptaneti. Þá var innan ramma samningsins komið á samstarfi á sviði upplýsingatækni milli grunnskóla og framhaldsskóla. Helstu verkefni næstu ára er að þjálfa stjórnendur í barna- og unglingastarfi, að örva áhuga og hæfileika í ritlist og að kynna nútímasögu Vestur-Norðurlanda. Við sama tækifæri í nóvember voru undirritaðar reglur um vestnorræn barnabókaverðlaun sem er samstarfsverkefni Vestnorræna ráðsins og menningarmálaráðherra Íslands, Færeyja og Grænlands.

Ísland tekur við formennsku í Norræna menningarsjóðnum árið 2004. Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður verður formaður.

Til norræns íþróttasamstarfs er veitt rúmlega 1,2 millj. d.kr. Aðaltilgangur fjárveitingarinnar er að efla þátttöku barna og unglinga, kvenna og fatlaðra í íþróttastarfi, styrkja samstarfið milli landanna í útnorðri, Grænlands, Íslands og Færeyja, og á milli þeirra og annarra Norðurlanda. Einnig er veittur lítils háttar styrkur til Sama og skólaíþrótta. ÍSÍ fer með umsjón þess sem fellur í hlut Íslands, en það er um helmingur fjárveitingarinnar. Þá undirrituðu ráðherrar íþróttamála á fundi sínum í Ósló í október sl. yfirlýsingu ríkisstjórna Norðurlanda sem er viðbót við samstarfssamning þeirra um íþróttamál frá 1994.

Norræna æskulýðsnefndin vann áfram að því að framfylgja þverfaglegri verkefnaáætlun 2001–2005. Meðal þess sem nefndin fjallaði um á árinu var (a) skipulag á starfi umsjónaraðila æskulýðsrannsókna, (b) upplýsinganet, (c) útboð á umsýslu umsókna.

Unnið var að því að finna lausn á því hvernig best væri að koma á laggirnar miðlægum upplýsingagrunni um æskulýðsmál. Samþykkt var að leita til „Valhalla", norræna upplýsinganetsins um barna- og unglingamenningu, með beiðni um vistun á slíkri heimasíðu.

Á árinu héldu Svíar fjölmenna ráðstefnu „Involvera nu", sem fjallaði um lýðræði í fjölmenningarlegu samfélagi og þátttöku ungs fólks í því.

Stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu hefur unnið áfram að framgangi starfsáætlunar um menningarsamstarf á sviði barna- og unglingamenningar sem menningarmálaráðherrarnir samþykktu árið 2002. Gildir hún til ársins 2006 og er áhersla á verkefni á fjórum meginsviðum: fjölmenningarsamfélög á Norðurlöndum, leiki og leikjahefðir, nýja miðla og ný tjáningarform barna og unglinga, þekkingu og reynslu. Á árinu hefur stjórnarnefndin þróað nýja aðferð við að ná markmiðum áætlunarinnar. Frá miðju ári 2003 hætti nefndin að taka við styrkumsóknum og leggur nú áherslu á að vinna að færri og stærri samstarfsverkefnum. Í lok ágúst var haldið málþing í Malmö, þar sem fundað var með helstu stofnunum og aðilum í norrænu barnamenningarstarfi og verða í framhaldi af því valdir samstarfsaðilar til að vinna að verkefnum og þróa hugmyndir á áherslusviðunum fjórum.

Haldið var áfram vinnu við upplýsinganetið „Valhalla" en verið er að endurskipuleggja alla starfsemi þess og tengja það gagnabanka norræna skólanetsins. Er áætlað að endurskipulagningu „Valhalla" verði lokið árið 2005 og þá verði ritstjórn þess boðin út.

Stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla hefur á undanförnum árum unnið að tillögum um hvernig standa megi að norrænum sjóði er styrki framleiðslu stafræns efnis fyrir nýja miðla. Þær hugmyndir voru útfærðar enn frekar á árinu, m.a með aðstoð starfshóps. Hugmyndir nefndarinnar hafa fengið góð viðbrögð og verður nú unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd.

Þá hefur nefndinni verið falið að kanna möguleika þess að koma á kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs og gerð var skýrsla um áhrif samruna fjölmiðla á Norðurlöndum sem hægt er að nálgast á heimasíðunni www.norden.org.

Netmiðillinn „Medier i Norden" verður sameinaður NORDICOM frá og með næstu áramótum.

Skrifstofa NORDBOK flutti í ársbyrjun frá Biblioteksstyrelsen í Danmörku til ABM utvikling í Ósló.

Fulltrúi Íslands tók þátt í stýrihópi verkefnisins: „Kompetanseutvikling for medarbeidere i kulturinstitusjoner – omstilling til et multikulturelt samfunn". Þetta er sameiginlegt verkefni NORDBOK og Norrænu safnanefndarinnar og lýkur því vorið 2004.

Elísabet Gunnarsdóttir frá Ísafirði var ráðin forstöðumaður listamannasetursins að Dalsåsen frá október sl. til næstu fjögurra ára.

Á síðastliðnum árum hefur Norræna ráðherranefndin lagt fram fjármagn til viðhalds Norræna hússins í Reykjavík, bæði að innan og að utan og var því verki haldið áfram á árinu. Menntamálaráðherra hefur að tillögu húsafriðunarnefndar friðað ytra borð Norræna hússins og almenningsrými þess. Nýr forstjóri Norræna hússins, Gro Kraft frá Noregi, tók við í upphafi árs af Riittu Heinämaa frá Finnlandi sem verið hafði forstöðumaður í fimm ár.

Rætt var við Háskóla Íslands og skipulagsstjórn Reykjavíkur vegna lóðar Norræna hússins og afmörkun hennar frá lóð HÍ og nábýlis við Náttúrufræðahús háskólans.

Norræn stofnun á Álandseyjum (Nordens institut på Åland) hefur það hlutverk að greiða fyrir alhliða menningarsamskiptum milli íbúa á Álandseyjum og annars staðar á Norðurlöndum og stuðla um leið að því að efla álenskt menningarlíf. Í gildi er árangursstjórnunarsamningur milli stofnunarinnar og Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2003–2005. Samkvæmt honum er gert ráð fyrir að megináhersla sé lögð á þrjú verkefnasvið: (1) Barna- og æskulýðsmenningu, m.a. í dreifðum byggðum Álandseyja. (2) Miðlun upplýsinga um Norðurlönd og kynningu á norrænum bókmenntum. (3) Norræn menningarsamskipti með þátttöku álenskra listamanna í samstarfsverkefnum.

Stjórnarnefnd norrænna menningarkynninga erlendis hefur unnið að því að skýra markmið og starfsaðferðir við kynningarnar og er gert ráð fyrir að í kjölfar ráðstefnu haustið 2004 verði hægt að leggja fram fullmótaða áætlun.

Á árinu var opnuð norræn hönnunarsýning í Berlín og mun hún fara til fjölmargra borga í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Sýningarlok eru áætluð árið 2006.

Helsta verkefni ársins 2004 er umfangsmikil menningarkynning á Balkanskaga og hefur undirbúningsvinnan staðið yfir síðastliðin tvö ár. Nokkur verkefni, sem tilheyra kynningunni, eru þegar hafin eins og t.d. vinnustofur listaháskóla á Norðurlöndum og á Balkanskaga.

Víkingasýningunni lauk í Kanada sl. sumar og höfðu þá um 6 milljónir gesta séð hana. Stjórnarnefndin styrkti norræna barna- og unglingaleikhúshátíð í Skt. Pétursborg og var það jafnframt helsta framlag hennar til hátíðarhalda í tilefni af 300 ára afmæli borgarinnar.

Network North verkefninu lauk formlega á árinu. Samstarfið þykir vel heppnað og það er talið geta eflt til muna samvinnu listamanna og stofnana á Bretlandseyjum og Norðurlöndum.

6. Menntun og rannsóknir

Umfangsmikið samstarf um menntamál og rannsóknir fer fram innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Það tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í starfsemi stofnana, styrkjakerfum og verkefnum sem stjórnað er af stjórnarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum er starfa tímabundið. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í starfseminni og er verkefnum sem mótuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir.

Undir forystu Íslands árið 1999 var unnið að því að móta heildarstefnu um Norðurlönd sem forgangssvæði í þróun mannauðs. Hún nær til tímabilsins 2000–2004. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir lagði á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1999 fram tillögu um stefnumótun fyrir tímabilið 2000–2004 og var hún samþykkt. Megináhersla er lögð á miðlun reynslu og samvinnu um þróunarstarf á vettvangi menntunar og rannsókna og aukinn hreyfanleika nemenda, kennara og vísindamanna milli landanna. Sérstök áhersla er lögð á símenntun. Markmiðið er að stuðla að því að hið norræna samfélag í menntamálum og rannsóknum verði virkur vettvangur fyrir pólitíska úrvinnslu þeirra málefna sem eru á döfinni, vettvangur þar sem menn geta lært af reynslu hvers annars og þróað samnorrænar aðgerðir. Lögð er áhersla á skýrari verkaskiptingu milli landanna og að skilgreind verði betur þau verkefni sem skynsamlegra þykir að vinna að sameiginlega en í hverju landi fyrir sig.

Á sviði menntamála og rannsókna hefur áfram verið unnið að því að efla samstarf Norðurlanda, styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæðin. Stefnt er að því að jafn auðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og innan eigin lands.

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Frá 1998 hafa ráðherrarnir m.a. rætt ákveðin þemu á fundum sínum, um mat og gæði í skólastarfi á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu, stöðu norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar í upplýsingatækni og æðri menntun á Norðurlöndum, lagskiptingu nemenda í háskólum, fjármögnun og þróun háskóla á Norðurlöndum, svæðisháskóla, þróunarsamvinnu, æðri menntun í ljósi svokallaðs Bolognaferlis og raunfærni fólks til náms og starfa.

Norrænar stofnanir.

Staða stofnana sem reknar eru af Norrænu ráðherranefndinni á sviði mennta og vísinda hefur um nokkurt skeið verið til umræðu. Norræna ráðherranefndin ákvað á árinu að breyta

stöðu þeirra og færa ábyrgð á þeim yfir á aðildarlöndin. Á grundvelli úttektar sem gerð var fyrir nefndina var ákveðið að ganga til samninga við stjórnvöld í hverju landi með það fyrir augum að færa til þeirra ábyrgð á rekstri stofnananna og á fjórum árum lækka framlög ráðherranefndarinnar niður í helming þess sem var að raunvirði árið 2003. Þetta gæti losað um 25 millj. d.kr. sem yrði varið til nýrra verkefna, sérstaklega til „Norrænna öndvegissetra". Þær stofnanir sem um ræðir eru:

- Nordita – Norræna eðlisfræðistofnunin í Danmörku.
- Nordvulk – Norræna eldfjallastöðin á Íslandi.
- NIAS – Norræna Asíurannsóknastofnunin í Danmörku.
- NIfS – Norræna sjóréttarstofnunin í Noregi.
- NSI – Norræna samastofnunin í Finnlandi.
- Nordinfo – Norræna bókasafnastofnunin í Finnlandi (verður lögð niður).
- NIFIN – Norræna stofnunin í Finnlandi.

Hér á landi hefur verið ákveðið að sameina Norrænu eldfjallastöðina jarðvísindadeild Raunvísindastofnunar háskólans og fá henni setur í hinu nýja Náttúrufræðahúsi við Háskóla Íslands.

Fastar nefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa þrjár stjórnarnefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Embættismannanefnd undirbýr m.a. ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Í stjórnarnefndunum NSS og FOVU eiga sæti einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna en tveir í stjórnarnefndinni HÖGUT auk fulltrúa frá Grænlandi og Færeyjum. Verksvið nefndanna nær til grunnskóla og framhaldsskóla, skóla á háskólastigi og fullorðinsfræðslu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Á vegum stjórnarnefndanna voru haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra.

Samstarf um skólamál.

NSS-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um skólamál. Verksvið NSS nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og í því skyni fjallar nefndin um mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Samkvæmt starfsáætlun byggist samstarfið á þremur meginþáttum:

- Samstarfi norrænu landanna.
- Samstarfi við grannsvæðin.
- Tengslum við verkefni á vettvangi ESB.

Í samræmi við verkáætlun fyrir tímabilið 2000–2004 fellur starfsemi nefndarinnar innan fjögurra meginsviða, þ.e. símenntunar, gilda, sýnileika (synlighed) og gæða í skólastarfi. Helstu verkefni sem komið hafa upp í samstarfinu má fella undir eitthvert þessara sviða.

Eins og fyrr hefur samstarfið verið gagnlegt og hefur gert Íslendingum kleift að fylgjast með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og víðar og haft áhrif á umræður um skólamál hér á landi. Vandamál sem upp koma í skólastarfi eru yfirleitt ekki bundin við einstök lönd og ýtir norræn samvinna undir nánara samstarf á þessu sviði.

Samstarf um fullorðinsfræðslu.

Stjórnarnefndin um fullorðinsfræðslu (Styregruppe for Voksen Lering) fjallar um menntun fullorðinna og málefni sem eru efst á baugi á því sviði hverju sinni að undanskyldum þeim er falla undir verksvið háskólanefndarinnar.

Helstu áherslur ársins hafa verið á verkefni er tengjast símenntun fullorðinna, viðurkenningu á reynslu og þekkingu þeirra sem hafa litla eða takmarkaða formlega menntun, fjarkennslu, nýbúafræðslu auk samstarfs við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland um fullorðinsfræðslu og símenntun. Í starfi sínu reynir nefndin að miðla þekkingu og reynslu milli landa, til norrænna félagasamtaka sem starfa á sviði fullorðinsfræðslu sem og annarra sem hlut eiga að máli. Samstarfið hefur verið gagnlegt fyrir Ísland og stuðlað að aukinni þekkingu á þessum málaflokki.

Norræn málnefnd.

Norræna málnefndin var samstarfsvettvangur málnefnda á Norðurlöndum og vann að málefnum sem tengjast verksviði hverrar nefndar ásamt því að vera sérfræðivettvangur fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina.

Málnefndirnar eru 10 talsins: Dansk Sprognævn, finnska málnefndin og Finnlandssænska málnefndin (fyrir þeirra hönd annast Forskningscentralen för de inhemska språken í Helsingfors um samstarfið), Føroyska málnevndin, Íslensk málnefnd, Norsk språkråd, Oqaasiliortut (Grønlands Sprognævn), Sámi giellalávdegoddi (Sametingets språkstyre), Svenska språknämnden og Sverigefinska språknämnden.

Markmið samstarfsins í norrænu málnefndinni var að stuðla að bættum málskilningi á Norðurlöndum og að efla norræn tungumál og auðvelda notkun þeirra innan og utan Norðurlanda, m.a. með þátttöku í evrópsku málasamstarfi. Norræna málnefndin hafði samstarf við önnur mála- og íðorðasamtök innan og utan Norðurlanda.

Norræna málnefndin efndi á árinu til eða tók þátt í 14 fundum og ráðstefnum um norræn mál og málrækt og gaf út 6 bækur um efnið. Á vegum nefndarinnar var áfram unnið að tveimur viðamiklum rannsóknarverkefnum. Jafnframt studdi hún fjárhagslega við orðabókarverkefni í fámennustu málsamfélögunum, þ.e. í færeysku, grænlensku, íslensku og samísku.

Á árinu samþykkti Norræna ráðherranefndin skipulagsbreytingar m.a. um norrænt málasamstarf. Ný samstarfsáætlun, Nordplus Språk, hóf göngu sína í byrjun árs 2004 og nýtt málráð Norðurlanda hefur yfirumsjón með henni. Verkefni, sem norræna málnefndin hefur hingað til séð um, munu falla undir nýju áætlunina.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk nefndarinnar er að efla norrænt samstarf um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur hún umsjón með Nordplus-áætluninni sem felst í stúdenta- og kennaraskiptum. Á hverju ári taka alls um 5000 norrænir nemendur og kennarar þátt í áætluninni. Nordplus veitir námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, í allt að eitt ár, við háskóla annar staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum

Í upphafi árs 2001 var samþykkt ný starfsáætlun HÖGUT fyrir árin 2002–2004. Forgangsverkefni eru valin með hliðsjón af eftirfarandi sviðum:

– Norðurlönd sem leiðandi á sviði aukinnar hæfni og ævilangrar menntunar.

- Auknir möguleikar upplýsingatækni.
- Aukin gæði æðri menntunar.
- Alþjóðavæðing og stuðningur við hreyfanleika

Á grundvelli þessarar starfsáætlunar vann HÖGUT nákvæmari verkefnaáætlun er samþykkt var af embættismannanefndinni (EK-U) fyrri hluta árs 2001.

Gildistími samnings um aðgang að æðri menntun rann út við lok ársins. Meginatriði hans er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið þessum ákvæðum. Þá er jafnframt í gildi samkomulag milli Noregs og Danmerkur um kvóta á fjölda námsmanna í ákveðnum greinum. Samkomulag náðist á árinu um að framlengja samninginn óbreyttan til þriggja ára, 2004–2006.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Norrænt vísindastefnuráð (Nordisk Forskningspolitisk Råd, FPR) hefur starfað frá árinu 1983 og verið ráðgefandi fyrir ráðherranefnd menntamálaráðherranna um vísindarannsóknir og rannsóknamenntun. Helsta hlutverk ráðsins er að leggja fyrir ráðherranefndina tillögur um norræna rannsóknarstefnu og stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna þar sem tekið er tillit til stefnumála aðildarlanda. Ráðið er umsagnaraðili um stuðning ráðherranefndarinnar við samstarf um rannsóknir og vísindamenntun. Ráðið hélt fimm fundi á árinu.

Um þessar mundir blása nýir vindar um norræna samstarfið á sviði vísinda og tækni. Vaxandi áhugi er á því að efla vísindasamstarfið og tengja það betur við tækniþróun og stuðning við nýsköpun í hagkerfi hins nýja þekkingarsamfélags þar sem viðskiptaöfl hnattvæðingar eru ráðandi. Norrænu löndin eru fámenn í því samhengi, en standa þó öll framarlega á sviði vísinda og tækniþekkingar og koma afar vel út í alþjóðlegum samanburði á árangri í vísindum og nýsköpun. Að undanförnu hefur því verið mikil umræða um að nýta þennan innri styrk landanna til að treysta stöðu þeirra hagrænt og félagslega á tímum hnattvæðingar og auka þar með áhrif þeirra á alþjóðavettvangi.

Vandinn er hins vegar sá að fjármunir sem löndin verja sameiginlega til rannsókna og stuðnings við nýsköpun í gegnum norræna sjóði og stofnanir eru hverfandi í samanburði við framlög þeirra til rannsóknaáætlunar ESB og til rannsókna heima fyrir. Norræna ráðherranefndin á sviði menntamála hefur því með aðstoð FPR látið kanna með hvaða hætti væri unnt að endurskipuleggja stuðning við vísindi og tækni með það fyrir augum að löndin verði sameiginlega í fremstu röð þjóða og geti starfað sem best saman gagnvart umheiminum.

Liður í þessu hefur verið að veita fé til að styðja nýtt fyrirkomulag í norrænni rannsóknarsamvinnu. Þetta felst í því að rannsóknarhópar og stofnanir sækja á samkeppnisgrundvelli um tímabundin fjárframlög og um að vera útnefnd sem „Norræn öndvegissetur“ (Nordic Centres of Excellence). Er þetta m.a. gert til að hvetja norræna vísindasamfélagið til að leggja fram öflugustu hugmyndir sínar og gera það sýnilegt á alþjóðlegum vettvangi. Fyrstu fjögur öndvegissetrin voru sett á laggirnar á árinu.

Ráðherranefndin hefur látið gera svonefnda hvítbók undir heitinu „NORIA – Nordisk forskning och innvation – globalt ledande genom ökat samarbete“ Í niðurstöðum er lagt til veruleg endurskipulagning og sameining ýmissa þátta á starfinu með það fyrir augum að auka bolmagn í samstarfi og efla samræmi milli vísindarannsókna og stuðnings við nýsköpun. Einnig er gert ráð fyrir auknu beinu samstarfi systurstofnana í löndunum á norrænum grundvelli. Skýrslan fékk góðar móttökur hjá ráðherrunum og var ákveðið að senda

hana til umfjöllunar hjá stofnunum og samtökum í aðildarlöndunum. Stefnt er að endanlegri ákvörðun um stefnumótun á þessu sviði árið 2004.

Ráðgjafanefnd um upplýsingatækni.

Þróunarverkefni um tölvunet fyrir vísindarannsóknir, NORDUnet3, var til umfjöllunar á árinu í ráðgjafanefnd um upplýsingamál og lauk með því að það verður gert að styrkjakerfi til áframhaldandi verkefna sem byggja á rannsóknum. Það tengist NORDUnet a/s í rekstri og verða fyrstu styrkir auglýstir 2004. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var til umfjöllunar og mælt með að kanna samstarf á sviði rannsókna, háskóla á neti og þróunarstarfs framhaldsskóla. Hópurinn vann að umsögnum og mati á tillögum um skipulag norrænna nefnda í menntun og rannsóknum. Gæðatrygging fyrir notkun upplýsingatækni í skólum og öryggismál voru til umræðu og lögðu Svíar fram matsskýrslu sem lagt var til að lögð yrði til grundvallar í norrænt verkefni. Áhersla var lögð á stefnu í upplýsingatækni til næstu 2–5 ára og fengnar kynningar hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem eru í fararbroddi á Norðurlöndum í menntun og rannsóknum. Ákveðið var að leggja áherslu á samvinnuverkefni um netháskóla og á vegum Norræna skólanetsins fyrir grunn- og framhaldsskóla.

7. Upplýsingatækni

Embættismannanefnd um upplýsingatækni (EK-IT) hélt fjóra fundi á árinu og undirbjó árlegan ráðherrafund upplýsingatækniráðherra (MR-IT).

Ráðherrafundur um upplýsingatækni.

Fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, sótti fund norrænna upplýsingatækniráðherra (MR-IT) sem haldinn var í Karlskrona í Svíþjóð í október sl. Í tengslum við fundinn var haldið málþing sem bar yfirskriftina „Rafræn stjórnsýsla og norræn samþætting". Fjármálaráðherra hélt þar erindi um samþættingu í íslenskri stjórnsýslu. Einnig var kynnt samstarf sænskra fyrirtækja og opinberra aðila um þróun tæknilausna fyrir upplýsingasamfélagið. Þetta samstarf hefur gefið góða raun og ber yfirskriftina „Telekom City" (www.telecomcity.org).

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu og aðgerðaáætlun, er samþykkt var á ráðherrafundi 2002, var unnið að eftirtöldum málum:

Breiðbandsmál.

Ráðherranefndin (MR-IT) ásamt ráðherranefndinni um byggðamál og ráðgjafanefnd um upplýsingatækni (IT-policygruppen) létu gera úttekt um breiðbandsmál á Norðurlöndum. Skýrsla með niðurstöðum úttektarinnar var kynnt á ráðherrafundinum. Ljóst er að Norðurlönd eru meðal fremstu þjóða í útbreiðslu og notkun á breiðbandsstengingum.[1] Skýrslan er á vef norrænu ráðherranefndarinnar: http://www.norden.org/pub/uddannelse/forskning_hojereudd/sk/IT-infrastrukturstudie-hovedrapp.pdf.

[1] Breiðband þýðir í þessu samhengi möguleika á sítengingu við Internetið með hærri hraða en sem nemur lögbundnum kröfum um alþjónustu. Til samræmis við venjur OECD var í skýrslunni miðað við gagnaflutningshraða 256 kb/s og þar yfir.

Tölfræði upplýsingasamfélagsins.

Ráðherranefndin hefur stutt samstarfsverkefni um tölfræði upplýsingasamfélagsins og lá fyrir fundinum nýtt tölfræðirit, „Nordic Information Society Statistics 2002“ (http://www.hagstofa.is/template25.asp?PageID=773). Ritið gefur glögga mynd af sterkri stöðu Norðurlanda á flestum sviðum upplýsingasamfélagsins. Tölfræði er nauðsynlegt stjórntæki á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni eins og á öðrum sviðum samfélagsins. Samstarf Norðurlanda um að þróa aðferðir við tölfræðilegar mælingar er brautryðjandastarf á heimsvísu og er því fyrirmyndarverkefni í norrænu samstarfi.

Rafrænar undirskriftir.

Unnið var að því að skilgreina tilraunaverkefni um notkun rafrænna undirskrifta í samskiptum stjórnvalda landa í milli. Í samráði við fagnefndir þjóðskráa og skattamála verður m.a. kannað hvort nota megi þá tækni til að fækka hindrunum á frjálsri för yfir norræn landamæri.

8. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Samstarfið við grannsvæðin hefur á árinu verið í samræmi við rammaáætlun ráðherranefndarinnar um grannsvæðasamstarfið árin 2000–2002, og tekur til eftirfarandi starfsemi: upplýsingamiðlunar og samskipta, þ.m.t. rekstur norrænna upplýsingaskrifstofa á grannsvæðunum, styrkjakerfa og verkefna á ýmsum sviðum.

Á árinu var unnin ný rammaáætlun fyrir tímabilið 2003–2005 og var henni fylgt frá ársbyrjun 2003.

Verkefni.

Fjárveitingar ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins námu tæplega 86 millj. d.kr. á árinu. Auk þess runnu u.þ.b. 60 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til starfsemi og verkefna í samstarfi við grannsvæðin. Undir lok ársins hafa ýmsir lýst þeirri skoðun að mun hægar en áætlað var hafi gengið að koma í framkvæmd þeirri stefnu að leggja aukna áherslu á samstarf við Norðvestur-Rússland.

Af fjárlögum grannsvæðasamstarfsins var veitt rúmlega 3,5 millj. d.kr. til samstarfsins um málefni norðurskautssvæðisins. Norðurskautssamstarfið var frá og með árinu 2002 skilið frá grannsvæðaáætluninni en verkefni innan þess varða málefni frumbyggja, lífskjör og afkomu íbúa og sjálfbæra nýtingu auðlinda á norðurskautssvæðinu. Almennt eru fá verkefni tilkomin að norrænu frumkvæði. Vegna þess að norrænar umsóknir eru fáar standa flest verkefnin í tengslum við Norðurskautsráðið og/eða ráð og nefndir á vegum þess.

Upplýsingaskrifstofurnar, upplýsingamiðlun og samskipti.

Starfsemi upplýsingaskrifstofanna í Tallinn, Ríga, Vilnius og Pétursborg hefur tekið breytingum en þær koma nú í ríkari mæli að framkvæmd verkefna fyrir ráðherranefndina. Markmiðið með því er að sníða verkefnin sem best að þörfum grannsvæðalandsins. Samráð hefur verið haft við baltnesk og rússnesk stjórnvöld um áherslur og niðurstaðan er sú að áherslur Eystrasaltsríkjanna og Rússlands eru að stórum hluta í samræmi við norrænar áherslur í grannsvæðasamstarfinu.

Styrkja- og dvalarkerfi.

Nordplus Nabo og NorFA Nabo: Á árinu voru stofnaðir nýir norrænir styrkir, Nordplus Nabo og NorFA Nabo, sem koma í staðinn fyrir norræna styrkjakerfið vegna Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. Styrkjakerfi með það að markmiði að mynda tengslanet milli háskóla var stofnað árið 1991 og markmið þess og áherslur hafa tekið breytingum. Nordplus Nabo veitir styrki til að koma upp tengslanetum, en styður einnig við bakið á þeim tengslanetum sem þegar hafa verið mynduð, í háskólaumhverfinu og milli frjálsra félagasamtaka. NorFA Nabo veitir styrki til tengslaneta vísindamanna.

Starfsmannaskipti: Starfsmannaskipti eru í umsjón upplýsingaskrifstofanna á grannsvæðunum, sem eykur skilvirkni við val á þátttakendum og úrvinnslu og möguleikana á að mæta breytilegum þörfum. Markmiðið með styrkveitingum til Eystrasaltsríkjanna er að byggja upp tengslanet og þekkingu sem lið í undirbúningi landanna fyrir inngöngu í ESB. Við styrkveitingar til Rússlands er leitast við að stuðla að þróun í átt að lýðræði og stöðugleika með því að styrkja þróun stjórnunartækja og stjórnkerfis í opinberri stjórnsýslu.

Þingmannaskipti: Styrkja- og skiptidvalarkerfi þingmanna er í umsjón Norðurlandaráðs. Markmiðið er að miðla reynslu af norrænu þingmannasamstarfi og fulltrúalýðræði. Styrkjakerfið var endurskoðað árið 2001 og tekin var ákvörðun um að því yrði fram haldið.

Stefnumótun.

Meginmarkmið nýrrar stefnumótunar um grannsvæðasamstarfið, „Nær Norðurlöndum", sem tekur til grannsvæðanna í austri og norðurskautssvæðisins, voru höfð að leiðarljósi í starfsáætluninni fyrir árið 2003.

Meginmarkmiðin eru:

- Áhersla á fá, stór verkefni, sem hafa sýnileg áhrif og pólitískt vægi.
- Aukin áhersla á Norðvestur-Rússland.
- Aðgerðir skulu miðast við þarfir viðkomandi svæðis og hafa ber í huga þarfir og óskir landanna.
- Að tryggja upplýsingamiðlun milli upplýsingaskrifstofanna, stjórnvalda og norrænna sendiráða í löndunum.
- Að tryggja betri samhæfingu við aðgerðir norrænu landanna hvers um sig.

Norðurskautssamstarfið.

Norðurlandaráð samþykkti í október 2001 samstarfsáætlun fyrir norðurskautssamstarfið.

Markmið norræns samstarfs um málefni norðurskautssvæðisins eru að þróa og bæta lífsgæði íbúanna og samgöngur á svæðinu og efnahagslegar forsendur fyrir áframhaldandi búsetu. Sérstök áhersla verður lögð á fjárhagslega, félagslega og menningarlega stöðu frumbyggja og umhverfi þeirra.

Samstarfsáætlunin hefur einnig sem markmið að varðveita óbyggðirnar, náttúrugæði og fjölbreytileika náttúrunnar sem og að tryggja ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda í samræmi við hagsmuni þeirra landa sem eiga landsvæði á norðurskautssvæðinu og í samræmi við takmarkanir vistkerfisins. Mikil áhersla er lögð á að takmarka og fjarlægja orsakir mengunar lands, sjávar, jökla og umhverfis þeirra með sameiginlegum aðgerðum. Um leið er leitast við að þróa hentugar samstarfsaðferðir og samstarfsstofnanir norðurskautslandanna og leggja þá skyldu á löndin að þau fylgi eftir ákvörðunum sem teknar hafa verið en það er gert með sameiginlegri fjármögnun, verkefnastjórnun o.s.frv. Samkvæmt rammaáætluninni skiptist norðurskautssamstarfið í þrjú svið:

- Frumbyggjar, þ.e. úttekt á og upplýsingar um lífskjör þeirra og tekjumöguleika, svo og

uppbygging þekkingar og afnám hindrana fyrir framleiðslu hefðbundinna afurða frá norðurskautssvæðinu. Almenn atvinnuþróun og möguleikar á tekjuöflun í dreifðum byggðum.
- Velferð og lífsgæði íbúa norðurskautssvæðisins, einkum ákvarðanir sem stuðla að bættu heilbrigði, nýjar leiðir í uppbyggingu kerfisins t.d. með fjarlækningum, og uppbygging tengslanets milli kvenna sem starfa að rannsóknum og milli hinna mismunandi samtaka kvenna.
- Sjálfbær þróun á norðurskautssvæðinu, á grundvelli skýrslunnar „Sjálbær þróun, ný stefna fyrir Norðurlönd". Hér má m.a. nefna samstarfsáætlun um náttúru- og umhverfisvernd á norðurskautssvæðinu, líffræðilega fjölbreytni, vistvæna ferðaþjónustu o.fl.

Norræna ráðherranefndin á frá 2001 áheyrnarfulltrúa í Norðurskautsráðinu. Í samræmi við samstarfsáætlunina fyrir norðurskautssamstarfið eru fulltrúar norrænu landanna í sérfræðinganefnd, sem samanstendur af starfsmönnum utanríkisráðuneyta landanna (einnig Færeyja og Grænlands) sem hafa með höndum málefni norðurskautssvæðanna, að verkefnavali og framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

9. Orkumál

Inngangur.

Markmiðið með samstarfi norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum og á grannsvæðunum.

Lögð er áhersla á að orkulindir og orka séu nýtt til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag. Á síðustu árum hefur athygli í vaxandi mæli beinst að nýtingu endurnýjanlegra orkulinda eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu alls staðar á Norðurlöndum.

Rammaáætlun um samstarf á sviði orkumála.

Á árinu 2001 samþykktu orkuráðherrar Norðurlanda rammaáætlun um samstarf á sviði orkumála fyrir árin 2002–2005.

Á árinu hefur starfið í meginatriðum verið á grundvelli rammaáætlunarinnar.

Lögð er áhersla á þrjú meginsvið:
- Opnun raforkumarkaðarins á milli norrænu landanna fjögurra sem eru samtengd, þ.e. Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.

Áhersla á þessi meginsvið útilokar ekki samstarf um önnur verkefni. Má þar nefna athugun á þróun gasmarkaðar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Athuga skal hvaða möguleikar eru á að þróa endurnýtanlega orkugjafa. Einnig er lögð áhersla á að vinna að sértækum verkefnum, t.d. þróun vetnissamfélags á Norðurlöndum en þar eru Íslendingar eins og kunnugt er í fararbroddi, svo og hvernig beri að leysa orkuvandamál strjálbýlli svæða.

Þá er í áætluninni fjallað um hlutverk Norrænu orkurannsóknaáætlunarinar (NEFP) við að styðja rannsóknir á kjarnasviðum áætlunarinnar.

Tilraunasvæði um losunarheimildir.

Á fundi sínum í september sl. í Gautaborg undirrituðu orkuráðherrar Norðurlanda samkomulag um að gera Eystrasalt að tilraunasvæði fyrir Kyotobókunina.

Hugmyndin um að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði (Testing Ground) fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar kom fyrst fram á ráðherrafundi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Stavangri árið 1998 og hefur síðar margoft verið rædd á fundum norrænna orku- og umhverfisráðherra ríkjanna. Ástæða þess er sú að norrænu ríkin hafa lýst yfir vilja til að aðstoða Eystrasaltsríkin við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem er mjög mikil, og geta þeirra til að takast á við þetta vandamál er takmörkuð. Auk þess geta þátttökuríkin fengið losunarheimildir í samræmi við þann árangur sem kann að nást.

Nauðsynlegt er talið að sameiginleg verkefni norrænu landanna (joint implementation) hafi ákveðinn slagkraft í upphafi. Af þeirri ástæðu hefur verið talið áríðandi að ríkisstjórnir Norðurlanda hafi í byrjun forgöngu í málinu, en norræn fyrirtæki myndu einnig í kjölfarið taka þátt í afmörkuðum verkefnum í kjölfarið. Miðað er við að verkefnið standi til ársins 2008 en þá hefst fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar.

Gert er ráð fyrir að Norðurlönd tryggi fjárframlag að fjárhæð 10 millj. evrur (miðað við núverandi gengi 850 millj. ISK) og mega greiðslur skiptast á árin 2003, 2004 og 2005. Gert er ráð fyrir að fjármagnið komi frá þátttökulöndum í sömu hlutföllum og framlag til norrænu fjárlaganna. Hlutur Íslands væri þá um 1% eða 8,5 millj. kr. sem kæmu til greiðslu á árunum 2003, 2004 og 2005.

Ávinningur Íslendinga af þátttöku í þessu verkefni verður sá að íslenskum fyrirtækjum verður gert kleift að taka þátt í verkefnum að sameiginlegum framkvæmdum og að auki fær Ísland aukna losunarheimild koltvíoxíðs í hlutfalli við framlag okkar. Þátttaka ríkisins í þessu verkefni mun því opna leið fyrir íslensk orku- og ráðgjafarfyrirtæki að verkefnum, einkum við nýtingu jarðhita. Eystrasaltsríkin og mörg Austur-Evrópulönd eiga mikla möguleika á að nýta jarðhita og með þátttöku Íslands opnast möguleiki á að nýta íslenska tækniþekkingu og fjárfestinga í orkumannvirkjum í þessum löndum.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin (NEFP) hefur frá árinu 1987 verið rekin sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Hún er fjármögnuð beint af orkuráðuneytum landanna og skiptist fjármögnun á milli þeirra í samræmi við skiptingu norrænu fjárlaganna. Markmiðið hefur verið að efla grunnþekkingu og samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að styrkja samkeppnisstöðu landanna. Samþykkt var ný áætlun fyrir árin 2003–2006 og í henni eru áherslur í rannsóknum í samræmi við pólitíska stefnumörkun og rammaáætlun um norrænt samstarf í orkumálum. Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar munu því beinast að fimm höfuðverkefnum, þ.e. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna og taka Íslendingar þátt í þremur þeirra. Á síðasta ári var ákveðið að mynda stofnun um starfsemina og flytja hana til Ósló.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Til að undirbúa fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru áður haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja þá fulltrúar Íslands og Noregs. Þeir eru afar mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem eigum þess ekki kost að taka af fullum þunga þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfið við grannsvæðin í austri byggir á því starfi sem unnið hefur verið í samræmi við Bergenyfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda frá árinu 1997 og niðurstöðum funda norrænu orkuráðherranna og starfsbræðra þeirra við Eystrasalt. Samstarfið við grannsvæðin er tvískipt, annars vegar við Eystrasaltsríkin (Eistland, Lettland og Litháen) og Norðvestur-Rússland og hins vegar við öll lönd við Eystrasalt ásamt Noregi og Íslandi. Síðari samstarfsvettvangurinn fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC). Framfarir á sviði orkumála eru mjög mikilvægar í þróun Eystrasaltssvæðisins. Eystrasaltshópurinn hefur skipulagt samstarfs- og stuðningsverkefni, sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja í þessum löndum og hafa nokkrir þeirra verið í þjálfun hér á landi. Áhersla hefur verið lögð á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu og loftslagsmál svo og orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála sem hefur leitt til þess að samkomulag hefur orðið um að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir Kyoto-bókunina eins og áður segir.

Samstarf landa við Norður-Atlantshaf.

Á síðasta ári hefur athygli í vaxandi mæli beinst að auknu samstarfi Vestur- Norðurlanda og grannríkja þeirra. Í því sambandi má sérstaklega vísa til samþykkta samstarfsráðherra Norðurlanda og skýrsluna „Alþjóðleg Norðurlönd – Norrænt samstarf á evrópskum vettvangi". Sérstök náttúruskilyrði einkenna aðstæður á Vestur-Norðurlöndum. Þar búa fámennar þjóðir, fjarlægðir eru miklar, loftslagið er svalt og haf aðskilur löndin. Á sviði orkumála er um að ræða orkuöflun til mjög dreifbýlla svæða við erfiðar aðstæður. Til álita kemur einnig að koma á samstarfi við grannsvæði utan norræns samstarfs og við lönd á norðurskautssvæðunum.

Opinn norrænn raforkumarkaður.

Á síðasta áratug hafa orðið miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn hófu fyrstir breytingar og gáfu viðskipti með rafmagn frjáls. Síðan hafa Svíar, Finnar og nú síðast Danir komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri raforkumarkað. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að kanna forsendur fyrir aukinni samtengingu á raforkumarkaði umhverfis Eystrasalt og meta afleiðingar þess. Er í áætluninni bent á nauðsyn þess að norrænn raforkumarkaður tengist í auknum mæli markaði annarra Evrópuríkja og þá sérstaklega Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu. Starfshópur ráðherranefndarinnar sinnir þessu verkefni.

Orka og loftslagsmál.

Framkvæmd rammaáætlunar um samstarf á sviði orku- og umhverfismála hefur einkum beinst að verkefnum sem tengjast rammasamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Starf hópsins hefur verið öflugt og vakið athygli. Mikilvægi samstarfsins hefur komið í ljós m.a. í tengslum við ráðstefnu S.þ. í Jóhannesarborg og í samstarfi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Eystrasaltsríkjunum.

Samstarf við önnur fagsvið hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Undanfarin ár hefur verið formlegt samstarf á milli orkusviðs og umhverfismálasviðs á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Mest áhersla hefur verið lögð á mál er varða

undirbúning loftslagssamninga og Kyotobókunina, eins og að ofan greinir. Til athugunar hefur verið að koma á samstarfi milli orkusviðs og landbúnaðar- og skógræktarsviðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Einnig hefur verið til athugunar samstarf á milli orku- og samgöngusviðs (MR-Trafik og transport) á vettvangi ráðherranefndarinnar.

Niðurlag.

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur reynst gagnlegt fyrir Íslendinga. Mikilvægt er um þessar mundir að fylgjast með þróun raforkumarkaðar í löndunum og læra af reynslu grannþjóða af skipan þessa málaflokks meðal annars vegna víðtækrar endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að hér á landi. Starf undirnefndar ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning S.þ. um loftslagsbreytingar kom að góðu gagni í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði loftslagssamningsins. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð rík áhersla á það samstarf.

10. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljø) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Sú áætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir tímabilið 2001–2004 og myndar ramma um umhverfismálasamstarf landanna, samstarf við grannsvæðin, við norðurskautssvæðið, við ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Endurskoðun umhverfisáætlunarinnar hófst seint á árinu 2002 en meginhluti vinnunnar fór fram á árinu 2003. Tilgangurinn er að athuga hvort þau markmið sem sett voru í upphafi hafi náðst, hvað hafi gengið vel og hvað hefði betur mátt fara í þeirri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sem fellur undir umhverfissviðið. Þessi endurskoðun er einn af þeim grunnum sem byggt verður á þegar samin verður ný umhverfisáætlun fyrir árin 2005–2008 en hún verður gerð á formennskutíma Íslendinga á árinu 2004.

Áætlun um sjálfbæra þróun er einn af hornsteinunum í samstarfi norrænu umhverfisráðherranna. Áætluninni er ætlað að gilda til ársins 2020 en vinna við nýja og endurskoðaða áætlun fyrir tímabilið 2005–2010 hófst á árinu og er áætlað að henni ljúki 2004.

Stækkun ESB til austurs, innganga Eystrasaltsríkjanna í sambandið og sú breyting sem stækkunin hefur á samskipti norrænu landanna við Eystrasaltsríkin hefur verið rædd á árinu. Með inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB mun samstarf á sviði umhverfismála breytast í samræmi við breytta stöðu Eystrasaltsríkjanna, en aukin áhersla mun verða á samstarf við Vestur-Rússland.

Í framhaldi af skýrslu frá norrænum starfshópi um Vestur-Norðurlönd sem ber heitið „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ ákváðu umhverfisráðherrar Norðurlanda að óska eftir því að vinnuhópar ráðherranefndarinnar á umhverfissviði tækju saman skýrslu um þá vinnu sem nú er unnin í tengslum við Vestur-Norðurlönd. Áætlað að hún verði lögð fram á árinu 2004.

Eitt af markmiðum umhverfissamstarfsins er að norræn stefnumið sem varða náttúruna fái aukið vægi í alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi ESB. Í samræmi við það markmið var á fundi umhverfisráðherranna í október sl. ákveðið að óska eftir því að rannsakað yrði hver umhverfiskostnaður og samfélagskostnaður væri vegna nýrra tillagna frá ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH, Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemicals).

Norðurlöndin hafa einnig gefið tóninn á alþjóðavettvangi með markvissri stefnumörkun

um meðhöndlun efnasambanda sem á að vera tilbúin árið 2020. Norrænu umhverfisráðherrarnir hafa lagt áherslu á að mikilvægt sé að halda áfram samstarfi um að móta markvissa stefnu um meðhöndlun efnasambanda og í sameiningu hafa áhrif á önnur ríki. Umhverfisráðherrarnir hafa ákveðið að þungmálmar verði norrænt forgangsmál í þessu samstarfi á alþjóðavettvangi.

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við aðra geira í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 26.2.).

Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda:
Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Markmið vinnunefndarinnar er að efla Norðurlönd með vísindarannsóknum og skapa grunn fyrir sameiginlegar aðgerðir gegn sjávarmengun og mengandi efnum sem berast langar leiðir með lofti. Nefndin leggur áherslu á verkefni sem skapa grunn fyrir alþjóðlega samninga og stefnumörkun í Evrópu um varnir gegn mengun lofts og sjávar, afla þekkingar um ástand og þróun mengunar lofts og sjávar á Norðurlöndum og nærliggjandi svæðum, og stuðla að norrænni samvinnu í málaflokknum.

Vinnunefndin hefur lagt áherslu á eftirfarandi málaflokka: Ofauðgun næringarefna í sjó, súrt regn, svifryk og oxandi efni, og efni sem eru hættuleg umhverfinu, þar með talin þrávirk lífræn efni og þungmálmar.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin starfar á grundvelli Norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar fyrir árin 2001–2004 og með hliðsjón af áætluninni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd" bæði skammtímamarkmið fyrir árin 2001–2004 og langtímamarkmið fram til ársins 2020. Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt innan 25 ára. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Nefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, ekki síst þeim er koma Norðurlönd til góða vegna aðildar þeirra að ESB eða EES. Verkefnin skiptast í fjóra meginflokka, þ.e. þróun aðferða til að greina og mæla áhættu vegna efnanotkunar, flokkun og merkingu hættulegra efna, mat á áhættu vegna efnanotkunar og takmörkun áhættu. Sem dæmi um ný verkefni má nefna aukið samstarf eftirlitsaðila og samræmd eftirlitsverkefni og verkefni er tengjast nýrri efnalöggjöf í Evrópu (REACH). Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í níu þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna eru m.a. birtar sem viðurkenndar prófunaraðferðir, haldnar hafa verið ráðstefnur og gefnar út skýrslur og fræðsluefni. Jafnframt hefur verið unnið áfram að gerð fjögurra gagnabanka sem eru mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld og alla aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna á heilsu og umhverfi. Gagnagrunnarnir munu gegna miklu hlutverki þegar ný efnalöggjöf verður samin.

Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Hlutverk nefndarinnar er á þremur meginsviðum: líffræðileg fjölbreytni og erfðaauðlindir, landslag og menningarminjar og útivist. Á árinu var lokið við eitt stærsta verkefnið sem nefndin stýrði sjálf, en það var bókin „Náttúra Norðursins" sem lýsir þeim árangri sem náðst hefur í náttúruvernd á Norðurlöndum m.a. með friðlýsingu svæða. Í bókinni eru sýnd dæmi frá öllum löndunum.

Auk þess sem verkefnin eru og eiga að vera norræn ber að hafa frumkvæði að því að tengja þau eftir því sem kostur er við alþjóðasamninga á sviði nefndarinnar, bæði innan og utan Evrópu. Mikil áhersla hefur á undanförnum árum einnig verið lögð á verkefni sem tengjast norðurskautssvæðunum, sjá hér að neðan, og Eystrasaltsríkjunum. Hvað Eystrasaltsríkin varðar hefur töluvert verið lagt í verkefni sem tengjast búsvæðatilskipun ESB. Innan nefndarinnar starfar einnig stýrihópur sem hefur umboð út árið 2004. Hann hefur fylgt eftir verkefnum sem heyra undir framkvæmdaáætlunina um vernd náttúru- og menningarminja á norðurskautssvæðinu (Íslandi, Grænlandi og Svalbarða). Á árinu var unnið að 7 verkefnum sem tengjast þessum málefnum. Má þar nefna stórt samvinnuverkefni um áhrif veiða á hafsbotninn í Breiðafirði sem Hafrannsóknastofnunin, sem fer með formennsku, og Umhverfisstofnun taka þátt í fyrir hönd Íslands. Mörg önnur verkefni voru í gangi t.d. í tengslum við evrópska landslagssáttmálann (Háskóli Íslands og Umhverfisstofnun), verndun menningarminja og búsetulandslags (Hvanneyri), útivist og heilsu, gagnagrunn fyrir sjófugla (Náttúrufræðistofnun Íslands), ofbeit (RALA) o.fl.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að mestu fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningum. Nefndin hefur að mestu einbeitt sér að sameiginlegum málefnum Norðurlanda en einnig hefur verið unnið að verkefni um vöruþróun í Eystrasaltsríkjunum. Gert er ráð fyrir að nefndin haldi áfram að sinna grannsvæðasamstarfinu, m.a. með áherslu á tengsl umhverfis og heilsu í einstökum samfélögum. Ísland hefur farið með formennsku í nefndinni undanfarin þrjú ár, en Færeyjar taka við formennsku í ársbyrjun 2004. Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum, (NMRIPP-hópnum).

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin endurskipulagði starfið á árinu og mun hún á næstu árum leggja höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd vatnatilskipun ESB. Það var mat nefndarinnar að mikilvæg verkefni væru óunnin innan þessara málaflokka. Verkefni sem vinnunefndin mun beita sér fyrir innan þessara flokka er m.a. stöðumat – úttekt á ástandi, þróun aðferða við vöktun, umhverfisvísar og þekkingarmiðlun.

Verkefni, sem eru hafin eða í undirbúningi innan þessara málaflokka, eru m.a. myndun þekkingarnets vegna ágengra tegunda, kortlagning vistgerða og vöktun þeirra, gerð gagnagrunns um sjófuglabyggðir á norðurskautssvæðum Norðurlanda, samanburðarúttekt á POPs efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum og stöðuúttekt á efnum sem eru hættuleg heilsu og umhverfi en styrkur þeirra í umhverfinu á Norðurlöndum er lítið þekktur.

Á vegum vinnunefndarinnar tekur Ísland þátt í verkefni um líffræðilega vöktun í fersku vatni sem tengist rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála, verkefni sem tengist fráveitumálum

og er stýrt af Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, og verkefni um vöktun hættulegra efna á landi. Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu vera unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa ráðherranefndarinnar eða verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin hefur óskað eftir.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira.
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.

Á vegum umhverfisráðuneyta og orkuráðuneyta er að störfum samstarfsnefnd um loftslagsmál. Umfangsmesta verkefni nefndarinnar undanfarið ár hefur verið undirbúningur að því að Eystrasaltssvæðið verði notað sem tilraunasvæði vegna viðskipta með losunarkvóta og sameiginlegrar framkvæmdar loftslagssamningsins. Í september undirrituðu orkuráðherrar Norðurlanda samning sem gerir Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar. Verkefni tengd tilraunasvæðinu verða áfram á dagskrá nefndarinnar, en á næsta ári mun hún leggja aukna áherslu á málefni norðurskautssvæðanna. Áhrif loftlagsbreytinga á norðurslóðum og möguleg nýting endurnýjanlegrar orku á jaðarsvæðum verða meðal áhersluatriða í starfi nefndarinnar.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.

Vinnuhópur starfar á vegum embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var einungis unnið að eldri verkefnum. Einna fyrirferðarmest er verkefni um svokallaða aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfið en það verkefni er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Verkefni um stjórntæki til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í skóg- og votlendi er komið á útgáfustig. Hafinn er undirbúningur að gerð nýrrar skýrslu um efnahagsleg stjórntæki til að ná fram markmiðum í umhverfismálum en síðasta skýrsla um það efni kom út 2002. Í þetta sinn er ætlunin að láta skýrsluna fjalla um slík stjórntæki í Eystrasaltsríkjunum og á Norðurlöndum.

Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.

Í samstarfsnefndinni voru haldnir tveir fundir á árinu, auk eins símafundar til að ljúka afgreiðslu umsókna. Starfsemi nefndarinnar er í samræmi við fyrirliggjandi stefnumótun sem gildir til ársloka 2004. Starfsemin verður skoðuð nánar að fenginni reynslu, samhliða yfirferð stefnumótunar hjá ráðherranefndinni fyrir matvæli þar sem sjávarútvegs- (NEF), landbúnaðar- og skógræktargeirinn (NEJS) og matvælageirinn (EK-Livs) vinna saman sem og í sambærilegri vinnu á umhverfissviðinu.

Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Í þessari nefnd starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði.

Stefnumörkunin byggist á efirfarandi sjö meginþáttum: bætt nýting auðlinda, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegseyðing, hreindýrabúskapur, nýjar framleiðsluaðferðir, menningarumhverfi og menningarlandslag og alþjóðlegt samstarf. Aðaláhersla er á verkefni sem hafa áhrif á ákvarðanir, skoðanamyndun og uppbyggingu á sameiginlegri reynslu og þekkingu Norðurlanda og geta stuðlað að og haft þýðingu fyrir þátttöku og áhrif þjóðanna á alþjóðavettvangi.

Enn fremur er mikilvægt verkefni að stuðla að uppbyggingu tengslanets til samskipta og til að miðla þekkingu og reynslu í landbúnaði og skógrækt.

Öll verkefnin miða að því að auka þekkingu og bæta stjórnsýslu á þessum sviðum.

Samstarfsnefnd um umhverfi og neytendamál.

Þessi nefnd er samstarfsvettvangur umhverfisgeirans og þeirra sem starfa að neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmið hennar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar síðustu mánuði eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og græn innkaup hjá opinberum aðilum. Gert er ráð fyrir að nefndin gegni mikilvægu hlutverki í því starfi sem framundan er á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu, m.a. í kjölfar samþykkta ráðstefnunnar í Jóhannesarborg 2002. Samstarfsnefndin vinnur náið með vinnunefnd um vörur og úrgang.

11. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda héldu tvo fundi á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Stokkhólmi í byrjun júní sl. og sá seinni í Ósló í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Eins og venja er ræddu ráðherrarnir stöðu og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum, málefni Norræna fjárfestingarbankans og þau mál á sviði ESB og EES sem tengjast verkefnum ráðherranna. Tvenn verkefni sem Poul Schlüter hefur unnið að á formennskuári Svía hafa verið til umræðu. Annars vegar skattamál og hins vegar flutningar á peningum milli landa. Í skattamálum var ákveðið að setja af stað starfshóp á vegum ríkisskattstjóra norrænu landanna til að fara yfir hindranir og vandkvæði sem enn kynnu að vera á vinnusókn yfir norræn landamæri og önnur mál sem varða flutninga fólks, fjármuni og réttinda milli norrænu landanna. Greint er nánar frá starfi þessa hóps hér að neðan. Varðandi peningaflutninga milli landa er ekki mögulegt fyrir stjórnvöld að hafa bein áhrif á gjaldtöku peningastofnana fyrir þjónustu án þess að hætta sé á að samkeppnisstöðu sé raskað. Einnig er hér um að ræða tæknileg atriði sem unnið er að því að bæta. Hins vegar er hægt að setja reglur um hámarkstíma sem slíkar sendingar mega taka en fram hefur komið að það fer töluvert eftir því hversu nákvæmar upplýsingar peningastofnanir hafa um móttakanda hversu langan tíma yfirfærslur taka. Á ráðherrafundinum í lok október sl. var eitt meginefnið væntanleg aðild Eystrasaltsríkjanna að Norræna fjárfestingarbankanum. Forsætisráðherrar Norðurlanda höfðu daginn áður samþykkt að bjóða þessum ríkjum að gerast meðeigendur að NIB og fólu þeir fjármálaráðherrum að ganga frá samningum um aðild. Þá ákváðu ráðherrarnir að stækka svokallaðan verkefnalánaramma bankans úr 3,3 millj. evra í 4 millj. evra.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) *Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar.* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa oft starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Auk þess eru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar. Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

b) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu ESB-tilskipana á fjármálasviði og öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum. Haldin var ráðstefna um Lamfalaussy ferilinn, þ.e. þann feril sem Evrópusambandið hefur sett fram til að flýta framgangi reglusetninga á sviði verðbréfaviðskipta, en að auki var haldinn vinnufundur (workshop) um tilskipun um markaðsmisnotkun. Þá er verið að vinna að skýrslu sem unnin er á grundvelli starfs sk. Giovannini-hóps, um það hvort norrænu löndin hafi tekið upp alþjóðaviðmiðanir um uppgjör viðskipta. Ísland er nú í forsvari fyrir könnun um virkni markaða á Norðurlöndum og er ráðgert að skýrsla verði gefin út á árinu 2004.

c) *Skattahópurinn* var einn af nokkrum hópum sem falið var að leita leiða til að yfirstíga hindranir sem geta verið á vegi þeirra sem flytja á milli norrænu landanna til að stunda nám eða starfa tímabundið. Hér er þá fyrst og fremst átt við þá sem ekki flytja lögheimili sitt, og geta þar af leiðandi verið skattskyldir í fleiri en einu ríki á sama tíma. Þessu fólki gengur oft illa að verða sér úti um réttar upplýsingar um hvernig skattalegri meðferð skuli háttað og fær oft misvísandi og jafnvel rangar upplýsingar. Verkefni skattahópsins var að gera tillögur um úrbætur. Tillögurnar fólu í sér að gerðar yrðu samræmdar vefsíður í hverju landi þar sem m.a. megi finna samræmdar túlkanir á tvísköttunarsamningum, útreikningsforrit þar sem reikna megi skattana fyrir fram og þannig sjá hvort flutningur milli landa hafi í för með sér skattalegt óhagræði. Þá var lagt til að sett yrði á stofn samnorræn skattaskrifstofa á vefnum sem hefði með höndum það verkefni að leysa skattaleg vandamál sem upp koma og varða sérstaklega flutning á milli landa, svo sem tvísköttun o.þ.h.

   Rætt var um norræna samninginn í skattamálum, sérstaklega þau vandamál sem upp koma hjá þeim sem sækja reglulega vinnu yfir landamæri. Einnig voru rædd vandamál sem varða sérstakar starfsstéttir svo sem flugáhafnir, sjómenn og langferðabifreiðastjóra. Þá voru rædd ýmis vandamál sem snúa að lífeyrisþegum sem búa í einu landi og fá lífeyri frá öðru og mismunandi reglur sem gilda um skattalega meðferð á greiðslunum.

d) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk þessarar nefndar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

e) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni hennar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur hún iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Á vorfundi efnahagsnefndarinnar var umfjöllun um nákvæmni í efnahagsspám og haustfundurinn fjallaði sérstaklega um hagsveifluleiðréttingu á afkomu búskaps hins opinbera. Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á Íslandi vorið 2004.

f) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við undirbúning funda á vegum Alþjóðagjaldeyris-

sjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, Norræna-baltneska fjármálanefndin, er almennt skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni, Norrænu-baltnesku fulltrúanefndinni, sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar í för með sér að fjármálaráðuneyti landanna koma með markvissari hætti inn í þetta starf. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

g) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Miljø- og økonomigruppen).* Vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hans eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var einungis unnið að verkefnum sem hafði verið hleypt af stokkunum á fyrri árum. Einna fyrirferðarmest er verkefni um svokallaða aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfið en það er unnið af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Verkefni um stjórntæki til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í skóg- og votlendi er komið á útgáfustig. Hafinn er undirbúningur að gerð nýrrar skýrslu um efnahagsleg stjórntæki til að ná markmiðum í umhverfismálum en síðasta skýrsla um það efni kom út árið 2002. Í þetta sinn er ætlunin að láta skýrsluna fjalla um slík stjórntæki í Eystrasaltsríkjunum auk norrænu landanna.

h) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Nefndin hittist á Íslandi í mars síðastliðnum og var farið yfir helstu skattabreytingar liðins árs. Auk þess eru til umfjöllunar í nefndinni ýmis skattamál sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

i) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta sitja starfsmenn frá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar fundi.

j) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum um ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu, í Svíþjóð í mars, í Noregi

í júní og í Reykjavík í desember. Helstu mál sem nefndin fjallaði um á árinu eru: Ákvörðun um stjórnarlaun stofnana á nýju ári, lífeyrisréttindi starfsmanna á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og samþætting við lífeyrisávinning í heimalandi, hlutverk launa- og starfsmannanefndarinnar og hvernig það er í framkvæmd og eyðublöð um ráðningarsamninga við starfsmenn ráðherranefndarskrifstofunnar og samnorrænna stofnana, sbr. upplýsingaskyldu um kaup og kjör samkvæmt reglum ESB. Einnig var fjallað um reglur um flutningskostnað, menntunarkostnað vegna barna starfsmanna og árlega heimferð erlendra starfsmanna og ágreining sem kom upp á árinu um túlkun þeirra.

k) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Fjárframlag til starfsmannaskipta á árinu var með líkum hætti og verið hefur á undanförnum árum. Hlutdeild Íslendinga nam 6% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar og því til viðbótar fékk Ísland fjármagn af ónotaðri fjárveitingu Svíþjóðar. Þá var heimild til þess að nota ónotaða fjárveitingu frá árinu áður og var því hægt að koma til móts við fleiri umsækjendur en ella. Styrkþegar ársins voru níu talsins og hlutu þeir styrki til eins til fjögurra mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Sem fyrr fóru flestir til Danmerkur, eða sjö, og tveir fóru til Svíþjóðar. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

l) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum, sem gerðar hafa verið í hverju landi um sig og unnið er að á hverjum tíma. Annar fastur liður er greinargerð um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndum, og er sjónarmiðum landanna utan ESB þá komið á framfæri. Í þriðja lagi eru þau skattamál rædd sem eru til umfjöllunar á vettvangi OECD og afstaða landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um stærri mál á sviði skatta, sem löndin óska eftir að ræða.

m) *Norræna skattrannsóknarráðið.* Ráðið var stofnað árið 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Á árinu 1999 ákvað ríkisstjórn Íslands að sækja um aðild að ráðinu. Árið 2002 var undirrituð bókun á milli aðildarríkja samningsins og Íslands um aðild Íslands að norræna skattrannsóknarráðinu frá ársbyrjun 2003. Markmið ráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir ýmis rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í Helsinki var umfjöllunarefnið skattaleg meðferð á hlutabréfum sem fjárfest er í erlendis.

n) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna.* Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Þá er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur fyrir

upplýsingamiðlun og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum og þau auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður 1975 til að styrkja norrænt samstarf og efnahag Norðurlanda. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda bankans hefur starfsemin orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veitt til verkefna á Norðurlöndum heldur einnig utan þeirra. Bankinn nýtir traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Hann hefur lagt aukna áherslu á lán til Eystrasaltsríkjanna og Norðvestur-Rússlands. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi og aukinnar áhættu sem því fylgir var talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans. Í því skyni tók árið 1999 gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 26.3.)

Önnur starfsemi.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

12. Byggðamál

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum byggir á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2001–2005. Mikilvægur þáttur er að skiptast á reynslu, byggja upp nýja þekkingu og samvinnu um þróun aðferða í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum. Víða á Norðurlöndum taka stjórnmálamenn, yfirvöld, atvinnulíf og almenningur á einstökum stöðum og svæðum þátt í hagnýtu samstarfi við afmörkuð svæði í nágrannalöndum sínum. Norræna ráðherranefndin veitir fjárhagslegan stuðning til átta landamærasvæða.

Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts- og Barentshafssvæðinu og við Norður-Atlantshafið.

Fjárhagsáætlun ársins hljóðaði upp á 29,2 millj. d.kr. Embættismannanefndin um byggðamál (NERP) hefur gert samstarfssamninga við átta landamærasvæði á Norðurlöndum og gilda þeir frá 2001 til 2006. Stór hluti þeirra fjármuna sem NERP hefur til ráðstöfunar fer til landamærasvæðanna eða 14.7 millj. d.kr. á árinu en þar af fær NORA verkefnið hæstu fjárhæðina eða 4,4 millj. d.kr. Á árinu var gert mat á starfi landamærasvæðanna þar eð starfstími þeirra er nú hálfnaður. Niðurstaðan er að góður árangur hafi náðst í starfinu.

Samþykkt var á árinu að standa straum af kostnaði við einn starfsmann hjá ESPON í Lúxemborg næstu tvö árin og er hlutverk hans að að vera tengiliður við ESPON og miðla þekkingu og reynslu til norrænna stofnana um það starf sem þar fer fram.

Á vegum NERP starfar vinnuhópur sem hefur það hlutverk að fylgjast með endurskoðun á byggðastefnu ESB, en henni á að ljúka eigi síðar en árið 2006. Þá er hlutverk vinnuhópsins einnig að halda embættismannanefndinni upplýstri um áhrif stækkunar ESB á byggðastefnu sambandsins þar á meðal reglur um ríkisstyrki

Kynnt var á árinu skýrsla um breiðbandsvæðingu á Norðurlöndum sem byrjað var að vinna að 2002.

Síðastliðið vor skilaði norrænn samstarfshópur af sér skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi". Þeir þættir í skýrslunni sem snúa að NERP varða einkanlega NORA. Bent er á að NORA geti orðið vettvangur aukins samstarfs innan Vestur-Norðurlanda og við nágranna í vestri og suðri.

Meðal ráðstefna sem haldnar voru á árinu var ein um skosk/norræna samvinnu og önnur um grannsvæðasamstarf við Eystrasaltsríkin.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló í október sl. var haldinn fundur byggðamálaráðherra Norðurlanda. Þar kynnti Poul Schlüter, fyrrv. forsætisráðherra Dana, skýrslu sína um landamærahindranir og var rætt um framhald á því starfi. Einnig var rætt um áhrif stækkunar ESB á norræna byggðastefnu og þýðingu borga í byggðaþróun. Þá kynnti Valgerður Sverrisdóttir ráðherra byggðamála formennskuáætlun Íslands á sviði byggðamála.

Á fundi NERP í nóvember sl. voru áhersluatriði Íslands kynnt. Þau atriði sem sett verða á oddinn eru: Mannauður dreifðu byggðanna og aukin notkun upplýsingatækni.

Nordregio.

Nordregio er norræn fræðslu- og rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra samstarfi á sviðinu. Stofnunin er í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur, auk annars sem var þar í afleysingastarfi hluta af árinu. Alls starfa 34 manns hjá stofnuninni. Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála og þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur aukist undanfarin ár.

Nordregio stundar auk umfangsmikilla rannsókna, fræðslustarf í formi námskeiða og rekur m.a. skólann „URSA – Urban and Regional Studies Academy", en þar er staðið fyrir sérhæfðum námskeiðum fyrir fagfólk. Í tengslum við rannsóknaverkefni stofnunarinnar hafa Íslendingar í síauknum mæli verið þátttakendur, sem og í námskeiða- og ráðstefnuhaldi. Á árinu hélt stofnunin 23 námskeið og ráðstefnur og voru þátttakendur í þeim alls 676.

Þá hefur Nordrego tekið nokkur skref í þá átt að efla rannsóknir og rannsóknasamstarf á Vestur-Norðurlöndum; Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Vestur-Noregi. Meðal annars var veitt fé til að koma á fót rannsóknarverkefnum á Vestur-Norðurlöndum og kostaði Nordregio fund sérfræðinga byggðamála í Þórshöfn í Færeyjum í júní 2002. Hefur þessi fundur m.a. leitt til þess að rannsóknaráætlun NERP, „Future challenges and institutional preconditions for regional development policy", hefur styrkt verkefni með þátttöku Íslendinga, Færeyinga og Álandseyinga um hlutverk og framtíð lítilla sveitarfélaga í byggðaþróun framtíðarinnar. Var því hleypt af stokkunum seint á haustdögum. Fyrri lota rannsóknaráætlunarinnar var árin 2000–2002 og nú stendur sú síðari yfir, eða til loka árs 2004. Áætlunin hefur þrjú meginþemu: nýsköpun, búsetuþróun og sjálfbærni – þættir sem telja má að hafi þýðingu fyrir þróun byggðamála og stefnumótun. Íslenskir fræðimenn hafa tekið þátt í þessari áætlun frá upphafi í verkefninu „Coping Strategies and Regional Policies – Social Capital in the Nordic Peripheries".

Í september sl. kom út stefnumótun og starfsáætlun Nordregio fyrir árin 2004–2006 og

má lesa hana í heild sinni á vefsíðu stofnunarinnar www.nordregio.se. Þar kemur m.a. fram að líta bera á stofnunina sem viðbót, á norrænum og alþjóðlegum vettvangi, við þá rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði byggða- og skipulagsmála sem fyrir er í hverju norrænu landanna. Þá er lögð sérstök áhersla á að stofnunin muni áfram byggja upp og viðhalda netum og tengslum innan fagsviðsins sem og að vera vettvangur þar sem fræðimenn og starfsmenn úr stjórnsýslu geta unnið saman. Faglega er lögð áhersla á að skoða verði allar hliðar sjálfbærrar byggðaþróunar í samhengi; þ.e. efnahagsþróun, jafnvægi í byggðum og þróun náttúrulegs umhverfis og menningarumhverfis.

Heildarvelta Nordregio árið 2002 var 29,3 millj. s.kr. Í stjórn Nordregio sitja aðalfulltrúar frá norrænu löndunum fimm og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi, auk fulltrúa starfsfólks. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 fulltrúi, þrír frá hverju norrænu landanna og tveir frá sjálfsstjórnarsvæðunum.

Norræna Atlantsnefndin (NORA); Norðurslóðaáætluninni (NPP); og Nordic-Scottish Co-operation Liasion Group.

Norræna Atlantsnefndin (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vestur-Noregs og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Nefndin er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Skrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn á Færeyjum, en hún hefur einnig fulltrúa í hverju aðildarlandi og hefur starfsmaður hjá þróunarsviði Byggðastofnunar umsjón með starfi NORA hér á landi.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á starfssvæði sínu. NORA hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1996. Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir af iðnaðarráðherra. Framkvæmdaráð, þar sem hvert aðildarland á einn fulltrúa, undirbýr ákvarðanir, leggur fram tillögur og veitir framkvæmdastjóra ráðgjöf í einstökum málum.

Meginmarkmið með starfi NORA er að hvetja til og efla samvinnu á vestnorræna svæðinu með áherslu á sjávarútveg, verndun sjávar, ferðaþjónustu, landbúnað, jarðrækt, samgöngur, upplýsingatækni, verslun og iðnað. Áhersla er á atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi við aðra sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum á samstarfssvæðinu. Einkum hefur verið lögð áhersla á samstarf við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum. Einnig er miðlað á milli landanna reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum og stuðlað að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs af samskiptum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Verkefni NORA hafa skilað góðum árangri, ekki síst í þekkingarmiðlun, rannsóknum, samstarfi og markaðssókn þeirra sem tekið hafa þátt.

NORA hefur einu sinni á ári auglýst eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna, að jafnaði síðla vetrar. Umsóknir eru afgreiddar að vori. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500.000 d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta af kostnaði við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði. Til að fá styrk þarf verkefnið að vera í samstarfi landanna.

Á árinu veitti NORA styrki til alls 32 verkefna, sem voru bæði ný og framhaldsverkefni. Íslendingar tóku þátt í 28 þeirra eða 88% sem verður að teljast afar góður árangur. Íslendingar áttu aðild að eftirfarandi: verkefni vegna kortagagnagrunns um ferðaþjónustu, íþrótta- og menningarferðaþjónusta, þróun nýrra aðferða við kræklinga-, þorsk- og seiðaeldi, þróun á rafrænni afladagbók, þróun tækis til að afhausa smáan þorsk, þróun köfunarbáts til rannsókna á hafsbotni, framleiðslu sands til byggingariðnaðar, þróun jarðarberjaræktunar, ferðastyrkur vegna alþjóðlegs móts ungra leiðtoga í Nuuk, rannsókn á nýsköpunarumhverfi smárra samfélaga á norðurslóðum, í tengslum við UNESCO verkefnið MOST – CCPP, uppbyggingu

tengslanets á meðal stofnana sem veita ráðgjöf til fyrirtækja í olíu og gasiðnaði, fiskiðnaði, fiskeldi og framleiðsluiðnaði og ferðastyrkur vegna alþjóðlegrar tískusýningar á Íslandi o.fl. Af þessari upptalningu má sjá að umsóknir og verkefni voru afar fjölbreytt.

Fjárveiting til NORA á árinu var í heild um 6,0 millj. d.kr. Norræna ráðherranefndin leggur til 4,3 millj. d.kr., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda 1,5 millj. d.kr. og 200 þús. d.kr komu frá landsstjórninni í Færeyjum. Vegna ónýttra fjárveitinga frá fyrra ári tókst að úthluta um það bil sömu fjárhæð eða 6 millj. d.kr. til áðurnefndra 32 verkefna.

NORA tekur jafnframt virkan og vaxandi þátt í Norðurslóðaáætluninni í „Northern Periphery Programme“ (NPP) en það er eitt af svokölluðum Interreg-verkefnum ESB. Því er ætlað að efla samvinnu yfir landamæri á svæðum á norðurslóðum þar sem lífsskilyrði eru svipuð. Þátttaka NORA í NPP er fólgin í því að skrifstofa NORA aðstoðar Ísland, Grænland og Færeyjar við að meta umsóknir í samstarfi við aðila í þessum löndum, og jafnframt annast skrifstofan ýmis sameiginleg verkefni landanna þriggja vegna þátttöku þeirra í NPP. Auk þess hefur NORA styrkt undirbúningsverkefni (forverkefni) vegna umsókna til NPP-áætlunarinnar og samtals var varið 1,3 millj. d.kr. til slíkra verkefna á árinu.

Líta má á aðild landa utan ESB að NPP-verkefninu sem hluta af alþjóðlegri þróun og alþjóðavæðingu á sviði byggðamála sem fer vaxandi, en opnar um leið fyrir ný tækifæri til að vinna að svæðisbundnum hagsmunum á nýjan og fjölbreyttari hátt en áður.

Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eiga aðild að NPP, en verkefninu er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum. Áhersla er lögð á samgöngu- og fjarskiptamál, atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum.

Verkefni NPP eru mun umfangsmeiri og stærri en hjá NORA og hafa reynst afar vel. Heildarfjárveiting aðildarlanda til NPP-verkefnisins 2000–2006 er um 53 millj. evra eða um 4,7 milljarðar ísl.kr. Nú þegar taka Íslendingar þátt í sjö verkefnum sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þau tækifæri sem bjóðast með verkefnum sem þessum, fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Ísland gerðist aðili að NPP árið 2002. Þá áttu Noregur, Grænland og Færeyjar þegar aðild að verkefninu en lönd utan ESB sem jafnframt liggja að bandalaginu geta gerst aðilar að verkefninu með því að standa sjálf straum af þeim kostnaði sem af því hlýst. Framlag íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 milljónir á ári fram til ársins 2006 og eru þau verkefni sem Íslendingar taka þátt í styrkt af þessu framlagi, en verkefnin njóta einnig framlaga og þátttöku samstarfsaðila í öðrum löndum sem eiga aðild að áætluninni.

Þar sem áhugi Íslendinga á verkefninu er mikill sem komið hefur fram í fjölda umsókna, hefur þurft að lækka hámark einstakra styrkja er veittir eru af framlagi Íslands til að geta sinnt þeim fjölda umsókna sem standast kröfur verkefnisins. Þess skal einnig getið að styrkir til einstakra verkefna eru ekki hærri en sem nemur 50% af kostnaði þó að hámarki 70 þús. evrur. Umsækjendur verða sjálfir að sjá um fjármögnun þess sem upp á vantar. Í ljósi þessarar reynslu, mikils áhuga á verkefninu og takmarkaðrar fjárhagslegrar getu, er talið mikilvægt að auka fjármagn til þessa verkefnis.

Á fundum NORA hefur einnig verið fjallað um mikilvægi þess að NORA færi út kvíarnar í einni eða annarri mynd, (svo sem auknum tengslum, verkefnum, ráðstefnum) til landa í kringum Norður-Atlantshaf, þar sem efnahagsstarfsemi fyrirtækja, stofnana sem og menningarleg starfsemi er í vaxandi mæli að tengjast næstu svæðum, svo sem í Skotlandi, Hjaltlandi, Orkneyjum og austurströnd Kanada. Einnig verður horft til stefnumörkunar Norrænu ráð-

herranefndarinnar, þar sem áhersla var lögð á aukið samstarf og áherslur á vestnorræna svæðinu.

Í þessu sambandi ber þess að geta að þegar er starfandi nefnd norrænna og skoskra aðila um svæðisbundin málefni er ber heitið „Nordic-Scottish Cooperation Liasion Group“, er fjallar um mögulegt samstarf, upplýsingamiðlun og samstarfsverkefni. Fundir þessarar nefndar hafa verið haldnir í tengslum við NPP-fundi og er starfið frekar óformlegt, en einnig hafa verið haldnar stærri ráðstefnur og fundir. Starf nefndarinnar hefur einnig snúið að því að auka möguleika þessara landa innan annarra og tengdra alþjóðlegra verkefna sem tengjast svæðinu á einn eða annan hátt. Nýlega vann skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði byggðamála, Nordregio, skýrslu um möguleika og áherslur á þessu sviði, en skýrslan ber heitið „Trans-National Nordic-Scottish Co-operation – Lessons for Policy and Practice“ og má finna á heimasíða nefndarinnar http://www.eprc.strath.ac.uk/nordic/projects.htm.

Frekari upplýsingar um NORA og NPP má fá á heimasíðu Byggðastofnunar http://www.byggdastofnun.is en fulltrúi og starfsmaður þessara verkefna er staðsettur þar.

13. Samgöngumál

Norrænt samstarf um samgöngumál fer að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári, en í ár voru fundirnir þrír. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu og í tengslum við hann var fundað með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna um samstarf á sviði samgöngumála.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda.

Fundurinn var haldinn í Grythyttan í Svíþjóð í september sl. Helstu mál voru:

a) Áhrif samgangna á byggðaþróun.

Samgönguráðherra Svía opnaði umræðuna um þetta mál og sagði að gott og vel skipulagt samgöngukerfi gæti á áhrifaríkan hátt stutt við og styrkt byggðaþróun, meðal annars með því að styrkja byggðakjarna sem efldi atvinnulíf og hagvöxt.

Samgönguráðherra Dana tók undir þetta og benti á þýðingu þess að ákvarðanir í fjárfestingum í samgöngum séu byggðar á skynsamlegum forsendum og að samfélagið í heild njóti þeirra í ríkum mæli. Varðandi fjárfestingar á landamærasvæði sem nýttust vel nefndi ráðherrann fjárfestingar á Eystrasaltssvæðinu til mótvægis við önnur vaxtarsvæði í Norður-Evrópu í kringum Hamborg og Berlín. Einnig nefndi ráðherrann að Eyrarsundssvæðið með Eyrarsundsbrúnni væri vel heppnað vaxtarsvæði. Norski samgönguráðherrann lýsti ánægju með að þetta mál væri sett í forgang. Kom fram í máli hans að oftast þegar þessi mál væru rædd væri það á þeim nótum að einblínt væri á neikvæðu þættina eins og áhrif samgangna á umhverfið. Ráðherrann lýsti byggðaþróunaráætlunum Norðmanna og þeirri stefnu að halda skuli öllu landinu í byggð. Nauðsynlegt væri að beita úrræðum í samgöngumálum til að stuðla að hagvexti í öllu landinu. Í Noregi er unnið að byggðaáætlun sem skapa á sterkt samfélag með vel skipulögðum vinnumarkaði, byggða- og þjónustukjörnum. Gott og greiðfært samgöngunet er frumforsenda þess að slíkt samfélag verði að veruleika. Vorið 2004 verður lagt fram í Stórþinginu heildstæð samgönguáætlun fyrir árin 2006–2015 þar sem tekið verður á öllum þáttum samgangna, bæði innan lands og milli landa.

Samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, tók undir með Svíum. Hann greindi jafn-

framt frá nýrri samræmdri samgönguáætlun áranna 2003–2014 sem samþykkt var á Alþingi fyrr á þessu ári. Í henni eru í fyrsta skipti allir þættir samgöngukerfisins teknir með, vegir, hafnir og flugvellir. Einnig eru öryggismálum sjófarenda gerð skil. Þessi nýja samgönguáætlun markar tímamót í áætlanagerð í samgöngu- og byggðamálum á Íslandi. Benti ráðherrann á að samgöngubætur í vega- og jarðgangagerð styttu til muna ferðatíma vegfarenda, sem aftur hefur mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu.

Samgönguráðherra Færeyja gerði í stuttu máli grein fyrir sjónarmiðum Færeyinga. Vegna landfræðilegrar staðsetningar hafa samgöngur og fjarskipti mikla þýðingu fyrir eyjarnar. Hann lagði áherslu á hlutverk Færeyja í flutningum á vestnorræna svæðinu og að þörf væri fyrir stærri og afkastameiri hafnir.

Fulltrúi Finnlands greindi frá því hvernig staðið væri að byggðaþróunarmálum í Finnlandi sem markast töluvert af þátttöku Finna í ESB. Markmið stjórnvalda í byggða- og samgöngumálum fara að miklu leyti saman. Í lok þessa árs verður lögð fyrir finnska þingið ný áætlun í byggðamálum fyrir árin 2003–2007 og samhliða verður lögð fram samgönguáætlun.

Samgönguráðherra Álandseyja sagði að vegna legu eyjanna í miðju Eystrasalti væru eyjaskeggjar mjög háðir góðum samgöngum. Hann lýsti stöðu mála og framtíðarhorfum.

b) Kynning á skýrslunni *„Transporttelematik och individ“*.
Fulltrúi frá dönsku Vegagerðinni kynnti skýrsluna. Fram kom í máli fundarmanna að þetta efni snerti mörg svið og að nauðsynlegt væri að setja um það löggjöf. Samþykkt var að starfshópur sem ynni að málinu héldi starfi sínu áfram.

c) *Fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna.*
Á fundinum var farið yfir dagskrá fundarins sem boðað var til daginn eftir. Bent var á nauðsyn þess að þau störf sem unnin eru í þágu nágrannalandanna verði samræmd þeim störfum sem unnin eru innan ESB undir merkjum Norðlægrar víddar (Den nordliga dimensionen).

d) *Verkefnaáætlun fyrir árin 2004–2006.*
Sænski samgönguráðherrann kynnti meginefni verkefnaáætlunar fyrir norrænt samstarf í samgöngumálum næstu þrjú árin og benti m.a. á að norrænni stefnumörkun um sjálfbæra þróun væru gerð góð skil. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með það hve hátt umhverfismálum væri raðað á forgangslista áætlunarinnar.

e) *EES- og ESB-mál.*
Svíar gerðu grein fyrir þeim málum sem Ítalir settu í forgang á formennskutíma sínum til loka árs 2003 en þau eru m.a.:
- skipulag og fjárfestingar í landsamgöngum (TEN-verkefnið),
- Eurovignet-tilskipunin, sem fjallar m.a. um vegtolla,
- umferðaröryggismál,
- loftferðasamningar við þriðja ríki,
- járnbrautarsamgöngur.

Norski samgönguráðherrann vakti máls á erfiðleikum við framkvæmd EES-samningsins og nefndi sérstaklega viðræður um loftferðasamninga við þriðju ríki og stofnun EASA. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, tók undir með norska samgönguráðherranum varðandi EASA og sagði jafnframt að Ísland hefði átt í erfiðleikum í samskiptum við ESB um ýmsa þætti flugmála.

Sameiginlegur fundur samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Í tengslum við sumarfund norrænu samgönguráðherranna var haldinn sameiginlegur

fundur þeirra og samgönguráðherra Eystrasaltsríkjanna. Þetta var annar fundur þeirra. Eftirtalin mál voru rædd:

- Viðurkenning Eystrasalts sem sérlega viðkvæms hafsvæðis (Designation of the Baltic Sea as a Particularly Sensitive Sea Area).
- Siglingaleiðir á Eystrasalti (Motorways of the Baltic Sea).
- Samstarf um þjónustu ísbrjóta á Eystrasalti (Cooperation on the icebreaking services in the Baltic Sea).

Svíar kynntu fyrsta dagskrármálið og leiddu umræðuna. Mikil og þung skipaumferð er um Eystrasalt ár hvert, umferð skipa sem flytja efni sem eru hættuleg umhverfinu. Mörg þeirra uppfylla ekki alþjóðareglur um öryggi skipa. Öllum er ljóst að ekki er á valdi ríkjanna að stöðva þessar siglingar en ríkin við Eystrasalt bera ábyrgð og skyldur samkvæmt alþjóðalögum um siglingar.

Það sem veldur Svíum mestum áhyggjum eru siglingar olíuskipa á hafsvæðinu og er nærtækast að minnast þess er olíuskipin Erika og Prestige sukku á Eystrasalti. Þau slys hrundu af stað mikilli umræðu á vettvangi ESB um mengunarmál. Einnig hafa þessi mál verið til umræðu hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) en betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að hvetja til frekara samstarfs ríkja við Eystrasalt og að tillögur til úrbóta í þessum málum komi frá þeim. Þess vegna var lagt til að þessi fundur sendi Alþjóðasiglingamálastofnuninni sameiginlega áskorun þar sem fundarmenn lýsa því yfir að líta verði á Eystrasalt sem sérlega viðkvæmt hafsvæði og að það verði viðurkennt sem slíkt af öllum ríkjum heims.

Eftir miklar umræður um tillögu Svía var hún samþykkt einróma.

Finnar höfðu framsögu um annað dagskrármálið. Siglingar um Eystrasalt eru ríkjunum sem að því liggja mjög mikilvægar. Um 80% af útflutningsvörum Finna eru fluttar sjóleiðis um Eystrasalt. Svipaðar tölur má sjá frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Um 40% af útflutningsvörum Rússa fara um hafsvæðið. Árlega fara um 400 milljónir tonna af varningi um hafnir við Eystrasalt. Engum dylst mikilvægi þessa hafsvæðis fyrir íbúa landanna og mikið er í húfi að siglingar séu sem öruggastar og greiðastar. Mikilvægi Eystrasalts eykst við stækkun ESB og þá verður litið á það sem „innhaf" í Evrópu í stað þess að vera á jaðarsvæði. Greint var frá starfi nefndar undir formennsku Karel Van Miert sem fékk það veganesti að gera tillögur um forgangsverkefni í samgöngumálum til ársins 2020. Skýrslan var birt í lok júní og lagði nefndin fram 18 tillögur, m.a. að veitt yrðu framlög til verkefnisins „Motorways of the sea". Eystrasalt var meðal fjögurra svæða sem nefndin lagði til að styrkja með framlögum.

Unnið er að útfærslu á tillögum nefndarinnar og hafa fulltrúar ríkjannna við Eystrasalt komið að því verki. Lagt var til að stofnuð yrði stýrinefnd á vegum landanna um þetta verkefni, hugsanlega með þátttöku ESB. Þessi hugmynd fékk góðar undirtektir og samþykkt var að tilnefna fulltrúa í nefndina. Kom fram í máli danska fulltrúans að mikilvægt væri að leita til einkafyrirtækja um fjármögnun þessa verkefnis.

Sænski samgönguráðherrann opnaði umræðuna um þriðja dagskrárliðinn. Eins og fram hefur komið eru ríkin við Eystrasalt mjög háð sjósamgöngum. Frostharðir vetur hindra oft siglingar. Svíar hafa frá áttunda áratug síðustu aldar aukið mjög þjónustu ísbrjóta í sænskum höfnum. Sænski iðnaðurinn er háður sjóflutningum árið um kring. Síðasti vetur minnti á hvaða áhrif meðalárferði getur haft á viðskipti landanna og hversu mjög löndin við Eystrasalt eru háð þjónustu ísbrjóta. Svíar og Finnar vinna náið saman við að veita þessa þjónustu beggja vegna Norður-Eystrasalts til hagsbóta fyrir bæði löndin. Þetta samstarf er byggt á samkomulagi frá árinu 1961.

Þörf á samstarfi ríkjanna á suðurhluta hafsvæðisins er augljós og jafnvel mikilvægari. Þess vegna er það áhugavert umfjöllunarefni hvort sænskfinnska samstarfsmódelið gæti hentað öðrum ríkjum við Eystrasalt. Því er til umræðu að láta samkomulagið frá árinu 1961 ná til allra ríkjannna við Eystrasalt.

Fulltrúar allra ríkja fögnuðu þessu frumkvæði Svía og hvöttu til aukins samstarfs um þjónustu ísbrjóta á Eystrasalti. Svíar tóku að sér að fylgja málinu eftir.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á ráðherrafundinum og á fundum NET kynnir hvert land það markverðasta í samgöngumálum heima fyrir.

Í ár voru fjárveitingar til reksturs járnbrauta, fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands, fjárfestingaáætlun í samgöngumálum til ársins 2010, stofnun samgönguráðs, breyting á póstþjónustu í frjálsræðisátt og frelsi í leigubílamálum ofarlega á blaði í Danmörku. Í Svíþjóð var það samgönguáætlun fyrir árin 2004–2015, umferðaröryggismál, breytingar á stjórnskipulagi flugmálastofnunar og skipulag almenningssamgangna. Í Finnlandi bar hæst breyting á stjórnskipulagi siglingastofnunar, bættar járnbrautarsamgöngur milli Helsinki og Pétursborgar og bygging hraðbrautar milli Helsinki og Åbo. Í Noregi voru það breytingar á norsku járnbrautunum í hlutafélag í eigu ríkisins, samgönguáætlun fyrir árin 2006–2015, ný einkafjármögnunarverkefni í vegagerð, bætt skipulag almenningssamgangna, úthlutun á þriðjukynslóðar fjarskiptaleyfum og umferðaröryggismál. Í Færeyjum bygging tveggja jarðganga, 5 km og 6 km langra, m.a. í tengslum við flugvöllinn og einkavæðing símans í Færeyjum og á Álandseyjum siglingar og flugsamgöngur.

Ísland gerði grein fyrir samgönguáætlun fyrir árin 2003–2007, nýjum hafnalögum, áherslum í ferðamálum og færslu umferðarmála frá dómsmálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins frá ársbyrjun 2004.

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

a) *Umferðaröryggismál á Norðurlöndum.*
Þetta er eitt af mikilvægustu verkefnunum sem unnið er að á þessum vettvangi. Markmið þess er að löndin skiptist á upplýsingum um umferðaröryggismál, m.a. til að læra af reynslu hvers annars og til að koma í veg fyrir tvíverknað. Þetta starf er á ábyrgð Norðmanna. Á fundi NET í nóvember var vinnutilhögun starfshópsins fyrir árið 2004 samþykkt. Jafnframt var þess vænst að meiri árangur yrði af starfi hans m.a. með hliðsjón af því að Ísland leggur ríka áherslu á þennan málaflokk í formennskuáætlun sinni fyrir árið 2004.

b) *Upplýsingatækni í samgöngumálum.*
Verkefnið hefur verið unnið á ábyrgð Finna og gerði finnski fulltrúinn í NET grein fyrir starfinu. Verkefni vinnuhópsins skiptist í þrennt; (1) að setja upp sameiginlegt ferðaskipulagskerfi, (2) að gera úttekt á stöðu einstaklingsins í umhverfi þar sem upplýsingatækni verður nýtt til að auðvelda samgöngur, (3) að setja upp tölvukerfi til að fylgjast með flutningi á hættulegum vörum. Starfshópurinn stóð fyrir ráðstefnu í Ósló á árinu um upplýsingatækni í samgöngum sem tókst vel. Á fundinum í nóvember ræddi NET starfsemi hópsins og komu fram efasemdir um það hvort starfshópurinn ætti að vera með flutning á hættulegum varningi á verkefnaáætlun sinni.

c) *Sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum.*
Þetta verkefni er eitt af forgangsverkefnum NET. Starfið er unnið á ábyrgð Svíþjóðar

og gerði sænski fulltrúinn í NET grein fyrir því á árinu. Þetta starf hefur gengið vel og lýsti NET yfir ánægju sinni með það. Á fundi sínum í nóvember samþykkti NET tillögur starfshópsins um verkefnaáætlun fyrir árið 2004.

d) Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu.

Danmörk greindi á fundi NET í nóvember frá starfi vinnuhópa um þetta samstarf. Það er vel skipulagt og gengur vel. Danski fulltrúinn í NET gerði grein fyrir verkefnaáætlun starfshópsins fyrir árið 2004, en m.a. er á dagskrá að halda ráðstefnu í janúar um siglingaleiðir á Eystrasalti.

NET samþykkti á fundinum umrætt vinnufyrirkomulag vegna þessa starfs á árinu 2004.

Samstarfið í framtíðinni – formennskuáætlun Íslands 2004.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á því að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Það getur farið fram innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál og upplýsingatækni í samgöngum.

Ísland kynnti á fundi NET í nóvember formennskuáætlun sína fyrir árið 2004. Í henni er lögð áhersla á eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráðherrarnir og NET hafa unnið að á undanförnum árum:

a) Flug og aðrar samgöngur á Vestur-Norðurlöndum.
b) Umferðaröryggismál.
c) Upplýsingatækni í samgöngum.
d) Ferðamál.
e) Öryggi sjófarenda og siglingar.

14. Landbúnaður og skógrækt

Á árinu 2001 varð samstaða um að mynda nýja ráðherranefnd um landbúnað og skógrækt, sjávarútveg og matvæli þannig að ekki er lengur starfandi ráðherranefnd fyrir landbúnað og skógrækt einvörðungu. Með þessari skipulagsbreytingu er stefnt að því að samþætta samstarfið þvert á ráðuneyti, enda skipan þessara málefna ólík í löndunum fimm.

Í samstarfsáætluninni sem unnið hefur verið eftir á sviði landbúnaðar og skógræktar frá árinu 2000 er meginähersla lögð á verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Sjálfbær landbúnaður og sjálfbær skógrækt.
- Varðveisla erfðaefnis og líffræðilegs fjölbreytileika.
- Öryggi matvæla.
- Byggðaþróun á svæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.

Í áætluninni er rík áhersla lögð á sjálfbærni allra þátta í landbúnaði og skógrækt. Embættismannanefndin fyrir landbúnað og skógrækt, NEJS, hefur á fundum sínum fjallað um forgangsröðun verkefna innan samstarfsáætlunarinnar.

Þau föstu verkefni sem heyra undir NEJS eru eftirfarandi:

- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB) sem hefur það hlutverk að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðalinda í nytjajurtum sem upprunnar eru á Norðurlöndum.
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH) sem hefur það hlutverk að vera þekkingarmiðstöð fyrir verndun og sjálfbæra nýtingu erfðalinda í norrænu búfé.

- Norræna samstarfsráðið um landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf Norrænu landbúnaðarháskólanna (NOVA).
- Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
- Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma.
- Samstarfsráð um erfðalindir.

Á öllum þessum sviðum eru íslenskir vísindamenn virkir þátttakendur.

Á árinu var meginhluta fjárlaga NEJS varið til samningsbundinna langtímaverkefna á sviði rannsókna og varðveislu erfðaauðlinda sem víðtæk samstaða er um meðal þjóðanna.

Svíar fóru með formennsku í samstarfinu á árinu. Með vísan til aukinnar alþjóðlegrar samkeppni og stórfelldra breytinga í landbúnaði, með færri og stærri búum og þeirri grisjun byggðar sem því fylgir, settu Svíar á oddinn verkefni sem lýtur að því að skilgreina stöðu bóndans og hið nýja og fjölþætta hlutverk landbúnaðar í nútímasamfélagi. Fylgt var eftir formennskuáherslu Norðmanna um öryggi matvæla og varðveislu erfðaauðlinda í dýrum og plöntum svo og að efla menntun og rannsóknir í landbúnaði. Þá beittu Svíar sér fyrir umræðum um hvernig samtvinna megi efnahagslegt og vistfræðilegt gildi skóga og menningarlegar og félagslegar hefðir sem skógrækt og skóglíf skapa.

Miklar breytingar hafa á undanförnum árum orðið á norrænu samstarfi á sviði landbúnaðar og skógræktar. Á sameiginlegum fundi embættismannanefndanna fyrir landbúnað og skógrækt (NEJS), matvæli (EK-Livs) og fiskveiðar (NEF) í október 2002 var samþykkt að yfirfara verklag og leita leiða til að einfalda og skapa meiri skilvirkni í samstarfi embættismannanefndanna þriggja. Þetta starf leiddi til þess að á fundi ráðherranefndarinnar í júní sl. var samþykkt að setja á fót hóp embættismanna (koordinationsgrupp) sem hefur það hlutverk að tryggja heildarsýn í starfi embættismannnefndanna og taka ákvörðun um skiptingu fjármuna sem til málaflokksins er varið. Samræmingarhópurinn kemur í stað sameiginlegra funda embættismannanefndanna þriggja. Einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna auk fulltrúa frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum eru í hópnum. Starf embættismannanefndanna verður óbreytt. Í framhaldi af þessari breytingu er nú unnið að sameiginlegri samstarfsáætlun embættismannanefndanna þriggja fyrir árin 2005–2008, en fram til þessa hafa þær unnið hver eftir sinni verkáætlun. Jafnframt þessu fer fram mat á árangri þess starfs sem unnið hefur verið samkvæmt núgildandi samstarfsáætlun. Gera má ráð fyrir því að þessar ákvarðanir hafi víðtæk áhrif á fyrirkomulag samstarfsins á næstu árum.

Rétt er að geta sérstaklega samstarfs Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði landbúnaðar og skógræktar. Í samræmi við Kaupmannahafnaryfirlýsingu um sjálfbæra þróun dreifbýlis, sem samþykkt var í desember 2000, hefur verið unnið að auknu samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, með áherslu á að efla stofnanir og stjórnsýslu á því sviði. Ákveðið var að samvinna á þessum vettvangi næði einnig til sjálfstjórnarsvæðanna, Álandseyja, Færeyja og Grænlands, svo og til Norðvestur-Rússlands, þ.e. héraðanna sem liggja austan landamæra Finnlands og Noregs. Ekki hefur tekist að finna samstarfsaðila í Rússlandi. Samráðsnefnd (Consultation Committee) hefur unnið að þróun þessa samstarfs. Starf nefndarinnar til þessa hefur fyrst og fremst beinst að því að finna þessu samstarfi farveg og er niðurstaðan sú að halda verkefninu sem mest innan ramma verkefnis ráðherranefndarinnar um öryggi matvæla í stað þess að dreifa kröftunum of víða. Hlutverk norrænu landanna í samstarfinu verður væntanlega fyrst og fremst í því fólgið að miðla reynslu og þekkingu og veita aðstoð við þjálfun og fræðslu á þessum sviðum. Þrýstingurinn á Eystrasaltsríkin að koma þessum málum í viðunandi horf er hins vegar mikill því frá og með árinu 2004 fá þau aðild að ESB, að vísu með nokkurra ára aðlögun. Í samræmi við ákvæði Kaupmannahafnar-

yfirlýsingarinnar frá árinu 2000 var boðað til fundar matvælaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í nóvember sl. í Tallinn í Eistlandi. Á fundinn mætti Árni Matthiesen, sjávarútvegsráðherra, fyrir Íslands hönd. Ráðherrarnir lýstu vilja sínum til þess að halda áfram að þróa samstarf milli landanna á grundvelli þess starfs sem unnið hefur verið hjá samráðsnefndinni. Var embættismannanefndunum fyrir landbúnað og skógrækt, fiskveiðar og matvæli falið að þróa þetta samstarf áfram í samvinnu við aðila frá Eystrasaltsríkjunum. Samráðsnefndin starfar til loka árs 2004 og hefur það hlutverk að undirbúa breytt samstarfsform.

15. Sjávarútvegsmál

Árlegur fundur sameiginlegrar ráðherranefndar norrænu sjávarútvegs-, landbúnaðar- og skógræktar- og matvælaráðherranna var að þessu sinni haldinn í Kalmar í Svíþjóð í júní sl. Venju samkvæmt funduðu annars vegar fulltrúar hinna ýmsu samtaka innan þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir hvaðanæva að á Norðurlöndum og hins vegar ráðherrarnir sjálfir. Fyrrnefndi fundurinn (svokallaður NKO-fundur) var haldinn undir yfirskriftinni „Etik, værdier och rettigheder".

Á ráðherrafundinum var farið yfir stöðu mála í framkvæmd svokallaðrar Grænlandsyfirlýsingar um öryggi matvæla. Þá voru gerðar samþykktir um:

a) siðferðilega merkingu á fóðurvörum,
b) að settur yrði á laggirnar vinnuhópur til að kanna hvort koma mætti upp sameiginlegu norrænu rannsókna- og fræðslustarfi innan þessarar sameinuðu ráðherranefndar,
c) aðgang og réttindi varðandi erfðaauðlindir,
d) að skipaður yrði stýrihópur fyrir ráðherranefndina með einum fulltrúa frá hverju landi og sjálfstjórnarsvæði. Fulltrúar formennskulandsins hverju sinni í embættismannanefndunum þremur (NEF, NEJS og EK-Livs) sætu einnig fundi hópsins og jafnframt yrði heimilt að löndin hvert fyrir sig sendu fleiri fulltrúa til fulltingis sínum aðalfulltrúa eftir því sem sérfræðiþekking á úrlausnarefnum gæfi tilefni til,
e) að lokaskýrsla sameiginlegs vinnuhóps embættismannanefndanna þriggja, „Udredning og forslag til EK'ernes ansvar for fødevarekæden: Fagområder, roller og samarbejdsformer", yrði lögð fyrir stýrihópinn sem stefnumarkandi plagg.
Nokkur fleiri atriði voru tekin til umfjöllunar á ráðherrafundinum og samþykktir gerðar um sum þeirra, svo sem um verslun með timbur. Í framhaldi af samþykktum ráðherrafundarins hefur vinnuhópur um sameiginlega stefnumörkun (handlingsprogram) fyrir ráðherranefnd fiskveiða, landbúnaðar og skógræktar og matvæla nú hafið störf og skal sú stefnumörkun ná til áranna 2005 til 2008. Einnig hefur vinnuhópurinn samkvæmt blið hér að framan hafið störf. Fleiri stefnumótunarverkefni sem tengjast m.a. þessum geira eru í fullri vinnslu svo sem framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun.

Ráðherranefnd fiskveiða, landbúnaðar og skógræktar og matvæla kom með virkum hætti að fundi með ráðherrum Eystrasaltsríkjanna í þessum málaflokkum í Tallinn í nóvember sl. Var þetta fyrsti fundurinn eftir að ráðherranefndin var stækkuð, en hingað til hefur landbúnaðar- og skógræktargeirinn einvörðungu komið að slíkum fundum. Drjúglega var unnið á árinu að fiskveiðisamstarfi í austurvegi en til sumra þeirra verkefna hefur verið stofnað af öðrum aðilum en Norrænu ráðherranefndinni. Einnig kom ráðherranefndin að annarri Norður-Atlantshafsráðstefnunni sem fram fór á Hjaltlandi í október sl. en næsta ráðstefna með slíku sniði verður haldin í Noregi 2005.

Á árinu mátti jafnvel greina aukna áherslu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í

Kaupmannahöfn á samstarf við nágranna okkar í norðvestri. Á árinu kom út skýrsla um stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi. Margt gott má um þá skýrslu segja en frá sjónarhóli sjávarútvegsins þykir þó að fiskveiðum og hafrannsóknum sé vart gerð nægjanlega hátt undir höfði eins mikilvægar og þær og rannsóknir þeim tengdum eru á þessu svæði.

Norræna embættismannanefndin um sjávarútvegsmál (NEF) hélt á árinu fjóra fundi. Jafnframt var haldinn einn sameiginlegur fundur embættismannanefndanna þriggja undir ráðherranefndinni en stýrihópnum sem getið var um hér að framan er ætlað að taka yfir þá fundi. Á vegum NEF starfar vinnuhópur (AG-fisk) sem sér um ýmis úrlausnarefni fyrir nefndina og undirbýr dagskrá funda. Einnig starfa á vegum NEF tvær vinnunefndir, annars vegar samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) sem er faglegur samstarfsvettvangur sjávarútvegs- og umhverfisgeirans og hins vegar norrænn vinnuhópur um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) sem í sitja fulltrúar rannsóknastofnana. Stefnumótun fyrir þessar vinnunefndir báðar verður sett fram í tengslum við heildarstefnu fyrir starfið í ráðherranefndinni á árunum 2005 til 2008 sem nú er unnið að, en erindisbréf nefndanna var framlengt út árið 2004. Enn fremur starfar á vegum NEF hópur sem sinnir umhverfismerkingum fisks m.t.t. sjálfbærrar nýtingar.

Á árinu komu mörg mál til kasta NEF og vinnunefndanna, en þau helstu voru:

a) Ítrekað var rætt um hvernig helst bæri að skipuleggja starfið innan sameinaðrar ráðherranefndar, um fjárveitingar til sameiginlegra verkefna og aðkomu sjávarútvegsgeirans að þeim. Einnig hefur í ljósi fenginnar reynslu verið fjallað um hvernig helst bæri að skipuleggja sameiginlega ráðherrafundi og NKO-fundina sem haldnir eru í tengslum við þá. Niðurstaðan varð sú að leitast yrði við að skipuleggja fundina með þeim hætti að tími gæfist til að geirarnir hver fyrir sig ræddu sín úrlausnarefni innbyrðis, en sú skoðun er nokkuð almenn að eftir sameininguna hafi slík efni ekki fengið nægjanlegt rúm vegna áherslu sem lögð hefur verið á umfjöllunarefni sem höfðað gætu til allra þriggja geiranna. Þau úrlausnarefni eru vitaskuld mörg hver afar brýn en mega þó ekki verða allsráðandi, ekki hvað síst ef höfða á til sértæks áhuga þeirra sem starfa í greininni sjálfri og þátttaka í NKOfundinum er ætlað að höfða til.
b) NEF svaraði öllum núgildandi tilmælum frá Norðurlandaráði og lagði til að þau yrðu þar með afskrifuð. Á þingi ráðsins í Ósló í október sl. samþykkti Norðurlandaráð tillögur NEF í þessu efni og voru þar með öll núgildandi tilmæli afskrifuð.
c) Í samræmi við formennskuáætlun Svía fyrir árið 2003 studdi NEF að rannsóknir á díoxíni í sjó og sjávarfangi yrðu efldar. Fjárframlögum til þessa var veitt í gegnum MiFi og NAF.
d) NEF samþykkti jafnframt að styðja verkefni um rannsókn á erfðabreytileika í fiski sem unnið er að á vegum norræns ráðs um erfðaauðlindir (NGR).
e) NEF lagði áherslu á að efla starfsemi vinnuhópsins um umhverfismerkingar enda telur NEF sig hafa greint aukinn áhuga á slíku starfi frá atvinnugreininni sjálfri og markaðsaðilum. NEF þurfti jafnframt að koma í veg fyrir tvíverknað frá hendi MiFi hvað þetta varðar og einnig að stöðva verkefni um skráningu fisks í meintri útrýmingarhættu (rauðlistning af fisk). Vinnuhópurinn hefur haldið fundi með fulltrúum frá ESB, „Marine Stewardship Council“ (MSC) og stórum fisksöluaðilum. Einn af þeim aðilum sem situr í vinnuhópnum veitti forystu vinnufundi sérfræðinga á vegum FAO um þetta efni í október sl. Skýrslan sem þar var tekin saman mun fara fyrir fund viðskiptanefndar COFI í febrúar 2004 og mun þetta efni væntanlega komast á dagskrá hjá COFI árið 2005. NEF hefur jafnframt samþykkt að styðja fund innan atvinnugreinarinnar á Norðurlöndum um þetta efni í janúar 2004.

f) Í tengslum við könnun á því hvort koma megi á sameiginlegu norrænu rannsókna- og fræðslustarfi hjá sameinaðri ráðherranefnd fiskveiða, landbúnaðar, skógræktar og matvæla, samþykkti NEF að láta gera greiningu á styrkleikum og veikleikum í rannsókn og fræðslu í þessum geira. Jafnframt að mat yrði gert á starfsemi NEF og raunar sjávarútvegsamstarfsins í heild vegna stefnumörkunarinnar sem nú er verið að vinna að fyrir ráðherranefndina (handlingsprogrammet). Hvoru tveggja skal lokið í febrúar 2004.

g) Á fyrsta fundi sínum á árinu samþykkti NEF að gera samning til fimm ára við Norrænu stofnunina um vísindamenntun (NorFA) um stofnun og starfrækslu norræns verkefnis um vísindamenntun á sviði sjávarútvegs (Nordisk Marint Akademi). Samningurinn gildir fyrir árin 2004–2008 og skuldbindur NEF sig til að leggja árlega til fjármagn til verkefnisins gegn tilsvarandi framlagi frá NorFA. Er það von NEF að þetta skili sér í betri rannsóknum og fræðslu innan sjávarútvegsgeirans.

Á árinu hélt NAF tvo fundi og bárust nefndinni 42 umsóknir en samþykkt var að styrkja 19 verkefni. MiFi hélt tvo reglulega fundi á árinu og einn símafund.

16. Norrænn vinnumarkaður og vinnuvernd

Á árinu voru liðin 20 ár frá því að Ísland hóf að taka virkan þátt í norrænu vinnumálasamstarfi sem fullgildur aðili samningsins um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda sem var undirritaður árið 1982 og gekk í gildi 1. ágúst 1983. Frá þeim tíma hefur þátttaka Íslands í norrænu vinnumála- og vinnuverndarsamstarfi sífellt orðið umfangsmeiri. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum þessa samstarfs á árinu.

Ráðherranefnd vinnumála og vinnuverndarmála (MR-A).

Norrænu vinnumálaráðherrarnir héldu tvo fundi á árinu og voru báðir haldnir á Öland í Svíþjóð í september sl. Annar fundurinn var undirbúningsfundur fyrir fund með ráðherrum vinnumála í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi. Árni Magnússon félagsmálaráðherra sótti fundina. Í ráðherranefndinni fóru fram skoðanaskipti um verkefni sem Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur hefur unnið að og miðar að því að auðvelda fólki að flytjast á milli norrænu landanna án þess að glata áunnum félagslegum réttindum. Ákveðið var að vinna frekar að nokkrum þáttum. Þeirra á meðal er rafræn norræn vinnumiðlun, samhæfing norrænu atvinnuleysistryggingakerfanna, könnun á kostum þess og göllum að auka réttindi borgara frá þriðju ríkjum sem löglega eru búsettir á Norðurlöndum og úttekt á störfum og embættum þar sem ríkisborgararéttur er gerður að skilyrði fyrir ráðningu eða skipun í embætti.

Á fundinum með ráðherrum vinnumála í Eystrasaltsríkjunum og Póllandi var fjallað um áhrif stækkunar ESB á flutning fólks á milli landa og hvaða afleiðingar hún hefði á þróun vinnumarkaðsmála í ríkjunum.

Embættismannanefnd um vinnumál og vinnuverndarmál.

Á formennskutíma Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni hélt embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál tvo fundi. Sá fyrri var í Stokkhólmi í apríl 2003. Þar samþykkti nefndin breytingar á starfsháttum og skipulagi auk annarra breytinga sem snerta starf nokkurra nefnda sem undir hana heyra. Nefndin fjallaði um og afgreiddi svör við tilmælum frá Norðurlandaráði sem heyra undir verksvið hennar. Enn fremur voru á dagskrá drög að fjárhagstillögum.

Embættismannanefndin fjallaði að auki um skýrsluna „Störf fyrir alla – stefna Norðurlandanna á hindrunarlausum evrópskum vinnumarkaði“. Einnig um tillögur sem miða að auknu frelsi Norðurlandabúa til að taka sér búsetu og ráða sig í starf án þess að glata félagslegum réttindum við flutning á milli landanna.

Á seinni fundinum í ágúst sl. undirbjó embættismannanefndin fund ráðherranefndarinnar í september. Embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum og Póllandi var boðið að taka þátt í fundinum. Þá fjallaði nefndin um stækkun ESB og ræddi undirbúning að endurskoðun norrænnar samstarfsáætlunar á sviði vinnumála og vinnuverndarmála fyrir árin 2005–2008.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að stuðla að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála. Unnið er að margvíslegum verkefnum, en það hefur háð starfi nefndarinnar að undanfarin ár hefur jafnt og þétt verið dregið úr fjármagni til hennar. Haldnir voru tveir fundir í á árinu. Greint er frá helstu verkefnum hér að neðan:

Haldið var áfram samstarfi um þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar (CEN) til þess að auka þar áhrif Norðurlanda. Ísland hefur umsjón með þátttöku landanna í stöðlun véla til matvælavinnslu.

Haldið var áfram samstarfsverkefni um markaðseftirlit með persónuhlífum og ýmiss konar öryggisbúnaði.

Lokið er samstarfsverkefni um efnahagsleg áhrif vinnuverndar. Meðal niðurstaðna er að efnahagslegt tjón af völdum vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma nemi sennilega 2–4% af landsframleiðslu.

Undirbúið var verkefni sem miðar að því að þróa norræna aðferð til að meta árangur í vinnuverndarstarfi.

Haldin var ráðstefna um sjálfbæra þróun og vinnuvernd, og samráðsfundir stjórnvalda um mat á sálfélagslegum þáttum vinnuverndar (streituvaldar, einelti, áreitni) annars vegar og vinnuverndarsjónarmið tengd opinberum útboðum hins vegar.

Haldinn var á Íslandi samráðsfundur stjórnvalda um reynslu af lagaákvæðum um samstarf og samráð stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja um vinnuverndarmál og reynsluna af mismunandi fyrirkomulagi í löndunum.

Norræna samráðsnefndin um ESB-málefni.

Nefndin fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári og hefur það hlutverk að skiptast á sjónarmiðum og samræma sjónarmið norrænu landanna í þeim málum sem til umfjöllunar eru á vettvangi ráðherraráðs ESB. Starfssviðið nær bæði til vinnuverndar- og vinnumarkaðsmála.

Fundirnir eru haldnir 2–3 vikum fyrir ráðsfundi og er m.a. farið yfir dagskrá þeirra lið fyrir lið. Því má segja að þetta samstarf sé liður í undirbúningi norrænu aðildarríkjanna fyrir ráðherraráðsfundina.

Með þátttöku í þessari nefnd fá fulltrúar Noregs og Íslands að sumu leyti greiðari aðgang að ákvörðunum á vettvangi ráðherraráðs ESB en unnt er að fá á grundvelli EES-samningsins.

Ýmis mál, sem vörðuðu vinnumarkað, jafnrétti og vinnuvernd, komu til umfjöllunar nefndarinnar á árinu. Á sviði vinnumarkaðsmála má nefna áhrif stækkunar ESB á vinnumarkað og hvernig Norðurlönd hyggjast nýta heimildir til aðlögunar („2+3+2“-reglan leyfir allt að sjö ára aðlögun). Á sviði vinnuverndar er verið að undirbúa nýjar reglur um rafsegulsvið í vinnuumhverfi.

Vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er umræðuvettvangur um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Nefndin endurnýjaði umboð sitt með nýju erindisbréfi sem tók gildi á árinu. Meðal áherslubreytinga sem í því fólst var að auka rannsóknir í þeim tilgangi að koma á fullri atvinnu og auka framboð á hæfu vinnuafli í framtíðinni; að þróa tengsl milli hópa sem eiga erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum og styrkja vinnumiðlun til þessa fólks til að draga úr vandamálum sem minna framboð á vinnuafli í framtíðinni getur leitt af sér. Í starfi nefndarinnar hefur auk þess verið lögð áhersla á að styðja uppbyggingu á norrænu vinnumiðlunarneti á tímabilinu 2003–2004.

Verkefni undir heitinu „Nýtt norrænt skipulag“ þar sem m.a. er fjallað um velferðaráherslur á vinnumarkaði hófst á árinu með því að stofnaður var vinnuhópur um aðlögun innflytjenda að norrænum samfélögum. Meðal verkefna hópsins var að greina stöðu innflytjenda á norrænum vinnumarkaði með samanburði milli landanna, aðstoða við að afla upplýsingar og leggja mat á skýrslu sem unnin var af verkefnastjóra frá Danmörku.

Vinnumarkaðsnefndin styrkti ýmis verkefni á árinu m.a:

- Rannsókn á vinnufærni vinnuafls á vestnorræna svæðinu, með sérstakri áherslu á Grænland.
- Verkefni um vinnumarkað í Eystrasaltsríkjunum og hreyfanleika til Norðurlanda.
- Verkefni vegna samkeppnisstöðu eldra fólks.
- Verkefni um þjónustu vinnumiðlana á svæðum með einhæft atvinnulíf.
  Verkefninu lauk með skýrslu í lok ársins. Að því unnu Háskólinn á Akureyri og Fróðskaparsetur Færeyja.
- Ákveðið var að kanna þörf á samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna vegna samstarfs um vinnumiðlunartækni í ríkjunum.
- Ákveðið var að kanna mat á hæfni og menntun á Norðurlöndum.
- Ráðstefna var haldin í september í Svíþjóð um innflytjendur og vinnumarkaðinn í tengslum við stækkun ESB.
- Nefndin stóð fyrir ráðstefnu um þátttöku eldra fólks á vinnumarkaðnum í Eistlandi í nóvember sl.
- Ákveðið er að efna til ráðstefnu í byrjun árs 2004 um áhrif vinnumarkaðsstefnu og menntun.
- Ákveðið var að fjármagna frumathugun vegna tölfræðilegrar úttektar sem kann að nýtast í athugun á launamuni kynjanna.

Norrænn stýrihópur um vinnumiðlun.

Nýr stýrihópur um vinnumiðlun á Norðurlöndum var settur á laggirnar á árinu.

Hlutverk hópsins, sem mun starfa árin 2003 og 2004, er að auka upplýsingamiðlun hjá norrænum vinnumiðlunum. Markmið hópsins er að tryggja að norræn vinnumiðlun verði virk m.a. með því að tengja heimasíður norrænna vinnumiðlana og nýta betur netþjónustu þeirra. Laus störf í norrænu löndunum skulu einnig verða sýnileg og atvinnuleitin eins einföld og mögulegt er. Einnig skal hópurinn koma með tillögur um pólitísk úrræði til þess að auðvelda hreyfanleika vinnuafls.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Eitt af stærri norrænum samstarfsverkefnum á sviði vinnumarkaðar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli landanna, en Norrænu félögin annast þessi sam-

skipti. Á árinu fór 131 ungmenni héðan í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 70 norræn ungmenni komu hingað til lands til vinnu.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Á vegum starfshópsins, sem fer með miðlun upplýsinga á vinnumálasviði með útgáfu ritsins „Arbejdsliv i Norden" og enskrar útgáfu á „Nordic Labour Journal", voru haldnir tveir fundir. Gefin voru út þrjú blöð af „Arbejdsliv i Norden" og eitt „Nordic Labour Journal".

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði.

Stjórn NIVA og norræna nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði, sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, halda fundi tvisvar á ári og til skiptis í löndunum. Fyrri fundirnir voru að þessu sinni í Helsinki í mars sl., þeir síðari í Kaupmannahöfn í október. Efnt var til stuttrar ráðstefnu í tengslum við vorfundina og flutt var erindið: „Vinna og heilsa; hvernig koma á niðurstöðum rannsókna í framkvæmd".

Nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði úthlutar styrkjum til rannsókna og til ýmissa verkefna, en forsenda er að a.m.k. þrjú norræn lönd standi að vernefnunum. Um 40% af heildarupphæð styrkja á árinu fór í starf sérfræðinefndar um mengunarmörk efna (Nordiska expertgruppen för kriteriedokument om kemiska hälsorisker, NEG). Ísland á fulltrúa í þessari nefnd en á árinu var kynnt skýrsla um mat á starfi NEG. Þar kom fram að NEG hefur unnið gott starf að því er varðar að safna saman grunnupplýsingum og setja fram í skýrslum. Nefndinni um rannsóknir á vinnuverndarsviði þykir hins vegar óeðlilegt að þessi vinna sé háð styrkjum frá ári til árs enda alls ekki um hefðbundna vísindastarfsemi að ræða. Það liggur því fyrir að finna aðra fjármögnun frá sérhverju landi fyrir þetta mikilvæga starf þannig að meiri stöðugleiki náist. Styrkir fyrir árið 2004 fara í átta verkefni og eru Íslendingar þátttakendur í þremur þeirra. Einu sem rannsakar eðli slysa í byggingariðnaði, öðru um könnun á öryggi á vinnustöðum, og Norrænu vinnuverndarráðstefnunni 2004 sem haldin verður á Íslandi í ágústlok 2004.

Umræður um verkefnin voru á sameiginlegum haustfundi með norrænu samstarfsnefndinni um vinnuvernd og má líta svo á að áherslan á að styrkja verkefnið um vinnuslys í byggingariðnaði sé afrakstur þess samstarfs. Starf þessara nefnda og afrakstur af verkefnum hefur verið mjög mikilvægt fyrir íslenskt vinnuverndarstarf og má nefna að í fimm mismunandi stórverkefnum á sl. þremur árum hjá Vinnueftirlitinu hefur afrakstur af norrænu rannsóknasamstarfi verið notaður (sjá skýrslur á heimasíðu vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is).

Þá fjallaði nefndin um hvernig koma mætti af stað rannsóknum á góðum áhrifum vinnu á heilsu og líðan fólks og er það verkefni í vinnslu. Samþykkt var að Ísland taki við formennsku í nefndinni árið 2004.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

Á fundum stjórnar norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (Nordiska institutionen for vidareutbildning inom arbetsmiljöområdet) var unnið að markvissum undirbúningi námskeiða (sjá heimasíðuna www.niva.org þar sem einnig er að finna árskýrslu NIVA) en á árinu 2004 er gert ráð fyrir 13 námskeiðum. Reynt er að leggja áherslu á námskeið sem nýtast sem hluti af menntun á sviði vinnuverndar en einnig á námskeið sem henta þeim sem vinna við vinnuverndarstarf á öðrum vettvangi svo sem starfsmenn vinnueftirlita og heilsuverndarfyrirtækja. Lögð er áhersla á að fyrirlesarar séu þekktir fræðimenn sem komi víða að. Þótt þessi námskeið hafi nýst nemendum á þessu sviði allt frá stofnun NIVA þá var það niðurstaða fundanna að meira formlegt samstarf þyrfti við háskóla á Norðurlöndum.

Danir og Finnar hafa verið ötulir við þetta og eru námskeiðin metin til eininga í nokkrum háskólum í þessum löndum. Var talið mikilvægt að efla þetta enn frekar til að styrkja menntun á þessu sviði. Einnig var talað um fjarkennslu hjá stofnuninni en þó án þess að draga úr formlegum námskeiðum sem hafa þann kost að koma á tengslum nemenda við helstu fræðimenn á þessum sviðum.

Á haustfundi NIVA var jafnframt fjallað um 12 möguleg námskeið á árinu 2005 og lagður grunnur að námskeiðshaldi fyrir 2006. Á fundinum kynnti fulltrúi Norrænu ráðherranefndarinnar skýrslu um starf norrænna stofnana á heilbrigðissviði. Hann lýsti áhyggjum sínum af skýrslunni sem ekki svaraði mikilvægum spurningum um starfsemi þessara stofnana, þ.m.t. NIVA, og taldi hann hana í raun ófullnægjandi. Þetta voru stjórn NIVA nokkur vonbrigði.

Samþykkt var að Ísland tæki við formennsku í stjórn NIVA fyrir árið 2004.

17. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundur.

Í ágúst sl. var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda í Karlskrona í Svíþjóð. Ráðherrarnir fjölluðu m.a. um afnám landamærahindrana, skýrslu um framkvæmd samstarfsáætlunar, breytingu á nafni Norræna heilbrigðisfræðaháskólans og framkvæmd samnings um viðbúnað á heilbrigðissviði. Enn fremur voru umræður um forgangsverkefni formennskulandsins Svíþjóðar, samvinnuverkefni á grannsvæðunum, samskipti við ESB og stöðu velferðarrannsókna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Meginþemu fundarins voru tvö. Annars vegar upplýsingatækni á heilbrigðis- og félagsmálasviðinu og hins vegar gæðamál í heilbrigðisþjónustu. Í upplýsingatæknimálum beindist athyglin einkum að uppbyggingu og þróun heilbrigðisneta. Mikilvægt var talið að kortleggja stöðu mála og koma á skipulegra samstarfi á því sviði. Í gæðamálum var ákveðið að halda áfram samstarfi um gæðamælingar í heilbrigðisþjónustu. Verkefni á þessu sviði, sem unnið var að á árunum 2001–2003 á norrænum vettvangi er nú komið á verkefnaskrá OECD í París.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í apríl á Akureyri var m.a. fjallað um formennskuáætlun Svía, Norrænu tannlækningastofnunina (NIOM), fjármögnun á starfsemi Norræna háskólans í heilbrigðisvísindum, ályktanir Norðurlandaráðs, stofnanir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, fjárhagsáætlun fyrir árið 2004, málefni ESB/EES og önnur alþjóðleg mál. Fundur embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í ágúst snerist aðallega um að undirbúa ráðherra. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í nóvember sl. í Ósló, voru m.a. málefni fatlaðra (Design for alle), sjálfbær þróun, réttindi Norðurlandabúa, upplýsingatækni í heilbrigðis- og félagsmálageirunum, gæðamælingar í heilbrigðiskerfinu, velferðarmál, skipulag norrænna stofnana og fjárframlög til norrænna verkefna á árinu 2004.

Norræni háskólinn í heilbrigðisvísindum (NHV).

Norræni háskólinn í heilbrigðisvísindum er sameiginleg menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræðum. Háskólinn er í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn.

Tuttugu og þrír Íslendingar stunduðu nám við skólann á árinu. Námið er byggt upp með stuttum námskeiðum, heimanámi og verkefnavinnu. Heildarfjöldi námsvikna sem Íslendingarnir tóku á árinu var 80 vikur.

Mikið var unnið að því á árinu að efla tengsl við aðra háskóla sem kenna heilbrigðisfræði á Norðurlöndum og semja um að námskeið sem tekin eru við skólann geti nýst sem námseiningar í öðrum háskólum. Eins og nokkur undanfarin ár átti skólinn samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands um kennslu í rekstri og stjórnun í heilbrigðisþjónustu.

Á árinu fagnaði skólinn hálfrar aldar afmæli og í tengslum við það var nafni skólans breytt úr „Norræna heilbrigðisfræðaháskólanum“ í „Norræna háskólann í heilbrigðisvísindum“ (Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap). Þá var eftir áralangar umræður samið um fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar milli norrænu landanna og greiðslur landanna.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Það er einkum tvennt sem hefur borið hæst í starfsemi NIOM á árinu: Í fyrsta lagi var 30 ára starfsafmælis minnst. Virðist framtíðin fjárhagslega tryggð næstu árin eftir mörg óvissuár og skýrslugerðir um reksturinn. Hefur vinnuandi hjá stofnuninni batnað mikið og vinnuafköst aukist. Ráðist hefur verið í að endurnýja rannsóknartæki samkvæmt sérstakri áætlun og aukafjárveitingu, en mörg tæki og tól voru komin til ára sinna og orðin viðhaldsfrek og úrelt. Þar sem rannsóknir í efnisfræði tannfyllingaefna krefjast mikils og dýrs tækjabúnaðar, hefur vegna fjárskorts ekki verið unnt að koma á fót slíkri rannsóknarstofu við Tannlæknadeild HÍ. Það hefur því verið ómetanlegt að taka með beinum hætti þátt í þessu norræna samstarfi.

Í öðru lagi hefur nýr forstöðumaður NIOM tekið til starfa og eru miklar vonir bundnar við hann. Fráfarandi forstöðumaður fer til annarra starfa vegna starfstímareglu Norrænu ráðherranefndarinnar. Með honum hverfur einstök þekking á þröngu en mikilvægu sérsviði, sem m.a. hefur gert NIOM þekkta á alþjóðavettvangi. Þá hafa heilbrigðisyfirvöld og háskólar á Norðurlöndum og víðar í ríkum mæli notfært sér sérþekkingu NIOM á þessu sérsviði. Nú verður stofnunin að byrja að nýju frá grunni með ærnum tilkostnaði, því aðrir sérfræðingar eru ekki á Norðurlöndum. Að mati fulltrúa Íslands í stjórn stofnunarinnar er mikilvægt að breyta þessari starfstímareglu, til að sérhæfðar stofnanir eins og NIOM eigi sér framtíð og búi ekki við stöðugan atgervisflótta.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

NAD (nordiska nämnden för alkohol och drogforskning) hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. NAD er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og miðla upplýsingum. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir Norðurlandabúa sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. NAD gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsingfors.

NAD hélt tvo reglulega stjórnarfundi á árinu. Á þeim var fjallað um rekstur NAD og teknar ákvarðanir um styrkveitingar og verkefni á vegum nefndarinnar.

NAD hélt á árinu fundi fyrir vísindamenn og rannsóknaraðila um kynjamun í rannsóknum, fíkniefnastefnu í Vestur-Evrópu, um áfengi og streitu og um stefnu í áfengismálum.

Rannsóknarverkefni stendur yfir þar sem borin er saman áfengisneysla á Norðurlöndum og gefin var út skýrslan „Regulating drugs – between users, the police and social workers“.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Meginverkefni NSH er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu verði að veruleika. NSH styrkir mörg verkefni sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. NSH hefur það einnig á stefnuskrá að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun um velferðarsamfélagið. NSH hélt þrjá fundi á árinu.

Á stjórnarfundi miðstöðvarinnar í febrúar sl. var m.a. fjallað um stefnumörkun til framtíðar og hvernig samstarfi NSH og norræna ráðsins um málefni fatlaðra (NHR) skyldi hagað. Ákveðið var að samstarfið yrði tekið til umræðu í heimalöndunum. Einnig var fjallað um skýrslur um stjórnsýsluhindranir í málefnum fatlaðra á Norðurlöndum og aðgengi fyrir alla. Einnig voru umræður um væntanlega ráðstefnu um hvort til væri norræn stefnumörkun í málefnum fatlaðra.

Á stjórnarfundi miðstöðvarinnar í júní sl. var fjallað um vinnuáætlun NSH fyrir starfsárið og kynnt staða Norrænu miðstöðvarinnar fyrir hjálpartæki (NUH). Fjallað var um fjármálalega, stjórnunarlega og skipulagslega úttekt á þeirri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sem snýr að verksviði félagsog heilbrigðisþjónustu. Stefnumörkun NSH og norræna ráðsins um málefni fatlaðra (NHR) um samstarf var áfram til umfjöllunar.

Á stjórnarfundi miðstöðvarinnar í október sl. var fjallað um stöðumat NSH fyrir árið. Kynnt voru helstu verkefni á vegum Norrænu miðstöðvarinnar um hjálpartæki (NUH). Einnig var fjallað um þá úttekt sem hófst á árinu á starfsemi NSH og fleiri stofnana á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Meginmarkmið með starfsemi NUD er að vinna að framgangi og þróun norræns samstarfs á sviði daufblindu. NUD á að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks og þeirra stofnana eða samtaka þar sem það starfar. Norrænt samstarf á að auka gæðin á þjónustu við daufblinda og styrkja norræna samkennd hjá starfsfólki á þessu sviði.

Verkefni NUD eru að:

- sjá starfsfólki, sem vinnur með daufblindum, fyrir norrænni menntun sem styður og bætir fagþekkingu í hverju landi,
- þjóna sem þekkingarmiðstöð á sviði daufblindu,
- safna og þróa þekkingu, viðhalda tengslaneti og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu,
- koma á og stýra starfi við þróun og skráningu grunnþekkingar á þessu sviði.

Haldin voru tvö grunnnámskeið, fjögur þemanámskeið og tvær ráðstefnur. Tvö þemanámskeið voru opin fyrir þátttakendur utan Norðurlanda. Eitt ráðgjafanámskeið var fellt niður vegna lítillar þátttöku og þemanámskeiði um CHARGE heilkennið var frestað til janúar 2004 vegna fjárskorts. 186 þátttakendur voru á þessum námskeiðum, þar af 18 Íslendingar. Einn fyrirlesari var íslenskur.

Auk fyrrgreindrar starfsemi hélt miðstöðin fjögur málþing og átta fyrirlestra í fjarkennslu til samstarfslandanna. Bókasafn NUD var mikið notað til gagnaöflunar og lestrar. Tvö fréttabréf voru gefin út og fjögur hefti með vinnutextum og skýrslum. Nokkrir norrænir hópar hittust á NUD og héldu vinnufundi um ákveðin málefni.

Á sl. ári var skipulagi breytt á einu námskeiði til reynslu (um samskipti við daufblindfædda). Haldið var tveggja vikna námskeið, síðan skipulögð verkefnavinna heima og að síðustu bjóða þátttakendur sínu samstarfsteymi upp á fyrirlestur/ráðgjöf um viðfangsefnið.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir og tengda þætti. Þetta starf fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningar og afmarkanir einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingarnar verði sem líkastar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur aðallega niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu, „Health Statistics in the Nordic Countries" en einnig í sérútgáfum og öðru efni sem birt er á heimasíðu nefndarinnar. Aukin áhersla hefur verið lögð á að gera öll gögn aðgengileg á heimasíðunni www.nom-nos.dk. Ársskýrslu NOMESKO er einnig að finna þar.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustu, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða og fleira. Málþing var haldið í Stokkhólmi í samstarfi við NOSOSKO um sjálfbæra þróun í heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu og niðurstöður hennar gefnar út í riti.

Undanfarin ár hefur NOMESKO átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO og eru stjórnafundir oft haldnir sameiginlega.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Nefndinni ber einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Öll norrænu löndin fimm eiga aðild að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Á árinu var á vegum NOSOSKO og NOMESKO haldin ráðstefna um sjálfbæra þróun, þ.e. hvernig væri hægt að mæla og veita tölulegar upplýsingar um hana á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Í ársskýrslu nefndarinnar var birt skýrsla um hag og félagslegar aðstæður einstæðra foreldra á Norðurlöndum. NOSOSKO hefur um nokkurn tíma aðstoðað Eystrasaltsríkin við að skipuleggja vinnslu á staðtölum og á árinu var gefin út fyrsta sameiginlega skýrsla landanna og nefnist hún „Baltic Social Protection Statistics".

Norræna menntamiðstöðin fyrir þróun félagsþjónustu (NOPUS).

Í byrjun árs var skrifstofa NOPUS flutt til Malmö í Svíþjóð. Á árinu 2002 var gengið frá samningi Norrænu ráðherranefndarinnar og NOPUS um framtíðarstarfsemi NOPUS. Í honum er meðal annars kveðið á um aukna starfsemi NOPUS allt til loka árs 2004 en meginmarkmið starfseminnar er að bjóða upp á menntun/fræðslu fyrir fólk er starfar að félagsþjónustu. Einnig er stefnt að því að auka þátt og samstarf allra stofnana eða skóla er hafa eða gætu boðið upp á slíka fræðslu.

Seinni hluta ársins var mikil vinna lögð í að byggja upp samskiptanet háskóla sem eru áhugasamir að vinna með NOPUS og í að bjóða upp á slíkt nám. Í lok þessa árs náði samskiptanetið til háskóla í öllum norrænu löndunum og hittust tengiliðir þeirra á fundi í janúar. Einnig má nefna að á árinu voru skipulagðar ráðstefnur og er ráðgert að á árinu 2004 verði

haldin ráðstefna í samvinnu við sænsk félagsmálayfirvöld um menntun og fræðslu fyrir fólk í félagsþjónustu. Tveir starfsmenn voru ráðnir að NOPUS. Annar mun halda utan um menntanetið (samstarf milli háskóla landanna) en hinn mun sinna markaðssetningu NOPUS.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina hjá starfsstéttum í heilbrigðis- og dýralæknaþjónustu og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Hann nær nú til alls 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 þeirra. Eftirlitsnefnd fylgist ekki aðeins með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með því að tilkynningarskyldu sé fylgt vegna sviptingu eða takmarkana á starfsleyfum á Norðurlöndum.

Haldinn var einn fundur á árinu, í Kaupmannahöfn í september. Helstu mál voru framkvæmd nýrra starfsreglna nefndarinnar, framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB og að gefnu tilefni var rætt um nánara samstarf á sviði upplýsinga um þá heilbrigðisstarfsmenn sem misst hafa starfsleyfi á Norðurlöndum.

18. Jafnréttismál

Ísland tekur virkan þátt í mörgum norrænum nefndum og verkefnum á sviði jafnréttismála. Hér verður gerð grein fyrir starfi á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, auk samstarfs á Vestur-Norðurlöndum og norðurskautssvæðunum.

Ráðherranefnd jafnréttismála (MR-JÄM).

Ráðherranefndin hélt tvo fundi á árinu. Sá fyrri var í Stokkhólmi í apríl sl., og hann sótti fyrir hönd Íslands ráðherra jafnréttismála, Páll Pétursson. Þetta var sameiginlegur ráðherrafundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Meðal umfjöllunarefna var hvernig halda skyldi áfram baráttunni gegn mansali. Samþykkt var á fundinum yfirlýsing og tillögur, þar sem fram kemur að löndin skuli gera áætlun um aðgerðir gegn verslun með konur og börn.

Seinni fundurinn var haldinn í Stokkhólmi í nóvember sl. Þann fund sótti Árni Magnússon, ráðherra félagsmála. Nýr framkvæmdastjóri norrænnar rannsóknarstofu um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) var kynntur fyrir ráðherrum og síðan var kynning á efninu „klámvæðing í opinberu rými". Á fundinum var samþykkt aðgerðaáætlun um karla og jafnrétti. Einnig var rætt samstarf Norðurlanda við nágrannalöndin svo og jafnréttissamstarf innan ramma Norðlægu víddarinnar (den Nordliga Dimensionen), svo og norrænt starf í aðgerðaáætlun ESB vegna áranna 2004 til 2006.

Embættismannanefnd jafnréttismála (ÄK-JÄM).

Embættismannanefndin hélt fjóra fundi á árinu og síðan var hist á óformlegum vinnufundi í tengslum við ráðherrafund. Unnið var samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrir árin 2001 til 2005, og störfuðu vinnuhópar um flest verkefnin. Ísland á fulltrúa í öllum vinnuhópunum. Áhersla var á samþættingu, sérstaklega á kynja- og jafnréttissjónarmiðum í fjármálum Norrænu ráðherranefndarinnar. Einnig var ákveðið að fara af stað með mat á starfsemi NIKK í tengslum við gerð nýs samnings við stofnunina. Ýmis verkefni sem átti að vinna að á árinu töfðust og munu þau því hefjast á árinu 2004.

Vinnuhópar:

- *Karlar og jafnrétti.*
  Haldnir voru sex vinnufundir á árinu og var einn þeirra hér á landi. Hlutverk hópsins hefur meðal annars verið að reyna að auka hlut karla í jafnréttisumræðu og jafnréttisstarfi. Ákveðið var að fara af stað með verkefni fyrir árin 2004 til 2005. Þá verður staðið fyrir sex ráðstefnum frá árinu 2004 til 2006 og verður ein þeirra hér á landi.
- *Jafnlaunaverkefni.*
  Búið er að kynna tillögu að jafnlaunaverkefni (På sporet af likaløn) sem nú er verið að breyta. Fyrir liggur að farið verður í það verkefni á árinu 2004. Það er samstarfsverkefni milli ÄK-JÄM og ÄK-A (embættismannanefndarinnar á sviði atvinnumála). Fulltrúi Íslands í verkefninu er frá Jafnréttisstofu. Þungamiðja þess er að kanna af hverju launamunurinn minnkar svona hægt og lítið, þrátt fyrir að konur hafi í auknum mæli tileinkað sér þekkingu og atferli karla.
- *Samstarf við Eystrasaltsríkin.*
  Verið er að vinna að nýju samstarfsverkefni með Eystrasaltsríkjunum fyrir árin 2004 til 2005. Fulltrúi Íslands í vinnuhópnum var framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.
  Í samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna fyrir árin 2001 til 2003 var lögð áhersla á eftirfarandi þætti: Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í sameiginlegum verkefnum og áætlunum, samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð, atvinnurekstur kvenna, ofbeldi gegn konum, karla og jafnrétti og loks ungt fólk og jafnrétti.
- *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð.*
  Norræna ráðherranefndin hefur undanfarin ár unnið að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumörkun og daglegu starfi nefndarinnar. Þetta hefur verið samstarfsverkefni milli fjármála- og jafnréttissviða stjórnsýslunnar. Árið 2002 var samþykkt áætlun um samþættingu í fjárhagsáætlanagerð ráðherranefndanna og tekið upp ákveðið vinnulag til að tryggja að svo megi verða. Vinnuhópur tók til starfa á sama tíma. Lítið gerðist í þessu verkefni á árinu annað en að undir lok ársins var verið að ráða verkefnastjóra. Fulltrúar Íslands í verkefninu voru frá fjármálaráðuneyti og Jafnréttisstofu.
- *Mansal.*
  Eitt af aðalhersluatriðum framkvæmdaáætlunar ÄK-JÄM er baráttan gegn kynbundnu ofbeldi. Á árinu var haldið áfram átaki gegn mansali og er því starfi nú að mestu lokið, aðeins er eftir að ganga frá skýrslu. Vinnuhópur með norrænum fulltrúum og fulltrúum Eystrasaltsríkjanna hafði umsjón með átakinu og að auki voru skipaðir starfshópar í hverju landi. Fulltrúar Íslands í erlenda starfshópnum voru frá dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofu. Heimasíða verkefnisins er http://www.nordic-balticcampaign.org/. Ekki hefur verið ákveðið hvort og þá hvernig unnið skuli að þessu verkefni í framtíðinni.
- *Vefsíða um jafnréttismál.*
  Á árinu var unnið að upplýsingastefnu embættismannanefndarinnar. Megináhersla var á að miðla upplýsingum á Netinu, bæði í tengslum við NIKK (sjá að neðan) og með vefsíðu á vefsetri Norrænu ráðherranefndarinnar. Starfandi var ritstjórn sem fundaði í gegnum síma og netið. Sérfræðingur á Jafnréttisstofu var fulltrúi Íslands í stjórninni. Vefslóðin er www.norden.org/gender. Nú um skeið hefur ekki verið starfandi vefstjóri. Í félagsmálaráðuneytinu á Íslandi er verið að auglýsa eftir nýjum ritstjóra og mun hann hefja störf í byrjun árs 2004.

- *NIKK – Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir.*
  Í stjórn NIKK situr fyrir Íslands hönd lektor við Háskóla Íslands. Nú eru hlutlausir aðilar að meta starfsemi stofnunarinnar og er búist við niðurstöðu árið 2004. NIKK stóð fyrir öflugri útgáfu og fjölmörgum rannsóknarverkefnum á árinu. NIKK heldur úti mjög virkum upplýsingavef á heimasíðu sinni http://www.nikk.uio.no/ og þar eru upplýsingar um útgáfu, verkefni og ýmislegt annað.
- *Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA).*
  Á vegum NorFA er starfrækt rannsóknaráætlunin „Kön och våld", sem miðar að því að kanna umfang, eðli og leiðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi á Norðurlöndum. Sérfræðingur á Jafnréttisstofu er fulltrúi Íslands í úthlutunarnefndinni.
  Önnur rannsóknaráætlun á vegum NorFA, „Velferðaráætlunin", hófst á árinu 2002. Jafnréttisstofa tók þátt í tveimur jafnréttisverkefnum á því sviði á árinu.
- *Konur fara, karlar eru um kyrrt.*
  Byggðarannsóknastofnunin á Akureyri og Jafnréttisstofa taka saman þátt í verkefni á vegum norræna velferðarrannsóknarverkefnisins. Verkefnið ber heitið „Kvinner reiser, menn blir" og beinist að því að kanna orsakir og afleiðingar þess að konur flytja frekar en karlar af jaðarsvæðum á norðurslóð. Hvað Ísland varðar hefur verið ákveðið að beina athyglinni að þremur stórum svæðum. Á árinu hófst gagnasöfnun hérlendis, bæði söfnun tölfræðilegra gagna og viðtala við fólk sem hefur búið alla tíð á ákveðnu svæði, fólk sem hefur flutt og það fólk sem hefur flutt burtu en komið aftur. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2004.
- *Velferð, karlar og félagslegt frumkvæði.*
  Hitt verkefnið sem Jafnréttisstofa er aðili að heitir „Velferd, maskulinitet og social innovation". Þar er sjónum beint að því hvernig staða og hegðun kynjanna, karla sérstaklega, breytist með auknu jafnrétti. Hvaða áhrif hefur það á stöðu karla og samspil launavinnu og fjölskyldulífs að konur eru sífellt að auka þátttöku sína á vinnumarkaði og karlar taka aukinn þátt í heimilisstörfum og uppeldi og umönnun barna? Hérlendis verður sjónum einkum beint að áhrifum hinna nýju laga um fæðingar- og foreldraorlof. Árið 2002 var unnið að sameiginlegum viðtalsvísi sem síðan verður lagaður að hinum einstöku rannsóknarverkefnum. Verkefninu lýkur 2004.
- *Norðurskautsráðið.*
  Jafnréttisstofa hefur tekið virkan þátt í samstarfi á norðurskautssvæðunum, en nokkur óvissa er um hvernig þessu verður háttað í framtíðinni. Heimasíða Norðurskautsráðsins er á vefslóðinni http://www.arctic-council.org. Ísland gegnir nú formennsku í ráðinu.
- *Vestnorrænt samstarf.*
  Í maí 2000 var samþykkt þingsályktun um nokkur vestnorræn samstarfsverkefni, flest á jafnréttissviði. Aðeins einu þeirra hefur verið hrint úr vör. Það er starfshópur um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart konum. Í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landanna þriggja, einn frá jafnréttissviðinu og einn frá þeim sem starfa að stuðningi við konur sem beittar eru ofbeldi. Til stóð að gera skýrslu um verkefnið en því er ekki enn lokið.
- *Ráðstefna um konur og lýðræði.*
  Ráðstefna um konur og lýðræði var haldin í Tallinn í Eistlandi. Hún var sú þriðja í röðinni en sú fyrsta var haldin 1998. Á ráðstefnunni voru tekin fyrir ólík efni, svo sem konur og ákvarðanir, konur og efnahagsleg völd, ofbeldi gegn konum og konur og fjölmiðlar. Í hverjum málaflokki voru nokkrir undirhópar. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 700 stjórnmálamenn, embættismenn, fræðimenn og fulltrúar frjálsra félagasamtaka.

- *Ráðstefna um innflytjendakonur.*
  Í Malmö í Svíþjóð var haldin ráðstefna um innflytjendakonur. Frá Íslandi fór hópur kvenna, aðfluttar og aðrar. Upp úr þessari ráðstefnu voru stofnuð fyrstu samtök innflytjendakvenna á Íslandi.
- *Undirbúningur ráðstefnu um kvennahreyfingar.*
  Í júní 2004 verður haldin ráðstefna á Íslandi um norrænar kvennahreyfingar frá 1974 til 2004. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu var fulltrúi ÄK-JÄM í undirbúningshópnum. Verkefnið er styrkt af ÄK-JÄM.

19. Vímuefnamál

Svíar, sem fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu, buðu til fundar í embættismannanefndinni um vímuefnamál (EK-Narko) í Stokkhólmi í mars sl. Fundarefnið var að vanda nokkuð af sama toga og áður, þar sem farið var yfir þau höfuðatriði, sem málaflokkinn varða, svo sem yfirlit frá ýmsum aðilum, sem vinna á vettvangi eða stunda rannsóknir og bar þar hátt skýrsla NAD (Nordiska nämden for alkohol og drogforskning), PTN (Polis och Tull i Norden) og Dublin-hópsins.

Á fundinum kynnti ráðherranefndarskrifstofan nokkur fróðleg atriði svo sem starfið varðandi Norðlægu víddina og verkefni Poul Schlüters um afnám landamærahindrana. Þessum málum tengist umræða um lyfjakort, sem ferðamenn þurfa að hafa meðferðis eftir að Schengen-samstarfið varð að veruleika. Á fundinum var ákveðið að tilnefna einn lyfjafræðing frá stjórnvöldum hvers lands til að finna flöt á því máli. Mjög mikill munur hefur verið á hve mörgum lyfjum, löglegum og ólöglegum, hvert land hefur viljað koma fyrir á þeim lyfjalistum, sem neytendum ber að hafa með sér til að sýna við landamærastöðvar á Norðurlöndum á komandi árum, sé þess óskað. Þetta verður auðvitað að samræma svo vel sé.

Farið var yfir styrki til rannsókna á árinu og var hlutur Íslands aðallega tengdur könnun um lífsvenjur ungmenna og neyslu þeirra á vímuefnum, áfengi og tóbaki. Þetta verkefni hefur verið í gangi í eyjasamfélögunum á Norðurlöndum, þ.e. á Álandi, í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Könnunin gengur samkvæmt áætlun og verða niðurstöður hennar væntanlega kynntar á árinu 2004.

Ljóst er að breytingar eru í aðsigi vegna inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB, því áherslur nágranna þeirra á Norðurlöndum eru að byrja að taka mið af breyttu umhverfi. Sem eitt vestnorrænu landanna er Ísland enn sem fyrr heils hugar fylgjandi góðu samstarfi við þessi ríki sem og Rússland.

Seinni fundur EK-Narko og fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vímuefnamál (MR-Narko) var haldinn í Lundi í september sl. Á fundinum var umræða um menntun þeirra, sem fara með ýmsa þætti málaflokksins. Fulltrúi PTN lýsti því yfir, að vaxandi gróska væri í samstarfi lögreglu- og tollayfirvalda og var því fagnað. Lyf á landamærum voru enn á dagskrá svo og fleiri mál, sem eru fastir liðir á dagskránni. Fundinum lauk með því að blaðamönnum var boðið að ræða við ráðherra, sem sátu fyrir svörum.

Fulltrúar Íslands í EK-Narko telja það æskilegt að allir fulltrúar Íslands í nefndinni gætu setið þá fundi, sem haldnir eru.

20. Iðnaður og atvinnumál

Bætt samkeppnisstaða norrænu þjóðanna er meginviðfangsefni ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. Starfið tekur fyrst og fremst mið af stefnuskjalinu „Ný norræn dagskrá“ og samstarfsáætluninni „Nordiskt Näringspolitiskt samarbetsprogram 2002–2005“ sem m.a. hefur að markmiði að afmá réttarheimildir sem standa í vegi samstarfs milli landanna og bættrar samkeppnisstöðu þeirra. Í samræmi við þetta nefndu Svíar formennskuáætlun sína „Norðurlöndin sem heild“ sem er framhald af umræðu fyrra árs um skýrslu Ole Norrback „Réttindi Norðurlandabúa“ sem unnin var fyrir norrænu samstarfsráðherrana.

Í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn var efnt til ráðstefnu í Karlstad í maí um „Entreprenørskap og regelforenkling for øgt nordisk konkurransekraft“. Á grundvelli niðurstaðna ráðstefnunnar var m.a. ákveðið að norrænu löndin ynnu sameiginlega að því að innleiða löggjöf um Evrópuhlutafélög og evrópskar tilskipanir um lögmælifræði.

Fjallað var um skattamál fyrirtækja og mismunandi skattlagningu í löndunum, m.a í tilefni af útgáfu skýrslunnar: „Skat og lokalisering“ sem unnin var af ECON Analyse fyrir ráðherranefndina. Þar kemur m.a. fram að margskonar hindranir eru í vegi aukins samstarfs og sameiningar fyrirtækja yfir landamærin, sem í mörgum tilvikum er talin nauðsynleg til að mæta alþjóðlegri samkeppni.

Ljóst er að umtalsverðar landamærahindranir eru á Norðurlöndum og standa þær í vegi fyrir þróun atvinnulífsins. Ákveðið var að úttekt yrði gerð á þeim og tók Norræni iðnaðarsjóðurinn það verk að sér. Fyrsti hluti þeirrar vinnu hófst á árinu og felst í því að safna saman og vinna úr fyrirliggjandi skýrslum og öðrum gögnum sem gerð hafa verið síðustu fimm árin, eða frá 1998. Að því loknu verður síðari hlutinn skilgreindur. Stefnt er að því að lokaskýrsla og aðgerðaáætlun verði tilbúin fyrir norrænan ráðherrafund um iðnaðar- og atvinnumál sem haldinn verður á Íslandi haustið 2004. Þessi skýrsla verður veigamesta framlag atvinnumálaráðherranna í þeirri samræmdu vinnu að afnema hindranir á norrænum landamærum, sem Poul Schluter er talsmaður fyrir.

Hvítbók Gustavs Björkstrands: „NORIA – Vitbok om nordisk forskning og innovation“ var talsvert til umfjöllunar meginhluta ársins. Skýrslan var unnin fyrir norrænu menntamálaráðherrana og er tillaga að stefnumótun fyrir samstarfið á vísindasviði. Mikilvægur hluti stefnumótunarinnar fjallar engu að síður um nýsköpun og málefni atvinnulífsins. NORIA stendur fyrir „Nordic Research and Innovation Area“ og lýsir því að stefnur í vísindum og nýsköpun þurfa að taka mið hvor af annarri, eins og nú er gert í opinberri stefnumótun á Íslandi og í Finnlandi.

Hvítbókin er gott framlag sem legið getur til grundvallar fyrir nánara mati á samræmingu á áherslum á sviði vísinda og nýsköpunar. Fyrirliggjandi vinna tekur þó aðeins að litlu leyti á þeim þætti sem snýr að nýsköpun og atvinnuþróun. Því var ákveðið að á vegum atvinnumálaráðherra yrði á næsta ári gerð úttekt á nýsköpun á Norðurlöndum og hver ávinningur af umræddri samræmingu gæti orðið fyrir atvinnulífið og samkeppnisstöðu landanna. Þessi skýrsla hefur fengið heitið „Innovasjonsboken“. Samráð verður haft við fulltrúa menntamálaráðherra Norðurlanda um gerð nýsköpunarbókarinnar.

Áfram var unnið að sameiningu Norræna iðnaðarsjóðsins og Norrænu prófunarstofunnar. Grunnur að þessari vinnu var lagður á árinu 2002 en þá komu fram efasemdir um að rekstrarform hinna fjölmörgu smærri stofnana sem reknar eru á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar skiluðu tilætluðum árangri. Við skoðun á starfsemi þeirra kom í ljós að hvor stofnunin fyrir sig hefur skilað góðum árangri en hann mætti engu að síður bæta með sameiningu. Einnig gæfist gott tækifæri til að leggja nýjar áherslur í starfið sem tækju mið af alþjóðlegri

þróun. Ráðherrarnir samþykktu sameininguna á fundi sínum í september. Ný stofnun, Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe), tekur til starfa við upphaf ársins 2004.

Segja má að hlutverk NICe verði að vinna að framgangi þeirra meginmála sem greint er frá hér að framan. Þannig eiga þau verkefni, sem NICe tekur þátt í, að stuðla að sameiginlegum þekkingarmarkaði á Norðurlöndum, aukinni nýsköpun og samkeppnishæfara atvinnulífi. NICe á að vinna að því að Norðurlönd verði hindrunarlaus innri markaður fyrir frjálsan flutning þekkingar, hæfni, hugmynda, fjármagns, fólks og afurða. Lögð verður áhersla á að styrkja samkeppnishæfni Norðurlanda með því að byggja þau upp sem eina samstæða heild sem mun veita þeim brautargengi í evrópsku og einnig alþjóðlegu tilliti.

Áherslur Íslands á árinu 2004 munu taka mið af því nýja umhverfi sem grunnur var lagður að á árinu 2003 og verða þær aðallega þrjár. Í fyrsta lagi að gera aðgerðaráætlun fyrir afnám hindrana í atvinnulífinu. Í öðru lagi að leiða vinnu við nýsköpunarbókina og meta ávinning af samstarfi um stefnumótun á sviði vísinda og nýsköpunar. Í þriðja lagi að skapa NICe þá stöðu að hún geti náð þeim markmiðum sem liggja til grundvallar stofnunar hennar.

Ferðaþjónusta og umhverfisvernd eru málaflokkar sem iðnaðarráðherrarnir láta sig varða. M.a. hefur verið starfandi vinnuhópur um ferðaþjónustu frá árinu 2000 (Næringssektorens adhoc arbejdsgruppe for turisme). Lokið var við skýrslu um sjálfbæra ferðaþjónustu: „A Road Map for Sustainable Tourism in the Nordic Countries" en í henni eru sett fram markmið sem norrænu löndin vilja vinna að í sameiningu. Meðal þess er fræðsla um sjálfbæra ferðaþjónustu; þróun sameiginlegra viðmiða (indikatorer) fyrir rekstur sjálfbærrar ferðaþjónustu; og innleiðing aðferða við umhverfisstjórnun svo nokkuð sé nefnt. Einnig verður unnið að stefnumótun um sjálfbæra ferðaþjónustu á norðurskautssvæðum (bæredygtig arktisk turisme) og sameiginlegum norrænum vef um ferðaþjónustu.

Í desember sl. var haldinn norrænn samstarfsfundur á sviði félagaréttar þar sem rætt var um Evrópufélög. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni fari samstarf á sviði félagaréttar fram í norrænni nefnd en fyrirsjáanlegt er að starf á því sviði muni aukast til muna, einkum vegna samþykktar framkvæmdaáætlunar ESB á árinu.

Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI).

Norræni iðnaðarsjóðurinn (Nordisk Industrifond – senter for innovation og næringsutvikling) er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnað og atvinnumál. (Sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 26.5.)

Norræna prófunarstofan (Nordtest).

Árið 2003 markaði 30 ára starfsafmæli Nordtest. Síðastliðin ár hafa áherslur í starfsemi Nordtest breyst frá prófunaraðferðum yfir í breiðara svið „conformity assessment" (CA) eða samræmingu krafna og prófana. Um áramótin 2003–2004 sameinast Nordtest og Norræni iðnaðarsjóðurinn í nýrri norrænni stofnun, Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (Nordisk Innovationscenter). Starfsemi hennar mun m.a. halda áfram að stuðla að betri innri markaðsaðstæðum á Norðurlöndum. Enn þann dag í dag eru viðskiptahindranir á Norðurlöndum. Norræn samkeppni getur enn styrkst með norrænum heimamarkaði.

Um 50 verkefnum var lokið á árinu. Alls voru samþykktar 24 nýjar og endurbættar Nordtest-aðferðir og 30 Nordtest-skýrslur voru gefnar út. Hafist var handa við 48 ný verkefni og önnur 12 héldu áfram. Alls var um 116 millj. kr. varið til nýrra verkefna.

Nordtest-vinnuhópunum var fækkað á árinu úr níu í sex. Helstu viðfangsefni þeirra, fyrir utan að meta verkefni, hafa verið að endurskoða og aðlaga starfsemina til samræmis við breytt starfsvið Nordtest.

Þrír markaðshópar á vegum Nordtest hafa starfað og hefur einn þeirra, sem fjallaði um málm- og vélaframleiðslu skilað tillögum. Þar er athygli beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eiga erfitt uppdráttar vegna þeirra samhæfðu staðla sem ný tilskipun kveður á um. Fyrirtækjunum reynist erfitt að standa undir þessum kvöðum og geta lítið haft áhrif á þróun nýrra staðla.

Nýr norrænn hópur var settur á laggirnar í byrjun ársins. Hlutverk hans er að kanna þörf og áhuga á vottunaráætlun við sýnasöfnun úrgangs, mengaðs jarðvegs, grunnvatns og botnsets. Niðurstöður hópsins voru þær að áhugi er fyrir hendi og munu tillögur liggja fyrir við árslok 2004.

Nordtest hefur unnið í verkefninu NordProLink, sem er samvinna milli norrænna rannsóknarstofa og aðila sem vinna við samræmingu krafna og prófana (CA) í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Markmið þess er að styrkja samvinnu á þessu sviði milli landanna.

Hlutverk Nordtest hefur verið að leggja sitt af mörkum til CA-mála á alþjóðavettvangi og er þar áherslan á norrænni nálgun og sérstaklega málefnum sem snerta lítil og meðalstór fyrirtæki. Samvinna við EUROLAB, CEN/STAR og CEN/SABE hefur haldið áfram og Nordtest er aðili að netsamstarfinu METROPOLIS sem er evrópskt verkefni um mælitækni á umhverfissviði með 38 aðilum frá 17 Evrópuríkjum.

Heimasíða Nordtest hefur verið mikilvæg við miðlun upplýsinga um starfsemina. Fjöldi heimsókna, pantana og gagnaöflunar frá heimasíðunni hefur fjölgað umtalsvert á árinu. Allar Nordtest-aðferðirnar eru aðgengilegar í gegnum www.nordtest.org.

Þá hefur Nordtest staðið fyrir mörgum ráðstefnum á árinu, t.d. var haldin í Borås í Svíþjóð ráðstefna um norræna mælitækni þar sem gefin var út skýrsla um framtíð mælitækni á Norðurlöndum. Enn fremur var haldin fyrirlestraröð í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn (NI), Norrænu stofnunina um vísindamenntun (NorFA), NEFR og norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Tallinn og Vilnius.

21. Húsnæðis- og byggingarmál

Samstarfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði húsnæðis- og byggingarmála fyrir tímabilið 2002–2005 sem húsnæðisráðherrarnir samþykktu árið 2001. Áætlunin miðast við samstarf um félagsleg húsnæðismál, sjálfbæra þróun húsnæðis- og byggingarmála og borgarstefnu. Á formennskuári Svía var lögð áhersla á að leita leiða til að lækka byggingarog húsnæðiskostnað og draga úr landamærahindrunum vegna byggingarstarfsemi og viðskipti með byggingarvörur.

Á árinu var haldinn húsnæðisráðherrafundur (MR-BO), fjórir fundir í embættismannanefndinni (EK-BYGG) og sameiginlegur fundur með embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum og Póllandi um áætlun um aukið samstarf um viðskipti með byggingarvörur og byggingarstarfsemi. Í upphafi ársins komu Færeyingar inn í starf embættismannanefndarinnar og á síðasta fund ársins mætti fulltrúi Grænlendinga á fund nefndarinnar og tilkynnti um þátttöku.

Á ráðstefnum og fundum á vegum samstarfsins var meðal annars fjallað um stefnumótun í félagslegum húsnæðismálum, íbúðaskort og vandamál húsnæðislausra, um jafnvægi byggðasvæða og neikvæðar afleiðingar fólksfækkunar fyrir húsnæðismarkað. Einnig var fjallað um húsnæðiskostnað og borgarstefnu.

Útgáfa og rannsóknarstarf.

Veittur var styrkur til forverkefnis um aðgengi að byggingum undir heitinu „Virkemidler til fremme af tilgængelighed" árið 2001. Markmið þess er að kortleggja hvaða aðferðum er beitt til að bæta aðgengi að eldri og nýrri byggingum. EK-BYGG veitti viðbótarstyrk árið 2002 til að ljúka skýrslu um verkefnið og kom hún út á árinu undir heitinu „Et Norden för alle" (TemaNord 2003:511). Skýrslan er fyrsta samantekt um aðgerðir til að auka og bæta aðgengi í byggingum og mannvirkjum. Markmið með yfirlitinu er að hvetja til samstarfs margra aðila sem nauðsynlegt er þegar bæta þarf aðgengi að eldri mannvirkjum og húsum.

Á vegum Íslands var unnið að rannsóknarverkefni um framtíð félagslegrar húsnæðisstefnu þar sem fjallað er um stöðu og framtíðarþróun á Norðurlöndum. Skýrsla undir heitinu „Allmännyttiga och sociala bostäders framtid i Norden" kom út á árinu (TemaNord 2003:536). Skýrslan verður til umfjöllunar á ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi árið 2004.

Á árinu var unnið að verkefni sem fjallar um samanburð á norrænni byggingarlöggjöf. Endurskoðun byggingarlaga og reglugerða er víða á döfinni. Rannsóknarverkefnið heitir „Sammenligning af Nordisk bygningslovgivning". Á vegum norska íbúðalánasjóðsins (Husbanken) var unnið að verkefni um samræmingu á tölfræðilegum upplýsingum um húsnæðismál undir heitinu „Kartläggning av statistikproduktionen för bygg- och bostadssektorn".

Samanburður á borgarstefnu er verkefni sem unnið er að undir heitinu „Erfaringer med implementering af bypolitik i de nordiske lande". Markmiðið er að kortleggja og greina áhrif borgarstefnu á Norðurlöndum. Niðurstöður eiga að liggja fyrir árið 2004 og verða kynntar á ráðstefnu undir heitinu „Bypolitik og boligpolitik".

Ráðstefnur og fundir.

Húsnæðismál í ljósi byggðaþróunar og ólíkra aðstæðna sveitarfélaga voru í brennidepli á árinu. Efnt var til ráðstefnu á Íslandi (í Reykholti í Borgarfirði) um jafnvægi byggðasvæða, neikvæðar afleiðingar fólksfækkunar fyrir húsnæðismarkað og þróun þéttbýlissvæða undir heitinu „Regioner i balans". Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Borgarfræðasetur og Byggðastofnun. Fyrirlesarar hvaðanæva að á Norðurlöndum fluttu erindi á málþinginu.

Í september sl. var haldinn í Gautaborg samráðsfundur embættismannanefndarinnar og embættismanna frá Eystrasaltríkjunum og Póllandi um aðgerðir til að afnema hindranir annars vegar innbyrðis milli landanna í viðskiptum með byggingarvörur og byggingarstarfsemi og hins vegar milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna og Póllands. Markmiðið er meðal annars að lækka byggingar- og húsnæðiskostnað. Lögð var fram greinargerð undir heitinu „The Nordic and Baltic regions – a common market for constructions and management of housing". Í fyrstu var einungis miðað við Eystrasaltríkin en á síðari stigum var Póllandi bætt við. Greinargerðin fjallar um reglur sem hindra viðskipti milli landanna, byggingarmarkað og byggingarkostnað. Á fundinum var samþykkt samstarfsáætlun um aukið samstarf milli landanna í húsnæðis- og byggingarmálum (Action plan for increased exchange in the building sector between the Nordic countries and between the Nordic and the Baltic regions and Poland).

Í lok október sl. var haldinn húsnæðisráðherrafundur í Ósló í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Á fundinum ræddu ráðherrarnir meðal annars aðgerðir til að aðstoða fólk sem á erfitt uppdráttar á húsnæðismarkaði og um úrræði fyrir húsnæðislausa sem er vaxandi vandamál. Kynnt var samstarfsáætlun um aukið samstarf Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og Póllands. Þá var fjallað um skýrsluna „Allmännyttinga och sociala bostäders framtid" og stöðu félagslegra íbúðamála í löndunum. Byggðaþróun og húsnæðismál voru einnig rædd en

svipuð þróun hefur verið í öllum norrænu löndunum. Húsnæðisvandi norrænna dreifbýlissvæða hefur með tímanum birst meir og meir í æ fleiri félagslegum íbúðum sem standa auðar. Þá hafa þeir íbúar dreifbýlissvæða sem búa í eigin húsnæði lent í erfiðleikum vegna verðfalls á eigum sínum þegar þeir hafa neyðst til þess að flytja á brott. Norrænar stjórnsýslustofnanir á sviði húsnæðismála hafa á undanförnum árum orðið að grípa til margvíslegra aðgerða í því skyni að ráða bót á erfiðleikum af þessu tagi. Ísland kynnti áform um að efna til rannsóknarverkefnis á formennskuárinu um jafnvægi og ójafnvægi í búsetumynstri á Norðurlöndum.

22. Neytendamál

Undir forystu Svía var á árinu lögð áhersla á aukinn samruna (integration) á Norðurlöndum jafnt innan landamæra þeirra sem og yfir landamærin. Einföldun lagareglna hefur leitt til aukins frelsis og meiri samruna á ýmsum sviðum sem snertir mikinn fjölda einstaklinga og fyrirtækja með beinum eða óbeinum hætti. Til umræðu á árinu var því hvernig þessi samrunaþróun kemur fram í fyrsta lagi í ríkjunum. Í öðru lagi hvernig hún kemur fram í samskiptum milli norrænu ríkjanna og í þriðja lagi gagnvart grannsvæðunum (Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi). Loks í fjórða lagi með hvaða hætti þessi þróun hefur áhrif á samstarf ríkjanna um Evrópumál.

Framangreind áhersluatriði mótuðu dagskrá og umræður funda og verkefna sem unnið var að á neytendasviði í norrænu samstarfi. Í framtíðinni mun t.d. í embættismannanefndinni um neytendamál verða lögð aukin áhersla á að ræða ýmis mikilvæg málefni sem eru á döfinni hverju sinni á vettvangi ESB enda er þar sífellt lögð meiri áhersla á málefni neytenda, sbr. 153. gr. Rómarsáttmálans.

Ráðherrafundur neytendamála var haldinn í Svíþjóð í ágúst sl. Það er staðreynd að neytendamál er málaflokkur sem fellur undir ólík ráðuneyti á Norðurlöndum en það telur sænski landbúnaðarráðherrann, sem nú gegnir stöðu neytendamálaráðherra, aðeins vera til þess fallið að breikka og styrkja samstarfið á þessu sviði. Á fundinum var einnig rætt um nýja starfs- og stefnuáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála en núgildandi áætlun fyrir samstarfið rennur út í lok ársins 2004. Undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun er nú þegar hafinn og var í mars sl. haldinn opinn fundur fyrir öll frjáls félagasamtök sem með einum eða öðrum hætti vinna að málefnum er snerta hag og hagsmuni neytenda (fölkrörelsesdag). Auk þess var embættismannanefndinni falið að vinna að frekari undirbúningi þannig að unnt verði að samþykkja nýja stefnu- og framkvæmdaáætlun á næsta ráðherrafundi á Íslandi árið 2004. Á fundinum ræddu ráðherrar einnig um nauðsyn þess að sjónarmið neytenda nái einnig fram að ganga við gerð og undirbúning staðla en ekki einungis sjónarmið framleiðenda og annarra sérfræðinga sem vinna að gerð alþjóðlegra staðla. Til þess að ná sem bestum árangri á þessu sviði, en það er einnig kostnaðarminnst, sé æskilegt að vandlega sé hugað að upphafi staðlavinnunnar þ.e. samþykkt svonefndra umboða til staðlagerðar og með því tryggt að tekið verði tillit til grunnþarfa neytenda þegar öryggisstaðlar fyrir vörur eru þróaðir. Í tengslum við framþróun laga og reglna sem gilda eiga í samskiptum neytenda og seljenda er mikilvægt að byggt sé á traustum gögnum og upplýsingum um þau vandamál sem raunverulega eru fyrir hendi á markaðnum. Á ráðherrafundinum var því samþykkt að fela embættismannanefndinni að hafa samstarf við framkvæmdastjórn ESB um uppbyggingu á gagnagrunni sem geti veitt mikilvægar upplýsingar og verið mælikvarði á ánægju neytenda á markaði. Ráðherrar ræddu einnig um sífellt vaxandi þrýsting sem börn og unglingar verða fyrir með beinni markaðs-

sókn fyrirtækja á þennan markhóp neytenda. Samþykkt var að í samstarfinu á árinu 2004 verði lögð áhersla á verkefni og athuganir sem geti varpað betra ljósi á þann vanda sem sum norræn heimili standa frammi fyrir á þessu sviði. Í lok fundarins opnuðu ráðherrarnir heimasíðu með safni ókeypis forrita sem neytendum stendur til boða að nýta sér til ýmissa hluta, sbr. vefsíðan www.nordicos.org.

Loks hélt embættismannanefndin á sviði neytendamála sinn fyrsta fund með samstarfsaðilum í ráðuneytum Eistlands, Lettlands og Litháen. Þess er vænst að í kjölfar þessa fyrsta fundar megi takast að þróa nánara samstarf milli Norðurlanda og þessara nýju aðildarríkja ESB.

23. Matvælamál

Undir norrænu ráðherranefndinni um matvæli, sjávarútveg, landbúnað og skógrækt starfa þrjár embættismannanefndir: embættismannanefnd um matvæli (EK-Livs), embættismannanefnd um sjávarútveg (NEF) og embættismannanefnd um landbúnað og skógrækt (NEJS).

Í samræmi við svokallaða „Grænlandsyfirlýsingu" frá árinu 2002 hafa norræna embættismannanefndin um matvælamál og fastanefndir á hennar vegum, sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldismál (NKE), sett heilsuvernd neytenda í öndvegi á árinu með því að leggja áherslu á:

- að tryggja neytendum örugg matvæli,
- að verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli,
- að fræða neytendur um heilnæmi matvæla,
- að unnið sé í anda sjálfbærrar þróunar.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda embættismannanefndarinnar um matvæli svo og undirnefnda þar sem unnið er að sérgreindum verkefnum tengdum matvælum. Heildarendurskoðun matvælalöggjafar hjá ESB undanfarin missiri hefur verið grundvöllur fyrir norrænu samstarfi á matvælasviði. Unnið hefur verið að því að samstilla breytta framkvæmd og túlkun matvælalöggjafarinnar á Norðurlöndum og setja fram samræmdar norrænar útfærslur og innlegg í umræðuna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Afrakstur þessara verkefna eru tengiliðanet sérfræðinga, útgáfa af prentuðu efni, ráðstefnur, námskeið o.fl.

Eftirtaldir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru skipulögð á Íslandi á árinu:

- Hið evrópska viðvörunarkerfi fyrir matvæli og fóður (RASFF). Þátttakendur voru hvaðanæva að á Norðurlöndum. Í kjölfar þessa verkefnis hefur Ísland lagt til að komið verði á fót norrænu tengiliðaneti um RASFF. Þá verður gefin út skýrsla á næsta ári.
- Fundur um þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk í matvælafyrirtækjum og verður skýrsla gefin út á næsta ári.
- Tengiliðanet um næringarfræðileg málefni (Sär-När Nätverk). Þetta er tengslanet norrænna þjóða þar sem umfjöllunarefnið er allt sem viðkemur sérfæði. Auk þess er fjallað um úrlausnarefni er tengjast íblöndun bætiefna í matvæli, fæðubótarefnum, ofnæmi og óþoli, markfæði og mörgu öðru sem snertir hina ýmsu fleti næringarfræðinnar. Reynt er að samræma stefnumótun og afgreiðslu mála t.d. um takmarkanir á heilsufullyrðingum sem nota má þegar matvæli eru markaðssett.
- Verkefni um sjálfbæra þróun er varðar matvælaöryggi, þ.e. gerð tillagna að vísum (indikatorum) til að fylgjast með þróun helstu atriða er hafa áhrif á öryggi matvæla gagnvart neytendum. Með verkefninu er ætlunin að leggja fram tillögur að nýjum markmiðum og

leiðum til að auka öryggi matvæla ásamt því að leggja til vöktunarvísa til að fylgjast með þróun og árangri. Ráðgert er að gefa út skýrslu með lokatillögum að vöktunarvísum á sjálfbærri þróun á Norðurlöndum.
- Málþing um campylobacter undir yfirskriftinni „Interventions aimed at reducing the risk of acquiring campylobacter from poultry products". Með verkefninu er ætlunin að safna saman og meta upplýsingar um reynslu norrænu landanna af íhlutandi aðgerðum sem leitt hafa til að dregið hefur úr campylobactermengun í alifuglum. Farið var yfir stöðu mála hvað varðar þróun sýkinga af völdum campylobacter og tíðni bakteríunnar í helstu sláturdýrum og matvælum. Settar voru fram tillögur að framtíðaraðgerðum til að draga úr hættunni á smiti í alifuglum og þar með sýkingum í mönnum af völdum kampýlóbakter. Stefnt er að því að birta enska skýrslu úr verkefninu um mitt næsta ár.

Auk þessa tók Ísland m.a. þátt í verkefnum og fundum um:
- Umbúðir matvæla — tengslanet.
- Áhættumat í fiski ef olíuslys verður á fiskimiðum (NNT).
- Merkingar matvæla — tengslanet.
- Varnarefnaeftirlit (NNK).
- Kjöteftirlit (NNK).
- Rekjanleika (NNK).
- Bragðefni (NNT).
- Viðbragðsáætlanir.
- Norræna eftirlitsráðstefnu um matvælaeftirlit framtíðarinnar.
- Merkingar á næringargildi matvæla (NKE).
- Sérfæði – tengslanet.
- Sýkla sem berast milli dýra og manna (NNM).
- Vöktun þols gegn sýklalyfjum hjá bacterium (NNM).
- Norrænu matvælarannsóknanefndina (EK-Livs).
- Norræna samanburðarprófun (sjálfstætt).

Ísland hefur einnig tekið virkan þátt í samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um eftirlit með matvælum (NordicBaltic Group on Food Control). Sama má segja um norræna samstarfsvettvanginn á sviði matvælaeftirlits, en þar hefur Ísland verið virkur þátttakandi um árabil og áhersla verið á að kynna stjórnsýslu, lagaumhverfi og framkvæmd matvælamála með sérhagsmuni svæðisins að leiðarljósi.

24. Málefni dómsmálaráðuneytis

Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna byggist aðallega á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf og á árlegri framkvæmdaáætlun sem henni fylgir.

Samstarfsáætlun fyrir árin 2002–2005 var samþykkt af dómsmálaráðherrum Norðurlanda (MR-Lov) árið 2002. Markmið hennar eru meðal annars að standa vörð um lýðræðislega ákvarðanatöku á Norðurlöndum og tryggja réttaröryggi þeirra sem búa og dveljast þar. Löggjafarsamstarfið á að miða við notagildi hjá Norðurlandaþjóðum og ná til þeirra sviða réttarins þar sem það er mest. Stefnt skal að samræmingu löggjafar, en þó er sá fyrirvari gerður að útfærsla einstakra réttarreglna þurfi ekki endilega að vera sú sama í öllum löndunum. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir samræmdri löggjöf, og þar er stefnt að áframhaldandi þróun norræns samstarfs. Einnig hefur verið vaxandi þörf á samræmingu á sviði refsiréttar.

Á þeim réttarsviðum þar sem ekki er hægt að ná samræmingu er lögð áhersla á gagnsemi þess að miðla af reynslu og skiptast á upplýsingum. Þá er sérstaklega tekið fram að norrænt löggjafarsamstarf skuli leggja sitt af mörkum til réttarþróunar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

Í framkvæmdaáætluninni 2003–2004, sem samþykkt var á fundi dómsmálaráðherranna í Saltsjöbaden í Svíþjóð sumarið 2003, eru talin upp þau verkefni og mál sem ráðherrarnir leggja áherslu á að unnið verði að. Talið er mikilvægt að halda áfram og eftir atvikum styrkja samvinnuna í málum er varða réttaröryggissjónarmið í baráttunni gegn hryðjuverkum, verslun með fólk, brotastarfsemi sem einkennist af nasistiskum viðhorfum og kynþáttafordómum, norrænan sifja- og erfðarétt og kynferðisbrot gegn börnum.

Verkefni, sem styrkt verða af norrænum fjárlögum 2003–2004 eru fjölmörg. Að tillögu Íslands og í tilefni af formennskuári 2004 verður stofnað til rannsóknarverkefnis um aðgang að dómstólum eða kærumeðferð; hvort rétt sé að rýmka aðgang að dómstólum til að endurskoða stjórnsýsluákvarðanir eða hvort aðrar leiðir séu heppilegri. Önnur samstarfsverkefni sem styrkt verða samkvæmt framkvæmdaráætluninni eru eftirfarandi:

- Refsimörk á Norðurlöndum. Rannsakaðar verða refsingar við brotum eins og morðum, líkamsárásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Athugað verður hvort refsing er mismunandi vegna svipaðra brota og ef svo er, hver gæti verið orsök þessa.
- Baráttan gegn hryðjuverkum. Settur var á laggirnar starfshópur undir forystu Norðmanna til að fjalla um aðgerðir gegn hryðjuverkum, sérstaklega með tilliti til mannréttinda og réttaröryggis. Málþing var haldið í október sl. með frummælendum frá öllum norrænu löndunum. Stefnt er að útgáfu skýrslu vorið 2004.
- Norrænn sifja- og erfðaréttur. Metin verður þörf á að samræma norræna löggjöf í kjölfar ítarlegrar samantektar um þetta efni. Samantektin skiptist í þrjár bækur; um hjúskaparlöggjöf, um erfðarétt og um foreldra og börn. Búið er að gefa tvær hinar fyrstnefndu út. Auk þess hefur samantekt þeirra komið út í skýrslu, „Äktenskapsrätten och successionsrätten i de fem nordiska länderna – Om möjligheterna och nyttan av lagharmonisering" (TemaNord 2002:538).
- Löggjafarstefna. Í framhaldi af málþingi um löggjafarstefnu síðsumars 2002 í Finnlandi verða frekari verkefni tekin til athugunar.
- Norrænar framsalsreglur. Áfram verður unnið að endurskoðun norrænna framsalsreglna í ljósi evrópskrar handtökuskipunar, sem gildir í löndum ESB frá byrjun ársins 2004.
- Norræn skuldabréfalög. Settur verður á laggirnar starfshópur til að ræða hvort þörf sé á endurskoðun laganna.
- Stjórnsýsluviðurlög við afbrotum. Þróunin í Noregi bendir til þess að slík viðurlög séu að aukast í stað refsingar. Stefnt verður að málþingi í Noregi árið 2004.

Auk samþykktar á nýrri framkvæmdaáætlun 2003–2004 ræddu norrænu dómsmálaráðherrarnir á fundi sínum í Saltsjöbaden ýmis mál. Rætt var um áhrif væntanlegrar stjórnarskrár ESB á norrænan rétt og norræna lagasamvinnu á sviði dómsmálaráðuneytanna. Ákveðið var að setja á laggirnar vinnuhóp sem yrði fyrst og fremst vettvangur skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar milli ráðuneytanna. Þá var fjallað um samræmingu norræns sifja- og erfðaréttar í kjölfar þess að fyrir liggur ítarleg úttekt sem gerð hefur verið með fjárstyrk frá Norrænu ráðherranefndinni, sjá nánar umfjöllun um framkvæmdaáætlun hér að framan. Ákveðið var að norrænir sérfræðingar í sifja- og erfðarétti fái það verkefni að ræða hvort og þá á hvaða sviðum norræn lagasamræming sé möguleg og gagnleg. Um þetta var einnig fjallað á ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í desember sl. Ísland mun á formennskuári sínu

vinna áfram að þessu máli. Einnig var á fundi dómsmálaráðherranna að frumkvæði Svía rætt um hvort gera ætti kaup á kynlífsþjónustu refsiverð.

Norrænt löggjafarsamstarf fer að miklu leyti óformlega fram í vinnuhópum, ýmist milli ráðuneytanna eða einstakra embættismanna. Hið hefðbundna löggjafarsamstarf er fyrirferðarmest á sviði einkamálaréttarins, fyrst og fremst á sviði sifjaréttar, félagaréttar, skaðabótaréttar og neytendamála. Samstarf á sviði refsiréttar hefur aukist undanfarin ár, einkum vegna baráttunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Auk löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta í starfi dómsmálaráðuneytanna, þar á meðal lögreglu og ákæruvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál rædd. Taka má fram að á hverjum fundi er gerð grein fyrir nýrri eða væntanlegri löggjöf í löndunum. Til að vinna að forgangsverkefnum eru starfshópar gjarnan settir á fót til tiltekins tíma og eru þeir skipaðir fulltrúum landanna.

Á árinu störfuðu tveir starfshópar sem hvor um sig hafði til ráðstöfunar tiltekna fjárveitingu af norrænu fjárlögunum:

a) Starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.
b) Starfshópur um baráttuna gegn hryðjuverkum með tilliti til mannréttinda, réttaröryggis og alþjóðlegra ákvarðana, sbr. umfjöllun um framkvæmdaáætlunina hér á undan.

Áður hafði verið ákveðið að leggja niður starfshóp um rannsóknir á Evrópurétti frá og með árinu 2003. Í staðinn munu einstök verkefni á þessu sviði vera styrkt af norrænum fjárlögum.

Óformlegir starfshópar (sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum) voru þrír; sérfræðingahópur um sifjarétt, starfshópur ráðuneytanna um refsirétt og starfshópur um endurskoðun norrænna framsalsreglna (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) í ljósi evrópsku handtökuskipunarinnar.

Á árinu var haldið áfram, ásamt jafnréttissviðinu, þátttöku í starfshópi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um átak gegn mansali. Hvert land skilaði skýrslu um árangur og upp úr henni var unnin sameiginleg skýrsla sem skila átti til Norrænu ráðherranefndarinnar. Átakinu lauk í lok ársins.

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í þeim málaflokki. Þar fer einnig fram upplýsingamiðlun milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Samstarf er einnig um að afla upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með því að miðla skýrslum sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa á fundunum atriði verið rædd sem varða mansal og innflutning vinnuafls.

Starf nefndinnar á árinu fólst einkum í þremur fundum sem allir voru sóttir af hálfu Íslands. Fyrsti fundurinn var í Kaupmannahöfn í júlí sl. Þá var haldinn ráðherrafundur í september sl. þar sem boðið var ráðherrum frá Balkanskaga, en stór hluti þeirra hælisleitenda sem að undanförnu hafa knúið dyra á Norðurlöndum eru þaðan komnir. Þá var haldinn

fundur embættismanna í desember sl., þar sem einkum var rætt um samstarf við Eystrasaltsríkin og við ríki á Balkanskaga.

Björgunarsamstarf.

Norrænt björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Á árinu voru fundir haldnir í janúar, maí og ágúst. Í maí var jafnframt haldin ráðstefna í Danmörku um stöðu mála í löndunum, skilgreiningar um yfirstjórn, aðgerðastjórn og vettvangsstjórn. Síðan var farið yfir og framkvæmd skrifborðsæfing þar sem tilfellið var eiturefnaárás á Kastrup flugvelli. Markmiðið var að reyna að koma með tillögur til úrbóta varðandi viðbúnað og viðbrögð innan ramma Nordred samningsins og skila skýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrslan er á vefslóðinni www.norden.org/pub/velfaerd/lagstiftning/sk/TN2003548.asp en hún verður gefin út í janúar 2004. Í lok ráðstefnunnar færðist formennska í NORDRED frá Danmörku til Íslands. Stefnt er að því að halda ráðstefnu hérlendis eftir þrjú ár.

25. Norrænar stofnanir á Íslandi

25.1. Norræna húsið

Norræna húsið er lifandi miðstöð norrænnar menningar og lista. Í húsinu fer fram fjölþætt menningar- og upplýsingastarf sem miðar að því að auka þekkingu á tungu og menningu norrænu þjóðanna og vekja áhuga fólks á norrænu samstarfi á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins.

Forstjóraskipti urðu um áramótin og tók Gro Kraft frá Noregi við starfinu af Riittu Heinämaa, sem hafði stýrt Norræna húsinu í fimm ár. Gro Kraft er cand.phil. í listasögu.

Starfsemi Norræna hússins var fjölbreytt að vanda. Sýningin „Young Nordic Design – The generation X" var opnuð í lok janúar. Hún var sett upp í samstarfi við Form Ísland, og unnin af Design Forum í Finnlandi í samvinnu við Dansk Design Center, Norsk Form, Svensk Form og Form Ísland. Alþjóðleg ráðstefna „Hönnun – Máttur og möguleikar" var haldin í samstarfi við iðnaðarráðuneytið. Styrktaraðilar voru nokkrir þar á meðal Norræna ráðherranefndin og Norræni menningarsjóðurinn. Í anddyri var sýning á bóklist eftir finnsku listakonuna Senju Vellonen og grænlenski listamaðurinn og hönnuðurinn Thue Christiansen sýndi verk sín.

Norrænar bókmenntir voru í sviðsljósinu í febrúar. Sendikennarar í norrænum tungumálum við Háskóla Íslands kynntu bókmenntir sinna þjóða. Rithöfundarnir Sara Lidman (S), Vigdis Hjorth (N), Christina Hesselholdt (DK) og Petri Tamminen (FIN) fjölluðu um verk sín og lásu upp. Rithöfundar, sem tilnefndir voru til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, ferðuðust um Norðurlönd og kynntu verk sín undir yfirskriftinni „Raddir frá Norðurlöndum". Rithöfundarnir Pirjo Hassinen (FIN) Jørgen Norheim (N), Liv Kølzow (N), Morten Søndergaard (DK), Kelly Berthelsen (GR), Jóhann Hjálmarsson og Álfrún Gunnarsdóttir komu fram í Norræna húsinu. Dagskráin var á vegum NORDBOK.

Norrænir bíódagar voru haldnir í samstarfi við norrænu sendikennarana og Háskólabíó/kvikmyndaklúbbinn Filmund. Sýndar voru 5 nýjar myndir fremstu leikstjóra Norðurlanda.

Í mars var þess minnst að 60 ár voru liðin frá fæðingu samíska skáldsins og fjöllistamannsins Nils-Aslaks Valkeapää. Harald Gaski og John Gustavsen frá Noregi fluttu erindi um samíska menningu og lesið var úr ljóðum Nils- Aslaks í þýðingu Einars Braga. Dagskráin var haldin í samvinnu við SAMÍS, nýstofnaðs vináttufélags Sama og Íslendinga. Fyrirlestrarröð um grænlenska tungu og menningu var haldin í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þessir dagskrárliðir voru undir merkjum „Norðurlandanna í fókus". Tvær norrænar ráðstefnur voru haldnar í Norræna húsinu í maí, annars vegar „Börn og tungumál" í samvinnu við Borgarbókasafn Reykjavíkur og styrkt af NORDBOK, hins vegar ráðstefnan „Arfur, menning, áform", þar sem bókmenntir voru í brennidepli, og var hún sú þriðja í röð ráðstefna um „Breytingar á norrænni menningarstefnu". Samstarfsaðilar voru Bandalag íslenskra listamanna, Stofnun Sigurðar Nordals, Rithöfundasamband Íslands, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið. Norræni menningarsjóðurinn stóð fyrir þessari ráðstefnuröð.

Sænskir listamenn frá Umeå komu fram í Norræna húsinu í mars. Þetta voru danshópurinn Nomo Daco, rithöfundurinn Katarina Mazetti og fiðluleikarinn Torbjörn Näsbom.

Á vormissiri var sett upp sýningin „Hraun-Ís-Skógur", sem var samstarfsverkefni Íslands, Grænlands og Samalands. Markmiðið var að tengja saman sérkenni norðurslóða og kynna þannig menningararfinn fyrir börnum og unglingum. Fjölmargir styrktu þetta verkefni m.a. Norræna ráðherranefndin og menningarsjóðir landanna. Í anddyri sýndu listamenn sem höfðu haft aðstöðu til listsköpunar í gestavinnustofum hjá Norrænu listamiðstöðinni Dalsåsen í Noregi. „Norskar myndabækur á faraldsfæti" var heitið á farandsýningu sem var einnig í anddyri á vormissiri. „Kvæði úr norræna farteskinu, eldgömul kvæði og nýsamin stef með dansi" hét dagskrá flutt af tónlistarmönnum frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Norræni menningarsjóðurinn styrkti dagskrána.

Að venju voru kvikmyndasýningar fyrir börn og unglinga á vor- og haustmánuðum og var tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á skólasýningar auk hinna hefðbundnu fjölskyldusýninga á sunnudögum.

Aðalverkefni sumardagskrárinnar var „Stóra norræna fílasýningin", sem einkum var ætluð yngri kynslóðinni. Dönsku listamennirnir Thomas og Victoria Winding, Peter Hentze og Pernelle Maegaard skópu ævintýraheim með fílinn sem þema. Leikskólabörnum og börnum á sumarnámskeiðum ÍTR var boðið að koma á sýninguna og námskeið var haldið fyrir börn í dansi og frjálsri hreyfingu. Í anddyri var ljósmyndasýning Ragnars Th. Sigurðssonar „Vestan við sól og norðan mána" með ljósmyndum frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Ari Trausti Guðmundsson samdi texta við myndirnar. Tónlistarhópurinn Camerartica flutti norræna sumartóna á þrennum tónleikum um sumarsólstöður. Ráðstefna norrænna tónlistar- og tónmenntakennara um tónlist í samfélaginu var haldin í júnílok og héldu ungir tónlistarnemar frá Danmörku og Svíþjóð tónleika í Norræna húsinu af þessu tilefni. Norræna tríóið Koppel-Andersson-Gunnarsson hélt jasstónleika í ágúst og á menningarnótt í Reykjavík spiluðu Spaðarnir fyrir fullu húsi.

Í ágústlok var opnuð sýning á skartgripum eftir norsku listakonuna Liv Blåvarp. Charon Kransen listfræðingur frá Bandaríkjunum hélt fyrirlestur um verk hennar. Í tengslum við sýninguna var á vegum „Norðurlandanna i fókus" haldið málþing í október um skartgripahönnun. Fyrirlesarar voru Gro Kraft, forstjóri Norræna hússins, Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur og Tinna Gunnarsdóttir listhönnuður.

Alþjóðleg bókmenntahátíð var haldin i sjötta sinn í september með fyrirlestrum og pallborðsumræðum í Norræna húsinu og upplestrarkvöldum í Iðnó. 22 rithöfundar víðs vegar að úr heiminum tóku þátt í hátíðinni auk 18 íslenskra rithöfunda. Fulltrúum frá erlendum útgáfufyrirtækjum var einnig boðið til hátíðarinnar. Bókmenntahátíðin dró að sér marga gesti og var áberandi að þorri áheyrenda var af yngri kynslóðinni. Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið styrktu hátíðina, einnig Norræni menningarsjóðurinn, norrænu sendiráðin og innlendir kostunaraðilar.

Sænsk menningarvika var haldin í fyrstu viku nóvember. Framlag Norræna hússins var tónleikar með kvartett sænska jasstónlistarmannsins Jonas Kullhammars. Í lok nóvember héldu Anette Maria Slaatto, Marianne Rørholm og Pål Lindtner Eide tónleika með tónverkum eftir Atla Heimi Sveinsson og fleiri tónskáld. Norræni menningarsjóðurinn veitti m.a. styrk til tónleikaferðarinnar. Listamannahópur sem rekur galleríið Meistari Jakob opnaði afmælissýningu í sýningarsölum í lok október.

Dagskrá undir merkjum „Norðurlandanna í fókus" var áberandi á haustmánuðum. Í byrjun september var sett upp sýningin „Súldduld" í anddyrinu þar sem finnska listakonan Sari Maarit Cedergren sýndi lágmyndir úr steinsteypu og og gifsi. Sænski rithöfundurinn Per Helge kom fram á bókakaffi í Norræna húsinu og var dagskráin skipulögð í samstarfi við sendiráð Svíþjóðar og Lars-Göran Johansson sendikennara í sænsku við Háskóla Íslands. Um miðjan október hófst dagskráin „Norræn leikskáld – dramatísk fimmtudagskvöld", þar sem íslenskir leikstjórar kynntu eftirlætis norrænu leikskáldin sín. Hver leikstjóri fékk til liðs við sig tvo leikara til að leiklesa brot úr verkum skáldsins. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands og leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, reið á vaðið og kynnti sænska rithöfundinn og leikskáldið Per Olov Enquist. Kjartan Ragnarsson leikstjóri fjallaði um Henrik Ibsen, Þorsteinn Bachmann leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar kynnti Axel Hellstenius, Hlín Agnarsdóttir leikstjóri og rithöfundur ræddi um Lars Norén og á síðasta leiklistarkvöldinu fyrir áramótin kynnti Stefán Baldursson Þjóðleikhússtjóri þá Thomas Vinterberg og Mogens Rukov. Dagskráin mun halda áfram í janúar og febrúar 2004. Ljósmyndir af listaverkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara í opinberu rými var sett upp í anddyrinu um miðjan október í tengslum við málþing sem skipulagt var af Birgittu Spur hjá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Þar komu fram innlendir og erlendir listfræðingar, arkitektar og myndlistarmenn. Finnski píanóleikarinn Tuulikki Lehtinen hélt tónleika í byrjun nóvember og lék verk klassískra meistara tónbókmenntanna.

Í lok nóvember var sett upp jólasýning að norskri fyrirmynd undir yfirskriftinni „List – Hönnun – Handverk. Jólasýning Norræna hússins 2003". Á sjötta tug íslenskra listamanna, hönnuða og handverksmanna tók þátt í sýningunni. Stefnt er að því að gera slíkar jólasýningar að árlegum viðburði og þá einnig með þátttöku listafólks frá öðrum norrænum löndum.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu og fer hún sívaxandi. Ástæður þess eru margþættar en aukin innkaup á bókum, tímaritum og öðru safnefni, ásamt síauknu aðgengi að ýmsum upplýsingabönkum á Internetinu, vega trúlega þyngst. Safnið nýtur nú sömu styrkja og sænsk og norsk almenningsbókasöfn og því hefur svigrúm til innkaupa aukist. Sænska og norska ríkið kaupa ákveðinn fjölda bókatitla á hverju ári og senda til almenningsbókasafna í sínum löndum þeim að kostnaðarlausu. Það efni sem ekki hentar bókasafni Norræna hússins hefur verið sent Landsbókasafni – Háskólabókasafni og Borgarbókasafni og komið þar að góðum notum.

Bókasafnið tók að venju þátt í „Norrænu bókasafnavikunni" með dagskrá fyrir leikskólabörn.

Letterstedtska sjóðurinn styrkti safnið til innkaupa á sænskum myndböndum/ DVD-diskum á árinu. Keypt eru myndbönd/DVD-diskar eftir því sem fjárveitingar leyfa, en höfundarréttindi á efni frá Danmörku valda miklum erfiðleikum.

Nýr tölvubúnaður sem tekinn var á leigu í ársbyrjun hefur reynst vel. Ljósleiðaratenging kom í húsið í haust og því er nettenging eins góð og hún getur orðið.

Hafin er endurskoðun á því hvaða tímarit eru í áskrift og einnig voru tekin í reynsluáskrift nokkur ný dagblöð til viðbótar í kaffistofu.

Kennsluráðgjafinn í Norræna húsinu bauð nemendum á öllum skólastigum að heimsækja húsið og taka þátt í fjölbreyttri fræðsludagskrá um Norðurlönd, norræn tungumál, norrænt samstarf og Norræna húsið. Fræðsluefni hefur verið útbúið fyrir skólana þar sem boðið er upp á níu mismunandi dagskrár. Íslenskir og erlendir nemendahópar hafa nýtt sér þessa þjónustu. Farið var með hluta þessarar dagskrár í grunnskóla á Akranesi, Hveragerði, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Gefnar voru út á vegum kennsluráðgjafans talæfingar, tólf spjöld með myndum sem tengjast Norðurlöndum. Með efninu fylgja kennsluleiðbeiningar, fyrirmæli til nemenda og matsblað og er það á heimasíðu kennsluráðgjafans. Efnið var gefið grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig gaf kennsluráðgjafinn út afmælisdagatal þar sem menn geta lært nokkur orð í Norðurlandamálum auk þess að muna mikilvæga afmælisdaga. Afmælisdagatölin voru einnig send í grunnskóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Kennsluráðgjafinn bauð að venju kennurum og leiðbeinendum sem kenna dönsku í 7. bekk upp á aðstoð og kennsluráðgjöf. Með því er reynt að létta undir með kennurum og styrkja þá í starfi sínu með byrjendum.

Boðið var upp á námskeið í dönsku fyrir 8 og 9 ára börn og var markmið þess að vekja og viðhalda áhuga þeirra á málinu.

Sem fyrr átti kennsluráðgjafinn gott samstarf við Norræna húsið og skipulagði að venju tveggja vikna sumarnámskeið í íslensku fyrir Norðurlandabúa. Hann tók einnig þátt í „Stóru norrænu flasýningunni" með því að skipuleggja verkstæðisvinnu og útbúa verkefni handa þeim börnum sem sýninguna sóttu.

Norræna húsið er enn sem fyrr eftirsótt fyrir fundi og ráðstefnur. Sagnfræðingafélag Íslands, Garðyrkjufélag Íslands, Vísindafélag Íslendinga og Leikskólar Reykjavíkur héldu fundi reglulega eins og undanfarin ár. Háskólatónleikar voru haldnir á vor- og haustmissiri. Fundarherbergi hússins er einnig mikið notað fyrir minni fundi.

Kaffistofan er vinsæl meðal almennings, háskólafólks og nemenda. Helstu dagblöð frá Norðurlöndum liggja þar frammi og sækjast margir eftir að lesa nýjustu fréttir frá frændþjóðum okkar.

Sendikennarar frá Norðurlöndum hafa skrifstofur í Norræna húsinu og afnot af kennslurými í kjallara. Háskóli Íslands greiðir leigu fyrir húsnæðið.

Stjórn Norræna hússins er skipuð fulltrúum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð auk þess sem Grænland, Færeyjar og Álandseyjar eiga áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum.

25.2. Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)

Unnið var að gagngerum breytingum á rekstri Norrænu eldfjallastöðvarinnar á árinu. Eftir langvarandi umræðu og athuganir á norrænum vettvangi hafa menntamálaráðherrar Norðurlanda ákveðið að flytja yfirstjórn norrænna rannsóknastofnana frá Norrænu ráðherranefndinni til þeirra landa sem hýsa stofnanirnar. Eldfjallastöðin er ein fimm stofnana sem þannig verður breytt. Íslenska menntamálaráðuneytið hefur haft forgöngu um að Háskóli Íslands

(HÍ) yfirtaki starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem yrði þá lögð niður sem sjálfstæð stofnun. Starfsemin, sem fram fer í dag á Eldfjallastöðinni, haldi þó áfram og verði sameinuð annarri jarðvísindastarfsemi við HÍ. Unnið er að samningi milli Norrænu ráðherranefndarinnar og HÍ um málið og áætlað er að hann verið frágenginn fyrri hluta árs 2004. Yfirlýsing um framtíð starfseminnar hefur þegar verið samþykkt. Fyrirhugað er að til verði ný Jarðvísindastofnun Háskólans sem starfi innan Raunvísindastofnunar Háskólans. Áætlað er að starfsemi nýju stofnunarinnar hefjist 1. júlí 2004, og þar sameinist jarðog jarðeðlisfræðistofur Raunvísindastofnunar Háskólans og Norræna eldfjallastöðin. Því hefur samningur Norrænu ráðherranefndarinnar við Norrænu eldfjallastöðina um óbreytta starfsemi aðeins verið framlengdur til loka júní árið 2004.

Norræna eldfjallastöðin var stofnuð árið 1974 og hefur æ síðan verið rannsókna- og menntasetur í eldfjallafræði og skyldum greinum, með áherslu á menntun og þjálfun ungra vísindamanna. Stofnunin hefur til þessa verið sjálfstæð en þó jafnan starfað náið með Háskóla Íslands. Starfsemin á árinu var í svipuðum farvegi og undanfarin ár en í árslok voru 20 starfsmenn við stofnunina, helmingurinn Íslendingar. Í starfseminni hefur ávallt verið lagt upp með að nota hinar einstæðu aðstæður á Íslandi til að þjálfa unga vísindamenn í eldfjallafræði. Landið er þannig nýtt sem eins konar yfirgripsmikil rannsóknastofa í eldfjallafræði. Öflugar rannsóknir á afmörkuðum sviðum í samvinnu við aðra íslenska og erlenda jarðvísindamenn hafa þannig verið stundaðar við stofnunina frá upphafi. Norræn og alþjóðleg tengsl hafa verið sterk, og stofnunin hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu, m.a. vegna tíðra birtinga rannsóknaniðurstaðna í alþjóðlegum vísindatímaritum.

Fjármagn til starfseminnar hefur að miklu leyti komið af norrænum fjárlögum og á árinu 2003 komu um 67% tekna frá Norrænu ráðherranefndinni. Heildarfjárveitingar á árinu námu 137 millj. ísl.kr. Þar af var heildarframlag Norrænu ráðherranefndarinnar 92 millj. ísl. kr. og framlag íslenska menntamálaráðuneytisins 18 millj. ísl.kr. Styrkir og aðrar tekjur námu 27 millj. ísl. kr. Áætlað er að á næstu árum muni draga úr föstum norrænum fjárveitingum til hinnar nýju Jarðvísindastofnunar Háskólans. Tillaga ráðherranefndarinnar er að fjárveitingar til starfseminnar verði óbreyttar á árunum 2004 og 2005 en síðan dragi úr þeim í áföngum. Árið 2007 verði þær komnar niður í 56 millj. ísl. kr. á verðlagi ársins 2004. Samt er áætlað að tryggja afkomu hinnar nýju Jarðvísindastofnunar þannig að starfsemin sem þar sameinist verði a.m.k. eins öflug og hún er nú. Ljóst er þó, að það er aðeins gerlegt ef aukið fjármagn fæst til starfseminnar. Stofnunin mun þurfa að sækja fjármagn í auknum mæli úr íslenskum, norrænum og evrópskum samkeppnissjóðum. Ekki er tryggt að það takist, umfram það sem nú er, þar sem mikið fé er sótt í slíka sjóði nú þegar. Íslensk stjórnvöld hafa lýst sig samþykk áformum Háskóla Íslands um að byggja upp metnaðarfulla alþjóðlega stofnun á sviði jarðvísinda og áætla jafnframt að styðja við uppbygginguna. Mikilvægt er að þessum fyrirætlunum verði fylgt eftir af einurð svo unnt verði að tryggja framhald þeirrar starfsemi sem nú er á Norrænu eldfjallastöðinni.

Flutningur Norrænu eldfjallastöðvarinnar í nýtt Náttúrufræðahús Háskólans var undirbúinn á árinu og gengið frá lokaskipulagi. Áætlað er að flytja þegar húsnæðið verður fullbúið á fyrsta ársfjórðungi ársins 2004. Ávallt hefur staðið til að Eldfjallastöðin flytti inn í Náttúrufræðahúsið, þannig að flutningurinn er óháður fyrirætluðum samruna Eldfjallastöðvarinnar við HÍ. Samkvæmt reglum um samnorrænar stofnanir ber stjórnvöldum heimalandsins að leggja þeim til húsnæði. Menntamálaráðuneytið gerði því samning við HÍ um aðstöðu fyrir Eldfjallastöðina í Náttúrufræðahúsinu, þar sem heppilegt húsnæði undir starfsemi stofnunarinnar vantaði. Árið 1996 flutti Eldfjallastöðin úr Jarðfræðahúsi Háskólans sem þá var löngu orðið of þröngt, í leiguhúsnæði að Grensásvegi 50. Fram til árins 1996 var stofnunin því í

mjög nánu sambýli við jarðvísindastarfsemi Háskólans, sem auðveldaði samnýtingu á tækjum og rannsóknastofum. Hönnun Náttúrufræðahússins tekur mið af sambýli Eldfjallastöðvarinnar og annarrar jarðvísindastarfsemi og það auðveldar mjög samnýtingu. Með nýrri Jarðvísindastofnun Háskólans verða litlar breytingar á húsnæðisnotkun, því ný stofnun yfirtekur starfsemi sem þegar hefur lagað sig að samnýtingu á rannsóknastofum og búnaði. Eldfjallastöðin fær góða aðstöðu á þremur hæðum í vesturenda Náttúrufræðahússins, næst annarri jarðvísindastarfsemi í miðhluta þess.

Norræn verkefni og samstarf.

Af 20 manna starfshópi á stofnuninni eru fimm ungir vísindamenn frá Norðurlöndum, sem sitja hverju sinni í stöðum sem veittar eru til eins árs í senn, með möguleika á framlengingu í 1 eða 2 ár. Þessar stöður hafa verið ásóttar og frá upphafi hafa nálægt 100 manns gegnt þeim. Þetta er í reynd einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar og grundvöllur að norrænni vídd í starfseminni. Að auki starfar einn reyndur vísindamaður frá Noregi við stofnunina, og einn ungur danskur vísindamaður er kostaður af styrkjum frá Rannís og ESB. Fyrirhugað er að norrænar fjárveitingar nýtist áfram til að kosta fimm stöður ungra norrænna vísindamanna, og jafnframt eina stöðu vísindamanns með reynslu í eldfjallafræði og skyldum greinum. Stjórn Norrænu eldfjallastöðvarinnar ákvað því, þrátt fyrir breytingar á starfseminni, að auglýsa þessar stöður frá 1. júní 2004, líkt og gert hefur verið árlega.

Verkefni norrænna starfsmanna á stofnuninni eru margvísleg. Þau tengjast jarðfræðilegum ferlum á Íslandi en hafa jafnframt alþjóðlega skírskotun. Á árinu unnu norrænir starfsmenn m.a. að rannsóknum á uppruna og þróun bergkviku í jaðargosbeltum Íslands, myndun súrrar bergkviku (líparíts), jarðskjálftavirkni m.a. í Kötlu, og rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með gervitunglatækni.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem var alþjóðlegur þetta ár, fjallaði um samspil jarðskorpuhreyfinga og kvikuhreyfinga. Hann var haldinn í samvinnu við Ridge 2000 Program, National Science Foundation í Bandaríkjunum og Norrænu stofnunina um vísindamenntun (NorFA). Samtals voru yfir 60 manns á skólanum, um 30 Bandaríkjamenn og 30 Norðurlandabúar, ásamt nokkrum vísindamönnum frá öðrum löndum. Sumarskólinn var haldinn í byrjun september á Hótel Geysi. Norræna eldfjallastöðin hefur staðið fyrir sumarskólum um valin efni í jarðvísindum síðan 1995 og eru þeir mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar, m.a. vegna þess að þar tekst að ná til stórs hóps ungra vísindamanna frá Norðurlöndum.

Á árinu tók Norræna eldfjallastöðin þátt í tveimur evrópskum samstarfsverkefnum, sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Fjölmargir vísindahópar frá ýmsum Evrópulöndum koma að báðum verkefnunum. Í öðru þeirra, RETINA (Realistic Evaluation of Interaction of Natural Hazards), er unnið að rannsóknum á samspili jarðskjálfta, eldgosa og skriðufalla og markmiðið er að skilja og skilgreina samsetta náttúruvá og tengsl atburða í jarðskorpunni. Norræna eldfjallastöðin leiðir verkefnið hér á landi, en auk hennar koma að verkefninu Veðurstofa Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Íslenskar Orkurannsóknir og Almannavarnadeild Ríkslögreglustjóra. Hitt verkefnið heitir PREPARED og er leitt af Veðurstofu Íslands. Það verkefni snýst um Suðurlandsskjálftana árið 2000, rannsókn á eðli þeirra og áhrifum á jarðskorpuna. Markmiðið er að leita aukins skilnings, sem gæti auðveldað spár um sambærilegar hamfarir í framtíðinni.

Á árinu tók Norræna eldfjallastöðin þátt í umsóknum um ný evrópsk samstarfsverkefni. Eitt þeirra, FORESIGHT, fékk mjög góða dóma í mati á umsóknum (29,5 stig af 30 mögulegum), en eftir er að ákveða hversu háar fjárveitingar verkefnið fær frá ESB.

Íslenskt verkefni og samstarf.

Í desembermánuði fékk Karl Grönvold úthlutað 5 millj. kr. styrk úr minningarsjóði Ludvig Storr, til að kaupa tæki til efnagreininga á upplausnum með rafdrætti (Capillary Electrophoresis). Tækið mun gera það mögulegt að greina mjög smá vökvasýni svo sem innlyksur í kristöllum.

Sem fyrr kom Norræna eldfjallastöðin að margvíslegum mælingum á eldfjöllum Íslands og jarðskjálftasvæðum. Þessar mælingar eru mikilvægur þáttur í heildarrannsóknum á náttúru landsins. Hluti rannsóknanna nýtist sem hlekkur í vöktun eldfjalla, án þess að það sé að jafnaði megintilgangur þeirra. Við rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum er beitt ýmsum aðferðum, m.a. nákvæmum samanburði á gervitunglamyndum sem sýna með um 5–10 millimetra nákvæmni hvernig jarðskorpan hreyfist. Einnig hafa verið gerðar nákvæmar GPS-landmælingar í samvinnu við Veðurstofu Íslands og Raunvísindastofnun Háskólans. Á árinu voru m.a. gerðar mælingar á Suðurlandi til að fylgjast með áframhaldi jarðskorpuhreyfinga eftir Suðurlandskjálftana. Einnig voru gerðar mælingar á mörgum virkustu eldstöðvum landsins til að meta kvikuinnstreymi þeirra. Niðurstöðurnar sýna viðvarandi söfnun bergkviku grunnt undir Grímsvötnum og Kötlu. Samtúlkun á þessum niðurstöðum og öðrum gögnum bendir til að langtímaforboðar fyrir eldgos bæði í Grímsvötnum og Kötlu séu nú komnir fram og að eldgos geti orðið í báðum þessum eldstöðvum með skömmum fyrirvara.

26. Norrænir sjóðir og peningastofnanir

26.1. Norræni menningarsjóðurinn

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður árið 1966 og er hlutverk hans að efla norrænt menningarsamstarf. Sjóðurinn styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveitingar til sjóðsins á árinu námu 29,1 millj. d.kr. og stjórnarfundir voru þrír.

Skrifstofa sjóðsins er í Kaupmannnahöfn og starfsmanna- og fjármál eru í umsjón skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við samstarfssamning við stjórn sjóðsins.

Í stjórn hafa verið tveir fulltrúar frá hverju norrænu landanna og einn fulltrúi fyrir sjálfstjórnarsvæðin þrjú. Árið 2003 tók sú breyting gildi að hvert sjálfstjórnarsvæðanna fær sinn fulltrúa.

Sjóðurinn úthlutar aðallega styrkjum til verkefna á menningarsviði, sem einstaklingar, samtök og stofnanir geta sótt um. Umsóknarfrestur er nú tvisvar á ári fyrir styrki sem eru hærri en 100.000 d.kr., en sex sinnum á ári fyrir lægri styrki. Þetta nýja fyrirkomulag verður til reynslu til ársins 2006 en markmiðið er að auka sveigjanleika í styrkveitingum og áhuga frjálsra félagasamtaka á að standa fyrir norrænum menningarverkefnum. Alls bárust sjóðnum 750 styrkhæfar umsóknir. Veittir voru styrkir til 210 verkefna að upphæð 26 millj. d.kr. Frá Íslandi bárust 35 styrkhæfar umsóknir en 14 þessara verkefna fengu styrki að upphæð alls 1,24 millj. d.kr.

Með því markmiði að ná til nýrra markhópa utan höfuðborga norrænu landanna hefur verið komið á samstarf við norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar átta á Norðurlöndum en ein þeirra er á Akureyri.

Sjóðurinn átti einnig samstarf við tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls 12 talsins. Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. Sjóðnum fyrir dansktíslenskt samstarf, Dansk-íslenska sjóðnum, Menningarsjóði Íslands og Finnlands og Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Frá stofnun sjóðsins hefur það verið skilyrði fyrir styrkveitingu að verkefni nái til a.m.k. þriggja norrænna landa eða sjálfsstjórnarsvæða. Á árinu var ákveðið að víkja frá þessari meginreglu og styrkja einnig tvíhliða verkefni svo framarlega sem þau hafa að markmiði að styrkja samstarfið milli norrænu ríkjanna í austri og vestri. Þannig má frá og með árinu 2004 veita styrk til verkefna sem Ísland og eitt annað norrænt land standa að. Menningarsjóðurinn vill á þennan hátt beina athyglinni að 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

Í lok ársins 2002 lauk rannsóknarverkefninu „Nordisk kulturpolitik under forandring" sem hefur að mestu verið fjármagnað af menningarsjóðnum. Í framhaldinu var haldin röð ráðstefna, alls sex talsins, þar af ein á Íslandi í maí sl.

Tungumálaverkefni hófst á árinu á vegum menningarsjóðsins. Kannað verður hve mikinn skilning unglingar á aldrinum 16–19 ára hafa á skandínavískum tungumálum. Könnunin á að fylgja eftir svipaðri könnun og gerð var árið 1976. 1200 unglingar á Norðurlöndum taka þátt – þar af eru 50 reykvískir unglingar og 25 búsettir á Akureyri.

Formennskan í sjóðsstjórn er til tveggja ára. Ísland tekur við formennsku í upphafi árs 2004.

Frekari upplýsingar um norræna menningarsjóðinn er að finna á vefsíðu www.nordisk-kulturfond.dk.

26.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Árið 2002 var tólfta starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur- Evrópu. Núverandi stofnfé félagsins er 93 millj. ekna. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsendna þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meira en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði. Í lok ársins var NEFCO þátttakandi í 65 verkefnum sem voru í gangi, með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 84 millj. ekna, en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 840 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 12, Slóvakía 2, Eistland 11, Lettland 19, Litháen 7, Tékkland 2 og Rússland 11. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 15, Finnland 12, Noregur 16 og Svíþjóð 19. Verkefnin með íslenskri aðild eru á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Með hliðsjón af því, að allmörg viðfangsefni sem við blasa, einkum austast í Austur-Evrópu, verða ekki leyst við óbreyttar aðstæður með markaðslausnum, var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO árið 1995 og starfrækja hann næstu þrjú árin til reynslu. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu fimm árin með hliðsjón af þeirri reynslu

sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um áframhaldandi greiðslur í sjóðinn fyrir árið 2004, en það mun skýrast á næstunni. Á starfsárinu námu framlög til sjóðsins 38 millj. d.kr., 26 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 12 millj. d.kr af norrænum fjárlögum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sömu landsvæðum og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum. Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins, hafði í árslok samþykkt að taka þátt í 52 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 8, Lettland 9, Litháen 2, Pólland 0 og Rússland 33.

26.3. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans var góð fyrstu átta mánuði ársins þrátt fyrir lægð í evrópskri hagþróun. Hagnaður bankans á tímabilinu jókst um 3,6% í 8,92 mia. ISK (100 mio. EUR) samanborið við 8,65 mia. ISK (97 mio. EUR) fyrir sama tímabil 2002. Efnahagsreikningur bankans nam 1.543 mia. ISK (17,3 mia. EUR) í samanburði við 1.418 mia. ISK (15,9 mia. EUR) í árslok 2002. Lausafé bankans í lok ágúst sl. var 339 mia. ISK (3.802 mio. EUR) á móti 262 mia. ISK (2.947 mio. EUR) áramótin 2002/2003.

Í júní 2003 fengu eigendur bankans, norrænu löndin fimm, greiddan arð af hagnaði ársins 2002 að fjárhæð 40,3 milljónir EUR.

Ný útlán á tímabilinu janúar-ágúst 2003 voru 910 milljónir EUR (937). Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 10.323 milljónum EUR samanborið við 10.110 milljónum EUR um áramót 2002/2003.

Skuldabréfaútgáfa bankans á fyrstu átta mánuðum ársins 2003 nam 2.759 milljónum EUR samanborið við 1.679 milljónir EUR á sama tímabili árið 2002. Í apríl 2003 gaf bankinn út flokk alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára og var heildarfjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala. Fjárfestar brugðust vel við og seldust skuldabréfin víða um heim.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki.

Allar horfur eru á að afkoma bankans á árinu 2003 í heild verði jafngóð og á fyrstu átta mánuðum ársins.

Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB.

Eigendur bankans hafa ákveðið að bjóða Eistlandi, Lettlandi og Litháen aðild að NIB. Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Ósló í október sl., sem forsætisráðherrar Eystrasaltsríkjanna sátu einnig, komu ráðherrarnir sér saman um almenn skilyrði fyrir þessari fjölgun aðildarlanda í NIB. Þeir fólu síðan fjármálaráðherrum landanna átta að gera formlegan milliríkjasamning sem felur í sér að Eystrasaltsríkin verða aðilar að NIB með sömu skyldum og réttindum og gilda um Norðurlönd í samræmi við núgildandi samning um starfsemi bankans.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda skipuðu nefnd til þess að vinna að samningsgerðinni. Forsenda samningaviðræðna var að fjárhagsgrundvöllur bankans skyldi varðveittur. Þessi forsenda er mikilvæg til þess að tryggja að NIB haldi framvegis sem hingað til framúrskarandi lánshæfi, AAA/Aaa, enda er það kjarninn í viðskiptastefnu bankans. Fjármálaráðherrarnir settu sem markmið að nýr samningur um NIB skyldi vera tilbúinn til undirritunar í ársbyrjun 2004. Þessu marki var náð. Að því er stefnt að þjóðþing landanna átta staðfesti samninginn á árinu 2004 svo hann geti gengið í gildi í ársbyrjun 2005.

Eystrasaltsríkin eru í fararbroddi Mið- og Austur-Evrópuríkja sem á síðasta áratug hafa umbreytt hagkerfum sínum frá miðstýringu til markaðsbúskapar með virkri þátttöku í opnu viðskiptakerfi Vesturlanda.

Hagvöxtur Eystrasaltsríkjanna hefur síðustu árin verið hinn mesti í Evrópu. Í þessum löndum er mikil þörf fyrir fjárfestingar en skortur á fjármagni. Ríkin þrjú fá aðild að ESB og NATO vorið 2005.

Til þess að stuðla að áframhaldandi jákvæðri hagþróun í Eystrasaltsríkjunum þarf að fjármagna innviðaframkvæmdir og fjárfestingar fyrirtækja yfir landamæri milli ríkjanna átta innan NIB. Í þessum efnum getur NIB gengt mikilvægu hlutverki.

Miklir möguleikar eru á því að Eystrasaltssvæðið í heild verði þróttmikið hagvaxtarsvæði á komandi árum. Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB mun efla hagvöxt á Eystrasaltssvæðinu öllu sem er mikilvægt markmið fyrir Norðurlönd og nýju aðildarríkin í NIB.

Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB er ekki aðeins sögulegur áfangi fyrir bankann. Hún felur jafnframt í sér að samstarf Norðurlanda við þessi nágrannalönd er hafið á nýtt stig.

Innviðir og iðnaður á Norðurlöndum.

Útlánum NIB á Norðurlöndum er mest varið til að fjármagna innviðaframkvæmdir og til fjárfestingar í iðnaði. Flest lán fyrstu átta mánuði ársins voru veitt til framleiðslu- og matvælaiðnaðar m.a. til umhverfisverkefna og kaupa á fyrirtækjum í öðrum löndum. Fjórðungur nýrra lána á Norðurlöndum var til orkugeirans. NIB fjármagnaði meðal annars orkufyrirtækjakaup í Svíþjóð, fjárfestingu í lífrænu orkuveri í Finnlandi, vindorkuveri í Danmörku, vatnsaflsvirkjun í Noregi og í dreifineti raforku í Danmörku og á Íslandi. Hlutfall umhverfislána jókst og nam um fjórðungi lána á fyrstu átta mánuðum ársins.

Orkugeirinn áberandi í alþjóðalánum.

Lán NIB til verkefna utan Norðurlanda á tímabilinu janúar til ágúst 2003 voru einkum til innviðaframkvæmda, fyrst og fremst til orkugeirans og til samgangna og fjarskipta. Aukning varð á útlánum til umhverfisverkefna sem og til heilbrigðiskerfisins. Bankinn á útistandandi lán í 32 löndum utan Norðurlanda. Fjármögnun með milligöngu endurlánastofnana í lántökulöndum verður stöðugt mikilvægari í alþjóðlegum útlánum bankans.

Bankinn jók verulega útlán til Eystrasaltsríkjanna og Póllands, einkum til raforkugeirans. Lánin stuðla að öruggari, hreinni og hagkvæmari orkubúskap í þessum löndum. Á árinu var meðal annars gengið frá stóru láni til lettneska ríkisorkufyrirtækisins.

Umhverfislán.

Snar þáttur í útlánum bankans er að fjármagna ýmis umhverfisverkefni. Á fyrstu átta mánuðum ársins samþykkti bankinn átta ný umhverfislán sem námu 135 milljónum EUR. Af útborguðum lánum voru rúmlega 18% umhverfislán. Á þessu tímabili hefur hlutfall umhverfislána, sérstaklega á grannsvæðum Norðurlanda, haldið áfram að aukast.

Í janúar sl. tók gildi nýr útlánarammi bankans fyrir umhverfislán til grannsvæða Norðurlanda í austri (MIL). Ramminn var aukinn úr 100 milljónum EUR í 300 milljónir EUR. Þar með hafa möguleikar til að fjármagna slík verkefna á þessum svæðum aukist til muna.

Bankinn gegnir mikilvægu hlutverki innan „Northern Dimension Environmental Patnership“ (NDEP), sem sér um að samhæfa og efla fjármögnun umhverfisverkefna í Norðvestur-Rússlandi. NDEP hefur sett fram fjárfestingaráætlun fyrir 12 stór umhverfisverkefni sem verður unnið að á þessum vettvangi. NIB sér um undirbúning og samhæfingu á sjö af þessum tólf verkefnum, sem flest eru á sviði veitustofnana sveitarfélaga. Auk þeirra hefur

NDEP haft frumkvæði að verkefnaáætlun sem miðar að því að hreinsa og geyma með öryggum hætti kjarnorkuúrgang á Kólaskaga. Í byrjun verður 500 milljónum EUR varið til þessa verks sem þó er aðeins upphaf á stærra verkefni sem miðar að því að draga úr þeirri umhverfisvá sem stafar af geislavirkum úrgangi á svæðum við Barentshaf.

Fráveitur í Norðvestur-Rússlandi.

Í mars sl. undirritaði bankinn lánasamning við rússneskt fyrirtæki, í eigu rússneskra og norrænna aðila, sem stendur fyrir endurbótum og uppbyggingu á fráveitukerfi Pétursborgar. Framkvæmdir eru þegar hafnar. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki innan þriggja ára. Nú þegar hefur hluti lánsins verið greiddur út. NIB hefur frá árinu 2000 haft forystu um undirbúning og fjármögnun þessa verkefnis í samstarfi við aðra banka og fjármögnunaraðila, svo sem ESB, EBRD, umhverfisyfirvöld í Finnlandi og Svíþjóð auk borgaryfirvalda í Pétursborg. Þessar fráveituframkvæmdir, en kostnaður við þær er nálægt 200 milljónum EUR, eru mikilvægasta umhverfisverkefnið við Eystrasalt um þessar mundir og munu bæta verulega lífríki sjávar á komandi árum.

Til þess að fjármagna smærri umhverfisverkefni í Norðvestur-Rússlandi hefur bankinn samið um lánaramma við rússneskan banka til endurlána. Markmiðið er fyrst og fremst að fjármagna veituframkvæmdir til umhverfisbóta í nokkrum smærri sveitarfélögum í Leningradhéraði norðan við Pétursborg.

Starfsemi NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu ríflega 537 milljónum EUR í árslok 2003. Þetta samsvarar nærri 7% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán á árinu námu 89 milljónum EUR en 80 milljónum EUR árið 2002. Á árinu voru samþykkt lán til 7 nýrra verkefna. Verkefnin voru fjölbreytt. Um 10 milljónir EUR voru lánaðar til að byggja upp dreifikerfi hjá RARIK og til Norðurorku hf. vegna uppbyggingar á hitaveitu í Eyjafirði og á Akureyri. Veitt var lán til Orkuveitu Reykjavíkur sem nam 24 milljónum EUR vegna lokaáfanga Nesjavallavirkjunar en bankinn hefur frá upphafi verið mikilvægur við fjármögnun þessarar virkjunar. Bankinn tók þátt í fjármögnun Smáralindar hf. og voru á árinu samþykkt lán í þessu skyni upp á 5 milljónir EUR.

Í starfsemi NIB á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náið samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Á árinu var þetta samstarf eflt enn frekar með undirritun og útborgun á sérstökum lánarömmum til Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 30 milljónir EUR og KB Banka að fjárhæð 25 milljónir EUR. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum NIB til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari. Samstarf af þessu tagi er viðbót við samvinnu NIB við íslenska banka í stærri verkefnum þar sem NIB leggur fram lánsfé til langs tíma innan fjármögnunarramma sem íslensku bankarnir standa að. Slíkt samstarf gerir íslensku bönkunum mögulegt að sjá um slíka fjármögnun. NIB starfar á þennan hátt með öllum helstu bönkum á Íslandi.

Þá var á árinu samþykkt lán til FARICE hf. upp á 15 milljónir EUR vegna lagningar á nýjum sæstreng milli Íslands og Evrópu og verkefna sem honum tengjast. Sæstrengurinn er afar mikilvægur fyrir samskipti Íslands við umheiminn, vegna öryggis í gagnaflutningum og rekstraröryggis fyrirtækja á sviði upplýsingatækni. FARICE-verkefnið byggir á samvinnu íslenska ríkisins, símafyrirtækja á Íslandi og færeyska símafélagsins.

Lykiltölur NIB janúar-ágúst 2003 (í milljónum evra)		*Til samanburðar jan.–ágúst 2002*	*Allt árið 2002*
	1–8/2003	*1–8/2002*	*1–12/2002*
Hreinar vaxtatekjur	102	100	150
Hagnaður	100	97	142
Útborguð lán	910	937	1.648
Samningsbundin lán	1.029	1.020	1.807
Tekin lán (ný)	2.759	1.679	3.320
Hagnaður / eigið fé (%)	9,5	9,9	9,5
	31/8 2003	*31/8 2002*	*31/12 2002*
Útistandandi lán	10.323	9.929	10.110
Niðurstaða efnahagsreiknings	17.303	14.892	15.948
Handbært fé	3.802	2.287	2.947
Fjöldi starfsmanna	147	141	144

10/10 2003: 1.00 EUR = 89,2 ISK

26.4. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með því að styðja fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Í þeim tilfellum þar sem alþjóðavæðingunni er hrundið í framkvæmd er hægt að sækja um viðbótarstyrk upp á 20% af undirbúningskostnaðinum. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 50% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um að lánið falli niður og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Svipuð tilhögun gildir um samstarf á grannsvæðum í Norðvestur-Rússlandi.

Núverandi samningur Nopef og Norrænu ráðherranefndarinnar rennur út í árslok 2004. Á síðari hluta ársins 2003 gerði utanaðkomandi ráðgjafi úttekt á starfsemi sjóðsins. Það var fyrsta skrefið í að meta starfsemina og skilvirkni sjóðsins. Enn fremur á úttektin að vera grunnur að mati á framtíð Nopef og nýjum samningi sjóðsins og ráðherranefndarinnar frá og með 2005. Þáttur í endurskoðun sjóðsins er að á miðju ári 2004 munu helstu áherslulönd Nopef í dag fá fulla aðild að ESB.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

– að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,

- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda voru tólf verkefnafundir. Þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest af stjórn Nopef á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir.

Verkefni.

Nopef bárust 257 umsóknir á árinu en á árinu 2002 voru þær 277. Samþykktar umsóknir voru samtals 181 (165 árið 2002). Ein íslensk umsókn var samþykkt á árinu en fjórar árið 2002. Verkefnin sem samþykkt voru hjá Nopef í ár fara fram í Rússlandi (50), Litháen (31), Eistlandi (21), Lettlandi (14), Kína (12), Póllandi (15), Úkraníu (9), Baltikum (5), og 24 verkefni voru í öðrum löndum.

Hlutfallsleg skipting verkefna milli aðilarlanda hefur verið sem hér segir:

	Árið 2003	1998 – 2003
Danmörk	26,0%	30,5%
Finnland	19,0%	20,5%
Ísland	1,0%	1,5%
Noregur	25,0%	20,5%
Svíþjóð	29,0%	27,0%

Ekki var á árinu gert átak, af hálfu starfsmanna sjóðsins, í því að koma Nopef á framfæri við íslensk fyrirtæki. Fyrir liggur, þegar framtíð Nopef hefur verið ákveðin, að koma upplýsingum um sjóðinn á framfæri við fyrirtæki á Íslandi og eru áform um að það verði gert á vormánuðum 2004.

26.5. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI)

Norræni iðnaðarsjóðurinn (Nordisk industrifond – senter for innovation og næringsutvikling) hefur tekið allmiklum breytingum hin síðari ár. Ráðstöfunarfé hans hefur farið minnkandi og dregið hefur úr vægi hans sem hefðbundins iðnaðarsjóðs. Hann hefur á móti fengið mun meira hlutverk við að koma hinum atvinnupólitísku áherslum ráðherranna í framkvæmd, t.d. með beinni þátttöku í verkefnum og með því að veita nefndum á vegum ráðherranna faglega þjónustu. Norræni iðnaðarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki við að hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun norrænu iðnaðarráðherranna „Nordisk Näringspolitiskt samarbetsprogram 2002–2005".

Fjárveitingar til einstakra rannsókna- og nýsköpunarverkefna hafa minnkað en aukin áhersla verið lögð á að styrkja rannsókna- og nýsköpunarsamstarf þjóðanna, samstarf lítilla

og meðalstórra fyrirtækja og rannsóknarstofnana. Sjóðurinn tekur þátt í fjármögnun verkefna sem eru til þess fallin að efla mannauð þjóðanna og sem stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem tengjast þekkingariðnaði. Sérstök áhersla er lögð á að miðla þekkingu og að niðurstöður allra verkefna sem sjóðurinn kemur að fái sem víðtækasta útbreiðslu meðal þeirra sem hag hafa af.

Norræni iðnaðarsjóðurinn leggur mikla áherslu á hvers konar stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki og hefur verkefnastjórn til að sinna þeim (SMBforum). Hlutverk hennar er að vera vettvangur samstarfsverkefna lítilla og vaxandi fyrirtækja er starfa á framsæknum tæknisviðum. SMB-forum hefur reynst mjög hentugur vettvangur fyrir íslensk fyrirtæki, enda eru þau almennt minni en fyrirtæki annars staðar á Norðurlöndum. Lögð er áhersla á að styrkja frumkvöðla, miðla tækniþekkingu til lítilla fyrirtækja sem ekki hafa getu til að stunda eigin rannsóknir og hvetja til nýsköpunarverkefna í starfandi fyrirtækjum.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur staðið fyrir mati á einstökum þáttum í nýsköpunarumhverfinu á Norðurlöndum og bent á úrbætur.

Eftirfarandi eru dæmi um verkefni á árinu:

Verkefnið „Good practices in Nordic Innovation Policy“ er úttekt sem gerð var á þeim aðferðum sem beitt er í löndunum til að auka nýsköpun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar koma fram gagnlegar ábendingar fyrir þá sem vinna að stefnumótun á þessu sviði.

Annað sams konar dæmi er verkefnið „Towards an entrepreneurship policy – a Nordic perspective“, þar sem m.a. er bent á aðferðir sem dugað hafa hvað best til að virkja frumkvöðlakraft einstaklinga.

Í öllum norrænu löndunum hefur tónlistariðnaðurinn skapað sér veglegan sess og umtalsverðar útflutningstekjur. Verkefnið „Behind the music – Profiting from sound: A systems approach of the Nordic music industry“ skýrir samspil þeirra fjöldamörgu sem að tónlistariðnaðinum standa, greinir samkeppnisstöðu iðnaðarins og bendir á hvernig kljást megi við veikleika og efla styrkleika hans.

Mikilvægast fyrir Ísland er sennilega umfangsmikið verkefni um öryggi matvæla. Komið hefur verið á fót samstarfi sérfræðinga í öllum norrænu löndunum sem unnið hafa að matvælarannsóknum á vegum sjóðsins og er tilgangurinn að skilgreina 4–8 lykilverkefni sem sjóðurinn mun styðja við. Jafnframt þessu verður unnið að því að færa þetta norræna samstarf út og bjóða öðrum EES-þjóðum aðgang að því í gegnum ERA-Nett verkefnið „Proforsafe“.

Framangreind verkefni eru dæmi um breytta stefnu sem Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur tekið upp. Í stað þess að bíða eftir umsóknum um stuðning hefur sjóðurinn haft frumkvæði að því að skilgreina framsækin verkefni sem hafa ótvírætt mikla þýðingu fyrir þróun atvinnulífsins. Samstarfið um framkvæmd verkefnanna hefur síðan verið bundið í tengslanet sérfræðinga frá sem flestum landanna og niðurstöðurnar birtar og gerðar aðgengilegar öllum.

Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur náið samstarf við ráðherranefndina (Nordisk Ministerråd – MR-Næring) og annast framkvæmd verkefna fyrir hönd hennar og er í samstarfi við embættismannanefndina (EK-Næring). Norræni iðnaðarsjóðurinn stóð að tveimur ráðstefnum með embættismannanefndinni á árinu. Í maí sl. var efnt til ráðstefnu í Karlstad um „Entreprenørskap og regelforenkling for øgt nordisk konkurransekraft“.

Á grundvelli niðurstaðna ráðstefnunnar var m.a. ákveðið að Norðurlönd ynnu sameiginlega að því að innleiða löggjöf um Evrópuhlutafélög og evrópskar tilskipanir um lögmælifræði. Þá var ráðstefna í Malmö í nóvember sl. um framtíðarþróun norrænnar nýsköpunarstefnu (Nordic Innovation Policies for the Future). Tilgangur beggja þessara ráðstefna var að kalla fram hugmyndir er lúta að pólitískum áherslum ráðherranna, annars vegar um

norrænan innri markað og afnám hindrana á landamærum og hins vegar um hugmyndir að nánara samstarfi og stefnumótun á sviði vísinda og nýsköpunar.

Norræni iðnaðarsjóðurinn og Norræna prófunarstofan (Nordtest) hafa verið starfrækt í 30 ár og á þeim tíma hafa faglegar áherslur iðnaðarráðherranna að miklu leyti verið á þeirra herðum. Í ljósi alþjóðlegra breytinga í atvinnulífi og viðskiptum og vegna aðildar og aukins samstarfs við ESB, t.d. á sviði vísinda og nýsköpunar, er eðlilegt að samstarf norrænu þjóðanna þróist til samræmis. Þessar tvær stofnanir hefa stutt hvor aðra og hin síðari ár hafa mörg verkefni sem unnin hafa verið að tilstuðlan Norræna iðnaðarsjóðsins verið þróuð áfram með stuðningi Nordtest. Fagleg samlegðaráhrif og rekstrarleg hagræðing eru meginforsendur sameiningar stofnananna tveggja. Hin nýja stofnun, Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovationscenter), tekur til starfa við byrjun árs 2004.

26.6. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa árið 1989 og er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. NDF hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljón SDR og 330 milljón EUR, eða alls um 1 milljarður EUR (um 85 milljarðar ísl. kr.). NDF tók upp Evruna (EUR) sem mynteiningu 1. janúar 2001. Á árinu undirritaði NDF 14 lánasamninga að fjárhæð 83 milljónir EUR (um 7,3 milljarðar ísl. kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð 811 milljónir EUR (um 72 milljarðar ísl.kr.) til 170 verkefna í 33 þróunarlöndum. Um 48% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 34% til Asíu og 18% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali (USD) á ári. Um 41% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 USD/ári), 42% til lágtekjulanda (LIC, <760 USD/ári), og 17% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761–3030 USD/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum NDF frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd. Stjórn sjóðsins ákvað á árinu að hefja undirbúning að starfsemi í þremur nýjum löndum, Kambódíu, Kenýa og Rúanda.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og

Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 20,5 milljónir EUR (um 1,8 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum NDF árið 2001 þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán verða þó aðeins lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin verða veitt á þrenna vegu: (a) beint til fjárfestingarverkefna; (b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; (c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. NDF starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF hefur jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Development Bank of South Africa og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 milljónir SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og eftirlit.

Í ársbyrjun 2004 hefst úttekt á starfsemi sjóðsins að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar og verða niðurstöðurnar hafðar til hliðsjónar þegar ákveðið verður hvort stofnfé verði aukið á árinu 2005. Slík úttekt er gerð á fimm ára fresti.

Í stjórn NDF sitja fulltrúar landanna fimm. Fulltrúi Íslands var stjórnarformaður frá 1. maí 2002 til 30. apríl 2003. Starfsmenn sjóðsins eru 16, þar á meðal einn Íslendingur.

26.7. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út tólf lán, fjögur til Færeyja og átta til Grænlands.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2002/2003 119,7 MDKK og á sama tíma námu útlán samtals 78,5 MDKK.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 MDKK á ári.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2004

SAMÞYKKT NSK/MR-SAM 62/2003

Með fyrirvara um samþykki þjóðþinganna samþykkir Norræna ráðherranefndin hjálögð fjárlög fyrir árið 2004. Fjárhagsramminn nemur samtals 811,263 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2003.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum, og er skipting þeirra ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu sem ráðherranefndin ákveður á hverju ári. Skiptireglan byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum norrænu landanna. Aðrar tekjur ráðherranefndarinnar nema u.þ.b. 1% fjárhagsrammans.

Skiptireglan fyrir framlög landanna árið 2004 er sem hér segir:

Danmörk	22,8 %
Finnland	17,6 %
Ísland	1,1 %
Noregur	25,2 %
Svíþjóð	33,3 %

Norræni samningurinn um aðgang að æðri menntun hefur áhrif á framlög landanna til starfsemi ráðherranefndarinnar á þann hátt að greiðslur vegna samningsins eru reiknaðar inn í fjárlögin. Þegar talað er um greiðslur vegna samningsins er átt við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Ísland, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar taka ekki þátt í greiðslum vegna samningsins. Við lokaútreikning á framlögum viðkomandi lands er tekið tillit til þessara greiðslna.

Við ákvörðun fjárhagsramma ráðherranefndarinnar er tekið mið af útreikningi danska seðlabankans á meðalgengi fyrir tímabilið 01.01.-31.08.2003:

100 evrur	=	743 d.kr.
100 ísl.kr.	=	9 d.kr.
100 n.kr.	=	94 d.kr.
100 s.kr.	=	81 d.kr.

Útreikningur framlaga til stofnana og verkefna er samkvæmt eftirfarandi stuðlum:

1. Reikningsstuðlar vegna framlaga til stofnana fyrir árið 2004 eru sem hér segir:

Danmörk	1,9 %
Finnland	0,5 %
Ísland	2,5 %
Noregur	1,2 %
Svíþjóð	1,3 %

2. Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,4 % fyrir árið 2004.

Framlög landanna vegna fjárlaga fyrir árið 2004 eru í samræmi við þær reglur sem tíðkast hafa og eru samkvæmt 7. grein fjármálareglna Norrænu ráðherranefndarinnar (Ökonomireglementet).

Ráðherranefndin veitir framkvæmdastjóranum umboð til:

- að ákveða nánar um fjárhagsramma stofnananna varðandi gengisútreikninga,
- að taka ákvarðanir um breytingar innan heildarrammans, allt að 300.000 d.kr.

Samkvæmt ákvörðun samstarfsráðherranna hljóðar fjárhagsrammi menningar-, menntamála- og rannsóknasviðs upp á 356.392 þús. d.kr. (verðlag 2003). Innan þessa ramma ákveða

fagráðherranefndirnar á þessu sviði skiptingu rammans. Er það samkvæmt 64. grein Helsingforssáttmálans.

Fjárlög fyrir 2004

Í fjárlögum fyrir árið 2004 er fjárhagsramminn, 817,517 millj. d.kr. að teknu tilliti til verðlagsþróunar og gjaldeyrisbreytinga, óbreyttur frá síðasta ári. Á greiðslugrunni eru fjárlögin 807,517 millj. dkr., sem er 10 millj. d.kr. lægri en fjárhagsramminn. Ráðherranefndin á þannig kröfu á hendur löndunum sem þeirri upphæð nemur.


Í þeim áherslum sem koma fram í fjárlögunum er tekið mið af tilmælum Norðurlandaráðs, áherslum í „Nýrri norrænni dagskrá", ásamt þeirri forgangsröðun sem formennskuáætlanir landanna hafa í för með sér.

Fjárlagaliðurinn ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer) er áfram á fjárlögum fyrir 2004 og nemur 13.187 þús. d.kr. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er einkum hugsað til einstakra aðgerða fremur en langtímaverkefna. Ef veitt er fé af þessum lið til langtímaverkefna skal í upphafi fjallað um hvernig staðið skuli að framtíðarfjármögnun.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2003 var í fyrsta sinn farið að ákvörðun samstarfsráðherranna um nýtt fjárlagaferli sem tekin var á árinu 2002. Nýja fjárlagaferlið felur í sér skýrari fyrirmæli um fjárlagagerð, hverju fagsviði eru settir fjárhagsrammar, gert er ráð fyrir aukinni þátttöku af hendi fagsviðanna, sem og nánara samráði við Norðurlandaráð um fjárlagagerðina. Miðað við fyrri fjárlagagerð er að nokkru leyti um að ræða breytingar í uppsetningu og útliti skjalsins. Fjárlög fyrir 2004 eru unnin samkvæmt ákvörðun um nýja tilhögun við fjárlagaferli.

Í fjárlögunum eru sérstök yfirlit yfir fagsviðin, samstarf við frjáls félagasamtök, starf að málefnum barna og unglinga, starf ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna í heild sinni og yfir fjárveitingar til upplýsingamiðlunar um norrænt samstarf. Þetta er gert vegna þeirrar athygli sem beinst hefur að þessum sviðum sökum þverfaglegs eðlis þeirra. Rannsóknaráætlanir binda þó nokkuð fjármagn í fjárlögunum og því er einnig yfirlit yfir áætlaða þróun þeirra.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 1999–2002



Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000, 2001 og 2002

Fagsvið (þús. d.kr.)	1999	2000	Breyting 99-00	2001	Breyting 00-01	2002 leiðrétt	Breyting 01-02
Menningarmál (NMR)	9.322	7.689	-1.633	1.649	-6.040	2.200	551
Norræni menningarsjóðurinn	2.760	5.599	2.839	2.148	-3.451	-	-2.148
Menntun og rannsóknir	12.601	2.920	-9.681	1.437	-1.483	2.411	974
Ráðherranefnd um upplýsingatækni		1.020	1.020	89	-931	32	-57
Grannsvæðin	4.417	2.900	-1.517	2.396	-504	2.218	-178
Orkumál	202	610	408	107	-503	- 1.760	-1.867
Umhverfismál	2.874	559	-2.315	1.051	492	347	-704
Efnahagsmál	472	36	-436	170	134	146	-24
Byggðamál	5.613	2.035	-3.578	2.283	248	790	-1.493
Samgöngumál	166	206	40	42	-164	15	-27
Landbúnaður og skógrækt	3.151	164	-2.987	346	182	123	-223
Sjávarútvegsmál	102	41	-61	116	75	184	68
Vinnumarkaður og -umhverfi	1.365	1.432	67	760	-672	242	-518
Félags- og heilbrigðismál	541	447	-94	310	-137	463	153
Jafnréttismál	37	284	247	806	522	72	-734
Samstarf í vímuefnamálum	403	46	-357	157	111	610	453
Aðgerðir í velferðarmálum	2.075	718	-1.357	582	-136	582	0
Atvinnumál	732	152	-580	475	323	68	-407
Bygginga- og húsnæðismál	0	282	282	24	-258	-	-24
Neytendamál	1.131	868	-263	851	-17	1.569	718
Matvæli	0	478	478	317	-161	20	-297
Löggjafarmál	757	851	94	164	-687	308	144
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	4.989	2.109	-2.880	2.931	822	1.133	-1.798
SAMTALS	**53.710**	**31.446**	**-22.264**	**19.211**	**-12.235**	**11.774**	**-7.437**

Óráðstafaðir fjármunir eru skilgreindir sem fjármunir sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafaðir fjármunir koma einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki. Verkefni og styrkir eru samtals um það bil 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar. Á árunum 2001–2002 hafa óráðstafaðir fjármunir ráðherranefndarinnar lækkað um 7,5 millj. d.kr. eða um það bil 38%.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliði

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	%
	Menningarmál [1]	**158.497**	**156.613**	**1.884**	**1,2%**
	Almennt framlag til menningarmála	**36.222**	**35.722**	**500**	**1,4%**
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	6.714	6.621	93	1,4%
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	29.508	29.101	407	1,4%
	Börn og unglingar	**13.426**	**13.341**	**85**	**0,6%**
	Verkefni og almennir styrkir	*13.426*	*13.341*	*85*	*0,6%*
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.246	1.229	17	1,4%
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.171	6.086	85	1,4%
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	6.009	6.026	-17	-0,3%
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	**32.154**	**31.783**	**371**	**1,2%**
	Verkefni og almennir styrkir	*26.605*	*26.887*	*-282*	*-1,0%*
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.544	6.117	-573	-9,4%
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	21.061	20.770	291	1,4%
	Stofnanir	5.549	4.896	653	13,3%
1-2228-3	NORDICOM	2.200	1.609	591	36,7%
1-2229-3	Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.349	3.287	62	1,9%
	Listasvið	**35.315**	**34.933**	**382**	**1,1%**
	Verkefni og almennir styrkir	*18.854*	*18.593*	*261*	*1,4%*
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.684	7.578	106	1,4%
1-2238-2	Sleipnir	2.706	2.669	37	1,4%
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Musékommitéen)	1.203	1.186	17	1,4%
1-2246-4	Norræna listamannaheimilið í Róm	839	827	12	1,5%
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.422	6.333	89	1,4%
	Stofnanir	*16.461*	*16.340*	*121*	*0,7%*
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	7.085	6.953	132	1,9%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.603	1.652	-49	-3,0%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	7.773	7.735	38	0,5%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	**29.488**	**28.806**	**682**	**2,4%**
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	6.746	6.382	364	5,7%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.135	9.946	189	1,9%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.854	1.753	101	5,8%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.481	4.397	84	1,9%
1-2279-1	Viðhald menningarhúsa	1.026	1.112	-86	-7,7%
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) [1]	5.246	5216	30	0,6%

1) Fjárlagaliðurinn 1-2548-3 NIFIN, verður frá og með 1.1.2004 færður frá fagsviði mennta- og rannsóknarmála yfir á fagsvið menningarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðsins fyrir árið 2003 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2003.

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	MISMUNUR %
	Annað menningarsamstarf	***11.892***	***12.028***	***-136***	***-1,1%***
	Verkefni og almennir styrkir	11.892	12.028	-136	-1,1%
1-2234-4	Samískt samstarf	4.128	4.071	57	1,4%
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	6.740	6.947	-207	-3,0%
1-2545-2	Kennsla um Norðurlönd erlendis	1.024	1.010	14	1,4%
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		**200.953**	**199.729**	**1.224**	**0,6%**
	Menntun og rannsóknir	**199.881**	**199.022**	**859**	**0,4%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	**1.793**	**1.736**	**57**	**3,3%**
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	1.793	1.736	57	3,3%
	Stefnumörkun o. fl.	**12.494**	**13.847**	**-1.353**	**-9,8%**
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	3.142	4.599	-1.457	-31,7%
2-2520-1	Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu (FOVU)	2.234	2.203	31	1,4%
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun-HÖGUT	2.646	2.609	37	1,4%
2-2540-1	Norræn málnefnd	0	2.026	-2.026	-100,0%
2-2544-1	Norræna málráðið	2.028	0	2.028	-
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	552	544	8	1,5%
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.892	1.866	26	1,4%
	Ferðastyrkir og tengslanet	**107.810**	**105.720**	**2.090**	**2,0%**
2-2512-2	Nordplus Junior	19.911	10.220	9.691	94,8%
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	0	1.784	-1.784	-100,0%
2-2516-2	Nordplus Mini	0	6.132	-6.132	-100,0%
2-2522-2	Nordplus Voksen	8.891	8.768	123	1,4%
2-2532-2	Nordplus (æðri menntun)	32.126	31.682	444	1,4%
2-2542-1	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	0	2.095	-2.095	-100,0%
2-2543-1	Nordplus Sprog	8.802	6.559	2.243	34,2%
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.128	1.112	16	1,4%
	Stofnun	*36.952*	*37.368*	*-416*	*-1,1%*
2-3115-3	Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	36.952	37.368	-416	-1,1%
	Rannsóknir: Verkefni og áætlanir	**22.184**	**22.611**	**-427**	**-1,9%**
2-3111-1	Norræn öndvegissetur, tilraunaverkefni	3.174	3.130	44	1,4%
2-3130-1	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	0	6.132	-6.132	-100,0%
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	3.861	3.808	53	1,4%
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	5.157	5.086	71	1,4%
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.109	3.066	43	1,4%
2-3138-1	Norræn áætlun um rannsóknarskóla	2.484	0	2.484	-
2-3139-1	Öndvegissetur á sviði sameindalæknisfræði	2.991	0	2.991	-
2-3140-1	Norræna lífsiðfræðinefndin	901	889	12	1,3%
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	507	500	7	1,4%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í PÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	**55.600**	**55.108**	**492**	**0,9%**
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.311	6.230	81	1,3%
2-3180-3	Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	19.113	18.757	356	1,9%
2-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.877	2.965	-88	-3,0%
2-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.151	7.018	133	1,9%
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	5.489	5.462	27	0,5%
2-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.819	7.629	190	2,5%
2-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	6.840	7.047	-207	-2,9%
	Ráðherranefnd um upplýsingatækni	**1.072**	**707**	**365**	**51,6%**
2-3410-1	Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	1.072	707	365	51,6%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin		**202.233**	**198.994**	**3.239**	**1,6%**
	Grannsvæðin	**88.942**	**85.951**	**2.991**	**3,5%**
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	13.902	14.000	-98	-0,7%
3-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.219	17.651	1.568	8,9%
3-0820-2	Styrkir	19.266	18.356	910	5,0%
	Verkefni	*36.555*	*35.944*	*611*	*1,7%*
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	17.745	18.495	-750	-4,1%
3-0840-1	Menningarmiðlun	3.600	2.830	770	27,2%
3-0850-1	Markaðsbúskapur	0	0	0	0,0%
3-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	10.140	11.042	-902	-8,2%
3-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	5.070	3.577	1.493	41,7%
	Orkumál	**7.213**	**6.160**	**1.053**	**17,1%**
3-3210-1	Verkefni - Orkumál	6.156	5.071	1.085	21,4%
3-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (Nefp)	1.057	1.089	-32	-2,9%
	Umhverfismál	**37.993**	**39.469**	**-1.476**	**-3,7%**
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	32.240	33.795	-1.555	-4,6%
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	5.753	5.674	79	1,4%
	Byggðamál	**29.357**	**29.212**	**145**	**0,5%**
3-6110-1	Verkefni - Byggðamál	19.309	19.292	17	0,1%
	Stofnanir	*10.048*	*9.920*	*128*	*1,3%*
3-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	10.048	9.920	128	1,3%
	Samgöngumál	**1.058**	**1.043**	**15**	**1,4%**
3-6210-1	Verkefni - Samgöngumál	1.058	1.043	15	1,4%

	VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.	FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	%
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	**37.670**	**37.159**	**511**	**1,4%**
	Verkefni	*6.442*	*0*	*6.442*	-
3-6410-1	Verkefni – sameiginlegur sjóður NEJS, EK-Livs og NEF	5.340	0	5.340	-
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.102	1.087	15	1,4%
	Landbúnaður og skógrækt	**20.989**	**22.808**	**-1.819**	**-8,0%**
	Verkefni	*12.179*	*14.111*	*-1.923*	*-13,7%*
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.633	4.308	-1.675	-38,9%
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	710	1.089	-379	-34,8%
3-6540-1	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.178	3.134	44	1,4%
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.658	5.580	78	1,4%
	Stofnanir	*8.810*	*8.697*	*113*	*1,3%*
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.810	8.697	113	1,3%
	Sjávarútvegur	**5.008**	**7.439**	**-2.431**	**-32,7%**
3-6610-1	Verkefni - sjávarútvegur	5.008	7.439	-2.431	-32,7%
	Matvæli	**5.231**	**5.825**	**-594**	**-10,2%**
3-6810-1	Verkefni - Matvæli	5.231	5.825	-594	-10,2%
Velferðar- og atvinnumál		**144.547**	**149.639**	**-5.092**	**-3,4%**
	Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	**12.870**	**12.966**	**-96**	**-0,7%**
	Verkefni	*10.106*	*10.216*	*-110*	*-1,1%*
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	6.506	7.022	-516	-7,3%
4-4120-2	Nordjobb	2.231	1.840	391	21,3%
4-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.369	1.354	15	1,1%
	Stofnanir	*2.764*	*2.750*	*14*	*0,5%*
4-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.764	2.750	14	0,5%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í PÚS. D.KR.		FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	%
	Félags- og heilbrigðismál	**41.578**	**41.422**	**156**	**0,4%**
	Verkefni	*13.433*	*12.731*	*702*	*5,5%*
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	4.466	4.505	-39	-0,9%
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.014	1.226	-212	-17,3%
4-4340-1	Nomesko og Nososko	1.679	1.686	-7	-0,4%
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	6.274	5.314	960	18,1%
	Stofnanir	*28.145*	*28.691*	*-546*	*-1,9%*
4-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	0	0	0	-
4-4381-3	Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)	32.760	32.694	66	0,2%
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.540	10.009	-469	-4,7%
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.640	2.674	-34	-1,3%
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	7.225	7.264	-39	-0,5%
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.132	7.127	5	0,1%
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.608	1.617	-9	-0,6%
	Jafnréttismál	**8.351**	**8.427**	**-76**	**-0,9%**
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	4.009	2.954	1.055	35,7%
	Stofnanir	*4.342*	*5.473*	*-1.131*	*-20,7%*
4-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	4.342	5.473	-1.131	-20,7%
	Samstarf í vímuefnamálum	**1.521**	**1.431**	**90**	**6,3%**
4-4510-1	Verkefni – Samstarf í vímuefnamálum	1.521	1.431	90	6,3%
	Atvinnumál	**68.039**	**72.723**	**-4.684**	**-6,4%**
4-5110-1	Verkefni - Atvinnumál	1.101	1.134	-33	-2,9%
	Stofnanir	*66.938*	*71.589*	*-4.651*	*-6,5%*
4-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	55.794	60.011	-4.217	-7,0%
4-5181-3	Nordtest	11.144	11.578	-434	-3,7%
	Efnahags- og fjármál	**1.658**	**1.635**	**23**	**1,4%**
4-5210-1	Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.658	1.635	23	1,4%
	Bygginga- og húsnæðismál	**885**	**873**	**12**	**1,4%**
4-5310-1	Verkefni – Bygginga- og húsnæðismál	885	873	12	1,4%
	Neytendamál	**8.330**	**8.915**	**-585**	**-6,6%**
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	6.124	6.739	-615	-9,1%
4-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.206	2.176	30	1,4%
	Löggjafarmál	**1.315**	**1.247**	**68**	**5,5%**
4-7110-1	Verkefni - Löggjafarmál	1.315	1.247	68	5,5%

VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚS. D.KR.	FJÁRLÖG 2004	FJÁRLÖG 2003	MISMUNUR +/-	%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**111.287**	**106.288**	**4.999**	**4,5%**
5-0180-3 Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	64.344	61.544	2.800	4,5%
5-0410-4 Samband Norrænu félaganna	3.238	2.943	295	10,0%
5-0425-4 Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.707	2.670	37	1,4%
5-0430-1 Norrænt tölfræðisamstarf	1.776	1.721	55	3,2%
5-0435-1 Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	585	577	8	1,4%
5-0445-1 Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	13.182	10.325	2.857	27,7%
5-0450-2 Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.216	1.199	17	1,4%
5-0460-1 Sjálfbær Norðurlönd	3.950	4.445	-495	-11,1%
5-0461-1 Norræn vísindaáætlun um öryggismál	0	1.599	-1.599	-100%
5-0462-1 Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.703	2.666	37	1,4%
5-1010-1 Upplýsingamiðlun	3.806	3.753	53	1,4%
5-1020-1 Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	974	961	13	1,4%
5-1025-1 Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.867	4.800	67	1,4%
5-1030-1 Halló Norðurlönd	4.447	3.641	806	22,1%
5-1040-1 Þýðingar og túlkun	1.081	1.066	15	1,4%
5-1050-2 Starfsmannaskipti	1.909	1.883	26	1,4%
5-8030-1 Útgáfustarfsemi	502	495	7	1,4%

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2004 og 2003


Verslag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2004	Hlut-deild	Fjárlög 2003	Hlut-deild	Mismunur +/-	%
Menningar-, menntamál og rannsóknir og IT	**359.450**	**44,0%**	**356.342**	**43,9%**	**3.108**	**0,9%**
Menningarmál [1]	158.497	19,4%	156.613	19,3%	1.884	4,7%
Menntun og rannsóknir [1]	199.881	24,4%	199.022	24,5%	859	0,4%
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.072	0,1%	707	0,1%	365	51,6%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**202.233**	**24,7%**	**198.994**	**24,5%**	**3.239**	**1,6%**
Grannsvæðin	88.942	10,9%	85.951	10,6%	2.991	3,5%
Orkumál	7.213	0,9%	6.160	0,8%	1.053	17,1%
Umhverfismál	37.993	4,6%	39.469	4,9%	-1.476	-3,7%
Byggðamál	29.357	3,6%	29.212	3,6%	145	0,5%
Samgöngumál	1.058	0,1%	1.043	0,1%	15	1,4%
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	37.670	4,6%	37.159	4,6%	511	1,4%
Velferðar- og atvinnumál	**144.547**	**17,7%**	**149.639**	**18,4%**	**-5.092**	**-3,4%**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	12.870	1,6%	12.966	1,6%	-96	-0,7%
Félags- og heilbrigðismál	41.578	5,1%	41.422	5,1%	156	0,4%
Jafnréttismál	8.351	1,0%	8.427	1,0%	-76	-0,9%
Samstarf í vímuefnamálum	1.521	0,2%	1.431	0,2%	90	6,3%
Atvinnumál	68.039	8,3%	72.723	9,0%	-4.684	-6,4%
Efnahags- og fjármál	1.658	0,2%	1.635	0,2%	23	1,4%
Bygginga- og húsnæðismál	885	0,1%	873	0,1%	12	1,4%
Neytendamál	8.330	1,0%	8.915	1,1%	-585	-6,6%
Löggjafarmál	1.315	0,2%	1.247	0,2%	68	5,5%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**111.287**	**13,6%**	**106.288**	**13,1%**	**4.999**	**4,7%**
Samtals	**817.517**	**100,0%**	**811.263**	**100,0%**	**6.254**	**0,8%**


1) Fjárlagaliðurinn 1-2548-3 NIFIN, verður frá og með 1.1.2004 færður frá fagsviði mennta- og rannsóknarmála yfir á fagsvið menningarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðsins fyrir árið 2003 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2003.

Skipting fjárlaganna á ýmsa þætti fjárlagaliðanna 2004 og 2003

Flokkun fjárlagaliðanna í verkefni, styrki, stofnanir og félagasamtök, byggir á þeirri úttekt sem gerð var á fjárlögunum árið 2000. Vakin er athygli á því að margir fjárlagaliðir fela í sér fleiri flokka fjárveitinga og ræður þungvægasti flokkurinn því undir hvaða flokk fjárveitinga fjárlagaliðurinn fellur.

Stofnanirnar eru skilgreindar út frá skipulagi þeirra en ekki faglegu inntaki. Því flokkast Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA), Norræni iðnaðarsjóðurinn og Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) með stofnunum. Fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og upplýsingaskrifstofanna í Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum eru einnig skilgreindar sem stofnanarekstur en koma fram sem sérstakur flokkur á eftirfarandi myndum. Á yfirlitinu á næstu blaðsíðu er skrifstofa ráðherranefndarinnar hluti af fjárlagaliðnum Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi, en upplýsingaskrifstofurnar aftur á móti hluti af fjárlagaliðnum Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin, og flokkast með stofnunum.





Yfirlit: Flokkun fjárlagaliða

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2004	Hlutdeild	Fjárlög 2003	Hlutdeild
Menningarmál [1]	**158.497**	**19,4%**	**156.613**	**19,3%**
Verkefni	48.759	30,8%	49.235	31,4%
Styrkir	54.299	34,3%	53.550	34,2%
Stofnanir	50.472	31,8%	48.930	31,2%
Félagasamtök	4.967	3,1%	4.898	3,1%
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni [1]	**200.953**	**24,6%**	**199.729**	**24,6%**
Verkefni	46.345	23,1%	47.555	23,8%
Styrkir	60.928	30,3%	58.586	29,3%
Stofnanir	92.552	46,1%	92.476	46,3%
Félagasamtök	1.128	0,6%	1.112	0,6%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**202.233**	**24,7%**	**198.994**	**24,5%**
Verkefni	124.178	61,4%	123.607	62,1%
Styrkir	25.019	12,4%	24.030	12,1%
Stofnanir	53.036	26,2%	51.357	25,8%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%
Velferðar- og atvinnumál	**144.547**	**17,7%**	**149.639**	**18,4%**
Verkefni	37.921	26,2%	37.120	24,8%
Styrkir	2.231	1,5%	1.840	1,2%
Stofnanir	102.189	70,7%	108.503	72,5%
Félagasamtök	2.206	1,5%	2.176	1,5%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**111.287**	**13,6%**	**106.288**	**13,1%**
Verkefni	37.873	34,0%	36.049	33,9%
Styrkir	3.125	2,8%	3.082	2,9%
Stofnanir	64.344	57,8%	61.544	57,9%
Félagasamtök	5.945	5,3%	5.613	5,3%
Samtals	**817.517**	**100,0%**	**811.263**	**100,0%**
Verkefni	295.076	36,1%	293.566	36,2%
Styrkir	145.602	17,8%	141.088	17,4%
Stofnanir	362.593	44,4%	362.810	44,7%
Félagasamtök	14.246	1,7%	13.799	1,7%

1) Fjárlagaliðurinn 1-2548-3 NIFIN, verður frá og með 1.1.2004 færður frá fagsviði mennta- og rannsóknarmála yfir á fagsvið menningarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðsins fyrir árið 2003 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2003.


Yfirfærsla og samruni fjárlagaliða

Miðað við fjárlög fyrir árið 2003 hafa einstaka fjárlagaliðir verið lagðir niður og skipt á aðra fjárlagaliði. Þetta á við um fjárlagaliðina 2-2514-2 Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum og 2-2516-2 Nordplus Mini sem ásamt fyrra verkefni Nordplus Junior (sem einungis átti við um unglingamenntun) verða nú lagðir saman í nýja samstarfsáætlun undir fjárlagaliðnum 2-2512 Nordplus Junior og mun hún taka til grunnskóla og unglingamenntunar í heild sinni. Fjárlagaliðirnir 2-2540-1 Norræn málnefnd og 2-2542-1 NORDKURS verða lagðir saman

undir fjárlagaliðnum 2-2543-2 Nordplus Sprog. Jafnframt verður stofnaður nýr fjárlagaliður 2-2544-1 Norræna málráðið. Þessar breytingar eru til komnar vegna endurskipulagningar á styrkja- og samskiptaáætlunum á sviði menntamála.

Frá og með 1.1.2004 verður fjárlagaliðurinn 1-2548-3 NIFIN fluttur frá fagsviði menntamála og rannsókna til menningarmála.

Þróun fjárlaganna á tímabilinu 1994–2004



Tekjuliðir fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum, og er skipting þeirra ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. fyrir árin 2000 og 2001.

TEKJUR PÚS. D.KR.	UPPGJÖR 2002	SKIPTIREGLA 2002	FJÁRLÖG 2003	SKIPTIREGLA 2003	FJÁRLÖG 2004	SKIPTIREGLA 2004
Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR)	9.031		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	9.689		7.680		5.760	
Aðrar tekjur	1.975		800		800	
Framlag landanna	***770.300		***795.783		***803.957	
- Danmörk	189.494	24,6%	189.396	23,8%	183.302	22,8%
- Finnland	142.505	18,5%	139.262	17,5%	141.496	17,6%
- Ísland	8.473	1,1%	8.754	1,1%	8.844	1,1%
- Noregur	166.385	21,6%	186.213	23,4%	202.579	25,2%
- Svíþjóð	263.443	34,2%	272.158	34,2%	267.718	33,3%
Samtals:	**790.995**	**100,00%**	**811.263**	**100,00%**	**817.517**	**100,00%**
Afgangur	**3.725					

** Endurgreiðist til landanna samkvæmt skiptireglu á næstkomandi ári.

*** Á raunvirði hafa fjárlögin verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildum árunum 1995 og 1996 en þau árin var starfsemin meiri.

Athugasemdir:
Gjöld af tekjum starfsmanna: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.
Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 5,76 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 2,4% árið 2004 og meðallausafjárstaða á því ári nemi 240 millj. d.kr.
Aðrar tekjur: Þessi tekjuliður felur í sér dráttarvexti, gengisbreytingar og væntanlegar endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýsluaðilum.

Kröfur gagnvart löndunum

Vegna þeirrar fjárstreymisskerðingar sem ákveðin var fyrir árin 2001, 2002, og 2003 innheimtir ráðherranefndin upphæð sem er 10 millj. d.kr. lægri en eiginlegt framlag frá löndunum og mun sami háttur hafður á varðandi árið 2004. Því verða til kröfur gagnvart löndunum. Skiptingin milli landanna ræðst af skiptireglunni vegna viðkomandi fjárlagaárs. Þetta felur í sér að löndin koma til með að standa í skuld við Norrænu ráðherranefndina sem ber enga vexti og ekki er tiltekinn endurgreiðslutími. Kröfurnar dreifast á löndin eins og segir í eftirfarandi töflu. Einnig er tiltekið hve miklar heildarkröfur verða við árslok 2004.

Kröfur miðað við einstök lönd og fjárlagaár (Þús. d.kr.)	Kröfur 2001	Kröfur 2002	Kröfur 2003	Kröfur 2004	Samtals 31.12.2004
Danmörk	2.430	2.460	2.380	2.280	9.550
Finnland	1.830	1.850	1.750	1.760	7.190
Ísland	110	110	110	110	440
Noregur	2.200	2.160	2.340	2.520	9.220
Svíþjóð	3.430	3.420	3.420	3.330	13.600
Skerðing fjárstreymis	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**40.000**

Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nemur hækkun á tilteknum fjárlagaliðum samtals 38,274 þús. d.kr. Af töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Þar kemur einnig fram hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur. Til samanburðar námu breytingar á fjárlögum fyrir 2003 samtals 20,129 þús. d.kr.

Meiri háttar hækkanir (verðlag 2003 í þús. d.kr.)		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Breyting
1-2228-3	NORDICOM	2.159	1.609	550
2-2512-2	Nordplus Junior**	18.136	10.220	7.916
2-2543-1	Nordplus Sprog**	8.680	6.559	2.121
2-2544-1	Norræna málráðið **	2.000	0	2.000
2-3138-1	Norræn áætlun um rannsóknarskóla*	3.150	0	3.150
2-3139-1	Öndvegissetur á sviði sameindalæknisfræði*	2.950	0	2.950
2-3410-1	Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	1.057	0	1.057
3-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	5.000	3.577	1.423
3-3210-1	Verkefni - Orkumál	6.071	5.071	1.000
3-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.208	17.651	1.557
3-6410-1	Verkefni – sameiginlegur sjóður NEJS, EK-LIVS og NEF	5.266	0	5.266
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	3.954	2.954	1.000
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	6.187	5.314	873
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	63.144	61.544	1.600
5-1030-1	Halló Norðurlönd***	4.386	3.641	745
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	13.000	10.325	2.675
	Aðrar minni háttar hækkanir			2.391
Hækkanir samtals				**38.274**

Meiri háttar lækkanir (verðlag 2003 í þús. d.kr.)		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Breyting
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.467	6.117	-650
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum**	0	1.784	-1.784
2-2516-2	Nordplus Mini**	0	6.132	-6.132
2-2540-1	Norræna málnefndin**	0	2.026	-2.026
2-2542-1	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	0	2.095	-2.095
2-3130-1	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin*	0	6.132	-6.132
3-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	10.000	11.042	-1.042
3-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	17.500	18.495	-995
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	31.795	33.795	-2.000
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.597	4.308	-1.711
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegsmál	4.939	7.439	-2.500
3-6810-1	Verkefni – Matvæli	5.159	5.825	-666
4-4480-3	Norræn rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum (NIKK)	4.473	5.473	-1.000
4-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	57.478	60.011	-2.533
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd***	3.895	4.445	-550
5-0461-1	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	0	1.599	-1.599
	Aðrar minni háttar lækkanir			-4.859
Lækkanir samtals				**-38.274**

* Norrænu Norðurskautsrannsóknaráætluninni lýkur á árinu 2003. Það fjármagn sem þá losnar um verður notað í verkefnin Öndvegissetur á sviði sameindalæknisfræði og Norræn áætlun um rannsóknarskóla. ** Endurskipulagning sem miðar að því að efla styrkja- og samskiptaáætlanir á sviði menntamála stendur yfir. Því fylgja tæknilegar yfirfærslur frá ýmsum fjárlagaliðum á fagsviðinu til fjárlagaliða sem varða Nordplus áætlanir. *** Þegar verkefnunum Halló Norðurlönd og Sjálfbær Norðurlönd verður breytt úr tímabundnum í langtímaverkefni verður umsýsla þeirra flutt til skrifstofu ráðherranefndarinnar þar sem verða stofnuð tvö stöðugildi. Því eru yfirfærðar 800 þús. d.kr. frá þessum liðum til NMRS.

Skipulagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar til lengri tíma

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir þróun fjárlaganna, miðað við þriggja ára tímabil, að óbreyttum fjárhagsramma frá fjárlögum fyrir 2004 á því tímabili sem fjárlagaspáin nær til. Lögð er áhersla á að hér er um að ræða tæknilegt atriði en ekki pólitískt mat eða forgangsröðun. Það er því ekki tekin afstaða til hvernig það fé sem verður til ráðstöfunar verður nýtt. Þar að auki getur hluti þess fjármagns sem notað er til verkefna færst til, annaðhvort innan eða á milli einstakra fjárlagaliða.

Forsendur skipulagsramma til lengri tíma eru sem hér segir:

- Ef annað er ekki ákveðið eða áætlað, er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögum fyrir 2004 haldið óbreyttu á spátímabilinu, þ.e. árin 2005 og 2006.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki reiknuð með inn i spátímabilið.

Líta ber á upplýsingar um spátímabilið sem leiðbeinandi en þær sýna þá þróun sem búast má við miðað við óbreytt fjárlög næstu tvö árin, að teknu tilliti til ákveðinna og fyrirhugaðra breytinga. Hér er því ekki um að ræða fjárlög til fleiri ára þar sem upphæðir á spátímabilinu eru þekktar. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar eru líkt og áður einungis árlegar fjárveitingar eins og þær koma fram á samþykktum fjárlögum. Heildarrammi fjárlaganna er ákveðinn á ári hverju og er ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í yfirlitinu er gert ráð fyrir að rammar fyrir spátímabilið séu þeir sömu og fyrir fjárlagaárið 2004.

Yfirlit á næstu töflu er samantekt fjárlagaliða hinna einstöku fagsviða.

Með hugtakinu „Frávik frá fjárlögum 2004“ er átt við muninn á upphæðum hvers árs á spátímabilinu og þeim upphæðum sem koma fram á samþykktum fjárlögum fyrir árið 2004. Ef frávikið er neikvætt, merkir það ófullnægða fjármögnunarþörf á því ári spátímabilsins. Jákvætt frávik merkir að það er fjármagn til ráðstöfunar miðað við árið 2004.

Að óbreyttum heildarramma að fjárhæð 817,517 millj. d.kr. á spátímabilinu verða 22,5 millj. d.kr. samtals til ráðstöfunar fyrir árið 2005, og 38,2 millj. d.kr. fyrir árið 2006 hjá ráðherranefndinni, að gefnum ofangreindum forsendum.

Yfirlitið er samantekt yfir meginsamstarfssviðin fjögur að því gefnu að fjárlagarammi hinna einstöku sviða sé óbreyttur.

Á fagsviðinu „Menningar-, menntamál og rannsóknir“ verða 22,5 millj. d.kr. til ráðstöfunar fyrir árið 2005 og 32,3 millj. d.kr. fyrir árið 2006. Upphæðirnar endurspegla þær fjárhagslegu afleiðingar sem vænta má vegna skipulagsbreytinga sem hafnar eru á sviði mennta og rannsókna og snerta stofnanirnar, en þær munu losa um fjármagn á spátímabilinu. Að öðru leyti er um að ræða minni háttar breytingar, meðal annars er tilraunaverkefni um Norræn öndvegissetur að ljúka en áætluð lokafjárveiting vegna þess verkefnis er á árinu 2005. Sama á við um rannsóknarverkefnið um kyn og ofbeldi sem og tungutækni en áætlaðar lokafjárveitingar vegna þessara verkefna eru á árinu 2004.

Á sviðinu „Velferðar- og atvinnumál“ nemur fjármagn til ráðstöfunar á árinu 2006 3,3 millj. d.kr. Þetta er vegna fyrirhugaðrar þróunar á velferðarrannsóknarverkefninu (fjárlagaliður 4-4620-1).

Þær 2,7 millj. d.kr. sem eru til ráðstöfunar undir liðnum „Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi“ á árinu 2006 eru til komnar vegna þess að lokafjárveitingar til rannsóknarverkefnis um Vestnorrænt hafveðurfar eru áætlaðar á árinu 2005.

Skipulagsrammi í heild til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.)

	FJÁRLÖG 2003	FJÁRLÖG 2004	Fjárlagaspá 2005	Fjárlagaspá 2006
Menningar-, menntamál og rannsóknir, ásamt upplýsingatækni	**356.342**	**359.450**	**359.450**	**359.450**
Menningarmál [1]	156.613	158.497	158.497	158.497
Menntun og rannsóknir [1]	199.022	199.881	177.353	167.628
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	707	1.072	1.072	1.072
Frávik frá fjárlögum 2004			22.528	32.253
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**198.994**	**202.233**	**202.233**	**202.233**
Grannsvæðin	85.951	88.942	88.942	88.942
Orkumál	6.160	7.213	7.213	7.213
Umhverfismál	39.469	37.993	37.993	37.993
Byggðamál	29.212	29.357	29.357	29.357
Samgöngumál	1.043	1.058	1.058	1.058
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	37.159	37.670	37.670	37.670
Velferðar- og atvinnumál	**149.639**	**144.547**	**144.547**	**144.547**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	12.966	12.870	12.870	12.870
Félags- og heilbrigðismál	41.422	41.578	41.578	38.304
Jafnréttismál	8.427	8.351	8.351	8.351
Samstarf í vímuefnamálum	1.431	1.521	1.521	1.521
Atvinnumál	72.723	68.039	68.039	68.039
Efnahags- og fjármál	1.635	1.658	1.658	1.658
Bygginga- og húsnæðismál	873	885	885	885
Neytendamál	8.915	8.330	8.330	8.330
Löggjafarmál	1.247	1.315	1.315	1.315
Frávik frá fjárlögum 2004				3.274
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**106.288**	**111.287**	**111.287**	**111.287**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi samtals	106.288	111.287	111.287	108.584
Frávik frá fjárlögum 2004				2.703
Samtals	**811.263**	**817.517**	**817.517**	**817.517**
Frávik frá fjárlögum 2004			**22.528**	**38.230**

1) Fjárlagaliðurinn 1-2548-3 NIFIN, verður frá og með 1.1.2004 færður frá fagsviði mennta- og rannsóknarmála yfir á fagsvið menningarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðsins fyrir árið 2003 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2003.

Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir

Eins og í fyrra er í fjárlögum fyrir 2004 lagt fram sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka. Í yfirlitinu er gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir, og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök markast af að samræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hugtakið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/ óformlegir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem greinir á milli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili.

Það eru því þrír eftirgreindir flokkar sem liggja til grundvallar yfirlitinu:

1. Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
2. Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
3. Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2004.

Fjárlagaliður		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Ráðstafað 2002
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka				
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1246	1229	1203
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	1.500	1.500	1.500
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	-	-	-
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	1.200	1.200	1.000
1-2255-3	Samtök norrænna áhugaleikfélaga (á vegum NordScen)	800	789	774
1-2256-1	NOMUS	789	789	400
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	410	410	200
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	200	200	300
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	300	300	200
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	200	200	200
1-2296-1	Menningarverkefni á erlendri grund	200	200	50
1-2234-1	Samískt samstarf	4.128	4.071	3.983
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.128	1.088	1.088
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	1.500	1.500	1.500
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	200	200	0
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegsmál	0	0	210
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	450	450	450
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	200	200	200

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Ráðstafað 2002
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka				
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	163	163	0
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.238	2.943	2.880
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	175	175	175
SAMTALS		***18.027***	***17.607***	***16.313***
Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	3.000	3.000	3.000
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	2.500	2.500	2.500
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	0	178	174
2-2526-2	Nordplus Mini	0	613	579
4-4120-2	Nordjobb	2.200	1.840	2.529
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	450	450	410
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	70	0	0
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.867	4.000	4.000
5-1030-1	Halló Norðurlönd	2.500	2.400	2.000
SAMTALS		***15.587***	***14.981***	***15.192***
Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um				
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	1.000	1.000	1.000
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	13.450	13.450	14.000
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	3.000	3.000	2.500
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	2.500	2.500	2.500
1-2231-2	Sleipnir	2.706	2.699	2.612
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	839	827	809
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	800	800	700
1-2258-3	NIFCA	900	900	700
2-2522-2	Nordplus Voksen	8.891	8.768	8.589
3-0820-2	Styrkir (þ.á.m. Nordplus Nabo)	10.000	13.000	14.000
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra	1.700	1.700	1.700
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.216	1.199	973
SAMTALS		***47.002***	***49.843***	***50.083***
SAMTALS		**80.616**	**82.431**	**81.588**

Starfsemi í þágu barna og unglinga

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglinga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagalið fyrir sig eru byggðar á mati, og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið endurspeglar væntingar og reynslu fyrri ára og áætlanir fagsviðanna fyrir árið 2004.

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Ráðstafað 2002
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	2.000	2.000	2.000
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	6.200	6.200	5.000
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.229	1.229	1.203
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	6.171	6.086	5.955
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu (BUK)	6.009	6.026	5.896
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf (KM-gruppen)	500	500	1.600
1-2230-1	NORDBOK	500	500	500
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Musékomitéen)	150	150	0
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	400	400	400
1-2256-3	NOMUS	1.500	1.500	1.500
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	500	500	500
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	700	700	400
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	100	100	350
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	500	500	500
1-2296-1	Menningarverkefni á erlendri grund	500	500	2.000
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	2.000	2.000	2.000
	Menningarmál samtals	**28.976**	**28.891**	**29.804**
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	3.142	4.599	5.061
2-2512-2	Nordplus Junior	19.911	10.220	9.783
2-2514-2	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	0	1.784	1.744
2-2516-2	Nordplus Mini	0	6.132	5.786
2-2542-2	NORDKURS	0	1.950	2.037
2-2543-1	Nordplus Sprog	8.802	2.500	2.500
	Menntamál og rannsóknir samtals	**31.855**	**27.185**	**26.911**
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	1.000	1.000	0
	Umhverfismál samtals	**1.000**	**1.000**	**0**
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	600	600	450
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals	**600**	**600**	**450**
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegsmál	0	0	450
	Sjávarútvegsmál samtals	**0**	**0**	**450**

Fjárlagaliður (verðlag hvers tíma)		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Ráðstafað 2002
3-4310-2	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	1.500	1.500	500
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	2.000	2.000	2.000
3-4384-3	NSH	1.500	1.500	1.500
3-4385-3	NUD	2.500	2.500	2.500
3-4386-3	NOPUS	-	-	300
	Félags- og heilbrigðismál samtals	**7.500**	**7.500**	**6.800**
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	3.300	3.300	2.500
	Grannsvæðaáætlun samtals	**3.300**	**3.300**	**2.500**
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	600	600	0
	Skrifstofan og önnur samnorræn verkefni samtals	**600**	**600**	**0**
BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS		**73.831**	**69.076**	**66.915**

Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna er fjármögnuð bæði af fjárveitingum fagsviðanna og af grannsvæðaáætluninni. Hlutdeild einstakra fagsviða fyrir árin 2004 og 2003 er byggð á mati á því hve stór hluti fjárhagsramma þeirra rennur til grannsvæðasamstarfsins. Smávægileg lækkun frá 2003 til 2004 kemur fram í heildarframlagi til grannsvæðasamstarfs. Hvað varðar niðurstöður fyrir 2002, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum fyrir starfsárið 2002 frá stofnunum, samstarfsaðilum og styrkjakerfum.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2004		Fjárlög 2003		Uppgjör 2002	
	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð
Menningarmál	8%	12.680	8%	11.851	7%	10.313
Menntun og rannsóknir	6%	11.993	6%	11.643	6%	11.871
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	0%	0	0%	0	0%	0
Grannsvæðin	100%	88.942	100%	85.951	100%	83.695
Orkumál	60%	4.328	60%	3.696	60%	3.681
Umhverfismál	30%	11.398	40%	15.788	25%	9.601
Efnahagsmál	15%	249	15%	245	30%	461
Byggðamál	15%	4.404	10%	2.921	17%	4.950
Samgöngumál	10%	106	20%	209	6%	61
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	6%	2.260	8%	2.973	6%	2.171
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	2%	257	9%	648	2%	256
Félags- og heilbrigðismál	0%	0	0%	0	3%	1.166
Jafnréttismál	5%	418	6%	506	10%	798
Samstarf í vímuefnamálum	60%	913	35%	501	43%	510
Atvinnumál	2%	1.361	5%	3.636	1%	696
Bygginga- og húsnæðismál	3%	27	5%	87	2%	15
Neytendamál	10%	833	10%	892	1%	85
Löggjafarmál	10%	132	20%	249	12%	122
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	7%	7.790	8%	8.503	8%	8.394
Samtals	**18,1%**	**148.088**	**19,2%**	**150.299**	**17,6%**	**138.846**

Aðgerðir á sviði vísinda og rannsókna

Á sviði vísinda og rannsókna einkennist þróun á alþjóðavettvangi af auknum fjárfestingum í rannsóknum, sem ætlað er að tryggja áframhaldandi þróun þekkingarsamfélaga. Því fylgir aukin samkeppni háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á rannsóknum. Þessir aðilar keppa um fjármagn, besta námsfólkið, vísindamenn og annað starfsfólk. Á evrópskum vettvangi er verið að kanna möguleika á að byggja upp evrópskt rannsóknarsvæði (European Research Area) og Norðurlönd standa andspænis sama úrlausnarefni, þ.e.a.s. að þróa möguleika svæðisins á vísindalegri framþróun.

Til að styrkja stöðu norrænna vísindamanna á alþjóðlegum vettvangi þarf norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindafólks því að beinast út á við. Uppbygging alþjóðlega viðurkenndra miðstöðva fyrir afburða rannsóknir (Centres of Excellence) með þátttöku vísindamanna úr alþjóðlegu rannsóknarumhverfi gæti styrkt samkeppnisstöðu Norðurlanda til framtíðar. Sem tilraun í þessa átt hefur Norræna samstarfsnefndin á sviði náttúruvísinda (NOS-N), Norræna samstarfsnefndin á sviði læknavísinda (NOS-M) og Norræna samstarfsnefndin á sviði hug- og félagsvísinda (NOS-H/S), í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hafið tilraunaverkefni um norræn öndvegissetur.

Norrænu fjárlögin.

Á norrænu fjárlögunum nema fjárframlög til vísinda- og þróunarsamstarfs u.þ.b. 200 millj. d.kr. en það er minna en 1% af því heildarfjármagni sem varið er til rannsókna á Norðurlöndum. Áherslur ráðherranefndarinnar á sviði rannsókna stuðla því einkum að því að prófa nýjar hugmyndir og örva sérstaka norræna starfsemi. Hana þarf að samræma svo hún falli að áherslum og forgangsröðun landanna.

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vísinda- og þróunarsamstarfs skiptast á þrenns konar starfsemi:

- Samnorrænar rannsóknarstofnanir
- Sjóði og styrki (Norræna stofnunin um vísindamenntun, NorFA)
- Tímabundnar rannsóknaráætlanir

Hlutverk Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) er að vera til ráðgjafar og brydda upp á nýjum hugmyndum um rannsóknarsamstarf. Viðmiðunarreglur fyrir starfið koma fram í Norrænu vísindastefnuáætluninni sem samþykkt var árið 1999. Auk þess hefur FPR lagt fram skýrsluna: „Norðurlönd – vettvangur fyrir afburða rannsóknir, 2000" sem hefur að geyma greiningu á þeim úrlausnarefnum sem vænta má í framtíðinni.

Rannsóknaráætlanir á tímabilinu 2001 – 2008 í þús. d.kr.

Rannsóknaráætlanir	2001	2002	2003	*2004*	2005	2006	2007	2008
Tengslanet um þjóðhætti	1.090							
Norðurskautsrannsóknir	6.255	6.386	6.132					
Velferðarrannsóknir	4.063	4.301	5.314	***6.274***	6.274	3.000		
Kyn og ofbeldi	3.649	3.726	3.808	***3.861***				
Tungutækni	4.875	4.977	5.086	***5.157***				
Faraldsfræði		1.500	3.066	***3.109***	3.109	3.109	3.109	
Rannsóknir á sviði öryggismála	1.533	1.565	1.599					
Vestnorrænt hafveðurfar	2.555	2.609	2.666	***2.703***	2.703			
Öndvegissetur, hnattrænar breytingar (NOS-N)		3.063	3.130	***3.174***	3.174			
Sameindalæknisfræði (NOS-M)				***2.991***	2.991	2.991	2.991	2.991
Rannsóknarskólar (NOS-H/S)				***2.484***	2.484	2.484	2.484	2.484
Ný starfsemi					9.265	18.416	21.416	24.525
Samtals	24.020	28.127	30.801	***29.753***	30.000	30.000	30.000	30.000

Yfirlit yfir rannsóknaráætlanir sem eru komnar til framkvæmda eða eru áformaðar á tímabilinu 2002–2008 í þús. d.kr. á verði hvers tíma fyrir árin 2002–2003 og á verðlagi 2004 fyrir tímabilið 2005–2008. Við gerð skipulagsramma fyrir tímabilið 2005–2008 er gert ráð fyrir að fjárlagarammi Norrænu ráðherranefndarinnar verði óbreyttur á komandi árum.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir eru stofnanir sem búa yfir einstakri sérfræðiþekkingu á sviðum þar sem Norðurlönd telja samstarf vera hagkvæmt. Af 33 stofnunum ráðherranefndarinnar verja 14 þeirra meira en 50% fjárveitinga til rannsókna og nýsköpunar, og sex stofnanir verja á milli 10 og 50% fjárveitinga til rannsókna. Sem dæmi um hreinar rannsóknarstofnanir má nefna Norrænu stofnunina um Asíurannsóknir (NIAS), Norrænu sjóréttarstofnunina (NifS) og Norrænu kjarnfræðistofnunina (NORDITA).

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA).

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) sér um þróun og skipulagningu samstarfsverkefna og styrkjafyrirkomulags þar sem megináherslan liggur á menntun og hreyfanleika vísindamanna.

Rannsóknaráætlanir.

Samnorrænum rannsóknaráætlunum er hrint í framkvæmd á forgangssviðum þar sem Norðurlönd búa yfir sérþekkingu og hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Samnorrænum rannsóknaráætlunum er meðal annars ætlað að stuðla að því að:

- Efla myndun tengslaneta og menntun og hreyfanleika vísindamanna.
- Tryggja skilvirka nýtingu norræns fjármagns.
- Stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum.
- Efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar.

Heildarfjárlög vegna þátttöku í fjármögnun rannsóknaráætlana nema u.þ.b. 30 millj. d.kr. árið 2004, samanber yfirlit hér að framan.

Markmið með áætlun um öndvegissetur (Centres of Excellence) er að efla rannsóknir og menntun vísindamanna á tilteknum sviðum og stuðla þannig að sýnileika norrænna rannsókna á alþjóðlegum vettvangi.

Fjárlagaliðir þar sem sameiginleg upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur

Verulegur hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar fer til uppýsingamiðlunar af ýmsum toga. Þar er um að ræða útgáfu tímarita og skýrslna, málþing og ráðstefnur, fréttamannafundi og rekstur heimasíðu með daglegum fréttum. Markmið þessarar starfsemi er margþætt. Bæði eru þar veittar upplýsingar um verkefni og niðurstöður norrænna samstarfsverkefna og almennar upplýsingar um norrænt samstarf.

Skrifstofa ráðherranefndarinnar og skrifstofa Norðurlandaráðs reka sameiginlega upplýsingadeild. Norræna ráðherranefndin stendur undir 60% af útgjöldum við rekstur deildarinnar og Norðurlandaráð 40%.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá þætti upplýsingastarfseminnar sem eru sérstakir fjárlagaliðir á fjárlögum fyrir árið 2004. Hér er fyrst og fremst um að ræða starfsemi sem er sameiginleg fyrir ráðherranefndina í heild sinni. Það skal þó tekið fram að veigamikill hluti upplýsingastarfseminnar er fjármagnaður beint af fjárveitingum fagsviðanna og norrænu stofnananna. Fjármagn til upplýsinga er og oft samofið almennri starfsemi og kemur því ekki fram á þessu yfirliti.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.		Fjárlög 2004	Fjárlög 2003	Mismunur +/-	Mismunur %
3-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti. [1]	13.902	14.000	-98	-0,7%
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna [2]	3.238	2.943	295	10,0%
5-1010-1	Upplýsingastarfsemi [3]	3.806	3.753	53	1,4%
5-1020-1	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	974	961	13	1,4%
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.867	4.800	67	1,4%
5-1030-1	Halló Norðurlönd [4]	4.447	3.641	806	22,1%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi [5]	502	495	7	1,4%
Samtals		**31.736**	**30.593**	**1.143**	**3,7%**

1) Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum og Pétursborg sjá einnig um verkefnisstjórn fyrir hönd skrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

2) Framlag til reksturs Sambands Norrænu félaganna og svæðisbundinna upplýsingamiðstöðva í norrænu löndunum ásamt upplýsingamiðstöðvarinnar í Suður-Slésvík.

3) Þessi fjárlagaliður sýnir hlut Norrænu ráðherranefndarinnar í fjármögnun upplýsingadeildarinnr, en

launaútgjöld ráðherranefndarinnar koma fram á fjárlagalið 5-0180-3, Skrifstofa ráðherranefndarinnar. Í fjárlögum skrifstofunnar fyrir árið 2004 eru þessi útgjöld áætluð 5,96 millj. d.kr.

4) Halló Norðurlönd er upplýsingaþjónusta þar sem norrænir þegnar geta fengið upplýsingar um lög og reglur og réttindi m.a. í tengslum við búferlaflutninga milli norrænu landanna. Þetta byggir á samningum milli landanna og snertir ýmsa þætti samfélagsins.
5) Útgáfustarfsemin er að meginhluta fjármögnuð af fagsviðunum, sem greiða fyrir þjónustu, ásamt sölu útgefinna skýrslna sem og beinum framlögum frá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði.

873. Fyrirspurn [580. mál]

til menntamálaráðherra um námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hve há eru árleg útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og hvert er hlutfall þeirra af heildarlánum til nemenda við hérlenda háskóla sem taka skólagjöld?
2. Hver er kostnaður sjóðsins við þessi lán og hversu mikið er talið verða endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?
3. Hver er talin verða árleg útgjaldaaukning sjóðsins ef tekin verða upp skólagjöld í háskólum sem hið opinbera rekur, miðað við nemendafjöldann námsárið 2003–2004, ef skólagjöldin verða:
   a. sambærileg við skólagjöld í háskólum sem eru sjálfseignarstofnanir,
   b. 300 þús. kr.,
   c. 500 þús. kr.,
   d. 700 þús. kr.,
   e. 1 millj. kr.?
4. Hversu mikill yrði kostnaður sjóðsins af slíkri útgjaldaaukningu, hversu mikið er talið mundu verða endurgreitt og á hve löngum tíma?

Skriflegt svar óskast.

874. Fyrirspurn [581. mál]

til menntamálaráðherra um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins verði hætt? Ef svo er, hvenær verður það gert og hvernig verður tekjutapi Ríkisútvarpsins mætt?

875. Fyrirspurn [582. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Ríkisútvarpið hverfi af auglýsingamarkaði? Ef svo er, hvenær verður af því?

876. Fyrirspurn [583. mál]

til forsætisráðherra um útgáfu bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvenær var tekin ákvörðun um útgáfu bókarinnar Forsætisráðherrar Íslands á vegum ríkisstjórnarinnar?
2. Hefur þetta verk verið boðið út?
3. Hver er áætlaður kostnaður við útgáfu bókarinnar og hvernig skiptist hann (höfundarlaun, þóknun ritstjóra eða ritnefndar, myndir, umbrot, prentun, kynningarkostnaður)?
4. Hver er höfundur bókarinnar?
5. Hver er fyrirhugaður formlegur útgefandi bókarinnar?
6. Hyggur ríkisstjórnin á útgáfu fleiri bóka á árinu og þá hverra?

877. Fyrirspurn [584. mál]

til menntamálaráðherra um lán til leiklistarnáms erlendis.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni og Katrínu Júlíusdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að veitt verði framfærslulán til Íslendinga í leiklistarnámi erlendis í ljósi þess hversu fáir fá inngöngu í leiklistarskóla hér á landi?

878. Fyrirspurn [585. mál]

til menntamálaráðherra um leiklistarnám.

Frá Katrínu Júlíusdóttur og Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað stunda margir íslenskir námsmenn leiklistarnám erlendis, sundurgreint eftir löndum?

2. Hvað hafa margir útskrifast úr leiklistarnámi hérlendis frá árinu 1973, sundurgreint eftir árum?
3. Hvað hafa margir sótt um leiklistarnám hérlendis frá árinu 1973, sundurgreint eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

879. Nefndarálit [359. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti og Guðmund Guðbjarnarson frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þýða þarf alþjóðlegu reikningsskilastaðlana á íslensku. Fjármálaráðuneytið og þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins hafa þegar hafið undirbúning að þýðingu þeirra alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tekið ákvörðun um að skuli innleiða á Evrópska efnahagssvæðinu við gildistöku reglugerðarinnar 1. janúar 2005. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu starfar nefnd sem er m.a. ætlað að kanna hvaða félög muni falla undir ákvæði reglugerðarinnar um samræmd reikningsskil og er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra leggi fram lagafrumvarp vegna þessa á haustþingi 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 11. febr. 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.		Ágúst Ólafur Ágústsson.

880. Nefndarálit [360. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti og Jónínu S. Lárusdóttur frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB.

Sala á fjármálaþjónustu er undanþegin gildissviði laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölu, en markmiðið nú er að samræma reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu. Er tilskipuninni ætlað að styrkja réttarstöðu neytenda, m.a. með því að kveða á um rétt neytenda til að falla frá fjarsölusamningi um kaup á fjármálaþjónustu. Innleiða þarf efni tilskipunarinnar fyrir 15. október 2004 en samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu verður frumvarp líklega ekki lagt fram fyrr en á haustþingi. Utanríkismálanefnd telur rétt að vekja athygli á að verulegar líkur eru á að ekki verði staðið við innleiðingarfrestinn af þeim sökum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 11. febr. 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.
Dagný Jónsdóttir.		Ágúst Ólafur Ágústsson.

881. Skýrsla [586. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2003.

I. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB.

Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku EES-samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Eins og önnur aðildarríki á Alþingi fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB), gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og á milli funda ef þörf er á. Hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur fyrir ákveðin málefni hverju sinni, stendur fyrir skýrslugerð og ályktar. Skýrslugerð um hvert mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna. Er annar úr hópi EFTA-þingmanna og hinn úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð, en nefndin lætur venjulega frá sér ályktun þegar umfjöllun um mál er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í upphafi árs 2003 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Vilhjálmur Egilsson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K.

Gunnarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna, og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns fram boðs. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Fjeldsted, þingflokki sjálfstæðismanna, Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hinn 21. janúar 2003 var tilkynnt brotthvarf Vilhjálms Egilssonar úr Íslandsdeildinni. Gunnar Birgisson tók sæti aðalmanns og Adolf Berndsen sæti varamanns. Íslandsdeildin kaus Þorgerði K. Gunnarsdóttur formann Íslandsdeildar. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru síðan Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Fulltrúi Íslandsdeildar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 27. maí. Hana skipa: Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Birkir J. Jónsson, þingflokki framsóknarmanna, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Íslandsdeildin kaus Gunnar Birgisson formann og Birki J. Jónsson varaformann. Varamenn: Birgir Ármannsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Jónína Bjartmarz, þingflokki framsóknarmanna, Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Íslandsdeildin var endurkjörin 1. október í upphafi 130. þings. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari til 10. október, en þá tók við Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu.

III. Nokkur atriði úr starfi Íslandsdeildar og þingmannanefnda EFTA og EES árið 2003.

Íslandsdeildin var að venju mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES. Þorgerður K. Gunnarsdóttir var kjörin varaformaður þingmannanefndar EFTA á fundi nefndarinnar í janúar fyrir árið 2003, en Gunnar Birgisson tók við þeirri stöðu í júní 2003, í kjölfar kosningar nýrrar Íslandsdeildar. Fulltrúar Íslandsdeildar voru framsögumenn tveggja skýrslna þingmannanefndar EES sem voru grundvöllur ályktana, en fulltrúar Noregs og Liechtensteins tóku að sér eina skýrslu hvor. Segja má að eins og oft áður hafi virkt eftirlit með ráðherraráði EFTA og stofnunum EES að miklu leyti verið að frumkvæði Íslandsdeildar. Íslandsdeildarmenn þjörmuðu að embættismönnum ESB og EFTA þegar ástæða þótti til. Þeir komu skoðunum sínum skýrt á framfæri við ráðherraráð EFTA og knúðu á um svör við mikilvægum spurningum.

Samningaviðræður EFTA-ríkjanna og ESB um stækkun EES voru eðlilega stórt mál á dagskrá þingmannanefnda EFTA og EES á árinu 2003. Fengu nefndirnar reglulegar upplýsingar um gang mála og létu þingmenn í ljós álit sitt. Lögðu Íslandsdeildarmenn m.a. áherslu á ásættanlega niðurstöðu varðandi fjárframlög og tollfrjáls viðskipti með fisk. Íslandsdeildarmenn höfðu frumkvæði að því að ýmis mál voru tekin upp á árinu. Össur Skarphéðinsson hafði t.d. frumkvæði að því að þingmannanefnd EFTA tæki upp umræðu um hlut sveitarstjórna í ákvarðanatöku innan EES og um starfsmannaleigur. Nefndin fjallaði um þau mál sem voru efst á baugi innan ESB og tóku þingmenn Íslandsdeildar upp ýmis áhersluatriði í þeim umræðum. Staða efnahagsmála í ríkjum ESB og málefni evrunnar eru dæmi um mál sem Íslandsdeildin ræddi við fulltrúa ESB, sem og stefna sambandsins í innflytjendamálum, mótun sameiginlegrar utanríkisstefnu ESB og samskipti þess við Rússland. Íslandsdeildarmenn kynntu sér stjórnarskrárdrög ESB og ræddu m.a. um lýðræði innan sambandsins og

EES, og tilraunir til að færa ESB nær fólkinu. Þá bar möguleg uppfærsla EES-samningsins nokkrum sinnum á góma.

Eftir óformlegar viðræður við kollega sína EFTA megin í þingmannanefnd EES tók sendinefnd Evrópuþingsins í nefndinni frumkvæði og kom því til leiðar að utanríkisráðherrum EFTA/EES-ríkjanna verður boðið að ávarpa utanríkismálanefnd Evrópuþingsins og fjalla um þróun mála í Evrópu og framtíðarsamskipti EFTA og ESB innan EES. Er gert ráð fyrir slíkum fundi fyrir kosningar til Evrópuþingsins sem fram fara í júní nk. Þetta er mjög gott mál og sýnir hvernig góð tengsl þingmanna geta leitt til þess að stjórnvöld nái betur eyrum fulltrúa stofnana ESB en annars hefði orðið.

Á báðum fundum með ráðherraráði EFTA á árinu var mikið rætt um samskipti við þriðju ríki. Á fyrri fundinum í júní voru íslenskir þingmenn nokkuð jákvæðir og tilbúnir til að gefa EFTA meiri tíma til að vinna í ýmsum samningum sem voru í deiglunni, þó að aðeins hafi örlað á gagnrýni vegna seinagangs, t.d. gagnvart Kanada, Bandaríkjunum og Rússlandi. Þá töldu þingmenn samráð EFTA-ríkjanna mega vera meira í tengslum við Doha-viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Á síðari fundinum í desember gætti meiri óþolinmæði Íslandsdeildarmanna, en þeir bentu á að sömu svör fengjust ár eftir ár við vissum spurningum um gerð samstarfs- eða fríverslunarsamninga, án nokkurs sýnilegs árangurs. Sérstaklega var rætt um fríverslunarsamning við Kanada. Ákvað þingmannanefnd EFTA að frumkvæði formanns Íslandsdeildar að skoða hvort og hvernig hún gæti aðstoðað ráðherrana við að koma samningaviðræðum af stað aftur með það að markmiði að ljúka þeim sem fyrst. Jafnframt var rætt m.a. um gang viðræðna við Egyptaland, Túnis og Líbanon.

Um mitt ár kom upp vilji hjá vissum ríkjum innan EFTA til að fækka ráðherrafundum og fundum þess með þingmönnum úr tveimur í einn á ári. Þó ber að taka skýrt fram að þessar hugmyndir komu ekki frá Íslandi. Íslandsdeildinni leist vægast sagt mjög illa á þessar hugmyndir og lét þá skoðun í ljós á fundi með ráðherraráðinu í júní. Íslandsdeildin benti á að hætta væri á að þingmannanefndin yrði sett til hliðar. Það tíðkaðist t.d. að ráðgjafanefnd EFTA fengi einn fund á ári með ráðherraráðinu, en ráðherrar yrðu að gera sér grein fyrir því að þingmannanefndin ætti að hafa aðra og betri stöðu, enda um að ræða lýðræðislegt eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Íslandsdeildin lagði áherslu á mikilvægi þingmannanefndarinnar sem lýðræðislegs afls innan EFTA sem veitti nauðsynlega tengingu stofnunarinnar við þjóðþing aðildarríkjanna. Farsæl lausn fannst síðan á desemberfundinum á framtíðarskipulagi funda, ekki síst vegna þess að utanríkisráðherra Íslands sýndi málflutningi þingmanna góðan skilning og vildi tryggja nauðsynlega aðkomu þeirra að málum. Í framtíðinni verða desemberfundir ráðherraráðsins minni í sniðum, þátttaka annarra stofnana EFTA verður skorin niður og lögð meiri áhersla á pólitíska stefnumótun. Íslandsdeildin fagnaði þessari niðurstöðu og sér jafnvel fram á betri fundi þar sem betra næði verði fyrir samráð ráðherraráðs og þingmannanefndar.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Á árinu hélt Íslandsdeild fundi með fulltrúum Evrópunefnda ítalska og írska þingsins. Á þessum fundum kynnir Íslandsdeildin helstu þætti EES-samstarfsins. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Íslands og gagnkvæmar skuldbindingar ESB og EFTA/EES-ríkjanna, auk þess sem farið er yfir helstu þætti Evrópuumræðunnar á Íslandi, sérstaklega afstöðu Íslendinga til sjávarútvegsstefnu ESB. Á árinu 2003 var sérstök áhersla lögð á að ræða stækkun EES og mikilvægi þess að þjóðþing ESB-ríkja fullgiltu samninginn tímanlega svo að stækkun EES og ESB gæti átt sér stað samtímis hinn 1. maí 2004.

IV. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefndar EFTA á árinu 2004.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA ræddi á árinu 2003 nauðsyn þess að eiga fundi með þingmönnum ríkja sem munu ganga í ESB og þar með EES á árinu 2004. Hefur verið ákveðið að efna til slíkra funda með fulltrúum þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna í febrúar 2004. Verður EES-samningurinn rækilega kynntur á þessum fundum og rætt um aðkomu EFTA/EES-ríkjanna að mótun löggjafar ESB og helstu hagsmunamál. Þá verður rætt um samstarf í Evrópumálum þar sem hagsmunir fara saman.

Skýrsla um hlut sveitarstjórna í ákvarðanatöku innan EES verður tekin fyrir á fundi þingmannanefndar EES í apríl. Þingmenn telja nauðsynlegt að skoða þetta mál með tilliti til þess að mörg EES-mál hafa áhrif á sveitarstjórnarstiginu og kalla á útgjöld sveitarstjórna. Samt koma sveitarstjórnir hvergi formlega að umfjöllun um EES-mál.

Samstarf við þriðju ríki verða í brennidepli á árinu. Eins og nefnt var í síðasta kafla hyggst þingmannanefndin hafa samband við þingmenn í Kanada með það fyrir augum að reyna að aðstoða EFTA við að koma á fríverslunarsamningi. Auk þess mun nefndin sjálfsagt áfram fjalla um samskipti við Rússland og Bandaríkin, auk Egyptalands, Túnis og fleiri ríkja.

Stækkun innri markaðarins og hugsanlegar afleiðingar fyrir EFTA-ríkin verður væntanlega áfram á dagskrá þingmannanefndar EFTA. T.d. er vel hugsanlegt að áherslur í lagasetningu gætu breyst með inngöngu nýrra ríkja sem hafa ef til vill aðra forgangsröðun þegar kemur að málefnum innri markaðarins, t.d. hvað varðar lagasetningu á sviði umhverfis- eða félagsmála. Þá eykst enn ójafnvægi hinna tveggja stoða EES-samningsins og því mikilvægt að fylgjast með starfsemi stofnana EES og skilvirkni ákvarðanatöku. Jafnframt má minnast á að ástæða gæti verið til að auka samstarf Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og Póllands í Evrópumálum og gætu þingmenn vissulega stuðlað að því. Þá má nefna Lissabon-ferlið. Lítið virðist miða í þá átt að bæta samkeppnisstöðu ESB, a.m.k. svo sýnilegt sé, en þetta er forgangsverkefni hjá ESB og því eðlilegt að þingmannanefndin fylgist áfram með framvindu mála og taki þátt í umfjöllun og stefnumótun þar sem við á.

Áætlun um innri markaðinn 2003–2006 kom út fyrri part ársins 2003 og er almenn stefnumörkun um málefni innri markaðarins. Áhersla er lögð á að styrkja innri markaðinn og afnema hindranir. Í viðauka eru tillögur framkvæmdastjórnar ESB að nýrri lagasetningu til næstu þriggja ára. Meðal helstu umfjöllunarefna áætlunarinnar eru aðgerðir sem snerta vöru- og þjónustuviðskipti, samgöngumál, skattamál, opinber innkaup, bætt viðskiptaumhverfi fyrirtækja, einfaldara regluverk, framkvæmd reglna, bætt upplýsingastreymi, breytta aldurssamsetningu aðildarþjóða, stækkun innri markaðarins og innri markaðinn í alþjóðlegu samhengi. Mikilvægt er fyrir alþingismenn að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum áætlunarinnar á íslenska stefnumörkun. Fylgjast þarf vel með starfi framkvæmdarvaldsins við að skilgreina íslenska hagsmuni.

Í þessu sambandi skiptir máli að góð samvinna ríki innan Alþingis og að allar leiðir séu nýttar til að löggjafarvaldið sé vel upplýst og komi að málum í tæka tíð á meðan enn má hafa áhrif á stefnumótun. Það er til einskis að koma að málum þegar tillaga að lagasetningu er þegar komin fram hjá ESB. Tími EFTA-ríkjanna til áhrifa er á fyrri stigum, á meðan tillögur eru enn í mótun. Því er varpað fram þeirri spurningu hvort ástæða sé til að skoða nánar samráð á milli Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA og utanríkismálanefndar. Það gæti t.d. hugsanlega verið gagnlegt að Íslandsdeildin kæmi upplýsingum reglulega á framfæri við utanríkismálanefnd. Jafnframt gætu samráðsfundir, t.d. tvisvar á ári, verið gagnlegir til að fara almennt yfir EES-málin í sameiningu. Þetta eru hugmyndir sem Íslandsdeildin vill koma á framfæri, með það fyrir augum að örva umræðu um þessi mál, sérstaklega hvernig styrkja mætti starfið innan þingsins þegar kemur að umfjöllun um EES-mál.

Jafnframt þyrfti að athuga hvernig þingið gæti nýtt sér betur það góða starf sem unnið er í sendiráði Íslands í Brussel, þannig að breiður hópur þingmanna hefði gagn af. Íslandsdeildin vill varpa fram þeirri hugmynd að Alþingi feli alþjóðasviði að koma á fundi í sendiráðinu fyrir alla alþingismenn sem eiga erindi til Brussel. Slíkir fundir gætu verið almennir eða sértækir eftir því sem við ætti hverju sinni. Margs konar alþjóðlegir fundir eru haldnir í Brussel og fara þónokkrir alþingismenn þangað á hverju ári. Þó að í einhverjum tilvikum þyrfti að lengja ferð um einn dag yrði ávinningurinn eflaust mikill.

Að lokum skal nefnt að ákveðið hefur verið í tilefni 10 ára afmælis EES-samningsins að halda ráðstefnu þingmannanefndar EFTA í samvinnu við ráðgjafanefnd EFTA. Verður ráðstefnan í Reykjavík 21. október nk. Umræðuefnið verður hlutverk EFTA og EES í nýrri Evrópu. Ráðstefnan verður haldin þegar tíu ný aðildarríki hafa gengið í ESB, nýtt Evrópuþing verið kjörið og ný framkvæmdastjórn ESB tilnefnd. Ráðstefnan mun vonandi veita tækifæri til að ræða þau brýnu verkefni sem bíða úrlausnar í EES-samstarfinu. Þar sem ráðstefnan verður haldin í Reykjavík skapast gott tækifæri til þátttöku fyrir Alþingi og vonast Íslandsdeildin til þess að margir alþingismenn verði meðal ráðstefnugesta.

V. Yfirlit yfir fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu og frásagnir af þeim.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2003. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA fjóra fundi, auk tveggja funda með ráðherraráði EFTA. Þá voru haldnir tveir samráðsfundir með ráðgjafanefnd EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

i. 41. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 69./37. fundur þingmannanefndar EFTA, haldnir í Brussel 12. febrúar 2003.

Fundi framkvæmdastjórnar sátu Kristinn H. Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttur. Aðra fundi sátu auk þeirra Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Gunnar Birgisson.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var ákveðið að tilnefna Vidar Björnstad og Gunnar Birgisson til að taka að sér skýrslugerð fyrir næsta fund þingmannanefndar EES, annars vegar um framtíð Evrópusambandsins og stjórnarskrárþing þess og hins vegar um framkvæmd EES-samningsins á árinu 2002. Þá var einnig ákveðið að Þorgerður K. Gunnarsdóttir yrði tilnefnd sem varaformaður þingmannanefndar EFTA á árinu 2003, en formaður var Jürgen Zech frá Liechtenstein.

Fund þingmannanefndar EFTA ávörpuðu Björn T. Grydeland, sendiherra og formaður samninganefndar EFTA gagnvart ESB, John Palmer, forstöðumaður Evrópustofnunarinnar í Brussel, Peter Sandler, ráðgjafi Evrópusambandsins í Lissabon-ferlinu, og Sebastian Remoy, sérfræðingur EFTA í Lissabon-ferlinu.

Björn T. Grydeland greindi frá yfirstandandi samningaviðræðum EFTA og ESB og sagði EFTA leggja höfuðáherslu á að samningar næðust fyrir 10. apríl nk. Hann taldi nauðsynlegt fyrir EFTA að samningar við ESB yrðu samþykktir um leið og ný ríki ESB fengju formlega inngöngu og því yrðu allir samningar að vera frágengnir fyrir 1. maí 2004. Hann sagði EFTA-ríkin mundu standa við öll þau atriði sem þau hefðu fallist á hingað til, en að algjör krafa af þeirra hálfu væri að engir nýir tollmúrar yrðu reistir með inngöngu nýrra ríkja í ESB. Hann sagði EFTA vera tilbúið til að ræða aukin fjárframlög til að jafna hlut fátækra ríkja

ESB en að himinháar kröfur ESB væru fullkomlega óásættanlegar og ótækur viðræðugrundvöllur milli fylkinganna tveggja. Hann minnti á að EFTA-ríkin hefðu engar lagalegar skyldur gagnvart ESB hvað varðaði slík fjárframlög og að ESB gæti ekki reynt með þessu móti að neyða EFTA-ríkin til að auka greiðslur sínar í sjóði ESB. Grydeland sagði að í raun hefði lítið þokast í samningaviðræðum hingað til en hann taldi þó ekki ástæðu til svartsýni. Hann sagði að komið hefði verið á fót þremur vinnuhópum um erfiðustu málin – fjárframlög EFTA, landbúnað og sjávarútveg – og að hann vonaðist til að þeir hópar gætu komið samningaviðræðum á skrið. Hann sagði að EFTA-löndin stæðu í þessum samningaviðræðum hvert í sínu lagi en að þau hefðu orðið ásátt um ákveðin sameiginleg atriði sem þau mundu ekki víkja frá gagnvart ESB. Össur bað Grydeland um að fjalla meira um hin svokölluðu „sameiginlegu atriði“ EFTA varðandi fjárframlög því að svo virtist sem Norðmenn væru reiðubúnir til að auka greiðslur sínar meira en Íslendingar, og slíkt kæmi Íslendingum einkar illa. Hann sagðist fagna bjartsýni sendiherrans og vonaðist til að hún gæti staðist en dró þó í efa raunverulegan grundvöll þess miðað við núverandi stöðu. Hann minnti einnig á mikilvægi þess að tryggja tollfrjáls viðskipti með fisk og innti eftir stöðu samningaviðræðna í þeim efnum. Grydeland sagði að þrátt fyrir stuttan tíma til samninga þá væri 1. maí 2004 sú dagsetning sem skipti mestu máli og að EFTA og ESB hlytu að geta ráðið fram úr sínum málum á málefnalegan hátt á næstu vikum og mánuðum. Hann sagði EFTA-löndin semja hvert í sín lagi en mjög gott samráð væri á milli EFTA-landanna og samvinnan öll til fyrirmyndar. Hann sagði hins vegar að EES-samningurinn yrði nær ómögulegur í framkvæmd ef öll ný ESB-ríki gengju ekki inn í hann um leið og þau yrðu formlega aðilar að ESB.

John Palmer fjallaði um helstu forgangsverkefni í formennskutíð Grikkja og nefndi sérstaklega stækkun ESB, utanríkismál, framtíðarsýn Evrópusambandsins og Lissabon-ferlið. Hann sagði öll þessi mál vera langvarandi viðfangsefni allra formennskuríkja og sagði að í raun þyrfti að endurskoða formennskuferlið innan ESB. Það væri á margan hátt óhentugt að hvert ríki færi með formennskuna í aðeins sex mánuði í senn; ríkin væru rétt búin að setja sig inn í flókna málaflokka og farin að framkvæma stefnu ESB af skilningi þegar þau yrðu að gefa formennskuna áfram til næsta ríkis. Hann sagði að öðru leyti augljóst að eitt helsta verkefnið í formennskutíð Grikkja yrði sameiginleg utanríkisstefna ESB. Alvarleg vandkvæði hefðu mjög greinilega komið í ljós á þessu sviði í Íraksdeilunni og ekki væri útséð um hvernig þróunin yrði í framtíðinni; grundvöllur fyrir sameiginlegri utanríkisstefnu ESB hefði því veikst á síðustu vikum. Þá gerði Palmer stjórnarskrárþing ESB um framtíð Evrópu að umtalsefni. Hann sagði stjórnarskrárþingið vera mjög róttæka breytingu á vinnuháttum ESB, ekki síst þar eð þjóðþing sem og aðrir armar þjóðlífsins hefðu mun meira um málin að segja og tækju virkari þátt í vinnuferlinu. Stjórnarskrárþingið væri á allan hátt lýðræðislegra heldur en ýmsar aðrar stofnanir ESB og vísaði á ákveðinn hátt veginn í stjórnarháttum ESB. Varðandi framtíðarstefnu ESB taldi hann líklegt að samþykkt yrði sérstök stjórnarskrá sambandsins, tekin yrði upp meirihlutaafgreiðsla fleiri mála og að dóms- og öryggismálum yrði tryggður öruggur sess innan sambandsins. Þorgerður K. Gunnarsdóttir benti á erfiða efnahagslega stöðu stærstu ríkja ESB og spurði hvernig sambandið hygðist taka á því. Hún spurði einnig um stefnu ESB í innflytjendamálum, en slíkt hlyti að breytast eitthvað eftir stækkun. Einnig spurði hún um hvað yrði um væntanlega stjórnarskrá ef eitthvert sambandsríki hafnaði slíku. Össur Skarphéðinsson gerði framtíð NATO að umtalsefni og þau áhrif sem þróun þess hefði á mótun sameiginlegrar utanríkisstefnu ESB og innti svara við því hvernig ESB hygðist haga samskiptum sínum við Rússland. Palmer sagði að efnahagsástandið í ýmsum ríkjum ESB væri vissulega mjög alvarlegt og sagði nauðsynlegt að endurskoða rækilega stefnumótun sambandsins í efnahagsmálum. Hann sagði daga verðbólgu liðna og því

yrði að taka á efnahagsmálum á annan hátt en hefði verið gert hingað til. Hann sagði Þýskaland þurfa að gera gagngerar breytingar á efnahagsumhverfi sínu og að ESB sem heild yrði að verða vinveittari frjálsum viðskiptum og fyrirtækjarekstri. Hvað varðaði innflytjendamál sagði Palmer að frjálst flæði vinnuafls ætti að vera orðið að raunveruleika árið 2007 og að gífurleg vinna ætti sér nú stað á þessu sviði til að tryggja að öll löndin væru tilbúin fyrir svo miklar breytingar. Varðandi utanríkisstefnu ESB gagnvart Rússlandi sagði hann mikilvægt að vera í nánum tengslum við Rússa, ekki síst hvað varðaði innflytjendamál, landamæravörslu, glæpavarnir og fleira því tengt. Það kæmi hins vegar ekki til greina að bjóða Rússlandi aðild að sambandinu.

Peter Sandler og Sebastian Remoy fjölluðu að lokum um Lissabon-ferlið og þau áhrif sem það mun hafa innan ESB og EFTA. Lissabon-ferlinu er ætlað að gera ESB að „samkeppnishæfasta markaði heims“ og í þeim tilgangi hefur verið reynt að hrinda fjölda lagabreytinga og gagngerra breytinga á vinnuháttum í framkvæmd. Sandler sagði að mikið hefði áunnist innan orkugeirans og viðskipti hefðu verið gerð frjálsari og opnari með Lissabon-ferlinu, en að enn væri langt í land hvað varðaði atvinnumarkaðinn sérstaklega. Sandler fjallaði einnig um ýmsar breytingar í skattamálum og sagði að unnið væri að frekara samræmi ESB-ríkja í þeim efnum enda væri slíkt einn af hornsteinum betra hagkerfis innan ESB. Skattamál væru hins vegar viðkvæm innanríkismál og því þyrfti helst að setja reglur um einfaldar meirihlutaákvarðanir innan ESB í þessum málum ef eitthvað ætti að þokast. Remoy sagði mikilvægt að EFTA-löndin fylgdust vel með Lissabon-ferlinu, en þar eð um væri að ræða ýmsar breytingar á vinnuháttum frekar en breytingar á lögum þá stæði ferlið í raun utan EES-samningsins. Slíkt gæti hins vegar haft þau áhrif á EFTA-löndin að þau drægjust aftur úr með tímanum og gætu ekki samræmt vinnuumhverfi EFTA og ESB með þeim hætti sem eftirsóknarvert væri. Hann bryndi fyrir mönnum að kynna sér vel helstu þætti Lissabon-ferlisins og kynna þau heima fyrir í EFTA-löndunum, en hingað til hefði þessu ekki verið gefinn nægilegur gaumur. Hann sagði Lissabon-ferlið á vissan hátt draga úr áhrifum og valdi þjóðþinga og Evrópuþingsins og því væri sérlega mikilvægt fyrir þingmenn að fylgjast með gangi mála á þessu sviði.

Að loknum viðræðum gerðu formenn landsdeilda stutta grein fyrir þróun mála heima fyrir. Þorgerður K. Gunnarsdóttir sagði frá komandi kosningum, skoðanakönnunum og helstu málum í brennidepli í kosningabaráttunni. Að lokum var Þorgerður einróma kosin varaformaður þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2003.

ii. 29. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 18. fundur þingmannanefndar EES, haldnir í Álasundi 19.–20. maí 2003.

Vegna yfirstandandi kosningabaráttu áttu Íslandsdeildarmenn ekki heimangengt, en fundina sátu Ásta R. Jóhannesdóttir og Jón Bjarnason, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur. Í upphafi var haldinn fundur í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES þar sem starf nefndarinnar var skipulagt. Ásta R. Jóhannesdóttir og ritari sátu fundinn.

Fund þingmannanefndar EES ávörpuðu John Boucaouris, fulltrúi ráðherraráðs EES, Matthias Brinkmann, fulltrúi formanns sameiginlegu EES-nefndarinnar, Erik Århus, fulltrúi ráðherraráðs EES og sameiginlegu EES-nefndarinnar, og Einar Bull, forstöðumaður Eftirlitsstofnunar EFTA. Boucaouris, Brinkmann og Århus fjölluðu allir um stækkunarviðræðurnar, tímaáætlun og helstu deiluefni. Markmiðið hafði verið að ljúka viðræðum og skrifa undir stækkun 16. apríl nk., en ljóst þótti að enn væru tiltekin mál óútkljáð og því mundi ferlinu seinka. Fram kom að gert væri ráð fyrir að vandamálin yrðu leyst í lok maí, en viðræðurnar hefðu verið erfiðar og tímafrekar þar eð viðræðuaðilar hefðu í upphafi haft afar ólík sjónar-

mið. Boucaouris og Brinkmann sögðu annars að EES-samningurinn hefði virkað vel það sem af væri ári og þeir bentu sérstaklega á hversu hratt ESB-gerðir hefðu verið innleiddar í EFTA/EES-ríkjunum. Þeir vöktu athygli á auknu vægi ESB-stofnana og sögðu mikilvægt að EFTA/EES-ríkin fengju aðgang að þessum stofnunum ef þau ætluðu að halda takti í Evrópusamstarfinu. Einar Bull gerði grein fyrir innleiðingu ESB-gerða í löggjöf EFTA/EES-ríkjanna það sem af er ári og sagði þau hafa staðið sig vel. Hann fjallaði einnig um aukið vægi og völd nýrra ESB-stofnana og benti á að slíkar breytingar hefðu áhrif á grundvallarstoðir EES-samningsins. Fundarmenn lögðu áherslu á að stækkunarviðræðurnar fengju farsæla lausn og að stækkun EES-svæðisins yrði að vera samstiga stækkun ESB.

Í fjarveru formanns Íslandsdeildar kynnti Ásta R. Jóhannesdóttir skýrslu um framkvæmd EES-samningsins á árinu 2002. Ásta sagði að þrátt fyrir að EES-samningurinn virkaði að mörgu leyti vel væru ýmis atriði tilefni til alvarlegrar íhugunar. Stórfelldar breytingar innan ESB stæðu fyrir utan samninginn og enn væru breytingar hraðar. Mikilvægt væri að EFTA/EES-ríkin drægjust ekki aftur úr. Stækkun ESB, Lissabon-ferlið, fyrirhuguð stjórnarskrá Evrópu og ýmis önnur mál mundu hafa mikil áhrif á gildi EES-samningsins. Hún hvatti að lokum til þess að næsta ársskýrsla yrði pólitískari og skýrari aflestrar, en svo virtist sem þessar skýrslur væru að jafnaði frekar tæknilegar og þurrar þrátt fyrir að viðfangsefnin væru stórpólitísk og aðkallandi. Paolo Casacas, sem kynnti skýrsluna fyrir hönd Evrópuþingmannsins Gary Titley, sagði ljóst að frá upphafi hefði verið litið á EES-samninginn sem tímabundið skref í átt til ESB-aðildar. Ef EFTA/EES-ríkin ætluðu sér stærri hlut í stefnumótun innan Evrópu væri aðild að ESB augljóslega næsta skref. Casacas sagði að nú væri barátta gegn spillingu í fjármálaheiminum ofarlega á forgangslista Evrópuþingmanna og benti í því sambandi á deilu sem stendur á milli Liechtensteins og framkvæmdastjórnar ESB. Þá var tekin til umfjöllunar skýrsla um stækkun ESB og EES og framtíðarsýn Evrópusambandsins. Evrópuþingmaðurinn Diana Wallis kynnti skýrsluna og lagði áherslu á hlutverk þjóðþinga í mótun framtíðarsýnar og hugsanlegrar stjórnarskrár ESB og að hlut þjóðþinga ætti að styrkja innan ESB. Wallis fjallaði einnig um ýmiss konar ágreiningsefni, svo sem áhrif smærri ríkja gagnvart hinum stærri, en sagðist bjartsýn á að slík deilumál mundu að lokum leysast farsællega. Norski þingmaðurinn Vidar Björnstad tók undir orð Wallis og ítrekaði hversu mikilvægt væri að EFTA/EES-ríkin fylgdust með gangi mála í mótun framtíðarstefnu og stjórnarskrár ESB. Hann sagði lagaumhverfi ESB hugsanlega breytast til muna fljótlega og við því yrði að bregðast þegar innri markaðurinn færi að ná til fleiri ríkja. Björnstad sagði ESB hafa breyst gríðarlega hin síðari ár og betri gaum yrði að gefa breyttu svæðasamstarfi og auknu hlutverki sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins á stefnumótun ESB. Paolo Casacas sagði skýrsluna vel unna og sagðist fylgjandi þeirri stefnu að Evrópa yrði eins konar sambandsríki með stjórnarskrá. Við atkvæðagreiðslu um ályktanir skýrslnanna gerði Jón Bjarnason athugasemdir við tiltekin atriði og sagðist ekki greiða þeim atkvæði. Hann sagði óhugsandi að greiða því atkvæði að hvetja til einkavæðingar almenningsþjónustu og að ýmislegt í ályktununum bæri þess merki að vera innanhússmál Evrópusambandsins; honum fyndist til dæmis undarlegt að ætlast væri til þess að hann greiddi atkvæði um það hvort Evrópusambandið ætti að hafa sérstakar sendinefndir á Íslandi og í Sviss. Hanuri Paovoli frá Finnlandi tók undir með Jóni og sagðist ekki geta greitt ýmsum atriðum atkvæði, ályktanir væru „matreiddar af Evrópusambandssinnum".

Þá var tekin fyrir vinnuskýrsla formanns EES-nefndarinnar um Lissabon-ferlið. Jürgen Zech og Erika Mann ítrekuðu mikilvægi þess að EFTA/EES-ríkin yrðu ekki eftirbátar ESB-ríkja í Lissabon-ferlinu. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði að svo virtist sem afar lítið væri rætt um Lissabon-ferlið í þjóðþingum EFTA/EES-ríkjanna og skoða yrði hvers vegna svo lítið

færi fyrir þessu mikilvæga máli á pólitískum vettvangi. Hún spurði hvað hefði verið gert til að kynna þessi mál í öðrum löndum og að hve miklu marki þau væru rædd á meðal stjórnmálamanna í hinum EFTA/EES-ríkjunum. Aðrir fundarmenn tóku undir með Ástu og sögðu slæmt hversu lítil pólitísk umræða væri um þessi mál fengju heima fyrir.

iii. 42. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 70./38. fundur þingmannanefndar EFTA, 3. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA og 28. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA, haldnir í Kristjánssandi 26.–27. júní 2003.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Katrín Júlíusdóttir, auk Belindu Theriault, starfandi ritara Íslandsdeildar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu formaður, fulltrúi stjórnarandstöðu og ritari. Þar var farið yfir helstu mál og starfið skipulagt. Meðal annars var samþykkt að halda ráðstefnu í samvinnu við ráðgjafanefnd EFTA í tilefni af 10 ára afmæli EES-samningsins í Reykjavík haustið 2004. Þá var rætt um afstöðu norska ráðherrans Gabrielsen í ráðherraráði EFTA til ráðherrafundanna, en þingmenn höfðu fengið upplýsingar um það stuttu fyrir fundinn að hann hefði hug á að fækka þeim úr tveimur í einn á ári og þar með fækka jafnframt fundum með þingmönnum. Þetta mál var rætt í framkvæmdastjórninni, en formanni Íslandsdeildar leist ekki vel á hugmyndina og lagði áherslu á að þetta yrði ekki ákveðið án samráðs við þingmannanefndina og að gera yrði úttekt á gagnsemi fundanna áður en ákvörðun væri tekin. Birkir var tilnefndur sem meðhöfundur skýrslu um samstarf við grannríki utan ESB (Wider Europe) fyrir næsta fund þingmannanefndar EES.

Á fundi þingmannanefndar EFTA gerði formaður Íslandsdeildar grein fyrir úrslitum alþingiskosninga. Gerhard Sabathil, sendiherra ESB til Íslands og Noregs, kynnti niðurstöður nýafstaðins leiðtogafundar ESB í Þessalóníku sem hann taldi að hefði tekist mjög vel. Hann sagði m.a. að fínpússa þyrfti drög að stjórnarskrá ESB, en í meginatriðum væri þetta komið og markaði þáttaskil í sögu ESB. Solana hefði lagt fram fyrir leiðtogafundinn mjög góða greinargerð um öryggismálastefnu ESB sem yrði útfærð frekar fyrir leiðtogafundinn í desember. Gert væri ráð fyrir að ljúka aðildarviðræðum við Búlgaríu og Rúmeníu fyrir lok 2004. Hann minntist á að ákvarðanir hefðu verið teknar um sameiginlega stjórn landamæra sem hefðu áhrif á Ísland og Noreg sem aðila að Schengen-samstarfinu. Sabathil gerði einnig grein fyrir nýjustu þróun í landbúnaðarstefnu ESB. Gunnar Birgisson spurði um stöðu nýrra aðildarríkja gagnvart evru-svæðinu. Guðlaugur Þór spurði hvort tekist hefði með þessum stjórnarskrárdrögum að færa ESB nær fólkinu. Sabathil svaraði því til að ESB stæði frammi fyrir ögrandi verkefni sem kallaði á tilfærslu fjármagns í stórum stíl til nýju aðildarríkjanna. Ný byggðastefna léki lykilhlutverk í þessu sambandi. Vonast væri til að einhver hinna nýju aðildarríkja gætu orðið aðilar að evrunni árið 2007, en það væri kannski fullmikil bjartsýni. Hann taldi tvímælalaust að ESB hefði færst nær fólkinu þar sem umræða um stjórnarskrána hefði verið mikil í öllum aðildarríkjum. Sú umræða yrði enn þá meiri þegar þjóðþingin tækju málið til skoðunar. Hann sagði margt í stjórnarskrárdrögunum auka lýðræði og gegnsæi og var hinn ánægðasti með þau þó að vissulega mætti enn lagfæra ýmislegt.

Haldinn var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja aðilar vinnumarkaðarins. Peter Ludlow, sem er formaður rannsóknastofnunar í Brussel, kom á fundinn og hélt erindi um stjórnarskrá ESB. Hann ræddi jafnframt samskipti ESB við grannríki og stækkun ESB og EES. Varðandi stjórnarskrána lagði hann áherslu á fimm atriði: Þó að ýmislegt mætti finna að drögum að stjórnarskrá ESB þá væri hér um já-

kvæða þróun og framför að ræða. Ákvörðun ráðsins um að samþykkja drögin sem grundvöll ríkjaráðstefnunnar væri mjög mikilvæg, því að þeir sem vildu breytingar á núverandi texta þyrftu að sanna gildi slíkra breytinga, ekki öfugt. Þó að drögin væru að flestu leyti ágæt væri mikil vinna eftir og því enn hægt að eyðileggja ferlið með vitlausum ákvörðunum. Samt væri hann bjartsýnn á að endanlegt plagg yrði ásættanlegt og undirritað af miklum meiri hluta aðildarríkja, ef ekki öllum. Grannríki yrðu í framtíðinni meira í sviðsljósinu, en staða EFTA yrði erfið. Í framhaldi af þessum fullyrðingum ræddi Ludlow framtíðarþróun ESB og sagði líklegt að öll 25 aðildarríki ESB skrifuðu undir stjórnarskrá 2004 og hún gengi í gildi 2005, Búlgaría og Rúmenía gengju í sambandið 2007 og á árunum 2008–2015 yrðu löndin á vestanverðum Balkanskaga aðilar og Tyrkland líka. Hann taldi að í slíku umhverfi hætti EES að skipta máli og best væri fyrir EFTA-ríkin að ganga í ESB. Stefna ESB gagnvart grannríkjum (Wider Europe) væri ekki ætluð EFTA-ríkjum heldur ríkjum eins og Rússlandi, Moldóvu o.s.frv. Áhersla ESB í samskiptum við ríki utan sambandsins yrði í framtíðinni á öryggishagsmuni ekki viðskiptahagsmuni og mundi því snúast um samstarf við fátæk ríki sem ESB vildi ekki fá inn, ekki auðug ríki sem halda sig fyrir utan. Hann taldi að erfiðara yrði fyrir EFTA-ríkin að fá athygli og minna tillit yrði tekið til þeirra.

Gunnar Birgisson taldi stefna í bandaríki Evrópu og spurði hver áhrifin yrðu af því að ekki eru öll aðildarríkin aðilar að evru-svæðinu. Hann bað jafnframt um frekari skýringar á mati Ludlows á stöðu EFTA-ríkjanna. Guðlaugur Þór Þórðarson ræddi um þá gagnrýni sem hefði víða heyrst þess efnis að stjórnarskráin væri flókið plagg sem væri síst til þess fallið að færa ESB nær fólkinu. Ludlow sagði drögin draga saman og skýra stöðu mála í ESB og sæmilega upplýst fólk gæti þar séð hvað ESB snýst um. Vissulega væri vanþekking á ESB útbreidd og stjórnarskráin mundi væntanlega ekki hjálpa ómenntuðum lýðnum sem vissi lítið um ESB. Í sambandi við EFTA lagði hann áherslu á að ESB héldi áfram að stækka og yrði í framtíðinni upptekið af málefnum fátækari grannríkja og öryggismálum. Spurningin yrði hvernig EFTA-ríkin gætu tryggt að rödd þeirra heyrðist. Breytingar væru að verða á forgangsröðinni hjá ESB og hætta væri á að EFTA yrði ekki ofarlega á baugi. Hann kannaðist ekki við að stefnt væri að bandaríkjum Evrópu. Að lokum sagði hann að mesta ógn sem ESB stæði frammi fyrir núna væri hugsanlegur klofningur þar sem Frakkland og Þýskaland væru öðrum megin og Bretland og Spánn hinum megin.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherrum voru á dagskrá bæði samskipti við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga, og stækkun EES. Formaður ráðherraráðsins, Gabrielsen frá Noregi, fór yfir stöðu mála varðandi fríverslunarsamninga. Hæst bar að samningur við Chile var undirritaður í Kristjánssandi. Forgangsmál voru að sögn ráðherrans að ná samningum við Kanada, Egyptaland, Líbanon og Túnis. Áfram yrði unnið að samningum við Suður-Afríku og umræður færu fram við fjölda annarra ríkja um hugsanlega fríverslunarsamninga. Þingmannanefndin var almennt jákvæð gagnvart þróun mála. Gunnar spurði ráðherrana hvort ekki væri hægt að fara að ljúka samningum við Kanada, hvers vegna ekki væri hægt að hefja viðræður við Bandaríkin strax og hver væri staða mála gagnvart Rússlandi. Svör voru á þá leið að enn þá væru skipasmíðar fyrirstaða í samningum við Kanada en vonast væri til að finna flöt á því máli á næstunni, hvað Bandaríkin varðaði yrði að skoða landbúnaðarmálin vel áður en hægt yrði að ræða um formlegar samningaviðræður og fylgst væri með þróun mála í Rússlandi, EFTA styddi viðleitni ESB til að koma á sérstöku samstarfi við Rússland og ætti að fylgja á eftir með svipaða stefnu. Guðlaugur Þór spurði hvort um eitthvert samstarf væri að ræða á milli EFTA-ríkjanna í tengslum við Doha-viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og fékk þau svör að um væri að ræða óformlegt samráð.

Í umræðum um stækkun EES kom fram almenn ánægja með niðurstöðuna sem náðst hefði. Rætt var lítillega um hugsanlega uppfærslu EES-samningsins.

Gabrielsen tilkynnti þingmannanefndinni að ráðherraráðið hefði ákveðið í gær að skoða skipulag ráðherrafundanna. Næsti fundur sem fer fram 15. desember á þessu ári yrði með sama sniði, en þá yrðu teknar ákvarðanir um framhaldið. Þingmannanefndin lagði áherslu á að hún teldi nauðsynlegt að hitta ráðherrana tvisvar á ári.

iv. 43. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 71./39. fundur þingmannanefndar EFTA, haldnir í Brussel 16. október 2003.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Össur Skarphéðinsson, Birkir J. Jónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Lúðvík Bergvinsson, auk Belindu Theriault, ritari Íslandsdeildarinnar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Gunnar Birgisson, Össur Skarphéðinsson og Belinda Theriault. Þar var starfið fram undan skipulagt. Ákveðið var að tillögu Össurar að fram færu umræður á fundi þingmannanefndarinnar í desember um aðkomu sveitarstjórna að EES-málum annars vegar og hins vegar um starfsmannaleigur og löggjöf um starfsemi þeirra. Ákveðið var að málin yrðu jafnframt rædd við ráðherraráð EFTA í desember. Auk þess að rætt yrði um samskipti við þriðju ríki, málefni EES og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þá lýstu þingmenn áhuga á því að eiga á næstu mánuðum fundi með þingmönnum ríkja sem ganga á næsta ári í ESB, sérstaklega fulltrúum Eystrasaltsríkjanna. Að lokum var rætt um sameiginlega ráðstefnu sem þingmannanefnd og ráðgjafanefnd EFTA hyggjast halda í Reykjavík í tilefni af tíu ára afmæli EES-samningsins.

Gunnar Birgisson, varaformaður þingmannanefndar EFTA, stýrði fundi nefndarinnar í fjarveru formanns. Á fundinum fjallaði Per Mannes, aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, um undirbúning undir stækkun EES. Því miður hefði orðið að fresta undirritun stækkunarsamnings EES þar sem Liechtenstein hefði ekki séð sér fært að undirrita hann á tilsettum tíma vegna deilna við Tékkland og Slóvakíu um framkvæmd viðurkenningar á sjálfstæði Liechtensteins. Unnið væri að því að leysa málið. Per Mannes ræddi um stækkun innri markaðarins og hugsanlegar afleiðingar fyrir EFTA-ríkin. Hann sá ekki fyrir sér nein stórfelld vandamál af völdum frjálsra fólksflutninga. Umhverfismál og matvælaöryggi gætu verið málaflokkar sem yrðu í brennidepli, sem og eftirlit með framkvæmd reglna í stækkuðu ESB. Áherslur í lagasetningu gætu breyst eftir stækkun. Ekki væri víst að nýju aðildarríkin væru áköf í að setja ný lög á sviði umhverfisverndar og á félagslega sviðinu. Per sagði að vissulega ykist enn ójafnvægi hinna tveggja stoða innan EES, en áhrif EFTA-ríkjanna hefðu aldrei snúist um stærð. Þátttaka í nefndum ESB væri enn helsti styrkur EFTA-ríkjanna þegar kæmi að því að hafa áhrif á lagasetningu. Áhrif á Evrópuþingið og ráðherraráð ESB væru aftur á móti einungis óbein. Mikilvægt yrði í framtíðinni að setja fram athugasemdir EFTA-ríkjanna við fyrirhugaða lagasetningu með kröftugum og ákveðnum hætti. Möguleikar kynnu að felast í því að eiga náið samstarf við Norðurlönd, Eystrasaltsríki og Pólland. Skoða yrði hvort ástæða væri til að uppfæra EES-samninginn. Össur Skarphéðinsson hafði áhyggjur af þeim töfum sem hefðu orðið á undirritun stækkunarsamningsins. Hann spurði m.a. hvenær uppfærsla EES-samningsins yrði tekin til athugunar, hvort uppfærsla væri raunhæfur möguleiki og hver væri stefna EFTA-ríkjanna gagnvart starfsmannaleigum. Hann sagði síðasttalda atriðið þegar vera vandamál á EES-svæðinu. Guðlaugur Þór Þórðarson fjallaði um umhverfismál og hugsanleg vandamál á því sviði í stækkuðu EES. Per Mannes sagði að stefnt væri að því að leysa vandamál Liechtensteins á næstu tveimur vikum. Skiptar skoðanir væru um málefni er tengdust starfsmannaleigum og tímabundnu vinnuafli. Tillaga um lagasetningu á því sviði

væri föst í ráðherraráði ESB og útlitið ekki gott hvað varðaði lausn málsins. Af EFTA-ríkjunum hefði Ísland mestan áhuga á uppfærslu EES-samningsins. Beðið væri eftir niðurstöðu ríkjaráðstefnunnar til að hægt væri að skoða heildarmyndina. EFTA-skrifstofan mundi þá gera heildarúttekt á málinu, en síðan væri það aðildarríkjanna að ákveða framhaldið.

Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, hélt fróðlegt erindi um starfsemi dómstólsins. Hann ræddi hlutverk og skipulag dómstólsins, stöðu hans gagnvart Evrópudómstólnum og gaf fundarmönnum gott yfirlit yfir dóma og þýðingu þeirra.

Áætlun um innri markaðinn 2003–2006 (Internal Market Strategy) var næsta mál á dagskrá fundarins. Áætlunin er stefnumótandi plagg frá framkvæmdastjórn ESB til næstu þriggja ára um málefni innri markaðarins. Þar má sjá hvaða tillögur að nýrri lagasetningu eru á döfinni. Mikilvægt er því að löggjafinn kynni sér plaggið vel og þingmenn fylgist með framvindu mála. Meðal helstu efnisatriða í áætluninni eru aðgerðir sem snerta vöru- og þjónustuviðskipti, samgöngumál, skattamál, opinber innkaup, bætt viðskiptaumhverfi fyrirtækja, einfaldara regluverk, framkvæmd reglna, bætt upplýsingastreymi, breytta aldurssamsetningu aðildarþjóða, stækkun innri markaðarins og innri markaðinn í alþjóðlegu samhengi.

Gerard de Graaf, deildarstjóri á skrifstofu um málefni innri markaðarins hjá framkvæmdastjórn ESB, kom á fundinn til að ræða áætlunina. Hann sagði að tekist hefði vel til með innri markaðinn á síðustu tíu árum, en þó þyrfti að gera miklu betur. Innri markaðurinn væri að mörgu leyti vannýttur. Síðan 2001 hefðu t.d. viðskipti innan ESB nánast ekkert aukist og litlar fjárfestingar væru jafnframt áhyggjuefni. Samræma þyrfti reglur enn frekar og opna fyrir frekari viðskipti með lagasetningu. Áætlunin tæki á mörgum þáttum, en mikinn pólitískan vilja þyrfti til að koma markmiðum hennar áleiðis. Þann vilja skorti hjá sumum leiðtogum. T.d. væri það stefna þýsku stjórnarinnar að draga lappirnar í Brussel og koma í veg fyrir ákvarðanir. Hann tók sem dæmi Lissabon-ferlið sem ætlað er að gera ESB að samkeppnishæfasta svæði heims fyrir 2010. Hann sagði að þrátt fyrir fögur fyrirheit væri lítið búið að gera til að bæta samkeppnisstöðu ESB. Ráðherrar samkeppnismála ynnu ekki vinnuna sína, þeir létu nægja froðusnakk í Brussel í staðinn fyrir að taka ákvarðanir á fundum sínum. Guðlaugur Þór Þórðarson taldi ljóst af orðum ræðumanns og af upplýsingum í áætluninni sjálfri að þrátt fyrir allt sem gert hefði verið á síðustu árum væri árangurinn ekki nógu góður. Skoða þyrfti aðrar lausnir. De Graaf ítrekaði að innri markaðurinn hefði tekist vel, þó að margt mætti enn færa til betri vegar. Sumir teldu breytingar of örar innan ESB, en sannleikurinn væri sá að tíminn frá því að tillaga að nýrri gerð kæmi fram og þar til hún yrði að lögum væri að meðaltali sex ár. Össur Skarphéðinsson taldi ræðumanninn allt of svartsýnan og átaldi hann fyrir að mála allt of dökka mynd af þróuninni innan ESB.

Í umræðum um þróun mála í þjóðþingum EFTA-ríkjanna tók Gunnar Birgisson fram að von væri á frumvarpi vegna stækkunar EES í kringum næstu mánaðamót, en það gæti þó breyst ef undirritun samningsins drægist.

v. Fundur með Evrópunefnd ítalska þingsins í Róm 26. nóvember, 32. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES og 21. fundur þingmannanefndar EES sem haldnir voru í Brussel 27. nóvember.

Ítalía var í forustu innan ESB til áramóta. Venja er að Íslandsdeildin fari til fundar við þing forusturíkis ESB í upphafi formennskutímabilsins, en Evrópunefnd ítalska þingsins gat ekki orðið við beiðni um fund fyrr. Breytti það þó ekki því að fundurinn var mjög góður og gagnlegur fyrir báða aðila. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sátu fundinn Gunnar Birgisson, formaður, Guðlaugur Þór Þórðarson, Lúðvík Bergvinsson og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar. Auk formanns Evrópunefndarinnar, Giacomo Stucchi frá Norðurbandalaginu,

sátu fimm aðrir ítalskir þingmenn fundinn. Í upphafi fundar ræddi Stucchi af þekkingu um EES-samninginn og þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Hann sagði mikilvægt að auka enn frekar samstarf Íslands og ESB og nýta þau tækifæri sem kynnu að bjóðast í þeim efnum. Hann ræddi lítillega um varnar- og öryggismál í Evrópu, norrænu víddina og stækkun ESB. Gunnar Birgisson fór yfir þau málefni sem Íslandsdeildin hafði hug á að ræða, sérstaklega stækkun EES og mikilvægi þess að þjóðþing allra aðildarríkja fullgiltu stækkunarsamninginn tímanlega svo að stækkun ESB og EES gæti farið fram samtímis. Hann óskaði eftir aðstoð ítalska þingsins við að tryggja snurðulausa framkvæmd málsins og fékk góðar undirtektir hjá ítölskum kollegum sínum. Gunnar kynnti jafnframt þróunarsjóð EFTA, sem mun gagnast nýjum aðildarríkjum ESB, auk nokkurra núverandi aðildarríkja. Hann fór yfir Evrópuumræðuna á Íslandi og útskýrði sérstaklega afstöðu Íslendinga til sjávarútvegsstefnu ESB. Fundarmenn ræddi síðan m.a. um gang mála á ríkjaráðstefnu ESB þar sem stjórnarskrárdrög ESB eru til umfjöllunar, áhrif stækkunar ESB á frekari þróun sambandsins, varnar- og öryggismálastefnu ESB með tilliti til NATO og málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í lok fundar minnti Gunnar á góð tengsl landanna, m.a. gagnkvæmar heimsóknir þingforsetanna og forsætisráðherranna og þakkaði góðar móttökur. Ítalir létu í ljós ánægju sína með fundinn og sögðust hafa skilning á málstað Íslendinga.

Því næst hélt sendinefndin til Brussel þar sem Össur Skarphéðinsson bættist í hópinn. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES sátu Gunnar Birgisson, Össur Skarphéðinsson og Belinda Theriault. Á þeim fundi var fundur þingmannanefndar EES undirbúinn, farið var yfir ályktanadrög og breytingartillögur og fundnar málamiðlanir þar sem hægt var. Öll sendinefndin sat fund þingmannanefndar EES. Þar voru tvær skýrslur teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra.

Í fyrsta lagi var tekin til umræðu skýrsla um nágrannastefnu ESB og EES (The Wider Europe and the EEA). Birkir J. Jónsson var meðhöfundur skýrslunnar, en í fjarveru hans kynnti Gunnar Birgisson skýrsluna. Í ályktuninni sem samþykkt var á fundinum er m.a. fagnað stefnumótun ESB gagnvart nýjum grannríkjum, EES/EFTA-ríki eru almennt hvött til að auka tengsl sín við þessi ríki og stuðningi er lýst við stofnun sérstakra þingmannasamtaka fyrir þingmenn frá ESB-ríkjum og Miðjarðarhafssvæðinu, jafnframt með þátttöku EES/EFTA-ríkja.

Í öðru lagi var tekin fyrir skýrsla um stjórnarskrárdrög ESB og áhrif þeirra á EES (The Draft Constitution for Europe and Implications for the EEA). Í drögum að ályktun var í fyrstu tíu greinunum lagt jákvætt mat á stjórnarskrárdrögin, en í síðari hluta ályktunarinnar fjallað um áhrif þeirra á EES. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði fram breytingartillögu þar sem lagt var til að fyrstu tíu greinarnar færu út og í stað þeirra kæmi ein hlutlaus grein. Sú tillaga var samþykkt á fundinum. Í ályktuninni er m.a. hvatt til þess að stækkunarsamningur EES verði fullgiltur með hraði í aðildarríkjunum til þess að hægt verði að tryggja stækkun ESB og EES samtímis. Jafnframt er hvatt til tæknilegrar uppfærslu EES-samningsins í samræmi við breytingar á sáttmálum ESB.

Þingmannanefnd EES gaf á fundinum út yfirlýsingu þar sem frumkvæði sendinefndar Evrópuþingsins í nefndinni er fagnað, en að hennar tilstuðlan verður utanríkisráðherrum EFTA/EES-ríkjanna boðið að ávarpa utanríkismálanefnd Evrópuþingsins og fjalla um þróun mála í Evrópu og framtíðarsamskipti EFTA og ESB innan EES. Er gert ráð fyrir slíkum fundi fyrir kosningar til Evrópuþingsins sem fram fara í júní nk.

Vinnuskýrsla ráðgjafanefndar EES um sérstofnanir ESB og Evrópska efnahagssvæðið var kynnt þingmannanefndinni. Slíkar sérstofnanir eru nú fimmtán talsins og hafa ólík hlutverk. Sumar hafa eftirlitshlutverk, aðrar vinna sem upplýsinganet og enn aðrar sjá um framkvæmd

áætlana ESB á sérstökum sviðum. EFTA/EES-ríkin taka þátt í starfi þriggja sérstofnana og eiga jafnframt aðkomu að stjórnum þeirra og hafa óskað eftir þátttöku í þremur stofnunum til viðbótar. Rætt er um að breyta fyrirkomulagi stofnana og stjórna þeirra eftir stækkun ESB og því er mikilvægt að tryggja áframhaldandi aðkomu EES/EFTA-ríkja að sérstofnunum og stjórnum þeirra eftir stækkun.

Að venju var á fundi þingmannanefndar EES rætt almennt um þróun EES-samningsins. Fundinn ávörpuðu Nikolaus prins af Liechtenstein sendiherra, forseti hinnar sameiginlegu EES-nefndar og fulltrúi formanns ráðherraráðs EES, Alessandro Merola sendiherra, fulltrúi formanns ESB í ráðherraráði EES, Percy Westerlund, æðsti fulltrúi ESB í hinni sameiginlegu EES-nefnd, og Einar Bull, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Össur Skarphéðinsson ræddi um möguleika á tæknilegri uppfærslu á EES-samningnum. Fannst honum Westerlund taka illa í slíka uppfærslu í inngangsorðum sínum og spurði hvort ekki væri næg ástæða til uppfærslu samningsins að möguleikar EFTA-ríkjanna til áhrifa hefðu minnkað samfara auknum áhrifum Evrópuþingsins. Westerlund sagði að fram að þessu hefði ekki verið ástæða til uppfærslu, en nú væri beðið eftir útkomu ríkjaráðstefnu ESB til að endurmeta stöðuna. Framkvæmd EES-samningsins gengi vel og engin ástæða væri til að laga það sem ekki væri brotið. Össur sagði á margan hátt mega bæta EES-samninginn og auka lýðræðisleg áhrif EFTA-ríkjanna. En til að slíkt mætti gerast yrði ESB að vera opið fyrir tæknilegri uppfærslu. Þeir Össur og Westerlund ræddi jafnframt mögulega inngöngu Ísraels í EES, en Össur hafði heyrt slíkar hugmyndir innan framkvæmdastjórnar ESB. Westerlund fullyrti að engin slík áform væru uppi.

Í framhaldi af þessum umræðum var ákveðið að þingmannanefndin skoðaði lýðræði innan EES, sérstaklega með tilliti til nýrrar stjórnarskrár ESB og að Össur Skarphéðinsson og einn Evrópuþingmaður yrðu meðhöfundar að slíkri skýrslu fyrir næsta fund þingmannanefndarinnar. Síðar var umfjöllunarefninu breytt í ljósi þess að stjórnarskrá ESB var ekki samþykkt og var ákveðið að tillögu Össurar að fjalla um hlut sveitarstjórna í ákvarðanatöku innan EES. Jafnframt verður undirbúin fyrir þann fund skýrsla um ársskýrslu hinnar sameiginlegu EES-nefndar. Fundurinn verður 26.–27. apríl í Liechtenstein.

Um kvöldið sat hluti sendinefndarinnar kvöldverðarboð hjá sendiherra Íslands hjá ESB, Kjartani Jóhannssyni, en hann hafði jafnframt boðið nokkrum starfsmönnum ráðuneyta sem starfa í sendiráðinu og fræddu þeir sendinefndina um störf sín. Þótti sendinefndinni ljóst af upplýsingum sem fram komu að mikið og gott starf væri unnið á vegum íslenska sendiráðsins í Brussel undir styrkri stjórn sendiherrans. Ástæða væri til að styðja það mikilvæga starf sem þar færi fram og fylgjast með því sem þar væri að gerast.

vi. 44. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 4. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA, 29. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA og 72./40. fundur þingmannanefndar EFTA, haldnir í Genf 15.–16. desember 2003, og fundur með Evrópunefnd írska þingsins sem haldinn var 17. desember 2003.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Össur Skarphéðinsson, Birkir J. Jónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Lúðvík Bergvinsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu formaður, Össur og ritari. Á fundinum var farið yfir fjárhagsáætlun ESA og fyrirhugaða fjárveitingu. Einar Bull, forseti ESA, kynnti fjárhagsáætlun stofnunarinnar og Nikolaus prins af Liechtenstein, formaður ESA-nefndar EFTA-ríkjanna, kynnti sjónarmið EFTA-ríkjanna og fyrirhugaðar fjárveitingar. Að loknum umræðum samþykkti framkvæmdastjórn þingmannanefndar ályktun um málið

sem send var til ESA-nefndarinnar. Framkvæmdastjórnin notaði jafnframt tækifærið til að undirbúa fundi sem halda átti síðar um daginn og næsta dag. Íslandsdeildarmenn komu á framfæri gagnrýni á skipulag fundanna og dagskrá fundar með ráðherraráði EFTA, en þar væri ekki farið eftir óskum sem þingmenn höfðu sett fram. Lögðu fulltrúar Íslands áherslu á mikilvægi þingmannanefndarinnar sem lýðræðislegs afls innan EFTA og að nauðsynlegt væri að hún fengi nauðsynlega fyrirgreiðslu innan stofnunarinnar og tækifæri til að ræða mál við ráðherraráðið á sínum forsendum.

Haldinn var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja aðilar vinnumarkaðarins. Þar var kynnt skýrsla um frjálst flæði vinnuafls á EES-svæðinu, bæði með tilliti til stækkunar EES og tillögu að nýrri lagasetningu á þessu sviði sem er nú til umfjöllunar innan ESB. Jafnframt lá fyrir fundinum skýrsla um drög að lagasetningu um vinnuskilyrði starfsmanna starfsmannaleigna (temporary agency workers). Umræður urðu um hvort gera mætti ráð fyrir auknu flæði vinnuafls til EES/EFTA-ríkjanna eftir stækkun EES. Margir töldu að frekar þyrfti að huga að frjálsu þjónustuflæði en frjálsu flæði vinnuafls, af því að tilboð fyrirtækja í framkvæmdir fælu í sér mismunandi launakostnað eftir því hvaðan vinnuaflið væri. Lagaákvæði um þetta eru ólík á Íslandi og í Noregi. Á Íslandi gilda ákvæði um laun samkvæmt kjarasamningum líka þegar um erlent vinnuafl frá leigumiðlunum er að ræða, en engin slík ákvæði eru í norskum lögum. Þrátt fyrir að staðan sé betri á Íslandi með tilliti til lagasetningar kom fram í máli Össurar Skarphéðinssonar að of auðvelt væri fyrir fyrirtæki að sniðganga lögin. Hann taldi þörf á evrópskri lagasetningu og hörðum viðurlögum við brotum. Guðlaugur Þór Þórðarson benti á að margt væri jákvætt við starfsmannaleigur og sagði að innan Evrópu þyrfti að auka sveigjanleika á vinnumarkaðnum, ekki draga úr honum, til að auka samkeppnishæfni. Gunnar Birgisson tók undir með Guðlaugi og sagði vandamál tengd starfsmannaleigum lítils háttar og engin ástæða væri til að gera mikið úr þessu máli.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherrum var rætt um stækkun EES og sérstaklega frjálst flæði vinnuafls í því sambandi. Fram kom að ekki er ljóst hvort Ísland og Noregur muni styðjast við tímabundnar undanþágur. Bæði ríkin vilja gjarnan leyfa frjálst flæði strax frá 1. maí 2004, en ef mörg ESB-ríki nýta sér undanþágur gæti skapast þrýstingur á EFTA-ríkin þar sem fleiri mundu sækja þangað. Össur Skarphéðinsson taldi minni líkur á að frjálst flæði vinnuafls skapaði vandamál en frjálst þjónustuflæði. Hann sagði að þegar mætti sjá merki um misnotkun á erlendu vinnuafli á Íslandi sem tengdist starfsmannaleigum og hætta væri á því að sú misnotkun ykist þegar stækkun EES kæmi til framkvæmda. Engin viðurlög væru við því á Íslandi að sniðganga reglur um lágmarkslaun. Spurði hann ráðherrana hvort þeir væru tilbúnir til að beita sér fyrir lagasetningu til að koma í veg fyrir misnotkun erlends vinnuafls, jafnt heima fyrir sem innan ESB. Formaður ráðherraráðsins, utanríkisráðherra Liechtensteins, sagði að málið yrði skoðað og ef vandræði kæmu upp yrði kannað hvernig mætti leysa þau. Ef málið væri í sjálfheldu innan ESB væri til lítils að taka það upp á þeim vettvangi. Guðlaugur Þór vildi taka fram að þó að menn sæju einhver vandamál í tengslum við starfsmannaleigur mætti ekki gleyma því að þær ynnu jafnframt þarft starf á mörgum sviðum. Öll umræða um þær mætti ekki vera neikvæð.

Á fundinum var jafnframt á dagskrá að ræða um nágrannastefnu ESB. Þingmannanefndin taldi nauðsynlegt að ræða samstarf við þriðju ríki í víðara samhengi og gerði það. Gunnar Birgisson gagnrýndi aðgerðaleysi gagnvart Kanada, en fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Kanada hefur verið á dagskrá í nokkur ár. Ekki hefur verið hægt að ganga frá samningnum vegna deilna Kanadamanna og Norðmanna um skipasmíðar og hefur ekkert gerst síðustu þrjú ár. Gunnar bauð fram aðstoð þingmannanefndarinnar við að þoka málinu

áfram. Hann vildi heyra frá ráðherrum um gang viðræðna við ýmis önnur ríki, t.d. Egyptaland, Túnis, Rússland og Bandaríkin. Norski ráðherrann Gabrielsen sagði Norðmenn oft hafa rætt við Kanadamenn og nú væri boltinn hjá þeim síðarnefndu. Ekki væri hægt að gera meira en rætt yrði við nýja ríkisstjórn þegar hún væri tekin við. Hann fagnaði aðstoð frá þingmannanefndinni. Óformlegar viðræður hefðu farið fram við Bandaríkin en nú þyrfti að gefa sér tíma til að skoða málin áður en lengra væri haldið. Halldór Ásgrímsson tók undir með þingmönnum um að ganga þyrfti frá samningi við Kanada og ef það tækist ekki yrði að viðurkenna ósigur og enda samningaferlið. Hann taldi ágreiningsmál við Túnis um fisk og Egyptaland um kartöflur smávægileg og bjóst við að þau yrðu leyst fljótlega. Hann taldi mjög jákvætt að þingmannanefndin tæki upp samskipti við þing þeirra ríkja sem nú væri verið að gera samninga við (parliamentary dialogue). Framkvæmdastjóri EFTA taldi að samningar tækjust við Líbanon næsta vor og Suður-Afríku einhvern tíma á næsta ári. Össur Skarphéðinsson furðaði sig á ummælum Gabrielsen að ekkert frekara væri hægt að gera varðandi Kanada. Hann sá einn augljósan möguleika sem væri að taka skipasmíðar út úr samningsdrögunum. Hann fagnaði nágrannastefnu ESB (Wider Europe Policy), en varaði þó við því að ESB vildi nota EES sem ruslakistu fyrir þá sem það vildi ekki fá inn í sambandið. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði áherslu á samstarf við Bandaríkin og taldi að sá samningur ætti að fá forgang hjá EFTA.

Þá var rætt við ráðherrana um hlut sveitarstjórna í ákvarðanatöku innan ESB, en minnisblað um málið lá fyrir fundinum. Ljóst er að margar gerðir ESB hafa áhrif á sveitarstjórnarstiginu og var því sett á laggirnar ráðgefandi nefnd gagnvart ráðherraráði og framkvæmdastjórn ESB (EU Committee of the Regions). Hún gefur álit sitt á öllum tillögum sem snerta málefni sveitarfélaga. EES/EFTA-ríkin hafa ekki aðgang að sveitarstjórnarnefnd ESB, en sú nefnd var ekki til þegar EES-samningurinn var gerður. Össur Skarphéðinsson lagði til að EFTA setti á laggirnar sveitarstjórnarnefnd sem starfaði samhliða nefnd ESB. Þannig gætu sveitarstjórnir í EES/EFTA-ríkjunum fengið upplýsingar og reynt að hafa áhrif EFTA megin. Að lokum ræddi Gunnar Birgisson ákvörðun ráðherrana um að breyta desemberfundi sínum og gera hann einfaldari og minni í sniðum með meiri áherslu á pólitíska stefnumótun. Hann lagði áherslu á að þingmannanefnd EFTA hefði áfram tvo fundi á ári með ráðherrum, þ.e. bæði í júní og desember, og taldi að hið nýja fyrirkomulag desemberfundarins gæti jafnvel aukið pólitískt samráð þingmanna og ráðherra.

Á fundi þingmannanefndar EFTA gáfu embættismenn frá EFTA-skrifstofunni og viðskiptaráðuneyti Noregs yfirlit yfir samstarf við þriðju ríki. Að því loknu hélt Roderick Abbott, aðstoðarframkvæmdastjóri WTO, prýðilegt erindi um stöðu Doha-samningalotunnar og framtíð hennar. Bæði málin verða áfram á dagskrá þingmannanefndarinnar. Gunnar Birgisson var kjörinn formaður þingmannanefndar árið 2004 og Morten Höglund frá Noregi varaformaður. Næsti fundur þingmannanefndar verður haldinn í febrúar eða mars. Gunnar Birgisson sagðist mundu setja af stað könnun á því hvernig best væri að nálgast kanadíska þingið til að reyna að aðstoða EFTA við að koma á fríverslunarsamningi.

Að EFTA-fundunum loknum hélt Íslandsdeildin til fundar við Evrópunefnd írska þingsins, en Írland tók við forustu í ESB um áramótin. Gunnar Birgisson fór yfir þau málefni sem Íslandsdeildin hafði hug á að ræða, sérstaklega stækkun EES og mikilvægi þess að þjóðþing allra aðildarríkja fullgiltu stækkunarsamninginn í tíma svo að stækkun ESB og EES gæti farið fram samtímis. Hann óskaði eftir aðstoð írska þingsins við að tryggja snurðulausa framkvæmd málsins. Síðan skiptust þingmenn á skoðunum um Evrópumálin almennt, auk þess sem rætt var sérstaklega um sjávarútvegsstefnu ESB.

VI. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2003.

Ályktanir um eftirfarandi mál voru samþykktar í þingmannanefnd EES:
- stækkun EES og framtíð ESB,
- framkvæmd EES-samningsins á árinu 2002,
- nágrannastefnu ESB,
- stjórnarskrárdrög ESB og áhrif þeirra á EES.

Alþingi, 9. febr. 2004.

Gunnar Birgisson, form.	Birkir J. Jónsson, varaform.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Guðlaugur Þór Þórðarson.		Lúðvík Bergvinsson.

882. Svar [470. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um rjúpnaveiðar veiðikortshafa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir veiðikortshafar stunduðu eingöngu rjúpnaveiðar á síðasta veiðiári? Hversu hátt hlutfall er það af veiðikortshöfum?*
2. *Hversu margir veiðikortshafar stunduðu rjúpnaveiðar á síðasta veiðiári? Hversu hátt hlutfall er það af veiðikortshöfum?*
3. *Hvernig verður komið til móts við þá sem stunda rjúpnaveiðar og hafa greitt fyrir veiðikort á þessu veiðiári?*

Árið 2002 voru alls gefin út 10.619 veiðikort, þ.e. almenn veiðikort og hlunnindaveiðikort. Af þessum veiðikortshöfum gáfu 1.250 veiðimenn upp á veiðiskýrslum sínum að þeir hefðu eingöngu stundað rjúpnaveiði eða alls um 12%. Þeir sem stunduðu hins vegar rjúpnaveiði með annarri veiði voru sama ár 3.880 eða um 37% veiðikortshafa. Heildarskýrslufjöldi þar sem gerð var grein fyrir einhverri veiði var um 6.000. Upplýsingar fyrir árið 2003 liggja ekki fyrir þar sem endurnýjun veiðikorta er rétt hafin.

Í umræðunni undanfarið hafa verið nefndar hærri prósentutölur en 12% og 37% yfir veiðimenn sem veiða rjúpur. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að þá eru aðrar forsendur fyrir matinu en í spurningum fyrirspyrjanda. Hér að framan er hlutfallið tekið af 10.619 sem eru öll veiðikort sem gefin voru út árið 2002, jafnt almenn veiðikort sem hlunnindaveiðikort. Ljóst er að aðeins hluti þeirra hefur farið á veiðar og hugsanlega hafa enn færri skilað veiðiskýrslum. Árið 2002 er sérstakt hvað upplýsingar um veiði varðar að því leyti að hluti veiðimanna endurnýjar ekki veiðikortin fyrir rjúpnaveiðitímann 2003, þ.e. sækir ekki um veiðikort 2003 vegna rjúpnaveiðibanns og skilar því ekki veiðiskýrslum fyrir 2002 og telur Umhverfisstofnun að um 1.000 veiðiskýrslur hafi ekki skilað sér vegna þess fyrir árið 2002. Sé hlutfallið reiknað af þeim 6.000 sem skilað hafa skýrslum og gert hafa grein fyrir veiði á árinu 2002 væru þessar prósentur 21% og 65% í stað 12% og 37%.

Þeir sem greitt hafa fyrir veiðikort hafa heimild til þess að stunda veiðar hér á landi í samræmi við lög og reglur um veiðar. Veiðikort eru ekki bundin við veiðar á tilteknum dýrum eða tegundum. Handhafar veiðikorta sem réttindi hafa til fuglaveiða geta því stundað veiðar á öllum þeim tegundum fugla sem heimilt er að veiða burtséð frá því hvort þeir ætli sér eingöngu að veiða ákveðna tegund. Meginreglan samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er að rjúpan er friðuð, sbr. 6. gr. laganna, en skv. 17. gr. getur umhverfisráðherra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands aflétt þeirri friðun frá 15. október til 22. desember ár hvert. Síðustu árin hafa verið teknar ákvarðanir um takmarkanir á rjúpnaveiðum innan framangreinds tímabils. Sem dæmi má nefna hafa stór svæði verið alfriðuð, m.a. árið 2002, og rjúpnaveiðitímabilið stytt árið 1993. Handhafar veiðikorta mega því búast við að reglur um veiðar breytist á gildistíma kortsins. Handhafar veiðikorta sem endurnýjað höfðu veiðikort sín áður en rjúpnaveiðibannið var sett á höfðu því heimild til þess að stunda veiðar á öðrum tegundum fugla eins og áður segir. Ógerningur er þar að auki að ganga úr skugga um það hvort einstakir handhafar veiðikorta hafi nýtt sér réttinn til veiða eða ekki og að endurgreiða þeim sem aðeins ætluðu sér að nýta réttinn til veiða á rjúpu. Niðurstaða ráðuneytisins var því sú að ekki væru forsendur til endurgreiðslu veiðikortagjalds vegna rjúpnaveiðibannsins.

883. Svar [529. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum fjármálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna sjálfseignarstofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Krabbameinsfélags Íslands,

Hjartaverndar,

Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar,

Reykjavíkurakademíunnar,

Fornleifastofnunar Íslands?

Ekkert fé var veitt úr sjóðum á vegum fjármálaráðuneytisins til framangreindra sjálfseignarstofnana á þessu tímabili.

884. Svar [528. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum utanríkisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Á vegum utanríkisráðuneytisins eru engir opinberir sjóðir sem veita fé til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs. Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru á fjárlögum. Framlög í fjárlögum til skólanna árin 2001–2003 voru eftirfarandi (í millj. kr.):

	2001	2002	2003
Jarðhitaskólinn	51,8	63,0	67,4
Sjávarútvegsskólinn	36,1	48,9	54,6

885. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um starfsmenn í hlutastörfum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar kom Gylfi Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti. Að auki tók nefndin á móti fulltrúum aðila á vinnumarkaði og við afgreiðslu málsins lágu fyrir skriflegar umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ASÍ, fjármálaráðuneyti, BSRB og Reykjavíkurborg.

Í athugasemdum við frumvarpið eru tilgangur og tilurð þess rakin nokkuð ítarlega. Þar kemur m.a. fram að frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, frá 15. desember 1997, sem sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 104/1998. Félagsmálaráðuneyti fól aðilum vinnumarkaðarins að semja um efni rammasamningsins sem tilskipunin byggist á. ASÍ og Samtök atvinnulífsins náðu samningum en ekki tókst að semja um starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Sá tími sem Ísland hafði til að innleiða tilskipunina er liðinn. Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar vakið athygli íslenskra stjórnvalda á þeirri staðreynd og gert þeim grein fyrir því að hún muni höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum fyrir brot á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði ekki brugðist við án frekari tafa. Það er því ljóst að tíminn sem gafst til að innleiða efni tilskipunarinnar með samningum á vinnumarkaði er uppurinn og ekki verður lengur hjá því komist að setja lög svo að tilskipunin geti talist innleidd á fullnægjandi hátt.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í 2. gr. Í 3. mgr. hennar kemur fram að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup í stað mánaðarkaups sem þorri þeirra fær, skuli undanskildir ákvæðum þess enda byggist undanþágan á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalda eða venju í slíkum tilvikum. ASÍ og BSRB telja að þessi takmörkun á gildissviði frumvarpsins standist ekki efnisákvæði tilskipunarinnar og rammasamningsins en öndverð sjónarmið koma fram í umsögnum frá fjármálaráðuneyti og kjaraþróunardeild Reykjavíkurborgar. Rök aðilanna eru rakin í greinargerð með frumvarpinu. Í athugasemdum við 2. gr. kemur fram að við afmörkun á gildissviði frumvarpsins hafi verið litið til innleiðingar Dana á tilskipuninni og að fleiri ríki hafi nýtt sér heimild til undantekninga. Þar segir jafnframt að þeir sem helst fá greitt tímavinnukaup séu skólafólk við störf í skólafríum, lífeyrisþegar sem vinna hluta úr starfi, starfsmenn sem ráðnir eru til skamms tíma á sérstökum, árvissum álagstímum stofnana, starfsmenn sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum og starfsmenn sem starfa óreglubundið, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum. Þetta er því frekar afmarkaður hópur starfsmanna.

Það er mat meiri hlutans að í ákvæði 3. mgr. 2. gr. sé ekki farið út fyrir þær heimildir sem veittar eru til undantekninga við innleiðingu tilskipunarinnar. Hún telur þó rétt að bætt verði við bráðabirgðaákvæði sem kveði á um endurskoðun ákvæðisins innan tveggja ára þar sem í 2. tölul. 2. ákvæðis rammasamningsins, sem ákvæði 2. mgr. 3. gr. styðst fyrst og fremst við, er skýrt kveðið á um að undantekningar beri að endurskoða reglulega til að ganga úr skugga um að hlutlægar orsakir sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi. Meiri hlutinn telur að ekki eigi aðeins að skylda aðila vinnumarkaðarins til slíkrar endurskoðunar, eins og gert er í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, heldur verði einnig að mæla fyrir um endurskoðun löggjafans á undantekningarákvæðinu verði frumvarpið að lögum.

Meiri hlutinn leggur til að í stað orðsins „hlutavinnufólks“ í e-lið 2. mgr. 4. gr. komi „starfsmanna í hlutastörfum“ og þarfnast það ekki skýringar.

Loks leggur meiri hlutinn til að orðalagi 5. gr. verði breytt svo að ákvæðið verði skýrara hvað snertir skaðabótaskyldu vinnuveitenda og samræmist um leið betur athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu.

Félagsmálaráðuneyti hefur haft samráð við aðila vinnumarkaðarins við frumvarpsvinnuna og það sama hefur félagsmálanefnd gert. Meiri hlutinn telur að efni frumvarpsins geti bætt stöðu starfsmanna í hlutastörfum án þess að leggja of miklar kvaðir á vinnuveitendur og það eigi ekki að valda verulegum vanda við gerð kjarasamninga verði frumvarpið að lögum. Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „hlutavinnufólks“ í e-lið 2. mgr. komi: starfsmanna í hlutastörfum.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „varðar það“ komi: getur það varðað hann.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

   Ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga þessara skal endurskoðað innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Katrín Júlíusdóttir og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Við afgreiðslu málsins sat Ögmundur Jónasson fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Alþingi, 10. febr. 2004.

Hjálmar Árnason, form., frsm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Guðjón Hjörleifsson.

Pétur H. Blöndal, með fyrirvara. Dagný Jónsdóttir.

886. Fyrirspurn [587. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar á sjaldgæfum fiski við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve mikið hafa íslensk skip veitt árlega hér við land síðan 1990 af
   a. búra,
   b. blálöngu,
   c. einstökum tegundum langhala,
   d. laxsíld?
2. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um veiði erlendra skipa á þessum fiski hér við land á sama tíma, skipt eftir árum og skráningarlöndum skipanna?
3. Hvar við landið veiðist fiskurinn einkum? Óskað er eftir að veiðisvæði komi fram á korti þar sem útlínur efnahagslögsagna eru líka dregnar.
4. Á hvaða dýpi veiðist fiskurinn aðallega og í hvers konar veiðarfæri?
5. Eru tegundirnar ofveiddar eða er talin hætta á ofveiði? Ef sérstakir þættir í líffræði tegundanna eru taldir skapa hættu á ofveiði er óskað upplýsinga um það.
6. Telja sérfræðingar ráðuneytisins líkur á að fiskinn verði hægt að veiða með arðbærum hætti í framtíðinni? Óskað er ítarlegs rökstuðnings fyrir hverja tegund ef svo er.
7. Er aflinn talinn tilheyra sérstökum stofni eða er hann álitinn hluti af stærri stofni sem nær yfir víðara hafsvæði? Í síðara tilvikinu er óskað röksemda fyrir niðurstöðunni.
8. Hver hefur verið meðalþyngd tegundanna í afla? Veiðist fiskurinn í hrygningarástandi eða sem geldfiskur?
9. Hver eru helstu markaðssvæðin fyrir þennan fisk?
10. Liggja fyrir upplýsingar um meðalverð á mörkuðum fyrir aflann á fyrrgreindu árabili? Telja sérfræðingar ráðuneytisins unnt að gera veiðarnar arðbærari með frekari vinnslu og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

887. Fyrirspurn [588. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rauðserk, stinglax og gjölni.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Er veiðanlegt magn af rauðserk, stinglaxi og gjölni að finna á hafsvæðum í grennd við Ísland? Hvar er þennan fisk helst að finna?
2. Í hvaða veiðarfæri er heppilegast að afla hans?
3. Telja sérfræðingar ráðuneytisins að hægt væri að stunda arðbærar veiðar á þessum fiski hluta úr ári eða allt árið?

Skriflegt svar óskast.

888. Fyrirspurn [589. mál]

til fjármálaráðherra um starfslokasamninga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig skýrir ráðherra misræmi milli fjölda starfslokasamninga á vegum hins opinbera í svari hans í þingskjali 854 (299. mál) og svari forsætisráðherra í þingskjali 832 frá 127. þingi (396. mál)?
2. Hvernig skiptast þeir 77 starfslokasamningar sem getið er um í svari forsætisráðherra milli karla og kvenna?
3. Hvað kostuðu þessir starfslokasamningar hver og einn, sundurliðað eftir kynjum?

Skriflegt svar óskast.

889. Fyrirspurn [590. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hverju skiluðu söfnunarkassar og happdrættisvélar Háskóla Íslands og Íslenskum söfnunarkössum árið 2003
a. í heild,
b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

890. Fyrirspurn [591. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsis- og refsimál.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hver er stefna dómsmálaráðuneytis í fangelsis- og refsimálum?
2. Hvaða markmið hefur ráðuneytið sett sér í þessum málaflokki?
3. Hvernig birtast þau í núverandi skipulagningu málaflokksins?

Skriflegt svar óskast.

891. Fyrirspurn [592. mál]

til samgönguráðherra um háhraðatengingar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvaða sveitarfélög á landinu hafa háhraðatengingar og hver ekki?
2. Hver er íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa háhraðatengingar, sundurgreint eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

892. Fyrirspurn [593. mál]

til umhverfisráðherra um hættumat fyrir sumarhúsabyggð.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er ástæðan fyrir þeim drætti sem hefur orðið á gerð hættumats fyrir fyrirhugaðar sumarhúsabyggðir á grundvelli laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en Veðurstofan hefur ekki fengið heimild til að vinna slíkt mat síðasta hálfa árið?

893. Frumvarp til laga [594. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðskýringarinnar „Lífsvæði“ í 1. gr. laganna kemur svohljóðandi orðskýring:

Búsvæði: svæði sem villt dýr nota sér til framfærslu og viðkomu, svo sem varplönd og fæðusvæði, eða sem farleið.

2. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þeim tilvikum sem ákveðið er að aflétta friðun skal Umhverfisstofnun gera tillögur til umhverfisráðherra um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra, sbr. 7. gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til umhverfisráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulags- og byggingarlög.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, gerð og notkun vopna og annarra veiðitækja, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.
b. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Umhverfisráðherra er heimilt að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að aflétta tímabundið og á ákveðnum svæðum friðun á stofnum eða tegundum villtra dýra, sem flust hafa til Íslands af mannavöldum, til að halda stofnum niðri.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eitur eða svefnlyf, nema til músa- og rottuveiða.
b. 2. mgr. orðast svo:

Umhverfisstofnun getur veitt tímabundna undanþágu til að nota þær veiðiaðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni eða umtalsverðum ama og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum, músum og minkum, skulu afla sér veiðikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Umhverfisstofnun annast sölu veiðileyfa og eftirlit með hreindýraveiðum.
b. 1. málsl. 6. mgr. fellur brott.
c. 7. mgr. fellur brott.
d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Enginn getur tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur leiðsögumanna með hreindýraveiðum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

9. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

10. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Sértæk friðun**, með tveimur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (18. gr.)

Ráðherra er heimilt með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til. Í reglugerðinni er heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að þeim stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu sérstaklega viðkvæm fyrir raski.

Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum þessa kafla, svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

b. (19. gr.)

Ernir.

Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma,

enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á svo vitað sé.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 3. mgr. að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ef miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði verði ekki nýtt aftur vegna breyttra aðstæðna, t.d. nálægðar við umferðarmannvirki.

Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er unnið í umhverfisráðuneytinu og byggist á tillögum sem ráðuneytinu bárust frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og nefnd sem m.a. var falið það hlutverk að fylgjast með framkvæmd hreindýraveiða samkvæmt breyttu kerfi sem komið var á árið 2001. Haft var samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra Sveitarfélaga, Skotveiðifélag Íslands og Fuglaverndarfélag Íslands í samræmi við 4. mgr. 3. gr. laganna. Breytingunum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ætlað að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, skýra frekar stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og auka heimildir til að bregðast við ört stækkandi stofnun villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum. Enn fremur eru lagðar til breytingar er varða framkvæmd hreindýraveiða og að svokallað leiðsögumannakerfi verði lögfest.

Þann 3. apríl 2003 felldi Hæstiréttur Íslands dóm þar sem hinn ákærði var sýknaður af ákæru um að hafa raskað hreiðurstæði arna í því skyni að verjast ágangi þeirra. Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirri óvissu sem skapaðist í kjölfar dómsins varðandi verndun varpstaða arna. Ernir helga sér varpsvæði (óðal eða arnarsetur) og verpa þar kynslóð fram af kynslóð og þá yfirleitt á sömu stöðunum. Sum þessara arnarsetra hafa verið í samfelldri ábúð eins langt og heimildir ná. Mikilvægt er því að halda hlífiskildi yfir þessum stöðum sem og þeim gömlu setrum sem ernir hafa yfirgefið en gætu síðar tekið sér bólfestu í með stækkandi stofni. Viðkoma arna er víðast hvar lítil samanborið við aðrar fuglategundir en þeir bæta sér það upp að hluta með langlífi. Þess vegna eru arnarstofnar afar viðkvæmir fyrir ásókn og truflunum eða öðru því sem hefur bein áhrif á lífslíkur fullvaxinna fugla. Þá eru ernir afar heimakærir og halda tryggð við sömu varpstaði kynslóð eftir kynslóð. Því er mikilvægt að vernda slíka staði og nánasta umhverfi fyrir hvers kyns röskun og truflunum til að standa vörð um viðkvæman og lítinn stofn.

Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar Íslands taldi rétturinn að orðskýringin lífsvæði væri of almenn og því ekki nægjanlega ótvíræð og glögg til að uppfylla þær kröfur sem gera verður til skýrleika refsiheimilda. Til að bregðast við dóminum er í fyrsta lagi lögð til breyting á orðskýringunni lífsvæði á þann veg að heitinu er breytt í búsvæði og er tiltekið sérstaklega að undir svæði sem dýr nota sér til viðkomu falli varplönd og fæðusvæði. Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru grundvölluð á þeirri reglu að öll dýr njóti friðunar nema tekið sé fram að þau geri það ekki. Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli þar sem leitast er við að auka vernd friðaðra tegunda sem talið er að þurfi sértækar aðgerðir til að tryggja vöxt og viðgang stofnsins. Undir þessum nýja kafla er lagt til að komi sérstök grein er varðar örninn.

Hlutverk Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands verður nánar skilgreint. Náttúrufræðistofnun Íslands sem er rannsóknar- og ráðgjafarstofnun ber að stunda rannsóknir á stofnun villtra fugla og spendýra, meta ástand þeirra og gera tillögur til ráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar. Umhverfisstofnun sem er stjórnsýslustofnun ber að útfæra tillögur um nauðsynlega veiðistjórn. Stofnuninni ber að safna saman upplýsingum um veiðistofna og leggja mat á ýmsa þætti, t.d. þekkingargrunn, sjálfbærni veiða, veiðiálag og hegðan veiðimanna. Þannig fæst heildarsýn yfir ástand veiðistofna og hvar skóinn kreppir, svo sem vegna skorts á þekkingu, sem yrði grundvöllur að forgangsröðun rannsókna og úthlutun úr veiðikortasjóði sem Umhverfisstofnun á að skila tillögum um til ráðherra lögum samkvæmt.

Stjórnskipuð nefnd, sem starfaði frá 1999 til 2003 og m.a. var falið að fylgjast með framkvæmd hreindýraveiða samkvæmt breyttu kerfi sem komið var á árið 2001, skilaði ráðuneytinu tillögum að breyttum reglugerðum sem þegar hafa verið settar, sbr. reglugerð nr. 486/2003, um stjórn hreindýraveiða, og nr. 487/2003, um skiptingu arðs af hreindýraveiðum. Jafnframt bendir nefndin á atriði sem þyrfti að breyta í lögunum. Talið er ástæðulaust að hafa ákvæði í lögunum um sérstakar vanhæfisreglur hreindýraeftirlitsmanna annars vegar og starfsmanna hreindýraráðs hins vegar en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga gildi um starfsemi þessara aðila en þær ganga ekki eins langt og vanhæfisreglur sem gilda um starfsmenn ríkisins. Enn fremur er bent á að engin ástæða sé til þess að hafa sérstakt ákvæði um eftirlitsmenn með hreindýraveiðum þar sem eftirlitið sé komið í hendur Umhverfisstofnunar og verði sinnt af þess hálfu eins og öðru eftirliti sem stofnunin annast. Árið 2001 var tekið upp nýtt kerfi um framkvæmd hreindýraveiða og gerður greinarmunur annars vegar á leiðsögn með hreindýraveiðum og hins vegar eftirliti með veiðunum. Í því skyni var reglugerð um stjórn hreindýraveiða breytt og kveðið á um starfsemi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og að þeir einir gætu stundað slík störf sem til þess hefðu leyfi hreindýraráðs, nú Umhverfisstofnunar, samkvæmt breyttum lögum. Sú reynsla sem fengin er af þessu kerfi er góð að mati nefndarinnar sem getið er hér á undan og í áttu sæti m.a. fulltrúar frá Skotveiðifélagi Íslands og Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Með vísun til þess er ástæða til að festa þetta kerfi í sessi og telur ráðuneytið eðlilegt að kveðið verði á um eftirlitsmenn með hreindýraveiðum sérstaklega í lögunum og að þar komi fram krafa um að þeir skuli hljóta starfsleyfi Umhverfisstofnunar og að enginn geti stundað hreindýraveiðar nema undir slíkri leiðsögn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að orðskýringin „lífsvæði“ verði felld á brott og í staðinn verði notað hugtakið „búsvæði“ til samræmis við hugtakanotkun í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Einnig er lagt til að hugtakið sé skýrt frekar þannig að ekki leiki vafi á að varplönd og fæðusvæði séu meðal þeirra svæða sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu.

Um 2. gr.

Lagt er til að kveðið verði með skýrum hætti á um valdsvið Umhverfisstofnunar til þess að gera tillögur til umhverfisráðherra um stjórn og framkvæmd veiða á stofnum villtra fugla og spendýra eftir að umhverfisráðherra hefur tekið ákvörðun um að aflétta friðun. Kveðið er á um að samráð skuli haft við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í þessu sambandi ber að hafa hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er um skyldur Náttúrufræðistofnunar Íslands til að stunda rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, meta ástand þeirra og gera tillögur til ráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar. Breytingunni er ætlað að ná betur því markmiði sem stefnt var að með stofnun Umhverfisstofnunar, að skilja á milli rannsókna og stjórnsýslu að svo miklu leyti sem unnt er. Umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun en Náttúrufræðistofnun Íslands gegnir ráðgjafar- og rannsóknarhlutverki. Með þessari breytingu verður það skýrt að Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á því að meta stofnstærð og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar. Hins vegar verður það Umhverfisstofnunar, eftir að ráðherra hefur tekið ákvörðun í málinu um að stofn þoli veiðar, að útfæra tillögur um nauðsynlega veiðistjórn og hvernig veiðum skuli háttað. Ákveði ráðherra að friðun skuli ekki aflétt kemur ekki til kasta Umhverfisstofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á með skýrum hætti að Náttúrufræðistofnun Íslands beri að stunda rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, meta ástand stofnanna og gera tillögur til ráðherra um vernd og veiðiþol þeirra í samræmi við lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Um 4. gr.

Hér er gerð tillaga um að nota hugtakið „búsvæði“ í stað hugtaksins „lífsvæði“ í samræmi við breytingu í 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting að kveðið sé skýrt á um að heimilt verði að setja reglugerð um notkun vopna og annarra veiðitækja, sbr. þá skyldu Umhverfisstofnunar skv. 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna til að meta og samþykkja þær gerðir fótboga og gildra sem heimilt er að nota við músaveiðar, rottuveiðar, minnkaveiðar og til að ná tófuyrðlingum við greni.

Lagt er til í b-lið að ráðherra sé heimilt að aflétta friðun á stofnum eða tegundum villtra dýra, sem flust hafa til Íslands af mannavöldum, með það að markmiði að halda stofnum niðri en ekki til að útrýma þeim. Lagt er til að þessi heimild verði tímabundin og/eða bundin við ákveðin svæði. Samkvæmt núgildandi lögum er ráðherra einungis heimilt að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hafa til Íslands af mannavöldum. Helsta ástæðan fyrir þessu ákvæði er fjölgun kanínustofnsins, m.a. í Reykjavík og Vestmannaeyjum þar sem þær valda umtalsverðu tjóni. Ekki þykir ástæða til að útrýma þessum stofnum, t.d. í Reykjavík, en nauðsynlegt er að halda þeim niðri. Helstu rök fyrir þessu ákvæði eru að þessi villtu dýr eru ekki hluti af íslenska dýraríkinu og geta því valdið tjóni á náttúrunni þar sem þau eiga ekki heima þar auk þess sem heilsu manna og innlendra dýra getur verið hætta búin.

Um 6. gr.

Lagt er til í a-lið að lögin verði færð til samræmis við þann hátt sem hafður hefur verið á þannig að leyft verði að nota eitur og svefnlyf við músa- og rottuveiðar. Þó að mýs og rottur séu ekki friðaðar samkvæmt lögunum þá gilda bannákvæði 1. mgr. 9. gr. strangt tiltekið einnig um dráp á músum og rottum enda er hún byggð á sjónarmiðum um mannúðlega meðferð á dýrum. Músum og rottum hefur um áratugaskeið verið eytt með eitri enda ein áhrifaríkasta og mannúðlegasta aðferðin sem hægt er að beita í þeim tilvikum. Ekki þykir ástæða til að lög standi beinlínis gegn því.

Lagt er til í b-lið að við 2. mgr. 9. gr. bætist að Umhverfisstofnun sé heimilt að veita tímabundna undanþágu til að nota þær aðferðir sem taldar eru upp í 1. mgr. 9. gr. ef villt dýr valda umtalsverðum ama og aðrar aðferðir séu ekki taldar henta. Þessi undanþága kæmi helst til greina við að halda niðri starra, dúfum og kanínum sem geta valdið verulegum ama. Óþægindi af slíkum dýrum eiga sér að mestu leyti stað nálægt hýbýlum manna, t.d. ber starrinn með sér fló sem veldur óþægindum.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að ekki þurfi veiðikort til að stunda veiðar á mink, en ekki þarf slíkt veiðikort til að veiða mýs og rottur. Minkar, eins og rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðir samkvæmt lögunum. Þessi breyting hefur engin áhrif á 13. gr. laganna þar sem m.a. er kveðið á um heimildir umhverfisráðherra til að ákveða að minkaveiðar séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón og greiðslur fyrir unna minka sem veiddir eru samkvæmt ákvörðun ráðherra. Önnur ákvæði sem eiga við um dýraveiðar eiga áfram við um minka, svo sem um þær veiðiaðferðir sem heimilt er að beita við minkaveiðar.

Um 8. gr.

Í a-lið er lagt til að fella úr gildi þá skyldu að Umhverfisstofnun ráði eftirlitsmenn til að sjá um eftirlit með hreindýraveiðum þar sem eftirlitið er lögum samkvæmt í höndum stofnunarinnar og óþarfi að kveða á um sérstaka eftirlitsmenn um þennan eina þátt af öllum þeim verkefnum sem stofnunin annast.

Lagt er til í b-lið að felld verði brott ákvæði sem kveða á um sérstakar vanhæfisreglur þeirra sem sitja í hreindýraráði og hreindýraeftirlitsmanna. Ástæðulaust er að hafa ákvæði í lögunum um sérstakar vanhæfisreglur hreindýraeftirlitsmanna annars vegar og starfsmanna hreindýraráðs hins vegar. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga gildi um starfsemi þessara aðila en þær ganga ekki eins langt og vanhæfisreglur sem gilda um starfsmenn ríkisins. Enn fremur er engin ástæða til þess að hafa sérstakt ákvæði um eftirlitsmenn með hreindýraveiðum þar sem eftirlitið er komið í hendur Umhverfisstofnunar og verður sinnt af þess hálfu eins og öðru eftirliti sem stofnunin annast.

Lagt er til í c-lið að 7. mgr. verði felld brott en málsgreinin færist efnislega í nýja lokamálsgrein.

Í d-lið er lagt til að kveðið verði á um að engum sé heimilt að stunda hreindýraveiðar nema hann hafi veiðileyfi og sé auk þess í fylgd með leiðsögumanni. Eðlilegt að kveðið verði á um eftirlitsmenn með hreindýraveiðum sérstaklega í lögunum og þar komi fram krafa um að þeir skuli hljóta starfsleyfi Umhverfisstofnunar og að enginn geti stundað hreindýraveiðar nema undir slíkri leiðsögn. Með þessari breytingu er fest í sessi það kerfi sem tekið var upp árið 2001 um að greinarmunur sé gerður á eftirliti með hreindýraveiðum og leiðsögn með veiðunum.

Um 9. gr.

Lagt er til að í stað þess að tiltekið sé að setja skuli ákvæði í heilbrigðisreglugerð þá sé tiltekið að það skuli gert í reglugerð. Heilbrigðisreglugerð var numin úr gildi árið 2002 og er ekki gert ráð fyrir setningu hennar samkvæmt gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Einnig er lögð til sú breyting að reglugerðin sé ekki sett í samráði við umhverfisráðherra enda fer hann með yfirstjórn málaflokksins í dag.

Um 10. gr.

Lagt er til að bætt verið við nýjum kafla í lögin, VII. kafla sem ber heitið sértæk friðun. Kaflanum er ætlað að geyma ákvæði er varða frekari vernd tegunda sem eru alfriðaðar samkvæmt lögunum. Segja má að hér sé stigið fyrsta skrefið í átt að frekari vernd friðaðra tegunda sem eiga sérstaklega erfitt uppdráttar og komi sem viðbót við almenn friðlýsingarákvæði. Vert er þó að ítreka að ekki er verið að minnka þá vernd sem villt dýr njóta samkvæmt lögunum heldur er hér um að ræða nánari útfærslu gagnvart ákveðnum tegundum sem eiga erfitt uppdráttar.

Lagt er til í a-lið að ráðherra verði veitt heimild, að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um aukna vernd friðaðra stofna villtra fugla og spendýra sem eiga erfitt uppdráttar sé brýn ástæða til. Ber ráðherra einnig að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á. Þessari heimild er ætlað að ná bæði til þess þegar hinum villtu fuglum eða spendýrum stafar sérstök ógn af athöfnum mannsins og þegar þau eru sérstaklega viðkvæm fyrir raski. Einnig er lagt til að kveðið sé á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að veita undanþágu frá ákvæðum þessum, svo sem vegna myndatöku og rannsókna. Sækja skal um slíka undanþágu fyrir fram og skal setja skilyrði um umgang við hreiður við veitingu hennar.

Í b-lið er lagt til að allur umgangur sé bannaður nær varpstöðum arna en 500 m. Ástæðan er sú að ernir eru sérstaklega viðkvæmir á varpstöðum og markast lélegur árangur þeirra í að koma ungum upp að hluta til af því að mati fræðimanna. Hliðstæðar reglur og verndarmörk gilda í nágrannalöndum okkar um varpstaði sjaldgæfra tegunda sem eru viðkvæmar fyrir truflunum. Hér er því verið að skilgreina ákveðin verndarmörk líkt og verið hefur með skotveiðimennsku í grennd við æðarvörp og fuglabjörg og þar með reynt að taka að mestu fyrir ágang ferðamanna og fuglaskoðara við arnarhreiður. Gert er þó ráð fyrir að landeigendur eða umráðamenn lands geti komið nær hreiðrum ef brýn nauðsyn ber til vegna lögmætra nytja, t.d. æðarvarps eða sjávarnytja. Þau mörk sem hér eru tilgreind taka mið af hátterni arna við hreiður þegar gangandi menn ber að en fuglarnir sýna oftast nær greinilega styggð í nokkur hundruð metra fjarlægð frá varpstað og mönnum má því vera ljóst af hátterni fuglanna að þeir eru í grennd við arnarhreiður. Tekið skal fram að ákvæði um takmörkun á umferð eigi aðeins við um þau arnarhreiður sem eru í notkun hverju sinni.

Í 2. mgr. er lagt til að umhverfisráðherra verði veitt heimild til að veita undanþágu frá banni skv. 1. mgr. í sérstökum tilvikum. Dæmi um starfsemi sem gæti fengið slíka undanþágu er skipulögð ferðaþjónusta þar sem sýnt þykir að styggð komi ekki að erninum þó að farið sé allt að 150 metra nálægt hreiðrum. Í Breiðafirði hafa slíkar ferðir tíðkast um árabil án þess að örninn hafi fært sig um set.

Í 3. mgr. er lagt til að óheimilt verði að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem afmarkast af 100 m hringmáli frá þeim. Er það gert til að tryggja að ekki verði raskað svæði í næsta nágrenni hreiðurstæðis. Tilgangur ákvæðisins er að kveða afdráttarlaust á um að ekki megi eyðileggja eða raska hreiðurstæðum arna. Ákvæðið á við um varpstaði arna hvort sem þeir hafa verið notaðir það árið eða ekki en einnig um hreiður þann tíma árs

sem ernir verpa ekki. Verndun slíkra staða fyrir hvers kyns röskun er því ekki einungis bundin við varptímann eða sannaða viðveru fugla þar heldur allt árið og óháð því hvort ernir halda þar til eða ekki. Þetta er afar mikilvægt þegar haft er í huga hvaða hlutverki þessir afmörkuðu staðir gegna fyrir viðgang arnarstofnsins enda er í flestum tilvikum um að ræða hefðbundna varpstaði sem notaðir eru ár eftir ár, t.d. ákveðinn hreiðurklett eða hólma. Gert er ráð fyrir að umrædd verndarákvæði eigi við um sjálft hreiðurstæðið og svæði sem afmarkast af 100 m hringmáli frá því. Er það gert til að tryggja að ekki verði raskað svæði í næsta nágrenni hreiðurstæðis.

Í 4. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að skráningu varpstaða arna en lögð er rík áhersla á að farið sé með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Í 5. mgr. er lagt til að umhverfisráðherra geti veitt undanþágu frá banni skv. 1 og 3. mgr. þegar miklar líkur eru á að forn hreiðurstæði arna verði ekki notuð að nýju vegna breyttra aðstæðna, t.d. að vegur sé í mikilli nálægð við varpstaðinn. Áður en slík undanþága er veitt skal ráðherra fá umsögn frá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í 6. mgr. er sambærilegt ákvæði og í a-lið þar sem kveðið er á um að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Helstu breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ætlað, eins og segir í athugasemdum, að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, gera stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands skýrari, auka heimildir til að bregðast við ört stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum og að lokum felast í frumvarpinu breytingar er varða eftirlit með hreindýraveiðum.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

894. Tillaga til þingsályktunar [595. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásgeir Friðgeirsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963, og laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og ljúki hún störfum fyrir árslok 2004. Nefndin hafi að markmiði að einfalda framkvæmd laganna og kanna hvort tryggja eigi tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt verði kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum. Nefndin hafi hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963, með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Jafnframt er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu og í því skyni verði höfð hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Þar sem hér er um nátengd mál að ræða er rétt að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem eru orðin rúmlega 40 ára gömul.

Landsdómur.

Forsagan og núverandi skipan mála.

Lög um landsdóm voru fyrst sett árið 1905 en heildarendurskoðun fór fram á þeim lögum árið 1960 og ný lög voru sett um dóminn á árinu 1963. Sú löggjöf fól í sér gagngerar breytingar á lögum um landsdóm. M.a. var dómurum fækkað um helming, en hann skipuðu áður 30 dómarar. Reglurnar um skipan dómsins þóttu úreltar og flóknar. Það nýmæli var þá sett í lögin að Alþingi kysi fimm menn úr sínum hópi, saksóknarnefnd, til að vera saksóknara til aðstoðar þegar mál væri höfðað gegn ráðherra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1963 fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis til að höfða slík mál.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er einnig kveðið á um

að forseti Íslands geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur dæmt nema með samþykki Alþingis. Stjórnarskráin setur því breytingu á skipan þessara mála þröngar skorður en samkvæmt henni er ákæruvaldið gegn ráðherra í höndum Alþingis og dómsvaldið í þeim málum sem Alþingi samþykkir að höfða hjá landsdómi. Án breytingar á stjórnarskránni virðist löggjafinn því einungis geta ákvarðað um hvernig skipan dómsins skuli háttað, fyrir hvaða athæfi eða verknað ráðherra skuli sæta ábyrgð og hvaða viðurlögum hann skuli sæta.

Lögin um ráðherraábyrgð kveða á um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög. Lögin um landsdóm kveða aftur á móti á um skipan dómsins og dómsferil.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ólafur Jóhannesson samdi um landsdóm og varð að lögum nr. 3/1963 kemur eftirfarandi fram: „Satt er það að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Þar getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gagnslaust."

Ákvæði laga um landsdóm hefur aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar er úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi ákvæði um landsdóm, sem staðið hafa óbreytt frá setningu þeirra, eru mjög þung í vöfum. Í raun má segja að þau séu orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Almennur dómstóll í stað landsdóms.

Það er mat flutningsmanna að ástæða væri til að einfalda mjög skipan þessara mála og jafnvel að leggja af landsdóm þannig að ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ.e. þeir verði saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. Það krefst breytingar á stjórnarskránni en engu síður er fyllsta ástæða til að kanna þennan kost. Þannig fyrirkomulag tíðkast í Englandi, en jafnframt eru í gildi þar í landi sérstakar siðareglur fyrir ráðherra. Þótt ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir

almennum dómstólum mætti engu síður hugsa sér að málshöfðunarrétturinn væri í höndum Alþingis eins og áður. Rökin fyrir framangreindu eru m.a. þau að æðstu handhafar framkvæmdarvalds eru ráðherrar. Þær stofnanir sem fara með ákæruvald (ríkissaksóknari/ lögreglustjóri) heyra undir ráðherra, a.m.k. að formi til. Í nágrannaríkjum okkar er þó þróunin sú að tryggt verði sjálfstætt ákæruvald. Því verður að telja eðlilegt að Alþingi fari með málshöfðunarréttinn í þessu tilviki. Ætla má að það hafi verið hugsunin að baki núverandi tilhögun ákærureglna landsdóms og ekki ástæða til að breyta því þótt mál gegn ráðherra verði rekin fyrir almennum dómstólum.

Í þessu samhengi má enn fremur benda á að fræðimenn hafa gagnrýnt tilvist dómsins. Dr. Gunnar G. Schram fjallar um þýðingu hans í bók sinni Um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Segir hann þar m.a.: „Má því spyrja, hvort ekki væri réttara að leggja dómstól þennan niður og fá verkefni hans Hæstarétti, sem fullfær er að annast það.“ Einnig segir dr. Gunnar: „Alþingi myndi eftir sem áður hafa í sínum höndum ákæruvaldið vegna embættisbrota ráðherra.“ Sýnist þetta mun einfaldari og heppilegri lausn. Nægilegt réttaröryggi ætti að vera fólgið í því að ákæruvaldið yrði áfram í höndum Alþingis. Jafnframt mundi sú skipun sem dr. Gunnar nefnir fella úr gildi þær vafasömu reglur sem nú gilda um skipan landsdóms. Sú hugmynd fer að verulegu leyti saman við hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingu á dómnum. Þrátt fyrir niðurfellingu landsdóms mætti enn fremur skoða hvort ástæða væri til að huga að breytingum á réttarfarslögum og lögum sem fjalla um dómstóla þannig að Alþingi geti tilnefnt sérstaka meðdómendur í dómsmálum á hendur ráðherrum.

Hér má enn fremur benda á að í Danmörku hafa fræðimenn haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sem sé stirt og þunglamalegt geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Réttur minni hlutans á þingi betur tryggður.

Flutningsmenn telja einnig að rétt sé að kanna hvort ekki væri eðlilegt að tryggja betur rétt minni hlutans á þingi til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er algjörlega óvirk. Ástæða þess er að tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið sl. 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Ráðherraábyrgð.

Lagaleg og pólitísk ábyrgð ráðherra.

Ráðherraábyrgð getur hvort tveggja verið lagaleg og pólitísk. Samkvæmt lögum nr. 4/1963 getur lagaleg ábyrgð t.d. falist í stjórnarskrárbroti, broti á landslögum eða að ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættismörk sín, og stofnar með því heill einstaklinga eða almennings í hættu. Lögin eiga því við um embættisbrot ráðherra. Skilyrði refsiábyrgðar eru að brotin séu annaðhvort framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Stjórnmálaleg ábyrgð lýtur öðru fremur að hinni þingræðislegu ábyrgð, en um hana segir í tímaritinu Sagnir frá 1985 í grein eftir Magnús Hauksson: „Stjórnmálalega ábyrgðin er nokkuð annars eðlis en sú lagalega. Hún er engum lagareglum háð. Það

má hugsa sér að hún skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er ríkisstjórn ábyrg gagnvart kjósendum því í lýðræðisríkjum verða ráðherrar að leggja embættisverk sín og stjórnarstefnu undir dóm kjósenda við almennar kosningar. Jafnvel þótt ráðherra vilji ekki vera áfram í embætti skiptir dómur kjósenda máli því flokkur hans líður fyrir verk hans eða nýtur þeirra eftir atvikum. Það má því einnig tala um flokkslega ábyrgð ráðherra. Loks má nefna þinglega ábyrgð ráðherra þar sem þingræði er í heiðri haft. Ráðherrar verða að standa þinginu reikningsskil ráðsmennsku sinnar og verja stefnu sína og framkvæmdir. Þar eð þingið ræður í raun og veru hverjir sitja í ráðherrastólunum verða þeir sem í þeim sitja hverju sinni að gæta þess að haga hvorki orðum sínum né gerðum á þann veg að þeir glati trausti meirihluta þingsins." Fram kemur einnig í þessari grein að auðvelt ætti að vera að halda lagalegu ráðherraábyrgðinni aðgreindri frá þingræðishugtakinu. Öðru máli gegni hins vegar um stjórnmálalegu ábyrgðina. Þingræði og þingleg ráðherraábyrgð merki það sama.

Pólitíska ábyrgðin lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en sú lagalega. Má segja að um hana gildi frekar skráðar og óskráðar siðareglur og það traust og trúnaður sem ráðherra hefur hjá þingi og þjóð. Hjá nágrannaþjóðum okkar er það algengt, þótt hér heyri það til undantekninga, að ráðherra segi af sér sem ekki nýtur lengur trausts til að gegna þeim trúnaðarstörfum sem honum er treyst fyrir. Hér þarf ekki eingöngu að vera um að ræða refsi- eða bótaábyrgð fyrir embættisbrot eða brot gegn lögum. Miklu fremur liggur hin pólitíska og siðferðilega ábyrgð að baki afsögn ráðherra erlendis. Ljóst er einnig að því markvissari og skýrari sem ráðherraábyrgðarlögin eru verður auðveldara að leggja mat á hina pólitísku ábyrgð ráðherra.

Tilhögun í nágrannalöndum.

Skipan þessara mála er með ýmsu móti í nágrannalöndum okkar. Ákvæði er í stjórnarskrám margra landa um ráðherraábyrgð og um sérstakan dómstól til að dæma í þeim málum sem þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Í Danmörku gilda svipaðar reglur og á Íslandi um ábyrgð ráðherra og landsdóm. Hefur fimm sinnum komið til kasta landsdóms þar í landi á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og sýnir reynsla Dana að ákvæði um ábyrgð ráðherra geta komið í góðar þarfir. Má í því sambandi nefna að fjögur af þessum fimm málum voru höfðuð í kringum aldamótin 1900 og hafði landsdómur því legið í dvala í um 80 ár áður en hann var endurvakinn í svokölluðu Tamílamáli sem höfðað var gegn fyrrverandi dómsmálaráðherra Danmerkur og dæmt var í árið 1995. Í því tilviki var ráðherrann sakfelldur fyrir að hafa af ásettu ráði og á refsiverðan hátt vanrækt þær skyldur sem á honum hvíldu samkvæmt lögum og eðli stöðu hans. M.a. með hliðsjón af reynslu Dana verður ekki um villst að ákvæði laga um ráðherraábyrgð og refsiábyrgð ráðherra vegna brota í starfi eiga fullan rétt á sér, en af og til hafa komið upp mál hérlendis sem hafa vakið upp spurningar um ábyrgð ráðherra. Athygli vekur hins vegar í þessu samhengi að í Danmörku hafa fræðimenn m.a. haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sé stirt og þunglamalegt og geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Markmið heildarendurskoðunar á lögunum.

Ástæða þess að gerð er tillaga um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr og má þá t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstaklega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum.

Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi eins og komið verður nánar að hér á eftir. Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar hefur áður lagt fram frumvörp þessa efnis til breytinga á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, sem ekki hafa náð fram að ganga. Rétt þykir hins vegar nú að leggja til að heildarendurskoðun fari fram á ákvæðum laganna samhliða heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 3/1963, um landsdóm.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því er nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvægt ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að ráðherrar sæti ábyrgð samkvæmt lögunum gefi þeir þinginu röng svör eða villandi upplýsingar. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að lög um ráðherraábyrgð taki til tilvika eins og þeirra ef ráðherrar veita röng eða villandi svör við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Sambærileg ákvæði má finna í dönskum og norskum lögum sem fjalla um ábyrgð ráðherra en eins og áður segir taka núgildandi lög um ráðherraábyrgð ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra vegna upplýsinga sem þeir veita Alþingi. Of oft hefur það hins vegar komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra. Auk þess er hætta á að ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar geti það leitt til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggist ekki á staðreyndum um efni máls. Því er nauðsynlegt að nefnd sú er endurskoðar lög um ráðherraábyrgð taki tillit til þessa. Með því verður það refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um athæfi eins og að framan greinir. Hér má nefna að þegar lög um ráðherraábyrgð voru sett í Danmörku árið 1964, ári eftir að lög um ráðherraábyrgð voru sett hérlendis, var lögð á það rík áhersla að ráðherra yrði refsiábyrgur í slíkum tilvikum og var það talið mikilvægt til að styrkja stöðu þjóðþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm þannig að hann verði lagður niður og að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir almennum dómstólum. Eins og komið hefur fram þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu. Jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipun dómsins, t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er tækju sæti í dómi kæmi til þess að höfðað verði mál á hendur ráðherra. Er lagt til að kostir og gallar þess verði kannaðir. Með framangreindum tillögum þarf ekki að afnema málshöfðunarrétt þingmanna, en skoða mætti hvort tryggja ætti betur rétt minni hlutans á þingi í því efni.

Þá er jafnframt lagt til að unnið verði að heildarendurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með fram-

kvæmdarvaldinu. Endurskoðunin á að taka mið af því að færa ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega á að skoða ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef ráðherra greinir rangt frá og gefur þingmönnum og þingi rangar upplýsingar eða leynir upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála. Mikilvægt er einnig að styrkja ákvæði laga um ráðherraábyrgð sem kveða á um að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdum öllum, þ.m.t. vegna athafna undirmanna hans.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem ljúki störfum fyrir árslok 2004. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar og Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt er að í nefndina veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Þar sem endurskoðun laga um landsdóm og endurskoðun laga um ráðherraábyrgð eru nátengd mál þykir rétt að sama nefndin hafi bæði verkefnin með höndum.

Þingsályktunartillögur sama efnis voru fluttar á 127. og 128. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Þær hafa nú verið sameinaðar í eina, en eru að öðru leyti óbreyttar.

895. Svar [517. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um veiðar og verkun grásleppu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar grásleppuverkunarstöðvar eru á landinu og hvar eru þær?*
2. *Hvert var heildarmagn grásleppuhrogna sl. fimm ár og hvert var heildarútflutningsverðmæti þeirra?*
3. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við eindregnum óskum Landssambands smábátaeigenda um breytingar á reglum um grásleppuverkunarhús og túlkun Fiskistofu á þeim reglum?*
4. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að veita sérstakt fjármagn til stuðnings fiskverkun í smáum einingum til að bæta aðstöðu grásleppuverkenda svo að þeir uppfylli nýjar kröfur um aðbúnað?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér með svar hennar:

Í 1. tölulið fyrirspurnarinnar er spurt um fjölda grásleppuverkunarstöðva og staðsetningu þeirra. Vinnsluleyfi til grásleppuverkunar eru nú 41 en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi u.þ.b. um 30 þegar verkun hefst í vor. Þessar stöðvar eru á eftirfarandi svæðum:

Keflavík – Akranes, 8 stöðvar.
Hellissandur – Búðardalur, 5 stöðvar.
Tálknafjörður – Ísafjörður, 4 stöðvar.
Strandir, 4 stöðvar.
Skagafjörður og Siglufjörður, 9 stöðvar.
Eyjafjörður, 6 stöðvar.
Kópasker – Stöðvarfjörður, 5 stöðvar.

Í 2. tölulið er spurt um heildarmagn grásleppuhrogna sl. fimm ár og útflutningsverðmæti þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var magn og verðmæti útfluttra saltaðra grásleppuhrogna sem hér segir:

Ár	Magn í tonnum	Verðmæti í kr.
1999	251	85.000.000
2000	195	73.000.000
2001	310	166.000.000
2002	503	312.000.000
2003 (jan.–nóv.)	824	583.000.000

Auk þess var kavíar fluttur út þessi ár. Taflan sýnir magn og verðmæti útflutts kavíar síðustu fimm ár:

Ár	Magn í tonnum	Verðmæti í kr.
1999	1.154	795.000.000
2000	1.074	684.000.000
2001	872	752.000.000
2002	661	623.000.000
2003 (jan.–nóv.)	632	684.000.000

Að því er varðar 3. tölulið fyrirspurnarinnar var á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda í október 2003 mikið rætt um þær kröfur sem Fiskistofa gerir til húsnæðis þar sem grásleppuhrogn eru söltuð. Af því tilefni var á fundinum samþykkt eftirfarandi:

„Aðalfundur LS felur stjórn LS að fá reglum um grásleppuhrognaverkunarhús breytt. Fundurinn mótmælir túlkun Fiskistofu á þeim reglum sem gilda um grásleppuhrognaverkunarhús.“ Enn fremur segir í greinargerð með samþykktinni: „Reglur og kröfur Fiskistofu ganga allt of langt hvað varðar notkun húsnæðis þegar veiðitímabili lýkur. Venjulega stendur vinnsla yfir í þrjá mánuði og er algjörlega óásættanlegt að Fiskistofa geti bannað notkun á húsnæðinu hina níu mánuði ársins. Reglur og kröfur Fiskistofu ganga allt of langt um breytingar á húsnæði grásleppuverkana. Það er óásættanlegt að ekki fáist að nýta starfsmannaaðstöðu og salernisaðstöðu í nærliggjandi húsnæði. Þessi krafa Fiskistofu er í engu samræmi við hvernig heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa framfylgt reglum um matvælaöryggi.“

Að Fiskistofa banni notkun þess húsnæðis sem notað er sem vinnsluhúsnæði fyrir grásleppuhrognavinnslu þá mánuði sem ekki fer fram grásleppuhrognavinnsla þar, eins og kemur fram í fyrri hluta samþykktar aðalfundarins, er á misskilningi byggt. Fiskistofa hefur ekki lagt neitt slíkt bann við notkun húsnæðis, enda uppfylli það almennar kröfur um fiskvinnsluhús varðandi hreinlæti og aðstöðu þegar grásleppuhrognavinnsla hefst.

Þá skal það tekið fram að undanfarin ár hefur Fiskistofa leiðbeint grásleppuhrognaverkendum sérstaklega um hvaða kröfur gildi um húsnæði, aðstöðu og innra eftirlit framleiðenda.

Til grásleppuverkenda eru gerðar sömu kröfur og almennra fiskvinnslna hvað varðar aðstöðu, hreinlæti og öryggi vörunnar. Grásleppuhrogn eru viðkvæm vara sem í framhaldsvinnslu til kavíars eru hitameðhöndluð (gerilsneydd) einungis við um 70°C. Kavíar er seldur sem tilbúin matvara og neytandinn hvorki sýður eða hitar vöruna áður en hennar er neytt. Það er því ljóst að vöruna þarf að framleiða við mikið hreinlæti og öruggar aðstæður.

Grásleppuverkendur hafa á undanförnum árum verið að bæta aðstöðu sína. Nokkrir verkendur sem hafa vinnsluaðstöðu nálægt heimilum sínum hafa þó talið óþarft að hafa salernisaðstöðu og starfsmannaaðstöðu í vinnsluhúsinu, nægjanlegt sé að hafa fataskipti og nýta sér salernisaðstöðu í nálægu húsi.

Í reglugerð nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða, viðauka 3, eru settar fram almennar kröfur til bygginga, búnaðar og hreinlætis sem fiskvinnslur skulu uppfylla. Með hliðsjón af því og þess sem áður er sagt, þ.e. að varan sé viðkvæm, hefur Fiskistofa ekki fallist á að fiskverkendur hafi salernisaðstöðu og búningsherbergi í nærliggjandi húsi, ekki síst í ljósi þess að í mörgum tilvikum sem þannig hagar til um þyrfti viðkomandi að fara yfir svæði sem húsdýr og búpeningur kann að hafa aðgang að. Getur það haft í för með sér að til að mynda jarðvegsgerlar og önnur mengun berist með starfsmönnum inn í vinnslusalinn.

Eftir lok síðustu grásleppuvertíðar var farið yfir hvaða verkendur uppfylltu ekki lágmarkskröfur, og var þeim vinnsluleyfum lokað (tímabundið). Í bréfi til þessara verkenda var þeim tjáð að Fiskistofa myndi taka út aðstöðu þeirra sem hyggðust verka hrogn á næstu vertíð og endurvekja leyfi þeirra sem stæðust kröfur. Eftirlitsmenn Fiskistofu hafa bæði í desember sl. og það sem af er þessu ári, heimsótt fjölmarga verkendur, bæði að frumkvæði Fiskistofu og samkvæmt beiðni verkenda og leiðbeint þeim hvað gera þurfi til að lágmarkskröfum sé mætt. Þeirri vinnu verður haldið áfram fram að vertíð.

Með þessum aðgerðum hefur og mun aðstaða til grásleppuhrognasöltunar halda áfram að stórbatna hér á landi, sem hefur í för með sér aukin gæði og öryggi vörunnar.

Sem svar við 4. tölul. vill ráðuneytið láta fram koma að ekki eru áform um að úthluta sérstöku fjármagni til endurbóta í verkunaraðstöðu á grásleppu, enda hafa verkendur grásleppuhrogna sjálfir víðast hvar gert ráðstafanir til þess að mæta þeim kröfum sem nú eru gerðar til verkunaraðstöðu.

896. Svar [504. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Grétars Mars Jónssonar um viðvörunarskeyti umframafla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg viðvörunarskeyti hefur Fiskistofa sent út til skipstjórnarmanna á hverju ári sl. þrjú ár um umframafla, annars vegar á krókabátum og hins vegar á öðrum fiskiskipum? Svar óskast sundurliðað eftir skráningarumdæmum fiskiskipa.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér með svar hennar.

Upplýsingar þessar eru unnar upp úr tölvukerfi Fiskistofu um skeytasendingar vegna umframafla, en haldið hefur verið utan um þær upplýsingar rafrænt frá 12. febrúar 2002 og miðast þær við þann tíma.

Fjöldi símskeyta vegna umframafla.

Ár	Einkennisstafir	Krókabátar	Önnur fiskiskip	Samtals
2002	AK	3	13	16
	ÁR	11	99	110
	BA	53	170	223
	EA	19	76	95
	GK	150	245	395
	HF	8	36	44
	HU	8	5	13
	ÍS	90	97	187
	KE	27	50	77
	KÓ	2	10	12
	MB	7	0	7
	NK	1	11	12
	NS	3	10	13
	ÓF	0	21	21
	RE	4	104	108
	SF	1	60	61
	SH	71	174	245
	SI	5	8	13
	SK	4	25	29
	ST	11	19	30
	SU	26	68	94
	VE	8	220	228
	ÞH	9	63	72
Samtals		*521*	*1.584*	*2.105*
2003	AK	1	20	21
	ÁR	7	60	67
	BA	33	134	167
	EA	21	45	66
	GK	91	159	250
	HF	3	34	37
	HU	15	23	38
	ÍS	80	63	143
	KE	15	28	43
	MB	1	0	1
	NK	7	7	14
	NS	7	6	13
	ÓF	0	2	2
	RE	5	52	57
	SF	6	62	68
	SH	47	109	156
	SI	1	2	3
	SK	3	4	7
	ST	6	6	12
	SU	22	43	65

Ár	Einkennisstafir	Krókabátar	Önnur fiskiskip	Samtals
	VE	12	132	144
	ÞH	6	28	34
Samtals		*389*	*1.019*	*1.408*
2004	ÁR	0	5	5
	BA	0	5	5
	EA	2	7	9
	GK	18	8	26
	HF	0	5	5
	HU	2	3	5
	ÍS	15	6	21
	KE	0	3	3
	NS	0	1	1
	RE	0	2	2
	SF	1	0	1
	SH	4	15	19
	SK	1	0	1
	ST	1	0	1
	SU	1	3	4
	VE	2	8	10
	ÞH	2	0	2
Samtals		*49*	*71*	*120*
Tímabil samtals		**959**	**2.674**	**3.633**

Tímabilið nær frá 12. febrúar 2002 til 9. febrúar 2004.

897. Svar [533. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðar á lúðu, skötu og hákarli.

1. *Hver hefur verið árlegur skötu-, hákarls- og lúðuafli? Óskað er upplýsinga eins langt aftur og skráningar ná.*


Árlegur skötuafli á Íslandsmiðum 1906–2002 er sýndur á mynd 1 og í töflu 1. Aflatölur eru fengnar úr aflaskýrslum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES Bulletin Statistique des Peches Maritimes (1906–1991) og Útveginum (1968–2002). Tölum um árlegan skötuafla útlendinga frá 1945 og fram til 1977 skal taka með varúð, þar sem hugsanlegt er að tindaskata sé með í þeim. Þó er líklegt að hér sé nær einvörðungu um skötu að ræða, þar sem tindaskata hefur ekki verið nýtt við Ísland fyrr en allra síðustu ár. Ekki eru til tölur um skötuafla útlendinga við Ísland eftir 1991. Skötuafli Íslendinga virðist heldur ekki hafa verið skráður árin 1906–1912.

Að undanteknum heimsstyrjöldunum og árinu 1966 var skötuaflinn fram til ársins 1973 alltaf yfir þúsund tonnum á ári. Aflinn hefur minnkað ár frá ári og árið 1999 var hann kominn niður fyrir hundrað tonn. Skötuaflinn árið 2002 nam einungis 59 tonnum.

Tafla 1. Skata. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1906–2002.

Ár	Íslendingar	Aðrir	Samtals	Ár	Íslendingar	Aðrir	Samtals
1906		912	912	*1955*	65	990	1055
1907		1226	1226	*1956*	494	824	1318
1908		1443	1443	*1957*	761	977	1738
1909		2017	2017	*1958*	1274	1007	2281
1910		1745	1745	*1959*	658	710	1368
1911		1734	1734	*1960*	936	756	1692
1912		1482	1482	*1961*	470	730	1200
1913	87	1438	1525	*1962*	453	889	1342
1914	167	1223	1390	*1963*	388	746	1134
1915	143	741	884	*1964*	482	800	1282
1916	184	69	253	*1965*	334	907	1241
1917	104	20	124	*1966*	259	679	938
1918	187		187	*1967*	387	773	1160
1919	157	287	444	*1968*	603	684	1287
1920	168	637	805	*1969*	631	598	1229
1921	128	742	870	*1970*	471	703	1174
1922	175	1317	1492	*1971*	468	814	1282
1923	132	1519	1651	*1972*	323	780	1103
1924	102	1344	1446	*1973*	364	602	966
1925	73	1289	1362	*1974*	275	340	615
1926	129	1133	1262	*1975*	188	372	560
1927	115	1494	1609	*1976*	333	229	562
1928	105	1643	1748	*1977*	442	151	593
1929	119	1472	1591	*1978*	424	53	477
1930	102	1382	1484	*1979*	402	66	468
1931	145	1379	1524	*1980*	196	60	256
1932	87	1123	1210	*1981*	229	59	288
1933	76	1050	1126	*1982*	248	35	283
1934	85	1270	1355	*1983*	188	98	286
1935	101	1158	1259	*1984*	174	42	216
1936	86	1133	1219	*1985*	118	45	163
1937	72	1274	1346	*1986*	105	18	123
1938	127	1361	1488	*1987*	129	30	159
1939	135	509	644	*1988*	152	22	174
1940	409	477	886	*1989*	152	24	176
1941	338	357	695	*1990*	222	22	244
1942	501	211	712	*1991*	303	14	317
1943	236	107	343	*1992*	363		363
1944	186	112	298	*1993*	274		274
1945	110	159	269	*1994*	299		299
1946	186	437	623	*1995*	245		245
1947	113	517	630	*1996*	181		181
1948	281	969	1250	*1997*	132		132
1949	282	1453	1735	*1998*	108		108
1950	244	1093	1337	*1999*	80		80
1951	289	2248	2537	*2000*	98		98
1952	756	1100	1856	*2001*	85		85
1953	333	1122	1455	*2002*	59		59
1954	468	1103	1571				

Mynd 1. Skata. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1906–2002.




Árlegur hákarlsafli á Íslandsmiðum 1968–2003 er sýndur í töflu 2 og mynd 2. Tölurnar eru úr Útveginum. Verulegar sveiflur hafa verið í aflanum. Mest veiddist árið 1976, 157 tonn, en minnst árið 1988, aðeins 19 tonn. Aflinn árið 2003 var 63 tonn.

Tafla 2. Hákarl. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1968–2003.


Ár	Afli	Ár	Afli	Ár	Afli
1968	21	*1980*	48	*1992*	68
1969	19	*1981*	61	*1993*	39
1970	26	*1982*	68	*1994*	42
1971	51	*1983*	69	*1995*	44
1972	49	*1984*	54	*1996*	61
1973	77	*1985*	40	*1997*	73
1974	89	*1986*	23	*1998*	87
1975	60	*1987*	31	*1999*	51
1976	157	*1988*	19	*2000*	45
1977	91	*1989*	31	*2001*	57
1978	65	*1990*	54	*2002*	56
1979	42	*1991*	58	*2003*	63

Mynd 2. Hákarl. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1968–2003.



Árlegur lúðuafli á Íslandsmiðum 1906–2003 er sýndur í töflu 3 og á mynd 3. Talsverðar sveiflur voru í lúðuveiðum á öldinni sem leið. Mestur varð lúðuaflinn árið 1907, tæp 8 þúsund tonn. Síðan 1996 hefur ársaflinn ekki náð þúsund tonnum.

Mynd 3. Lúða. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1906–2003.



Tafla 3. Lúða. Afli í tonnum á Íslandsmiðum 1906–2003.

Ár	Afli	Ár	Afli	Ár	Afli
1906	5425	*1939*	1188	*1972*	2325
1907	7920	*1940*	979	*1973*	2000
1908	7555	*1941*	847	*1974*	1762
1909	6006	*1942*	1304	*1975*	1894
1910	6148	*1943*	1063	*1976*	2297
1911	5782	*1944*	1136	*1977*	2326
1912	4957	*1945*	1593	*1978*	1837
1913	4252	*1946*	1938	*1979*	2047
1914	3051	*1947*	2638	*1980*	1665
1915	1316	*1948*	4676	*1981*	1198
1916	149	*1949*	6620	*1982*	1307
1917	70	*1950*	6917	*1983*	1745
1918	443	*1951*	6585	*1984*	2054
1919	1291	*1952*	5521	*1985*	1941
1920	2680	*1953*	4774	*1986*	1985
1921	2842	*1954*	3482	*1987*	2114
1922	5230	*1955*	2612	*1988*	2004
1923	7009	*1956*	2618	*1989*	1727
1924	6326	*1957*	4392	*1990*	1917
1925	6402	*1958*	5518	*1991*	2324
1926	5000	*1959*	5097	*1992*	1541
1927	5694	*1960*	5472	*1993*	1748
1928	3752	*1961*	4015	*1994*	1586
1929	2845	*1962*	4924	*1995*	1118
1930	2538	*1963*	4653	*1996*	964
1931	3049	*1964*	3759	*1997*	791
1932	2958	*1965*	4060	*1998*	628
1933	3065	*1966*	2647	*1999*	684
1934	3058	*1967*	2805	*2000*	549
1935	2818	*1968*	2091	*2001*	647
1936	2606	*1969*	2077	*2002*	754
1937	2863	*1970*	3212	*2003*	640
1938	2629	*1971*	3112		

2. *Hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á ástandi þessara tegunda? Sé svo er óskað eftir upplýsingum um stærð og þróun stofnanna ef upplýsingar liggja fyrir.*

Engar sérstakar rannsóknir á ástandi skötu og hákarls hér við land hafa verið gerðar og því liggja engar upplýsingar fyrir um stærð og þróun stofnanna. Í stofnmælingu botnfiska að vorlagi hafa veiddar skötur árlega síðan 1985 verið 1–6 og hafa þær allar fengist fyrir norðan land og fyrir Vestfjörðum. Þessar tvær tegundir eru veiddar sem meðafli í öðrum veiðum, aðallega botnvörpuveiðum.

Ástand lúðunnar hefur verið metið síðan 1985 þegar stofnmælingar botnfiska að vorlagi hófust á landgrunni Íslands (allt niður á 500 m dýpi). Lúðan sem veiðist er að mestu ókynþroska smálúða, 30–60 cm löng og á aldrinum 3–6 ára. Þessi rannsókn nær ekki til útbreiðslu kynþroska lúðu.

Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska 1985–2003 féll hratt fyrri hluta tímabilsins og hefur verið í lágmarki síðan 1992. Vísitalan hækkaði lítillega árin 2002 og 2003, sem hugsanlega kann að skýrast af nýliðun. Samt sem áður er lúðustofninn enn í mikilli lægð. Samfara

lækkun vísitölu í stofnmælingu botnfiska hefur afli lúðu á sóknareiningu í botnvörpu og dragnót og á línu minnkað mikið.

Í stofnmælingu botnfiska hefur einnig orðið vart við breytingu á útbreiðslu lúðunnar. Í upphafi rannsóknatímabilsins veiddist lúða allt í kringum landið en var algengust fyrir vestan land. Á tímabilinu hefur lúðan svo nánast horfið fyrir norðan og austan land og mjög lítið hefur veiðst fyrir sunnan land. Einnig hefur henni stórlega fækkað á svæðinu þar sem hún er algengust.

Lúðan sem veiðist við Ísland er að mestu ókynþroska og veiðist sem meðafli í öðrum veiðum og þá helst í botnvörpu- og dragnótaveiðum. Bein sókn í lúðuna hefur farið minnkandi með árunum og undanfarin ár hefur lúðuafli í beinni sókn verið um 20–30% af heildaraflanum.

3. *Hvert er mat sérfræðinga á því hvort tegundirnar séu undir of miklu veiðiálagi eða hvort staða þeirra sé viðunandi?*

Ljóst er að ástand skötu- og lúðustofna er slæmt og að veiðiálag á þá er of mikið. Lúða og skata eru langlífar tegundir sem geta orðið mjög stórar. Þessar tegundir eru löngu komnar inn í veiðina áður en þær verða kynþroska og veiðast fyrst og fremst sem meðafli í öðrum veiðum. Enn fremur er frjósemi skötunnar lítil þar sem hún eignast fá lifandi afkvæmi. Slíkum tegundum er sérstaklega hætt við ofveiði.

Þó að engar upplýsingar liggi fyrir um þróun stofnstærðar skötu má telja víst að ástand hennar sé afar slæmt. Árlegur afli fram til ársins 1972 var á bilinu 1000–1500 tonn. Síðan hefur hann minnkað mikið og síðustu ár hefur ársaflinn verið innan við 100 tonn. Árið 2002 veiddust tæplega 60 tonn sem er minnsti skötuafli síðan farið var að taka saman tölur um árlegan afla árið 1906. Þó ber að hafa fyrirvara á að nota aflatölur sem vísbendingu um stofnstærð og þróun stofnsins, m.a. vegna breytinga á markaðsstöðum fyrir afurðir og skila á upplýsingum.

Skata finnst víða í Norður-Atlantshafi. Alls staðar hefur henni fækkað mikið og á sumum svæðum hefur hún horfið, t.d. í Írska hafinu. Ástæðan er talin vera ofveiði.

Vísitölur lúðu í stofnmælingu botnfiska og afli lúðu á sóknareiningu benda til þess að lúðustofninn sé í mikilli lægð og er ástandið orðið langvinnt. Hafrannsóknastofnunin hefur undanfarin ár lagt til að gripið verði til aðgerða til verndar lúðustofninum. Í skýrslu stofnunarinnar „Nytjastofnar sjávar 2002/2003 og aflahorfur fiskveiðiárið 2003/2004“ er lagt til að bann sé lagt við beinni sókn í lúðu. Jafnframt er talið nauðsynlegt að grípa til róttækari ráðstafana, eins og lokun veiðisvæða eða takmörkun á löndun lúðu. Hafrannsóknastofnunin leggur til að haft verði samráð við hagsmunaaðila um hvernig slíkum aðgerðum verði við komið.

Ekkert er vitað um ástand hákarlastofna við Ísland.

898. Svar [538. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um fjölda fanga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir hafa verið dæmdir til fangavistar hér á landi sl. 20 ár, sundurliðað eftir aldri, kyni, tegund afbrota og þyngd dóma?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu. Ekki var unnt að vinna upplýsingar lengra aftur í tímann en 18 ár innan settra tímamarka. Miðað er við fjölda óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga, ásamt fjölda varðhaldsrefsinga, til fullnustu innan hvers árs. Tekið skal fram að ekki kemur fram hvort um blandaðar refsingar er að ræða en lengd refsinga miðast við hinn óskilorðsbundna hluta. Varðhald var fellt úr lögum sem sérstök refsing árið 1998 með lögum nr. 82/1998.

Fjöldi innkominna óskilorðsbundinna refsinga 1986–2003.

	1986	1987	1987	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar (og varðhaldsrefsingar)	*360*	*368*	*367*	*376*	*341*	*414*	*316*	*357*	*449*	*378*	*360*	*301*	*305*	*258*	*313*	*302*	*312*	*369*	*6.246*
Kyn																			
Karlar	338	358	347	352	322	386	300	342	424	352	349	282	283	240	299	288	287	345	5.894
Konur	22	10	20	24	19	28	16	15	25	26	11	19	22	18	14	14	25	24	352
	360	*368*	*367*	*376*	*341*	*414*	*316*	*357*	*449*	*378*	*360*	*301*	*305*	*258*	*313*	*302*	*312*	*369*	*6.246*
Aldur þegar dómur er kveðinn upp																			
15 – 17 ára	3	6	8	4	7	1	2	5	15	9	4	3	9	1	2	0	3	2	84
18 – 20 ára	34	32	43	36	26	48	39	54	46	50	37	28	25	16	28	30	27	31	630
21 – 25 ára	122	113	105	118	92	106	88	93	123	85	85	89	79	54	83	93	82	111	1.721
26 – 30 ára	95	115	89	83	77	101	77	65	78	65	71	54	40	50	69	59	55	57	1.300
31 – 35 ára	40	37	48	48	54	67	45	56	55	59	57	33	51	47	34	28	41	42	842
36 – 40 ára	30	33	28	38	34	43	33	35	49	55	46	33	35	33	37	27	38	43	670
41 – 45 ára	14	18	20	19	22	20	10	22	38	24	24	30	30	35	26	42	21	30	445
46 – 50 ára	13	6	15	13	14	12	11	16	12	11	11	11	20	13	18	13	23	22	254
51 – 55 ára	5	6	3	5	6	8	8	5	15	5	11	13	9	4	9	6	12	15	145
56 – 60 ára	3	2	5	8	6	3	2	4	10	6	6	3	0	2	4	3	5	10	82
61 – 65 ára	1	0	3	4	1	2	1	1	4	3	4	1	3	3	2	1	2	1	37
66 – 70 ára	0	0	0	0	2	3	0	1	2	4	4	2	2	0	1	0	2	4	27
71 – 75 ára	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2	0	1	2	0	0	0	1	1	9
	360	*368*	*367*	*376*	*341*	*414*	*316*	*357*	*449*	*378*	*360*	*301*	*305*	*258*	*313*	*302*	*312*	*369*	*6.246*
Tegund afbrots (aðalbrot)																			
Manndráp/tilraun til manndráps	2	0	1	5	1	2	3	3	1	0	2	2	4	0	4	4	2	2	38
Auðgunarbrot/skjalafals	199	197	190	176	189	217	162	159	190	143	163	105	93	92	82	81	79	106	2.623
Umferðarlagabrot/nytjastuldur	45	32	24	45	20	29	33	37	63	55	27	32	39	32	49	51	52	64	729
Fíkniefnabrot	35	27	11	30	11	20	27	30	46	45	29	40	40	30	60	62	59	81	683
Kynferðisbrot	8	6	10	4	15	13	14	20	16	20	18	12	18	7	6	6	14	22	229
Ofbeldisbrot	10	8	7	8	6	16	14	18	25	25	23	29	27	14	18	15	11	27	301
Brenna	1	0	0	2	2	1	0	1	0	0	4	0	0	0	0	0	0	0	11
Annað	60	98	124	106	97	116	63	89	108	90	94	81	84	83	94	83	95	67	1.632
	360	*368*	*367*	*376*	*341*	*414*	*316*	*357*	*449*	*378*	*360*	*301*	*305*	*258*	*313*	*302*	*312*	*369*	*6.246*

	1986	1987	1987	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
Þyngd refsingar																			
30 dagar og styttra	83	93	85	95	61	102	75	65	95	93	74	73	68	53	77	79	88	85	1.444
Yfir 30 daga t.o.m. 3 mán.	150	156	158	151	142	163	124	148	169	135	132	93	121	105	127	105	118	131	2.428
Yfir 3 mán. t.o.m. 6 mán.	61	67	59	74	79	90	58	61	72	63	67	45	43	38	46	46	36	60	1.065
Yfir 6 mán. t.o.m. 12 mán.	47	34	41	31	33	43	38	41	70	52	43	49	37	28	25	31	33	42	718
Yfir 12 mán. t.o.m. 3 ár	15	16	20	19	19	11	16	34	40	33	40	29	26	28	25	27	29	44	471
Yfir 3 ár t.o.m. 5 ár	2	2	3	2	6	3	3	6	2	2	3	6	6	5	8	6	2	3	70
Yfir 5 ár t.o.m. 10 ár	1	0	1	2	0	0	2	1	0	0	1	6	2	1	3	4	6	3	33
Yfir 10 ár	1	0	0	2	1	2	0	1	1	0	0	0	2	0	2	4	0	1	17
	360	*368*	*367*	*376*	*341*	*414*	*316*	*357*	*449*	*378*	*360*	*301*	*305*	*258*	*313*	*302*	*312*	*369*	*6.246*

899. Svar [505. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Grétars Mars Jónssonar um gjaldþrot fyrirtækja í sjávarútvegi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hafa orðið gjaldþrota sl. 15 ár? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum, annars vegar eftir útgerðarfyrirtækjum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækjum.

Þær upplýsingar sem farið er fram á í fyrirspurninni liggja ekki fyrir á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess enda er málsefnið ekki á forræði þess. Þrátt fyrir það hafði ráðuneytið samband við embætti ríkisskattstjóra og fékk það svar að á vegum embættisins væru ekki fyrirliggjandi upplýsingar um gjaldþrot fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig hafði ráðuneytið samband við dómsmálaráðuneytið en lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., eru á verkefnasviði þess. Dómsmálaráðuneytið taldi að upplýsingar eins og um var beðið skipt eftir atvinnugreinum lægju ekki fyrir.

900. Fyrirspurn [596. mál]

til félagsmálaráðherra um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002, um skipun nefndar sem átti að gera tillögur um það hvernig unnt væri að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna, en niðurstöður nefndarinnar átti að leggja fyrir Alþingi á haustþingi árið 2002?

901. Fyrirspurn [597. mál]

til heilbrigðisráðherra um lokaða öryggisdeild.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu lokaðrar öryggisdeildar m.a. fyrir geðveika sakhæfa einstaklinga. Ef svo er, hvar verður hún og hvenær má vænta þess að hún verði opnuð?

902. Fyrirspurn [598. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðhald húsnæðis réttargeðdeildarinnar að Sogni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Á hvern hátt verður brugðist við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við húsnæði réttargeðdeildarinnar að Sogni? Hvenær má vænta þess að úrbótum verði lokið?

903. Fyrirspurn [599. mál]

til fjármálaráðherra um eignarskatt, sérstakan eignarskatt og sérstakan tekjuskatt.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu eignarskatts á einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar gjaldárin 2001 og 2002?
2. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu sérstaks eignarskatts gjaldárin 2001 og 2002?
3. Hvert var tekjutap ríkissjóðs gjaldárið 2003 vegna lækkunar álagningarhlutfalls eignarskatts úr 1,2% í 0,6%?
4. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu sérstaks tekjuskatts gjaldárin 2001, 2002 og 2003?
5. Hvert er áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 7% gjaldárið 2003 í 5% gjaldárið 2004, í 4% gjaldárið 2005 og í 2% gjaldárið 2006 miðað við óbreytt tekjumörk?

Skriflegt svar óskast.

904. Svar [558. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Dagnýjar Jónsdóttur um úreldingu sauðfjársláturhúsa.

1. Stóðust þær áætlanir sem gengið var út frá um úreldingu sauðfjársláturhúsa sl. haust?

Já, í stórum dráttum gengu þær áætlanir eftir. Þegar hefur verið gengið frá úreldingu fimm sauðfjársláturhúsa og ein umsókn er í vinnslu. Í þessum sex sláturhúsum var ekki slátrað sl. haust. Auk þessa er umsókn um úreldingu á einu sauðfjársláturhúsi sem fyrirhuguð er að fram fari eftir næsta haust.

2. Lækkaði fastur og breytilegur kostnaður við rekstur sauðfjársláturhúsa sl. haust vegna fækkunar þeirra? Ef svo er, skilaði sá heildarsparnaður sér í hærra afurðaverði til bænda?

Rekstraruppgjör sauðfjársláturhúsa frá sl. ári liggja ekki fyrir, en uppgjör þeirra munu væntanlega verða kynnt á næstu vikum. Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna þeirra liggur þó fyrir að umtalsverður sparnaður hefur orðið á breytilegum kostnaði og þá einkum föstum einingakostnaði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort fækkun sauðfjársláturhúsa hefur orðið til þess að heildarsparnaður hefur skilað sér í hærra afurðaverði til bænda. En slíkur sparnaður ætti að skila sér til lengri tíma litið.

3. *Hefur flutningur á sláturfé um langan veg áhrif á gæði kindakjöts?*

Engin vísindaleg athugun hefur farið fram hér á landi um það hvort flutningur á sláturfé um langan veg hefur áhrif á gæði kindakjöts. Á vegum yfirkjötsmatsins er hins vegar nú unnið að athugun á streitu hjá sláturfé, m.a. af völdum flutnings, og áhrif hennar á kjötgæði. Á vegum landbúnaðarráðuneytisins og yfirdýralæknis er hafin vinna við heildarúttekt á málum þessum, m.a. með tilliti til þess hversu flutningaleiðir hafa lengst með fækkun sláturhúsa og vegna tilkomu afkastameiri flutningatækja.

905. Svar [503. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um þriggja fasa rafmagn.

1. *Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða árin 2002 og 2003, sundurgreint eftir landsvæðum?*

Árin 2002 og 2003 var haldið áfram endurnýjun rafdreifikerfa til sveita með lagningu þriggja fasa strengja í stað gamalla loftlína sem ýmist voru einfasa eða þriggja fasa. Við þetta fjölgaði notendum sem eiga kost á þriggja fasa rafmagni eins og fram kemur í töflunni.

	2002	2003
Vesturland	13	18
Vestfirðir	0	5
Norðurland vestra	33	27
Norðurland eystra	38	31
Austurland	39	13
Suðurland	55	44
Samtals	**178**	**138**

Enda þótt dreififyrirtækin leggi á það áherslu að notendur taki inn þriggja fasa rafmagn um leið og kerfið er endurnýjað hefur aðeins hluti þeirra nýtt sér það. Þörfin fyrir þriggja fasa rafmagn virðist þannig ekki vera almenn heldur bundin við einstaka notendur.

2. *Hver var kostnaðurinn við aðgang að þriggja fasa rafmagni á þessum svæðum sömu ár?*

Í töflunni er gerð grein fyrir kostnaði við styrkingu, endurnýjun og nýlagnir í sveitum árin 2002 og 2003. Fénu hefur að mestu verið varið til lagningar jarðstrengja sem allir eru þriggja fasa og til endurnýjunar á spennistöðvum sem flestar eru þriggja fasa.

Upphæðir í millj. kr.	2002	2003
Vesturland	60	90
Vestfirðir	0	2,5
Norðurland vestra	34,5	45
Norðurland eystra	60,5	60
Austurland	58	46,5
Suðurland	48	78,5
Samtals	**261**	**322,5**

3. *Hve miklu fjármagni er ætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn á árinu 2004?*

Á árinu 2004 áforma Rafmagnsveitur ríkisins að verja 236 millj. kr. til styrkingar, endurnýjunar og nýlagna í sveitum. Hjá Orkubúi Vestfjarða eru ekki fyrirhugaðar sérstakar framkvæmdir vegna styrkingar og endurnýjunar dreifikerfis eða til þriggja fasa rafmagns á árinu 2004. Eins og áður fer meginhluti fjárins í að leggja þriggja fasa strengi í stað eldri loftlína og setja upp tilheyrandi nýjar spennistöðvar. Með þessari endurnýjun kerfisins hefur þeim sem eiga kost á þriggja fasa rafmagni fjölgað verulega en aðeins hluti þeirra hefur kosið að nota það eins og kemur fram hér að framan.

4. *Hefur verið boðið upp á tímabundna úrlausn, t.d. með uppsetningu á tíðnibreytum sem breyta eins fasa rafmagni í þriggja fasa, og ef svo er, hversu margir hafa fengið slíka úrlausn?*

Nokkuð er um að einstakir notendur hafi sett upp tíðnibreyta til að geta keyrt þriggja fasa mótora á einfasa rafmagni. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafa sett upp í tilraunaskyni sex svonefnda „rafhrúta“ sem breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa. Markmiðið er að bera saman búnað frá mismunandi framleiðendum og öðlast reynslu af rekstri þeirra. Nú hefur fundist búnaður sem virðist fullnægjandi og er hann í notkun á þremur stöðum til reynslu og lofar góðu.

5. *Er spenna óstöðug á einhverjum hlutum þessara svæða?*

Spenna á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er almennt í samræmi við staðla. Verði misbrestur þar á er bætt úr því. Óstöðugust er spenna og tíðni á svæðum er ekki tengjast landskerfinu, þ.e. við Ísafjarðardjúp, í Flatey og í Grímsey.

906. Tillaga til þingsályktunar [600. mál]

um milliliðalaust lýðræði.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika við að þróa milliliðalaust lýðræði og kosti rafrænna aðferða við framkvæmd þess. Nefndin kanni einnig hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu.

Nefndin verði skipuð fulltrúa Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Viðskiptaháskólans á Bifröst, Háskólans á Akureyri, Neytendasamtakanna, ASÍ, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, og fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt er að nota milliliðalaust lýðræði í miklum mæli. Nefndin skili greinargerð eigi síðar en eftir sex mánuði.

Greinargerð.

Markmiðið með þessari tillögu er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar og bætts aðgangs að upplýsingum. Markmiðið er að Ísland verði fánaberi í framþróun lýðræðislegra stjórnarhátta þar sem hinn almenni borgari kemur í sem mestum mæli að meginákvörðunum samfélagsins. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Vesturlöndum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign og meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar á að almenningur hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími á að vera liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir. Tímabært er að færa valdið í ríkari mæli til fólksins.

Lýðræði 21. aldarinnar.

Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi við stefnumörkun um beint lýðræði að hlutverk sveitarfélaganna verður æ mikilvægara eftir því sem þau stækka og verkefnum þeirra fjölgar. Valddreifingunni frá ríki til sveitarfélaga á að fylgja aukið milliliðalaust lýðræði þar sem valdið er um leið fært frá Alþingi til nærþjónustunnar í sveitarfélögunum.

Við innleiðingu netsins í lýðræðisferil okkar yrði einnig komið á samræðu borgaranna við stjórnvöld, þar sem borgarar landsins gætu lagt inn hugmyndir og verið virkir þátttakendur í stjórnun lands síns. Með sama hætti eflist og styrkist stjórnmálasamræða í millum borgaranna um kjör sín.

Nýjar leiðir.

Það fyrirkomulag sem viðgengist hefur síðustu tvær aldirnar í formi fulltrúalýðræðisins hefur að mörgu leyti runnið sitt skeið. Það er tímabært að kanna nýjar leiðir til að íbúar geti haft bein og milliliðalaus áhrif á stjórn samfélagsins. Heimurinn hefur breyst frá þeim tíma þegar verjandi var að óskir fólksins þyrftu að fara í gegnum fulltrúa þess að einu eða öllu leyti, fulltrúa sem höfðu tíma og aðstæður til að sinna mikilvægum ákvarðanatökum ólíkt almenningi. Nú hefur þorri almennings aðstæður og upplýsingar til að taka sjálfur stærri ákvarðanir um hagi sína og líf. Milliliðalaust lýðræði leiðir til heilbrigðari og opnari stjórnarhátta þar sem tryggt er að almannahagsmunir ráði för en ekki sérhagsmunir einstakra valdablokka sem geta keypt sér áhrif í krafti fjármagnsins og aukinna áhrifa viðskiptalífsins í samfélaginu. Beint lýðræði er góð leið til þess að búa svo um hnúta að ýtrustu hagsmunir hins almenna borgara ráði ákvarðanatöku um stærstu hagsmunamál þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæðagreiðslur.

Milliliðalaust lýðræði er sú framþróun sem þarf að eiga sér stað í stjórnmálalífinu í formi þjóðaratkvæðagreiðslna eða atkvæðagreiðslna innan einstakra sveitarfélaga. Þjóðaratkvæðagreiðslu eða allsherjaratkvæðagreiðslu atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags um ákveðin mál á að vera hægt að krefjast af tilteknum hluta atkvæðisbærra borgara, ákveðins hlutfalls al-

þingismanna eða sveitarstjórnarmanna viðkomandi sveitarfélaga, sbr. frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur um þjóðaratkvæðagreiðslur á 128. þingi. Sveitarstjórnarstigið er sá vettvangur samfélagsins sem best er til þess fallinn að stuðla að jöfnuði og félagslegu réttlæti. Þar greiðum við eftir getu og fáum þjónustu eftir þörfum. Sveitarfélögin eru vettvangur nærþjónustunnar og innan þeirra er hvað auðveldast að hafa yfirsýn yfir kjör fólks.

Hlutverk sveitarstjórna og íbúalýðræði.

Breytt hlutverk sveitarstjórna kallar á nýjar reglur þegar veigamiklar ákvarðanir eru teknar innan þeirra. Íbúalýðræði felur í sér lausn á því. Þar eru íbúar sveitarfélagsins kallaðir til leiks, fengnir til samráðs um lausnir og skipulag. Enginn veit betur en fólkið sjálft hverjar þarfirnar eru og hvernig íbúar hvers sveitarfélags vilja forgangsraða fjármunum þess í eigin þágu. Samráðsvettvangur íbúalýðræðisins felur það einnig sjálfkrafa í sér að deilur og átök minnka til muna og stjórnmálin verða heilbrigðari fyrir vikið. Samræður um sameiginleg mál koma í stað hatrammra deilna. Sveitarfélögin ættu að koma sér upp formlegum farvegi fyrir íbúana, íbúaþingi, um öll meginmál samfélagsins.

Hlutverk sveitarstjórna hefur breyst verulega á liðnum missirum, en kerfið hefur staðið í stað. Verkefnum hefur fjölgað mikið og samstarf sveitarfélaganna við einkageirann hefur að sama skapi aukist, í formi ýmiss konar þjónustusamninga. Á næstu árum er fyrirsjáanlegt að þetta hlutverk breytist enn frekar eftir því sem valddreifing eykst í samfélaginu og fleiri hlutverk eru færð frá ríki til sveitarfélaga. Ákvarðanirnar á að taka sem næst fólkinu og með fólkinu. Til nánari upplýsinga er vísað í frumvarp Margrétar Frímannsdóttur o.fl. um íbúalýðræði (þskj. 156, 156. mál).

Frá Aþenu til alnetsins.

Kominn er tími til að lýðræðið leiti upprunans, en í stað handauppréttinganna á Agora í Aþenu á gullöld Grikkja er að myndast möguleiki á að rétta upp hönd á netinu þess í stað. Netið býður upp á möguleika og mun gera það í auknum mæli eftir því sem persónuvernd á netinu þróast, til að auka stórum milliliðalaust lýðræði og gera það að veruleika án þeirra galla sem fylgja tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum, þar sem kjósendur þurfa að fara á kjörstað til að greiða atkvæði. Reynslan frá Sviss segir að kjörsókn minnki þar sem of mikið umstang fylgi því að fara oft á ári á kjörstað. Þessu breytir netið, líkt og dæmi frá Bandaríkjunum sýnir.

Kosningar á netinu í kjölfar upplýsinga- og tæknibyltinganna eru að verða að veruleika og brýnt að kanna þegar í stað kosti þeirra og galla í samhengi við þróun milliliðalauss lýðræðis.

Persónuvernd.

Hættan er sú að tíðar atkvæðagreiðslur valdi því að fólk verði leitt á því að taka þátt í þeim, nenni ekki að fara á kjörstað oft eða nokkrum sinnum á ári. Lausnin á þeim vanda og fram hjá þeirri hættu er lýðræði á netinu. Við þróun og notkun netsins við atkvæðagreiðslur er brýnt að gæta fyllsta öryggis við persónuvernd og kanna til hlítar allar leiðir til að tryggja það í rafrænum kosningum. Gæta skal þess að áfram verði viðhafðar hefðbundnar atkvæðagreiðslur til hliðar við netkosningar til að tryggja að fólk sem sökum fátæktar, elli eða annarra aðstæðna getur ekki nýtt sér netið hafi fulla aðkomu að kosningunum. Stefna skal að því að allar þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram á netinu, samhliða hefðbundnum kosningum eða póstkosningum og síðar meir kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

Gætt að minnihlutahópum.

Mesta áhyggjuefnið er hvernig minnihlutahópum reiðir af við beint lýðræði, og sérstaklega beint lýðræði á netinu. Tryggja þarf að engir hópar verði út undan í þessari þróun enda er tilgangurinn stóri að gera fólk að betri og ábyrgari borgurum. Tölur sýna að þátttaka fólks sem er fátækt og lítið menntað er minni en annarra í þjóðaratkvæðagreiðslum, svo dæmi sé tekið. Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja má að kjör og aðgengi tiltekinna minnihlutahópa að samfélaginu og ákvarðanatöku innan þess versni ekki í milliliðalausu lýðræði heldur batni.

Óhófleg áhrif fjármagnsins.

Meginviðfangsefni stjórnmálastarfsins er að komast að því hvaða lausnir flestir telja bestar og séu til mestra hagsbóta. Einfaldast er að spyrja fólkið að því beint í stað þess að fela það nokkrum fulltrúum þess. Beint lýðræði upprætir óhófleg áhrif fjársterkra og háværra hagsmunaafla sem oft hafa mikil áhrif á kjörna fulltrúa stjórnmálaflokkanna, ekki síst þegar litið er til Íslands þar sem bókhald flokkanna er lokað og fjárreiður þeirra leyndarmál, í því efni vísa flutningsmenn í frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns um fjárreiður flokkanna á 128. þingi. Miklu erfiðara er að hafa áhrif á kosningu heillar þjóðar enda erfitt að múta þjóð og rannsóknir frá Bandaríkjunum og Sviss sýna fram á að fjársterk hagsmunasamtök mega sín mun minna í þjóðaratkvæðagreiðslum en í beinum áhrifum á kjörna fulltrúa. Fjölmiðlar og borgarar landsins eiga skýlausa kröfu á að vita hvaða stórfyrirtæki hafa styrkt flokkanna og sjá þannig svart á hvítu hver ítök þeirra eru í viðkomandi flokki.

Leynd og pukur með fjármál flokkanna grafa undan tiltrú almennings á stjórnmálum og stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu. Það er ekki hægt að byggja upp öflugt samfélag nema við búum við öflugt lýðræði. Ríki leynd yfir fjárreiðum stjórnmálaflokka er líklegt að það dragi úr trausti almennings gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðþinga og ekki síður gagnvart stofnunum samfélagsins, sem hafa umboð löggjafarvaldsins til að sinna eftirliti með leikreglum samfélagsins. Milliliðalaust lýðræði er leiðin til að minnka verulega áhrif fjármagnseigenda í samfélaginu og færa valdið til fólksins milliliðalaust. Vald peninganna í pólitíkinni hefur aldrei verið meira en nú. Mikilvægt er að minnka það og tryggja heilbrigða og eðlilega stjórnarhætti þar sem almannahagsmunir ráða för en ekki hagsmunir valdamikilla sérhagsmunahópa.

Ísland í fararbroddi.

Þegar litið er til framþróunar lýðræðisins er gagnlegt að vitna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar sendiherra og fyrrum alþingismanns jafnaðarmanna: „Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðisheiðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast. Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum. Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um að nýta upplýsingatækni og miðlun í tilraunum með þjóðaratkvæðagreiðslur og beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðisins, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar. Tilgangurinn er auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá sem stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka skyldum.“ (Jón Baldvin Hannibalsson, Mbl. 25. apríl 1997.)

Jafn atkvæðaréttur.

Um leið og við eflum beint lýðræði er nauðsynlegt að jafna atkvæðaréttinn til fulls og gera Ísland að einu kjördæmi. Fyrir því eru engin rök að atkvæði allra Íslendinga séu ekki jafngild. Misjafnt vægi atkvæða er ekkert annað en skýlaust mannréttindabrot og svartur blettur á stjórnmálum landsins. Jafn atkvæðisréttur er þó fyrst og fremst spurning um mannréttindi og með því að gera landið að einu kjördæmi væri tryggt að allir í landinu hefðu nákvæmlega sömu möguleika á að hafa áhrif á stjórn landsins, því að öll atkvæði væru jafnþung.

Stefna ætti að því um leið og stigin yrðu fyrstu skref í átt til milliliðalauss lýðræðis að atkvæðavægi yrði jafnt með því að landið yrði gert að einu kjördæmi.

Lýðræðisform framtíðarinnar.

Ef lýðræði er skilgreint þannig að fólkið skuli ráða, þá er milliliðalaust lýðræði mun nær upprunanum en það lýðræðisfyrirkomulag sem tíðkast hefur víðast hvar og felur í sér kosningar til löggjafar- og eða framkvæmdarvalds á nokkurra ára fresti. Til að taka nýlegt íslenskt dæmi um raunverulegt lýðræði má nefna atkvæðagreiðsluna sem átti sér stað í Reykjavík fyrir tveimur árum um framtíðarstað flugvallarins í Vatnsmýrinni. Sú atkvæðagreiðsla var merkileg tilraun í milliliðalausu lýðræði og líklegt er að hún gefi tóninn fyrir innleiðingu beins lýðræðis á sveitarstjórnarstiginu, þar sem það á allra best við og er líklegast til að taka út þroska sem lýðræðisform framtíðarinnar.

Tæknin hefur breytt eðli og inntaki lýðræðisins. Nú er einstaklingurinn hjá jafn vel upplýstri þjóð og Íslendingar eru þess umkominn að veita álit sitt og umsögn, nánast hvenær sem er í krafti þekkingar sinnar og hæfni. Menntabyltingin og aðgengi að upplýsingum gerir þetta að veruleika og á að fleyta okkur frá fulltrúalýðræði síðustu alda til milliliðalausrar þátttöku borgaranna sjálfra við stjórnun samfélagsins.

Með tillögunni var fylgiskjal: Vald fólksins, Morgunblaðið – ritstjórnargrein, 11. febrúar 2004.

907. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um starfsmenn í hlutastörfum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að innleidd verði tilskipun um rammasamning um hlutastörf þar sem settar eru fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutstörf. Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að ákvæði laganna taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Þannig nýtur tímavinnufólk ekki þeirra réttinda sem frumvarpið kveður á um. Á hinum almenna vinnumarkaði tókst Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins hins vegar að ljúka kjarasamningi um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum sem ekki tókst á hinum opinbera vinnumarkaði. Samtök launafólks hafa harðlega gagnrýnt að lagt er til að allir sem fá greitt tímavinnukaup fyrir vinnu sína hjá ríki og sveitarfélögum falli utan gildissviðs laganna.

Minni hlutinn leggst gegn ákvæðum 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem kveður á um að lögin taki ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt tímakaup og vísar í rökstuðning sem fram kemur í álitsgerðum frá samtökum launafólks sem eru birt sem fylgiskjöl. Þar eru færð fram rök fyrir því að tilskipunin um hlutastörf sem verið er að innleiða með þessum lögum heimili ekki að undanskilja tímavinnufólk frá ákvæðum laganna.

Hjá ríki og sveitarfélögum eru stórir hópar starfsmanna sem munu ekki njóta þeirra réttinda sem tilskipuninni er ætlað að tryggja. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki sýnt fram á með neinum rökum hvers vegna nauðsynlegt er talið að undanskilja þennan hóp starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í lögunum og skapa þannig mismunun í stað þess að draga úr henni sem í orði kveðnu er þó yfirlýst stefna stjórnvalda.

Félagsmálaráðuneytið hefur lagt ríka áherslu á að máli þessu verði hraðað og hefur í því samhengi verið bent á að Eftirlitsstofnun EFTA muni að öðrum kosti hugsanlega höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum fyrir brot á EES-samningnum verði frekari frestun á því að tilskipunin verði innleidd. Af hálfu samtaka launafólks mun þeirri hugmynd hins vegar hafa verið hreyft að verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd verði látið á það reyna frammi fyrir sömu aðilum hvort lögin standist.

Minni hlutinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsyn beri til að undanskilja starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem fá greitt samkvæmt tímavinnu og telur auk þess ófært að samþykkja frumvarp sem vafi leikur á um að standist þá tilskipun EES sem ætlunin er að innleiða.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 10. febr. 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Helgi Hjörvar.

Eftirfarandi fylgiskjöl voru með nefndarálitinu:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (21. janúar 2004.)
II. Umsögn BSRB. (22. janúar 2004.)

908. Skýrsla [601. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2003.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að

annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins, en þau eru nú tíu talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Aukaaðildarríkin eru: Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild hafa: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Þá eru samstarfsríkin sjö talsins: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda að jafnaði 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2003.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Katrín Fjeldsted, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar

Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigríður Ingvarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2003 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnarnefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Guðjón Hjörleifsson.
Stjórnmálanefnd:	Bjarni Benediktsson.
Til vara:	Drífa Hjartardóttir.
Varnarmálanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Nefnd um almannatengsl:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Bryndís Hlöðversdóttir.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.
Þingskapanefnd:	Guðjón Hjörleifsson.
Til vara:	Guðmundur Hallvarðsson.

3. Breytt staða VES-þingsins.

Á árinu 2003 varð framhald á umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en síðustu ár hafa miklar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. Forsögu þessa má rekja til leiðtogafundar Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar“ ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og

hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hefur færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki aðilar að ESB. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu (The Interim European Security and Defence Assembly).

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Sumarið 2003 var gerð nafnabreyting á VES-þinginu sem tók mið af þessu. Viðbótarheitinu „The Interim European Security and Defence Assembly" var breytt í „The Interparliamentary European Security and Defence Assembly". Á árinu lagði Framtíðarráðstefna Evrópusambandsins (European Convention) fram drög að stjórnarskrá ESB og höfðu vonir staðið til að í drögunum kæmu fram svör við því hvernig haga bæri þátttöku þjóðkjörinna þingmanna í störfum ESB. Nokkur vonbrigði hafa verið hvað þetta atriði varðar því að í þeim drögum sem liggja fyrir leiðtogum aðildarríkja ESB er staða þjóðþinganna afar veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst – heldur aðeins óljóst í viðauka. Umræðan um hlutverk þjóðþinganna í þessum málaflokki hefur því haldið áfram á árinu. Sem fyrr hefur Íslandsdeildin í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þjóðkjörinnar þingmannasamkundu eins og VES-þingsins. Þessi sjónarmið hafa einnig borið hátt í máli forseta þingsins og annarra sem talað hafa máli þess á alþjóðavettvangi og er því óhætt að segja að um þau ríki mikil sátt innan vébanda VES-þingsins.

4. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 49. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–4. júní fór fyrri hluti 49. fundar VES-þingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Bjarni Benediktsson formaður, Drífa Hjartardóttir (varamaður) og Anna Kristín Gunnarsdóttir (staðgengill aðal- og varamanns), auk Belindu Theriault, forstöðumanns alþjóðasviðs. Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) annars vegar og Atlantshafstengslin hins vegar voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á fundinum að þessu sinni. Þess má geta að í fyrsta skipti í sögu þingsins var

haldinn sameiginlegur fundur með Evrópuþinginu og var þá síðarnefnda umræðuefnið á dagskrá.

Hollendingurinn Jan Dirk Blaauw, forseti VES-þingsins, hélt í upphafi fundarins ræðu þar sem hann gagnrýndi mjög Framtíðarráðstefnu ESB. Hann sagði að hvorki hefði tekist með tillögum ráðstefnunnar að einfalda stofnanakerfi ESB né auka gegnsæi og lýðræði innan sambandsins. Kæruleysisleg vinnubrögð einkenndu starf ráðstefnunnar á sviði varnar- og öryggismála, tillögur um samstarfsform á þessu viðkvæma sviði væru óþarflega flóknar, ekkert tillit væri tekið til samstarfsríkja utan ESB sem væru aðilar að NATO og nýjustu tillögur varðandi lýðræðislegt aðhald í þessum málaflokki gerðu ekki ráð fyrir samstarfsvettvangi þjóðþinga. Hann sagði gjörsamlega óásættanlegt að einungis COSAC (samstarfsnefnd Evrópuþingsins og þjóðþinga ESB) bæri ábyrgð á lýðræðislegu aðhaldi í varnar- og öryggismálum. Þá gerði Blaauw getuleysi ESB á hernaðarsviðinu að umtalsefni og sagði ótraustvekjandi þegar varnarmálaráðherrar ESB væru með yfirlýsingar sem stönguðust á við raunveruleikann, t.d. þegar þeir segðu ESB tilbúið að framkvæma Petersberg-verkefni í stórum stíl.

Aðrir sérstakir ræðumenn á þinginu voru Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, Vecdi Gönül, varnarmálaráðherra Tyrklands, Antonio Martino, varnarmálaráðherra Ítalíu f.h. verðandi formennskulands í ESB og VES, og Yannos Papantoniou, varnarmálaráðherra Grikklands f.h. formennskulands í ESB og VES. Jafnframt fór fram sérstök umræða um evrópsk varnarmál og Atlantshafstengslin og flutti Chris Patten ávarp við það tækifæri, en hann fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn ESB. Patten taldi að Evrópa og Bandaríkin næðu markmiðum sínum best með samvinnu. Hann sagði gildismat Evrópu og Bandaríkjanna í grundvallaratriðum það sama og efnahagslega væru Evrópa og Bandaríkin mjög háð hvort öðru, ekki síst á sviði fjárfestinga. Evrópa væri jafnoki Bandaríkjanna efnahagslega, en ekki hernaðarlega. Evrópumenn yrðu að vera reiðubúnir að beita hernaðarvaldi með sannfærandi hætti til að vera teknir alvarlega. Hann taldi að viðhorf Bandaríkjamanna hefðu ekki breyst í grundvallaratriðum eftir 11. september og hagsmunir þeirra og Evrópumanna færu enn saman, þó að vissulega væru ólík viðhorf til Ísraels og Miðausturlanda. Hann benti á fimm leiðir til að styrkja Atlantshafstengslin: Í fyrsta lagi þyrfti að tryggja árangur af Doha-samningunum, í öðru lagi þyrftu Evrópuríki að auka útgjöld til varnarmála, samhæfa hergagnaframleiðslu og auka rannsóknir, í þriðja lagi yrði að vera pólitískur vilji innan Evrópu til að vinna saman, eins og samvinnan á Balkanskaga sýndi. Umfjöllun um aðildarumsókn Tyrklands að ESB yrði næsta stóra verkefnið sem ESB tækist á við, en það hefði áhrif á samskipti við öll íslömsk ríki. Í fjórða lagi þyrfti að dýpka samstarf við Bandaríkin í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í fimmta lagi þyrftu ráðamenn beggja vegna Atlantshafs að skilja að samstarfsaðilar hefðu rétt á sjálfstæðum skoðunum í einstökum málum. Að loknu erindi Pattens tók við lífleg umræða með þátttöku þingmanna af Evrópuþinginu. Rætt var m.a. um getu ESB-ríkja til að tala einni röddu og hvort æskilegt væri að hafa sameiginlega stefnu í utanríkismálum, um viðhorf Bandaríkjamanna eftir 11. september, hlutverk NATO, um hvort andúð á Bandaríkjunum einkenndi umræðuna í Evrópu, um nauðsyn á samheldni yfir Atlantshafið, um hernaðargetu eða getuleysi ESB, um hvort mynd Pattens af viðhorfum Bandaríkjamanna í kjölfar 11. september væri rétt, um samstarf á efnahagssviðinu og um hlutverk Evrópu í heiminum í dag. Voru fundarmenn ánægðir með að fulltrúar VES-þingsins og Evrópuþingsins hefðu haft tækifæri til að ræða saman um þessi mál og vonuðust eftir framhaldi á slíkri samvinnu.

Í umræðum um stefnu í öryggismálum í stækkuðu Evrópusambandi tók formaður norsku sendinefndarinnar til máls og sagði að hann styddi vissulega þróun varnar- og öryggismála-

stefnu ESB, en mikilvægt væri að NATO yrði áfram hornsteinn í evrópskum öryggismálum. Sameiginlegar varnarskuldbindingar ættu enn að grundvallast á bandalaginu. Það styrkti Atlantshafstengslin og kæmi í veg fyrir óþarfa tvíverknað. Tóku flestir ræðumenn í sama streng, þó að vissulega væri hefðbundinn skoðanamunur á milli fulltrúa ríkja ESB.

Á fyrsta degi fundarins var gerð breyting á viðbótarheiti VES-þingsins, sem tekið var upp á síðasta ári. Viðbótarheitið var „The Interim European Security and Defence Assembly", þ.e. Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu, en var breytt í „The Interparliamentary European Security and Defence Assembly".

b. Síðari hluti 49. fundar VES-þingsins.

Dagana 1.–3. desember var seinni hluti 49. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Hjörleifsson varaformaður og Bryndís Hlöðversdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Umræður um sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB, áætlanir um Evrópuher og hugsanlegar höfuðstöðvar hans, auk samskipta Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Íraksstríðsins voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á desemberfundi VES-þingsins. Þá beindust umræður öðrum þræði að stjórnarskrárdrögum ESB og spurningunni um hvort og með hvaða hætti ESB muni finna öryggis- og varnarmálastefnunni, og þá sérstaklega sameiginlegum vörnum, stað í stjórnarskránni. Í stjórnarskrárdrögum Evrópusambandsins sem ríkjaráðstefna þess á enn eftir að taka afstöðu til, er ekki gert ráð fyrir neinu formlegu hlutverki VES-þingsins á sviði öryggis- og varnarmálastefnu ESB, líkt og þingið hefur lengi barist fyrir.

Á fundinum kom fram eindreginn stuðningur við þá afstöðu að hagsmunir aðildarríkja VES og þjóðþinga þeirra væru best tryggðir ef ráðherraráði ESB væri skylt að upplýsa og leita ráðgjafar hjá fjölþjóðlegum þingmannasamtökum sem væru skipuð fulltrúum þjóðþinga. Þetta hvílir á þeirri forsendu sem margsinnis hefur komið fram hjá VES-þinginu að fjölþjóðleg samvinna innan ESB á sviði öryggismála yrði að haldast í hendur við fjölþjóðlega samvinnu þjóðþinga. Árangurinn hafi ekki látið á sér standa innan þeirra stofnana þar sem sá háttur hefur verið hafður á, sbr. VES, ÖSE og NATO. Desemberfundur VES-þingsins fór fram stuttu eftir ráðherrafund ESB í Napólí þar sem fram kom að ekki eru miklar vonir til þess að staða þjóðþinganna verði styrkari hvað fjölþjóðlegt samstarf varðar í lokaútgáfu stjórnarskrárdraganna. Í ávarpi fráfarandi forseta VES-þingsins, Lúxemborgarans Marcel Gleseners, kom fram að í þeim drögum sem nú liggja fyrir leiðtogunum væri staða þjóðþinganna afar veik í ljósi þess að þar er ekki á þau minnst – heldur aðeins óljóst í viðauka. Hvað samvinnu á sviði varnarmála varðaði og möguleika á að stjórnarskráin innihaldi ákvæði um sameiginlegar varnir, þá væri enn óljóst hvort sáttatillaga Frakka, Þjóðverja og Breta í þeim efnum, sem kvæði á um skipulegt samstarf (e. structured cooperation), hlyti náð fyrir augum leiðtoga ríkjanna 25 sem veita þyrftu samhljóða samþykki sitt. Enn væri eftir að útfæra orðalagið nánar og enn væru margar spurningar sem brýnt væri að svara í þessum efnum, t.a.m. hvernig hugsanleg ákvæði í stjórnarskránni mundu vera frábrugðin grein 5 í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum, hvaða skilyrði ættu að gilda svo að ríki gætu veitt samþykki sitt við sameiginlegum varnarskuldbindingum, hverjir ættu að skuldbinda sig til að veita hernaðarlegt öryggi til handa þeim ríkjum sem stæðu utan Atlantshafsbandalagsins, og hvert væri hlutverk þeirra NATO-ríkja sem stæðu utan ESB í slíku samstarfi? Góður rómur var gerður að erindi forsetans. Áhugavert var að heyra í máli tignargesta sem boðið var til fundarins afar mismunandi skoðanir á því hvernig haga bæri öryggismálum og vörnum í stjórnarskrá ESB.

Þriðjudaginn 2. desember flutti Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, ræðu þar sem hann lagði áherslu á að tillögur Frakka, Þjóðverja og Breta um ákvæði um sameigin-

legar varnir í stjórnarskrárdrögunum ættu að vera hluti af grunnstoð stjórnarskrárinnar og að þær yrði að útfæra á þrengri hátt. Sagðist hann vera þeirrar skoðunar að ESB-ríkin yrðu í framtíðinni að búa við sameiginlegan varnarviðbúnað. Þegar væru fyrir hendi ákvæði um sameiginlega aðstoð og sameiginlegar varnir ættu því heima í stjórnarskránni. Þá sagðist Juncker vonast til að þingræðislegu eftirliti þjóðþinganna yrði áfram beitt þegar um milliríkjamál væri að ræða eins og verið hefði á VES-þinginu. Sagðist hann jafnframt mundu beita sér fyrir því að rætt yrði um þingræðislega vídd öryggis- og varnarmálastefnu ESB af fullri alvöru þar eð á slíkt hefði skort tilfinnanlega á undangengnum missirum. Í ræðu Bach lávarðar, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bretlands, kom hins vegar fram að bresk stjórnvöld væru andvíg mörgum þeim tillögum sem komið hefðu fram í tengslum við ríkjaráðstefnuna. Sagði hann að Bretar væru andvígir ákvæði um sameiginlegar varnir ef það væri andstætt öryggisskuldbindingum þeim sem fælust í Norður-Atlantshafssáttmálanum. Þá mættu slík ákvæði og samstarf sem á þeim hvíldi ekki heldur grafa undan þeim forsendum öryggis- og varnarmálastefnu ESB sem fram hefðu komið og samþykktar á leiðtogafundinum í Nissa árið 2000. Sagði hann að aðeins skipulegt samstarf sem miðaði að því að bæta skilvirkni og hraða væri ásættanlegt. Á hinn bóginn sagði Bach að fullur vilji væri til þess innan bresku ríkisstjórnarinnar að breikka og útfæra svið Petersberg-verkefnanna svonefndu (friðargæsla og mannúðarstarf) en að á móti kæmi að viðvarandi fjársvelti herja ESB-ríkjanna kæmi í veg fyrir nauðsynlega hernaðarlega getu. Sagðist hann jafnframt fagna tillögum Ítala og Frakka um ný höfuðmarkmið (e. headline goal) ESB sem kvæðu á um að ESB – eitt og sér ef þörf krefði – gæti tekist á hendur hættuástandsstjórn 15 dögum eftir að slíkt ástand kæmist á. Aðspurður sagðist Bach túlka niðurstöður leiðtogafundarins í Napólí á þann hátt að öryggisskuldbindingar í Evrópu væru alfarið á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins en að hugsanlegar öryggisskuldbindingar ESB (sem hugsanlega kæmu fram í stjórnarskrá) væru til marks um pólitískan raunveruleika þar sem aðstoð væri heitið við þau Evrópuríki sem ógnað væri. Þá hlýddu fundarmenn á mál tveggja ráðherra frá hlutlausum ríkjum í ESB. Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, hélt ræðu á fundinum þar sem fram kom að ákvæði það um sameiginlegar varnir sem verið væri að semja um ætti að styrkja pólitíska einingu innan ESB en ekki skapa nýtt varnarbandalag. Sagði hann að ef Finnar þyrftu á öryggisskuldbindingum að halda mundu þeir að sjálfsögðu snúa sér til Atlantshafsbandalagsins. Dick Roche, Evrópumálaráðherra írsku ríkisstjórnarinnar, ræddi á sömu nótum og Tuomioja og sagði í ræðu sinni að hvorki væri þörf á sameiginlegum varnarsáttmála ESB né tveggja hraða kerfi er lyti að öryggis- og varnarsamstarfi. Sagði hann ónauðsynlegt að hafa í stjórnarskránni ákvæði um sameiginlegar varnir sem færi á svig við stjórnarskrár einstakra aðildarríkja. Ríkþörf væri á því að finna lausn sem útilokaði enga þjóð. Aðspurður sagðist hann einnig vera talsmaður þess að skjót og farsæl lausn fyndist á þingræðislegu eftirliti öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

Á fundinum lét Marcel Glesener af störfum sem forseti VES-þingsins og í embættið var sjálfkjörinn Armand De Decker, forseti efri deildar belgíska þingsins. Í fyrsta ávarpi sínu sem forseti sagði De Decker að hlutverk sitt á næstu missirum yrði að sannfæra stjórnvöld og þjóðþing Evrópusambandsríkjanna um það að brýnt væri að áframhald yrði á störfum fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu – skipaðrar þjóðkjörnum þingmönnum – sem hefði eftirlit með öryggis- og varnarmálum Evrópu. Sagði hann að hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna sambandsins – sem væri milliríkjamál í eðli sínu – mundi aðeins njóta raunverulegs lögmætis ef eftirlitið væri í höndum samtaka á borð við VES-þingið.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, Bach lávarður, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bretlands, Ro-

berto Antonione, aðstoðarutanríkisráðherra Ítalíu, sem fór með formennsku í ráðherraráði VES síðari hluta ársins 2003, Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, og Dick Roche, Evrópumálaráðherra Írlands, sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2004.

Alþingi, 16. febr. 2004.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðjón Hjörleifsson, varaform.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, tilmæli og tilskipanir VES-þingsins árið 2003.

Fyrri hluti 49. þingfundar 2.–4. júní:

1. tilmæli 721, um öryggismál í stækkaðri Evrópu – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
2. tilmæli 722, um varnir í Evrópu – hlutverk sjóherja,
3. tilmæli 723, um sameiginlegt herlið ESB og hraðlið NATO – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
4. tilmæli 724, um þróun samevrópskra verkhátta í varnar- og öryggismálum,
5. tilmæli 725, um Evrópu og hina nýju þjóðaröryggisáætlun Bandaríkjanna,
6. tilmæli 726, um þjóðaröryggisáætlun Bandaríkjanna og afleiðingar hennar fyrir evrópsk varnarmál,
7. tilmæli 727, um samstarf evrópsks og rússnesks eldflauga- og geimvarnaiðnaðar,
8. tilmæli 728, um framtíð evrópsks herflugvéla-, eldflauga- og geimvarnaiðnaðar – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
9. tilmæli 729, um evrópsk verkefni á sviði geimvarna,
10. tilmæli 731, um þróun mála í Suðaustur-Evrópu,
11. ályktun 115, um öryggismálastefnu í stækkaðri Evrópu – framlag til Framtíðarráðstefnu ESB,
12. ályktun 116, um þingræðislega umfjöllun um varnar- og öryggismálastefnu (ESDP) ESB,
13. tilskipun 118, um öryggismálastefnu í stækkaðri Evrópu.

Síðari hluti 49. þingfundar 1.–3. desember:

1. tilmæli nr. 733, um evrópskt herfræðihugtak – þættir er lúta að vörnum,
2. tilmæli nr. 734, um hraðsveitir flugherja Evrópuríkja,
3. tilmæli nr. 735, um evrópskt frumkvæði til að styrkja stöðu Sameinuðu þjóðanna á vettvangi friðar- og öryggismála,
4. tilmæli nr. 736, um framgang sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB,
5. ályktun nr. 118, um þinglegar umræður um Framtíðarráðstefnu ESB – umræður og svör við spurningum sem lagðar hafa verið fram á þjóðþingum aðildarríkja VES,
6. tilmæli nr. 737, um öryggi Evrópu og stöðugleika í Miðausturlöndum,
7. tilmæli nr. 738, um áhrif Íraksstríðsins á almenningsálitið í Evrópu,
8. tilmæli nr. 739, um eldflaugavarnir og nauðsyn samevrópsks frumkvæðis,

9. tilmæli nr. 740, um framþróun evrópskrar stefnu í vopnaframleiðslu – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins,
10. tilmæli nr. 741, um styrkari og samþættar evrópskar varnir – svör við ársskýrslu ráðherraráðsins.

909. Svar [546. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur hlutfall matvöru í framfærslukostnaði heimilanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu hátt er hlutfall matvöru í framfærslukostnaði heimilanna frá árinu 1995, skipt eftir árum?

Umbeðnar upplýsingar um hlutfall matvöru í framfærslukostnaði heimilanna koma fram í eftirfarandi töflu.

Ár	Hlutfall
1995	16,1
1996	16,4
1997	14,9
1998	15,3
1999	14,9
2000	15,1
2001	14,8
2002	14,4
2003	13,5

910. Fyrirspurn [602. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflaheimildir fiskiskipa úr íslenskum deilistofnum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Úr hvaða deilistofnum hefur verið ákveðið að takmarka heildarafla skv. 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands? Hvernig var aflahlutdeild ákveðin hverju sinni, hvaða skip fengu hlutdeild og hve mikla í hverju tilviki?
2. Hefur ráðherra nýtt heimildir 4. mgr. 5. gr. laganna um að binda úthlutun því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands? Ef svo er, hver var skerðingin

í hverju tilviki, reiknuð í prósentum og þorskígildum, og hvernig skiptist hún milli einstakra fiskiskipa?
3. Hvernig var aflaheimildum skv. 2. lið úthlutað? Hversu miklu var úthlutað í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og til hvaða skipa?
4. Hefur ráðherra nýtt heimild 9. mgr. 5. gr. laganna þess efnis að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni? Ef svo er, hversu miklu var úthlutað í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og til hvaða skipa?
5. Úr hvaða deilistofnum eru stundaðar veiðar án þess að heildarafli hafi verið takmarkaður og ákvæðum 5. gr. laganna beitt? Hve lengi hafa þær veiðar staðið? Hve mikið hefur verið veitt ár hvert og hve mörg skip eiga í hlut? Hver eru áform ráðherra um veiðar úr þessum deilistofnum?

Skriflegt svar óskast.

911. Fyrirspurn [603. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflaheimildir fiskiskipa úr stofnum utan lögsögu Íslands.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Úr hvaða stofnum hefur verið ákveðið að takmarka heildarafla skv. 6. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands? Hvernig var aflahlutdeild ákveðin hverju sinni, hvaða skip fengu hlutdeild og hve mikla í hverju tilviki?
2. Hefur ráðherra nýtt heimildir 4. mgr. 6. gr. laganna um að binda úthlutun því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands? Ef svo er, hver var skerðingin í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og hvernig skiptist hún milli einstakra fiskiskipa?
3. Hvernig var aflaheimildum skv. 2. lið hér að framan úthlutað? Hversu miklu var úthlutað í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og til hvaða skipa?
4. Hefur ráðherra nýtt heimild 11. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni? Ef svo er, hversu miklu var úthlutað í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og til hvaða skipa?
5. Úr hvaða stofnum eru stundaðar veiðar án þess að til takmörkunar hafi komið á heildarafla og ákvæðum 6. gr. laganna beitt? Hve lengi hafa þær veiðar staðið? Hve mikið hefur verið veitt ár hvert og hve mörg skip eiga í hlut? Hvaða reglur hafa gilt um þær veiðar? Hver eru áform ráðherra varðandi áframhaldandi veiðar úr þeim stofnum?

Skriflegt svar óskast.

912. Fyrirspurn [604. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skipan ráðgjafarnefndar við Hafrannsóknastofnunina.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvers vegna hefur ekki verið skipuð ráðgjafarnefnd við Hafrannsóknastofnunina, sbr. 15. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna?

913. Fyrirspurn [605. mál]

til samgönguráðherra um skipurit og verkefni Vegagerðarinnar.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvaða verkefni er fyrirhugað að flytja út á land í tengslum við breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar?
2. Hvernig skiptast þessi verkefni milli starfsstöðva Vegagerðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

914. Fyrirspurn [606. mál]

til fjármálaráðherra um kjör öryrkja.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hverjar voru meðaltekjur 75% öryrkja úr lífeyrissjóðum á mánuði samkvæmt skattframtölum árið 2003 fyrir árið 2002?
2. Hve stór hluti 75% öryrkja naut ekki tekna úr lífeyrissjóði viðkomandi ár?
3. Sé þeim öryrkjum sem nutu lífeyristekna skipt í fimm jafnstóra hópa eftir tekjum úr lífeyrissjóði, hverjar voru þá meðaltekjur hvers hóps um sig á mánuði, sbr. upplýsingar fyrir árið 1997 sem er að finna í skýrslu forsætisráðherra um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja á þingskjali 1136 frá 123. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.

915. Fyrirspurn [607. mál]

til dómsmálaráðherra um notkun farsíma án handfrjáls búnaðar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve margar kærur hafa verið gefnar út frá 1. nóvember 2002 vegna ólögmætrar notkunar farsíma undir stýri og hversu oft hefur viðurlögum verið beitt?
2. Hvernig skiptast þessi mál eftir lögregluumdæmum?
3. Hvernig er eftirliti með notkun farsíma undir stýri háttað, sérstaklega á fjölförnustu vegum landsins?

Skriflegt svar óskast.

916. Frumvarp til laga [608. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í upphafi 3. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þær er tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Verði frumvarp þetta að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 3. gr. laga um stjórn fiskveiða að í stað sjávarútvegsráðherra ákvarði umhverfisráðherra heildaraflamark ár hvert á þeim stofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Þar sem orðið ráðherra kemur fyrir síðar í greininni er þá samkvæmt breytingartillögunni vísað til umhverfisráðherra í stað sjávarútvegsráðherra.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

917. Fyrirspurn [609. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðargreiningarkerfi í heilbrigðisþjónustu.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hvers vegna þáðu heilbrigðisyfirvöld á Íslandi ekki boð sem þau fengu á áttunda áratugnum um faglega og fjárhagslega aðstoð við að þróa og byggja upp á sjúkrahúsum DRG-kerfi (Diagnostic Related Groups, áætlana- og kostnaðargreiningarkerfi), sem nú er verið að þróa á LSH, þegar kerfið hafði á þeim tíma, þ.e. fyrir um 20 árum, verið tekið í notkun með ágætum árangri í ýmsum ríkjum sem við miðum okkur við?
2. Hvenær hófst kynning á DRG-kerfinu í læknis- og hjúkrunarkennslu á Íslandi?
3. Var rætt um eða það skoðað að taka upp kostnaðargreiningarkerfi á Landspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala fyrir sameiningu þeirra?
4. Var rætt um eða það skoðað að bíða með sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík þar til kostnaðargreiningarkerfi hefði verið sett upp þannig að auðveldara yrði að meta árangur og hagræðingu af sameiningu sjúkrahúsanna?

Skriflegt svar óskast.

918. Fyrirspurn [610. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall úr framhaldsskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvert var brottfall úr íslenskum framhaldsskólum á síðasta ári
a. sundurliðað eftir kynjum og skólum á vorönn og á haustönn, og
b. sundurliðað eftir bóknámi og verknámi?

Skriflegt svar óskast.

919. Tillaga til þingsályktunar [611. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn

kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Í reglugerðinni er kveðið á um að kostnaður við greiðslur á milli landa í evrum skuli vera hinn sami og kostnaður við greiðslur í evrum innan lands. Jafnframt skulu upplýsingar um kostnað við greiðslur milli landa vera aðgengilegur. Reglugerðin gildir um greiðslur allt að 12.500 evrum fram til ársins 2006 en þá hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur.

Tvær gerðir hafa verið settar um færslu fjármuna á milli landa á síðustu árum. Aðdragandinn að setningu þeirra er sá að eftir opnun innri markaðarins 1992 var gerð athugun á kostnaði við að færa fé á milli aðildarríkja ESB. Í ljós kom að gjöld bankanna við flutninginn voru stór hluti heildarfærslunnar og því stærri hluti sem færslan var lægri. Framkvæmdastjórn ESB leit svo á að þessi kostnaður hamlaði skilvirkni innri markaðarins og skoraði á bankakerfið að gera bragarbót á, ellegar gripi ESB til viðeigandi úrræða.

Árið 1997 var síðan sett tilskipun um færslu fjármuna á milli landa (Cross-border credit transfer no. 97/5/EC). Sú tilskipun lýtur ekki að kostnaði við millifærslur heldur gagnsæi skilyrða fyrir færslu fjármuna á milli landa, upplýsingar sem bankar þurfa að veita áður en færsla er afgreidd, skuldbindingum um að afgreiða færslur fyrir tiltekinn tíma og endurgreiðslukvöð á banka ef færsla er ekki afgreidd. Þessi tilskipun hefur verið tekin upp í EES-samninginn og innleidd í íslenskan rétt með breytingum á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Fyrir upptöku evrunnar gerði framkvæmdastjórnin aðra athugun á færslukostnaði á milli landa. Niðurstaðan var mjög áþekk hinni fyrri. Þar eð ekkert hafði áunnist á tíu árum í þessum efnum greip ESB til aðgerða. Sett var reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum í árslok 2001 (cross-border payments in euros no. 2560/2001/EC). Í reglugerðinni er kveðið

á um að gjöld banka fyrir miðlun evra yfir landamæri, upp að ákveðnu hámarki, skuli vera þau sömu og gjöld banka vegna sams konar miðlunar innan aðildarríkisins.

Evrópskir bankar voru andvígir setningu reglugerðarinnar. Þeir töldu að hún væri inngrip í frjálsa verðlagningu og mundi leiða til stórfelldrar hækkunar á innanlandsgjöldum. Eftir að reglugerðin var sett hefur starf bankanna miðað að því að samhæfa hin ólíku greiðslumiðlunarkerfi innan ESB.

Upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn seinkaði vegna þess að Ísland og Noregur óskuðu samhliða eftir aðild að stórgreiðslukerfi Seðlabanka Evrópu, TARGET. Þeirri ósk hefur verið hafnað af Seðlabanka Evrópu. Með upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn fylgir hins vegar yfirlýsing um að EFTA-ríkjunum verði ekki mismunað við samhæfingu evrópskra greiðslukerfa.

Unnið er nú að innleiðingu reglugerðarinnar í viðskiptaráðuneytinu.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 154/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2003 frá 16. maí 2003 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 20 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 13.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB) í XII. viðauka við samninginn:

„3. **32001 R 2560:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum (Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Viðurkenndar lánastofnanir í Liechtenstein skulu njóta undanþágu frá ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar til 1. júlí 2005.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 2560/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2560/2001

frá 19. desember 2001

um greiðslur yfir landamæri í evrum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa([5]) var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Slíkar færslur fjármuna og greiðslur yfir landamæri almennt eru enn þá afar dýrar, miðað við greiðslur innanlands. Athugun, sem framkvæmdastjórnin lét gera og birti 20. september 2001, leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hefur vart breyst frá árinu 1993 þegar sambærileg athugun var gerð.

2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. janúar 2000 um smásölugreiðslur á innri markaðnum ásamt ályktunum Evrópuþingsins frá 26. október 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og frá 4. júlí 2001 um leiðir til að aðstoða rekstraraðila við að breyta yfir í evru, svo og skýrslur Seðlabanka Evrópu frá september 1999 og september 2000 um að bæta þjónustu í tengslum við greiðslur yfir landamæri, hafa allar lagt áherslu á brýna nauðsyn skilvirkra umbóta á þessu sviði.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svæðanefndarinnar og Seðlabanka Evrópu frá 3. apríl 2001 um undirbúning vegna innleiðingar evruseðla og -myntar er tilkynnt að framkvæmdastjórnin muni íhuga að nota öll tæki sem henni eru tiltæk og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kostnaður við færslu fjármuna yfir landamæri verði færður til samræmis við kostnað við færslu fjármuna innanlands og þar með að gera hugmyndina um evrusvæðið sem „innlent greiðslusvæði“ áþreifanlega og skýra í hugum borgaranna.

4) Ef miðað er við markmiðið sem var áréttað þegar evran var tekin upp sem reikningsgjaldmiðill, nánar tiltekið að ná fram ef ekki samræmdri, þá a.m.k. svipaðri gjaldtökustefnu varðandi evruna, hefur ekki orðið neinn marktækur árangur að því er varðar lækkun kostnaðar vegna greiðslna yfir landamæri, miðað við greiðslur innanlands.

5) Magn greiðslna yfir landamæri eykst stöðugt eftir því sem innri markaðurinn nær betri fótfestu. Á þessu landamæralausa svæði hefur tilkoma evrunnar gert greiðslur auðveldari.

6) Sú staðreynd að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri eru áfram hærri en gjöld fyrir innlendar greiðslur hamlar viðskiptum yfir landamæri og hindrar því eðlilega starfsemi innri markaðar-

([1]) Stjtíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 270.
([2]) Áliti var skilað 10. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 308, 1.11.2001, bls. 17.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. desember 2001 (Stjtíð. EB C 363, 19.12.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.
([5]) Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

ins. Einnig er líklegt að þetta hafi áhrif á tiltrú á notkun evrunnar. Í því skyni að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum séu þær sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis en það mun einnig efla tiltrú á evrunni.

7) Að því er varðar rafræna greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum skal meginreglan um sömu gjöld gilda frá og með 1. júlí 2002, að teknu tilliti til aðlögunartímabila og þess aukna vinnuálags sem breytingin yfir í evrur hefur í för með sér. Til að mögulegt sé að koma á nauðsynlegu grunnvirki og skilyrðum skal til 1. júlí 2003 vera í gildi aðlögunartímabil að því er varðar færslu fjármuna yfir landamæri.

8) Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að beita meginreglunni um samræmdar gjaldfærslur þegar um er að ræða pappírsávísanir þar sem þær eru þess eðlis að ekki er hægt að meðhöndla þær á jafn skilvirkan hátt og annan greiðslumáta, einkum rafrænar greiðslur. Þó skal meginreglan um gagnsæi gjaldfærslu einnig gilda um ávísanir.

9) Í því skyni að gera viðskiptavini kleift að meta kostnað við greiðslu yfir landamæri er nauðsynlegt að hann fái upplýsingar um þau gjöld sem í gildi eru og allar breytingar á þeim. Það sama á við þegar greiðsla yfir landamæri í evrum tekur einnig til annars gjaldmiðils en evrunnar.

10) Þessi reglugerð hefur engin áhrif á möguleika stofnana til að bjóða eitt heildargjald fyrir mismunandi greiðsluþjónustu, að því tilskildu að ekki sé gerður greinarmunur á greiðslum yfir landamæri og innanlands.

11) Einnig er mikilvægt að auðvelda greiðslustofnunum að annast greiðslur yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal stuðla að stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN) ([6]) og bankanúmers (BIC) ([7]) sem nauðsynleg eru við rafræna vinnslu á færslu fjármuna yfir landamæri. Sem víðtækust notkun þessara númera er talin afar mikilvæg. Þar að auki skulu aðrar aðgerðir, sem fela í sér aukakostnað, aflagðar í því skyni að lækka gjaldtöku af viðskiptavinum í tengslum við greiðslur yfir landamæri.

12) Til að létta byrði stofnana sem annast greiðslur yfir landamæri er nauðsynlegt að afnema í áföngum skyldur um reglubundna, innlenda skýrslugjöf að því er varðar hagskýrslur um greiðslujöfnuð.

13) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirkar verklagsreglur um kvartanir eða málsskot til að jafna deilur milli sendanda og stofnunar hans eða milli viðtakanda og stofnunar hans, og nota verklagsreglur sem fyrir eru þegar við á.

14) Æskilegt væri að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júlí 2004.

15) Setja skal ákvæði um verklag sem gerir kleift að beita þessari reglugerð einnig á greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki ákveður svo.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur í evrum yfir landamæri í því skyni að tryggja að gjöld fyrir þessar greiðslur séu þau sömu og fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis.

Hún skal gilda um greiðslur í evrum yfir landamæri sem nema innan bandalagsins allt að 50 000 evrum.

Þessi reglugerð skal ekki gilda um greiðslur yfir landamæri sem færðar eru milli stofnana fyrir eigin reikning.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „greiðslur yfir landamæri“:

i) „færsla fjármuna yfir landamæri“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki í þeim tilgangi að hafa ákveðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili,

([6]) ISO-staðall nr. 13613.
([7]) ISO-staðall nr. 9362.

ii) „rafræn greiðslumiðlun yfir landamæri“:

— færsla fjármagns með rafrænum greiðslumiðli, nema stofnun mæli fyrir um færsluna og framkvæmi,

— úttekt reiðufjár með rafrænum greiðslumiðli og hleðsla (og afhleðsla) rafræns seðils með búnaði á borð við hraðbanka og seðlavélar og hjá útgefanda eða stofnun sem er bundin af samningi um að taka við greiðslumiðlinum,

iii) „ávísanir yfir landamæri“: þær ávísanir sem skilgreindar eru í Genfarsamningnum þar sem kveðið er á um samræmd lög um ávísanir frá 19. mars 1931, og gefnar eru út á stofnun sem staðsett er í bandalaginu og notaðar við færslu fjármuna yfir landamæri í bandalaginu;

b) „rafrænn greiðslumiðill“: fjargreiðslumiðill og rafeyrir sem gerir handhafa kleift að framkvæma rafræna greiðslumiðlun einu sinni eða oftar;

c) „fjargreiðslumiðill“: miðill sem gerir handhafa kleift að taka út fjármuni af reikningi sínum í stofnun og að inna af hendi greiðslu til viðtakanda og alla jafna krefst persónulegs auðkennisnúmers og/eða annarrar ámóta sönnunar. Til fjargreiðslumiðla teljast einkum greiðslukort (kreditkort, debetkort, debetkort með greiðslufresti eða kreditkort án hámarks) og síma- og heimabankaþjónusta. Færsla fjármuna yfir landamæri fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

d) „rafeyrir“: hlaðanlegur greiðslumiðill, hvort sem um er að ræða reiðufjárkort eða tölvuminni sem greiðslueiningar eru geymdar á með rafrænum hætti;

e) „stofnun“: einstaklingur eða lögaðili sem annast færslur fjármuna yfir landamæri;

f) „gjaldfærslur“: allar gjaldfærslur stofnunar sem tengjast beint greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri.

3. gr.

Gjöld fyrir rafræna greiðslumiðlun og færslu fjármuna yfir landamæri

1. Frá og með 1. júlí 2002 skulu gjöld stofnunar fyrir rafræna greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna samskonar greiðslumiðlunar í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast rafrænu greiðslumiðlunina yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2003 skulu gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjöld sömu stofnunar vegna samskonar færslu fjármuna í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast færslu fjármuna yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

3. Frá og með 1. janúar 2006 skal fjárhæðin 12 500 evrur hækkuð í 50 000 evrur.

4. gr.

Gagnsæi gjaldtöku

1. Stofnun skal koma á framfæri við viðskiptavini sína skriflega og, ef við á samkvæmt innlendum reglum, með rafrænum hætti, á eðlilegu og skiljanlegu máli fyrirfram- upplýsingum um gjaldtöku í tengslum við greiðslur yfir landamæri og greiðslur innan aðildarríkisins þar sem stofnunin hefur starfsstöð sína. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um að á ávísanaheftum skuli vera yfirlýsing þar sem neytendur eru varaðir við því að gjald er tekið fyrir notkun ávísana yfir landamæri.

2. Allar breytingar á gjaldtöku skulu tilkynntar á sama hátt og segir í 1. mgr. áður en þær taka gildi.

3. Þegar stofnanir taka þóknun fyrir að skipta gjaldeyri yfir í og úr evrum skulu þær veita viðskiptavinum sínum:

a) fyrirframupplýsingar um þær þóknanir sem þær hyggjast taka fyrir skiptin; og

b) sérstakar upplýsingar um þær þóknanir sem þær hafa fengið fyrir skiptin.

5. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri

1. Stofnun skal, þegar það á við, tilkynna hverjum viðskiptavini, óski þeir þess, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar.

2. Viðskiptavinurinn skal, sé þess óskað, tilkynna stofnuninni, sem annast færsluna, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) viðtakanda og bankanúmer (BIC) stofnunar sem viðtakandi skiptir við. Veiti viðskiptavinurinn ekki framangreindar upplýs-

ingar er stofnuninni heimilt að taka aukaþóknun. Í slíku tilviki skal stofnunin, í samræmi við 4. gr., veita viðskiptavinum upplýsingar um aukaþóknunina.

3. Frá og með 1. júlí 2003 skulu stofnanir láta alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) og banka-númer (BIC) stofnunarinnar koma fram á reikningsyfirlitum allra viðskiptavina eða í viðauka við þau.

4. Birgir sem tekur við greiðslu með færslu fjármuna, skal við gerð vörureikninga fyrir vörur og þjónustu yfir landamæri í bandalaginu tilkynna viðskiptavinum sínum alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar sem hann skiptir við.

6. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar skyldur varðandi innlenda skýrslugjöf vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð um greiðslur yfir landamæri sem nema allt að 12 500 evrum.

2. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar innlendar skyldur varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

7. gr.

Beiting þessarar reglugerðar

Beiting þessarar reglugerðar skal tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

8. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

— þróun grunnvirkja greiðslukerfa yfir landamæri,

— réttmæti þess að bæta þjónustu við neytendur með því að styrkja samkeppnisskilyrði við veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri,

— áhrif beitingar þessarar reglugerðar á gjöld fyrir greiðslur innan aðildarríkis,

— réttmæti þess að hækka upphæðina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., í 50 000 evrur frá og með 1. janúar 2006, með tilliti til afleiðinga þess fyrir fyrirtæki.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Þessi reglugerð gildir einnig um greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi um gjaldmiðil þess. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.* Rýmkunin öðlast gildi 14 dögum eftir téða birtingu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	A. NEYTS-UYTTEBROECK
forseti.	*forseti.*

920. Tillaga til þingsályktunar [612. mál]

um staðfestingu samninga milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.:

1. Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.
2. Samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003.
3. Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.: 1. samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003; 2. samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003; og 3. tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl I–III með þingsályktunartillögu þessari.

Loðnuveiðar á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen hafa á undanförnum árum farið fram á grundvelli þríhliða samnings milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs og tvíhliða samninga milli landanna sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1999 þar sem samningarnir eru birtir.

Þríhliða samningnum og tvíhliða samningum Íslands við Grænland/Danmörku annars vegar og Noreg hins vegar var sagt upp af hálfu Íslands 30. október 2002 og féllu þeir úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum 1. maí 2003. Norsk stjórnvöld höfðu lýst því yfir í samningaviðræðum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árið 2003 að þau væru ekki reiðubúin til að ganga frá samningi á sama grundvelli og á undanfarandi árum og höfðu þau krafist þess að 70% aflaheimilda úr síldarstofninum kæmu í hlut Noregs. Íslensk stjórnvöld höfðu hafnað kröfu norskra stjórnvalda og lýst sig reiðubúin til að ganga frá samningi á óbreyttum grundvelli. Í ljósi þess að ekki var útlit fyrir að samningar næðust um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir árið 2003 vegna framangreindrar afstöðu norskra stjórnvalda töldu íslensk stjórnvöld óhjákvæmilegt að taka aðra fiskveiðisamninga milli landanna til endurskoðunar og var loðnusamningunum því sagt upp.

Hinn 26. júní 2003 tókst samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003. Í kjölfar þess var gengið frá nýjum þríhliða loðnusamningi milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs og tvíhliða samningi milli Íslands og Grænlands/Danmerkur í Reykjavík 8. júlí 2003, sem og tvíhliða samningum milli Íslands og Noregs og milli Grænlands/Danmerkur og Noregs daginn eftir.

Samningarnir eru nánast samhljóða samningunum frá 1998, en þó gilda þeir aðeins til eins árs í upphafi í stað þriggja ára áður og framlengjast sjálfkrafa, sé þeim ekki sagt upp með a.m.k. sex mánaða fyrirvara, um aðeins eitt ár í senn í stað tveggja ára áður.

Í þríhliða samningnum felst að hlutdeild landanna í leyfilegum heildarafla er óbreytt frá fyrri samningi. Hlutur Íslands er 81%, hlutur Grænlands 11% og hlutur Noregs 8%. Sem fyrr er ákvörðun um leyfilegan heildarafla í höndum íslenskra stjórnvalda náist ekki samkomulag milli aðila þar að lútandi. Íslandi er áfram heimilt, komi í ljós að hlutur Grænlands eða Noregs veiðist ekki að fullu, að veiða það magn sem óveitt er.

Í tvíhliða samkomulagi Íslands og Noregs er eins og áður kveðið á um að norskum skipum sé heimilt að veiða allt að 35% af veiðiheimildum sínum í íslenskri lögsögu, norðan 64°30'N, fyrir 15. febrúar á hverri vertíð. Íslenskum skipum er heimilt að veiða sama hlutfall veiðiheimilda sinna innan lögsögu Jan Mayen.

Tvíhliða samningur Íslands og Grænlands/Danmerkur gerir ráð fyrir að íslensk skip geti áfram stundað loðnuveiðar í grænlenskri lögsögu, austan Hvarfs og norðan 64°30'N. Grænlenskum skipum eru áfram heimilaðar loðnuveiðar í íslenskri lögsögu með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23 þúsund lestir af loðnu. Í samningnum eru einnig sem fyrr ákvæði sem heimila hvorum aðila veiðar á allt að 50% af úthlutuðum veiðiheimildum sínum í úthafskarfa innan lögsögu hins aðilans.

Samningunum var beitt til bráðabirgða frá og með 8. júlí 2003 og öðlast þeir gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hver öðrum að stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Ísland og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 20. júní og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11 af hundraði,
Ísland	81 af hundraði,
Noregur	8 af hundraði.

AVTALE
mellom Island, Grønland/Danmark og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om bevaring og forvaltning av loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen.

Artikkel 2

Partene skal søke å bli enige om den største tillatte totalfangst (TAC) for lodde for hver enkelt sesong. Hvis det ikke oppnås enighet, skal Island som den Part som har den største interesse i loddebestanden, fastsette den største tillatte fangstmengde. Norge og Grønland skal imidlertid ikke være bundet av denne fastsettelse dersom den er åpenbart urimelig. Man skal innen 1. juni og 1. desember hvert år, forsøke å fastsette henholdvis den foreløpige og den endelige TAC for den sesong som begynner 20. juni og varer til 30. april påfølgende år.

Artikkel 3

Den største tillatte totalfangst skal fordeles mellom Partene som følger:

Grønland:	11 prosent,
Island:	81 prosent,
Norge:	8 prosent.

4. gr.

1. Eftir að vertíð hefst geta Grænland og Noregur hvort veitt sinn hlut af þeim leyfilega hámarksafla sem búist er við að verði ákveðinn fyrir vertíðina („væntanlegum leyfilegum hámarksafla"). Við mat á því munu aðilar taka mið af vinnureglum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um að leyfilegur hámarksafli, sem ákveðinn er til bráðabigða fyrir sumar- og haustvertíðina, nemi að jafnaði tveimur þriðju hlutum af endanlegum leyfilegum hámarksafla á vertíðinni.

2. Ef í ljós kemur að hlutur Noregs eða Grænlands veiðist ekki skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er.

5. gr.

Ef í ljós kemur að Grænland og/eða Noregur hafa samkvæmt ákvæðum 4. gr. veitt stærri hlut en þann sem þeir hafa til ráðstöfunar skal draga það magn, sem umfram er, frá hlut þeirra á næstu vertíð og úthluta því til Íslands.

6. gr.

1. Verði endanlegur leyfilegur hámarksafli ákveðinn hærri en væntanlegur leyfilegur hámarksafli og veiði Grænland og/eða Noregur ekki sinn hlut af því sem kemur til viðbótar og úthlutað er til þeirra skal Íslandi heimilt að veiða það magn sem óveitt er. Fari svo skal Grænland og/eða Noregur fá bætur frá Íslandi á næstu vertíð sem nema 11 af hundraði og 8 af hundraði af afla Íslands úr viðbótaraflanum, eftir því sem við á.

2. Bætur skv. 1. mgr. skulu minnka að því marki sem Grænland og/eða Noregur veiðir úr sínum viðbótarhlut.

3. Hafi Ísland, beint eða óbeint, fengið framseldan hlut frá Grænlandi og/eða Noregi skal ekki reikna með því magni við bótaútreikning.

4. Leiði bætur samkvæmt þessari grein til þess á einhverri vertíð að skiptingin verði bersýnilega ósanngjörn skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttað.

7. gr.

1. Ákveði aðili að framselja sinn hlut að fullu eða að hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

2. Framseldur hlutur skal dreginn frá hlut þess aðila er framselur. Afli skal dreginn frá heildarkvóta þess aðila er fær hlut framseldan til sín.

Artikkel 4

1. Etter sesongstart har Grønland og Norge adgang til å fiske sine respektive andeler av den TAC som antas å ville bli fastsatt for hele sesongen (den forventede TAC). Ved vurderingen legger Partene til grunn de retningslinjer som er vedtatt av ICES, om at den foreløpige TAC for sommer og høstperioden som regel skal utgjøre 2/3 av den endelige TAC for hele sesongen.

2. Hvis det viser seg, at de norske og grønlandske kvotene ikke oppfiskes, tillates Island å fiske det resterende kvantum.

Artikkel 5

Hvis det viser seg, at Grønland og/eller Norge i henhold til bestemmelsene i artikkel 4 har fisket et større kvantum enn disse Parters disponible kvoter, skal det overskytende kvantum komme til fradrag på disse Parters kvote i den påfølgende sesong, og overføres til Island.

Artikkel 6

1. Hvis den endelige TAC fastsettes høyere enn den forventede TAC, og Grønland og/eller Norge ikke fisker sin andel av tilleggskvoten, som dermed er til disposisjon for dem, tillates Island å fiske det resterende kvantum. I så tilfelle skal Grønland og/eller Norge få kompensasjon fra Island i den påfølgende sesong, som tilsvarer henholdsvis 11 prosent og 8 prosent av Islands fangst av tilleggskvoten.

2. En eventuell kompensasjon i henhold til punkt 1 reduseres i det omfang Grønland og/eller Norge har fisket av sin tilleggskvote.

3. Hvis Island, direkte eller indirekte, har fått overført kvote fra Grønland og/eller Norge, medregnes ikke dette kvantum ved beregning av kompensasjonen.

4. Hvis kompensasjon i henhold til denne artikkel i en sesong fører til en fordeling som er klart urimelig, skal Partene søke å bli enige om på hvilken måte kompensasjonen skal gjennomføres.

Artikkel 7

1. Hvis en av Partene beslutter å overføre sin kvote, helt eller delvis, skal de øvrige Parter informeres om dette.

2. Overførte kvoter fratrekkes den overførende Parts kvote. Fangster fratrekkes de samlede kvoter som den mottakende Parten har til disposisjon.

8. gr.

Aðilar skulu heimila löndun loðnuafla í höfnum sínum.

9. gr.

Aðilar skulu eigi síðar en 15. hvers mánaðar upplýsa hver annan um veiðar undanfarandi mánaðar, skipt eftir lögsögu.

10. gr.

Aðilar skulu m.a. vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum. Þeir skulu enn fremur upplýsa um þær aðgerðir sem þeir grípa til innan eigin lögsögu til verndunar smáloðnu og aðrar verndunaraðgerðir.

11. gr.

1. Aðilar skulu hafa gagnkvæmar heimildir til að veiða í lögsögu hver annars eftir því sem þeir ná samkomulagi um. Hafi aðilar ekki ákveðið annað í tvíhliða samningi eða samkomulagi skulu heimildir til veiða í lögsögu hinna aðilanna nema 35 af hundraði af þeim hlut sem aðilar hafa fengið, sbr. 3. gr., auk framseldra hluta frá öðrum aðila.

2. Semja má um frekari ákvæði um veiðiheimildir og önnur skilyrði varðandi veiðar skv. 1. mgr. í tvíhliða samningi eða samkomulagi milli aðila.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins.

13. gr.

Samningnum skal beitt til bráðabirgða frá og með 8. júlí 2003. Samningurinn öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum skriflega eftir diplómatískum leiðum að nauðsynlegum stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt. Samningurinn skal gilda til og með 31. maí 2004 og framlengist um eitt ár í senn nema einhver aðilanna segi honum upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samningsins eða framlengds gildistíma.

Reykjavík, 8. júlí 2003.

Fyrir Ísland
Kolbeinn Árnason

Fyrir Grænland/Danmörku
Amalie Jessen

Fyrir Noreg
Johán H. Williams

Artikkel 8

Partene skal tillate landing av loddefangster i de respektive Parters havner.

Artikkel 9

Partene skal, senest den 15. i hver måned informere de øvrige Parter om fiskeriet i forrige måned, fordelt på soner.

Artikkel 10

Partene skal bl. a. samarbeide om gjennomføring av vitenskapelig forskning vedrørende loddebestanden. Videre skal Partene informere om de tiltak som de iverksetter innenfor egne soner for å verne om smålodde og andre bevaringstiltak.

Artikkel 11

1. Partene skal ha gjensidig adgang til å fiske i hverandres fiskerisoner i slikt omfang som Partene måtte ble enige om. Fiskeadgangen i de andre Partenes respektive fiskerisoner skal utgjøre 35 prosent av de respektive kvoter Partene har fått tildelt jfr. artikkel 3, samt overføringer fra en av Partene, dersom Partene ikke har bestemt annet i bilaterale avtaler eller arrangementer.

2. Supplerende bestemmelser om fiskeadgang og andre betingelser for utøvelse av fisket i henhold til punkt 1, vil kunne avtales etter bilaterale avtaler eller arrangementer mellom Partene.

Artikkel 12

Partene skal møtes minst en gang i året, vekselvis i hvert av de tre land, for å drøfte gjennomføringen av Avtalen.

Artikkel 13

Avtalen skal anvendes midlertidig fra og med 8. juli 2003. Avtalen trer i kraft når alle Parter skriftlig har meddelt hverandre gjennom diplomatiske kanaler at de nødvendige konstitusjonelle krav for ikrafttredelse er oppfylt. Avtalen skal gjelde til og med 31. mai 2004 og forlenges med 1 år om gangen, med mindre en av Partene sier opp Avtalen senest 6 måneder før utløpet av Avtalens opprinnelige periode, eller en tilleggsperiode.

Reykjavik, den 8. juli 2003.

For Island
Kolbeinn Árnason

For Grønland/Danmark
Amalie Jessen

For Norge
Johán H. Williams

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.

1. gr.

Samningur þessi nær til veiða grænlenskra skipa á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu Íslands og veiða íslenskra skipa á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu Grænlands.

2. gr.

Skipum, sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Grænlands í fiskveiðilögsögu Íslands til 15. febrúar, norðan 64°30'N. Eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N nær þessi heimild einungis til veiða á 23.000 lestum.

Skipum, sem skráð eru á Íslandi og fullnægja skilyrðum íslenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt að stunda loðnuveiðar úr kvóta Íslands í fiskveiðilögsögu Grænlands, austan Hvarfs og norðan 64°30'N.

3. gr.

Skipum, sem skráð eru á Íslandi og fullnægja skilyrðum íslenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt að veiða allt að 50 af hundraði af úthafskarfakvóta Íslands í fiskveiðilögsögu Grænlands, austan Hvarfs.

Skipum, sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt að veiða allt að 50 af hundraði af úthafskarfakvóta Grænlands í fiskveiðilögsögu Íslands.

4. gr.

Fiskistofa í Reykjavík og Fiskistofa í Nuuk annast umsóknir um veiðileyfi og útgáfu þeirra.

5. gr.

Grænlensk skip er stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands og íslensk skip er stunda veiðar innan fiskveiðilögsögu Grænlands skulu, auk gildandi löggjafar fyrir viðkomandi lögsögu, fylgja eftirfarandi reglum:

1. Tilkynna skal fyrir fram um komu inn í fiskveiðilögsögu með staðarákvörðun við sendingu tilkynningar og við væntanlega komu í lögsöguna, auk upplýsinga um afla um borð.

2. Tilkynna skal daglega milli kl. 10.00 og 12.00 UTC um staðarákvörðun og afla undanfarandi sólarhrings.

AFTALE
om gensidigt fiskeri i Islands og Grønlands fiskerizoner

Art. 1

Denne aftale omfatter grønlandske fartøjers loddefiskeri og fiskeri efter rødfisk i Islands fiskerizone og islandske fartøjers loddefiskeri og fiskeri efter rødfisk i Grønlands fiskerizone.

Art. 2

Fartøjer, som er registrerede i Grønland, og som opfylder den grønlandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske lodde på grønlandsk kvote i islandsk fiskerizone ind til 15. februar, nord for 64°30'N. Efter 15. februar og syd for 64°30'N gælder denne adgang kun for 23.000 tons.

Fartøjer, som er registrerede i Island, og som opfylder den islandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske lodde på islandsk kvote i Grønlands fiskerizone øst for Kap Farvel og nord for 64°30'N.

Art. 3

Fartøjer, som er registrerede i Island, og som opfylder den islandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske pelagisk rødfisk i Grønlands fiskerizone øst for Kap Farvel inden for 50% af den islandske kvote.

Fartøjer, som er registrerede i Grønland, og som opfylder den grønlandske fiskerilovs krav til ejerskab, tillades at fiske pelagisk rødfisk i islandsk fiskerizone inden for 50% af den grønlandske kvote.

Art. 4

Fiskistofa i Reykjavik og Grønlands Fiskeri Licens Kontrol i Nuuk behandler ansøgninger og udstedelser af licenser.

Art. 5

Et grønlandsk fartøj, der fisker inden for Islands fiskerizone, og et islandsk fartøj, der fisker inden for Grønlands fiskerizone, skal ud over eksisterende lovgivning for den pågældende zone overholde følgende:

1: Melding sendes på forhånd om ankomst til fiskerizonen med angivelse af position for meldingens afsending og forventet position for indsejling i zonen samt med angivelse af fangst om bord.

2: På daglig basis informeres mellem kl. 10:00 og 12:00 UTC om aktuel position og foregående døgns fangst.

3. Þegar farið er út úr fiskveiðilögsögu skal tilkynna um heildarafla um borð.

6. gr.

Hvor aðili skal senda hinum aðilanum allar reglur sem gilda um veiðar á loðnu og karfa í fiskveiðilögsögu sinni. Enn fremur skal senda yfirlit þar sem gildandi reglum er lýst. Aðilar skulu auk þess leitast við að samræma viðkomandi reglur svo sem kostur er.

7. gr.

Samningnum skal beitt til bráðabirgða frá og með 8. júlí 2003. Samningurinn öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega eftir diplómatískum leiðum að nauðsynlegum stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku sé fullnægt. Samningurinn skal gilda til og með 31. maí 2004 og framlengist um eitt ár í senn nema annar aðilanna segi honum upp innan sex mánaða fyrir lok upprunalegs gildistíma samningsins eða framlengds gildistíma.

Reykjavík, 8. júlí 2003.

Fyrir Ísland
Kolbeinn Árnason

Fyrir Grænland/Danmörku
Amalie Jessen

3: Ved udsejling af fiskerizonen informeres om den totale fangst om bord.

Art. 6

Hver af Parterne udleverer til den anden Part alle de regler, som er relevante for fiskeri efter lodde og rødfisk i sin fiskerizone. Videre udleveres en oversigt, som beskriver de gældende regler. Parterne skal herudover søge at samordne relevante regler i så høj grad som muligt.

Art. 7

Aftalen skal anvendes midlertidigt fra og med 8. juli 2003. Aftalen træder i kraft når Parterne skriftligt har meddelt hinanden gennem diplomatiske kanaler at de nødvendige konstitutionelle krav for ikrafttrædelse er opfyldt. Avtalen skal gælde til og med 31. mai 2004 og forlænges med 1 år ad gangen, med mindre en af Parterne opsiger aftalen, senest 6 måneder før udløbet af aftalens oprindelige periode, eller en tillægsperiode.

Reykjavik, den 8. juli 2003.

For Island
Kolbeinn Árnason

For Grønland/Danmark
Amalie Jessen

Fylgiskjal III.

TVÍHLIÐA SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs.

Í tengslum við samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Ísland og Jan Mayen, sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003, hafa Ísland og Noregur gert eftirfarandi tvíhliða samkomulag fyrir tímabilið sem áðurnefndur samningur er í gildi:

1. Ísland heimilar norskum skipum að veiða 35 af hundraði af þeim hlut í loðnu, sem Noregur fær skv. 3. gr. í áðurnefndum samningi, auk framseldra hluta frá öðrum aðila, í efnahagslögsögu Íslands norðan 64°30'N til 15. febrúar á hverri vertíð.

2. Við veiðar í efnahagslögsögu Íslands takmarkast fjöldi norskra skipa, sem fá leyfi til að veiða samtímis, við 30 til 1. desember. Eftir þann tíma takmarkast fjöldi þeirra við 20.

3. Noregur heimilar íslenskum skipum að veiða 35 af hundraði af þeim hlut í loðnu, sem Ísland fær skv. 3. gr. í áðurnefndum samningi, auk framseldra hluta

BILATERALT ARRANGEMENT
mellom Island og Norge

I tilknytning til Avtale mellom Island, Grønland/Danmark og Norge om loddebestanden i farvannene mellom Grønland, Island og Jan Mayen, inngått i Reykjavik 8. juli 2003, er Island og Norge blitt enige om følgende bilaterale arrangement for den periode nevnte Avtale er gyldig:

1. Island tillater norske fartøy å fiske 35% av den andel som tilfaller Norge i henhold til artikkel 3 i nevnte Avtale, samt overføringer fra en av Partene, av lodde i Islands økonomiske sone nord for 64°30'N, i hver sesong inntil 15. februar.

2. Ved fiske i Islands økonomiske sone, begrenses det antall norske fartøy som får tillatelse til å fiske samtidig i sonen til 30 inntil 1. desember. Etter den tid begrenses antall fartøy til 20.

3. Norge tillater islandske fartøy å fiske 35% av den andel som tilfaller Island i henhold til artikkel 3 i nevnte Avtale, samt overføringer fra en av Partene,

frá öðrum aðila, í fiskveiðilögsögu Jan Mayen til 15. febrúar á hverri vertíð.

4. Umsóknir um leyfi má senda saman fyrir öll skip sem til greina koma og skal fjallað um þær í Fiskistofu í Reykjavík og Fiskistofu í Björgvin, eftir því sem við á.

5. Veiðarnar skulu stundaðar samkvæmt reglum sem gilda um veiðar erlendra skipa í lögsögu landanna, eða samkvæmt reglum sem aðilar koma sér saman um.

6. Hvor aðili skal senda hinum aðilanum allar reglur sem gilda um loðnuveiðar í fiskveiðilögsögu sinni. Enn fremur skal senda yfirlit þar sem gildandi reglum er lýst. Aðilar skulu leitast við að samræma reglurnar svo sem kostur er.

Reykjavík, 9. júlí 2003.

Fyrir Ísland
Kolbeinn Árnason

Fyrir Noreg
Johán H. Williams

av lodde i fiskerisonen ved Jan Mayen i hver sesong inntil 15. februar.

4. Søknader om lisenser kan sendes samlet for alle aktuelle fartøyer og skal behandles av henholdsvis Fiskistofa i Reykjavik og Fiskeridirektoratet i Bergen.

5. Fisket skal foregå i henhold til de regler som gjelder for utenlandske fartøyers fiske i landenes soner, eller i henhold til de regler som Partene blir enige om.

6. Hver av Partene skal sende den andre Parten, alle regler som er relevante for loddefisket i sin sone. Videre skal følge en oversikt som beskriver de gjeldende regler. Partene skal forsøke å samordne reglene i så stor grad som mulig.

Reykjavik, den 9. juli 2003.

For Island
Kolbeinn Árnason

For Norge
Johán H. Williams

921. Frumvarp til laga [613. mál]

um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist við ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Lög þessi taka til yrkja allra ættkvísla og tegunda plantna, þ.m.t. blendinga ættkvísla og tegunda.

Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhópa sömu tegundar eða undirtegundar samkvæmt nákvæmustu þekktu flokkun grasafræðinnar sem, óháð því hvort öllum skilyrðum fyrir vernd samkvæmt lögunum er fullnægt, er unnt:

a. að skilgreina með þeim einkennum sem birta tiltekna arfgerð eða samsetningu arfgerða,
b. að aðgreina frá öðrum flokkum plantna með að minnsta kosti einu af fyrrnefndum einkennum og
c. að líta á sem einingu með tilliti til möguleika til fjölgunar án þess að einkenni þeirra breytist.

Plöntuhópar samanstanda af heilum plöntum eða plöntuhlutum ef með hlutunum má rækta heilar plöntur, hvort tveggja í lögum þessum nefnt stofnþættir yrkis.

Birting eiginleika skv. 2. mgr. getur verið stöðug eða breytileg milli sams konar stofnþátta yrkis að því tilskildu að breytileiki ráðist einnig af arfgerð eða samvali arfgerða.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Yrkisrétt má veita ef yrki er:

1. greinilega sérstætt, þ.e. ef unnt er að greina það með skýrum hætti frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr.,
2. nægilega einsleitt, þ.e. ef afgerandi einkenni þess eru nægilega einsleit með tilliti til þeirrar fjölbreytni sem búast má við miðað við fjölgunaraðferð hverju sinni,
3. stöðugt, þ.e. ef einkenni þess sem máli skipta eru óbreytt eftir endurtekna fjölgun eða ef um er að ræða sérstaka fjölgunarhringrás við lok hverrar slíkrar hringrásar,
4. nýtt, þ.e. ef efniviður til fjölgunar þess eða uppskeruefni af því hefur ekki á umsóknardegi yrkisréttar, með samþykki yrkishafa, verið selt eða boðið til sölu á almennum markaði ellegar með öðrum hætti framselt til hagnýtingar í atvinnuskyni:
   a. hér á landi lengur en eitt ár,
   b. erlendis lengur en fjögur ár, þó í sex ár sé um tré eða vínvið að ræða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Tímabilið reiknast frá innlagnardegi fyrstu umsóknar og skal ekki telja umsóknardag til þess tímabils.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Yrkishafi hefur frest í tvö ár frá því að forgangsréttartímabilinu lýkur eða sama tíma frá höfnun eða afturköllun umsóknar hafi henni verið hafnað eða hún afturkölluð til að láta yrkisréttarnefnd í té nauðsynlegar upplýsingar, skjöl eða efni sem þörf er á við rannsókn á umsókninni, sbr. III. kafla.

4. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að yrkisréttur hefur verið veittur þeim sem ekki á rétt til hans nema hann sé yfirfærður til þess sem á slíkan rétt.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Yrkisréttur nær til þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum. Yrkisréttur gildir einnig um:

a. yrki sem eru í öllum aðalatriðum komin af vernduðu yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum,
b. yrki sem ekki verða með vissu greind frá verndaða yrkinu skv. 2. gr.,
c. yrki sem ekki er unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun verndaða yrkisins.

Yrki telst í skilningi a-liðar 1. mgr. komið af öðru yrki í öllum aðalatriðum þegar:

a. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu og heldur þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins,
b. það verður með vissu greint frá upphafsyrkinu skv. 2. gr.,
c. það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í aðgerðinni við að fá það fram, upphafsyrkinu í þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.

Í reglugerð er heimilt að tilgreina mögulegar leiðir til að fá fram yrki skv. 1.–2. mgr.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis nýta stofnþætti yrkis eða uppskeru af hinu verndaða yrki með eftirfarandi hætti:

a. framleiða eða fjölga,
b. undirbúa til fjölgunar,
c. bjóða til sölu,
d. markaðssetja eða selja,
e. flytja út,
f. flytja inn,
g. safna birgðum í þeim tilgangi sem greinir í a–f-liðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir aðeins um uppskeru af yrki sem fengist hefur með hagnýtingu á efniviði til fjölgunar þess hafi yrkishafi ekki:

a. heimilað þá hagnýtingu og
b. haft tök á að nýta réttindi sín skv. 1. mgr.

Heimilt er að kveða á um í reglugerð að í sérstökum tilvikum geti ákvæði 1. mgr. einnig átt við um afurðir sem fengnar eru beint úr uppskeru annarra en yrkishafa. Það á þó aðeins við að afurðirnar hafi verið fengnar með óheimilli notkun á hinu verndaða yrki, enda hafi rétthafinn ekki með góðu móti átt þess kost að neyta réttar síns. Að svo miklu leyti sem ákvæði 1. mgr. gilda um afurðir sem fengnar eru beint úr uppskeru hins verndaða yrkis skulu þær einnig teljast til uppskeru samkvæmt lögum þessum.

Beiting yrkisréttar má ekki brjóta í bága við ákvæði sem sett hafa verið á grundvelli almannaheilla, siðferðis eða almannaöryggis, til verndar heilsu og lífi manna, dýra og plantna, vegna umhverfisverndar, verndar hugverkaréttar í iðnaði eða viðskiptum, eða til að tryggja samkeppni í verslun eða landbúnaðarframleiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki rétt bænda sem kveðið er á um í 18. gr. a.

7. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist við ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Yrkishafi getur bundið samþykki sitt fyrir nýtingu yrkis skilyrðum, þar á meðal um greiðslu hæfilegs nytjaleyfisgjalds.

Sá sem í atvinnuskyni fjölgar yrki, selur efnivið til fjölgunar þess eða nýtir yrki með öðrum hætti skal veita yrkishafa nauðsynlegar upplýsingar vegna innheimtu nytjaleyfisgjalds.

Þau skilyrði sem yrkishafi setur skv. 1. mgr., m.a. um gjaldtöku, skulu aðeins eiga við um þá notkun og það framboð sem getur í 1. mgr. 17. gr. Skilyrðin skulu vera sanngjörn og allir framleiðendur njóta sambærilegra kjara.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: notkun til kynbóta, þ.e. til að þróa ný yrki og, nema þegar ákvæði 1.–2. mgr. 16. gr. eiga við, notkun sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þegar um slík ný yrki er að ræða.
b. Orðin „til fjölgunar“ í 4. tölul. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Efniviður skv. 1. mgr. merkir:

   a. hvers kyns efnivið til fjölgunar, þ.m.t. heilar plöntur og plöntuhluta,
   b. uppskeru,
   c. allar afurðir sem unnar eru beint úr uppskeru.

9. gr.

Á eftir 18. gr. laganna bætist við ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Til að vernda landbúnaðarframleiðslu er bændum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 17. gr., að nota uppskeru af eigin landi til ræktunar á yrkjum af tilgreindum tegundum á eigin landi enda sé ekki um að ræða blendingsyrki eða samsett yrki. Með eigin landi er bæði átt við eignarland og land sem bændur hafa umráð yfir til búsetu og landbúnaðar og annars konar ræktunar samkvæmt samningum við landeigendur.

Landbúnaðarráðherra ákveður í reglugerð hvaða tegundir falla undir ákvæði 1. mgr. og með hvaða skilyrðum.

Óheimilt er að krefja bændur um nytjaleyfisgjald fyrir nýtingu yrkis skv. 1. mgr. ef framleiðsla þeirra á nytjajurtum skv. 2. mgr. fer fram á landi sem ekki getur gefið af sér meira en 92 tonna uppskeru af korntegundum en magn annarra nytjajurta miðast við sömu stærð lands. Öðrum bændum er skylt að greiða yrkishafa nytjaleyfisgjald en landbúnaðarráðherra getur ákveðið að það skuli vera lægra en greitt er á sama svæði fyrir hagnýtingu fjölgunarefnis af sama yrki.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

10. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum og í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni getur sá sem vill hagnýta yrkið farið fram á nauðungarleyfi, fyrir dómstólum, svo framarlega sem ekki eru haldbær rök fyrir vanrækslu yrkishafa.

Einkaleyfishafi sem ekki getur nýtt uppfinningu sína án þess að brjóta á eldri yrkisrétti getur gegn sanngjörnu gjaldi farið fram á nauðungarleyfi til að hagnýta verndaða yrkið. Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef einkaleyfishafi sýnir fram á að uppfinningin sem tekur til yrkisins sé tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér.

Hafi yrkishafi fengið nauðungarleyfi til að nýta einkaleyfisverndaða uppfinningu skv. 1. mgr. 46. gr. a laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, hefur einkaleyfishafi rétt á að fá nauðungarleyfi með sanngjörnum skilmálum til að hagnýta verndaða yrkið.

Ákvæði 49. og 50. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi samkvæmt þessari grein. Dómstóll getur skyldað yrkishafa til að leggja fram nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins til nauðungarleyfishafa.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, til samræmis við ákvæði í reglugerð ráðsins um vernd plöntuafbrigða, nr. 2100/94/EB. Sú reglugerð er þó ekki hluti af EES-samningnum, heldur má rekja ástæðu þessara breytinga til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, sem er til komið vegna lögleiðingar ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/44 frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Í tilskipuninni eru nokkur ákvæði um plöntuyrki en um efni þeirra er í flestum tilvikum vísað til ákvæða reglugerðar nr. 2100/94/EB. Með frumvarpi þessu er því áformað að lögleiða þau ákvæði tilskipunar

98/44 sem fjalla um plöntuyrki en meginefni tilskipunarinnar verður lögleitt með breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi. Einnig er í frumvarpinu að finna nokkrar breytingar sem eru til komnar vegna umsóknar Íslands um aðild að Alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja (UPOV-samningnum) frá 2. desember 1961 með breytingum sem gerðar voru í Genf 10. nóvember 1972, 23. október 1978 og 19. mars 1991 en með þeim er ætlunin að samræma betur ákvæði laganna og samningsins.

Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. janúar 2003 var tekin ákvörðun nr. 20/2003 um að breyta XVII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44 frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Samþykki Alþingis þarf til að staðfesta ákvörðun þessa sem kallar á viðeigandi lagabreytingar hér á landi.

Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu á fyrrgreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var lögð fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003. Var þingsályktunin samþykkt.

Á yfirstandandi þingi hefur nú þegar verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á einkaleyfalögum, nr. 17/1991, í samræmi við ákvæði fyrrgreindrar tilskipunar en gert er ráð fyrir að meginefni tilskipunarinnar verði lögfest með þeim lögum. Tilskipunin um lögvernd uppfinninga í líftækni fjallar eins og áður segir einnig um plöntuyrki. Í 5. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB er að finna skilgreiningar á nokkrum hugtökum. Í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/44 er vísað til 5. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB varðandi skilgreiningu á hugtakinu plöntuyrki. Er öll umfjöllun um plöntuyrki í tilskipun 98/44 byggð á þeirri skilgreiningu. Plöntuafbrigði eru undanskilin ákvæðum laga nr. 17/1991 en njóta annars konar verndar á grundvelli laga nr. 58/2000. Einnig eru nokkur önnur ákvæði í frumvarpinu sem lagt er til að verði lögfest til að samræma ákvæði laganna betur reglugerð nr. 2100/94/EB eða þeim ákvæðum hennar sem vísað er til í tilskipun 98/44, t.d. um undanþágu frá yrkisrétti fyrir nánar tilgreinda bændur sem nefndir eru smábændur í reglugerð nr. 2100/94/EB og ítarlegri ákvæði eru um nauðungarleyfi.

Með tilskipun 98/44, um lögvernd uppfinninga í líftækni, er stefnt að því að samræma lagaákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins og nú þeirra sem aðild eiga að EES-samningnum. Til að ná fram því markmiði er nauðsynlegt að skilgreining á grundvallarhugtökum sé samræmd. Því er lagt til í frumvarpi þessu að lögum um yrkisrétt verði breytt til samræmis við áðurnefnda reglugerð nr. 2100/94/EB.

Umsókn Íslands um aðild að Alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja (UPOV-samningnum) er nú til meðferðar hjá alþjóðlegri stofnun um framkvæmd samningsins (The International Union for the Protection of New Varieties of Plants (UPOV)) en forsenda þess að umsóknin verði samþykkt er að ákvæði íslenskrar löggjafar um yrkisrétt séu í samræmi við samninginn. Í frumvarpi þessu eru því lagðar til breytingar á lögunum sem nauðsynlegar eru til að umsókn um aðild Íslands að samningnum verði samþykkt.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa í för með sér að ákvæði laga nr. 58/2000, um yrkisrétt, verða mun líkari Alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja og reglugerð ráðsins um vernd plöntuafbrigða, nr. 2100/94/EB. Slíkt samræmi, sér í lagi varðandi grundvallarhugtök, er æskilegt og í raun nauðsynlegt í þessu tilviki eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Frumvarpið felur ekki í sér miklar efnislegar breytingar. Fremur er um að ræða að ákvæði verði skýrari og ítarlegri. Um skýringu á ákvæðum laganna vísast að öðru leyti til frumvarps til laga nr. 58/2000, um yrkisrétt, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 828, 527. mál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna ákvæði um gildissvið laganna í víðasta skilningi og hvernig hugtakið yrki er skilgreint samkvæmt lögunum en þau gilda um allar ættkvíslir og tegundir plantna, þ.m.t. blendinga ættkvísla og tegunda, svo og plöntuhópa samkvæmt nákvæmustu þekktu flokkun grasafræðinnar með nánar tilgreindum skilyrðum. Sambærilegt ákvæði er í 5. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2100/94/EB, um plöntuvernd, en í tilskipun 98/44, um lögvernd uppfinninga í líftækni, er um skilgreiningu á hugtakinu vísað til reglugerðar nr. 2100/94/EB. Í núgildandi lögum nr. 58/2000 er gildissvið laganna eða hugtakið yrki ekki skilgreint með eins skýrum hætti. Ákvæðið felur að öðru leyti ekki í sér efnislegar breytingar á gildandi lögum.

Um 2. gr.

Ákvæðið felur ekki í sér efnislegar breytingar á núgildandi 2. gr. laganna heldur er hér einungis um að ræða breytingar sem lagðar eru til í þeim tilgangi að samræma betur ákvæði greinarinnar og 6.–9. gr. Alþjóðasamningsins um vernd nýrra yrkja (UPOV-samningsins).

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sett til að laga ákvæði laganna betur að 11. gr. UPOV-samningsins en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að tryggja að ákvæði 14. gr. laganna sé í fullu samræmi við 21. gr. UPOV-samningsins en þennan c-lið vantar í 14. gr. laganna til þess að greinin sé að öllu leyti í samræmi við 21. gr. UPOV-samningsins. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er að mestu samhljóða núgildandi ákvæði 16. gr. laganna en orðalag ákvæðisins hefur verið breytt lítils háttar til að aðlaga það betur ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB. Með þessu ákvæði er einnig bætt við sérstakri reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Greinin fjallar um andlag yrkisréttar, þ.e. til hvaða yrkja eða plöntuhópa yrkisrétturinn skuli ná og hefur að geyma nánari skýringar á hugtakinu og einstökum þáttum þess. Þannig tekur yrkisréttur til yrkja sem skráð eru samkvæmt yrkisréttarlögum en yrkisrétturinn nær m.a. til stofnþátta yrkja (plöntuhópa sem samanstanda af heilum plöntum eða plöntuhlutum ef með þeim má rækta heilar plöntur), sbr. 2. gr. Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði greinarinnar gilda einnig um yrki sem eru að einhverju leyti frábrugðin vernduðu yrki, þ.e. yrki getur verið verndað samkvæmt yrkisrétti þótt það sé frábrugðið vernduðu yrki í einhverjum atriðum ef það er komið af verndaða yrkinu í öllum aðalatriðum. Í 3. mgr. er jafnframt skilgreint hvenær yrki telst komið af öðru yrki í öllum aðalatriðum. Þá er í greininni að finna heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð um hvað teljast mögulegar leiðir til að fá fram yrki. Um skýringu á þessu ákvæði vísast að öðru leyti til athugasemda við 16. gr. frumvarps til laga nr. 58/2000, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 828, 527. mál.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er að hluta til samið með hliðsjón af 13. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB en er að öðru leyti að stofni til byggt á núgildandi 1. mgr. 17. gr. laganna. Leita þarf samþykkis

yrkishafa til að nýta efni það sem verndað er með yrkisrétti og gildir það um hvers konar nýtingu, svo sem til verslunar, framleiðslu eða fjölgunar sem nánar er tilgreint í ákvæðinu. Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að vernd yrkisréttar taki einnig til uppskeru annarra en yrkishafa sem fengin er með óleyfilegri notkun yrkisþátta og í 3. mgr. er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um vörur sem framleiddar hafa verið úr uppskeru sem fengin var með óheimilli notkun yrkisins. Í greininni er einnig kveðið á um að beiting yrkisréttar megi ekki brjóta í bága við ákvæði annarra laga sem sett hafa verið á grundvelli almenns siðferðis, almannaheilla, umhverfisverndar, hugverkaréttar eða samkeppni. Sérréttindi bænda, sbr. 9. gr. frumvarpsins, verða þó ekki skert með þessu ákvæði. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 17. gr. frumvarps til laga nr. 58/2000, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 828, 527. mál.

Um 7. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 2., 4. og 6. mgr. núgildandi 17. gr. laganna og vísast um skýringu á ákvæðinu til athugasemda við 17. gr. frumvarps til laganna, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 828, 527. mál.

Um 8. gr.

Með a-lið ákvæðisins er ætlunin að aðlaga ákvæði laganna betur að 1. mgr. 15. gr. Alþjóðasamningsins um vernd nýrra yrkja. Í b-lið ákvæðisins eru orðin „til fjölgunar“ felld brott til að ákvæðið nái yfir allar þær athafnir sem hugtakið yrkisréttur nær yfir. Ákvæðið samrýmist þá betur 16. gr. UPOV-samningsins. Í c-lið ákvæðisins er hins vegar að finna skilgreiningu á orðinu efniviður sem beita ber við skýringu og túlkun á 4. tölul. 18. gr. um tæmingu yrkisréttar en skilgreiningin er sambærileg við skilgreiningu sem fram kemur í 2. mgr. 16. gr. Alþjóðasamningsins um vernd nýrra yrkja.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta hefur að geyma sérstaka undanþágu frá rétti yrkishafa sem gildir eingöngu um bændur og uppskeru af tilteknum tegundum fjölgunarefnis sem þeir hafa ræktað sjálfir á eigin landi. Undanþágan gildir þó ekki um blendingsyrki og tilbúið yrki. Einnig veitir ákvæðið bændum eingöngu rétt til að nota uppskeruna til að rækta nýja uppskeru án tillits til réttar yrkishafa. Ákvæðið heimilar bændum ekki að nýta uppskeruna í öðrum tilgangi. Sambærilegt ákvæði kemur fram í 14. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB, 11. gr. tilskipunar 98/44 og einnig í 15. gr. UPOV-samningsins. Undanþága sú sem felst í ákvæðinu er sett til að vernda landbúnaðarframleiðslu og gildir einungis um nánar tilgreindar tegundir yrkis sem landbúnaðarráðherra ákveður í reglugerð. Einnig ákveður landbúnaðarráðherra í reglugerð hvaða skilyrði eru sett fyrir heimild til að hagnýta yrki. Með „eigin landi“ í skilningi ákvæðisins er ekki eingöngu átt við eignarland viðkomandi bænda heldur einnig land sem þeir hafa umráð yfir til búsetu og landbúnaðar eða annars konar ræktunar samkvæmt lögformlegum samningi þess efnis, t.d. ábúðarsamningi. Þá eru settar takmarkanir við því hvort og að hvaða marki er hægt að krefja bændur um nytjaleyfisgjald fyrir yrkið og nýtingu þess en samkvæmt ákvæðinu er ekki heimilt að krefja bændur um nytjaleyfisgjald ef framleiðsla þeirra fer fram á landi sem getur ekki gefið af sér meira en 92 tonna uppskeru af korntegundum. Skv. 14. gr. reglugerðar nr. 2100/94/EB eru slíkir bændur skilgreindir sem smábændur. Ef framleiddar eru aðrar tegundir en korn á landinu miðast útreikningur við sömu stærð á landinu og þarf til að framleiða 92 tonn af korntegundum, t.d. er miðað við hvað er hægt að framleiða mikið af kartöflum á þessu sama landi. Leyfilegt magn sem undanþága frá greiðslu

nytjaleyfisgjalds miðast hins vegar við kann að vera annað ef þyngd nytjajurta er önnur, t.d. mundi þyngd uppskeru af kartöflum sem hægt er að framleiða á þessu sama landi vega töluvert meira en 92 tonn. Öðrum bændum er skylt að greiða nytjaleyfisgjald sem þó er heimilt að lækka ef sérstakar ástæður mæla með því. Við mat á því er rétt að ráðherra hafi hliðsjón af hve almenn notkun er á þeirri undanþágu til nýtingar yrkisins sem felst í ákvæðinu. Til að tryggja að framkvæmd ákvæðisins verði í samræmi við tilgang þess er bændum eðli málsins samkvæmt skylt að veita aðilum sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka réttar ákvarðanir og hafa eftirlit með að ekki sé brotinn réttur yrkishafa og fer það eftir almennum lögum hverju sinni án þess þó að með því sé skert persónuvernd sem leiðir af ákvæðum gildandi laga. Réttarsamband bænda og yrkishafa samkvæmt þessu ákvæði er annars byggt á samningum einkaréttarlegs eðlis. Yrkishafar bera einir ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að ákvæðum þessarar greinar og reglna sem settar eru á grundvelli hennar. Þeir geta ekki þegar þeir skipuleggja slíkt eftirlit áskilið sér aðstoð opinberra aðila.

Um 10. gr.

1. mgr. ákvæðisins er sama efnis og núgildandi 20. gr. laganna. Um skýringar á ákvæðinu vísast til athugasemda með 20. gr. frumvarps til laganna, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 125. löggjafarþing 1999–2000, þskj. 828, 527. mál.

2.–4. mgr. eru nýmæli en með þeim er lagt til að sambærilegt ákvæði og 12. gr. tilskipunar 98/44 sem varða réttindi yrkishafa (þ.e. nauðungarleyfi einkaleyfishafa) verði tekin inn í lögin um yrkisrétt. Gert er ráð fyrir að samsvarandi breytingar verði gerðar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, að því er varðar rétt einkaleyfishafa (og nauðungarleyfi yrkishafa). Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að unnt sé að öðlast nauðungarleyfi þegar hagnýting er háð yrkisrétti svipað og í 1. mgr. Með ákvæðinu er verið að tryggja að unnt sé að hagnýta einkaleyfi ef nýting er háð því að brjóta verður á eldri yrkisrétti. Skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis eru að einkaleyfið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraskref og hafi verulegan ábata í för með sér með tilliti til viðkomandi tegundar. Skilyrði fyrir nauðungarleyfi eru þau sömu og í 1. mgr. Í 3. mgr. er að finna ákvæði um svonefnd víxlnauðungarleyfi en sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 46. gr. einkaleyfalaga, nr. 17/1991. Ákvæðið varðar tilvik þegar yrkishafi samkvæmt reglum í lögum um yrkisrétt hefur fengið nauðungarleyfi til að hagnýta einkaleyfi sem verndað er af einkaleyfalögum. Einkaleyfishafinn hefur samkvæmt ákvæðinu möguleika á að fá nauðungarleyfi til að hagnýta yrki yrkishafans sem verndað er af yrkisréttarlögum. Ákvörðun um hvort veita eigi nauðungarleyfi, með hvaða skilyrðum og hve hátt gjald skuli greiða fyrir nauðungarleyfið er í höndum Héraðsdóms Reykjavíkur en um framkvæmd við veitingu nauðungarleyfis er í 4. mgr. vísað til 49. og 50. gr. laga nr. 17/1991.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt.

Tilgangur frumvarpsins er að lögleiða hluta tilskipunar 98/44, um lögvernd uppfinninga í líftækni. Í tilskipuninni er fjallað um skilgreiningar og önnur atriði varðandi plöntuyrki. Tekið er mið af reglugerð ráðsins nr. 2100/94. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum vegna umsóknar Íslands um aðild að UPOV-samningnum, alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

922. Skýrsla [614. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2003.

Inngangur.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Þingmannasamkunda ÖSE (ÖSE-þingið) starfar til hliðar við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og er skipuð þjóðkjörnum þingmönnum aðildarríkjanna.

Undanfarin ár og missiri hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu, friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði, uppbyggingarverkefni í Serbíu og Svartfjallalandi og verkefni í Mið-Asíulýðveldunum verið langveigamestu verkefni ÖSE, en á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Á undanförnu ári hefur áhersla ÖSE þokast æ meir í austurátt og þá aðallega til Kákasus-ríkjanna og ríkja Mið-Asíu. Umsvif ÖSE á Balkanskaga eru enn fyrirferðarmikil í starfi stofnunarinnar en hlutverk ÖSE þar hefur einkum beinst að því að stuðla að lýðræðisþróun, góðri stjórnsýslu, framkvæmd kosninga og kosningaeftirliti, og stuðningi við frjálsa fjölmiðla. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu, þ.m.t. kosningarnar í Georgíu og stjórnarumbreytingar sem settu svip sinn á starf stofnunarinnar seinni hluta ársins. Einn mikilvægasti og mest sýnilegi hluti starfsemi ÖSE á sér stað hjá lands- og svæðisskrifstofum stofnunarinnar. Um þessar mundir starfrækir ÖSE 18 skrifstofur, í Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Króatíu, Serbíu og Svartfjallalandi, Kosovo-héraði, Makedóníu, Hvíta-Rússlandi, Moldóvu, Úkraínu, Aserbaídsjan, Georgíu, Armeníu, Kirgistan, Kasakstan, Túrkmenistan, Úsbekistan og Tadsjikistan. Á árinu einsetti ÖSE sér að styrkja vettvangsstörf stofnunarinnar og er það í takt við áherslur þær sem komið hafa ítrekað fram hjá þingmannasamkundu ÖSE.

Hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi hefur mótað nokkuð starf ÖSE á undanförnum missirum og árum enda fer mikilvæg alþjóðasamvinna á sviði t.a.m. löggæslumála fram undir væng stofnunarinnar. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur

fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygli og vopnasmygli sem tengst hafa hryðjuverkastarfsemi með beinum eða óbeinum hætti. Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem einsett hafa sér sömu markmið. ÖSE hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið og nýtist það starf einkar vel í baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og þjóðernisofstæki. Holland fór með formennsku í ráðherraráði ÖSE árið 2003 og fékk baráttan gegn mansali mikið vægi í störfum stofnunarinnar enda er hún afar vel búin til að takast á við vanda sem tengist slíkri glæpastarfsemi.

ÖSE-þingið hefur að mörgu leyti endurspeglað starf stofnunarinnar sem slíkrar, t.a.m. með nefndastarfi sínu sem helgast af hinum þremur víddum ÖSE, þ.e. stjórnmálum og öryggismálum, efnahags- og umhverfismálum og lýðræðis- og mannréttindamálum. Að auki er þingið mikill aflvaki fyrir áherslubreytingar á starfi ÖSE og veitir einnig stofnuninni óformlegan pólitískan stuðning. Fulltrúar ÖSE-þingsins sem eru þjóðkjörnir fulltrúar þjóðþinganna hafa verið ötulir talsmenn starfsemi stofnunarinnar heima fyrir og hefur sá stuðningur verið stofnuninni mikilvægur. Aukins skilnings hefur gætt á störfum þingsins á undanförnum árum og er nú svo komið að þingmannasamkundan á afar farsælt samstarf við ÖSE en á það þótti skorta fyrir nokkrum árum. Þá tekur ÖSE-þingið afar virkan þátt í grasrótarstarfi stofnunarinnar, ekki síst með kosningaeftirlitsstörfum þingmanna sem sæti eiga á þinginu.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Magnús Stefánsson, formaður, þingflokki Framsóknarflokksins, Ásta R. Jóhannesdóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Pétur H. Blöndal, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2003 var þannig:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal,
til vara:	Guðlaugur Þór Þórðarson.
2. nefnd um efnahagsmál, vísindamál,	
tæknimál og umhverfismál:	Dagný Jónsdóttir,
til vara:	Hjálmar Árnason.
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Jóhanna Sigurðardóttir,
til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Starfsemi á árinu 2003.

a. Fundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 21.–22. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til fundar í Vínarborg. Var þetta í annað sinn sem efnt var til svonefndra vetrarfunda ÖSE-þingsins, eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Var fundurinn afar vel sóttur af fulltrúum 55 landsdeilda ÖSE-þingsins og sem fyrr var meginmarkmiðið að gefa öllum fulltrúum ÖSE-þingsins sem sæti ættu í málefnanefndum þingsins færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Magnús Stefánsson, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, varaformaður, og Guðjón Guðmundsson, auk Andra Lútherssonar ritara.

Fund stjórnarnefndarinnar, sem haldinn var 20. febrúar, ávörpuðu þeir Andreas Kohl, nýkjörinn forseti austurríska þingsins, og Bruce George, forseti ÖSE-þingsins, sem sagði fundarmönnum frá störfum ÖSE-þingsins frá síðasta ársfundi þess í Berlín. Vék hann í máli sínu að eftirfylgni Berlínar-yfirlýsingarinnar en í árslok 2002 höfðu allar landsdeildir verið inntar eftir svörum við spurningum um framlag stjórnvalda viðkomandi ríkja til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi – helsta umfjöllunarefni Berlínar-yfirlýsingarinnar. Auk þess sem skrifstofa ÖSE-þingsins tók saman yfirlitsskýrslu um eftirfylgnina voru svör landsdeildanna lögð fram í miklu riti. Þakkaði forsetinn fyrir þá miklu vinnu sem landsdeildir hefðu lagt í skýrslur sínar og sagði það vera til marks um hve mikilvægt þetta málefni væri í Evrópu. Þá kynnti forsetinn tilhögun á sameiginlegum fundi allra málefnanefndanna sem haldinn var föstudaginn 21. febrúar, en þá var efnt til utandagskrárumræðu um ástand mála í Írak. Tók George fram að ekki væri verið að ræða tiltekin ályktunardrög heldur væri aðeins verið að gefa þingmönnum færi á að viðra skoðanir sínar á þróun mála. Helsta dagskrármálið á stjórnarnefndarfundinum voru tvær tillögur sem tóku til aðildar þings Hvíta-Rússlands. Fyrir fundinum lá bréf og tillaga bandarísku landsdeildarinnar um að enn væri langt í land með að hvít-rússnesk stjórnvöld uppfylltu skilyrði fyrir fullum réttindum þingsins á ÖSE-þinginu og skýrt frá því að Bandaríkjamenn mundu standa gegn slíkri ákvörðun. Þá lá fyrir fundinum tillaga Svía um að fresta bæri atkvæðagreiðslu um endurnýjaða aðild Hvíta-Rússlands til ársfundarins í Rotterdam. Sagði Tone Tingsgård, flutningsmaður tillögunnar, að ekkert hefði breyst í landinu hvað stjórnarfar varðaði og of snemmt væri að landsdeild Hvíta-Rússlands tæki sæti sitt á þinginu. Hugsanlega endurupptöku aðildar hvít-rússneska þingsins bar á góma á ársfundinum í Berlín og olli miklum umræðum og deilum. Á fundinum í Berlín var ákveðið að fresta umræðu til stjórnarnefndarfundarins í Vínarborg. Hins vegar lögðu landsdeildir ólíka merkingu í frestun umræðna. Töldu Rússar t.a.m. að verið væri að ræða mál á sömu forsendum og í Berlín, þar eð engar nýjar skýrslur hefðu verið lagðar fyrir ÖSE-þingið. Aðrir töldu að um nýja umræðu væri að ræða þar sem ekki hefði verið unnt að komast að niðurstöðu um stöðu Hvíta-Rússlands á ÖSE-þinginu á Berlínarfundinum. Nokkrar umræður urðu um túlkunarmun þennan, ekki síst í ljósi þess að tillaga Tingsgård hafði verið lögð fyrir Berlínarfundinn og svo aftur fyrir fundinn í Vínarborg þar eð ekki var talið ráðlegt að leggja hana fyrir fyrr. Þýski þingmaðurinn Uta Zapt tók til máls á fundinum en hún er formaður sérlegrar nefndar ÖSE-þingsins í málefnum Hvíta-Rússlands og hafði haldið til landsins stuttu fyrir fundinn til að meta aðstæður með tilliti til endurupptöku aðildar Hvíta-Rússlands. Zapt sagði að hvað stjórnarfar í landinu varðaði hefði ekki mikið breyst á undangengnum tveimur árum. Sagðist hún þó fagna því að Hvít-Rússar hefðu látið tilleiðast og leyft ÖSE að opna skrifstofu sína í Minsk, en á síðasta ári höfðu stjórnvöld haft uppi alvarlegar ásakanir á hendur sendimönnum stofnunarinnar og rekið þá úr landi. Zapt lagði hins vegar áherslu á að hvít-rússneska þingið hefði eflst mjög á síðustu mánuðum og að gangskör

hefði verið gerð í að auka veg þess innan stjórnkerfisins. Var þetta gert í óþökk ríkisstjórnar landsins. Sagði hún jafnframt að hvað atkvæðagreiðslu um aðild varðaði þá yrðu menn að fylgja þingsköpum í einu og öllu. Rita Süssmuth, formaður þýsku sendinefndarinnar, tók undir orð Zapt en sagði jafnframt að í raun væru ekki lögmætar ástæður til þess að halda Hvít-Rússum utan ÖSE-þingsins lengur. Nokkrir þingmenn tóku undir þetta, þar á meðal Terry Davis, formaður bresku landsdeildarinnar. Miklar umræður urðu um málið þar sem menn skiptust í tvö horn. Að lokum voru greidd atkvæði um tillögurnar tvær. Fyrst var kosið um tillögu Bandaríkjamanna um að fresta málinu til fundarins í Rotterdam og var hún felld með meiri hluta atkvæða. Þá var kosið um tillögu Tingsgård samkvæmt samstöðureglunni og var hún felld. Þing Hvíta-Rússlands endurheimti því sæti sitt á ÖSE-þinginu.

Á fundinum voru einnig teknar fyrir skýrslur gjaldkera þingsins og framkvæmdastjóra auk þess sem formenn sérlegra málefnanefnda lögðu áfangaskýrslur sínar fyrir stjórnarnefndina. Stjórnarnefndin samþykkti tvær minni háttar breytingar á þingsköpum sem tóku til framlagnar breytingartillagna, og ræddi fundi fram undan.

Nokkrir nefndarmenn tóku til máls undir liðnum önnur málefni og sögðust þar hafa miklar áhyggjur af því að virðing ÖSE-þingsins hefði beðið mikinn álitshnekki með ákvörðun stjórnarnefndarinnar um að leyfa Hvít-Rússum að taka sæti sitt að nýju. Bruce George ávarpaði sameiginlegan fund allra málefnanefnda ÖSE-þingsins og fagnaði þar auknu samstarfi ÖSE og þingmannasamkundunnar. Sagði hann að afar ánægjulegt væri að ráðherraráðið fylgdi nú árlegum yfirlýsingum ÖSE-þingsins eftir með skilvirkum hætti og að vetrarfundirnir gæfu þingmönnum ríkulegt færi á að inna helstu embættismenn ÖSE eftir framgangi mála. Þá ávarpaði Thomas Klestil, forseti Austurríkis, fundinn og sagði í ræðu sinni að ÖSE-þingið hefði veitt ráðherraráði og skrifstofu ÖSE, auk sendinefnda stofnunarinnar, afar þýðingarmikla þingræðislega vídd með skilvirkum störfum sínum á undanförnum árum. Sagði hann að helstu málefni ÖSE, lýðræði, mannréttindi og forsendur réttarríkisins, hefðu aukist mjög að mikilvægi með störfum þingmannasamkundu ÖSE, ekki síst vegna þess hve vel þingmenn kæmu hlutverki ÖSE á framfæri meðal umbjóðenda sinna.

Jaap de Hoop Scheffer, utanríkisráðherra Hollands, sem fer með formennsku í ráðherraráði ÖSE árið 2003, hélt afar áhugaverða ræðu á fundinum um helstu stefnumið Hollands í formennskutíð sinni hjá ÖSE og svaraði spurningum þingmanna. Í upphafi sagði ráðherrann að ÖSE, með 55 aðildarríkjum sínum, skilaði afar miklum virðisauka til hins skilvirka evrópska stofnanakerfis sem við lýði væri nú, meira en áratug eftir fall Berlínarmúrsins. Taldi hann afar mikilvægt að þær stofnanir sem sinntu öryggis-, mannréttinda- og lýðræðismálum í breiðasta skilningi, þ.e. ÖSE, Atlantshafsbandalagið, Evrópuráðið og ESB, ynnu hver á sínu afmarkaða sviði en þó í náinni samvinnu hver við aðra. Hvað ÖSE og starfssvið stofnunarinnar varðaði væri ljóst að þar væru mörg úrræði umfram það sem gilti um aðrar stofnanir. Helsti styrkur stofnunarinnar fælist nú, sem áður, í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Sagði hann að á næstu missirum mundi fara fram mikil endurskilgreining á öryggismálum Evrópu og væri þar verið að taka mið af síbreytanlegum heimi og nýjum ógnum. ÖSE hefði því einstakt hlutverk í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið. Sagðist hann sjá fyrir sér aukið mikilvægi stofnunarinnar í þeim viðsjám sem við blöstu og nefndi hryðjuverk, mansal og þjóðernisofstæki sem dæmi. De Hoop Scheffer nefndi sérstaklega baráttuna gegn mansali sem dæmi um hvar sérfræðikunnátta ÖSE nýttist vel. Sagði ráðherrann að Hollendingar hygðust t.a.m. setja baráttuna gegn mansali á oddinn í formennskutíð sinni og teldi hann mansal vera nútímaþrældóm sem væri eitt flóknasta og mikilvægasta úrlausnarefni Evrópubúa í náinni framtíð. Sagði hann að öll rök bentu til að mansal hefði áhrif í nær öllum

aðildarríkjum ÖSE og að skipulegt mansal vægi að hjarta grundvallarforsendna ÖSE um „mannlegt öryggi“, mannréttindi, réttarríkið og félagslegan og pólitískan stöðugleika. Að sama skapi væri ÖSE afar vel til þess fallið að berjast gegn þessum ógnvaldi þar sem mansal fæli í sér mannréttindabrot, óskilvirka landamæragæslu, ólögmæta meðhöndlun fórnarlamba og óviðunandi löggæslu. Sagði Scheffer að sendinefndir ÖSE, sem störfuðu víða um Balkanskaga og í ríkjum sem áður voru hluti Sovétríkjanna, hefðu á að skipa mannafla og sérþekkingu til að kljást við þessi mál í náinni samvinnu við stjórnvöld viðkomandi ríkja og sagði ráðherrann að í formennskutíð Hollands mundi ÖSE ekki eingöngu huga að framboði mansals heldur eftirspurnarhliðinni einnig. Sagði hann að stofnunin gæti beitt sér í auknum mæli fyrir forvörnum, svo sem upplýsingaherferðum, og komið því til leiðar að fórnarlömb mansals nytu aukinnar verndar gegn kúgurum sínum. Í erindi sínu vék utanríkisráðherrann hollenski einnig að því hvað þjóðkjörnir þingmenn sem sætu á ÖSE-þinginu gætu gert til að styrkja þessi stefnumið. Í því samhengi nefndi hann sérstaklega að þingmönnum bæri að beita sér fyrir öflugri löggjöf gegn mansali. Þá nefndi hann og hversu mikilvæg þátttaka þingmanna í kosningaeftirliti á vegum ÖSE væri í ljósi þess góða árangurs sem af því hefði hlotist að undanförnu. Minntist hann einnig á hversu mikilvægt hlutverk þingmanna væri í að styrkja svæðisbundið lýðræði á ÖSE-svæðinu með þátttöku þingmanna í ráðstefnum og í formlegum og óformlegum tengslum þjóðþinga á milli. Taldi hann að þingmenn væru oft í mun betri aðstöðu en embættismenn að beita pólitískum þrýstingi á bak við tjöldin.

Á fundi 1. nefndar (nefndar um stjórnmál og öryggismál) fór Justus de Visser, fastafulltrúi Hollands í ráðherraráðinu, yfir helstu stefnumið Hollands í formennskutíð landsins og ræddi um útfærslu og framkvæmd þeirra. Nefndi hann að miklar vonir væru bundnar við að nýstofnaður vettvangur um öryggismálasamstarf (Forum for Security Co-operation) efldi enn frekar samhæfingu aðildarríkja ÖSE í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Þá vék de Visser að málefnum mansals og sagði að aðgerðaáætlun yrði lögð fram á næstu missirum. Þá ræddi hann um mikilvægi þess að stofnaður yrði samráðshópur innan ÖSE um aðgerðaáætlun í baráttunni gegn hryðjuverkum og taldi að það yrði gert á næstu vikum. Enn væri þó ekki ljóst hvaða ríki tæki við formennsku í þeim hópi. Nefndi sendiherrann einnig nýskipaðan vinnuhóp ÖSE, undir formennsku Danmerkur, sem hefði starfað að endurskilgreiningu á öryggisumhverfi Evrópu. Þá vék sendiherrann að endurskipulagningu stjórnskipunar ÖSE sem miðaði að því að auka skilvirkni og styrkja innviði stofnunarinnar. Þá fór formaður vettvangs um öryggismálasamstarf yfir stöðu mála og formaður 1. nefndar ræddi eftirfylgni Berlínar-yfirlýsingarinnar.

Oleg Bilarus, formaður 2. nefndar (nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál), stjórnaði fundi nefndarinnar sem haldinn var fimmtudaginn 20. febrúar og fjallaði um helstu málefni sem nefndin mundi taka fyrir á árinu auk þess sem hann vék að meginþema ársfundarins í Rotterdam. Þá hélt Marcin Swiecicki, yfirmaður efnahags- og umhverfismálastofnunar ÖSE, erindi á fundinum þar sem hann ræddi helstu verkefni stofnunarinnar sem beinast einna helst að aðstoð við ríki Mið-Asíu um þessar mundir.

Fund 3. nefndar (nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál) ávörpuðu þeir Rolf Ekeus, sérlegur erindreki ÖSE í réttindum minnihlutahópa (HCNM), og Freimut Duve, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem hefur eftirlit með frelsi fjölmiðla (RFOM), auk þess sem staðgengill forstöðumanns Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR) hélt erindi. Ekeus vék í máli sínu að stöðu Róma (sígauna) og bryndi fyrir þingmönnum Mið- og Austur-Evrópuríkja hversu mikilvægt væri að þeir stæðu að styrkari löggjöf til að tryggja mannréttindi Róma, sem víða hafa sætt miklum ofsóknum á undanförnum árum. Þá sagði Ekeus að stofnun sú sem hann veitti forstöðu hygðist leggja meiri áherslu á tengsl trúarbragða og

átaka og taldi að enn mætti mikið gera til að draga úr líkum á vopnuðum trúarbragðadeilum í álfunni. Í erindi sínu ræddi Freimut Duve um hlutverk ÖSE á vettvangi frjálsrar fjölmiðlunar og sagði að hlutverk sitt sem forstöðumanns RFOM væri að mörgu leyti einstakt með tilliti til annarra evrópskra stofnana þar eð hann hefði mun meira frelsi og frumkvæði í gagnrýni sinni á stefnu stjórnvalda í aðildarríkjum ÖSE gagnvart fjölmiðlum en annars staðar liðist. Sagðist hann vera óþreytandi við að vekja máls á því sem miður hefði farið í fjölmiðlaþróun í álfunni og nefndi t.a.m. fjölmiðlaeign í Rússlandi og Ítalíu máli sínu til stuðnings. Sagði hann að í báðum ríkjum væri afar mikil hætta á að ráðamenn misnotuðu aðstöðu sína og að hann sjálfur hefði bent á það margsinnis. Varaði hann sérstaklega við þróun mála á Ítalíu. Þá ræddi hann um viðsjár á alþjóðavettvangi með tilliti til stöðu mála í Írak og minnti þingmenn á að ábyrgð fjölmiðla væri ákaflega mikil á stríðstímum því að sannleikurinn væri að öllu jöfnu fyrsta fórnarlamb stríðsátaka. Taldi hann líka afar bagalegt hversu mjög fjölmiðlar beggja vegna Atlantsála hefðu kynt undir opinskáum deilum Evrópu og Bandaríkjanna með tilliti til Íraksmálsins.

Á sameiginlegum fundi allra málefnanefndanna föstudaginn 21. febrúar var efnt til utandagskrárumræðu um stöðuna í málefnum Íraks og um deilur á alþjóðavettvangi sem tengjast afstöðu ríkja til afvopnunar Íraksstjórnar. Engin ályktunardrög lágu fyrir fundinum heldur var aðeins ætlast til þess að menn greindu frá afstöðu sinni til málsins. Alls tóku 25 þingmenn til máls í umræðunum. Ekki kom á óvart að þingmenn virtust skiptast mjög í tvær fylkingar og fylgja ríkisstjórnum sínum að máli með afgerandi hætti. Þó ríkti ákveðinn samhljómur í því að menn töldu Íraksstjórn hafa gengið allt of langt í fyrirætlunum sínum og undanbrögðum og alþjóðasamfélagið yrði að vera fast fyrir í aðgerðum sínum. Helsti ásteytingarsteinninn var hins vegar hversu langt öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, og þau ríki sem fast sæti áttu á þeim vettvangi, gætu gengið hvað afvopnun Íraka varðaði. Bandarísku og bresku fulltrúarnir sem til máls tóku sögðust flestir vera á þeirri skoðun að frekari undanlátssemi við stjórnvöld væri algerlega óþörf og að erindrekstur væri fullreyndur. Hótun um beitingu hernaðaraðgerða væri að öllum líkindum eina leiðin til að ná fram yfirlýstum vilja alþjóðasamfélagsins um afvopnun, eins og glögglega hefði komið fram í fjölmörgum ályktunum öryggisráðsins. Aðrir fulltrúar lögðu áherslu á að leita yrði allra leiða til að koma í veg fyrir stríðsaðgerðir og að ekki mætti túlka ályktanir öryggisráðsins á þá leið að þær réttlættu stríðsaðgerðir.

Í samræmi við skipulagsbreytingar sem samþykktar voru á fundi stjórnarnefndarinnar í Berlín 2002 voru blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins veitt á vetrarfundinum í Vínarborg við hátíðlega athöfn. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Anna Politkovskaya sem stundað hefur blaðamennsku fyrir rússneska dagblaðið Novaya Gazeta auk þess sem hún hefur ritað nokkrar bækur. Verðlaunin hlaut hún fyrir störf sín í Tsjetsjeníu á undanförnum árum. Hefur Politkovskaya verið óþreytandi við að benda umheiminum á þau gífurlegu mannréttindabrot sem viðgengist hafa í Kákasus-héraðinu undanfarin ár. Sagði dómnefndin að Politkovskaya hefði sýnt ótrúlegt áræði í skrifum sínum og komið þannig fram fyrir hönd þeirra sem ekki gætu borið hönd fyrir höfuð sér. Segði hún frá raunveruleikanum eins og hann væri. Freimut Duve, forstöðumaður RFOM, veitti Politkovskayu verðlaunin við táknræna athöfn og í þakkarræðu sinni sagði hún vafningalaust frá þeim umfangsmiklu mannréttindabrotum sem færu daglega fram í Tsjetsjeníu. Sakaði hún rússnesk stjórnvöld og umheiminn um að þaga þunnu hljóði um það sem þar færi fram og ákallaði hún alþjóðasamfélagið um að svipta hulunni af því sem gerðist í Tsjetsjeníu. Væri það siðferðileg skylda þingmanna sem annarra.

b. 12. ársfundur ÖSE-þingsins.

Dagana 5.–9. júlí var ellefti ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í Rotterdam. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar þær Dagný Jónsdóttir varaformaður, Jóhanna Sigurðardóttir og Drífa Hjartardóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Efni Rotterdam-fundarins var hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í hinni nýju stofnanaskipan Evrópu. Tóku skýrslur og ályktanir málefnanefndanna þriggja mið af meginþema fundarins og var þar rætt um pólitískt hlutverk ÖSE í álfunni, efnahagslega þýðingu ÖSE samhliða stækkun ESB og upptöku evrunnar, og hvaða þýðingu stækkun ESB hefði fyrir virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu á ÖSE-svæðinu. Yfir þrjú hundruð fulltrúar 55 aðildarríkja ÖSE-þingsins voru við setningu ársfundarins og hlýddu á setningarávarp Bruce George, forseta ÖSE-þingsins, og ávörp Yvonne Timmerman-Buck, forseta öldungadeildar hollenska þingsins, Frans Weisglas, forseta neðri deildar hollenska þingsins, og Gerrit Zalm, aðstoðarforsætisráðherra Hollands. Þá höfðu framsögu Jaap de Hoop Scheffer, utanríkisráðherra Hollands og formaður ráðherraráðs ÖSE, Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, Rolf Ekeus, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem fylgist með réttindum minnihlutahópa (HCNM), Christian Strohal, forstöðumaður Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), Freimut Duve, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem hefur eftirlit með frelsi fjölmiðla (RFOM), og Marcin Swiecicki, forstöðumaður efnahags- og umhverfisdeildar ÖSE. Þessir frummælendur svöruðu einnig spurningum þingmanna.

Fyrsti formlegi liður ársfundarins var fundur stjórnarnefndar ÖSE-þingsins sem skipuð er formönnum allra landsdeilda auk formanna og annarra embættismanna málefnanefndanna. Á fundinum voru teknar fyrir áfangaskýrslur hinna ýmsu sérnefnda ÖSE-þingsins og skýrslur frá fundum og ráðstefnum sem efnt hafði verið til á árinu á vegum ÖSE-þingsins. Var fundarmönnum m.a. sagt frá árangri svæðisbundinnar ráðstefnu um lítil og meðalstór fyrirtæki sem efnt var til í Bern, ráðstefnu um málefni Mið-Asíu sem haldin var í Almaty, auk þess sem fjallað var um kosningaeftirlit á vegum ÖSE-þingsins. Þá var stuttlega rætt um ráðstefnur þær sem fram undan væru. Að því loknu héldu gjaldkeri þingsins og framkvæmdastjórinn framsögur. Kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri þingsins, sagði að samkvæmt úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG væru sjóðir ÖSE-þingsins vel stæðir og lagði hann fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2003–2004 sem var samþykkt. Í áætluninni er gert ráð fyrir 4,75% hækkun frá síðasta ári. Þá sagði Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, stuttlega frá helstu breytingum á störfum skrifstofu ÖSE-þingsins og verkefnum þess. Fyrir ársfundinn í Rotterdam höfðu verið lagðar fram 13 viðbótarályktunartillögur frá hinum ýmsu landsdeildum og var þeim vísað til viðeigandi málefnanefnda í lok fundarins. Landsdeild Hvíta-Rússlands, sem fékk aftur fulla aðild að ÖSE-þinginu á stjórnarnefndarfundinum í Vínarborg fyrr á árinu, reyndi, með aðstoð landsdeildar Rússlands og nokkurra Mið-Asíulýðvelda, að koma í veg fyrir að viðbótarályktunartillaga þýsku landsdeildarinnar um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi næði fram að ganga. Gengið var til atkvæða um hvort tillögunni yrði vísað til 3. nefndar og var það samþykkt með mjög naumum meiri hluta atkvæða.

Í ávarpi Bruce George, forseta þingsins, á setningarfundi ÖSE-þingsins kom fram að stækkun Evrópusambandsins og NATO mundi hafa mikil áhrif á aðrar alþjóðastofnanir í álfunni og ÖSE væri þar ekki undanskilin. Mikilvægt væri því að ÖSE endurskilgreindi sig og markaði sér sérstöðu sem sveigjanleg og viðbragðsfljót stofnun sem hefði á sínum snærum mörg úrræði önnur en þau að beita vopnavaldi. Taldi hann jafnframt nauðsynlegt að kynna starf stofnunarinnar betur meðal almennings og ítrekaði tillögu sína frá ráðherraráðsfundinum í Portó frá því fyrr um árið, að ÖSE kæmi á fót upplýsingaskrifstofum í öllum aðildarríkjunum. Þá rakti forsetinn helstu pólitísku stefnumið ÖSE-þingsins, þ.m.t. samstarf

við önnur fjölþjóðleg þingmannasamtök, störf sérlegra nefnda þingsins og samstarfið við vettvangsskrifstofur ÖSE. Yvonne Timmerman-Buck, forseti öldungadeildar hollenska þingsins, og Frans Weisglas, forseti hollenska þingsins, röktu í ræðum sínum mikilvægi ÖSE-þingsins sem vettvangs þjóðkjörinna þingmanna 55 ríkja úr þremur heimsálfum til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Töldu þau bæði að ÖSE-þingið væri afar farsælt tæki til að efla skilning og samstöðu almennings í aðildarríkjum ÖSE um mikilvægi þess að hlutast sé til um öryggismál álfunnar á sameiginlegum grundvelli. Timmerman-Buck vék í sinni ræðu að sambandi fjölþjóðastofnana og þjóðþinga og sagði að jafnvægi yrði að gilda í þeim samskiptum. Þjóðþingin mættu ekki spilla fyrir starfi ríkisstjórna á fjölþjóðlegum grunni og á sama tíma yrðu ríkisstjórnir og fjölþjóðlegar stofnanir að taka þingmannafundi sem þennan alvarlega þar sem á slíkum fundum skapaðist einstakt tækifæri til skoðanaskipta, skoðanamyndunar og færi á að ná samstöðu um veigamikil mál. Í ræðu Weisglas kom fram að þar til fyrir skemmstu hefðu öryggis- og varnarmál aðeins verið í verkahring þröngs hóps æðstu ráðamanna, herforingja og embættismanna. Með nýjum tímum hefði þetta breyst og umræðan væri nú að miklu leyti á færi þjóðkjörinna þingmanna sem væri vel. Mikilvægi þessarar þróunar væri ótvíræð þar sem niðurstaðan væri sú að með því að þingmenn ræddu þessi mál og hefðu áhrif þá væri almenningur með í ráðum. Því næst tók utanríkisráðherra Hollands, sem fer með formennsku í ráðherraráði ÖSE, Jaap de Hoop Scheffer, til máls og skýrði þingmönnum frá starfi ráðherraráðsins á undanförnum mánuðum. Vék hann einkum að fyrirætluðum ráðherraráðsfundi í Maastricht síðar á árinu, endurbótum á starfi ÖSE, áherslu formennskutíðar Hollands á náið samstarf við aðrar alþjóðastofnanir, auk svæðisbundinna málefna. Í ræðu sinni sagði hann að ráðherraráðsfundurinn mundi móta stefnu stofnunarinnar til framtíðar og byggja þar með á síðasta fundi sem efnt var til í Portó á síðasta ári. Nýjar ógnir sem steðja að samstarfsríkjunum yrðu efst á lista yfir þau málefni sem rædd yrðu en auk þeirra yrði rætt um endurbætta stefnu í efnahagsmálum og endurskoðaða þarfagreiningu á starfsemi vettvangsskrifstofa ÖSE. Þá sagði de Hoop Scheffer að þema ársfundar ÖSE þingsins, þ.e. hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í hinni nýju stofnanaskipan Evrópu, væri einkar vel til fundið í ljósi stækkunar NATO og ESB og þeirra áherslumála sem ÖSE deilir með þessum tveimur alþjóðastofnunum. Sagði ráðherrann að í formennskutíð Hollands hefði verið leitast við að finna jafnvægið í starfi stofnunarinnar með tilliti til hinna þriggja vídda ÖSE og svæðisbundinna málefna. Hvað hið síðarnefnda varðaði ræddi ráðherrann um mikilvægi nýrrar stjórnarskrár fyrir sameinaða Moldóvu.

Næst á dagskrá voru pallborðsumræður með þátttöku embættismanna ÖSE. Fyrstur tók til máls Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, og sagði hann þingmönnum frá þeim endurbótum sem gerðar hefðu verið á framkvæmdastjórn ÖSE í höfuðstöðvunum í Vínarborg og í vettvangsskrifstofum stofnunarinnar. Sagði hann að þessar endurbætur væru afleiðing nokkurrar gagnrýni sem stofnunin varð fyrir á árinu 1999 og vonaðist hann til að úrbæturnar kæmu til móts við þær raddir. Sagði hann að mikil áhersla hefði verið lögð á úrbætur í fjármálastjórn samtakanna og tók undir að þeirra hefði verið þörf. Þá vék hann að málefnastarfi ÖSE og þá sérstaklega lögreglusamvinnu og öðru því sem fallið gæti undir hina alþjóðlegu baráttu gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi. Hvatti hann þingmenn aðildarríkja ÖSE til að styðja þá baráttu heils hugar og leggja framkvæmdarvaldinu lið. Þá tók Rolf Ekeus, forstöðumaður stofnunar ÖSE sem fylgist með réttindum minnihlutahópa (HCNM), til máls og sagði fundarmönnum frá störfum stofnunarinnar og því umboði sem hann og stofnunin störfuðu eftir. Megináherslan væri lögð á hættuástandsstjórnun, þ.e. að leitast við að koma í veg fyrir að félagsleg spenna milli þjóðernis- eða trúarhópa ylli átökum. Reynt væri að finna leiðir til að samþætta minnihlutahópa við ríkjandi hópa og standa þannig vörð um fjölmenningarsam-

félag. Þær leiðir sem væru nýttar væru tungumálakennsla, almenn menntun og þátttaka í stjórnmálum. Í því tilliti ræddi Ekeus um ágætt samstarf milli sinnar stofnunar og sérlegs fulltrúa ÖSE um frelsi fjölmiðla um þróun ályktana og tillagna til úrbóta fyrir minnihlutahópa. Sagði hann að Evrópuríkjum bæri að gæta sérstaklega að því að tryggja réttindi minnihlutahópa nú þegar stækkun ESB væri fram undan. Því næst tók Christian Strohal, yfirmaður Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), til máls og sagði í ræðu sinni að einstök samkeppnishæfni ÖSE við aðrar stofnanir fælist í því að ÖSE tækist á við öryggismál í heild sinni. Sagði hann að ÖSE og aðildarríkjum stofnunarinnar bæri að gæta að því að leggja áfram sömu áherslu á mannréttindamál – eða hina mannlegu vídd eins og sá málaflokkur nefnist í skipulagi ÖSE – enda þótt ný viðfangsefni knýi dyra og áréttaði að hin „mannlega vídd“ væri grunnur að öllu öðru starfi ÖSE. Þá vék Strohal að verkefnum þeim sem ODIHR hefði beitt sér fyrir að undanförnu, þ.m.t. kosningaeftirliti víðs vegar um álfuna. Sagði hann að mansal væri að verða æ alvarlegra vandamál og fagnaði sérstaklega áhuga þingsins á þeim málaflokki. Freimut Duve, sérlegur fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla, sem hætti störfum skömmu eftir Rotterdam-fundinn eftir sex ára setu í embættinu, sagði í ávarpi sínu að á þeim tíma sem liðinn væri hefði hann séð afar neikvæða þróun hvað fjölmiðlafrelsi í álfunni varðar. Tiltók hann sérstaklega eftirmál hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í september 2001 og sagði að í fjölmörgum ríkjum hefðu þeir hroðalegu atburðir verið nýttir sem skálkaskjól til að vega að frelsi fjölmiðla til að halda uppi gagnrýni á stjórnvöld. Taldi hann að þessi þróun og þá sérstaklega frumkvæði Bandaríkjastjórnar í að vega að almennum lýðréttindum gæfi hættulegt fordæmi til framtíðar. Fyrirliggjandi verkefni skrifstofu hins sérlega fulltrúa ÖSE um frelsi fjölmiðla væru því næg og úrlausnir brýnar á næstu missirum og árum. Loks tók til máls Marcin Swiecicki, framkvæmdastjóri stofnunar ÖSE sem fer með efnahags- og umhverfismál. Sagði hann að umfangsmestu verkefnin sem fram undan væru hjá sinni stofnun væri stækkun ESB og efnahagssvæðis sambandsins. Í máli hans kom fram að ÖSE fylgdist gaumgæfilega með framvindu mála í aðildarumsóknarríkjunum tíu og ræddi hann enn fremur um áhrif evrusvæðisins á þau ríki Austur-Evrópu og Mið-Asíu sem stæðu utan ESB. Þá vék hann að bágum efnahag ríkja í Kákasus og Mið-Asíu og hve mikil hætta væri á að þau yrðu gróðrarstía fyrir hvers kyns skipulega glæpastarfsemi á borð við mansal, vopnasmygl og eiturlyfjasmygl. Að lokum ræddi hann um umhverfisvár í Evrópu og sagði að stofnun sín beindi aðallega sjónum sínum að ástandi mála í Mið-Asíu og á Balkanskaga og leitaðist við að greina svæðisbundnar hættur sem krefðust úrbóta þegar í stað.

Á fundi 1. nefndar (nefndar um stjórnmál og öryggismál) var tekin fyrir skýrsla kanadíska þingmannsins Cliffords Lincolns og beindust umræður einkum að því hvert mikilvægi ÖSE yrði í náinni framtíð á sama tíma og stækkun ESB og NATO stæði yfir. Í framsögu sinni sagði Lincoln að staða ÖSE væri enn afar sterk og þá sérstaklega í ljósi mikillar viðveru og sýnileika stofnunarinnar í nýfrjálsum aðildarríkjum hennar í Mið-Asíu. Hins vegar væri ljóst að lífvænleiki stofnunarinnar fælist í fjárhagslegum stuðningi og taldi að stefna ráðherraráðsins um að halda fjárhagsáætlunum næstu ára stöðugum væri e.t.v. uppskrift að því að áhrif ÖSE færu þverrandi – sérstaklega hvað vettvangsskrifstofur ÖSE varðar. Miklar umræður voru um ályktunardrögin og voru þau að lokum samþykkt einróma. Nokkrar viðbótarályktanir voru lagðar fyrir 1. nefnd og voru þær teknar til almennrar meðferðar. Ákveðið var á fundinum að afgreiðslu viðbótarályktunar um frið í Miðausturlöndum, sem tekin hafði verið á ársfundinum í Berlín en frestað um óákveðinn tíma, yrði enn frestað til ársfundarins 2004 í Edinborg. Þá tók nefndin fyrir viðbótarályktun um ástand mála í Hvíta- Rússlandi, sem hvít-rússneska sendinefndin hafði reynt að fá út af dagskrá á stjórnarnefndarfundinum sem fyrr greindi. Nokkrar umræður urðu um ályktunina þar sem því var fagnað að stjórnvöld

í Minsk hefðu leyft skrifstofu ÖSE að starfa í landinu. Þá voru hvít-rússnesk stjórnvöld enn fremur fram hvött til þess í ályktuninni að gera umfangsmiklar úrbætur á kosningalöggjöf landsins og jafnframt var meðferð stjórnvalda á frjálsum fjölmiðlum harðlega gagnrýnd. Þá var og samþykkt viðbótarályktun um friðargæsluverkefni en þar kom fram að ÖSE bæri að styrkja getu sína til að sinna borgaralegri friðargæslu. Í lok fundarins var efnt til kosninga í embætti nefndarinnar. Kosningarnar fóru þannig að sænski þingmaðurinn Göran Lennmarker var kjörinn formaður, Grikkinn Panyiotis Kammenos varaformaður og kanadíski þingmaðurinn Clifford Lincoln endurkjörinn skýrsluhöfundur.

Í 2. nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál) var tekin fyrir skýrsla rússneska þingmannsins Leoníds Ivantsjenkós um efnahagsleg áhrif hins stækkaða evrusvæðis fyrir ÖSE-svæðið. Í skýrslunni og framsögu Ivantsjenkós kom fram að gríðarlega mikill efnahagslegur árangur hefði náðst í aðdraganda stækkunar ESB. Varaði hann þó við því að hversu mikill sem árangurinn á evrusvæðinu kynni að verða þá mætti stækkunin ekki verða til þess að grafa undan efnahagslegum hagsmunum þeirra ríkja sem standa munu utan ESB til lengri eða skemmri tíma. Sagði skýrsluhöfundur að forðast ætti í lengstu lög að reisa nýja múra innan álfunnar sem sköpuðu aukinn vanda fyrir hinar nýfrjálsu þjóðir í austri. Sagði Ivantsjenkó enn fremur að mikilvægt væri að aðildarríki ÖSE gættu að því að missa ekki sýnina á efnahagsleg og umhverfisleg vandamál sem ríktu á ÖSE-svæðinu þrátt fyrir að hin pólitíska áhersla hefði óhjákvæmilega færst til þeirra mála er lytu að baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í umræðum um ályktun nefndarinnar kom almennt fram sú skoðun að tengja bæri efnahagslega þróun ÖSE-svæðisins við öryggi og stöðugleika þess. Stjórnarnefndin beindi alls þremur viðbótarályktunartillögum til 2. nefndar. Sú fyrsta var ályktun um baráttu gegn mansali og barnaþrælkun sem borin var upp af Bandaríkjamanninum Cristopher Smith. Þá var lögð fyrir nefndina ályktun bandaríska þingmannsins Benjamins Cardins um Miðjarðarhafsvíddina og að lokum ályktun Ítalans Marcellos Pacinis um hlutverk ÖSE í stækkaðri Evrópu. Allar ályktanirnar voru sendar áfram til meðferðar þingfundar. Í lok fundarins var kosið í trúnaðarstörf nefndarinnar og var Bandaríkjamaðurinn Benjamin Cardin kjörinn formaður, þýski þingmaðurinn Monika Griefahn varaformaður og Rússinn Leoníd Ivantsjenkó endurkjörinn skýrsluhöfundur.

Í 3. nefnd (nefnd um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál) var tekin fyrir skýrsla hollenska þingmannsins Nebahat Albayrak auk þess sem efnt var til umræðna um fjórar viðbótarályktunartillögur sem stjórnarnefndin hafði beint til nefndarinnar. Í framsögu sinni sagði Albayrak fyrirséð að stækkun Atlantshafsbandalagsins og ESB mundi hafa í för með sér styrkara réttarríki meðal þeirra ríkja sem vænta aðildar. Sagði hún að stækkunarferlin hefðu þau áhrif að mikilvægi starfs ÖSE á vettvangi ykist til muna. Taldi hún að af þeim fjölmörgu verkefnum sem ÖSE starfaði að væru tvö öðrum brýnni, vernd minnihlutahópa annars vegar og mansal hins vegar. Hvað þetta varðaði taldi hún afar mikilvægt að Vestur-Evrópuríki beindu sjónum sínum að því sem gerðist í eigin ranni. Miklar umræður urðu um þau brýnu mál sem ályktunin fjallaði um. Í henni var m.a. kveðið á um að ÖSE setti á fót embætti sérlegs fulltrúa sem hefði með mansalsmál að gera. Þá var einnig kveðið á um útvíkkun starfs fulltrúa ÖSE í málefnum minnihlutahópa með það fyrir augum að hann gæti beitt sér fyrir aukinni vernd minnihlutahópa í eldri lýðræðisríkjum. Ályktunin var samþykkt og henni beint til þingfundar. Viðbótarályktunartillögurnar fjórar fjölluðu um baráttuna gegn gyðingahatri, ástand mála í Moldóvu, Alþjóðastríðsglæpadómstólinn og stríðsfanga Bandaríkjastjórnar sem haldið er í Guantanamó-herstöðinni. Hlutu þær allar afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar var kosið í trúnaðarembætti nefndarinnar. Rússneski þingmaðurinn Elena Mizulina var endur-

kjörinn í embætti formanns og kanadíski þingmaðurinn Svend Robinson í embætti varaformanns. Þá var Nabahat Albayrak endurkjörinn sem skýrsluhöfundur.

Efnt var til þingfundar miðvikudaginn 9. júlí. Meðal dagskrárliða var skýrsla gjaldkera þingsins, kanadíska þingmannsins Jerry Grafstein, og skýrsla framkvæmdastjóra ÖSE-þingsins, Spencer Oliver. Þá var efnt til almennra umræðna um skýrslur og ályktunardrög málefnanefndanna. Í umræðum kom fram að ÖSE væri einstök stofnun með einstaka eiginleika. Þá var bent á mikilvægi ÖSE-þingsins því að þar sætu fulltrúar þriggja heimsálfa sem ættu hagsmuna að gæta í friðsamlegri og stöðugri Evrópu. Væri ÖSE-þingið því í kjörstöðu til að ræða þau mál sem helst brynnu á íbúum ÖSE-svæðisins og ríkja þar í kring. Þá beindust umræður nokkuð að starfsemi og skipulagi ÖSE og umbótum þeim sem framkvæmdastjórinn hefði beitt sér fyrir. Nokkrir bentu á nauðsyn þess að ÖSE einbeitti sér í auknum mæli að málefnum sem sneru að ÖSE-svæðinu í heild sinni, þ.e. vandamálum líkt og mansali, í stað ofuráherslunnar á starfsemi ÖSE innan nýfrjálsra ríkja. Þá voru ályktanir málefnanefnda og viðbótarályktanir samþykktar. Ályktanirnar voru steyptar í skjal sem nefnist Rotterdam-yfirlýsing ÖSE-þingsins. Þá hlýddu þingmenn á ávörp Bruce Georges, forseta ÖSE-þingsins, Inge Lönning, forseta Norðurlandaráðs, og Geertje Lycklama a Nijeholt, formanns hollensku sendinefndarinnar. Í lok fundarins var kjörið í trúnaðarembætti þingsins. Bruce George var endurkjörinn forseti. Í kosningum til embætta varaforseta voru sex í kjöri. Þeir sem flest atkvæði hlutu voru Georgíuþingmaðurinn Nino Bujanadze, tyrkneski þingmaðurinn Nevzat Yaltcintas og sænski þingmaðurinn Tone Tingsgård. Voru þau öll kjörin til þriggja ára. Þá var ítalski þingmaðurinn Giovanni Kessler kjörinn í embætti varaforseta til eins árs. Þá var Jerry Grafstein endurkjörinn til tveggja ára í embætti gjaldkera.

Auk funda í málefnanefndum og þingfundar var efnt til sérlegra funda til hliðar við þinghaldið. Fundur var haldinn um málefni Miðjarðarhafsins auk þess sem sérnefnd ÖSE- þingsins um gagnsæi og góð vinnubrögð og nefnd um málefni Abkasíu héldu fund. Þá var efnt til málþings um ástand mála í Moldóvu og Hvíta-Rússlandi. Að venju var efnt til sérlegs kvennafundar ÖSE-þingsins í boði hollensku sendinefndarinnar. Þess má geta að íslenska sendinefndin var hin eina á ÖSE-þinginu í Rotterdam sem var eingöngu skipuð konum.

c. Aukastjórnarnefndarfundur.

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins kom saman til fundar í Rómaborg 10. október í tengslum við ráðstefnu um málefni Miðjarðarhafsins og ráðstefnu um trúfrelsi sem haldnar voru á vegum ítalska þingsins dagana 9. og 11. október. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Pétur H. Blöndal formaður, auk Andra Lútherssonar ritara. Meginefni fundarins var samskipti ÖSE-þingsins við Miðjarðarhafsríkin en mikill áhugi hefur verið á því að efla þau tengsl, ekki síst í ljósi hinnar alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum. Þá var enn fremur á fundinum rætt um stöðu trúfrelsis á ÖSE-svæðinu og meinta aðför að tjáningarfrelsinu í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001. Stjórnarnefndarfundurinn tengdist því beint ráðstefnum þeim sem ÖSE-þingið og ítalska þingið stóðu að þar sem fjallað var á gagngeran hátt um stöðu Miðjarðarhafsríkjanna og Miðausturlanda og hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í eflingu samskipta við þau ríki sem á svæðinu eru, einkanlega samskipti þjóðþinga í milli.

Fundirnir hófust fimmtudaginn 9. október með málstofu um löggjöf í trúmálum og trúfrelsi. Fundinn ávörpuðu þeir Pier Ferdinando Casini, forseti neðri deildar ítalska þingsins, sem ræddi um trúfrelsi og umburðarlyndi í trúmálum einkum út frá sjónarhóli Evrópusambandsins og stjórnarskrárdrögum þess sem höfðu verið mikið í umræðunni, Bruce George, forseti ÖSE-þingsins, sem lagði áherslu á að það væru ekki trúarbrögðin sem kyntu undir

ofbeldisverkum heldur tilteknir einstaklingar sem það gerðu, og Marcello Pacini, sem ræddi opinskátt um vandann við trú og trúarofstæki og hve mikil ógn við friðinn trú geti orðið, sérstaklega ef tekið væri mið af stöðu mála í Miðausturlöndum og á Balkanskaga. Því næst tóku framsögumenn til máls en þeir voru Adbelfattah Amor, sérlegur fulltrúi mannréttindastofnunar SÞ í trúfrelsismálum, og Silvio Ferrari, prófessor í trúarbragðafræði við háskólann í Mílanó. Ræddu þeir um löggjöf í trúmálum og nauðsynleg skilyrði fyrir raunverulegu trúfrelsi ríkti. Síðari hluta fimmtudagsins 9. október var efnt til málþings um trúarlegt umburðarlyndi í vestrænum samfélögum. Framsögumenn voru þær Catherine Cookson, prófessor í trúarbragðafræðum við háskólann í Virginíu í Bandaríkjunum, og Brigitte Basdevant-Gaudamet, sérfræðingur í kirkju- og trúmálum við Sorbonne-háskóla. Almennar umræður að loknu áhugaverðu framlagi framsögumannanna beindust mestmegnis að þeim þjóðernis- og trúarbragðaátökum sem standa yfir eða hafa staðið í Evrópu eða við útmörk álfunnar. Nokkur spenna virtist ríkja í samskiptum Tyrkja og Grikkja vegna málefna Kýpur sem klædd voru í trúarlegan búning í málflutningi nokkurra þingmanna.

Fundahöld föstudaginn 10. október hófust á pallborðsumræðum þingmanna um trúmál með þátttöku þriggja gesta. Þeir voru Ba Babacar, áheyrnarfulltrúi samtaka íslamskra ríkja hjá SÞ í Genf, Amnon Rubinstein, prófessor við Radziner-háskólann í Ísrael, og Tad Stadnke, sem starfar hjá „US Commission on International Religious Freedom". Á fundinum varð framhald á orðasennu Tyrkja og Kýpur-Grikkja frá því deginum áður. Nokkuð var rætt um hlutverk ÖSE í hinni óleystu Kýpur-deilu. Að fundi loknum hlutu þátttakendur á ráðstefnunni áheyrn hjá Jóhannesi Páli páfa í Vatíkaninu.

Síðdegis föstudaginn 10. október fór hinn eiginlegi stjórnarnefndarfundur fram. Í inngangsávarpi sínu fór Bruce George, forseti ÖSE-þingsins, yfir það helsta sem borið hefði við í störfum ÖSE-þingsins frá ársfundinum í Rotterdam í júlí. Nefndi hann árangur ráðherrafundarins í Lissabon og skýrði frá þátttöku sinni í ráðherraráðsfundinum í Vínarborg í september þar sem hann innti eftir því hvernig fylgt hefði verið eftir ályktunum ÖSE-þingsins í Rotterdam-yfirlýsingunni. Þá greindi George frá opinberum heimsóknum sínum í krafti embættis síns. Ræddi forsetinn einnig um mikilvægi þess að meðhöndla þau samstarfsríki ÖSE sem standa utan stofnunarinnar sem jafningja í öllu tilliti og forðast að setja þau út í horn í tilteknum málum sem upp kunna að koma í alþjóðasamskiptum. Þá vék George einnig að kosningaeftirlitshlutverki ÖSE-þingsins og sagði að óæskilegt væri að aðrar stofnanir en ÖSE, þ.e. Evrópuráðið og Evrópusambandið, tækju yfir skyldur og skuldbindingar ÖSE á sviði kosningaeftirlits í ljósi þess að þær sendi meiri mannskap til eftirlitsstarfa. Lagði forsetinn hart að þingmönnum að bera þann boðskap heim til þjóðþinganna sem yrðu að veita meiri fjármuni til kosningaeftirlitsstarfa á vegum ÖSE-þingsins en hingað til hefði verið raunin. Þá ræddi Marcello Pacini, formaður ítölsku landsdeildarinnar, um árangurinn af ráðstefnunni um trúfrelsi og þau málefni sem væru efst á baugi í Miðjarðarhafssamstarfinu. Sagðist hann hafa orðið fyrir vonbrigðum með að fulltrúar Ísraels og Palestínu, sem boðið var til fundarins, skyldu ekki hafa þegið boðið. Í kjölfar þessa upphófust nokkrar umræður um þetta mál þar sem Ísraelsmenn voru sakaðir um að hafa lagt stein í götu fulltrúa palestínsku heimastjórnarinnar sem hafi ætlað að sækja fundinn í Rómaborg. Þá tók kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri þingsins, til máls og fór yfir fjármál þingsins. Sagði hann að 30.000 evra afgangur yrði á árinu og að hann yrði settur í sérstakan sjóð sem nota ætti til að bera kostnað af óvæntum útgjaldaliðum. Því næst tók framkvæmdastjórinn Spencer Oliver til máls og sagði frá starfi skrifstofunnar. Hvatti hann þær landsdeildir sem leið ættu um Kaupmannahöfn að sækja skrifstofuna heim. Ræddi hann einnig um fyrirhugaða vefsíðu ÖSE-þingsins sem yrði með öllu óháð vefsíðu ÖSE og skýrði þingmönnum frá því að sú leið

hefði verið valin til að koma í veg fyrir þær tilhneigingar ÖSE í Vínarborg að ritstýra vef þingsins.

Þá tók Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, til máls og sagði að koma sín til Rómaborgar væri til marks um þau góðu samskipti sem ríktu milli þingmannasamkundunnar og stofnunarinnar. Þátttaka Bruce Georges í fundum ráðherraráðsins væri og til marks um þetta auk mikilvægrar starfsemi tengslaskrifstofu ÖSE-þingsins í Vínarborg. Þá vék Kubis að málefnum fjárlaga ÖSE en þau voru meginástæða þess að framkvæmdastjóranum var boðið til fundarins. Landsdeildum ÖSE-þingsins höfðu verið send drög að fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2004 til kynningar stuttu fyrir fundinn, á sama tíma og fastanefndir aðildarríkjanna fengu þau í hendur. Hins vegar var tíminn ansi stuttur til að kynna sér öll efnisatriði fjárlaganna og því þótti ráðlegt að framkvæmdastjórinn kynnti helstu breytingar fyrir þingmönnum. Var þetta í annað sinn sem framkvæmdastjóranum var boðið til aukastjórnarnefndarfundar ÖSE-þingsins að hausti. Í framsögu sinni sagði Kubis að drögin sem send hefðu verið út endurspegluðu pólitískar áherslur framkvæmdastjórnarinnar og væru því alls ekki yfir gagnrýni hafin. Sagði hann jafnframt að allur samanburður við fyrri fjárhagsáætlanir væri torveldur þar sem skipulag áætlunarinnar nú væri með öðrum hætti. Fjárlögin væru þannig úr garði gerð að áhersla væri lögð á verkefni stofnunarinnar í stað skrifstofanna eins og áður var. Með þessu væri ráðherraráðið að samþykkja framkvæmd tiltekinna verkefna þegar aðildarríkin samþykktu fjárlögin í heild sinni og hugsanlega kæmi þetta verklag í veg fyrir ágreining síðar. Hins vegar kallaði þetta á mikinn erindrekstur, samhæfingar- og samningavinnu á fyrstu stigum ferlisins. Sagði hann einnig að gerð áætlunarinnar hefði verið mun minna miðstýrt en áður, þ.e. að vettvangsskrifstofur ÖSE hefðu haft mun meira um áætlunina að segja en áður tíðkaðist. Alls hljóða fjárlög stofnunarinnar upp á 185 milljónir evra og þar af renna 78% fjármagnsins til vettvangsskrifstofa og tiltekinna verkefna stofnunarinnar á ÖSE-svæðinu. Afgangurinn rynni til aðalskrifstofunnar og hliðarstofnana og er þar um nokkra hækkun að ræða. Var þetta nokkuð gagnrýnt af þingmönnum sem flestir töldu að fénu væri betur varið úti á vettvangi. Þá ræddi framkvæmdastjórinn nokkuð um vanda sem skapast við ráðningu innlends starfsfólks og svaraði spurningum þingmanna um hugsanlegt aukið hlutverk ÖSE-þingsins í fjárlagaferlinu, hvort ekki bæri að gera kynjajafnréttisverkefnum ÖSE hærra undir höfði, hvort rétt væri að baráttunni gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi hefði verið gert of hátt undir höfði á kostnað verkefna til að stemma stigu við mansali, auk annarra spurninga. Almennt kom fram mikil ánægja með það að framkvæmdastjórinn kæmi og upplýsti þingið um helstu stefnumál ÖSE eins og þau birtust í fjárlögunum en margir kvörtuðu þó undan því að lítill tími gæfist til yfirlegu svo stórs plaggs og einnig þótti mörgum sem tími væri til kominn að ÖSE-þingið fengi stærra og veigameira hlutverk við gerð fjárlaganna. Kom þar fram hugmynd um að ÖSE-þingið tæki að sér að bera saman fjárlögin við yfirlýsingar ársfundarins hverju sinni og kostnaðargreina og meta hvort þar sé tilhlýðileg samsvörun eða ekki.

Eftir framsögu Kubis fluttu formenn sérnefnda ÖSE-þingsins skýrslur um störf nefndanna. Auk þess voru almennar umræður.

Laugardaginn 11. október var efnt til málstofu um málefni Miðjarðarhafsins með þátttöku sérlegra gesta. Málþingið var afar áhugavert enda höfðu málefni svæðisins, og þá einkanlega vandinn fyrir botni Miðjarðarhafs, verið mikið í deiglunni undangengna mánuði og missiri. Almennt ræddu framsögumenn og þingmenn um vonbrigðin með þróun mála í Miðausturlöndum og eftirköst Íraksstríðsins. Af helstu framsögumönnum má nefna sérlega áhugavert erindi Marc Otte, sérlegs erindreka Evrópusambandsins í Miðausturlöndum, sem dró upp afar dökka og raunsæja mynd af ástandinu, einkum þegar kom að leiðtogavanda Palestínumanna.

Þá ávarpaði Franco Frattini, utanríkisráðherra Ítalíu, málþingið og sagði frá áhersluatriðum Ítala í formennskutíð sinni hjá ESB.

Alþingi, 11. febr. 2004.

Pétur H. Blöndal, form.	Dagný Jónsdóttir, varaform.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er því ætlað að:

1. meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi,
4. stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að þau ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglur ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Þá er gert ráð fyrir að málefnanefndir komi saman í Vínarborg ár hvert og hlýði þar á framlag embættismanna ÖSE. Auk þingfundar er miðað við að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál á afmörkuðu sviði. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (3. nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Samkvæmt þingsköpum ÖSE-þingsins skal þingið og framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri samstöðureglu (consensus rule) sem gildir á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins lýtur svokallaðri consensus minus two reglu sem felur í sér að þrjú eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem unnið er að hjá stofnuninni. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þing-sæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Vatíkanið getur sent allt að tveimur áheyrnarfulltrúum á fundi ÖSE-þingsins.

923. Fyrirspurn [615. mál]

til heilbrigðisráðherra um þverfaglegt endurhæfingarráð.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra skipað þverfaglegt endurhæfingarráð sem ákveðið var að koma á fót eins og fram kemur í heilbrigðisáætlun?
2. Mun ráðherra fresta breytingum á hæfingar- og endurhæfingarþjónustu LSH þar til heildstætt þverfaglegt mat hefur farið fram á þjónustuþörf þeirra einstaklinga sem nú vistast í Arnarholti og Kópavogi, og mun endurhæfingarráð koma að því mati?

924. Fyrirspurn [616. mál]

til samgönguráðherra um öryggi sjúkraflugvallar á Djúpavogi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er áætlaður árlegur kostnaður við snjóruðning á sjúkraflugvellinum á Djúpavogi?
2. Hver er stefna ráðherra hvað varðar notkun sjúkraflugvallarins?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tryggt verði fjármagn til snjóruðnings á flugvellinum og til viðhalds vegar að honum?

925. Fyrirspurn [617. mál]

til menntamálaráðherra um tæknimenntun.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu margir hafa lokið tæknimenntun á háskólastigi á Íslandi?
2. Er til skoðunar að rýmka heimildir Tækniháskóla Íslands til að taka inn nemendur til að svara eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir tæknimenntun?

926. Fyrirspurn [618. mál]

til heilbrigðisráðherra um afgreiðslutíma lyfjaverslana.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Telur ráðherra að takmarkaður afgreiðslutími lyfjaverslana á höfuðborgarsvæðinu auki álag á bráðamóttökur og næturþjónustu lækna og ef svo er, telur ráðherra nauðsynlegt að bregðast við því?

927. Fyrirspurn [619. mál]

til menntamálaráðherra um aðsókn að Háskóla Íslands.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvernig ætlar ráðherra að bregðast við aukinni aðsókn að Háskóla Íslands?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Háskóli Íslands fái greiðslu fyrir stúdenta sem sóttu þar nám en ekki var greitt með á árunum 2001, 2002 og 2003?
3. Hvernig telur ráðherra að Háskóli Íslands hefði átt að bregðast við aukinni aðsókn frá

árinu 2001? Hefði átt að grípa til fjöldatakmarkana og ef svo er, hvernig sér ráðherra slíkar takmarkanir fyrir sér?

928. Fyrirspurn [620. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað við atvinnuleysisbætur.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hver hefði kostnaðurinn verið á liðnu ári ef atvinnuleysisbætur hefðu numið 75% af fyrri tekjum hins atvinnulausa en þó aldrei verið lægri en bæturnar voru á sl. ári og aldrei hærri en 375.000 kr.?
2. Hver hefði kostnaðurinn verið ef slíkar bætur hefðu verið greiddar
   a. fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis,
   b. fyrsta mánuðinn,
   en eftir það hefðu atvinnuleysisbæturnar verið óbreyttar frá því sem þær voru á árinu?
3. Hvaða áhrif hefðu mismunandi útfærslur, sbr. 2. tölul., haft á prósentuhlutfall tryggingagjalds?

Skriflegt svar óskast.

929. Skýrsla [621. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2003.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið er þingræðislegur vettvangur 45 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 626 fulltrúar sem skiptast til helminga, í aðalmenn og varamenn. Þá eiga 18 áheyrnarfulltrúar rétt til setu á þinginu. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóða-

sáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

3. Helstu málefni Evrópuráðsins og Evrópuráðsþingsins árið 2003.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnahags-, laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og á árinu náði stofnunin þeim merka áfanga að aðildarríkin urðu fjörutíu og fimm talsins þegar sambandsríki Serbíu og Svartfjallalands hlaut formlega aðild. Segja má að ríki Evrópuráðsins myndi nú eina órofa pólitíska heild og er óhætt að segja að með vaxandi verkefnum og auknum umsvifum undanfarin ár hafi vægi ráðsins aukist verulega. Á vettvangi ráðherranefndar Evrópuráðsins var nokkuð rætt um hugmyndir þess efnis á árinu að efna til þriðja leiðtogafundar ráðsins og hvaða málefni verði fjallað um þar. Fyrirhugað er að slíkur fundur

verði haldinn árið 2004. Þá varð framhald á umræðum um endurskipulagningu Mannréttindadómstóls Evrópu og liggur framkvæmdaáætlun fyrir í þá veru. Samskipti ESB og Evrópuráðsins hafa verið mjög í deiglunni undanfarin missiri og á árinu varð framhald á þeim umræðum, sérstaklega með tilliti til stækkunar ESB, stjórnarskrárdraga sambandsins og svokallaðrar réttindaskrár þess.

Framan af ári bar átökin í Tsjetsjeníu nokkuð hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins líkt og undangengin ár. Til skamms tíma var Evrópuráðsþingið verið nær eina alþjóðastofnunin sem hafði aðgang að Tsjetsjeníu. Höfðu kraftar ráðsins því verið nýttir til hins ýtrasta til að ná fram friðsamlegri lausn á deilum og átökum Tsjetsjena og Rússlandsstjórnar. Í mars var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu í Tsjetsjeníu um drög að stjórnarskrá landsins en framkvæmd kosninganna var afar umdeild. Eftirmál umræðu Evrópuráðsþingsins í aðdraganda kosninganna urðu til þess að sérlegur starfshópur þingsins í málefnum Tsjetsjeníu var leystur upp.

Af lýðræðis-, réttarfars- og eftirlitsmálum sem jafnan eru til meðferðar á Evrópuráðsþinginu var staða mála í Moldóvu, Georgíu, Aserbaídsjan og Armeníu ofarlega á baugi. Hvatti þingmannasamkundan ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr þeim vanda sem skapast hefði í þessum ríkjum á undanförnum árum.

Deilur um aðdraganda stríðsins í Írak og stríðsreksturinn sjálfan voru fyrirferðarmiklar á þinginu líkt og hjá flestum alþjóðastofnunum á síðasta ári og hélst sú umræða í hendur við umræður um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins á árinu 2003.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2003.

a. Fyrsti hluti þingsins.

Dagana 27.–31. janúar fór fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2003 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, og Kristján L. Möller, í fjarveru Margrétar Frímannsdóttur, auk Andra Lútherssonar ritara.

Á janúarfundi Evrópuráðsþingsins var m.a. efnt til umræðna um tjáningarfrelsi í evrópskum fjölmiðlum, stöðu mála í Tsjetsjeníu og ástand og horfur í Írak. Þá stóð til að Evrópuráðsþingið tæki stjórnarskrármál í furstadæminu Liechtenstein til umfjöllunar undir liðnum brýn umræða. Nokkur umræða hafði farið fram í stjórnmálanefnd þingsins um tillögur Hans Adams annars, fursta af Liechtenstein, að stjórnarskrárbreytingum sem færa mundu honum aukin völd og boðaða þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögurnar. Feneyjanefnd Evrópuráðsins, sem fjallar um stjórnskipuleg efni í aðildarríkjum ráðsins, hafði varað við tillögum furstans og sagt að um afturför væri að ræða sem stofnað gæti aðild ríkisins að Evrópuráðinu í hættu. Að mati nefndarinnar fælu tillögurnar í sér að ef ríkisstjórn Liechtenstein glataði trausti furstans yrði hún að víkja jafnvel þótt hún nyti stuðnings þingsins. Þá mundi furstinn geta vikið einstökum ráðherrum úr embætti með samþykki þingsins. Gagnrýnin beindist enn fremur að því að með samþykkt tillagnanna fengi furstinn neitunarvald gagnvart lagafrumvörpum og að engar stjórnarskrárbreytingar yrðu samþykktar án tilstillis hans. Ef tillögurnar næðu fram að ganga gæti furstinn gefið út neyðarlög sem takmörkuðu einstök ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar sem taka átti málefnið fyrir undir liðnum brýn umræða varð þingheimur að greiða atkvæði um hvort málið yrði tekið á dagskrá. Í atkvæðagreiðslu var fellt með naumum meiri hluta atkvæða að fjalla um málið.

Í upphafsræðu sinni á þinginu vék Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, að málefnum Íraks og þeim klofningi sem virtist vera að myndast í afstöðu vestrænna ríkja til

aðgerða gegn Íraksstjórn. Sagði hann að heimsbyggðin stæði á þröskuldi styrjaldar sem gæti haft umtalsverð hnattræn áhrif. Sagði hann að ályktanir Evrópuráðsþingsins um Írak skiptu miklu máli því að á þeirri samkomu væru saman komin hundruð þjóðkjörinna fulltrúa yfir 800 milljóna manna í 44 aðildarríkjum Evrópuráðsins. Innan þingsins væru uppi mismunandi skoðanir og viðhorf og endurspegluðust þau í umræðum. Sagði Schieder að örðugt væri að finna annan vettvang þar sem skoðanir Evrópubúa endurspegluðust svo gjörla. Þá vék hann að orðum varnarmálaráðherra Bandaríkjanna nokkrum dögum áður og sagði að ekki væri hægt að skipta álfunni upp milli „nýju Evrópu“ og „gömlu Evrópu“. Sagði hann að á síðasta ári hefði þingið ályktað um að forðast bæri vopnuð átök í Írak með öllu hugsanlegu móti og að leita þyrfti allra leiða til að finna friðsamlega lausn mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú afstaða hefði lítið breyst og sagði þingforsetinn að það væru fleiri en aðeins leiðtogar Frakklands og Þýskalands sem væru á þessari skoðun.

Sem fyrr voru málefni Tsjetsjeníu tekin til umræðu í stjórnmálanefnd þingsins og á þingfundi miðvikudaginn 29. janúar. Fyrir fundinum lá skýrsla Judds lávarðar sem ferðast hafði til Norður-Kákasushéraðsins, ásamt skýrsluhöfundum flóttamannanefndar og laga- og mannréttindanefndar, stuttu fyrir þingfundinn til að meta aðstæður. Í skýrslunni kom fram að afar lítið hefði þokast áfram hvað pólitíska lausn átakanna varðaði og að aðbúnaður Tsjetsjena væri enn bagalegur. Meginefni skýrslunnar var þó fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá Tsjetsjeníu sem boðuð hafði verið 23. mars 2003. Í skýrsludrögum Judds lávarðar kom fram það mat skýrsluhöfundar að það væri fjarri lagi að allar forsendur væru uppfylltar fyrir að unnt væri að efna til lögmætrar þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárdrögin, enn væru allt of margir þættir óljósir. Nefndi hann að áður en efnt yrði til atkvæðagreiðslu um svo mikilvægt mál yrðu að liggja fyrir raunhæf markmið með pólitísku friðarferli. Þá nefndi hann að svo virtist sem mörg stjórnarskrárdrög hefðu verið samin og að enn væri alls óljóst hverjir hefðu haft þá vinnu með höndum. Sagði hann að drög þau sem honum hefðu verið sýnd orkuðu nokkuð tvímælis. Þá sagði hann að sú vinna sem innt hefði verið af hendi við gerð kjörskráa væri afar ófullkomin og í raun enginn vegur að gera slíkar skrár fullbúnar fyrir boðaða þjóðaratkvæðagreiðslu. Sagði hann og að málefnin hefðu lítið sem ekkert verið kynnt fyrir Tsjetsjenum. Þá nefndi hann einnig að áhöld væru um hverjir hefðu kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslunni innan Tsjetsjeníu og jafnframt að brottfluttir Tsjetsjenar eða þeir sem flúið hefðu eða héldu sig í leynum væri, eðli málsins samkvæmt, ógerlegt að kjósa. Í ályktunardrögum var lagt til að kosningunum yrði frestað þar til unnt væri að mæta skilyrðum fyrir frjálsri og lögmætri atkvæðagreiðslu. Rússneska landsdeildin mótmælti þessu mati Judds lávarðar harðlega og sagði að mikill vilji væri fyrir því að efna til atkvæðagreiðslunnar í mars 2003, einnig meðal Tjsetsjena sem hefðu almennt fulla vitneskju um eðli málsins. Sagði hann að flóttamönnum yrði gert kleift að snúa til baka til héraðsins til þess eins að kjósa og að samkomulag hefði náðst við grannhéruð um skipulegar kosningaferðir úr flóttamannabúðum. Sagði Dmitrý Rogozín, formaður rússnesku landsdeildarinnar, að fyrirhugað þjóðaratkvæði væri mikilvægt skref fyrir friðarferlið í héraðinu og að það væri ábyrgðarhluti að tefja fyrir afgreiðslu málsins.

Á fyrsta þingdegi komu málefnanefndir saman og kusu í trúnaðarstöður. Á fundi félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar þingsins var Lára Margrét Ragnarsdóttir einróma endurkjörin formaður í annað sinn.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók til máls í fyrirspurnartíma Josephs Borgs, formanns ráðherraráðs Evrópuráðsins, og beindi þeirri spurningu til ráðherrans hvað Evrópuráðið hygðist taka sér fyrir hendur til að hvetja þau aðildarríki sem enn ekki hafa undirritað Evrópusáttmálann um mannréttindi og líftækni og bókunina um bann við klónun manna, til að gera það

hið fyrsta. Sagði Lára Margrét að þótt fregnir um að sértrúarsöfnuði hefði tekist að klóna barn væru ekki afar trúverðugar, þá væri mikilvægt að aðildarríki Evrópuráðsins undirrituðu sáttmálann og bókunina. Ráðherrann sagðist hafa ugg í brjósti vegna fregnanna og taldi að tækninni fleygði fram mun hraðar en menn gerðu sér grein fyrir. Sagði hann að Evrópuráðið hefði beitt sér innan Sameinuðu þjóðanna í málefnum tengdum líftækni og sagði afar mikilvægt að Evrópuríki sameinuðu afstöðu sína í þessu máli.

Lára Margrét tók þátt í umræðum um Tsjetsjeníu og sagðist í ræðu sinni vera á sama máli og skýrsluhöfundur, Judd lávarður, um að ákaflega mikilvægt væri að ná fulltrúum allra hinna ólíku afla sem í Tsjetsjeníu starfa að samningaborði og draga lærdóm af þeim átakasvæðum sem alþjóðasamfélagið hefði þurft að glíma við á síðustu árum og áratugum. Taldi hún að ef unnt yrði að „stofnanabinda" deilurnar og færa þær þannig inn á hið pólitíska svið mundu róttækustu öflin sjálfkrafa færast á hliðarlínuna. Þá vék hún að fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu í mars og sagðist vera henni algerlega andsnúin. Evrópuráðið yrði að standa fast á því að atkvæðagreiðslunni yrði frestað því að greinilegt væri að grundvallarforsendur væru langt frá því að vera uppfylltar. Sagði hún að meðan að Tsjetsjenar lifðu í ótta, flóttamönnum væri gert ómögulegt að kjósa í frjálsum kosningum og grafið væri undan störfum Evrópuráðsins væri fullljóst að allt of snemmt væri að efna til slíkrar atkvæðagreiðslu. Sagði Lára Margrét að ef Evrópuráðið legði blessun sína yfir þjóðaratkvæðagreiðsluna í mars, að öllu óbreyttu, mundi orðstír þess bíða varanlegan skaða. Ótækt væri að Evrópuráðið væri verkfæri í höndum eins aðildarríkis þess og lagði hún áherslu á að Rússar yrðu að getað tekið réttmætri gagnrýni.

Lára Margrét mælti fyrir tveimur skýrslum félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar þingsins, annars vegar fyrir skýrslu Ungverjans Gyula Hegyi um stefnu í félagsmálum og málefnum eldri borgara og hins vegar fyrir skýrslu ungverska þingmannsins Lászlós Surjáns, um félagslega stöðu fatlaðra. Þá var Lára Margrét meðflutningsmaður tveggja breytingartillagna, annars vegar við tilmæli þingsins um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum í Evrópu og hins vegar við ályktun þingsins um stöðu mála í Írak.

Málefni Tsjetsjeníu ollu talsverðu uppnámi í umræðum á þinginu. Mikill fjöldi breytingartillagna við ályktunardrög stjórnmálanefndarinnar hafði verið lagður fram af hálfu rússnesku landsdeildarinnar og annarra og var flestum tillögum hafnað, bæði í meðförum nefndar og á þingfundi. Hins vegar gerðust óafturkræf mistök í afgreiðslu breytingartillagna á þingfundi með þeim afleiðingum að texti um að Evrópuráðsþingið teldi að útilokað væri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslunnar í mars, sökum þess að grundvallarforsendum yrði ekki fullnægt, var felldur úr ályktuninni.

Þingfundinn ávörpuðu: Abdullah Gül, forsætisráðherra Tyrklands, Bruce George, forseti þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Enrique Jackson Ramirez, forseti öldungadeildar mexíkóska þingsins, Fenech Adami, forsætisráðherra Möltu, Joseph Borg, utanríkisráðherra Möltu, sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Denis MacShane, Evrópumálaráðherra Bretlands, Claudine Boisseau, ráðherra málefna fatlaðra í ríkisstjórn Frakklands, og Thomas Klestil, forseti Austurríkis.

b. Annar hluti þingsins.

Dagana 31. mars–4. apríl fór annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2003 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, varaformaður, og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara.

Á aprílfundi Evrópuráðsþingsins, sem var haldinn fyrr en undangengin ár, var m.a. efnt til brýnnar utandagskrárumræðu um ástandið í Írak og afstöðu Evrópuríkja til þeirra. Þá var umræða um skýrslu og ályktunardrög þýska þingmannsins Rudolfs Bindigs (fulltrúa laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins) um ástand mannréttindamála í Tsjetsjeníu. Í skýrslunni var vikið að því að ef finna ætti varanlega pólitíska lausn mála í héraðinu yrði mannréttindabrotum að linna og draga þá til saka sem gerst hefðu sekir um slík brot. Taldi skýrsluhöfundur að meginástæða þess að svo umfangsmikil mannréttindabrot hefðu viðgengist væri sú að rússneskir hermenn og tsjetsjenskir vígamenn hefðu ekki verið látnir bera ábyrgð á gerðum sínum. Lagði skýrsluhöfundur til að menn leituðu leiða til að draga þá sem sekir hefðu gerst til ábyrgðar, m.a. með því að stofna til sérlegs stríðsglæpadómstóls í málefnum Tsjetsjeníu-héraðs. Mættu ályktunardrögin eindreginni andstöðu rússnesku landsdeildarinnar á Evrópuráðsþinginu. Þess má geta að breski þingmaðurinn Judd lávarður, sem sinnt hafði málefnum Tsjetjseníu-héraðs fyrir hönd stjórnmálanefndar þingsins, hafði nokkrum vikum fyrir aprílfundinn sagt af sér stöðu skýrsluhöfundar nefndarinnar vegna deilna sem upp komu á janúarfundi þingsins vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárdrög fyrir Tsjetsjeníu-hérað. Atkvæðagreiðslan fór fram í lok marsmánaðar og fór á þá leið að um 90% þeirra sem greiddu atkvæði voru fylgjandi stjórnarskrárdrögunum. Hvorki Evrópuráðið né Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hafði eftirlit með atkvæðagreiðslunni.

Þá tók þingið fyrir skýrslu breska þingmannsins Michael Hancocks (fulltrúa flóttamannanefndar Evrópuráðsþingsins) sem fjallaði um sameiginlega stefnu í málefnum flóttamanna og hælisleitenda. Í skýrslu sinni sagði Hancock að brýnt væri að aðildarríki Evrópuráðsins sammæltust um lágmarksskilyrði hvað varðar meðhöndlun farandverkamanna og hælisleitenda. Í sameiginlegri stefnu ríkjanna ætti að koma fram að hælisleitendur mætti eingöngu setja í varðhald undir afar sérstökum kringumstæðum og að þeir ættu rétt á endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð og túlkun. Þá var tilgreint að hælisleitendur ættu að eiga kröfu á að fá skorið úr um mál sín innan sex mánaða og jafnframt að þeir ættu rétt til áfrýjunar ef farið yrði fram á að þeim yrði vísað úr landi. Þingið fjallaði einnig um skýrslu Bretans Malcolm Bruce (fulltrúa laga- og mannréttindanefndarinnar) um verndun táknmáls fyrir heyrnarlausa í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Í skýrslunni var táknmálið skilgreint á sama hátt og tungumál minnihlutahópa og þess farið á leit að það nyti sömu lagalegu verndar. Í skýrslunni og ályktunardrögum hennar kom fram að sérstök bókun við Evrópusáttmálann um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa mundi gefa heyrnarlausum færi á að aðlagast betur samfélagi sínu og veita þeim aukin tækifæri í réttar- og menntakerfi og atvinnulífi aðildarríkja Evrópuráðsins. Þá voru aðildarríkin m.a. hvött til að efla menntun í táknmáli og leggja meira af mörkum til textunar efnis í sjónvarpi.

Málefni Íraks voru fyrirferðarmikil á aprílfundinum enda aðeins nokkrir dagar liðnir frá því að hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna, Breta og bandamanna þeirra hófust í landinu. Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, vék að stöðu mála í Írak í upphafsávarpi sínu og rifjaði upp að fulltrúar þingsins hefðu, á janúarfundi þess, ályktað um að vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna ættu að fá tíma og ráðrúm til að leita að gereyðingarvopnum í landinu. Minnti hann jafnframt á að þingið hefði ályktað í þá veru að ekki væru nein tengsl milli hryðjuverkahópsins al Qaeda og stjórnvalda í Írak. Í þessu ljósi hefði það verið afstaða Evrópuráðsþingsins að hernaðaraðgerðir gegn ríkjandi valdhöfum í Bagdad væru ekki lögmætar nema ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna lægi fyrir. Sagði Schieder að svo hefði ekki verið í janúar og svo væri ekki heldur nú við upphaf aprílfundar Evrópuráðsþingsins. Sagði hann að Bandaríkjastjórn og jafnframt þónokkur aðildarríki Evrópuráðsins hefðu skellt

skollaeyrum við ályktun Evrópuráðsþingsins sem og yfirlýstum vilja alþjóðasamfélagsins. Harmaði hann þessa afstöðu og sagðist jafnframt vilja að hernaðaraðgerðum yrði hætt án tafar og að málefni Íraks yrðu færð undir Sameinuðu þjóðirnar á ný.

Fimmtudaginn 3. apríl gerðist Serbía og Svartfjallaland, nýstofnað ríkjasamband gamla sambandsríkisins Júgóslavíu, 45. aðildarríki Evrópuráðsins við hátíðlega athöfn þegar fáni ríkisins var dreginn að húni fyrir utan Evrópuráðshöllina í Strassborg. Með aðild Serbíu og Svartfjallalands að ráðinu má segja að afar mikilvægum áfanga í sameiningu Evrópu í eina órofa heild hafi verið náð. Var aðildin einnig mikilvæg pólitísk stuðningsyfirlýsing til stjórnvalda í Belgrad á umbrotatímum en aðeins nokkrum vikum fyrr hafði Zoran Djindjic, forsætisráðherra Serbíu, verið veginn af handbendum skipulegra glæpasamtaka í Belgrad.

Lára Margrét Ragnarsdóttir flutti ræðu í umræðum þingsins um stöðu mannréttindamála í Tsjetsjeníu og setti þar ástandið í samhengi við aðrar vár sem uppi væru í alþjóðamálum. Sagðist hún harma framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar en jafnframt að nú yrðu menn að horfa fram á veginn og starfa í þeim pólitíska raunveruleika sem við blasti. Sagði hún að ef marka mætti mat skýrsluhöfundar ættu rússnesk stjórnvöld afar margt eftir ógert í héraðinu til að skapa forsendur fyrir langvarandi friði. Traust væri það sem menn yrðu að byggja á og því væri brýn þörf á að upplýsa um ýmislegt sem miður hefði farið á síðustu mánuðum. Tiltók Lára Margrét sérstaklega að upplýsingar yrði að veita um afdrif hins mikla fjölda manna sem hnepptur hefði verið í gæsluvarðhald af rússneskum hersveitum og afdrif fanga þeirra sem sérlegur starfshópur Evrópuráðsins hefði heimsótt á síðasta ári. Þá innti hún eftir frekari upplýsingum um fjöldagrafir. Sagði Lára Margrét að meðan þessum og öðrum knýjandi spurningum væri ósvarað væri lítil von til þess að nauðsynlegt lágmarkstraust skapaðist.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fulltrúi flokkahóps hægrimanna í umræðum um skýrsludrög svissneska þingmannsins Andreas Gross (fulltrúa stjórnmálanefndarinnar) um Evrópu og stríðið í Írak og harmaði í ræðu sinni að eftir tólf ára þrætur við ríkisstjórn Íraks hefði Bandaríkjamönnum, Bretum og bandamönnum þeirra ekki verið fært annað en að beita hernaðaraðgerðum til að koma fram yfirlýstum vilja alþjóðasamfélagsins. Rakti hún stuttlega blóðugan valdaferil Íraksforseta og sagði að áþján sú sem íraskur almenningur hefði þurft að ganga í gegnum á því tímabili væri meiri en orð fengju lýst. Lagði Lára Margrét áherslu á að íröskum stjórnvöldum hefði gengið aðeins eitt til, að viðhalda eigin völdum hvað sem það kostaði. Gilti þá einu hvort ráðist hefði verið á grannríki, vilji alþjóðasamfélagsins virtur að vettugi eða eigin þegnar beittir pólitísku ofbeldi og kúgunum. Þá spurði hún hvernig á því stæði að alþjóðasamfélaginu hefði ekki auðnast að fylkja sér sameiginlega um afstöðuna gagnvart Saddam Hussein og ríkisstjórn hans og taldi hún að sum Evrópuríki bæru þar mikla ábyrgð. Rakti hún aðdraganda ályktunar 1441 í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og eftirmál hennar og spurði hvort Bandaríkjamönnum og Bretum hefði verið gert nokkuð annað kleift en að beita hernaðaraðgerðum í ljósi eindreginnar afstöðu Frakka um að beita neitunarvaldi gegn nokkurri viðbótarályktun í öryggisráðinu. Í því tilliti minnti hún á getuleysi Evrópuríkja til að beita sér í átökunum í Bosníu-Hersegóvínu og Kosovo-héraði á síðasta áratug. Sagði Lára Margrét að við alþjóðasamfélaginu blasti nú það risavaxna verkefni að leysa úr ágreiningsefnum og vonaðist til að Evrópuráðsþinginu auðnaðist að senda frá sér marktæk skilaboð þess efnis.

Lára Margrét lagði fram tvær breytingartillögur við ályktunardrög stjórnmálanefndarinnar. Í þeirri fyrri var farið fram á að orðalagi um aðdraganda átakanna í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna væri breytt og vísað til þess mikla fjölda ályktana sem Írakar hefðu hunsað. Var tillagan studd með þeim orðum að óbreytt ályktun gerði lítið úr þeim samningsvilja sem Bretar og Bandaríkjamenn hefðu þó sýnt innan öryggisráðsins og spurði Lára Margrét hvort

Þjóðverjar, Frakkar og Rússar legðu annan skilning í orðalagið „alvarlegar afleiðingar“ en önnur ríki. Tillagan var felld. Í síðari breytingartillögu þingmannsins fór hún fram á orðalagsbreytingar í ályktuninni þar sem vikið var að ábyrgð fjölmiðla um að varast miðlun „and-bandarískra og and-evrópskra tilfinninga“. Í rökstuðningi með tillögunni sagði Lára Margrét að í ljósi þess að átökin í Miðausturlöndum hefðu valdið deilum og væringum um heimsbyggðina alla væri orðalag þetta of bundið Bandaríkjunum og Evrópu og lagði til að því yrði breytt í „and-þjóðernislegra tilfinninga og trúarlegrar óbilgirni“. Alls voru sjö breytingartillögur lagðar fram gegn téðu orðalagi ályktunarinnar. Skýrsluhöfundur sagðist vera sammála Láru Margréti um að orðalag ályktunarinnar væri of þröngt en lagði til að þingheimur samþykkti aðra tillögu, svipaðs efnis, og varð það niðurstaðan.

Ályktunardrög stjórnmálanefndarinnar voru afar umdeild og voru alls rúmlega 50 breytingartillögur lagðar fram. Athygli vakti hve fáir tóku þátt í atkvæðagreiðslum.

Þingfundinn ávörpuðu: Dragoljub Micunovic, forseti þings Serbíu og Svartfjallalands, Joseph Borg, utanríkisráðherra Möltu sem fer með formennsku ráðherraráðs Evrópuráðsins, og Simeon Saxe-Coburg Gotha, forsætisráðherra Búlgaríu.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 23.–27. júní fór þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2003 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, og Össur Skarphéðinsson, í fjarveru Margrétar Frímannsdóttur, auk Andra Lútherssonar ritara.

Á júnífundi Evrópuráðsþingsins var m.a. efnt til brýnnar utandagskrárumræðu um Evrópuráðið og Framtíðarráðstefnu Evrópusambandsins (ESB). Málefni ESB og Framtíðarráðstefnu sambandsins hafa verið nokkuð til umræðu á Evrópuráðsþinginu undangengin missiri og hafa þingmenn þar haft af því nokkrar áhyggjur að ESB hygðist hrinda í framkvæmd svonefndri réttindaskrá ESB, sem í grunninn er afar áþekk mannréttindasáttmála Evrópu, án þess þó að ESB gerist formlegur aukaaðili að Evrópuráðinu eins og margsinnis hefur verið boðið á undanförnum árum. Hafa áform ESB um sjálfstæða réttindaskrá vakið hjá fulltrúum Evrópuráðsþingsins nokkurn ugg um framtíð Evrópuráðsins sjálfs, þ.e. að með áformum ESB væri verið að kippa fótum undan starfsemi Evrópuráðsins án þess að stofnunin sem slík hefði mikið um það að segja. Nokkrir fastafulltrúa Framtíðarráðstefnunnar eiga jafnframt sæti á Evrópuráðsþinginu og hafa þeir reynt að beita áhrifum sínum í þá veru að ESB undirritaði mannréttindasáttmálann. Í skýrslu Evrópuráðsþingsins var árangri ESB og starfi Framtíðarráðstefnunnar fagnað og það sögð mikil tímamót í Evrópusamstarfi að ESB fengi sína eigin stjórnarskrá. Fagnaði þingið jafnframt því að ESB er gert lagalega kleift að gerast aðili að mannréttindasáttmála Evrópu í stjórnarskrárdrögunum sem og að þar er mælst til frekara samstarfs. Gera tilmæli þingsins ráð fyrir að ráðherraráð Evrópuráðsins styðji ESB heilshugar í því að sambandið gerist fullur aðili að mannréttindasáttmálanum eins og fram kæmi í stjórnarskrárdrögunum sem fjallað yrði um á næstu ríkjaráðstefnu haustið 2003. Þó harmar þingið að ekki skuli vera minnst á Evrópuráðið í stjórnarskrárdrögunum þar sem rætt er um „nánasta umhverfi Evrópusambandsins“ og minnir á að Evrópuráðið er órofa heild 45 Evrópuríkja sem tengjast innbyrðis í starfi sem grundvallast á yfir 190 milliríkjasáttmálum, heildstæðu evrópsku samfélagi þar sem ríkjum er ekki skipt í flokka. Er farið fram á að vegur Evrópuráðsins verði aukinn í stjórnarskrárdrögunum með því að vísa í: sáttmála þá sem Evrópuráðið stendur vörð um, árangurinn af starfi Evrópuráðsins í því að koma í veg fyrir hættuástand innan álfunnar á undangengnum áratugum og styrkja forsendur friðar, og farsælt eftirlit Evrópuráðsins með skuldbindingum aðildarríkja á sviði lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins. Miklar umræður urðu um skýrslu stjórnmálanefndar þingsins (skýrsluhöfundur:

Theodores Pangalos frá Grikklandi) þótt flestir fögnuðu þeim merka árangri Framtíðarráðstefnunnar að hafa náð að semja drög að stjórnarskrá sambandsins á aðeins 16 mánaða tímabili og fá þau samþykkt á leiðtogafundi ESB í Grikklandi fyrr í mánuðinum. Misjafnar skoðanir voru hins vegar á því hvort stjórnarskrárdrögin gengju of langt eða skammt og virtust margir þeirra sem tóku til máls vonast til þess að drögin tækju nokkrum breytingum í meðförum ríkisstjórna á ríkjaráðstefnunni sem boðað hafði verið til um haustið. Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, tók þátt í umræðunum og sagði frá bréfaskiptum sínum og framkvæmdastjórnar ESB og formanns Framtíðarráðstefnunnar um tengsl Evrópuráðsins og ESB í stjórnarskránni. Hvatti Schwimmer þingmenn þeirra Evrópuráðsríkja sem jafnframt væru aðilar að ESB að beita áhrifum sínum svo að ályktanir Evrópuráðsþingsins næðu fram að ganga. Í máli afar margra komu fram varnaðarorð í þá veru að forðast bæri að ESB teygði sig um of inn á þá braut sem Evrópuráðið hefði varðað á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkis og að forðast bæri átök stofnananna í millum. Í upphafsávarpi Peters Schieders, forseta Evrópuráðsþingsins, var drepið á stjórnarskrárdrögin og sagði hann að að öllu lagatæknimáli slepptu snerust markmið Evrópuráðsins um að ESB gerðist aukaaðili að Evrópuráðinu. Sagðist hann fagna að Framtíðarráðstefnan hvetti ESB til þess að gerast aðili að mannréttindasáttmála Evrópu sem mundi leiða til þess að Evrópubúar, hvar sem þeir búa, nytu sömu verndar hvað mannréttindi varðar. Schieder sagðist hins vegar vilja að stofnanatengsl ESB og Evrópuráðsins yrðu aukin enn frekar og að sambandið gerðist aukaaðili að Evrópuráðinu og þar með aðili að öllum sáttmálum þeim sem það stendur vörð um.

Miðvikudaginn 25. júní var efnt til umræðu um skýrslu jafnréttisnefndar þingsins um mansal og vændi. Skýrsluhöfundur var Ans Zwerver frá Hollandi. Umræðan vakti nokkra athygli enda hafa vandamál tengd mansali verið ofarlega á baugi í Evrópu síðastliðna mánuði og missiri. Í skýrslunni var rætt um að Evrópuráðið væri kjörinn vettvangur til að taka á þessum vanda þar sem öll aðildarríkin frá Kákasus-héraðinu til Vestur-Evrópu tengdust mansali með einum eða öðrum hætti. Hefur vandinn aukist gríðarlega að umfangi síðustu ár og er nú svo komið að innan álfunnar er mansal og vændi þriðja umfangsmesta skipulega glæpastarfsemin á eftir eiturlyfjasmygli og ólöglegri sölu vopna. Alls er talið að um 120.000 konur og börn séu flutt frá austanverðri Evrópu til Vestur-Evrópu árlega fyrir tilstuðlan glæpasamtaka og að flestir þessara einstaklinga séu neyddir til að stunda vændi. Í tilmælum skýrslunnar er m.a. hvatt til þess að hvert og eitt aðildarríki Evrópuráðsins útnefni sérlegan eftirlitsmann með mansali og að efnt verði til almennrar vitundarvakningar um vandann.

Þá var tekin til umræðu skýrsla laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um réttindi fanga sem bandarísk stjórnvöld hafa haft í haldi við Guantanamo-flóa eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Skýrsluhöfundur var Kevin McNamara frá Bretlandi. Í skýrslunni kemur fram að samkvæmt nýjum tölum heldur Bandaríkjastjórn 680 einstaklingum föngnum í herstöð sinni við Guantanamo-flóa og eru þeir frá 43 þjóðríkjum. Segir þar enn fremur að í dag, 18 mánuðum eftir að fangelsið var sett á laggirnar, væru lítil merki um að dregið verði úr starfseminni að sinni. Örfáir fangar hefðu verið sendir til baka til heimalands síns og er skýrsluhöfundur jafnframt gagnrýninn á aðbúnað fanganna sem hann segir vera undir lágmarksskilyrðum Sameinuðu þjóðanna. Megingagnrýni skýrsluhöfundar fólst þó í því að Bandaríkjastjórn bryti ákvæði Genfarsáttmálanna með starfrækslu fangelsins og að afar óljóst sé á hvaða forsendum einstaklingunum er haldið föngnum þar sem skilgreining Bandaríkjastjórnar á „ólöglegum stríðsmönnum“ (e. unlawful combatants) samræmist í engu skilgreiningum í alþjóðalögum. Hvatti skýrsluhöfundur til þess að Evrópuráðið beitti sér fyrir úrlausn mála í Guantanamo-flóa og sagði að á sama tíma og alþjóðasamfélagið fordæmdi

hryðjuverkin í Bandaríkjunum og þau sem síðar hefðu orðið, þá bæri ríkisstjórnum skylda til að gæta þess að grundvallarmannréttindum sé ekki varpað fyrir róða. Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, vék sérstaklega að þessu máli í upphafsávarpi sínu og sagði að hundruðum manna væri haldið í Guantanamo-herstöðinni án þess að hafa verið ákærðir fyrir stríðsglæpi eða verið auðkenndir sem stríðsfangar. Sagði hann að alþjóðasamfélagið mætti ekki þegja þunnu hljóði vegna ástands þessa og að mannleg reisn og grundvallarmannréttindi ættu ávallt að liggja til grundvallar, jafnvel þegar barist væri gegn jafnskæðri vá og hryðjuverkum. Vonaðist hann til að unnt yrði að ræða þessi málefni við Bandaríkjastjórn fordómalaust.

Meðal annarra mála sem hátt bar í störfum Evrópuráðsþingsins á júnífundinum og vöktu nokkra athygli og umtal var staða palestínskra flóttamanna (skýrsluhöfundur var Olav Akselsen frá Noregi), umræðan um landbúnaðarmál og stækkun Evrópusambandsins (skýrsluhöfundur var Marcin Libicki frá Póllandi), og málefni Kýpur (skýrsluhöfundar voru Svisslendingurinn Dick Marty og Finninn Jaako Laakkso). Þess má geta sérstaklega að Franz Fischler, sem fer með landbúnaðarmál í framkvæmdastjórn ESB, tók þátt í umræðum um landbúnaðarmál og stækkun ESB. Þar ræddi hann m.a. um sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB (CAP) og tók undir orð skýrsluhöfunda um brýna nauðsyn þess að endurbæta og einfalda þá stefnu. Tveimur dögum eftir umræðurnar á Evrópuráðsþinginu bárust fregnir af því að ESB hefði náð tímamótasamkomulagi um endurbætur á hinni mjög svo umdeildu sameiginlegu landbúnaðarstefnu eftir maraþonfund í Brussel.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Þá tók Össur Skarphéðinsson þátt í umræðum um skýrslu jafnréttisnefndarinnar um vændi og mansal og var útnefndur talsmaður flokkahóps jafnaðarmanna í umræðunum. Í ræðu sinni sagði Össur að mansal og vændi væri sá vandi sem vaxið hefði hvað hraðast í álfunni á undanförnum árum og að með glæpum þeim sem tengdust slíkri starfsemi væri vegið að einstaklingsbundnum rétti manna með slíkum hætti að hrikalegt væri. Sagði hann að sem talsmaður flokkahóps síns neitaði hann að trúa því að ekkert væri unnt að gera til að stemma stigu við þessum vágesti og að vændi væri óhjákvæmilegur fylgifiskur 21. aldar. Taldi hann að Evrópuráðið yrði að taka fast á þessum vanda og sagði að skortur á sameiginlegri stefnu væri sannarlega í hróplegu ósamræmi við það hvernig Evrópubúar stæðu vörð um mannréttindi almennt. Minnti þingmaðurinn fulltrúa Evrópuráðsþingsins á að afleiðingar mansals og vændis væru áþreifanlegar í félagslegum skilningi – ungar konur og börn hefðu verið rænd æsku sinni, framtíð og mannlegri reisn og sagði hann að ástæður þessa vanda væru augljósar. Glæpahringir þrifust á fátækt, örvinglan, þekkingarskorti, stríðsátökum og félagslegu róti. Þetta væru jafnframt þeir þættir sem ráðast yrði gegn. Að endingu vék Össur sérstaklega að tveimur þáttum. Annars vegar sagði hann það afar mikilvægt að ræða opinskátt eftirspurnarhlið vændis og benti sérstaklega á framtak Svía en í Svíþjóð hafa kaup á vændi verið gerð ólögleg. Á hinn bóginn benti hann á einn svartasta blett í starfi alþjóðasamfélagsins sem væri sá að í kringum friðargæsluverkefni og alþjóðastarf á óróasvæðum í álfunni hefði sprottið upp markaður sem þrifist á vændi og mansali. Þetta yrði að uppræta án tafar. Að lokum sagði Össur að aðildarríkjum Evrópuráðsins bæri að fylgja fordæmi ályktunar og tilmæla Evrópuráðsþingsins.

Þingfundinn ávörpuðu: Dr. Franz Fischler, sem fer með landbúnaðar- og sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Rudolf Schuster, forseti Slóvakíu, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, og Nicolae Dudau, utanríkisráðherra Moldóvu sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins fyrri hluta árs 2003.

d. Fjórði hluti þingsins.

Dagana 25. september–2. október fór fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2003 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara.

Septemberfundur Evrópuráðsþingsins var með nokkuð öðru sniði en hingað til hefur tíðkast og var fundavikan mun lengri en áður. Ástæða þessa var að fimmtudaginn 26. september var efnt til sameiginlegs fundar með Evrópuþinginu í Strassborg og fór fundurinn fram í Evrópuráðshöllinni. Föstudaginn 27. september voru nefndafundir og laugardaginn 28. september fóru fram fundir flokkahópa og ýmiss konar ráðstefnur á þeirra vegum. Mánudagsmorguninn 29. september hófust síðan venjubundnir fundir Evrópuráðsþingsins og stóðu þeir þar til síðdegis fimmtudaginn 2. október. Fyrirkomulag þetta hefur aldrei verið reynt fyrr og má með sanni segja að það mæltist afar illa fyrir meðal þingmanna og embættismanna sem fundina sóttu. Um óþarflega langan tíma var að ræða og ekki bætti úr skák að hinn sameiginlegi fundur með Evrópuþinginu var afar illa sóttur af hálfu Evrópuþingmanna. Komu flokkahópar og ritarar landsdeilda gagnrýni sinni á framfæri og var það von ýmissa, m.a. Íslandsdeildar, að ekki yrði efnt til slíkra sameiginlegra funda í bráð, ef það þýddi lengri vist í Strassborg á kostnað annarra starfa í þjóðþingunum sjálfum.

Fyrirkomulag hins sameiginlega fundar Evrópuráðsþingsins og Evrópuþingsins var þannig að forsetar þinganna, Peter Schieder, forseti Evrópuráðsþingsins, og Pat Cox, forseti Evrópuþingsins, héldu ávörp og því næst tóku talsmenn flokkahópa til máls í tveimur aðskildum umræðum. Annars vegar var umræða um Framtíðarráðstefnu Evrópusambandsins, stjórnarskrárdrög hennar og framtíðarsamstarf Evrópusambandsins og Evrópuráðsins. Hins vegar var rætt um frelsi í flutningum milli landa, fólksflutninga og landamæravörslu. Ekki gafst tóm til frekari umræðna en þeirra sem talsmenn flokkahópanna lögðu til. Á fundinum var samþykkt sameiginleg yfirlýsing forseta þinganna sem tók til málefnanna tveggja sem rætt var um. Í yfirlýsingunni var kveðið á um að Evrópuráðið og ESB yrðu að koma í veg fyrir hvers kyns tvíverknað og að auka bæri samstarf stofnananna með víðtækum hætti. Var störfum Framtíðarráðstefnunnar fagnað og tilgreint að stjórnarskrárdrögunum bæri að vera forsenda næstu ríkjaráðstefnu ESB. Þá var hnykkt á stuðningi við aðild ESB að mannréttindasáttmála Evrópu og mælst til þess að efnt verði til aukinnar samvinnu milli þingmanna sem sitji á alþjóðlegum þingmannasamkundum og þjóðkjörinna þingmanna. Þá var hvatt til aukins samstarfs milli Evrópusambandsins og Evrópuríkjanna í austurvegi, sérstaklega hvað varðar viðskipti og efnahagsstjórn, varnir og öryggismál og löggæslumál. Í yfirlýsingunni var einnig vikið að málefnum er lúta að frelsi í flutningum manna milli landa og kveðið á um þörfina á því að viðhalda skilvirkri, sameiginlegri stefnu í málefnum flóttamanna og innflytjenda og nauðsyn þess að efla og viðhalda því samstarfi sem náðst hefði við ríki sem stæðu utan ESB. Þá var einnig hvatt til áframhaldandi vinnu við frumkvæði Evrópuráðsins um fullnustu Evrópusáttmála um mansal og aðildarríkin hvött til stuðnings við slíkan sáttmála. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar, sagði í framlagi sínu til umræðunnar um frelsi í flutningum milli landa, fólksflutninga og landamæravörslu að ýmsar vár stæðu fyrir dyrum alþjóðasamfélagsins um þessar mundir og þá sérstaklega Vesturlanda. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, mansal, eiturlyfjasmygl, vinnuþrælkun og barnaþrælkun væru dæmi um þann vanda sem væri aðsteðjandi og benti Sólveig á að á sama tíma og hindrunum á ferðum manna milli landa og heimsálfa fækkaði ört þá spryttu upp glæpasamtök sem leituðust við að hagnýta færar leiðir til starfsemi sinnar. Sagði hún að eina leiðin til að stemma stigu við slíkri starfsemi væri með skilvirkri milliríkjasamvinnu. Með tilliti til þessa

ræddi Sólveig um Schengen-samstarfið og jákvæða reynslu Íslands af því. Schengen-samkomulagið væri ekki aðeins tæki til að fækka hindrunum heldur einnig afar áhrifarík leið til að sporna við ólöglegum flutningi fólks og skipulegri glæpastarfsemi.

Af málefnum þeim sem rædd voru á fundi Evrópuráðsþingsins kenndi ýmissa grasa líkt og fyrr. Hæst bar utandagskrárumræður um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í Írak og umræður um sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda og hælisleitenda. Þá var enn fremur rætt um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins og ógnir þær sem steðja að lýðræðinu frá öfgahópum og öfgaflokkum í Evrópu. Ræða átti umdeilda skýrslu félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndarinnar um líknardráp sem rituð var af svissneska þingmanninum Dick Marty, en komið var í veg fyrir að skýrslan og ályktunardrögin yrðu tekin fyrir á þingfundi og var málinu vísað aftur til nefndar. Í skýrsludrögunum, sem vakið hafa mikla athygli á alþjóðavettvangi, var hvatt til þess að málefni sem tengdust líknardrápi væru rædd opinskátt og að aðildarríki Evrópuráðsins hugleiddu breytingar á löggjöf með það að markmiði að ekki yrði lengur unnt að sækja lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn til saka fyrir að aðstoða dauðvona sjúklinga við að svipta sig lífi (með vísan til tiltekinna skilyrða þess efnis). Þess má geta að í áliti laga- og mannréttindanefndarinnar kom hins vegar fram að ef að ákvæði ályktunarinnar kæmust til framkvæmda væri vegið að reisn og rétti sjúklinga. Er það afar sjaldgæft að málum sé vísað aftur til nefndar og líklega til marks um hve djúpt þetta mál ristir í vitund fulltrúa Evrópuráðsþingsins, óháð þjóðerni, flokkum eða flokkahópum.

Tekin var fyrir á fundinum ályktun stjórnmálanefndarinnar um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í Írak og urðu nokkrar umræður um málið. Í ályktuninni komu fram áhyggjur fulltrúa Evrópuráðsþingsins af stöðu mála í landinu og hve illa gengi að koma á almennu öryggi. Harmaði þingið þann mikla ágreining sem fram hefði komið innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og áhrif þessa á framtíðarskipan mála í Írak. Sagði og í ályktuninni að pólitískt stöðugt og efnahagslega farsælt Írak væri lykill að friði í Miðausturlöndum og voru fastaríki öryggisráðsins hvött til þess að yfirstíga þann ágreining sem hefði skapast. Þá hvatti þingið aðildarríki Evrópuráðsins til að leggja sitt af mörkum til að koma völdum sem fyrst aftur í hendur Íraka og að hraða undirbúningi almennra kosninga í landinu. Þá var á fundinum tekin fyrir skýrsla danska þingmannsins Hanne Severinsen, fyrir hönd eftirlitsnefndarinnar, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins. Í skýrslunni kom fram að þrátt fyrir að Úkraína hefði sýnt nokkurn árangur hvað skuldbindingar sínar varðaði þá væri enn nokkuð langt í land með að forsendum réttarríkisins væri fullnægt. Var þetta í sjöunda sinn sem eftirlitsnefndin skilar skýrslu um Úkraínu og í máli Severinsens kom fram að áhersla að þessu sinni væri lögð á löggjöf í landinu með það fyrir augum að auka tiltrú almennings á réttarkerfinu og efla sjálfstæði dómara. Þá vék hún að tilfinnanlegum skorti á úrbótum hvað varðar refsivist og framkvæmd kosninga auk þess sem hún ræddi um æ ríkari tilhneigingu forseta landsins til að stjórna fjölmiðlum. Í ályktuninni var farið fram á að nánu eftirliti Evrópuráðsþingsins í Úkraínu yrði fram haldið um ókomna framtíð.

Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og talsmaður flokkahóps evrópskra hægrimanna (EDG) í umræðum um sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda og hælisleitenda, lagði á það áherslu í ræðu sinni að menn mættu ekki missa sjónar á því að á sama tíma og landamæri opnuðust og hagsæld af því hlytist þá væru ávallt til staðar aðilar sem leituðust eftir því að hagnast á ólöglegum flutningi fólks. Sagði Sólveig að mansal og flutningur fólks milli landa með blekkingum eða þvingunum væri mikill blettur á alþjóðasamfélaginu og að það væri skylda stjórnvalda aðildarríkja Evrópuráðsins að tryggja öryggi landanna gagnvart slíkum glæpum. Hvað þetta varðaði væri alþjóðleg samvinna í

landamæravörslu, löggæslu og fræðslu og þjálfun opinberra starfsmanna afar mikilvæg og í raun grunnurinn að þeim skilvirku og sanngjörnu úrræðum sem stjórnvöld sæktust eftir. Sagði hún að heildstæð löggjöf í þessa veru væri bæði í almannaþágu sem og í þágu innflytjenda og hælisleitenda. Væri afar mikilvægt að hinir síðarnefndu gætu gengið að skýrum upplýsingum um feril sinna mála og að forsendur ferlisins væru ávallt hinar sömu. Nefndi Sólveig máli sínu til stuðnings jákvæða reynslu Íslendinga af Schengen-samstarfinu sem hefði fært samstarfsríkjunum afar skilvirkar leiðir til að tryggja frjálsa flutninga fólks milli landa og á sama tíma styrkt alþjóðlega samvinnu og úrbætur innan samstarfsríkjanna. Ræddi Sólveig enn fremur um útlendingalögin frá 2002 og jákvæða reynslu Íslendinga af þeim og samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í baráttunni gegn mansali og ítrekaði loks mikilvægi slíks samstarfs.

Þingfundinn ávörpuðu: Adrian Nastase, forsætisráðherra Rúmeníu, Vladimír Voronín, forseti Moldóvu, sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins síðari hluta ársins 2003, Nicolae Dudau, utanríkisráðherra Moldóvu, sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins síðari hluta ársins 2003, Donald Johnston, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD), og Peter Medgyessi, forsætisráðherra Ungverjalands.

5. Stjórnarnefnd.

Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Napólí.

Hinn 8. september sl. fór fram venjubundinn haustfundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins. Var fundurinn að þessu sinni haldinn í Napólí. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar, og Andri Lúthersson ritari sóttu fundinn af hálfu Íslandsdeildar og var þetta í fyrsta sinn sem formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins hefur ritara deildarinnar með sér til fulltingis en ráð var fyrir því gert í fjárhagsáætlun Íslandsdeildarinnar fyrir árið 2003. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag verði til frambúðar til jafns við aðrar Íslandsdeildir Alþingis.

Á fundinum héldu ýmsir tignargestir ávörp auk forseta Evrópuráðsþingsins, Peters Schieder, sem stjórnaði fundum. Í máli Domenicos Fisichella, varaforseta öldungadeildar ítalska þingsins, kom fram að Evrópuráðið hefði í yfir 50 ár staðið í fararbroddi við vernd mannréttinda og gæti stofnunin því með réttu gert tilkall til þess að vera höfuðvígi vörslu mannréttinda í Evrópu. Sagði hann að eftir kalda stríðið hefði komið glögglega fram að þótt járnmúrinn væri horfinn væru enn til staðar háir múrar hvað varðaði efnahags- og samfélagsþróun og virðingu fyrir mannréttindum svo að fátt eitt væri nefnt. Af þeim sökum væri afar mikilvægt í því öra samrunaferli álfunnar sem nú færi fram að menn vöruðust að draga markalínur milli þeirra þjóða sem væru „innan" viðkomandi stofnana eða stæðu „utan" þeirra. Sagði varaforsetinn að samrunaferlið væri afar mikilvægt og metnaðarfullt og að Ítalía styddi það heils hugar en hinu mætti ekki gleyma að fyrir utan ESB, hvort sem litið væri skammt eða langt í austurveg, stæði hin stóra Evrópa sem á rætur í hinni samevrópsku samfélagsskipan. Hvað þetta varðaði væri Evrópuráðið sú stofnun sem hefði náð einna mestum árangri í sambandi við útbreiðslu gilda á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins. Fisichella sagði að stefna Evrópuráðsins á árunum eftir fall Sovétríkjanna hefði verið afar farsæl í málefnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu og þess verið gætt í hvívetna að varpa grundvallarmarkmiðum ráðsins ekki fyrir róða án þess þó að þröngva einni tiltekinni leið upp á þjóðir. Slíkur sveigjanleiki væri ákaflega verðmætur. Að lokum sagði varaforsetinn að hann teldi að Evrópuráðið, og þá sérstaklega þingið, ætti að forðast það að einbeita sér eingöngu að mannréttindamálum og einnig að hafa bæri í huga að bæta sýnileika Evrópuráðsins sem hefði lotið nokkuð í lægra haldi fyrir sýnileika og umsvifum ESB.

Í máli Pier Ferdinando Casinis, forseta neðri deildar ítalska þingsins, kom fram að álfan færi um þessar mundir í gegnum tvö umfangsmikil breytingaferli. Annars vegar væri um hreint stjórnarskrárferli að ræða þar sem markmiðin væru sameiginlegt „heimili“ í eiginlegri merkingu þess orðs, með sameiginlegum réttindum og skyldum og sameiginlegum borgararétti. Á hinn bóginn færi nú fram umfangsmikið stækkunarferli sem hefði í för með sér mikinn kostnað og nýjar þarfir, þ.m.t. endurskoðun á mörgum þeim reglum sem hafa stýrt því hvert Evrópa stefndi. Hvað Evrópuráðið og Evrópusambandið varðaði sagði Casini brýnt að líta svo á að stofnanir hefðu hvor um sig hag af reynslu hinnar, í stað þess stofnanalega ágreinings og „landvinningastefnu“ sem einkennt hefði sambúðina á tíðum. Sagðist Casini vonast til þess að ESB gerðist aðili að sáttmálum Evrópuráðsins og tiltók menningarsáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu sérstaklega. Þetta mundi efla Evrópu sem eina lagalega órofa heild. Þannig gætu Evrópuríki tekist sameiginlega á við brýn málefni.

Mario Baccini, aðstoðarutanríkisráðherra Ítalíu, hélt erindi á fundinum og sagði hann að Evrópuráðsþingið hefði með störfum sínum reynst íbúum álfunnar mikilvægur bakhjarl og aukið traust stofnunarinnar meðal almennra borgara. Þá ræddi Baccini um helstu stefnumið Ítalíu sem gegndi formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins á síðari hluta ársins 2003. Nefndi hann fimm stefnumið sem hæst bæru: að tryggja fulla þátttöku allra ESB-ríkjanna og þeirra ríkja sem vænta aðildar; að efna til ríkjaráðstefnu til að ljúka ferli því sem Framtíðarráðstefna ESB hefði hafið og lyki með formlegri stjórnarskrá ESB sem færa mundi borgara Evrópuríkja nær framkvæmdarvaldi ESB; að efla samkeppnishæfni hagkerfa Evrópuríkja og styrkja innviði þeirra, einkum með tilliti til samgangna; að efla getu ESB á alþjóðavettvangi til að framfylgja friði, réttlæti og stöðugleika; að efla frelsi og öryggi borgara álfunnar, sérstaklega með því að herða enn frekar baráttuna gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi og mansali.

Eftir venjubundna liði stjórnarnefndarfundarins var gengið til dagskrár og skýrslur og ályktanadrög málefnanefndanna kynnt. Fyrst var tekin fyrir skýrsla Hollendingsins Eriks Jurgens, fyrir hönd laga- og mannréttindanefndarinnar, um embætti forseta lávarðadeildar breska þingsins (e. Lord Chancellor). Í skýrslunni var farið fram á að Bretar tækju á þeim stjórnskipunarlega vanda er skapaðist við það að sami einstaklingur skipaði embætti forseta lávarðadeildar, forseta hæstaréttar og dómsmálaráðherra. Sem kunnugt er hafði breska stjórnin ákveðið nokkrum mánuðum fyrir fundinn að breyta embættinu og þakkaði Jurgens því Bretum fyrir skjót viðbrögð. Þá kynnti Svisslendingurinn Lili Nabholz-Haidegger skýrslu sína um stofnun umboðsmanns, fyrir hönd sömu nefndar. Nokkrir fundarmenn ræddu um skýrsluna og sögðu frá tilhögun umboðsmanns í sínum heimalöndum. Undir liðnum efnahags- og þróunarmál var rætt um tvær skýrslur. Skýrsla Svisslendingsins Claude Frey fjallaði um Norður/Suður-stofnun Evrópuráðsins og framlag hennar til þróunarsamstarfs á 21. öld. Í ávarpi sínu sagði Frey að það væri miður að aðeins 20 af 45 aðildarríkjum Evrópuráðsins sæju sér fært að styðja stofnunina og sagðist vona að breyting yrði á í nánustu framtíð. Stofnun þessi væri einkar mikilvæg við að tengja Evrópuráðið við lýðræðisþróun í norðanverðri Afríku og á þeim óvissutímum sem nú ríktu væri þetta verkefni brýnna en ella. Þá kynnti Ítalinn Giovanni Crema skýrslu sína um úrbætur í skipulagi hins opinbera í Evrópu og sagði í ræðu sinni að mikið hefði áunnist í slíkum úrbótum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu að undanförnu, fyrir tilstuðlan Evrópuráðsins. Tvær skýrslur flóttamannanefndarinnar voru teknar til umfjöllunar á stjórnarnefndarfundinum. Fyrri skýrslan fjallaði um farandverkamenn sem starfa við landbúnaðarframleiðslu Suður-Evrópuríkja og sagði skýrsluhöfundurinn, ítalski þingmaðurinn Tana de Zulueta, í ræðu sinni að mikil brögð hefðu verið að því í Miðjarðarhafsríkjum að störf farandverkamanna tengdust æ meira skipulegri glæpa-

starfsemi. Taldi hún ríka þörf á aukinni samvinnu milli þeirra ríkja sem væru háð vinnuframlagi árstíðabundinna farandverkamanna og taldi mikilvægt að aðildarríki Evrópuráðsins fullgiltu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi og vernd farandverkamanna og fjölskyldna þeirra. Þá var fjallað um skýrslu ítalska þingmannsins Pasquale Nessa um réttindi eldri farandverkamanna sem tekið hafa upp búsetu í ríkjum Evrópuráðsins. Taldi þingmaðurinn brýna þörf á því að samhæfa stefnu Evrópuráðsríkja í málefnum þessa hóps manna, sérstaklega með tilliti til eftirlaunagreiðslna og sjúkratrygginga. Á vegum menningar-, mennta og vísindanefndar Evrópuráðsþingsins voru tvær skýrslur til umfjöllunar. Annars vegar skýrsla spænska þingmannsins Joseph Varela i Serra um framlag Evrópuráðsins til æðri menntunar, og hins vegar skýrsla breska þingmannsins Edward O'Hara um kynningu á listasögu Evrópu. Að lokum var tekin fyrir skýrsla þingskapanefndarinnar um breytingar á nafni nefndar um fólksflutninga, flóttamenn og lýðfræði (flóttamannanefndarinnar) í nefnd um fólksflutninga, flóttamenn og fólksfjölda. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar, flutti framsögu um efni skýrslunnar í fjarveru skýrsluhöfundar og tilgreindi hinar tæknilegu og fræðilegu ástæður þess að hið nýja nafn nefndarinnar endurspeglaði betur störf nefndarinnar og viðfangsefni.

Fundinn ávörpuðu: Rosa Russo Jervolino, borgarstjóri Napólí, Antonio Bassolino, héraðsstjóri Kampaníu-héraðs, Domenico Fisichella, varaforseti öldungadeildar ítalska þingsins, Pier Ferdinando Casini, forseti neðri deildar ítalska þingsins, og Roberto Antonione, aðstoðarutanríkisráðherra Ítalíu.

6. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.
Stjórnarnefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.
Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Árni R. Árnason.
Laga- og mannréttindanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Árni R. Árnason.
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Össur Skarphéðinsson.
Efnahagsnefnd:	Kristinn H. Gunnarsson.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Kristinn H. Gunnarsson.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Þingskapanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Til vara:	Árni R. Árnason.
Mennta- og vísindanefnd:	Kristinn H. Gunnarsson.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Össur Skarphéðinsson.
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Össur Skarphéðinsson.

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls sótti Íslandsdeildin á annan tug slíkra funda árið 2003 og var það einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru. Lára Margrét Ragnarsdóttir sótti fund stjórnmálanefndarinnar í París um miðjan janúar og aftur í byrjun marsmánaðar. Þá sótti hún fundi stjórnmálanefndarinnar og félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndarinnar í Berlín í lok apríl auk sérlegs ráðherrafundar Evrópuráðsins í Malaga í upphafi maí. Sólveig Pétursdóttir sótti fund stjórnmálanefndarinnar í París 11. desember. Össur Skarphéðinsson sótti fund jafnréttisnefndarinnar í París 5. september og fund flóttamannanefndarinnar á sama stað í byrjun desembermánaðar. Kristinn H. Gunnarsson fór á fund menningar- og menntamálanefndarinnar í Búdapest og fund umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar í París um miðjan september. Þá sótti hann fund menningar- og menntamálanefndarinnar sem haldinn var í Liverpool 18.–20. nóvember.

Alþingi, 16. febr. 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Kristinn H. Gunnarsson, varaform.	Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit, tilmæli og tilskipanir Evrópuráðsþingsins árið 2003.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2003:

Fyrsti hluti þingfundar 27.–31. janúar:

- álit nr. 242, um drög að Evrópusáttmála um baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi,
- tilmæli nr. 1596, um aðstöðu ungra farandverkamanna í Evrópu,
- tilskipun nr. 585, um eftirlitshlutverk Evrópuráðsþingsins,
- ályktun nr. 1316, um Írak,
- ályktun nr. 1317, um mengun í sjó,
- ályktun nr. 1318, um hnattvæðingu og sjálfbæra þróun,
- ályktun nr. 1319, um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun,
- ályktun nr. 1320, um góða starfshætti við framkvæmd kosninga,
- tilmæli nr. 1594, um ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun,
- tilmæli nr. 1595, um góða starfshætti við framkvæmd kosninga,
- tilmæli nr. 1591, um stefnu í félagsmálum og málefnum eldri borgara,
- ályktun nr. 1314, um framlag Evrópuráðsins til þróunar stefnuskrár Evrópusambandsins,
- tilmæli nr. 1592, um félagslega stöðu fatlaðra,
- ályktun nr. 1315, um mat á forsendum fyrir friðsamlegri lausn mála í Tsjetsjeníu,
- tilmæli nr. 1593, um mat á forsendum fyrir friðsamlegri lausn mála í Tsjetsjeníu,
- tilskipun nr. 584, um mat á forsendum fyrir friðsamlegri lausn mála í Tsjetsjeníu,
- tilmæli nr. 1589, um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum í Evrópu,

- ályktun nr. 1313, um menningarlegt samstarf Evrópu og ríkja í norðanverðri Afríku,
- tilmæli nr. 1590, um menningarlegt samstarf Evrópu og ríkja í norðanverðri Afríku,
- tilmæli nr. 1588, um fólksflutninga í suðausturhluta Evrópu,
- ályktun nr. 1312, um þróun stöðugleikasáttmála fyrir suðaustanverða Evrópu.

Annar hluti þingfundar 31. mars–4. apríl:
- ályktun nr. 1327, um svonefnda „mannorðs-glæpi“,
- ályktun nr. 1328, um konur og lánafyrirgreiðslu til uppbyggingar atvinnustarfsemi,
- tilmæli nr. 1603, um Evrópu og stríðið í Írak,
- ályktun nr. 1326, um Evrópu og stríðið í Írak,
- tilmæli nr. 1600, um stöðu mannréttindamála í Tsjetsjeníu,
- ályktun nr. 1323, um stöðu mannréttindamála í Tsjetsjeníu,
- tilskipun nr. 586, um stöðu mannréttindamála í Tsjetsjeníu,
- tilskipun nr. 587, um úrbætur á stöðu yfirgefinna barna,
- tilmæli nr. 1601, um úrbætur á stöðu yfirgefinna barna,
- tilmæli nr. 1602, um kjörbréf fulltrúa Evrópuráðsþingsins,
- ályktun nr. 1324, um Evrópu og þróun orkugjafa á Kaspíahafssvæðinu,
- ályktun nr. 1325, um kjörbréf fulltrúa Evrópuráðsþingsins,
- álit nr. 245, um drög að sáttmála um verndun dýra í millilandaflutningum,
- tilmæli nr. 1597, um stefnu í samgöngumálum Evrópu,
- ályktun nr. 1321, um stefnu í samgöngumálum Evrópu,
- tilmæli nr. 1598, um verndun táknmáls í aðildarríkjum Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1599, um stöðu menningarmála í Suður-Kákasus,
- ályktun nr. 1322, um vanda nýrrar landbúnaðarstefnu,
- álit nr. 243, um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árið 2004,
- álit nr. 244, um útgjöld Evrópuráðsins fyrir árið 2004.

Stjórnarnefndarfundur 27. maí:
- ályktun nr. 1329, um fjölskyldufyrirtæki,
- tilmæli nr. 1604, um stöðu og hlutverk ríkissaksóknaraembætta aðildarríkja Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1605, um efnahagsframfarir í Moldóvu.

Þriðji hluti þingfundar 23.–27. júní:
- tilmæli nr. 1614, um tengsl umhverfismála og mannréttinda,
- ályktun nr. 1341, um stefnumið í evrópskum flugumferðarmálum,
- tilmæli nr. 1613, um Evrópuráðið og Framtíðarráðstefnu Evrópusambandsins,
- ályktun nr. 1339, um Evrópuráðið og Framtíðarráðstefnu Evrópusambandsins,
- ályktun nr. 1340, um réttindi fanga bandarískra stjórnvalda við Guantanamo-flóa,
- ályktun nr. 1335, um meðferð ungverskra minnihlutahópa í grannríkjum (Magýar),
- ályktun nr. 1336, um ógnir við starfsemi Alþjóðastríðsglæpadómstólsins,
- tilmæli nr. 1610, um mansal og vændi,
- ályktun nr. 1337, um mansal og vændi,
- tilmæli nr. 1611, um ólöglegan flutning líffæra í Evrópu,
- tilmæli nr. 1612, um stöðu palestínskra flóttamanna,
- ályktun nr. 1338, um stöðu palestínskra flóttamanna,
- ályktun nr. 1332, um framlag Evrópska uppbyggingar- og framþróunarbankans (EBRD)

til efnahagslegrar uppbyggingar í Mið- og Austur-Evrópu,
- tilmæli nr. 1607, um starfsemi IOM (International Organisation for Migration),
- tilmæli nr. 1608, um landtöku Tyrkja á Kýpur,
- tilmæli nr. 1609, um jákvæða reynslu sjálfsstjórnarsvæða með tilliti til hættuástandsstjórnunar í Evrópu,
- ályktun nr. 1333, um réttindi Kýpur-Grikkja og Maróníta til búsetu í norðurhluta Kýpur,
- ályktun nr. 1334, um jákvæða reynslu sjálfsstjórnarsvæða með tilliti til hættuástandsstjórnunar í Evrópu,
- tilmæli nr. 1606, um málefni sem mannréttindasáttmáli Evrópu nær ekki til,
- ályktun 1330, um landbúnaðarmál og stækkun Evrópusambandsins,
- ályktun nr. 1331, um viðsjár í landbúnaði Miðjarðarhafsríkja.

Stjórnarnefndarfundur 8. september:
- tilmæli nr. 1615, um stofnun umboðsmanns,
- tilmæli nr. 1616, um Norður/Suður-stofnun Evrópuráðsins og framlag hennar til þróunarsamstarfs á 21. öld,
- tilmæli nr. 1617, um úrbætur í skipulagi hins opinbera,
- tilmæli nr. 1618, um farandverkamenn sem starfa við landbúnaðarframleiðslu Suður-Evrópuríkja,
- tilmæli nr. 1619, um réttindi eldri farandverkamanna,
- tilmæli nr. 1620, um framlag Evrópuráðsins til æðri mennta,
- tilmæli nr. 1621, um kynningu á listasögu Evrópu,
- ályktun nr. 1342, um embætti forseta lávarðadeildar breska þingsins (e. Lord Chancellor) í stjórnskipan Stóra-Bretlands,
- ályktun nr. 1343, um breytingu á nafni nefndar um fólksflutninga, flóttamenn og lýðfræði (flóttamannanefndar) í nefnd um fólksflutninga, flóttamenn og fólksfjölda.

Fjórði hluti þingfundar 25. september–2. október:
- tilmæli nr. 1628, um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í Írak,
- ályktun nr. 1351, um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í Írak,
- ályktun nr. 1352, um stofnfrumurannsóknir í mönnum,
- tilmæli nr. 1626, um umbætur í heilbrigðiskerfi Evrópuríkja,
- tilmæli nr. 1627, um afnám dauðarefsinga í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1349, um afnám dauðarefsinga í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1350, um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og hið hnattræna hagkerfi,
- ályktun nr. 1347, um áhrif „Mexíkóborgar-stefnunnar“ á frelsi til notkunar getnaðarvarna í Evrópu,
- tilmæli nr. 1624, um sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda og hælisleitenda,
- tilmæli nr. 1625, um stefnu í málefnum innflytjenda í Evrópuráðsríkjum,
- ályktun nr. 1348, um jafnræði kynjanna í störfum Evrópuráðsþingsins,
- ályktun nr. 1344, um ógnir sem lýðræðinu stafa af öfgahópum og öfgaflokkum í Evrópu,
- ályktun nr. 1345, um kynþáttahatur, þjóðernisofstæki og hatursfulla orðræðu í stjórnmálum,
- álit nr. 246, um samskipti Evrópuráðsins og frjálsra félagasamtaka,
- tilmæli nr. 1622, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins,
- tilmæli nr. 1623, um réttindi minnihlutahópa,

– ályktun nr. 1346, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins.

Stjórnarnefndarfundur 25. nóvember:
– álit nr. 247, um siðferði og sveitarstjórnir,
– tilmæli nr. 1629, um framtíð lýðræðisins: styrking lýðræðisstofnana,
– ályktun nr. 1353, um framtíð lýðræðisins: styrking lýðræðisstofnana,
– tilmæli nr. 1630, um eyðileggingu strandlengju Miðjarðarhafsins og áhrifin á ferðamannaþjónustu,
– tilmæli nr. 1631, um flóttamenn í Evrópu,
– tilmæli nr. 1632, um unglinga og heilsugæslu,
– tilmæli nr. 1633, um nauðungarflutninga sígauna (Róma) frá fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu,
– tilmæli nr. 1634, um skattaívilnanir til varðveislu menningarverðmæta,
– tilmæli nr. 1635, um samkynhneigða og íþróttaiðkun,
– tilmæli nr. 1636, um lífræna landbúnaðarframleiðslu,
– tilmæli nr. 1637, um evrópskt samstarf á sviði umhverfismála,
– tilmæli nr. 1638, um sjálfbæra þróun fjallahéraða,
– tilmæli nr. 1639, um fjölskylduráðgjöf og jafnrétti,
– ályktun nr. 1354, um sakfellingu Grigory Pasko,
– ályktun nr. 1355, um skattaívilnanir til varðveislu menningarverðmæta,
– ályktun nr. 1356, um aukinn fjölda sæta í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins.

930. Svar [562. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um upplýsingaveituna „Opin menning“.

1. *Hvernig er upplýsingaveitan „Opin menning“ til komin, hvar er hún vistuð og hver er tilgangurinn með henni?*

Opin menning er tilraunaverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins. Tilgangurinn með verkefninu er að þróa leiðir til að veita almenningi aðgang að samræmdum upplýsingum um safneign menningarstofnana. Fyrsta stigi tilraunarinnar er nú lokið og verður ákvörðun um framtíð verkefnisins tekin í tengslum við nýja stefnu ráðuneytisins um upplýsingatækni. Opin menning er hýst hjá hýsingarþjónustu í Bandaríkjunum.

2. *Hver er áætlaður kostnaður við veituna og hvernig er hún fjármögnuð?*

Kostnaður við Opna menningu er nú um 4 millj. kr. sem er nær eingöngu stofnkostnaður vegna vinnu við þróun gáttarinnar. Hugbúnaður sem gáttin byggist á er ókeypis og hýsingarkostnaður nemur um 2.000 kr. á mánuði. Kostnaður við Opna menningu hefur verið greiddur af upplýsingasamfélagslið ráðuneytisins.

3. *Hver eru tengsl veitunnar við aðrar upplýsingaveitur, t.d. Sarp og upplýsingaveitur íslenskra listasafna?*

Opin menning er vefgátt sem hýsir ekki frumgögn heldur sækir staðlaða lýsingu á safneign menningarstofnana í gagnagrunna þeirra og gerir lýsinguna aðgengilega almenningi á

netinu. Vefgáttin veitir nú aðgang að upplýsingum úr gagnagrunnum Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur og Nýlistasafnsins. Mögulegt er að veita aðgang að upplýsingum úr gagnagrunnum allra menningarstofnana sem hafa stöðluð samskiptaform. Slík stöðluð samskipti hafa þegar verið þróuð fyrir upplýsingakerfið Sarp.

4. Hvaða verkefni hefur „Opin menning" styrkt?

Opin menning hefur ekki veitt neina styrki. Hins vegar hefur Opin menning veitt upplýsingar um styrki sem veittir eru til menningarverkefna á landsbyggðinni sem er hluti af átaki iðnaðar- og menntamálaráðuneytis um eflingu menntunar og menningar á landsbyggðinni og tengist byggðaáætlun. Opin menning mun væntanlega einnig miðla upplýsingum um afrakstur þessara verkefna.

931. Tillaga til þingsályktunar [622. mál]

um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára þar sem samneyti þeirra við eldri fanga verði í algjöru lágmarki og aðeins ef brýna nauðsyn ber til.

Greinargerð.

Í ljósi sérstöðu ungra fanga, á aldrinum 18–24 ára, telja flutningsmenn rétt að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérstök deild fyrir þann aldurshóp. Bygging hins nýja fangelsis veitir einstakt tækifæri til að gera ráð fyrir sérstakri deild fyrir unga fanga. Í umræðu um nýja fangelsið hefur hins vegar fram að þessu ekki verið gert ráð fyrir slíkri sérdeild. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun er bygging nýja fangelsisins nú í biðstöðu þar sem ekki er gert ráð fyrir fé til þess í fjárlögum ársins 2004. Því er enn tækifæri til að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18–24 ára.

Þar sem meginröksemdin fyrir sérstöðu ungra fanga á aldrinum 18–24 ára eru hugsanleg slæm áhrif þeirra eldri á þá yngri þyrfti slík sérdeild að vera að mestu aðskilin frá öðrum deildum fangelsisins. Vitaskuld yrði unnt að samnýta ýmiss konar þjónustu fangelsins, svo sem aðstöðu fyrir heimsóknir, afþreyingu, mötuneyti og fleira. Þess yrði hins vegar ævinlega að vera gætt að ungir fangar yrðu út af fyrir sig á þessum svæðum.

Ef ekki er hægt að nýta byggingu nýja fangelsisins til að koma upp sérdeild fyrir unga fanga eða bygging fangelsisins frestast verulega telja flutningsmenn að breytingar á núverandi fangelsum séu nauðsynlegar í þá átt.

Engin sérstök fangelsi eða deildir fyrir unga fanga.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist, er heimilt að skipta fangelsum upp í deildir. Í 1. mgr. 8. gr. sömu laga kemur fram að taka skuli tillit til aldurs við ákvörðun um í hvaða fangelsi viðkomandi fangi skuli taka út refsingu. Í framlögðu frumvarpi dómsmálaráðherra (465. mál yfirstandandi þings) um fullnustu refsinga er gert ráð fyrir deildaskiptingu fangelsis í 3. mgr. 14. gr.

Í skýrslu nefndar um unga afbrotamenn frá 1999 kemur fram að hérlendis hafi ekki verið sérstök fangelsi fyrir unga fanga. Slíkar stofnanir þekkjast þó víða erlendis. Hins vegar voru hér lengi uppi slík áform og komu þau víða fram í lögum.

Í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, var að finna heimild til að ákveða með reglugerð að fangar, sem dæmdir höfðu verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skyldu hafðir sér í fangelsi, eða í sérstakri fangelsisdeild, og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skyldi þá lögð sérstök áhersla á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinar sem komið gætu þeim að gagni þegar þeir hefðu fengið frelsi sitt aftur. Þó var gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra gæti ákveðið eftir tillögu fangelsisstjórnar að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hefðu hlotið á þessum aldri, skyldu sæta almennri fangameðferð. Reglugerð á grundvelli þessarar heimildar var þó aldrei gefin út og ákvæðið var fellt úr gildi með lögum nr. 48/1988.

Samkvæmt 4. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, nr. 18/1961, átti að stofna unglingafangelsi í sveit fyrir 25 fanga og skyldi þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra sem við dómsuppsögu höfðu ekki náð 22 ára aldri. Um fangelsi þetta átti að fara svo sem ákveðið var með 43. gr. almennra hegningarlaga. Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, en í 4. gr. þeirra var að finna hliðstætt ákvæði um unglingavinnuhæli. Með gildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, sem komu í stað laga nr. 38/1973, var fallið frá áformum um unglingavinnuhæli, m.a. með vísun í breyttar áherslur í fangelsismálum. Hugmyndin um aðskilnað fanga vegna aldurs er því ekki ný af nálinni en hún hefur aldrei komist til framkvæmda hér á landi eins og víða annars staðar.

Fangar á aldrinum 15–18 ára.

Sakhæfisaldur er samkvæmt almennum hegningarlögum 15 ár. Nú þegar er til heimild fyrir því að bjóða ungum afbrotamönnum á aldrinum 15–18 ára að taka út refsingu sína á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Með samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu er ungum föngum gert kleift að afplána refsingu utan fangelsa og vistast í meðferð með öðrum börnum. Þetta fyrirkomulag verður að teljast afar jákvætt, enda bendir margt til þess að ungir afbrotamenn hafi ekki hag af því að vera vistaðir innan um eldri fanga.

Í c-lið 37. gr. samnings um réttindi barnsins, sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 og fullgiltur af Íslands hálfu 28. október 1992, kemur fram að halda skuli hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki. Hér er átt við einstakling yngri en 18 ára. Við fullgildingu samningsins var enginn fyrirvari gerður af Íslands hálfu. Hins vegar var lögð fram yfirlýsing við c-lið 37. gr. þar sem kemur fram að í íslenskum lögum séu ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. En með hliðsjón af framangreindu samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu verður að telja að núverandi fyrirkomulag afplánunar ungra afbrotamanna á aldrinum 15–18 ára sé heppilegt.

Þrátt fyrir þessi úrræði fyrir afbrotamenn á aldrinum 15–18 ára er hins vegar rétt og nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra fanga sem eru eldri en 18 ára en eru ungir engu að síður. Slík sérstaða yrði viðurkennd með starfrækslu sérstakrar deildar innan fangelsis fyrir aldurshópinn 18–24 ára. Slík sérdeild fyrir unga fanga yrði að sjálfsögðu einnig opin þeim einstaklingum á aldursbilinu 15–18 ára sem kjósa að nýta ekki þá heimild að taka út sína refsingu á meðferðarheimilum á vegum Barnarverndarstofu.

Sérstaða fanga á aldrinum 18–24 ára.

Fangar á aldursbilinu 18–24 ára hafa margs konar sérstöðu. Ungir fangar eru sérstaklega viðkvæmur hópur og það er ekki æskilegt að þeir afpláni dóma í samneyti við eldri afbrotamenn. Líta ber svo á að við afplánun ungra fanga á þessu aldursbili sé sérstaklega unnið að því að stöðva frekari afbrot. Afplánun þeirra sé því liður í betrun, en þeirri betrun getur verið ókleift að ná fram með því að vista unga fanga í samneyti við eldri fanga, sem sumir hverjir eru síbrotamenn. Endurhæfing er líklegri til að skila betri árangri séu ungu fangarnir í eins jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi og hugsast getur miðað við aðstæður. Sérdeild fyrir unga afbrotamenn býður einnig upp á margs konar sérstæk úrræði fyrir þennan aldurshóp, t.d. á sviði vímu- og geðmeðferðar.

Fangar frá 18–24 ára hafa einnig þá sérstöðu að oft hafa þeir einungis gerst sekir um eitt eða fá afbrot sem jafnvel eru í sumum tilfellum fremur smávægileg. Margoft hefur verið sýnt fram á að samneyti ungra fanga við eldri, og jafnvel forhertari fanga, gerir þeim yngri ekkert gott og getur í sumum tilvikum haft afar slæm áhrif. Slíkt samneyti getur beinlínis haft hvetjandi áhrif á unga afbrotamenn til frekari þátttöku í afbrotum.

Einhver aldursmörk þurfa að vera og flutningsmönnum þykir hóflegt að miða við 24 ára aldur þegar afplánun hefst. Það má leiða líkum að því að einstaklingar undir þeim aldri hafi ekki náð fullum félagslegum þroska og sé því meiri hætta búin af samneyti og áhrifum frá eldri afbrotamönnum.

Það er ljóst að sérdeild fyrir afbrotamenn á aldrinum 18–24 ára yrði ekki einungis ungum afbrotamönnum til hagsbóta heldur einnig samfélaginu í heild, þar sem líta má á þetta úrræði sem forvarnir.

932. Fyrirspurn [623. mál]

til menntamálaráðherra um húsaleigu framhaldsskóla.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hver hefur verið þróun húsaleigugreiðslna framhaldsskóla til Fasteigna ríkissjóðs á árunum 2001–2003, sundurliðað eftir skólum og árum, í krónum og sem hlutfall af fjárheimildum skólanna?

Skriflegt svar óskast.

933. Fyrirspurn [624. mál]

til menntamálaráðherra um reiknilíkan um skiptingu fjárveitinga milli framhaldsskóla.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Telur ráðherra að endurskoða þurfi reiknilíkan um skiptingu fjárveitinga milli framhaldsskóla þannig að fjárveitingar til grunnrekstrarliða verði óháðar nemendafjölda?

934. Fyrirspurn [625. mál]

til fjármálaráðherra um eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hverjar eru heildareignir lífeyrissjóða hér á landi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
2. Hversu miklar eru eignir lífeyrissjóða í öðrum löndum OECD?

Skriflegt svar óskast.

935. Fyrirspurn [626. mál]

til fjármálaráðherra um hlutfall á milli lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvert er hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði hér á landi?
2. Hvert er hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði í OECD-ríkjunum?

Skriflegt svar óskast.

936. Fyrirspurn [627. mál]

til samgönguráðherra um bundið slitlag á þjóðvegi nr. 1.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvenær verður lokið við að leggja bundið slitlag á hringveginn, þjóðveg nr. 1?

937. Fyrirspurn [628. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hvað líður undirbúningi rannsókna á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi, sbr. þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 11. mars 2003?

938. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Við 4. mgr. 3. gr. laganna bætist: þar á meðal um takmörkun eða bann eldis á nytjastofnum er lög þessi ná til ef ljóst þykir að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun við staðbundna stofna eða að líffræðilegri fjölbreytni sé ógnað og tegundum eða stofnum stefnt í hættu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

939. Frumvarp til laga [411. mál]

um starfsmenn í hlutastörfum.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að starfsmenn í hlutastörfum sæti mismunun og stuðla að auknum gæðum slíkra starfa, einnig að greiða fyrir því að starfsmenn eigi völ á hlutastörfum og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa bæði atvinnurekanda og starfsmanna.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsmanna sem ekki eru með kjarasamningum tryggð þau lágmarksréttindi sem svara til efnisákvæða tilskipunar 97/81/EB, um rammasamninginn um hlutastörf.

Lögin hafa ekki áhrif á efni kjarasamninga sem gerðir eru til að innleiða efni tilskipunarinnar að því tilskildu að í þeim felist ekki lakari réttur en felst í tilskipuninni, sbr. 1. mgr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem á grundvelli hlutlægra ástæðna fá greitt tímavinnukaup, enda byggist sú undanþága á kjarasamningi, ákvörðun stjórnvalds eða venju í slíkum tilvikum. Aðilum vinnumarkaðarins ber að endurskoða reglulega hvort þær hlutlægu ástæður sem lagðar eru til grundvallar undantekningunum séu enn í gildi.

Ákvæði laganna taka ekki til þeirra sem stunda störf á grundvelli grunnnáms og námssamninga eða ráðningarsambands sem er liður í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlun sem nýtur stuðnings opinberra aðila.

3. gr.

Skýring hugtaka.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Starfsmaður telst í hlutastarfi* ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi.
b. *Sambærilegur starfsmaður*, sbr. a-lið, er starfsmaður sem gegnir fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun og starfsmaður í hlutastarfi og vinnur sama eða sambærilegt starf að teknu tilliti til annarra áhrifaþátta, svo sem kunnáttu og hæfni. Þegar ekki er sambærilegur starfsmaður í fullu starfi hjá sama fyrirtæki eða stofnun skal samanburður gerður með vísan til viðeigandi kjarasamnings en þar sem slíkur samningur er ekki fyrir hendi með vísan til gildandi laga, annarra kjarasamninga eða venju.

4. gr.

Réttindi og skyldur.

Starfsmenn í hlutastörfum skulu ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Atvinnurekendur skulu svo sem kostur er leitast við að:

a. taka tillit til óska starfsmanns um að flytjast úr fullu starfi í hlutastarf eða úr hlutastarfi í fullt starf,
b. taka tillit til óska starfsmannsins um að auka eða minnka starfshlutfall sitt, skapist svigrúm til þess,
c. auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum sviðum fyrirtækisins eða stofnunarinnar, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum,
d. veita tímanlega upplýsingar um störf sem losna á vinnustaðnum, þar með talin hlutastörf, til að auðvelda flutning úr hlutastarfi í fullt starf og öfugt,
e. greiða fyrir aðgangi starfsmanna í hlutastörfum að starfsmenntun og starfsþjálfun, m.a. í því skyni að þeir geti aukið hæfni sína og til að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi, og
f. veita trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um hlutastörf á vinnustað.

Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. Uppsögn telst þó ekki andstæð lögum þessum ef hún er í samræmi við

lög, kjarasamninga eða venju og stafar af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

5. gr.
Réttur til skaðabóta.

Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum laga þessara getur það varðað hann skaðabótum.

6. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 97/81/EB, um rammasamninginn um hlutastörf sem Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC), Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) hafa gert, sem vísað er til í 31. lið í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 104/1998.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga þessara skal endurskoðað innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

940. Þingsályktun [359. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 478.

941. Þingsályktun [360. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 23. febr.)

Samhljóða þskj. 479.

942. Fyrirspurn [629. mál]

til heilbrigðisráðherra um gagnabanka um mænuskaða.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

1. Hvenær er áætlað að gagnabanki um mænuskaða verði formlega opnaður?
2. Hvaða þættir í vinnu við gagnabankann hafa dregið opnun hans á langinn?
3. Hefur verið ákveðið að ráða bankastjóra gagnabanka um mænuskaða?
4. Ef ráðning er á dagskránni, er tryggt að bankastjóri gagnabankans hafi reynslu af og sérþekkingu á uppbyggingu sambærilegra banka?

Skriflegt svar óskast.

943. Fyrirspurn [630. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar úr íslenska þorskstofninum.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hverjar telur ráðherra ástæður þess að árlegur þorskafli hefur aðeins verið 210 þúsund tonn að jafnaði sl. áratug?
2. Hefur ráðherra einhver áform um að auka hlutdeild svokallaðra „vistvænna“ veiða í heildarafla íslenska fiskiskipaflotans?

944. Fyrirspurn [631. mál]

til félagsmálaráðherra um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við Kárahnjúka.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hefur Vinnueftirlit ríkisins formlega krafist rannsókna, úttekta eða lagfæringa á vanbúnaði eða öðru ástandi sem brotið hefur í bága við lög, reglur og tilkynningar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við Kárahnjúka? Ef svo er, hvaða rannsókna, úttekta og lagfæringa hefur verið krafist?
2. Hefur ráðherra eða Vinnueftirlit ríkisins veitt verktökum við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka undanþágur frá kröfum sem gerðar eru í lögum, reglum eða tilkynningum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða viðbótarfresti til úrbóta? Ef svo er, hvaða undanþágur eða viðbótarfresti?
3. Hafa verið tilnefndir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir og stofnaðar öryggisnefndir hjá fyrirtækjum sem starfa við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka í samræmi við lög, reglur og tilkynningar þar að lútandi?

4. Hafa verið gerðar skriflegar áætlanir um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum við Kárahnjúka, sérstakt áhættumat og áætlun um heilsuvernd?
5. Hefur þeim sem hafa með höndum starfsemi við Kárahnjúka verið veitt starfsleyfi skv. 95. gr. laga nr. 46/1980? Ef svo er, með hvaða skilyrðum?
6. Hefur Vinnueftirliti ríkisins verið gert kleift, með auknum fjárveitingum, ráðningu nýrra starfsmanna eða með annarri aðstöðu, að sinna þeim umfangsmiklu verkefnum sem virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka hafa haft og munu hafa í för með sér og stofnuninni er lögskylt að annast?

Skriflegt svar óskast.

945. Fyrirspurn [632. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu við Kárahnjúka.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hefur dómsmálaráðuneytið gert sýslumanninum á Seyðisfirði kleift, með auknum fjárveitingum, ráðningu nýrra starfsmanna eða með annarri aðstöðu, að sinna þeim löggæsluverkefnum sem leitt hefur af virkjanaframkvæmdum við Kárahnjúka og þeirri tæplega 1.000 manna byggð sem þar er risin? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar?
2. Hvaða óskir hafa komið frá sýslumanninum á Seyðisfirði í tengslum við löggæslu við Kárahnjúka og hvernig hefur verið brugðist við þeim?

Skriflegt svar óskast.

946. Fyrirspurn [633. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með vinnubúðum og öðrum vistarverum við Kárahnjúka.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hvaða byggingar- og skipulagsnefndir og byggingar- og skipulagsfulltrúar hafa farið með byggingar- og skipulagsmál og haft eftirlit með byggingu vinnubúða og annarra íverustaða starfsmanna við Kárahnjúka og hvernig hefur eftirliti verið háttað?
2. Hafa verið gefin út formleg leyfi fyrir byggingunum og hefur farið fram úttekt á þeim fullgerðum í því skyni að ganga úr skugga um hvort þær fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar?

3. Hefur ráðherra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið haft afskipti af heilbrigðiseftirliti með starfsmannabústöðum, starfsmannabúðum, matstöðum og öðrum vistarverum starfsmanna við Kárahnjúka? Ef svo er, hvaða afskipti eru það?

Skriflegt svar óskast.

947. Svar [557. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, Einars Más Sigurðarsonar og Kristjáns L. Möllers um veiðar á kolmunna.

Leitað var til Hafrannsóknarstofnunarinnar, Fiskistofu og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) við öflun upplýsinga til að svara fyrirspurninni.

1. Hvernig hafa kolmunnaveiðar Íslendinga þróast sl. 10 ár?

Fyrir 1997 voru beinar kolmunnaveiðar Íslendinga óverulegar, þó er rétt að geta þess að nokkuð var veitt af kolmunna hér við land á árunum 1973 til 1983. Frá 1997 jukust veiðar íslenskra skipa ár frá ári til 2001 þegar veiðar þeirra náðu 365.000 tonnum. Árið 2002 setti ráðherra síðan reglugerð þar sem heildarveiði íslenskra skipa var takmörkuð við 282.000 tonn. Þetta var gert samhliða því að tekin var ákvörðun um sambærilegan samdrátt veiða hjá öðrum strandríkjum í kolmunna, að Noregi þó undanskildum. Árið 2003 voru aflaheimildir íslenskra skipa auknar í 547.000 tonn í kjölfar ákvarðana annarra strandríkja um að auka heimildir sínar. Þróun veiða frá 1995 er kemur fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1. Veiði íslenskra skipa sl. 10 ár.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
368.828	501.710	10.463.624	68.782.562	160.424.778	259.160.908	365.103.000	286.429.000	501.494.000

Tafla 2. Kolmunnaafli íslenskra skipa síðustu 10 ár. Tölurnar miðast við kg af afla upp úr sjó.

Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
130	Júpiter					918.026	175.313			
155	Jón Kjartansson				5.156.363	1.935.311	27.993.407	34.136.000	27.625.000	48.962.000
226	Beitir	359.500	302.220	1.830.211	10.583.004	8.846.036	14.762.616	7.519.000	4.909.000	18.624.000
1012	Örn							85.000		
1020	Guðmundur Ólafur II				17.000					
1031	Bergur						2.208.971	16.613.000	20.544.000	24.814.000
1171	Leifur Halldórsson				1.000.027					
1275	Jón Vídalín				2.599					
1293	Börkur				3.192.959	11.107.624	37.379.876	38.323.000	37.105.000	62.153.000
1308	Venus				494					
1360	Kleifaberg				3.672		81			
1411	Huginn		98.003	9.095	3.424.075	3.150.672	897.872			
1413	Harpa					1.018.730		257.000		
1416	Steinunn					3.735		15.000		
1501	Þórshamar				99.637					
1504	Neptúnus					1.803.148	98.145		1.669.000	
1508	Björg Jónsdóttir					1.267.414	85.000			
1525	Hólmaborg			1.061.793	4.753.694	14.253.775	29.719.887	45.555.000	28.449.000	49.010.000
1530	Sigurbjörg				39.800					
1556	Seley				27.329					
1610	Ísleifur					208.201		733.000		
1742	Faxi			121.709	4.867.550	5.615.819	3.022.240	34.965.000	23.014.000	33.924.000
1807	Áskell					14.757.453	11.584.210	12.541.000		15.240.000
1809	Jóna Eðvalds									11.159.000
1903	Þorsteinn			3.255.880	12.156.356	18.455.729	10.589.891	12.272.000		
2170	Örfirisey	9.328								
2184	Vigri				585.812	883.728	131.960			
2212	Baldvin Þorsteinsson									8.291.000
2233	Jóna Eðvalds				48.000					
2253	Elliði			1.677.924	2.470.539	3.208.402				
2275	Jón Sigurðsson		101.487							
2277	Antares			343.070		155.081		1.423.000		
2281	Sighvatur Bjarnason			1.184.093	1.671.561	5.540.931	5.331.569	9.160.000	7.249.000	11.082.000

Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
2287	Bjarni Ólafsson			979.849	9.015.620	7.417.833	14.216.862	15.100.000	14.595.000	26.024.000
2312	Gardar				9.461.895					
2329	Guðmundur Ólafur					18.127.268	20.809.422	4.298.000	2.285.000	2.345.000
2334	Óli í Sandgerði					18.117.055	18.713.579			
2336	Sunnuberg					8.244.366	15.544.500	17.526.000	15.259.000	35.869.000
2345	Hoffell				204.576	13.341.467	16.688.387	8.449.000	13.587.000	34.092.000
2363	Gullberg					2.046.974	1.942.698	1.045.000		1.397.000
2388	Ingunn							34.287.000	27.134.000	46.955.000
2407	Hákon								5.927.000	14.798.000
2410	Vilhelm Þorsteinsson						9.593.000	11.784.000	10.924.000	7.766.000
2411	Huginn							35.087.000	15.655.000	19.327.000
2412	Ásgrímur Halldórsson						17.671.422	23.930.000	27.065.000	22.581.000
2413	Guðrún Gísladóttir								2.695.000	
2530	Svanur								739.000	7.081.000
	Samtals	**368.828**	**501.710**	**10.463.624**	**68.782.562**	**160.424.778**	**259.160.908**	**365.103.000**	**286.429.000**	**501.494.000**

2. *Hversu miklu af kolmunna hefur verið landað hér á landi sl. 10 ár og hversu mikið af því veiddu erlend skip? Svar óskast sundurliðað eftir löndunarhöfnum og skipum.*

Mestum hluta afla íslenskra skipa er landað hér á landi, eins og sjá má af töflu 3. Í töflu 4 er gerð grein fyrir löndunum erlendra skipa í íslenskum höfnum. Töflur 5 og 6 gera nánari grein fyrir stöðunni eftir einstökum höfnum og skipum, þar sem tafla 5 veitir upplýsingar um landanir íslenskra skipa og tafla 6 erlendra skipa.

Tafla 3. Landanir íslenskra skipa í íslenskum höfnum sl. 10 ár.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
368.828	501.710	10.463.624	64.421.562	136.521.778	223.586.908	308.623.000	277.439.000	454.558.000

Tafla 4. Landanir erlendra skipa í íslenskum höfnum sl. 10 ár.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
0	0	0	38.581	8.917	24.346	40.718	6.697	73.672

Tafla 5. Kolmunnaafli íslenskra skipa eftir löndunarhöfnum síðustu 10 ár. Tölurnar miðast við tonn af afla upp úr sjó.

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
1	Vestmannaeyjar	226	Beitir						1.039			
1	Vestmannaeyjar	1031	Bergur						487	2.946		3.134
1	Vestmannaeyjar	1171	Leifur Halldórsson				472					
1	Vestmannaeyjar	1275	Jón Vídalín				3					
1	Vestmannaeyjar	1411	Huginn		98	9	2.110	872				
1	Vestmannaeyjar	1413	Harpa							104		
1	Vestmannaeyjar	1610	Ísleifur					208				
1	Vestmannaeyjar	1742	Faxi				3.710		1.661			2.111
1	Vestmannaeyjar	2277	Antares			343		23		1.423		
1	Vestmannaeyjar	2281	Sighvatur Bjarnason			1.184	1.672	4.885	5.332	9.160	7.249	9.726
1	Vestmannaeyjar	2287	Bjarni Ólafsson					112				
1	Vestmannaeyjar	2345	Hoffell									1.307
1	Vestmannaeyjar	2363	Gullberg					71	1.214	956		674
1	Vestmannaeyjar	2411	Huginn							928	2.317	5.469
1	**Höfn alls:**				**98**	**1.536**	**7.966**	**6.170**	**9.733**	**15.517**	**9.566**	**22.421**
11	Þorlákshöfn	1171	Leifur Halldórsson				476					
11	Þorlákshöfn	1742	Faxi							13.502	16.870	21.753
11	**Höfn alls:**						**476**			**13.502**	**16.870**	**21.753**
13	Grindavík	226	Beitir						1.059			
13	Grindavík	1031	Bergur								18.764	10.343
13	Grindavík	1293	Börkur									1.369
13	Grindavík	1504	Neptúnus								1.669	
13	Grindavík	1807	Áskell									954
13	Grindavík	1903	Þorsteinn					3.001	4.796	5.186		
13	Grindavík	2336	Sunnuberg						1.200		1.280	
13	Grindavík	2410	Vilhelm Þorsteinsson						4.107	1.688	10.924	7.724
13	Grindavík	2412	Ásgrímur Halldórsson									980
13	Grindavík	2530	Svanur									968
13	**Höfn alls:**							**3.001**	**11.162**	**6.874**	**32.637**	**22.338**
21	Keflavík	1807	Áskell					2.234	2.479			
21	Keflavík	2287	Bjarni Ólafsson					565				
21	Keflavík	2329	Guðmundur Ólafur						2.330			
21	Keflavík	2412	Ásgrímur Halldórsson						2.922			
21	**Höfn alls:**							**2.799**	**7.731**			
33	Reykjavík	1807	Áskell					233				
33	Reykjavík	2170	Örfirisey	9								

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
33	Reykjavík	2184	Vigri				586	884	132			
33	Reykjavík	2407	Hákon								45	547
33	**Höfn alls:**			**9**			**586**	**1.117**	**132**		**45**	**547**
35	Akranes	2253	Elliði				940	515				
35	Akranes	2287	Bjarni Ólafsson				858			876		162
35	Akranes	2334	Óli í Sandgerði					1.587	3.488			
35	Akranes	2345	Hoffell									3.877
35	Akranes	2388	Ingunn							15.429	27.134	21.650
35	Akranes	2407	Hákon									1.267
35	**Höfn alls:**						**1.798**	**2.102**	**3.488**	**16.305**	**27.134**	**26.956**
93	Siglufjörður	2412	Ásgrímur Halldórsson									966
93	**Höfn alls:**											**966**
95	Ólafsfjörður	1360	Kleifaberg				4		0			
95	Ólafsfjörður	1530	Sigurbjörg				40					
95	**Höfn alls:**						**43**		**0**			
107	Akureyri	1293	Börkur						1.554			
107	**Höfn alls:**								**1.554**			
119	Raufarhöfn	226	Beitir									1.136
119	Raufarhöfn	2412	Ásgrímur Halldórsson						853			1.014
119	**Höfn alls:**								**853**			**2.150**
121	Þórshöfn	1031	Bergur									2.108
121	Þórshöfn	1508	Björg Jónsdóttir						85			
121	Þórshöfn	1903	Þorsteinn						1.028	1.411		
121	**Höfn alls:**								**1.113**	**1.411**		**2.108**
125	Vopnafjörður	1742	Faxi									1.421
125	Vopnafjörður	1807	Áskell									952
125	Vopnafjörður	2336	Sunnuberg					7.250	13.126	14.523	11.400	34.281
125	Vopnafjörður	2388	Ingunn							3.755		1.877
125	**Höfn alls:**							**7.250**	**13.126**	**18.278**	**11.400**	**38.531**
131	Seyðisfjörður	226	Beitir							1.097		3.124
131	Seyðisfjörður	1031	Bergur									3.111
131	Seyðisfjörður	1293	Börkur							886		8.571
131	Seyðisfjörður	1411	Huginn				400	824	898			
131	Seyðisfjörður	1508	Björg Jónsdóttir					1.267				
131	Seyðisfjörður	1610	Ísleifur							366		
131	Seyðisfjörður	1807	Áskell					7.513	4.543			3.555
131	Seyðisfjörður	1809	Jóna Eðvalds									9.380

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
131	Seyðisfjörður	1903	Þorsteinn							1.347		
131	Seyðisfjörður	2212	Baldvin Þorsteinsson									854
131	Seyðisfjörður	2253	Elliði					849				
131	Seyðisfjörður	2287	Bjarni Ólafsson				958	2.791	6.664	11.511	14.595	13.147
131	Seyðisfjörður	2329	Guðmundur Ólafur					17.856	16.860	4.280	2.285	926
131	Seyðisfjörður	2334	Óli í Sandgerði					5.335	1.036			
131	Seyðisfjörður	2336	Sunnuberg							60		
131	Seyðisfjörður	2363	Gullberg					1.022	393			
131	Seyðisfjörður	2388	Ingunn							377		1.852
131	Seyðisfjörður	2407	Hákon									6.922
131	Seyðisfjörður	2410	Vilhelm Þorsteinsson							1.343		
131	Seyðisfjörður	2411	Huginn							23.323	7.452	2.319
131	Seyðisfjörður	2412	Ásgrímur Halldórsson						12.446	21.233	24.551	12.294
131	Seyðisfjörður	2530	Svanur								739	3.200
131	**Höfn alls:**						**1.358**	**37.459**	**42.839**	**65.823**	**49.622**	**69.255**
135	Neskaupstaður	130	Júpiter					736				
135	Neskaupstaður	226	Beitir	360	302	1.830	10.583	7.176	12.665	6.356	4.909	12.295
135	Neskaupstaður	1020	Guðmundur Ólafur ll				17					
135	Neskaupstaður	1031	Bergur						506		734	770
135	Neskaupstaður	1293	Börkur				3.193	8.539	32.370	34.168	36.290	46.879
135	Neskaupstaður	1413	Harpa					238		153		
135	Neskaupstaður	1501	Þórshamar				100					
135	Neskaupstaður	1504	Neptúnus					1.213				
135	Neskaupstaður	1556	Seley				27					
135	Neskaupstaður	1742	Faxi							1.437	6.129	2.876
135	Neskaupstaður	1807	Áskell					1.063	870	9.595		6.478
135	Neskaupstaður	1809	Jóna Eðvalds									1.779
135	Neskaupstaður	1903	Þorsteinn			3.256	12.070	11.788	4.731	2.600		
135	Neskaupstaður	2212	Baldvin Þorsteinsson									4.745
135	Neskaupstaður	2253	Elliði			1.496	455					
135	Neskaupstaður	2287	Bjarni Ólafsson			980	689					10.922
135	Neskaupstaður	2312	Gardar				3.670					
135	Neskaupstaður	2329	Guðmundur Ólafur									1.419
135	Neskaupstaður	2334	Óli í Sandgerði						949			
135	Neskaupstaður	2336	Sunnuberg							142		1.301
135	Neskaupstaður	2363	Gullberg					39				723
135	Neskaupstaður	2407	Hákon								5.882	4.639

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
135	Neskaupstaður	2410	Vilhelm Þorsteinsson						1.332	5.214		
135	Neskaupstaður	2411	Huginn									1.252
135	Neskaupstaður	2412	Ásgrímur Halldórsson						986	1.051	2.514	7.327
135	Neskaupstaður	2413	Guðrún Gísladóttir								144	
135	Neskaupstaður	2530	Svanur									1.697
135	**Höfn alls:**			**360**	**302**	**7.562**	**30.804**	**30.790**	**54.408**	**60.716**	**56.602**	**105.102**
137	Eskifjörður	155	Jón Kjartansson				5.156	1.248	21.684	33.686	27.625	45.248
137	Eskifjörður	1031	Bergur						903			
137	Eskifjörður	1525	Hólmaborg			1.062	4.754	12.026	23.521	45.555	28.449	46.611
137	Eskifjörður	1742	Faxi			122	1.158	5.171	796	4.562		1.676
137	Eskifjörður	1807	Áskell					1.177	295			133
137	Eskifjörður	1903	Þorsteinn				86		35			
137	Eskifjörður	2253	Elliði			182	1.076	1.844				
137	Eskifjörður	2275	Jón Sigurðsson		101							
137	Eskifjörður	2287	Bjarni Ólafsson				4.785					
137	Eskifjörður	2312	Gardar				1.044					
137	Eskifjörður	2329	Guðmundur Ólafur					202	153			
137	Eskifjörður	2334	Óli í Sandgerði					6.928	5.815			
137	Eskifjörður	2336	Sunnuberg					54				
137	Eskifjörður	2345	Hoffell						3.874			
137	Eskifjörður	2363	Gullberg					373				
137	Eskifjörður	2388	Ingunn							517		1.789
137	**Höfn alls:**				**101**	**1.366**	**18.059**	**29.024**	**57.075**	**84.320**	**56.074**	**95.457**
139	Reyðarfjörður	2212	Baldvin Þorsteinsson									829
139	Reyðarfjörður	2312	Gardar				866					
139	**Höfn alls:**						**866**					**829**
141	Fáskrúðsfjörður	130	Júpiter						175			
141	Fáskrúðsfjörður	155	Jón Kjartansson						1.558			
141	Fáskrúðsfjörður	1031	Bergur						18	7.395	243	
141	Fáskrúðsfjörður	1293	Börkur							1.234		
141	Fáskrúðsfjörður	1411	Huginn				914	1.316				
141	Fáskrúðsfjörður	1416	Steinunn					4				
141	Fáskrúðsfjörður	1504	Neptúnus						98			
141	Fáskrúðsfjörður	1525	Hólmaborg						3.693			
141	Fáskrúðsfjörður	1610	Ísleifur							293		
141	Fáskrúðsfjörður	1742	Faxi						63	1.420		211
141	Fáskrúðsfjörður	1807	Áskell						326	843		

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	199	5	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
141	Fáskrúðsfjörður	1903	Þorsteinn								1.529		
141	Fáskrúðsfjörður	2277	Antares						132				
141	Fáskrúðsfjörður	2287	Bjarni Ólafsson					1.246	1.122	2.050			
141	Fáskrúðsfjörður	2334	Óli í Sandgerði						1.035	2.308			
141	Fáskrúðsfjörður	2336	Sunnuberg								32	1.368	
141	Fáskrúðsfjörður	2345	Hoffell					205	11.763	10.066	6.306	13.570	25.472
141	Fáskrúðsfjörður	2388	Ingunn								3.219		7.891
141	Fáskrúðsfjörður	2410	Vilhelm Þorsteinsson								3.539		
141	Fáskrúðsfjörður	2413	Guðrún Gísladóttir									2.308	
141	Fáskrúðsfjörður	2530	Svanur										108
141	**Höfn alls:**							**2.365**	**15.372**	**20.355**	**25.810**	**17.489**	**33.682**
147	Djúpivogur	1413	Harpa						781				
147	Djúpivogur	2281	Sighvatur Bjarnason										1.092
147	Djúpivogur	2345	Hoffell										1.156
147	Djúpivogur	2411	Huginn										6.113
147	**Höfn alls:**								**781**				**8.361**
149	Hornafjörður	1171	Leifur Halldórsson					53					
149	Hornafjörður	1416	Steinunn								15		
149	Hornafjörður	2233	Jóna Eðvalds					48					
149	Hornafjörður	2281	Sighvatur Bjarnason						656				
149	Hornafjörður	2412	Ásgrímur Halldórsson							15	52		
149	**Höfn alls:**							**101**	**656**	**15**	**67**		
159	Erlendis	130	Júpiter						182				
159	Erlendis	155	Jón Kjartansson						687	4.751	450		
159	Erlendis	226	Beitir						1.670		66		
159	Erlendis	1012	Örn								85		
159	Erlendis	1031	Bergur							295	6.272		
159	Erlendis	1293	Börkur						2.569	3.456	2.035		
159	Erlendis	1411	Huginn						138				
159	Erlendis	1504	Neptúnus						591				
159	Erlendis	1525	Hólmaborg						2.227	2.507			
159	Erlendis	1610	Ísleifur								74		
159	Erlendis	1742	Faxi						444	502	14.044		
159	Erlendis	1807	Áskell						2.537	3.072	2.103		
159	Erlendis	1903	Þorsteinn						3.667		199		
159	Erlendis	2287	Bjarni Ólafsson					479	2.829	5.503	2.713		
159	Erlendis	2312	Gardar					3.882					

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
159	Erlendis	2329	Guðmundur Ólafur					69	1.467	18		
159	Erlendis	2334	Óli í Sandgerði					3.231	5.117			
159	Erlendis	2336	Sunnuberg					940	1.218	2.769		
159	Erlendis	2345	Hoffell					1.578	2.748	2.143		
159	Erlendis	2363	Gullberg					543	336	89		
159	Erlendis	2388	Ingunn							10.990		
159	Erlendis	2410	Vilhelm Þorsteinsson						4.154			
159	Erlendis	2411	Huginn							10.836		
159	Erlendis	2412	Ásgrímur Halldórsson						450	1.594		
159	**Höfn alls:**						**4.361**	**23.904**	**35.575**	**56.480**		
160	Skotland	1293	Börkur									1.270
160	Skotland	2411	Huginn									2.770
160	**Höfn alls:**											**4.040**
163	Noregur	2410	Vilhelm Þorsteinsson									42
163	Noregur	2411	Huginn									20
163	**Höfn alls:**											**62**
167	Færeyjar	155	Jón Kjartansson									3.714
167	Færeyjar	226	Beitir									2.069
167	Færeyjar	1031	Bergur								803	5.348
167	Færeyjar	1293	Börkur								815	4.064
167	Færeyjar	1525	Hólmaborg									2.399
167	Færeyjar	1742	Faxi								15	3.876
167	Færeyjar	1807	Áskell									3.168
167	Færeyjar	2212	Baldvin Þorsteinsson									1.863
167	Færeyjar	2281	Sighvatur Bjarnason									264
167	Færeyjar	2287	Bjarni Ólafsson									1.793
167	Færeyjar	2336	Sunnuberg								1.211	287
167	Færeyjar	2345	Hoffell								17	2.280
167	Færeyjar	2388	Ingunn									11.896
167	Færeyjar	2407	Hákon									1.423
167	Færeyjar	2411	Huginn								5.886	1.384
167	Færeyjar	2413	Guðrún Gísladóttir								243	
167	Færeyjar	2530	Svanur									1.108
167	**Höfn alls:**										**8.990**	**46.936**
			Samtals:	**369**	**502**	**10.464**	**68.783**	**160.425**	**259.161**	**365.103**	**286.429**	**501.494**

Tafla 6. Kolmunnaafli erlendra skipa landað í Íslandi síðustu 10 ár. Tölurnar miðast við tonn af afla upp úr sjó.

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1998	1999	2000	2001	2002	2003
1	Vestmannaeyjar	4606	Christian í Grjótinum						1.905
1	Vestmannaeyjar	4731	Tróndur í Götu						2.637
1	Vestmannaeyjar	4925	Serene			2.000			
1	Vestmannaeyjar	4978	Antares	1.602					
1	Vestmannaeyjar	4979	Zephyr	3.302					
1	**Höfn alls:**			**4.904**		**2.000**			**4.542**
21	Keflavík	4731	Tróndur í Götu	2.404					
21	Keflavík	4802	Gunnar Langva	1.257					
21	Keflavík	4980	Quantes	2.650					
21	Keflavík	4991	Kristína S	1.291					
21	**Höfn alls:**			**7.601**					
107	Akureyri	4975	Jón Sigurðsson	457					
107	**Höfn alls:**			**457**					
119	Raufarhöfn	4188	Polar						606
119	Raufarhöfn	4226	Sunnanö						550
119	Raufarhöfn	4228	Rigel						355
119	**Höfn alls:**								**1.511**
121	Þórshöfn	4883	Strömfjord						300
121	Þórshöfn	4975	Jón Sigurðsson				812		
121	**Höfn alls:**						**812**		**300**
125	Vopnafjörður	4000	Krúnborg				2.366	2.372	
125	Vopnafjörður	4163	Cazador					198	
125	Vopnafjörður	4404	M/b Philorth		846				
125	Vopnafjörður	4463	Júpiter FD-42 OW-2011			3.768	1.319		
125	Vopnafjörður	4606	Christian í Grjótinum		1.912	3.866	1.943		
125	Vopnafjörður	4731	Tróndur í Götu			2.550			
125	Vopnafjörður	4988	Fertile		845				
125	**Höfn alls:**				**3.603**	**10.184**	**5.628**	**2.570**	
131	Seyðisfjörður	4199	Högaberg						4.183
131	Seyðisfjörður	4224	Vastfjord						396
131	Seyðisfjörður	4782	Júpíter					275	
131	Seyðisfjörður	4985	Kings Cross	1.830					
131	Seyðisfjörður	4986	Mögsterhav	2.389					
131	**Höfn alls:**			**4.219**				**275**	**4.579**
135	Neskaupstaður	4000	Krúnborg				2.492		
135	Neskaupstaður	4181	Bristol						679
135	Neskaupstaður	4199	Högaberg						8.831
135	Neskaupstaður	4219	Kamito						402
135	Neskaupstaður	4220	Ingrid Gai						298
135	Neskaupstaður	4221	Midsjö						920
135	Neskaupstaður	4222	Skawbank						514
135	Neskaupstaður	4223	Thomas Bach						485
135	Neskaupstaður	4225	Monsun						619
135	Neskaupstaður	4226	Sunnanö						539
135	Neskaupstaður	4227	Veronica						159
135	Neskaupstaður	4229	Themis						376
135	Neskaupstaður	4606	Christian í Grjótinum		1.934		3.920		
135	Neskaupstaður	4975	Jón Sigurðsson	1.872	186		1.737		
135	Neskaupstaður	4978	Antares	2.212					
135	Neskaupstaður	4988	Fertile	711					
135	Neskaupstaður	4989	Chris Andra	1.047					
135	**Höfn alls:**			**5.842**	**2.119**		**8.149**		**13.822**
137	Eskifjörður	4000	Krúnborg				4.760		2.297
137	Eskifjörður	4401	Nordborg OW2106				1.833		
137	Eskifjörður	4606	Christian í Grjótinum	4.185	147	1.987	1.897	3.852	1.920
137	Eskifjörður	4685	Tróndur í Götu	2.606					

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	Skipanr.	Nafn skips	1998	1999	2000	2001	2002	2003
137	Eskifjörður	4975	Jón Sigurðsson	2.765					
137	Eskifjörður	4978	Antares	2.371					
137	Eskifjörður	4983	Research	1.780					
137	**Höfn alls:**			**13.707**	**147**	**1.987**	**8.490**	**3.852**	**4.217**
141	Fáskrúðsfjörður	4000	Krúnborg			6.753	2.364		14.065
141	Fáskrúðsfjörður	4206	Taits						1.240
141	Fáskrúðsfjörður	4211	Hallarklettur						547
141	Fáskrúðsfjörður	4218	Orkama						795
141	Fáskrúðsfjörður	4401	Nordborg OW2106				1.753		3.852
141	Fáskrúðsfjörður	4410	Murman-2				3.609		
141	Fáskrúðsfjörður	4463	Júpiter FD-42 OW-2011						1.076
141	Fáskrúðsfjörður	4606	Christian í Grjótinum		3.047				9.573
141	Fáskrúðsfjörður	4731	Tróndur í Götu			2.587	9.913		10.416
141	Fáskrúðsfjörður	4975	Jón Sigurðsson	853		836			
141	Fáskrúðsfjörður	4980	Quantes	999					
141	Fáskrúðsfjörður	4981	H.Östervold						240
141	Fáskrúðsfjörður	4989	Chris Andra						1.090
141	**Höfn alls:**			**1.851**	**3.047**	**10.176**	**17.639**		**42.894**
147	Djúpivogur	4205	Nordbúgvin						1.324
147	Djúpivogur	4211	Hallarklettur						483
147	**Höfn alls:**								**1.807**
			Samtals:	**38.581**	**8.917**	**24.346**	**40.718**	**6.697**	**73.672**

3. Hvernig hefur veiðin skipst milli þjóða sl. 10 ár?

Í töflu 7 er gerð grein fyrir skiptingu veiða milli allra þjóða sem skráð hafa kolmunnafla á árunum 1993–2002. Ljóst er að veiðarnar hafa þróast mikið á þessu tímabili, sérstaklega hjá Íslendingum, Færeyingum, Norðmönnum og Rússum. Hafa ber þó í huga þegar þetta er skoðað að réttur einstakra þjóða til veiða úr deilistofnum byggist ekki nema að takmörkuðu leyti á veiðireynslu úr þeim stofnum en mikið fremur á líffræðilegri dreifingu stofnsins, auk annarra þátta, svo sem framlagi til rannsókna og því hversu háð einstök ríki eru fiskveiðum, bæði almennt og kolmunna sérstaklega.

Tafla 7. Skipting veiða allra þjóða, skráður kolmunnafli 1993–2002.

Land	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Samtals
Eistland	1033	4342	7754	10982	5678	6320	0	0	0	0	36109
Færeyjar	16506	24342	26009	24671	28546	71218	105006	147991	259761	205421	909471
Ísland	0	0	369	302	10464	68681	160425	260857	365101	287336	1153535
Japan	1742	2574	0	0	0	0	0	0	0	0	4316
Lettland	10626	2582	0	0	0	0	0	0	0	0	13208
Litháen	2046	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2046
Noregur	211489	229643	339837	394950	347311	560568	528797	533280	573311	571479	4290665
Rússland	139000	116781	107220	86855	118656	130042	178179	245198	315478	290068	1727477
Evrópusambandsríki											
Bretland	2284	4470	10583	14326	33398	92383	98853	42478	50147	26403	375325
Danmörk	41053	20456	12439	52101	26270	61523	64653	57686	53333	51279	440793
Frakkland	1195	0	720	6442	12446	7984	6662	13481	13480	14688	77098
Holland	18482	21076	26775	17669	24469	27907	35843	46128	73595	37529	329473
Írland	0	3	222	1709	25785	45635	35240	25200	29854	17825	181473
Portúgal	1236	1350	2285	3561	2439	1900	2625	2032	1746	1659	20833
Spánn	31020	28118	25379	21538	27683	27490	23777	22622	23218	17506	248351
Svíþjóð	2867	3675	13000	4000	4568	9299	12993	3319	2086	18549	74356
Þýskaland	100	2	6313	6876	4724	17969	3170	12655	19060	17050	87919
ESB-ríki samtals	*98237*	*79150*	*97716*	*128222*	*161782*	*292090*	*283816*	*225601*	*266519*	*202488*	*1835621*
Samtals	**480679**	**459414**	**578905**	**645982**	**672437**	**1128919**	**1256223**	**1412927**	**1780170**	**1556792**	**9972448**

4. *Hvar eru helstu veiðisvæðin? Óskað er eftir að helstu veiðisvæðin og afstaða þeirra til efnahagslögsagna komi fram á korti.*


Veiðisvæði eru sýnd á eftirfarandi myndum. Veiðarnar hafa þróast mikið á undanförnum 10 árum með tilliti til veiðisvæða og fara nú fram á mun stærra svæði en áður. Er hér sérstaklega um að ræða veiðar norðar en áður var og að miklu leyti innan íslenskrar lögsögu, þar sem gjöful kolmunnamið er að finna.

Á fyrstu myndinni er sýnd hlutfallsleg dreifing kolmunnaaflans eftir svæðum árið 2002. Þar sést að kolmunnaflinn dreifist yfir geysimikið svæði í Norður-Atlantshafi. Af um 1,55 millj. tonna afla veiddust um 830 þús. tonn vestan Bretlandseyja (á hryggningartíma í janúar–mars í lögsögu Evrópusambandsins og alþjóðlegu hafsvæði) og við Færeyjar. Um 450 þús. tonn við Ísland og í Noregshafi, um 145 þús. tonn við sunnanverðan Noreg (norsku rennunni) og Norðursjó og um 40 þús. tonn við Spán og Portúgal.


Á næstu mynd er sýnd hlutfallsleg dreifing kolmunnaflans eftir ársfjórðungum árið 2000.

Á síðustu myndinni er sýnd hlutfallsleg dreifing íslenska kolmunnaaflans árin 2002 og 2003.

Hlutfallsleg dreifing kolmunnaaflans 2002.




Hlutfallsleg dreifing kolmunnaflans eftir ársfjórðungum 2000.




Q1 Q2

Q3 Q4

Kolmunnaafli Íslendinga 2002.



Kolmunnaafli Íslendinga 2003.




5. *Hvert er mat sérfræðinga á stöðu kolmunnastofnsins nú og hvernig hafa spár um veiðiþol gengið eftir sl. 10 ár?*

Leitað var til Sveins Sveinbjörnssonar fiskifræðings Hafrannsóknarstofnunarinnar og byggist eftirfarandi á svari hans.

Meðalnýliðun á árunum 1981–85 var 10,5 milljarðar 1-árs nýliða en á árunum 1996–2002 tæplega 30 milljarðar 1-árs nýliða og hafa allir árgangarnir á seinna tímabilinu verið langtum stærri en langtímameðaltal, sjá mynd.


1-árs nýliðun 1981–2002.



Talið er að varúðarveiðidánartala (Fpa) fyrir kolmunna sé 0,32.Veiðidánartalan hefur verið 0,14–0,50 á tímabilinu 1981–2002. Á tímabilinu 1986–1990 var hún nokkuð yfir varúðarveiðidauða og frá 2000 er veiðidauðinn einnig stærri en Fpa, mest 0,5 árið 2002. Árið

2003 er heildarkolmunnaaflinn álitinn hafa verið 2,3–2,4 millj. tonna svo búast má við enn meiri veiðidauða 2003, sjá mynd.


Afli og veiðidánartala 1981–2003.



Mynd 2. Afli og veiðidánartala 1981-2003.


Afli á árunum 1987–94 var minni en ráðlagður afli Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Á árunum 1995–97 var aflinn nálægt ráðlögðum afla eða nokkuð meiri en frá 1998 hefur aflinn farið langt yfir ráðlagðan afla og mest árið 2003, þá var ráðlagður afli 600 þús. tonn en varð meira en 2,3 millj. tonna, sjá mynd.

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og afli.



Þrátt fyrir stórauknar veiðar umfram ráðgjöf er stofnmatið 2003 mun bjartsýnna en árin á undan (1999–2002) og er ástæðan að nýliðunarárgangarnir á undanförnum árum eru miklu sterkari en fyrra mat gaf til kynna. Þar af leiðandi hefur verið tilhneiging til að vanmeta stofnstærð og ofmeta veiðidauða. Það er talið að án þessarar miklu nýliðunar síðan 1995 væri stofninn í slæmu ástandi. Varúðarnálgun á stærð hrygningarstofnsins (Bpa) er 2,25 milljónir tonna en hrygningarstofninn á árunum 1998–2003 er nú metinn 3,3–4,2 millj. tonna, sjá mynd.

Stærð hrygningarstofns 1981–2003.



Á næstu dögum mun sérfræðingahópur innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins skoða mismunandi aðferðir í stofnstærðarmati og reyna að komast að hver eigi best við í ljósi reynslunnar. Íslendingar munu taka þátt í þeirri vinnu.

6. *Hvaða kröfur um aflahlutdeild gera þær þjóðir og ríkjasambönd sem koma að samningum um veiðar á kolmunna og með hvaða rökum?*

Kröfur einstakra þjóða og ríkjasambanda eru útlistaðar í töflu 8, og byggjast þær á mismunandi röksemdum.

Íslensk stjórnvöld hafa að meginstefnu byggt kröfur sínar á líffræðilegri dreifingu stofnsins og rétti strandríkis til að nýta þær auðlindir sem finnast innan lögsögu þess, að auki hefur verið vísað til framlags til rannsókna og þess hve háðir Íslendingar eru fiskveiðum. Jafnframt þessu er ákveðinnar hlutdeildar krafist af veiðum á úthafinu á grundvelli veiðireynslu. Noregur hefur lagt áherslu á líffræðilega dreifingu stofnsins í málflutningi sínum, Evrópusambandið á veiðireynslu og hvar veiðin fór fram á tímabilinu 1977–97, en málflutningur Færeyja hefur byggst á blöndu hinna ýmsu viðmiða. Ekki er ljóst á hverju Grænland byggir kröfu sína, Rússland byggir helst á veiðireynslu en hefur reynt að sýna fram á stöðu sína sem strandríki.

Tafla 8. Kröfur þjóða og ríkjasambanda.

Ísland	23%
Evrópusambandið	58%
Noregur	37%
Færeyjar	37%
Rússland	20%
Grænland	1%

7. *Hver er staða samninga núna?*

Lítið hefur miðað í samningum frá því þeir hófust árið 1999, þó að 14 fundir hafi verið haldnir, veiðar hafa aukist jafnt og þétt og eru langt umfram veiðiráðgjöf ICES. Ekki hefur verið boðað til samningafundar. Evrópusambandið hefur þegar gefið út einhliða veiðiheim-

ildir fyrir árið 2004 og Norðmenn og Færeyingar hafa þegar heimilað veiðar án þess að settar hafi verið heildartakmarkanir á veiðar.

948. Frumvarp til laga [634. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur, fjölda starfsmanna og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sé um minni háttar brot að ræða getur Umhverfisstofnun áminnt eiganda eða umsjónarmann dýranna og lagt fyrir hann að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi eða umsjónarmaður ekki skipast við tilmæli Umhverfisstofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 8. mgr. og orðast svo:

Umhverfisstofnun getur svipt rekstraraðila rekstrarleyfi skv. 12. gr. ef um alvarleg eða endurtekin brot gegn ákvæðum laga þessara er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingarnar miða að því að auka heimild Umhverfisstofnunar til þess að beita sér fyrir endurbótum á dýrahaldi í atvinnuskyni, þar sem misbrestur hefur orðið á starfseminni.

Í úrskurði umhverfisráðuneytisins sem kveðinn var upp 20. nóvember 2003 var niðurstaðan að Umhverfisstofnun hefði ekki heimild til að gera kröfu um fjölda starfsmanna þar sem fram fer dýrahald í atvinnuskyni. Það er þó nauðsynlegt og frumforsenda þess að unnt sé að tryggja góða umhirðu og meðferð dýra. Þess vegna er lagt til að bætt verði inn í 12. gr. laga um dýravernd ákvæði sem mælir fyrir um að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um fjölda starfsmanna þar sem slík atvinnustarfsemi fer fram.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laganna getur Umhverfisstofnun beitt þeirri stjórnvaldsþvingun að krefjast þess af eiganda eða umsjónarmanni dýra að hann bæti úr þeim þáttum sem ekki samræmast ákvæðum laganna. Ekki er minnst á áminningu í ákvæðinu og er lagt til að stofnunin geti áminnt sem og krafist tiltekinna úrbóta. Er það í samræmi við þvingunarúrræði annarra laga sem stofnunin starfar eftir.

Ekki er í gildandi lögum að finna skýra heimild til að svipta eiganda eða umsjónarmann dýra því rekstrarleyfi sem Umhverfisstofnun veitir skv. 12. gr. laganna. Heimildarsvipting skv. 5. mgr. 18. gr. laganna, sem og 20. gr., þjónar ekki sama tilgangi. Nauðsynlegt er að slíka heimild sé að finna í lögum.

949. Fyrirspurn [635. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til háskóla samkvæmt launastiku.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Á hverju byggist launastika kennslu í reiknilíkaninu sem notað er við ákvörðun fjárveitinga til háskóla og af hvaða þáttum ákvarðast breytingar á henni?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir leiðréttingu á launastikunni í ljósi þess að allnokkur munur er á henni og meðaldagvinnulaunum kennara?

950. Fyrirspurn [636. mál]

til samgönguráðherra um hálkuvarnir á þjóðvegum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða vinnureglur gilda hjá Vegagerðinni um aðgerðir til hálkuvarna á þjóðvegum landsins?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir samræmdum reglum um hálkuvarnir, líkt og gilda t.d. um snjómokstur, til að auka öryggi í umferðinni á þjóðvegum landsins?

951. Skýrsla [637. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2003.

1. Inngangur.

Verulega reyndi á þanþol farsæls og stöðugs samstarfs Evró-Atlantshafsríkja á árinu 2003. Framan af ári settu opinskáar og háværar deilur um aðdraganda stríðsins í Írak, lögmæti aðgerða og stríðsreksturinn sjálfan umtalsvert mark á Atlantshafsbandalagið og verður ársins eflaust minnst sem eins hins erfiðasta í sögu þess. Örðugt og tímafrekt reyndist að brúa þá gjá sem myndaðist milli Bandaríkjanna og nokkurra Evrópuríkja í aðdraganda stríðsins og sá djúpstæði ágreiningur sem uppi var meðal aðildarríkja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna málefna Íraks endurspeglaðist í samskiptum NATO-ríkjanna. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins kom þessi ágreiningur t.a.m. glögglega fram í kjölfar bónar Tyrklandsstjórnar um að NATO efldi hernaðarlegan viðbúnað í landinu vegna hugsanlegra átaka í Írak.

Eftir því sem á árið leið dró úr ágreiningi og sýnir þróun síðustu mánaða að Atlantshafsbandalaginu hafi verið forðað frá miklum skaða vegna hræringa á alþjóðavettvangi. Ljóst þykir að NATO-ríkin hafi komist yfir einn erfiðasta hjallann á vegferð Atlantshafsbandalagsins. En á sama tíma og Atlantshafsstrengurinn virtist hafa veikst að mun stóð Atlantshafsbandalagið að einhverjum mestu umbreytingum á starfi sínu frá upphafi. Veigamiklum ákvörðunum leiðtogafundarins í Prag haustið 2002 hefur þegar verið hrint að fullu eða að hluta í framkvæmd og þar með hefur mikið umbreytingaskeið hafist í samstarfi Evró-Atlantshafsríkja gegn nýjum ógnum á nýrri öld. Draga má árangur og þróun undangenginna mánaða saman í sjö þætti. Í fyrsta lagi munu sjö ný aðildarríki gerast formlegir aðilar að NATO á vormánuðum 2004. Ríkin hafa verið afar virkir þátttakendur í NATO-samstarfi undanfarin ár og lagt ríkulega af mörkum til viðhalds friðar og stöðugleika. Með stækkuninni í austurátt verður stuðlað að enn frekari styrk bandalagsins og auknum sveigjanleika. Í öðru lagi hefur átt sér stað endurskilgreining á athafnasvæði NATO. Ógnir þær sem steðja nú að ríkjum Atlantshafsbandalagsins eru sprottnar utan Evrópu og Norður-Ameríku. NATO hefur beint sjónum sínum í austurátt – út fyrir hið hefðbundna athafnasvæði sitt – og fela nýlegar ákvarðanir bandalagsins um hlutverk þess í Afganistan og Írak í sér viðurkenningu á þessari breytingu. NATO tók formlega við stjórn alþjóðagæsluliðsins í Afganistan í ágúst og var það í fyrsta sinn sem það tók að sér verkefni utan Evró-Atlantshafssvæðisins. Þá hefur NATO stutt áætlanagerð pólskra hersveita sem sinna gæsluverkefnum í Írak. Í þriðja lagi er vísað til ákvörðunar varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna nítján um breytingar á herstjórn bandalagsins sem hafa það að markmiði að auka sveigjanleika, skilvirkni og styrk. Með herstjórnarbreytingunum er bandalaginu veittur aukinn styrkur til að beita sér með skjótum hætti þar sem íhlutunar er þörf. Í fjórða lagi hefur orðið mikill og skjótur árangur af uppbyggingu hraðliðs Atlantshafsbandalagsins sem tekin var ákvörðun um að stofna á leiðtogafundinum í Prag. Þá var á fundinum ákveðið að skilgreina baráttuna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna sem eitt helsta forgangsmál bandalagsins og í því samhengi hefur verið ákveðið að koma á fót sérstakri miðstöð gegn útbreiðslu slíkra vopna. Í sjötta lagi hafa aðildarríkin leitast við að uppfylla skuldbindingar sínar um aukið bolmagn herja NATO-ríkjanna með það að markmiði að innan fárra ára muni þau hafa bætt veigamikla hernaðarþætti líkt og loft- og sjóflutninga, eldsneytistöku í lofti og leysistýrð skotfæri. Í sjöunda lagi náðu Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið sjö liða samkomulagi sem kennt er við Berlín-plús og kveður á um að ESB er tryggður aðgangur að herbúnaði Atlantshafsbandalagsins í þeim tilfellum þegar ESB beitir friðargæslusveitum sínum en NATO ekki. Markmið samkomulagsins er að tryggja að full samvinna verði milli ESB og NATO og að stofnanirnar vegi hvor aðra upp í stað þess að til tvíverknaðar komi.

Þessi árangur færir heim sanninn um að þrátt fyrir að djúpur ágreiningur kunni að verða meðal bandalagsríkja um tiltekin málefni þá stendur það ekki í vegi fyrir þróttmikilli starfsemi bandalagsins til að tryggja frið og stöðugleika og verjast nýjum ógnum.

Starfsemi NATO-þingsins og umræður á þess vegum á árinu tóku mið af helstu málefnum sem komu til kasta bandalagsins á árinu. Málefni Íraks voru afar fyrirferðarmikil í störfum þingsins allt árið og mótuðust umræður mjög af þeim deilum sem uppi voru í alþjóðasamfélaginu um hernaðaraðgerðirnar í Írak og erindrekstur innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Umræður á helstu fundum þingmannasamkundunnar voru hins vegar mun hófstilltari en við hafði verið búist og þótt nokkur skoðanamunur hefði ríkt framan af ári þá vakti athygli hve mikill vilji virtist ríkja meðal fulltrúa NATO-þingsins til að brúa þann klofning í afstöðu bandalagsríkja. Voru menn almennt sammála um að koma yrði í veg fyrir að öfl beggja vegna Atlantsála gerðu sér mat úr þessum klofningi. Af öðrum málum sem rædd voru á

NATO-þinginu á árinu voru baráttan gegn hryðjuverkastarfsemi, niðurstöður leiðtogafundarins í Prag og umbreytingarnar á herstjórn bandalagsins, samstarf NATO og ESB, aukið samstarf við Miðjarðarhafsríkin, og nánari samvinna við Rússland og Úkraínu. Segja má að atburðir á árinu hafi sýnt fram á mikilvægi framlags NATO-þingsins og þeirrar viðleitni þingmanna að beita áhrifum sínum til að treysta Atlantshafsstrenginn.

Af störfum Íslandsdeildar má helst nefna boð hennar um að Alþingi verði gestgjafi ársfundar NATO-þingsins haustið 2007.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Fram að alþingiskosningum 10. maí voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Árni R. Árnason, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Ný Íslandsdeild var skipuð í upphafi 129. þings. Aðalmenn voru Árni R. Árnason, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þess. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2003 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Árni R. Árnason.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Stjórnmálanefnd:	Árni R. Árnason.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Vísinda- og tæknineфnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Miðjarðarhafshópur:	Árni R. Árnason og Guðmundur Árni Stefánsson.

3. Fundir sem Íslandsdeildin sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess kemur stjórnarnefnd saman sérstaklega ár hvert, ýmist í lok mars eða byrjun apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar tvær Rose-Roth námstefnur (sjá fskj. II, b-lið).

Árið 2003 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í París, vor- og ársfundum þingsins í Prag og Orlandó, auk fjögurra nefndafunda utan þingfunda.

a. Febrúarfundir.

Dagana 17.–19. febrúar sl. var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel. Fundirnir fóru fram sömu helgi og fastafulltrúar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins leituðust við að leysa úr þeim ágreiningi sem upp hafði komið vegna bónar ríkisstjórnar Tyrklands, skv. IV. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans, um að NATO efldi hernaðarlegan viðbúnað í landinu vegna hugsanlegra átaka Bandaríkjanna og Bretlands við Íraksher. Sem kunnugt er höfðu fulltrúar Þýskalands, Belgíu og Frakklands ákveðið að hafna bón Tyrkja tímabundið og olli sú ákvörðun miklum deilum innan Norður-Atlantshafsráðsins. Í framhaldi af óeiningu þeirri er skapaðist ákvað framkvæmdastjóri NATO, Robertson lávarður, að beina málinu til varnaráætlunarnefndar bandalagsins (Defence Planning Committee) þar sem öll aðildarríkin nema Frakkland eiga sæti. Niðurstaða fékkst í málinu seint á sunnudagskvöldinu 17. febrúar. Óhjákvæmilega báru fundir NATO-þingsins með embættismönnum bandalagsins merki þeirra deilna sem uppi voru innan NATO og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem og orðræðunnar vegna hugsanlegra stríðsátaka.

Febrúarfundina sótti af hálfu Íslandsdeildar Árni R. Árnason, formaður, auk Andra Lúthersonar ritara. Fyrirkomulag fundanna var með venjubundnum hætti, þ.e. að embættismenn Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins héldu erindi um afmörkuð málefni og gáfu svo þingmönnum færi á að beina til þeirra spurningum. Auk slíkra funda áttu fulltrúar stjórnarnefndarinnar og bandaríska og kanadíska sendinefndin formlegan fund með Norður-Atlantshafsráðinu, þ.e. fastafulltrúum aðildarríkja NATO og framkvæmdastjóra bandalagsins. Þá áttu fulltrúar NATO-þingsins fund með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins.

Fundirnir 17. febrúar hófust á erindi dr. Edgars Buckleys, formanns varnaráætlunarnefndar NATO og aðstoðarframkvæmdastjóra bandalagsins. Buckley ræddi samskipti NATO við ESB um þessar mundir og sagði frá horfum þess efnis að ESB tæki yfir friðargæsluverkefni NATO í Makedóníu á vordögum. Þá vék hann að niðurstöðum leiðtogafundar NATO í Prag og ræddi fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á herstjórn og höfuðstöðvum NATO sem tækju mið af aukinni skilvirkni við nýtt hættumat. Þá ræddi hann áætlanir um svokallað hraðlið NATO sem kynntar höfðu verið í Prag. Sagði hann að um þessar mundir væru menn að ræða tæknilega útfærslu á hernaðaráætlunum. Buckley vék að baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og sagði að fyrir lægi að miklar breytingar hefðu orðið á vilja innan bandalagsins til þess að takast á við verkefni sem féllu utan hins hefðbundna athafnasvæðis þess. Ræddi Buckley enn fremur um stöðu mála í Írak og rakti það hvernig bandalagið hefði stutt Tyrki í gegnum tíðina. Sagði hann að öll aðildarríki bandalagsins væru sammála um að koma þyrfti Tyrkjum til aðstoðar og styrkja varnir þeirra gegn hugsanlegum ógnum frá Írak en að ágreiningurinn snerist um útfærsluatriði og tímasetningar. Nokkrar umræður urðu um framsögu Buckleys og aðspurður sagði hann að afar óheppilegt hefði verið að sá tæknilegi ágreiningur sem uppi væri meðal aðildarríkja bandalagsins hefði komist í hámæli. Nokkuð var rætt um hvort NATO hefði, í þróun mála undanfarin missiri, misst trúverðugleika sinn og að hlutverk bandalagsins til framtíðar væri nokkuð óráðið. Þá var það nokkuð gagnrýnt að svo virtist sem menn hefðu ekki verið tilbúnir með fastmótaðar áætlanir bandalagsins um stuðning við Tyrki vegna ógnana Íraka. Bandarísku fulltrúarnir á fundinum sögðust vera hissa á þeirri stöðu sem upp væri komin og vísuðu til þess að með framgöngu sinni hefðu Þjóðverjar, Frakkar og Belgar gengið í berhögg við fastmótaða hefð um samstöðu bandalagsþjóðanna. Sameinuðu

þjóðirnar væru vettvangur pólitískra skoðanaskipta en ekki Atlantshafsbandalagið. Fulltrúar fyrrnefndu þjóðanna þriggja vísuðu þessu á bug og sögðu að afstaða þeirra tæki mið af eðlilegri varkárni – ekki væri um neina stefnubreytingu að ræða. Lokaorð þessarar umræðu átti Daninn Helge Adam Möller sem sagði að ef Danmörk væri í hættu þá hefðu bandamenn fylkst um að verja landið. Nú væri hins vegar komin upp sú staða að engu væri að treysta og að ríkin þrjú yrðu að stefna að því að sýna hollustu sína.

Næstu framsögu flutti Günther Altenburg, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO og yfirmaður stjórnmáladeildar bandalagsins, og ræddi um hvernig brúa mætti þá gjá sem myndast hefði milli Evrópuríkja og Bandaríkjanna í aðdraganda Íraksstríðsins. Altenburg rakti söguna og nefndi að þetta væri ekki í fyrsta sinn sem einingin innan NATO væri í uppnámi. Spurningin væri hins vegar sú hvort þessi deila væri alvarlegri en fyrri deilur. Sagði hann að þetta viðkvæma deilumál hefði orðið að nokkurs konar almannatengslamáli þjóða í milli og að það hefði tengst sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum og öðrum óskyldum málum. Sagðist hann þó hafa fulla trú á að úr ágreiningnum yrði leyst og minnti menn á hve samstiga þjóðir voru í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin og nefndi hve efnislega rýr umræðan um bæði hryðjuverk og útbreiðslu gereyðingarvopna var fyrir þær árásir. Atburðirnir hefðu verið mikil og ógnvænleg áminning og eining þjóða því mikil. Sagði hann að sögulega séð mundi klofningurinn vegna Íraksmálsins vissulega vera nokkuð alvarlegur en þó kæmi hann ekki í veg fyrir þá eindrægni sem ríkti meðal Atlantshafsríkja. Þetta væru mikilvæg skilaboð sem þingmenn yrðu að halda að bandalagsþjóðunum og varaði við því að lokum að láta skoðanakannanir stýra jafnmikilvægum málaflokki og öryggismálum Vesturlanda. Í umræðum sem á eftir fylgdu ræddu menn nokkuð um „gömlu“ og „nýju“ Evrópu og höfðu margir á orði að ríkin sjö sem boðið var til aðildarviðræðna á leiðtogafundinum í Prag mundu fylkja sér um stefnu Bandaríkjanna og Bretlands.

Næstur tók til máls Harald Kujat, formaður hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins, og ræddi um breytingar í herafla bandalagsins. Sagði hann að meðal aðildarríkjanna ríkti mikil eindrægni um að umbreyta bandalaginu og auka þar með herstyrk þess og samhæfni herjanna. Beinist starfið nú aðallega að fimm atriðum: að bæta aðflutningsgetu bandalagsherjanna, að gæta samhæfni herjanna, bæta úr upplýsingastjórnun herstjórnar bandalagsherjanna, að öll aðildarríkin auki framlög sín til varnarmála, og að fjárframlög til bandalagsins sjálfs verði aukin. Sagði Kujat jafnframt að með yfirstandandi breytingum á herstjórn bandalagsins yrði það mun skilvirkara en áður og réði m.a. yfir hernaðargetu sem beita mætti hvarvetna.

Fundir NATO-þingsins mánudaginn 18. febrúar hófust á framsögu Graham Messervy-Whiting, majórs og næstráðanda hjá herstjórnarskrifstofu Evrópusambandsins. Hann sagði frá skipulagi herstjórnar ESB hjá ráðherraráði sambandsins og helstu markmiðum starfsins. Sagði hann frá því að enn sem komið væri væru engin ákvæði um sameiginlega varnarskyldu aðildarríkjanna, líkt og gilti í Norður-Atlantshafssáttmálanum. Þó væri Framtíðarráðstefna ESB, sem skila mundi tillögum sínum síðsumars 2003, að ræða hugsanlegar útfærslur á þvílíku ákvæði og hefði endurskoðaðan Brussel-samning Vestur-Evrópusambandsins til hliðsjónar í þeim efnum. Þá hefði ESB ekki yfir neinni samræmdri herstjórn að ráða og í því tilliti væru tveir kostir til athugunar. Annars vegar kæmi til greina að sinna herstjórninni í samstarfi við NATO (sem þýddi að ESB gæti nýtt hernaðargetu bandalagsins) og hins vegar að henni yrði sinnt í gegnum heri aðildarríkjanna (sem þýddi að engin tenging væri við hernaðargetu NATO). Að endingu vék Messervy-Whiting að árangri ESB við að uppfylla höfuðmarkmið sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB, sem kennd eru við Helsinki. Messervy-Whiting var spurður um árangur ESB við að byggja upp hersveitir sínar og hvort áætlanir um 60.000 manna herlið í lok ársins muni standast. Svaraði majórinn því

til að ESB væri þegar reiðubúið til aðgerða ef þess yrði þörf og nefndi það t.a.m. að ESB væri í þann veginn að taka við gæsluhlutverki NATO í Makedóníu. Sagði hann jafnframt að árið 2003 væri ekki eiginlegur tímafrestur þess að koma hinu 60.000 manna herliði á laggirnar. Nokkrar umræður urðu um það meðal þingmanna hvort NATO eða ESB væri fyrsti valkostur er hættuástand mundi skapast í eða við jaðra Evrópu. Majórinn svaraði því til að öll aðildarrumsóknarríkin ættu í nánu samstarfi við ESB á þessu sviði og jafnframt á sviði borgaralegrar friðargæslu og nefndi Ísland sem dæmi. Næstur tók til máls Robert Bell, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO og yfirmaður herstuðningssviðs bandalagsins, sem ræddi um stefnumörkun bandalagsins á leiðtogafundinum í Prag. Ræddi Bell aðallega um fjármál bandalagsins og samræmingarstarf sem þar fer fram.

Síðdegis var heföbundinn fundur formanna landsdeilda NATO-þingsins og sendiherra aðildarríkja NATO í Norður-Atlantshafsráðinu í höfuðstöðvum NATO. Að venju sátu sendiherrar aðildarríkjanna fyrir svörum þingmanna en umræðum stjórnaði Ítalinn Minuto Rizzo, aðstoðarframkvæmdastjóri bandalagsins, í forföllum Robertsons lávarðar. Óhjákvæmilega var nokkuð rætt um atburði helgarinnar en á sunnudeginum náðist samkomulag um það í varnarmálanefnd bandalagsins hvernig haga bæri stuðningi bandalagsins við Tyrki eftir mikið samningaþóf sem helgaðist af andstöðu Þjóðverja, Belga og Frakka við tímasetningar og umfang hernaðarlegs viðbúnaðar. Fyrstur tók til máls Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, og fór hann yfir það sem rætt hefði verið á fundum helgarinnar. Sagði hann að málflutningur þingmanna hefði einkennst af ríkri samstöðu í öllum grundvallaratriðum, jafnvel þótt menn hefði greint á um tímasetningar stuðningsins við Tyrki. Nefndi hann t.a.m. stuðning NATO-þingsins við Prag-yfirlýsinguna. Þá nefndi Bereuter aðdraganda stríðsins í Írak og mikilvægi þess að þingmenn aðildarríkja NATO efldu samstöðuna innan bandalagsins eftir það sem á undan var gengið í samskiptum nokkurra Evrópuríkja og Bandaríkjanna. Rizzo þakkaði Bereuter stuðninginn og fór yfir sáttafundinn í varnarmálanefndinni deginum áður. Sagði hann að fyrir lægi að ágreiningurinn hefði einskorðast við tímasetningar en ekki ákvörðunina um stuðning við Tyrklandsstjórn sem slíka. Þýski þingmaðurinn Markus Meckel tók undir orð aðstoðarframkvæmdastjórans en harmaði jafnframt að sáttin hefði ekki náðst fyrr. Sagði hann að ferlið hefði verið skaðsamlegt fyrir NATO. Þá vék hann að niðurstöðum leiðtogafundarins í Prag og fór yfir hvað þýsk stjórnvöld hefðu innt af hendi í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Að lokum lét hann í ljós þá skoðun sína að NATO tæki við stjórn friðargæslunnar úr hendi Þjóðverja í Afganistan. Nicholas Burn, sendiherra Bandaríkjanna hjá Atlantshafsbandalaginu, tók undir orð Meckels og sagði jafnframt að baráttan gegn hryðjuverkastarfsemi væri það mikilvægasta sem aðildarríki NATO stæðu í um þessar mundir. Þakkaði hann Evrópuríkjunum stuðninginn eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin og varaði menn við því að tapa sér í orðastríði því sem nú stæði. Mættu menn ekki gleyma þeim eindregna samstarfsvilja sem birst hefði eftir 11. september. Tók hann undir orð Meckels um að NATO ætti að taka við stjórn ISAF (alþjóðlegu friðargæsluliði í Afganistan). Meginhlutverk NATO til framtíðar væri friðargæsla og friðaruppbygging og að Bandaríkjastjórn hefði þetta að leiðarljósi. Á hinn bóginn sagði Burn að Bandaríkin hefðu átt í miklum pólitískum deilum við þrjú ríki í öryggisráðinu og að óhjákvæmilega hefði bandalagið skaðast vegna þessa. Taldi hann að ekki yrði unnt að bæta þetta upp með skjótum hætti og að eftir stæði að hik Þjóðverja, Belga og Frakka í bandalaginu hefði verið afar slæmt. Ef þessi staða kæmi upp aftur mætti ekki hika að nýju. Clark lávarður, formaður bresku landsdeildarinnar, tók stuttlega til máls og ræddi um yfirlýsingu þá sem Frakkar, Þjóðverjar og Belgar hefðu gefið út eftir að samkomulag náðist í varnarmálanefnd NATO um hernaðarviðbúnað í Tyrklandi vegna ástandsins í Írak. Rizzo sagði að ríkin bæru ábyrgð á þeirri

yfirlýsingu og að efnislega hefði hann ekkert um hana að segja. Þá tók til máls sendiherra Belgíu sem sagði í fáum orðum frá því að Belgar hefðu verið hluti af þeirri sátt sem náðst hefði í varnarmálanefndinni. Sagði hann að fyrirvarar þeir sem Belgar hefðu sett væru hluti af lýðræðislegri umræðu innan stofnana líkt og NATO og ítrekaði að hvorki Belgar né önnur ríki tækju við fyrirmælum frá ríkisstjórnum annarra ríkja. Sagði hann stuðninginn aldrei hafa verið í hættu og minnti á framlag Belga til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Danski þingmaðurinn Helge Adam Möller gagnrýndi í máli sínu þær þjóðir sem ekki vildu hóta því að beita Íraksstjórn hörku og sagði að afstaða þeirra einkenndist af tvískinnungi. Ef ekki væri vilji til að stöðva harðstjóra nú væri mun meiri hætta á að mál versnuðu síðar. Norski sendiherrann ræddi niðurstöður leiðtogafundarins í Prag og sagði að nú væri mikilvægast að aðildarríkin stæðu við fyrirheit sín um aukin framlög til öryggis- og varnarmála. Þá vék hann að deilum Bandaríkjanna við Evrópuþjóðirnar og sagði að NATO væri ekki eina stofnunin sem væri í erfiðri stöðu. Tók hann jafnframt undir framkomnar hugmyndir þess efnis að NATO tæki við stjórn friðargæsluliðsins í Afganistan. Því næst tók franski þingmaðurinn Pierre Lellouche til máls og ræddi stuttlega atburði helgarinnar innan NATO. Sagði hann að umræðan innan NATO hefði ekki beinst að öryggi Tyrklands sem slíku heldur fremur tímasetningu og eðlilegu ferli stjórnarerindreksturs í málinu. Hvað Írak áhrærði hefðu Frakkar aldrei útilokað beitingu hervalds og vísaði þingmaðurinn til orða Chiracs Frakklandsforseta þessu til stuðnings. Sagði Lellouche að starf Hans Blix, yfirmanns vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, og sveita hans hefði skapað forsendur fyrir friðsamlegri lausn mála og að það væri skylda alþjóðasamfélagsins að forðast þannig stríðsrekstur í Írak. Forðast bæri að láta Saddam Hussein spilla samstöðu þjóða. Franski sendiherrann hjá NATO tók einnig til máls og minnti menn á að öryggismál af þessu tagi væru ekki kosningamál. NATO væri samstarfsvettvangur þjóða þar sem hvert ríki hefði jafnréttháa stöðu og bera ætti virðingu fyrir skoðunum annarra. Það sem skapaði þann vanda sem menn hefðu þurft að kljást við væri að þjóðir bæru ekki næga virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Fastafulltrúi Tékklands hjá NATO sagðist vera sammála afstöðu Nicholas Burn um að ekki mættu verða tafir á því að hrinda skuldbindingum bandalagsins gagnvart Tyrklandi í framkvæmd. Sagði hann að ákvæði 4. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans væri þess eðlis að óeðlilegt væri að hnika framkvæmdinni til með einum eða öðrum hætti. Líta bæri á ósk um stuðning NATO sem sjálfsagða því að ljóst væri að aðildarríki tækju ekki ákvörðun um að fara fram með slíka bón ef þeim fyndist sér ekki ógnað. Íraksstjórn væri í besta falli óábyrg og þess vegna mætu Tyrkir það svo að af henni stæði ógn. Ekki mætti efast um réttmæti þess mats og sagði sendiherrann enn fremur að hik það sem komið hafi á sum ríki kæmi við illa við almenning í aðildarríkjum NATO. Nokkrir fleiri urðu til þess að taka til máls um atburði helgarinnar og skýra út afstöðu ríkisstjórna sinna til bónar Tyrkja um aukinn hernaðarviðbúnað.

Þriðjudaginn 19. febrúar voru haldnir fundir með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB á skrifstofu hennar. Fyrstur til máls tók Günther Verheugen, sem fer með stækkunarmál í framkvæmdastjórninni. Ræddi Verheugen um stækkunarferlið og helstu breytingar sem gerst hefðu á síðustu mánuðum með tilliti til aðildarumsóknarríkjanna. Sagði hann að gríðarmikill árangur hefði náðst á undanförnum missirum og að hann væri vongóður um að öll ríkin mundu fullnægja tilskildum skilyrðum á árinu. Þá ræddi Verheugen einnig um Kýpur og stöðu mála í samningaviðræðum þjóðarbrotanna sem eyjuna byggja. Sagði hann að óháð því hvort tækist að semja um framtíðarskipan mála á Kýpur mundi gríski hlutinn ganga til aðildar við ESB. Dyrunum yrði enn haldið opnum fyrir tyrkneska hlutann ef samningaviðræður færu út um þúfur. Þá ræddi Verheugen sérstaklega um stöðuna í nýju ríkjunum og niðurstöður leiðtogafundarins í Kaupmannahöfn í desember. Sagði hann að þróunin hefði

verið afar hröð og farsæl en margt væri enn ógert, sérstaklega í Búlgaríu og Rúmeníu og þó einkum í Tyrklandi sem ekki var boðin aðild að þessu sinni. Þá ræddi framkvæmdastjórinn um Framtíðarráðstefnu ESB og hvort nauðsyn bæri til að efna til fleiri ríkjaráðstefna (intergovernmental conferences) á vettvangi sambandsins. Sagði hann að á Framtíðarráðstefnunni mundu koma fram drög að stjórnarskrá ESB sem aðildarríkin þyrftu að taka afstöðu til og að sameiginlega öryggis- og varnarstefnu sambandsins bæri þar hátt. Sagði Verheugen að ef ESB ætlaði sér stóra hluti í þeim málaflokki yrðu aðildarríkin að koma sér saman um stefnu í stærstu málaflokkunum. Mikið hefði borið í milli að undanförnu og að ekki væri það vænlegt til árangurs. Þá sagði hann að lokum að með stækkun ESB öðlaðist sambandið nýja vídd. Sagðist hann vonast til að samskiptin yfir Atlantshafið bötnuðu verulega með inngöngu nýju ríkjanna í ljósi sterkra tengsla þeirra við Bandaríkin. Í umræðum um erindi framkvæmdastjórans var annars vegar rætt sérstaklega um Vestur-Balkanríkin og nauðsyn þess að flýta aðlögun þeirra að ESB og hins vegar um stöðu Tyrklands og horfur á aðild landsins í nánustu framtíð. Þá var nokkuð rætt um rétt aðildarríkja ESB til að taka sjálfstæða stefnu í mikilvægum málum líkt og gerst hefði í aðdraganda stríðsins gegn Írak. Svaraði Verheugen því til að ekki væri hægt að koma í veg fyrir að einstök ríki tjáðu sig um áherslur sínar en lagði jafnframt á það áherslu að þegar ákvörðun hefði verið tekin eða sameiginleg stefna hefði verið mótuð þá bæri aðildarríkjunum að verja hana. Evrópubúar krefðust þess að álfan talaði einni röddu.

Þá tók til máls Pascal Lamy, sem fer með viðskiptamál í framkvæmdastjórn ESB, og fjallaði um viðskiptatengsl Evrópu og Bandaríkjanna. Í máli sínu vék Lamy aðallega að hversu miklir hagsmunir væru í húfi fyrir ESB og Bandaríkin að viðskipti yfir Atlantshafið gengju hnökralítið í ljósi þess hve háðar þessar viðskiptablokkir væru hvor annarri. Nefndi hann að 20 af hundraði útflutnings hvorrar blokkar um sig færi til hinnar og að hlutfall þetta væri mun hærra ef horft væri til beinna erlendra fjárfestinga. Væri þetta hlutfall að aukast fremur en öfugt. Hvorir tveggja hefðu mikilla hagsmuna að gæta í því að auka alþjóðaviðskipti og efla fyrirkomulag á lausn deilumála á því sviði. Rakti hann þau mál sem komið hefðu til kasta gerðardóms Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og sagði flest málin til komin vegna stáliðnaðarins sem nauðsynlegt væri að stokka upp. Þá nefndi hann líka dæmi um erfðabreytt matvæli sem komið hefðu til kasta Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar bæri mikið í milli og öll úrlausn erfið. Nokkrar umræður urðu um framsögu Lamys og þá aðallega vegna stálmálsins svonefnda og hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB. Árni R. Árnason spurði Lamy um stöðu og horfur á uppfærslu EES-samningsins og óbilgjarnar kröfur ESB á hendur EFTA-ríkjunum. Lamy svaraði litlu öðru en því að þau mál væru í skoðun og að framkvæmdastjórnin hefði fulla trú á að lausn næðist í þeim málum sem enn væri ósamið um.

Að lokum var efnt til sameiginlegs fundar fulltrúa NATO-þingsins og utanríkismálanefndar Evrópuþingsins í Evrópuþinginu. Fundinum var stjórnað sameiginlega af Douglas Bereuter, forseta NATO-þingsins, og Elmar Brok, formanni utanríkismálanefndar Evrópuþingsins. Fundinn ávörpuðu Yiannos Papantoniou, varnarmálaráðherra Grikklands sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta árs 2003, og Rainer Feist, næstráðandi sameiginlegs herafla Evrópu (DSACEUR). Í máli sínu fóru framsögumenn yfir árangur sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB á síðustu missirum og helstu markmiðin fram undan.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 5. apríl kom stjórnarnefnd NATO-þingsins saman í París. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Andri Lúthersson ritari. Á fundinum var m.a. rætt um skipulag starfsemi

þingsins, samskiptin við aukaaðildarríki og fulltrúafjölda landsdeilda nýrra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Í lok fundarins var nokkrum tíma varið í að ræða málefni hernaðar aðgerða Bandaríkjanna, Bretlands og bandamanna þeirra í Írak. Var samstaða um það að stjórnarnefndin gæfi ekki frá sér sérstaka yfirlýsingu vegna málsins heldur var aðeins um almennar umræður að ræða þar sem fulltrúar viðruðu skoðanir sínar.

Umræður hófust á umfjöllun um árlega áfangaskýrslu framkvæmdastjóra NATO-þingsins, Simons Lunn, um helstu markmið í starfi þingsins og nefnda þess. Í framsögu um skýrsluna sagði Lunn að öll líkindi væru til að málefni Íraks yrðu fyrirferðarmikil í störfum þingsins á starfsárinu en of snemmt væri að ræða um í hvaða farveg þau mál færu. Þá mundi framhald verða á gagngerri umfjöllun allra málefnanefndanna um baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og sagði að þær hefðu á undanförnum missirum skilað afar gagnlegum skýrslum um hina fjölmörgu anga þess máls. Í ljósi niðurstaðna leiðtogafundarins í Prag þar sem sjö nýjum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu var boðið til aðildarviðræðna við NATO mundi áherslan í umfjöllun NATO-þingsins líklegast beinast frekar að Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi á komandi mánuðum sem og stöðu mála í Kákasus. Sagði hann frá ferðum nefnda NATO-þingsins til Georgíu og fyrirhugaðri ferð til Moldóvu. Þá vék hann að Miðjarðarhafssvæðinu og sagði að Miðjarðarhafshópur NATO-þingsins hefði sinnt afar mikilvægu starfi á undanförnum árum sem hefði skilað sér í auknum samskiptum þjóðþinga NATO-ríkja og ríkja norðanverðrar Afríku og ríkjanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Meginmálið á næstunni yrði þó að öllum líkindum samskipti Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna í bandalaginu og hvernig NATO-þingið gæti lagt sitt af mörkum til að brúa þá gjá sem myndast hefði innan raða bandamanna á síðustu vikum og mánuðum vegna Íraksmálsins. Að endingu sagði Lunn stuttlega frá vel heppnaðri Rose-Roth námstefnu í Belgrad og taldi það til marks um góð samskipti við stjórnvöld í Serbíu og Svartfjallalandi að ákveðið hefði verið að halda ráðstefnuna þrátt fyrir óróa þann sem hefði óhjákvæmilega skapast eftir morðið á Zoran Djindjic, forsætisráðherra Serbíu, stuttu áður. Nokkrar umræður urðu um skýrslu Lunns og sagðist Pólverjinn Longin Pastusiak óttast að NATO-þingið ætlaði sér e.t.v. um of í störfum sínum og taldi að markmiðin væru of mörg. Taldi hann að meginmarkmiðin ættu að vera Íraksmál, úrbætur í samskiptum NATO-ríkja og framtíð bandalagsins sjálfs. Fleiri urðu til þess að taka í sama streng og sagðist t.a.m. hollenski þingmaðurinn Joos van Gennip hafa áhyggjur af því að starfsfólk skrifstofu NATO-þingsins annaði ekki þeim fjölmörgu verkefnum sem nefndir þingsins hefðu tekið sér á hendur. Þá varð nokkur umræða um hvort efna ætti til árlegs fundar NATO-þingsins í Washington, svokallaðs Trans-Atlantic Forum, fyrr en í desember. Í umræðum kom fram að í ljósi þeirrar gjár sem myndast hefði milli Bandaríkjanna og Þýskalands og Frakklands væri ráðlegt að halda fundinn fyrr á árinu. Buðust Kanadamenn t.a.m. til þess að halda fundinn ef Bandaríkjamenn ættu örðugt með það. Niðurstaðan varð sú að kannaðar yrðu leiðir til að flýta Trans-Atlantic Forum. Þá var umræðum vikið að samskiptum NATO-þingsins og Rússlands og kom fram í máli Rafaels Estrella, formanns sérlegrar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússnesku Dúmunnar, að af störfum nefndarinnar undanfarið mætti dæma að vilji Rússa til samstarfs væri mun ríkari en áður. Nokkrar umræður urðu um málefni Tsjetsjeníu-héraðs og fannst sumum fundarmönnum það skjóta nokkuð skökku við að á sama tíma og rússnesk stjórnvöld styddu einarðlega hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi og stæðu jafnframt gegn stríðsrekstrinum í Írak, þá virtist aðför rússneska hersins að Tsetsjenum ekkert linna. Simon Lunn ræddi um fundarhöld NATO-þingsins í Moskvu og sagði að komið hefði í ljós að afar erfitt væri að eiga vandaða efnislega fundi með fulltrúum Dúmunnar. Kenndi hann skipulagsleysi að nokkru um hve illa hefði tekist til á sameiginlegum nefndafundum í Moskvu.

Þá var vikið að málefnum Úkraínu og samskiptum NATO-þingsins og úkraínsku Rödunnar. Um eins árs skeið hefur NATO-þingið starfrækt sérlega nefnd sem hefur haft eftirlit með samstarfssáttmála NATO og Úkraínu (e. Joint Monitoring Group on the NATO – Ukraine Charter). Sagði Peter Viggers, formaður stjórnmálanefndar NATO-þingsins, að á síðasta fundi nefndarinnar með úkraínskum þingmönnum í Brussel í mars hefði komið fram sú hugmynd að breyta nafni nefndarinnar þannig að fram kæmi að um samstarfsvettvang á jafnræðisgrunni væri að ræða. Taldi Viggers að nafnbreytingin kynni að liðka fyrir samstarfi NATO og Úkraínu, sem oft hefði verið nokkuð stirt. Urðu margir til þess að taka undir orð Viggers. Franski þingmaðurinn Pierre Lellouche sagði að NATO-þinginu bæri að styðja við bakið á úkraínsku Rödunni þar eð það hefði sýnt sig á síðustu mánuðum að þjóðþingið væri í raun eina pólitíska aðhaldið við ofríki forseta landsins. Nafnbreytingin var samþykkt og heitir nefndin nú samstarfsráð NATO-þingsins og úkraínska þingsins (e. NATO-Ukraine inter-parliamentary council).

Á fundi stjórnarnefndarinnar var vikið að tilhögun þess er þjóðþing nýrra aðildarríkja NATO taki sæti sem aðilar að NATO-þinginu og þá sérstaklega stærð sendinefnda þeirra. Skrifstofa NATO-þingsins hafði, fyrir fundinn, lagt drög að því hversu sendinefndirnar gætu verið stórar, með tilliti til fyrri reynslu og íbúatalna ríkjanna. Samkvæmt tillögunum mundu Eistar, Slóvenar og Lettar eiga rétt á þriggja manna sendinefndum hver þjóð. Litháíska þingið fengi fjögur sæti á NATO-þinginu, Slóvakar fimm, Búlgarar sex og Rúmenar tíu sæti. Samkvæmt þessu yrði fjöldi fulltrúa frá aðildarríkjum NATO 248 í stað 214 eins og nú er. Nokkrar umræður urðu um þessar tillögur forseta NATO-þingsins sem stjórnarnefndinni var ætlað að afgreiða. Þótti mönnum sem allmikils misræmis gætti í þessum útreikningum ef miðað væri við mannfjöldatölur og þá sérstaklega með tilliti til fulltrúafjölda ríkjanna sem þegar hefðu verið um árabil í NATO. T.a.m. var bent á að þótt Tyrkir væru hátt í 67 milljónir væru aðeins 12 fulltrúar í sendinefnd tyrkneska þingsins en Bretar, sem eru tæpar 60 milljónir, ættu 18 fulltrúa á NATO-þinginu. Í umræðum kom fram að NATO-þingið hefði tekið nokkuð mið af stærð sendinefnda á Evrópuráðsþinginu og á ÖSE-þinginu í seinni tíð og ljóst að hlutföllin hefðu breyst nokkuð á nokkrum áratugum. Jafnframt kom fram að heildrænar breytingar á þessum málum yrðu afar erfiðar í framkvæmd og í raun enginn tilbúinn til að taka á þeim vanda sem upp gæti komið í kjölfar þessa. Fulltrúar nýju aðildarríkjanna sjö sögðust allir vera sáttir við tillögurnar. Simon Lunn sagði að ef í náinni framtíð kæmi fram eindreginn vilji til þess að breyta þessari skipan mála þá yrði það gert. Tillagan var samþykkt.

Þá lá fyrir stjórnarnefndinni að samþykkja stærð sendinefnda þjóðþinga Aserbaídsjan og Armeníu, sem boðin var aukaaðild að NATO-þinginu á stjórnarfundi þess í Istanbúl. Auk þess tók stjórnarnefndin afstöðu til umsóknar Svía um aukaaðild að NATO-þinginu. Svíþjóð ásamt hinum þremur hlutlausu ESB-ríkjunum, Finnlandi, Austurríki og Írlandi, var boðin aukaaðild að NATO-þinginu árið 1997. Tóku Finnar og Austurríkismenn því boði. Svíar völdu þann kost að eiga áheyrnaraðild en í desember 2002 ritaði forseti sænska þingsins bréf til NATO-þingsins þar sem farið var fram á aukaaðild. Féllst stjórnarnefndin á aukaaðildarbeiðnina á fundinum og jafnframt var ákveðið að Armenar ættu þrjá fulltrúa á NATO-þinginu og Aserar og Svíar fimm fulltrúa hvor þjóð.

Á þingfundi ársfundar NATO-þingsins í Istanbúl kom upp nokkur ringulreið vegna afgreiðslu munnlegra breytingartillagna sem lagðar voru fram í umræðum þingsins. Eftir nokkurt þóf um framkomnar munnlegar breytingartillögur bannaði varaforseti þingsins að leggja mætti fram slíkar tillögur, til að gæta samræmis í störfum þingsins. Olli þetta nokkurri óánægju og ákvað fastanefnd þingsins því að mál þessi yrðu tekin fyrir á stjórnarnefndar-

fundinum í París. Var lagt til að fundarsköpum þingsins yrði breytt á þann veg að frambornar munnlegar breytingartillögur mætti ræða og taka afstöðu til þeirra á þingfundi ef meiri hluti viðstaddra fulltrúa væri samþykkur því. Nokkrar umræður urðu um þetta og þótti mörgum sem að með þessari breytingu væru völd forsetans skert of mikið. Þá yrði að vera rúm fyrir breytingartillögur til að koma í veg fyrir að villandi málfar slæddist í ályktunartexta í meðförum þingsins. Ákveðinn sveigjanleiki yrði að vera til breytinga. Niðurstaða fundarins varð sú að fresta því að taka ákvörðun um málið þar til á næsta stjórnarnefndarfundi. Þá var samþykkt tillaga forsetans um að festa í sessi fyrirkomulag það um framlögn skriflegra breytingartillagna sem hafði verið til reynslu frá stjórnarnefndarfundinum í Rómaborg 2001. Samkvæmt reglunum getur formaður landsdeildar lagt breytingartillögur fram fyrir hönd landsdeildar sinnar. Ella þarf a.m.k. fimm undirskriftir frá þremur ríkjum. Að lokum var tekin fyrir skýrsla þýska þingmannsins Lothar Ibrügger um fjármál NATO-þingsins.

Síðdegi laugardagsins 5. apríl var varið í að ræða málefni Íraks og afstöðu NATO-ríkjanna til stríðsins í landinu. Búist hafði verið við allnokkrum ágreiningi milli Bandaríkjamanna og þeirra Evrópuríkja sem mest höfðu mótmælt aðgerðum bandamanna. Þótt skoðanamunur hefði verið nokkur á fundinum voru ummæli hófstillt og athygli vakti hve mikill vilji virtist ríkja meðal fulltrúanna til að brúa þann klofning í afstöðu NATO-ríkja sem orðið hafði síðustu daga og vikur á undan fundinum. Sammæltust fulltrúar stjórnarnefndarinnar jafnframt um að gefa ekki út sameiginlega yfirlýsingu að fundinum loknum heldur aðeins að ræða málefnin á lokuðum fundi. Þá sagðist Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, ekki taka efnislega afstöðu til stríðsaðgerðanna meðan hann gegndi embættinu heldur eftirláta það formönnum landsdeildanna. Rafael Estrella, fyrrum forseti NATO-þingsins, tók fyrstur til máls og sagðist fagna afstöðu forsetans þar sem ágreiningurinn væri milli NATO-ríkja en ekki milli t.a.m. NATO og Rússlands eins og í átökunum um Kosovo-hérað. Sagðist Estrella jafnframt óttast að harðlínustefna Bandaríkjamanna kynni að vera sem olía á eld þann er logaði í Miðausturlöndum og sagðist efast um friðarvilja þeirra í deilum Palestínumanna og Ísraela. Sagði hann að hin pólitíska samstaða sem ríkt hefði um árabil milli Bandaríkjanna og Evrópuríkjanna væri brostin og að afar erfitt yrði að koma hlutum í samt lag aftur. Taldi hann þó að fulltrúar NATO-þingsins bæru mikla ábyrgð í því að leitast við að fá menn til að ræða saman á sömu forsendum. Þá sagði hann að Evrópuríkin yrðu að sinna heimavinnu sinni betur í ljósi mikils skoðanaágreinings þeirra sjálfra í millum. Menn yrðu að átta sig á að Bandaríkin og Evrópuríkin þyrftu að standa við sameiginlegar hnattrænar skyldur sínar. Tyrkneski þingmaðurinn Vahid Erdem sagði í ávarpi sínu að mun auðveldara yrði fyrir Bandaríkin að vinna stríðið en að vinna friðinn. Af þessum sökum væri mikilvægast að tryggja samstöðu NATO-ríkja eins fljótt og auðið yrði. Sagði hann Tyrki hafa afar slæma reynslu af hernaði í Miðausturlöndum og sagðist hann kvíða neikvæðum afleiðingum stríðsins ef það drægist á langinn og þá sérstaklega á viðkvæman efnahag Tyrklands. Þýski þingmaðurinn Karl Lamers sagði að mikil spenna væri í loftinu vegna aðgerða Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Írak og að ekki mætti gleyma skoðunum þeirra milljóna manna sem mótmælt hefðu í höfuðborgum Evrópu. Sagðist hann telja að spurningin sem eftir stæði væri hvort þjóðir Atlantshafssamfélagsins ættu samleið í öryggismálum. Við blasti gagnólíkt mat þjóða á þeim vandamálum sem uppi væru. Því lægi beinast við að spyrja hvort stefna þjóða væri samþættanleg. Lagði hann mikla áherslu á að Evrópuþjóðir yrðu að leysa úr ágreiningsefnum sínum áður en þau væru borin á borð alþjóðasamfélagsins og þá þyrftu þær sérstaklega að huga að stefnu varðandi uppbyggingarstarf í Írak að stríði loknu. Breski þingmaðurinn Alice Mahon sagðist vera mjög gagnrýnin á stefnu ríkisstjórnar sinnar í málinu og hafði áhyggjur af því að almenningur teldi að um nokkurs konar krossferð væri að ræða. Í máli

þýska þingmannsins Markus Meckels komu fram þungar áhyggjur af stríðsrekstri Bandaríkjamanna og þeim skilaboðum til umheimsins sem í honum fælist. Minnti hann á að deilumál Ísraela og Palestínumanna mættu ekki gleymast og ljóst væri að alþjóðasamfélagið yrði að koma fram með heildstæða stefnu í málefnum Miðausturlanda. Spurði hann hvort þetta væri vísirinn að því sem gerast mundi í Sýrlandi og Íran og jafnframt hvort þetta væri upphafið að endalokum Atlantshafsbandalagsins. Norski þingmaðurinn Jan Tore Sanner tók til máls í umræðunum og minnti fundarmenn á að Noregur hefði verið í forsæti öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þegar ályktun 1441 hefði verið samþykkt. Sagðist hann harma þá leið sem farin hefði verið í Írak og vonaðist til þess að þetta yrði ekki vísir að því sem koma skyldi. Sagði hann að Noregsstjórn hefði sett sig á móti stríðinu en það þýddi þó alls ekki að Noregur væri hlutlaust ríki. Hollenski þingmaðurinn Joos van Gennip skýrði fundarmönnum frá helstu forsendum stuðningsyfirlýsingar hollenskra stjórnvalda og lagði jafnframt áherslu á að alþjóðasamfélagið hlyti stórt hlutverk við stjórn og enduruppbyggingu Íraks að stríði loknu. Þá sagði hann að umfangsmikillar áætlunar á borð við Marshall-aðstoðina í Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari væri nú þörf í Miðausturlöndum. Bandaríski þingmaðurinn Joel Hefley sagði í ávarpi sínu að Bandaríkjastjórn hefði gert allt sem í hennar valdi hefði staðið til að koma í veg fyrir að stríðið brytist út. Sagði hann að Bandaríkjunum hefði verið nauðugur einn kostur að ráðast gegn Íraksstjórn vegna afstöðu Frakka sem sögðust mundu setja sig á móti nýrri ályktun öryggisráðsins. Sagði hann að vinaþjóðir mættu ekki ausa hvor aðra auri og að menn yrðu að huga að framtíðinni í stað þess að dvelja við það sem þegar hefði gerst. Menn þyrftu ekki annað en að líta á stöðu mála í Afganistan nú til að draga þá ályktun að afstaða Bandaríkjanna í Miðausturlöndum væri sú rétta. Ítalski öldungadeildarþingmaðurinn Giovanni Forcieri skýrði frá stuðningi ítalskra stjórnvalda við aðgerðirnar í Írak og hið sama gerði Manuel Atencia, formaður spænsku landsdeildarinnar. Franski þingmaðurinn Pierre Lellouche sagðist vera á þeirri skoðun að stríðið hefði verið réttlætanlegt en ekki forgangsmál og að það hefði verið háð á röngum tíma. Sagði hann að Sameinuðu þjóðirnar væru sannarlega í sárum eftir það sem á undan hefði gengið, Evrópusambandið væri sem lamað í afstöðu sinni og að Atlantshafsbandalagið væri klofið. Sagði hann að mat manna væri að Evrópa og Bandaríkin væru að færast í sundur og að öfl beggja vegna Atlantsála gerðu sér mikinn mat úr þessum klofningi. Menn yrðu að átta sig á að um nokkurs konar trúarstríð væri að ræða og að innan hins íslamska heims væri eindregin andstaða gegn hinu vestræna módeli. Vestrænum þjóðum yrði að takast að brúa það bil sem skapast hefði. Að lokum tók bandaríski þingmaðurinn John Tanner til máls og sagði í ræðu sinni að ljóst væri af því sem á undan hefði gengið að Bandaríkjamenn ættu ekki að standa einir að málum í Írak eftir að stríðinu lyki. Bandaríkjastjórn gæti það vissulega en ef rétt ætti að halda á málum þá yrði alþjóðasamfélagið að vera með í ráðum.

Að lokum var ákveðið að hafa almennar umræður um málefni Íraks á vorfundi NATO-þingsins í Prag í maí.

c. Vorfundur.

Dagana 24.–28. maí var árlegur vorfundur NATO-þingsins haldinn í Prag. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, og Jónína Bjartmarz, auk Andra Lútherssonar ritara. Að vanda var vorfundurinn skipulagður sem eins konar undirbúningsfundur fyrir ársfund þingsins sem halda átti í Orlandó 7.–11. nóvember. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktunardrög sem samþykkja átti í Orlandó, auk þess sem ýmsir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Það sem hæst bar á fundinum í Prag var stríðið í Írak og eftirmál þess, þar á meðal pólitísk samskipti

NATO-ríkjanna, árangurinn af baráttunni gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi, útbreiðsla gereyðingarvopna og mat á hlutverki nýs og stærra Atlantshafsbandalags á nýrri öld.

Fyrsta fundardag fór fram annar fundur nýstofnaðrar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Stjórnarnefnd NATO-þingsins kom saman til fundar mánudaginn 26. maí og þingfundur var haldinn lokadaginn, 28. maí.

Á fundi stjórnmálanefndarinnar var rætt um skýrslur um stöðu mála í Írak og áhrif stríðsins á starfsemi Atlantshafsbandalagsins, viðhorf Atlantshafsþjóða til ástands í öryggis- og varnarmálum og framlag Evrópuríkja til varnarmála, og samstarfsverkefni NATO á sviði stöðugleika í Mið- og Austur-Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Cyril Svoboda, utanríkisráðherra Tékklands, sem ræddi um framlag Tékka til NATO, William L. Nash, forstöðumaður Council on Foreign Relations í Washington D.C., sem ræddi um afleiðingar stríðsins í Írak og framlag Evrópuþjóða til varnarmála, og William Drozdiak, forstöðumaður Brusselskrifstofu German Marshall-Fund of the United States, sem ræddi um þá gjá sem myndast hefði í samskiptum Bandaríkjanna og Evrópuríkja vegna stríðsins í Írak. Umræður á fundum nefndarinnar snerust að mestu um þær pólitísku spurningar sem kviknuðu í kjölfar stríðsins í Írak og áhrif þess á alþjóðasamfélagið, sérstaklega á Atlantshafssamstarfið. Þá ræddu fulltrúar nefndarinnar um hlutverk bandalagsins í öryggismálum Evró-Atlantshafssvæðisins, árangur af baráttunni gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi, og stækkunaráform NATO og samstarfsverkefni bandalagsins sem ákveðin höfðu verið á leiðtogafundinum í Prag á fyrra ári. Af umræðunum að dæma var ljóst að mikill einhugur ríkir um það innan bandalagsins að stofnunin verði sem endranær í fararbroddi við að tryggja öryggi og varnir Evró-Atlantshafssvæðisins. Þá var samhljómur um að alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, útbreiðsla gereyðingarvopna og svæðisbundinn óstöðugleiki væru mestu ógnirnar við öryggi nú um stundir. Þeir sem til máls tóku, þ.m.t. Cyril Svoboda, utanríkisráðherra Tékklands, fögnuðu framtíðaraðild nýju NATO-ríkjanna sjö og ræddu um að samstarfsverkefni bandalagsins yrðu afar mikilvæg ef litið væri til nánustu framtíðar. Þá kom enn fremur fram einróma stuðningur við að NATO tæki að sér nýtt og aukið hlutverk í Afganistan og hugsanlega í Írak.

Á fundi varnar- og öryggismálanefndarinnar voru ræddar skýrslur um deilurnar um Írak og áhrif þeirra á bandalagið, árangurinn af baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, endurbætur á herstjórnarskipulagi NATO og hraðlið bandalagsins, og árangur nýrra aðildarríkja í hernaðarlegu aðlögunarferli NATO. Fund varnar- og öryggismálanefndarinnar ávörpuðu þeir Miroslav Kostulka, aðstoðarvarnarmálaráðherra Tékklands, og sir Tim Garden, prófessor við King's College í Lundúnum, sem ræddi um þann hernaðarlega lærdóm sem draga mætti af stríðinu í Írak. Meginumræðuefni funda nefndarinnar var skýrslan um átökin í Írak og áhrif þeirra á bandalagið. Miklar umræður urðu um efnisatriði skýrslunnar og í lok þeirra virtist vera nokkur samstaða um það meðal fundarmanna að endurreisnarstarfið í Írak ætti að byggjast á fjölþjóðlegum grunni og að þátttaka NATO í því starfi yrði til gæfu. Margir nefndarmanna höfðu á orði að með auknu hlutverki NATO í Írak yrði auðveldara að brúa þá gjá sem myndast hefði milli Bandaríkjanna og Evrópu. Í ávarpi sínu sagði Kostulka frá reynslu Tékka við aðlögun að herstjórn NATO og miðlaði af reynslu þjóðarinnar til væntanlegra nýrra aðildarríkja NATO.

Á fundi félagsmálanefndarinnar var rætt um skýrslur um borgaralega vernd á ófriðartímum, stöðu rússneska minni hlutans í Eystrasaltsríkjunum, skipulega glæpastarfsemi – mansal og eiturlyf í Evrópu, og skýrslu um vernd borgara gegn hryðjuverkum samkvæmt nýrri hermálaáætlun NATO. Fund nefndarinnar ávörpuðu þau Anna Politkovskaya blaðamaður, sem ræddi um stríðsátökin í Tsjetsjeníu, Olivier Roy, forstöðumaður frönsku vísinda- og rannsóknamiðstöðvarinnar (CNRS), sem ræddi um hreyfingar strangtrúaðra múslíma og

hættuna sem af þeim stafar, og Jiri Pehe, forstöðumaður New York háskóla í Prag og fyrrum aðstoðarmaður Vaclavs Havels, fyrrverandi forseta Tékklands. Fjallaði hann um umfjöllun tékkneskra fjölmiðla um stríðið í Írak og áhrif þess á viðhorf almennings gagnvart Evrópusambandinu og NATO. Fyrirlestur Önnu Politkovskaya um ástand mála í Tsjetsjeníu vakti mikla athygli fundarmanna og jafnframt miklar og heitar umræður um framgöngu rússneskra hersveita í Norður-Kákasushéraðinu. Politkovskaya var afar berorð í fyrirlestri sínum og gagnrýndi Rússlandsstjórn harðlega fyrir stríðsreksturinn í Tsjetsjeníu. Þá var hún óspör á gagnrýni á alþjóðasamfélagið fyrir að hafa gleymt stríðinu í Norður-Kákasus og þá sérstaklega eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin og í aðdraganda stríðsins í Írak. Sagði hún það vera samfélagslega og siðferðilega skyldu Vesturlanda að knýja á um að mannréttindi séu virt í Tsjetsjeníu og að efnahagslegir eða pólitískir hagsmunir mættu ekki blinda NATO-þjóðir þegar mannréttindi væru annars vegar. Fulltrúar Rússa á fundinum mótmæltu ræðu Politkovskaya harðlega. Þá var tekin til umræðu á fundinum sérleg skýrsla rússneska þingmannsins Luboc Siska um stöðu rússneska minni hlutans í Eystrasaltsríkjunum. Formaður nefndarinnar hafði gefið Siska færi á að leggja fram og ræða skýrslu sína þrátt fyrir að það væri nokkuð á skjön við hefðir nefndarinnar um að sérskipaðir skýrsluhöfundar legðu einir skýrslur sínar fyrir nefndina. Skýrslan var rædd á fundinum og í henni voru ríkisstjórnir Eystrasaltsríkjanna, einkum Lettlands, gagnrýndar fyrir að hafa skellt skollaeyrum við ráðleggingum ýmissa alþjóðastofnana um að bæta rétt rússneska minni hlutans til að nema og tala rússnesku auk annarra álitaefna. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna mótmæltu skýrslunni harðlega á fundinum. Niðurstaða fundarins varð sú að skýrslan yrði ekki tekin fyrir á ársfundinum í Orlandó í nóvember, heldur yrði málið rætt á almennum nótum auk þess sem sérlegur sérfræðingur Evrópuráðsþingsins í þessum málefnum yrði fenginn til að skýra fulltrúum NATO-þingsins hlutlægt frá stöðu mála. Virtust nefndarmenn sætta sig við þá niðurstöðu.

Á fundi efnahagsmálanefndarinnar voru teknar fyrir skýrslur um efnahagsþróun á forsendum öryggismála, Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), hagkerfi Rússlands undir stjórn Pútíns forseta, auk sérlegrar skýrslu rússneska þingmannsins Victors Voitenko um eiturlyfjasmygl frá Afganistan og hætturnar sem slík starfsemi skapar í Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Peter Jezek, aðstoðarutanríkismálaráðherra Tékklands, sem svaraði fyrirspurnum fundarmanna, James Darcy, gestakennari við Overseas Development Institute í Lundúnum, og Linnett Deily, varafastafulltrúi sendinefndar Bandaríkjastjórnar hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni í Genf (WTO).

Á fundi vísinda- og tækninefndar NATO-þingsins voru teknar til umræðu skýrsla um baráttuna gegn útbreiðslu gereyðingarvopna á 21. öld og afar áhugaverð skýrsla þýska þingmannsins Lothars Ibrüggers um vígvæðingu í himingeimnum og hnattrænt öryggi. Fund nefndarinnar ávörpuðu þau Martin Pecina, aðstoðar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fjallaði um kjarnorkuiðnað í Tékklandi, og Dana Drabova, forstöðumaður kjarnorkuöryggismála í Tékklandi. Svöruðu þau Pecina og Drabova fjölmörgum spurningum þingmanna enda hafa kjarnorkuöryggismál í Tékklandi verið nokkuð til umræðu á undanförnum mánuðum, einkum eftir mótmæli Þjóðverja við rekstri Temelin-kjarnorkuversins í suðausturhluta Tékklands. Þá flutti Olivier Lepick, fræðimaður við frönsku alþjóðamálastofnunina, fyrirlestur um áform Íraksstjórnar á sviði efna- og lífefnavopnaframleiðslu. Að lokum hélt William C. Potter, prófessor og yfirmaður rannsóknastofnunarinnar Center for Nonproliferation Studies við Monterey Institute of International Studies (MIIS), fyrirlestur um viðhorf Bandaríkjamanna og Rússa til baráttunnar gegn útbreiðslu gereyðingarvopna. Í afar athyglisverðum fyrirlestri kom Potter víða við og svaraði fjölmörgum spurningum nefndarmanna um útbreiðslu gereyðingarvopna, ástand vopnabúrs Rússlandsstjórnar og hættuna af því að hryðjuverkaöfl

kæmu höndum yfir slík vopn. Nokkuð var deilt á fundinum um málefni sem lúta að útbreiðslu gereyðingarvopna og eftirlitshlutverki alþjóðasamfélagsins enda voru þau mál mikið í deiglunni eftir stríðið í Írak.

Fyrir fundi samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins lá tillaga rússneska þingmannsins Victors Ozerovs um að ræða málefni Íraks á fundinum. Rafael Estrella, fyrrum forseti NATO-þingsins og formaður sérlegrar nefndar NATO-þingsins sem fer með málefni Rússlands, samþykkti þá tillögu og sagðist fagna því að nefndarmenn fengju færi á að ræða opinskátt um brennandi mál með þátttöku aðildarríkjanna nítján auk Rússlands. Nýju aðildarríkin sjö höfðu enn fremur rétt til að sitja fundinn. Í aðdraganda umræðunnar um Írak kom fram að Rússar vildu gjarnan fjölga fundum samstarfsnefndarinnar og ekki einskorða þá við vorþingin og ársfundina að hausti. Tekið var vel í tillögur þessar og sagðist formaðurinn mundu ræða mál þessi við forseta NATO-þingsins, Bandaríkjamanninn Douglas Bereuter. Í máli rússnesku þingmannanna komu fram ábendingar um þrennt sem betur mætti fara í samskiptum Rússlands og Atlantshafsbandalagsins, sem kristallast hefði í umræðum um stríðið í Írak. Í fyrsta lagi var það harmað að vettvangur NATO-þingsins hefði ekki verið notaður meira en raun bar vitni og sögðu rússnesku þingmennirnir að ef formleg og óformleg tengsl þingmanna hefðu verið nýtt hefði e.t.v. verið unnt að koma í veg fyrir þær diplómatísku deilur sem urðu í aðdraganda stríðsins. Í öðru lagi töldu þeir að NATO-þinginu bæri að ræða afleiðingar stríðsins á alþjóðlegar skuldbindingar ríkja og virðingu fyrir alþjóðalögum. Sögðust þeir fagna að Sameinuðu þjóðirnar hefðu loks veitt bandamönnum lagalegan grunn fyrir aðgerðum sínum en gagnrýndu þó framferði Bandaríkjamanna og Breta og sögðu að allt yrði að gera til að koma í veg fyrir að slík staða kæmi aftur upp. Í þriðja lagi bentu Rússar á að þingmenn yrðu að setja virðingu fyrir alþjóðalögum í fyrsta sæti í störfum sínum og beita áhrifum sínum á stjórnvöld til að svo mætti verða. Nýta ætti það formlega samstarf, t.a.m. á vegum samstarfsnefndarinnar, til að draga úr spennu þegar stóratburðir ættu sér stað. Þá tóku þingmenn frá aðildarríkjunum til máls og skýrðu flestir þeirra frá afstöðu ríkisstjórna sinna til stríðsins í Írak. Nokkrir lýstu þó persónulegum skoðunum og ýmist gagnrýndu stríðsreksturinn, líkt og breski þingmaðurinn Alice Mahon, eða lýstu yfir stuðningi við hann þvert á opinbera stefnu ríkisstjórna sinna, líkt og franski þingmaðurinn Pierre Lellouche. Samhljómur var þó á fundinum um það að því bæri að fagna að tekist hefði að hrinda ógnarstjórn Saddams Husseins en jafnframt höfðu menn nokkrar áhyggjur af framhaldinu og óstöðugleikanum sem virtist ríkja í Írak þrátt fyrir viðveru erlends herliðs í landinu.

Fundur stjórnarnefndarinnar mánudaginn 26. maí hófst á því að forseti NATO-þingsins fór yfir skrifleg viðbrögð Robertsons lávarðar við ályktunum NATO-þingsins frá ársfundinum í Istanbúl, sem dreift hafði verið fyrir fundinn. Þá fór framkvæmdastjóri NATO-þingsins, Simon Lunn, yfir starfsemi þingsins á næstu mánuðum og bætti upplýsingum við skýrslu sína sem lögð hafði verið fyrir fund stjórnarnefndarinnar á fundi hennar í París í apríl. Nokkrar umræður urðu um störf Miðjarðarhafsnefndarinnar í framhaldi af máli Lunns og þá sérstaklega hvar haustfundur nefndarinnar ætti að fara fram. Stakk Rafael Estrella upp á því að fundurinn yrði í Jerúsalem en flestum nefndarmanna þótti það óráðlegt miðað við ástand mála fyrir botni Miðjarðarhafs. Spánverjar buðust þá til að halda fundinn í Malaga og varð það úr. Athuga skyldi hvort forsendur yrðu fyrir fundi í Jerúsalem á næsta ári. Þá héldu formenn málefnanefnda og undirnefnda þeirra framsögur um helstu þætti í starfsemi þeirra. Peter Viggers, formaður samstarfsnefndar NATO-þingsins og Úkraínu, sagði nefndarmönnum frá nafnbreytingum þeim sem tekin hefði verið ákvörðun um á fundi nefndarinnar í París í apríl og ræddi almennt um ástand mála í landinu. Í umræðum kom fram að menn væru afar vongóðir um að nánari tengsl NATO-þingsins og úkraínsku Rödunnar mundu hafa jákvæð

áhrif á stjórnarfar í landinu til langs tíma litið og höfðu menn á orði að þau persónuleg tengsl sem skapast hefðu í störfum nefndarinnar nýttust vel í erindrekstri Atlantshafsbandalagsins í landinu. Eftir þessar umræður var vikið að boðuðum breytingum á þingsköpum NATO-þingsins. Um smávægilegar breytingar var að ræða, þ.e. breytt verklag við framlögn breytingartillagna sem hafði það að markmiði að draga úr fjölda breytingartillagna sem nytu lítils stuðnings. Voru þær breytingar samþykktar mótatkvæðalaust. Þá voru samþykktar breytingar sem gerðu ráð fyrir að sitjandi þingforseti gæti tekið við munnlegum breytingartillögum ef hann teldi þær uppfylla skilyrði. Þá varð framhald á umræðum frá stjórnarnefndarfundinum í París um fjölda þeirra sem skipuðu landsdeildir. Nokkur óánægja hafði komið fram hjá Tyrkjum vegna þessa máls í ljósi þess að landið er fjölbýlla en t.a.m. Bretland, sem aftur á fleiri sæti á NATO-þinginu en greiðir þó lægri árgjöld. Var samþykkt að ræða nýjar tillögur að fyrirkomulagi á næsta fundi. Þá var ákveðið að þingfundurinn 28. maí mundi greiða atkvæði um tillögu stjórnarnefndar um að Svíar tækju sæti sem aukaaðilar að NATO-þinginu í kjölfar umsóknar sænska þingsins sem samþykkt hafði verið á stjórnarnefndarfundinum í París. Var það samþykkt. Að lokum fór gjaldkeri þingsins yfir fjármál þess og rætt var um nefndarfundi og þing sem haldin yrðu á næstu árum.

Þingfundinn, sem efnt var til að morgni 28. maí, ávörpuðu þeir Douglas Bereuter, forseti NATO-þingsins, Robertson lávarður, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, og Vladimir Spidla, forsætisráðherra Tékklands. Svöruðu þeir Robertson lávarður og Spidla völdum spurningum fulltrúa NATO-þingsins. Að lokum var efnt til almennra umræðna um stríðið í Írak og eftirmál þess. Alls tóku 39 þingmenn til máls í umræðunum. Engar ályktanir lágu fyrir þinginu til meðferðar. Aukaaðild Svíþjóðar var samþykkt með lófataki.

d. Ársfundur.

Dagana 7.–11. nóvember var ársfundur NATO-þingsins haldinn í Orlandó. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, Magnús Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Meðal fjölmargra áhugaverðra málefna sem afstaða var tekin til var Íraksstríðið, aðdragandi þess og eftirmál og var það sú umræða sem helst setti mark á fundinn líkt og á fyrri fundum NATO-þingsins á árinu. Auk þess var mikið rætt um breytingar á herstjórn Bandaríkjahers og afstöðu og meintar áherslubreytingar Bandaríkjanna til fjölþjóðastofnana og alþjóðlegs samstarfs. Þá beindust umræður enn fremur að nýjum ógnum sem að Vesturlöndum steðja af hendi hryðjuverkahópa og m.a. rætt um áhugaverðar skýrslur um útbreiðslu gereyðingarvopna. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktunardrög sem samþykkt voru á þingfundi, auk þess sem ýmsir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Bandaríkjamaðurinn Douglas Bereuter var endurkjörinn í embætti forseta NATO-þingsins. Á fundinum var Guðmundur Árni Stefánsson kjörinn í embætti skýrsluhöfundar undirnefndar félagsmálanefndar NATO-þingsins sem fjallar um lýðræðislega stjórnarhætti. Þá tilkynnti Íslandsdeildin að Alþingi yrði gestgjafi ársfundar NATO-þingsins haustið 2007.

Á fundi stjórnmálanefndar voru til umræðu skýrslur um aðgerðir til að styrkja Atlantshafssamstarfið í kjölfar Íraksstríðsins, lærdóminn og ályktanir þær sem draga mætti af Íraksstríðinu, viðhorf til öryggismála beggja vegna Atlantsála og framlag Evrópu til NATO og framlag NATO til stöðugleika í Mið- og Austur-Evrópu. Afgreiddi nefndin eina ályktun sem vísað var til þingfundarins og fjallaði um Atlantshafssamstarfið í kjölfar Íraksstríðsins. Fundinn ávörpuðu þeir: Gregory Treverton, sérfræðingur hjá RAND-stofnuninni í Bandaríkjunum, sem fjallaði í erindi sínu um eftirmál Íraksstríðsins með tilliti til samstarfs Evrópuríkja og Bandaríkjanna í baráttunni gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi, George Perkovich, for-

stöðumaður hjá Carnegie-friðarstofnuninni, sem fjallaði um færar leiðir til að sporna við auknum ágangi útlagaríkja, Nicholas Burns, sendiherra Bandaríkjastjórnar hjá Atlantshafsbandalaginu, sem fjallaði um samskipti Bandaríkjanna og Evrópuríkja innan NATO og helstu áherslur Bandaríkjanna í Atlantshafssamstarfinu, og John C. Hulsman, sérfræðingur hjá Heritage-stofnuninni, sem ræddi um hvernig brúa mætti bilið milli Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Íraksstríðsins.

Í máli Trevertons kom fram að samskipti Bandaríkjanna og Evrópuríkja hefðu ekki verið jafnstirð og nú frá því í heimsstyrjöldinni síðari. Taldi hann að jafnvægi Evrópu hefði raskast með stækkun NATO og ESB og með hinni sameiginlegu mynt og áherslunni á sambandsríki Evrópu. Sagði hann að Evrópubúar og Bandaríkjamenn hefðu ekki sömu heimssýn um þessar mundir og að það kynni að vera hættulegt stöðugleikanum sem gætt hefði í samskiptunum yfir hafið. Rakti hann ýmis dæmi máli sínu til stuðnings og dró upp nokkuð dökka mynd af framtíð Atlantshafsstrengsins. Miklar umræður urðu eftir erindi Trevertons og Frakkar og Þjóðverjar voru áberandi nokkuð gagnrýnir á þá sýn sem framsögumaður veitti á alþjóðamál líðandi stundar. Því næst tók til máls George Perkovich sem sagði í erindi sínu að hugtakið „útlagaríki“ kallaði á nánari skilgreiningu sem tæki mið af þeim sértæku herfræðilegu og pólitísku ógnum sem hvert slíkra ríkja ylli. Taldi hann að hvert ríki væri háð eigin forsendum og þyrfti að meðhöndlast á sértækan hátt. Orðræða á borð við „öxulveldi hins illa“ væri því gagnslítil og beinlínis skaðleg ef markmiðið ætti að vera að sporna við áhrifamætti slíkra útlagaríkja. Ræddi hann um stefnu Bandaríkjanna og Evrópuríkja gagnvart Írak, Íran og Norður-Kóreu og lagði áherslu á að Evrópuríkin mættu ekki hlaupast undan ábyrgð hvað hin tvö síðarnefndu varðaði. Þá sagði hann þessi ríki ekki þau einu sem sýndu útlagatilburði, Líbýa, Sádi-Arabía og ekki síst Pakistan væru ríki sem NATO-þjóðirnar yrðu að einbeita sér að á næstunni. Mikil nauðsyn væri á því að aðildarríki NATO mótuðu stefnu sem miðaði að því að hindra mögulegar ógnir sem af þessum ríkjum gæti hugsanlega stafað. Ræddi hann sérstaklega um framtíð Pakistan sem hann taldi vera knýjandi spurningu sem bandalagið í heild sinni yrði að búa sig undir að svara. Í umræðum virtist vera nokkuð mikill samhljómur um að greining Perkovich væri réttmæt og komu fram nokkrar áhyggjur af framtíðarþróun í Pakistan. Þá beindust umræður að nokkru leyti að því hvort hernaðaraðgerðir í forvarnaskyni hefðu tekið við af fælingarkenningunni sem meginstoð bandarískrar öryggisstefnu í valdatíð Bush-stjórnarinnar og hlutverki Sameinuðu þjóðanna í breyttri heimsmynd. Þriðji framsögumaður fundar stjórnmálanefndarinnar var Nicholas Burns, sendiherra Bandaríkjastjórnar hjá NATO. Sagði hann að árið 2003 hefði verið afar erfitt hvað samskiptin yfir hafið varðaði. Hins vegar væru flestöll deilumálin nú að baki og að sátt ríkti um hvert stefna bæri. Sagði hann að fimm umfangsmiklar breytingar væru í vændum innan bandalagsins sem vörðuðu hlutverk þess, varnarviðbúnað, aðild, samstarfsríkin og síðast en ekki síst samskiptin við ESB. Breytingar þessar ættu sér stað á sama tíma og sjónir bandalagsins beindust æ meir og lengra í austurátt, til Miðausturlanda, Mið-Asíu, Íraks, Norður-Afríku og Afganistan. Sagði hann að mikið lægi undir að aðildarríkin leituðu allra mögulegra leiða til að jafna út hinn gríðarlega mun á hernaðarútgjöldum og hernaðargetu milli Bandaríkjanna og Evrópu. Önnur mikilvæg úrlausnaratriði á næstu missirum væru hve fáum hersveitum Evrópuríkin geta beitt á sérhverjum tíma og ósveigjanleiki þeirra, takmarkanir opnunarstefnunnar (open-door policy) gagnvart fyrrverandi Varsjárbandalagsríkjum, og umræður um sjálfstæðar höfuðstöðvar herafla ESB. Þá vék Burns nokkrum orðum að verkefnum NATO í Afganistan á vegum ISAF og fagnaði því hve árangurinn hefði reynst mikill á stuttum tíma. Sendiherrann lagði mikla áherslu á það í málflutningi sínum að Bandaríkin og Evrópa mættu ekki glata niður þeirri einingu sem einkennt hefði hið nána samstarf innan NATO og að NATO og ESB

nytu þeirrar gæfu að starfa náið saman. Hvað Atlantshafsstrenginn varðaði sagði Burns að Bandaríkin mundu hvergi hvika frá áherslu sinni á fjölþjóðlegt samstarf og hygðust beina ríkari sjónum að samstarfinu innan NATO og að Evrópu. Sagði hann að Bandaríkin þyrftu á NATO og Evrópu að halda og með sama hætti bæri Evrópuríkjum skylda til að hafna öllum and-bandarískum hneigðum sem bæri nokkuð í evrópskum fjölmiðlum. Evrópuríkin ættu hvorki að beita ESB gegn Bandaríkjunum né að keppa við Bandaríkin á alþjóðavettvangi. Að lokum sagði Burns að Bandaríkin vonuðust til að Evrópa yrði senn sjálfstæð og öflug. Umræður snerust að megninu til um fyrirætlanir ESB á sviði öryggis- og varnarmála og samskipti þess við Atlantshafsbandalagið. Burns var spurður um álit sitt á málum er varða hugmyndir um ákvæði um sameiginlega varnarskyldu ESB-ríkja, um áætlanir um höfuðstöðvar herdeilda ESB í Tervuren í Belgíu og enn fremur um líkur á því að Bandaríkjamenn drægju úr viðveru herdeilda sinna í Evrópu. Burns svaraði því til að Bandaríkin mundu áfram sem endranær halda í heiðri skuldbindingar sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssáttmálanum og ætluðu sér ekki að yfirgefa Evrópu. Þá sagði sendiherrann að Bandaríkin styddu heilshugar Berlín-plús samkomulagið þar sem fram kæmi, með skýrum hætti, að sameiginleg öryggis- og varnarstefna ESB væri ekki gagnstæð NATO né yki hættu á tvíverknaði. Þá svaraði Burns spurningum um Miðjarðarhafssvæðið á þá leið að hann gæti vel séð fyrir sér að líkan í ætt við Samstarf í þágu friðar (Partnership for Peace, PfP) mundi henta vel á því svæði. Að lokum sagði sendiherrann að hvað spennuna í samskiptum Bandaríkjanna og ESB á sviði varnarmála varðaði þá væru „þeir sem græfu undan NATO hinir sömu og græfu undan skuldbindingum Bandaríkjanna í Evrópu". Meginvandi ESB á sviði öryggis- og varnarmála væri tjáskipta- og upplýsingaskortur. Síðasti fyrirlesari á fundi stjórnmálanefndarinnar var John C. Hulsman, sérfræðingur hjá Heritage-stofnuninni, og sagði hann í erindi sínu að samskiptin yfir Atlantsála hefðu sjaldan eða aldrei verið verri. Stóran hluta skýringarinnar sagði Hulsman vera þann að meiri hluti stjórnmálaelítu Evrópuríkja áliti Bandaríkin vera hluta vandans í alþjóðasamskiptum samtímans, mun fremur en hluta lausnarinnar á hinum fjölmörgu hnattrænu vandamálum sem að steðjuðu. Þá taldi fyrirlesarinn einnig að Evrópubúar mundu í síauknum mæli skilgreina sig sem mótstöðuafl vil Bandaríkin. Miklar og líflegar umræður urðu um erindi Hulsmans.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um Íraksstríðið og áhrif þess á NATO, árangur nýrra aðildarríkja NATO, framvinduna í baráttunni við hryðjuverkaógnina, aðgerðir bandalagsins í Írak, breytingar á herafla Bandaríkjanna erlendis, og breytingar á herstjórn NATO og hraðlið NATO. Afgreiddi nefndin ein ályktunardrög, um aðgerðir bandalagsins í Írak, og sendi til þingfundar. Fundinn ávörpuðu þrír gestafyrirlesarar. Fyrstur mælti Richard B. Myers, hershöfðingi og yfirmaður herráðs Bandaríkjanna, sem fjallaði um þær breytingar sem óumflýjanlegar eru innan NATO á næstu árum og áratugum. Í erindinu lagði Myers megináherslu á hve örðugt væri að mæta hinum nýju aðsteðjandi ógnum. Þessi staða kallaði á að bandalagið yrði að vera fært til að mæta þessum marghliða ógnum með afar skömmum fyrirvara. Sýndi Myers fundarmönnum leikið myndband sem sýndi hættuástand er skapaðist þegar eldflaugaárás úr óþekktum kafbáti í Miðjarðarhafi ógnaði stórri evrópskri borg og viðbrögð bandalagsherja við þeirri ógn. Sama myndband hafði verið sýnt á nýliðnum fundi varnarmálaráðherra NATO í Colorado Springs. Myndbandið og erindi Myers kallaði á sterk viðbrögð fundarmanna og sýndi fram á nauðsyn þess að bandalagsherirnir gætu starfað náið saman á grunni samhæfanlegra hergagna og tæknibúnaðar. Þá hélt Ian Brzezinski, varaaðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, erindi sem fjallaði mestum hluta um sýn Bandaríkjastjórnar á framtíð Íraks. Ræddi Brzezinski einnig um breytingarnar á NATO, þ.m.t. hraðliðið, varnir gegn árásum með gereyðingarvopnum og Berlín-plús samkomulag

NATO og ESB. Að lokum ræddi Clark Murdock, sérfræðingur hjá Center for Strategic and International Studies, um breytingar á herafla Bandaríkjanna erlendis í ljósi endurskoðaðrar áætlunar varnarmálaráðuneytisins (Quadrennial Defence Review 2001) sem hrint var í framkvæmd í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um almannavarnir í Evrópu, varnir almennings gegn hryðjuverkaógninni, og eiturlyfjasmygl og mansal í Evrópu. Afgreiddi nefndin ályktun um mansal og sendi til meðferðar þingfundar. Fund félagsmálanefndarinnar ávörpuðu þau Ron Castleman, yfirmaður almannavarnadeildar heimavarnaráðuneytis Bandaríkjanna, sem ræddi um úrbætur á sviði almannavarna eftir hryðjuverkin 2001, Tomas W. Raffanello, sérfræðingur alríkislögreglu Bandaríkjanna (FBI) í baráttunni gegn eiturlyfjasmygli, James O'Brien, einn forsvarsmanna The Albright Group, sem ræddi stöðu mála í Kosovo-héraði, Rainer Hoffmann, yfirmaður málefna minnihlutahópa hjá Evrópuráðinu, sem ræddi um stöðu rússneska minni hlutans í Eystrasaltsríkjunum, og Barnett Rubin, lektor við New York háskóla, sem ræddi um stöðu mála í Afganistan. Í lok fundarins var Guðmundur Árni Stefánsson kjörinn í embætti skýrsluhöfundar undirnefndar félagsmálanefndar NATO-þingsins sem fjallar um lýðræðislega stjórnarhætti. Á árinu mun skýrsluhöfundur rita skýrslu um smygl og sölu barna í Evrópu sem tekin verður fyrir á vorfundinum í Bratislava og ársfundinum í Rómaborg. Á fundinum var rætt að til öflunar gagna vegna skýrslunnar muni nefndin fara til Moldóvu og Albaníu.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur og ályktanir nefndarinnar um hagkerfi Rússlands í forsetatíð Pútíns, aðsteðjandi hættur í Evrópu vegna eiturlyfjasmygls frá Afganistan, viðskipti Bandaríkjanna og Evrópu í kjölfar Doha- og Cancun-samningalotna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), og samspil efnahags- og öryggismála. Nefndin afgreiddi á fundi sínum ályktun um efnahags- og öryggismál sem vísað var til meðferðar þingfundar. Fundinn ávörpuðu þeir Arvind Panagariya, prófessor við háskólann í Maryland, sem fjallaði um frelsi í alþjóðaviðskiptum, og John Williamson, sérfræðingur við Institute for International Economics, sem fjallaði um bandaríska hagkerfið í tíð Bush-stjórnarinnar.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna á 21. öld, og geimvopn og hnattrænt öryggiskerfi. Nefndin afgreiddi ályktunardrög um hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og afstöðu Bandaríkjanna og Evrópu sem send voru þinginu til meðferðar. Fund nefndarinnar ávörpuðu James O. Ellis aðmíráll, sem fjallaði um fyrirætlanir Bandaríkjastjórnar hvað geimvopn varðar, Dennis Gormley, sérfræðingur við Monterrey-stofnunina, sem fjallaði um aukna áherslu á ómönnuð eftirlitsför, og Clayton Mowry, forseti Arianespace, sem sagði frá verkefnum fyrirtækisins á sviði geimvísinda.

Á fundinum í Orlandó var í þriðja sinn efnt til fundar nýstofnaðrar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Nefndin, sem er skipuð fulltrúum þjóðþinga aðildarríkjanna nítján og beggja deilda rússneska þingsins, endurspeglar náinn samstarfsvettvang NATO-ríkjanna og Rússlands. Fundurinn var á almennum nótum en til grundvallar umræðum lá skýrsla um ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum í Mið-Asíu og áhrif þess svæðis á öryggi Rússlands og NATO-ríkjanna.

Stjórnarnefndarfundurinn fór fram mánudaginn 10. nóvember. Fundurinn hófst á því að forseti þingsins, Douglas Bereuter, fór yfir störfin sem fram undan voru og sagði að svo virtist sem tilmæli stjórnarnefndarinnar undanfarin ár um að fjölda breytingartillagna bæri að stilla í hóf væru að skila árangri. Því næst hélt Simon Lunn, framkvæmdastjóri NATO-þingsins, erindi um störf þingsins og helstu áfanga á næstu árum. Vék hann einnig stuttlega að störfum málefnanefndanna og ítrekaði að forðast bæri á allan hátt að nefndirnar fjölluðu

um sömu eða svipuð mál. Þá var umræðum vikið að málefnum Aserbaídsjan, sem var, ásamt Armeníu, veitt áheyrnaraðild að NATO-þinginu á ársfundinum í Istanbúl 2002. Sagði forsetinn að samstarfið við Asera hefði verið ágætt en hins vegar gæfu niðurstöður nýlegra forsetakosninga og framkvæmd þeirra tilefni til áhyggna. Ástand mála í Georgíu ylli einnig miklum áhyggjum og ræddi Bereuter um á hvern hátt NATO-þingið gæti beitt sér í málinu. Nokkrir urðu til þess að ræða málefni áheyrnaraðildarríkjanna og sagði m.a. hollenski þingmaðurinn Bert Koenders að það hefðu verið mistök að veita Aserbaídsjan áheyrnaraðild á síðasta ári og tóku margir undir þau sjónarmið. Niðurstaðan varð sú að forseti þingsins mundi senda stjórnvöldum í Georgíu, Aserbaídsjan og Armeníu bréf þar sem áhyggjum væri lýst og þau hvött til að fylgja lýðræðislegum háttum í hvívetna. Þá var vikið að samskiptum NATO við Rússland og þá sérstaklega samskiptum þjóðþinganna. Forsetinn sagði að mikill árangur hefði náðst í samstarfsnefnd NATO-þingsins og rússneska þingsins og kom með þá tillögu að sameiginleg eftirlitsnefnd NATO-þingsins og rússneska þingsins yrði lögð niður og samstarfsnefndin tæki við skuldbindingum hennar. Nokkrir þingmenn tóku undir þetta en Peter Viggers, formaður stjórnmálanefndarinnar og eftirlitsnefndarinnar, minnti á að innan eftirlitsnefndarinnar hefðu verið unnin mikilvæg störf og að hætta væri á að sú starfsemi mundi minnka ef samstarfsnefndin tæki við. Næstur tók til máls franski þingmaðurinn Pierre Lellouche sem sagði að það ylli sér verulegum áhyggjum hve lítið afstaða Rússa hefði breyst í alþjóðlegu samstarfi frá því fyrir lok kalda stríðsins. Enn væri NATO-þingið og önnur fjölþjóðasamtök að fást og kljást við sömu aðila og ríktu á Sovéttímanum og að sama hugarfarið réði ríkjum. Nokkrar umræður urðu um þetta og samhljómur var um að væntingar Rússa í samskiptum sínum við NATO væru e.t.v. of miklar. Aðrir, t.a.m. pólski þingmaðurinn Longin Pastusiak, voru á þeirri skoðun að í rússnesku sendinefndinni væru að öllum líkindum fulltrúar sem aðhylltust ekki mjög hófsamar skoðanir og að NATO-þingið gæti hugsanlega komið þeim skilaboðum á framfæri við stjórn rússneska þingsins. Slíkt væri væntanlega mun líklegra til árangurs. Þá héldu formenn málefnanefnda og undirnefnda þeirra framsögur um störfin á næstunni og ferðir þær sem áætlaðar hefðu verið. Að því loknu reifaði forsetinn hugmyndir um að bæta þyrfti þingsköp NATO-þingsins til að taka mið af hinum aukna fjölda fulltrúa þjóðþinga aðildarríkja samfara stækkun NATO. Fyrirsjáanlegt væri að vandi mundi skapast með tilliti til fjölda embætta varaformanna og annarra trúnaðarstaða ef breytingar yrðu ekki gerðar til að taka mið af nýju ríkjunum sjö. Í lok fundarins var rætt um fundarvettvang NATO-þingsins á næstu missirum og árum. Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður Íslandsdeildar, tilkynnti að Alþingi hefði ákveðið að bjóða NATO-þinginu að halda ársfund sinn í Reykjavík árið 2007. Var rausnarlegu boði Alþingis fagnað af fundarmönnum.

Hinn eiginlegi þingfundur fór fram þriðjudaginn 11. október að viðstöddum á áttunda hundrað manns. Fundinn ávörpuðu þeir Jeb Bush, ríkisstjóri Flórída, George Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO, sem ávarpaði NATO-þingið í síðasta sinn í starfi sínu, John A. Gordon, ráðgjafi Bandaríkjaforseta í málefnum er varða heimavarnir, og Marc Grossman, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hinir þrír síðastnefndu svöruðu spurningum þingmanna. Í umræðum um erindi Grossmans spurði Guðmundur Árni Stefánsson um afstöðu Bandaríkjamanna til þess hvort og í hvaða mæli Atlantshafsbandalagið eigi að beita sér í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Grossman svaraði því til að þessi mál væru til sífelldrar skoðunar án þess að víkja sérstaklega að hugsanlegum þætti NATO. Sagði hann að það hefði komið skýrt fram í málflutningi forsetans að framtíðarlausnin væru tvö sjálfstæð og fullvalda ríki en að til að svo mætti verða yrðu Palestínumenn að taka á hryðjuverkavandanum. Því næst var efnt til kjörs forseta, varaforseta og gjaldkera þingsins. Douglas

Bereuter var sjálfkjörinn í embætti forseta og ítalski þingmaðurinn Giovanni Lorenzo Forcieri, Frakkinn Pierre Lellouche, Pólverjinn Longin Pastusiak og Bandaríkjamaðurinn John Tanner voru kjörnir í embætti varaforseta. Þjóðverjinn Lothar Ibrügger var endurkjörinn gjaldkeri þingsins. Þá tilkynnti forsetinn að ráðningarsamningur þingsins við Simon Lunn hefði verið endurnýjaður af stjórnarnefndinni og rynni út í lok árs 2007. Því næst tók þingheimur til meðferðar ályktanir málefnanefnda NATO-þingsins sem voru alls fimm talsins. Í umræðum um ályktun stjórnmálanefndarinnar um aðgerðir til að bæta Atlantshafsstrenginn í kjölfar Íraksstríðsins hélt Guðmundur Árni Stefánsson ræðu og sagði það mál vera hið mikilvægasta og mest knýjandi í seinni tíð. Sagðist hann þó sannfærður um, miðað við umræður undangenginna daga á NATO-þinginu, að NATO-ríkin beggja vegna Atlantsála næðu að brúa þá gjá sem myndast hefði á umliðnum mánuðum en hinu mætti þó ekki gleyma að staðan í Írak væri enn afar vandasöm og hættuleg. Sagðist Guðmundur Árni hafa áhyggjur af stöðunni, sérstaklega ef hugað væri að undirbúningi aðgerða í Írak. Taldi þingmaðurinn að ef alþjóðasamfélagið, og þá sérstaklega NATO-ríkin, hefði borið gæfu til að ræða ágreiningsefnin á opinskáan hátt hefði að öllum líkindum verið unnt að koma í veg fyrir mörg hinna afdrifaríku mistaka sem gerð hefðu verið. Í húfi væri framtíð Atlantshafsbandalagsins, skilvirkustu varnarsamtaka veraldar. Sagði hann enn fremur að framlag NATO-þingsins hefði líklega aldrei verið eins mikilvægt og nú um stundir og að þingmönnum sem þar sætu bæri skylda til að tryggja öryggi þjóða sinna með því að beita áhrifum sínum í þá veru að brúa gjána sem myndast hefði. Að lokum bauð Guðmundur Árni fulltrúa NATO-þingsins velkomna til Íslands haustið 2007.

e. Transatlantic Forum NATO-þingsins.

Dagana 8. og 9. desember efndi NATO-þingið og Atlantshafsráð Bandaríkjanna, ásamt National Defence University, til fundar um helstu málefni Atlantshafssamstarfsins í Washington D.C. – fundurinn nefnist Transatlantic Forum. Fundurinn fór fram í húsakynnum National Defence University í McNair-virki í Washington og var þetta í þriðja sinn sem slíkur fundur var haldinn. Þátttakendur voru þingmenn nokkurra aðildarríkja og aukaaðildarríkja NATO-þingsins auk embættismanna og sérfræðinga í alþjóðamálum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Magnús Stefánsson, auk Andra Lútherssonar ritara. Þá sótti Auðunn Atlason, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Washington D.C., fundinn. Segja má að megintilgangur Transatlantic Forum sé að gera fulltrúum NATO-þingsins kleift að ræða sameiginleg málefni er varða öryggi og varnir Evrópu og Bandaríkjanna við þá aðila í bandaríska stjórnkerfinu sem næst eru ákvarðanatökuferlinu. Þátttaka hefur verið afar góð á þessum fundum og umræður hreinskiptnar og upplýsandi. Fundurinn var skipulagður á þann hátt að nokkur svið alþjóðamála sem hátt hafði borið á undangengnum missirum voru tekin fyrir. Þar má nefna varnarviðbúnað og hernaðargetu, hættuástandsstjórnun, friðargæslu, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og helstu málefni leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Istanbúl vorið 2004. Tilhögun fundanna var sú að bandarískir sérfræðingar héldu framsögur um málefnin og sátu svo fyrir svörum þingmanna og annarra þátttakenda á fundinum. Sú regla hefur verið viðhöfð á þessum fundum að ekki er vísað beint í ummæli tiltekinna framsögumanna eða þingmanna.

Framsögumenn á fundinum voru James Steinber, sérfræðingur hjá Brookings-stofnuninni, Gary Schmitt, sérfræðingur við stofnunina Project for the New American Century, James Townsend, frá NATO og Evrópumálaskrifstofu bandaríska varnarmálaráðuneytisins, Montgomery C. Meigs, fyrrum herforingi og prófessor við Lyndon B. Johnson School of Public Affairs, Frederick D. Barton, ráðgjafi í alþjóðaöryggismálum við Center for Strategic and

International Studies, dr. Seth Carus, aðstoðarforstöðumaður rannsóknastofnunar National Defence University í málefnum gereyðingarvopna, Art Cummings, sérfræðingar hjá alríkislögreglu Bandaríkjanna (FBI), Robert E. Hunter, fyrrum sendiherra Bandaríkjastjórnar hjá NATO og sérfræðingur hjá RAND-stofnuninni, Jeffrey Simon, sérfræðingur hjá National Defence University, Dan Fried, deildarstjóri hjá þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna, og Jim Hoegland, dálkahöfundur á dagblaðinu Washington Post.

Þingmenn og framsögumenn frá öllum NATO-ríkjunum virtust vera sammála um að leita bæri allra leiða til að styrkja Atlantshafsstrenginn eftir erfitt ár í samskiptunum yfir hafið. Almennt var álitið að tónninn í samskiptunum væri að mildast og fylgja þyrfti því eftir beggja vegna Atlantsála. Bent var á það að þrátt fyrir fyrirferðarmikla umræðu um að gjáin milli Bandaríkjanna og Evrópu væri orðin nær óbrúanleg og að mikið bæri í milli hvað varðaði framtíðarsýn sömu aðila til alþjóðasamskipta, þá sýndu rannsóknir meðal kjósenda bæði í Bandaríkjunum og Evrópu að viðhorf almennings beggja vegna Atlantshafsins væri í nær engu frábrugðin er kæmi að alþjóðamálum almennt og öryggismálum sérstaklega. Þá sýndu niðurstöður með óyggjandi hætti að almenningur væri á þeirri skoðun að Bandaríkin og Evrópa deildu með sér sömu lífsgildum. Þar fyrir utan væru Evrópubúar metnir sem helstu bandamenn Bandaríkjanna og að hefð væri fyrir skilvirku samstarfi. Það sama átti við í niðurstöðum rannsókna í Bandaríkjunum um afstöðuna til Evrópu. Á hinn bóginn væru sviptingar í samskiptum Bandaríkjanna og Evrópu óumflýjanlegar. Var rætt um að í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin hefðu bandarísk stjórnvöld afráðið að aðgerðaleysi byði heim meiri hættu en að beita hervaldi en á sama tíma hefðu Evrópubúar verið afhuga beitingu hervalds. Þá hefðu Bandaríkjamenn verið tortryggnir í garð Evrópu og talið að afstaða Evrópubúa kynni að endurspeglast í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Bandaríkjamenn hefðu lengi verið mjög áfram um að Evrópusambandsríkin bættu við hernaðargetu sína en voru uggandi um að framkomnar tillögur um þróun öryggis- og varnarmálastefnunnar kynnu að valda óþarfa tvöföldun herstjórnar og að hugsanlegar sameiginlegar varnarskuldbindingar ESB-ríkja í stjórnarskrá sambandsins mundu grafa undan stuðningi Norður-Ameríkuríkja við Atlantshafssáttmálann. Þingmenn Evrópuríkja sem til máls tóku fögnuðu áframhaldandi stuðningi Bandaríkjamanna við ESB og NATO en sumir þeirra lýstu þó nokkrum áhyggjum af því að Bandaríkin kynnu að nota Atlantshafsbandalagið í meira mæli sem vettvang til að afla liðsmanna í „bandalag viljugra ríkja“ í hvert sinn sem hættur steðji að. Töldu þeir að hættan á því hefði aukist mjög í kjölfar þess að NATO beitti V. gr. stofnsáttmálans í fyrsta sinn hinn 12. september 2001 og voru á þeirri skoðun að hernaðaraðgerðir þær sem farið var út í gegn Talibönum í Afganistan og hryðjuverkasamtökunum al Qaeda hefðu átt að vera undir merkjum NATO. Framsögumenn voru að hluta til sammála þessu mati og töldu að meira hefði mátt gera úr beitingu V. gr. Þá urðu nokkrir þeirra til að gagnrýna stefnu bandarískra stjórnvalda um að fara út í einhliða aðgerðir en jafnframt kom fram á fundinum að innan bandarískra stjórnkerfisins hefðu ákveðnir lærdómar verið dregnir og að stjórnin væri nú mun hallari undir samstarf ríkja. Í þessu tilliti var bent á að allar forsendur hefðu verið til staðar til að aðgerðir í Afganistan (e. Operation Enduring Freedom) undir merkjum bandalagsins þrátt fyrir að sum aðildarríkin hefðu verið á móti stríðsaðgerðunum.

Á fundinum kom fram að ein helsta ástæða þess að Bandaríkjastjórn hefði verið jákvæðari í garð Atlantshafsbandalagsins á síðustu missirum væru ákvarðanirnar sem teknar voru á leiðtogafundinum í Prag haustið 2002, auk þeirra aðgerða sem í kjölfarið komu, svo sem yfirfærsla friðargæslu í Afganistan (ISAF) til bandalagsins og aðstoð við áætlanagerð þess fyrir pólskar herdeildir í Írak. Samhljómur var meðal fundarmanna um að þessar ákvarðanir hefðu leitt til þess að spurningunum um hvort, hvenær og hvar NATO gæti beitt sér utan hins

skilgreinda NATO-svæðis hefði nú endanlega verið svarað. Þá hefðu ákvarðanirnar og aðgerðir í kjölfar þeirra hrundið af stað úrbótum á ýmsum sviðum sem hefðu það að markmiði að auka hernaðargetu bandalagsins svo að það geti spornað við hryðjuverkavánni. Á fundinum var því fagnað að NATO hefði sýnt ríkan vilja til að takast á hendur verkefni utan hins skilgreinda NATO-svæðis og að þróa búnað og vinnuferla með það fyrir augum að sem best verði staðið að framkvæmd slíkra verkefna. Höfðu menn á orði að NATO ætti í auknum mæli að beita sér í málefnum „Stór-Miðausturlanda“ (e. Greater Middle East, sem er hugtak sem æ oftar er notað yfir svæðið sem markast af Norður-Afríku í vestri, Afganistan í austri, Kákasus í norðri og Persaflóaríkjunum í suðri) í ljósi þess að vestrænum samfélögum stafaði mest ógn frá því svæði og að Atlantshafsbandalagsríkin yrðu að endurhugsa leiðir til að stemma stigu við þeim ógnum. Sérstaklega var rætt um að byggja á afar farsælli reynslu af Samstarfi í þágu friðar (e. PfP, Partnership for Peace) og Miðjarðarhafssamstarfi NATO og víkka það út til fleiri ríkja á svæðinu með það fyrir augum að auka samstarf og skapa grundvöll fyrir lýðræðislegum umbótum. Margir ræddu um að gæta þyrfti mikillar varkárni hvað íhlutun NATO á Stór-Miðjarðarhafssvæðinu varðaði en að sama skapi voru bandarískir fundarmenn á því máli að aukinna samskipta og hugsanlega íhlutunar væri þörf. Tóku sumir þeirra svo djúpt í árinni að lífvænleiki NATO byggðist að hluta til á því að samstaða næðist um hlutverk bandalagsins á svæðinu.

Á fundinum ríkti mikil samstaða um að heimsfriðnum stafaði mest ógn af hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna nú um stundir. Framsögumenn ræddu um að fram að hryðjuverkaárásunum 11. september hefðu stjórnvöld fjallað um þessar ógnir sem aðskilin málefni en í kjölfar árásanna hefðu líkindin á því að hryðjuverkahópar nýttu sér hvers kyns gereyðingarvopn aukist til muna og því væri leitast við að haga viðbúnaði í samræmi við það. Mesta hættan væri sem endranær að hryðjuverkamenn notuðu hefðbundna árásartækni en þó væru leyniþjónustustofnanir fullvissar um að hópar á borð við al Qaeda leituðu eftir vopnum sem yllu miklu mannfalli. Hvað gereyðingarvopnin varðaði væri hættan á útbreiðslu lífefnavopna einna mest knýjandi. Kæmi þar tvennt aðallega til, annars vegar væri tæknibúnaður til framleiðslu slíkra efna orðinn mjög aðgengilegur og hins vegar að með beitingu lífefnavopna væri unnt væri að valda stórfelldu mannfalli með fremur lítilli fyrirhöfn. Væri það því stefna Bandaríkjastjórnar að efla mjög varnarviðbúnað á því sviði. Þar með væri þó ekki sagt að varnarviðbúnaður vegna annarra gereyðingarvopna sæti á hakanum því að aukin áhersla væri á slíkar aðgerðir í sambandi við öll hugsanleg gereyðingarvopn, ekki síst með tilliti til kjarnavopna, en á því sviði hefði lítið gerst frá lokum kalda stríðsins. Þá var nokkuð rætt um hömlur á útbreiðslu gereyðingarvopna og var það álit framsögumanna að geta alþjóðasamfélagsins til að stemma stigu við þeirri vá mundi að miklu leyti taka mið af þeim vandamálum sem nú væri við að glíma, þ.e. staða mála í Íran og Norður-Kóreu. Ef alþjóðakerfið næði ekki tilskildum árangri og ef tiltekin ríki kæmust upp með að hunsa eftirlit alþjóðastofnana, þá yrði lítið sem stæði í veginum fyrir stjórnvöldum sem staðráðin væru að koma sér upp gereyðingarvopnum. Nokkuð var rætt um baráttuna gegn skipulegri hryðjuverkastarfsemi og kom fram hjá fundarmönnum að ákaflega mikill árangur hefði náðst í milliríkjasamvinnu frá því að ráðist var á Bandaríkin 2001. Meginmarkmiðið nú væri alþjóðlegt forvarnastarf og nefndu bandarísku framsögumennirnir mörg dæmi um náið samstarf Bandaríkjanna við bandamenn sína í tilteknum málum. Kom fram að þessi samvinna tæki á sig ýmsar myndir og að hefðbundinni verkaskiptingu á milli mismunandi stjórnarstofnana (leyniþjónustu, rannsóknaraðila, efnahagsbrotadeilda og saksóknaraembætta) hefði á tíðum verið ýtt til hliðar með afar góðum árangri. Almenn samstaða var um þessi mál

meðal fundarmanna þótt ljóst væri að menn voru ekki á eitt sáttir um stöðu fanga Bandaríkjastjórnar í herstöðinni við Guantanamo-flóa.

Rætt var um að yfirstandandi umbreytingaferli NATO hefði hafist formlega á leiðtogafundinum í Prag en jafnframt að á vorfundinum í Istanbúl yrðu umbreytingarnar formfestar og aðgerðabundnar enn frekar. Þá yrði eitt meginmarkmiðanna að endurskapa einingunа sem einkennt hefði starf NATO á síðasta áratug. Í þessu tilliti var aftur bent á að afar mikilvægt yrði fyrir árangur fundarins og lífvænleika bandalagsins að sýnt yrði fram á vilja þess til að beita sér í málefnum Stór-Miðausturlanda. Þá yrði að sýna fram á árangur á öðrum sviðum, t.a.m. í tengslum við hraðsveitir NATO og þá ekki síður skuldbindingar evrópsku aðildarríkjanna til að auka útgjöld í varnarmálum. Hraðsveitir bandalagsins væri aðeins einn þáttur aukinna skuldbindinga. Þá var einnig áhugaverð umræða um ákvarðanatökuferlið innan NATO. Hvorki þingmenn né framsögumenn gátu bent á aðra betri leið en samstöðuregluna sem gilt hefði innan bandalagsins frá upphafi. Þá var nefnt að með auknum fjölda aðildarríkja og nýjum verkefnum yrði ríkt þörf á því að taka ákvarðanir skjótt. Nauðsyn krefði t.a.m. að unnt yrði að beita hraðsveitum fyrirvaralítið, ekki væri nægilegt að hafa á að skipa hersveitum og búnaði sem beita mætti með litlum fyrirvara ef ákvarðanatökuferlið væri svifaseint. Á það var bent að hugsanlega hefði nú runnið upp sá tími að bandalagið yrði að ræða um tvívíddarþróun sína, þ.e. annars vegar um þróun og uppbyggingu á hernaðarsviðinu með tilkomu hraðsveita og búnaðar sem hentaði núverandi öryggis- og varnarþörfum og hins vegar um þróun hinnar pólitísku víddar þar sem leitast væri við að brúa þá gjá sem myndast hefði milli Evrópu og Bandaríkjanna. Ræða þyrfti færar leiðir til að beita bandalaginu í Stór-Miðausturlöndum og um úrbætur á ákvarðanatökuferlinu innan bandalagsins. Almennt má segja að ríkt hafi nokkur bjartsýni um árangur Istanbúl-fundarins. Voru menn á því að ágreiningsefnin hefðu ekki vikið úr vegi en að þau væru hins vegar ekki eins áberandi og fyrir nokkrum mánuðum.

Almennt má segja að niðurstaða fundarins hafi verið sú að ágreiningur muni áfram verða uppi meðal bandalagsríkjanna líkt og verið hefur allt frá stofnun NATO, þótt í mismiklum mæli hafi verið. Hins vegar þótti ljóst að bandamenn hefðu komist yfir einn erfiðasta hjallann á vegferð Atlantshafsbandalagsins fyrri hluta ársins 2003. Veigamiklum ákvörðunum leiðtogafundarins í Prag hefði þegar verið hrundið í framkvæmd og þar með hefði mikið umbreytingaskeið hafist í samstarfi Atlantshafsríkja gegn nýjum ógnum á nýrri öld. Álitið var að framtíð og lífvænleiki bandalagsins réðist af því hvernig aðildarríkjunum farnaðist í að uppfylla skuldbindingar sínar sem markaðar voru í Prag og verða frekar útfærðar á komandi leiðtogafundi í Istanbúl. Trúverðugleiki bandalagsins og pólitísk eining aðildarríkjanna væri undir því komin hvernig bandalagið nálgaðist fjölmörg knýjandi málefni á sviði öryggis- og varnarmála í umhverfi bandalagsríkjanna. Þá mundu hin sjö nýju aðildarríki bandalagsins, sem ganga munu formlega í NATO á fundinum í Istanbúl, stuðla að meiri styrk og auknum sveigjanleika. Framtíðarverkefni bandalagsins eru mörg og brýn. Eitt helsta verkefnið er að ákvarða hvernig tekið verði á málefnum Stór-Miðausturlanda. Ljóst þykir að allir eru á einu máli um þörfina á að breikka og dýpka samstarf við ríkin sunnan og austan við Evrópu en á hinn bóginn kann að verða ágreiningur um með hvaða hætti bandalagið beiti pólitískum og hernaðarlegum styrk sínum á svæðinu. Annað verkefni sem brýn þörf þykir á að leysa er sambandið og samstarfið við Evrópusambandið. Bandalagsríkjunum beri að tryggja skilvirkt samstarf við ESB sem byggi á þeirri forsendu að stofnanirnar bæti hvor aðra upp í stað þess að samkeppni ríki á sviði evrópskra öryggis- og varnarmála. Náið og farsælt samstarf ESB og NATO er lykillinn að því að árangur náist í að vinna bug á ógnum sem steðja bæði að Norður-Ameríku og Evrópu. Ljóst þykir af umræðum á fundi NATO-þingsins í Washington

að umfjöllun um þessi mál og önnur brýn mál muni verða mun hófstilltari á næstu mánuðum en raunin var á árinu 2003.

f. Nefndafundir.

Alls tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í fjórum nefndafundum utan venjubundinna þingfunda NATO-þingsins, febrúarfundanna svonefndu og Transatlantic Forum NATO-þingsins í Washington. Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður sótti fund í eftirlitsnefnd NATO-þingsins í málefnum Úkraínu sem efnt var til í Brussel í byrjun mars. Þá fór hann í ársferð NATO-þingsins sem var á Ítalíu í lok ágústmánaðar og sótti fund Miðjarðarhafshópsins í Malaga í byrjun október. Guðmundur Árni Stefánsson og Magnús Stefánsson sóttu, auk ritara, Transatlantic Forum NATO-þingsins sem haldið var í Washington í byrjun desember.

Alþingi, 20. febr. 2004.

Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Magnús Stefánsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Ályktanir NATO-þingsins árið 2003.

Ársfundur í Orlandó 7.–11. nóvember:

- ályktun nr. 323, um mansal,
- ályktun nr. 324, um aðgerðir bandamanna í Írak,
- ályktun nr. 325, um efnahagsþróun og öryggismál,
- ályktun nr. 326, um aðgerðir til að bæta Atlantshafsstrenginn í kjölfar Íraksstríðsins,
- ályktun nr. 327, um hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna á 21. öld.

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðasta áratug fjölgaði aðildar- og aukaaðildarríkjum á þinginu og hefur starfssvið þess því verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Sextán ný lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth

áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins, og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildar- og auka-aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tækninefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á vorfundum og ársfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert, til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe C æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og einnig Evrópusambandsins og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantsála er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldóvu, Rúmeníu, Slóveníu, Úkraínu, Króatíu, Armeníu og Aserbaídsjan fengið aukaaðild að þinginu. En auk þessara Mið- og Austur-

Evrópuríkja eiga Austurríki, Sviss, Svíþjóð og Finnland aukaaðild að NATO-þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum ríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttrar rannsóknardvalar (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 214 þingmenn frá aðildarríkjunum 19. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands skipa 18 þingmenn hverja. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert ríki. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort ríki og Ísland og Lúxemborg þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 86 þingmenn frá 20 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndafundum, utan stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Hafa þeir þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur. Þess ber að geta að á árinu 2003 hlutu fulltrúar ríkjanna sjö sem gerast munu formlegir aðilar að NATO vorið 2004, rétt til að sitja fundi stjórnarnefndarinnar og fundi samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Höfðu þeir málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár af stjórnarnefndinni. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra landsdeilda aðildarríkja NATO, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ
Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

19 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
214 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli
við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Armeníu, Aserbaídsjan, Austurríki, Búlgaríu, Króatíu, Eistlandi, Finnlandi, Makedóníu, Georgíu, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Sviss, Svíþjóð og Úkraínu.

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td>Samstarfsnefnd NATO-þingsins og rússneska þingsins

Formenn sendinefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman tvisvar á ári</td></tr>
<tr><td>Nefndafundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tæknínefnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga</td><td>Þingfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og um fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar</td></tr>
</table>

952. Fyrirspurn [638. mál]

til umhverfisráðherra um umgengni við hafsbotninn umhverfis landið.

Frá Gunnari Örlygssyni.

Eru fyrirhugaðar lagabreytingar þess efnis að umhverfisráðuneytið hafi umsjá með umgengni við hafsbotninn umhverfis landið?

Skriflegt svar óskast.

953. Fyrirspurn [639. mál]

til landbúnaðarráðherra um sjálfbærni landbúnaðarframleiðslu.

Frá Gunnari Örlygssyni.

Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslu hér á landi getur flokkast undir sjálfbærni með tilliti til umhverfisvænnar notkunar?

Skriflegt svar óskast.

954. Fyrirspurn [640. mál]

til landbúnaðarráðherra um laxveiðiár á Austurlandi.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér afstöðu landeigenda og veiðiréttarhafa sem hafa áhyggjur af samblöndun og jafnvel sjúkdómafaraldri í laxveiðiám á Austurlandi vegna strokulaxa frá laxeldisfyrirtæki þar eystra?
2. Hefur ráðherra látið kanna hversu mikill fjárhagslegur skaði landeigenda og veiðiréttarhafa getur orðið ef lax í austfirskum ám smitast?
3. Hyggst ráðherra bæta landeigendum og veiðiréttarhöfum þar eystra fjárhagslegan skaða þeirra ef allt fer á versta veg?

Skriflegt svar óskast.

955. Fyrirspurn [641. mál]

til landbúnaðarráðherra um styrkjakerfi landbúnaðar.

Frá Gunnari Örlygssyni.

Er fyrirhugað á vegum ráðuneytisins að endurskoða breytingar á styrkjakerfi landbúnaðar? Ef svo er, hefur ráðherra í hyggju að skoða búsetustyrki í því sambandi?

Skriflegt svar óskast.

956. Fyrirspurn [642. mál]

til iðnaðarráðherra um efnistöku við Þingvallavatn.

Frá Gunnari Örlygssyni.

Mun ráðherra samþykkja efnistöku úr móbergsfellum við Þingvallavatn til nota við áætlaða lagningu vegar frá Þingvallavatni yfir til Laugarvatns?

Skriflegt svar óskast.

957. Fyrirspurn [643. mál]

til umhverfisráðherra um móbergsfell við Þingvallavatn.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Er fyrirhugað að friðlýsa öll móbergsfell við Þingvallavatn til frambúðar?
2. Mun ráðherra sjá til þess að efnisnáma í Miðfelli (Stekkjarhorni) verði lagfærð?

Skriflegt svar óskast.

958. Svar [547. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1. *Hvað eru margir á biðlista eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skipt eftir aldri og búsetu?*

Í þessu svari verður fjallað um biðlista sem þann hóp barna sem bíður eftir greiningu á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í framhaldi af tilvísun og að lokinni frumgreiningu. Þessi biðlisti er „lifandi“ á þann hátt að röðin er að koma að hluta barnanna á listanum og aðstandendur hafa fengið upplýsingar um væntalegan athugunartíma. Hins vegar berst sami fjöldi tilvísana og undanfarin ár, þannig að fyrir hvert barn sem kemur til greiningar og hverfur af biðlista bætist nýtt nafn á listann.

Hér er gefinn fjöldi ákveðinna aldurshópa. Varðandi upplýsingar um búsetu barna á biðlista vísast í töflu í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar, en hún sýnir dreifingu tilvísana síðasta árs eftir heimilisfangi barnanna.

Aðeins er fjallað um bið eftir greiningu og um þá ráðgjöf sem kemur í kjölfar greiningarinnar. Ekki er fjallað um önnur verkefni sem eru hluti af þjónustu stofnunarinnar, svo sem langtímaeftirfylgd vegna alvarlegra eða fátíðra fatlana, reglulega ráðgjöf um meðferð og þjálfun eða uppeldisráðgjöf til foreldra, en það er brýnt að skilgreina hlutverk stofnunarinnar á því sviði og efla getu hennar til að mæta spurn eftir slíkri ráðgjöf.

Biðlistar og biðtími einstakra starfseininga stofnunarinnar er eftirfarandi.

Fagsvið þroskahamlana.

1. Börn fyrir leikskólaaldur (frá fæðingu til tveggja ára): Eitt barn bíður þjónustu á sviðinu, væntanlegur biðtími um fjórar til sex vikur.
2. Börn á leikskólaaldri (þriggja til sex ára): 26 börn á leikskólaaldri bíða fyrstu greiningar og er biðtími eftir þeirri þjónustu um eitt ár. Samhliða þessum hópi eru um 20 börn sem voru skjólstæðingar á fyrstu aldursárum og koma til endurgreiningar fyrir upphaf skólagöngu.
3. Eldri börn (grunnskólaaldur og fram að 16 ára aldri): 67 börn úr þessum hópi bíða greiningar. Þar af eru 13 börn á aldrinum sex til átta ára og er biðtími þeirra 12 til 15 mánuðir. 54 börn eldri en átta ára verða að bíða greiningar í rúm tvö ár.

Alls bíða 94 börn greiningar á fagsviði þroskahamlana.

Fagsvið einhverfu og málhamlana.

1. Börn á leikskólaaldri (þriggja til sex ára): 41 barn á þessum aldri bíður greiningar á einhverfu eða skyldum röskunum. Biðtími er breytilegur eftir forgangsröðun (spurning um afturför, alvarleg einkenni), frá um þremur mánuðum upp í rúmt ár. Samhliða þessum hópi eru 16 börn sem voru skjólstæðingar á fyrstu aldursárum og koma til endurgreiningar fyrir upphaf skólagöngu.
2. Eldri börn (grunnskólaaldur og fram að 16 ára aldri): 56 börn úr þessum hópi bíða greiningar, biðtími er breytilegur eftir aðstæðum, frá um einu ári og upp í rúmlega tvö ár.

Alls bíða 97 börn greiningar á fagsviði einhverfu og málhamlana.

Fagsvið hreyfi- og skynhamlana.

1. Börn undir leikskólaaldri (frá fæðingu til tveggja ára): 11 börn úr þessum aldurshópi bíða þverfaglegrar greiningar.
2. Börn á leikskólaaldri (þriggja til sex ára): 11 börn úr þessum aldurshópi bíða þverfaglegrar greiningar, biðtími er um 7,5 mánuðir.
3. Eldri börn (grunnskólaaldur og fram að 16 ára aldri): átta börn bíða eftir þverfaglegu mati, biðtími er um sex mánuðir.

Alls bíða 30 börn greiningar á fagsviði hreyfi- og skynhamlana.

Hvað varðar biðtíma á öllum sviðum ber þó að geta þess að sé um að ræða óvenjualvarlegar aðstæður, til dæmis þegar grunur er um afturför, er veittur forgangur og er þá biðtími einn til þrír mánuðir, sbr. 4. tölul.

2. *Hver hefur þróun biðlistans verið frá árinu 2000?*

Af fjölda tilvísana á árunum 1999 til 2003 má ráða að jafnvægi sé komið á árlegan fjölda tilvísana. Geta stofnunarinnar til að anna þessum fjölda tilvísana hefur verið ónóg á undanförnum árum. Biðlistar hafa því vaxið og biðtími lengst á þessum árum. Meginástæða fyrir þessari aukningu er tvíþætt, annars vegar mikil aukning á tilvísunum barna á grunnskólaaldri með grun um þroskahömlun og hins vegar umtalsverð aukning tilvísana barna með einhverfu eða skyldar raskanir. Þjónusta stofnunarinnar við hóp grunnskólabarna með þroskahömlun hafði verið mjög takmörkuð fram að miðjum tíunda áratugnum þrátt fyrir mikla þörf. Aukin spurn eftir þjónustu við börn með einhverfu eða skyldar raskanir byggist á fjölgun greindra tilvika sem er þekkt alþjóðlegt fyrirbæri án þess að fyrir því hafi fundist ákveðinn skýring. Einnig má benda á að með vaxandi þekkingu á mikilvægi markvissrar íhlutunar til að tryggja betur framtíðarhorfur barnsins hafa kröfur um vandaða þverfaglega greiningarvinnu aukist til muna og er því oftar leitað til stofnunarinnar. Félagsmálaráðuneytið vinnur markvisst að því að auka þjónustu stofnunarinnar með það að markmiði að ná jafnvægi með því að færa biðtíma hinna ýmsu hópa í ásættanlegt horf. Á núverandi fjárlagaári hefur stofnunin fengið viðbótarfjárveitingu að upphæð 10 millj. kr. í þessum tilgangi. Jafnframt vinnur ráðuneytið með stofnuninni að áætlanagerð fyrir rekstur hennar fyrir næsta ár.

Fjöldi tilvísana síðustu fimm ár.

	1999	2000	2001	2002	2003
Tilvísanir	215	228	210	203	216

Fjöldi barna á biðlista eftir greiningu undanfarin þrjú ár.

	Þroskahömlunarsvið	Einhverfusvið	Hreyfihömlunarsvið
Ársbyrjun 2002	70 börn	52 börn	19 börn
Ársbyrjun 2003	85 börn	57 börn	15 börn
Ársbyrjun 2004	94 börn	97 börn	30 börn

Skipting tilvísana eftir búsetu er sem hér segir.

	Fjöldi	Hundraðshluti af heild
Reykjavík	90	42%
Reykjanessvæði	67	31%
Vesturlandssvæði	13	6%
Vestfjarðasvæði	6	3%
Norðurland vestra	5	2%
Norðurland eystra	10	5%
Austfjarðasvæði	4	2%
Suðurlandssvæði	19	9%
Erlendis samkvæmt þjóðskrá	2	

3. *Hvaða þýðingu hefur greining fyrir rétt viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans á þjónustu frá*
   a. ríki,
   b. viðkomandi sveitarfélagi?

Hvað varðar rétt til ýmissar þjónustu, þá er rétt greining forsenda fyrir mörgum þáttum. Töf á greiningu veldur oft því að dráttur er á að aðstandendur fái viðeigandi greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins í formi umönnunarbóta. Sveitarfélag verður af jöfnunargreiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fötluð börn. Greining á fötlun barns er jafnframt forsenda fyrir því að fjölskylda njóti þjónustu sveðisskrifstofa samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, svo sem stuðningsfjölskyldna, liðveislu og skammtímavistunar og fyrir heimaþjónustu vegna fötlunar barnsins samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Markviss greining er forsenda þess starfs sem unnið er til að vinna gegn áhrifum fötlunarinnar, svo sem sérkennslu og þjálfun og aðlögun á umhverfi og hjálpartækjum. Rétt greining er auk þess mikilvæg til að skilgreina styrkleika og veikleika barnsins, þannig að ljóst sé hvaða kröfur má gera til þess, en með því er unnið gegn ýmsum fylgifiskum þroskaraskana á sviði hegðunar og tilfinningalegrar aðlögunar.

4. *Hvaða reglur gilda um forgangsröðun greiningar?*

Við forgangsröðun til greiningar er miðað við eftirfarandi:

1. Aldur barns. Yngri börn og fjölskyldur þeirra njóta forgangs til þjónustu stofnunarinnar. Þannig er reynt að halda biðtíma fyrir börn undir fjögurra ára aldri eins skömmum og unnt er.
2. Alvarleiki fötlunar. Reynt er að meta alvarleika fötlunar við tilvísun og veita forgang þegar frumgreining bendir til alvarlegrar fötlunar, hvort sem um er að ræða andlega eða líkamlega fötlun.
3. Grunur um afturför. Þegar frumgreining gefur vísbendingu um að afturför sé til staðar hjá barni, gefur það tilefni til forgangsröðunar.
4. Aðrir þættir. Reynt er að meta félagslegar aðstæður barns við tilvísun, svo og hvaða stuðningur og þjálfun er þegar til staðar, þ.e. hverrar þjónustu barnið og fjölskyldan njóta þegar til tilvísunar kemur.

959. Tillaga til þingsályktunar [644. mál]

um nýtt tækifæri til náms.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Mörður Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi fyrir 1. desember 2004.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim nýtt tækifæri sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika. Þekkingu á ýmsum námsörðugleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum. Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi ný leið til menntunar.

Jöfnun námstækifæra.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn-, framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umræddds átaks. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði „brottfallshópur“ framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanám. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir. Á árinu 2002 var atvinnuleysi á landinu 3,3% en 6,5% í hópi þeirra sem minnsta hafa menntunina.

Stéttaskipting framtíðar.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, sbr. t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sæki háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu aðgang og tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefnið sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar

er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Sí- og endurmenntun.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnstar menntunar hefur notið nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar en þessar eru taldar helstar:

a. slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu,
b. langur tími liðinn frá því að nám var stundað,
c. lítil námshvatning úr umhverfinu,
d. lág laun og minni skilningur á gildi náms,
e. fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir okkar hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar nefna Svía, Dani, Norðmenn, Finna og Skota sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Átakið byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing geri kröfur um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að:

a. mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin sem ekki megi vannýta,
b. auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu,
c. tryggja jafnan rétt allra til náms,
d. sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Náms- og starfsráðgjöf.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Byggt verði upp formlegt matskerfi sem mælir hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri.

Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta menntun út frá formlegu námi en á tímum símenntunar þegar þekkingar er aflað eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt.

Átakinu má skipta eftir hópum, t.d.:

1. þeim sem ekki hafa lokið grunnskólanámi,
2. þeim sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við,
3. nýbúum án grunnmenntunar.

Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.


Þjóðarsátt um nýtt tækifæri.

Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Nýlega vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og starfsmenntaráð um menntareikninga. Í skýrslunni koma fram ýmsar upplýsingar og rökstuðningur sem tengjast þessari tillögu til þingsályktunar. Í upphafskafla skýrslunnar segir m.a.:

„Almennt er talið að menntun auki hagvöxt og framleiðni og bæti lífskjör fólks, enda er eitt helsta hlutverk ríkisins að tryggja jafnrétti til náms. Kröfur um menntun og starfsþekkingu hafa enn fremur vaxið á síðustu árum í atvinnulífinu og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra breikkað. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til aukinna tækniframfara og alþjóðaviðskipta en hennar gætir um allan hinn vestræna heim. Íslendingar standa að sumu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun áhrærir, einkum hvað varðar fjölda háskólamenntaðs fólks. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um lægri skólastig, en vegna mikils brottfalls úr framhaldsskólum er framhaldsskólamenntun ekki jafnalmenn hérlendis og meðal annarra vestrænna ríkja. Á mynd 1 má sjá að hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi á Íslandi er mun lægra en á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 1. Hlutfall þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólanámi á aldrinum 25–31 árs árið 2001 á Norðurlöndunum[1]



[1] Heimild: Eurydice (2002).

Þetta hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag þar sem möguleikar og hæfileikar margra einstaklinga eru ekki nýttir sem skyldi vegna skorts á menntun og fagþjálfun. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að nauðsyn sé á nýjum úrræðum í menntamálum sem ná til þeirra sem hafa hætt námi eftir grunnskóla en vildu gjarnan bæta við sig þekkingu. Í þessari skýrslu er stungið upp á sérstökum sparnaðarreikningum – s.k. menntareikningum – sem nýrri leið að þessu markmiði.


Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanns. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hægt væri að byggja reikningana á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur reynst vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.

Þegar kemur að menntun er lykilatriði að þeir einstaklingar sem ljúka menntun, hvort sem hún er starfstengd eða ekki, hljóti einhverja staðfestingu á áunninni færni. Þar kemur fram nauðsyn þess að samræma skráningu menntunar hjá stofnunum sem bjóða upp á menntun og starfsþjálfun þannig að atvinnurekendur og aðrir geti gengið að því vísu hvaða menntun einstaklingur hefur að loknu námskeiði. Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi svokallað raunfærnikerfi þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátttöku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum þörfum vinnumarkaðarins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Íslendingar standa höllum fæti hvað varðar menntun á framhaldsskólastigi. Í stað þess að halda uppi ósveigjanlegum reglum skólakerfisins væri hægt að koma til móts við þá sem vilja mennta sig frekar. Ljóst er að aðilar á vinnumarkaði eru í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu á Íslandi, þar sem félagsmönnum er þá boðið upp á möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum hina ýmsu starfsmennta- og fræðslusjóði. Stigið hefur verið skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2002 sem er samstarfsverkefni ASÍ og SA, en eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið. Á næstu misserum mun Fræðslumiðstöðin standa fyrir víðtæku átaki í starfs- og endurmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði.

Menntareikningum er ætlað að efla símenntun og byggja á því samstarfi sem nú þegar er milli aðila á vinnumarkaði og fræðsluaðila og þannig sporna gegn aukinni misskiptingu menntunar í landinu. Vorið 1998 gerði Félagsvísindastofnun könnun á símenntun á Íslandi miðað við síðastliðna 12 mánuði, en þar kom í ljós að um helmingur þeirra sem svöruðu hafði hlotið fræðslu eða menntun utan skólakerfisins á umræddu tímabili, um 34% sóttu starfstengd námskeið og um 20% tómstundanámskeið. Í könnun um símenntun, sem IBM gerði fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar 2003, kom fram að um 49,3% aðspurðra höfðu stundað eitthvert nám á síðustu 12 mánuðum sem er svipað hlutfall og var árið 1998. Niðurstöðurnar Félagsvísindastofnunar sýndu fram á að einkenni þeirra sem sóttu ekki símenntun

voru að vera eldri en 45 ára, hafa stutta skólagöngu að baki og vinna sérhæfð störf. Á mynd 2 má sjá að námskeiðssókn var minni meðal þeirra sem hafa aðeins grunnskólanám að baki.

Mynd 2. Námskeiðssókn eftir menntun



Það kom fram að þeir sem hafa stutta skólagöngu að baki og gætu haft mestan ábata af símenntun sækja hana þó aðeins í litlum mæli. Sá hópur ætti hins vegar að vera eins konar forgangshópur hvað varðar símenntun á Íslandi ef hún á að einhverju leyti að koma til móts við þá sem hafa ekki sótt framhaldsskólanám.“

960. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti. Athugasemd við málið barst frá Baldri Andréssyni.

Frumvarpinu er ætlað að bregðast við þeirri niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að 3. og 4. mgr. 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, brjóti gegn skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin skoðaði ákvæði laganna sérstaklega vegna álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3042/2000 varðandi rétt námsmanns frá Finnlandi til láns úr Lánasjóði íslenska námsmanna, en viðkomandi hafði upphaflega verið synjað um námslán úr sjóðnum þrátt fyrir að hann hefði verið búsettur hér á landi frá árinu 1993. Með hliðsjón af niðurstöðu ESA er því lagt til í frumvarpinu að réttur íslenskra ríkisborgara og annarra íbúa á Evrópska efnahagssvæðinu til námslána verði samræmdur. Gert er ráð fyrir að texti 3. mgr. 13. gr. gildandi laga verði felldur brott, en í honum

er að finna eftirtalin skilyrði fyrir námslánarétti sem ekki samrýmast skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið:

a. ríkisborgari EES-ríkis skuli hafa starfað í fimm ár á Evrópska efnahagssvæðinu;
b. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli vera launamaður, þ.e. ekki sjálfstætt starfandi;
c. slíkur ríkisborgari EES-ríkis skuli fortakslaust stunda starfstengt nám;
d. maki slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám;
e. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli fortakslaust vera yngri en 21 árs;
f. börn slíks ríkisborgara EES-ríkis skuli stunda starfstengt nám.

Þess í stað er lagt til að lögfest verði málsgrein með tilvísun í aðrar réttarheimildir er tæma réttarstöðu ríkisborgara EES-ríkja er starfa hérlendis hvað varðar námslánarétt.

Jafnframt er það gert að skilyrði samkvæmt frumvarpinu að lánþegi, hvort sem hann er íslenskur eða ríkisborgari annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, hafi haft fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða haft fasta búsetu hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán fyrir og ákvæði gildandi laga sem áskilur lögheimili um eins árs skeið áður en nám hefst fellt brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Mörður Árnason og Valdimar L. Friðriksson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Atli Gíslason.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Hjálmar Árnason.

961. Svar [588. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um rauðserk, stinglax og gjölni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er veiðanlegt magn af rauðserk, stinglaxi og gjölni að finna á hafsvæðum í grennd við Ísland? Hvar er þennan fisk helst að finna?*
2. *Í hvaða veiðarfæri er heppilegast að afla hans?*
3. *Telja sérfræðingar ráðuneytisins að hægt væri að stunda arðbærar veiðar á þessum fiski hluta úr ári eða allt árið?*

Um rauðserk (*Beryx decadactylus*) er það að segja að hann veiðist stundum við Ísland en þá einungis stakir fiskar. Það sama er að segja um frænda hans fagurserkinn (*Beryx splendens*), þó er hann nokkuð algengari og veiðast einn eða fleiri fiskar næstum árlega. Þarna er um að ræða tegundir sem hafa verið flækingar á Íslandsmiðum.

Stinglax (*Aphanopus carbo*) veiðist einkum í djúpkantinum fyrir suðurströndinni, frá Skeiðarárdjúpi og vestur í Skerjadjúp. Hans verður einnig vart með djúpkantinum fyrir


Vesturlandi frá grálúðuslóðinni út af Víkurálnum og suður á Reykjaneshrygg. Í rannsóknarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar hefur mestur afli fengist á um 500 m dýpi í Skaftárdjúpi og Skeiðarárdjúpi. Sá stinglax sem veiðst hefur í rannsóknarleiðöngrum var mest á bilinu 80–100 sm á lengd.

Gjölnir (*Alepocephalus bairdii*) veiðist einkum í djúpkantinum fyrir Vesturlandi frá grálúðuslóðinni út af Víkurálnum og suður á Reykjaneshrygg. Þá verður hans einnig vart frá Skerjadjúpi austur í Háfadjúp. Sá gjölnir sem veiðst hefur þarna í rannsóknarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar er mest á bilinu 35–50 sm, mjög lítið veiddist af fiski yfir 50 sm lengd.


Þessar tegundir verða fyrst og fremst veiddar með botnvörpu.


Um stofnstærðir þessara tegunda hér við land er annars ekkert vitað en þær eru hér á norðurmörkum útbreiðslusvæðis síns. Byggt á þeim upplýsingum sem fyrir liggja verður að telja ólíklegt að hægt sé að stunda arðbærar veiðar á þessum tegundum sérstaklega, aflinn er ekki nægilega mikill þess. Hins vegar eru þetta tegundir sem slæðast með sem meðafli, t.d. við karfa- og grálúðuveiðar og er æskilegt að sá afli sé nýttur.


Stinglax – fjöldi í togi í ýmsum leiðöngrum



Gjölnir – fjöldi í togi í ýmsum leiðöngrum







962. Fyrirspurn [645. mál]

til sjávarútvegsráðherra um umhverfisvænar sjávarafurðir og sjálfbærar veiðar.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hafa íslenskar sjávarafurðir nauðsynlega gæðastimpla umhverfisvænnar vottunar með tilliti til:
   a. stærðar skipa og
   b. veiðarfæranotkunar og umgengni við lífríki Norður-Atlantshafsins?

2. Hve stór hluti fiskiskipaflotans getur talist stunda sjálfbærar veiðar í sátt við umhverfið?
3. Hvaða rannsóknir hefur ráðuneytið við að styðjast varðandi ástand lífríkis á hafsvæðinu umhverfis landið?

Skriflegt svar óskast.

963. Fyrirspurn [646. mál]

til heilbrigðisráðherra um framtíð sjúklinga á Arnarholti.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir sjúklingar verða fluttir frá Arnarholti?
2. Hversu mörgum þeirra gætu nýst félagsleg úrræði eins og t.d. sambýli?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir slíkum úrræðum áður en sjúklingarnir verða fluttir frá Arnarholti?

964. Fyrirspurn [647. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarhlutdeild sjúklinga.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hver var kostnaðarhlutdeild aldraða, öryrkja og barna annars vegar og annarra sjúklinga hins vegar 1. janúar 1992, 1. janúar 1996 og 1. janúar 2000 og hver er hún nú af:
   a. rannsóknargjöldum fyrir blóðrannsókn annars vegar og myndgreiningu hins vegar,
   b. sjúkraþjálfun,
   c. komugjaldi á heilsugæslustöð,
   d. komugjaldi til sérfræðinga,
   e. hverri lyfjaávísun?
2. Hvert var kostnaðarhlutfall sjúklinga í prósentum talið af heildarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna samninga við sérfræðilækna árin 1992, 1996, 2000 og 2003?
3. Hver var fjárhæð hverrar sérfræðieiningar (einingagjalds) í samningum Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilækna 1. janúar 1992, 1996 og 2000 og hver er hún nú?

Skriflegt svar óskast.

965. Tillaga til þingsályktunar [648. mál]

um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Mörður Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr vegsliti, mengun og kostnaði af völdum bifreiða. Hugað verði meðal annars að breytingum á álögum hins opinbera, svo sem tollum, vörugjöldum og þungaskatti, í þeim tilgangi að auka notkun dísilbíla og fjórhjóladrifsbifreiða og að sérstökum aðgerðum til að draga úr notkun nagladekkja

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram nokkuð breytt.

Drjúgur kostnaður og margs konar vandamál hljótast af mikilli umferð bifreiða hér á landi og fara síst minnkandi. Mest kveður að þessum vanda í þéttbýli og því þarf að vinna gegn honum í náinni samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélaga.

Mengun, vegslit og kostnaður vegna árekstra af völdum illa búinna bifreiða er mikil en fram til þessa hafa stjórnvöld þó ekki beitt ýmsum hagrænum aðgerðum sem augljóslega gætu dregið úr vandanum. Notkun dísilbifreiða sem eyða mun minna eldsneyti og menga minna en bensínbifreiðar gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun. Stefna stjórnvalda hvað varðar þungaskatt hefur ekki ýtt undir að bifreiðaeigendur kaupi frekar slíkar bifreiðar. Þvert á móti hafa stjórnvöld með óréttlátum þungaskatti á dísilbíla komið í veg fyrir kaup á þeim. Bensínbílar eru skattlagðir á hvern lítra sem þeir eyða en dísilbílar með þungaskatti sem beitt er þannig að hagkvæmara er að kaupa bensínbíla þó að þeir eyði 25–50% meira eldsneyti. Dísilbílum hefur fjölgað mun meira í nágrannalöndum okkar. Þannig voru þeir einungis 13,6% af innfluttum bílum á Íslandi árið 2001 en í nágrannalöndunum var markaðshlutdeild þeirra um 32% árið 2000 og verður væntanlega um 40% árið 2004.

Allan síðasta áratug lýstu sitjandi fjármálaráðherrar því ítrekað yfir að til stæði að breyta þungaskattskerfinu. Þær fyrirætlanir snúast um allan bílaflotann en mikill og almennur stuðningur er við málið meðal þingmanna. Ekki hefur enn dregið til niðurstöðu í málinu. Fjármálaráðherra lagði þó frumvarp til laga um olíugjald fyrir Alþingi á síðasta vetri, en engin áhersla var lögð á að ljúka umfjöllun þess á því þingi. Fleira en upptaka olíugjalds getur haft áhrif á fjölgun dísilbifreiða. Ástæða væri til að skoða þann möguleika að hafa innflutningstolla mismunandi með tilliti til mengunar.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og það veldur töluverðri ryk- og tjörumengun. Ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist og draga með því úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna er mikið í húfi. Veðurfar er hér afar breytilegt milli vetra og segja má að suma vetur hafi bifreiðaeigendur ekið á negldum dekkjum allan veturinn þótt þörfin fyrir búnaðinn hafi ekki verið fyrir hendi nema í tvær til þrjár vikur. Þess vegna þarf m.a. að kanna hvort hægt sé að hafa áhrif á að dekkjaþjónustur fari að bjóða upp á tæknivædda geymslu dekkja á felgum. Þar yrði boðið upp á hröð og ódýr skipti sem gætu þá farið fram oftar en ella. Þetta gæti haft mikinn sparnað í för með sér fyrir

bifreiðaeigendur vegna minni kostnaðar við nagladekkin en ekki síður fyrir opinbera aðila í viðhaldi gatna.

Margir furða sig á að stjórnvöld hafi ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða þó að vitað sé að slíkar bifreiðar séu mun öruggari í hálku og við erfiðar akstursaðstæður en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bíla sannað. Bifreið á góðum vetrardekkjum, þótt ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri vetrarfærð í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Bifreiðar með fjórhjóladrifi eru nokkuð dýrari en bifreiðar með hefðbundnum drifbúnaði. Þess vegna verða innflutningsgjöld og tollar hins opinbera á þær nokkru hærri. Flutningsmenn telja sig í þessari greinargerð færa rök fyrir því að þetta ætti að vera þveröfugt vegna jákvæðra áhrifa eiginleika slíkra bíla í umferðinni. Einnig þarf að leita leiða til að hvetja eigendur fjórhjóladrifsbifreiða til að nota frekar góð ónegld vetrardekk en nagladekk.

Þá leggja flutningsmenn til að skoðað verði hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu ár með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri borgum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðar sem ekið er um viðkomandi svæði en í tengslum við slíka breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það gæti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

Með samræmdum aðgerðum mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Sterk rök eru m.a. fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs. Það er skoðun flutningsmanna að fjölgun fjórhjóladrifsbifreiða auki öryggi í umferðinni og að þær hugmyndir sem settar eru fram í tillögunni gætu einnig dregið úr mengun og slysahættu. Einnig væri vel framkvæmanlegt að draga verulega úr vegsliti og þar með mengun og kostnaði með þeim ráðstöfunum sem hér eru settar fram. Tillagan boðar ekki neina byltingu en mun sýna ef samþykkt verður jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Með framkvæmd hennar yrði beitt hagrænum leiðum til að draga úr vegsliti, mengun og slysahættu af völdum bifreiða.

966. Skýrsla [649. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2003.

I. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna

ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

II. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 2003 skipuðu Íslandsdeildina Einar Oddur Kristjánsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 27. maí. Hana skipa Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Íslandsdeildin var endurkjörin 1. október í upphafi 130. þings. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 8. október var Birgir Ármannsson endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason varaformaður. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir gegndi starfi ritara Íslandsdeildar þar til 10. október en þá tók Arna Gerður Bang við starfi hennar.

III. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt sjö fundi á árinu. Helstu störf hennar lutu að miklum undirbúningi við yfirgripsmikla úttekt á starfsemi Vestnorræna ráðsins, en deildin lagði metnað sinn í að skila inn greinargóðum tillögum til breytinga. Íslandsdeild fjallaði auk þess um úrbætur á tilhögun barnabókaverðlauna ráðsins, og að frumkvæði Íslandsdeildar var efnt til samkeppni um sérstakt merki verðlaunanna. Vestnorræna veiðimenningarsýningin og einnig heilbrigðismál og grasrótarsamstarf á íþrótta- og menningarsviði komu til kasta Íslandsdeildar á árinu og voru drög lögð að því hvernig helst mætti styrkja þá málaflokka. Ungmennafélag Íslands fór þess á leit við fulltrúa Íslandsdeildar að félagið yrði formlega viðurkennt af hálfu Íslandsdeildar sem sérstakur samstarfsaðili í Ungmennasamstarfi Vestur-Norðurlanda (VestNorden Ungdomsforum). Íslandsdeild lýsti yfir einróma stuðningi sínum við slíka tilhögun og á grundvelli samkomulags um samstarf við Æskulýðsráð Grænlands (Grønlands Børne og Ungdoms Fælles Råd) og Æskulýðsráð Færeyja (Føroya Ungdómsráð) er Ungmennafélag Íslands fullgildur þátttakandi í Ungmennasamstarfi Vestur-Norðurlanda.

Íslandsdeild samþykkti auk þess samhljóða að vekja athygli Vestnorræna ráðsins á hugsanlegri vestnorrænni handverkssýningu sem gæti orðið stór viðburður á borð við veiðimenningarsýninguna, en sýningin var sérstaklega kynnt á fundi Íslandsdeildar með Reyni Adolfssyni frá Akureyrarbæ.

Hér á eftir er gerð ítarlegri grein fyrir helstu málefnum sem Íslandsdeild tók fyrir og unnið var að innan ráðsins.

IV. Úttekt á starfsemi Vestnorræna ráðsins.

Á ársfundi Vestnorræna ráðsins í Stykkishólmi í ágúst 2002 var samþykkt tillaga forsætisnefndar (upphaflega frá Íslandsdeild) um að forsætisnefnd yrði falið að gera úttekt á starfsemi ráðsins og skila greinargerð á ársfundi í Færeyjum. Sérstaklega var tiltekið að úttektin ætti að ná til starfsreglna ráðsins, efnahagsreglna, skrifstofureksturs og til þess hversu mikla áherslu ráðið eigi að leggja á alþjóðastarf og/eða samstarf og grasrótarstarf innan Vestur-Norðurlanda.

Á fundi forsætisnefndar 17. febrúar var ákveðið að landsdeildir skyldu skila inn stuttum greinargerðum um helstu veikleika í starfsemi ráðsins fyrir 1. mars. Íslandsdeild hélt fundi 19. og 27. febrúar þar sem tillögur deildarinnar voru samþykktar og sendar áleiðis til framkvæmdastjóra ráðsins.

Nokkuð ber á mismunandi áherslum landsdeilda um starfsemi ráðsins, sérstaklega hvað varðar skrifstofurekstur og framkvæmdastjórastöðu ráðsins, sem og þátttöku í alþjóðlegu starfi. Í tillögum sínum bendir Íslandsdeild sérstaklega á að starfsreglum ráðsins sé ábótavant og framfylgt á óviðunandi hátt, einkum hvað varðar ákvæði um tímamörk, t.d. útsendingu fundargagna, tillöguflutning, fjárhagsáætlun, milliuppgjör, ársreikning o.fl. Til þess að landsdeildir geti tekið afstöðu til tiltekinna mála verða gögn að berast með góðum fyrirvara fyrir fundi, eins og tíðkast í öllum öðrum alþjóðastofnunum þjóðþinga sem Alþingi á aðild að.

Hvatt er til þess í greinargerð Íslandsdeildar að forsætisnefnd ræði kosti þess og galla að lengja formennskutímabilið úr einu ári í tvö ár. Færeyingar og Grænlendingar nefna formennskuna ekki í sínum tillögum. Einnig ræddi Íslandsdeildin á fundum sínum hvort nauðsynlegt væri að hafa fullt stöðugildi fyrir framkvæmdastjórn og skrifstofurekstur ráðsins. Deildin vill að ráðið ræði hvort breyta megi framkvæmdastjórastöðunni í hálft starf þegar ráðningarsamningur núverandi framkvæmdastjóra rennur út. Íslandsdeild hefur lagt áherslu á að ráðið einbeiti sér að kjarnastarfi sínu, þ.e. að efla tengsl á milli vestnorrænu landanna, og að takmarkaðir kraftar ráðsins beinist ekki um of að alþjóðastarfi.

Þá leggur Íslandsdeild til að málsmeðferð tillagna sem lagðar eru fyrir ársfundi ráðsins verði vandaðri. Í því sambandi er nefnt að drög að tilmælum til ríkisstjórna landanna skulu lögð fram með meiri fyrirvara, kannað verði í þaula hvort þau skarist við sams konar tilmæli annarra þingmannasamtaka, svo sem Norðurlandaráðs og Norðurskautsráðs, og að tillögurnar verði sendar umsagnaraðilum ef þurfa þykir.

Samþykkt var á fundi forsætisnefndar í Ósló í október sl. að ekki þyrfti að gera breytingar á stofnsamningi Vestnorræna ráðsins heldur ætti að einbeita sér að starfsreglum ráðsins og endurbótum á þeim. Embættismenn ættu að fara í gegnum starfsreglur og fjármálareglur ráðsins í samráði við landsdeildir og setja fram nákvæmar tillögur um breytingar. Miða ætti við að þessar tillögur yrðu tilbúnar í febrúar 2004 og þær sendar til annarra landsdeilda. Síðan yrði haldinn embættismannafundur til að fara yfir allar tillögur og athuga hvort ástæða væri til að vinna áfram í málinu, þ.e. hvort líklegt sé að hægt verði að ná samstöðu um breytingar eða ekki, áður en málið væri lagt fyrir forsætisnefnd.

V. Barnabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins.

Samkeppni fór fram um hönnun merkis barnabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins og bárust ráðinu margar skemmtilegar tillögur. Ákvörðun um val á merki var tekin á fundi forsætisnefndar í Ósló í október sl. Verðlaunin hreppti Íslendingur, Halldór Einarsson að nafni, og skýrði Jonathan Motzfeldt frá úrslitum samkeppninnar opinberlega á veiðimenningarsýningunni við opnun Bryggen í nóvember sl.

Markmiðið með barnabókaverðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu. Þær bækur sem hljóta tilnefningu eru á vegum menntamálaráðuneyta landanna þýddar á vestnorrænu málin og skandinavísku og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í fræðslustarfi landanna. Verðlaunin verða veitt annað hvert ár, næst árið 2004.

VI. Vestnorræna veiðimenningarsýningin.

Norrænu húsin á Íslandi og í Færeyjum og Norræna stofnunin á Grænlandi hafa hug á að standa áfram fyrir uppsetningu vestnorrænnar veiðimenningarsýningar sem vakið hefur mikla og verðskuldaða athygli. Sýningin þykir einstaklega vel heppnuð og hefur hvarvetna hlotið mikið lof. Sýningin hefur farið víða og m.a. verið sett upp í Færeyjum, í Reykjavík, á Akureyri, í Nuuk, í Kaupmannahöfn, á Hjaltlandseyjum og á Írlandi. Fyrirhugað er að sýningin verði einnig sett upp í Stokkhólmi og Helsinki á næstunni og hugsanlega í fleiri löndum síðar. Vegna þess hve sýningin hefur fengið góðar viðtökur er stefnt að því að fara með hana á EXPO 2005 í Aichi í Japan. Norrænu húsin þrjú vinna nú að því marki og hefur forstöðumaður Norrænu stofnunarinnar í Nuuk forgöngu um málið. Það er eindreginn vilji Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins að áframhald verði á sýningunni, en til þess að svo geti orðið þarf meira fjármagn að koma til. Hugmyndin er því sú að vestnorrænu löndin þrjú leggi hvert um sig fram 500.000 dkr. til að tryggja áframhald sýningarinnar og mögulega þátttöku í EXPO 2005. Hvað Ísland varðar er málið í höndum forstöðumanns Norræna hússins í Reykjavík sem lagt hefur fram umsókn til utanríkisráðherra um að veita 500.000 d.kr. til verkefnisins. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins sendi bréf til utanríkisráðherra í desember sl. til þess að fylgja þessu erindi eftir.

VII. Þemaráðstefna um heilbrigðismál.

Dagana 10.–13. júní 2003 var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál haldin í Ilulissat á Grænlandi. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu ráðstefnuna Birgir Ármannsson formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Helgi Hjörvar og Magnús Þór Hafsteinsson, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur ritara.

Í upphafi flutti formaður Vestnorræna ráðsins, Jonathan Motzfeldt, stutta tölu þar sem fram kom að heilbrigðismál væru þema ráðstefnunnar að tillögu Grænlendinga. Heilbrigðismál væru afar vandasamur málaflokkur á Grænlandi enda væri heilbrigði og almennri heilsu Grænlendinga mjög ábótavant. Erfitt er að manna stöður á sjúkrahúsum þar og margir sjúklingar eru fluttir til Danmerkur, en barnadauði er t.d. þrisvar sinnum meiri á Grænlandi en í Danmörku. Motzfeldt sagði einu lausn Grænlendinga liggja í auknu samstarfi á þessu sviði og því væri ráðstefna sem þessi afar brýn.

Á ráðstefnunni kom fram að öll löndin eiga við ýmis sameiginleg vandamál að glíma í heilbrigðismálum. Skortur er á sérhæfðu starfsfólki í öllum löndunum, þó langmestur á Grænlandi. Peter Bjerregard, sérfræðingur við heilbrigðisstofnunina í Nuuk, sagði tóbaksreykingar vera illviðráðanlegt vandamál á Grænlandi, en um 70% Grænlendinga reykja.

Tíðni sjálfsvíga er auk þess afar há, einkum á meðal ungra karlmanna. Bjerregard sagði tíðni sjálfsvíga fara stöðugt hækkandi en stærst væri vandamálið á austurströnd Grænlands.

Ann Birkekær Kjeldsen lýsti starfi sérstakrar heilbrigðisstofu sem er nýkomin á laggirnar á Grænlandi þar sem áhersla er lögð á forvarnir og fræðslu. Sérstaklega er lögð áhersla á heilbrigðisvandamál er tengjast lífsstíl, svo sem áfengis- og tóbaksvarnir, ávana- og fíkniefnavarnir. Jörgen Dreyer sagði erfitt að finna gott fólk til starfa í heilbrigðisgeiranum á Grænlandi. Ýmislegt hefði verið gert til að laða fólk til starfa, m.a. með skattfríðindum, fríu húsnæði, fríum ferðum o.fl. Þessi kjör væru hins vegar að rýrna og ekki væri lengur unnt að bjóða upp á ýmis fríðindi sem áður var gert. Dreyer sagði að í Danmörku væri heilbrigðisstarfsfólk almennt hvatt til að kynna sér aðstæður á Grænlandi og reynt væri með ýmsu móti að fá það til starfa. Róðurinn væri þungur en Dreyer var þó vongóður um batnandi heilbrigðisþjónustu á Grænlandi.

Heðin Thomsen, yfirlæknir frá Færeyjum, fór yfir stöðu heilbrigðismála í Færeyjum, sérstaklega hvað varðar neyslu áfengis og tóbaks. Neyslan hefur í heild aukist, fyrst og fremst sökum mikillar neyslu léttvíns en neysla sterkra drykkja hefur staðið í stað. Pehr Löv frá Norðurlandaráði fjallaði um ESB-reglur í heilbrigðismálum og hvernig þær snerta Norðurlönd. Hann sagði heilbrigðisútgjöld hafa hækkað til muna alls staðar á Norðurlöndum og að kröfur almennings jöðruðu við að vera kröfur um fullkominn líkama og fullkomna þjónustu. Hann sagði að hlutfallslega mundu færri þegnar standa undir kostnaði heilbrigðiskerfisins í framtíðinni og því yrðu Norðurlöndin að vinna saman í þessum málum. Löv lagði áherslu á mikilvægi fjarlækninga og sagði að með þeim yrði hægt að flytja sérfræðiþekkingu til fámennari staða.

Ingolf Pedersen fjallaði um skipulag og uppbyggingu íslenskrar heilbrigðisþjónustu og Margrét Björnsdóttir fjallaði um heilbrigðisáætlun Íslands til ársins 2010. Grænlendingar sýndu heilbrigðisáætlun Íslendinga mikinn áhuga. Nokkur umfjöllun varð um samning sem í gildi er á milli Íslands og Grænlands frá árinu 1997 um að Íslendingar sinni bráðatilfellum frá Grænlandi. Í erindum á ráðstefnunni kom fram að heilbrigðisyfirvöld Grænlands og Íslands munu á næstunni fara yfir hvernig samningurinn hefur gengið og hvernig best sé að auka samstarfið. Grænlendingar senda fjölmarga sjúklinga til Danmerkur í meðferð og reka sjálfir sjúkrahótel í Kaupmannahöfn fyrir Grænlendinga, en hafa hug á að leita meira til Íslands. Einnig kom fram að Færeyingar hafa mikinn áhuga á að auka samstarf sitt við Íslendinga, en Færeyingar senda um 1.200 sjúklinga árlega til Danmerkur í meðferð. Íslendingar geta boðið upp á víðtæka sérhæfða heilbrigðisþjónustu enda eru fáir sendir til útlanda í meðferð héðan eða um 100 manns alls árlega.

Íslensku þingmennirnir og embættismenn lýstu áhuga á auknu samstarfi, enda gætu Íslendingar vafalaust miðlað reynslu sinni og þekkingu til næstu nágranna sinna á þessu sviði. Fundarmenn bentu einnig á að aukið samstarf gæti bæði sparað fjármagn sem og bætt þjónustu á þeim svæðum landanna sem mest þyrftu á því að halda. Fulltrúar íslenska heilbrigðisráðuneytisins bentu sérstaklega á möguleika á samstarfi varðandi reykingavarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd og fjarlækningar.

Í lok ráðstefnunnar var samþykkt einróma ályktun sem kallaði á aukið samstarf vestnorrænu landanna í heilbrigðismálum.

VIII. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Dagana 14.–16. ágúst 2003 var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Eiði í Færeyjum. Fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sátu fundinn Birgir Ármannsson formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús

Stefánsson og Magnús Þór Hafsteinsson, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, ritara Íslandsdeildar.

Í erindi sínu um störf Vestnorræna ráðsins lagði Jonathan Motzfeldt, formaður ráðsins, áherslu á að tengsl ráðsins við aðrar alþjóðlegar stofnanir yrðu styrkt. Hann sagði það Grænlendingum mikilvægt að geta nýtt Vestnorræna ráðið sem alþjóðlegan vettvang og að hann væri fylgjandi útgjöldum ráðsins til alþjóðasamstarfs. Hann kvað endurmat á starfsemi ráðsins vera jákvætt framtak og að fyrir lægi að taka afstöðu til ýmissa mála um framtíð ráðsins. Formaður Íslandsdeildar, Birgir Ármannsson, skýrði frá störfum deildarinnar á árinu. Birgir sagði vinnu við endurmat á starfsemi Vestnorræna ráðsins hafa sett mikinn svip á störf Íslandsdeildar á liðnu ári. Íslandsdeild þótti nokkuð hafa dregið úr krafti ráðsins og vildi reyna að blása til nýrrar sóknar með ferskum hugmyndum um rekstur og starfsemi. Íslandsdeild þótti sýnt að helstu veikleikar ráðsins væru m.a. að það beindi takmörkuðum kröftum sínum í of margar áttir. Birgir benti á að ráðið kemur aðeins tvisvar saman á ári og hann sagði því mikilvægt að skilgreina skýrt þau svið sem unnið væri að hverju sinni og fylgja verkefnum starfsmanns ráðsins eftir. Birgir sagði að það væri ef til vill ekki tilviljun að á þemaráðstefnum, þar sem búið væri að þrengja umfang starfsins að tilteknu efni, væri ráðið að mörgu leyti öflugast. Í tillögum sínum og athugasemdum lagði Íslandsdeild áherslu á nokkur grundvallaratriði, til dæmis það að lengja formennskutímabilið í tvö ár. Slíkt gæfi formanni ráðsins og formennskuríkinu hverju sinni lengri tíma til að koma sér inn í málin. Birgir sagði margt annað þess vert að skoða betur, en ljóst væri að starfsemi ráðsins og rekstur gæti á ýmsum sviðum verið skilvirkari. Birgir minnti á að starfs- og vinnureglur ráðsins ætti í hvívetna að halda í heiðri og þörf væri á sérstöku átaki til að halda ráðinu virku og kraftmiklu.

Sverri Hansen, forstöðumaður Vestnorræna sjóðsins, fjallaði um starfsemi sjóðsins og greindi frá þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt á undanförnum árum. Líflegar umræður urðu um starfsemi sjóðsins, en Færeyingar gagnrýndu meðal annars þau verkefni sem valin hafa verið sem styrkhæf. Þeir sögðu að fyrst og fremst ætti að styðja nýsköpunarverkefni og frumkvöðla sem byggt gætu upp spennandi atvinnustarfsemi á Vestur-Norðurlöndum. Í stað þess virtist sem sömu verkefnin væru styrkt ár frá ári jafnvel þótt þau bæru sig augljóslega ekki. Kaspar Lytthans, forstöðumaður NORA, tók því næst til máls og kynnti starfsemi NORA. Hann sagði verkefnin sem NORA styddi vera af fjölbreytilegum toga og að starfið gengi vel. Hann sagði auk þess að NORA hefði staðið fyrir ráðstefnu um vestnorræn málefni í Reykjavík fyrr á árinu sem hefði verið vel heppnuð. Birgir Ármannsson spurði hvers vegna NORA hefði enn ekki svarað ályktunum Vestnorræna ráðsins frá síðasta ársfundi. Í þeim ályktunum var annars vegar skorað á NORA að kanna grundvöll ferjusiglinga á milli Norður-Ameríku og Vestur-Norðurlanda, en hugmyndin kom upprunalega fram á þemaráðstefnu ráðsins um samgöngumál sumarið 2002. Hins vegar var skorað á NORA að kanna hvernig samþætta mætti betur vestnorræna sjóði og gera þá skilvirkari. Birgir lýsti undrun sinni á því að ekkert hefði af þessu heyrst frá NORA og í sama streng tók Guðrún Ögmundsdóttir. Kaspar Lytthans svaraði því til að þessi mál hefðu verið könnuð óformlega og komið hefði í ljós að grundvöllur fyrir þessum málum væri hæpinn og því lítið hægt að gera. Guðrún Ögmundsdóttir spurði þá hvers vegna ráðstefnan í Reykjavík hefði ekki verið betur kynnt alþingismönnum og öðrum, en hvorki þingmenn né starfsmenn hefðu fengið að vita af fyrirhugaðri ráðstefnu fyrr en á síðustu stundu. Lytthans svaraði því til að ráðstefnan hefði vissulega komið seint til og ef til vill hefði eitthvað farið úrskeiðis við upplýsingaflæði, en NORA hefði þó lagt sig fram við að gera málefnin áhugaverð og beina kastljósinu að Vestur-Norðurlöndum.

Minni umræða varð um tillögur landsdeilda um endurmat á starfsemi ráðsins en efni stóðu til. Tillögur allra ríkjanna beindust þó sameiginlega m.a. að því að fylgja starfsreglum ráðsins fastar eftir, halda í heiðri vinnureglum um tímafresti, skýrslugerð og fleira þess háttar. Grænlendingar lögðu sérstaka áherslu á að ráðið ætti að vera virkt á alþjóðlegum vettvangi og þá sérstaklega að ræða hreinskilnislega samskipti við Evrópusambandið. Guðrún Ögmundsdóttir hvatti menn til að vera vakandi yfir þróun Norðurbryggju í Kaupmannahöfn og að mikilvægt væri að Vestnorræna ráðið hefði sýnileika og styrk á þeim vettvangi.

Tvær ályktanir voru samþykktar á fundinum. Annars vegar var samþykkt ályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnir landanna að koma á frekara samstarfi í heilbrigðismálum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína í heilbrigðisþjónustu. Í ályktuninni er auk þess skorað á heilbrigðisyfirvöld að gefa árlega skýrslu um samstarfið sem og þau verkefni sem sameiginlega hafi verið ráðist í. Hins vegar var samþykkt ályktun um að auka samráð landanna þriggja um sjálfbæra nýtingu fiskstofna. Í greinargerð ályktunarinnar segir að löndin öll reiði sig öðru fremur á auðlindir hafsins og því sé framtíð þjóðanna undir því komin að umgengni um auð hafsins sé byggð á sjálfbærum grunni. Ályktanir fundarins voru samþykktar samhljóða.

IX. Ályktanir Vestnorræna ráðsins á ársfundi á Eiði 14.–16. ágúst 2003.

- Tillaga til þingsályktunar um aukna samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.
- Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Alþingi, 25. febr. 2004.

Birgir Ármannsson, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Margrét Frímannsdóttir.	Magnús Þór Hafsteinsson.

967. Tillaga til þingsályktunar [650. mál]

um legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Greinargerð.

Samgöngur á landi eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðaþróun í landinu öllu og þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Breytingar á legu þjóðvegar nr. 1 í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið til umfjöllunar hjá Vegagerðinni. Þær breytingar hafa allar miðað að því að vegurinn liggi áfram um sömu héröð og hann gerir nú.

Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Þessir kostir hafa verið nokkuð skoðaðir af heimamönnum. Athuganir þeirra benda til að viðlíka stytting næðist og nú er fyrirhuguð samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar eru að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi byggðarlög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu og mikil og þarf að meta þau sérstaklega sem mikilvægan þátt málsins. Sú leið sem fyrirhuguð hefur verið fram að þessu liggur í öllum tilvikum fjær nefndum stöðum og auk þess yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Jarðgöng hljóta síðar meir að leysa veginn af hólmi á þeim fjallvegum. Þverárfjallsvegur liggur miklu lægra en Öxnadalsheiði og líka lægra en Vatnsskarð. Þjóðhagslegur arður af þessari framkvæmd þarf einnig að metast og er eðlilegur hluti þess samanburðar á leiðunum sem hér er lagður til.

Fylgiskjal.

Lendisskipulag ehf.:

Bréf til Jóhanns Ársælssonar alþingismanns.
(10. nóvember 2003.)

Varðar veggöng í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Hjálagt fylgja að ósk þinni gögn um veggöng sem ég vona að svari væntingum; uppdráttur og stutt greinargerð sem lýsir forsendum fyrir því að við skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins settum fram tillögu um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar í aðalskipulagsvinnu sem enn stendur yfir. Þessi tillaga hefur hvarvetna fengið góðar viðtökur en afstaða til hennar hefur ekki verið tekin endanlega, bæði vegna þess að tillagan hefur ekki fengið almenna kynningu og hins að ábyrg afstaða hlýtur að byggjast á skýru mati á raunhæfni hennar og á víðtækum áhrifum hennar. Slíkt mat hefur Sveitarfélagið Skagafjörður ekki ráðist í og af hálfu skipulagsráðgjafa hefur verið lögð áhersla á að slíkt mat ætti að vera samstarfsverkefni þeirra sveitarfélaga sem göngin skipta mestu eða ríkisins.

Virðingarfyllst,
Árni Ragnarsson.

Um jarðgangatillögu í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Tillaga að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar er í vinnslu og hefur ekki enn verið kynnt almenningi. Almennir kynningarfundir eru áætlaðir um næstu áramót. Tillaga um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (Hjaltadals og Hörgárdals) er ein af þeim tillögum sem skipulagsráðgjafar settu fram og er til meðferðar hjá skipulags- og byggingarnefnd

Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Tillagan hefur ekki verið rædd við sveitarstjórn Hörgárbyggðar. Hún hefur verið kynnt fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu og fékk þar afar góðar undirtektir og fyrir bæjarstjóra og forsvarsmönnum skipulagsmála á Akureyri þar sem hún þótti athyglisverð og ástæða til þess að skoða hana nánar. Afstaða manna til tillögu um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, bæði Skagfirðinga og annarra, hefur einkennst nokkuð af því að örðugt er að meta áhrifin af göngunum, bera saman kostnað, ávinning og tap, fjárhagslega, atvinnulega og félagslega og þar með raunhæfni tillögunnar. Tillagan hefur líka verið borin undir forsvarsmenn Vegagerðar ríkisins. Að þeirra hyggju yrðu göngin viðráðanlegt verkefni ef ákvörðun yrði tekin um að ráðast í gerð þeirra og þeir löttu ekki til þess að tillagan yrði sett fram. Hins vegar hefur Vegagerð ríkisins ekki mælt með neinni ákveðinni legu vegganga og skipulagsráðgjafar hafa litið svo á að endanleg lega yrði fyrst ákveðin í kjölfar rannsókna.

Tillögu um veggöng byggðu skipulagsráðgjafar á þrem meginatriðum, ríkjandi byggðastefnu, stærra atvinnu- og þjónustusvæði og styttri og öruggari leið milli Akureyrar og Reykjavíkur:

1. *Ríkjandi byggðastefna.*

Sá þáttur byggðastefnu, að efla Akureyri, virðist eiga vaxandi fylgi, bæði hjá stjórnvöldum og almenningi. Tillaga um veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er til þess fallin að styrkja þennan þátt og bæri vott um vilja Skagfirðinga til að laga sig að ríkjandi byggðastefnu.

Skipulagsráðgjafar hafa haldið því fram við umræður í nefndum Sveitarfélagsins Skagafjarðar að veggöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar séu ekki sérstakt hagsmunamál Skagfirðinga heldur hagsmunamál á landsvísu; göngin myndu breyta svo miklu á svo stóru svæði að örðugt sé að sjá áhrifin fyrir og það sé sameiginlegt viðfangsefni margra að reiða þau út, ekki Skagfirðinga einna.

2. *Stærra atvinnu- og þjónustusvæði.*

Í vinnslu aðalskipulags hafa veggöngin verið lögð milli Hofsdals sem gengur til suðausturs úr Hjaltadal, rétt innan við Hóla, og Barkárdals sem gengur til norðvesturs úr Hörgárdal. Þar virðast göngin verða löng en leiðin styttast mest. Miðað við þessa legu styttast leiðir þannig að skipulagsráðgjafar hafa haldið því fram að virkt þjónustu- og atvinnusvæði Akureyrar stækki til muna. Þar eru fyrirtæki sterkust á þessu svæði (hafa þegar fjölmennt uppland) og sérhæfð fyrirtæki eru þar flest. Akureyri hefði sterkustu stöðu á svæðinu til að draga til sín ný sérhæfð fyrirtæki sökum stærðar sinnar, eflast á því að þjónusta betur stærra uppland og grundvöllur skapast fyrir fleiri sérhæfð fyrirtæki. Það er vænlegri leið til að efla Akureyri en að Norðlendingar flytjist þangað búferlum. Hins vegar má leiða rök að því að sérhæfð fyrirtæki alls staðar á svæðinu gætu notið góðs af stækkuðu þjónustusvæði og ef sveitarstjórnir á svæðinu skilgreindu sig sem eitt svæði, stæðu saman og létu einu gilda hvar á svæðinu góðir hlutir gerðust, gæti það styrkt svæðið allt. Svæðið yrði líka eftirsóknarverðara fyrir þá sem vildu setja fyrirtæki á laggirnar og valkostirnir yrðu fleiri. Í drögum að kafla 3.4.4 Atvinnumál og atvinnusvæði í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um veggöng. Þar segir m.a.:

„Akureyringum hefur fjölgað mjög hægt og virðist sem umhverfið standi ekki undir stærri bæ; fyrirtæki og stofnanir þurfi stærra uppland. Akureyringar hafa því horft mjög til þess að stóriðja hefjist í Eyjafirði en við það hefur verið andstaða sem mest hefur byggst á náttúrufari og staðháttum í Eyjafirði, þröngum og lygnum með þéttbýla landbúnaðarbyggð. Þá hafa Ey-

firðingar viljað stækka atvinnu- og þjónustusvæði Akureyrar með jarðgöngum til Siglufjarðar og undir Vaðlaheiði. Jarðgöng til vesturs eru erfiðari framkvæmd og dýrari en íbúafjöldinn líka mun meiri.

Á sínum tíma greindi Staðarvalsnefnd fyrir stóriðju vænlegan stað fyrir slíka starfsemi norðan við Blönduós og rannsóknir benda nú til að góðar aðstæður séu skammt innan við Kolkuós í Viðvíkursveit og trúlega mun betri en í Eyjafirði. Ef grafin yrðu jarðgöng milli Hörgárdals og Hjaltadals myndi sá staður vera nokkurn veginn mitt á milli Akureyrar og Blönduóss og það tæki um 45 mínútur að keyra á milli. Heldur styttra er til Siglufjarðar og mun styttra til Sauðárkróks og Hofsóss. Íbúafjöldi á þéttbýlisstöðum frá Siglufirði að Varmahlíð og frá Akureyri að Blönduósi er nálægt 22.000."

3. *Styttri og öruggari leið milli Akureyrar og Reykjavíkur.*

Veggöng milli Hofsdals og Barkárdals með gangnamunna í um 300 metra hæð virðast verða löng, rúmir 20 km. Eftir því sem skipulagsráðgjafar vita gerst, eru heimsins lengstu veggöng í jarðskjálftalandinu Japan, um 53 km og liggja undir sjó að hluta. Göng þarna og leiðin um Þverárfjallsveg myndu stytta veg milli Akureyrar og Reykjavíkur um 8 km og hvorki þyrfti að fara Öxnadalsheiði né Vatnsskarð. Trúlega má stytta þessa leið enn um 10 km með vegstyttingum. Vegstyttingar á hringveginum um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð hafa verið í umræðu og mat skipulagsráðgjafa er að þær styttingar verði ekki eins miklar og fást með veggöngunum og Þverárfjallsvegi og þá þarf enn að fara Heiðina og Skarðið. Vegur á Öxnadalsheiði liggur hæst í 540 metrum yfir sjó, á Vatnsskarði í 420 metrum og á Þverárfjalli í 322 metrum. Á Holtavörðuheiði liggur vegur hæst í 407 metrum yfir sjó og þar lægi hann hæst á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur ef farið yrði um Þverárfjall og veggöng.


Vegalínur og vegalengdir hafa verið færðar inn á upplýsingakort sem fylgir hér með. Þar má m.a. sjá að vegur milli Akureyrar og Blönduóss er nú 145 km eftir þjóðvegi 1 en yrði 136 km um Þverárfjall og veggöng eins og vegur liggur nú og 127 með vegstyttingum á þeirri leið. Milli háskólastaðanna Akureyrar og Hóla í Hjaltadal eru nú 131 km en yrðu 59 km með veggöngum. Sá er líka munur á þessum styttingum að stytting á þjóðvegi 1 virðist aðallega verða þannig að vegurinn fjarlægist þéttbýlisstaði og yrði meiri „fjallabaksleið" en vegur um Þverárfjall og veggöng sem tengir þéttbýlisstaði betur saman en nú er. Þá minnkar þjónusta við umferðina á styttum þjóðvegi 1.

Rétt er að undirstrika að vegastyttingar byggja á grófum útreikningum skipulagsráðgjafa en ekki rannsóknum eða úttektum sem Vegagerð ríkisins kann að hafa gert.

Í fyrirliggjandi drögum að aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð er einföld tillaga um veggöng, svohljóðandi:

„Veggöng verði gerð milli Hjaltadals og Hörgárdals til að sameina þjónustu- og atvinnusvæði þéttbýlisstaða á Norðurlandi. Með göngunum verði styttur vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur. Meta þarf áhrif ganganna á náttúrulegt og félagslegt umhverfi."

10. nóvember 2003,
Árni Ragnarsson,
Páll Zóphóníasson.



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2001-2012

UPPLÝSINGAKORT: VEGGÖNG MILLI HJALTADALS OG HÖRGÁRDALS

SKÝRINGAR

Sýndar eru 4 gangnaðlínur milli Hjaltadals og Hörgárdals, ein milli Hjaltadals og Myrkárdals og ein milli Hofsdals og Barkárdals.
Gangnamunnar eru í mismunandi hæð:

	Hjaltadalur	Hofsdalur	Hörgárdalur	Myrkárdalur	Barkárdalur
Lína A:	300 m			300 m	
Lína B:	300 m		300 m		
Lína C:	300 m		300 m		
Lína D	320 m		380 m		
Lína E:	400 m		400 m		
Lína F:		300 m		300 m	

Vegalengd í km:	þjóðvegur 1 nú/ stystu stofnvegir	þjóðvegur 1 m. vegstyttingum	Þverárfjallsvegur/ veggöng F	Þverárfjallsvegur/veggöng F/ m. vegstyttingum
Vegamót v. Bæglsá - vegamót v. Reykjabraut	136	122	128	119
Akureyri - Hólar	131		59	
Akureyri - Sauðárkrókur	119		91	88
Akureyri - Blönduós	145	142	136	127
Akureyri - Skagaströnd	168	165	139	130
Blönduós - Sauðárkrókur	75		45	39
Blönduós - Siglufjörður	158		141	135

Heimildir: Vegalengdir eru af korti Landmælinga Íslands í mkv. 1:500.000, 6. útg. 1992 og á mælingum af korti þar sem vegleysur eru. Upplýsingar um hæð fjallvega og um vegalengdir að hluta eru fengnar á heimasíðu Vegagerðar ríkisins. Upplýsingar um göng undir Öxnadalsheiði eru fengnar úr Jarðgangaáætlun Vegagerðar ríkisins, janúar 2000.

0 5 km 10 km 15 km 20 km 25 km

10,7 km löng veggöng undir Öxnadalsheiði skv. Jarðgangaáætlun með gangnamunna í 300 og 350 m hæð stytta þjóðveg 1 nánast ekkert.

Með styttingum, sem að ofan er gert ráð fyrir á þjóðvegi 1, verður mesta vegalengd milli þjónustustaða við veginn norðan Holtavörðuheiðar á kaflanum milli Akureyrar og Laugarbakka, 185 km. Með Þverárfjallsvegi, veggöngum og vegstyttingum verður mesta vegalengd milli þjónustustaða á þessari leið milli Hóla í Hjaltadal og Akureyrar, 59 km.

Þjóðvegur 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Öxnadalsheiði nema gerð verði göng undir hana. Með Þverárfjallsvegi og veggöngum sem hér er lýst, þarf hvorki að fara Vatnsskarð né Öxnadalsheiði og vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur mun liggja hæst á Holtavörðuheiði.

Hæð fjallvega yfir sjó:

Þverárfjall:	322 m
Vatnsskarð:	420 m
Öxnadalsheiði:	540 m
Holtavörðuheiði:	407 m

Grunnkort Landmælinga Íslands

Lendis
Lendisskipulag ehf.

Árni Ragnarsson skipulagsráðgjafi, arkitekt FAÍ, Páll Zóphóníasson, byggingartæknifræðingur FRV, Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki, pósthólf 15, sími: 453 5121, fax: 453 6021, netfang: arkar@simnet.is

DAGS.	ÚTG.	MAPPA	HÖNN.	TEIKN.
02.02/04.03	3.9.1.10	Ask 5200-01	ÁR/PZ	ÁR

968. Tillaga til þingsályktunar [651. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn

kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar.

Tilskipun nr. 2001/97/EB mælir fyrir um breytingar á tilskipun Evrópubandalagsins frá árinu 1991 um aðgerðir gegn peningaþvætti. Eldri tilskipunin innleiddi þá skyldu á fjármálastofnanir að tilkynna um grunsamleg viðskipti og sýna aðgæslu þannig að koma mætti í veg fyrir að stofnanirnar væru misnotaðar til peningaþvættis á ólöglegum fjármunum. Á grundvelli fenginnar reynslu svo og með hliðsjón af starfi FATF-ríkjahópsins um aðgerðir gegn peningaþvætti ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að endurskoða ákvæði upphaflegu tilskipunarinnar nr. 91/308/EBE. Í breytingum á tilskipuninni felst m.a. að gildissvið hennar er nú rýmkað og nær hún nú einnig til lögfræðinga, fasteignasala og aðila sem eiga í viðskiptum með eðalmálma svo dæmi séu nefnd. Auk þess eru í þessari tilskipun ákvæði um ýmsar smærri tæknilegar breytingar á eldri tilskipuninni.

Alþingi samþykkti á 128. löggjafarþingi frumvarp viðskiptaráðherra um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, sem varð að lögum nr. 42/2003. Þessi lög miðuðu að því að gera nauðsynlegar breytingar á íslenskum lögum til að innleiða tilskipun nr. 2001/97/EB í íslenska löggjöf. Þess ber að geta að tilskipunin kallar einnig á breytingar á almennum hegningarlögum hvað varðar svik sem beinast að fjárhagslegum hagsmunum Evrópubandalaganna en slíkar breytingar eru á forræði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 98/2003

frá 11. ágúst 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003 frá 16. maí 2003 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun 2001/97/EB skal aðlöguð um leið og hún er felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 23. lið (tilskipun ráðsins 91/308/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan ákvæðum um tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0097:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 (Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 76).

  Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

  Í öðrum málslið E-liðar 1. greinar komi eftirfarandi í stað þriðja undirliðar:

([1]) Stjtíð. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 18 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 76.

„svik sem teljast að minnsta kosti alvarleg, varða fjárhagsmuni Evrópubandalaganna og fela í sér:

a) að því er varðar gjöld, hvað sem gert er eða látið ógert af ásettu ráði og tengist því:

- að nota eða leggja fram staðhæfingar eða skjöl með röngum, misvísandi eða ófullkomnum upplýsingum og ná þannig til sín eða halda eftir með órétt-mætum hætti fjármunum úr almennum sjóðum Evrópubandalaganna eða sjóðum sem Evrópubandalögin stýra eða láta stýra fyrir sig;

- að halda upplýsingum leyndum í trássi við tiltekna upplýsingaskyldu, með sömu afleiðingum;

- að misnota slíka fjármuni með því að nota þá í öðrum tilgangi en þeim sem þeir voru upprunalega veittir í;

b) að því er varðar tekjur, eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun ráðsins frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum bandalagsins ([3]), hvað sem gert er eða látið ógert af ásettu ráði og tengist því:

- að nota eða leggja fram staðhæfingar eða skjöl með röngum, misvísandi eða ófullkomnum upplýsingum og draga þannig með ólögmætum hætti fé úr almennum sjóðum Evrópubandalaganna eða sjóðum sem Evrópubandalögin stýra eða láta stýra fyrir sig;

- að halda upplýsingum leyndum í trássi við tiltekna upplýsingaskyldu, með sömu afleiðingum;

- að misnota löglega fengna fjármuni, með sömu afleiðingum.

Svik skulu teljast alvarleg ef meiri fjármunir eru í húfi en tiltekin lágmarksfjárhæð sem ekki skal vera hærri en 50 000 evrur.““

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/97/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([3]) Stjtíð. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. ágúst 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing aðildarríkjanna

um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003 um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar

Um samþykkt ákvörðunar nr. 98/2003 ríkir sá skilningur að til þess að unnt sé að fella inn í EES-samninginn breytingar á tekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum bandalagsins ([4]) þarf að koma til ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Sameiginleg yfirlýsing EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum

um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003 um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar

EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum hafa samþykkt að svikum gegn fjárhagsmunum Evrópubandalagsins verði bætt í skrá um frumbrot á sviði peningaþvættis. Til hagræðingar var önnur peningaþvættistilskipunin samþykkt án þess að henni fylgdi gagnkvæmur samningur til að verja jafnframt fjárhagsmuni EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum. Engu að síður gilda þær meginreglur um gagnkvæmni og einsleitni, sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, einkum 4. forsendu og 1. gr., einnig að fullu um gagnkvæma vernd fjárhagsmuna samningsaðila í skilningi ákvörðunar nr. 98/2003.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003 um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar

Framkvæmdastjórnin lýsir yfir því að tekjur bandalagsins eru sem stendur aðallega eigin tekjur bandalagsins eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun ráðsins frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna.

Sem stendur eru svik sem varða fjárhagsmuni Evrópubandalaganna, að því er varðar tekjur, aðallega á sviði tolla, landbúnaðargjalda og virðisaukaskatts.

([4]) Stjtíð. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/97/EB

frá 4. desember 2001

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. september 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Það er við hæfi að tilskipun 91/308/EBE ([4]), hér á eftir nefnd „tilskipunin", sem er einn helsti alþjóðlegi gerningurinn í baráttunni gegn peningaþvætti, verði uppfærð í samræmi við ályktanir framkvæmdastjórnarinnar og óskir Evrópuþingsins og aðildarríkjanna. Tilskipunin skal ekki einungis endurspegla bestu alþjóðlegu starfsvenjur á þessu sviði heldur skal í henni einnig haldið áfram að setja markið hátt að því er varðar vernd fjármálasviðsins og annarrar berskjaldaðrar starfsemi gegn skaðlegum áhrifum frá ávinningi af afbrotum.

2) Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti (GATS) gerir samningsaðilum kleift að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að standa vörð um almennt siðgæði og samþykkja ráðstafanir í varúðarskyni, þ.m.t. að tryggja stöðugleika og ráðvendni í fjármálakerfinu. Slíkar ráðstafanir ættu aldrei að fela í sér takmarkanir sem ganga lengra en þörf er á til að ná þessum markmiðum.

3) Ekki er kveðið skýrt á um það í tilskipuninni til hvaða yfirvalda aðildarríkis útibú lána- og fjármálastofnana, sem eru með aðalstöðvar sínar í öðru aðildarríki, eiga að tilkynna grunsamleg viðskipti né hvaða yfirvöld aðildarríkis eiga að sjá til þess að slík útibú fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Yfirvöld aðildarríkisins, þar sem útibúið hefur aðsetur, eiga að fá slíkar skýrslur og axla framangreinda ábyrgð.

4) Setja skal fram svo greinilegt sé í tilskipuninni hverjum ábyrgðin er falin með því að breyta skilgreiningunni á „lánastofnun" og á „fjármálastofnun".

5) Evrópuþingið hefur látið í ljós áhyggjur af því að starfsemi gjaldeyrismiðlana (bureaux de change) og greiðslumiðlana (money remittance offices) sé berskjölduð gagnvart peningaþvætti. Starfsemi þessi ætti nú þegar að heyra undir gildissvið tilskipunarinnar. Til að eyða öllum vafa skal staðfesta svo greinilegt sé í tilskipuninni að starfsemin heyri undir hana.

6) Til að tryggja að tilskipunin nái eins fyllilega yfir fjármálasviðið og unnt er skal einnig koma skýrt fram að hún gildi um starfsemi fjárfestingarfyrirtækja eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([5]).

7) Samkvæmt tilskipuninni eru aðildarríkin einungis skyldug til að berjast gegn þvætti ávinnings sem á rætur að rekja til fíkniefnabrota. Á síðustu árum hefur borið á tilhneigingu til að skilgreina peningaþvætti á víðtækari hátt, á grundvelli breiðari vettvangs frumbrota eða

([1]) Stjtíð. EB C 177 E, 27.6.2000, bls. 14.
([2]) Stjtíð. EB C 75, 15.3.2000, bls. 22.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 5. júlí 2000 (Stjtíð. EB C 121, 24.4.2001, bls. 133), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. nóvember 2000 (Stjtíð. EB C 36, 2.2.2001, bls. 24) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. apríl 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. nóvember 2001 og ákvörðun ráðsins frá 19. nóvember 2001.
([4]) Stjtíð. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77.
([5]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

undirliggjandi brota, eins og sést t.d. í endurskoðun frá 1996 á 40 tillögum fjármálaaðgerðahópsins (FATF) sem er alþjóðastofnun og helgar sig baráttunni gegn peningaþvætti.

8) Breiðari vettvangur frumbrota gerir að verkum að auðveldara er að tilkynna grunsamleg viðskipti og stunda alþjóðlegt samstarf á þessu sviði. Því ber að uppfæra tilskipunina í þessu tilliti.

9) Með sameiginlegri aðgerð ráðsins 98/699/DIM frá 3. desember 1998 um peningaþvætti, greiningu, leit, frystingu, hald og upptöku tækja og ávinnings af afbrotum ([6]) samþykktu aðildarríkin að öll alvarleg afbrot, eins og þau eru skilgreind í sameiginlegu aðgerðinni, skyldu teljast frumbrot í þeim tilgangi að gera peningaþvætti refsivert.

10) Einkum er baráttan gegn skipulagðri afbrotastarfsemi nátengd baráttunni gegn peningaþvætti. Því ber að aðlaga skrána yfir frumbrot til samræmis við það.

11) Með tilskipuninni eru innleiddar skyldur sem einkum felast í því að tilkynna grunsamleg viðskipti. Það er fremur við hæfi og í samræmi við grundvallarviðhorf, sem koma fram í aðgerðaáætluninni um baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi ([7]), að víkka út bann tilskipunarinnar við peningaþvætti.

12) Ráðið samþykkti 21. desember 1998 sameiginlega aðgerð 98/733/DIM um að það verði refsiverður verknaður að taka þátt í afbrotastarfsemi í aðildarríkjum Evrópusambandsins ([8]). Þessi sameiginlega aðgerð sýnir að aðildarríkin eru sammála um þörf fyrir sameiginlega stefnu á þessu sviði.

13) Eins og gerð er krafa um með þessari tilskipun berast tilkynningar um grunsamleg viðskipti frá fjármálasviðinu í hverju aðildarríki, einkum lánastofnunum. Staðfest er að hert eftirlit á fjármálasviðinu hefur leitt til þess að peningaþvættar leita nú annarra aðferða til að dylja hvaðan ávinningur af afbrotum kemur.

14) Vaxandi tilhneigingar gætir til að nota fyrirtæki utan fjármálasviðsins til peningaþvættis. Þetta er staðfest með rannsóknum fjármálaaðgerðahópsins á ólíkum aðferðum og tegundum peningaþvættis.

15) Víkka ber út skyldur samkvæmt tilskipuninni að því er tekur til þess að staðfesta deili á viðskiptamönnum, halda skrár og tilkynna um grunsamleg viðskipti, þannig að þær taki einnig til tiltekinnar starfsemi og starfsgreina sem vitað er að standa berskjaldaðar gagnvart peningaþvætti.

16) Lögbókendur og óháðir lögfræðingar, eins og þeir eru skilgreindir í aðildarríkjunum, skulu heyra undir ákvæði tilskipunarinnar þegar þeir taka þátt í fjármála- eða fyrirtækjaviðskiptum, þ.m.t. að veita skattaráðgjöf, þar sem hættan er mest á því að þjónustu þessara lögfræðinga sé misbeitt til að þvætta ávinning af afbrotum.

17) Þegar óháðir einstaklingar í starfsgreinum á sviði lögfræðiráðgjafar, eru löglega viðurkenndir og sæta löglegu eftirliti, svo sem lögmenn, ganga úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings eða flytja mál skjólstæðings, er samt sem áður ekki við hæfi samkvæmt tilskipuninni að þessum lögfræðingum sé skylt að tilkynna grunsemdir um peningaþvætti að því er þessa starfsemi varðar. Veita verður undanþágu frá kröfunni um að tilkynna upplýsingar sem er aflað annaðhvort áður en málaferli hefjast, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur eða þegar gengið er úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings. Lögfræðiráðgjöf heyrir því áfram undir þagnarskyldu nema ráðgjafinn taki þátt í peningaþvætti, lögfræðiráðgjöfin sé veitt í því skyni að stunda peningaþvætti eða lögfræðingurinn viti að skjólstæðingurinn sé að leita eftir lögfræðiráðgjöf í því skyni að stunda peningaþvætti.

18) Þjónustu, sem er samanburðarhæf með beinum hætti, verður að meðhöndla á sama hátt þegar einhver annar fagmaður, sem heyrir undir ákvæði tilskipunarinnar, veitir hana. Til að varðveita réttindi, sem mælt er fyrir um í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis (ECHR) og sáttmálanum um Evrópusambandið, skulu upplýsingar, sem endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar, sem í nokkrum aðildarríkjum mega verja eða flytja mál skjólstæðings eða ganga úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings, afla þegar þeir stunda þessi störf, ekki falla undir tilkynningarskyldu í samræmi við þessa tilskipun.

19) Í tilskipuninni er annars vegar vísað til „yfirvalda sem bera ábyrgð á baráttu gegn peninga-

([6]) Stjtíð. EB L 333, 9.12.1998, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB C 251, 15.8.1997, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1.

þvætti", sem eiga að fá tilkynningar um grunsamlega starfsemi, og hins vegar til yfirvalda sem hafa heimild samkvæmt lögum eða reglugerðum til að annast eftirlit með starfsemi stofnana eða aðila sem ákvæði þessarar tilskipunar gilda um („lögbærra yfirvalda"). Litið er svo á að tilskipunin skyldi aðildarríkin ekki til að skipa slík „lögbær yfirvöld", séu þau ekki fyrir hendi, og að lögmannafélög og aðrar sjálfseftirlitsstofnanir óháðra fagmanna heyri ekki undir hugtakið „lögbær yfirvöld".

20) Til að taka tilhlýðilegt tillit til þagnarskyldu lögbókenda og óháðra lögfræðinga gagnvart skjólstæðingum sínum skulu aðildarríkin eiga þess kost að tilnefna lögmannafélagið eða aðra sjálfseftirlitsstofnun óháðra fagmanna sem þá stofnun sem þessir fagmenn geta beint tilkynningum um hugsanlegt peningaþvætti til. Aðildarríkin skulu setja reglur um meðferð slíkra tilkynninga og hugsanlega framsendingu þeirra til „yfirvalda sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti" og almennt um rétt samstarfsform lögmannafélaga eða sérfræðistofnana og þessara yfirvalda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 91/308/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

A) „Lánastofnun": lánastofnun, eins og hún er skilgreind í fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB (*), sem og útibú, í skilningi 3. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar, í bandalaginu frá lánastofnunum sem eru með aðalstöðvar sínar innan eða utan bandalagsins,

B) „Fjármálastofnun":

1. fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og annast einkum einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í 2. til 12. atriði og 14. atriði í skránni í I. viðauka við tilskipun 2000/12/EB; þetta tekur m.a. til starfsemi gjaldeyrismiðlana og greiðslumiðlana,

2. vátryggingarfélag með gilt leyfi samkvæmt tilskipun 79/267/EBE (**) svo fremi það annist þá starfsemi sem sú tilskipun tekur til,

3. fjárfestingarfyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE (***),

4. fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf.

Þessi skilgreining á fjármálastofnun tekur til útibúa í bandalaginu frá fjármálastofnunum sem eru með aðalstöðvar sínar innan eða utan bandalagsins.

C) „Peningaþvætti": hvers konar athæfi sem hér er talið upp og haft er í frammi af ásettu ráði:

– ummyndun eða yfirfærsla á eign, þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða vegna þátttöku í slíkri starfsemi, í þeim tilgangi að hylma yfir eða leyna ólögmætum uppruna eignarinnar eða aðstoð við hvern þann sem á þátt í slíkri starfsemi í að sneiða hjá lögfylgjum athafna sinna,

– yfirhylming eða launung að því er varðar raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi yfir eða eignarrétt eignar, þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,

– öflun, umráð eða notkun eignar þegar vitað er við móttöku að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,

– þátttaka í, samtök um, tilraunir til, liðveisla, hvatning, fyrirgreiðsla eða ráðgjöf við framningu sérhverra þeirra athafna sem nefndar eru í undanfarandi undirliðum.

Af raunverulegum málavöxtum má ráða hvort um er að ræða vitneskju, ásetning eða tilefni sem skal liggja fyrir sem þáttur í framangreindri starfsemi.

Um peningaþvætti er að ræða jafnvel þótt starfsemin, sem gaf af sér viðkomandi fjármuni, hafi farið fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða í þriðja landi.

D) „Eign": eign af hvaða tagi sem er, hvort sem hún er áþreifanleg eða óáþreifanleg, lausafé eða fasteign, efnisleg eða óefnisleg og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra.

E) „Afbrot“: hvers kyns brotlegt athæfi í tengslum við alvarleg afbrot.

Alvarleg afbrot eru að lágmarki:

– afbrot, eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 3. gr. í Vínarsamningnum,

– starfsemi glæpasamtaka sem er skilgreind í 1. gr. sameiginlegrar aðgerðar 98/733/DIM (****),

– svik, eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. samþykktar um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (*****), a.m.k. gróf tilvik,

– spilling,

– brot sem kann að hafa í för með sér umtalsverðan ávinning og varðar frjálsræðissviptingu samkvæmt refsilöggjöf viðkomandi aðildarríkis.

Aðildarríkin skulu breyta skilgreiningunni, sem kveðið er á um í þessum undirlið, fyrir 15. desember 2004 til samræmis við skilgreininguna á alvarlegu afbroti í sameiginlegri aðgerð 98/699/DIM. Ráðið hvetur framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu fyrir 15. desember 2004 um tilskipun um breytingu á þessari tilskipun í þessu tilliti.

Aðildarríkin geta skilgreint hvaða annað brot sem er sem afbrotastarfsemi að því er þessa tilskipun varðar.

F) „Lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem hafa heimild samkvæmt lögum eða reglugerðum til að annast eftirlit með starfsemi stofnana eða aðila sem heyra undir þessa tilskipun.

(*) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

(**) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

(***) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

(****) Stjtíð. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1.

(*****) Stjtíð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 48.“

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirtaldar stofnanir gegni þeim skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun:

1. lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í A-lið 1. gr.,

2. fjármálastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í B-lið 1. gr.,

og eftirtaldir lögaðilar eða einstaklingar þegar þeir stunda störf sín:

3. endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar,

4. fasteignasalar,

5. lögbókendur og aðrir óháðir lögfræðingar þegar þeir taka þátt annaðhvort:

   a) í því að aðstoða skjólstæðinga sína við að undirbúa eða stunda viðskipti í tengslum við

      i) að kaupa og selja fasteignir eða fyrirtæki,

      ii) að hafa umsjón með peningum, verðbréfum eða öðrum eignum skjólstæðinganna,

      iii) að opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum,

      iv) að útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum,

      v) að stofna, reka eða stýra fyrirtækjahringjum, fyrirtækjum og áþekkum stofnunum,

   b) eða með því að starfa fyrir hönd og fyrir skjólstæðinga sína í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum,

6. seljendur verðmæta á borð við eðalsteina, eðalmálma eða listaverk og uppboðshaldarar þegar greitt er í peningum og fjárhæðin samsvarar 15 000 evrum eða þar yfir,

7. spilavíti.“

3. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, krefjist þess að viðskiptamenn þeirra sanni á sér deili með skilríkjum þegar þeir hefja viðskipti, einkum, að því er varðar stofnanir, þegar þeir opna reikning eða sparireikning eða þegar boðið er upp á eignavörslu.

2. Krafan um að menn sanni á sér deili gildir einnig um öll viðskipti viðskiptamanna, annarra en þeirra sem um getur í 1. mgr., með fjárhæðir sem eru 15 000 evrur eða þar yfir, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma þegar viðskiptin hefjast skal viðkomandi stofnun eða aðili krefjast þess að viðkomandi sanni á sér deili jafnskjótt og stofnunin eða aðilinn fær vitneskju um fjárhæðina og kemst að raun um að hún er yfir settum mörkum.

3. Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreina er ekki krafist skilríkja í tengslum við vátryggingarsamninga sem gerðir eru af vátryggingarfyrirtækjum í skilningi tilskipunar ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga (þriðja tilskipun um líftryggingar) (*), ef starfsemi fyrirtækisins fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar, þegar fjárhæð reglubundins iðgjalds eða iðgjalda, sem greiða skal á ári, fer ekki yfir 1 000 evrur eða ef greiðsla á iðgjaldi, sem greiða á í eitt skipti, fer ekki yfir 2 500 evrur. Ef reglubundið iðgjald eða iðgjöld, sem greiða skal á ári, eru hækkuð þannig að þau fari yfir 1 000 evrur skal krefjast skilríkja.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að krafan um að menn sanni á sér deili sé ekki skylda að því er varðar tryggingasamninga lífeyrissjóða sem gerðir eru vegna starfsráðningarsamnings eða atvinnu hins tryggða, að því tilskildu að slíkir samningar hafi hvorki að geyma endurkaupaákvæði né sé heimilt að nota þá sem tryggingu fyrir láni.

5. Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreina skulu allir viðskiptamenn spilavíta sanna á sér deili ef þeir kaupa eða selja spilapeninga fyrir 1 000 evrur eða þar yfir.

6. Spilavíti, sem heyra undir ríkiseftirlit, teljast fullnægja kröfunni um að menn sanni á sér deili, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ef viðskiptamennirnir eru í það minnsta skráðir og sanna á sér deili við innganginn án tillits til þess hve margir spilapeningar eru keyptir.

7. Leiki vafi á því hvort viðskiptamenn, sem um getur í framangreindum málsgreinum, vinna í eigin þágu eða ef ljóst er að þeir vinna ekki í eigin þágu skulu stofnanirnar og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að afla sér upplýsinga um deili á þeim aðilum sem þessir viðskiptamenn starfa fyrir.

8. Hvenær sem grunur leikur á að um peningaþvætti sé að ræða skulu stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, krefjast þess að menn sanni á sér deili, jafnvel þegar fjárhæð viðskiptanna er undir mörkunum sem kveðið er á um.

9. Stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, skulu ekki falla undir kröfuna um að menn sanni á sér deili, eins og kveðið er á um í þessari grein, þegar viðskiptamaðurinn er lánaeða fjármálastofnun, sem tilskipun þessi gildir um, eða lána- eða fjármálastofnun í þriðja landi sem að áliti hlutaðeigandi aðildarríkja gerir sambærilegar kröfur við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

10. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að kröfur um að menn sanni á sér deili, að því er varðar viðskipti sem um getur í 3. og 4. mgr., séu uppfylltar þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin er færð til skuldar á viðskiptareikningi sem er opnaður í nafni viðskiptamanns í lánastofnun sem þessi tilskipun gildir um skv. 1. mgr.

11. Aðildarríkin skulu a.m.k. sjá til þess að stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, geri sérstakar og viðeigandi ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna aukinnar hættu á peningaþvætti þegar stofnað er til viðskipta við eða átt eru viðskipti við einhvern þann sem er ekki sjálfur viðstaddur til að sanna á sér deili (viðskiptin eiga sér ekki stað „augliti til auglitis"). Slíkar ráðstafanir skulu tryggja að hægt sé að sanna deili á viðskiptamanni, t.d. með því að krefjast fleiri skriflegra sönnunargagna eða viðbótarráðstafana til að sannprófa eða votta þau skjöl sem lögð eru fram eða staðfestingarvottunar frá stofnun sem heyrir undir þessa tilskipun eða með því að krefjast þess að fyrsta greiðslan vegna viðskiptanna sé lögð inn á reikning sem er opnaður í nafni viðskiptamannsins hjá lánastofnun sem heyrir undir þessa tilskipun. Við innra

eftirlit, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr., skal taka sérstakt tillit til þessara ráðstafana.

(*) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).“

4. Í 4., 5., 8. og 10. gr. komi „stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun“ í stað „lána- og fjármálastofnanir“.

5. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, stjórnendur þeirra og starfsmenn eigi náið samstarf við þau yfirvöld sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti:

a) með því að láta þessi yfirvöld vita, að eigin frumkvæði, um allt það sem bent gæti til peningaþvættis,

b) með því að láta þessum yfirvöldum í té, að beiðni þeirra, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferð samkvæmt gildandi löggjöf.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti í aðildarríki því þar sem stofnunin eða aðilinn er sem sendir upplýsingarnar. Sá aðili eða aðilar, sem tilnefndir eru af stofnunum og aðilum í samræmi við málsmeðferð skv. a-lið 1. mgr. 11. gr., skulu að öllu jöfnu senda upplýsingarnar.

3. Að því er varðar lögbókendur og óháða lögfræðinga, sem um getur í 5. mgr. 2. gr. a, er aðildarríkjunum heimilt að tilnefna viðeigandi sjálfseftirlitsstofnun í viðkomandi starfsgrein sem það yfirvald sem ber að tilkynna um staðreyndir, sem um getur í a-lið 1. mgr., og skal í því tilviki ákveða samstarfsform þeirrar stofnunar og þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti.

Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., gagnvart lögbókendum, óháðum lögfræðingum, endurskoðendum, löggiltum bókurum og skattaráðgjöfum, að því er varðar upplýsingar sem þeir fá frá skjólstæðingi eða sem varða skjólstæðing þeirra, þegar þeir ganga úr skugga um lagalega stöðu skjólstæðings eða verja eða flytja mál þess skjólstæðings við eða varðandi málaferli, þ.m.t. ráðgjöf um að hefja eða komast hjá málaferlum, hvort sem upplýsinganna er aflað áður en slík málaferli hefjast, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur.“

6. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, forðist viðskipti sem þessir aðilar vita eða hafa grun um að tengist peningaþvætti þar til þeir hafa gert yfirvöldunum, sem um getur í 6. gr., viðvart. Þessum yfirvöldum er heimilt, með þeim skilyrðum sem sett eru í innlendri löggjöf þeirra, að gefa fyrirmæli um að viðskiptin fari ekki fram. Þegar grunur leikur á að slík viðskipti kunni að leiða til peningaþvættis og ómögulegt er að koma í veg fyrir þau eða það gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hagnast á viðskiptunum, sem grunur leikur á að séu peningaþvætti, skulu viðkomandi stofnanir gera yfirvöldum viðvart um leið og viðskiptin hafa farið fram.

7. Núverandi texti 8. gr. verði 1. mgr. og eftirfarandi bætist við:

„2. Aðildarríkjunum er ekki skylt samkvæmt þessari tilskipun að beita ákvæði 1. mgr. gagnvart starfsgreinum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr.“

8. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Stofnun eða aðili, sem heyrir undir þessa tilskipun, eða starfsmaður eða stjórnandi slíkrar stofnunar eða aðila er veitir yfirvöldum sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti upplýsingar þær sem um getur í 6. og 7. gr. í góðri trú telst ekki hafa brotið gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsýsluákvæðum og leggur veiting upplýsinga með þessum hætti enga ábyrgð á herðar þessum stofnunum eða aðilum, stjórnendum eða starfsmönnum þeirra.“

9. Eftirfarandi grein bætist við 10. gr.:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir, sem hafa heimild samkvæmt lögum til að annast eftirlit með verðbréfa-, gjaldeyris- og afleiðumörkuðum, tilkynni yfirvöldum sem bera ábyrgð á baráttu gegn peningaþvætti um allt það sem kann að vekja grun þeirra um peningaþvætti.“

10. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„*11. gr.*

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir og aðilar sem heyra undir þessa tilskipun:

a) komi á viðeigandi innra eftirliti og boðskiptum til að fyrirbyggja og hindra aðgerðir sem tengjast peningaþvætti,

b) geri viðeigandi ráðstafanir til þess að starfsmenn þeirra kunni skil á ákvæðum þessarar tilskipunar. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér að hlutaðeigandi starfsmenn fái sérstaka þjálfun sem auðveldi þeim að átta sig á hvaða viðskipti gætu tengst peningaþvætti og þeim sé kennt hvernig þeir skuli bregðast við í slíkum tilvikum.

Ef einstaklingur, sem fellur undir 3. til 7. mgr. 2. gr. a, stundar sérfræðistörf sín sem launamaður hjá lögaðila skulu skyldur samkvæmt þessari grein eiga við um þann lögaðila en ekki um einstaklinginn.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir og aðilar, sem heyra undir þessa tilskipun, hafi aðgang að nýjustu upplýsingum um starfsemi peningaþvætta og um vísbendingar sem gera kleift að komast á snoðir um grunsamleg viðskipti."

11. Í 12. gr. komi orðin „stofnana og aðila sem um getur í 2. gr. a" í stað „lána- og fjármálastofnana sem um getur í 1. gr."

2. gr.

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, innan ramma þeirrar skýrslu sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 91/308/EBE, láta fara fram sérstaka athugun á þáttum í tengslum við beitingu fimmta undirliðar E-hluta 1. gr., sérstakri meðferð lögmanna og annarra óháðra lögfræðinga, því hvort skjólstæðingar sanna á sér deili í viðskiptum sem ekki eiga sér stað augliti til auglitis og mögulegum áhrifum á rafræn viðskipti.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 15. júní 2003 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	D. REYNDERS
forseti.	*forseti.*

969. Frumvarp til laga [652. mál]

um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði niður ákvæði laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, um sérstaka stjórn stofnunarinnar. Af hálfu umhverfisráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að því að undirstrika ábyrgð forstöðumanna gagnvart ráðherra þannig að forstjórum stofnana sem heyra undir ráðuneytið hefur verið falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður. Er sú stefna sem í því birtist í samræmi við breytt viðhorf um stjórnun stofnana á vegum ríkisins, um að forstöðumaður stofnunar eða forstjóri beri ábyrgð á störfum og rekstri stofnunar, sem koma m.a. fram í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Í 3. gr. laganna er kveðið á um þriggja manna stjórn stofnunarinnar. Hlutverk stjórnarinnar er að fjalla um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að afnema lagaákvæði um stjórnir stofnana umhverfisráðuneytisins. Má í því sambandi nefna Hollustuvernd ríkisins, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, nú Umhverfisstofnun, Landmælingar Íslands, sbr. lög nr. 171/2000, um breytingu á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, og Brunamálastofnun, sbr. lög um brunavarnir, nr. 75/2000.

Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að 4. gr. laganna verði breytt til samræmis við þessa breytingu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs, verði það óbreytt að lögum, eru þau að niður fellur kostnaður við stjórn stofnunarinnar. Sá kostnaður hefur verið óverulegur.

970. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson, Grétar Má Sigurðsson, Bergdísi Ellertsdóttur og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Kristrúnu Kristinsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Gústaf Adolf Skúlason og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands.

Málið var sent til umsagnar ríflega 50 samtökum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka- og verðbréfafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun og Verslunarráði Íslands. Þá bárust nefndinni upplýsingar og gögn frá Alþýðusambandi Íslands, utanríkisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðildarsamningur EES var gerður í Lúxemborg 14. október 2003 og undirritaður af Íslands hálfu 11. nóvember síðastliðinn. Jafnframt er lagt til að þær breytingar sem gerðar eru á meginmáli EES-samningsins með aðildarsamningnum fái lagagildi hér á landi.

Meginniðurstaða viðræðnanna varð að stofnaður verður nýr þróunarsjóður EFTA og verða framlög EFTA-ríkjanna til sjóðsins fimmfalt hærri en þau hafa verið undanfarin fimm ár. Framlag Íslands verður um 500 millj. kr. á ári og mun mestur hluti framlagsins renna til nýju aðildarríkjanna. Íslenska ríkið hefur lagt áherslu á að þróunarsjóðurinn styrki einkum verkefni á sviði sjávarútvegs, hagnýtingar jarðhita og orkuvinnslu en á þeim sviðum getur Ísland sérstaklega miðlað þekkingu og reynslu. Við aðild nýju ríkjanna að Evrópusambandinu falla niður gagnkvæmir fríverslunarsamningar þeirra og Íslands. Af þeim sökum var fyrirséð að viðskiptakjör fyrir ákveðnar afurðir mundu versna. Samningar tókust hins vegar um niður-

fellingu tolla á frosnum síldarsamflökum frá Íslandi og endurflokkun í tollskrá ESB þannig að sú afurð fær sömu tollmeðferð og frosin síldarflök. Jafnframt náðust samningar um að kvótar yrðu settir fyrir tollfrjáls viðskipti með helstu vörutegundir sem viðskipti hafa verið með og notið hefðu betri viðskiptakjara samkvæmt gildandi fríverslunarsamningum. Stækkun Evrópusambandsins tekur gildi 1. maí næstkomandi og leggur utanríkismálanefnd sérstaka áherslu á að stækkun EES taki gildi á sama tíma.

Nefndin tók til sérstakrar athugunar ákvæði samningsins um frjálsa för fólks. Gera verður ráð fyrir að töluverður fjöldi fólks frá nýju aðildarríkjunum, einkum Eystrasaltsríkjunum og Póllandi, vilji freista gæfunnar á Íslandi. Íslenskt atvinnulíf þarf á erlendu vinnuafli að halda en hins vegar er nauðsynlegt að íslenskur vinnumarkaður sé vel undirbúinn fyrir fjölda útlendinga í atvinnuleit. Samkvæmt aðildarsamningi EES er einstökum ríkjum heimilt að beita sérstökum aðlögunartíma í allt að sjö ár frá gildistöku stækkunarsamninganna. Ríkisstjórnin lýsti því nýlega yfir að hún hygðist leggja til tveggja ára aðlögunartíma frá 1. maí 2004 til 1. maí 2006. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað mun þorri EES-ríkja beita tveggja ára aðlögunartíma og einhver hafa þegar lýst yfir lengri aðlögunartíma. Í ljósi þessara upplýsinga telur nefndin hyggilegt að beita aðlögunartíma fyrst um sinn. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að aðlögunartíminn fram til 2006 verði vel nýttur til að undirbúa íslenskan vinnumarkað fyrir stóran sameiginlegan vinnumarkað á EES-svæðinu. Þá er einnig nauðsynlegt að gæta þess að samfélagið og stofnanir þess séu undirbúin fyrir aukinn fjölda erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra og má í því sambandi einkum nefna félags- og skólakerfi.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti þarf að gera breytingar á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, fyrir 1. maí næstkomandi til að takmarka megi frjálsa för fólks frá nýju aðildarríkjunum. Nefndin leggur áherslu á að vinnu við þau frumvörp verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan stækkunarsamningunum. Þá bendir nefndin á að mikilvægt virðist að taka til athugunar framkvæmd laga nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 26. febr. 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Stefánsson.		Ágúst Ólafur Ágústsson.

971. Svar [526. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknarstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum samgönguráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Ferðamálasjóðs,
Siglingastofnunar Íslands,
Vegagerðarinnar,
rannsóknarnefndar flugslysa,
rannsóknarnefndar sjóslysa?

Ferðamálasjóður.

Sjóðurinn var lagður niður í árslok 2002. Samkvæmt upplýsingum um starfsemi hans árin 2001 og 2002 veitti hann enga styrki til vísinda, rannsókna eða þróunarstarfs.

Siglingastofnun Íslands.

Í fjárlögum áranna 2001–2003 voru eftirtaldar fjárveitingar til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs í hafnamálum og öryggismálum sjófarenda:

- Árið 2001 var fjárveitingin 32,4 millj. kr.
- Árið 2002 var fjárveitingin 42,9 millj. kr.
- Árið 2003 var fjárveitingin 38,6 millj. kr.

Fjárveitingarnar eru ákvarðaðar af Alþingi með þingsályktun um hafnaáætlun og nú með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 til 2006.

Verkefnum er skipað í eftirfarandi efnisflokka:

- Hafnar- og strandrannsóknir.
- Öldufarsrannsóknir.
- Umhverfisrannsóknir.
- Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum.
- Sjávarföll og sjávarflóð.
- Gagnagrunnur fyrir upplýsingakerfi Siglingastofnunar.
- Rannsóknir sem tengjast öryggi sjófarenda.

Vegagerðin.

Samkvæmt vegalögum skal ár hvert verja 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn Vegagerðarinnar.

Á árunum 2001 til 2003 var þessi fjárveiting á vegáætlun eftirfarandi:

- Árið 2001 var fjárveitingin 101 millj. kr.
- Árið 2002 var fjárveitingin 98 millj. kr.
- Árið 2003 var fjárveitingin 105 millj. kr.

Haldið er utan um málaflokkinn hjá rannsókna- og þróunardeild á þróunarsviði Vegagerðarinnar. Vegamálastjóri skipar ráðgjafarnefnd sem er til ráðuneytis um fjárveitingar til rannsóknarverkefna og um tilhögun rannsókna. Það er hlutverk rannsóknarnefndar Vegagerðarinnar að meta umsóknir og velja úr þau verkefni sem fé er veitt til á hverju ári.

Fjárveitingar til rannsókna fara til fjölmargra mismunandi verkefna sem ýmist eru unnin innan stofnunarinnar sjálfrar, hjá háskólum, ráðgjafastofum, af einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum opinberum stofnunum.

Verkefnum er skipt í eftirfarandi efnisflokka:

- Vegyfirborð, tæki og búnaður.
- Brýr og steinsteypa.
- Vatnafar, snjór, jöklar, jökulhlaup.
- Umferðaröryggi.
- Samgöngu- og umferðarrannsóknir, arðsemi og fjármál.
- Umhverfismál.
- Jarðtækni.
- Steinefni, burðarlög og slitlög.
- Upplýsingatækni og hugbúnaðargerð.
- Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum.

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Starf nefndarinnar er í eðli sínu rannsóknar- og þróunarstarf. Því þykir mega fella allt fé sem Alþingi veitti til starfsemi hennar undir efni fyrirspurnarinnar.

Í fjárlögum og fjáraukalögum áranna 2001–2003 voru eftirtaldar fjárveitingar til starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa:

- Árið 2001 var fjárveitingin 27 millj. kr.
- Árið 2002 var fjárveitingin 25,1 millj. kr.
- Árið 2003 var fjárveitingin 30,5 millj. kr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Starf nefndarinnar er í eðli sínu rannsóknar- og þróunarstarf. Því þykir mega fella allt fé sem Alþingi veitti til starfsemi hennar undir efni fyrirspurnarinnar.

Í fjárlögum áranna 2001–2003 voru eftirtaldar fjárveitingar til starfsemi Rannsóknarnefndar sjóslysa:

- Árið 2001 var fjárveitingin 18,1 millj. kr.
- Árið 2002 var fjárveitingin 23,8 millj. kr.
- Árið 2003 var fjárveitingin 30,3 millj. kr.

972. Svar [592. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Björgvins S. Sigurðssonar um háhraðatengingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða sveitarfélög á landinu hafa háhraðatengingar og hver ekki?*
2. *Hver er íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa háhraðatengingar, sundurgreint eftir sveitarfélögum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi listum.

Sveitarfélög og byggðarkjarnar sem hafa möguleika til ADSL-tenginga.

Akranes	Akureyri	Bessastaðahreppur	Blönduós
Bolungarvík	Borgarnes	Dalvík	Egilsstaðir
Eskifjörður	Eyrarbakki	Fáskrúðsfjörður	Garðabær
Garður	Grindavík	Grundarfjörður	Hafnarfjörður
Hella	Hellissandur	Húsavík	Hvammstangi
Hveragerði	Hvolsvöllur	Höfn	Ísafjörður
Keflavík	Kópavogur	Mosfellsbær	Neskaupsstaður
Njarðvík, Innri og Ytri	Ólafsfjörður	Ólafsvík	Patreksfjörður
Reyðarfjörður	Reykjavík	Rif	Sandgerði
Sauðárkrókur	Selfoss	Seltjarnarnes	Seyðisfjörður
Siglufjörður	Skagaströnd	Stykkishólmur	Tálknafjörður
Vestmannaeyjar	Vogar	Vopnafjörður	Þorlákshöfn

Sveitafélög (byggðarkjarnar) sem hafa möguleika til háhraðatenginga með örbylgju og ekki hafa verið talin áður.

Bifröst	Borðeyri	Drangsnes	Flateyri
Grímsnes- og Grafningshreppur	Hnífsdalur	Hólmavík	Hvanneyri
Stokkseyri	Suðureyri	Vík í Mýrdal (1.4.04)	Þingeyri
Hjalteyri	Kristnes	Hrafnagil	

Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, 2003.

ADSL	Alls	Alls	Byggðarlög án háhraðatenginga	
*	Hafnarfjörður	21.207		
*	Garðabær	8.878		
*	Álftanes, Bessastaðahreppi	1.886		
*	Kópavogur	25.352		
*	Reykjavík	112.490		
*	Seltjarnarnes	4.577		
*	Mosfellsbær, meginbyggð	6.376		
*	Mosfellsbær, Mosfellsdalur	213		
*	Grundarhverfi, Reykjavík	507		
	Strjálbýli á höfuðborgarsvæði	431		ADSL/örbylgja
*	Grindavík	2.434		
	Hafnir, Reykjanesbæ	120	120	
*	Sandgerði	1.389		
*	Garður, Gerðahreppi	1.290		
*	Keflavík, Reykjanesbæ	7.963		
*	Njarðvík, Reykjanesbæ	2.825		
*	Vogar, Vatnsleysustrandahreppi	833		
	Strjálbýli á Suðurnesjum	99	99	?
*	Akranes	5.588		
***	Hvanneyri, Borgarfjarðarsveit	193		e-max
	Kleppjárnsreykir, Borgarfjarðarsveit	45	45	
	Reykholt, Borgarfjarðarsveit	33	33	
*	Borgarnes, Borgarbyggð	1.770		
***	Bifröst, Borgarbyggð	210		e-max
*	Hellissandur, Snæfellsbæ	412		
*	Rif, Snæfellsbæ	144		
*	Ólafsvík, Snæfellsbæ	1.025		
*	Grundarfjörður, Grundarfjarðarbæ	843		
*	Stykkishólmur	1.162		
	Búðardalur, Dalabyggð	246	246	
	Strjálbýli á Vesturlandi	2.767	2.767	?
	Reykhólar, Reykhólahreppi	121	121	
*	Patreksfjörður, Vesturbyggð	701		
*	Tálknafjörður, Tálknafjarðarhreppi	327		
	Bíldudalur, Vesturbyggð	233	233	
	Krossholt, Vesturbyggð	14	14	
***	Þingeyri, Ísafjarðarbæ	330		Snerpa
***	Flateyri, Ísafjarðarbæ	307		Snerpa
***	Suðureyri, Ísafjarðarbæ	331		Snerpa
*	Bolungarvík	944		Snerpa
*	Ísafjörður	2.596		
***	Hnífsdalur	419		Snerpa
	Súðavík, Súðavíkurhreppi	191	191	
***	Drangsnes, Kaldrananeshreppi	88		Snerpa
***	Hólmavík, Hólmavíkurhreppi	398		Snerpa
***	Borðeyri, Bæjarhreppi	23		e-max
	Strjálbýli á Vestfjörðum	814	814	
	Laugabakki, Húnaþingi vestra	82	82	
*	Hvammstangi, Húnaþingi vestra	583		
*	Blönduós, Blönduóssbæ	888		
*	Skagaströnd, Höfðahreppi	582		
*	Sauðárkrókur, Sveitarfélaginu Skagafirði	2.620		
	Varmahlíð, Sveitarfélaginu Skagafirði	133	133	

ADSL	Alls	Alls	Byggðarlög án háhraðatenginga	
	Hólar, Sveitarfélaginu Skagafirði	92	92	
	Hofsós, Sveitarfélaginu Skagafirði	180	180	
*	Siglufjörður	1.434		
	Strjálbýli á Norðurlandi vestra	2.551	2.551	
	Grímsey, Grímseyjarhreppi	93	93	
*	Ólafsfjörður, Ólafsfjarðarbæ	994		
*	Dalvík, Dalvíkurbyggð	1.461		
**	Hrísey, Hríseyjarhreppi	180		Svar
	Litli-Árskógssandur, Dalvíkurbyggð	132	132	
	Hauganes, Dalvíkurbyggð	158	158	
***	Hjalteyri, Arnarneshreppi	45		Tengir
*	Akureyri	16.086		
***	Kristnes, Eyjafjarðarsveit	53		Tengir
***	Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit	136		Tengir
	Svalbarðseyri, Svalbarðsstrandarhreppi	207	207	
	Grenivík, Grýtubakkahreppi	294	294	
	Reykjahlíð, Skútstaðahreppi	208		
	Laugar, Þingeyjarsveit	94	94	
*	Húsavík, Húsavíkurbæ	2.368		
	Kópasker, Öxafjarðarhreppi	138	138	
**	Raufarhöfn, Raufarhafnarhreppi	252		Svar
	Þórshöfn, Þórshafnarhreppi	370	370	
	Strjálbýli á Norðurlandi eystra	3.566	3.566	
	Bakkafjörður, Skeggjastaðarhreppi	106	106	
*	Vopnafjörður, Vopnafjarðarhreppi	569		
	Fellabær, Fellahreppi	373	373	
	Borgarfjörður eystra, Borgarfjarðarhreppi	97	97	
*	Seyðisfjörður	730		
	Hallormsstaður, Austur-Héraði	59	59	
*	Egilsstaðir, Austur-Héraði	1.721		
	Eiðar, Austur-Héraði	41	41	
*	Neskaupstaður, Fjarðabyggð	1.400		
*	Eskifjörður, Fjarðabyggð	972		
*	Reyðarfjörður, Fjarðabyggð	671		
*	Fáskrúðsfjörður, Austurbyggð	599		
	Stöðvarfjörður, Austurbyggð	262	262	
	Breiðdalsvík, Breiðdalshreppi	177	177	
	Djúpivogur, Djúpavogshreppi	385	385	
	Nesjakauptún, Sveitarfélaginu Hornafirði	85	85	
*	Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði	1.740		
	Strjálbýli á Austurlandi	1.900	1.900	
	Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi	141	141	
***	Vík í Mýrdal, Mýrdalshreppi	296	frá 1.4.04	e-max
*	Vestmannaeyjar	4.344		
	Skógar, Rangárþingi eystra	26	26	
*	Hvolsvöllur, Rangárþingi eystra	712		
*	Hella, Rangárþingi ytra	635		
	Rauðalækur, Rangárþingi ytra	34	34	
***	Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg	465		e-max
*	Eyrarbakki, Sveitarfélaginu Árborg	580		
*	Selfoss, Sveitarfélaginu Árborg	5.068		
	Flúðir, Hrunamannahreppi	296	296	

ADSL	Alls	Alls	Byggðarlög án háhraðatenginga	
	Laugarás, Bláskógabyggð	120	120	
	Reykholt, Bláskógabyggð	164	164	
	Laugarvatn, Bláskógabyggð	176	176	
***	Sólheimar, Grímsnes- og Grafningshreppi			e-max
	Árbæjarhverfi, Sveitarfélaginu Ölfusi	58	58	?
*	Hveragerði	1.902		
*	Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi	1.332		
	Strjálbýli á Suðurlandi	5.144	5.144	?
		290.505	**22.417**	

* Með ADSL-möguleika.
** Með gervihnattasamband.
*** Með örbylgjusamband.
? Óljós staðsetning, hugsanlega möguleikar til háhraðatenginga að hluta ADSL/örbylgja. Höfuðborgarsvæðið og nokkur önnur sveitafélög eru einnig þjónustuð með örbylgju t.d. Selfoss, Eyrarbakki og Bolungavík, Borgarnes og Akureyri.
Skýringar: Mannfjöldatölur miðast við 1. desember 2003 og eru byggðar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

973. Svar [625. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildareignir lífeyrissjóða hér á landi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?*
2. *Hversu miklar eru eignir lífeyrissjóða í öðrum löndum OECD?*

Til að auðvelda samanburð við önnur OECD-lönd er miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu en ekki þjóðarframleiðslu.

Heildareignir lífeyrissjóða á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu, í milljörðum kr.

	Heildareignir lífeyrissjóða	VLF	Heildareignir sem hlutfall af VLF
2000	569,5	662,4	86%
2001	648,1	745,2	87%
2002	684,0	779,0	88%

Heildareignir lífeyrissjóða í OECD-ríkjum 2001, í milljörðum dollara.

Land	Heildareignir lífeyrissjóða	Hlutfall af VLF (%)
Ástralía	417,9	62
Austurríki[1]	22,8	1
Belgía[1]	13,4	6
Kanada	418,8	48
Tékkland	1,8	4
Danmörk	39,0	22
Finnland	10,9	9
Frakkland	-	-
Þýskaland[1]	63,0	3
Grikkland[2]	4,7	4
Ungverjaland	2,3	5
Írland[1]	48,5	52
Ítalía[1]	48,1	4
Japan	811,6	21
Kórea[1]	11,5	3
Luxemborg	..	..
Mexíkó	11,4	2
Holland	383,2	113
Nýja-Sjáland	8,6	11
Noregur[4]	12,9	8
Pólland	4,9	3
Portúgal[1]	12,4	12
Slóvakía	-	1
Spánn[2]	12,8	2
Svíþjóð[1]	6,8	3
Sviss[3]	268,6	102
Tyrkland	..	..
Bretland[1]	1.226,3	85
Bandaríkin	5.115,9	75

1 = Gögn frá árinu 2000.
2 = Gögn frá árinu 1999.
3 = Gögn frá árinu 1998.
4 = Án olíusjóðsins.
- = Óverulegt.
.. = Vantar gögn.

974. Svar [626. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þór Þórðarsonar um hlutfall á milli lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert er hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði hér á landi?*
2. *Hvert er hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði í OECD-ríkjunum?*

Samkvæmt upplýsingum frá OECD var hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði hér á landi 20,3 á síðasta ári.

Hlutfallið á milli fjölda lífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði í OECD-ríkjunum kemur fram í töflunni hér á eftir.

Ástralía	20,4
Austurríki	25,2
Bandaríkin	21,7
Belgía	28,1
Bretland	26,6
Danmörk	24,2
Finnland	25,9
Frakkland	27,2
Holland	21,9
Írland	19,7
Ítalía	28,8
Japan	27,7
Kanada	20.4
Kórea	11,3
Noregur	25,6
Nýja-Sjáland	20,4
Portúgal	26,7
Pólland	20,4
Spánn	27,1
Svíþjóð	29,4
Swiss	25,1
Tékkland	21,9
Ungverjaland	23,7
Þýskaland	26,6
Meðaltal	**23,8**

Heimild: OECD, 2003.

Nokkrum vandkvæðum er bundið að finna hlutfallið á milli fjölda ellilífeyrisþega og fólks á vinnumarkaði í OECD-ríkjunum. Eftirlaunaaldur er nokkuð mismunandi eftir löndum og sums staðar einnig eftir kyni. Fyrrgreindar upplýsingar sýna hlutfallið á milli fólks 65 ára og eldri og fólks á aldrinum 20–64 ára.

975. Svar [599. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um eignarskatt, sérstakan eignarskatt og sérstakan tekjuskatt.

1. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu eignarskatts á einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar gjaldárin 2001 og 2002?*

Eignarskattar einstaklinga og lögaðila 2001 og 2002, í millj kr.

	2001	2002
Einstaklingar	3.095	3.302
Lögaðilar	1.999	1.873

2. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu sérstaks eignarskatts gjaldárin 2001 og 2002?*

Sérstakur eignarskattar einstaklinga og lögaðila 2001 og 2002, í millj. kr.

	2001	2002
Einstaklingar	356	353
Lögaðilar	416	389

3. *Hvert var tekjutap ríkissjóðs gjaldárið 2003 vegna lækkunar álagningarhlutfalls eignarskatts úr 1,2% í 0,6%?*

Bein tekjulækkun ríkissjóðs vegna lækkunar álagningarhlutfalls eignarskatts úr 1,2% í 0,6% er áætluð um 1.900 millj. kr.

4. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af álagningu sérstaks tekjuskatts gjaldárin 2001, 2002 og 2003?*

Heildartekjur ríkissjóðs af sérstökum tekjuskatti álagningarárin 2001, 2002 og 2003 í millj. kr.

2001	2002	2003
1.272	1.644	1.077

5. *Hvert er áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 7% gjaldárið 2003 í 5% gjaldárið 2004, í 4% gjaldárið 2005 og í 2% gjaldárið 2006 miðað við óbreytt tekjumörk?*

Bein tekjulækkun ríkissjóðs vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 7% í 5% á álagningarárinu 2004 er áætluð um 200 millj. kr. Sambærileg tala vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 5% í 4% álagningarárið 2005 er um 120 millj. kr. og um 250 millj. kr. vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 4% í 2% álagningarárið 2006. Gert er ráð fyrir að tekjumörk hækki um 2,5% á ári. Á móti vega tekjuáhrif aukinnar veltu og almennt aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

976. Svar [573. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um farsíma- og tölvusamband í dreifbýli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir GSM-sendar voru settir upp árlega í dreifbýli árin 1998–2002, sundurliðað eftir landshlutum?*
2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að þétta GSM-samband á vegum landsins?*
3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að bæta tölvusamband, t.d. með ADSL-tengingu, í dreifbýli þar sem búa færri en 500 íbúar?*

Stjórnvöld hafa það að meginmarkmiði að tryggja hagkvæm, aðgengileg og örugg fjarskipti, fyrir alla Íslendinga.

GSM-sendar settir upp í dreifbýli árin 1998–2002.

Ár	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðland eystra	Austurland	Suðurland	Reykjanes
1998	7	6		5	2	3	6
1999	9			8		18	6
2000	8	2	7	11	10	11	6
2001	11	1	3	10	2	6	9
2002	6	3	1	4	7	7	4
Alls	**41**	**12**	**11**	**38**	**21**	**45**	**31**

Ráðherra hefur lagt ríka áherslu á uppbyggingu GSM-kerfa, m.a. með ákvörðun um reikisamninga í fjarskiptalögum. Með rúmum reikiheimildum ættu símafyrirtæki að geta byggt upp hagkvæmara dreifikerfi og jafnframt komið til móts við notendur. Þá má geta þess að á vegum Vegagerðarinnar er unnið að því að þróa hagkvæmari leiðir fyrir GSM-sambönd á fjallvegum.

Í fjarskiptalögunum er kveðið á um rétt notenda til alþjónustu, óháð staðsetningu en til hennar telst m.a. talsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb flutningsgetu sem er ISDN-lágmark. Auk þess var að undirlagi ráðuneytisins gerður samningur við Símann haustið 2001 um uppbyggingu á ADSL-þjónustu í stærri þéttbýliskjörnum, sem skilaði m.a. þeim áfanga að sú þjónusta er komin í alla þéttbýlisstaði með yfir 500 íbúa. Á sama tíma var samið um gagnaflutningsþjónustu um ATM-net Símans til að tryggja allt að 2Mb/s flutningsþjónustu til allra þéttbýliskjarna með yfir 150 íbúa eða fleiri og að helstu skólasetrum landsins.

Tryggja verður áframhaldandi uppbyggingu á GSM- og ADSL-þjónustu í dreifbýli og á fjölförnum ferðamannastöðum og verður unnið að gerð slíks samnings.

Ráðherra hefur jafnframt ákveðið að hafin skuli vinna við gerð sérstakrar fjarskiptaáætlunar sem lögð verði fyrir Alþingi næsta haust. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á, en fyrirmyndin er m.a. ný samgönguáætlun þar sem allir þræðir samgöngunetsins koma saman í einni heildaráætlun.

Fjarskiptaáætluninni er ætlað að ná til áranna 2005–2010 og hefur samgönguráðherra skipað sérstakan stýrihóp sem hafa mun yfirumsjón með gerð áætlunarinnar. Formaður stýrihópsins er Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í starfi sínu mun stýrihópurinn hafa til hliðsjónar nýja stefnumótun forsætisráðuneytisins um upplýsingasamfélagið, *Auðlindir í allra þágu – Stefnan um upplýsingasamfélagið 2004–2007.*

Við það er miðað að áætlunin geri tillögur um aðgerðir á sem flestum sviðum fjarskipta- og upplýsingatækni ásamt tillögum um tímamörk og kostnað við áætlunina. Helstu þættir sem hópnum er ætlað að skoða við gerð áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Breiðbandsvæðing landsins.
- Stafrænt sjónvarp.
- Farsímasamband á þjóðvegum.
- Net- og upplýsingaöryggi.
- Upplýsingasamfélagið, þ.e. tengsl og samruni fjarskipta og rafræna samskipta.
- Öflug og fjölbreytt þjónusta.
- Að jafna aðgang allra notenda að fullnægjandi og hagkvæmri fjarskiptaþjónustu.
- Samkeppnishæf verðlagning á fjarskiptaþjónustu.

Stýrihópurinn mun hafa samráð við sérstakan vettvang hagsmunaaðila og leita m.a. þar sjónarmiða og tillagna um aðgerðir.

Stýrihópnum er ætlað að skila tillögu að nýrri fjarskiptaáætlun eigi síðar en 1. september 2004 og eins og áður sagði er stefnt að því að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi næsta haust.

Af þessu má ráða að ætlunin sé að taka m.a. sérstaklega á GSM-sambandi á vegum landsins og háhraðatengingum í dreifbýli.

977. Svar [266. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um greiðslu bóta vegna örorku á grundvelli skaðabótalaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað fengu margir eingreiðslur vegna varanlegrar örorku á árinu 2002 á grundvelli skaðabótalaga? Hversu mikið hefur þeim fjölgað ár frá ári sl. 10 ár?*
2. *Hver var heildargreiðsla vegna varanlegrar örorku á árinu 2002 á grundvelli skaðabótalaga? Hvernig hafa þessar greiðslur þróast sl. 10 ár með hliðsjón af verðlagi?*
3. *Hvernig var háttað dreifingu greiðslna á árinu 2002 eftir fjárhæðum bóta?*

Þar sem engar upplýsingar lágu fyrir í ráðuneytinu um greiðslu bóta vegna varanlegrar örorku á grundvelli skaðabótalaga var leitað til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og þess óskað með bréfi dags. 11. nóvember að ráðuneytið hlutaðist til um öflun upplýsinga. Svar ráðuneytisins hefur nú borist ásamt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

Fram kemur að Fjármálaeftirlitið varð við því að afla upplýsinga þar sem slík upplýsingaöflun og úrvinnsla kæmi að gagni við eftirlit og félli að hlutverki þess. Fjármálaeftirlitið sendi 10. desember Sjóvá – Almennum tryggingum hf., Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. beiðni um að fylla út eyðublað sem útbúið hafði verið í samráði við umrædd vátryggingafélög. Félögunum var gefinn frestur til 29. desember til að svara beiðninni. Eitt félaganna fékk viðbótarfrest til 31. desember en hin svöruðu innan tilskilins frests.

Við samræmingu kom í ljós að skilningur eins félagsins á hluta fyrirspurnarinnar var frábrugðinn skilningi hinna. Þá óskaði Fjármálaeftirlitið leiðréttingar en því miður dróst að fá hana.

Í upphafi var haft að markmiði af fá allar þær upplýsingar sem tilteknar voru á útsendu eyðublaði. Við vinnslu upplýsinganna hjá félögunum kom hins vegar í ljós að ekki var hægt að samræma upplýsingar um fjölda tjónþola með óuppgerð örorkutjón, sem átti að vera hluti af svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar. Ástæðan er að misjafnt er hversu nákvæmar upplýsingar eru skráðar um óuppgerð tjón. Einungis eitt félag reyndi að áætla fjölda tjónþola sem fengju örorkubætur, hjá öðru félagi fengust einungis upplýsingar um mat á heildarfjölda tjónþola í óuppgerðum tjónum. Einnig kom í ljós að eitt félag hafði ekki upplýsingar í tölvutæku formi um frádrátt frá eingreiðslu, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið vann úr svörum vátryggingafélaganna. Þrátt fyrir að þær upplýsingar sem getið er hér að framan vanti telur Fjármálaeftirlitið að fyrirspurninni sé svarað með þessu og gott betur þar sem auk umbeðinna upplýsinga koma fram upplýsingar um fjárhæðir bóta vegna tímabundins tekjutaps á grundvelli 2. gr. skaðabótalaga til þeirra sem fengu bætur vegna varanlegrar örorku.

Vert er að taka fram að allar fjárhæðir eru færðar á lokauppgjörsár tjóns, þó að uppgjörið hafi tekið lengri tíma. Töflur 1, 2a og 2b eru byggðar þannig upp að í dálkum eru uppgjörsár tjóna en í línum er árið þegar tjón varð.

Tafla 1. Fjöldi tjónþola sem fékk eingreiðslu vegna varanlegrar örorku á grundvelli skaðabótalaga.

Reikningsár / Tjónsár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
1993	1	1	40	59	51	37	41	22	15	7	8	282
1994		0	39	103	92	85	114	59	36	13	17	558
1995			2	34	117	149	198	89	47	30	26	692
1996				1	24	129	263	145	96	37	41	736
1997					3	49	226	192	109	71	58	708
1998						3	92	259	182	94	90	720
1999							0	60	262	215	172	709
2000								5	80	294	261	640
2001									1	88	357	446
2002										5	144	149
Samtals	1	1	81	197	287	452	934	831	828	854	1.174	5.640

Tafla 2a. Bætur í eingreiðslu vegna varanlegrar örorku á grundvelli skaðabótalaga.
Verðlag ársins 2003, þús. kr.

Reikningsár / Tjónsár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
1993	813	101	42.026	75.322	108.187	83.763	83.244	34.266	18.805	18.303	16.289	481.118
1994			50.347	140.584	140.781	182.942	202.668	105.471	55.155	34.976	38.188	951.112
1995			869	32.178	165.091	262.376	297.603	160.641	93.624	57.048	52.380	1.121.810
1996				106	45.010	184.047	518.606	331.074	191.043	57.820	71.567	1.399.272
1997					869	62.173	502.606	445.212	253.150	155.308	159.796	1.579.114
1998						1.161	184.207	625.689	507.825	238.976	195.202	1.753.059
1999								125.791	672.003	625.003	457.472	1.880.269
2000								17.567	212.804	944.745	822.001	1.997.118
2001									10.633	235.937	1.145.013	1.391.582
2002										7.832	516.369	524.201
	813	101	93.241	248.190	459.937	776.461	1.788.934	1.845.711	2.015.042	2.375.948	3.474.278	13.078.655

Tafla 2b. Bætur vegna tímabundins tekjutaps þeirra sem fengu bætur vegna varanlegrar örorku á grundveili skaðabótalaga. Verðlag ársins 2003, þús. kr.

Reikningsár / Tjónsár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Samtals
1993	1.574	3.242	16.912	22.338	26.982	20.146	13.210	2.696	964	7.009	626	115.700
1994		4.722	16.413	59.468	31.976	57.094	56.981	20.911	8.928	875	765	258.132
1995			12.933	17.645	60.562	87.996	46.512	15.455	18.452	6.886	13.489	279.930
1996				10.426	36.189	55.692	89.250	50.419	27.916	8.488	2.473	280.852
1997					26.791	57.699	67.783	49.648	32.085	14.057	9.999	258.063
1998						22.127	62.040	85.833	61.100	16.315	17.081	264.496
1999							24.900	33.841	65.900	63.395	44.853	232.889
2000								33.109	58.531	58.803	56.525	206.967
2001									24.546	42.721	90.857	158.125
2002										22.813	59.000	81.813
	1.574	7.964	46.258	109.876	182.499	300.753	360.678	291.912	298.421	241.362	295.669	2.136.966

Tafla 3. Dreifing greiðslna árið 2002 eftir fjárhæðum bóta.

Örorkubætur á *bilinu*	*Fjöldi*	Heildarfjárhæð *örorkubóta*	Bætur vegna tímabundins tekjutaps
0-1 milljónir	209	130.476	12.027
1-2 milljónir	277	404.853	30.312
2-4 milljónir	221	612.723	60.250
4-6 milljónir	68	330.439	41.297
6-8 milljónir	27	183.769	25.031
8-10 milljónir	22	201.824	28.673
10-15 milljónir	15	184.494	14.178
15-20 milljónir	12	201.322	16.547
20 milljónir eða meira	3	76.920	4.675
Samtals	854	2.326.819	232.990

978. Svar [515. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskriftir viðskiptabankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklar voru afskriftir viðskiptabanka hér á landi samanborið við afskriftir norrænna banka á árunum 1999–2003?*
2. *Hvað má ætla að vaxtamunur inn- og útlána gæti minnkað mikið ef afskriftir hér á landi væru sambærilegar við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali?*

Óskað var eftir svörum við fyrirspurninni frá Fjármálaeftirlitin, svör þess fara hér á eftir.

Eftirfarandi samantekt er byggð á skýrslum Fjármálaeftirlitsins og fjármálaeftirlitanna í Noregi og Danmörku og skýrslu OECD um afkomu og efnahag banka hvað varðar talnaefni frá Finnlandi og Svíþjóð. Tekið skal fram að nýjustu tölur í fyrirliggjandi talnaefni eru frá árinu 2002 og frá árinu 2001 í sumum tilvikum.

Í töflu 1 hér á eftir eru sýnd hlutföll framlaga í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum í fjórum landanna en banka og sparisjóða í Danmörku. Þar kemur fram að meðaltalsafskriftahlutfall, þe. hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings, fyrir viðskiptabanka hér á landi árin 1999–2002 var 0,64%. Sambærilegar tölur annars staðar á Norðurlöndum að meðaltali fyrir

árin 1999–2001 sýna mun lægri afskriftahlutföll en hér á landi eða 0,15% í Noregi, 0,21% í Danmörku og innan við 0,1% fyrir Finnland og Svíþjóð. Eins og sést í töflu 1 vega stærstu bankar í hverju landi mjög þungt í framangreindum hlutfallstölum. Stærstu bankarnir annars staðar á Norðurlöndum eru að meðaltali 5–20 sinnum stærri en viðskiptabankar hér á landi miðað við heildareignir og er samanburður milli Íslands og annarra landa þar af leiðandi erfiðleikum bundinn. Í samanburði við önnur lönd verður enn fremur að hafa í huga að fasteignaveðlán kunna að vega mismunandi þungt í útlánum en þeim fylgja yfirleitt mun lægri afskriftaframlög vegna útlánatapa.

Í töflu 1 hefur verið reynt að draga fram þann hluta norrænna innlánsstofnana sem telja má að sé sambærilegur með hliðsjón af meðalstærð viðskiptabanka hér á landi. Í ljós kemur að afskriftahlutfall viðskiptabanka hér á landi var að meðaltali 0,64% á tímabilinu 1999–2002 en rúmlega 1% hjá viðskiptabönkum öðrum en þremur stærstu í Noregi (2001–2002) og 0,51% hjá innlánsstofnunum í hópi 2 í Danmörku 2000–2002). Afskriftahlutfall viðkomandi banka í Noregi var óvenjuhátt fyrir árið 2002. Sé eingöngu horft á hlutfall þessara norsku banka fyrir árið 2001 er það 0,7%. Fyrirliggjandi tölur frá Finnlandi og Svíþjóð eru ekki sambærilegar hvað varðar meðlastærð banka. Þessi samanburður, svo langt sem hann nær, sýnir að afskriftahlutföll viðskiptabanka hér á landi eru ekki verulega frábrugðin því sem tíðkast hjá bönkum af sambærilegri stærð annars staðar á Norðurlöndum. Hafa verður í huga að mismunandi samsetning eigna, t.d. vegna fasteignaveðlána með lág afskriftahlutföll, kann að skekkja þennan samanburð.

Tafla 1. Framlög í afskriftareikning í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings.

	1999	2000	2001	2002	Fjöldi í árslok	Meðalstaða efnahags banka í lok síðasta árs ma. ísl. kr.	Meðal-afskrifta-hlutfall	Árafjöldi í meðaltali
Ísland								
Viðskiptabankar	0,56%	0,50%	0,71%	0,78%	5	214	0,64%	4
Noregur								
Stærstu viðskiptabankar (3)			0,16%	0,28%	3	3.000	0,22%	2
Aðrir viðskiptabankar (13) *			0,70%	1,33%	13	140	1,02%	2
Viðskiptabankar	0,03%	0,12%	0,30%				0,15%	3
* Í skýrslu frá Kredittilsynet kemur fram að árið 2002 hafi verið óvenjulegt vegna útlánataps sem tengdist Finance Credit.								
Danmörk								
Innlánsstofnanir, hópur 1 (> 250 ma. ísl. kr.)		0,12%	0,21%	0,13%	5	4.600	0,15%	3
Innlánsstofnanir, hópur 2 (30–250 ma. ísl. kr.)		0,40%	0,57%	0,56%	17	157	0,51%	3
Innlánsstofnanir samtals	0,17%	0,18%	0,29%				0,21%	3
Finnland								
Viðskiptabankar	-0,02%	0,04%	0,01%		9	1.088	0,01%	3
Svíþjóð								
Viðskiptabankar	-0,02%	0,04%	0,01%		27	1.031	0,01%	3

Í töflu 2 er sýnt yfirlit yfir vaxtatekjur og vaxtagjöld hjá viðskiptabönkum hér á landi árið 2002 og áhrif mismunandi forsendna fyrir breytingum á afskriftaframlögum á vaxtatekjur, vaxtagjöld og hreinar vaxtatekjur, að öðru óbreyttu. Sérstaklega eru sýnd möguleg áhrif á

vaxtatekjur af útlánum og vaxtagjöld af innlánum. Ekki er lagt mat á hvað séu eðlilegar forsendur varðandi afskriftaframlög í samanburði við önnur norræn lönd.

Tafla 2. Yfirlit yfir vaxtatekjur og vaxtagjöld hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og áhrif mismunandi breytinga á framlögum í afskriftareikning á vaxtaliði að öðru óbreyttu.

Viðskiptabankar	2002 Hlutfall af meðalst. efna-hagsreikn.	2002 Fjár-hæðir m. kr.	2002 Þ.a. v/út-lána/ innlána m. kr.	Breyting á fram-lagi í afskrr. um 10% m. kr.	Hlutfall af vaxtat., vaxtagj. og vaxta-mun	Hlutfall af vaxtat./ vaxtagj. útlána og innlána	Breyting á fram-lagi í afskrr. um 20% m. kr.	Hlutfall af vaxtat., vaxtagj. og vaxta-mun	Hlutfall af vaxtat./v axtagj.út lána og innlána
Vaxtatekjur	7,34%	75.548	58.224	805	1,1%	1,4%	1.609,1	2,1%	2,8%
Vaxtagjöld	4,92%	50.618	18.383	805	1,6%	4,4%	1.609,1	3,2%	8,8%
Hreinar vaxtatekjur	2,42%	24.930		805	3,2%		1.609,1	6,5%	
Framlög í afskriftareikning	0,78%	8.046		805			1.609,1		

979. Breytingartillaga [411. mál]

við frv. til l. um starfsmenn í hlutastörfum.

Frá Ögmundi Jónassyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

3. mgr. 2. gr. falli brott.

980. Svar [560. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um neyðarmóttöku vegna nauðgana.

1. *Á hvern hátt verður neyðarmóttaka vegna nauðgana fyrir barðinu á sparnaðaraðgerðum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?*

Þjónusta neyðarmóttöku við þolendur kynferðislegs ofbeldis mun ekki skerðast, samkvæmt upplýsingum stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH). Neyðarmóttakan verður áfram á slysa- og bráðadeild í Fossvogi.

2. *Hvaða störf er fyrirhugað að leggja niður eða skerða á móttökunni og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á starfsumhverfinu?*

Starf yfirlæknis í 20% stöðugildi verður lagt niður. Verkefni yfirlæknis hafa ekki falist í því að sinna móttöku einstaklinga sem leita til neyðarmóttökunnar. Yfirlæknir hefur unnið mjög gott starf við að koma á þeirri þjónustu sem veitt er á neyðarmóttökunni. Neyðarmóttakan hefur verið starfrækt í tíu ár. Starfsemin er sérhæfð og hefur verið rekin af miklum metnaði, enda þykir þjónustan með því besta sem gerist í hinum vestræna heimi. Fyrirhugað

er að læknisfræðileg stjórnun verði í höndum kvensjúkdómalækna neyðarmóttökunnar. Engin breyting verður á daglegum störfum þeirra. Áætlaður sparnaður af þessum breytingum nemur um 1.300.000 kr.

Hjúkrunarfræðingar slysa- og bráðadeildar sem starfa við neyðarmóttöku hafa verið á bakvöktum alla daga ársins. Nú munu hjúkrunarfræðingar á dagvakt virka daga sinna þessum störfum en á móti fellur niður bakvakt hjúkrunarfræðinga virka daga frá kl. 8–16. Sparnaður af þessari breytingu er áætlaður um 900.000 kr. á ári.

Starfsemi félagsráðgjafa breytist. Félagsráðgjafar hafa verið á bakvöktum og sinnt útköllum eins og hjúkrunarfræðingar. Bakvakt félagsráðgjafa verður lögð niður og verður ráðinn félagsráðgjafi í 50% starfshlutfalli í dagvinnu til að sinna skjólstæðingum neyðarmóttökunnar. Þess er vænst að þjónusta félagsráðgjafa verði markvissari með þessu fyrirkomulagi og að breytingin verði til þess fallin að bæta þjónustu við skjólstæðinga neyðarmóttökunnar. Áætlaður sparnaður nemur um 5.100.000 kr.

3. *Hversu háa upphæð er áætlað að spara með þessum breytingum?*

Árlegur kostnaður við rekstur neyðarmóttökunnar er tæpar 25.500.000 kr. Áætlaður sparnaður á ársgrundvelli af framangreindum breytingum nemur um 8.700.000 kr. Sparnaður af breytingunum árið 2004 er áætlaður 6.000.000 kr.

4. *Var haft samráð við fagfólk á neyðarmóttöku um tillögur til sparnaðar?*

Sviðsstjórn slysa- og bráðasviðs undirbjó breytingarnar sem hér hefur verið lýst í samráði við fagfólk sem starfar á neyðarmóttökunni.

5. *Hverju svarar heilbrigðisráðherra ákalli kvennahreyfinga sem hafa undirritað áskorun um að horfið verði frá fyrirhuguðum breytingum á starfsemi neyðarmóttökunnar?*

Stjórnendur LSH hafa að undanförnu þurft að grípa til margvíslegra ráðstafana til að hagræða í rekstri sjúkrahússins og sporna við stöðugri útgjaldaaukningu. Breytingar sem ákveðnar hafa verið á skipulagi neyðarmóttökunnar eru aðeins einn liður í þeim aðgerðum.

Það er álit ráðherra að stjórnendur stofnana verði að hafa svigrúm til að ráða innri málum stofnana sinna að sem mestu leyti, þ.e. hvað varðar stjórnun og skipulag daglegs rekstrar. Eins og fram er komið miðast skipulagsbreytingar á neyðarmóttökunni við að ná fram sparnaði án þess að skerða þjónustu við þá sem þangað leita. Ráðherra telur því að hvorki sé réttmætt að hlutast til um að fallið verði frá fyrirhuguðum breytingum á rekstri neyðarmóttökunnar né ástæða til. Fari hins vegar svo að breytingarnar leiði til þess að þjónustan versni marktækt er aftur á móti ástæða til að taka málið til skoðunar. Ítrekað skal vegna þessarar spurningar það sem sagt var í upphafi: Þjónusta neyðarmóttöku við þolendur kynferðislegs ofbeldis mun ekki skerðast, samkvæmt upplýsingum stjórnenda LSH.

981. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Vilborgu Hauksdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Matthías Halldórsson frá landlæknisembættinu, Kristin Kristinsson, Guðbjörgu Ketilsdóttur, Axel Örn Ársælsson og Dögg Pálsdóttur frá Félagi íslenskra sjóntækjafræðinga, Friðbert Jónasson, prófessor í augnlækningum, og Kristján Þórðarson frá Augnlæknafélagi Íslands. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Félagi íslenskra sjóntækjafræðinga, Neytendasamtökunum, Augnlæknafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Læknafélagi Íslands og landlæknisembættinu.

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti í reglugerð heimilað sjóntækjafræðingum að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur með ákveðnum skilyrðum. Í gildandi lögum er sjóntækjafræðingum því aðeins heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis.

Í greinargerð landlæknis, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, kemur fram að talið er að margir, sennilega flestir, starfandi íslenskir sjóntækjafræðingar hafi menntun sem nægi til þess að þeir fengju leyfi til sjónmælinga annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt kemur fram að þar eru reglur almennt þannig að sjóntækjafræðingar mega mæla sjón að því undanskildu að þeir mega ekki sjónmæla börn undir ákveðnum aldri og einstaklinga sem taldir eru í áhættu vegna augnsjúkdóma. Telur landlæknir að eðlilegast sé að takmarkanir sjóntækjafræðinga til sjónmælinga verði sem líkastar þeim sem nú gilda annars staðar á Norðurlöndum og að á meðan sjóntækjafræðingar uppfylla ekki allir menntunarskilyrði verði þeim skipt í þrjá tilgreinda hópa eftir menntun. Er nefndin sammála því.

Augnlæknafélag Íslands varar við því að sjóntækjafræðingar fái heimild til að sjónmæla. Af hálfu félagsins er talið að tíðni glákublindu muni aukast þar sem gláka greinist þá mun seinna en ella. Sama megi segja um aðra sjúkdóma eins og sykursýki, hækkaðan blóðþrýsting og skjaldkirtilssjúkdóma því að oft verða augnlæknar fyrstir lækna til að greina þessa sjúkdóma. Vegna þessa ítrekar nefndin mikilvægi þess að faglega sé staðið að því að veita sjóntækjafræðingum heimild til sjónmælinga og þess gætt að þeir hafi tilskilda menntun. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að landsmenn fái sjálfir að ráða því hvernig heilsuvernd þeirra er háttað hvað þetta varðar eins og á við um aðrar sérgreinar læknisfræðinnar og fyrirbyggjandi eftirlit. Bendir nefndin á að í þessu sem öðru sé sjálfsagt að heilbrigðisyfirvöld veki fólk til vitundar um mikilvægi þess að láta augnlækna fylgjast vel með sjón sinni og fara í reglulegt eftirlit. Telur nefndin einnig mikilvægt að gott samstarf sé milli augnlækna og sjóntækjafræðinga.

Í greinargerð landlæknis kemur fram að hann telur tímabært að breyta gildandi lögum um sjóntækjafræðinga þannig að þeir fái með vissum skilyrðum að ávísa sjónhjálpartækjum. Nefndin tekur undir það og leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu en þar er kveðið á um að sjóntækjafræðingar fullvinni sjónhjálpartæki samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis en ráðherra geti heimilað sjóntækjafræðingum, sem uppfylla nánar tilgreind skilyrði um menntun, að mæla sjón og fullvinna sjónhjálpartæki fyrir nánar tilgreinda hópa. Augnlæknar hafa einkarétt á sjónmælingum samkvæmt gildandi fyrirkomulagi en með

breytingunni sem nefndin leggur til verður sjóntækjafræðingum, að uppfylltum skilyrðum um menntun sem ráðherra skal setja í reglugerð, heimilt að mæla sjón samhliða augnlæknum. Jafnframt leggur nefndin til að ráðherra sé heimilt með setningu reglugerðar að takmarka heimildir sjóntækjafræðinga til augnmælinga. Ein takmörkunin sem landlæknir leggur til í greinargerð sinni er að sjóntækjafræðingar megi ekki mæla sjón hjá einstaklingum 55 ára og eldri. Nefndin telur ekki rétt að miða við ákveðið aldurshámark en slíkar takmarkanir þekkjast ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Landlæknir leggur einnig til að sjóntækjafræðingum verði ekki heimilt að mæla sjón hjá þeim einstaklingum sem aldrei hafa farið til augnlæknis. Nefndin bendir á að með slíku reglugerðarákvæði er tryggt að allir landsmenn sem þarfnast sjónglerja fara a.m.k. einu sinni til skoðunar hjá augnlækni auk þess sem öll börn fara í hefðbundna skólaskoðun.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

   5. gr. laganna orðast svo:

   Sjóntækjafræðingar mæla sjón og fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur).

   Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um menntunarskilyrði sem sjóntækjafræðingar skulu uppfylla til að mega mæla sjón og fullvinna sjónhjálpartæki.

   Ráðherra getur í reglugerð takmarkað heimildir sjóntækjafræðinga til að mæla sjón hjá nánar tilgreindum hópum.
2. 2. gr. orðist svo:

   Lög þessi öðlast gildi 15. júní 2004.

Þuríður Backman skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Þuríður Backman, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

982. Frumvarp til lokafjárlaga [653. mál]

fyrir árið 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2001 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	1,8	1,8
Menntamálaráðuneyti	105,5	231,1
Utanríkisráðuneyti	128,5	117,5
Landbúnaðarráðuneyti	464,8	420,8
Sjávarútvegsráðuneyti	79,4	77,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	19,7	1,6
Félagsmálaráðuneyti	99,4	99,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	112,0	0,8
Fjármálaráðuneyti	11,3	-3,5
Samgönguráðuneyti	50,6	23,9
Iðnaðarráðuneyti	119,4	83,5
Viðskiptaráðuneyti	89,5	102,2
Hagstofa Íslands	11,1	9,4
Umhverfisráðuneyti	112,0	107,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**1.405,0**	**1.274,2**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2001 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	2,8	2,8
Forsætisráðuneyti	-10,2	-10,2
Menntamálaráðuneyti	-5,5	-5,5
Utanríkisráðuneyti	-28,2	-28,2
Landbúnaðarráðuneyti	83,0	83,0
Sjávarútvegsráðuneyti	12,5	12,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,7	5,7
Félagsmálaráðuneyti	-285,1	73,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	77,9	77,9
Fjármálaráðuneyti	7.465,3	602,6
Samgönguráðuneyti	4,1	3,1
Iðnaðarráðuneyti	64,7	64,7
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	1,1	1,1
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-632,9	0,0
Samtals	**6.755,2**	**882,5**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2001 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-211 Þjóðhagsstofnun	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	1,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	63,6
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	0,1
Almennur rekstur samtals	63,7
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	5,0
Gjöld samtals	**68,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
Innheimt af ríkistekjum	68,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	0,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,8
Viðskiptahreyfingar	-0,1

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	6,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,8

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskóli Íslands	6,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	6,8

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 9,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,2

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,0
Viðskiptahreyfingar ..... -51,0

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 37,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 37,1

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

m.kr.

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

m.kr.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

m.kr.

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 6,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,2

m.kr.

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,5

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,1

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

	m.kr.
02-564 Listdansskólinn	
Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	1,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,1
02-804 Kvikmyndaskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	0,6
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	0,6
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	-52,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22,2
Viðskiptahreyfingar	-74,5
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttarsjóður	18,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	-1,3
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	0,5
Almennur rekstur samtals	17,2
Gjöld samtals	**17,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8
Viðskiptahreyfingar	-0,6
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**105,5**
Greitt úr ríkissjóði	**68,9**
Innheimt af ríkistekjum	**162,2**
Viðskiptahreyfingar	**-125,6**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	3,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,1
Viðskiptahreyfingar	1,6

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	1,2
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	1,7
Almennur rekstur samtals	2,9
Gjöld samtals	**2,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1
Viðskiptahreyfingar	2,8

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	99,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	96,7
Viðskiptahreyfingar	2,7

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	22,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,6
Viðskiptahreyfingar	3,9

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**128,5**
Greitt úr ríkissjóði	**18,6**
Innheimt af ríkistekjum	**98,9**
Viðskiptahreyfingar	**11,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-0,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,6
Viðskiptahreyfingar	0,8

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	3,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5
Viðskiptahreyfingar	-0,1

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	17,5
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-8,6
Almennur rekstur samtals	8,9
Gjöld samtals	**8,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,0
Innheimt af ríkistekjum	-23,0
Viðskiptahreyfingar	32,9

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	3,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,8

m.kr.

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 3,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,0

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 2,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,7

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 10,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,7

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 18,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,4
Viðskiptahreyfingar ..... -5,3

m.kr.

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0
Viðskiptahreyfingar ..... -3,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 9,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,9
Viðskiptahreyfingar 13,1

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 178,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 172,7
Viðskiptahreyfingar 6,0

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,3
Viðskiptahreyfingar 0,7

	m.kr.
04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	
Stofnkostnaður:	
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	226,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	227,9
Viðskiptahreyfingar	-1,1
04-843 Fiskræktarsjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Fiskræktarsjóður	0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**464,8**
Greitt úr ríkissjóði	**211,6**
Innheimt af ríkistekjum	**209,2**
Viðskiptahreyfingar	**44,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	-7,2
1.10 Landamærastöðvar	5,3
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	16,8
Almennur rekstur samtals	14,9
Gjöld samtals	**14,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,3
Innheimt af ríkistekjum	4,3
Viðskiptahreyfingar	-9,7

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	10,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,1
Viðskiptahreyfingar	11,7

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,2

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	52,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,1
Viðskiptahreyfingar	-0,4

	m.kr.
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**79,4**
Greitt úr ríkissjóði	**74,6**
Innheimt af ríkistekjum	**3,2**
Viðskiptahreyfingar	**1,6**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað ..... -3,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -3,1

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... -2,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,6

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 18,1

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 18,1

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -1,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,2

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,8

	m.kr.
06-331 Umferðarráð	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	6,7
1.10 Ökunám	1,0
Almennur rekstur samtals	7,7
Gjöld samtals	**7,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,7
Innheimt af ríkistekjum	10,4
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**19,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-3,1**
Innheimt af ríkistekjum	**4,7**
Viðskiptahreyfingar	**18,1**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	25,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7
Innheimt af ríkistekjum	25,1
Viðskiptahreyfingar	-0,4

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	28,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,2
Innheimt af ríkistekjum	22,4

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-251,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-251,8

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-23,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-23,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	321,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	321,1
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**99,4**
Greitt úr ríkissjóði	**52,3**
Innheimt af ríkistekjum	**47,5**
Viðskiptahreyfingar	**-0,4**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna ..... -35,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -35,3
Viðskiptahreyfingar 0,3

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 2,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,7
Viðskiptahreyfingar 0,2

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 66,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6
Innheimt af ríkistekjum 30,6
Viðskiptahreyfingar 33,8

	m.kr.
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	
Almennur rekstur:	
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	77,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	77,0
08-621 Forvarnasjóður	
Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	0,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,9
Viðskiptahreyfingar	-0,1
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**112,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-32,8**
Innheimt af ríkistekjum	**33,6**
Viðskiptahreyfingar	**111,2**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	11,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-29,3
Innheimt af ríkistekjum	25,8
Viðskiptahreyfingar	14,8

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**11,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-29,3**
Innheimt af ríkistekjum	**25,8**
Viðskiptahreyfingar	**14,8**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2
Viðskiptahreyfingar 0,4

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 7,2

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki ..... -8,1

Gjöld samtals ..... **-0,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,6
Viðskiptahreyfingar 2,7

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 48,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,8
Innheimt af ríkistekjum 33,6
Viðskiptahreyfingar 7,8

m.kr.

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	-16,9
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	-11,6
Gjöld samtals	**-28,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-17,6
Innheimt af ríkistekjum	0,2
Viðskiptahreyfingar	-11,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	32,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,8
Innheimt af ríkistekjum	-48,5
Viðskiptahreyfingar	26,9

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**50,6**
Greitt úr ríkissjóði	**38,6**
Innheimt af ríkistekjum	**-14,7**
Viðskiptahreyfingar	**26,7**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	20,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	20,1
Viðskiptahreyfingar	0,4

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	96,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,4
Viðskiptahreyfingar	34,7

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	2,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0
Viðskiptahreyfingar	0,8

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**119,4**
Greitt úr ríkissjóði	**63,4**
Innheimt af ríkistekjum	**20,1**
Viðskiptahreyfingar	**35,9**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Icepro-nefnd	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
Viðskiptahreyfingar	0,2

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	10,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,8
Innheimt af ríkistekjum	2,2
Viðskiptahreyfingar	-30,7

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	2,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,3
Viðskiptahreyfingar	0,5

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	25,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,7
Viðskiptahreyfingar	22,1

	m.kr.
12-821 Flutningssjóður sements	
Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður sements	50,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,1
Viðskiptahreyfingar	-4,8
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**89,5**
Greitt úr ríkissjóði	**97,7**
Innheimt af ríkistekjum	**4,5**
Viðskiptahreyfingar	**-12,7**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	12,9
1.50 Þjóðskráin	-1,8
Almennur rekstur samtals	11,1
Gjöld samtals	**11,1**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	9,4
Viðskiptahreyfingar	1,7

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**11,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**9,4**
Viðskiptahreyfingar	**1,7**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri ..... -3,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,3

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 11,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,4

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,2
Innheimt af ríkistekjum 5,6
Viðskiptahreyfingar 2,2

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Eyðing spilliefna ..... -15,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -13,1
Viðskiptahreyfingar ..... -2,2

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 71,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,1
Viðskiptahreyfingar ..... -9,5

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 34,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,2
Viðskiptahreyfingar 14,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 1,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,4

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 112,0
Greitt úr ríkissjóði 101,9
Innheimt af ríkistekjum 5,6
Viðskiptahreyfingar 4,5

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	0,1
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**0,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	4,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,9

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	-2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,4

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**2,8**
Greitt úr ríkissjóði	**2,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Grænlandssjóður	2,5
1.54 Ráðstefnan Konur og lýðræði	-10,0
Almennur rekstur samtals	-7,5
Stofnkostnaður:	
6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum	-5,3
Gjöld samtals	**-12,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,8
Gjöld umfram tekjur	**-9,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-9,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-10,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-10,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-562 Leiklistarskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	-11,5
1.02 Annað en kennsla	9,3
Almennur rekstur samtals	-2,2
Gjöld samtals	**-2,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,2
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	-5,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,5

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-5,5**
Greitt úr ríkissjóði	**-5,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

10 Samgönguráðuneyti		***-99,1***	***-58,7***	***-359,9***	***1.420,3***	***902,6***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**11,6**	**-13,8**			**-2,2**
101-1.01	Yfirstjórn	11,6	-13,8			-2,2
10-190	**Ýmis verkefni**	**32,1**	**48,2**		**10,0**	**90,3**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,3	-1,2			-0,9
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	1,4	13,2			14,6
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	-1,2				-1,2
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	5,7	-4,4			1,3
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-3,9	10,1			6,2
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-5,6			4,4
190-1.24	Tilkynningaskylda íslenskra skipa		0,5			0,5
190-1.25	Staðsetningarkerfi	7,0				7,0
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-5,4	41,1			35,7
190-1.32	Slysavarnafélagið Landsbjörg		-2,8			-2,8
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	3,0			-0,1
190-1.42	Gestastofur og markaðsstarf	5,4	-7,4			-2,0
190-1.45	Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu		3,0			3,0
190-1.48	Hestamiðstöð Íslands		2,5			2,5
190-1.51	Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	2,9				2,9
190-1.90	Ýmislegt	13,0	-3,8			9,2
190-6.41	Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla				10,0	10,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-211	**Vegagerðin**	**-225,5**	**-309,5**	**-359,9**	**794,7**	**-100,2**
211-1.01	Yfirstjórn	-271,0	-3,5			-274,5
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	45,8	-311,8			-266,0
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	-0,3	5,8			5,5
211-5.05	Þjónusta			-334,3		-334,3
211-5.10	Viðhald			-25,6		-25,6
211-6.10	Nýframkvæmdir				865,7	865,7
211-6.21	Landsvegir				-150,0	-150,0
211-6.40	Tilraunir				29,4	29,4
211-6.43	Safnvegir				-17,6	-17,6
211-6.45	Styrkvegir				24,0	24,0
211-6.47	Reiðvegir				43,2	43,2
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**35,2**	**-3,0**		**1.003,4**	**1.035,6**
335-1.01	Yfirstjórn	35,2	-3,0			32,2
335-6.01	Tæki og búnaður				3,3	3,3
335-6.60	Vitabyggingar				18,1	18,1
335-6.70	Hafnamannvirki				980,6	980,6
335-6.74	Lendingabætur				-1,7	-1,7
335-6.76	Ferjubryggjur				5,6	5,6
335-6.80	Sjóvarnargarðar				-2,5	-2,5
10-471	**Flugmálastjórn**	**719,5**	**-168,1**			**551,4**
471-1.01	Flugmálastjórn	528,6	-11,7			516,9
471-1.11	Styrkir til innanlandsflugs		2,4			2,4
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	424,7	-439,3			-14,6
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-233,8	280,5			46,7
10-472	**Flugvellir**	**-376,3**			**-403,8**	**-780,1**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-376,3				-376,3
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				-403,8	-403,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-2,6**				**-2,6**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-2,6				-2,6
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**60,4**	**34,3**			**94,7**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	108,8	34,3			143,1
512-1.11	Rekstur strandarstöðva	-48,4				-48,4
10-651	**Ferðamálaráð**	**-353,5**	**353,2**			**-0,3**
651-1.01	Ferðamálaráð	-39,1	11,5			-27,6
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta		26,0			26,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-31,8	30,6			-1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	40,1	-10,3			29,8
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-322,7	295,4			-27,3
10-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**16,0**	**16,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				16,0	16,0
11 Iðnaðarráðuneyti		***434,6***	***-45,0***		***-70,6***	***319,0***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-1,8**	**-0,2**		**0,9**	**-1,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-1,8	-0,2			-2,0
101-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9
11-102	**Einkaleyfastofan**	**15,9**			**4,4**	**20,3**
102-1.01	Einkaleyfastofan	15,9				15,9
102-6.01	Tæki og búnaður				4,4	4,4
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**82,4**	**-102,8**		**26,8**	**6,4**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	82,4	-102,8			-20,4
201-6.01	Tæki og búnaður				26,8	26,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**45,1**	**-16,6**		**-10,1**	**18,4**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	45,1	-16,6			28,5
203-6.01	Tæki og búnaður				-10,1	-10,1
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**10,8**	**-6,4**			**4,4**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	10,8	-6,4			4,4
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,2**	**111,9**			**111,7**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,2	111,9			111,7
11-299	***Iðja og iðnaður, framlög***	**27,0**	**-16,3**			**10,7**
299-1.19	Staðlaráð	-3,2	9,7			6,5
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	-1,1				-1,1
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	14,8	-9,7			5,1
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-16,1	4,0			-12,1
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	32,6	-20,3			12,3
11-301	**Orkustofnun**	**265,4**	**-45,6**		**-92,6**	**127,2**
301-1.01	Yfirstjórn	-499,1	-11,5			-510,6
301-1.02	Orkumálasvið	326,0	-30,2			295,8
301-1.03	Orkurannsóknir	441,8	-3,9			437,9
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-92,6	-92,6
11-399	**Ýmis orkumál**	**-1,1**	**22,0**			**20,9**
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum	-0,1	22,0			21,9
399-1.21	Nýskipan orkumála	-1,0				-1,0
11-411	**Byggðastofnun**	**-8,9**	**9,0**			**0,1**
411-1.10	Byggðastofnun	-8,9	9,0			0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12	***Viðskiptaráðuneyti***	***99,4***	***16,3***		***-38,7***	***77,0***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-2,8**	**3,0**			**0,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-2,8	3,0			0,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**-2,2**	**10,8**			**8,6**
190-1.10	Neytendasamtökin	1,7	-3,4			-1,7
190-1.15	Fastanefndir	3,1				3,1
190-1.20	Icepro-nefnd	-0,1	0,3			0,2
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-6,9	13,9			7,0
12-302	**Löggildingarstofa**	**16,6**			**-33,8**	**-17,2**
302-1.01	Löggildingarstofa	16,6				16,6
302-6.01	Tæki og búnaður				-33,8	-33,8
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**80,8**	**-0,5**			**80,3**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	80,8	-0,5			80,3
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**7,0**	**3,0**		**-4,9**	**5,1**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	7,0	3,0			10,0
902-6.01	Tæki og búnaður				-4,9	-4,9
13	***Hagstofa Íslands***	***-36,2***	***24,8***		***-3,5***	***-14,9***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-36,2**	**24,8**		**-3,5**	**-14,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-77,8	24,8			-53,0
101-1.50	Þjóðskráin	41,6				41,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-3,5	-3,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14 Umhverfisráðuneyti		*14,9*	*188,6*	*46,4*	*467,9*	*717,8*
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**15,4**	**-8,6**		**-9,1**	**-2,3**
101-1.01	Yfirstjórn	15,4	-8,6			6,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-9,1	-9,1
14-190	**Ýmis verkefni**	**65,1**	**-24,3**			**40,8**
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	30,5	-25,3			5,2
190-1.35	Umhverfisvöktun	-7,6	15,2			7,6
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	28,0	-27,7			0,3
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	15,4	7,0			22,4
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	3,0	-3,5			-0,5
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	3,1				3,1
190-1.58	Náttúrugripasöfn		3,0			3,0
190-1.59	Náttúruverndarráð	-6,9	7,0			0,1
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-1,6				-1,6
190-1.90	Ýmis verkefni	1,2				1,2
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-0,4**	**-0,3**			**-0,7**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-0,4	-0,3			-0,7
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-4,5**	**-5,8**	**30,0**	**-25,6**	**-5,9**
205-1.01	Yfirstjórn	-9,7	-5,4			-15,1
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	5,2	-0,4			4,8
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			30,0		30,0
205-6.01	Tæki og búnaður				-25,6	-25,6
14-210	**Veiðistjóri**	**14,0**	**-19,3**			**-5,3**
210-1.01	Veiðistjóri	14,0	-25,7			-11,7
210-1.11	Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink		6,4			6,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-213	**Hreindýraráð**	**30,8**	**-30,0**			**0,8**
213-1.10	Hreindýraráð	30,8	-30,0			0,8
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**11,1**	**1,3**		**0,4**	**12,8**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	11,1	1,3			12,4
221-6.01	Tæki og búnaður				0,4	0,4
14-283	**Hreinsun umhverfis**	**-3,3**				**-3,3**
283-1.11	Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar	-3,3				-3,3
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-264,1**	**275,0**			**10,9**
285-1.01	Almennur rekstur	-10,3				-10,3
285-1.10	Eyðing spilliefna	-253,8	275,0			21,2
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-10,8**	**39,1**			**28,3**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-37,6	39,1			1,5
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	26,8				26,8
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**-0,3**	**21,3**			**21,0**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf		-7,2			-7,2
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-0,3	28,5			28,2
14-310	**Landmælingar Íslands**	**8,9**			**-7,0**	**1,9**
310-1.01	Landmælingar Íslands	8,9				8,9
310-6.01	Tæki og búnaður				-7,0	-7,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**140,1**	**0,2**		**-15,8**	**124,5**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	134,9	-2,5			132,4
321-1.10	Námssjóður	-0,7	2,7			2,0
321-1.20	Brunamálaskóli	5,9				5,9
321-6.01	Tæki og búnaður				-15,8	-15,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2002 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2001

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**-2,4**	**2,5**		**525,5**	**525,6**
381-1.01	Almennur rekstur	-2,4	2,5			0,1
381-6.60	Ofanflóðasjóður				525,5	525,5
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-20,0**	**-1,1**	**16,4**	**3,3**	**-1,4**
401-1.01	Yfirstjórn	-0,7	0,4			-0,3
401-1.02	Setur í Reykjavík	-11,4	-1,4			-12,8
401-1.03	Setur á Akureyri	-7,9	-0,1			-8,0
401-5.21	Fasteignir			16,4		16,4
401-6.01	Tæki og búnaður				3,3	3,3
14-403	**Náttúrustofur**	**55,7**	**-48,3**			**7,4**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	10,5	-9,6			0,9
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	12,2	-14,7			-2,5
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	10,4	-10,2			0,2
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	5,3	-3,6			1,7
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	17,3	-10,2			7,1
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-3,8**	**-1,2**		**2,1**	**-2,9**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-3,8	-1,2			-5,0
407-6.01	Tæki og búnaður				2,1	2,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-16,6**	**-11,9**		**-5,9**	**-34,4**
410-1.01	Almenn starfsemi	-19,3	-11,9			-31,2
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,7				2,7
410-6.01	Tæki og búnaður				-5,9	-5,9

983. Fyrirspurn [654. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur ríkisstjórnin hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. II. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

984. Fyrirspurn [655. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur forsætisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 1. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

985. Fyrirspurn [656. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 2. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

986. Fyrirspurn [657. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur félagsmálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 3. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

987. Fyrirspurn [658. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur fjármálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 4. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

988. Fyrirspurn [659. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur Hagstofa Íslands hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 5. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

989. Fyrirspurn [660. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 6. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

990. Fyrirspurn [661. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 7. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

991. Fyrirspurn [662. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur landbúnaðarráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 8. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

992. Fyrirspurn [663. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur menntamálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 9. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

993. Fyrirspurn [664. mál]

til samgönguráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur samgönguráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 10. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

994. Fyrirspurn [665. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur sjávarútvegsráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 11. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

995. Fyrirspurn [666. mál]

til umhverfisráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur umhverfisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 12. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

996. Fyrirspurn [667. mál]

til utanríkisráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvernig hefur utanríkisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 13. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Skriflegt svar óskast.

997. Fyrirspurn [668. mál]

til menntamálaráðherra um sæðisútvarp.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Á hversu mörgum stöðum rekur Ríkisútvarpið sæðisútvarp og hverjir eru þessir staðir?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sæðisútvarp verði starfrækt á Suðurnesjum?
3. Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík stöð hefji útsendingar?

998. Fyrirspurn [669. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hve oft undanfarin þrjú ár og á yfirstandandi ári hefur ráðherra nýtt heimild skv. 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum?
2. Hvenær voru þessar greiðslur ákveðnar?
3. Hvenær var fjárlaganefnd gerð grein fyrir þessum ákvörðunum?

Svar óskast sundurliðað eftir árum og ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

999. Fyrirspurn [670. mál]

til menntamálaráðherra um Þjóðminjasafnið.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvenær í sumar, á tímabilinu frá 18. júní til 22. október, verður Þjóðminjasafnið við Suðurgötu opnað að nýju?
2. Hversu háa fjárveitingu hyggst ráðherra sækja á aukafjárlögum fyrir árið 2004 vegna opnunar Þjóðminjasafnsins í sumar?
3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar frá 1. ágúst 1998 þegar safnhúsinu var lokað? Hvernig skiptist sá kostnaður á ár og verkliði?

1000. Fyrirspurn [671. mál]

til forsætisráðherra um gildissvið upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Frá Atla Gíslasyni.

Telur ráðherra koma til álita að breyta gildissviði upplýsingalaga þannig að þau taki eftir því sem við getur átt til fyrirtækja, svo sem banka, fjölmiðla, olíufélaga, tryggingafélaga, verslunarsamsteypa og annarra stórfyrirtækja, sem hafa mikla eða ráðandi markaðshlutdeild og fyrirtækja sem taka að sér þjónustuverkefni í almannaþágu?

1001. Fyrirspurn [672. mál]

til forsætisráðherra um gildissvið stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Frá Atla Gíslasyni.

Telur ráðherra koma til álita að breyta gildissviði stjórnsýslulaga þannig að þau taki eftir því sem við getur átt til fyrirtækja, svo sem banka, fjölmiðla, olíufélaga, tryggingafélaga, verslunarsamsteypa og annarra stórfyrirtækja, sem hafa mikla eða ráðandi markaðshlutdeild og fyrirtækja sem taka að sér þjónustuverkefni í almannaþágu?

1002. Fyrirspurn [673. mál]

til dómsmálaráðherra um meint brot á lagaákvæðum um áfengisauglýsingar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað hafa lögreglu borist margar ábendingar eða kærur um meint brot á banni við auglýsingum á áfengi skv. 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, árin 2000–2003?
2. Hve mörg þessara mála hafa verið felld niður, hve mörg endað með sátt og hve mörg farið í ákæru?
3. Hefur lögreglan á þessum tíma rannsakað að eigin frumkvæði mál sem varða áðurnefnda lagagrein? Hve mörg þeirra mála hafa verið felld niður, hve mörg endað með sátt og hve mörg farið í ákæru?
4. Hafa áfengisauglýsingar verið kannaðar með almennum hætti í dómsmálaráðuneytinu frá og með árinu 1988, hjá ríkislögreglustjóra eða annars staðar hjá lögreglunni, svo sem með skipan nefndar, starfshóps eða vinnuteymis einhvers konar, eða með gerð skýrslu, minnispunkta eða álits af einhverju tagi? Hverjar eru niðurstöður þess starfs?
5. Hver er afstaða ráðherra til banns við áfengisauglýsingum?

1003. Fyrirspurn [674. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu heimagerðra landbúnaðarafurða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað kemur í veg fyrir að bændur, svo sem ferðaþjónustubændur, megi selja heimagerðar afurðir sínar, t.d. osta, mjólk og kjöt, til ferðamanna eða annarra sem vilja kaupa beint af þeim?

1004. Fyrirspurn [675. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eldisþorsk.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hverjir hafa eftirlit með því hvort eldisþorskur sleppur í einhverjum mæli úr kvíum?
2. Hefur verið metið hvort og þá hvaða hættur geti stafað af því ef kynbættur eldisþorskur sleppur í miklum mæli úr kví og blandast staðbundnum þorskstofnum?
3. Hefur ráðherra í hyggju að setja reglur um leyfilegar kynbætur á eldisþorski?

1005. Fyrirspurn [676. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldþrotabeiðnir.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Í hve mörgum tilfellum hefur ríkissjóður sett fram beiðni um gjaldþrot á hendur einstaklingum á árunum 1993–2003, hve oft hefur málið endað með gjaldþroti viðkomandi, hve háar voru skuldirnar sem leiddu til gjaldþrotabeiðni og hver var útlagður kostnaður ríkisins vegna þessara gjaldþrotabeiðna? Hversu háar fjárhæðir fékk ríkissjóður greiddar út úr þeim þrotabúum sem um ræðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum og innheimtuembættum ríkissjóðs.
2. Í hve mörgum tilfellum hefur ríkissjóður sett fram beiðni um gjaldþrot á hendur fyrirtækjum á árunum 1993–2003, hve oft hefur málið endað með gjaldþroti viðkomandi, hve háar voru skuldirnar sem leiddu til gjaldþrotabeiðni og hver var útlagður kostnaður ríkisins vegna þessara gjaldþrotabeiðna? Hversu háar fjárhæðir fékk ríkissjóður greiddar út úr þeim þrotabúum sem um ræðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum og innheimtuembættum ríkissjóðs.

Skriflegt svar óskast.

1006. Fyrirspurn [677. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarsamning við Ísrael.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvenær tók fríverslunarsamningur EFTA við Ísrael gildi?
2. Hvaða skilyrði eru í samningnum um uppsögn hans? Hver er uppsagnarfresturinn?
3. Hversu mikil viðskipti eiga Íslendingar við Ísrael í krafti fríverslunarsamnings landsins við EFTA?

4. Hvernig eru þau viðskipti aðallega? Hvaða vörutegundir eru seldar frá Íslandi og hvaða íslensk fyrirtæki stunda einkum viðskipti við Ísrael?

Skriflegt svar óskast.

1007. Fyrirspurn [678. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu fríverslunarsamninga EFTA.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Lúðvík Bergvinssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Við hvaða ríki eru fríverslunarsamningar á vegum EFTA í gildi? Hvenær voru þeir staðfestir?
2. Við hvaða ríki eru formlegar samningaviðræður um fríverslun í gangi? Hvenær hófust þær og á hvaða stigi eru þær? Hvenær er gert ráð fyrir að þeim ljúki?
3. Hvaða stefnu hefur EFTA um samninga gagnvart öðrum ríkjum sem þykja vænlegir kostir til að efla fríverslun við? Hefur EFTA formlegan eða óformlegan forgangslista um í hvaða röð er áformað að hefja viðræður við umrædd ríki? Hvort og þá hvenær er áformað að hefja formlegar viðræður við viðkomandi ríki?
4. Við hvaða ríki hafa verið gerðir samstarfssamningar sem ganga skemur en fríverslunarsamningar?

Skriflegt svar óskast.

1008. Fyrirspurn [679. mál]

til umhverfisráðherra um vernd votlendis samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað líður verndaráætlunum í tengslum við Ramsar-samþykktina fyrir
   a. Mývatn og Laxá,
   b. Þjórsárver,
   c. Grunnafjörð?
2. Hvenær eru áætluð verklok við gerð verndaráætlana fyrir þessi svæði?

1009. Fyrirspurn [680. mál]

til menntamálaráðherra um ábyrgðarmenn námslána.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í undirbúningi breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem fæli í sér afnám ákvæða um ábyrgðarmenn námslána? Ef svo er ekki, telur ráðherra slíka breytingu koma til greina og þá hvenær?

1010. Fyrirspurn [681. mál]

til menntamálaráðherra um þjónustusamning við Reykjavíkurakademíuna.

Frá Merði Árnasyni.

Hvað líður gerð þjónustusamnings við Reykjavíkurakademíuna?

1011. Fyrirspurn [682. mál]

til umhverfisráðherra um ljósmengun.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að athuguð verði ljósmengun á Íslandi og ráðstafanir gerðar í því sambandi?

1012. Frumvarp til laga [683. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum orðast svo:

Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skal vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni.

Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til 31. desember 2006.

Ráðherra getur sett nánari reglur um lækkun vörugjalds samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau gögn sem leggja þarf fram með umsókn um lækkun vörugjalds á grundvelli þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Sé þess óskað skal endurgreiða vörugjald af þeim bifreiðum sem uppfylla skilyrði 1. gr. þessara laga og tollafgreiddar eru milli 1. janúar 2004 og gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum. Hún var lögfest með lögum nr. 38/2000 og féll úr gildi um síðustu áramót. Rétt þykir að framlengja heimildina enn um sinn. Innflutningsverð tvíorkubifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja og er heimildinni ætlað að gera þær samkeppnisfærari á almennum markaði. Markmiðið með framlengingunni er að styðja áfram við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu. Það byggist meðal annars á því að dreifikerfi fyrir aðra orkugjafa er enn svo gisið að ekki er unnt að reikna með almennri notkun slíkra bifreiða strax. Enn fremur eru ýmsar aðrar tæknilegar hindranir því til fyrirstöðu. Síðast en ekki síst er aukin notkun tvíorkubifreiða í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þá stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa.

Örðugt er að áætla áhrif framangreindrar lagabreytingar á tekjur ríkissjóðs. Frá því að tímabundin heimild til lækkunar vörugjalds af tvíorkubifreiðum tók gildi með lögum nr. 38/2000 hafa um 50 bifreiðar verið fluttar til landsins. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að innflutningur tvíorkubifreiða verði öllu meiri á næstu þremur árum en hingað til eru slíkar bifreiðar almennt dýrari en venjulegar bifreiðar og því líklegt að hreint tekjutap ríkissjóðs verði óverulegt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að lækka tímabundið til loka ársins 2006 vörugjald af bifreiðum sem nýta að verulegu leyti metangas eða rafmagn sem orkugjafa. Um er að ræða framlengingu á heimild í fyrri lögum. Innkaupsverð umræddra bifreiða er nokkru hærra en verð sams konar bifreiða sem nýta aðra orkugjafa og er talið að lækkunin leiði til þess að ríkissjóður innheimti nokkurn veginn sama vörugjald í krónum talið af bifreiðum sem ganga að verulegu leyti fyrir metangasi eða rafmagni og bifreiðum sem ganga fyrir öðrum

orkugjöfum. Frumvarpið beinist því einkum að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld hans svo að nokkru nemi verði það óbreytt að lögum.

1013. Fyrirspurn [684. mál]

til heilbrigðisráðherra um forvarnastarf í áfengismálum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hefur áfengis- og vímuvarnaráð fjallað um meint brot á 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, í starfi sínu frá ársbyrjun 2000? Hefur ráðið reynt að benda auglýsendum á meint brot? Hafa slík mál verið kærð til lögreglu fyrir tilstilli ráðsins?
2. Telur ráðherra að rétt sé að breyta áðurnefndri lagagrein í ljósi framkvæmdar hennar síðustu ár?
3. Hver er afstaða ráðherra til banns við áfengisauglýsingum?
4. Telur ráðherra samræmi milli þess hvernig framfylgt er umræddum lagaákvæðum um áfengisauglýsingar annars vegar og lagaákvæðum um bann við tóbaksauglýsingum í 7. gr. laga nr. 6/2002 hins vegar?

1014. Fyrirspurn [685. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu fyrirtækja sem framleiða sjónvarpsefni.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Telur ráðherra þörf á sérstökum aðgerðum til stuðnings fyrirtækjum sem framleiða sjónvarpsefni í ljósi þess að helsti kaupandi efnis, ríkissjónvarpið, hefur lýst því yfir að fyrirtækið muni halda að sér höndum við kaup á íslensku dagskrárefni það sem eftir lifir ársins 2004?

1015. Frumvarp til laga [686. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað „¼“ í 2. málsl. 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: 1/10

2. gr.

Á eftir 104. gr. laganna bætist við ný grein, 104. gr. a, er orðast svo:

Hlutafélagi er óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum félagsins eða félögum sem þessir aðilar eiga ráðandi hlut í nema áður hafi verið aflað sérfræðiskýrslu. Sama gildir um kaup félags á eignum af móðurfélagi þess og þeim sem tengdir eru aðilum skv. 1. málsl. á þann hátt sem lýst er í 2. málsl. 1. mgr. 104. gr. Um gerð og efni skýrslunnar gilda ákvæði 6. og 7. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2004.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að treysta hag smærri hluthafa. Það að minnihlutavernd í hlutafélögum sé tryggð eins og kostur er, án þess þó að það verði fyrirtækjunum fjötur um fót, er mikilvæg forsenda þess skapa gott viðskipaumhverfi og að hlutabréfamarkaðurinn styrkist og dafni.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á hlutafélagalögum, nr. 2/1995.

Annars vegar er lagt til að samþykki 1/10 hluthafa í stað 1/4 skuli nægja til þess að fram fari sérstök rannsókn. Tilgangurinn með þessari breytingu er að auka möguleika smærri hluthafa á því að nýta sér þetta úrræði. Væri meðal annars hægt að grípa til þess ef grunur vaknar um að stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína í félagi til þess að áskilja sér fjárhagslega hagsmuni á kostnað smærri hluthafa.

Hins vegar er lagt til að hlutafélögum verði óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess eða aðilum sem eru þeim tengdir nema fram hafi farið mat óháðra aðila á verðmæti eignanna. Borið hefur á gagnrýni á að stærri hluthafar geti þvingað félög til þess að kaupa eignir af þeim á yfirverði, án þess að smærri hluthafar fái nokkuð við því gert. Er breytingunni stefnt gegn þessu ójafnvægi. Mikilvægt er að tryggja að hagur smærri hluthafa sé ekki fyrir borð borinn af þeim stærri.

Við stofnun félaga er stofnendum að meginstefnu til gert að leggja fram stofnframlag sitt í peningum. Þeim er þó heimilt að leggja fram annars konar fjárverðmæti en félaginu er þá óheimilt að taka við þeim nema fyrir liggi sérfræðimat á verðmæti þeirra eigna, sbr. 5.– 7. gr. hlutafélagalaga. Svipaðar reglur gilda við hækkun hlutafjár, sbr. 37. gr. Er bagalegt að ekki gildi svipaðar reglur þegar félag kaupir eignir af aðilum sem ráða stjórnun þess eða aðilum þeim tengdum, enda eru afleiðingarnar hinar sömu fyrir aðra hluthafa, lánardrottna og félagið sjálft. Er því lagt til að hlutafélögum verði óheimilt að kaupa eignir af þessum aðilum nema fyrir liggi slíkt sérfræðimat. Er mælst til að ferlið við matið verði hið sama og við stofnun hlutafélaga.

Þar sem viðskiptaumhverfið getur verið viðkvæmt fyrir breytingum er lagt til, verði frumvarpið að lögum, að í gildistökuákvæði verði ekki kveðið á um gildistöku nú þegar heldur verði kveðið á um gildistöku 1. ágúst 2004 sem gefur aðilum tækifæri til að kynna sér þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og aðlagast þeim.

1016. Frumvarp til laga [687. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Magnús Stefánsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz.

1. gr.

5.–7. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku til tryggingar endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni hámarksfjárhæð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán allt að þeirri fjárhæð sem tilgreind er í skuldabréfi skv. 5. mgr. Sæki námsmaður um hærra lán en skuldabréfið gerir ráð fyrir þarf hann að leggja fram nýtt skuldabréf, sbr. 5. mgr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur skuli fullnægja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að Lánasjóður íslenskra námsmanna gegni áfram því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggi öllum tækifæri til náms. Liður í að tryggja slíkt markmið er að fella burt ábyrgðarmannakröfu á námslánum. Í frumvarpi þessu er því lagt til að það fyrirkomulag að námsmenn sem fá lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skuli leggja fram yfirlýsingu a.m.k. eins manns um að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu verði fellt úr gildi. Þess í stað ábyrgist hver námsmaður einn endurgreiðslu eigin láns.

Vitað er að þó nokkur fjöldi námsmanna hefur ekki tök á að leita til aðstandenda eða annarra til að ábyrgjast námslánin. Þessir námsmenn eiga ekki kost á að stunda nám. Mikilvægt er að leiðrétta þetta óréttlæti.

1017. Skýrsla [688. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2003.

1. Inngangur.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfsstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndarfunda fjórum sinnum á ári og skipuleggur árlegar þemaráðstefnur þar sem rætt er eitt ákveðið málefni, svo sem umhverfismál, menningarmál og öryggismál. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og

umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna ríkjanna fjögurra (ásamt sjálfsstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert ríki skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn, um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram komnar tillögur og sendir þingið frá sér tilmæli til ráðherranefndar. Á Norðurlandaráðsþinginu gefa samstarfsráðherrar Norðurlanda þinginu skýrslu og svara fyrirspurnum. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, íhaldsmenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandasamvinnunnar. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi árs skipuðu Íslandsdeildina Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður, þingflokki Framsóknarflokks, Sigríður Jóhannesdóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigríður A. Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Ásta Möller, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks, Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Fjeldsted, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Í kjölfar alþingiskosninga var á 129. þingi kjörin ný Íslandsdeild 27. maí. Hana skipuðu Jónína Bjartmarz, formaður, þingflokki Framsóknarflokks, Drífa Hjartardóttir, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Sigríður A. Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Gunnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Sömu þingmenn voru kosnir í Íslandsdeild 1. október við upphaf 130. þings. Á fundi Íslandsdeildar 6. október varð sú breyting að Rannveig Guðmundsdóttir tók við varaformennsku deildarinnar í stað Drífu Hjartardóttur.

Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á starfsárinu 2003.

2.2. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Á 54. þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 29.–31. október 2002 var kosið í nefndir fyrir starfsárið 2003. Ísólfur Gylfi Pálmason, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir voru kjörin til setu í forsætisnefnd. Sigríður A. Þórðardóttir tók jafnframt sæti í kjörnefnd. Sigríður Jóhannesdóttir tók sæti í menningar- og menntamálanefnd og Drífa Hjartardóttir í velferðarnefnd. Steingrímur J. Sigfússon var kjörinn varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar. Arnbjörg Sveinsdóttir var kjörin í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og eftirlitsnefnd og tók við varaformennsku í báðum nefndum. Að loknum alþingiskosningum breyttist nefndaskipan þannig að Jónína Bjartmarz tók við af Ísólfi Gylfa Pálmasyni í forsætisnefnd, Ásta R. Jóhannesdóttir tók við af Sigríði Jóhannesdóttur í menningar- og menntamálanefnd og Sigurður Kári Kristjánsson tók við af Arnbjörgu Sveinsdóttur í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og eftirlitsnefnd.

Auk nefndarsetu sátu meðlimir Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Arnbjörg Sveinsdóttir sat í vinnuhópi um hvalamál á vegum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Steingrímur J. Sigfússon sat í vinnuhópi um vinnumarkaðssamstarf við Eystrasaltsríkin á vegum efnahags- og viðskiptanefndar. Rannveig Guðmundsdóttir gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál. Þuríður Backman sat í stjórn norrænnar samstarfsmiðstöðvar um málefni fatlaðra, Rannveig Guðmundsdóttir í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Ísólfur Gylfi Pálmason átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans. Jónína Bjartmarz tók við af Ísólfi Gylfa í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans á síðari hluta starfsársins.

2.3. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar sjö sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá svo og gagnkvæm upplýsingaskipti fulltrúa í Íslandsdeild um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs. Töluvert var rætt um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs en við breytingarnar á skipulagi ráðsins sem tóku gildi 1. janúar 2002 var lögð áhersla á nánari tengsl við þing ríkjanna og hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum eftir heima í héraði. Að loknu Norðurlandaráðsþingi í byrjun nóvember var ákveðið að taka upp svipað vinnulag og hjá dönsku landsdeildinni og senda tilmæli Norðurlandaráðs til viðkomandi fastanefnda Alþingis. Hugmyndin að baki þessari ráðstöfun er sú að fastanefndirnar fái tilmælin til upplýsingar og geti jafnframt fylgt þeim eftir í löggjafarstarfi þegar við á. Þá var nokkuð rætt um fjölmiðlaumfjöllun frá Norðurlöndum og möguleika á frekari kynningu á norrænu samstarfi. Sérstaklega var farið yfir kynningarstarf og viðbúnað vegna Norðurlandaráðsþings en fjölmiðlaumfjöllun frá því var með mesta móti.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og fór hann fram í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 13. október. Með ráðherra á fundinum voru Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, auk Ragnheiðar Harðardóttur og Hanne Fisker, starfsmanna skrifstofunnar. Fundurinn var haldinn í aðdraganda 55. Norðurlandaráðsþings og var þingið sjálft og formennska Íslands innan Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2004 helstu umræðuefnin. Ráðherra skýrði frá megináherslum í formennskuáætlun Íslands sem ber nafnið „Auðlindir Norðurlanda – Lýðræði, menning, náttúra“. Þar ber hæst áherslur á Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi og hugmyndir um grannsvæðasamstarf með nágrannaríkjum Norðurlanda í vestri, áframhaldandi starf til að afnema landamærahindranir og þróun lýðræðis á tímum hnattvæðingar og hraðra

framfara í upplýsingatækni. Jónína Bjartmarz kynnti áherslumál Norðurlandaráðs starfsárið 2004 en hver nefnd ráðsins skilgreinir forgangsmál fyrir upphaf hvers starfsárs.

Íslandsdeildin hélt fund með nokkrum stjórnarmönnum og starfsmönnum Norræna félagsins 17. nóvember en þeir voru Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður, Ólafur Örn Haraldsson, Úlfur Sigurmundsson, Óðinn Albertsson og Esther Sigurðardóttir. Stjórnarmenn afhentu minnisblað um starfsemi Norræna félagsins og kynntu helstu verkefni, svo sem Snorraverkefnið sem snýst um að taka á móti ungmennum frá Kanada og þjónustusímann Halló Norðurlönd sem rekinn er fyrir Norrænu ráðherranefndina til að liðka fyrir flutningum á milli Norðurlanda og kortleggja vandamál varðandi landamærahindranir. Þá voru ræddir möguleikar á samstarfi Íslandsdeildar og Norræna félagsins, m.a. varðandi hugsanlega norræna daga sem haldnir yrðu í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík árið 2005.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda þingmenn á ýmsar alþjóðaráðstefnur fyrir hönd ráðsins á starfsárinu 2003. Sóttu íslenskir þingmenn þær ráðstefnur sem meðlimir sérstakra sendinefnda Norðurlandaráðs. Á meðal þeirra viðburða sem þingmenn Íslandsdeildar sóttu má nefna Eystrasaltsráðstefnuna í Oulu og málstofu með pólskum þingmönnum um málefni hinnar norðlægu víddar í Varsjá. Fulltrúar Íslandsdeildar tóku einnig þátt í kosningaeftirliti í Moskvu vegna kosninga til rússnesku Dúmunnar. Þá tók Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar, þátt í sérstökum fundi og pallborðsumræðum í Stokkhólmi um skýrslu breska tímaritsins Economist um Norðurlönd. Þingmenn Íslandsdeildar sóttu einnig ráðstefnur á vegum sinna nefnda í Norðurlandaráði og er þess getið hér á eftir í umfjöllun um hverja nefnd fyrir sig.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 25. júní. Samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90.000 dkr. Alls bárust níu umsóknir og ákvað Íslandsdeildin að veita öllum umsækjendunum styrk. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Brynja Þorgeirsdóttir, Hjördís Finnbogadóttir og Þorbjörg Eva Erlendsdóttir hlutu 15.000 dkr. hver, Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir hlutu 10.500 dkr. hvor, og Guðmundur Steingrímsson og Gunnar Gunnarsson 4.500 dkr. hvor.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Af hálfu Íslandsdeildar sátu Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason í forsætisnefnd en Jónína Bjartmarz tók við af Ísólfi Gylfa eftir alþingiskosningar. Norski þingmaðurinn Inge Lønning gegndi embætti forseta Norðurlandaráðs á árinu og er hann úr flokkahópi hægrimanna.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2003, líkt og áður hafði verið gert. Eftir breytingar á nefndakerfi Norðurlandaráðs sem tóku gildi árið 2002 er aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri stofnanir. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd hélt átta fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir forsætisnefndar og ýmissa aðila. Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna landamæralaus Norðurlönd en málefni þeirra voru í brennidepli á starfsárinu. Landamæralaus Norðurlönd komust á dagskrá árið 2002 með rannsókn Ole Norrbacks á réttarstöðu Norðurlandabúa þegar þeir flytjast á milli Norðurlanda. Var rannsóknin unnin að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Alls búa um 300.000 Norðurlandabúar annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Rannsókn Norrbacks sýndi að stórum landamærahindrunum hefur enn ekki verið rutt úr vegi. Í henni kom fram að víða er pottur brotinn varðandi það að farið sé eftir norrænum samningum um réttindi Norðurlandabúa og að hluti vandans er vanþekking embættismannakerfisins. Dæmi um þetta eru skattavandamál fólks sem sækir vinnu sína yfir landamæri, sköttun lífeyrisgreiðslna sem greiddar eru yfir landamæri, tregða við að viðurkenna gagnkvæm starfsréttindi o.fl. Norræna ráðherranefndin réð Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, til að hafa umsjón með starfi til afnáms þessara hindrana á árinu 2003. Nefndir Norðurlandaráðs unnu samtímis að tillögum um hvernig málefni landamæralausra Norðurlanda snertu þeirra málefnasvið. Til þess að samræma aðgerðir og tillöguvinnslu nefnda Norðurlandaráðs á þessu sviði kom forsætisnefnd á fót sérstökum stýrihópi undir forustu Ole Stavad. Stýrihópurinn beitti sér m.a. gegn háum gjöldum fjármálastofnana vegna peningasendinga á milli Norðurlanda. Átti forsætisnefnd fundi með Poul Schlüter og sænska samstarfsráðherranum Berit Andnor um landamærahindranir.

Annað mál sem var ofarlega á dagskrá forsætisnefndar var framtíðarstefnumótun Norðurlandaráðs varðandi stöðu og hlutverk Norðurlanda í Evrópu eftir stækkun ESB. Stækkun ESB eykur þörfina á að Norðurlönd hafi samráð um hagsmunamál sín í Evrópusamstarfinu og á það jafnt við um norrænu ESB-löndin og EES-löndin Ísland og Noreg. Enn fremur var litið til þess að Norðurlönd gætu átt samstarf við Eystrasaltsríkin þegar þau eru komin inn í ESB um að koma sameiginlegum hagsmunamálum fram. Umræðan um stöðu og áhrif Norðurlanda í Evrópu var nátengd umræðunni um afnám landamærahindrana því að með því að leysa þau vandamál mundu Norðurlönd styrkja sig í sessi og gætu um leið orðið fyrirmynd að afnámi landamærahindrana innan ESB.

Af öðrum málum sem komu til kasta forsætisnefndar má nefna Vestur-Norðurlönd og norðurskautsmál. Rannveig Guðmundsdóttir var áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannanefnd um norðurskautsmál og skilaði skýrslum og tillögum til forsætisnefndar um aukinn stuðning við þann málaflokk. Forsætisnefnd fór í sumarferð til Svalbarða 13.–17. ágúst og voru þessi málefni rædd ítarlega auk þess sem ýmsar stofnanir á sviði norðurskautsrannsókna voru skoðaðar.

3.2. Menningar- og menntamálanefnd.

Fyrir hönd Íslandsdeildar átti Sigríður Jóhannesdóttir sæti í menningar- og menntamálanefnd fram yfir alþingiskosningar en þá tók Ásta R. Jóhannesdóttir við. Nefndin hélt fimm fundi á árinu.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Á starfsárinu beindi nefndin m.a. sjónum að aðstæðum til vísindarannsókna, sér í lagi möguleikum á samvinnu um mennta- og rannsóknarsvæði á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Þá voru íþróttir til umfjöllunar sem leið til aðlögunar ungra nýbúa að norrænum

samfélögum og tungumálastefna og staða norrænna tungumála voru einnig á dagskrá nefndarinnar.

Mennta- og menningarmálanefnd hélt sumarfund sinn í Færeyjum þar sem menning og tungumál Vestur-Norðurlanda voru í brennidepli. Var þar m.a. fjallað um stöðu vestnorrænu tungumálanna á tímum hnattvæðingar og málstefnu stjórnvalda á Vestur-Norðurlöndum og í hvaða mæli önnur norræn tungumál væru kennd á svæðinu. Átti nefndin fund með menntamálanefnd Lögþingsins og heimsótti ýmiss konar stofnanir.

Þá hélt menningar- og menntamálanefnd málstofu um klámvæðingu í tengslum við septemberfund Norðurlandaráðs. Þar fjallaði fagfólk á þessu sviði um hvernig greiðara aðgengi að klámi, m.a. á netinu, hefur áhrif á viðhorf æskufólks til þess hvað það teldi eðlilegt og hvað ekki í kynferðismálum. Einnig var rætt hvernig klámvæðingin hefur áhrif á jafnrétti kynjanna og kæmi mismunandi niður á drengjum og stúlkum. Þá var fjallað um tengsl kláms og fjölgunar kynferðisglæpa og loks var kynnt átaksverkefni frá Noregi þar sem brugðist var við aukinni klámvæðingu með fræðslu og umræðuverkefnum í skólum.

Nokkuð var um ráðstefnusókn íslenskra þingmanna á vegum menningar- og menntamálanefndar. Sigríður Jóhannesdóttir sótti eina ráðstefnu og Ásta R. Jóhannesdóttir tvær ráðstefnur í ráðstefnuröðinni Norræn menningarstefna sem Norræna ráðherranefndin stóð fyrir.

3.3. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd var Steingrímur J. Sigfússon sem jafnframt gegndi stöðu varaformanns nefndarinnar.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Vinnuhópur um vinnumarkaðssamstarf við Eystrasaltsríkin starfaði á árinu og áttu í honum sæti Kent Olsson, Ole Vagn Christensen, Steingrímur J. Sigfússon og Thor Gunnar Kofoed. Vinnumarkaðsmál Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna voru mikið til umræðu árið 2002 en þá náðist ekki samstaða í nefndinni um tillöguflutning á þessu sviði. Í ljósi þess að samþætting vinnumarkaða Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna mun aukast mjög við stækkun ESB 1. maí 2004 var vinnuhópnum komið á til þess að afla frekari upplýsinga og gera tillögur um aðgerðir. Einkum var vinnuhópnum ætlað að kanna á hvaða sviðum ólík löggjöf, uppbygging og skipulag vinnumarkaða gæti haft afleiðingar fyrir samþættingu þeirra í framtíðinni. Vinnuhópurinn hélt fimm fundi, fór í kynningarheimsóknir til sex samtaka launþega og atvinnurekenda í Eystrasaltsríkjunum og hélt auk þess þrjá fundi með utanaðkomandi sérfræðingum á þessu sviði. Í lokaskýrslu vinnuhópsins kom m.a. fram að samtök aðila vinnumarkaðarins í Eystrasaltslöndunum standa systursamtökum sínum á Norðurlöndum langt að baki hvað varðar skipulag og styrk og að samningaviðræðuferli séu sjaldnast í föstum skorðum. Það er sérstaklega tekið fram að hugsanleg aðstoð Norðurlanda við skipulag vinnumarkaða í Eystrasaltsríkjunum fari fram á forsendum heimamanna og fullt tillit verði tekið til sögulegra aðstæðna. Niðurstaða vinnuhópsins, sem samþykkt var á Norðurlandaráðsþingi, var að biðja Norrænu ráðherranefndina að gangast fyrir vinnumarkaðsráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna með það að markmiði að greina þarfir samtaka vinnumarkaðarins í Eystrasaltsríkjunum fyrir stuðning og því næst gera tillögur um verkefni og aðgerðir á þessu sviði.

Önnur mál á dagskrá nefndarinnar voru t.d. hugmyndir um að koma á norrænum samráðsvettvangi á sviði húsgagnaiðnaðarins og eftirfylgni við norrænan sáttmála um framsækin smáfyrirtæki, frumkvöðla og sjálfstæða uppfinningamenn. Þar að auki voru málefni er varða hugbúnað sem byggist á opnum stöðlum ofarlega á baugi í starfi nefndarinnar.

3.4. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Í upphafi árs var Arnbjörg Sveinsdóttir fulltrúi Íslands í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd en um mitt ár tók Sigurður Kári Kristjánsson sæti hennar. Nefndin annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Af helstu verkefnum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar má nefna vísindaráðgjöf við ákvörðun fiskikvóta og stuðning við hafrannsóknastofnanir á Norðurlöndum. Unnin var tillaga um samvinnu til að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika og umhverfisvæna orkuframleiðslu og orkuneyslu. Þá var umhverfi Eystrasaltsins í brennidepli eftir slæm umhverfisslys í siglingum svo og eftirlit og stjórn á rándýrastofnum. Sem fyrr var Sellafield-kjarnorkuverið á austurströnd Englands og mengunarhætta sem af því stafar á dagskrá nefndarinnar.

Í tengslum við febrúarfundi Norðurlandaráðs hélt umhverfis- og náttúruauðlindanefnd málþing um hvali og seli í þinghúsinu í Stokkhólmi. Málþingið var haldið að frumkvæði Arnbjargar Sveinsdóttur. Sat Arnbjörg í vinnuhópi sem skipulagði dagskrá og efnistök málþingsins. Megintilgangur málþingsins var að veita þingmönnum á Norðurlöndum hlutlausar upplýsingar um stöðu hvalamála. Hvalamál hafa sem kunnugt er verið mikið í deiglunni á undanförnum árum og hafa fyrirliggjandi upplýsingar oft verið ónákvæmar og jafnvel áróðurskenndar. Í stað þess að kalla fulltrúa hvalveiðisinna og Grænfriðunga til málþingsins voru fengnir sérfræðingar á þessu sviði til að greina hvernig hvaladeilan hefði þróast í að verða jafnpólitísk og tilfinningaþrungin og raun bæri vitni. Hugsunin að baki því var sú að ein forsendna þess að hægt sé að þoka umræðunni áfram væri að stjórnmálamenn skildu rök og gildismat andstæðra fylkinga og sögulega þróun deilunnar.

Dagskrá málþingsins skiptist í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn fjallaði um stofnstærðir og forsendur fyrir sjálfbærri nýtingu. Annar hluti fjallaði um rök og gildi í hvalaumræðunni og þróun hennar. Meðal þess sem spurt var um var hvers vegna umræðan hefði orðið svo öfgakennd, og hvort aðrar grundvallarreglur giltu um verndun hvala og sela en annarra dýra. Þriðji hlutinn var um hina pólitísku hlið málsins, þ.e. hvernig hvalamálið hefði orðið svo fyrirferðarmikið í alþjóðastjórnmálum og hvernig Norðurlandaþjóðirnar hefðu nálgast málið. Það er t.a.m. illskiljanlegt fyrir þjóðir sem stunda eða vilja stunda hvalveiðar hve andstaðan gegn þeim hefur mikið vægi í utanríkismálastefnu Svía, án þess þó að þeir eigi beinna hagsmuna að gæta. Að sama skapi er erfitt fyrir þær þjóðir sem eru á móti hvalveiðum að skilja hvers vegna þjóðir eins og Íslendingar og Norðmenn, tvær af ríkustu þjóðum heims, leggja svo mikla áherslu á veiðar þegar ekki virðast augljósir efnahagslegir hagsmunir í húfi. Málþingið var vel sótt og þótti takast vel en það opnaði umræðuna fyrir þessi mál innan Norðurlandaráðs.

3.5. Velferðarnefnd.

Fulltrúi Íslands í velferðarnefnd var Drífa Hjartardóttir. Nefndin sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, börnum og unglingum, og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Umfjöllun um landamæralaus Norðurlönd var ofarlega á baugi hjá velferðarnefnd og fjallaði nefndin einkum um vandamál á sviði félags- og heilbrigðismála við flutninga á milli Norðurlanda. Vann nefndin m.a. tillögu um að einfalda og samræma skattlagningu á lífeyris-

greiðslum yfir landamæri. Þá gerði nefndin tillögu um að ráðherranefndin beitti sér fyrir einföldun og samræmingu á reglum um örorkubætur á Norðurlöndum.

Á heilbrigðissviðinu fjallaði nefndin um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sykursýki og norrænar rannsóknir á þessu sviði þar sem einnig væri gengið til samstarfs við Eystrasaltsríkin. Þá vann nefndin tillögu um aðgerðir gegn misnotkun áfengis og vímuefna. Kjarni tillögunnar voru tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að vinna með Eystrasaltsríkjunum að strangari og skilvirkari stefnu í Evrópu í þessum málaflokki, tryggja meðferðarúrræði fyrir vímuefnaneytendur og vinna að því að minnka meðalneyslu áfengis með verðlagsstefnu, takmörkun á aðgengi að vörunni og takmörkunum á möguleikum framleiðenda til markaðssetningar.

Velferðarnefnd kom á fót vinnuhópi um málefni barna og ungmenna árið 2002 og starfaði hann áfram árið 2003. Nánar tiltekið á hópurinn að fylgjast með stöðu barna og ungmenna á Norðurlöndum, í Eystrasaltslöndunum og í Norðvestur-Rússlandi, gefa velferðarnefnd mynd af aðgerðum norrænna stjórnvalda og þjóðþinga á þessu sviði, og koma með tillögur að því hvernig Norðurlandaráð getur unnið að því að ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði virk og virt í Eystrasaltslöndunum og Norðvestur-Rússlandi. Í þessu skyni var sumarferð velferðarnefndar farin til Vyborgar í Rússlandi þar sem nefndin skoðaði m.a. skýli og neyðarmóttöku fyrir götubörn, barnaheimili og barnaspítala auk þess sem nefndin átti fund með fulltrúum hjálparsamtaka sem beita sér fyrir málefnum barna.

3.6. Borgara- og neytendanefnd.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Enginn fulltrúi Íslandsdeildar sat í nefndinni starfsárið 2003. Helsta áhersluatriði í starfi nefndarinnar var barátta gegn mansali og kynlífsþrælkun og vann nefndin fjórar tillögur á þessu sviði sem samþykktar voru á Norðurlandaráðsþingi. Tilmælin fólu m.a. í sér að norrænu ríkisstjórnirnar efndu til sameiginlegra aðgerða til að stemma stigu við mansali og vændi með áherslu á að vinna að því að minnka eftirspurn eftir konum og börnum til kynferðislegrar misnotkunar. Jafnframt var hvatt til að reyna að samræma norræna löggjöf á sviði vændis að svo miklu leyti sem ólík stefna Norðurlanda í hegningarlöggjöf veitir svigrúm til. Þá var þeim tilmælum beint til ráðherranefndarinnar að styðja innan ramma grannsvæðastefnunnar frjáls félagasamtök og stjórnvöld til að vinna gegn eftirspurn eftir vændisþjónustu á Eystrasaltssvæðinu. Enn fremur var ráðherranefndin beðin um að gera úttekt á því hversu árangursrík sú aðferð að gera vændiskaup refsiverð hefur reynst í baráttunni gegn vændi og bera aðferðina saman við önnur úrræði í hegningarlögum á þessu sviði.

3.7. Eftirlitsnefnd.

Í upphafi árs var Arnbjörg Sveinsdóttir fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs en um mitt ár tók Sigurður Kári Kristjánsson sæti hennar. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Eftirlitsnefnd tók tvö málefni til sérstakrar skoðunar á árinu. Annars vegar var gerð úttekt á því hvernig hið nýja skipulag Norðurlandaráðs virkar og hins vegar heildarúttekt á upp-

lýsingastarfi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Báðum verkefnum verður lokið á árinu og skýrslur lagðar fyrir Norðurlandaráðsþing. Eftirlitsnefnd hélt sumarfund sinn á Akureyri og heimsótti þá m.a. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar en verkefni sem unnin eru af stofnuninni, eins og skýrslan um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum, hafa hlotið ríkulega styrki úr rannsóknarsjóðum Norrænu ráðherranefndarinnar.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru þrenn, þ.e. bókmennta-, tónlistar- og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Sænski rithöfundurinn Eva Ström hlaut verðlaunin 2003 fyrir bókina Rifbeinsborgirnar. Bókin skiptist í þrjá meginkafla og í henni eru bæði ljóð og ljóðrænir textar í óbundnu máli. Í rökstuðningi úthlutunarnefndar segir meðal annars að skáldskapur Evu Ström hafi skýr sérkenni í sænskri ljóðagerð. Hún sé undanfari yngri kynslóðar ljóðskálda og kanni mörk tungumálsins og notkunarmöguleika orðanna.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt árlega, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Samíski listamaðurinn Mari Boine hlaut verðlaunin 2003. Síðastliðna áratugi hefur nýjum kynslóðum tónlistarmanna og tónskálda tekist að endurnýja tónlist Sama með djarflegri tilraunastarfsemi og þar hefur Mari Boine verið í fararbroddi. Það er ekki auðvelt að setja tónlist hennar á ákveðinn bás. Undirstaðan er samískt joik, en auðveldlega má greina áhrif afrískra ryþma, heimstónlistar og rokk-fönks.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitssemi. Finnsku samtökin Luonto-Liitto hlutu náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2003 fyrir starf samtakanna með börnum og ungu fólki, fyrir námsefni þeirra í umhverfisfræðslu og fyrir framlag þeirra til sjálfbærrar skógræktar.

Framangreind verðlaun Norðurlandaráðs nema 350.000 dkr.

5. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kemur að jafnaði saman til nefndafunda fjórum sinnum á ári til þess að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaþing. Í tengslum við þessa nefndarfundi fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem eitthvert eitt efni er tekið fyrir.

5.1. Febrúarfundur Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Á sameiginlegum fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var formennskuáætlunin „Norðurlöndin sem heild“ kynnt og hafði Berit Andnor, norrænn samstarfsráðherra Svíþjóðar, framsögu. Það er ný hefð í Norðurlandaráði að halda febrúarfundina í því landi sem tekið hefur við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Hugsunin að baki því er sú að gefa norrænum samstarfsráðherra formennskulandsins færi á að kynna formennskuáætlunina í grófum drættum, auk þess sem málefnanefndir Norðurlandaráðs eigi kost á að funda nánar með einstökum fagráðherrum um áherslur formennskulandsins á afmarkaðri sviðum. Í áætluninni er hugtakið samþætting (integration) lykilorð og er lögð áhersla á samþættingu Norðurlanda á fjórum sviðum: aðlögun nýbúa að norrænum samfélögum; heföbundna norræna samvinnu og yfir-

standandi átak gegn landamærahindrunum; samræmingu á samskiptum við Eystrasaltsríkin; og samræmingu á stefnu Norðurlandanna í evrópsku samstarfi.

Andnor gerði sérstaklega grein fyrir áherslum á samþættingu innan landanna. Þar er átt við virka þátttöku og áhrif nýbúa á stjórnmál, efnahagslíf, félagsmál og menningu. Andnor lagði áherslu á að í nútímaþjóðfélögum geti fjölbreytileg menning og uppruni þegnanna verið skapandi kraftur. Að sögn Andnor er forsenda aðlögunar sú að fólk beri gagnkvæma virðingu fyrir mismunandi menningu svo framarlega sem ekki er vegið að lýðræðislegum gildum. Aðlögun nýbúa væri mikilvægt verkefni þar sem Norðurlandaþjóðirnar gætu lært af reynslu hver annarrar hvað móttöku nýbúa varðar. Bæði af mistökum sem gerð hefðu verið sem og því sem vel hefur tekist. Þar mætti til dæmis nefna hlutdeild og þátttöku nýbúakvenna í norrænum þjóðfélögum og hvernig norræn samfélög hefðu spornað gegn félagslegum aðskilnaði nýbúa í sérstökum íbúðarhverfum. Einnig ræddi Andnor um aðlögun nýbúa á vinnumarkaði og benti á að atvinna leiddi til aukinnar þátttöku í þjóðfélaginu almennt. Hún benti á að nýbúar byggju oft yfir verðmætri starfshæfni sem kæmi sér vel á Norðurlöndum þar sem meðalaldur almennings breyttist, eldra fólki fjölgaði hlutfallslega og skortur yrði á vinnuafli. Í umræðum eftir ræðu Andnor kvaddi Sigríður Jóhannesdóttir sér hljóðs og greindi frá Nordmål-ráðstefnu um tungumálakennslu nýbúabarna sem hún sótti. Þar voru m.a. kynnt forrit til tungumálakennslu með aðstoð tölvu og beindi Sigríður því til ráðherrans að Norræna ráðherranefndin kannaði hvernig nýta mætti nýjustu upplýsingatækni til tungumálakennslu og þar með hraðari aðlögunar nýbúa.

Umhverfisráðherra Svíþjóðar, Lena Sommestad, gerði því næst grein fyrir formennskuáherslum Svía á sviði samskipta við nærsvæði Norðurlanda, einkum Eystrasaltsríkin, auk stefnu í umhverfismálum. Sommestad sagði að í samræmi við heildræna stefnu Norðurlanda í umhverfismálum frá 2001 sem kynnt var í skýrslunni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd“ mundu Svíar m.a. leggja sérstaka áherslu á umhverfismál í samskiptum við Eystrasaltsríkin. Steingrímur J. Sigfússon tók til máls og sagðist í meginatriðum ánægður með stefnuna um sjálfbæra þróun en tók þó fram að hvað varðaði sjálfbæra nýtingu sjávarspendýra væri hann og sænski ráðherrann á öndverðum meiði. Varðandi nærsvæðasamstarf við Eystrasaltsríkin minnti Steingrímur á að við inngöngu ríkjanna í ESB mundi samþætting á milli vinnumarkaða þeirra og vinnumarkaða Norðurlanda aukast mjög. Greindi hann frá því að efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs hefði komið á fót vinnuhópi um vinnumarkaðssamstarf við Eystrasaltsríkin og vonaðist eftir góðu samstarfi við ráðherranefndina um þau mál. Að síðustu benti Steingrímur á að nærsvæði Norðurlanda væru ekki einungis fyrir botni Eystrasaltsins heldur einnig í vestri og ekki mætti gleyma að sinna samstarfi við þau.

5.2. Júnífundur Norðurlandaráðs í Villmanstrand.

Á sameiginlegum fundi Norðurlandaráðs í Villmanstrand var meginþemað nærsvæðasamstarf Norðurlanda til austurs, starf að umhverfismálum innan hinnar norðlægu víddar og staða umhverfismála í Norðvestur-Rússlandi. Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og núverandi bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans, gerði grein fyrir lánveitingum stofnunarinnar annars vegar til Eystrasaltsríkjanna og hins vegar til Norðvestur-Rússlands. Lán bankans til Eystrasaltsríkjanna hófust 1992 en hafa aukist mjög frá 1999 og nema nú 563 milljónum evra. Lán hafa einkum verið veitt til orkugeirans til að fjármagna umbreytingu frá mengandi orkuvinnslu til umhverfisvænni lausna. Auk þess hefur bankinn veitt lán til uppbyggingar á sviði samgöngumála. Sagði Jón að þótt lán hefðu að mestu verið veitt til verkefna á sviði umhverfismála væru líkur á að önnur svið sæktu á nú þegar Eystrasaltsríkin

væru að ganga í ESB og fyrirsjáanlegt er að samþætting vinnumarkaða þeirra og Norðurlanda muni aukast mjög. Nefndi Jón sérstaklega lagasetningu um fjármálamarkað og uppbyggingu fjármálaeftirlits sem mögulegt samstarfssvið í náinni framtíð þar sem Norðurlönd gætu aðstoðað Eystrasaltsríkin. Lán til Rússlands eru einnig mest á sviði umhverfismála og eru sum þeirra veitt til verkefna hinnar norðlægu víddar. Sorpeyðing í Kalíningrad, mengunarvarnir fyrir nikkelverksmiðju í Múrmansk eru dæmi um slík verkefni en líklegt er að lán til að bæta kjarnorkuöryggi og öryggi við vinnslu og geymslu geislavirks úrgangs aukist á næstu árum.

Berit Andnor, norrænn samstarfsráðherra Svíþjóðar, lagði áherslu á að allar fagráðherranefndirnar hefðu nú hver á sínu sviði mál á dagskrá sem varða samstarf Norðurlanda og Eystrasaltslandanna. Þar sem margir aðrir kæmu að samstarfi á svæði hinnar norðlægu víddar, svo sem Barentsráðið, Eystrasaltsráðstefnan og Norðurskautsráðið, væri einkar mikilvægt að þessir aðilar hefðu samráð um verkefni og verkaskiptingu til að fara betur með takmörkuð fjárráð og forðast tvíverknað. Þetta hefði verið sérstök áhersla Norrænu ráðherranefndarinnar í hugmyndaframlagi sínu til ESB vegna framkvæmdaáætlunar hinnar norðlægu víddar 2003–2006 en ráðherranefndin er nú opinber samstarfsaðili ESB um stefnuna.

Harro Pitkänen, framkvæmdastjóri NEFCO, Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins, greindi frá starfsemi félagsins á nærsvæðunum en meginmarkmið þess er að stuðla að umhverfisbótum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO kemur að verkefnum með því að leggja til fjármagn í formi lána eða hlutafjár í lítil eða meðalstór fyrirtæki. Verkefni sem NEFCO hefur stutt á nærsvæðunum hafa einkum verið á sviði orkumála og til að tryggja gæði neysluvatns. NEFCO fjármagnar að hámarki 25% af kostnaði einstakra verkefna sem félagið vinnur á eigin vegum eða innan svæðisbundinna samstarfsáætlana eins og hinnar norðlægu víddar, Eystrasaltsráðsins o.s.frv. Pitkänen lagði áherslu á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og kynnti útreikninga þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að tíu sinnum ódýrara væri að taka á umhverfisvanda þar sem rótin lægi í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gerðu vart við sig á Norðurlöndum.

Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, ræddi örar breytingar og framþróun í Eystrasaltsríkjunum og taldi að brátt yrði hætt að líta á svæðið sem nærsvæði sem þyrfti aðstoð, heldur yrðu ríkin samstarfsaðilar Norðurlanda á jafnréttisgrundvelli. Því næst gaf hann stutt yfirlit um norðlægu víddina í norrænu samhengi. Hin norðlæga vídd er stefnurammi ESB um svæðasamstarf á nyrstu landamærum sambandsins. Stefnan tekur til Eystrasaltsins, norðurheimskautssvæðisins og Norðvestur-Rússlands og hefur markmiðið verið að auka samstarf ESB og umsóknarlandanna á svæðinu auk Rússlands. Stefnan tekur tillit til sérstakra svæðisbundinna aðstæðna svo sem hins kalda loftslags, strjálbýlis á stórum landsvæðum, mikils munar á lífsgæðum o.s.frv. Markmið stefnunnar er að tryggja stöðugleika og öryggi á svæðinu og taka sérstaklega á hvers kyns umhverfisvá. Fyrsta framkvæmdaáætlun hinnar norðlægu víddar 2000–2003 var stefnurammi ESB sem leitaðist við að skilgreina markmið og samræma framkvæmdir margra gerenda innan svæðisins. Þegar önnur framkvæmdaáætlun hinnar norðlægu víddar sem gilda á 2004–2006 var í vinnslu var samstarfsaðilum boðið að senda inn tillögur. Norræna ráðherranefndin sendi framkvæmdastjórn ESB skýrslu í mars 2003 og forsætisnefnd Norðurlandaráðs lýsti síðar stuðningi sínum við það framlag þar sem sérstök áhersla er lögð á samráð og skýra verkaskiptingu. Breytingin frá fyrri framkvæmdaáætlun er stærst sú að nú snýst stefnan fyrst og fremst um samstarf við Norðvestur-Rússland enda ganga Eystrasaltsríkin í ESB 1. maí 2004.

Auk þess eru Kalíningrad og norðurskautssvæðið tilgreind sem áherslusvæði í áætluninni. Hvað varðar áherslu Norrænu ráðherranefndarinnar á skýra verkaskiptingu þá kvað Unckel

það ljóst að sérþekking ráðherranefndarinnar væri mest á sviði umhverfismála og að kröftum yrði beint að starfi á því sviði þótt einnig verði starfað á öðrum sviðum áætlunarinnar.

Að loknu erindi Unckels var nokkur umræða um fjármögnun norðlægu víddarinnar og kom fram að það eru ýmsum nokkur vonbrigði að ekki stendur til að söðla um og veita sérstaka fjárveitingu í fjárlögum ESB til hinnar norðlægu víddar við gildistöku nýrrar framkvæmdaáætlunar heldur munu verkefni á hennar vegum áfram sækja styrki til sjóða sambandsins eins og Tacis, Phare og Interreg.

6. Fjórði sameiginlegi fundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins.

Norðurlandaráð og Eystrasaltsþingið héldu fjórða sameiginlega fund sinn í Lundi 27.–29. apríl. Fyrri fundir voru haldnir í Vilnius árið 1996, Helsinki árið 1999 og Riga árið 2001. Hefð hefur komist á að halda sameiginlega fundi annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndum eða í Eystrasaltsríkjunum. Meginþemu fundarins í Lundi voru barátta gegn skipulagðri glæpastarfsemi, friðargæsla og öryggismál, og byggðastefna ESB. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður, Sigríður A. Þórðardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir, auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Alþjóðlegir skipulagðir glæpir á Eystrasaltssvæðinu, svo sem mansal, verslun með eiturlyf og peningaþvætti, eru ógn gegn lýðræðinu og hinu opna samfélagi og því ber að berjast gegn þeim með öllum tiltækum ráðum. Lene Espersen, dómsmálaráðherra Dana, hafði framsögu í umræðunni um skipulagða glæpastarfsemi og ræddi um hið nána lögreglusamstarf Norðurlanda og hvernig þau hafa sameinast um að senda lögreglumenn til Eystrasaltsríkjanna sem tengiliði við þarlend lögregluyfirvöld. Hún nefndi einnig dæmi um tvíhliða samstarf lögregluyfirvalda í Eystrasaltsríkjunum og Danmörku við rannsókn brotamála. Espersen sagði sölu kvenna og barna til vændis einhverja ógeðfelldustu birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi á Eystrasaltssvæðinu og gerði grein fyrir því að dönsk lögregla hefur gert baráttuna gegn mansali að forgangsmáli. Danska þingið hefur nýlega samþykkt viðauka við hegningarlögin um mansal og er þar farið eftir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mansal og rammasamþykkt ESB um sömu mál. Í desember 2002 lagði danska stjórnin, fyrst norrænna ríkisstjórna, fram sérstaka framkvæmdaáætlun gegn mansali sem felur í sér fyrirbyggjandi starf og ýmsar aðgerðir sem beinast að því að hjálpa fórnarlömbunum.

Maris Gulbis, innanríkisráðherra Lettlands, flutti einnig framsöguræðu og gerði grein fyrir umbótum innan lögreglunnar í Lettlandi en spillingarhneyksli höfðu dregið úr tiltrú almennings á hana. Hann gerði jafnframt grein fyrir vaxandi eiturlyfjaneyslu og fjölgun glæpa í landinu og varaði við því að við opnun landamæra eftir inngönguna í ESB væri líklegt að glæpahringir mundu reyna að nýta ný tækifæri. Þó væri inngangan í ESB mikilvægt skref í baráttunni gegn glæpastarfsemi til lengri tíma því að hún mundi stuðla að efnahagslegum framförum sem draga úr atvinnuleysi, efla menntakerfið og draga úr spillingu en félagsleg vandamál sem þessi mynda þann jarðveg sem glæpastarfsemin sprettur úr.

Sigríður A. Þórðardóttir tók þátt í umræðunni og lagði áherslu á að alþjóðleg samvinna væri lykillinn að árangri í baráttunni við skipulagða glæpastarfsemi. Í því sambandi væri mikilvægt að ríkisstjórnir ynnu að samræmingu hegningarlöggjafar og einfölduðu lögreglusamvinnu á milli landa. Nefndi Sigríður sérstaklega lögreglusamstarfið innan Schengen sem Eystrasaltsþjóðirnar verða aðilar að við inngöngu í ESB 1. maí 2004. Í ljósi reynslunnar, sem sýnir að opnum landamærum fylgja aukin umsvif glæpasamtaka milli landa, var Schengenkerfið hannað með það fyrir augum að styrkja samvinnu lögreglu og tollvörslu aðildarlandanna um leið og kerfið greiddi fyrir frjálsu flæði fólks. Þau upplýsingakerfi og stofnanir sem komið hefur verið á fót í Schengenkerfinu hafa stórbætt samstarfsmöguleika lögreglu

á þessu sviði en þó lagði Sigríður áherslu á það að samhliða því yrðu löndin við Eystrasalt að efla löggæslu heima fyrir til þess að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Rannveig Guðmundsdóttir flutti eina af framsöguræðunum um friðargæslu og öryggismál. Hún lagði áherslu á að í hinu breytta öryggisumhverfi sem þróast hefur eftir lok kalda stríðsins duga hefðbundnar aðferðir eins og fælingar- eða einangrunarstefna skammt til að tryggja friðinn. Nýjar ógnir sem geta stuðlað að óstöðugleika eða jafnvel falli ríkja spanna allt frá náttúruhamförum til hryðjuverka og borgarastríðs og því þarf nýjar lausnir til. Norðurlönd hafa verið í fararbroddi við að þróa aðgerðir til að fyrirbyggja átök, borgaralega jafnt sem hernaðarlega friðargæslu, uppbyggingarstarf og friðarumleitanir á átakasvæðum. Norðurlönd hafa gott orðspor í alþjóðasamfélaginu sem óháður aðili sem getur komið að átökum stríðandi fylkinga án þess að vera tortryggð fyrir að gæta einhverra sérhagsmuna. Norðurlandaráð samþykkti árið 2001 tilmæli til norrænu ríkisstjórnanna um að auka formlegt samstarf á sviði borgaralegrar friðargæslu og aðgerða til að fyrirbyggja átök. Tók Rannveig dæmi um friðarferlið á Sri Lanka þar sem Norðmenn leiða samningaviðræður stríðandi aðila en sérstök friðargæslusveit sem öll Norðurlöndin taka þátt í fylgist með framkvæmd friðarsamninganna. Rannveig ræddi enn fremur samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði borgaralegs öryggis en það felur m.a. í sér björgunarsamstarf og viðbúnað vegna stórslysa í Eystrasaltinu og stórar æfingar eins og Nordic Peace og Barents Peace sem beinast að friðargæslu og björgunarstarfi.

Í umræðu um Evrópumál lýsti Berit Andnor, norrænn samstarfsráðherra Svíþjóðar, væntingum sínum um aukið samstarf á milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna eftir að þau síðarnefndu ganga í ESB 1. maí 2004. Náið samstarf síðasta áratuginn og lega ríkjanna hefur leitt til þess að þjóðirnar við Eystrasaltið hafa svipaða sýn í mörgum málaflokkum ESB. Með samráði og samstöðu ættu Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hægara með að ná fram sameiginlegum hagsmunamálum á vettvangi ESB. Minntist Andnor sérstaklega á hina norðlægu vídd, stefnuramma ESB gagnvart grannsvæðum í norðri, og skýrði frá þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar hinnar norðlægu víddar sem á að gilda 2004–2006. Þar færu hagsmunir Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna saman en í drögunum að hinni nýju framkvæmdaáætlun er aðaláhersla lögð á samstarfsverkefni við Norðvestur-Rússland með það að markmiði að tryggja stöðugleika og öryggi á svæðinu og taka sérstaklega á hvers kyns umhverfisvá.

Nokkur umræða skapaðist um byggðastefnu og þróunarsjóði ESB og hvernig styrkjum verður veitt úr sjóðunum eftir stækkun sambandsins. Danski þingmaðurinn Ole Stavad hélt því fram að enn væri þörf á byggðastyrkjum á Norðurlöndum, en löndin yrðu í framtíðinni að veita hana sjálf. Óviðeigandi væri að Norðurlönd hlytu áfram styrki frá ESB því að mikilvægara væri að standa saman um það á Norðurlöndum að styrkja uppbyggingu í nýjum aðildarríkjum. Í áframhaldandi umræðu um vanþróuð svæði tók Sigríður Jóhannesdóttir til máls og lagði áherslu á að styrkja grasrótarstarf utan hins hefðbundna opinbera starfs. Norðurlönd ættu að koma á sambandi við frjáls félagasamtök á illa stæðum svæðum í Rússlandi og styrkja þau til góðra verka. Þetta mætti t.d. gera í Kalíningrad.

Í lokayfirlýsingu fundarins í Lundi segir að stækkun Evrópusambandsins muni leiða til nýrra samstarfsmöguleika í Evrópu. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafi mikilvægu hlutverki að gegna í Norður-Evrópu og saman geti þau verið málsvari smáríkja í Evrópusambandinu. Samstarf ríkjanna átta geti líka verið drifkraftur fyrir annað svæðasamstarf innan Evrópusambandsins. Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á að ríkin taki höndum saman í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, spillingu og verslun með konur og börn til að tryggja áframhaldandi lýðræðisþróun og velferð. Umhverfisvernd, einkum verndun Eystrasaltsins, og

viðbrögð við neyðarástandi og hryðjuverkum eru einnig verkefni sem setja verður í forgang í samstarfi ríkjanna. Jafnframt er kveðið á um að ríkin vinni saman innan hinnar norrænu víddar í Evrópusambandinu til að auka áhrif smáríkja.

7. 55. þing Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð hélt sitt 55. þing í Ósló dagana 27.–29. október. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Jónína Bjartmarz formaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Við upphaf almennra umræðna eftir þingsetningu 27. október kynnti Davíð Oddsson forsætisráðherra formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, „Auðlindir Norðurlanda – Lýðræði, menning, náttúra". Steingrímur J. Sigfússon veitti andsvar við ræðu forsætisráðherra og hvatti til þess að Ísland tæki umsókn Færeyinga um sjálfstæða aðild Færeyja að Norðurlandaráði upp á sína arma og leitaði farsællar lausnar á málinu. Forsætisráðherra svaraði því til að málefni Færeyja bæri að leysa á vettvangi landanna tveggja, Færeyja og Danmerkur, og að hann teldi ekki jákvætt fyrir þróun málsins að aðrar þjóðir blönduðu sér í það á þessu stigi. Síðar í hinum almennu umræðum hélt Steingrímur ræðu og sagði að vegna þeirrar afstöðu Dana að sjálfstæð aðild Færeyja að Norðurlandaráði samræmdist ekki þjóðréttarlegri stöðu þeirra samkvæmt dönsku stjórnarskránni mætti hugsa sér tvær lausnir á málinu. Annars vegar kæmi til greina breyting á stjórnarskránni en slíkt væri tímafrekt verk og vandasamt sem gæti tafið málið um of. Hinn kosturinn væri að breyta Helsinkisáttmálanum frá 1962, grunnsamningi norræns samstarfs, þannig að hægt væri að koma til móts við óskir Færeyinga án þess að það bryti í bága við dönsku stjórnarskrána.

Sigríður A. Þórðardóttir tók einnig þátt í almennum umræðum og fagnaði ákvörðun norrænu forsætisráðherranna um að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að Norræna fjárfestingarbankanum. Minnti Sigríður á það að hugmynd þess efnis hefði fyrst komið fram í skýrslu vísramannahópsins sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2000. Það var um sama leyti og flokkahópur hægrimanna innan Norðurlandaráðs lagði fram tillögu um að Eystrasaltsríkjunum yrði boðin aðild að Norðurlandaráði. Sú tillaga hlaut ekki brautargengi en Sigríður sagði það sérlega gleðilegt að styrkja samstarfið við Eystrasaltsríkin nú með því að bjóða þeim aðild að Norræna fjárfestingarbankanum á jafnréttisgrundvelli. Það væri rökrétt í ljósi óska Norðurlanda um aukið samstarf við Eystrasaltsríkin í Evrópumálum eftir að þau verða orðin aðilar að ESB 1. maí 2004.

Málefni sem varða landamærahindranir á Norðurlöndum voru í brennidepli á þinginu og annan dag þingsins, 28. október, var sérstök umræða um þau. Landamæralaus Norðurlönd komust á dagskrá árið 2002 með rannsókn Ole Norrbacks á réttarstöðu Norðurlandabúa þegar þeir flytjast á milli Norðurlanda en Norræna ráðherranefndin bað um rannsóknina. Alls búa um 300.000 Norðurlandabúar annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Rannsókn Norrbacks sýndi að stórum landamærahindrunum hefur enn ekki verið rutt úr vegi. Dæmi um þetta eru skattavandamál fólks sem sækir vinnu sína yfir landamæri, sköttun lífeyrisgreiðslna sem greiddar eru yfir landamæri, tregða við að viðurkenna gagnkvæm starfsréttindi o.fl. Norræna ráðherranefndin réð Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, til að hafa umsjón með starfi til afnáms þessara hindrana á árinu 2003. Flutti Schlüter skýrslu sína á þinginu og greindi frá árangri sem náðst hefði m.a. varðandi tollamál, gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, viðurkenningu á íslenskri nafnahefð í Svíþjóð og nánara samstarf þjóðskráa Norðurlanda sem tryggir að þeir sem flytjast á milli landanna fá nýja kennitölu eins fljótt og unnt er. Í umræðunum sem á eftir fylgdu kom fram að enn er mikið verk óunnið

við að ryðja landamærahindrunum úr vegi og að Schlüter mun halda áfram starfi sínu í formennskutíð Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2004.

Málefni Vestur-Norðurlanda voru einnig í brennidepli á þinginu og var sérstök umræða um þau. Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, hóf umræðuna og kynnti skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi. Í skýrslunni er m.a. mikil áhersla lögð á grannsvæðastefnu Norðurlanda til vesturs sem felur í sér samstarf við ey- og strandríki við norðanvert Atlantshaf um umhverfi hafsins og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Jónína Bjartmarz tók þátt í umræðunni sem talsmaður flokkahóps miðjumanna og benti á að gríðarlegur landfræðilegur munur væri á Norðurlöndum frá ísbreiðum Grænlands til hveitiakra Danmerkur og að það væri fyrst og síðast samkennd sem væri grundvöllur norræns samstarfs. Í þessari samkennd fælist að þjóðirnar viðurkenndu þennan mikla mun og byggðu þrátt fyrir hann upp samstarf á ólíkum sviðum. Jónína þakkaði ráðherranefndinni fyrir skýrsluna og fagnaði sérstaklega hugmyndum um grannsvæðastefnu í vestur um umhverfi hafsins. Umhverfismál í hafi væru óháð landamærum og því væri það sérstakt hagsmunamál allra landa við Norður-Atlantshaf sem nýta auðlindir hafsins að eiga samstarf til að tryggja að hægt sé að stunda þá nýtingu áfram á sjálfbæran hátt. Sigríður A. Þórðardóttir, talsmaður flokkahóps hægrimanna, tók undir mikilvægi þess að ráðherranefndin beini sjónum sínum að Vestur-Norðurlöndum og að áhersla yrði lögð á samvinnu um umhverfi hafsins og nýtingu auðlinda þess. Sigríður lýsti jafnframt vonbrigðum sínum með skilningsleysi norrænna vinaþjóða gagnvart hvalveiðum Vestur-Norðurlanda þrátt fyrir að þær færu fram á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Steingrímur J. Sigfússon mælti fyrir flokkahóp vinstrisósíalista og grænna og lýsti sig ánægðan með skýrsluna og hve málefni Vestur-Norðurlanda verða ofarlega á baugi í formennskutíð Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Steingrímur nefndi sérstaklega hugmyndir um heildstæða úttekt á samgöngumálum Vestur-Norðurlanda sem taki jafnt til flug- og skipasamgangna og hvatti til þess að slík úttekt yrði gerð. Þá sagði Steingrímur aukið vægi Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi geta verið brú til aukins sjálfstæðis fyrir Grænland og Færeyjar. Rannveig Guðmundsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í þingmannanefnd um norðurskautsmál, tók einnig þátt í umræðunni og minnti á að það er mikil tenging á milli málefna norðurskautsins og Vestur-Norðurlanda, sérstaklega í umhverfismálum. Loftslagsbreytingar væru mun hraðari á norðurskautssvæðinu en annars staðar í heiminum og segja mætti að breytingar þar gæfu vísbendingar um það við hverju mætti búast á öðrum svæðum á næstu áratugum. Þetta gæfi einstaka möguleika til þess að rannsaka og spá fyrir um þróun loftslagsbreytinga.

Í umræðum um vinnumarkaðsmál kvaddi Steingrímur J. Sigfússon sér hljóðs og ræddi viðhorf flokkahóps vinstrisósíalista og grænna til vinnumarkaðssamstarfs við Eystrasaltsríkin en flokkahópurinn hafði frumkvæði að því að vinnuhópur var stofnaður til að fjalla um málið innan efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs. Sagði Steingrímur að flokkahópurinn teldi það sérlega mikilvægt hlutverk Norðurlanda að aðstoða Eystrasaltslöndin við það að byggja upp, þróa og skipuleggja vinnumarkaði sína. Að sjálfsögðu yrði slíkt samstarf að fara fram á þeim forsendum sem Eystrasaltsríkin teldu heillavænlegust. Ef ríkin telja að hið þróaða norræna líkan þar sem jafnræði ríkir með aðilum vinnumarkaðarins sé eftirsóknarvert beri að styðja verkefni og framkvæmdaáætlanir í þá veru. Í því sambandi væri einkum fýsilegt að styðja samtök aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum til að koma á samstarfi og samstarfsverkefnum með systursamtökum sínum í Eystrasaltslöndunum.

Sérstök umræða var um vændi og mansal enda lágu þrjár tillögur þar að lútandi fyrir þinginu. Var nokkuð tekist á um það hvort Norðurlönd ættu samleið í baráttunni gegn vændi

og hvöttu sænskir þingmenn til þess að fleiri þjóðir tækju upp hina svokölluðu „sænsku leið“ og gerðu vændiskaup refsiverð. Jónína Bjartmarz tók þátt í umræðunni og sagði að á liðnum árum hefði framboðið á ungum konum og börnum sem seld væru mansali frá Austur-Evrópu til kynlífsþrælkunar á Vesturlöndum aukist stórlega. Norðurlönd væru í fararbroddi í heiminum í jafnréttis- og velferðarmálum og því væri það skylda Norðurlanda að fara fyrir í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn þessu meini. Sagðist Jónína styðja „sænsku leiðina“ í baráttunni gegn vændi og vonast til að aukin samstaða næðist um hana í náinni framtíð. Að lokum upplýsti Jónína þingið um það að lagafrumvarp byggt á „sænsku leiðinni“ hefði verið lagt fram á Alþingi.

Í umræðum um heilbrigðismál var lögð fram tillaga velferðarnefndar Norðurlandaráðs um aðgerðir gegn misnotkun áfengis og ólöglegra vímuefna. Drífa Hjartardóttir kvaddi sér hljóðs og sagði greinilega kosti við að vinna sameiginlega gegn vímuefnum og skiptast á upplýsingum milli landanna um vænlegar leiðir í baráttunni við vandann. Þegar fíkniefni eru annars vegar væri enn fremur mjög mikilvægt að einblína ekki um of á þéttbýli eins og fjölmiðlar hafa tilhneigingu til, væntanlega vegna fleiri sýnilegra misnotenda og alvarlegri ofbeldisverka. Mikilvægt væri að muna eftir landsbyggðinni og skiptast ekki síður á upplýsingum um tilraunaverkefni gegn fíkniefnum sem gefa góða raun í smærri bæjum.

Þriðji og síðasti þingdagur, 29. október, hófst á utanríkismálaumræðu þar sem utanríkisráðherrar Norðurlanda fluttu skýrslur sínar. Í þeirri umræðu var Rannveig Guðmundsdóttir talsmaður forsætisnefndar Norðurlandaráðs um friðargæslu og aðgerðir til að fyrirbyggja átök. Rannveig lagði áherslu á að í kjölfar ófriðar væru samfélög manna sundruð og að átök síðasta árs sýndu fram á mikilvægi friðargæslu og borgaralegs uppbyggingarstarfs. Rannveig vísaði til skýrslu Norðurlandaráðs um þessi mál og tilmæla 30/2001 til ráðherranefndarinnar um að efla norrænt samstarf á sviði borgaralegrar friðargæslu og um aðgerðir til að fyrirbyggja átök. Þakkaði Rannveig góð viðbrögð ríkisstjórnanna við tilmælum ráðsins og lagði jafnframt áherslu á að á átakasvæðum kæmist varanlegur friður ekki á nema með öflugri borgaralegri uppbyggingarstarfsemi og í því starfi gætu Norðurlönd verið öðrum fyrirmynd.

Steingrímur J. Sigfússon tók einnig þátt í utanríkismálaumræðunni og lýsti þeirri skoðun flokkahóps vinstrisósíalista og grænna að hernaðaríhlutanir væru neyðarúrræði til að gera út um alþjóðleg deilumál og slíkar íhlutanir ættu aldrei að fara fram á skjön við alþjóðalög eða stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Kvað Steingrímur það mikil vonbrigði að tvö norræn lönd, Danmörk og Ísland, sem hingað til hefðu stutt Sameinuðu þjóðirnar dyggilega, hefðu leiðst út í að styðja einleik Bandaríkjanna og Bretlands í Írak í trássi við alþjóðasamfélagið. Þá lýsti Steingrímur andstöðu við uppbyggingu aðskilnaðarmúrs Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum og óttaðist að bygging múrsins gæti aukið ófrið á svæðinu fremur en hitt.

Jónína Bjartmarz gerði stöðu kvenna og barna á átakasvæðum að umræðuefni í sinni ræðu og minnti á að eins konar vakning hefði átt sér stað varðandi neyð kvenna og barna eftir þjóðarmorð, þjóðernishreinsanir, skipulegar nauðganir og annan hrylling sem átti sér stað á Balkanskaganum á síðasta áratug. Vitnaði Jónína til skýrslu Elisabet Rehn og Ellen Johnson Sirleaf, „Konur, stríð og friður“, sem tekin var saman að frumkvæði UNIFEM. Þar er dregin upp dökk mynd af aðstæðum kvenna og barna á átakasvæðum og því hroðalega ofbeldi sem þau þurfa að þola. Jónína benti á að Norðurlönd stæðu framarlega í friðargæslustörfum auk þess sem þau væru sá heimshluti sem lengst væri kominn í jafnréttismálum. Af þessum sökum hefðu Norðurlönd líklega betri forsendur en nokkur önnur ríki til að setja verndun og málefni kvenna og barna á oddinn í sínu friðargæslustarfi. Hvatti Jónína til þess að það yrði gert og lagði jafnframt áherslu á að Norðurlönd tækju forustu um að auka hlut kvenna í sveitum friðargæsluliða.

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda var tekin til sérstakrar umræðu á þinginu. Sigurður Kári Kristjánsson tók til máls og taldi að ósamræmi væri í því að Norðurlönd berðu sér á brjóst og teldu sig í fararbroddi hvað varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda en um leið virtust sum löndin vera á móti sjálfbærri nýtingu sjávarspendýra. Sigurður sagði vandamálin varðandi hvalveiðar flókin en ef reynt væri að einfalda málið eins og frekast er unnt þá stæði eftir spurningin um það hvort ekki ættu að gilda sömu reglur um nýtingu auðlinda sjávar og um nýtingu annarra auðlinda. Fyrir þjóðir sem væru háðar nýtingu sjávarauðlinda væri það óþolandi að aðrar kröfur væru gerðar til veiða í hafi en veiða á landi. Í báðum tilfellum hlyti grundvallarreglan að vera sú að maðurinn hefði rétt til nýtingar á villtum dýrastofnum svo lengi sem það væri gert á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þetta hlyti að vera grunnkrafa gagnvart öllum veiðum hvort sem um væri að ræða hvalveiðar í Norður-Atlantshafi eða veiðar á elg og dádýrum á landi í Skandinavíu.

Í menningarmálaumræðu þingsins mælti Ásta R. Jóhannesdóttir sem talsmaður menningar- og menntamálanefndar fyrir tillögu um að stofna kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Sagði Ásta hin nýju verðlaun falla vel að og styrkja þau menningarverðlaun sem fyrir eru á sviði bókmennta og tónlistar og kvað tímabært að bæta kvikmyndamiðlinum við enda óumdeilt að Norðurlönd stæðu mjög framarlega í kvikmyndagerð. Innan Norðurlanda mundu verðlaunin vekja athygli á norrænum kvikmyndum og norrænni menningu almennt auk þess sem þeim væri ætlað að styrkja stöðu norrænna kvikmynda á heimamörkuðum. Mikilvægast væri að kvikmyndir eru helsti afþreyingarmiðill ungs fólks og gætu aukið áhuga nýrra kynslóða á bræðraþjóðum og norrænni menningu. Utan Norðurlanda vektu hin nýju verðlaun athygli á norrænum kvikmyndum og norrænni menningu og gætu orðið til þess að auðvelda dreifingu norrænna kvikmynda á alþjóðamarkaði.

Við þinglok miðvikudaginn 29. október fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta og varaforseta Norðurlandaráðs. Sama dag hafði ráðið samþykkt tillögu um að koma á embætti varaforseta Norðurlandaráðs í tvö ár í tilraunaskyni en að þeim tíma loknum yrði metið hvort fyrirkomulag með forseta og varaforseta þyki vænlegt til framtíðar. Varaforseti skal vera frá sama landi og forsetinn og leysa hann af þegar forseti getur ekki gegnt störfum sínum. Er þar einkum horft til ráðstefnu- og fundarsóknar hjá alþjóðastofnunum en mjög hefur færst í vöxt að forseti komi fram fyrir hönd ráðsins við slík tækifæri. Forseti var kjörinn sænski þingmaðurinn Gabriel Romanus sem er í flokkahópi miðjumanna og varaforseti Anita Johansson úr flokkahópi jafnaðarmanna. Eftir kosningarnar er nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz halda sætum sínu í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd situr Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Sigríður A. Þórðardóttir situr í velferðarnefnd. Sigurður Kári Kristjánsson situr í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sem varaformaður en auk þess á Ásta R. Jóhannesdóttir sæti í nefndinni. Sigurður Kári er jafnframt í eftirlitsnefnd.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið í Stokkhólmi 1.–3. nóvember 2004.

Alþingi, 23. febr. 2004.

Jónína Bjartmarz, form.	Drífa Hjartardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 55. þingi Norðurlandaráðs (Ósló 27.–29. október 2003).

1. Tilmæli nr. 1/2003, um vísindaráðgjöf við ákvörðun fiskikvóta (A 1301/miljö).
2. Tilmæli nr. 2/2003, um stuðning við hafrannsóknastofnanir á Norðurlöndum (A 1301/miljö).
3. Tilmæli nr. 3/2003, um viðskiptatengslanet (A 1318/n).
4. Tilmæli nr. 4/2003, um afsláttarkjör fyrir ungmenni og námsmenn (A 1325/k).
5. Tilmæli nr. 5/2003, um lífeyri og örorkubætur (A 1335/v).
6. Tilmæli nr. 6/2003, um norrænan samráðsvettvang fyrir húsgagnaiðnaðinn (A 1316/n).
7. Tilmæli nr. 7/2003, um eftirfylgni við norrænan sáttmála um framsækin smáfyrirtæki, frumkvöðla og sjálfstæða uppfinningamenn (A 1322/n).
8. Tilmæli nr. 8/2003, um vinnumarkaðsráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (A 1332/n).
9. Tilmæli nr. 9/2003, um aðgerðir gegn vændi og verslun með konur (A 1317/m).
10. Tilmæli nr. 10/2003, um fyrirbyggjandi aðgerðir og úttekt á aðgerðum gegn vændi og verslun með konur (A 1317/m).
11. Tilmæli nr. 11/2003, um dreifingu kvikmyndarinnar „Lilja 4-ever“ í skóla á Norðurlöndum (A 1323/m).
12. Tilmæli nr. 12/2003, um dreifingu kvikmyndarinnar „Lilja 4-ever“ á grannsvæðum Norðurlanda (A 1323/m).
13. Tilmæli nr. 13/2003, um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sykursýki (A 1333/v).
14. Tilmæli nr. 14/2003, um aðgerðir gegn vímuefnum og áfengi (A 1334/v).
15. Tilmæli nr. 15/2003, um framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála 2005–2008 (A 1329/m).
16. Tilmæli nr. 16/2003, um notkun genabreytinga í landbúnaði (A 1330/miljö).
17. Tilmæli nr. 17/2003, um menntunar- og rannsóknarsvæði á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum (A 1328/k).
18. Tilmæli nr. 18/2003, um stuðningskerfi fyrir ungmenni í stjórnmálum á Norðurlöndum og Rússlandi (A 1319/m).
19. Tilmæli nr. 19/2003, um framkvæmdaáætlun fyrir samstarf við Norðvestur-Rússland (A 1327/v/m/miljö).
20. Tilmæli nr. 20/2003, um líffræðilegan fjölbreytileika (A 1297/miljö).
21. Tilmæli nr. 21/2003, um umhverfisvæna orkuframleiðslu og orkuneyslu (A 1298/miljö).
22. Tilmæli nr. 22/2003, um öryggi umhverfisins við skipasamgöngur í Eystrasaltinu (A 1309/miljö og A 1314/miljö).
23. Tilmæli nr. 23/2003, um stjórn á stofnum rándýra á Norðurlöndum (A 1331/miljö).
24. Tilmæli nr. 24/2003, um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs (A 1276/p).
25. Tilmæli nr. 25/2003, um íþróttir sem samþættandi afl á Norðurlöndum (A 1315/k).
26. Tilmæli nr. 26/2003, um tungumálastefnu (A 1321/k).
27. Tilmæli nr. 27/2003, um norræna upplestrarkeppni – vinnu með klassíska norræna rithöfunda á grunnskólastiginu (A 1326/k).
28. Tilmæli nr. 28/2003, um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2004 (B 219/p, C 2, C 1).

29. Ákvörðun um innri málefni nr. 1/2003, um skýrsluna „Breytingin frá þriggja stoða kerfi yfir í vinnu byggða á málefnanefndum“ (A 1337/kk).
30. Ákvörðun um innri málefni nr. 2/2003, um hlutverk Norðurlanda og norræns samstarfs í nýrri Evrópu (A 1294/p).
31. Ákvörðun um innri málefni nr. 3/2003, um varaforseta Norðurlandaráðs (A 1336/p).

1018. Frumvarp til laga [689. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 8. og 9. tölul., svohljóðandi:

8. *Veltuhraði:* Velta skráðra bréfa í einum eða fleiri flokkum hlutabréfa á skráðum markaði. Veltuhraði er fundinn þannig að fyrir hvern mánuð á 12 mánaða tímabili er reiknað hlutfall veltu með bréf félags í viðkomandi mánuði og markaðsvirði þess í lok mánaðarins. Þetta hlutfall er síðan margfaldað með 12 til að finna veltuhraðann í viðkomandi mánuði á ársgrundvelli. Veltuhraði síðustu 12 mánaða er síðan fundinn með því að taka meðaltal þessa hlutfalls síðustu 12 mánuði.
9. *Skyldir aðilar:* Einstaklingur telst skyldur öðrum einstaklingi ef hann er maki hans eða barn. Lögaðili telst skyldur öðrum lögaðila ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum eða ef eigendur að minnsta kosti 30% hlutafjár í báðum eru hinir sömu eða skyldir aðilar.

2. gr.

Á eftir orðunum „enda hafi yfirtakan haft í för með sér að hann“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: einn eða ásamt skyldum aðilum.

3. gr.

Á eftir 33. gr. laganna bætist við ný grein, 33. gr. a, svohljóðandi:

Skilmálar tilboðs um yfirtöku á félagi með takmarkaðan veltuhraða.

Nú myndast skylda til að gera yfirtökutilboð skv. 32. gr. í félagi þar sem veltuhraði skráðra hlutabréfa síðustu 12 mánuði áður en skyldan myndast er innan við 50% og skal verð sem setja skal fram í yfirtökutilboði skv. 32. gr. þá ákvarðað af þremur dómkvöddum matsmönnum.

Við mat á verði hlutabréfa skv. 1. mgr. skulu matsmenn gæta hlutleysis og m.a. leita álits stjórnar hlutafélagsins sem boðin er yfirtaka í og taka mið af verði skráðra bréfa í félaginu á markaði og, ef mögulegt er, verði skráðra bréfa sambærilegra félaga þar sem veltuhraði er yfir 50% á sama 12 mánaða tímabili og miðað er við skv. 1. mgr.

Tilboðsgjafi greiðir kostnað við vinnu dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í því markmiði að bæta löggjöfina sem mótar íslenskt viðskiptalíf með tilliti til hagsmuna smærri fjárfesta.

Breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. laga nr. 33/2003 tengjast beint öðrum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Flutningsmenn leggja til að bætt verði inn skilgreiningu á hverjir teljist skyldir aðilar og skylt verði að taka tillit til tengsla aðila við ákvörðun á því hvort myndast hefur skylda til að gera yfirtökutilboð skv. VI. kafla laganna. Lagt er til að hugtakinu „skyldir aðilar“ verði bætt við 2. gr. laganna og það skilgreint þannig að maki og börn verði taldin skyld viðkomandi einstaklingi. Flutningsmönnum þykir ekki rétt að ganga lengra en það. Þá er lagt til að tveir lögaðilar verði taldir skyldir ef eigendur 30% hlutafjár hið minnsta eru hinir sömu eða ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum. Á síðustu árum hefur komið í ljós að reglur laganna um yfirtökutilboð geta misst marks sökum þess að eignarhaldi sé dreift á tvo eða fleiri einstaklinga og lögaðila sem tengdir eru innbyrðis. Hægt hefur verið að nýta sér orðalag núgildandi reglna og koma sér hjá yfirtökutilboðsskyldu með því að skipta eignarhaldi niður á fleiri aðila. Flutningsmenn telja að við þessu verði að bregðast. Með frumvarpinu er lagt til að eignarhald skyldra aðila verði lagt að jöfnu í skilningi yfirtökureglna. Með því móti er komið í veg fyrir að stærri hluthafar víki sér undan þeim skyldum sem yfirtökureglur laganna leggja þeim á herðar.

Í félögum þar sem takmörkuð velta er á skráðum bréfum er sá möguleiki fyrir hendi að verð hlutabréfa í félaginu á ákveðnu tímabili fari undir verðmæti félagsins að teknu tilliti til ýmissa verðmæta sem liggja í félaginu, svo sem eigna, viðskiptavildar, þekkingar og réttinda. Þar sem velta bréfa á markaði hefur verið takmörkuð eru líkur á að raunverulegt verðmæti félags endurspeglist ekki í því verði sem greitt hefur verið fyrir skráð bréf á markaði. Flutningsmönnum þykir því rétt að tryggt verði betur en nú er gert að verð sem boðið er í yfirtökutilboði sé nær raunvirði þess félags sem um ræðir. Í frumvarpinu er lagt til að þegar veltuhraði bréfa í félagi er takmarkaður verði það falið dómkvöddum matsmönnum að ákvarða hvaða verð skuli boðið í yfirtökutilboði að teknu tilliti til m.a. ákveðinna grunnþátta sem mælt er fyrir um í lögunum, svo sem álits stjórnar félagsins sem boðin er yfirtaka í og skráðs verðs bréfa í sambærilegum félögum.

Flutningsmenn leggja til að slíkt mat skuli fara fram þegar veltuhraði skráðra bréfa í félagi er innan við 50% síðustu 12 mánuðina áður en skylda til yfirtöku myndast. Með hugtakinu „veltuhraði“ og skilgreiningu þess í 1. gr. frumvarpsins er horft til þess sem á ensku er kallað „turnover velocity“.

Rétt þykir að tilboðsgjafi greiði kostnað við vinnu matsmanna.

Í frumvarpi þessu er miðað við að áfram verði öðrum en þeim sem er skylt að bjóða yfirtöku skv. 1. mgr. 32. gr. frjálst að bjóða yfirtöku á öðru verði en því sem ákvarðað er af matsnefnd eða dómkvöddum matsmönnum.

1019. Frumvarp til laga [690. mál]

um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Frá og með 1. júní 2004 skal jöfnun flutningskostnaðar á sementi afnumin og flutningsjöfnunarsjóður sements lagður niður. Þá skulu og falla úr gildi lög nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal annast uppgjör, frágang vegna skuldbindinga hans og önnur atriði, svo sem gerð ársreiknings, og skal þessu lokið fyrir 1. október 2004. Ríkissjóður ábyrgist uppgjör en verði afgangur af rekstri sjóðsins skal hann renna í ríkissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi tóku gildi 24. maí 1973. Lögin kváðu á um að jöfnun á flutningskostnaði sements skyldi framkvæmd þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila yrði hið sama á öllum verslunarstöðum sem jöfnunin náði til. Í samræmi við ákvæði laganna er flutningsjöfnunargjald lagt á allt sement sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Flutningsjöfnunargjald er þó ekki lagt á sement sem notað er til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum og greiðir flutningsjöfnunarsjóður ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota. Flutningsjöfnunargjaldið er ákveðið af viðskiptaráðuneyti fyrir allt að eitt ár í senn og er upphæð þess við það miðuð að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað á því sementi sem flytja þarf frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til.

Umfang flutningsjöfnunar sements er nokkuð mismunandi milli ára. Fastur rekstrarkostnaður flutningsjöfnunarsjóðs er á bilinu 4–5 milljónir króna á ári en önnur útgjöld hans fara eftir umsvifum byggingarframkvæmda. Á árunum 1998–2002 hafa útgjöld flutningsjöfnunarsjóðs verið eftirfarandi:

1998 157 millj. kr.
1999 160 millj. kr.
2000 188 millj. kr.
2001 219 millj. kr.
2002 156 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum flutningsjöfnunarsjóðs sements fór hlutfallslega stærstur hluti tekna sjóðsins miðað við innheimt gjöld sjóðsins í að jafna kostnað vegna flutning sements til Norðurlands eystra og Austurlands. Stærstur hluti tekna sjóðsins kom hins vegar af innheimtu flutningsjöfnunarsjóðsgjalda af sementi sem flutt var til Reykjavíkur og á Reykjanes eða tæpar 105 milljónir króna. Nánari upplýsingar um skiptingu inn- og útgreiðslna milli

landshluta úr flutningsjöfnunarsjóði sements fyrir árið 2002 er að finna í fylgiskjali I með frumvarpinu.

Í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1993, um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins, var mælt með að ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62/1973, yrðu tekin til endurskoðunar. Í ljósi þessa álits iðnaðarnefndar skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi og kanna hvort leggja bæri niður starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs sements, sem og flutningsjöfnunargjald á sement, en mæta flutningskostnaði á landsbyggðinni þess í stað með almennum aðgerðum. Í nefndina voru skipaðir: Jón Steindór Valdimarsson, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Snorri Björn Sigurðsson, tilnefndur af Byggðastofnun, og Pétur Örn Sverrisson, iðnaðarráðuneyti, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa flutningsjöfnunarsjóðs sements, Sementsverksmiðjunnar hf., Aalborg Portland Íslandi hf., Samtaka verslunar og þjónustu og BM Vallár ehf. Þá leitaði nefndin upplýsinga um byggingarkostnað hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Í áliti nefndarinnar kemur fram að frá því lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi voru sett hafi markaðsaðstæður og leikreglur á markaði gjörbreyst, hvort sem horft er til samkeppnisreglna eða viðhorfa til afskipta ríkisins af atvinnulífi. Þá hafi byggingaraðferðir, samgöngur og dreifileiðir gjörbreyst. Í starfi nefndarinnar kom fram að sementskostnaður er nú aðeins 2–3% af byggingarkostnaði steinsteyptra húsa. Annar kostnaður og önnur byggingarefni eru því um 97–98% kostnaðarins en flutningskostnaður vegna þeirra er ekki jafnaður. Þá telur nefndin að núverandi kerfi hafi leitt til hærra sementsverðs en ella þar sem það hafi í för með sér að flutningskostnaður sé hærri en vera þyrfti. Fyrirkomulagið leiði til þess að aðilar á markaði leiti ekki leiða til að auka hagkvæmni í flutningum. Afnám flutningsjöfnunar muni að öllum líkindum leiða til einhverrar lækkunar sementsverðs á suðvesturhorni landsins þar sem um 85% sements, sem ekki fer til stórframkvæmda, er notað. Jafnframt megi vænta einhverrar hækkunar á sementsverði á öðrum stöðum. Líkur bendi hins vegar til þess að hagræðing í flutningum og samkeppni á sementsmarkaði leiði til þess að hækkun sementsverðs á landsbyggðinni verði óveruleg. Telur nefndin lögin því úrelt og er sammála um að leggja til að starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs sements verði lögð niður og hætt verði sérstakri jöfnun flutningskostnaðar sements. Nefndin leggur til að ákvörðun um þetta verði tekin sem allra fyrst en jafnframt að starfseminni verði ekki hætt þegar í stað. Með því gefist aðilum á sementsmarkaði hæfilegt svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi niðurstöðu nefndarinnar. Í því er lagt til að jöfnun flutningskostnaðar á sementi verði afnumin, flutningsjöfnunarsjóður sements lagður niður og lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi felld úr gildi. Lagt er til að þetta eigi sér stað 1. júní 2004 svo aðilum gefist svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum. Þá er lagt til að stjórn sjóðsins verði falið að annast uppgjör og frágang vegna skuldbindinga hans en ríkissjóður ábyrgist uppgjör vegna hans og hugsanlegur afgangur af rekstri sjóðsins renni í ríkissjóð.

Fylgiskjal I.

Tillögur nefndar er falið var að endurskoða reglur um jöfnun flutningskostnaðar sements á grundvelli laga nr. 62/1973.
(Janúar 2004.)

1 Inngangur.

Í áliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp iðnaðarráðherra um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins á 128. löggjafarþingi, var mælt með því að ákvæði laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, nr. 62/1973, yrðu tekin til endurskoðunar.

Í ljósi þessa álits iðnaðarnefndar taldi iðnaðarráðherra rétt að taka lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi til endurskoðunar.

Iðnaðarráðherra skipaði eftirtalda í nefndina:

Pétur Örn Sverrisson, lögfræðingur, formaður, iðnaðarráðuneyti
Jón Steindór Valdimarsson, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins
Snorri Björn Sigurðsson, tilnefndur af Byggðastofnun.

Nefndin var skipuð í lok ágúst 2003. Nefndin hefur fengið á sinn fund Eyvind Grétar Gunnarsson formann flutningsjöfnunarsjóðs sements, Gunnar Þorsteinsson starfsmann sjóðsins, Gylfa Þórðarson framkvæmdastjóra Sementsverksmiðjunnar hf., Bjarna Ó. Halldórsson framkvæmdastjóra Aalborg Portland Ísland hf., Sigurð Jónsson framkvæmdastjóra SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu og Þorstein Víglundsson framkvæmdastjóra BM Vallár ehf.

Einnig var leitað upplýsinga hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um byggingarkostnað.

2 Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Lögin um jöfnun flutningskostnaðar á sementi eru að stofni til frá árinu 1973. Þegar lögin voru sett voru í gildi lög nr. 35 frá 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju, en Sementsverksmiðja ríkisins starfaði á grundvelli þeirra laga. Hinn 1. janúar 1994 yfirtók hlutafélagið Sementsverksmiðjan hf. Sementsverksmiðju ríkisins í samræmi við ákvæði laga nr. 28 frá 13. apríl 1993.

Þegar lög nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi voru sett, var einungis einn seljandi sements á markaðinum, þ.e. Sementsverksmiðja ríkisins.

Með setningu laga nr. 62/1973 var verið að bregðast við breyttu viðskiptaumhverfi sem skapaðist í kjölfar þess að Ísland varð aðili að EFTA. Fram að þeim tíma sá Sementsverksmiðja ríkisins landsmönnum fyrir sementi og var þess gætt við verðlagningu þess að jafna verðlag á landinu öllu. Sá því Sementsverksmiðjan um að jafna flutnings- og dreifingarkostnaði milli viðskiptavina sinna án þess að skylt væri samkvæmt lögum.

Í ræðu frummælanda, Lúðvíks Jósepssonar, er hann mælti fyrir frumvarpi því sem varð að lögum nr. 62/1973 segir að nauðsynlegt sé að jafna þann mun sem skapist við það að nýjum aðilum verði, eftir inngöngu Íslands í EFTA kleift að flytja inn sement. Í ræðu frummælandans segir: „*...þarf í raun að gera ráð fyrir að jafna þennan aðstöðumun, þannig að annað hvort verði allir, sem með sementssölu hafa að gera, eða þá enginn, háðir því að taka þátt í þessum flutningskostnaði og verðjöfnuninni á þessari vörutegund*“.

Ljóst er af þingskjölum að talið hefur verið við lagasetninguna að verð á sementi væri afgerandi þáttur í byggingarkostnaði og að flutningsjöfnun hefði veruleg áhrif til jöfnunar búsetuskilyrða í landinu.

Framkvæmd verðjöfnunar sements samkvæmt lögum nr. 62/1973 hefur verið með svipuðu sniði allt frá setningu laganna en gerðar hafa verið lagfæringar á kerfinu í samræmi við breytt viðskiptaumhverfi t.a.m. með setningu laga nr. 151/2000 er breyttu lögum nr. 62/1973 í kjölfar þess að nýr aðili hóf innflutning og sölu á sementi.

3 Framkvæmd og umfang flutningsjöfnunar.

Útfærsla flutningsjöfnunar sements er með þeim hætti að lagt er gjald á allt sement sem er framleitt hérlendis eða flutt til landsins. Fé það sem innheimtist er síðan notað til þess að jafna kostnað við flutning þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á öllum verslunarstöðum sem jöfnunin nær til skal vera hið sama í hverri sementstegund. Jöfnunin nær til tæplega 70 verslunarstaða og eru endurgreiðsluflokkar í samræmi við fjölda verslunarstaðanna. Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sements ákveður hve hátt gjald skal greitt á hvert innflutt eða framleitt tonn af sementi. Gjald er síðan lagt á í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar. Flutningsjöfnun á að vera miðuð við hagkvæmasta flutningsmáta hvort sem er á sjó eða landi.

Með sérlögum hafa stórframkvæmdir verið undanþegnar flutningsjöfnunargjaldi. Má í þessu sambandi nefna að samkvæmt lögum nr. 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði er 4. málsl. 4. gr. svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 62/1973 um jöfnun flutningskostnaðar á sementi skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem flutt er til landsins eða framleitt innanlands og notað er til byggingarframkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverksmiðju í Reyðarfirði. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.“

Umfang flutningsjöfnunar sements hefur verið sem hér segir sl. fimm ár. (Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2003.)


Ár	Fjárhæð
1998	157 millj.
1999	160 millj.
2000	188 millj.
2001	219 millj.
2002	156 millj.
Samtals	880 millj.

Samkvæmt upplýsingum sjóðsins er rekstrarkostnaður á bilinu 4–5 milljónir króna á ári.

Skipting milli landshluta fyrir árið 2002 var samkvæmt upplýsingum flutningsjöfnunarsjóðs sements eftirfarandi:

Inn- og útgreiðslur úr Flutningsjöfnunarsjóði eftir landshlutum 2002

	Flutn.jöfn.sj.skylt magn tonn	Innheimt flutn.jöfn.sj.gjöld	Endurgr.kostn. við flutninga	Mismunur
Reykjavík / Reykjanes	80.866	104.787.637	58.651.863	46.135.774
Vesturland	7.360	9.623.444	8.421.939	1.201.505
Vestfirðir	788	1.042.101	2.572.896	(1.530.795)
Norðurland vestra	1.960	2.597.036	5.616.588	(3.019.552)
Norðurland eystra	9.037	11.992.572	39.979.029	(27.986.457)
Austurland	3.219	4.268.660	19.882.121	(15.613.461)
Suðurland	10.293	13.665.919	16.563.743	(2.897.824)
	113.523	147.977.369	151.688.179	(3.710.810)



Flutningsjöfnunarsjóður, skipting svæða skv. ofangreindu

4 Álit nefndarinnar.

Lögin um jöfnun flutningskostnaðar á sementi eru að stofni til frá árinu 1973 og eru því 30 ára gömul um þessar mundir. Lögin voru sett við allt aðrar aðstæður en nú ríkja og hafa leikreglur á markaði tekið stakkaskiptum hvort sem horft er til samkeppnisreglna eða við-horfa til afskipta ríkisins af atvinnulífi. Þá hafa byggingaraðferðir, samgöngur og dreifileiðir gjörbreyst. Lögin eru því að mati nefndarinnar úrelt. Nægir í því sambandi að nefna nokkur atriði.

- Þegar lögin voru sett hafði Sementsverksmiðjan einokunarstöðu á markaði – nú er virk samkeppni eftir að Aalborg Portland Ísland hf. hóf starfsemi sína.

- Sementsverksmiðjan var í eigu ríkisins – en er það ekki lengur og hefur verið seld til Íslensks sements ehf.
- Samgöngur, samgöngumannvirki, flutninga- og geymslutækni er með allt öðrum hætti en var við setningu laganna.
- Bæði fyrirtækin sem selja sement hér á landi eru að byggja upp og breyta dreifingarkerfum og birgðastöðvum sínum og ljóst að þær verða á mörgum stöðum á landinu og í fleiri en einum landsfjórðungi.
- Allt önnur viðhorf ríkja í dag um samkeppni og jafnræði en áður.
- Það er ekki hlutverk ríkisins að jafna samkeppnisaðstöðu seljenda sements með því að gera óvirkan mikilvægan þátt í samkeppninni, þ.e. hagkvæmni flutninga. Líklegt er að slíkt inngrip geti haft þveröfug áhrif. Telur nefndin sig hafa séð merki um slíkt í skoðun sinni á því kerfi sem er við lýði um jöfnun flutningskostnaðar sements.
- Það er í hæsta máta óeðlileg mismunun milli byggingarefna og byggingaraðferða að taka sement sérstaklega og jafna kostnað við flutning þess. Til þess eru ekki haldbær rök.
- Eins og kerfið er uppbyggt nú nær jöfnun flutningskostnaðar ekki til alls sements og skiptir þar máli til hvers það er notað.
- Ætluð jöfnun byggingarkostnaðar steinsteyptra húsa með jöfnun flutningskostnaðar sements er hverfandi þar sem þáttur sements í byggingarkostnaði slíkra húsa er í mesta lagi 2–3%. Jöfnunaráhrifin eru því þaðan af minni eða um 0,4–0,6% ef miðað er við áætlanir flutningsjöfnunarsjóðs um þátt flutningskostnaðar í sementsverði að meðaltali.
- Flutningsjöfnun sements er mjög sértæk aðgerð sem hefur margvísleg óæskileg áhrif. Vilji ríkisvaldið hafa áhrif á byggingarkostnað eða flutningskostnað landsmanna á að beita til þess almennum aðgerðum sem hafa í för með sér sem minnstar hliðarverkanir eða röskun á markaðsaðstæðum.
- Fyrir utan olíu er sement eina vörutegundin sem ríkið heldur úti sérstöku flutningsjöfnunarkerfi fyrir.
- Rekstur flutningsjöfnunarsjóðs kostar 4–5 milljónir króna á ári.

Þegar lög nr. 62/1973 voru sett var tilgangur þeirra að jafna byggingarkostnað í landinu. Ekki verður séð að lögin þjóni þessum tilgangi, a.m.k. ekki lengur þar sem sementskostnaður (sement + flutningskostnaður) er nú aðeins um 2–3% af byggingarkostnaði hefðbundins íbúðarhúsnæðis. Annar kostnaður og byggingarefni eru því um 97–98% kostnaðarins og er ekkert kerfi til þess að jafna þann kostnað. Eins og áður er getið er ekki allt sement undir kerfinu þar sem sement sem er notað til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum er undanskilið. Hér er því um mismunun að ræða milli byggingarefna af hálfu ríkisins sem ekki verður séð að þjóni neinum tilgangi.

Þá er rétt að benda sérstaklega á að flutningskostnaður allra annarra byggingarefna s.s. timburs, stáls, glers og ýmiss konar klæðningarefna er ekki jafnaður. Vandséð er með hvaða hætti er unnt að réttlæta svo sértæka flutningsjöfnun sem skilar sáralitlu til neytandans þegar upp er staðið.

Eftir samtöl nefndarinnar við framleiðendur og seljendur sements á Íslandi telur nefndin að núverandi kerfi hafi leitt til þess að flutningskostnaður sé hærri en vera þyrfti og kerfið þar með leitt til hærra sementsverðs en ella. Það er ekki til hagsbóta fyrir kaupendur sements. Þvert á móti. Kerfið virðist þjóna þeim best sem annast dreifinguna og það getur ekki verið tilgangurinn. Það hvetur ekki til þess að leitað sé hagkvæmustu leiða þar sem unnt er að ganga að greiðslum flutningsjöfnunarsjóðs vísum. Það má orða það svo að kerfið sé flutningshvetjandi.

Afnám kerfisins mun að öllum líkindum leiða til einhverrar lækkunar sements á suðvesturhorni landsins þar sem um 85% sements, sem ekki fer til stórframkvæmda, er notað. Vænta má einhverrar hækkunar á sementsverði á öðrum stöðum. Líkur benda hins vegar til að hagræðing í flutningum og samkeppni á sementsmarkaði leiði til þess hækkun sementsverðs á landsbyggðinni verði óveruleg.

Í ljósi þess að lagt er til að breyta starfsumhverfi þeirra sem kaupa og selja sement er rétt að veita aðilum stuttan aðlögunartíma og láta afnám kerfisins ekki taka gildi fyrirvaralaust. Hins vegar er ekki ástæða til þess að veita of langan tíma.

5 Niðurstaða.

Nefndin er sammála um að leggja til að starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs sements verði lögð niður og hætt verði sérstakri jöfnun flutningskostnaðar sements.

Nefndin leggur einnig til að ákvörðun um þetta verði tekin sem allra fyrst en jafnframt að starfseminni verði ekki hætt þegar í stað. Með því gefst hæfilegt svigrúm fyrir aðila á sementsmarkaði til þess að laga sig að breyttum aðstæðum. Stjórn sjóðsins verði falið uppgjör og frágangur vegna skuldbindinga sjóðsins.

Nefndin telur eðlilegt að afgangur eða halli á sjóðnum þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir renni í ríkissjóð eða greiðist úr honum.

Nefndin bendir á að heppilegast er að loka sjóðnum fyrri hluta árs áður en helsti sölutími sements gengur í garð.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að lög nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, falli úr gildi og að jöfnunin verði afnumin frá og með 1. júní 2004. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn flutningsjöfnunarsjóðs annist uppgjör og frágang vegna skuldbindinga hans og skuli því lokið fyrir 1. október 2004. Samkvæmt gildandi lögum er flutningsjöfnunargjald lagt á hvert selt tonn af sementi og er gjaldið lagt í flutningsjöfnunarsjóð sements. Samkvæmt fjárlögum 2004 er áætlað að gjöld og tekjur sjóðsins verði 165 m.kr. á árinu 2004. Þar sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn standi undir útgjöldum með flutningsjöfnunargjaldi hefur frumvarpið óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs.

1020. Lög [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars.)

Samhljóða þskj. 938.

1021. Lög [411. mál]

um starfsmenn í hlutastörfum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars.)

Samhljóða þskj. 939.

1022. Svar [531. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um mælingar á þungmálmum og þrávirkum lífrænum efnum í hafinu.

1. *Hvaða mælingar eru gerðar reglulega hér við land á lífrænum þrávirkum efnum og þungmálmum í tengslum við umhverfisvöktun Íslendinga á lífríki sjávar?*

Markviss vöktun á lífríki sjávar umhverfis Ísland hófst árið 1990 og frá 1992 hefur umhverfisráðuneytið haft yfirumsjón með verkefninu. Á hverju ári hafa verið tekin sýni af þorski og sandkola frá fjórum mismunandi svæðum umhverfis landið og kræklingasýni hafa verið tekin á 10–11 stöðum. Sýnataka og mælingar vegna vöktunar á lífrænum þrávirkum efnum og þungmálmum í lífríki á íslenska hafsvæðinu eru svo sem fram kemur hér á eftir.

Hafrannsóknastofnunin sér um að afla sýna af sjó, fiski og kræklingi. Tekin eru 12 sjósýni til mælinga á geislavirkni, kræklingasýni á 10–11 stöðum en þorsksýni og sandkolasýni á fjórum svæðum. Auk þessa eru gerðar stoðmælingar.

Þorskur er sérstaklega vaktaður vegna mikillar útbreiðslu og mikilvægis í veiðum. Þorskur í almennri vöktun er á lengdarbilinu 30–45 sm (3–6 ára) og er veiddur fyrir hrygningu í mars ár hvert.

Sandkoli, sem er botnlæg fisktegund og lifir á tiltölulega afmörkuðu svæði, hentar vel til vöktunar og eru sýni á lengdarbilinu 20–35 sm tekin í mars eins og þorskurinn.

Kræklingur er staðbundin tegund og segir til um tilvist efna á því strandsvæði sem hann lifir á en sýni eru tekin fyrir hrygningu í ágúst.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Í fyrrgreindum sýnum hafa verið mældir þungmálmarnir Pb, Cd, Zn, Cu, Hg, As og Se og þrávirku lífrænu efnin PCB28, PCB31, PCB52, PCB101, PCB105, PCB118, PCB153, PCB156, PCB170, PCB180, ,,-HCH, HCB, p,p-DDT, o,p-DDT, p,p-DDE, p,p-DDD, trans-nonachlor, -chlordan, oxychlordan, Tox-26, Tox-50, Tox-62.

Frá árinu 1990 hafa framangreind efni verið mæld í þorski og kræklingssýnum á hverju ári. Sandkolasýni hafa verið tekin á hverju ári frá 1990 og var styrkur efnanna í þeim greindur til ársins 2000.

Auk þessa má nefna að **Líffræðistofnun** hefur á vegum ráðuneytisins athugað umfang vansköpunar nákuðungs (*Nucella lapillus*) sem er talin gefa góða vísbendingu um tilvist og styrk tríbúlitíns (TBT). Tríbúlitín er stundum sett í flokk lífrænna þrávirkra efna en það hefur verið notað í umtalsverðum mæli í botnmálningu skipa. Vansköpun hjá nákuðungi var mæld árin 1992/1993, 1998 og 2003 og er ætlunin að endurtaka mælingarnar á fimm ára fresti eins lengi og þurfa þykir. Athuganir hafa farið fram á 31 stað á Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum, með áherslu á Suðvesturland. Með þeim er hægt að kanna langtímabreytingar á áhrifum TBT-mengunar, en takmarkanir voru settar á notkun TBT-málningar á skip lengri en 25 m árið 1990 með reglugerð nr. 33/1990.

2. *Gefa mælingar til kynna að uppsöfnun sé að aukast? Óskað er upplýsinga um þróun magns frá því að mælingarnar hófust.*

Árið 1999 kom út skýrsla á vegum starfshóps um mengunarmælingar á vegum umhverfisráðuneytisins, *Mælingar á mengandi efnum á og við Ísland – niðurstöður vöktunarmælinga*. Í skýrslunni er samantekt á niðurstöðum mælinga frá 1990–96. Eftirfarandi niðurstöður um þungmálma koma fram í skýrslunni:

Meðalstyrkur þungmálma eins og kvikasilfurs, kopars og sinks í þorski á Íslandsmiðum á árunum 1990–96 er með þeim minnsta sem gerist. Styrkur kadmíns í íslenskum þorski er hins vegar mikill miðað við þorsk frá öðrum hafsvæðum. Kvikasilfur og blý í kræklingi við Íslandsstrendur er vel undir skilgreindum alþjóðlegum mengunarmörkum og 75% mörkum ICES. Kopar, sink og arsen eru nálægt þessum mörkum en kadmín, króm og nikkel fara yfir þau. Engar vísbendingar hafa fundist um mengunarvald á þeim stöðum þar sem hærra gildi mælist og því má telja að um náttúrulegt ástand sé að ræða.

Þorskur. Niðurstöður varðandi þungmálmana sýna að magn þeirra í þorsklifur breytist ekki á því tímabili sem mæligögnin ná yfir, árin 1990–96. Kadmín-, kopar- og sinkmagn mældist marktækt meira á NV-miðum en öðrum miðum. Vísbendingar gefa til kynna að náttúrulegar orsakir liggi að baki.

Kræklingur. Kadmínstyrkur í kræklingi mælist meiri fjarri þekktum uppsprettum, eins og á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp, í Grímsey og Mjóafirði, en í Hvalfirði og í Straumsvík. Þetta styrkir þá ályktun að þessi tiltölulega mikli styrkur kadmíns í sjávarlífverum hér við land stafi af náttúrulegum ferlum.

Sandkoli. Styrkur kadmíns, kopars og sinks í lifur sandkola og kvikasilfurs í holdi hans sveiflast eilítið frá ári til árs 1990–95 en er í öllum tilfellum undir hættumörkum. Blý var í öllum tilfellum undir efnagreiningarmörkum, þ.e. ekki mælanlegt.

Eftirfarandi niðurstöður um þrávirk lífræn efni koma fram í skýrslunni:

Þorskur. Magn PCB og DDE er marktækt meiri á SV-miðum en á öðrum miðum í kringum landið. Magn PCB og DDE fer minnkandi en magn HCB helst óbreytt.

Kræklingur. Styrkur PCB-efna í kræklingi hér við land er sambærilegur við það sem mælist fjarri byggð á vesturströnd Bandaríkjanna og svipaður því minnsta sem mælist við Bretland og Írland.

Styrkur -HCH, HCB og p,p'-DDE er yfirleitt lítill og er ýmist undir eða alveg við greiningarmörk. Hann virðist vera nokkuð svipaður frá ári til árs og milli staða. Þó mælist p,p'-DDE meira 1991 og 1992 en hin árin. Hér er hugsanlega um breytileika tengdan efna-

greiningunum sjálfum að ræða, en þær eru vandasamar, sérstaklega þegar styrkur efnanna er við greiningarmörk eins og hér er reyndin.

Sandkoli. Niðurstöður benda til þess að magn þrávirkra lífrænna efna sé meira á SV-miðum en á öðrum miðum sem rannsóknirnar náðu til og er það í samræmi við niðurstöður um þorsk.

Auk þeirra mæligagna sem hér hefur verið sagt frá hefur sambærilegum mæligögnum um styrk þungmálma og þrávirkra lífrænna efna í hafinu stöðugt verið safnað og liggja fyrir niðurstöður fram til ársins 2002. Þessum gögnum er safnað m.a. vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt OSPAR-samningnum (samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins) auk þess sem þau hafa verið notuð við gerð ástandsskýrslu AMAP (vinnunefnd um vöktun og mat á ástandi umhverfis norðurheimskautssvæðisins, undirnefnd norðurheimskautsráðsins) frá 2002 um ástand umhverfisins við norðurheimskautið. Ástæður mikils skyrks kadmíns í lífríki við Ísland eru ekki þekktar. Engar uppsprettur kadmínmengunar eru þekktar hér á landi og er því talið að skýringa sé að leita í náttúrulegum aðstæðum frekar en mengun af manna völdum. Fram hafa komið tillögur að rannsóknarverkefnum sem hafa það að markmiði að leita að uppsprettu þessa kadmíns og svara óyggjandi spurningunni um orsakir hins mikla styrks. Ráðuneytið mun halda áfram að stuðla að nauðsynlegri almennri vöktun en álit Umhverfisstofnunar, sem sér um umsýslu vöktunarverkefna um efnamengun fyrir ráðuneytið, er að frekari grunnrannsókna sé þörf til að skýra sérstöðu íslenska hafsvæðisins hvað varðar styrk kadmíns.

3. *Eru vísbendingar um að einhvers staðar sé magn þessara efna tekið að nálgast mörk sem talin eru óæskileg frá manneldissjónarmiði?*

Vísindanefnd framkvæmdarstjórnar ESB um matvæli samþykkti árið 2001 álitsgerð um áhættumat fyrir díoxín og PCB-efni sem hegða sér svipað og díoxín í matvælum. Um er að ræða vikuleg neysluþolmörk fyrir díoxín og PCB-efni og eru þau 14 pg WHO/TEQ (Eiturefnaeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar) á hvert kg líkamsþyngdar. Þetta er það magn sem einstaklingur getur innbyrt vikulega allt sitt líf án þess að efnin nái að valda heilsutjóni. Fari neyslan yfir þessi mörk í stuttan tíma ætti það ekki að valda neinum skaða. Magn díoxína má að hámarki vera 4 pg í eiturefnaeiningum WHO/g í fiskkjöti og fiskafurðum.

Reglugerð nr. 284/2002, um aðskotaefni í matvælum, kveður á um að PCB-efni í fiski og fiskvörum megi að hámarki vera 0,2 mg/kg. Hér er um að ræða sjö PCB-efni, svokölluð „marker PCBs".

Fyrir kvikasilfur hefur sérfræðinganefnd á vegum WHO/FAO (JECFA) sett vikuleg neysluþolmörk sem nema 1,6 ìg á hvert kíló líkamsþyngdar (2003). Það þýðir að 60 kg manneskja má fá 13,7 ìg á dag af kvikasilfri.

WHO PTWI (vikuleg neysluþolmörk) gildið fyrir kadmín er 25 ìg á hvert kg líkamsþyngdar (1995). Það þýðir að 60 kg manneskja má fá 214 ìg á dag af kadmín.

Í skýrslu Manneldisráðs Íslands, *Könnun á mataræði Íslendinga 2002* (Rannsóknir Manneldisráðs Íslands V, Laufey Steingrímsdóttir, Hólmfríður Þorgeirsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir), er gerð grein fyrir meðaltalsneyslu þungmálmanna kadmíns, blýs og kvikasilfurs með fæðu. Meðaltalsneysla Íslendinga á kadmín er 9,2 (s.d. 5,7) µg/dag og kvikasilfri 3,8 (s.d. 5,2) µg/dag. Í skýrslunni eru einnig gefnar neyslutölur aðgreindar fyrir karlmenn og konur.

Á Íslandi sem öðrum löndum gilda reglur um hámarksmagn kvikasilfurs og annarra aðskotaefna í matvælum. Sé magnið meira í matvælum en þar um getur má ekki dreifa eða selja viðkomandi vöru. Samkvæmt reglugerðum nr. 661/2003 og 662/2003, sem fjalla um aðskota-

efni í matvælum, er um tvö hámarksgildi fyrir kvikasilfur að ræða, annars vegar lægra hámarksgildi fyrir sjávarfang sem oft er neytt og hins vegar hærra hámarksgildi fyrir sjávarfang sem neytt er sjaldan, eins og hákarl og mjög stóra lúðu. Hámarksgildi fyrir sjávarfang sem sjaldan er neytt er 1,0 mg/kg og hámarksgildi fyrir sjávarfang sem oft er neytt er 0,5 mg/kg. Íslenskt sjávarfang sem Íslendingar neyta mest af er langt undir lægra hámarksgildinu fyrir kvikasilfur, t.d. ýsa, rækja, þorskur, grálúða, lax, smálúða, lúða minni en 1 m eða 12 kg og ýmsar kolategundir. Þessa sjávarfangs má neyta eins oft og fólk kýs.

Almennt er öryggi neytenda vel tryggt með framangreindum hámarksgildum fyrir kvikasilfur. Hins vegar er fóstri í móðurkviði og nýburum hætta búin af völdum kvikasilfurs og af þeim sökum lækkaði Alþjóðaheilbrigðisstofnunin nýlega (2003) inntökumörk fyrir kvikasilfur. Minnka má hættu sem mögulega gæti stafað af neyslu ákveðins sjávarfangs með því að sneiða hjá stöku tegundum eða takmarka neyslu þess. Sjávarfang það sem um ræðir er þó innan löglegra marka hvað varðar hámarksmagn aðskotaefna.

Er varðar sjávarfang á íslenskum markaði ættu barnshafandi konur og konur með börn á brjósti að takmarka neyslu við eftirfarandi:

Tvisvar í viku eða sjaldnar: niðursoðinn túnfiskur, hrefnukjöt og egg svartfugls.

Einu sinni í viku eða sjaldnar: túnfisksteikur og búrfiskur.

Aldrei (gildir líka fyrir börn yngri en sjö ára): hákarl, fýll, fýlsegg, sverðfiskur og stórflyðra (stærri en 1,8 m eða 60 kg)

Neysla á þorsklifur er ekki talin æskileg fyrir áðurnefndan hóp kvenna vegna þrávirkra lífrænna aðskotaefna. Þetta gildir þó alls ekki fyrir lýsi, þar sem aðskotaefnin eru hreinsuð úr vörunni við framleiðslu.

Þær tegundir fisks sem eru á borðum landsmanna daglega, svo sem ýsa, þorskur, lax og smálúða, eru hins vegar engum takmörkunum háðar og þeirra má neyta oft í viku.

Styrkur kadmíns í vöðva hörpudisks úr Arnarfirði hefur greinst yfir settum viðmiðunum (0,5 mg/kg) og hefur Fiskistofa þess vegna bannað veiðar og vinnslu hörpudisks úr firðinum. Þær niðurstöður er rétt að skoða í samhengi við aðrar niðurstöður sem fjallað er um hér að framan og unnar voru upp úr skýrslu starfshóps umhverfisráðuneytisins frá 1999 og áður er nefnd.

4. *Eru uppi áform um að kanna sérstaklega magn þessara efna í langlífum tegundum sem eru tiltölulega ofarlega í fæðukeðjunni, svo sem háfi, hákarli og lúðu?*

Engin áform eru um að hefja kerfisbundna vöktun á þessum tegundum þar sem þær eru ekki hluti af alþjóðlegum vöktunarverkefnum, sem miða að því að meta ástand á einstökum hafsvæðum. Þær breytingar sem eru til umræðu á alþjóðlegum vettvangi snúa að því að skoða fleiri efni í þeim tegundum sem þegar eru vaktaðar með tilliti til þess hvort nauðsynlegt sé að hefja vöktun á viðkomandi efnum fremur en að auka fjölda tegunda sem mælt er í. Hins vegar má benda á að fylgst er með styrk þessara efna í umræddum tegundum sökum markaðssetningar þeirra.

1023. Svar [502. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um notkun hættulegra efna við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka.

1. *Hvaða eiturefni og önnur hættuleg efni, t.d. sprengiefni og bergþéttiefni, eru notuð við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka?*

Samkvæmt lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, er innflutningur og notkun á slíkum efnum óheimill nema í samræmi við viðeigandi ákvæði laga og reglugerða er varða m.a. meðhöndlun (notkun), takmarkanir og merkingar. Markmið laganna er að eiturefni og hættuleg efni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né að matvæli eða umhverfi mengist af efnunum. Í reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, með síðari breytingum, er listi yfir þau efni sem falla undir ákvæði laganna.

Eiturefni mega þeir einir nota sem til þess hafa sérstök leyfi, sbr. reglugerð nr. 39/1984, um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa. Um sölu og innflutning eiturefna í smásölu gilda einnig ákveðnar reglur. Ógjörningur er að telja upp þau efni sem hér gætu fallið undir en notkun þeirra er öll bundin leyfum og undir ströngu eftirliti. Um notkun bergþéttiefna hefur Heilbrigðiseftirlit Austurlands fengið upplýsingar frá verktökum sem málið varðar og samkvæmt þeim eru notuð eftirtalin bergþéttiefni, þ.e. íblöndunarefni í steypu:

Verktaki	**Efni**
Impregilo	Sika AER
	Sika Visco Crete–3060 IS
	Sikunit–L53/P AF (IS)
BM-Vallá	Meyco SA162
Arnarfell	Mapefluid N100
	Mapeplast PT1

Aðallega er um að ræða álsiliköt og lútkennd efni (NaOH og KOH). Framangreind efni geta verið skaðleg heilsu manna og ber því að meðhöndla þau samkvæmt leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins. Sum efnanna geta haft einhver áhrif á lífverur í vatni, berist þau óblönduð í það. Við geymslu ber að taka tillit til þessa. Eftir að efnin hafa bundist steypunni (steypan harðnað) eru efnin ekki líkleg til þess að leka út í umhverfið. Því er ekki talið að efnin séu líkleg til þess að leiða til mengunar í íslenskri náttúru, sé leiðbeiningum um meðhöndlun þeirra fylgt.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með meðferð eiturefna og hættulegra efna og með vörutegundum sem innihalda slík efni á vinnustöðum. Eftirlit Vinnueftirlitsins beinist einkum að öryggi starfsmanna við vinnu en ekki að áhrifum efnanna á umhverfið. Vinnueftirlitið hefur þannig eftirlit með notkun eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum að því er snertir heilsu og öryggi starfsmanna. Eftirlit Vinnueftirlitsins, m.a. með geymslu efna og í mörgum tilvikum einnig notkun þeirra, snertir einnig örugga meðferð þeirra fyrir umhverfi en að öðru leyti er sá þáttur undir eftirliti Umhverfisstofnunar og/eða heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Vinnueftirlitið hefur einnig eftirlit með sprengiefnum. Notkun sprengiefna fellur undir vopnalög, nr. 16/1998, sbr. 2. gr., en dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað eru eftirtalin sprengiefni notuð:

ANFO-sprengiefni af gerð B (UN 0331) undir tveimur söluheitum, Anolit og Dekamon, frá tveimur framleiðendum. Yfir 90% þeirra er ammóníumnítrat (kjarni) og afgangurinn er hráolía. Í einhverjum tilvikum er álflögum blandað í sprengiefnið til að auka sprengikraftinn. ANFO-sprengiefni er yfirleitt flutt í sekkjum og sett laust í borholur. Efnið hefur takmarkað vatnsþol. ANFO-sprengiefni hefur hættusetningarnar*: Eldfimt í snertingu við brennanleg efni. Sprengifimt við upphitun í lokuðu rými.

* Hættusetningarnar eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, með síðari breytingum, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni. Upplýsingarnar eru úr öryggisleiðbeiningum sem skylt er að fylgi eiturefnum og hættulegum efnum þegar þau eru notuð á vinnustöðum.

Hlaupkennt ammóníumnítratsprengiefni af gerð A (UN 0081) með söluheitinu Gelamon. Sprengiefnið inniheldur auk ammóníumnítrats m.a. etýlenglýkóldínítrat og dínítrótólúen (DNT). Því er pakkað í pappírs- og plastumbúðir sem ekki á að rjúfa. Starfsmenn eiga því ekki að komast í snertingu við efnið og það á ekki að geta lekið út í umhverfið við venjulega notkun. Uppgufun á DNT getur átt sér stað í geymslum og er því þörf á loftræstingu í þeim.

Dýnamít, sprengiefni af gerð A (UN 0081), með söluheitin Dynomit og DynoRex. Dýnamít er vatnsþolið. Því er pakkað í plasthúðaðan pappír eða plast og umbúðir eru ekki rofnar við hleðslu. Grunnurinn í Dynomit er nítróglýserín og nítrósellulósi en er síðan að stærstum hluta ammóníumnítrat. Grunnurinn í DynoRex er nítróglyserín og nítróglýkól, ásamt örlitlu af nítrósellulósa, og er síðan að stærstum hluta ammóníumnítrat.

Til viðbótar skal þess getið að auk sjálfra sprengiefnanna eru við sprengingarnar notaðir sprengiþræðir, hvellhettur o.fl. sem flokkast sem hættuleg efni eða hlutir. Allur sprengifimur varningur er sérstaklega viðurkenndur og CE-merktur og er geymdur í viðurkenndum sprengiefnageymslum. Innflutningur er háður leyfi ríkislögreglustjóra.

Ekkert sérstakt bergþéttiefni hefur verið notað við jarðgangagerðina, nema í steypuna. Í steypuna sem notuð er til styrkingar og þéttingar hafa verið notuð mismunandi íblöndunarefni með söluheitin Meyco SA 162, Mapefluid N 100, Mapeplast PT 1, Sigunit–L53/P AFSIKA AER og SIKA ViscoCrete–3060). Meyco SA 162 inniheldur aluminíumsúlfat og er eina íblöndunarefnið sem er merkingarskylt. Ákvæði laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, eiga við um þessi merki, sem og reglugerð nr. 236/1990. Efnið merkist sem ertandi (Xi) samkvæmt reglugerðinni og hefur hættusetninguna: Hætta á alvarlegum augnskaða. Í tækniupplýsingum um Sigunit–L53/P AF kemur fram að ekki skuli láta efnið berast í vatn eða jarðveg. Samkvæmt tækniupplýsingunum er efnið ekki merkingarskylt sem eiturefni eða hættulegt efni.

2. *Hvaða rannsóknir hafa farið fram á mögulegum áhrifum þeirra efna á umhverfið, t.d. á grunnvatn?*

Í reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, með síðari breytingum, er listi yfir þau efni sem falla undir ákvæði laganna. Þar eru tilgreind möguleg skaðleg áhrif, t.d. eftirfarandi hættumerkingar:

H 50 Mjög eitrað vatnalífverum.
H 51 Eitrað vatnalífverum.
H 52 Skaðlegt vatnalífverum.
H 53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H 54 Eitrað plöntum.
H 55 Eitrað dýrum.
H 56 Eitrað lífverum í jarðvegi.

H 58 Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu.
H 59 Hættulegt ósonlaginu.

Framangreindar merkingar byggjast á víðtækum rannsóknum sem er miðlað milli ríkja, m.a. í samstarfi Evrópuríkja, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Notkun efnanna á vinnustöðum og við framkvæmdir er á ábyrgð leyfishafa og eftirlit með notkun þeirra er hjá Vinnueftirlitinu.

3. Hvernig er háttað eftirliti með flutningi og meðferð sprengiefnis á virkjunarsvæðinu?

Samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, skal farið eftir svonefndum ADR-reglum. Í reglunum er kveðið á um flokkun efna, umbúðir, merkingu ökutækja, nauðsynlegan fylgibúnað, samlestun efna, réttindi ökumanna, viðbúnað og eftirlit með flutningi. Samkvæmt framangreindri reglugerð skal lögreglan hafa eftirlit með að stjórnandi ökutækis sem flytur hættulegan farm hafi meðferðis vottorð um starfsþjálfun og Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með að fyrirtæki sem flytja hættulegan farm hafi í sinni þjónustu ökumenn með gilt vottorð um starfsþjálfun.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu er öll meðferð sprengiefna á ábyrgð sprengistjóra sem þarf að hafa leyfi sýslumanns, að fenginni umsögn Vinnueftirlits ríkisins, til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu. Vinnueftirlit ríkisins og lögregla hefur eftirlit með að sprengivinna fari fram undir stjórn sprengistjóra með gild réttindi. Sérstakar kröfur eru gerðar varðandi sprengiefnageymslur, m.a. um 5 mm stál og sérstakan lásabúnað, og eru geymslurnar teknar út fyrir notkun af Vinnueftirlitinu. Staðsetning færanlegra sprengiefnageymslna er háð samþykki sýslumanns. Farið er reglulega yfir birgðabókhald og sprengiplön af Vinnueftirlitinu.

Flutningur á sprengiefni frá sprengiefngeymslu á sprengistað er á ábyrgð sprengistjóra og fellur eftirlit með því undir Vinnueftirlit ríkisins. Sérstök ákvæði eru í sprengiefnareglugerð um flutningstæki og magn við flutninga. Flutningur á milli svæða fellur undir reglugerð um flutning á hættulegum farmi og hefur lögreglan eftirlit með slíkum flutningum. Í slíkum tilvikum eru gerðar strangari kröfur um flutningstæki og bílstjórar verða að hafa sérstök réttindi, þ.e. ADR-grunnréttindi fyrir flutning á hættulegum farmi að viðbættum réttindum til að flytja sprengifiman farm.

1024. Svar [607. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um notkun farsíma án handfrjáls búnaðar.

1. Hve margar kærur hafa verið gefnar út frá 1. nóvember 2002 vegna ólögmætrar notkunar farsíma undir stýri og hversu oft hefur viðurlögum verið beitt?

Á tímabilinu 1. nóvember 2002 til 25. febrúar 2004 eru skráð brot í málaskrá lögreglu samtals 915. Langflest brotin leiða til viðurlaga, eða tæplega 97% árið 2002, 96% árið 2003 og rúmlega 79% það sem af er þessu ári, en önnur brot eru enn til afgreiðslu, rannsókn hefur verið hætt eða sekt felld niður.

2. *Hvernig skiptast þessi mál eftir lögregluumdæmum?*
Í töflunni má sjá skiptingu á fjölda brota eftir lögregluumdæmum:

	2002	2003	2004	Alls
Akranes	1	13	1	15
Akureyri	1	19	9	29
Blönduós	0	1	0	1
Bolungarvík	0	2	0	2
Eskifjörður	0	20	0	20
Hafnarfjörður	14	53	3	70
Hólmavík	0	6	0	6
Húsavík	0	1	0	1
Hvolsvöllur	0	3	0	3
Ísafjörður	1	24	1	26
Keflavík	1	74	8	83
Keflavíkurflugvöllur	0	25	1	26
Kópavogur	12	189	6	207
Ólafsfjörður	1	4	2	7
Patreksfjörður	1	2	0	3
Reykjavík	49	264	47	360
Selfoss	2	28	2	32
Seyðisfjörður	0	4	0	4
Vestmannaeyjar	5	13	2	20
Alls	**88**	**745**	**82**	**915**

Upplýsingar þessar eru fengnar úr málaskrá lögreglu og miðast við stöðuna 25. febrúar 2004. Fram kemur að í umdæmum nokkurra lögreglustjóra, þ.e. lögreglustjóranna í Búðardal, Borgarnesi, Stykkishólmi, á Sauðárkróki, Siglufirði, Höfn og í Vík, er ekki um að ræða skráð brot.

3. *Hvernig er eftirliti með notkun farsíma undir stýri háttað, sérstaklega á fjölförnustu vegum landsins?*
Eftirlit lögreglu með notkun farsíma án handfrjáls búnaðar er almennt virkt eins og fjöldi kærðra brota gefur til kynna, þó svo að ekki hafi enn verið gert samræmt átaksverkefni varðandi þessi brot sérstaklega. Eftirlit með þessum brotum er hluti af umferðareftirliti lögreglu. Samstarfshópur ríkislögreglustjórans og Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Vátryggingafélags Íslands hf., Sjóvár – Almennra trygginga hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar hf., hefur frá því í september á síðasta ári unnið að undirbúningi á markvissum aðgerðum gegn þessum brotum. Teknar hafa verið saman áhugaverðar upplýsingar sem fyrirhugað er að birta opinberlega í tengslum við þær aðgerðir. Samstarfshópurinn er nú að láta útbúa útvarpsauglýsingar til að hvetja ökumenn til að nota handfrjálsan búnað. Auglýsingunum verður fylgt eftir með auknu eftirliti umferðardeildar ríkislögreglustjórans og verða lögreglustjórarnir einnig hvattir til aukinna aðgerða. Þá eru einnig hugmyndir um að fá símafyrirtækin til að taka þátt í þessu verkefni með sértilboðum á handfrjálsum búnaði. Standa vonir til þess að unnt verði að hefja aðgerðir innan tíðar.

1025. Svar [523. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum landbúnaðarráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Keldnaholti,
Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri,
Hólaskóla,
Garðyrkjuskóla ríkisins,
Landgræðslu ríkisins,
Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá,
Veiðimálastofnunar,
embættis yfirdýralæknis?

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Fjárveitingar til rannsóknastofnana 2001–2003.

Ár	Kr.	Sjóður	Ákvörðun	Forsendur
Rala, Keldnaholti				
2001	600.000	Ýmis verkefni	Ráðuneytissjóri	Landbúnaður á norðurslóðum
2002	0			
2003	0			
Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri				
2001	300.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Uppbygging búvélasafns
2002	300.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Uppbygging búvélasafns
2002	300.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Verkefni um búsetulandslag
2002	1.500.000	Framkvæmdanefnd búvörusamninga	Nefndin	Rannsóknir og þróun í sauðfjárrækt
2003	1.500.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Uppbygging búvélasafns
2003	800.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Gæðastýring í sauðfjárrækt
2003	500.000	Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar	Ráðherra	Verkefnið Fegurri sveitir
2003	1.798.111	Framkvæmdanefnd búvörusamninga	Nefndin	Námskeið í gæðastýringarkerfi
Bændaskólinn Hólum				
2001	50.000	Ýmis verkefni	Ráðuneytisstjóri	Ráðstefna BGÍ
2001	1.500.000	Ýmis verkefni	Fjarlaganefnd	Líf í fersku vatni
2002	0			
2003	4.000.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Ferðaþjónusta bænda
Garðyrkjuskóli ríkisins				
2001	0			
2002	15.000	Ráðstöfunarfé ráðherra	Ráðherra	Endurmenntunarnámskeið
2003	150.000	Ráðstöfunarfé ráðherra	Ráðherra	Endurmenntunarnámskeið
Landgræðsla ríkisins				
2001	2.600.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Landgræðsluáætlun
2002	2.700.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Landgræðsluáætlun
2003	2.650.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Landgræðsluáætlun
2003	2.784.000	Framkvæmdanefnd búvörusamninga	Nefndin	Gæðastýring í sauðfjárrækt

Ár	Kr.	Sjóður	Ákvörðun	Forsendur
Skógrækt ríkisins				
2001	2.000.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Skógræktaráætlun
2002	2.100.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Skógræktaráætlun
2003	2.050.000	Ýmis verkefni	Fjárlaganefnd	Skógræktaráætlun
Veiðimálastofnun				
2001	500.000	Ýmis verkefni	Ráðherra	Rannsóknir í Ölfusá
2002	0			
2003	0			
Yfirdýralæknir				
2001	0			
2002	0			
2003	0			

1026. Svar [590. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju skiluðu söfnunarkassar og happdrættisvélar Háskóla Íslands og Íslenskum söfnunarkössum árið 2003

a. í heild,

b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslandsspili (áður Íslenskir söfnunarkassar) og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum.

Vakin er athygli á að þeir peningar sem spilað er fyrir í vélunum/kössunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum/kössunum, eru ekki innleystir sem tekjur í bókhaldi, né eru vinningar gjaldfærðir, nema hvað varðar greiðslu úr gullpottum Gullnámu Happdrættis Háskóla Íslands. Svar við a-lið fyrirspurnarinnar veitir því upplýsingar um fjárhæð sem söfnunarkassar skiluðu Íslandsspili (áður Íslenskir söfnunarkassar) að frádregnum vinningum og Háskóla Íslands að frádregnum öðrum vinningum en gullpottum.

Í svari við b-lið fyrirspurnarinnar eru upplýsingar um fjárhæð sem kassarnir skiluðu Íslandsspili að frádregnum kostnaði og sem vélarnar skiluðu Háskóla Íslands að frádregnum kostnaði og vinningum í gullpottum. Að því er varðar Happdrætti Háskóla Íslands taka upplýsingarnar einungis til þess hluta starfsemi happdrættisins sem lýtur að rekstri happdrættisvéla.

	Íslandsspil	Happdrætti HHÍ
a. Tekjur árið 2003	1.268.000.000 kr.	1.500.000.000 kr.
b. Að frádregnum vinningum og kostnaði	867.000.000 kr.	500.000.000 kr.

1027. Svar [507. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um fylgiréttargjald á listaverk.

1. Hvernig er háttað innheimtu fylgiréttargjalds sem lagt er á við endursölu myndlistarverka skv. 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og annarra listmuna skv. 6. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998?

Um innheimtu fylgiréttargjalds er fjallað í 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og 6. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Þar kemur fram að höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður er síðar komi í hans stað annist innheimtu gjaldsins, sem er 10% af söluverði listaverks, og skil á því til höfunda, að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar. Nánari reglur um þessa innheimtu hafa verið settar í reglugerð um fylgiréttargjald, nr. 486/2001. Þar kemur fram að Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef annist framangreinda innheimtu.

Þau listaverk sem undir gjaldskyldu falla eru:

a. Öll málverk.
b. Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merkta afsteypu.
c. Merktar og ómerktar teikningar listamanna og hvers konar grafísk listaverk.
d. Myndvefnaður, textílverk, gler- og mósaíkmyndir svo og önnur verk sem teljast til listiðnaðar.

Fylgiréttargjald ber að greiða af sölu allra listaverka sem endurseld eru í atvinnuskyni. Þeir sem annast endursölu listaverka í atvinnuskyni eru ábyrgir fyrir greiðslu fylgiréttargjaldsins til Myndstefs samkvæmt skilagreinum yfir seld verk sem skila ber ársfjórðungslega með staðfestingu löggilts endurskoðanda. Greiðslufrestur eftir sölu eða afhendingu skilagreinar er 30 dagar.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. b höfundalaga og 7. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu er skylt að afhenda skilagreinar til Myndstefs óháð því hvort seld voru listaverk á liðnum ársfjórðungi.

2. Hvaða aðilar hafa fengið leyfi til að stunda listaverka- og listmunauppboð?

Fyrirspurnin varðar löggjöf sem heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra en til fróðleiks er hér gerð grein fyrir gildandi reglum um viðskipti með listaverk.

Samkvæmt eldri lögum um verslunaratvinnu, nr. 41/1968, þurfti sérstakt leyfi, svonefnt verslunarleyfi, útgefið af lögreglustjóra til að reka verslun samkvæmt ákvæðum laganna. Til sölu notaðra lausafjármuna, þ.m.t. til sölu endursölu listaverka, þurfti jafnframt leyfi útgefið af lögreglustjóra samkvæmt lögum um sölu notaðra lausafjármuna, nr. 61/1979. Til að halda svonefnd listmunauppboð þurfti, auk framangreinds verslunarleyfis, sérstakt leyfi útgefið af viðskiptaráðherra samkvæmt lögum um listmunauppboð, nr. 36/1987.

Framangreind ákvæði laga um verslunarleyfi, leyfi til sölu notaðra lausafjármun og leyfi til að halda listmunauppboð voru leyst af hólmi með nýjum lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Samkvæmt þeim lögum þarf ekki lengur leyfi útgefin af lögreglustjóra eða viðskiptaráðherra til að stunda endursölu á listaverkum í atvinnuskyni eða til að halda listmunauppboð. Þess í stað er nægilegt samkvæmt lögunum að viðkomandi starfsemi sé skráð í samræmi við löggjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á, sbr. 2. gr. laga um verslunaratvinnu. Frá 1. janúar 1999 hafa því samkvæmt framansögðu ekki verið gefin út leyfi til listaverksölu eða listmuna-

uppboða. Af þessum sökum liggja nú ekki fyrir upplýsingar um leyfishafa listaverka- og listmunauppboða.

3. *Hvaða leyfi þarf til að annast endursölu á listaverkum í atvinnuskyni og hvaða aðilar hafa slík leyfi?*

Samkvæmt framansögðu þarf engin leyfi til að stunda endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Því liggja engar upplýsingar fyrir í opinberum skrám um þá aðila sem slíkan rekstur stunda.

4. *Hvernig er háttað eftirliti með því að fylgiréttargjald skili sér til höfunda eða annarra rétthafa?*

Litið er svo á að eftirlit með því að fylgiréttargjald skili sér til höfunda og annarra rétthafa sé sameiginlega í höndum Myndstefs og viðkomandi rétthafa. Með útgáfu framangreindrar reglugerðar um fylgiréttargjald hefur ráðherra falið Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi umsjón og eftirlit með framkvæmd við innheimtu fylgiréttargjalds. Um Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef gilda samþykktir dags. 10. júlí 1995 sem ráðherra hefur staðfest og birst hafa í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 72/1995. Krafa rétthafa um greiðslu fylgiréttargjalds á hendur Myndstefi fyrnist á þremur árum frá lokum þess árs er endursala listaverks fór fram.

Um rannsókn brota gegn viðkomandi ákvæðum höfundalaga og laga um verslunaratvinnu fer eftir lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Ef aðili sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni skilar ekki innheimtu fylgiréttargjaldi til Myndstefs í samræmi við framangreindar reglur, kann sú háttsemi að varða fangelsi allt að sex árum, sbr. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Jafnframt geta slík brot varðað allt að tveggja eða eins árs fangelsi samkvæmt framangreindum ákvæðum höfundalaga og laga um verslunaratvinnu.

1028. Svar [642. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um efnistöku við Þingvallavatn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Mun ráðherra samþykkja efnistöku úr móbergsfellum við Þingvallavatn til nota við áætlaða lagningu vegar frá Þingvallavatni yfir til Laugarvatns?

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er áætlað að umrædd efnistaka verði á eignarlandi úr Miðfelli í Þingvallasveit.

Um nýtingu jarðefna fer samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 6. gr. þeirra segir m.a. að nýting auðlinda úr jörðu sé háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögunum. Veigamikil undantekning er gerð um nýtingu jarðefna á eignarlandi, sbr. 8. gr. Þar segir m.a. að heimilt sé án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni.

Samkvæmt framansögðu er umrædd efnistaka undanskilin leyfi iðnaðarráðherra

1029. Fyrirspurn [691. mál]

til félagsmálaráðherra um opinbera fjölskyldustefnu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað hafa stjórnvöld gert til að ná markmiðum við framkvæmd fjölskyldustefnu skv. II. kafla þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?

Skriflegt svar óskast.

1030. Fyrirspurn [692. mál]

til félagsmálaráðherra um könnun á stöðu og afkomu barnafjölskyldna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hafa stjórnvöld kannað stöðu og afkomu barnafjölskyldna í samræmi við þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?
2. Ef svo er, hverjar voru þá niðurstöðurnar og hafa stjórnvöld ráðist í aðgerðir á grundvelli könnunarinnar til að bæta stöðu barnafjölskyldna?

1031. Fyrirspurn [693. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölskylduráð og opinbera fjölskyldustefnu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvenær var opinbert fjölskylduráð stofnað, sbr. III. kafla þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 13. maí 1997 og hvernig hefur það verið skipað?
2. Hafa stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf frá fjölskylduráði vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir til að bæta stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu og í hvaða tilfellum og hvernig hafa stjórnvöld brugðist við ábendingum fjölskylduráðs um úrbætur í fjölskyldumálum?
3. Hefur fjölskylduráð lagt fram tillögur um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar og hafa stjórnvöld brugðist við þeim tillögum?
4. Hefur fjölskylduráð átt frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar og veitt leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum og hvernig hafa stjórnvöld stutt fjölskylduráð í þessum efnum?

5. Hefur fjölskylduráð stuðlað að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna og hvernig hafa stjórnvöld stutt fjölskylduráð í þessum efnum?

Skriflegt svar óskast.

1032. Skýrsla [694. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál fyrir árið 2003.

I. Inngangur.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafði hafist nokkru áður þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin kemur að jafnaði saman þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Sérstök áhersla er einnig lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum er við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu, og auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá upphafi verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. á mengunarhættu, áhrifum mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur að leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað sinn í að hafa frumkvæði að verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda, en Ísland hefur farið með formennsku í ráðinu frá því í nóvember 2002.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál.

Fram til ársins 2002 skipaði forsætisnefnd fulltrúa Alþingis í þingmannanefnd um norðurskautsmál en fulltrúar á þingmannaráðstefnuna voru valdir sérstaklega hverju sinni. Vegna örrar þróunar í þessum málaflokki var hins vegar ákveðið árið 2002 að stofna sérstaka Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál þar eð vægi norðurskautssamstarfsins á alþjóðlegum vettvangi færi mjög vaxandi. Ákveðið var að Íslandsdeild yrði skipuð þremur þingmönnum (og þremur til vara) og mundi Íslandsdeildin sækja þingmannaráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildarinnar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Íslandsdeild heldur fundi eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og hún fær jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins.

Í upphafi árs 2003 skipuðu Íslandsdeildina Sigríður A. Þórðardóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnús Stefánsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Katrín Fjeldsted, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks. Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 27. maí 2003. Hana skipa Sigríður A. Þórðardóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnús Stefánsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn eru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari. Í lok árs 2002 var ljóst að þáverandi framkvæmdastjóri nefndarinnar, Guy Lindström, mundi láta af störfum á nýju ári. Í umboði þingmannanefndarinnar fór formaður nefndarinnar, kanadíski þingmaðurinn Clifford Lincoln, þess á leit við alþjóðasvið Alþingis að ritari Íslandsdeildar tæki að sér starfið og var það samþykkt. Ritari Íslandsdeildar hefur því séð um skrifstofurekstur og framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar á árinu.

III. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2003.

Eitt af helstu forgangsverkefnum nefndarinnar á árinu voru umræður og eftirfylgni við gerð fyrirhugaðrar skýrslu um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum, en ætlað er að skýrslan líti dagsins ljós haustið 2004. Formaður Íslandsdeildar situr í sérstökum stýrihóp skýrslunnar og hefur reglulega skýrt frá þróun mála á fundum þingmannanefndarinnar. Skýrslan mun fjalla um félagslega, menningarlega og efnahagslega velferð íbúa norðurskautsins, en hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir sem beinast eingöngu að íbúum norðurskautssvæða og sjálfbærri þróun. Skýrslan byggist á því að mikilvægt sé að tekið sé heildstætt á málefnum norðursins og byggt á hinni sérstæðu reynslu og þekkingu sem íbúar við norðurhjara veraldar búa yfir. Því er vonast til að úttekt sem þessi verði gagnlegt innlegg í frekari umræðu og stefnumótun.

Þingmannanefndin átti upprunalega frumkvæði að gerð skýrslunnar og vann mikla undirbúningsvinnu á frumstigi málsins. Við undirbúning og ákvörðun á umfangi og innihaldi skýrslunnar naut nefndin góðrar leiðsagnar og aðstoðar Níelsar Einarssonar, forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, og prófessors Oran Young sem skrifuðu greinargerðir um málið. Þingmannanefndin kynnti málið fyrir Norðurskautsráðinu og mæltist til þess að það tæki framkvæmd skýrslunnar og skipulagningu í sínar hendur. Gerð slíkrar skýrslu var, undir forustu Íslands, formlega gerð að forgangsverkefni Norðurskautsráðsins á fundi þess í Inari

í Finnlandi haustið 2002. Níels Einarsson og Oran Young hafa yfirumsjón með verkinu, en fjöldi alþjóðlegra fræðimanna er ábyrgur fyrir mismunandi köflum. Fjármögnun verkefnisins var mikið rædd á fundum þingmannanefndarinnar, en lengi vel vantaði nokkuð upp á til að endar næðu saman. Nefndarmenn lögðu sitt af mörkum til að tryggja að frekara fjármagn kæmi frá hverju landi á árinu og lýstu yfir einróma stuðningi við þetta mikilvæga verkefni undir forustu Íslands.

Annað helsta viðfangsefni þingmannanefndarinnar sem hefur verið í brennidepli á árinu er upplýsingatækni, og þá sérstaklega fjarkennsla og fjarlækningar. Svíar buðust til þess að taka forustu í undirbúningsvinnu þingmannanefndarinnar í þessum málaflokki árið 2002 og héldu m.a. vinnuhópafund um áframhaldandi tölvuvæðingu á norðurslóðum. Þingmannanefndin lagði í framhaldinu töluverða vinnu í að undirbúa gerð sérstakrar skýrslu um þessi mál sem kynnt var á þingmannaráðstefnunni í Tromsö í ágúst 2002. Ráðstefnan samþykkti í lokaályktun sinni að beina sérstökum tilmælum til ríkisstjórna á norðurskautssvæðum um að styrkja þennan málaflokk. Auk þess var samþykkt að tölvu- og tæknimál yrðu forgangsverkefni þingmannanefndarinnar árin 2002–2004. Það er ljóst að bætt tölvunotkun og fjarkennsla gæti orðið íbúum norðursins mjög mikilvæg þegar fram í sækir, ekki síst þegar litið er til þess hversu strjálbýl þessi svæði eru og samgöngur erfiðar. Það var því sérstakt gleðiefni nefndarinnar þegar forusta Íslands í ráðinu lýsti því yfir á fundi Norðurskautsráðsins í október sl. að næstu tvö árin yrði upplýsingatækni eitt af þremur forgangsverkefnum ráðsins. Dagana 20.–21. október 2003 stóð ráðið fyrir stórri alþjóðlegri ráðstefnu um upplýsingatækni á Akureyri. Í lokaályktun var lögð áhersla á að allir þjóðfélagsþegnar við norðurskaut gætu í framtíðinni fengið aðgang að netinu á viðráðanlegum kjörum. Á ráðstefnunni voru norðurskautsríkin hvött til að setja löggjöf sem tryggi að allir geti notið upplýsingatækninnar og að íbúarnir sjálfir geti mótað framtíðarstefnu í þessum málum. Einnig var lagt til að stofnuð yrði sérstök stýrinefnd um upplýsingatækni innan Norðurskautsráðsins. Lokaályktunin og þau sjónarmið sem þar komu fram eru nú í frekari vinnslu.

Þingmannanefndin hefur einnig fylgst grannt með vinnu við viðamikla úttekt á loftslagsbreytingum á norðurskautssvæðum, en slíkar rannsóknir eru nú eitt helsta viðfangsefni Norðurskautsráðsins. Eitt metnaðarfyllsta og stærsta verkefnið er gerð umfangsmikillar skýrslu um loftslagsbreytingar sem lögð verður fram á fundi Norðurskautsráðsins haustið 2004. Skýrslunnar er beðið með mikilli eftirvæntingu, en verkefnið er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt verður eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á nær alla þætti samfélags í norðri, ekki einungis umhverfi, dýralíf og gróðurfar, heldur einnig félags-, menningar- og efnahagslega þætti mannlífs. Það er skemmst frá því að segja að rannsóknir benda til örra loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðum næstu áratugi, breytinga sem ekki sér fyrir endann á. Jafnvel varfærnustu spár benda til örrar bráðnunar íss og jökla sem og breytinga á hitastigi sjávar, en slíkt hefur augljóslega afleiðingar fyrir land eins og Ísland. Svo er komið að jafnvel þótt allri framleiðslu á koltvísýringi yrði hætt nú þegar er áætlað að það tæki náttúruna, loftslag og sjávarföll nokkrar aldir að komast í jafnvægi. Nú þegar má greina margvísleg áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem koma skal annars staðar í heiminum. Meðalhitastig á norðurskautssvæðum er nú að mati vísindamanna það hæsta í þúsund ár, en áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 árum á norðurskautsslóðum gerist á 25 árum annars staðar í heiminum.

Þingmannanefndin hefur auk þess fylgst með þróun Háskóla norðurslóða. Háskóli norðurslóða var stofnaður við hátíðlega athöfn í Rovaniemi 12. júní 2001, en stofnun skólans hafði

þá verið fjögur ár í undirbúningi í aðildarlöndunum. Háskólanum er fyrst og fremst ætlað að vera tengiliður á milli annarra háskóla, rannsóknastofnana og samtaka sem sérhæfa sig í rannsóknum á löndum við norðurskaut. Háskólinn býður nú upp á formlega B.S.-gráðu í heimskautsfræðum og undirbúningur fyrir frekari námsáætlanir er í fullum gangi, en námið fer að miklu leyti fram með fjarkennslu í gegnum aðrar háskólastofnanir á norðurslóðum. Þingmannanefndin fékk reglulega fréttir af starfi skólans á árinu. Nefndarmenn hvöttu til eindregins stuðnings norðurskautsríkjanna við skólann og unnu kerfisbundið að því að fjárhagslegur rekstur skólans til lengri tíma yrði tryggður.

Ýmis önnur mál voru tekin fyrir á fundum nefndarinnar á árinu 2003 sem nánar er vikið að í frásögnum hér á eftir.

IV. Frásagnir af fundum þingmannanefndar 2003.

Þingmannanefndin hélt þrjá fundi á árinu, fyrst í Kaupmannahöfn dagana 10.–12. mars, í Stokkhólmi dagana 5.–7. júní og í Reykjavík dagana 17.–18. október. Sigríður A. Þórðardóttir sat alla fundi nefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildar, auk ritara. Rannveig Guðmundsdóttir sat einnig alla fundina sem áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs. Tilteknir nefndarmenn áttu auk þess fundi með starfsmönnum og þingmönnum í Washington, 5.–7. febrúar, og sat Þórunn Sveinbjarnardóttir þá fundi fyrir hönd Íslandsdeildar, auk ritara. Framkvæmdastjóri nefndarinnar og formaður sóttu auk þess ýmsa alþjóðlega fundi og ráðstefnur fyrir hönd nefndarinnar. Hér á eftir er einungis sagt frá þeim þremur fundum þar sem þingmannanefndin öll kom saman og formaður Íslandsdeildar sótti.

i. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Kaupmannahöfn dagana 10.–12. mars 2003.

Eftir að nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar höfðu gert grein fyrir helstu störfum heima fyrir tilkynnti formaður nefndarinnar, Clifford Lincoln, að Ísland hefði boðið þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál að vera einn af samstarfs- og styrktaraðilum við ráðstefnu ráðsins um upplýsingatækni í október 2003. Formaður fagnaði þessu boði og færði formennsku Íslands kærar þakkir. Hann skoraði um leið á nefndarmenn að sýna málinu allan þann stuðning sem kostur væri.

Runar Patriksson hélt erindi um upplýsingatækni, en honum hafði verið falið að móta frekari vinnu nefndarinnar í þessum efnum. Patriksson kynnti stutta skýrslu sem hann hafði tekið saman ásamt sænskum ráðgjöfum í málinu og lagði í erindi sínu sérstaka áherslu á störf þingmanna. Patriksson sagði að þingmönnum bæri skylda til að upplýsa samstarfsfólk sitt heima fyrir um stöðu upplýsingatækni á norðurslóðum. Hann sagði mikilvægt að þingmenn tækju virkan þátt í allri almennri umræðu og styddu þannig við starf Norðurskautsráðsins. Patriksson sagði að rétt lagaumhverfi skipti höfuðmáli ef frekari þróun ætti að geta orðið í þessum efnum og þar mundu þjóðþingin gegna veigamiklu hlutverki. Hann sagði að þar eð norðurskautssvæðin væru einkar auðug af eftirsóknarverðum náttúruauðlindum gæti upplýsingatækni leikið hlutverk í að aðstoða íbúa norðursins við að færa sér slíkt í nyt á sem bestan hátt. Hann nefndi sem dæmi ýmis landfræðileg tölvuforrit sem hefðu gert íbúum afskekktra svæða kleift að nýta landið á sjálfbærum grunni.

Lars Kullerud og Erling Olsen héldu erindi um starfsemi Háskóla norðurslóða og helstu verkefni skólans. Olsen benti á að Háskóla norðurslóða væri á margbreytilegan hátt ætlað að þjóna íbúum norðurskautssvæða sérstaklega. Það væri því grundvallaratriði að sérstakt náms- og kennsluefni væri hannað handa strjálbýlum svæðum norðursins. Hann sagði upplýsingatækni vera grundvallareiningu skólans, þetta væri háskóli án veggja sem styddist nær ein-

göngu við tölvu- og fjarskiptatækni. Olsen sagði að innan skamms yrðu meira en 50 stofnanir víðs vegar á norðurskautssvæðum hluti af skólanum og þannig hefði myndast einstakt samstarfsnet um menntun á norðurslóðum. Olsen benti á að þingmannaráðstefna um norðurskautsmál hefði verið ómissandi við að koma skólanum á laggirnar á sínum tíma og að stuðningur nefndarinnar væri dýrmætur. Hann benti á að enn vantaði skólann nokkuð upp á til að endar næðu saman í fjárhagsáætlun. Formaður hvatti nefndarmenn til að ganga á eftir málinu við stjórnvöld heima fyrir. Ákveðið var að nefndarmenn lýstu árangri sínum í þessum efnum á næsta fundi.

Sigríður A. Þórðardóttir sagði frá gangi mála varðandi gerð skýrslu um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum. Sigríður situr í sérstökum stýrihópi skýrslunnar, en fyrsti fundur hópsins var haldinn í desember 2002 í Reykjavík. Tilgangur fundarins hafði verið að fjalla um grundvallaruppbyggingu skýrslunnar, vinnulag og stjórnskipulag, tímatöflu og fjármögnun, og auk þess að leggja fram tillögur um helstu fræðimenn sem fengnir skyldu til skýrslugerðarinnar. Fræðimenn víðs vegar að munu skrifa mismunandi kafla skýrslunnar og er áætlað að tveir fræðimenn vinni í sameiningu hvern kafla fyrir sig. Sigríður sagði að á fundi stýrihópsins hefði einnig verið rætt hvort raunsætt væri að skila fullbúinni skýrslu haustið 2004 þar eð tíminn væri æði stuttur til verksins. Kannað var hvort sleppa mætti einhverjum köflum, en að lokum var þó ákveðið að halda upprunalegri áætlun, sem gerir ráð fyrir að kaflarnir verði fimmtán talsins. Fulltrúar frumbyggja lögðu áherslu á að sérkennum þeirra og sérstökum aðstæðum yrðu gerð góð skil í skýrslunni. Sigríður fjallaði að lokum um fjármögnun verkefnisins, en enn vantar töluvert upp á að endar nái saman. Sigríður sagði að þar eð þingmannanefndin væri sú nefnd sem í upphafi hefði lagt til við Norðurskautsráðið að skýrslan yrði gerð bæri þingmönnum nefndarinnar skylda til að styðja verkefnið sérstaklega og kanna stöðu mála hjá yfirvöldum heima fyrir. Miklar umræður urðu um skýrsluna og var samþykkt að á næsta fundi gerðu menn grein fyrir stöðu mála varðandi fjármögnun og almennan stuðning yfirvalda við gerð skýrslunnar.

Hill-Marta Solberg gerði grein fyrir fundum sem fulltrúar þingmannanefndarinnar áttu með embættismönnum bandaríska þingsins í febrúar sl. Frank Murkowski, núverandi ríkisstjóri Alaska, átti áður sæti í þingmannanefndinni, en frá því að hann tók við ríkisstjóraembættinu hefur ekki verið tilnefndur fulltrúi í hans stað. Solberg sagði að ferðin hefði fyrst og fremst verið farin til að kynna starf nefndarinnar fyrir bandarískum embættismönnum og þingmönnum og hvetja til þess að nýr bandarískur þingmaður yrði tilnefndur til setu í nefndinni sem fyrst. Solberg sagði ferðina vel heppnaða, en helsti gestgjafi hópsins var utanríkismálanefnd bandaríska þingsins undir stjórn öldungadeildarþingmannsins Richard Lugar. Solberg nefndi einnig sérstaklega að afar áhugavert hefði verið að fá að vera viðstödd fyrirspurnartíma utanríkismálanefndarinnar, en þar sat Colin Powell fyrir svörum daginn eftir að hafa haldið fræga ræðu um Írak hjá Sameinuðu þjóðunum. Miklar almennar umræður spunnust í lok fundar um þátttöku Bandaríkjamanna og þátt þeirra í norðurskautssamstarfinu.

ii. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Stokkhólmi dagana 5.–7. júní 2003.

Formaður tilkynnti að nefndin hefði þekkst boð Íslands um þátttöku í ráðstefnu Norðurskautsráðsins um upplýsingatækni, og ítrekaði þakklæti sitt fyrir hönd nefndarinnar til formennsku Íslands. Runar Patriksson sagði einnig frá áframhaldandi vinnu við stefnumótun um upplýsingatækni á norðurslóðum.

Harro Pitkanen, framkvæmdastjóri NEFCO, Norræna umhverfissjóðsins, hélt erindi um starfsemi NEFCO og fjármögnun verkefna í norðurskautssamstarfi. NEFCO er alþjóðleg

fjármagnsstofnun sem stofnuð var árið 1990 að tilstuðlan umhverfisráðherra Norðurlanda og ráðherranefndar Norðurlandaráðs. NEFCO sérhæfir sig í verkefnum sem ætlað er að hafa jákvæð umhverfisáhrif í löndum norðursins. Hreinsun mengunar í Norðvestur-Rússlandi, þar á meðal Kalíningrad, hefur hingað til verið forgangsverkefni NEFCO, en sjóðurinn hefur stutt meira en hundrað verkefni við Barentshaf og Eystrasalt. Pitkanen sagði að NEFCO væri langvirkasta norræna fjármagnsstofnunin sem ynni að verkefnum í norðurskautssamstarfinu.

Pitkanen velti upp ýmsum möguleikum varðandi þróun og framkvæmd samvinnuverkefna á norðurskautssvæðum. Hann nefndi að fjármögnun verkefna ýmissa vinnuhópa Norðurskautsráðsins, sem vinna ötult og mikilvægt vísindalegt starf, væri viðloðandi vandamál. Hann sagði það vera verðugt verkefni að tengja vísindasamfélagið við styrktaraðila og fjárfesta og benti á að hlutverk þingmanna og löggjafarvaldsins væri afar mikilvægt í þessu sambandi. Hann sagði að fjárfestar hefðu nær undantekningarlaust fyrst og fremst áhuga á sértækum og áþreifanlegum verkefnum en ekki áætlunum eða heildarstefnumótun. Hann sagði að stefnumótunarvinna ætti að snúast um að ákvarða forgangsverkefni ráðsins, en þegar kæmi að framkvæmdahlið væri nauðsynlegt að skýrt væri hverjir bæru ábyrgð á tilteknum verkefnum, bæði fjárhagslega og faglega. Í öllu þessu væri hlutverk þingmanna og stjórnmálamanna sérlega mikilvægt þar eð þeir sköpuðu þann lagaramma og þær stoðir sem væru nauðsynlegar til að ýta undir nýsköpun. Pitkanen kom í þessu sambandi inn á hugmynd um sérstakan sjóð innan Norðurskautsráðsins sem gæti rennt styrkari stoðum undir verkefni ráðsins. Hann sagði slíkan sjóð verða að vera mjög sveigjanlegan og byggðan upp í þeim tilgangi að styrkja sértæk verkefni ráðsins. Fjármálastofnanir, fjárfestar og bankar yrðu frá upphafi að vera hluti af stofnun slíks sjóð og taka þátt í ferlinu. Pitkanen sagði að áfram yrði unnið að þessari hugmynd og hún kynnt betur á næsta fundi Norðurskautsráðsins í samráði við forustu Íslands.

Fundarmenn báru einróma lof á erindi Pitkanen og töldu að slíkur sjóður gæti hugsanlega orðið mikilvægt tæki til að tryggja meira fjármagn í samstarfsverkefni á norðurslóðum. Norðurskautsráðið hefur eins og kunnugt er enga fasta skrifstofu og í raun ekkert sameiginlegt fjármagn eða fjárhagslegan grunn. Oft er því vandkvæðum bundið að fá nægilegt fé til að tryggja vísindarannsóknum og störfum vinnuhópa ráðsins sem best skilyrði. Þingmannanefndin hefur frá upphafi lagt áherslu á að Norðurskautsráðið fengi fast fjármagn til að tryggja betur starfsemi ráðsins, en andstaða ákveðinna ríkja, sérstaklega Bandaríkjanna, hefur komið í veg fyrir slíkt. Þingmenn töldu að þetta gæti verið ákveðin lausn á þessum vandkvæðum þar eð einstaka ríki yrðu ekki bundin af starfsemi sjóðsins og hann yrði augljóslega verkefnatengdur.

Svein Tveitdal, framkvæmdastjóri UNEP, og Keith Finlayson, forstöðumaður Norðurskautsdeildar UNEP Grid-Arendal, tóku þá til máls. Tveitdal kynnti fyrst alþjóðlega starfsemi UNEP, sem er afar víðtæk, og sagði þörf á að leggja meiri áherslu á norðurslóðir innan UNEP. Hann sagðist líta svo á að UNEP ætti fyrst og fremst að beina starfi sínu í norðri inn á fjórar brautir. Í fyrsta lagi ætti UNEP að auka samstarf sitt við Norðurskautsráðið, í öðru lagi við þingmannanefnd um norðurskautsmál, í þriðja lagi við samtök frumbyggja á norðurslóðum og í fjórða lagi við Háskóla norðurslóða. Tveitdal taldi mikilvægt að tryggja betur stöðu frumbyggja og styrkja þá enn frekar til góðra verka innan norðurskautssamstarfsins. Hann sagði einnig að UNEP og þingmannanefndin ættu að vinna betur saman að því að koma málefnum norðurslóða á framfæri á alþjóðavettvangi. Hann sagði miður að Ísland hefði verið eina landið sem vakið hefði athygli á norðurskautsmálum á síðasta fundi UNEP í Nairóbí. Hann sagði mikilvægt að þingmenn vektu athygli samstarfsmanna sinna og annarra stjórnmálamanna á málefnum norðurskauts.

Þá tók dr. Robert Corell til máls. Corell fer fyrir einu metnaðarfyllsta verkefni sem norðurskautssamstarfið hefur lagt í, en það er gerð umfangsmikillar skýrslu um loftslagsbreytingar. Skýrslan verður lögð fram á fundi Norðurskautsráðsins haustið 2004 og líklegt þykir að hún muni vekja mikla athygli á alþjóðlegum vettvangi. Verkefnið er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt verður eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Corell minnti fundarmenn á að eftir rúmlega ár ætti vinnuhópur skýrslunnar í raun að skila af sér þremur skýrslum. Í fyrsta lagi væri um að ræða umfangsmikla vísindalega úttekt þar sem fram kæmu viðamiklar rannsóknir á loftslagsbreytingum norðurskautssvæða fyrr og nú, sem og spár um það hverju búast megi við á næstu áratugum. Corell sagði þessa vinnu byggjast bæði á strögustu vísindakröfum samtímans og á fornri þekkingu og visku frumbyggja. Í þessari vinnu kæmu því saman allir helstu vísindasérfræðingar í þessum málum, sem og fulltrúar frumbyggjaþjóða sem hefðu um aldaraðir byggt þessi landsvæði og varðveitt nána þekkingu á umhverfi sínu kynslóð fram af kynslóð. Í öðru lagi sagði Corell að hópurinn ætti að skila af sér styttri skýrslu, handa almenningi, þar sem fram kæmu í knöppu og auðlæsilegu máli helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Í þriðja lagi ætti að fylgja skýrslunni greinargerð um stefnumótun í þessum málum þar sem áþreifanlegar tillögur væru settar fram og ákveðinni stefnumörkun beint til stjórnvalda norðurskautsríkja. Corell sagði að ýtrustu krafna um vísindalega sönnunarbyrði væri gætt og að hver kafli skýrslunnar væri sendur a.m.k. átta sérfræðingum til yfirlestrar. Þessum utanaðkomandi sérfræðingum væri ætlað að koma með athugasemdir og staðfesta vísindalegt gildi rannsóknarinnar. Corell fagnaði því sérstaklega að skýrslan sameinaði vestræna vísindaþekkingu og sérhæfða þekkingu og visku frumbyggja, og væri auk þess tengd ýmsum öðrum verkefnum og skýrslum sem Norðurskautsráðið hefði þegar gefið út.

Corell fjallaði ítarlega um helstu niðurstöður sem þessi mikla rannsókn hefur nú þegar leitt í ljós. Hann nefndi m.a. að ísjakar í Beaufort- og Chuckchi-hafsvæðunum væru 25% undir minnsta meðallagi sem mælst hefði frá upphafi. Hann sagði plöntutegundir og annað gróðurlendi vera að færast æ norðar með hlýnandi loftslagi og að vor- og sumartími væri að lengjast. Hann sagði allar spár sýna að um næstu aldamót yrði norðurskautshafssvæðið íslaust að sumarlagi. Corell sagði vísindamenn nú geta greint loftslagsbreytingar af náttúrulegum orsökum frá breytingum af mannavöldum, og sagði slíkt vera afar mikilvæga nýjung við mat á niðurstöðum rannsóknarinnar. Hann sagði að jafnvel þótt allri útbreiðslu koltvísýrings af mannavöldum væri hætt nú þegar tæki það náttúruna nokkur hundruð ár að komast aftur í fyrra jafnvægi. Corell sagði lofthita á norðurskautssvæðum hafa hækkað um u.þ.b. 1°C síðustu 100 ár, sem væri um helmingi meira en á öðrum svæðum jarðar. Hann lagði hins vegar áherslu á að þetta væri breytilegt eftir svæðum og að loftslagsbreytingar mundu hafa ólík áhrif eftir svæðum jarðar; á sumum stöðum mundi hlýna til muna en annars staðar kólna. Corell nefndi einnig að hlýnandi loftslag og hlýnandi hafstraumar mundu leiða til enn örari loftslagsbreytinga. Hann sagði allar þessar breytingar augljóslega hafa áhrif á allt mannlíf svæðisins, og að t.d. væri ljóst að um 40% aukning hefði mælst á útfjólublárri geislun, sem með tímanum mundi hafa veruleg áhrif á heilsufar. Corell fjallaði einnig um samverkandi þætti loftslagsbreytinga og hafstrauma og sagði að hækkun sjávarborðs ylli alvarlegum vanda í strandbyggðum. Corell lýsti að lokum ástandinu á norðurskautssvæðum sem fyrirboða þess sem síðar kæmi fram annars staðar á jörðinni, þar eð vistkerfi norðurslóða væri sérlega viðkvæmt fyrir öllum breytingum. Hann sagði loftslagsbreytingar staðreynd sem kallaði á pólitísk viðbrögð alls staðar.

Eftir að nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar höfðu gert grein fyrir helstu störfum sínum og verkefnum gerði Sigríður A. Þórðardóttir grein fyrir áframhaldandi gerð skýrslu um sjálfbæra þróun. Hún sagði stýrihóp skýrslunnar hafa lagt mikla vinnu í að finna og tilnefna færustu sérfræðinga á sínu sviði til að semja kafla skýrslunnar. Hún sagði að nú væri staðfest hverjir höfundar allra kaflanna fimmtán yrðu og að í flestum tilfellum hefðu þeir fræðimenn sem leitað var til tekið að sér tilskilin verkefni. Hún sagði mikla ánægju vera með þá framúrskarandi sérfræðinga sem fengnir hefðu verið til verksins. Ritstjórn skýrslunnar og skrifstofa, sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri hefur á sinni könnu, skipuleggur nú fyrsta sameiginlega fund höfunda skýrslunnar um miðjan júní. Sigríður fór þá í saumana á hinni fjárhagslegu hlið verkefnisins og sagði að jafnvel þótt margt hefði áunnist frá því á fundi nefndarinnar í mars þá væri enn eftir að ná inn um fjórðungi fjármagns ef upphafleg fjárhagsáætlun ætti að standast. Mikil umræða varð um málið og sérhver nefndarmaður greindi ítarlega frá vinnu sinni í málinu frá síðasta fundi. Formaður nefndarinnar gerði þá grein fyrir stöðu mála varðandi Háskóla norðurslóða og kynnti sérstaklega nýja starfsáætlun skólans 2003–2007, sem og nýja fjárhagsáætlun og stefnu í fjármögnun. Háskólinn hefur komið á stofn sérstökum hópum í hverju landi sem fylgja eiga eftir kynningu, stuðningi og fjármögnun skólans. Nefndarmenn skýrðu frá vinnu sinni í þessum málum og voru sammála um að nokkuð hefði áunnist.

iii. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Reykjavík dagana 17.–18. október 2003.

Gunnar Pálsson, sendiherra og formaður embættismannanefndar Norðurskautsráðsins, gaf fundarmönnum yfirsýn yfir helstu verkefni Norðurskautsráðsins undir formennsku Íslands. Gunnar fjallaði m.a. um áðurnefnda skýrslugerð um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum, væntanlega skýrslu um loftslagsbreytingar og ráðstefnu um upplýsingatækni. Gunnar sagði Íslendinga hafa lagt hart að sér við að kynna vel starfsemi ráðsins á alþjóðlegum vettvangi, og að m.a. hefði verið lögð fram greinargerð til Evrópusambandsins við nýja stefnumótun sambandsins um norðlægu víddina. Gunnar sagði að Norðurskautsráðinu hefði á síðustu árum tekist að styrkja stöðu sína á alþjóðavettvangi og ráðið yrði æ greinilegri rödd á alþjóðavísu, sérstaklega í umhverfismálum. Þrátt fyrir þetta væri ljóst að herða þyrfti enn róðurinn í þessum efnum og leggja áfram áherslu á að kynna betur starfsemi ráðsins og sérstöðu norðurslóða á alþjóðlegum vettvangi. Gunnar benti einnig á að sýnileiki Norðurskautsráðsins á Heimsráðstefnunni í Jóhannesarborg 2002 hefði verið stórt skref fram á við, og bæri vitni um það hvernig norðurslóðir væru meir og meir að verða að vísi og viðmiðun umhverfisbreytinga fyrir heiminn allan.

Karen Erickson, prófessor í Háskóla Alaska, fjallaði þá um öryggismál á norðurslóðum. Erickson sagði að núverandi skilgreiningar á öryggismálum væru í raun alltof þröngar. Sjónum væri nær eingöngu beint að málum sem gætu talist yfirvofandi stríðshætta, svo sem hryðjuverkum, en í raun ættu öryggismál að ná til langtum breiðara sviðs. Djúp og langvarandi áhrif mikillar mengunar, geislavirkni og alvarlegra spjalla á umhverfinu ættu til dæmis, að mati Erickson, að flokkast undir öryggismál. Af þessu öllu stæði raunveruleg og langvarandi ógn við heilsu og velferð íbúa við norðurskaut. Mengun á norðurslóðum mundi þegar fram liðu stundir hafa gríðarleg áhrif á allt mannlíf, þótt auðvelt væri að loka augunum fyrir vandanum með skammtímahagsmuni í huga. Erickson sagði að vegna þess hve öryggismál væru skilgreind þröngt væru vandamál sem þessi nær alltaf síðast á forgangslistanum og því væri ekki almennilega tekið á þeim. Erickson sagði að íbúar norðurskautssvæða þyrftu að láta meira til sín taka hvað þetta varðaði. Hún sagði að því fyrr sem stór og langvarandi

umhverfisvandamál yrðu felld inn í umræðu um öryggis- og utanríkismál þeim mun líklegra væri að stórveldi eins og Bandaríkin létu raunverulega til sín taka í þessum efnum. Hún sagðist vona að norðurskautssamstarfið gæti orðið meira áberandi í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í umræðum um öryggismál, því að þá mundu ríki eins og Bandaríkin leggja meiri áherslu á samstarfið og tryggja áframhaldandi stöðu þess.

Níels Einarsson hélt þá erindi um skýrslu um sjálfbæra þróun og ítrekaði hversu ánægðir ritstjórar verksins væru með þá fræðimenn og höfunda sem fengnir voru til verksins. Hann sagðist bjartsýnn á að þessi stóri hópur semdi markverða og vandaða skýrslu. Hann sagði hins vegar ljóst að vegna minna fjármagns til skýrslugerðarinnar en upphaflega var áætlað yrði allur kostnaður, t.d. við prentun og útlit, skorinn niður og áhersla fyrst og fremst lögð á traust efnistök. Hann minnti fundarmenn á að skýrslunni væri í raun ekki endilega ætlað að birta nýjar rannsóknir, heldur fyrst og fremst að taka saman allt það sem fyrir lægi um þessi mál, og veita þannig yfirsýn yfir þá þekkingu sem til er um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum. Um leið mun skýrslan gefa yfirsýn yfir þá þætti þar sem frekari rannsóknir skortir, og slíkt sagði Níels ekki vera síður dýrmætt. Níels lagði áherslu á að skýrslan mundi ekki beinlínis verða stefnumótandi verk, en vonandi gæti hún þó nýst sem tæki til að vega og meta ákvarðanir. Hann vonaðist einnig til þess að skýrslan auki þekkingu almennings á norðurslóðum og sagði að áhersla yrði lögð á velgengni og velferð samfélagshópa norðursins. Sú velferð væri alls ekki alltaf háð náttúruauðlindum, eins og mörgum hætti til að halda fram, heldur ekki síður mannauði í þorpum, bæjum og borgum.

Lars Kullerud gerði því næst stutta grein fyrir því hvað hefði áunnist á liðnum mánuðum við að afla Háskóla norðurslóða frekari stuðnings. Hann þakkaði sérstaklega veittan stuðning þingmannanefndarinnar og sagðist vonast til að skólinn og þingmannanefndin héldu áfram góðu sambandi. Lavst Riemann Hansen skýrði að því búnu frá undirbúningsvinnu fyrir næstu þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem halda á dagana 3.–6. september 2004 í Nuuk á Grænlandi. Nefndarmenn ræddu um helstu málefni sem til greina kom að taka fyrir á ráðstefnunni. Eftir miklar bollaleggingar var ákveðið að helstu efnistök ráðstefnunnar yrðu loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðum, sjálfbær samfélagsþróun, umhverfisvænn ferðamannaiðnaður og siglingaleiðir á norðurskautssvæðum. Einnig var ákveðið að hafa sérstakan dagskrárlið þar sem formanni Norðurskautsráðsins væri sérstaklega boðið að flytja tölu og gera grein fyrir helstu áherslum og verkum Íslands á formennskutímabilinu 2002–2004.

Alþingi, 1. mars 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Magnús Stefánsson, varaform.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1033. Fyrirspurn [695. mál]

til heilbrigðisráðherra um samstarf heilbrigðisstofnana.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hefur verið skoðað hvort og þá á hvern hátt megi þróa samstarf heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni annars vegar og Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins

á Akureyri hins vegar? Ef svo er, á hvaða sviðum er slíkt samstarf vænlegast, hvenær verður því komið á og um hvaða heilbrigðisstofnanir er að ræða?

1034. Fyrirspurn [696. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning við aukabúgreinar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvernig eru svokallaðar aukabúgreinar í landbúnaði skilgreindar?
2. Hvaða aukabúgreinar njóta fastra styrkja úr ríkissjóði og um hvaða fjárhæðir er að ræða?
3. Hefur ráðherra í hyggju að móta skýrar reglur um aukabúgreinar og efla stuðning við þær?

1035. Fyrirspurn [697. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnuráðgjöf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir sérstökum stuðningi við atvinnuráðgjafa á láglaunasvæðum og ef svo er, hvenær?
2. Hvaða ráðstafanir verða gerðar til uppbyggingar atvinnu á láglaunasvæðum?

1036. Fyrirspurn [698. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnumál kvenna.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað hefur ráðherra gert til úrbóta í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni?
2. Hefur ráðherra skoðað sérstaklega stöðuna í atvinnumálum kvenna á láglaunasvæðum?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sértækum aðgerðum á þessu sviði og ef svo er, hvaða aðgerðum og hvenær má vænta þeirra?

1037. Fyrirspurn [699. mál]

til dómsmálaráðherra um nauðungarvistun.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra í hyggju að breyta reglum varðandi nauðungarvistun geðsjúkra? Ef svo er, á hvern hátt og hvenær má vænta þeirra breytinga?

1038. Fyrirspurn [700. mál]

til viðskiptaráðherra um verðtryggingu lána.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Telur ráðherra verðtryggingu lána enn eiga rétt á sér miðað við stöðuna í efnahagsmálum landsins?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir afnámi verðtryggingar lána til einstaklinga og fyrirtækja?
3. Er í gangi á vegum ráðuneytisins einhver skoðun á kostum og göllum núverandi verðtryggingar? Ef svo er, hvenær má vænta niðurstöðu úr henni? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir slíkri skoðun á næstunni?

1039. Fyrirspurn [701. mál]

til samgönguráðherra um áætlunarflug milli Sauðárkróks og Reykjavíkur.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeirri fyrirætlan Íslandsflugs að hætta áætlunarflugi milli Sauðárkróks og Reykjavíkur í maí nk. að óbreyttum rekstrarskilyrðum?

1040. Fyrirspurn [702. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur ríkissjóðs.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?

2. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?
3. Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?

Skriflegt svar óskast.

1041. Frumvarp til laga [340. mál]

um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

(Eftir 2. umr., 3. mars.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjóntækjafræðingar mæla sjón og fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur).

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um menntunarskilyrði sem sjóntækjafræðingar skulu uppfylla til að mega mæla sjón og fullvinna sjónhjálpartæki.

Ráðherra getur í reglugerð takmarkað heimildir sjóntækjafræðinga til að mæla sjón hjá nánar tilgreindum hópum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 2004.

1042. Fyrirspurn [703. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur vegna lifrarbólgu C.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir, sem sýktust af lifrarbólgu C við blóðgjafir fyrir október 1992, hafa fengið greiddar bætur skv. 7. gr. fjárlaga (nú 6. gr.) frá árinu 2001 og um hvaða upphæðir er að ræða?
2. Hversu margir hafa sótt um bótagreiðslur og hvernig hefur verið staðið að kynningu þessa liðar fjárlaga?

1043. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Ástu Valdimarsdóttur og Elínu R. Jónsdóttur frá Einkaleyfastofu og Valborgu Kjartansdóttur og Gunnar Örn Harðarson frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa.

Þá hafa borist umsagnir um málið frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Hafrannsóknastofnuninni, formanni tæknineffndar og formanni vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Einkaleyfastofunni og Samtökum iðnaðarins.

Málinu var upphaflega vísað til efnahags- og viðskiptanefndar sem vísaði því til iðnaðarnefndar með bréfi dags. 21. nóvember 2003 þar sem efni frumvarpsins er á málefnasviði hennar.

Frumvarpið felur aðallega í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna innleiðingar tilskipunar 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, ásamt breytingum sem byggðar eru á ákvæðum samningsins um hugverk í viðskiptum (TRIPS-samningsins) og samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT-sáttmálans). Líftæknitilskipunin fjallar um einkaleyfishæfi, umfang verndar á þessu sviði, nauðungarleyfi og varðveislu líffræðilegs efnis og er markmið tilskipunarinnar að samræma ákvæði aðildarríkja Evrópusambandsins, og nú aðildarríkja EES-samningsins, um einkaleyfishæfi uppfinninga á sviði líftækni. Þá er einnig ætlunin með frumvarpinu að samræma norræna einkaleyfalöggjöf.

Nefndin telur rétt að taka fram að með orðinu tæknisvið í a-lið 1. gr. frumvarpsins er átt við öll svið sem uppfinningar eru gerðar á og nýta má í atvinnulífi og að ekki er ætlunin að þrengja skilyrði 1. gr. gildandi laga um að einkaleyfi sé veitt fyrir uppfinningu sem nýta má í atvinnulífi. Einungis á að tryggja að líftæknin falli undir gildissvið laganna með óyggjandi hætti. Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að með þessari viðbót sé enn fremur verið að samræma lögin TRIPS-samningnum og 52. gr. evrópska einkaleyfasáttmálans sem hafi verið breytt árið 2000, en hið rétta er að þá náðist samkomulag um breytingartillögur við sáttmálann sem hafa ekki tekið gildi þar sem nægilega mörg ríki hafa ekki fullgilt þær.

Þá hefur nefndin skoðað hugtakanotkun í frumvarpinu og telur nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar. Fram kom á fundi nefndarinnar að þýðing tilskipunarinnar er ekki alltaf nákvæm sem skýrir ákveðinn mun á hugtakanotkun í frumvarpinu annars vegar og í þýðingunni hins vegar. Sem dæmi má nefna athugasemdir sem komu fram varðandi notkun orðanna klónun og einræktun, en einræktun er notað í frumvarpinu og er þar átt við „reproductive cloning“ í enskum texta tilskipunarinnar.

Þá telur nefndin rétt að vekja athygli á að í frumvarpinu er vísað í lög um yrkisrétt, nr. 58/2000, varðandi skilgreiningu á hugtakinu plöntuafbrigði en í þeim er þó ekki nákvæm skilgreining á hugtakinu heldur talað um yrki sem afbrigði eða stofn af plöntutegund. Orðið plöntuafbrigði er þó í samræmi við íslenska málnotkun og einnig í samræmi við tilskipunina og norræna löggjöf og telur nefndin því rétt að halda hugtakinu plöntuafbrigði þar sem yrki er auk þess verndað plöntuafbrigði samkvæmt lögunum um yrkisrétt og því er um ólík verndarsvið að ræða.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Fyrri breytingin sem lögð er til á 1. gr. varðar einungis málfar.

2. Seinni breytingin á 1. gr. og breytingin á 3. mgr. a-liðar 3. gr. fela í sér að nota orðið „erfðaupplýsingar“ í stað orðanna „upplýsingar um erfðaefni“ og „erfðafræðilegar upplýsingar“. Upplýsingar um erfðaefni geta verið nánast hvaða upplýsingar sem er um erfðaefni, t.d. hvaðan það kemur, en erfðaupplýsingar eru upplýsingar sem felast í erfðaefninu sjálfu, þ.e. samsetning þess og nákvæmar upplýsingar um hvað það er sem gengur í erfðir.
3. Nefndin leggur til að í stað orðanna „með dýr til undaneldis“ í 2. mgr. b-liðar 3. gr. komi orðin „með búfé til undaneldis“ og telur nefndin það vera í betra samræmi við efni tilskipunarinnar sem og þýðingu hennar.
4. Þá var upplýst á fundi nefndarinnar að í 5. gr. frumvarpsins hefði láðst að taka fram að sérfræðingarnir sem þar um ræðir eigi að vera óháðir og er lögð til breyting á frumvarpinu vegna þess. Sú breyting er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að t.d. samkeppnisaðilar geti á því tímabili sem um ræðir, þ.e. þar til einkaleyfi er veitt, fengið sýni afhent.
5. Þá telur nefndin nauðsynlegt að skýra nánar skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis þannig að samræmis sé gætt við tilskipunina og norræna einkaleyfalöggjöf á þann hátt að nauðungarleyfi skuli aðeins veitt ef yrkishafi sýnir fram á að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu. Nauðungarleyfið sem um ræðir er víxlleyfi þannig að sama regla þarf að gilda í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000, en nú hefur verið lagt fram á þingi frumvarp til breytinga á þeim lögum og er nauðsynlegt að samræmis sé gætt að þessu leyti á milli laganna.
6. Að lokum er nauðsynlegt að benda á að sérstakt ákvæði vantar í frumvarpið um innleiðingu á tilskipun 98/44/EB um lögvernd uppfinninga í líftækni. Slík ákvæði skal setja á undan gildistökuákvæðum samkvæmt samræmdum reglum Stjórnarráðsins og venjum við setningu laga. Leggur nefndin til að innleiðingargrein verði bætt við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm. Kjartan Ólafsson. Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Sigurjón Þórðarson. Guðmundur Hallvarðsson.

1044. Breytingartillögur [303. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „plöntu- né dýraafbrigðum“ í 2. efnismgr. b-liðar komi: plöntu- eða dýraafbrigðum.
   b. Í stað orðanna „upplýsingar um erfðaefni“ í 4. efnismgr. b-liðar komi: erfðaupplýsingar.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „erfðafræðilegum upplýsingum“ og „erfðafræðilegu upplýsingarnar“ í 3. mgr. a-liðar komi: erfðaupplýsingum, og: erfðaupplýsingarnar.
   b. Í stað orðanna „með dýr til undaneldis“ í 2. mgr. b-liðar komi: með búfé til undaneldis.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „sérfræðingum“, „sérfræðingi“ og „sérfræðingar“ í 2. efnismgr. komi: óháðum sérfræðingum, óháðum sérfræðingi, og: óháðir sérfræðingar.
4. Við 6. gr. Við 1. efnismgr. bætist: í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu.
5. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 9. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

1045. Fyrirspurn [704. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðakjarna.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað hefur verið gert til að skilgreina byggðakjarna og hlutverk þeirra, sbr. álit meiri hluta iðnaðarnefndar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005?

1046. Fyrirspurn [705. mál]

til umhverfisráðherra um veiðikort.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hverjar voru tekjur af veiðikortagjaldi árin 2001, 2002 og 2003? Hverjar eru áætlaðar tekjur fyrir árið 2004?

2. Hversu mikið af tekjunum fór hvert ár um sig annars vegar til rannsókna og hins vegar til vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra? Hver er áætlunin fyrir 2004?
3. Hefur ráðherra gert ráðstafanir til að tryggja fé til rannsókna á rjúpnastofninum nú og næstu ár vegna minnkandi tekna veiðikortasjóðs?
4. Hefur gildi upplýsinga úr veiðikortum breyst eftir að kunnugt varð um núverandi rjúpnaveiðibann?

1047. Fyrirspurn [706. mál]

til fjármálaráðherra um afslátt af endurgreiðslu námslána.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður framkvæmd hugmynda um að bjóða ungu háskólamenntuðu fólki tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána setjist það að á svæðum þar sem skortur er á háskólamenntuðu fólki, sbr. markmið í byggðaáætlun?

1048. Svar [430. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um verðmæti umfjöllunar um vetnisáform.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða verðmæti má ætla að séu fólgin í þeirri umfjöllun sem vetnisáform Íslendinga hafa fengið á alþjóðavettvangi?

Stuðst var við gögn frá fyrirtækinu Íslensk nýorka, sbr. fylgiskjal I, og utanríkisráðuneyti, sbr. fylgiskjal III, við gerð þessa svars.

1. Mat á verðmæti alþjóðlegrar umfjöllunar um vetnisáform Íslendinga.

Forsendur fullnægjandi svars við fyrirspurninni hljóta að vera þær að

- til sé sem næst tæmandi yfirlit um umfjöllun í fjölmiðlum heimsins um vetnisáform Íslendinga,
- beitt sé sambærilegri aðferð við að meta áhrif umfjöllunarinnar í mismunandi fjölmiðlum um allan heim,
- fyrir liggi haldbærar upplýsingar um kostnað við auglýsingabirtingar í sömu fjölmiðlum (ef þá eru birtar þar auglýsingar á annað borð), til að hafa til hliðsjónar við mat á verðmæti eða áhrifum umfjöllunarinnar.

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að afla upplýsinga hérlendis og erlendis til að svara fyrirspurninni. Fljótlega kom í ljós að ógerlegt er í reynd að taka saman tæmandi skrá yfir alla umfjöllun málsins í veröldinni og það er heldur ekki vinnandi vegur að draga saman upplýsingar um heildarverðmæti þessarar umfjöllunar, á mælikvarða kostnaðar við auglýsingabirtingar í viðkomandi fjölmiðlum. Hins vegar má nálgast svar við fyrirspurninni með því

að sýna umfang málsins og nefna dæmi úr fjölmiðlum til að unnt sé að glöggva sig á heildarmyndinni.

Mörg hundruð blaðagreinar og sjónvarpsfréttir.

Upplýsingar sem aflað var staðfesta að mun meira og víðar hefur verið fjallað um vetnisáformin en flestir Íslendingar geta gert sér grein fyrir. Vetnið á Íslandi hefur fengið rými í alls konar miðlum um víða veröld, hvort sem í hlut eiga alþjóðlegar sjónvarpsstöðvar eða lítil héraðsfréttablöð í fjarlægum heimshornum. Þetta er þannig heimsfrétt á sinn hátt.

- Alþjóðlegar sjónvarpsstöðvar hafa framleitt og sýnt þætti um vetnisverkefnið, 20–40 mínútna langa. Þættir af þessu tagi hafa birst í BBC, Discovery Channel, finnska ríkissjónvarpinu YLE, Television Suisse Romande, PBS og Canal Plus.
- Frásagnir og myndir í tengslum við vetnismálið hafa birst í fréttatímum sjónvarpsstöðva víðs vegar um heim svo hundruðum skiptir. Þar má nefna BBC í Bretlandi, bandarísku sjónvarpsstöðvarnar ABC, NBC, CNN, sjónvarpsstöðvar í öllum norrænu ríkjunum og Frakklandi, Euro-News og fleiri.
- Í heildina tekið hefur verið fjallað um íslenska vetnisverkefnið í yfir 500 blaðagreinum, sjónvarpsþáttum og tímaritsgreinum um allan heim frá því árið 1999. Fréttir og frásagnir um opnun vetnisstöðvar við Vesturlandsveg í Reykjavík 24. apríl 2003 birtust í fjölmiðlum í Ástralíu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Japan, Kanada, Kína, Kóreu, Tælandi og í öllum Evrópuríkjum að því best er vitað.

Í þessari samantekt er athyglinni einkum beint að venjulegri dægurmálaumfjöllun um vetnisverkefnið í fjölmiðlum (sjá fskj. I). Einnig skal nefnd umfjöllun í sérhæfðum fagritum annars vegar og hins vegar umfjöllun á ráðstefnum og sýningum, en engin tilraun er gerð hér til að leggja mat á verðgildi þessara síðastnefndu tveggja þátta.

Þá er ónefndur sjálfur veraldarvefurinn, upplýsingamiðill nútímans. Þegar að er gáð má finna upplýsingar af ýmsu tagi um vetnismálið ótrúlega víða á vefnum. Ef ensku orðin Iceland og hydrogen eru slegin inn í helstu leitarvélar fást eftirfarandi svör:

- Google: 15.200 síður tengdar þessum orðum.
- Yahoo: 22.800 síður.
- Lycos: 66.000 síður.

Vandkvæðum bundið að meta áhrif og verðmæti.

Fyrirtæki í markaðsmálum og almannatengslum beita mörgum mismunandi aðferðum við að mæla fjölmiðlaumfjöllun og gildi hennar. Reynt er að meta hve mikils virði tiltekin umfjöllun er, hvort hún teljist jákvæð eða neikvæð og hvort skilaboðin séu í samræmi við markmið sendandans.

Dæmi um mælikvarða af þessu tagi er svokölluð auglýsingajafnvirðisaðferð (Advertising Value Equivalent). Þar er horft til þess rýmis í mínútum eða dálksentimetrum, sem ákveðin umfjöllun tekur í fjölmiðli og það metið til fjár með því að bera saman við kostnað við að kaupa jafnstóra auglýsingu á sama stað í sama blaði eða jafnlanga auglýsingu í ljósvakamiðli. Auglýsingakostnaðurinn er síðan oftast margfaldaður í samræmi við huglægt mat hverju sinni á þeirri forsendu að umfjöllun blaðamanna og fréttamanna sé trúverðugri í augum almennings en keypt auglýsing um sama efni. Umfjöllunin sé því mun verðmætari en auglýsingin. Margföldunarstuðullinn getur verið breytilegur, fjórfaldur, fimmfaldur, jafnvel tífaldur eða hærri, allt eftir því hvaða fjölmiðlar eiga í hlut, lengd fréttar, fjöldi lesenda/áhorfenda o.s.frv.

Almannatengslafyrirtækið Bracken Public Relations telur óvarlegt að nota almennt hærri margföldunarstuðul en 3,5 fyrir vetnisumfjöllunina, þar sem efnið hafi ekki mjög almenna skírskotun, en mat erlendra samstarfsfyrirtækja Íslenskrar nýorku (DaimlerChrysler, Shell Hydrogen og Norsk Hydro) er að margfalda megi hina jákvæðu umfjöllun sem verkefnið hefur fengið með stuðlinum 10–20 til að fá fram raunverðmæti. Eflaust væri hægt með enn ítarlegri gagnaöflun og fyrirspurnum um auglýsingaverð að nálgast einhverja raunhæfa tölu en vinnan og kostnaðurinn við það væri slíkur að ekki var talið álitlegt að fara þá leið. Í staðinn er brugðið upp nokkrum dæmum sem eiga að geta gefið allgóða innsýn í það hvert verðmæti umfjöllunarinnar geti verið.

Eftirfarandi eru dæmi um fréttir í fjölmiðlum og kostnaður við samsvarandi auglýsingarými í sömu miðlum. Auðvitað hlýtur að vera erfitt og umdeilanlegt hvernig beri að áætla verðmæti slíkrar umfjöllunar fyrir vetnisverkefnið og fyrir Íslendinga. Samanburður við auglýsingakostnað gefur hins vegar vísbendingu í krónum talið en fullvíst er að raunverulegt verðmæti er margfalt meira, samkvæmt auglýsingajafnvirðisaðferðinni sem fyrr er nefnd.

- Breska dagblaðið The Guardian (1,3 milljónir lesenda að jafnaði daglega) fjallaði ítarlega um íslenska vetnisverkefnið og opnun vetnisstöðvarinnar við Vesturlandsveg. Álíka stór auglýsing í blaðinu mundi kosta um 2,7 millj. kr.
- Breska dagblaðið Daily Telegraph (2,4 milljónir lesenda að jafnaði daglega) fjallaði líka á áberandi hátt um vetnismálið. Auglýsing af sömu stærð í blaðinu mundi kosta a.m.k. 4 millj. kr.
- Þýska vikuritið Stern (yfir 7 milljónir lesenda að jafnaði í hverri viku) fjallaði um vetnisáform Íslendinga á fjórum síðum í nóvember 1999. Álíka stórar auglýsingar í Stern mundu kosta á bilinu 12–14 millj. kr., allt eftir því hvort þær birtast í lit eða svarthvítu.
- Bandaríska sjónvarpsstöðin CNN International birti viðtal við forseta Íslands 14. nóvember 2003 í tilefni af fyrirlestri hans í Kólumbíuháskóla í New York. Forsetinn talaði m.a. um vetnisáform Íslendinga og tilheyrandi verkefni. Viðtalið var 5–7 mínútna langt og var sent út nokkrum sinnum allan daginn. Eftir því sem næst verður komist kostar birting 30 sekúndna auglýsingar í CNN á þessum tíma dags tæplega 400 þús. kr. Varlega áætlað hefðu auglýsingar í CNN, álíka langar og viðtalið tók, kostað 20–30 millj. kr. Útsendingar CNN ná til 163 milljóna heimila í yfir 200 löndum um allan heim og áhrif slíkrar umfjöllunar hljóta að vera í samræmi við það.
- Þýska vefritið Spiegel online (www.spiegel.de, 30 milljón heimsóknir á mánuði) birti fjögurra síðna grein í apríl 2003 þar sem m.a. var fjallað um vetnismálið. Ætla má að sambærilegt auglýsingarými hefði kostað þar um 5 millj. kr.

Jákvæð áhrif á ímynd Íslands.

Fulltrúar Ferðamálaráðs, fulltrúar viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, markaðsskrifstofa Icelandair í Bandaríkjunum og Evrópu og fleiri, sem rætt var við, eru yfirleitt á einu máli um að vetnisáformin hafi vakið mikla athygli víða um heim og að þau hafi jákvæð áhrif á ímynd Íslands.

Á það er líka bent í svari Íslenskrar nýorku að alþjóðleg fyrirtæki sem verkefninu tengjast, t.d. Shell Hydrogen og DaimlerChrysler, hafi fengið sérstaka umfjöllun sem nái til milljóna manna, í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og netmiðlum. Má þar nefna miðla á borð við CBS News, MSNBC, Dnet, Popular Science og Hydrogen Magazine. Þá má og geta þess að starfsmenn sendiráðanna urðu einnig varir við neikvæða umræðu, m.a. í olíuframleiðsluríkjum þar sem umræða um vetni sem orkubera er ekki talin tímabær.

Aðferðafræðin, sem reifuð var hér að framan og varðar samanburð við auglýsingakostnað, svarar auðvitað ekki öllum þeim spurningum sem máli skipta. Markaðs- og almannatengslafyrirtæki nota líka ýmsar aðrar aðferðir til að mæla og meta hvort fjölmiðlaumfjöllun hafi náð tilgangi sínum. Þannig er til aðferð sem ætlað er að leiða í ljós hvort tiltekin fjölmiðlaumfjöllun sé jákvæð, neikvæð eða hlutlaus. Aðferð þessi kallast Influence Tracking á enskri tungu. Með henni er einnig reynt að meta hvaða boðskap fyrirsagnir frétta hafa og hverjir helst eru nefndir til sögu í fréttum eða greinum. Enn má nefna aðferð sem notuð er til að mæla hvort fjölmiðlaumfjöllun hafi komið tilteknum skilaboðum á framfæri á áhrifaríkan hátt, svokölluð Message Delivery Effectiveness.

Hvað svo sem aðferðin heitir sem beitt er við mat á áhrifum vetnisumfjöllunarinnar um heim allan bendir flest til þess að Ísland og Íslendingar hafi fengið mikla og jákvæða kynningu út á við fyrir þátttöku sína í þessu verkefni. Skilaboðin eru skýr og þau eru Íslandi tvímælalaust til framdráttar og sóma. Alls staðar er vísað til Íslands sem vetnissamfélags og bent á vistvæna orkugjafa og vistvæna orkuvinnslu hérlendis. Erlendir þátttakendur í verkefninu kalla það gjarnan „íslenska verkefnið" þegar þeir vísa til þess, sem treystir enn frekar tengsl Íslands við málið.

Vetnisumfjöllunin hefur styrkt í sessi ímynd Íslands sem hreins og umhverfisvæns lands. Slíkt er auðvitað afar verðmætt og verður í reynd ekki metið til fjár. Það er jafnan fjallað um Ísland sem fyrirmynd í alþjóðasamfélaginu á sviði orkumála og orkunýtingar. Víst er að vetnismálið hefur vakið áhuga margra á landi og þjóð og aukið áhuga sem þegar var fyrir hendi hjá öðrum.

2. Þróun verkefna á sviði vetnis.

Árið 1998 mörkuðu íslensk stjórnvöld stefnu sem miðar að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Var lögð áhersla á að skapa hér skilyrði svo landið gæti orðið vettvangur alþjóðlegra rannsókna á því sviði með því að fá hingað aukinn hluta af þeim alþjóðlegu rannsóknarverkefnum sem unnið er að og flýta um leið fyrir þeirri þróun að vetni komi í stað olíu sem eldsneyti í samgöngum. Hefur þessi stefnumörkun tekist vel í ECTOS-verkefninu, sem miðar að rannsóknum og þróun á notkun vetnis í almenningssamgöngum með rekstri vetnisvagna hér á landi. Nýlega var einnig undirrituð viljayfirlýsing á milli Íslands og Kanada á sviði vetnis og stjórnvöld í Bandaríkjunum buðu Íslandi ásamt nokkrum öðrum þjóðum, sem framarlega eru á sviði vetnisrannsókna, að gerast stofnaðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi 14 landa (IPHE) um rannsóknir og þróun er miðar að aukinni nýtingu vetnis sem orkubera. Sjá einnig fylgiskjal II.

Efnahagslegt umfang á sviði vetnismála .

Eykur samstarfið vonandi möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga á sviði vetnisrannsókna en um 25 manns vinna nú orðið beint og óbeint í tengslum við ýmis verkefni á þessu sviði. Er áætlað samkvæmt upplýsingum Íslenskrar nýorku að á næstu fjórum árum verði velta í vetnistengdum rannsóknum hér á landi um 1,5 milljarðar króna og komi stærstur hluti þess fjármagns frá erlendum aðilum. Rétt er að benda á að stór hluti rannsóknanna fer fram erlendis, t.d. smíði vetnisvagna, en gera má ráð fyrir að u.þ.b. 40% þeirra fari fram innan lands. Styrkir Evrópusambandsins til vetnisverkefna undir forustu Íslenskrar nýorku nema nú í heild u.þ.b. 350 millj. kr. Nýlega fékk Íslensk nýorka 30 millj. kr. styrk frá ESB til að sinna forkönnun er varðar vetnisvæðingu fiskiskipaflotans.

Heimsóknum til íslenskra fyrirtækja sem tengjast vetni fer stöðugt fjölgandi og er nú svo komið að þau eiga erfitt með að anna eftirspurn. Áætla talsmenn Íslenskrar nýorku að á veg-

um fyrirtækisins hafi komið rúmlega 1.000 gestir til landsins á liðnu ári en 200–400 gestir að meðaltali á umliðnum árum. Um er að ræða ferðamenn sem að flestir koma utan hefðbundins ferðatíma og skilja að jafnaði eftir umtalsverð verðmæti (high paying tourism). Á næstu árum, á meðan tilraunir með strætisvagnana standa yfir, má gera ráð fyrir enn meiri fjölda erlendra gesta.

Landkynning erlendis.

Í máli sendiherra og annarra hefur komið fram að vetnisumfjöllun í erlendum fjölmiðlum hafi haft mikið kynningargildi, sem líklegt er að skili sér beint og óbeint á margan hátt fyrir íslenska hagsmuni, m.a. ferðaþjónustuna. Kemur fram í umsögn utanríkisráðuneytisins, sbr. fskj. III, að í sendiráðum erlendis hafi starfsmenn orðið varir við vaxandi velvilja í garð Íslands og áhuga fyrir vistvænni nálgun íslenskra stjórnvalda. Það skili sér aftur með ýmsum hætti og auðveldi t.d. „kynningu á hvalveiðum í vísindaskyni og afstöðu Íslendinga til hvalveiða“. Áhugi á vetnismálunum hefur einnig leitt til þess að athygli erlendra aðila hefur beinst að tengdum sviðum, t.d. jarðvarma.

3. Verðmæti sem ekki verða mæld beint í krónum og aurum.

Engin leið er að meta í krónum og aurum alla þá umfjöllun sem vetnisáform Íslendinga hafa fengið. Umræðan spannar höf og heimsálfur og hefur náð til tuga ef ekki hundruða milljóna manna. Í hnotskurn snúast þessi „verðmæti“ um eftirfarandi meginþætti:

- Umfjöllun fjölmiðla (sjónvarp, útvarp, dagblöð, heimasíður/vefsíður, fagblöð).
- Ráðstefnur og fundi um vetni (umfjöllun um Ísland).
- Fundir innan alþjóðastofnana (ESB, Sameinuðu þjóðanna o.fl.).
- Umfjöllun í háskólum, rannsóknarstofnunum, fjármálastofnunum o.fl.
- Umfjöllun alþjóðlegra stórfyrirtækja (Shell, DaimlerChrysler, Norsk Hydro o.fl.).
- Kynningarstarf alþjóðlegra fyrirtækja, svo sem Shell Hydrogen, þar sem vetnisstöðin á Ártúnshöfða er notuð sem ímynd fyrirtækisins, jafnframt því að í kynningarefni frá Shell sem er markvisst dreift er vetnisverkefnið á Íslandi sem og Ísland kynnt.
- Verðmæti annarrar umfjöllunar og áhrif á aðra þætti, svo sem ferðamennsku o.fl.
- Áhrif á ímynd Íslands og tengda málaflokka, svo sem umhverfismál og loftslagsmál.
- Áhrif innan alþjóðlegra verkefna og stofnana á tengda málaflokka.
- Gildi aukinnar auglýsingar fyrir aðra málaflokka.

Ekki er nokkur leið að slá fram einhverri tölu út frá fyrirliggjandi gögnum um verðmæti þessa og þeirrar umfjöllunar sem verið hefur um vetnisáform Íslendinga en um leið er jafnauðvelt að álykta út frá sömu gögnum að ef kaupa hefði átt auglýsingar til jafns við allt þetta efni hefði kostnaður við slíkt eflaust hlaupið á upphæðum sem telja þyrfti í hundruðum milljóna króna ef ekki milljörðum.

Fylgiskjal I.

Íslensk nýorka:

Erlend umfjöllun um Íslenska nýorku og vetni á Íslandi.

Hér birtist listi, þó alls ekki tæmandi, sem greinir frá umfjöllun um Íslenska nýorku (INO) og vetnisverkefni á Íslandi á erlendum vettvangi. Listinn er skráður samkvæmt þeim gögnum og fréttum af atburðum sem INO hefur fregnir af og tengist beint eða óbeint fyrirtækinu. Flestar greinarnar eru til í afriti hjá fyrirtækinu en viðtöl fyrir útvarp og sjónvarp eins og þau hafa verið skráð í dagbækur. Atriðin í listanum eru með ýmsu móti: Greinar blaðamanna, greinar í vísindatímaritum, umbeðnar og birtar greinar fyrir almennari tímarit ritaðar af starfsmönnum fyrirtækisins, samantektir sem gefnar hafa verið út um fyrirlestra sem fluttir hafa verið á ráðstefnum og alþjóðlegum námskeiðum. Einnig eru stundum birtar dagsetningar frumsýninga heimildamynda um vetnisverkefni hér á landi og sýninga sem aðrir hafa sett upp en fengið efni héðan til að birta. Oft er erfitt um vik að fá nákvæma titla og birtingarstað þar sem fyrirtækinu berast oft upplýsingarnar í tölvupósti eða sem fréttaúrklippur eða myndbandsspólur án titils. Rétt er að taka fram að ekki hafa nærri allir fréttamenn sent okkur skrif sín eða upplýsingar um birtingu og þótt leitað hafi verið eftir svörum um birtingartíma hafa þau svör ekki alltaf borist. Listann er því ekki hægt að líta á sem lista yfir heimildir heldur vísbendingu um umfang umfjöllunarinnar.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
1.	24.4.2004	Marit Palén. Vätgas är inte fremtid utan nutid i Reykjavík. Utbildningsradion, P1, Gautaborg, Svíþjóð. Viðtal við Maríu Maack.
2.	11.–12.2. 2004	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Application of Geothermal Energy to Hydrogen Production and Storage. Proc. The international German Hydrogen Energy Congress, Essen, Þýskalandi.
3.	1.2.2004	Vilhjálmur Guðmundsson, Verslunarráði Íslands. Small Country Huge Potential. Viðtal við Israel Scandinavia Business. A magazine of news with an international readership.
4.	10.1.2004	Ivar Grydenland, norska ríkisútvarpið. Factaredaktionen. Viðtal við Maríu Maack.
5.	1.1.2004	Bragi Árnason. The Road from Fossil to Sustainable Energy Economy. – The Strategy in Iceland. OPTIMIST – "Green Cross International". 1. hefti 1. árgangur 2004, gefið út á átta tungumálum. Einnig greinar eftir Michail Gorbachov og Kofi Annan.
6.	24.12.2003	Thomas N. Das Freie Radio, Þýskalandi. Wasserstoff auf die Fisherboote, und Weihnachtsfeiern in Island.
7.	10.12.2003	María Maack. Breaking the Ice. Our Planet, the Journal of the United Nations' Environmental Program Special issue on Energy.
8.	6.12.2003	Petter Haugenland; Hydrogenlandet Island. Cicerone, tidskrift for klimaforskning. Árgang 12 (www.cicerone.uio.no). Viðtal við Jón Bj. Skúlason.
9.	3.12.2003	Christian Wölk. H2 Report. 15 nations sign hydrogen agreement. Birt á freesen-partner.de (service@freesen-partner.de). Fréttatilkynning frá ráðstefnu í Bandaríkjunum um stofnun alþjóðasamtaka vetnissamfélaga (IPHE).
10.	1.12.2003	Svend Geitman. Island bald das erste vollständig aug wasserstoff umgestelle Land. Tag und nacht, Magazin der Stadtwerke Wedel / www.stadtwerke-wedel.de.
11.	24.11.2003	Hydrogen buses on the streets of Reykjavik. Fréttabréf Fjárfestingarstofunnar, Invest in Iceland Agency.
12.	10.11.2003	Japönsk sjónvarpsstöð í Osaka. Umfjöllun um vetni, viðtal við Jón Bj. Skúlason.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
13.	1.11.2003	Brent Hurd. 30 minutes on Hydrogen. Voice of America. Útvarpsviðtal við Jón Bj. Skúlason.
14.	15.10.2003	Fuel Cell Today. Hydrogen buses in Europe (Internet newsletter).
15.	15.10.2003	Haraldur Sigurðsson og María Maack. European mobility week. Á vegum ACCESS (Eurocities), verkefnis sem Reykjavíkurborg tekur þátt í. Journal for a New Mobility Culture.
16.	15.10.2003	Canal + (Frakklandi) et partiners. Interview avec María Maack, et Gunnar Þór. Viðtal á frönsku og ensku. Sjónvarpsmenn sem komu hingað í tenglsum við Iceland airwaves.
17.	14.10.2003	Stærsta útvarpsstöð í Tókýó – kvöldþáttur. Viðtal við íslenskan bílstjóra á vetnisstrætó.
18.	3.10.2003	Nobuo Fukuda. Fréttaskýring japansks fréttaritara í London.
19.	1.10.2003	Petter Haugeland, blaðamaður á vegum Center for International Climate and Environmental Research – Ósló. Viðtal við Jón Björn Skúlason fyrir IPPC-nefndina, á ensku.
20.	18.9.2003	Eckhard, þýsk útvarpsstöð. Viðtal við Jón Björn Skúlason á ensku.
21.	10.9.2003	CEA, Centre de l' Energie Atomique. Stutt grein í fréttabréf stofnunarinnar frá Maríu Maack.
22.	10.9.2003	Ragnhild Krogvig Karlssen. Ren energi. Norsk radio (NRK-tv), heimildarmynd. Viðtöl við Jón Bj. Skúlason, Maríu Maack, Þorstein I. Sigfússon, Braga Árnason ofl.
23.	8.8.2003	Süddeutche Rundfunk. Wasserstoff. Fréttaskýringarþáttur við sjónvarpsfréttir. Stuttgart, Munchen.
24.	28.7.2003	Television de Catalunia, Spáni. Hidrogen energia del future. Heimildarmynd. Viðtöl við Jón Björn Skúlason, Þorstein I. Sigfússon o.fl.
25.	5.– 7.7. 2003	Maria Maack viðstödd opnun 5th Interantional Clean air conference. Lissabon. Fjallað var um hreint eldsneyti. Greinarútdráttur birtur sem Abstract: Hydrogen applications and research. Ráðstefnugögn.
26.	17.6.2003	Aðalfréttatími France 1, Frakklandi, fréttaskýring. Einnig gefið út á netinu. Actualites; Petrole, mai/juin no. 82. Hydrogene: Premiere station-service d'hydrogene Shell.
27.	15.6.2003	Arne Spångberg. Sjörapporten, no. 2 2003. Gröna vågen i Island. Viðtal við Maríu Maack og Hálfdán Guðmundsson. Viðtalið birtist einnig í eistnesku tímariti.
28.	10.6.2003	Bragi Árnason. Infrastructure of the modern hydrogen society. NorFA Phd summer school, Reykjavík. Iceland Energy Sources and Conversion – General Overview. Iceland a Pilot Country to Demonstrate the Road to Hydrogen Economy.
29.	7.6.2003	Lydia Murphy, researcher – with David McWilliams. Newstalk 106. Morgunútvarp írskrar útvarpsstöðvar, 5 mín. viðtal við Maríu Maack.
30.	6.6.2003	Next TV, Kanada. Hydrogen the future fuel – fréttatengd útvarps og sjónvarpsviðtöl. Viðtal við Jón Björn Skúlason og Maríu Maack.
31.	5.6.2003	Carole Venuat / Annie Lassibliere. Europe / Nature – Environnement, Journal de 20 H avec Patrick Poivre D'arvor, L-Hydrogen sert de carburant de substitution. Declaration Margrét Guðmundsdóttir, declaration Helgi Bjarnason.
32.	2.6.2003	Anne Bauer. Les Echos L'hydrogene, reve du XX1e ciecle L'energie proper qui séduite les politiques. Viðtal við Maríu Maack – útvarpsviðtal og grein í útvarpsfréttabréfinu.
33.	1.6.2003	Sciences et Avenir. Ecologie La plein d'hydrogen.
34.	28.5.2003	Automotive News, Crain communications INC, Bandaríkjunum. Icelandic public hydrogen fuel filling station that generates hydrogen without making pollution.
35.	28.5.2003	Paul Erik BAK. H2 carsBIZ First Shell branded hydrogen station openend. http://www.h2cars.biz/artman/publish/printer_148.shtml.
36.	27.5.2003	Umræðuþáttur, Radio 24 horas, Róm, Ítalíu. Útvarpsstöð um fjármál og stjórnmál. María Maack tók þátt í klukkustundarlöngum umræðuþætti í beinni útsendingu þar sem hlustendur gátu hringt og borið fram spurningar.
37.	23.5.2003	Uhera Mashai, fréttaritari Japanese Financial Times (England og Japan). Viðtal við Maríu Maack (á ensku).
38.	23.5.2003	World Business, veffréttir. New story in Iceland. Frétt um opnun vetnisstöðvarinnar.
39.	20.5.2003	Ríkissjónvarp Suður-Kóreu – viðtal við Jón Björn Skúlason.
40.	17.5.2003	Einstein a la plata Canal 39 b. Tv, Barcelona á Spáni. Spekingarnir spjalla, Þorsteinn I. Sigfússon tók þátt í umræðum í sjónvarpssal.
41.	15.5.2003	Dietmar Lamparter. Die Zeit, National weekly. Wikinger auf sauberem Kurs.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
42.	15.5.2003	Hydrogen and Fuel cell letter. Worlds first commercial Hydrogen Station opens in Iceland. Viðtal við Valgerði Sverrisdóttur. Www.hfcletter.com/letter/May03/features.html.
43.	13.5.2003	Dan Roberts. Financial Times. Energy Hydrogen. Clean, safer than in the past and popular with politicians.
44.	13.5.2003	Finacial Times, Early edition. Reykjavik's bus take a lead, bls. 21 og 25.
45.	12.5.2003	De Agostini-Rizzoli. Happyweb, ítalskt tímarit um veraldarvefinn og nýja tækni. Viðtal við Maríu Maack og birting hluta úr hreyfimynd um vetnisframleiðslu og notkun.
46.	12.5.2003	Sylvie Briet. Envoyée speciale, L'Islande se reve en blanc. Liberation, Le Weekend. Viðtal við Braga Árnason, Hjálmar Árnason, Dietmar Beck, Maríu Maack, Eric Pointieu, Paul Luchesse, Benjamin Dessus.
47.	12.5.2003	LexisNexis, vol. 17, no. 19, newsweb fret. Iceland opens world first hydrogen filling station.
48.	9.5.2003	Anne Bauer. Deutshce Welle, Radio. Frétt í útvarpinu endurtekin fimm sinnum í lok árs.
49.	7.5.2003	LexisNexis, vol. 31, no. 86. Iceland opens world first hydrogen filling station, continued.
50.	7.5.2003	Rijswijk Economisch kort /ANP516 3ECO 83 Rijswijk-economie-kort. In Ijsland het erste pompstation.
51.	7.5.2003	Kerstin Viering, Berliner Zeitung. Wasserstoff fürt die Wikingerinsel. Viðtal við JBS og lýsing á atburðum.
52.	7.5.2003	María Maack. IIEE, IN IIEE, grein fyrir Journal of Professional engineering, Englandi. Kicking the oil habit.
53.	7.5.2003	Lexis Nexis. Paul Eisnenstein. Agence france Presse. Iceland: hydrogen power pioneer?
54.	7.5.2003	Roland Knauer. Die Isländische Unhabhänginkeitserklärung. Viðtal við JBS, Michael Betz, Christian Grüber, Tore Torvund o.fl. Süddeutsche Zeitung.
55.	4.5.2003	Jesper Tornbjerg. Politiken på søndag. Lang vej for oliens afløser.
56.	2.5.2003	Sanne Wittrup. Ingeniøren. Islandsk brint project åbner vide perspektiver.
57.	2.5.2003	Western Morning News. Plymouth power of hydrogen takes off in Iceland.
58.	1.5.2003	LexisNexis. Design week CDG brands Shell hydrogen station.
59.	28.4.2003	Henrik Munksgaard. Berlinske tiderne, Noregi. Brintens fremtid i bilisters hænder.
60.	28.4.2003	Richard Middleton. Associated Press (AP fréttastofan). Environmental News Network. Information on the inauguration, cost and efficiency. Viðtal við Braga Árnason. World's first hydrogen service station opens in Iceland.
61.	28.4.2003	The Nation, Tælandi. Iceland opens hydrogen service station.
62.	28.4.2003	Amsterdam. Fréttablað. Graaicultuur topmanagers lijkt geen einde te kennen.
63.	28.4.2003	Frankfurter Allgemeine. Frétt um opnun vetnisstöðvarinnar. Sauber aber Teuer.Viðtöl við m.a. Eric Pointieu, Braga Árnason, Herbert Kohler o.fl.
64.	28.4.2003	The Herald, Glasgow. Iceland looks for alternatives.
65.	28.4.2003	Richard Truett. Reuters news pages picked up from others: Automotive news website story: Iceland opens hydrogen refuelling station, http://www.autonews.com/news.cms? newsId= 5142
66.	27.4.2003	http://www.spiegel.de./spiegel/0.1518,246331,00.html.
67.	26.4.2003	Iris Ludeker. Volkskrant, Hollandi. Vorutblik: Waterstofstatui gaat Ijsland bodnschoon maken.
68.	26.4.2003	Norbert Lossau. Die Welt am Sontag. Island ist Vorreiter der Wasserstoff-Wirtschafts.
69.	25.4.2003	Maurice Wilbrink. Leeuwarder courant, Hollandi. Op Ijsland begint de opmars van de waterstofauto.
70.	25.4.2003	Carl Mortished. The Times, early edition. Icelanders to fill up on hydrogen thanks to Shell.
71.	25.4.2003	Malcolm Moore. Daily Telegraph, early. Iceland first to put hydrogen on the road.
72.	25.4.2003	Terry McAlister. The Guardian. Iceland turns greener.
73.	25.4.2003	The Guardian. Dow Jones International News Service. A filling station for hydrogen-powered vehicles opened Thursday in Iceland.
74.	25.4.2003	Shell Mediakontacten. Telegraf. Shell zet symbolishce stap met waterstof aan de pomp.
75.	25.4.2003	Miðill á netinu. VK, Hollandi. Waterstof wordt benalgrijke pijler Shell.
76.	25.4.2003	Neuer Zürcher Zeitung. Erste Wasserstoff-tankstelle der Welt in Island eröffnet.
77.	25.4.2003	Richard Milldeton. The Chicago Sun – Times Iceland opens hydrogen filling station.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
78.	24.4.2003	Zie Verder. Í hollenskum miðli. Door Nike Schenk. Dag uitlaatgas!
79.	24.4.2003	Lexis Nexis. Energy intelligence Group Inc. International Oil daily, Europe. Iceland opens hydrogen outlet.
80.	24.4.2003	Richard Middleton. The New York Times and the Associated Press. Iceland opens hydrogen filling station.
81.	24.4.2003	Zie Verder. Í ónefndum hollenskum miðli. Broer Scholtens. Ijsland zweer bij shone stroom.
82.	24.4.2003	Dow Jones Newswires. Viðtal við Valgerði Sverrisdóttur, Jerome van der Veer o.fl.
83.	24.4.2003	Sjónvarpsefni, textað, hollenska, enska. Shell hydrogen. From the inauguration of the fuel station.
84.	23.4.2003	Europas första vätgas mack öppnar i Reykjavik. Arne Bengtsson. Viðtal við MHM.
85.	7.4.2003	Rennaissance times, Detriot, Mitchigan, vol. 70, no. 13. Iceland Opts for Hydrogen. James M Amend.
86.	2.4.2003	Susanne Fishcer. Die ganze Welt hängt am Öltropf von Arabien. Brigitte no. 8.
87.	1.4.2003	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Hydrogen Powering the Future – Bold Steps to Reality. Ráðstefnugögn fyrir Regional Innovation Forum Roundtable VIII, National Research Council, Kanada.
88.	21.3.2003	Claus Leick. Berlinske tiderne. Island vil erstatte benzin med brint.
89.	6.3.2003	Fréttaritari Reuters í Ósló. Iceland opens first public hydrogen filling station. On the export of the hydrogen station modules from Noway to Reykjavik with ship.
90.	2.3.2003	Susan Giffins. CBC TV, Kanada. Viðtöl við Braga Árnason, Þorstein I. Sigfússon, Jón Björn Skúlason o.fl.
91.	2.3.2003	Suddeutcher Rundfunk. Hydrogen news from ECTOS, Kick off.
92.	26.2.2003	Finnskir sjónvarpsmenn komu vegna finnskrar heimildarmyndar sem sýnd var í ríkissjónvarpinu í október 2003 um orku á Íslandi. Viðtöl við JBS, Orkuveituna, o.fl.
93.	5.2.2003	Molly Thomas. Scottish BBC. Viðtal við Maríu Maack.
94.	1.2.2003	María Maack, Jón Björn Skúlason. Hot Rocks and hydrogen, Iceland is beginning a national experiment to develop a hydrogen system.The IEE, Power engineer, vol. 17, issue 1. Tímarit breska verkfræðingafélagsins.
95.	1.2.2003	María Maack. Iceland opens Hydrogen Economy in April 2003. H2 Cars Biz magazine, ZEES journal. Viborg, Danmörku (á ensku).
96.	24.1.2003	Making hydrogen available to the public. An announcement for the international conference held in Reykjavík in connection with the inauguration of the hydrogen station. Icelandtravel conference and incentives department.
97.	15.1.2003	Emmanuel Taignard, Jón Björgvinsson. Television Suisse Romande. La serie Territories 21 no. 3. Demain l'hydrogen. 2 mínútur.
98.	1.1.2003	Emmanuel Taignard, Jón Björgvinsson. Heimildarmyndaþáttur styrktur af Sameinuðu þjóðunum. Alerte blue, á frönsku og ensku, 35 mínútur.
99.	31.10.–1.11. 2002	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Creating Non-Fossil Energy Economy In Iceland. Proceedings for The Zero Emissions Symposium 2002. Clean Energy and Zero Emissions, Towards a Sustainable Future with Hydrogen Energy. United Nations University, Tókýó, Japan. 45 bls.
100.	11.10.2002	World of energy, Modern Times.
101.	15.9.2002	Arne Spånberg. Fiskaren, Svíþjóð. Vätgas på den islandske fiskeflottan.
102.	27.8.2002	Alyssa Worsham, María Maack. Audubon Magazine, Bandaríkjunum. Short news.
103.	2.7.2002	Peter Hoffman. Hydrogen Fuel Cell letter, Inauguration of the Hydrogen fuel station in Reykjavik
104.	10.6.2002	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Island: eine zukunftige Wasserstoffwirtschaft. New Energy Journal.
105.	4.6.2002	María Maack. New Solutioins for Sustainable Cities. The ECTOS, Reykjavík Partnership for sustainable cities; www.partnerships.stockholm.se.
106.	23.4.2002	Sigfússon. Hydrogen as an alternative fuel. Fyrirlestur fyrir Phoenix Rotary Club.
107.	3.–4.4. 2002	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Non-fossil Energy Economy In Iceland. Proc. The 2002 Hydrogen Investment Forum, Washington DC.
108.	1.1.2002	Pernilla Strid. Island går over till vätgas. Enviro, tímarit sænsku náttúruverndarsamtakanna.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
109.	31.12.2001	Matthew Hanson. X-mas program on environment. Viðtal við Jón Björn Skúlason og Mariu Maack fyrir Next TV, City radio Channel, Kanada..
110.	27.12.2001	Anne Hoffman. Deutsche Welle, Project Zukunft.
111.	24.12.2001	Tim Hirsch. Reflexions For The New Year. BBC, world service and radio channel II.
112.	1.12.2001	European Energy foundation. A thorough description of a visit to Iceland in Oct. 2001. The Energy situation and hydrogen economy. Report from a visit to Iceland. http://www.f-e-e.org
113.	2.11.2001	Suddeutsche Zeitung.Viðtal við Oliver Weiman. Suddeutsche.de/index.php?url=/ wissen shcaft/umwelt/29051. Ehrgeiziges Island; Brennstoffzellensollen die Insel aus Feuer und Eis in absehbarer Zeit in der Energieversorgung autark machen.
114.	9–14.9. 2001	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Sustainable Energy – Sustainable Society. Proc. of symposium HYPOTHESIS IV Hydrogen Power – Theoretical and Engineering Solutions. International Symposium, Stralsund, Þýskalandi.
115.	13.8.2001	Geoffrey Holland. World Watch Magazine. Iceland takes a first move towards hydrogen. World Watch Special.
116.	01.08.2001	Seth Dunn. Hydrogen futures, Towards a Sustainable Energy System. World Watch paper, no. 157, The Worldwatch Institute.
117.	18.7.2001	Sigrún Davíðsdóttir. The Guardian (London). Pure and simple solution: Meanwhile, Iceland moves naturally to a hydrogen economy.
118.	1.7.2001	Jost Phillipe og Ari Trausti Guðmundsson. Jonas, World Magazine. Numero special premiere été du troisieme millénaire. Dossier réchauffement: En devenant le premier pays du monde en place une économie entierement fondée sur l'hydrogène, l'Islande a décidé d'en finir avec l'âge du pétrolium. Hydrogène now.
119.	24.–28.6. 2001	Bragi Árnason. CD-ROM diskur með „plenum"-fyrirlestrinum Sustainable Energy – Sustainable Society: The Icelandic Road from Fossil Fuel to Clean Renewable Energy. World Parking Symposium III, St. Andrews, Skotlandi.
120.	24.–28.6. 2001	Bragi Árnason og Thorsteinn I. Sigfússon. Sustainable Energy – Sustainable Society: The Icelandic Road from Fossil Fuel to Clean Renewable Energy. Abstract for a presentation at World Parking Symposium III, St. Andrews, Skotlandi.
121.	8.6.2001	Elizabeth Oriel. The Harvard Post, Opinions, Globalization: The New World Model Ice, Fire and Innovation in Iceland.
122.	15.5.2001	Guilo Volpi. Background on the Iceland hydrogen Project. WWF Press Office, European Policy Office.
123.	23.4.2001	Helen Gibson and Thomas Sancton. A climate of despair. Special report; Global warming. Time, Europe. Global warming, Reykjavik.
124.	4.4.2001	Time.com. Iceland May Eliminate Use of Fossil Fuels. Vefútgáfa Time, http: //time.com/ time/magazine/
125.	1.4.2001	Finnur Sveinsson, Nomik Gautaborg. Transition to a Hydrogen Economy. A strategy for sustainable development in Iceland, skýrsla unnin fyrir WWF European Policy Office. WWF special report, jscola@wwfeop.org.
126.	1.3.2001	Árnason, Sigfússon, Skúlason. Creating a non fossil energy economy in Iceland. Raunvísindastofnun Háskólans, sérprent vegna upphafs ECTOS. Sent öllum sendiráðum.
127.	4.–5.12. 2000	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Sustainable energy – sustainable society. The Icelandic road from fossil fuel to clean renewable energy. Proc. of 4th Nordic Symposium on hydrogen and fuel cells for energy storage, Helsinki, Finnlandi.
128.	21.11.2000	Gunnar S. Gunnarsson sendiherra. Fréttatilkynning á ensku. New Energy Day. Invitation to the EFTA building, Introduction to a whole day on renewable energy. Invited speakers from Iceland.
129.	28.9.2000	Ian Wylie og Baldur Bragason. Whoosh! Iceland's Got a Hot Idea. Fastcompany.com/ online/39/Iceland.html.
130.	24.9.2000	Jesper Tornbjerg. Et rent land med beskidte hensikter. Island er et rigt land og et av verdens reneste. Næsten al landets el og fjernvarme kommer fra grønne energikilder. Politiken.
131.	10.9.2000	Daniel Howes. Iceland warms up to hydrogen fuel. Vehicle tests could have global impact. The Detroit News.

	Dags.	Höfundur – fyrirsögn – heimild
132.	1.7.2000	Niall McKay. Can Iceland run on hydrogen: Why everyone is watching the worlds first major effort to replace fossil fuels with fuel cells. Red Herring, the business of technology. niall.mckay@redherring.com.
133.	1.7.2000	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Iceland: A future Hydrogen Economy (invited article). REFOCUS, vol. 1, no. 1. Elsevier Science Ltd.
134.	1.5.2000	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Iceland A Future Hydrogen Economy. International Journal of Hydrogen Energy, vol. 25, no. 5.
135.	1.1.2000	Våra vägar, våra bilar. Macfie, Douglas og Magnús Kristinsson. Här skrattar ingen åt vätgasen.
136.	27.12.1999	Der Spiegel, www.spiegel.de/spiegel/0.1518.57591.00.html. Energie: Der motor fur die Zukunft. Beginnt im kommenden Jahrhundert ein Weltweiter Kampf ums Öl. Spiegel online.
137.	16.12.1999	Rythmus Beibehalten. Die isländische Wirtschaft wächst rasant dank High Tech und Fischfang.
138.	1.12.1999	Douglas Macfie og Magnús Kristinsson. Det Naturliga Steget. Den blå lagunens hemlighet: Att våga ta steget ut i det okända. Eldsjälens initiativ, Oljejättarnas nya image. Vätgasens väg.
139.	11.11.1999	Peter Thomsen. Der Anfang von Ende der Ölzeit. Island will als erster Staat der Erde völlig Frei weg vom Erdöl. Stern.
140.	16.10.1999	Olof Tegström. Presstopp! Island på väg mot fossilfrihet. Hydrogen Organization.
141.	16.10.1999	Ballard, Vancouver. Ballard Affiliate Dbb Rolls Out Next Generation Fuel Cell Bus. Fréttabréf Ballard í Kanada.
142.	1.10.1999	Salomonsen. Island tager hul på en renere fremtid. På Island er det snart slut med osende biler. Illustreret Videnskab.
143.	25.9.1999	Douglas Macfie. Dagens Nyheter, Vetenskap. Island kan bli det första landet i världen som gör sig av med oljeberoendet. Bussar och båtar skall i stället drivas av energi som bubblar upp ur marken omvandlat till vätgas. Island slopar oljan. Lørdag–søndag.
144.	26.7.1999	Vijay Vaitheeswaran. Fuel cells meet big business. A device that has been a technological curiosity a century and a half has suddenly become the centre of attention. The Economist.
145.	16.–18.6. 1999	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. Iceland – a Future Hydrogen Society. Proc. of symposium "Hydrogen-Electrochemistry and Energetics", Þrándheimi, Noregi.
146.	01.05.99	Bragi Árnason og Sigfússon Torsteinn I. Converting CO2 Emissions and Hydrogen into Methanol Vehicle Fuel. JOM (A publication of The Minerals, Metals & Materials Society), vol. 51, no. 5.
147.	1.1.1999	Bragi Árnason og Þorsteinn I. Sigfússon. A New Kyoto Scenario for Iceland. Combined CO2 emissions and hydrogen transformed into fuels. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.
148.	27.10.1998	To whom it may concern; Using domestic energy sources to produce alternative fuel for the transportation sector. Yfirlýsing forsætisráðherra, iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra á ensku til að senda með umsóknum um verkefnastyrk til Brussel.
149.	1.10.1998	Bragi Árnason, Ingim. Sigfússon, sendiherra Íslands í Þýskalandi. Skýrsla um erindi til Daimler Benz: Iceland – A Forum for Gradual Introduction of Hydrogen as Fuel.
150.		María Maack, Jón Björn Skúlason (ed. Richard Knox). Practical implementation of hydrogen as a fuel. Sustainable Development International, Strategies and Technologies for the Agenda 21 Implementation 2002.
151.		Svend Geitman. Island bald das erste vollständig aug wasserstoff umgestelle Land? Tag und nacht, Magazin der Stadtwerke Eckernförde, www.stadtwerke-eckenfoerde.de. Greinin er birt í tveimur tímaritum héraðslestarfyrirtækja.

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneyti:

Samantekt um umfjöllun, kynningar, viðtöl o.fl. um vetnisverkefni við erlenda aðila.

I. Þróun umfjöllunar og verkefna á sviði vetnis.

Árið 1998 mörkuðu íslensk stjórnvöld stefnu sem miðar að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Sú stefna var einnig í samræmi við stefnu stjórnvalda um nýtingu endurnýjanlegra orkulinda og markmið í umhverfis- og loftslagsmálum. Þessi stefna miðar að því að skapa hagstæð skilyrði hér á landi, þannig að Ísland geti verið vettvangur alþjóðlegra vetnisrannsókna. Þetta verði gert með áherslu á alþjóðlegt samstarf, þróun þekkingar og tækni á sviði vetnisnýtingar, menntun og þjálfun, framleiðslu vetnis, notkun efnarafala í samgöngum með tengsl við stefnu Íslands í loftslags- og umhverfismálum.

Kjarni þessarar stefnu er að efla þróunarstarf og verðmætasköpun með því að fá hingað til lands aukinn hluta af þeim alþjóðlegu rannsóknarverkefnum sem unnið er að á þessu sviði og flýta um leið þeirri þróun að vetni komi í stað olíu sem eldsneytis í samgöngum, þegar slíkt verður hagfellt tæknilega og efnahagslega. Hér á Íslandi hefur tekist að byggja upp ýmsa atvinnustarfsemi sem byggist á framúrskarandi þekkingu, rannsóknum og frumkvæði einstaklinga og við höfum alla burði til að sækja fram á nýjum sviðum. Alþjóðleg samkeppni er hins vegar óvægin og tækifærin koma ekki og banka á dyrnar. Við verðum að hafa fyrir því að afla verkefna á þessu sviði sem öðrum.

Áðurnefnd stefnumörkun stjórnvalda virðist hafa tekist afar vel í ECTOS-verkefninu, sem er samstarfsverkefni nokkurra innlendra aðila innan Vistorku (fyrirtæki innlendra aðila vegna þessa samstarfs) og erlendu stórfyrirtækjanna, DaimlerChrysler, Shell og Norsk Hydro, auk Evrópusambandsins, en stjórnvöld studdu einnig verkefnið. Verkefnið miðar að rannsóknum og þróun á notkun vetnis í almenningssamgöngum með rekstri þriggja vetnisvagna hér á landi. Verkefnið hefur gengið vel og var það jafnframt fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Hefur það vakið það mikla athygli í Evrópu að nú hafa níu aðrar borgir í sjö löndum tekið upp svipað tilraunaverkefni.

Verkefnið, sem og stefna íslenskra stjórnvalda, hefur vakið verulega eftirtekt víða erlendis og hefur sú athygli farið vaxandi. Þetta kemur m.a. fram í aukinni erlendri umfjöllun, athygli og fyrirspurnum erlendis, sem og heimsóknum erlendra aðila, svo sem rannsóknaraðila, opinberra aðila, fjölmiðla, áhugaaðila o.fl., til Íslands, sem áætlað er að hafi verið um 1.000 talsins á sl. 12 mánuðum. Nýlega var einnig undirrituð viljayfirlýsing á milli Manitóba í Kanada og Íslands á sviði vetnis. Um 25 manns vinna núorðið beint og óbeint í tengslum við ýmis verkefni á sviði vetnis og á fjögurra ára tímabili (2000–2004) er gert ráð fyrir að velta í vetnistengdum rannsóknum hér á landi sé um 1,5 milljarðar kr., samkvæmt upplýsingum Nýorku, þar sem stærstur hluti þess fjármagns kemur frá erlendum aðilum.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum buðu Íslandi ásamt nokkrum öðrum þjóðum, sem framarlega eru á sviði vetnisrannsókna, að gerast stofnaðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi (IPHE) 14 landa um rannsóknir og þróun er miða að aukinni nýtingu vetnis sem orkubera. Þessi samstarfssamningur var undirritaður í Washington í nóvember sl. Þetta verður að telja viðurkenningu fyrir starf okkar á þessu sviði hér á landi og hefur ríkisstjórnin samþykkt að Ísland

gerist aðili að þessu samstarfi – enda fellur það vel að áðurnefndri stefnumörkun stjórnvalda. Þetta samstarf eykur vonandi möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga til frekari sóknar á hinum alþjóðlegu vetnismörkuðum. Á þessu sviði vetnisrannsókna er fjöldi tækifæra framundan, sem íslenskir aðilar geta vonandi nýtt.

II. Staða, umfang og verkefni á sviði vetnismála á Íslandi.

Á umliðnum missirum og mánuðum hefur umfang og athygli á vetnismálum og þróun þeirra á Íslandi vaxið afar hratt. Á þetta ekki síst við um verulega aukna athygli, fyrirspurnir og heimsóknir erlendra aðila til Íslands á seinustu mánuðum. Meðfylgjandi er lausleg samantekt er varðar efnahagslegt umfang vetnismála hér á landi.

Efnahagslegt umfang á sviði vetnismála.

Velta: Á árunum 2000–2004 má gera ráð fyrir því að heildarvelta í tengslum við vetnisrannsóknir Íslendinga sé u.þ.b. 1,5 milljarðar kr. samkvæmt upplýsingum Nýorku. Rétt er að benda á að stór hluti fer fram erlendis, t.d. smíði vetnisvagna o.s.frv. Gera má ráð fyrir að u.þ.b. 40% fari fram innan lands. Styrkir Evrópusambandsins til verkefna undir forystu Íslenskrar nýorku nema í heild u.þ.b. 350 millj. kr.

Starfsmenn: Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu margir vinna beint að vetnisverkefnum. Það má þó áætla að í rannsóknum og öðru séu unnin um 25 ársverk (samkvæmt Nýorku) og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt. Þá er ekki tekið tillit til jaðaráhrifa (ferðaþjónusta o.s.frv.).

Heimsóknir til orkufyrirtækja: Heimsóknum til fyrirtækja tengdum vetni (Nýorka, HÍ, ÍTÍ o.fl.) er ekki hægt að hafa tölu á lengur. Til Íslenskrar nýorku koma aðilar í hverri viku. Sem dæmi má nefna að með tilkomu flugs beint til Tókýó komu um 50 ferðamenn í tengslum við þessi mál. Önnur orkufyrirtæki hafa einnig fengið mikið af heimsóknum. Fjöldi áhugasamra gesta er það mikill að erfitt hefur reynst að anna eftirspurn. Á næstu árum má gera ráð fyrir fjölda gesta enda strætisvagnar komnir í umferð og meira að sjá og sýna. Stór hluti af þeim erlendu gestum sem hafa komið til Íslands til að skoða vetnisverkefni og áherslur, hafa einnig farið í heimsóknir til annarra orkufyrirtækja, svo sem Landsvirkjunar, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjöldi erlendra gesta til Íslands – tekjur af ferðamönnum.

Nýorka áætlar að á vegum fyrirtækisins hafi komið rúmlega 1.000 gestir til landsins á árinu 2003 – en á umliðnum árum hefur þessi tala verið um 200–400. Um er að ræða ferðamenn sem að mestu koma utan hefðbundins ferðatíma og ferðamenn sem skilja eftir mikil verðmæti (high paying tourism).

Umfang og virði fjölmiðlaumfjöllunar erlendis. Vetnisverkefnið og stefnumörkun stjórnvalda á því sviði hefur vakið mikla athygli erlendis og miklu mun meiri en flestir áttu von á. Á undanförnum árum hefur varla verið haldin ráðstefna um þessi mál erlendis nema að starfsmönnum Nýorku sé boðið. Að meðaltali hafa um 50 blaða- og fréttamenn komið á ári til fyrirtækisins en Nýorka gerir ráð fyrir því að um 150 fjölmiðlamenn hafi komið til landsins á árinu 2003. Að mati fyrirtækisins eru blaðagreinar, sjónvarpsþættir (allt að 1 klst. að lengd) og tímaritsgreinar nú sennilega komnar yfir 500 síðan 1999 og ekkert lát virðist vera á þessum áhuga. Sem dæmi má nefna að fréttaskeyti voru birt í sjónvarpsfréttum í Kína, Japan, Kóreu, Ástralíu, Tælandi, Bandaríkjunum, Brasilíu, kanada og nánast öllum ríkjum Evrópu þegar vetnisstöðin var vígð í apríl síðastliðnum.

Samstarf yfirvalda, rannsóknargeirans og einkageirans: Það samstarf sem myndast hefur vegna vetnisverkefna er mjög sérstakt og hefur verið tekið eftir því út um allan heim. Hér er

um mjög náið samstarf einkageirans, stjórnvalda og rannsóknarstofnanna að ræða. Ekki er algengt að vel takist til þegar um slíkt samstarf er að ræða en erlendir aðilar hafa dáðst að árangri og eru flestir þeirrar skoðunar að það sé vegna þess farsæla samstarfs. HÍ og Iðntæknistofnun hafa komið mjög náið að verkefninu og ljóst að með þeirra fulltingi er verið að byggja upp þekkingu á þessu sviði til framtíðar og leggur það grunn að enn frekari verkefnum. Ljóst er að þetta samstarf verður ekki til eilífðar en er mikilvægt á fyrstu árum þekkingaröflunar.

Önnur tengd mál.

1. „Goodwill" innan ESB – 30 millj. kr. styrkur til Nýorku vegna skipaverkefnis. Nýlega hefur Íslensk nýorka fengið 30 milljóna kr. styrk frá ESB til að sinna forkönnun er varðar vetnisvæðingu fiskiskipaflotans. Þessi styrkur var einn af afar fáum sem veittur var á sviði orkumála innan rammaáætlunar ESB að þessu sinni og sýnir á sama tíma mat ESB á þeim vetnisathugunum sem verið er að vinna að hér á landi.

2. Kynningarefni. Íslensk nýorka er um þessar mundir að senda almennt kynningarefni um vetnisverkefni og vetnisframleiðslu í alla framhalds- og gagnfræðaskóla landsins. Efnið var samvinnuverkefni meðal annars styrkt af ESB og verður sýnt í Nýjasta tækni og vísindi. Öll vinna við verkefnið fór fram hérlendis. Diskurinn hefur vakið athygli innan framkvæmdastjórnar ESB á sviði vetnis.

3. Vetnismál – mikil landkynning erlendis. Í máli sendiherra og annarra hefur komið fram að vetnisumfjöllun í erlendum fjölmiðlum hafi haft mikið kynningargildi - sem líklegt er að skili sér beint og óbeint á margan hátt fyrir íslenska hagsmuni, m.a. í ferðamennsku. Þess má geta að hingað til lands hafa á umliðnum vikum og mánuðum komið um 1–3 hópar um vetnismál í viku hverri til Nýorku og HÍ.

4. Tengsl vetnismála við aðra málaflokka – loftslagsmál, umhverfismál, orkumál og kynningarmál. Í umfjöllun í Bandaríkjunum hefur komið fram að verkefni á vetnissviðinu eru m.a. hluti af áherslum Bandaríkjunum í loftslags- og umhverfismálum, þar sem ráðuneyti orkumála fer einnig með umhverfismál. Víða erlendis er umfjöllun um vetnismál hluti af umfjöllun um umhverfis- og loftslagsmál. Umfjöllun um vetnismál tengist því beint og óbeint öðrum málaflokkum.

5. Vetni – sóknarfæri á sviði rannsókna. Með þeim vetnisverkefnum sem þegar er unnið að hér á landi hefur þegar myndast grunnur að frekari sóknarfærum á því sviði ekki síst rannsóknum, sem og tengdum verkefnum. Aukin athygli erlendis á verkefnum á Íslandi er mikilvægt atriði í frekari verkefnum á þessu sviði hér á landi í samstarfi við erlenda aðila. Í sumar hélt t.d. HÍ sérstakt nokkurra daga alþjóðlegt seminar um vetnismál, þar sem mættu fjöldi erlendra sérfræðinga á þessu sviði.

6. Vetnismál – hafa auglýst önnur svið, svo sem jarðvarma. Athygli á sviði vetnis hefur einnig leitt til þess að athygli erlendra aðila hefur beinst að tengdum sviðum eins og jarðvarma. Bent hefur verið á að Ísland sé í fararbroddi á sviði jarðvarma í heiminum og mikil markaðstækifæri séu að myndast í A-Evrópu – enda séu mestu endurnýjanlegu orkulindir innan ESB í jarðvarma þeirra landa. ESB mun á næstunni leggja aukna áherslu á þetta svið. Þetta kom skýrt í ljós í viðtölum við Buscan, framkvæmdastjóra vísinda og tæknimála innan ESB, sem var á ferð hér fyrir skömmu.

III. Verðmætamat á erlendri umfjöllun.

Þegar reynt er að leggja mat á verðmæti umfjöllunar um vetnismál erlendis, er slíkt afar erfitt og mörg álitaefni og aðferðafræði koma upp í hugann. Þannig getur umfjöllun erlendis

(eða innan lands) verið með ýmsum hætti – hvort sem sú umfjöllun er í fjölmiðlum eða á öðrum stöðum – sem síðar kann að skipta miklu máli fyrir viðkomandi málaflokk, einstaklinga, fyrirtæki eða þjóð. Sem dæmi má taka að fjallað hefur verið um vetnismál innan margra alþjóðastofnana, svo sem ESB, IEA, Sameinuðu þjóðanna o.fl., sem síðar hefur bein og óbein áhrif á ýmsan hátt. Þetta getur verið verðmæt umfjöllun þó hún verði tæpast mæld í fjármunum. Rakin skulu nú einungis nokkur af mörgum atriðum er þetta varðar.

Tegund umfjöllunar.
- Fjölmiðlar, sjónvarp, útvarp, dagblöð, fagblöð.
- Ráðstefnur og fundir almennt um viðfangsefnið vetnið þar sem m.a. er fjallað um Ísland.
- Fundir innan alþjóðastofnana, svo sem innan alþjóðastofnana ESB, SÞ o.fl.
- Umfjöllun í háskólum, rannsóknarstofnunum, fjármálastofnunum, o.fl.
- Umfjöllun alþjóðlegra stórfyrirtækja, Shell, DaimlerChrysler, o.fl.
- Umfjöllun alþjóðlegra fjölmiðla á heimasíðum, ráðstefnum, í tímaritum o.fl.
- Kynningarstarf alþjóðlegra fyrirtækja. svo sem Shell, þar sem íslenska vetnisstöðin er notuð sem „ímynd" (brand building) fyrir fyrirtækið, fjöldi funda og blaðaviðtala, sbr. heimasíðu fyrirtækisins. Kynningarefni frá fyrirtækinu Shell er markvisst dreift og þar er vetnisverkefnið á Íslandi kynnt, sem og Ísland.

Verðmæti umfjöllunar.
- Umfjöllun fjölmiðla, o.fl.
  - > Peningalegt gildi fjölmiðlaauglýsinga, frétta, kynninga hjá erlendum stórfyrirtækjum o.fl.
  - > Verðmæti mælt í beinum og óbeinum áhrifum og verðmæti mælt á annan hátt.

Áhrif.
- Verðmæti annarrar umfjöllunar, svo sem áhrif á ferðamennsku,
- Áhrif á ímynd Íslands og málaflokka, svo sem umhverfismál og loftslagsmál.
- Gildi aukinnar auglýsingar fyrir aðra málaflokka.
- Áhrif innan alþjóðlegra verkefna og stofnana á tengda málaflokka.

Hér eru einungis rakin fá atriði er þetta varðar sem þó sýna að verðmætamat á umfjöllun um þessi mál er afar flókið viðfangsefni og alfarið háð þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar.

IV. Nokkrir atburðir á sviði vetnismála sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur komið að.

Eftirfarandi er listi yfir viðburði sem snerta kynningu vetnisverkefna hér á landi og á erlendri grund – beint og óbeint í tengslum við ráðuneytið. Blaðagreinar, fréttaviðtöl, fundir og ráðstefnur er varða vetni. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, einungis rakin helstu atriði frá árinu 2003.

Nr.	Dags.	Viðfangsefni – aðilar	Fjölmiðill
1.	Apríl 2004	**Opnun Vetnisstöðvarinnar.** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, ávarp ráðherra, háttsettir erlendir aðilar frá Shell, DaimlerChrysler, Norsk Hydro, innlendir aðilar o.fl.	Um 70 fjölmiðlamenn frá ýmsum löndum.
2.	Apríl 2004	**Ráðstefna um þróun vetnissamfélags.** Ráðherra ávarpaði ráðstefnuna – aðilar frá Shell, DaimlerChrysler, Norsk Hydro, innlendir aðilar ofl.	Fjölmiðlamenn frá ýmsum löndum.
3.	Október 2003	**Koma vetnisvagna.** Kynningarfundur á vegum þeirra sem að verkefninu standa, m.a. hinna erlendu aðila. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti – ráðherra – tók þátt í kynningu og opnun.	Innlendir fjölmiðlar, einnig kynnt erlendis af erlendum samstarfsaðilum verkefnisins.
4.	19.–21 nóv. 2004	**Þátttaka Íslands í IPHE** (International Partnership for the Hydrogen Economy). Ísland gerist aðili að IPHE sem er samstarf 14 ríkja á sviði vetnis. Það er mat bandarískra stjórnvalda að þessi ríki séu í fararbroddi í rannsóknum og verkefnum sem tengjast vetnisvæðingu. Með samstarfinu er miðað að því að efla og auka samstarf um verkefni er lúta að vetnisrannsóknum m.a. á sviði framleiðslu, geymslu og dreifingu vetnis, þróun vetnisrafala, o.fl. Ísland kjörið í formennsku í framkvæmdanefnd – sem er önnur af tveim aðalnefndum samstarfsins. Starfið mun halda áfram.	Á fundinum voru fjölmiðlar ýmissa landa, sem kynntu efni samstarfsins. Ráðherra átti viðtöl við sjónvarpsstöðvar, Wall Street Journal o.fl. fjölmiðla.
5.	19.–22. sept. 2003	**Heimsókn háttsettra aðila frá Kanada og Bandaríkjunum um vetnismál 19.–22. september.** Hingað til lands komu um 25 háttsettir aðilar frá orkufyrirtækjum, stofnunum og samtökum sem og þingmenn frá þessum löndum og ráðherra frá Kanada. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu um vetnismál – orkufyrirtæki m.a. heimsótt.	
6.	22 sept. 2003	**Undirritun á MOU (Memorandum of Understanding), Kanada – Ísland.** Samhliða heimsókn frá Kanada og Bandaríkjunum var undirritaður MOU á milli Íslands og Manitoba um orkumál (vetnismál o.fl.) sem unnið hefur verið að. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu fyrir aðila.	Samningurinn kynntur í fjölmiðlum í Manitoba – sem og stofnunum, svo sem háskólum.
7.	Nóv. 2003	**Joetsu-borg í Japan.** Til landsins komu í heimsókn menn frá Joetsu-borg til að kynna sér stefnu og störf er varða vetnisvæðingu hér á landi og hugsanlega samstarfsmöguleika á því sviði. Borgaryfirvöld þar hafa verið í samskiptum við Reykjavíkurborg og óska eftir formlegu samstarfi. Þeir hyggja á stofnun Japan, eða Joetsu, New Energy að fyrirmynd Íslenskrar nýorku. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	
8.	Okt. 2003	**Canal+.** Til landsins komu í heimsókn aðilar frá frönsku sjónvarpsstöðinni Canal+. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu, sem og viðtal.	Canal+ og Network.
9.	Nóv. 2003	**Institute of Energy Economics Japan – IEEJ.** Til landsins komu aðilar frá IEEJ í Japan til að kynna sér stefnu og störf er varða vetnisvæðingu hér á landi. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	
10.	2003	**International Energy Agency – IEA.** Fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sóttu fundi stofnunarinnar á sviði vetnismála. Ráðuneytið var með kynningu á fundum – efnið m.a. nýtt og kynnt af fjölmiðlum.	
11.	2002	**Sendiherra Costa Rica.** Sendiherra Costa Rica kom í heimsókn til landsins til að kynna sér stefnu og störf er varða vetnisvæðingu hér á landi og hugsanlega samstarfsmöguleika á því sviði. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	

Nr.	Dags.	Viðfangsefni – aðilar	Fjölmiðill
12.	Nóv. 2003	**Singapore Economic Development Board.** Til landsins komu í heimsókn aðilar frá efnahagsráði Singapore til að kynna sér stefnu og störf er varða vetnisvæðingu hér á landi. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	
13.	Nóv. 2003	**Norrænt vetnisseminar – ráðherra ávarpar fundinn.** Haldið var fjölmennt vetnisseminar af hálfu ITÍ o.fl. aðila, þar sem fjölmargir erlendir aðilar voru viðstaddir.	Gerð grein fyrir þessu erlendis.
14.	Sept. 2003	**Orkumálaráðuneyti Japans o.fl.** Aðilar frá japanska orkumálaráðuneytinu komu í heimsókn – en menn frá orkumálaráðuneytinu komu skömmu áður til að undirbúa þessa heimsókn og verkefni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	
15.	Nóv. 2003	**Merrill Lynch's Visit to Iceland 4. nóv.** Aðilar frá alþjóðlega fjárfestingafyrirtækinu Merrill Lynch komu í heimsókn til að kynna sér fjárfestingartækifæri á sviði vetnisrannsókna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti var með kynningu.	
16.	Júní 2003	**Statement of Common Understanding** between the Global Environment and Technology Foundation (GETF), USA and the Icelandic Ministries of Industry and Commerce and the Ministry for the Environment. Samstarf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og umhverfisráðuneytis við GTEF, er í frekari vinnslu og hefur þegar tekist að afla nokkurs fjár til þess í Bandaríkjunum. Nokkrir aðilar aðrir í Bandaríkjunum eiga einnig aðild að þessu samstarfi, m.a. frá Harvard-háskóla. Búast má við frekari skrefum í þessu máli á næstunni.	Kynnt í viðeigandi stofnunum og háskólum í Bandaríkjunum á þessu sviði.
17.	Okt. 2003	**Landstjóri Kanada í heimsókn.** Þann 6. október kom hingað landstjóri Kanada í opinbera heimsókn. Vetnismál voru sérstaklega rædd í þeirri heimsókn. Heimsóknin var á vegum forsetaembættisins.	Kynnt í fjölmiðlum í Kanada.
18.	Okt. 2003	**Vetniskynningar erlendis – ráðstefna ræðismanna í Bandaríkjunum, Washington.** Ráðherra flutti erindi um vetni á Consular Conference í Washington 2. okt.	Ræðismenn kynntu í framhaldi starfsemina fyrir aðilum á viðkomandi svæði eftir tilefni og aðstæðum.
19.	Jan. 2004	**Nýtt verkefni ESB á sviði vetnis „Hydrogen and Fuel Cell Technology Platform".** Nýlega hratt framkvæmdastjórn ESB af stað sérstöku verkefni til að móta stefnu og verkefni á sviði vetnis. Ísland er aðili að verkefninu.	Verkefnið kynnt í Brussel í janúar. Vetnisverkefni á Íslandi fá m.a. umfjöllun.
20.		**Kynning í sendiráðum erlendis – fjöldi fyrirspurna.** Fjöldi kynningarfunda og upplýsingamiðlun fyrir hópa og fjölmiðla haldin erlendis á vegum sendiráða Íslands, fjölmörgum fyrirspurnum svarað, upplýsingum og kynningarefni dreift. Þessir fundir verða ekki taldir upp hér.	
21.		**Ýmsar aðrar heimsóknir** / atburðir er varða vetnisáform Íslands hafa einnig farið fram þó að þeirra sé ekki getið hér.	

Fylgiskjal III.

Utanríkisráðuneyti:

Umsögn í tilefni af fyrirspurn til iðnaðarráðuneytis varðandi verðmæti umfjöllunar um vetnisáform.

Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi á sviði vetnismála og kynning á Íslandi sem vettvangi fyrir vetnisrannsóknir og tilraunaverkefni styður viðleitni Ísland við að skapa sér sérstöðu á alþjóðavettvangi sem leiðandi talsmaður sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Vetnismálin draga athygli umheimsins að því að Ísland er eina ríkið þar sem allt rafmagn er framleitt með endurnýtanlegum orkugjöfum. Þau undirstrika að áhersla Íslendinga á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda er ekki bundin við sjávarafurðir heldur er hún hluti af heilsteyptri stefnu sem nær til allra náttúruauðlinda Íslands.

Sendiráð Íslands erlendis hafa orðið vör við vaxandi velvilja í garð Íslands og áhuga fyrir vistvænni nálgun stjórnvalda til náttúruauðlinda landsins vegna fjölmiðlaumfjöllunar um alþjóðleg tilraunaverkefni á sviði vetnismála á Íslandi og orkustefnu íslenskra stjórnvalda. Þetta hefur ekki aðeins skilað sér í fjölda heimsókna áhugamanna um vetnismál, fulltrúa og fyrirtækja og annarra sem tengjast málinu, heldur sem almenn auglýsing fyrir landið sem ákjósanlegs áfangastaðar fyrir erlenda ferðamenn.

Auknum skilningi erlendis á umhverfisvænni nálgun Íslendinga til nýtingar náttúruauðlinda í kjölfar vetnisumfjöllunar fylgja ýmiss konar samlegðaráhrif sem skila sér á öðrum sviðum. Hann auðveldar t.d. kynningu á hvalveiðum í vísindaskyni og afstöðu Íslendinga til hvalveiða sem lið í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Hið sama er að segja um þá stefnu að virkja endurnýtanlegar orkulindir landsins með nýjum vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum.

Þrátt fyrir þann velvilja sem áhersla Íslands á vetnisvæðingu sem framtíðarmarkmiði hefur víða mætt hefur utanríkisráðuneytið líka orðið vart við tregðu og jafnvel andstöðu vissra afla gegn slíkri þróun. Á það ekki síst við um olíuframleiðsluríki og fleiri telja umræðu um vetni sem orkubera ekki tímabæra. Utanríkisráðuneytið hyggst beita sér á alþjóðavettvangi í samvinnu við önnur ríki sem hafa svipaða stefnu til að vinna sjónarmiðum okkar í vetnismálum brautargengi.

1049. Fyrirspurn [707. mál]

til heilbrigðisráðherra um símaþjónustu barnadeildar á Landspítalanum.

Frá Þuríði Backman.

Hvert hyggst ráðherra vísa símaþjónustu sem veitt hefur verið hjá barnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss en hefur nú verið lögð af?

1050. Fyrirspurn [708. mál]

til heilbrigðisráðherra um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

1. Við hve marga hefur heilbrigðisráðuneytið eða stofnanir ráðuneytisins gert samninga, sem nú eru í gildi, um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu á sviði:
   a. hjúkrunar,
   b. öldrunarþjónustu,
   c. heilsugæslu,
   d. endurhæfingar?
2. Um hvaða þjónustu hefur verið samið með hverjum samningi og til hve langs tíma?
3. Við hverja hafa slíkir samningar verið gerðir? Óskað er eftir sundurliðuðu svari.
4. Hverjar eru skuldbindingar ríkissjóðs vegna samninganna? Óskað er eftir sundurliðuðu svari þar sem fram komi upphaf og lok samningstíma, árleg greiðsla úr ríkissjóði vegna hvers samnings og heildargreiðsla ríkissjóðs vegna hvers samnings.

Skriflegt svar óskast.

1051. Fyrirspurn [709. mál]

til heilbrigðisráðherra um stækkun og byggingu heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Hvað líður stækkun heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði? Eru uppi áform um byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

1052. Fyrirspurn [710. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimilið Sólvang í Hafnarfirði.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Hvað hyggst ráðherra gera til að koma til móts við óskir til margra ára um stækkun hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði?

Skriflegt svar óskast.

1053. Fyrirspurn [711. mál]

til dómsmálaráðherra um nýtt varðskip.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Hvenær er væntanlegt nýtt varðskip til landsins og hvað líður smíði þess?

Skriflegt svar óskast.

1054. Fyrirspurn [712. mál]

til menntamálaráðherra um danskennslu og kennslu í ræðumennsku í grunnskólum.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Er danskennsla og kennsla í fundarsköpum og ræðumennsku í boði í grunnskólum landsins? Vill ráðherra beita sér fyrir slíkri kennslu?

1055. Fyrirspurn [713. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afsláttarkort Tryggingastofnunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir kynningu á og betra aðgengi að afsláttarkortum Tryggingastofnunar í ljósi niðurstöðu rannsóknar á afsláttarkortum og komugjöldum í íslenska heilbrigðiskerfinu sem birtist í 5. tbl. Læknablaðsins 2003?
2. Telur ráðherra að núverandi fyrirkomulag afsláttarkortanna sé með þeim hætti að þau uppfylli þau markmið sem þeim er ætlað?

1056. Frumvarp til laga [714. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Mörður Árnason.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur þess skóla þar sem nám er stundað.

c. 5.–7. mgr. orðast svo:

Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,75“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: 3,75.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.

b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Um námslán og námsstyrki.**

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Einnig er lagt til að endurgreiðsluhlutfalli námslána verði breytt úr 4,75% í 3,75% í því skyni að greiðslubyrði afborgana verði viðráðanlegri. Þá er nauðsynlegt að hluti af endurgreiðslum námslána verði frádráttarbær frá skatti og munu þingmenn Samfylkingarinnar flytja um það sérstakt mál.

Að lokum skal nefnt að lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram í Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram í Myndlistarskólanum í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lána-

sjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 8. gr. laganna um endurgreiðsluhlutfall námslána þar sem núverandi hlutfallstala endurgreiðslu þykir of há. Lagt er til að hlutfallstala endurgreiðslu verði 3,75 í stað 4,75. Skv. 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga er lánstími námsláns ótilgreindur og greitt skal af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd. Lækkun sú sem hér er lögð til mun ekki hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi. Hins vegar mun lægra endurgreiðsluhlutfall leiða til þess að greiðslubyrði verður viðráðanlegri.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1057. Frumvarp til laga [715. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Endurskoðun reikninga annarra stofnana, félaga og verkefna en getið er í 1. og 2. mgr. sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hluta skal boðin út eftir ákvæðum laga um opinber innkaup og skal Ríkisendurskoðun í umboði Alþingis hafa umsjón með og annast slík útboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og gilda um endurskoðun reikninga vegna rekstrarársins 2005 og síðar.

Greinargerð.

Í 6. gr. laga nr. 86/1997 er Ríkisendurskoðun falið að annast endurskoðun reikninga stofnana, félaga og sjóða sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þá er Ríkisendurskoðun jafnframt falin endurskoðun sérstakra rekstrarverkefna.

Flutningsmenn telja að Ríkisendurskoðun gegni mjög veigamiklu hlutverki og að stofnunin njóti almenns trausts bæði hjá hinu opinbera og meðal almennings. Á hinn bóginn má segja að Ríkisendurskoðun sinni nú ýmsum verkefnum sem aðrir geta unnið og jafnvel æskilegt að sjálfstætt starfandi endurskoðendur vinni. Eðlilegra þykir í því viðskiptaumhverfi sem ríkir á íslenskum markaði að endurskoðun reikninga félaga í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar og mörg hver standa í samkeppni við einkaaðila og þar sem eignarhaldi félaga og stofnana er skipt milli ríkis og einkaaðila fari fram með sama hætti og almennt gerist, þ.e. að sjálfstætt starfandi endurskoðendur annist hana. Af þeim sökum telja flutningsmenn rétt að leggja til breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun.

Hluti þeirra sem 2. mgr. 6. gr. laganna nær til starfa á samkeppnismarkaði. Ekki verður séð að rök standi til þess að láta ríkisstofnun annast endurskoðun reikninga sem sjálfstætt starfandi löggiltir endurskoðendur geta sinnt. Um endurskoðendur gilda lög nr. 18/1997 og um mörg verk þeirra gilda bindandi reglur og staðlar. Því þarf vart að efast um að sjálfstætt starfandi endurskoðendur geti sinnt þeim verkum sem hér er lagt til að þeim verði falin.

Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að hluti þeirra verka sem Ríkisendurskoðun sinnir nú verði boðinn út. Flutningsmenn leggja til að útboð verkanna fari fram undir umsjá Ríkisendurskoðunar. Telja flutningsmenn útboð líklegustu leiðina til að ná fram hagræðingu samfara öðrum breytingum sem hér eru lagðar til.

Miðað er við að núgildandi ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna falli brott þar sem verkefnin sem Ríkisendurskoðanda er þar veitt heimild til að taka gjald fyrir skulu boðin út samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2005 og taki til endurskoðunar reikninga frá og með rekstrarárinu 2005. Með því móti ætti Ríkisendurskoðun að vera skapað svigrúm til að bjóða út þjónustu í samræmi við efni laganna.

1058. Skýrsla [432. mál]

dómsmálaráðherra um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Með beiðni (á þskj. 598) frá Guðrúnu Ögmundsdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um gerendur og þolendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræðum sem standa gerendum til boða. Eingöngu verður fjallað um íslenskar tölfræðiupplýsingar og þau meðferðarúrræði sem standa til boða hér á landi.

1. Tölulegar upplýsingar um gerendur og þolendur í kynferðisbrotamálum.

Á árunum 1999–2003 var 171 einstaklingur ákærður fyrir kynferðisbrot.[1] Hinir ákærðu voru allir karlkyns. Af þeim voru 119 sakfelldir með dómi, 15 hlutu sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara, sbr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og 37 voru sýknaðir. Samtals hlutu því 134 dóm eða undirgengust sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara.[2]

Tafla með ítarlegum upplýsingum um fjölda kynferðisbrotamála árin 1999–2003 er í fylgiskjali.

Aldur þeirra 134 sem hlutu dóm eða undirgengust sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara á árunum 1999–2003 skiptist með eftirfarandi hætti:[3]

Fæðingarár geranda	Fjöldi	Fæðingarár geranda	Fjöldi	Fæðingarár geranda	Fjöldi	Fæðingarár geranda	Fjöldi
1924	1	1949	1	1964	4	1977	7
1920–1929	*1*	*1940–1949*	*7*	1965	5	1978	1
1930	2	1952	2	1967	1	1979	1
1931	1	1954	3	1968	11	*1970–1979*	*33*
1934	2	1955	2	1969	4	1980	5
1936	2	1956	2	*1960–1969*	*41*	1981	4
1937	1	1957	3	1970	1	1982	7
1930–1939	*8*	1959	5	1971	6	1983	6
1942	1	*1950–1959*	*17*	1972	5	1984	2
1943	1	1960	5	1973	4	1985	1
1944	1	1961	4	1974	1	1987	2
1946	2	1962	5	1975	2	*1980–1989*	*27*
1947	1	1963	2	1976	5	**Samtals**	**134**

[1] Með kynferðisbrotum er átt við öll brot sem falla undir XXII. kafla (kynferðisbrotakafla) almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þeirra brota teljast einnig brot þar sem engir eiginlegir brotaþolar eru til staðar, svo sem dreifing og vörslur klámefnis.

[2] Miðað er við það ár sem mál kemur til ríkissaksóknara en ekki það ár sem dómur er kveðinn upp.

[3] Miðað er við fæðingarár gerenda. Ekki reyndist unnt að greina upplýsingar eftir aldri gerenda og brotaþola á þeim tíma sem hin refsiverða háttsemi átti sér stað.

Skráðir brotaþolar í málum þeirra 134 sakborninga sem voru sakfelldir fyrir kynferðisbrot á árunum 1999–2003 voru samtals 162, þar af 151 kvenkyns og 11 karlkyns.[4] Í flestum málanna var einungis einn gerandi og einn þolandi. Í nokkrum málum voru þó þolendur fleiri en einn; í einu máli voru þeir 6, í öðru 5, í tveimur málum voru 4 þolendur, í tíu málum 3 þolendur og í níu málum 2 þolendur.

Aldur þolenda kynferðisbrota á árunum 1999–2003 skiptist með eftirfarandi hætti:

Fæðingarár þolenda	Fjöldi	Fæðingarár þolenda	Fjöldi	Fæðingarár þolenda	Fjöldi	Fæðingarár þolenda	Fjöldi
1943	1	*1960–1969*	*4*	1981	6	1991	7
1940–1949	*1*	1970	2	1982	12	1992	10
1953	1	1971	1	1983	18	1993	6
1954	1	1972	3	1984	10	1994	4
1955	1	1973	1	1985	5	1995	2
1958	3	1975	1	1986	9	1996	1
1959	1	1976	2	1987	5	1997	3
1950–1959	*7*	1977	2	1988	10	1998	1
1965	2	1979	2	1989	13	*1990–1999*	*44*
1966	1	*1970–1979*	*14*	*1980–1989*	*92*	**Samtals**	**162**
1968	1	1980	4	1990	10		

Af þeim 134 sakborningum sem sakfelldir voru á árunum 1999–2003 höfðu 11 verið ákærðir fyrir fleiri en eitt kynferðisbrot á því tímabili. Þá er vert að geta þess að í 23 málum höfðu þolendur verið fleiri en einn. Ekki liggja fyrir tölur um hversu margir sakborninganna höfðu verið dæmdir fyrir kynferðisbrot fyrir árið 1999.

2. Meðferðarúrræði fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot.

Dæmdum kynferðisbrotamönnum er boðið upp á einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingi sem byggist á hugrænni atferlismeðferð og er nálgunin sniðin að þörfum hvers og eins. Meðferðin fer fram innan fangelsis á meðan afplánun fer fram. Þegar áhugi viðkomandi fanga er ekki til staðar er reynt að ýta undir áhuga hans til breytinga með hvatningarviðtali o.fl. Í meðferðinni er markmiðið annars vegar að beina kynferðislegum áhuga einstaklings á nýjar brautir og hins vegar að koma í veg fyrir ítrekun brota. Engin sérstök skilyrði eru sett fyrir því að komast í slíka meðferð. Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um hversu margir einstaklingar hafi gengist undir slíka meðferð, né heldur hefur árangur slíkrar meðferðar verið metinn með skipulegum hætti.

Öðru máli gegnir um gerendur sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Ábyrgð á úrræðum fyrir unga gerendur er hjá barnaverndaryfirvöldum. Barnaverndarstofa býður upp á langtímameðferðarúrræði á meðferðarheimilum fyrir einstaklinga yngri en 18 ára sem beita aðra kynferðislegu ofbeldi. Þá er í undirbúningi hjá stofunni að koma á göngudeildarúrræði fyrir ungmenni sem beitt hafa aðra kynferðislegu ofbeldi. Barnaverndarstofa hefur gert samning við sálfræðing sem hefur sérmenntun á sviði greiningar og áhættumats um að gera ítarlega sálfræðilega greiningu á þeim sem verða uppvísir að alvarlegum kynferðisbrotum. Mikilvægt hefur verið talið að mat á börnum og unglingum sem fremja slíka verknaði sé vandað og ítarlegt svo unnt sé að finna úrræði eftir eðli vandans hverju sinni. Þá er sérfræðingurinn stof-

[4] Í nokkrum málum er varða blygðunarsemisbrot hafa brotaþolar ekki verið skráðir. Á þetta t.d. við um brot þar sem svokallaðir „flassarar" hafa berað sig fyrir framan hóp fólks.

unni og starfsmönnum hennar til ráðgjafar vegna þeirra mála sem koma upp. Þess má geta að viðkomandi sérfræðingur tekur þátt í samstarfi ESSAY (European Society working with Sexually Abusive Youth) sem eru evrópsk samtök sérfræðinga sem vinna við að greina og meðhöndla ungmenni sem beitt hafa aðra kynferðislegu ofbeldi.

Hvað varðar unga sakhæfa gerendur sem fremja kynferðisbrot er staðan sú að barnaverndaryfirvöld grípa inn í á fyrstu stigum þegar þeir hafa verið kærðir fyrir brot. Gerendurnir fá eins fljótt og kostur er viðeigandi meðferð og er hún oft enn yfirstandandi þegar málið fer fyrir dóm. Í mörgum þeirra tilvika hafa dómstólar kveðið upp skilorðsbundna dóma sem kveða nánar á um að viðkomandi ljúki þeirri meðferð sem hafin var.

Almennt leggja fangelsismálayfirvöld meðferð til. Dómstólar hafa þó ákveðnar heimildir skv. VII. kafla almennra hegningarlaga til að dæma menn til hælisvistar en sjaldan reynir á þau úrræði.

Dómstóll hefur heimild skv. 65. gr. almennra hegningarlaga til að kveða á um að menn sem ekki geta haft hemil á drykkjufýsn sinni skuli lagðir inn á viðeigandi hæli til lækningar. Úrræðið á ekki sérstaklega við um þá sem hafa framið kynferðisbrot en því hefur einu sinni verið beitt af Hæstarétti í máli sakbornings sem oft hafði gerst brotlegur við almenn hegningarlög undir áhrifum áfengis og ítrekað gerst sekur um kynferðisbrot, sbr. dóm Hæstaréttar 24. febrúar 1988 í máli nr. 348/1987. Í framhaldi af því máli tók dómsmálaráðuneytið ákvörðun um að dómfelldi sætti meðferð á hæli í Svíþjóð sem bauð upp á sérhæfða meðferð fyrir kynferðisbrotamenn.

Í 62. gr. almennra hegningarlaga er heimild til að kveða í dómi á um að manni sem sýknaður hefur verið á grundvelli 15. gr. laganna eða honum ekki gerð refsing skv. 16. gr. verði komið fyrir á viðeigandi hæli ef aðrar vægari ráðstafanir koma ekki að notum. Í 2. mgr. 16. gr. er einnig að finna heimild til að vista á sérstakri stofnun þá sem hafa verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar, þegar þeir frömdu hina refsiverðu háttsemi. Það er þó áskilið í ákvæðinu að til að hægt sé að beita úrræðum þess verði slík stofnun að vera til. Slík stofnun er ekki til á Íslandi.

Síðastliðin 15 ár, að minnsta kosti, hafa kynferðisbrotamenn ekki verið dæmdir í meðferð hér á landi, en stundum kemur fram í dómi það viðhorf dómara að hann mæli með meðferð. Kynferðisbrotamenn sem eru undir eftirliti hjá Fangelsismálastofnun eru oft hvattir til að leita sér hjálpar og stundum er þeim boðin aðstoð sálfræðinga stofnunarinnar. Það er forgangsverkefni hjá sálfræðingum Fangelsismálastofnunar að sinna kynferðisbrotamönnum.

Fylgiskjal.

Ítarlegar upplýsingar um fjölda kynferðisbrotamála árin 1999–2003.

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1977	1982, kvk.		194.	1999
1982	1982, kvk.		194.	1999
1966	1984, kvk.	sýkn	195.	1999
1962	1979, kvk.		196.	1999
1959	1959, kk.		196.	1999
1965	1978, kvk.	sýkn	196.	1999

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1947	1983, kvk.		200.	1999
1957	1990, kvk.		200.	1999
1965	1977, kk.		202.	1999
1955	1992, kvk.		202.	1999
1968	1982, kvk.		202.	1999
1981	1989 (1), 1991 (2), 1992 (4), 1993 (1), 1994 (1), (9 stúlkur)		202.	1999
1973	1983, kvk. (6 stúlkur)		202.	1999
1960	1990, 1994, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1952	1992, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1949	1983, 1984, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1965	1984 (3 stúlkur) 1985 (1 stúlka)		202.	1999
1983	1992, kvk.		202.	1999
1982	1986, kvk.		202.	1999
1968	1986, kk.		202.	1999
1963	1971, kvk.		202.	1999
1981	1981, kvk.	sýkn	209.	1999
1981	1981, kvk.	sýkn	209.	1999
1968	1981, kvk.		209.	1999
1931	1983, kvk.		209.	1999
1965	1988, 1990, 1991, kk. (3 drengir)		209.	1999
1982	1983, kvk., 1982, kk.	viðurlagaákv.	209.	1999
1980	1976, 1976, kvk. (2 stúlkur)		209.	1999
1968	Klám		210.2.	1999
1969	Klám		210.2.	1999
1969	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	1999
1942	Barnaklám		210.4.	1999
1972	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	1999
1977	1982, kvk.		194.	2000
1969	1973, kvk.	sýkn	194.	2000
1972	1980, kvk.		194.	2000
1978	1980, kvk.		194.	2000
1982	1986, kvk.		194.	2000
1973	1985, kvk. (1 stúlka) 1988, 1988, kvk. (2 stúlkur)	2 mál, 2 dómar	195. 202.1.1	2000 2002
1972	1985, kvk.		196.	2000
1930	1953, kvk.		196.	2000
1971	1981, kvk.		196.	2000
1979	1980, kvk.	sýkn	196.	2000
1961	1983, kvk.		200., 202.	2000
1959	1984 (2 stúlkur) 1985 (1 stúlka)		202.1.1	2000
1976	1984, kvk.		202.1.1, 209.	2000

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1934	1991, kvk.	sýkn	202.1.1	2000
1969	1993, kvk.		202.1.1	2000
1965	1974, kk.	sýkn	202.1.1	2000
1954	1991, kvk.		202.1.2.	2000
1968	1989, kvk.		202.1.2	2000
1948	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2000
1962	1982, kvk.		209.	2000
1971	Brotaþolar óskráðir		209.	2000
1968	1975, kvk. 1997, kvk. 1977, kvk.	3 mál, 3 dómar	209. 202.1.2. 194.	2000 2001 2003
1981	Brotaþolar óskráðir		209.	2000
1983	Brotaþolar óskráðir		209.	2000
1981	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2000
1977	Barnaklám		210.4.	2000
1959	Barnaklám 1982, kvk.	viðurlagaákv. sýkn, 2 mál	210.4. 209.	2000 2002
1937	Barnaklám		210.4.	2000
1978	1980, kvk.	sýkn	194.	2001
1964	1943, kvk.		194.	2001
1976	1986, kvk. 1993, kvk.	2 mál, 1 dómur	194. 202.1.1	2001 2001
1964	1965, kvk.		194.	2001
1962	1965, kvk.		194.	2001
1972	1984, kvk.		194.	2001
1982	1986, kvk.	sýkn	195.	2001
1975	1982, kvk.	sýkn	195.	2001
1971	1983, kk.		196.	2001
1960	1982, 1990, kvk. (2 stúlkur)		196., 202.	2001
1976	1982, kvk.		196.	2001
1968	1970, kvk.		196.	2001
1984	1987, kvk.	sýkn	196.	2001
1963	1995, kvk.		200.1.	2001
1957	1977, kvk. 1981, kvk.	2 mál, 1 dómur	200.1. 202.1.1	2001
1934	1983, kvk. 1992, kvk.	2 mál, 1 dómur	200.1. 200.2.	2001
1941	1990, kvk.	sýkn	200.1.	2001
1954	1983, kvk.		200.2.	2001
1936	1982, 1984, 1985, kvk. (3 stúlkur)		200.2.	2001
1956	1973, kvk.		201.1.	2001
1967	1987, kvk.	sýkn	201.1.	2001
1975	1993, kvk.		201.1.	2001

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1949	1989, kvk.	sýkn	201.2.	2001
1979	1986, kvk.		202.1.1.	2001
1930	1988, 1989, 1989, kvk. (3 stúlkur)		202.1.1.	2001
1967	1985, kvk.	sýkn	202.1.1.	2001
1982	1988, kvk.	sýkn	202.1.1.	2001
1959	1986, kvk.		202.1.1.	2001
1983	1994, kk., 1997, kvk., 1998, kvk.		202.1.1.	2001
1983	1991, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1954	1989, kvk.		202.1.2.	2001
1970	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1950	1984, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1970	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1971	1989, 1989, 1989, kvk. (3 stúlkur)		209.	2001
1967	1958, kvk.	viðurlagaákv.	209.	2001
1964	Brotaþolar óskráðir	viðurlagaákv.	209.	2001
1980	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	2001
1974	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	2001
1957	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2001
1970	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2001
1983	1983, kvk.		194.	2002
1983	1983, kvk.		194.	2002
1964	1970, kvk.		194.	2002
1965	1965, kvk.	sýkn	194.	2002
1980	1984, kvk.		194.	2002
1945	1946, kvk.	sýkn	194.	2002
1979	1987, kvk.	sýkn, áfr.	194., 196.	2002
1987	1987, kvk.		194.	2002
1969	1986, kvk.		195.	2002
1968	1958, kvk.		196.	2002
1967	1982, kvk.	sýkn	196.	2002
1960	1966, kvk.		196.	2002
1977	1980, kvk.		196.	2002
1960	1975, kvk.	sýkn	196.	2002
1977	1981, kvk.		196.	2002
1962	1954, kvk.		196.	2002
1961	1985, kvk.		196., 200.1.	2002
1982	1983, kk.		196.	2002
1973	1972, kvk.		196.	2002
1934	1980, 1981, 1991, kvk. (3 stúlkur)		200., 202.	2002
1959	1987, kvk. 1988, kvk.	2 mál, 1 dómur	200., 202. 201., 202.	2002 2003
1960	1983, 1984, kvk. (2 stúlkur)		201., 202.	2002

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1968	1987, 1987, 1991, kvk. (3 stúlkur)		201.2.	2002
1977	1989, kvk.		202.1.1.	2002
1980	1992, kvk.		202.1.1.	2002
1932	1987, kvk.	sýkn	202.1.1.	2002
1976	1987, 1989, kvk. 1982, kvk.	2 mál, 1 dómur	202.1. 202.1., 209	2002
1947	1989, kvk.	sýkn	202.1.2.	2002
1960	1984, 1986, 1989, kvk. (3 stúlkur)		202.1., 209.	2002
1983	1990, kvk.		202.1.2.	2002
1972	1990, kvk.		202.1.2.	2002
1924	Óskráður brotaþoli	viðurlagaákv.	209.	2002
1971	1991, kvk.		209.	2002
1977	1968, kvk., 1972, kvk.	2 mál, 1 ákv. viðurlagaákv.	209.	2002
1964	1961, kvk.	sýkn	209.	2002
1968	1979, kvk.		209.	2002
1955	1986, kvk.		209.	2002
1956	Klám		210.2.	2002
1976	Barnaklám		210.4.	2002
1961	Barnaklám		210.4.	2002
1961	Barnaklám		210.4.	2002
1982	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2002
1952	Barnaklám		210.4.	2002
1955	1955, kvk.	sýkn	194.	2003
1975	1955, kvk. 1958, kvk.	sýkn, 2 mál, 1 dómur	194.	2003
1974	1965, kvk.	sýkn	194.	2003
1981	1959, kvk.	sýkn	194.	2003
1984	1972, kvk.		194.	2003
1960	1970, kvk.	sýkn	194., 200.3.	2003
1976	1979, kvk.	sýkn	194.	2003
1971	1981, kvk.		194.	2003
1976	1978, kvk.	sýkn	194.	2003
1973	1982, kvk., 1982, kvk. (2 stúlkur)		196.	2003
1936	1990, kvk.		200.2.	2003
1965	1988, 1988, 1988, 1988, kvk. (4 stúlkur)		210.2.	2003
1981	1993, kk.		202.1.1.	2003
1943	1990, kvk.		202.1.1., 2.	2003
1985	1990, kvk.		202.1.1	2003
1971	1987, kvk.	sýkn	202.1.1., 2.	2003
1944	1989, 1989, 1995, kvk. (3 stúlkur)		202.1.1., 2.	2003
1980	1988, kvk.		202.1.1.	2003
1946	1993, 1996, kvk. (2 stúlkur)		202.1., 209.	2003

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar-lagagrein	Komuár máls
1987	1991, kvk.		202.1.1.	2003
1984	Barnaklám		210.4.	2003
1982	Barnaklám		210.4.	2003
1946	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2003
1965	Barnaklám		210.4.	2003
1968	Barnaklám	2 mál, 1 dómur	210.4. 210.4.	2003
1962	Barnaklám		210.4.	2003

1059. Svar [457. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

1. *Hversu mikið greiddi Fæðingarorlofssjóður út:*
   a. *árið 2002,*
   b. *fyrstu tíu mánuði ársins 2003?*

Heildarútgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði voru 4.208.090.421 kr. á árinu 2002 en á fyrstu tíu mánuðum ársins 2003 námu þær 4.268.268.379 kr.

2. *Hversu mikið hefðu greiðslur Fæðingarorlofssjóðs breyst ef útgreiðslur hefðu ekki mátt vera hærri á mánuði en:*
   a. *150 þús. kr.,*
   b. *200 þús. kr.,*
   c. *250 þús. kr.,*
   d. *300 þús. kr.,*
   e. *400 þús. kr.,*

   annars vegar árið 2002 og hins vegar fyrstu tíu mánuði ársins 2003?

Allt árið 2002.

Hámarks-greiðslur	Fjöldi þeirra sem hafa fengið hærri greiðslur	Sparnaður (kr.)
150.000 kr.		
Karlar	2.678	550.214.554
Konur	1.515	396.913.944
Samtals	**4.193**	**947.128.498**
200.000 kr.		
Karlar	1.846	362.751.172
Konur	658	185.651.508
Samtals	**2.504**	**548.402.680**

Hámarks-greiðslur	Fjöldi þeirra sem hafa fengið hærri greiðslur	Sparnaður (kr.)
250.000 kr.		
Karlar	1.217	232.887.990
Konur	310	89.398.063
Samtals	**1.527**	**322.286.053**
300.000 kr.		
Karlar	751	146.289.214
Konur	15	40.079.308
Samtals	**766**	**186.368.522**
400.000 kr.		
Karlar	267	58.452.782
Konur	28	7.417.692
Samtals	**295**	**65.870.474**

Fyrstu tíu mánuðir ársins 2003.

Hámarks-greiðslur	Fjöldi þeirra sem hafa fengið hærri greiðslur	Sparnaður (kr.)
150.000 kr.		
Karlar	2.947	695.063.663
Konur	1.633	380.063.156
Samtals	**4.580**	**1.075.126.819**
200.000 kr.		
Karlar	2.087	461.013.084
Konur	745	176.540.699
Samtals	**2.832**	**637.553.783**
250.000 kr.		
Karlar	1.417	297.001.868
Konur	354	84.840.267
Samtals	**1.771**	**381.842.135**
300.000 kr.		
Karlar	871	189.562.581
Konur	156	42.690.236
Samtals	**1.027**	**232.252.817**
400.000 kr.		
Karlar	330	79.290.174
Konur	40	11.872.249
Samtals	**370**	**91.162.423**

1060. Svar [500. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ofbeldi í fíkniefnaheiminum.

1. *Munu lögregluyfirvöld grípa til sérstakra aðgerða vegna síendurtekinna árása handrukkara?*

Lögreglan grípur til aðgerða í samræmi við aðstæður hverju sinni og lögum samkvæmt. Ekkert sérstakt er á döfinni í þeim efnum sem fellur einkum undir aðgerðir gegn handrukkurum, eins og spurt er, umfram það sem fram kemur í svari við þriðju spurningu hér á eftir um auknar aðgerðir í fíkniefnamálum og öryggi alls almennings. Það er mat lögregluyfirvalda að ekki skorti á löggjöf eða önnur fyrirmæli og úrræði til að takast á við mál sem tengjast fíkniefnabrotum ef málin eru á annað borð lögð fyrir lögregluna til úrlausnar.

2. *Telja lögregluyfirvöld sig nægjanlega vel í stakk búin að takast á við sívaxandi ofbeldi í fíkniefnaheiminum? Ef svo er ekki, hvað telja þau vænlegast til úrbóta?*

Það er ekki vafi að lögreglan er í stakk búin til að takast á við þessi mál með sama hætti og önnur sem lögreglan tekst sífellt á við og leysir. Með breytingum á skipulagi sérsveitar lögreglunnar og enn frekari eflingu hennar á næstu árum hefur lögreglunni verið gert betur kleift en áður að takast á við vaxandi ofbeldi í fíkniefnaheiminum. Sérsveitin hefur frá og með 1. mars 2004 stöðu stoðdeildar undir forsjá ríkislögreglustjóra, einmitt með það að markmiði að tryggja sem best hreyfanleika hennar um land allt. Þetta er m.a. hugsað til þess að styrkja og efla öryggi lögreglumanna vegna vaxandi hörku í afbrotum. Efling sérsveitarinnar byggist á ákvörðunum í dómsmálaráðuneytinu í náinni samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, auk samráðs við forustumenn Landssambands lögreglumanna og Lögreglufélags Reykjavíkur. Þessir aðilar eru allir sammála um að nýskipan sérsveitarinnar dugi best til að efla viðbúnað lögreglu vegna vaxandi hörku í afbrotum. Því má segja að því hafi þegar verið hrundið í framkvæmd sem lögregluyfirvöld telja vænlegast til úrbóta á þessu sviði.

Eftir sem áður þarf að hafa það í huga þegar rætt er um ofbeldi í fíkniefnaheiminum og handrukkun að lögreglan þarf að fá vitneskju um málin og upplýsingar um að meint brot hafi verið framið eða manni hótað og hótunin sé til þess fallin að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Við slíkri háttsemi eru viðurlög samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga (233. gr. laga nr. 19/1940). Fái lögreglan ekki upplýsingar eða vitneskju sem hægt er að byggja á við rannsókn máls verður lögum ekki komið yfir þá menn sem sagðir eru hafa í hótunum.

Ef lögreglan fær vitneskju eða hefur grun um að refsivert brot hafi verið framið skal hún hefja rannsókn, hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki, og getur ríkissaksóknari gefið fyrirmæli í þeim efnum, sbr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð, sbr. 67. gr. sömu laga. Í 68. gr. laganna segir að rannsaka skuli og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða, svo sem stað og stund og öll nánari atvik sem ætla má að skipt geti máli. Af þessu leiðir að menn verða að beina málum til lögreglunnar til þess að hún beiti valdi sínu til þess að stöðva þá sem valda ótta með háttsemi sem varðar við lög.

3. *Báðu lögregluyfirvöld um fé á fjárlögum fyrir þetta ár og það síðasta til að auka mannafla, til tækjakaupa, rannsókna eða annars til að stemma stigu við ofbeldi sem tengist*

handrukkurum og fíkniefnaheiminum? Ef svo er, hve mikið fé vantar til að verða við óskunum og hverjar voru þær?

Lögregluyfirvöld báðu ekki sérstaklega um fé á fjárlögum þessa árs eða síðasta til að auka mannafla, til tækjakaupa, rannsókna eða annars sérstaklega til þess að stemma stigu við ofbeldi sem tengist handrukkurum og fíkniefnaheiminum. Umtalsverðum fjármunum er engu að síður ráðstafað á hverju ári sérstaklega vegna rannsókna fíkniefnamála og hafa fjárheimildir til þess aukist verulega á liðnum árum. Þannig má nefna að lögreglumönnum sem sérstaklega sinna fíkniefnamálum hefur fjölgað bæði á höfuðborgarsvæðinu og hjá öðrum embættum eins og ítarlega er rakið í skýrslu dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu sem lögð var fram á Alþingi árið 2002. Nefna má einnig að leitarhundum, sem eru sérstaklega þjálfaðir, hefur verið komið fyrir hjá mörgum lögregluembættum, tækjabúnaður hefur verið endurnýjaður og bættur og nýlega var keypt tæki til að finna fíkniefni, sem meðal annars er notað í fangelsum. Í tengslum við kaup á því tæki var jafnframt sett upp skipulegt fíkniefnaeftirlit á Litla Hrauni með fíkniefnahundum sem þegar hefur gefið góða raun. Ríkislögreglustjórinn hefur í samvinnu við Námsgagnastofnun tekið saman kennsluefni sem lögreglan notar við forvarnarfræðslu og í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna fól ríkislögreglustjórinn sálfræðingi að gera rannsókn þar sem komið er inn á persónuleikaeinkenni brotamanna, ofbeldi af hálfu þeirra sem nota fíkniefni, falskar játningar og fleira. Allt er þetta liður í því að sporna við notkun fíkniefna og fleira mætti nefna í þessu samhengi.

Síðast en ekki síst má nefna að sú efling sérsveitarinnar sem þegar hefur verið boðuð og stefna næstu ára hefur verið mörkuð um kemur til með að styrkja verulega almenna löggæslu á öllum sviðum og gera lögreglunni enn betur en áður kleift að takast á við vaxandi hörku í afbrotum.

1061. Svar [364. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um málefni fatlaðra.

1. *Er svæðisstjórnum málefna fatlaðra á Reykjanesi og í Reykjavík gert kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar varðandi þjónustu við fatlaða einstaklinga innan starfssvæðis þeirra?*

Í fyrirspurninni er vísað til svæðisstjórna málefna fatlaðra en rétt þykir að benda á að svæðisstjórnir voru lagðar niður með lögum nr. 59/1992. Í svari við þessari fyrirspurn er því gengið út frá því að fyrirspyrjandi eigi við þá þjónustu sem svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra er ætlað að veita samkvæmt fyrrgreindum lögum.

Lög um málefni fatlaðra taka til félagslegrar þjónustu sem ríkið tekur að sér að veita fötluðum til að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Lögin flokkast undir sérlög og viðbótarlög í þeim skilningi að þau kveða á um þjónustu sem veita þarf afmörkuðum hópi, enda sé þörfin fyrir þjónustu meiri eða önnur en sú sem kveðið er á um í almennum lögum, til dæmis lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Skyldur ríkisins til að veita þjónustu eru þrenns konar:

– Í fyrsta lagi *stoðþjónusta* sem skal miða að því að gera fötluðum kleift að starfa í samfélagi við aðra, sbr. 8. gr. laganna,

- í öðru lagi *þjónustustofnanir* í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir fatlaðra, sbr. 9. gr. laganna, og
- í þriðja lagi *búseta* í samræmi við þarfir og óskir fatlaðra.

Samkvæmt 48. gr. laganna skal þjónusta sem ríkið veitir greiðast úr ríkissjóði, þ.e. samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Fjárlög setja þó lögum um málefni fatlaðra ákveðinn ramma. Hann á að vera í samræmi við þær skyldur sem lagðar eru á ríkið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Af framansögðu er því ljóst að starfsemi svæðisskrifstofanna í Reykjavík og á Reykjanesi er ætlað að vera innan þess ramma sem fjárlög setja hverju sinni. Það liggur jafnframt fyrir að markmið félagsmálaráðuneytisins hverju sinni er að tryggja að markvisst sé unnið að því að tryggja jafnrétti og þátttöku fatlaðra í samfélaginu í samræmi við 1. gr. laga nr. 59/1992. Mikið hefur áunnist í því að ná þessu markmiði.

2. *Ef ekki, á hverju stendur, og mun ráðherra beita sér fyrir því að auknum fjármunum verði varið til þess að bæta úr ástandinu?*

Eins og fram kom í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir 2,4% raunaukningu fjármagns á næstu árum til málaflokks fatlaðra. Þetta hlutfall svarar til 140–150 millj. kr. á ári.

Frá árinu 1995 hafa framlög til málaflokksins aukist að raungildi um tæp 50%. Á verðlagi dagsins í dag eru framlög til málaflokksins um 1.800 millj. kr. hærri en þau voru árið 1995. Þau markmið, sem ráðuneytið setti sér í framhaldi af niðurstöðum úttektarskýrslu starfshóps um styttingu biðlista eftir þjónustu sem birt var í nóvember 2000, munu ná fram að ganga í lok árs 2005 eins og áætlanir gera ráð fyrir. Á árinu 2004 er gert ráð fyrir að hafin verði þjónusta við 22–25 fatlaða einstaklinga í búsetu. Búseta þessara einstaklinga mun skiptast á fimm sambýli, þ.e. tvö í Reykjavík, tvö á Reykjanesi og eitt á Suðurlandi. Í tillögum starfshóps var gert ráð fyrir að rýmum á sambýlum yrði fjölgað um alls 110 á árunum 2001–2005. Þar af var gert ráð fyrir 80 nýjum rýmum til að stytta biðlista og 30 rýmum til að mæta nýliðun á tímabilinu. Á árunum 2000–2003 hafa orðið til 68 ný rými, sbr. töflu 1.

Í fjárlögum fyrir árið 2004 er heimild fyrir 22 nýjum rýmum. Í árslok 2004 munu því hafa orðið til 90 ný rými í samræmi við tillögur starfshópsins. Árið 2005 þurfa að verða til 20 ný rými svo að því markmiði sem sett var fram í nóvember 2000 verði náð.

Tafla 1. Áætlun biðlistanefndar um ný rými á sambýlum og framkvæmd.

	Áætlun um ný rými			Ný rými á sambýlum			
Ár	Biðlisti	Nýliðun	Alls	Reykjavík	Reykjanes	Suðurland	Alls
2000				4			4
2001	16	6	22	10	14		24
2002	16	6	22	14	6		20
2003	16	6	22	6	14		20
2004	16	6	22	9	9	4	22
2005	16	6	22				
	80	30	110	43	43		90

Tafla 2. Áætluð staða biðlista eftir sambýlum í árslok 2005.

Október 2003	
Á biðlista eftir sambýli	78 manns
Ný rými 2003	(20) fjárveiting er til staðar fyrir þessum rýmum
Frumvarp 2004	(16) alls er gert ráð fyrir 22 nýjum rýmum þar af 6 vegna nýliðunar
Markmið 2005	(16) alls er gert ráð fyrir 22 nýjum rýmum þar af 6 vegna nýliðunar
Á biðlista í árslok 2005	**26** manns

Loks má geta þess að í lok nóvember sl. lauk síðasta áfanga útskriftar um 20 einstaklinga á sambýli á höfuðborgarsvæðinu sem höfðu áður búið á Kópavogshæli. Var þetta gert í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra frá því í janúar 2002. Árið 1995 fengu 566 manns þjónustu á sambýlum og í íbúðum. Árið 2004 verða þeir 803. Þetta er um 42% aukning.

Með vísan til þeirrar raunaukningar á fjármagni til þjónustu við fatlaða má gera ráð fyrir því að um eiginlega biðlista eftir þjónustu í búsetu verði ekki að ræða í lok árs 2005.

Það er því ljóst að mikil aukning hefur orðið í þjónustu við fatlað fólk, þjónustan hefur batnað og fleiri fá nú þjónustu en nokkru sinni fyrr.

3. *Hvernig hyggst ráðherra ná markmiðum laga nr. 59/1992 varðandi þjónustu við fatlaða?*

Markmið laga um málefni fatlaðra frá 1992 eru viðamikil og taka á mörgum þáttum í þjónustu við fatlað fólk. Samkvæmt markmiðsgrein laganna skal stefnt að jafnrétti og fullri þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Það er mat ráðuneytisins að það sé sanngjörn og eðlileg krafa að stefna að þessum markmiðum. Jafnframt er þó ljóst að verkefnið er viðamikið og seint munu allir líta svo á að þessum markmiðum verði náð. Hér að framan hefur því verið lýst hvernig ráðuneytið hyggst takast á við einstök verkefni eins og búsetumál sem skipta flesta mestu máli í þessari heildarmynd. Einnig er brýnt að aðrir nauðsynlegir þættir í þjónustu við fatlaða komi einnig til framkvæmda. Ráðherra mun því á næstunni kalla eftir samvinnu og samráði hagsmunaaðila, starfsfólks, sveitarfélaga og þeirra sem starfrækja þjónustu við fatlaða við stefnumótun félagsmálaráðuneytisins í málaflokknum til framtíðar. Sú vinna hefur það að markmiði að tryggja aðgengi og þátttöku allra að samfélaginu og ná þar með markmiðum laga um málefni fatlaðra. Þess ber þó að geta að það er ekki einungis hlutverk félagsmálaráðherra að tryggja að þessi markmið nái fram að ganga heldur samfélagsins alls. Allir þurfa að leggja sitt af mörkum, ríkið, sveitarfélögin, launþegahreyfingin, atvinnurekendur og almenningur.

Síðastliðið haust hófst vinna innan Stjórnarráðsins að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins við að kynna hugmyndafræði til að tryggja aðgengi fyrir alla. Þar er því beint til ráðuneyta og undirstofnana að skoða á hvern hátt þau geti tryggt að sú þjónusta sem þau veita sé aðgengileg öllum.

Mat ráðuneytisins er að til þess að ná markmiðum sem stefnt er að þurfi að leggja ríka áherslu á að breyta viðhorfum í samfélaginu og er það í raun forsenda þess að raunverulegar breytingar nái fram að ganga. Það að horfa á getu fólks en ekki hömlun felur í sér nýja sýn á þá sem eru á einhvern hátt fatlaðir og er leiðarvísir í stefnumörkun ráðuneytisins í þessum málum.

4. *Hver er stefna ráðherra varðandi skammtímavistun fyrir fatlaða og stoðþjónustu við foreldra sem vilja hafa fötluð börn sín lengur heima?*

Markmið ráðuneytisins byggjast á lögunum um málefni fatlaðra og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Í reglugerðinni er m.a. sérstaklega fjallað um þjónustu skammtímavistana og stuðningsfjölskyldna.

Markmið skammtímavistana er að fjölskyldur fatlaðra eigi kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur.

Markmið og áætlanir ráðuneytisins gera ráð fyrir því að þeirri þörf verði að mestu fullnægt á næstu tveimur árum. Í dag er áætluð þörf fyrir ný skammtímavistunarúrræði um 15 pláss.

Tafla 3. Fjölgun skammtímavistunar árin 2001–2003 og þörf fyrir skammtímavistun í október 2003, skipt eftir svæðum.

	2001	2002	2003	Þörf
Reykjavík			-3	6
Reykjanes				4
Vesturland				0,5
Vestfirðir	0,5	0,5	0,5	1
Norðurl. vestra				2
Norðurl. eystra				
Austurland	1			
Suðurland				1,5

Tekið skal fram að með fjölgun sambýlisplássa á undanförnum árum hefur svigrúm til að bjóða nýjum einstaklingum þá þjónustu aukist verulega. Algengt er að áður en til búsetudvalar kemur hafi einstaklingar nýtt sér þjónustu skammtímavistunar í verulegum mæli, oft hámarksþjónustu eða um 14 sólarhringa á mánuði. Þetta á sérstaklega við um aðstæður sem hafa ríkt á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi.

Samkvæmt töflu 3 hefur skammtímavistunarrýmum í Reykjavík fækkað um þrjú árið 2003. Skýringin á því er sú að heimili þar sem áður var skammtímavistun var breytt í heimili fyrir börn. Hagsmunum barna, sem áður höfðu dvalið í skammtímavist, var talið betur borgið með því að bjóða þeim og fjölskyldum þeirra upp á dvöl á heimili fyrir börn. Kom það m.a. til af mikilli þörf þessara barna fyrir þjónustu.

Ekki liggur fyrir mat á þörf fyrir stuðningsfjölskylduþjónustu en gert er ráð fyrir því að á næstu tveimur árum takist að koma til móts við mikinn hluta þeirrar þarfar sem er til staðar.

5. *Hyggst ráðherra fjölga úrræðum í dagþjónustu og á vernduðum vinnustöðum?*

Stefna ráðuneytisins er að úrræðum, sem fötluðum er boðið í hæfingu og iðju, muni fjölga í samræmi við þær þarfir og óskir sem fram munu koma í þeirri stefnumótun sem fyrr var nefnd. Það liggur fyrir að þjónustuþörfinni er að mestu leyti mætt úti á landi og því er sjónum beint fremur að þörfum á höfuðborgarsvæðinu í þessu sambandi.

Dagvist, vernduð vinna eða vinna með stuðningi verður alltaf að miðast við getu hvers og eins. Markmiðið er því að allir hafi möguleika á uppbyggilegri og gefandi iðju, hæfingu eða atvinnu utan heimilis í samræmi við getu og áhuga. Félagsmálaráðuneytið mun leggja sérstaka áherslu á að styrkja þau úrræði sem tengjast atvinnu með stuðningi þar sem það þjónar með skýrum hætti markmiðunum um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu.

Ráðuneytið stendur nú fyrir upplýsingaöflun um stöðu atvinnumála fatlaðra til að geta með skýrari hætti lagt drög að stefnu í þessum málum.

1062. Svar [448. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um „Átak til atvinnusköpunar".

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve háum fjárhæðum hefur verið varið árlega til „Átaks til atvinnusköpunar" frá upphafi, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á núvirði?*
2. *Hverjir hafa notið þessara úthlutana og hvernig skiptast þær eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum?*

Áður hefur verið spurt um „Átak til atvinnusköpunar" og verður hér vísað til svars við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur á þskj. 180, 69. mál á 126. löggjafarþingi 2000–2001. Fyrirspurn þeirra hljóðaði svo: Hvaða verkefni hafa verið studd af „Átaki til atvinnusköpunar" frá 1996 til og með 1999, sundurliðað eftir tegund verkefna og þeim aðilum sem fyrir verkefnunum standa?

Átaki til atvinnusköpunar var hleypt af stokkunum í janúar 1996 sem samstarfsverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðntæknistofnunar Íslands. Með því sameinuðu þessir aðilar stuðningsaðgerðir sínar við atvinnulífið og gerðu þær markvissari. Umsýsla Átaks til atvinnusköpunar og bókhald var hjá Iðnlánasjóði tvö fyrstu árin (1996 og 1997). Eftir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tók til starfa í ársbyrjun 1998 hefur Átak til atvinnusköpunar verið samstarfsverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Iðntæknistofnunar. Við það breyttust áherslur Átaks til atvinnusköpunar talsvert, þar sem Nýsköpunarsjóður tók við fjármögnun flestra þeirra verkefna sem þróuð höfðu verið í vel skilgreindar áætlanir. Átak til atvinnusköpunar þrengdi á samsvarandi hátt starfssvið sitt og beindi sjónum sínum fyrst og fremst að smærri stuðningsverkefnum á frumstigi nýsköpunar sem féllu utan við verksvið Nýsköpunarsjóðs. Í þessu felst að Átak til atvinnusköpunar lagði áherslu á að styðja við frumkvöðla sem ekki höfðu annað að leita með hugmyndir um nýsköpun í atvinnulífinu. Þessari stefnu hefur verið fylgt síðan.

Gott yfirlit um starfsemi Átaks til atvinnusköpunar á árunum 1996 og 1997 er að finna í greinargerðum endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte & Touche, sem endurskoðaði bókhald Iðnlánasjóðs fyrir Átak til atvinnusköpunar. Þessar greinargerðir er að finna sem fylgiskjöl I og II í þingskjali 180 á 126. löggjafarþingi. Ráðuneytið hefur engin frekari gögn frá þessum árum sem að gagni koma til að svara fyrirspurninni og er því vísað til þessa fyrra svars fyrir árin 1996 og 1997.

Hér á eftir er gerð grein fyrir fjárhæðum sem varið hefur verið til Átaks til atvinnusköpunar árin 1998 til og með 2003, sundurliðað eftir kjördæmum á verðlagi hvers árs og á verðlagi ársins 2004.

1998.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 80 millj. kr., af þeim komu 13,7 millj. kr. ekki til útborgunar. Að auki var úthlutað til atvinnuskapandi verkefna styrkjum að fjárhæð 4,6 millj. kr.

1999.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 89,6 millj. kr., af þeim komu 1.575 þús. kr. ekki til útborgunar. Að auki var úthlutað til atvinnuskapandi verkefna styrkjum að fjárhæð 3.818 þús. kr.

Stjórn átaksins samþykkti að veita 10.232 þús. kr. til viðbótar við fyrri styrki á árunum 1998 og 1999, af þeim komu 2.250 þús. kr. ekki til útborgunar.

2000.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 52.450 þús. kr., af þeim komu 900 þús. kr. ekki til útborgunar. Að auki var úthlutað til atvinnuskapandi verkefna styrkjum að fjárhæð 9.437.944 kr.

2001.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 62.176 þús. kr., af þeim hafa 6.378 þús. kr. ekki enn komið til útborgunar.

2002.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 71.269.175 kr.

2003.

Á árinu samþykkti stjórn átaksins styrki að fjárhæð 71,5 millj. kr.

Að auki fóru rúmar 7,5 millj. kr. í verkefni Islandica 2001, sem var samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis.

Samþykktir stjórnar Átaks til atvinnusköpunar árin 2000–2003.
Samþykktir á verðlagi hvers árs og á verðlagi ársins 2004.

	Verðlag hvers árs	Vísitala neysluverðs, janúar hvers árs	Núvirði 2004
1998	80.000.000	182,4	100.921.053
1999	89.600.000	184,8	111.563.636
2000	52.450.000	195,5	61.732.711
2001	62.176.000	202,4	70.685.265
2002	71.269.175	221,5	74.036.285
2003	71.500.000	224,7	73.218.291
2004		230,1	

Forsendur: Vísitala neysluverðs er notuð til að færa verðgildi úthlutana til ársins 2004. Notuð var vísitala janúarmánaðar hvers árs.

Átak til atvinnusköpunar – samþykktir stjórnar 1998.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Norðvesturkjördæmi		
Æðardúnsframleiðslan Skarði	Æðardúnsframleiðsla, Skarði í Búðardal	500.000
ITÍ og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Efling atvinnuþróunar á Vestfjörðum	1.000.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Uppbygging Vesturfarasetursins á Hofsósi	1.000.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands og ITÍ	Efling atvinnuþróunar í Vestur-Húnavatnssýslu	1.000.000
Efling Stykkishólms	Atvinnuvegasýning í Stykkishólmi	500.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
ITÍ, Byggðastofnun o.fl.	Fjarfundakerfi, samstarfsverkefni ITÍ, Byggðastofnunar og fleiri	1.200.000
Eyjaferðir ehf., Stykkishólmi	Skoðunarferðir um lífríki Breiðafjarðar	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Efling atvinnulífs í Vestur-Barðastrandarsýslu	300.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi	500.000
Dalaleir, Dalabyggð	Framleiðsla á iðnaðarvöru úr leir sem finnst í Dalabyggð	400.000
Heiðdís Jónsdóttir, Sauðárkróki	„Á roði í reiðtúr“ – tískufatnaður fyrir hestamenn	400.000
Iðnþróunarfél. Norðurlands vestra	Handverkshús á Blönduósi	500.000
Framfarafélag Bolungarvíkur	Framfarafélag og fulltrúar fyrirtækja í Bolungarvík	500.000
Ferðaþjónustan Bjarnagili, Fljótum	Hagkvæmnisathuganir og viðskiptaáætlun ferðaþjónustu á Bjarnargili í Fljótum	300.000
Skelfiskur hf., Flateyri	Þróun og markaðssetning á kúffisksþykkni	1.600.000
Fjárfestingastofa Íslands	Forhagkvæmnisathugun á möguleikum framtíðaruppbyggingar orkufreks iðnaðar	6.500.000
	Samtals	*16.700.000*
Norðausturkjördæmi		
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Athugun á hagkvæmni þess að reisa fiskgalentínverksmiðju á Norðurlandi	750.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Stefnumótun í skinna- og fataiðnaði	500.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar	Samstarfsverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og heimamanna í Hrísey í ferðaþjónustu	300.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Uppbygging á safni og fræðslusetri á Húsavík um hvali	500.000
Iðnmiðjasafn á Akureyri	Iðnminjasafn á Akureyri	400.000
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Verslun í Þingeyjarsýslum	500.000
Saumastofan, Grenivík	Hönnunar- og þróunarverkefni um nýjar vörur og markaðssetningu þeirra	300.000
Höfðaver, Húsavík	Endurgerð seglbáts til notkunar í ferðaþjónustu og hvalaskoðun frá Húsavík	500.000
Jóhann Gíslason, Akureyri	Fjaðrandi bátur á Akureyri	500.000
Víkurlax ehf., Grýtubakkahreppi	Elfing nýsköpunar í fiskeldi á Akureyri, einkum lúðueldi	900.000
	Samtals	*5.150.000*
Suðurkjördæmi		
Sögusetrið á Hvolsvelli	Áframhaldandi uppbygging verkefnisins „Á Njáluslóð“ á Sögusetrinu á Hvolsvelli	2.200.000
Ölfushreppur, Árnessýslu	Úttekt á mögulegri iðnaðaruppbyggingu í Þorlákshöfn	500.000
Menningarfélag um Brydesbúð	Brydesverslun í Vík í Mýrdal	500.000
Víkurplast ehf.	Stuðningur við endurnýtingu aðfluttrar plastverksmiðju	500.000
Söðlasmiðurinn, Helluskeifur, Sólberg Sigurðsson	Bæta framleiðslutækni við framleiðslu á hnökkum, beislum og skeifum	2.000.000
Íslenskt sjávarsilfur ehf., Þorlákshöfn	Áframhald þróunar á paté úr laxaafurðum	500.000
Kirkjubæjarstofa	Uppbygging, rekstur og kynning á Kirkjubæjarstofu	1.000.000
Trévík, Vík í Mýrdal	Þróun og markaðssetning á húsgagni fyrir börn	400.000
Bioprocess Ísland hf., Keflavík	Vöruþróun og markaðssetning á afurðum unnum úr smáþörungum	800.000
Fjárfestingastofa Íslands	Fjárhagsleg úttekt á rekstrargrundvelli saltverksmiðju á Reykjanesi	500.000
	Samtals	*8.900.000*
Suðvesturkjördæmi		
Ístoppur, Kópavogi	Kynning á íslenska hestinum á nýjum erlendum mörkuðum	400.000
	Samtals	*400.000*
Reykjavík		
Samstarfsvettvangur um Málmgarð	Samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana um eflingu úrvinnsluiðnaðar úr léttmálmum	1.500.000
Átak til atvinnusköpunar	Ráðstefna og greining á stöðu líftækniiðnaðar á Íslandi	400.000
ERGO, Reykjavík	Úttekt á ástandi efnistöku og efnisvinnslu á Íslandi	200.000
Iceland Complete ehf.	Margmiðlunardiskur um ferðaþjónustu á Íslandi	500.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Kynningarmiðstöð um Evrópuverkefni	3.000.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Tæknivöktun: Að safna upplýsingum og nýjungum um tækni- og rekstrarleg málefni	1.100.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Uppeldissetur". Stofnun uppeldisseturs sem miðast við íslenskar aðstæður	2.000.000
Átak til atvinnusköpunar	Atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta stóriðju-uppbyggingar	4.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Endurnýjun kynningarefnis um Ísland sem fjárfestingarkost	3.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Útgáfa bókar á ensku um íslenskt rekstrarumhverfi „Doing Business in Iceland"	1.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Margvíslegar úttektir á markaðsforsendum erlendra fyrirtækja sem flytja mætti til Íslands	3.000.000
MIL	Lok forhagkvæmnisathugana og gerð kynningarefnis fyrir erlenda fjárfesta	3.000.000
	Samtals	*22.700.000*
Ekki bundið við einstaka landshluta		
Útflutningsráð Íslands	Vefsíða á interneti, svokallað Hestanet	1.000.000
Átak um jarðhitaleit á köldum svæðum	Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar	10.000.000
Átak um orkusparnað á köldum svæðum	Kynnning á aðferðum til orkusparnaðar vegna rafhitunar	2.000.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Stofnun og rekstur fyrirtækja	100.000
Samstarfsverkefni um hörvinnslu	Áframhaldandi þróun á hörvinnslu	1.500.000
Gunnar Jóhannesson, Húsavík	Hálendisvefur. Gerð stafræns kortagrunns um hálendi Íslands	750.000
Samstarfsverkefni um Icelandica 2001	Undirbúningur og markaðssetning alþjóðlegrar sýningar á íslenska hestinum	2.000.000
Fagráð textíliðnaðarins, Iðntæknistofnun	Samvinnuverkefni prjónastofanna í landinu	6.000.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Leiðbeiningar og aðstoð við konur til að taka fyrstu skref við mótun viðskiptahugmynda	1.500.000
Iðntæknistofnun	Þróun námsefnis fyrir bændur og aðra sem vilja hefja fiskeldi í smáum stíl	800.000
Iðntæknistofnun	Ferðaþjónusta til framtíðar. Aðstoð við fyrirtæki í ferðaþjónustu í dreifbýli	500.000
	Samtals	*26.150.000*
Átak til atvinnusköpunar 1998 samtals		**80.000.000**

Átak til atvinnusköpunar – samþykktir stjórnar 1999.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Norðvesturkjördæmi		
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Atvinnuráðgjöf Vesturlands, ýmis verkefni	1.800.000
Dalabyggð, Búðardal	Styrking atvinnulífs í Dalasýslu	700.000
Grundarfjörður	Framleiðsla á íslenskum minjagripum sem skírskota til sögu og menningar	250.000
Efling Stykkishólms	Atvinnuvegasýning í Stykkishólmi	400.000
Samvinnuverkefni Máka, H.A. o.fl., Sauðárkróki	Þróun endurnýtingarkerfis vatns og varma í fjölþjóðlegu verkefni	750.000
Saumastofan Eva, Blönduósi	Þróun og markaðssókn á nýjum ullarvörum fyrir erlenda markaði	600.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, ýmis verkefni	3.700.000
Oddi, Patreksfirði	Könnun á hagkvæmni nýrrar aðferðar við útvötnun á saltfiski	400.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Íslensk miðlun Vesturbyggð	Upplýsinga- og fjarskiptatækni á Patreksfirði	450.000
Gunnar Sigurðsson, Þingeyri	Styrkja verslunarrekstur og tryggja atvinnustörf á Þingeyri	400.000
Fyrir vestan ehf., Ísafirði	Endurútgáfa bókar um gönguleiðir á Hornströndum	200.000
Ragnar Guðmundsson, Brjánslæk	Undirbúningur félags um úrvinnslu fiskafurða	250.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Ýmis verkefni	4.500.000
Plastform – Plastbönd ehf., Sauðárkróki	Sérhönnuð vafningsvél fyrir plastborða	300.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Hótel á Hofsósi í tengslum við Vesturfarasetrið	600.000
Trausti Sveinsson, Bjarnargili, Fljótum	Gerð og rekstur skíðagöngusvæðis	200.000
Strandbær ehf., Hvammstanga	Bygging iðngarða á Hvammstanga	1.000.000
Íshákarl hf., Stykkishólmi	Markaðssetning á ígulkerum frá Íshákarli í Asíu	500.000
Sjávarleður, Sauðárkróki	Markaðssetning erlendis á vörum hönnuðum úr fiskroði	800.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Þróun fatnaðar frá saumastofunni Rebekku á Hvammstanga	500.000
Tilda ehf., Sauðárkróki	Þróun og fullvinnsla á niðursoðinni loðnu	850.000
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar	Atvinnuþróunarfélag í Skagafirði til að vinna að atvinnuppbyggingu héraðsins	400.000
Drífa ehf., Reykjavík	Endurskipulagning og endurreisn fataverksmiðju á Hvammstanga	1.200.000
Vegvísar ehf., Hofsósi	Hönnun upplýsingaskilta með áherslu á gönguleiðir	400.000
	Samtals	*21.150.000*
Norðausturkjördæmi		
Víkurlax, Akureyri	Efling nýsköpunar í fiskeldi og tenging þess við uppbyggingu á ferðaþjónustu í Eyjafirði	900.000
Flugsafnið á Akureyri	Söfnun muna og uppbygging á flugsafni á Akureyri	1.500.000
Þróunarfélag Austurlands	Þróunarverkefni á Austurlandi	4.500.000
Félag áhugamanna um minjasafn, Siglufirði	Stuðningur við að koma á fót síldarminjasafni á Siglufirði	300.000
Flísar ehf., Siglufirði	Vöruþróun og markaðssetning á kökugerðarefnum	500.000
Mývatn hf., Reykjahlíð	Ferðamannaiðnaður á Mývatni	900.000
Sverrir Ingólfsson, Húsavík	Safn um bíla og önnur samgöngutæki í Þingeyjarsýslu	500.000
Lagarfljótsormurinn ehf., Egilsstöðum	Markaðssetning siglinga á Lagarfljóti fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga	400.000
	Samtals	*9.500.000*
Suðurkjördæmi		
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík	Þróun á kennsluefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um veiðarfæragerð vegna fjarkennslu	500.000
Kötluvíkur, Vík í Mýrdal	Rannsóknir á möguleikum á að hagnýta Kötluvíkur	500.000
Garðyrkjustöðin Sunna, Selfossi	Vöruþróun og nýsköpun á niðursuðu á lífrænt ræktuðu grænmeti	200.000
Hólmar Bragi Pálsson, Grímsnesi	Markaðssókn fyrir íslenska hestinn í Finnlandi	400.000
Rekstrarfélag Jöklaferða, Höfn í Hornafirði	Hagkvæmniathugun vegna fyrirhugaðrar stofnunar jöklamiðstöðvar við Breiðamerkurjökul	400.000
Markús Runólfsson, Hvolsvelli	Lokaþróun á tæki til vélrænnar gróðursetningar á bakkaplöntum	600.000
Góðhestar ehf., Selfossi	Tamninga- og reiðkennslumiðstöð í Árnessýslu	1.000.000
Básinn, Selfossi	Fullþróun hugmyndar um víkingastofu í Ölfusi	300.000
Tómas Ísleifsson, Vík	Lúpínuræktun á Sólheimasandi til iðnaðarnotkunar	250.000
Sigurður Ævar Harðarson, Vík	Aðstoð við prófun og gæðamerkingu barnahúsgagna	400.000
Íslensk sjóefni, Höfnum	Lokaendurskipulagning saltverksmiðju á Reykjanesi	1.000.000
	Samtals	*5.550.000*
Suðvesturkjördæmi		
Eyjaberg ehf., Mosfellsbæ	Stofnun landbúnaðar- og fræðsluseturs með áherslu á lífríki Hvalfjarðar	400.000
Íshestar, Hafnarfirði	Markaðssetning nýrrar hestamiðstöðvar	1.000.000
Íslenska lífmassafélagið, Hafnarfirði	Ræktun lúpínu á Suðurlandi	300.000
Latibær ehf., Seltjarnarnesi	Markaðssetning á söngleiknum Latabæ	800.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Auglýsingastofa Ernst Backman, Garðabæ	Gerð leikmyndar í tengslum við Sögusafnið	800.000
Kort og kynning, Kópavogi	Gerð gagnagrunns um hálendi Íslands	750.000
Skóverksmiðjan Táp, Garðabæ	Frumgerð og hönnun nýs skófatnaðar	400.000
	Samtals	*4.450.000*
Reykjavík		
Frumkvöðlasetur Impru	Iðntæknistofnun Íslands, frumkvöðlasetur	6.000.000
Háskóli Íslands, verkfræðideild	Ráðstefna um nýsköpun, vöruþróun og hönnun í iðnaði	250.000
Plús-Film ehf.	Gerð heimildarmyndar um eiginleika og kosti heita vatnsins	500.000
Landssamband hestamanna	Kynning á íslenska hestinum í tengslum við heimsmeistaramót íslenska hestsins í Þýskalandi	800.000
Reykjavíkurakademían	Undirbúningur að þverfaglegum rannsóknum á búsetu og byggðaþróun	1.000.000
Hummerumboðið	Lokaþróun á fjallarútu sem þykir sérstaklega hentug fyrir íslenskar aðstæður	2.000.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands	Þróun samanburðarmælikvarða til að efla framleiðni íslenskra fyrirtækja	1.000.000
Midas net	Efling starfsemi íslenskra margmiðlunarfyrirtækja	1.000.000
Þjónustumiðstöðin Impra	Vegna átaks til atvinnusköpunar	9.600.000
Þjónustumiðstöðin Impra	Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar	10.800.000
	Samtals	*32.950.000*
Ekki bundið við einstaka landshluta		
Átak til jarðhitaleitar á köldum svæðum	Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar	10.000.000
Fagráð textíliðnaðarins	Yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja sem starfa í textíliðnaði	6.000.000
	Samtals	*16.000.000*
Átak til atvinnusköpunar 1999 samtals		**89.600.000**

Átak til atvinnusköpunar – viðbótarstyrkir 1998 og 1999.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Norðvesturkjördæmi		
Sero ehf.	Vöruþróun og markaðssetning í Bandaríkjunum	500.000
Norðausturkjördæmi		
Púlsinn ehf.	Stuðningur til að leita samstarfsaðila erlendis	50.000
Landvist ehf.	Landvist ehf., Húsavík – atvinnuþróunarverkefni	800.000
Suðurkjördæmi		
Óli Jóhann Ásmundsson	Stuðningur til að leita samstarfsaðila erlendis	50.000
Víkurplast ehf.	Vöruþróun og endurskipulagning	500.000
Sögusetrið á Hvolsvelli	Sögusetrið á Hvolsvelli, atvinnuþróunarverkefni	1.100.000
Íslenska polyolfélagið	Íslenska polyolfélagið, atvinnuþróunarverkefni	300.000
Suðvesturkjördæmi		
Guðrún Sæmundsdóttir	Vöruþróun – náttúrulyf	300.000
Hugall ehf.	Vöruþróun – axlarsæti	500.000
Reykjavík		
Málmtækni sf.	Stuðningur til að leita samstarfsaðila erlendis	50.000
Sökkull ehf.	Stuðningur til að leita samstarfsaðila erlendis	50.000
Þorbjörn Ásgeirsson	Stuðningur til að leita samstarfsaðila erlendis	50.000
Eggert M. Marinósson	Vöruþróun – hljóðfærasmíði	350.000
Kexverksmiðjan Frón	Vöruþróun	432.371
Nói – Síríus	Vöruþróun	390.000
Hummer	Hummer – bílasmiðja, vöruþróun – hálendisrúta	1.800.000
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	Atvinnuþróunarverkefni	500.000
Landssamband hugvitsmanna	Atvinnuþróunarverkefni	110.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna	Atvinnuþróunarverkefni	400.000
	Samtals	*4.132.371*
Verkefni		
Emiliana Torrini	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	300.000
Dead Sea Apple	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	150.000
Jóhann Helgason	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	250.000
Botnleðja	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	400.000
Lhooq	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	250.000
Móeiður Júníusdóttir	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	400.000
Plötur ehf.	Stuðningur við hljómsveitir í markaðssetningu erlendis	250.000
	Samtals	*2.000.000*
Viðbótarverkefni samtals		**10.232.371**

Átak til atvinnusköpunar – samþykktir stjórnar 2000.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Reykjavíkurkjördæmi norður og suður		
Bergþóra Guðnadóttir	Fatnaður og skart	500.000
Genergy ehf.	Smíði varmaaflsljósavélar	2.000.000
Íslenskar fyrirsætur	Sýning íslenskra hönnuða í íshelli í Vatnajökli	1.000.000
Skraddarinn Bespoke ehf.	Markaðssetning fatalínu	500.000
Stoðtækni Gísli Ferdinandsson ehf.	Bæklunarskóverksmiðja	1.000.000
Alþjóða verslunarfélagið / Jóhann Sveinsson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2009	50.000
NACC /Sigurður Guðni Sigurðsson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2008	50.000
Sigfús Ingi Sigfússon	Hugbúnaðarfyrirtækið Rúfus	300.000
Steinunn Aldís Helgadóttir	handverksfolkid.is	1.000.000
Desform ehf., Björn Ófeigsson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2000	50.000
Hárkollugerð Kolfinnu Knútsdóttur ehf.	Fyrirtækjaheimsóknir til Kóreu og Kína	300.000
Iðntæknistofnun Íslands	Rekstur Impru	10.000.000
Matra	Að koma upp starfsemi á Vestfjörðum og ráða starfsmann sem mun miðla sérþekkingu sem til er á Matra til matvælafyrirtækja á svæðinu, annast hluta af verkefnum Mötru og leiðbeina um þróunarmál	2.000.000
Málmgarður, Iðntæknistofnun	Að vera vettvangur vöruþróunar, markaðs- og tæknirannsókna, menntunar og upplýsingamiðlunar á sviði léttmálma	3.000.000
	Samtals	*21.750.000*
Suðvesturkjördæmi		
Varðeldur ehf.	Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarbáta	2.000.000
Sögusafnið – Ernst Backman	Leikbrúðumynd Sögusafnsins	1.200.000
Listverk / Lárus Einarsson		50.000
Ragna Fróðadóttir	Þáttaka í Futurice (Tískuvika)	500.000
	Samtals	*3.750.000*
Norðvesturkjördæmi		
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Heilsutengd ferðaþjónusta – nýting heita vatnsins í Stykkishólmi	500.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Prófmiðstöð Tölvuökuskírteinis	500.000
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands	Vinna eftir skýrslunni Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998–2005 „Byggðir milli jökla“	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Kynning á fjárfestingarkostum á Vestfjörðum o.fl.	500.000
Bíldudals-fjalli ehf.	Þróun heilsudrykkja úr íslenskum háfjallajurtum	750.000
Strandagaldur ses.	Galdrasýningar á Ströndum	1.000.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Uppbygging handverks, fræðsla um aukin gæði og rekstrarþætti	700.000
Sero ehf.	Að þróa bragðefni úr sjávarfangi með ensímvirkni til útflutnings	500.000
Hringur, atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf.	Forkönnun fyrir orkufrekan iðnað í Skagafirði	2.000.000
	Samtals	*6.950.000*
Norðausturkjördæmi		
F-61 ehf.	Auka starfsmöguleika eldri kvenna á Siglufirði með iðnfyrirtæki sem framleiðir kökumix	500.000
Fáum, Síldarminjasafnið á Siglufirði	Síldarsöguminjasafn	1.000.000
Egill Jónsson hf.	Þróun nýrrar tækni í tannlækningum	3.000.000
Iðnval ehf. / Elías Þorsteinsson	Þátttaka í Europartenariat í Danmörku 2001	50.000
SxS Cargo Line ehf. / Sveinbjörn Sveinbjörnsson		50.000
Vélfag ehf.	Framleiðsla á fiskvinnsluvélum	1.500.000
Grýtubakkahreppur	Uppbygging fyrirtækis sérhæft í fjarvinnslu á heilbrigðissviði	500.000
Íslenskur harðviður ehf.	Vöruþróun og markaðssetning	1.000.000
Landvist ehf.	Skráning heimilda og gagna hjá Þjóðminjasafni Íslands.	1.500.000
Ragnar L. Þorgrímsson	Að koma á framfæri kennslutæki til að kenna tónfræði á skemmtilegan hátt	600.000
Sjóferðir Arnars	Varðveisla á varðskipinu Þór og uppsetning minja- og myndasýningar um borð til að vekja athygli á mikilvægi útfærslu landhelginnar á 20. öld og þorskastríðunum	1.000.000
Þróunarstofa Austurlands	Efla ferðaþjónustu og annað atvinnulíf á Fljótdalshéraði. M.a með því að „skapa" Lagarfljótsorminn svo hann geti orðið þungamiðja í uppbyggingu ferðaþjónustu o.fl.	800.000
DIS hf.	Sóttvarnarúðunartæki fyrir matvælaiðnað	2.000.000
Fræðslunet Austurlands	Þátttaka í fjarvinnsluverkefni með sérstakri áherslu á þátttöku kvenna á Vopnafirði og Bakkafirði	350.000
Lagarfljótsormurinn hf.	Menningartengd ferðaþjónusta	1.000.000
Minjasafn Austurlands	Að koma upp bæjarstæði að fornri fyrirmynd, sem rannsakað hefur verið að hluta með fornleifauppgreftri	1.000.000
Tölvusmiðjan / Fjölnir	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2006	50.000
Magnús Gehringer	Kræklingaeldi	800.000
Stjörnublástur / Helgi Guðjónsson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2004	50.000
Hönnun og ráðgjöf	Hlýraeldi	1.000.000
Vélgæði / Högni P. Harðarson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2007	50.000
	Samtals	*17.800.000*
Suðurkjördæmi		
Guðrún Birna Smáradóttir	Undirbúningur stofnunar fyrirtækis sem mun framleiða skraut með íslenskum steinum	200.000
Menningarsjóður um Brydebúð	Styrking ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi	500.000
Kötluvikur ehf.	Vikurrannsóknir	1.500.000
	Samtals	*2.200.000*
Alls styrkir árið 2000		**52.450.000**

Átak til atvinnusköpunar – samþykktir stjórnar 2001.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Reykjavíkurkjördæmi norður og suður		
Frumkvöðlasetrið Esjubergi	„Fyrirtækið mitt". Markmiðið er að hvetja fólk á aldrinum 14–15 ára, þ.e. í 9. bekk. til að sýna frumkvæði og rækta með sér frumkvöðlahugsun.	2.000.000
Bjarni Freyr	Að fullgera viðskiptaáætlun fyrirtækis sem er sérhæft í rekstri útilífsmiðstöðva.	400.000
SKL – Samtök kvikmyndaleikstjóra, Friðrik Friðriksson	Kynning á Íslandi sem tökustað fyrir kvikmyndaframleiðslu	500.000
Ásdís Ámundadóttir	Víkingaspilið	400.000
Gunnar Sturla Hervarsson	Veruleiki	750.000
Green Line Plastics	Green Line Plastics	750.000
Heilsuheimur ehf.	Heilsuheimur þrói og markaðsetji á alþjóðamarkaði 2003 heilsumeðferð fyrir börn og unglinga sem þjást af offitu	500.000
Netspor ehf.	Markaðssetning vara á netinu.	700.000
Hafsteinn Helgason, verkfr.	„ThermoPac" leirbakstrar	500.000
Einar Erlendsson,	MECA (Hús myndanna)	200.000
Kristbjörg Kristmundsdóttir,	Íslenskir blómadropar	250.000
Genergy – Varmaraf ehf., Guðbrandur Guðmundsson	Að ná þeim áfanga að hægt sé að „fjöldaframleiða" varmarafala fyrir fiskiskip bæði hérlendis og erlendis	1.500.000
Glæðir ehf.	Framleiðsla á bleikju við náttúrulegar aðstæður	500.000
Bluevox á Íslandi ehf. f.h. BaraVox	Raddstýrðir neyðarrofar	1.000.000
Euro Colo á Íslandi	Netþjónabú	1.000.000
Steinn Sigurðsson	Að fullgera vinnuteikningar af framleiðslumótum og smíða lokaprótotýpu af nýju áhaldi á ryksugur, Visio-Vac, í samvinnu við erlenda aðila	500.000
Grettir Hreinsson	Að stofna fyrirtæki sem vinnur sjávargróður með aðaláherslu á þurrkun matþörunga til manneldis	400.000
Evrópuverkefni – fyrirtækjastefnumót, Impra – Evrópumiðstöð	Fyrirtækjastefnumót í Riga	450.000
Benchmarking-verkefni, ITÍ og Samtök iðnaðarins	Hagnýt viðmið – Benchmarking	445.000
Málmgarður	Ingólfur Þorbjörns. / Efnis- og umhverfistækni	1.500.000
Sideline Sports á Íslandi ehf.	Sideline Sports	500.000
	Samtals	*14.745.000*
Suðvesturkjördæmi		
Borgarplast hf. Guðni Þórðarson		
Metan hf., Ögmundur Einarsson	Prófmiðstöð Tölvuökuskírteinis	4.000.000
NESTOR, Herbert Guðmundsson,	Íslandsbyggð ehf./ Byggðavaktin	500.000
Ex-ice Íslandi ehf.	„Ergoline"-stóll	750.000
Vestur víkingur ehf.	Kynningar á íslenskum vörum og aðstoð við að koma íslenskum fyrirtækjum á framfæri í Ameríku	750.000
Alfa Evrópu ehf., Þorsteinn Njálsson	Markaðssetja heilsudvalarstað (Kurhotel) í Austur-Eyjafjallasveit	1.000.000
Alfa Evrópu ehf.	Alfa-sjúkraská	1.000.000
Óskar Hrafn Ólafsson og Jeff Clemmensen	Meginmarkmið að gefa traustar upplýsingar um möguleika þess að framleiða og markaðssetja bætiefnaríkan lög úr soði fiskafgangs af ýmsu tagi.	300.000
Þrastarlundur ehf., Pétur Valdimarss.	Ljúka þróun og undirbúning á framleiðslu á plastskeifum	600.000
Mosfellsbær	Laxnessetur	600.000
	Samtals	*9.500.000*

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Norðvesturkjördæmi		
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Hrefna B. Jónsdóttir	Að vinna að hugmyndavinnu að Egilsstofu/setri í nágrenni Borgar á Mýrum	1.000.000
Hótel Borgarnes	Háskólabúðir	450.000
Jóhannes Eyberg Ragnarsson	Að þróa tæki til þess að merkja heyrúllur	400.000
Dalabyggð, Einar Markússon	Að efla og renna stoðum undir atvinnulíf í Dalabayggð	500.000
Svanhildur Sigurðardóttir	Að framleiða og selja þvottaskjóður. Sótt um styrk til að gera markaðsáætlun og kynningarefni og fá ráðgjöf	600.000
Reykhólahreppur,	Sýning um hlunnindabúskap í Breiðafjarðareyjum	500.000
KOSS ehf., Hallvarður Aspelund	Að framleiða og markaðssetja rakspíra og herrailm undir vörumerkinu True Viking	1.000.000
Agnes Aspelund	Að fjöldaframleiða heilsukodda úr ull og bómullarefni og að finna aðferðir til að framleiða ullarfyllingu með vélbúnaði. Finna vélbúnað sem hentar til framleiðslunnar	400.000
Dagný Þrastardóttir	Að fjöldaframleiða og markaðssetja glerlistavörur	400.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Verkefnið Gísla saga Súrssonar	500.000
Snerpa ehf., Jón Arnar	Að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum fast samband og þjónustu við netið á sama verði og íbúum stærri sveitarfélaga býðst núna	1.000.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Kynningarefni um gönguleiðir og menningarstaði á Vestfjörðum	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, f.h. óstofnaðs einkahlutafélags	Rekstur ferðaþjónustu og kostir ylræktar í Reykjanesi	400.000
Jun Nakajima og Kayoko Asakawa	Geisladiskur sem minjagripur og kynningarefni fyrir ferðamenn á Vesfjörðum	550.000
Velsmidja.is, Birkir Þ. Guðmundsson	Heilsutengd ferðaþjónusta – Nýting heita vatnsins í Stykkishólmi	1.200.000
Steinar og málmar, Ragnheiður Ólafsdóttir	Vöruþróun og markaðsetning bæna- og minningarljósa, englaljós og „Óskasteininn“.	500.000
Sögusmiðjan	Að undirbúa stofnun sauðfjárseturs og sýningu um sauðfjárrækt á Ströndum.	300.000
Hagfélagið ehf., Pétur Jónsson	Að verkefnið Grettistak styðji atvinnulíf og ferðaþjónustu og þar með byggð á svæðinu	500.000
Jafnréttisráðgjöf Norðurlands vestra, Bjarnheiður Jóhannsdóttir	Verkefnið snýst um stuðning ráðgjafa við markaðssetningu vöru sem smáiðnaðarfyrirtæki eða þjónustufyrirtæki í eigu kvenna (og stjórnað af konum) á starfssvæðinu framleiða eða reiða fram	500.000
Ísgel ehf., Fríða Pálmadóttir	Vera með nýjungar í íslenskri iðnaðarframleiðslu og vera leiðandi í framleiðslu á vörum unnum úr geli.	1.000.000
Hringur, atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar	Að auðvelda stefnumörkun og áframhaldandi vinnu við uppbyggingu raforkunýtandi iðnaðar í Skagafirði	1.000.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Sótt er um styrk til að setja upp iðnminjasafn á Sauðárkróki.	300.000
Theodóra Jóhannsdóttir, f.h. Una	Vöruþróun á sviði handverks	406.000
	Samtals	*13.906.000*
Norðausturkjördæmi		
Leiðtogaskólinn, Jóhann H. Björnsson	Þórun og markaðssetning	2.000.000
F-61 ehf., Baldvin Ingimarsson	Kökumix	1.000.000
Minjasafnið á Akureyri	Frekari uppbygging	275.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – Símey, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir		300.000
Margrét Jónsdóttir	Að hefja vöruþróun og framleiðslu á handgerðum keramikflísum	700.000
Ottó Biering Ottósson	Að endurhanna alla ferla ísfiskstogara og byggja á nýjum hugmyndum um innra fyrirkomulag skipsins	1.000.000
Marbendill ehf. / Norðurskel ehf.	Kræklingarækt í Eyjafirði	500.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Ferðalausnir ehf.	visit.is	500.000
Farm inn ehf.	Að ljúka við þróun á öflugu tölvukerfi og gagnagrunni fyrir ferðaþjónustuaðila	500.000
Hex-tækni ehf.	Brunaþrýstinemi	1.500.000
Fiskmiðlun Norðurlands	Framleiðsla á nýjum afurðum úr þurrkuðu sjávarfangi	2.000.000
Undirbúningsfélagið Hvítfiskur, Endurskoðun Húsavík PWC, Björn St. Haraldsson	Að treysta grunn undir viðskiptaáætlun um 5000 tonna tilapiueldi á Húsavík	1.000.000
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Að byggja upp öfluga atvinnugrein í kringum heilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslum	1.000.000
Samgönguminjasafnið Ystafelli, Sverrir Ingólfsson	Vinna að markaðsmálum og koma safninu í sýningarhæft form	400.000
Grásíða ehf.	Pökkun á laxi og silungi	300.000
Papeyjarferðir ehf.	Þróun Papeyjarferða	1.000.000
Þróunarstofa Austurlands	Verkefnið Lagarfljótsormurinn	300.000
Fjarðabyggð og Þróunarstofa Austurlands	Frumkvöðlasmiðja	1.000.000
Sigurður Arnar Sigþórsson	Orkuslá	200.000
Kirkjuból ehf., Jóhann P. Jóhannsson	Plastiðnaðar-fyrirtækið Norm-x	400.000
Ferðaþjónustan Áki, Elías P. Sigurðsson	Að varðveita og miðla á lifandi hátt sérstæðri sögu og menningu tengdri smábátaútgerð á Íslandi	300.000
	Samtals	*16.175.000*
Suðurkjördæmi		
Víkingaeyjan ehf.	Framleiðsla á minjagripum úr íslensku birki	1.500.000
Nýherjabúðir	Að hefja öfluga kynningu á þjónustu Nýherjabúða, bæta ráðgjöf og þjónustu sem í boði verður	500.000
Ferðamálasamtök Austurlands, Samband sveitafélaga á Austurlandi, Þróunarfélag Austurlands	Kynning á fjárfestingarkostum á Austfjörðum o.fl.	1.000.000
Arnar Gr. Pálsson ofl.	Forathugun við að koma á fót dauðhreinsunarstöð krydds og pökkunarstöð á Íslandi	700.000
Kötluvikur ehf., Þórir N. Kjartansson	Framhald rannsókna á Kötluvikri	3.000.000
Litla fólkið ehf.	Skelin	350.000
Kirkjubæjarstofa, Elín Erlingsdóttir	Verkefnið Arfur	600.000
Erlendur Sigurðsson	Hnakkur fyrir fatlaða	200.000
	Samtals	*7.850.000*
Alls styrkir árið 2000		**62.176.000**

Átak til atvinnusköpunar - Samþykktir stjórnar 2002.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Reykjavíkurkjördæmi norður og suður		
Kristján Magnússon	Uppblásinn neyðarstigi	1.000.000
Eggert Ólafur Jóhannsson	Fagleg ráðgjöf fyrir unga hönnuði	500.000
Geca hf.	Geca byggingareiningar	2.000.000
Íslenska álþjónustan	Framleiðsla á tækjum fyrir álver á Reyðarfirði	1.000.000
Ægir, seglagerð	Tjaldvagnar	500.000
Baldur Þórhallsson	Kennslusetur um smáríki	500.000
Björgvin P. Hallgrímsson	Skipadagbækur í tölvutæku formi	400.000
ELM design TEAM	Ný fata- og fylgihlutalína frá ELM	750.000
ERGO Engineering geology ehf.,	Vinnsla á bergi og steinefnum	500.000
Hrönn Vilhelmsdóttir/Textílkjallarinn	Flutningur á framleiðslu nytjalistar á Blönduós – Húfur sem hlæja og Textílkjallarinn	650.000
Íslenska hugbúnaðarfélagið ehf.	Vefurinn, gerð viðskiptaáætlunar	1.000.000
Kolfinna Knútsdóttir, hárkollugerð	Sérhönnuð höfuðföt	500.000
Einar Erlendsson	Myndveita	500.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Eyþór Guðjónsson og Jón H. Marinósson	Teiknimyndin „Þjóðsagan um Gretti“	700.000
Sjógrunnur	Skipadagbækur	2.000.000
Netkenni ehf.,	Netkenni (Netnick)	400.000
Reykjavíkurakademían,	Hugmyndir á 21. öld	1.000.000
Íslenska lífmassafélagið hf.	Lífmassaverksmiðja	2.500.000
Magna mater ehf.	MagnaMater fræðslumiðstöð	300.000
SAGA – New Developement	Saga aksturssíriti	1.000.000
MusicNet.is (Músik og menntun ehf.)	Dreifing tónlistar á internetinu á nýjan hátt.	500.000
Með allt á hreinu ehf.	Loft- og vatnshreinsibúnaður fyrir fiskiskip	650.000
Ágúst Ingi Sigurðsson, Breki Karlsson	Sjálfvirkur aflestur gámanúmers	700.000
Framtíðartækni ehf.	Medical Diagnostics	800.000
Kiesel Software á Íslandi ehf.	Sýndarhljóðfæri „VSTi“ (Virtual Studio Technology Instrument)	750.000
Metan hf.	Hraðfylling metans á ökutæki	1.000.000
R2 / Bergur Ragnarsson	Hugbúnaðurinn R2	750.000
ReMo ehf.	Öndunarhreyfingamælir	1.500.000
Víkinghús ehf.	Einangrunarmottur í hús	500.000
Fjölmenning ehf.	Starfstengd íslenskukennsla	800.000
Intelscan-örbylgjutækni ehf.	Tæki sem mælir vatnsinnihald í fóðri	1.500.000
Junior Achivement Ísland	Junior Achivement Ísland	1.500.000
Sjógrunnur	Hugbúnaðargerð	2.000.000
Víkinghús ehf.	Mottur til einangrunar á gólfi húsa	500.000
Málmgarður	Tækniþróun	3.000.000
Lagnakerfamiðstöð Íslands	Rannsóknir á kerfum	2.500.000
Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins	Ráðstefnan Global Summit of Women 2002 í Barcelona. Ferðastyrkir á kvennaráðstefnu	1.500.000
	Samtals	*38.150.000*
Suðvesturkjördæmi		
Vestur Víkingur ehf.	Aflraunakeppnir	400.000
Kristján M. Ólafsson	Fellihýsi	800.000
LandArt ehf.	Ratkort og sumarbustadur.is	300.000
Sveinn R. Sigurðsson	Rex-hugbúnaður fyrir tónlistarmenn	500.000
Halldór Hjartarson	„Melspíra“	400.000
iWW ehf.	Efling sögutengdrar ferðaþjónustu í Dalabyggð	700.000
Félag íslenskra aflraunamanna	Fitness (Ultimate Fitness Challenge)	300.000
	Samtals	*3.400.000*
Norðvesturkjördæmi		
Steinsnar ehf.	Ferðaþjónusta að Fossatúni	400.000
Trico	Sérhönnun í sokkaframleiðslu fyrir bæklaða	1.500.000
Hildibrandur Björnsson	Hákarlasafn og gestastofa í Bjarnarhöfn	500.000
Þörungaverksmiðjan	Þróa nýja afurð úr þangi	1.000.000
Póls hf.	Kranavog með hreyfijöfnun	750.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Gæðastýring í grænni ferðaþjónustu	500.000
Fjölmenningarsetur á Vestjörðum	Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum	100.000
VoiceEra ehf., Hallur Hallsson	Íslensk raddþekking, hugbúnaður	1.000.000
Hlein ehf.	Kræklingarækt í Arnarfirði	500.000
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf.	Húsaskildir	350.000
Forsvar ehf.	Örnefnaskrá	500.000
Hvammstangaaxið ehf.	Axið	500.000
Ragnheiður Eggertsdóttir	Græna hjólið	400.000
Hringur, atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar	Starfsaðstaða orkufreks iðnaðar í Skagafirði	1.000.000
Kolkuós, Valgeir Þorvaldsson	Kolkuós í Skagafirði	1.500.000
Snorri Þorfinnsson ehf.	Upplýsingafyrirtæki á Hofsósi	2.500.000
	Samtals	*13.000.000*

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Norðausturkjördæmi		
Glófi ehf.	Markaðssókn á erlendum markaði	1.000.000
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	Líftækni, úttekt	1.000.000
Hugrún Ívarsdóttir	Íslensk brauðmót	400.000
Þórarinn Egill Sveinsson	Matvæli og möguleikar	800.000
Sigurlín Kjartansdóttir	Kaffihús og veisluþjónusta	350.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Hvalamiðstöðin á Húsavík	400.000
Atvinnumálanefnd Vopnafjarðar, f.h. óstofnaðs félags	Lífrænt vottað sælgæti	1.000.000
Skógrækt ríkisins	Vöruþróun betri nýting viðar	1.000.000
Félag áhugamanna um litlar vatnsafls-virkjanir á Austurlandi	Frumathugun	1.000.000
Seyðisfjaraðarbær, skrifstofa ferða- og menningarmála	Aldamótabærinn Seyðisfjörður	700.000
Vistvæn tankahreinsun ehf.	Tornado Power Twister	1.969.175
JP fjölmiðlun ehf.	Miðlunarfyrirtæki	1.000.000
Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar	Þjónustufyrirtæki fyrir fiskeldisstöðvar	500.000
(Bílherji ehf.) nýr eigandi Kraftlýsi	Kraftlýsi	300.000
	Samtals	*11.419.175*
Suðurkjördæmi		
Rasmus ehf.	rasmus.is	1.000.000
Ísplöntur / Jón Elías Gunnlaugsson,	Lífræn ræktun á heilsujurtum og markaðssetning afurða úr þeim	600.000
Jarðgull ehf.	Íslenskur kjötkraftur	1.000.000
Þorskur á þurru landi ehf.	Þorskeldisstöð í Vestmannaeyjum	1.000.000
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson,	Framleiðsla á polyol úr lýsi	400.000
Erlendur Sigurðsson	Hnakkur fyrir hreyfihamlaða	300.000
IFEX ehf.	Gæludýrasnakk	1.000.000
	Samtals	*5.300.000*
Alls styrkir árið 2002		**71.269.175**

Átak til atvinnusköpunar – Samþykktir stjórnar 2003.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Reykjavíkurkjördæmi norður og suður		
CAOZ hf.	Anna og skapsveiflurnar	2.000.000
NEMA ehf.	NemaCode-NemaStudy	1.000.000
Dis ehf.	Dis-sótthreinsibúnaður	625.000
Hugrún D. Árnadóttir og Þuríður Sigurþórsdóttir	Scandinavian Tourist	500.000
KK gámar ehf.	Einkaleyfi á samfellanlegum gámum	500.000
Sesselja Guðmundsdóttir	StarWars húfur úr íslenskri ull	300.000
TURF Productions ehf.	TURF Productions	600.000
Daníel Sigurðsson	D-búnaður	1.000.000
Doc hf.	Flutt starfsemi og fyrirtæki byggt upp á nýjum stað	1.000.000
Húfur sem hlæja ehf.	Útflutningur 2004	1.000.000
Nema ehf.	NemaCode	1.000.000
Háorka félagið	Umhverfis- og orkubeislun H2S	1.000.000
Netspor ehf.	Yfirsýn á erlenda markaði	500.000
Bergspá ehf. – Petromodel	Petroscope, þróun og frumgerðarsmíð	1.000.000
Gunnlaugur Friðbjarnarson	Lifrarskilja	1.000.000
Kine ehf.	Sýningarþátttaka	2.000.000
Kolbrún Björgólfsdóttir (Kogga)	Heimsljós (vinnuheiti)	500.000
Silja Bára Ómarsdóttir	Ut vil ek	300.000
Íslenska lífmassafélagið hf.	Undirbúningur stofnunar lífmassaverksmiðju	1.500.000
Fjarlausnir ehf.	Þróun á FoneStar	1.000.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Huliðsheimar – vættabyggð	Huliðsheimar, vættabyggð	1.000.000
Móðir mín ehf. – booztbarinn	Boosztbar – hollur skyndibiti	1.000.000
Desform ehf.	Úfllutningur hönnunar í formi húsgagna	500.000
Kiesel Software á Íslandi	Markaðssetning á Kiesel Software	500.000
Óli Jóhann Ásmundsson	FIP-Furniture Icelandic Philosophy	500.000
Barnasmiðjan	Íslensk leiktæki á markað	1.000.000
María Ragnarsdóttir	Hryggþrýsti- og hreyfingamælir	1.200.000
Intelscan örbylgjutækni ehf.	Mælitæki fyrir vatnsinnihald í fóðri	1.000.000
Málmgarður	Málmgarður	3.000.000
Músiknet.ehf.	www.tonlist.com	1.000.000
R2	R2 – skráning á ævisögu forrita og endurkeyrslu	750.000
Rannsóknastofnun byggingar-iðnaðarins	Lagnakerfamiðstöð	2.500.000
ReMo ehf.	Öndunarhreyfingamælir.	1.200.000
Gler í Bergvík ehf.	Markaðssetning á glasaseríu	300.000
VUR	Global Summit of Women 2003	1.000.000
Hönnunarmiðstöð	Stofnun hönnunarmiðstöðvar	3.500.000
Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneyt-isins	Global Summit of Women 2004	500.000
	Samtals	*38.775.000*
Suðvesturkjördæmi		
Reykofninn ehf.	Framleiðsla á íslenskum sæbjúgum	3.000.000
Guðrún Borghildur Ingvarsdóttir	Stofnun FemIs Experince	500.000
Bjargey Ingólfsdóttir	„bara" púði – sérstakur iðju- og hvíldarpúði	300.000
Eiríkur Mikkaelsson	Heyblástursvél	500.000
Héðinn hf.	Flotþurrkari fyrir fiskimjölsverksmiðjur	1.000.000
Ottó Biering, Naust Marine hf., Verk-fræðistofan Skipasýn	Nýtt fyrirkomulag togara	1.000.000
IsoTækni ehf.	Hallastýri smábáta	500.000
Samstarfsnefnd um menningar- og ferðaþjónustuhús í Bessastaðahreppi	Menningar- og ferðaþjónustuhús í Bessastaðahreppi	300.000
	Samtals	*7.100.000*
Norðvesturkjördæmi		
Sjávarberg ehf. saumastofa	Flutningur saumastofu til Stykkishólms	300.000
Shelag Smith og Johanna Van Schalkwyk	Detours	350.000
3X-Stál ehf.	Hrápillun á rækju	525.000
Rennex ehf.	Hönnun, framleiðsla og sala á fluguveiðihjólum	750.000
Beituverksmiðjan ehf.	Beituframleiðsla	1.000.000
Kjartan Ágústsson	Rabbabaraframleiðsla	500.000
Pétur Tryggvi Hjálmarsson	Lamir og hjöruliðir	500.000
Póls hf.	Flokkari fyrir lausfryst smáflök og bita	1.000.000
Vélsmiðja Ísafjarðar	Fólkslyfta fyrir fatlaða	300.000
Textílkjallarinn/Textíll	Textíll – Blönduós	800.000
	Samtals	*6.025.000*
Norðausturkjördæmi		
Farm Inn ehf.	Upplýsingaöflun Norðvesturkjördæmi	300.000
Hextækni ehf.	Mælitæki til mælinga á vökvahæð í tönkum	1.500.000
Margrét Jónsdóttir	Vöruþróun og markaðssetning handunninna keramikflísa	300.000
Matvælasetur Háskólans á Akureyri	AGRICE – verkefna- og þekkingarútflutningur	500.000
Raf	Hönnun og markaðssetning á ósonbúnaði	1.000.000
Frumkvöðlasetur Norðurlands	Hefur þú góða hugmynd?	150.000
Hafmár ehf.	Roðsnakk	800.000
Sel hótel Mývatn	Jólasveinninn á heima í Dimmuborgum	400.000
Raufarhafnarhreppur	Heimskautsgerði, átak í atvinnumálum á Raufarhöfn	750.000
Raufarhafnarhreppur	SVÓT, greining og stefnumótun Raufarhafnarhrepps	1.000.000
Íslenskur kúffiskur	Vinnsla á kúffiskskel	400.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samþykkt
Vopn-fiskur	Hönnun og smíði eldisgildru fyrir þorsk	750.000
Randalín ehf.	Handverk á Austurlandi	500.000
NESK ehf.	Þróun vara úr sojaafurðum	400.000
Saxa smiðjufélagið ehf.	Saxa smiðjufélag ehf.	1.000.000
Öxarfjarðar og Kelduneshreppur	Hagræn nýting á jarðhita og ferskvatni við Öxarfjörð	800.000
	Samtals	*10.550.000*
Suðurkjördæmi		
daCoda	Vörður	1.000.000
Skinnfiskur ehf.	Opnun starfsstöðva á þremur stöðum á landsbyggðinni	1.000.000
Agnir ehf.	Stýring á eiginleikum kísils í jarðhitavatni	1.500.000
Martölvan ehf.	Tölvubrúin	400.000
Kjörorka ehf. og co.	Þróun annarrar kynslóðar Kjörorkukerfa	1.000.000
Landeyjar ehf.	Ýmsar vörur úr lífrænum íslenskum efnum.	750.000
Þórður Freyr Sigurðsson	Íslenskt viskí	500.000
Karató ehf.	Fiskréttir	1.000.000
Frumkvöðlasetur Austurlands	Undirbúningur að stofnun	1.400.000
	Samtals	*8.550.000*
Alls styrkir 2003		**71.500.000**

Aðrir styrkir.

1998	
Áhugahópur um söguritun Sögufélag Borgarfjarðar	130.000
Landssamband íslenskra akstursfélaga	400.000
Pan Arctica ehf.	250.000
Trausti Sveinsson	150.000
Kuldi ehf.	250.000
Iðntæknistofnun vegna ráðstefnu; nýsköpun, áhættufjármagn og tækniyfirfærsla	460.000
Fjárfestingastofan	500.000
Samtök iðnaðarins, MIDAS-NET	1.500.000
Kuldi ehf.	250.000
Heimilisiðnaðarfélagið	250.000
Iðntæknistofnun vegna aðstöðu fyrir framkvæmdastjóra átaks	460.000
Samtals 1998	*4.600.000*
1999	
Penninn	942.000
Kexverksmiðjan Frón	432.371
Þórður Sævar Jónsson; Fjárhagsleg endurskiplagning, Vagninn Flateyri	700.000
Pan Arctica	250.000
Heimilisiðnðarfélagið	250.000
Skóverksmiðjan Táp	400.000
Iðntæknistofnun, vinna fræðsludeildar	694.350
Maður og umhverfi	150.000
Samtals 1999	*3.818.721*
2000	
Pétur Melsteð; Internet, þáttagerð um tísku	100.000
GL ehf.; hverfusteypivél	250.000
Skógarsveppir; framleiðsla á sveppum til manneldis	300.000
Asi ehf.; náms- og starfsmannaráðgjöf	400.000
Kamhnit; samvinnuverkefni um jarðgufuvirkjun í Kamchatcka	500.000
Haukur Valdimarsson; lundabréfahnífur, íslensk minjagripasmíði	300.000
Garðar Benediktsson; einkaleyfi (loftventlaloki)	300.000
Himinn sf.; vöruþróunarvinna á æðardúnsframleiðsku í sængurfatnað	300.000
Lilja Guðnadóttir; sjávarsaltpúður	300.000
GL ehf.; hverfusteypivél	250.000

Kristhal ehf.; markaðssetning og hönnun á útivistar og vinnufatnaði	200.000
Hljómsveitinu Sigur Rós	200.000
Ísprjón/Drífa; endurskipulagning og endurreisn fataverksmiðju á Hvammstanga	1.000.000
Spaksmannsspjarir; markaðssetning íslensks tískufatnaðar erlendis	250.000
Málmgarður frá 1998	1.500.000
Iðntæknistofnun vörustjórnunarverkefni	400.000
Iðntæknistofnun vörustjórnunarverkefni	400.000
Heiðdís Jónsdóttir, „Á roði í reiðtúr“	400.000
Iðntæknistofnun verkefni: Eruo Partenariat stefnumót og kostnaður vegna kynningarfunda	462.944
Borgarplast; tæknilegar rannsóknir á fituskiljum o.fl.	1.000.000
Sjávarútvegsstofnun HÍ; endurnýting vatns og varma	375.000
Verkfræðideild HÍ; Ráðstefna um nýsköpun	250.000
Samtals 2000	*9.437.944*

1063. Lög [340. mál]

um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 1041.

1064. Svar [587. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðar á sjaldgæfum fiski við Ísland.

Leitað var svara hjá Hafrannsóknastofnuninni við 1.–8. spurningu en Fiskistofa tók saman upplýsingar sem lágu fyrir við 9.–10. spurningu.

1. *Hve mikið hafa íslensk skip veitt árlega hér við land síðan 1990 af*
   a. *búra,*
   b. *blálöngu,*
   c. *einstökum tegundum langhala,*
   d. *laxsíld?*

Tafla 1.

	Tegund	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
a	Búri		65	382	717	158	64	40	79	28	14	68	19	10	0
b	Blálanga	1.989	1.582	2.558	5.317	1.831	1.576	1.284	1.319	1.086	2.027	1.560	763	1.261	1.098
c	Snarphali					15	4			4		5			
c	Slétthali	7	48	210	276	210	398	140	198	120	129	67	57	60	

Engu var landað af laxsíldum á þessu tímabili samkvæmt þeim heimildum sem Hafrannsóknastofnunin hefur.

2. *Hvaða upplýsingar liggja fyrir um veiði erlendra skipa á þessum fiski hér við land á sama tíma, skipt eftir árum og skráningarlöndum skipanna?*

Um er að ræða heildarafla frá 1990–2003 eins og hann er skráður í skýrslur ICES (sjá töflu 1.). Hafrannsóknastofnuninni er ekki kunnugt um veiðar annarra þjóða á öðrum tegundum en blálöngu (sjá töflu 2). Er það yfirlit gefið í töflu 3.14.1 í Fjölriti Hafrannsóknastofnunarinnar (nr. 97) um Nytjastofna sjávar 2002/2003.


Tafla 2. Blálanga. Afli (í tonnum) á Íslandsmiðum 1966–2003.


Ár	Ísland	Aðrar þjóðir	Samtals
1966	134	3.411	3.545
1967	191	2.651	2.842
1968	199	2.531	2.730
1969	339	2.099	2.438
1970	394	2.163	2.557
1971	705	3.073	3.778
1972	586	2.330	2.916
1973	548	1.819	2.367
1974	331	2.165	2.496
1975	434	1.942	2.376
1976	624	1.414	2.038
1977	700	1.617	2.317
1978	1.237	194	1.431
1979	2.019	183	2.202
1980	8.133	412	8.545
1981	7.952	284	8.236
1982	5.945	626	6.571
1983	5.117	1.597	6.714
1984	3.122	384	3.506
1985	1.407	66	1.473
1986	1.771	251	2.022
1987	1.687	83	1.770
1988	1.889	278	2.167
1989	2.121	408	2.529
1990	1.989	1.029	3.018
1991	1.582	242	1.824
1992	2.558	322	2.880
1993	5.317	40	5.357
1994	1.831	90	1.921
1995	1.576	52	1.628
1996	1.284	52	1.336
1997	1.319	25	1.344
1998	1.086	25	1.111
1999	2.027	50	2.077


Ár	Ísland	Aðrar þjóðir	Samtals
2000	1.560	54	1.736
2001	763	54	817
2002	1.261	50	1.315
2003	1.098	53	1.151

3. *Hvar við landið veiðist fiskurinn einkum? Óskað er eftir að veiðisvæði komi fram á korti þar sem útlínur efnahagslögsagna eru líka dregnar.*


Almennt gildir um þessar tegundir að þær veiðast í hlýsjó út af suður- og suðvesturströndinni. Þó veiðast langhalar einnig út af sunnanverðum Vestfjörðum. Tegundirnar veiðast að stærstum hluta sem aukaafli við aðrar veiðar. Myndir 1–4 sýna veiðisvæði tegundanna, eins og þau eru skráð samkvæmt afladagbókum fiskiskipa, og einnig má sjá 500 og 1.000 metra dýptarlínur. Auk þess er sýnd mynd af þekktum hrygningarsvæðum blálöngu við Ísland (mynd 2).









Mynd 1. Veiðisvæði blálöngu samkvæmt afladagbókum veiðiskipa.



Mynd 2. Þekkt hrygningarsvæði blálöngu.



Mynd 3. Veiðisvæði langhala við Ísland samkvæmt afladagbókum.



Mynd 4. Veiðisvæði búra við Ísland samkvæmt afladagbókum.

4. *Á hvaða dýpi veiðist fiskurinn aðallega og í hvers konar veiðarfæri?*

Blálanga veiðist aðallega sem meðafli við botnvörpuveiðar (75%) en einnig sem meðafli við línuveiðar. Veiðidýpið er að mestu á bilinu 400–800 metrar. Á árum áður voru stundaðar veiðar á hrygnandi blálöngu suður af Vestmannaeyjum og á Franshól við landhelgismörkin á Reykjaneshrygg (mynd 2). Búri veiðist í botnvörpu og er skráð dýpi í afladagbækur að meðaltali 705 metrar. Langhalar veiðast að mestu sem aukaafli við botnvörpuveiðar (um 93% aflans árin 1992–2003) og meðaldýpi skráð í afladagbækur á sama tímabili var 840 metrar.

5. *Eru tegundirnar ofveiddar eða er talin hætta á ofveiði? Ef sérstakir þættir í líffræði tegundanna eru taldir skapa hættu á ofveiði er óskað upplýsinga um það.*

a. Búri. Tegundin er við nyrðri mörk útbreiðslunnar í Atlantshafi. Búri verður mjög langlífur (> 100 ára) og vex því mjög hægt. Veiðarnar eru nánast eingöngu á svokölluðum fjallasvæðum neðansjávar og er algengt að ákveðin veiðisvæði séu „hreinsuð upp“ og veiðum síðan sjálfhætt á þeim svæðum. Þessir stofnar eru því oft ofveiddir þar sem veiði fer fram. Ekkert er þó vitað um ástand búra á Íslandsmiðum, enda eru veiðarnar mjög litlar. Þróun veiðanna bendir þó til þess að gengið hafi á stofninn á aðalveiðisvæðinu sem þekkt er (sjá töflu 1 og mynd 4).


b. Langhalar. Það verður að teljast ólíklegt að núverandi veiði á langhölum hafi afgerandi áhrif á stofninn þar sem veiðarnar eru mjög litlar. Hins vegar er þetta hægvaxta tegund og því viðkvæm fyrir veiðiálagi eins og svo margar aðrar djúpfiskategundir.

c. Blálanga. Vísað er í Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar (nr. 97) um Nytjastofna sjávar 2002/2003. Blálönguafli á Íslandsmiðum árið 2002 var um 1.300 tonn sem er nálægt meðalafla síðustu fimm ára. Árið 2001 var aflinn einungis um 800 tonn sem er minnsti afli Íslendinga frá því árið 1977 og minnsti afli á Íslandsmiðum í áratugi. Síðastliðinn áratug hafa Íslendingar veitt yfir 95% heildaraflans.

Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru stundaðar suður af Vestmannaeyjum á árunum 1980–1984 og var blálönguafli Íslendinga um 8.000 tonn árin 1980 og 1981. Á árunum 1985–2000 var blálönguafli Íslendinga á bilinu 1.300–2.600 tonn nema árin 1993 og 1998 er hann var um 5.300 og 1.100 tonn. Aflaaukningin 1993 byggðist að mestu leyti á tímabundnum nýjum veiðum á Franshól austan Reykjaneshryggs. Árið 2002 var afli Íslendinga um 1.250 tonn og um 1.150 tonn árið 2003.

Á síðustu árum hefur blálönguafli Íslendinga að stærstum hluta verið aukaafli við botnvörpuveiðar. Hlutdeild afla á línu er breytileg frá ári til árs. Árið 2002 var hún 20% og hlutdeild botnvörpu tæp 80%. Þar sem veiðiþol stofnsins er lítt þekkt ber að fara varlega við nýtingu hans og takmarka beina sókn í stofninn. Hafrannsóknastofnunin leggur til að hrygningarsvæðunum suður af Vestmannaeyjum og á Franshól verði lokað á hrygningartíma frá 15. febrúar til 30. apríl ár hvert.

c. *Laxsíldir.* Engar veiðar hafa verið stundaðar á þessum tegundum og ástand þeirra er ekki þekkt. Laxsíldir verða yfirleitt ekki gamlar, oftast innan við 5–10 ára. Tegundirnar eru dreifðar víða, yfirleitt á 200–800 metra dýpi. Erfitt hefur reynst að stunda veiðar á laxsíldum, en tilraunir til þess hafa verið gerðar á undanförnum árum. Mynd 5 sýnir dreifingu djúpsjávarlóðninga í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum.



Mynd 5. Útbreiðsla djúpsjávarlagsins eins og það er skráð samkvæmt bergmálsmælum. Gögnin eru fengin frá leiðöngrum Íslendinga árin 1999–2001 og leiðöngrum Rússa og Þjóðverja árið 2001. Eitt þúsund metra dýptarlínur eru einnig sýndar á myndinni svo og landhelgislínur Íslands og Grænlands.

6. *Telja sérfræðingar ráðuneytisins líkur á að fiskinn verði hægt að veiða með arðbærum hætti í framtíðinni? Óskað er ítarlegs rökstuðnings fyrir hverja tegund ef svo er.*

Ekki eru horfur á að veiðar á framangreindum tegundum séu grundvöllur arðbærs útvegs, að blálöngu undanskilinni, enda um frekar litla stofna að ræða að því er virðist.

7. *Er aflinn talinn tilheyra sérstökum stofni eða er hann álitinn hluti af stærri stofni sem nær yfir víðara hafsvæði? Í síðara tilvikinu er óskað röksemda fyrir niðurstöðunni.*

Blálanga á Íslandsmiðum er samkvæmt ICES talinn vera sérstakur stofn. Ekki er vitað hvort um sérstaka stofna búra sé að ræða við Ísland eða hvort að um sé að ræða rek ungviðis inn á íslenskt hafsvæði. Ekki er heldur þekkt hvort langhalar á Íslandsmiðum séu af sérstökum stofni. Þó er ljóst að hann vex upp við Ísland því hann fæst oft í töluverðu magni sem ungfiskur í stofnmælingu botnfiska í mars. Laxsíldir, sem er samheiti yfir margar tegundir,

finnast mjög víða í Atlantshafi en ekki er þekkt hvort um sé að ræða mismunandi stofna af hverri tegund.

8. *Hver hefur verið meðalþyngd tegundanna í afla? Veiðist fiskurinn í hrygningarástandi eða sem geldfiskur?*

a. Blálanga. Meðallengd í sm á árunum 1996–2003 var eftirfarandi:

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
84,1	91,5	83,9	91,5	85,0	78,9	79,1	81,5

Um 50% blálöngu er orðinn kynþroska um 75 sm lengd þannig að stór hluti aflans er kynþroska blálanga.

b. Langhalar. Ekki eru til lengdardreifingar úr afla fyrir hvert ár enda aflinn lítill. Þær lengdardreifingar sem til eru benda til þess að meginþorri aflans sem hefur verið lengdarmældur sé kynþroska fiskur á lengdarbilinu 3–35 sm (gotraufarlengd), með meðallengd nálægt 13 sm. Við 13 sm lengd er um helmingur fiskanna kynþroska og helmingur ungfiskur.

c. Búri. Engar lengdarmælingar til úr afla.

d. Laxsíldar. Engar veiðar og því engar mælingar til úr afla.

9. *Hver eru helstu markaðssvæðin fyrir þennan fisk?*
10. *Liggja fyrir upplýsingar um meðalverð á mörkuðum fyrir aflann á fyrrgreindu árabili? Telja sérfræðingar ráðuneytisins unnt að gera veiðarnar arðbærari með frekari vinnslu og þá hvernig?*

Magn, verðmæti og meðalverð afla blálöngu, langhala og búrfisks 1990 - 2003

Magn í kg (óslægt), verð og verðmæti í krónum - Skv. upplýsingum úr vigtarskýrslum *Fiskistofa 4. mars 2004*

	7			10			49		
	Blálanga			**Slétti langhali**			**Búrfiskur**		
Ár	Verðmæti	Magn	Verð	Verðmæti	Magn	Verð	Verðmæti	Magn	Verð
1990	35.096.964	1.010.293	34,74	96.040	6.740	14,25			
1991	102.635.225	1.582.251	64,87	886.333	47.601	18,62	8.358.412	64.612	129,36
1992	162.111.987	2.558.078	63,37	5.027.696	209.864	23,96	58.135.160	382.409	152,02
1993	292.397.271	5.318.725	54,98	9.123.762	280.280	32,55	118.719.162	715.257	165,98
1994	124.082.262	1.833.419	67,68	5.272.398	209.669	25,15	26.709.442	158.289	168,74
1995	109.341.382	1.632.131	66,99	11.699.359	398.137	29,39	11.332.919	63.980	177,13
1996	75.563.255	1.280.215	59,02	6.555.773	216.482	30,28	8.365.790	42.664	196,09
1997	79.871.373	1.320.052	60,51	6.174.471	207.164	29,80	12.875.050	79.441	162,07
1998	71.028.957	1.208.967	58,75	3.412.118	120.206	28,39	4.413.608	28.420	155,30
1999	154.627.626	2.321.672	66,60	4.669.340	146.456	31,88	1.979.570	14.211	139,30
2000	105.377.231	1.623.515	64,91	1.953.958	69.830	27,98	10.093.272	68.144	148,12
2001	66.510.135	765.265	86,91	1.742.623	56.618	30,78	2.710.246	17.547	154,46
2002	107.244.107	1.273.602	84,21	1.736.581	70.141	24,76	1.905.563	9.567	199,18
2003	68.177.905	1.092.673	62,40	1.671.473	62.668	26,67	79.903	196	407,67
Samtals	1.554.065.681	24.820.858	62,61	60.021.924	2.101.856	28,56	265.678.096	1.644.737	161,53

Aðalmarkaðssvæði blálöngu og búrfisks er Frakkland
Aðalmarkaðssvæði langhala er A-Evrópa

1065. Fyrirspurn [716. mál]

til menntamálaráðherra um styrki til menningar heyrnarlausra.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur menntamálaráðuneytið veitt mikið fé í leiklist heyrnarlausra síðustu tíu árin?
2. Hefur ráðherra veitt fé til táknmálstúlkunar á barnaleikriti eða öðru leikriti og ef svo er, hversu mikið?
3. Hefur ráðherra veitt fé til eflingar táknmálsleikhúsi og ef svo er, hversu mikið?
4. Hefur ráðherra með einhverjum hætti stuðlað að því að leiklist heyrnarlausra fái að dafna til jafns við almenna leiklist?
5. Hefur ráðherra veitt fé vegna táknmálsins í tengslum við Listahátíð eða aðrar opinberar samkomur, leiksýningar eða annað sem tengist menningu hvers konar og ef svo er, hversu mikið?

Skriflegt svar óskast.

1066. Fyrirspurn [717. mál]

til samgönguráðherra um miðlun upplýsinga á flugvöllum.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hvaða reglur gilda um upplýsingamiðlun á innanlandsflugvöllum og alþjóðaflugvöllum hér á landi til að auðvelda aðgengi fatlaðra farþega?
2. Er sérstakt tillit tekið til fatlaðra farþega sem eiga við samskiptafötlun að stríða, svo sem heyrnarskerðingu og/eða sjónskerðingu, og ef svo er, hvernig er það gert?

Skriflegt svar óskast.

1067. Fyrirspurn [718. mál]

til félagsmálaráðherra um stuðning við börn með Goldenhar-heilkenni.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað hefur ráðherra gert til þess að koma til móts við börn með Goldenhar-heilkenni og aðstandendur þeirra? Eru fram komnar tillögur í því efni? Ef ekki, hvenær er von á þeim?

1068. Frumvarp til laga [719. mál]

um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

d. hann hefur náð 18 ára aldri og er niðji útlendings, sem flust hefur til landsins undir 18 ára aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., og gegn framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda um að framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt,
e. sérstaklega stendur á og ef framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt með félagslegri aðstoð ríkis eða sveitarfélags eða með öðrum fullnægjandi hætti.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Niðja útlendings, sem flust hefur til landsins undir 18 ára aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., má veita búsetuleyfi þegar hann hefur náð 18 ára aldri hafi foreldri eða framfæranda verið veitt búsetuleyfi.

Veita má maka, sambúðarmaka og samvistarmaka, sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi við skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit sambúðar eða samvistar. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár. Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Greinargerð.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra. Gegna þeir að mörgu leyti lykilhlutverki í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og í ýmsum þjónustustofnunum. Þá hafa útlendingar auðgað menningarlíf þjóðarinnar og skapað þá fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg. Þrátt fyrir að útlendingar skipti miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar eru þeir ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Má jafnvel halda því fram að þeim sé tekið sem óvelkomnum gestum og að þeim séu að hluta til búin dvalarskilyrði á Íslandi sem standast varla mannréttindi. Frumvarpi þessu er ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga.

Í 13. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild til að veita aðstandendum útlendings sem stundar vinnu á Íslandi dvalarleyfi. Aðstandendur í skilningi ákvæðisins eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Lögin áskilja að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Þegar niðji útlendings nær 18 ára aldri verður hann hins vegar að uppfylla sjálfur skilyrði um að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt til að fá dvalarleyfi en ella að flytja af landi brott. Ungmennið verðum með öðrum orðum að stunda vinnu eða

sýna fram á með bankainneignum að 12 mánaða framfærsla sé tryggð til að fá dvalarleyfi. Fæst þessara ungmenna eða framfærendur þeirra hafa slík fjárráð og séu ungmennin í skóla liggur ekki annað fyrir þeim en að hætta skólagöngu og jafnvel að flytja af landi brott frá sínum nánustu aðstandendum. Þeim er mismunað með óboðlegum hætti. Sama gildir um búsetuleyfi.

Annar blettur á löggjöfinni er lítt sveigjanleg afstaða til þess hvernig má sýna fram á að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Gildir það bæði um niðja sem aðra aðstandendur útlendings sem fengið hefur dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi. Dæmi eru um að útlendingar hafi veigrað sér við að leita félagslegrar aðstoðar og upplýsinga þótt þeir hafi verið í brýnni þörf og jafnvel talið að með því að móttaka húsaleigubætur og fleiri opinberar greiðslur ættu þeir á hættu að verða vísað úr landi. Eðli máls samkvæmt ætti staðfest yfirlýsing útlendingsins, foreldris eða framfæranda, að nægja gagnvart niðjum og öðrum nánum aðstandendum í skilningi 13. gr. laganna. Og jafnsjálfsagt er að lögin heimili það þegar sérstaklega stendur á að framfærslan sé tryggð með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti.

Í þriðja lagi er frumvarpinu ætlað að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Allt of mörg dæmi eru um að þessar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim allar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands ef til vill brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum á landinu. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar ekki vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta um að verða vísað úr landi. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja megi framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið leitað ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi og hefur lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, veitt mikilsverða aðstoð. Telur Alþjóðahúsið brýnt að frumvarpið verði að lögum. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum en bæði samtökin hafa talið brýnt að bæta réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi meðal annars í þá veru sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ástæða er til að benda á að í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þskj. 970, 338. mál, er vakin athygli á því að félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti telji þörf á að gera breytingar meðal annars á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Leggur nefndin áherslu á að vinnu við þau frumvörp og fleiri verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí 2004. Er bæði rétt og eðlilegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu verði lögfestar um leið.

Frumvarpi þessu fylgir bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum vandamál sem tekið er á í frumvarpi þessu, en einnig um skort á upplýsingum til þeirra um réttarstöðuna. Er vísað til bréfsins um frekari rökstuðning fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu,
Félagsþjónustunni í Reykjavík,
Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu:

Skuggahliðar nútíma fólksflutninga.

Mánudaginn 26. maí sl. stóðu Stígamót, Kvennaathvarfið, Félagsþjónustan í Reykjavík, Rauði kross Íslands og Alþjóðahúsið að málþingi sem bar nafnið „Skuggahliðar nútíma fólksflutninga“. Málþingið fjallaði um erlendar konur sem eru í sambúð með íslenskum körlum og eru beittar ofbeldi. Vegna eðlis þessa málaflokks, var ákveðið að hafa ráðstefnuna lokaða. Fulltrúar ofangreindra stofnana og samtaka („Stýrihópurinn“) tóku saman lista yfir þær stofnanir og aðila sem koma að málaflokknum eða lætur hann sig varða og sendi út boðsbréf. Alls tóku þátt um 70 manns.

Aðdraganda málþingsins er að rekja til svokallaðs „Daphne“ verkefnis sem styrkt er af ESB og taka fjögur lönd þátt, Noregur, Danmörk, Þýskaland og Ísland. Grunnurinn að því verkefni var að starfsmenn kvennaathvarfa í Noregi fóru að taka eftir endurteknum komum kvenna frá sama heimilisfanginu. Þetta var kannað nánar og í ljós kom mynstur hjá sumum körlum að flytja inn konur, misnota þær og „skila þeim“ svo í athvörfin aftur og aftur. Hlutfall erlendra kvenna í kvennaathvörfum á Norðurlöndum er hátt miðað við hlutfall innflytjenda og Ísland er þar engin undantekning. Stýrihópurinn hefur áhyggjur af stöðu þeirra kvenna sem lenda í aðstöðu sem þessari og var það niðurstaða málþingsins að hópurinn myndi vekja athygli stjórnvalda á málefninu og hvaða úrbóta honum þætti þörf á. Hópurinn leggur sérstaka áherslu á tvö atriði í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þykir réttarstaða erlendra kvenna sem skilja við íslenska eiginmenn er beita þær ofbeldi ekki nægilega skýr. Í öðru lagi þykir hópnum að efla þurfi upplýsingagjöf kvennanna um raunverulega réttarstöðu þeirra.

Stýrihópurinn leitar hér með til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins eftir því að ráðuneytið beiti sér fyrir því að úrbætur verði gerðar og gerir eftirfarandi tillögur:

1. Réttarstaða verði bætt og hún verði skýr.

Útlendingar sem eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum njóta sérréttinda m.v. aðra útlendinga. Þeir eiga rétt á dvalarleyfi, sbr. 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, og þeir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, sbr. d-lið 1. mgr. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Komi til skilnaðar, tryggja engin ákvæði laganna útlendingi áframhaldandi dvalarleyfi. Viðkomandi getur sótt um búsetuleyfi hafi hann búið hér á landi í a.m.k. þrjú ár að öðrum skilyrðum uppfylltum, en ef hjúskapur hefur varað skemur, getur hann sótt um tímabundið atvinnuleyfi og dvalarleyfi skv. b-lið 35. gr. rgl. nr. 53/5003, um útlendinga. Þetta leyfi er

háð þeim takmörkunum að vinnuveitandi er leyfishafi. Vinnuveitandinn þarf að sækja um leyfið og er sú leyfisveiting m.a. háð atvinnuástandi á Íslandi. Möguleikar kvennanna til að afla sér atvinnu eru þannig verulega skertir auk þess sem það getur tekið marga mánuði að fá afgreidda atvinnuleyfisumsókn. Þetta gerir það að verkum að margar konur búa við óásættanlegt ástand þar til þær hafa rétt á að sækja um búsetuleyfi eða íslenskan ríkisborgararétt.

Skv. ákv. 2. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, er heimilt, ef til skilnaðar kemur, að veita ótímabundið atvinnuleyfi til útlendings, hafi hjúskapur/sambúð varað í a.m.k. tvö ár. Ekkert slíkt ákvæði er í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, sem fjallar um dvalarleyfi. Þetta þýðir það að ákvæðið í fyrrnefndu lögunum er óvirkt þar sem ekki er hægt að fá atvinnuleyfi til lengri tíma en dvalarleyfi nær til.

Á ráðstefnunni kom fram að réttarstaða erlendra kvenna sem sætt hafa ofbeldi eiginmanns/sambýlings er afar óljós og gjarnan notuð sem tæki til að beita andlegu ofbeldi, með eða án hins líkamlega. Í ljós kom á ráðstefnunni að stjórnvöld er fjalla um dvalarleyfi taka tillit til þess ef umsækjandi hefur orðið fyrir ofbeldi í hjónabandi eða sambúð en að mati stýrihópsins er nauðsynlegt að skýra réttarstöðu þessara kvenna og ekki nægjanlegt að framkvæmdin sé sú að tekið sé tillit til slíkra aðstæðna. Það er t.d. sérstaklega brýnt að mælt sé fyrir um réttarstöðu þeirra erlendu maka sem eiga börn með íslenskan ríkisborgararétt. Ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu tryggir þeim einstaklingi rétt til að njóta samvista við barn sitt og varla forsvaranlegt að slíkum einstaklingi væri synjað um áframhaldandi dvalarleyfi. Engin ákvæði íslenskra laga mæla hins vegar fyrir um réttarstöðu aðila við slíkar aðstæður eða tryggja ákveðin lágmarksréttindi. Það má þvert á móti lesa það út úr lögunum að einstaklingurinn geti haft ástæðu til að óttast um að þurfa að yfirgefa landið.

Ákvæði 42. gr. reglugerðar nr. 53/2003, um útlendinga, fjallar um það skilyrði dvalarleyfis að umsækjandi hafi trygga framfærslu. Skv. ákvæðinu veita greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis og sveitarfélags ekki rétt til dvalarleyfis. Kona sem skilur við eiginmann sinn vegna ofbeldis er oft og tíðum án atvinnu á þeim tímamótum og getur þurft að leita um stundarsakir til félagsþjónustu eftir framfærslu, sem hún á lögum skv. rétt á.

Það er ein grundvallarregla réttarríkis að þegnar þess viti rétt sinn og skyldur. Í þeim málum sem hér um ræðir er um þvílíka hagsmuni einstaklinga að ræða að það er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að fólk geti gengið að ákveðnum reglum vísum.

Stýrihópurinn gerir að tillögu sinni að nánar verði kveðið á réttarstöðu þeirra útlendinga sem skilja við íslenska maka sína og hafa þurft að þola andlegt eða líkamlegt ofbeldi í hjónabandinu. Þetta verði gert með skýrum ákvæðum í lögum eða reglugerð. Hópurinn fer þess á leit við ráðuneytið að það beiti sér fyrir því að lögum um útlendinga verði breytt á þann veg að erlendur einstaklingur er skilur við íslenskan maka sinn vegna ofbeldis, haldi áunnum réttindum sínum. Einnig að við slíkar aðstæður fyrirgeri einstaklingar ekki rétti sínum til dvalarleyfis, þurfi þeir að leita til félagsþjónustu sveitarfélaga eftir framfærslu.

2. Upplýsingar um íslenskt samfélag.

Á ráðstefnunni kom fram að verulega skortir á að þær erlendu konur sem hingað flytjast til að ganga í hjúskap með íslenskum körlum hafi nægjanlega vitneskju um þau úrræði sem þeim bjóðast, verði þær fyrir ofbeldi í hjónabandinu/sambúðinni. Konurnar eru oft mjög einangraðar og er jafnvel meinaður aðgangur að samfélaginu, t.d. með því að banna þeim að stunda atvinnu eða læra íslensku. Í Noregi eru um 40% þeirra kvenna sem leita athvarfsins heimavinnandi.

Að mati stýrihópsins er nauðsynlegt að nálgast þessar konur. Til þess að svo geti orðið verða upplýsingar að vera aðgengilegar á stofnunum sem konur óhjákvæmilega eiga leið um. Má þar nefna heilsugæslu, ungbarnaeftirlit, Útlendingastofnun og jafnvel stórmarkaði. Upplýsingarnar þurfa að vera á mörgum tungumálum. Þær þurfa ekki að vera efnismiklar, en innihalda nauðsynlega þætti eins og hvar og hvernig hægt er að sækja frekari upplýsingar, t.d. til Kvennaathvarfsins eða Alþjóðahússins.

Tillaga stýrihópsins er sú að tryggt verði að útlendingar sem fá dvalarleyfi á Íslandi fái upplýsingar um réttarstöðu sína og hvar leita megi hjálpar ef ofangreindar aðstæður koma upp eða hvar slíkar upplýsingar eru aðgengilegar, svo sem hjá þeim stofnunum sem standa fyrir bréfi þessu.

1069. Frumvarp til laga [720. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

1. og 2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til starfa hér á landi.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi til að ráða sig til starfa hér á landi í tiltekinni starfsgrein.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að ráða sig til starfa í tiltekinni starfsgrein.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Heimilt er útlendingi að ráða sig til nýs atvinnurekanda innan þriggja mánaða frá starfslokum að uppfylltum skilyrðum skv. 1. mgr. en óháð tiltekinni starfsgrein ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær skilnað að borði og sæng, lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Greinargerð.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Er frumvörpunum til samans ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Í núgildandi lögum er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Hér er um að ræða eins konar vistarband útlendings í anda átthagafjötra fyrri alda og samræmist ekki mannréttindahugsun nútímans. Í krafti atvinnuleyfisins er atvinnurekanda veitt staða húsbónda gagnvart hjúi og komi til starfsloka útlendings með tímabundið atvinnuleyfi vofir brottvísun úr landi yfir honum eins og mara samþykki atvinnurekandi ekki starfslok. Það er reynsla stéttarfélaga að útlendingar í þessari stöðu neyðist oftar en ekki til að sætta sig við alvarleg brot á kjarasamningum og ráðningarsamningum, bæði hvað laun varðar og önnur starfskjör. Þeir leita sjaldan til stéttarfélaga og vilja sem minnst gera úr mismununinni hafi stéttarfélagið frumkvæði að því að kanna launakjör þeirra og stöðu að öðru leyti. Með frumvarpinu er tímabundið atvinnuleyfi skilgreint á nýjan leik þannig að miðað er við að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda og leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf. Sambærileg breyting er gerð á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. en ekki eru á þessu stigi lagðar til breytingar á skilyrðum sem tiltekin eru í málsgreininni. Óbreyttar skyldur eru lagðar á þann atvinnurekanda sem útlendingurinn ræðst til starfa hjá.

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að útlendingur með tímabundið atvinnuleyfi geti ráðið sig til starfa hjá nýjum atvinnurekanda komi til starfsloka hjá þeim fyrri burtséð frá ástæðum starfsloka. Þessi breyting hefur sama tilgang og 1. gr. og a-liður 2. gr. frumvarpsins og tryggir réttarstöðu útlendings gagnvart atvinnurekanda sem hann hefur upphaflega ráðist til starfa hjá.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. sem hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. og veitt heimild til að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar og lögheimilis ef skilnað má rekja til ofbeldis maka útlendingsins. Allt of mörg dæmi eru um að erlendar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim flestar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum á Íslandi. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar ekki vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta um að verða vísað úr landi. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja megi framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið leitað ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi og hefur lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, veitt mikilsverða aðstoð. Telur Alþjóðahúsið brýnt að frumvarpið verði að lögum. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum en bæði samtökin hafa talið brýnt að bæta réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi meðal annars í þá veru sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ástæða er til að benda á að í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þskj. 970, 338. mál, er vakin athygli á því að félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti telji þörf á að gera breytingar meðal annars á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Leggur nefndin áherslu á að vinnu við þau frumvörp og fleiri verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí 2004. Er bæði rétt og eðlilegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu verði lögfestar um leið.

Frumvarpi þessu fylgir bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum þau vandamál sem tekið er á í frumvarpi þessu en einnig um skort á upplýsingum til þeirra um réttarstöðuna. Er vísað til bréfsins til frekari rökstuðnings fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, Bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 1068 (719. mál.) bls. 4055–4057.

1070. Fyrirspurn [721. mál]

til viðskiptaráðherra um Samkeppnisstofnun.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu mörg mál hafa borist Samkeppnisstofnun frá 29. janúar 2003 og hve mörg hafa verið sett í bið? Hvað er biðtíminn að jafnaði langur?
2. Telur ráðherra að efla þurfi Samkeppnisstofnun?

1071. Fyrirspurn [722. mál]

til samgönguráðherra um breiðbandið og leigulínugjaldskrá Landssímans.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hverjar eru helstu ástæður þess að breiðbandið er ekki komið á landsbyggðinni, t.d. á Ísafirði og Akureyri þar sem innanbæjarlagnir eru að mestu leyti tilbúnar?

2. Er leigulínugjaldskrá Landssímans í endurskoðun? Ef svo er, hvenær má vænta þess að ný gjaldskrá verði gefin út?

Skriflegt svar óskast.

1072. Fyrirspurn [723. mál]

til fjármálaráðherra um Landssímann.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu, GSM-farsímaþjónustu og NMT-farsímaþjónustu?
2. Telur Landssíminn sig ekki lengur bundinn af ákvörðunum samkeppnisráðs í nokkrum málum, t.d. 30/1994, 11/1997 og 21/1998, um að reikningshald tiltekinna rekstrareininga Landssíma Íslands hf. og forvera hans skuli vera sjálfstætt og reikningsskil í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga?

Skriflegt svar óskast.

1073. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Impru – nýsköpunarmiðstöð, Handverki og hönnun, Félagi kvenna í atvinnurekstri, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Tillagan er endurflutt frá 128. löggjafarþingi og bárust þá umsagnir frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að vinna að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nefndin er meðvituð um að í útfærslu framkvæmdaáætlunarinnar verði nauðsynlegt að taka mið af sérislenskum aðstæðum varðandi stærðarviðmið fyrirtækja án þess að skekkja

samkeppnisstöðu þeirra því að samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins eru allflest íslensk fyrirtæki smá eða meðalstór á alþjóðlegan mælikvarða.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „haustið 2004“ í 2. mgr. tillögugreinarinnar komi: haustið 2005.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.
Sigurjón Þórðarson.		Guðmundur Hallvarðsson.

1074. Svar [540. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um dýrahald í atvinnuskyni.

1. *Hverjir hafa fengið starfsleyfi á grundvelli 12. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni, sem ekki fellur undir búfjárhald? Hvers konar starfsemi stunda þeir, hvar er hún stunduð, hve mörg dýr eru bak við hvert leyfi og hve margir starfsmenn?*

Þeir sem hafa fengið leyfi á grundvelli 12. gr. laga nr. 15/1994 eru hestaleigur, hundahótel, húsdýragarðar, hundaræktendur, dýrasnyrtistofur, hunda- og kattaræktarfélög til sýningarhalds og trússhestalestir í Reykjavík.

Þessi starfsemi er aðallega stunduð í Reykjavík og nágrenni með fáum undantekningum.

Hestaleigur:

Hestaleiga í Laxnesi, Mosfellsbæ, er með fjóra starfsmenn og leyfi fyrir 70 hesta.

Íshestar í Hafnarfirði eru með tíu fasta starfsmenn og leyfi fyrir 54 hesta.

Hestaleigan í Húnaveri er með tvo starfsmenn og leyfi fyrir tíu hesta.

Hundahótel:

Hundahótelið Leirum er með einn fastan starfsmann og leyfi fyrir 36 hunda.

Húsdýragarðar:

Húsdýragarðurinn í Reykjavík er með fjóra fasta starfsmenn og leyfi fyrir 13 tegundir spendýra og sjö fuglategundir.

Húsdýragarðurinn í Húnaveri er með tvo starfsmenn og leyfi fyrir 52 húsdýr.

Hundaræktarbú:

Hundaræktarstöðin Sperðill er með tvo starfsmenn og leyfi fyrir átta eldisdýr.

Hundaræktin Dalsmynni er með leyfi til ársins 2005 frá lögreglustjóra. Engin ákvæði eru um fjölda dýra í núgildandi leyfi. Samkvæmt nýrri eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar eru nú 165 hundar í búinu og tveir fastir starfsmenn.

Dýrasnyrtistofur:

Dýrasnyrtistofan Dýrabær er með þrjá starfsmenn og leyfi til að snyrta hunda og ketti.

Hundasnyrting Hrannar er með einn starfsmann og leyfi til að snyrta hunda.

Sýningaraðilar:

Hunda- og kattaræktarfélög. Sýningar standa yfir í tvo til þrjá daga og er yfirleitt um að ræða 100–300 hunda eða ketti á hverri sýningu. Við sýningarnar starfa 20–40 manns.

Trússhestalestir hafa tvo til þrjá starfsmenn og yfirleitt eru fjórir til átta hestar til reiðar.

Auk þess liggja fyrir umsóknir frá sex aðilum sem verið er að undirbúa leyfi fyrir á vegum Umhverfisstofnunar.

2. *Eru dæmi um að aðilar starfi á þessum vettvangi án starfsleyfa?*

Umhverfisstofnun fékk dýraverndarmál sem verkefni 1. janúar 2003 samkvæmt breyttum lögum. Fyrir þann tíma höfðu lögreglustjóri/sýslumenn með höndum leyfisveitingar fyrir starfsemi sem fellur undir dýrahald í atvinnuskyni. Lögin um dýravernd eru frá árinu 1994 og reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni var sett á grundvelli laganna árið 1997. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að reglugerðin tók gildi hafa tiltölulega fá leyfi verið gefin út.

Síðasta ár voru unnar hjá Umhverfisstofnun verklagsreglur/leiðbeiningar um dýrahald í atvinnuskyni fyrir hunda, ketti og hross. Útbúin voru eyðublöð fyrir helstu flokka dýrahalds í atvinnuskyni og gjaldskrá sett. Við þá vinnu var stuðst við gögn frá Norðurlöndunum og Bandaríkjunum. Stofnunin kannaði á liðnu ári hjá sýslumönnum og heilbrigðisnefndum hvaða starfsemi á viðkomandi svæðum félli undir framangreinda reglugerð og hvaða leyfi hefðu verið gefin út. Svör komu frá um helmingi sýslumannsembætta og leiddu þau í ljós að fá leyfi hefðu verið gefin út og í sumum tilfellum einungis til sýningarhalds. Upplýsingar komu fram um starfsemi sem fellur undir dýraverndarlögin sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auk þess hafa stofnuninni borist upplýsingar frá Samtökum ferðaþjónustunnar um aðila sem starfrækja hestaleigur. Rétt er að benda á að bændur sem eru með hrossabúskap og hrossarækt sem búgrein og leigja út reiðhesta til ferðaþjónustufyrirtækja eru einnig á þessum lista. Í lögum um dýravernd er tekið sérstaklega fram að búfjárhald er undanþegið lögum um dýravernd hvað varðar leyfi fyrir starfsemi með dýr. Fyrirtæki í þessari starfsemi gætu verið á annað hundrað.

Umhverfisstofnun veitir leyfi þeim aðilum sem sækja um leyfi fyrir dýrahaldi í atvinnuskyni. Stofnunin hefur að undanförnu reynt að leita uppi leyfisskylda aðila en það er erfiðleikum bundið m.a. vegna þess að erfitt er að greina hvaða starfsemi með hross er leyfisskyld eða fellur undir lög um búfjárhald og erfitt er að meta umfang annarrar leyfisskyldrar starfsemi með dýr. Stofnunin telur líklegt að töluvert vanti á að allir sem hafa með höndum starfsemi með dýr hafi til þess tilskilin leyfi.

3. *Hvernig er háttað eftirliti með þeirri starfsemi sem hér um ræðir?*

Í lögum um dýravernd er fulltrúum Umhverfisstofnunar og héraðsdýralæknum veitt heimild til þess að fara á hvern þann stað þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilað að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða í umboði stofnunarinnar.

Í reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni kemur fram að lögreglustjóri, nú Umhverfisstofnun, skuli hlutast til um að eftirlit fari fram hjá þeim aðilum sem stunda dýrahald í atvinnuskyni.

Ekki eru ákvæði í lögunum eða reglugerðinni um tíðni eftirlits né gjaldtökuheimild vegna þess. Eftirlitið er því á kostnað hins opinbera.

Frá því að eftirlit með framkvæmd laganna fluttist til Umhverfisstofnunar hefur eftirlit farið fram í kjölfar athugasemda sem stofnuninni hafa borist og einnig hefur aðstaða verið skoðuð hjá fyrirtækjum í tengslum við leyfisveitingar.

4. *Hversu algengt er að yfirvöldum berist kvartanir um starfsemi af þessu tagi og hve oft hefur umhverfisráðuneytið þurft að úrskurða um aðbúnað eða meðferð dýra á grundvelli laga nr. 15/1994?*

Fátítt er að kvartanir berist til Umhverfisstofnunar vegna þeirra aðila sem stunda dýrahald í atvinnuskyni. Umhverfisráðuneytið hefur tvisvar sinnum þurft að úrskurða um aðbúnað eða meðferð dýra á grundvelli laga nr. 15/1994, síðast með úrskurði 20. nóvember 2003.

5. *Stendur til að endurskoða reglugerð nr. 499/1997, um dýrahald í atvinnuskyni, og ef svo er, hvar er sú vinna á vegi stödd?*

Nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur unnið drög að nýrri reglugerð um aðbúnað gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Drögin voru send til umsagnar hagsmunaaðila og er nú unnið úr umsögnum í ráðuneytinu.

1075. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um verndun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson, Sigrúnu Ágústsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Gústaf Adolf Skúlason frá Samtökum atvinnulífsins, Guðfinn Johnson frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, Ólaf J. Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Gest Guðjónsson frá Olíudreifingu og Ólaf Jónsson frá Skeljungi, Helga Jensson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Snorra Baldursson og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneyti og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun. Einnig var rætt við prófessor Viðar Má Matthíasson á símafundi. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Skipulagsstofnun, Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Siglingastofnun Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi fiskeldisstöðva, Samtökum iðnaðarins, Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Skeljungi, félagsmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Landvernd og Olíudreifingu ehf., Olíuverslun Íslands hf. og Olíufélaginu ehf.

Með frumvarpinu er lögð til heildarlöggjöf sem ætlað er að koma í stað laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmið frumvarpsins er hið sama og laganna, að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu. Í frumvarpinu eru m.a. ítarlegar skilgreiningar og reglugerðarheimildir, reglur um viðbrögð við bráðamengun auk þess sem gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð þeirra er valda mengun.

Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn. Gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar frá því að það var lagt fram síðast og var þar að stórum hluta tekið mið af þeirri umfjöllun sem málið hlaut í umhverfisnefnd á 128. þingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess. Vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á málinu milli þinga ákvað nefndin að senda málið til umsagnar og barst fjöldi athugasemda.

Nefndin skoðaði sérstaklega ákvæði 16. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til hlutlæg ábyrgð vegna bráðamengunartjóna að ákveðnu hámarki (ein milljón SDR) ef mengunin er af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum og þeim sem bæru ábyrgð á slíkri mengun gert að taka ábyrgðartryggingu sem nemur sömu fjárhæð. Fyrst og fremst er um að ræða ábyrgð á bráðamengunartjónum, þ.e. mengun sem verður skyndilega, ekki mengun sem verður smám saman og jafnvel á löngum tíma. Um það gilda almennar reglur skaðabótaréttar. Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri umhverfislöggjöf en við umfjöllun um málið kom fram að nágrannalöndin eru flest með lagaákvæði um hlutlæga ábyrgð vegna mengunar frá atvinnurekstri. Að mati nefndarinnar er rétt að leitast við að veita umhverfinu aukna vernd með því að lögfesta ákvæði um hlutlæga ábyrgð þegar í hlut á atvinnurekstur sem kann að teljast hættulegur umhverfinu. Nefndin leitaði eftir upplýsingum um hversu mikið kostnaður atvinnulífsins vegna aukinna útgjalda í iðgjöldum mundi aukast við lögfestingu ákvæðisins. Ekki fengust fullnægjandi svör við því. Enginn sem nefndin leitaði eftir upplýsingum hjá treysti sér til að svara því vegna of margra óvissuþátta. Þó kom fram hjá einum gesta nefndarinnar að þær ábyrgðartryggingar sem fyrirtæki eru með nú taki til mengunartjóna og þær fjárhæðir sem byggt er á í 16. gr. rúmist innan þeirra trygginga. Nýmælið er hins vegar það að kveðið er á um ábyrgð án sakar sem gæti haft í för með sér að bótakröfum fjölgi. Breytingin sem nefndin leggur til á 16. gr. felur í sér að einungis verði heimilt að taka ábyrgðartryggingu. Telur nefndin að of óljóst sé hverjar aðrar fullnægjandi tryggingar geti verið. Til samræmis er lögð til breyting á w-lið 1. mgr. 6. gr. Einnig eru lagðar til breytingar á 17. gr. en þar er um lagfæringar að ræða.

Ákvæði frumvarpsins eru almenns eðlis. Nefndin lítur svo á að ákvæði sérlaga, t.d. siglingalaga, gangi framar ákvæðum frumvarpsins ef ákvæði skarast.

Efni frumvarpsins er þess eðlis að það snertir málefnasvið fleiri ráðherra en umhverfisráðherra sem leggur það fram. Nefndin leggur því til nokkrar breytingar til samræmis við gildandi löggjöf. Á síðasta ári tóku gildi lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003. Markmið þeirra er m.a. að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Er Siglingastofnun Íslands falið að setja á fót vaktstöð siglinga sem veiti skipum sem sigla um íslenska efnahagslögsögu m.a. þá öryggisþjónustu að taka á móti og miðla tilkynningum frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning. Telur nefndin að þær tilkynningar sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. falli vel að kerfinu sem kveðið er á um í lögum um vaktstöð siglinga. Leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu sem felur í sér að tilkynningunum verði beint til vaktstöðvar siglinga og að hún sjái svo um að miðla þeim áfram til Landhelgisgæslunnar. Telur nefndin hagræði að því fyrir sjófarendur að þeir þurfi einungis að senda tilkynningar til einnar stofnunar í stað tveggja. Þá er í 1. mgr. 20. gr. heimild fyrir samgönguráðherra til að setja reglugerð um siglingu skipa innan meng-

unarlögsögunnar. Að mati nefndarinnar fellur þetta ákvæði betur að siglingalögum en því frumvarpi sem hér um ræðir og leggur til að ákvæðið verði fellt brott en kannað verði hvort ástæða sé til að setja sambærilegt ákvæði í siglingalög eða önnur lög á málefnasviði samgönguráðherra. Lögð er til breyting á fyrirsögn greinarinnar til samræmis. Nefndin leggur jafnframt til breytingar á 27. gr. sem kveður á um kyrrsetningu skipa ef brotið er gegn ákvæðum laganna og brotið tengist skipi. Að mati nefndarinnar er rétt að gæta samræmis við lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, og ákvæði IV. kafla þeirra um farbann gildi ef ákveðið er að setja skip í farbann. Leggur nefndin jafnframt til að til samræmis verði orðið farbann notað í stað kyrrsetningar.

Þá vekur nefndin athygli á að í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði háð leyfi Umhverfisstofnunar að höfðu samráði við ýmsa aðila, þar á meðal Siglingastofnun. Í gildandi löggjöf er ákvæði í 10. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, um lagningu þeirra. Í því ákvæði kemur fram að til að tryggja öryggi siglinga skuli áður en neðansjávarleiðslur og sæstrengir eru lagðir afla samþykkis Siglingastofnunar fyrir legu þeirra og skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Að mati nefndarinnar verður að skoða sérstaklega hvernig leyfisveitingum vegna neðansjávarleiðslna og sæstrengja skuli hagað. Þetta er mál sem varðar nokkurn fjölda stofnana og fyrirtækja og því væri farsælast að þau ráðuneyti sem málið varðar skoðuðu heildstætt hvernig haga skuli leyfisveitingu eða eftir atvikum samþykki fyrir legu sæstrengja og neðansjávarleiðslna. Leggur nefndin því til að 2. mgr. 9. gr. verði breytt á þann veg að leita skuli samþykkis hjá Umhverfisstofnun áður en sæstrengir eða neðansjávarleiðslur eru lagðar. Ekki verði kveðið á um leyfisveitingar fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um hvar þessum málum verður skipað.

Nefndin leggur einnig til breytingu á fyrirsögn frumvarpsins. Við umfjöllun um málið var bent á að ákvæði frumvarpsins beindust fyrst og fremst að mengunarvörnum. Engin lífríkisverndarákvæði væru í því og fyrirsögn frumvarpsins væri því ekki í samræmi við efni þess. Að mati nefndarinnar er um réttmæta ábendingu að ræða og leggur hún því til að fyrirsögn frumvarpsins verði „frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda“.

Aðrar breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

1. Lögð er til lagfæring á 3. mgr. 2. gr. Telur nefndin að betur fari á því að vísa til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure) sem geti valdið því að aðgerðir séu nauðsynlegar sem verði undanskildar gildissviði laganna. Með breytingatillögunni er ekki verið að undanskilja þau atvik sem talin eru upp í dæmaskyni í frumvarpinu.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. þar sem kveðið er á um margar skilgreiningar. Lagt er til að í stað orðsins hreinsunaraðgerða í skilgreiningu á bráðamengun komi orðið aðgerðir, þar sem viðbrögð við bráðamengun geta falið í sér fleiri aðgerðir en beina hreinsun, t.d. stöðvun leka, náttúruvernd og vernd fyrir almenning. Þá er lagt til að 3. tölul. falli brott. Telur nefndin ekki þörf á að skilgreina sérstaklega hverjir eru eftirlitsaðilar heldur fari það eftir efni laganna hverju sinni. Nefndin telur ekki heldur þörf á að skilgreina sérstaklega innsævi eða loftfar og leggur til að 8. og 10. tölul. falli brott. Einnig er lögð til lagfæring á 11. tölul. til samræmis við 30. tölul. Þá er lögð til lagfæring á skilgreiningunni á netlögum til samræmis við ákvæði annarra laga. Jafnframt er lagt til að 22. og 26. tölul. falli brott. Annars vegar er um að ræða skilgreiningu á skipi sem nefndin telur að geti valdið ruglingi um hvað falli þar undir og hins vegar á strandsjó sem virðist ekki þjóna neinum tilgangi. Síðarnefnda orðið kemur fyrir á einum stað í 8. gr. og leggur nefndin til að í stað þess komi: í sjó. Einnig er lögð til breyting á skilgreiningu á sorpi frá skipum og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur felldur þar undir í sam-

ræmi við skilgreiningu á sorpi í V. viðauka MARPOL-samningsins 73/78. Lagðar eru til breytingar á 10. gr. til samræmis.

3. Lögð er til breyting á skilgreiningu á mengunarlögsögu Íslands í 14. tölul. 3. gr. Mengunarlögsagan takmarkast við mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnsins þar sem það nær lengra. Í lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, eru mörk efnahagslögsögunnar ákvörðuð og jafnframt kveðið á um að innan hennar hafi íslensk stjórnvöld m.a. lögsögu að því er varðar verndun hafsins. Innan landhelginnar gildir hins vegar fullveldisréttur sem felur í sér mun víðtækari heimildir. Breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. eru í samræmi við breytta skilgreiningu.
4. Lögð er til breyting á 4. gr. sem varðar framsal þvingunarúrræða. Að mati nefndarinnar eiga þvingunarúrræði að vera í höndum Umhverfisstofnunar. Nefndin telur þó að þau tilvik geti verið fyrir hendi að stofnuninni sé hagræði að því að fela heilbrigðisnefnd framkvæmd þvingunarúrræða. Telur nefndin mikilvægt að Umhverfisstofnun gæti að því að framkvæmd þeirra sé samræmd á landinu og að stofnunin hafi eftirlitshlutverk komi til þess að hún ákveði að fela heilbrigðisnefnd framkvæmd þvingunarúrræða.
5. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Nefndin leggur til að heimilt verði að vísa til erlendrar frumútgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í s-lið 1. mgr. Þannig verði heimilt að notast við hvert þeirra tungumála sem teljast jafnrétthá í frumútgáfu viðkomandi efnalista og staðla en ekki eingöngu enska textann. Þá leggur nefndin til að í stað skipulagðra umhverfissamtaka í 3. mgr. 6. gr. komi landssamtök um umhverfisvernd. Með því er átt við umhverfisverndarsamtök sem hafi umhverfisvernd á landsvísu að markmiði sínu og séu opin fyrir almennri aðild.
6. Lagðar eru til lagfæringar á gjaldtökuheimild 2. mgr. 11. gr. en að mati nefndarinnar er þörf á að gera gjaldtökuheimildina skýrari.
7. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 12. gr. sem varðar tilkynningarskyldu vegna losunar, varps og mengunar. Gildissvið frumvarpsins nær yfir íslensk skip utan mengunarlögsögu en tilkynningarskylda skv. 1. mgr. 12. gr. nær hins vegar ekki til íslenskra skipa á úthafinu utan lögsögu ríkja. Því er lagt til að tilkynningarskyldan nái einnig til íslenskra skipa á úthafinu eftir því sem við á og til samræmis við skuldbindingar Íslands í alþjóðasamningum, en þeir eru tilgreindir í greinargerð með frumvarpinu.
8. Breytingar sem eru lagðar til á 14. gr. þjóna þeim tilgangi að skýra betur hlutverk þeirra sem í hlut eiga.
9. Þá kom það fram við umfjöllun málsins að mengunarvarnabúnaður hafna er í eigu þeirra sjálfra og Umhverfisstofnun hefur ekki yfirráð yfir honum. Lagt er til að 19. gr verði breytt til samræmis við það á þann veg að Umhverfisstofnun hafi milligöngu um að hafnirnar og varðskipin endurnýi og komi sér upp mengunarvarnabúnaði í samráði við svæðisráðin eftir því sem fé fæst til í fjárlögum.
10. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði til að gefa nauðsynlegt svigrúm til undirbúnings áður en lögin öðlast gildi. Bráðabirgðaákvæði I er auk þess fellt undir gildistökuákvæði. Jafnframt er lagt til að bráðabirgðaákvæði II sé fellt brott en að mati nefndarinnar er það of opið. Telur nefndin að það svigrúm sem veitt er með rýmra gildistökuákvæði sé nægilegt.
11. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til eru lagfæringar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Bryndís Hlöðversdóttir, Mörður Árnason, Jón Kr. Óskarsson og Atli Gíslason skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. mars 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir. með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Gunnar Birgisson.	Mörður Árnason. með fyrirvara.
Kjartan Ólafsson.	Atli Gíslason. með fyrirvara.	Jón Kr. Óskarsson. með fyrirvara.

1076. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um verndun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „í lofthelgi“ í 1. mgr. komi: í landhelgi.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna óviðráðanlegra ytri atvika.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „hreinsunaraðgerða“ í 2. tölul. komi: aðgerða.
   b. 3., 8. og 10. tölul. falli brott.
   c. Á eftir orðunum „fiski og fiskúrgangi“ í c-lið 11. tölul. komi: og öðrum sjávarlífverum.
   d. 14. tölul. orðist svo: *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginnar að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnsins og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
   e. 16. tölul. orðist svo: *Netlög:* Sjávarbelti 115 m frá stórstraumsfjöruborði.
   f. 22. tölul. falli brott.
   g. Við 25. tölul. bætist: svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur.
   h. 26. tölul. falli brott.
3. Við 4. gr. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd framkvæmd þvingunarúrræða samhliða eftirliti.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „eiga undir starfsemi“ komi: heyra undir starfsemi.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „enskrar útgáfu“ í s-lið 1. mgr. komi: erlendrar frumútgáfu.
   b. Í stað orðanna „ábyrgðir og tryggingar“ í w-lið 1. mgr. komi: ábyrgðartryggingu.
   c. Í stað orðanna „skipulagðra umhverfissamtaka“ í 3. mgr. komi: landssamtaka um umhverfisvernd.

6. Við 8. gr. Í stað orðanna „innan strandsjávar“ í lokamálslið 1. mgr. komi: í sjó.
7. Við 9. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
8. Við 10. gr. Orðin „og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang“ falli brott.
9. Við 11. gr. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Hafnarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum og setja gjaldskrá þar að lútandi. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við veitingu þjónustunnar.
10. Við 12. gr.
    a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Tilkynningarskyldan nær einnig til íslenskra skipa utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem við á og Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.
    b. Í stað orðanna „stjórnstöð Landhelgisgæslunnar“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: vaktstöð siglinga, sbr. lög um vaktstöð siglinga.
    c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
       Vaktstöð siglinga skal miðla tilkynningum skv. 2. mgr. til Landhelgisgæsunnar.
11. Við 14. gr.
    a. Á undan orðunum „annast aðgerðir vegna mengunar“ í a-lið 1. mgr. komi: ber ábyrgð á og.
    b. Á eftir orðunum „skal hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi“ í b-lið 1. mgr. komi: í umboði Umhverfisstofnunar.
12. Við 16. gr.
    a. Orðin „eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu að mati Umhverfisstofnunar“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Vátryggingar.*
13. Við 17. gr. Í stað orðanna „Um ábyrgð og vátryggingar olíuflutningaskipa gilda:“ komi: Auk ákvæða 16. gr. gilda um vátryggingu olíuflutningaskipa.
14. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
    Svæðisráð ber ábyrgð á geymslu og viðhaldi þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er í höfnum landsins og endurnýjun á honum og tilnefnir umsjónarmann með búnaðinum og annan til vara.
    Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin ákveður í samráði við viðkomandi svæðisráð, eftir því sem fé fæst til í fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.
15. Við 20. gr.
    a. 1. mgr. falli brott.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Strönduð og sokkin skip, pallar eða önnur mannvirki.*
16. Við 22. gr. Orðin „sem gerður hefur verið samningur við, sbr. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
17. Við 27. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:
       Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið sett í farbann og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk máls-

kostnaðar greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila. Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Farbann.*

18. Við 29. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004. Frá sama tíma falla úr gildi lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 16., 17. og 18. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2006.

19. Ákvæði til bráðabirgða I og II falli brott.
20. Orðin „og ákvæði I. til bráðabirgða“ í ákvæði til bráðabirgða IV falli brott.
21. Í fylgiskjali I verði tveir stafliðir, **A. Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó,** ásamt 37 töluliðum, og **B. Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni á umhverfi hafs og strandar,** ásamt 5 töluliðum.
22. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.

1077. Fyrirspurn [724. mál]

til utanríkisráðherra um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margir hermenn eru nú á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir almennir borgarar, þ.e. ekki hermenn, dvelja nú á Keflavíkurflugvelli á vegum Bandaríkjahers og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu margir Íslendingar starfa nú hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
4. Er ráðherra kunnugt um áætlanir um fjölda hermanna, almennra bandarískra borgara og íslenskra starfsmanna á næstu þremur árum?

Skriflegt svar óskast.

1078. Fyrirspurn [725. mál]

til landbúnaðarráðherra um íslenska útselsstofninn.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra bregðast við áskorun 13. aðalfundar Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, 2.–4. mars sl. um að Ísland setji sér skýr markmið um framtíð útselsstofnsins við Íslandsstrendur?

Skriflegt svar óskast.

1079. Fyrirspurn [726. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt á lyfjum.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

1. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á lyfjum?
2. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur á lyfjum, sem nú er 24,5%, yrði
   a. 14%,
   b. 7%?

Skriflegt svar óskast.

1080. Fyrirspurn [727. mál]

til sjávarútvegsráðherra um málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hverjar hafa lánveitingar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til nýsköpunar í sjávarútvegi verið frá árinu 1994? Hverjir hafa fengið lánafyrirgreiðslu og hversu mikla?
2. Hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins greitt fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis frá árinu 1994? Hverjir hafa fengið lánafyrirgreiðslu og hversu mikla?
3. Hvað hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins varið miklu fé til kaupa á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum þeirra á árabilinu 1994–1997? Hversu háir voru styrkirnir, sundurliðað eftir styrkþegum?
4. Hafa eignir Þróunarsjóðsins, úrelt fiskvinnsluhús og framleiðslutæki þeirra í einhverjum tilvikum verið seldar til áframhaldandi reksturs við fiskvinnslu? Ef svo er, í hvaða tilvikum og með hvaða rökstuðningi?
5. Hvað hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins varið miklu fé, í formi styrkja, til úreldingar fiskiskipa frá árinu 1994? Hversu háir voru styrkirnir, sundurliðað eftir styrkþegum?

Skriflegt svar óskast.

1081. Fyrirspurn [728. mál]

til forsætisráðherra um málefni erlendra barna.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvernig hefur umboðsmaður barna komið að málum erlendra barna sem koma til landsins án forsjáraðila? Er umboðsmaður barna hafður með í ráðum í slíkum málum?
2. Hvernig er samstarfi umboðsmanns barna og Útlendingastofnunar háttað í þessum málum?
3. Er til formlegur samstarfssamningur um slík mál milli þessara aðila og ef svo er ekki, stendur til að gera slíkan samning?
4. Við hvaða aðila er haft samráð eða samstarf þegar upp koma mál er varða erlend börn sem hingað koma án forsjáraðila?
5. Eru til einhverjir formlegir samstarfssamningar um þessi mál og ef svo er, við hverja?
6. Hafa verið samdar skriflegar vinnureglur um slík mál ef upp koma?

Skriflegt svar óskast.

1082. Fyrirspurn [729. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um börn með Goldenhar-heilkenni.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað kom út úr könnun sem ráðherra lét gera á réttindum barna með Goldenhar-heilkenni?
2. Telur ráðherra að þau njóti fyllstu mögulegra réttinda innan tryggingakerfisins? Ef svo er ekki, hvar er þörf á úrbótum?
3. Hefur ráðherra tekið ákvörðun um breytingar á afsláttarsviði umönnunarkorta og ef svo er, hverjar eru þær? Ef svo er ekki, telur ráðherra að afsláttarsvið umönnunarkortanna sé nægilega víðtækt?

1083. Fyrirspurn [730. mál]

til samgönguráðherra um vegamál í Vestur-Landeyjum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Eru uppi áætlanir um úrbætur á vegi 255 í Vestur-Landeyjum til vesturs í framhaldi af afgerandi áskorun íbúa á svæðinu 1. mars sl. til þingmanna Suðurkjördæmis og Vegagerðarinnar vegna ófremdarástands í samgöngumálum svæðisins?

1084. Fyrirspurn [731. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsumhverfi dagmæðra.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að breytingar á starfsumhverfi dagmæðra hafi, sem fela í sér að hver dagmóðir má ekki hafa fleiri en fjögur börn?
2. Telur ráðherra að breytingin rýri kjör dagmæðra um 20% eins og fram er haldið?
3. Telur ráðherra breytinguna munu leiða til verulegrar hækkunar á vistunargjaldi barna hjá dagmæðrum og þá hve mikillar?

1085. Fyrirspurn [732. mál]

til heilbrigðisráðherra um átröskun.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margir hafa greinst hér á landi með átröskun: lotugræðgi og lystarstol?
2. Hvernig skiptist hópurinn eftir aldri og kyni?
3. Hvaða meðferðarúrræði eru í boði fyrir þá sem greinst hafa?
4. Hvaða fræðsla eða forvarnastarf hefur verið sett í gang vegna þessara sjúkdóma?

Skriflegt svar óskast.

1086. Fyrirspurn [733. mál]

til félagsmálaráðherra um barnavernd.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margar tilkynningar bárust barnaverndarnefndum árið 2003 um slæman eða ónógan aðbúnað barna, sundurliðað eftir umdæmum nefndanna?
2. Hvaðan bárust tilkynningarnar, frá lögreglu, sjúkrahúsum, skólum o.s.frv.?
3. Hverjar eru tilgreindar orsakir tilkynninganna, áhættuhegðun, vanræksla, ofbeldi o.s.frv.?
4. Hvert er algengasta vinnuferlið sem sett er í gang þegar tilkynning berst?
5. Hvaða barnaverndarnefndir eru með bakvaktir vegna barnaverndarmála?

Skriflegt svar óskast.

1087. Nefndarálit [552. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Ólaf Haraldsson og Sigurjón Einarsson frá Blindrafélaginu og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara. Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá landlæknisembættinu, Blindrafélaginu og Landssambandi eldri borgara.

Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar til að lögin uppfylli kröfur stjórnarskrárinnar til gjaldtökuákvæða auk þess sem lagt er til að ráðherra verði veitt almenn reglugerðarheimild um nánari framkvæmd laganna. Við umfjöllun málsins kom fram að þörf er orðin á því að endurskoða ákvæði laganna í heild sinni og mun undirbúningur þess hafin að sögn fulltrúa ráðuneytisins.

Breytingin sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins á 1. mgr. 4. gr. laganna felur í raun í sér að Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra skuli aðeins annast þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar. Það er þó ekki ætlunin því að í 3. gr. frumvarpsins er gjaldtökuheimild annars vegar fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og hins vegar fyrir þá sem eru það ekki. Að mati nefndarinnar þarf því að breyta 1. gr. frumvarpsins þannig að stöðinni sé einnig heimilt að annast þjónustu við aðra en þá sem sjúkratryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum. Þá telur nefndin reglugerðarheimild þá sem lagt er til að ráðherra verði veitt í 4. gr. frumvarpsins of víðtæka og er lagt til að hún verði felld brott. Leggur nefndin til að við endurskoðun laganna verði kannað hvaða reglugerða er þörf og ákvæði sett inn í samræmi við það.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem sjónskertir þurfa á að halda. Heimilt er að veita sjónskertum sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar sömu þjónustu gegn gjaldi, sbr. 2. mgr. 6. gr.
2. 4. gr. falli brott.

Drífa Hjartardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Dagný Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Þuríður Backman.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1088. Svar [629. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um gagnabanka um mænuskaða.

1. Hvenær er áætlað að gagnabanki um mænuskaða verði formlega opnaður?

Á undanförnum missirum hefur verið unnið að því að athuga forsendur fyrir því að afla og miðla þekkingu um meðferð við mænuskaða og hugsanlega lækningu þeirra í framtíðinni.

Í fyrsta lagi fól heilbrigðisráðuneytið Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) í nóvember 2002 að kanna forsendur fyrir því að koma á laggirnar alþjóðlegum gagnagrunni á sviði mænuskaða. Var það gert í framhaldi af alþjóðlegri ráðstefnu um mænuskaða og meðhöndlun þeirra, sem haldin var hér á landi árið 2001, og stuðningi dr. Gro Harlem Brundtland, þáverandi aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), við að hér á landi yrði komið á fót sérstakri samstarfsmiðstöð WHO (Collaborating Center) til stuðnings aðgerðum stofnunarinnar á heimsvísu á sviði mænuskaða. Landspítali – háskólasjúkrahús skilaði skýrslu um málið í maí 2003. Þar kemur fram að starfshópur um alþjóðlegan gagnagrunn og samstarfsmiðstöð LSH og WHO á sviði mænuskaða telji umrædda samstarfsmiðstöð áhugavert en mjög kostnaðarsamt langtímaverkefni sem þörf væri á að skilgreina nánar. Enn fremur áleit starfshópurinn að gagnabanki, sem að einhverju leyti byggðist á upplýsingum sem ekki væru gagnreyndar, gæti stangast á við vísindastefnu LSH. Var því lagt til að upprunalegar hugmyndir um samstarfsmiðstöð og gagnabanka yrðu endurskoðaðar og verkefninu sniðinn stakkur í samræmi við fjárhagsramma þess. Í skýrslunni er bent á nokkur verkefni sem hægt væri að sinna betur en gert er í dag, svo sem ókeypis aðgang að völdum greinum, þýðingu á völdum greinum og útdrætti úr greinum, aukningu á efni í gagnreynda gagnagrunna og aukið upplýsingaflæði um klínískar leiðbeiningar um meðferð við mænusköðum.

Í öðru lagi, og í framhaldi af skýrslu LSH, skipaði heilbrigðisráðherra í lok september 2003 nefnd undir formennsku Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sem fékk það verkefni að afla og miðla þekkingu um meðferð við mænuskaða og hugsanlega lækningu þeirra í framtíðinni. Verkefni nefndarinnar er í aðalatriðum tvíþætt, annars vegar að koma á fót upplýsingamiðlun um mænuskaða með því að afla aðgangs að tímaritum, greinum, útdrætti úr greinum, vísindalegum greinargerðum og rannsóknarniðurstöðum um mænuskaða og hins vegar að standa fyrir fundum og ráðstefnum um mænuskaða. Nefndin er enn að kanna forsendurnar fyrir því að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd og þar af leiðandi er á þessari stundu ekki hægt að svara því hvenær umræddur gagnabanki eða upplýsingamiðlun tekur formlega til starfa.

2. *Hvaða þættir í vinnu við gagnabankann hafa dregið opnun hans á langinn?*

Allir þeir sérfræðingar sem ráðuneytið hefur haft samband við hafa lagt áherslu á að þörf sé á að skilgreina verkefnið nákvæmlega í upphafi. Mikil tími hefur farið í að ræða um hlutverk og uppbyggingu gagnabankans eða upplýsingamiðlunarinnar. Jafnframt hafa umræður um skipan alþjóðlegs ráðgjafahóps (International Advisory) um uppbyggingu og rekstur gagnagrunnsins orðið tímafrekar. Nú í lok febrúar 2004 kom bandarískur sérfræðingur, sem hugsanlega gæti farið fyrir slíkum ráðgjafahópi, hingað til lands til skrafs og ráðagerða um rekstur umrædds gagngrunns.

3. *Hefur verið ákveðið að ráða bankastjóra gagnabanka um mænuskaða?*

Þegar hefur verið rætt við einstakling sem gæti komið til greina sem forstöðumaður umrædds gagnabanka.

4. *Ef ráðning er á dagskránni, er tryggt að bankastjóri gagnabankans hafi reynslu af og sérþekkingu á uppbyggingu sambærilegra banka?*

Að sjálfsögðu verður leitast við að ráða til verksins einstakling sem er hæfur til þess að sinna þessu verkefni í samræmi við þær skilgreiningar sem þá lægju til grundvallar rekstri gagnabanka af þessu tagi.

1089. Svar [609. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Láru Margrétar Ragnarsdóttur um kostnaðargreiningarkerfi í heilbrigðisþjónustu.

1. *Hvers vegna þáðu heilbrigðisyfirvöld á Íslandi ekki boð sem þau fengu á áttunda áratugnum um faglega og fjárhagslega aðstoð við að þróa og byggja upp á sjúkrahúsum DRG-kerfi (Diagnostic Related Groups, áætlana- og kostnaðargreiningarkerfi), sem nú er verið að þróa á LSH, þegar kerfið hafði á þeim tíma, þ.e. fyrir um 20 árum, verið tekið í notkun með ágætum árangri í ýmsum ríkjum sem við miðum okkur við?*

DRG-kerfið var tekið í notkun upp úr 1980 í Bandaríkjunum og fljótlega lögðu Ríkisspítalar í umtalsverða vinnu í að skoða kerfið undir verkefnisstjórn Láru Margrétar Ragnarsdóttur. Var m.a. haft samband við stofnanda DRG-kerfisins, Robert Fetter, sem kom hingað til lands í heimsókn. Megintilgangur þessarar vinnu var að fá samanburð á starfsemi spítalans við aðra spítala. Gerðar voru tilraunir með DRG-kerfið sem höfðu þann megintilgang að bera legudaga á Ríkisspítölunum saman við spítala erlendis. Sendi spítalinn upplýsingar um DRG-mælingar til Bandaríkjunum í úrvinnslu fyrir tvö ár. Þessar upplýsingar náðu yfir tæpan helming af starfsemi spítalans en umfangsmikil starfsemi eins og geðsvið, endurhæfing, langlega, öldrunarþjónusta og göngudeildir var ekki mæld samkvæmt DRG-kerfinu. Á þessum tíma var notkun DRG-kerfisins á byrjunarstigi og var það aðallega notað í Bandaríkjunum og Ástralíu. Komu upp erfiðleikar við að breyta sjúkdómsgreiningarkvótanum sem þá var notaður hér á landi yfir í bandaríska staðla. Öll þessi samskipti voru á vegum Ríkisspítala og vann Lára Margrét Ragnarsdóttir, þá starfsmaður Ríkisspítalanna, að þessum málum.

2. *Hvenær hófst kynning á DRG-kerfinu í læknis- og hjúkrunarkennslu á Íslandi?*

Samkvæmt upplýsingum kennara í Háskóla Íslands þá var farið að kynna DRG-kerfið lauslega undir lok níunda áratugarins.

3. *Var rætt um eða það skoðað að taka upp kostnaðargreiningarkerfi á Landspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala fyrir sameiningu þeirra?*

Við sameininguna var ekki skoðað sérstaklega hvort rétt væri að taka upp DRG-mælingar áður en farið væri út í sameiningu enda var notkun slíks kerfis ekki talin forsenda fyrir sameiningu spítalanna. Var Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar fengin til að meta hagkvæmni sameiningarinnar áður en ákvörðun var tekin. Erfitt er að sjá hvaða áhrif DRG-mælingar hefðu getað haft við ákvörðun um sameiningu spítalanna. Fyrir hluta verkefna Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur voru ekki til DRG-mælingar og verkaskipting var þó nokkur milli spítalanna þannig að ekki var hægt að bera saman nema hluta starfseminnar. DRG-mælingar eru ágætar svo langt sem þær ná til að bera saman afköst og kostnað á ákveðnum sviðum, en segja í sjálfu sér lítið um hagkvæmni sameiningar. Til þess þarf aðrar mælingar eins og Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar gerði á sínum tíma.

4. *Var rætt um eða það skoðað að bíða með sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík þar til kostnaðargreiningarkerfi hefði verið sett upp þannig að auðveldara yrði að meta árangur og hagræðingu af sameiningu sjúkrahúsanna?*

Eins og kemur fram í svari við 3. lið var það ekki skoðað sérstaklega enda var það ekki talin forsenda fyrir sameiningu að DGR-kerfi væri í notkun á umræddum sjúkrahúsunum. DGR-kerfið hefur til þessa aðeins náð yfir hluta af starfsemi spítalanna og t.d. hefur það ekki

verið notað á geðsviði, endurhæfingasviði eða í göngudeildar- og öldrunarþjónustu. Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í notkun DRG-kerfisins en Norðurlöndin hafa með sér samstarf um viðhald og þróun kerfins. Nú er unnið að þróun kerfis sem nær yfir göngudeildarstarfsemi spítalanna og eins hefur verið skipaður vinnuhópur til að kanna möguleika á að taka upp DRG-kerfi innan endurhæfingar.

1090. Frumvarp til laga [734. mál]

um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lögin taka einnig til þjónustu, þ.m.t. þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Lög þessi gilda jafnt um vörur sem boðnar eru gegn gjaldi og endurgjaldslaust, þ.m.t. vöru sem framleidd er og notuð í sýningar- og auglýsingaskyni.
b. Orðin „til notkunar“ í 3. mgr. falla brott.
c. 4. mgr. orðast svo:

Ákvæði 8. og 9. gr. laga þessara taka ekki til vöru eða þjónustu sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru eða þjónustu. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemmra en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu þau ákvæði gild. Hið sama á við um skyldur framleiðenda og dreifingaraðila eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Hugtakið þjónusta.

Orðið þjónusta merkir í lögum þessum þjónustu sem eingöngu eða að verulegu leyti er boðin neytendum.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar eiga við um seljendur þjónustu eftir því sem við getur átt.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Opinber markaðsgæsla merkir skipulagða viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur og þjónusta á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu- og umhverfisvernd. Opinber markaðsgæsla greinist í markaðseftirlit og töku stjórnvaldsákvarðana til að framfylgja reglum um öryggi vöru og þjónustu.

Markaðseftirlit merkir skipulagt eftirlit með vörum og þjónustu á markaði. Það greinist í skoðun vöru annars vegar og skipulagða öflun upplýsinga um vörur og þjónustu á markaði hins vegar, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar.

Með skoðun vöru er átt við rannsókn á vöru og ákvörðun um hvort hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, er verða 7. gr. a og 7. gr. b, svohljóðandi:

a. (7. gr. a.)

Tilnefndur aðili.

Tilnefndur aðili er aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda.

b. (7. gr. b.)

Tilkynntur aðili.

Tilkynntur aðili er tilnefndur aðili sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB sem hæfan til að framkvæma samræmismat fyrir tilteknar vörur samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera án áhættu fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningar- og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.
2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.
3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.
4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Afturköllun og vara tekin af markaði.

Afturköllun merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að hættulegri vöru, sem framleiðendur eða dreifingaraðilar hafa þegar afhent eða boðið neytendum, verði skilað.

Að vara sé tekin af markaði merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu eða sé sýnd eða boðin neytendum.

8. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Vara telst vera örugg ef hún er í samræmi við skilyrði sem fram koma í innlendum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem birtir hafa verið hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum.
2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.
3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.
4. Alþjóðlegum stöðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr.
5. Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinnar vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-ríkis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

9. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Framleiðandi vöru skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um þá áhættu sem fylgir vöru og gera varúðarráðstafanir gegn slíkri áhættu ef áhættan er ekki augljós. Það að slíkar upplýsingar séu veittar leiðir ekki til undanþágu frá öðrum ákvæðum laga þessara.

Framleiðendum og dreifingaraðilum ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað, t.d. með því að fela tilnefndum eða tilkynntum aðila yfirferð samræmisyfirlýsingar þegar þess er krafist samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru, gera úrtaksprófanir á markaðssettum vörum, taka kvartanir til meðferðar og veita upplýsingar um hættueiginleika vörunnar, framleiðanda hennar og tilvísunarnúmer vörunnar, eða þar sem við á, framleiðslulotunnar sem hún tilheyrir.

Dreifingaraðila vöru er skylt að gæta þess vandlega að farið sé að gildandi öryggiskröfum og afhenda ekki vörur sem hann veit eða má vita að uppfylli ekki þessar kröfur með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum og sem fagmaður.

Ef framleiðendur og dreifingaraðilar vita eða hafa mátt vita að vara sem þeir hafa markaðssett stofni neytendum í hættu eða veruleg áhætta geti fylgt áframhaldandi notkun hennar án frekari öryggisráðstafana eða úrbóta skulu þeir tafarlaust tilkynna eftirlitsstjórnvöldum um það. Í slíkum tilvikum ber þeim að upplýsa eftirlitsstjórnvald um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein er skylt að senda eftirlitsstjórnvöldum í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem viðkomandi vörur hafa verið markaðssettar eða afhentar neytendum á annan hátt. Ef um alvarlega áhættu er að ræða skulu þessar upplýsingar fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi atriði:

1. Upplýsingar sem gera kleift að bera nákvæm kennsl á viðkomandi vöru eða framleiðslulotu.
2. Nákvæma lýsingu á hættunni sem viðkomandi vörur hafa í för með sér.
3. Allar tiltækar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að rekja uppruna vörunnar.

4. Lýsingu á aðgerðum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin.

Dreifingaraðilum er skylt að halda utan um skjöl sem nauðsynleg eru til að rekja uppruna vöru. Skjöl skulu geymd í þann tíma sem telst eðlilegur miðað við endingartíma vörunnar, þó aldrei skemur en skylt er að geyma skjöl samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga.

Ef aðgerðir þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. eru ekki nægilegar er framleiðendum og dreifingaraðilum skylt að afturkalla vöru eða taka hana af markaði samkvæmt ákvörðun eftirlitsstjórnvalds.

Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu ekki flytja út frá Íslandi vöru eða þjónustu til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi hún verið tekin af markaði vegna hættu sem neytendum stafar af vörunni eða þjónustunni.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um þjónustu eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sérreglur um öryggi vöru“ í 1. mgr. kemur: eða þjónustu.
b. Orðin „í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. falla brott.
c. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Kröfur sem vara eða þjónusta verður að uppfylla til að teljast örugg.
d. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Varúðar- og notkunarleiðbeiningar sem tryggja örugga notkun vöru skulu vera í eðlilegri lesstærð og á íslensku ritmáli ef það á við.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skyldur framleiðenda og dreifingaraðila.

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að veita þeim aðstoð í tengslum við aðgerðir sem stuðla eiga að öryggi neytenda. Þá er þeim skylt að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra ef eftirlitsstjórnvöld óska eftir því í tengslum við rannsókn máls.

12. gr.

7. tölul. 14. gr. laganna orðast svo: Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði.

13. gr.

1. og 2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Löggildingarstofa skal stofnsetja samvinnunefndir um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld, skoðunarstofur og tilnefnda aðila eftir því sem við getur átt.

Samvinnunefnd skal tryggja skilvirkni í markaðseftirliti með því að fjalla um starfsáætlanir og skipulag markaðseftirlits eftirlitsstjórnvalda, svo og athugasemdir sem þeim berast og gerðar eru um einstakar vörur og vöruflokka, og gera tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun um skilvirkt eftirlit með vöru samkvæmt lögum þessum eða sérlögum ef það á við.

14. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, sem orðast svo: Lögregla skal tilkynna Löggildingarstofu um slys sem hún rannsakar ef ætla má að orsök þess sé af völdum vöru eða þjónustu sem lög þessi taka til.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu vöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunar- og skoðunarskýrslur.
b. Á eftir orðunum „getur eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

16. gr.

Á eftir orðunum „Eftirlitsstjórnvöld skulu“ í 21. gr. laganna kemur: afturkalla, taka af markaði eða.

17. gr.

Á eftir orðunum „í tengslum við“ í 1. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða.

18. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að krefjast þess að vara eða þjónusta sem getur haft í för með sér áhættu við tiltekin skilyrði sé merkt með upplýsingum á íslensku um þá áhættu sem kann að vera samfara vörunni eða þjónustunni.

19. gr.

Á eftir orðunum „Hafi eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

20. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarstofu“ í 26. gr. laganna kemur: og tilnefndir aðilar.

21. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, svohljóðandi:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB, um öryggi vöru.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er unnið á vegum viðskiptaráðuneytisins og miðar aðallega að því að koma til framkvæmda hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. des-

ember 2001, um öryggi vöru. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 15. janúar 2002. Aðildarríkjum bar skylda til að leiða ákvæði tilskipunarinnar í lög fyrir 15. janúar 2004 og sambærileg skylda hvílir á Íslandi á grundvelli EES-samningsins.

Tilskipunin hefur í för með sér breytingar á lögum allra Norðurlandanna um vöruöryggi og var í kjölfar samþykktar tilskipunarinnar stofnaður norrænn vinnuhópur til að samræma norræna löggjöf á sviðinu.

Tilskipunin felur í sér endurskoðun á tilskipun 92/59/EBE frá 29. júní 1992, um öryggi framleiðsluvöru, en gildandi ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eru íslensk innleiðing á ákvæðum þeirrar tilskipunar. Í 17. gr. tilskipunar 92/59/ EBE var kveðið á um að hún skyldi taka gildi 29. júní 1994. Í tilskipuninni var einnig tekið fram að fjórum árum eftir gildistöku hennar, þ.e. 29. júní 1998, skyldi ráðið ákveða, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu með hliðsjón af viðeigandi tillögum, hvort breyta skyldi tilskipuninni. Á grundvelli þeirrar vinnu sem fram fór í samræmi við framangreind ákvæði tilskipunar 92/59/EBE þótti nauðsynlegt að breyta tilskipuninni og var það gert með áðurnefndri tilskipun 2001/95/EB. Breytingarnar miða helst að því að styrkja og skýra einstök ákvæði tilskipunarinnar í ljósi reynslunnar auk þess sem breyta þurfti ákvæðum hennar í takt við þróun á sviði neytendaverndar. Þá þurfti að gera breytingar á tilskipuninni með tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á Rómarsamningnum, sérstaklega 152. gr. um almannaheilbrigði (lýðheilsu) og 153. gr. um neytendavernd, og í ljósi varúðarreglunnar. Helsta markmiðið með breytingunum er að samhæfa löggjöf aðildarlanda Evrópusambandsins og EES-ríkjanna, en misræmi í löggjöf landanna getur leitt af sér viðskiptahindranir og haft neikvæð og hamlandi áhrif á samkeppni.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi löggjöf um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu í því skyni að aðlaga lögin að umræddri tilskipun um vöruöryggi. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að lög um öryggi vöru taki ekki aðeins til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, eins og gildandi lög gera ráð fyrir, heldur einnig til þjónustu. Sú tilhögun er í samræmi við lagaþróun á Norðurlöndum, sbr. t.d. löggjöf um öryggi vöru í Svíþjóð og Finnlandi.

Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að gildissvið laganna verði fært út þannig að þau nái til þjónustu, en ekki einungis til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eins og nú er. Þá er lagt til að gildissvið laganna verði gert skýrara gagnvart vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru, svo sem matvæli, eiturefni eða lyf, en ákvæði þessara laga gilda ef ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemmra en ákvæði þessara laga.
2. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að vara teljist örugg þegar hún er framleidd í samræmi við evrópska öryggisstaðla, en um er að ræða staðla sem unnir eru af evrópsku staðalsamtökunum á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni og verða þeir birtir hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.
3. Í þriðja lagi er lögð til breyting sem tryggir að unnt verði að rekja feril vöru, en þar er ítrekuð sú skylda dreifingaraðila að afla samræmisyfirlýsinga og er nú skýrt tekið fram að á þeim hvíli m.a. skylda að geyma skjöl sem tengjast vörunni.
4. Í fjórða lagi er lagt til að skýrar verði kveðið á um skyldu framleiðanda og dreifingaraðila til að afturkalla hættulega vöru af markaði að eigin frumkvæði.
5. Í fimmta lagi er lagt til í frumvarpinu að lagðar verði skyldur á framleiðendur og dreifingaraðila til að upplýsa eftirlitsstjórnvöld um að vara sem sett hefur verið á markað sé hættuleg eða veruleg áhætta geti fylgt notkun hennar án frekari öryggisráðstafana eða

úrbóta af hálfu framleiðanda eða dreifingaraðila, auk þess sem þeim beri í slíkum tilvikum að upplýsa til hvaða ráðstafana þeir hafa gripið.

6. Loks er lagt til að eftirlitsstjórnvöldum sé heimilt að krefjast þess að aðvaranir og upplýsingar um hættueiginleika vöru séu á íslensku enda geti notkun haft með sér áhættu fyrir neytendur við tiltekin skilyrði sem nauðsynlegt er að veita þeim upplýsingar um á þeirra eigin móðurmáli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til í a-lið að gildissvið laganna um öryggi vöru verði víkkað þannig að þau nái einnig til þjónustu, en gildandi lög taka til vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Þetta er lagt til þrátt fyrir að tilskipunin um öryggi vöru nái ekki til þjónustu. Mikil og ör þróun er á sviði þjónustuviðskipta og ljóst er að neytendum kann ekki síður að stafa hætta af viðskiptum með þjónustu en viðskiptum með og meðferð á áþreifanlegum vörum. Umræður hafa farið fram um það, bæði á Norðurlöndunum og á vettvangi Evrópusambandsins, með hvaða hætti stjórnvöld sem fara með vöruöryggismál eigi að þróa eftirlit með þjónustuviðskiptum. Í Finnlandi og Svíþjóð hefur verið farin sú leið að láta lög um öryggi vöru einnig taka til þjónustu, sbr. löggjöf þeirra um öryggi vöru. Á vettvangi Evrópusambandsins er nú unnið að greiningu á þörfum og möguleikum á aðgerðum sem tryggja öryggi þjónustu og bótaábyrgð þjónustuveitanda með það í huga að leggja fram viðeigandi tillögur. Af framansögðu er því ljóst að réttarþróunin á Norðurlöndum og innan Evrópusambandsins er sú að gera sambærilegar öryggiskröfur til vöru og þjónustu.

Í ljósi þessa er talið nauðsynlegt að gildissvið íslenskra laga um almennt vöruöryggi nái einnig til þjónustu og þar með sé tryggt að hér á landi verði unnt að fylgja eftir þróuninni á þessu sviði.

Í öðru lagi er lagt til að skýrt verði tekið fram í lögunum að þau gildi jafnt um vörur sem boðnar eru gegn gjaldi og endurgjaldslaust. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði a-liðar 2. gr. tilskipunar um öryggi vöru og er því m.a. ætlað að ná til vara sem eru framleiddar og notaðar í sýningar- og auglýsingaskyni.

Í þriðja lagi er í b-lið greinarinnar lögð til breyting á 3. mgr. 1. gr. laganna, en þar er nú kveðið á um að lögin taki til vöru sem boðin er neytendum en nái ekki til vöru eða þjónustu sem nær eingöngu er framleidd eða unnin til frekari framleiðslu eða notkunar í atvinnurekstri. Lagt er til að fellt verði brott úr ákvæðinu að lögin nái ekki til vöru eða þjónustu sem nær eingöngu er framleidd til notkunar í atvinnurekstri. Slík takmörkun gengur lengra en ákvæði tilskipunarinnar um öryggi vöru gera ráð fyrir, en af ákvæðum tilskipunarinnar, t.d. a-lið 2. gr., er ljóst að henni er ætlað að gilda um allar vörur sem eru fullunnar og unnt er að bjóða fram á almennum markaði. Því falla ýmiss konar íhlutir ekki undir eftirlit samkvæmt þessu fyrr en við samsetningu. Sem dæmi má nefna að nú hafa verið settar reglur um CE-merkingar á varmaeinangrandi vörum (t.d. steinull). Þessar vörur er að finna á almennum markaði, t.d. í byggingavöruverslunum þar sem neytendur kaupa þessar vörur. Einnig er vel þekkt að slíkar vörur fara beint frá framleiðanda til byggingarverktaka sem notar þær í atvinnurekstri sínum, t.d. við að fullgera íbúðarhúsnæði sem hann síðar selur neytendum. Af framangreindu er ljóst að það er hvorki markmið hinnar nýju tilskipunar né laga um öryggi vöru að undanskilja tilvik af því tagi sem hér hafa verið nefnd enda yrði framkvæmd markaðseftirlits afar erfið varðandi ýmsa vöruflokka. Af þessari ástæðu er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu með þeim hætti sem hér er lagt til.

Loks er lögð til breyting á 4. mgr. 1. gr. laganna til samræmingar við ákvæði 2. mgr. 1. gr. vöruöryggistilskipunarinnar þar sem greint er á milli almennra öryggiskrafna sem gerðar eru til vöru í lögum um öryggi vöru og ákvæðum sérlaga um öryggi tiltekinna vörutegunda sem sérstök lög gilda um. Við mat á öryggi slíkra vörutegunda ber að fara eftir slíkum sérlögum og sérreglum sem um þær vörur gilda sérstaklega. Í gildandi lögum er kveðið á um að séu ákvæði sérlaga ófullnægjandi eða gangi skemur en ákvæði IV. og V. kafla laganna skuli þau gilda enda sanngjarnt að önnur eftirlitsstjórnvöld sem starfa samkvæmt öðrum sérlögum geti beitt sambærilegum úrræðum og kveðið er á um í þessum lagabálki og er ákvæðið því óbreytt frá gildandi rétti. Í ákvæðinu er einnig lagt til að séu skyldur framleiðanda og dreifingaraðila til samstarfs við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld minni en þær almennu reglur sem hér er kveðið á um skuli ákvæði þessara laga gilda og koma því til fyllingar við túlkun og framkvæmd sérlaga að þessu leyti.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna skuli ekki ná aðeins til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eins og nú er gert í gildandi lögum um öryggi vöru heldur einnig að þau taki framvegis til þjónustu. Nauðsynlegt er að í lögunum sé skilgreining á hugtakinu þjónusta og er því lagt til í 2. gr. frumvarpsins að slíkri skilgreiningu verði bætt við lögin. Eins og fram kemur í skilgreiningunni afmarkast hugtakið samkvæmt þessu frumvarpi við þjónustu sem eingöngu eða að verulegu leyti er boðin neytendum. Þjónustuviðskipti milli tveggja aðila sem stunda atvinnurekstur falla því utan þessa hugtaks og þar með gildissviðs þessa frumvarps.

Viðskipti við neytendur með þjónustu af ýmsu tagi hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Sem dæmi um slík viðskipti má nefna svonefndar ævintýraferðir fyrir ferðamenn þar sem brýnt getur verið að nota öryggistæki, svo sem persónuhlífar. Nýlega voru konu dæmdar skaðabætur í Héraðsdómi Reykjavíkur er hún missti fót í slíkri ævintýraferð. Almenn þróun, bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hefur sýnt að eftirlitsstjórnvöld á sviði vöruöryggis geta við framkvæmd eftirlits með vöru haft áhrif undir ýmsum kringumstæðum á öryggi þjónustu. Það er því talið rétt að gildissvið laganna taki framvegis til þjónustu enda er það til þess fallið að stuðla að almennu öryggi neytenda og betri neytendavernd.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 4. gr. laganna þar sem fram kemur að ákvæði 4. gr. eigi einnig við um seljendur þjónustu eftir því sem við getur átt. Er það í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu að ákvæði laganna skuli nú ná til þjónustu, en ekki aðeins til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eins og gildandi lög mæla fyrir um.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar á 5. gr. laganna er taka tillit til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði laganna um öryggi vöru skuli einnig taka til þjónustu.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að tveimur nýjum greinum, 7. gr. a og 7. gr. b, verði bætt við lögin þar sem fram koma skilgreiningar á hugtökunum tilnefndur aðili og tilkynntur aðili.

Á vettvangi ESB hefur á undanförnum árum verið lögð sífellt meiri áhersla á svokallaða „nýja aðferð“ en hún byggist á því að framleiðendur ábyrgjast að vörur sem þeir framleiða

séu í samræmi við staðla þegar lög og reglugerðir gera kröfu til þess að varan uppfylli slíka staðla og skuli vera CE-merkt. Samkvæmt þessu kerfi er algengt að í tilskipunum séu gerðar kröfur um að stjórnvöld tilnefni óháða aðila sem þau treysta til þess að yfirfara og meta hvort hlutaðeigandi vara uppfylli settar kröfur og því megi merkja hana með CE-merkinu. Samkvæmt íslenskum lögum er faggildingarsviði Löggildingarstofu falið að meta hvaða aðilar geti verið tilnefndir til slíkra verkefna. Að loknu mati á því hvort umsækjandi fullnægi kröfum til að vera tilnefndur aðili fyrir það vörusvið sem hann hefur sótt um þá tilkynnir stofnunin hlutaðeigandi ráðuneyti um þá aðila sem teljast uppfylla hæfisskilyrði að þessu leyti. Samkvæmt ákvæðum tilskipana ESB ber síðan hlutaðeigandi ráðuneyti að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og framkvæmdastjórnar ESB um einn eða fleiri aðila sem ráðuneytið vill að verði færðir á lista framkvæmdastjórnar ESB yfir hæfa aðila á hlutaðeigandi sviði. Sem dæmi um það ferli sem hér er lýst má nefna ákvæði í reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 341/2003, um fólkslyftur og vörulyftur, sbr. einkum II. og III. kafli reglugerðarinnar og 4. tölul. VI. viðauka reglugerðarinnar.

Í 7. gr. laga um öryggi vöru er kveðið á um að unnt sé að fela faggiltum skoðunarstofum markaðseftirlit. Í því felst að einkaaðilum er falin framkvæmd markaðseftirlitsins samkvæmt almennu útboði Löggildingarstofu á þeim úrtaksskoðunum sem hún telur nauðsynlegt að gera hverju sinni, svo og til að verða við beiðnum sem henni berast í gegnum svonefnt RAPEX-tilkynningarkerfi Evrópusambandsins um hættulegar vörur á EES-markaðnum.

Þetta eftirlit sem kennt hefur verið við „nýja aðferð“ er sem fyrr segir í stöðugri þróun og í nýjum tilskipunum ESB er svokölluðum *tilnefndum aðilum* (e. designated bodies) falið að meta hvort vörur séu hæfar til markaðssetningar, sbr. til að mynda áðurnefnd ákvæði um lokaskoðun á lyftum o.s.frv. Fyrirsjáanlegt er að í æ fleiri tilskipunum ESB, svo og íslenskum lögum og reglugerðum sem sett verða til að innleiða slík ákvæði, verði sífellt meira vísað til þessa kerfis sem hér hefur verið lýst. Af þessum ástæðum þykir nú rétt að hugtakið sé skilgreint í almennum lögum um öryggi vöru, sbr. einnig notkun þessa hugtaks í 9. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að ný grein, 9. gr. a, bætist við ákvæði laganna um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Er því lagt til að nýju ákvæði, 7. gr. a, verði bætt við lögin og að þar verði tilnefndur aðili skilgreindur sem aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda.

Í framtíðinni kann einnig að vera nauðsynlegt að nota síðar heimildarákvæði laganna um setningu reglugerða, sbr. ákvæði 27. gr. í gildandi lögum, og nú þegar nota ýmis ráðuneyti þetta hugtak í reglum sem þau eru að setja til að innleiða tilskipanir ESB. Þessi sjónarmið eiga einnig við varðandi nauðsyn þess að setja í lög um öryggi vöru skilgreiningu á hugtakinu tilkynntur aðili.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að í 7. gr. b verði *tilkynntir aðilar* (e. notified bodies) skilgreindir, en það eru þeir tilnefndu aðilar sem hlutaðeigandi stórnvöld á hverjum tíma ákveða að skuli tilkynntir til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og framkvæmdastjórnar ESB. Á stjórnvöldum hvílir ekki skylda til þess að tilkynna til ESA um alla aðila sem tilnefndir hafa verið á hlutaðeigandi vörusviði. Þegar um er að ræða vörur sem unnt er að flytja og markaðssetja á öllum innri markaðnum mundu yfirleitt flestir tilnefndir aðilar verða tilkynntir með framangreindum hætti. Nauðsynlegt þykir að hafa þetta hugtak einnig í lögunum.

Nú þegar reynir nokkuð á notkun þessa hugtaks samkvæmt ýmsum reglugerðum sem settar hafa verið á undanförnum árum, sbr. t.d. áðurnefnda reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 341/2003. Í framtíðinni munu sífellt fleiri reglugerðir verða settar sem byggjast á þessum hugtökum þar sem fyrirsjáanlegt er að sífellt fleiri vöruflokkar muni falla undir „nýju aðferðar“ lagasetningu Evrópusambandsins sem á að tryggja frjálst flæði vöru og einföldun í

eftirliti á markaðnum. Fleiri og fleiri vörutegundir munu því í framtíðinni lúta þessu kerfi við markaðssetningu á vörum og vera lykilatriði varðandi frjálst flæði vöru á innri markaðnum.

Loks má geta þess að þegar stjórnvöld hafa tilkynnt aðila til ESA og framkvæmdastjórnar ESB er á heimasíðum ESB birtur listi yfir alla tilkynnta aðila frá öllum EES-ríkjunum. Framangreind tilkynning íslenskra stjórnvalda hefur þau áhrif að önnur aðildarríki á EES-svæðinu verða að samþykkja öll vottorð, skýrslur og ákvarðanir sem tilkynntur aðili gefur út eða tekur við framkvæmd starfa sinna. Jafnframt veitir framangreind tilkynning tilkynntum aðila fullan rétt til að veita þjónustu í öllum ríkjum EES-svæðisins fyrir þær vörur sem tilnefning hans tekur til.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. gildandi laga er að finna skilgreiningu á því hvað telst örugg vara og koma þar fram þau viðmið sem hafa ber til hliðsjónar við mat á því hvort vara telst vera örugg. Er ákvæðið í samræmi við eldri tilskipunina um öryggi framleiðsluvöru, nr. 92/59/EBE. Í b-lið 2. gr. nýju tilskipunarinnar nr. 2001/95/EB um öryggi vöru er að finna ítarlegri ákvæði um þetta efni. Síðan lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu voru samþykkt hafa einnig orðið aðrar breytingar er snerta skilgreininguna á því hvað telst örugg vara. Þannig er t.d. í tilskipun 99/44/EB sem innleidd var á Íslandi með lögum nr. 48/2003, um neytendakaup, m.a. að finna nýja skilgreiningu á hugtakinu galli í neytendakaupum. Þannig getur vara t.d. reynst gölluð ef um er að ræða hlut sem neytandi á að setja saman ef leiðbeiningar um samsetningu hlutarins eru ófullnægjandi af hálfu seljanda, sbr. nánari umfjöllun um þessi atriði í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 48/2003. Tekur nýja tilskipunin um öryggi vöru mið af þeirri þróun sem orðið hefur á því við hvaða þætti eigi að miða þegar það skal metið hvort varan teljist vera örugg eða ekki. Hér er því að finna innleiðingu á ákvæðum hinnar nýju tilskipunar um þetta efni.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði nýrri grein við lögin, 8. gr. a, þar sem fram koma skilgreiningar á hugtökunum „afturköllun“ og „vara tekin af markaði“. Skilgreiningarnar eru í samræmi við g- og h-lið 2. gr. tilskipunar um öryggi vöru.

Með afturköllun er átt við ráðstafanir sem miða að því að hættulegri vöru sem þegar hefur verið afhent eða boðin neytendum verði skilað. Það að vara sé tekin af markaði merkir þær aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu, verði til sýnis eða verði boðin neytendum. Það að vara sé tekin af markaði á að tryggja að neytendur geti framvegis ekki keypt viðkomandi vöru. Þetta getur t.d. falist í því að vörur eru fjarlægðar af útsölustöðum. Það að vara sé tekin af markaði hefur þannig ekki áhrif á vörur sem þegar eru komnar til neytenda. Það telst hins vegar til afturköllunar þegar ráðstafanir eru gerðar til að fjarlægja vörur sem þegar eru komnar til neytenda.

Í tilskipuninni koma ekki fram reglur um uppgjör milli neytanda og seljanda þegar vara er afturkölluð og gilda því ákvæði laga um neytendakaup þar um.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á 9. gr. laga um öryggi vöru. Lagt er til að þrjár nýjar málsgreinar komi í stað 2. mgr. greinarinnar þar sem nú koma fram þau atriði sem höfð skal hliðsjón af þegar öryggi vöru er metið í þeim tilvikum þar sem lög kveða ekki sérstaklega á um öryggi vöru.

Í fyrstu málsgreininni, sem verður 2. mgr. 9. gr., er kveðið á um að vara teljist örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem koma fram í innlendum stöðlum sem innleiða Evrópustaðla. Ákvæðið er í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um öryggi vöru, en í tilskipuninni er mælt fyrir um að komið skuli á fót Evrópustöðlum sem taka til tiltekinna vara og áhættu, þannig að vara sem uppfyllir innlendan staðal sem innleiðir Evrópustaðal skal talin örugg vara. Er þetta gert í því skyni að einfalda skilvirka og samræmda beitingu almennra öryggiskrafna tilskipunarinnar. Þannig gera samræmdir Evrópustaðlar það að verkum að auðveldara verður fyrir framleiðendur vöru að sjá hvaða kröfur eru gerðar til öryggis vöru auk þess sem þeir tryggja samræmda framkvæmd tilskipunarinnar um öryggi vöru á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. er ekki ætlað að koma í veg fyrir að gerðar séu strangari kröfur til öryggis vöru í þeim tilvikum þar sem sérstök lög eða reglur gilda um öryggi vöru. Þá er ákvæðinu ekki ætlað að koma í veg fyrir að gerðar séu strangari kröfur af hálfu eftirlitsstjórnvalds ef stjórnvaldið getur sýnt fram á að varan sé hættuleg þrátt fyrir að hún uppfylli umræddu staðla.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar koma fram þau atriði sem höfð skal hliðsjón af við mat á því hvort vara er örugg í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Þegar aðstæður þær sem um getur í 1. og 2. mgr. 9. gr. eru ekki fyrir hendi skal einkum höfð hliðsjón af eftirfarandi þáttum, séu þeir fyrir hendi, þegar öryggi vöru er metið. Í fyrsta lagi skal höfð hliðsjón af íslenskum stöðlum. Í öðru lagi skulu tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru höfð til viðmiðunar. Í þriðja lagi skal líta til gildandi laga og reglna um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar. Í fjórða lagi skal höfð hliðsjón af öðrum alþjóðlegum stöðlum, t.d. ISO-stöðlum. Loks skal höfð hliðsjón af öðrum viðeigandi atriðum, svo sem eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tækni og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu. Rétt er að taka fram að upptalningin í ákvæðinu er ekki tæmandi og að röð atriða í upptalningunni hefur ekki þýðingu varðandi mikilvægi.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að séu ekki til sérákvæði um öryggi tiltekinnar vöru í tilskipunum Evrópusambandsins teljist varan örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-ríkis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að nýrri grein, 9. gr. a, verði bætt við lögin til samræmis við fyrirmæli 5. gr. og I. viðauka tilskipunarinnar um öryggi vöru um skyldur framleiðenda og dreifingaraðila.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að framleiðanda vöru beri að upplýsa neytendur um áhættu sem fylgt getur vörunni á eðlilegum og fyrirsjáanlegum notkunartíma hennar sé hún ekki augljós og gera varúðarráðstafanir gegn slíkri áhættu. Í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur skýrt fram að þó að varað sé við áhættu undanþiggur það viðkomandi aðila ekki þeirri skyldu að hlíta öðrum fyrirmælum laga um öryggi vöru. Ákvæðið byggist á 1. og 2. lið 1. mgr. 5. gr. vöruöryggistilskipunarinnar.

2. mgr. er í samræmi við 3. og 4. lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Þar er lagt til að mælt verði fyrir um að framleiðendum og dreifingaraðilum beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað. Dæmi um slíkar ráðstafanir eru að fela

tilnefndum eða tilkynntum aðila yfirferð samræmisyfirlýsingar þegar lög eða reglur sem gilda um viðkomandi vöru gera kröfu um það, að gera úrtaksprófanir á markaðssettum vörum, taka kvartanir til meðferðar og veita upplýsingar um hættueiginleika vörunnar, framleiðanda hennar og tilvísunarnúmer vörunnar, eða þar sem við á, framleiðslulotunnar sem hún tilheyrir. Þessar aðgerðir skulu framkvæmdar að eigin frumkvæði eða að beiðni lögbærra yfirvalda.

Í 3. mgr. er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði sem er í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið snýr einungis að dreifingaraðilum vöru og kveður á um skyldu þeirra til að gæta þess vandlega að farið sé að gildandi öryggiskröfum og afhenda ekki vörur sem þeir vita eða ættu að vita, með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og sem fagmenn, að uppfylla ekki gildandi öryggiskröfur.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og I. viðauka tilskipunarinnar um öryggi vöru. Í málsgreininni er lagt til að kveðið verði á um að ef framleiðendur eða dreifingaraðilar fá eða ættu hafa vitneskju um að vara sem þeir hafa sett á markað stofni neytendum í hættu eða veruleg áhætta geti fylgt áframhaldandi notkun hennar án frekari öryggisráðstafana eða úrbóta beri þeim að tilkynna eftirlitsstjórnvöldum um það tafarlaust. Auk þess beri þeim að tilkynna eftirlitsstjórnvöldum til hvaða aðgerða þeir hafa gripið til að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu. Með því að leggja slíka tilkynningarskyldu á framleiðendur og dreifingaraðila einnig í tilvikum þar sem þeir „ættu að hafa vitneskju um“ að vara stofni neytendum í hættu er undirstrikuð skylda þessara aðila skv. 2. mgr. ákvæðisins til að halda uppi eigin eftirliti. Þannig geta framleiðendur og dreifingaraðilar ekki undanþegið sig tilkynningarskyldunni samkvæmt málsgreininni með vísan til þess að þeir hafi ekki brugðist við upplýsingum neytenda sem bent gátu til þess að tiltekin vara væri hættuleg. Þá er í samræmi við I. viðauka tilskipunarinnar kveðið á um það í ákvæðinu að framleiðendum og dreifingaraðilum sé skylt að senda eftirlitsstjórnvöldum í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem viðkomandi vörur hafa verið markaðssettar eða afhentar neytendum á annan hátt upplýsingar skv. 4. mgr. ákvæðisins. Ef um er að ræða alvarlega áhættu skulu þær upplýsingar sem koma frá framleiðendum og dreifingaraðilum að lágmarki innihalda í fyrsta lagi upplýsingar sem gera kleift að bera nákvæm kennsl á viðkomandi vöru eða framleiðslulotu, í öðru lagi nákvæma lýsingu á hættunni sem viðkomandi vörur hafa í för með sér, í þriðja lagi allar tiltækar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að rekja uppruna vörunnar og í fjórða lagi lýsingu á aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin.

Í 5. mgr. er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði sem tryggja á að unnt sé að rekja uppruna vöru. Ákvæðið er í samræmi við síðari hluta 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Í fyrri málslið ákvæðisins er sú skylda lögð á dreifingaraðila að halda utan um skjöl sem nauðsynleg eru til að rekja uppruna vöru. Upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til að rekja uppruna vöru eru nafn og heimilisfang fyrri söluliðar, innflytjanda eða framleiðanda auk upplýsinga um vörunúmer eða önnur þau skjöl sem gera það mögulegt að bera kennsl á viðkomandi vöru. Í síðari málslið málsgreinarinnar er kveðið á um að geyma skuli upplýsingarnar í þann tíma sem telst eðlilegur miðað við endingartíma vörunnar. Þó er aldrei gerð krafa um að upplýsingar séu geymdar lengur en skylt er að geyma skjöl samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga. Í ákvæðinu eru ekki fyrirmæli um hvernig geyma ber umrædd skjöl. Eðlilegt þykir að geymslutíminn sé sá sami og í bókhaldslögum, en reynslan sýnir að afskipti af vöru eiga sér í flestum tilvikum stað innan þess tíma sem þar er kveðið á um.

6. mgr. byggist á 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og kveður á um þá skyldu framleiðenda og dreifingaraðila að afturkalla vöru eða taka hana af markaði samkvæmt ákvörðun eftirlits-

stjórnvalds ef aðgerðir skv. 1. og 2. mgr. eru ekki nægilegar til að koma í veg fyrir hættu sem stafar af vörunni. Við mat á því hvort afturkalla á vöru eða hvort aðrar aðgerðir duga skal taka mið af eðli áhættunnar og því hversu líklegt er að tjón verði. Þegar vara er afturkölluð er mikilvægt að framleiðendur og dreifingaraðilar reyni að koma tilkynningu um afturköllun vörunnar til þeirra neytenda sem keypt hafa hina hættulegu vöru. Ef til er skrá yfir neytendur sem keypt hafa vöruna gefur það tilefni til að hafa beint samband við þá neytendur og veita þeim upplýsingar um galla vörunnar og hættuna sem getur leitt af henni auk þess að skora á þá að skila vörunni. Ef ekki er til skrá yfir kaupendur er eðlilegt að framleiðendur og dreifingaraðilar gefi út fréttatilkynningar, auglýsi í fjölmiðlum og á útsölustöðum og veiti upplýsingar á heimasíðum sínum þar sem neytendur eru hvattir til að skila hinni hættulegu vöru.

Í 7. mgr. er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði sem leggur þá skyldu á framleiðendur og dreifingaraðila að þeir skuli ekki flytja út frá Íslandi vöru eða þjónustu til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins ef vara hefur verið tekin af markaði vegna hættu sem neytendum stafar af vörunni eða þjónustunni.

Loks er í 8. mgr. kveðið á um að ákvæði 9. gr. a eigi einnig við um þjónustu eftir því sem við getur átt.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til fjórar breytingar á 10. gr. laganna. Í fyrsta lagi eru í a- og c-lið lagðar til orðalagsbreytingar sem taka tillit til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði laganna um öryggi vöru skuli einnig taka til þjónustu, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er í b-lið lögð til breyting til samræmis við breytingu á 9. gr. laganna varðandi staðla, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Loks er í d-lið lögð til breyting er varðar varúðar- og notkunarleiðbeiningar, en lagt er til að slíkar leiðbeiningar sem tryggja eiga örugga notkun vöru skuli vera í eðlilegri lesstærð og á íslenski ritmáli ef það á við. Breytingin er lögð til þar sem reynslan sýnir að slíkt ákvæði er nauðsynlegt. Algengt er að leiðbeiningar um örugga meðhöndlun á vöru séu myndrænar. Í framkvæmd hefur reynslan sýnt að slíkar varúðarleiðbeiningar eru oft mjög smáar og illmögulegt að lesa út úr þeim þau skilaboð sem framleiðandi vill koma á framfæri til neytenda. Auk þess er mikilvægt, ef um er að ræða ritaðar leiðbeiningar, að þær séu á íslensku. Í nýlegu tilviki má t.d. nefna að bruni í íbúð hérlendis orsakaðist af því að kveikt hafði verið á tveimur kertum sem voru seld í bastkörfu og í plastumbúðum. Neytandinn tók plastumbúðir af en á botni körfunnar voru smáar og óskýrar myndrænar leiðbeiningar auk viðvörunartexta á ensku og þýsku um að aldrei mætti kveikja í kertunum í körfunum sem þau voru þó seld í. Að kvöld var slökkt á kertunum og þau sett inn í tréskáp í körfunni, en af því hlaust eldsvoði sem olli miklu tjóni á íbúðarhúsnæðinu. Í þessu dæmi er því augljóst að skýrari viðvaranir kynnu að hafa vakið athygli kaupandans á framangreindri hættu sem stafaði af notkun vörunnar. Hér verður einnig að hafa í huga að það er í reynd í þágu framleiðenda að hafa slíkar leiðbeiningar skýrar enda geta þeir sætt skaðabótaábyrgð í samræmi við ákvæði laga um skaðsemisábyrgð auk laga um öryggi vöru.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á 12. gr. laganna um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu vegna fyrirmæla tilskipunarinnar um öryggi vöru um auknar skyldur framleiðenda og dreifingaraðila. Lagt er til að í upphafi ákvæðisins verði bætt við nýjum málslið þar sem kveðið verði á um að framleiðendum og dreifingaraðilum sé skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að veita þeim aðstoð í tengslum við aðgerðir sem stuðla eiga að öryggi neytenda. Þá er lagt til að gildandi 12. gr. verði óbreytt síðari málsliður 12. gr., en þar er kveðið á um

skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til afhendingar skráa með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra ef eftirlitsstjórnvöld óska eftir því í tengslum við rannsókn máls.

Um 12. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 7. tölul. 14. gr. laganna. Miðar breytingin að því að leiðrétta tilvísun í gildandi lögum til tilskipunar 83/189/EBE sem ekki á við í þessu sambandi. Jafnframt er skýrt í greininni að Löggildingarstofa skuli vera tengiliður á Íslandi við tilkynningarkerfi ESB um hættulegar vörur, svonefnt RAPEX-kerfi, skv. 12. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

Í tilskipun um öryggi vöru er eftirlitsstjórnvöldum er annast framkvæmd tilskipunarinnar (Löggildingarstofu) gert skylt að taka einnig þátt í Evrópuneti lögbærra (sjá 10. gr. 2001/95/EB) yfirvalda um framkvæmd tilskipunarinnar og sækja fundi í þeirri nefnd sem starfar skv. 15. gr. tilskipunarinnar.

Virk þátttaka og samstarf eftirlitsstjórnvalda á sviði vöruöryggis er því að mati framkvæmdastjórnar ESB ein af meginforsendum frjáls vöruflæðis og viðskipta án hindrana á innri markaði Evrópusambandsins og EES-ríkjanna. Um leið og kostnaðarsömum viðskiptahindrunum er rutt úr vegi fyrir viðskiptalífið er samhliða aukið vægi markaðseftirlits og opinberrar markaðsgæslu.

Helsta ástæða þessarar þróunar er sú að með því telur framkvæmdastjórn ESB að tryggt verði að aukið frelsi í viðskiptum leiði ekki til þess að neytendum stafi aukin hætta af hættulegum vörum á markaðnum. Stjórnsýslukostnaður Löggildingarstofu mun því aukast sem nemur kostnaði við þátttöku vegna þessarar tilskipunar.

Um 13. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna sem fjalla um samvinnunefndir. Í 1. mgr. 16. gr. í gildandi lögum er að finna heimildarákvæði fyrir Löggildingarstofu til að setja á fót samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur. Lagt er til að stofnuninni verði skylt að setja á fót slíkar samvinnunefndir, en Löggildingarstofa gegnir mikilvægu samræmingarhlutverki varðandi þau eftirlitsstörf sem ýmsum stjórnvöldum kunna að vera falin. Mikil hagkvæmnisrök eru fyrir því að eftirlit sé skipulagt með þeim hætti að sem minnstur kostnaður hljótist af fyrir atvinnulífið í landinu og stjórnvöld. Því markmiði verður ekki náð nema hið almenna eftirlitsstjórnvald, þ.e. Löggildingarstofa, sinni því hlutverki á virkan hátt og tryggi að samlegðaráhrif í eftirliti á markaði verði hámörkuð. Af fenginni reynslu og einnig sem liður í framtíðarstefnumótun varðandi eftirlit á markaði þykir rétt að kveða á um að stofnuninni skuli vera skylt, en ekki bara heimilt, að stofna til samvinnunefnda og skipuleggja slíkt samstarf milli eftirlitsstjórnvalda í landinu, þannig að markmiðum um sem mesta hagkvæmni í eftirliti á markaði verði náð. Þá er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. 16. gr. laganna þar sem fjallað er um hlutverk samvinnunefnda, en breytingunni er ætlað að gera ákvæðið skýrara.

Um 14. gr.

Hér er lögð til breyting á 2. mgr. 18. gr. laganna, en þar er kveðið á um að lögregla skuli vera eftirlitsstjórnvöldum til aðstoðar ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar mála og við framkvæmd þeirra réttarúrræða sem kveðið er á um í lögunum. Lagt er til að nýr málsliður bætist við málsgreinina þar sem kveðið verði á um að lögreglan skuli tilkynna Löggildingarstofu um slys sem hún rannsakar ef ætla má að það sé af völdum vöru eða þjónustu sem lög um öryggi vöru taka til.

Löggildingarstofu berast ávallt tilkynningar frá lögreglu ef slys eða bruni er talið vera af völdum rafmagns eða rafmagnstækja. Mikilvægt er að eftirlitssaðilum berist upplýsingar um öll slík tilvik. Hið sama gildir um markaðseftirlit með almennu öryggi vöru og þjónustu. Slíkar tilkynningar geta leitt til þess að unnt verði að afturkalla vörur af markaðnum ef einsýnt þykir að þær séu orsakavaldur slyss og koma þannig í veg fyrir að fleiri verði fyrir skaða af vörunni. Augljóst er að slíkar tilkynningar og upplýsingar munu ekki leiða til afturköllunar vöru nema í undantekningartilvikum. Hins vegar eru slíkar upplýsingar mikilvægar fyrir eftirlitsstjórnvaldið og geta aðstoðað það við ýmiss konar mat á hættueiginleikum vöru eða þjónustu og þannig stuðlað að því að gripið verði til viðeigandi aðgerða sem eru í samræmi við þá hættu sem telja má að stafi af hlutaðeigandi vöru eða þjónustu.

Um 15. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna, en þær leiðir af breytingum sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins varðandi það þegar vara er tekin af markaði eða afturkölluð, sbr. g- og h-lið 2. gr. tilskipunar um öryggi vöru.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 21. gr. laganna. Leiðir breytinguna af breytingum sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 22. gr. laganna. Leiðir breytingarnar af breytingum sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að nýrri grein, 22. gr. a, verði bætt við lögin þar sem kveðið verði á um heimild eftirlitsstjórnvalds til að krefjast þess að vara eða þjónusta sem geti haft í för með sér áhættu við tiltekin skilyrði sé merkt með upplýsingum á íslensku. Í upplýsingunum skal skýrlega greina frá þeirri áhættu sem kann að vera samfara vörunni eða þjónustunni. Heimild til þess að krefjast þess að upplýsingar séu á íslensku er í samræmi við b-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar um öryggi vöru, en þar er kveðið á um að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að krefjast þess að allar vörur, sem gætu haft í för með sér áhættu við tiltekin skilyrði, séu merktar með viðeigandi skýrum og auðskiljanlegum varnaðarorðum um áhættu sem vera kann samfara vörunni á opinberu tungumáli ríkisins þar sem hún er markaðssett.

Um 19. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 23. gr. laganna. Leiðir breytinguna af breytingum sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er því lýst með hvaða hætti svonefndir tilnefndir aðilar munu framvegis koma að því að tryggja öryggi vöru á markaði. Af þessari ástæðu þykir því rétt að bæta þeim inn í þá upptalningu sem nú er að finna í lögunum um öryggi vöru. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Frumvarpið miðar annars vegar að því að koma í framkvæmd tilskipun Evrópusambandsins 2001/95/EB, um öryggi vöru, og hins vegar að færa út gildissvið laganna þannig að þau nái til þjónustu, en ekki einungis til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruskipti eins og er samkvæmt gildandi lögum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður við aukið eftirlit verði u.þ.b. 4–5 m.kr. á ári og verður auknum útgjöldum mætt innan fjárlagaramma stofnunarinnar.

1091. Tillaga til þingsályktunar [735. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Chiles sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi 26. júní 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Chiles, sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi 26. júní 2003. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa nú gert fríverslunarsamninga við 20 ríki að Chilesamningnum meðtöldum (Búlgaríu, Eistland, Frelsissamtök Palestínu, Ísrael, Jórdaníu, Króatíu, Lettland, Litháen, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Pólland, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland) með samtals yfir 320 milljónir íbúa, til viðbótar samningum þeirra við Evrópusambandið.

Nýlega var áritaður samningstexti við Líbanon og yfir standa samningaviðræður við Kanada, Suður-Afríku, Egyptaland og Túnis sem ráðgert er að ljúka á næsta ári.

Samningurinn við Chile veitir fríverslun með allar sjávarafurðir frá gildistöku samningsins og jafnframt fríverslun með langflestar iðnaðarvörur frá sama tíma. Samningurinn tekur einnig til þjónustuviðskipta, verndunar hugverkaréttar, opinberra innkaupa og samkeppni. Enn fremur inniheldur hann ákvæði um stofnsetningarrétt. Samningurinn hefur einnig að geyma ákvæði um skilvirka lausn deilumála sem upp kunna að koma. Ekki er hins vegar fjallað heildstætt um fjárfestingar og var því samhliða gerður sérstakur tvíhliða samningur milli Íslands og Chiles um vernd fjárfestinga.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Chile og

hefur Ísland gert um þau sérstakan samning. Skv. 8. gr. samningsins öðlast tvíhliða samningurinn um landbúnað gildi sama dag og fríverslunarsamningurinn milli EFTA-ríkjanna og Chiles.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG LÝÐVELDISINS CHILES

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin")

og

Lýðveldið Chile (hér á eftir nefnt „Chile"),

sem nefnast hér á eftir einu nafni „samningsaðilar", eru ákveðin í:

AÐ STYRKJA hin sérstöku vináttubönd og samstarf milli þjóðanna,

AÐ STUÐLA AÐ samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum með því að fjarlægja viðskiptahindranir og hvetja til víðtækari alþjóðasamvinnu,

AÐ SETJA reglur um viðskipti sín, sem eru skýrar og koma þeim öllum til góða,

AÐ SKAPA aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum sínum,

AÐ SJÁ TIL ÞESS að umhverfi viðskiptaáætlana og fjárfestinga sé stöðugt og áreiðanlegt,

AÐ ÝTA UNDIR skapandi starf og nýsköpun með því að vernda hugverkaréttindi,

AÐ BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

AÐ TRYGGJA að ávinningur af auknu frelsi í viðskiptum glatist ekki með því að einkaaðildar komi á samkeppnishindrunum,

AÐ AUKA samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

AÐ SKAPA ný atvinnutækifæri og bæta vinnuskilyrði og lífskjör á yfirráðasvæðum sínum,

AÐ STUÐLA AÐ verndun og varðveislu umhverfisins og sjálfbærri þróun,

AÐ ÁRÉTTA stuðning sinn við lýðræði, lög og rétt, mannréttindi og grundvallarréttindi í samræmi við skyldur sínar samkvæmt þjóðarétti, þ.m.t. megin-

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND THE REPUBLIC OF CHILE

PREAMBLE

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as "the EFTA States"),

and

The Republic of Chile (hereinafter referred to as "Chile"),

hereinafter collectively referred to as "the Parties", resolved to:

STRENGTHEN the special bonds of friendship and co-operation between their nations;

CONTRIBUTE to the harmonious development and expansion of world trade by removing obstacles to trade and provide a catalyst to broader international cooperation;

ESTABLISH clear and mutually advantageous rules governing their trade;

CREATE an expanded and secure market for goods and services in their territories;

ENSURE a stable and predictable environment for business planning and investment;

FOSTER creativity and innovation by protecting intellectual property rights;

BUILD on their respective rights and obligations under the Marrakech Agreement establishing the World Trade Organization and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

ENSURE that the gains from trade liberalisation are not offset by the erection of private, anti-competitive barriers;

ENHANCE the competitiveness of their firms in global markets;

CREATE new employment opportunities and improve working conditions and living standards in their respective territories;

PROMOTE environmental protection and conservation, and sustainable development;

REAFFIRMING their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under

reglur og markmið sem eru sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsingunni, og

ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl þeirra á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (sem nefnist hér á eftir „þessi samningur"):

I. KAFLI
UPPHAFSÁKVÆÐI

1. gr.

Stofnun fríverslunarsvæðis

EFTA-ríkin og Chile stofna hér með fríverslunarsvæði með þessum samningi og viðbótarsamningum um viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem nú hafa verið gerðir milli Chiles og hvers EFTA-ríkis um sig.

2. gr.

Markmið

1. Markmið þessa samnings, sem eru útfærð nánar í meginreglum og reglum, eru:

a) að auka gagnkvæmt og í áföngum frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti (sem nefnist hér á eftir „GATT-samningurinn frá 1994"),

b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um þjónustuviðskipti"),

c) að opna markaði fyrir opinber innkaup samningsaðila,

d) að stuðla að sanngjörnum samkeppnisskilyrðum á fríverslunarsvæðinu,

e) að fjölga svo um munar möguleikum til fjárfestinga á fríverslunarsvæðinu,

f) að veita fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda og fullnusta þau, og

g) að skapa ramma um frekara tvíhliða samstarf og fjölþjóðasamvinnu til að hafa meiri og betri ávinning af þessum samningi.

3. gr.

Svæðisbundið gildissvið

1. Þessi samningur gildir, með fyrirvara um I. viðauka, um yfirráðasvæði hvers samningsaðila, svo og um svæði utan þess landsvæðis þar sem þeir beita fullveldisréttindum og eiga lögsögu í samræmi við þjóðarétt.

2. Ákvæði II. viðauka gilda um Noreg.

international law, including principles and objectives set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights; and

CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter referred to as "this Agreement"):

CHAPTER I
INITIAL PROVISIONS

ARTICLE 1

Establishment of a free trade area

The EFTA States and Chile hereby establish a free trade area by means of this Agreement and the complementary agreements on trade in agricultural goods, concurrently concluded between Chile and each individual EFTA State.

ARTICLE 2

Objectives

1. The objectives of this Agreement, as elaborated more specifically through its principles and rules, are to:

(a) achieve the progressive and reciprocal liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the GATT 1994");

(b) achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "the GATS");

(c) open the government procurement markets of the Parties;

(d) promote conditions of fair competition in the free trade area;

(e) substantially increase investment opportunities in the free trade area;

(f) provide adequate and effective protection and enforcement of intellectual property rights; and

(g) establish a framework for further bilateral and multilateral cooperation to expand and enhance the benefits of this Agreement.

ARTICLE 3

Territorial application

1. Without prejudice to Annex I, this Agreement shall apply to the territory of each Party, as well as to areas beyond the territory in which each Party may exercise sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.

2. Annex II shall apply with respect to Norway.

4. gr.
Skyldleiki við aðra alþjóðasamninga

Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum samningum á grundvelli hans (sem hér á eftir nefnist „samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“) og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

5. gr.
Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning

1. Ákvæði þessa samnings gilda um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Chiles hins vegar en ekki viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

6. gr.
Svæðis- og staðbundin stjórnvöld

Hver samningsaðili ber fulla ábyrgð á því að uppfylla skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi og skal sjá til þess að hlutaðeigandi svæðis- og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld og óopinberar stofnanir, sem starfa í umboði ríkisstjórna eftir tilnefningu ríkisstjórna eða svæðis- og staðbundinna stjórnvalda og yfirvalda á yfirráðasvæði hans, geri það einnig.

II. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

7. gr.
Gildissvið

Þessi kafli gildir um viðskipti milli samningsaðila með:

a) framleiðsluvörur sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni, hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST), að frátöldum framleiðsluvörum í III. viðauka,
b) framleiðsluvörur sem tilgreindar eru í IV. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeim viðauka, og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í V. viðauka.

8. gr.
Upprunareglur og samvinna stjórnvalda

1. Í I. viðauka er að finna ákvæði um upprunareglur

ARTICLE 4
Relation to other international agreements

The Parties confirm their rights and obligations under the Marrakech Agreement establishing the World Trade Organization and the other agreements negotiated thereunder (hereinafter referred to as "the WTO Agreement") to which they are party, and under any other international agreement to which they are a party.

ARTICLE 5
Trade and economic relations governed by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Chile, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.
2. As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and the Principality of Liechtenstein, Switzerland shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

ARTICLE 6
Regional and local governments

Each Party is fully responsible for the observance of all obligations and commitments under this Agreement and shall ensure their observance by its respective regional and local governments and authorities and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated by central, regional and local governments or authorities within its territory.

CHAPTER II
TRADE IN GOODS

ARTICLE 7
Coverage

This Chapter applies to trade between the Parties relating to:

(a) products falling within chapters 25 through 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as "the HS"), excluding the products listed in Annex III;
(b) products specified in Annex IV, with due regard to the arrangements provided for in that Annex; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex V.

ARTICLE 8
Rules of origin and administrative co-operation

1. The provisions on rules of origin and administra-

og samvinnu stjórnvalda sem eiga við í 1. mgr. 9. gr. og 19. gr.
2. Að því er varðar 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 13. gr. og 18. gr. er með hugtakinu „vörur samningsaðila“ átt við innlendar framleiðsluvörur í skilningi GATT-samningsins frá 1994 eða þær vörur sem samningsaðilar kunna að koma sér saman um og skulu þær taka til upprunavara þess aðila.

9. gr.
Afnám tolla

1. Á gildistökudegi þessa samnings skulu samningsaðilar afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Chile, nema eins og kveðið er á um í VI. viðauka.
2. Á gildistökudegi þessa samnings skulu samningsaðilar afnema alla útflutningstolla á vörum samningsaðila í viðskiptum sín á milli.

3. Óheimilt er að leggja á nýja tolla eða hækka álagða tolla í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Chiles.

10. gr.
Tollar

Til tollgjalda teljast hvers konar tollar eða gjöld sem eru lögð á í tengslum við innflutning eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan innflutning eða útflutning, en þó ekki:
a) gjald sem jafngildir innlendum sköttum sem eru lagðir á skv. 15. gr.,
b) undirboðs- eða jöfnunartollar sem eru lagðir á skv. 18. gr., eða
c) þóknun eða annað gjald sem er lagt á skv. 11. gr.

11. gr.
Þóknun og önnur gjöld

Þóknun og önnur gjöld, sem um getur í c-lið 10. gr., skulu takmarkast af því að fjárhæð þeirra sé sem næst því að vera fyrir kostnaði við þá þjónustu sem er innt af hendi og ekki fela í sér óbeina vernd innlendra framleiðsluvara eða vera fjáröflunarskattur á innflutning eða útflutning.

12. gr.
Grunntollar

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi skv. VI. viðauka, skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. janúar 2003.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, m.a. lækkanir í samræmi við skuldbindingar sem leiðir af

tive co-operation applicable to Article 9(1) and Article 19 are set out in Annex I
2. For the purpose of Article 9(2), Article 13(1) and Article 18, the term "goods of a Party" shall mean domestic goods as understood within the meaning of GATT 1994 or such goods as the Parties may agree, and shall include originating products of that Party.

ARTICLE 9
Elimination of customs duties

1. The Parties shall, on the date of entry into force of this Agreement, abolish all customs duties on imports of products originating in an EFTA State or in Chile, except as provided for in Annex VI.
2. The Parties shall, on the date of entry into force of this Agreement, abolish all customs duties on exports of goods of a Party in trade between the Parties.
3. No new customs duty shall be introduced nor shall those already applied be increased in trade between the EFTA States and Chile.

ARTICLE 10
Customs duty

3. Allir slíkir samningar skulu vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þá einkum VII. gr. samningsins um þjónustuviðskipti.
4. Ef samningsaðilar eru því samþykkir skal hver þeirra hvetja viðkomandi stofnanir til að undirbúa málsmeðferð fyrir tímabundna leyfisveitingu fagaðila á sviði þjónustuveitingar hjá öðrum samningsaðila.
5. Sameiginlega nefndin skal reglubundið og a.m.k. þriðja hvert ár endurskoða framkvæmd þessarar greinar.
6. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum eða fyrirkomulaginu, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila, sé þess óskað, fullnægjandi tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða leita sambærilegra samninga eða fyrirkomulags. Ef samningsaðili veitir viðurkenningu einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.

30. gr.
För einstaklinga

1. Þessi þáttur gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og einstaklinga hjá samningsaðila sem þjónustuveitandi samningsaðila ræður til að veita þjónustu. Einstaklingum, sem falla undir sérstakar skuldbindingar samningsaðila, er heimilt að veita þjónustu í samræmi við skilmála þessara skuldbindinga.
2. Þessi þáttur gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði hjá samningsaðila né ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.

3. Þessi þáttur skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að hafa stjórn á

cation of service suppliers and, in particular, professional services.
2. The Joint Committee, within a reasonable period of time and considering the level of correspondence of the respective regulations, shall decide whether a recommendation referred to in paragraph 1 is consistent with this Section. If that is the case, such a recommendation shall be implemented through an agreement on mutual requirements, qualifications, licences and other regulations to be negotiated by the competent authorities.
3. Any such agreement shall be in conformity with the relevant provisions of the WTO Agreement and, in particular, Article VII of the GATS.

4. Where the Parties agree, each Party shall encourage its relevant bodies to develop procedures for the temporary licensing of professional services suppliers of another Party.

5. The Joint Committee shall periodically, and at least once every three years, review the implementation of this Article.
6. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of a non-Party, that Party shall accord another Party, upon request, adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement or to negotiate comparable ones with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.

ARTICLE 30
Movement of natural persons

1. This Section applies to measures affecting natural persons who are service suppliers of a Party, and natural persons of a Party who are employed by a service supplier of a Party, in respect of the supply of a service. Natural persons covered by a Party's specific commitments shall be allowed to supply the service in accordance with the terms of those commitments.
2. This Section shall not apply to measures affecting natural persons seeking access to the employment market of a Party, nor shall it apply to measures regarding nationality, residence or employment on a permanent basis.
3. This Section shall not prevent a Party from applying measures to regulate the entry of natural per-

för einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, þar á meðal ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda landamæri hans og tryggja reglufestu á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að þær geri að engu eða skerði þann ávinning sem samningsaðili hefur samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.[5]

31. gr.
Fjarskiptaþjónusta

Sérákvæði um fjarskiptaþjónustu eru sett fram í IX. viðauka.

II. ÞÁTTUR – STOFNSETNING

32. gr.
Gildissvið

Þessi þáttur á við um stofnsetningu á öllum sviðum nema þjónustusviðum.

33. gr.
Skilgreiningar

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lögaðili“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem er í einkaeign eða í eigu hins opinbera, þar á meðal hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, sameiginleg fyrirtæki, einkafyrirtæki eða samtök,

b) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum EFTA-ríkis eða Chiles og stundar umtalsverð viðskipti í Chile eða viðkomandi EFTA-ríki,

c) „einstaklingur“: ríkisborgari EFTA-ríkis eða Chiles samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkis,

d) með „stofnsetningu“ er átt við:
   i) stofnun, kaup á eða áframhaldandi rekstur lögaðila, eða
   ii) stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu,

   á yfirráðasvæði samningsaðila í því skyni að stunda atvinnustarfsemi.

Að því er varðar einstaklinga nær þetta ekki til atvinnuleitar eða atvinnuþátttöku á vinnumarkaði eða veitir rétt til aðgangs að vinnumarkaði annars samningsaðila.

[5] Þótt vegabréfsáritunar sé krafist skal ekki litið svo á að verið sé að gera að engu eða skerða ávinning sem fæst samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

sons of another Party into, or their temporary stay in, its territory, including those measures necessary to protect the integrity of, and to ensure the orderly movement of natural persons across its borders, provided that such measures are not applied in a manner so as to nullify or impair the benefits accruing to a Party under the terms of a specific commitment.[5]

ARTICLE 31
Telecommunications services

Specific provisions on telecommunications services are set out in Annex IX.

SECTION II – ESTABLISHMENT

ARTICLE 32
Coverage

This Section shall apply to establishment in all sectors, with the exception of establishment in services sectors.

ARTICLE 33
Definitions

For the purposes of this Section,

(a) "juridical person" means any legal entity duly constituted or otherwise organised under applicable law, whether for profit or otherwise, and whether privately-owned or governmentally-owned, including any corporation, trust, partnership, joint venture, sole proprietorship or association;
(b) "juridical person of a Party" means a juridical person constituted or otherwise organised under the law of an EFTA State or of Chile and that is engaged in substantive business operations in Chile or in the EFTA State concerned;
(c) "natural person" means a national of an EFTA State or of Chile according to their respective legislation;
(d) "establishment" means:
   (i) the constitution, acquisition or maintenance of a juridical person; or
   (ii) the creation or maintenance of a branch or a representative office;

   within the territory of a Party for the purpose of performing an economic activity.

As regards natural persons, this shall not extend to seeking or taking employment in the labour market or confer a right of access to the labour market of a Party.

[5] The sole fact of requiring a visa shall not be regarded as nullifying or impairing benefits under a specific commitment.

34. gr.
Innlend meðferð

Að því er tekur til stofnunar skal hver samningsaðili ekki veita lögaðilum og einstaklingum annars samningsaðila óhagstæðari kjör en hann veitir sínum eigin lögaðilum og einstaklingum sem stunda samsvarandi atvinnustarfsemi, sbr. þó fyrirvara í X. viðauka.

35. gr.
Fyrirvarar

1. Innlend meðferð, sem kveðið er á um í 34. gr., gildir ekki um:

a) fyrirvara sem samningsaðili hefur sett fram í X. viðauka,

b) breytingu á fyrirvara sem fellur undir a-lið, að því marki sem breytingin gerir það ekki að verkum að fyrirvarinn samræmist síður 34. gr.,

c) nýjan fyrirvara, sem samningsaðili samþykkir og fellir undir X. viðauka, sem hefur ekki áhrif á heildarumfang skuldbindinga þess samningsaðila samkvæmt þessum samningi,

að því marki sem slíkir fyrirvarar samræmast ekki 34. gr.

2. Sem lið í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í 37. gr. skuldbinda samningsaðilar sig til að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara, sem settir eru fram í X. viðauka, á a.m.k. þriggja ára fresti með það fyrir augum að fækka slíkum fyrirvörum eða fella þá niður.

3. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að fenginni beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að fella niður fyrirvara sem settir eru fram í X. viðauka, í heild eða að hluta, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.

4. Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að bæta inn nýjum fyrirvara í X. viðauka í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Þegar hinum samningsaðilunum berst þessi skriflega tilkynning er þeim heimilt að fara fram á samráð um fyrirvarann. Þegar samningsaðilanum, sem bætir inn nýjum fyrirvara, berst beiðni um samráð skal hann hefja samráð við hina samningsaðilana.

36. gr.
Réttur til reglusetningar

Með fyrirvara um ákvæði 34. gr. er hverjum samningsaðila heimilt að setja nýjar reglur um stofnun lögaðila og einstaklinga.

37. gr.
Lokaákvæði

Með það að markmiði að auka smám saman

ARTICLE 34
National treatment

With respect to establishment, and subject to the reservations set out in Annex X, each Party shall grant to juridical and natural persons of the other Party treatment no less favourable than that it accords to its own juridical and natural persons performing a like economic activity.

ARTICLE 35
Reservations

1. National treatment as provided for under Article 34 shall not apply to:

(a) any reservation that is listed by a Party in Annex X;

(b) an amendment to a reservation covered by paragraph (a) to the extent that the amendment does not decrease the conformity of the reservation with Article 34;

(c) any new reservation adopted by a Party, and incorporated into Annex X which does not affect the overall level of commitments of that Party under this Agreement;

to the extent that such reservations are inconsistent with Article 34.

2. As part of the reviews provided for in Article 37 the Parties undertake to review at least every three years the status of the reservations set out in Annex X with a view to reducing or removing such reservations.

3. A Party may, at any time, either upon the request of another Party or unilaterally, remove in whole or in part reservations set out in Annex X by written notification to the other Parties.

4. A Party may, at any time, incorporate a new reservation into Annex X in accordance with paragraph 1(c) of this Article by written notification to the other Parties. On receiving such written notification, the other Parties may request consultations regarding the reservation. On receiving the request for consultations, the Party incorporating the new reservation shall enter into consultations with the other Parties.

ARTICLE 36
Right to regulate

Subject to the provisions of Article 34, each Party may regulate the establishment of juridical and natural persons.

ARTICLE 37
Final provisions

With the objective of progressive liberalisation of

frelsi í fjárfestingum staðfesta samningsaðilar þá skuldbindingu sína að endurskoða, eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings, lagaramma um fjárfestingar, umhverfi fjárfestinga og streymi fjárfestinga sín á milli, í samræmi við skuldbindingar sínar í alþjóðlegum samningum um fjárfestingar.

III. ÞÁTTUR – GREIÐSLUR OG FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

38. gr.

Markmið og gildissvið

1. Samningsaðilar skulu stefna að auknu frelsi í greiðslum vegna viðskipta og fjármagnsflutningum sín á milli í samræmi við skuldbindingar sem gengist hefur verið undir innan ramma alþjóðlegra fjármálastofnana og með tilhlýðilegu tilliti til stöðugleika gjaldmiðils hvers samningsaðila.
2. Þessi þáttur á við um allar greiðslur vegna viðskipta og fjármagnsflutninga milli samningsaðilanna. Sérákvæði um greiðslur vegna viðskipta og fjármagnsflutninga eru sett fram í XI. viðauka.

39. gr.

Viðskiptajöfnuður

Samningsaðilar skulu heimila allar greiðslur og millifærslur vegna viðskipta sín á milli, í frjálsum gjaldmiðli og í samræmi við ákvæði samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

40. gr.

Fjármagnsjöfnuður

Samningsaðilar skulu leyfa frjálsa fjármagnsflutninga í tengslum við beinar fjárfestingar sem eru gerðar í samræmi við lög heimalandsins og fjárfestingar sem eru gerðar í samræmi við ákvæðin um þjónustuviðskipti og stofnsetningu í þessum kafla og sölu þessara fjárfestinga eða yfirfærslu til upprunalands fjármagnsins, svo og frjálsa flutninga hvers kyns hagnaðar sem af þessum fjárfestingum leiðir.

41. gr.

Undantekningar og verndarráðstafanir

1. Ef svo ber til við sérstakar aðstæður að greiðslur og fjármagnsflutningar milli samningsaðilanna valda eða kunna að valda alvarlegum erfiðleikum við að framfylgja peningamála- eða gengisstefnu einhvers samningsaðila getur hlutaðeigandi samningsaðili gert verndarráðstafanir vegna fjármagnsflutninga sem eru bráðnauðsynlegir, þó ekki lengur en í eitt ár. Heimilt er að framlengja beitingu verndarráðstafana með því að endurinnleiða þær formlega.

investment conditions, the Parties affirm their commitment to review the investment legal framework, the investment environment and the flow of investment between them consistent with their commitments in international investment agreements, no later than three years after the entry into force of this Agreement.

SECTION III – PAYMENTS AND CAPITAL MOVEMENTS

ARTICLE 38

Objective and scope

1. The Parties shall aim at the liberalisation of current payments and capital movements between them, in conformity with the commitments undertaken in the framework of the international financial institutions and with due consideration to each Party's currency stability.
2. This Section applies to all current payments and capital movements between the Parties. Specific provisions on current payments and capital movements are set out in Annex XI.

ARTICLE 39

Current Account

The Parties shall allow, in freely convertible currency and in accordance with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, any payments and transfers of the Current Account between the Parties.

ARTICLE 40

Capital Account

The Parties shall allow the free movements of capital relating to direct investments made in accordance with the laws of the host country and investments made in accordance with the provisions of Sections Trade in Services and Establishment of this Chapter, and the liquidation or repatriation of these capitals and of any profit stemming therefrom.

ARTICLE 41

Exceptions and safeguard measures

1. Where, in exceptional circumstances, payments and capital movements between the Parties cause or threaten to cause serious difficulties for the operation of monetary policy or exchange rate policy in any Party, the Party concerned may take safeguard measures with regard to capital movements that are strictly necessary for a period not exceeding one year. The application of safeguard measures may be extended through their formal reintroduction.

2. Samningsaðili, sem samþykkir verndarráðstafanirnar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilanum um það og leggja fram eins skjótt og unnt er tímaáætlun um afnám þeirra.

42. gr.
Lokaákvæði

Samningsaðilum ber að hafa samráð um að auðvelda fjármagnsflutninga sín á milli til að stuðla að því að markmiðum þessa samnings verði náð.

IV. ÞÁTTUR – SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

43. gr.
Skyldleiki við aðra alþjóðasamninga

Í málefnum, sem falla undir þennan kafla, staðfesta samningsaðilar réttindi sín og skyldur samkvæmt þeim tvíhliða eða marghliða samningum sem þeir eru aðilar að.

44. gr.
Almennar undantekningar

Ákvæði XIV. gr. og o-liðar XXVIII. gr. samningsins um þjónustuviðskipti eru hér með tekin upp í þennan samning og eru hluti hans.

45. gr.
Fjármálaþjónusta

1. Af hálfu samningsaðila ríkir sá skilningur að ekki hafi verið gengist undir neinar skuldbindingar í fjármálaþjónustu. Til glöggvunar er fjármálaþjónusta skilgreind í 5. mgr. viðaukans um fjármálaþjónustu í samningnum um þjónustuviðskipti.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. munu samningsaðilar, tveimur árum eftir gildistöku þessa samnings, íhuga að bæta fjármálaþjónustunni við þennan kafla á gagnkvæmum grundvelli og tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna.

IV. KAFLI
HUGVERKAVERND

46. gr.
Hugverkaréttindi

1. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, XII. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.

2. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði

2. The Party adopting the safeguard measures shall inform the other Party forthwith and present, as soon as possible, a time schedule for their removal.

ARTICLE 42
Final provisions

The Parties shall consult each other with a view to facilitating the movement of capital between them in order to promote the objectives of this Agreement.

SECTION IV – COMMON PROVISIONS

ARTICLE 43
Relation to other international agreements

With respect to matters related to this Chapter, the Parties confirm the rights and obligations existing under any bilateral or multilateral agreements to which they are a party.

ARTICLE 44
General exceptions

Article XIV and Article XXVIII paragraph (o) of the GATS are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 45
Financial services

1. The Parties understand that no commitments have been made in financial services. For greater clarity, financial services are defined as in paragraph 5 of the Annex on Financial Services of the GATS.

2. Notwithstanding paragraph 1, two years after the entry into force of this Agreement, the Parties will consider the inclusion of financial services in this Chapter on a mutually advantageous basis and securing an overall balance of rights and obligations.

CHAPTER IV
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 46
Intellectual property rights

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex XII to this Agreement and the international agreements referred to therein.

2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive pro-

3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (sem nefnist hér á eftir samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum).[6]

3. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr.[6]

4. Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða, að beiðni einhvers samningsaðilanna til sameiginlegu nefndarinnar þar að lútandi og með fyrirvara um samþykki hennar, ákvæðin í þessari grein og í XII. viðauka um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og koma í veg fyrir eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af því hvernig verndun hugverkaréttinda er nú háttað.

V. KAFLI
OPINBER INNKAUP

47. gr.
Markmið

Í samræmi við ákvæði þessa kafla skulu samningsaðilar tryggja árangursríka og gagnkvæma opnun markaða sinna fyrir opinber innkaup.

48. gr.
Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um öll lög, reglugerðir, reglur um málsmeðferð og starfshætti við hvers kyns opinber innkaup af hálfu stofnana samningsaðila á vörum[7] og þjónustu, þ.m.t. verk, með fyrirvara um þau skilyrði sem hver samningsaðili skilgreinir í XIII. og XIV. viðauka.

2. Þessi kafli gildir ekki um:

a) samninga sem boðnir eru út samkvæmt:
   i) alþjóðlegum samningi og ætlaðir eru til sameiginlegar framkvæmdar eða nýtingar verkefnis af hálfu samningsaðilanna,
   ii) alþjóðlegum samningi sem varðar setu herliðs, og
   iii) tiltekinni verklagsreglu alþjóðastofnunar,

visions of Articles 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").[6]

3. The Parties shall grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.[6]

4. The Parties agree, upon request of any Party to the Joint Committee and subject to its consensus, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex XII, with a view to further improving the levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

CHAPTER V
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 47
Objective

In accordance with the provisions of this Chapter, the Parties shall ensure the effective and reciprocal opening of their government procurement markets.

ARTICLE 48
Scope and coverage

1. This Chapter applies to any law, regulation, procedure or practice regarding any procurement, by the entities of the Parties, of goods[7] and services including works, subject to the conditions specified by each Party in Annexes XIII and XIV.

2. This Chapter shall not be applicable to:

(a) contracts awarded pursuant to:
   (i) an international agreement and intended for the joint implementation or exploitation of a project by the contracting Parties;
   (ii) an international agreement relating to the stationing of troops; and
   (iii) the particular procedure of an international organisation;

---

6 Litið er svo á að vísun í 2. og 3. mgr. 3. til 5. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum hafi þann tilgang að sýna fram á gildissvið þeirra að því er varðar ákvæðin um hugverk í þessum samningi.

7 Með hugtakinu „vörur" er í þessum kafla átt við vörur sem flokkast í 1. til 97. kafla í samræmdu tollskránni.

6 It is understood that the reference of paragraphs 2 and 3 to Articles 3 to 5 of the TRIPS Agreement is made for the purpose of outlining their applicability to the provisions on Intellectual Property of this Agreement.

7 For the purpose of this Chapter, "goods" shall mean goods classified in chapters 1 to 97 of the HS.

b) samkomulag án samnings og hvers konar aðstoð frá hinu opinbera og kaup sem eru gerð innan ramma áætlana um aðstoð eða samstarfsáætlana,

c) samninga um:
   (i) kaup eða leigu á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir slíku,
   ii) kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu á dagskrárefni af hálfu útvarpsrekenda og samninga um útsendingartíma,

   iii) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,
   iv) ráðningarsamninga, og
   v) rannsóknir og þróun, að frátöldum samningum þar sem stofnanirnar bera allan kostnað við þá þjónustu sem um er að ræða og hafa einkarétt til að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni,
d) fjármálaþjónustu.

3. Sérleyfissamningar um opinberar framkvæmdir, sem eru skilgreindir í 49. gr., skulu einnig falla undir þennan kafla eins og tilgreint er í XIII. og XIV. viðauka.

4. Samningsaðila er óheimilt að undirbúa, leggja drög að eða gera innkaupasamning í því skyni að komast hjá þeim skuldbindingum sem felast í þessum kafla.

49. gr.
Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „stofnun“: stofnun sem fellur undir XIII. viðauka,

b) „opinber innkaup“: ferli þegar hið opinbera fær til afnota eða kaupir vörur eða þjónustu eða sambland af hvoru tveggja til handa ríkinu sem hvorki er ætlað til sölu eða endursölu í hagnaðarskyni né heldur til nota við framleiðslu á vörum eða veitingu þjónustu í hagnaðarskyni eða til endursölu,

c) „aukið frelsi“: ferli sem leiðir til þess að stofnun nýtur ekki einkaréttar eða sérstakra réttinda og sér eingöngu um að útvega vörur eða veita þjónustu á mörkuðum þar sem samkeppni er virk,

d) „uppbætur“: skilyrði sem stofnun setur eða hefur tekið mið af áður en ferli vegna opinberra innkaupa hefst eða á meðan á því stendur, sem eru notuð til þess að stuðla að byggðaþróun eða bæta viðskiptajöfnuð þess samningsaðila með kröfum um að innihald skuli upprunnið á staðnum, um leyfi fyrir tækni, um fjárfestingar, um gagnkvæm kaup eða svipuðum kröfum,

(b) non-contractual agreements or any form of government assistance and procurement made in the framework of assistance or co-operation programmes;
(c) contracts for:
   (i) the acquisition or rental of land, existing buildings, or other immovable property or concerning rights thereon;
   (ii) the acquisition, development, production or co-production of programme material by broadcasters and contracts for broadcasting time;
   (iii) arbitration and conciliation services;
   (iv) employment contracts; and
   (v) research and development services other than those where the benefits accrue exclusively to the entity for its use in the conduct of its own affairs, on condition that the service is wholly remunerated by the entity;
(d) financial services.

3. Public works concessions, as defined in Article 49, shall also be subject to this Chapter, as specified in Annexes XIII and XIV.

4. No Party may prepare, design or otherwise structure any procurement contract in order to avoid the obligations under this Chapter.

ARTICLE 49
Definitions

For the purpose of this Chapter, the following definitions shall apply:

(a) "entity" means an entity covered in Annex XIII;

(b) "government procurement" means the process by which a government obtains the use of or acquires goods or services, or any combination thereof, for governmental purposes and not with a view to commercial sale or resale, or use in the production or supply of goods or services for commercial sale or resale;
(c) "liberalisation" means a process as a result of which an entity enjoys no exclusive or special rights and is exclusively engaged in the provision of goods or services on markets that are subject to effective competition;
(d) "offsets" means those conditions imposed or considered by an entity prior to, or in the course of its procurement process, that encourage local development or improve its Party's balance of payments accounts by means of requirements of local content, licensing of technology, investment, counter-trade or similar requirements;

e) „einkavæðing“: ferli sem leiðir til þess að stofnun heyrir ekki lengur undir hið opinbera, hvort sem um er að ræða opinbert útboð á hlutabréfum stofnunarinnar eða annað, eins og ráð er fyrir gert í gildandi löggjöf samningsaðila,

f) „opinber verksamningur“: samningur sömu tegundar og opinberir innkaupasamningar, að því undanskildu að þóknun fyrir verk, sem á að vinna, felst annaðhvort eingöngu í réttinum til að hagnýta bygginguna eða í þeim rétti ásamt greiðslu,

g) „birgir“: einstaklingur eða lögaðili sem lætur eða getur látið stofnun í té vörur eða þjónustu,

h) „tækniforskriftir“: forskrift þar sem lýst er eiginleikum vörunnar eða þjónustunnar sem boðin verður út, svo sem gæðum, skilum, öryggi og stærðum, táknum, hugtakanotkun, pökkun, merkingum og merkimiðum, eða vinnsluferlum og framleiðsluaðferðum, og kröfum um verklagsreglur við samræmismat sem innkaupastofnanir gera kröfur um, og

i) „bjóðandi“: birgir sem hefur gert tilboð.

(e) "privatisation" means a process by means of which a public entity is no longer subject to government control, whether by public tender of the shares of that entity or otherwise, as contemplated in the respective Party's legislation in force;

(f) "public works concessions" means a contract of the same type as the public works procurement contracts, except for the fact that the remuneration for the works to be carried out consists either solely in the right to exploit the construction or in this right together with a payment;

(g) "supplier" means a natural or legal person that provides or could provide goods or services to an entity;

(h) "technical specifications" means a specification, which lays down the characteristics of the products or services to be procured, such as quality, performance, safety and dimensions, symbols, terminology, packaging, marking and labelling, or the processes and methods for their production and requirements relating to conformity assessment procedures prescribed by procuring entities; and

(i) "tenderer" means a supplier who has submitted a tender.

50. gr.

Innlend meðferð og bann við mismunun

1. Hver samningsaðili skal, með tilliti til laga, reglugerða, reglna um málsmeðferð og venju að því er varðar opinber innkaup sem falla undir þennan kafla, ekki veita vörum, ýmiss konar þjónustu og birgjum annars samningsaðila óhagstæðari meðferð en hann veitir innlendum vörum, þjónustu og birgjum.

2. Hver samningsaðili skal, með tilliti til laga, reglugerða, reglna um málsmeðferð og venju að því er varðar opinber innkaup sem falla undir þennan kafla, sjá til þess:

a) að stofnanir hans veiti ekki birgjum með staðfestu í landinu óhagstæðari meðferð en öðrum staðbundnum birgjum á grundvelli umfangs erlendra eignatengsla við einstakling hjá öðrum samningsaðila eða eignarhald hans, og

b) að stofnanir hans mismuni ekki birgjum á grundvelli þess að vörur eða þjónusta frá viðkomandi birgi fyrir tiltekin opinber innkaup séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um ráðstafanir varðandi tolla og hvers konar gjöld sem lögð eru á innflutning eða í tengslum við innflutning, um aðferðir til álagningar slíkra tolla og gjalda, um aðrar innflutningsreglur, þ.m.t. takmarkanir og forms-

ARTICLE 50

National treatment and non-discrimination

1. With respect to any laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Chapter, each Party shall grant the goods, services and suppliers of another Party a treatment no less favourable than that accorded by it to domestic goods, services and suppliers.

2. With respect to any laws, regulations, procedures and practices regarding government procurement covered by this Chapter, each Party shall ensure:

(a) that its entities do not treat a locally-established supplier less favourably than another locally-established supplier on the basis of the degree of foreign affiliation to or ownership by, a person of another Party; and

(b) that its entities do not discriminate against a locally-established supplier on the basis that the goods or services offered by that supplier for a particular procurement are goods or services of another Party.

3. This Article shall not apply to measures concerning customs duties or other charges of any kind imposed on, or in connection with importation, the method of levying such duties and charges, other import regulations, including restrictions and formali-

atriði, eða um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti, aðrar en ráðstafanir sem varða opinber innkaup og heyra undir þennan kafla.

51. gr.
Bann við uppbótum

Samningsaðili skal sjá til þess að stofnanir hans sækist hvorki eftir, beiti né taki mið af uppbótum við mat á hæfi birgja eða mat á gæðum vöru og þjónustu og val á þeim eða við mat á tilboðum og gerð samninga.

52. gr.
Matsreglur

1. Stofnanir skulu hvorki rifta opinberum innkaupum né beita öðrum aðferðum við mat á samningi í því skyni að komast hjá beitingu þessa kafla, þegar ákvarðað er hvort samningur fellur undir verklagsreglur hans, með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru í XIII. og XIV. viðauka.
2. Við útreikning á verðmæti samnings skal stofnun taka mið af öllu endurgjaldi, þ.m.t. bónusgreiðslur, þóknanir, umboðslaun og vaxtatekjur, auk leyfilegrar hámarksfjárhæðar, þ.m.t. valfrjáls ákvæði sem kveðið er á um í samningnum.
3. Ef ekki er unnt að reikna út nákvæmt verðmæti samningsins fyrir fram, sökum þess hvers eðlis hann er, skulu stofnanir meta verðmætið á grundvelli hlutlægrar viðmiðunar.

53. gr.
Gagnsæi

1. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta lög, reglugerðir, dómsúrskurði, stjórnsýsluákvarðanir, sem hafa almennt gildi, og allar reglur um málsmeðferð, þ.m.t. stöðluð samningsákvæði, við opinber innkaup, sem falla undir þennan kafla, í viðeigandi riti sem um getur í 2. viðbæti XIV. viðauka, þ.m.t. opinberlega tilnefndir rafrænir miðlar.
2. Hver samningsaðili skal þegar í stað birta með sama hætti allar breytingar á slíkum ráðstöfunum.

54. gr.
Útboðsaðferðir

1. Við útboð og gerð samninga skulu stofnanir hafa almennt útboð eða útboð með forvali, allt eftir innlendum reglum, í samræmi við ákvæði þessa kafla og án mismununar.
2. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „almenn útboð“: útboð þar sem öllum birgjum sem áhuga hafa er heimilt að gera tilboð,

b) „útboð með forvali“: útboð þar sem birgjum, sem boðið er að gera tilboð í samræmi við 55. gr. og

ties, nor to measures affecting trade in services other than measures specifically governing procurement covered by this Chapter.

ARTICLE 51
Prohibition of offsets

Each Party shall ensure that its entities do not, in the qualification and selection of suppliers, goods or services, in the evaluation of bids or in the award of contracts, consider, seek or impose offsets.

ARTICLE 52
Valuation rules

1. Entities shall not split up a procurement, nor use any other method of contract valuation with the intention of evading the application of this Chapter when determining whether a contract is covered by the disciplines thereof, subject to the conditions set out in Annexes XIII and XIV.
2. In calculating the value of a contract, an entity shall take into account all forms of remuneration, such as premiums, fees, commissions and interests, as well as the maximum permitted total amount, including option clauses, provided for by the contract.
3. When, due to the nature of the contract, it is not possible to calculate in advance its precise value, entities shall estimate this value on the basis of objective criteria.

ARTICLE 53
Transparency

1. Each Party shall promptly publish any law, regulation, judicial decision and administrative ruling of general application and procedure, including standard contract clauses, regarding procurement covered by this Chapter in the appropriate publications referred to in Appendix 2 of Annex XIV, including officially designated electronic media.
2. Each Party shall promptly publish in the same manner all modifications to such measures.

ARTICLE 54
Tendering procedures

1. Entities shall award their public contracts by open or selective tendering procedures according to their national procedures, in compliance with this Chapter and in a non-discriminatory manner.
2. For the purposes of this Chapter:

(a) open tendering procedures are those procedures whereby any interested supplier may submit a tender;
(b) selective tendering procedures are those procedures whereby, consistent with Article 55 and

önnur viðeigandi ákvæði þessa kafla, er því aðeins heimilt að gera tilboð að þeir fullnægi hæfniskröfum viðkomandi stofnana.

3. Í sérstökum tilvikum og einungis með skilyrðum, sem eru sett í 56. gr., er stofnunum þó heimilt að nota aðra aðferð en almennt útboð eða útboð með forvali, sem um getur í 1. mgr., og geta þær þá valið að auglýsa ekki fyrirhuguð opinber innkaup heldur geta þær sett sig í samband við birgja að eigin vali og samið við einn þeirra eða fleiri um skilmálana.

4. Stofnanir skulu fara með tilboð sem trúnaðarmál. Einkum og sér í lagi skulu þær ekki veita upplýsingar sem ætlaðar eru til þess að aðstoða tiltekna þátttakendur við að lagfæra tilboð sín þannig að þau verði jafngóð tilboðum annarra þátttakenda.

other relevant provisions of this Chapter, only suppliers satisfying qualification requirements established by the entities are invited to submit a tender.

3. However, in the specific cases and only under the conditions laid down in Article 56, entities may use a procedure other than the open or selective tendering procedures referred to in paragraph 1, in which case the entities may choose not to publish a notice of intended procurement, and may consult the suppliers of their choice and negotiate the terms of contract with one or more of these.

4. Entities shall treat tenders in confidence. In particular, they shall not provide information intended to assist particular participants to bring their tenders up to the level of other participants.

55. gr.
Útboð með forvali

1. Við útboð með forvali er stofnunum heimilt að takmarka fjölda hæfra birgja sem gera tilboð, í samræmi við skilvirka framkvæmd útboðsins, að því tilskildu að þær velji sem flesta innlenda birgja og birgja annarra samningsaðila, með sanngjörnum hætti og án mismununar, á grundvelli viðmiðana sem eru tilgreindar í tilkynningu um fyrirhuguð opinber innkaup eða í útboðsgögnum.

2. Stofnanir, sem halda varanlegar skrár um hæfi birgja, mega velja birgja úr hópi þeirra sem eru skráðir til að gera tilboð, með þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir í 7. mgr. 57. gr. Við allt val skal gert ráð fyrir sanngjörnum tækifærum allra birgja í skránum.

ARTICLE 55
Selective tendering

1. In selective tendering, entities may limit the number of qualified suppliers they will invite to tender, consistent with the efficient operation of the procurement process, provided that they select the maximum number of domestic suppliers and suppliers of another Party, and that they make the selection in a fair and non-discriminatory manner and on the basis of the criteria indicated in the notice of intended procurement or in tender documents.

2. Entities maintaining permanent lists of qualified suppliers may select suppliers to be invited to tender from among those listed, under the conditions foreseen in Article 57(7). Any selection shall allow for equitable opportunities for suppliers on the lists.

56. gr.
Aðrar aðferðir

1. Að því tilskildu að útboðsaðferð sé ekki notuð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hámarkssamkeppni eða til að vernda innlenda birgja mega stofnanir bjóða út samninga með öðrum aðferðum en almennu útboði eða útboði með forvali við eftirfarandi aðstæður og með eftirfarandi skilyrðum eftir því sem við á:

a) þegar engin viðeigandi tilboð eða umsóknir um þátttöku berast í kjölfar undangenginna opinberra innkaupa, enda sé kröfum upphaflegra innkaupa ekki breytt efnislega,

b) þegar einungis tiltekinn birgir getur uppfyllt samning af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða þegar um vernd einkaréttar er að ræða og ekki gefst neinn annar raunhæfur valkostur,

ARTICLE 56
Other procedures

1. Provided that the tendering procedure is not used to avoid maximum possible competition or to protect domestic suppliers, entities shall be allowed to award contracts by means other than an open or selective tendering procedure in the following circumstances and subject to the following conditions, where applicable:

(a) when no suitable tenders or request to participate have been submitted in response to a prior procurement, on condition that the requirements of the initial procurement are not substantially modified;

(b) when, for technical or artistic reasons, or for reasons connected with protection of exclusive rights, the contract may be performed only by a particular supplier and no reasonable alternative or substitute exists;

c) þegar um er að ræða knýjandi aðstæður sem leiðir af atburðum sem stofnunin gat ekki séð fyrir og ekki var hægt að fá vöruna eða þjónustuna tímanlega með opnu útboði eða útboði með forvali,
d) þegar um er að ræða viðbótarafgreiðslu á vöru eða þjónustu frá upphaflegum birgi þar sem skipti á birgi hefðu í för með sér að stofnunin yrði að kaupa búnað eða þjónustu sem uppfyllir ekki kröfur um skiptihæfi við tækjabúnað, hugbúnað eða þjónustu sem fyrir er,
e) þegar stofnun kaupir frumgerð eða fyrstu vöru eða þjónustu sem þróuð er að beiðni viðkomandi stofnunar í tengslum við tiltekinn samning um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun,

f) þegar viðbótarþjónusta, sem ekki fólst í upphaflega samningnum en var eitt af markmiðunum í upphaflegu útboðsgögnunum, hefur af ófyrirsjáanlegum ástæðum orðið nauðsynleg til þess að ljúka þjónustunni sem þar er lýst. Hins vegar má heildarverðmæti samninga, sem gerðir eru vegna viðbótarbyggingarþjónustunnar, ekki fara yfir 50% af andvirði meginsamningsins,

g) þegar um er að ræða nýja þjónustu sem felst í endurtekningu á annarri svipaðri þjónustu þar sem aðilinn gaf til kynna í auglýsingunni um upphaflegu þjónustuna að takmarkað útboð kynni að vera notað við gerð samninga um slíka nýja þjónustu,
h) þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru við sigurvegara í hönnunarsamkeppni, enda hafi hönnunarsamkeppnin verið með skipulagi sem samrýmist grundvallarreglum þessa kafla. Hafi nokkrum þátttakendum í samkeppninni orðið vel ágengt skal þeim öllum boðið að taka þátt í samningaviðræðunum, og
i) þegar um er að ræða skráða vöru, sem keypt er á hrávörumarkaði, og innkaup, sem gerð eru við sérlega hagstæðar aðstæður sem einungis koma upp til mjög skamms tíma þegar um er að ræða óvenjulegar ráðstafanir, en ekki að því er varðar venjubundin kaup af reglulegum birgjum.

2. Samningsaðilar skulu sjá til þess að, hvenær sem stofnanir þurfa að beita annarri aðferð en almennu útboði eða útboði með forvali á grundvelli aðstæðna sem settar eru fram í 1. mgr., haldi stofnanirnar skrá eða semji skriflega skýrslu með sérstökum rökum um samning sem er boðinn út samkvæmt þeirri málsgrein.

57. gr.
Hæfi birgja

1. Hvers kyns skilyrði fyrir þátttöku í útboðum

(c) for reasons of extreme urgency brought about by events unforeseeable by the entity, the products or services could not be obtained in time by means of open or selective tendering procedures;

(d) for additional deliveries of goods or services by the original supplier where a change of supplier would compel the entity to procure equipment or services not meeting requirements of interchangeability with already existing equipment, software or services;
(e) when an entity procures prototypes or a first product or service which are developed at its request in the course of, and for, a particular contract for research, experiment, study or original development;
(f) when additional services which were not included in the initial contract but which were within the objectives of the original tender documentation have, through unforeseeable circumstances, become necessary to complete the services described therein. However, the total value of contracts awarded for the additional construction services may not exceed 50 percent of the amount of the main contract;
(g) for new services consisting of the repetition of similar services and for which the entity has indicated in the notice concerning the initial service, that tendering procedures other than open or selective might be used in awarding contracts for such new services;
(h) in the case of contracts awarded to the winner of a design contest, provided that the contest has been organised in a manner which is consistent with the principles of this Chapter; in case of several successful candidates, all successful candidates shall be invited to participate in the negotiations; and
(i) for quoted goods purchased on a commodity market and for purchases of goods made under exceptionally advantageous conditions which only arise in the very short term in the case of unusual disposals and not for routine purchases from regular suppliers.

2. The Parties shall ensure that, whenever it is necessary for entities to resort to a procedure other than the open or selective tendering procedures based on the circumstances set forth in paragraph 1, the entities shall maintain a record or prepare a written report providing specific justification for the contract awarded under that paragraph.

ARTICLE 57
Qualification of suppliers

1. Any conditions for participation in procurement

skulu takmarkast við skilyrði sem eru óhjákvæmileg til þess að tryggja getu birgis til þess að uppfylla kröfur um opinber innkaup og viðkomandi samning.

2. Þegar stofnanir ákvarða hæfi birgja skulu þær ekki gera greinarmun á birgjum í eigin landi og birgjum hjá öðrum samningsaðilum.
3. Samningsaðila er óheimilt að setja það skilyrði fyrir þátttöku birgis í opinberum innkaupum að við birginn hafi áður verið gerður einn eða fleiri samningar af hálfu stofnunar þess samningsaðila eða að birgirinn hafi starfsreynslu á yfirráðasvæði þess samningsaðila.
4. Stofnanir skulu viðurkenna sem hæfa birgja þá sem uppfylla þátttökuskilyrði í tilteknum, fyrirhuguðum innkaupum. Stofnanir skulu eingöngu grundvalla ákvarðanir sínar um hæfi á þeim þátttökuskilyrðum sem eru skilgreind fyrir fram í tilkynningum eða útboðsgögnum.
5. Ekkert í þessum kafla kemur í veg fyrir að birgir verði útilokaður af ástæðum á borð við gjaldþrot, rangar yfirlýsingar eða dóm fyrir alvarleg lagabrot á borð við þátttöku í ólögmætum samtökum.
6. Stofnanir skulu þegar í stað tilkynna birgjum, sem sótt hafa um mat á hæfi, um ákvörðun sína þar að lútandi.
Varanlegar skrár yfir hæfa birgja
7. Stofnunum er heimilt að halda varanlegar skrár yfir hæfa birgja, að því tilskildu að eftirfarandi reglum sé hlítt:

a) Stofnanir, sem halda varanlegar skrár, skulu tryggja að birgjar geti sótt um að teljast hæfir hvenær sem er,
b) birgir, sem sótt hefur um að teljast hæfur birgir, skal upplýstur um ákvarðanir þar að lútandi af viðkomandi stofnun,
c) birgjar, sem óska eftir að taka þátt í tilteknu, fyrirhuguðu útboði en eru ekki í varanlegu skránni yfir hæfa birgja, skulu einnig eiga þess kost að taka þátt í opinberum innkaupum með því að leggja fram jafngild vottorð og aðrar sannanir sem krafist er af birgjum sem eru í skránni,
d) þegar stofnun í veitugeiranum notar tilkynningu um varanlega skrá sem tilkynningu um fyrirhuguð, opinber innkaup, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 5. viðbætis við XIV. viðauka, skulu birgjar, sem óska eftir að taka þátt í útboði en eru ekki tilgreindir í varanlegu skránni yfir hæfa birgja, einnig koma til álita í fyrirhuguðum innkaupum, enda gefist nægur tími til þess að ljúka hæfisferlinu. Í því tilviki skal stofnunin þegar í stað hefja hæfisferlið og ferlið og tímann, sem þarf til að

shall be limited to those that are essential to ensure that the potential supplier has the capability to fulfil the requirements of the procurement and the ability to execute the contract in question.
2. In the process of qualifying suppliers, entities shall not discriminate between domestic suppliers and suppliers of another Party.
3. A Party shall not impose the condition that, in order for a supplier to participate in a procurement, the supplier has previously been awarded one or more contracts by an entity of that Party or that the supplier has prior work experience in the territory of that Party.
4. Entities shall recognise as qualified suppliers all suppliers who meet the conditions for participation in a particular intended procurement. Entities shall base their qualification decisions solely on the conditions for participation that have been specified in advance in notices or tender documentation.
5. Nothing in this Chapter shall preclude the exclusion of any supplier on grounds such as bankruptcy or false declarations or conviction for a serious crime such as participation in criminal organisations.
6. Entities shall promptly communicate to suppliers that have applied for qualification their decision on whether or not they qualify.
Permanent lists of qualified suppliers
7. Entities may establish permanent lists of qualified suppliers provided that the following rules are respected:

(a) entities establishing permanent lists shall ensure that suppliers may apply for qualification at any time;
(b) any supplier having requested to become a qualified supplier shall be notified by the entities concerned of the decision in this regard;
(c) suppliers requesting to participate in a given intended procurement who are not on the permanent list of qualified suppliers shall be given the possibility to participate in the procurement by presenting the equivalent certifications and other means of proof requested from suppliers who are on the list;
(d) when an entity operating in the utilities sector uses a notice on the existence of a permanent list as a notice of intended procurement, as provided in Annex XIV, Appendix 5, paragraph 6, suppliers requesting to participate who are not on the permanent list of qualified suppliers shall also be considered for the procurement, provided there is sufficient time to complete the qualification procedure; in this event, the procuring entity shall promptly start procedures for qualification and

viðurkenna hæfi, skal ekki nota í þeim tilgangi að halda birgjum annarra aðila utan birgjaskráa.

58. gr.
Birting tilkynninga

Almenn ákvæði

1. Hver samningsaðili skal tryggja að stofnanir hans sjái til þess að upplýsingum um útboð og þá möguleika, sem skapast í viðkomandi opinberu innkaupaferli, sé miðlað á skilvirkan hátt og að birgjar hjá öðrum samningsaðila fái allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir þátttöku í slíkum innkaupum.
2. Að því er varðar hvern samning sem fellur undir þennan kafla, sbr. þó 3. mgr. 54. gr. og 56. gr., skulu stofnanir birta tilkynningu fyrir fram þar sem áhugasömum birgjum er boðið að gera tilboð, eða ef við á, leggja fram umsókn um þátttöku í viðkomandi samningi.
3. Í hverri tilkynningu um fyrirhuguð innkaup skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti, heimilisfang, bréfsímanúmer, tölvupóstfang stofnunar og, ef við á, heimilisfang þar sem hægt er að nálgast öll skjöl varðandi innkaupin,

b) útboðsaðferð sem valin er og form samningsins,

c) lýsing á fyrirhuguðum innkaupum ásamt þeim kröfum í samningnum sem nauðsynlegt er að standast,
d) öll skilyrði sem birgjar verða að uppfylla fyrir þátttöku í innkaupunum,
e) skilafrestur tilboða og annar frestur ef við á,

f) helstu viðmiðanir sem stuðst verður við þegar ákvörðun er tekin um gerð samnings, og
g) greiðsluskilmálar og aðrir skilmálar ef unnt er.

Sameiginleg ákvæði

4. Allan þann tíma, sem útboð vegna viðkomandi innkaupa stendur yfir, skal vera hægt að nálgast hverja þá tilkynningu sem um getur í þessari grein og 5. viðbæti við XIV. viðauka.
5. Stofnanir skulu birta tilkynningar tímanlega með því að nota úrræði sem veita áhugasömum birgjum hjá samningsaðilunum sem víðtækastan aðgang án mismununar. Aðgangur að úrræðum þessum skal vera ókeypis á einum þjónustustað sem er tilgreindur í 2. viðbæti við XIV. viðauka.

59. gr.
Útboðsgögn

1. Í útboðsgögnum, sem birgjum eru afhent, skulu vera allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að gera þeim kleift að gera tilboð.

the process of, and the time required for, qualifying suppliers shall not be used in order to keep suppliers of other Parties off the suppliers' list.

ARTICLE 58
Publication of notices

General provisions

1. Each Party shall ensure that its entities provide for effective dissemination of the tendering opportunities generated by the relevant government procurement processes, providing suppliers of another Party with all the information required to take part in such procurement.
2. For each contract covered by this Chapter, except as set out in Articles 54(3) and 56, entities shall publish in advance a notice inviting interested suppliers to submit tenders, or where appropriate, requests for participation for that contract.

3. The information in each notice of intended procurement shall include at least the following:

(a) name, address, telefax number, electronic address of the entity and, if different, the address where all documents relating to the procurement may be obtained;
(b) the tendering procedure chosen and the form of the contract;
(c) a description of the intended procurement, as well as essential contract requirements to be fulfilled;
(d) any conditions that suppliers must fulfil to participate in the procurement;
(e) time-limits for submission of tenders and, where appropriate, other time limits;
(f) main criteria to be used for award of the contract; and
(g) if possible, terms of payment and any other terms.

Common provisions

4. Each notice referred to in this Article and Appendix 5 of Annex XIV, shall be accessible during the entire time period established for tendering for the relevant procurement.
5. Entities shall publish the notices in a timely manner through means which offer the widest possible and non-discriminatory access to the interested suppliers of the Parties. These means shall be accessible free of charge through a single point of access specified in Appendix 2 to Annex XIV.

ARTICLE 59
Tender documentation

1. Tender documentation provided to suppliers shall contain all information necessary to permit them to submit responsive tenders.

2. Ef samningsstofnanir bjóða ekki ókeypis beinan, rafrænan aðgang að öllum útboðsgögnum og öllum viðbótargögnum skulu stofnanir þegar í stað hafa útboðsgögnin tiltæk, að beiðni hvaða birgis hjá samningsaðilunum sem er.
3. Stofnanir skulu þegar í stað svara öllum sanngjörnum óskum um viðeigandi upplýsingar sem varða fyrirhuguð innkaup, enda veiti slíkar upplýsingar viðkomandi birgi ekki forskot gagnvart samkeppnisaðilum hans í útboðsferlinu.

60. gr.
Tækniforskriftir

1. Setja skal tækniforskriftir fram í tilkynningum, útboðsgögnum eða viðbótargögnum.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að stofnanir hans taki ekki saman, samþykki eða noti neinar tækniforskriftir í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að þær valdi óþörfum hindrunum í viðskiptum milli samningsaðilanna.
3. Tækniforskriftir, sem innkaupsaðilar gera kröfur um, skulu:
a) varða skil og virkni fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika, og

b) byggjast á alþjóðastöðlum, ef til eru, eða annars á innlendum, tæknilegum reglugerðum,[8] viðurkenndum landsstöðlum[9] eða byggingarreglugerðum.
4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar stofnunin getur sýnt fram á það á hlutlægan hátt að tækniforskriftir, sem um getur í þeirri málsgrein, séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að.

2. Where contracting entities do not offer free direct access to the entire tender documents and any supporting documents by electronic means, entities shall make promptly available the tender documentation at the request of any supplier of the Parties.
3. Entities shall promptly reply to any reasonable request for relevant information relating to the intended procurement, on condition that such information does not give that supplier an advantage over its competitors.

ARTICLE 60
Technical specifications

1. Technical specifications shall be set out in the notices, tender documents or additional documents.
2. Each Party shall ensure that its entities do not prepare, adopt or apply any technical specifications with a view to, or with the effect of, creating unnecessary obstacles to trade between the Parties.

3. Technical specifications prescribed by entities shall be:
(a) in terms of performance and functional requirements rather than design or descriptive characteristics; and
(b) based on international standards, where these exist or, in their absence, on national technical regulations,[8] recognised national standards,[9] or building codes.
4. The provisions of paragraph 3 do not apply when the entity can objectively demonstrate that the use of technical specifications referred to in that paragraph would be ineffective or inappropriate for the fulfilment of the legitimate objectives pursued.

---

[8] Með hugtakinu „tæknileg reglugerð“ er í þessum kafla átt við skjal þar sem lýst er eiginleikum vöru, þjónustu eða vinnsluferlum og framleiðsluaðferðum sem tengjast þeim, þ.m.t. gildandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er að fylgja. Hún getur enn fremur náð yfir eða fjallað eingöngu um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð.

[9] Með hugtakinu „staðall“ er í þessum kafla átt við skjal sem viðurkenndur aðili hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um, til sameiginlegrar og endurtekinnar beitingar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleika að því er varðar vöru, þjónustu eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast þeim, sem skylt er að fylgja. Hann getur enn fremur náð yfir eða fjallað eingöngu um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð.

[8] For the purpose of this Chapter, a technical regulation is a document which lays down characteristics of a product or a service or their related processes and production methods, including the applicable administrative provisions, with which compliance is mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labeling requirements as they apply to a product, service, process or production method.

[9] For the purpose of this Chapter, a standard is a document approved by a recognised body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines or characteristics for products or services or related processes and production methods, with which compliance is not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labeling requirements as they apply to a product, service, process or production method.

5. Í öllum tilvikum skulu stofnanir taka til greina tilboð sem samræmast ekki tækniforskriftum en standast grundvallarkröfur og skila tilætluðum árangri. Í útboðsgögnum verður vísun í tækniforskriftir að innihalda orð í líkingu við „eða sambærilegt".
6. Ekki skulu vera kröfur um eða tilvísanir í tiltekin vörumerki eða viðskiptaheiti, einkaleyfi, hönnun eða tegund, tiltekinn uppruna, framleiðanda eða birgi, nema ekki sé fyrir hendi nægilega nákvæm eða skiljanleg leið til þess að lýsa útboðsskilmálum, enda sé jafnframt tekið fram „eða sambærilegt" í útboðsgögnum.
7. Á bjóðanda hvílir sönnunarbyrði þess efnis að sýna fram á að tilboð hans standist grundvallarkröfur.

61. gr.
Frestur

1. Skilafrestur tilboða og umsókna um þátttöku til stofnana skal vera nægur til þess að birgjar hjá öðrum samningsaðila, sem og birgjar í heimalandi, geti undirbúið og skilað inn tilboðum og, eftir því sem við á, umsóknum um þátttöku eða um að teljast hæfir. Þegar frestur er ákveðinn skulu stofnanir, að teknu tilliti til eigin þarfa eins og sanngjarnt er, taka mið af atriðum á borð við það hversu flókið útboð er og eðlilegum sendingartíma tilboða bæði frá útlöndum og innanlands.

2. Hver samningsaðili skal tryggja að stofnanir hans taki tillit til tafa sem verða á birtingu þegar ákveðinn er lokafrestur til að skila tilboðum eða umsóknum um þátttöku eða um að teljast hæfir til að verða teknir upp í birgjaskrána.
3. Lágmarksskilafrestur tilboða er tilgreindur í 3. viðbæti við XIV. viðauka.

62. gr.
Viðræður

1. Samningsaðili getur kveðið á um að aðilar geti átt í viðræðum:
a) í tengslum við innkaup þar sem greint hefur verið frá því að slíkt sé ætlunin í auglýsingunni um fyrirhugað útboð, eða
b) þegar mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð er augljóslega hagstæðast í ljósi þeirra matsviðmiðana sem settar voru fram í auglýsingunum eða útboðsgögnunum.
2. Viðræðum er umfram allt ætlað að leiða í ljós styrk og veikleika tilboða.
3. Stofnanir skulu ekki mismuna birgjum í viðræðunum. Einkum og sér í lagi skulu þær tryggja:

5. In all cases, entities shall consider bids which do not comply with the technical specifications but meet the essential requirements thereof and are fit for the purpose intended. The reference to technical specifications in the tender documents must include words such as "or equivalent".
6. There shall be no requirement or reference to a particular trademark or trade name, patent, design or type, specific origin, producer or supplier, unless there is no sufficiently precise or intelligible way of describing the procurement requirements and provided that words, such as "or equivalent", are included in the tender documentation.
7. The tenderer shall have the burden of proof to demonstrate that his bid meets the essential requirements.

ARTICLE 61
Time limits

1. All time limits established by the entities for the receipt of tenders and requests to participate shall be adequate to allow suppliers of another Party, as well as domestic suppliers, to prepare and to submit tenders, and where appropriate, requests for participation or applications for qualifying. In determining any such time limit, entities shall, consistent with their own reasonable needs, take into account such factors as the complexity of the intended procurement and the normal time for transmitting tenders from foreign as well as domestic points.
2. Each Party shall ensure that its entities shall take due account of publication delays when setting the final date for receipt of tenders or of requests for participation or for qualifying for the suppliers' list.

3. The minimum time limits for the receipt of tenders are specified in Appendix 3 to Annex XIV.

ARTICLE 62
Negotiations

1. A Party may provide for its entities to conduct negotiations:
(a) in the context of procurements in which they have indicated such intent in the notice of intended procurement; or
(b) when it appears from evaluation that no one tender is obviously the most advantageous in terms of the specific evaluation criteria set forth in the notices or tender documentation.
2. Negotiations shall primarily be used to identify the strengths and weaknesses in tenders.
3. Entities shall not, in the course of negotiations, discriminate between tenderers. In particular, they shall ensure that:

a) að öll útilokun þátttakenda verði í samræmi við viðmiðanir í auglýsingum og útboðsgögnum,

b) að allar breytingar á viðmiðunum og tæknikröfum séu sendar skriflega til allra annarra þátttakenda í viðræðunum,

c) að á grundvelli endurskoðunar, sem gerð hefur verið á kröfum og/eða að viðræðum loknum, sé öllum öðrum þátttakendum gefið tækifæri til þess að skila inn nýjum eða breyttum tilboðum innan tiltekins frests.

63. gr.

Innsending, móttaka og opnun tilboða

1. Tilboð og umsóknir um þátttöku skulu vera skrifleg.

2. Stofnanir skulu taka við og opna tilboð frá bjóðendum samkvæmt málsmeðferð og skilyrðum sem tryggja að meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun sé hlítt.

64. gr.

Val tilboða

1. Til að koma til greina við val á tilboði verður tilboð, á opnunartíma tilboða, að samrýmast grundvallarkröfum í útboðsauglýsingum eða útboðsgögnum og vera frá birgi sem uppfyllir skilyrði fyrir þátttöku.

2. Stofnanir skulu semja við þann bjóðanda sem á annaðhvort lægsta tilboð eða það tilboð sem telst hagstæðast í ljósi þeirra tilteknu matsviðmiðana sem settar voru fram í auglýsingunum eða útboðsgögnunum.

65. gr.

Upplýsingar um samningsgerð

1. Hver samningsaðili skal sjá til þess að stofnanir hans láti fara fram skilvirka dreifingu niðurstaðna úr opinberu innkaupaferli.

2. Stofnanir skulu þegar í stað tilkynna bjóðendum um ákvarðanir er varða samningsgerð og um eiginleika og kosti tilboðsins, sem var tekið, í samanburði við önnur tilboð. Samkvæmt beiðni skulu stofnanir veita bjóðanda, sem ekki var valinn, viðeigandi upplýsingar um ástæður þess að tilboði hans var ekki tekið.

3. Stofnunum er heimilt að ákveða að synja um tilteknar upplýsingar um val tilboða ef birting slíkra upplýsinga gæti hindrað framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstæð almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni birgja eða réttmæta samkeppni milli þeirra.

(a) any elimination of participants is carried out in accordance with the criteria set forth in the notices and tender documentation;

(b) all modifications to the criteria and to the technical requirements are transmitted in writing to all remaining participants in the negotiations;

(c) on the basis of the revised requirements and/or when negotiations are concluded, all remaining participants are afforded an opportunity to submit new or amended tenders in accordance with a common deadline.

ARTICLE 63

Submission, receipt and opening of tenders

1. Tenders and requests to participate in procedures shall be submitted in writing.

2. Entities shall receive and open bids from tenderers under procedures and conditions guaranteeing the respect of the principles of transparency and non-discrimination.

ARTICLE 64

Awarding of contracts

1. To be considered for award, a tender must, at the time of opening, conform to the essential requirements of the notices or tender documentation and be submitted by a supplier which complies with the conditions for participation.

2. Entities shall make the award to the tenderer whose tender is either the lowest tender or the tender which, in terms of the specific objective evaluation criteria previously set forth in the notices or tender documentation, is determined to be the most advantageous.

ARTICLE 65

Information on contract award

1. Each Party shall ensure that its entities provide for effective dissemination of the results of government procurement processes.

2. Entities shall promptly inform tenderers of decisions regarding the award of the contract and of the characteristics and relative advantages of the selected tender. Upon request, entities shall inform any eliminated tenderer of the reasons for the rejection of its tender.

3. Entities may decide to withhold certain information on the contract award where release of such information would prevent law enforcement or otherwise be contrary to the public interest, would prejudice the legitimate commercial interests of suppliers, or might prejudice fair competition between them.

66. gr.
Útboð vefengt

1. Ef birgjar kæra meint brot á ákvæðum þessa kafla í tengslum við innkaup skulu stofnanir bregðast við kvörtunum þeirra tímanlega og á hlutlausan hátt.

2. Hver samningsaðili skal kveða á um málsmeðferð sem felur ekki í sér mismunun, er skjótvirk, gagnsæ og skilvirk og gerir birgjum kleift að kæra meint brot á ákvæðum þessa kafla í tengslum við innkaup þar sem þeir eiga eða hafa átt hagsmuna að gæta.
3. Kærumál skulu flutt fyrir dómstóli eða fyrir óvilhöllum og óháðum úrskurðaraðila. Úrskurðaraðili, sem ekki er dómstóll, skal annaðhvort háður endurskoðun dómstóla eða starfa samkvæmt svipuðum málsmeðferðarreglum.
4. Í málsmeðferðarreglum um kærumál skal kveða á um:
a) skjótvirkar bráðabirgðaráðstafanir til að leiðrétta brot á ákvæðum þessa kafla og vernda viðskiptatækifæri. Slíkar aðgerðir geta leitt til frestunar á innkaupaferlinu. Hins vegar má kveða á um það í málsmeðferðarreglum að taka megi tillit til neikvæðra afleiðinga sem vega þyngra að því er varðar þá hagsmuni sem um er að ræða, þ.m.t. almannahagsmuni, þegar ákvörðun er tekin um hvort slíkum ráðstöfunum er beitt, og
b) ef við á, leiðréttingu á broti á ákvæðum þessa kafla eða, ef ekki er um slíka leiðréttingu að ræða, bætur fyrir tap eða tjón, sem af hefur hlotist, sem getur takmarkast við kostnað af undirbúningi tilboðs og kæru.

ARTICLE 66
Bid challenges

1. Entities shall accord impartial and timely consideration to any complaints from suppliers regarding an alleged breach of this Chapter in the context of a procurement procedure.
2. Each Party shall provide non-discriminatory, timely, transparent and effective procedures enabling suppliers to challenge alleged breaches of this Chapter arising in the context of procurements in which they have, or have had, an interest.

3. Challenges shall be heard by an impartial and independent reviewing authority. A reviewing authority which is not a court shall either be subject to judicial review or shall have procedural guarantees similar to those of a court.
4. Challenge procedures shall provide for:

(a) rapid interim measures to correct breaches of this Chapter and to preserve commercial opportunities. Such action may result in suspension of the procurement process. However, procedures may provide that overriding adverse consequences for the interests concerned, including the public interest, may be taken into account in deciding whether such measures should be applied; and

(b) if appropriate, correction of the breach of this Chapter or, in the absence of such correction, compensation for the loss or damages suffered, which may be limited to costs for tender preparation and protest.

67. gr.
Upplýsingatækni og samstarf

1. Samningsaðilar skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafrænar aðferðir við skilvirka miðlun upplýsinga um opinber innkaup, einkum um tækifæri sem stofnanir veita til að gera tilboð, en virða um leið meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

2. Samningsaðilar skulu leitast við að veita hver öðrum tæknilega aðstoð, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki, með það í huga að auka skilning á því fyrirkomulagi sem er haft við opinber innkaup og á tölfræðilegum upplýsingum um opinber innkaup, auk betri aðgangs að mörkuðum hvers og eins.

ARTICLE 67
Information technology and co-operation

1. The Parties shall, to the extent possible, endeavour to use electronic means of communication to permit efficient dissemination of information on government procurement, particularly as regards tender opportunities offered by entities, while respecting the principles of transparency and non-discrimination.
2. The Parties shall endeavour to provide each other with technical co-operation, particularly aimed at small and medium size enterprises, with a view to achieve a better understanding of their respective government procurement systems and statistics, as well as a better access to their respective markets.

68. gr.
Breytingar á gildissviði

1. Samningsaðila er heimilt að breyta gildissviði sínu samkvæmt þessum kafla svo fremi hann:

ARTICLE 68
Modifications to coverage

1. A Party may modify its coverage under this Chapter, provided that it:

a) tilkynni hinum samningsaðilunum um breytinguna, og
b) veiti hinum samningsaðilunum, innan 30 daga eftir að þetta er tilkynnt, viðeigandi bætur á því gildissviði til þess að viðhalda gildissviði sambærilegu því sem var fyrir breytinguna.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. skal samningsaðili ekki veita hinum samningsaðilunum bætur ef breyting hans á gildissviði sínu samkvæmt þessum kafla varðar:
a) leiðréttingar sem eru einungis formlegs eðlis eða minni háttar breytingar á XIII. og XIV. viðauka,
b) eina eða fleiri stofnanir þar sem ríkisumsjá eða ríkisáhrifum hefur í raun verið aflétt í kjölfar einkavæðingar eða aukins frelsis.

3. Ef samningsaðilar eru sammála um breytinguna skal sameiginlega nefndin koma henni í framkvæmd með því að breyta viðkomandi viðauka.

69. gr.
Frekari viðræður

Ef samningsaðili býður þriðja aðila síðar meir aukinn ávinning varðandi aðgang að markaði fyrir opinber innkaup með tilliti til þess gildissviðs sem samþykkt er með þessum kafla skal hann, að beiðni annars samningsaðila, samþykkja að hefja frekari samningaviðræður um gagnkvæma víkkun gildissviðs samkvæmt þessum kafla.

70. gr.
Undantekningar

Að því tilskildu að ráðstöfunum sé ekki beitt eins og um væri að ræða geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun samningsaðila eða duldar takmarkanir á viðskipti milli þeirra skal ekkert í þessum kafla túlkað svo að það komi í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða haldi í gildi ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til þess að vernda:
a) almennt siðgæði, allsherjarreglu eða öryggi,
b) líf, heilsu eða öryggi manna,
c) líf eða heilbrigði dýra eða plantna,
d) hugverk, eða
e) í tengslum við vöru eða þjónustu fatlaðra eða góðgerðarstofnana eða afrakstur af fangelsisvinnu.

71. gr.
Endurskoðun og framkvæmd

1. Sameiginlega nefndin skal endurskoða framkvæmd á ákvæðum þessa kafla á tveggja ára fresti, nema samningsaðilar ákveði annað; hún skal fjalla

(a) notifies the other Parties of the modification; and

(b) provides the other Parties, within 30 days following the date of such notification, appropriate compensatory adjustments to its coverage in order to maintain a level of coverage comparable to that existing prior to the modification.

2. Notwithstanding paragraph 1(b), no compensatory adjustments shall be provided to the other Parties where the modification by a Party of its coverage under this Chapter concerns:
(a) rectifications of a purely formal nature and minor amendments to Annexes XIII and XIV;
(b) one or more covered entities on which government control or influence has been effectively eliminated as a result of privatisation or liberalisation.

3. Where the Parties agree on the modification, the Joint Committee shall give effect to the agreement by amending the relevant Annex.

ARTICLE 69
Further negotiations

In the case that a Party offers, in the future, a third party additional advantages with regard to its respective government procurement market access coverage agreed under this Chapter, it shall agree, upon request of another Party, to enter into negotiations with a view to extending coverage under this Chapter on a reciprocal basis.

ARTICLE 70
Exceptions

Provided that such measures are not applied in a manner that would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between the Parties or a disguised restriction on trade between them, nothing in this Chapter shall be construed to prevent any Party from adopting or maintaining measures necessary to protect:
(a) public morals, order or safety;
(b) human life, health or security;
(c) animal or plant life or health;
(d) intellectual property; or
(e) relating to goods or services of handicapped persons, of philanthropic institutions or of prison labour.

ARTICLE 71
Review and implementation

1. The Joint Committee shall review the implementation of this Chapter every two years, unless otherwise agreed by the Parties; it shall consider any issue

um öll málefni sem upp koma í kjölfar framkvæmdarinnar og grípa til viðeigandi aðgerða þegar hún gegnir störfum sínum.

2. Að beiðni eins samningsaðila skulu samningsaðilar kveðja saman tvíhliða starfshóp til að fjalla um framkvæmd á ákvæðum þessa kafla. Þar er m.a. fjallað um:

a) tvíhliða samstarf í tengslum við þróun og notkun rafrænna fjarskipta í opinberum innkaupum,

b) skipti á tölfræðilegum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum upplýsingum, sem gera kleift að fylgjast með opinberum innkaupum samningsaðila og árangri af beitingu ákvæða þessa kafla, og

c) könnun á mögulegum áhuga á frekari samningaviðræðum til að víkka enn frekar gildissvið skuldbindinga um markaðsaðgang samkvæmt þessum kafla.

arising from it, and take appropriate action in the exercise of its functions.

2. At the request of a Party, the Parties shall convene a bilateral Working Group to address issues related to the implementation of this Chapter. Such issues may include:

(a) bilateral cooperation relating to the development and use of electronic communications in government procurement systems;

(b) the exchange of statistics and other information needed for monitoring procurement conducted by the Parties and the results of the application of this Chapter; and

(c) exploration of potential interest in further negotiations aimed at further broadening of the scope of market access commitments under this Chapter.

VI. KAFLI
STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

72. gr.
Markmið

1. Samningsaðilar viðurkenna að samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækis kunna að hindra ávinning af þessum samningi.

2. Samningsaðilar skuldbinda sig til beita samkeppnislögum sínum á þann hátt sem samræmist þessum kafla þannig að ekki sé dregið úr ávinningi sem fylgir auknu frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum samningi, eða hann gerður að engu með samkeppnishamlandi starfsháttum fyrirtækja.[10] Til að auðvelda þetta samþykkja samningsaðilar að starfa saman með samræmdum hætti samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Samstarf þetta tekur til tilkynninga, samráðs og upplýsingaskipta.

3. Hugtakið „samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækis“ í þessum samningi felur í sér en takmarkast þó ekki við samkeppnishamlandi samninga, samstilltar aðgerðir eða framkvæmd samkeppnisaðila, misnotkun eins fyrirtækis á yfirburðastöðu á markaði eða misnotkun á sameiginlegri yfirburðastöðu fyrirtækja á markaði og samruna sem hefur umtalsverð samkeppnishamlandi áhrif. Þessar aðgerðir eiga við um vörur og þjónustu og til þeirra kunna einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki að grípa.

CHAPTER VI
COMPETITION POLICY

ARTICLE 72
Objectives

1. The Parties recognise that anti-competitive business conduct may frustrate the benefits arising from this Agreement.

2. The Parties undertake to apply their competition laws in a manner consistent with this Chapter so as to avoid that the benefits of the liberalisation process in goods and services as provided by this Agreement may be diminished or cancelled out by anti-competitive business conduct.[10] To facilitate this, the Parties agree to co-operate and co-ordinate under the provisions of this Chapter. This co-operation includes notification, consultation, and exchange of information.

3. For the purposes of this Agreement, "anti-competitive business conduct" includes, but is not limited to, anti-competitive agreements, concerted practices or arrangements by competitors, the abuse of single or joint dominant positions in a market and mergers with substantial anti-competitive effects. These practices refer to goods and services and may be carried out by private and public enterprises.

---

[10] Með hugtakinu „vörur“ er í þessum kafla átt við vörur sem flokkast í 1. til 97. kafla í samræmdu tollskránni.

[10] For the purpose of this Chapter, "goods" shall mean goods classified in chapters 1 to 97 of the HS.

4. Samningsaðilar viðurkenna mikilvægi meginreglna í samkeppni, sem eru viðurkenndar á margh liða vettvangi þar sem samningsaðilar eru annaðhvort þátttakendur eða áheyrnarfulltrúar, þ.m.t. er meginreglan um bann við mismunun, meginreglan um tilhlýðilega málsmeðferð og meginreglan um gagnsæi.

4. The Parties recognise the importance of principles of competition that are accepted in relevant multilateral fora of which the Parties are members or observers, including non-discrimination, due process, and transparency.

73. gr.
Tilkynningar

1. Hver samningsaðili skal, fyrir milligöngu yfirvalds sem hann tilnefnir, tilkynna hinum samningsaðilunum um aðgerð til að framfylgja samkeppnislögum varðandi samkeppnishamlandi starfshætti fyrirtækis í tengslum við vörur og þjónustu ef líkur eru á að hún hafi umtalsverð áhrif á mikilvæga hagsmuni annars samningsaðila eða líkur eru á að þessir samkeppnishamlandi starfshættir hafi bein og umtalsverð áhrif á yfirráðasvæði þess sama samningsaðila eða þeir eiga sér einkum stað á yfirráðasvæði þess sama samningsaðila.
2. Að því tilskildu að það stríði ekki gegn samkeppnislögum samningsaðilanna eða hafi áhrif á yfirstandandi rannsóknir skal send út tilkynning snemma á málsmeðferðarferlinu.
3. Tilkynningarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu vera nógu nákvæmar til að fram geti farið mat með tilliti til hagsmuna hinna samningsaðilanna.

ARTICLE 73
Notifications

1. Each Party, through its designated authority, shall notify the other Parties of an enforcement activity regarding anti-competitive business conduct relating to goods and services if it is liable to substantially affect another Party's important interests, or if the anti-competitive business conduct is liable to have a direct and substantial effect in the territory of that other Party or is taking place principally in the territory of that other Party.

2. Provided that this is not contrary to the Parties' competition laws and does not affect any investigation being carried out, notification shall take place at an early stage of the procedure.
3. The notifications provided for in paragraph 1 should be detailed enough to permit an evaluation in the light of the interests of the other Parties.

74. gr.
Samræming á aðgerðum til að framfylgja samkeppnislögum

Hver samningsaðili getur, fyrir milligöngu yfirvalds sem hann tilnefnir, tilkynnt öðrum samningsaðila að hann sé þess fús að samræma aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum í sérstöku tilviki. Þessi samræming kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir.

ARTICLE 74
Co-ordination of enforcement activities

A Party, through its designated authority, may notify another Party of its willingness to co-ordinate enforcement activities with respect to a specific case. This co-ordination shall not prevent the Parties from taking autonomous decisions.

75. gr.
Samráð

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, taka tillit til mikilvægra hagsmuna hinna samningsaðilanna þegar hann grípur til aðgerða gegn samkeppnishamlandi starfsháttum fyrirtækis í tengslum við vörur og þjónustu. Ef samningsaðili telur að rannsókn eða málsmeðferð, sem annar samningsaðili stendur fyrir, kunni að skaða mikilvæga hagsmuni þess samningsaðila er honum heimilt að koma áliti sínu á málinu á framfæri við hann fyrir milligöngu yfirvalds sem hann tilnefnir. Með fyrirvara um rétt hans til löglegra aðgerða samkvæmt eigin samkeppnislögum og fullt frelsi til að taka endanlega ákvörðun skal samningsaðilinn, sem málinu er beint til, fjalla ítarlega og af velvilja um álitið sem látið var í ljós.

ARTICLE 75
Consultations

1. Each Party shall, in accordance with its laws, take into consideration the important interests of the other Parties in the course of its enforcement activities on anti-competitive business conduct relating to goods and services. If a Party considers that an investigation or proceeding being conducted by another Party may adversely affect such Party's important interests it may transmit its views on the matter to that other Party through its designated authority. Without prejudice to the continuation of any action under its competition laws and to its full freedom of ultimate decision, the Party so addressed should give full and sympathetic consideration to the views expressed by the requesting Party.

2. Ef samningsaðili telur að samkeppnishamlandi starfshættir fyrirtækis, sem eiga sér stað á yfirráðasvæði annars samningsaðila, kunni að skaða hagsmuni hans er fyrrnefnda samningsaðilanum heimilt, fyrir milligöngu yfirvalds sem hann tilnefnir, að fara fram á að hinn samningsaðilinn hefji viðeigandi aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum. Beiðnin skal vera eins nákvæm og unnt er og varða eðli hinna samkeppnishamlandi starfshátta fyrirtækisins og áhrif þeirra á hagsmuni þess samningsaðila sem leggur beiðnina fram og skulu henni fylgja boð um nánari upplýsingar og aðra aðstoð sem samningsaðilinn, sem leggur beiðnina fram, er fær um að veita. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, skal íhuga vandlega hvort rétt sé að hefja aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum eða víkka út yfirstandandi aðgerðir með tilliti til þeirra samkeppnishamlandi starfshátta fyrirtækis sem lýst er í beiðninni.

3. Að því er varðar málefni sem fjallað er um í 1. og 2. mgr. skuldbindur hver samningsaðili sig til að miðla upplýsingum um þau viðurlög og úrræði sem beitt er og til að færa rök fyrir beitingu þeirra, fari annar samningsaðili fram á slíkt.

4. Samningsaðili getur farið fram á að efnt verði til samráðs innan sameiginlegu nefndarinnar um málefni, sem fjallað er um í 1. og 2. mgr., auk annarra málefna sem falla undir þennan kafla. Í slíkri beiðni skulu raktar ástæður fyrir beiðninni og tilgreint hvort nauðsynlegt sé að hraða samráðinu vegna tímatakmarkana við málsmeðferð eða annarra takmarkana.

76. gr.

Skipti á upplýsingum og trúnaðarkvöð

1. Samningsaðilar eru hvattir til að skiptast á upplýsingum til að greiða fyrir skilvirkri beitingu samkeppnislaga sinna í þeim tilgangi að gera að engu neikvæð áhrif samkeppnishamlandi viðskiptahátta fyrirtækis í tengslum við vörur og þjónustu.

2. Öll skipti á upplýsingum skulu lúta reglum og stöðlum um trúnaðarkvöð sem gilda á yfirráðasvæði hvers samningsaðila. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar ef það gengur þvert á lög hans sjálfs um afhendingu upplýsinga. Hver samningsaðili skal uppfylla trúnaðarkvöð þeirra upplýsinga sem honum eru veittar með þeim takmörkunum sem samningsaðilinn, sem leggur fram upplýsingarnar, krefst vegna notkunar þeirra. Heimilt er að veita viðkomandi dómstólum trúnaðarupplýsingar ef lög samningsaðila kveða á um það.

77. gr.

Opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem fá sér- eða einkaréttindi, einnig einkasölu

1. Að því er varðar opinber fyrirtæki og fyrirtæki

2. If a Party considers that an anti-competitive business conduct carried out within the territory of another Party may have an adverse effect on its interests, the first Party may, through its designated authority, request that that other Party initiates appropriate enforcement activities. The request shall be as specific as possible about the nature of the anti-competitive business conduct and its effect on the interest of the requesting Party, and shall include an offer of such further information and other assistance as the requesting Party is able to provide. The requested Party shall carefully consider whether to initiate enforcement activities, or to expand ongoing enforcement activities, with respect to the anti-competitive business conduct identified in the request.

3. Regarding the issues addressed in paragraphs 1 and 2 each Party undertakes to exchange information regarding sanctions and remedies applied and to provide the grounds on which those actions were taken, when requested by another Party.

4. A Party may request consultations within the Joint Committee regarding the issues addressed in paragraphs 1 and 2 as well as any other matter covered by this Chapter. Such a request shall indicate the reasons for the request and whether any procedural time limit or other constraints require that consultations be expedited.

ARTICLE 76

Exchange of information and confidentiality

1. With a view to facilitating the effective application of their competition laws in order to eliminate the negative effects of anti-competitive business conduct relating to goods and services, the Parties are encouraged to exchange information.

2. All exchange of information shall be subject to the rules and standards of confidentiality applicable in the territory of each Party. No Party shall be required to provide information when this is contrary to its laws regarding disclosure of information. Each Party shall maintain the confidentiality of any information provided to it according to the limitations that the submitting Party requests for the use of such information. Where the laws of a Party so provide, confidential information may be provided to their respective courts of justice.

ARTICLE 77

Public enterprises and enterprises entrusted with special or exclusive rights, including designated monopolies

1. With regard to public enterprises and enterprises

sem hafa fengið sér- eða einkaréttindi skulu samningsaðilar sjá til þess að engin ráðstöfun sé samþykkt eða haldið í gildi ef hún raskar viðskiptum með vörur eða þjónustu milli samningsaðilanna að því leyti sem stríðir gegn hagsmunum samningsaðilanna og að slík fyrirtæki lúti samkeppnisreglum að því marki sem beiting slíkra reglna hindrar ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.

2. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur skv. XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og VIII. gr. samningsins um þjónustuviðskipti að því er varðar fyrirtæki sem um getur í 1. mgr.

78. gr.

Lausn deilumála

Enginn samningsaðili getur beitt málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessum samningi í málum er varða þennan kafla.

79. gr.

Tilnefnd yfirvöld

Að því er varðar beitingu 73., 74. og 75. gr. skal hver samningsaðili tilnefna samkeppnisyfirvöld eða einhverja aðra opinbera stofnun og tilkynna hinum samningsaðilunum um ákvörðun sína á fyrsta fundi sameiginlegu nefndarinnar, þó eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku samningsins.

80. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samkeppnislög“:
   i) að því er varðar Chile: Decreto Ley nr. 211 frá 1973 og Ley nr. 19.610 frá 1999 og framkvæmdarreglugerðir eða -breytingar auk annarra laga þar sem fjallað er um samkeppnismál,
   ii) að því er varðar Lýðveldið Ísland: samkeppnislög nr. 8/1993, eins og þeim var breytt með lögum nr. 24/1994, 83/1997, 82/1998 og 107/2000, auk annarra laga þar sem fjallað er um samkeppnismál,
   iii) að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein: hverjar þær samkeppnisreglur sem Liechtenstein viðurkennir eða skuldbindur sig til að beita á yfirráðasvæði sínu, einnig þær sem kveðið er á um í öðrum alþjóðasamningum, svo sem samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
   iv) að því er varðar Konungsríkið Noreg: lög nr. 65 frá 11. júní 1993 um samkeppni í viðskiptastarfsemi auk annarra laga þar sem fjallað er um samkeppnismál,

to which special or exclusive rights have been granted, the Parties shall ensure that no measure is adopted or maintained that distorts trade in goods or services between the Parties to an extent contrary to the Parties' interests and that such enterprises shall be subject to the rules of competition insofar as the application of such rules does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular tasks assigned to them.

2. The Parties confirm their rights and obligations under Article XVII of the GATT 1994 and Article VIII of the GATS with regard to enterprises referred to in paragraph 1.

ARTICLE 78

Dispute settlement

No Party may have recourse to dispute settlement under this Agreement for any matter arising under this Chapter.

ARTICLE 79

Designated authorities

For the purpose of applying Articles 73, 74 and 75, each Party shall designate its competition authority or any other public entity and communicate its decision to the other Parties at the first meeting of the Joint Committee but in no case later than 60 days after the entry into force of the Agreement.

ARTICLE 80

Definitions

For the purpose of this Chapter:

(a) "competition laws" means:
   (i) for Chile, Decreto Ley N° 211 of 1973 and Ley N° 19.610 of 1999 and their implementing regulations or amendments as well as other laws dealing with competition matters;
   (ii) for the Republic of Iceland, Competition Law No. 8/1993 as amended by Law No. 24/1994, 83/1997, 82/1998 and 107/2000 as well as other laws dealing with competition matters;
   (iii) for the Principality of Liechtenstein, any competition rules that Liechtenstein recognises or undertakes to apply within its territory, including those provided for in other international agreements, such as the Agreement on the European Economic Area;
   (iv) for the Kingdom of Norway, Act No. 65 of 11 June 1993 relating to Competition in Commercial Activity as well as other laws dealing with competition matters;

v) að því er varðar Ríkjasambandið Sviss: lög ríkjasambandsins um einokunarhringi og aðrar samkeppnishömlur frá 6. október 1995 og fyrirmæli um eftirlit með samþjöppun fyrirtækja frá 17. júní 1996, svo og aðrar reglur sem kveðið er á um í þessum lögum og önnur lög þar sem fjallað er um samkeppnismál,

og allar breytingar sem kunna að verða á framangreindri löggjöf eftir að þessi samningur er gerður,

b) „aðgerð til að framfylgja samkeppnislögum“: á við um alla beitingu samkeppnislaga með rannsókn eða dómsmeðferð sem samningsaðili stendur fyrir og kann að leiða til beitingar viðurlaga eða úrræða.

VII. KAFLI
STYRKIR

81. gr.
Styrkir/ríkisaðstoð

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar styrki í tengslum við vörur, í samræmi við XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.

2. Ákvæði samningsins um þjónustuviðskipti eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar styrki í tengslum við þjónustu.

3. Hver samningsaðili getur óskað eftir upplýsingum um einstök tilvik ríkisaðstoðar sem talið er að geti haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, leggur sig fram um að veita slíkar upplýsingar.

VIII. KAFLI
GAGNSÆI

82. gr.
Birting

1. Samningsaðilar skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, reglum um málsmeðferð og stjórnsýsluákvörðunum sem hafa almennt gildi, svo og alþjóðasamningum sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Samningsaðilar skulu, sé þess óskað, veita upplýsingar um þau málefni sem um getur í 1. mgr.

83. gr.
Tengiliðir og skipti á upplýsingum

1. Til að greiða fyrir samskiptum milli samningsaðilanna varðandi málefni tengd viðskiptum sem samningur þessi tekur til skal hver samningsaðili tilnefna tengilið. Að beiðni samningsaðila skal tengiliður hinna samningsaðilanna gefa upp heiti skrif-

(v) for the Swiss Confederation, the Federal Act on Cartels and Other Restraints of Competition of 6 October 1995 and the Order on the Control of Business Concentration of 17 June 1996, and any regulation provided for by these acts as well as other laws dealing with competition matters;

and any changes that the above mentioned legislation may undergo after the conclusion of this Agreement;

(b) "enforcement activity" includes any application of competition laws by way of investigation or proceeding conducted by a Party, which may result in the imposition of penalties or remedies.

CHAPTER VII
SUBSIDIES

ARTICLE 81
Subsidies/State aid

1. The rights and obligations of the Parties in respect of subsidies related to goods shall be governed by Article XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.

2. The rights and obligations of the Parties in respect of subsidies related to services shall be governed by the GATS.

3. Each Party may request information on individual cases of state aid believed to affect trade between the Parties. The requested Party will make its best efforts to provide such information.

CHAPTER VIII
TRANSPARENCY

ARTICLE 82
Publication

1. The Parties shall publish, or otherwise make publicly available, their laws, regulations, procedures and administrative rulings of general application as well as the international agreements, that may affect the operation of this Agreement.

2. The Parties shall provide, upon request, information on matters referred to in paragraph 1.

ARTICLE 83
Contact points and exchange of information

1. In order to facilitate communication between the Parties on any trade matter covered by this Agreement, each Party shall designate a contact point. On the request of any Party, the contact point of the other Parties shall indicate the office or official res-

stofu eða nafn á opinberum starfsmanni sem ber ábyrgð á málinu og veita þann stuðning sem þarf til að greiða fyrir samskiptum við samningsaðilann sem leggur fram beiðni.
2. Að beiðni samningsaðila skal hver samningsaðili veita upplýsingar og svara öllum spurningum hins samningsaðilans um ráðstöfun sem gerð hefur verið og kann að hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðilar skulu sjá til þess að unnt sé að nálgast upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir að því marki sem unnt er samkvæmt innlendum lögum þeirra og reglum.
3. Litið er svo á að upplýsingarnar, sem um getur samkvæmt þessari grein, hafi verið veittar þegar Alþjóðaviðskiptastofnunin hefur fengið tilkynningu um að hægt sé að nálgast þær eða þegar þær hafa verið birtar á opinberri vefsíðu hlutaðeigandi samningsaðila sem er öllum opin án endurgjalds.

84. gr.
Samstarf um aukið gagnsæi

Samningsaðilarnir eru einhuga um að starfa saman á tvíhliða og marghliða vettvangi um leiðir til að auka gagnsæi í málefnum er varða viðskipti.

IX. KAFLI
STJÓRNUN SAMNINGSINS

85. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Samningsaðilar koma hér með á fót sameiginlegri nefnd EFTA-ríkjanna og Chiles og skal hún skipuð ráðherrum hvers samningsaðila eða háttsettum embættismönnum sem þeir tilnefna í þessum tilgangi.
2. Sameiginlega nefndin skal:
a) hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings og leggja mat á þann árangur sem næst með beitingu hans,
b) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,
c) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings,
d) hafa yfirumsjón með starfi þeirra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót eða verða til samkvæmt þessum samningi, og
e) vinna þau störf sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Sameiginlega nefndin getur leitað ráða hjá óopinberum aðilum og hópum.

4. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur. Hún getur tekið ákvarðanir eins og kveðið er á um í þess-

ponsible for the matter and provide the required support to facilitate communication with the requesting Party.

2. On the request of a Party, each Party shall provide information and reply to any question from the other Parties relating to an actual measure that may affect the operation of this Agreement. The Parties shall make information on proposed measures available to the extent possible under their domestic laws and regulations.

3. The information referred to under this Article shall be considered to have been provided when the information has been made available by appropriate notification to the WTO or when the information has been made available on the official, publicly and fee-free accessible website of the Party concerned.

ARTICLE 84
Cooperation on increased transparency

The Parties agree to cooperate in bilateral and multilateral fora on ways to increase transparency in trade matters.

CHAPTER IX
ADMINISTRATION OF THE AGREEMENT

ARTICLE 85
The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the EFTA-Chile Joint Committee, comprising Ministers of each Party, or senior officials delegated by them for this purpose.

2. The Joint Committee shall:
(a) supervise the implementation of this Agreement and evaluate the results obtained in its application;
(b) oversee the further elaboration of this Agreement;
(c) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement;
(d) supervise the work of the sub-committees and working groups established or created under this Agreement; and
(e) carry out any other function assigned to it under this Agreement.
3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. The Joint Committee may seek the advice of non-governmental persons and groups.
4. The Joint Committee shall establish its rules of procedure. It may take decisions as provided for in

um samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu samþykkt með almennu samkomulagi.
5. Með fyrirvara um ákvæði XV. viðauka getur sameiginlega nefndin breytt viðaukunum og viðbætunum við þennan samning.
6. Sameiginlega nefndin heldur fundi þegar nauðsyn krefur og alla jafna annað hvert ár. Reglubundnir fundir sameiginlegu nefndarinnar skulu vera til skiptis í Chile og í EFTA-ríki.
7. Samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Boða skal til fundar innan 30 daga frá því að beiðni berst, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

86. gr.
Skrifstofa

1. Samningsaðilar stofna hér með skrifstofu þessa samnings en undir hana heyra lögbærar stofnanir sem um getur í XVI. viðauka.
2. Öll boðskipti til eða frá samningsaðila skulu send fyrir milligöngu viðkomandi lögbærra stofnana, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

X. KAFLI
LAUSN DEILUMÁLA

87. gr.
Gildissvið

1. Ákvæði þessa kafla miða að því að koma í veg fyrir eða leysa öll deilumál sem upp koma á grundvelli þessa samnings milli eins eða fleiri EFTA-ríkja og Chiles.
2. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við um hvert það málefni sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

3. Þessi kafli gildir ekki um 14. gr. (2. mgr.), 16. gr. (1. mgr.), 17. gr. (1. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 20. gr., 24. gr. (1. mgr.) og 81. gr. (1. og 2. mgr.).

88. gr.
Vettvangur valinn

1. Heimilt er að leysa deilur vegna máls, er varðar bæði þennan samning og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða aðra samninga sem eru gerðir á grundvelli hans og samningsaðilarnir eru aðilar að, á vettvangi annars hvors þeirra að vali kæranda. Sá vettvangur, sem þannig er valinn, skal notaður eingöngu.
2. Þegar málsmeðferð við lausn deilumáls er hafin samkvæmt þessum samningi skv. 91. gr. eða þegar

this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations. The Joint Committee shall take decisions and make recommendations by consensus.
5. Subject to the provisions set out in Annex XV, the Joint Committee may amend the Annexes and the Appendices to this Agreement.
6. The Joint Committee shall meet whenever necessary but normally every two years. The regular meetings of the Joint Committee shall alternate between Chile and an EFTA State.
7. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

ARTICLE 86
The Secretariat

1. The Parties hereby establish a Secretariat of this Agreement, comprising the competent organs referred to in Annex XVI.
2. All communications to or by a Party shall be sent through the respective competent organs unless otherwise provided for in this Agreement.

CHAPTER X
DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 87
Scope

1. This Chapter shall apply with respect to the avoidance or the settlement of all disputes arising from this Agreement between one or several EFTA States and Chile.
2. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through cooperation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.
3. This Chapter shall not apply to Articles 14(2), 16(1), 17(1), 18(3), 20, 24(1) and 81(1) and (2).

ARTICLE 88
Choice of forum

1. Disputes on the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement, or any agreement negotiated thereunder, to which the Parties are party, may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party. The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other.

2. Once dispute settlement procedures have been initiated under this Agreement pursuant to Article 91

málsmeðferð við lausn deilumáls er hafin samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal sá vettvangur, sem er valinn, notaður eingöngu.
3. Að því er þessa grein varðar telst málsmeðferð við lausn deilumáls samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafin þegar samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms skv. 6. gr. samkomulagsins um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.
4. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð við lausn deilumáls samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gegn einum samningsaðila eða fleiri skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum um fyrirætlan sína.

89. gr.
Sáttaumleitanir

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja og þeim má ljúka hvenær sem er.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt aðila við frekari málsmeðferð.

90. gr.
Samráð

1. Samningsaðila er heimilt að fara skriflega fram á samráð við annan samningsaðila ef hann telur að ráðstöfun, sem sá samningsaðili gerir, sé í ósamræmi við þennan samning eða að ávinningur sem hann hefur beint eða óbeint af þessum samningi skerðist vegna slíkrar ráðstöfunar. Samningsaðili, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það. Samráð skal fara fram á vegum sameiginlegu nefndarinnar, nema samningsaðili eða samningsaðilar, sem leggja fram beiðni eða beiðni um samráð er beint til, séu ósammála.
2. Samráð skal haft innan 30 daga frá því að beiðni berst um samráð. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um landbúnaðarafurðir sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá því að beiðni berst.

3. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að rannsaka á hvern hátt ráðstöfun er í ósamræmi við þennan samning eða gæti skert ávinning sem þeir hafa samkvæmt honum og fara með upplýsingar um trúnaðarmál eða einkamál, sem miðlað er meðan á samráði stendur, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
4. Samráð skal bundið trúnaði og vera með fyrir-

or dispute settlement proceedings have been initiated under the WTO Agreement, the forum selected shall be used to the exclusion of the other.
3. For the purposes of this Article, dispute settlement proceedings under the WTO Agreement are deemed to be initiated by a Party's request for the establishment of a panel pursuant to Article 6 of the Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes.
4. Before a Party initiates dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party or Parties, that Party shall notify all other Parties of its intention.

ARTICLE 89
Good offices, conciliation or mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties involved so agree. They may begin at any time and be terminated at any time.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the rights of the Parties in any other proceedings.

ARTICLE 90
Consultations

1. A Party may request in writing consultations with another Party whenever it considers that a measure applied by that Party is inconsistent with this Agreement or that any benefit accruing to it directly or indirectly under this Agreement is impaired by such measure. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof. Consultations shall take place before the Joint Committee unless the Party or Parties making or receiving the request for consultations disagree.

2. Consultations shall be held within 30 days from the date of receipt of the request for consultations. Consultations on urgent matters, including those on perishable agricultural goods, shall commence within 15 days from the receipt of the request for consultations.
3. The Parties involved in the consultations shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure is inconsistent with, or may impair the benefit accruing to them under this Agreement and treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
4. The consultations shall be confidential and with-

vara um rétt samningsaðilanna til frekari málsmeðferðar.
5. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

91. gr.
Stofnun gerðardóms

1. Finnist ekki lausn á málinu innan 60 daga, eða 30 daga ef málið er brýnt, eftir að beiðni um samráð berst er einum eða fleiri hlutaðeigandi samningsaðilum heimilt að vísa málinu til gerðardóms með skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra samningsaðila sem kærunni er beint gegn. Afrit af tilkynningunni skal einnig sent til allra samningsaðila þannig að hver um sig geti ákveðið hvort hann vilji eiga hlut að deilunni.
2. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls skal einn gerðardómur stofnaður til að fjalla um kæruna þegar það er gerlegt.

3. Í beiðni um stofnun gerðardóms skal tilgreina ástæðu fyrir kærunni og ráðstöfunina sem um ræðir og benda á þann lagagrundvöll er kæran byggist á.

4. Aðli að þessum samningi, sem á ekki hlut að málinu, skal, þegar hann fær í hendur skriflega tilkynningu frá deiluaðilum, eiga rétt á að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóm, taka við skriflegum greinargerðum frá deiluaðilum, vera viðstaddur alla vitnaleiðslur og flytja munnlegar greinargerðir.

92. gr.
Gerðardómur

1. Þrír menn skulu skipa gerðardóminn.

2. Í skriflegri tilkynningu skv. 91. gr. skal sá samningsaðili eða þeir samningsaðilar, sem vísa deilumálinu til kæru, tilnefna einn mann í gerðardóm.

3. Samningsaðili eða samningsaðilar, sem tilkynningu er beint til, skulu, innan 15 daga frá því að tilkynningin berst, sem um getur í 2. mgr., samþykkja tilnefningu eins manns í gerðardóm.
4. Deiluaðilar skulu, innan 15 daga frá tilnefningu annars gerðardómsmannsins, samþykkja tilnefningu hins þriðja. Sá sem þannig er skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.
5. Hafi ekki verið tilnefndir eða skipaðir þrír gerðardómsmenn innan 30 daga frá því að tilkynningin berst, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast

out prejudice to the rights of the Parties involved in any further proceedings.
5. The Parties involved in the consultations shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

ARTICLE 91
Establishment of arbitration panel

1. If the matter has not been resolved within 60 days, or 30 days in relation to a matter of urgency, after the date of receipt of the request for consultations, it may be referred to arbitration by one or more of the Parties involved by means of a written notification addressed to the Party or Parties complained against. A copy of this notification shall also be communicated to all Parties so that each Party may determine whether to participate in the dispute.
2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter, a single arbitration panel should be established to examine these complaints whenever feasible.
3. A request for arbitration shall give the reason for the complaint including the identification of the measure at issue and an indication of the legal basis of the complaint.
4. A Party to this Agreement which is not a Party to the dispute, on delivery of a written notice to the disputing Parties, shall be entitled to make written submissions to the arbitration panel, receive written submissions of the disputing Parties, attend all hearings and make oral submissions.

ARTICLE 92
Arbitration panel

1. The arbitration panel shall comprise three members.
2. In the written notification pursuant to Article 91, the Party or the Parties referring the dispute to arbitration shall designate one member of the arbitration panel.
3. Within 15 days of the receipt of the notification referred to in paragraph 2, the Party or Parties to which it was addressed to shall designate one member of the arbitration panel.
4. The Parties to the dispute shall agree on the appointment of the third arbitrator within 15 days of the appointment of the second arbitrator. The member thus appointed shall chair the arbitration panel.
5. If all 3 members have not been designated or appointed within 30 days from the date of receipt of the notification referred to in paragraph 2, the necessary designations shall be made at the request of any

nauðsynlegar tilnefningar innan 30 daga til viðbótar að beiðni deiluaðila.
6. Formaður gerðardóms skal ekki vera ríkisborgari samningsaðila eða vera að jafnaði búsettur á landsvæði samningsaðila, vera starfsmaður hans eða hafa komið að málinu með öðrum hætti.

7. Ef gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum skal velja staðgengil hans innan 15 daga í samræmi við þær aðferðir sem notaðar voru við val á honum. Þegar svo ber undir skal sá frestur, sem gildir við málsmeðferð gerðardóms, lengdur frá þeim degi að gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum þar til eftirmaður hans hefur verið valinn.
8. Stofndagur gerðardómsins telst vera sami dagur og formaðurinn er skipaður.

93. gr.
Störf gerðardóms

1. Málsmeðferð gerðardóms skal fara fram í samræmi við staðlaðar starfsreglur í XVII. viðauka, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

2. Hlutverk gerðardóms er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 10 daga frá dagsetningu beiðni um stofnun gerðardóms:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms skv. 91. gr. og komast að rökstuddri niðurstöðu um lausn deilunnar á grundvelli laga eða staðreynda."

3. Gerðardómi er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að leita til sérfræðings um vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf eftir því sem þörf er á. Leggja skal allar upplýsingar, sem þannig eru fengnar, fyrir samningsaðilana til umsagnar.
4. Gerðardómur skal úrskurða á grundvelli ákvæða þessa samnings, einkum með tilliti til markmiðanna í 2. gr., sem eru túlkuð og þeim beitt í samræmi við viðeigandi reglur um túlkun þjóðaréttar.

5. Ákvarðanir gerðardóms skulu samþykktar með meiri hluta gerðardómsmanna. Gerðardómurum er heimilt að gefa sérálit um málefni sem ekki njóta samhljóða samþykkis. Gerðardómi er óheimilt að gefa það upp hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti gerðardóms.
6. Deiluaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði af gerðardómi, þ.m.t. þóknanir til gerðardómsmanna.

Party to the dispute by the Director-General of the WTO within a further 30 days.
6. The Chair of the arbitration panel shall not be a national of any of the Parties, nor have his or her usual place of residence in the territory of any of the Parties, nor be employed or previously have been employed by any of the Parties, nor have dealt with the case in any capacity.
7. If an arbitrator dies, withdraws or is removed, a replacement shall be selected within 15 days in accordance with the selection procedure followed to select him or her. In such a case, any time period applicable to the arbitration panel proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the arbitrator dies, withdraws or is removed and ending on the date the replacement is selected.
8. The date of establishment of the arbitration panel shall be the date on which the Chair is appointed.

ARTICLE 93
Procedures of the arbitration panel

1. Unless the Parties to the dispute agree otherwise, the arbitration panel proceedings shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure set out at Annex XVII.
2. Unless the Parties to the dispute otherwise agree within 10 days from the date of delivery of the request for the establishment of the arbitration panel, the terms of reference shall be:

"To examine, in the light of the relevant provisions of the Agreement, the matter referred to in the request for the establishment of an arbitration panel pursuant to Article 91 and to make findings of law and fact together with the reasons therefore for the resolution of the dispute."
3. At the request of a Party to the dispute or on its own initiative, the arbitration panel may seek scientific information and technical advice from experts as it deems appropriate. Any information so obtained shall be submitted to the Parties for comments.

4. The arbitration panel shall make its ruling based on the provisions of this Agreement, in particular in the light of its objectives as set out in Article 2, applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law.
5. Decisions of the arbitration panel shall be taken by a majority of its members. Arbitrators may furnish separate opinions on matters not unanimously agreed. No arbitration panel may disclose which arbitrators are associated with majority or minority opinions.
6. The expenses of the arbitration panel, including the remuneration of its members, shall be borne by the Parties to the dispute in equal shares.

94. gr.
Úrskurður

1. Gerðardómur skal afhenda deiluaðilum úrskurð sinn innan 90 daga frá stofnun hans.

2. Gerðardómur skal leggja til grundvallar úrskurði sínum greinargerðir og röksemdir deiluaðila og vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf skv. 3. mgr. 93. gr.
3. Úrskurðurinn skal birtur 15 dögum eftir að hann er kynntur deiluaðilum, nema þeir komi sér saman um annað.

95. gr.
Málsmeðferð í gerðardómi hætt

Kæranda er hvenær sem er heimilt að draga kæru sína til baka áður en úrskurður er gefinn út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kæru vegna sama efnis.

96. gr.
Framkvæmd á úrskurði gerðardóms

1. Úrskurðurinn er endanlegur og bindandi fyrir deilduaðila. Öllum deiluaðilum er skylt að gera ráðstafanir til að fylgja eftir úrskurðinum sem um getur í 94. gr.
2. Deiluaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um sérstakar ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til fylgja úrskurðinum eftir.
3. Samningsaðili, sem kærunni er beint gegn, skal tilkynna hinum samningsaðilanum innan 30 daga frá því að úrskurðurinn var sendur deiluaðilunum:
a) um sérstakar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fylgja úrskurðinum eftir,
b) um sanngjarnan frest til þess, og
c) um raunhæfa tillögu um bótagreiðslur til bráðabirgða uns gerðar hafa verið sérstakar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fylgja úrskurðinum eftir.
4. Ef deiluaðilar eru ekki sammála um inntak þessarar tilkynningar er deiluaðila heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann skeri úr um hvort fyrirhugaðar ráðstafanir, sem um getur í alið 3. mgr., eru í samræmi við úrskurðinn, um lengd frestsins og um hvort augljóst misræmi er í tillögunum um bætur. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram.

5. Hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar skulu tilkynna hinum deiluaðilanum eða deiluaðilunum og sameiginlegu nefndinni um þær ráðstafanir, sem samþykktar hafa verið til framkvæmdar úrskurðinum, innan hæfilegs frests sem er ákveðinn í samræmi við 4. mgr. Þegar tilkynningin berst er

ARTICLE 94
Ruling

1. The arbitration panel shall within 90 days from the date of the establishment of the arbitration panel present to the Parties to the dispute its ruling.
2. The arbitration panel shall base its ruling on the submissions and arguments of the Parties to the dispute and on any scientific information and technical advice pursuant to Article 93(3).
3. Unless the Parties to the dispute decide otherwise, the ruling shall be published 15 days after it is presented to them.

ARTICLE 95
Termination of arbitration panel proceedings

A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the ruling has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

ARTICLE 96
Implementation of arbitration panel rulings

1. The ruling shall be final and binding on the Parties to the dispute. Each Party to the dispute shall be bound to take the measures necessary to comply with the ruling referred to in Article 94.
2. The Parties to the dispute shall endeavour to agree on the specific measures that are required for complying with the ruling.
3. The Party complained against shall notify the other Party within 30 days after the ruling has been transmitted to the Parties to the dispute:
(a) the specific measures required for complying with the ruling;
(b) the reasonable period of time to do so; and
(c) a concrete proposal of a temporary compensation until the full implementation of the specific measures required for compliance with the ruling.
4. In case of disagreement between the Parties to the dispute on the content of such notification, the complaining Party may request the original arbitration panel to rule on whether the proposed measures referred to under paragraph 3(a) are in compliance with the ruling, on the duration of the period of time and on whether the compensation proposal is manifestly disproportionate. The ruling shall be given within 45 days after that request.
5. The Party or Parties concerned shall notify to the other Party or Parties to the dispute and the Joint Committee the measures adopted in order to implement the ruling before the expiry of the reasonable period of time determined in accordance with paragraph 4. Upon that notification, any Party to the dis-

deiluaðila heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann skeri úr um hvort þessar ráðstafanir eru í samræmi við úrskurðinn. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram.

6. Ef hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar tilkynna ekki um framkvæmdarráðstafanir áður en fresturinn, sem er ákvarðaður í samræmi við 4. mgr., rennur út eða felli gerðardómur úrskurð um að framkvæmdarráðstafanir, sem hlutaðeigandi samningsaðili eða samningsaðilar hafa tilkynnt um, séu ekki í samræmi við úrskurðinn skal samningsaðilinn eða samningsaðilarnir hefja samráðsmeðferð, fari kærandi fram á það, með það fyrir augum að ná samkomulagi um viðunandi bætur. Náist samkomulag ekki innan 20 daga frá því að beiðnin var lögð fram er kæranda heimilt að fresta einungis þeim ávinningi, sem fæst með þessum samningi, er jafngildir þeim ávinningi sem leiðir af ráðstöfuninni sem ekki er talin samrýmast þessum samningi eða talin er skerða ávinning samkvæmt honum.

7. Þegar skoðað er hvaða ávinningi rétt er að fresta skal kærandi fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira[11] og ráðstöfunin, sem gerðardómur hefur ákvarðað að samræmist ekki þessum samningi eða skerði ávinning samkvæmt honum, fellur undir. Kærandi, sem telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira, getur frestað ávinningi í öðrum geira.

8. Kærandi skal tilkynna hinum samningsaðilanum eða samningsaðilunum um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta eigi síðar en 60 dögum fyrir þann dag sem frestunin á að koma til framkvæmda. Deiluaðila er heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá tilkynningunni, að hann skeri úr um hvort ávinningur, sem kærandi hyggst fresta, sé jafngildur þeim ávinningi sem hlýst af ráðstöfun sem ekki er talin samrýmast þessum samningi eða talin er skerða ávinning samkvæmt honum og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við 6. og 7. mgr. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

pute may request the original arbitration panel to rule on the conformity of those measures with the ruling. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request.

6. If the Party or Parties concerned fails to notify the implementing measures before the expiry of the reasonable period of time determined in accordance with paragraph 4, or if the arbitration panel rules that the implementing measures notified by the Party or Parties concerned are not in compliance with the ruling, such Party or Parties shall, if so requested by the complaining Party or Parties, enter into consultations with a view to agree on a mutually acceptable compensation. If no such agreement has been reached within 20 days from the request, the complaining Party or Parties shall be entitled to suspend only the application of benefits granted under this Agreement equivalent to those affected by the measure found to be inconsistent with, or to impair benefits under, this Agreement.

7. In considering what benefits to suspend, the complaining Party or Parties should first seek to suspend benefits in the same sector[11] or sectors as that affected by the measure that the arbitration panel has found to be inconsistent with, or to impair benefits under, this Agreement. The complaining Party or Parties that consider it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors may suspend benefits in other sectors.

8. The complaining Party or Parties shall notify the other Party or Parties of the benefits which it intends to suspend no later than 60 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, any of the Parties to the dispute may request the original arbitration panel to rule on whether the benefits which the complaining Party or Parties intend to suspend are equivalent to those affected by the measure found to be inconsistent with, or to impair benefits under, this Agreement, and whether the proposed suspension is in accordance with paragraphs 6 and 7. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the arbitration panel has issued its ruling.

---

[11] Með hugtakinu „geiri“ er í þessari grein, að því er varðar vörur, átt við vörur sem flokkast í 1. til 97. kafla í samræmdu tollskránni.

[11] For the purpose of this Article, with respect to goods 'sector' shall mean goods classified in Chapters 1 to 97 of the HS.

9. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem kærandi beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem ekki er talin samrýmast þessum samningi eða talin er skerða ávinning samkvæmt honum, hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að hún samrýmist þessum samningi eða deiluaðilar hafa komist að samkomulagi um lausn deilunnar.

10. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, skera úr um hvort framkvæmdarráðstafanir, sem eru samþykktar eftir að ávinningi er frestað, séu í samræmi við úrskurðinn og hvort rétt sé að fella niður eða breyta frestun ávinnings á grundvelli úrskurðarins. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.

11. Úrskurðir, sem kveðið er á um í þessari grein, eru bindandi.

97. gr.

Önnur ákvæði

1. Frest, sem getið er í þessum kafla, er heimilt að framlengja með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.
2. Vitnaleiðslur gerðardóms eru lokaðar almenningi, nema samningsaðilar ákveði annað.

XI. KAFLI
ALMENNAR UNDANÞÁGUR

98. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Eigi samningsaðili í verulegum erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar og ytri fjárhagsskilyrða eða ef hætta er á að slíkir erfiðleikar skapist er honum heimilt að gera eða viðhalda ráðstöfunum til að takmarka greiðslur og fjármagnsflutninga í tengslum við vöru- og þjónustuviðskipti, þ.m.t. varðandi beinar fjárfestingar.
2. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera þær takmarkandi ráðstafanir sem um getur í 1. mgr.

3. Allar takmarkandi ráðstafanir, sem eru teknar upp eða viðhaldið samkvæmt þessari grein, skulu vera án mismununar, vara í takmarkaðan tíma og ekki vera meiri en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar og ytri fjárhagsskilyrða. Slík ráðstöfun skal vera í samræmi við þá skilmála sem settir eru í samningunum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og vera í samræmi við ákvæði samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eftir því sem við á.
4. Samningsaðili, sem tekur upp eða viðheldur takmarkandi ráðstöfunum eða breytingum á þeim, skal

9. The suspension of benefits shall be temporary and shall only be applied by the complaining Party or Parties until the measure found to be inconsistent with, or to impair benefits under, this Agreement has been withdrawn or amended so as to bring it into conformity with this Agreement, or the Parties to the dispute have reached agreement on a resolution of the dispute.
10. At the request of any of the Parties to the dispute, the original arbitration panel shall decide on the conformity with the ruling of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and, in light of such ruling, whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel shall be given within 30 days from the date of that request.
11. The rulings provided for in this Article shall be binding.

ARTICLE 97

Other provisions

1. Any time period mentioned in this Chapter may be extended by mutual agreement of the Parties involved.
2. Hearings of the arbitration panels shall be closed to the public, unless the Parties decide otherwise.

CHAPTER XI
GENERAL EXCEPTIONS

ARTICLE 98

Balance of payments difficulties

1. Where a Party is in serious balance of payments and external financial difficulties, or under threat thereof, it may adopt or maintain restrictive measures with regard to trade in goods and in services and with regard to payments and capital movements, including those related to direct investment.

2. The Parties shall endeavour to avoid the application of the restrictive measures referred to in paragraph 1.
3. Any restrictive measure adopted or maintained under this Article shall be non-discriminatory and of limited duration and shall not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments and external financial situation. Such a measure shall be in accordance with the conditions established in the WTO Agreements and consistent with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, as applicable.

4. The Party maintaining or having adopted restrictive measures, or any changes thereto, shall promptly

þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um þær og leggja fram tímaáætlun, eins skjótt og auðið er, um afléttingu þeirra.

5. Samningsaðili, sem beitir takmarkandi ráðstöfun, skal þegar í stað hafa samráð við sameiginlegu nefndina. Í slíkum viðræðum skal staða greiðslujafnaðar viðkomandi samningsaðila metin, svo og takmarkanir sem eru teknar upp eða haldið samkvæmt þessari grein, m.a. að teknu tilliti til þátta á borð við eftirfarandi:

a) eðli og umfang erfiðleika vegna greiðslujafnaðar og erfiðra ytri fjárhagsskilyrða,
b) ytra efnahags- og viðskiptaumhverfi aðilans sem kallaður er til viðræðna,
c) aðrar ráðstafanir sem kunna að vera tiltækar og til bóta.

Í viðræðunum skal fjalla um það hvort takmarkandi ráðstafanir séu í samræmi við 3. og 4. mgr. Öll tölfræðileg gögn og aðrar staðreyndir, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur fram um gjaldeyrisviðskipti, gjaldeyrissjóði og greiðslujöfnuð, skulu samþykkt og skulu niðurstöður byggðar á mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á greiðslujöfnuði og ytri fjárhagsskilyrðum samningsaðilans sem kallaður er til viðræðna.

99. gr.

Innlent öryggisákvæði

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:

a) að krafist sé af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar sem hann telur andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að birta,
b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína:
   i) varðandi kjarnakleyf efni eða efni sem þau eru unnin úr,
   ii) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og stríðsbúnað og þau viðskipti með aðrar vörur og efni eða veitingu þjónustu sem beinlínis eða óbeinlínis eru ætluð til hernaðar,
   iii) sem tengjast opinberum innkaupum á vopnum, skotfærum eða herbúnaði, eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna, eða
   iv) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum, eða
c) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili grípi til ráðstafana, í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, til að friður og öryggi haldist á alþjóðavettvangi.

notify them to the other Parties and present, as soon as possible, a time schedule for their removal.

5. The Party applying restrictive measures shall consult promptly within the Joint Committee. Such consultations shall assess the balance of payments situation of the Party concerned and the restrictions adopted or maintained under this Article, taking into account, inter alia, such factors as:

(a) the nature and extent of the balance of payments and the external financial difficulties;
(b) the external economic and trading environment of the consulting Party;
(c) alternative corrective measures which may be available.

The consultations shall address the compliance of any restrictive measures with paragraphs 3 and 4. All findings of statistical and other facts presented by the International Monetary Fund relating to foreign exchange, monetary reserves and balance of payments shall be accepted and conclusions shall be based on the assessment by the International Monetary Fund of the balance of payments and the external financial situation of the consulting Party.

ARTICLE 99

National security clause

1. Nothing in this Agreement shall be construed:

(a) to require a Party to furnish any information the disclosure of which it considers contrary to its essential security interests;
(b) to prevent a Party from taking any action which it considers necessary for the protection of its essential security interests:
   (i) relating to fissionable and fusionable materials or the materials from which they are derived;
   (ii) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods and materials or relating to the supply of services, as carried on directly or indirectly for the purpose of supplying or provisioning a military establishment;
   (iii) relating to the government procurement of arms, ammunition or war materials or procurement indispensable for national security or for national defense purposes; or
   (iv) taken in time of war or other emergency in international relations; or
(c) to prevent a Party from taking any action in pursuance of its obligations under the United Nations Charter for the maintenance of international peace and security.

2. Sameiginlega nefndin skal fá eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um ráðstafanir skv. b- og c-lið 1. mgr. og hvenær þær falla úr gildi.

100. gr.
Skattlagning

1. Ekkert í þessum samningi gildir um skattaráðstafanir nema:
a) ákvæði 15. gr. og þau ákvæði önnur í þessum samningi sem eru nauðsynleg til að ákvæðum þeirrar greinar sé komið til framkvæmda í jafn miklum mæli og ákvæðum III. gr. GATT-samningsins frá 1994, og
b) að því er varðar viðeigandi skattaráðstafanir í I. þætti III. kafla, þar sem XIV. gr. samningsins um þjónustuviðskipti gildir.

2. Ekkert í þessum samningi hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila sem leiðir af samningum um skattamál. Ef þessi samningur stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framar að því marki sem misræmið nær.

XII. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

101. gr.
Skilgreiningar

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað sé tekið fram:

„dagar“: almanaksdagar,

„ráðstöfun“: m.a. lög, reglur, málsmeðferð, krafa eða starfshættir, og

„samningsaðili“: ríki þar sem þessi samningur hefur öðlast gildi.

102. gr.
Viðaukar og viðbætar

Viðaukar og viðbætar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

103. gr.
Breytingar

1. Samningsaðilum er heimilt að koma sér saman um breytingar á samningi þessum. Breytingarnar skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjali um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu, nema samningsaðilar ákveði annað.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., að því er varðar ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar um breytingu á viðaukum og viðbætum við þennan samning, gildir 5. mgr. 85. gr. Þær ákvarðanir öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að

2. The Joint Committee shall be informed to the fullest extent possible of measures taken under paragraphs 1(b) and (c) and of their termination.

ARTICLE 100
Taxation

1. Nothing in this Agreement shall apply to taxation measures except:
(a) Article 15, and such other provisions of this Agreement as are necessary to give effect to that Article to the same extent as does Article III of the GATT 1994; and

(b) with regard to taxation measures applicable in Section I of Chapter III, where Article XIV of the GATS applies.

2. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of any Party under any tax convention. In the event of any inconsistency between this Agreement and any such convention, that convention shall prevail to the extent of the inconsistency.

CHAPTER XII
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 101
Definitions

For the purposes of this Agreement, unless otherwise specified:

"days" means calendar days;

"measure" includes *inter alia* any law, regulation, procedure, requirement or practice; and

"Party" means any State regarding which this Agreement has entered into force.

ARTICLE 102
Annexes and Appendices

The Annexes and Appendices to this Agreement constitute an integral part thereof.

ARTICLE 103
Amendments

1. The Parties may agree on any amendment to this Agreement. Unless the Parties decide otherwise, the amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.

2. Notwithstanding paragraph 1, with respect to decisions of the Joint Committee amending the Annexes and Appendices to this Agreement, Article 85(5) shall apply. Such decisions shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that any decision shall enter into

því er varðar þá samningsaðila sem uppfyllt hafa innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Chile sé einn þessara samningsaðila. EFTA-ríki er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi, sbr. þó stjórnskipuleg skilyrði þess.
3. Breytingatexta skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

104. gr.
Nýir samningsaðilar

Þriðja ríki getur orðið aðili að samningi þessum að fengnu boði frá sameiginlegu nefndinni. Skilmálar og skilyrði fyrir aðild nýrra samningsaðila skal setja í samning milli samningsaðilanna og ríkisins sem boðin er aðild.

105. gr.
Uppsögn og slit samningsins

1. Samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi á fyrsta degi sjötta mánaðar eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Ef eitthvert EFTA-ríki segir upp samningi þessum skulu aðrir samningsaðilar kallaðir til fundar til að ræða framhald þessa samnings.

106. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi 1. febrúar 2004 gagnvart þeim undirritunarríkjum, sem þá hafa fullgilt samninginn, að því tilskildu að þeir hafi afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki a.m.k. 30 dögum fyrir gildistökuna og að því tilskildu að Chile sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

3. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. febrúar 2004 skal hann öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að Chile og að minnsta kosti eitt EFTA-ríki hefur afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
4. Þegar um er að ræða EFTA-ríki sem undirritar samning þennan og afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal þessi samningur öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent til vörslu.

force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Chile is one of those Parties. An EFTA State may apply a decision of the Joint Committee provisionally until such decision enters into force, subject to its constitutional requirements.
3. The text of the amendments shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 104
Additional Parties

Any third State may, upon invitation by the Joint Committee, become a Party to this Agreement. The terms and conditions of the accession of the additional Party shall be the subject of an agreement between the Parties and the invited State.

ARTICLE 105
Withdrawal and termination

1. Any Party to this Agreement may withdraw therefrom by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect on the first day of the sixth month after the date on which the notification was received by the Depositary.
2. If one of the EFTA States withdraws from this Agreement, a meeting of the remaining Parties shall be convened to discuss the issue of the continued existence of this Agreement.

ARTICLE 106
Entry into force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 February 2004 in relation to those Signatory States which by then have ratified the Agreement, provided they have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary at least 30 days before the date of entry into force, and provided that Chile is among the States that have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval.
3. In case this Agreement does not enter into force on 1 February 2004, it shall enter into force on the first day of the third month following the latter deposit of the instruments of ratification, acceptance or approval by Chile and at least one EFTA State.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument.

5. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu þessa samnings samkvæmt þessari grein.

107. gr.
Tengsl við viðbótarsamninga

1. Viðbótarsamningurinn um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli EFTA-ríkis og Chiles, sem um getur í 1. gr., öðlast gildi í því EFTA-ríki og í Chile sama dag og samningur þessi öðlast gildi. Viðbótarsamningurinn gildir á meðan samningsaðilarnir eru aðilar að þessum samningi.

2. Ef EFTA-ríki eða Chile segir upp viðbótarsamningnum fellur samningur þessi úr gildi milli þess EFTA-ríkis og Chiles sama dag og uppsögn viðbótarsamningsins tekur gildi.

108. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kristiansand 26. júní 2003 í einu fullgiltu eintaki á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs. Ríkisstjórn Noregs skal senda öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn, staðfest endurrit.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Lýðveldisins Chiles

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

---

5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

ARTICLE 107
Relation to the complementary agreements

1. The complementary agreement on trade in agricultural goods between an EFTA State and Chile referred to in Article 1 shall enter into force on the same date for that EFTA State and Chile as this Agreement enters into force. The complementary agreement shall remain in force as long as the Parties to it remain Parties to this Agreement.

2. If an EFTA State or Chile withdraws from the complementary agreement, this Agreement shall terminate between that EFTA State and Chile on the same date as the withdrawal from the complementary agreement becomes effective.

ARTICLE 108
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Kristiansand, this 26th day of June 2003, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Norway. The Government of Norway shall transmit certified copies to all Signatory States to this Agreement.

For the Republic of Iceland

For the Republic of Chile

For the Principality of Liechtenstein

For the Kingdom of Norway

For the Swiss Confederation

1092. Lög [314. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Samhljóða þskj. 360.

1093. Nefndarálit [611. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóru Hjaltested frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Í reglugerðinni er kveðið á um að kostnaður við greiðslur milli landa í evrum skuli vera hinn sami og kostnaður við greiðslur í evrum innan lands en verðlagning á þjónustunni er að öðru leyti frjáls. Ákvæði þessi gilda um greiðslur allt að 12.500 evrum fram til ársins 2006 en þá hækkar fjárhæðin í 50 þús. evrur. Jafnframt er gert skylt að hafa upplýsingar um kostnað við greiðslur milli landa aðgengilegar.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti verður lagafrumvarp væntanlega lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 10. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.

Össur Skarphéðinsson.

1094. Nefndarálit [481. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Þóru Hjaltested frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga.

Tilskipunin mælir fyrir um rétt vátrygginga- og endurtryggingamiðlara til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli skráningar í heimaríki en eitt helsta markmiðið er að afnema hindranir í störfum vátryggingamiðlara. Að auki er gert ráð fyrir að gerðar verði strangari kröfur til vátryggingamiðlara varðandi neytendavernd, m.a. með strangari ákvæðum um starfsábyrgðartryggingu og auknum kröfum um upplýsingagjöf.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og þurfa þær að hafa tekið gildi fyrir 15. janúar 2005. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur vinnuhópur verið skipaður til að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum. Gert er ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á hausti komanda.

Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 10. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.

Össur Skarphéðinsson.

1095. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um verndun hafs og stranda.

Frá Merði Árnasyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Jóni Kr. Óskarssyni og Atla Gíslasyni.

3. málsl. 1. mgr. 13. gr. orðist svo: Tveir fulltrúar sitja að auki í svæðisráðinu, og skulu fulltrúar atvinnurekenda á svæðinu tilnefna annan og umhverfis- eða náttúruverndarsamtök hinn.

1096. Frumvarp til laga [736. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrr en 1. maí 2006, sbr. þó lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Áætlað er að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins taki gildi 1. maí 2004 en utanríkisráðherra hefur leitað heimildar Alþingis á yfirstandandi þingi til að fullgilda samning um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, hér eftir nefndur „aðildarsamningur EES“, sbr. frumvarp um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum. Samkvæmt samningnum gerast þessi tíu ríki aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til viðbótar þeim sem fyrir eru. Með aðildarsamningi EES er því tryggð samhliða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins.

Í samningaviðræðum um aðild ríkjanna að Evrópusambandinu var gert ráð fyrir að sömu reglur giltu á öllu svæðinu. Í mörgum tilfellum þótti engu síður nauðsynlegt að semja um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart hinum nýju aðildarríkjum á tilteknum sviðum. Meðal þess sem gerður var fyrirvari um var gildistaka ákvæða 1.–6. gr.

reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópusambandsins, með síðari breytingum. Samningarnir um inngöngu Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands í Evrópusambandið (hér eftir nefnd aðildarlögin) gera því ekki ráð fyrir að þau ákvæði taki gildi að því er varðar frjálsa för ríkisborgara þessara landa sem launamanna innan svæðisins fyrr en í fyrsta lagi 1. maí 2006, sbr. V.–XIV. viðauka við aðildarlögin. Enn fremur er aðildarríkjum Evrópusambandsins (hér eftir nefnd EES/ESB-ríki) gert heimilt að fresta gildistöku ákvæðanna í allt að fimm ár til viðbótar eða til 1. maí 2011.

Reglugerð nr. 1612/68/EBE, með síðari breytingum, er hluti af V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES var framangreint bráðabirgðafyrirkomulag um gildistöku ákvæða reglugerðarinnar við stækkunina fellt undir V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar af leiðandi hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein (hér eftir nefnd EES/EFTA-ríki) einnig heimildir til að beita tímabundnum takmörkunum varðandi frjálsa för launamanna frá nýju aðildarríkjunum á yfirráðasvæðum sínum. Þessi heimild gildir þó ekki gagnvart ríkisborgurum Möltu og Kýpur.

Samkvæmt ákvæðum aðildarlaganna um frjálsa för launafólks er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki beiti eigin landslögum og/eða ákvæðum tvíhliða samninga um aðgengi ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja að vinnumarkaði sínum fyrstu tvö árin frá stækkun svæðisins. Á þessu tímabili gilda ekki reglur 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE en einstök ríki geta kosið að setja samhljóða ívilnandi reglur í landslög frá 1. maí 2004 eða hvenær sem er síðar á fyrsta tveggja ára aðlögunartímabilinu. Jafnframt er sérstaklega kveðið á um að ríkjunum sé ekki heimilt að setja strangari skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindi ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja en giltu á undirritunardegi aðildarlaganna.

Að fyrstu tveimur árunum liðnum er aðildarríkjunum heimilt að fresta gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE í allt að þrjú ár til viðbótar eða til 1. maí 2009. EES/ESB-ríkjum er þá gert að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um áætlanir sínar um frestun á gildistöku reglugerðarinnar. Sendi ríki ekki frá sér slíka tilkynningu verður litið svo á að ákvæði reglugerðarinnar taki að fullu gildi að því er varðar það ríki frá 1. maí 2006. Ríkjunum er heimilt að tilkynna síðar á aðlögunartímanum að þau hyggist hverfa frá þeim takmörkunum sem þau hafa viðhaft og tekið upp hinar sameiginlegu reglur bandalagsréttar um frjálsa för launafólks. Að því er varðar EES/EFTA-ríkin gilda málsmeðferðarreglur 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ákvarðanir þeirra um frekari frestun á gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE, sbr. bókun 44 við aðildarsamning EES. Skv. 112. gr. samningsins er EES/EFTA-ríkjum heimilt að grípa einhliða til viðeigandi ráðstafana komi upp alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegir eru að verði viðvarandi. Ríkin verða þó að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 113. gr. samningsins. Þar er gert ráð fyrir að samningsaðili er hyggst grípa til öryggisráðstafana tilkynni hinum samningsaðilunum um þá tilhögun fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Samningsaðilar skulu þá bera saman ráð sín með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

Í tilvikum þar sem sýnt verður fram á alvarlega röskun á vinnumarkaði að fimm árum liðnum frá gildistöku aðildarlaga og aðildarsamnings EES er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að fresta gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE um tvö ár til viðbótar eða til 1. maí 2011. Þegar svo stendur á getur aðlögunartími að því er varðar gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks varað í allt að sjö ár frá formlegri gildistöku aðildarlaganna og aðildarsamnings EES. Gilda sömu reglur um tilkynningar og áður er vitnað til.

Eftir að aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu Evrópureglur um frjálsa för launafólks er því ekki heimilt að taka síðar upp strangari takmarkanir um aðgengi að vinnumarkaði sínum. Þó er EES/ESB-ríki heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á vinnumarkaði þess sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lífsgæði fólks eða framboð starfa á tilteknu svæði eða innan tiltekinnar atvinnugreinar. Á grundvelli þessara upplýsinga getur hlutaðeigandi ríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún fresti beitingu ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar 1612/68/EBE að hluta eða öllu leyti í takmarkaðan tíma með það að markmiði að endurheimta eðlilegt ástand. Framkvæmdastjórnin hefur tvær vikur til að taka ákvörðun í málinu og skal hún tilkynna ákvörðun sína til ráðherraráðsins. Önnur EES/ESB-ríki hafa þá tækifæri innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar að krefjast þess að ráðið felli hana úr gildi eða breyti henni. Komi slík krafa fram skal ráðið taka afstöðu til hennar innan tveggja vikna með auknum meiri hluta. Þessi heimild gildir út allan aðlögunartímann eða til ársins 2011. EES/EFTA-ríkin hafa sömu heimildir en gagnvart þeim gilda málsmeðferðarreglur 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á sama hátt og um aðrar ákvarðanir sem teknar verða á aðlögunartímanum um takmarkanir á frjálsri för launafólks.

Ríkisborgarar Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands sem við aðild 1. maí 2004 dveljast löglega í núverandi EES/ESB-ríki eða EES/EFTA-ríki í þeim tilgangi að stunda atvinnu og hafa haft aðgang að vinnumarkaði þess ríkis í tólf mánuði samfellt eða lengur munu njóta aðgangs að vinnumarkaði þess ríkis, en ekki að vinnumarkaði annarra ríkja sem beita innlendum ráðstöfunum. Sama á við um þá er munu fá aðgang að vinnumarkaði núverandi EES/ESB-ríkis eða EES/EFTA-ríkis eftir 1. maí 2004 í tólf mánuði eða lengur sem og aðstandendur þeirra. Með þessu er átt við að uppfylli viðkomandi áfram þau skilyrði sem í gildi eru um útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa að landslögum er óheimilt að synja honum um áframhaldandi leyfi til að starfa á þarlendum vinnumarkaði, í kjölfar stækkunarinnar 1. maí 2004.

II.

Flest aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið munu beita ákvæðum aðildarlaganna um frestun á gildistöku ákvæða reglugerðar nr. 1612/68/EBE, sbr. einnig viðauka B við aðildarsamning EES. Útfærsla á reglum um aðgengi erlendra ríkisborgara að vinnumarkaði er því að vissu marki í höndum hvers aðildarríkis fyrir sig. Ætla má að framkvæmdin verði með nokkuð mismunandi hætti í einstökum aðildarríkjum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að flest hinna nýju aðildarríkja standa þeim ríkjum sem fyrir eru nokkuð að baki í efnahagslegu tilliti og hvað varðar þróun markaðsbúskapar. Eru lífskjör almennings í þessum ríkjum almennt nokkuð lakari en meðal núverandi aðildarríkja. Hafa því margir velt fyrir sér hvers konar áhrif óheftur aðgangur ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja að vinnumörkuðum núverandi aðildarríkja kunni að hafa á þróun mála er varða vinnumarkaðinn sérstaklega, svo sem laun og ýmis félagsleg réttindi. Enn fremur má ætla að líkur séu á að fámenn ríki geti orðið fyrir hlutfallslega meiri áhrifum ef mörg hinna fjölmennari ríkja ákveða að beita takmörkunum en hin smærri verða opin. Segja má að sambærilegar vangaveltur hafi verið uppi við fyrri stækkanir Evrópusambandsins án þess að gripið hafi verið til sérstakra ráðstafana. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að horfast í augu við þá staðreynd að fyrri stækkanir Evrópusambandsins hafa allar verið mun smærri í sniðum en sú sem fyrirsjáanleg er 1. maí 2004. Því hafa flest ríki sem fyrir eru ákveðið að fylgjast vel með áhrifum stækkunar svæðisins á næstu tveimur árum með því að takmarka aðgengi ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja með einhverjum hætti, svo sem með útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa. Hafa nokkur

ríkjanna jafnframt ákveðið að fylgjast sérstaklega með þróun launa og annarra starfskjara. Þessar takmarkanir eiga þó ekki við um ríkisborgara Möltu og Kýpur, eins og áður hefur komið fram.

Að teknu tilliti til alls framangreinds er talin ástæða til að leggja til með frumvarpi þessu að gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, verði frestað tímabundið samkvæmt efni sínu að því er varðar aðgengi ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands að íslenskum vinnumarkaði. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar fjallar um rétt ríkisborgara annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að ráða sig til vinnu hér á landi á sömu forsendum og íslenskir ríkisborgarar. Er íslenskum stjórnvöldum óheimilt að takmarka aðgang ríkisborgara annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að vinnumarkaði sínum, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Í þessu felst meðal annars að skv. 6. gr. er óheimilt að setja sérstök skilyrði er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem mismunar ríkisborgurum annarra aðildarríkja í samanburði við íslenska ríkisborgara sem gegna sama starfi. Þá skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja njóta sömu aðstoðar vinnumiðlunar hér á landi og íslenskir ríkisborgarar njóta, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Er gert ráð fyrir að ákvæði þessi muni taka að fullu gildi að því er varðar ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja tveimur árum eftir að aðildarsamningur EES tekur formlega gildi eða 1. maí 2006. Önnur ákvæði reglugerðarinnar öðlast hins vegar gildi gagnvart hinum nýju ríkjum 1. maí 2004 eftir því sem við getur átt.

Það leiðir af frestun gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE að ákvæði a-liðar 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga tekur ekki gildi fyrr en 1. maí 2006 að því er varðar ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands. Munu því ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga um veitingu atvinnuleyfa gilda áfram eins og verið hefur um atvinnuréttindi ríkisborgara þessara aðildarríkja. Er því gert ráð fyrir að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en þeir koma í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Við útgáfu atvinnuleyfa til þessara ríkisborgara er þó heimilt að beita ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og gefa leyfin út til lengri tíma en getið er um í 2. mgr. 8. gr. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt aðildarlögunum, sbr. viðauka B við aðildarsamning EES, er núverandi aðildarríkjum gert að veita launamönnum sem eru ríkisborgarar hinna nýju aðildarríkja forgang fram yfir ríkisborgara þriðju ríkja að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði sínum á því tímabili sem innlendum ráðstöfunum er beitt. Enn fremur er einstökum ríkjum óheimilt að synja þeim um áframhaldandi aðgengi að vinnumarkaði þess uppfylli hlutaðeigandi áfram þau skilyrði sem í gildi eru fyrir útgáfu atvinnuleyfa eftir að hafa starfað í viðkomandi ríki í tólf mánuði eða lengur. Á þetta við hvort sem hlutaðeigandi fær atvinnuleyfi fyrir 1. maí 2004 eða síðar.

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir að 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, sbr. lög nr. 47/1993, og a-liður 14. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, taki gildi 1. maí 2006 að því er varðar ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands. Engu síður er íslenskum stjórnvöldum heimilt að endurmeta fyrir 1. nóvember 2005 hvort nauðsyn krefji að gildistöku þessara ákvæða verði frestað í lengri tíma eða allt til 1. maí 2009, sbr. viðauka B við aðildarsamning EES.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við lög nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, bætist bráðabirgðaákvæði þar sem gildistöku ákvæða 1.–6. gr.

reglugerðar nr. 1612/68/EBE er frestað að því er varðar ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til 1. maí 2006. Munu því ákvæði laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, gilda áfram um ríkisborgara þessara ríkja eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði laganna sem og reglugerðarinnar gildi gagnvart ríkisborgurum þessara ríkja eftir því sem við getur átt. Til dæmis er óheimilt að láta ríkisborgara einhverra þessara ríkja gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurráðningu, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hafi þeir fengið leyfi til að starfa hér á landi samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Þá gildir III. bálkur reglugerðarinnar um fjölskyldur launamanna með þeim takmörkunum sem leiða má af því að ákvæði 1.–6. gr. gilda ekki gagnvart ríkisborgurum þessara ríkja. Þurfa því fjölskyldumeðlimir launamanna frá þessum ríkjum, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, einnig að sækja um leyfi til að dveljast hér á landi samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga óski maki hans eða börn eftir því að stunda hér atvinnu.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er gert ráð fyrir að við lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, bætist bráðabirgðaákvæði þar sem lagt er til að undanþáguheimild a-liðar 14. gr. laganna taki ekki gildi að því er varðar ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Munu því ákvæði II. kafla laga um útgáfu atvinnuleyfa gilda um rétt ríkisborgara þessara ríkja til að starfa hér á landi sem launamenn eins og verið hefur, sbr. þó lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Tilskipun nr. 96/71/EB, um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 54/2001, mun að fullu öðlast gildi hér á landi gagnvart ríkisborgurum Eistlands, Lettlands, Litháens, Möltu, Kýpur, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands við gildistöku aðildarsamnings EES 1. maí 2004. Þar af leiðandi á 10. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga ekki við um ríkisborgara þessara ríkja sem fyrirhugað er að senda tímabundið hingað til lands á vegum fyrirtækis sem hefur starfsstöð í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins í því skyni að veita hér þjónustu. Um rétt þeirra til starfa hér á landi munu gilda ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja frá og með 1. maí 2004, sbr. lög nr. 54/2001.

Að þessu og öðru leyti ber að hafa hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og afleiddum gerðum hans er gilda að því er varðar önnur réttindi þessara ríkisborgara hér á landi við skýringu á ákvæðum laganna um atvinnuréttindi útlendinga. Sem dæmi má nefna það skilyrði að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatrygginga, sbr. d-lið 1. mgr. 7. gr. laganna. Ríkisborgarar hinna nýju aðildarríkja verða hins vegar sjúkratryggðir við komuna til landsins hafi þeir meðferðis viðeigandi gögn um sjúkratryggingar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frá 1. maí 2004, sbr. reglugerð nr. 1408/71/EBE um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Því má ætla að ekki reynist þörf á að atvinnurekandi sjúkratryggi starfsmanninn sérstaklega.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, taki ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006.

Ekki verður séð að frumvarpið komi til með að auka útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1097. Frumvarp til laga [737. mál]

um stofnun Landsnets hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun Landsnets hf. og fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Hlutafélaginu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

3. gr.

Ríkissjóður Íslands er eigandi alls hlutafjár í Landsneti hf. við stofnun þess. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsneti hf. Stjórn Landsnets hf. skal skipuð þremur mönnum sem iðnaðarráðherra fær til starfans án tilnefningar.

4. gr.

Landsnet hf. skal frá 1. janúar 2005 annast rekstur þeirra flutningsvirkja er falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fram að þeim tíma skal það undirbúa reksturinn m.a. með því að koma fram gagnvart eigendum flutningsvirkja við mat á verðmæti slíkra eigna, sbr. ákvæði til bráðabirgða XI í sömu lögum.

Heimilt skal að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsneti hf. þegar flutningsvirki skv. 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, hafa verið metin endanlegu mati og fyrir liggur hvort eigendur þeirra kjósa að leggja flutningsvirkin inn í Landsnet hf. sem hlutafé. Kaupendur hlutafjár geta einungis verið eigendur þeirra flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

5. gr.

Í stofnyfirlýsingu Landsnets hf. skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

6. gr.

Um skattskyldu Landsnets hf. skal fara eins og um skattskyldu annarra orkufyrirtækja.

7. gr.

Stofna skal Landsnet hf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2004. Á fundinum skal kjósa stjórn Landsnets hf. og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að lokaniðurstaða verðmats flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í raforkulögum, nr. 65/2003, liggur fyrir. Fram að því tímamarki skal Landsnet hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 15. mars 2003 voru samþykkt á Alþingi ný raforkulög, nr. 65/2003, þar sem kveðið var á um nýskipan raforkumála. Meginhluti laganna kom til framkvæmda 1. júlí 2003. Í ákvæði til bráðabirgða VIII í raforkulögum, nr. 65/2003, var þó kveðið á um að meginhluti III. kafla laganna tæki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2004. Í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum var kveðið á um að iðnaðarráðherra skyldi skipa nefnd er hefði m.a. það hlutverk að gera tillögu um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri flutningskerfisins og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð.

Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Bjarni Bjarnason, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Þóroddsson, Hannes G. Sigurðsson, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, Jens Andrésson, Jón Bjarnason, Júlíus J. Jónsson, Kristján Haraldsson, Kristján Jónsson, Kristján Skarphéðinsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Magnús Reynir Guðmundsson, Nökkvi Bragason, Ólafur Örn Haraldsson, Óli Jón Gunnarsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Valdimar K. Jónsson og Þorkell Helgason.

Auk hinna skipuðu fulltrúa sátu Franz Árnason og Þórður Guðmundsson fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Starfsmenn nefndarinnar voru Elín Smáradóttir, Helgi Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson.

Nefndin hefur lokið störfum og hefur verið samið frumvarp til breytinga á raforkulögum á grundvelli meirihlutaálits nefndarinnar. Meðal þeirra breytingartillagna sem þar eru gerðar við raforkulög, nr. 65/2003, er að ríkið hafi forgöngu um stofnun hlutafélags þess er skuli annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Gert er ráð fyrir að eftir stofnun hlutafélagsins Landsnets hf. skipi iðnaðarráðherra stjórn til bráðabirgða. Hlutverk hennar verði að koma fram fyrir hönd félagsins við mat á verðmæti flutningsvirkja, auk annarra lögbundinna stjórnarstarfa samkvæmt lögum um hluta-

félög. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin sitji þar til endanleg niðurstaða fæst um verðmæti flutningsvirkja og þar með um eignarhlutföll hluthafa í félaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að iðnaðarráðherra skuli standa fyrir stofnun hlutafélags er taki að sér raforkuflutning og kerfisstjórnun í samræmi við III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Hlutafélaginu Landsneti er ætlað að sinna þessu hlutverki. Ákvæði þessa frumvarps breyta í engu skyldum eða réttindum flutningsfyrirtækisins en áfram er kveðið á um þær í III. kafla raforkulaga, einkum 8., 9. og 12. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er áréttuð regla sem fram kemur í gildandi 4. mgr. 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Þar segir að Landsneti hf. sem hafa mun stöðu flutningsfyrirtækis skv. III. kafla raforkulaga sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til þess að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum. Í athugasemdum með 4. mgr. 8. gr. raforkulaga segir að krafa sé gerð um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Af þeim sökum sé viðkomandi aðila óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Hins vegar getur verið mikilvægt að komið sé á markaði með raforku, t.d. til að jafna framboð og eftirspurn til skamms tíma, og er eðlilegt í ljósi hlutverks flutningsfyrirtækisins sem kerfisstjóra að það geti rekið slíkan markað.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að ríkissjóður Íslands skuli vera eigandi alls hlutafjár í Landsneti hf. við stofnun þess. Kveðið er á um að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Landsneti hf. og skuli skipa þriggja manna stjórn án tilnefningar. Eins og þegar hefur komið fram í almennum athugasemdum við frumvarpið er ætlunin að stjórn skipuð af ráðherra sitji aðeins þar til að niðurstaða liggur fyrir um verðmæti flutningsfyrirtækja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Þegar sú niðurstaða er fengin verður ljóst hverjir eigenda flutningsvirkja kjósa að leggja þau inn í Landsnet hf. sem hlutafé og hve stóran eignarhlut hver þeirra hlýtur. Þegar sú niðurstaða liggur fyrir kemur til kasta 2. mgr. 4. gr. en þar er ríkissjóði heimilað að selja allt hlutafé sitt í Landsneti hf. þegar mat flutningsvirkja liggur fyrir. Samkomulag verður einnig að hafa náðst um eignarhlutföll milli einstakra hluthafa á grundvelli verðmætis flutningsvirkjanna.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að frá 1. janúar 2005 skuli Landsnet hf. annast rekstur þeirra flutningsvirkja sem falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Sé uppi ágreiningur um verðmæti flutningsvirkja skal Landsnet hf. leigja til sín viðkomandi flutningsvirki í því skyni að geta rækt skyldur sínar. Leigugjald skal ákveðið af Orkustofnun á grundvelli niðurstöðu matsnefndar sem gert er ráð fyrir að starfi á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XI í raforkulögum, nr. 65/2003, sem lagt er til að lögfest verði með frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ríkissjóðs til þess að selja allt hlutafé sitt í Landsneti hf. Sala hlutafjárins getur fyrst farið fram þegar fyrir liggur ákvörðun allra eigenda flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga um það hvort þeir ætli að leggja virkin inn sem

hlutafé, selja Landsneti hf. þau eða leigja þau til Landsnets hf. Ríkissjóði verður heimilt að selja hlutafé sitt í Landsneti hf. til þeirra aðila er kjósa að leggja flutningsvirki sín inn í félagið. Í frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu er í ákvæði til bráðabirgða XII gert ráð fyrir að eigendum hlutafjár í fyrirtæki því sem hefur réttindi og skyldur skv. III. kafla raforkulaga verði óheimilt að framselja hluti sína í flutningsfyrirtækinu allt til loka árs 2011. Þegar verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir samkvæmt framansögðu og eigendur þeirra flutningsvirkja er falla undir skilgreiningu á flutningskerfinu skv. 3. gr. raforkulaga hafa ákveðið hvort þeir kjósa að gerast hluthafar í Landsneti hf. mun ríkið framselja alla hluti sína í félaginu til þeirra sem hafa ákveðið að gerast hluthafar í Landsneti hf. með því leggja fram flutningsvirki sín. Kaupverð hlutafjárins verður hið sama og fé það sem ríkið hefur lagt inn í félagið sem hlutafé í því skyni að standa undir kostnaði við stofnun Landsnets hf. og undirbúningi starfseminnar allt fram til þess dags að skilyrði hafa skapast til þess að nýir eigendur yfirtaki starfsemi Landsnets hf.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að skattskyldu Landsnets hf. skuli fara eins og um skattskyldu annarra orkufyrirtækja. Endurskoðun á skattamálum orkufyrirtækja hefur staðið yfir á vegum fjármálaráðuneytisins frá árinu 2000 og er að vænta niðurstöðu þess starfs á næstunni. Eðlilegt þykir að ekki verði sérstaklega tekið af skarið um framtíðarfyrirkomulag skattskyldu Landsnets hf. með þessum lögum. Hentara þykir að beðið verði niðurstöðu endurskoðunar tilhögunar skattskyldu orkufyrirtækjanna og þar verði skattskyldu flutningsfyrirtækisins, Landsnets hf., skipað.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um fyrir hvaða tímamark skuli halda stofnfund Landsnets hf. Í ákvæðinu er og hnykkt á því að sú stjórn sem fyrst hefur störf í Landsneti hf. skuli einungis sitja þar til að niðurstaða liggur fyrir um verðmæti flutningsfyrirtækja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fram að þeim tíma skuli Landsnet hf. hafa það verkefni að undirbúa framtíðarstarfsemi sína.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót hlutafélagi til að annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Frumvarpið er lagt fram samhliða öðru frumvarpi um fyrirkomulag raforkuflutningskerfisins og

er eins og það frumvarp byggt á meirihlutaáliti nefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í gildandi raforkulögum til að fjalla um þessa þætti laganna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að við stofnun hlutafélagsins verði það að fullu í eigu ríkisins. Þannig verði fyrir hendi lögaðili til að taka við eignum sem leggjast til flutningskerfisins og til að annast rekstur flutningsvirkja þar til endanlegt mat liggur fyrir. Þegar matið liggur fyrir munu þeir sem leggja eignir til félagsins taka við rekstri þess og verður þá heimilt að endurgreiða hlut ríkisins. Reiknað er með því að nægilegt verði að ríkið leggi fram lágmarkshlutafé til að stofna flutningsfyrirtækið, eða 4 m.kr. Stofnframlög og hlutafé færast til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs og koma ekki fram sem útgjöld í rekstrarreikningi.

1098. Frumvarp til laga [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Uppfinningar á öllum tæknisviðum eru einkaleyfishæfar.

b. Í stað 3. og 4. mgr. koma fjórar málsgreinar sem orðast svo:

Óheimilt er að veita einkaleyfi fyrir uppfinningum sem taka til aðferða við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnum og efnablöndum.

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir plöntu- eða dýraafbrigðum. Einkaleyfi er þó unnt að veita fyrir uppfinningum sem taka til plantna eða dýra ef útfærsla uppfinningar er ekki takmörkuð af tæknilegum ástæðum við tiltekið plöntu- eða dýraafbrigði. Með plöntuafbrigði í þessum lögum er átt við plöntuafbrigði eins og það er skilgreint í lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir aðferð, sem er aðallega líffræðileg, við að framleiða plöntur eða dýr. Með aðferð, sem er aðallega líffræðileg, er í lögum þessum átt við aðferð sem í heild byggist á náttúrulegum fyrirbærum eins og víxlun eða vali. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferð á sviði örverufræði eða öðrum tæknilegum aðferðum og afurðum slíkra aðferða. Með aðferð á sviði örverufræði er átt við sérhverja aðferð sem notast við örveruefni eða framleiðir örveruefni.

Uppfinning getur verið einkaleyfishæf þó að hún varði afurð sem samanstendur af eða hefur að geyma líffræðilegt efni, eða varðar aðferð við framleiðslu, vinnslu eða notkun líffræðilegs efnis. Líffræðilegt efni, sem hefur verið einangrað úr náttúrunni eða orðið til með tæknilegri aðferð, getur talist til uppfinningar, jafnvel þó að það fyrirfinnist í náttúrunni. Með líffræðilegu efni í lögum þessum er átt við efni sem hefur að geyma erfðaupplýsingar og getur fjölgað sér sjálft eða unnt er að fjölga í líffræðikerfi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (1. gr. a.)

Mannslíkaminn á ýmsum myndunar- eða þroskastigum og hreinar uppgötvanir á einhverjum hluta hans, svo sem kirnaröðum eða hlutum kirnaraða gena, geta ekki talist til einkaleyfishæfra uppfinninga.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur hluti mannslíkama, sem er einangraður frá honum eða framleiddur á annan hátt með tæknilegri aðferð, þar með talin kirnaröð eða hluti kirnaraðar gens, talist einkaleyfishæf uppfinning þó að bygging slíks hluta sé eins og bygging náttúrulegs hluta.

b. (1. gr. b.)

Einkaleyfi er ekki veitt fyrir uppfinningu ef hagnýting hennar í atvinnuskyni stríðir gegn allsherjarreglu eða siðgæði.

Hagnýting uppfinningar telst ekki stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði af þeirri ástæðu einni að hún sé bönnuð með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Ákvæði 1. mgr. leiðir m.a. til þess að ekki er heimilt að veita einkaleyfi fyrir:

1. aðferðum til að einrækta menn,
2. aðferðum til að breyta erfðaeiginleikum kynfrumna manna,
3. notkun fósturvísa í iðnaði eða í viðskiptalegum tilgangi og
4. aðferðum til að breyta erfðaeiginleikum dýra sem eru líklegar til að valda þeim þjáningu án þess að verulegur læknisfræðilegur ávinningur sé af þeim fyrir menn eða dýr, sem og dýrum sem verða til með þessum aðferðum.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (3. gr. a.)

Einkaleyfi á líffræðilegu efni, sem vegna uppfinningarinnar hefur tiltekna eiginleika, nær til sérhvers líffræðilegs efnis sem leitt er af því efni með fjölgun eða fjölföldun í sama eða breyttu formi og hefur sömu eiginleika.

Einkaleyfi á aðferð við að framleiða líffræðilegt efni, sem vegna uppfinningarinnar hefur tiltekna eiginleika, nær til líffræðilegs efnis sem er framleitt beint með þeirri aðferð, svo og til sérhvers annars líffræðilegs efnis sem leitt er af líffræðilega efninu, sem var framleitt beint, með fjölgun eða fjölföldun í sama eða breyttu formi, og hefur sömu eiginleika.

Einkaleyfi á afurð, sem hefur að geyma eða samanstendur af erfðaupplýsingum, nær til allra efna sem afurðin er hluti af og innihalda erfðaupplýsingarnar sem gegna þar hlutverki sínu, sbr. þó 1. gr. a.

Einkaleyfi skv. 1.–3. mgr. nær þó ekki til líffræðilegs efnis sem fengið er með fjölgun eða fjölföldun líffræðilegs efnis sem hefur verið markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu af einkaleyfishafa eða með hans samþykki ef fjölgunin eða fjölföldunin er nauðsynlegur liður í þeirri notkun sem líffræðilega efnið var markaðssett fyrir, að því tilskildu að efnið, sem fæst, verði ekki notað til frekari fjölgunar eða fjölföldunar.

b. (3. gr. b.)

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. 3. gr. a má líta á sölu eða önnur viðskipti við bændur, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með efnivið til fjölgunar plantna til notkunar í landbúnaði sem samþykki fyrir því að þeir noti sjálfir uppskeru sína til fjölgunar eða fjölföldunar á eigin landi. Umfang og skilyrði fyrir þessari undanþágu skulu samræmast ákvæðum laga um yrkisrétt, nr. 58/2000, með síðari breytingum, og reglugerð á grundvelli þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. 3. gr. a má líta á sölu eða önnur viðskipti við bændur, af hálfu einkaleyfishafa eða með hans samþykki, með búfé til undaneldis eða annan efnivið til fjölgunar dýra sem samþykki fyrir því að þeir hafi leyfi til að nota í landbúnaði búféð sem verndað er. Þetta felur m.a. í sér að bændur geta notað dýr eða annan efnivið til fjölgunar dýra í landbúnaðarstarfsemi sinni en mega ekki selja dýrin eða efniviðinn sem lið í fjölgunarstarfsemi í atvinnuskyni eða með slíkt að markmiði. Iðnaðarráðherra setur reglugerð um umfang og skilyrði fyrir nýtingu bænda á slíkum uppfinningum sem njóta einkaleyfisverndar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef uppfinningin varðar eða við hana þarf að nota líffræðilegt efni telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.
b. 4. mgr. orðast svo:

   Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal koma fram í umsókn hvernig umsækjandi öðlaðist rétt til uppfinningar. Einkaleyfayfirvöld geta krafist gagna sem sanna rétt umsækjanda til uppfinningar.
c. 6. og 7. mgr. orðast svo:

   Ef við uppfinninguna þarf að nota líffræðilegt efni sem hvorki er aðgengilegt almenningi né unnt er að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna skal sýni af líffræðilega efninu lagt inn til varðveislu í síðasta lagi á umsóknardegi. Sýnið skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum geti fengið afhent sýni af líffræðilega efninu hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

   Ef varðveitt líffræðilegt efni verður óvirkt eða ekki er af öðrum ástæðum unnt að láta í té sýni af því má skipta um það með sýni af sama stofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

5. gr.

6. og 7. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Ef sýni af líffræðilegu efni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveitt líffræðilegt efni. Sýni verður ekki heldur afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika líffræðilega efnisins er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af líffræðilega efninu verði aðeins afhent óháðum sérfræðingum þar til einkaleyfi er veitt. Ef umsókn hefur verið hafnað, hún afskrifuð eða telja má hana afturkallaða getur umsækjandi, í 20 ár frá umsóknardegi, farið fram á að sýni af hinu líffræðilega efni verði aðeins afhent óháðum sérfræðingi. Iðnaðarráðherra setur reglur um slíka beiðni, um frest til að setja fram slíka beiðni og hverjir geta talist óháðir sérfræðingar í skilningi ákvæðisins.

6. gr.

Á eftir 46. gr. laganna kemur ný grein, 46. gr. a, sem orðast svo:

Yrkishafi, sem hvorki getur öðlast né hagnýtt yrkisrétt án þess að brjóta gegn eldra einkaleyfi, getur gegn sanngjörnu gjaldi farið fram á nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna

ef leyfið er nauðsynlegt til að hagnýta það yrki sem ætlunin er að fá yrkisrétt á. Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef yrkishafi sýnir fram á að yrkið feli í sér tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu.

Hafi einkaleyfishafi fengið nauðungarleyfi á grundvelli laga um yrkisrétt, nr. 58/2000, til að hagnýta verndað yrki hefur yrkishafinn rétt til að fá samhliða nauðungarleyfi með sanngjörnum skilmálum til að hagnýta uppfinninguna.

7. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita þeim aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi sýni af líffræðilegu efni verið lagt inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., á viðkomandi aðili einnig rétt á því að fá afhent sýni af líffræðilega efninu. Ákvæði 2. og 3. málsl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

8. gr.

5. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu sýnis af líffræðilegu efni öðlast ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin öðlast gildi.

9. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003 frá 31. janúar 2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1099. Svar [632. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um löggæslu við Kárahnjúka.

1. *Hefur dómsmálaráðuneytið gert sýslumanninum á Seyðisfirði kleift, með auknum fjárveitingum, ráðningu nýrra starfsmanna eða með annarri aðstöðu, að sinna þeim löggæsluverkefnum sem leitt hefur af virkjanaframkvæmdum við Kárahnjúka og þeirri tæplega 1.000 manna byggð sem þar er risin? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar?*

Fjárveitingar til sýslumannsembættisins á Seyðisfirði voru auknar við samþykkt síðustu fjárlaga um 7 millj. kr. vegna aukinna umsvifa í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi. Þá fékk embættið 3 millj. kr. aukafjárveitingu á fjáraukalögum síðasta árs af sama tilefni. Loks má nefna að ráðuneytið ráðstafaði 6 millj. kr. af safnlið til embættisins vegna aukinna verkefna í desember á síðasta ári. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að fjárveitingar

til sýslumannsins á Eskifirði voru einnig auknar af sama tilefni, eða um 12 millj. kr. til að efla bæði tollgæslu og löggæslu.

Samhliða auknum fjárveitingum til embættanna á Austurlandi hefur ráðuneytið lagt sitt af mörkum til að efla samvinnu þeirra og ríkislögreglustjóra í þeim tilgangi að styrkja og efla löggæslu á svæðinu enn frekar. Ráðuneytið ritaði embættunum á Austurlandi og ríkislögreglustjóra bréf í desember sl. og hvatti í því til aukins samstarfs embættanna vegna mikilla umsvifa í tengslum við stórframkvæmdir. Embættin rituðu síðan undir samning um aukið samstarf í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi í febrúar. Samkvæmt samningnum er stefnt að því að bæta löggæslu á svæðinu á sem flestum sviðum, gera löggæsluna sýnilegri og skilvirkari og nýta sameiginlega betur fjármagn, mannafla og tæki embættanna.

Samstarf lögreglunnar í umdæmunum tveimur hefur verið aukið mjög og verkefnavinnsla skipulögð á nýjan hátt. Nýbreytni hefur verið tekin upp í tengslum við lögreglufylgd vegna þungaflutninga auk þess sem eftirlit og önnur löggæsluverkefni verða skipulögð í tengslum við slíka fylgd. Jafnframt verða skipulögð sérstök átaksverkefni sem embættin sinna sameiginlega, bæði á virkjanasvæðinu og í Reyðarfirði eftir að umsvif aukast þar, sem og annars staðar eftir þörfum hverju sinni.

Ríkislögreglustjóraembættið mun auka viðveru lögreglumanna á sérútbúinni lögreglubifreið á svæðinu, auk þess sem gert er ráð fyrir sérstöku eftirliti á vegum umferðardeildar ríkislögreglustjóra með vorinu þegar fyrirsjáanlegt er að umferð aukist til muna.

Embættin á Seyðisfirði og Eskifirði hafa enn fremur ákveðið að auka samvinnu og samstarf í fíkniefnamálum. Skipulagðir hafa verið mánaðarlegir fundir þar sem sérfræðingar embættanna á þessu sviði munu leggja mat á áhættu og sameiginlegar aðgerðir.

Efling sérsveitarinnar og breyting á skipulagi hennar frá 1. mars 2004, en hún er nú stoðdeild hjá embætti ríkislögreglustjóra, skapar lögregluyfirvöldum enn frekari tækifæri til að bregðast við ef þörf er á aukinni löggæslu á svæðinu. Markmið skipulagsbreytinganna er að styrkja innviði löggæslu um land allt.

Síðast en ekki síst má nefna að Landsvirkjun hefur útvegað lögreglunni starfsaðstöðu í aðalbúðum Kárahnjúkavirkjunar til að auðvelda henni vinnu á virkjanasvæðinu auk þess sem lögreglumenn hafa aðgang að mötuneyti og öðrum nauðsynjum þegar þeir eru við vinnu á svæðinu. Samstarf lögreglunnar við Impregilo, stærsta framkvæmdaraðilann á svæðinu, hefur gengið mjög vel samkvæmt upplýsingum frá sýslumanninum á Seyðisfirði, og hefur fyrirtækið útvegað lögreglu aðgang að stærra húsnæði, þegar þess hefur þurft og verið henni að öðru leyti innan handar við hvaðeina sem upp hefur komið.

2. *Hvaða óskir hafa komið frá sýslumanninum á Seyðisfirði í tengslum við löggæslu við Kárahnjúka og hvernig hefur verið brugðist við þeim?*

Í tengslum við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár gerði sýslumaðurinn á Seyðisfirði ekki sérstaka tillögu um eflingu löggæslu í tengslum við framkvæmdir við Kárahnjúka, en lagði til að við embættið starfaði yfirlögregluþjónn og lögreglumönnum á Vopnafirði yrði fjölgað um einn. Ráðuneytið lagði til, að höfðu samráði við embættið, að framlög til embættisins yrðu aukin um 7 millj. kr. til að efla umferðarlöggæslu vegna umræddra stórframkvæmda, bæði til að standa undir launum eins lögreglumanns og rekstrarkostnaði lögreglubifreiðar. Jafnframt var lagt til að embættið fengi 3 millj. kr. á fjáraukalögum til að standa undir óhjákvæmilegri útgjaldaaukningu af sama tilefni á síðasta ári.

Ráðuneytið hefur lagt sitt af mörkum til að efla og bæta samvinnu embættanna á Austurlandi og ríkislögreglustjóra til að tryggja fullnægjandi löggæslu á svæðinu. Ráðuneytið hefur fundað sérstaklega með sýslumanninum á Seyðisfirði og fulltrúum Landsvirkjunar af þessu

tilefni, auk þess sem ráðherra og embættismenn ráðuneytisins hafa skoðað aðstæður og vinnuaðstöðu lögreglunnar við Kárahnjúka, rætt við fulltrúa þeirra fyrirtækja sem á svæðinu starfa sem og trúnaðarmann starfsmanna. Brugðist hefur verið við öllum óskum sýslumannsins á Seyðisfirði í þessu sambandi með jákvæðum hætti og í kjölfarið leitað leiða til að koma til móts við þær óskir, ýmist með því að ráðuneytið beitti sér fyrir auknum fjárveitingum, aukinni samvinnu embætta eða samstarfi við þau fyrirtæki sem á svæðinu starfa.

Tillögur sem fram hafa komið í tengslum við fjárlagagerð fyrir næsta ár eru nú til vinnslu í ráðuneytinu og ekki tímabært að greina frá þeim að svo stöddu.

1100. Svar [566. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um skýrslubeiðnir á Alþingi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve oft hefur verið óskað eftir skýrslum frá ráðherra á Alþingi frá setningu 120. löggjafarþings 1995 fram til ársloka 2003?*
2. *Hver hefur heildarkostnaður ríkissjóðs verið við framkomnar skýrslubeiðnir á fyrrgreindu tímabili samkvæmt verðlagi í árslok 2003?*
3. *Hver hefur kostnaður verið við hverja skýrslu um sig á sama verðlagi?*

Frá setningu 120. löggjafarþings 1995 fram til ársloka 2003 hafa forsætisráðherra borist alls tíu beiðnir um skýrslur frá Alþingi og skiptast þær með eftirfarandi hætti niður á löggjafarþingin: Á 120. löggjafarþingi tvær beiðnir, á 121. löggjafarþingi fjórar, tvær beiðnir á 122. þingi, ein á 123. þingi og ein það sem af er 130. þingi. Sjá nánar um skýrslubeiðnir og skýrslur í eftirfarandi lista.

Ekki er unnt að svara til um heildarkostnað vegna skýrslubeiðna né kostnað við hverja skýrslu fyrir sig, þar sem ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um einstaka kostnaðarþætti er varða skýrslugerð. Til að mynda hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga hversu mörg ársverk eða mannmánuðir hafa farið í skýrslugerð. Kostnaði við prentun þessara skýrslna hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga í bókhaldi.

Yfirlit um skýrslubeiðir og skýrslur frá 120. löggjafarþingi 1995–96 til ársloka 2003.

Skjalalisti 130. löggjafarþingi

115. störf einkavæðingarnefndar til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
09.10.2003	115	beiðni um skýrslu	Guðjón A. Kristjánsson
05.11.2003	288	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 123. löggjafarþingi

198. aðbúnaður og kjör öryrkja til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
03.11.1998	216	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
10.03.1999	1136	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 122. löggjafarþingi

24. aðstöðumunur kynslóða til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1997	24	beiðni um skýrslu	Svanfríður Jónasdóttir
12.05.1998	1397	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

255. staða eldri borgara hérlendis og erlendis til forsrh.

Útbýtingard.	*Þingskjal*	*Tegund skjals*	*Flutningsmaður*
12.11.1997	312	beiðni um skýrslu	Ágúst Einarsson
22.04.1998	1224	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Skjalalisti 121. löggjafarþingi

20. þróun launa og lífskjara á Íslandi til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1996	20	beiðni um skýrslu	Ragnar Arnalds
12.03.1997	742	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra
18.03.1997	780	skýrsla (skv. beiðni, framh.)	forsætisráðherra

22. samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
02.10.1996	22	beiðni um skýrslu	Rannveig Guðmundsdóttir
12.03.1997	743	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

264. þróun og umfang fátæktar á Íslandi til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
29.01.1997	516	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
16.05.1997	1337	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

548. björgunar- og hreinsunarstörf vegna strands Víkartinds til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
04.04.1997	902	beiðni um skýrslu	Margrét Frímannsdóttir

Skjalalisti 120. löggjafarþingi

65. útbreiðsla fikniefna og þróun ofbeldis til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
10.10.1995	65	beiðni um skýrslu	Jóhanna Sigurðardóttir
29.04.1996	869	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

369. munur á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku til forsrh.

Útbýtingard.	Þingskjal	Tegund skjals	Flutningsmaður
05.03.1996	646	beiðni um skýrslu	Margrét Frímannsdóttir
04.06.1996	1156	skýrsla (skv. beiðni)	forsætisráðherra

Upplýsingar af vef Alþingis.

1101. Svar [522. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum umhverfisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Landmælinga Íslands,

Náttúrufræðistofnunar Íslands,

Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn,

Umhverfisstofnunar,

Veðurstofu Íslands,

Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar?

Fjárveitingar til rannsókna- og þróunarstarfs á fjárlögum til stofnana og sjóða á vegum umhverfisráðuneytis árin 2001–2003 voru eftirfarandi, í millj. kr.:

	2001	2002	2003
Landmælingar Íslands	5,8	9,4	15,0
Náttúrufræðistofnun Íslands	144,7	159,3	170,0
Náttúrurannsóknast. við Mývatn	7,8	8,2	6,8
Umhverfisstofnun	1,9	1,5	2,5
Veðurstofa Íslands	16,5	16,2	15,2
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	2,7	2,4	3,2

Auk þess var veitt fé úr tveimur sjóðum, Ofanflóðasjóði og Veiðikortasjóði, sem eru í vörslu ráðuneytisins til rannsókna sem hér segir, í millj. kr.:

	2001	2002	2003
Ofanflóðasjóður	12,6	15,6	40
Veiðikortasjóður	12,3	11,8	13,8

1102. Tillaga til þingsályktunar [738. mál]

um lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri.

Flm.: Jón Kr. Óskarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásgeir Friðgeirsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót starfshóp skipaðan m.a. fulltrúum hagsmunaaðila, sérfræðingum í skattamálum og fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem taki sam-

an upplýsingar um skattlagningu eftirlauna og ellilífeyris hér á landi og í nágrannalöndunum og marki stefnu í þessum málum með það að markmiði að skattur á eftirlaun og ellilífeyri verði sanngjarn og sem næst sköttum á fjármagnstekjur.

Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. maí 2005.

Greinargerð.

Færa má rök fyrir því að afar óeðlilegt sé og ranglátt að skattur á eftirlaun og ellilífeyri sé 38,58% eins og nú er. Í raun má halda því fram að um sé að ræða tvísköttun eða jafnvel þrísköttun. Fyrst er greiddur fullur skattur þegar launin eru greidd, síðan fá menn eftirlaun sem eru skattlögð að fullu og þegar einstaklingurinn verður 67 ára eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skertar miðað við eftirlaunin. Eðlilegra væri að skattur á eftirlaun og ellilífeyri væri svipaður því sem gerist um skattlagningu fjármagnstekna, eða um 10%.

Landssamband eldri borgara og félög eldri borgara um allt land hafa barist fyrir þessari leiðréttingu í langan tíma. Samfylkingarfélögin 60+, sem er félagsskapur jafnaðarmanna 60 ára og eldri, hafa að sjálfsögðu tekið undir þessar kröfur eldri borgara. Nú er svo komið að Landssamband eldri borgara á í málaferlum vegna skilningsleysis ríkisvaldsins á þessu máli.

Alþingi ber skylda til að beita sér í þessu réttlætismáli eldri borgara og sýna þeim þann sóma að afnema þessa tvísköttun á tekjur eldra fólks og lækka skatt á eftirlaun og ellilífeyri þeim til hagsbóta. Með því væri þessu fólki gert betur kleift að lifa lífinu með reisn og því sýnt þakklæti fyrir það þjóðfélag sem það hefur skilað til næstu kynslóðar.

Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.

1103. Fyrirspurn [739. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferðardeild við fangelsi landsins.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að opnuð verði meðferðardeild vegna áfengis- og vímuefnaneyslu við fangelsi landsins. Ef svo er, þá hvenær, ef ekki, hver er ástæða þess?

1104. Frumvarp til laga [740. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með lögum þessum. Það nær frá háspennuhlið

stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna, þó ekki lengra en að mörkum þéttbýlis.

b. 9. tölul. fellur brott og breytast númer síðari töluliða til samræmis við það.

c. Við bætist nýr töluliður, 16. tölul., svohljóðandi: *Stórnotandi:* Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl og nýtir árlega forgangsorku í 8.000 stundir eða meira.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið.

3. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Tengja skal leyfisskylda virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Virkjanir sem eru 7 MW eða stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera hlutafélag. Ráðherra veitir flutningsfyrirtækinu rekstrarleyfi þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur þess. Heimilt er að kveða á um að leyfið skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum þess breyst verulega.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir.

c. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. og 5. mgr. kemur: 3. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ákvarða“ í 3. tölul. 4. mgr. kemur: Samræma.

b. 5. tölul. 4. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Flutningsfyrirtækinu er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku. Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

d. Í stað „1.–5. tölul.“ í 5. mgr. kemur: 1.–4. tölul.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eigendum flutningsvirkja sem falla undir 6. tölul. 3. gr. er skylt að selja eða leigja þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

Eigendur flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu geta ávallt óskað eftir því að flutningsfyrirtækið kaupi flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. eða að þau verði lögð fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

b. 1. málsl. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo: Eigendum flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk og gjaldskrá.

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til þess hvort tenging stórnotenda leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins en ella væri.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutöp, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 2. mgr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda. Hún skal einnig gilda fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., miðað við 66kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent á hærri spennu ber að lækka gjaldskrá með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til annars mismunar á afhendingarþjónustu við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum.

Sama gjald skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal gjaldinu skipt milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu eftir skiptireglu sem ákveðin skal af Orkustofnun að fenginni tillögu aðila.

Varaaflsstöðvar sem nýttar eru þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Heimilt er að krefjast greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði í kerfinu. Með sama hætti er heimilt að taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála og gjaldskrá, m.a. um notkunarferla, afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

8. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

9. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk og gjaldskrá.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 5. mgr., skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem dreifiveitan veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk, sbr. 2. mgr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hverrar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji Orkustofnun framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við viðkomandi dreifiveitu innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu af nýjum viðskiptavini ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála og gjaldskrá, m.a. um afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu, auk nánari skilgreiningar dreifbýlis, sbr. 5. mgr.

10. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Gjaldskrár dreifiveitna sem í gildi eru við gildistöku laga þessara skulu þrátt fyrir 17. gr. halda gildi sínu til 1. janúar 2005. Dreifiveitur geta þó að fenginni staðfestingu Orkustofnunar ákveðið gjaldskrárlækkun. Þá geta dreifiveitur að fenginni staðfestingu Orkustofnunar hækkað gjaldskrá sína í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eða sannanlegar og óviðráðanlegar hækkanir á kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við starfsemina. Á þessu tímabili skulu gjaldskrársvæði dreifiveitna vera hin sömu og starfssvæði þeirra.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Gildistöku ákvæða III. kafla er frestað. Skulu þau taka gildi 1. janúar 2005 nema annað sé tekið fram í ákvæði þessu. Sama á við um 6. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga þessara. Fram að þeim tíma skal ákvæði þetta gilda um flutning raforku.

Flutningskerfið á gildistíma þessa ákvæðis er raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 66, 132 og 220 kV spennu og tilheyra Landsvirkjun við gildistöku laga þessara, enn fremur viðbætur Landsvirkjunar eftir þann tíma á 132 kV spennu og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Hið sama gildir um línur annarra á þessari spennu sem þeir semja við Landsvirkjun um að tilheyri flutningskerfinu. Til að leggja nýjar flutningslínur þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra.

b. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Þó getur stórnotandi samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings.

12. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (IX.)

Arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Við setningu tekjuramma flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Sama á við um tekjumörk dreifiveitna. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. Jafnframt skal að því stefnt að aukin

hækkun arðsemisviðmiða geti haldist í hendur við hagræðingu svo að ekki þurfi að koma til gjaldskrárhækkana af þeim sökum.

b. (X.)

Stofnun flutningsfyrirtækis.

Við gildistöku laga þessara skal stofna hlutafélag í eigu ríkisins til að annast flutning raforku og kerfisstjórnun, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga þessara. Ráðherra skipar félaginu þriggja manna stjórn sem koma skal fram fyrir hönd þess við verðmat flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI. Stjórn þessi skal sitja þar til endanleg niðurstaða um verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir og gengið hefur verið frá samkomulagi eigenda hlutafjár í félaginu.

c. (XI.)

Mat á verðmæti flutningsvirkja.

Eigendur þeirra flutningsvirkja sem mynda flutningskerfið skv. 6. tölul. 3. gr. laga þessara skulu koma sér saman um mat á verðmæti þeirra. Stefnt skal að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að teknu tilliti til framreiknaðra afskrifta sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta. Í þessu skyni skal ráðherra skipa samninganefnd sem í eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar, þar af skal einn vera formaður, tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Reykjavíkurborg, einn af Akureyrarbæ og einn af eigendum Hitaveitu Suðurnesja hf. Orkustofnun skal vera nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar. Samninganefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en 1. ágúst 2004. Útlagður kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en eigendur skulu bera kostnað af störfum fulltrúa sinna.

Ef ekki næst samkomulag í samninganefnd skv. 1. mgr. um verðmat einstakra flutningsvirkja skal ráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem meta skal verðmæti þeirra að kröfu eiganda viðkomandi flutningsvirkis.

Í matsnefndina skal skipa einn lögfræðing, sem verður formaður nefndarinnar, einn endurskoðanda og einn verkfræðing. Um hæfi matsmanna til meðferðar einstakra mála skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.

Við mat á verðmæti flutningsvirkja skal matsnefndin miða við endurstofnverð að teknu tilliti til afskrifta. Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, skulu gilda um störf matsnefndarinnar eftir því sem við á, að frátöldum 2. mgr. 2. gr., 7. gr., 11. gr. og 15. gr.

Matsnefndin getur leitað umsagnar Orkustofnunar um það sem þurfa þykir.

Kostnaður af störfum matsnefndarinnar skal greiðast af flutningsfyrirtækinu.

Úrskurður matsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 15. október 2004.

Ágreiningur um verðmæti flutningsvirkja sem seld verða flutningsfyrirtækinu eða lögð inn í það sem hlutafé verður ekki borinn undir dómstóla fyrr en að gengnum úrskurði matsnefndar.

Verði niðurstaða matsnefndar borin undir dómstóla skal flutningsfyrirtækið greiða eigandi flutningsvirkja leigu fyrir þau á grundvelli leigufjárhæðar sem Orkustofnun ákveður til bráðabirgða með hliðsjón af niðurstöðu matsnefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir skal eigandi þeirra tilkynna flutningsfyrirtækinu og Orkustofnun hvort hann velur að leggja virkin inn í flutningsfyrirtækið sem hlutafé, selja þau fyrirtækinu eða leigja þau til þess. Velji eigandi flutningsvirkja að leigja þau flutningsfyrirtækinu ákveður Orkustofnun leigugjaldið með hliðsjón af endanlegri niðurstöðu um verðmæti þeirra.

d. (XII.)

Takmörkun á heimild til framsals hlutafjár í flutningsfyrirtækinu.

Eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu er til loka ársins 2011 einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu en ekki til aðila utan þess.

e. (XIII.)

Endurskoðun.

Ráðherra skal skipa nefnd sem falin skal endurskoðun laga þessara. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010.

13. gr.

Við lögin bætist svofelldur viðauki:

Viðauki.

Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfi skv. 6. tölul. 3. gr.:

1. Svartsengi,
2. Fitjar,
3. Hamranes,
4. Hnoðraholt,
5. Rauðavatn,
6. Korpa,
7. Brennimelur,
8. Akranes,
9. Vatnshamrar,
10. Vegamót,
11. Ólafsvík,
12. Grundarfjörður,
13. Vogaskeið,
14. Glerárskógar,
15. Geiradalur,
16. Tálknafjörður,
17. Mjólká,
18. Breiðidalur,
19. Bolungarvík,
20. Ísafjörður,
21. Hrútatunga,
22. Laxárvatn,
23. Blanda,
24. Sauðárkrókur,
25. Varmahlíð,
26. Dalvík,
27. Rangárvellir við Akureyri,
28. Húsavík,
29. Laxá,
30. Krafla,
31. Lindarbrekka,
32. Silfurstjarna,
33. Kópasker,
34. Vopnafjörður,
35. Lagarfoss,
36. Eyvindará,
37. Seyðisfjörður,
38. Neskaupstaður,
39. Eskifjörður,
40. Hryggstekkur,
41. Stuðlar,
42. Fáskrúðsfjörður,
43. Teigarhorn,
44. Hólar,
45. Prestbakki,
46. Búrfell,
47. Hvolsvöllur,
48. Rimakot,
49. Vestmannaeyjar,
50. Flúðir,
51. Hella,
52. Selfoss,
53. Írafoss,
54. Hverageröi,
55. Þorlákshöfn.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 15. mars 2003 voru samþykkt á Alþingi ný heildarlög um raforkumál. Taka lögin til framleiðslu, sölu, dreifingar og flutnings á raforku. Þau voru m.a. sett til þess að uppfylla skyldur íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum en samkvæmt ákvæðum hans ber íslenska ríkinu að innleiða í landsrétt reglur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII við raforkulög er gildistöku III. kafla laganna sem fjallar um flutning raforku frestað til 1. júlí 2004. Fram að þeim tíma gildir um flutning raforku bráðabirgðatilhögun sem nánar er lýst í ákvæðinu.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða VII við lögin skipaði iðnaðarráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku, m.a. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá var nefndinni og falið að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku.

Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Bjarni Bjarnason, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Þóroddsson, Hannes G. Sigurðsson, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, Jens Andrésson, Jón Bjarnason, Júlíus J. Jónsson, Kristján Haraldsson, Kristján Jónsson, Kristján Skarphéðinsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Magnús Reynir Guðmundsson, Nökkvi Bragason, Ólafur Örn Haraldsson, Óli Jón Gunnarsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Valdimar K. Jónsson og Þorkell Helgason.

Auk hinna skipuðu fulltrúa sátu Franz Árnason (Norðurorku) og Þórður Guðmundsson (flutningssviði Landsvirkjunar) fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Starfsmenn nefndarinnar voru Elín Smáradóttir, Helgi Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson.

Nefndin var skipuð í júní 2003 og var fyrsti fundur haldinn 26. júní. Alls voru haldnir níu fundir og gafst nefndarmönnum þar færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Auk nefndarmanna komu á fundi nefndarinnar ýmsir sem hafa sérþekkingu á tilteknum sviðum er snerta viðfangsefni nefndarinnar. Auk nefndarmanna hafa Friðrik Már Baldursson, Jón Þór Sturluson og Jón Vilhjálmsson flutt erindi á fundum nefndarinnar.

Frumvarp þetta er afrakstur vinnu nefndarinnar. Er hér m.a. að finna tillögur um breytingar á ákvæðum III. kafla laganna. Nefndin hefur einnig fjallað um uppbyggingu gjaldskrár dreifiveitna og hvernig standa skuli að jöfnun kostnaðar vegna flutnings og dreifingar raforku. Frumvarpið byggist á meirihlutaáliti nefndarinnar. Meginatriði þess fara hér á eftir.

Flutningskerfið.

Flutningskerfið nái til þeirra háspennulína og tengivirkja sem nú eru á 66 kV spennu eða meiri. Auk þess miðist flutningskerfið við tiltekna afhendingarstaði þannig að allar dreifiveitur sem nú starfa í landinu verði tengdar flutningskerfinu. Þó er ekki gert ráð fyrir að flutningskerfið nái inn fyrir mörk þéttbýlis. Þannig er lagt til að flutningslínur sem liggja að veitukerfi Vestmannaeyja (sem er í eigu Hitaveitu Suðurnesja hf.), Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkuveitu Húsavíkur tilheyri flutningskerfinu. Samkvæmt þessari tillögu verður raforka frá flutningskerfinu afhent til dreifiveitna á 55 stöðum.

Flutningsfyrirtæki.

Við gildistöku laganna verði stofnað hlutafélag, Landsnet hf. sem yrði í fyrstu í eigu ríkisins. Um stofnun Landsnets hf. er fjallað í sérstöku frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu. Þetta er gert annars vegar til að tryggja að til sé aðili þegar eignir sem leggjast til flutningskerfisins eru metnar og hins vegar til að annast rekstur flutningsvirkja þar til endan-

legt mat liggur fyrir. Þegar matið liggur fyrir munu þeir sem leggja eignir til félagsins taka við rekstri þess.

Lagt er til að sett verði á fót samninganefnd skipuð fulltrúum eigenda fyrirtækjanna sem leggja eignir til flutningsfyrirtækisins. Ef samkomulag næst í samninganefndinni er gert ráð fyrir að eigendur flutningsvirkjanna yfirtaki rekstur hlutafélagsins og eignist hluti í samræmi við eignarhluti sína á grundvelli matsins. Ef ekki næst samkomulag um verðmat flutningsvirkja geta eigendur þeirra vísað matinu til lögskipaðrar matsnefndar. Matsnefndin starfi með svipuðu sniði og matsnefnd eignarnámsbóta. Kostnaður við matið verði greiddur af flutningsfyrirtækinu. Fram til 1. janúar 2011 verði einungis heimilt að framselja hlutafé til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem eiga að tryggja að flutningsfyrirtækið veiti stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði varðandi flutning raforku.

Flutningsgjaldskrá.

Gerð er tillaga um að sama gjald verði greitt til flutningsfyrirtækisins fyrir úttekt á raforku frá öllum afhendingarpunktum. Allar virkjanir sem selja raforku á markaði greiði til flutningskerfisins í samræmi við selda orku – án tillits til stærðar. Framleiðsla virkjana til eigin þarfa, búrekstrar og heimilisnota verði þó undanskilin. Sérstök gjaldskrá verður fyrir stórnotendur en það eru þeir sem nota meira en 14 MW og hafa a.m.k. 8000 stunda nýtingu á ári. Sama gjaldskrá verði fyrir alla innmötun virkjana á raforku og úttekt stórnotenda. Þá er gert ráð fyrir að umframkostnaður nýrra virkjana eða stórnotenda verði gerður upp sérstaklega. Sama eigi við ef tenging nýs notanda er hagkvæm fyrir flutningskerfið í heild.

Gjaldskrársvæði dreifiveitna.

Í stað þess að ráðherra ákvarði gjaldskrársvæði dreifiveitna verði lögbundin sú meginregla að hver dreifiveita hafi eina gjaldskrá. Þó verði heimilt að sækja sérstaklega um gjaldskrá fyrir dreifbýli enda geti viðkomandi dreifiveita sýnt fram á hærri kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli. Orkustofnun verði falið að leggja mat á þörf fyrir sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli og setja mörk gjaldskrársvæða í því sambandi.

Arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Í upphafi verði miðað við að tekjumörk flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna verði miðuð við helming af arðsemi markaðsávöxtunar óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemisviðmiðunin hækki á fimm ára tímabili í þá ávöxtun sem kveðið er á um í gildandi lögum. Með þessu er stefnt að því að leyfa fyrirtækjunum að njóta hluta þeirrar hagræðingar sem þau eiga að ná innan þess tekjuramma sem þeim er settur án þess að það leiði til hækkunar á gjaldi til flutnings og dreifingar raforku.

Gildistaka.

Samkvæmt gildandi lögum á sá kafli þeirra sem fjallar um flutning raforku að koma til framkvæmda 1. júlí 2004. Í frumvarpinu er lagt til að hið nýja fyrirkomulag sem nefndin leggur til öðlist gildi 1. janúar 2005. Því bráðabirgðafyrirkomulagi sem gilt hefur verði því framhaldið til loka þessa árs. Tíminn verði nýttur til að meta flutningsvirki og vinna að stofnun flutningsfyrirtækisins.

Endurskoðun laganna.

Samkvæmt 39. gr. gildandi raforkulaga er gert ráð fyrir að ráðherra leggi fram skýrslu um raforkumálefni á fjögurra ára fresti. Gert er ráð fyrir því að fyrsta raforkuskýrslan verði lögð fram árið 2005 en sú næsta árið 2009 en þá verða öll ákvæði laganna komin til framkvæmda og nokkur reynsla fengin af nýskipan raforkumála. Í framhaldi af því þykir eðlilegt að ráðherra taki lögin til endurskoðunar og að þeirri vinnu ljúki fyrir árslok 2010.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við skilgreiningu afhendingarstaða er að meginreglu miðað við að afhending orku frá flutningskerfi sé á 66 kV spennu. Þó er lagt til að heimilt verði að afhenda raforku úr flutningskerfinu á hærri eða lægri spennu. Þannig eru þær línur sem leyfisskyldar eru skv. 2. mgr. 9. gr. almennt innan flutningskerfisins. Þó er miðað við að flutningskerfi nái ekki inn fyrir mörk þéttbýlis og því er gert ráð fyrir að línur sem flytja raforku innan þéttbýlis séu í eigu dreifiveitna en ekki flutningskerfisins þótt á þeim sé spenna yfir 66 kV. Dæmi um slíkt er að í Reykjavík flytja 132 kV strengir raforku innanbæjar. Eðlilegt þykir að flutningsfyrirtækið standi ekki í rekstri flutningsvirkja inni í miðju dreifikerfi í þéttbýli. Misjafnt er hvernig háttar til þar sem raforkan er spennt niður frá flutningskerfinu og því geta verið undantekningar frá þeirri meginreglu að flutningskerfið nái að aðveituspennum dreifiveitna, sbr. einnig athugasemdir við 7. gr.

Í skilgreiningu á „stórnotanda“ er miðað við ákveðið afl og nýtingartíma og lagt til að tekin verði af tvímæli um að ekki sé heimilt að leggja saman notkun margra smárra notenda eða notanda sem notar mikið magn orku en tekur við henni á mörgum stöðum.

Um 2. og 3. gr.

Lagðar eru til breytingar vegna tengiskyldu virkjana. Í núgildandi lögum er heimild til undanþágu frá meginreglu um tengiskyldu vegna virkjana sem eru undir 3,5 MW. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að virkjanir allt að 3,5 MW geti komist hjá því að tengjast og taka þátt í kostnaði við flutningskerfið. Þá hefur og verið á það bent að hugsanlegt sé að virkjun sem ekki nær leyfisskyldumörkum núgildandi laga, 1 MW uppsett afl, geti selt raforku og á þann hátt nýtt sér flutningskerfi raforku án þess að taka þátt í kostnaði við það. Gerð er tillaga um að allar virkjanir sem afhenda orku inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfi verði leyfisskyldar óháð stærð (uppsettu afli í MW). Um virkjanir sem ekki selja raforku og setja því ekki raforku inn á raforkukerfi gildir áfram sú regla að virkjanir sem eru undir 1 MW í uppsettu afli eru ekki leyfisskyldar. Gerð er tillaga um að allar leyfisskyldar virkjanir verði tengiskyldar, ýmist beint eða um dreifikerfi. Eðlilegt þykir að þeir sem ætla að taka þátt í samkeppni og selja raforku á markaði tengist flutningskerfinu beint eða óbeint, enda er tenging nauðsynleg til að koma raforkunni til kaupanda.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun. Kveðið er á um að ráðherra veiti félagi rekstrarleyfi þar sem nánar verði kveðið á um skyldur þess.

Þá er sérstaklega tilgreint hverjir geta verið viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins, en það eru dreifiveitur, virkjanir og stórnotendur, en skilgreiningu á stórnotanda verður að finna í 16. tölul. 3. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að hlutverk kerfisstjóra varðandi notkunarferla verði aðeins samræming en ekki ákvörðun. Dreifiveitur ákvarði notkunarferla en samræming þeirra verði í höndum kerfisstjóra.

Þá er lagt til að upplýsingaskylda flutningsfyrirtækisins sé skýrð. Kveðið verði á um að flutningsfyrirtækinu sé skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku. Ákvæðinu er ætlað að tryggja gagnsæi og jafnan aðgang að flutningskerfinu, sem er forsenda þess að eðlileg samkeppni á raforkumarkaði komist á.

Við skýringu þessa ákvæðis er rétt að hafa í huga að flutningsfyrirtækinu ber að gæta trúnaðar gagnvart viðskiptavinum sínum. Í því felst að gætt sé trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og annað sem eðlilegt er að leynt fari. Þær upplýsingar sem hægt er að krefja flutningsfyrirtækið um eru upplýsingar er varða fyrirtækið sjálft og starfrækslu þess.

Um 6. gr.

Lagt er til að eigendur flutningsvirkja geti ákveðið hvort þeir vilja leggja eignir sínar inn í félagið sem hlutafé, selja þær eða leigja. Heimildinni er haldið opinni svo að þeir sem kunna að vilja leigja flutningsfyrirtækinu eignir sínar í upphafi geti síðar lagt þær inn sem hlutafé eða selt þær fyrirtækinu ef forsendur breytast. Í nýju ákvæði til bráðabirgða XI er gert ráð fyrir að skipuð verði samninganefnd eigenda flutningsvirkja er hafi það verkefni að meta til fjár þau flutnings- og tengivirki sem seld eru flutningsfyrirtækinu, hvort sem greitt er fyrir þau með fé eða hlutabréfum í flutningsfyrirtækinu. Nánar verður vikið að efni ákvæðisins síðar. Endurgjald fyrir leigu er metið út frá verðmæti flutningsvirkja, sbr. ákvæðið.

Um 7. gr.

Lagðar eru til breytingar á 12. gr. gildandi laga varðandi gjaldskrá, tekjumörk og arðsemisviðmiðanir. Vegna þess munar sem er á gjaldtöku og forsendum fyrir stórnotendur og almenna notendur flutningsfyrirtækisins er lagt til að Orkustofnun setji flutningsfyrirtækinu tvenn tekjumörk, annars vegar vegna stórnotenda en hins vegar vegna almennra notenda.

Jafnframt er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt. Lagt er til að í fyrri hluta ákvæðisins verði kveðið á um tekjumörk þau er Orkustofnun setur flutningsfyrirtækinu og við hvað beri að miða við setningu tekjumarka. Síðari hluti ákvæðisins fjallar um setningu gjaldskrár. Þessi uppsetning þykir skýrari í ljósi þess að tekjumörk sem Orkustofnun setur eru undirstaða gjaldskrárinnar sem flutningsfyrirtækið setur sér.

Í 12. gr. núgildandi raforkulaga er kveðið á um að arðsemi flutningfyrirtækisins skuli að jafnaði vera 2% eða hærri en þó ekki meira en tveimur prósentustigum yfir markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Ekki er í lögunum sett viðmið um að hvaða arðsemi skuli stefnt þegar Orkustofnun setur fyrirtækinu tekjumörk. Því er lagt til að arðsemi flutningsfyrirtækisins skuli vera sem næst fyrrgreindri ávöxtun. Þá er lagt til að hámarks- og lágmarksarðsemi verði miðuð við hlutfall af sömu ávöxtun og að taka skuli tillit til þess í gjaldskrá næsta árs ef í ljós kemur að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er minna en helmingur af sömu ávöxtun eða meira en þriðjungi hærri.

Eðlilegt þykir að tekjumörk flutningsfyrirtækisins séu sett til lengri tíma en eins árs í senn. Bent hefur verið á að til að tryggja stöðugleika í rekstri flutningsfyrirtækisins sé eðlilegt að tekjumörkin séu ekki tekin upp á hverju ári heldur gildi til lengri tíma en að heimilt sé að

endurskoða þau árlega ef forsendur breytast. Lagt er til að tekjumörk skuli ákveðin til þriggja ára í senn. Það þarf þó ekki að merkja að fjárhæð tekjumarka haldist óbreytt þrjú ár í senn. Þannig getur reynst eðlilegt að tekjumörk taki sjálfvirkum breytingum innan tímabilsins, svo sem vegna breyttra forsendna eins og fjölda notenda. Með ákvörðun tekjumarka til þriggja ára er því átt við að aðferð við ákvörðun tekjumarka haldist óbreytt.

Varðandi uppbyggingu gjaldskrár er lagt til að sama gjaldskrá skuli gilda fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á 66kV spennu á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka. Ef orka frá flutningskerfi er afhent á hærri spennu ber að lækka gjaldskrá með tilliti til þess. Mismunurinn skýrist af því að kostnaður fylgir því að spenna orkuna niður og lendir sá kostnaður á þeim sem tekur við orkunni á hærri spennu og þarf sjálfur að spenna hana niður. Fleira getur einnig skipt máli um afhendingarþjónustu, t.d. fjöldi aðveiturofa með tilliti til orkumagns sem fer um hverja aðveitustöð. Því er skylt að í gjaldskrá sé einnig tekið tillit til annars munar á afhendingarþjónustu en spennunnar einnar.

Ef virkjun tengist flutningskerfinu eingöngu í gegnum dreifiveitu ber að taka tillit til þess í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins á þann veg að innheimtum tekjum af tengigjöldum slíkra virkjana skal skipt milli flutningsfyrirtækis og viðkomandi dreifiveitu. Flutningsfyrirtæki leggur til skiptihlutfall í gjaldskrá sinni en Orkustofnun getur lagt fyrir flutningsfyrirtækið að breyta því ef hún telur það vera ósanngjarnt með tilliti til kostnaðar hvors aðila um sig.

Um 8. gr.

Lagt er til samhljóða ákvæði og fyrir flutningsfyrirtækið þegar ákvarða skal hvort dreifiveitu er skylt að gefa upplýsingar til þess að meta megi hvort dreifiveita gætir þess að rækja hlutverk sitt samkvæmt 6. tölul. 16. gr. Um skýringar er vísað til athugasemda við 4. gr. að breyttu breytanda.

Um 9. gr.

Lagt er til sambærilegt ákvæði um arðsemisviðmið dreifiveitna við það sem lagt er til um flutningsfyrirtækið í 7. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að í stað þess að ráðherra skilgreini gjaldskrársvæði dreifiveitna verði meginreglan sú að sama gjaldskrá gildi á öllu veitusvæði hverrar dreifiveitu. Þó er lagt til að þar sem kostnaður við dreifingu í dreifbýli er verulegur umfram kostnað af dreifingu í þéttbýli, geti dreifiveitur sótt um heimild til Orkustofnunar til að hafa í gildi á dreifiveitusvæði sínu sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu í dreifbýli. Gert er ráð fyrir að með umsókn um það þurfi að fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun viðkomandi svæðis, íbúafjölda þess og landnotkun samkvæmt gildandi skipulagsáætlun. Þá þurfa að fylgja upplýsingar um dreifingarkostnað á viðkomandi svæði miðað við kostnað annars staðar á veitusvæði dreifiveitunnar. Þegar metið er hvort heimila skuli sérstaka dreifbýlisgjaldskrá skal m.a. litið til þess hve mikill kostnaðarauki er við dreifingu á viðkomandi svæði umfram önnur, hversu strjálbýlt það er og hve mikill hluti af heildarraforkunotkun viðkomandi dreifiveitu fellur til á svæðinu. Að lágmarki verða fimm af hundraði heildarraf-magnsnotkunar viðkomandi dreifiveitu að falla undir svæðið til þess að heimiluð verði sérstök dreifbýlisgjaldskrá.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ekki er talin þörf á því að skýra greinina að öðru leyti en því að þau tímamörk er sett voru í ákvæðinu virðast of knöpp og er því lagt til að gildistöku III. kafla raforkulaga verði frestað um sex mánuði, eða til 1. janúar 2005.

Um 12. gr.

Um a-lið (IX).

Lagt er til að við ákvörðun tekjumarka skv. 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. skuli Orkustofnun í upphafi miða við lága arðsemi eða helming af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára. Samkvæmt ákvæðinu má ávöxtunin fara stighækkandi á fimm árum í þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir hækkun á raforkuverði. Þess er vænst að aukin arðsemi náist með hagræðingu þar sem tekjumörk þurfi ekki að hækka vegna arðsemisviðmiðana sem kunna að vera yfir núverandi arðsemi fyrirtækjanna. Fyrirtækin halda þá ávinningi af hagræðingu til að auka arðsemina. Með því að fara hægt í sakirnar með hækkun á arðsemisviðmiðunum í tekjumörkum flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna á að koma í veg fyrir skyndilega hækkun raforkuverðs í upphafi. Lögð er áhersla á að hækkun arðsemisviðmiðana felur ekki í sér kröfu til fyrirtækjanna um aukna arðsemi og hækkun gjaldskrár í því skyni. Haldist arðsemin yfir lágmarksviðmiðunarmörkum er Orkustofnun ekki ætlað að gera athugasemdir við hana.

Um b-lið (X).

Gert er ráð fyrir að ríkið stofni hlutafélag og skipi stjórn til bráðabirgða. Hlutverk hennar verði að koma fram fyrir hönd félagsins við mat á verðmæti flutningsvirkja, auk annarra lögbundinna stjórnarstarfa samkvæmt lögum um hlutafélög. Þá er gert ráð fyrir að stjórnin sitji þar til endanleg niðurstaða fæst um verðmæti flutningsvirkja og þar með um eignarhlutföll hluthafa í félaginu. Nánar er kveðið á um stofnun, hlutverk, réttindi og skyldur hlutafélags um flutningsfyrirtækið í sérstöku frumvarpi.

Um c-lið (XI).

Lagt er til að stofnuð verði samninganefnd eigenda flutningsvirkja sem ætlað verði að ná samkomulagi um mat á verðmæti flutningsvirkjanna sem lögð verða til flutningsfyrirtækisins. Mikilvægt þykir að sátt náist meðal eigenda um verðmæti eigna flutningsfyrirtækisins. Tekið er fram að stefnt skuli að því að verðmætið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkja að teknu tilliti til framreiknaðra afskrifta sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta. Lögð er áhersla á að framangreint er einungis viðmiðunarregla en ekki bindandi um niðurstöður nefndarinnar, enda verður hún samninganefnd þar sem eigendur geta komið sér saman um aðferðir við verðmat og um verðmæti einstakra eigna. Hvað varðar afskriftir þykir rétt að taka fram að við verðmat eigna ber eingöngu að miða við þær afskriftir sem bókfærðar hafa verið en ekki er gert ráð fyrir að þá sé tekin afstaða til framtíðarafskrifta. Þær verða ákveðnar við setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins.

Við skipan í samninganefnd er gert ráð fyrir að hver beri kostnað af fulltrúum sínum en útlagður kostnaður greiðist úr ríkissjóði

Ef eigendum flutningsvirkja tekst ekki að ná samstöðu um verðmat er lagt til að skipuð verði sérstök matsnefnd sem ætlað er að meta verðmæti flutningsvirkja, sem ekki hefur náðst samstaða um. Ætlunin er að nefnd þessi verði með svipuðu sniði og matsnefnd eignarnámsbóta og að lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms gildi að verulegu leyti um störf nefndarinnar. Tekið er fram að matsnefndin skuli miða við endurstofnverð að teknu tilliti til afskrifta. Ekki er lagt til að nefndin taki tillit til afskrifta við verðmat líkt og samninganefnd-

in á að gera og ekki gert ráð fyrir að matsnefndin sé bundin af afskriftarreglum samninganefndar. Þá þykir rétt að leggja áherslu á þann mun á samninganefnd og matsnefnd sem felst í því að eigendum er annars vegar ætlað að komast að frjálsu samkomulagi um verðmat eigna sinna í samninganefnd en náist slíkir samningar ekki kemur til kasta matsnefndar. Gilda þá sömu sjónarmið og við eignarnám enda verður eigendum flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. ekki kleift að undanskilja flutningsvirki sín frá virkjunum er flutningsfyrirtækið mun hafa umráð yfir.

Gert er ráð fyrir því að matsnefndin geti leitað umsagnar og annarar aðstoðar Orkustofnunar um það sem nefndin telur þurfa.

Gert er ráð fyrir að matsnefndin ljúki störfum eftir að eignir hafa verið metnar.

Um d- og e-lið (XII og XIII).

Liðirnir þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í viðauka eru taldir upp afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfi skv. 6. tölul. 3. gr. Hafnar eru framkvæmdir við nýjan afhendingarstað til Orkuveitu Reykjavíkur við Rauðavatn, og gert er ráð fyrir hann verði tekinn í notkun árið 2004. Þangað til telst Elliðaárstöð afhendingarstaður í skilningi laganna.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á ýmsum ákvæðum gildandi raforkulaga. Frumvarpið byggist á meirihlutaáliti nefndar sem ætlað var að gera tillögur um fyrirkomulag flutnings raforku samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII við raforkulög. Tillögurnar beinast einkum að afmörkun flutningskerfisins, stofnun og rekstri flutningsfyrirtækis, gjaldskrám fyrir flutning og dreifingu raforku, viðmiðunum um arðsemi og tekjuramma orkufyrirtækja o.fl. eins og nánar er greint frá í athugasemdum með frumvarpinu. Ekki er ástæða til að ætla að þessir þættir hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema hugsanlega með óbeinum hætti að því marki sem orkuverð til ríkisaðila kann að taka einhverjum breytingum í kjölfar breytts skipulags í raforkustarfseminni. Þar munu vegast á margir þættir, s.s. krafa um aukna arðsemi fyrirtækjanna, áhrif af einu jafnaðarverði í öllu flutningskerfinu og aukin hagræðingarviðleitni vegna samkeppni í vinnslu og dreifingu raforkunnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að flutningskerfið verði útvíkkað frá gildandi lögum þannig að það taki til þeirra háspennulína og tengivirkja sem nú eru á 66 kV spennu eða hærri og miðist auk þess við tiltekna afhendingarstaði sem tilgreindir eru í viðauka. Eitt jafnaðarverð verði fyrir afhendingu orku hvarvetna í flutningskerfinu. Í frumvarpinu eru ekki bein ákvæði um hvort eða með hvaða hætti raforkuverði verði jafnað milli svæða á landinu umfram þetta. Þó er gert ráð fyrir að dreifiveitum verði heimilt að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á svæðum

þar sem kostnaður við orkudreifingu er sannanlega hærri en í þéttbýli. Í áliti meiri hluta nefndarinnar er jafnframt sett fram hugmynd um að verð til notenda á svæðum sem hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá verði greitt niður þannig að það verði það sama og hæsta verð í þéttbýli. Kemur til kasta löggjafans að ákvarða hvort slíkt fyrirkomulag verði tekið upp og með hvaða hætti kostnaður við það verður fjármagnaður, t.d. með verðjöfnunargjaldi í orkukerfinu.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að eigendur orkufyrirtækja sem leggja eignir til flutningsfyrirtækisins eigi fulltrúa í samninganefnd þar sem leitast verði við að ná samkomulagi um mat á verðmæti flutningsvirkjanna. Eigendur fyrirtækjanna bera kostnað af störfum sinna fulltrúa en annar útlagður kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að slíkur útlagður kostnaður verði minni háttar og greiðist af óskiptri fjárheimild iðnaðarráðuneytisins til ýmissa orkumála.

1105. Fyrirspurn [741. mál]

til samgönguráðherra um tvöföldun Vesturlandsvegar.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvenær hefjast framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurbraut í Reykjavík til Skarhólabrautar í Mosfellsbæ og hvenær er áætlað að þeim ljúki?

1106. Svar [602. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um aflaheimildir fiskiskipa úr íslenskum deilistofnum.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar.

1. *Úr hvaða deilistofnum hefur verið ákveðið að takmarka heildarafla skv. 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands? Hvernig var aflahlutdeild ákveðin hverju sinni, hvaða skip fengu hlutdeild og hve mikla í hverju tilviki?*

Deilistofnar sem lúta aflatakmörkunum eru: Loðna, úthafskarfi, norsk-íslensk síld og kolmunni.

Aflahlutdeild í loðnu í núgildandi fiskveiðistjórn var úthlutað 1. janúar 1991. Aflahlutdeild einstakra skipa var ákveðin með lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, IV. bráðabirgðaákvæði. Fyrirframákveðnum afla í loðnu var fyrst úthlutað árið 1980, þ.e. meira en áratug fyrir setningu fyrrnefndra laga. Aflahlutdeild í úthafskarfa var úthlutað í janúar 1997. Aflahlutdeild einstakra skipa var ákveðin í reglugerð nr. 27/1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Aflahlutdeild í norsk-íslenskri síld var úthlutað í maí 2002. Aflahlutdeild einstakra skipa var ákveðin í reglugerð nr. 348/2002, um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í norsk-íslenskri síld. Aflahlutdeild í kolmunna var úthlutað í maí 2002.

Aflahlutdeild einstakra skipa var ákveðin í reglugerð nr. 196/2002, um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í kolmunna.

Eftirfarandi töflur 1, 2, 3 og 4 eru listar yfir skip sem fengu við upphafsúthlutun úthlutað aflahlutdeild í loðnu, úthafskarfa, norsk-íslenskri síld og kolmunna og aflahlutdeild þeirra þá.

Tafla 1. Aflahlutdeild í loðnu – upphafsúthlutun 1991.

Skipanr.	Nafn skips	Aflahlutdeild
130	Júpiter	2,5269771
155	Jón Kjartansson	2,3350926
183	Sigurður	2,6141584
220	Víkingur	2,5530460
226	Beitir	2,5618069
264	Þórður Jónasson	1,8032437
967	Keflvíkingur	2,7878801
973	Björg Jónsdóttir II	1,8643561
979	Víkurberg	1,8380735
1002	Sunnuberg	2,8314708
1006	Háberg	2,8663006
1011	Gígja	2,0211970
1012	Örn	1,8816641
1020	Guðmundur Ólafur	1,8816641
1029	Svanur	1,9688455
1030	Björg Jónsdóttir	1,8731169
1031	Bergur	1,8120045
1033	EX Harpa seld úr landi 31.03.92	2,8573260
1035	Heimaey	1,8295263
1037	Dagfari	1,8295263
1046	Albert	1,8991859
1048	Faxi	1,9167076
1060	Súlan	2,0735486
1061	Sighvatur Bjarnason	1,9688455
1062	Kap II	1,9688455
1070	Húnaröst	1,9252548
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	2,0211970
1272	Guðmundur	2,1782517
1293	Börkur	2,3699224
1361	Erling, sökk 11.12.90 sam. úr O Wathne	1,7423449
1401	Gullberg	1,8991859
1411	Huginn	1,8991859
1413	Höfrungur	2,1694908
1416	Ásborg	1,8991859
1501	Þórshamar	1,8904250
1504	Bjarni Ólafsson	2,3438535
1512	Grindvíkingur	2,3438535
1525	Hólmaborg	2,7797603
1551	Hilmir	4,4261630
1586	Sjávarborg	2,0735486
1610	Ísleifur	2,0211970
1742	Jón Finnsson	1,8991859
1807	Hákon	2,0735486
1809	Pétur Jónsson	2,0823095
1903	Helga II	3,5977264
	Samtals	**100,0000002**

Tafla 2. Aflahlutdeild í úthafskarfa – upphafsúthlutun 1997 með breytingum.

Skip nr.	Nafn skips	Frumkvöðla-úthlutun	Önnur úthlutun	Skerðing (-) Uppfærsla (+)	Endanleg úthlutun
155	Jón Kjartansson	0,0013984	0,0000000	0,0000073	0,0014057
1265	Skagfirðingur	0,0000000	1,4556057	0,0075742	1,4631799
1268	Akurey	0,0000000	0,4488929	-0,0337625	0,4151304
1270	Mánaberg	0,2971417	2,3597225	0,0138248	2,6706890
1273	Vestmannaey	0,1063680	1,7066621	0,0094340	1,8224641
1275	Hoffell	0,0000000	0,0000000	0,0000000	0,0000000
1281	Múlaberg	0,0000000	0,0197377	0,0001027	0,0198404
1308	Venus	0,6809923	4,2826096	0,0258278	4,9894297
1328	Snorri Sturluson	0,1504117	3,1454434	0,0171498	3,3130049
1345	Freri	0,0000000	0,7994941	0,0041601	0,8036542
1351	Sléttbakur	0,0414208	0,6908565	0,0038104	0,7360877
1360	Engey	0,0000000	0,9941743	0,0051731	0,9993474
1365	Viðey	0,0000000	0,6948790	0,0036158	0,6984948
1369	Akureyrin	0,0000000	1,6182452	0,0084204	1,6266656
1376	Víðir	0,0000000	3,6777237	0,0191368	3,6968605
1395	Kaldbakur	0,0000000	0,5659049	0,0029447	0,5688496
1397	Sólberg	0,0000000	0,0000000	0,0000000	0,0000000
1408	Runólfur	0,0000000	0,2887708	0,0015026	0,2902734
1412	Harðbakur	0,0000000	0,8216356	0,0042753	0,8259109
1459	Breki	0,0000000	1,1506071	0,0059871	1,1565942
1471	Ólafur Jónsson	0,0000000	2,5682917	0,0133640	2,5816557
1473	Hrímbakur	0,0000000	0,3977513	-0,0299160	0,3678353
1476	Björgúlfur	0,0000000	0,0000000	0,0000000	0,0000000
1484	Margrét	0,0000000	0,0276222	0,0001437	0,0277659
1497	Kambaröst	0,0000000	0,1553729	-0,0116860	0,1436869
1530	Sigurbjörg	0,0000000	0,0908903	0,0004729	0,0913632
1536	Barði	0,0000000	0,0168463	0,0000877	0,0169340
1552	Már	0,0000000	0,3642995	0,0018956	0,3661951
1553	Jón Baldvinsson	0,0000000	1,4543754	0,0075678	1,4619432
1578	Ottó N. Þorláksson	0,2672236	1,7261037	0,0103722	2,0036995
1579	Gnúpur	0,0000000	1,4778850	0,0076901	1,4855751
1585	Sturlaugur H. Böðvarsson	0,0000000	1,9874060	0,0103414	1,9977474
1628	Sléttanes	0,0000000	1,4311588	0,0074470	1,4386058
1634	Hólmadrangur	0,0476247	0,0324987	0,0004169	0,0805403
1833	Málmey	0,9998337	6,4127910	0,0385712	7,4511959
1868	Haraldur Kristjánsson	1,0615106	6,4216878	0,0389384	7,5221368
1872	Geiri Péturs	0,0000000	0,0000000	0,0000000	0,0000000
1880	Ýmir	0,5054262	4,3189521	0,0251034	4,8494817
1902	Höfrungur III	0,0000000	4,2121687	0,0219178	4,2340865
6107	Rún		0,0000005	0,0000001	0,0000001	0	0	0	0	0
6110	Eyrún	0,0000001	0,0000072	0,0000008	0,0000014	0	3	0	0	2
6121	Helga María	0,0000001	0,0000097	0,0000011	0,0000018	0	4	0	0	3
6124	Stella		0,0000001			0	0	0	0	0
6150	Sjöfn		0,0000011	0,0000001	0,0000002	0	0	0	0	0
6175	Bravo		0,0000023	0,0000003	0,0000004	0	1	0	0	1
6177	Guðný	0,0000003	0,0000297	0,0000034	0,0000056	0	11	0	1	9
6186	Frosti	0,0000002	0,0000235	0,0000027	0,0000044	0	9	0	0	7
6190	Frosti	0,0000001	0,0000107	0,0000012	0,0000020	0	4	0	0	3
6196	Freyðir		0,0000005	0,0000001	0,0000001	0	0	0	0	0
6209	Jón Kristinn	0,0000002	0,0000193	0,0000022	0,0000036	0	7	0	0	6
6247	Tryggvi	0,0000001	0,0000107	0,0000012	0,0000020	0	4	0	0	3
6250	Gunnar	0,0000002	0,0000145	0,0000016	0,0000027	0	6	0	0	4
6273	Sigurvin	0,0000001	0,0000119	0,0000014	0,0000022	0	5	0	0	4
6277	Júpiter		0,0000001			0	0	0	0	0
6297	Sæbjörg		0,0000001			0	0	0	0	0
6306	Kúði	0,0000002	0,0000150	0,0000017	0,0000028	0	6	0	0	4
6341	Ólafur	0,0000003	0,0000251	0,0000029	0,0000047	0	10	0	1	7
6346	Björk	0,0000001	0,0000088	0,0000010	0,0000017	0	3	0	0	3
6348	Árni	0,0000001	0,0000072	0,0000008	0,0000014	0	3	0	0	2
6355	Hamar	0,0000001	0,0000056	0,0000006	0,0000011	0	2	0	0	2
6380	Meta	0,0000002	0,0000179	0,0000020	0,0000034	0	7	0	0	5
6381	Þura	0,0000005	0,0000465	0,0000053	0,0000088	0	18	1	1	14
6389	Stormur	0,0000001	0,0000093	0,0000011	0,0000018	0	4	0	0	3
6391	Merkúr	0,0000006	0,0000532	0,0000061	0,0000100	0	20	1	1	16
6393	Sæfari	0,0000001	0,0000097	0,0000011	0,0000018	0	4	0	0	3
6399	Haukur	0,0000001	0,0000053	0,0000006	0,0000010	0	2	0	0	2
6403	Glaður	0,0000004	0,0000426	0,0000049	0,0000080	0	16	1	1	13
6420	Veiðibjalla	0,0000004	0,0000378	0,0000043	0,0000071	0	15	1	1	11
6421	Sindri	0,0000001	0,0000066	0,0000008	0,0000012	0	3	0	0	2
6425	Mardís	0,0000004	0,0000383	0,0000044	0,0000072	0	15	1	1	11
6437	Þórey Björg	0,0000004	0,0000384	0,0000044	0,0000072	0	15	1	1	11
6438	Hafbjörg	0,0000005	0,0000498	0,0000057	0,0000094	0	19	1	1	15
6461	Gauti		0,0000018	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	1
6474	Bjargfugl	0,0000004	0,0000336	0,0000038	0,0000063	0	13	1	1	10
6487	Bæjarfell	0,0000006	0,0000595	0,0000068	0,0000112	0	23	1	1	18
6517	Ólsen	0,0000005	0,0000487	0,0000055	0,0000092	0	19	1	1	14
6518	Kveldúlfur	0,0000001	0,0000085	0,0000010	0,0000016	0	3	0	0	3
6524	Ystiklettur	0,0000002	0,0000150	0,0000017	0,0000028	0	6	0	0	4
6533	Hróðgeir Hvíti	0,0000003	0,0000270	0,0000031	0,0000051	0	10	0	1	8
6539	Hrönn II	0,0000002	0,0000197	0,0000022	0,0000037	0	8	0	0	6
6540	Sædís		0,0000012	0,0000001	0,0000002	0	0	0	0	0
6560	Litlanes	0,0000001	0,0000074	0,0000008	0,0000014	0	3	0	0	2
6565	Lárberg	0,0000008	0,0000742	0,0000084	0,0000140	0	29	1	2	22
6577	Laugi Súi		0,0000017	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
6591	Inga		0,0000003		0,0000001	0	0	0	0	0
6592	Ásgeir	0,0000002	0,0000226	0,0000026	0,0000043	0	9	0	0	7
6598	Freygerður	0,0000002	0,0000236	0,0000027	0,0000045	0	9	0	0	7
6603	Einar		0,0000005	0,0000001	0,0000001	0	0	0	0	0
6610	Eyfjörð	0,0000003	0,0000242	0,0000028	0,0000046	0	9	0	1	7

Skipa-nr.	Nafn skips	Ýsa	Ufsi	Grálúða	Skarkoli	Ýsa	Ufsi	Grá-lúða	Skar-koli	Þorsk-ígildi
6611	Gimburey		0,0000004		0,0000001	0	0	0	0	0
6616	Hafdís		0,0000017	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
6619	Jenný	0,0000002	0,0000188	0,0000021	0,0000036	0	7	0	0	6
6620	Ás	0,0000002	0,0000235	0,0000027	0,0000044	0	9	0	0	7
6639	Njáll	0,0000001	0,0000088	0,0000010	0,0000017	0	3	0	0	3
6640	Glaumur	0,0000052	0,0004961	0,0000565	0,0000936	2	191	8	10	147
6645	Sveinn	0,0000002	0,0000227	0,0000026	0,0000043	0	9	0	0	7
6650	Díana	0,0000002	0,0000193	0,0000022	0,0000036	0	7	0	0	6
6651	Össur	0,0000003	0,0000306	0,0000035	0,0000058	0	12	0	1	9
6652	Bragi	0,0000001	0,0000129	0,0000015	0,0000024	0	5	0	0	4
6659	Jenni	0,0000001	0,0000050	0,0000006	0,0000009	0	2	0	0	2
6662	Litli Tindur	0,0000008	0,0000735	0,0000084	0,0000139	0	28	1	2	22
6664	Lotta		0,0000006	0,0000001	0,0000001	0	0	0	0	0
6668	Krummi		0,0000015	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
6686	Gyllir	0,0000004	0,0000428	0,0000049	0,0000081	0	16	1	1	13
6705	Nonni	0,0000005	0,0000474	0,0000054	0,0000089	0	18	1	1	14
6706	Svanur Þór	0,0000003	0,0000283	0,0000032	0,0000053	0	11	0	1	8
6708	Kópur	0,0000005	0,0000439	0,0000050	0,0000083	0	17	1	1	13
6710	Sunnufell	0,0000003	0,0000332	0,0000038	0,0000063	0	13	1	1	10
6711	Ísborg	0,0000002	0,0000208	0,0000024	0,0000039	0	8	0	0	6
6712	Sigurpáll	0,0000003	0,0000292	0,0000033	0,0000055	0	11	0	1	9
6726	Skíði	0,0000003	0,0000296	0,0000034	0,0000056	0	11	0	1	9
6755	Skutla		0,0000002			0	0	0	0	0
6757	Mímir	0,0000005	0,0000443	0,0000050	0,0000084	0	17	1	1	13
6768	Alda	0,0000005	0,0000444	0,0000051	0,0000084	0	17	1	1	13
6788	Gissur Hvíti	0,0000005	0,0000524	0,0000060	0,0000099	0	20	1	1	16
6796	Kambanes		0,0000016	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
6821	Örk	0,0000004	0,0000402	0,0000046	0,0000076	0	15	1	1	12
6823	Sjöfn	0,0000003	0,0000303	0,0000034	0,0000057	0	12	0	1	9
6824	Máni	0,0000010	0,0000967	0,0000110	0,0000182	0	37	2	2	29
6829	Anna	0,0000003	0,0000245	0,0000028	0,0000046	0	9	0	1	7
6830	Már		0,0000008	0,0000001	0,0000002	0	0	0	0	0
6835	Lax	0,0000003	0,0000283	0,0000032	0,0000053	0	11	0	1	8
6837	Edda	0,0000003	0,0000315	0,0000036	0,0000059	0	12	0	1	9
6841	Æðey	0,0000003	0,0000318	0,0000036	0,0000060	0	12	0	1	9
6844	Bylgja		0,0000001			0	0	0	0	0
6848	Vébjörn		0,0000001			0	0	0	0	0
6849	Örn II	0,0000002	0,0000174	0,0000020	0,0000033	0	7	0	0	5
6867	Ásberg		0,0000011	0,0000001	0,0000002	0	0	0	0	0
6876	Eyrarröst	0,0000003	0,0000298	0,0000034	0,0000056	0	11	0	1	9
6902	Mónes	0,0000005	0,0000492	0,0000056	0,0000093	0	19	1	1	15
6905	Víkingur	0,0000003	0,0000309	0,0000035	0,0000058	0	12	0	1	9
6909	Drífa	0,0000007	0,0000625	0,0000071	0,0000118	0	24	1	1	19
6923	Elva Dröfn	0,0000003	0,0000274	0,0000031	0,0000052	0	11	0	1	8
6931	Smári	0,0000002	0,0000153	0,0000017	0,0000029	0	6	0	0	5
6935	Máni	0,0000003	0,0000334	0,0000038	0,0000063	0	13	1	1	10
6945	Bjössi Vert	0,0000017	0,0001650	0,0000188	0,0000311	1	63	3	3	49
6952	Steini Randvers	0,0000008	0,0000778	0,0000089	0,0000147	0	30	1	2	23
6955	Ver	0,0000002	0,0000159	0,0000018	0,0000030	0	6	0	0	5
6957	Straumur	0,0000002	0,0000193	0,0000022	0,0000036	0	7	0	0	6
6961	Lundey	0,0000003	0,0000267	0,0000030	0,0000050	0	10	0	1	8
6965	Valdís	0,0000058	0,0005559	0,0000633	0,0001049	2	214	9	12	165
6969	Rita	0,0000004	0,0000338	0,0000038	0,0000064	0	13	1	1	10
6970	Guðrún Hermanns	0,0000003	0,0000247	0,0000028	0,0000047	0	10	0	1	7
6975	Funi		0,0000011	0,0000001	0,0000002	0	0	0	0	0
6976	Leifi	0,0000006	0,0000587	0,0000067	0,0000111	0	23	1	1	17
6982	Vala	0,0000001	0,0000053	0,0000006	0,0000010	0	2	0	0	2
6985	Gustur	0,0000013	0,0001258	0,0000143	0,0000237	0	48	2	3	37
6988	Guðjón	0,0000008	0,0000785	0,0000089	0,0000148	0	30	1	2	23
6991	Kvika	0,0000007	0,0000698	0,0000080	0,0000132	0	27	1	1	21
6996	Björn	0,0000011	0,0001094	0,0000125	0,0000206	0	42	2	2	33

Skipa-nr.	Nafn skips	Ýsa	Ufsi	Grálúða	Skarkoli	Ýsa	Ufsi	Grá-lúða	Skar-koli	Þorsk-ígildi
6998	Tryllir		0,0000015	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
7002	Sigrún	0,0000003	0,0000294	0,0000033	0,0000055	0	11	0	1	9
7005	Uggi	0,0000001	0,0000064	0,0000007	0,0000012	0	2	0	0	2
7008	Heiða Ósk		0,0000016	0,0000002	0,0000003	0	1	0	0	0
7011	Sigríður		0,0000002			0	0	0	0	0
7015	Hafborg	0,0000003	0,0000283	0,0000032	0,0000053	0	11	0	1	8
7022	Kristín Finnbogadóttir	0,0000017	0,0001658	0,0000189	0,0000313	1	64	3	3	49
7023	Silla	0,0000005	0,0000493	0,0000056	0,0000093	0	19	1	1	15
7031	Snorri	0,0000004	0,0000419	0,0000048	0,0000079	0	16	1	1	12
7037	Sæbjörn	0,0000004	0,0000355	0,0000040	0,0000067	0	14	1	1	11
7038	Sverrir	0,0000011	0,0001088	0,0000124	0,0000205	0	42	2	2	32
7040	Kristján	0,0000008	0,0000771	0,0000088	0,0000145	0	30	1	2	23
7041	Rán	0,0000001	0,0000064	0,0000007	0,0000012	0	2	0	0	2
7044	Fróði	0,0000003	0,0000300	0,0000034	0,0000057	0	12	0	1	9
7048	Jóhanna		0,0000006	0,0000001	0,0000001	0	0	0	0	0
7049	Gammur	0,0000003	0,0000289	0,0000033	0,0000054	0	11	0	1	9
7057	Birna	0,0000006	0,0000529	0,0000060	0,0000100	0	20	1	1	16
7058	Reynir Þór	0,0000008	0,0000725	0,0000083	0,0000137	0	28	1	2	22
7066	Jaspis	0,0000007	0,0000689	0,0000078	0,0000130	0	27	1	1	20
7096	Jón Páll	0,0000004	0,0000386	0,0000044	0,0000073	0	15	1	1	11
7098	Bliki	0,0000010	0,0000957	0,0000109	0,0000180	0	37	2	2	28
7106	Óli	0,0000001	0,0000082	0,0000009	0,0000015	0	3	0	0	2
7113	Emilía	0,0000005	0,0000525	0,0000060	0,0000099	0	20	1	1	16
7120	Óskar	0,0000001	0,0000074	0,0000008	0,0000014	0	3	0	0	2
7136	Frigg	0,0000006	0,0000620	0,0000071	0,0000117	0	24	1	1	18
7143	Kristinn	0,0000002	0,0000180	0,0000020	0,0000034	0	7	0	0	5
7172	Logi	0,0000002	0,0000157	0,0000018	0,0000030	0	6	0	0	5
7184	Sporður	0,0000005	0,0000497	0,0000057	0,0000094	0	19	1	1	15
7191	Gullbrandur	0,0000009	0,0000900	0,0000102	0,0000170	0	35	1	2	27
7194	Fagravík	0,0000002	0,0000219	0,0000025	0,0000041	0	8	0	0	6
7202	Marvin	0,0000002	0,0000206	0,0000023	0,0000039	0	8	0	0	6
7205	Elín II	0,0000008	0,0000807	0,0000092	0,0000152	0	31	1	2	24
7213	Gulley	0,0000001	0,0000096	0,0000011	0,0000018	0	4	0	0	3
7243	Pegron	0,0000005	0,0000488	0,0000056	0,0000092	0	19	1	1	15
7249	Svanur	0,0000001	0,0000119	0,0000014	0,0000022	0	5	0	0	4
7303	Sandvíkingur	0,0000002	0,0000159	0,0000018	0,0000030	0	6	0	0	5
744	Hafdís	0,0000001				0	0	0	0	0
	Samtals	**0,0065200**	**0,6248862**	**0,0711379**	**0,1178772**	**2.232**	**240.454**	**9.820**	**13.014**	**185.690**

4. *Hefur ráðherra nýtt heimild 11. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni? Ef svo er, hversu miklu var úthlutað í hverju tilviki, reiknað í prósentum og þorskígildum, og til hvaða skipa?*

Sjávarútvegsráðherra nýtti ákvæði til að ívilna frumkvöðlum, sbr. framangreint lagaákvæði, þegar aflahlutdeild í rækju á Flæmingjagrunni var úthlutað í janúar og febrúar 1997. Skipting ívilnunar á hvert einstakt skip reiknuð í prósentum og þorskígildum kemur fram í töflu nr. 6.

Tafla 6. Aflahlutdeild og aflamark í rækju á Flæmingjagrunni til frumkvöðla veiðanna (Fiskistofa 9. mars 2004).

Magn í kg.

Skip nr.	Heiti	Aflahlutdeild	Rækjuígildi	Þorskígildi
1128	Arnarnes	0,2499629	16.997	16.997
1383	Skutull	0,2026296	13.779	13.779
1742	Hersir	0,2454445	16.690	16.690
1807	Hákon	0,5311066	36.115	36.115

Skip nr.	Heiti	Aflahlutdeild	Rækjuígildi	Þorskígildi
2061	Sunna	2,3541858	160.085	160.085
2204	Hafrafell	0,1630524	11.088	11.088
2206	Hvannaberg	0,1915887	13.028	13.028
2211	Andvari	0,1904108	12.948	12.948
2216	Pétur Jónsson	0,445964	30.326	30.326
2218	Snæfell	0,4256547	28.945	28.945
	Samtals	**5,0000000**	**340.000**	**340.000**

5. *Úr hvaða stofnum eru stundaðar veiðar án þess að til takmörkunar hafi komið á heildarafla og ákvæðum 6. gr. laganna beitt? Hve lengi hafa þær veiðar staðið? Hve mikið hefur verið veitt ár hvert og hve mörg skip eiga í hlut? Hvaða reglur hafa gilt um þær veiðar? Hver eru áform ráðherra varðandi áframhaldandi veiðar úr þeim stofnum?*

Íslensk skip hafa dregið afla úr sjó utan íslenskrar landhelgi lengur en hagtölur ná til. Síðustu tvö ár hafa ekki að marki verið stundaðar veiðar utan lögsögu úr öðrum stofnum en lúta takmörkun um heildarafla. Þó hafa íslensk skip landað nokkru magni, aðallega af ýsu og ufsa úr Barentshafi og lítilræði af öðrum tegundum. Rétt er að geta þess að í reglum um veiðar í Barentshafi og í samningum um þær veiðar er tiltekið leyfilegt hlutfall meðafla þannig að veiðar aukategunda í Barentshafi lúta aflatakmörkunum þó að ekki sé um úthlutun aflahlutdeilda að ræða. Afli utan lögsögu og fjöldi skipa sem lönduðu þeim afla á tímabilinu 1993–2003 kemur fram í töflum nr. 7 og 8.

Tafla 7. Afli íslenskra skipa utan lögsögu eftir fisktegundum og veiðisvæðum 1993–2003 (afli rannsóknaskipa er ekki meðtalinn), dags. 9.3.2004.

Magn upp úr sjó (óslægt) í kg – tegundir utan aflamarks.

Fisktegund	Veiðisvæði	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Þorskur	Utan landhelgi	4.202.944	32.375.573	33.969.082	22.858.557	5.768.366	1.286.681	332	0	0	1.423	238
Ýsa	Utan landhelgi	164	16.862	67.567	64.676	12.041	1.579	226.300	3.348	0	1.327	0
Ýsa	Norsk lögsaga							10.575	599.415	689.429	367.263	266.127
Ýsa	Rússnesk lögsaga							5.180	76.744	123.514	71.343	95.234
Ufsi	Reykjaneshr. utan						83					
Ufsi	Utan landhelgi	3.650			107.740	0	462	571	0	11.361	406	1.315
Ufsi	Norsk lögsaga							145.078	28.184	48.268	68.211	69.871
Ufsi	Rússnesk lögsaga								4.781	7.907	6.732	9.673
Karfi/ Gullkarfi	Reykjaneshr. utan						7.258					
Karfi/ Gullkarfi	Utan landhelgi							24.472	0	532	6.148	3.601
Karfi/ Gullkarfi	Norsk lögsaga							11.122	60.583	33.225	43.780	8.408
Karfi/ Gullkarfi	Rússnesk lögsaga							29	809	2.342	41	
Langa	Reykjaneshr. utan						8					
Langa	Utan landhelgi					204		3.406		331	2.790	
Langa	Norsk lögsaga								1.489	884	0	631
Blálanga	Reykjaneshr. utan						378					
Blálanga	Utan landhelgi	1.274	2.349	59.721	1.404	1.651	122.467	531.510	19.978	2.093	25	334
Keila	Utan landhelgi	3.829			101	35.030		1.140	2.697	19.611	21.730	6.140
Keila	Norsk lögsaga								25.240	13.009	8.093	900
Keila	Rússnesk lögsaga								22	37		
Steinbítur	Utan landhelgi	3.315	17.426	16.541	14.331	13.051	6.673	965		0	112	
Steinbítur	Norsk lögsaga							7.086	5.397	2.782	530	160
Steinbítur	Rússnesk lögsaga							4.011	0	2.989	10.773	1.586
Slétti langhali	Utan landhelgi	2.410			38.478	58		10.997	2.024			1.296
Úthafskarfi	Reykjaneshr. innan							0				0
Úthafskarfi	Reykjaneshr. utan	19.728.678	46.485.598	27.219.021	50.195.158	4.694						
Úthafskarfi	Utan landhelgi				1.614.473	3.557.216	1.203.635	0	442	0	0	0
Tindaskata	Utan landhelgi	132				394						
Hlýri	Utan landhelgi	120.748	112.869	61.478	134.920	63.713	35.653	68		0	0	0

Fisktegund	Veiðisvæði	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Hlýri	Norsk lögsaga							26.887	43.777	16.826	15.023	183
Hlýri	Rússnesk lögsaga							267	2.542	21.501	12.779	16.610
Skötuselur	Utan landhelgi							3.411		46		
Skata	Utan landhelgi				78			351		450	0	13
Skata	Norsk lögsaga								4.938		200	
Háfur	Utan landhelgi							89				
Hákarl	Utan landhelgi					356	2.879	2.935		11		
Gulllax/ Stóri gulllax	Utan landhelgi								2.726			
'Ósundurliðað'	Utan landhelgi								62			
Lúða	Utan landhelgi	174.930	177.525	220		22.200		504	903	1.093	0	2.109
Lúða	Norsk lögsaga								236	68	113	665
Grálúða	Utan landhelgi	45.427	94.486	32.081	82.291	1.921.420	21.168	95.868	585.982	34.091	1.268	12.097
Grálúða	Norsk lögsaga							6.270	41.296	9.108	4.269	453
Grálúða	Rússnesk lögsaga							152	4.476	9.141	151	1.326
Skarkoli	Utan landhelgi	261	16		56.222	23.954	5.460	0				
Skarkoli	Rússnesk lögsaga							430				
Þykkvalúra/ Sólkoli	Utan landhelgi		46						130			
Langlúra	Utan landhelgi				66			132				
Stórkjafta/ Ófugkjafta	Utan landhelgi								271			
Sandkoli	Utan landhelgi	671			0							
Skrápflúra	Utan landhelgi	4.133	41.062	65.776	567.760	579.590	242.134	4.191				
Skrápflúra	Norsk lögsaga							7.213		1.125		
Skrápflúra	Rússnesk lögsaga									2.432		
Síld	Utan landhelgi		21.144.000	173.418.000	165.083.000	220.054.000	200.228.000	203.750.000	186.038.000	77.589.000		
Kolmunni	Utan landhelgi						601.089	28.986.373	66.948.466	37.182.000	2.516.000	
Makríll	Utan landhelgi					930.744	288.019	143.750	3	589	53.351	121.792
Geirnyt	Utan landhelgi							9.432	113			
Rækja	Dohrnbanki	2.366.620	1.510.405	1.149.992	558.988	2.856.049	1.421.340	762.083	131.099	2.640	1.231.424	702.457
Rækja	Utan landhelgi	953.468	940.327	2.016.655	7.050.832	110.658	241.845	3.017.489	705.238	0		0
Smokkfiskur	Utan landhelgi							79	141			
Beitukóngur	Norsk lögsaga								0		0	
Búrfiskur	Utan landhelgi				2.564							
'Annað'	Reykjaneshr. innan										0	0
'Annað'	Utan landhelgi					0	0	3.191	5.262	10.038	111	0
'Annað'	Norsk lögsaga								0	0	0	0
Djúpkarfi	Utan landhelgi					0	0	28.456	10.366	0	0	0
Djúpkarfi	Norsk lögsaga							3.925	3.692	2.845	554	413
Djúpkarfi	Rússnesk lögsaga								474			
Náskata	Utan landhelgi									131		
Svartháfur	Utan landhelgi							165				
Fagurserkur	Utan landhelgi				331							
Gjölnir	Utan landhelgi				28					51		460
Stinglax	Utan landhelgi							66				
Búrfiskbróðir	Utan landhelgi				46							
Sverðfiskur	Utan landhelgi								1.356			
	Samtals	**27.612.654**	**102.918.544**	**238.076.134**	**248.432.044**	**235.955.389**	**205.716.811**	**237.837.014**	**255.362.239**	**115.841.500**	**4.445.970**	**1.324.092**

Tafla 8. Fjöldi íslenskra skipa sem lönduðu afla sem veiddist utan lögsögu eftir fisktegundum og veiðisvæðum 1993–2003. Magn upp úr sjó (óslægt) í kg – tegundir sem eru utan aflamarks (rannsóknaskip eru ekki meðtalin). Dags. 9.3.2004.

Fisktegund	Veiðisvæði	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Þorskur	Utan landhelgi	37	60	51	62	33	17	5	1	1	2	2
Ýsa	Utan landhelgi	2	16	37	5	17	11	6	1	1	3	1
Ýsa	Norsk lögsaga							5	9	10	9	4
Ýsa	Rússnesk lögsaga							2	2	4	4	3
Ufsi	Reykjaneshr. utan						1					

Fisktegund	Veiðisvæði	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Ufsi	Utan landhelgi	4			1	1	2	7	1	3	4	3
Ufsi	Norsk lögsaga							9	8	7	5	5
Ufsi	Rússnesk lögsaga								1	3	2	3
Karfi/Gullkarfi	Reykjaneshr. utan						1					
Karfi/Gullkarfi	Utan landhelgi							6	1	2	3	1
Karfi/Gullkarfi	Norsk lögsaga							11	9	10	9	4
Karfi/Gullkarfi	Rússnesk lögsaga							1	1	4	2	
Langa	Reykjaneshr. utan						1					
Langa	Utan landhelgi					1		5		2	1	
Langa	Norsk lögsaga								1	3	1	1
Blálanga	Reykjaneshr. utan						1					
Blálanga	Utan landhelgi	1	1	1	1	3	3	12	6	2	1	1
Keila	Utan landhelgi	1			1	4		5	2	2	2	1
Keila	Norsk lögsaga								3	5	5	1
Keila	Rússnesk lögsaga								1	1		
Steinbítur	Utan landhelgi	2	11	10	8	4	3	7		1	2	
Steinbítur	Norsk lögsaga							11	4	4	2	2
Steinbítur	Rússnesk lögsaga							2	1	2	2	1
Slétti langhali	Utan landhelgi	2			1	1		4	1			1
Úthafskarfi	Reykjaneshr. innan							1				1
Úthafskarfi	Reykjaneshr. utan	19	31	30	51	2						
Úthafskarfi	Utan landhelgi				8	6	5	8	1	6	2	4
Tindaskata	Utan landhelgi	1				2						
Hlýri	Utan landhelgi	26	37	29	40	22	12	5		1	2	1
Hlýri	Norsk lögsaga							12	6	9	7	1
Hlýri	Rússnesk lögsaga							1	2	4	3	3
Skötuselur	Utan landhelgi							6		1		
Skata	Utan landhelgi				2			4		2	1	1
Skata	Norsk lögsaga								2		2	
Háfur	Utan landhelgi							2				
Hákarl	Utan landhelgi					1	2	4		1		
Gulllax/Stóri gulllax	Utan landhelgi								2			
'Ósundurliðað'	Utan landhelgi							2				
Lúða	Utan landhelgi	3	1	2		7		7	4	2	1	1
Lúða	Norsk lögsaga								2	2	4	2
Grálúða	Utan landhelgi	17	24	28	38	32	12	6	4	3	1	1
Grálúða	Norsk lögsaga							12	6	9	5	1
Grálúða	Rússnesk lögsaga							1	2	3	1	1
Skarkoli	Utan landhelgi	1	1		2	1	2	2				
Skarkoli	Rússnesk lögsaga							2				
Þykkvalúra/Sólkoli	Utan landhelgi		1					1				
Langlúra	Utan landhelgi				1			1				
Stórkjafta/Öfugkjafta	Utan landhelgi							2				
Sandkoli	Utan landhelgi	1			1							
Skrápflúra	Utan landhelgi	3	10	17	38	24	14	5				
Skrápflúra	Norsk lögsaga							6		1		
Skrápflúra	Rússnesk lögsaga									1		
Síld	Utan landhelgi		25	37	56	51	53	49	44	31		
Kolmunni	Utan landhelgi						2	14	18	17	2	

Fisktegund	Veiðisvæði	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Makríll	Utan landhelgi					5	4	6	1	15	2	1
Geirnyt	Utan landhelgi							3	1			
Rækja	Dohrnbanki	26	29	23	24	27	34	14	7	2	19	10
Rækja	Utan landhelgi	6	8	18	43	8	4	9	3	1		2
Smokkfiskur	Utan landhelgi							1	1			
Beitukóngur	Norsk lögsaga								1		1	
Búrfiskur	Utan landhelgi				1							
'Annað'	Reykjaneshr. innan										1	1
'Annað'	Utan landhelgi					1	2	6	3	8	2	4
'Annað'	Norsk lögsaga								2	4	3	3
Djúpkarfi	Utan landhelgi					1	1	4	2	2	1	1
Djúpkarfi	Norsk lögsaga							5	3	2	2	1
Djúpkarfi	Rússnesk lögsaga								1			
Náskata	Utan landhelgi									2		
Svartháfur	Utan landhelgi							1				
Fagurserkur	Utan landhelgi				1							
Gjölnir	Utan landhelgi				1					1		1
Stinglax	Utan landhelgi							2				
Búrfiskbróðir	Utan landhelgi				1							
Sverðfiskur	Utan landhelgi								1			

1108. Svar [575. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um tölfræði Hagstofunnar í heilbrigðismálum.

1. *Skráir Hagstofa Íslands heilbrigðisútgjöld landsmanna í samræmi við reglur og flokkunarkerfi OECD? Ef svo er ekki, að hvaða leyti er skráning Hagstofunnar frábrugðin því sem gerist hjá OECD?*

Hagstofa Íslands skráir útgjöld til heilbrigðismála hérlendis í samræmi við reglur og flokkunarkerfi OECD. Annars vegar er um að ræða útgjöld hins opinbera (ríki og sveitarfélög) og hins vegar útgjöld heimila til heilbrigðismála.

Síðustu áratugi hafa útgjöld hins opinbera verið flokkuð eftir svokölluðum COFOG-staðli (e. Classification of the Functions of Government). COFOG er alþjóðlegur staðall og hluti af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna, SNA (e. System of National Accounts).

Aðildarríki OECD hafa lengst af gert upp útgjöld til heilbrigðismála samkvæmt COFOG. Nokkur lönd byggja enn á þeim grunni við mat á heilbrigðisútgjöldum, þar á meðal Ísland. Árið 2002 notuðu tíu OECD-ríki COFOG, sjö lönd studdust við eigin aðferðir, OECD áætlaði útgjöldin fyrir eitt land og ellefu lönd færðu heilbrigðisútgjöld í samræmi við SHA (e. System of Health Accounts). SHA er nýr alþjóðlegur staðall fyrir útgjöld til heilbrigðismála sem OECD hefur þróað í samvinnu við Hagstofu Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Staðallinn felur í sér ítarlegri sundurliðun útgjalda en eldri staðlar og er þannig ætlað að gefa betri upplýsingar um starfsemi heilbrigðiskerfisins í hverju landi og auðvelda þar með samanburð.

Þeim ríkjum fer fjölgandi sem gera upp útgjöld til heilbrigðismála samkvæmt SHA-staðlinum. Í lok árs 2003 var 21 ríki komið vel á veg með að beita þessum staðli, þrjú ríki voru að undirbúa að taka hann í notkun, þrjú ríki íhuguðu að taka hann upp og önnur þrjú lönd höfðu ekki tekið ákvörðun. Ísland var í árslok 2003 í hópi þeirra landa sem voru að íhuga notkun SHA, en í ársbyrjun 2004 var ákveðið á Hagstofu Íslands að nota SHA-flokkunarkerfið í framtíðinni notað við uppgjör útgjalda til heilbrigðismála.

Sem fyrr segir felur SHA-staðallinn í sér ítarlegri sundurliðun á heilbrigðisútgjöldum og nákvæmari skilgreiningar en COFOG. Hann leiðir hins vegar til svipaðrar niðurstöðu um heildarútgjöld og opinber útgjöld til heilbrigðismála og þeirrar sem fengist hefur með notkun COFOG-staðalsins hér á landi. Ólíklegt má því telja að nýja SHA-flokkunarkerfið breyti til muna núverandi mati á útgjöldum hins opinbera hér á landi til heilbrigðismála.

2. *Eru upplýsingar OECD, t.d. í „OECD Health Data 2003" og „OECD in Figures 2003", um heildarútgjöld og opinber útgjöld til heilbrigðismála sambærilegar milli OECD-landa? Ef ekki, hvaða lönd eru sambærileg við Ísland og hver eru það ekki?*

Eins og fram kemur hér að framan hafa ríki OECD notað mismunandi staðla við uppgjör á útgjöldum til heilbrigðismála. Af þeim ástæðum hefur OECD gert þá fyrirvara að þessi árin sé erfitt að bera saman útgjöldin en væntir þess að samanburður milli landa verði auðveldari og ábyggilegri þegar öll ríki OECD hafa tekið upp SHA-staðalinn.

Hagstofan hefur ekki nægar upplýsingar til að geta svarað því með vissu hvaða lönd séu sambærileg við Ísland og hver ekki. Samræmið milli landa er háð því að sama flokkunarkerfi sé notað og unnt sé að flokka útgjöldin í einstökum löndum eftir því. Sem fyrr segir eru þær upplýsingar sem sendar hafa verið til OECD um útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi samkvæmt skilgreiningu COFOG. Ríkin sem beittu þessum staðli árið 2002 voru auk Íslands: Austurríki, Grikkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Slóvakía og Sviþjóð. Þessi ríki ættu af þessum ástæðum að vera sæmilega sambærileg en ýmis önnur atriði kunna þó að valda því að svo sé ekki að öllu leyti.

Til frekari upplýsinga má nefna að fjármögnun heilbrigðisútgjalda hér á landi er hagað þannig að yfirleitt er ekki erfiðleikum bundið að greina á milli útgjalda til heilbrigðismála og félagsmála, til dæmis útgjalda til öldrunarþjónustu. Þá má geta þess að um langt skeið hafa tölur fyrir Ísland verið reiknaðar á sama hátt og er því um samræmda tímaröð að ræða.

3. *Hver voru heildarútgjöld og opinber útgjöld Íslendinga til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu síðasta tiltæka samanburðarár og í hvaða röð var Ísland af OECD-löndum það ár?*

Eins og fram kemur í ritinu „Health at a Glance 2003" sem OECD gefur út voru heildarútgjöld til heilbrigðismála á Íslandi árið 2001 9,2% af vergri landsframleiðslu. Það árið var Ísland í 7.–8. sæti í röðinni ásamt Portúgal og 0,8% hærra en meðaltal OECD-ríkja. Fyrir ofan Ísland voru Bandaríkin (13,9%), Sviss (10,9%), Þýskaland (10,7%), Kanada (9,7%), Frakkland (9,5%) og Grikkland (9,4%). Í árslok 2002 studdust Bandaríkin og Kanada við eigin staðla við uppgjör á heilbrigðisútgjöldum, Sviss og Þýskaland notuðu SHA en Ísland, Grikkland og Portúgal sendu inn upplýsingar um heilbrigðisútgjöld samkvæmt skilgreiningu þjóðhagsreikningastaðla.

Opinber útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi voru 7,6% af vergri landsframleiðslu árið 2001 og var þetta hlutfall þá næsthæst meðal OECD-ríkja. Hlutfall opinberra útgjalda af heildarútgjöldum til heilbrigðismála er mjög mismunandi milli landa. Þannig voru þau frá rúmlega 44% útgjalda í Bandaríkjunum árið 2001 til rúmlega 91% í Tékklandi. Á Íslandi var

hlutfallið það fimmta hæsta í OECD-ríkjunum árið 2001 eða 82,9%, en meðaltal OECD ríkja var 71,7%.

1109. Svar [641. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um styrkjakerfi landbúnaðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er fyrirhugað á vegum ráðuneytisins að endurskoða breytingar á styrkjakerfi landbúnaðar? Ef svo er, hefur ráðherra í hyggju að skoða búsetustyrki í því sambandi?

Núverandi styrkjakerfi landbúnaðarins byggist að meginhluta á samningum sem gerðir eru milli ríkisvaldsins annars vegar og Bændasamtaka Íslands hins vegar og eru þeir gerðir til nokkurra ára í senn. Þetta á t.d. við um samning um framleiðslu sauðfjárafurða sem gildir til ársloka 2007, samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem gildir til 1. september árið 2005 og aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða en hann gildir til ársloka 2011.

Í tengslum við undirbúning nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu hefur nefnd er landbúnaðarráðherra skipaði nýlega skilað af sér ítarlegri skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu. Í nefndinni sátu fulltrúar stjórnvalda, bænda, afurðastöðva og aðila vinnumarkaðarins. Standa nú yfir viðræður milli ríkisvaldsins og bænda um gerð nýs samnings er taka á gildi 1. september 2005. Í ljósi þessa er ekki tímabært að fjalla um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við mjólkurframleiðsluna að gildistíma núgildandi samnings liðnum.

Í skýrslu fyrrgreindar nefndar er m.a. bent á nauðsyn þess að nýta komandi ár vel til að undirbyggja þær breytingar á stuðningsfyrirkomulaginu sem óhjákvæmilegar kunna að verða vegna skuldbindinga samfara alþjóðasamningum. Sem kunnugt er setur landbúnaðarsamingur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) því skorður með hvaða hætti og að hvaða marki landbúnaðurinn er studdur eftir framleiðslutengdum og/eða markaðstruflandi leiðum. Búast má við að þróunin haldi áfram að vera sú að núverandi stuðningur verði undir þrýstingi og þurfi að minnka. Því kann að fara svo á komandi árum að haga verði stuðningi við landbúnaðinn, eða einstakar búgreinar, öðruvísi en hingað til hefur tíðkast, en ekki er þó tímabært að fullyrða að hvaða marki þetta kann að verða nauðsynlegt.

Í ræðu landbúnaðarráðherra á búnaðarþingi 2004 kom m.a. fram að ráðherra hefur ákveðið að hefja vinnu við svokallaða grænbók landbúnaðarins, stefnumótunarbók um almenna þróun starfsumhverfis landbúnaðarins og opinbers stuðnings við hið fjölþætta hlutverk hans á næstu 15–20 árum. Fram kom að meginmarkmiðið hlyti að vera að auka sveigjanleika í íslenskum landbúnaði og landnýtingu almennt, með áherslu á aukna aðlögunar- og samkeppnishæfni landbúnaðarins, bæði í samfélagslegu og alþjóðlegu samhengi. Telur landbúnaðarráðherra farsælast að nálgast viðfangsefnið út frá heildarstefnumörkun fyrir landbúnaðinn, þar sem einstakir hlutar hans ganga í takt og í samræmi við skilgreind heildarmarkmið. Telja verður eðlilegt að slík vinna sé til lykta leidd áður en til grundvallarbreytinga á stuðningsfyrirkomulaginu kemur.

1110. Svar [525. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum félagsmálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Vinnueftirlits ríkisins árin 2001, 2002 og 2003? Úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Vinnueftirliti ríkisins eru markaðar tekjur úr ríkissjóði á grundvelli fjárlaga fyrir hvert ár, sbr. einnig lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Stofnuninni er heimilt að nýta hluta af tekjunum til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs. Engum opinberum sjóðum er hins vegar til að dreifa á vegum félagsmálaráðuneytisins sem heimilt er að greiða úr til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Vinnueftirlits ríkisins.

Til upplýsinga má þó nefna að mikið þróunarstarf og stuðningur í þeim efnum fer fram innan Vinnueftirlits ríkisins og á vegum þess. Í töflunni má sjá kostnað Vinnueftirlitsins við rekstur rannsókna- og heilbrigðisdeildar en meginhlutverk hennar er að þróa nýjar aðferðir við eftirlit í samvinnu við gæðaráð stofnunarinnar, samræma vinnubrögð við eftirlitsstörf og samhæfa verkefni sem falla undir eftirlitsstörf á landsvísu. Auk þess eru tilgreindir styrkir frá öðrum en Rannís er stærsti einstaki styrktaraðilinn.

Rannsókna- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlits ríkisins.

	2001	2002	2003
Kostnaður Vinnueftirlitsins	19.357.000	20.510.000	19.173.000
Styrkir frá Rannís o.fl.	300.000	3.300.000	5.340.000
Styrkir frá aðilum á vinnumarkaði		2.400.000	970.000
Styrkir frá erlendum aðilum.			185.000
Samtals	**19.657.000**	**26.210.000**	**25.668.000**

1111. Svar [501. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðmyndun á grænmeti.

1. *Hvernig skiptist verðmyndun árlega á helstu tegundum grænmetis árin 2001–2003, annars vegar innlends og hins vegar innflutts, sundurliðað milli eftirfarandi þátta, bæði hlutfallslega og í krónum:*
   a. *framleiðenda,*
   b. *heildsöluálagningar,*
   c. *smásöluálagningar,*
   d. *opinberra gjalda?*

Umbeðnar upplýsingar liggja ekki fyrir.

2. *Ef framangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir, hyggst ráðherra þá beita sér fyrir slíkri sundurgreiningu?*

Samkvæmt 6. gr. aðlögunarsamnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda starfar hópur með fulltrúum vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda að því að afla slíkra upplýsinga eins og unnt er en bent er á að verðlagning í heildsölu og smásölu er frjáls og oft eru óljós skil á milli heildsölu og smásölu.

3. *Hver hefur verið árlegur heildarinnflutningur á grænmeti frá árinu 1999?*

Eftirfarandi tafla sýnir árlegan heildarinnflutning á fersku grænmeti, í kg, frá árinu 1999, eftir grænmetistegundum.

	1999	2000	2001	2002	2003
07011000, Kartöfluútsæði	79.820	123.740	192.850	82.760	125.759
07019000, Nýjar kartöflur	411.391	908.420	644.956	511.002	1.570.438
07020001, Nýir tómatar, innfluttir 1. nóv. – 15. mars	325.848	337.751	400.518	389.201	293.151
07020002, Nýir tómatar, innfluttir 16. mars – 31. okt.	107.631	105.640	145.391	252.324	305.701
07031001, Nýr laukur	1.150.474	1.129.680	1.246.468	1.310.292	1.129.890
07031009, Nýr skalottlaukur	10.082	8.402	9.863	10.679	10.083
07032000, Nýr hvítlaukur	32.785	36.577	37.558	47.120	45.190
07039001, Nýr blaðlaukur	130.529	142.188	155.031	170.724	166.454
07039009, Annar nýr laukur	10.668	11.312	12.905	14.988	14.352
07041000, Nýtt blómkál og hnappað spergilkál	226.867	204.789	195.988	202.140	202.558
07042000, Nýtt rósakál	8.233	8.741	6.031	8.151	4.440
07049001, Nýtt hvítkál	414.117	445.682	377.650	332.690	317.691
07049002, Nýtt rauðkál	25.361	29.986	15.829	25.365	11.642
07049003, Nýtt kínakál	218.459	226.158	216.815	204.308	190.122
07049004, Nýtt spergilkál	108.117	106.819	110.979	124.288	138.271
07049009, Annað nýtt kál	2.812	5.076	1.289	1.840	10.035
07051111, Jöklasalat innflutt 1. nóv. – 15. mars	232.237	257.121	262.922	300.054	227.094
07051112, Jöklasalat innflutt 16. mars – 31. okt.	547.971	553.742	533.442	545.017	577.746
07051191, Annað nýtt salat innflutt 1. nóv. – 15. mars	13.141	29.846	47.934	66.993	56.121
07051199, Annað nýtt salat innflutt 16. mars – 31. okt	42.973	31.593	111.283	145.857	166.666
07051900, Annað nýtt salat	8.442	43.125	2.223	28	
07052100, Ný kaffifífilsblöð (jólasalat)	5.133	2.231	1.512	3.428	5.360
07052900, Önnur ný síkoría	885	2.679	2.572	3.328	6.106
07061000, Nýjar gulrætur og næpur	200.097	309.221	338.435	264.515	271.310
07069000, Óþekkt tollskrárnúmer	7.435				
07069001, Nýjar gulrófur	2.318	58.903	14.868	92.191	16.758
07069002, Nýjar rauðrófur			4.463	7.286	4.327
07069009, Aðrir nýir rótarávextir	35.026	47.756	34.533	30.898	28.895
07070011, Gúrkur, innfluttar 1. nóv. – 15. mars	140.315	126.935	81.010	142.938	104.730
07070012, Reitagúrkur, innfluttar 1. nóv – 15. mars				31	
07070021, Gúrkur, innfluttar 16. mars – 31. okt.	24.935	1.613	100	50.145	70.873
07081000, Nýjar ertur	7.205	5.787	3.186	3.545	5.689
07082000, Ný belgaldin	2.460	3.054	7.091	7.346	4.797
07089000, Aðrir nýir belgávextir	2.155	1.807	2.487	3.182	2.351
07091000, Ferskur ætiþistill (artichoke)	2.158	1.947	1.707	1.748	2.285
07092000, Nýr spergill	2.918	4.405	4.287	4.431	5.341
07093000, Ný eggaldin	17.492	21.686	24.524	28.616	32.485
07094000, Ný selja, þó ekki seljurót	57.047	57.374	60.964	57.857	56.396
07095100, Nýir sveppir	96.711	57.186	51.851	54.051	53.441
07095200, Nýjar tröfflur		207	7		10
07096001, Ný allrahanda (pimento)	95	364	219	1.798	225

	1999	2000	2001	2002	2003
07096002, Ný paprika, innflutt 1. nóv – 15. mars	222.716	232.559	276.836	285.221	255.244
07096003, Ný græn paprika, innflutt 16. mars – 31. okt.	181.707	201.178	38.783	53.916	115.815
07096004, Önnur ný paprika, innflutt 16. mars – 31. okt.			177.985	301.721	366.044
07096009, Önnur ný piparaldin (af capsicum- eða pimentaætt)	2.384	3.906	4.102	4.865	4.656
07097000, Nýtt spínat	3.588	4.714	9.573	19.969	23.485
07099001, Nýr sykurmaís	10.495	62.419	34.500	12.436	8.625
07099002, Nýr kúrbítur (courgettes)	42.919	47.583	53.421	69.072	82.422
07099003, Nýjar ólívur	6	22			298
07099004, Ný steinselja	32	67	42	231	461
07099009, Aðrar nýjar matjurtir	10.342	17.370	16.177	23.071	22.690
Samtals	**5.186.532**	**6.019.361**	**5.973.160**	**6.273.657**	**7.114.523**

4. *Hve miklar hafa árlegar tekjur ríkissjóðs af innfluttu grænmeti verið árin 1999–2003?*

Árlegar tekjur ríkissjóðs af innfluttu fersku grænmeti árin 1999–2003 eru sem hér segir eftir grænmetistegundum:

1999: 246,7 millj. kr. þar af vsk. 89,0 millj. kr.
2000: 250,9 millj. kr. þar af vsk. 95,3 millj. kr.
2001: 262,8 millj. kr. þar af vsk. 114,6 millj. kr.
2002: 163,9 millj. kr. þar af vsk. 116,1 millj. kr.
2003: 154,0 millj. kr. þar af vsk 123,2 millj. kr.

5. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir frekari lækkun á tollum af grænmeti?*

Í kjölfar tillagna sem hin svokallaða „grænmetisnefnd“ skilaði af sér í ársbyrjun 2002 komu til framkvæmda niðurfellingar tolla á grænmeti. Það ár voru verðtollur og magntollur felldir niður á gúrkum, tómötum og papriku ásamt því að verðtollur var felldur niður á útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum. Hins vegar varð nefndin sammála um að viðhalda magntollum á útiræktuðu grænmeti til að tryggja markaðsstöðu innlendra afurða, þegar framboð þeirra væri nægjanlegt að magni og gæðum. Ekki eru frekari breytingar fyrirhugaðar.

6. *Er ástæða til sérstakra aðgerða að mati ráðherra til að tryggja hag neytenda á grænmetis- og ávaxtamarkaði, m.a. vegna fákeppni í heildsöludreifingu?*

Fákeppni bæði í smásölu og heildsölu er áhyggjuefni og á það einnig við um grænmeti og ávexti. Í þessu sambandi skal það upplýst að ráðherra hefur nýverið óskað eftir að Samkeppnisstofnun skoði ofan í kjölinn hver sé skýringin á hækkuninni sem fram kemur í nýlegri könnun stofnunarinnar þar sem verð á mörgum grænmetistegundum hefur hækkað um 14–51%. Minnt er á að stjórnvöld felldu niður tolla á um 30 tollskrárnúmerum grænmetis í ársbyrjun 2002 og veldur umrædd hækkun á grænmetisverði ráðherra því verulegum áhyggjum.

1112. Fyrirspurn [742. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hversu mörg húsbréfalán hefur Íbúðalánasjóður og áður Húsnæðisstofnun ríkisins veitt árlega frá árinu 1995, hver er samanlögð fjárhæð þeirra lána hvert ár og hvernig skiptist sú fjárhæð hlutfallslega á hverju ári eftir því í hvaða sveitarfélagi fasteignirnar eru sem lánað er til kaupa á annars vegar og eftir núverandi kjördæmum hins vegar?
2. Hvaða vaxta hefur verið krafist af húsbréfalánum Íbúðalánasjóðs frá árinu 1995?
3. Hversu mörg viðbótarlán hefur Íbúðalánasjóður greitt út frá því að slík lánveiting hófst, hver er samanlögð fjárhæð þeirra lána á ári og hvernig skiptist sú fjárhæð hlutfallslega á hverju ári eftir því í hvaða sveitarfélagi fasteignirnar eru sem lánað er til kaupa á annars vegar og eftir núverandi kjördæmum hins vegar?
4. Hve mörg lán til leiguíbúða hefur Íbúðalánasjóður og áður Húsnæðisstofnun ríkisins veitt árlega frá árinu 1995 og hver er samanlögð fjárhæð þeirra lána hvert ár, skipt annars vegar eftir sveitarfélögum og hins vegar eftir núverandi kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

1113. Fyrirspurn [743. mál]

til utanríkisráðherra um þjónustu íslenskra aðila við bandaríska varnarliðið.

Frá Jóni Gunnarssyni og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hversu mikið hefur starfsemi íslenskra aðila sem sinna þjónustu við bandaríska varnarliðið dregist saman frá því að bókun við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sem kvað á um fyrirkomulag starfseminnar, rann út árið 2001?

Óskað er upplýsinga um fækkun starfa og tekjutap, jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum, innan varnarsvæðis sem utan.

1114. Fyrirspurn [744. mál]

til utanríkisráðherra um búnað og húsnæði á varnarsvæðinu.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Jóni Gunnarssyni.

1. Hvernig hefur umfang tækjabúnaðar og hergagna breyst hjá bandaríska varnarliðinu frá því að bókun við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna rann út árið 2001?
2. Hversu mikið húsnæði, m.a. íbúðarhúsnæði, stendur autt á varnarsvæðinu?

1115. Fyrirspurn [745. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning Byggðastofnunar við fiskeldisstöðvar.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvaða fiskeldisstöðvar fengu stuðning, styrki eða lán frá Byggðastofnun árin 1999–2003, sundurliðað eftir landshlutum? Hversu mikill var stuðningurinn í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

1116. Fyrirspurn [746. mál]

til forsætisráðherra um úrskurðarnefndir.

Frá Atla Gíslasyni og Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu margar sjálfstæðar og óháðar úrskurðarnefndir eru starfandi á vegum ríkisins, hvað heita þær og hver eru verkefni þeirra?
2. Hver var heildarkostnaður ríkisins af starfsemi þessara úrskurðarnefnda árin 2002 og 2003?

Skriflegt svar óskast.

1117. Frumvarp til laga [747. mál]

um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.

2. gr.
Stjórnsýsla.

Orkustofnun fer með framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

3. gr.

Skilyrði fyrir lækkun dreifingarkostnaðar.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku skal hann einungis greiddur niður á svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda í kr./kWst sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarka skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.

4. gr.

Framkvæmd.

Dreifiveita sem starfar á dreifbýlisgjaldskrársvæði þar sem lækka á kostnað við dreifingu skal fá til umsýslu framlag í samræmi við innsendar upplýsingar um rekstur og þau viðmiðunarmörk sem ákvörðuð eru, sbr. 3. gr. Dreifiveita skal ákvarða gjaldskrár óháð framlaginu og lækka gjaldið síðan út frá reiknuðu framlagi fyrir alla notendur á gjaldskrársvæðinu. Notendur skulu fá upplýsingar um hve mikið framlagið lækkar gjaldið í kr./kWst að meðaltali.

Framlag það sem dreifiveita fær til lækkunar dreifingarkostnaðar notenda er ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði í hlutfalli við raforkunotkun hvers notanda mælda í kWst.

Verði afgangur af niðurgreiðslufénu skal hann notaður til niðurgreiðslna næsta árs. Komi hins vegar til þess að fé vanti til niðurgreiðslna vegna þess að rafmagnsnotkun eða kostnaður við dreifingu var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir skal gert ráð fyrir því við ákvörðun niðurgreiðslna næsta árs.

5. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Dreifiveitum ber að veita Orkustofnun sundurgreindar upplýsingar um kostnað við dreifingu á gjaldskrársvæði þegar stofnunin fer fram á slíkt.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við eftirlit samkvæmt lögum þessum og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til að lækka kostnað við dreifingu raforku til notenda.

6. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Fari dreifiveitur ekki að ákvæðum laga þessara getur Orkustofnun krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs

að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. janúar 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði VII við raforkulög, nr. 65/2003, skipaði iðnaðarráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku, þ.m.t. um stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórnunar skuli háttað þannig að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins verði sem best tryggð. Þá var nefndinni og falið að móta tillögur um með hvaða hætti jafna eigi kostnaði vegna flutnings og dreifingar raforku. Frumvarp til breytinga á raforkulögum, nr. 65/2003, sem byggt er á tillögum meiri hluta framangreindrar nefndar hefur verið lagt fram. Þar er m.a. tekið á því hvernig jafna skuli kostnaði við dreifingu raforku. Í 9. gr. nefnds frumvarps er lagt til að dreifiveitum verði heimilað að sækja um sérstaka dreifibýlisgjaldskrá á þeim svæðum þar sem dreifingarkostnaður raforku er sannanlega hærri en í þéttbýli. Í tillögum meiri hluta nefndar sem skipuð var á grundvelli bráðabirgðaákvæðis VII við raforkulög, nr. 65/2003, er lagt til að greiðslur til jöfnunar á dreifingarkostnaði raforku renni eingöngu til rafmagnsnotenda á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið dreifbýlisgjaldskrá. Í frumvarpi þessu er að finna útfærslu á því hvernig staðið verður að jöfnun dreifingarkostnaðar rafmagns.

Samkvæmt frumvarpinu geta dreifiveitur sótt um það til Orkustofnunar að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður við dreifingu er sannanlega hærri en í þéttbýli.

Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku miðast einungis við dreifbýlisgjaldskrársvæði dreifiveitu. Þannig geta gjaldskrársvæði hverrar dreifiveitu verið tvö, þ.e. almennt gjaldskrársvæði og dreifbýlisgjaldsskrársvæði. Ákvörðun um það hvort dreifiveitum verður heimilað að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá verður í höndum Orkustofnunar.

Í samræmi við ákvæði raforkulaga mun Orkustofnun sjá um eftirlit með flutningi og dreifingu raforku. Því þykir eðlilegt að stofnuninni verði falið að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga. Ber henni í störfum sínum að fara eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er markmið frumvarpsins að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Með almennum notendum er átt við alla raforkunotendur landsins að undanskildum stóriðjunotendum. Kostnaður við dreifingu raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Þessi svæði eru að mestu leyti á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins en þó einnig hjá Orkubúi Vestfjarða. Sú ábyrgð hvílir á dreifiveitum að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu og íbúum í þéttbýli. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til dreifbýlissvæða þrátt fyrir takmarkaða notkun, m.a. vegna byggðasjónarmiða.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Meginreglan varðandi gjaldskrársvæði skv. 17 gr. raforkulaga er sú að hjá hverri dreifiveitu er aðeins eitt gjaldskrársvæði. Þetta merkir að hjá hverju fyrirtæki er aðeins ein gjaldskrá í gildi. Kæmi til þess að ein dreifiveita keypti aðra dreifiveitu sem hefði aðra gjaldskrá fyrir kaupin bæri að setja eina nýja gjaldskrá fyrir hið sameinaða fyrirtæki eftir kaupin. Skv. 9. gr. frumvarps til breytinga á raforkulögum sem leggur til breytingar á 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er þó heimilað að í gildi séu sérstakar dreifbýlisgjaldskrár á svæðum þar sem kostnaður við dreifingu raforku er sannanlega hærri en í þéttbýli. Hér er lagt til að opinberar aðgerðir til jöfnunar á kostnaði komi aðeins til greina á dreifbýlisgjaldskrársvæðum. Fjárhæð niðurgreiðslna ræðst af viðmiðunarmörkum sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Þegar mörkin eru ákveðin skal taka mið af dreifingarkostnaði þeirrar dreifiveitu sem hefur hæstan dreifingarkostnað að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum. Reglan miðar að því að raforkukaupendur á dreifbýlisgjaldskrársvæðum þurfi ekki að greiða hærra gjald fyrir dreifingu raforku en sem nemur hæsta gjaldi almennra gjaldskráa dreifiveitna, eftir að tillit hefur verið tekið til niðurgreiðslna.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er verklagi við niðurgreiðslurnar lýst. Mikilvægt atriði er að dreifiveitur ákveða gjaldskrá sína með venjulegum hætti á viðkomandi svæði en síðan komi til niðurgreiðsla hins opinbera fyrir ákveðinn hluta kostnaðar. Það fé sem veitt er til niðurgreiðslna verður ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveitur taka við fénu í því skyni að ráðstafa því til lækkunar á dreifingarkostnaði til raforkunotenda í réttu hlutfalli við orkunotkun mælda í kWst.

Í 3. mgr. 4. gr. er tekið á því hvernig farið skuli með þegar afgangur verður af niðurgreiðslufé eða fé er uppurið fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. og 6. gr. er kveðið á um eftirlit og úrræði Orkustofnunar. Ákvæðið er að efni til samhljóða 24. og 26. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Eðlilegt þykir að Orkustofnun hafi sambærilegar heimildir varðandi eftirlit með lögum þessum og gert er ráð fyrir í raforkulögum. Um frekari skýringu greinanna er vísað til greinargerða með 24. og 26. gr. raforkulaga.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Frumvarpið er lagt fram samhliða öðru frumvarpi um fyrirkomulag raforkuflutningskerfisins og er eins og það frumvarp byggt á meirihlutaáliti nefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII í gildandi raforkulögum til að fjalla um þessa þætti laganna. Í frumvarpinu um fyrirkomulag raforkuflutningskerfisins eru ekki bein ákvæði um hvort eða með hvaða hætti raforkuverði verður jafnað milli svæða á landinu umfram það sem felst í einu

jafnaðaverði alls staðar í flutningskerfinu. Þó er gert ráð fyrir að dreifiveitum verði heimilt að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á svæðum þar sem kostnaður við orkudreifingu er sannanlega hærri en í þéttbýli. Í því frumvarpi sem hér um ræðir er sett fram nánari útfærsla á því hvernig staðið verði að jöfnun dreifingarkostnaðar raforku.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að greiðslur til jöfnunar á dreifingarkostnaði raforku renni eingöngu til almennra rafmagnsnotenda á þeim svæðum þar sem heimilað hefur verið að setja dreifbýlisgjaldskrá. Fyrirkomulagið verði með þeim hætti að iðnaðarráðherra setur með reglugerð viðmiðunarmörk sem skulu vera sem næst þeim raunkostnaði sem notendur dýrustu þéttbýlisdreifiveitu þurfa að greiða fyrir raforkudreifingu. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að greiða niður raforkuverð til notenda á dreifbýlisgjaldskrársvæðum þar sem meðalkostnaður í kr. á kW er hærri en viðmiðunarmörkin. Með öðrum orðum verður orkuverðið að hámarki greitt niður í þeim mæli að notendurnir beri sama kostnað og þeir sem búa á dýrasta þéttbýlisdreifiveitusvæðinu. Í frumvarpinu er tiltekið að ákveðið verði í fjárlögum hverju sinni hvort og í hversu miklum mæli dreifingarkostnaður verði greiddur niður í dreifbýli. Framlagi í fjárlögum verði þá skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitna umfram þessi mörk.

Kostnaðaráhrif af lögfestingu frumvarpsins munu þannig ráðast í fjárlögum hvers árs. Ríkisstjórnin hefur fjallað um málið og markað þá stefnu að veitt verði að hámarki 230 m.kr. framlag til þessara niðurgreiðslna. Sú fjárhæð tekur mið af lauslegri áætlun iðnaðarráðuneytisins á kostnaði við að greiða kostnaðinn á svæðum sem líklega munu falla undir skilyrði fyrir dreifbýlisgjaldskrá niður í kostnaðinn þar sem áætlað er að hann verði hæstur í þéttbýli. Veruleg óvissa er um ýmsar forsendur í þeirri áætlun vegna þeirra skipulags- og rekstrarbreytinga í raforkugeiranum sem áformaðar eru á næstu árum. Er því ekki unnt að segja fyrir um það með vissu hvort framlagið muni mæta að fullu mismuninum á verði í dreifbýli og dýrasta þéttbýli.

1118. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

(Eftir 2. umr., 15. mars.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem sjónskertir þurfa á að halda. Heimilt er að veita sjónskertum sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar sömu þjónustu gegn gjaldi, sbr. 2. mgr. 6. gr.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta að höfðu samráði við stofnunina.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og reglum settum með stoð í þeim lögum.

Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1119. Frumvarp til laga [748. mál]

um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39 26. apríl 1963, orðast svo:

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Þær skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands gilda að langstærstum hluta sömu reglur um forsetakosningar og um kosningar til Alþingis. Eftir að ný heildarlög um alþingiskosningar, nr. 24 16. maí 2000, voru samþykkt þarfnast þó tvö atriði lagfæringar í lögum um framboð og kjör forseta.

Annars vegar gera lög um kosningar til Alþingis ráð fyrir að mörk syðra og nyrðra kjördæmis í Reykjavík verði ekki dregin fyrr en fimm vikum fyrir kjördag. Það er sami frestur og frambjóðendur hafa til að skila framboðum sínum með tilskildum fjölda meðmælenda. Þar sem þeim ber að fylgja vottorð yfirkjörstjórnar um kosningarbærni meðmælenda og hver yfirkjörstjórn hefur eingöngu staðbundið umboð innan síns kjördæmis ber nauðsyn til að mörk þessara kjördæma liggi fyrir nokkru fyrr. Hér er lagt til að stuðst verði við þá skiptingu sem landskjörstjórn hefur skv. 7. gr. laga um kosningar til Alþingis ákveðið fyrir næstliðnar kosningar, enda hafa þær löggjafarástæður, sem ákvörðun marka Reykjavíkurkjördæmanna svo skömmu fyrir kjördag helgast öðru fremur af, enga þýðingu fyrir forsetakosningar.

Hins vegar er í lögum um alþingiskosningar gert ráð fyrir að kjörskrá skuli miðast við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Af því leiðir að hefja þarf umfangsmikla og kostnaðarsama kjörskrárgerð áður en framboðsfrestur er liðinn, jafnvel þótt forsetakjör fari síðan fram skv. 12. gr. laga nr. 36 12. febrúar 1945, ef aðeins einn maður er í kjöri. Hér er

því lagt til að viðmiðunardagur kjörskrár verði styttur í þrjár vikur fyrir kosningar, enda er í framkvæmd engin þörf á að hafa hann lengri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. er óbreyttur frá því sem nú gildir. Í seinni málslið sömu málsgreinar er lagt til að viðmiðunardagur kjörskrár verði þrjár vikur, en hann myndi að óbreyttu vera fimm vikur.

Í 2. mgr. er lagt til að mörk kjördæmanna verði hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum, en af því leiðir að ákvörðun landskjörstjórnar um mörk Reykjavíkurkjördæmanna fyrir síðustu alþingiskosningar muni gilda um mörk Reykjavíkurkjördæma í næstu forsetakosningum hverju sinni. Litið er svo á að þetta eigi líka við um ákvörðun landskjörstjórnar um mörk skv. 2. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. lög nr. 39/1963.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands skuli miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag í stað fimm vikna og að mörk kjördæma skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum gæti það leitt til sparnaðar því ekki þyrfti að ráðast í gerð kjörskrár ef aðeins er einn maður í kjöri til forsetaembættisins.

1120. Frumvarp til laga [749. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að víkja frá þessu ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Um gildistíma dvalarleyfis sem gefið er út vegna komu flóttamannahópa gilda sérreglur, sbr. 51. gr.

Umsókn um dvalarleyfi skv. 1. mgr. skal hafa verið samþykkt áður en útlendingur kemur til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki og samvistarmaki eldri en 24 ára, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað til að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna.

3. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er að synja til bráðabirgða útlendingi inngöngu í landið innan þess frests. Sú ákvörðun sætir ekki kæru.

4. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: níu.

5. gr.

Í stað orðanna „hann hefur brotið“ í a-lið 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: hann dvelur ólöglega í landinu, hefur brotið.

6. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: á grundvelli samnings milli Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir ef rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda eða ekki með vilja beggja, sbr. 3. mgr. 13. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hefur Útlendingastofnun heimild til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni, og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr.

8. gr.

Á eftir orðunum „greinir í 2. málsl.“ í 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: þegar kærð er synjun sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr. á meðferð umsóknar um hæli.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: eða búsetuleyfi hér á landi.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Dvalarleyfi og búsetuleyfi.**

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Um skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis EES-útlendings gilda ákvæði 15. gr.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Skilyrði dvalarleyfis og búsetuleyfis.**

11. gr.

Orðin „að jafnaði“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna falla brott.

12. gr.

E-liður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samnings Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins um að taka við.

13. gr.

Við 1. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um barn flóttamanns sem er fætt eftir komu hans til landsins.

14. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 51. gr. laganna bætist: til þriggja ára sem ekki er háð takmörkunum.

15. gr.

Við 1. mgr. 56. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um fjármuni til greiðslu á kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. E-liður 2. mgr. orðast svo: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki eða.

b. F-liður 2. mgr. orðast svo: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að koma ólöglega hingað til lands eða annars ríkis eða.

c. Við 2. mgr. bætast tveir nýir stafliðir er orðast svo:
g. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aflar eða reynir að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar skv. 3. mgr. 13. gr. eða
h. hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun.

d. 3. mgr. orðast svo:
Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að standa að skipulagðri starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis, hvort sem starfsemin er rekin í hagnaðarskyni eða ekki.

17. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna tekur ekki gildi fyrir ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí

2006. Til sama tíma gilda ákvæði 1. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES-útlendings til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er í atvinnuleit og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins ekki um launþega frá þessum ríkjum.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Miðar það í fyrsta lagi að því að leggja til breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, í því skyni að nýta aðlögunarheimildir samnings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur gildi 1. maí 2004. Hin nýju ríki sem bætast við hópinn eru: Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Þegar stækkunin tekur gildi munu ríkisborgarar þessara ríkja að óbreyttum lögum njóta sömu ívilnunar á Íslandi og ríkisborgarar annarra EES-ríkja og EFTA-ríkja. Samkvæmt fyrrnefndum stækkunarsamningi er þó heimilt að beita sérstökum aðlögunarákvæðum að því er varðar frjálsa för launafólks frá framantöldum ríkjum, öðrum en eyríkjunum Möltu og Kýpur, og fresta þannig fullum aðgangi launafólks frá þessum ríkjum að íslenskum vinnumarkaði. Aðlögunarákvæðin fela m.a. í sér að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47 18. maí 1993, gilda ekki um launafólk frá hinum nýju aðildarríkjum EES frá gildistöku stækkunarsamningsins fram til 1. maí 2006. Þannig gera stækkunarsamningarnir ráð fyrir að landslög hvers ríkis, sem í gildi eru 1. maí 2004, gildi um þá ríkisborgara nýju aðildarríkjanna sem eru launþegar. Ríki getur ekki kveðið á um strangari takmarkanir en í gildi voru við gildistökudag samningsins en því er heimilt að setja reglur sem eru meira ívilnandi fyrir ríkisborgara nýju aðildarríkjanna.

Ríkisstjórnin hefur, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ákveðið að leggja til að fyrrnefndum aðlögunarákvæðum verði beitt. Kallar það á breytingar á lögum um útlendinga, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97 10. maí 2002, og lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47 18. maí 1993, en um tillögur til breytinga á tveimur síðastnefndum lögum vísast til sérstakra frumvarpa um það efni.

Í annan stað eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum um útlendinga vegna ábendinga sem borist hafa frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna. Samráðsfundir voru haldnir í byrjun ársins með þátttöku fulltrúa ráðuneytisins, embættis lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár. Niðurstaðan var sú að breyta þyrfti nokkrum atriðum til þess að yfirvöld væru betur í stakk búin til að bregðast við þeim aðstæðum sem upp geta komið í þessum mikilvæga en vandmeðfarna málaflokki.

Nýmæli er í 2. gr. frumvarpsins sem miðar að því að koma í veg fyrir að hjúskapur, sem er til þess eins ætlaður að útvega dvalarleyfi, geti þjónað tilgangi sínum. Einnig geti verið refsivert að afla dvalarleyfis á grundvelli slíks hjúskapar til málamynda, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Auk þess að stemma stigu við því að unnt sé að fara í kringum ákvæði laganna með slíkum gerningi miða ákvæðin einnig að því að vernda þá, sem hættara er við þrýstingi eða misneytingu af einhverju tagi, gegn því að falbjóða sig til hjúskapar. Í sama dúr er ákvæði 2. gr. frumvarpsins um hjónabönd sem ætla má að ekki séu til komin með samþykki beggja

eða svokölluð nauðungarhjónabönd. Hér liggja þó enn ríkari verndarsjónarmið að baki og er þá aðallega byggt á reynslu nágrannaríkjanna þar sem algengt er meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Meðal annars á grundvelli þessa, og með fyrirmynd í dönsku útlendingalögunum, er lagt til í 2. gr. að maki skuli vera eldri en 24 ára til að unnt verði að veita honum dvalarleyfi aðstandanda.

Á öðrum forsendum er lagt til í frumvarpinu að ættmenni útlendings eða maka að feðgatali, á þeirra framfæri, verði að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda. Er gengið út frá því að fólk geti almennt framfært sér fram að því tímamarki en brögð hafa verið að því að mun yngra fólk hafi fengið hér dvalarleyfi sem aðstandandi og þannig farið hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Hér ber að vekja athygli á því að framangreind aldursskilyrði eiga aðeins við þegar sótt er um dvalarleyfi fyrir aðstandendur og getur viðkomandi ætíð sótt hér um dvalarleyfi á eigin forsendum.

Önnur nýmæli í frumvarpinu snúa að rannsóknarúrræðum lögreglu, sbr. 6. gr. frumvarpsins, þannig að heimilt verði að krefjast rannsóknar á erfðaefni þegar vafi leikur á að umsækjendur um dvalarleyfi aðstandenda séu í raun ættmenni útlendings. Einnig verði skýrt kveðið á um að heimilt sé að synja útlendingi um inngöngu í landið til bráðabirgða á meðan kannað er hvort efni séu til frávísunar, sbr. 3. gr.

Nokkrar lagfæringar eru enn fremur lagðar til í frumvarpi þessu. Heimilt verði að veita EES-borgurum búsetuleyfi í samræmi við almennar reglur laganna, sbr. 9. og 10. gr. frumvarpsins, en samkvæmt núgildandi lögum er einungis gert ráð fyrir að þeir geti fengið dvalarleyfi. Stangast það á við þá stefnu í lögunum að EES-útlendingar hafi rýmri rétt en aðrir útlendingar. Auk þess er lagt til í 13. gr. að börn flóttamanna, sem fæðst hafa eftir að foreldrar þeirra fengu stöðu flóttamanna hér á landi, fái sömu réttarstöðu.

Þá er lagt til að refsiákvæðum laganna verði breytt, sbr. 16. gr. frumvarpsins, en ákvæðin hafa í nokkrum tilvikum reynst örðugur grundvöllur saksóknar. Eru bæði lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum þeirra ásamt töluverðum viðbótum við þá háttsemi sem refsiverð telst. Meðal annars verði að gefnu tilefni varsla falsaðra vegabréfa gerð refsiverð.

Um aðrar breytingar vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 10. gr. laganna þannig að nægilegt sé að umsókn um dvalarleyfi hafi verið samþykkt áður en útlendingur kemur til landsins, í stað þess að dvalarleyfið hafi verið gefið út eins og núgildandi ákvæði mælir fyrir um. Með því verður ferli skráningar útlendinga sem hér dveljast skýrara, skráningin gæti gengið hraðar og umsækjendur sem fá umsókn sína samþykkta og uppfylla ákveðin skilyrði fá rétt til að skrá sig í Þjóðskrá.

Útgáfa dvalarleyfis getur dregist á meðan aflað er gagna, jafnvel þangað til sá tími er liðinn sem umsækjandi ætlaði að vera hér á landi. Þetta getur verið bagalegt þegar útlendingur, sem hingað er ráðinn í vinnu, uppfyllir augljóslega öll skilyrði þess að fá hér dvalarleyfi. Gert er því ráð fyrir að við þessar aðstæður þurfi útlendingur ekki að bíða eftir útgáfu dvalarleyfis heldur fái samþykki umsóknar og geti því komið til landsins. Tekið skal fram að gengið er út frá því að ákvæði 17. gr. laganna, um tilkynningarskyldu útlendings sem fengið hefur dvalarleyfi, eigi þá við um útlending sem fengið hefur slíkt samþykki.

Einnig hefur breyting þessi, ef samþykkt verður, þýðingu fyrir skráningu útlendings í Þjóðskrá. Nú er framkvæmdin sú, á grundvelli skuldbindinga samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, að norrænir ríkisborgarar fá skráningu í Þjóðskrá við framvísun á samnorrænu flutningsvottorði. Aðrir verða að framvísa dvalarleyfisskírteini og hafa því út-

lendingar almennt ekki verið skráðir í Þjóðskrá fyrr en við útgáfu skírteinisins. Með framangreindri breytingu er gert ráð fyrir að útlendingur geti fengið skráningu í Þjóðskrá þegar við komu til landsins ef samþykki umsóknar ber með sér að útlendingur ætli að vera hér lengur en í þrjá mánuði vegna atvinnu eða náms, sbr. skilyrði 1. mgr. 2. gr. laga um lögheimili, nr. 21 5. maí 1990.

Þá er rétt að geta þess að með hugtakinu dvalarleyfi er átt við fyrsta útgefna leyfi í samfelldri dvöl. Útlendingur verður því að sækja um dvalarleyfi samkvæmt ákvæðinu þótt hann hafi einhvern tímann áður dvalist hér á landi.

Þá er gert ráð fyrir að um dvalarleyfi til flóttamannahópa gildi sérreglur og vísað til 51. gr. laganna. Lagðar eru til breytingar á henni í 10. gr. frumvarpsins þannig að þeir fái dvalarleyfi til þriggja ára án takmarkana, og er það því grundvöllur búsetuleyfis.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði 13. gr. laganna um dvalarleyfi fyrir aðstandendur verði breytt þannig að maki, sambúðarmaki og samvistarmaki þess sem hér dvelst löglega í landinu verði að hafa náð tilteknum aldri til að geta sótt um slíkt leyfi. Sama gildi um ættmenni að feðgatali. Eru sjónarmið að baki þessari tillögu rakin í almennum athugasemdum hér að framan.

Einnig er lagt til að hjúskapur, sem hefur þann tilgang einan að útvega dvalarleyfi fyrir annað hjóna, geti ekki myndað rétt til dvalarleyfis fyrir aðstandanda. Sams konar regla hefur síðan 1998 verið í 9. gr. dönsku útlendingalaganna (sbr. bekendtgörelse af udlændingeloven nr. 685 af 24/07/2003). Skilyrði þess að neitað verði um dvalarleyfi aðstandanda fyrir maka er í fyrsta lagi að rökstuddur grunur sé á því að um gerning til málamynda sé að ræða. Þannig verður vera glögg vísbending um að til hjúskapar hafi verið stofnað til þess eins að sækja um dvalarleyfi. Vísbendingar í þessa átt geta til dæmis verið að aðilar hafa ekki búið saman fyrir stofnun hjúskapar, hjónin skilja ekki tungu hvort annars, mikill aldursmunur er á þeim, þau þekkja ekki til einstakra atriða eða atvika úr lífi hvort annars fyrir giftingu eða fyrri hjónabönd. Í því sambandi má huga að því hvort sá maki, sem hér dvelst löglega, hafi áður verið í hjúskap með útlendingi, sem lauk skömmu eftir að sá síðarnefndi öðlaðist hér dvalarleyfi. Sé samkvæmt framangreindu eða öðrum ástæðum rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað til þess að fá dvalarleyfi verður umsækjandinn að sýna fram á annað.

Lagt er til að sama gildi um nauðungarhjónabönd; þau geti ekki myndað rétt til dvalarleyfis aðstandanda. Einnig þetta ákvæði á fyrirmynd í áður tilvitnaðri grein dönsku útlendingalaganna. Um sjónarmið að baki þess vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Í 18. gr. laganna eru taldar upp ástæður þess að frávísa megi útlendingi við komu til landsins eða á allt að næstu sjö sólarhringum frá komu. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan þessara sjö sólarhringa. Á þessum tíma telst útlendingur vera við landamæri og í raun ekki kominn inn í landið. Til að taka af öll tvímæli um lögmæti þessarar aðferðar er lagt til í 3. gr. að mælt verði fyrir um það á skýran hátt í lögum, að á þessum tíma sé heimilt að synja útlendingi inngöngu í landið til bráðabirgða. Er þá gert ráð fyrir að útlendingur sé vistaður á landamærastöð eða við hana, en ávallt hafi hann heimild til að snúa aftur til þess staðar þaðan sem hann kom.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að frestur til að hefja málsmeðferð vegna frávísunar eftir komu til landsins verði lengdur úr þremur í níu mánuði. Tillagan tengist því sem lagt er til í 5. gr. frumvarpsins

að heimilt verði að brottvísa útlendingi í ólöglegri dvöl. Þannig verði samkvæmt tillögunni heimilt að beita frávísun, hefjist meðferð máls innan níu mánaða eftir komu til landsins. Ávallt verði þó heimilt að beita brottvísun, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Með því að lengja þann tíma sem heimilt er að beita frávísun eftir komu til landsins er yfirvöldum tryggt svigrúm til að beita vægara úrræði þegar það þykir sanngjarnt, en frávísun er vægara úrræði en brottvísun, sem m.a. hefur í för með sér endurkomubann til landsins.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á 20. gr. laganna þannig að heimilt verði að brottvísa útlendingi sem dvelst ólöglega hér á landi. Í núgildandi ákvæði er ekki slíka heimild að finna, sem þýðir í raun að útlendingur, sem brýtur gegn ákvæðum laganna og aflar ekki tilskilinna leyfa til dvalar hér á landi, kemst upp með slíkt athæfi að liðnum fresti til frávísunar skv. 19. gr. laganna.

Um 6. gr.

Um er að ræða lagfæringu á tilvísun í 26. gr. laganna en Dyflinnarsamningur sá sem núgildandi ákvæði vísar til var leystur af hólmi með reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003, um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna, sem aftur var samþykkt með grundvelli í tilvitnuðum samningi Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001, sbr. auglýsingu nr. 3 14. mars 2001 í C-deild Stjórnartíðinda.

Um 7. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að leitarheimild lögreglu nái einnig til þess þegar rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað í því skyni að útlendingur fái hér dvalarleyfi, sbr. ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Lagt til að Útlendingastofnun verði heimilt að krefjast rannsóknar á erfðaefni, þ.e. DNA-rannsóknar, til að ganga úr skugga um að þau ættmenni sem sækja um dvalarleyfi skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. laganna séu í raun ættmenni þess sem hér er búsettur eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að ákvæði 13. gr. um dvalarleyfi fyrir aðstandendur verði misnotað.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að útlendingur eigi ekki rétt á að honum sé skipaður talsmaður við kæru á synjun, sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr. laganna, um að umsókn um hæli verði tekin til meðferðar hér á landi. Synjun á grundvelli d-liðar felur í sér ákvörðun um að annað norrænt ríki taki við umsækjanda á grundvelli norræna vegabréfaeftirlitssamningsins, en útlendingurinn hefði í þeim tilvikum ekki átt að geta komist til Íslands frá öðru norrænu ríki. Algengari er nú í framkvæmd synjun á grundvelli e-liðar 46. gr., sem felur í sér að annað ríki sem aðild á að Dyflinnarsamningnum (nú reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003, sbr. 6. gr. frumvarpsins) tekur við umsækjanda og fjallar um umsókn hans um pólitískt hæli. Í niðurstöðu máls felst að krafa um hæli er ekki tekin til efnismeðferðar hér á landi heldur tekur annað samningsríki málið til úrlausnar og þar með mat á því hvort umsækjandi skuli hafa stöðu flóttamanns eða ekki. Að baki því fyrirkomulagi, sem ákveðið er í Dyflinnarsamningnum, liggur, að ríkin eru sammála um að koma í veg fyrir óhagræðið sem felst

í því að fjallað sé um mál umsækjanda í fleiri en einu þeirra ríkja, sem sammælst hafa um efnisreglur í þessum málum. Kæra á synjun á að taka mál til meðferðar á þessum grundvelli frestar ekki framkvæmd framsendingar umsóknar og forsendur niðurstöðu byggjast á samningsbundnum skilyrðum. Til ákvörðunar um framsendingu kemur ekki á þessum grundvelli nema ríkið sem tekur við málinu fallist á það og sé því sammála íslenskum stjórnvöldum um að skilyrði framsendingar séu fyrir hendi. Eftir að annað ríki hefur tekið við ábyrgð á umsækjanda og umsókn hans þykja engin rök til að íslensk stjórnvöld greiði fyrir talsmann umsækjanda í kærumáli um framsendinguna. Gert er ráð fyrir óbreyttum reglum laganna um skipun talsmanns í kærumálum vegna synjunar um hæli þegar réttarstaða umsækjanda er tekin til efnislegrar úrlausnar hér á landi.

Um 9. og 10. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum er lagt til í frumvarpinu að EES-útlendingar geti, eins og aðrir útlendingar, sótt um búsetuleyfi. Nú verða þeir að sækja um dvalarleyfi sem að jafnaði er gefið út til fimm ára og endurnýjað til sama tíma samkvæmt umsókn, sbr. 40. gr. laganna. Eru þeir því í raun verr settir en aðrir útlendingar sem geta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sótt um búsetuleyfi. Er lagt til að það verði lagfært þannig að þessir tveir hópar hafi jafnan rétt að þessu leyti.

Um 11. gr.

Lagðar eru til breytingar á 43. gr. laganna í samræmi við athugasemdir sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA en að mati stofnunarinnar þótti orðalag ákvæðisins ekki vera í fullu samræmi við ákvæði 2. tölul. 3. gr. tilskipunar 64/221/EBE, um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis.

Um 12. gr.

Hér er lögð sambærileg lagfæring á tilvísun og í 6. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Lagt er til að þau börn, sem fæddust eftir að foreldrar þeirra fengu stöðu flóttamanna, fái sömu réttarstöðu og foreldrar sínir, en ákvæði um það hefur vantað í gildandi lög.

Um 14. gr.

Lögð er til breyting á 51. gr. laganna þannig að útlendingar, sem heimiluð er koma í flóttamannahópi, fái dvalarleyfi án takmarkana í þrjú ár. Slíkt dvalarleyfi myndar grunn búsetuleyfis, sbr. 15. gr. laganna, og mundu því þessir útlendingar eiga sömu möguleika og aðrir að sækja um búsetuleyfi ef breytingin gengur eftir. Fyrir gildistöku laganna fengu þessir flóttamenn ótímabundin dvalarleyfi við komu til landsins. Skv. 10. gr. laganna er ekki heimilt að gefa út dvalarleyfi til lengri tíma en tveggja ára í senn en lagt er til að undanþága verði gerð fyrir þennan hóp með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu sem þeir njóta sem í honum eru.

Um 15. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laganna skal útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, greiða kostnað af brottför sinni og gæslu þegar hennar er þörf. Krafa þessi er aðfararhæf. Heimild til haldlagningar er síðan að finna í sama ákvæði en hún nær þó einungis til farseðla. Eðlilegt þykir að lögreglu verði einnig heimilt að leggja hald á fjármuni til

greiðslu fyrrnefndrar kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu. Í þessu felst að ekki er heimilt að leggja hald á alla fjármuni sem finnast í fórum útlendings, fari fjárhæð þeirra fram úr fjárhæð kröfunnar.

Um 16. gr.

Lagt er til að e-lið 2. mgr. 57. gr. laganna verði breytt þannig að brott falli skilyrðið um að brotið sé framið í hagnaðarskyni, en slíkt er erfitt að sýna fram á, og að það sé bundið við dvöl í Schengen-ríki. Því verði refsivert að aðstoða, með ásetningi eða stórfelldu gáleysi, útlending við að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki. Þá er lagt til að f-lið verði breytt á sama hátt.

Þá er í greininni lagt til að tveir nýir stafliðir bætist við 2. mgr. 57. gr. laganna.

Í g-lið er gert ráð fyrir að refsivert verði að afla eða reyna að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar til málamynda samkvæmt efnisreglu 3. mgr. 13. gr. laganna, eins og hún hljóðar samkvæmt tillögu í 2. gr. frumvarpsins. Skilyrði er að um ásetning eða stórfellt gáleysi sé að ræða.

Í h-lið er lagt til að refsivert verði að hafa í vörslum sínum falsað eða fölsuð vegabréf, fölsuð skilríki og falsaða eða falsaðar áritanir. Skv. XVII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru skilyrði refsiábyrgðar að nota falsað skjal eða ófalsað skjal með nánari skilyrðum, en ávallt með því að blekkja með því í lögskiptum. Hér er lagt til að handhöfnin ein geti verið refsiverð, enda eru dæmi um að fólk hafi við komu til landsins verið með nokkurt magn af fölsuðum ferðaskilríkjum á ýmsum nöfnum í fórum sínum án þess að unnt hafi verið að bregðast við því. Sú háttsemi að koma fölsuðum vegabréfum, fölsuðum skilríkjum eða fölsuðum áritunum milli landa getur m.a. tengst mansali eða að verið sé að koma fólki á annan hátt á fölskum forsendum milli landa, jafnvel fólki sem hefur hag af því að ferðast ekki undir eigin nafni, t.d. ef það er eftirlýst vegna meintrar refsiverðrar háttsemi eða reynir að koma sér undan refsingu.

Enn fremur er lagt til að 3. mgr. 57. gr. laganna verði breytt þannig að engu skipti hvort skipulögð starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis sé rekin í hagnaðarskyni eða ekki, en í gildandi lögum er refsing við því bundin við að starfsemin sé rekin í hagnaðarskyni. Oft getur reynst örðugt að sanna að hagnaður hafi orðið af skipulagðri starfsemi af þessu tagi. Þá er ekki sjálfgefið að slík starfsemi sé rekin í hagnaðarskyni. Er tilgangur þessarar lagabreytingar að skapa fullnægjandi lagagrundvöll til saksóknar og mögulegrar refsingar, leiði rannsókn í ljós að um skipulagða starfsemi af þessu tagi sé að ræða.

Um 17. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistöku tilvitnaðra ákvæða 35. og 36. gr. laganna, um EES-útlendinga, verði frestað um tvö ár gagnvart ríkisborgurum hinna nýju ríkja í Evrópusambandinu að frátöldum Möltu og Kýpur. Að öðrum kosti mundu þær ívilnanir, sem EES-útlendingar njóta, gilda um þessa ríkisborgara frá og með 1. maí 2004. Um efni ákvæðisins vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan.

Um 18. gr.

Brýnt er að lögin taki gildi á sama tímamarki og stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins vegna ástæðna þeirra sem greint er frá í almennum athugasemdum hér að framan.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um útlendinga. Í fyrsta lagi er um að ræða áhrif af stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem gengur í gildi 1. maí 2004. Þar er einkum um að ræða að beitt verði sérstökum aðlögunarákvæðum sem fela í sér að frjáls för launafólks frá nýju aðildarríkjunum tekur ekki gildi fyrr en 1. maí 2006. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögunum í samræmi við ábendingar frá helstu aðilum sem annast um framkvæmd þeirra. Í frumvarpinu eru einkum tvö atriði sem gætu haft einhver áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Annars vegar er í 8. gr. frumvarpsins lögð til tiltekin takmörkun á réttaraðstoð í sambandi við synjanir á umsóknum um hæli hér á landi þegar annað ríki á að fjalla um málið. Hins vegar eru í 16. gr. frumvarpsins gerðar breytingar á refsiákvæði laganna sem kunna að leiða til fleiri refsivistardóma. Líklegt er að kostnaðaráhrifin verði í báðum tilvikum lítils háttar og gerir dóms- og kirkjumálaráðuneytið ráð fyrir að lögin verði framkvæmd með óbreyttum útgjaldaramma fjárlaga.

1121. Frumvarp til laga [750. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: eða sparisjóðs.

2. gr.

Við 5. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa mann til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjárhæðir í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Enn fremur kemur ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum þessum eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að sparisjóðum verði heimilt að sækja um samsköttun með dótturfélögum sínum. Í öðru lagi er tillaga um að kveðið verði skýrar á um heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til að láta færa mann til skýrslugjafar ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Í þriðja lagi er lagt til að til áréttingar verði tiltekið að fjárhæðir barnabóta og vaxtabóta, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 og við ákvörðun bóta á því ári vegna tekna og eigna á árinu 2003.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að unnt verði að sækja um samsköttun sparisjóða með dótturfélögum sínum. Í 13. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, segir að fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélag. Um rekstrarform sparisjóða gilda þó sérákvæði, sbr. ákvæði VIII. kafla laganna. Með lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var sparisjóðum, ásamt viðskiptabönkum, gert að greiða tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrstu grein þeirra laga segir að skattskyldan sé grundvölluð á 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar sem óvissa hefur ríkt um hvort sparisjóðum sé heimil samsköttun með dótturfélögum sínum er lagt til að kveðið verði afdráttarlaust á um að sparisjóðum sé heimil samsköttun með dótturfélögum, að nánari skilyrðum greinarinnar uppfylltum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að girt verði fyrir þann möguleika að skattaðili geti komið sér hjá að mæta til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Ákvæðið er í eðli sínu sambærilegt því úrræði sem er til staðar þegar kveðja þarf mann til skýrslugjafar hjá lögreglu eða þegar tryggja þarf að maður mæti við aðfarargerð. Borið hefur við að skattaðilar hafi komið sér hjá að mæta til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og þannig tafið mál og gert erfiðara um vik að upplýsa málsatvik. Er með ákvæði þessu sett heimild til að koma í veg fyrir að þannig ástand skapist.

Um 3. gr.

Lagt er til að við lög nr. 90/2003 komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem árétti að breytingar sem gerðar voru á fjárhæðum í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna með lögum nr. 143/2003 komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Með þeim hætti verður unnt að framfylgja áætlunum um hækkun á viðmiðunarfjárhæðum þessara ákvæða í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004, eða um 2,5%.

Enn fremur er lagt til að ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003. Það ákvæði kveður á um að ákvarða megi barnabætur með börnum sem ekki eru heimilisföst hér á landi en eru á framfæri

ríkisborgara hins Evrópska efnahagssvæðis, enda séu framfærandi og barnið tryggð á grundvelli 9. gr. b eða 9. gr. c laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er einna veigamesta atriðið að heimilt verður að samskatta sparisjóði með dótturfélögum sínum en tilgangurinn með því er að skattalegt umhverfi sparisjóða verði eins og á við um önnur fjármálafyrirtæki. Í bráðabirgðaákvæði er einnig áréttað að tiltekin fjárhæðarmörk í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, taki gildi við álagningu á árinu 2004, eins og þegar hefur verið gert ráð fyrir í forsendum gildandi fjárlaga. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1122. Frumvarp til laga [751. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þá eru skilyrði 1. mgr. ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til tiltekinnar notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo framarlega sem slík notkun er ekki þekkt.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, sem orðast svo:

Einkaleyfastofan skal gefa umsókn umsóknardag þegar:

1. telja má af umsóknargögnum að um sé að ræða umsókn um einkaleyfi,
2. af umsóknargögnum má ráða hver umsækjandi sé og hvar unnt sé að hafa samband við hann og
3. a.m.k. eitt eftirtalinna atriða er að finna í umsóknargögnum:
   a. lýsingu uppfinningar,
   b. teikningar eða
   c. tilvísun til fyrri umsóknar.

Ef skilyrði 1. mgr. fyrir veitingu umsóknardags eru ekki uppfyllt skulu einkaleyfayfirvöld gefa umsækjanda tveggja mánaða frest til að bæta þar úr. Bæti umsækjandi úr þeim ágöllum innan frestsins miðast umsóknardagur við þann dag þegar lagfæringar bárust Einkaleyfastofunni. Ef ekki er bætt úr ágöllum innan frestsins er litið svo á að umsókn hafi ekki verið lögð inn.

Í reglugerð, sem iðnaðarráðherra skal setja, er kveðið nánar á um veitingu umsóknardags.

3. gr.

Í stað orðsins „einkaleyfisbréf“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: einkaleyfisskjal.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „30 mánaða“ í 1. mgr. kemur: 31 mánaðar.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Á eftir 40. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (40. gr. a.)

Einkaleyfishafi getur óskað eftir því við Einkaleyfastofuna að hún takmarki verndarsvið einkaleyfis með breytingum á kröfum einkaleyfis og, ef þurfa þykir, breytingu á lýsingu einkaleyfis.

Ef einkaleyfi er andlag fullnustugerðar, veðsetningar eða dómsmáls skv. 52. eða 53. gr. er ekki unnt að leggja inn beiðni skv. 1. mgr.

Fyrir beiðni um takmörkun skv. 1. mgr. skal einkaleyfishafi greiða tilskilið gjald.

b. (40. gr. b.)

Uppfylli beiðni skv. 40. gr. a ekki þar tilgreind skilyrði, eða takmörkunin fellur undir tilvik 2.–4. tölul. 1. mgr. 52. gr. um ógildingu, skal einkaleyfishafa gefinn kostur á að tjá sig um málið eða bæta úr ágöllum. Ef einkaleyfishafi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir eða telji Einkaleyfastofan, að fengnu svari einkaleyfishafa, enn eitthvað mæla á móti því að beiðnin verði samþykkt, og hafi einkaleyfishafi fengið tækifæri til að tjá sig um það atriði, skal beiðninni hafnað.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja beiðni einkaleyfishafa skv. 40. gr. a skal einkaleyfið takmarkað í samræmi við beiðnina. Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu um ákvörðunina og útbúa nýtt einkaleyfisskjal að því tilskildu að einkaleyfishafi hafi greitt tilskilið gjald fyrir endurútgáfu. Frá þeim tíma skal einkaleyfið í breyttri mynd vera aðgengilegt almenningi.

Takmörkun einkaleyfis skv. 2. mgr. hefur áhrif frá birtingu tilkynningar um breytinguna.

Einkaleyfishafa er skylt að upplýsa dómara í ógildingarmáli um framlagða beiðni um takmörkun á einkaleyfi.

Einkaleyfishafi getur skotið til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að hafna beiðni um takmörkun einkaleyfis.

6. gr.

Í stað orðanna „með dómi ef“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: í heild eða að hluta með dómi ef.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 54. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið“ kemur: í heild.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Niðurfelling einkaleyfisins hefur áhrif frá birtingu tilkynningar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „einkaleyfisumsækjandi“ í 1. mgr. kemur: eða einkaleyfishafi.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. 3. mgr. orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. eiga við um forgangsrétt skv. 1. mgr. 6. gr. ef beiðni um endurveitingu er lögð fram innan tveggja mánaða frá lokum frests skv. 1. mgr. 6. gr. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um frest til málshöfðunar skv. 3. mgr. 25. gr.

d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar skv. 31. gr. Ákvæðin eiga einnig við um slíkar umsóknir þegar umsækjandi hefur glatað rétti af þeirri ástæðu að frestir hafa ekki verið virtir gagnvart viðtökuyfirvöldum, alþjóðlegum nýnæmisrannsóknaryfirvöldum, yfirvöldum sem framkvæma alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi eða alþjóðaskrifstofunni.

9. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, X. kafli a, **Evrópsk einkaleyfi,** með átján nýjum greinum, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (75. gr.)

Evrópskt einkaleyfi merkir einkaleyfi sem veitt er af Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) í samræmi við evrópska einkaleyfasamninginn (EPC) frá 5. október 1973. Evrópsk einkaleyfisumsókn merkir umsókn í samræmi við ákvæði evrópska einkaleyfasamningsins.

Evrópskt einkaleyfi getur tekið til Íslands.

Umsókn um evrópskt einkaleyfi skal lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni eða Einkaleyfastofunni sem er viðtökuaðili umsóknar hér á landi. Einkaleyfastofan framsendir umsóknina til Evrópsku einkaleyfastofunnar í samræmi við nánari reglur sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Hlutunarumsókn fyrir evrópskt einkaleyfi skv. 76. gr. evrópska einkaleyfasamningsins verður þó einungis lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Ákvæði þessa kafla gilda um evrópsk einkaleyfi og evrópskar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

b. (76. gr.)

Evrópskt einkaleyfi telst veitt þegar Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitinguna. Evrópskt einkaleyfi, sem öðlast hefur gildi hér á landi, hefur sömu áhrif og einkaleyfi sem veitt er af Einkaleyfastofunni og gilda um það sömu reglur nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

c. (77. gr.)

Evrópskt einkaleyfi öðlast aðeins gildi hér á landi ef umsækjandi, innan tilskilins frests frá þeim degi sem Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis

eða tekið ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu, leggur inn hjá Einkaleyfastofunni íslenska þýðingu á kröfum einkaleyfisins ásamt íslenskri eða enskri þýðingu á öðrum hlutum einkaleyfisins hafi evrópskt einkaleyfi verið veitt eða staðfest í breyttri útgáfu á þýsku eða frönsku. Umsækjandi skal innan sama frests greiða Einkaleyfastofunni tilskilið gjald fyrir útgáfu. Frestur samkvæmt framangreindu verður ákveðinn í reglugerð sem iðnaðarráðherra setur.

Einkaleyfisgögn skv. 1. mgr. eru öllum aðgengileg. Gögnin verða þó aldrei aðgengileg fyrr en Evrópska einkaleyfastofan hefur birt einkaleyfisumsóknina.

Þegar gögn skv. 1. mgr. hafa verið afhent, gjald greitt og Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis, eða ákvörðun sína um að staðfesta evrópska einkaleyfið í breyttri útgáfu, skal Einkaleyfastofan birta auglýsingu þess efnis. Eintak af einkaleyfinu skal þegar að því loknu vera fáanlegt hjá Einkaleyfastofunni.

d. (78. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 72. gr. um endurveitingu réttinda eiga einnig við um fresti varðandi þýðingar og greiðslu gjalda skv. 1. mgr. 77. gr.

Einkaleyfastofan skal birta auglýsingu ef orðið er við beiðni um endurveitingu réttinda.

Hafi einhver í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er frestur skv. 1. mgr. 77. gr. en áður en auglýsing um endurveitingu er birt, eiga ákvæði 2. og 3. mgr. 74. gr. við um rétt til hagnýtingar.

e. (79. gr.)

Ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. um ógildingu eiga einnig við um evrópsk einkaleyfi svo framarlega sem verndarsvið einkaleyfis hefur verið rýmkað eftir að einkaleyfið var veitt skv. 76. gr.

f. (80. gr.)

Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að takmarka, fella niður eða ógilda evrópskt einkaleyfi hefur sömu áhrif á evrópska einkaleyfið hér á landi. Einkaleyfastofan skal birta auglýsingu þess efnis.

g. (81. gr.)

Árgjald af evrópsku einkaleyfi skal greiða til Einkaleyfastofunnar fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að Evrópska einkaleyfastofan hefur tilkynnt ákvörðun sína um að veita evrópskt einkaleyfi.

Sé árgjald ekki greitt skv. 1. mgr., sbr. 41. gr., fellur einkaleyfið úr gildi. Árgjald fyrir fyrsta gjaldár eftir veitingu fellur þó ekki í gjalddaga fyrr en fjórum mánuðum eftir að einkaleyfið var veitt.

h. (82. gr.)

Frá því að umsókn fær umsóknardag hjá Evrópsku einkaleyfastofunni hefur hún áhrif hér á landi eins og um landsbundna umsókn væri að ræða. Hafi umsækjandi krafist forgangsréttar í samræmi við evrópska einkaleyfasamninginn gildir sá forgangsréttur einnig hér á landi.

Evrópsk einkaleyfisumsókn, sem birt hefur verið skv. 93. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, telst þekkt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr., og er lögð að jöfnu við umsóknir sem birtar eru skv. 22. gr. Það sama gildir um alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 3. mgr. 153. gr. evr-

ópska einkaleyfasamningsins ef Evrópska einkaleyfastofan leggur birtingu hennar að jöfnu við birtingu skv. 93. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

i. (83. gr.)

Ef umsækjandi afhendir Einkaleyfastofunni íslenska þýðingu á kröfum umsóknar eins og hún var birt af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar skal þýðingin gerð aðgengileg almenningi. Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu þess efnis í ELS-tíðindum.

Eftir að slík tilkynning hefur verið birt og umsókn hefur leitt til veitingar evrópsks einkaleyfis hér á landi er unnt að beita ákvæðum er varða brot á einkaleyfisrétti. Í slíkum tilvikum nær einkaleyfisverndin þó aðeins til þess sem fram kemur bæði í kröfum umsóknar, eins og þær voru birtar, og kröfum einkaleyfis eins og það var veitt eða því breytt. Ákvæði 57. gr. eiga ekki við í framangreindum tilvikum heldur er aðeins skylt að greiða bætur fyrir tjón skv. 2. mgr. 58. gr.

j. (84. gr.)

Hafi umsækjandi dregið til baka evrópska einkaleyfisumsókn eða tilnefningu Íslands í slíkri umsókn, eða líta ber svo á samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum, og hafi umsókn ekki verið tekin til frekari meðferðar skv. 121. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, hefur það sömu áhrif og þegar umsóknin er dregin til baka hér á landi.

Höfnun evrópskrar einkaleyfisumsóknar hefur sömu áhrif og höfnun umsóknar hér á landi.

k. (85. gr.)

Samræmist þýðingar skv. 77. og 83. gr. ekki textanum á því tungumáli sem notað var við málsmeðferð hjá Evrópsku einkaleyfastofunni tekur einkaleyfisverndin aðeins til þess sem tilgreint er í báðum textunum.

Í ógildingarmálum skal texti á tungumáli málsmeðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni ráða.

l. (86. gr.)

Afhendi einkaleyfishafi eða umsækjandi Einkaleyfastofunni leiðréttta þýðingu á einkaleyfi skv. 77. gr. og greiði tilskilið gjald fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar skal sú þýðing koma í stað þeirrar sem áður var afhent. Þegar leiðrétting hefur verið afhent og gjald greitt birtir Einkaleyfastofan auglýsingu þess efnis svo framarlega sem upphaflega þýðingin er aðgengileg. Þegar auglýsing hefur verið birt skal eintak af leiðréttu þýðingunni vera aðgengilegt almenningi og fáanlegt hjá Einkaleyfastofunni.

Afhendi umsækjandi leiðrétta þýðingu á umsókn skv. 83. gr. birtir Einkaleyfastofan auglýsingu þess efnis og hefur hina leiðréttu þýðingu aðgengilega almenningi. Eftir birtingu auglýsingar kemur hin leiðrétta þýðing í stað hinnar upphaflegu.

Sá sem hefur í góðri trú notað uppfinninguna í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess þegar hin leiðrétta þýðing hlýtur gildi, og notkunin braut ekki á rétti umsækjanda eða einkaleyfishafa samkvæmt fyrri þýðingu, hefur rétt til hagnýtingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 74. gr.

m. (87. gr.)

Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að endurveita einkaleyfishafa eða umsækjanda réttindi, sem hann hefur glatað þar eð hann virti ekki tilskilinn frest, gildir einnig hér á landi.

Sá sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að réttindamissir hefur átt sér stað en áður en Evrópska einkaleyfastofan hefur endurveitt réttindin og birt tilkynningu þess efnis, hefur rétt til hagnýtingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 74. gr.

n. (87. gr. a.)

Sá sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu, sem lýst er í birtri evrópskri einkaleyfisumsókn eða einkaleyfi, í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að ákvörðun áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar liggur fyrir en áður en úrskurður æðri áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar skv. 112. gr. a í evrópska einkaleyfasamningnum er birtur, hefur rétt skv. 2. og 3. mgr. 74. gr.

o. (88. gr.)

Teljist evrópsk einkaleyfisumsókn, sem lögð hefur verið inn hjá einkaleyfayfirvöldum aðildarríkis, dregin til baka vegna þess að umsóknin hefur ekki verið framsend Evrópsku einkaleyfastofunni innan tilskilins frests skal Einkaleyfastofan, ef umsækjandi krefst þess, líta svo á að henni hafi verið breytt í landsbundna umsókn hér á landi svo framarlega sem:

1. krafan er sett fram við einkaleyfayfirvöld, þar sem umsóknin var lögð inn, innan þriggja mánaða eftir að umsækjanda var tilkynnt að hún teldist dregin til baka,
2. krafan berst Einkaleyfastofunni innan tuttugu mánaða frá umsóknardegi eða, ef forgangsréttar er krafist, frá forgangsréttardegi og
3. umsækjandi greiðir, innan frests sem ákveðinn er af iðnaðarráðherra, umsóknargjald og afhendir íslenska þýðingu af umsókninni í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Ef umsókn uppfyllir formkröfur Evrópsku einkaleyfastofunnar skal hún tekin gild að því leyti.

p. (89. gr.)

Ákvæði 9., breyttrar 60. og 131. gr. evrópska einkaleyfasamningsins og bókun með samningnum um lögsögu og viðurkenningu ákvarðana varðandi rétt til að fá veitt evrópskt einkaleyfi (bókun um viðurkenningu) skulu hafa lagagildi hér á landi.

Ákvæði evrópska einkaleyfasamningsins, sem vísað er til í 1. mgr., og þargreind bókun eru prentuð sem fylgiskjöl I og II með lögum þessum.

q. (89. gr. a.)

Ákvæði laga þessara um varðveislu líffræðilegs efnis eiga ekki við um evrópsk einkaleyfi.

r. (90. gr.)

Iðnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

10. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 4., 6. og 8. gr. laga þessara öðlast þegar gildi. Ákvæði a–m-liðar og o–r-liðar 9. gr. öðlast ekki gildi fyrr en evrópski einkaleyfasamningurinn hefur öðlast gildi hér á landi í samræmi við 169. gr. samningsins og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að honum. Ákvæði 5. gr., 7. gr. og n-liðar 9. gr. öðlast ekki gildi fyrr en breytingar, sem gerðar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000, hafa öðlast gildi og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að breytingunum.

Ef annað er ekki tiltekið hér á eftir eiga lög þessi við um einkaleyfisumsóknir sem fengið hafa umsóknardag fyrir gildistöku laga þessara, sem og einkaleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 4. gr. laga þessara tekur til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem þrjátíu mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út við gildistöku laga þessara eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

Fylgiskjal I.

ÁKVÆÐI 9., 60. OG 131. GR. EVRÓPSKA EINKALEYFASAMNINGSINS

9. gr.

Ábyrgð.

1. Um samningsbundna ábyrgð stofnunarinnar skulu þau lög gilda sem við eiga um hlutaðeigandi samning.

2. Um ábyrgð stofnunarinnar utan samninga vegna tjóns sem hún veldur eða starfsmenn Evrópsku einkaleyfastofunnar í starfi sínu gilda ákvæði laga sambandslýðveldisins Þýskalands. Ef útibúið í Haag eða undirskrifstofa eða starfsmenn þar valda tjóni gilda ákvæði laga þess aðildarríkis að samningnum þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

3. Kveða skal á um persónulega ábyrgð starfsmanna Evrópsku einkaleyfastofunnar gagnvart stofnuninni í starfsreglum þeirra eða ráðningarskilmálum.

4. Þeir dómstólar, sem fara með lögsögu til að leysa úr deilum skv. 1. og 2. mgr., eru:

a. að því er varðar deilur skv. 1. mgr., valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi nema kveðið sé á um dómstóla annars ríkis í samningi milli aðilanna;
b. að því er varðar deilur skv. 2. mgr., annaðhvort valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi eða valdbærir dómstólar í ríkinu þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

60. gr.

Réttur til evrópsks einkaleyfis.

1. Rétt til að fá evrópskt einkaleyfi á uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Ef uppfinningamaðurinn er launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum ríkisins þar sem launþeginn starfar aðallega en ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki launþeginn starfar aðallega skal beita lögum ríkisins þar sem atvinnurekandinn hefur starfsstöðina sem launþeginn tengist.

2. Hafi tveir eða fleiri einstaklingar komið fram með uppfinningu, óháðir hvor eða hver öðrum, skal sá eiga rétt til að fá evrópskt einkaleyfi sem fyrst sækir um hann enda hafi fyrsta umsókn verið birt.

3. Í máli hjá Evrópsku einkaleyfastofunni skal litið svo á að umsækjanda sé heimilt að fara með réttinn til evrópsks einkaleyfis.

131. gr.

Samstarf um framkvæmd og löggjöf.

1. Sé eigi kveðið á um annað í samningi þessum eða landslögum skulu Evrópska einkaleyfastofan og dómstólar eða yfirvöld í aðildarríkjum að samningnum aðstoða hvert annað,

þegar um er beðið, með upplýsingaskiptum eða með því að heimila skoðun gagna. Skilyrði sem sett eru í 128. gr. gilda ekki um skoðunina þegar Evrópska einkaleyfastofan heimilar dómstólum, embættum saksóknara eða aðalréttindastofum á sviði iðnaðarhugverka að skoða gögn.

2. Þegar dómstólar eða önnur valdbær yfirvöld í aðildarríkjum að samningnum taka við beiðnum um vitnaleiðslu frá Evrópsku einkaleyfastofunni skulu þau leita nauðsynlegra upplýsinga eða gera aðrar ráðstafanir að lögum fyrir einkaleyfastofuna að svo miklu leyti sem þau fara með lögsögu.

Fylgiskjal II.

BÓKUN UM LÖGSÖGU OG VIÐURKENNINGU ÁKVARÐANA VARÐANDI RÉTT TIL AÐ FÁ VEITT EVRÓPSKT EINKALEYFI (BÓKUN UM VIÐURKENNINGU)

(5. október 1973.)

I. KAFLI
Lögsaga.

1. gr.

1. Dómstólar aðildarríkja skulu í samræmi við 2.–6. gr. fara með lögsögu til að skera úr um kröfur gegn umsækjanda þar sem tilkall er gert til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra aðildarríkja að samningnum sem tilnefnd eru í umsókn um evrópsk einkaleyfi.

2. Í bókun þessari nær hugtakið *dómstólar* yfir þau yfirvöld sem að landslögum í aðildarríki að samningnum hafa lögsögu til að skera úr um kröfur þær er um getur í 1. mgr. Hvert aðildarríki að samningnum skal tilkynna Evrópsku einkaleyfastofunni hver þau yfirvöld eru sem slík lögsaga er veitt og skal hún veita öðrum aðildarríkjum að samningnum upplýsingar þar um.

3. Í bókun þessari á hugtakið *aðildarríki að samningnum* við hvert það aðildarríki að samningnum sem hefur ekki beitt 167. gr. samningsins til að útiloka að bókunin eigi við.

2. gr.

Ef umsækjandi um evrópskt einkaleyfi hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu aðildarríkjanna að samningnum skal mál gegn honum, með fyrirvara um 4. og 5. gr., rekið fyrir dómstólum þess aðildarríkis að samningnum.

3. gr.

Ef umsækjandi um evrópskt einkaleyfi hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð utan aðildarríkjanna að samningnum en aðilinn, sem gerir tilkall til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi, hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu aðildarríkjanna að samningnum, skulu dómstólar síðarnefnda ríkisins, með fyrirvara um 4. og 5. gr., einir fara með lögsögu.

4. gr.

Ef sótt er um evrópskt einkaleyfi á grundvelli uppfinningar sem launþegi hefur komið fram með skulu, með fyrirvara um 5. gr., dómstólar þess aðildarríkis að samningnum, þar sem lög ákvarða réttinn til evrópsks einkaleyfis skv. 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. samningsins, ef þeim er til að dreifa, einir hafa lögsögu í málum milli launþegans og atvinnurekanda hans.

5. gr.

1. Ef málsaðilar í deilu um réttinn til að fá evrópskt einkaleyfi veitt hafa gert með sér samkomulag, annaðhvort skriflega eða munnlega með skriflegri staðfestingu, þess efnis að dómstóll eða dómstólar í tilteknu aðildarríki að samningnum eigi að skera úr þess háttar deilu skal dómstóll eða dómstólar þess ríkis einir fara með lögsögu.

2. Séu málsaðilar launþegi og atvinnurekandi hans gildir 1. mgr. þó því aðeins að slíkt samkomulag sé heimilt samkvæmt landslögum þeim sem gilda um starfssamning þeirra á milli.

6. gr.

Í þeim málum, sem hvorki falla undir ákvæði 2.–4. gr. né 1. mgr. 5. gr., fara dómstólar sambandslýðveldisins Þýskalands einir með lögsögu.

7. gr.

Þegar kröfur þær sem um getur í 1. gr. eru gerðar fyrir dómstólum í aðildarríki að samningnum skal hann án kröfu úrskurða hvort þeir fari með lögsögu skv. 2.–6. gr. eða ekki.

8. gr.

1. Ef mál er höfðað á grundvelli sömu kröfu og milli sömu aðila fyrir dómstólum í fleiri en einu aðildarríki að samningnum skal dómstóll, þar sem málið er síðar höfðað, án kröfu afsala sér lögsögu til þess dómstóls þar sem það var fyrr höfðað.

2. Fari svo að brigður séu bornar á lögsögu dómstólsins, þar sem málið var fyrr höfðað, skal dómstóll, þar sem það var síðar höfðað, fresta málsmeðferð þar til hinn dómstóllinn kveður upp fullnaðarúrskurð.

II. KAFLI
Viðurkenning.

9. gr.

1. Ef tekin hefur verið í einhverju aðildarríki að samningnum fullnaðarákvörðun um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra aðildarríkja sem tilnefnd eru í umsókninni um evrópskt einkaleyfi skal, með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr., viðurkenna þá ákvörðun án þess að til þurfi að koma sérstök málsmeðferð í öðrum aðildarríkjum að samningnum.

2. Málskot er óheimilt um lögsögu dómstólsins, sem kvað upp úrskurð þann sem viðurkenna ber, svo og um réttmæti slíkra úrskurða.

10. gr.

1. mgr. 9. gr. á ekki við ef:

a. umsækjandi um evrópskt einkaleyfi, sem hefur ekki haft uppi mótmæli gegn kröfu, sýnir fram á að skjalið, sem réttarhöldin voru hafin með, hafi ekki verið kynnt honum eins og vera ber og í tæka tíð svo að hann geti haft uppi varnir eða

b. umsækjandi sýnir fram á að úrskurðurinn fari í bága við annan úrskurð, kveðinn upp í aðildarríki að samningnum í máli milli sömu aðila, enda hafi þau málaferli hafist fyrr en hin þar sem úrskurðurinn, sem viðurkenna ber, var kveðinn upp.

11. gr.

1. Í samskiptum aðildarríkja að samningnum skulu ákvæði bókunar þessarar ganga framar hverjum þeim ákvæðum annarra samninga um lögsögu eða viðurkenningu dóma sem kunna að vera gagnstæð þeim.

2. Bókun þessi skal ekki hafa áhrif á framkvæmd samninga milli aðildarríkis að samningnum og ríkis sem er óbundið af bókuninni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum. Meginhluti þess varðar breytingar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum. Aðrar breytingar eru tilkomnar m.a. vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi (PCT-samningsins) og samræmingar við þróun framkvæmdar á alþjóðavettvangi. Enn fremur eru lagðar til breytingar í þeim tilgangi að auka á skýrleika og gæta samræmis innan einkaleyfalaganna.

Eins og fyrr hefur komið fram felur frumvarpið í sér breytingar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum. Ráðgert er að samhliða frumvarpi þessu verði lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar varðandi aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum frá 1973, breytingarsamningnum við hann frá árinu 2000 og Lundúnasamningnum frá árinu 2000 varðandi þýðingar sem breyta einnig samningnum, sbr. skýringar hér á eftir. Samningar þessir verða fylgiskjöl með þingsályktunartillögunni.

Um aðdraganda að gerð frumvarpsins og aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum.

Umræða um aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum frá 1973 (European Patent Convention, skammstafað EPC) hefur átt sér stað um nokkurn tíma. Meðal þess má nefna að árið 1994, í kjölfar heimsóknar forstjóra Einkaleyfastofunnar til Evrópsku einkaleyfastofunnar (European Patent Office, skammstafað EPO), tók Evrópska einkaleyfastofan saman minnisblað um helstu atriði er vörðuðu hugsanlega aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum.

Árið 1997 unnu Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson, lagaprófessorar við Háskóla Íslands, álitsgerð varðandi aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum og hvort aðildin færi hugsanlega í bága við ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Í álitsgerð sinni komust þeir að þeirri niðurstöðu að aðildin færi ekki í bága við stjórnarskrána.

Í júní 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að kanna áhrif aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum. Í nefndina voru skipuð Sveinn Þorgrímsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum, Elín R. Jónsdóttir frá Einkaleyfastofunni, Guðmundur G. Haraldsson frá Háskóla Íslands, Gunnar Örn Harðarson frá Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI), Jón L. Arnalds frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa og Ólafur Helgi Árnason frá Samtökum iðnaðarins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að kostir aðildar Íslands væru ráðandi og að engin veigamikil atriði mæltu á móti aðild. Jafnframt gerði nefndin tillögu til iðnaðarráðherra um að hafinn yrði undirbúningur að aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum með gerð frumvarps vegna nauðsynlegra breytinga á lögum og aðildarumsóknar í kjölfar þess. Í tengslum við vinnu nefndarinnar var Magnúsi Fjalari

Guðmundssyni hagfræðingi falið að gera úttekt á fjárhagslegum áhrifum aðildar á rekstur Einkaleyfastofunnar.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 29. nóvember 2002 var tekin ákvörðun um að Ísland skyldi gerast aðili að evrópska einkaleyfasamningnum og þar með Evrópsku einkaleyfastofnuninni (European Patent Organisation). Í kjölfar þess var hafinn undirbúningur að aðild Íslands. Í apríl 2003 réð iðnaðarráðuneytið Ólöfu Vigdísi Ragnarsdóttur lögfræðing til að vinna að drögum að frumvarpi vegna aðildarinnar. Auk Ólafar komu eftirfarandi aðilar að vinnu við frumvarpið: Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, Elín R. Jónsdóttir, deildarstjóri einkaleyfadeildar Einkaleyfastofunnar, Lilja Aðalsteinsdóttir, lögfræðingur einkaleyfadeildar Einkaleyfastofunnar, og Jón Ögmundur Þormóðsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytunum.

Vegna breytingartillagna á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000 unnu Norðurlöndin saman að breytingum á norrænni löggjöf um evrópsk einkaleyfi. Íslensk einkaleyfayfirvöld tóku þátt í þeirri vinnu sem nýttist vel við gerð þessa frumvarps. Frumvarpið er í öllum meginatriðum samhljóða löggjöf um evrópsk einkaleyfi annars staðar á Norðurlöndum.

Evrópski einkaleyfasamningurinn.

Evrópski einkaleyfasamningurinn var undirritaður árið 1973 og gekk í gildi árið 1977 (hér á eftir nefndur samningurinn). Með samningnum var Evrópska einkaleyfastofnunin, sem hefur höfuðstöðvar í München, sett á laggirnar. Undir stofnunina heyra framkvæmdaráð, skipað fulltrúum og varafulltrúum aðildarríkjanna, og Evrópska einkaleyfastofan sem sér um veitingu evrópskra einkaleyfa. Innan Evrópsku einkaleyfastofunnar eru starfræktar eftirfarandi deildir og nefndir til að sjá um málsmeðferð samkvæmt samningnum: móttökudeild, nýnæmisrannsóknardeildir, rannsóknardeildir, andmæladeildir, lögfræðideild, áfrýjunarnefndir og æðri áfrýjunarnefnd.

Markmið evrópska einkaleyfasamningsins er að styrkja samvinnu meðal Evrópuríkja varðandi vernd uppfinninga. Með því að veita einkaleyfi á grundvelli sameiginlegrar málsmeðferðar er unnið að því markmiði. Með einni umsókn á ensku, þýsku eða frönsku er unnt að fá einkaleyfi í einu eða fleiri aðildarríkjum. Segja má að evrópskt einkaleyfi sé ígildi margra landsbundinna einkaleyfa sem þarf að staðfesta í hverju landi til að það öðlist gildi. Evrópskt einkaleyfi, sem hefur verið staðfest í aðildarríki, veitir sömu réttindi og einkaleyfi veitt í viðkomandi landi. Eftir veitingu evrópska einkaleyfisins er einkaleyfið, að undanskildu andmælaferlinu, áfrýjun og rétti einkaleyfishafa til að fá einkaleyfi takmarkað eða fellt niður frá upphafi (ex tunc), ekki lengur í umsjá Evrópsku einkaleyfastofunnar. Frá veitingu er því að meginreglu til aðeins unnt að láta reyna á einkaleyfið fyrir dómstólum þeirra landa sem það hefur verið staðfest í.

Hinn 1. ágúst 2003 voru aðildarríki samningsins 27, m.a. öll fimmtán ríki Evrópusambandsins og auk þess Sviss, Liechtenstein, Tékkland, Slóvakía, Búlgaría, Eistland, Tyrkland, Kýpur, Mónakó, Slóvenía, Ungverjaland og Rúmenía. Árið 2004 er ráðgert að Pólland, Litháen, Lettland og Malta bætist við. Af Norðurlöndunum eru það aðeins Ísland og Noregur sem eiga ekki aðild að evrópska einkaleyfasamningnum.

Kostnaðurinn við að fá evrópskt einkaleyfi hefur verið talinn samsvara því að fá landsbundið einkaleyfi í þremur ríkjum. Til samanburðar má nefna að í heiminum er að meðaltali sótt um einkaleyfi í níu ríkjum fyrir hverja uppfinningu þannig að ljóst má telja að umtalsvert hagræði geti hlotist af evrópska kerfinu.

Þó svo að íslenskir aðilar hafi getað sent umsóknir til Evrópsku einkaleyfastofunnar er nú talið rétt að Ísland skipi sér í sess með nágrannaríkjum með aðild að samningnum. Með frum-

varpinu er talið að viðskiptaumhverfi og samkeppnisstaða fyrirtækja hér á landi verði bætt. Aðilum verður gert kleift að öðlast réttindi í mörgum ríkjum með einu einkaleyfi þar sem gilda samræmdar reglur um útgáfu og meðferð.

Breytingar á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000.

Eins og fyrr hefur komið fram er evrópski einkaleyfasamningurinn frá árinu 1973. Samningurinn hefur síðan þá tekið nokkrum breytingum. Árið 2000 voru lagðar til viðamiklar breytingar á samningnum sem voru samþykktar á ráðstefnu 7. júní 2001 (hér eftir nefndur EPC 2000). Ný framkvæmdareglugerð var samþykkt árið 2002. Hvorki breytingarnar á samningnum né framkvæmdareglugerðin hafa öðlast gildi. Til að breytingar á samningnum öðlist gildi þarf tiltekinn fjöldi aðildarríkja að fullgilda breytingarnar og gera þarf breytingar á landsrétti. Nánar tiltekið taka EPC 2000 og framkvæmdareglugerðin 2002 fyrst gildi tveimur árum eftir að fimmtán aðildarríki hafa fullgilt breytingarnar eða á fyrsta degi þriðja mánaðar frá þeim tíma að öll aðildarríki að samningnum hafa fullgilt breytingarnar eftir því hvort tímamarkið verður fyrr.

Með breytingum á samningnum árið 2000 var m.a. stefnt að því að gera lagaumhverfið sveigjanlegra. Í því skyni voru ýmis ákvæði úr samningnum færð í framkvæmdareglugerðina. Þá var framkvæmdaráði Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar fengið vald til breytinga á framkvæmdareglugerðinni án þess að boða þurfi til sérstakrar ráðstefnu aðildarríkjanna. Enn fremur var framkvæmdaráðinu fengið vald til að breyta ákveðnum greinum samningsins að því tilskildu að um samræmingu væri að ræða við ákvæði alþjóðlegra samninga eða löggjöf Evrópubandalagsins um einkaleyfi.

Breytingartillögurnar á samningnum árið 2000 fólu einnig í sér ýmsar efnislegar breytingar. Má þar nefna hlutverk æðri áfrýjunarnefndar, ákvæði er gerir mögulegt að öðlast einkaleyfi á notkun þekktra efna og efnasambanda til framleiðslu á lyfi til lækninga á sjúkdómum sem ekki var þekkt að efnið gæti verkað á og ákvæði sem gerir einkaleyfishafa kleift að óska eftir því við Evrópsku einkaleyfastofuna að einkaleyfi verði takmarkað eða fellt niður.

Í frumvarpinu er tekið tillit til þeirra breytinga sem samþykktar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000 þar sem stefnt er að því að Ísland verði aðili að breytingasamningnum í tengslum við aðild að evrópska einkaleyfasamningnum.

Lundúnasamningurinn (samningur um beitingu 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa).

Mikill hluti kostnaðar við að sækja um einkaleyfi felst í þýðingum. Evrópska einkaleyfastofnunin hefur á síðustu árum komið fram með tillögur sem draga eiga úr þessum kostnaði. Á ráðstefnu, sem haldin var í London í október árið 2000, voru lagðar til breytingar á 65. gr. evrópska einkaleyfasamingsins sem varðar þýðingu á lýsingum. Samningurinn, sem undirritaður var af átta aðildarríkjum á ráðstefnunni, svonefndur Lundúnasamningur (Agreement on the Application of Article 65 of the Convention on the Grant of European Patents – the London Agreement), felur í sér breytingu á fyrrnefndri 65. gr. Aðild að Lundúnasamningnum er valkvæð fyrir aðila að evrópska einkaleyfasamningnum. Með því að gerast aðilar að samningnum fallast aðildarríki á að víkja í heild eða að hluta frá kröfum um þýðingar á einkaleyfum. Samningurinn felur í sér að aðildarríki, sem hafa sama opinbert tungumál og eitt af opinberum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar, falla frá kröfum til þýðingar að hluta. Þau aðildarríki sem hafa ekki ensku, frönsku eða þýsku sem opinbert tungumál, velja eitt af fyrrnefndum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar og falla frá kröfum til þýðinga á

lýsingu einkaleyfis ef einkaleyfi hefur verið veitt á því tungumáli eða þýtt á það. Aðildarríkjum er hins vegar heimilt að krefjast þýðingar á einkaleyfiskröfum á opinbert mál viðkomandi ríkis.

Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur af tíu aðildarríkjum mun hann taka gildi og er þá talið líklegt að þýðingarkostnaðurinn muni lækka stórlega eða um u.þ.b. 50%. Stefnt er að því að undirrita og fullgilda Lundúnasamninginn fyrir Íslands hönd í tengslum við aðild að evrópska einkaleyfasamningnum.

Áhrif aðildar að evrópska einkaleyfasamningnum.

a. Almennt.

Þróun og breytingar í einkaleyfamálum hafa verið miklar undanfarna áratugi. Þær hafa einkennst af stórauknu svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi og samræmingu reglna. Því hafa orðið til alþjóðleg kerfi til hagræðis þeim sem sækjast eftir verndun uppfinninga sinna. Evrópska einkaleyfastofan er ein af þremur helstu stofnunum í heiminum sem veita einkaleyfi. Hinar tvær eru bandaríska einkaleyfastofan og japanska einkaleyfastofan. Evrópska einkaleyfastofan hefur náð traustri fótfestu og hefur notkun kerfisins verið og er enn í stöðugum vexti.

Markmið Evrópsku einkaleyfastofunnar er að styrkja nýsköpun, auka samkeppni og efla hagvöxt í þágu íbúa Evrópu. Að því markmiði er unnið með veitingu einkaleyfa fyrir öll aðildarríkin á grundvelli samræmdra reglna.

Hátæknisamfélag í nútímaþjóðfélagi krefst öflugs og trausts einkaleyfakerfis sem nýta má til umbunar og verndar fyrir þá sem vinna að nýsköpun og þróun. Íslenskt atvinnu- og viðskiptalíf er hér engin undantekning. Íslenskt viðskiptaumhverfi er orðið mun alþjóðlegra en áður og landfræðileg mörk hafa stöðugt minna gildi. Á síðustu árum hefur Ísland tekið þátt í og fylgt þróun einkaleyfamála sem hefur verið í takt við þróun íslensks atvinnulífs og aukið mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs í landinu. Líta má á aðild að evrópska einkaleyfasamningnum sem framhald á þeirri þróun.

Telja má að aðild að evrópska einkaleyfakerfinu hafi jákvæð áhrif á skipan og framkvæmd einkaleyfamála í aðildarríkjum þess. Þá er ekki eingöngu átt við hagræðingu við meðferð umsókna heldur einnig varðandi samræmda vernd og samræmda framkvæmd. Þá er einnig mikið hagræði af samstarfi við öflun og miðlun upplýsinga á þessu sviði.

b. Verkefni og hlutverk Einkaleyfastofunnar.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar við veitingu einkaleyfa mun breytast nokkuð við aðild að evrópska einkaleyfasamningnum. Evrópska einkaleyfastofan veitir einkaleyfi fyrir öll aðildarríki sín. Búast má við því að meiri hluti allra einkaleyfa hér á landi verði einkaleyfi frá Evrópsku einkaleyfastofunni. Ýmis ný verkefni munu tengjast útgáfu evrópsku einkaleyfanna hér á landi og draga mun úr verkefnum sem tengjast útgáfu landsbundinna einkaleyfa.

Verkefni Einkaleyfastofunnar munu því breytast. Jafnframt mun aðildin hafa áhrif á rekstur Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfayfirvöld í aðildarríkjum hafa ekki tekjur af evrópskum einkaleyfisumsóknum. Tekjur þeirra byggjast á útgáfugjöldum og árgjöldum fyrir veitt einkaleyfi en helmingur þeirra árgjalda renna til aðildarríkjanna. Gera má því ráð fyrir að tekjur dragist verulega saman í 3–5 ár eftir aðild að evrópska einkaleyfasamningnum en aukist síðan eftir það þegar Einkaleyfastofan fær hluta árgjalda af einkaleyfum og útgáfugjöld.

Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli, sem fram koma í frumvarpinu, felast í eftirfarandi:

a. Afnumin er sú takmörkun varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir að um fyrstu læknisfræðilegu notkun þurfi að vera að ræða (1. gr.).
b. Sett eru lágmarksskilyrði sem umsókn þarf að uppfylla til að hún fái umsóknardag (2. gr.).
c. Heimilt verður að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands innan 31 mánaðar frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist, í stað 30 mánaða (4. gr.).
d. Skýrt er tekið fram að einkaleyfishafi geti óskað eftir takmörkun einkaleyfis (5. gr.).
e. Ákvæði um að dómstólar geti ógilt einkaleyfi í heild eða hluta er gert skýrara (6. gr.).
f. Sömu skilyrði gilda um endurveitingu réttinda vegna árgjalda og um endurveitingu réttinda vegna annarra tilvika (8. gr.).
g. Ákvæði 72. gr. um endurveitingu réttinda eiga einnig við um forgangsrétt skv. 1. mgr. 6. gr. (8. gr.).
h. Nýjum kafla, X. kafla a, um evrópsk einkaleyfi, er bætt inn í lögin þar sem íslensk löggjöf er samræmd evrópska einkaleyfasamningnum, breytingum á samningnum árið 2000 og Lundúnasamningnum varðandi þýðingar og þannig skapaður lagagrundvöllur fyrir því að unnt sé að framfylgja ákvæðum samningsins hér á landi (9. gr.).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. laganna er að finna sérreglu varðandi nýnæmisskilyrði þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir. Kemur fram að skilyrði í 1. mgr. 2. gr. um að uppfinningar skuli vera nýjar sé ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. (lækningaaðferðir) svo framarlega sem efnið eða efnablöndurnar eru ekki þekktar við einhverjar þessara aðferða. Einungis hefur því verið unnt að fá einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við lækningaaðferðir ef notkun efnisins er fyrsta læknisfræðilega notkun þess. Ef einhver uppgötvar síðar að unnt sé að nota efnið til lækninga á öðrum sjúkdómi (sbr. ensku: *second medical indication*) væri slíkt því ekki einkaleyfishæft samkvæmt ákvæðinu. Ákvæði sambærilegt 4. mgr. 2. gr. laganna er að finna í 5. mgr. 54. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

Á undanförnum árum hefur framkvæmdin víða breyst varðandi framangreind tilvik. Í framkvæmd hafa nú víða verið veitt einkaleyfi fyrir uppfinningu sem varða það þegar fundin er ný læknisfræðileg notkun þekkts efnis (sbr. ensku: *second medical indication*). Í samræmi við þessa þróun var með EPC 2000 lagt til að fallið yrði frá þeirri takmörkun sem fram kemur í 5. mgr. 54. gr. evrópska einkaleyfasamningsins að um fyrstu læknisfræðilegu notkun þurfi að vera að ræða. Var það gert þannig að bætt var við 54. gr. evrópska einkaleyfasamningsins nýrri málsgrein sem er sambærileg við nýja 5. mgr. 2. gr. sem lagt er til að bætt verði við einkaleyfalögin samkvæmt þessari grein. Samkvæmt nýrri 5. mgr. 2. gr. einkaleyfalaganna yrði því unnt að veita einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til tiltekinnar notkunar við lækningaaðferðir svo framarlega sem slík notkun er ekki þekkt.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lagt til að tekið verði upp það nýmæli að kveðið verði á um tiltekin lágmarksskilyrði til þess að umsókn fái umsóknardag. Samsvarandi ákvæði varðandi lágmarksskilyrði til að umsókn fái umsóknardag er að finna í evrópska einkaleyfasamningnum og einnig í fleiri alþjóðasamningum.

Í 25. gr. d í framkvæmdareglugerð samningsins, sbr. samþykktar breytingar 2002, er kveðið á um slík lágmarksskilyrði. Gert er ráð fyrir að Einkaleyfastofan geti séð af umsóknargögnum að um umsókn sé að ræða. Það yrði í höndum Einkaleyfastofunnar að meta hvenær framangreint skilyrði væri uppfyllt.

Einnig verður að vera unnt að ráða af umsóknargögnum hver umsækjandi sé og hvar unnt sé að hafa samband við hann. Nafn og/eða símanúmer gæti í vissum tilvikum verið nóg til að uppfylla þetta skilyrði.

Þá rannsakar Einkaleyfastofan hvort umsóknargögn hafi að geyma lýsingu á uppfinningu, teikningar eða tilvísun til fyrri umsóknar umsækjanda. Ef umsókn hefur að geyma lýsingu eru líkur til þess að umsóknin fái umsóknardag. Hvort lýsingin uppfylli þær form- og efniskröfur sem gerðar eru til lýsinga í einkaleyfalögunum og hvort lýsingin sé svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna varðar ekki veitingu umsóknardags. Vísi umsækjandi til fyrri umsóknar skal hann veita upplýsingar um hvar umsóknin var lögð inn, umsóknardag og umsóknarnúmer. Umsækjandi fær frest til að leggja inn afrit af fyrri umsókn sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Einkaleyfastofan leggur mat á það hvort umsóknargögn nægi til að veita umsókn umsóknardag. Ef skilyrði 1. mgr. fyrir veitingu umsóknardags eru ekki talin uppfyllt er umsækjanda send tilkynning þess efnis og honum gefinn tveggja mánaða frestur til að bæta þar úr. Fresturinn miðast við dagsetningu tilkynningar um ágalla. Bæti umsækjandi úr ágöllum innan tveggja mánaða frestsins miðast umsóknardagur við þann dag sem lagfæringar bárust Einkaleyfastofunni. Ef ekki er bætt úr ágöllum innan frestsins er litið svo á að umsókn hafi ekki verið lögð inn. „Umsóknin“ hefur því engin réttaráhrif og þau gögn, sem umsækjandi hefur lagt inn, eru endursend, að því tilskildu að unnt sé að hafa samband við umsækjanda.

Um 3. gr.

Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur er lagt til að samræmd verði orðnotkun í einkaleyfalögum. Talað er um einkaleyfisskjal í öðrum ákvæðum einkaleyfalaganna fyrir það sama og orðið einkaleyfisbréf stendur fyrir í núgildandi 20. gr. laganna. Með einkaleyfisskjali er átt við einkaleyfið eins og það er útgefið og afhent einkaleyfishafa.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um frest til yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar til Íslands.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að frestur til að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands verði 31 mánuður í stað 30 mánaða samkvæmt gildandi lögum. Með þessari breytingu er verið að samræma íslenska löggjöf 107. gr. framkvæmdareglna evrópska einkaleyfasamningsins. Þó svo að slíkt sé ekki nauðsynlegt vegna aðildar að samningnum hafa mörg aðildarríki samstarfssamningsins um einkaleyfi (PCT-samningsins) tekið upp 31 mánaðar frest. Breytingin er talin vera til hagræðis fyrir umsækjendur þar sem sum ríki hafa 30 mánaða frest til yfirfærslu en önnur 31 mánuð sem veldur ákveðinni óvissu fyrir umsækjendur. Þannig má draga úr líkum á réttindamissi.

Lagt er til í b-lið að 2. mgr. verði felld brott. Áður var frestur til að yfirfæra alþjóðlega umsókn 20 mánuðir. Þá þurfti umsækjandi að leggja inn beiðni um alþjóðlega forathugun á

einkaleyfishæfi innan 19 mánaða til að fá 30 mánaða frest til yfirfærslu. Eftir að 20 mánaða frestinum til yfirfærslu var breytt í 30 mánaða frest, sbr. 22. gr. samstarfssamningsins um einkaleyfi, gildir 19 mánaða fresturinn ekki lengur. Frestur til að leggja inn beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi uppfinningar er nú miðaður við dagsetningu alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarskýrslu eða við forgangsréttardag og hefur ekki áhrif á réttinn til yfirfærslu innan 30 mánaða.

Um 5. gr.

Um a-lið (40. gr. a).

Hér er um að ræða ákvæði sem felur í sér að einkaleyfishafi geti fengið einkaleyfi takmarkað hjá einkaleyfayfirvöldum. Einungis einkaleyfishafi hefur heimild samkvæmt ákvæðinu til að óska eftir takmörkun. Ákvæðið tekur bæði til einkaleyfa, sem veitt hafa verið af hálfu Einkaleyfastofunnar, og evrópskra einkaleyfa sem gilda hér á landi.

Samkvæmt 105. gr. a – 105. gr. c í EPC 2000 getur einkaleyfishafi m.a. óskað eftir því við Evrópsku einkaleyfastofuna að hún takmarki evrópskt einkaleyfi. Það kemur þó ekki í veg fyrir að einkaleyfishafi getið óskað eftir því við Einkaleyfastofuna að hún takmarki evrópskt einkaleyfi sem gildir hér á landi. Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar gildir fyrir öll aðildarríki samningsins þar sem einkaleyfið er eða hefur verið í gildi en ákvörðun Einkaleyfastofunnar gildir einungis á Íslandi. Takmörkun einkaleyfis hefur áhrif frá birtingu tilkynningar (ex nunc).

Beiðni um takmörkun einkaleyfis verður að hafa að geyma efnislega takmörkun á einkaleyfiskröfum eins og þær voru upprunalega orðaðar eða síðar breytt. Ekki er leyfilegt að breyta orðalagi krafna í veittu einkaleyfi til þess eins að skýra efni þeirra. Lýsingu má einungis breyta samhliða breytingum á kröfum. Einkaleyfishafi þarf ekki að útskýra í beiðni sinni um takmörkun einkaleyfis ástæður fyrir takmörkuninni en hins vegar verður hann að útskýra greinilega með hvaða hætti hinar breyttu kröfur eru frábrugðnar fyrri kröfum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ekki sé unnt að leggja inn beiðni skv. 1. mgr. sé einkaleyfi andlag fullnustugerðar, veðsetningar eða dómsmáls skv. 52. eða 53. gr. Með fullnustugerðum er einkum átt við aðfarargerðir (þar á meðal fjárnám), bráðabirgðagerðir (þ.e. kyrrsetningu, lögbann og löggeymslu), nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúum.

Í 3. mgr. kemur fram að einkaleyfishafi skuli greiða tilskilið gjald fyrir beiðni um takmörkun skv. 1. mgr. Ef einkaleyfishafi óskar eftir því við Einkaleyfastofuna að einkaleyfið verði takmarkað er nauðsynlegt að meta umbeðna takmörkun á einkaleyfinu, sbr. nánar 40. gr. b (b-lið 5. gr.) í frumvarpi þessu. Slíkt mat getur krafist töluverðrar vinnu af hálfu Einkaleyfastofunnar og því eðlilegt að gjald sé tekið fyrir.

Um b-lið (40. gr. b).

Í 1. mgr. er fjallað um meðferð Einkaleyfastofunnar á beiðni um takmörkun einkaleyfis. Samkvæmt ákvæðinu skal Einkaleyfastofan ganga úr skugga um að beiðni uppfylli skilyrði 40. gr. a og að takmörkunin falli ekki undir tilvik 2.–4. tölul. 1. mgr. 52. gr. en 2. tölul. 1. mgr. 52. gr. tekur til þess að einkaleyfi, sem búið er að takmarka, verði að fjalla um uppfinninguna á þann hátt að fagmaður geti útfært hana. Einkaleyfastofan þarf því að ganga úr skugga um að nýjar kröfur séu skýrar. Af 3. tölul. 1. mgr. 52. gr. leiðir að takmörkunin má ekki hafa í för með sér að einkaleyfið taki til atriða sem ekki komu fram í upprunalegu umsókninni. Takmarkað einkaleyfi verður því að eiga sér stoð í umsókninni eins og hún var upphaflega lögð inn. Hvað varðar 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. má ekki breyta einkaleyfiskröfum þannig að verndarsvið einkaleyfisins rýmki frá því að það var veitt.

Telji Einkaleyfastofan að eitthvað sé því til fyrirstöðu að fallast á framkomna beiðni skal einkaleyfishafa gefinn kostur á að tjá sig um málið eða bæta úr ágöllum. Ef einkaleyfishafi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir eða telji Einkaleyfastofan, að fengnu svari einkaleyfishafa, enn eitthvað mæla á móti því að beiðnin verði samþykkt og hafi einkaleyfishafi fengið tækifæri til að tjá sig um það atriði skal beiðninni hafnað. Sé beiðni um takmörkun hafnað stendur einkaleyfið óbreytt.

Í 2. mgr. er kveðið á um meðferð ef ekkert er því til fyrirstöðu að samþykkja beiðni einkaleyfishafa skv. 40. gr. a. Einkaleyfið er þá takmarkað í samræmi við beiðnina, tilkynning birt um ákvörðunina í ELS-tíðindum og nýtt einkaleyfisskjal útbúið. Útgáfa á nýju, breyttu einkaleyfisskjali og birting tilkynningar um takmörkun er háð því að einkaleyfishafi greiði tilskilið gjald fyrir endurútgáfu leyfisins.

Í 3. mgr. kemur fram að takmörkun einkaleyfis skv. 2. mgr. hafi áhrif frá birtingu tilkynningar um breytinguna (ex nunc).

Í 4. mgr. er kveðið á um að einkaleyfishafa sé skylt að upplýsa dómara í ógildingarmáli um framlagða beiðni um takmörkun á einkaleyfi. Þessi upplýsingaskylda gagnvart dómstólum á ekki einungis við þegar beiðni um takmörkun hefur verið lögð inn til Einkaleyfastofunnar heldur á hún einnig við þegar beiðni um takmörkun hefur verið lögð inn til Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Í 5. mgr. er kveðið á um að einkaleyfishafi geti skotið til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að hafna beiðni um takmörkun einkaleyfis. Ákvæðið er að mörgu leyti sambærilegt við 67. gr. einkaleyfalaganna en samkvæmt þessu ákvæði er það einungis einkaleyfishafi sem getur skotið fyrrgreindri endanlegri ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar.

Um 6. gr.

Í 52. gr. einkaleyfalaga er fjallað um ógildingu einkaleyfa fyrir dómstólum. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að tekið verði fram að unnt sé að ógilda einkaleyfi í heild eða að hluta með dómi. Ekki er um efnislega breytingu að ræða þar eð fram kom í greinargerð frumvarps til einkaleyfalaga, nr. 17/1991, að slíkt væri heimilt. Tekin eru af öll tvímæli um að dómstólar geti einnig takmarkað verndarsvið einkaleyfis með breytingum á kröfum. Bent skal á að einkaleyfishafi getur að eigin frumkvæði lagt til takmörkun á einkaleyfinu. Greininni svipar efnislega til 3. mgr. 138. gr. EPC 2000.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 54. gr. laganna.

Í a-lið er lagt til að á eftir orðunum „skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið“ í 1. mgr. komi: í heild. Í 1. mgr. 54. gr. laganna kemur fram að einkaleyfafyfirvöld skuli lýsa einkaleyfið niður fallið ef einkaleyfishafi fellur frá einkaleyfi sínu með skriflegri yfirlýsingu til þeirra. Þrátt fyrir að það komi ekki fram í ákvæðinu sjálfu kemur fram í athugasemdum við 54. gr. frumvarps til einkaleyfalaga, nr. 17/1991, að unnt sé að falla frá einkaleyfi í heild eða að hluta. Nú er samkvæmt frumvarpinu lagt til að einungis verði unnt að falla frá einkaleyfi í heild skv. 54. gr. Ástæða þess er einkum sú að skv. 5. gr. frumvarps þessa er bætt við lögin nýjum greinum, 40. gr. a og 40. gr. b, þar sem kveðið er á um heimild einkaleyfishafa til að óska eftir því við Einkaleyfastofuna að hún takmarki verndarsvið einkaleyfis. Þar er m.a. tekið fram að ákveðin skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að takmörkun einkaleyfis nái fram að ganga og einnig er tekið fram að fyrir beiðni um takmörkun skuli einkaleyfishafi greiða tilskilið gjald. Samkvæmt framangreindum ákvæðum skal Einkaleyfastofan yfirfara

framlagða beiðni um takmörkun einkaleyfis. Meðal þess þarf að kanna hvort um efnislega takmörkun sé að ræða sem getur krafist töluverðrar vinnu af hálfu Einkaleyfastofunnar og því eðlilegt að gjald sé tekið fyrir. Þá er einnig kveðið á um það í 40. gr. b (b-lið 5. gr.) í frumvarpi þessu, verði einkaleyfið takmarkað samkvæmt beiðni einkaleyfishafa, að Einkaleyfastofan skuli birta tilkynningu um ákvörðunina og útbúa nýtt einkaleyfisskjal eftir að einkaleyfishafi hefur greitt tilskilið gjald fyrir endurútgáfu þess. Í 54. gr. er hins vegar hvorki kveðið á um formlega athugun á beiðni um niðurfellingu einkaleyfis að hluta né gjald fyrir takmörkun einkaleyfis eða útgáfu nýs einkaleyfisskjals gegn greiðslu tilskilins gjalds. Þar eð takmörkun einkaleyfis krefst fyrrgreindrar athugunar og er háð tilteknum skilyrðum sem ekki eiga við um niðurfellingu þykir rétt að þetta ákvæði taki einungis til niðurfellingar einkaleyfis í heild.

Í b-lið er lagt til að í ákvæðinu komi fram frá hvaða tíma niðurfelling einkaleyfis skv. 54. gr. hefur áhrif en samkvæmt einkaleyfalögum kemur það einungis fram í greinargerð. Niðurfelling einkaleyfis skv. 54. gr. hefur áhrif frá birtingu tilkynningar (ex nunc).

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 72. gr. einkaleyfalaganna, m.a. að sameina 1. og. 2. mgr. 72. gr. í eina málsgrein. Breytingarnar eru í samræmi við 122. gr. EPC 2000 og 85. gr. b í framkvæmdareglugerð samningsins eins og henni var breytt árið 2002.

Í a-lið er lagt til að bæði umsækjandi og einkaleyfishafi geti lagt fram beiðni um endurveitingu réttinda skv. 1. mgr. Samkvæmt einkaleyfalögum getur einkaleyfishafi aðeins farið fram á endurveitingu þegar réttindi hafa glatast vegna vangoldinna árgjalda. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að einkaleyfishafi og umsækjandi hafi sömu möguleika til að fara fram á endurveitingu hvort sem réttindi glatast vegna vangoldinna árgjalda eða annarra tilvika. Gert er ráð fyrir að ákvæði 72. gr. einkaleyfalaganna eigi við um evrópsk einkaleyfi eftir því sem við á, þar á meðal um þýðingar og gjöld, sbr. d-lið 9. gr. (78. gr.) frumvarps þessa.

Lagt er til í b-lið að 2. mgr. 72. gr. einkaleyfalaganna verði felld brott. Með breytingunni er stefnt að samræmingu heimilda til endurveitingar þannig að um árgjöld gildi sömu frestir og kveðið er á um í núgildandi 1. mgr. 72. gr. Skv. 41. gr. einkaleyfalaganna er heimilt að greiða árgjöld með tilskilinni hækkun innan sex mánaða frá gjalddaga. Þá er mögulegt skv. 2. mgr. 72. gr. að greiða árgjöld sex mánuðum síðar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Því hefur verið mögulegt að greiða árgjöld allt að tólf mánuðum eftir gjalddaga. Með hliðsjón af framangreindum breytingum á 72. gr. lengist sá tími úr tólf mánuðum í átján mánuði.

Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að endurveiting eigi ekki við um 1. mgr. 6. gr. einkaleyfalaganna. Lagt er til í c-lið að tilvísun til 1. mgr. 6. gr. einkaleyfalaganna verði felld brott þannig að umsækjandi geti lagt fram beiðni um endurveitingu forgangsréttar svo framarlega sem hann hafi gert allt sem með sanngirni mátti af honum krefjast til að virða frestinn og að beiðnin sé lögð fram innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem getið er um í 6. gr. einkaleyfalaganna. Forgangsrétturinn er því áfram tólf mánuðir en ef skilyrðum til endurveitingar er fullnægt er þó mögulegt að leggja inn umsókn sem byggist á forgangsrétti allt að fjórtán mánuðum frá forgangsréttardegi.

Lagt er til í d-lið að kveðið verði á um að 72. gr. einkaleyfalaganna eigi við um yfirfærslu alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skv. 31. gr. Þrátt fyrir að framkvæmdin hafi verið með þessum hætti þykir rétt að taka það skýrt fram. Í d-lið er einnig kveðið á um að 72. gr. eigi við um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem yfirfærðar eru til Íslands þegar umsækjandi hefur glatað rétti vegna þess að frestir hafa ekki verið virtir gagnvart viðtökuyfirvöldum, alþjóðlegum nýnæmisrannsóknaryfirvöldum, yfirvöldum sem framkvæma alþjóðlega forathugun

á einkaleyfishæfi og alþjóðaskrifstofunni. Tekið skal fram að alþjóðaskrifstofan starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 48. gr. samstarfssamningins um einkaleyfi (PCT) og reglu 82 a (á ensku 82 bis) í reglum með samningnum.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin nýjum kafla, X. kafla a, sem beri heitið Evrópsk einkaleyfi og geymi átján nýjar greinar. Kaflinn fjallar um evrópsk einkaleyfi og gildi þeirra hér á landi. Með 9. gr. er skapaður lagagrundvöllur fyrir því að unnt sé að framfylgja ákvæðum samningsins hér á landi.

Um a-lið (75. gr.).

Í greininni er m.a. að finna skilgreiningu á evrópsku einkaleyfi, ákvæði um móttöku og framsendingu evrópskrar einkaleyfisumsóknar og ákvæði um gildissvið kafla þessa.

Í 1. mgr. er vísað til evrópska einkaleyfasamningsins, sem undirritaður var í München 5. október 1973 og gekk í gildi 7. október 1977, varðandi skilgreiningu á evrópsku einkaleyfi. Skv. 1. mgr. 2. gr. samningsins skulu einkaleyfi, sem veitt eru samkvæmt honum, bera heitið evrópsk einkaleyfi.

Aðild Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum hefur skv. 2. mgr. í för með sér að evrópskt einkaleyfi getur tekið til Íslands.

Í 3. mgr. er fjallað um hvar unnt sé að leggja inn evrópskar einkaleyfisumsóknir, svo og framsendingu þeirra. Viðtökuyfirvöld geta verið Evrópska einkaleyfastofan (European Patent Office eða EPO) eða Einkaleyfastofan, sbr. 75. gr. samningsins, nema þegar um er að ræða hlutunarumsókn, sbr. 76. gr. samningsins, en þá verður umsókn einungis lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Öllum, þar á meðal erlendum aðilum, er heimilt að leggja inn evrópska einkaleyfisumsókn hjá Einkaleyfastofunni svo framarlega sem ákvæði laga eða reglugerða aðildarríkja að samningnum kveða ekki á um annað, sbr. 75. gr. samningsins.

Einkaleyfastofunni ber að framsenda evrópskar einkaleyfisumsóknir til Evrópsku einkaleyfastofunnar innan tilskilinna tímamarka. Að öðrum kosti telst umsóknin dregin til baka samkvæmt ákvæðum 77. gr. EPC 2000 og grein 25 a í framkvæmdareglugerð samningsins en þar er um að ræða nýja reglu, sbr. samþykktar breytingar árið 2002. Nánar verður kveðið á um þetta í reglugerð sem iðnaðarráðherra setur. Teljist evrópsk einkaleyfisumsókn dregin til baka af framangreindri ástæðu getur umsækjandi lagt inn beiðni um að evrópsku einkaleyfisumsókninni verði breytt í landsbundna einkaleyfisumsókn, sbr. o-lið (88. gr.) þessarar greinar frumvarps þessa.

Ákvæði kafla þessa gilda um evrópsk einkaleyfi og evrópskar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

Um b-lið (76. gr.).

Þessi grein á sér stoð í ákvæðum 2. og 97. gr. evrópska einkaleyfasamningsins. Skv. 3. mgr. 97. gr. EPC 2000 tekur ákvörðun um að veita evrópskt einkaleyfi ekki gildi fyrr en þann dag sem Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitinguna. Í samræmi við 2. gr. samningsins hefur evrópskt einkaleyfi, sem öðlast hefur gildi hér á landi, sömu áhrif og einkaleyfi sem veitt er af Einkaleyfastofunni og gilda um það sömu reglur nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögum þessum.

Eins og að framan greinir er meginreglan sú að sömu reglur og um landsbundin einkaleyfi gilda um evrópskt einkaleyfi eftir að það hefur öðlast gildi hér á landi. Undantekning er þó varðandi andmæli og áfrýjun. Einkaleyfastofan kemur ekki að mati á því hvort evrópsk

einkaleyfisumsókn uppfylli skilyrði fyrir veitingu heldur er það alfarið mat Evrópsku einkaleyfastofunnar. Andmæli verða því aðeins borin upp við Evrópsku einkaleyfastofuna. Sama gildir um áfrýjun þegar um er að ræða ákvarðanir sem teknar hafa verið af Evrópsku einkaleyfastofunni. Þær ákvarðanir verða ekki bornar undir áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar hér á landi.

Um c-lið (77. gr.).

Í þessari grein er fjallað um hvað þurfi að gera til að evrópskt einkaleyfi öðlist gildi hér á landi. Ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir gildistöku hér á landi er að umsækjandi skili inn þýðingu og greiði gjald innan tilskilins frests. Þótt hér sé fjallað um evrópskt einkaleyfi er hugtakið umsækjandi notað á því tímabili sem evrópska einkaleyfið hefur ekki öðlast gildi hér á landi. Í þessu sambandi skal einnig bent á að litið er svo á að reglur 12. gr. einkaleyfalaga um skyldu umsækjanda til að hafa umboðsmann eigi hér við.

Ákvæði 1. mgr. er byggt á 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins og samningi sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000, hér eftir nefndur Lundúnasamningur. Tilgangur Lundúnasamningsins er að draga úr kostnaði vegna þýðinga á evrópskum einkaleyfum.

Lundúnasamningurinn hefur að geyma nýjar reglur um þýðingar. Skv. 2. mgr. 1. gr. samningsins skal sérhvert aðildarríki að honum, þar sem opinbert tungumál er ekki eitt hinna opinberu tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar, þ.e. enska, þýska eða franska, falla frá kröfum um þýðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins. Skilyrði er að evrópskt einkaleyfi hafi verið veitt á því opinbera tungumáli Evrópsku einkaleyfastofunnar, sem viðkomandi aðildarríki samþykkir, eða þýtt á það tungumál. Hins vegar er aðildarríki heimilt að krefjast þess að þýðing á einkaleyfiskröfum á opinbert mál viðkomandi ríkis skuli lögð fram.

Stefnt er að því að undirrita og fullgilda Lundúnasamninginn fyrir Íslands hönd í tengslum við aðild að evrópska einkaleyfasamningnum. Í samræmi við ákvæði Lundúnasamningsins er lagt til að heimilt verði að leggja fram enska þýðingu af texta einkaleyfis þegar einkaleyfi hefur verið veitt á öðrum tungumálum. Umsækjandi þarf þó jafnframt að afhenda íslenska þýðingu af kröfum einkaleyfis. Þegar evrópskt einkaleyfi hefur verið veitt á ensku þarf umsækjandi einungis að leggja fram íslenska þýðingu af kröfum einkaleyfisins. Taki Evrópska einkaleyfastofan ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu gilda sömu reglur um þýðingar varðandi hina breyttu útgáfu.

Umsækjandi skal greiða tilskilið gjald fyrir útgáfu. Verði einkaleyfinu síðar breytt þarf hann jafnframt að greiða fyrir útgáfu á breyttu einkaleyfi. Í reglugerð verður kveðið á um fjárhæð gjaldanna.

Gert er ráð fyrir því að í reglugerð iðnaðarráðherra sé ákveðinn frestur sá er umsækjandi hefur til að leggja fram þýðingu og greiða gjald skv. 1. mgr. Sá frestur verður ekki framlengdur. Fresturinn reiknast frá þeim degi sem Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða tekur ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu. Skv. 65. gr. samningsins er það meginreglan að frestur til að leggja fram þýðingar eða greiða gjald skv. 1. mgr. sé þrír mánuðir en aðildarríkjum er þó heimilt að hafa lengri frest. Rök kunna að vera fyrir því að hafa lengri frest hér á landi fyrir umsækjendur til að leggja fram þýðingar á kröfum þar eð takmarkaður fjöldi þýðenda er fyrir hendi hér á landi á sérhæfðum sviðum. Hins vegar skal þó bent á að skv. 99. gr. samningsins er andmælafrestur níu mánuðir frá birtingu tilkynningar Evrópsku einkaleyfastofunnar um veitingu einkaleyfis. Því styttist tíminn til andmæla hér á landi því lengri sem frestur til að leggja inn þýðingu verður. Tekið skal fram að ákvæði 15. gr. einkaleyfalaganna eiga ekki við í þessum tilvikum þar eð greinin fjallar um endurupptöku umsókna en ekki einkaleyfi. Í þessari grein er hins vegar verið að fjalla

um evrópsk einkaleyfi og gildistöku þeirra hér á landi. Umsækjandi gæti þó lagt fram beiðni um endurveitingu skv. 72. gr. hafi hann glatað réttindum þar sem hann virti ekki framangreindan frest.

Samkvæmt 2. mgr. skulu gögn skv. 1. mgr. vera öllum aðgengileg. Það á ekki við hafi Evrópska einkaleyfastofan ekki birt umsóknina. Á slíkt gæti reynt ef Evrópska einkaleyfastofan tilkynnir veitingu einkaleyfis innan átján mánaða eftir umsóknardag eða forgangsréttardag og umsóknin hefur því ekki verið gerð öllum aðgengileg. Í slíkum tilvikum yrði umsóknin birt samtímis evrópska einkaleyfinu.

Samkvæmt 3. mgr. birtir Einkaleyfastofan fyrst auglýsingu um að gögn skv. 1. mgr. séu aðgengileg þegar ljóst er að einkaleyfið hefur verið veitt eða staðfest í breyttri útgáfu.

Um d-lið (78. gr.).

Greinin tekur á endurveitingu réttinda, auglýsingaskyldu og fornotkunarrétti.

Samkvæmt b-lið þessarar greinar frumvarpins eiga almenn ákvæði einkaleyfalaganna við um evrópsk einkaleyfi sem öðlast hafa gildi hér á landi nema annað sé tekið fram í lögunum. Evrópskt einkaleyfi öðlast gildi hér á landi eftir að einkaleyfishafi hefur fullnægt skilyrðum c-liðar (77. gr.) þessarar greinar varðandi þýðingar og gjöld. Af framangreindu leiðir að ákvæði 72. gr. einkaleyfalaga eiga við eftir að evrópska einkaleyfið hefur öðlast gildi hér á landi. Hins vegar gæti leikið vafi á hvort 72. gr. laganna ætti við um þýðingar og greiðslu gjalds þar eð evrópska einkaleyfið hefur ekki öðlast gildi hér á landi í þeim tilvikum. Lagt er til að einkaleyfishafa sé heimilt að óska eftir endurveitingu í þeim tilvikum og er það því sérstaklega tilgreint í greininni. Ekki er unnt að gagnálykta út frá greininni þannig að endurveiting komi ekki til álita í öðrum tilvikum. Hvað varðar önnur efnisatriði greinarinnar vísast til 72. gr. einkaleyfalaganna.

Samkvæmt 2. mgr. skal Einkaleyfastofan birta auglýsingu þegar réttindi eru endurveitt á grundvelli 72. gr. einkaleyfalaganna.

Í 3. mgr. er fjallað um svokallaðan fornotkunarrétt en ákvæðið svarar efnislega til 2. og 3. mgr. 74. gr. gildandi laga.

Um e-lið (79. gr.).

Samkvæmt b-lið (76. gr.) greinarinnar gilda sömu reglur um evrópskt einkaleyfi, sem öðlast hefur gildi hér á landi, og einkaleyfi, veitt hér á landi, nema kveðið sé á um annað í lögunum. Í samræmi við framangreint gilda ákvæði 1. mgr. 52. gr. um evrópsk einkaleyfi. En skv. 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. má ógilda einkaleyfi ef verndarsvið einkaleyfisins hefur verið rýmkað eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu umsækjanda skv. 19. gr. einkaleyfalaganna að unnt væri að veita einkaleyfi. Vegna tilvísunar til 19. gr. er þörf á að taka það sérstaklega fram að 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. einkaleyfalaganna eigi einnig við um evrópsk einkaleyfi, veitt af Evrópsku einkaleyfastofunni, hafi verndarsvið einkaleyfis verið rýmkað eftir birtingu tilkynningar um veitingu evrópsks einkaleyfis skv. b-lið 9. gr. frumvarpsins.

Framangreint samræmist ákvæðum 138. gr. evrópska einkaleyfasamningsins sem fjallar um grundvöll ógildingar samkvæmt lögum aðildarríkis.

Um f-lið (80. gr.).

Greinin fjallar um takmörkun, niðurfellingu eða ógildingu á evrópsku einkaleyfi af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að takmarka, fella niður eða ógilda evrópskt einkaleyfi hefur sömu áhrif hér á landi.

Greinin er byggð á 105. gr. a – 105. gr. c í EPC 2000 og 68. gr. EPC 2000.

Samkvæmt 68. gr. EPC 2000 getur Evrópska einkaleyfastofan takmarkað eða ógilt evrópskt einkaleyfi í kjölfar andmæla. Slík ákvörðun hefur áhrif frá upphafi (ex tunc).

Samkvæmt 105. gr. a – 105. gr. c í EPC 2000 getur einkaleyfishafi farið fram á að evrópskt einkaleyfi sé takmarkað eða það fellt niður. Slík ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að takmarka eða fella niður einkaleyfi hefur áhrif í öllum aðildarríkjum samningsins þar sem einkaleyfið hefur öðlast gildi. Ákvörðunin hefur gildi frá þeim tíma sem Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um takmörkun eða niðurfellingu einkaleyfis.

Einkaleyfastofan skal birta auglýsingu hafi evrópskt einkaleyfi verið takmarkað, fellt niður eða ógilt. Ákvæðið er í samræmi við þá meginreglu að þriðji maður eigi að geta fylgst með stöðu allra einkaleyfa sem gerð hafa verið aðgengileg almenningi.

Um g-lið (81. gr.).

Greinin hefur að geyma ákvæði um greiðslu árgjalda af evrópskum einkaleyfum og afleiðingar þess að þau séu ekki greidd. Ákvæðið á stoð í 141. gr. evrópska einkaleyfasamningsins. Í 1. mgr. er kveðið á um að greiða þurfi árgjald af evrópsku einkaleyfi til Einkaleyfastofunnar til að einkaleyfið haldi gildi hér á landi. Árgjald þarf að greiða fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að Evrópska einkaleyfastofan tilkynnir ákvörðun um veitingu leyfisins. Árgjöld vegna umsókna um evrópsk einkaleyfi eru hins vegar greidd Evrópsku einkaleyfastofunni.

Samkvæmt 41. gr. einkaleyfalaga fellur árgjald í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Sama viðmið kemur fram í 37. gr. framkvæmdareglna samningsins. Samkvæmt framansögðu er sá skilningur lagður í „ár“, í tengslum við árgjöld, að um sé að ræða gjaldár en ekki almanaksár. Greiðsla árgjalds fyrir fyrsta gjaldár eftir veitingu skal þó í fyrsta lagi falla í gjalddaga og berast Einkaleyfastofunni fjórum mánuðum eftir að Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitingu evrópsks einkaleyfis.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. einkaleyfalaganna er heimilt að greiða árgjald, með tilskilinni hækkun, innan sex mánaða frá gjalddaga. Sama gildir um árgjaldagreiðslur vegna evrópskra einkaleyfa. Verði árgjaldið ekki greitt innan þess frests verður evrópska einkaleyfið afskrifað án undanfarandi tilkynningar. Bent skal á að einkaleyfishafi getur óskað endurveitingar skv. 72. gr. einkaleyfalaganna að uppfylltum skilyrðum þeirrar greinar.

Í 2. mgr. er fjallað um afleiðingar þess að árgjald sé ekki greitt. Skv. 51. gr. einkaleyfalaganna fellur einkaleyfi úr gildi, sé árgjald ekki greitt, frá og með byrjun þess gjaldárs sem ekki er greitt fyrir. Ákvæði 51. gr. gildir með sama hætti um evrópsk einkaleyfi.

Um h-lið (82. gr.).

Greinin hefur að geyma ákvæði um réttaráhrif evrópskra einkaleyfisumsókna hér á landi, bæði hvað varðar forgangsrétt og nýnæmi.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 66. og 139. gr. evrópska einkaleyfasamningsins. Í 66. gr. samningsins er kveðið á um að evrópsk einkaleyfisumsókn jafngildi landsbundinni umsókn hér á landi svo framarlega sem evrópsku einkaleyfisumsókninni hafi verið gefið umsóknarnúmer. Hafi umsækjandi krafist forgangsréttar í evrópskri einkaleyfisumsókn er lagt til að sá forgangsréttur gildi einnig hér á landi.

Í 2. mgr. er vísað til þess að við beitingu 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. einkaleyfalaga skuli evrópsk einkaleyfisumsókn, sem birt hefur verið af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar skv. 93. gr. samningsins, lögð að jöfnu við umsóknir sem birtar eru skv. 22. gr. einkaleyfalaganna. Því telst efni evrópskrar einkaleyfisumsóknar, sem lögð hefur verið inn fyrir umsóknardag annarrar umsóknar, þekkt (nýnæmishindrandi) ef aðgangur hefur orðið almennur að fyrri umsókninni skv. 93. gr. samningsins.

Samkvæmt síðari málslið 2. mgr. er birting skv. 3. mgr. 153. gr. EPC 2000 lögð að jöfnu við birtingu skv. 22. gr. einkaleyfalaganna en skv. 3. mgr. 153. gr. EPC 2000 skal birting á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn (PCT- umsókn þar sem Evrópska einkaleyfastofan er tilnefnd)

koma í stað birtingar á evrópskri einkaleyfisumsókn ef umsóknin er birt á opinberu tungumáli Evrópsku einkaleyfastofunnar. Skal hennar þá getið í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar (European Patent Bulletin).

Um i-lið (83. gr.).

Greinin hefur að geyma ákvæði um þá vernd sem evrópsk einkaleyfisumsókn getur notið á umsóknartímanum, svonefnda bráðabirgðavernd. Slík vernd kemur aðeins til greina ef umsókn leiðir til veitts einkaleyfis. Í 1. mgr. er tekið fram hvað umsækjandi þurfi að gera til að öðlast slíka bráðabirgðavernd og einnig hvaða skyldur hvíla á Einkaleyfastofunni. Í 2. mgr. kemur síðan fram í hverju verndin felst.

Greinin er byggð á ákvæðum 67. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, þar sem kveðið er á um vernd á umsóknartíma, og 2. mgr. 69. gr. EPC 2000 sem fjallar um umfang verndar.

Í 1. mgr. kemur fram að umsækjandi þurfi að afhenda íslenska þýðingu á kröfum umsóknarinnar til að öðlast bráðabirgðavernd. Ákvæðið samræmist 3. mgr. 67. gr. samningsins þar sem aðildarríkjum, sem hafa ekki það tungumál, sem meðferð fór fram á, sem opinbert tungumál, er heimilað að skilyrða bráðabirgðavernd við þýðingu á mál viðkomandi ríkis. Þýðingin á að vera gerð aðgengileg almenningi og ber Einkaleyfastofunni að birta tilkynningu þess efnis.

Í 2. mgr. er kveðið á um umfang bráðabirgðaverndar. Fyrst kemur fram að verndin sé virk frá því að tilkynning hefur verið birt um að þýðing umsóknar sé aðgengileg, sbr. 1. mgr. Þá kemur fram að verndin nái þó aðeins til þess sem fram kemur bæði í kröfunum eins og þær voru í umsókn og eins og þær voru í veittu einkaleyfi eða eftir að það hefur verið takmarkað.

Í síðasta málslið 2. mgr. kemur fram sú takmörkun að á grundvelli bráðabirgðaverndar sé ekki unnt að beita refsiúrræðum skv. 57. gr. Enn fremur er aðeins unnt að dæma bætur að því marki sem það telst sanngjarnt, þ.e. skv. 2. mgr. 58. gr. Umfang bráðabirgðaverndar er að þessu leyti sambærilegt við vernd íslenskra umsókna frá þeim tíma sem þær eru gerðar aðgengilegar almenningi og þangað til veiting einkaleyfis er auglýst.

Um j-lið (84. gr.).

Greinin hefur að geyma ákvæði um áhrif þess hér á landi að evrópskri einkaleyfisumsókn, sem tekur til Íslands, er hafnað, hún dregin til baka eða líta ber svo á að hún hafi verið dregin til baka. Ákvæði greinarinnar er byggt á 4. mgr. 67. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

Í 66. gr. og 1.–3. mgr. 67. gr. samningsins er kveðið á um réttaráhrif evrópskrar einkaleyfisumsóknar í þeim aðildarríkjum að samningnum sem umsóknin tekur til. Í 4. mgr. 67. gr. samningsins er hins vegar kveðið á um hvaða áhrif endanleg höfnun á evrópskri einkaleyfisumsókn, sem og afturköllun á slíkri umsókn eða tilnefningu aðildarríkis í umsókn, hefur í þeim aðildarríkjum sem umsóknin tekur til.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik þegar evrópsk einkaleyfisumsókn er dregin til baka, tilnefning á Íslandi í slíkri umsókn er dregin til baka eða líta ber svo á að umsóknin eða tilnefningin hafi verið dregin til baka. Hafi umsókn ekki verið tekin til frekari meðferðar, sbr. 121. gr. samningsins, hefur afturköllun umsóknar eða tilnefningar sömu áhrif og þegar umsókn er dregin til baka hér á landi. Áhrif afturköllunar eða tilnefningar verða því ekki virk fyrr en frestur til frekari meðferðar skv. 121. gr. samningsins er útrunninn. Tekið skal fram að í einkaleyfalögum er ekki að finna almenn ákvæði er kveða á um afturköllun umsókna. Umsækjandi getur þó afturkallað umsókn sína á hvaða stigi meðferðar sem er. Afturköllun umsóknar hefur þau áhrif að umsóknin er felld úr gildi.

Í 2. mgr. er fjallað um það þegar evrópskri einkaleyfisumsókn er endanlega hafnað af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar. Slík höfnun hefur sömu áhrif og endanleg höfnun umsóknar hér á landi.

Um k-lið (85. gr.).

Greinin er byggð á 3. mgr. 70. gr. evrópska einkaleyfasamningsins. Hefur hún að geyma ákvæði um það hvaða texti evrópsks einkaleyfis/umsóknar skuli ráða hér á landi.

Samkvæmt 1. mgr. tekur einkaleyfisverndin aðeins til þess sem fram kemur bæði í þýðingu og þeim texta á því tungumáli sem notað var við málsmeðferð.

Í 2. mgr. er að finna takmörkun á reglunni í 1. mgr. Þannig er það aðeins texti á tungumáli málsmeðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni sem ræður þegar um ógildingarmál er að ræða.

Um l-lið (86. gr.).

Greinin fjallar um leiðréttingu á þýðingum sem lagðar eru inn skv. c-lið og i-lið 9. gr. frumvarpsins (77. og 83. gr.). Byggist greinin á 4. mgr. 70. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

Samkvæmt k-lið frumvarps þessa (85. gr.) ræðst einkaleyfisverndin af því sem bæði kemur fram í þýðingu og þeim texta á því tungumáli sem notað var við málsmeðferð. Skv. a-lið 4. mgr. 70. gr. samningsins ber aðildarríki, sem er með slíkt ákvæði í lögum, einnig að gefa umsækjanda eða einkaleyfishafa kost á að leggja inn leiðréttingu á þýðingu. Slík leiðrétting hefur þó ekki áhrif fyrr en umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur uppfyllt þau skilyrði sem gilda um upprunalega þýðingu. Þá segir í b-lið 4. mgr. 70. gr. samningsins að aðildarríki, sem tekið hafa upp ákvæði 3. mgr., skuli einnig taka upp ákvæði um fornotkunarrétt. Í því felst að sá sem hefur í góðri trú hagnýtt uppfinninguna eða gert verulegar ráðstafanir til þess í viðkomandi ríki áður en leiðrétt þýðing öðlaðist gildi öðlast fornotkunarrétt þegar slík hagnýting var ekki brot á rétti umsækjanda eða einkaleyfishafa samkvæmt fyrri þýðingu.

Í 1. mgr. eru ákvæði um það tilvik þegar einkaleyfishafi leggur inn leiðréttingu á þýðingu skv. 77. gr. Sé gjald fyrir endurútgáfu greitt kemur leiðrétta þýðingin í stað þeirrar fyrri. Einkaleyfastofan birtir tilkynningu þess efnis.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það tilvik þegar umsækjandi leggur inn leiðrétta þýðingu á kröfum umsóknar skv. 83. gr. Slík þýðing kemur í stað hinnar fyrri þegar Einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu þess efnis.

Engin takmörk eru fyrir því hversu oft umsækjandi eða einkaleyfishafi getur afhent leiðrétta þýðingu.

Í 3. mgr. er fjallað um fornotkunarrétt, sbr. framangreint, og um rétt til hagnýtingar vísast til 2. og 3. mgr. 74. gr. einkaleyfalaga.

Um m-lið (87. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um áhrif endurveitingar Evrópsku einkaleyfastofunnar skv. 122. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að endurveita réttindi með tilliti til evrópskra einkaleyfisumsókna og einkaleyfa, sem njóta verndar á Íslandi, jafnframt gilda hér. Í 122. gr. samningsins, sbr. síðari breytingar, er kveðið á um skilyrði þau sem umsækjandi eða einkaleyfishafi þarf að uppfylla til að Evrópska einkaleyfastofan endurveiti honum þann rétt sem hann hefur tapað.

Ákvæði 2. mgr. um fornotkunarétt er í samræmi við 5. mgr. 122. gr. EPC 2000.

Um n-lið (87. gr. a).

Í greininni er kveðið á um rétt til hagnýtingar í þeim tilvikum þegar ákvörðun áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar er áfrýjað til æðri áfrýjunarnefndar. Greinin er tilkomin vegna breytinga sem gerðar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000. Skv. 112. gr. a í EPC 2000 getur æðri áfrýjunarnefnd Evrópsku einkaleyfastofunnar í sérstökum

tilvikum tekið ákvörðun um að vísa máli aftur til meðferðar áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Greinin er byggð á 6. tölul. 112. gr. a í EPC 2000 sem fjallar um rétt þriðja aðila, hafi hann hagnýtt eða gert verulegar ráðstafanir til hagnýtingar á uppfinningu sem hefur verið lýst í birtri evrópskri einkaleyfisumsókn eða einkaleyfi, frá því að ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar lá fyrir og þar til ákvörðun æðri áfrýjunarnefndarinnar um að vísa málinu til nýrrar meðferðar hjá áfrýjunarnefndinni er birt. Ákvæðið svarar efnislega til ákvæða 2. og 3. mgr. 74. gr. einkaleyfalaga.

Um o-lið (88. gr.).

Í greininni er fjallað um möguleika á því að breyta evrópskri einkaleyfisumsókn í landsbundna umsókn.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að unnt sé að vissum skilyrðum uppfylltum að breyta evrópskri einkaleyfisumsókn í landsbundna umsókn þegar umsóknin telst dregin til baka þar eð hún var ekki framsend Evrópsku einkaleyfastofunni innan tilskilins frests. Breyting í landsbundna umsókn getur einungis átt sér stað komi fram beiðni þess efnis frá umsækjanda og að uppfylltum skilyrðum 1.–3. tölul. 1. mgr.

Í samræmi við 3. mgr. 77. gr. EPC 2000 og 2. mgr. 25. gr. a í framkvæmdareglugerð samningsins, eins og þeim var breytt árið 2002, telst evrópsk einkaleyfisumsókn dregin til baka hafi umsóknin ekki verið framsend Evrópsku einkaleyfastofunni innan fjórtán mánaða frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi hafi forgangsréttar verið krafist. Skv. 135. gr. EPC 2000 má breyta evrópskri einkaleyfisumsókn í landsbundna umsókn teljist umsóknin hafa verið dregin til baka samkvæmt framangreindu.

Beiðni um að evrópskri einkaleyfisumsókn sé breytt í landsbundna umsókn skal lögð inn hjá þeim einkaleyfayfirvöldum sem veittu umsókninni viðtöku. Þau yfirvöld skulu síðan framsenda beiðni um breytingu, ásamt afriti af umsókninni um evrópskt einkaleyfi, til einkaleyfayfirvalda aðildarríkja sem umsækjandi tilgreinir í beiðninni. Ef beiðni er ekki send innan tuttugu mánaða frá umsóknardegi, eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist, hefur evrópska umsóknin ekki lengur réttaráhrif í viðkomandi aðildarríki, sbr. 135. gr. EPC 2000 og 102. gr. a í framkvæmdareglugerð samningsins.

Í samræmi við samninginn er kveðið á um það í 1. og 2. tölul. 1. mgr. að krafa um breytingu í landsbundna umsókn skuli sett fram innan þriggja mánaða eftir að umsækjanda var tilkynnt um að umsóknin teldist dregin til baka. Einnig kemur fram að krafan skuli berast Einkaleyfastofunni frá viðtökuyfirvöldum innan tuttugu mánaða frá þeim degi þegar umsóknin var afhent eða, ef forgangsréttar er krafist, frá forgangsréttardegi. Það fer eftir lögum viðkomandi aðildarríkis hvort unnt sé að fara fram á endurveitingu hafi tuttugu mánaða fresturinn ekki verið virtur.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. þarf umsækjandi, innan tilskilins frests, að greiða umsóknargjald og afhenda þýðingu á umsókninni í samræmi við ákvæði reglugerðar. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 137. gr. samningsins.

Um p-lið (89. gr.).

Samkvæmt greininni hafa ákvæði 9., 60., og 131. gr. samningsins lagagildi hér á landi. Ákvæði 9. gr. samningsins fjalla um lögsögu dómstóla og hvaða lögum skuli beita í málum gegn Einkaleyfastofnun Evrópu. Í 60. gr. samningsins (EPC 2000) er fjallað um hvaða lögum skuli beita í málum um rétt starfsmanna með tilliti til evrópsks einkaleyfis og í 131. gr. samningsins er vikið að samstarfi Evrópsku einkaleyfastofunnar og dómstóla eða yfirvalda í aðildarríkjum um framkvæmd og löggjöf.

Þar að auki hafa ákvæði bókunar um viðurkenningu (bókun um lögsögu og viðurkenningu dómsúrskurða varðandi rétt til að fá veitt evrópskt einkaleyfi – Protocol on Jurisdiction and the Recognition of Decisions in Respect of the Right to the Grant of a European Patent), sem fylgir samningnum, lagagildi hér á landi.

Um q-lið (89. gr. a).

Samkvæmt greininni gilda ákvæði 8., 22. og 56. gr. einkaleyfalaga um varðveislu líffræðilegs efnis ekki um evrópsk einkaleyfi. Hér á landi gilda tilteknar reglur um afhendingu sýnis af líffræðilegu efni vegna einkaleyfisumsókna sem orðnar eru aðgengilegar, svo og einkaleyfa sem Einkaleyfastofan hefur veitt. Hvað varðar einkaleyfi sem Einkaleyfastofunni hefur veitt skal sá sem óskar eftir sýni af líffræðilegu efni senda beiðni þess efnis til einkaleyfayfirvalda hér á landi sem meta samkvæmt gildandi reglum hvort viðkomandi eigi rétt á að fá afhent sýni. Telji einkaleyfayfirvöld ekkert því til fyrirstöðu gefa þau út vottorð til þeirrar stofnunar, sem varðveitir líffræðilega efnið, um afhendingu sýnishorns til viðkomandi. Skv. 7.–9. lið í reglu 28 í framkvæmdareglugerð með evrópska einkaleyfasamningnum er það hins vegar eingöngu Evrópska einkaleyfastofan sem gefur út vottorð um það að veita megi sýnishorn af líffræðilegu efni vegna evrópskra einkaleyfisumsókna, svo og evrópskra einkaleyfa sem veitt hafa verið. Ef óskað er eftir sýnishorni af líffræðilegu efni vegna evrópsks einkaleyfis sem öðlast hefur gildi hér á landi þarf viðkomandi því að fara fram á slíkt við Evrópsku einkaleyfastofuna sem metur beiðnina eftir þeim reglum sem um þessi mál gilda hjá henni.

Um r-lið (90. gr.).

Liðurinn þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um lagaskil.

Í 1. mgr. kemur fram að gert er ráð fyrir þrenns konar tímasetningu varðandi gildistöku ákvæða:

a. Ákvæði sem öðlast þegar gildi.
b. Ákvæði sem öðlast ekki gildi fyrr en evrópski einkaleyfasamningurinn hefur öðlast gildi hér á landi í samræmi við 2. mgr. 169. gr. samningsins og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að honum.
c. Ákvæði sem öðlast ekki gildi fyrr en breytingar, sem gerðar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000, hafa öðlast gildi og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að breytingasamningnum.

Í 2. mgr. kemur fram til hvaða umsókna og einkaleyfa lögin taka. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins nái til allra umsókna og einkaleyfa hér á landi að meginreglu til. Þessi leið er almennt talin til hagsbóta og einföldunar fyrir umsækjendur, eigendur einkaleyfaréttinda og einkaleyfayfirvöld.

Í 3. mgr. er sérstakt gildistökuákvæði varðandi frest til yfirfærslu alþjóðlegra einkaleyfisumsókna. Skv. 4. gr. frumvarpsins er frestur til yfirfærslu alþjóðlegra umsókna lengdur úr þrjátíu mánuðum í 31 mánuð. Sé þrjátíu mánaða fresturinn útrunninn fyrir gildistöku laganna er ekki hægt að nýta þennan aukamánuð til yfirfærslu. Ef hins vegar þrjátíu mánaða fresturinn rennur út sama dag og lög þessi öðlast gildi eða síðar tekur 31 mánaðar fresturinn til þeirra umsókna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar annars vegar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum og hins vegar vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi og samræmingar við þróun framkvæmdar á alþjóðavettvangi. Í frumvarpinu er bætt við nýjum kafla í gildandi lög sem fjallar um evrópsk einkaleyfi og skapaður lagagrundvöllur fyrir því að unnt sé að framfylgja ákvæðum einkaleyfasamningsins hér á landi. Breytingin felur í sér að umsóknir um evrópskt einkaleyfi eru veittar af Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) og skulu lagðar inn hjá Evrópsku einkaleyfastofnunin eða Einkaleyfastofunni sem viðtökuaðila umsóknar hér á landi. Einkaleyfastofan framsendir umsóknir til EPO. Árgjöld vegna umsókna eru greidd til EPO, en eftir veitingu fær Einkaleyfastofan 50% árgjalda og útgáfugjalda.

Tekjur Einkaleyfastofunnar eru af gjaldi fyrir einkaleyfi og vörumerki og gjaldi fyrir hönnunarvernd. Samkvæmt áætlun fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að tekjur af þessum gjöldum verði samtals 104,7 m.kr. á árinu 2004. Gjöldin standa undir útgjöldum Einkaleyfastofunnar. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að tekjur af gjaldi fyrir einkaleyfi lækki um 20% fram til 2010, eða um u.þ.b. 50 m.kr. á þessum árum. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að tekjur Einkaleyfastofunnar lækki um u.þ.b. 7 m.kr. á ári, en Einkaleyfastofa hafi getu til að brúa bilið. Auk er þess er gert ráð fyrir að tekjur Einkaleyfastofu aukist eftir 2010 í kjölfar samningsins þegar stofnunin fær sinn hluta af árgjöldunum.

1123. Tillaga til þingsályktunar [752. mál]

um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jón Gunnarsson, Valdimar L. Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum. Nefndin kanni einnig hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi á meðal eldri borgara.

Nefndin skal skipuð fimm einstaklingum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Félag hjúkrunarfræðinga og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hver. Nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2004.

Greinargerð.

Eldri borgurum hefur fjölgað mikið hérlendis og þótt umfjöllun um málefni þeirra sé mun meiri en áður er á margan hátt ekki komið nægjanlega til móts við hagsmuni þeirra. Sum svið

sem skipta aldraða mjög miklu liggja í þagnargildi. Einn þessara málaflokka er þunglyndi meðal eldri borgara sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um.

Samkvæmt skýrslum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er þunglyndi einn erfiðasti sjúkdómur mannkyns og getur verið lífshættulegur. Þunglyndi er hins vegar oft læknanlegt og ætíð er hægt að ráða einhverja bót á því. Sjúkdómurinn er einnig dýr, m.a. vegna minni vinnugetu.

Á Íslandi er talið að um 12.000–15.000 manns þjáist af þunglyndi. Þetta er gríðarlegur fjöldi og þunglyndi eldri borgara sérstakt vandamál. Vandamálið felst m.a. í því að það er að einhverju leyti falið og ógreint. Sjúklingarnir eiga til að léttast án þess að vitað sé af hverju, auk þess sem gjarnan fylgja líkamleg einkenni sem viðkomandi kvartar yfir í stað þess að átta sig á því eða viðurkenna að um þunglyndi sé að ræða. Þunglyndi eldri borgara getur í sumum tilfellum verið frábrugðið þunglyndi annarra aldurshópa þar sem missir maka eftir langt hjónaband, einmanaleiki og lífsleiði geta verið veigameiri orsök en hjá öðrum hópum sem og fjárhagsáhyggjur og kvíði vegna framtíðarinnar.

Engin stofnun innan heilbrigðisgeirans hér á landi fæst á skipulagðan hátt við þunglyndi eldri borgara. Á geðlæknaþingi sem haldið var í Reykjavík sl. sumar kom fram hjá Ásgeiri Bragasyni, öldrunargeðlækni í Ósló og formanni öldrunardeildar norska geðlæknafélagsins, að sl. 10 ár hafi uppbygging á öldrunargeðþjónustu í Noregi verið hröð og einungis tvö af 19 fylkjum Noregs bjóði ekki upp á slík úrræði nú. Að sögn Ásgeirs ætti að starfrækja tvær slíkar stofnanir hér á landi miðað við mannfjölda.

Gott starf hefur þó verið unnið hér á landi í tengslum við þunglyndi. Hjá landlæknisembættinu er sérstakt fræðslu- og forvarnaverkefni í gangi sem kallast Þjóð gegn þunglyndi og er það samvinnuverkefni fjölmargra aðila. Hjá Geðrækt, sem er samstarfsverkefni landlæknisembættisins, geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, Heilsugæslunnar í Reykjavík og Geðhjálpar, hefur þunglyndi eldri borgara verið efni sérstaks þemamánaðar. Þunglyndi eldri borgara hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega hér á landi og á nefndin að bæta úr því auk þess að meta umfang þess. Með greiningu á þunglyndi eldri borgara má auka þekkingu á þunglyndi meðal þessa fólks í þeirri von að draga megi úr tíðni þess, gera meðferð skilvirkari og fækka sjálfsvígum.

Mikilvægt er að skoða tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna meðal eldri borgara. En að sjálfsögðu ber að nálgast slíkt af mikilli varúð og nærgætni. Sjálfsvíg meðal eldri borgara hafa lengi verið feimnismál hér á landi eins og annars staðar. Hins vegar er nauðsynlegt að meta umfang þess til að geta brugðist við því og spornað gegn þessari vá. Lykilatriðið er að greina vandamálið svo að hægt sé að bregðast rétt við því.

Mögulegar úrlausnir vegna þunglyndis eldri borgara þurfa að vera sértækar og sérsniðnar að aldurshópnum. Nefndinni ber að skoða möguleika til að bregðast við þunglyndi á meðal eldri borgara, svo sem hvaða úrræði séu nú þegar til og hvað þurfi að bæta í slíku. Forvarnir gegn þunglyndi eru einnig afar mikilvægar. Það má leiða líkum að því að sérstök úrræði þurfi í forvörnum þegar kemur að öldruðum.

Í ljósi mikillar notkunar á geð- og þunglyndislyfjum hér á landi er nauðsynlegt að bregðast við þunglyndi með öllum tiltækum leiðum. Tilhneigingin hefur verið að leysa þennan vanda meðal eldri borgara með lyfjagjöf í stað annarrar meðferðar. Það er hins vegar nauðsynlegt að huga einnig að annars konar meðferð samhliða lyfjameðferð eða í staðinn fyrir hana, t.d. að auka félagslega ráðgjöf og auðvelda vitjanir til öldrunarlækna á heilsugæslustöðvum.

Eldri borgurum fjölgar sífellt en til ársins 2010 mun landsmönnum 65 ára og eldri fjölga um 11% og landsmönnum 80 ára og eldri fjölga um 29%. Hætt er við að þunglyndi eldri borgara verði að meiri háttar heilbrigðisvandamáli ef ekki er brugðist hratt og rétt við.

Skipun nefndar sem rannsaki þessi mál, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er því brýnt verkefni og ætti að mati flutningsmanna að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

1124. Lög [303. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 1098.

1125. Lög [338. mál]

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. mars.)

Samhljóða þskj. 412.

1126. Fyrirspurn [753. mál]

til forsætisráðherra um félagslega túlkunarsjóðinn.

Frá Sigurlín Margréti Sigurðardóttur.

1. Hver er staða sjóðsins núna?
2. Er fyrirhugað að auka fé sjóðsins á næstunni?
3. Stendur til að endurskoða verklagsreglur sjóðsins um greiðslur fyrir túlkunarverkefni?
4. Er fyrirhugað að koma greiðslum til félagslegrar túlkunarþjónustu í varanlegt horf, t.d. í fjárlögum?
5. Stendur til að önnur túlkafyrirtæki en Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra geti fengið greitt úr sjóðnum að loknum félagslegum túlkunarverkefnum eins og reglur sjóðsins kveða á um?

Skriflegt svar óskast.

1127. Svar [666. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur umhverfisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 12. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Varðandi svar við þessari fyrirspurn er vísað til skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fyrir Alþingi á þskj. 1290 í 732. máli á 127. löggjafarþingi 2001–2002 en þar er gerð grein fyrir framkvæmd verkefna sem tilgreind voru í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998 en þar segir:

„12. Umhverfisráðuneyti.

12.1. Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.

Umhverfisráðuneytið mun skipa nefnd um jafnréttismál með fulltrúum stofnana ráðuneytisins fyrir árslok 1997. Hlutverk nefndarinnar verður að

- sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miða að því að jafna stöðu kvenna og karla,
- að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál,
- að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum,
- að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

12.2. Fjölgun kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum sem varða umhverfismál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála á sér stað og ákvarðanir eru teknar.“

Jafnréttisnefnd ráðuneytisins hefur starfað frá árinu 1999. Nefndin vann jafnréttisáætlun sem var staðfest af ráðherra í nóvember 1999. Jafnréttisstefnan var kynnt fyrir forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins á fundi í nóvember 1999 þar sem þeir voru hvattir til þess að setja stofnunum sínum stefnu í jafnréttismálum.

Jafnréttisnefndin vinnur nú að endurskoðun áætlunarinnar og ákveðið hefur verið að halda námskeið um gerð jafnréttisáætlana fyrir forstöðumenn stofnana og námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í ákvarðanatöku um umhverfismál fyrir stjórnendur í ráðuneytinu og stofnunum þess.

Ráðherra staðfesti árið 2001 fjölskyldustefnu sem jafnréttisnefndin vann í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins. Markmið fjölskyldustefnunnar er að skapa mannúðlegt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem tekið er tillit til þess að fólk þarf að sinna skyldum við fjölskyldu og rækta hana alla starfsævina.

Hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins hækkaði úr 16% árið 1996 upp í 25% í árslok 2001. Ráðuneytið heldur áfram að leggja ríka áherslu á að fjölga konum í nefndum og stjórnum til þess að tryggja virka þátttöku kvenna í ákvörðunum um umhverfismál.

Unnið var að fyrrgreindum verkefnum af starfsmönnum ráðuneytisins og var ekki þeim ekki greitt sértaklega fyrir þau og því er ekki hægt að tilgreina kostnað eins og óskað er eftir í fyrirspurninni.

Sé óskað ítarlegri skýringa við hvert verkefni er vakin athygli á fyrrnefndri skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þá er einnig vakin athygli á því að á nú á vordögum mun félagsmálaráðherra leggja fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni mun fylgja skýrsla um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun fyrir árin 2002–2004.

1128. Svar [667. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur utanríkisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 13. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Á 127. löggjafarþingi 2001–2002 var lögð fram skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í þeirri skýrslu er farið yfir stöðu allra verkefna sem tilgreind eru í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna í jafnréttismálum 1998–2001 sem samþykkt var með þingsályktuninni frá 28. maí 1998. Í fyrrgreindri skýrslu félagsmálaráðherra er því sérstaklega fjallað um verkefni utanríkisráðuneytisins vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árin 1998–2001, sbr. 13. tölul. skýrslunnar, sem er samsvarandi 13. tölul. III. kafla í þingsályktuninni. (Sjá 127. löggjafarþing 2001–2002, þskj. 1290, 732. mál.)

Um það hvernig utanríkisráðuneytið hefur hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. þingsályktunina, vísast því til áðurnefndrar skýrslu félagsmálaráðherra þar sem gerð er grein fyrir hverju verkefni fyrir sig. Þó er rétt að geta þess að í upphafi þessa árs var skipað í samráðsnefndina sem um getur í lið 13.1. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi frá utanríkisráðuneyti og fulltrúi frá félagsmálaráðuneyti og hefur nefndin þegar hafist handa við að vinna að þeirri aðgerðaáætlun sem um getur í lið 13.1.

Að því er varðar það sem fram kemur í fyrirspurninni um hversu miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna er því til að svara að viðkomandi verkefni hafa verið unnin af starfsmönnum ráðuneytisins. Þar af leiðandi hefur enginn kostnaður verið tilgreindur sérstaklega við að hrinda þeim í framkvæmd.

Auk áðurnefndrar skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi er vakin athygli á að á vordögum mun félagsmálaráðherra leggja fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni fylgir skýrsla fyrir hvert ráðuneyti um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun fyrir árin 2002–2004.

1129. Frumvarp til laga [754. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1.–5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning (aðalsamning) fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laga þessara við Elkem ASA (eigandann) og Íslenska járnblendifélagið ehf. (félagið) um rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið, eigandann og starfsemina, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í samningnum er heimilt að semja um tilgang félagsins, fyrirtækjaform, tilteknar skyldur og kvaðir hvað varðar starfsemina og eignarhald á félaginu, svo og framsal félagsins og eignarréttar og hluta með tilteknum skilyrðum. Félaginu er jafnframt ætlað á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar.

Gildistími ákvæða samningsins skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, þó aldrei skemmri en nemur gildistíma rafmagnssamnings félagsins og Landsvirkjunar.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutafélagi skv. 1. gr.“ í 1. mgr. kemur: Félaginu.
b. Í stað orðsins „hlutafélagið“ í 2. mgr. kemur: félagið.
c. 3. mgr. fellur brott.
d. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar sem verða 4.–6. mgr. og orðast svo:

Í aðalsamningi er heimilt að kveða á um að skattar eða gjöld verði ekki lögð á raforkunotkun félagsins og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á önnur fyrirtæki hér á landi.

Í aðalsamningi er heimilt með tilliti til skattlagningar að semja um reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins við eigandann og fyrirtæki í eignatengslum við eigandann. Í því efni er m.a. heimilt að byggja á meginreglum verðlagningar óskyldra aðila samkvæmt reglum OECD.

Félagið og eigandinn skulu undanþegnir ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Um skattskyldu eigandans, sem hluthafa í félaginu samkvæmt samningi (aðalsamningi) gerðum á grundvelli heimilda í lögum þessum, fer eftir ákvæðum samnings milli Norður-

landa til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir sem í gildi eru á hverjum tíma.

Jafnframt skal eftirfarandi gilda gagnvart eigandanum og dótturfyrirtækjum hans óháð breytingum á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur eigandans vegna arðs af hlutareign hans í félaginu, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% – fimm af hundraði, nema lög eða samningur milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sem birtur var í C-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 11, 5. maí 1997, kveði á um lægra gjald, enda eigi eigandinn ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðs og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Eigandinn skal ekki talinn hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið og greiðslur til hans í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háðar sköttun á Íslandi.

5. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju félagsins og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar og stækkunar verksmiðjunnar.

6. gr.

Í stað orðsins „hlutafélaginu“ í 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: félaginu.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Hlutafélaginu“ í 1. mgr. kemur: Félaginu.
b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

12. og 13. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu og er flutt til að afla heimilda til að gera breytingar á svonefndum aðalsamningi (Master Agreement) á milli ríkisstjórnar Íslands, Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagsins ehf. Breytingarnar eru fyrst og fremst tilkomnar

vegna breytinga á eignarhaldi Íslenska járnblendifélagsins. Þá er í frumvarpinu lagt til að ýmis ákvæði laga nr. 18/1977 verði felld úr gildi eða þeim breytt þar sem þau eru ýmist orðin óþörf eða úrelt.

2. Breytingar á rekstri Íslenska járnblendifélagsins.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á rekstri Íslenska járnblendifélagsins. Í kjölfar undirritunar samnings um aukningu hlutafjár og stækkun verksmiðju félagsins árið 1997 öðlaðist norska fyrirtækið Elkem ASA meiri hluta í félaginu.

2.1. Sala á hlut ríkissjóðs og skráning á Verðbréfaþingi Íslands.

Í apríl 1998 ákvað ríkisstjórnin að selja hluta af hlutabréfum ríkissjóðs í félaginu, að nafnvirði tæpar 150 millj. kr. Bárust 51 tilboð og óskuðu tilboðsgjafar eftir að kaupa bréf að nafnvirði samtals 432 millj. kr. eða nærri þrefalt hærri fjárhæð en til sölu var. Þrjú hæstu tilboðin voru samþykkt og var gengi samþykktra tilboða 3,01 að meðaltali. Jafnframt bauð ríkissjóður almenningi og starfsmönnum Íslenska járnblendifélagsins að kaupa bréf að nafnvirði 224,6 millj. kr. á genginu 2,5 og mátti hver og einn skrá sig fyrir hlut að hámarki 100 þús. kr. að nafnvirði. Vegna góðrar þátttöku í útboðinu þurfti að skerða hámarksupphæð niður í 80 þús. kr. en rúmlega 2.800 aðilar skráðu sig fyrir hlutabréfum ríkisins í félaginu. Íslenska járnblendifélagið var skráð á aðallista Verðbréfaþings Íslands 18. maí 1998 og voru hluthafar við skráningu 2.703.

Ríkisstjórnin hélt eftir hluta af bréfum sínum í félaginu í samræmi við ákvæði samningsins frá 1997.

2.2. Stækkun og rekstrarerfiðleikar.

Í kjölfar skráningar á Verðbréfaþingi Íslands komu upp erfiðleikar í rekstri félagsins. Í júlí 1998 tilkynnti Landsvirkjun áform um orkuskerðingu á síðari hluta þess árs vegna alvarlegs ástands í vatnsbúskap fyrirtækisins. Í nóvember var annar af bræðsluofnum verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins tekinn úr rekstri og í lok þess mánaðar var síðari ofninn tekinn úr rekstri af sömu ástæðu. Annar ofninn var tekinn að nýju í notkun í byrjun janúar og sá síðari í byrjun febrúar 1999. Í apríl það ár var hafist handa við byggingu þriðja bræðsluofnsins í verksmiðju félagsins og var hann gangsettur í október það ár. Gangsetningu hans fylgdu nokkur tæknivandamál auk þess sem bera fór á vandamálum í rekstri rafskauta í bræðsluofnum félagsins. Þessu til viðbótar var verð á járnblendi mjög lágt. Allt þetta leiddi til þess að tap varð á starfsemi félagsins árið 1999 í kjölfar sex ára hagnaðartímabils.

Framangreindir rekstrarörðugleikar héldu áfram á árinu 2000 og í mars ákvað stjórn Íslenska járnblendifélagsins að nýta heimild til aukningar á hlutafé í félaginu. Hlutafjáraukningin nam 350 millj. kr. að nafnvirði og voru bréfin boðin til sölu á genginu 1,5. Við útboðið jókst hlutur Elkem í félaginu í 55,8%. Þá var gripið til margþættra aðgerða til að draga úr rekstrarkostnaði, svo sem fækkun starfsmanna. Þá jók félagið framleiðslu verðmætari afurða.

Rekstur félagsins á árinu 2001 gekk ágætlega eftir að tekist hafði að vinna bug á ýmsum tæknilegum vandamálum í framleiðslu. Versnandi þróun efnahagslífsins í heiminum, samdráttur í framleiðslu á stáli og aukinn útflutningur fyrrum sovétlýðvelda á kísiljárni til Vestur-Evrópu hafði hins vegar í för með sér að markaðsskilyrði bötnuðu ekki. Þessi þróun leiddi til þess að sú hætta skapaðist að félagið gæti ekki staðið við skilmála langtímalána um lágmarkseiginfjárhlutfall. Þetta leiddi til þess að Elkem og íslenska ríkið gerðu samkomulag um að lækka hlutafé í félaginu úr rúmlega 1,7 milljörðum kr. í rúmlega 440 millj. kr. og hækka síðan hlutaféð um 650 millj. kr. í kjölfarið og bjóða það hluthöfum í félaginu á geng-

inu 1,0. Alls skráðu hluthafar sig fyrir tæplega 499 millj. kr. að nafnvirði en Elkem keypti þau hlutabréf sem eftir stóðu. Eftir hlutafjárútboðið átti Elkem 72,59% eignarhlut í Íslenska járnblendifélaginu en íslenska ríkið 10,53%.

Rekstur allra þriggja bræðsluofna félagsins var góður árið 2002 en lítil breyting varð hins vegar á stöðu markaða. Í maí 2002 áttu fulltrúar Elkem og iðnaðarráðuneytisins fund um málefni Íslenska járnblendifélagsins. Á fundinum kom fram að Elkem hefði hug á að auka hlutafé félagsins enn frekar og breyta jafnvel rekstri félagsins þannig að því gæfust möguleikar á að fara út í annars konar og verðmætari framleiðslu, samhliða öðrum rekstri. Vegna þeirra breytinga væri þörf á umtalsverðri fjárfestingu og lýsti Elkem yfir áhuga á að eignarhald yrði einungis á hendi Elkem. Fyrir lá sú stefna ríkisstjórnarinnar að hverfa úr félaginu sem eignaraðili og að ríkissjóður hefði því ekki hug á að taka þátt í frekari hlutafjáraukningu. Í kjölfar þessa fundar ákvað ríkisstjórnin að ganga til viðræðna við Elkem með það að leiðarljósi að ríkissjóður færi út úr félaginu, en reynt yrði að tryggja hagsmuni annarra smærri hluthafa eftir því sem kostur væri. Viðræður við Elkem voru teknar upp að nýju í lok árs 2002 og 11. desember það ár undirrituðu fulltrúar iðnaðarráðherra, Sumitomo Corporation og Elkem samninga um kaup Elkem á hlut ríkissjóðs og Sumitomo í Íslenska járnblendifélaginu. Kaupverð hlutanna var á genginu 1,15. Eftir kaupin átti Elkem 86,51% allra útgefinna hluta í félaginu. Í samningnum var jafnframt tryggt að Elkem byðist til að kaupa hluti annarra hluthafa á sömu kjörum. Í samræmi við þetta gerði Elkem öðrum hluthöfum kauptilboð og voru 434 tilboð samþykkt af hluthöfum. Við það varð hlutur Elkem í Íslenska járnblendifélaginu 97,18%. Í kjölfar þessara viðskipta var ljóst að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði skráningar í Kauphöll Ísland og fyrirsjáanlegt að það yrði afskráð af aðallista Kauphallarinnar. Stjórn félagsins og Elkem ákváðu síðan í febrúar að hluthafar í félaginu skyldu sæta innlausn Elkem á hlutum sínum. Var innlausnarverðið miðað við gengið 1,15. Nokkrir hluthafar vildu ekki fallast á innlausn bréfa sinna á framangreindu gengi og var því úrlausn þess ágreinings falin dómkvöddum matsmönnum. Kauphöll Íslands samþykkti síðan beiðni stjórnar Íslenska járnblendifélagsins um afskráningu hlutabréfa félagsins af aðallista Kauphallarinnar 6. mars 2003. Hinn 19. desember 2003 var Íslenska járnblendifélaginu breytt í einkahlutafélag (ehf.) að ósk Elkem sem eiganda félagsins.

3. Nýr aðalsamningur.

Samhliða undirritun samninga um kaup á hlut ríkisins og Sumitomo í Íslenska járnblendifélaginu undirrituðu fulltrúar ríkisstjórnar Íslands, Elkem, Sumitomo og Íslenska járnblendifélagsins viðauka við aðalsamning aðila þar sem felld voru brott ákvæði sem vörðuðu eignarfyrirkomulag og ekki höfðu lengur þýðingu í ljósi þess að íslenska ríkið og Sumitomo voru ekki lengur hluthafar. Í samningnum kemur jafnframt fram að ríkisstjórnin og Elkem skuldbindi sig til að gera aðrar nauðsynlegar breytingar á aðalsamningnum fyrir 31. maí 2003. Viðræður um þessar breytingar hafa staðið lengur en ráð var fyrir gert í upphafi en nú liggja fyrir drög að nýjum aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagsins ehf.

Helstu breytingar frá gildandi samningi eru að Sumitomo er ekki lengur aðili að samningnum og aðild ríkisstjórnarinnar takmarkast við stjórnskipulegar valdheimildir og ekki er lengur um að ræða nein ákvæði er varða réttindi eða skyldur ríkisins sem eins af eigendum félagsins. Í samningnum er kveðið á um að Elkem og Íslenska járnblendifélagið ehf. skuli halda í gildi rafmagnssamningi við Landsvirkjun, lóðarleigusamningi við ríkissjóð og hafnarsamningi við Hafnarsjóð Grundartangahafnar. Ákvæði er varða skráningu og tilgang félagsins standa óbreytt en tekin hafa verið inn ný ákvæði varðandi heimildir Elkem til framsals

á eignarhlutum í Íslenska járnblendifélaginu. Ákvæðum um rekstur verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hefur verið fækkað nokkuð en þau sem eftir standa eru tekin nær óbreytt úr gildandi aðalsamningi. Í drögunum er að finna nýmæli að því er varðar reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum Íslenska járnblendifélagsins við Elkem og fyrirtæki í eignatengslum við eigandann. Þessi ákvæði eru ný og sambærileg ákvæðum fjárfestingarsamnings um álverksmiðju í Reyðarfirði en nauðsynlegt er að taka upp slík ákvæði í ljósi breytinga á eignarhaldi félagsins. Í viðauka við samningsdrögin er að finna nánari útfærslu í þessu efni. Ákvæði um umhverfis-, öryggis- og starfsmannamál eru nánast óbreytt eins og ákvæði er varða skattamál félagsins og Elkem. Breytingar á umræddum ákvæðum felast fyrst og fremst í niðurfellingu á úreltum ákvæðum og uppfærslu lagatilvísana. Þó er að finna þrjú ný ákvæði varðandi skattamál sem eru efnislega samhljóða ákvæðum í áðurnefndum fjárfestingarsamningi. Orðalag ákvæða varðandi aðflutningsgjöld hafa verið samræmd ákvæðum fjárfestingarsamnings um álverksmiðju í Reyðarfirði en breytingarnar fela ekki í sér neina efnisbreytingu. Önnur ákvæði samningsins standa óbreytt að öðru leyti en því að þeim er breytt í samræmi við breytingar á eignarhaldi og sum þeirra einfölduð og stytt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að 1.–5. gr. laganna falli brott. Umrædd ákvæði kveða fyrst og fremst á um stofnun hlutafélags, heimildir ríkisstjórnarinnar til fjármögnunar, réttarstöðu við stofnun hlutafélags og stjórnarfyrirkomulag hlutafélagsins. Umrædd ákvæði eru öll úrelt þar sem heimildum samkvæmt þeim hefur þegar verið beitt og ríkisstjórnin er ekki lengur hluthafi í félaginu.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að í stað 6. gr. gildandi laga komi ný grein. Ekki er um verulegar efnisbreytingar að ræða frá 6. gr. gildandi laga heldur er framsetningu breytt og hún færð til samræmis við ákvæði heimildarlaga um samninga um álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði. Þó er lagt til að 3. mgr. 6. gr. gildandi laga falli niður en þar er kveðið á um heimild ríkisstjórnarinnar til að semja við samstarfsaðila sína í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum og taka lán í þessu skyni.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að gera samning, svonefndan aðalsamning, á ensku Master Agreement, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laganna við Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagið ehf. um rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Orðalag málsgreinarinnar er að flestu leyti sambærilegt við 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga en hefur verið fært að ákvæðum laga um álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði. Þá er lagt til að aðrir hlutar 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga verði gerðir að nýjum málsgreinum.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að í samningnum skuli kveða á um þær skuldbindingar af hálfu samningsaðila sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir þá. Greinin er lítið breytt efnislega frá 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Framsalsheimild hefur þó verið bætt við með svipuðum hætti og fram kemur í samningum um álver á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði. Þá er í lokamálslið málsgreinarinnar lagt til að ákvæði 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga varðandi heimild félagsins til þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga svo sem þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 28/1989.

Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að gildistími ákvæða samningsins skuli vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður. Í gildandi lögum er lágmarksgildistími 15 ár en samkvæmt fyrirliggjandi samningsdrögum er þetta takmark að lágmarki bundið við gildistíma rafmagnssamnings félagsins og Landsvirkjunar sem er til 31. mars 2019.

Þá er loks í 4. mgr. kveðið á um birtingu samningsins en ákvæðið er sambærilegt ákvæði 2. mgr. 6. gr. gildandi laga og ákvæða laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á 7. gr. laganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað orðsins hlutafélag í 1. og 2. mgr. komi orðið félag í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum frumvarpsins um breytingu á rekstrarformi félagsins úr hlutafélagi í einkahlutafélag.

Í öðru lagi er lagt til að 3. mgr. 7. gr. gildandi laga falli brott. Í henni er að finna reglur sem gilda skulu varðandi skatta á nettótekjur og aðra skatta. Er þar um að ræða heimild til að halda varasjóð, heimild til að draga 10% af nafnverði hlutafjár frá hreinum tekjum á ári hverju, heimild til að auka hlutafé með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum og greiðslu árlegs landsútsvars. Öll þessi ákvæði gildandi laga eiga ekki lengur við.

Loks er lagt til að þrjár nýjar málsgreinar bætist við 7. gr. Í nýrri 4. mgr. er lagt til að heimilt verði í aðalsamningi að kveða á um undanþágu frá greiðslu skatta og gjalda á raforkunotkun og útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna, nema slíkir skattar og gjöld séu lögð með almennum hætti á önnur fyrirtæki hér á landi. Í 3. mgr. 9. gr. gildandi laga er kveðið á um að rafmagn til rekstrar verksmiðjunnar skuli undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku. Ákvæði það sem lagt er til að tekið verði upp í lögin er að mestu samhljóða ákvæðum í lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði. Í nýrri 5. mgr. er lagt til að veitt verði heimild til að semja um reglur og viðmiðanir er lúta að viðskiptum félagsins við Elkem og fyrirtæki í eignatengslum við það. Ætlast er til að slík viðskipti fari fram eins og um ótengda aðila væri að ræða. Tilteknar viðmiðanir eru þekktar í þessu efni, svo sem 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og viðmiðunarreglur OECD á þessu sviði („Transfer Pricing Guidelines for Multinational Enterprises and Tax Administrations"). Slíkar viðmiðunarreglur eru mjög ítarlegar í samningi ríkisins og Alcan á Íslandi hf. (ISAL) en ekki þykir ástæða til að hafa þær jafnviðamiklar nú. Er því lagt til að farin verði áþekk leið og farin var í heimildarlögum um álverksmiðju í Reyðarfirði. Í aðalsamningnum er gert ráð fyrir sérstökum viðauka við samninginn sem tekur á þessum þáttum. Þann viðauka má taka til endurskoðunar þyki tilefni til þess á samningstímanum. Að endingu er í nýrri 6. mgr. lagt til að bæði félagið og eigandinn verði undanþegin ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að 1. og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga standa efnislega óbreyttar áfram.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að í stað 8. gr. gildandi laga komi ný grein með breyttu orðalagi en greinin felur ekki í sér efnislegar breytingar.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein komi í stað 9. gr. gildandi laga. Nánast samhljóða ákvæði er að finna í lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði.

Um 6. gr.

Um skýringu á þessari grein vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum og í skýringu við a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 2. mgr. 11. gr. gildandi laga verði felld brott. Í greininni er kveðið á um að áður en framleiðsla hefjist skuli gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Umrædd könnun var gerð á sínum tíma og nú er í starfsleyfi verksmiðjunnar kveðið á um eftirlit með áhrifum verksmiðjunnar á umhverfi sitt.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 12. gr. gildandi laga falli brott. Þar er kveðið á um að við járnblendiverksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd. Þar sem íslenska ríkið er ekki lengur hluthafi í félaginu þykir ekki rétt að leggja slíka skyldu lengur á félagið.

Þá er lagt til að ákvæði 13. gr. gildandi laga falli brott. Þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra fari með mál sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu og heimild til að selja eignarhlut ríkisins í félaginu. Þar sem íslenska ríkið hefur selt hlut sinn í félaginu er ekki þörf á ákvæðinu lengur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Tilgangur frumvarpsins er að afla heimilda til að gera breytingu á aðalsamningi (Master Agreement) milli ríkisstjórnar Íslands, Elkem ASA og Íslenska járnblendifélagsins ehf. Breytingarnar eru aðallega tilkomnar vegna breytinga á eignarhaldi Íslenska járnblendifélagsins en íslenska ríkið á ekki lengur hlut í félaginu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1130. Frumvarp til laga [755. mál]

um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 3,3 milljörðum evra í 4,0 milljarða evra frá 1. júlí 2004.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðherranefnd Norðurlanda sem fer með málefni Norræna fjárfestingarbankans samþykkti á fundi sínum 27. október 2003 að heimila bankanum að hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlandanna úr 3,3 milljörðum í 4,0 milljarða evra án þess þó að auka eigendaábyrgð vegna þessa útlánaflokks sem nú er 1,8 milljarðar evra.

Útlánarammi vegna þessa lánaflokks er nálægt því að vera fullnýttur og með því að auka hann getur bankinn haldið áfram að aðstoða við verkefnaútflutning norrænna fyrirtækja til hagsbóta bæði fyrir Norðurlönd og bankann. Reynslan af þessum lánum er mjög góð og engin útlánatöp hafa orðið. Bankinn mun sjálfur auka framlag sitt í afskriftasjóð vegna þessarar aukningar á útlánarammanum eins og gert var 1999 þegar hann var síðast aukinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs fái heimild til að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda úr 3,3 milljörðum evra í 4,0 milljarða evra frá 1. júlí 2004. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á ábyrgðum landanna við þessa hækkun heldur mun bankinn sjálfur auka framlag sitt í afskriftasjóð vegna aukningarinnar. Heildarábyrgð landanna verður því áfram 1,8 milljarðar evra og hlutur Íslands hinn sami og áður.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs geti staðfest breytingar á samþykktum bankans í samræmi við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, verði heimilt að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 3,3 milljörðum evra í 4,0 milljarða evra frá 1. júlí 2004 og staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar eða aukinna skuldbindinga fyrir ríkissjóð því ekki er gert ráð fyrir auknum eigendaábyrgðum vegna þessa útlánaflokks heldur mun bankinn sjálfur auka framlag sitt í afskriftasjóð vegna hækkunarinnar.

1131. Svar [665. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur sjávarútvegsráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 11. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Eins og fram kemur í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna á 127. löggjafarþingi (þskj. 1290, 732. mál) er staða verkefna sjávarútvegsráðuneytisins í jafnréttismálum með eftirgreindum hætti. Auk þess er í svari þessu tilgreindur kostnaður og þær breytingar sem orðið hafa á stöðu verkefnanna síðan skýrslunni var dreift á Alþingi:

1. Konur í fiskvinnslu.

Skipuð verður nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni verður falið að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Nefndin var skipuð í október 2000. Ráðinn var starfsmaður við framangreinda upplýsingaöflun og lagði hann spurningalista fyrir fiskvinnslukonur víða um landið. Nefndin lauk störfum í apríl 2002 og skilaði skýrslu með niðurstöðum könnunarinnar. Kostnaður við könnunina nam alls um 750.000 kr.

2. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök söknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri skal styrkja þau sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

Ráðuneytið ákvað, í samráði við Jafnréttisstofu, að breyta þessu verkefni þannig að tvö ný verkefni um konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi verða sett fram í nýrri framkvæmdaáætlun áranna 2004–2008.

3. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

Ráðuneytið réð fræðimenn sem rannsakað hafa félagsfræði sjávarútvegs til að undirbúa framangreinda könnun á áhrifum langvarandi fjarvista og einangrunar á fölskyldulíf sjómanna. Könnunin fólst í því að kanna hvaða efni og rannsóknir sem komið gætu að gagni væru þegar til, og í gerð rannsóknaáætlunar. Í ljós kom að auk þess sem allnokkrar rannsóknir á þessu sviði hefðu þegar verið gerðar, bæði hérlendis og erlendis, var áætlaður kostnaður við rannsóknina 4,8 millj. kr. (1999). Það varð niðurstaða ráðuneytisins að miðað við þá viðbótarþekkingu sem fengist með framangreindri rannsókn væri því fé betur varið til annarra jafnréttisverkefna og var sú ákvörðun tekin í samráði við Jafnréttisstofu að verkefnið yrði ekki tekið upp í næstu framkvæmdaáætlun. Kostnaður við undirbúningskönnunina nam 500.000 kr.

4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð og starfshópa á vegum ráðuneytisins er óskað eftir tilnefningum af báðum kynjum. Vísað er til ákvæðis 20. gr. laga nr. 96 22. maí 2000 þar sem segir að í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli, þar sem því verði við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Verkefnið er unnið innan ráðuneytisins og er kostnaður þar af leiðandi ekki tilgreindur sérstaklega.

5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi úr hópi starfsmanna sem hefur farið yfir stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og fundað með forstöðumönnum stofnana þess. Stofnanir ráðuneytisins hafa einnig skipað jafnréttisfulltrúa eða -nefndir úr hópi sinna starfsmanna. Unnin hefur verið jafnréttisáætlun sem birt er á heimasíðu ráðuneytisins á netinu. Fulltrúar ráðuneytisins í nefndum og starfshópum eru jöfnum höndum karlar og konur, eftir menntun og verkefnasviði hverju sinni. Verkefnið er unnið innan ráðuneytisins og er kostnaður þar af leiðandi ekki tilgreindur sérstaklega.

6. Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Nefndin stendur fyrir víðtæku fræðslustarfi fyrir ófaglært starfsfólk í fiskvinnslu, fiskeldi og mjöl-

vinnslu. Um er að ræða tíu 4 klst. námskeið eða alls 40 klst. og öðlast starfsfólk nýtt starfsheiti og launahækkun að lokinni þátttöku í öllum námskeiðunum. Konur eru í miklum meiri hluta í þessum störfum í fiskvinnslunni og er ljóst að skipulögð menntun af þessu tagi gefur þeim aukna möguleika á að taka að sér ábyrgðarmeiri og betur launuð störf innan greinarinnar. Kostnaður við verkefnið nemur um 10–12 millj. kr. á ári.

7. Skólaskip.

Ráðuneytið hefur unnið að því að kynna sjávarútveg fyrir grunnskólanemendum með rekstri skólaskips, en undanfarin ár hefur hafrannsóknaskipið Dröfn verið rekið í 50–60 daga á ári sem skólaskip. Börnum í 9. og 10. bekk grunnskóla hefur boðist að fara í siglingu með skipinu. Í þeirri siglingu er atvinnugreinin kynnt fyrir börnunum, bæði hvað varðar veiðar, vinnslu, rannsóknir o.fl. og hefur eftirspurn með ferðum þessum verið meiri en hægt hefur verið að anna. Hér er tvímælalaust um jafnréttismál að ræða þar sem verkefni af þessu tagi er ætlað að örva á ungmenni til að mennta sig til þátttöku í störfum tengdum sjávarútvegi, ekki síst stúlkur. Kostnaður við rekstur skólaskipsins nemur 11–12 millj. kr. á ári.

1132. Tillaga til þingsályktunar [756. mál]

um úttekt á framkvæmd stjórnsýslulaga.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á því hvernig til hefur tekist með framkvæmd stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, frá því að þau tóku gildi 1. janúar 1994. Um leið verði metið hvort auka þurfi fræðslu innan stjórnsýslunnar og eftir atvikum gerðar tillögur þar að lútandi. Úttektin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. desember 2004.

Greinargerð.

Hinn 1. janúar 1994 tóku stjórnsýslulög, nr. 37/1993, gildi. Með þeim voru áður óskráðar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins lögfestar og jafnframt settar málsmeðferðarreglur innan stjórnsýslunnar. Gerðar hafa verið margvíslegar breytingar á lögunum, en helsta markmið þeirra hefur ávallt verið það að réttaröryggi manna í samskiptum þeirra við stjórnvöld sé tryggt.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002 hvetur umboðsmaður til þess, þegar tíu ár verða liðin frá setningu laganna, að hugað verði að því hvernig til hefur tekist með framkvæmd þeirra. Ástæða er til að fylgja hvatningu umboðsmanns eftir með athöfnum og er lagt til að forsætisráðuneytið hafi umsjón með úttekt um þetta efni.

Í skýrslum umboðsmanns hafa komið fram ábendingar um að sums staðar í stjórnsýslunni gangi enn of hægt að færa stjórnsýsluframkvæmd til samræmis við ákvæði laganna, en þess má geta að reglur laganna fjalla um þær lágmarkskröfur sem stjórnsýslunni ber að uppfylla. Ábendingar hafa einnig komið fram um að einfaldar aðgerðir, t.d. endurskoðun vinnuferla og aukin fræðsla starfsfólks, geti stuðlað að vandaðri og skilvirkari stjórnsýsluháttum. Auk þess að treysta réttaröryggi borgaranna mundi skilvirkari stjórnsýsla spara ríki og borgurum tíma og fjármuni.

Áður en stjórnsýslulögin tóku gildi var hugað sérstaklega vel að kynningu á efnisreglum laganna með útgáfu kynningarefnis og námskeiðahaldi. Í ljósi þess hve langur tími er liðinn frá því átaki sem gert var til undirbúnings gildistökunni, og þar sem traust þekking innan stjórnsýslunnar hlýtur að teljast forsenda fyrir farsælli framkvæmd laganna, er lagt til að jafnframt verði hugað að því hvort þörf sé á aukinni fræðslu innan stjórnsýslunnar. Umboðsmaður Alþingis hefur reifað hugmyndir um lágmarksfræðslu fyrir nýtt starfsfólk og jafnframt bent á mikilvægi skipulegrar endurmenntunar. Æskilegt er að almenn þörf fyrir slíka fræðslu verði metin, með skilvirkni og vandaða stjórnsýslu að leiðarljósi.

Lagt er til að úttektinni verði lokið 1. desember á þessu ári.

1133. Þingsályktun [481. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 750.

1134. Þingsályktun [611. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 919.

1135. Þingsályktun [33. mál]

um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Meginmarkmið aðgerðanna verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á eftirfarandi þáttum og eftir atvikum tillögur til úrbóta:

- kostnaði við að stofna til atvinnurekstrar og aðgangi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi,

- aðgangi smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu,
- kostnaði og aðgangi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga,
- aðstöðu smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu,
- kostnaði og eftir atvikum öðrum hindrunum sem torvelda kynslóðaskipti í smáatvinnurekstri,
- kostnaði uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar,
- skattalögum og öðrum þáttum sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja,
- stöðu smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir,
- stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja í atvinnurekstri,
- stöðu frumkvöðla,
- stöðu uppfinningamanna.

Áætlunin skal lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2005 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.

1136. Frumvarp til laga [162. mál]

um varnir gegn mengun hafs og stranda.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi, í landhelgi og í mengunarlögsögu Íslands, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lögin gilda einnig um íslensk skip utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna óviðráðanlegra ytri atvika.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. *Besta fáanleg tækni:* Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með „fáanlegri tækni“ er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með „bestu“ er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.
2. *Bráðamengun:* Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.
3. *Fljótandi efni:* Vökvar með lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/sm^2 við 37,8°C.
4. *Flutningur olíu, hættulegra efna og eiturefna:* Flutningar á efnum sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um sjóflutninga á hættulegum varningi, IMDG-kóðann, um sjóflutninga á hættulegum efnum í farmgeymum skipa, IBC-kóðann, um flutning á olíu í farmgeymum skipa, eða ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum, þ.e. þeim efnum sem falla undir viðauka I, II og III í MARPOL-samningnum, þegar þau eru flutt sem farmur í skipum, og efnum sem flokkuð eru sem hættuleg á landi.
5. *Hafnarsvæði:* Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum.
6. *Hleðslustöð:* Stöð þar sem skip eru losuð eða lestuð.
7. *Kjölfestuvatn:* Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölristu, stöðugleika eða álagi skips.
8. *Losun:* Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:
   a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
   b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
   c. að kasta í hafið óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu.
9. *Lýsi og grútur:* Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.
10. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
11. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginnar að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnsins og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
12. *Mengunartjón:* Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
13. *Netlög:* Sjávarbelti 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

14. *Olía:* Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.
15. *Olíuflutningaskip:* Skip sem er smíðað eða breytt og aðallega er ætlað til að flytja olíu í lausu í farmrýmum, þ.m.t. fjölnota skip og sérhvert efnaflutningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka II við MARPOL-samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.
16. *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur:* Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.
17. *Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.
18. *Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
19. *Skipaviðgerðarstöð:* Aðstaða þar sem skip eru tekin á land, svo sem slippur eða flotkví.
20. *Skolp frá skipum:* Frárennsli eða annar fljótandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.
21. *Sorp frá skipum:* Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum, svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur.
22. *Strönd:* Svæði milli hæstu og lægstu sjávarstöðu.
23. *Umhverfi:* samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
24. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.
25. *Varp:* Þegar efnum eða hlutum er vísvitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sökkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.
26. *Vöktun:* Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.
Yfirstjórn og eftirlitsaðilar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögunum.

Umhverfisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins, sem undir stofnunina heyra, heilbrigðiseftirliti sveit-

arfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum í umboði stofnunarinnar. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd framkvæmd þvingunarúrræða samhliða eftirliti.

Umhverfisstofnun skal sjá um að mengun hafs og stranda sé vöktuð.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Landhelgisgæsla Íslands tilkynnir Umhverfisstofnun og lögregluyfirvöldum um svæði þar sem mengun getur borist á land ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á mengun hafs eða stranda. Siglingastofnun Íslands, undir yfirstjórn samgönguráðherra, annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum.

5. gr.

Ráðgjafaraðilar.

Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknastofnunin, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæsla Íslands, hafnarstjórnir, ríkislögreglustjóri og Geislavarnir ríkisins eru ráðherra til ráðgjafar um þau atriði sem að lögum þessum lúta og heyra undir starfsemi þeirra.

III. KAFLI
Framkvæmd almennra ákvæða laganna.

6. gr.

Reglugerðir um verndun hafs og stranda.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, í reglugerðir almenn ákvæði um:

a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þ.m.t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
b. takmörkun á olíumagni í fráveituvatni sem heimilt er að leiða til sjávar,
c. bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur þar sem slíkt hefur verið skilgreint,
d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,
f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
g. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og ákvæði um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
h. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
k. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,

l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
m. takmörkun eða bann við losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,
n. bann eða takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í fylgiskjali II með lögum þessum,
o. varp efna og hluta í hafið,
p. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
q. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
r. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi,
s. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til erlendrar frumútgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
t. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar, upplýsingaskyldu og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
u. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
v. bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
w. ábyrgðartryggingu vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gildandi laga,
x. umskipun efna, sbr. fylgiskjal II, innan mengunarlögsögu Íslands,
y. önnur sambærileg atriði.

Í reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt lögum þessum er heimilt að vísa í gildandi staðla.

Leita skal umsagnar aðila atvinnulífsins og landssamtaka um umhverfisvernd áður en reglugerðir eru settar.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

7. gr.

Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

Hver sá sem veldur mengun í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum.

Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu. Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar

það kemur til stöðvarinnar til geymslu eða flutnings. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Umhverfisstofnunar jafnan hafa greiðan aðgang að þessu bókhaldi.

8. gr.

Bann við losun í hafið.

Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Olíumagn blöndu við útrás skal að hámarki vera 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar. Olíublandað fráveituvatn sem losað er í sjó skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla.

Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

Óheimilt er að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í hafið innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu, þ.m.t. plastílát, kaðla og net.

Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarsvæðum og innan netlaga. Um losun skolps utan netlaga fer samkvæmt reglugerð settri skv. 6. gr.

9. gr.

Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

10. gr.

Brennsla úrgangsefna á hafi úti.

Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti. Heimilt er þó að brenna eigið sorp í þar til gerðum ofnum í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem tekið skal tillit til ákvæða í gildandi samningum um brennslu úrgangsefna á hafi úti og þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

11. gr.

Móttaka úrgangs og skolps í höfnum.

Hafnarstjórn skal koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og skal taka mið af leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Í höfnum skal hafnarstjórn koma upp móttöku fyrir skolp. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá móttöku skolps þar sem hafnir eru litlar og þjónusta er fyrir hendi í nærliggjandi höfn. Hafnarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum og setja gjaldskrá þar að lútandi. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við veitingu þjónustunnar.

12. gr.

Tilkynningarskylda.

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lög þessi ná til innan mengunarlögsögu Íslands, sem og á strendur, nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimil samkvæmt lögunum. Tilkynningarskyldan nær einnig til íslenskra skipa utan mengunarlögsögu Íslands eftir því sem við á og Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum. Landhelgisgæslan skal framsenda tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar.

Skip sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögu Íslands skulu senda vaktstöð siglinga, sbr. lög um vaktstöð siglinga, tilkynningar um eftirtalin atriði sem lúta að farmi, komu, brottför og ferðum innan mengunarlögsögu Íslands:

a. um magn og tegund farms,
b. með sex klukkustunda fyrirvara um komu í og siglingu út úr mengunarlögsögunni, svo og um staðsetningu,
c. meðan á siglingu þeirra í mengunarlögsögunni stendur, á sex klukkustunda fresti, um staðsetningu, stefnu og hraða,
d. með þriggja klukkustunda fyrirvara um komu í og brottför úr höfn.

Vaktstöð siglinga skal miðla tilkynningum skv. 2. mgr. til Landhelgisgæslunnar.

IV. KAFLI

Bráðamengun.

13. gr.

Svæðisráð vegna bráðamengunar.

Landið skiptist í viðbragðssvæði vegna bráðamengunar og skal svæðisráð starfa á hverju svæði til fjögurra ára í senn. Sveitarstjórnir á viðkomandi svæði kjósa í svæðisráð og í hverju svæðisráði skulu m.a. eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri. Þar að auki skal einn fulltrúi sitja í svæðisráðinu tilnefndur af fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu. Ráðið skiptir með sér verkum.

Hlutverk svæðisráðs er:

a. umsjón, rekstur og viðhald búnaðar í eigu hafnanna,
b. að fræða starfsmenn viðkomandi hafna um viðbúnað við bráðamengun í samráði við Umhverfisstofnun,
c. að sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum,
d. að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
e. að fara á vettvang og meta aðstæður í samráði við Umhverfisstofnun eftir að mengun hefur orðið.

Kostnaður af rekstri svæðisráða skal borinn af sveitarstjórnum.

Ráðherra ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjölda viðbragðssvæða og mörk þeirra og flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarna-

búnaði, svo og nánara verksvið svæðisráða. Umhverfisstofnun annast samræmingu milli svæða og ber ríkissjóður kostnað af samræmingunni.

14. gr.

Framkvæmd og stjórn á vettvangi.

Um framkvæmd og stjórn á vettvangi gildir eftirfarandi:

a. Mengun innan hafnarsvæða: Hafnarstjóri ber ábyrgð á og annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins og ber honum að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna bráðamengunar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Heilbrigðisfulltrúi, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Umhverfisstofnun hvenær árangur af hreinsun er nægur. Hafnarstjóri getur kallað eftir aðstoð Umhverfisstofnunar telji hann ástæðu til. Telji Umhverfisstofnun nauðsyn á frekari aðgerðum er stofnuninni heimilt að hlutast til um þær.
b. Mengun utan hafnarsvæða: Þegar tilkynning berst um bráðamengun við strendur skal hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi í umboði Umhverfisstofnunar fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar og nauðsynlegar aðgerðir og tilkynna Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Umhverfisstofnun ber kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar. Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skulu gera skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna og um framkvæmd einstakra verkþátta.

Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar. Í slíkum tilvikum verður mengunarvaldurinn að leggja fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni.

Sé talið að mönnum geti stafað hætta af menguninni ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Heimilt er að fela slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp með sérstökum samningi eða í einstökum tilvikum þegar við á.

15. gr.

Íhlutun vegna bráðamengunar.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.

Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæsla Íslands hafa samráð við Umhverfisstofnun og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

16. gr.

Vátryggingar.

Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Þessi ábyrgð tekur til tjóns sem nemur allt að 1 milljón SDR. Þeir sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I skulu taka ábyrgðartryggingu, allt að 1 milljón SDR, svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal vátryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð. Nánari ákvæði um vátrygginguna og gildissvið skulu sett í reglugerð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir, sbr. 14. gr.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

17. gr.

Vátryggingar olíuflutningaskipa.

Auk ákvæða 16. gr. gilda um vátryggingu olíuflutningaskipa alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

18. gr.

Viðbragðsáætlanir.

Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í fylgiskjali I og mælt er frekar fyrir um í reglugerð.

Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð við bráðamengun.

19. gr.

Mengunarvarnabúnaður.

Svæðisráð ber ábyrgð á geymslu og viðhaldi þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er í höfnum landsins og endurnýjun á honum og tilnefnir umsjónarmann með búnaðinum og annan til vara.

Umhverfisstofnun skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Stofnunin ákveður í samráði við viðkomandi svæðisráð, eftir því sem fé fæst til í fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.

20. gr.

Strönduð og sokkin skip, pallar eða önnur mannvirki.

Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó strandað þannig að þeim verði ekki komið á flot ber eiganda að fjarlægja þau sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir strand. Hafi skip, pallar eða önnur mannvirki á sjó eða loftför sokkið getur Umhverfisstofnun krafist þess að þau verði fjarlægð. Telji eigandi ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip, pall, loftfar eða annað mannvirki er honum heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja hið sokkna skip, pall eða annað mannvirki. Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Höfnum og svæðisráðum er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi á grunni gjaldskrár sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarsvæða og við starfsemi svæðisráða vegna mengunar. Gjaldskráin skal lögð til grundvallar við uppgjör við Umhverfisstofnun vegna starfa á vegum svæðisráðs og hafna og afnota á mengunarvarnabúnaði í eigu hafna þegar stofnunin ber fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum. Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár í viðkomandi skipi eða fasteign.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá ákvæði um leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Umhverfisstofnun skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár eftir gjalddaga í viðkomandi skipi eða fasteign þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI

Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.

22. gr.

Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um úrbætur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, þar sem það á við, beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
c. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun.

Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef úrbætur eru ekki gerðar innan tiltekins frests og er þá heimilt, ef með þarf, að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, eftir því sem við á. Sé um slík brot að ræða getur Umhverfisstofnun afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna skulu þær afturkalla starfsleyfið í samráði við Umhverfisstofnun.

Telji Umhverfisstofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfsemi eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

23. gr.

Dagsektir.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., ákveðið honum sektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt. Ráðherra getur í reglugerð breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Jafnframt er Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar og dagsektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki, skipi eða mannvirki í eitt ár eftir að greiðslu er krafist.

24. gr.

Heimildir eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr., getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef talin er hætta á mengun hafs og stranda eða ef mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum. Umhverfisstofnun leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands, Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi viðkomandi eða ónauðsynlegum útgjöldum.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska þess eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum um athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar hafa verið gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim að afhenda sýni endurgjaldslaust sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

25. gr.

Refsiviðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

26. gr.
Sektir.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

27. gr.
Farbann.

Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið sett í farbann og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk málskostnaðar greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila. Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.

Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar eftirlitsaðila skal vera lögveð í skipinu í eitt ár.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.
Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögum þessum sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

29. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004. Frá sama tíma falla úr gildi lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum þeirra laga halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 16., 17. og 18. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra skal í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal sú áætlun

liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006. Hreinsun skal lokið fyrir árslok 2008.

II.

Umhverfisráðherra skipar starfshóp til að undirbúa gildistöku laganna. Starfshópurinn skal starfa þar til lögin hafa að fullu tekið gildi, sbr. 29. gr. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúi umhverfisráðherra, sem jafnframt er formaður, fulltrúi samgönguráðherra, fulltrúi Umhverfisstofnunar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Fylgiskjal I.

A. Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m^3.

31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.
37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

B. Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi hafs og strandar.

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Fylgiskjal II.

Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

1137. Lög [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 1118.

1138. Fyrirspurn [757. mál]

til forsætisráðherra um fjölda meðmælenda með frambjóðendum í forsetakjöri.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðherra leggja fram á kjörtímabilinu frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá þess efnis að kröfur verði gerðar um mun fleiri meðmælendur þeirra sem gefa kost á sér til kjörs í embætti forseta Íslands?

1139. Fyrirspurn [758. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hver er að mati ráðherra reynslan af starfi eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar, áður Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins, vegna framkvæmda á svæðum úti um land?
2. Hvernig hefur verið háttað samstarfi Umhverfisstofnunar og eftirlitsráðgjafanna?
3. Er fyrirhuguð breyting á starfi og hlutverki eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar og ef svo er, í hverju er breytingin fólgin og hver eru markmið hennar?

Skriflegt svar óskast.

1140. Fyrirspurn [759. mál]

til menntamálaráðherra um námslaun.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Má vænta að stjórnvöld stefni á næstu missirum að því að námsmenn fái greidd námslaun í ljósi þess að dómsmálaráðherra hefur heimilað að í ráðuneyti hans verði unnið áfram að hugmyndum um að tryggja nemendum í Lögregluskólanum laun allan námstímann?

1141. Fyrirspurn [760. mál]

til umhverfisráðherra um staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur 2001–2024.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki enn staðfest að fullu aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024?
2. Hvenær hyggst ráðherra staðfesta aðalskipulag Reykjavíkur 2001–2024 að fullu?

1142. Fyrirspurn [761. mál]

til landbúnaðarráðherra um hundaræktarbúið í Dalsmynni.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Á hvaða lagagrundvelli byggjast kröfur um úrbætur í átta liðum og frestur til að uppfylla þær fyrir hundaræktarbúið í Dalsmynni?
2. Hefur verið farið að ákvæðum stjórnsýslulaga við meðferð málsins?

Greinargerð.

Fyrirspurn þessi er borin fram vegna efasemda um réttmæti þeirrar stjórnsýslu sem birtist í bréfi, dags. 19. febrúar sl. frá héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis, starfsmanni yfirdýralæknis.

Skriflegt svar óskast.

1143. Fyrirspurn [762. mál]

til fjármálaráðherra um afslátt af þungaskatti.

Frá Kristjáni L. Möller.

Kemur til álita að veita flutningafyrirtækjum afslátt af þungaskatti meðan á þungatakmörkunum stendur á þjóðvegum landsins?

1144. Fyrirspurn [763. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfsskilyrði loðdýraræktar.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður samningsgerð stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands fyrir hönd loðdýrabænda um aðgerðir til að búa loðdýrarækt á Íslandi hliðstæð starfsskilyrði og hjá samkeppnisaðilum í nágrannalöndunum?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem miða að því að nýta betur sláturúrgang, sem ekki fer til manneldis, í loðdýrafóður sem lið í eins konar sorpförgun á hliðstæðum kjörum og hjá loðdýrarækt í nágrannalöndum okkar?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að lækka flutningskostnað sem loðdýraræktendur á Íslandi þurfa að greiða þannig að þeir njóti hliðstæðs stuðnings og framleiðendur í nágrannalöndunum hvað þennan kostnað varðar?

1145. Svar [541. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um útflutningsmarkaði fyrir íslenskt dilkakjöt.

1. *Hverjir voru helstu útflutningsmarkaðir fyrir íslenskt dilkakjöt sl. fimm ár? Hve mikið magn fór árlega á hvern stað?*
2. *Hvert var cif-verð á hverjum markaði hvert ár (sl. fimm ár) miðað við verð á heilum skrokkum?*

Upplýsingar um útflutningsmarkaði og magn eru í töflunum. Hjá Hagstofu Íslands eru ekki veittar upplýsingar um cif-verð og eru þær því ekki tiltækar. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um meðaltals fob-verð á hverjum markaði sl. fimm ár og er það í töflunum.

Útflutningur janúar–desember 2003.

Lönd	magn (kg)	fob-verð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	72.237	46.792.593	648
Bretland	571.448	118.861.931	208
Danmörk	313.590	102.660.721	327
Frakkland	24	9.421	393
Færeyjar	443.888	138.527.876	312
Grænland	26.157	6.283.470	240
Holland	40	6.303	158
Ítalía	441.500	149.892.533	340
Japan	32.837	6.113.985	186
Lúxemborg	69	51.154	741
Noregur	320.587	95.335.699	297
Svíþjóð	30.818	13.031.700	423
Samtals	**2.253.195**	**677.567.386**	**301**

Útflutningur janúar–desember 2002.

Lönd	magn (kg)	fob-verð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	55.058	36.328.791	660
Belgía	71	40.268	567
Bretland	160.075	26.926.302	168
Danmörk	261.388	77.570.650	297
Færeyjar	428.483	135.376.965	316
Gabon	14.742	1.257.862	85
Grænland	65	34.916	537
Ítalía	131.682	48.861.707	371
Japan	106.681	19.989.016	187
Lúxemborg	54	42.548	788
Noregur	322.290	120.444.135	374
Svíþjóð	12.114	6.764.758	558
Þýskaland	25.206	3.487.711	138
Samtals	**1.517.909**	**477.125.629**	**314**

Útflutningur janúar–desember 2001.

Lönd	magn (kg)	fob-verð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	47.722	36.323.901	761
Bretland	320.115	71.110.541	222
Danmörk	151.432	60.676.077	401
Finnland	44.803	4.508.576	101
Færeyjar	384.016	131.602.993	343
Holland	16.200	1.418.915	88
Ítalía	19.956	6.820.658	342
Japan	162.275	31.620.204	195
Kanada	28	231.080	8.253
Lúxemborg	7	7.885	1.126
Noregur	351.276	102.751.719	293
Svíþjóð	2.427	836.343	345
Samtals	**1.500.257**	**447.908.892**	**299**

Útflutningur janúar–desember 2000.

Lönd	magn (kg)	fob-verð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	36.372	21.955.318	604
Belgía	1.000	7.025	7
Bretland	70.827	8.040.621	114
Danmörk	149.867	38.677.501	258
Frakkland	105	26.999	257
Færeyjar	506.037	125.278.708	248
Holland	237	101.993	430
Ítalía	24	8.264	344
Japan	120.777	14.762.014	122
Jórdanía	19.202	1.879.253	98
Kýpur	10.080	2.540.160	252
Noregur	369.155	94.572.787	256
Svíþjóð	48.869	4.685.489	96
Þýskaland	171	83.423	488
Samtals	**1.332.723**	**312.619.555**	**235**

Útflutningur janúar–desember 1999.

Lönd	magn (kg)	fob-verð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	11.363	6.045.202	532
Belgía	2.903	2.986.339	1.029
Bretland	5.235	1.246.098	238
Danmörk	148.802	52.214.191	351
Færeyjar	414.335	101.368.672	245
Holland	292	125.344	429
Japan	97.955	15.655.259	160
Lúxemborg	80	61.462	768
Noregur	132.429	32.574.462	246
Svíþjóð	20.309	1.766.395	87
Þýskaland	70	30.319	433
Samtals	**833.773**	**214.073.743**	**257**

Útflutningur janúar–desember 1998.

Lönd	magn (kg)	fobverð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Bandaríkin	26.799	14.505.498	541
Belgía	18.995	13.082.704	689
Danmörk	187.994	44.126.904	235
Færeyjar	388.045	94.164.279	243
Grikkland	12.232	2.873.614	235
Grænland	17.768	4.247.245	239
Holland	566	181.120	320
Ítalía	12.265	3.558.115	290
Japan	88.052	12.061.763	137
Kanada	260	88.017	339
Lúxemborg	220	216.073	982
Noregur	20	27.081	1.354

Lönd	magn (kg)	fobverð (kr.)	meðalverð (kr./kg)
Rússland	14.935	1.412.493	95
Svíþjóð	25.666	2.797.520	109
Þýskaland	84	37.072	441
Samtals	**793.901**	**193.379.498**	**244**

3. *Hver er slátur-, vinnslu- og flutningskostnaður á hvert kíló á hverjum markaði hvert ár (sl. fimm ár)?*

Tölur um framangreinda kostnaðarliði liggja ekki fyrir en benda má á að í skýrslu til landbúnaðarráðherra um stefnumótun í sauðfjárslátrun frá því í apríl 2003 kemur fram að áætlaður sláturkostnaður sé á bilinu 90–100 kr./kg (heildsölukostnaður ekki innifalinn).

4. *Hvert var skilaverð til bænda (cif-verð að frádregnum slátur-, vinnslu- og flutningskostnaði) á hverjum markaði sl. fimm ár?*

Ekki eru tiltækar upplýsingar um kostnaðarliðina.

5. *Hver er markaðs-, sölu- og kynningarkostnaður á hverjum markaði ár hvert sl. fimm ár og hvernig skiptist hann á milli:*
   a. *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins,*
   b. *framkvæmdanefndar búvörusamnings,*
   c. *Bændasamtakanna,*
   d. *annarra, og þá hverra?*

Framlög til markaðsfærslu á dilkakjöti erlendis árin 1998–2002.

Ár	Bandaríkin	Danmörk	Bretland	Ítalía	Færeyjar
1998	1.770.000	1.427.288	260.000		
1999		1.047.000			400.000
2000	4.712.721				
2001	7.390.337				
2002	11.789.486	5.000.000		1.500.000	
Samtals	**25.662.544**	**7.474.288**	**260.000**	**1.500.000**	**400.000**

Áform, átaksverkefni, greiddi 17.706.832 kr., framkvæmdanefnd búvörusamninga greiddi 11.200.000 kr. og framleiðnisjóður landbúnaðarins greiddi 6.390.000 kr.

6. *Hver er annar kostnaður og hve mikill er hann sl. fimm ár vegna stuðnings við útflutning dilkakjöts, t.d. kostnaður innan lands?*

Í svari við 5. lið spurningarinnar eru tilgreind framlög til markaðsfærslu á dilkakjöti á fimm markaðssvæðum. Um er að ræða framlög til útflutningsaðila og verkefna vegna sölu- og kynningarmála á svæðunum. Gera má ráð fyrir að hluti af umræddu fé hafi farið til að greiða kostnað sem til féll innanlands en ráðuneytið hefur ekki handbærar upplýsingar um hve mikill hluti af fénu það hefur verið.

7. *Liggur fyrir kostnaður einstakra fyrirtækja sem hafa annast útflutning dilkakjöts sl. fimm ár? Ef svo er, hver var kostnaður þeirra sl. fimm ár?*

Ráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um annan kostnað einstakra fyrirtækja eða útflutningsaðila vegna útflutnings á dilkakjöti.

1146. Nefndarálit [612. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.: 1. samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003, 2. samning milli Íslands og Grænlands/Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands sem gerður var í Reykjavík 8. júlí 2003, og 3. tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs sem gert var í Reykjavík 9. júlí 2003.

Samningum sem áður giltu um loðnuveiði á hafsvæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen var sagt upp af Íslands hálfu 30. október 2002 og féllu þeir úr gildi 1. maí 2003. Ástæða uppsagnarinnar var sú að ekki höfðu náðst samningar við Noreg um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum og samningarnir hefðu framlengst sjálfkrafa um tvö ár ef þeim hefði ekki verið sagt upp. Samningarnir sem nú liggja fyrir eru nánast samhljóða fyrri samningum en gilda þó aðeins til eins árs í upphafi og framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn í stað tveggja ára áður. Uppsagnarfrestur er hinn sami og áður, þ.e. sex mánuðir.

Samningarnir voru undirritaðir í júlí 2003 og telur nefndin að rétt hefði verið að leggja þá fyrir Alþingi í upphafi haustþings.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 16. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Magnús Stefánsson.

1147. Nefndarálit [482. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 31. mars og 15. apríl 2003.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2003/2004 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2003 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2003. Loks geymir samningurinn ákvæði um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila en hér er um nýmæli að ræða.

Nefndin vekur athygli á því að áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2003, þ.m.t. lúðu, en ákvörðun um heildarafla var tekin af sjávarútvegsráðherra á grundvelli samningsins. Í því sambandi bendir nefndin á að samkvæmt upplýsingum sem fram komu í skriflegu svari sjávarútvegsráðherra í þskj. 897 (533. mál) er lúðustofninn í mjög slæmu ástandi og hefur lúðuafli minnkað ár frá ári og mun nú vera í sögulegu lágmarki. Þá var einnig bent á að í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar „Nytjastofnar sjávar 2002/2003 og aflahorfur fiskveiðiárið 2003/2004“ var lýst mjög slæmu ástandi stofnsins og stjórnvöldum ráðið frá því að heimila beinar veiðar á lúðu.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða í apríl 2003 og telur nefndin að rétt hefði verið að leggja hann fyrir Alþingi í upphafi haustþings.

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 16. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar K. Guðfinnsson.		Magnús Stefánsson.

1148. Nefndarálit [479. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá hélt nefndin fund með sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem farið var ítarlega yfir alla efnisþætti málsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003: 1. samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 22. maí og 4. júní 2003, og 2. samkomulag milli Íslands og Noregs um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sem gert var í Ósló 26. júní 2003.

Samningarnir fela í sér að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2003 sé 710 þús. lestir í stað 850 þús. lesta árið áður auk 1.500 lesta sem koma í hlut annarra ríkja samkvæmt nánari ákvörðun Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og er aflahlutdeild Íslands óbreytt frá árinu 2002 eða 15,54% af heildarafla. Hins vegar er gert ráð fyrir í þetta skipti að Ísland láti 1% af leyfilegum heildarafla, þ.e. 7.100 lestir, í skiptum fyrir aukinn aðgang að efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N. Meiri hlutinn leggur áherslu á að það fyrirkomulag sem beitt var við samningagerðina 2003 sé bráðabirgðalausn sem beita hafi þurft í þetta eina skipti til að ná samningum, enda verði að telja óheppilegt að veiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu geti orðið til að styrkja stöðu Norðmanna í samningum Íslands og Noregs um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum í framtíðinni.

Samningarnir voru frágengnir í júní 2003 og telur meiri hlutinn að rétt hefði verið að leggja þá fyrir Alþingi í upphafi haustþings.

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 16. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.

1149. Tillaga til þingsályktunar [764. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, Gunnar Birgisson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson, Mörður Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Við setningu Alþingis, 126. löggjafarþings, sagði forseti Íslands m.a. í ávarpi sínu að það væri sér gleðiefni hve hinum erlendu þjóðhöfðingjum sem hefðu heimsótt landið á sl. fjórum árum hefði þótt mikilsvert að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar:

„Alþingi ætti að hugleiða þær breytingar á þingsköpum sem opnuðu leiðir til að bjóða erlendum þjóðarleiðtogum að ávarpa Alþingi. Sú skipan gæti gert heimsókn í Alþingi að hápunkti Íslandsdvalar og veitt hinum erlendu áhrifamönnum tækifæri til að lýsa stefnu sinni og viðhorfum á vettvangi sem hefði einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar.“

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins sjálfs, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á sviði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar.“ (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

1150. Nefndarálit [514. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði 5. gr. laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn verði komið í það horf að unnt verði að kaupa vátryggingar sem ákvæðið mælir fyrir um án vandkvæða, en það þykir nú of víðtækt og almennt orðað þannig að torvelt hefur reynst að kaupa þær tryggingar sem menn eru þó skyldaðir til að taka. Þá er lagt til að bætt verði við lögin reglugerðarheimild varðandi vátryggingarskylduna.

Nefndin bendir á að rétt sé að reglugerð um vátryggingarskylduna verði samin í samráði við viðkomandi aðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 16. mars 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Jónína Bjartmarz.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.

1151. Nefndarálit [435. mál]

um frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Elvu Ósk Wiium, lögfræðing í fjármálaráðuneyti. Auk þess bárust nefndinni skriflegar umsagnir fjölda aðila sem hún fór yfir og ræddi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þar gerð tillaga um miklar breytingar frá núgildandi lögum. Þar er helst að telja verulega lækkun skatthlutfallsins og hækkun skattfrelsismarka sem og mikla einföldun á regluverkinu. Í frumvarpinu er einnig að finna breytingar á flokkun skattaðila og hverjir skuli teljast skattskyldir, ákvæði um ákvörðun skattstofns erfðafjárskatts eru gerð skýrari en ákvæði gildandi laga og málsmeðferð erfðaskattsmála hjá stjórnvöldum breytt og erfingjum veitt kæruheimild til yfirskattanefndar.

Nefndin fagnar framkomu frumvarpsins og telur flest atriði þess horfa til verulegra bóta en að tillögu fulltrúa meiri hlutans um eitt skatthlutfall og eftir umræður um ýmsa aðra þætti málsins í nefndinni tók formaður nefndarinnar til sérstakrar athugunar að gera breytingar á frumvarpinu sem skyldu miða að enn frekari einföldun og jöfnun á stöðu erfingja. Formaður nefndarinnar samdi tillögur sem hann lagði fyrir nefndina til samþykkis og grundvallast álit þetta á þeim tillögum að verulegu leyti.

Í frumvarpinu er lagt til að erfðafé verði skattlagt með tilliti til þess í hvaða flokki það lendir eftir skyldleika erfingja við arfleifandann. Þannig er lagt til að börn og aðrir niðjar arfleifanda greiði 5% erfðafjárskatt en foreldrar, systkini og aðrir greiði 10% erfðafjárskatt. Út frá athugasemdum við frumvarpið má álykta að meðalskatthlutfall hefði orðið 5,75% miðað við að 85% erfingja lentu í lægra skattþrepinu. Nefndin leggur til að skatthlutfallið verði jafnað þannig að allir greiði 5% erfðafjárskatt. Þó skuli fyrstu 1.000.000 kr. í búi vera skattfrjálsar sem og arfur til maka eins og frumvarpið gerði ráð fyrir.

Jöfnun skatthlutfallsins í 5% er mætt með breytingum á eignamati hlutabréfa. Nefndin leggur til þær breytingar að þau verði metin á markaðsverði eða innra virði félags í stað nafnverðs eins og nú er gert og frumvarpið miðast við. Nefndin telur þessa breytingu í samræmi við markmið frumvarpsins um að erfðafjárskattur skuli lagður á markaðsverð eigna og telur hún ekki ástæðu til að undanskilja hlutabréf frá þeirri reglu. Verðmæti hlutafélaga hefur breyst mikið á undanförnum árum og er nafnverð ekki lengur sá mælikvarði á verðmæti þeirra sem það var áður.

Það að skattleggja alla erfingja utan maka með sama skatthlutfalli leiðir til enn frekari einföldunar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og ætti að gera lögin aðgengilegri fyrir almenning.

Til að gera alla framkvæmd skýrari leggur nefndin til að mat á verðmæti eigna miðist við dánardag arfleifanda nema þegar um er að ræða fyrirframgreiddan arf eða skipti á óskiptu búi.

Nefndin leggur til breytingar á 1. gr. þannig að miðað er við að öll búskipti hér á landi falli undir lögin og þar með eignir búanna um allan heim. Enn fremur taki lögin til eigna hér á landi sem falla til búa sem skipt er erlendis og krefjast m.a. atbeina innlendra aðila við eigendaskiptin. Slík skipti falla þó í ákveðnum tilvikum undir tvísköttunarsamninga.

Í tillögum nefndarinnar kemur ný 2. gr. í stað 2.–7. gr. frumvarpsins. Helgast sú einföldun af því að samkvæmt tillögunum greiða allir sama skatthlutfall af arfi nema þeir séu undanþegnir skattskyldunni.

Önnur meginbreytingin í tillögum nefndarinnar felst í breyttu mati á verðmæti hlutabréfa og getur það leitt til hækkunar erfðafjárskatts í einstökum tilfellum miðað við gildandi lög og ákvæði frumvarpsins. Þessi breyting er hins vegar sanngjörn og tekur mið af þróun á verðmati hlutafélaga. Á þeim tíma sem nafnverð hlutabréfa var tekið upp í lög um erfðafjárskatt var það góður mælikvarði á verðmæti hlutafélaga. Frá þeim tíma hefur orðið mikil breyting með tilkomu virks markaðar með hlutabréf og breytingum á skattalegri meðhöndlun arðs af hlutafé. Þessar breytingar hafa leitt til þess að nafnverð gefur oft ekki rétta mynd af hinu raunverulega verðmæti hlutabréfa og er breytingum sem nefndin leggur til ætlað að taka á þessu. Allar eignir skulu metnar á markaðsvirði, jafnt hlutabréf sem aðrar eignir.

Ekki er hægt að bera saman álagningu eignarskatts og erfðafjárskatts hvað varðar skattlagningu eigna í hlutafélögum þar sem félagið greiðir eignarskatt af öllum eignum öðrum en nafnverði hlutafjár en eignaskatt af nafnverðinu greiðir eigandi hlutafjárins. Öll eignin er því skattlögð á þann hátt við álagningu eignarskatts. Þess vegna er ekki fullnægjandi að miða erfðafjárskatt aðeins við nafnverð hlutafjár þar sem félag greiðir ekki erfðafjárskatt af eignum sínum umfram nafnverð hlutafjár.

Ekki er lögð til efnisleg breyting á 10. gr. frumvarpsins sem snertir skuldir bús en rétt er að árétta að skuldir skuli metnar með áföllnum vöxtum og verðbótum á dánardegi eins og gert er við mat á sambærilegum eignum.

Nefndin leitaði í vinnu sinni upplýsinga um hvernig farið er með stofnverð til útreiknings á fjármagnstekjuskatti þegar eign erfist. Fram kom hjá ríkisskattstjóra að þar sé miðað við að fjármagnstekjuskattur reiknist út frá stofnverði eignar í hendi arfleifanda til söluverðs hjá erfingja seinna án tillits til verðmats eignarinnar til erfðafjárskatts og verður ekki séð að frumvarpið og breytingartillögur nefndarinnar breyti þessu, enda fer það mat eftir ákvæðum annarra laga.

Nefndin gerir tillögur um að gildistaka laganna verði 1. apríl í stað 1. júlí 2004 með þá hugsun að leiðarljósi að ekki líði langur tími frá því að frumvarpið verður samþykkt sem lög á Alþingi þar til þau taka gildi vegna eðlis málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari þeirra lýtur fyrst og fremst að brottfalli heimildar til handa ráðherra til að undanþiggja kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög greiðslu erfðafjárskatts.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 16. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1152. Breytingartillögur [435. mál]

við frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, sbr. þó 18. gr.

   Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við fráfall hans.

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Erfðafjárskattur er 5%.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal engan erfðafjárskatt greiða af fyrstu 1.000.000 kr. í skattstofni dánarbús, sbr. 4. og 5. gr., og skulu erfingjar njóta skattfrelsis í hlutfalli við arf sinn. Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og sambýlismaður sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við einstakling af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifanda er ótvírætt getið.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erfingjar beggja hjónanna eru hinir sömu eða ekki.

3. 3.–7. gr. falli brott.

4. Við 9. gr. er verði 4. gr. Greinin orðist svo:

Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði skv. 5. gr.

Með heildarverðmæti skv. 1. mgr. er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Gildir þetta um öll verðmæti sem metin verða til fjár, þ.m.t. innbú, húsbréf, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf, hugverkaréttindi, líftryggingar, bifreiðar, aflaheimildir o.fl. Séu verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þau til eignar á kaupgengi eins og það er skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda. Ef hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum og óskráð skuldabréf, sem og aðrar inneignir og útistandandi kröfur, skulu taldar að meðtöldum áföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal skattstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:

a. Þegar verðmæti annað en fasteign hefur verið selt nauðungarsölu skal miða við uppboðsandvirði þess.

b. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins á dánardegi arfleifanda. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið.

Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi matsgjörð, ekki eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflið.

c. Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt er til grundvallar síðustu álagningu opinberra gjalda fyrir dánardag arfleifanda.

5. Við 10. gr. er verði 5. gr. Í stað „9. gr.“ komi: 4. gr.
6. Við 12. gr. er verði 7. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Þegar sýslumaður hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann ákvarða erfðafjárskatt hvers erfingja, árita skýrsluna og tilkynna það hverjum erfingja fyrir sig.
   b. Í stað orðsins „gjaldstofn“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: skattstofn.
7. Við 15. gr. er verði 10. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Telji skattstjóri að eignir séu ekki réttilega taldar fram í erfðafjárskýrslu, skattstofn ekki réttur, erfðafjárskattur ekki lagður á rétta erfingja, erfðafjárskýrsla eða fylgigögn að öðru leyti ófullnægjandi eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á erfingja eða eftir atvikum skiptastjóra að bæta úr því innan ákveðins frests og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þ.m.t. bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá.
8. Við 16. gr. er verði 11. gr. Greinin orðist svo:
   Erfingi, sem telur erfðafjárskatt eða skattstofn samkvæmt ákvæðum laga þessara eigi rétt ákveðinn, getur sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til yfirskattanefndar og fer meðferð kærunnar þá eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.
9. Við 17. gr. er verði 12. gr. Greinin orðist svo:
   Erfingjum er skylt að láta sýslumönnum og/eða skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þeir beiðast og unnt er að láta þeim í té.
   Nú verður ágreiningur um skyldu erfingja skv. 1. mgr. og getur sýslumaður, ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.
10. Við 19. gr er verði 14. gr.
    a. 3. mgr. orðist svo:
       Erfðafjárskattur hvers erfingja skal reiknaður út miðað við verðmæti arfs á dánardegi arfleifanda en miðað við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu ef um fyrirframgreiddan arf er að ræða eða óskipt bú sem skipt er fyrir andlát eftirlifandi maka.
    b. Í stað „3. og 5. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr.“ í 4. mgr. komi: 3. og 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.
    c. Í stað „15. gr.“ í 5. mgr. komi: 10. gr.
    d. 7. mgr. orðist svo:
       Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.
11. Við 21. gr. er verði 16. gr.
    a. Í stað „18. gr.“ í 1. mgr. komi: 13. gr.
    b. Í stað „17. gr.“ í 4. mgr. komi: 12. gr.
12. Við 24. gr. er verði 19. gr. Greinin orðist svo:
    Ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerðir settar samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við á við beitingu laga þessara, þar á meðal ef vafi leikur á hvernig meta skuli verðmæti eigna.

13. Við 26. gr. er verði 21. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2004 og taka til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna.

1153. Tillaga til þingsályktunar [765. mál]

um varðveislu Hólavallagarðs.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jónína Bjartmarz, Guðmundur Hallvarðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Helgi Hjörvar, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu og uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði. Í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti. Auk þeirra sitji í nefndinni fulltrúi frá Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Reykjavíkurborg en forsætisráðherra skipi formann. Nefndin meti einnig hvort setja skuli lög um þjóðargersemar sem gildi m.a. um garðinn og hugi að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ í ljósi þess hve einstakur hann er í Evrópu.

Greinargerð.

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, er „stærsta og elsta minjasafn“ Reykjavíkur bendir Björn Th. Björnsson listfræðingur á í bók sinni Minningarmörk í Hólavallagarði.

Suðurgötugarður var aðalkirkjugarður Reykjavíkur frá árinu 1838 en árið 1932 var búið að úthluta öllum leiðum í garðinum og hafin ný úthlutun í Fossvogsgarði. Enn er þó jarðsett í frátekin leiði í Suðurgötugarði og er fyrirsjáanlegt að svo verði enn um sinn.

Mikilvægt er að varðveita kirkjugarðinn fyrir komandi kynslóðir. Það er jafnframt þýðingarmikið fyrir sögu Íslands og menningu. Minningarmörkin segja sína sögu um þróun bæjarins og fólkið sem lifði þar og bjó fyrrum. Margir legsteinar hljóta að hafa kostað stórfé þegar þeir voru settir upp og sýna hvernig fyrri kynslóðir mátu minningu látinna. Hverfi minnismerkin hverfur einnig hluti sögunnar.

Í janúar 2003 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag sem þróunarhópur Hólavallagarðs hafði látið vinna. Í því er gert ráð fyrir að Hólavallagarður njóti hverfisverndar skv. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og ákvæðum skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998. Hverfisvernd er ekki formleg friðlýsing en ber að skoða sem viljayfirlýsingu borgaryfirvalda um að fara að öllu með gát sem umsjónaraðila garðsins. Með hverfisverndinni voru settar reglur um umgengni og þróun garðsins. Við undirbúning deiliskipulagsins var gerð úttekt á minningarmörkum í garðinum og úttekt á trjágróðri, en hvort tveggja eru mikilvægar forsendur frekari friðunar.

Í skýrslu sem gerð var um minningarmörk í Hólavallagarði segir að á því leiki vart vafi að garðurinn sé með merkustu kirkjugörðum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað í Norður-Evrópu. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að engin meiri háttar röskun hefur orðið á garðinum frá því að hann var vígður ef frá er talin lagning stígs gegnum garðinn frá Ljósvallagötu að Suðurgötu, en sú framkvæmd var nauðsynleg til að bæta aðkomu að garðinum. Garðurinn heldur því sínum upphaflega svip frá því að fyrst var grafið og þar til lokið var við síðustu stækkun hans í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Ólíkt því sem sjá má í eldri kirkjugörðum á Norðurlöndum hefur elsti hluti garðsins verið látinn algerlega óhreyfður, stígar ekki verið skipulagðir og engir hlutar hans sléttaðir til að koma fyrir bekkjum eða öðru slíku. Heildarsvip garðsins hefur því ekki verið raskað og gönguferð milli minningarmarka í garðinum er því sem ferð í tíma þar sem sjá má þróunina í gerð þeirra, auk þess sem garðurinn er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, auk annars sem nefna mætti.

Hólavallagarður er einnig mjög gróinn og mun vera þar að finna hátt á annað hundrað plantna, og er grasafræðin eitt af því sem full ástæða væri að rannsaka og þá gildi garðsins sem grasagarðs. Í deiliskipulagi um garðinn segir um gróðurinn: „Hin röksemdin fyrir hverfisvernd garðsins er vegna gróðursins í garðinum. Trjárækt á Íslandi varð ekki almenn fyrr en eftir aldamótin 1900. Gróðursetning í garðinum hófst að marki á árunum milli stríða. Í elsta hluta garðsins eru tegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá þeim tíma. Í öðrum hluta garðsins er að finna einkennandi gróður frá eftirstríðsárunum. Auk þess er í garðinum ákaflega fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur sínar að rekja til heimilisgarða á síðustu öld."

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, gerði úttekt á trjágróðri í garðinum árið 2000. „Á horni Suðurgötu og Hringbrautar er grenilundur sem er frá því 1951, elsti sitkagrenilundur í Vesturbænum. Hann ber að varðveita vegna þess að trén eru um margt einstök sem kvæmi. Þau lifðu t.d. af frostið 1963."

Annað sem gerir Hólavallagarð mjög merkan er að þar er að finna tiltölulega mikið af járnsteyptum minningarmörkum, aðallega krossum, auk fjölda járnsteyptra grindverka. Hlutfallslega eru mörg slík minningarmörk varðveitt hér á landi en erlendis hafa pottjárnskrossar og -girðingar oft farið forgörðum af ýmsum ástæðum þar sem víða var öllu járni í kirkjugörðum safnað saman í styrjöldum og það brætt til hergagnagerðar.

Fjölmörg grindverk úr smíðajárni eru einnig í garðinum og eru þau merk heimild um handverk og hönnun gömlu íslensku járnsmiðanna. Garðurinn er því merk söguleg heimild um ýmsar iðngreinar, svo sem járnsmíði. Í deiliskipulagi um garðinn segir: „Önnur meginrökin fyrir því að lýsa garðinn hverfisverndaðan er að í garðinum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Þau gefa mjög gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs sem nær yfir nærri 170 ár tímabil. Garðurinn hefur enn fremur verið skilgreindur sem eitt mesta útiminjasafn landsins. Einstök minnismerki eru auk þess mikilvæg sem sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar)."

Á mörgum legsteinum frá því um miðbik síðustu aldar er að finna lágmyndir af þeim sem þar hvíla og eru margar þeirra eftir listamennina Einar Jónsson og Ríkarð Jónsson. Eru þessar lágmyndir því merkar heimildir um list þeirra.

Ástand minningarmarkanna í Hólavallagarði er á heildina litið gott. Af öllum hinum mikla fjölda minningarmarka í garðinum eru örfá brotin eða stórskemmd. Mikill meiri hluti legsteinanna og járnkrossanna er í góðu ástandi. Það þarf að huga að því vernda og viðhalda garðinum svo að komandi kynslóðir fái notið þeirrar þjóðargersemar sem garðurinn er.

Verkefni nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera tillögur um hvernig best megi varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningarmarka og ræktunarsögu. Henni ber að líta til annarra landa um verndun og nýtingu gamalla sögulegra kirkjugarða í ljósi þess að þessi garður er elsti óspillti kirkjugarður í Norður-Evrópu og jafnvel Evrópu allri. Margvíslegar úttektir hafa verið unnar á ýmsum þáttum garðsins á vegum Þjóðminjasafns Íslands, skipulagsnefndar kirkjugarða, nú kirkjugarðaráðs, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifaverndar ríkisins, þróunarnefndar Hólavallagarðs og jafnvel fleiri, svo sem á gróðri, járnverki, minningarmörkum og gerð korts, sem rétt er að nefndin kynni sér og nýti í vinnu sinni.

Nefndin skal gera tillögur að breytingum á lögum sem garðinn varða í ljósi verndunar hans, þó svo að hann sé enn í notkun og geti verið áfram um einhver ár eða áratugi, svo sem undir duftker. Einnig skal nefndin gera tillögur að lagabreytingum, m.a. í þá veru að hægt verði að friða garðinn og aðra gamla merka garða, t.d. Alþingishússgarðinn. Samkvæmt íslenskum lögum er unnt að friða gömul hús en ekki garða. Á meðan grafið er í kirkjugarð er hann ekki verndaður og má slétta leiði 75 árum eftir að gröf var tekin, eins og lög eru nú. Til var merkur garður í miðri höfuðborginni, Víkurgarður, en hann er að mestu glataður. Því er mikilvægt að grípa til lagasetningar og aðgerða á meðan Hólavallagarður er enn í svo upprunalegu horfi.

Nefndin þarf að meta undir hvaða stofnun eða stofnanir garðurinn skuli heyra. Í sumum nágrannalöndum heyra sögufrægir kirkjugarðar undir stjórn menningararfs, svo sem í Danmörku, eða undir lög um þjóðararf eins og í Bretlandi (National Heritage Act). Í Noregi heyra slíkir garðar undir lög um menningarminjar og eru undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins þar.

Huga þarf að því hvernig garðurinn geti nýst sem grasagarður fyrir almenning til að njóta fjölbreytileikans og námsmenn til að læra um flóru landsins. Í garðinum eru ljóslifandi dæmi um fjölbreytilegt handverk, steinsmíði, myndhögg, járnsmíði og fleiri list- og iðngreinar. Nefndin geri tillögur um það hvernig hægt er að varðveita, kynna og kenna námsmönnum sögu og eðli þessara greina og hvernig hægt væri að gera kynnisferðir í garðinn að lið í list- og iðnnámi. Sama á við um söguna sem hefur víða skírskotun í garðinum og ætti nefndin að gera tillögur um hvernig gera mætti garðinn hluta af sögukennslu og bókmenntafræðslu. Í garðinum er hinsta hvíla marga þjóðskálda, stjórnmálamanna, embættismanna, presta og biskupa, listamanna og fleiri sögufrægra manna.

Einnig ber að huga að nýtingu garðsins sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn eins og gert er víða erlendis þar sem gamlir og sögulegir kirkjugarðar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega. Það eru mörg dæmi um kynningarferðir undir mismunandi formerkjum og ljóst að áhuga skortir ekki hjá Íslendingum eins og sýndi sig þegar Þjóðminjasafnið bauð upp á kynnisferðir um garðinn og Fornleifavernd ríkisins hefur einnig veitt hópum leiðsögn um garðinn, t.d. yfirmönnum erlendra kirkjugarða. Vegna þess hve garðurinn er einstakur er ekki ólíklegt að hann hafi einnig aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Í ljósi þess hve sérstæður Hólavallagarður er í Evrópu ætti að huga að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ (e. European Heritage Program).

Hólavallagarður er undir yfirumsjón Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, en stofnuð hefur verið þróunarnefnd skipuð fulltrúum frá Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofu og Reykjavíkurborg, auk KGRP, sem er til ráðgjafar við að móta verndarstefnu í garðinum. Mikilvægt er að nefndin vinni í góðu samstarfi við þessa aðila.

Vel væri við hæfi að samþykkja tillögu sem þessa á 100 ára afmæli heimastjórnar í ljósi þess sögulega mikilvægis sem garðurinn gegnir, en þar hvíla ýmsir af helstu baráttumönnum og sjálfstæðishetjum Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseti og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, auk ýmissa annarra framámanna þjóðarinnar.

Í greinargerð þessari er m.a. stuðst við skýrsluna „Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu: Skráning og rannsókn minningarmarka“ sem kom út í röð rannsóknarskýrslna Þjóðminjasafns árið 2002, eftir Gunnar Bollason, rit Björns Th. Björnssonar „Minningarmörk í Hólavallagarði“, ýmsar greinar úr Bautasteini, riti Kirkjugarða Reykjavíkur, og fundargerðir og fleiri gögn sem garðinn varða.

1154. Svar [726. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um virðisaukaskatt á lyfjum.

1. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á lyfjum?*
   Á árinu 2002 eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á lyfjum um 780 millj. kr.

2. *Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur á lyfjum, sem nú er 24,5%, yrði*
   a. 14%,
   b. 7%?
   Ef virðisaukaskattur á lyfjum mundi lækka í:
   a. 14% eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum um 440 millj. kr.
   b. 7% eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum um 220 millj. kr.

1155. Svar [656. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 2. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Verkefnum þeim sem getið er í III. kafla þingsályktunartillögu þeirrar er fyrirspyrjendur vísa til voru ítarlega gerð skil í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002, þskj. 1290, 732. mál. Hér á eftir munu því helstu atriði í kafla dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í þeirri framkvæmdaáætlun tekin upp og kostnaður tilgreindur á eftir hverju verkefni. Ef viðbótarupplýsingar liggja fyrir verður þeirra sérstaklega getið. Þess má geta að nýjum verkefnum var bætt í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná

fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fyrir á 127. löggjafarþingi og féllu önnur niður. Vísast til hennar til nánari skoðunar. Þá er einnig vakin athygli á að á vordögum mun félagsmálaráðherra leggja fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni mun fylgja skýrsla um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun vegna áranna 2002–2004.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

Ráðuneytið hefur fylgt þeirri stefnu með fáum undantekningum að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

Í ráðuneytinu og í undirstofnunum þess er nú föst starfsregla að setja staðlaðan texta inn í allar atvinnuauglýsingar sem hljóðar svo: „Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar.“ Þá má geta þess að samkvæmt drögum að nýrri jafnréttisáætlun dómsmálaráðuneytisins skal orða auglýsingar varðandi símenntun þannig að hvatning komi fram um að jafnt karlar sem konur sæki sér slíka menntun.

Kostnaður vegna aðgerða óverulegur.

2.2. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Stefnt verður að því að auka enn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð.

Ráðuneytið hefur unnið að því að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð. Á tímabilinu hefur fjöldi kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins aukist úr 19,3% í 26,3%.

Á árinu 2002 var hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum dómsmálaráðuneytisins 26,2%. Þar sem ekki er um mikla aukningu að ræða frá fyrra ári hefur ráðuneytið nú brugðist við og gert að reglu þegar óskað er eftir tilnefningum þriðja aðila í nefndir að óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli.

Kostnaður vegna aðgerða enginn.

2.3. Fjölgun kvenna í lögreglu og meðal fangavarða.

Markvisst verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna og fangavarða. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru.

Ráðuneytið hefur unnið að því að fjölga konum í störfum lögreglumanna og fangavarða. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í lögreglustörfum 4,3% en hefur síðan aukist jafnt og þétt og er nú 9,11%. Til þess að skoða þróunina betur má líta á tölur um útskriftarnema í Lögregluskóla ríkisins. Á árinu 1997 var hlutfall kvenna sem útskrifuðust úr lögregluskólanum 7,14% en á sl. vori var þetta hlutfall 16,13%. Af þeim hópi sem útskrifaðist í desember árið 2000 var hlutfall kvenna 19,35%. Lögreglunemar í grunnnámi eru nú 48, 36 karlar og 12 konur, þ.e. konur eru 33,3% þeirra. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í störfum fangavarða 7,7% en er nú 15,6%. Starfa nú 15 konur við fangavörslu.

Áfram hefur verið unnið markvisst að því að fjölga konum í lögreglu. Í öllum starfsauglýsingum eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Á árinu 2002 sóttu 127 karlar og 36 konur um inngöngu í Lögregluskóla ríkisins. 86 karlar og 27 konur þreyttu inntökupróf. Af þeim stóðust 64 karlar (75% karlkyns umsækjenda) og 21 kona (78% kvenkyns umsækjenda) prófið. Þetta þýðir að af þeim sem stóðust prófið voru 75% karlar og 25% konur.

Af þeim 40 umsækjendum sem valdir voru inn í skólann voru svo 27 karlar (67,5%) og 13 konur (32,5%). Af þessum tölum má sjá að hlutfall þeirra kvenna sem sóttu um skólavist og fengu var hærra en karla, eða 13 konur af 21 (61%), en 27 karlar af 64 fengu skólavist (42%).

Hlutfall starfandi kvenna innan lögreglunnar í febrúar 2003 var 9,34%. Í febrúar 2002 var það 9,11%.

Kostnaður vegna aðgerða óverulegur.

2.4. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Lögreglan er fjölmennust þeirra starfsstétta sem heyra undir ráðuneyti dómsmála. Með nýrri skipan á vali nemenda í lögregluskólanum hefur konum þegar fjölgað í hópi nemenda og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

Ráðuneytið hefur hugað sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa innan lögreglunnar. Frá árinu 1999 hafa fjórar konur verið skipaðar lögreglustjórar og eru þær nú fimm alls. Á sama tíma hefur dómsmálaráðherra skipað þrjá karla í stöður lögreglustjóra. Árið 1996 voru konur 1,49% af þeim sem eru í helstu yfirmannastöðum innan lögreglunnar en voru á sl. sumri 2,36%. Þótt hér sé ekki um margar stöður að ræða skal þess getið að árið 1996 var engin kona í starfi yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns eða aðalvarðstjóra en ein kona var í stöðu lögreglufulltrúa. Nú er ein kona aðstoðaryfirlögregluþjónn, ein kona aðalvarðstjóri og þrjár konur lögreglufulltrúar. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir hvatningu til kvenna um að sækja um lausar stöður yfirmanna er fátítt að þær sæki um. Þannig voru árið 2000 auglýstar lausar til umsóknar 77 yfirmannastöður í lögreglunni, þ.e. staða aðstoðarvarðstjóra og hærra settra. Um þær sóttu níu konur og 230 karlar. Af þeim sem hlutu stöðurnar voru fimm konur og 72 karlmenn. Þannig fengu 55,6% kvenna þær stöður sem þær sóttu um en 31,3% karla fengu þær stöður sem þeir sóttu um.

Í febrúar 2003 var engin kona starfandi yfirlögregluþjónn en 24 karlar gegndu slíkri stöðu. Ein kona gegndi starfi aðstoðaryfirlögregluþjóns en 28 karlar. Í starfi aðalvarðstjóra voru 7 konur og 87 karlar. Af 237 varðstjórastöðum voru konur í 15 þeirra. Í stöðu aðstoðarvarðstjóra voru 38 karlar og engin kona. Af 237 stöðum lögreglumanna voru 203 karlar og 34 konur.

Kostnaður vegna aðgerða enginn.

2.5. Meðferð heimilisofbeldismála.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum, skilaði skýrslu um niðurstöður sínar. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar skipaði dómsmálaráðherra þrjár nefndir til að huga að meðferð þessara mála. Einni nefndinni er ætlað að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því með hvaða hætti unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaaðgerðir og hjálparúrræði fyrir brotaþola og gerendur. Hinum nefndunum tveimur er falið að huga að meðferð þeirra mála sem hér um ræðir, annars vegar á rannsóknarstigi en hins vegar í dómskerfinu, og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta.

Nefndirnar skiluðu allar skýrslum sem dómsmálaráðherra lagði fram á 121. og 122. löggjafarþingi Alþingis.

Kostnaður vegna þeirra nefnda sem skipaðar voru var eftirfarandi samkvæmt ákvörðun þóknananefndar:

1. Nefnd vegna tillagna um forvarnir og hjálparúrræði fyrir þolendur var skipuð fjórum nefndarmönnum. Formaður hlaut 63 einingar og aðrir nefndarmenn 42 einingar hver.
2. Nefnd vegna meðferðar heimilisofbeldismála fyrir lögreglu á rannsóknarstigi var skipuð þremur nefndarmönnum. Formaður hlaut 30 einingar og aðrir nefndarmenn 20 einingar hvor.
3. Nefnd vegna meðferðar heimilisofbeldismála í dómskerfinu var skipuð þremur nefndarmönnum. Formaður hlaut 54 einingar og aðrir nefndarmenn 36 einingar hvor.

Ekki liggur fyrir hvað einingin kostaði á þeim tíma er nefndirnar luku störfum en í dag jafngildir ein eining 1.258,53 kr.

2.6. Staða þolenda afbrota.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota, samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort þolendur gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Meðal þeirra úrræða sem nefndin hefur fjallað um er réttur brotaþola til lögmannsaðstoðar þeim að kostnaðarlausu. Nefndin vinnur nú að tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að þessu leyti.

Lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, hefur verið breytt þannig að víkja má frá ákvæðum laganna um tímafresti til að koma fram kröfu um bætur þegar veigamikil rök mæla með því.

Dómsmálaráðherra beitti sér fyrir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, þar sem mælt er fyrir um nálgunarbann. Samkvæmt því er unnt að banna manni með dómsúrskurði að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann mundi fremja afbrot eða raska friði þess manns sem á í hlut. Brot á nálgunarbanni varðar eins árs fangelsi og tveggja ára fangelsi ef brot er ítrekað eða stórfellt. Með lögum nr. 36/1999 voru ýmsar breytingar gerðar á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, í því skyni að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota. Eftir breytingarnar eiga brotaþolar í kynferðisbrotamálum rétt á því að þeim verði á kostnað ríkissjóðs skipaður löglærður talsmaður, réttargæslumaður, er gæti hagsmuna þeirra í sambandi við rannsókn og málsmeðferð sakamálsins og veiti brotaþola aðra aðstoð sem eðlileg er í sambandi við málið.

Aðgerðir vegna þessa verkefnis voru unnar af starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins og leiddu ekki til aukins kostnaðar fyrir ráðuneytið. Lagabreytingarnar kölluðu hins vegar á aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

2.7. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt verði að því að aukin verði þátttaka kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og að jafnað verði hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Í því skyni verði tekið mið af niðurstöðum nefndar sem biskup hefur skipað til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti kynja í kirkjunni, í öðru lagi að kynna sér stöðu þessara eða svipaðra mála meðal nágrannakirkna á Norður-

löndum og í Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og kynna stefnu þessara fjölþjóðasamtaka sem íslenska kirkjan tilheyrir og í þriðja lagi að gera tillögur um úrbætur sjái nefndin möguleika á því að koma slíku fram.

Á kirkjuþingi árið 1998 var samþykkt jafnréttisáætlun kirkjunnar sem tók gildi 1. janúar 1999. Í samræmi við ákvæði jafnréttisáætlunar var sett á stofn jafnréttisnefnd sem tók til starfa um leið og jafnréttisáætlun tók gildi.

Jafnréttisáætlun kirkjunnar leggur megináherslu á eftirfarandi málefni:

- Að rétta hlut kvenna innan kirkjunnar.
- Að jafna aðild kynjanna að nefndum og ráðum og yfirstjórn kirkjunnar.
- Að stuðla að jöfnun launa og aðstöðu kvenna og karla innan kirkjunnar.
- Að vinna að fræðslu um jafnrétti.
- Að vinna að endurskoðun málfars í kirkjulegri boðun og starfi.

Ekki liggja í ráðuneytinu nýjar upplýsingar frá jafnréttisnefnd kirkjunnar um stöðu jafnréttismála innan kirkjunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu var kostnaður hennar vegna jafnréttisnefndar kirkjunnar á árinu 2003 379.378 kr.

2.8. Forsjár- og umgengnismál.

Dómsmálaráðherra skipaði á árinu 1997 nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni var m.a. falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hvaða úrræði eru líkleg til að draga úr fjölda brota vegna umgengnisréttar og -skyldu, hvaða upplýsingar og fræðsla standa foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf og hverjar eru raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

Forsjárnefnd skilaði dómsmálaráðherra áfangaskýrslu í júní 1999 og lagði fram eftirfarandi tillögu til úrbóta:

1. Þegar á árinu 1999 var ráðist í tilraunaverkefni við a.m.k. eitt sýslumannsembætti um þverfaglega ráðgjöf fyrir foreldra við skilnað þeirra eða slit á óvígðri sambúð. Tilraunin stæði yfir í tólf mánuði og árangur yrði metinn að tilraunatíma loknum. Árið 2000 var síðan hleypt af stokkunum tilraunaverkefni hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík sem laut að sáttaumleitunum í umgengnis- og forsjármálum, bæði í skilnaðarmálum og málum sem ekki tengjast þeim. Árangurinn reyndist mjög góður og var barnalögum breytt með lögum nr. 18/2001 þar sem gert er ráð fyrir að slíka sáttaþjónustu sé unnt að fá hjá öllum sýslumannsembættum.
2. Sameiginleg forsjá foreldra verði meginregla.
3. Lagabreytingar til að bæta réttarstöðu forsjárlauss foreldris.

Með breytingu sem gerð var á barnalögum, nr. 20/1992, með lögum nr. 18/2001 var sáttaþjónusta þessi lögfest. Slík sáttaþjónusta hélst óbreytt við setningu nýrra barnalaga, nr. 76/2003.

Lögfesting sáttaþjónustu fyrir sýslumanni hefur leitt til viðvarandi útgjalda fyrir ríkissjóð og á árinu 2003 nam sá kostnaður 6.193.000 kr. Samkvæmt nánari sundurliðun:

Sýslumaðurinn í Reykjavík	5.883.000 kr.
Sýslumaðurinn á Ísafirði	73.000 kr.
Sýslumaðurinn á Akureyri	100.000 kr.
Sýslumaðurinn á Eskifirði	137.000 kr.

Nefndin sem stofnuð var árið 1997, forsjárnefnd, hefur enn ekki lokið störfum og hefur fullnaðargreiðsla vegna starfa hennar því ekki farið fram. Áfallinn kostnaður vegna nefndarinnar er 185.525 kr.

2.9. Jafnrétti – mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði skipulögð námskeið fyrir opinbera embættismenn um mannréttindamál, m.a. um mannréttindi kvenna sérstaklega.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á fræðslu um mannréttindi og hafa starfsmenn þess haldið fræðsluerindi og staðið fyrir námskeiðum fyrir ýmsa starfshópa, svo sem ákærendur, lögreglumenn o.fl. Í lögregluskólanum eru mannréttindi meðal námsgreina.

Aðgerðir vegna þessa verkefnis voru unnar af starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins og leiddu ekki til annars kostnaðar fyrir ráðuneytið.

Mannréttindakennsla er sérstakur hluti námskrár Lögregluskóla ríkisins. Sérstök námsgrein sem ber heitið „Mannréttindi/stjórnarskrá“ er kennd á síðari hluta fyrsta árs. Þar er umfjöllun um alla helstu alþjóðlegu mannréttindasamningana og hefur nú CEDAW verið bætt í þann hóp.

Í sérstöku námi fyrir stjórnendur innan lögreglunnar sem Lögregluskóli ríkisins og Endurmenntunarstofnun HÍ standa að er fjórum kennslustundum sérstaklega varið til umfjöllunar um jafnrétti.

Átak gegn verslun með konur sem betur eru gerð skil undir öðrum verkefnum hér á eftir fól í sér sérstaka áherslu á að verslun með konur væri brot á mannréttindum.

2.10. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í nóvember 2001 var gefin út í ráðuneytinu jafnréttisyfirlýsing þess. Í henni er kveðið á um launajafnrétti, stöðuveitingar og skipanir í embætti, jafnræði á vinnustað, jafnan rétt til fjölskyldu og atvinnulífs, jafnan rétt karla og kvenna til starfsþjálfunar og endurmenntunar, þátttöku í nefndum og ráðum o.fl. Yfirlýsingin hefur verið send öllum undirstofnunum ráðuneytisins. Í bréfi sem fylgdi yfirlýsingunni var þess farið sérstaklega á leit að yfirmenn stofnana kynntu öllum starfsmönnum yfirlýsinguna, hver væri jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins og að starfsmenn gætu snúið sér með umkvartanir sínar til fulltrúans.

Jafnréttisáætlun var sett í ráðuneytinu í febrúar 2004 og með henni féll jafnréttisyfirlýsingin úr gildi. Þá var jafnréttisnefnd skipuð í ráðuneytinu í maí 2003. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins hélt fyrirlestur um störf jafnréttisfulltrúa og jafnréttisstarf í ráðuneytinu fyrir alla starfsmenn ráðuneytisins í maí 2003. Enginn kostnaður varð vegna þessa.

Þá stóðu öll ráðuneytin sameiginlega að könnun á stöðu jafnréttismála í hverju ráðuneyti fyrir sig í lok ársins 2003. Gallup framkvæmdi könnunina og var kostnaður ráðuneytisins í könnuninni 82.109 kr.

Önnur verkefni.

- Ráðuneytið hefur einnig unnið að verkefni tengdu vændi á Íslandi. Ríkisstjórnin samþykkti sérstaka fjárveitingu til að gerð yrði rannsókn á vændi á Íslandi. Sumarið 2000 fól dómsmálaráðuneytið sérfræðingum að gera úttekt á umfangi vændis hér á landi. Rannsóknin var einkum byggð á viðtölum við ungar stúlkur sem ánetjast hafa fíkniefnaneyslu, svo og við nektardansmeyjar og aðra sem tengjast starfsemi nektardans-

staða. Áfangaskýrsla liggur nú fyrir og hafa niðurstöður hennar verið kynntar. Jafnframt hefur verið lögð fram af dómsmálaráðherra skýrsla um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. en skýrsla þessi er svar við beiðni nokkurra þingmanna.
- Dómsmálaráðherra hefur styrkt svokallaðan V-dag, sem vænta má að verði árlegur viðburður.
- Dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd um útihátíðir, sem m.a. er ætlað að fjalla um þann vanda sem birst hefur í ofbeldi, þ.m.t. kynferðislegu ofbeldi gagnvart ungum stúlkum á útihátíðum.
- Dómsmálaráðherra hefur á erlendum og innlendum vettvangi lagt áherslu á baráttuna gegn svokallaðri „hvítri þrælasölu", en slík verslun með fólk er víðtæk um heim allan og viðfangsefni skipulagðra glæpahringja. Á fundum norrænna og baltneskra dómsmálaráðherra hefur þetta efni verið á dagskrá og er unnið að því að samstilla aðgerðir löggregluyfirvalda á þessu sviði.

Kostnaður vegna skýrslunnar „Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess", sem unnin var fyrir dómsmálaráðuneytið af Rannsóknum og greiningu og kom út árið 2001, var 1.584.885 kr.

Í kjölfar skýrslunnar um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að bregðast við niðurstöðum skýrslunnar. Nefndin var skipuð sjö nefndarmönnum auk ritara. Nefndin skilaði skýrslu í apríl 2002. Kostnaður vegna nefndarinnar var 543.419 kr.

Kostnaður vegna skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. skv. beiðni, sem var lögð fram á 126. löggjafarþingi 2000–2001, var 690.000 kr. Sérstök fjárveiting fékkst fyrir 500.000 kr. en ráðuneytið stóð straum af mismuninum, 190.000 kr.

Að frumkvæði dómsmálaráðherra veitti ríkisstjórnin 500.000 kr. styrk til V-dagssamtakanna árið 2002, 1.000.000 kr. árið 2003 og 500.000 kr. árið 2004. V-dagurinn, sem er alþjóðlegur dagur gegn ofbeldi gegn konum, var haldinn í fyrsta sinn á Íslandi árið 2002.

Kostnaður vegna sjö manna nefndar um útihátíðir, sem skilaði skýrslu í júlí 2002, var 663.030 kr.

Þá var einnig skipaður starfshópur um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi. Starfshópurinn sem skipaður var fjórum nefndarmönnum skilaði skýrslu í apríl 2002. Kostnaður vegna starfshópsins var 220.000 kr.

Ráðuneytið tók, ásamt félagsmálaráðuneytinu, þátt í upplýsingaátaki Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur. Átakið sem hleypt var af stokkunum í Tallinn 29. maí 2002 fól í sér annars vegar sameiginlegt átak allra ríkjanna til að sporna við starfsemi af þessu tagi auk þess sem hvert ríki efndi til átaks í sínu landi, sem var sérstaklega sniðið að staðbundnum aðstæðum. Hið íslenska átak fólst í ráðstefnu sem haldin var í febrúar 2003 ásamt útgáfu blaðs sem dreift var með Morgunblaðinu um svipað leyti. Um átakið og árangur þess má lesa í skýrslu sem Norræna ráðherranefndin mun gefa út innan skamms. Kostnaður vegna átaksins var áætlaður 2.000.000 kr. Kostnaður dómsmálaráðuneytisins vegna þess var 607.398 kr. Ríkisstjórnin styrkti átakið um 1.000.000 kr. og tók félagsmálaráðuneytið einnig þátt í kostnaði vegna þess.

Ráðuneytið styrkti einnig rannsókn á vændi meðal ungs fólks og útgáfu skýrslu Rannsókna og greiningar „Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess" sem kom út 2003. Kostnaður vegna þessa var 844.501 kr.

Að frumkvæði dómsmálaráðherra veitti ríkisstjórnin 200.000 kr. styrk til rannsóknarverkefnisins „Kynlífsmarkaður í mótun“ en skýrsla var gefin út 2003.

Þá ber einnig að geta þess að nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum hafa verið gerðar sem stuðla að því að sporna gegn vændi, mansali og kynferðislegri misnotkun. Í fyrsta lagi var nýju ákvæði bætt við 202. gr. laganna með lögum nr. 14/2002, sem kveður á um að refsivert sé að kaupa kynlífsþjónustu af ungmenni yngra en 18 ára. Í öðru lagi voru með breytingalögum nr. 40/2003 gerðar ákveðnar breytingar á ákvæðum laganna sem miðuðu að því annars vegar að veita þolendum kynferðisafbrota ríkari vernd en áður og hins vegar að lögfesta sérstakt ákvæði sem kvæði á um að mansal, eða verslun með fólk, yrði refsivert brot. Verkefni þessi voru unnin af starfsmönnum ráðuneytisins og því er enginn kostnaður tilgreindur.

1156. Svar [677. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar og Bryndísar Hlöðversdóttur um fríverslunarsamning við Ísrael.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær tók fríverslunarsamningur EFTA við Ísrael gildi?*
2. *Hvaða skilyrði eru í samningnum um uppsögn hans? Hver er uppsagnarfresturinn?*
3. *Hversu mikil viðskipti eiga Íslendingar við Ísrael í krafti fríverslunarsamnings landsins við EFTA?*
4. *Hvernig eru þau viðskipti aðallega? Hvaða vörutegundir eru seldar frá Íslandi og hvaða íslensk fyrirtæki stunda einkum viðskipti við Ísrael?*

Fríverslunarsamningur EFTA og Ísrael tók gildi 1. ágúst 1993.

Ákvæði 36. gr. samningsins gerir ráð fyrir að hvert EFTA-ríkjanna geti dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega og tekur úrsögn gildi sex mánuðum síðar. Dragi Ísrael til baka aðild sína fellur samningurinn að sjálfsögðu niður í heild sinni.

Viðskipti Íslendinga við Ísrael eru fremur lítil og nema um 1% af heildarviðskiptum EFTA-ríkjanna við Ísrael. Ef skoðuð er þróun viðskipta síðustu fimm ár voru engin viðskipti árin 19981999 en síðan nam innflutningur á bilinu 360–450 millj. ísl. kr. árin 2000–2003. Útflutningur þessi sömu ár nam um 108 millj. kr. árið 2000, 135 millj. kr. árið 2001, 295 millj. kr. árið 2002 og 154 millj. kr. árið 2003. Helstu vörutegundir sem seldar eru frá Íslandi til Ísrael eru fiskafurðir og fiskimjöl en þær vörur nema um 86% útflutningsins árið 2002. Helstu vörutegundir sem seldar eru frá Ísrael til Íslands eru fjarskipta- og útvarpsbúnaður, raftæki og ýmsar fleiri iðnaðarvörur. Upplýsingar um hvaða fyrirtæki og einstaklingar eru í viðskiptum eru trúnaðarmál og ekki birtar opinberlega.

1157. Svar [678. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, Lúðvíks Bergvinssonar og Bryndísar Hlöðversdóttur um fríverslunarsamninga EFTA.

1. *Við hvaða ríki eru fríverslunarsamningar á vegum EFTA í gildi? Hvenær voru þeir staðfestir?*

Fríverslunarsamningar við EFTA eru nú 20 talsins, þar af hafa 19 tekið gildi. Í fylgiskjali er listi yfir fríverslunarsamningana (sem birtur er á heimasíðu utanríkisráðuneytisins) og kemur þar fram gildistökudagur þeirra. Fríverslunarsamningur við Chile hefur ekki enn tekið gildi, en hann er nú í meðförum Alþingis (þskj. 1091, 735. mál) og áætluð gildistaka er í byrjun sumars 2004. Átta samninganna falla hins vegar úr gildi við inngöngu nýrra ríkja í ESB 1. maí nk.

2. *Við hvaða ríki eru formlegar samningaviðræður um fríverslun í gangi? Hvenær hófust þær og á hvaða stigi eru þær? Hvenær er gert ráð fyrir að þeim ljúki?*

Formlegar samningaviðræður eru í gangi við Kanada, Egyptaland, Túnis og Suður-afríska tollabandalagið (Suður-Afríka, Botsvana, Lesoto, Namibía og Svasíland). Viðræður við Kanada, Egyptaland og Túnis hófust 1998, en viðræður við Suður-afríska tollabandalagið árið 2000. Vonir standa til að ljúka samningum við Túnis á þessu ári og hugsanlega Egyptaland og Suður-Afríku síðar á árinu, en óvíst er hvenær samningum við Kanada verður lokið. Nýlokið er samningaviðræðum við Líbanon, sem hófust í apríl 2003, og verður samningurinn undirritaður í júní nk. á ráðherrafundi EFTA í Sviss, en gildistaka er áætluð 1. janúar 2005.

3. *Hvaða stefnu hefur EFTA um samninga gagnvart öðrum ríkjum sem þykja vænlegir kostir til að efla fríverslun við? Hefur EFTA formlegan eða óformlegan forgangslista um í hvaða röð er áformað að hefja viðræður við umrædd ríki? Hvort og þá hvenær er áformað að hefja formlegar viðræður við viðkomandi ríki?*

Stefnumörkun EFTA hefur verið sú annars vegar að skapa viðskiptaaðilum innan EFTA svipuð skilyrði og bjóðast fyrirtækjum innan ESB, með því að styrkja net fríverslunarsamninga við ríki sem ESB hefur samið við eða á í samningaviðræðum við. Dæmi um slíka samninga eru samningar við ríki við Miðjarðarhafið, þar sem eru e.t.v. ekki mikil viðskipti EFTA-ríkjanna nú. Hins vegar hefur EFTA horft til sérstakra viðskiptahagsmuna EFTA-ríkjanna sem slíkra og opnunar nýrra markaða fyrir viðskipti. Dæmi um slíka stefnu eru samningarnir við Singapúr, Chile, Mexíkó og viðræðurnar við Kanada sem er mikilvægt viðskiptaland. EFTA hefur einnig horft til Asíu varðandi frekari samninga í framhaldi af Singapúrsamningnum og skoðar nú möguleika á viðræðum við Suður-Kóreu, en ekki hefur verið ákveðið hvenær formlegar viðræður hefjast. Auk þess eru reglulega metnir hagsmunir af frekara samstarfi og mögulegum fríverslunarviðræðum við ríki sem EFTA-ríkin eru með samstarfsyfirlýsingar við, sbr. 4. lið fyrirspurnarinnar.

4. *Við hvaða ríki hafa verið gerðir samstarfssamningar sem ganga skemur en fríverslunarsamningar?*

EFTA hefur nú gengið frá samstarfsyfirlýsingum við níu ríki eða ríkjasambönd, en samstarfsyfirlýsingar eru almennt undanfari fríverslunarsamningaviðræðna. Þau eru MERCOSUR-ríkin (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ), Flóaráðið (GCC) sem er ráð arabaríkja við Persaflóa, Albanía, Alsír, Úkraína og Serbía og Svartfjallaland.

Fylgiskjal.

Fríverslunarsamningar Íslands.

Lönd	Dags.	Nr.	Gildist.	Heiti
Austurríki	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Belgía	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Bretland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Búlgaría	29.03.1993	02/1995	01.06.1994	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Búlgaríu
Danmörk	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin, Færeyjar og Grænland
EES-ríkin	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	EES-samningurinn (nær til eftirfarandi 17 ríkja: Austurríkis, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Grikklands, Hollands, Írlands, Ítalíu, Liechtenstein, Lúxemborgar, Noregs, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar, Þýskalands)
Eistland	07.12.1995	óbirtur	01.10.1997	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Eistlands
ESB-ríkin	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Finnland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Frakkland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Færeyjar	06.08.1992	12/1993	01.07.1993*	Samningur við Færeyjar um fríverslun, staðfestur 2. júní 1993
Grikkland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Grænland	31.01.1985	01/1985	01.02.1985	Samningur um viðskipti Íslands og Grænlands
Holland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Írland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Ísrael	17.09.1992	10/1993	01.08.1993	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ísrael
Ítalía	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Jórdanía	21.06.2001	óbirtur	01.09.2002	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Jórdaníu
Króatía	21.06.2001	óbirtur	01.08.2002	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Króatíu
Lettland	07.12.1995	óbirtur	01.06.1996	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lettlands
Liechtenstein	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Litháen	07.12.1995	óbirtur	01.01.1997	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Litháen
Lúxemborg	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Makedónía	19.06.2000	óbirtur	01.08.2002	Samningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu
Marokkó	19.06.1997	óbirtur	01.12.1999	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Marokkó
Mexíkó	27.11.2000	óbirtur	01.10.2001	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Mexíkó
Noregur	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
PLO	30.11.1998	óbirtur	01.07.1999	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og sjálfsstjórnarsvæðis Palestínumanna
Portúgal	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Pólland	10.12.1992	08/1993	01.09.1994**	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Póllands

Lönd	Dags.	Nr.	Gildist.	Heiti
Rúmenía	10.12.1992	03/1995	01.06.1994	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Rúmeníu
Singapúr	27.06.2002	óbirtur	01.01.2003	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Singapúr
Slóvakía	20.03.1992	22/1992	01.01.1993	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og Slóvakíska sambandslýðveldisins
Slóvenía	13.06.1995	óbirtur	01.09.1998	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Slóveníu
Spánn	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Sviss	(04.01.1960) 21.06.2001	(07/1970) óbirtur	(01.03.1970) 01.06.2002	Stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu – EFTA (Vaduz-samningurinn sem nær til Liechtenstein, Noregs og Sviss)***
Svíþjóð	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin
Tékkland	20.03.1992	22/1992	01.01.1993	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Tékkneska og Slóvakíska sambandslýðveldisins
Tyrkland	10.12.1991	15/1992	13.07.1992	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands
Ungverjaland	29.03.1993	01/1995	01.06.1994	Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Ungverjalands
Þýskaland	02.05.1992	31/1993	01.01.1994	Sjá EES-ríkin

* Bráðabirgðagildistaka 01.09.1992
** Bráðabirgðagildistaka 15.11.1993.
*** Eldri samningurinn, svokallaður Stokkhólmssamningur, er frá 1960, sjá tilvísanir í sviga.

1158. Svar [498. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hugbúnaðarkerfi ríkisins.

1. *Hvernig skiptist rekstrar- og stofnkostnaður í kostnaðaráætlun þeirra sem ráðuneytið samdi við vegna nýs hugbúnaðarkerfis (ORACLE) hjá ríkinu, sundurliðaður eftir helstu kostnaðarþáttum, og hvernig hefur áætlunin staðist?*

Áður en gengið var til samninga um kaup á hugbúnaðarkerfi fyrir ríkissjóð var reiknaður núvirtur tíu ára eignarhaldskostnaður í tilboðum aðila. Eignarhaldskostnaður við Oracle hugbúnaðarkerfið var metinn 1.355,1 millj. kr. án virðisaukaskatts.

Tafla 1. Eignarhaldskostnaður við Oracle, eftir helstu kostnaðarþáttum.

Eignarhaldskostnaður Oracle	m.kr.
Kaupverð hugbúnaðar	345,6
Vinna, kennsla og aukaverk	508,8
Stofnkostnaður	854,4
Núvirt viðhaldsgjöld	500,7
Kostnaður samtals	1.355,1

Tafla 2. Sundurliðun viðhaldsgjalda.

Viðhaldsgjöld	m.kr.
Á árinu 2001	6,7
Á árinu 2002	41,2
Á hverju ári til og með 2011	76,0

Verklok á samningi ríkisins við Skýrr um innleiðingu á Oracle fjárhags- og mannauðskerfinu og kaup á notendaleyfum verða á árinu 2004 og er búist við að heildarkostnaður án virðisaukaskatts við það verk verði áþekkur því sem kom fram í mati á tilboðunum. Greiðslur vegna notendaleyfa eru um 340 millj. kr. án virðisaukaskatts og innleiðingarkostnaður er 478 millj. kr. eða samtals um 818 millj. kr. Að mati Fjársýslunnar er líklegt að kostnaður við verkið verði samkvæmt áætlun.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður nú og hvenær er gert ráð fyrir verklokum? Ef heildarkostnaður hefur aukist frá upphaflegri kostnaðaráætlun er óskað eftir skýringum á frávikunum.*

Gert er ráð fyrir að kerfið sem ríkið er nú að taka í notkun verði í rekstri og þróun a.m.k næstu tíu ár. Til að tryggja rekstur og endurnýjun kerfisins hafa verið gerðir rekstrarsamningar til sex ára við EJS og ótímasettur viðhaldssamningur við Oracle og Skýrr. Búast má við að rekstur kerfisins og viðhaldssamningur muni kosta árlega um 200 millj. kr. fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Til viðbótar þarf að gera ráð fyrir frekari þróun og uppsetningu á nýjum útgáfum. Kostnaður við það fer að verulegu leyti eftir því hversu mikið af nýjungum í kerfinu ríkið óskar eftir að taka í notkun. Á fjárlögum ársins 2004 er fjárveiting til þessa 76,5 millj. kr.

Verklok samkvæmt samningi ríkisins við Skýrr um innleiðingu á kerfinu og kaup á notendaleyfum verða á þessu ári og er búist við að heildarkostnaður án virðisaukaskatts við það verði áþekkur því sem kom fram í mati á tilboðum áður en gengið var til samninga við Skýrr.

Undirbúningur að nýju fjárhagskerfi tók nokkur ár og var flókið verkefni. Eftirfarandi yfirlit sýnir rekstrar- og stofnkostnað við kerfið eftir viðfangsefnum á verðlagi hvers árs. Kostnaðurinn er borinn saman við fjárheimildir sem á að endurspegla áætlun.

Tafla 3. Heildarkostnaður við nýtt fjárhagskerfi skipt á fjárlagaviðföng.

Bókfærður kostnaður				
Fjárlagviðfang	**2001**	**2002**	**2003**	**Samtals**
147 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	31.649	157.913	144.359	333.921
647 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	614.263	346.837	240.971	1.202.071
Samtals	**645.912**	**504.750**	**385.330**	**1.535.992**
Fjárheimildir				
147 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins		143.400	183.400	326.800
647 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	502.000	569.500	186.500	1.258.000
Samtals	**502.000**	**712.900**	**369.900**	**1.584.800**
Mismunur	**-143.912**	**208.150**	**-15.430**	**48.808**

Heildarkostnaður til ársloka 2003 nam 1.536 millj. kr. en fjárheimildir námu 1.585 millj. kr.

Í töflu 4 er að finna yfirlit yfir bókfærðan kostnað í þús. kr. skipt eftir árum, fjárlagaviðföngum og helstu kostnaðarþáttum.

Tafla 4. Sundurliðaður kostnaður við nýtt fjárhagskerfi.

Fjárlagaviðfang	Flokkun	2001	2002	2003	Samtals
Viðfang 147	Rekstur á kerfi	27.404	66.421	98.626	192.451
Fjárhags- og	Útboðs- og kærukostnaður	4.245	5.883		10.128
starfsmannakerfi	Viðhaldsgjöld		73.649	43.301	116.950
ríkisins	Yfirfærsla á SUN kerfi		11.811	1.008	12.819
	Annar kostnaður		149	1.424	1.573
Samtals rekstrarkostnaður á viðfang 147		**31.649**	**157.913**	**144.359**	**333.921**
Viðfang 647	Aukaverk		13.514	31.714	45.228
Hugbúnaðargerð	Innleiðingarkostnaður	150.032	268.200	59.645	477.877
fyrir nýtt	Launakostnaður		14.439	14.009	28.448
fjárhags- og	Notendaleyfi	379.334		44.057	423.391
starfsmannakerfi	Ráðgjöf	794	28.380	16.454	45.628
	Útboðs- og kærukostnaður		3.910	669	4.579
	Viðhaldsgjöld	68.469			68.469
	Þjónustusamningur			56.882	56.882
	Annar kostnaður	15.634	18.394	17.541	51.569
Samtals stofnkostnaður á viðfang 647		**614.263**	**346.837**	**240.971**	**1.202.071**
Kostnaður alls		**645.912**	**504.750**	**385.330**	**1.535.992**

Útboð á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi átti sér ekkert fordæmi og voru því engar reynslutölur tiltækar til að styðjast við. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2001 var sett fram fjárlagabeiðni sem byggðist á áætlun Fjársýslunnar um kostnað við innleiðingu. Þar sem fjárlög komu fram á undan útboði þótti ekki rétt að upplýsa bjóðendur um hvað ríkið gerði ráð fyrir að kerfið kostaði. Því var ákveðið að setja fram hógværa fjárhæð í fjárlögum. Þegar kostnaður við rekstur nýja kerfisins var áætlaður var horft til þess hvað þau kerfi sem leysa átti af hólmi (BÁR-bókhaldskerfi og LÁR-launakerfi) kostuðu í rekstri. Fjárheimildir í þús. kr. til rekstrar þeirra kerfa voru sem hér segir:

Tafla 5. Fjárheimildir til rekstrar eldri kerfa á árunum 2001 og 2002.

	2001	2002
Launakerfi	63.800	67.500
BÁR	52.600	55.700
Samtals	**116.400**	**123.200**

Hafa þarf í huga að nýja kerfið er töluvert umfangsmeira en eldri kerfin og að þar er að finna nýja kerfishluta svo sem starfsmannakerfi, vakta- og viðverukerfi, ferðareikningakerfi, verkbókhald og innkaupa-, birgða- og sölukerfi. Að auki þarf að greiða árlega ákveðið viðhaldsgjald af nýja kerfinu fyrir nýjar útgáfur, leiðréttingar og aðstoð við villugreiningu. Árið 2001 var þetta viðhaldsgjald fært undir stofnkostnað en eftir að það var tekið í notkun færist það undir rekstrarkostnað.

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir veittar fjárheimildir í þús. kr. við nýtt kerfi, skipt eftir árum, fjárlagaviðföngum og sundurliðun fjárheimilda.

Tafla 6. Sundurliðun fjárheimilda vegna ný fjárhagskerfis.

Fjárlagaviðfang	Texti	2001	2002	2003	Samtals
147 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	Fjárlög		53.400	183.400	236.800
	Fjáraukalög		90.000		90.000
Samtals rekstur á fjárlagaviðfangi 147			**143.400**	**183.400**	**326.800**
647 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	Fjárlög	160.000	480.000	186.500	826.500
	Fjáraukalög	350.000	99.500		449.500
	Flutt á viðfang 101 rekstur	-8.000	-10.000		-18.000
Samtals stofnkostnaður á fjárlagaviðfangi 647		**502.000**	**569.500**	**186.500**	**1.258.000**
Fjárheimildir alls		**502.000**	**712.900**	**369.900**	**1.584.800**

Helstu skýringar á viðbótarfjárveitingum í fjáraukalögum eru þessar:

Aukafjárveitingar vegna rekstrar.

Í upphaflegu útboðsferli á nýja hugbúnaðarkerfinu var horfið var frá því að bjóða út hugbúnaðinn, innleiðinguna og reksturinn í einu lagi. Það var gert til þess að auka möguleikana á því að sem flest fyrirtæki byðu í verkið. Því reyndist ekki unnt að bjóða út rekstur kerfisins fyrr en fullljóst var hvernig kerfið yrði uppbyggt og hvaða kröfur það gerði til rekstrarumhverfis. Eins þurfti að koma kerfinu upp, fyrst í prufuumhverfi og síðan í rekstrarumhverfi. Því var gerður skammtímasamningur við Skýrr um að annast rekstur á kerfinu þar til að loknu útboði og nam kostnaður vegna hans 57 millj. kr. árið 2002. Í fjárlögum ársins 2002 var gert ráð fyrir 53,4 milljónum til undirbúnings útboðs og upp í væntanlegan rekstrarkostnað. Að loknu útboðinu var gerður rekstrarsamningur við lægstbjóðanda, EJS hf. Samningurinn við EJS hf. fól í sér ófyrirséðan kostnað þar sem rekstrarumhverfi EJS er í svokölluðu SUN Solaris stýrikerfi en Oracle-hugbúnaðarkerfið var sett upp á HP UX stýrikerfi. Til að greiða kostnað við þetta fékk Fjársýslan 12 millj. kr. í fjáraukalögum

Þegar búið var að semja við EJS hf. var í fjáraukalögum gerður upp rekstrarkostnaður áranna 2001 og 2002 og fékk Fjársýslan 64 milljónir í auknar fjárheimildir vegna þess.

Undir rekstrarkostnað árið 2002 er fært viðhaldsgjald til Oracle. Í fjárlagatillögum var gert ráð fyrir að virðisaukaskattur fengist endurgreiddur af viðhaldsgjaldinu. Því var hafnað af bæði Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytinu og fékk Fjársýslan 14 millj. kr. í auknar fjárheimildir vegna þess.

Aukafjárveitingar vegna stofnkostnaðar.

Sem fyrr segir var erfitt að áætla stofnkostnaðinn í upphafi og að auki þótti rétt að hafa fjárheimildir í fjárlögum þannig að væntanlegir bjóðendur gætu ekki notað fjárlögin sem viðmiðun í tilboðum sínum. Þegar samningur var gerður við Skýrr fékk Fjársýslan 350 millj. kr. á fjáraukalögum 2001 til samræmis við samninginn.

Í fjáraukalögum fyrir 2002 fékk Fjársýslan 99,5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til greiðslu á virðisaukaskatti vegna samnings um gerð fjárhags- og mannauðskerfis fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins. Fjársýslan hafði í áætlunum sínum gert ráð fyrir að virðisaukaskattur yrði endurgreiddur af kerfunum og miðað fjárlagatillögur sínar við það. Ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið úrskurðuðu hins vegar að greiða bæri virðisaukaskatt af kerfunum.

3. *Var gerð þarfagreining í upphafi, hverjir gerðu hana og hver var helsta niðurstaða hennar?*

Við upphaf verksins var byrjað á því að gera þarfagreiningu og útboðsgögn á grundvelli hennar. Strax í upphafi var ljóst að verkið yrði mjög umfangsmikið og því nauðsynlegt að vinna samkvæmt stöðluðu verklagi. Ákveðið var að leita til ráðgjafafyrirtækja sem hefðu aðgang að alþjóðlegri þekkingu um það hvernig standa skuli að slíkum verkum. Gerður var samningur við KPMG um ráðgjöf við fjárhagshlutann og PWC um mannauðshlutann.

Ákveðið var að styðjast við svokallaða SIIPS-aðferðafræði (Selection and Implementation of Integrated Package Software) frá KPMG og IDEF(O)-aðferðarfræði (Integration Definition for Function Modeling) frá PWC. Þessar aðferðir byggjast á áþekkri hugmyndafræði þar sem verkinu er skipt upp ferla og notast við staðlaðar vinnureglur í hverjum þeirra til að ná fram settum markmiðum.

Fjársýslan (áður Ríkisbókhald) gerði samning við KPMG um að sérfræðingar þess verkstýrðu vinnu við markmiðasetningu. Efnt var til funda með forstöðumönnum ráðuneyta og ýmissa ríkisstofnana. Á grundvelli þeirra voru eftirfarandi markmið skilgreind sem voru síðan sett fram í útboðslýsingunni.

Rafræn stjórnsýsla.

Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að ríkissjóður og stofnanir hans skuli hagnýta sér rafræn viðskipti til að auka hagkvæmni í ríkisrekstri og auðvelda samskipti og viðskipti borgara og atvinnulífs við ríkisstofnanir. Því er lögð rík áhersla á að ný kerfi bjóði upp á rafræn viðskipti og sá hugsunaráttur sé ríkjandi í kerfinu.

Vakin var athygli væntanlegra bjóðenda á útboði á vegum Ríkiskaupa þar sem óskað var eftir tilboðum í gerð, þróun og rekstur Rafræns markaðstorgs ríkisins (RMR).

Eitt samþætt kerfi.

Mikil áhersla er lögð á að kerfið virki sem eitt kerfi, þannig að upplýsingar renni greiðlega á milli einstakra kerfishluta og ekki sé um margskráningu upplýsinga að ræða. Óskað er tilboða í lausn frá einum aðila í allt kerfið. Þannig verða ekki skoðuð tilboð í t.d. mannauðskerfi eitt sér.

Stöðluð kerfi.

Unnið hefur verið skipulega að því að draga úr frávikum í reikningsskilaaðferðum ríkisins og fyrirtækja. Nú er uppgjör ríkissjóðs og stofnana á rekstrargrunni en þó eru nokkur atriði sem eru frábrugðin fyrirtækjauppgjöri. Því er ekki þörf á að sérsmíða hugbúnað fyrir ríkið heldur að nota stöðluð kerfi og nýta tækifærið til að taka upp nýja vinnuferla þar sem ný kerfi bjóða upp á heppilegri leið en notuð er núna.

Þarfir stofnana í forgang.

Núverandi kerfi er sérstaklega hannað fyrir ráðuneyti og ríkissjóð til að vinna miðlægar upplýsingar. Stofnanir hafa á hinn bóginn kvartað yfir að þörfum þeirra sé ekki fyllilega mætt í núverandi kerfi. Um leið hefur verið mörkuð sú stefna að stofnanir skuli fylgja fyrirtækjauppgjöri í ríkari mæli en hingað til. Því er lögð rík áhersla á að ný kerfi mæti þörfum stofnana, stórra sem lítilla og búi yfir þeim hliðarkerfum sem stofnanir þurfa í daglegum rekstri.

Kerfi sem henti öllum.

Mikilvægt er að hægt sé að sníða kerfið að stofnunum eftir stærð og umfangi þeirra. Þannig sé hægt að setja upp einfalt kerfi fyrir minni stofnanir en útfæra kerfið á sama tíma fyrir stærstu stofnanir ríkisins, sem eru meðal stærstu vinnustaða landsins.

Endingartími kerfa

Þau kerfi sem valin verða endist a.m.k. tíu ár.

Tímanlegar upplýsingar um rekstur ríkisins.

Þörf fyrir tímanlegar upplýsingar er mikil hjá ríkinu sem annars staðar og skal stefnt að því að kerfið skili betri upplýsingum til stjórnenda og fyrr en núverandi kerfi. Kerfið skal veita tímanlegar upplýsingar um stöðu ríkisins á hverjum tíma.

Einfaldar lausnir.

Þegar skipulag á bókhaldi ríkisins og stofnana núna er skoðað má finna flókna verkferla og aðferðir. Því er eitt af markmiðum með þessum kerfum að velja ávallt þá leið sem er einföldust en uppfyllir þó þarfir og kröfur notenda.

Gert var samkomulag við Ríkiskaup um að þau yrðu framkvæmdaraðilar útboðsins og var tilnefndur verkefnisstjóri af þeirra hálfu. Verkið var unnið í samræmi við eftirfarandi staðla:

- Almenna útboðsskilmála Ríkiskaupa.
- SIIPS frá KPMG við sameiginlegar kröfur og fjárhagskerfi.
- IDEF(O) frá PWC við mannauðskerfi.

Frá upphafi var ljóst að miklir hagsmunir voru í húfi fyrir bjóðendur og því væri nauðsynlegt að tryggja að útboðsferillinn væri gagnsær og hafinn yfir gagnrýni. Tryggja þyrfti að engin stofnun eða einn starfsmaður hefði úrslitaáhrif á mat tilboða og/eða val á kerfi. Það var m.a. gert með því að öll yfirferð og mat var ávallt unnið í hópum en ekki af einstaklingum.

Eins og áður er getið var gerður samningur við KPMG um ráðgjöf um fjárhagkerfið og við PWC um ráðgjöf um starfsmannakerfið. Auk þess var sérfræðingur frá Framnesi hf. fenginn til að lesa yfir útboðsgögn og koma með ábendingar.

Úboðsgögnum mátti skipta í tvo meginkafla: Almenna útboðsskilmála og ítarlega kröfulýsingu um þarfir ríkisins.

Ákveðið var að Ríkiskaup tækju að sér að skrifa almenna útboðsskilmála. Hvað snerti kröfulýsingu kom fljótt í ljós að ekki var til lýsing sem uppfyllti kröfur ríkisins. Lýsinguna þurfti því að semja að mestu frá grunni þótt nota mætti erlendar greiningar sem fyrirmyndir að hluta.

Það var vilji ríkisins að vinnan við gerð útboðsgagna tæki sem stystan tíma. Því var ákveðið að skipta verkefninu upp í nokkra vinnuhópa. Jafnframt þótti með því tryggt að sem flest sjónarmið kæmust að og að einn aðili hefði ekki of mikil áhrif.

Yfir verkið var sett stýrinefnd sem var þannig skipuð: Gunnar H. Hall, Ríkisbókhaldi, formaður, Gunnar Björnsson, fjármálaráðuneyti, Jóhann Gunnarsson, fjármálaráðuneyti, Magnús Pétursson, Landspítala, Stefán Kjærnested, Ríkisbókhaldi, Þórhallur Arason, fjármálaráðuneyti.

Á vormánuðum 2000 hófust vinnuhópar handa við að skrifa kröfulýsingu með það að leiðarljósi að hún gæti nýst sem hluti af útboðsgögnum. Verkinu var skipt upp í fjóra meginhluta:

- Útboðsskilmála.
- Sameiginlegar kröfur.
- Kröfur til mannauðskerfis.
- Kröfur til fjárhagskerfis.

Ríkiskaup tók að sér að skrifa kafla yfir útboðsskilmála og byggði þar á almennum skilmálum. Vinnuhóparnir sem skrifuðu kröfulýsinguna voru þessir:

Fjárhagsbókhald.
Í hópnum voru:
- Tveir frá Landspítala.
- Tveir frá Ríkisbókhaldi.
- Einn frá Tryggingastofnun.
- Einn frá Ríkisendurskoðun.
- Einn frá Vegagerðinni.
- Einn frá menntamálaráðuneyti.

Móttöku- og greiðslukerfi.
Í hópnum voru:
- Tveir frá Landspítala.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.
- Einn frá Vegagerðinni.
- Einn frá ríkisféhirði.

Viðskiptamannabókhald (skuldunautar, lánadrottnar).
Í hópnum voru:
- Tveir frá Landspítala.
- Einn frá Kennaraháskólanum.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.

Áætlunarkerfi (Rekstraráætlun, fjárhagsáætlun, spá).
Í hópnum voru:
- Einn frá Fjármálaráðuneyti.
- Einn frá Ríkisendurskoðun.
- Tveir frá Landspítala.
- Einn frá Vegagerðinni.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.
- Einn frá Tryggingastofnun.

Eignakerfi.
Í hópnum voru:
- Einn frá ríkislögreglustjóra.
- Einn frá Landspítala.
- Einn frá Vegagerðinni.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.

Fjárheimildir.
Í hópnum voru:
- Einn frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.
- Einn frá fjármálaráðuneyti.

Tæknihópur.
Í hópnum voru:
- Þrír frá Ríkisbókhaldi.
- Einn frá Landspítala.

Kröfur til rekstrarhandbókar.
Í hópnum voru:
- Tveir frá Landspítala.
- Þrír frá Ríkisbókhaldi.

Eftirlit og stjórnendaupplýsingar.
Í hópnum voru:
- Tveir frá Landspítala.
- Einn frá fjármálaráðuneyti.
- Einn frá Ríkisendurskoðun.
- Einn frá Tryggingastofnun.
- Einn frá Ríkisbókhaldi.

Starfsmannakerfi, launakerfi og ferðareikningar.
Í hópnum voru:
- Þrír frá Ríkisbókhaldi.

Eins og hér kemur fram voru vinnuhóparnir skipaðir fulltrúum frá ríkisstofnunum víða í ríkiskerfinu. Sem fyrirmynd höfðu hóparnir í fjárhagskerfinu aðgang að skýrslu um þarfagreiningu á ensku fyrir Talebra Vocational Collages í Bandaríkjunum. Sú skýrsla var unnin eftir SIIPS-aðferðafræði. Jafnframt fengu hóparnir afrit af þeim verkferlum sem notaðir eru við þarfagreiningu samkvæmt SIIP-aðferðafræði og aðgang að sérfræðingum KPMG við að beita aðferðafræðinni. Á grundvelli þessa var kröfugerð hvers hóps skrifuð og tekið tillit til séraðstæðna hjá ríkinu auk þess sem stuðst var við reikningsskilavenjur ríkisstofnana. Hver hópur bar ábyrgð á sínum kafla en ábendingar voru sendar á milli vinnuhópa. Ekki var um miðlæga ritstjórn að ræða heldur var notast við texta hópanna. Undantekning frá þessari reglu var að tæknikröfur og sameiginlegar kröfur sem fyrir marga kerfishluta voru teknar saman í einn kafla.

Vinnu við þessa kafla lauk í júlímánuði árið 2000 og voru þeir sendir í tölvupósti til fjölmargra aðila og óskað eftir ábendingum og athugasemdum. Óskað var eftir því að athugasemdum væri skilað eigi síðar en í ágústlok 2000 en tekið var á móti slíkum athugasemdum allt þar til í nóvember að Ríkisendurskoðun skilaði sínum athugasemdum. Á grundvelli þessara athugasemda voru kaflarnir endurskrifaðir og felldir inn í skipulag og form útboðsgagna.

Ráðgjafar Ríkisbókhalds í mannauðskerfinu, PWC, lögðu til að farin yrði önnur leið við að greina kröfur til mannauðskerfis. Ástæða þessa var að starfsmannakerfi hafa almennt ekki náð þeirri þróun og stöðlun sem einkennir fjárhagskerfi. Ríkisstofnanir hafa ekki haft starfs-

mannakerfi og var ekki ljóst á þeim tíma hvaða þætti væri rétt að taka inn í slík kerfi fyrir þær. Var ákveðið að til viðbótar því að gera grein fyrir kröfum til kerfisins væri lagt í þá vinnu að greina hvaða ferla kerfið ætti að leysa. Jafnframt var ákveðið að teikna þessa ferla upp og ganga þar með lengra í greiningu en gert var fyrir aðra kerfishluta. Afleiðing þessarar ákvörðunar var að kröfugerðin var skrifuð af einum hóp en greiningin fól í sér að valdar voru tíu ríkisstofnanir, þær sóttar heim og þarfir þeirra kannaðar.

Þegar kröfugerð og greining var tilbúin var hún send fjölda stofnana til yfirlestrar. Meðal þeirra sem fengu kröfulýsinguna voru:

- Öll ráðuneyti.
- Ríkisendurskoðun.
- Landspítali.
- Vegagerð.
- Tryggingastofnun.
- Kennaraháskólinn.
- Spítalar utan Reykjavíkur.

Allar athugasemdir voru teknar fyrir og voru endanlegir útboðskaflar skrifaðir í framhaldi af því.

4. Hvernig var staðið að útboði og var lægsta tilboði tekið?

Útboðið var unnið undir handleiðslu Ríkiskaupa. Auglýst var á evrópska efnahagssvæðinu hinn 28. desember 2000 og í prígang innan lands í janúar 2001. Útboðið fékk auðkennið 12576 – Ný fjárhagskerfi fyrir ríkissjóð og stofnanir hans. Útboðsgögn voru afhent í endanlegri mynd 16. janúar 2001 og rann tilboðsfrestur út 8. mars 2001. Fjármálaráðuneytið var verkkaupi en Ríkisbókhald (nú Fjársýsla ríkisins) var umsjónaraðili með verkinu fyrir hönd verkkaupa. Í samræmi við útboðsgögn var efnt til kynningarfundar með væntanlegum bjóðendum í húsakynnum Ríkiskaupa að Borgartúni 5 hinn 5. janúar 2001. Þangað mættu fulltrúar allra þeirra sem síðan lögðu inn tilboð. Farið var yfir útboðsgögn og bjóðendum gefinn kostur á að koma með spurningar. Bjóðendum gafst kostur á að skila inn skriflegum spurningum fyrir 27. febrúar 2001. Þar gafst þeim einnig færi á að óska eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum við útboðsgögnin. Alls bárust 107 spurningar og var þeim öllum svarað skriflega. Allir bjóðendur fengu afrit af fram komnum spurningum og svörum.

Tilboð voru opnuð í Ríkiskaupum hinn 8. mars 2001 kl. 14:00. Alls bárust átta tilboð frá fimm fyrirtækjum eða sem hér segir:

Ax (dótturfélag Columbus) með tilboð í Agresso-hugbúnað.

Columbus með tilboð í Axapta-hugbúnað.

GoPro með tilboð í Axapta-hugbúnað.

Nýherji með tilboð í SAP-hugbúnað.

Skýrr með þrjú tilboð í Oracle eBusiness Suite hugbúnað.

Strengur með tilboð í Navision-hugbúnað.

Samkvæmt útboðsgögnum lá fyrir að við val á hugbúnaðarkerfi fyrir ríkið yrði farið yfir tilboðin í tveimur matshlutum. Í fyrri matshluta skyldi fara yfir tilboðin með tilliti til gæða lausnanna. Á grundvelli þess skyldi velja út þær tvær lausnir sem þættu hagkvæmastar. Í seinni matshluta skyldi síðan setja upp tiltekna verkferla í prufukerfum hjá þeim tveimur hugbúnaðarkerfum sem valin yrðu úr fyrri matshlutanum. Á grundvelli niðurstaðna úr þessum matshluta skyldi síðan velja á milli kerfanna tveggja. Við það mat skyldi höfð hliðsjón af eftirtöldum þáttum, töldum í mikilvægisröð:

1. Gæði lausnar.
   Lausn á sameiginlegum kröfum.
   Gæði fjárhagskerfis.
   Gæði mannauðskerfis.
   Kennsla og þjálfun.
2. Verð (tilboðsfjárhæð og mat á eignarhaldskostnaði).
3. Mat á hæfni bjóðenda.
4. Þjónusta, þ.m.t. tímagjald í viðbótarverkum.
5. Gæði og úrval aukakerfi sem í boði eru.

Við yfirferð tilboða í fyrri matshlutanum kom í ljós að aðeins tvær lausnir uppfylltu lágmarkskröfur útboðsins um launakerfi og þar með kröfur um gæði lausnar, þ.e. tilboð Nýherja hf., og eitt af tilboðum Skýrr hf. Öllum bjóðendum var send tilkynning um valið þann 5. maí 2001. Tilboð Skýrr hf. var verulega lægra og nam heildareignarhaldskostnaður á tíu ára tímabili 1.122 millj. kr. en 1.794 millj. kr. hjá Nýherja.

Í framhaldi af þessu fór fram seinni matshlutinn þar sem fyrirtækjunum var falið að setja fram lausn á tíu tilgreindum verkferlum í hugbúnaðarkerfum sínum. Bæði fyrirtækin skiluðu sínu verki prýðilega. Samhliða þessu var gert ítarlegt mat á væntum núvirtum eignarhaldskostnaði við bæði kerfin og var niðurstaðan sú að eignarhaldskostnaður við Oracle-kerfið næmi 1.355,1 millj. kr. en 1.782,2 millj. kr. við kerfi Nýherja hf. Metinn eignarhaldskostnaður var því áætlaður 427, 1 millj. kr. lægri við Oracle-kerfið.

Í framhaldi af þessu ákvað stýrinefnd verkefnisins að mæla með því við fjármálaráðherra að gengið yrði til samninga við Skýrr hf. og tilkynnti ráðherra með fréttatilkynningu hinn 22. júní 2001 að viðræður yrðu hafnar við fyrirtækið. Samningar voru síðan undirritaðir hinn 17. júlí 2001.

5. *Var fjárfesting í nýju hugbúnaðarkerfi nauðsynleg að mati stjórnvalda annars vegar og ríkisreikningsnefndar hins vegar? Var kannað hvort hagkvæmara hefði verið að breyta og aðlaga eldra kerfi þörfum ríkisins og liggur fyrir kostnaðarmat á þeirri leið?*

Hvað varðar ríkisreikningsnefnd, þá kom þetta mál ekki með neinum formlegum hætti fyrir nefndina. Ríkisreikningsnefnd lagði því ekki mat á nauðsyn þess að fjárfest væri í nýju hugbúnaðarkerfi. Ákvörðun um það í hvaða hugbúnaðarkerfi ríkið er með bókhald sitt snýst enda miklu frekar um tæknilega úrlausn þeirra mála sem undir ríkisreikningsnefnd heyra. Það var hins vegar mat þeirra fjölmörgu sem komu að ákvörðunni komu á sínum tíma að óhjákvæmilegt væri að fjárfesta í nýju hugbúnaðarkerfi.

Eldri kerfi eru komin mjög til ára sinna á mælikvarða hugbúnaðarkerfa, þ.e. launakerfið að stofni til frá árinu 1976 og bókhaldskerfið frá árinu 1987. Hér er um sérsmíðuð hugbúnaðarkerfi að ræða sem þykja frekar óaðgengileg og þung í vöfum. Tæknigrunnur kerfanna er úr sér genginn, stórtölvuumhverfi og gagnagrunnur í Natural. Þá svara kerfin engan veginn þörfum fjölmargra ríkisstofnana og hafa þær í auknum mæli leitað eftir heimildum til að fjárfesta í nýjum kerfum. Gagnrýnin á eldri kerfin beindist einkum að því að þar væri ekki boðið upp á heildarlausn auk þess sem engin bein tenging væri á milli bókhaldskerfisins og launakerfisins. Því var alveg ljóst að allar tilraunir til að endurskrifa og bæta gömlu kerfin yrðu mjög kostnaðarsamar og ef til vill óframkvæmanlegar. Þá var mjög mikilvægt að einstakar stofnanir færu ekki að ráðast í slíkar fjárfestingar þar sem kostnaðurinn yrði meiri og sá mikli ávinningur sem fæst með því að hafa nánast allar A-hluta stofnanir í sama gagnagrunni mundi glatast. Niðurstaðan var því að ráðast þyrfti í fjárfestingu í nýju hugbúnaðarkerfi sem uppfyllti ekki aðeins þarfir fyrir fjárhagsbókhald og launabókhald, heldur væri kerfi sem byði

upp á starfsmannakerfi, greiðslukerfi, áætlanakerfi, ferðareikningakerfi, verkbókhald, birgða- og innkaupakerfi, viðveru- og vaktakerfi o.s.frv.

6. *Telur ráðherra rétt að Ríkisendurskoðun geri úttekt á því hvernig staðið hefur verið að þessari framkvæmd og mun hann beita sér fyrir slíkri úttekt?*

Miðað við þær upplýsingar sem fram koma hér að framan sýnist ekki sérstök ástæða til að óska eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á þessu máli.

1159. Svar [659. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur Hagstofa Íslands hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 5. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Vísað er til skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi, þskj. 1290, 732. mál, en þar er m.a. gerð grein fyrir framgangi þeirra verkefna sem sneru að Hagstofu Íslands í áætluninni (sbr. 5. tölul. í kafla um skýrslur ráðuneytanna).

Þessu til viðbótar má gefa upplýsingar um þau verkefni sem Hagstofa Íslands hefur haft með höndum í framhaldi af framangreindri áætlun. Fyrir þessu verður enn fremur gerð grein í væntanlegri skýrslu félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun fyrir árin 2002–2004. Hér er um eftirtalin verkefni að ræða:

Öll tölfræði kyngreind.

Hagstofan leitast við að fylgjast með og leiðbeina um það sem betur mætti fara við öflun, greiningu og birtingu tölfræðilegs efnis um einstaklinga eftir kyni. Á það bæði við um efni sem verður til af hálfu Hagstofu og eins það efni sem aflað er frá öðrum aðilum.

Vinnutími – hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Hagstofan gerir reglubundnar vinnumarkaðsrannsóknir til að fá áreiðanlegar upplýsingar um stöðu fólks á vinnumarkaði, störf, starfsstétt, vinnutíma, atvinnuleit, menntun, búsetu o.fl. Vinnumarkaðsrannsóknin er nú samfelld, nær til allra vikna ársins, niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og eru þær greindar eftir kyni. Vinnumarkaðsrannsóknin byggist á alþjóðlegum stöðlum og fyrirmyndum úr sambærilegum könnunum innan Evrópusambandsins.

Undanfarin ár hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Hagstofan og kjararannsóknarnefnd afla nú í sameiningu gagna frá fyrirtækjum og eru þau nýtt af báðum aðilum til hagskýrslugerðar.

Undanfarin missiri hefur Hagstofan unnið að úrvinnslu á gögnum frá ríkisskattstjóra um staðgreiðsluskyld laun. Nýlega hafa verið birtar tölur um fjölda starfandi eftir ársfjórðungum og atvinnutekjur fyrir árin 1998–2002. Í þessum gögnum kemur meðal annars fram aðgreining eftir kyni, atvinnugrein og búsetu.

Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Ekki náðist að gefa út nýtt rit um konur og karla á árinu 2002 en ráðgert er að gefa þetta efni út sem hefti í ritröð Hagtíðinda. Mun það koma út í vor bæði í prentuðu formi og sem netútgáfa.

Jafn hlutur kynja í nefndum og ráðum.

Sem fyrr er aðeins ein nefnd starfandi á vegum Hagstofu Íslands. Sem stendur skipa hana tveir karlar, en eftir er að skipa þriðja nefndarmanninn.

Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi Hagstofu fæst m.a. við að fylgja því eftir að tölfræðilegar upplýsingar sem varða einstaklinga séu greindar eftir kyni við öflun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga. Með nýjum hagtöluvef Hagstofunnar hafa opnast leiðir til að bæta aðgengi að upplýsingum, t.d. efni sem varðar konur og karla. Er markvisst unnið að því að auka við það efni sem fyrir er.

Jafnréttisfulltrúinn hefur sótt fundi og námskeið sem honum eru ætluð. Jafnréttisnefnd hefur ekki verið skipuð enn sem komið er. Jafnréttisfulltrúi Hagstofunnar vann ásamt jafnréttisfulltrúum annarra ráðuneyta að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003.

Kostnaður við aðgerðir/verkefni Hagstofu Íslands.

Verkefni Hagstofu Íslands í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 1998–2001 og þau sem héldu áfram í framkvæmdaáætlun tímabilið 2002–2004 hafa verið löguð að reglubundinni starfsemi Hagstofunnar. Kostnaður vegna þeirra er því ekki sérgreindur. Hins vegar má nefna að einn starfsmaður fer sérstaklega með málefni sem varða kyngreinda tölfræði og ver að jafnaði sem nemur einum þriðja til hálfu stöðugildi til þess verkefnis.

1160. Svar [548. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðbreytingar á vöru og þjónustu umfram verðlag.

1. *Hvaða verðbreytingar hafa orðið á vöru og þjónustu umfram verðlag frá árinu 1999 og hverjar eru helstu skýringar á hækkunum umfram verðlagsbreytingar?*

Frá mars árið 1999 til mars árið 2004 hækkaði vísitala neysluverðs um 24,4% og vísitala neysluverðs án húsnæðis (áður vísitala vöru og þjónustu) um 19,8%.

2. *Hvernig skiptast verðbreytingar sem eru umfram verðlagsbreytingar milli eftirfarandi þátta frá árinu 1999:*
   a. *heilbrigðisþjónusta,*
   b. *húsnæðiskostnaður,*
   c. *menntamál, skipt milli skólastiga,*
   d. *heimilistryggingar,*
   e. *rafmagn og hiti,*
   f. *póst- og símakostnaður?*

Eftirfarandi verðbreytingar eru á vísitölu neysluverðs frá mars 1999 til mars 2004, skipt upp eftir eðli og uppruna:

Búvörur án grænmetis	10,1%
Grænmeti	−10,4%
Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur	20,4%
Aðrar innlendar vörur	18,3%
Innfluttar mat- og drykkjarvörur	17,3%
Nýr bíll og varahlutir	18,8%
Bensín	33,1%
Innfluttar vörur aðrar	7,1%
Áfengi og tóbak	27,2%
Húsnæði	54,5%
Opinber þjónusta	27,6%
Önnur þjónusta	30,6%
Dagvara	15,0%

Hækkun á þeim liðum frá mars 1999 til mars 2004 sem upp eru taldir í fyrirspurninni eru eftirfarandi:

Heilbrigðisþjónusta	29,8%
Húsnæðiskostnaður	54,5%
Menntun	43,1%
Grunnskólar	15,8%
Framhaldsskólar	44,0%
Háskólar	35,4%
Heimilistryggingar	36,3%
Rafmagn og hiti	18,0%
Póst- og símakostnaður	8,7%

3. *Hvað hefur ríkissjóður haft í tekjur af verðhækkunum sem hafa verið umfram verðlagsbreytingar á tímabilinu 1999–2003 og hvað hafa þær hækkað mikið vísitölu neysluverðs?*

Hagstofan hefur ekki tiltækar upplýsingar um áhrif af verðlagsbreytingum á tekjur ríkissjóðs.

1161. Svar [527. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum sjávarútvegsráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum?

Sjávarútvegsráðherra veitti eftirfarandi fjárhæðum úr Gjaldtökusjóði ólögmæts sjávarafla (fjárlaganúmer 05-207) og Gengismunasjóði (fjárlaganúmer 05-215) til Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á framangreindum árum:

Ár	*AVS-verkefni*	*Millj. kr.*	*Sjóður*
2003	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**		
	Aukin verðmæti í saltfisksvinnslu	3,0	Gengismunasjóður
	Upptaka ólífrænna snefilefna í lífverum við NV-land	2,5	Gengismunasjóður
	Spálíkan fyrir þorskvinnslu	3,0	Gengismunasjóður
	Lífvirk efni í íslensku sjávarfangi	1,0	Gengismunasjóður
	Vannýtt prótein í frárennslisvatni frá fiskvinnslum	1,5	Gengismunasjóður
	Framl. formaðra fiskbita úr gelblokk úr afskurði og marningi	3,0	Gengismunasjóður
	Loðnulýsi til manneldis	1,5	Gengismunasjóður
	Aukið öryggi í síldarvinnslum m.t.t. listeríumengunar	1,9	Gengismunasjóður
	Fiskprótein sem fæðubótarefni	10,0	Gengismunasjóður
	Fræðsluátak fyrir sjómenn um bætta meðh.	2,7	Gengismunasjóður
	Ný vinnslulína í flakavinnslu	2,0	Gengismunasjóður
	Stefnumótun og verkefnastjórn AVS-rannsóknasjóðs	4,0	Gengismunasjóður
	Hafrannsóknastofnunin		
	Faghópur um fiskeldi	4,0	Gengismunasjóður
2002	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**		
	Styrkur vegna WEFTA-ráðstefnu	3,0	Gengismunasjóður
	Hafrannsóknastofnunin		
	Laun starfsmanns aflareglunefndar	2,0	Gjaldtökusjóður
	Rannsóknir á þorskklaki	20,0	Gjaldtökusjóður
	Ritun sögu sjávarútvegs	5,1	Gjaldtökusjóður

Ár	*AVS-verkefni*	*Millj. kr.*	*Sjóður*
2001	**Hafrannsóknastofnunin**		
	Rannsóknir á þorskklaki	20,0	Gjaldtökusjóður
	Ritun sögu sjávarútvegs	4,2	Gjaldtökusjóður

Ákvarðanir um styrkveitingar úr AVS-rannsóknasjóði (Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs) eru teknar af sjávarútvegsráðherra að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins sem byggir tillögur sínar á mati faghóps á viðkomandi umsóknum. Ákvarðanir um aðrar fjárveitingar úr framangreindum sjóðum eru teknar af sjávarútvegsráðherra á grundvelli umsókna, en ráðherra leitar umsagnar sérfræðinga eftir því sem tilefni eru til.

1162. Svar [605. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um skipurit og verkefni Vegagerðarinnar.

1. *Hvaða verkefni er fyrirhugað að flytja út á land í tengslum við breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar?*

Nýtt skipurit Vegagerðarinnar tók formlega gildi með staðfestingu samgönguráðherra 1. mars 2004. Með nýju skipulagi er stefnt að því að laga Vegagerðina að breyttum ytri aðstæðum og gera hana þannig hæfari til að takast á við ný verkefni og nýja tíma.

Ýmsar breytingar hafa orðið á ytra umhverfi Vegagerðarinnar undanfarin ár. Þar má nefna breytingu á kjördæmaskipan landsins og ný lög um samgönguáætlun sem marka ramma fyrir aukið samstarf og samvinnu við aðrar stofnanir á samgöngusviði. Sveitarfélög hafa sameinast og þar með hefur fækkað viðskiptaaðilum á því stjórnsýslustigi.

Útboð verka er fyrir löngu orðin meginregla í nýframkvæmdum Vegagerðarinnar og það sama má segja að verulegu leyti um viðhaldsverk. Útboð á ráðgjafaþjónustu hafa farið vaxandi og eiga eftir að aukast. Rekstur og þjónusta á vegakerfinu er hins vegar enn aðeins í litlum mæli boðin út, að vetrarþjónustu undanskilinni.

Þær breytingar sem nú eru gerðar miða að því að aðlaga starfsemina að breyttu umhverfi, einingar eru stækkaðar og lögð áhersla á samræmingu með stöðluðu vinnulagi innan stofnunarinnar. Þá er horft til aukinnar skilvirkni og þar með bættrar nýtingar fjármuna til vegagerðar. Verkefni miðstöðvar, sem snúa að stjórnsýslu, gerð staðla og verklýsinga, eru afmörkuð skýrar en áður. Nokkrir þættir þeirrar starfsemi eru fluttir í stöðvar úti á landi. Starfsemi eininga utan miðstöðvar er breytt og betur dregið fram það meginhlutverk að byggja, halda við og reka vegakerfið.

Engar uppsagnir verða við þessar breytingar en verkefni eru færð til og ný verkefni flutt út á land. Mannahald á öllum starfsstöðvum er að mestu óbreytt en nýir stjórnunarhættir gefa færi á frekari flutningi verkefna úr miðstöð í Reykjavík út á landsbyggðina.

Miðstöð.

Í miðstöð stjórnunar í Reykjavík eru sem áður þrjú svið. Nafni tæknisviðs er breytt í framkvæmdasvið. Nokkrar breytingar eru gerðar á verkefnum sviða sem hafa í för með sér tilfærslu deilda. Tvær nýjar deildir eru myndaðar, starfsmannadeild og umferðardeild.

Svæðaskipting.

Í nýju skipulagi er landinu skipt í fjögur svæði sem að mestu fylgja núgildandi kjördæmamörkum. Svæðum verður stjórnað af svæðisstjóra sem hefur aðsetur í svæðismiðstöð.

Á Selfossi er svæðismiðstöð fyrir Suðursvæði. Þjónustustöðvar eru á Selfossi, í Vík og á Höfn. Sú síðastnefnda verður þó með stjórnun frá Reyðarfirði.

Suðvestursvæði nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Svæðismiðstöð er í Reykjavík og þjónustustöð í Hafnarfirði.

Svæðismiðstöð fyrir Norðvestursvæði er í Borgarnesi. Þar verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á svæðinu og einnig viðhaldi og þjónustu. Umdæmisstjóri á Ísafirði hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum á svæðinu. Umdæmisstjóri á Sauðárkróki mun stjórna árangurs- og eftirlitsverkefnum á landsvísu. Í því felst samræming útboða og eftirlit með nýbyggingar-, viðhalds-, og þjónustuverkefnum. Einnig umsjón með skilamati, árangursmælingar og gerð áætlana um umferðaröryggisaðgerðir. Þjónustustöðvar eru eftirtaldar eins og verið hefur: Borgarnes, Ólafsvík, Búðardalur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hólmavík, Hvammstangi og Sauðárkrókur.

Svæðismiðstöð fyrir Norðaustursvæði er á Akureyri. Þar verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á svæðinu og einnig nýframkvæmdum. Umdæmisstjóri á Reyðarfirði hefur yfirumsjón með viðhaldi og þjónustu á svæðinu. Á Akureyri verður öflug hönnunardeild sem starfar á landsvísu. Þjónustustöðvar eru eftirtaldar eins og verið hefur: Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörður, Fellabær, Reyðarfjörður. Þjónustustöð á Höfn er stjórnað frá Reyðarfirði þótt hún tilheyri Suðursvæði.

2. *Hvernig skiptast þessi verkefni milli starfsstöðva Vegagerðarinnar?*

Verkefni þau sem hér um ræðir eru upplýsingaþjónusta á Ísafirði, eftirlit og árangursmat á Sauðárkróki og veghönnun á Akureyri. Auk þess eru ýmis verkefni, sem áður var sinnt á Sauðárkróki, flutt til Borgarness og Ísafjarðar.

1163. Svar [664. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur samgönguráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 10. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

10.1.

Samgönguráðuneytið hefur unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu út um allt land, en ekki hefur verið hugað sérstaklega að þessum málum.

10.2.

Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum í ráð og nefndir er vakin athygli á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og jafnframt er óskað eftir tilnefningu beggja kynja. Í nefndum sem skipaðar eru samkvæmt lögum hefur hlutfall kvenna aukist lítillega. Í því samhengi má nefna að á sl. ári var í fyrsta skipti skipuð kona til að gegna stöðu formanns Hafnaráðs. Í tímabundnum nefndum hefur hlutfall kvenna aukist meira. Áfram verður lögð áhersla á að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og ráðum.

Þess má geta að ráðuneytisstjórinn er kona, en hún var skipuð 1. júní 2003, og af fimm skrifstofustjórum ráðuneytisins eru tveir skrifstofustjórar konur.

10.3.

Á árinu 2003 var jafnréttisyfirlýsing ráðuneytisins undirrituð sem jafnframt er grunnur að jafnréttisáætlun ráðuneytisins sem unnið verður að á næstu missirum.

Haustið 2000 var skipaður jafnréttisfulltrúi samgönguráðuneytisins og í framhaldi af því voru tilnefndir jafnréttisfulltrúar stofnana þess. Stofnanirnar vinna eftir starfsmannastefnu og nær hluti hennar yfir jafnréttismál þar sem fram kemur að markvisst sé unnið að því að jafna stöðu kynjanna.

Sé óskað ítarlegri skýringa við hvert verkefni er vakin athygli á skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi, þskj. 1290, 732. mál. Þá er einnig vakin athygli á að á vordögum mun félagsmálaráðherra leggja fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni mun fylgja skýrsla um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun vegna áranna 2002–2004.

1164. Fyrirspurn [766. mál]

til menntamálaráðherra um Tæknihaskóla Íslands.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður undirbúningi og ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Tæknihaskóla Íslands?

1165. Fyrirspurn [767. mál]

til sjávarútvegsráðherra um AVS-rannsóknasjóð í sjávarútvegi.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvaða almennu skilyrði eru sett fyrir úthlutun styrkja úr AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi?
2. Hversu margir styrkir hafa verið veittir úr sjóðnum frá stofnun hans og hvernig skiptast þeir eftir kjördæmum?

3. Hvaða fjárhæðum eða öðrum verðmætum hefur verið úthlutað úr sjóðnum, sundurliðað eftir einstaklingum annars vegar og fyrirtækjum hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

1166. Fyrirspurn [768. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framhaldsskóla verði komið á fót í Mosfellsbæ? Ef svo er, hvenær gæti orðið af því?

1167. Fyrirspurn [769. mál]

til samgönguráðherra um fjarskiptaþjónustu í Húnaþingi vestra.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við undirskriftarlistum Vestur-Húnvetninga með eindregnum óskum um bætt fjarskiptasamband og aukna möguleika á ADSL-tengingum þar nyrðra?

1168. Fyrirspurn [770. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úthald rannsóknarskipa.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve margir voru árlegir úthaldsdagar rannsóknarskipa á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á tímabilinu 1990–2003 og hve margir eru fyrirhugaðir úthaldsdagar skipanna árið 2004? Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum hvers skips og að fram komi fyrir hverja verkefnin voru unnin eða verða unnin samkvæmt áætlun.
2. Við hvaða rannsóknir hefur það nýst að Árni Friðriksson var útbúinn til að geta dregið tvö troll? Svarið óskast sundurliðað eftir tímabilum og verkefnum.
3. Hvert hefur hlutverk Árna Friðrikssonar verið í „togararalli“ á undanförnum árum?

Skriflegt svar óskast.

1169. Fyrirspurn [771. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarsamning við Kanada.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað veldur því að enn hefur ekki verið lokið við gerð fríverslunarsamnings EFTA við Kanada?

1170. Fyrirspurn [772. mál]

til menntamálaráðherra um hverfaskiptingu grunnskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Telur ráðherra að hætta eigi hverfaskiptingu grunnskólanna? Ef svo er, telur ráðherra að samhliða því ætti að fela einkaaðilum rekstur grunnskólanna í ríkari mæli en nú er gert?
2. Telur ráðherra að misjöfn nýting á húsnæði grunnskólanna útiloki afnám hverfaskiptingarinnar?

1171. Fyrirspurn [773. mál]

til iðnaðarráðherra um jöfnun búsetuskilyrða í landinu.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður aðgerðum til þess að jafna búsetuskilyrði í landinu eins og boðað er í núverandi byggðaáætlun?

1172. Fyrirspurn [774. mál]

til iðnaðarráðherra um tillögur Byggðastofnunar um lækkun flutningskostnaðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hverjar voru tillögur Byggðastofnunar um lækkun flutningskostnaðar? Óskað er eftir að tillögurnar verði birtar í heild sinni.

Skriflegt svar óskast.

1173. Svar [660. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 6. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

6.1. Reglur um rannsóknir á lyfjum.

Tryggt skuli að farið sé eftir þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum (GCP) þannig að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

Sömu reglur gilda á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum sem ganga m.a. út frá því að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

Verkefni þessu er lokið og ekki voru sérstaklega skilgreindar fjárveitingar til verkefnisins.

6.2. Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisráðherra beini því til nefndar um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum að í skýrslu hennar komi fram tillögur um framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Í ársbyrjun 1998 kom út á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis viðamikil skýrsla er nefnist *Heilsufar kvenna*. Skýrslan er afrakstur ráðstefnu með sama heiti sem nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra boðaði til. Þar komu fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stefnumótun á því sviði. Nefndinni var ætlað að vinna að framtíðarstefnu í heilbrigðismálum kvenna og var skýrslan fyrsti áfangi þeirrar vinnu. Nefndin skilaði skýrslu og tillögum til ráðherra í apríl 2000. Ráðherra skipaði í ágúst 2001 verkefnisstjórn um heilsufar kvenna í samræmi við tillögur fyrrgreindrar nefndar til að forgangsraða verkefnum, gera tillögur um aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 um langtímamarkmið í heilbrigðismálum, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, er áhersla lögð á að draga úr þeim mun sem er á heilbrigðisástandi einstakra þjóðfélagshópa. Í áætluninni er bent á að mikilvægt sé að vinna gegn félagslegum, fjárhagslegum og menningarlegum hindrunum til mennta, þar sem menntunarstig þjóða hefur mikil áhrif á heilsufar íbúa. Þetta atriði snertir sérstaklega aðstæður kvenna og ýmissa þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Jafn aðgangur að menntun og félagslegt öryggi eru taldar helstu forsendur þess að unnt sé að tryggja gott heilbrigðisástand.

Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum hefur því lokið störfum en við tók verkefnisstjórn um heilsufar kvenna. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur í störfum sínum lagt áherslu á nauðsyn þess að aflað sé með stöðluðum og reglubundnum hætti upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og að greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Með þetta að leiðarljósi hefur nefndin skoðað þær leiðir sem hún telur æskilegast að fara í þessu skyni og í framhaldi af því lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að ráðist verði í gerð heilsufarskönnunar (e. Health Interview Survey) til að afla þessara upplýsinga. Þessi könnun verði hluti af EUROHIS (evrópsku heilsufarskönnuninni) sem gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir. Ef af verður mun þessi könnun einnig veita upplýsingar

um heilsufar ólíkra hópa kvenna og karla (e. socio-economic groups). Upplýsingaöflun af þessu tagi þarf að fara fram reglulega, t.d. á fimm ára fresti, til að fá yfirlit yfir þróun mála. Það er einnig mat verkefnisstjórnarinnar að nauðsynlegt sé að vinna úr fyrirliggjandi upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar. Markmiðið er að kanna hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu í heilsugæslunni og hvort úrlausnir eru háðar því hvort kynið á í hlut. Verkefnisstjórnin hefur einnig lagt til við heilbrigðisráðherra að ráðist verði í þetta verkefni. Þá er lögð áhersla á að með reglulegri upplýsingaöflun sé unnt að fylgjast með hvernig miði í átt að markmiðum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010.

Ekki var ákvörðuð sérstök fjárveiting til verkefnisins.

6.3. Fæðingarorlof.

Á Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um fæðingarorlof þar sem báðum foreldrum verður tryggður réttur til fæðingarorlofs. Unnið verði að því að jafna þann mun sem er á rétti vinnandi fólks eftir því hvar það starfar.

Tveir fulltrúar heilbrigðismálaráðuneytisins sátu í vinnuhópi félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem samdi frumvarp er varð að lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Lögin gera foreldrum fært að semja við vinnuveitendur um tilhögun fæðingarorlofs, þannig að sveigjanleiki er aukinn. Einnig eru greiðslur í fæðingarorlofi hlutfall af launum foreldris. Réttur feðra til töku fæðingarorlofs er aukinn verulega.

Verkefnið er nú á forræði félagsmálaráðuneytisins. Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Verkefninu er lokið af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

6.4. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Heilbrigðisráðuneytið lítur á ofbeldi gegn konum sem heilbrigðisvandamál og mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir því að boðið verði upp á slíka meðferð hér á landi.

Unnið var samvinnuverkefni með félagsmálaráðuneyti þar sem körlum sem beita konur ofbeldi á heimili var boðin sálfræðimeðferð. Verkefnið var rekið undir heitinu *Karlar til ábyrgðar* og var daglegur rekstur þess í höndum Rauða krossins. Verkefninu sem slíku er lokið en skipuð hefur verið verkefnisstjórn til að fylgja eftir fyrra verkefni.

Heilbrigðisráðuneytið styrkti verkefnið fjárhagslega frá árinu 1997. Ráðuneytið varði til verkefnisins 2.000.000 kr.

6.5. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

Unnið hefur verið að því að auka þátt feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna á öllum stigum. Á fræðslunámskeiðum fyrir verðandi foreldra sem haldin eru af ýmsum aðilum, svo sem Miðstöð mæraverndar, MFS (meðganga, fæðing, sængurlega, tengt Landspítala – háskólasjúkrahúsi) og ýmsum heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum víða um land, er yfirleitt boðið upp á sérstaka tíma fyrir verðandi feður með fræðsluþörf þeirra að leiðarljósi. Jafnframt standa nú til boða námskeið fyrir nýorðna foreldra á nokkrum

stöðum og er þá einnig gjarnan sérstakur tími fyrir feðurna. Viðhorf feðra hafa verið skoðuð sérstaklega og hvað þeir telji að megi betur fara. Niðurstöður hafa verið nýttar til umbótastarfs.

Haustið 2000 var opnuð ný deild á kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss sem ber nafnið Hreiðrið. Þar er sérstakt herbergi fyrir hverja fæðingu þar sem góð aðstaða er fyrir báða foreldra. Fræðsla og undirbúningur á meðgöngu hefur miðað að því að feður geti tekið þátt í fæðingunni.

Samkvæmt upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið hefur aflað sér frá aðilum sem sjá um mæðravernd, fæðingar og ungbarnaeftirlit, auk námskeiða fyrir foreldra, hefur þátttaka feðra á þessu sviði aukist verulega og heyrir til undantekninga að feður séu ekki virkir þátttakendur á öllum stigum.

Áfram verður unnið að þessu verkefni á vegum þeirra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem koma að málinu, svo sem heilsugæslunnar, sjúkrahúsa o.fl.

Fjárveitingar: Engar sérstakar skilgreindar fjárveitingar eru til verksins. Engu að síður er ákveðinn þáttur af verkefninu hluti af starfsemi hlutaðeigandi stofnana og fjármagnast af fjárveitingum þeirra. Foreldrar greiða víða ákveðið gjald fyrir námskeiðin sem í boði eru. Tvö verkefni á þessu sviði hafa hlotið sérstakan gæðastyrk ráðuneytisins, alls 250 þús. kr.

6.6. Endurskoðun á staðtölum almannatrygginga.

Staðtölur almannatrygginga eru sundurgreindar eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Unnið verði að því að sundurgreining nái til allra upplýsinga.

Átak hefur verið gert í því að sundurgreina staðtölur almannatrygginga eftir kyni í samræmi við ákvæði laga nr. 96/2000 um að greina skuli allar tölfræðiupplýsingar eftir kyni.

Verkefninu er lokið sem sérstöku verkefni. Ekki var sérstök skilgreind fjárveiting til verkefnisins. Verkefnið er nú hluti af heildarstefnu allra ráðuneyta um að öll tölfræði skuli kyngreind í samráði við Hagstofu Íslands í samræmi við þá stefnu ráðuneytisins að heilbrigðisupplýsingar skuli sundurgreina eftir kynjum þar sem það er mögulegt.

6.7. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar með tilliti til þess hvort þær koma mismunandi út hjá konum og körlum.

Reglur um vistunarmat hafa ekki breyst frá árinu 1990. Um er að ræða mat á vistunarþörf ellilífeyrisþega, en það sem snýr að öryrkjum er á vegum félagsmálaráðuneytis. Ekki hefur verið talin þörf á að endurskoða þessar reglur þar sem þær miðast ekki við kynjaskiptingu heldur þörf fyrir þjónustu.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar út frá aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Með því er hægt að sjá hvort þær koma eins út hjá konum og körlum.

Ekki hafa verið skilgreindar sérstaklega fjárveitingar til verksins.

6.8. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

Örorka er metin óháð kynferði en ákvarðast af sjúkdómi eða fötlun einstaklings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um karl eða konu er að ræða við útreikning örorkubóta vegna bótaskylds slyss.

Ekki hafa verið skilgreindar sérstaklega fjárveitingar til verksins.

Kannað verði með aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

Ekki hafa verið skilgreindar sérstaklega fjárveitingar til verksins.

6.9. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða tóbaksvarnir verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur reykinga hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar eru mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

Árin 1999 og 2000 voru lagðar sérstakar áherslur á að hvetja konur til að hætta að reykja og ungar stúlkur til að byrja ekki að reykja. Síðastliðin fjögur ár hafa reykingar kvenna minnkað töluvert meira en karla. Daglegar reykingar kvenna 15–89 ára árið 2003 voru 19,2% og hafa þær aldrei fyrr mælst undir 20%. Reykingar karla í sama aldurshópi mældust 24,9%.

Tóbaksvarnaráð er nú hluti af Lýðheilsustöð.

Fjármagn til auglýsinga, bæklingagerðar og grasrótarstarfs varðandi framangreindar áherslur var fengið af lögbundnu framlagi til tóbaksvarna.

Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa í ársbyrjun 1999 og er nú hluti af Lýðheilsustöð. Tölfræðiupplýsingar þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á vegum ráðsins eru kyngreindar. Í niðurstöðum rannsóknanna hefur m.a. komið í ljós að í efstu bekkjum grunnskóla virðast stúlkur vera að draga á drengi í áfengisneyslu. Slíkar niðurstöður gefa tilefni til sérstakra kynbundinna aðgerða í framtíðinni.

Gefinn var út bæklingur á árinu 2002 um áfengis- og vímuvarnir mæðra „Vímuefni og meðganga". Verið er að vinna að bæklingi þar sem hugað er að sérstökum vandamálum stúlkna í tengslum við áfengisneyslu.

Fjárveitingar ekki sérstaklega skilgreindar. Styrkt af fjárveitingum til áfengis- og vímuvarnaráðs.

6.10. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

Ljóst er að fleiri karlar en konur fremja sjálfsvíg á Íslandi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur lagt áherslu á mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða og fræðslu í þessu sambandi. Benda má á að í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 kemur fram sú stefna stjórnvalda að sjálfsvígum fækki um 25% á tímabilinu. Landlæknisembættið hefur einnig unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna nokkur verkefni á vegum embættisins í þessu sambandi:

1. Geðrækt, samvinnuverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, er víðtækt verkefni sem snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.
2. Starfshópur á vegum landlæknisembættisins hefur skilað tillögum um forvarnir gegn sjálfsvígum. Í tengslum við vinnu starfshópsins var haldið málþing um efnið og boðið til þess fulltrúum fjölmargra aðila sem tengjast viðfangsefninu. Í framhaldi af málþinginu tóku um 40 manns þátt í hópvinnu til að móta tillögur í málinu. Í samræmi við tillögur hópsins hefur verið ráðinn starfsmaður til að sinna forvörnum á þessu sviði.

3. Rannsókn sem Wilhelm Norðfjörð hefur gert á hárri tíðni sjálfsvíga á Austfjörðum 1984–1991 var gefin út á síðasta ári en hún var unnin að beiðni landlæknisembættisins. Niðurstöðunum er ætlað að auka skilning á viðfangsefninu til að unnt sé að leggja fram tillögur að fyrirbyggjandi aðgerðum á landsvísu.
4. Samstarf er hafið við bandaríska vísindamenn um rannsókn þar sem tekin verða viðtöl við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og áhættuþættir sjálfsvíga verða kannaðir.
5. Á heimasíðu landlæknisembættisins hefur geðlæknir verið með ítarlega umfjöllun um þunglyndi.
6. Landlæknisembættið helgaði janúar 2000 umræðu um þunglyndi og ýtti það undir mikla umræðu um sjúkdóminn í samfélaginu sem m.a. leiddi til stofnunar sjálfshjálparhóps á vegum Geðhjálpar.
7. Landlæknir skrifaði bréf til allra héraðslækna á landinu þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi skráningu og viðbrögð við sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum.

Innan heilbrigðisþjónustunnar hefur farið fram umræða um hvort gera eigi sérstakan gagnagrunn um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir eru tvær ólíkar sjúkdómsgreiningar og sjúkdómurinn eða sjúkdómsmyndin sem birtist einnig. Við skoðun á þessu máli þarf að taka mið af fjölmörgum þáttum, m.a. ýmsum siðferðilegum sjónarmiðum. Landlæknisembættið hefur skoðað þetta mál.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er slysa- og atvikaskráning kyngreind.

Á vegum landlæknisembættisins hefur verið rekið verkefni til að vinna gegn sjálfsvígum og hér á eftir kemur lýsing á því ásamt því helst sem hefur verið í gangi að undanförnu:

Verkefnið gengur meðal annars út á að fá heilsugæslu, félagsþjónustu, presta, lögreglu og skólakerfið til að vinna saman. Auk þess að vera í góðri samvinnu við slysadeildir og geðdeildir á LSH og FSA. Hvað verkefnið varðar þá er alveg ljóst að áhættuhegðun karlmanna er veruleg og þeir fremja mun oftar sjálfsvíg en konur. Tekin hafa verið ákveðin tímabil fyrir og það er fjölgun á sjálfsvígum á síðustu árum. Ungir karlmenn eru í verulegum áhættuhóp og til að mynda voru 20,1% af þeim sem frömdu sjálfsvíg árið 2000 undir tvítugu. Þetta er reyndar bara eitt ár en aðstandendur verkefnisins hafa verulegar áhyggjur af þessum hóp. Þess ber einnig að geta að það ár voru sjálfsvíg óvenju mörg eða 51, þar af voru 8 konur en 43 karlmenn. Hins vegar eru sjálfsvígstilraunir yfir 600 á ári og þar er meiri hlutinn konur. Árið 2002 kom út rannsókn sem embættið lét gera þar sem kom fram að 9% af stúlkum og 5,3% drengja í framhaldsskólum höfðu gert sjálfsvígstilraun. Þetta voru aðallega ungmenni á fyrstu þremur önnum í framhaldsskólum. Þetta eru líklega þeir krakkar sem eru að falla út úr skólakerfinu. Einnig er vitað að mjög ungmenni eru í meðferð á hverjum tíma. Á vegum Barnaverndarstofu geta verið 68 ungmenni í meðferð á hverjum tíma og alltaf er biðlisti, á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss er alltaf fullt og langur biðlisti og Vogur er með 12 pláss á hverjum tíma sem eru fullnýtt. Þá er einnig félagsþjónustan að vinna með margar fjölskyldur í vanda. Þunglyndi er líka eitt af því sem aðstandendur verkefnisins hafa verulegar áhyggjur af vegna þess að þeir sem lenda í neyslu eru oft búnir að ganga í gegnum mikinn vanda og þunglyndi hefur verið vangreint hjá karlmönnum. Þeir leita sér sjaldnar meðferðar hjá heilsugæslunni en konur. Þeir lenda hins vegar frekar í vímuefnameðferð og þar greinast þeir með kvíða eða þunglyndiseinkenni. Miðaldra karlmenn sem eru atvinnulausir eða þurfa að lækka í launum eða stöðu eru sérstakur áhættuhópur og ekki bætir úr ef þeir eru fráskildir og hafa lítinn stuðning. Þá eru ungir samkynhneigðir sem eru að koma út úr skápnum í verulegri áhættu. Núna er unnið með öllum kerfum sem talin eru upp hér að framan og boðið er upp á fimm tíma námskeið um þunglyndi, sögu þunglyndis

og sjálfsvíga, fræðslu um sjálfsvígsatferli, tíðnistölur, aðstoð við aðstandendur, hópavinnu og fleira. Það er fagfólk sem sér um kennsluna, þrír aðilar í hvert sinn. Þá hafa verið gefin út bæklingur og myndband um þunglyndi sem lánuð eru skjólstæðingum, spjöld með 1717 hjálparsímanum, stór auglýsingaspjöld til dreifingar um hvert er hægt að leita. Vefsíða um þunglyndi hefur verið opnuð á heimasíðu landlæknisembættisins.

Verkefnið varð að mestu unnið innan fastra fjárveitinga embættis landlæknis, þó voru í fjárlögum 2002 veittar 6 millj. kr. til verkefnisins „Viðbrögð við aukinni tíðni sjálfsvíga".

6.11. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Í stjórnum á vegum ráðuneytisins sem kosnar eru af Alþingi, nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipuð eru af ráðherra samkvæmt lögum og reglugerðum og nefndum og vinnuhópum sem skipaðir eru til að sinna ákveðnum verkefnum eru 37% konur. Í framangreindum stjórnum, nefndum og ráðum er 61 formaður, þar af 18 konur. Í stjórnum sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva, stjórnum heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana eru 49% konur. Af 39 formönnum eru 13 konur.

Síðast þegar upplýsingar voru teknar saman um stöðu þessara mála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, þ.e. í byrjun ágúst 2003, störfuðu 80 nefndir, ráð og vinnuhópar á vegum ráðuneytisins. Í þeim áttu samkvæmt þessum upplýsingum sæti 246 karlar og 157 konur þ.e. 39% nefndarmanna voru konur og voru konur formenn í 34% nefndanna. Tvær nefndir voru kosnar af Alþingi og í þeim áttu sæti sjö karlar og fimm konur, þ.e. 42% nefndarmanna voru konur. 34 stjórnir, nefndir eða ráð sem skipuð voru af ráðherra samkvæmt fyrirmælum í lögum eða reglugerðum voru starfandi. Í þeim áttu 95 karlar og 49 konur sæti, þ.e. 34% nefndarmanna voru konur. Hafa ber í huga að í nokkrum af þessum nefndum áttu einstaklingar sæti í krafti embættis síns og skýrir það að nokkru leyti lægra hlutfall kvenna í þessum flokki. 44 nefndir og vinnuhópar sem skipaðir voru til að sinna ákveðnum verkefnum voru starfandi á vegum ráðuneytisins. Í þeim áttu sæti 144 karlar og 103 konur, þ.e. 42% nefndarmanna voru konur.

Engar sérstakar skilgreindar fjárveitingar eru til verkefnisins.

6.12. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í desember 2001 tók jafnréttisnefnd ráðuneytisins til starfa við hlið fulltrúans. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins hefur í samstarfi við jafnréttisnefnd ráðuneytisins unnið að jafnréttismálum innan ráðuneytisins. Fyrsta verkefnið var að fá samþykkt fyrstu jafnréttisáætlun ráðuneytisins sem var samþykkt af ráðherra og ráðuneytisstjóra 8. október 2002. Áætlunin byggist að stórum hluta á jafnréttisáætlun stjórnarráðsins með nokkrum breytingum og viðbótum sem eiga sérstaklega við ráðuneytið. Áætlunin verður endurskoðuð fyrir árslok

2004. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins hefur tekið þátt í starfi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna m.a. varðandi undirbúning að könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytunum. Auk þess hefur jafnréttisfulltrúinn komið á framfæri athugasemdum er varða jafnréttismál við aðra starfsmenn ráðuneytisins eftir því sem ástæða hefur verið til.

Ný starfsmannastefna Tryggingastofnunar var samþykkt í október 1999. Þar er lögð áhersla á að stofnunin virði lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þannig að allir njóti hæfileika sinna og hafi jöfn tækifæri og sömu möguleika til áhrifa.

Jafnréttisnefnd hóf störf hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur (SHR) í janúar 1997, stofnunin tilheyrir nú Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH). Nefndin lagði fram tillögu til að jafna stöðu kynja innan SHR í mars 1998. Jafnréttisáætlun var samþykkt í stjórn SHR í maí 1998, áætlunin hefur sætt endurskoðun og skilaði nefndin tillögum til framkvæmdastjórnar LSH í október 2000.

Engar sérstakar skilgreindar fjárveitingar eru til verkefnisins.

1174. Nefndarálit [748. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands skuli miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag í stað fimm vikna og að mörk kjördæma skuli vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

Breytingin varðandi kjörskrána helgast af því að í framkvæmd er engin þörf á að hafa frestinn lengri. Að óbreyttum lögum er viðmiðunin fimm vikur fyrir kjördag sem þýðir að hefja þyrfti umfangsmikla og kostnaðarsama kjörskrárgerð áður en framboðsfrestur er liðinn. Breytingin varðandi mörk kjördæmanna miðar að því að mörk syðra og nyrðra kjördæmis í Reykjavík verði þau sömu og við síðustu alþingiskosningar, en hún er nauðsynleg til að umboð yfirkjörstjórna, sem er staðbundið, liggi fyrir þegar þær gefa út vottorð um kosningabærni meðmælenda vegna framboðs til forsetakjörs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. mars 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Jónína Bjartmarz.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.

1175. Fyrirspurn [775. mál]

til forsætisráðherra um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður gerð áætlunar um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins?

1176. Fyrirspurn [776. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hversu margir íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa ekki heimilislækni eða aðgang að heilsugæslustöð og á hverju byggjast tölurnar?
2. Hvað eru margar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, hve mörg stöðugildi eru við hverja þeirra og hve margir njóta þjónustu á hverri um sig?
3. Hvað er gert ráð fyrir að þær tvær heilsugæslustöðvar sem áætlað er að koma á fót á þessu ári þjóni mörgum íbúum?
4. Hve mikið fjölgaði komum á heilsugæslustöðvar á síðastliðnu ári og hvað er talið skýra fjölgunina?

1177. Fyrirspurn [777. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir aðgerðum til að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum?
2. Hefur verið reynt að reikna út kostnað samfélagsins vegna brottfallsins?

1178. Fyrirspurn [778. mál]

til menntamálaráðherra um hlut ábyrgðarmanna í endurgreiðslum námslána.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Hversu stór hluti námslána hefur lent í vanskilum með þeim afleiðingum að ábyrgðarmenn hafa þurft að greiða þau, sundurliðað fyrir sl. 10 ár?

1179. Svar [658. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur fjármálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 4. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Á 127. löggjafarþingi lagði félagsmálaráðherra fram skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar 1998–2001 til að ná fram jafnrétti kynjanna (þskj. 1290 í 732. máli). Fyrir þá skýrslu tók fjármálaráðuneytið saman hver staða verkefna ráðuneytisins væri í mars 2002. Hér getur að líta kaflann í skýrslunni frá árinu 2002 um fjármálaráðuneytið, merkt a. Að auki er greinargerð um það hversu miklu fé hafi verið varið til aðgerðanna, merkt b.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„*4.1. Feðraorlof.*

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi reglur fjármálaráðherra um sjálfstætt fæðingarorlof feðra í þjónustu ríkisins. Í reglunum er feðrum í þjónustu ríkisins tryggður réttur til launa í tvær vikur vegna fæðingar barns. Í byrjun árs 1999 verður reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, voru samþykkt 22. maí árið 2000 en hlutinn um fæðingarorlof kom til framkvæmda 1. janúar 2001. Með nýjum lögum var réttur feðra til töku fæðingarorlofs rýmkaður þannig að feður öðluðust í byrjun árs 2001 sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð en gátu skipt þremur mánuðum til viðbótar með móður. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna öðlast foreldri rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og nemur mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns 80% af meðaltali heildarlauna.

Samkvæmt upplýsingum úr launakerfi ríkisins tóku alls 479 ríkisstarfsmenn fæðingarorlof árið 2001. Skipting milli kynja var þannig að alls tók 331 kona fæðingarorlof og 148 karlar. Hlutfall karla hefur aukist um nærri helming milli áranna 2000 og 2001. Þess ber að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um ríkisstarfsmenn á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Starfsmönnum fjármálaráðuneytisins sem nýttu sér réttindi um feðraorlof ber saman um að reynsla af því hafi verið góð og höfðu nokkrir feður á orði að með þessu væri stigið skref í þá átt að gera vinnustaðinn fjölskylduvænni.“

b. Kostnaður.

Ekki hefur verið lagt mat á hversu miklu fé var varið til þess að greiða kostnað við feðraorlof á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. janúar 2001 þegar ný lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi. Hægt er að afla upplýsinga um laun þeirra starfsmanna sem nýttu sér feðraorlof á tímabilinu en erfitt er að afla upplýsinga um í hvaða tilvikum ráðið var afleysingafólk meðan feðraorlof hlutaðeigandi starfsmanna stóð.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.2. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Með meiri hluta kjarasamninga, sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerði við stéttarfélög innan BSRB og BHM og gilda eiga til ársins 2000, fylgdi yfirlýsing þar sem áréttuð er stefna ríkisins að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Stefnt er að gerð slíkrar úttektar á árinu 1999.

Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna er starfandi kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Eðlilegast er að sú nefnd leggi á ráðin um hvernig kynbundnum upplýsingum um laun og launaþróun verður best aflað og úr þeim unnið. Í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar eru birtar launaupplýsingar eftir kyni. Fréttabréfið er gefið út tvisvar á ári. Til stóð að kjararannsóknarnefnd gerði ítarlegri úttekt á launum karla og kvenna en nú tíðkast, vegna nýs launakerfis, en ekki hefur orðið af því. Þó ber að nefna að fyrir liggja tillögur um breytt fyrirkomulag á greiningu og meðferð launaupplýsinga hjá kjararannsóknarnefnd þar sem auðveldara verður að greina launaupplýsingar og aðrar tölfræðilegar upplýsingar. Vonir standa til að hið nýja fyrirkomulag stuðli að því að þessi greining verði markvissari. Auk þess hafa Reykjavíkurborg og fulltrúar fjármálaráðuneytis unnið saman að úttekt á launabili kynjanna með hliðsjón af nýju launakerfi og hafa leitað til Félagsvísindastofnunar um framkvæmd hennar.“

b. Kostnaður.

Kostnaður við verkefnið var eingöngu launakostnaður sem greiddur var af hlutaðeigandi aðilum.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.3. Reglur um starfslýsingar.

Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál frá febrúar 1996 er hvatning til vinnuveitenda um að „starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa“. Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að setja skuli starfsmanni erindisbréf ef hann óskar þess. Með tilliti til þess og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

Við gerð kjarasamninga ríkisstarfsmanna á árunum 2000 og 2001 var áhersla lögð á starfsþróunarmál í stað niðurnjörvaðra starfslýsinga. Með hverjum samningi er að finna bókun þess efnis. Með starfsþróun er áhersla lögð á ábyrgð, hæfni og tækifæri starfsmanns til þess að auka þekkingu sína og hæfni í starfi eða til annarra starfa. Fulltrúar stéttarfélaga, trúnaðarmenn og fulltrúar vinnuveitenda eru að undirbúa fundi og fræðslu fyrir starfsfólk og vinnuveitendur um nauðsyn starfsþróunar og kosti hennar. Í tilteknum stofnanasamningum sem stofnanir hafa gert við stéttarfélög er að finna ákvæði um frammistöðumat og starfslýsingar.“

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.4. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins frá febrúar 1996

og í samræmi við niðurstöðu jafnréttiskönnunar sem gerð var í janúar 1998 á vegum starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál.

Árlega heldur fjármálaráðuneytið fundi með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Þar er aðaláherslan lögð á fjárhagsáætlanir og fjárlagagerð. Auk þess eru þó ávallt önnur mál til umræðu. Sem dæmi má nefna að á árinu fór fram umfjöllun um nýtt fyrirkomulag fæðingar- og foreldraorlofs. Fjármálaráðuneytið hefur það að markmiði að á þessum fundum séu ætíð málefni til umfjöllunar sem varða jafnréttismál á einhvern hátt.

Auk þess ber að nefna að fréttabréf forstöðumanna er gefið út u.þ.b. þrisvar sinnum á ári. Fréttabréfið er hugsað sem vettvangur upplýsinga til forstöðumanna um ýmis stjórnunarleg mál, þar á meðal jafnréttismál.

Fjármálaráðuneytið er að skipuleggja fundaherferð fyrir forstöðumenn ríkisstofnana í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti þar sem fræðsla um jafnréttismál verður á meðal annarra mála.“

b. Kostnaður.

Kostnaður við fundaherferðir með forstöðumönnum og útgáfu fréttabréfs var greiddur af ráðuneytinu og rúmaðist innan fjárhagsramma þess án sérstakra fjárveitinga á fjárlögum.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.5. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

Reynt hefur verið eftir bestu getu að gæta jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og á það einnig við um kynjaskiptingu við val á yfirmönnum. Ekki hefur verið skipað eða ráðið í stöðu yfirmanns hjá ráðuneytinu á síðasta ári. Hvað öðrum starfsmannaráðningum ráðuneytisins líður hafa fleiri konur verið ráðnar í stöður sérfræðinga undanfarin ár en áður.

Þótt fjöldi kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins hafi aukist nokkuð á undanförnum árum má enn gera betur. Eins og eftirfarandi tölur sýna glögglega vantar talsvert upp á að kvenkyns starfsmenn ráðuneytisins gegni nefndarstörfum í sama mæli og þeir sem karlkyns eru. Hlutfall kynja í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins er þannig að um 77% eru karlmenn og 23% konur og hefur fjöldi kvenna þannig aukist örlítið frá árinu 2000, en þá hafði hlutfall karla í nefndum aukist frá árinu 1998. Hins vegar er ekki um að ræða launamun milli karla og kvenna í nefndum þar sem þóknananefnd metur fjölda þóknanaeininga óháð menntun, reynslu eða kyni.“

b. Kostnaður.

Verkefnið var ekki þess eðlis að sérstaka fjárveitingu þyrfti til að sinna því.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.6. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

Samkvæmt svari fjármálaráðuneytisins sama efnis á árinu 2001 var breyting gerð á eyðublöðum framtala árið 1998. Fjármálaráðuneyti hefur ekki farið í frekari endurskoðun á eyðublöðum. Flest eyðublöð fjármálaráðuneytisins snúa að einstaklingum og reynir því síður á jafnréttisjónarmiðið. Ráðuneytið hefur ekki fengið ábendingar eða kvartanir vegna þessa en kemur til með að bregðast við ef svo fer.“

Vegna breytinga á skattalögum, skattmati og skattframkvæmd verða árlega einhverjar breytingar á eyðublöðum framtala.

b. Kostnaður.

Kostnaður við fyrrgreindar breytingar var óverulegur og var greiddur af embætti ríkisskattstjóra. Gert var ráð fyrir minniháttar breytingum á eyðublöðum framtala í fjárhagsramma embættisins.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„4.7. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem kom út í mars 2002 er að finna jafnréttisáætlun fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna. Ráðuneytið mun styðjast við þessa jafnréttisáætlun í starfi sínu. Til stendur að skipa þriggja manna jafnréttisnefnd innan fjármálaráðuneytisins þar sem jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins verður meðal fulltrúa.

Árlega boðar ráðuneytið starfsfólk á fund til þess að ræða verkefni ársins og starfsmannamál. Ráðuneytið ráðgerir að upplýsa starfsfólk um jafnréttismál á slíkum fundum eftir því sem við verður komið.“

b. Kostnaður.

Kostnaður var óverulegur og rúmaðist innan fjarhagsramma ráðuneytisins.

a. Umfjöllun í skýrslu félagsmálaráðherra.

„Önnur verkefni.

Auk þessa hefur ráðuneytið tilnefnt fulltrúa í tilraunaverkefni sem snýst um að gefin sé umsögn um lagafrumvörp með hliðsjón af því hvaða áhrif lög hafa á jafnrétti kynjanna. Þetta er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta (sjá verkefnalið 3.1 hjá félagsmálaráðuneyti).“

b. Kostnaður.

Kostnaður við þátttöku ráðuneytisins í verkefninu var óverulegur og rúmaðist innan fjárhagsramma.

Með áðurnefndri skýrslu félagsmálaráðherra var fylgiskjal sem bar yfirskriftina: *Framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar áranna 1998–2001.* Fjármálaráðuneytið ákvað að vinna áfram að nokkrum verkefnum frá 1998. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim verkefnum sem fjallað var um í endurskoðaðri áætlun og stöðu þeirra ásamt því að gera grein fyrir hversu miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

1. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

„Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa í sameiningu leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og farið þess á leit að hún geri úttekt á launamun karla og kvenna sem ekki er unnt að útskýra nema á grundvelli kyns."

Í framhaldi af upptöku nýs launakerfis leitaði ráðuneytið til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og fór fram á það að stofnunin ynni úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun kynjanna. Við undirbúning verksins kom í ljós að í núverandi launakerfi voru ekki fyrir hendi þær upplýsingar sem stofnunin taldi nauðsynlegar til að vinna úttektina. Af hálfu ráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum upplýsingakerfum sem ríkið er að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Gengur sú vinna hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir en ætla má að henni ljúki á þessu ári og er stefnt að því að úttekt á launamun karla og kvenna sem ekki er unnt að útskýra nema á grundvelli kyns verði unnin í beinu framhaldi af því. Í kjölfarið er lag að fylgjast reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Nú er ráðuneytið að kanna hvernig laun karla og kvenna eru samsett og hvort einhverjar breytingar hafa átt sér stað frá árinu 1997. Fyrst í stað er rannsakaður sá hópur ríkisstarfsmanna sem semur um laun sín og heyrir undir lög nr. 94/1986.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði árið 2002 samanburð á launum karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg 2001, en Reykjavíkurborg tók upp nýtt launavinnslukerfi í ársbyrjun 2003 og hafði lokið starfaflokkun þegar rannsóknin fór fram.

Kostnaður við verkefnið hefur eingöngu verið launakostnaður sem greiddur var af hlutaðeigandi aðilum.

2. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

„Á hverju ári heldur fjármálaráðuneytið fundi með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Stefnt er að því að vera að jafnaði með fræðslu eða erindi um jafnréttismál á þessum fundum. Ef gerðar hafa verið kynjakannanir á vegum fjármálaráðuneytisins þá verður umfjöllun um niðurstöður þeirra á þessum fundum."

Á fundi ráðuneytisins með forstöðumönnum stofnana þess sem haldinn var í desember 2003 var fræðsla um jafnréttismál á dagskrá ásamt öðrum málefnum.

Kostnaður vegna þessa hefur rúmast innan fjárhagsramma ráðuneytisins án sérstakra fjárveitinga á fjárlögum.

3. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

„Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins verður leitast við að taka mið af jafnréttissjónarmiðum, sbr. 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Stefnt er að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins orðinn a.m.k. 30%. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins."

Það er orðin regla að þegar auglýst er laust starf til umsóknar í ráðuneytinu er tekið fram að konur jafnt sem karlar séu hvattar til að sækja um. Þetta hefur mælst vel fyrir. Í mars 2002 var hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins 23% en karla 77%. Nefndarmenn voru þá alls 280 í 58 nefndum.

Hlutfall kvenna var 30% í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytis 14. mars 2004 en karla 70%. Nefndarmenn voru alls 295 í 57 nefndum. Kynjaskipting á meðal sérfræðinga hefur breyst og hlutur kvenna hefur aukist. Þegar ráðherra skipar í nefndir er leitað til hlutað-

eigandi sérfræðings innan ráðuneytisins á hverju sviði. Fyrir vikið hefur konum fjölgað í nefndum á vegum þess. Þegar ráðherra hins vegar óskar eftir tilnefningu í nefnd frá hagsmunaaðilum er það ekki á hans valdi að hafa áhrif á hvort karl eða kona tekur sæti í nefndinni.

Ekki hefur þurft til sérstaka fjárveitingu til þess að sinna verkefninu.

4. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

„Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og hefur umsjón með framkvæmdaáætlun þessari í samráði við ráðuneytisstjóra. Í því sambandi verður skipuð sérstök jafnréttisnefnd fulltrúanum til halds og trausts. Gert er ráð fyrir að fulltrúinn og nefndin muni standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og miðla niðurstöðum þeirra og öðru fræðsluefni um jafnréttismál til yfirmanna og annarra starfsmanna eftir því sem tilefni gefst til.“

Jafnréttisfulltrúinn hefur sinnt starfi sínu sem tengiliður við Jafnréttisstofu og hefur sótt námskeið og svarað fyrirspurnum frá Jafnréttisstofu. Í apríl 2003 var sett á fót tímabundin jafnréttisnefnd í ráðuneytinu. Í nefndinni sitja fjórir fulltrúar sem allir eru sérfræðingar í ráðuneytinu. Í nefndinni eru tvær konur, önnur er jafnréttisfulltrúinn, og tveir karlar. Nefndinni var gefið vítt verkefnasvið en helsta verkefni hennar er að gera drög að uppbyggingu jafnréttisstarfs fyrir ráðuneytið. Nefndin hefur í störfum sínum haft það að markmiði að gera drög að jafnréttisáætlun. Þá skoðar nefndin mun á starfskjörum kynjanna í ráðuneytinu, hvort það eigi að setja sér fjölskyldustefnu, stefnu um sveigjanleika í starfi og hlutastörf, hvert hlutverk jafnréttisfulltrúa eigi að vera o.s.frv. Niðurstöður vinnu nefndarinnar verður síðan lögð fyrir ráðuneytisstjóra. Það er síðan í höndum yfirstjórnar ráðuneytisins að taka ákvörðun um framhaldið.

Jafnréttisfulltrúinn hefur ekki komið á tengingum við undirstofnanir og hefur því ekki sinnt eftirliti með undirstofnunum ráðuneytisins eins og honum ber að gera skv. 11. gr. jafnréttislaga. Helgast það af því að jafnréttisfulltrúinn hefur aðallega lagt áherslu á jafnréttisnefndina sem skipuð hefur verið í ráðuneytinu. Þá hefur það verið mat jafnréttisfulltrúans að fyrst ætti að marka stefnu ráðuneytisins í jafnréttismálum og síðan væri hægt að fara að ganga á eftir undirstofnunum.

Hvað varðar könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu þá stóðu öll ráðuneytin í sameiningu að viðhorfskönnun í jafnréttismálum í desember 2003.

Kostnaður hefur verið óverulegur og rúmast innan fjarhagsramma ráðuneytisins. Viðhorfskönnunin sem ráðuneytin stóðu sameiginlega að kostaði rúmar 1,3 millj. kr.

1180. Fyrirspurn [779. mál]

til dómsmálaráðherra um stjórnsýsludómstól.

Frá Atla Gíslasyni.

Telur ráðherra koma til álita að setja á stofn stjórnsýsludómstól sem tæki að sér hlutverk úrskurðarnefnda sem starfa á vegum ríkisins eða fela almennum dómstólum hlutverk þeirra?

1181. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Meiri hlutinn hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings og framleiðslu tóbaks verði afnuminn. Þrátt fyrir þessar breytingar mun einkaréttur ríkisins til heildsölu tóbaks haldast óbreyttur og ÁTVR tryggja áfram merkingar á tóbaki og álagningu áfengisgjalds.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur dregið í efa að einkaleyfi ríkisins á innflutningi og framleiðslu tóbaks samrýmist ákvæðum EES-samningsins þar sem tóbak hefur verið fellt undir reglur samningsins um frjálst flæði vöru.

Vegna óvissu um réttmæti einkaleyfis ríkisins á innflutningi og framleiðslu tóbaks og þar sem meiri hlutinn telur sýnt að breytingin sem lögð er til í frumvarpinu muni ekki hafa áhrif á tóbaksvarnir leggur hann til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 16. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Össur Skarphéðinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	

1182. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Svönu Margréti Davíðsdóttur og Guðrúnu Sigtryggsdóttur frá tollstjóranum í Reykjavík.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, og ræddi nefndin frumvörpin samhliða.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en við meðferð þess fyrir nefndinni voru ræddar frekari breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki,

með síðari breytingum, sem meiri hlutinn telur rétt að gerðar verði. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur með bréfi, dags. 25. mars 2003, vakið athygli íslenskra stjórnvalda á mismun á stöðu innlendra framleiðenda áfengis og innflytjenda slíkrar vöru sem getur falist í núgildandi reglum um greiðslufrest á gjöldum á áfengi og viðurlögum vegna vangreiðslu þeirra gjalda. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er ætlunin að jafna stöðu innlendra framleiðenda áfengis og innflytjenda hvað þessi atriði varðar.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að krafa um tryggingar þegar veittur er gjaldfrestur á áfengisgjaldi, sem er að finna í 1. mgr. 5. gr. laganna, verði felld á brott og þar af leiðandi einnig heimild ráðherra í 5. mgr. 5. gr. laganna til að setja í reglugerð ákvæði um slíkar tryggingar. Í stað kröfu um tryggingar komi stöðvunarheimild í nýrri lagagrein. Þá telur meiri hlutinn að með tillögunni verði ákvæði 5. gr. laganna skýrari hvað varðar gjaldfrest og gjalddaga áfengisgjalds.
2. Lagt er til að reglur sem gilda fyrir innflytjendur áfengis og framleiðendur áfengis verði samræmdar hvað varðar álagningu áfengisgjalds. Lagt er til að innflytjendum og framleiðendum verði gert að sæta álagi ef áfengisgjald er ekki innt af hendi á gjalddaga, sbr. 1. og 4. mgr. 5. gr. laganna. Hið sama gildir ef áfengisgjald hefur verið áætlað á framleiðanda áfengis vegna þess að áfengisgjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað inn eða henni verið ábótavant, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kærufrests. Ef áfengisgjald er ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Þá er lagt til að lögfest verði sú skylda tollstjóra að synja innflytjanda og/eða framleiðanda áfengis um frekari greiðslufrest á meðan vanskil vara. Loks er lagt til að lögfestur verði stöðvunarréttur til handa tollstjóra ef ítrekuð eða stórfelld vanskil eru á greiðslu áfengisgjalds, álags og dráttarvaxta. Þessi stöðvunarréttur, sem er án fyrirvara, felur í sér heimild til þess að stöðva tollafgreiðslu á vörum til hvort heldur er innflytjanda eða framleiðanda og láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji hann hagsmuni ríkissjóðs ekki tryggða með öðrum hætti. Eðlilegt verður að telja að tollstjóri hafi stöðvunarrétt þegar ítrekuð eða stórfelld vanskil verða á áfengisgjaldi, enda er um vörsluskatt að ræða og oft um miklar fjárhæðir að tefla. Þá ber að geta þess að í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, má finna sambærilegan stöðvunarrétt fyrir innheimtuaðila ríkissjóðs. Auk þess verður að telja stöðvunarrétt hjá innflytjendum sem og innlendum framleiðendum vera nægilega tryggingu fyrir greiðslu áfengisgjaldsins og því óhætt að fella brott kröfu laganna um framlagningu tryggingar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álitið með fyrirvara hvað varðar þær breytingartillögur sem lagðar eru til og varða gjald af áfengi en ekki innheimtu tóbaksgjalds sem er efni frumvarpsins sem vísað var til nefndarinnar í þessu máli.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 16. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	

1183. Breytingartillaga [343. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(PHB, KHG, BÁ, DJ, GunnB).

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (1. gr.)

5. gr. laganna orðast svo:

Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess.

Af áfengi, sem framleitt er innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Þeir sem skyldir eru til að innheimta gjald skv. 2. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir áfengisgjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalds, þar á meðal að veita allt að tveggja vikna greiðslufrest og er þá hvert uppgjörstímabil tvær vikur, frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

b. (2. gr.)

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Sé áfengisgjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 5. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi áfengis hefur ekki skilað áfengisgjaldsskýrslu eða henni verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.

Verði vanskil á greiðslu áfengisgjalds skal tollstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda áfengis um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.

Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu áfengisgjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. getur tollstjóri án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollstjóri hagsmuni ríkissjóðs ekki verða tryggða með öðrum hætti.

1184. Frumvarp til laga [780. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Rektor skipar dómnefndir til þess að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Dómnefndir eru skipaðar til þriggja ára í senn þannig að ein dómnefnd starfi fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans. Háskólaráð tilnefnir einn mann í hverja dómnefnd og menntamálaráðherra annan. Skal sá sem tilnefndur er af háskólaráði vera formaður dómnefndar og sá sem tilnefndur er af menntamálaráðherra varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Þriðji nefndarmaðurinn er sérfræðingur, tilnefndur af deild, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi.

b. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglunum að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar skal rektor Háskóla Íslands bjóða starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar störf við sambærileg verkefni innan háskólans og þeir höfðu hjá Norrænu eldfjallastöðinni. Sameiginlegar reglur háskólans gilda um störf sem boðin eru samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er þó að bjóða starf án þess að fyrir liggi hæfnismat dómnefndar skv. 12. gr., enda megi telja augljóst að viðkomandi uppfylli hæfniskröfur sem að lágmarki eru gerðar til háskólakennara og sérfræðinga. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á gildandi lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999. Lögð er til breyting á skipun dómnefnda til að meta hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf, lögfesting heimildar til að ráða í tiltekin störf við háskólann án auglýsingar og lögfesting ákvæðis til bráðabirgða í tengslum við flutning starfsmanna vegna yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á ákvæðum 3. mgr. 12. gr. um skipun dómnefnda til þess að fjalla um hæfi þeirra sem sækjast eftir starfi við kennslu eða fræðastörf við háskólann. Í stað þess að dómnefnd sé skipuð frá grunni í hvert sinn er meta þarf umsækjendur um kennara- og sérfræðingsstörf er gert ráð fyrir föstum dómnefndarmönnum sem skipaðir séu til þriggja ára í senn. Ein dómnefnd starfi fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans sem eru hugvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, samfélagsvísindasvið og verkfræði- og raunvísindasvið. Meiri hluti dómnefndar sé skipaður samkvæmt þessu, en einn dómnefndarmaður síðan skipaður til þess að fjalla um hvert einstakt mál. Þetta mun fyrirsjáanlega leiða til þess að einfalda megi og stytta ráðningarferli háskólamanna sem er mikilvægt þar sem skipan og störf dómnefnda hafa haft tilhneigingu til þess að dragast á langinn. Slík breyting er í þágu hagsmuna bæði umsækjenda um störf og stofnunarinnar sjálfrar án þess þó að í nokkru sé dregið úr kröfum til umsækjenda.

Í b-lið er lagt til að tekin verði upp í 7. mgr. 12. gr. heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Slík heimild kæmi til viðbótar undantekningum frá auglýsingaskyldunni sem fyrir eru í lögunum, sbr. 5. og 8. mgr. 12. gr. þeirra. Í framkvæmd hefur komið í ljós að þessum undantekningum eru settar full þröngar skorður. Þau rök sem búa að baki þessum lögfestu undantekningum eiga einnig við um fleiri tilvik og því hefur það verið afstaða háskólans að heimilt eigi að vera að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólann og stofnanir hans í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum, sem öll byggjast á sérstöðu starfa við háskólann. Þessi breytingartillaga hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja. Dæmi um störf sem hér gætu átt við eru:

1. *Starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum.* Hluti rannsóknastarfsins við Háskóla Íslands og stofnanir hans er kostaður af styrkjum sem einstakir verkefnastjórar, kennarar eða fastráðnir sérfræðingar, eða rannsóknarhópar sækja um til innlendra eða erlendra rannsóknasjóða og nota til að ráða starfsmenn að rannsóknunum. Slíkir styrkir eru ævinlega bundnir við tiltekið verkefni og tímabundnir. Eðlilegt er að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum, þ.m.t. að ráða starfsmann án auglýsingar ef það þykir henta.
2. *Störf nemenda við háskólann sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi.* Eitt af meginábersluatriðum Háskóla Íslands er að byggja upp rannsóknartengt framhaldsnám. Nemendur í slíku námi hafa að jafnaði annaðhvort framfærslu af námsstyrkjum eða þeir eru á launum sem umsjónarkennari fjármagnar með rannsóknarstyrkjum eða rannsóknarsamningum. Þegar svo háttar til er val nemanda alfarið á valdi umsjónarkennara og ekki

sjálfgefið að slíkt starf sé auglýst þó að við vissar aðstæður geti verið talið tilefni til að efna til samkeppni um slíka námsstöðu.

3. *Starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna styrkþegans sjálfs.* Mörg dæmi eru um það að erlendir sem innlendir vísindamenn sæki um og fái styrki til afmarkaðra rannsóknarverkefna sem þeir hyggjast vinna sjálfir. Styrkveitingin er að jafnaði bundin vísindamanninum en hann semur síðan við rannsókna- eða háskólastofnun um þá aðstöðu sem honum er þörf til þess að vinna verkefnið. Í ýmsum tilvikum getur verið hentugt og jafnvel nauðsynlegt að vísindamaðurinn leggi styrkinn inn í heild til viðkomandi stofnunar sem aftur ræður þá vísindamanninn tímabundið til starfa við verkefnið. Við þessar aðstæður er augljóst að forsenda starfsins er sá styrkur sem viðkomandi vísindamaður leggur fram og því getur ekki verið um að ræða að starfið sé auglýst.
4. *Samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir.* Sum þeirra starfa sem verða til í háskólanum og stofnunum hans tengjast verkefnum sem í eðli sínu eru tímabundin og felast í að framkvæma tiltekna rannsóknaráætlun í samvinnu starfandi háskólamanna og utanaðkomandi aðila sem kunna að eignast réttindi yfir verkefninu og koma að því á öllum stigum. Aðkoma slíkra aðila kann að vera best tryggð með ráðningarsamningi, en jafnljóst er að ekki eru forsendur til þess að auglýsa starfið laust til umsóknar.
5. *Sérstök tímabundin kennarastörf sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum.* Það er markmið háskólans að fjölga þeim kennarastörfum sem kostuð eru af stofnunum eða fyrirtækjum með sérstökum samningum. Slík störf eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma, t.d. þriggja eða fimm ára. Í sumum tilvikum eru slík störf bundin tilteknum rannsóknasviðum og jafnvel sett á fót til þess að tilteknir sérfræðingar fái aðstöðu til þess að kenna tiltekin fræði og stunda rannsóknir á því sviði við háskólann. Ekki er því sjálfgefið að forsendur séu til að auglýsa starfið.
6. *Háskólakennarar í hlutastarfi sem tengist tilteknu starfi utan háskólans á grundvelli samstarfssamnings milli stofnana.* Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga um Háskóla Íslands er heimilt að tengja starf kennara (háskólamanns) tilteknu starfi utan háskólans. Fram kom í greinargerð með þessu ákvæði á frumvarpsstigi að slíkum tengslum skyldi einkum komið á með samkomulagi milli stofnana þar sem tryggður sé aðgangur að aðstöðu og sérþekkingu tiltekinna sérfræðinga. Hefur háskólinn á grundvelli þessarar heimildar gert samstarfssamninga við fjölda stofnana þar sem byggt er á því að tilteknir starfsmenn séu í starfi bæði hjá háskólanum og viðkomandi stofnun. Geri samningurinn ráð fyrir nýjum störfum hefur verið talið að auglýsa beri slík störf enda þótt forsenda samningsins sé tiltekin sérfræðiþekking sem til staðar er innan stofnunar. Ljóst er á hinn bóginn að í mörgum tilvikum stýra hinar samningsbundnu forsendur því hvernig starfinu er ráðstafað. Æskilegt er því að til staðar sé svigrúm að þessu leyti til þess að meta megi hvort auglýsing starfsins þjóni einhverjum tilgangi.

Um 2. gr.

Um þessar mundir standa yfir samningaviðræður milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands um samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans innan nýrrar Jarðvísindastofnunar. Unnið er að málinu á grundvelli viljayfirlýsingar sem háskólaráð og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hafa undirritað með fulltingi menntamálaráðuneytis. Meðal þess sem gengið er út frá er að hin nýja jarðvísindastofnun verði skipulagslega hluti af Raunvísindastofnun en þó mjög sjálfstæð.

Lögformlega gerist samruninn með yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar, sem samhliða verður lögð niður sem sjálfstæð norræn stofnun. Í samningaviðræðum hefur verið miðað við að störf hjá Norrænu eldfjallastöðinni verði lögð niður og starfsmönnum boðin störf við sambærileg verkefni hjá nýrri jarðvísindastofnun. Vegna ákvæða 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um auglýsingaskyldu er nauðsynlegt að breyta ákvæðum laga um Háskóla Íslands til þess að bjóða megi störf með þessum hætti en sú leið hefur áður verið farin við færslu verkefna milli stofnana.

Jafnframt er mikilvægt að boð um starf við Háskóla Íslands sé byggt á skýrum forsendum um starfsgrundvöll og starfskjör. Samkvæmt almennum reglum Háskóla Íslands um hæfnismat akademískra starfsmanna (háskólakennara og sérfræðinga) er ráðning þeirra háð því að sérstaklega skipuð dómnefnd fjalli um hæfi þeirra, en sú leið er alltímafrek. Því er lagt til að heimilt verði að víkja frá þessu skilyrði en láta starfsheiti og launaröðun ráðast af kjarasamningum og sameiginlegum reglum háskólans, enda sé ljóst að viðkomandi starfsmenn uppfylli lágmarkshæfniskröfur.

Starfsmenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar eru nú átján talsins. Af þessum hópi eru sjö starfsmenn með ráðningarsamninga sem renna út fyrir 1. júlí 2004, en það er það tímamark sem miðað hefur verið við varðandi yfirfærslu verkefna og starfsmanna. Þeir starfsmenn sem eru með ráðningarsamninga í gildi fram yfir 1. júlí 2004 hafa annars vegar með höndum stjórn vísindalegra verkefna og hins vegar tækni-, rannsókna- og skrifstofustörf. Þessum ellefu starfsmönnum verður boðið starf við Háskóla Íslands frá og með 1. júlí 2004.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til afmarkaðar breytingar á reglum um ráðningar í störf hjá háskólanum.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting varðandi skipun dómnefnda sem fjalla um hæfi umsækjenda um kennslu- og fræðastörf í skólanum.

Í öðru lagi er lagt til að skólanum verði ekki skylt að auglýsa ýmis tímabundin störf sem kostuð eru með styrkjum.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða um að háskólinn bjóði starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar störf við sambærileg verkefni og þeir höfðu hjá stöðinni án þess að störfin verði auglýst eða hæfnismat dómnefndar liggi fyrir. Í skýringum kemur fram að ellefu starfsmönnum verður boðið starf frá og með 1. júlí nk.

Að mati fjármálaráðuneytisins stuðla breytingar á skipun dómnefnda og afnám skyldu til að auglýsa tímabundin störf að einföldun á stjórnsýslu háskólans og lækkunar á kostnaði þótt ekki séu forsendur til að áætla fjárhæðir.

Hvað bráðabirgðaákvæðið áhrærir er ljóst að útgjöld Háskóla Íslands koma til með að aukast vegna verkefna sem flytjast frá Norrænu eldfjallastöðinni. Samkvæmt ársskýrslu stöðvarinnar fyrir árið 2002 voru starfsmenn 18 að tölu og námu heildarútgjöld 122,2 m.kr. Þar af lagði norræna ráðherranefndin til 83,2 m.kr. og ríkissjóður 17,5 m.kr. en 18,5 m.kr. voru greiddar með styrkjum. Rekstrarhalli nam 3 m.kr. Í fjárlögum 2004 er eldfjallastöðinni ætlað 18,4 m.kr. framlag. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir 15 m.kr. hækkun á framlaginu frá og með yfirstandandi ári. Að öðru leyti er miðað við að fjármagna verkefnin með styrk samkvæmt samningi við norrænu ráðherranefndina, sem unnið er að, og með því að sækja um styrki hjá rannsóknasjóðum eða annars staðar. Takist ekki að fjármagna verkefnin að fullu með þessum hætti er gert ráð fyrir að skólinn leggi til fé af fjárveitingum sínum eða dragi úr útgjöldum. Gangi þessi áform eftir hefur frumvarpið í för með sér 15 m.kr. hækkun í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar.

1185. Svar [623. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um húsaleigu framhaldsskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið þróun húsaleigugreiðslna framhaldsskóla til Fasteigna ríkissjóðs á árunum 2001–2003, sundurliðað eftir skólum og árum, í krónum og sem hlutfall af fjárheimildum skólanna?

Á meðfylgjandi yfirliti er að finna þróun húsaleigugreiðslna framhaldsskóla til Fasteigna ríkissjóðs á árunum 2001–2003, sundurliðað eftir skólum og árum, í milljónum króna og sem hlutfall af fjárheimildum skólanna.

Árið 2001 hófst umsýsla Fasteigna ríkissjóðs með viðhaldi fasteigna valinna framhaldsskóla. Jafnframt hófst skipuleg þriggja ára áætlun um aukningu framlaga ríkissjóðs til viðhalds skólanna. Þau námu árið 2000 um 200 millj. kr. en hækkuðu síðan í áföngum í 500 millj. kr. sem er síðan dreift samkvæmt reiknilíkani. Skólum sem undir þetta fyrirkomulag falla hefur fjölgað eins og meðfylgjandi tafla ber með sér. Á árinu 2003 voru heimavistir viðkomandi skóla færðar undir þetta fyrirkomulag og á því sama ári tóku Fasteignir ríkissjóðs að greiða opinber gjöld af fasteignum skólanna, sbr. yfirlit um framlög til húsnæðismála á árinu 2003.

Þar sem upp á vantar að framlög standi undir leigugreiðslum er ráð fyrir því gert að leigutekjur af útleigu húsnæðis brúi bilið, einkum útleiga heimavistarhúsnæðis til sumarhótela.

	2001					2002					2003					Framlög til húsaleigu	
	Heimild	Frá fyrra ári	Heimild ársins	Árs-leiga	Hlutfall	Heimild	Frá fyrra ári	Heimild ársins	Árs-leiga	Hlutfall	Heimild	Frá fyrra ári	Heimild ársins	Árs-leiga	Hlutfall	2003	Hlut-fall
Menntaskólinn á Akureyri	264,4	14,3	250,1	7,6	3,1%	281,5	-19,7	301,2	19,7	6,5%	303,4	-10,8	314,2	24,2	7,7%	31,7	10,1%
Menntaskólinn við Hamrahlíð											515,9	33,6	482,3	25,5	5,3%	32,0	6,6%
Menntaskólinn við Sund											330,0	10,9	319,1	23,4	7,3%	25,0	7,8%
Menntaskólinn á Ísafirði	135,5	-8,3	143,8	4,5	3,2%	157,5	2,5	155,0	10,5	6,8%	167,3	-5,1	172,4	17,5	10,1%	16,8	9,7%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	136,9	3,6	133,3	3,0	2,2%	173,5	-10,6	184,1	6,9	3,8%	182,2	18,4	163,8	16,2	9,9%	13,3	8,1%
Menntaskólinn í Kópavogi											371,5	-181,0	552,5	38,4	6,9%	38,4	7,0%
Kvennaskólinn í Reykjavík											234,0	6,3	227,7	9,2	4,0%	16,5	7,2%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti											562,9	-125,0	687,9	34,2	5,0%	44,7	6,5%
Fjölbrautaskólinn við Ármúla											361,6	-74,3	435,9	15,8	3,6%	26,3	6,0%
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði											234,4	-29,8	264,2	15,9	6,0%	22,0	8,3%
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	315,1	22,6	292,5	6,6	2,3%	330,2	10,0	320,2	16,0	5,0%	384,3	0,8	383,5	20,3	5,3%	27,9	7,3%
Fjölbrautaskóli Vesturlands	237,5	-37,5	275,0	6,6	2,4%	271,7	-60,3	332,0	18,0	5,4%	291,3	-45,3	336,6	24,5	7,3%	27,6	8,2%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	132,6	12,6	120,0	3,7	3,1%	148,9	17,7	131,2	8,5	6,5%	146,9	17,4	129,5	11,3	8,7%	12,6	9,7%
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	169,7	-38,0	207,7	4,9	2,4%	188,2	-20,6	208,8	11,4	5,5%	167,2	-22,1	189,3	22,0	11,6%	15,1	8,0%
Fjölbrautaskóli Suðurlands	377,4	23,8	353,6	8,4	2,4%	441,2	51,3	389,9	20,2	5,2%	448,5	54,4	394,1	25,8	6,5%	30,2	7,7%
Verkmenntaskóli Austurlands	113,6	4,6	109,0	4,0	3,7%	127,2	5,7	121,5	9,4	7,7%	113,2	-10,3	123,5	14,5	11,8%	16,2	13,1%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	470,0	-28,4	498,4	13,5	2,7%	474,0	-52,5	526,5	30,5	5,8%	529,1	-96,1	625,2	40,1	6,4%	44,0	7,0%
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ						294,1	-6,3	300,4	14,5	4,8%	303,0	-10,8	313,8	20,2	6,4%	21,8	6,9%
Framhaldsskólinn á Húsavík	73,4	0,1	73,3	1,9	2,6%	74,9	-1,2	76,1	4,6	6,0%	84,8	-4,9	89,7	6,0	6,7%	8,0	8,9%
Framhaldsskólinn á Laugum	61,1	-4,2	65,3	2,9	4,4%	101,3		101,3	9,4	9,3%	110,0	18,3	91,7	18,9	20,6%	16,3	17,8%
Borgarholtsskóli											564,9	-6,3	571,2	37,4	6,6%	36,4	6,4%
Iðnskólinn í Reykjavík						887,7	43,5	844,2	39,2	4,6%	928,2	-38,0	966,2	52,9	5,5%	60,3	6,2%

1186. Svar [585. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur og Björgvins G. Sigurðssonar um leiklistarnám.

1. *Hvað stunda margir íslenskir námsmenn leiklistarnám erlendis, sundurgreint eftir löndum?*

Í töflunni á næstu síðu koma fram upplýsingar frá Hagstofu Íslands, unnar upp úr skrám frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, þar er tekinn saman fjöldi nemenda í leiklist og leikstjórn sem skráðir eru í nemendaskrá Hagstofu Íslands frá 1975 hér á landi við Leiklistarskóla Íslands og síðan Listaháskóla Íslands (frá 2000) sem og erlendis. Hér er að sjálfsögðu aðeins um að ræða nemendur sem sótt hafa um námslán. Ekki eru til upplýsingar um fjölda útskrifaðra.

2. *Hvað hafa margir útskrifast úr leiklistarnámi hérlendis frá árinu 1973, sundurgreint eftir árum?*

Bent skal á að Leiklistarskóli Íslands var stofnaður með lögum nr. 37/1975.

Í töflu Hagstofunnar kemur fram að árin 1975–78 voru nemendur 42, 31 og 28 og er hér um að ræða nemendur sem höfðu hafið nám við Leiklistarskóla leikfélaganna sem starfaði áður en Leiklistarskóli Íslands var stofnaður. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda leiklistarnema tímabilið 1973–75, áður en Leiklistarskóli Íslands tók til starfa.

Samkvæmt þeim nemendatölum sem hægt hefur verið að nálgast í ráðuneytinu og á Hagstofu Íslands hafa nemendur flest ár frá 1978 verið á bilinu 20–26 og má af því ráða að oftast hafi verið teknir inn átta nýnemar á þeim árum sem teknir hafa verið inn nýir nemendur og um átta hafi útskrifast. Kemur þetta heim og saman við upplýsingar Hagstofu Íslands um fjölda brautskráðra leiklistarnema frá Leiklistarskóla Íslands og Listaháskóla Íslands á tímabilinu 1996–2002. Fram kemur í upplýsingum frá Hagstofunni að það var ekki fyrr en 1995 sem Hagstofan hóf að safna upplýsingum um brautskráningar.

Nemendur brautskráðir úr leiklistarnámi á Íslandi frá skólaárinu 1996–97 til skólaársins 2001–02.

		Skólaárin				
Skóli	**Auðkenni**	**1996–97**	**1997–98**	**1998–99**	**2000–01**	**2001–02**
Leiklistarskóli Íslands	LEIK	**8**	**8**	**8**		
Listaháskóli Íslands	LEIKBA				**8**	**8**

Heimild: Hagstofa Íslands 2004.

3. *Hvað hafa margir sótt um leiklistarnám hérlendis frá árinu 1973, sundurgreint eftir árum?*

Ráðuneytið hefur ekki tiltækar upplýsingar um árlegan fjölda umsækjenda tilgreint tímabil. Þó hefur ráðuneytið fengið þær upplýsingar frá Listaháskóla Íslands að á síðasta ári hafi umsækjendur um leiklistarnám í Listaháskóla Íslands verið 131, árið þar á undan 100. Engir nýnemar verða teknir inn á skólaárinu 2004–2005.

Nemendur í leiklist og leikstjórn skráðir í nemendaskrá Hagstofu Íslands frá upphafi.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Leiklistarskóli Íslands																												
Leiklist	42	31	28	17	23	23	23	24	24	22	23	26	25	25	26	24	20	20	21	22	24	24	24	24	24			
Listaháskóli Íslands																												
Leiklist																										24	26	27
Ítalía						1	1											1	1	1			1	2				
Leikstjórn																		1	1	1				1				
Leiklist						1	1																1	1				
Spánn							1		2				1	1	1	2				1			1	1				
Leiklist							1		2				1	1	1	2				1			1	1				
Bandaríkin					1	1	1	3	6	10	9	8	8	6	6	5	10	9	8	5	5	6	2	1	3	4	3	3
Leikstjórn					1	1						1	1	1	1	1												
Leiklist							1	3	6	10	9	7	7	5	5	4	10	9	8	5	5	6	2	1	3	4	3	3
Danmörk								1		1			1												1	2	2	
Leiklist								1		1			1													2	1	
Leikstjórn																									1		1	
England					7	3	1	2	4	7	7	10	9	11	12	9	9	6	7	6	8	17	20	17	15	14	16	14
Leikstjórn					1								1	1	2				1	1	1	3	3	3	2		2	
Leiklist					6	3	1	2	4	7	7	10	8	10	10	9	9	6	6	5	7	14	17	14	13	14	14	14
Finnlandi										1																1		1
Leiklist										1																1		1
Frakkland						1		2	1		1				1	1			1	1	2	1						
Leiklist								2	1		1				1	1			1	1	2	1						
Leikstjórn						1																						
Holland																		1		1	1	1						
Leikstjórn																					1	1						
Leiklist																		1		1								
Kanada											2													1	1		1	1
Leikstjórn											1																	
Leiklist											1													1	1		1	1
Noregur									1	1	1	1																
Leiklist									1	1	1	1																
Skotland									1					1	1	1	1	1	1									
Leiklist									1					1	1	1	1	1	1									
Sovétríkin																1												
Leikstjórn																1												
Svíþjóð					1	1		1			1																	
Leikstjórn					1																							
Leiklist						1		1			1																	
Tékkland																1	1				1	1	1	1	1	1		
Leiklist																1	1				1	1	1	1	1	1		
Þýskaland								1	2	1	1	1	1				1				1	1	1	1	1	1		
Leiklist								1	2	1	1	1	1				1				1							
Leikstjórn																						1	1	1	1			
Samtals	**42**	**31**	**28**	**17**	**32**	**30**	**27**	**34**	**41**	**43**	**45**	**46**	**45**	**44**	**47**	**44**	**42**	**38**	**39**	**37**	**42**	**51**	**50**	**48**	**46**	**47**	**48**	**46**

1187. Svar [580. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um námslán fyrir skólagjöldum í íslenskum háskólum.

1. *Hve há eru árleg útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og hvert er hlutfall þeirra af heildarlánum til nemenda við hérlenda háskóla sem taka skólagjöld?*

Í úthlutunarreglum LÍN er heimilað að veita viðbótarlán vegna skólagjalda til framhaldsháskólanáms erlendis og til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsháskólanáms á Íslandi. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr. og er þá veitt lán fyrir umframupphæðinni. Dæmi:

Árleg skólagjöld	+ 50.000 kr.
Sjálfsfjármögnun	– 32.500 kr.
Veitt lán	**= 17.500 kr.**

Eftirfarandi er tafla yfir veitt skólagjöld á tveimur skólaárum, 2001–2002 og 2002–2003:

	2001-02		2002-03	
Upphæð skólagjaldalána				
Ísland	**212.600.000 kr.**		**262.900.000 kr.**	
Háskólar	160.400.000 -	31,3%	194.800.000 -	34,6%
Sérskólar	52.200.000 -	10,2%	68.100.000 -	12,1%
Erlendis	**299.500.000 -**	58,5%	**300.300.000 -**	53,3%
Alls	**512.100.000 kr.**		**563.200.000 kr.**	
Fjöldi lánþega með skólagjaldalán				
Ísland	**932**		**1.130**	
Háskólar	780		956	
Sérskólar	152		174	
Erlendis	**317**		**345**	
Alls	**1.249**		**1.475**	
Meðallán				
Ísland	228.112 kr.		232.655 kr.	
Háskólar	205.641 -		203.766 -	
Sérskólar	343.421 -		391.379 -	
Erlendis	944.795 -		870.435 -	
Alls	410.008 kr.		381.831 kr.	

2. *Hver er kostnaður sjóðsins við þessi lán og hversu mikið er talið verða endurgreitt samkvæmt núgildandi reglum sjóðsins?*

Miðað við núgildandi reglur má gera ráð fyrir að kostnaður LÍN vegna affalla og niðurgreiðslu útlánavaxta sé um 45–50% skólagjaldalána og þar með að lántakendur endurgreiði að meðaltali um 50–55% lánanna.

3. *Hver er talin verða árleg útgjaldaaukning sjóðsins ef tekin verða upp skólagjöld í háskólum sem hið opinbera rekur, miðað við nemendafjöldann námsárið 2003–2004, ef skólagjöldin verða:*
   a. *sambærileg við skólagjöld í háskólum sem eru sjálfseignarstofnanir,*
   b. *300 þús. kr.,*
   c. *500 þús. kr.,*
   d. *700 þús. kr.,*
   e. *1 millj. kr.?*

Ef skólagjöld væru tekin upp í ríkisreknum háskólum á Íslandi má gera ráð fyrir eftirgreindri útlánaaukningu hjá LÍN miðað við nemendafjölda skólaárið 2003–2004, ef skólagjöld á ári væru:

a.	200 þús. kr.	1.060 millj. kr.
b.	300 þús. kr.	1.850 millj. kr.
c.	500 þús. kr.	3.760 millj. kr.
d.	700 þús. kr.	6.140 millj. kr.
e.	1 millj. kr.	10.570 millj. kr.

Með tilkomu skólagjalda má gera ráð fyrir að skráðum nemendum fækki. Eftir því sem þau eru hærri má á hinn bóginn gera ráð fyrir að lánþegum fjölgi þar sem einungis hluti nemenda í fullu námi sækir í dag um námslán. Í framangreindri áætlun er gert ráð fyrir að lánþegum fjölgi um 10% fyrir hverja 100 þús. kr. hækkun skólagjalda umfram 100 þús. kr.

4. *Hversu mikill yrði kostnaður sjóðsins af slíkri útgjaldaaukningu, hversu mikið er talið mundu verða endurgreitt og á hve löngum tíma?*

Að meðaltali má gera ráð fyrir að endurgreiðsluhlutfall námslána verði allt að 35–40%, í stað 50–55% áður, og að meðalendurgreiðslutíminn allt að tvöfaldist, en hann er nú áætlaður 18–20 ár frá útborgun láns. Meðallán mun hækka umtalsvert þrátt fyrir fjölgun lánþega (með hlutfallslega lág lán). Til lengri tíma litið má síðan vænta þess að almenn hækkun skólagjalda á Íslandi og aukin skuldsetning nemenda ýti undir hækkun launa að námi loknu. Afleiðingin væri þá aukning árlegra afborgana (þar sem þær eru tekjutengdar) og minni lækkun endurgreiðsluhlutfallsins en ella.

1188. Svar [561. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stöðu íslenskrar leikritunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða íslensk leikverk hefur Þjóðleikhúsið sett upp sl. 10 ár, hverjir eru höfundar þeirra og á hvaða sviði voru verkin flutt?*
2. *Hver hefur kostnaður við íslensk verk verið á sama tímabili sem hlutfall af heildarkostnaði við rekstur leikhússins?*
3. *Hver hefur annar kostnaður leikhússins verið við frumsköpun íslenskra leikverka, t.d. stuðningur við leikskáld án skuldbindingar um uppsetningu, námskeið, höfundasmiðjur o.fl.?*

Menntamálaráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Þjóðleikhúsinu í tilefni af fyrirspurninni og gögnin í svarinu eru þaðan.

Íslensk leikrit sviðsett í Þjóðleikhúsinu.

(Frumsýningar á viðkomandi leikári.)

Leikárið 1993–1994.	
Steinunn Jóhannesdóttir: Ferðalok.	Smíðaverkstæðið.
Oddur Björnsson: Þrettánda krossferðin.	Stóra sviðið.
Þorvaldur Þorsteinsson: Skilaboðaskjóðan.	Stóra sviðið.
Ólafur Haukur Símonarson: Gauragangur.	Stóra sviðið.
Leiklestrar á leikritum eftir Jökul Jakobsson:	
Sjóðleiðin til Bagdad.	Smíðaverkstæðið.
Herbergi 213.	Leikhúskjallarinn.
Dómínó.	Smíðaverkstæðið.
Leikárið 1994–1995.	
Guðbergur Bergsson og Viðar Eggertsson: Sannar sögur af sálarlífi systra.	Smíðaverkstæðið.
Guðmundur Steinsson: Stakkaskipti.	Stóra sviðið.
Leikárið 1995–1996.	
Ólafur Haukur Símonarson: Þrek og tár.	Stóra sviðið.
Þórunn Sigurðardóttir, leikgerð skáldsögu Ólafs Gunnarssonar: Tröllakirkja.	Stóra sviðið.
Unnur Guttormsd., Anna Kristín Kristjánsd. og Fríða B. Andersen: Fjötur um fót. Samstarf við Sjálfsbjörgu.	Litla sviðið.
Leikárið 1996–1997.	
Karl Ágúst Úlfsson: Í hvítu myrkri.	Litla sviðið.
Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson: Nanna systir.	Stóra sviðið.
Ólafur Haukur Símonarson: Kennarar óskast.	Stóra sviðið.
Leikárið 1997–1998.	
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, leikgerð skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur: Grandavegur 7.	Stóra sviðið.
Bjarni Jónsson: Kaffi.	Litla sviðið.
Ólafur Haukur Símonarson: Meiri gauragangur.	Stóra sviðið.
Birgir Sigurðsson: Óskastjarnan.	Stóra sviðið.
Leikárið 1998–1999.	
Ragnar Arnalds: Solveig.	Stóra sviðið.
Armundur S. Backman: Maður í mislitum sokkum.	Smíðaverkstæðið.
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, leikgerð skáldsögu Halldórs Laxness: Sjálfstætt fólk: Bjartur.	Stóra sviðið.
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, leikgerð skáldsögu Halldórs Laxness: Sjálfstætt fólk: Ásta Sóllilja.	Stóra sviðið.
Leikárið 1999–2000.	
Magnús Scheving: Glanni glæpur í Latabæ.	Stóra sviðið.
Davíð Stefánsson: Gullna hliðið.	Stóra sviðið.
Guðmundur Kamban: Vér morðingjar.	Smíðaverkstæðið.
Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir: Hægan, Elektra.	Litla sviðið.
Ragnar Arnalds: Landkrabbinn.	Stóra sviðið.

Leikárið 2000–2001.	
Edda.ris. Sýning á vegum Bandamanna í samstarfi við Þjóðleikhúsið.	Smíðaverkstæðið.
Andri Snær Magnason: Blái hnötturinn.	Stóra sviðið.
Kristján Þórður Hrafnsson: Já, hamingjan.	Litla sviðið.
Leikárið 2001–2002.	
Benóný Ægisson: Vatn lífsins.	Stóra sviðið.
Guðrún Helgadóttir: Jón Oddur og Jón Bjarni.	Stóra sviðið.
Halldór Laxness: Strompleikurinn.	Stóra sviðið.
Leikárið 2002–2003.	
Ólafur Haukur Símonarson: Viktoría og Georg.	Litla sviðið.
Ólafur Jóhann Ólafsson: Rakstur.	Litla sviðið.
Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir: Rauða spjaldið.	Stóra sviðið.
Sigtryggur Magnason: Herjólfur er hættur að elska. Leiksmiðja.	Sölvhólsgata 11.
Leikárið 2003–2004.	
Hávar Sigurjónsson: Pabbastrákur.	Litla sviðið.
Ólafur Haukur Símonarson: Græna landið.	Frumleikhúsið í Keflavík og Litla sviðið.
Bjarni Jónsson: Vegurinn brennur.	Smíðaverkstæðið.
Baltasar Kormákur, leikgerð skáldsögu Hallgríms Helgasonar: Þetta er allt að koma.	Stóra sviðið.
Sigurður Pálsson: Edith Piaf.	Stóra sviðið.
Jón Atli Jónasson: Rambó 7. Leiksmiðja.	Utan Þjóðleikhússins.
Kristján Þórður Hrafnsson: Böndin á milli okkar.	Litla sviðið.
Vala Þórsdóttir, í samvinnu við Ágústu Skúladóttur og leikhópinn Á floti. Leiksmiðja.	Utan Þjóðleikhússins.

Kostnaður við íslensk leikrit í Þjóðleikhúsinu.

Leikár	Framlag til sýninganna	Kostnaður við íslensku verkin	Heildarkostnaður kr.	hlutf.	Verkefnatengdur kostnaður kr.	hlutf.
1993–1994	57.394.358	130.079.000	471.190.000	28%	224.286.000	58%
1994–1995	20.923.000	28.667.000	456.010.000	6%	239.637.000	12%
1995–1996	23.088.115	84.713.000	434.808.000	19%	206.967.000	41%
1996–1997	20.402.147	40.201.766	453.274.000	9%	215.627.000	19%
1997–1998	29.976.116	60.454.316	481.370.000	13%	230.014.000	26%
1998–1999	24.950.530	88.164.000	535.077.000	16%	253.318.000	35%
1999–2000	48.552.743	118.809.000	535.899.000	22%	255.505.000	46%
2000–2001	19.580.083	44.418.000	608.307.000	7%	284.204.000	16%
2001–2002	38.952.398	78.997.000	639.118.000	12%	270.554.000	29%
2002–2003	41.596.943	52.448.000	640.490.000	8%	275.320.000	19%

Árið 1994 var bókhaldslyklum Þjóðleikhússins breytt og kostnaðarbókhald byggt upp af verkbókhaldi þar sem viðbótarkostnaður vegna leikverka bókast á ákveðin verk.

Bókhaldskerfi ríkisins sem Þjóðleikhúsið notar býður ekki upp á nútíma verkbókhald heldur vísi að verkbókhaldi. Í launakerfi ríkisins er ekki hægt að bóka laun á viðunandi hátt

inn í verkbókhald. Reynt hefur verið síðasta áratuginn að þróa uppgjörsmáta innan annmarka tölvukerfanna til að skipta sem mestum viðbótarkostnaði niður á ákveðin leikverk. Uppgjörsmátinn hefur verið að þróast frá 1995 svo að tölur eru varla sambærilegar milli ára.

Kostnaðarbókhald Þjóðleikhússins skiptist í grunninn í fastan kostað og breytilegan kostnað sem síðan skiptist í verkefnatengdan kostnað og breytilegan kostnað sem ekki fylgir ákveðnu verkefni.

Föstum launum starfsmanna og öðrum kostnaði sem ekki tengist ákveðinni sýningu er ekki skipt niður á leikverk. Sérstaklega má þar benda á marga stóra kostnaðarliði, t.d. rekstur húsnæðis, skrifstofu, markaðsdeildar og miðasölu. Deildarstjórar eru almennt á fastlaunasamningi og skiptist launakostnaður þeirra ekki á verk. Í kjarasamningi við leikara árið 2001 var sett inn í stofnanasamning að fastráðnir leikarar fái ekki sýningarlaun fyrir fjórar sýningar á mánuði. Þessar fjórar sýningar eru ekki færðar á verk.

Kostnaður sem fellur til við uppsetningu ákveðinnar sýningar er bókaður sem verkefnatengdur kostnaður. Yfirvinna fastráðinna starfsmanna bókast að stærstum hluta á ákveðið verk þótt deildarstjórar tæknideilda séu misnákvæmir í skiptingu yfirvinnutíma á verk. Ef lausráðnir listamenn taka þátt í fleiri en einu verki á sama greiðslutímabili er erfitt að skipta kostnaðinum vélrænt niður svo að skiptingin er metin eftir á.

Hér eru leikverkin sett á leikár sem hefst í september en kostnaður er gerður upp samkvæmt almanaksári sem hefst þá í janúar árið á eftir. Almennt kemur kostnaður að töluverðu leyti til áður en til sýningar kemur.

Hér er tilgreindur heildarkostnaður sem bókaður hefur verið á hverja sýningu. Hann dreifist mjög oft á fleiri en eitt almanaksár en viðmiðunartölurnar eru á ársgrundvelli.

Fjölmennar sýningar eins og söngleikir, barnasýningar og óperur, hvort sem þær eru íslenskar eða erlendar, eru almennt dýrar í uppsetningu og oftast sýndar lengi svo að heildarkostnaður við þær er mikill.

Höfundar ráðnir við Þjóðleikhúsið 1993–2003.

	Nafn	Tímabil	Mánuðir
1	Ólafur Haukur Símonarson	1. jan. – 31. mars 1993	3
2	Viðar Eggertsson	1. apríl – 31. maí 1993	2
3	Guðmundur Steinsson	1. júní – 31. ágúst 1993	3
4	Nína Björk Árnadóttir	1. okt. – 31. des. 1993	3
5	Hallgrímur Helgason	1. mars – 31. mars 1994	1
6	Hallgrímur Helgason	1. júní – 30. júní 1994	1
7	Þórunn Sigurðardóttir	1. ágúst – 30. sept. 1994	2
8	Hallgrímur Helgason	1. jan. – 31. jan. 1995	1
9	Karl Ágúst Úlfsson	1. mars – 30. apríl 1995	2
10	Gunnar Gunnarsson	1. júní – 31. júlí 1995	2
11	Súsanna Svavarsdóttir	1. ágúst – 30. sept. 1995	2
12	Benóný Ægisson	1. sept. – 30. nóv. 1996	3
13	Birgir Sigurðsson	1. maí – 31. júlí 1997	3
14	Elísabet Jökulsdóttir	1. júlí – 31. ágúst 1997	2
15	Karl Ágúst Úlfsson	1. júlí – 30. sept. 1997	3
16	Hrafnhildur Hagalín	1. okt. – 31. des. 1997	3
17	Nína Björk Árnadóttir	1. jan. – 28. feb. 1998	2
18	Úlfar Þormóðsson	1. jan. – 29. feb. 2000	2
19	Brian P. Fitzgibbon	1. apríl – 31. maí 2000	2

	Nafn	Tímabil	Mánuðir
20	Birgir Sigurðsson	1. jan. – 30. júní 2001	6
21	Bjarni Jónsson	1. ágúst – 31. okt. 2001	3
22	Karl Ágúst Úlfsson	1. jan. – 28. feb. 2002	2
23	Linda Vilhjálmsdóttir	1. mars – 30. apríl 2002	2
24	Bjarni Jónsson	1. apríl – 31. des. 2002	9
25	Páll Baldvin Baldvinsson	1. júlí – 31. ágúst 2002	2
26	Ásdís Thoroddsen	1. sept. – 30. okt. 2002	2
27	Elísabet Jökulsdóttir	1. nóv. – 31. des. 2002	2
28	Kristján Þórður Hrafnsson	1. des. 2002 – 30. júní 2003	7
29	Hrafnhildur Hagalín	1. jan. – 1. okt. 2003	10
30	Jón Atli Jónasson	15. júní – 14. ágúst 2003	2
31	Sigurður Pálsson	1. júní – 31. júlí 2003	2
32	Sigurður Pálsson	1. ágúst 2003 – 31. jan. 2004	6
33	Valgerður Þórsdóttir	2003	4,3
		Mánuðir samtals	101,3

Greidd höfundarlaun á núvirði, samtals: 16.870.048 kr.
Með launatengdum gjöldum, samtals: 20.146.211 kr.

Fylgiskjal.

Stefán Baldursson,
þjóðleikhússtjóri:

Upplýsingar og fróðleiksmolar um höfundarstarf Þjóðleikhússins.

Árlega er efnt til fjölmargra leiklestra innanhúss með höfundum þar sem þeim gefst kostur á að vinna að verki sínu í eina til tvær vikur með leikurum og leikstjóra án þess að um opinberan flutning sé að ræða. Þetta er einkum ætlað höfundunum sjálfum til lærdóms og þroska enda hafa viðbrögð þeirra verið ákaflega jákvæð og margir hafa talið sig mun betur í stakk búna til að halda áfram leikritun í kjölfar slíkrar höfundarsmiðju/leiksmiðju. Þá hafa verið haldin námskeið fyrir höfunda undir leiðsögn leikstjóra, reyndra leikritahöfunda og leikara, þar sem væntanlegum höfundum gefst kostur á að þróa og prófa verk sín, allt frá fyrstu hugmynd til fullbúins leikrits. Þeir sem mestan áhuga hafa sýnt og bestum árangri hafa náð hafa átt kost á framhaldsnámskeiðum sem náð hafa yfir tvö leikár.

Átak hefur verið gert síðustu missiri í að virkja fleiri nýja höfunda og efla reyndari höfunda til dáða, bæði með fyrrgreindum námskeiðum, auknum fjölda leiklestra svo og opnum umræðufundum með höfundum um hvernig leikhúsið geti best stutt þá sem skapandi leikskáld. Voru langreyndir sem lítt reyndir höfundar fengnir – einn í senn – til að ræða við leikstjóra/leikara og aðra listamenn Þjóðleikhússins á fjölmennum fundum um starf sitt og reynslu og hvernig leikhúsið gæti á sem árangursríkastan hátt komið til móts við þá í leikritun þeirra. Höfðu báðir aðilar af þessu hið mesta gagn. Eitt af því sem Þjóðleikhúsið ákvað að reyna í kjölfar þessara höfundarfunda og -umræðu, var að kaupa leikrit af nokkrum efnilegum leikskáldum óséð, ráða þau til starfa í ákveðinn tíma, gagngert til þess að skrifa leikrit, treysta þeim í ljósi fyrri verka til þess að skila góðu leikriti, sem leikhúsið mundi síðan sýna. Er þetta nýjung og frábrugðið starfslaunafyrirkomulaginu, þar sem hvorki höf-

undur né leikhúsið er skuldbundið, höfundur þarf ekki að skila fullbúnu leikriti né er leikhúsinu skylt að sýna verkin.

Sem fyrr segir hefur kostnaður af þessu starfi oftar en ekki fallið inn í vinnuskyldu listamanna og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins, þótt í mörgum tilfellum hafi þurft að greiða leikstjórum/leikurum sérstaklega. Kostnaður getur þó varla talist verulegur miðað við árangur.

Rétt er að ítreka, að hvorki magn né kostnaður er endanlegur eða marktækur mælikvarði á gæði íslenskrar leikritunar. Forsvarsmenn Þjóðleikhússins fá til lestrar mikinn fjölda íslenskra verka sem aldrei ná á svið, þar eð þau uppfylla ekki gæðakröfur sem gera verður til góðra leikhúsverka. Um öll þessi verk fjalla a.m.k. fimm aðilar, þ.e. þriggja manna verkefnavalsnefnd Þjóðleikhússsins, kosin úr hópi starfandi listamanna þess, svo og leiklistarráðunautur leikhússins og þjóðleikhússtjóri. Öllum höfundunum er gefinn kostur á ráðleggingum og aðstoð varðandi frekari skrif og sem fyrr segir oft tilraunaleiklestrum til þess að þeir geti betur glöggvað sig á kostum og göllum verkanna. Þá má enn fremur benda á að félagsmenn Rithöfundasamband Íslands og Leikskáldafélags Íslands eiga kost á frímiða í Þjóðleikhúsið þau kvöld sem ekki er uppselt og er hugmyndin að baki þessa fyrirkomulags sú að aukin kynni af leikritun og list leikhússins geti virkað örvandi á höfundana og eflt þá til dáða varðandi leikritun.

Ítrekaður skal sá veigamikli þáttur höfundarstarfsins sem felst í tímabundnum starfslaunum til höfunda, sem gera þeim kleift að vinna að leikverkum sínum um lengri eða skemmri tíma, í samvinnu við leikhúsið út frá handritum, sem eru komin mislangt í vinnslu og geta verið allt frá hugmyndalýsingu að nokkurn veginn tilbúnu handriti. Hafa þessi starfslaun oft skilað þeim árangri á endanum að leikhúsið hefur keypt viðkomandi leikrit af höfundi til sýningar.

Höfundarstarf og þróun nýsköpunar í leikritun á vegum Þjóðleikhússins tekur þannig á sig margvíslegar myndir. Eðli málsins samkvæmt er árangurinn ekki ætíð mælanlegur í skyndi enda oft um langtímamarkmið að ræða þar sem uppskeran getur reynst seinsprottin en verðug þess að eftir henni sé beðið af þolinmæði. Leikhúsið getur aldrei skapað leikritahöfunda fremur en aðra listamenn en það getur hvatt menn til dáða, kynnt þeim kringumstæður og lögmál leikhússins og veitt þeim aðgang að listamönnum þess til þess að þróa viðfangsefni sín og læra af reynslunni. Enda hefur höfundarstarf leikhússins í mörgum tilvikum á endanum skilað sér í vel frambærilegum og áhugaverðum leikritum.

1189. Svar [534. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um viðmiðunarreglur menntamálaráðuneytisins (normtölur) fyrir byggingar framhaldsskóla.

1. *Hvenær voru viðmiðunarreglur (normkostnaður) ráðuneytisins fyrir byggingar framhaldsskóla fyrst settar og hvað lá að baki þeim?*
2. *Hvernig voru þessar normtölur í upphafi?*
3. *Hvernig og á hvaða árum hafa þær breyst?*
4. *Hverjar hafa leiðréttingarnar verið, skipt eftir árum?*

Hinn 30. ágúst 1978 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um stofnkostnað skólamannvirkja. Var hún sett með vísan til laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og laga nr. 49/1967, um

skólakostnað. Á þessum tíma voru í gildi mjög ítarlegar reglur (norm) um stærð og alla gerð og búnað grunnskólabygginga. Um gerð framhaldsskólahúsa giltu hins vegar ekki fastar reglur, en gert var ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir tækju mið af grunnskólanormum.

Á árunum um og upp úr 1970 hafði verið safnað miklum gögnum um kostnað við nokkrar grunnskólabyggingar sem þá voru í smíðum og voru þær upplýsingar lagðar til grundvallar þegar ákvörðuð var sérstök normtala fyrir skólabyggingar. Forsendur þeirrar tölu eru því að ýmsu leyti aðrar heldur en þeirra bygginga sem miðað er við í útreikningi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á þróun byggingarvísitölu.

Í 6. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar segir: „Beinn byggingarkostnaður er áætlaður kr. 70.000 á hvern vergan (brúttó) fermetra gólfflatar. Er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 100 stig samkvæmt lögum nr. 93/1975 og breytist sú tala í hlutfalli við breytingar vísitölunnar...". Hafa þarf í huga að 1. janúar 1981 var gengi íslensku krónunnar breytt og verðgildi hennar hundraðfaldað með lögum nr. 35/1979. Viðmiðunarkostnaður á vergan fermetra skólahúsnæðis breyttist því úr kr. 70.000 kr. í 700 kr.

Í 7. mgr. sömu greinar er heimilað að reikna allt að 5% álag á grunntölu beins byggingarkostnaðar vegna flutnings á efni og byggingarmönnum, eftir því sem fjarlægðir segja til um, og allt að 7% álag vegna kostnaðar við mötuneyti og dvalaraðstöðu, eða allt að 12% alls. Þessi viðbótarálög eru háð því að fyrir liggi nákvæm og sundurliðuð áætlun sveitarstjórna um flutningskostnað og kostnað við mötuneyti og dvalaraðstöðu. Heimilt var einnig að semja um annars konar álag á grunntölu stofnkostnaðar þar sem sérstakar aðstæður voru fyrir hendi.

Sá kostnaður sem hér um ræðir er vegna hönnunar, útboðs og eftirlits auk verktakakostnaðar. Samkvæmt lögum leggja þau sveitarfélög sem hlut eiga að máli til byggingarhæfa lóð á sinn kostnað. Jafnan er samið sérstaklega um kostnað vegna lóðarfrágangs og kaupa á lausum búnaði, og er sá kostnaður utan við svonefndan normkostnað. Oftast hefur þó verið miðað við byggingarkostnað skólahússins sjálfs og kostnaður við búnað og lóð ákvarðaður sem tiltekið hlutfall þar til viðbótar. Þetta hlutfall er allbreytilegt og háð gerð skólalóðar og tegund skóla.

Fyrrnefnd reglugerð mun hafa gilt óbreytt til ársins 1996. Á árunum eftir 1980 eru gerðir allmargir stofnsamningar um framhaldsskólabyggingar. Þar er tekið með ýmsu móti á ákvörðun stofnkostnaðar. Sem dæmi má taka að í þremur samningum sem gerðir voru árið 1983 er að finna viðauka á grunntölu vegna stjórnunar, veitu- og heimæða, og fæðis- og flutningskostnaðar.

Þessar álagstölur hækkuðu eftir því sem leið á áratuginn og á árunum 1985–90 er álagstalan oft 16% en í einstökum tilvikum 18%. Síðar vann starfshópur sveitarstjórnarmanna og starfsmanna ráðuneytisins að undirbúningi að setningu reglugerðar um stofnkostnað og búnað framhaldsskóla. Ekkert varð þó af setningu þeirrar reglugerðar, fyrst og fremst vegna þess að í viðræðum um málið varð fljótlega ljóst að framhaldsskólarnir væru svo ólíkir innbyrðis að slíkar reglur mundu ekki koma að gagni.

Þótt ekki yrði af setningu nýrrar reglugerðar var sú ákvörðun tekin í framhaldi af nefndarstarfinu árið 1989 að í staðinn fyrir að semja sérstaklega um álag á grunntölu fyrir hverja einstaka byggingu skyldi bætt 20% ofan á 700 kr. frá 1975. Frá og með árinu 1991 voru síðan gerðar breytingar á fjárhæðum vegna tilkomu virðisaukaskatts. Hækkaði viðmiðunarkostnaðurinn þá um 8,25%.

Loks var ákveðið í lok ársins 2003 að bæta enn við 5%, m.a. vegna aukinna kvaða um eldvarnir.

5. *Hvernig er normtala á fermetra skólahúsnæðis samsett eftir einstökum verkhlutum:*
   a. við upphafsár,
   b. við leiðréttingar,
   c. í árslok 2003?

Normkostnaður á fermetra skólahúsnæðis er almennt ekki sundurliðaður á verkhluta.

6. *Hver hefur þróun normtölunnar verið frá upphafi miðað við byggingarvísitölu?*

Byggingarvísitalan sem sett var 100 stig árið 1975 stendur nú (febrúar 2004) í 13.678 stigum. Því má segja að vísitalan hafi margfaldast með 136,78.

Grunntala stofnkostnaðar skólabygginga var talin 700 kr. á fermetra m.v. árið 1975. Samsvarandi tala byggingarkostnaðar á fermetra er nú 130.593 kr. Sú tala er án kostnaðar við lóðarfrágang og lausabúnað, sem kemur til skipta í sömu hlutföllum og annar stofnkostnaður. Ætla má að sá kostnaður nemi að jafnaði um 27–30%, sem þýðir að viðmiðunarkostnaður fullbúins skóla getur numið um 165–169 þús. kr.

Samkvæmt því hefur normkrónan margfaldast með 186,56 eða 36,4% umfram byggingarvísitöluna.

1190. Svar [348. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundi Árna Stefánssyni um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

1. *Hversu miklum fjármunum hafa sveitarfélög varið til fráveituframkvæmda frá árinu 1995, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið hefur í fórum sínum einungis traustar upplýsingar um kostnað við styrkhæfar framkvæmdir sveitarfélaganna samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Í samræmi við lögin er heimilt að veita styrk til framkvæmda við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir. Enn fremur er heimilt að styrkja úr ríkissjóði önnur skyld mannvirki, svo og framkvæmdir sem snúa að tvöföldun lagna í safnkerfum eldri fráveitna, enda sé sýnt að slíkar framkvæmdir lækki stofnkostnað við styrkhæfar framkvæmdir. Tiltekinn kostnaður, svo sem vegna undirbúnings, rannsókna og hönnunar, er ekki styrkhæfur. Kostnaður sveitarfélaga við styrkhæfar framkvæmda á umræddum árum er eftirfarandi:

Kostnaður við framkvæmdir.

1995	375 millj. kr.
1996	380 millj. kr.
1997	815 millj. kr.
1998	540 millj. kr.
1999	515 millj. kr.
2000	590 millj. kr.
2001	1300 millj. kr.
2002	1300 millj. kr.
2003	Áætlaður um einn milljarður króna.

Á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2003 hafa sveitarfélögin varið um 6,8 milljörðum kr. í styrkhæfar fráveituframkvæmdir. Ráðuneytið leitaði til sveitarfélaganna til að fá upplýsingar um annan kostnað við fráveituframkvæmdir en litlar upplýsingar fengust. Gróflega áætlað telur ráðuneytið líklegt að óstyrkhæfar framkvæmdir gætu á þessu tímabili hafa numið um 1–1,5 milljarði kr. en þá er ekki talinn með kostnaður sveitarfélaga við undirbúning, hönnun og rannsóknir.

2. *Hversu miklar virðisaukaskattstekjur hefur ríkissjóður haft af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga frá því að hann hóf að styrkja framkvæmdirnar með árlegum framlögum? Óskað er sundurliðunar eftir árum.*

Fram að árinu 1995 stóðu sveitarfélög óstudd að fráveituframkvæmdum, þannig að ríkissjóður hafði af þeim óskiptar tekjur í formi virðisaukaskatts af efni og vinnu. Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu fráveituframkvæmdir á vegum sveitarfélaga fram að 1995 um 4 milljörðum kr.

Virðisaukaskattstekjur af framkvæmdum frá 1. maí 1995 eru sem hér segir:

Virðisaukaskattstekjur af framkvæmdum.

1995	73,8 millj. kr.
1996	74,7 millj. kr.
1997	160,4 millj. kr.
1998	106,3 millj. kr.
1999	101,4 millj. kr.
2000	116,1 millj. kr.
2001	255,8 millj. kr.
2002	255,8 millj. kr.
2003	196,8 millj. kr. (áætlun).

3. *Hversu há eru framlög úr ríkissjóði til fráveituframkvæmda sveitarfélaga á sama tímabili?*

Framlög ríkissjóðs vegna framkvæmda á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2002 námu 1.154.644.189 kr. sem hér segir eftir árum:

Framlög ríkissjóðs vegna framkvæmda.

1996	74.909.849 kr.
1997	76.114.092 kr.
1998	162.884.236 kr.
1999	108.415.374 kr.
2000	102.642.764 kr.
2001	118.070.753 kr.
2002	259.203.224 kr.
2003	252.403.897 kr.

4. *Hversu miklum framkvæmdum er ólokið af hálfu sveitarfélaga í fráveitumálum miðað við viðurkenndar kröfur í þeim efnum?*

Þegar lögin um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga voru sett árið 1995 var kostnaður við fyrirhugaðar styrkhæfar framkvæmdir sveitarfélaganna áætlaðar um 10 milljarðar kr., sem er á núverandi verðlagi um það bil 14 milljarðar. Í samræmi við

þá áætlun var gert ráð fyrir því að árlegur stuðningur við fráveituframkvæmdirnar næmi 200 millj. kr. á ári næstu tíu ár og að styrkurinn gæti numið um 20% af kostnaði við styrkhæfar framkvæmdir. Á hinn bóginn kemur fram í skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins frá febrúar 2003 „Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi – fjárþörf til framkvæmda“ að árið 1995 hefðu sveitarfélögin í raun staðið frammi fyrir 17 milljarða kr. fjárþörf til styrkhæfra framkvæmda. Komið hefur í ljós að umfang þessa verkefnis hefur aukist frá því sem áætlað var 1995. Í ársbyrjun 2004 er því áætlað að kostnaður við að ljúka styrkhæfum framkvæmdum sveitarfélaga á fráveitumálum nemi um 10 milljörðum kr.

1191. Svar [530. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum menntamálaráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Háskóla Íslands,
Félagsvísindastofnunar Háskólans,
Guðfræðistofnunar Háskólans,
Bókmenntafræðistofnunar Háskólans,
Heimspekistofnunar Háskólans,
Íslenskrar málstöðvar,
Málvísindastofnunar Háskólans,
Sagnfræðistofnunar Háskólans,
Stofnunar Sigurðar Nordals,
Orðabókar Háskólans,
Stofnunar í erlendum tungumálum,
Stofnunar Árna Magnússonar,
Hugvísindastofnunar Háskólans,
Lagastofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,
Rannsóknastofu í heilbrigðisfræði,
Rannsóknastofu í líffærafræði,
Lífeðlisfræðistofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í meinafræði,
Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum,
Raunvísindastofnunar Háskólans,
Líffræðistofnunar Háskólans,
Rannsóknaseturs Vestmannaeyja,
Verkfræðistofnunar Háskólans,
Viðskiptafræðistofnunar Háskólans,
Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns,
Rannsóknaþjónustu Háskólans,

Sjávarútvegsstofnunar Háskólans,
Rannsóknastofu í kvennafræðum,
Alþjóðamálastofnunar Háskólans,
Umhverfisstofnunar Háskólans,
Háskólans á Akureyri,
Kennaraháskóla Íslands,
Tækniháskóla Íslands,
Listaháskóla Íslands,
Viðskiptaháskólans á Bifröst,
Háskólans í Reykjavík,
Námsmatsstofnunar,
Þjóðminjasafns Íslands,
Norrænu eldfjallastöðvarinnar,
Listasafns Íslands?

Á árunum 2001–2003 fór opinbert fé til þeirra þátta sem spurt er um í gegnum sjóði Rannsóknarráðs Íslands, RANNÍS. Ráðið starfaði samkvæmt lögum nr. 6/1994 sem sjálfstæð stofnun sem heyrði undir ráðuneytið. Hlutverk þess var að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun. Ráðið mótaði úthlutunarstefnu og veitti styrki úr sjóðum í vörslu þess, en ákvarðanir ráðsins voru ekki kæranlegar til menntamálaráðneytisins. Fjárveitingar til sjóðanna voru ákveðnar á fjárlögum hverju sinni.

Sjóðir í vörslu og umsýslu Rannsóknarráðs Íslands á þessu tímabili voru:

1. **Vísindasjóður.** Úthlutað var að fengnum tillögum sérstakrar úthlutunarnefndar eftir umfjöllun fagráða á fjórum sviðum vísinda.
2. **Tæknisjóður.** Úthlutað að fengnum tillögum sérstakrar nefndar eftir umfjöllun fagráða á þremur sviðum hagnýtra rannsókna og tækni.
3. **Bygginga- og tækjasjóður.** Úthlutað að fengnum tillögum undirnefndar ráðsins eftir umfjöllun formanna fagráða Vísindasjóðs og Tæknisjóðs með hliðsjón af faglegum kröfum sjóðanna og frammistöðu og rannsóknavirkni umsækjenda.
4. **Markáætlun um rannsóknir á sviði upplýsingatækni og umhverfismála 1998–2004.** Útlutun ákveðin að fengnum tillögum sérstakrar úthlutunarnefndar eftir umfjöllun tveggja fagráða á þessum sviðum.
5. **Rannsóknanámssjóður** sem starfar undir sérstakri stjórn skipaðri af menntamálaráðherra. Úthlutað af stjórninni á grundvelli faglegs mats og umsagna frá vísindanefndum eða fagaðilum viðkomandi háskóla.
6. **Launasjóður fræðirithöfunda** sem starfar undir sérstakri stjórn skipaðri af menntmálaráðherra. Úthlutað af stjórninni á grundvelli faglegs mats.

Um starfshætti og matsforsendur við undirbúning að úhlutunum fyrir þessa sjóði vísast til ítarlegra ársskýrslna Rannsóknarráðs Íslands, síðast fyrir árið 2002, en þær eru aðgengilegar á vef RANNÍS, *rannis.is*.

Fyrirspurnin nær fyrst og fremst til styrkveitinga fjögurra fyrst töldu sjóðanna til tiltekinna stofnana. Greiðslur úr Rannsóknanámssjóði og Launasjóði fræðirithöfunda fara allar til einstaklinga og eru því ekki tilteknar hér. Verkefnastyrkir og tækjastyrkir fara í ýmsum tilvikum á reikning einstakra stofnana. Það ber hins vegar að athuga að styrkir eru alla jafna ekki veittir ákveðnum stofnunum heldur einstaklingum eða hópum sem undir stjórn verkefnisstjóra skipta fjármagninu niður á einstaka verkþætti. Fyrsti umsækjandi eða vinnustaður

hans er ávallt skráður fyrir allri fjárhæðinni í kerfinu, jafnvel þótt aðrir aðilar kunni að fá hluta hennar. Kerfið sem Rannsóknamiðstöð Íslands notar getur því ekki svarað með beinum hætti fyrirspurn þessari í þeim anda sem spurt er. Ef aðilar sem fyrirspyrjandi nefnir eru annar eða þriðji umsækjandi þá koma þeir ekki fram á listanum, þótt þeir fái hluta greiðslnanna. Hins vegar væri hægt að svara því hvert styrkirnir voru greiddir og hver annast bókhaldið fyrir hvert verkefni. Meiri hluti allra verkefna fólu í sér samvinnu tveggja eða fleiri aðila sem ýmist störfuðu við háskólastofnanir, rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Svarið felur þess vegna ekki í sér nákvæmar upplýsingar um endanlegan viðtakanda fjármunanna. Þetta ber að hafa í huga við túlkun talnanna.

Fyrir tvo fyrst töldu sjóðina, sem störfuðu í samræmi við ákvæði laga nr. 61/1994 um Rannsóknarráð Íslands, var sett á fót sérstök úthlutunarstjórn sem skipuð var af Rannsóknarráði Íslands til þriggja ára í senn. Rannsóknarráð valdi jafnframt einstaklinga til setu í fagráðum sem höfðu það hlutverk að meta umsóknir sem auglýst var eftir ár hvert. Einstaklingar sem sátu í fagráðum áttu ekki sæti í úthlutunarstjórnum. Þetta var gert til að auka trúverðugleika aðferðarinnar við að velja á milli umsókna. Rannsóknarráð fékk tillögur úthlutunarnefnda til ákvörðunar. Ráðið samþykkti tillögurnar en gaf umsækjendum kost á að kæra afgreiðslur ef þeir gætu sýnt fram á að þær byggðust ekki á málaefnalegum forsendum. Rannsóknarráð gat þá úrskurðað um styrkveitingar að nýju. Ekki var hægt að skjóta þeirri niðurstöðu til ráðherra.

Rannsóknarráð Íslands markaði á þessum árum úthlutunarstefnu sjóðanna og setti úthlutunarreglur. Viðmiðanir fyrir styrkveitingum voru birtar í auglýsingum eftir styrkjum og í leiðbeiningum sem unnar voru af skrifstofu ráðsins undir stjórn þesss. Viðmiðanir Vísindasjóðs voru einkum höfðbundnar viðmiðanir vísindasamfélagsins þar sem lögð var áhersla á fagleg gæði, reynslu umsækjenda, vísindalegt nýnæmi og sambærileg atriði. Jafningjamati var undantekningarlaust beitt í umfjöllun um umsóknir. Ef þurfa þótti voru fleiri sérfræðingar kallaðir til, innlendir og erlendir. Hjá Tæknisjóði var auk hefðbundinna vísindalegra viðmiðana og jafningjamats, með áherslu á vísindaleg gæði, reynslu umsækjenda, o.s.frv., lögð áhersla á að meta nýnæmi í verkefnum sem sótt var um styrki til, gagnsemi fyrir atvinnulíf og líkur á hagnýtingu o.fl. Við ferli styrkveitinga hefur í veigamiklum atriðum verið byggt á erlendum fyrirmyndum sem lagaðar hafa verið að hérlendum aðstæðum. Gerður var samningur um sérhverja styrkveitingu og í þeim voru mælistikur sem styrkþegar skyldu ná áður en til greiðslu á styrkhlutum kæmi. Oftar en ekki var um samfjármögnun verkefna að ræða þannig að styrkur sjóða í vörslu Rannsóknarráðs Íslands nýttist mjög til að laða fram framlög frá öðrum aðilum, stofnunum, háskólum, fyrirtækjum og öðrum sjóðum, innlendum og erlendum. Veittir voru ýmis konar styrkir, m.a. hefðbundnir verkefnastyrkir, rannsóknastöðustyrkir, forverkefnisstyrkir, styrkir til að undirbúa umsóknir um erlenda styrki, ofl. Styrktímabil var allt að þremur árum, eftir eðli verkefna og með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis. Öllum verkefnum lauk/lýkur með lokaskýrslu.

Starfsemi Bygginga- og tækjasjóðs byggðist mjög á starfsemi Vísindasjóðs og Tæknisjóðs og hafði sömu viðmið um gæði og skilvirkni verkefna til hliðsjónar eftir því sem tök voru á og tækjakaup tengdust verkefnum sem farið höfðu í gegnum mat fagráða. Formenn fagráða mátu allar umsóknir Bygginga- og tækjasjóðs með hliðsjón af þessu, en undirnefnd ráðsins gerði tillögu um úthlutanir. Í undirnefnd sátu alla jafna fulltrúar atvinnulífs í Rannsóknarráði og einstaklingar sem ekki höfðu hagsmuna að gæta í neinum opinberum stofnunum.

Með bréfi menntamálaráðherra til Rannsóknarráðs Íslands á árinu 1998 var ráðinu falið að skilgreina sérstaka markvissa rannsóknaráætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfisrannsókna. Starfshópar skilgreindu markmið áætlunarinnar og gerðu tillögu um úthlutunar-

stefnu og áherslur sem Rannsóknarráð fjallaði um og lagði fyrir ráðherra. Ríkisstjórnin samþykkti tillögur ráðherra árið 1999 um fimm ára áætlun sem lýkur í ár og skyldi verja um 580 millj. kr til áætlunarinnar á tímabilinu. Samþykkt ríkisstjórnarinnar fól í sér forgangsröðun og skiptingu fjármuna á einstök áherslusvið. Fyrir markáætlun var valin sérstök framkvæmdanefnd, skipuð fulltrúum úr Rannsóknarráði Íslands. Sérstök fagráð gegndu sambærilegu hlutverki í að meta gæði umsókna um styrki í markáætlun og fyrir hina sjóðina. Vinnubrögð voru hin sömu og hjá Tæknisjóði og Vísindasjóði. Einnig hér var leitað samfjármögnunar við aðra aðila til að auka umfang verkefnanna. Markáætlun var nýjung í fjármögnun rannsókna hér á landi. Þar voru einkum styrktir rannsóknarhópar, þ.e. eins konar millistig milli stofnanafjárveitinga og hefðbundinna verkefnisstyrkja úr öðrum samkeppnissjóðum. Markmið fyrir tímabundnar fjárveitingar til rannsókna höfðu ekki verið sett áður með þessum hætti.

Loks má nefna áætlun um tungutækni sem ráðherra hratt af stað síðla árs 2000. Þar er um að ræða þriggja ára áætlun og voru 104 millj. kr til ráðstöfunar. Skipuð var sérstök stjórn áætlunarinnar. Mörg verkefna sem hlotið hafa styrki úr tungutækniátaki ráðuneytisins eru á mörkum rannsókna, þróunar og nýsköpunar á þessu afmarkaða sviði. Í listanum hér á eftir eru tilgreindir styrkir sem að hluta hafa runnið til stofnana á lista fyrirspyrjanda. Vakin er athygli á því að um er að ræða fremur stóra styrki og að jafnan er um að ræða samstarf milli nokkurra aðila, háskólastofnana, rannsóknastofnana, annarra stofnana og fyrirtækja, einkum á sviði upplýsingatækni. Bróðurpartur þessa fjár hefur reyndar runnið til fyrirtækja.

Styrkir sem að hluta hafa runnið til stofnana á lista fyrirspyrjanda.

	2001	2002	2003
Vísindasjóður			
Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands	1.100	1.000	1.500
Félagsvísindadeild Háskóla Íslands	7.800	6.215	7.300
Félagsvísindastofnun	2.000		
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands	600	2.700	3.000
Háskóli Íslands	9.550	5.000	6.000
Háskólinn í Reykjavík	1.600		600
Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands	800	1.000	1.000
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands	3.000	2.000	2.000
Jarð- og landfræðiskor	1.400	1.500	
Kennaraháskóli Íslands	600	1.800	1.500
Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands	2.450	1.700	1.000
Lífefna- og sameindalíffræðistofa	1.000	1.000	1.000
Lífefna- og sameindalíffræðistofa Háskóla Íslands	1.200	1.000	
Líffræðistofnun Háskóla Íslands	10.100	4.100	8.500
Lyfjafræðideild Háskóla Íslands	4.200	4.000	1.500
Lyfjafræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	700	1.000	1.000
Læknadeild Háskóla Íslands	1.200	1.500	
Námsráðgjöf Háskóla Íslands	450		
Norræna eldfjallastöðin		1.500	4.500
Rannsóknarstofa í lyfjafræði	1.000	1.500	
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Háskóla Íslands		1.500	
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	1.000		1.500

	2001	2002	2003
Rannsóknastofa Landspítala – háskólasjúkrahúss í meinafræði	1.000		
Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum, Landspítali – háskólasjúkrahús	700		
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	24.700	21.040	22.900
Stofnun Árna Magnússonar	1.400	2.500	2.500
Tannlæknadeild Háskóla Íslands	1.500	1.000	
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði	12.700	8.000	4.500
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	1.000		
Þjóðminjasafn Íslands	1.500	1.500	
Tæknisjóður			
Háskóli Íslands		3.500	3.325
Háskólinn á Akureyri	2.000	2.200	
Háskólinn í Reykjavík		6.000	8.200
Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands	5.000		
Lífefna- og sameindalíffræðistofa Háskóla Íslands			2.900
Líffræðistofnun Háskóla Íslands	10.500	12.200	13.379
Norræna eldfjallastöðin	1.300		
Rannsóknastofa í næringarfræði LSH og HÍ			600
Rannsóknastofa um mannlegt atferli, Háskóli Íslands		600	
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	11.000	6.600	
Stofnun Árna Magnússonar	3.500		
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði		1.000	4.400
Verkfræðideild Háskóla Íslands	2.500	600	4.000
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	3.800	7.300	8.800
Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands			3.600
Bygginga- og tækjasjóður			
Háskóli Íslands	1.510	6.220	
Hugvísindastofnun		1.600	
Landsbókasafn		360	3.000
Listasafn Íslands	1.000		
Lífefna og sameindalíffræðistofa	6.600		2.815
Líffræðistofnun Háskóla Íslands	4.741	4.900	6.000
Læknadeild Háskóla Íslands			850
Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands, Hveragerði	490		
Rannsóknastofa í líffærafræði Háskóli Íslands			1.200
Raunvísindastofnun	8.436	9.576	23.914
Sjúkraþjálfunarskor læknadeilar Háskóla Íslands			2.900
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði	5.317	2.500	
Markáætlun			
Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands			1.000
Félagsvísindadeild Háskóla Íslands			1.500
Háskóli Íslands Hugvísindastofnun	3.000		
Háskóli Íslands Lífefna- og sameindalíffræðistofa	1.750		
Háskóli Íslands Siðfræðistofnun	4.000		

	2001	2002	2003
Háskóli Íslands Verkfræðideild	2.700	3.300	2.500
Háskólinn á Akureyri	4.000	5.200	4.000
Háskólinn í Reykjavík			5.000
Heilbrigðistæknisvið, Landspítali – háskólasjúkrahús			3.000
Háskóli Íslands, jarð- og landfræðiskor	1.500	1.800	
Jarð- og landfræðiskor	2.500	1.500	1.500
Kennaraháskóli Íslands	400	1.000	
Lífefna- og sameindalíffræðistofa Háskóla Íslands			3.500
Líffræðistofnun Háskóla Íslands	7.500		
Læknadeild Háskóla Íslands	3.000		
Málvísindastofnun Háskóla Íslands			3.000
Námsgagnastofnun	2.500	2.400	
Rannsóknastofa um mannlegt atferli, Háskóli Íslands		14.000	
Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands	600	12.000	7.200
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	5.500	6.800	7.800
Siðfræðistofnun Háskóla Íslands	3.500	4.500	6.000
Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands	4.000	12.000	
Stofnun Árna Magnússonar	5.000		
Stofnun Sigurðar Nordals	2.400	2.500	
Umhverfisstofnun Háskóla Íslands	600		
Verkfræðistofnun Háskóla Íslands			7.400
Þjóðminjasafn Íslands	4.000		
Tungutækni			
Orðabók Háskólans (auk Eddu hf. miðlunar og útgáfu)		10.000	
Orðabók Háskólans (auk málgreiningarhópsins)		6.000	
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn		1.600	
Háskóli Íslands (ásamt Landsíma Íslands, Nýherja hf. o.fl.)			14.800

1192. Tillaga til þingsályktunar [781. mál]

um reglur um kynjahlutföll.

Flm.: Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem móti reglur um kynjahlutföll við ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkishlutafélaga og við skipan í nefndir og ráð á vegum sömu aðila. Nefndin geri enn fremur tillögur um sambærilegar reglur hjá sveitarfélögum. Þá gefi nefndin álit á því hvort rétt sé að setja lög um kynjahlutföll við val og röðun frambjóðenda stjórnmálaflokka til Alþingis og sveitarstjórna. Í nefndina verði meðal annars skipaðir fulltrúar allra þingflokka.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Í skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið og kom út í febrúar 2004, segir að þar sem karlar beri meira úr býtum og stýri frekar fyrirtækjum en konur séu áhrif þeirra yfir efnislegum gæðum meiri en kvenna. Meginniðurstaða launakönnunar sem nefndin lét gera var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnudag. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að forstöðumenn ríkisstofnana og ráðuneyta eru langflestir karlar, eða um 80%. Einnig að fáar konur sitja í opinberum úthlutunarnefndum sem veita fé til uppbyggingar íslensks atvinnulífs og konur fá lítinn hluta þess fjármagns sem veitt er úr opinberum sjóðum til styrktar atvinnuuppbyggingu. Þá kemur fram í skýrslunni að karlar eru um 70% þeirra sem sitja í nefndum á vegum hins opinbera. Þessar staðreyndir eru gamalgrónar og hefur lagasetning ekki dugað til og skilað þeim árangri sem stefnt var að, til að mynda með jafnréttislögum. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að stjórnvaldstækjum til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna.

Norsk stjórnvöld eru vel á veg komin að ná fram því markmiði að a.m.k. 40% stjórnenda hjá hinu opinbera verði konur. Fyrir tveimur árum setti norska ríkisstjórnin, undir forsæti Kjell Magne Bondevik, fram kröfu um kynjakvóta við stöðuveitingar hjá norska ríkinu. Árangurinn lét ekki á sér standa og hefur hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum hækkað um meira en 6% á tveimur árum. Nú er staðan sú í Noregi að 33,9% af 9.000 stjórnendum hjá hinu opinbera eru konur og norska ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að markmið hennar um 40% lágmarkshlutfall kvenna náist fyrir sumarið 2006. Forsætisráðherra Noregs gerði grein fyrir þessum árangri á baráttudegi kvenna hinn 8. mars sl. Hlutfall norskra kvenna í stjórnum fyrirtækja er hins vegar enn mjög lágt, aðeins 9%.

Okkur Íslendingum hefur miðað of skammt áleiðis við að jafna stöðu kvenna og er brýnt að grípa til raunhæfra aðgerða. Með virkum stjórnvaldstækjum er unnt að stuðla að jafnrétti kynjanna og auka áhrif kvenna á stjórn ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja öllum til hagsbóta. Það hefur norska ríkisstjórnin staðreynt. Engin ástæða er til að ætla að viðlíka árangri verði ekki náð á Íslandi með reglum um kynjahlutföll. Reglur um kynjahlutföll hjá ríki og sveitarfélögum gefa auk þess fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn og auka líkur á því að hlutur kvenna sem stjórnenda í einkarekstri vaxi.

Í tillögu þessari er einnig gert ráð fyrir að nefndin gefi álit sitt á því hvort rétt sé að binda í lög ákvæði um kynjahlutföll við val og röðun frambjóðenda stjórnmálaflokka til Alþingis og sveitarstjórna. Stjórnmálaflokkar hafa almennt ekki sett sér slíkar reglur og það er staðreynd að hlutur kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum er mun minni en æskilegt er og hefur fremur farið minnkandi en hitt við síðustu kosningar. Er afar brýnt að hlutur kvenna verði réttur þannig að hugmyndir þeirra og reynsla fái að njóta sín við ákvarðanatöku sem varðar sveitarfélög og þjóðina alla.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum er kveðið á um að hvers kyns mismunun gagnvart konum brjóti í bága við grundvallarreglur um jafnrétti og virðingu fyrir manngildi. Slík mismunun hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, félags-, efnahags- og menningarlífi. Það eru mannréttindi að sjónarmið, reynsla og þarfir bæði kvenna og karla séu höfð að leiðarljósi við alla stefnumörkun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Það er einnig beinlínis til þess fallið að viðvarandi launamunur kynjanna minnki. Konum er í dag mismunað hvað varðar stöðuveitingar og við skipanir í nefndir og ráð. Tillaga þessi er sett fram í þeim tilgangi að vinna gegn þessari mismunun.

1193. Frumvarp til ábúðarlaga. [782. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um ábúð á jörðum og jarðahlutum en ekki um leigu á landi eða öðrum fasteignum nema sérstaklega sé samið um það.

2. gr.
Skilgreiningar.

Ábúandi merkir í lögum þessum einstakling sem hefur afnotarétt af jörð með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

Ábúð merkir í lögum þessum afnotarétt af jörð eða jarðahluta til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt lögum þessum.

Erfðaábúð merkir í lögum þessum ábúð sem gengur í erfðir.

Fardagar eru í lögum þessum fjórir og hefjast þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra en sunnudagur seinastur.

Greiðslumark merkir í lögum þessum tiltekinn fjölda ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

Jarðefni merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir fyrir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og ekki heldur landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.

Lífstíðarábúð merkir í lögum þessum ævilanga ábúð.

Mannvirki merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifé þeirra sem er varanlega skeytt við land.

Ræktun eða *ræktað land* merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

Vatnsréttindi merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.
Yfirstjórn.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi gilda um.

II. KAFLI
Bygging jarða.

4. gr.
Ábúendur.

Ábúendur samkvæmt lögum þessum geta verið einstaklingar.

5. gr.
Ábúðartími.

Jörð skal byggja, sé ekki um annað samið, frá fardögum til fardaga til fimm ára í senn hið skemmsta og getur ábúðartími verið tímabundinn eða til lífstíðar.

6. gr.
Jarðarafgjald.

Jarðareigandi og ábúandi skulu semja um fjárhæð jarðarafgjalds, gjalddaga, greiðslustað og hvort og hvaða tryggingu ábúandi skuli setja fyrir greiðslu þess, svo og aðra skilmála sé það ekki ákveðið á annan hátt með lögum.

7. gr.
Ástand jarðar, mannvirkja o.fl.

Jörð með ræktun og mannvirkjum skal afhent ábúanda í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar nema um annað sé samið og skal þess getið í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.

Við upphaf ábúðar skal liggja fyrir úttekt úttektarmanna skv. 39. gr. um ástand jarðar, ræktunar og mannvirkja og annað er máli skiptir gerð á síðustu sex mánuðum. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt.

8. gr.
Byggingarbréf.

Jarðareigandi og ábúandi skulu gera skriflegan samning um ábúð sem nefnist byggingarbréf. Í byggingarbréfi skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila, ræktun, mannvirki, hlunnindi, greiðslumark, ábúðartíma, upphaf og lok ábúðar, fjárhæð, gjalddaga og greiðslustað jarðarafgjalds, hvort ábúandi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu jarðarafgjalds og í hvaða formi, aðra ábúðarskilmála, landamerki jarðar, ítök sem jörðin kann að eiga í öðru landi og á afréttum, kvaðir sem kunna að hvíla á jörð svo og upplýsingar um starfsemi ábúanda á jörðinni. Þá skal semja um við hvaða dagsetningu miða skal yfirfærslur greiðslna sem fylgja lögbýli. Einnig skulu koma fram í byggingarbréfi upplýsingar um ástand ræktunar og mannvirkja eða tilvísun til slíkra upplýsinga í úttekt. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi sem jarðareigandi og ábúandi rita nöfn sín undir í viðurvist tveggja vitundarvotta. Heldur jarðareigandi einu eintaki, ábúandi einu en hið þriðja skal afhent sýslumanni til þinglýsingar.

Jarðeigendur skulu tilkynna Hagþjónustu landbúnaðarins um nýja ábúðarsamninga.

9. gr.

Vanræksla á gerð byggingarbréfs.

Hafi aðilar vanrækt að gera byggingarbréf teljast þeir hafa gert ótímabundinn samning um ábúð og gilda öll ákvæði þessara laga um réttarsamband þeirra. Fjárhæð jarðarafgjalds skal miða við þá fjárhæð sem jarðareigandi getur sýnt fram á að ábúandi hafi samþykkt að greiða. Slíkir samningar eru uppsegjanlegir skv. 35. gr.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda.

10. gr.

Leiguliðaafnot ábúanda.

Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar. Það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja sem jörðin sjálf gefur af sér án þess að hún eða sá hluti hennar sem afraksturinn gefur rýrni eða eyðileggist við notkunina. Til leiguliðaafnota telst ræktun og öll mannvirki svo og greiðslumark og hlunnindi er jörðinni fylgja, sbr. þó 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.

11. gr.

Réttindi undanskilin leiguliðaafnotum.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni sem ekki geta talist til venjulegra leiguliðaafnota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga svo að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Ábúandi sem verður fyrir tjóni á eignum sínum vegna hagnýtingar annarra aðila á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning sem leiðir af virkjun vatns, nýtingu jarðhita eða annarra framkvæmda.

Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot af réttindum skv. 1. mgr. enda séu slíkir samningar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.

12. gr.

Lögheimili ábúanda, landbúnaðarstarfsemi o.fl.

Skylt er ábúanda að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni og stunda þar landbúnaðarstarfsemi nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.

13. gr.

Breytingar eða lok landbúnaðarstarfsemi ábúanda.

Ef ábúandi óskar eftir að gera breytingar á landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skal hann leita eftir skriflegu leyfi jarðareiganda. Ef jarðareigandi hefur ekki svarað innan þriggja mánaða telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Sömu reglur gilda ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni.

14. gr.

Endurbætur ábúanda á mannvirkjum o.fl.

Ef ábúandi óskar eftir að gera endurbætur á mannvirkjum ábúðarjarðar eða byggja ný mannvirki skal hann leita skriflegs leyfis jarðareiganda og skal þar tekið fram hvort jarðareigandi samþykki að kaupa þær framkvæmdir af ábúanda við ábúðarlok. Ef mannvirki á

ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um landbúnaðarstarfsemi ábúanda samkvæmt byggingarbréfi aðila er jarðareiganda skylt að veita leyfi til framkvæmda og samþykkja kaupskyldu við ábúðarlok. Þó getur jarðareigandi lagst gegn breytingum sem hafa í för með sér mikla áhættu eða tilkostnað.

15. gr.

Veðsetning.

Ábúanda er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánum sem hann tekur til varanlegra framkvæmda og annarra endurbóta á jörðinni. Einnig er ábúanda heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar lánum sem hann tekur til kaupa á bústofni og búvélum sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar á búinu.

Heimildir ábúanda til veðsetningar á ábúðarjörð sinni eru bundnar því skilyrði að heildarskuldir ábúanda sem tryggðar eru með veði í jörðinni nemi ekki hærri fjárhæð en svarar til eignarhluta hans í ræktun og mannvirkjum á jörðinni.

Jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari heimildir til veðsetningar.

16. gr.

Greiðsla jarðarafgjalda.

Ábúandi skal greiða jarðarafgjöld á gjalddaga. Hafi ábúandi ekki gert skil á jarðarafgjaldi innan 30 sólarhringa frá gjalddaga er jarðareiganda heimilt að krefjast dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

17. gr.

Viðhaldsskylda o.fl.

Ábúanda er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum þannig að þau rýrni ekki umfram eðlilega fyrningu að mati úttektarmanna, sbr. 39. gr., eða yfirmatsnefndar, sbr. 44. gr., og greiða annan rekstrarkostnað af jörðinni.

18. gr.

Skattar o.fl.

Ábúandi skal greiða skatta og skyldur sem lög ákveða og tengjast notum hans af jörðinni jarðareiganda að kostnaðarlausu nema um annað sé samið. Ábúandi skal einnig greiða annan rekstrarkostnað af jörðinni nema um annað sé samið.

19. gr.

Brunatryggingar.

Öll mannvirki á jörðum í ábúð skulu vátryggð lögboðinni brunatryggingu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma og skal ábúandi greiða af því kostnað nema um annað sé samið.

20. gr.

Framsal eða veðsetning ábúðarréttar.

Ábúanda er óheimilt að framselja, veðsetja eða láta af hendi ábúðarrétt sinn að hluta eða að öllu leyti nema með skriflegu leyfi jarðareiganda sem skal þinglýsa. Ábúanda er þó heimilt að leyfa not landsnytja til beitar og slægna án leyfis jarðareiganda. Slík ráðstöfun af hálfu ábúanda gildir aðeins í eitt ár í einu.

21. gr.

Opinber framlög og styrkir.

Framlög og styrkir greiddir af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð tilheyra jörðinni og verða eign jarðareiganda og skal draga frá eignum og endurbótum ábúanda við ábúðarlok.

22. gr.

Skylda ábúanda til að láta af hendi land undir skipulag o.fl.

Ábúanda er skylt vegna skipulags að láta af hendi land undir opinberar byggingar og atvinnurekstur eða framkvæmdir sem nauðsynlegt þykir að gera í landi jarðarinnar án annars endurgjalds en hlutfallslegrar lækkunar á jarðarafgjaldi. Náist ekki samkomulag um lækkun jarðarafgjalds skulu dómkvaddir matsmenn skera úr. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi eða þeir aðilar sem öðlast rétt yfir landinu á grundvelli þessa ákvæðis greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi eða þeir aðilar sem taka við landinu en kostnað við yfirmat greiða þessir aðilar og ábúandi að jöfnu.

23. gr.

Heimild jarðareiganda til að taka úr ábúð landspildur, lóðir o.fl.

Jarðareiganda er heimilt að taka úr ábúð landspildur eða lóðir til eigin þarfa og vegna þarfa niðja sinna nema jarðareigandi hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Einnig er jarðareiganda heimilt að taka úr ábúð og leigja lóðir undir hús og land til atvinnustarfsemi og spildur til ræktunar í landi jarðar sem er í ábúð enda valdi það ábúanda ekki verulegu tjóni og takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar eða búrekstrar með öðrum hætti á jörðinni að mati dómkvaddra matsmanna. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna. Kostnað við undirmat greiðir jarðareigandi en kostnað við yfirmat greiða aðilar að jöfnu.

24. gr.

Aðgangur jarðareiganda að jörð, mannvirkjum o.fl.

Jarðareigandi skal eiga aðgang að jörð sem er í ábúð og mannvirkjum hennar með hæfilegum fyrirvara í samráði við ábúanda til að framkvæma úrbætur og til eftirlits með ástandi og meðferð jarðarinnar. Jarðareiganda er þó aldrei heimill aðgangur að jörðinni og mannvirkjum hennar þegar ábúandi er þar ekki viðstaddur nema að fengnu samþykki ábúanda.

25. gr.

Réttur maka við andlát ábúanda.

Falli ábúandi frá á ábúðartímanum heldur maki hans ábúðarréttinum.

26. gr.

Réttur til ábúðar við skilnað hjóna.

Ef hjón, annað eða bæði, hafa ábúðarrétt á jörð og hjúskap þeirra lýkur skal fara um ábúðarréttindin í samræmi við ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, ef hjónin koma sér ekki saman um hvort þeirra skuli hljóta ábúðarréttindin. Það hjóna sem aðallega hefur atvinnu sína af landbúnaðarstarfsemi á jörðinni skal hafa forgang til áframhaldandi ábúðar á jörðinni án tillits til þess hvort þeirra undirritaði byggingarbréf.

27. gr.

Réttur sambúðarfólks.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. tvö ár eða ef þau hafa átt barn saman eða eiga von á barni.

28. gr.

Skriflegar tilkynningar.

Ef jarðareigandi eða ábúandi þarf að senda skriflegar tilkynningar, hverju nafni sem nefnast í lögum þessum, sem koma þarf til viðtakanda innan ákveðins frests eða tímamarks teljast tilkynningarnar komnar til viðtakanda ef þær eru sendar af stað með sannanlegum hætti innan þess tímamarks.

29. gr.

Önnur atriði.

Óheimilt er að semja um að ábúandi taki á sig meiri skyldur eða öðlist minni réttindi en lög þessi mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstaka heimild þess efnis.

Um réttindi og skyldur ábúanda og jarðareiganda fer að öðru leyti eftir gildandi lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma svo og byggingarbréfi aðila og öðrum samningum.

IV. KAFLI
Erfðaábúð.

30. gr.

Ríkisjarðir.

Ríkisjörðum skal ekki ráðstafað með samningum um erfðaábúð eftir gildistöku þessara laga. Ábúendur sem öðlast hafa erfðaábúð fyrir gildistöku þessara laga skulu halda þeim réttindum en um réttarstöðu þeirra fer áfram eftir ákvæðum þessa kafla og öðrum ákvæðum þessara laga eftir því sem við á.

31. gr.

Úttektir við ættliðaskipti.

Þegar ábúendaskipti verða á milli ættliða á jörð sem er í erfðaábúð skulu úttektarmenn tilkvaddir ásamt jarðareiganda og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

1. Eign jarðareiganda í ræktun, húsum og öðrum mannvirkjum sem fráfarandi ábúandi hefur tekið við ásamt eign jarðareiganda í húsum og öðrum mannvirkjum vegna fjárframlags hans í tíð fráfarandi ábúanda.
2. Eign ættarinnar sem fráfarandi ábúandi tók við í ræktun, húsum og öðrum mannvirkjum á jörðinni og auk þess það sem fráfarandi ábúandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

32. gr.

Réttur til erfðaábúðar.

Réttur til ábúðar á jörðum samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. ræktun og mannvirki, erfist sem hér segir:

1. Það hjóna sem lengur lifir heldur réttindum meðan það lifir.
2. Erfðaréttur erfist til barns þess hjóna sem erfðaábúðarréttindin stofnaði eða erfði og til barna þeirra og kjörbarna.

3. Foreldrar koma sér saman um hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4. Ef hjón verða ekki ásátt um hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag skv. 3.–4. tölul. skal elsta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum hafa börnin hann eftir aldri.
6. Ef erfingi erfðaábúðar hefur ekki náð lögaldri þegar ábúendaskipti verða skal sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Ef erfingi ábúðarréttar deyr barnlaus innan tíu ára frá því að hann tók við ábúð, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann lést, hefur næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
9. Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfarandi ábúanda um ráðstöfun jarðarinnar skal henni ráðstafað að tillögu sveitarstjórnar sem hefur áður leitað umsagnar landbúnaðarnefndar sveitarfélags.

33. gr.

Önnur atriði.

Að öðru leyti en fram kemur í þessum kafla gilda önnur ákvæði þessara laga um erfðaábúð eftir því sem við á.

V. KAFLI
Ábúðarlok.

34. gr.

Tímabundinn ábúðarsamningur.

Tímabundnum samningi um ábúð lýkur á umsömdum tíma án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Heimilt er jarðareiganda og ábúanda að semja um að segja megi slíkum samningi upp án sérstakra aðstæðna, atvika eða forsendna. Slík uppsögn skal vera skrifleg og fara fram fyrir 1. desember miðað við ábúðarlok 1. júní eða fyrir 1. apríl miðað við ábúðarlok 1. október nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

Ef ábúandi deyr áður en tímabundnum ábúðarsamningi lýkur skal dánarbú hans segja upp ábúðarsamningnum. Slík uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.

35. gr.

Ótímabundinn ábúðarsamningur.

Ótímabundinn samningur um ábúð er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.

36. gr.

Lífstíðarábúð.

Ábúanda er heimilt að segja upp samningi um lífstíðarábúð.

Ábúandi sem óskar eftir að segja upp samningi um lífstíðarábúð skv. 1. mgr. skal gera það með sannanlegum hætti fyrir áramót miðað við næstu fardaga nema jarðareigandi og ábúandi hafi samið um annað tímamark.

37. gr.

Vanefndir ábúanda.

Ef ábúandi vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samningi um tímabundna ábúð, lífstíðarábúð eða erfðaábúð er jarðareiganda heimilt að segja upp samningi um ábúð að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Sé uppsögn byggð á að ábúandi hafi vanrækt skyldu til viðhalds á jörðinni, ræktun, mannvirkjum og öðru er henni fylgir skal einnig leita umsagnar úttektarmanna, sbr. 39. gr.

Uppsögn jarðareiganda á ábúðarsamningi vegna vanefnda á skyldum ábúanda skal fara fram með sex mánaða fyrirvara nema um annað hafi verið samið. Uppsögn skal vera skrifleg og skulu þar tilgreindar ástæður uppsagnar.

Ábúandi skal bæta jarðareiganda það tjón sem leiðir af vanefndum hans.

38. gr.

Kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda.

Jarðareiganda er skylt að kaupa af ábúanda við ábúðarlok mannvirki og aðrar framkvæmdir eða umbætur á jörð sem jarðareigandi hefur heimilað ábúanda að reisa og samþykkt skriflega að kaupa við ábúðarlok svo og framkvæmdir sem ábúanda er heimilt að gera skv. 2. málsl. 14. gr. Einnig er jarðareiganda skylt að kaupa ræktun af ábúanda. Náist ekki samkomulag skal kaupverð ákveðið af úttektarmönnum, sbr. 39. gr., eða yfirmatsnefnd, sbr. 44. gr.

Þá skal jarðareigandi endurgreiða framlög ábúanda til skógræktar á ábúðarjörðinni sem jarðareigandi hefur samþykkt og ekki hafa verið greidd úr ríkissjóði að viðbættri verðtryggingu miðað við byggingarvísitölu.

39. gr.

Úttektarmenn.

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar en hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

40. gr.

Úttekt.

Úttektarmenn skulu byrja úttekt eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema sérstakar aðstæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu tilkynna jarðareiganda og fráfarandi ábúanda skriflega með nægum fyrirvara um hvenær úttekt fer fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns að öðru leyti. Einnig skulu úttektarmenn gefa jarðareiganda og ábúanda kost á að skila skriflegum greinargerðum.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarðar, ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástandslýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja jarðareiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda, hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita allar upplýsingar um kosti jarðarinnar, nýtingu, nýtingarmöguleika hennar og hvernig jörð hefur verið setin. Úttektarmenn skulu undirrita lýsinguna.

41. gr.

Mat á eignum og endurbótum ábúanda.

Úttektarmenn skulu meta eignir og endurbætur fráfarandi ábúanda sem jarðareiganda er skylt að kaupa, sbr. 38. gr.

Við mat á eignum og endurbótum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar gildandi skipulagsforsendur og efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nýviði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að reisa nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á eignum og endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess ef viðhald eigna hefur verið ófullnægjandi. Einnig skulu úttektarmenn meta galla eða slit vegna óeðlilegrar notkunar eigna. Þá skulu úttektarmenn meta kostnað við hreinsun og annan frágang ef viðskilnaður ábúanda er ekki í samræmi við 46. gr.

Framlög ábúanda til skógræktar skal meta miðað við þær fjárhæðir sem ábúandi hefur innt af hendi til efniskaupa að viðbættri verðtryggingu samkvæmt byggingarvísitölu.

42. gr.

Niðurstöður úttektar.

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

43. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við úttektir við ábúðarlok greiðist að jöfnu af jarðareiganda og fráfarandi ábúanda. Ef óskað er eftir úttekt af öðrum ástæðum skal sá sem óskar eftir úttekt greiða af því kostnað.

44. gr.

Yfirmat.

Jarðareigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan 15 daga frá dagsetningu úttektar skv. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 40.–41. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun komast að niðurstöðu á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist en þó skal kærandi alltaf greiða að lágmarki helming þess kostnaðar.

45. gr.

Greiðsla kaupverðs, greiðsluskilmálar o.fl.

Ef jarðareigandi og ábúandi ná ekki samkomulagi um greiðsluskilmála kaupverðs skal jarðareigandi greiða helming kaupverðsins á næstu níu mánuðum eftir ábúðarlok. Eftirstöðvar kaupverðsins skal jarðareigandi greiða með skuldabréfi til að hámarki tveggja ára. Fjárhæð skuldabréfsins skal verðtryggð samkvæmt byggingarvísitölu miðað við grunnvísitölu við ábúðarlok til greiðsludags og bera vexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

46. gr.

Frágangur og skil ábúðarjarðar, mannvirkja o.fl.

Á umsömdum eða lögbundnum tíma við ábúðarlok skal ábúandi skila ábúðarjörð sinni, ásamt öllum mannvirkjum og tilheyrandi fylgifé, í ekki lakara ástandi en hann tók við henni að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar og viðhalds. Ábúandi skal hafa rýmt og hreinsað öll mannvirki og flutt bústofn sinn, vélar, tæki og allt sem er hans eign á jörðinni í burtu eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að rýma og skila jörðinni.

47. gr.

Aflýsing byggingarbréfs.

Ábúandi skal aflýsa þinglýstu byggingarbréfi innan viku frá ábúðarlokum. Eftir þann tíma skal byggingarbréfi aflýst að kröfu jarðareiganda.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

48. gr.

Reglugerðir o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum.

49. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

50. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Samningar um ábúð sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu halda gildi sínu. Ef jarðareigandi hefur á grundvelli heimildar í ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, eða eldri lögum um sama efni fyrir gildistöku þessara laga tekið ákvörðun um aðra nýtingu jarðar, hlunninda eða ítaka sem jörð kann að eiga í öðrum jörðum en lög þessi gera ráð fyrir skulu þær ákvarðanir halda gildi sínu eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort þær veita ábúanda meiri eða minni rétt en lög þessi gera ráð fyrir. Sama gildir ef

jarðareigandi og ábúandi hafa fyrir gildistöku þessara laga samið um aðra nýtingu jarðar, hlunninda eða ítaka sem jörð kann að eiga í öðrum jörðum. Að öðru leyti fer um réttarsamband jarðeigenda og ábúenda samkvæmt þessum lögum eftir 1. júlí 2004.

II.

Um kaupskyldu jarðareiganda á ræktun, mannvirkjum og öðrum endurbótum eða framkvæmdum fráfarandi ábúanda sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga með heimild í ákvæðum ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum, fer eftir svohljóðandi reglum:

a. Nú á fráfarandi ábúandi mannvirki, hlut í mannvirkjum eða umbætur á jörð og er því til frambúðar haganlega fyrir komið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá jarðareiganda skylt að kaupa þær eignir fráfaranda ábúanda á því verði er úttektarmenn meta enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að mati úttektarmanna. Séu mannvirki ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin bráðnauðsynlegu jarðarhús. Jarðareiganda er einnig skylt að kaupa ræktun sem fráfarandi ábúandi hefur látið gera.
b. Þau mannvirki sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar og unnt er að flytja er jarðareiganda ekki skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim hefur fráfarandi ábúandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um að þau verði rifin ef viðtakandi krefst þess á þann hátt að viðtakanda sé sem minnst mein að.
c. Ábúandi getur þó krafist þess að um kaupskyldu á eignum og endurbótum sínum fari samkvæmt ákvæði 38. gr. þessara laga.

Framangreindar reglur gilda aðeins við ábúðarlok þeirra ábúenda sem hafa ábúð á jörð við gildistöku þessara laga.

Um mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir V. kafla þessara laga.

III.

Ábúendur sem hafa öðlast lífstíðarábúð á grundvelli 6. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, með síðari breytingum, skulu halda þeim réttindum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra jarðalaga sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að núgildandi ábúðarlög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga engan veginn lengur við aðstæður hér á landi. Núgildandi ábúðarlög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði sem og á öðrum sviðum í íslensku þjóðfélagi. Í raun má segja að allar forsendur fyrir landbúnaðarstarfsemi séu gjörbreyttar frá því sem var þegar ábúðarlög nr. 64/1976 voru sett. Þá voru enn fremur ýmis ákvæði laganna að stofni til byggð á enn eldri löggjöf.

Fyrstu heildstæðu lögin um ábúð hér á landi voru lög nr. 1/1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, með síðari breytingum. Ábúðarlög nr. 87/1933 leystu þau af hólmi en þá tóku við ábúðarlög nr. 8/1951. Ábúðarlög nr. 36/1961 leystu þau lög af hólmi og giltu þar til ábúðar-

lög nr. 64/1976 tóku gildi. Einnig eru ýmis ákvæði laga nr. 64/1976 að stofni til komin úr eldri lögum um erfðaábúð og óðalsrétt en fyrstu lögin um það efni voru lög nr. 8/1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, með síðari breytingum. Lög nr. 116/1943, um ættaróðul og erfðaábúð, leystu þau lög af hólmi en þá tóku við lög nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, með síðari breytingum, sem giltu þar til ábúðarlög nr. 64/1976 tóku gildi. Ábúðarlög nr. 64/1976 hafa nokkrum sinnum tekið breytingum, þ.e. með lögum nr. 38/1982, lögum nr. 93/1984, lögum nr. 64/1988, lögum nr. 108/1988 og lögum nr. 21/2000.

Í greinargerð með frumvarpi til nýrra jarðalaga sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi er gerð grein fyrir ýmsum takmörkunum sem jarðalög, nr. 65/1976, leggja á jarðeigendur. Í ábúðarlögum, nr. 64/1976, eru enn fremur ýmis ákvæði sem fela í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti og ráðstöfunarheimildum jarðeigenda.

Hér má nefna m.a. að skv. 2. gr. núgildandi ábúðarlaga geta sveitarstjórnir knúið jarðeigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti en þar kemur fram að hver sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur sé skyldur til að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti knúið jarðeigendur til að fara að þessu ákvæði. Einnig er í 2. gr. laganna ákvæði þess efnis að ef eigandi jarðar hefur nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni en hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili geti sveitarfélag ef jörð rýrnar að ákveðnu marki krafist þess að jarðareigandi bæti rýrnunina en að öðrum kosti getur sveitarstjórn ráðstafað jörðinni. Enn fremur getur sveitarstjórn ef þörf er á landi til búskapar tekið land leigunámi ef það er fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli að því tilskildu að það sé ekki nytjað af eiganda né leigt íbúum sveitarfélags. Ef jörð er ráðstafað til ábúðar í skemmri tíma en lífstíðar er jarðareiganda samkvæmt gildandi lögum skylt að láta jörð fylgja íbúðarhús og útihús í nothæfu ástandi. Jarðareigandi hefur kaupskyldu á öllum eignum og endurbótum ábúanda sem er haganlega fyrir komið og nauðsynlegar eru til búskapar, sbr. 16. gr., og gildir það hvort sem jörð hefur verið ráðstafað til ábúðar af jarðareiganda sjálfum eða af sveitarfélagi samkvæmt framansögðu.

Þá er í núgildandi ábúðarlögum ákvæði þess efnis að ef jarðareigandi segir upp ábúð en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar sé sú uppsögn ógild en samkvæmt því á ábúandi rétt á að fá jörðina aftur ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni auk þess sem jarðareiganda ber að bæta honum allan skaða sem af því hefur hlotist.

Loks eru í núgildandi ábúðarlögum ákvæði um hvernig jarðarafgjöld skuli ákvörðuð og ef ágreiningur verður sker jarðanefnd úr en jarðareigandi og ábúandi hafa ekki frelsi til að semja um fjárhæð jarðarafgjalds. Ákvæði laganna um erfðaábúð eru einnig mjög íþyngjandi fyrir jarðeigendur og jörð sem háð er samningi um erfðaábúð er verðlítil eða nánast verðlaus fyrir jarðeigendur. Í lögunum er jafnframt ákvæði um að á meðan sama ætt hefur erfðaábúð á jörð megi jarðarafgjald ekki hækka sem hefur þá þýðingu að víða er leiga fyrir jarðir í erfðaábúð ekki í samræmi við verðlagsþróun í landinu og aðrar forsendur. Þá er í 20. gr. núgildandi ábúðarlaga ákvæði þess efnis að ef jarðareigandi telur sér ekki fært að fullnægja skyldum sínum samkvæmt lögunum geti hann boðið ábúanda jörðina til kaups fyrir það verð sem úttektarmenn meta og á þá ábúandi rétt á að fá gjaldfrest á helmingi kaupverðsins sem er umfram veðskuldir. Ef ábúandi vill ekki kaupa hefur sveitarstjórn rétt til að leysa jörðina til sín með sömu skilmálum og boðnir voru ábúanda. Hér er í raun um nokkurs konar nauðungarsölu að ræða og rétt ábúanda ef jarðareiganda er ekki fært, t.d. af fjárhagsástæðum, að fullnægja öllum skyldum sínum samkvæmt lögunum en í þeirri skyldu getur t.d. falist að

byggja íbúðarhús og útihús fyrir ábúanda þegar um tímabundna ábúð er að ræða, kaupa allar eignir ábúanda við ábúðarlok o.s.frv.

Frumvarp þetta felur í sér miklar breytingar frá þeim ákvæðum sem fram koma í núgildandi ábúðarlögum en með þeim er stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða eins og unnt er þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Núgildandi löggjöf um ábúð felur í sér verulegar takmarkanir á eignarrétti jarðeigenda. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta úr þessum annmörkum en þó er leitast við að tryggja að við þær breytingar sem lagðar eru til séu sjónarmið bæði jarðeigenda og ábúenda höfð að leiðarljósi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Í stað orðanna landsdrottinn og leiguliði eru í frumvarpinu notuð hugtökin jarðareigandi og ábúandi.
2. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem talin eru upp í ákvæðinu en það eru hugtök eins og ábúð, erfðaábúð, fardagar, greiðslumark, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lífstíðarábúð, mannvirki, ræktun og vatnsréttindi. Nauðsynlegt þykir að skilgreina þessi hugtök eins og gert er hér til þess að taka eins og unnt er af vafa um hver sé þýðing þeirra. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka sker landbúnaðarráðherra úr.
3. Felld eru úr gildi ákvæði í 2. gr. núgildandi ábúðarlaga um heimildir sveitarstjórnar til að knýja jarðeigendur til að ráðstafa jörðum sínum með tilteknum hætti í þágu sveitarfélags eða íbúa þess. M.a. er þar fellt úr gildi ákvæði um að hverjum þeim sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur sé skylt að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi jarðanefndar en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti knúið eiganda jarðar til að fara að þessu ákvæði. Einnig er fellt úr gildi ákvæði um að ef eigandi jarðar hefur nytjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni, og hvorki hann, fjölskylda hans né umsjónarmaður á hans vegum hefur þar lögheimili og jörðin rýrnar svo að sveitarfélagið bíður hnekki af skuli sveitarstjórn krefjast þess að jarðareigandi bæti það sem áfátt er eða byggi jörðina en að öðrum kosti getur sveitarstjórn ráðstafað jörðinni. Þá er fellt úr gildi ákvæði um að sveitarstjórn geti tekið land leigunámi ef það er fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipst úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbúum ef þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu.
4. Fellt er niður ákvæði 6. gr. núgildandi ábúðarlaga þess efnis að ef jarðareigandi hefur vanrækt að gera byggingarbréf skuli litið svo á að ábúandi hafi öðlast lífstíðarábúð á jörðinni. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að við þær aðstæður hafi stofnast ótímabundinn ábúðarsamningur sem hægt er að segja upp fyrir áramót og tekur uppsögnin gildi í fardögum næst á eftir, sbr. 9. og 35. gr.
5. Óheimilt er að ráðstafa ríkisjörðum til erfðaábúðar eftir gildistöku þessara laga og ekki þykir heldur raunhæft að ætla að jörðum í einkaeign verði ráðstafað með þeim hætti eftir gildistöku laganna þótt ekki sé girt fyrir slíka samninga með frumvarpinu, sbr. 30. gr.
6. Fellt er úr gildi ákvæði í 5. gr. núgildandi ábúðarlaga um að jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga og opinberra sjóða og stofnana skuli byggja til lífstíðar og gert ráð fyrir að opinberir aðilar geti samið um ábúðartíma eins og aðrir.
7. Fellt er úr gildi ákvæði 4. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga um að ef jarðareigandi segir upp ábúð en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar sé sú uppsögn ógild. Samkvæmt þessu ákvæði á ábúandi rétt á að fá jörðina aftur ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni auk þess sem jarðareigandi þarf að bæta honum allan skaða sem af því hlýst.

8. Sérstakt ákvæði er um gerð og efni byggingarbréfs í 8. gr. svo og um skyldu jarðareiganda til að tilkynna alla nýja ábúðarsamninga til Hagþjónustu landbúnaðarins.
9. Nýmæli er um að jörð skuli byggð í því ástandi sem hún er og ekki lagðar sérstakar skyldur á jarðareiganda í því efni eins og er samkvæmt núgildandi ábúðarlögum. Jarðareigandi og ábúandi geta þó samið á annan veg, sbr. 7. gr.
10. Breytt er ákvæði um að ekkja leiguliða skuli halda ábúðarrétti hans á þann veg að það tekur til maka, sbr. 25. gr.
11. Meginreglan er áfram sú að undanskilin afnotum ábúanda eru vatns- og jarðhitaréttindi, þ.m.t. námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, einnig land til nauðsynlegra bygginga til þess að jarðareigandi geti hagnýtt þessi efni. Einnig á ábúandi áfram rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar. Þá er í frumvarpinu nýmæli um að jarðareigandi og ábúandi geti samið um víðtækari afnot þessara réttinda, sbr. 11. gr.
12. Fellt er úr gildi ákvæði um að jarðarafgjald skuli miðað við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda sem jörðinni fylgja o.s.frv. en samkvæmt ákvæðinu skyldi jarðanefnd skera úr ef ágreiningur yrði um fjárhæð jarðarafgjalds. Samkvæmt frumvarpi þessu er jarðareiganda og ábúanda veitt frelsi til að semja um fjárhæð jarðarafgjalds, gjalddaga þess og greiðslustað, svo og hvort ábúandi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu jarðarafgjalds og í hvaða formi slík trygging á að vera, sbr. 6. gr. Þá er ákvæði í 16. gr. um að ef ábúandi greiðir ekki jarðarafgjöld á tilsettum tíma eða gjalddaga reiknist af þeim dráttarvextir þegar 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga.
13. Verulegar breytingar eru gerðar á ákvæðum núgildandi ábúðarlaga sem fjalla um skyldu jarðareiganda til að láta ábúðarjörð fylgja ákveðinn húsakost, sbr. 10. og 11. gr. þeirra laga. Samkvæmt gildandi lögum er jarðareiganda sem byggir ábúanda jörð í takmarkaðan tíma skylt að láta fylgja jörðinni íbúðarhús og útihús og gert ráð fyrir að unnt sé að knýja jarðareiganda til að sinna þessari skyldu. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir að jörð sé byggð í því ástandi sem hún er hvort sem um er að ræða ábúð í takmarkaðan tíma eða til lífstíðar og skal getið um ástand jarðarinnar og mannvirki í byggingarbréfi, sbr. 7. og 8. gr.
14. Verulegar breytingar eru einnig gerðar á ákvæðum 12.–14. gr. núgildandi ábúðarlaga um heimild ábúanda til að framkvæma endurbætur á mannvirkjum jarðarinnar og til að byggja ný mannvirki. Samkvæmt gildandi lögum á ábúandi rétt á að auka við ræktun og mannvirki eða byggja ný mannvirki ef ljóst þykir að hann þurfi þess og er jarðareiganda skylt að kaupa þessar framkvæmdir af honum við ábúðarlok. Í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ábúanda séu einungis heimilar þær endurbætur og framkvæmdir sem jarðareigandi hefur samþykkt skriflega en það gildir þó ekki um ræktun. Í greinargerð kemur fram að hér er átt við allar endurbætur og framkvæmdir hverju nafni sem nefnast ef ábúandi ætlast til að þær verði háðar kaupskyldu jarðareiganda við ábúðarlok. M.a. er hér átt við öll mannvirki, þ.m.t. girðingar, plön, vegi, garðrækt, veitulagnir, skjólbelti, o.s.frv. Þá er það nýmæli að ef mannvirki á ábúðarjörð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um þá starfsemi sem þar fer fram af hálfu ábúanda sé jarðareiganda skylt að veita leyfi og samþykkja kaupskyldu á framkvæmdum við ábúðarlok. Þó er jarðareiganda skylt við ábúðarlok að kaupa af ábúanda ræktun án tillits til framangreindra reglna.
15. Verulegar breytingar eru gerðar á kaupskyldu jarðareiganda á eignum og endurbótum ábúanda, sbr. 38. gr. Skv. 16. gr. núgildandi ábúðarlaga er jarðareiganda skylt að kaupa

af fráfarandi ábúanda allar eignir og endurbætur hans sem er „haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna ... enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að mati úttektarmanna.“ Í 38. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir að jarðareigandi hafi einungis kaupskyldu á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda ef hann hefur samþykkt þær skriflega og jafnframt skuldbundið sig til að kaupa þær af fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Í ákvæði til bráðabirgða er þó sett sérákvæði um þau mannvirki sem hafa verið reist samkvæmt heimildum í ákvæðum núverandi ábúðarlaga, nr. 64/1976, fyrir gildistöku þessara laga en um kaupskyldu á þeim mun fara eftir reglum sem eru sambærilegar og 16. gr. gildandi ábúðarlaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Þó er jarðareiganda skylt að kaupa af ábúanda ræktun án tillits til framangreindra reglna.

16. Breytt er ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga þar sem jarðareiganda er áskilinn réttur til að taka jörð úr ábúð vegna þarfa sinna eða tiltekinna ættingja sinna. Hér er þrengdur sá hópur ættingja sem undir ákvæðið getur fallið og það takmarkað við niðja jarðareiganda. Ekki er hins vegar gerður munur á niðjum með tilliti til þess hvort þeir eru börn jarðareiganda, kjörbörn eða fósturbörn. Gilda sömu reglur um fjarskyldari niðja í beinan legg. Enn fremur eru heimildir jarðareiganda til að taka land úr ábúð samkvæmt frumvarpinu takmarkaðar við landspildur og lóðir úr jörðinni. Jarðareigandi getur hins vegar ekki tekið alla jörðina eða meiri hluta hennar úr ábúð.
17. Nýmæli er að skylt er að við upphaf ábúðar liggi alltaf fyrir úttekt úttektarmanna um ástand jarðar, ræktunar, mannvirkja o.fl. er ekki sé eldri en sex mánaða, sbr. 2. mgr. 7. gr.
18. Nánari skilyrði eru sett fyrir heimildum ábúenda til að veðsetja ábúðarjarðir sínar en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að ábúendur verði sjálfir að eiga mannvirki á ábúðarjörðum sínum sem séu a.m.k. jafnviði heildarskulda þeirra sem tryggðar eru með veði í jörðunum. Jarðareigandi getur að sjálfsögðu veitt ábúanda rýmri heimildir en þar koma fram, sbr. 15. gr.
19. Fellt er úr gildi ákvæði í 20. gr. núgildandi ábúðarlaga um að ef jarðareigandi telur sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum sem á hann eru lagðar samkvæmt lögunum geti hann boðið ábúanda jörðina til kaups fyrir það verð er úttektarmenn meta enda fái leiguliði gjaldfrest á helmingi þess kaupverðs er kann að vera umfram veðskuldir. Ef ábúandi vill ekki kaupa jörðina eftir núgildandi lögum hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum og hefur þá sveitarstjórn rétt til að ganga inn í kaupin með þeim skilmálum sem jörðin var boðin ábúanda.
20. Felld eru úr gildi ákvæði 22. gr. núgildandi ábúðarlaga um hvenær ábúandi skuli taka við jörð, flytja bú sitt á jörðina og hvenær fráfarandi skuli hafa flutt bú sitt o.s.frv. Gert er ráð fyrir að aðilar semji um þessi atriði í byggingarbréfi, sbr. 8. gr.
21. Fellt er úr gildi ákvæði í núgildandi ábúðarlögum um að ábúandi skuli hirða reka sem til fellur á jörð og merkja hann nafni eiganda með rétti um björgunarlaun en í frumvarpinu eru almenn ákvæði um að ábúandi skuli hafa öll hlunnindi jarðar, sbr. þó 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I.
22. Nýmæli er í frumvarpinu um að ábúanda skuli heimilt að leyfa öðrum not landsnytja til beitar og slægna án leyfis landeiganda, sbr. 20. gr.
23. Fellt er úr gildi ákvæði um gjalddaga jarðarafgjalds og gert ráð fyrir að það verði samkomulagsatriði í byggingarbréfi, sbr. 6. og 8. gr.
24. Nýmæli er um að ef ábúandi óskar eftir að gera verulegar breytingar á landbúnaðarstarf-

semi á ábúðarjörð sinni skal hann sækja um leyfi hjá jarðareiganda. Sama gildir ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi sinni, sbr. 13. gr.

25. Nýmæli er um að framlög og styrkir sem greiddir eru af opinberum aðilum til ræktunar eða annarra framkvæmda á jörð sem er í ábúð tilheyri jörðinni og verði eign jarðareiganda, sbr. 21. gr. Ef slíkir styrkir ganga til endurbóta eða framkvæmda ábúanda ber að draga þá frá mati á slíkum endurbótum og framkvæmdum hans við ábúðarlok.
26. Nýmæli er um hvernig meta beri framlög ábúanda til skógræktar á ábúðarjörð við ábúðarlok, sbr. 38. og 41. gr.
27. Nýmæli er um að ábúanda sé skylt að láta af hendi land undir skipulag, opinberar byggingar og atvinnurekstur eða framkvæmdir er nauðsynlegt þykir að gera í landi jarðarinnar án annars endurgjalds en hlutfallslegrar lækkunar á jarðarafgjaldi, sbr. 22. gr. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi eða sá sem öðlast rétt yfir landinu greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.
28. Nýmæli er um aðgang jarðareiganda að jörð sem er í ábúð til að framkvæma úrbætur og til eftirlits með ástandi og meðferð jarðarinnar, sbr. 24. gr. Jarðareiganda er þó aldrei heimill aðgangur að jörðinni og mannvirkjum hennar þegar ábúandi er þar ekki viðstaddur nema að fengnu samþykki ábúanda. Er það í samræmi við almennar reglur íslensks réttar um friðhelgi einkalífs.
29. Nýmæli er um að jarðareiganda er heimilt að taka úr ábúð og leigja lóðir undir hús, land til atvinnustarfsemi og spildur til ræktunar í landi jarðar sem er í ábúð, enda valdi það ábúanda ekki verulegu tjóni og takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar eða búrekstrar með öðrum hætti á jörðinni að mati dómkvaddra matsmanna. Ef tjón verður á eignum ábúanda skal jarðareigandi greiða ábúanda bætur samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, sbr. 23. gr.
30. Nýmæli er um að ábúanda sé heimilt að segja upp lífstíðarábúð en bein ákvæði eru ekki um það í núgildandi lögum þótt það hafi verið talið gilda í framkvæmd, sbr. 36. gr.
31. Nýmæli er í frumvarpinu um tímamark sem miða ber uppsögn tímabundins ábúðarsamnings við, sbr. 34. gr.
32. Nýmæli er í frumvarpinu um gildistöku skriflegra tilkynninga sem sendar eru í samræmi við ákvæði laganna en samkvæmt því ber að telja þær komnar til viðtakanda ef þær eru sendar af stað með sannanlegum hætti innan lögbundinna tímamarka, sbr. 28. gr.
33. Nýmæli er um að ábúanda sé skylt að aflýsa þinglýstu byggingarbréfi innan viku frá ábúðarlokum. Sé það ekki gert getur jarðareigandi látið aflýsa því, sbr. 47. gr.
34. Nýmæli er í frumvarpinu um að óheimilt sé að ábúandi taki á sig meiri skyldur eða öðlist minni réttindi en frumvarp þetta mælir fyrir um nema það hafi að geyma sérstök ákvæði þess efnis. Þetta hefur reyndar verið talin gildandi regla í framkvæmd við skýringu núgildandi ábúðarlaga en hún hefur ekki fyrr verið færð í lagatexta, sbr. 29. gr.
35. Nýmæli er í 3. málsl. 4. mgr. 41. gr. að úttektarmenn skuli við úttektir leggja mat á kostnað við hreinsun og annan frágang ef viðskilnaður ábúanda er ekki í samræmi við 46. gr.
36. Nýmæli er í frumvarpinu að ef hjón hafa ábúðarrétt á jörð annað eða bæði og hjúskap þeirra lýkur án þess að þau komi sér saman um hvort þeirra skuli hljóta ábúðarréttinn skuli farið með slíkan ágreining að hætti hjúskaparlaga. Það hjóna sem hefur aðallega atvinnu sína af landbúnaðarstarfsemi á jörðinni skal hafa forgang að áframhaldandi ábúð á jörðinni án tillits til þess hvort þeirra hefur undirritað ábúðarsamning, sbr. 26. gr.
37. Nýmæli er í frumvarpinu um að þar sem fjallað er um hjón eða maka skuli með ákveðnum skilyrðum gilda sömu reglur um sambúðarfólk, sbr. 27. gr.

Frumvarpið var sent til umsagnar hjá ýmsum aðilum og hefur í því verið tekið tillit til margvíslegra athugasemda sem fram komu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna ákvæði um gildissvið laganna en samkvæmt því gilda þau um ábúð á jörðum og jarðahlutum. Lögin gilda hins vegar ekki um leigu nema sérstaklega sé um það samið að einstök ákvæði þeirra skuli hafa gildi um réttarsamband leigusala og leigutaka jarðar.

Um 2. gr.

Hér er að finna ákvæði sem hefur að geyma skilgreiningar á ýmsum hugtökum. Nauðsynlegt þykir að lögfesta þessar skilgreiningar til að ekki fari milli mála hvað átt er við með einstökum hugtökum og orðasamböndum í lögunum. Nokkur þessara hugtaka eru skilgreind í öðrum lögum. Ef ágreiningur verður um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt þessum lögum sker landbúnaðarráðherra úr.

Um 3. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í eldri lögum en efnislega felur þetta ákvæði ekki í sér breytingu frá eldri framkvæmd og því sem talið hefur verið gildandi réttur hér á landi.

Um 4. gr.

Hér er að finna ákvæði um hverjir geti verið ábúendur samkvæmt frumvarpinu og tekið af skarið um að einungis einstaklingar geti verið ábúendur. Það er í samræmi við þann skilning sem lagður hefur verið í gildandi ábúðarlög. Félög eða aðrir lögaðilar geta ekki verið ábúendur samkvæmt lögunum.

Um 5. gr.

Ákvæðið felur það í sér að ef ekki er samið um upphafs- og lokatímamark ábúðar skuli miða við að ábúð hefjist og ljúki í fardögum. Jarðareigandi og ábúandi geta þó samið um annað. Einnig felur ákvæðið í sér að samning um ábúð er unnt að gera tímabundið, þó ekki skemur en til fimm ára í senn, en einnig er heimilt að gera samning um ábúð til lífstíðar. Reglan um fimm ára lágmarksábúðartíma er sambærileg við ákvæði 5. gr. núgildandi ábúðarlaga. Í samræmi við 34. gr. geta ábúðarlok þó miðast við annað tímamark ef um er að ræða uppsögn jarðareiganda samkvæmt ákvæðum í samningum aðila.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði felur í sér grundvallarbreytingu frá eldri lögum og reyndar gildandi ábúðarlögum, en skv. 7. gr. þeirra laga er lögákveðið hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar við ákvörðun jarðarafgjalds. Skal það miðað við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda sem jörðinni fylgja og greiðast í peningum eftir verðlagsgrundvelli þeirra afurða sem við er miðað ár hvert, eða söluverð, sé um að ræða afurðir sem verðlagsgrundvöllur náði ekki til. Ef ekki næst samkomulag skal jarðanefnd úrskurða hvað sé hæfilegt jarðarafgjald. Ekki hefur verið farið eftir þessu ákvæði í framkvæmd á síðustu áratugum nema að mjög litlu leyti. Samkvæmt frumvarpi því sem hér liggur fyrir er í 6. gr. gert ráð fyrir að jarðareigandi og ábúandi hafi fullt samningsfrelsi til að ákveða

jarðarafgjald og einnig til að ákveða hvort og þá hvaða tryggingu ábúandi skuli setja fyrir greiðslu jarðarafgjalds.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá því sem er eftir núgildandi ábúðarlögum. Þegar jörð er byggð til lífstíðarábúðar samkvæmt gildandi ábúðarlögum er jarðareiganda ekki skylt að láta fylgja jörðinni önnur hús en þau sem þar eru við upphaf ábúðar, sbr. 10. gr. núgildandi ábúðarlaga. Ef jörð er hins vegar byggð til ákveðins árabils samkvæmt gildandi ábúðarlögum er jarðareiganda skylt að láta fylgja henni íbúðarhús og útihús í nothæfu ástandi að dómi úttektarmanna, sbr. 11. gr. sömu laga. Ef tilskilinn húsakostur er ekki til staðar þegar viðtaka fer fram skal í byggingarbréfi ákveðinn frestur sem jarðareigandi hefur til að bæta úr og tilgreint með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta ef ekki má ætla að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár. Fáar undantekningar eru frá þessari reglu. Í 7. gr. þessa frumvarps er hins vegar gert ráð fyrir að jörð sé afhent ábúanda í því ástandi sem hún er við upphaf ábúðar nema um annað sé samið og skal þess getið í byggingarbréfi. Jarðareiganda er samkvæmt þessu ákvæði óskylt að láta jörð sem ráðstafað er til ábúðar fylgja önnur hús en þau sem á henni eru við upphaf ábúðar. Nýmæli er að við upphaf ábúðar er alltaf skylt að fyrir liggi úttekt úttektarmanna eigi eldri en sex mánaða. Jarðareigandi greiðir kostnað af slíkri úttekt.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli en á sér stoð í gildandi framkvæmd og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta kemur að hluta til í stað 6. gr. núgildandi ábúðarlaga sem fjallar um að þegar jarðareigandi hefur vanrækt að gera byggingarbréf skuli litið svo á að jörð hafi verið byggð í lífstíðarábúð. Samkvæmt því ákvæði 9. gr. sem hér er fjallað um er gert ráð fyrir að ef ekki hefur verið gert byggingarbréf milli jarðareiganda og ábúanda skuli litið svo á að stofnast hafi ótímabundinn samningur um ábúð sem er uppsegjanlegur og skal uppsögn fara fram fyrir áramót og taka gildi í fardögum næst á eftir, sbr. 35. gr.

Um 10. gr.

Þetta ákvæði er að nokkru leyti sambærilegt við ákvæði 24. gr. núgildandi ábúðarlaga og skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Ekki er gert ráð fyrir að aðilar geti samið um minni leiguliðaafnot en þarna kemur fram, sbr. 29. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða ákvæði 2. mgr. 4. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Í 2. mgr. er það nýmæli að jarðareigandi og ábúandi geta samið um víðtækari afnot þeirra réttinda sem samkvæmt meginreglunni eru undanskilin afnotum ábúanda í 1. mgr.

Um 12. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 21. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli en þar er gert ráð fyrir að ef ábúandi vill gera breytingar á landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni skuli hann leita skriflegs samþykkis jarðareiganda.

Sama gildir ef ábúandi vill hætta landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð sinni. Getur það verið uppsagnarástæða, sbr. 12. gr., þar sem krafist er að ábúandi reki landbúnaðarstarfsemi á ábúðarjörð nema jarðareigandi og sveitarstjórn samþykki annað en m.a. getur jarðareigandi þá krafist þess að breyta ábúðarsamningnum í leigusamning.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá 12.–14. gr. núgildandi ábúðarlaga um heimildir ábúanda til að framkvæma endurbætur á eignum jarðareiganda eða til að byggja ný mannvirki. Samkvæmt ákvæðum núgildandi ábúðarlaga er ábúanda jafnan heimilt að framkvæma endurbætur á eignum jarðareiganda og byggja ný mannvirki ef sýnt er fram á að þeirra sé þörf til búrekstrar ábúanda. Jarðareigandi á þess kost að framkvæma endurbætur eða byggja ný mannvirki sjálfur en kjósi hann það ekki er ábúanda jafnan heimilt að gera það á eigin kostnað og er jarðareiganda að jafnaði skylt að kaupa þessar endurbætur af ábúanda við ábúðarlok, sbr. 16. gr. Í þessu ákvæði 14. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að ábúandi geti ekki framkvæmt endurbætur á mannvirkjum ábúðarjarðar sinnar eða byggt ný nema með skriflegu samþykki jarðareiganda. Það gildir þó ekki um ræktun sem háð er kaupskyldu jarðareiganda. Í samþykki skal jarðareigandi jafnframt tilgreina hvort hann samþykkir að kaupa þessar endurbætur eða nýju byggingar af ábúanda við ábúðarlok. Ef mannvirki á jörð sem er í ábúð fullnægja ekki kröfum laga og stjórnvaldsreglna um landbúnaðarstarfsemi ábúanda er jarðareiganda skylt að veita leyfi til framkvæmda og að samþykkja kaupskyldu á framkvæmdunum við ábúðarlok. Ákvæði núgildandi ábúðarlaga geta augljóslega verið mjög íþyngjandi fyrir jarðareiganda og falið í sér veruleg höft á eignarrétti hans. Kaupskylda skv. 16. gr. núgildandi ábúðarlaga er m.a. ekki alltaf raunhæft ákvæði ef gert er ráð fyrir að jarðareigandi búi við venjulegan fjárhag. Hins vegar getur synjun jarðareiganda á leyfi ábúanda til endurbóta komið mjög illa við ábúanda, t.d. geta komið upp þau tilvik að ábúandi hafi lífstíðarábúð á jörð eða erfðaábúð og hafi helgað allt sitt lífsstarf landbúnaðarstarfsemi á jörðinni. Mannvirki og ræktun ganga úr sér og verða ónothæf með tímanum, t.d. með tilliti til heilbrigðissjónarmiða ef litið er til mjólkurframleiðslu. Sú staða getur komið upp að mannvirki sem ábúandi hefur notað til mjólkurframleiðslu fullnægi ekki lengur kröfum laga og stjórnvaldsreglna til þeirrar starfsemi út frá heilbrigðissjónarmiðum. Ef ábúandi fær ekki leyfi til að endurbæta eða byggja ný mannvirki til starfsemi sinnar getur það auðveldlega leitt til þess að hann hrökklist af jörðinni og verði að hætta búskap. Þannig geta samningsákvæði um lífstíðarábúð orðið óvirk ef ekki er slíkur fyrirvari í lögunum. Hins vegar þykir ljóst að það ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest samrýmist betur nútímalöggjöf og aðstæðum en eldra ákvæðið. Rétt þykir hins vegar að jarðareigandi geti lagst gegn breytingum sem hafa í för með sér mikla áhættu og/eða tilkostnað.

Um 15. gr.

Ákvæðið er að verulegu leyti sama efnis og ákvæði 15. gr. núgildandi ábúðarlaga og 3. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þó eru hér sett sérstök ákvæði um skilyrði sem ábúendur verða að fullnægja til að geta öðlast veðsetningarheimild í ábúðarjörðum sínum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að slíkar heimildir geti eingöngu stofnast vegna lána sem tekin eru til framkvæmda á ábúðarjörð, þ.e. til byggingar eða endurnýjunar á mannvirkjum, til bústofnskaupa og til búvélakaupa. Í öðru lagi er hér sett það skilyrði að ábúendur sem vilja fá veðsetningarheimild í ábúðarjörð sinni verði sjálfir að eiga fasteignir á jörðinni til tryggingar þeim skuldum sem veðsetningarheimildinni er ætlað að tryggja, þ.e. ætlast er til að ábúendur eigi sjálfir fyrir heildarskuldum sínum sem tryggðar eru með veði

í ábúðarjörðinni. Skilyrði þetta er í 3. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sem gildir í dag aðeins um ríkisjarðir. Þetta þýðir í raun að samkvæmt þessu er verið að heimila ábúendum að veðsetja sínar eigin fasteignir á jörðunum. Þar sem jörðin verður hins vegar óhjákvæmilega veðandlag um leið þykir nauðsynlegt að tryggja rétt jarðareiganda með þeim hætti að ábúandi verði að eiga mannvirki á jörðinni til tryggingar skuldum sínum sem tryggðar eru með veði í jörðinni ef svo fer að ábúandi stendur ekki í skilum með skuldir sínar. Jarðareigandi og ábúandi geta að sjálfsögðu samið um rýmri veðsetningarheimildir en það leiðir af meginreglunni um samningsfrelsi.

Um 16. gr.

Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í núgildandi ábúðarlögum en verður að telja sjálfsagt og eðlilegt og þarfnast það ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. núgildandi ábúðarlaga að öðru leyti en því að tekið er fram að ábúandi skuli greiða annan rekstrarkostnað af jörðinni en þar er m.a. átt við hita, rafmagn o.fl. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 28. gr. núgildandi ábúðarlaga en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 19. gr. núgildandi ábúðarlaga en þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 26. gr. núgildandi ábúðarlaga. Hér er þó það nýmæli og sú undantekning gerð að ábúanda er heimilt að leyfa öðrum not landsnytja til beitar og slægna án leyfis landeiganda en hér er verið að samræma lögin gildandi framkvæmd auk þess sem eðlilegt og nauðsynlegt þykir að ábúandi hafi þennan rétt sem stuðlað getur að betri landnýtingu og hagkvæmni í landbúnaðarstarfsemi. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 21. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi ábúðarlögum og gildir það m.a. um styrki til skógræktar, sbr. 38. og 41. gr. Ákvæðið er í samræmi við gildandi framkvæmd og þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur það í sér að ábúandi sem verður að láta af hendi land samkvæmt þessu ákvæði á ekki rétt á bótum fyrir missi ábúðarréttar. Enn fremur á ábúandi við þessar aðstæður ekki rétt til hlutdeildar í kaupverði sem greitt er fyrir land samkvæmt þessu ákvæði og heldur ekki rétt til hlutdeildar í eignarnámsbótum. Ábúandi á hins vegar rétt til lækkunar jarðarafgjalds og skulu dómkvaddir matsmenn skera úr um lækkun jarðarafgjalds ef ágreiningur verður. Ef tjón verður á eignum ábúanda ber jarðareiganda eða þeim sem öðlast rétt yfir landinu að greiða ábúanda bætur fyrir það eftir mati dómkvaddra matsmanna

eða eftir atvikum yfirmatsmanna. Kostnað af undirmati greiðir jarðareigandi eða sá sem öðlast rétt yfir landinu en kostnað af yfirmati greiða aðilar að jöfnu og gildir það bæði um mat á lækkun jarðarafgjalds og tjón á eignum ábúanda.

Um 23. gr.

Ákvæði 1. málsl. er skylt ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga en hefur að geyma meiri takmarkanir en þar er gert ráð fyrir, þ.e. samkvæmt ákvæðinu er einungis gert ráð fyrir að jarðareigandi geti tekið úr ábúð landspildur og lóðir vegna eigin þarfa og vegna þarfa niðja sinna. Ekki er gert ráð fyrir að jarðareigandi geti tekið alla jörðina úr ábúð. Einnig eru meiri takmarkanir en áður á því hvaða ættingjar jarðareiganda geta fallið hér undir ákvæðið en það nær einungis til niðja. Hins vegar falla ekki lengur undir ákvæðið foreldrar og systkini. Með niðjum er átt við börn, kjörbörn, fósturbörn og barnabörn. Barnabörn falla hér undir án tillits til þess hvort þau eru ættleidd eða fósturbörn foreldra sinna. Þá nær ákvæðið til fjarskyldari niðja eftir sömu reglum. Ákvæði 2. málsl. er nýmæli og er í samræmi við framkvæmd sem tíðkast hefur um ríkisjarðir og einnig víða annars staðar. Meginreglan er sú að ákvæðið getur því aðeins átt við ef þær ráðstafanir sem þar er kveðið á um valda ábúanda ekki verulegu tjóni eða takmarka ekki aðstöðu hans til búrekstrar. Það þýðir hins vegar ekki að þetta ákvæði geti ekki átt við þótt eitthvert tjón verði á eignum ábúanda ef það telst ekki verulegt og verður að meta það hverju sinni. Ef tjón verður á eignum ábúanda ber jarðareiganda að greiða ábúanda bætur fyrir það eftir mati dómkvaddra matsmanna eða eftir atvikum yfirmatsmanna. Jarðareigandi skal greiða kostnað af undirmati en kostnað af yfirmati greiða aðilar að jöfnu.

Um 24. gr.

Hér er um að ræða nýmæli sem ekki er í gildandi ábúðarlögum en hefur viðgengist í framkvæmd og hlýtur að teljast eðlileg regla. Þær takmarkanir sem settar eru í ákvæðinu um samráð við ábúanda og viðveru hans eru í samræmi við gildandi rétt hér á landi um friðhelgi einkalífs.

Um 25. gr.

Ákvæði þetta er nánast samhljóða 2. mgr. 5. gr. núgildandi ábúðarlaga en þó þannig að maki tekur við ábúðarrétti látins maka, hvort sem um er að ræða ekkju eða ekkil.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa en það á sér hliðstæðu í húsaleigulögum, nr. 36/1994, og í því er einnig vísað til ákvæða hjúskaparlaga sem eru nú nr. 31/1993.

Um 27. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa en sambærileg ákvæði eru víða í íslenskri löggjöf.

Um 28. gr.

Sambærilegt ákvæði er ekki í núgildandi ábúðarlögum en slíkt ákvæði er hins vegar að finna í 13. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 29. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráðstafa ríkisjörðum til erfðaábúðar eftir gildistöku þessara laga en ekki þykir heldur raunhæft að jörðum í einkaeign verði ráðstafað með þeim hætti hér eftir enda þótt ekki sé girt fyrir það með ákvæðum laganna. Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að ábúendur sem öðlast hafa erfðaábúð haldi þeim réttindum m.a. á ríkisjörðum þrátt fyrir að lögin geri ekki ráð fyrir að jörðum verði ráðstafað með þeim hætti eftir gildistöku þeirra. Miðað er við að ákvæði IV. kafla laganna hafi að geyma sambærileg ákvæði og nú koma fram í V. kafla gildandi ábúðarlaga. Ákvæði kaflans gilda einnig um jarðir, aðrar en ríkisjarðir, sem ráðstafað verður til ábúðar eftir gildistöku laganna.

Um 31. og 32. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 36. og 37. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Hér að finna nýmæli um það tímamark sem miða ber uppsögn jarðareiganda við þegar um er að ræða tímabundinn ábúðarsamning. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 35. og 36. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Hér er ekki að finna skilgreiningu á því hvað teljast verulegar vanefndir í skilningi ákvæðisins en það hlýtur að fara nokkuð eftir atvikum og aðstæðum hverju sinni, og einnig eftir byggingarbréfi aðila. Ákvæðið er að öðru leyti sambærilegt við 30. gr. núgildandi ábúðarlaga. Verulegar vanefndir í skilningi ákvæðisins geta m.a. verið fólgnar í því að ábúandi býr ekki lengur á jörðinni eða rekur þar ekki landbúnaðarstarfsemi, greiðir ekki jarðarafgjöld fyrir eitt eða fleiri fardagaár eða að ábúandi sinnir ekki skyldum sínum að greiða lögboðna brunatryggingu af mannvirkjum jarðar, fasteignagjöld og aðra skatta og skyldur sem ábúanda ber að greiða. Einnig geta vanefndir ábúanda falist í því að hann greiðir ekki afborganir, vexti og verðtryggingu af lánum sem jarðareigandi hefur heimilað honum að veðsetja jörðina fyrir. Enn fremur getur fallið undir þetta ákvæði slæm umgengni ábúenda um ábúðarjörð, t.d. ef hún er þess eðlis að hún feli í sér rýrnun landgæða, húsakosts o.s.frv. Hér verður að leggja mat á vanefndir ábúenda í hverju einstöku tilviki. Ákvæði þetta gildir án tillits til tímalengdar ábúðar og án tillits til þess hvort fimm ára lágmarksábúðartími er liðinn eða ekki. Miðað er við að jarðareigandi afli umsagnar sveitarstjórnar um vanefndir ábúanda í öllum tilvikum. Ef uppsögn er byggð á að ábúandi hafi vanefnt viðhaldsskyldu sína á ræktun, mannvirkjum eða jörðinni eða öðru leyti skal einnig leita umsagnar úttektarmanna skv. 39. gr. Umsagnir þessara aðila eru ekki bindandi fyrir jarðareiganda við ákvörðun um hvort skilyrði séu fyrir hendi til að segja upp ábúðarsamningi við ábúanda og er það nýmæli miðað við 30. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða grundvallarbreytingar frá ákvæðum núgildandi ábúðarlaga. Meginreglan skv. 16. gr. þeirra er að jarðareiganda er skylt að kaupa af ábúanda við ábúðarlok eignir og endurbætur hans sem til frambúðar er haganlega fyrir komið og nauðsynlegar eru til búrekstrar á jörðinni að dómi úttektarmanna á því verði sem úttektarmenn eða eftir atvikum yfirmatsnefnd metur, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald að mati úttektarmanna. Í þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að kaupskylda jarðareiganda á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda takmarkist við þær eignir og endurbætur sem jarðareigandi hefur samþykkt skriflega að kaupa af ábúanda. Það gildir þó ekki um ræktun sem er ábúanda heimil án sérstaks leyfis jarðareiganda og er háð kaupskyldu jarðareiganda við ábúðarlok, þó ekki skógrækt, sbr. 2. mgr. Ákvæði 2. málsl. er efnislega samhljóða ákvæði 38. gr. núgildandi ábúðarlaga varðandi heimild ábúanda og jarðareiganda til að semja um kaupverð mannvirkja, ræktunar og annarra framkvæmda fráfarandi ábúanda. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að tryggður sé réttur þeirra ábúenda sem byggt hafa mannvirki og framkvæmt endurbætur fyrir gildistöku laganna á grundvelli 16. gr. núgildandi ábúðarlaga en gert er ráð fyrir að um réttarstöðu þeirra fari eftir reglum sem eru sambærilegar því ákvæði þrátt fyrir gildistöku þessara laga. Þá er nýmæli í ákvæðinu um að endurgreiða skuli ábúanda framlög hans til skógræktar á jörðunum en þar er eingöngu átt við þau framlög til skógræktar sem ábúandinn hefur sjálfur innt af hendi og að því tilskildu að jarðareigandi hafi samþykkt skógræktina. Við útreikning á þeim fjárhæðum sem jarðareiganda ber að endurgreiða ábúanda skal því ekki reikna með framlög sem innt hafa verið af hendi úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, eða öðrum lögum um sama efni, hvorki framlög til efniskaupa né vinnu sem greitt hefur verið fyrir úr ríkissjóði.

Um 39. og 40. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða ákvæðum 39. og 40. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða ákvæði 41. gr. núgildandi ábúðarlaga. Hér er að finna sérstakar reglur um matsaðferðir úttektarmanna og yfirmatsnefndar en samkvæmt þeim skal miða mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við gildandi skipulagsforsendur og nýviðri að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Hugtakið nýviðri hefur verið skilgreint með þeim hætti að þar sé átt við kostnað sem því mundi fylgja á matsdegi að reisa eða smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Frá því ber að draga eðlilegar afskriftir. Ekki er í frumvarpinu að finna umfjöllun um hvað séu eðlilegar afskriftir en gera má ráð fyrir að þær miðist við sömu sjónarmið og lánastofnanir miða við mat á veðhæfni eigna í tengslum við afgreiðslu lánsumsókna. Hér má t.d. benda á matstölur Lánasjóðs landbúnaðarins og matsaðferðir Íbúðalánasjóðs eftir því sem við getur átt. Þá er hér nýmæli um hvernig reikna skuli framlög sem jarðareiganda ber að endurgreiða ábúanda vegna skógræktar á ábúðarjörð. Ekki er miðað við að ábúandi öðlist eignarhlutdeild í skóginum sem myndast en hann er eign jarðareiganda sem tekur jafnframt á sig þær skyldur sem hvíla á jörðinni um endurgreiðslu framlaga til landshlutabundinna skógræktarverkefna í formi hlutdeildar í þeim skógi sem grisjaður er af jörðinni í framtíðinni en sú endurgreiðsluskylda jarðareiganda miðast við 15% af skóginum, sbr. t.d. lög nr. 56/1999, um landshluta-

bundin skógræktarverkefni. Ábúandi fær hins vegar aðeins endurgreidd þau framlög sem hann hefur innt af hendi í fjárhæðum, sem eru venjulega 3% af efni til skógræktar en ríkissjóður greiðir 97% efnis til þátttakenda í landshlutabundnum skógræktarverkefnum. Enn fremur hafa ábúendur og jarðeigendur laun fyrir vinnu sína við þátttöku í landshlutabundnum skógræktarverkefnum og þykir ekki ástæða til að jarðareigandi greiði ábúanda það en litið er á slík framlög sem styrki til jarðarinnar, sbr. og 21. gr. Ekki ber því að meta vinnu ábúanda við skógrækt á jörðinni sem ábúandi hefur þegið laun fyrir sem þátttakandi í landshlutabundnum skógræktarverkefnum.

Um 42. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 42. gr. núgildandi ábúðarlaga.

Um 43. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 43. gr. núgildandi ábúðarlaga. Nýmæli er að ef óskað er úttektar í öðrum tilvikum en við ábúðarlok skuli sá sem óskar slíkrar úttektar greiða af henni kostnað.

Um 44. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 44. gr. núgildandi ábúðarlaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 45. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur í sér vinnureglu við frágang ábúðarloka. Í ákvæðinu er greint hvernig fara skuli með ef ekki næst samkomulag um greiðsluskilmála kaupverðs en undanfari þessa ákvæðis er nú í 16. gr. gildandi ábúðarlaga. Ákvæðið miðar að því að fara nær þeim reglum sem nú gilda um önnur fasteignaviðskipti en fráfarandi ábúendur eru oftast að kaupa aðrar fasteignir um leið og þessi viðskipti eiga sér stað, t.d. íbúðarhús, og þurfa því að fá sambærilega greiðsluskilmála og þeim er sjálfum gert að sæta við fasteignakaup á hinum almenna markaði.

Um 46. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við ákvæði 23. gr. núgildandi ábúðarlaga en þó gert ráð fyrir að aðilar semji um tímamark og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 47. gr.

Ákvæðið er nýmæli en þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 48.–50. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að jarðeigendur og ábúendur kunni að hafa gert samninga með ýmsum hætti sem ekki samrýmast ákvæðum þessara laga. Gert er ráð fyrir að slík samningsákvæði standi óhögguð eftir gildistöku þessara laga án tillits til efnis þeirra eða hvort þau séu ívilnandi eða íþyngjandi. Einnig er þar sérstakt ákvæði um að ef jarðareigandi hefur fyrir gildistöku þessara laga á grundvelli heimildar í núgildandi ábúðarlögum eða eldri laga um sama efni tekið ákvörðun um aðra nýtingu jarðar, hlunninda jarðar eða ítaka sem

jörð á í öðrum jörðum en lög þessi gera ráð fyrir skuli þær ákvarðanir halda gildi sínu eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort slíkar ákvarðanir veita ábúanda minni eða meiri rétt að þessu leyti en lög þessi gera ráð fyrir. Ekki skiptir heldur máli hvort slíkar ákvarðanir eru færðar í byggingarbréf ábúanda. Þetta getur t.d. átt við ef jarðareigandi hefur tekið aðra ákvörðun um nýtingu reka eða rekaítaka skv. 25. gr. núgildandi ábúðarlaga en slíkar ákvarðanir standa þá óhaggaðar eftir gildistöku þessara laga. Sama gildir ef jarðareigandi og ábúandi hafa samið um önnur not jarðar, hlunninda eða ítaka sem jörð á í öðrum jörðum en lög þessi gera ráð fyrir en gildistaka þessara laga haggar ekki slíkum samningum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Gert er ráð fyrir að lögin í heild öðlist gildi 1. júlí 2004. Nokkur ákvæði laganna fela hins vegar í sér miklar breytingar á réttarstöðu þeirra sem eiga að hlíta þeim, t.d. ákvæði um kaupskyldu jarðareiganda á ræktun, mannvirkjum og öðrum endurbótum og framkvæmdum fráfarandi ábúanda. Ljóst er að fjölmargir ábúendur hafa lagt fjármuni í endurbætur, framkvæmdir og nýjar byggingar á ábúðartíma sínum og byggt heimildir sínar til þess á ákvæðum núgildandi ábúðarlaga í trausti þess að um kaupskyldu á þeim gilti ákvæði 16. gr. sömu laga. Skilyrði fyrir heimild ábúanda til endurbóta, framkvæmda og/eða nýbygginga eru þar að meginstefnu þau að þeirra sé þörf til búreksturs ábúanda án tillits til þess hvort jarðareigandi hefur samþykkt þessar endurbætur, framkvæmdir eða nýbyggingar. Jarðareigandi á rétt á að framkvæma þær sjálfur en kjósi hann það ekki getur ábúandi gert það og hefur jarðareigandi þá kaupskyldu á slíkum framkvæmdum ábúanda við ábúðarlok. Samkvæmt frumvarpi þessu eru heimildir ábúanda til endurbóta, framkvæmda og nýbygginga mun takmarkaðri og bundnar við að jarðareigandi hafi samþykkt þær skriflega og skuldbundið sig í samþykki sínu til að kaupa þær af ábúanda við ábúðarlok. Ekki þykir því unnt að þessu ákvæði laganna verði beitt með afturvirkum hætti þar sem það getur verið mjög íþyngjandi og ósanngjarnt fyrir ábúendur. Um skyldu jarðareiganda til að kaupa endurbætur, framkvæmdir og nýbyggingar sem gerðar hafa verið í gildistíð eldri laga í samræmi við heimildir samkvæmt ákvæðum núgildandi ábúðarlaga fer eftir sambærilegum reglum og fram koma í 16. gr. sömu laga sem tilgreindar eru í ákvæði til bráðabirgða II. Ábúandi getur þó krafist þess að um kaupskyldu á eignum og endurbótum hans verði eingöngu miðað við þær reglur sem fram koma í 38. gr. þessara laga en ábúandi á val um það en verður að velja aðra leiðina að öllu leyti. Reglur þessar gilda aðeins um þá sem eru ábúendur við gildistöku þessara laga og hafa framkvæmt og gert endurbætur í gildistíð núverandi ábúðarlaga en ekki um síðari ábúendur sem kunna að taka við eignunum af þeim við ábúendaskipti.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til ábúðarlaga.

Tilgangur frumvarpsins er að setja ný lög í stað gildandi ábúðarlaga, nr. 64/1976. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að færa löggjöf um ábúð á jörðum í átt til nútímans

og samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1194. Frumvarp til jarðalaga. [783. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

2. gr.
Skilgreiningar.

Afréttur merkir í lögum þessum landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Almenningur merkir í lögum þessum landsvæði sem enginn aðili getur talið til einkaeignarréttar yfir.

Ábúandi merkir í lögum þessum einstakling sem hefur afnotarétt af jörð eða jarðarhluta með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

Ábúð merkir í lögum þessum afnotarétt af jörðum eða jarðahlutum til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar með réttindum og skyldum samkvæmt ábúðarlögum.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Eyðijörð merkir í lögum þessum jörð sem ekki hefur verið setin í tvö ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðareigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð.

Fasteign merkir í lögum þessum afmarkaðan hluta lands ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt.

Félagsbú merkir í lögum þessum bú þar sem tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning um að standa sameiginlega að búrekstri á einu eða fleiri lögbýlum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af rekstri félagsbúsins og séu allir búsettir á viðkomandi lögbýli/lögbýlum.

Greiðslumark merkir í lögum þessum tiltekinn fjölda ærgilda eða magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslna úr ríkissjóði.

Ítak merkir í lögum þessum takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.

Jarðefni merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Jörð merkir í lögum þessum land með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum ef um er að ræða jörð eða hjáleigu sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Það gildir þó ekki um lóðir undir sumarbústaði án tillits til þess hvort þær eru í skipulögðu sumarbústaðahverfi og heldur ekki landspildur á svæðum sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.

Lögbýli merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða búrekstraraðstöðu að unnt sé að stunda þar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Lögbýli teljast enn fremur jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbýli, sbr. 21.–27. gr.

Mannvirki merkja í lögum þessum hvers konar byggingar og fylgifé þeirra sem er varanlega skeytt við land.

Netlög merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka ár eða stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Ríkisjarðir eru jarðir í eigu ríkis, opinberra stofnana og opinberra sjóða.

Ræktun eða ræktað land merkir í lögum þessum land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en hefur orðið það við áburðargjöf og er notað sem slíkt.

Skipulagt land merkir í lögum þessum landsvæði þar sem í gildi er staðfest eða samþykkt skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, eftir atvikum svæðis-, aðal- og/eða deiliskipulag.

Vatnsréttindi merkja í lögum þessum rétt til að nytja grunnvatn, vatnsfall eða stöðuvatn.

Þéttbýli merkir í lögum þessum þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Rísi ágreiningur um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt lögum þessum sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um allt land sem ekki er undanskilið skv. 2. mgr., þ.m.t. jarðir, jarðahluta, afréttarlönd, almenninga, öræfi, þjóðlendur og hvers konar land, eyðijarðir, landspildur, lóðir, mannvirki, skóga, vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi, jarðhitaréttindi og aðrar náttúruauðlindir, svo og hvers konar aðrar fasteignir, fasteignaréttindi, ítök og hlunnindi á landi og innan netlaga, hvort sem þau hafa verið skilin frá jörð eða ekki.

Undanskilið ákvæðum þessara laga eru jarðir, annað land, fasteignir og fasteignaréttindi í þéttbýli sem skipulagt hefur verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað með skipulagi staðfestu og/eða samþykktu af skipulagsyfirvöldum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingar-

laga. Það gildir þó ekki um lögbýli en ákvæði þessara laga gilda um öll lögbýli í þéttbýli án tillits til hvaða skipulag gildir um landsvæði þeirra.

4. gr.

Yfirstjórn.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi gilda um.

II. KAFLI
Landnotkun o.fl.

5. gr.

Land í landbúnaðarnotum.

Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þar með taldir afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 8. gr.

6. gr.

Lausn úr landbúnaðarnotum.

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að land sem er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar verði leyst úr landbúnaðarnotum. Einnig getur landbúnaðarráðherra veitt leyfi til að land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum verði aftur tekið til þeirra nota ef það er í samræmi við skipulagt land á viðkomandi svæði.

Beiðni skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og send landbúnaðarráðuneytinu ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum af því landi sem beiðni lýtur að, veðbókarvottorði og umsögn sveitarstjórnar. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar Bændasamtaka Íslands.

Leyfi landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

7. gr.

Sumarbústaðahverfi.

Óheimilt er að byggja sumarbústaðahverfi á landi sem ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum. Það telst vera sumarbústaðahverfi þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru samliggjandi eða á sama landi.

8. gr.

Skipulag.

Þar sem í skipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun svæða sem nýtt hafa verið til landbúnaðar skal leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en viðkomandi skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Ef við gildistöku laga þessara er í gildi formleg skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, þar sem gert er ráð fyrir annarri landnotkun en landbúnaði, gilda ákvæði 5. gr. ekki um nýtingu landsins.

9. gr.

Eignarnám.

Ef landnotkun er ekki í samræmi við ákvæði þessara laga eða ef þörf er á landi til opinberra nota eða í þágu almannahagsmuna í samræmi við markmið þessara laga, sbr. 1. gr.,

getur landbúnaðarráðherra ákveðið að taka viðkomandi land eignarnámi að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar.

Um eignarnám skv. 1. mgr. skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, með síðari breytingum.

10. gr.

Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi skal skipa sérstaka landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndir sveitarfélaga skulu í umboði sveitarstjórnar vera ráðgefandi um landnotkun, hafa eftirlit með að meðferð og nýting lands, annarra fasteigna og fasteignaréttinda sé í samræmi við ákvæði þessara laga, fylgjast með að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga og stuðla að góðri umgengni um land og mannvirki. Þá skulu landbúnaðarnefndir sveitarfélaga fjalla um öll mál sem sveitarstjórnum eru falin samkvæmt lögum þessum og sinna öðrum verkefnum sem þeim eru falin með lögum.

Um skipan og starfsemi landbúnaðarnefnda sveitarfélaga fer að öðru leyti eftir sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Kostnaður við störf landbúnaðarnefnda sveitarfélaga greiðist af sveitarfélögum.

III. KAFLI
Eignarréttur og aðilaskipti jörðum, öðru landi o.fl.

11. gr.

Eignarréttur að jörðum, öðru landi, fasteignum o.fl.

Eignarréttur að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem lög þessi gilda um, þ.m.t. afréttum, getur verið hjá einstaklingum, íslenska ríkinu og stofnunum þess, sveitarfélögum og stofnunum þeirra eða öðrum lögaðilum, enda séu uppfyllt skilyrði laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

Um rétt erlendra aðila til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt að jörðum, öðru landi, fasteignum eða fasteignaréttindum sem lög þessi gilda um fer eftir ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum, nema undantekningar frá því séu gerðar með lögum.

Um landamerki, nýtingu auðlinda og hlunninda, skipulag, gerð og nýtingu mannvirkja, búfjárhald, atvinnustarfsemi og meðferð eða takmarkanir á nýtingu lands fer eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma.

12. gr.

Hlunnindi.

Hlunnindi sem fylgja jörð eru eign jarðareiganda, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

Óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörð, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

13. gr.

Greiðslumark.

Um eignarhald, meðferð, nýtingu og heimild til framsals á greiðslumarki lögbýla fer eftir ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og annarra gildandi laga á hverjum tíma.

14. gr.

Félög um eignarhald, fyrirsvar og rekstur jarða.

Ef eigendur jarðar sem lög þessi gilda um eru fleiri en einn er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald, fyrirsvar og rekstur jarðarinnar en geta valið um félagsform. Um stofnun félagsins, samþykktir og önnur atriði fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Félagsmenn skulu kjósa sér fyrirsvarsmann samkvæmt ákvæðum í samþykktum félagsins sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda. Í samþykktum félagsins skulu vera ákvæði um að fyrirsvarsmaður geti tekið ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar og einnig ákvarðanir um minni háttar viðhald og viðgerðir og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Um aðrar ákvarðanir og framkvæmdir sem ganga lengra fer eftir ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félög og fyrirsvarsmenn þeirra skal tilkynna til sýslumanns er þinglýsi þeirri tilkynningu á viðkomandi fasteign, svo og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum. Um aðra skráningu slíkra félaga fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef eigendur jarðar eru hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra.

15. gr.

Aðilaskipti að jörðum, öðru landi o.fl.

Stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem lög þessi gilda um, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, kaupleigu, leigu og ábúð, skal tilkynna sveitarstjórn.

Sveitarstjórnir skulu halda skrá um aðilaskipti og eignarhald að jörðum, öðru landi og fasteignum í sveitarfélaginu.

16. gr.

Jarðaskrá.

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna þar sem fram koma upplýsingar um allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land samkvæmt þessum kafla en er heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Í jarðahluta Landskrár fasteigna, sem Fasteignamat ríkisins heldur skv. 1. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, skulu koma fram upplýsingar um nöfn jarða og annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu, hvort félagsbú er á jörðinni og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð. Fasteignamat ríkisins skal í þessum tilgangi leggja til skráningarsvæði fyrir framangreindar upplýsingar án sérstaks kostnaðar fyrir ráðuneytið.

Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, sveitarstjórnum, sýslumönnum og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té endurgjaldslaust allar upplýsingar sem það óskar eftir við skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna. Sama gildir um aðra aðila sem annast skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna í umboði ráðuneytisins.

Um afhendingu og sölu upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

IV. KAFLI
Landskipti, sameining lands o.fl.

17. gr.
Landskipti o.fl.

Um skipti á landi sem lög þessi gilda um fer eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma.

Ákvæði þessa kafla gilda um skipti á landi sem tilheyrir einni jörð, svo og um skipti á landi milli tveggja eða fleiri jarða. Einnig gilda ákvæði þessa kafla um sameiningu á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta. Samningar um leigu á landi, þ.m.t. lóðarleigu, fela ekki í sér landskipti samkvæmt þessum kafla.

Við stofnun nýrra jarða og lóða skv. 2. mgr. skal gæta ákvæða III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

18. gr.
Staðfesting landskipta.

Skipti á landi sem tilheyrir einni jörð og sameiginlegu landi tveggja eða fleiri jarða skulu staðfest af landbúnaðarráðherra. Beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum, svo og lýsing á landskiptunum. Beiðninni skal fylgja samningur um landskipti eða landskiptagerð ásamt stofnskjali ef við á, uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, veðbókarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og önnur gögn sem kunna að liggja til grundvallar landskiptum og landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram. Í skiptasamningi eða landskiptagerð um skipti á landi sem tilheyrir einu lögbýli skal tekið fram hvaða jarðarhluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lögbýlis. Leigusamningar, þ.m.t. lóðarleigusamningar, teljast ekki til landskipta í skilningi þessa ákvæðis.

Við meðferð beiðni skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra leita umsagnar Bændasamtaka Íslands.

Staðfestingu landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

19. gr.
Land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum.

Ef jarðahlutar eða landspildur eru leystar úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörð skal landbúnaðarráðherra eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum þeirra en önnur skipti á landinu falla utan við gildissvið þessara laga.

20. gr.
Sameining jarða.

Leyfi landbúnaðarráðherra þarf til sameiningar á landi tveggja eða fleiri jarða eða jarðahluta. Beiðni um leyfi skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng eigenda jarða eða lands sem óskað er eftir að sameina eða leggja til afrétta, svo og lýsing á legu jarða og landamerkjum þeirra. Beiðninni skal fylgja uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum, veðbókarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og önnur gögn sem landbúnaðarráðherra óskar eftir að lögð verði fram.

Óheimilt er að sameina land jarða eða jarðahluta sem ekki tilheyra sama sveitarfélagi eða lögsagnarumdæmi.

Við meðferð beiðni skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra leita umsagnar Bændasamtaka Íslands.

Leyfi landbúnaðarráðherra ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

V. KAFLI
Lögbýli, félagsbú o.fl.

21. gr.
Leyfi til stofnunar lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að stofna ný lögbýli til starfsemi á sviði landbúnaðar eins og hann er skilgreindur í 2. gr. ef uppfyllt eru skilyrði sömu greinar um skilgreiningu á lögbýli.

22. gr.
Umsókn um stofnun nýs lögbýlis.

Umsókn um stofnun nýs lögbýlis skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem óska eftir að stofna lögbýli, nafn jarðar eða fasteignar, sveitarfélag, stærð, ræktun og mannvirki, svo og upplýsingar um hvers konar búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi er fyrirhugað að stunda á lögbýlinu. Umsókn skulu fylgja gögn er sýni að umsækjandi hafi með þinglýstum kaupsamningi/afsali eða samningi um ábúð/leigu til a.m.k. 20 ára tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu, veðbókarvottorð, umsögn sveitarstjórnar og umsögn héraðsráðunautar búnaðarsambands um búrekstrarskilyrði á lögbýlinu eða annars aðila með sérþekkingu á þeim atvinnurekstri sem fyrirhugað er að stunda á lögbýlinu.

23. gr.
Skipulag og nálægð annarra jarða.

Við stofnun nýs lögbýlis skal þess gætt að það sé í samræmi við staðfest skipulag ef það er fyrir hendi og að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða.

24. gr.
Landstærð, mannvirki o.fl.

Við meðferð umsóknar um stofnun nýs lögbýlis skal landbúnaðarráðuneytið leggja mat á stærð ræktanlegs lands, mannvirki og búrekstraraðstöðu að öðru leyti eða hvort unnt sé að stunda þá atvinnustarfsemi sem umsókn um stofnun lögbýlis er byggð á.

25. gr.
Leyfi til stofnunar lögbýlis.

Leyfi landbúnaðarráðherra til stofnunar lögbýlis skal vera skriflegt og skulu þar koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng stofnenda lögbýlis, nafn jarðar sem lögbýli er stofnað á eða úr, sveitarfélag og lögsagnarumdæmi, starfsemi sem fyrirhuguð er á lögbýlinu og önnur atriði sem landbúnaðarráðherra ákveður að þar skuli koma fram.

26. gr.
Heiti lögbýlis.

Þegar leyfi landbúnaðarráðherra til stofnunar lögbýlis hefur verið gefið út skal leyfishafi leita eftir samþykki örnefnanefndar fyrir heiti lögbýlisins í samræmi við ákvæði laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl.

27. gr.

Þinglýsing.

Leyfi til að stofna lögbýli skal þinglýst og öðlast það þá fyrst gildi.

28. gr.

Niðurfelling lögbýlisréttar.

Landbúnaðarráðherra getur fellt niður lögbýlisrétt ef lögbýli fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli.

Einnig getur landbúnaðarráðherra fellt niður lögbýlisrétt ef eigandi lögbýlis óskar þess. Beiðni skulu fylgja sömu upplýsingar og gögn og kveðið er á um í 22. gr.

Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar sveitarstjórnar og Bændasamtaka Íslands skv. 1. og 2. mgr.

Ákvörðun landbúnaðarráðherra um niðurfellingu lögbýlisréttar skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

29. gr.

Endurbygging eyðijarðar.

Ef áformað er að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi skal senda tilkynningu þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands í því formi sem landbúnaðarráðherra ákveður.

30. gr.

Félagsbú.

Heimilt er að stofna félagsbú á lögbýlum um starfsemi skv. 21. gr.

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni eða börnum geta þó ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og á barn saman eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Tilkynna skal landbúnaðarráðuneytinu og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um stofnun og slit félagsbús. Félagsbússamningur skal fylgja tilkynningu um stofnun félagsbús en tilkynningu um slit félagsbús skal fylgja samningur eða yfirlýsing um slit undirrituð af öllum aðilum félagsbús.

31. gr.

Lögbýlaskrá.

Landbúnaðarráðuneytið skal 31. desember ár hvert gefa út lögbýlaskrá fyrir allt landið á grundvelli upplýsinga úr jarðaskrá, sbr. 16. gr. Í lögbýlaskrá skulu koma fram upplýsingar um nöfn allra lögbýla, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að lögbýli, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu og hvort þar sé rekið félagsbú, svo og aðrar upplýsingar sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt að fela öðrum aðila að annast gerð lögbýlaskrár í umboði ráðuneytisins.

Ef ágreiningur ris um skráningu jarðar á lögbýlaskrá sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og sveitarstjórnar.

Um afhendingu og sölu upplýsinga um skráð lögbýli úr jarðahluta Landskrár fasteigna fer eftir lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum.

VI. KAFLI
Forkaupsréttur.

32. gr.
Forkaupsréttur sveitarfélaga.

Sveitarfélag á forkaupsrétt að landi og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins sem lög þessi gilda um og fyrirhugað er að selja eða ráðstafa varanlega með öðrum hætti ef sveitarfélagi er þörf á að fá umráð yfir slíkum fasteignum til nota fyrir opinbera starfsemi sveitarfélags eða sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélags.

33. gr.
Forkaupsréttur ábúenda.

Ábúendur sem hafa haft ábúðarrétt í sjö ár eða lengri tíma eiga forkaupsrétt að ábúðarjörðum sínum á undan sveitarstjórn, enda taki þeir jarðirnar til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Falli ábúandi frá heldur maki hans forkaupsrétti að jörð.

Forkaupsréttur ábúanda fellur niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúðarsamningi vegna vanefnda.

34. gr.
Nauðungarsala.

Ef jarðir eða aðrar fasteignir sem lög þessi gilda um eru seldar við nauðungarsölu geta forkaupsréttarhafar skv. 32. og 33. gr. gengið inn í hæsta boð, enda tilkynni þeir það áður en lokið er að leita boða í eignina við nauðungarsölu eða innan fimm sólarhringa frá því að þeim er kynnt kauptilboð sem aflað er við nauðungarsölu á almennum markaði.

35. gr.
Forkaupsréttartilboð.

Forkaupsréttur skal boðinn forkaupsréttarhöfum skv. 32. og 33. gr. skriflega með sannanlegum hætti. Í forkaupsréttartilboði skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng seljanda og kaupanda, greinargóð lýsing á þeirri fasteign sem verið er að selja, kaupverð, greiðsluskilmálar, afhendingartími og aðrir söluskilmálar sem skilgreindir skulu á tæmandi hátt. Ef um makaskipti er að ræða skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Ef ábúendur að jörð eru fleiri en einn skal bjóða hverjum þeirra um sig forkaupsrétt að jörðinni. Forkaupsréttarhafar skulu svara skriflega og afdráttarlaust innan 30 daga eftir að forkaupsréttartilboð barst hvort þeir hyggist neyta forkaupsréttar.

Vanræki forkaupsréttarhafi að svara forkaupsréttartilboði innan tilskilins frests hefur hann glatað forkaupsrétti í það sinn.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar fellur úr gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá dagsetningu hennar.

36. gr.
Kaupverð.

Ef kaupverð fasteignar sem forkaupsréttur skv. 32. og 33. gr. gildir um er bersýnilega ósanngjarnt geta forkaupsréttarhafar krafist þess að það verði metið af dómkvöddum matsmönnum eða yfirmatsmönnum og gildir það þá sem söluverð.

Forkaupsréttarhafi skal taka ákvörðun um að krefjast mats innan 15 daga frá því að forkaupsréttartilboð barst honum.

Forkaupsréttarhafi skal innan viku frá því að matsgerð skv. 1. mgr. barst honum ákveða hvort hann neytir forkaupsréttar samkvæmt matsgerðinni. Matsgerð skal lokið innan fjögurra vikna frá þeim tíma sem fresti skv. 2. mgr. lauk.

Matsmenn ákveða matskostnað og hvernig hann greiðist.

37. gr.

Undanþágur frá forkaupsrétti.

Ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt gilda ekki þegar:

1. Eigandi jarðar, annars lands, fasteignar eða fasteignaréttinda sem lög þessi gilda um selur eða afhendir jörð eða aðra fasteign maka sínum, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, öðrum niðjum, systkini eða foreldri. Sama gildir ef jörð fellur í erfðir til sömu aðila.
2. Ríkissjóður ráðstafar jörðum, öðru landi, fasteignum eða fasteignaréttindum sem lög þessi gilda um.

Falli jarðir, annað land eða fasteignir sem lög þessi gilda um í erfðir til annarra en þeirra sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. skulu ákvæði þessa kafla um forkaupsrétt koma til framkvæmda. Náist ekki samkomulag um verð skal um mat á kaupverði fara eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

38. gr.

Málshöfðunarfrestur.

Ef seljandi lands eða annarrar fasteignar vanrækir að bjóða forkaupsrétt í samræmi við ákvæði þessa kafla geta forkaupsréttarhafar borið þá ákvörðun undir dómstóla til ógildingar. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að forkaupsréttarhöfum varð kunnugt um ráðstöfun.

VII. KAFLI
Ríkisjarðir.

39. gr.

Forræði ríkisjarða.

Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði allra ríkisjarða, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum.

40. gr.

Ábúð, leiga o.fl.

Ríkisjarðir sem ekki eru byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða ráðstafað til skógræktar, svo og jarðir sem ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess, er heimilt að leigja lengst til tíu ára í senn. Sömu reglur gilda um landspildur stærri en 5 hektarar.

Leigusamninga um lóðir úr ríkisjörðum allt að 5 hektarar að stærð er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við ákvæði laga, svo sem skipulags- og byggingarlaga. Um stofnun slíkra lóða fer eftir III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

41. gr.

Sala til sveitarfélaga.

Heimilt er að selja ríkisjarðir eða hluta þeirra þeim sveitarfélögum sem jarðirnar eru í og einnig stofnunum og fyrirtækjum þeirra.

42. gr.

Sala til ábúenda.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum eiga rétt á að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að ábúandi hafi haft ábúð á jörðinni í a.m.k. sjö ár.
2. Að ábúandi leggi fram yfirlýsingu hlutaðeigandi sveitarstjórnar um að hann hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái jörðina keypta. Í yfirlýsingu sveitarstjórnar skulu koma fram upplýsingar um hvort ábúandi hafi lögheimili og búi á jörðinni, hvaða starfsemi sé á jörðinni, hvert sé ástand mannvirkja, hvernig jörðin hefur verið setin og önnur atriði sem sveitarfélög óska eftir að taka fram. Umsögn sveitarstjórnar skal byggð á framangreindum atriðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ríkisjarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki jarðir sem 45. gr. gildir um.

43. gr.

Söluverð.

Söluverð ríkisjarða sem seldar eru skv. 41. og 42. gr. skal metið af matsaðilum sem landbúnaðarráðuneytið kveður til og greiðir ráðuneytið af því kostnað. Mat á söluverði skal taka mið af skipulagsforsendum og afskrifuðu nýviði ræktunar, fasteigna og annarra matsþátta. Kaupendum er einnig heimilt að óska eftir að söluverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum og skulu kaupendur þá sjálfir greiða fyrir undirmat en yfirmat greiðir sá sem óskar þess. Mat á söluverði ríkisjarða skal ná til jarðar, hlunninda, mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks. Greiðslumark ríkisjarða sem seldar eru ábúendum skv. 42. gr. skal þó ekki metið sérstaklega til verðs. Ef jörðum sem ábúendur hafa keypt er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef greiðslumark er selt frá jörðunum innan tíu ára frá sölu skulu kaupendur endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem skal miðað við markaðsverð greiðslumarks á þeim tíma þegar endurgreiðsla fer fram en að teknu tilliti til jafnra, árlegra fyrninga sem skulu vera 10% á ári. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.

44. gr.

Auglýsingaskylda við sölu ríkisjarða.

Ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja, aðrar en þær sem ákvæði 41. og 42. gr. gilda um, skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og skal leitað eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Kaupverð skal að jafnaði vera hagkvæmasta tilboð með tilliti til verðs og greiðsluskilmála en alltaf er heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um sölu á ríkisjörðum eða jarðahlutum til aðila sem reka þar starfsemi á sviði landbúnaðar eða aðra atvinnustarfsemi ef hagsmunir sveitarfélags krefjast þess að viðkomandi jarðir eða jarðahlutar verði seldir þeim aðilum.

45. gr.

Ríkisjarðir sem ekki skal selja.

Ríkisjarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota skal ekki selja og heldur ekki jarðir sem nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna eða ákvarðana Alþingis eða stjórnvalda að séu eign íslenska ríkisins eða einstakra stofnana þess.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á.

46. gr.

Réttindi undanskilin sölu.

Við sölu ríkisjarða skulu öll jarðefni og réttur til efnistöku undanskilin sölu og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi. Landbúnaðarráðherra getur þó ákveðið að slík réttindi fylgi með við sölu ríkisjarða til sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, sbr. 41. gr.

Óheimilt er að nýta réttindi skv. 1. mgr. nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum.

47. gr.

Forkaupsréttur við endursölu.

Sé áformuð sala jarðar eða hluta jarðar sem seld hefur verið ábúanda eða sveitarfélagi, stofnun eða fyrirtæki þess, sbr. 41. og 42. gr., skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt að jörðinni á undan sveitarstjórn fyrir hlutfallslega sama verð og hún var seld á að teknu tilliti til verðhækkunar miðað við byggingarvísitölu og eðlilegra afskrifta af mannvirkjum, svo og að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina. Mannvirki og ræktun sem ábúandi átti þegar hann keypti jörðina skv. 42. gr. skal meta til verðs af matsnefnd eignarnámsbóta.

Forkaupsréttur skv. 1. mgr. skal boðinn landbúnaðarráðherra skriflega. Ráðherra skal svara forkaupsréttartilboði innan 30 daga frá því að það barst. Ákvörðun ráðherra um að neyta forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði verður ekki tekin til endurskoðunar á stjórnsýslustigi.

Forkaupsréttur samkvæmt þessari grein gildir aðeins við fyrstu sölu eftir að ábúandi keypti af ríkissjóði.

Forkaupsréttur samkvæmt þessari grein fellur niður þegar tíu ár eru liðin frá sölu.

VIII. KAFLI

Ættaróðul.

48. gr.

Ráðstöfun ættaróðals við næstu ættliðaskipti og bann við stofnun nýrra ættaróðala.

Ákvæði þessa kafla gilda um jarðir sem við gildistöku þessara laga eru skráðar sem ættaróðul samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu þess efnis.

Óheimilt er að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku þessara laga.

Við andlát núverandi óðalseiganda skal ættaróðalið falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum, sbr. þó 4. mgr. Maki óðalseiganda tekur við réttindum og skyldum óðalseiganda við andlát hans en við andlát makans erfist ættaróðalið með þeim hætti sem tilgreint er í 1. málsl.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. eiga erfingjar núverandi óðalseiganda, svo og erfingjar þeirra, rétt á að halda ættaróðali í óðalsböndum eftir andlát núverandi óðalseiganda og maka hans ef þeir óska eftir því og sýna fram á að ættaróðalið uppfylli skilyrði 49. gr. og að um eignarhald og meðferð ættaróðalsins hafi að öllu leyti verið gætt ákvæða þessara laga og eldri laga um ættaróðul. Beiðni þess efnis getur núverandi óðalseigandi sent landbúnaðarráðuneytinu á meðan hann lifir og er sú ákvörðun bindandi fyrir erfingja hans ef skilyrði eru uppfyllt.

Hafi óðalseigandi ekki gert slíka ráðstöfun geta erfingjar hans óskað þess eftir andlát hans ef þeir eru allir samþykkir þeirri ráðstöfun og hafa tekið ákvörðun um viðtakanda ættaróðalsins.

Landbúnaðarráðherra gefur út leyfi til að ættaróðalið verði áfram í óðalsböndum við ættliðaskipti og gildir það fram að næstu ættliðaskiptum ef skilyrði 4. mgr. eru uppfyllt. Eftir það geta óðalseigendur eða erfingjar þeirra með sama hætti og fram kemur í 4. mgr. óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að halda ættaróðalinu í óðalsböndum en endurnýja þarf leyfið við hver ættliðaskipti.

Um ættaróðul eftir gildistöku þessara laga gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á. Ákvæði 56.–65. gr. gilda þó ekki um ættaróðul sem falla úr óðalsböndum skv. 3. mgr.

49. gr.

Lagaskilyrði.

Jörð sem er ættaróðal skal vera svo stór og gæðarík að afraksturinn af búi sem jörðin getur borið, með hlunnindum og greiðslumarki sem henni fylgir, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu að mati Bændasamtaka Íslands og sveitarstjórnar.

Á ættaróðali mega ekki hvíla aðrar veðskuldir en þær sem kunna að hafa verið teknar í Lánasjóði landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands), Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði.

50. gr.

Hlunnindi o.fl.

Ættaróðali skulu fylgja hlunnindi og annað það sem jörðinni hefur fylgt, enn fremur afurðir sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburður og hey. Þá skulu fylgja jörðinni skjöl er varða jörðina frá fyrri tíð, einnig myndir og munir er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt er situr eða setið hefur jörðina.

51. gr.

Fylgifé.

Óðalseigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins sem skylt er að halda við og endurnýja. Opinberir styrkir sem veittir eru til framkvæmda og umbóta á óðalsjörðum verða eign óðalsins.

52. gr.

Tryggingar o.fl.

Tryggingar sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess sem því fylgir tilheyra óðalinu ásamt vátryggingabótum sem greiddar eru samkvæmt þeim. Sama gildir um greiðslur og aðrar bætur sem eru tilkomnar vegna eignarnáms eða annarrar skerðingar á réttindum óðalsins.

53. gr.

Veðsetningar.

Heimilt er óðalseiganda að taka lán með veði í óðalinu til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði samkvæmt þeim reglum sem um slík lán gilda á hverjum tíma.

54. gr.

Heimild til aðfarar.

Eigi má aðför gera í ættaróðali eða selja það til fullnustu skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum gjöldum er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

55. gr.

Ráðstafanir sýslumanns ef krafist er aðfarar.

Ef skuldheimtumaður krefst þess að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni skal sýslumaður tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt kröfum skuldheimtumanns, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá sem rétt eiga til óðalsins samkvæmt lögum þessum eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um að ákveðið sé hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn þeirra sem rétt eiga til óðalsins taka við jörðinni og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag hafnað kaupum á jörðinni.

56. gr.

Óðalserfingjar.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila í þessari röð ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

1. Það hjóna er lengur lifir heldur réttinum á meðan það lifir.
2. Til barna þess hjónanna sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
3. Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

57. gr.

Ákvörðun um viðtakanda ættaróðals.

Óðalseigandi og maki hans koma sér saman um hvert af börnum eða fjarskyldari ættingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalseigandi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um hvert af börnunum skuli hljóta réttinn skal það hjónanna er erfði óðalið ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin skal skiptafundur ákveða viðtakanda og sitji það barn fyrir sem hefur að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og er líklegast til að stunda þar áframhaldandi búskap. Verði ágreiningur um þetta skal leyst úr honum eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Ákvörðun um viðtakanda ættaróðals skal tekin með fyrirvara um að skilyrði 48. gr. séu uppfyllt.

58. gr.

Óðalserfingi ólögráða o.fl.

Þegar svo stendur á að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri er skipti fara fram skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir

hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalseiganda meðan hann fer með það. Hafi óðalserfingi ekki tekið jörðina til ábúðar þegar hann er 26 ára gamall skal sýslumaður ánafna hana öðrum erfingja. Nú er óðalseigandi eða maki hans síðasti maður er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim er rétt hefur til óðalsins treystist til að taka við því er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalseiganda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

Ef viðtakandi ættaróðals er af annarri ætt skulu minjagripir ættarinnar falla til erfingja fráfarandi óðalseiganda.

59. gr.

Óðalseigandi deyr barnlaus. Skilnaður óðalseiganda.

Ef það hjónanna er óðalsréttinn erfði deyr barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, hafa næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að einu ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og maki hans samvistum heldur það hjónanna óðalinu sem erfði það.

60. gr.

Úttekt við ættliðaskipti.

Þegar óðalseigandi deyr eða lætur af ábúð og nýr óðalserfingi tekur við óðalinu skal kveðja til úttektarmenn. Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru er henni fylgir. Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafist yfirúttektar og fer um það skv. 44. gr. ábúðarlaga.

61. gr.

Fjárhæð sem óðalserfingi greiðir fyrir ættaróðal.

Ef óðalseigandi afhendir ættaróðal til óðalserfingja skal óðalserfingi greiða fráfaranda eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar með mannvirkjum öllum og hlunnindum hvers konar. Frá þeirri fjárhæð ber að draga áhvílandi veðskuldir sem viðtakandi tekur að sér að greiða.

62. gr.

Erfðafjárskattur.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakenda. Þetta gildir þó ekki þegar ættaróðal erfist í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, skv. 3. mgr. 48. gr.

63. gr.

Erfðaréttur að öðrum eignum óðalseiganda.

Eignir óðalseiganda og maka hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja skal telja óðal á því verði sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það skv. 61. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu að óðalseigandi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins skv. 61. gr. rennur í bú hans.

64. gr.

Réttur fráfarandi óðalseiganda til íbúðarhúsnæðis.

Fráfarandi óðalseigandi og maki hans skulu eiga kost á íbúðarhúsnæði á óðalsjörðinni á meðan þau kjósa en greiða allan kostnað af viðhaldi og rekstri þess húsnæðis. Rísi ágreiningur um þetta atriði sker sýslumaður úr.

65. gr.

Óðalserfingi erfir fleiri ættaróðul.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá er næstur stendur til arfs tekur við hinu.

66. gr.

Óðalseigandi fyrirgerir óðalsrétti.

Óðalseigandi fyrirgerir óðalsrétti sínum ef hann:

1. Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum sem á ættaróðalinu hvíla svo að það leiði til kröfu um sölu sem hann getur ekki afstýrt.
2. Tekur sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hættir að reka þar landbúnaðarstarfsemi.
3. Ef hann að mati sveitarstjórnar situr óðalið svo illa að það geti varðað uppsögn samkvæmt ábúðarlögum.

67. gr.

Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja o.fl.

Óðalseigandi sem búið hefur á ættaróðali skemur en 20 ár getur óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa óðalið úr óðalsböndum ef sveitarstjórn og þeir sem rétt eiga til óðalsins skv. 56. gr. samþykkja það og óska ekki eftir að taka óðalið til ábúðar. Verður óðalið þá eignarjörð viðkomandi bónda með lögbýlisrétt.

68. gr.

Lausn úr óðalsböndum án samþykkis erfingja o.fl.

Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur ættaróðals samfleytt í 20 ár eða lengur getur hann með samþykki sveitarstjórnar óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki erfingja hans eða annarra sem rétt kunna að eiga til óðalsins, sbr. 56. gr.

IX. KAFLI
Málskot.

69. gr.

Málskot.

Ákvörðunum sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til landbúnaðarráðuneytisins. Kærufrestur er 30 dagar frá því að kæranda varð kunnugt um ákvörðun og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan átta vikna eftir að kæra barst.

X. KAFLI
Lokaákvæði.

70. gr.
Þinglýsing.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum um aðilaskipti að fasteignum sem lög þessi gilda um, nema fyrir liggi að ákvæða laganna hafi verið gætt.

71. gr.
Reglugerðir o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

72. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum með heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

73. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Yfirlýsingar um að tilteknar jarðir séu óðalsjarðir sem ekki hefur verið þinglýst falla úr gildi við gildistöku þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sveitarfélög skulu innan sex mánaða frá gildistöku þessara laga senda landbúnaðarráðuneytinu upplýsingar um öll landsvæði sem voru í landbúnaðarnotum við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, og skipulögð hafa verið fyrir önnur not en landbúnað en hafa ekki verið leyst úr landbúnaðarnotum, sbr. 6. og 8. gr. Landbúnaðarráðuneytið skal að fengnum slíkum upplýsingum þinglýsa yfirlýsingum um að þau landsvæði séu leyst úr landbúnaðarnotum.

II.

Um félagsbú sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu gilda ákvæði 30. gr. þessara laga eftir því sem við á.

III.

Frestur landbúnaðarráðherra til að ljúka við gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 16. gr. er til 31. desember 2008.

IV.

Þar til gerð jarðaskrár skv. 16. gr. er lokið skal landbúnaðarráðherra gefa árlega út lögbýlaskrá skv. 31. gr. á grundvelli annarra tiltækra upplýsinga með sama hætti og verið hefur skv. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra ábúðarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum, og hefur verið reynt að samræma ákvæði þessara lagafrumvarpa eins og kostur er. Ljóst er að gildandi jarðalög eru í fjölmörgum atriðum orðin úrelt og eiga ekki lengur við aðstæður hér á Íslandi í dag. Gildandi jarðalög voru sett á árinu 1976 en frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Má í raun segja að allar forsendur í landbúnaði séu verulega breyttar.

Í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, voru ýmis nýmæli en einnig voru þar fjölmörg ákvæði úr eldri lögum, m.a. lögum nr. 40/1948, um kauprétt á jörðum, og lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, með síðari breytingum, en sum ákvæðin eru að stofni til úr enn eldri lögum. Eldri lög um sama efni eru m.a. lög nr. 40/1919, um forkaupsrétt að jörðum, lög nr. 55/1926, um sama efni, en síðar tóku við lög nr. 40/1948, um kauprétt að jörðum, sem giltu þar til jarðalög, nr. 65/1976, tóku gildi. Fyrstu lögin um erfðaábúð og óðalsrétt voru lög nr. 8/1936 en síðan tóku við lög nr. 116/1943, um ættaróðul og erfðaábúð. Á árinu 1946 voru sett lög um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, nr. 4/1946, sem leystu af hólmi a-lið 47. gr. laga nr. 116/1943. Við setningu laga nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, voru felld úr gildi bæði lög nr. 4/1946 og lög nr. 116/1943 og giltu þau þar til sett voru jarðalög, nr. 65/1976. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á jarðalögum, nr. 65/1976, með lögum nr. 37/1982, lögum nr. 90/1984, lögum nr. 108/1988, lögum nr. 20/1991, lögum nr. 90/1991, lögum nr. 28/1995 og lögum nr. 54/1999, svo og með lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð.

Löggjöf þessi fjallar eins og heiti hennar gefur til kynna um meðferð og nýtingu jarða og annars lands auk annarra fasteigna og fasteignaréttinda á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð fyrir aðra starfsemi en landbúnað.

Jarðir á Íslandi eru fjölmargar eða flestar í eigu einstaklinga eða lögaðila en einnig eru nokkur hundruð jarðir í eigu ríkisins sem er stærsti jarðeigandi á Íslandi. Ríkisjörðum hefur verið skipt í þjóðjarðir og kirkjujarðir en meðal þeirra eru enn fremur starfandi prestssetur. Landbúnaðarráðherra fer með málefni allra jarða í ríkiseign, nema sérstakar undantekningar séu gerðar frá því með lögum, sbr. 36. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Sem dæmi um undantekningar frá þeirri meginreglu má nefna að sérstakur sjóður, Prestssetrasjóður, fer með fyrirsvar jarða sem eru prestssetur en um það gilda lög nr. 137/1993, um prestssetur. Jarðir á Íslandi eru að öðru leyti ýmist bújarðir í ábúð eða eyðijarðir. Einnig hafa nokkrar jarðir verið friðaðar, t.d. jarðir sem hafa verið lagðar undir þjóðgarða samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, og eldri lögum um sama efni. Þá eru u.þ.b. 100 jarðir á Íslandi ættaróðul samkvæmt jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, sbr. VII. kafla laganna.

Helstu lög sem gilda um meðferð og ráðstöfun jarða á Íslandi eru jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og ábúðarlög, nr. 64/1976, með síðari breytingum. Einnig reynir á ýmis atriði um meðferð og nýtingu jarða í öðrum lögum, t.d. lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð, landskiptalögum, nr. 46/1941, lögum nr. 41/1919, um landamerki, lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, vatnalögum, nr. 15/1923, girðingarlögum, nr. 135/2001, lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., orkulögum, nr. 58/1967, lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, lögum nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn

o.fl., lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, lögum nr. 46/1905, um hefð, lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, lögum nr. 3/1955, um skógrækt, lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, lögum nr. 75/1997, um samningsveð, lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þjóðminjalögum, nr. 107/2001, o.fl.

Í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru ýmis ákvæði sem fela í sér umtalsverðar takmarkanir á rétti jarðeigenda til meðferðar og ráðstöfunar á jörðum sínum. Hér má t.d. nefna að land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, er óheimilt að taka til annarra nota nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sbr. 12. gr. laganna. Sveitarstjórnir og jarðanefndir sem eiga að hafa eftirlit með meðferð og ráðstöfun jarða og starfa fyrir hverja sýslu þurfa að samþykkja hvers konar aðilaskipti að jörðum, hvort heldur er fyrir kaup, gjöf, skipti, sameiningu, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, leigu og ábúð, svo og stofnun nýbýla, félagsbúa o.fl. Enn fremur eiga sveitarfélög forkaupsrétt að næstum öllum jörðum sem seldar eru í sveitarfélaginu. Örfáar undantekningar eru frá þessu íhlutunarvaldi sveitarstjórna og jarðanefnda sem gilda einkum um ríkisjarðir og jarðir sem ráðstafað er til náinna ættingja jarðareiganda, sbr. 6., 30. og 35. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Einnig má nefna að ef einn sameigandi jarðar sem er í óskiptri sameign fleiri aðila rekur bú á jörðinni getur hann með vissum skilyrðum fengið leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa til sín eignarhluta sameigenda sinna í jörðinni án tillits til þess hvort sameigendur hans eru því samþykkir eða andvígir. Fyrir eignarhlutann greiðir hann matsverð sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Sömu heimildir hefur aðili sem rekur bú á jörð til að leysa til sín jarðarpart sem skipt hefur verið út úr jörðinni, sbr. 13. og 14. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

Framangreindar takmarkanir á eignarráðum jarðareiganda hafa verið skýrðar með hliðsjón af 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en þar kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Með framangreindum ákvæðum hefur verið reynt að tryggja að byggð haldist í sveitarfélögum á landsbyggðinni og að jarðir sem eru hæfar til búskapar séu nýttar til landbúnaðarstarfsemi. Í greinargerð með frumvarpi til eldri laga sem voru undanfari jarðalaga, nr. 65/1976, og ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem þessi ákvæði voru fyrst sett, kemur fram að tilgangur ákvæðanna sé að sporna við að bújarðir lendi í höndum svokallaðra jarðabraskara sem ekki hyggjast nýta þær til landbúnaðarstarfsemi.

Þá eru í jarðalögum, nr. 65/1976, ákvæði um ættaróðul en um eignarhald, erfðir, meðferð og ráðstöfun þeirra jarða gilda sérstakar reglur sem fela í sér verulegar takmarkanir.

Í íslenskri löggjöf eru víðar ákvæði um ýmsar takmarkanir á eignarrétti og nýtingu á jörðum, m.a. heimildir til eignarnáms í náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, o.fl.

Ljóst er að ekki er hægt að bæta úr öllum annmörkum á meðferð og umsýslu jarða með nýrri löggjöf. M.a. eru engar opinberar upplýsingar til um stærð jarða á Íslandi heldur eru einungis til landamerkjalýsingar hjá sýslumannsembættum í hverri sýslu en stundum eru reyndar engar slíkar lýsingar til. Jarðir og einstakir matshlutar þeirra eru skráðar í Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur á grundvelli laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og er það eina heildstæða opinbera skráningin sem til er um jarðir. Sú skrá er enn í mótun en gera má ráð fyrir að með tímanum muni hún leiði til bættrar skráningar á fasteignum landsins. Landbúnaðarráðuneytið, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðsla

ríkisins og Bændasamtök Íslands hafa reyndar komið á fót samstarfsverkefninu Nytjalandi sem ætlað er að ráða bót á þeirri vöntun sem er á skráningu upplýsinga um jarðir hér á landi en það er í vinnslu og ekki liggur enn fyrir hvenær því lýkur.

Landamerki jarða á Íslandi eru víða óljós gagnvart aðliggjandi jörðum og nokkuð er um að landi tveggja eða fleiri jarða eða lögbýla hafi aldrei verið skipt formlegum skiptum.

Í sambærilegri löggjöf á öðrum Norðurlöndum eru enn víðtækar takmarkanir á reglum um eignarhald, meðferð og nýtingu jarða sem eru nýttar eða nýtanlegar til landbúnaðarstarfsemi.

Ljóst er að allt umhverfi í landbúnaði er mjög breytt frá því sem áður var en hefðbundinn landbúnaður hefur dregist saman á undanförnum árum og ættliðaskipti ekki orðið með sama hætti og áður. Jarðir sem nýttar voru til landbúnaðar hafa verið teknar til annarra nota, t.d. fyrir sumarhúsabyggð eða aðra frístundastarfsemi. Þegar litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði síðan jarðalög, nr. 65/1976, voru sett og þess að forsendur í landbúnaði sem voru fyrir hendi á þeim tíma eru í raun mjög breyttar þykir kominn tími til að gera breytingar á íslenskri löggjöf að þessu leyti og slaka að nokkru leyti á þeim takmörkunum á ráðstöfunarrétti jarðareiganda sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976.

Frumvarp þetta felur í sér verulegar breytingar á þeim ákvæðum sem fram koma í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Með ákvæðum þessa frumvarps er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir eru í gildandi löggjöf verulegar takmarkanir á ráðstöfunarrétti jarðeigenda og ýmsar kvaðir lagðar á þá sem geta verið mjög íþyngjandi og hafa oft í framkvæmd reynst ósanngjarnar. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta að nokkru leyti úr þessum annmörkum.

Í frumvarpi þessu eru einnig nokkrar breytingar sem eiga rætur að rekja til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority) hefur gert ýmsar athugasemdir við nokkur ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, og telur þau brjóta gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningnum, en hann hefur lagagildi hér á landi að stofni til, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Hafa athugasemdirnar einkum beinst að 6. gr. laganna um að samþykki bæði sveitarstjórna og jarðanefnda þurfi til að heimilt sé að ráðstafa jörðum og öðrum fasteignum sem lögin gilda um, að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um búsetu, sbr. sama ákvæði, 11. gr. laganna um að aðilar sem kaupa vilja jarðir á Íslandi og nýta til landbúnaðar þurfi að hafa starfað við landbúnað í tvö ár hér á landi, nema landbúnaðarráðherra veiti sérstaka undanþágu, og 30. gr. laganna um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins. Í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda (letter of formal notice), dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að framangreind ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins. Jafnframt er ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um tvöfalt samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar talið brjóta í bága við 31. gr. samningsins. Með frumvarpi þessu er að reynt að koma til móts við sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA um lögbundna nauðsyn á að afla samþykkis sveitarstjórna og jarðanefnda þegar ætlunin er að ráðstafa fasteignum sem lögin gilda um. Hefur m.a. verið fellt niður ákvæði 6. gr. laganna um að samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi fyrir stofnun réttinda yfir og aðilaskiptum að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum. Sama gildir þegar eigendaskipti verða að lögaðilum sem eiga slíkar jarðir. Jarðanefndirnar falla sjálfkrafa út þar sem ekki er gert ráð fyrir að þær starfi eftir gildistöku laganna heldur aðeins ráðgefandi landbúnaðarnefndir fyrir sveitarfélög, sbr. 10. gr. Einungis verður skylt að tilkynna sveitarstjórn um slíkar ráðstafanir en sveitarstjórn þarf ekki að samþykkja þær heldur er einungis lögð sú skylda á sveitarstjórn að halda skrá um eignarhald og aðilaskipti yfir jörðum, öðru

landi o.fl. Af því leiðir einnig að sjálfkrafa falla úr gildi ákvæði í 6. og 7. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65/ 1976, um að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum um að eignin sé nýtt til landbúnaðar eða skilyrðum um búsetu á eigninni eða innan ákveðinnar fjarlægðar frá eigninni til að nýta hana. Þá hefur ákvæði 11. gr. laganna verið fellt niður. Jafnframt hafa ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga verið takmörkuð verulega og fellt úr gildi ákvæði um að sveitarfélög geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins.

Við samningu frumvarpsins var skoðað sérstaklega hvort ástæða væri til að halda ákvæðum um að allt land sem við gildistöku laganna er í landbúnaðarnotum skuli vera það áfram, nema landbúnaðarráðherra veiti leyfi til að leysa slíkt land úr landbúnaðarnotum eða hvort skipulagsyfirvöld eigi eingöngu að taka ákvarðanir um landnýtingu við gerð skipulagsáætlana. Í Danmörku eru víðtækar takmarkanir á meðferð jarðeigna í landbúnaðarnotum og þarf leyfi ráðherra til að leysa slíkar eignir undan skyldu til landbúnaðarnota, sbr. landbrugsloven nr. 764/1994, með síðari breytingum. Í Noregi eru einnig víðtækar takmarkanir á meðferð og nýtingu lands sem er í landbúnaðarnotum og miðað við að halda skuli öllu slíku landi í ræktun og að ekki megi taka það til annarra nota en landbúnaðarstarfsemi, nema landbúnaðarráðuneytið veiti til þess leyfi. Það gildir þó ekki um land sem hefur verið skipulagt eða ráðstafað hefur verið til annarra nota með skipulagsáætlun eða öðrum ákvörðunum stjórnvalda, sbr. lov om jord nr. 21/1979, með síðari breytingum. Hér á landi er ekki sama þörf fyrir land til landbúnaðarnota og áður en víða um heim er hins vegar lögð mikil áhersla á að vernda land sem nýtanlegt er til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Enn fremur er landbúnaður í örri þróun, sem ekki sér fyrir endann á, og því hyggilegt að þess sé gætt að nægjanlegt land sé til staðar fyrir landbúnaðarstarfsemi framtíðarinnar. Það er því talið nauðsynlegt að yfirvöld landbúnaðarmála geti haft áhrif á hvort ráðastafa beri landi sem nýtanlegt er til landbúnaðar til annarra nota hér á landi og ekki talið rétt að leggja það eingöngu í hendur skipulagsyfirvöldum. M.a. hefur þess stundum orðið vart að skipulagsyfirvöld hafa tekið land í landbúnaðarnotum undir skipulag fyrir aðra starfsemi en landbúnað þegar völ var á öðru landi.

Loks þykir hér rétt að vekja sérstaka athygli á að með lögum nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, voru lögfest ýmis ákvæði sem var ætlað að draga úr þeim áhrifum sem EES-samningurinn hafði á eignarhald og viðskipti með jarðir og annað land hér á landi en þau gengu undir nafninu „girðingalögin“. Hér var m.a. um að ræða ákvæði 11. gr. sem áður er nefnt, ákvæði 6.–7. mgr. 6. gr. laganna um að sveitarstjórn sé heimilt að binda samþykki sitt samkvæmt ákvæðinu sérstökum skilyrðum um fasta búsetu eða að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi o.fl. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að nokkrar af þessum takmörkunum („girðingar“) verði felldar niður. Takmarkanir þessar voru settar í þeim tilgangi að hindra eða hafa stjórn á að erlendir aðilar frá EES-ríkjum gætu keypt hér land. Í framkvæmd hefur ekki reynt mikið á þetta ákvæði á þann veg að sveitarstjórnir hafi synjað um samþykki við kaupum á landi þegar erlendir aðilar eiga í hlut og almennt hefur sveitarstjórn ekki fjárhagslegt bolmagn til að takast á hendur þá kaupskyldu sem fylgir ef samþykkis skv. 6. gr. er synjað, sbr. 8. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði laganna sem gera mun á þeim sem búa hér á landi og þeim sem búa og njóta réttar annars staðar á EES-svæðinu. Telja verður að sveitarstjórnir hafi nægileg úrræði til að tryggja hagsmuni sína skv. 32. gr. sem hefur að geyma ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga og einnig hafa sveitarfélög úrræði samkvæmt ýmsum ákvæðum í skipulags- og byggingarlögum.

Frumvarpið var sent til umsagnar hjá Bændasamtökum Íslands, Fasteignamati ríkisins, Hagþjónustu landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Lánasjóði landbúnaðarins, Náttúruvernd

ríkisins, óbyggðanefnd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins og utanríkisráðuneytinu. Í frumvarpi þessu hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda sem fram komu frá þessum aðilum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Markmiðum eða tilgangi laganna er hér breytt verulega í ljósi breytinga sem orðið hafa á aðstæðum, atvinnuháttum og nýtingu jarða í íslensku þjóðfélagi. Jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæðinu í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi, sbr. 1. gr.
2. Í 2. gr. koma fram skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem koma fram í lögunum. Hér er um að ræða hugtök eins og afréttur, almenningur, ábúandi, ábúð, eignarland, eyðijörð, fasteign, félagsbú, greiðslumark, ítök, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lögbýli, mannvirki, netlög, ríkisjarðir, ræktun, skipulagt land, vatnsréttindi, þéttbýli og þjóðlendur. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka sker landbúnaðarráðherra úr. Í gildandi lögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði en nokkur þessara hugtaka eru skilgreind í öðrum lögum.
3. Gildissviði laganna er breytt lítils háttar á þann veg, sbr. 3. gr., að lögin gilda áfram um allt land utan þéttbýlis sem skipulagt hefur verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað en einnig nær það til lands innan þéttbýlis sem skipulagt hefur verið fyrir landbúnað, svo og öll lögbýli án tillits til þess hvort þau eru í þéttbýli. Jafnframt er áréttað að alltaf verður skylt að leita leyfis landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum og gildir það bæði um skipulagsyfirvöld sem vilja skipuleggja landið fyrir aðra starfsemi en landbúnað og aðra aðila.
4. Jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Í stað þess er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að hafa starfandi sérstakar landbúnaðarnefndir sem hafa það hlutverk að hafa eftirlit með að eignarhald og meðferð jarða og annars lands sé í samræmi við lög og að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir um öll mál er varða gildissvið laganna. Jafnframt er gert ráð fyrir að skylt sé að leggja fyrir þær öll mál sem sveitarstjórn fær til meðferðar samkvæmt lögunum, sbr. 10. gr. Um skipan og starfsemi landbúnaðarnefnda fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
5. Felld hafa verið niður ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar þurfi fyrir stofnun réttinda yfir eða aðilaskiptum að jörðum, öðru landi eða fasteignum sem lögin gilda um. Í stað þess er einungis skylt að tilkynna slík aðilaskipti til sveitarstjórnar. Sama gildir um eigendaskipti að lögaðilum sem eiga slíkar jarðir, sbr. 15. gr. Þessi breyting er m.a. tilkomin vegna athugasemda sem ráðuneytinu hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA en í bréfi stofnunarinnar, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, brjóti gegn 40. gr. EES-samningsins. Sjálfkrafa falla þá niður ákvæði um að sveitarstjórn geti bundið samþykki sitt tilteknum skilyrðum, t.d. um búsetu eða að eignin verði nýtt til landbúnaðar sem Eftirlitsstofnun EFTA gerði einnig athugasemdir við.
6. Felld eru niður ákvæði um innlausnarrétt eigenda eða ábúenda að landspildum sem skipt hefur verið út úr jörðum, sbr. 13. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og einnig ákvæði um innlausnarrétt sameigenda sem stunda búrekstur á jörðum í óskiptri sameign að eignarhluta annarra sameigenda, sbr. 14. gr. laganna.
7. Breytt er verulega ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum, sbr. 32. gr. frumvarpsins, og er felld niður heimild sveitarfélags til að framselja forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Farin er sú leið að takmarka heimildir sveitar-

félaga til að neyta forkaupsréttar á þann veg að skilyrði fyrir því að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar eru þau að sveitarfélagi sé þörf á jörð, jarðahluta, öðru landi, fasteignum eða fasteignaréttindum sem á að selja til nota fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með sameiginlegum notum íbúa sveitarfélagsins er hér átt við hagsmuni stærri hópa íbúa sveitarfélagsins eða jafnvel meiri hluta. T.d. gæti fallið undir þá skilgreiningu ef sveitarfélag neytir forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að nýta jörðina undir afrétt fyrir íbúa sveitarfélagsins. Ekki er hins vegar lengur heimilt að sveitarfélag neyti forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að selja hana tilteknum íbúum sveitarfélags eða öðrum eða afhenda hana einstaklingum til nota með öðrum hætti. Þá er fellt niður ákvæði um að sveitarfélögum sé heimilt að framselja forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins sem er nú í 3. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ákvörðun sveitarstjórnar um að neyta forkaupsréttar að jörð er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 69. gr. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru m.a. gerðar vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við forkaupsréttarákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en í bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn ákvæði 40. gr. EES-samningsins.

8. Samkvæmt frumvarpinu er óheimilt að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku laganna. Í frumvarpinu er hins vegar nýr kafli, VIII. kafli, sem gildir um þær jarðir sem eru ættaróðul fram að andláti núverandi óðalseiganda en meginreglan er sú að þær jarðir sem nú eru ættaróðul geta verið það fram að andláti óðalseiganda. Ættaróðalið skal þá falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Ef óðalseigandi deyr tekur maki hans við réttindum og skyldum hans sem óðalseigandi en eftir andlát makans erfist ættaróðalið samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, sbr. 48. gr. Sérstök undantekning er gerð frá framangreindri meginreglu sem felst í því að heimilt er að halda ættaróðali í óðalsböndum eftir andlát núverandi óðalseiganda og óslitið eftir það ef sótt er um leyfi landbúnaðarráðherra þess efnis og sýnt fram á að um eignarhald og meðferð ættaróðalsins hafi að öllu leyti verið gætt ákvæða þessara laga og eldri laga um sama efni. Óðalseigandi getur tilkynnt sýslumanni slíka ákvörðun sína í lifanda lífi en einnig geta erfingjarnir óskað eftir því eftir andlát óðalseiganda ef þeir eru allir sammála hafi óðalseigandi ekki gert slíka ráðstöfun. Óska þarf eftir leyfi landbúnaðarráðherra við hver ættliðaskipti eftir það og sýna fram á að skilyrðin hafi verið uppfyllt fram að þeim tíma. Ef skilyrðin eru uppfyllt veitir landbúnaðarráðherra leyfi til að ættaróðalið haldist í óðalsböndum fram að næstu ættliðaskiptum. Séu skilyrðin ekki uppfyllt getur ráðherra ekki veitt leyfi til að ættaróðalið haldist í óðalsböndum og fellur óðalið þá endanlega úr óðalsböndum og erfist jörðina eftir það í samræmi við ákvæði gildandi erfðalaga á hverjum tíma. Þá er miðað við að óðalseigandi sem hefur haft vörslur ættaróðals í 20 ár geti leyst ættaróðalið úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki erfingja hans eða annarra ættingja sem tilgreindir eru í 56. gr. frumvarpsins.
9. Breytt er nokkrum ákvæðum í jarðalögum, nr. 65/1976, um aðkomu sveitarstjórnar að ýmsum málum en með frumvarpinu fær sveitarstjórn umsagnarrétt í stað þess að í gildandi lögum þarf oft samþykki sveitarstjórnar fyrir tilteknum ráðstöfunum, t.d. við landskipti, sameiningu jarða, lausn úr landbúnaðarnotum o.fl. Umsagnir sveitarstjórnar binda ekki landbúnaðarráðuneytið við ákvarðanatöku en hafa að sjálfsögðu mikið leiðbeinandi gildi.

10. Breytt er nokkuð ákvæði 15. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um eignarnám en samkvæmt ákvæðinu eins og það er í frumvarpinu getur landbúnaðarráðherra framkvæmt eignarnám ef landnotkun er ekki í samræmi við ákvæði þessara laga eða í þeim tilgangi að ná þeim markmiðum sem sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins, sbr. 9. gr.
11. Felld eru niður ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, þess efnis að ef sótt er um ríkisjörð til fastrar ábúðar, sem er leigð með leigusamningi, sé heimilt að segja slíkum leigusamningi upp. Um gildi slíkra samninga fer því eftir meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.
12. Nýmæli er almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörðum, nema sérstakar undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu í lögum, sbr. 12. gr. Þetta er meginregla sem hefur verið talin gilda í framkvæmd og kemur fram í sérlögum um einstakar tegundir hlunninda, sbr. t.d. í lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.
13. Ef fleiri eigendur eru að jörðum eða jarðahlutum er þeim skylt að hafa með sér félag um eignarhald, fyrirsvar og rekstur jarðarinnar eða jarðarhlutans. Jafnframt er þeim skylt að tilnefna sérstakan fyrirsvarsmann félagsins sem kemur fram fyrir hönd félagsins gagnvart sveitarstjórn og öðrum aðilum við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum jarðeigenda. Félagið og fyrirsvarsmann þess skal tilkynna til sýslumanns sem þinglýsir slíkri tilkynningu á viðkomandi fasteign en um aðra skráningu á félaginu fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma. Ákvæðið gildir þó ekki ef eigendur félags eru einungis hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra, sbr. 14. gr.
14. Fellt er niður ákvæði 11. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að aðilar sem óska eftir að kaupa land eða aðra fasteign hér á landi sem fellur undir ákvæði laganna og nýta hana til landbúnaðar þurfi að hafa stundað landbúnað hér á landi í tvö ár, nema landbúnaðarráðherra veiti undanþágu frá þeirri reglu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við að þetta ákvæði brjóti gegn EES-samningnum.
15. Nýmæli er í 16. gr. en þar er sú skylda lögð á landbúnaðarráðuneytið að gefa út 31. desember ár hvert skrá á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna yfir allar jarðir, jarðahluta, landspildur, lóðir og annað land en ráðuneytinu er þó heimilt að fela öðrum aðilum að annast gerð slíkrar jarðaskrár í umboði ráðuneytisins. Er við það miðað að skráin verði hluti af Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, en landbúnaðarráðherra hefur þó ákveðnar heimildir varðandi gerð hennar og notkun. Gert er ráð fyrir að þessi skrá verði eins konar ný jarðabók fyrir Ísland.
16. Nýmæli er að staðfesting landbúnaðarráðherra á landskiptum og leyfi til sameiningar jarða og til að leysa land úr landbúnaðarnotum öðlist fyrst gildi þegar slíkri staðfestingu og leyfisbréfum ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum hefur verið þinglýst, sbr. 6. gr. og 18. og 20. gr. Einnig þarf landbúnaðarráðherra einungis að staðfesta skipti á ytri mörkum landspildna sem leystar hafa verið úr landbúnaðarnotum en frekari skipti á landspildunni falla utan við gildissvið laganna, sbr. 19. gr.
17. Nýmæli er að ráðherra getur veitt leyfi til að land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum verði tekið til slíkra nota aftur ef það brýtur ekki í bága við staðfesta og/eða samþykkta skipulagsáætlun, sbr. 6. gr.
18. Nýmæli er að óheimilt verður að sameina jarðir sem ekki tilheyra sama sveitarfélagi eða lögsagnarumdæmi, sbr. 2. mgr. 20. gr.
19. Breytt er ákvæðum um að landbúnaðarráðherra geti veitt leyfi til að stofna ný lögbýli á þann veg að heimilt er að veita leyfi til að stofna lögbýli til starfsemi á sviði landbún-

aðar eins og hann er skilgreindur í 2. gr. að því tilskildu að ákvæðið uppfylli önnur skilyrði 2. gr. um skilgreiningu á hugtakinu lögbýli, sbr. 21. gr.

20. Breytt er ákvæði um upplýsingar og gögn sem leggja þarf fram með umsókn um stofnun lögbýlis og er hér um að ræða mun ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum, sbr. 22. gr. Enn fremur er þar ákvæði um að umsækjandi þurfi að hafa tryggt sér eignarrétt eða umráðarétt til 20 ára að lágmarki yfir landi sem stofna á lögbýli á. Slík tímaskilyrði eru ekki í gildandi lögum.
21. Fellt er niður ákvæði um að til að stofna lögbýli til sauðfjárræktar, nautgriparæktar og/eða hrossaræktar skuli að jafnaði miða við að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 hektarar. Þess í stað er lagt fyrir landbúnaðarráðuneytið að leggja mat á stærð ræktanlegs lands, húsakost og búrekstraraðstöðu að öðru leyti eða hvort aðstaða sé til að stunda þá atvinnustarfsemi sem umsókn um stofnun lögbýlis er byggð á, sbr. 24. gr.
22. Nýmæli er í 28. gr. frumvarpsins um að landbúnaðarráðherra geti fellt niður lögbýlisrétt. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti tekið slíkar ákvarðanir samkvæmt umsókn eigenda lögbýlis og einnig að eigin frumkvæði ef skilyrði fyrir því að jörð sé lögbýli eru ekki lengur fyrir hendi.
23. Felld eru niður ákvæði í III. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, um að leyfi landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar félagsbús. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að menn geti sjálfir stofnað félagsbú og gert með sér samninga þar að lútandi og að einungis sé skylt að tilkynna stofnun félagsbús til landbúnaðarráðuneytisins og fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að leyfi eða samþykki landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar slíks félagsbús. Landbúnaðarráðherra heldur skrá um félagsbú í landinu og er einnig gert ráð fyrir að tilkynna þurfi landbúnaðarráðherra og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um slit félagsbús, sbr. 30. gr.
24. Fellt er niður ákvæði 2. mgr. 24. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að við endurbyggingu eyðijarðar sem enn er lögbýli skuli fylgja sömu reglum og við stofnun nýrra lögbýla. Í stað þess er nægilegt að tilkynna landbúnaðarráðuneytinu og Bændasamtökum Íslands ef hafin er ábúð og landbúnaðarstarfsemi á jörðinni, sbr. 29. gr.
25. Breytt er ákvæði um forkaupsrétt ábúanda og hann miðaður við sjö ára ábúðartíma. Samkvæmt gildandi lögum er hann miðaður við tíu ára ábúðartíma. Sérstakt ákvæði er um að ef ábúandi fellur frá haldi maki hans forkaupsrétti en það er í samræmi við gildandi framkvæmd. Einnig er sérstakt ákvæði um að forkaupsréttur ábúanda falli niður ef hann hefur sagt upp samningi sínum um ábúð eða ef honum hefur verið sagt löglega upp ábúðarsamningi vegna vanefnda. Sömu skilyrði eru í frumvarpinu og í gildandi lögum um að ábúandi sem neytir forkaupsréttar verði að taka jörðina til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi, sbr. 33. gr.
26. Breytt er ákvæði 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um rétt ábúenda á ríkisjörðum til að kaupa ábúðarjarðir sínar, sbr. 42. gr. frumvarpsins, á þann veg að réttur ábúenda getur orðið virkur eftir að þeir hafa haft ábúð á jörð í sjö ár í stað tíu ára samkvæmt gildandi lögum. Ábúendur þurfa eingöngu að leggja fram meðmæli sveitarstjórnar þar sem í frumvarpinu er lagt til að jarðanefndir verði aflagðar en að sérstakar landbúnaðarnefndir sveitarfélaga fjalli um slíkar umsóknir. Einnig er miðað við að umsögn sveitarfélags verði mun ítarlegri en gert er ráð fyrir samkvæmt gildandi lögum og að sveitarstjórn verði að byggja umsögn sína á þeim atriðum sem tilgreind eru í ákvæðinu. Nokkrar undantekningar eru frá núgildandi kauprétti ábúandans sem eru tilgreindar í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Í frumvarpinu eru svipaðar reglur en ekki alveg sama efnis en gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi ekki um jarðir sem ekki eru nýttar til landbúnaðarstarf-

semi og heldur ekki um jarðir sem þörf er á til opinberra nota eða ef almannahagsmunir eða ákvarðanir Alþingis eða stjórnvalda standa gegn því að jörð verði seld.

27. Sérstakt ákvæði er um mat á söluverði ríkisjarða sem seldar eru ábúendum og sveitarfélögum skv. 41. og 42. gr. frumvarpsins, sbr. 43. gr. Kaupandi getur einnig óskað eftir að kaupverðið verði metið af dómkvöddum matsmönnum. Lögfest er þar að söluverðið skuli ákvarðað af aðilum utan ráðuneytisins og einnig hvaða matshlutar skuli metnir. Hér er gert ráð fyrir að meta skuli jörðina sjálfa, mannvirki, ræktun og hlunnindi, t.d. veiði, æðarvarp og önnur hlunnindi sem ekki eru undanskilin sölu skv. 46. gr. svo og greiðslumark jarðarinnar. Nýtt ákvæði er um matsforsendur sem miða ber við skipulagsforsendur og afskrifað nýviði ræktunar, mannvirkja og annarra fasteigna sem er sama regla og miðað er við í mati úttektarmanna á eignum og endurbótum ábúanda við ábúðarlok, sbr. 41. gr. ábúðarlaga. Þá er gert ráð fyrir að greiðslumark mjólkur og sauðfjár sem áunnið er á jörðina og fylgir lögbýli samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og eldri lögum um sama efni fylgi með við sölu á ríkisjörðum sem seldar eru ábúendum en að það verði ekki verðlagt sérstaklega. Ef jörðinni verður hins vegar ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða ef kaupandi selur greiðslumarkið frá henni innan tíu ára frá sölu ber honum að endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem miða skal við markaðsverð á þeim tíma sem jörð er ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðar eða greiðslumark er selt frá jörð en að frádregnum jöfnum, árlegum 10% fyrningum. Þessari kvöð skal þinglýst á jörðina.
28. Nýmæli er að við sölu ríkisjarða verður alltaf skylt að undanskilja jarðefni og rétt til efnistöku, og einnig vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi, sbr. 46. gr. Þó er í ákvæðinu heimild fyrir landbúnaðarráðherra til að ákveða að slík réttindi geti fylgt með við sölu jarða til sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja í eigu þeirra. Samkvæmt jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að slík réttindi séu aðeins undanskilin þegar ríkisjarðir eru seldar ábúendum en að öðrum kosti þarf samkvæmt gildandi lögum leyfi iðnaðarráðherra til að skilja slík réttindi frá jörð, sbr. lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í þessu sambandi skal bent á að í frumvarpinu er sérstök skilgreining á hugtakinu vatnsréttindi, sbr. 2. gr. Þá er áréttað í ákvæðinu að óheimilt sé að nýta slík réttindi nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.
29. Nýmæli er að ríkisjarðir sem fyrirhugað er að selja aðrar en þær sem seldar eru sveitarstjórnum og ábúendum skal auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og leita eftir kauptilboðum í þær í samræmi við gildandi löggjöf og stjórnvaldsreglur um sölu á eignum ríkisins á hverjum tíma. Undantekningar eru þó gerðar samkvæmt þessu ákvæði um einstakar jarðir ef þar er starfrækt atvinnustarfsemi á sviði landbúnaðar eða önnur starfsemi og hagsmunir sveitarfélags krefjast, sbr. 44. gr. Alltaf verður heimilt að hafna öllum innsendum tilboðum.
30. Í 45. gr. frumvarpsins er sérstakt ákvæði um ríkisjarðir sem ekki skal selja en það eru jarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota eða nauðsynlegt þykir með tilliti til almannahagsmuna eða ákvarðana Alþingis eða stjórnvalda að séu eign íslenska ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að leita skuli umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á þegar reynir á ákvæðið.
31. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að landbúnaðarráðherra eigi alltaf forkaupsrétt að jörðum, jarðahlutum eða landi sem ríkið hefur selt ábúendum eða sveitarfélögum og að for-

kaupsrétturinn haldist í tíu ár frá sölu. Þá er þar sérstakt ákvæði um hvernig beri að meta eignir sem ábúandi átti við kaup á jörðinni þegar ríkið neytir aftur forkaupsréttar að henni, sbr. 47. gr. Í gildandi lögum er aðeins ákvæði um forkaupsrétt við sölu til ábúenda.

32. Frestur landbúnaðarráðuneytis til að úrskurða í kærumálum á grundvelli laganna er lengdur úr sex vikum í átta vikur, sbr. 69. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna ákvæði um markmið eða tilgang laganna en það verulega breytt miðað við ákvæði 1. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa í landbúnaði. Jarðalög, nr. 65/1976, leggja of einhliða áherslu á landbúnaðarnot miðað við breytta atvinnuhætti og er reynt að breyta ákvæðinu í samræmi við það en jafnframt að tryggja þá veigamiklu hagsmuni sem fólgnir eru í þeim landkostum sem til eru hér á landi. Ekki liggur fyrir í dag hverjar þarfir verða á þessu sviði þegar til framtíðar er litið og eðlilegt að löggjöfin tryggi að meðferð og nýting landkosta sé með þeim hætti sem best verður á kosið, m.a. miðað við hið fjölþætta hlutverk landbúnaðar. Jafnframt þykir eðlilegt að tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu varðveitist eins og unnt er til slíkra nota. Með hagsmunum sveitarfélaga og íbúa þeirra í skilningi ákvæðisins er átt við hagsmuni sveitarfélags sem heildar, þ.e. hagsmuni er varða starfsemi sveitarfélags eða sameiginlega hagsmuni íbúa þess. Ekki er átt við einstaklingsbundna hagsmuni tiltekinna íbúa í sveitarfélaginu og er það í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er hér að finna skilgreiningu á ýmsum hugtökum sem koma fram í lögunum, þ.e. afréttur, almenningur, ábúandi, ábúð, eignarland, eyðijörð, fasteign, félagsbú, greiðslumark, ítak, jarðefni, jarðhiti, jörð, landbúnaður, lögbýli, mannvirki, netlög, ríkisjarðir, ræktun, skipulagt land, vatnsréttindi, þéttbýli og þjóðlendur. Nauðsynlegt þykir að lögfesta þessar skilgreiningar til að eyða vafa um hvaða þýðingu þær hafa í einstökum ákvæðum laganna. Nokkur þessara hugtaka eru þegar skilgreind í öðrum lögum og verður reynt að samræma skýringu á þeim í þessum lögum. Ef ágreiningur rís um skilgreiningu einstakra hugtaka samkvæmt þessum lögum sker landbúnaðarráðherra úr. Rétt þykir að taka fram að hugtakið almenningur er að hverfa úr íslensku lagamáli og er gert ráð fyrir að allir almenningar hér á landi falli undir þjóðlendur, sbr. athugasemdir við 1. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með síðari breytingum, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing 1997–1998, þskj. 598, 367. mál. Hugtakið er þrátt fyrir það enn til staðar í þessu frumvarpi og einnig hugtakið þjóðlendur þar sem enn liggur ekki fyrir með endanlegri vissu hvaða landsvæði hér á landi verða þjóðlendur. Vinnu óbyggðanefndar lýkur ekki fyrr en á árinu 2007. Fram að þeim tíma er ekki útilokað að hugtakið almenningur geti haft tiltekna þýðingu í lagalegum skilningi og þótti því rétt að það yrði haft með í frumvarpinu og lögum sem kunna að verða samþykkt á grundvelli þess þar til þessu tímabili er lokið.

Um 3. gr.

Hér er ákvæði um gildissvið laganna en það er lítillega breytt miðað við gildandi löggjöf. Samkvæmt frumvarpinu gildir það um allt land utan þéttbýlis sem skipulagt hefur verið fyrir landbúnað og aðra starfsemi en landbúnað en einnig nær það til allra lögbýla án tillits til þess

hvort þau eru í þéttbýli. Ef land innan þéttbýlis er skipulagt sem landbúnaðarsvæði fellur það innan gildissviðs laganna. Land innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir aðra starfsemi en landbúnað fellur hins vegar utan gildissviðs laganna. Um skilgreiningu á hugtökunum landbúnaður og þéttbýli vísast til 2. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðið er að mestu sama efnis og 2. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa. Þetta ákvæði hefur þá þýðingu að allt land sem nú er í landbúnaðarnotum eða er nýtanlegt til landbúnaðar verður það áfram. Nýmæli er í ákvæðinu um að leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa land úr landbúnaðarnotum öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst. Sjá einnig athugasemdir um 6. gr. frumvarps til laga nr. 28/1995, um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 118. löggjafarþingi 1994–1995, þskj. 109, 106. mál. Þá er það nýmæli í ákvæðinu að landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum verði aftur tekið til slíkra nota ef það brýtur ekki í bága við gildandi skipulag.

Um 7. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á hvað er sumarbústaðahverfi og þar með hver eru mörkin þegar ákveða þarf hvort land undir sumarhús telst vera tekið til annarra nota þannig að leysa þurfi það úr landbúnaðarnotum en miðað er við að leysa þurfi úr landbúnaðarnotum land sem tekið er undir sumarbústaðahverfi.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði felur í sér að alltaf þarf samþykki landbúnaðarráðherra til að taka land sem nýtt eða nýtanlegt er til landbúnaðar til annarrar starfsemi. Samkvæmt því þurfa skipulagsyfirvöld að leita eftir samþykki landbúnaðarráðherra ef þau vilja skipuleggja landsvæði fyrir aðra starfsemi en landbúnað. Sama gildir um aðra aðila sem vilja ráðstafa landi sem er í landbúnaðarnotum til annarrar starfsemi eða annarra þarfa. Ef við gildistöku þessara laga er í gildi skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir tiltekið landsvæði gilda ákvæði laganna ekki um það landsvæði ef skipulagið er fyrir aðra starfsemi en landbúnað. Slíkt skipulag eða lausn úr landbúnaðarnotum getur hins vegar ekki farið fram eftir gildistöku þessara laga nema með samþykki landbúnaðarráðherra. Hafi tiltekin jörð eða jarðarhluti verið leystur úr landbúnaðarnotum gilda sömu reglur. Hafi tiltekið land sem var í landbúnaðarnotum verið skipulagt fyrir aðra starfsemi eða önnur not en landbúnað án þess að landið hafi verið leyst úr landbúnaðarnotum hvílir skylda á sveitarfélögum til að tilkynna það til landbúnaðarráðuneytisins innan sex mánaða frá gildistöku laganna, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Landbúnaðarráðherra mun í framhaldi af því þinglýsa yfirlýsingum um að viðkomandi landsvæði séu leyst úr landbúnaðarnotum. Síðastgreint ákvæði er sett í þeim tilgangi að auðvelda yfirvöldum landbúnaðarmála að hafa yfirsýn yfir það land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem það hefur ekki verið gert, t.d. ef sumarhúsasvæði hefur verið skipulagt án þess að vera leyst úr landbúnaðarnotum. Þar er ekki um að ræða þéttbýli í skilningi laganna þar sem sumarhús eru ekki til fastrar búsetu. Slík svæði falla því formlega séð innan jarðalaga en gerð er krafa um að þau verði leyst úr land-

búnaðarnotum. Landbúnaðarráðherra mun að fengnum tilkynningum sveitarfélaga þinglýsa yfirlýsingum um að slík sumarhúsasvæði og önnur svæði eftir því sem við á séu leyst úr landbúnaðarnotum ef gildandi skipulag samrýmist ekki að þau séu í landbúnaðarnotum. Þetta hefur einnig nokkuð gildi í framkvæmd. T.d. á landbúnaðarráðherra aðeins að staðfesta landskipti á jaðarmörkum slíks sumarhúsasvæðis en ekki landskipti fyrir einstakar lóðir. Eftir að landið hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörðinni þarf ekki staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins á landskiptum fyrir einstakar lóðir innan jaðarmarkanna. Svæði sem skipulögð hafa verið fyrir aðra starfsemi en landbúnað samkvæmt þessu ákvæði falla þó enn undir gildissvið þessara laga ef þau eru ekki í þéttbýli, sbr. 3. gr.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er verulega breytt miðað við 15. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ákvæði þetta felur í sér eignarnámsheimild fyrir landbúnaðarráðherra ef landnotkun er ekki í samræmi við ákvæði laganna og í þeim tilgangi að ná þeim markmiðum sem fram koma í 1. gr. laganna. Að öðru leyti gilda almennar reglur um slíkt eignarnám í samræmi við 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 10. gr.

Ákvæðið er nýmæli en gert er ráð fyrir að með lögunum verði aflagðar jarðanefndir sem nú starfa á grundvelli jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þess í stað er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum sé skylt að koma á fót sérstökum ráðgefandi landbúnaðarnefndum innan sveitarfélagsins sem hafi svipað hlutverk og jarðanefndir hafa samkvæmt gildandi lögum. Hlutverk þeirra er ekki alveg sambærilegt en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að jarðanefndir starfi við hlið sveitarstjórna í mörgum tilvikum og þurfi að samþykkja ýmsar ráðstafanir eða gefa sjálfstæðar umsagnir um þær. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndir veiti sveitarstjórnum ráðgjöf og umsagnir um mál sem sveitarstjórnirnar fjalla um samkvæmt lögunum. Ekki er gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndirnar láti utanaðkomandi aðilum í té sjálfstæð álit eða umsagnir um einstök álitaefni eða mál, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Sveitarstjórnum verður skylt að leggja öll mál sem þær fjalla um eftir lögunum fyrir landbúnaðarnefndirnar en með því er reynt að tryggja að þessi mál fái faglega umfjöllun staðkunnugra manna með svipuðum hætti og gildandi lög gera ráð fyrir að jarðanefndir fjalli um mál. Þó er gert ráð fyrir að landbúnaðarnefndum kunni að vera falin verkefni samkvæmt öðrum lögum. Um skipan og starfsemi landbúnaðarnefnda gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, t.d. um heimild til að sameina störf nefndanna öðrum nefndum o.fl. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru m.a. tilkomnar vegna athugasemda sem íslenskum stjórnvöldum hafa borist frá Eftirlitsstofnun EFTA en í áðurnefndu bréfi stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um tvöfalt samþykki fyrir tilteknum ráðstöfunum, þ.e. samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, svo og heimild sveitarstjórnar til að binda samþykki sitt tilteknum skilyrðum samkvæmt sama ákvæði, brjóti gegn 31. og 40. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Með því fyrirkomulagi sem lagt er til í 10. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram koma í framangreindu bréfi stofnunarinnar, dags. 4. júlí 2001.

Um 11. gr.

Hér er að finna ákvæði sem ekki er í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en hefur eðli málsins samkvæmt verið talinn gildandi réttur hér á landi.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli sem hefur verið með sama hætti í framkvæmd en þar kemur fram að hlunnindi skuli fylgja jörð og séu hluti hennar og eign jarðareiganda.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli sem er almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð. Í íslenskri löggjöf er ekki að finna almennt ákvæði um að óheimilt sé að skilja hlunnindi frá jörð en ákvæði þess efnis er hins vegar að finna í sérlögum um einstök hlunnindi, sbr. t.d. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þar sem fram kemur að óheimilt er að skilja veiðihlunnindi frá jörð. Einnig eru slík ákvæði í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. mgr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 9. og 12. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum á jörðu. Sú regla sem hér er lögfest hefur almennt verið talin gilda í framkvæmd. Þó hefur sú framkvæmd ekki verið án undantekninga, sbr. Hrd. 1999, bls. 2794, og Hrd. 1999, bls. 2809.

Um 13. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Ákvæðið er nýmæli og er tilkomið vegna þess að oft eru eigendur jarðar margir og hefur dreifð eignaraðild valdið erfiðleikum í framkvæmd við að framfylgja lögum og reglum eða annast nauðsynlega hagsmunagæslu, svo sem um afréttamálefni, veggirðingar o.fl., og eins ýmsar ráðstafanir eða framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, m.a. ef jarðir eru ekki lengur í ábúð. Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði um að í slíkum tilvikum sé jarðeigendum skylt að hafa með sér félag og að tilnefna fyrirsvarsmann/ábyrgðaraðila sem fái skilgreint umboð til að koma fram fyrir hönd jarðeigenda gagnvart nágrönnum og sveitarstjórn við úrlausn mála er lúta að hvers konar skyldum jarðeigenda. Einnig er lagt til að nafn félagsins og fyrirsvarsmannsins verði skylt að tilkynna sýslumanni sem þinglýsi slíkri tilkynningu á jörðina til þess að auðvelt verði að afla upplýsinga um þessa þætti en um skráningarskyldu félagsins að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma. Ákvæði þetta gildir þó ekki þegar eigendur jarðar eru einungis hjón eða foreldrar og ófjárráða börn þeirra en ákvæðið yrði töluvert þungt í framkvæmd ef þessi undantekning yrði ekki gerð. Gert er ráð fyrir að þessi félög verði með svipuðu formi og húsfélög en félagsmenn geta valið um félagsform. Félögunum er skylt að setja sér samþykktir en efni þeirra má þó ekki brjóta í bága við þetta ákvæði eða önnur ákvæði laga. Jafnframt er miðað við að heimildir fyrirsvarsmanns til að taka ákvarðanir og framkvæma tilteknar ráðstafanir fyrir félagið verði svipaðar þeim ráðstöfunum sem húsfélagi er heimilt að takast á hendur með samþykki einfalds meiri hluta en samþykki allra sameigenda þarf til annarra ráðstafana sem teljast meiri háttar, t.d. ráðstafana á eignarhlutum annarra sameigenda, ákvarðana sem hafa í för með sér verulegan kostnað, umfang eða óþægindi og ráðstafana sem fela í sér kvaðir eða takmarkanir á hagnýtingu jarðarinnar, t.d. ef ráðstafa á jörðinni eða hluta hennar til ábúðar eða leigu en þá þarf samþykki allra sameigenda. Slíkt leiðir af meginreglum um sérstaka sameign. Ekki er gert ráð fyrir að slík félög séu skattskyldir aðilar en þau eru almennt ekki með neinn rekstur heldur einungis stofnuð um eignarhald og fyrirsvar jarðarinnar gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum sem

þurfa að eiga samskipti við eigendur jarðarinnar. Ef slík félög innheimta tekjur af félagsmönnum eða öðrum umfram rekstrarkostnað eða eru rekin í atvinnuskyni með öðrum hætti verða þau hins vegar skattskyldir aðilar með sama hætti og önnur fyrirtæki í atvinnurekstri.

Um 15. gr.

Þetta ákvæði felur í sér miklar breytingar frá ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Skv. 6. gr. laganna þarf samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar til ráðstöfunar á jörðum, öðru landi eða fasteignum sem lögin gilda um, m.a. við kaup, sölu, skipti, leigu, ábúð o.fl. Ákvæðið er ekki tæmandi og hafa ýmsar aðrar ráðstafanir verið taldar falla undir það. Nokkrar undantekningar eru frá þeirri reglu og gildir hún m.a. ekki um erfðir eða ráðstöfun fasteigna til náinna ættingja og heldur ekki um ríkisjarðir. Sveitarstjórnir og jarðanefndir hafa samkvæmt gildandi lögum heimild til að binda samþykki sitt skilyrðum og eru ákvarðanir þeirra kæranlegar til landbúnaðarráðuneytisins. Sama gildir ef eigendaskipti verða að eignarhlutum í félögum sem eiga jarðir. Ljóst er að slíkt ákvæði er ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á hlutabréfamarkaði hér á landi og viðskiptum með eignarhluti í félögum og fyrirtækjum, enda er töluverður misbrestur á að farið hafi verið eftir því í framkvæmd. Ef sveitarstjórn og jarðanefnd verða ekki sammála samkvæmt gildandi lögum sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi. Ef sveitarstjórn og jarðanefnd neita samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 að samþykkja áformaða sölu fasteignar og landbúnaðarráðherra staðfestir slíka ákvörðun getur eigandi eða umráðamaður hennar krafist þess að sveitarsjóður eða ríkissjóður kaupi jörðina á verði sem ákveðið er af matsnefnd eignarnámsbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1973. Þá er samkvæmt gildandi lögum óheimilt að þinglýsa skjölum um eignayfirfærslu að fasteignum sem lögin gilda um, nema fyrir liggi samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar eða eftir atvikum úrskurður landbúnaðarráðherra. Samkvæmt frumvarpi þessu þarf hins vegar ekki samþykki sveitarstjórnar til aðilaskipta að landi og öðrum fasteignum sem lögin gilda um og ekki heldur samþykki jarðanefndar en það leiðir af eðli máls þar sem jarðanefndir eru aflagðar með frumvarpinu. Skylt er að tilkynna stofnun réttinda og aðilaskipti að jörðum, öðru landi og fasteignum til sveitarstjórnar en ekki þarf að fá samþykki sveitarstjórnar til slíkra ráðstafana heldur er hér eingöngu um að ræða einfalda tilkynningarskyldu. Í bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, kemur fram það álit að ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar og einnig heimild sveitarstjórnar til að binda samþykki sitt tilteknum skilyrðum brjóti gegn 31. og 40. gr. EES-samningsins, sbr. og tilskipun nr. 88/361/EEC. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið sem fram koma í framangreindu bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA. Af framangreindu leiðir að sjálfkrafa fellur niður heimild fyrir sveitarstjórn til að binda samþykki sitt skilyrðum eins og er samkvæmt gildandi lögum. Ljóst er að ákvæði 6. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er orðið nokkuð úrelt og gerir alla framkvæmd við ráðstöfun jarða og annars lands mjög seinvirka og þunga í vöfum. Með ákvæði þessu er verið að samræma ákvæðið markmiðum þessara laga að öðru leyti. Telja verður að sveitarstjórnir hafi nægileg úrræði til að tryggja hagsmuni sína skv. 32. gr. sem hefur að geyma ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga og einnig í skipulags- og byggingarlögum og að ekki sé eðlilegt að vald sveitarstjórna nái lengra en þar kemur fram.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða nýmæli þar sem landbúnaðarráðuneytinu er gert skylt að gefa út jarðaskrá á grundvelli upplýsinga úr Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins heldur sam-

kvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, yfir allar jarðir, jarðahluta, landspildur og annað land sem lögin gilda um. Landbúnaðarráðuneytinu en er hins vegar heimilt að fela gerð hennar öðrum aðila, t.d. Hagþjónustu landbúnaðarins. Er miðað við að jarðaskráin verði hluti af jarðahluta Landskrár fasteigna, enda þótt landbúnaðarráðuneytið fari með ákveðnar heimildir varðandi gerð hennar og notkun. Í 2. mgr. er ákvæði um skyldu ýmissa aðila til að láta ráðuneytinu eða þeim sem annast gerð jarðaskrár í umboði þess í té ýmsar upplýsingar sem það óskar eftir við gerð jarðaskrárinnar og í 3. mgr. ákvæði um sölu og afhendingu upplýsinga úr Landskrá fasteigna gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá settri samkvæmt lögum nr. 6/2001. Gert er ráð fyrir að þessi jarðaskrá verði eins konar ný jarðabók fyrir Ísland. Hin nýja jarðaskrá mun bera það heiti og innihalda upplýsingar um allar jarðir og landspildur án tillits til þess hvort þær eru lögbýli eða ekki. Jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins, sem gefin er út á grundvelli 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, hefur nú einungis að geyma skrá um lögbýli. Skv. 31. gr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytið gefi einnig út slíka skrá á grundvelli upplýsinga úr jarðaskránni en hún mun eftir gildistöku laganna bera heitið lögbýlaskrá en fyrrnefnda skráin ber heitið jarðaskrá. Heitið jarðaskrá mun þannig fá aðra merkingu eftir gildistöku laganna en framkvæmd við útgáfu lögbýlaskrár ekki breytast. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft. Sjá einnig ákvæði til bráðabirgða III um frest til að gefa út fyrstu jarðaskrána.

Um 17. gr.

Ákvæði IV. kafla gildir um landskipti án tillits til þess með hvaða hætti þau eru framkvæmd, m.a. gilda ákvæðin um staðfestingu landbúnaðarráðherra á landskiptum á landi tveggja eða fleiri jarða sem hafa verið framkvæmd með formlegum hætti samkvæmt landskiptalögum, nr. 46/1941, þegar skipti hafa verið gerð með samningi eða landskiptagerð á einni jörð og einnig þegar seldar eru landspildur eða lóðir úr jörðum. Að öðru leyti eru ákvæði kaflans í samræmi við gildandi framkvæmd og löggjöf og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um staðfestingu landskipta en sérstakt ákvæði er í 20. gr. frumvarpsins um leyfi til sameiningar jarða. Ítarlegri ákvæði eru í frumvarpinu um upplýsingar og gögn sem gert er ráð fyrir að fylgi beiðni um staðfestingu landskipta, m.a. umsögn sveitarstjórnar. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar Bændasamtaka Íslands eins og gildandi ákvæði gerir ráð fyrir. Ljóst er að þetta ákvæði á við um allar athafnir, samninga og aðrar gjörðir sem hafa í för með sér að landi, landspildu eða lóð er skipt út úr jörð og skiptir ekki máli í því efni hversu stór sú landspilda eða lóð er. Forsendur þær sem ákvæðið byggist á eru þær að yfirvöld landbúnaðarmála eigi þess kost að leggja mat á hvort landskipti geti haft í för með sér að land sem vel er fallið til landbúnaðarnota verði það ekki eftir slík landskipti en það eru þau sjónarmið sem landbúnaðarráðuneytinu ber að leggja til grundvallar við ákvörðun um hvort staðfesta beri landskipti eða ekki. Við slíka ákvörðun ber landbúnaðarráðuneytinu hins vegar ekki að leggja til grundvallar sjónarmið sem varða eignaraðild og önnur atriði sem ekki tengjast landbúnaði. Landskiptin geta átt sér stað með landskiptagerð eða annars konar samningi en einnig með kaupsamningi og/eða afsali, t.d. þegar seld er lóð samkvæmt kaupsamningi og/eða afsali. Miðað er við að um sé að ræða varanleg landskipti. Sérstakt ákvæði er þar um að ef um er að ræða skipti á landi sem tilheyrir einu lögbýli skuli í skiptasamningi eða landskiptagerð taka fram hvaða jarðarhluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lög-

býlis. Þegar landi lögbýlis er skipt í fleiri hluta er ljóst að ekki er verið að skipta landinu í fleiri lögbýli og að hinir úrskiptu hlutar verða ekki sjálfkrafa lögbýli. Einungis eitt lögbýli er til á landinu eftir skiptin með sama hætti og fyrir þau. Þar sem ýmis réttindi fylgja lögbýli samkvæmt öðrum lögum er nauðsynlegt að taka fram í skiptagerð eða samningi um landskipti hvaða jarðarhluta lögbýlisrétturinn fylgir og þar með þau réttindi sem bundin eru við lögbýlið og fylgja þau þá þeim jarðarhluta sem lögbýlisréttinn hlýtur, t.d. atkvæðisréttur í veiðifélagi samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þótt veiðiréttur kunni að fylgja ýmsum úrskiptum landspildum, sbr. t.d. Hrd. 1963, bls. 173 og Hrd. 1994, bls. 924. Þá gera ákvæði laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, ráð fyrir að greiðslumark og þau réttindi sem bundin eru við það fylgi lögbýli en fjölmörg önnur réttindi eru bundin við lögbýli samkvæmt ákvæðum íslenskrar löggjafar. Ef eigendur þeirra úrskiptu jarðarhluta sem ekki hlutu lögbýlisréttinn við landskiptin vilja hafa þar lögbýli verða þeir að sækja um leyfi ráðherra til að stofna lögbýli á þessum úrskiptu jarðarhlutum. Ákvæði laga nr. 76/1970 girða reyndar fyrir að atkvæðisbærum lögbýlum geti fjölgað í veiðifélaginu, enda þótt stofnuð séu ný lögbýli á úrskiptum jarðarhlutum. Ekki þarf hins vegar að leita samþykkis landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæði þessu þegar gerðir eru leigusamningar, t.d. samningar um landspildur eða lóðarleigusamningar, þrátt fyrir að slíkir samningar hafi í för með sér að lóðirnar ásamt þeim mannvirkjum sem á þeim standa verði sjálfstæðar fasteignir í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna á meðan viðkomandi samningur er í gildi. Ákvæðið á einungis við þegar um er að ræða varanleg skipti lands úr jörðum eða öðru landi. Nýmæli er í ákvæðinu um að staðfesting landbúnaðarráðherra á landskiptum öðlist fyrst gildi þegar henni hefur verið þinglýst.

Um 19. gr.

Hér er að finna ákvæði sem felur í sér að þegar jarðarhluti eða landspilda er leyst úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörðinni skal landbúnaðarráðherra aðeins staðfesta landskipti á ytri mörkum jarðarhlutans eða spildunnar en frekari skipting og innra skipulag á landi jarðarhlutans eða landspildunnar fellur utan við gildissvið laganna. Þetta er í samræmi við það sem segir hér að framan um þær forsendur sem landbúnaðarráðuneytið byggir ákvörðun sína um staðfestingu landskipta á en þar ber ráðuneytinu eingöngu að leggja til grundvallar landbúnaðarforsendur og hvort hætta sé á að verið sé að ráðstafa landi sem hæft er til landbúnaðarnota til annarra nota eða hvort verið er að rýra eða skemma slíkt land. Við innra skipulag á landi sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum koma þessi sjónarmið ekki til álita. Um slíkar ákvarðanir ber að fara eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um sameiningu jarða og leyfi til að leggja jarðir og annað land til afrétta. Ítarlegri ákvæði eru um upplýsingar og gögn sem leggja þarf fram með beiðni um leyfi til sameiningar, m.a. umsögn sveitarstjórnar. Landbúnaðarráðherra skal leita umsagnar Bændasamtaka Íslands. Nýmæli eru um að óheimilt er að sameina jarðir sem ekki tilheyra sama sveitarfélagi eða lögsagnarumdæmi, svo og um að leyfi landbúnaðarráðherra til sameiningar öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 22. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og felur í sér að heimilt er að stofna ný lögbýli til hvers konar starfsemi sem fallið

getur undir hugtakið landbúnaður eins og það er skilgreint í 1. gr. laganna. Miðað við skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins á hugtakinu landbúnaður er ákvæðið víðtækara en í 22. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ekki er gerð krafa um að virk atvinnustarfemi verði á lögbýlinu allt árið en lögbýli sem stofnað er þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. frumvarpsins, m.a. um húsakost, aðstöðu o.fl. sem fram kemur í skilgreiningu á lögbýli í því ákvæði.

Um 22. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 22. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en er nokkuð ítarlegra um hvaða upplýsingar og gögn skuli fylgja umsókn um stofnun lögbýlis. Nýmæli er að umsækjandi skuli hafa með þinglýstum kaupsamningi eða samningi um ábúð/leigu til a.m.k. 20 ára tryggt sér umráðarétt yfir landi og annarri búrekstraraðstöðu. Eðlilegt þykir að binda umráðarétt við tímamörk eins og hér er gert þar sem gert er ráð fyrir að lögbýli sé ætlað að standa til frambúðar.

Um 23. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 23. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og einnig gert ráð fyrir að það fari ekki í bága við skipulag. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 24. gr.

Í þessu ákvæði felst að það er lagt í vald landbúnaðarráðuneytisins að meta hvort lagaskilyrði og búrekstrarskilyrði eða skilyrði til annars atvinnureksturs séu fyrir hendi til að stofna lögbýli. Fellt hefur verið niður ákvæði 1. mgr. 23. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um að til að stofna lögbýli til sauðfjárræktar, nautgriparæktar eða hrossaræktar skuli ræktanlegt land að jafnaði ekki vera minna en 100 hektarar. Í stað þess er landbúnaðarráðuneytinu hér fengið vald til að meta nauðsynlega landstærð.

Um 25. gr.

Ákvæðið kveður á um formsskilyrði við útgáfu leyfis til stofnunar lögbýlis og er í samræmi við gildandi framkvæmd. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta hefur í framkvæmd verið í gildi samkvæmt lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, þ.e. að leyfishafi skuli leggja fyrir örnefnanefnd tillögu að heiti lögbýlis og óska eftir samþykki nefndarinnar.

Um 27. gr.

Hér er það nýmæli að leyfi landbúnaðarráðherra til að stofna lögbýli öðlist fyrst gildi þegar því hefur verið þinglýst.

Um 28. gr.

Nýmæli er hér að landbúnaðarráðherra getur fellt niður lögbýlisrétt af jörð og gildir það bæði samkvæmt umsókn eiganda og einnig getur ráðherra gert það að eigin frumkvæði ef býli fullnægir ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli eins og það er skilgreint í 2. gr. Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði sem þetta. Ljóst er að fjölmörg lögbýli sem nú eru skráð fullnægja ekki lengur skilyrðum til að vera lögbýli og eru oft þannig staðsett að skipulagsforsendur mæla gegn því að þau séu lögbýli. Gera má ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geri

sérstakt átak til að koma þessum málum í lag þannig að einungis þau býli sem fullnægja skilyrðum til að vera lögbýli njóti þeirra réttinda áfram.

Um 29. gr.

Ákvæðið er skylt ákvæði 2. mgr. 24. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og kemur í stað þess í frumvarpinu. Þar sem eyðijarðir geta notið lögbýlisréttar þykir ekki nauðsynlegt að haga endurbyggingu eyðijarðar til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi á sama hátt og verið hefur ef viðkomandi jörð nýtur lögbýlisréttar. Slíkar umsóknir hafa hingað til verið meðhöndlaðar á sama hátt og umsóknir um stofnun nýrra lögbýla. Ef jörð nýtur lögbýlisréttar er nægilegt að sinnt sé tilkynningarskyldu með þeim hætti sem fram kemur í ákvæðinu. Ef jörð nýtur hins vegar ekki lögbýlisréttar, annaðhvort vegna þess að hún hefur aldrei haft slíkan rétt eða hann er fallinn niður þarf að fara með umsóknir um endurbyggingu á sama hátt og stofnun nýs lögbýlis sé að ræða.

Um 30. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á núverandi lögum um stofnun félagsbúa á þann veg að fellt er úr gildi að leyfi landbúnaðarráðherra þurfi til stofnunar félagsbús. Þess í stað er gert ráð fyrir að aðilar geti sjálfir stofnað félagsbú og gert með sér samninga þess efnis án atbeina landbúnaðarráðherra. Hins vegar verður skylt að tilkynna stofnun og slit félagsbúa til landbúnaðarráðuneytisins og ber landbúnaðarráðherra að halda skrá um félagsbú í landinu á hverjum tíma, sem hluta af lögbýlaskrá, sbr. 31. gr. Einnig er skylt að tilkynna stofnun og slit félagsbúa til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra.

Um 31. gr.

Hér er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra gefi út sérstaka skrá 31. desember ár hvert yfir öll lögbýli í landinu með svipuðum hætti og lýst er í 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Hér er þó það nýmæli að lögbýlaskrána skal gera á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna og er miðað við að hún verði hluti af þeirri skrá þótt landbúnaðarráðuneytið fari með ákveðnar heimildir við gerð hennar og notkun. Þessi skrá kemur til viðbótar við jarðaskrá þá sem tilgreind er í 16. gr. og nær eingöngu yfir þær jarðir sem hafa lögbýlisrétt. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að þessi skrá innihaldi svipaðar upplýsingar og jarðaskráin. Um afhendingu og sölu upplýsinga úr lögbýlaskrá fer eftir ákvæðum laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og gjaldskrá settri samkvæmt þeim lögum með sama hætti og gildir um upplýsingar úr jarðaskrá, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 32. gr.

Ákvæðið er nýmæli en með frumvarpi þessu er breytt verulega ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, um forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum. Ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga eru að stofni til komin úr enn eldri lögum. Ákvæði um forkaupsrétt hafa verið í íslenskum lögum frá árinu 1723, sbr. tilskipun frá 18. júní 1723, en þar voru ákvæði um forkaupsrétt ábúenda sem höfðu lífstíðarábúð á jörðum. Samkvæmt lögum nr. 30/1905, um forkaupsrétt ábúenda, náðu þessi ákvæði hins vegar til allra ábúenda án tillits til þess hvort þeir höfðu lífstíðarábúð eða ekki. Reglurnar um forkaupsrétt náðu einnig til ábúenda sem höfðu sagt upp ábúðarsamningum sínum og ábúenda sem löglega hafði verið sagt upp ábúðarsamningum ef ábúðinni var ekki lokið. Með lögum nr. 30/1905 fengu sveitarfélög einnig forkaupsrétt að afréttum og óbyggðum svæðum

sem unnt var að nýta til sumarhúsabyggðar. Með lögum nr. 40/1919 fengu sveitarfélög forkaupsrétt að jörðum á eftir ábúendum sem héldu forkaupsrétti sínum með sömu skilyrðum og áður. Með lögum nr. 16/1926, um breytingu á lögum nr. 40/1919, voru lögfestar undantekningar frá ákvæðum laganna um forkaupsrétt en samkvæmt þeim giltu ákvæðin ekki ef jarðareigandi seldi jörð barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, bróður, systur eða foreldri. Lög nr. 40/1919 voru síðan endurútgefin svo breytt sem lög nr. 55/1926. Með lögum nr. 40/1948, um kauprétt að jörðum, voru gerðar þær breytingar á ákvæðum laganna um forkaupsrétt að ábúandi átti aðeins forkaupsrétt á undan sveitarfélagi ef hann hafði haft ábúð í þrjú ár eða lengri tíma áður en söluumleitanir hófust en að öðrum kosti átti ábúandi forkaupsrétt á eftir sveitarfélagi. Sömu undantekningar giltu áfram um sölu til náinna ættingja. Með lögum nr. 65/1976 var lögfest að ábúendur áttu forkaupsrétt á undan sveitarfélagi ef þeir höfðu haft ábúð á jörð í tíu ár eða lengur og sömu undantekningar og áður gerðar um sölu til náinna ættingja en bætt við að þau ákvæði giltu einnig um maka og barnabörn. Enn fremur voru þau skilyrði sett að ábúandi yrði að taka jörðina til ábúðar og fullra nytja. Ákvæðin um forkaupsrétt sveitarfélaga eru í þingskjölum með framangreindum lögum rökstudd með því að verið sé að sporna gegn því að jarðir sem hæfar séu til búreksturs falli í hendur svokallaðra jarðabraskara eða annarra aðila sem ekki hyggjast taka þær til búreksturs og landbúnaðarnytja að öðru leyti án tillits til þess hvort og hvaða röskun það kunni að hafa í för með sér fyrir byggðarlagið. Á síðari árum hafa þær raddir hins vegar orðið háværari að þessi rök séu ekki nægilega rétthá gegn eignarrétti jarðeigenda og rétti þeirra til að ráðstafa eignum sínum á þann veg sem þeir sjálfir kjósa, svo og rétti annarra til að kaupa slíkar jarðir og nýta án afskipta sveitarfélagsins. Ljóst er að þessar reglur geta verið afar íþyngjandi og eiga oft ekki vel við hér á landi auk þess sem ekki er fullljóst hvort þær samrýmast nútímalöggjöf og samningum sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi. Hér er því farin sú leið að takmarka heimildir sveitarfélaga til að neyta forkaupsréttar á þann veg að skilyrði fyrir því að sveitarfélög geti neytt forkaupsréttar séu þau að sveitarfélagi sé þörf á að fá umráðarétt yfir jörð, jarðahluta eða öðru landi sem á að selja til að nýta fyrir starfsemi sveitarfélagsins eða til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélagsins. Með sameiginlegum hagsmunum íbúa sveitarfélags er hér átt við hagsmuni margra og jafnvel meiri hluta íbúa sveitarfélags. T.d. gæti þetta átt við ef þörf er á landi í sveitarfélaginu undir afrétt sem gert er ráð fyrir að nokkur fjöldi íbúa sveitarfélagsins nýti. Ekki er hins vegar heimilt lengur að sveitarfélag neyti forkaupsréttar að jörð í þeim tilgangi að selja hana tilteknum íbúum sveitarfélags eða öðrum eða afhenda einstaklingum hana til nota með öðrum hætti. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er ekki gert ráð fyrir að unnt sé að neyta forkaupsréttar samkvæmt þessu ákvæði í þeim tilgangi að afhenda viðkomandi jörð tilteknum einstaklingum eða þröngum hópi einstaklinga til afnota. Þá er fellt úr gildi ákvæði um að sveitarstjórnir geti framselt forkaupsrétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins. Þær breytingar sem hér eru lagðar til í 32. gr. frumvarpsins eru m.a. gerðar vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um forkaupsrétt sveitarfélaga og Jarðasjóðs ríkisins, sbr. bréf stofnunarinnar til íslenskra stjórnvalda, dags. 4. júlí 2001, en þar kemur fram það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að ákvæði 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, brjóti gegn ákvæði 40. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Með þessu ákvæði 32. gr. frumvarpsins er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram koma í fyrrnefndu bréfi stofnunarinnar og reynt að sníða eins og unnt er af gildandi lögum þá vankanta sem stofnunin telur vera á þeim án þess þó að gengið sé lengra en þörf krefur. Þykir rétt að láta reyna á hvort ákvæðið eins og það er úr garði gert með frumvarpi þessu standist ákvæði EES-samningsins.

Um 33. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 30. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, að því undanskildu að samkvæmt hinu nýja ákvæði öðlast ábúandi forkaupsrétt að jörð eftir sjö ára búsetu í stað tíu ára. Gert er ráð fyrir að ábúandi þurfi að fullnægja sömu skilyrðum og áður til að neyta forkaupsréttar. M.a. þarf ábúandi að taka jörðina áfram til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi. Nýmæli er hér, sem reyndar hefur verið talið gilda í framkvæmd, að falli ábúandi frá haldi maki hans forkaupsrétti. Einnig er hér nýmæli um að forkaupsréttur ábúanda falli niður ef hann hefur sagt upp ábúðarsamningi sínum eða ef honum hefur verið sagt löglega upp vegna vanefnda. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 31. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Ítarleg ákvæði eru hér sett um hvernig beri að standa að því að bjóða forkaupsréttarhöfum skv. 32. og 33. gr. forkaupsrétt og eru að mestu sambærileg við 32. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ákvæðið felur í sér frávik frá ákvæði 9. gr. laga nr. 40/2002, um fasteignakaup, en samkvæmt síðastgreindu ákvæði þarf forkaupsréttarhafi að svara forkaupsréttartilboði innan 15 daga. Frestur til að svara forkaupsréttartilboði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er 30 dagar.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 34. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Í dómi Hæstaréttar 1993, bls. 108, reyndi enn fremur á þetta ákvæði og var þessi réttur ábúanda til að krefjast mats þar viðurkenndur.

Um 37. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti efnislega samhljóða 35. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 38. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 33. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytið fari með forræði allra ríkisjarða, nema sérstakar undantekningar frá því séu gerðar með lögum. Ákvæðið er sama efnis og 36. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Um skilgreiningu á hugtakinu ríkisjarðir er vísað til 2. gr. frumvarpsins en ýmis réttaráhrif geta verið bundin við það, t.d. réttur ábúanda til að kaupa ábúðarjörð sína eftir sjö ára búsetu samkvæmt frumvarpinu. Skilgreiningin er í samræmi við framkvæmd og skýringu á ákvæði 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Ágreiningur hefur þó nokkrum sinnum komið upp í framkvæmd um hvort jarðir í eigu sveitarfélaga falli undir jarðir í eigu opinberra aðila samkvæmt greindu ákvæði en ákvæðið hefur ekki verið skýrt með þeim hætti. Í 2. gr. er tekinn af allur vafi um þetta atriði.

Um 40. gr.

Ákvæðið er efnislega að verulegu leyti samhljóða 2. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa með þeirri breytingu að hámarksstærð lóða er hér skilgreind sem 5 hektarar. Sú undantekning er þó gerð hér frá meginreglunni um tíu ára leigutíma þegar jörðum er ráðstafað til skógræktar, t.d. samkvæmt lögum nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, eða með öðrum hætti en í þeim tilvikum er heimilt að leigutíminn verði lengri. Enn fremur gildir ákvæðið ekki ef jarðir eru byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða ráðstafað til sérstakra nota í þágu íslenska ríkisins. Þá er fellt niður ákvæði um að sé sótt um jörð eða jarðahluta til fastrar ábúðar sem leigð er lausri leigu sé heimilt að segja slíkum samningi upp fyrir jól miðað við næstu fardaga á eftir. Slíkt ákvæði er ekki í samræmi við meginreglu íslenskrar löggjafar um skuldbindingargildi samninga né heldur meginviðhorf í samningarétti og þykir nauðsynlegt að breyta því.

Um 41. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélaga hefur hér verið bætt við en þau eru oft nokkuð sjálfstæð. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 1. og 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Sú breyting er þó gerð hér að samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að ábúandi jarðar eigi með nokkrum undantekningum rétt á að kaupa ábúðarjörð sína eftir tíu ára ábúð ef hann leggur fram yfirlýsingu sveitarstjórnar um að hann hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að hann fái jörðina keypta, svo og meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupunum. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að ábúendur geti lagt inn slíkar umsóknir ef þeir hafa haft ábúðarrétt í sjö ár eða lengur og leggja fram meðmæli sveitarstjórnar um að þeir hafi setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að þeir fái viðkomandi jörð keypta. Hér nægja meðmæli sveitarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að jarðanefndir verði aflagðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórn beri að leggja slík erindi fyrir landbúnaðarnefnd sveitarfélags, sbr. 10. gr. Sett eru ítarleg ákvæði um hvað beri að taka fram í meðmælum sveitarstjórnar og sveitarstjórn gert að byggja umsögn sína á þeim atriðum. Ákvæðið um heimild til að selja ábúanda ríkisjarðar ábúðarjörð sínar gildir ekki ef jörðin er ekki nýtt til landbúnaðarstarfsemi og heldur ekki ef þörf er á jörðinni til opinberra nota eða ef almannahagsmunir mæla gegn því að jörðin verði seld, sbr. 45. gr.

Um 43. gr.

Ákvæðið er nýmæli og fjallar um hvernig skuli staðið að ákvörðun söluverðs við sölu á ríkisjörðum til ábúenda og sveitarstjórna, sbr. 41. og 42. gr. frumvarpsins. Í samræmi við starfsreglur sem hafa gilt í landbúnaðarráðuneytinu um nokkurra ára skeið er hér lagt til að við sölu ríkisjarða til ábúenda og sveitarfélaga verði skylt að afla mats matsaðila utan ráðuneytisins. Þessi regla á sér stoð í því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins sem kom út í október 1998 var fundið að því að starfsmenn ráðuneytisins höfðu annast mat á söluverði ríkisjarða sem seldar höfðu verið og lagt til að framvegis yrðu fengnir sérfróðir aðilar utan ráðuneytisins til að annast þau verkefni. Hefur þeirri reglu verið fylgt í framkvæmd að mestu síðan sú skýrsla kom út en þó með nokkrum undantekningum við sölu á jörðum sem var að mestu lokið þegar framangreind skýrsla kom út. Ríkiskaup og matsmenn þeirra hafa annast flestar matsgerðir á söluverði

ríkisjarða til ábúenda og sveitarfélaga síðan þessi regla var tekin upp. Samkvæmt frumvarpinu er miðað við að landbúnaðarráðuneytið greiði kostnað af slíku mati en það er í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur. Kaupendur geta einnig óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna en þá greiða þeir sjálfir fyrir undirmat en yfirmat greiðir sá sem óskar þess. Í þessu ákvæði frumvarpsins eru einnig taldir upp þeir matshlutar ríkisjarða sem ber að meta til söluverðs, þ.e. ræktun, mannvirki og hlunnindi en með hlunnindum er hér átt við veiði, æðarvarp o.fl. en ekki þau réttindi sem tilgreind eru í 46. gr. og skulu undanskilin sölu. Í ákvæðinu er m.a. lagt til að greiðslumark verði hér ekki metið til verðs við sölu til ábúenda en gert ráð fyrir að það fylgi með við söluna. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslumark skuli metið til verðs við sölu til annarra aðila, m.a. til sveitarfélaga. Við sölu á ríkisjörðum til ábúenda hefur sú framkvæmd verið viðhöfð að greiðslumark jarða hefur ekki verið metið til verðs en það hefur eigi að síður fylgt með við sölu. Þessi regla hefur að meginstefnu verið byggð á því að greiðslumarkið hefur oft orðið til fyrir framleiðslu og vinnu ábúendanna sjálfra á jörðunum, svo og því að þegar búmarki og síðar fullvirðisrétti sem er undanfari greiðslumarks, var úthlutað við upphaf framleiðslustjórnunarkerfis búvara hér á landi, var það gert án þess að nokkurt endurgjald kæmi á móti frá þeim sem fengu slíka úthlutun. Það hefur því ekki verið talið óeðlilegt að þeir ábúendur sem þá sátu ríkisjarðir og myndað höfðu grundvöll að úthlutun búmarks og síðar fullvirðisréttar með framleiðslu sinni fengju að njóta þess þegar þeir keyptu ábúðarjarðir sínar. Hafa þeir því ekki verið látnir greiða sérstaklega fyrir það. Hins vegar hefur því ekki alltaf verið þannig farið að greiðslumark ríkisjarðar hafi orðið til fyrir vinnu þess ábúanda sem óskað hefur eftir að fá keypta ábúðarjörð sína heldur hefur það stundum átt rætur að rekja til framleiðslu og vinnu ábúenda frá eldra tímabili sem látið hafa af ábúð en erfitt hefur verið í framkvæmd að réttlæta mismunun að þessu leyti við sölu á ríkisjörðum til einstakra ábúenda. Hefur þessi regla því verið látin gilda um alla ábúendur sem keypt hafa ábúðarjarðir sínar. Ljóst er hins vegar að þessi vinnuregla er ekki óumdeild og er því nauðsynlegt að löggjafinn taki af skarið um hvernig skuli farið með greiðslumark við sölu ríkisjarða til ábúenda. Sú regla sem hér er lagt til að verði lögfest hefur í för með sér að ábúendur greiða ekki fyrir greiðslumark þegar þeir kaupa ábúðarjarðir sínar en verða eigendur þess með ákveðnum fyrirvara. Ef jörð sem seld hefur verið ábúanda skv. 42. gr. er ráðstafað til annarrar starfsemi eða ef greiðslumarkið er selt frá jörðinni innan tíu ára frá sölu skulu kaupendur, þ.e. ábúandi sem keypti jörðina eða erfingjar hans, endurgreiða ríkissjóði andvirði greiðslumarksins á verði sem skal miða við markaðsverð greiðslumarks á þeim tíma þegar endurgreiðsla fer fram en að teknu tilliti til jafnra, árlegra fyrninga sem skulu vera 10% á ári. Þessi regla hefur ekki í för með sér röskun á högum ábúenda þar sem þeir halda greiðslumarkinu sem fylgt hefur jörðinni og geta haldið áfram að nýta það til innleggs og beinna greiðslna eftir kaup á jörðunum og alltaf á meðan landbúnaðarstarfemi er stunduð á jörðinni að uppfylltum skilyrðum í öðrum lögum, t.d. að sambærilegt framleiðslustjórnunarkerfi verði áfram í íslenskri löggjöf. Sama gildir um þá sem kunna að taka við réttindum og skyldum ábúenda samkvæmt samningum eða fyrir erfðir allt þar til jörðinni verður ráðstafað til annarrar starfsemi en landbúnaðarstarfsemi eða þar til greiðslumarkið verður selt frá henni. Þessari kvöð skal þinglýsa á jörðina sem á að tryggja að viðsemjendum kaupenda sé kunnugt um hana en hún fellur niður að liðnum tíu árum frá sölu.

Um 44. gr.

Ákvæðið er nýmæli en samrýmist þeim viðhorfum sem gilda nú um sölu ríkisjarða, svo og lögum og stjórnvaldsreglum um sölu á eignum ríkisins. Einnig byggist ákvæðið á jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944, sbr. og 11. gr. stjórn-

syslulaga, nr. 37/1993, en því hefur verið haldið fram að þegar seldar eru ríkisjarðir skuli allir landsmenn eiga jafnan rétt á að gera tilboð í og kaupa þessar eignir.

Um 45. gr.

Undir þetta ákvæði geta t.d. fallið tilvik þegar þörf er á jörð til atvinnu- eða verðmætasköpunar, t.d. stóriðju, jarðir á friðuðum svæðum eða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar fornminjar. Slík tilvik þurfa þó ekki alltaf að falla undir þetta ákvæði. Það hlýtur að vera að verulegu leyti háð mati hverju sinni hvort og að hvaða marki einstök tilvik falla undir ákvæðið. Leiðbeinandi sjónarmið eru hvort fyrirætlanir hins opinbera um nýtingu jarðarinnar eða landsins feli í sér að þjóðfélagslegum hagsmunum sé betur borgið með slíkri nýtingu. Hagsmunir fárra einstaklinga geta ekki legið þar til grundvallar. Ákvarðanir Alþingis eða stjórnvalda geta réttlætt að tilteknar ríkissjarðir verði ekki seldar. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi fagstofnunar ríkisins við ákvörðun um sölu t.d. Landgræðslu ríkisins ef um er að ræða jarðir sem hætta er á að undirorpnar séu foki, uppblæstri, landbroti o.fl., Umhverfisstofnunar ef um er að ræða jarðir sem eru á náttúruminjaskrá, Orkustofnunar eða iðnaðarráðuneytis ef um að ræða jarðir sem jarðhiti, vatnsréttindi eða aðrar auðlindir fylgja, Þjóðminjasafns Íslands ef um er að ræða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar fornminjar o.s.frv.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta gildir í dag einungis við sölu ríkisjarða til ábúenda, sbr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Eðlilegt þykir að þessi regla gildi um sölu allra ríkisjarða án tillits til þess hvort þær eru seldar ábúendum eða öðrum með opinberri auglýsingu. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði gildi án tillits til ákvæða laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og annarra laga sem kunna að hafa að geyma almenn ákvæði um annað. Þá er að gefnu tilefni áréttað að óheimilt er að nýta slík réttindi nema samkvæmt sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 47. gr.

Ákvæði þetta gildir í dag einungis við sölu ríkisjarða til ábúenda, sbr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en eðlilegt þykir að það gildi einnig þegar jarðir eru seldar sveitarfélögum. Ákvæðið gildir þegar ábúendur og sveitarfélög endurselja jarðir sem þessir aðilar hafa keypt af ríkissjóði og þarfnast ekki frekari skýringa. Forkaupsrétturinn gildir þó aðeins við fyrstu sölu en ef ríkissjóður hafnar þá forkaupsrétti er hann fallinn niður. Forkaupsréttur fellur niður að liðnum tíu árum frá sölu og er það breyting miðað við ákvæði 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um sölu ríkisjarða til ábúenda.

Um 48. gr.

Ákvæðið er nokkurs konar sólarlagsákvæði fyrir fyrir óðalsjarðir hér á landi sem gildir samkvæmt meginreglunni fram að andláti óðalseiganda eða maka hans, nema jarðirnar verði leystar úr óðalsböndum fyrr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að ættaróðalið falli úr óðalsböndum við andlát óðalseiganda og að óðalseigandi geti ekki ráðstafað ættaróðali til næstu kynslóðar lengur, nema undantekningarákvæði 4. mgr. eigi við. Eftirlifandi maki látins óðalseiganda á þó rétt á að sitja ættaróðalið til æviloka en að þeim tíma loknum fellur það úr óðalsböndum og erfist jörðin í samræmi við ákvæðið.

Helsta ástæða fyrir framangreindu ákvæði er sú að í fjöldamörgum tilvikum hefur ekki verið farið með ættaróðul í samræmi við ákvæði VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, eða eldri laga um sama efni. Ekki er því ástæða til að ákvæði laganna gildi áfram í þeim tilvikum. Ákvæði VII. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru enn fremur orðin úrelt og samrýmast ekki núgildandi viðhorfum til eignarréttar og meðferðar jarða í þjóðfélaginu. Eignarhaldi og umsýslu óðalsjarða eru enn fremur settar þröngar skorður sem oft hafa valdið erfiðleikum í framkvæmd, t.d. varðandi þörf óðalsbænda fyrir lánafyrirgreiðslu og þar með til að veðsetja jarðirnar.

Í 4. mgr. ákvæðisins er hins vegar að finna undantekningu frá meginreglunni en samkvæmt því ákvæði er gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. eigi óðalseigendur rétt á að halda ættaróðulum sínum í óðalsböndum ef þeir sýna fram á að um eignarhald og meðferð ættaróðalsins hafi að öllu leyti verið farið eftir ákvæðum þessara laga eða eldri laga um sama efni. Samkvæmt þessu ákvæði geta allir óðalseigendur sem vilja haldið ættaróðulum sínum í óðalsböndum ef þeir uppfylla framangreind skilyrði en þeir þurfa hins vegar að sækja um leyfi til landbúnaðarráðherra fyrir eða eftir andlát óðalseiganda og sýna í umsókn sinni fram á að þessi skilyrði séu uppfyllt, þ.e. að um eignarhald og meðferð ættaróðalsins hafi að öllu leyti verið farið eftir ákvæðum þessara laga eða eldri laga um sama efni. Óðalseigandi getur einnig óskað eftir slíku leyfi í lifanda lífi en ráðherra tekur þó ekki ákvörðun í málinu fyrr en eftir andlát óðalseiganda eða við ættliðaskipti ef þau verða fyrr hvort sem beiðni berst frá óðalseiganda sjálfum eða erfingjum hans þar sem fyrr er ekki hægt að meta hvort skilyrði séu fyrir hendi. Séu skilyrðin uppfyllt veitir landbúnaðarráðherra leyfi til að ættaróðalið haldist í óðalsböndum fram að næstu ættliðaskiptum en þá þarf að sækja um nýtt leyfi og sýna aftur fram á að skilyrði ákvæðisins hafi verið uppfyllt frá síðustu ættliðaskiptum, þ.e. að farið hafi verið með óðalið í samræmi við ákvæði VIII. kafla. Séu skilyrðin ekki uppfyllt þegar sótt er um að halda ættaróðalinu í óðalsböndum við andlát óðalseiganda veitir ráðherra ekki leyfi til að ættaróðalið haldist í óðalsböndum og fellur það þá úr óðalsböndum og erfist samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962, með síðari breytingum. Þegar veitt er leyfi til að halda ættaróðali í óðalsböndum samkvæmt þessu ákvæði getur það gengið beint til erfingja eftir andlát óðalseiganda, og er ekki gert ráð fyrir að maki þurfi að taka við óðalinu skv. 3. mgr. áður en það gengur til nýs óðalserfingja eftir andlát óðalseiganda nema óðalseigandi og maki hans eða eftir atvikum erfingjar óðalseiganda hafi ákveðið annað.

Um 49. gr.

Ákvæðið fjallar um þau skilyrði sem ættaróðal þarf að uppfylla til að vera ættaróðal en það eru sömu skilyrði og fram koma í 47. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, til að hægt sé að stofna ættaróðal. Heimild til að stofna ný ættaróðul fellur úr gildi við gildistöku þessara laga en ef ættaróðal á að geta haldist í óðalsböndum samkvæmt ósk óðalseiganda eða erfingja hans þarf óðalið að uppfylla þessi skilyrði.

Um 50. gr.

Ákvæðið er að miklu leyti efnislega samhljóða 48. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 51. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 55. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 52. gr.

Ákvæðið er að hluta samhljóða 50. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Það nýmæli er í greininni að greiðslur og aðrar bætur sem eru tilkomnar vegna eignarnáms eða annarrar skerðingar á réttindum óðalsins skuli verða eign óðalsins.

Um 53. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 57. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 54. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 60. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 55. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 59. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 56. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 63. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 57. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 64. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 58. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 62. og 65. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 59. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 66. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 60. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 58. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 61. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 51. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 62. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 54. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 63. gr.

Ákvæðið er samhljóða 52. gr. og 2.–3. mgr. 67. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 64. gr.

Ákvæðið byggist á 53. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en túlkun þeirrar greinar hefur verið á reiki. Hér er það skýrt tekið fram að skylda viðtakanda ættaróðals að þessu leyti felst í því að fráfarandi óðalsbónda og maka hans standi til boða íbúðarhúsnæði á jörðinni. Fráfarandi óðalsbóndi greiðir allan kostnað við viðhald og rekstur þess húsnæðis.

Um 65. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 67. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 66. gr.

Ákvæðið er samhljóða 68. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Um 67. gr.

Ákvæðið er svipað 61. gr., sbr. og að hluta til einnig 69. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 68. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Í 61. og 69. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eru ákvæði um úrræði óðalseiganda til að losa jörðina undan óðalsböndum. Þau ákvæði þykja of þröng og sanngjarnt að þeir sem búið hafa á ættaróðali í tiltekinn tíma og eiga þar stærstan hluta síns ævistarfs hafi skilyrðislausan rétt til að fá jörðina leysta undan óðalsböndum ef þeir kjósa svo. Hér er lagt til að miðað verði við 20 ára ábúðartíma.

Um 69. gr.

Ákvæðið er svipað að efni til og 17. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að frestur landbúnaðarráðuneytisins til að úrskurða um kærur er lengdur úr sex vikum í átta vikur. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 70. gr.

Ákvæðið er að nokkru leyti efnislega samhljóða 9. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 71. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 72. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 72. og 73. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á sveitarfélög sem ráðstafað hafa landi með skipulagi til annarra nota en landbúnaðar án þess að leysa það úr landbúnaðarnotum að tilkynna um það til landbúnaðarráðuneytisins. Þetta ákvæði er sett til að gera landbúnaðarráðuneytinu kleift að hafa yfirsýn yfir þetta land og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa það úr landbúnaðarnotum hafi það ekki þegar verið gert. Það getur haft ákveðin áhrif t.d. skv. 19. gr. frumvarpsins en þá þarf landbúnaðarráðuneytið aðeins að staðfesta skipti á ytri mörkum lands sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum en ekki að staðfesta innra skipulag eða frekari skipti landsins. Hafi landi verið ráðstafað undir sumarbústaðahverfi þarf að leysa það úr landbúnaðarnotum til þess að ekki verði lengur skylt að landbúnaðarráðherra staðfesti landskipti á hverri einstakri lóð innan sumarbústaðahverfsins. Fleiri sjónarmið koma hér til álita. Þegar landbúnaðarráðuneytið hefur fengið upplýsingar frá sveitarfélögum í samræmi við þetta ákvæði mun ráðuneytið þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi land um að það hafi verið leyst úr landbúnaðarnotum og jafnframt færa landið á skrá yfir slík lönd í ráðuneytinu.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ljóst er að gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 16. gr. frumvarpsins tekur töluverðan tíma í vinnslu en mikil söfnun upplýsinga þarf að fara fram áður en unnt verður að fullgera skrána þar sem töluvert vantar á að núgildandi opinberar skrár geymi fullnægjandi upplýsingar um þau atriði sem eiga að koma fram í skránni. Hér er um að ræða mikið verk þar sem sambærileg skrá er ekki til hér á landi. Enn fremur er ljóst að nokkuð vantar á að fullnægjandi upplýsingar séu til um einstakar jarðir eða að erfitt getur verið að nálgast þær. Þegar skráin hefur fyrst verið unnin í heild er auðveldara að halda henni við. Í ákvæði til bráðabirgða III er því lagt til að veittur verði frestur til 31. desember 2008 til að ljúka gerð hennar.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Miðað er við að gerð jarðaskrár skv. 16. gr. verði ekki lokið fyrr en 31. desember 2008 og er því ekki unnt að vinna lögbýlaskrá upp úr þeirri skrá fyrir þann tíma. Er því miðað við að fram að þeim tíma gefi landbúnaðarráðherra út jarðskrá á grundvelli þeirra upplýsinga sem tiltækar eru með sama hætti og nú. Landbúnaðarráðherra er jafnframt á sama hátt og tilgreint er í ákvæðinu heimilt að fela öðrum að gefa út jarðaskrána, t.d. Hagþjónustu landbúnaðarins eins og verið hefur undanfarin ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til jarðalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að setja ný lög í stað gildandi jarðalaga, nr. 65/1976. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans og samræma eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1195. Frumvarp til laga [784. mál]

um veðurþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum nauðsynlegar upplýsingar um veður og veðurhorfur á Íslandi.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um opinbera veðurþjónustu og veðurfræðilega sérþjónustu.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Almennar veðurhorfur:* Yfirlitsspár um veðurlag á Íslandi til nokkurra vikna, mánaða eða lengri tíma eftir því sem aðstæður leyfa.
2. *Almennar veðurspár:* Svæðis- eða staðbundnar spár um veður og veðurbreytingar á Íslandi og nærliggjandi hafsvæði sem unnar eru reglulega, daglega eða oftar, ná til nokkurra daga og miðlað er til almennings, sbr. 8. gr.
3. *Grunnkerfi:* Söfnun grunnupplýsinga um veður og rekstur veðurstöðvakerfis, meðhöndlun og varðveisla athuganagagna í gagnagrunnum og rekstur þeirra. Gerð eða öflun tölvureiknaðra spágagna.
4. *Grunnþjónusta:* Miðlun rauntímagagna, vinnsla á almennum veðurspám og spám um almennar veðurhorfur, öryggisþjónusta og önnur veðurþjónusta sem Íslandi ber skylda til að veita samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum þar um.
5. *Opinber veðurþjónusta:* Grunnþjónusta og rekstur grunnkerfa.
6. *Rauntímagögn:* Mæli- og athuganagögn um veður eða einstaka veðurþætti sem nýtt eru vegna öryggisþjónustu eða miðlað til notenda eins fljótt og unnt er eftir að mæling hefur farið fram.
7. *Sérþjónusta:* Veðurþjónusta sem ekki fellur undir grunnþjónustu. Hér er átt við þjónustu við fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga sem felst í gagnaafhendingu, sérhæfðri vinnslu, ráðgjöf eða túlkun gagna.
8. *Tölvuspár:* Rafrænir útreikningar á ýmsum veðurþáttum sem settir eru fram myndrænt eða á stafrænu formi.
9. *Veður:* Ástand lofthjúpsins á hverjum tíma, þ.e. vindur, loftþrýstingur, úrkoma, skýjafar, skyggni, lofthiti og loftraki.
10. *Veðurtengdir þættir:* Ofanflóð, hafísútbreiðsla, sjólag, sjávarflóð, vatnsflóð, eldingar, dreifing gjósku í lofti, ókyrrð í lofti og ísing í lofti, á láði og á legi.
11. *Öryggisþjónusta:* Vöktun og viðvaranir eða ráðgjöf um yfirvofandi hættu af völdum veðurs eða veðurtengdra þátta sem miðar að því að vernda líf og eignir.

4. gr.
Yfirstjórn.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til. Veðurstofa Íslands er ráðherra til ráðgjafar.

5. gr.
Grunnkerfi.

Veðurstofa Íslands skal reka grunnkerfi með því m.a. að starfrækja nauðsynlegan fjölda veðurathugunarstöðva í hverjum landshluta og með því að afla gagna frá erlendum veðurstofum. Enn fremur skal Veðurstofa Íslands afla annarra veðurfræðilegra gagna, svo sem fjarkönnunargagna, eftir því sem tök eru á. Markmið með rekstri grunnkerfa Veðurstofu Íslands er að auki að byggja upp, viðhalda og auka þekkingu á veðurfari landsins og orsökum veðurfarsbreytinga.

Veðurstofa Íslands skal varðveita veðurupplýsingar þær sem fást úr rekstri grunnkerfa í aðgengilegum og áreiðanlegum gagnagrunnum.

Veðurstofa Íslands skal beita sér fyrir samræmingu á grunnkerfum opinberra stofnana sem að einhverju leyti starfa á sviði veðurþjónustu.

6. gr.

Grunnþjónusta.

Veðurstofa Íslands skal inna af hendi grunnþjónustu með því að:

a. veita öryggisþjónustu vegna veðurs á landi, í lofti og á legi,
b. sjá um að gerðar séu almennar veðurspár eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess,
c. veita veðurþjónustu fyrir flugvelli og flugumferð í samræmi við lög, fyrirmæli stjórnvalda og samkvæmt alþjóðlegum reglum og samþykktum,
d. veita öryggisþjónustu vegna veðurtengdra þátta,
e. veita aðra þá grunnþjónustu sem ráðherra ákveður eða samið er um í alþjóðlegum samningum.

7. gr.

Fjármögnun grunnkerfa og grunnþjónustu.

Kostnaður við uppbyggingu, rekstur, þróun og viðhald grunnkerfa, svo og grunnþjónustu, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Miðlun veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands skal miðla upplýsingum um veður, almennar veðurspár, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti a.m.k. daglega til fjölmiðla og annarra miðla sem hafa almenna útbreiðslu og ná til notenda innan lands, hafsvæða umhverfis landið og flugstjórnarsvæðis sem stofnunin vaktar samkvæmt alþjóðlegum samningum eða skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi.

9. gr.

Viðvaranir.

Veðurstofu Íslands er skylt að gefa út viðvaranir um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta eftir því sem tilefni er til hverju sinni og í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir. Þess skal gætt að viðvaranir séu settar fram á skýran og ótvíræðan hátt. Veðurstofan skal koma viðvörunum sínum tafarlaust á framfæri m.a. við fjölmiðla sem ná til landsins alls og staðbundinna miðla eftir því sem tilefni er til.

10. gr.

Sérþjónusta.

Veðurstofa Íslands veitir veðurfræðilega sérþjónustu, svo sem að annast veðurspár, framkvæmd og túlkun veðurmælinga, ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni gegn greiðslu, enda sé það gert á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

11. gr.

Þjónustusamningar.

Veðurstofa Íslands getur falið öðrum aðilum, stjórnvöldum sem einkaaðilum, að annast ákveðna verkþætti á starfssviði sínu með sérstökum samningi þar um.

12. gr.

Aðgangur að gögnum.

Veðurstofu Íslands er skylt að afhenda gögn sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi.

13. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um veðurþjónustu og veðurtengda öryggisþjónustu.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985:

a. 1. og 2. tölul. orðast svo:
   1. að sjá um rekstur grunnkerfa og annast grunnþjónustu á sviði veðurþjónustu, sbr. lög um veðurþjónustu.
   2. að annast verkefni á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
b. 3., 5. og 7. tölul. falla brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 3. október 2003 af umhverfisráðherra og var falið að semja frumvarp um veðurþjónustu þar sem skilgreint væri hver þáttur hins opinbera skyldi vera í almennri veðurþjónustu og veðurtengdri öryggisþjónustu, sbr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Jafnframt var það verkefni nefndarinnar að gera tillögur um það hvernig opinberri veðurþjónustu væri best komið fyrir.

Í nefndinni áttu sæti: Einar Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, bæði skipuð án tilnefningar, Baldur Bjartmarsson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun, tilnefndur af samgönguráðuneyti, Guðrún Johnsen hagfræðingur, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, og Magnús Jónsson veðurstofustjóri, tilnefndur af Veðurstofu Íslands. Nefndin lauk störfum í febrúar 2004.

Lög um Veðurstofu Íslands hafa staðið að mestu leyti óbreytt frá árinu 1985 en á sama tíma hafa flestir þeir málaflokkar aðrir sem undir umhverfisráðuneytið heyra verið endurskoðaðir. Tímabært þótti að skilgreina verkefni hins opinbera á sviði veðurþjónustu nánar í lögum en á undanförnum árum hafa risið upp ákveðin álitamál þar um.

Einkaaðilar hafa á undanförnum árum boðið afmarkaða veðurfræðilega þjónustu og m.a. óskað eftir afnotum af gögnum sem Veðurstofa Íslands hefur framleitt eða aflað. Í árslok 2000 barst Samkeppnisstofnun erindi frá fyrirtækinu Halo ehf., sem sérhæft hafði sig í gerð og miðlun veðurspáa á internetinu. Þess var óskað að Samkeppnisstofnun rannsakaði starf-

semi Veðurstofu Íslands vegna meintra brota hennar á samkeppnislögum. Fór Halo ehf. fram á að Samkeppnisstofnun hlutaðist til um það sem kallað var misnotkun á markaðsráðandi stöðu Veðurstofunnar, þar sem Veðurstofan taldi sig ekki hafa heimild til þess að afhenda Halo ehf. veðurgögn og tölvureiknaðar spár til frekari úrvinnslu. Halo ehf. óskaði auk þess eftir því að Samkeppnisstofnun setti almenn skilyrði sem tryggja ættu eðlilega samkeppni á veðurþjónustumarkaði. Niðurstaða samkeppnisráðs í máli þessu var sett fram í fimm liðum:

1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur þeirrar þjónustu sem er og verður á samkeppnismarkaði. Reiknishald þessarar þjónustueiningar skal vera sjálfstætt.
2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Eignir sem teljast til þjónustueiningarinnar skulu metnar á markaðsverði sé þess kostur en annars á endurkaupsverði.
3. Með skyldum þjónustueiningarinnar skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi samkeppnisstarfseminnar.
4. Öll viðskipti milli þjónustueiningarinnar og annarra sviða Veðurstofu Íslands skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.
5. Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði þjónustueiningarinnar auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.

Í frumvarpi þessu er brugðist við niðurstöðu Samkeppnisstofnunar með þeim hætti að skilgreina þjónustu í markaðsumhverfi sérstaklega og kveða á um fjárhagslegan aðskilnað hennar frá annarri starfsemi Veðurstofu Íslands, sbr. 10 gr. frumvarpsins.

Í ársbyrjun 2002 boðuðu ráðuneytisstjórar umhverfis- og samgönguráðuneyta til fundar um veðurþjónustu á vegum opinberra stofnana. Þar var ákveðið að stofna starfshóp til að vinna tillögur um samstarf þeirra opinberu stofnana sem annast rekstur á veðurstöðvum eða sinna veðurþjónustu með öðrum hætti. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneyti, Vegagerðinni, Siglingastofnun, Flugmálastjórn og Veðurstofunni, en veðurstofustjóri stýrði starfi hópsins. Tildrög skipunar þessa starfshóps voru þau að vegna aukinna krafna um greiðar og öruggar samgöngur á landi, í lofti og á sjó, sem almennt eru háðar veðri, höfðu stofnanir eins og Vegagerðin, Siglingastofnun og Flugmálastjórn aukið miðlun hvers kyns veðurupplýsinga sem aflað er með sjálfvirkum mælingum. Æskilegt þótti að þessar stofnanir ásamt Veðurstofu Íslands ykju samstarf sitt og samræmingu í meðhöndlun og miðlun veðurupplýsinga með það að markmiði að auka öryggi þeirra hópa sem þurfa á þessum upplýsingum að halda og eins það að tryggja hagkvæmni í þeirri starfsemi sem viðkomandi stofnanir eiga að sinna lögum samkvæmt. Starfshópurinn lagði m.a. til í tillögum sínum um mitt ár 2002 að skilgreint yrði og sett í lög hvað teljist almenn veðurþjónusta og veðurtengd öryggisþjónusta sem opinberir aðilar bæru ábyrgð á. Starfshópurinn lagði einnig til að þróuð yrði sameiginlega eða á hverri stofnun fyrir sig sérhæfð öryggis- og vöktunarþjónusta með þarfir einstakra markhópa í huga. Starfshópurinn lagði í þriðja lagi til að kerfi sjálfvirkra veðurathugunarstöðva þeirra opinberu stofnana sem hlut eiga að máli yrði samræmt eftir því sem unnt er.

Samkvæmt 2. gr. laga um vitamál, nr. 132/1999, ber Siglingastofnun Íslands að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið. Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag. Jafnframt skal Siglingastofnun, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Ekki er kveðið á um veðurþjónustu í öðrum sérlögum. Það var mat þeirrar nefndar sem samdi frumvarp þetta að samræming veðurathuganakerfa opinberra stofnana

væri afar æskileg og að henni yrði náð með samkomulagi eða samningum á milli Veðurstofu Íslands og annarra opinberra aðila sem stunda reglulegar veðurmælingar af einhverju tagi. Lagt er til að Veðurstofu Íslands verði falið að beita sér fyrir þeirri samræmingu, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Að höfðu samráði við fulltrúa Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og fleiri aðila þótti ekki ástæða til að kveða sérstaklega á um skyldur þeirra stofnana á sviði veðurþjónustu í frumvarpi þessu og er því eingöngu fjallað um þá öryggis- og vöktunarþjónustu sem Veðurstofa Íslands er ætlað að veita.

Í júní 2003 lauk stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Veðurstofu Íslands, en hún hófst í nóvember 2002. Í inngangi hennar segir að við slíka endurskoðun sé reynt að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt. Í niðurstöðu stjórnsýsluúttektarinnar segir m.a. að mikilvægt sé að umhverfisráðuneytið endurskilgreini sem fyrst lagaramma Veðurstofunnar sem og hlutverk stofnunarinnar. Að því búnu þarf að taka skýra afstöðu til þess að hve miklu leyti veðurþjónusta verði skilgreind sem samkeppnisþjónusta og verðlögð í samræmi við það. Eins bendir Ríkisendurskoðun á það að full ástæða sé til þess að kannað verði gaumgæfilega hvaða leiðir séu færar til þess að samræma þá veðurþjónustu sem opinberar stofnanir sinna.

Í frumvarpi þessu er brugðist við framangreindri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar með því að skilgreina verksvið Veðurstofu Íslands hvað varðar veðurþjónustu með skýrum hætti, sbr. einkum 5.–6. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins. Litið er svo á að með þeim hætti verði grundvöllur fjárveitinga til stofnunarinnar skýrari, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Á alþjóðavettvangi hefur á síðustu áratugum mikið verið unnið í að gera veðurþjónustu á breiðum grundvelli skilvirkari og ódýrari. Hlutverk ríkisins sem þjónustuaðila hefur verið til umfjöllunar síðustu árin hjá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO), en Ísland er eitt 185 aðildarríkja hennar. Þrettánda allsherjarþing WMO 1999 samþykkti stefnumarkandi yfirlýsingu, svokallaða „Genfaryfirlýsingu“, um veðurþjónustu og hlutverk og rekstur þjóðarveðurstofa. Á þeim grundvelli samþykkti framkvæmdaráð WMO árið 2003 yfirlýsinguna „Hlutverk og rekstur ríkisveðurstofa“ (e. The Role and Operation of National Meteorological Services). Í Genfaryfirlýsingunni segir m.a. að veður og veðurfar hafi áhrif á daglegt líf flestra jarðarbúa og að meira en aldarlöng reynsla hafi sýnt fram á mikla þjóðhagslega hagkvæmni skilvirkrar veðurþjónustu fyrir þjóðir sem reka hana og viðhalda henni. Fáar atvinnugreinar eða einstök fyrirtæki eru algjörlega óháð veðri og kostnaður vegna röskunar starfsemi af völdum veðurs verður seint ofmetinn. Í yfirlýsingunni er einnig fjallað um hlutverk veðurstofa á 21. öld, framtíð veðurþjónustunnar og þátt hennar fyrir samfélagið. Mikilvægasta hlutverk veðurstofa er talinn þáttur þeirra í öryggisþjónustu varðandi líf og eignir og sá þáttur sem þær eiga í að draga úr áhrifum náttúruhamfara. Stefnumörkun WMO er til í styttri íslenskri þýðingu og var stuðst við hana við samningu frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að á Veðurstofu Íslands verði tekin upp skipting starfsemi veðurþjónustu á sama hátt og lögð er til í Genfaryfirlýsingunni, þ.e. í grunnkerfi, grunnþjónustu og sérhæfða þjónustu. Tilhneiging hefur verið til að draga úr vægi hlutar hins almenna skattgreiðanda í fjármögnun veðurþjónustunnar, en auka á móti hlut sérstakra notenda. Því er æskilegt að greina á milli grunnkerfa og grunnþjónustu sem rekin er fyrir opinbert fé og síðan sérþjónustu sem notendur hennar greiða fyrir.

Starfsumhverfi Veðurstofu Íslands og þarfir þeirra sem nota sér þjónustu hennar taka stöðugum breytingum. Veðurþjónusta hér á landi, eins og reyndar víðast annars staðar, er að mestu kostuð og starfrækt af opinberum aðilum. Auk Veðurstofu Íslands veita aðrar stofnanir eins og Vegagerðin, Siglingastofnun, Flugmálastjórn o.fl. veðurþjónustu í formi veðurmæl-

inga og hefur miðlun þeirra upplýsinga þann tilgang að greiða fyrir og bæta öryggi í samgöngum. Sums staðar í nágrannalöndum okkar hafa einkaaðilar í vaxandi mæli boðið upp á virðisaukandi starfsemi á sviði veðurþjónustu, einkum við úrvinnslu og miðlun veðurupplýsinga og veðurspáa á ýmsu formi. Veðurmælingar, varsla veðurupplýsinga og ákveðin grunnþjónusta er þó yfirleitt á vegum ríkisins. Á síðustu árum hefur tækniþróun og alþjóðavæðing haft mikil áhrif á starfsemi veðurstofa í heiminum. Ekkert er alþjóðlegra en veðrið og því er fjölþjóðlegt samstarf forsenda árangursríkrar veðurþjónustu um allan heim. Mismunandi stefna stjórnvalda í hinum markaðsvædda heimi hefur hins vegar skapað umtalsverð vandamál í veðurþjónustunni. Má sem dæmi nefna kröfu stjórnvalda í Vestur-Evrópu um að ríkisstofnanir afli sértekna með sölu á tiltekinni þjónustu en ríkisstofnunum í Norður-Ameríku er almennt meinað að afla tekna á markaði með sölu á gögnum og þjónustu. Í Vestur-Evrópu hafa einkarekin fyrirtæki reynt fyrir sér á afmörkuðum sviðum veðurþjónustunnar auk þess sem markaðsreglur Evrópska efnahagssvæðisins gilda á vissum sviðum veðurþjónustunnar. Þannig er bæði komin til samkeppni milli ríkisveðurstofanna á EES-svæðinu innbyrðis auk samkeppni milli einstakra ríkisveðurstofa og einkafyrirtækja í veðurþjónustu. Af þessum sökum hefur skapast óvissa hér á landi sem annars staðar þar sem skilgreiningar hefur skort um það hvaða þjónustu Veðurstofa Íslands ætti að veita án endurgjalds og hvaða þjónustu ætti að selja.

Í reglugerð um starfsemi Veðurstofu Íslands, nr. 367/1996, er fjallað nánar um verkefni Veðurstofunnar á sviði veðurþjónustu og hefur hún auk þeirra gagna sem að framan eru rakin verið höfð til hliðsjónar við undirbúning frumvarps þessa.

Verði frumvarp þetta að lögum verða ákveðnar breytingar á lögum um Veðurstofu Íslands í þá veru að vísað verður til laga um veðurþjónustu um verkefni stofnunarinnar á því sviði. Jafnframt er vísað til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, en þar er ítarlega fjallað um verkefni stofnunarinnar á því sviði.

Veðurstofa Íslands annast vöktun á jarðvá með margs konar mælingum á jarðskjálftum, þenslu í jarðskorpunni, hægfara hreyfingum hennar o.fl. og vinnur úr þessum gögnum. Einnig safnar stofnunin upplýsingum um eldgos og öskufall. Þessi verkefni tengjast ekki veðri, veðurfari eða veðurtengdum þáttum beinlínis. Þykir því ekki ástæða til að fjalla um þessi verkefni í sérlögum um veðurþjónustu. Í lögum um Veðurstofu Íslands er einnig kveðið á um að Veðurstofan skuli gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu. Mengunarmál heyra almennt undir Umhverfisstofnun. Mengun verður almennt ekki vegna veðurs þótt veður kunni að hafa áhrif á dreifingu mengunarinnar. Er því lagt til að þetta ákvæði verði óbreytt í þeim lögum þar sem það er ekki nema öðrum þræði tengt veðurþjónustu. Á fundi nefndarinnar með fulltrúa almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra kom fram ábending um geislavá og aðra sambærilega hættu, svo sem hættu vegna gastegunda. Nefndin sem samdi þetta frumvarp taldi að halda ætti þeim þætti fyrir utan frumvarp þetta þar sem svipað háttar til með slíka vá og mengunarvá. Geislavarnir ríkisins annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum samkvæmt lögum um geislavarnir, nr. 44/2002. Dæmi eru um það að hættulegt, náttúrulegt gas streymi úr jörðu bæði samfara eldgosum hér á landi og eins annars staðar frá en að mati nefndarinnar fellur slík hætta undir jarðvá.

Nefndin sem samdi frumvarp þetta fékk á fund til sín eftirtalda samráðsaðila: Björn Ólafsson og Nikolai Jónasson frá Vegagerðinni, Brand Guðmundsson frá Flugmálastjórn, Hafþór Jónsson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sigurð Steinar Ketilsson, frá Landhelgisgæslunni, Sigurð Þ. Ragnarsson frá Stöð 2, Guðmund Hermannsson og Ingvar Hjálmarsson frá mbl.is og Kára Jónasson frá Ríkisútvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið frumvarpsins afmarkað efnislega. Ekki þykir þörf á að afmarka gildissvið frumvarpsins landfræðilega en í 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, segir að hlutverk Veðurstofu Íslands sé að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra fræðigreina er falla undir starfssvið hennar. Gert er ráð fyrir að ákvæði þetta haldi gildi sínu verði frumvarp þetta að lögum. Samkvæmt samningum milli Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO frá 1948 veitir Veðurstofa Íslands veðurþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu (Reykjavík FIR) sem nær langt út fyrir efnahagslögsöguna. Frumvarp þetta fjallar um opinbera veðurþjónustu, þ.m.t. flugveðurþjónustu, veðurtengda þjónustu og veðurfræðilega sérþjónustu, og eru þetta fyrstu sérlögin á því sviði. Skilið er milli veðurþjónustu og veðurtengdrar þjónustu eins og nánar kemur fram í skilgreiningum og öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru í fyrsta sinn skilgreind í lögum hugtök á sviði veðurs og veðurþjónustu. Mikilvægt þykir að hugtök frumvarpsins séu skýr þar sem tilgangur þess er m.a. að skilja á milli grunnþjónustu sem greidd er af almannafé og sérþjónustu sem veitt eftir því sem eftirspurn er eftir hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á öryggisþjónustu vegna veðurs og veðurtengdra þátta. Litið er svo á að skýr hugtök geri öryggisþjónustuna markvissari. Sérstakt samspil er milli skilgreininga og 4. gr. frumvarpsins. Einnig eru tengsl milli skilgreininga innbyrðis.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um yfirstjórn málaflokksins og er ákvæðið í samræmi við ákvæði annarra laga er undir umhverfisráðuneytið heyra.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rekstur grunnkerfa á sviði veðurs og veðurtengdra þátta. Veðurstofan rekur grunnkerfi veðurathugunarstöðva sem samanstendur af um 120 mönnuðum veðurstöðvum. Þar af eru um 45 skeytastöðvar, um 15 svokallaðar veðurfarsstöðvar en á hinum er aðeins mæld úrkoma. Þá rekur Veðurstofan um 90 sjálfvirkar athugunarstöðvar. Líklegt er, miðað við þróunina í nágrannaríkjum okkar, að mönnuðum veðurstöðvum muni fækka í náinni framtíð en sjálfvirkum stöðvum fjölga. Ýmsir opinberir aðilar, t.d. Vegagerðin, reka æ fleiri veðurathugunarstöðvar í því skyni að bæta öryggi á vegum landsins. Þá rekur Flugmálastjórn fullkomnar veðurstöðvar við helstu flugvelli landsins utan Keflavíkurflugvallar, og Siglingastofnun Íslands hefur sett upp stöðvar við marga vita landsins og eru þær reknar í nánu samstarfi við Veðurstofuna. Veðurathuganir gegna þrenns konar hlutverki. Þær mynda net veðurupplýsinga fyrir veðurspár og öryggisþjónustu. Í því skyni hefur lengi verið við lýði alþjóðlegt kerfi þar sem opinberar veðurstofur og stofnanir skiptast á veðurathugunum. Þá eru sumar veðurathugunarstöðvar sem mæla veðurþætti sem fyrst og fremst er ætlað að viðhalda og bæta þekkingu á veðurfari og veðurfarssögu landsins. Í sumum tilvikum koma þær ekki við sögu í daglegri veðurþjónustu. Í þriðja lagi er hlutverk veðurathugana eingöngu það að miðla rauntímagögnum til þeirra sem þær nýtast. Veðurathuganir Vegagerðar-

innar, Flugmálastofnunar og Siglingastofnunar Íslands hafa þann megintilgang. Í greininni er enn fremur getið fjarkönnunargagna, en þeirra er aflað m.a. frá gervitunglum og veðurratsjám. Vægi fjarkönnunar í grunnkerfum hefur farið vaxandi og samvinna ríkja umfangsmikil á því sviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um gagnagrunna veðurathugana og annarra veðurupplýsinga. Gagnagrunnar veðurupplýsinga eru hluti grunnkerfa og gert er ráð fyrir því að þeir séu aðgengilegir og áreiðanlegir, en í því felst m.a. að veðurathuganir og mælingar hafi verið yfirfarnar og leiðréttar eftir því sem unnt er og gögnin geymd og sett fram á samræmdan hátt.

Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um samræmingu milli grunnkerfa opinberra stofnana. Talið er eðlilegt að Veðurstofa Íslands hafi það hlutverk að beita sér fyrir samræmingu þessara kerfa. Vegagerðin, Siglingastofnun Íslands, Flugmálastjórn og Landsvirkjun eiga og reka fjölda sjálfvirkra stöðva. Veðurstofan nýtir þessi gögn til vöktunar og hluti þeirra er vistaður í gagnagrunnum stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um grunnþjónustu. Í fyrstu tveimur stafliðunum er kveðið á um grunnþjónustu vegna veðurs. Í c-lið er getið sérstaklega flugveðurþjónustu, ekki síst vegna víðtæks hlutverks Íslands í samningum við Alþjóðaflugmálastjórnina. Í d-lið er kveðið á um öryggisþjónustu vegna veðurtengdra þátta. Loks er í e-lið heimild ráðherra til að kveða á um ítarlegri grunnþjónustu, svo sem til að bregðast við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma. Öllum þessum þáttum er nú sinnt af hálfu Veðurstofunnar. Talið er að grundvallarhlutverk ríkisrekinna veðurstofa sé að veita öryggisþjónustu vegna veðurs og veðurtengdra þátta í þágu almennings, samgangna og atvinnulífs.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að kostnaður við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu ásamt þróun kerfanna skuli greiddur úr ríkissjóði. Talið er að með skilgreiningum á grunnkerfum og grunnþjónustu verði grundvöllur fjárveitinga til málaflokksins skýrari. Framlag Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nam um 17% af tekjum Veðurstofu Íslands árið 2002. Er því fjármagni ætlað að standa undir veðurþjónustu vegna flugs á alþjóðlegu hafsvæði sem Ísland hefur tekið að sér að sinna. Framlag ICAO rennur í ríkissjóð og þaðan til Veðurstofu Íslands. Þykir orðalag ákvæðisins því samræmast þessu fyrirkomulagi.

Gert er ráð fyrir að önnur þjónusta sem Veðurstofan veitir verði verðlögð þannig að hún standi undir sér og verði fjárhagslega aðskilin frá grunnþjónustu og rekstri á grunnkerfum.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldur Veðurstofunnar til að sjá um að miðla reglulega upplýsingum um veður, almennar veðurhorfur og veðurtengda þætti til fjölmiðla og annarra miðla. Ljóst er að upplýsingar um veður og veðurspár hafa litla þýðingu ef þeim er ekki komið á framfæri. Mikilvægt er því að koma grunnupplýsingum um veður og veðurtengda þætti á framfæri við fjölmiðla sem hafa almenna útbreiðslu eða aðrar upplýsingaveitur sem almenningur hefur frjálst aðgengi að.

Á undanförnum árum og áratugum hefur orðið mikil breyting á því hvaða fjölmiðla almenningur notar mest til að nálgast veðurupplýsingar. Ríkisútvarpið og loftskeytastöðvar voru lengi eina miðlunarleið veðurfregna, síðan bættist Ríkissjónvarpið við og á síðustu 15–20 árum hafa bæst við margir aðrir miðlunarkostir, svo sem aðrir fjölmiðlar, jafnt dagblöð sem einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar, textavarpið, símsvarar, og síðast en ekki

síst internetið, sem valdið hefur straumhvörfum í miðlun hvers kyns veðurupplýsinga. Rétt þykir að Veðurstofa Íslands meti það hverju sinni hvaða fjölmiðlunarleiðir eru skilvirkastar fyrir veðurfregnir og komi viðvörunum og veðurspám á framfæri við þá miðla. Starfssvæði stofnunarinnar nær til alls landsins, stórra hafsvæða umhverfis það og til alþjóðlegs flugsvæðis þar umfram samkvæmt alþjóðlegum samningum. Þeim veðurupplýsingum sem er ætlað að þjóna siglingum er komið á framfæri með útvarpi, loftskeytum og sjálfvirkri móttöku textaskeyta (NAVTEX) og upplýsingum vegna flugs er komið á framfæri eftir sérstöku fjarskiptakerfi flugmálayfirvalda.

Um 9. gr.

Rétt þykir að Veðurstofan hafi það hlutverk að gefa út skýrar viðvaranir um yfirvofandi hættu vegna veðurs og veðurtengdra þátta eftir því sem tilefni er til og þannig leitast við að tryggja öryggi fólks í híbýlum sínum sem og öryggi sjófarenda, vegfarenda og flugsamgangna. Jafnframt er nauðsynlegt að koma þeim viðvörunum tafarlaust á framfæri við fjölmiðla svo að þær geti komið að gagni. Þetta ákvæði kemur hins vegar ekki í veg fyrir að aðrir en Veðurstofa Íslands geti varað við ýmsum þáttum er snerta veður.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að Veðurstofa Íslands geti veitt sérþjónustu á sviði veðurfræði, svo sem annast veðurspár, framkvæmd og túlkun veðurmælinga, ráðgjöf um veðurfræðileg og veðurfarsleg málefni gegn greiðslu, enda sé það gert á forsendum jafnræðis gagnvart einkareknum veðurþjónustufyrirtækjum og öðrum ríkisveðurstofum á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu er sérþjónusta skilgreind sem þjónusta á markaði hvort sem á honum er virk samkeppni eða ekki. Lítið hefur verið um framboð einkaaðila af þjónustu af þessu tagi og þykir því rétt að tryggja það að þessi þjónusta verði á boðstólum ef óskað er eftir. Gera má ráð fyrir að einkaaðilar muni bjóða þjónustu á þessu sviði í vaxandi mæli í framtíðinni og hafa verður í huga að allar ríkisveðurstofur sem starfa á EES geta starfað á þessum markaði hér á landi samkvæmt ákveðnum reglum sem samkeppnisyfirvöld ESB hafa ákveðið að skuli gilda í veðurþjónustu á efnahagssvæðinu. Kveðið er á um það að starfsemi sérþjónustu Veðurstofunnar verði rekin sem sjálfstæð eining, fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Haft var samráð við Samkeppnisstofnun um orðalag ákvæðisins. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hefur hugtakið fjárhagslegur aðskilnaður fengið ákveðna mótaða túlkun á 11 ára gildistíma samkeppnislaga. Nánar er fjallað um hugtakið í ritinu *Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana, stefna, greinargerð og leiðbeiningar* sem fjármálaráðuneytið gaf út í nóvember 1997.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að Veðurstofan getur falið öðrum aðilum, stjórnvöldum sem einkaaðilum, að annast fyrir sig ákveðna verkþætti á starfssviði stofnunarinnar með sérstökum samningi þar um. Á undanförnum árum hefur færst í aukana að einkaaðilum sé falið að annast einstaka þjónustuþætti fyrir hið opinbera og þykir því nauðsynlegt að slík heimild sé í lögum um veðurþjónustu.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er að finna það nýmæli að Veðurstofunni er gert skylt að afhenda þau gögn sem framleidd eru eða aflað af stofnuninni einungis gegn greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra með þeim takmörkunum sem leiðir af aðild Íslands að fjölþjóðasamn-

ingum sem fjalla um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi. Tekur ákvæðið mið af þeirri stefnu sem fram kemur í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar árið 2001 og falið var að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga. Nefndin skilaði skýrslu sinni í desember 2002. Samstarf við ýmsar erlendar veðurstofur og aðrar erlendar stofnanir um gagnaafhendingu til Veðurstofu Íslands byggist m.a. á því að ákveðin gögn þeirra, svokölluð „viðbótargögn", séu ekki afhent aðilum í markaðsstarfsemi nema gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá þeirra.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Í gildi er reglugerð um starfsemi Veðurstofu Íslands, nr. 367/1996, sem sett er á grundvelli laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Í þeirri reglugerð er kveðið á um ýmis atriði sem frumvarp þetta fjallar um. Verði frumvarp þetta að lögum þykir rétt að þau ákvæði reglugerðarinnar verði endurskoðuð. Er því nauðsynlegt að lög um veðurþjónustu hafi að geyma sérstaka reglugerðarheimild.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að felldir verði niður nokkrir töluliðir í 3. gr. laga um Veðurstofu Íslands sem ýmist er fjallað um með ítarlegum hætti í frumvarpi þessu eða lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um veðurþjónustu.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu og draga skýrari línur milli grunnþjónustu, sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna og greiða skal úr ríkissjóði, og sérþjónustu sem veitt er samkvæmt ósk kaupanda og standa skal undir með tekjum af seldri þjónustu á markaðslegum forsendum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Í því eru fyrst og fremst afmörkuð nákvæmar þau verkefni sem Veðurstofa Íslands sinnir nú. Ákvæði 10. gr. um sérþjónustu skýrir þó betur stöðu stofnunarinnar til sjálfstæðrar tekjuöflunar en sú starfsemi mun fara fram í samræmi við reglur á samkeppnismarkaði og óvíst er um áhrif hennar á sértekjur stofnunarinnar.

1196. Frumvarp til laga [785. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðskýringin „Almenn lán“ orðast svo: *Almenn lán* eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir til kaupa, byggingar eða endurbóta á íbúðarhúsnæði gegn afhendingu ÍLS-veðbréfs.
b. Orðskýringin „Fasteignaveðbréf“ fellur brott.
c. Í stað orðskýringarinnar „Húsbréf“ kemur ný orðskýring, svohljóðandi: *Fjármögnunarbréf* eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs (íbúðabréf) eða hafa verið gefin út í nafni Íbúðalánasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna (húsbréf og húsnæðisbréf) í tengslum við lánveitingar og fjármögnun þessara sjóða.
d. Í stað orðskýringarinnar „Húsnæðisbréf“ kemur ný orðskýring, svohljóðandi: *Íbúðabréf* eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár fyrir lánveitingar sínar.
e. Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *ÍLS-veðbréf* eru skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út til Íbúðalánasjóðs með veði í íbúðarhúsnæði.
f. Við orðskýringuna „Viðbótarlán“ bætist: eða ÍLS-veðbréfi.

2. gr.

Á eftir orðinu „Íbúðalánasjóður“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: og lánar til íbúðakaupa, nýbygginga eða endurbóta íbúðarhúsnæðis á Íslandi.

3. gr.

Í stað orðsins „húsbréfaviðskiptum“ í 1. tölul. 9. gr. laganna kemur: viðskiptum með skuldabréf sem sjóðurinn gefur út.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
a. 2. tölul. orðast svo: Með útgáfu og sölu íbúðabréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
b. 3. tölul. orðast svo: Með þjónustugjöldum skv. 49. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
a. 2. mgr. orðast svo:
Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Íbúðalánasjóður skal halda jafnvægi milli inn- og útgreiðslna sjóðsins og gera áætlanir þar um. Sjóðurinn skal koma upp áhættustýringarkerfi í því skyni.
Íbúðalánasjóði er heimilt að eiga viðskipti með fjármögnunarbréf sín og önnur verðbréf. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um áhættuviðmið, áhættustýringu, innra eftirlit og viðskipti sjóðsins með verðbréf, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eigna- og skuldastýring.*

6. gr.

Á eftir orðunum „þessara til“ í 1. tölul. 15. gr. laganna kemur: endurbóta.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðskilnaður lánaflokka.

Íbúðalánasjóður skal halda mismunandi lánaflokkum sjóðsins aðgreindum í bókhaldi og gefa út flokka markaðshæfra íbúðabréfa í nafni sjóðsins með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Um skilyrði þess að Íbúðalánasjóður samþykki lánveitingu til umsækjanda fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn sjóðsins setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er sjóðnum heimilt að synja um lánveitingu.

Við afgreiðslu lánsumsókna skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka eða aðra aðila um mat þeirra þátta sem greinir í 1. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lán Íbúðalánasjóðs eru greidd út í peningum. Áður en kemur til útgreiðslu láns skal lántaki gefa út ÍLS-veðbréf og þinglýsa því. ÍLS-veðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og bera vexti skv. 21. gr.

b. Í stað orðanna „Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið.

c. Í stað orðsins „fasteignaveðbréfið“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ÍLS-veðbréfið.

d. Í stað orðanna „fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *ÍLS-veðbréf.*

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Lánstími almennra lána getur verið allt að 40 ár, sbr. þó 48. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

ÍLS-veðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem Íbúðalánasjóður samþykkir lánveitinguna.

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvarðar vexti ÍLS-veðbréfa með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði í reglulegum útboðum íbúðabréfa og fjármagnskostnaði vegna uppgreiddra lána skv. 23. gr. að viðbættu vaxtaálagi skv. 28. gr.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Veðlánaflutningur milli fasteigna er heimill. Kveða skal í reglugerð nánar á um hvenær slík heimild er fyrir hendi og með hvaða skilyrðum.

11. gr.

22. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúðabréf.

Íbúðalánasjóður gefur út íbúðabréf.

Íbúðabréf eru rafbréf, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

12. gr.

23. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Greiðslur lána.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir, verðbætur og vexti af ÍLS-veðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu fjármögnunarbréfa sjóðsins. Skuldurum ÍLS-veðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga.

Ráðherra er heimilt, við sérstakar aðstæður og að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, að ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða að öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs. Geta skal um þessa heimild í skilmálum ÍLS-veðbréfa.

13. gr.

24. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Greiðslukjör íbúðabréfa.

Íbúðabréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um vexti, verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform og lánstíma í hverjum flokki.

14. gr.

25. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldfallin fjármögnunarbréf.

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af fjármögnunarbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Endurgreiðslur fjármögnunarbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu fjármögnunarbréfa fer eftir almennum lögum.

15. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðskipti með íbúðabréf.

Íbúðabréf skulu vera skráð á skuldabréfamarkaði, svo sem á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Íbúðalánasjóði er heimilt að koma á fót aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf.

Íbúðalánasjóði er heimilt að lána aðalmiðlara verðbréf gegn tryggingu til að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

16. gr.

27. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 84/1998, orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eftir því sem við á.

17. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Íbúðalánasjóði er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði, áætluðum útlánatöpum og vaxtaáhættu sjóðsins. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

18. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs, tilhögun viðskipta og útgáfu íbúðabréfa.

19. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðast svo: **Almenn lán – íbúðabréf.**

20. gr.

Í stað orðsins „fasteignaveðbréf“ í 7. mgr. 31. gr. laganna kemur: ÍLS-veðbréf.

21. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 77/2001, orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins þegar íbúð sem stóð að veði fyrir viðkomandi kröfu hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum. Afskriftaheimildin nær til veðkrafna sjóðsins að því leyti sem söluverð, afsláttur eða bætur duga ekki til að greiða þær upp miðað við veðröð áhvílandi lána. Skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari málsgrein er að fasteignareigandi hafi tekið venjubundnar fasteignatryggingar.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá 1. júlí 2004 til 15. september 2004 skiptir Íbúðalánasjóður fasteignaveðbréfum, sem skiptanleg eru fyrir húsbréf úr 1. eða 2. flokki 2001, fyrir peninga. Kröfuhafi fær greitt nafnverð fasteignaveðbréfsins auk áfallinna verðbóta og vaxta að frádregnu lántökugjaldi. Öll lán í húsbréfakerfinu sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu fyrir 1. júlí 2004 verða afgreidd skv. VI. kafla laganna.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. laga þessara er Íbúðalánasjóði heimilt að hefja útgáfu og sölu íbúðabréfa 15. apríl 2004. Frá sama tíma er Íbúðalánasjóði heimilt að bjóða eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa að skipta á þeim fyrir íbúðabréf. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður á hvaða kjörum skipti verða boðin og tilkynnir það með hæfilegum fyrirvara.

II.

Íbúðalánasjóður tekur yfir öll réttindi og skyldur húsbréfadeildar sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum. Fasteignaveðbréf sem skiptanleg voru fyrir húsbréf halda gildi sínu, sbr. þó 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I með lögum þessum.

Húsbréf og húsnæðisbréf sem gefin hafa verið út í nafni Íbúðalánasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í tengslum við lánveitingar og fjármögnun þessara

sjóða halda gildi sínu. Skilmálar þegar útgefinna bréfa halda gildi sínu út lánstíma þeirra. Sama gildir um mismunandi flokka húsbréfa.

Íbúðalánasjóði er heimilt að yfirfæra eldri flokka húsbréfa í rafbréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

III.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum, sem skipt var fyrir húsbréf, og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti eða til endurlána.

Skuldurum fasteignaveðbréfa sem skipt hefur verið fyrir húsbréf er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. 1. mgr., eða kaupa húsbréf á markaði í endurkaupaútboðum. Íbúðalánasjóði er heimilt að færa út úr bókhaldi sínu þau húsbréf sem sjóðurinn kann að eignast.

Útdráttur húsbréfa skal fara fram í umsjá sýslumanns. Vegna rafrænt skráðra húsbréfa skal endurgreiðslan vera hlutfallslega jöfn innan viðkomandi flokks.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 er kveðið á um að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki. Jafnframt var talið nauðsynlegt að samhliða slíkri hækkun yrði gerð breyting á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem mundi bæta verðmyndun skuldabréfa sjóðsins á markaði. Í framhaldi af þessari stefnumörkun setti félagsmálaráðherra á fót verkefnisstjórn og ráðgjafarhóp sem hefur yfirumsjón með þessari breytingu. Í þeim hópi var ákveðið að bíða niðurstöðu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 28. mars 2001 til að skoða form og tilhögun á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs í þeim tilgangi að efla stöðu þeirra enn frekar á markaði. Nefndin skilaði tillögum sínum í októbermánuði 2003 og fylgja niðurstöður hennar í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Í kjölfarið kynnti félagsmálaráðherra fyrir ríkisstjórn 31. desember 2003 fyrirætlanir um endurskipulagningu skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem eru nánar útfærðar í þessu frumvarpi.

Umræddri nefnd um endurskipulagningu verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs var á sínum tíma m.a. falið að skoða samhæfingu útgáfna Íbúðalánasjóðs og ríkissjóðs þannig að þær myndi eðlilega tímaröð til vaxtamyndunar, jafnt á verðtryggðum sem óverðtryggðum bréfum. Auk þess átti nefndin að gera tillögur um endurskipulagningu eldri flokka húsbréfa og húsnæðisbréfa og kanna möguleika þess að útgáfa þeirra yrði framvegis í öðru formi en hingað til, t.d. þannig að gefin yrði út ein tegund bréfa í stað tveggja og að horfið yrði frá útdrætti húsbréfa. Tryggja þyrfti að slík breyting raskaði sem minnst greiðsluflæði húsnæðislánakerfisins. Enn fremur bar nefndinni að athuga möguleika á að ríkissjóður hyrfi af verðtryggða markaðnum að sinni og einbeitti sér í þess stað að óverðtryggðum útgáfum.

Í skýrslu nefndarinnar kemur m.a. fram að ríkisverðbréf og verðbréf með ríkisábyrgð eru grunnur verðmyndunar verðbréfa í flestum löndum með þróaðan fjármagnsmarkað. Lánsáhætta ríkis er yfirleitt talin lítil sem engin og þar að auki hafa ríkissjóðir oftast bolmagn til

að halda úti nægjanlega stórum flokkum verðbréfa og tryggja næga veltu. Mikilvægt er að form og tilhögun bréfanna sé þannig að unnt sé að gegna þessu hlutverki með sem hagkvæmustum hætti. Ríkissjóður hefur endurskipulagt verðbréfaútgáfu sína og sölutilhögun í því skyni að styrkja verðmyndun. Verðbréfaútgáfa Íbúðalánasjóðs er umtalsverð og með ríkisábyrgð sem að öðru jöfnu ætti að leiða til svipaðra kjara á markaði. Svo hefur þó ekki verið og er því m.a. kennt um að skilmálar húsbréfa valdi óvissu á markaði vegna útdráttarfyrirkomulags og möguleika á aukaútdrætti auk þess sem bréfin voru gefin út í mörgum og smáum flokkum framan af. Frá árinu 1996 hefur Íbúðalánasjóður hins vegar gefið út stóra markflokka skuldabréfa sem hafa náð ákveðinni stöðu á markaði. Fyrirkomulag á endurgreiðslu húsbréfa á sér sögulegar skýringar og var á sínum tíma eðlilegt í ljósi aðstæðna en forsendur hafa breyst, m.a. vegna breytinga á markaðsumhverfi og tilkomu rafrænnar eignaskráningar verðbréfa.

Markmið frumvarpsins.

Það frumvarp sem hér er lagt fram hefur það að markmiði að tryggja landsmönnum hagkvæmari húsnæðislán í gegnum Íbúðalánasjóð með ódýrari fjármögnun á almennum lánamarkaði. Þessu markmiði á að ná með endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem eykur hagkvæmni fjármögnunar, sníður af helstu agnúa sem eru á núverandi útgáfu og skapar grundvöll fyrir traustri verðmyndun á frum- og eftirmarkaði íbúðabréfa.

Með þessum breytingum er stefnt að því að bæta hag lántakenda sjóðsins bæði með lægri fjármögnunarkostnaði og áhættuminni fasteignaviðskiptum. Húsbréfakerfið hefur verið við lýði í tæp fimmtán ár og hefur almennt gefist vel. Fyrirkomulag skipta húsbréfa fyrir fasteignaveðbréf þykir hins vegar flókið og ávöxtunarkrafa fjárfesta á hverjum tíma hefur ráðið afföllum eða yfirverði húsbréfanna. Afföll þessi hafa orsakað töluverða áhættu í fasteignaviðskiptum sem íbúðakaupendur hafa borið. Með þeirri kerfisbreytingu sem lögð er til í frumvarpinu er gert ráð fyrir að íbúðalán verði greidd út í peningum og áhrif affalla við sölu verðbréfa verði þar með úr sögunni. Lánin munu bera fasta vexti í samræmi við ávöxtunarkröfu hverju sinni.

Frumvarpið miðar að því að auka seljanleika íbúðabréfa á verðbréfamarkaði, en meginregla verðmyndunar á markaði er sú að því einfaldari sem skilmálar bréfanna eru, þeim mun lægri ávöxtunarkröfu gera fjárfestar til þeirra. Ef sú verður raunin munu lántakendur njóta þess ávinnings, í stað þess að seljendur njóti yfirverðs eða beri afföll í núverandi kerfi. Þá á nýtt fyrirkomulag verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs að vera til þess fallið að auðvelda fyrirhugaða hækkun lánshlutfalls í 90%.

Ein tegund verðbréfa.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað þess að Íbúðalánasjóður gefi út tvær tegundir verðbréfa eins og verið hefur, þ.e. húsbréf og húsnæðisbréf, gefi sjóðurinn einungis út eina tegund verðbréfa. Í samræmi við skýrslu nefndarinnar er lagt til að nafn þessara nýju bréfa verði íbúðabréf og vísi þannig bæði til tilgangsins með útgáfu bréfanna og útgefanda þeirra.

Form íbúðabréfa og útgáfa – ÍLS-veðbréf.

Gert er ráð fyrir að íbúðabréf verði verðtryggð jafngreiðslubréf með fjórum endurgreiðslum á ári. Jafngreiðslubréf eru þekkt skuldabréfaform alls staðar í heiminum og ættu því að falla að öllum kerfum sem í dag eru notuð í tengslum við verðbréfaviðskipti. Stefnt er að því að íbúðabréf verði gefin út í fáum flokkum sem verði opnir allan líftímann og verði stórir og því markaðshæfir á alþjóðlegum markaði. Einn sjóður með öllum eignum standi að baki

íbúðabréfum en bókhaldslegum aðskilnaði verði viðhaldið fyrir fjármögnun mismunandi útlánaflokka. Hið nýja heiti ÍLS-veðbréf kemur í stað fasteignaveðbréfa sem skiptanleg eru fyrir húsbréf auk þess sem orðskýringu er breytt. Þetta er gert til aðgreiningar frá fyrri tegund veðbréfa og er ætlað að auðvelda kerfisbreytinguna.

Endurskipulagning eldri útgáfu.

Til að flýta fyrir að íbúðabréf verði markaðshæf verður eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf. Jafnframt er lagt til að skipti á húsbréfum og húsnæðisbréfum fyrir íbúðabréf verði gerð í skiptiútboðum. Miðað verði við markaðskjör í skiptum, að teknu tilliti til áhættu útgefandans. Lagt er til að nánari útfærsla á útboðunum, svo sem tímasetning, fjöldi, tíðni og val á flokkum húsbréfa og húsnæðisbréfa sem boðið verður að skipta hverju sinni, verði ákveðin í samráði við markaðsaðila og þann sérfróða aðila sem fenginn verður til aðstoðar Íbúðalánasjóði við skuldabréfaskiptin.

Viðskiptavakt og sala íbúðabréfa.

Gert er ráð fyrir að komið verði á fót aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf sem feli í sér kaupskyldu í frumútboðum nýju veðbréfaflokkanna og viðskiptavakt með bréfin á markaði. Lagt er til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að veita veðbréfalán til aðalmiðlara til að auðvelda viðskiptavakt. Gert er ráð fyrir að íbúðabréfin verði skráð í erlendri uppgjörsmiðstöð, ef þess er kostur, eða skráningarhæfi þeirra tryggt með öðrum hætti.

Breytingar á útlánum Íbúðalánasjóðs.

Í stað þess að Íbúðalánasjóður afhendi lántakendum markaðsverðbréf í skiptum fyrir fasteignaveðbréf, eins og nú tíðkast í húsbréfakerfinu, verði íbúðabréf boðin út á markaði og lántakendur fái andvirði ÍLS-veðbréfsins (fasteignaveðbréfsins) greitt út í peningum.

Kjör lánanna miðast við fjármagnskostnað Íbúðalánasjóðs í heild. Er þar annars vegar um að ræða vaxtakjör sem ráðast af niðurstöðu útboðs íbúðabréfa og hins vegar fjármagnskjör vegna uppgreiðslna lána Íbúðalánasjóðs. Vaxtaákvörðun mun byggjast á vegnu meðaltali þessara tveggja þátta. Að auki kemur álag sem sjóðurinn bætir við, líkt og nú tíðkast við peningalán Íbúðalánasjóðs og sölu hans á húsnæðisbréfum. Þetta nýja fyrirkomulag gerir þannig ráð fyrir að vextir af útlánum Íbúðalánasjóðs verði ákvarðaðir eftir hvert útboð og verði þar af leiðandi mismunandi á milli tímabila.

Áhættustýring.

Íbúðalánasjóður mun ekki hafa heimild til innköllunar á íbúðabréfum á móti uppgreiddum lánum og er það hluti af þeirri stefnumótun að gera íbúðabréfin aðgengilegri á markaði. Nefnd um endurskipulagningu veðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs lagði til að brugðist yrði við þessum vanda með því að skuldara sem nýtti sér uppgreiðsluheimild yrði gert að greiða að fullu þann vaxtamun sem hlytist af uppgreiðslu láns fyrir lokagjalddaga. Sú leið er þó talin hafa í för með sér ýmis vandkvæði, enda getur hún mögulega sett íbúðakaupendur í erfiða stöðu, torveldað sölu fasteigna vegna áhvílandi lána og veikt samkeppnisstöðu banka í útlánum til húsnæðiskaupa. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir þeirri meginreglu að almenn vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs taki mið af áhrifum uppgreiðslna á fjármagnskostnað sjóðsins. Í því felst að vextir verði ákveðnir sem vegið meðaltal vaxta í útboði og vaxta uppgreiddra lána, að viðbættu vaxtaálagi sjóðsins. Þannig mun kostnaður vegna uppgreiddra lána jafnast út á ný lán.

Gert er ráð fyrir að þessi aðferð verði meginreglan en einnig er talið nauðsynlegt að kveða á um möguleika sjóðsins til að áskilja að uppgreiðsla verði aðeins heimil gegn greiðslu þóknunar, sem jafni mun á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa, við ófyrirséð atvik þegar uppgreiðslur gætu ógnað stöðu sjóðsins. Nota á heimild þessa eingöngu sem neyðarúrræði þegar aðrar leiðir nægja ekki til að verja eiginfjárstöðu sjóðsins. Gert er ráð fyrir að atbeina ráðherra þurfi til. Við þær aðstæður verður heimild lántakenda til uppgreiðslu fasteignaveðlána þrengd þannig að uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa (fasteignaveðbréfa) verður einungis heimiluð gegn greiðslu þóknunar sem gæti orðið jafnhá mismun á markaðsverðmæti áþekks íbúðabréfs og fasteignaveðlánsins. Um þetta vísast nánar í 12. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein. Minnt skal á að í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu Íbúðalánasjóðs til að setja á fót áhættustýringarkerfi sem ráðherra staðfesti í reglugerð. Gert er ráð fyrir að í þeirri reglugerð verði svigrúm sjóðsins í þessu efni skýrt nánar og nákvæm viðmið sett fram um það hvenær stjórn sjóðsins beri að gera tillögu um að þessi heimild verði nýtt.

Jafnframt er nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður hafi heimild til að eiga viðskipti með verðbréf og beita hefðbundnum aðferðum við áhættustýringu með það fyrir augum að dreifa áhættu sjóðsins.

Áhættumat.

Tillögur þessar breyta þeirri samsvörun sem verið hefur á greiðslustreymi inn- og útlána Íbúðalánasjóðs. Útgáfa nokkurra flokka með ólíkum tímalengdum til fjármögnunar á lánum í öðrum tímalengdum eykur vaxtaáhættu sjóðsins og því er lagt til að sérstöku vaxtaálagi verði bætt ofan á vexti lántaka til að mæta þessari áhættu. Reglulega þyrfti að endurmeta þetta álag með tilliti til útgáfuáætlana, útlánaáætlana og annarrar áhættu sjóðsins.

Lagaskil.

Í gildandi húsbréfakerfi geta umsækjendur dregið að fá endanlega afgreiðslu í allt að fimm ár þegar um nýbyggingar er að ræða. Í frumvarpi þessu er lagt til að skil á milli húsbréfakerfisins og nýja lánakerfisins verði þannig að frá og með gildistöku nýja kerfisins verði engin húsbréf afgreidd. Þess í stað kaupir Íbúðalánasjóður þau fasteignaveðbréf sem samþykkt hefur verið að skipta fyrir húsbréf og greiðir fyrir þau með peningum. Lagt er því til að frá 1. júlí 2004 til 15. september 2004 skipti Íbúðalánasjóður eingöngu fasteignaveðbréfum, sem skiptanleg eru fyrir húsbréf úr 1. eða 2. flokki 2001, fyrir peninga. Hinn 15. september 2004 loka þessir húsbréfaflokkar. Fram að þeim tíma fær kröfuhafi greitt nafnverð fasteignaveðbréfsins auk áfallinna verðbóta og vaxta að frádregnu lántökugjaldi. Öll lán í húsbréfakerfinu sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu fyrir 1. júlí 2004 verða því afgreidd samkvæmt hinu nýja kerfi.

Einnig er lagt til að Íbúðalánasjóður hafi heimild til útgáfu og sölu íbúðabréfa í nokkurn tíma áður en farið verður að veita lán samkvæmt nýju lögunum til að tryggja fjármögnun á lánunum. Lagt er til að sú heimild gildi frá og með 15. apríl 2004. Með því móti eru bréfin komin í almenna umferð og farin að mynda sjálfstætt verð á markaði áður en fjármögnun útlánanna hefst. Til þess að auka markaðshæfi íbúðabréfanna er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilað að bjóða eigendum hús- og húsnæðisbréfa að skipta þeim fyrir íbúðabréf og stækka þannig íbúðabréfaflokkana. Gildir sú heimild einnig frá 15. apríl 2004.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að gerðar verði breytingar á efni orðskýringa á almennum lánum og viðbótarlánum. ÍLS-veðbréf koma í stað fasteignaveðbréfa auk þess sem orðskýringu er breytt. Nauðsynlegt þótti að taka upp nýtt heiti til aðgreiningar frá fasteignaveðbréfi Íbúðalánasjóðs sem skiptanlegt er fyrir húsbréf. Skýringar á orðunum húsbréf og húsnæðisbréf verða felldar brott. Jafnframt er bætt við skýringum á íbúðabréfum og fjármögnunarbréfum og skýring á viðbótarlánum aðlöguð nýju kerfi.

Um 2. gr.

Greininni er breytt þannig að tekin eru af tvímæli um að lánastarfsemi Íbúðalánasjóðs sé bundin við lánveitingar til íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagt er til að 2. og 3. tölul., sem fjalla um fjármögnun Íbúðalánasjóðs með sölu húsbréfa og húsnæðisbréfa, falli brott og í staðinn komi nýr töluliður um útgáfu íbúðabréfa. Auk þess er talið eðlilegt að bæta þjónustugjöldum við þessa upptalningu, en um ákvörðun þeirra gilda ákvæði 49. gr. laganna.

Um 5. gr.

Lagt er til að felld verði brott skylda Íbúðalánasjóðs til að semja við lánastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána. Í staðinn verði kveðið á um heimild sem er í betra samræmi við gildandi framkvæmd.

Í greininni er kveðið á um skyldu Íbúðalánasjóðs til að koma á áhættustýringarkerfi og sjóðnum veitt heimild til að eiga viðskipti með verðbréf, til að draga úr áhættu sjóðsins í samræmi við almenn sjónarmið um áhættustýringu. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um áhættuviðmið, áhættustýringu, innra eftirlit og viðskipti sjóðsins með verðbréf. Leita skal umsagnar stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins um efni reglugerðarinnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að orðinu „endurbætur“ verði bætt við 1. tölul. Er það í samræmi við gildandi framkvæmd, sbr. ákvæði í reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

Um 7. gr.

Lagt er til að ákvæði um starfrækslu sérstakrar húsbréfadeildar verði felld brott. Í staðinn er kveðið á um aðgreiningu lánaflokka í bókhaldi Íbúðalánasjóðs. 2. og 3. tölul. greinarinnar sem fjalla um skipti á húsbréfum og fasteignabréfum og um sölu húsbréfa á markaði falla brott.

Um 8. gr.

Lagt er til að í stað tilvísunar í húsbréfadeild komi tilvísun í Íbúðalánasjóð og að ákvæði um húsbréf sem skiptanlegt er fyrir fasteignaveðbréf falli brott.

Um 9. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. komi fram að ÍLS-veðbréf skuli greidd út í peningum, en ÍLS-veðbréf er heiti á hinum nýju fasteignaveðlánum, sbr. athugasemdir við 1. gr., og koma þau í stað fasteignaveðbréfa sem skiptanleg eru fyrir húsbréf.

Um 10. gr.

Í greininni eru fyrsti vaxtadagur og grunnvísitala lánsins sett sem næst þeim tíma sem Íbúðalánasjóður afgreiðir lánið. Þar sem fyrsti vaxtadagur verður að liggja fyrir áður en ÍLS-veðbréfi er þinglýst er hann ákveðinn sami dagur og Íbúðalánasjóður samþykkir lánveitinguna enda er gert ráð fyrir að ÍLS-veðbréfið verði tilbúið til afhendingar til lántaka þann sama dag.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig stjórn Íbúðalánasjóðs skuli ákveða útlánavexti. Er aðalreglan sú að útlánavextir taki mið af fjármögnunarkostnaði sjóðsins sem felst annars vegar í niðurstöðu útboðs íbúðabréfa og hins vegar í vaxtakjörum uppgreiddra húsnæðislána. Með þessu móti mun vaxtamunur milli fjármögnunarkostnaðar og útlánavaxta jafnast út á ný lán og ekki skapa sjóðnum hættu. Við útlánavexti bætist vaxtaálag, sbr. 28. gr. laganna.

Í 4. mgr. er bætt við skýrri lagaheimild fyrir veðlánaflutningi. Heimild þessi er í gildandi reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

Um 11. gr.

Þar sem hætt verður frekari útgáfu húsbréfa er lagt til að gildandi ákvæði um útdrátt og aukaútdrátt verði færð í bráðabirgðaákvæði. Einnig er tekið fram að íbúðabréf verði gefin út sem rafbréf.

Um 12. gr.

Heimild sjóðsins til innköllunar á íbúðabréfum á móti uppgreiddum lánum er ekki til staðar í hinu nýja kerfi. Hin almenna regla verður sú að lántakendum verður áfram heimilt að greiða upp lán án sérstaks gjalds. Áhætta sjóðsins vegna þessa mun endurspeglast í vaxtaákvörðun sjóðsins skv. 3. mgr. 21. gr. og vaxtaálagi skv. 28. gr. Sjóðurinn mun einnig beita virkri fjárstýringu til að lágmarka áhættu sína að þessu leyti.

Til að gæta fyllsta öryggis er þó nauðsynlegt að kveða á um möguleika sjóðsins til að áskilja að uppgreiðsla verði aðeins heimil gegn greiðslu þóknunar sem jafni að hluta eða að öllu leyti mismun á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa. Þessari heimild verður væntanlega eingöngu beitt þegar ófyrirséð atvik valda því að uppgreiðslur aukast svo mjög að þær ógni stöðu sjóðsins. Gert er ráð fyrir að heimild þessari verði eingöngu beitt sem neyðarúrræði þegar hefðbundnar áhættustýringaraðferðir og svigrúm sjóðsins við vaxtaákvörðun nægja ekki til að verja hag sjóðsins. Gert er ráð fyrir að atbeina ráðherra þurfi til.

Um 13. gr.

Lagt er til að íbúðabréfaflokkarnir verði opnir út lánstímann og því fellt brott núverandi ákvæði um að gera þurfi tillögu um heildarfjárhæð hvers flokks fyrir sig. Einnig er lagt til að umsagnarskylda Seðlabanka Íslands verði felld brott enda samrýmist slík ráðgjöf ekki hlutverki bankans samkvæmt lögum um bankann.

Um 14. gr.

Lagt er til að greininni verði breytt þannig að hún taki til íbúðabréfa, húsbréfa og húsnæðisbréfa.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu Íbúðalánasjóðs til að skrá íbúðabréf á skuldabréfamarkaði. Viðkomandi verðbréfaþing eða kauphöll ákveður hvaða bréf eru tekin þar á skrá og setur lágmarksreglur þar um.

Þar sem skipti á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf verða úr sögunni er gerð breyting á 2. mgr. Bætt er við ákvæði um að Íbúðalánasjóði sé heimilt að koma á fót aðalmiðlarakerfi og veita verðbréfalán til aðalmiðlara til þess að liðka fyrir verðmyndun á markaði og auðvelda þannig viðskiptavakt. Aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf fæli í sér kaupskyldu aðalmiðlara í frumútboðum nýju verðbréfaflokkanna og viðskiptavakt með bréfin á markaði, auk þess sem aðalmiðlarar yrðu þeir einu sem gætu gert tilboð í íbúðabréfin við frumsölu þeirra. Verðbréfalán til aðalmiðlara felur í sér að Íbúðalánasjóði verði heimilt að lána aðalmiðlurum íbúðabréf úr einum flokki þeirra gegn veði frá viðkomandi aðalmiðlara í íbúðabréfum úr öðrum flokki. Þannig hefur þetta fyrirkomulag ekki í för með sér aukningu á útgáfu íbúðabréfa en tryggir að framboð þeirra geti alltaf tekið mið af þeirri eftirspurn sem er á markaðnum og þannig stuðlað að eðlilegum viðskiptum og verðmyndun þeirra á markaði.

Um 16. gr.

Lagt er til að eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins verði meira en áður og nái til starfsemi Íbúðalánasjóðs í heild í stað einungis húsbréfadeildar áður. Einnig er lagt til að efni 3. mgr. 27. gr. gildandi laga, um hlutverk Seðlabanka Íslands í húsbréfaviðskiptum á eftirmarkaði falli brott. Er sú breyting í samræmi við fyrrnefndar tillögur nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs. Nánari ákvæði um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi sjóðsins verður sett í reglugerð skv. 5. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Lagt er til að við ákvörðun um vaxtaálag verði heimilað að taka mið af vaxtaáhættu sjóðsins. Þessi breyting er í samræmi við tillögur nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs og felur í sér að til viðbótar álagi vegna taps- og útlánaáhættu og álagi til að mæta rekstrarkostnaði sjóðsins verði Íbúðalánasjóði heimilt að ákveða álag vegna endurfjármögnunaráhættu þar sem samsvörun milli fjármögnunarbréfa og fasteignaveðbréfa sjóðsins hefur verið rofin.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Lagt er til að fyrirsögn VI. kafla verði breytt með hliðsjón af tilkomu íbúðabréfa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Kærunefnd húsnæðismála hefur í úrskurði sínum nr. 2/2003 frá 29. apríl 2003 túlkað 2. mgr. 47. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, þannig að heimildin taki til sérstakra tilvika sem séu háð mati Íbúðalánasjóðs og einnig sem dæmi til tilvika þar sem íbúð hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum. Þá telur nefndin að reglur stjórnar Íbúðalánasjóðs um skilyrði til fyrirgreiðslu standist ekki með tilliti til skýringar á ákvæðinu.

Sá skilningur nefndarinnar að heimildin taki til annarra tilvika en þar sem íbúð hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum er í andstöðu við túlkun Íbúðalánasjóðs á ákvæðinu og tilgangi ákvæðisins að mati sjóðsins. Sjóðurinn telur að afskrift komi eingöngu til greina við þær sérstöku aðstæður þegar íbúð hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum og eigandi hafi ekki fengið nægar bætur. Í þeim tilvikum takmarkist heimildin við að afskrifa lán sjóðsins sem út af standa eftir atvikum þegar söluverð, skaðabætur eða afsláttur af kaupverði hefur verið dregið frá áhvílandi lánum eftir veðröð.

Nauðsynleg fylgigögn umsóknar til staðfestingar á eftirfarandi atriðum eru gögn sem sýna fram á að tjón, samkvæmt matsgjörð dómkvaddra matsmanna eða á annan sannanlegan hátt, nemi að lágmarki 85% af brunabótamati íbúðarinnar og sé tilkomið vegna atvika sem eiganda verði ekki kennt um. Einnig þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá eiganda eftir atvikum um söluverð íbúðarinnar, fjárhæð skaðabóta eða afsláttar eða að um engar bætur eða afslátt sé að ræða og yfirlýsing frá eiganda um að hann muni ekki sækja frekari bætur eða afslátt auk staðfestingar á vátryggingu íbúðarinnar.

Vegna mismunandi túlkunar Íbúðalánasjóðs og kærunefndar á orðalagi ákvæðisins er nauðsynlegt að taka af allan vafa um tilgang ákvæðisins og þar með hvaða skilyrðum verði að fullnægja til þess að heimildinni verði beitt.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða I eru sett fram skil milli húsbréfakerfisins og nýja lánakerfisins þannig að frá og með gildistöku nýja kerfisins verði engin húsbréf afgreidd. Af þeim sökum er nauðsynlegt að heimila Íbúðalánasjóði að kaupa þau fasteignaveðbréf sem samþykkt hefur verið að skipta fyrir húsbréf og greiða fyrir þau með peningum. Á tímabilinu 1. júlí 2004 til 15. september 2004 fara skipti fram með þeim hætti að kröfuhafar fá greitt nafnverð fasteignaveðbréfsins auk áfallinna verðbóta og vaxta að frádregnu lántökugjaldi. Þeir kröfuhafar er koma 15. september 2004 eða síðar fá hins vegar útgefin ÍLS-veðbréf með þeim kjörum og skilmálum sem eru í gildi á þeim tíma Samkvæmt gildandi húsbréfakerfi hafa umsækjendur heimild til að fá endanlega afgreiðslu í húsbréfakerfinu í allt að fimm ár þegar um nýbyggingar er að ræða. Í ljósi þessa er nauðsynlegt, til að forðast óvissu hjá væntanlegum lántakendum, að kveðið sé á um að með hvaða hætti þessir aðilar geta fengið endanlega afgreiðslu umsókna sinna eftir að búið er að loka fyrir afgreiðslu á húsbréfum.

Varðandi efni 2. mgr. er talið nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður hafi heimild til útgáfu og sölu íbúðabréfa í nokkurn tíma áður en farið verður að veita lán samkvæmt nýja kerfinu til að tryggja fjármögnun á lánunum. Með því móti eru bréfin komin í almenna umferð og farin að mynda sjálfstætt verð á markaði áður en fjármögnun útlánanna hefst. Til að auka markaðshæfi íbúðabréfanna er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilað að bjóða eigendum hús- og húsnæðisbréfa að skipta á þeim fyrir íbúðabréf og stækka þannig íbúðabréfaflokka. Gildir sú heimild frá sama tíma og gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti hafið útgáfu íbúðabréfanna. Þannig verður stuðlað að því að íbúðabréfaflokkarnir verði stærri sem leiðir þá til aukinna viðskipta og betri vaxtamyndunar þeirra á markaði.

Í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir að húsbréf verði áfram markaðshæf skuldabréf og fullgild viðskiptabréf þar til þau hafa verið að fullu greidd upp eða þeim skipt fyrir íbúðabréf. Nauðsynlegt er að fram komi í bráðabirgðaákvæði að Íbúðalánasjóður yfirtaki öll réttindi og skyldur húsbréfadeildar þar sem hún verður ekki lengur til. Réttindi og skyldur

Íbúðalánasjóðs vegna útgefinna húsbréfa verða óbreytt. Enn fremur er lagt til að heimild sjóðsins til að yfirfæra eldri flokka húsbréfa í rafbréf verði áfram fyrir hendi.

Í ákvæði til bráðabirgða III er gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á innheimtu þeirra fasteignaveðbréfa sem skipt var fyrir húsbréf. Einnig er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að endurgreiðsla húsbréfa verði áfram óbreytt frá því sem verið hefur bæði varðandi reglulegan útdrátt þeirra og heimild til aukaútdráttar þegar skekkja verður í sjóðstreymi Íbúðalánasjóðs, en Íbúðalánasjóði verði heimilt að nýta uppgreiðslur til endurlána. Í 2. mgr. er Íbúðalánasjóði veitt heimild til að færa húsbréf sem sjóðurinn eignast út úr bókhaldi sínu hvort sem hann eignast þau með innlausn þeirra eða með uppkaupum. Íbúðalánasjóður hefur hingað til þurft að eignfæra þau húsbréf sem hann kaupir á endurkaupaútboðum og færa út úr bókhaldi sínu þegar þau bréf eru útdregin, en í ljósi þess að ekki er ætlast til þess að sjóðurinn setji bréfin aftur á almennan markað er eðlilegt að hann hafi heimild til að hætta þessari eignafærslu og færa bréfin í þess stað út úr eignahlið efnahagsreiknings síns.

Fylgiskjal I.

ENDURSKIPULAGNING Á VERÐBRÉFAÚTGÁFU ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

Álit nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs.
(Október 2003.)

INNGANGUR

Ríkisverðbréf og verðbréf með ríkisábyrgð eru grunnur verðmyndunar verðbréfa í flestum löndum með þróaðan fjármagnsmarkað. Lánsáhætta ríkis er yfirleitt talin lítil sem engin og þar að auki hafa ríkissjóðir oftast bolmagn til að halda úti nægjanlega stórum flokkum verðbréfa og tryggja næga veltu. Mikilvægt er að form og tilhögun bréfanna sé þannig að þeir geti gegnt þessu hlutverki með hagkvæmum hætti. Ríkissjóður hefur endurskipulagt verðbréfaútgáfur sínar og sölutilhögun í því skyni að styrkja verðmyndun þeirra. Verðbréfaútgáfa Íbúðalánasjóðs er umtalsverð og með ríkisábyrgð sem að öðru jöfnu ætti að leiða til svipaðra kjara á markaði. Svo er þó ekki og er því m.a. kennt um að skilmálar húsbréfa valda óvissu á markaði vegna útdráttarfyrirkomulags og möguleikanum á aukaútdrætti auk þess sem bréfin voru gefin út í mörgum og smáum flokkum framan af. Frá árinu 1996 hefur Íbúðalánasjóður hins vegar gefið út stóra markflokka skuldabréfa sem hafa náð vissri stöðu á markaði. Fyrirkomulag á endurgreiðslum húsbréfa á sér sögulegar skýringar og var á sínum tíma eðlilegt í ljósi aðstæðna en forsendur hafa breyst, m.a. vegna breytinga á markaðsumhverfi og rafrænnar skráningar.

Fjármálaráðherra skipaði, hinn 28. mars 2001, nefnd til að skoða form og tilhögun á verðbréfaútgáfum Íbúðalánasjóðs m.t.t. endurskipulagningar á verðbréfaútgáfum ríkissjóðs í því skyni að efla stöðu þeirra enn frekar á markaði þannig að þau gengdu því hlutverki að vera vaxtamyndandi á verðbréfamarkaði. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að starf hennar felist m.a. í því að skoða eftirfarandi þætti:

- Samhæfingu útgáfa Íbúðalánasjóðs og ríkissjóðs þannig að þær myndi eðlilega tímaröð til vaxtamyndunar, jafnt á verðtryggðum sem og á óverðtryggðum bréfum.

- Að gera tillögur um endurskipulagningu eldri flokka húsbréfa og húsnæðisbréfa með tilliti til framangreinds.
- Að kanna möguleika þess að útgáfa húsbréfa og húsnæðisbréfa verði framvegis í öðru formi en verið hefur, t.d. að gefin verði út ein tegund bréfa í stað tveggja og að horfið verði frá útdrætti húsbréfa. Slíkri breytingu þarf að haga þannig að hún raski sem minnst greiðsluflæði húsnæðislánakerfisins.
- Að athuga möguleika á að ríkissjóður hverfi af verðtryggða markaðinum að sinni og einbeiti sér í þess stað að óverðtryggðum útgáfum.
- Að gera tillögur um lagabreytingar vegna framangreindra atriða, sé þeirra talin þörf.

Í kaflanum hér á eftir er samantekt á helstu niðurstöðum og tillögum nefndarinnar. Næsti kafli þar á eftir fjallar um fyrirkomulag húsnæðisfjármögnunar, því næst kemur kafli um helstu annmarka núverandi kerfis og tillögur um endurbætur. Í viðauka I er að finna útlistun á nauðsynlegum lagabreytingum og í viðauka II er að finna yfirlit yfir útgáfur Íbúðalánasjóðs.

Nefndina skipuðu Bergþóra Bergsdóttir frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt var formaður, Ingi Valur Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Sigurður Geirsson frá Íbúðalánasjóði, Tómas Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands og Þórður Jónasson frá Lánasýslu ríkisins. Þann 8. október 2002 tók Sigurður Árni Kjartansson, Lánasýslu ríkisins, sæti Þórðar í nefndinni.

Á fund nefndarinnar komu Yngvi Örn Kristinsson, Búnaðarbanka Íslands hf., Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, Kaupþingi hf., Bjarni Brynjólfsson, Lífeyrissjóði Framsýnar, Guðmundur Þór Þórhallsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti. Einnig var leitað til Hreiðars Más Sigurðssonar, þá hjá Kaupthing NY.

Nefndinni var ætlað að skila skýrslu um störf sín ásamt tillögum fyrir 1. júní 2001. Umfang nefndarstarfsins var þó öllu viðameira og því tókst ekki að ljúka störfum hennar fyrir þann tíma. Allar hugmyndir sem fram komu um nýtt fyrirkomulag og endurskipulagningu kerfisins voru ræddar til hlýtar og kannaðar og er niðurstaða nefndarinnar þær tillögur sem lagðar eru fram í þessari skýrslu.

Mikilvægt er að áður en ákvörðun er tekin um þær breytingar sem lagðar eru til í skýrslunni og endurskipulagningu eldra kerfis að fram fari nákvæm greining á áhættu útgefandans. Meta þarf áhættuna af því að sú samsvörun sem verið hefur á milli fasteignaveðbréfa og húsbréfa hefur með tillögum nefndarinnar verið rofin en að auki þarf að meta áhættuna af endurskipulagningu eldra kerfis á meðan fasteignaveðbréfin eru með uppgreiðsluheimild.

Reykjavík, 16. október 2003.

Bergþóra Bergsdóttir

Ingi Valur Jóhannsson

Sigurður Geirsson

Sigurður Árni Kjartansson

Tómas Örn Kristinsson

NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Ein tegund verðbréfa

Nefndin leggur til að í stað þess að Íbúðalánasjóður gefi út tvær tegundir verðbréfa eins og verið hefur, þ.e. húsbréf og húsnæðisbréf, gefi sjóðurinn einungis út eina tegund verðbréfa. Leggur nefndin til að nafn þessara nýju bréfa verði íbúðabréf og vísi þannig bæði til tilgangsins með útgáfu bréfanna og útgefanda þeirra.

Þekkt verðbréfaform

Nefndin leggur til að íbúðabréfin verði verðtryggð jafngreiðslubréf með fjórum endurgreiðslum á ári. Jafngreiðslubréf eru þekkt skuldabréfaform alls staðar í heiminum og ættu því að falla að öllum kerfum sem nú eru notuð í tengslum við verðbréfaviðskipti.

Fáir flokkar og skipulögð útgáfa

Nefndin leggur til að tekin verði upp skipulögð útgáfa íbúðabréfa með fáum flokkum sem verði gefnir út með tíu ár á milli lokagjalddaga. Þannig gætu lokagjalddagar þessara flokka t.d. verið í upphafi árin 2020, 2030, 2040 og 2050. Þessir flokkar verði opnir allan líftímann og má gera ráð fyrir að verðmæti þeirra gæti fljótlega numið nokkrum tugum milljarða króna sem gerir þá markaðshæfa á alþjóðlegum markaði. Þegar þörf krefði yrði síðan bætt við nýjum flokki sem hefði lokagjalddaga árið 2060. Einn sjóður með öllum eignum standi að baki íbúðabréfum en bókhaldslegum aðskilnaði verði viðhaldið fyrir fjármögnun mismunandi útlánaflokka.

Endurskipulagning eldri útgáfu

Til að endurskipuleggja eldri útgáfur Íbúðalánasjóðs og flýta fyrir að íbúðabréf verði markaðshæf leggur nefndin til að eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verði boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf þegar markaðsverð hefur myndast á íbúðabréfin. Við skipti á húsbréfum verður að taka tillit til þess að Íbúðalánasjóður ber verulega vaxtaáhættu ef almennir vextir verða undir vöxtum fasteignaveðbréfa og uppgreiðslur þeirra aukast. Úr þessari áhættu er hægt að draga með því að að fara hægar í skipti á húsbréfum.

Nefndin leggur til að skipti á húsbréfum og húsnæðisbréfum fyrir íbúðabréf verði gerð í skiptiútboðum. Þau verði haldin nokkrum sinnum og verði miðað við markaðskjör í skiptum, að teknu tilliti til áhættu útgefandans. Leggur nefndin til að nánari útfærsla á útboðunum, svo sem tímasetning, fjöldi, tíðni og val á flokkum húsbréfa og húsnæðisbréfa sem boðið verður að skipta hverju sinni, verði ákveðið í samráði við markaðsaðila þegar fram í sækir. Jafnframt leggur nefndin til að Íbúðalánasjóður leiti til annarra aðila um framkvæmd þeirra, t.d. Lánasýslu ríkisins.

Viðskiptavakt og sala íbúðabréfa

Nefndin leggur til að komið verði á fót aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf sem feli í sér kaupskyldu í frumútboðum nýju verðbréfaflokkanna og viðskiptavakt með bréfin á markaði. Þá leggur nefndin til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að veita verðbréfalán til aðalmiðlara til þess að auðvelda viðskiptavakt.

Nefndin telur mikilvægt að möguleikar á uppgjöri íbúðabréfa í erlendri uppgjörsmiðstöð verði kannaðir og að þau verði skráð í slíkri uppgjörsmiðstöð sé það mögulegt.

Breytingar á útlánum Íbúðalánasjóðs

Nefndin leggur til að í stað þess að Íbúðalánasjóður afhendi lántakendum markaðsverðbréf í skiptum fyrir fasteignaveðbréf, eins og nú tíðkast í húsbréfakerfinu, verði íbúðabréf boðin út á markaði og lántakendur fái andvirði fasteignaveðbréfsins í peningum á kjörum sem miðast við niðurstöðu útboðs auk álags sem sjóðurinn bætir við, líkt og tíðkast við peningalán Íbúðalánasjóðs og sölu hans á húsnæðisbréfum. Þetta nýja fyrirkomulag gerir þannig ráð fyrir að vextir af útlánum Íbúðalánasjóðs verði ákvarðaðir eftir hvert útboð og verði þar af leiðandi mismunandi á milli tímabila. Þetta þýðir að ekki verður lánað út umfram fjármögnun og eins ef eftirspurn eftir lánum frá Íbúðalánasjóði er minni en framboð, þá verða vaxtakjör síðasta útboðs vegin vaxtakjörum þess næsta.

Heimild lántakenda til uppgreiðslu fasteignaveðlána verði þrengd þannig að uppgreiðsla fasteignaveðbréfa verði aðeins heimiluð gegn greiðslu þóknunar, sem yrði jafnhá mismun á markaðsverðmæti áþekks íbúðabréfs og fasteignaveðlánsins. Setja þarf ákvæði um uppgreiðslu í skilmála fasteignaveðbréfa. Með því móti gæti Íbúðalánasjóður keypt íbúðabréf á markaðnum fyrir andvirði uppgreiðslu án þess að bera skarðan hlut frá borði.

Breytt fyrirkomulag gerir kröfur um nákvæma áætlanagerð og upplýsingagjöf en tillögunum er m.a. ætlað að auka möguleika Íbúðalánasjóðs á viðbrögðum við ójafnvægi í inn- og útstreymi frá því sem verið hefur. Það er mat nefndarinnar að þótt ákveðin vaxtaáhætta skapist fyrir Íbúðalánasjóð vegna breytinganna þá vegi sennilegur ávinningur af þeim upp þá áhættu, auk þess að Íbúðalánasjóður hefur nokkrar leiðir til að mæta þeirri áhættu og draga úr henni.

Nefndin leggur til að lög nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, verði felld úr gildi og ákvæði þeirra gildi ekki fyrir framtíðarútgáfur Íbúðalánasjóðs.

Áhættumat

Ljóst er að tillögur þær sem nefndin leggur fram breyta þeirri samsvörun sem verið hefur á greiðslustreymi inn- og útlána Íbúðalánasjóðs. Útgáfa nokkurra flokka með ólíkum tímalengdum til fjármögnunar á lánum í öðrum tímalengdum eykur vaxtaáhættu sjóðsins og því leggur nefndin til að sérstöku vaxtaálagi verði bætt ofan á vexti lántaka til að mæta þessari áhættu. Reglulega þyrfti að endurmeta þetta álag með tilliti til útgáfuáætlana, útlánaáætlana og annarrar áhættu sjóðsins.

Lagt hefur verið mat á þetta álag að gefnum ákveðnum forsendum og samkvæmt þeim útreikningum má áætla álagið 5–15 hundraðshluta úr prósenti (punkta). Eðlilegt er að fram fari nákvæm greining á áhættu útgefandans. Undirbúningur að ákveðinni áhættugreiningu er þegar hafin hjá Íbúðalánasjóði.

Markmið breytinganna

Það er mat nefndarinnar að breytingar sem tillögurnar mæla fyrir um á útgáfum Íbúðalánasjóðs auki hagkvæmni fjármögnunar, sníði af helstu agnúa sem taldir eru vera á núverandi verðbréfaútgáfu sjóðsins og skapi grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði.

FYRIRKOMULAG VERÐBRÉFAÚTGÁFU ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

Íbúðalánasjóður og forverar hans hafa frá árinu 1989 gefið út húsbréf og síðar húsnæðisbréf til að fjármagna íbúðalán. Útgáfa bréfanna var á sínum tíma gerð til að markaðsvæða fjármögnun íbúðalána og tóku skilmálar útgáfunnar mið af þeim aðstæðum sem þá ríktu.

Með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem tóku gildi árið 1999 var rekstur og starfsemi íbúðalána endurskipulögð og Íbúðalánasjóður tók við starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna var hætt og verkefnin flutt til hinnar nýju stofnunar. Breytingarnar vörðuðu mest tilhögun lána félagslega kerfisins því að fjármögnun og starfssvið húsbréfakerfisins var áfram óbreytt.

Í stað lána til félagslegra eignaríbúða, sem veitt voru af Byggingasjóði verkamanna, er fjármögnun þessara íbúða með tvennum hætti. Annars vegar með almennum hætti húsbréfakerfis og hins vegar með viðbótarlánum sem geta verið allt að 25% af verðmati íbúðar en þó þannig að heildarlánveiting fari aldrei yfir 90% af matsverði húsnæðis að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga. Húsnæðisnefndir sveitarfélaga ákveða hverjir fá þessi lán og eru þau veitt á ábyrgð sveitarfélaganna.

Þá gera lögin ráð fyrir að veitt verði sérstök lán til leiguíbúða sem haldið verði aðgreindum frá annarri starfsemi. Auk þess hefur Íbúðalánasjóður heimildir samkvæmt reglugerð til að veita lán til annarra verkefna, svo sem greiðsluerfiðleikalán, viðgerðarlán vegna félagslegra íbúða, lán til sveitarfélaga og dagvistunar aldraðra.

Íbúðalánasjóður hefur gefið út húsnæðisbréf til endurfjármögnunar eldri lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Umrædd lán voru á sínum tíma tekin af sjóðunum til fjármögnunar á útlánum þeirra en fyrir liggur að tímabundið misvægi er í greiðslustreymi veittra og tekinna lána sem mæta þarf með nýjum lánum.

Eftirspurn eftir lánum Íbúðalánasjóðs hefur aukist jafnt og þétt og er í meðfylgjandi töflu að finna yfirlit yfir heildarútgáfu húsbréfa og húsnæðisbréfa frá árinu 1997.

Heildarútgáfa húsbréfa og húsnæðisbréfa:

í m.kr.							Áætlun
	1997	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**
15 ár	85	3	0	0	0	0	0
25 ár	16.631	16.918	11.422	10.630	11.318	17.228	14.441
40 ár	3.510	8.876	27.160	25.274	30.537	35.901	49.616
	20.226	**25.797**	**38.582**	**35.904**	**41.855**	**53.129**	**64.057**
þ.a. til endurfjármögnunar eldri lána:							
	2.454	3.657	2.649	2.596	2.451	5.617	1.045

Heildarútgáfa húsbréfa og húsnæðisbréfa:

án endurfjármögnunar eldri lána

í %							Áætlun
	1997	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**
15 ár	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
25 ár	80%	60%	24%	24%	23%	24%	21%
40 ár	20%	40%	76%	76%	77%	76%	79%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Í töflunni kemur fram að nær stöðug aukning hefur verið í verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs frá árinu 1997. Aukningin á sér stað í skuldabréfum til 40 ára á kostnað bréfa til 25 ára og má skýringuna m.a. finna í mikilli eftirspurn eftir lengri lánum í húsbréfakerfinu auk þess sem lánveitingar viðbótarlána og leiguíbúðalána sem eru til lengri tíma hafa aukist á undanförnum árum.

Verður ekki annað séð en að íbúðalánakerfið hafi þjónað vel þeim tilgangi sínum að aðstoða landsmenn við fjármögnun á íbúðarkaupum og íbúðabyggingum og sést það einna best af þeim mikla fjölda lána sem afgreidd hafa verið í kerfinu. Útgáfa húsbréfa og húsnæðisbréfa hefur átt drjúgan þátt í þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur á verðbréfamarkaði hérlendis á síðasta áratug eða svo, enda hefur Íbúðalánasjóður verið stærsti einstaki útgefandinn hér á landi um all langt skeið.

Húsbréf

Útgáfa húsbréfa hefur miðað að því að uppfylla lántökuþörf hins almenna fasteignakaupanda. Gefnir hafa verið út 26 flokkar húsbréfa. Af þeim eru aðeins fimm sem teljast til markflokka. Markaðsvirði þessara fimm flokka er tæplega þrír fjórðu hlutar af markaðsvirði útistandandi húsbréfa og er því ljóst að verðmyndunin nær ekki til allra flokka.

Heildarmarkaðsverð húsbréfa var í ágúst 2003 um 307 milljarðar kr. sem er um 42% af markaðsvirði skuldabréfa sem skráð eru á Kauphöll Íslands. Þrátt fyrir þessa yfirburði og ríkisábyrgð bréfanna hefur útgefandi ekki náð sambærilegum kjörum á markaði og ríkissjóður með spariskírteini en hlutdeild þeirra á markaði er um 7%.

Húsbréf voru fyrst gefin út árið 1989. Í fyrstu voru útgáfurnar margar og smáar enda var aðalmarkmiðið að halda sem mestu jafnvægi í inn- og útstreymi fjármagns hjá útgefanda. Verðbréfamarkaðurinn var einnig ófullkominn og minna var hugað að langtímafyrirkomulagi útgáfunnar. Á þessu varð nokkur breyting á árinu 1997 þegar ákveðið var að ekki yrðu gefnir út nýir flokkar húsbréfa um nokkurt skeið, heldur að bætt yrði við þá flokka sem opnir voru. Þessi breyting raskaði þó ætluðu jafnvægi í inn- og útstreymi Íbúðalánasjóðs.

Húsbréf eru verðtryggð eingreiðslubréf sem endurgreiðast á 15, 25 eða 40 árum með útdráttarfyrirkomulagi. Þeir flokkar húsbréfa sem hafa verið rafvæddir eru hins vegar dregnir út í það smáum einingum að líkja má þeim að mestu við jafngreiðslubréf, sé ekki gripið til aukaútdráttar. Heimilt er að efna til aukaútdráttar ef endurgreiðslur lána sem fjármagnaðar eru með útgáfu bréfanna verða meiri en ráð var fyrir gert. Íbúðalánasjóður hefur þó hingað til fremur kosið að kaupa húsbréf á markaði til að mæta slíkum ófyrirséðum umfram afborgunum eða uppgreiðslum lána, eða endurfjárfesta með öðrum hætti.

Við afgreiðslu láns hjá Íbúðalánasjóði eru afhent húsbréf í skiptum fyrir fasteignaveðbréf. Handhafi bréfanna getur síðan afhent þau sem greiðslu fyrir næstu fasteign, átt þau áfram eða selt á markaði. Þetta fyrirkomulag gerir kröfu um að til staðar sé markaður fyrir húsbréfin til að viðtakandi þeirra geti selt bréfin. Handhafi húsbréfsins ber þar af leiðandi áhættu af verðbreytingum á markaði frá þeim tíma er kaupsamningur er undirritaður og þar til bréfið hefur verið selt. Endanleg fjármögnun getur því vikið nokkuð frá þeim forsendum sem kaupsamningurinn miðaðist við, sérstaklega ef verðsveiflur eru miklar á markaði.

Húsnæðisbréf

Félagslegur hluti lánveitinga Íbúðalánasjóðs ásamt endurfjármögnun eldri útlána er fjármagnaður með útgáfu húsnæðisbréfa. Frá 1992 hafa verið gefnir út sjö flokkar húsnæðisbréfa en þar af eru tveir markflokkar. Markaðsverðmæti húsnæðisbréfa í lok ágúst 2003 var 75 milljarðar kr. en það er um 11% af heildarmarkaðsvirði skráðra skuldabréfa í Kauphöll Íslands. Frá 1997 hafa ekki verið gefnir út nýir flokkar húsnæðisbréfa þar sem leitast hefur verið við að stækka flokka. Húsnæðisbréf eru verðtryggð jafngreiðslubréf með 10, 15, 20, 24 og 42 ára lánstíma.

Húsnæðisbréf eru seld í útboðum og er umsjón hvers útboðs og sölutrygging boðin út reglulega. Með sölutryggingu hefur Íbúðalánasjóður nokkra vissu um að selja það magn sem hann býður til sölu.

Húsbréf og húsnæðisbréf eru að mestu í eigu stofnanafjárfesta, t.d. lífeyrissjóða, banka, sparisjóða og verðbréfasjóða.

ENDURSKIPULAGNING VERÐBRÉFA-ÚTGÁFU ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

Þótt húsbréfakerfið hafi á sínum tíma verið vel heppnuð lausn á vandamálum sem voru til staðar í lok níunda áratugar tuttugustu aldar hafa aðstæður á verðbréfamarkaði breyst verulega og ljóst er að kerfið hefur ekki staðist tímans tönn að öllu leyti. Ýmsir vankantar hafa komið í ljós og eru þeir m.a. taldir valda því að ávöxtunarkrafa bréfanna er hærri en telja má eðlilegt. Nefndinni var sett það verkefni að gera tillögur um endurbætur sem sniðu af helstu agnúa. Hér á eftir verður fjallað nánar um núverandi fyrirkomulag, forsögu þess og galla sem í ljós hafa komið á undanförnum árum. Síðan eru kynntar til sögunnar tillögur nefndarinnar ásamt umfjöllun um þær. Að lokum er fjallað um áhrif á verðmyndun og markaðsstöðu bréfanna.

Helstu gallar núverandi fyrirkomulags

Helsta vandamálið við húsbréfakerfið er útdráttarfyrirkomulagið sem er bæði flókið og veldur töluverðri óvissu um endurgreiðslutíma húsbréfa. Þótt rafvæðing markflokka húsbréfa hafi dregið úr hluta vandamálsins er þó enn um allflókið fyrirkomulag að ræða og því verður ekki breytt gagnvart þegar útgefnum bréfum. Húsbréfakerfið er miðað við að jafnvægi ríki í inn- og útlánum kerfisins en takmarkaðar leiðir eru til að mæta ójafnvægi í útstreymi. Annað vandamál er töluverður fjöldi og smæð órafskráðra flokka en töluverður kostnaður fylgir umsýslu og meðhöndlun þeirra. Þá bera lántakendur áhættu sem oft á tíðum hefur riðlað áætlunum þeirra. Hér fyrir neðan er fjallað nánar um þessi atriði.

Útdráttarfyrirkomulag húsbréfa var á sínum tíma lausn á tvenns konar vanda. Annars vegar að samkvæmt lögum þarf að skrá jafnóðum allar afborganir á verðbréf sem gefin eru út á pappír og hins vegar var talið nauðsynlegt að bregðast við aukauppgreiðslum fasteignaveðbréfa með því að draga sérstaklega út húsbréf á móti til að jafna greiðslustreymi inn- og útlána. Skráning ársfjórðungslegra afborgana á tugþúsundir bréfa hefði verið óvinnandi vegur eins og gefur að skilja og því hentaði útdráttarfyrirkomulagið vel þar sem það hefur í för með sér að annaðhvort er bréf greitt upp að fullu eða ekki. Sérhvert húsbréf í pappírsformi er númerað og er dreginn út ákveðinn fjöldi útgefinna bréfa ársfjórðungslega og eru þau endurgreidd að fullu. Fjárhæð útdreginna bréfa miðast við að endurgreiðslur viðkomandi flokks líkist jafngreiðslufyrirkomulagi. Útdráttarfyrirkomulagið gerir útreikning á verði og ávöxtun húsbréfa flókinn en slíkt er talið draga úr seljanleika bréfanna. Útdráttarfyrirkomulagið veldur einnig óvissu um endurgreiðslur, sérstaklega hjá þeim aðilum sem eiga lítinn fjölda bréfa. Nú eru helstu flokkar húsbréfa rafskráðir og endurgreiðslur líkjast mjög jafngreiðslufyrirkomulagi og því er þetta vandamál ekki til staðar í sama mæli en þrátt fyrir rafskráninguna og breytingu á útdrætti rafskráðra húsbréfa er þó ekki hægt að setja upp nákvæma formúlu fyrir endurgreiðslu og því leysir það fyrirkomulag ekki vanda fjárfesta sem vilja vita nákvæmlega hvert greiðslustreymi verður. Rafvæðing húsbréfa hefur þó haft ótvírætt hagræði í för með sér á svipaðan hátt og rafvæðing annarra verðbréfa. Ákvæði um aukaútdrátt er hins vegar lögfest og ekki er hægt að fullyrða að aldrei verði gripið til þess, jafnvel þótt slíkt hafi

ekki verið gert til þessa. Útdráttarfyrirkomulag húsbréfa, verðtrygging og ákvæði um aukaútdrátt hafa vafist fyrir erlendum fjárfestum. Einnig falla þessi bréf ekki að tölvukerfum þeirra þannig að utanumhald þeirra um bréfin hefur verið erfitt.

Húsbréfakerfið var hugsað með það fyrir augum að þar ríkti sem best jafnvægi í inn- og útstreymi. Eina heimild kerfisins til að mæta ójafnvægi í sjóðsstreymi er að efna til aukaútdráttar ef uppgreiðslur lána eru hraðari en reiknað hefur verið með eða með kaupum á húsbréfum á markaði. Hingað til hefur ekki verið gripið til aukaútdráttar heldur hefur verið farið í endurkaup húsbréfa á markaði.

Enn eitt vandamál er fjöldi útgefinna flokka húsbréfa og smæð sumra þeirra en 21 flokkur af 26 teljast ekki ná æskilegri stærð sem markflokkar og eru því ekki vaxtamyndandi á markaði. Af þeim sökum hafa þeir ekki verið rafvæddir. Á undanförnum árum hafa nýir flokkar verið byggðir markvisst upp en að mati nefndarinnar er fjármögnunarkostnaður ekki í samræmi við öryggi endurgreiðslna, sem eru að fullu tryggðar með mikilli dreifingu útlána, tryggum veðum, vaxtaálagi og óbeinni ríkisábyrgð. Því er verið að greiða hærra verð fyrir fjármögnunina en eðlilegt er miðað við stöðu sjóðsins og tryggingar sem að baki standa.

Sú tilhögun að afhenda seljanda fasteignar húsbréfin og láta hann um að selja þau á markaði eyðir vaxtaáhættu Íbúðalánasjóðs en handhafi húsbréfanna ber þess í stað áhættuna af verðbreytingum á markaði frá þeim tíma sem kaupsamningur er undirritaður og þar til hann selur bréfin. Endanleg fjármögnun getur því vikið nokkuð frá þeim forsendum sem kauptilboð miðaðist við, sérstaklega ef verðsveiflur eru miklar á markaði.

Einn gjalddagi húsnæðisbréfa á ári með stórum endurgeiðslum hefur mælst illa fyrir á markaði vegna endurfjárfestingaráhættu. Miklir fjármunir koma inn á markað í einu til fjárfestingar og getur það valdið óþægilegum verðsveiflum.

Að auki telur nefndin að útgáfa tvenns konar verðbréfaflokka sama útgefanda með svipaðan lánstíma leiði til óeðlilegrar samkeppni milli þeirra. Íbúðalánasjóður hefur gefið út húsbréf til að fjármagna almenn lán og hafa lántakendur eða seljendur íbúða fengið þau í hendur til viðskipta eða sölu á verðbréfamarkaði með tilheyrandi vaxtaáhættu. Húsnæðisbréfin hefur Íbúðalánasjóður hins vegar selt á verðbréfamarkaði til fjármögnunar á öðrum íbúðalánum sínum. Samkeppnin er að því leyti óeðlileg að einstaklingurinn sem selur húsbréf er að jafnaði að selja örfárra milljóna króna virði í eitt skipti en Íbúðalánasjóður selur reglulega hundruða milljóna króna virði af húsnæðisbréfum og nýtur þar af leiðandi betri kjara bæði vegna meira magns og stöðugra framboðs. Kjörin eru því verulega ólík þótt kaupendur þessara bréfa séu oftast þeir sömu og þeir leggi þessi bréf nokkuð að jöfnu þar sem um sama útgefanda er að ræða.

Nýtt fyrirkomulag

Lagt er til að gefin verði út ein tegund markaðsverðbréfa sem verði verðtryggð jafngreiðslubréf með ársfjórðungslegum afborgunum og lokagjalddögum á tíu ára fresti. Í upphafi gætu t.d. verið gefnir út fjórir flokkar með lokagjalddögum árin 2020, 2030, 2040 og 2050. Nýtt nafn verði tekið upp á þessi bréf til að aðgreina þau frá fyrri útgáfum Íbúðalánasjóðs og að þau verði nefnd íbúðabréf. Nafn þetta vísar bæði til þess sem sala bréfanna á að fjármagna svo og til nafns útgefandans. Íbúðabréfin verði seld í útboðum og lántakendur fái andvirði lánsins greitt í peningum. Jafnframt leggur nefndin til endurskipulagningu á eldri útgáfum þar sem eigendum húsnæðisbréfa verði gefinn kostur á að skipta í hin nýju bréf. Áður en eigendum húsbréfa verða boðin skipti í íbúðabréf þarf að fara fram greining á áhættu Íbúðalánasjóðs vegna áhættu sem skapast getur af uppgreiðslu fasteignaveðbréfa. Áfram

verður núverandi útdráttarfyrirkomulagi viðhaldið vegna þeirra húsbréfa sem ekki hefur verið skipt, því skilmálar þeirra breytast ekki.

Þar sem nýju verðbréfaflokkarnir verða gefnir út með tíu ár á milli lokagjalddaga er óhjákvæmilegt að tenging fasteignaveðbréfa við endurgreiðslur, sem gert var ráð fyrir í lögum, verði rofin og að til verði einn sjóður með öllum eignum sem bréfin verði gefin út á. Markmiðið væri eftir sem áður jafnvægi greiðslustrauma, enda væru fasteignaveðbréf og íbúðabréfin núvirt á móti hvort öðru. Hins vegar eykst svigrúm Íbúðalánasjóðs til að bregðast við ójafnvægi frá því sem nú er.

Markmið með breytingum

Markmið breytinga á útgáfum Íbúðalánasjóðs samkvæmt tillögum nefndarinnar er að íbúðabréfin myndi grunn að verðmyndun verðtryggðra skuldabréfa á innlendum skuldabréfamarkaði og geri þau að góðum fjárfestingarkosti. Nefndin telur að með þessu verði fjármögnun húsnæðiskerfisins ódýrari þar sem vaxtamunur á milli nýju verðbréfanna og spariskírteina ætti að minnka og umsýsla yrði öll einfaldari. Niðurstaðan verði einfalt kerfi sem tryggi samfelldan verðtryggðan ávöxtunarferil.

Íbúðabréfin

Eins og áður hefur komið fram leggur nefndin til að íbúðabréfin verði verðtryggð með jöfnum ársfjórðungslegum endurgreiðslum og lokagjalddögum á tíu ára fresti. Þá ættu ársfjórðungslegir gjalddagar á svona stórum útgáfum að stuðla að minni röskun á lausafjárjafnvægi en að auki mætti hafa gjalddaga einstakra flokka í mismunandi mánuðum til að auka jafnvægið enn frekar. Útgáfa með einungis fjórum eða fimm flokkum einfaldar mjög alla umsýslu og utanumhald og ætti að tryggja samfelldan verðtryggðan ávöxtunarferil. Há heildarfjárhæð hvers flokks ætti að tryggja að markaður með bréfin verði virkur og verðmyndun trygg. Kerfið býður einnig upp á töluverðan sveigjanleika og hægt verður að jafna greiðslustreymi inn- og útlána betur en nú er gert. Til dæmis væri hægt að gefa út bréf í flokkum 2020 og 2030 til að fjármagna lán sem hefur lokagjalddaga 2028 enda sé núvirðing bréfanna sú sama. Að nokkrum árum liðnum verði síðan bætt við flokki með lokagjalddaga 2060 sem tæki m.a. upp slakann sem myndast við það að flokkur 2020 minnkar vegna nálægðar við lokagjalddaga.

Þetta nýja fyrirkomulag gerir miklar kröfur um virka fjárstýringu Íbúðalánasjóðs til að hún nái sem best markmiðum um jafnvægi greiðslustrauma. Setja þarf fram með reglubundnum hætti áætlun um framtíðargreiðslustrauma þannig að hægt verði að bregðast við í tíma ef eitthvert ójafnvægi er fyrirsjáanlegt. Það yrði gert með stýringu útgáfumagns í mismunandi flokka og með kaupum eða sölu íbúðabréfa á markaði eftir því sem þörf er fyrir hverju sinni. Opinberar upplýsingar um áætlaða útgáfu í hverjum flokki þurfa jafnan að liggja fyrir. Lagt er til að öllum flokkum íbúðabréfanna verði haldið opnum út líftíma þeirra þannig að hægt verði að stækka þá eða minnka og auka þannig sveigjanleika Íbúðalánasjóðs við sjóðstýringu. Til að styðja við uppbyggingu nýju verðbréfaflokkanna er nauðsynlegt að Íbúðalánasjóði verði heimilt að bjóða upp á verðbréfalán.

Nefndin leggur til að Íbúðalánsjóður hafi heimild til að kaupa eigin bréf til baka í sérstökum tilfellum, auk þess sem ráðherra geti með reglugerð heimilað sjóðnum kaup á öðrum verðbréfum en sínum eigin. Mjög mikilvægt er að endurkaup sjóðsins séu gagnsæ á markaði, að leikreglur séu þekktar, líkt og verið hefur í endurkaupaútboðum húsbréfa.

Mikilvægt er að fá þessa flokka sem stærsta til að auka markaðshæfi þeirra og til þess að hægt verði að sækja um að þessir flokkar verði teknir með í útreikningi á þekktum erlendum

skuldabréfavísitölum. Með því myndi markaðshæfi þessara flokka gagnvart erlendum fjárfestum aukast umtalsvert frá því sem nú er.

Tryggja þarf skýran aðskilnað á milli útlánaflokka, t.d. almennra lána og lána í félagslega kerfinu. Ef lánað verður út á vöxtum undir fjármögnunarkostnaði, þ.e. vextir niðurgreiddir, verði það gert upp sérstaklega gagnvart sjóðnum og ákveðið strax í upphafi með hvaða hætti niðurgreiðsla fer fram. Nefndin mælir með því að slíkar aðgerðir verði fremur gerðar með bótum í gegnum skattakerfið en með beinni niðurgreiðslu vaxta.

Nefndin leggur til að heimild til uppgreiðslu fasteignalána verði breytt frá núverandi fyrirkomulagi, þar sem skuldarar geta óhindrað greitt upp lán sín, í að uppgreiðsla verði aðeins veitt gegn greiðslu þóknunar sem taki mið af markaðsverði fjármögnunar lánsins.

Lagt er til að nýju verðbréfaflokkarnir verði seldir í reglulegum útboðum og að kjör lántakenda miðist við fjármögnunarkostnað að viðbættu vaxtaálagi. Vaxtaálagið verði ætlað að mæta afskriftarþörf vegna vanskila og útlánatapa, til að mæta vaxtaáhættu við endurfjárfestingu og til að mæta hluta af rekstrarkostnaði sjóðsins. Kjör lánsins miðist þannig við markaðsávöxtun en eðlilegt tillit væri tekið til áhættu og kostnaðar.

Íbúðalánasjóður mun afgreiða lán með peningum í stað markaðsverðbréfa. Afföll/yfirverð yrði þannig úr sögunni sem stakur „atburður" við lántöku því að greiðsla til lántakenda tæki ávallt mið af kjörum sem þegar hafa verið ákvörðuð. Ekki verði lánað út umfram það sem fjármagnað hefur verið í útboði en hægt verði að stilla af fjárhæðir í útboði eftir lánsfjárþörf á hverjum tíma að teknu tilliti til skyldu aðalmiðlara og ramma fjárlaga. Nefndin telur að Íbúðalánasjóður ætti að leita til annarra aðila um framkvæmd útboða, t.d. Lánasýslu ríkisins. Lánasýsla ríkisins gæti einnig tekið að sér eftirlit með störfum aðalmiðlara á sama hátt og hún hefur eftirlit í dag með störfum viðskiptavaka húsbréfa og húsnæðisbréfa.

Gagnvart lántakanda gætu íbúðakaup farið fram á eftirfarandi hátt. Íbúðalánasjóður birti opinberlega lánskjör sín sem giltu tiltekið tímabil fram að næsta útboði. Lánskjörin væru ákvörðuð af kjörum sjóðsins í síðasta útboði að viðbættu álagi. Gagnvart lántaka yrðu kjör lánsins ákveðin þegar Íbúðalánasjóður samþykkti lánsumsókn hans. Lántaki, sem hefði staðist greiðslumat, gerði kaupsamning og fengi síðan afgreidda peninga þegar sjóðurinn hefði fengið undirskrifað þinglýst veðskuldabréf. Ef Íbúðalánasjóður hefði t.d. selt ný verðbréf í útboði með 4,5% raunávöxtun, gætu auglýst lánskjör t.d. verið 4,90%, þar sem 4,5% væri ætluð vegna afborgunar á nýju verðbréfunum, 0,2% til að mæta vanskila- og tapsáhættu, 0,05% til að mæta endurfjárfestingaráhættu og 0,15% til að mæta hluta af rekstrarkostnaði Íbúðalánasjóðs. Í dag er vaxtaálag 0,35%. Dæmi þetta er sett fram til skýringar en vaxtaálag yrði ákvarðað af stjórn Íbúðalánasjóðs í samræmi við þarfir sjóðsins hverju sinni.

Nefndin telur mikilvægt og leggur til að uppgjörsmöguleikar í erlendri uppgjörsmiðstöð með íbúðabréf verði skoðaðar. Slíkt er forsenda margra erlendra fjárfesta fyrir kaupum á íslenskum verðbréfum.

Verðbréfaskipti

Nefndin leggur til að Íbúðalánasjóður bjóði skipti á húsnæðisbréfum fyrir íbúðabréf fljótlega eftir að hin síðarnefndu verða gefin út. Áformað er að bjóða skipti á öllum flokkum útistandandi húsnæðisbréfa.

Hægar verður farið í skipti húsbréfa vegna áhættu sem skapast getur vegna uppgreiðslu fasteignaveðbréfa. Ef vextir lækka verulega getur sú staða komið upp að uppgreiðsla fasteignaveðbréfa verði það mikil að verulegt ójafnvægi verði á tekju- og greiðslustreymi sjóðsins. Íbúðalánasjóð skal á hverjum tíma reka þannig að jöfnuður ríki í tekju- og greiðslustreymi sjóðsins. Úrræði Íbúðalánasjóðs við þessu eru að efna til aukaútdráttar húsbréfa eða

kaupa bréf á markaði, sé það hagstætt, til að eyða þeirri vaxtaáhættu sem þessu fylgir. Áður en skipti hefjast er nauðsynlegt að fram fari greining á vaxtaáhættu fyrir Íbúðalánasjóð vegna skipta. Sjóðurinn meti síðan árlega áhættuna af skiptum og tilkynni hversu mikil skipti áformuð eru hvert ár.

Nefndin leggur til að Íbúðalánasjóður tryggi í samstarfi við viðskiptavaka sína að viðskiptavakt verði áfram á þeim flokkum húsbréfa sem vakt er á nú, svo lengi sem þurfa þykir.

Hlutverk aðalmiðlara

Nefndin telur hagkvæmt að komið verði upp aðalmiðlarakerfi með nýju verðbréfaflokkanna. Aðalmiðlarar hefðu einir aðgang að frumútboðum nýju verðbréfaflokkanna og tækju að sér vissa kaupskyldu í þeim efnum auk þess að tryggja verðmyndun á eftirmarkaði. Með aðalmiðlarafyrirkomulagi yrði viðskiptavakt með svipuðum hætti og nú er auk þess sem aðalmiðlarar tækju að sér miðlun til endakaupenda. Í aðalmiðlarasamningi yrði m.a. ákvæði um þátttöku í útboðum. Áætlanir um fjárþörf útgefandans verða því að vera skýrar. Þannig má hugsa sér að aðalmiðlarar taki að sér þá skyldu að setja fram boð í hverju útboði fyrir tiltekna fjárhæð og þóknunarfyrirkomulag tæki mið af þátttöku þeirra.

Greiðslujöfnun

Núverandi útlán Íbúðalánasjóðs eru með tvennu móti. Annars vegar eru útlán í húsbréfakerfinu, sem er skuldabréfaskiptakerfi og hins vegar bein peningalán. Munur er á þessum tveimur lánum þar sem peningalánin eru með greiðslujöfnun samkvæmt lögum nr. 63/1985 (og eru einu lánin hér á landi sem eru veitt með þessum lögum) og hins vegar húsbréfalánin sem ekki eru með þessari greiðslujöfnun. Lagt er til við þessa breytingu að ný lán Íbúðalánasjóðs verði ekki háð greiðslujöfnun þessari heldur verði í samræmi við það sem nú tíðkast í húsbréfakerfinu.

Greiðslujöfnun þessari var komið á þegar misvægi launa og verðlags var sem mest og var ætlað að jafna greiðslur lántakenda á fasteignaveðlánum. Einungis þáverandi Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna voru skyldaðir til að vera með þessa greiðslujöfnun á lánum sínum en öðrum aðilum heimilt að bjóða upp á hana. Hafa aðrir lánveitendur ekki boðið lán með þessum kjörum og ekki vitað til að lántakendur hafi leitað eftir því að fá þessi kjör hjá þeim.

Greiðslujöfnun þessi hefur í för með sér aukið ójafnvægi í sjóðsstreymi, aukið flækjustig við útreikning lánanna og um leið aukna erfiðleika að útskýra fyrir lántakendum hvernig afborganir, verðbætur og vextir eru reiknaðir. Auk þess leiðir greiðslujöfnunin til þess að óvissa skapast um raunverulegan lánstíma. Greiðslujöfnunin felur það í sér að við vissar aðstæður kemur hluti greiðslunnar sem lántakandi á að greiða hverju sinni ekki til greiðslu á viðkomandi gjalddaga heldur leggst inn á sérstakann greiðslujöfnunarreikning. Sá hluti greiðslunnar sem fer inn á þennan greiðslujöfnunarreikning tekur öll sömu kjör og lánið sjálft og endurgreiðist miðað við að vissum skilyrðum sé fullnægt á lánstímanum. Sé skuldin á greiðslujöfnunarreikningnum ekki uppgreidd í lok lánstímans heldur lántakandi áfram að greiða sömu fjárhæð og áður af láninu allt þar til skuldin á greiðslujöfnunarreikningnum er upp greidd.

Með því að möguleikar Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við þarfir þeirra lántakenda sem eru í greiðsluerfiðleikum hafa verið auknir ætti greiðslujöfnunin að vera orðin óþörf. Íbúðalánasjóður á að geta aðstoðað þá lántakendur sem lenda í greiðsluerfiðleikum ef aftur kemur upp tímabil misræmis í þróun verðlags og launa og er því lagt til að lög þessi verði

felld úr gildi varðandi framtíðarlán Íbúðalánasjóðs samkvæmt þeim tillögum sem hér eru lagðar fram.

Breytingar á lögum

Nauðsynlegt er að gera breytingar á nokkrum atriðum laga ef tillögur nefndarinnar eiga að ná fram að ganga. Í stórum dráttum er lagt er til að:

1. Form útgáfunnar, þ.e. tegund, vextir, verðtryggingaskilmálar og endurgreiðslufyrirkomulag fyrir hvern flokk fyrir sig verði ekki ákveðið með lögum, eins og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir, heldur verði stjórn sjóðsins gert að leggja fram tillögu og ráðherra ákveði síðan með reglugerð útgáfu flokka hverju sinni ef aðstæður kalla á breytingar.
2. Felldar verði út allar tilvísanir í húsbréf, húsnæðisbréf, húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti auk skuldabréfaskipta. Í staðinn komi íbúðabréf og bein peningalán.
3. Fellt verði út ákvæði um skyldu Seðlabanka Íslands til að stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði og skyldu hans til að hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum.
4. Eftirlitsskylda Fjármálaeftirlitsins verði látin ná til allrar starfsemi Íbúðalánasjóðs. Í fyrri lögum náði eftirlitsskyldan einungis til húsbréfa og húsbréfadeildar en ekki húsnæðisbréfa en eðlilegt er að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með allri starfseminni, sérstaklega í ljósi þess hversu umfangsmikill rekstur Íbúðalánasjóðs er orðinn á verðbréfamarkaðnum.
5. Bætt verði inn ákvæði um vaxtaálagið þannig að gert verði ráð fyrir að það taki ekki bara mið af hugsanlegum útlánatöpum og rekstrarkostnaði Íbúðalánasjóðs, heldur taki einnig mið af áætlaðri vaxtaáhættu sjóðsins.
6. Bætt verði við ákvæði um að aukaafborganir lána og uppgreiðslur séu ekki heimilar nema gegn greiðslu þóknunar sem taki mið af markaðsverði íbúðabréfa hverju sinni.
7. Bætt verði við ákvæði um að Íbúðalánasjóður geti veitt verðbréfalán til að liðka fyrir með viðskipti á verðbréfamarkaði.
8. Felld verði niður lög nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Lög þessi gera það að verkum að áætlað innstreymi útlána ákveðinna lána í dag verður óvisst sem eykur vaxtaáhættu sjóðsins og um leið þörf sjóðsins á auknum vaxtamun. Telur nefndin þar að auki að núverandi möguleikar Íbúðalánasjóðs til að mæta greiðsluerfiðleikum lántakenda sé fullnægjandi.

Nánari útlistun á lagabreytingunum er að finna í viðauka I.

Áhrif endurskipulagningar og kynning

Fari svo að tillögur nefndarinnar verði samþykktar er ljóst að breytingarnar hafa víðtæk áhrif. Fáir stórir flokkar verðbréfa dýpka markaðinn verulega og verðmyndun verður jafnari og eðlilegri en verið hefur. Nýtt fyrirkomulag verður einfalt og ætti að vera til hagsbóta fyrir alla aðila, útgefanda, lántakendur íbúðalána, núverandi eigendur húsbréfa og húsnæðisbréfa, fjárfesta og söluaðila. Form nýju verðbréfanna er vel þekkt ef frá er talin verðtryggingin en óhægt er um vik að breyta þar. Þegar litið er til langs líftíma bréfanna er verðtrygging mikilvægt öryggistæki og skilningur á verðtryggingu hefur aukist erlendis á síðustu árum. Ávinningur verður verulegur því sennilegt er að vextir nýju bréfanna verði nær vöxtum annarra útgáfna ríkissjóðs en nú er. Ljóst er að breytingin getur skipt meginmáli fyrir erlenda fjárfesta og áhuga þeirra á bréfum Íbúðalánasjóðs. Breytingarnar stuðla að aukinni hagkvæmni fyrir Íbúðalánasjóð vegna minni umsýslu og betri kjara við frumsölu bréfanna. Lántakendur

njóta væntanlega hagkvæmari kjara og fengju greitt út andvirði láns síns í peningum í stað þess að selja bréf á markaði með tilheyrandi vaxtaáhættu og í samkeppni við útgefanda. Í stað 33 ólíkra flokka verðbréfa, þar sem aðeins sjö eru rafskráðir, koma fjórir til fimm nýir rafskráðir flokkar þegar fram í sækir sem allir hafa sömu uppbyggingu og verða mjög stórir á íslenskan mælikvarða. Verðbréfamarkaðurinn fær betri vöru, bæði vegna einfaldara forms og ekki síður vegna betri verðmyndunar á eftirmarkaði. Helstu agnúar núverandi fyrirkomulags verða sniðnir af, þar á meðal útdráttarfyrirkomulag, möguleiki á aukaútdrætti og flóknir verðútreikningar, sem og að flokkarnir verða ekki lengur margir og smáir og lítt markaðshæfir. Hér á eftir er lýst helstu áhrifum af breytingu kerfisins að mati nefndarinnar.

Áhrif breytinga á Íbúðalánasjóð

Breytingarnar gera miklar kröfur til fjárstýringar Íbúðalánasjóðs, bæði hvað varðar fjármögnun og útlán. Nauðsynlegt er að halda utan um fjármögnun einstakra flokka útlána til að meta jafnvægi við fjármögnun þeirra. Ef ákveðið er að veita lántaka í félagslega kerfinu lán á niðurgreiddum vöxtum í gegnum Íbúðalánasjóð þarf að gera það sérstaklega upp gagnvart sjóðnum. Önnur leið til slíkrar niðurgreiðslu væri að nota vaxtabótakerfið sem hefði þá ekki áhrif á Íbúðalánasjóð. Jafnvægi til lengri tíma á eigna- og skuldahlið er sjóði eins og Íbúðalánasjóði mikilvægt þar sem eignir eru uppspretta tekna sem notaðar eru til að greiða skuldir. Greiðslustraumar fasteignaveðlána eru jafnar verðtryggðar greiðslur og er eðlilegt að svipaðir skilmálar gildi um lánasafnið til að ekki myndist verulegt misræmi þarna á milli. Núverandi húsnæðiskerfi er þannig byggt upp að lítið misræmi á að vera milli eigna- og skuldahliðar en ákveðið misvægi er þó til staðar. Fimm atriði eru talin valda þessu:

1. Mismunur er á greiðslustreymi fasteignaveðbréfa og húsbréfa, en það verður aðallega til þegar fyrr og oftar er greitt af fasteignaveðbréfum en húsbréfum.
2. Lánstími fasteignaveðbréfa og húsbréfa er ólíkur sem orsakast af því að flokkar húsbréfa eru nú opnir í tvö til þrjú ár (með sama lokagjalddaga) til að auka markaðshæfi þeirra en lánstími veittra útlána er alltaf fastur.
3. Vanskil og útlánatöp sem veldur því að innstreymi frestast og/eða hættir, en útstreymi er óbreytt.
4. Uppgreiðslur fasteignaveðbréfa fyrir gjalddaga þeirra, sem veldur endurfjármögnunaráhættu.
5. Kjör fasteignaveðbréfa sem standa að baki útgáfu húsnæðisbréfa eru ákvörðuð árlega, áður en kjör húsnæðisbréfanna hafa verið ákvörðuð í útboðum.

Tillögur nefndarinnar útiloka ekki mismun á inn- og útstreymi en möguleikar Íbúðalánasjóðs til að bregðast við slíku ójafnvægi aukast hins vegar þannig að jafnvægi verður tryggt eins og frekast er kostur:

1. Aðeins verði lánað út að undangengnu útboði þar sem kjör fyrir komandi tímabil hefur verið ákvarðað.
2. Fjórir gjalddagar íbúðabréfa á ári, í öllum mánuðum ársins, á móti mánaðarlegum gjalddögum fasteignaveðbréfa.
3. Flokkum íbúðabréfa verður haldið opnum út líftíma þeirra.
4. Íbúðalánasjóður hafi heimild til að fjárfesta í öðrum tryggum verðbréfum, auk íbúðabréfa.
5. Tenging fasteignaveðbréfa við fjármögnun verði rofin. Þannig geti sjóðurinn skipt fjármögnun á t.d. 25 ára útláni á fleiri tímalengdir í þeim hlutföllum sem hentar hverju sinni að því skilyrði uppfylltu að núvirði fjármögnunarinnar sé í samræmi við núvirði lánsins.

6. Gjald verði tekið af þeim sem óska eftir að greiða upp fasteignaveðbréf sín fyrir gjalddaga.

Þetta síðastnefnda er mjög mikilvægt. Með tillögum nefndarinnar er ljóst að hæfi sjóðsins til að bregðast við snöggum og miklum uppgreiðslum fasteignaveðbréfa skerðist en við því er hægt að bregðast með því að krefjast gjalds sem jafnar út muninn á uppgreiðsluverði skuldabréfsins og markaðskjörum sambærilegs láns. Sjóðurinn gæti þannig keypt skuldabréf á markaði til að bregðast við uppgreiðslum. Ákvæði um þetta þyrfti að setja í texta nýrra fasteignaveðbréfa sem Íbúðalánasjóður tæki við í framtíðinni.

Í dag þarf Íbúðalánasjóður að færa keypt húsbréf til eignar í bókum sínum þar sem lög kveða á um að aðeins megi greiða húsbréf upp að undangengnum útdrætti. Íbúðalánasjóður þarf því að liggja með bréfin þar til þau koma á lokagjalddaga eða eru dregin út til innlausnar. Nefndin gerir því tillögu um að Íbúðalánasjóður geti skuldajafnað húsbréfum, húsnæðisbréfum og íbúðabréfunum sem komast í eigu sjóðsins og þannig innleyst bréfin. Nefndin kannaði hjá endurskoðendum Íbúðalánasjóðs hvaða áhrif þetta hefði á ársreikninga og uppgjör sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum þeirra jafnast áhrifin af verðbréfaskiptunum út á nýju verðbréfin eða á lánstíma þeirra húsbréfa sem matsnefnd vegna Íbúðalánasjóðs[1] fjallaði um, þannig að áhrifin á afkomu Íbúðalánasjóðs vegna verðbréfaskiptanna sjálfra verða engin.

Áhrif breytinga á lántakendur

Lántakendur hjá Íbúðalánasjóði hafa ýmsan ábata af breytingum. Lánskjör þeirra batna væntanlega þar sem búast má við að fjármögnun Íbúðalánasjóðs verði ódýrari og það mun skila sér til þeirra. Fyrirkomulag lánveitingarinnar breytist, þ.e. þeir fá peninga strax í hendurnar í stað þess að fá í hendurnar húsbréf sem þeir síðan þurfa að koma í verð. Lánskjör Íbúðalánasjóðs verða þekkt þegar eftir útboð og þar með eykst öryggi lántakenda. Lánskjör einstakra lántaka geta þó verið ólík eftir því hvaða útboði þeirra lántaka tengist. Uppgreiðsla lána kann að verða dýrari en áður ef vextir lækka eftir að lán er tekið, þar sem gert er ráð fyrir að uppgreiðsluverð verði kaupverð sambærilegs íbúðabréfs á markaði.

Áhrif breytinga á núverandi eigendur húsbréfa og húsnæðisbréfa

Íbúðabréf verða markaðsmyndandi verðbréf sem koma til með að mynda samfelldan vaxtaferil verðtryggðra skuldbindinga hér á landi á næstu áratugum. Vegna stærðar nýrra flokka munu nýju verðbréfin verða í ráðandi stöðu á skuldabréfamarkaði og dýpt markaðarins eykst verulega. Eigendur húsbréfa og húsnæðisbréfa munu njóta lítt breyttrar þjónustu við bréfin út líftíma þeirra.

Áhrif breytinga á fjárfesta

Ávinningur fjárfesta verður mikill verði tillögur nefndarinnar að veruleika. Hver flokkur nýju verðbréfanna verður stór og markaðsmyndandi. Form þeirra er vel þekkt og vaxtarófið verður samfellt. Bréfin verða jafntrygg og núverandi útgáfur Íbúðalánasjóðs. Telur nefndin að með þessu nýja kerfi sé búið að sníða af agnúa eldra kerfis. Viðskipti á eftirmarkaði verða

---

[1] Skv. 56. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins fer með eða varðveitir. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra 15. janúar 2000.

fýsilegri en áður þar sem verðmyndun verður virkari vegna aukinnar dýptar markaðarins. Skráning íbúðabréfa í erlendri uppgjörsmiðstöð gagnast einnig fjárfestum.

Fjárhagsleg áhrif breytinga

Að mati nefndarinnar verða fjárhagsleg áhrif tillagnanna nokkur nái þær fram að ganga. Mjög sennilegt er að vaxtamunur sem verið hefur á milli spariskírteina og útgáfa Íbúðalánasjóðs minnki. Kostnaður sem hlýst af skiptiútboðum ætti ekki að vera verulegur en þó fellur óhjákvæmlega til kostnaður vegna móttöku eldri bréfa og ógildingar þeirra.

Kynning á breytingum

Ljóst er að hefja þarf umfangsmikla kynningu á framkvæmdinni. Mikilvægt er að stærstu eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verði gert grein fyrir breytingunni og að sátt ríki um tillögurnar. Þá þarf að kynna breytinguna fyrir aðilum að Kauphöll Íslands, fasteignasölum, reikningsstofnunum hjá Verðbréfaskráningu Íslands og almenningi. Þær skyldur verði lagðar á herðar aðalmiðlurum nýju verðbréfaflokkanna að þeir kynni viðskiptamönnum sínum kerfið. Reynt verði að fá allar fjármálastofnanir í kynningarstarfið.

Mikilvægt er að mati nefndarinnar að kynningar og lokaútfærslur verði unnar hratt þar sem líklegt má telja að tillögur sem þessar sem nefndin leggur fram komi til með að valda einhverjum óróa á húsbréfa- og húsnæðisbréfamarkaði á meðan þær eru ófrágengnar. Þar af leiðandi þarf að reyna að stytta óvissutímabilið eins og hægt er. Þó verður að hafa í huga að undirbúningurinn kemur til með að taka ákveðinn tíma þannig að gera verður ráð fyrir nokkrum mánuðum frá því að lokaákvörðun er tekin og þar til tillögurnar koma til framkvæmda.

VIÐAUKI I

2. gr. – Orðskýringar

Fella þarf út orðskýringar um almenn lán, húsbréf og húsnæðisbréf og bæta við nýjum skýringum um íbúðabréfin.

9. gr. – Verkefni

Í 1. tölul. þarf að breyta orðinu „húsbréfaviðskiptum“ í „viðskiptum með skuldabréf útgefnum af Íbúðalánasjóði“.

10. gr. – Tekjur

Fella þarf út 2. og 3. tölul. greinarinnar sem fjallar um fjármögnun Íbúðalánasjóðs með sölu húsbréfa og húsnæðisbréfa og setja nýjan 2. tölul. um útgáfu íbúðabréfanna og lántökum samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

11. gr. – Varsla

Ráðherra verði veitt heimild til að festa í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins, með hvaða hætti kaup sjóðsins á öðrum verðbréfum en sínum eigin verði háttað

17. gr. – Húsbréfadeild

Húsbréfadeild verði lögð niður og kveðið verði á um aðgreiningu lánaflokka í bókhaldi sjóðsins. Breyta þarf 1. og 4. tölul. og fella út 2. og 3. tölul. greinarinnar.

Fyrirsögn VI. kafla þarf að breyta með hliðsjón af nýju íbúðabréfunum.

18. gr. – Greiðslumat

Fella þarf út tilvísun í húsbréfadeild, í skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf og taka upp ákvæði um að greiða skuli út í reiðufé gegn fasteignaveðbréfum.

19. gr. – Fasteignaveðbréf

Breyta þarf 1. mgr. Fella þarf út ákvæði um skuldabréfaskipti og taka upp ákvæði um að greiða skuli út samkvæmt viðmiðun útboðsverðs.

21. gr. – Lánstími og lánskjör

Lagt er til að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð að fenginni tillögu stjórnar Íbúðalánasjóðs um hámarkslánstíma í stað þess að binda það í lög. Mundi það auka sveigjanleika kerfisins til mikilla muna.

22. gr. – Hlutkesti

Lagt er til að núgildandi ákvæði um útdrátt og aukaútdrátt verði felld úr lögunum en í staðinn tekin upp ákvæði um jafngreiðslu. Jafnframt þyftu ákvæði þessarar greinar að koma fram í bráðbirgðaákvæði með lögunum, vegna þeirra bréfa sem hugsanlega yrði ekki skipt.

23. gr. – Aukaafborganir

Ákvæðið um aukaútdrátt og aðgerðir til að jafna fjárstreymi með aukaútdrætti verði fellt brott.

24. gr. – Greiðslukjör húsbréfa

Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að flokkarnir verði opnir til enda lánstímans og því ekki þörf á að gera tillögu um heildarfjárhæð hvers flokks fyrir sig og það því fellt út.

25. gr. – Gjaldfallin húsbréf

Breyta þarf greininni með hliðsjón af íbúðabréfum.

26. gr. – Verðbréfaviðskipti

Fellt verði niður ákvæði um skráningu verðbréfa Íbúðalánasjóðs á Verðbréfaþingi eða í kauphöll. Það er umdeilanlegt að hafa ákvæði í lögum um skráningu bréfa í kauphöll, þar sem það er kauphallarinnar að ákveða hvaða bréf eru tekin þar á skrá og setja lágmarksreglur þar um. Fella niður 2. mgr. þar sem verðbréfaskiptin verða úr sögunni. Setja þarf inn ákvæði um að Íbúðalánasjóði sé heimilt að lána verðbréf til að liðka um fyrir verðmyndun á markaði.

27. gr. – Eftirlit

Felld verði niður 3. mgr. um hlutverk Seðlabanka Íslands.

28. gr. – Vaxtaálag

Bæta þarf við ákvæði um áhættuálag vegna vaxtaáhættu sjóðsins.

29. gr. – Reglugerð

Félagsmálaráðherra geti sett í reglugerð frekari fyrirmæli til Íbúðalánasjóðs atriði er varða útgáfu íbúðabréfa. Fella þarf út tilvísun í húsbréfaviðskipti.

Bráðabirgðaákvæði

Lagaskil – tenging gamla og nýja kerfisins. Heimilt verði að bjóða eigendum eldri bréfa að skipta húsbréfum og húsnæðisbréfum samkvæmt gamla kerfinu út fyrir íbúðabréfin. Þau bréf sem ekki hefur verið skipt út fyrir ný halda öllum réttindum sínum og ákvæðum. Það þýðir að útdráttur mun eiga sér stað í þeim flokkum húsbréfa sem eftir eru og heimild til aukaútdráttar verður áfram fyrir hendi.

Uppgreiðsluheimild gegn þóknun

Heimild til uppgreiðslu fasteignalána gegn þóknun verði bætt við og að þóknunin hverju sinni verði stillt þannig upp að það jafni út muninn á uppgreiðsluverði fasteignaveðlánsins og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs, auk heimildar til endurkaupa íbúðabréfa ef sjóðsstreymi raskast.

Skuldajöfnun

Íbúðalánasjóði verði heimilt að skuldajafna (þ.e. innleysa og færa þannig út úr bókhaldi sínu) húsbréfum, húsnæðisbréfum og íbúðabréfunum komist þessi bréf í hendur sjóðsins.

VIÐAUKI II

HÚSBRÉF

		Heildarútgáfa nafnverð	Eftirstöðvar nafnverðs	Verð	2003 dags.	Markaðsverð
89/1	IBH14-0115	1.981.040.000	630.350.000	366,635	28. ág.	2.311.083.723
90/1	IBH15-0815	2.459.925.000	833.005.000	324,105	28. ág.	2.699.810.855
90/2	IBH15-1115	3.477.830.000	1.187.020.000	332,380	28. ág.	3.945.417.076
91/1	IBH16-0115	4.821.410.000	1.695.670.000	326,090	28. ág.	5.529.410.303
91/2	IBH16-0515	4.872.970.000	1.759.580.000	309,350	28. ág.	5.443.260.730
91/3	IBH16-1015	2.952.940.000	1.127.110.000	290,715	28. ág.	3.276.677.837
92/1	IBH17-0115	3.972.730.000	1.594.140.000	286,510	28. ág.	4.567.370.514
92/2	IBH17-0415	3.969.950.000	1.626.050.000	282,190	28. ág.	4.588.550.495
92/3	IBH17-0815	3.953.380.000	1.679.100.000	273,895	28. ág.	4.598.970.945
92/4	IBH17-1215	3.941.770.000	1.717.390.000	268,525	28. ág.	4.611.621.498
93/1	IBH18-0415	3.901.530.000	1.753.240.000	260,530	28. ág.	4.567.716.172
93/2	IBH18-0815	2.180.690.000	1.001.070.000	253,305	28. ág.	2.535.760.364
93/3	IBH18-1015	1.977.030.000	987.680.000	212,450	28. ág.	2.098.326.160
94/1	IBH19-0115	5.434.120.000	2.769.820.000	201,445	28. ág.	5.579.663.899
94/2	IBH19-0515	3.980.010.000	2.146.100.000	198,090	28. ág.	4.251.209.490
94/3	IBH19-0815	1.957.110.000	1.085.800.000	194,375	28. ág.	2.110.523.750
94/4	IBH19-0915	3.626.850.000	1.993.650.000	193,370	28. ág.	3.855.121.005
95/1	IBH20-0115	6.279.180.000	3.472.340.000	189,550	28. ág.	6.581.820.470
95/2	IBH20-0615	6.340.330.000	3.667.490.000	185,120	28. ág.	6.789.257.488
96/1	IBH11-0115	193.430.000	91.480.000	181,530	28. ág.	166.063.644
96/2	IBH21-0115	25.966.580.000	14.834.187.428	188,920	29. ág.	28.024.746.889
96/3	IBH36-0115	2.063.320.000	1.444.140.000	176,535	28. ág.	2.549.412.549
98/1	IBH22-1215	26.207.500.000	19.746.584.376	166,450	29. ág.	32.868.189.694
98/2	IBH37-1215	48.606.530.000	40.242.421.533	170,350	29. ág.	68.552.965.081
2001/1	IBH26-0315	14.298.028.234	13.293.509.861	128,800	29. ág.	17.122.040.701
2001/2	IBH41-0315	61.946.336.940	58.594.219.689	131,890	29. ág.	77.279.916.348
		251.362.520.174	180.973.147.887			306.504.907.678

HÚSNÆÐISBRÉF

		Heildarútgáfa nafnverð	Eftirstöðvar nafnverðs	Verð	2003 dags.	Markaðsverð
92/1	IBN12-0615	2.837.000.000	1.726.515.000	89,760	28. ág.	1.549.719.864
93/1	IBN13-0515	3.522.000.000	2.316.268.000	95,815	28. ág.	2.219.332.184
94/1	IBN14-0405	865.000.000	567.155.000	86,115	28. ág.	488.405.528
94/2	IBN09-0505	101.000.000	48.507.000	63,710	28. ág.	30.903.810
94/3	IBN04-0505	656.000.000	79.334.000	16,295	28. ág.	12.927.475
96/1	IBN20-0101	38.255.517.000	31.416.167.000	97,500	29. ág.	30.630.762.825
96/2	IBN38-0101	42.893.147.000	39.681.139.000	101,450	29. ág.	40.256.515.516
		89.129.664.000	75.835.085.000			75.188.567.202

Verð samkvæmt Saxess viðskiptakerfi Kauphallar Íslands.
Síðasta dagslokaverð í ágúst 2003, nýjasta kauptilboð (BID-price).

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem miðar að því að auka hagkvæmni fjármögnunar, sníða af helstu agnúa sem eru á núverandi útgáfu. Í þessum tilgangi er lagt til að Íbúðalánasjóður gefi einungis út eina tegund verðbréfa, íbúðabréf, til að fjármagna útlán sín en hætt verði við útgáfu húsbréfa og húsnæðisbréfa, sem sjóðurinn hefur gefið út hingað til. Með þeirri kerfisbreytingu sem frumvarpið leggur til er gert ráð fyrir að íbúðalán verði greidd út í peningum og áhrif affalla við sölu verðbréfa verði þar með úr sögunni. Gert er ráð fyrir að íbúðabréf verði verðtryggð jafngreiðslubréf sem gefin verði út í fáum og stórum flokkum og því markaðshæfir á erlendum mörkuðum. Lagt er til að eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verði boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf í skiptiútboðum til að endurskipuleggja eldri útgáfur sjóðsins og til að flýta fyrir að íbúðabréfin verði markaðshæf. Samkvæmt frumvarpinu er heimild Íbúðalánasjóðs til innköllunar á íbúðabréfum á móti uppgreiddum lánum fyrir tímann ekki fyrir hendi. Kjör útlána munu því ráðast af vegnu meðaltali vaxtakjara sem fást í útboði íbúðabréfa og fjármagnskjara við uppgreiðslu lána sjóðsins auk þess álags sem sjóðurinn bætir við vegna áhættu og reksturs. Ekki er ljóst hvert þetta álag verður. Mun þetta m.a. leiða til þess að Íbúðalánasjóður þarf að efla áhættustýringu sínu frá því sem nú er.

Frumvarpið tekur í ýmsum tilvikum aðeins til almennra atriða og gerir því ráð fyrir heimild félagsmálaráðherra til að setja frekari fyrirmæli í reglugerð. Meðal annars af þessum sökum er erfitt að meta áhrif breytinganna á fjárhag Íbúðalánasjóðs. Þó má gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður sjóðsins gæti lækkað um 15–20 m.kr. árlega þegar fram líða stundir en á móti komi aukinn kostnaður við áhættustýringu. Þá má gera ráð fyrir að stofnkostnaður, svo sem vegna áhættustýringar, endurskipulagningar og ráðgjafar, geti numið um 100–200 m.kr.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á afkomu ríkissjóðs en óbein áhrif felast í ríkisábyrgð á lántökum Íbúðalánasjóðs en þær voru 433.593 m.kr. í lok árs 2003 sem er tæp-

lega 20% aukning frá fyrra ári. Að því gefnu að útlánaáhætta Íbúðalánasjóðs aukist ekki í nýju útlánakerfi ætti áhætta fyrir ríkissjóð að vera í lágmarki. Þættir sem ráða miklu um þá áhættu eru hins vegar almennt orðaðir í frumvarpinu, svo sem hvernig meta skal áhættuálag í vöxtum til lántaka og möguleika hans til að greiða upp íbúðalán fyrir gjalddaga.

1197. Frumvarp til laga [786. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

4. og 6. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem felur í sér að frá og með 1. september 2004 verður lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla þegar ekki er um úthlutun að ræða. Jafnframt var þess getið í greinargerð með frumvarpinu að þegar til greiðslu veiðigjalds kæmi væri við það miðað að niður féllu gjöld sem útgerðin greiddi og voru áætluð samkvæmt fjárlögum ársins 2002 um 850 millj. kr., þ.e. veiðieftirlitsgjald (226,5 millj. kr.) og þróunarsjóðsgjald (621 millj. kr.). Með frumvarpi þessu er lagt til að gjöld sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. laganna verði felld niður frá 1. september nk. Samkvæmt áætluðum efnahags- og rekstursreikningi Þróunarsjóðs fyrir árið 2003 var hrein eign sjóðsins um 318 millj. kr. í árslok 2003 og var það í fyrsta skipti frá sjóðsstofnun sem sjóðurinn sýnir jákvæðan höfuðstól. Gangi áætlanir Þróunarsjóðs fyrir árin 2003–2009 eftir má gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 millj. kr. í árslok 2009 er starfstíma hans lýkur samkvæmt lögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjöldin sem eigendur skipa hafa greitt í Þróunarsjóð sjávarútvegsins skv. 4. og 6. gr. gildandi laga verði felld niður frá 1. september nk.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 m.kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 m.kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 m.kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 92 m.kr. innheimtu. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld falli niður árið 2005. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var hrein eign Þróunarsjóðs 318 m.kr. í árslok 2003. Gangi áætlun Þróunarsjóðs eftir má gera ráð fyrir að hrein eign sjóðsins verði um 370 m.kr. í árslok 2009 er starfstíma hans lýkur samkvæmt lögum um Þróunarsjóð.

1198. Frumvarp til laga [787. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til reksturs Fiskistofu.

2. gr.

Á undan orðinu „aflahlutdeildar“ í 3. gr. laganna kemur: sóknardaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eiga rætur að rekja til þess að á árinu 2002 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem felur í sér að frá og með 1. september 2004 verður lagt sérstakt veiðigjald á eigendur skipa fyrir úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla þegar ekki er um úthlutun að ræða. Jafnframt var þess getið í greinargerð með frumvarpinu að þegar til greiðslu veiðigjalds kæmi væri við það miðað að niður féllu gjöld sem útgerðin greiddi og áætluð voru samkvæmt fjárlögum ársins 2002 að fjárhæð um 850 millj. kr., þ.e. veiðieftirlitsgjald (226,5 millj. kr.) og þróunarsjóðsgjald (621 millj. kr.). Með frumvarpi þessu er lagt til að veiðieftirlitsgjaldið falli niður frá 1. september nk. Þar sem 2. gr. laganna fellur þar með niður þykir nauðsynlegt að árétta að gjöld sem innheimt eru samkvæmt lögunum renni til reksturs Fiskistofu.

Í 2. gr. er lagt til að innheimt verði sama gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild enda sama vinna í því fólgin. Ekki hefur verið innheimt gjald fyrir flutning á sóknardögum milli skipa en nauðsynlegt er að það verði gert til að gæta samræmis milli aðila sem stunda fiskveiðar. Er því lagt til að umræddar breytingar verði gerðar á lögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september nk. Einnig er lagt til að innheimt verði sama gjald vegna flutnings á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi um 270 m.kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 m.kr. fyrir árið 2004 og um 340 m.kr. frá og með árinu 2005. Þess má geta að frumvarpið er flutt í kjölfar upptöku veiðigjalds sem kemur í þess stað og mun renna í ríkissjóð frá og með sama tíma.

1199. Frumvarp til laga [435. mál]

um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, sbr. þó 18. gr.

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er liðinn við fráfall hans.

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Erfðafjárskattur er 5%.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal engan erfðafjárskatt greiða af fyrstu 1.000.000 kr. í skattstofni dánarbús, sbr. 4. og 5. gr., og skulu erfingjar njóta skattfrelsis í hlutfalli við arf sinn. Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda samkvæmt lögum um staðfesta samvist og sambýlismaður sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við einstakling af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifanda er ótvírætt getið.

Nú byrja búskipti eftir lát beggja hjóna og skal þá leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú sé að ræða án tillits til þess hvort erfingjar beggja hjónanna eru hinir sömu eða ekki.

3. gr.

Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en skiptum á því búi er lokið og skal þá dánarbú hans taka þann arf er hinn látni ella hefði hlotið og greiða þann erfðafjárskatt er honum hefði borið að greiða.

4. gr.

Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði skv. 5. gr.

Með heildarverðmæti skv. 1. mgr. er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna. Gildir þetta um öll verðmæti sem metin verða til fjár, þ.m.t. innbú, húsbréf, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf, hugverkaréttindi, líftryggingar, bifreiðar, aflaheimildir o.fl. Séu verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þau til eignar á kaupgengi eins og það er skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda. Ef hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags. Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum og óskráð skuldabréf, sem og aðrar inneignir og útistandandi kröfur, skulu taldar að meðtöldum áföllnum vöxtum og/eða verðbótum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal skattstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:

a. Þegar verðmæti annað en fasteign hefur verið selt nauðungarsölu skal miða við uppboðsandvirði þess.
b. Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins á dánardegi arfleifanda. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið.

   Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi matsgjörð, ekki eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflið.
c. Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt er til grundvallar síðustu álagningu opinberra gjalda fyrir dánardag arfleifanda.

5. gr.

Skuldir arfleifanda, þ.m.t. væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að skipta búinu og ákvarða skattstofna skv. 4. gr. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum. Erfðafjárskattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær.

6. gr.

Nú skipta erfingjar dánarbúi einkaskiptum og skulu þeir þá, innan þeirra tímamarka er í einkaskiptaleyfi greinir, leggja fyrir sýslumann erfðafjárskýrslu til ákvörðunar á erfðafjárskatti, sbr. 93. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. Skal skýrslan vera skilmerkilega útfyllt

og gögn fylgja til skýringar þeim fjárhæðum sem þar eru greindar. Með erfðafjárskýrslu skulu fylgja a.m.k. þrjú síðustu skattframtöl arfleifanda.

Allir erfingjar skulu undirrita erfðafjárskýrsluna.

Erfingjar sem taka við fyrirframgreiddum arfi skulu afhenda sýslumanni erfðafjárskýrslu til áritunar vegna þeirra verðmæta.

Erfðafjárskýrsla samkvæmt lögum þessum skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

7. gr.

Sýslumaður skal yfirfara erfðafjárskýrslu og gæta þess sérstaklega að hún sé í samræmi við skiptagerð viðkomandi dánarbús.

Telji sýslumaður skýrslu áfátt að einhverju leyti getur hann veitt viðkomandi aðilum tiltekinn frest til að bæta úr eða leiðrétt sjálfur séu ágallar smávægilegir.

Þegar sýslumaður hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu og telur hana fullnægjandi skal hann ákvarða erfðafjárskatt hvers erfingja, árita skýrsluna og tilkynna það hverjum erfingja fyrir sig.

Nú greinir erfingja á við sýslumann um skattstofn vegna tiltekinnar eignar eða annað sem áhrif hefur á fjárhæð erfðafjárskattsins og skal sýslumaður þá veita þeim allt að tveggja vikna frest til að leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Sýslumaður má lengja þennan frest um allt að tvær vikur. Að frestinum liðnum skal sýslumaður ákvarða erfðafjárskattinn á grundvelli framkominna gagna og tilkynna erfingjum með sannanlegum hætti. Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um ágreiningsefnið liggur fyrir áritar sýslumaður skýrsluna skv. 3. mgr. Að því búnu skal sýslumaður senda skýrsluna til skattstjóra í sínu skattumdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

8. gr.

Þegar dánarbúi er skipt opinberum skiptum skal skiptastjóri útfylla erfðafjárskýrslu í samræmi við frumvarp til úthlutunar úr búinu og undirrita hana einn en leggja hana síðan fyrir sýslumann ásamt frumvarpi til úthlutunar til bráðabirgðaákvörðunar á erfðafjárskatti áður en skiptafundur verður haldinn um frumvarpið. Innan viku frá því að skiptum er lokið skal skiptastjóri leggja skýrsluna á ný fyrir sýslumann til ákvörðunar skattsins og áritunar.

Að lokinni áritun sýslumanns skv. 1. mgr. skal hann senda skýrsluna til skattstjóra í sínu umdæmi sem yfirfer hana og kannar hvort eignir séu réttilega taldar fram.

Vilji erfingjar ekki fella sig við ákvörðun erfðafjárskatts skv. 1. mgr. geta þeir innan 30 daga frá því að þeim berst tilkynning sýslumanns kært ákvörðun hans til yfirskattanefndar, en ef erfingjar samþykkja getur skiptastjóri lokið skiptunum með því að greiða þá skattfjárhæð, sem sýslumaður hefur ákvarðað, með fyrirvara um endurheimtu. Komi til endurgreiðslu skatts að leystum ágreiningi tekur skiptastjóri upp skiptin á ný til að úthluta því sem er endurgreitt.

9. gr.

Skattstjóri skal hafa lokið yfirferð erfðafjárskýrslu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 40 dögum frá því að honum berst erfðafjárskýrslan. Þegar skattstjóri hefur yfirfarið erfðafjárskýrslu skal hann gera erfingjum og eftir atvikum skiptastjóra viðvart um að hann hafi lokið yfirferðinni. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna erfingja gert nauðsynlegar athuganir á erfðafjárskýrslu framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

10. gr.

Telji skattstjóri að eignir séu ekki réttilega taldar fram í erfðafjárskýrslu, skattstofn ekki réttur, erfðafjárskattur ekki lagður á rétta erfingja, erfðafjárskýrsla eða fylgigögn að öðru leyti ófullnægjandi eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á erfingja eða eftir atvikum skiptastjóra að bæta úr því innan ákveðins frests og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þ.m.t. bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fáist ekki fullnægjandi svar innan tiltekins tíma skal skattstjóri áætla þá liði erfðafjárskýrslu sem hann telur óljósa eða tortryggilega og ákvarða skatt í samræmi við skýrsluna þannig breytta.

Sé erfðafjárskýrslu breytt með stoð í þessari grein, þ.m.t. ef skattstofn er áætlaður, skal skattstjóri gera viðkomandi aðilum viðvart um breytingarnar með tilkynningu og rökstyðja ástæður þeirra.

Skattstjóri skal gera viðkomandi sýslumanni viðvart skriflega komi fram upplýsingar um eignir eða breyttan skattstofn sem ekki koma fram í skiptagerð.

Hafi skattstjóri grun um erfðafjárskattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

11. gr.

Erfingi, sem telur erfðafjárskatt eða skattstofn samkvæmt ákvæðum laga þessara eigi rétt ákveðinn, getur sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til yfirskattanefndar og fer meðferð kærunnar þá eftir ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

12. gr.

Erfingjum er skylt að láta sýslumönnum og/eða skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þeir beiðast og unnt er að láta þeim í té.

Nú verður ágreiningur um skyldu erfingja skv. 1. mgr. og getur sýslumaður, ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

13. gr.

Séu verðmæti á erfðafjárskýrslu ranglega fram talin má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna.

Fella skal niður álag samkvæmt þessari grein ef erfingi færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á erfðafjárskýrslu.

14. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa sýslumenn og eftir atvikum tollstjórinn í Reykjavík á hendi innheimtu þeirra. Skattur skal greiddur til innheimtumanns í því umdæmi sem skatturinn er lagður á.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga erfðafjárskatts eða leysir neinn undan viðurlögum sem lögð eru á við vangreiðslu hans.

Erfðafjárskattur hvers erfingja skal reiknaður út miðað við verðmæti arfs á dánardegi arfleifanda en miðað við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu ef um fyrirframgreiddan arf er að ræða eða óskipt bú sem skipt er fyrir andlát eftirlifandi maka.

Gjalddagi erfðafjárskatts er tíu dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu, sbr. 3. og 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Sé erfðafjárskattur hækkaður skv. 10. gr. fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Hafi erfðafjárskattur ekki verið greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er frá gjalddaga.

Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um endurgreiðslu oftekins erfðafjárskatts samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Sé kæra til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skal greiða erfingja dráttarvexti af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma er frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Ekki er heimilt að gefa erfingjum út yfirlýsingu um eignarheimild þeirra að tiltekinni eign dánarbús fyrr en erfðafjárskattur af viðkomandi eign hefur verið greiddur.

Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tímamark þegar erfðafjárskattur er greiddur eða, ef ekki þarf að greiða erfðafjárskatt vegna afhendingar viðkomandi eignar, þegar sýslumaður hefur áritað erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeirri takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en sem svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.

16. gr.

Skýri erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um erfðafjárskatt skal hann greiða fésekt allt að fimmfaldri þeirri fjárhæð í viðbótarerfðafjárskatt sem skatturinn að réttu lagi hefði orðið hærri en hann varð. Skattur af álagi skv. 13. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Skýri erfingi rangt eða villandi frá einhverjum þeim atriðum er varða framtal hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslu.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur sýslumanni eða skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi erfðafjárskýrslu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til sýslumanns eða skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Hafi erfingi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að gegna skyldu sinni skv. 12. gr. skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Um málsmeðferð samkvæmt þessari grein gilda meginreglur 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á fjárverðmæti sem lög þessi taka til og greiddur hefur verið erfðafjárskattur af þeim verðmætum til opinberra aðila í öðru ríki, þá er skattstjóra heimilt samkvæmt umsókn erfingja að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum erfðafjárskattsgreiðslum hans. Lækkun skal aldrei nema hærri fjárhæð en þeirri sem erfingja væri gert skylt að greiða hér á landi af fjárverðmætum.

18. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

19. gr.

Ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og reglugerðir settar samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við á við beitingu laga þessara, þar á meðal ef vafi leikur á hvernig meta skuli verðmæti eigna.

20. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2004 og taka til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna.

1200. Breytingartillaga [435. mál]

við frv. til l. um erfðafjárskatt.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:

Af arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga skal engan erfðafjárskatt greiða. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi séu hlutir þessir ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

1201. Skýrsla [788. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um 56. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 19.–28. maí 2003, fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 29. maí 2003, fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Vín 8.–11. september 2003 og alþjóðaheilbrigðisdaginn 7. apríl 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ

1. Inngangur.

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru nú 192.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru í eftirtöldum löndum:

- Kongó (Brazzaville).
- Bandaríkjunum (Washington).
- Egyptalandi (Alexandríu).
- Danmörku (Kaupmannahöfn).
- Indlandi (Nýju-Delhi).
- Filippseyjum (Maníla).

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er einu sinni á ári, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin, sem kemur saman tvisvar á ári, er hins vegar framkvæmdanefnd þingsins. Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í 1–2 vikur hverju sinni. Þess á milli starfa fastanefndir svæðisskrifstofanna.

Meginmarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er að stuðla að sem bestu heilsufari allra jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem svo að það feli í sér fullkomna líkamlega, andlega og félagslega velferð, ekki einungis að menn séu lausir við sjúkdóma og önnur vanheilindi.

Helstu viðfangsefni WHO eru:

- Leiðsögn í heilbrigðismálum á heimsvísu.
- Samvinna við ríkisstjórnir á sviði áætlanagerðar, stjórnunar og mats á framkvæmd aðgerða í heilbrigðismálum.
- Þróun og miðlun viðeigandi heilbrigðistækni, upplýsinga og gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

WHO hefur einkum náð árangri á sviði smitsjúkdóma og með lækkun dánartíðni og lengingu lífs, dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja og aðgerðum til þess að bæta heilsufarið í borgum heimsins. Verkefnin fram undan eru hins vegar óþrjótandi og má þar m.a. nefna aðgerðir til þess að tryggja *heilbrigði allra,* hefta útbreiðslu nýrra og eldri sjúkdóma, koma á nánari samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum, bæta umhverfið og stuðla að heilsusamlegri lífsstíl fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Á síðustu árum hafa hins vegar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn, Heimssjóðurinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu (e. The Global Fund to Fight AIDS, Tuberculosis and Malaria) og svæðisbundnir fjárfestingarbankar orðið æ meira áberandi á heilbrigðissviðinu. Hefur það aðallega komið til af því að fjárhagslegur stuðningur og lánafyrirgreiðsla við einstök lönd hefur í vaxandi mæli tengst ákveðnum aðgerðum í heilbrigðismálum.

2. Alþjóðaheilbrigðisþingið 2003.

Að venju var alþjóðaheilbrigðisþingið haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 19.–28. maí sl. Þetta var í 56. þingið og var það fjölsótt að venju. Um tvö þúsund fulltrúar sóttu þingið að þessu sinni en 187 af 192 aðildarríkjum WHO sendu fulltrúa sína á þingið, þar af fóru ráðherrar fyrir sendinefndum 136 aðildarríkja.

Forseti þingsins var kosinn dr. K. M. Hossain frá Bangladess. Varaforsetar voru U.O. Awono frá Kamerún, dr. J. Torres-Goitia C. frá Bólivíu, dr. W Al-Maani frá Jórdaníu, H. Voigtländer frá Þýskalandi og dr. C. Otto frá Palá en þeir sáu um fundarstjórnina í sameinaðri málstofu þingsins. Að auki voru kosnir dr. J. Larivière frá Kanada sem formaður nefndar A og L. Rokovada frá Fídjieyjum sem formaður nefndar B.

Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í fyrrnefndum nefndum, nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnastarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur eru á alþjóðaheilbrigðisþinginu haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Sendinefnd Íslands í ár skipuðu eftirfarandi: Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri sem var formaður sendinefndarinnar, Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Haraldur Briem, sóttvarnalæknir ríkisins, og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins í Genf, en aðrir starfsmenn fastanefndar Íslands í Genf voru sendinefndinni einnig til aðstoðar.

Dagskrá þingsins að þessu sinni var umfangsmikil. Á dagskránni voru meðal annars kosning nýs framkvæmdastjóra, rammasamningur um tóbaksvarnir, fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2004–2005, tæknileg málefni með 19 undirflokkum, reglur um samskipti við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, ríkisstofnanir og frjáls félagasamtök og málefni er vörðuðu stjórnun, fjármál og starfsmannamál.

Alls voru 35 ályktanir og tvær ákvarðanir samþykktar af þinginu, sbr. fylgiskjal I með yfirliti yfir ályktanir. Samþykkt ályktunar um tóbaksvarnasamninginn þótti söguleg þar sem þetta er fyrsti alþjóðlegi lýðheilsusamningurinn sem gerður hefur verið á vegum WHO.

3. Ræða aðalframkvæmdastjóra.

Dr. Gro Harlem Brundtland, nú fyrrverandi framkvæmdastjóri WHO, hélt kveðjuræðu sína á alþjóðaheilbrigðisþinginu en hún lét af störfum 21. júlí sl. Í ræðu sinni fór hún yfir áhersluþætti í stjórnartíð sinni og framtíðarsýn en að auki lagði hún fram skýrslu þar sem farið er yfir starfsemi WHO á árunum 1998–2003.

Dr. Brundtland tók við stöðu aðalframkvæmdastjóra WHO á 50. afmælisári stofnunarinnar. Á þessum tímamótum stóð WHO frammi fyrir aukinni alþjóðavæðingu sem opnaði dyr fyrir þróun og framförum en um leið dyr fyrir nýjum heilsufarshættum. Þetta kallaði á endur-

skoðun á markmiðum og starfsemi stofnunarinnar sem hefur auðkennt stjórnartíð dr. Brundtland.

Starfsemi stofnunarinnar hafa verið sett skýr markmið og eru þau:

- Að draga úr dánartíðni, sýkingum og fötlunum, þá sérstaklega í þróunarríkjunum.
- Að stuðla að heilbrigðum lífsstíl og draga úr umhverfis-, efnahags- og félagslegum áhættuþáttum.
- Að þróa heilbrigðisþjónustu sem eykur skilvirkni, bregst við eftirspurn neytenda og er fjárhagslega sanngjörn/réttlát.
- Að styðja við uppbyggingu heilbrigðisstofnana, að mynda stuðningsramma fyrir heilbrigðisstefnu og að hvetja til þess að tekið sé tillit til heilbrigðismála við stefnumótun í félags-, efnahags-, umhverfis- og þróunarmálum.

Þær breytingar sem dr. Brundtland gerði og staðið hafa hvað helst upp úr eru skipulagsbreytingar á innra stjórnkerfi þar sem stofnunin hefur breyst frá því að hafa marglaga skipurit í það að hafa flatara skipurit. Dr. Brundtland hefur enn fremur lagt aukna áhersla á samvinnu við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, ríkisstofnanir og frjáls félagasamtök og unnið að auknum gæðum og aðgengi að heilbrigðisupplýsingum.

Í stjórnartíð sinni hefur dr. Brundtland að auki unnið að því að fá stjórnmálaleiðtoga heimsins til að sjá heilbrigðismál í stærra samhengi og fá það viðurkennt að fjárfesting í heilbrigðismálum skili sér í auknu alheimsöryggi, minni fátækt og auknum hagvexti í heiminum.

Í ræðu sinni á alþjóðaheilbrigðisþinginu sagði dr. Brundtland að HABL (SARS) væri fyrsti nýi faraldur 21. aldarinnar og lagði áherslu á mikilvægi þess að aðildarríki deildu upplýsingum, sérfræðiþekkingu og öðrum úrræðum sem aukið gætu viðbrögð við faröldrum sem þessum. Á þinginu var einnig haldinn tæknilegur fundur um HABL sem var vel sóttur af þinggestum.

4. Hringborðsumræður ráðherra.

Í ár tóku 96 ráðherrar eða staðgenglar þeirra þátt í hringborðsumræðunum en umræðurnar eru hugsaðar sem liður í því að virkja ráðherra í starfsemi þingsins. Rætt var um það hvernig hægt væri að tryggja börnum heilnæmt umhverfi en rúmlega fimm milljónir barna undir 14 ára aldri deyja á ári hverju af völdum slysa og sjúkdóma sem hægt er að rekja til umhverfis þeirra. Þess má geta að þetta var einnig þema alþjóðaheilbrigðisdagsins í ár. Formenn hringborðsumræðnanna voru heilbrigðisráðherrar Mósambík, Írlands, Jórdaníu og Indlands en umræðunni var skipt niður í fjóra hópa.

Ráðherrar ræddu um hlutverk heilbrigðiskerfisins við að tryggja börnum heilnæmt umhverfi, hvernig best væri að bregðast við þessari þörf og hvernig auka mætti alþjóðasamstarf hvað þetta varðar. Margir ráðherrar skýrðu frá starfsemi í heimalandi sínu sem miðar að því að tryggja börnum heilnæmt og hættulaust umhverfi.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og lagði áherslu á mikilvægi þess að foreldrar tileinkuðu börnum sínum tíma. Enn fremur lagði hann áherslu á forvarnir og að styrkja þyrfti meðferðarúrlausnir fyrir börn sem verða fyrir slysum eða ofbeldi.

5. Nýr aðalframkvæmdastjóri.

Dr. Lee Jong-wook frá Suður-Kóreu var á alþjóðaheilbrigðisþinginu kjörinn framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til næstu fimm ára. Hann tók til starfa 21. júlí sl. er dr. Gro Harlem Brundtland lét af störfum, en hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Dr. Lee er ekki alls ókunnugur starfsemi WHO þar sem hann hefur starfað innan stofn-

unarinnar sl. 20 ár. Hann hefur m.a. stjórnað berklaverkefni og alþjóðabólusetningar- og ónæmisverkefni stofnunarinnar.

Með nýjum framkvæmdastjóra er ekki fyllilega ljóst hvar áherslurnar munu liggja en eitt fyrsta verk dr. Lee var að bæta einu nýju sviði við starfsemi aðalstöðva WHO í Genf sem hefur verið skipt niður í níu meginsvið seinustu árin. Þetta nýja svið mun sjá um baráttuna gegn alnæmi, berklum og malaríu.

Eins og forveri sinn gerði dr. Lee miklar breytingar á vali á stjórnendum og skipti meðal annars út öllum yfirmönnum meginsviðanna.

6. Ísland í framkvæmdastjórn.

Ísland var kosið í framkvæmdastjórn WHO á alþjóðaheilbrigðisþinginu en 17 ár eru liðin frá því að Ísland gegndi þar síðast stöðu. Auk Íslands voru Frakkland, Tékkland, Kanada, Ekvador, Gínea-Bissá, Nepal, Pakistan, Súdan og Víetnam kosin í framkvæmdastjórn. Ísland mun gegna stöðu í framkvæmdastjórn frá maí 2003 til maí 2006 og er fulltrúi Íslands Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar og í henni sitja 32 aðildarríki hverju sinni. Sæti stjórnarinnar skiptast milli svæða á eftirfarandi hátt: Evrópa hefur sjö sæti, Afríka sjö sæti, Norður- og Suður-Ameríka sex sæti, Austur-Miðjarðarhaf fimm sæti, Vestur-Kyrrahaf fjögur sæti og Suðaustur-Asía þrjú sæti.

Með aðild að framkvæmdastjórninni fær Ísland tækifæri til þess að koma að mikilvægum ákvörðunum um starfsemi og stefnu WHO. Ísland mun í stjórnartíð sinni leggja megináherslu á málefni kvenna, barna og ungmenna sem víða um heim búa við bág kjör. Enn fremur mun Ísland leggja áherslu á eflingu heilsusamlegra lífshátta, svo sem stuðla að aukinni hreyfingu, réttu mataræði og leggja baráttunni gegn ofneyslu áfengis lið. Að endingu hefur Ísland ákveðið að leggja áherslu á málefni fatlaðra og hreyfihamlaðra.

7. Ályktanir teknar fyrir í nefnd A.

7.1 Rammasamningur fyrir tóbaksvarnir.

Ályktunin um rammasamning fyrir tóbaksvarnir fékk að lokum einróma stuðning allra aðildarríkja en með honum er áætlað að herja á framboð og eftirspurn eftir tóbaksvörum. Með samningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að berjast gegn skaðlegum áhrifum tóbaksreykinga, en talið er að fimm milljónir manna látist árlega í heiminum af völdum tóbaksreykinga. Samningurinn var opnaður til undirskrifta síðastliðinn júní og mun öðlast gildi þegar fjörutíu aðildarríki hafa fullgilt hann. Talið er að þetta ferli muni taka um ár. Nú hafa 92 aðildarríki skrifað undir samninginn og níu ríki fullgilt hann. Þess má geta að Ísland hefur nú þegar skrifað undir með fyrirvara um fullgildingu.

Margir sendifulltrúar lýstu yfir þakklæti til þeirra sem komu að gerð samningsins en lögðu jafnframt áherslu á að vinnunni væri ekki lokið. Af hálfu íslensku sendinefndarinnar var lögð áhersla á hve Ísland hefur verið öflugt í baráttunni gegn tóbaksreykingum og bent á lagaákvæði frá 1984 sem miðaði gagngert að því að draga úr tóbaksreykingum og hefur vakið athygli margra víða um heim, ekki síst fyrir ákvæði um varúðarmerkingar á tóbakspakkningum.

7.2 Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2004–2005.

Erfitt reyndist að ná samkomulagi varðandi fjárhagsáætlunina en að lokum voru þrjár ályktanir samþykktar: a) fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2004–2005 sem hljóðaði upp á að föst framlög aðildarríkjanna yrðu 863.111.890 bandaríkjadalir, b) aðferð við útreikninga á fram-

lögum aðildarríkjanna fyrir tímabilið 2004–2005, og c) aðlögunarferli að nýrri aðferð við útreikninga á framlögum.

Dr. Brundtland fór fram á að fjárhagsáætlunin fyrir tímabilið 2004–2005 tæki a.m.k. mið af 0% raunvöxtum en ekki 0% nafnvöxtum sem einkennt hafa fjárframlög aðildarríkjanna undanfarin ár. Miklar deilur spruttu upp og var sérstakur vinnuhópur stofnaður til að leysa úr þessum málum. Davíð Á. Gunnarsson tók til máls fyrir hönd Norðurlandanna og studdi að teknir yrðu upp 0% raunvextir við útreikninga fjárframlaga aðildarríkjanna. Enn fremur fóru Norðurlöndin fram á aukna fjárveitingu til starfsemi stofnunarinnar sem snýr að auknu öryggi sjúklinga og heilbrigðum lífsstíl svo og aukna fjárveitingu til þúsaldarmarkmiðanna (e. Millennium Development Goals) sem beinast að heilsu barna og mæðra og kynjajafnrétti (sjá nánari umfjöllun um fjármál hér að aftan).

7.3 Alþjóðaalnæmisáætlun.

Samþykkt var ályktun um alþjóðaalnæmisáætlun. Áætlunin er byggð á reynslu og þekkingu frá tveggja áratuga baráttu gegn alnæmi. Tilgangur áætlunarinnar er að koma á auknum tengslum á milli fyrirbyggingar og fræðslu um alnæmi annars vegar og meðferðarúrræða og veittrar þjónustu hins vegar. Í umræðu aðildarríkjanna var lögð mikil áhersla á þörfina fyrir þjálfun forvarnafulltrúa, að auka þyrfti heilbrigðisþjónustu fyrir börn og mæður svo og aðgengi að getnaðarvörnum og kynfræðslu. Að lokum var lögð áhersla á að mannréttindi væru höfð að leiðarljósi.

Finnar töluðu fyrir hönd Norðurlandanna og lögðu áherslu á að þúsaldarmarkmiðunum yrði ekki náð ef ekki yrði lögð meiri áhersla á baráttuna gegn alnæmi.

7.4 Endurskoðun á heilsugæslumarkmiðum Alma-Ata.

Tuttugu og fimm ár eru liðin frá því að alþjóðaráðstefna um heilsugæslu var haldin í Alma-Ata. Í þessu tilefni var ályktun samþykkt sem kveður á um endurskoðun á skilgreiningum og markmiðum sem sett voru á fyrrnefndri ráðstefnu og að ákvörðun verði tekin um framhaldið. Lögð er sérstök áhersla á að veita fátækum og þeim sem minna mega sín heilsugæslu en í Alma-Ata var lögð áhersla á að heilsugæsla væri hornsteinn að heilbrigði fyrir alla. Sveinn Magnússon talaði fyrir hönd Íslands og sagði að stefnumörkun varðandi uppbyggingu heilsugæslunnar á Íslandi næði aftur til sjöunda áratugarins og að núverandi heilbrigðisáætlun sem nær til ársins 2010 væri mjög í samræmi við áherslur WHO.

7.5 Inflúensa og aðrir árlegir faraldrar.

Nefnd A samþykkti ályktun um forvarnir og stjórnun á inflúensu og öðrum árlegum faröldrum. Á hverju ári smitast um 3–5 milljónir manna af alvarlegri inflúensu og þar af deyja um 250–500 þúsund manns en hægt er að koma í veg fyrir mörg þessara tilfella með bólusetningu. Ályktunin kveður á um að aðildarríki auðveldi bólusetningu fyrir áhættuhópa og eru þau hvött til að ná því markmiði að a.m.k. 50% aldraðra verði bólusettir árið 2006 og 75% árið 2010. Í umræðunni bentu mörg aðildarríki á að beina þyrfti aukinni athygli að framleiðslu ódýrra bóluefna. Enn fremur var lögð áhersla á að auka viðbúnað landa til að bregðast við inflúensu svo og öðrum smitsjúkdómafaröldrum en inflúensa er ekki einungis kostnaðarsöm fyrir heilbrigðiskerfið heldur einnig fyrir hagkerfi landa.

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir ríkisins, talaði fyrir hönd Íslands og lagði áherslu á að starf WHO væri mjög mikilvægt við skipulagningu á viðbrögðum við nýjum inflúensufaröldrum. Mikil umræða hefur verið um það hversu stutt sé í það að inflúensu A veiran stökkbreyti sér og verði jafnvel ónæm fyrir þeim bóluefnum sem til eru. Þetta hefur gerst

nokkrum sinnum áður og lagði Haraldur áherslu á skjót viðbrögð og þörfina á betri og ódýrari bóluefnum.

7.6 Óhefðbundin lyf.

Ályktun um óhefðbundin lyf var samþykkt eftir smávægilegar textabreytingar. Markmiðið með þessari yfirlýsingu er að viðhalda og varðveita þekkingu á óhefðbundnum lyfjum, en um leið að auka öryggi og kanna áhrif þeirra við notkun.

Sveinn Magnússon talaði fyrir hönd Íslands og skýrði frá því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið væri að útbúa skýrslu sem leggja ætti fyrir Alþingi Íslendinga um notkun óhefðbundinna lyfja á Íslandi samanborið við notkun í nágrannalöndunum.

7.7 Heilbrigði og þroski barna og unglinga.

Tvær ályktanir voru samþykktar undir undirflokknum heilbrigði og þroski barna og unglinga. Önnur um fækkun dauðatilfella af völdum mislinga og hin um áætlun fyrir heilbrigði og þroska barna og unglinga.

Haraldur Briem talaði fyrir hönd Íslendinga undir fyrri ályktuninni og lýsti áhyggjum sínum yfir því að ekki væri nægu fjármagni ráðstafað til útrýmingar á mislingum í heiminum í fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

Margir lýstu yfir ánægju sinni yfir heilbrigðis- og þroskaáætluninni fyrir börn og unglinga. Þónokkrir bentu á þörfina á að rannsaka frekar orsakir fyrir áhættuhegðun unglinga, svo sem offitu, reykingar, áfengis- og fíkniefnaneyslu og áhættusama kynhegðun. Enn fremur var sóst eftir því að WHO legði meiri fjármuni til þessa málefnis. Svíar tóku undir þetta en þeir töluðu fyrir hönd Norðurlandanna.

7.8 Efling hjúkrunar- og ljósmæðrafræða.

Nefnd A tók einnig fyrir undirflokk um eflingu hjúkrunar- og ljósmæðrafræða. Ályktun þess efnis var samþykkt fyrir tveimur árum en nú var lögð fram framvinduskýrsla. Með ályktuninni er viðurkennt að til þess að efla heilbrigðisþjónustu aðildarríkjanna þarf að styðja við starfsstéttir ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga. Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, talaði fyrir hönd Íslands og sagði að þörf væri á aukinni skuldbindingu og stuðningi við þessar starfsstéttir.

7.9 Endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðum.

Í undirflokknum um endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðum voru samþykktar tvær ályktanir. Sú fyrri var um HABL (SARS) þar sem lýst var yfir virðingu og þakklæti til heilbrigðisstarfsfólks fyrir störf þess og fórnir. Dr. Carlo Urbani, fyrrverandi starfsmanni WHO, var sérstaklega minnst fyrir framlag sitt. Hann var einn af þeim fyrstu sem greindu HABL en hann lést við rannsóknir sínar á sjúkdómnum. Ályktunin leggur áherslu á aukið upplýsingaflæði og kallar á aukið alþjóðasamstarf til þess að hemja útbreiðslu smitsjúkdóma.

Seinni ályktunin kvað á um endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðum, sérstaklega í ljósi HABL-faraldursins. Lögð var áhersla á að endurskoðuninni yrði lokið fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið 2005. Noregur talaði fyrir hönd Norðurlandanna og lýsti yfir stuðningi við fyrrnefnd áform.

7.10 Einkaleyfaréttindi og nýsköpun innan heilbrigðisþjónustunnar.

Miklar umræður urðu um ályktunina um einkaleyfaréttindi og nýsköpun innan heilbrigðisþjónustunnar en hún hlaut að lokum einróma samþykkt. Í skýrslu sem lögð var fyrir

nefndina kom fram mismunun á aðgengi ríkja að lyfjum. Í þessu samhengi var bent á að um 90% af sölu lyfja fari fram í vestrænum ríkjum en þegar litið er t.d. á dánartíðni af völdum smitsjúkdóma þá sést að um 90% dauðsfalla eiga sér stað í þróunarríkjunum. Að auki var bent á að af þeim 1.400 lyfjum sem þróuð voru á árunum 1975–1999 voru aðeins þróuð 13 hitabeltissjúkdómalyf og þrjú berklalyf. Ályktunin fór m.a. fram á það við aðildarríkin að þau reyndu að ná samkomulagi um 6. mgr. Doha-yfirlýsingarinnar, frá ráðherrafundinum í Doha í nóvember 2001, um aðgengi þróunarríkja að nauðsynlegum lyfjum. Þess má geta að þetta samkomulag náðist innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) 30. ágúst sl.

7.11 Afríska svefnsýkin.

Samþykkt var einróma ályktun um að hefja herferð gegn svefnsýki sem herjar á Afríkubúa og er borin á milli með tsetse-flugunni. Rætt var um það að eflaust væri hægt að útrýma sýkinni með skipulagðri viðleitni. Að auki var ákveðið að taka til athugunar skýrslu um hert eftirlit með *neurocysticercosis*, sjúkdómi sem einnig herjar á íbúa álfunnar og hægt er að koma í veg fyrir með auknum forvörnum og hreinlæti.

7.12 Útrýming bólusóttar.

Seinasta mál á dagskrá nefndar A var að taka til athugunar skýrslu frá aðalskrifstofunni um útrýmingu bólusóttar. Á 41. alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 1988 var samþykkt ályktun um útrýmingu bólusóttar. Á þessum tíma var talið að árlega kæmu upp meira en 350 þúsund bólusóttartilfelli í heiminum. Á 52. alþjóðaheilbrigðisþinginu 1999 var svo samþykkt ályktun þar sem aðildarríki voru hvött til að herða baráttuna gegn bólusótt og ná markmiðum um útrýmingu. Árið 2002 var bólusótt að finna í einungis sjö löndum og sama ár fékk Evrópa viðurkenningu frá WHO fyrir að hafa útrýmt bólusótt í álfunni. Þrátt fyrir mikið forvarnastarf kom upp faraldur í Indlandi 2002 sem jók fjölda bólusóttartilfella það árið og urðu þau 1.919 sem var fjórum sinnum meira en árið 2001. Á sama tíma dró úr fjármagni til þessa málefnis en aðalskrifstofan vildi með skýrslunni leggja áherslu á mikilvægi þess að þetta verkefni fengi aukna áherslu og fjármagn frá aðildarríkjunum, sérstaklega í ljósi þess að aukin hætta er á því að bólusóttarfaraldur komi upp á svæðum sem lýst hafa verið bólusóttarlaus.

8. Ályktanir teknar fyrir í nefnd B.

8.1 Heilsuástand og aðstoð við Araba sem búa á hernumdum landsvæðum.

Fyrsta verk nefndarinnar var að samþykkja ályktun um heilbrigðisástand, og aðstoð við Araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Mið-Austurlöndum, þar með talið Palestínu. Ályktunin kveður á um að WHO tryggi að heilbrigðisstarfsfólk og sjúklingar komist án hindrana til og frá heilbrigðisstofnunum í Palestínu og hægt verði að veita lyf og neyðarþjónustu hindrunarlaust. Einnig fóru nokkur aðildarríki fram á að stofnuð yrði nefnd sem færi yfir heilbrigðismál í Palestínu.

8.2 Stjórnunarleg málefni.

Næsta verk nefndarinnar voru stjórnunarleg málefni og voru tólf ályktanir samþykktar undir þessum lið:

- *Skipun nýs aðalframkvæmdastjóra og starfssamningur hans* þar sem dr. Lee var skipaður til næstu fimm ára.
- *Þakklæti til dr. Gro Harlem Brundtland.*
- *Skipun í stöðu ytri endurskoðanda* þar sem þingfulltrúar kusu ríkisendurskoðanda Indlands til setu næstu tvö fjárhagstímabil, þ.e. tímabilin 2004–2005 og 2006–2007.

- *Óendurskoðuð bráðabirgðafjármálaskýrsla* yfir reikninga WHO fyrir tímabilið 2002.
- *Aðildarríki sem ekki hafa greitt nægan hluta framlaga sinna og missa þar með kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu* eins og kveður á um í 7. gr. stjórnarskrár WHO.
- *Vanskil framlaga Kasakstans.*
- *Endurmat á framlögum fyrir árin 2002 og 2003* þar sem tekið var tillit til Afganistans, Argentínu og Tímor-Leste.
- *Fasteignasjóður og fasteignasjóður svæðaskrifstofu Afríku* þar sem heimiluð var bygging fyrir svæðaskrifstofu Afríku í Brazzaville.
- Að lokum voru samþykktar tvær tillögur um að *Tímor-Leste yrði hluti af Suðaustur-Asíusvæðinu og Kýpur hluti af Evrópusvæðinu.*

8.3 Starfsmannamál.

Umræðan um starfsmannamál snerist aðallega um fjölda starfsmanna frá þróunarlöndunum á aðalskrifstofunni. Ekki náðist sátt um þetta efni þrátt fyrir miklar samningatilraunir og endaði með því að ályktunin var samþykkt með kosningu þar sem Ísland sat hjá. Aðrar ályktanir um starfsmannamál voru samþykktar einróma en þær fjölluðu um jafnrétti kynjanna, endurskoðuð laun starfsmanna í óflokkuðum störfum og laun nýs framkvæmdastjóra. Nefndin tilnefndi einnig einstaklinga til setu í eftirlaunanefnd.

8.4 Tæknileg mál.

Að auki voru í nefnd B tekin fyrir nokkur tæknileg mál sem fjalla átti um í nefnd A. Byrjað var á að leggja fram *skýrslu um alþjóðaráðstefnu í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun* sem haldin var fyrr á árinu. Danir töluðu fyrir hönd Norðurlandanna og hvöttu WHO til að auka aðstoð sína við aðildarríki svo að þau yrðu færari um að standa við skuldbindingar sínar.

Því næst var samþykkt ályktun um *alþjóðaáætlun fyrir efnastjórnun* með þátttöku alþjóðaheilbrigðisgeirans í huga. Aðildarríkin voru hvött til að þróa alþjóðaáætlun fyrir efnastjórnun en að auki var farið fram á það við WHO að stofnunin hefði yfirumsjón með þróun áætlunarinnar í samvinnu t.d. við UNEP, umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Þá var samþykkt ályktun um *sameiginlegt mat landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) og WHO á vinnu fæðustaðlanefndarinnar* (Codex Alimentarius). Ályktunin kvað á um að WHO styddi vinnu tengda fæðuöryggi og greindi milli sjúkdóma sem berast með fæðu annars vegar og sjúkdóma af völdum spilltrar fæðu hins vegar. Aðildarríkin voru svo hvött til samstarfs hvað þetta varðar og beðin um að greiða fyrir þátttöku sérfræðinga sinna.

Nefndin samþykkti einnig ályktun um *hvernig koma skuli í framkvæmd alþjóðaskýrslu um ofbeldi og heilsu* sem gefin var út árið 2002 á vegum WHO. Í skýrslunni kemur fram að talið er að um 4.000 manns látist á degi hverjum af völdum ofbeldisverka og að mun fleiri verði fyrir líkamlegum eða andlegum skaða af völdum ofbeldis. Í skýrslunni er m.a. farið fram á það að aðildarríki og WHO geri rannsókn á tíðni ofbeldis í hverju landi fyrir sig, enn fremur að aukið verði eftirlit með ofbeldisverkum, að þjónusta við fórnarlömb ofbeldis verði aukin og að rannsakað verði hvernig hægt sé að koma í veg fyrir ofbeldi.

Eftir mikla umræðu um hvernig hægt væri að auka skilvirkni innan heilbrigðisþjónustunnar var samþykkt ályktun um *hlutverk verktakasamninga í að bæta starfsemi heilbrigðiskerfa.* Í ályktuninni var farið fram á það við WHO að stofnunin setti upp gagnagrunn með mati á mismunandi tegundum verktakasamninga. Aðildarríkin voru svo hvött til að hafa aukin afköst heilbrigðiskerfisins að leiðarljósi við mótun stefnu um verktakasamninga.

Nefndin samþykkti næst ályktun um *útrýmingu blindu sem koma má í veg fyrir.* Alþjóðaheilbrigðisstofnunin setti af stað átak árið 1999 sem kallast Sýn 2020 (Vision 2020) og miðar að því að blindu sem koma má í veg fyrir verði útrýmt í heiminum árið 2020. Þetta mál var sett á dagskrá vegna mikils þrýstings frá einkageiranum og frjálsum félagasamtökum. Í ályktuninni sem nú var samþykkt var farið fram á það að aðildarríkin styddu við átakið og tryggðu gagnasöfnun í heimalandi sínu. Einnig var farið fram á það að WHO skilaði inn skýrslu til 59. alþjóðaheilbrigðisþingsins árið 2006 um framgang mála.

Að lokum tók nefndin fyrir skýrslu um *samskipti við óháð félagasamtök* og var ákveðið að biðja framkvæmdastjórn WHO að skoða betur reglugerðina varðandi þessi samskipti á 113. fundi framkvæmdastjórnarinnar sem haldinn verður í janúar 2004 og skila svo skýrslu með tillögum til 57. alþjóðaheilbrigðisþingsins í maí 2004.

9. Fjárhagstillögur fyrir tímabilið 2004–2005.

Tillögur til fjárveitinga á fjárhagstímabilinu 2004–2005 voru eitt af viðfangsefnum nefndar A. Aðalframkvæmdastjóri WHO lagði upphaflega til á framkvæmdastjórnarfundinum janúar sl. að föstu fjárlögin yrðu 908.468.000 bandaríkjadalir. Mörg aðildarríki voru ósátt við þessa upphæð því hér er um töluverða aukningu að ræða. Sátt náðist að lokum á þinginu um að fjárhæðin yrði 880.111.000 dalir sem er hækkun um tæplega 25 milljónir dala eða 2,9% frá síðasta tímabili 2002–2003. Af þessari upphæð falla 863.100.890 dalir í hlut aðildarríkjanna sem föst framlög en þessi upphæð hefur verið 842.654.000 dalir seinustu fjögur fjárhagstímabil. Þess ber að geta að föst framlög eru aðeins tæpur einn þriðji af heildarfjárhagsramma WHO.

Aðalframkvæmdastjórinn benti á að föst framlög aðildarríkjanna hefðu ekki hækkað seinustu átta árin og væri því þörf á að taka tillit til verðbólgu og aukins kostnaðar, t.d. launakostnaðar. Bandaríkin settu fram kröfu að venju um aukna skilvirkni í starfi WHO en aðalframkvæmdastjórinn taldi að ekki væri hægt að hagræða og skera endalaust niður og nú væri svo komið að stofnunin þyrfti aukið fjármagn. Þegar samkomulag náðist um föstu framlögin spruttu upp miklar deilur um þá aðferð sem notuð skyldi við útreikninga á framlögum hvers aðildarríkis fyrir sig.

Ákveðið var að nota reikniformúlu Sameinuðu þjóðanna fyrir 2003 við útreikning á föstum framlögum aðildarríkjanna fyrir tímabilið 2004–2005. Hlutfall Íslands helst þá óbreytt og er 0,0325% eða um 280.508 bandaríkjadalir tímabilið 2004–2005.

Í fjárhagsáætlun WHO er ráð gert fyrir að hin frjálsu framlög hækki úr 1.380.500.000 bandaríkjadölum fyrir fjárhagstímabilið 2002–2003 í 1.824.500.000 dali fjárhagstímabilið 2004–2005. Heildarfjárhagsramminn hækkar því úr 2.236.154.000 dölum í 2.704.611.000 dali eða um 468.457.000 dali, sbr. töflu:

		2002–2003 (bandaríkjadalir)	**2004–2005 (bandaríkjadalir)**
Fastur hluti	a) föst framlög aðildarríkja	842.654.000	863.100.890
	b) aðrar tekjur	13.000.000	17.010.110
Fastur hluti alls		855.654.000	880.111.000
Frjáls hluti		1.380.500.000	1.824.500.000
	Alls	**2.236.154.000**	**2.704.611.000**

10. Fræðslu- og umræðufundir.

10.1 Umræðufundur um HABL (SARS).

Ákveðið var að halda fund um þennan fyrsta smitsjúkdómafaraldur 21. aldarinnar. Var fundurinn fjölsóttur og skiptust fundargestir á hugmyndum um hvernig hægt væri að auka viðbrögð aðildarríkja við vágesti sem þessum.

10.2 Þúsaldarmarkmiðin; heilbrigði og fátækt.

WHO kynnti hvernig mismunandi stefna í heilbrigðismálum getur aukið heilbrigði fátækustu þjóða heims. Kynntar voru á fundinum rannsóknarniðurstöður WHO hvernig hægt sé að hafa áhrif á t.d. mæðradauða í þróunarríkjunum.

10.3 Heilbrigði og þroski unglinga.

Um það bil einn fimmti jarðarbúa eru unglingar og í sumum þróunarlöndum eru þeir allt að einn þriðji af heildaríbúafjölda. Að öllu jöfnu er ekki litið á þennan hóp sem forgangshóp innan heilbrigðiskerfisins. Með tilkomu þúsaldarmarkmiðanna hefur aukin áhersla verið lögð á heilbrigðisvandamál unglinga. Á umræðufundinum var farið yfir heilbrigðisástand og hvernig mæta má þörfum þessa hóps og gefin voru dæmi frá nokkrum aðildarríkjum.

10.4 Öryggi og gæði lyfja og lækningatækja.

Tekin var fyrir ábyrgð löggjafans til að tryggja gæði og öryggi lyfja og lækningatækja. Tilkynnt var á fundinum að WHO hefði ákveðið að beita sér fyrir því að aðstoða aðildarríki við að bæta löggjöf sína hvað þetta varðaði.

10.5 Tóbaksvarnir á 21. öldinni.

Á fundinum voru rædd hver yrðu næstu skref eftir að tóbaksvarnasamningurinn öðlaðist gildi. Vakin var athygli á því að vinna aðildarríkjanna væri rétt að hefjast og að veita þyrfti þróunarríkjunum sérstaka aðstoð við að koma samningnum í framkvæmd.

10.6 Aukin áhersla á vinnu WHO í aðildarríkjunum.

Undanfarin ár hefur áherslan á vinnu WHO í aðildarríkjunum verið að aukast og með nýjum framkvæmdastjóra er ljóst að áherslan muni jafnvel aukast enn. Á fundinum voru ræddar þær hindranir sem yfirstíga þarf til að þetta nái fram að ganga.

11. Samráðsfundir.

11.1. Norðurlandahópurinn.

Á hverjum morgni hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Farið var yfir hvað hafði gerst daginn áður og það sem var á dagskrá dagsins. Íslendingar tóku við forsæti á fundunum af Svíum sem áttu fulltrúa í framkvæmdastjórninni fram til þessa alþjóðaheilbrigðisþingsins. Íslendingar tóku sæti í framkvæmdastjórninni frá og með núverandi heilbrigðisþingi.

11.2. Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).

Sömuleiðis héldu lönd Vestur-Evrópu og fleiri (e. Western European and Other Groups) samráðsfund á hverjum morgni. Þar var einnig farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu. Fundir þessir voru undir forsæti Noregs.

12. Dagskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 2004.

Ákveðið hefur verið að halda 113. fund framkvæmdastjórnarinnar dagana 19.–24. janúar 2004, en ekki hefur verið sett niður dagsetning fyrir framkvæmdastjórnarfundinn í maí. Alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju haldinn 7. apríl nk. og er hann tileinkaður umferðaröryggi. 57. alþjóðaheilbrigðisþingið verður svo haldið dagana 17.–22. maí og fundur Evrópudeildar WHO verður haldinn í Evrópusvæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn dagana 6.–9. september 2004.

FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 29. MAÍ 2003

1. Inngangur.

Í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí sl. var haldinn 112. fundur framkvæmdastjórnar WHO. Áætlað var að funda dagana 29.–30. maí en vegna hræðslu við hryðjuverk samfara G-8 fundinum, sem haldinn var á sama tíma í Evian í Frakklandi skammt frá Genf, var ákveðið að stytta fundinn og hittast einungis 29. maí.

Framkvæmdastjórnin hittist að venju tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er í janúar og sá seinni ætið í maí í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu sem haldið er ár hvert. Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar en í henni sitja 32 aðildarríki hverju sinni. Ísland var formlega kosið í framkvæmdastjórn á alþjóðaheilbrigðisþinginu nú í ár og var þetta því fyrsti fundur Íslands í stjórnarsetu sinni en tímabilið er frá maí 2003 til maí 2006.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins í Genf.

2. Helstu umræðuefni fundarins.

Reynt var að takmarka umræðuna undir hverjum lið vegna fyrrnefndrar styttingar á fundinum.

2.1 Niðurstöður alþjóðaheilbrigðisþingsins 2003.

Farið var yfir þær ályktanir og ákvarðanir sem teknar voru á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2003. Þetta var seinasti framkvæmdastjórnarfundur dr. Gro Harlem Brundtland og ávarpaði hún fundargesti og gagnrýndi ónæga skilvirkni á fundum stofnunarinnar. Í þessu samhengi hvatti hún til þess að meiri aga yrði beitt þegar aðildarríki færu yfir tímamörk við flutning ávarpa og að tekin yrði upp notkun fundarhamars. Að auki gagnrýndi hún núverandi kosningareglur þar sem lesin eru upp nöfn þeirra landa í annað sinn sem ekki eru viðstödd fyrri upplestur. Taldi hún þetta tímaeyðslu og á ábyrgð hvers lands fyrir sig hvort það væri viðstatt kosningu eða ekki. Í staðinn væri hægt að gefa þessum löndum tækifæri á að gefa sig fram við talningaborð.

2.2 Endurskoðun aðferða við að finna alþjóðleg samheiti lyfja (INN–International Non-proprietary Names).

Í samstarfi við sérfræðinga og aðra aðila vinnur WHO að því að finna alþjóðleg samheiti fyrir hvert virkt efni sem markaðssett er sem lyf. Á 110. framkvæmdastjórnarfundinum sem haldinn var í maí 2002 var ákveðið að skoða tillögur um breyttar aðferðir við að finna þessi samheiti. Fyrir stjórnina var nú lagt skjal sem innihélt áætlun sem miðar að því að leggja niðurstöður fyrir framkvæmdastjórnarfundinn í janúar 2004 og ákvað framkvæmdastjórnin

að taka skjalið til athugunar. Bandaríkin gagnrýndu að ekki kæmi fram í skjalinu hvað hefði komið hingað til út úr endurskoðuninni.

2.3 Erfðafræði og alþjóðaheilbrigði.

Þetta virtist vera eitt af hitamálum fundarins og tóku margir til máls. Aðalframkvæmdastjóri WHO fór fram á það í janúar 2001 að ráðgjafahópur um heilbrigðisrannsóknir ynni að gerð skýrslu um áhrif framfara í erfðafræði á alþjóðaheilbrigði. Skýrslan kom út í apríl 2002 og greinir hún m.a. frá nýjustu framförum innan greinarinnar og hvernig þessi þekking gæti leitt til framfara innan læknavísindanna og þar með stuðlað að betri viðbrögðum við sjúkdómum og faröldrum, þá sérstaklega í fátækum löndum heims. Á sama tíma var varað við hættum sem tengst geta þessum framförum og bent á að margar siðferðilegar spurningar geti vaknað samfara þeim.

Framkvæmdastjórninni var boðið að samþykkja ályktun sem færi fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið 2004 þar sem efni og niðurstöður skýrslunnar yrðu samþykktar. Ákveðið var að fresta þessari ákvörðun til framkvæmdastjórnarfundarins í janúar 2004. Enn fremur var ákveðið að fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar mundu hafa samskipti þangað til um þetta mál á netmiðli sem WHO veitir aðgang að.

2.4 Líffæra- og vefjaígræðsla.

Kólumbía hafði sérstaklega beðið um að þetta yrði tekið upp á fundinum þar sem að líffæra- og vefjaígræðslur eru að verða hluti af heilbrigðisþjónustu nánast allra aðildarríkja. Litið hefur verið á ígræðslur sem kostnaðarsparandi í mörgum tilvikum, svo sem nýrnaígræðslur. En með þessari þróun hafa vaknað margar siðferðilegar spurningar. Árið 1991 samþykkti alþjóðaheilbrigðisþingið ályktun um grundvallarreglur sem hafðar skulu að leiðarljósi við líffæraígræðslur. Þessar reglur innihalda ekki reglur um öryggisstaðla eða reglur varðandi greiðslur fyrir líffæri. Eftirspurnin eftir líffærum fer sífellt vaxandi en í auknu hlutfalli við framboð. Hefur því eftirspurn eftir lifandi líffæragjöfum aukist og þar með farið að bera á greiðslum fyrir líffæri eða að líffæri séu fjarlægð úr lifandi líffæragjafa án samþykkis hans.

Skýrslan sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina var einungis ætluð til að vekja athygli á þessu málefni. Vegna góðra undirtekta var ákveðið að aðalskrifstofan stofnaði sérfræðihóp sem kæmi með ráðleggingar fyrir framkvæmdastjórnarfundinn í janúar 2004. Áætlað er í framhaldi af því að leggja ályktun fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið á næsta ári.

Ísland studdi að endurskoðun færi fram á grundvallarreglunum og lagði að auki áherslu á mikilvægi samvinnu aðildarríkjanna og minntist í því samhengi á *Scandiatransplant* sem er sameiginlegur líffærabanki Norðurlandanna.

2.5 Tillaga um lénsendingu með heilbrigðisvísun á veraldarvefnum.

Að beiðni Bandaríkjanna var þetta mál tekið upp á fundinum og lagði aðalskrifstofan fram skjal til upplýsinga þar sem núverandi stöðu er lýst. Samkvæmt stjórnarskrá WHO ber stofnuninni skylda til að veita heilbrigðisupplýsingar og hefur það þótt æ vænlegri kostur að nota veraldarvefinn við miðlun þessara upplýsinga. Á alþjóðaheilbrigðisþinginu 1998 var samþykkt ályktun um lækningatæki og notkun veraldarvefsins við að koma á framfæri heilbrigðisupplýsingum. Um mitt árið 2000 óskaði svo ICANN (Internet Corporation for Assigned Name and Numbers) eftir umsóknum um nýjar endingar á lénum veraldarvefsins og skráði WHO þá endinguna „.health“ sem gæti mætt þörfinni fyrir sérstakan stað á veraldarvefnum þar sem hægt er að nálgast áreiðanlegar heilbrigðisupplýsingar. Þessi tillaga

WHO er enn þá óafgreidd hjá ICANN en framkvæmdastjórninni var upphaflega sagt frá þessari umsókn árið 2001 þegar fyrirspurn kom frá Bandaríkjunum.

Bandaríkin fóru fram á það á fundinum að skoðað yrði hvort þetta samræmdist hlutverki WHO og ef svo væri, þá hversu mikill kostnaður hefði verið lagður í undirbúninginn og hver heildarkostnaðurinn mundi verða við þessa framkvæmd. Að auki vildu þeir vita hver mundi fylgjast með gæðum þeirra heilbrigðisupplýsinga sem fengju þessa lénsendingu og hvert yrði hlutverk ríkisstjórna, almennings og einkageirans.

2.6 Stjórnun og fjármál.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar sitja í ýmsum nefndum og má þar á meðal nefna áætlananefnd, endurskoðunarnefnd og stjórnunar- og fjármálanefnd. Þessar nefndir koma saman fyrir framkvæmdastjórnarfundina og tók Davíð Á. Gunnarsson fulltrúi Íslands sæti í stjórnunar- og fjármálanefnd.

Nokkur af þeim aðildarríkjum sem nýverið tóku sæti í framkvæmdastjórn tilkynntu á fundinum hvar megináherslur þeirra mundu liggja í stjórnartíð sinni. Sem dæmi má nefna að Kanada ætlar að leggja lið baráttunni við krabbamein. Kúba ætlar að leggja áherslu á áframhaldandi endurskoðun samþykktarinnar frá alþjóðaráðstefnunni um heilsugæslu sem haldin var í Alma Ata. Tékkland ætlar að berjast fyrir Heilbrigði fyrir alla (HFA) og Ísland sagðist ætla að leggja áherslu á málefni lamaðra og fatlaðra og þá ekki eingöngu endurhæfingu heldur einnig meðferð og að auki leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl með tilliti til mataræðis, hreyfingar og áfengisvarna.

3. Ályktanir fundarins.

Á fundinum var ein ályktun samþykkt, sbr. fylgiskjal II. Þessi ályktun var frá vinnuhópi sem fór yfir *verklagsreglur framkvæmdastjórnarinnar.* Ályktunin felur m.a. í sér að maífundur framkvæmdastjórnarinnar verði lengdur um tvo daga til að leyfa betri dreifingu mála á milli þeirra tveggja árlegu funda sem framkvæmdastjórnin heldur. Enn fremur að á 113. fundi framkvæmdastjórnarinnar sem haldinn verður í janúar 2004 verði endurskoðuð (skv. 16. starfsreglunni) starfsemi, tilgangur, umboð og samsetning eftirfarandi nefnda: endurskoðunarnefndar, áætlananefndar og stjórnunar- og fjármálanefndar. Tilgangurinn með þessu er að auka skilvirkni nefndanna svo og samstarf þeirra við framkvæmdastjórnarfundina. Einnig var samþykkt að skoða möguleikana á því að sameina fyrrnefndar nefndir eða auka samstarf þeirra á milli.

Að auki var ákveðið að frá og með 113. fundi framkvæmdastjórnarinnar muni kennispjöld fulltrúa sem sitja í framkvæmdastjórninni einungis bera nafn þess lands sem þeir eru fulltrúar fyrir en ekki nöfn fulltrúanna sjálfra. Að endingu var leyfi framkvæmdastjórnarinnar til að halda lokaða fundi takmarkað til muna.

FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í VÍN 8.–11. SEPTEMBER 2003

1. Inngangur.

Dagana 8.–11. september 2003 var 53. fundur svæðisnefndar WHO í Evrópu haldinn í Vín. Fundinn sóttu fulltrúar allra þeirra 52 landa sem tilheyra starfssvæði Evrópuskrifstofunnar. Fulltrúar alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana sóttu einnig fundinn.

Maria Rauch-Kallat, heilbrigðismálaráðherra Austurríkis, var kjörinn forseti fundarins. Fundarstjóri var kosinn dr. Jarkko Eskola frá Finnlandi, varafundarstjóri dr. Bozidar Voljc frá Slóveníu og skýrslugjafi Ainura Ibraimove frá Kirgistan.

Af Íslands hálfu sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Sigurður Guðmundsson landlæknir, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins í Genf.

2. Helstu umræðuefni fundarins.

Á fundinum var lögð áhersla á þrjú megindagskrárefni en þau voru endurskoðun á stefnuáherslum WHO um Heilbrigði fyrir alla, geðheilbrigðismál og heilsufar barna og ungmenna.

2.1 Endurskoðun áætlunar WHO um Heilbrigði fyrir alla (HFA).

Í umræðum um endurskoðun áætlunar WHO um Heilbrigði fyrir alla kom meðal annars fram að afar brýnt væri að koma upp gagnabanka svo safna mætti saman allri þeirri gagnreyndu þekkingu sem liggur fyrir á sviði lýðheilsu í álfunni og beita þannig hagkvæmustu og árangursríkustu aðferðunum til að efla þá þjónustu sem veita þarf. Gert er ráð fyrir að heildarendurskoðun á heilbrigðisáætlun WHO verði lokið innan tveggja ára. Margar þjóðir í Evrópu hafa sett sér heilbrigðisáætlanir sem byggjast á grunnstefjum Heilbrigðis fyrir alla sem WHO setti fram og er Ísland eitt þeirra ríkja.

Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og stjórnarmaður í WHO, fjallaði á þinginu um áætlanagerð af þessu tagi, hann greindi frá sérkennum íslensku heilbrigðisáætlunarinnar og útskýrði fyrir fundarmönnum nokkra þætti hennar. Þá dró Davíð fram og tók undir nokkra þætti sem fram höfðu komið hjá framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofunnar, dr. Marc Danzon, m.a. að huga yrði sérstaklega að siðfræði heilbrigðisþjónustunnar á næstu árum.

2.2 Geðheilbrigðismál.

Dr. Guðjón Magnússon, einn framkvæmdastjóra WHO í Kaupmannahöfn, hafði framsögu um geðheilbrigðismál. Hann greindi meðal annars frá undirbúningi evrópskrar ráðherraráðstefnu um efnið, sem haldin verður í Finnlandi 2005, en þar er gert ráð fyrir að evrópskir ráðherrar heilbrigðismála móti sameiginlega stefnu eða áherslur álfunnar í geðheilbrigðismálum.

Umræðurnar um geðheilbrigðismál einkenndust af þeirri staðreynd að geðrænir kvillar og sjúkdómar virðast fara vaxandi hvarvetna í álfunni, geðheilbrigðismálum er nú gefinn meiri gaumur víða um lönd en áður og á næstu árum þykir einsýnt að WHO muni leggja ríka áherslu á og hvetja til þess að geðheilbrigðismálin verði sett í brennipunkt.

Sigurður Guðmundsson landlæknir kynnti á fundinum áherslur Íslendinga í geðheilbrigðismálum. Sigurður fjallaði sérstaklega um samband geðraskana og sjálfsvíga og dró fram það sem gert hefur verið af hálfu embættisins og heilbrigðisyfirvalda í forvarnaskyni og sagði frá rannsóknum og verkefnum sem unnið er að á þessu sviði á Íslandi.

2.3 Heilsufar barna og ungmenna.

Alþjóðaheilbrigðisþingið í ár samþykkti alþjóðaáætlun sem miðar að því að styðja við heilsu og þroska barna og unglinga. Sérstök Evrópuáætlun mun leggja áherslu á sálfélagslegan þroska og geðheilbrigði barna og unglinga. Að auki mun Evrópuáætlunin leggja áherslu á að mæður séu bólusettar gegn rauðum hundum og að skoðað verði hvernig koma megi í veg fyrir misnotkun mæðra á áfengi og tóbaki.

Mikill munur er á heilsu barna og ungmenna í Evrópulöndunum. Þessi munur er greinilegur þegar skoðaðar eru tölur um ungbarnadauða og fjölda unglingsmæðra milli landa. Tíðni geðsjúkdóma og sjálfsvíga hefur aukist síðustu ár og um 84% þeirra sem greinast með alnæmisveiruna eru yngri en 30 ára.

Danmörk fyrir hönd Norðurlandanna lagði áherslu á að með því að bæta heilsu barna og unglinga væri stórt skref stigið í átt að því að ná þúsaldarmarkmiðunum. Enn fremur lögðu Norðurlöndin til að lögð yrði meiri áhersla á að fyrirbyggja áhættuhegðun unglinga, svo sem offitu, reykingar, áfengis- og vímuefnamisnotkun, óléttu unglingsstúlkna og kynsjúkdóma, þar á meðal alnæmi.

2.4 Ræða aðalframkvæmdastjóra WHO.

Dr. Lee Jong-wook, hinn nýi aðalframkvæmdastjóri WHO, ávarpaði Vínarfundinn og var það í fyrsta skipti sem aðalframkvæmdastjórinn sækir fund Evrópudeildar samtakanna eftir að hann tók við núverandi starfi sínu. Dr. Lee dró fram í máli sínu helstu áherslur samtakanna. Hann lagði áherslu á að heilbrigðisþjónustuna bæri að skilgreina sem eina heild í þeim skilningi að veikindi á unga aldri gætu og hefðu oft varanleg áhrif á fullorðinsár þess sem í hlut á. Hann fjallaði, eins og fleiri gerðu á Vínarfundinum, um tóbakssáttmálann sem samkomulag náðist um og skrifað var undir í Genf í júní og dró fram að 50 lönd hefðu skrifað undir sáttmálann en aðeins eitt þeirra fullgilt hann, en það var Noregur. Hvatti dr. Lee þjóðir heims til að fara að dæmi Norðmanna. Þess má geta að frá því að fundur svæðisnefndar Evrópu var haldinn í september sl. hafa nokkur lönd til viðbótar fullgilt samninginn.

Nokkrar umræður urðu um ræðu aðalframkvæmdastjórans. Davíð Á. Gunnarsson flutti aðalframkvæmdastjóranum árnaðaróskir íslenskra yfirvalda og lýsti ánægju sinni með áherslur hans. Tók Davíð undir með dr. Lee sem sagt hafði að ójöfnuður í heilbrigðisþjónustunni væri eitt það alvarlegasta sem margar þjóðir heims stæðu frammi fyrir. Davíð Á. Gunnarsson ítrekaði í máli sínu að hann mundi í störfum sínum í stjórn WHO einbeita sér að verkefnum sem stuðla mundu að heilsusamlegum lífsháttum, að fækka umferðarslysum og þar með alvarlegum afleiðingum þeirra, og að WHO léti meira til sín taka í málefnum fatlaðra og hreyfihamlaðra í framtíðinni.

2.5 Hitabylgjan í Evrópu.

Annað mál sem mjög bar á góma utan hinnar fyrir fram ákveðnu dagskrár voru afleiðingar hitabylgjunnar í sunnanverðri Evrópu í sumar. Í máli fransks fulltrúa á þinginu kom fram að um 11.500 manns hefðu látist vegna hitanna, yfirgnæfandi meiri hluti eldri borgarar. Ýmislegt bendir til þess að hjálpin sem aldraðir njóta venjulega, svo sem heimilishjálp, umönnun ættingja og vina og hvers konar önnur aðstoð, hafi að engu orðið í hitabylgjunni sem reið yfir Frakkland þegar flestir Frakkar voru í sumarfríi og þannig orðið til þess að aldraðir fengu ekki þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurftu á að halda.

Í umræðunum um málið kom fram að heilbrigðisyfirvöld í Evrópu líta það sem gerðist mjög alvarlegum augum og eins hitt að menn skuli hafa staðið ráðþrota gagnvart því ástandi sem skapaðist. Voru forustumenn Evrópuskrifstofu WHO hvattir til að setja málið með afgerandi hætti á dagskrá samtakanna, reyna að skýra hvað gerðist með vísindalegum hætti og miðla upplýsingunum til aðildarlandanna. Var á fundinum lagt fram bráðabirgðayfirlit af hálfu WHO um það sem gerðist en þar koma m.a. fram leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við og jafnframt eru aðildarþjóðirnar hvattar til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að freista þess að koma í veg fyrir að atburðirnir frá í sumar endurtaki sig.

3. Ályktanir fundarins.

Á fundi svæðisnefndar WHO voru samþykktar átta ályktanir, sbr. fylgiskjal III, og er hér gerð grein fyrir helstu atriðum þeirra.

3.1 Aðild að framkvæmdastjórn WHO.

Samþykkt var ályktun þar sem aðildarríki voru beðin um að fullgilda breytingar á 24. og 25. gr. stjórnarskrár WHO sem mun gefa Evrópusvæðinu áttunda sætið í framkvæmdastjórn en eins og er eru sjö sæti tileinkuð Evrópusvæðinu. Að auki var sætaskipting innan Evrópusvæðisins ákveðin. Eins og er hafa þau lönd Evrópu sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, þ.e. Frakkland, Bretland og Rússland, rétt til setu í framkvæmdastjórn WHO þrjú af hverjum fjórum árum. Svæðisnefndin mælti með því að þessi lönd tækju einungis stöðu í framkvæmdastjórn þrjú af hverjum sex árum frá og með árinu 2006. Í ályktuninni voru aðildarríkin svo hvött til að notast við leiðbeiningar fastanefndar Evrópuskrifstofunnar við val á einstaklingum til setu í framkvæmdastjórn og að lokum var fastanefnd Evrópuskrifstofunnar falið að gefa út skýrslu árið 2010 um gang mála.

3.2 Framkvæmd Evrópuáætlunar WHO um aðlögun þjónustu að nýjum þörfum.

Aðildarríkin samþykktu ályktun þar sem fram kom að þau væru sammála um að framvinda hafi orðið í málum sem snúa að því að auka gæði og sníða heilbrigðisþjónustu að þörfum hvers aðildarríkis fyrir sig. En Evrópuáætlunin er hugsuð sem stuðningur við aðildarríkin við þróun á heilbrigðisstefnu, heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu. Evrópuskrifstofan var beðin um að halda áfram vinnu sinni og leggja skýrslu um framvindu fram fyrir næsta fund svæðisnefndar Evrópu 2004.

3.3 Endurskoðun á Heilbrigði fyrir alla á 21. öldinni (HFA 21): heilbrigðisstefna fyrir Evrópu.

Samþykkt var ályktun um áætlun fyrir endurskoðun á heilbrigðisstefnu Evrópu: Heilbrigði fyrir alla á 21. öldinni. Þessari endurskoðun á að ljúka árið 2005 en hún hófst fyrr á þessu ári. Þess má geta að síðasta endurskoðun á heilbrigðisstefnu Evrópu fór fram 1998.

Áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um *heilbrigði fyrir alla* má rekja allt aftur til ársins 1977 en árið 1980 var þessi heilbrigðisstefna tekin upp innan Evrópusvæðisins og árið 1984 var hún sérstaklega aðlöguð að heilbrigðismálum í Evrópu. Stefnan hefur haft mikla þýðingu fyrir þróun heilbrigðismála um heim allan, ekki síst í aðildarríkjum Evrópusvæðisins.

3.4 Geðheilsa í Evrópu.

Í alþjóðaheilbrigðisskýrslu WHO kemur fram að geðheilsa innan Evrópusvæðisins hefur staðið í stað seinustu árin. Í áætluninni er farið fram á það við Evrópuskrifstofuna að hún skipuleggi ráðherrafund um geðheilsu í Helsinki í janúar 2005. Enn fremur að hún taki tillit til geðheilsu við endurskoðun á heilbrigðisstefnu Evrópu: Heilbrigði fyrir alla (HFA).

3.5 Skipun í nefnd sem fer yfir umsóknir til stöðu framkvæmdastjóra Evrópudeildar WHO.

Samþykkt var ályktun um skipan í nefnd sem fer yfir umsóknir til stöðu framkvæmdastjóra Evrópudeildar en þetta er í fjórða skiptið sem Evrópudeildin skipar slíka nefnd. Davíð Á. Gunnarsson var kosinn einn af varamönnum nefndarinnar. Að auki voru kosnir nefndarmenn dr. Ainura Ibraimova frá Kirgistan, Barbara Bitner frá Póllandi, Pr. José Martin-Moreno frá Spáni og varamenn dr. Sergei Mikhajlovich Furgal frá Rússlandi og Pr. Sabahattin Avdin frá Tyrklandi.

Núverandi framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar, dr. Mark Dansson, mun ljúka kjörtímabili sínu á næsta ári en hann hefur þegar tilkynnt framboð sitt til áframhaldandi setu á næsta kjörtímabili.

3.6 Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar.

Svæðisnefndin samþykkti skýrslu fastanefndarinnar og fól framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofunnar að framfylgja niðurstöðum og tillögum hennar. Skýrslan innihélt niðurstöður og ákvarðanir frá fundum nefndarinnar í september og desember 2002 og apríl og maí 2003.

3.7 Heilbrigði barna og unglinga í Evrópu.

Í ályktuninni sem samþykkt var undir þessum lið var farið fram á að það við Evrópuskrifstofuna að gerð yrði sérstök áætlun fyrir Evrópu um heilbrigði barna og unglinga í samvinnu við aðildarríkin og að áætlunin yrði svo kynnt á 55. fundi svæðisnefndarinnar 2005. Að auki voru aðildarríki hvött til að vinna að því að auka heilbrigði barna og unglinga. Í ályktuninni var einnig farið fram á að tekið yrði tillit til útkomu ráðherrafundarins um umhverfi og heilsu sem halda á í Búdapest 23.–25. júní 2004 og að tekið yrði tillit til sérstaks kafla í Evrópuskýrslu svæðisefndarinnar 2005 sem fjalla mun um heilbrigði barna og unglinga.

3.8 Næstu fundir svæðisnefndar WHO.

Svæðisnefndin ákvað að 54. fundur nefndarinnar yrði haldinn í Kaupmannahöfn 14.–18. september 2004. Ekki var ákveðið hvar 55. fundur nefndarinnar 2005 verður haldinn en Eistland, Georgía og Rúmenía hafa boðist til að halda fundinn.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 2003

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn í ár sem haldinn var 7. apríl sl. var helgaður því að tryggja börnum heilbrigt umhverfi. Rúmlega fimm milljónir barna yngri en 14 ára deyja á ári hverju af völdum sjúkdóma sem beint og óbeint má rekja til ýmissa þátta í umhverfi þeirra.

Algengustu ástæðurnar eru sjúkdómar í þriðja heiminum, svo sem niðurgangur, malaría og aðrir sjúkdómar sem berast með smitferjum, t.d. skordýrum. Einnig verða mörg dauðsföll barna af völdum bráðasýkingar í öndunarfærum og meiðsl eða örkuml af völdum slysa.

Í ávarpi dr. Gro Harlem Brundtland sagði hún að unnt væri að koma í veg fyrir mörg dauðsföll og að til væru áætlanir sem brýnt væri að hrinda í framkvæmd. Hún hvatti heilbrigðisyfirvöld til að leita svara við því hvaða hættur það eru sem ógna öryggi barna í skólanum, í borg og bæ eða á heimilum og hvernig sé unnt að koma í veg fyrir þær.

Í tilefni alþjóðaheilbrigðisdagsins boðaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið til fundar sem hófst með setningarávarpi Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Umræða fundarins snerist um áherslur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar varðandi heilbrigt umhverfi barna, enn fremur var heilbrigð sjálfsmynd grunnskólabarna og börn og fátækt tekin fyrir.

Fylgiskjal I.

Ályktanir Alþjóðaheilbrigðisþingsins.

I. Tæknileg málefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Krafa á aðalskrifstofu WHO	Krafa á aðildarríkin
WHA56.1	Rammasamningur um tóbaksvarnir	WHA49.17 WHA52.18 A56/INC.DOC./7	Styðja aðildarríki við framkvæmd. Yfirumsjón.	Íhuga undirskrift/ samþykkt og fullgildingu eins fljótt og auðið er.
WHA56.6	25 ára afmæli alþjóðaráðstefnu um heilsugæslu (Alma-Ata)	A56/27	Halda endurmatsfund. Koma viðhorfum heilsugæslu inn í dagskrá WHO. Skýrsla til WHA57.	Þróa heilsugæslu. Þjálfa starfsfólk. Virkja samfélagið.
WHA56.7	Útrýming afrísku svefnsýkinnar	A56/9	Samhæfa herferð gegn svefnsýki. Skýrsla til WHA57.	Styðja Afríku í útrýmingarherferð gegn svefnsýki og tsetse-flugunni.
WHA56.19	Forvarnir og stjórnun á inflúensu og öðrum árlegum faröldrum	WHA22.47 WHA48.13 EB111.R6	Stuðningur við aðildarríki. Stuðla að nýjum leiðum til samvinnu. Forustuhlutverk. Styrkja alþjóðaeftirlit.	Stofna/styrkja bólusetningar-herferðir í heimalandi. Auka viðbúnað. Styrkja rannsóknir á bóluefnum.
WHA56.20	Fækkun dauðatilfella af völdum mislinga	E111.R5	Svæðaskrifstofur styðji aðildarríkin við bólusetningar og eftirlit. Styrkja samstarf; alþjóðlegt, milli svæða og innan lands. Skýrsla til WHA57.	Framkvæmd áætlunar WHO/ UNICEF um fækkun dauðatilfella af völdum mislinga. Styrkja bólusetningar í heimalandi.
WHA56.21	Heilbrigðis- og þroskaáætlun barna og unglinga	A56/15 Ályktun allsherjarþings Sþ 48/104 WHO/FCH/CAH/ 02.21	Styðja aðildarríkin í að ná alþjóðlegum markmiðum. Efla rannsóknir. Hafa lýðheilsu að leiðarljósi í baráttunni við almenna sjúkdóma. Styðja rannsóknir á þáttum sem hafa áhrif á lífsstíl unglinga. Skýrsla til WHA57.	Auka viðleitni til að ná alþjóðlegum markmiðum um fækkun dauðatilfella mæðra og barna, svo og koma í veg fyrir næringarskort. Auka umfang gagnreyndra rannsókna sem miða að því að styrkja heilbrigðan þroska barna og unglinga.
WHA56.22	Alþjóðaáætlun fyrir efnastjórnun: þátttaka alþjóða-heilbrigðisgeirans		Hafa yfirumsjón með þróun áætlunar. Samstarf við UNEP, umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna. Leggja fram áætlunina á WHA þegar henni hefur verið lokið.	Taka fullt tillit til heilsuþátta sem tengjast efnaöryggi. Þróa alþjóðaáætlun fyrir efnastjórnun.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Krafa á aðalskrifstofu WHO	Krafa á aðildarríkin
WHA56.23	Sameiginlegt mat FAO/WHO á vinnu fæðustaðlanefndar (Codex Alimentarius)	WHA40.20 WHA53.15 A56/34	Þróa framkvæmdaáætlun til að koma til móts við ráðleggingar í skýrslu Codex-nefndarinnar. Samstarf við FAO. Styrkja vinnu tengda fæðuöryggi. Greina tengsl milli sjúkdóma sem berast með fæðu og sjúkdóma af völdum spilltrar fæðu.	Taka virkan þátt í vinnu að alþjóðastöðlum innan Codex-rammans. Hvetja til samstarfs innan greinarinnar. Greiða fyrir þátttöku sérfræðinga í alþjóðasamstarfi.
WHA56.24	Alþjóðaskýrsla um ofbeldi og heilsu: framkvæmd ráðlegginga	EB111.R7 WHA49.25 WHA50.19	Samstarf við aðildarríkin um mótun heilbrigðisstefnu. Stuðla að gagnreyndum rannsóknum. Samstarf við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna.	Kynna skýrsluna. Heilbrigðisráðuneyti tilnefni tengilið. Útbúa skýrslu um ástand í heimalandi.
WHA56.25	Hlutverk verktakasamninga í því að auka afköst heilbrigðiskerfa	A56/22	Búa til gagnagrunn um mat á mismunandi tegundum verktakasamninga. Auðvelda aðgengi að þekkingu á þessu sviði. Þróa mælitæki og aðferðarfræði.	Samþykkja verktakasamninga með tilliti til stefnu í heilbrigðismálum. Hafa aukin afköst heilbrigðiskerfis að leiðarljósi við mótun stefnu varðandi verktakasamninga. Deila þekkingu.
WHA56.26	Útrýming blindu sem koma má í veg fyrir	A56/26 WHA22.29 WHA25.55 WHA28.54 WHA45.10 WHA51.11	Skipuleggja framkvæmd á átakinu Sýn 2020 (Vision 2020). Þjálfa starfsfólk. Skýrsla til WHA59.	Styðja við átakið Sýn 2020. Tryggja skipulag í heimalandi og virka gagnasöfnun.
WHA56.27	Einkaleyfaréttindi og nýsköpun innan heilbrigðisþjónustunnar	WHA56/17	Aðstoða aðildarríki við að deila tækni og upplýsingum. Gera greiningu á einkaleyfisréttindum. Fylgjast með afleiðingum alþjóðlegra einkaleyfasamninga á alþjóðaheilbrigði.	Aðlaga löggjöf til að geta fullnýtt samninginn um TRIPS (aðgangur aðildarríkja WTO að nauðsynlegum lyfjum). (Reyna að ná samkomulagi um málsgrein 6 í Doha-yfirlýsingunni – þetta samkomulag náðist innan WTO í september 2003).
WHA56.28	Endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðum (IHR)	EB111.R13 WHA48.7 WHA48.13 WHA54.14 WHA55.16	Kalla saman alþjóðlegan vinnuhóp um endurskoðun IHR. Vara alþjóðasamfélagið við ógnunum við almannaheill og starfa í samvinnu við aðildarríkin við mat á alvarleika atvika sem upp koma. Greiða fyrir því að lokið verði við endurskoðun á IHR.	Gefa forgang vinnu sem miðar að endurskoðun IHR. Koma á fót starfshópi. Tryggja marglaga samstarf.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Krafa á aðalskrifstofu WHO	Krafa á aðildarríkin
WHA56.29	HABL (SARS)	A56/48 WHA48.13 WHA54.14 EB111.R6 EB111.R13	Viðhalda stjórnun á SARS. Endurskoða og staðla leiðbeiningar. Endurskoða upplýsingar um smitleiðir. Virkja vísindalegar rannsóknir. Styrkja viðbragða- og viðvaranakerfi WHO við heimsfaröldrum (The Global Network). Skýrsla til WHA57.	Skuldbinda sig til að hafa stjórn á SARS. Nota leiðbeiningar sem WHO leggur til. Tilkynna tafarlaust ný tilfelli. Auka eftirlit með SARS. Samvinna og aðstoð við viðbragða- og viðvaranakerfi WHO (The Global Network).
WHA56.30	Alþjóða-alnæmisáætlun	EB111.R4 A56/12	Veita aðildarríkjum stuðning við að koma áætluninni í framkvæmd. Veita tæknilegan stuðning við undirbúning á umsókn til Heimssjóðsins (The Global Fund). Aðstoða aðildarríki í viðleitni sinni við að ná takmarki WHO um aukin aðgang að andretroveiru-lyfjameðferð. Stjórna marglaga tilboðum um stuðning. Skýrsla til WHA57.	Hrinda áætluninni í framkvæmd. Fá sem flesta til að taka þátt í framkvæmd og mati á árangri áætlunarinnar. Auka samstarf í baráttunni við alnæmi. Tryggja að hagsmunir almennings séu hafðir í fyrirrúmi við mótun stefnu um aðgang að lyfjum og heilbrigðisþjónustu.
WHA56.31	Óhefðbundin lyf	EB111.R12 WHA22.54 WHA29.72 WHA30.49 WHA31.33 WHA40.33 WHA41.19 WHA42.43 WHA54.11	Aðstoða aðildarríki við stefnumótun. Veita aðildarríkjum tæknilega aðstoð við þróun mælitækja og aðferðarfræði til að tryggja gæði. Aðstoða aðildarríki við að skilgreina hvenær hvaða meðferð geti verið við hæfi. Leita eftir gagnreyndum upplýsingum um óhefðbundnar meðferðir. Skýrsla til WHA58.	Grundvalla vinnuáætlanir á áætlun WHO um óhefðbundin lyf. Viðurkenna hlutverk þeirra sem leggja stund á óhefðbundin meðferðarform. Styðja rannsóknir á óhefðbundnum meðferðum. Veita áreiðanlegar upplýsingar. Hvetja til þess að aðildarríkin setji óhefðbundin lyf inn í lista sína yfir nauðsynleg lyf.

II. Stjórnunarleg málefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA56.2 WHA56.3	Skipun nýs aðalframkvæmdastjóra Starfssamningur aðalframkvæmdastjóra	EB111.R15 EB111.R16 A56/6	Dr. Lee Jong-wook settur aðalframkvæmdastjóri. Starfssamningur samþykktur.
WHA56.4	Þakklæti til dr. Gro Harlem Brundtland	EB111.R17	Dr. Gro Harlem Brundtland boðið að fara á eftirlaun.
WHA56.8	Skipun í stöðu ytri endurskoðanda	A56/31 A56/31 Add.1 & Add2	Ríkisendurskoðandi Indlands settur yfir næstu tvö fjárhagstímabil 2004–2005 og 2006–2007.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA56.9	Óendurskoðuð bráðabirgðafjármála-skýrsla yfir reikninga WHO fyrir 2002	A56/28 A56/28 Add.1 A56/47	Óendurskoðuð fjármálaskýrsla fyrir 2002 samþykkt.
WHA56.10	Aðildarríki sem ekki hafa greitt nægan hluta framlaga sinna og missa þar með kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðis-þinginu eins og kveður á um í grein 7 í stjórnarskrá WHO	A56/32	Kosningaréttur Hvítarússlands, Perú, Sankti-Lúsía og Venesúela gerður óvirkur fyrir WHA57 ef framlög þessara landa verða enn í vanskilum í maí 2004. Lönd án kosningaréttar á WHA56 gerð nafnkunn (þar af 8 lönd frá Evrópu).
WHA56.11	Vanskil á framlögum: Kasakstan	A56/32 A56/33	Kasakstan samþykkir ný áform um endurgreiðslu. Kasakstan fær kosningarétt.
WHA56.12	Endurmat á framlögum fyrir árin 2002 og 2003	Ákvörðun EB111(3)	Endurskoðuð framlög Tímor-Leste, Afganistans og Argentínu samþykkt.
WHA56.13 WHA56.14	Fasteignasjóður Fasteignasjóður: Svæðisskrifstofa Afríku	A56/5 WHA55.8	WHO heimilaði byggingu nýrra höfuðstöðva fyrir svæðisskrifstofu Afríku í Brazzaville.
WHA56.15	Innlimun Tímor-Leste inn í Suðaustur-Asíusvæðið	A56/36	Ákveðið var að Tímor-Leste yrði eitt af þeim löndum sem tilheyra Suðaustur-Asíusvæðinu.
WHA56.16	Innlimun Kýpur inn í Evrópusvæðið frá Austur-Miðjarðarhafssvæðinu	A56/37	Ákveðið var að Kýpur yrði eitt af þeim löndum sem tilheyra Evrópusvæðinu.

III. Fjárhagsáætlun 2004–2005.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA56.32	Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2004–2005	PB/2004–2005 A56/INF.DOC./1 A56/51 EB111/2003/REC/1 EB111.R3 A56/5 A56/50 A56/6 A56/7	Föst framlög hljóða upp á 880.111.000 bandaríkjadali. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur verði 1.824.500.000 dalir. Þar með eru heildartekjur metnar 2.704.611.000 dalir. Ákveðið var að 12.364.000 dalir af öðrum tekjum (miscellaneous) yrðu notaðir til að brúa það bil sem vantar inn í aðlögunartímabil á framlögum aðildarríkja milli 2000–2001 og 2004–2005. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að setja fram skýrslu á 113. framkvæmda-stjórnarfundinum í janúar 2004 sem inniheldur útgjaldaliði fyrir rekstur á tímabilinu 2004–2005.
WHA56.33	Aðferð við útreikninga á framlögum aðildarríkja	A56/35 A56/INF.DoC./3 A56/51 EB111/2003/REC/1 Ákvörðun EB111(3)	Viðurkennd var nýjasta aðferð Sameinuðu þjóðanna við útreikning á framlögum þar sem hvert aðildarríki greiðir minnst 0,0001% eða mest 22% af heildarframlögum.
WHA56.34	Aðlögunarferli að nýrri aðferð við útreikninga á framlögum	WHA56.33	Sett var fram aðlögunarferli þar sem fjármunir eru fundnir til að brúa bilið milli framlaga fyrir tímabilið 2001–2002 borið saman við næstu tvö tímabil 2004–2005 og 2006–2007.

IV. Starfsmannamál.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða/útkoma
WHA56.17	Starfsmannamál: jafnvægi í kynjahlutfalli	A56/39 WHA50.16	Ítrekuð var áætlun um að konur gegndu helmingi sérfræðistarfa og annarra hærri skilgreindra starfa (e. high-category posts).
WHA56.35	Fjöldi starfsmanna frá þróunarlöndunum innan aðalskrifstofunnar	WHA55.24 A56/40	Eftirfarandi reikniregla var samþykkt varðandi ráðningu starfsmanna WHO: framlög vega 45%, aðild (1/192 aðildarríkjum) vega 45% og íbúafjöldi aðildarríkis vegur 10%. Sett var markmið að 60% (næstu 2 árin) af nýráðnu starfsfólki komi frá aðildarríkjum sem hafa enga eða of fáa starfsmenn samkvæmt reikniformúlunni hér að ofan. Framvinduskýrsla til WHA57.
WHA56.18	Laun aðalframkvæmdastjóra og starfsfólks í óflokkuðum störfum	EB111.R10	Laun endurskoðuð frá janúar 2003.

V. Önnur mál.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Krafist af aðalskrifstofu WHO
WHA56.5	Heilsuástand, og aðstoð við, Araba á hernumdum svæðum í Mið-Austurlöndum, þar á meðal Palestínu	A56/44 Fyrri ályktanir um heilsuástand á hernumdum svæðum í Mið-Austurlöndum.	Stuðningur við heilbrigðisráðuneyti Palestínu. Veita tækniaðstoð við heilbrigðisáætlanir fyrir Palestínumenn. Skýrsla til WHA57.

Fylgiskjal II.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EB112.R1	Verklagsreglur framkvæmdastjórnarinnar	WHA54.22 WHA33.17 EB112/8 Ákvörðun EB109(2)	Að maífundur framkvæmdastjórnarinnar verði lengdur um 2 daga. Endurskoðuð verði starfsemi, tilgangur, umboð og samsetning endurskoðunarnefndar, áætlananefndar og stjórnunar- og fjármálanefndar. Að frá og með EB113 beri kennispjöld nafn þeirra landa sem eiga sæti í framkvæmdastjórn en ekki nafn fulltrúa þessara landa. Að aðalframkvæmdastjóri athugi hvort hægt sé að breyta tímasetningum fundanna og skili skýrslu þess efnis til EB113. Að ályktun verði lögð fyrir 57. alþjóðaheilbrigðisþingið 2004.

Fylgiskjal III.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EUR/RC53/R1	Aðild að framkvæmdastjórn	EUR/RC53/4	Aðildarríki hvött til að fullgilda breytingar á greinum 24 og 25 í stjórnarskrá WHO, sem mun gefa Evrópu áttunda sætið í framkvæmdastjórn (Ísland hefur þegar fullgilt þessar greinar). Aðildarríki eru beðin um að notast við leiðbeiningar fastanefndar Evrópuskrifstofu við val á einstaklingum til setu í framkvæmdastjórn. Mælst er til þess að frá og með 2006 sitji þau lönd sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna einungis 3 af hverjum 6 árum í framkvæmdastjórn WHO. Mælst er til þess að frá og með 2004 verði farið eftir tillögum fastanefndar Evrópuskrifstofu um sætaskiptingu innan Evrópusvæðisins. Skýrsla um gang mála til RC60, fundar svæðisnefndar WHO í Evrópu 2010.
EUR/RC53/R2	Framkvæmd Evrópuáætlunar um aðlögun þjónustu að nýjum þörfum	EUR/RC50/R5 EUR/RC49/R5 EUR/RC53/10	Að Evrópuskrifstofan vinni að því að koma Evrópuáætluninni í framkvæmd. Að Evrópuskrifstofan skili inn skýrslu um gang mála til RC54, fundar svæðisnefndar Evrópu árið 2004. Ákveðið var að aðildarríki mundu styðja svæðisskrifstofu Evrópu við frekari útfærslu og framkvæmd á Evrópuáætluninni.
EUR/RC53/R3	Endurskoðun á Heilbrigði fyrir alla (HFA): heilbrigðisstefnu fyrir Evrópu	EUR/RC48/R5 EUR/RC53/8	Að Evrópuskrifstofan haldi áfram endurskoðunarferlinu. Að Evrópuskrifstofan ráðfæri sig við aðildarríkin. Að Evrópuskrifstofan skili skýrslu til RC54. Að Evrópuskrifstofan skili inn lokaendurskoðun til samþykktar á RC55.
EUR/RC53/R4	Geðheilsa í Evrópu	EUR/RC51/R5 EUR/RC53/7 The World Health Report 2002	Að Evrópuskrifstofan taki tillit til geðheilsu við endurskoðun á heilbrigðisstefnu Evrópu: Heilbrigði fyrir alla (HFA). Að Evrópuskrifstofan skipuleggi ráðherrafund um geðheilsu í Evrópu, í Helsinki í janúar 2005. Enn fremur að þema fundarins verði: „tekist á við áskoranir – úrlausnir fundnar“.
EUR/RC53/R5	Skipun í nefnd sem fer yfir umsóknir til stöðu framkvæmdastjórnar Evrópudeildar (Regional Search Group)	EUR/RC53/Inf. Doc./2	Sex fulltrúar skipaðir í nefndina. Nefndin skal fara eftir reglum í skjali EUR/RC53/Inf.Doc./2 og skila inn skýrslu til RC54.
EUR/RC53/R6	Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar	EUR/RC53/4 EUR/RC53/4 Add.1 EUR/RC53/R1	Skýrsla nefndarinnar samþykkt. Evrópuskrifstofan beðið um að taka mark á niðurstöðum og tillögum skýrslunnar.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EUR/RC53/R7	Heilbrigði barna og unglinga í Evrópu	WHA56.21 EUR/RC53/11	Aðildarríkin eru hvött til að leggja aukna áherslu á heilsu og þroska barna og unglinga, þar á meðal hreyfingu og geðheilbrigði. Farið fram á það að Evrópuskrifstofan haldi áfram að undirbúa Evrópuáætlun um heilbrigði barna og unglinga í samvinnu við aðildarríkin, og að hún skili skýrslu til RC55. Farið fram á það að Evrópuskrifstofan taki í Evrópuáætluninni um heilbrigði barna og unglinga tillit til útkomu ráðherrafundarins um heilbrigði og umhverfi, sem haldinn verður í Búdapest 23.–25. júní 2004. Enn fremur að tillit verði tekið til sérstaks kafla um heilbrigði barna og unglinga í „heilbrigðisskýrslu Evrópu 2005“.
EUR/RC53/R8	Dagsetningar og staðsetningar næstu funda Evrópusvæðis-nefndar WHO	EUR/RC52/R5	Að 54. fundur svæðisnefndar Evrópu verði haldinn í svæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn dagana 6.–9. september 2004. Að 55. fundur svæðisnefndarinnar verði haldinn dagana 12.–15. september 2005. Tekið verður tillit til boða Eistlands, Georgíu og Rúmeníu um að halda 55. fund svæðisnefndarinnar. Biður Evrópuskrifstofuna um að ræða við fyrrnefnd ríki sem boðist hafa til þess að halda 55. fund svæðisnefndarinnar. Ef ekki verður komist að samkomulagi um hvar skuli halda 55. fund svæðisnefndarinnar fyrir 30. nóvember 2003 þá muni fundurinn verða haldinn í svæðisskrifstofu Evrópu í Kaupmannahöfn.

1202. Nefndarálit [479. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd gagnrýna harðlega að þingsályktunartillaga um staðfestingu jafnmikilvægra samninga og þeirra sem gerðir voru á sl. ári um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum skuli ekki lögð fyrir Alþingi fyrr en hálfu ári eftir að samningaviðræðum lauk. Samningum við Færeyinga var lokið 4. júní sl. og við Norðmenn 26. júní. Tillaga um staðfestingu samninganna var hins vegar ekki lögð fram á haustþingi og ekki fyrr en þing kom saman að nýju 28. janúar sl. Þetta eru óásættanleg vinnubrögð sem hvorki utanríkisráðherra í umræðum á þingi né fulltrúar ráðuneytisins sem komu á fund utanríkismálanefndar gátu skýrt. Það þjónar harla litlum tilgangi að ræða samninga sem löngu er búið að gera og hafa runnið meira en hálft skeið sitt þegar Alþingi á loks kost á að segja skoðun sína á innihaldi þeirra og ljúka staðfestingarferlinu. Slík vinnuaðferð felur í sér að ríkisstjórnin lítur einungis á afgreiðslu Alþingis sem formlegan stimpil en ekki sem lýðræðislega aðferð til að fá fram viðhorf og vilja Alþingis.

Ófullnægjandi vinnubrögð.

Tilgangurinn með umfjöllun Alþingis um samninga af þessu tagi er m.a. að fá fram viðbrögð Alþingis til efnisatriða samninganna. Þau hljóta að vera partur af veganesti ríkisstjórnarinnar þegar kemur að endurnýjun samninganna. Það er því sérlega ámælisvert að þingsályktunartillagan skuli að þarflausu lögð svo seint fram að endurnýjunarferlið var hafið, og í reynd lokið án árangurs áður en meðferð samninganna á Alþingi lauk. Í þessu sambandi er vert að vekja sérstaka athygli á því að í samningnum við Norðmenn var að finna nýmæli, sem er umdeilanlegt frá sjónarhóli íslenskra hagsmuna, eins og reifað er í lok nefndarálitsins og meiri hlutinn drepur einnig á í sínu áliti. Það hefði því verið einkar gagnlegt fyrir ríkisstjórnina að hafa viðhorf Alþingis gagnvart því til hliðsjónar þegar endurnýjunarferlið hófst. Fulltrúar Samfylkingarinnar átelja því vinnubrögð utanríkisráðherra varðandi framlagningu þingsályktunartillögunnar og mælast eindregið til þess í ljósi samningahagsmuna Íslendinga að ráðuneytið hagi vinnulagi sínu með öðrum hætti í framtíðinni.

Samfylkingin hefur fullan skilning á því að brýnt er að ná samningum um veiðar úr jafnmikilvægum stofni og norsk-íslenska síldarstofninum. Miklir framtíðarhagsmunir liggja í því að þeim þjóðum sem nýta hann takist sameiginlega að haga veiðum úr honum með skynsamlegum hætti svo að unnt sé að byggja stofninn upp. Nái stofninn aftur fyrri stærð standa allar líkur til þess að fullorðna síldin taki aftur upp göngur á hafsvæði sem nú eru innan íslensku efnahagslögsögunnar og dvelji þar í ætisleit 7–8 mánuði á ári. Það mundi í senn styrkja mjög kröfur Íslendinga um aukna hlutdeild í stofninum og um leið efla sjávarútveg hér á landi, ekki síst á austur- og suðausturhluta landsins. Við slíka samninga þarf eðlilega stundum að slaka á ýtrustu kröfum til að ná niðurstöðu sem til langs tíma vegur upp það sem álíta má fórnarkostnað til skemmri tíma. Öllum stundum er hins vegar brýnt að halda fast á málum fyrir okkar hönd. Íslensk stjórnvöld og samningamenn Íslendinga mega aldrei tapa sjónar á þeirri staðreynd að það voru Norðmenn sem drápu niður stofninn á sjöunda áratugnum með *gríðarlegri rányrkju á síldarseiðum og ungsíld í norskri lögsögu*. Veiðar Íslendinga á fullorðinni síld áttu þar engan hlut að máli. Um þetta liggja fyrir vísindalegar niðurstöður og álit virtustu fræðimanna Norðmanna á sviði fiskivísinda. Frá því að samningurinn um skiptingu afla úr stofninum 1996 var gerður, sem síðari samningar hafa byggst á, hefur þó aldrei verið gerð ítarleg grein fyrir þessum staðreyndum af hálfu utanríkisráðherra. Það er síst í þágu íslenskra hagsmuna að halda framangreindum staðreyndum ekki á lofti. Það hefur heldur ekki verið jafnbrýnt og nú þegar Norðmenn hafa tvö síðustu árin sett fram furðu óbilgjarnar kröfur um stóraukna hlutdeild sér til handa. Samfylkingin átelur þessi vinnubrögð.

Eftirgjöf er óverjandi.

Engin rök hníga að því að samningurinn frá 1996, sem síðari samningar hafa byggst á, hafi í ljósi veiðisögunnar verið fullnægjandi eða „þokkalega ásættanlegur“ eins og utanríkisráðherra orðaði það í umræðum á Alþingi í febrúar sl. Hvorki söguleg veiðireynsla Íslendinga, sem á hátindi veiðanna veiddu um 40% heildarafla úr stofninum, né þáttur Norðmanna í hruni stofnsins réttlæta þá skoðun. Á sínum tíma, þegar samningurinn var gerður 1996, var þessu mótmælt af stjórnarandstöðunni sem léði niðurstöðunni ekki stuðning sinn. Í þessu ljósi, og ekki síður með hliðsjón af kröfum Norðmanna síðustu árin um aukna hlutdeild sér til handa, er það bæði óásættanlegt og óskiljanlegt að íslensk stjórnvöld skuli ekki halda fram af krafti þeim sögulegu rökum sem styðja kröfur okkar um ríkari skerf úr stofninum en þau 15,54% úr heildarafla sem nú falla Íslendingum í skaut. Enn síður er hægt að skýra þá linkind sem birtist í því að utanríkisráðherra hefur nýlega gefið undir fótinn með frekari eftirgjöf

gagnvart Norðmönnum. Þetta gerði ráðherrann í umræðum um fiskveiðisamninga á Alþingi 24. febrúar sl. Það er ekki síst vegna þeirra ummæla sem fulltrúar Samfylkingarinnar í utanríkismálanefnd telja að það sé ekki í þágu íslenskra hagsmuna að standa að nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Þeir sem það gera eru að verja vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í málinu.

Í umræðunni þann 24. febrúar sl. sagði utanríkisráðherra m.a. um samskipti Norðmanna og Íslendinga: „Það er ekki afsakanlegt að setja samskipti þeirra í uppnám út af nokkrum þúsundum tonna af síld.“ Síðar í umræðunni skýrði ráðherrann þessi orð sín með svofelldum hætti: „Það sem ég átti við þegar ég talaði um nokkur þúsund tonn af síld er að ég tel, og ég skal endurtaka það, að t.d. 3.000–5.000 tonn af síld séu ekki af þeirri stærðargráðu að þau réttlæti upplausn í samskiptum Íslands og Noregs. Hvaða efnahagslega stærð er það fyrir stórveldið Noreg? Hvaða máli skiptir það í efnahagslegu samhengi? Það skiptir meira að segja tiltölulega litlu máli fyrir Ísland sem er efnahagslega miklu minna.“

Minni hlutinn telur fráleitt af utanríkisráðherra að tala með þessum hætti, ekki síst þegar samningar eru í uppnámi. Þessi ummæli gefa sterklega til kynna að utanríkisráðherra telji verjanlegt að gefa eftir 3.000–5.000 tonn af hlutdeild Íslendinga til að friða Norðmenn. Óhjákvæmilega veikja slík ummæli forustumanns í ríkisstjórn samningsstöðu Íslendinga en styrkja stöðu Norðmanna. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins telja hins vegar engin rök fyrir eftirgjöfinni sem felst í orðum utanríkisráðherra. Þeir telja jafnframt að það þjóni síst samningahagsmunum Íslendinga að utanríkisráðherra tali með þessum hætti, hvað þá úr ræðustóli Alþingis. Ummæli hans og það skilningsleysi stjórnvalda sem birtist í þeim á sögulegum aðdraganda samninganna gefa fullt tilefni til að ítrekað sé, eins og höfundar þessa álits hafa gert á Alþingi, hversu ríkan þátt Norðmenn áttu í hruni stofnsins. Sú saga gefur ekkert tilefni til að þeim sé umbunað fyrir rányrkju sem í dag yrði aldrei þoluð.

Fölsun á sögunni.

Í Noregi verða reglulega umræður sem spegla þá skoðun Norðmanna að hrun stofnsins á sjöunda áratugnum megi rekja til rányrkju Íslendinga. Fyrir bragðið sé sögulegur réttur Íslendinga til veiða úr stofninum rýr. Þetta er hins vegar hrein fölsun á sögunni. Ítrekað hefur verið rökstutt af einstökum þingmönnum að hrun stofnsins má alfarið rekja til gífurlegrar rányrkju Norðmanna á smásíld sem veidd var til bræðslu. Þetta reyna norsk stjórnvöld jafnan að fela. Því miður er engu líkara en íslenskir ráðamenn þekki ekki þessar einföldu staðreyndir. Um það bera upphaflegar kröfur þeirra glöggt vitni. Hitt liggur þó fyrir að árið 1980 birtu þrír norskir sérfræðingar fræðilega úttekt á þróun veiða úr stofninum. Ein af meginniðurstöðum þeirra er: *Veiðar Norðmanna á 0–2 ára síld leiddu til hruns norsk-íslenska stofnsins á seinni hluta sjöunda áratugarins.*

Gríðarleg rányrkja á seiðum.

Rányrkjan var svo gífurleg að þeir eirðu engu. Við veiðarnar notuðu þeir svo smáan möskva að jafnvel örsmá seiði sluppu ekki undan. Á haustin gerðu Norðmenn beinlínis út á seiðaveiðina þegar nýklakinn árgangur leitaði skjóls inn á firðina. Veiðin hélt svo áfram inni á fjörðum út veturinn. Á vorin kom toppur í veiðarnar þegar seiðin voru orðin ársgömul og sóttu út fyrir firðina í leit að nýjum beitilöndum. Úti fyrir ströndinni veiddu svo norskir fiskimenn 1–4 ára síld, sem Norðmenn kalla feitsíld, einkum fyrir Finnmörku og á Lófót. Þessar veiðar hófust yfirleitt að sumrinu og stóðu fram á haustið. Það er rétt að hafa í huga að síldin varð yfirleitt ekki kynþroska fyrr en fjögurra ára aldri var náð. Þá fyrst sameinaðist

hún fullorðna stofninum, sem eyddi 7–8 mánuðum á ári hverju í ætisleit á Íslandsmiðum, áður en hann gekk aftur til hrygningar við Noreg.

Þegar aflatölur úr smásíldarveiðinni eru skoðaðar kemur í ljós hversu gríðarleg rányrkjan var á ungviðinu. Á tímabilinu 1950–1965 nam ársveiðin af smásíldinni að jafnaði 250–300 þús. tonnum. Darraðardansinn var slíkur upp úr 1965, rétt fyrir hrun norsk-íslenska stofnsins, að árið 1967 öfluðu Norðmenn 550 þús. tonna af smásíldinni og 450 þús. tonna árinu síðar. Enn fróðlegra er að skoða hve stór hluti smásíldarveiðanna fólst í veiði á seiðum sem ekki voru orðin tveggja ára. Á hverju einasta ári á tímabilinu 1950–1965 veiddu Norðmenn um og yfir 100 þús. tonn af síldarseiðum sem voru innan við tveggja ára aldur. Sum árin reyndar miklu meira. Þannig veiddu þeir í byrjun sjötta áratugarins um 300 þús. tonn af slíkum smáseiðum og fast að 250 þús. tonnum á fyrsta ári þess sjöunda. Til samanburðar má geta þess að sama ár veiddu Íslendingar töluvert minna magn af fullorðinni síld úr stofninum.

Árgöngum gjöreytt.

Umfang rányrkjunnar í smásíldarveiðum Norðmanna skilst betur þegar skoðað er það hlutfall sérhvers árgangs er slapp frá dvergmöskvum norskra fiskimanna, og náði að lifa fjögur ár og komast að lokum inn í hrygningarstofninn. Þá sést berlega að smásíldarveiðin gjöreyddi fjölmörgum árgöngum. Af mörgum árgöngum náðu aðeins örfá prósent að stálpast og verða hluti af hrygningarstofninum. Þó keyrði rányrkjan um þverbak 1965 þegar aðeins 0,1% – eitt prómill – náði fjögurra ára aldri. Sama var uppi á teningnum ári síðar. Sá árgangur var upphaflega ágætlega stór en hann var gjöreyddur áður en hann varð tveggja ára og aðeins 0,2% hans urðu fjögurra ára. Í reynd voru árgangarnir frá 1965 og fram að hruninu svo murkaðir niður með látlausum veiðum að nýliðun í stórsíldarstofninum varð engin. Seiðin voru einfaldlega öll drepin áður.

Rányrkja Norðmanna tók marga milljarða sílda af sérhverjum árgangi, af sumum marga tugi milljarða. Þessar rosalegu tölur er fróðlegt að bera saman við fjölda stórsílda sem veiddust metveiðiárið 1967. Heildarveiðin nam þá um 6 milljörðum stórsílda – þar af veiddu Íslendingar aðeins um 2,6 milljarða.

Álit norskra vísindamanna.

Árið 1980 birtu Norðmennirnir Olav Dragesund, Johannes Hamre og Öyvind Ulltang yfirlitsgrein um þróun og hrun norsk-íslenska síldarstofnsins. Þeir bakreiknuðu hvernig ýmsar leiðir til stjórnunar hefðu getað haft áhrif á þróun stofnsins. Þeir komust að því að ein leið bar af: Hún fólst einfaldlega í því að gera ráð fyrir því að veiðar á 0–2 ára síld hefðu verið bannaðar. Niðurstaða þeirra varð því eftirfarandi: „Eina takmörkunin sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins var að setja á árunum fyrir 1960 reglur um lágmarksstærð síldar í afla, sem vernduðu 0- og 1-árganginn."

Á þeim grunni fundu þeir út að hefði verið gripið til slíks banns í tíma þá hefði eftirfarandi gerst: 1) Hrygningarstofninn orðið 6 millj. tonna árið 1966 (hann komst aldrei svo hátt eftir 1960). 2) Veiðarnar hefðu náð 2 millj. tonna strax árið 1965 og staðið í því út áratuginn. 3) Eftir það hefðu veiðarnar sveiflast á milli 1–2 millj. tonna á ári og líklega nær tveimur milljónum tonna.

Gegndarlaus rányrkja Norðmanna á smásíld kom í veg fyrir þetta. Án hennar hefðu Íslendingar haldið áfram að veiða sinn skerf af síldinni og geypilegur auður orðið til í landinu vegna síldveiðanna einna. Efnahagsþróun þjóðarinnar hefði orðið allt önnur og betri. Það er því í meira lagi napurt þegar Norðmenn ætla að meina Íslendingum að nýta stofninn í samræmi við sögulegan rétt þeirra og bera því við að þeir hafi eytt stofninum. Verst er þó

þegar íslenskir ráðamenn þekkja söguna ekki betur en svo að engu er líkara en þeir hafi svipaða skoðun og norskir starfsbræður þeirra á því hverjir eyddu stofninum.

Þessar staðreyndir sýna hversu fullkomlega óverjandi er að veita Norðmönnum aukna hlutdeild í norsk-íslenska stofninum. Ætti réttlæti að ríkja í samskiptum þjóðanna ætti fremur að krefjast þess að þeir létu aukinn skerf af sinni hlutdeild renna til Íslendinga. Í þessu ljósi er linkind utanríkisráðherra sem birtist í ummælum hans á Alþingi 24. febrúar sl. óskiljanleg.

Umdeilt nýmæli.

Í samningunum árið 2003, sem nú liggja fyrir til staðfestingar, er umdeilanlegt nýmæli. Það felur í sér að Íslendingar gefa eftir 1% af leyfilegum heildarafla eða sem nemur 7.100 lestum. Þeir fá í staðinn aukinn aðgang til veiða í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N. Í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar er lofsverð áhersla lögð á þá skoðun meiri hlutans að þetta hafi einungis verið bráðabirgðalausn sem hafi þurft að beita í þetta eina skipti svo að unnt væri að lenda samningum. Samfylkingin tekur undir það. Það er vægast sagt óheppilegt frá sjónarhóli íslenskra samningahagsmuna að auka veiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu. Hverjum manni hlýtur að vera ljóst að staða Norðmanna í samningum um veiðar úr sameiginlegum stofnum styrkist eftir því sem Íslendingar verða háðari heimildum til veiða innan norskrar efnahagslögsögu. Íslenskir hagsmunir liggja miklu fremur í því að veiða sem mest af okkar hlut innan íslensku efnahagslögsögunnar.

Síðustu árin hefur stofninn gengið í takmörkuðum mæli inn fyrir mörk lögsögunnar og flest íslensku síldveiðiskipanna hafa þá gjarnan verið að veiðum annars staðar. Þau hafa því einungis í takmörkuðum mæli nýtt sér möguleika til að veiða síldina meðan hún er innan lögsögu Íslands. Þess er þó að vænta að með vaxandi stærð stofnsins og vegna breytinga á hitafari sjávar muni stofninn hugsanlega ganga í ríkari mæli inn fyrir mörk lögsögunnar. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að ríkisstjórnin tryggi að á næstu árum verði sérstaklega vaktað hvenær síldin gengur inn fyrir mörkin og hver dreifing hennar er innan íslensku lögsögunnar til að auðvelda íslenskum skipum að ná sem mestri hlutdeild innan hennar. Minni hlutinn telur jafnframt koma sterklega til greina að ívilna íslenskum skipum í hlutfalli við það magn sem þau veiða innan íslensku lögsögunnar. Það mundi hvetja til aukinna veiða meðan síldin er á íslensku hafsvæði og því styrkja kröfur Íslendinga um aukna hlutdeild úr norsk-íslenska stofninum.

Í ljósi sögulegs aðdraganda, ummæla utanríkisráðherra 24. febrúar sl. og vinnulags utanríkisráðuneytisins varðandi framlagningu málsins munu þingmenn Samfylkingarinnar ekki styðja málið á Alþingi.

Alþingi, 22. mars 2004.

Össur Skarphéðinsson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Rannveig Guðmundsdóttir.

1203. Breytingartillögur [749. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   d. hann hefur náð 18 ára aldri, er niðji útlendings og hefur dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., og gegn framvísun yfirlýsingar foreldra eða framfæranda um að framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt,
   e. sérstaklega stendur á og ef framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt með félagslegri aðstoð ríkis eða sveitarfélags eða með öðrum fullnægjandi hætti.
2. Við bætist ný grein sem verði 4. gr., svohljóðandi:
   Við 15. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
   Niðja útlendings, sem flust hefur til landsins undir 18 ára aldri og dvalið í landinu á grundvelli 13. gr., má veita búsetuleyfi þegar hann hefur náð 18 ára aldri hafi foreldri eða framfæranda verið veitt búsetuleyfi.
   Veita má maka, sambúðarmaka og samvistarmaka, sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi við skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit sambúðar eða samvistar. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár. Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.

1204. Fyrirspurn [789. mál]

til samgönguráðherra um umferðarslys.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur verið slysatíðni í umferðaróhöppum á eftirtöldum vegum ár hvert á tímabilinu 1988–2004:
   a. á Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Njarðvíkur,
   b. á Suðurlandsvegi frá Rauðavatni um Hellisheiði að Selfossi,
   c. á veginum frá Litlu kaffistofunni um Þrengsli til Þorlákshafnar,
   d. á Vesturlandsvegi,
   e. á Hvalfjarðarvegi,
   f. í Hvalfjarðargöngum?
2. Hver hefur verið tíðni dauðaslysa á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hversu margir einstaklingar hafa hlotið varanleg örkuml og örorku eftir umferðarslys þar?
3. Hve oft hefur orðið árekstur fleiri en tveggja bifreiða á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hve oft hefur orðið árekstur fleiri en fimm bifreiða?
4. Hver hefur verið árleg umferð ökutækja um hvern þessara vega á fyrrgreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

1205. Frumvarp til laga [790. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Skráin tekur til smitsjúkdóma, ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. 5. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að við 3. mgr. 3. gr og 5. gr. verði bætt ákvæðum um að haldin skuli skrá um sýklalyfjanotkun hjá mönnum. Ástæðurnar fyrir þessari tillögu eru áhyggjur manna af vaxandi sýklalyfjaónæmi sýkla sem ógnað geta heilsu manna vegna skorts á meðferðarúrræðum. Þá hefur Evrópusambandið (ESB) beint þeim eindregnu tilmælum til aðildarríkjanna og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) að hafin verði vöktun á notkun sýklalyfja.

Hinn 15. nóvember 2001 birti ráðherraráð ESB tilmæli þess efnis að aðildarþjóðirnar vakti sýklalyfjanotkun í löndunum (Council Recommendation 2002/77/EC). Forsendur þessara tilmæla ESB eru að sýklalyf, sem hafa stuðlað að lækningu og bættri heilsu manna, hafa jafnframt stuðlað að auknu sýklalyfjaónæmi. Sýklalyfjaónæmi getur á hinn bóginn verið ógnun við heilsu manna, valdið auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustuna og haft alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir samfélagið í heild. Nauðsynlegt er því að bregðast við vandanum með samræmdum hætti innan ESB og EES með því að hvetja til varúðar við notkun sýklalyfja.

Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um framkvæmd skráningarinnar í reglugerð nr. 129/1999, um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma, og fylgja drög að viðeigandi breytingum á reglugerðinni með frumvarpinu.

Ráðherraráð ESB samþykkti sumarið 1999 ályktun um viðbrögð við þeirri ógn sem stafaði af sýklalyfjaónæmi. Ógnin fælist í auknum veikindum og ótímabærum dauðsföllum vegna smitsjúkdóma, skerðingu lífsgæða og auknum kostnaði.

Talið er að náið en flókið samband sé á milli vaxandi notkunar á sýklalyfjum og útbreiðslu sýkla sem eru ónæmir fyrir lyfjunum. Þættir sem skipta máli eru fólgnir í sýklunum sjálfum, hýslunum (mönnunum) og hvernig sýklalyf eru notuð. Því sé ekki hægt að komast fyrir vandann með því að þróa stöðugt ný sýklalyf. Nauðsynlegt sé því að koma á nákvæmum vöktunarkerfum sem veita samanburðarhæfar upplýsingar um nýgengi og algengi ónæmra sýkla og upplýsingar um notkun sýklalyfja innan ESB og EES.

Vöktunarkerfin eru tæki í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi og er ætlað að varpa ljósi á möguleg tengsl milli notkunar á sýklalyfjum og myndunar ónæmis. Aðgerðir sem miða að því að draga úr notkun og misnotkun sýklalyfja geta minnkað líkur á myndun sýklalyfjaónæmis.

Í tillögum ráðherraráðs ESB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin sinni vöktun á notkun sýklalyfja innan ramma sóttvarnaráðs sambandsins sem hefur með höndum vöktun smitsjúkdóma (EU Network Committee on Communicable Diseases). Framkvæmdastjórnin hefur í kjölfarið farið þess á leit að þær stofnanir í ríkjum sambandsins sem bera ábyrgð á vöktun smitsjúkdóma sinni einnig vöktun á notkun sýklalyfja í aðildarlöndunum. Vöktunarkerfin þurfa að vera í samræmi við persónuverndarlög og setja þarf skýrar reglur um aðgang að upplýsingum, trúnað og öryggi gagnanna.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 3. gr. laganna að smitsjúkdómaskrá taki til sýklalyfjanotkunar manna og í 2. gr. er lagt til að 5. gr. laganna verði breytt þannig að sóttvarnalækni verði gert skylt að halda skrá yfir sýklalyfjanotkun manna.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma nr. 129/1999.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma, sýklalyfjanotkunar og bólusetninga (ónæmisaðgerða), sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi. Upplýsingar um sýklalyfjanotkun skulu vera ópersónugreinanlegar. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífsupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ýtrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningarskylda sjúkdóma.

Sóttvarnalæknir gefur nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar og tilkynninga í smitsjúkdómaskrá og skrá um sýklalyfjanotkun, m.a. um hvaða ráðstafanir skuli viðhafðar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga og hvernig þær skuli gerðar ópersónugreinanlegar.

2. gr.

Á eftir orðunum „nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis“ í 3. gr. kemur: sbr. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga, nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er bætt við ákvæðum í sóttvarnalög um að haldin skuli skrá yfir sýklalyfjanotkun hjá mönnum sem tengd verði farsóttaskrá. Nánar verður kveðið á um tilhögun skráningar í reglugerð.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins leiði til umtalsverðra útgjalda fyrir ríkissjóð.

1206. Fyrirspurn [791. mál]

til dómsmálaráðherra um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

Hversu margir einstaklingar á aldrinum 18–24 ára hafa fengið dvalarleyfi hérlendis á grundvelli hjúskapar sl. 10 ár? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

1207. Fyrirspurn [792. mál]

til dómsmálaráðherra um hjúskap og dvalarleyfi.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

Hversu mörg mál hafa sl. 10 ár verið til rannsóknar hjá Útlendingastofnun eða lögreglu þar sem rökstuddur grunur er um:

a. hjúskap í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis,
b. nauðungarhjónaband?

Svarið óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

1208. Fyrirspurn [793. mál]

til sjávarútvegsráðherra um opinber störf í sjávarútvegi.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Telur ráðherra eðlilegt að um 90% opinberra starfa í sjávarútvegi séu á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 4% á Eyjafjarðarsvæðinu í ljósi þess að Eyjafjarðarsvæðið er eitt öflugasta sjávarútvegssvæðið við Norður-Atlantshaf?

1209. Fyrirspurn [794. mál]

til iðnaðarráðherra um hlutfall starfa á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Telur ráðherra æskilegt að hækka hlutfall starfa á vegum ríkisvaldsins á Eyjafjarðarsvæðinu og ef svo er, hvert telur ráðherra að hlutfallið ætti að vera?

1210. Fyrirspurn [795. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um áhrif gengisþróunar á lyfjaverð.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

1. Hvaða áhrif hefur gengisþróun haft á lyfjakostnað sjúkratrygginga frá upphafi árs 2003? Má greina lækkun lyfjaverðs í kjölfar hagstæðrar gengisþróunar?
2. Er munur á því hvernig verð skráðra lyfja annars vegar og óskráðra hins vegar hefur þróast á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

1211. Fyrirspurn [796. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bólgueyðandi lyf.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

1. Hvernig hefur lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast frá upphafi árs 1999?
2. Hvaða tegundum bólgueyðandi lyfja hefur mest verið ávísað hérlendis á þessu tímabili? Svarið óskast sundurliðað eftir hlutdeild einstakra lyfjaheita frá ári til árs.
3. Hefur kostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast öðruvísi hérlendis en annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hvernig stendur á því?

Skriflegt svar óskast.

1212. Fyrirspurn [797. mál]

til samgönguráðherra um ráðstafanir vegna hugsanlegs Kötlugoss.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja vegasamgöngur ef til eldgoss kemur í Kötlu?
2. Telur ráðherra skynsamlegt að flýta brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum vegna hættu á að vegasamband um Suðurland rofni í slíkum eldsumbrotum?

1213. Fyrirspurn [798. mál]

til viðskiptaráðherra um fjárfestingar viðskiptabanka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna og dótturfyrirtækja þeirra í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands í milljörðum króna og sem hlutfall af markaðsvirði skráðra hlutabréfa í lok áranna 2000 og 2003? Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna í öðrum félögum á sama tíma?
2. Hver var fjöldi fyrirtækja og dótturfélaga sem viðskiptabankarnir áttu hlut í innan lands og erlendis í lok áranna 2000 og 2003?
3. Hvernig skiptist hlutafjáreignin innbyrðis milli bankanna og hverjar voru fimm verðmætustu eignirnar hjá hverjum banka um sig í lok áranna 2000 og 2003?
4. Hversu hátt hlutfall af eignum bankanna var í erlendum og innlendum skuldabréfum og erlendum og innlendum hlutabréfum í lok áranna 2000 og 2003?

Skriflegt svar óskast.

1214. Fyrirspurn [799. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hvenær og hvar á að reisa tónlistar- og ráðstefnuhús á höfuðborgarsvæðinu?
2. Hvað er áætlað að slíkt hús kosti?
3. Hve mikið leggur ríkissjóður til þessa verkefnis?
4. Er gert ráð fyrir að Íslenska óperan verði í tónlistarhúsinu og hvað mundi það kosta?

1215. Fyrirspurn [800. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve mörg hjúkrunarrými er áætlað að taka í notkun í Suðvesturkjördæmi á árunum 2004–2006?
2. Hve margir aldraðir eru nú á hvert hjúkrunarrými í eftirfarandi bæjarfélögum:
   a. Hafnarfirði,
   b. Garðabæ,
   c. Mosfellsbæ,
   d. Seltjarnarnesi,
   e. Kópavogi,
   f. Reykjavík?

1216. Fyrirspurn [801. mál]

til dómsmálaráðherra um starfsstöð sýslumannsembættisins í Reykjavík í Mosfellsbæ.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hvað mundi kosta að sýslumannsembættið í Reykjavík hefði starfsstöð í Mosfellsbæ með einum starfsmanni
   a. allan daginn,
   b. hálfan daginn?
2. Hvers vegna heyrir Mosfellsbær ekki undir sýslumannsembætti í Suðvesturkjördæmi eins og áður og væri mikið mál að breyta núverandi skipan?

Skriflegt svar óskast.

1217. Fyrirspurn [802. mál]

til umhverfisráðherra um refa- og minkaveiðar.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve miklu fé, á verðlagi mars 2004, hefur verið varið árlega á tímabilinu 1995–2004 til veiða á
   a. ref,
   b. mink?

2. Hvernig hefur stofnstærð refs og minks þróast á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

1218. Fyrirspurn [803. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til sérsambanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands? Ef svo er, hvenær og um hvaða fjárhæðir er að ræða?

1219. Fyrirspurn [804. mál]

til umhverfisráðherra um hreinsun skolps.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvers vegna eru gerðar sömu kröfur samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um hlutfall lífrænna efna sem hreinsa á úr skolpi annars vegar frá Reykjavík, þar sem mengun er mikil, og hins vegar frá minni sveitarfélögum, t.d. Skagaströnd, þar sem íbúar eru fáir og mengun er lítil?

1220. Fyrirspurn [805. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsingar í grunnskólum.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði leiðbeinandi reglur um dreifingu auglýsinga í grunnskólum sem beint er að skólabörnum?

1221. Fyrirspurn [806. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslumál í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Telur ráðherra að löggæslan, eins og hún er nú, sé næg til að tryggja öryggi íbúa í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti?
2. Telur ráðherra að eftirlit lögreglunnar að næturlagi sé nægt til að tryggja öryggi íbúa í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Grafarholti?

1222. Fyrirspurn [807. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við gerð skýrslna samkvæmt beiðni á Alþingi.

Frá Merði Árnasyni.

Hvaða skýrslur sem ráðherrar hafa skilað að beiðni Alþingis frá setningu 120. löggjafarþings 1995 til ársloka 2003 hafa kostað á milli 5 og 10 millj. kr. samkvæmt verðlagi í árslok 2003?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í skriflegu svari forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar um skýrslubeiðnir á Alþingi 1995–2003 (566. mál) kemur fram að ekki sé „unnt að svara til um heildarkostnað vegna skýrslubeiðna né kostnað við hverja skýrslu fyrir sig, þar sem ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um einstaka kostnaðarþætti er varða skýrslugerð". Þingskjalinu var útbýtt 16. mars.

Í þingræðu 17. mars (583. mál) sagði forsætisráðherra að „iðulega" kæmi fyrir „að þingmenn stjórnarandstöðunnar skella í einu vetfangi fram beiðni um skýrslur, sem síðar koma út í 100–200 eintökum sem kostað geta milli 5 og 10 millj. kr. vinnu".

Ekki virðist fullt samræmi með upplýsingunum í þingræðunni og í svarinu.

1223. Fyrirspurn [808. mál]

til heilbrigðisráðherra um menntun fótaaðgerðafræðinga.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Er fyrirhugað að koma á menntun í fótaaðgerðafræði á Íslandi og ef svo er, hvenær?
2. Hvernig er undirbúningi þess háttað?

3. Er til námskrá fyrir slíkt nám og ef svo er, hvert er innihald hennar?
4. Hvar í skólakerfinu er fyrirhugað að slíkt nám eigi heima?

1224. Lög [748. mál]

um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 1119.

1225. Lög [514. mál]

um breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43 24. mars 2003.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 786.

1226. Lög [435. mál]

um erfðafjárskatt.

(Afgreidd frá Alþingi 23. mars.)

Samhljóða þskj. 1199.

1227. Fyrirspurn [809. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hvernig gengur að flytja heilsugæslustöð í miðbæ Kópavogs úr gömlu húsnæði í nýtt?
2. Er búið að bjóða til kaups eða selja húsnæðið þar sem heilsugæslustöðin hefur verið?
3. Er búið að festa húsnæði til framtíðar fyrir heilsugæslustöðina?

1228. Fyrirspurn [810. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað líður undirbúningi fjármálaráðuneytisins að gerð nýs kjarasamnings opinberra starfsmanna?
2. Hefur fjármálaráðuneytið áform um að ná samningi um breytingar á launakerfi og lagaumhverfi opinberra starfsmanna?

1229. Fyrirspurn [811. mál]

til samgönguráðherra um strandsiglinganefnd.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hefur strandsiglinganefnd verið skipuð samkvæmt þingályktunartillögu um strandsiglingar sem vísað var til ríkisstjórnar á 128. löggjafarþingi og ef svo er, hvað líður störfum nefndarinnar?

1230. Fyrirspurn [812. mál]

til félagsmálaráðherra um meðlagsgreiðslur forsjárlausra feðra.

Frá Gunnari Örlygssyni.

1. Hversu margir forsjárlausir feður greiða meðlag með börnum sínum á Íslandi?
2. Hversu margir forsjárlausir feður greiða meðlag með:
   a. einu barni,
   b. tveimur börnum,
   c. þremur börnum?
3. Hversu margir forsjárlausir feður hafa orðið að semja sérstaklega um innheimtu meðlagsgreiðslna vegna fjárhagserfiðleika á síðustu þremur árum?
4. Hversu margir forsjárlausir feður sem greiða meðlag með börnum sínum hafa í árstekjur:
   a. minna en 1,7 millj. kr.,
   b. 1,7–2,3 millj. kr.,
   c. 2,3–3,5 millj. kr.,
   d. 3,5–5,0 millj. kr.,
   e. meira en 5,0 millj. kr.?

Skriflegt svar óskast.

1231. Nefndarálit [651. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001, um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis.

Tilskipunin sem hér um ræðir mælir fyrir um breytingar á gildandi tilskipun Evrópubandalagsins frá árinu 1991 um aðgerðir gegn peningaþvætti. Efni tilskipunarinnar hefur þegar verið innleitt með lögum nr. 42/2003, en eftir stendur að gera frekari lagabreytingar, einkum á almennum hegningarlögum.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti er lagafrumvarp í undirbúningi.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 24. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

1232. Nefndarálit [571. mál]

um till. til þál. um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Ármannsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, verði falið að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og að leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Þá er lagt til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið. Tillagan byggist á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 1/2003 sem samþykkt var á ársfundi þess sem haldinn var 14.–16. ágúst 2003.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 24. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

1233. Nefndarálit [735. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Chiles sem undirritaður var í Kristiansand í Noregi 26. júní 2003.

Samningurinn kveður á um fríverslun með allar sjávarafurðir og langflestar iðnaðarvörur. Þá tekur hann til þjónustuviðskipta, verndunar hugverkaréttar, opinberra innkaupa og samkeppni auk þess að geyma ákvæði um stofnsetningarrétt. Sérstakir tvíhliða samningar hafa hins vegar verið gerðir um viðskipti með landbúnaðarafurðir og vernd fjárfestinga.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 24. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

1234. Svar [521. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum heilbrigðisráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann féð, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Blóðbankans,
Krabbameinsmiðstöðvar Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Rannsóknastofu í næringarfræði,
Rannsóknastofnunar Landspítala – háskólasjúkrahúss,
Rannsóknastofu í öldrunarfræðum,
Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri,
Geislavarna ríkisins,
Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands,
Lýðheilsustöðvar, áður manneldisráðs?

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Árið 2001 voru veittar 15.000.000 kr. úr vísindasjóði Landspítala og rannsóknarstofu Háskóla Íslands.

Einungis var veitt úr vísindasjóði Landspítala og rannsóknarstofu Háskóla Íslands þetta eina ár. Fyrir sameiningu Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur voru til tilsvarandi sjóðir á þeirra vegum. Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss tók við af vísindasjóði Landspítala og rannsóknarstofu Háskóla Íslands árið 2002.

Árið 2002 voru veittar 32.000.000 kr. úr vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss og 28.000.000 kr. árið 2003.

Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss veitir styrk samkvæmt skipulagsskrá sem er samþykkt af dómsmálaráðuneytinu. Ákvarðanir um úthlutanir eru teknar að loknu skipulögðu umsóknar- og rannsóknarferli. Vísindaráð Landspítala – háskólasjúkrahúss fjallar um allar umsóknir, leggur á þær faglegt mat, forgangsraðar og skilar tillögum um úthlutun til stjórnar vísindasjóðs. Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári.

Aðrir formlegir styrkir voru ekki veittir af sjóðum Landspítala – háskólasjúkrahúss til styrktar vísindastarfsemi á umbeðnu tímabili. Þess ber þó að geta að í starfsemi sjúkrahússins felst eðli máls samkvæmt vinna á sviði vísinda, rannsókna og þróunarstarfs sem fjármögnuð er af rekstrarfjárveitingu sjúkrahússins. Þá fá fáeinir vísindamenn sem starfa á sjúkrahúsinu árlega styrki frá innlendum og erlendum fyrirtækum og stofnunum til vísinda- og rannsóknarstarfa.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Veitt veittar voru 1.475.000 kr. úr vísindasjóði læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri árið 2001, árið 2002 voru veittar 1.370.000 kr. úr sjóðnum og 1.269.000 kr. árið 2003.

Stjórn vísindaráðs læknaráðs sjúkrahússins tekur ákvöðun um úthlutun úr sjóðnum og eru umsóknir metnar samkvæmt reglum sjóðsins þar um.

Geislavarnir ríkisins.

Árin 2001, 2002 og 2003 var varið um 6 millj. kr. á ári til verkefna er falla undir vísinda- og rannsóknarstarf. Annars vegar var hverju sinni um að ræða styrki er stofnunin aflaði erlendis að upphæð um 3 millj. kr. en hins vegar 3 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði.

Forstöðumaður Geislavarna ríkisins tekur ákvörðun um ráðstöfun þeirra fjármuna sem stofnunin hefur til ráðstöfunar.

Þau rannsóknarverkefni sem hér um ræðir eru hluti lögbundinna verkefna stofnunarinnar, skv. 5. gr. laga nr. 44/2002, um geislavarnir, áður 7. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Engu fé var varið til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs hjá Heyrnar- og talmeinastöð umrædd ár.

Lýðheilsustöð, áður manneldisráð.

Lýðheilsustöð tók til starfa 1. júlí 2003 og er hér gerð grein fyrir þremur stærstu ráðunum sem færð voru undir Lýðheilsustöð, þ.e. áfengis- og vímuvarnaráð, tóbaksvarnaráð og manneldisráð.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Árið 2001 var úthlutað 12.853.000 kr. en 5.284.000 kr. árið 2002 og 6.692.000 kr. árið 2003.

Féð er úr forvarnasjóði. Forvarnasjóður hefur verið á ábyrgð áfengis- og vímuvarnaráðs sem ákveður fjárveitingar. Ráðið hefur lagt áherslu á rannsóknir til að grundvalla frekara forvarnastarf á sviði áfengis- og vímuvarna. Þá er greiddur hluti af kostnaði við mat á árangri þeirra verkefna sem hafa fengið háar fjárveitingar úr forvarnasjóði.

Tóbaksvarnaráð.

Árin 2001 og 2002 var úthlutað 600.000 kr. hvort ár en 900.000 kr. árið 2003.

Féð kemur af galdi af sölu tóbaks sem úthlutað er til tóbaksvarnaráðs, en ráðið tekur ákvarðanir um meðferð fjárins. Tóbaksvarnaráð hefur lagt áherslu á áróðursstarf umfram rannsóknarvinnu. Þessi kostaður er fyrst og fremst við kannanir á tóbaknotkun sem gerðar hafa verið árlega í um 20 ár.

Manneldisráð.

Árið 2001 nam úthlutunin 6.800.000 kr. en 14.119.000 kr. árið 2002 og 8.812.000 kr. árið 2003.

Féð er af föstu framlagi til rekstrar manneldisráðs og er að stærstum hluta laun starfsmanna ráðsins, en meginstarfsemi þess er rannsóknartengd vinna. Einungis 18% af þessum kostnaði er aðkeypt vinna en hún er vegna landskönnunar á mataræði Íslendinga. Manneldisráð og forstöðumaður ráðsins tóku sameiginlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins.

1235. Svar [662. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur landbúnaðarráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 8. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla.

Eitt af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er könnun á eignarhaldi í landbúnaði og búrekstri og réttindum og skyldum því samfara. Undirbúningur þessa verkefnis er hafinn og unnið er í samráði við jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands sem skipuð var í árslok 2001 og í eiga sæti þrír fulltrúar úr bændastétt ásamt jafnréttisfulltrúa landbúnaðarráðuneytisins. Stofnuð hefur verið grasrótarhreyfingin Lifandi landbúnaður – Gullið heima *sem hefur það markmið að jafna hlut kvenna og karla. Jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi í þeirri vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytisins.*

2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Í samvinnu við jafnréttisnefnd Bændasamtakanna verður unnið upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

Þetta mál hefur verið forgangsverkefni eins og 1. liður og hefur verið lögð mikil undirbúningsvinna í þetta gegnum verkefnið Lifandi landbúnaður *og mun herferð um landið hefjast um næstu áramót.*

3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

Þessi liður er einnig forgangsverkefni Lifandi landbúnaðar *eins og með fræðsluna því haldin verða námskeið fyrir konur í bændastétt með það að markmiði að styðja þær konur sem hafa hug á því að koma á framfæri nýjum hugmyndum til eflingar atvinnu í sveitum. Jafnrétti kynjanna er ávallt haft til hliðsjónar við samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla á vegum ráðuneytisins.*

4. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þeg-

ar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, í stað aðal- og varamanns. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna orðinn a.m.k. 40% í nefndum og ráðum. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að jafnri kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

Hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins er 12% sem er heldur lægra en árið 2000, en þá var hlutfallið 12,5% og var hæst 14% 2001. Í ráðuneytinu eru 20 stöðugildi, þar af 9 karlar og 11 konur. Aukningin er eitt og hálft stöðugildi. Nýtt skipurit ráðuneytisins tók gildi 1. janúar 2003. Þá voru þrír karlmenn skipaðir skrifstofustjórar, en höfðu áður verið deildarstjórar í ráðuneytinu.

5. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Fræðsla til starfsmanna er stöðug og leitast er við að benda forstöðumönnum stofnana á að hafa að leiðarljósi jafnréttissjónarmið við ráðningu forstöðumanns, yfirmanns deildar eða í stjórn, nefndir og ráð. Þá tók jafnréttisfulltrúi þátt í framkvæmd könnunar um jafnréttismál meðal starfsmanna stjórnarráðsins.

Engu fé var í sjálfu sér varið til þessara aðgerða þar sem öll vinna við framsetninguna var unnin í vinnutíma landbúnaðarráðuneytisins.

1236. Svar [647. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um kostnaðarhlutdeild sjúklinga.

1. *Hver var kostnaðarhlutdeild aldraðra, öryrkja og barna annars vegar og annarra sjúklinga hins vegar 1. janúar 1992, 1. janúar 1996 og 1. janúar 2000 og hver er hún nú af:*
   a. *rannsóknargjöldum fyrir blóðrannsókn annars vegar og myndgreiningu hins vegar,*
   b. *sjúkraþjálfun,*
   c. *komugjaldi á heilsugæslustöð,*
   d. *komugjaldi til sérfræðinga,*
   e. *hverri lyfjaávísun?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum.

a. Rannsóknargjöld af blóðrannsóknum og myndgreiningu 1992–2004.

Rannsóknir					
Greiðslur án afsláttarkorts				Engin breyting frá 15. janúar 03	
	1. jan. 1992	1. jan. 1996	1. jan. 2000	1. júní 2003	1. jan. 2004
Almennir sjúklingar	600 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.000 kr.	1.000 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	200 kr.	300 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþ. 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			300 kr.	300 kr.	300 kr.
Börn 0–16	600 kr.	900 kr.			
Börn 0–18			300 kr.	300 kr.	300 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort				100 kr.	100 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		300 kr.	300 kr.	300 kr.	300 kr.
Rannsókn á heilsugæslustöð, ALLIR flokkar, sjá 5. gr. í reglugerð, óháð afsláttarkorti					
lyfjaleit í þvagi				1.600 kr.	1.600 kr.
streptokokkarannsóknir (kit)				500 kr.	500 kr.
þungunarpróf				400 kr.	400 kr.
Greiðslur gegn framvísun afsláttarkorts					
	1. jan. 1994	1. júlí 1994	8. apríl 1999	1. júní 2003	1. jan. 2004
Almennir sjúklingar	300 kr.	300 kr.	400 kr.	400 kr.	400 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	100 kr.	100 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþ. 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			100 kr.	100 kr.	100 kr.
Börn 0–16	300 kr.	300 kr.			
Börn 0–18			100 kr.	100 kr.	100 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort				100 kr.	100 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		100 kr.	100 kr.	100 kr.	100 kr.

Röntgen

Greiðslur án afsláttarkorts

	1. jan. 1992	1. jan. 1996	1. jan. 2000	1. júní 2003	1. jan. 2004
Almennir sjúklingar	600 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.500 kr.+ 40% hám. kr.18.000	15.000 + 40% hám.18.000 kr
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	200 kr.	300 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			300 kr.	500 kr.+13,33% hám. kr.18.000	500kr.+13,33% hámark 18.000 kr.
Börn 0–16	600 kr.	900 kr.			
Börn 0–18			300 kr.	500 kr.+13,33% hám. 18.000 kr.	500kr.+13,33% hámark 18.000 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort				1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám.18.000 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		300 kr.	300 kr.	500 kr.+13,33% hám. 18.000 kr.	500kr.+13,33% hámark 18.000 kr.

Greiðslur gegn framvísun afsláttarkorts

	1. jan. 1994	1. júlí 1994	8. apríl 1999	1. júní 2003	1. jan. 2004
Alm.	300 kr.	300 kr.	400 kr.	500 kr.+13,33% hám.18.000	500 +13,33% hám.18.000 kr
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	100 kr.	100 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			100 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.
Börn 0–16	300 kr.	300 kr.			
Börn 0–18			100 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort				1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		100 kr.	100 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.	1/9 af alm gj. Lm. 200 kr. hám. 18.000 kr.

b. Gjöld sjúklinga vegna sjúkraþjálfunar á árunum 1992–2004.

1992–1996		2000–2004	
sérgreindir sjúkdómar	**aðrir sjúkdómar**	**aldraðir – öryrkjar – börn**	**almennir sjúklingar**
0	40%	25% í 1–15 skipti° síðan ekkert	50% í 1–24 skipti° síðan 25%

Sjúkraþjálfun vegna slysa er kostuð alfarið af almannatryggingum
°Öll önnur þjálfun sem TR greiðir fyrir (talþjálfun o.fl.) er talin með í fjölda skipta.

c. Komugjöld á heilsugæslustöð.

Heimilis-og heilsugæslulæknar				
Greiðslur án afsláttarkorts				
	1. jan.1996	1. feb. 1996	1. jan. 2000	1. jan. 2004
Koma á læknastofu á dagvinnutíma				
Alm.	600 kr.	700 kr.	700 kr.	600 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	200 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri		300 kr.	300 kr.	300 kr.
Börn 0–16	200 kr.	300 kr.		
Börn 0–18			300 kr.	300 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		300 kr.	300 kr.	200 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	200 kr.	300 kr.	300 kr.	300 kr.
Koma á læknastofu utan dagvinnutíma				
Alm.		1.100 kr.	1.100 kr.	
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	400 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri		500 kr.	500 kr.	700 kr.
Börn 0–16	400 kr.	500 kr.		
Börn 0–18			500 kr.	700 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		500 kr.	500 kr.	450 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		500 kr.	500 kr.	
Vitjun læknis á dagvinnutíma				
Alm.	1.000 kr.	1.100 kr.	1.100 kr.	1.600 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	400 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri		400 kr.	400 kr.	600 kr.
Börn 0–16	1.000 kr.	1.100 kr.		
Börn 0–18			1.100 kr.	600 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort			400 kr.	450 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	400 kr.	400 kr.	400 kr.	600 kr.
Vitjun læknis utan dagvinnutíma				
Alm.	1.500 kr.	1.600 kr.		2.300 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	600 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri		600 kr.	600 kr.	850 kr.
Börn 0–16	1.500 kr.	1.600 kr.		
Börn 0–18			1.600 kr.	
Börn með umönnunarbætur/kort		600 kr.	600 kr.	600 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	600 kr.	600 kr.	600 kr.	850 kr.
Krabbameinsleit hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð				
Alm.		1.500 kr.	1.500 kr.	2.500 kr.
Ellilífeyrisþegar 67ára og eldri og öryrkjar		500 kr.	500 kr.	900 kr.

Heimilis- og heilsugæslulæknar *Greiðslur gegn framvísun afsláttarkorts*				
	1. júlí 1994	**1. feb. 1996**	**8. apríl 1999**	**1. jan. 2004**
Koma á læknastofu á dagvinnutíma				
Alm.	200 kr.	300 kr.	300 kr.	300 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	0 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára með óskertan ellilífeyri		100 kr.	100 kr.	200 kr.
Börn 0–16	0 kr.	100 kr.		
Börn 0–18			100 kr.	200 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		100 kr.	100 kr.	200 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	0 kr.	100 kr.	100 kr.	200 kr.
Koma á læknastofu utan dagvinnutíma				
Alm.	600 kr.	700 kr.	700 kr.	1.000 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	200 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára með óskertan ellilífeyri		300 kr.	300 kr.	450 kr.
Börn 0–16	200 kr.	300 kr.		
Börn 0–18			300 kr.	450 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		300 kr.	300 kr.	450 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	200 kr.	300 kr.	300 kr.	450 kr.
Vitjun læknis á dagvinnutíma				
Alm.	600 kr.	700 kr.	700 kr.	1.000 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	200 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára með óskertan ellilífeyri		300 kr.	300 kr.	450 kr.
Börn 0–16	600 kr.	700 kr.		
Börn 0–18			700 kr.	450 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		300 kr.	300 kr.	450 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	200 kr.	300 kr.	300 kr.	450 kr.
Vitjun læknis utan dagvinnutíma				
Alm.	900 kr.	1.000 kr.	1.000 kr.	1.500 kr.
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	300 kr.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára með óskertan ellilífeyri		400 kr.	400 kr.	600 kr.
Börn 0–16	900 kr.	1.000 kr.		
Börn 0–18			1.000 kr.	600 kr.
Börn með umönnunarbætur/kort		400 kr.	400 kr.	600 kr.
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði	300 kr.	400 kr.	400 kr.	600 kr.
Afsláttarkort gilda ekki vegna barna með umönnunarbætur eftir 1. janúar 2002 þá greiða þau sama gjald og lífeyrisþegar				

d. Komugjöld til sérfræðinga.

Sérfræðingar - göngudeild - slysadeild - bráðamóttaka sjúkrahúsa					Slysadeild/bráðamóttaka ekki meðtalin
Greiðslur án afsláttarkorts					
	1. jan. 1992	**1. júlí 1994**	**1. feb. 1996**	**8. apríl 1999**	**1. jan. 2004**
Alm.	kr. 1.500	kr.1.200 +40%	kr.1.400 +40%	kr.1.400+40% hám. kr. 5.000	kr.2.700+40% hám. kr.18.000
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	1/3 af alm gj.	1/3 af alm gj.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			kr. 500 +13,33%	kr.500+13,33% hám. kr. 5.000	kr.900+13,33% hám. kr. 18.000
Börn 0–16	kr. 1.500	kr. 1.200+40%	kr.1.400+40%		
Börn 0–18				kr.500+13,33% hám. kr. 5.000	kr.900+13,33% hám. kr. 18.000
Börn með umönnunarbætur/kort			kr. 500 +13,33%		1/9 af alm gj. Lm. Kr. 450 hám. Kr. 18.000
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		1/3 af alm gj.	kr. 500 +13,33%	kr.500+13,33% hám. kr. 5.000	kr.700+13,33% hám. kr. 18.000
Greiðslur gegn framvísun afsláttarkorts					
	1. jan. 1992	**1. júlí 1994**	**1. feb. 1996**	**8. apríl 1999**	**1. jan. 2004**
Alm.	1/3 af alm gj.	1/3 af alm gj.	kr. 500 +13,33%	kr.500+13,33% hám. kr. 5.000	kr.900+13,33% hám. kr. 18.000
Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og öryrkjar	1/9 af alm gj.	1/9 af alm gj.			
Öryrkjar, ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri og ellilífeyrisþegar 60–70 ára m. óskertan ellilífeyri			1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300	1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300 hám. Kr. 5.000	1/9 af alm gj. Lm. kr. 450 hám. kr. 18.000
Börn 0–16	1/3 af alm gj.	1/3 af alm gj.	kr. 500 +13,33%		
Börn 0–18				1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300 hám. Kr. 5.000	1/9 af alm gj. Lm. kr. 450 hám. kr. 18.000
Börn með umönnunarbætur/kort			1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300		1/9 af alm gj. Lm. kr. 450 hám. kr. 18.000
Atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði		1/9 af alm gj.	1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300	1/9 af alm gj. Lm. Kr. 300 hám. Kr. 5.000	1/9 af alm gj. Lm. kr. 450 hám. kr. 18.000
Ath ! **Lm = lágmark** **hám. = hámark**					

e. Lyfjaávísanir.

Þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði er mismunandi eftir flokkun lyfja[1]).
Lyf eru flokkuð í fjóra flokka: 0 - E - B og *.

	1992	1996	2000	2004
0 - lyf	100%	100%	100%	100%
E - lyf				
°	850 kr.	500 kr. + 25% > 3000 kr.	1200 kr. + 80% > 3800 kr.	1550 kr. + 80% > 4500 kr.
°	250 kr.	150 kr. + 10% > 800 kr.	400 kr. + 40% > 1100 kr.	550 kr. + 50% > 1250 kr.
° ° bk-lífþegar	500 kr. 150 kr.			
B- lyf				
°	0[2]) - E-kjör	500 kr. + 12,5% > 1500 kr.	1000 kr. + 40% > 1800 kr.	1550 kr. + 65% > 3100 kr.
°		150 kr. + 5% > 400 kr.	350 kr. + 20% > 600 kr.	550 kr. + 50% > 950 kr.
*** - lyf**	0	0	0	0

2. *Hvert var kostnaðarhlutfall sjúklinga í prósentum talið af heildarkostnaði Trygginga-stofnunar ríkisins vegna samninga við sérfræðilækna árin 1992, 1996, 2000 og 2003?*

Kostnaðarhlutfall sjúklinga í prósentum talið af heildarkostnaði.

Sérfræðilæknar	1992	1996	2000	2003
Klíniskir sérfræðingar	33,7%	45,1%	29,9%	32,6%
Rannsóknir	7,3%	10,2%	10,4%	9,1%
Röntgen	8,6%	10,3%	7,3%	31,9%
Samtals	**27,6%**	**37,6%**	**24,1%**	**39,9%**

3. *Hver var fjárhæð hverrar sérfræðieiningar (einingagjalds) í samningum Trygginga-stofnunar ríkisins við sérfræðilækna 1. janúar 1992, 1996 og 2000 og hver er hún nú?*

Einingarverð.

Sérfræðilæknar:	1992	1996	2000	2004
Klíniskir sérfræðingar	124,31 kr.	139 kr.	170 kr.	206 kr.
Rannsóknir	124,31 kr.	139 kr.	146,60 kr.	139 kr.
Röntgen	124,31 kr.	139 kr.	157 kr.	149 kr.

Forsendur fyrir útgáfu afsláttarkorta		
Hámarksgreiðsla á almanaksári á fullu verði fyrir læknisþjónustu		
	Fyrir einstakling	12.000 kr.
1994 – 7. apríl 1999	Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega	3.000 kr.
	Sameiginlegt hámark allra barna yngri en 16 ára í sömu fjölskyldu	6.000 kr.
	Fyrir atvinnulausa	12.000 kr.
	Fyrir einstakling	12.000 kr.
8. apríl 1999 – 1. júlí 2001	Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega	3.000 kr.
	Sameiginlegt hámark allra barna undir **18 ára aldri** í sömu fjölskyldu	6.000 kr.
	Fyrir atvinnulausa	12.000 kr.
	Fyrir einstakling	18.000 kr.
1 júlí 2001 –	Fyrir lífeyrisþega *	4.500 kr.
	Fyrir öll börn í sömu fjölskyldu undir 18 ára aldri	6.000 kr.
	Fyrir atvinnulausa	18.000 kr.
* Þeir ellilífeyrisþegar sem eru með skertan grunnlífeyri og gr.alm. gjald fá afsl.kort eftir að hafa gr. 18.000 kr. á		
Ath. einnig:		
Sjúklingar greiða sjálfir fyrir augnskoðun vegna gleraugna frá árinu 1996		
1. sept. 1997 breytast reglur varðandi börn með umönnunarmat		
Sér ákvæði giltu um ellil. sjómanna til 1.febrúar 1996		
Sjúklingar með mikinn læknis- og lyfjakostnað geta sótt um endurgreiðslu hluta hans samkvæmt ákveðnum reglum.		
Tekið er tillit til hluta sjúklings í beinþéttnimælingum frá og með 8. apríl 1999		
1. júní 2003 var bætt við reglugerð ýmsum ákvæðum vegna komugjald á sjúkrahús og aðra þjónustu á heilsug.		

1237. Svar [727. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um málefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

1. *Hverjar hafa lánveitingar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til nýsköpunar í sjávarútvegi verið frá árinu 1994? Hverjir hafa fengið lánafyrirgreiðslu og hversu mikla?*

Samkvæmt lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, var sjóðnum heimilt á árunum 1994–1997 að veita lán og/eða ábyrgðir til nýsköpunarverkefna. Sú lagaheimild féll niður með lögum nr. 152/1996.

Vöru-, vinnslu- og veiðarfæraþróun

Sjóðurinn tók þátt í eftirfarandi fjórum verkefnum sem miðuðu að því að þróa veiðarfæri, vinnsluaðferðir eða nýtingu nýrra auðlinda:

a. **Skelsuga.** Umsækjandi var Kristján B. Larsen, Grundarfirði. Um var að ræða nýja aðferð til þess að veiða hörpudisk eða önnur botndýr. Lengi hafði verið unnið að þessu verkefni sem miðaði að því að soga skelina upp í veiðiskip með dælu. Fjölmargir aðilar gáfu já-

kvæða umsögn um verkefnið. Helstu kostir þessarar veiðiaðferðar umfram plógveiðar eru að skelsugan fer betur með aflann og botninn auk þess sem vænta má að fleiri veiðisvæði verði nýtanleg. Þróunarsjóður kom að þessu máli þegar hönnun var að mestu fullbúin en tilraunaveiðar og fínslípun aðferðarinnar, sem og tilheyrandi búnaðar, var eftir. Alls var lánað 4,0 millj. kr.

b. **Veiðar og útflutningur lifandi skelfisks.** Umsækjandi var Skeljahöllin ehf., Seltjarnarnesi. Umsækjandi hafði um tveggja ára skeið gert tilraunir með veiðar á ýmiss konar samlokum og að halda þeim lifandi. Ætlun umsækjanda var að flytja samlokurnar lifandi á markaði erlendis. Umsóknin miðaði að því að gera þá framkvæmd mögulega. Ýmis stuðningsgögn við verkefnið lágu fyrir auk þess sem óskað var sérstaklega eftir umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, sem var afar jákvæð. Alls var lánað 5,4 millj. kr.

c. **Veiðar og vinnsla á beitukóngi.** Umsækjandi var Íshákarl hf., Stykkishólmi. Umsækjandi hóf tilraunir með veiðar og vinnslu á beitukóngi vorið 1996 og hafði lagt mikið af mörkum við undirbúning verkefnisins, bæði með vinnu og fjármagni, þegar Þróunarsjóður kom að verkefninu. Nýting beitukóngs við Ísland var nýjung og horfur um veiðar, vinnslu og markað virtust góðar. Alls var lánað 8,7 millj. kr.

d. **Smíði og fullhönnun rækjumjölsverksmiðju.** Umsækjandi var VJS-Tækni, Reykjavík. Umsækjandi hafði hannað og smíðað litla rækjumjölsverksmiðju sem virtist geta hentað rækjuvinnslum til þess að nýta úrgang sem oftast var hent. Hugmyndin byggði á tækni sem ekki hafði verið notuð í þessu skyni áður. Þegar Þróunarsjóður kom að málinu var endanleg fínslípun í framhaldi af fyrstu prufukeyrslu eftir. Fyrir lágu jákvæðar umsagnir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. varðandi gagnsemi og rétta útreikninga. Alls var lánað 5,0 millj. kr.

Sjóðurinn ráðstafaði samtals 23,1 millj. kr. til framangreindra þróunarverkefna sem hafa verið afskrifaðar.

2. *Hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins greitt fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis frá árinu 1994? Hverjir hafa fengið lánafyrirgreiðslu og hversu mikla?*

Þrátt fyrir að heimildir til að veita lán og ábyrgðir hafi verið felldar niður með lögum nr. 152/1996 var sjóðnum heimilt að leggja fram framleiðslutæki og skip í eigu sjóðsins sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð voru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis.

Á árunum 1996–1999 tók Þróunarsjóður þátt í að aðstoða íslensk fyrirtæki við tilraunir til að hasla sér völl erlendis í samstarfi við heimaaðila. Sjóðurinn hefur í þremur tilvikum ákveðið að taka beinan þátt í erlendum verkefnum.

Í fyrsta lagi var um að ræða verkefni í samstarfi við Hlunnavík ehf. og færeyska aðila um útgerð og fiskvinnslu á Saó Tóme-eyjum sem eru úti fyrir vesturströnd Afríku. Ætlunin var að Þróunarsjóður legði til fjóra smábáta á matsverði til verkefnisins en ekkert varð úr verkefninu.

Í öðru lagi kom Þróunarsjóður að samstarfi við erlenda og íslenskan aðila um útgerð smábáta í Zanzibar úti fyrir Tansaníu í Afríku. Sjóðurinn lagði til fjóra smábáta í verkefnið. Stofnað var fyrirtæki með aðilum í Keníu sem reyndu fiskveiðar úti fyrir strönd Zanzibar en árangurinn varð enginn og fyrirtækið gjaldþrota. Kostnaður sjóðsins varð um 20 millj. kr.

Þá tók sjóðurinn þátt í útrásarverkefni í Malasíu í samstarfi við nokkra íslenska aðila (m.a. Útflutningsráð, Vöku-DNG, Sæplast o.fl.) sem kynntu búnað til fiskveiða. Þátttaka sjóðsins miðaðist við að leggja til einn smábát sem haldið var úti til tilraunaveiða og kynningar á búnaði í samráði við heimamenn. Kostnaður sjóðsins varð um 7,5 millj. kr.

3. *Hvað hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins varið miklu fé til kaupa á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum þeirra á árabilinu 1994–1997? Hversu háir voru styrkirnir, sundurliðað eftir styrkþegum?*

Alls bárust sjóðnum 56 umsóknir um uppkaup á fiskvinnslustöðvum. Ákveðið var að ganga til samninga um kaup á 20 fiskvinnsluhúsum. Sjóðurinn keypti fiskvinnslustöðvar og búnað þeim tengdum fyrir samtals 406,6 millj. kr. og seldi aftur fyrir 162.337.578 kr. Eitt fiskverkunarhús er enn í eigu sjóðsins.

Úrelding fiskverkunarhúsa 1994 til 1997	Kaupverð	Söluverð	Mismunur
Fiskverkunarhús Fiskabergs, Húsavík	8.633.000	5.508.578	3.124.422
Fiskverkunarhús Vilhjálms Sveinssonar, Hafnarfirði	13.300.000	11.300.000	2.000.000
Fiskverkunarhús Hrólfs Gunnarssonar, Reykjavík	14.842.000	11.636.000	3.206.000
Fiskverkunarhús Ægisgata 25, Árskógsströnd	4.565.000	2.500.000	2.065.000
Fiskverkunarhús Hafnarbraut 7, Dalvík	21.992.000	17.242.000	4.750.000
Fiskverkunarhús Hafnargötu 27, Grindavík	6.662.000	5.223.000	1.439.000
Fiskverkunarhús Básveg 8, Keflavík	4.989.000	3.000.000	1.989.000
Fiskverkunarhús að Óslandi, Höfn,Hornafirði	22.920.000	17.970.000	4.950.000
Fiskverkunarhús Hafnargötu 29,Fáskrúðsfirði	3.218.000	2.523.000	695.000
Fiskverkunarhús Hólaness ,Skagaströnd	75.000.000	5.000.000	70.000.000
Fiskverkunarhús Skálavíkur, Ólafsvík	2.810.000	2.203.000	607.000
Fiskverkunarhús Fiskivers, Patreksfirði	3.000.000	2.100.000	900.000
Fiskverkunarhús KEA, Grímsey	6.673.000	5.232.000	1.441.000
Fiskverkunarhús Sindragötu 5,Ísafirði	26.400.000	8.000.000	18.400.000
Fiskimjölsverksmiðja Flateyri	18.100.000	1.800.000	16.300.000
Fiskverkunarhús Oddatún, Flateyri	2.300.000	1.000.000	1.300.000
Tangagata 12 og Strandvegur 30, Vestmannaeyjum	25.565.000	14.000.000	11.565.000
Fiskverkunarhús Vallargötu 33, Keflavík	1.453.000	1.100.000	353.000
Fiskverkunarhús Straumness,Patreksfirði	30.200.000	0	30.200.000
Hraðfrystihús Norðurtangans, Ísafirði	114.000.000	45.000.000	69.000.000
	406.622.000	162.337.578	244.284.422

4. *Hafa eignir Þróunarsjóðsins, úrelt fiskvinnsluhús og framleiðslutæki þeirra í einhverjum tilvikum verið seldar til áframhaldandi reksturs við fiskvinnslu? Ef svo er, í hvaða tilvikum og með hvaða rökstuðningi?*

Sjóðurinn hefur selt eignirnar til óskyldrar starfsemi og sett eftirfarandi ákvæði í kaupsamning og afsal fyrir eignunum: Forsenda fyrir sölu þessari af hálfu seljanda er að hið selda verði ekki framar nýtt sem fiskvinnslustöð eins og slíkt er skilgreint í 13. gr. reglugerðar nr. 644/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Kaupandi lofar að hið selda verði ekki nýtt sem slíkt.

5. *Hvað hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins varið miklu fé, í formi styrkja, til úreldingar fiskiskipa frá árinu 1994? Hversu háir voru styrkirnir, sundurliðað eftir styrkþegum?*

Alls hafa 459 skip og bátar verið afskáðir fyrir atbeina Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Samtals eru þessi skip og bátar 7.829 brt. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig styrkirnir greinast eftir skipaflokkum og aldri skipa.

	Fjöldi skipa	Styrk-upphæð	Rúm-lestir	Meðalaldur pr. rúmlest
Krókabátar	190	521.643	808,4	14 ár
Aflamarksbátar undir 10 rúmlestum	208	357.049	1.277,5	9 ár
Aflamarksbátar 10 til 100 rúmlestir	37	324.218	1.135,5	33 ár
Aflamarksbátar yfir 100 rúmlestir	24	1.575.252	4.607,7	18 ár
	459	**2.778.162**	**7.829,1**	**18 ár**

Sundurliðaðir styrkir:

Útborgaðir styrkir 1994–97.

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
7	Stokksnes VE-700	Goðaborg hf., Fáskrúðsfirði	39.375
210	Sigurvon SH-121	Rækjunes hf., Stykkishólmi	22.504
212	Ögmundur RE-94	Ingimundur hf., Reykjavík	77.490
281	Trausti SH-72	Hólmgrímur Sigvaldason, Grindavík	1.458
306	Hrönn EA-258	Heiðar R. Baldvinsson, Grenivík	6.587
364	Fróði BA-81	Símon Fr. Símonarson, Patreksfirði	796
369	Diddó AK- 232	Óttar Guðlaugsson, Ólafsvík	1.444
372	Kristín VE-40	Eiður Marinósson, Vestmannaeyjum	2.462
406	Kópur EA-325	Brynjar Baldvinsson, Dalvík	1.168
409	Gæfa II VE-112	Ólafur Guðjónsson o.fl. Vestmannaeyjum	873
434	Ólafur GK-33	Fiskanes hf., Grindavík	8.875
442	Ásta VE-2	Bára hf., útgerðarfélag Vestmannaeyjum	2.959
461	Glaður SU-79	Sigurður Jónsson, Djúpavogi	1.237
468	Auður II AK-59	Vilhjálmur Birgisson, Akranesi	784
477	Ragna SK-193	Þorri hf., Ólafsvík	945
487	Hringur BA-201	Vesturver hf., Patreksfirði	1.959
506	Gylfi NK-40	Oddur Þ. Sveinsson, Reykjavík	774
524	Hafliði GK-140	Hóp hf., Grindavík	2.580
537	Sæborg BA-77	Vesturver hf., Patreksfirði	4.812
565	Hilmir ST-1	Guðmundur Guðmundsson hf., Hólmavík	4.841
579	Hrefna ÍS-202	Sigurvin Magnússon, Suðureyri	721
592	Valur RE-7	Valur hf., Reykjavík	2.759
625	Hafborg HF-64	Ólafur Óskarsson, Reykjavík	13.670
731	Grunnvikingur ÍS-163	Byggðastofnun, Ísafirði	9.562
734	Sædís ÁR-9	Skagstrendingur hf., Skagaströnd	8.463
737	Röst SH-134	Bergsveinn Gestsson, Stykkishólmi	1.653
755	Gísli á Bakka BA-400	Tryggvi Ársælsson, Tálknafirði	3.123
759	Sjöfn VE-37	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	9.825
778	Smári SH-221	Rækjunes hf., Stykkishólmi	8.435
842	Haraldur Sæm. BA-311	Flói hf., Patreksfirði	1.257
847	Tindur SH-179	Bergsveinn Jóhannesson, Ólafsvík	3.439
872	Hallgr. Ottósson BA-39	Ýmir hf., Bíldudal	8.195
925	Katrín BA-109	Þiljur hf., Bíldudal	13.808
943	Berglind SU-3	Friðþjófur hf., Eskifirði	3.549
951	Sleipnir VE-83	Sleipnir hf., Vestmannaeyjum	12.771
955	Rex NS-3	Árni J. Sigurðsson, Seyðisfirði	1.187
960	Hjalti SI-12	Þrotabú Georgs Ragnarssonar, Stykkishólmi	1.309
963	Júlíus ÁR-111	Hólmar V. Gunnarsson, Þorlákshöfn	17.074
965	Snarfari HF-66	Miðfell, Hnífsdal	73.305

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
995	Björgvin Már BA-22	Jóhannes S. Haraldsson, Reykhólum	1.446
1057	Gunnar ÞH-34	Dánarbú Jóhanns Stefánssonar, Grenivík	765
1083	Valur HF-15	Hafald hf., Hafnarfirði	3.389
1087	Farsæll SI-93	Ólafur Guðmundsson o.fl., Siglufirði	1.249
1094	Eyrún EA-155	Rif hf., Hrísey	27.135
1095	Lyngey SF-61	Borgey hf., Höfn Hornafirði	28.845
1112	Vinur SH-1	Guðmundur Jóhannesson, Grundarfirði	1.164
1155	Hafnartindur SH-499	Sigurður Guðnason o.fl., Hellissandi	2.378
1169	Tvistur VE-222	Jón B. Kárason o.fl., Fáskrúðsfirði	981
1199	Frár VE-7	Frár hf., Vestmannaeyjum	30.285
1209	Freyja GK-364	Halldór Þórðarson, Keflavík	41.445
1227	Veiga GK-4	Byggðastofnun, Reykjavík	5.336
1238	Fjalar Vagn SH-330	Þorsteinn Kúld Björnsson, Stykkishólmi	1.703
1249	Sigurvin GK-51	Sigurvin hf., Keflavík	2.892
1284	Bensi VE-234	Frár hf., Vestmannaeyjum	1.299
1286	Freyr SF-20	Skinney hf., Höfn Hornafirði	31.275
1292	Haukur ÍS-195	Birna Hjaltalín Pálsdóttir, Bolungarvík	6.631
1323	Völusteinn NK-111	Útgerðarfélagið Eiður hf., Reyðarfirði	1.900
1336	Stígandi VE-77	Stígandi hf., Vestmannaeyjum	1.489
1368	Silla NK-42	Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	1.552
1382	Lundey II ÞH-351	Kristbjörn Árnason, Húsavík	917
1391	Steini Ól. Björns SH-391	Alexander Helgason o.fl., Stykkishólmi	1.595
1398	Sæljón SU- 104	Friðþjófur hf., Eskifirði	37.035
1419	Bjargey EA-79	Óli H. og Óli B. Ólason, Grímsey	998
1446	Lárberg SH275	Lárus Guðmundsson o.fl., Grundarfirði	3.119
1474	Otto Wathne NS-9	Otto Wathne hf., Seyðisfirði	86.670
1480	Bibbi Jóns HF-44	Ellen Björnsdóttir, Hafnarfirði	3.093
1515	Litlanes ÞH-52	Óli Æ. Þorsteinsson, Þórshöfn	1.544
1518	Hafsteinn SH-131	Ríkissjóður (sýslumaðurinn Stykkishólmi)	589
1519	Bylgjan I GK-141	Sigrún Ellertsdóttir, Njarðvík	2.041
1569	Ómagi RE-13	Snorri Agnarsson, Reykjavík	1.348
1580	Ýlir SH-287	Þorri hf., Ólafsvík	3.470
1613	Leynir AK-9	Birgir Jónsson, Akranesi	3.410
1614	Sigurósk BA-57	Sigurósk ehf., Ísafirði	3.622
1625	Jónína Jónsdóttir SF-12	Jón G. Helgason, Höfn Hornafirði	81.990
1630	Frosti ÞH-229	Frosti hf., Grenivík	78.120
1632	Guðjón SH-500	Norðurljós, Keflavík	2.186
1648	Sæfari AK-202	Krossvík hf., Akranesi	79.245
1651	Snæfari GK-186	Júlíus Stefánsson, Kópavogi	77.805
1677	Pálmi RE-48	Faxaberg sf., Hafnarfirði	1.519
1690	Guðm. Benóný KE-77	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.027
1700	Assa KÓ-12	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ	1.455
1728	Sæfari SU-75	Friðrik Rósmundsson, Eskifirði	4.416
1729	Hulda RE-460	Valdimar Samúelsson, Reykjavík	1.188
1747	Tumi II HF-17	Búrfell hf., Seltjarnarnesi	1.545
1748	Jón Klemenz ÁR-313	Fiskmark hf., Þorlákshöfn	30.253
1758	Öðlingur VE-292	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	53.955
1759	Fjölnir GK-157	Vísir hf., Grindavík	54.450
1763	Svandís ST-111	Gunnar Jónsson o.fl., Hólmavík	1.800
1786	Abba GK-247	Stefán Albertsson, Vogum	2.997
1793	Guðjón Eiríksson BA-2	Eiríkur Hólmsteinsson, Patreksfirði	3.624
1798	Aldan SH-295	Gísli J. Gíslason, Hellissandi	1.634
1799	Stjarnan SU-207	Lúðvík Sverrisson, Stöðvarfirði	2.400

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
1800	Rósa Björg NK-101	Daníel Gunnarsson, Egilsstöðum	2.068
1805	Særif SH-702	Melnes hf., Hellissandi	6.982
1806	Sóley SH-42	Íshákarl hf., Stykkishólmi	2.625
1810	Poseidon HF-323	Albert Tómasson, Garðabæ	3.638
1814	Sunna SU-226	Byggðastofnun, Reykjavík	3.246
1822	Ína SU-69	Kjartan Garðarsson o.fl., Djúpavogi	1.967
1824	Sænes EA-75	Sænes hf., Grenivík	60.750
1825	Geiri Péturs ÞH-344	Geiri Péturs hf., Húsavík	88.245
1832	Lína Bjarna NS-120	Hallgrímur Arason, Eskifirði	3.110
1835	Hvönn GK-10	Árni F. Vikarsson, Kópavogi	3.104
1837	Hugrún AK-43	Þórður Á. Magnússon, Grundarfirði	2.122
1839	Friður RE-286	Bersi sf., Garðabæ	3.398
1843	Jón Þór NK-44	Sólheim hf., Neskaupstað	4.150
1845	Húni ÍS-211	Sigurður B. Hjartarson, Bolungarvík	4.971
1865	Snotra RE-165	Njáll Helgason, Mosfellsbæ	2.958
1870	Jón Geir EA-7	Stefán Stefánsson, Dalvík	3.883
1879	Jón Bjarnason SF-28	Bjarni Jónsson hf., Reykjavík	4.095
1885	Fáfnir SF-14	Eiríkur Þorleifsson, Höfn Hornafirði	3.262
1886	Freygerður ÓF-18	Sigursveinn H. Þorsteinsson, Ólafsfirði	3.306
1889	Sigurþór GK-55	Féfang hf., Reykjavík	4.503
1908	Guðm. Ásgeirsson ÍS-814	Þrotabú Skipasmst. Marselíusar hf., Ísafirði	3.528
1939	Katrín GK-98	Nesfiskur hf., Garði	6.410
1940	Lómur HF-177	Lómur hf., Hafnarfirði	75.015
1946	Ingibjörg II BA-402	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf., Tálknafirði	4.592
1953	Góa VE-30	Ægir Hafsteinsson, Vestmannaeyjum	4.379
1962	Maggi ÍS-197	Magnús Þorgilsson, Ísafirði	3.170
1966	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö. Hjaltason, Raufarhöfn	2.832
1981	Máni SF-8	Guðmundur Eiríksson, Höfn	4.934
1987	Árntýr VE-478	Íslandsbanki hf., Vestmannaeyjum	4.399
1989	Háfdán í Búð ÍS-19	Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., Ísafirði	90.000
2009	Eydís NS-32	Ólafur Hallgrímsson, Borgarfirði.	4.909
2023	Sóley KE-15	Svavar Ingibersson, Sandgerði	1.452
2026	Rakkanes HF-193	Garðar Björgvinsson, Hverageði	6.899
2031	Hópsnes GK-77	Hópsnes hf., Grindavík	93.087
2036	Ósk ÞH-256	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	4.407
2037	Hafrún NS-222	Magnús Þorsteinsson, Borgarfirði eystra	4.004
2038	Haukafell SF-111	Haukafell hf., Höfn Hornafirði	90.000
2057	Ævar BA-25	Snæbjörn Gíslason, Patreksfirði	4.899
2058	Gylfi BA-18	Aðalsteinn G. Þ. Gíslason, Patreksfirði	5.176
2060	Máni II ÍS-541	Reynir Gunnarsson, Þingeyri	5.109
2066	Andri NS-28	Vigfús Daðason og Víðir Davíðsson, Vopnafirði	4.150
2075	Faxafell GK-102	Landsbanki Íslands, eignarleiga, Reykjavík	4.577
2079	Björninn BA-85	Bjarg hf., Patreksfirði	4.859
2096	Hafdís KE-150	Svavar Ingibersson, Sandgerði	3.736
2105	Gullfiskur GK-321	Sæmundur Þórðarson, Stóru-Vatnsleysu	5.098
2109	Árvík SI-100	Víkurfiskur sf., Ketilási	4.801
2114	Reginn HF-228	Manus hf., Garðabæ	4.753
2121	Atli ÁR-87	Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.534
2123	Ásgeir Frímanns ÓF-21	Valeik hf., Ólafsfirði	89.730
2127	Stapi BA-65	Byggðastofnun o.fl., Reykjavík	38.382
2133	Mar NS-83	Stefán S. Árnason, Seyðisfirði	3.082
2141	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö. Hjaltason, Raufarhöfn	5.669
2149	Mummi NK-2	Bendill hf., Neskaupstað	35.357

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
2168	Lísa María ÓF- 26	Sædís hf., Ólafsfirði	90.000
2172	Helga Trausta RE-329	Landsbanki Íslands, eignarleiga	4.573
2181	Stakkur GK-4	Þorvaldur Reynisson o.fl., Njarðvík	5.361
2202	Svana NK-85	Halldór Gunnlaugsson, Neskaupstað	4.677
2210	Rauðanes ÞH-91	Jón A. Matthíasson o.fl., Þórshöfn	7.036
2214	Heiða BA-91	Jón S. Garðarsson, Reykjavík	5.616
2215	Garðar ÍS-44	Brynjólfur J. Garðarsson, Garðabæ	6.140
2229	Guðný RE-34	Steinar Þór Birgisson, Kópavogur	6.980
2230	Aðalbj. Þorkelsd. SH-282	Ólafur M. Sigmundsson, Vestmannaeyjum	10.126
2234	Ellen RE-36	Elmar Ö. Sigurðsson, Reykjavík	4.984
2246	Berglín SH-660	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	9.468
2252	Valdís HF-169	Valdimar Elíasson, Hafnarfirði	7.220
5012	Vorfari SU-151	Hörður Davíðsson, Efri-Vík, Klaustri	321
5017	Sigursæll AK-87	Einar Árnason, Akranesi	1.062
5022	Þröstur SH-19	Kristján H. Guðmundsson, Reykjavík	1.412
5026	Sveinmar SU-73	Reynir Gunnarsson, Reyðarfirði	1.325
5029	Oddmundur RE-287	Kristrún A. Tómasdóttir, Reykjavík	1.343
5039	Kári SH-78	Sig. P. Jónsson og Bragi Jónsson, Stykkishólmi	1.913
5124	Hrönn ÞH-335	Haraldur Sigurðsson, Kópaskeri	1.090
5131	Votanes ÞH-209	Sveinbjörn Jóensen, Þórshöfn	1.442
5158	Þytur GK-333	Halldór Martinsson, Kópavogi	2.064
5168	Sæbjörg RE-315	Einar Halldórsson, Reykjavík	1.100
5217	Blíðfari NS-112	Sigurður Finnbogason, Seyðisfirði	374
5245	Búi BA-230	Kristinn Jónsson, Hafnarfirði	1.224
5258	Andri SH-350	Sigurður Berntsson o.fl., Stykkishólmi	1.095
5261	Sæljón II NS-204	Guðjón Guðjónsson, Vopnafirði	539
5264	Eyfell ÞH-76	Jakobína Stefánsdóttir, Neskaupstað	411
5270	Sævaldur SK-120	Sigfús A. Sveinsson o.fl., Sauðárkróki	228
5312	Linda GK-105	Kristján Kristmannsson o.fl., Vogum	1.914
5354	Búbót NK-118	Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	134
5356	Sigurgeir EA-454	Sigmundur Sigurgeirsson o.fl., Akureyri	209
5368	Helga í Garði EA-574	Gunnar A. Jóhannesson, Dalvík	1.473
5388	Guðrún EA-144	Jóhannes Magnússon, Grímsey	925
5391	Ögn EA-691	Bjarni Björgvinsson, Húsavík	189
5393	Sindri EA-160	Þorvaldur Baldvinsson o.fl., Dalvík	733
5402	Pálmi SU-44	Guðmundur Björgvinsson, Reyðarfirði	639
5411	Ingibjörg EA-226	Níels Kruger, Akureyri	1.020
5421	Morgunstjarnan EA-287	Pétur Geir Helgason, Akureyri	1.179
5423	Áslaug EA-611	Vignir Þór Antonsson, Dalvík	1.388
5429	Óli SI-25	Sverrir S. Ólason, Siglufirði	1.124
5437	Díana SU-38	Þórunn Magnúsdóttir, Eskifirði	661
5447	Búi EA-100	Stefán Stefánsson, Dalvík	1.927
5450	Glaður ÍS-221	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Reykjavík	1.440
5459	Maggi ÞH-338	Þorgeir Þorvaldsson, Húsavík	606
5495	Inga Steina SU-105	Ingibjörg Jóhannsdóttir, Fáskrúðsfirði	295
5501	Elín Þóra EA-54	Helgi Haraldsson o.fl., Grímsey	1.539
5533	Dóra SU-180	Kjartan L. Pétursson, Eskifirði	61
5536	Elín NK-12	Þórður Sveinsson o.fl., Reyðarfirði	321
5540	Sæfaxi ÞH-330	Marinó Eggertsson, Kópaskeri	1.010
5545	Dröfn NK-31	Hjörtur Arnfinnsson, Neskaupstað	1.083
5549	Guðrún Helga RE-20	Guðrún Helga ÞH-20, Reykjavík	917
5551	Nökkvi BA-82	Guðni Jónasson, Vesturbyggð	1.035
5555	Gyllir NK-49	Hjörtur Árnason, Neskaupstað	1.022

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
5556	Gustur NK-50	Ásdís Hannibalsdóttir, Neskaupstað	1.435
5557	Enok NK-45	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	706
5558	Glæsir ÞH-266	Hlynur Þ. Ingólfsson, Raufarhöfn	1.198
5572	Dröfn NS-17	Guðjón Sveinsson, Vopnafirði	717
5599	Már NK-91	Heiðar Sveinsson, Neskaupstað	508
5609	Trausti NS-73	Hjálmar Hjálmarsson, Bakkafirði	962
5612	Sigurpáll ÞH-95	Jónas Pálsson, Raufarhöfn	938
5614	Árni Friðriksson NS-300	Brynjar B. Pétursson, Grindavík	434
5695	Addi í firði NS-310	Stefán Árnason, Seyðisfirði	124
5733	Lára Lind NS-220	Kjartan H. Björgvinsson, Seyðisfirði	1.122
5744	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	2.437
5809	Polla BA-49	Breiðfirðingur hf., Króksfjarðarnesi	333
5813	Góa NK-78	Gísli hf., Reykjavík	307
5837	Þóra NS-82	Guðni Kristjónsson, Seyðisfirði	1.921
5842	Bússi ÍS-105	Reynir Erlingsson, Ísafirði	371
5852	Haförn ÞH-171	Ásþór Sigurðsson, Húsavík	308
5872	Ver AK-97	Steindór Oliversson, Akranesi	1.080
5888	Einar ÍS-457	Sigmundur Gunnarsson, Ísafirði	1.231
5895	Ásdís ÍS-130	Björgvin Eyþórsson, Akranesi	645
5899	Simmi AK-4	Ingimundur S. Sigmundsson, Akranesi	328
5919	Rúna GK-40	Ríkharður J. Ásgeirsson, Kópavogi	2.928
5929	Jói ÍS-444	Þorsteinn Jóakimsson, Ísafirði	283
5941	Særún EA-15	Björn Elíasson, Dalvík	1.057
5953	Rán HU-19	Stefán Þórhallsson, Hvammstanga	1.232
5961	Sigrún Ósk SI-131	Hermann Jónsson o.fl., Fljótum	945
5965	Þórunn SH-183	Þrotabú Jóhönnu S. Emilsdóttur, Reykjavík	2.376
5975	Hólmi ÞH-323	Agnar Vilhjálmsson, Henrý Ásgrímsson, Þórsh.	311
5976	Gulli ÍS-104	Þorgils Þorgilsson, Kópavogi	739
5979	Björk SF-153	Snorri Aðalsteinsson o.fl., Höfn	1.141
5981	Kristín ÞH-183	Jón Kr. Kristjánsson, Þórshöfn	886
5985	Straumur KE-104	Jón E. Sæmundsson, Keflavík	640
5992	Garún SI-128	Þeysill SI-128	1.713
5994	Kópur SH-188	Úlfljótur Jónsson, Ólafsvík	1.062
6007	Skálanes AK-60	Landsbanki Íslands, eignarleiga	2.244
6014	Mímir NK-100	Einar G. Guðmundsson, Neskaupstað	588
6018	Hallsteinn EA-46	Árni Ólafsson, Akureyri	3.009
6027	Garðar SH-154	Snorri Böðvarsson, Ólafsvík	1.433
6046	Ósk ÍS-323	Snorri Jónsson o.fl., Ísafirði	968
6050	Gola BA-600	Ólafur Guðjónsson o.fl., Reykjavík	299
6054	Nanna BA-107	Guðbjört Ásgeirsdóttir, Reykjavík	241
6060	Huldís SH-213	Björg Pjetursdóttir, Borgarnesi	1.113
6062	Leó MB-8	Óskar Þór Óskarsson, Borgarnesi	854
6065	Draupnir BA-40	Guðrún Brynjarsdóttir, Neskaupstað	1.039
6078	María SH-278	Magnús Grímsson, Flúðum	341
6080	Bára SH-520	Ólafur K. Brynjarson, Reykjavík	1.564
6081	Herdís ÓF-15	Matthías Sæmundsson, Ólafsfirði	397
6098	Gummi Dan KE-43	Óskar V. Óskarsson o.fl., Keflavík	1.753
6102	Hrönn AK-11	Sigvaldi Gunnarsson, Akranesi	1.155
6119	Marína RE-62	Marinó Davíðsson, Reykjavík	316
6122	Axel KE-71	Valdimar Axelsson, Keflavík	732
6135	Kristín HF-165	Kristín H. Þorsteinsdóttir, Bakkafirði	782
6139	Dís NS-35	Víðir M. Hermannsson, Bakkafirði	424
6140	Silla HF-21	Sævar Hannesson, Garðabæ	1.189

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
6142	Ísak AK-83	Samtak ehf., Hafnarfirði	1.589
6151	Ögn RE-265	Þorvaldur Kjartansson, Reykjavík	188
6171	Ölver HF-43	Arndís Jónasd. og Kristján Þorleifs., Hafnarfirði	1.170
6172	Júlía SI-62	Reynir Karlsson, Sandgerði	1.496
6176	Melavík DA-21	Skarðstöð hf., Dalabyggð	2.709
6178	Trausti SK-55	Þorvaldur Steingrímsson	1.080
6184	Glímir GK-174	Meinert J. Nilssen, Njarðvík	1.091
6187	Stella ÁR-445	Gísli Þórarinsson, Selfossi	3.065
6188	Katla EA-360	Brimbrjótur ehf., Ólafsvík	4.255
6205	Auður RE-127	Sigdór Ó. Sigmarsson, Reykjavík	808
6207	Magga HF-118	Bjarni Ásgeirsson, Hafnarfirði	3.260
6211	Sigrún SH-116	Ólafur K. Brynjarsson o.fl., Reykjavík	1.831
6216	Gyða NK-55	Jón Bjarnason, Neskaupstað	1.192
6226	Draupnir VE-550	GME Pálsson, Vestmannaeyjum	1.767
6228	Hulda Dan NK-93	Daníel Gunnarsson, Egilsstöðum	1.778
6231	Guðrún ST-220	Gunnar Guðjónsson, Kópavogi	385
6233	Leó SH-153	Þorvarður J. Guðbjartsson, Hellissandi	931
6235	Muggur ÍS-425	Guðjón Guðmundsson, Flateyri	578
6238	Gösli RE-277	Gunnar Þórðarson, Reykjavík	630
6245	Þórólfur ÍS-578	Arnar Barðason, Suðureyri	761
6260	Iðunn BA-118	Steindór I. Andersen, Hafnarfirði	1.703
6264	Geysir ÍS-151	Bæring G. Jónsson, Ísafirði	1.949
6266	Blámi GK-48	Ásgeir Þ. Torfason, Keflavík	3.416
6270	Straumur KE-71	Jón E. Sæmundsson o.fl., Keflavík	1.778
6275	Austri SH-220	Gissur Tryggvason, Stykkishólmi	4.627
6276	Patton ÍS-119	Einar Valur Kristjánsson, Ísafirði	3.498
6290	Árý ÍS-414	Vís ehf., Ísafirði	4.022
6291	Freyr SH-236	Hákon Erlendsson, Hellissandi	284
6294	Hafrún EA-84	Haraldur Jóhannsson, Grímsey	2.851
6295	Saxi ÞH-291	Halldór M. Alfreðsson, Þórshöfn	782
6300	Selma HF-130	Selma sf., Garðabæ	2.257
6309	Funi HU-89	Hermann Sigfússon, Vogum	3.413
6313	Gosi SU-78	Þórður Sveinsson, Reyðarfirði	1.088
6315	Gola SH-218	Sigfinnur Mikaelsson, Seyðisfirði	231
6336	Bláskel RE-145	Vinnubátur sf., Reykjavík	1.814
6352	Stjarna AK-65	Hilmar Björnsson, Akranesi	3.817
6354	Gústi SU-137	Jóhanna Másdóttir, Djúpavogi	474
6356	Hugborg HF-14	Sigursteinn Óskarsson, Mosfellsbæ	1.206
6359	Jón GK-761	Sigrún Stefánsdóttir, Vogum	515
6362	Öggur AK-141	Kristján Friðriksson, Akranesi	4.081
6370	Björn SU-23	Hafsteinn Sigmundsson, Garðabæ	999
6375	Stella GK-28	Hólmgrímur Jóhannsson o.fl., Raufarhöfn	3.502
6400	Sig. Þorkelss.ÍS-200	Helgi Geirmundsson, Ísafirði	4.079
6404	Hafrún II ST-4	Bjarni Elíasson, Drangsnesi	1.532
6414	Marín EA-146	Aðalsteinn Jóhannsson, Akureyri	1.212
6441	Lára ÍS-304	Ægir E. Hafberg, Þorlákshöfn	1.623
6444	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	1.190
6449	Jón Björgvin RE-103	Sigurður H. Jónsson, Reykjavík	1.381
6456	Rúna SH-2	Guðmundur K. Pálsson, Suðureyri	695
6468	Örn ÞH-312	Stefán Óskarsson, Raufarhöfn	1.364
6471	Máney NS-65	Jónbjörn Óttarsson, Bakkafirði	1.416
6475	Júlíanna HF-103	Ari Kristjánsson, Hafnarfirði	1.497
6480	Kristján II EA-378	Hlíðarfell sf., Akureyri	3.019

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
6501	Rán EA-142	Bátafélagið Andri hf.	404
6509	Hari HF-69	Hari sf., Bessastaðahreppi	2.296
6510	Gæfa RE-510	Sævar Óskarsson o.fl., Reykjavík	1.292
6514	Gljái SF-120	Miðós sf., Höfn	2.916
6519	Stakkavík II GK-65	Stakkavík ehf., Grindavík	3.987
6525	Hersir SH-100	Hilmar Þ. Sturluson o.fl., Hafnarfirði	2.105
6528	Sædís SH-128	Jakob G. Pétursson o.fl., Stykkishólmi	2.857
6530	Margrét ÞH-96	Hólmgrímur Jóhannsson o.fl., Raufarhöfn	2.906
6536	Sigurlaug GK-41	Stjörnufiskur ehf., Grindavík	4.788
6538	Mars HF-300	Jóna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði	2.101
6544	Bjössi Ingólfs SH-259	Kjöggur ehf., Fáskrúðsfirði	1.386
6547	Kári Jóh. KE-72	Magnús S. Bjarnason, Keflavík	2.202
6553	Flóki ÍS-167	Óttar A.Överby, Reykjavík	2.060
6554	Rostungur ÍS-555	Kristinn P. Njálsson, Ísafirði	506
6561	Mangi HF-59	Alexander Helgason, Hafnarfirði	1.950
6578	Gló VE-49	Hrímgrund ehf., Þorlákshöfn	1.328
6580	Frár ÞH-47	Hermann Ragnarsson o.fl., Húsavík	1.907
6594	Brimkló ÁR-69	Benjamín Ó. Þorvaldsson, Þorlákshöfn	2.603
6597	Mar RE-2	Landsbanki Íslands, eignarleiga,	3.415
6601	Hrönn ÍS-93	Máni Freysteinsson o.fl., Ísafirði	1.583
6602	Freyr II GK-177	Sparisjóður Norðfjarðar, Neskaupstað	2.434
6604	Svanur SU-155	Kjartan L. Pétursson, Eskifirði	1.177
6606	Hrönn EA-203	Arnarberg hf., Reykjavík	5.887
6608	Kristján GK-193	Lindarskip, eignarleiga Landsbanka Íslands	3.154
6613	Byr SH-233	Landsbanki Íslands, eignarleiga, Reykjavík	2.258
6615	Snarfari GK-22	Agnar Guðmundsson, Grindavík	3.884
6621	Sær RE-40	Sigurþór H. Sigmarsson, Garðabæ	619
6642	Kristján KE-21	Gunnar H. Garðarsson, Garði	2.731
6653	Kristín SH-355	Ágúst I. Sigurðsson, Ólafsvík	920
6654	Hnoss KE-97	Ólafur Björnsson, Keflavík	1.943
6656	Háhyrningur AK-20	Fiskasteinn sf., Akranesi	2.171
6665	Helgi ÞH-93	Heimir Ingvason, Arnórsstöðum	1.654
6667	Kristín NK-116	Bjarnfinnur R. Jónsson, Selfossi	975
6670	Már HF-70	Sigurgeir Kristjánsson o.fl., Garðabæ	2.618
6672	Fjóla RE-711	Fjóla Ragnarsdóttir, Reykjavík	2.034
6676	Sonja GK-72	Sigurgeir Jónsson, Sandgerði	1.746
6681	Haförn MB-4	Starfsmannafélag lögreglunnar Borgarnesi	540
6682	Adda NK-90	Landsbanki Íslands, eignarleiga	3.358
6683	Týbrá EA-47	Norðurströnd ehf., Dalvík	1.654
6687	Regina SU-115	Björgvin P. Erlendsson, Eskifirði	2.141
6696	Valdi RE-120	Þorsteinn Þorvaldsson, Reykjavík	2.346
6704	Magnús SU-77	Birgir Guðmundsson, Djúpavogi	1.014
6718	Anna ÍS-101	Konráð Eggertsson, Ísafirði	2.119
6720	Jón Elías GK-91	Jón Elías Gunnlaugsson, Reykjavík	2.099
6722	Ingunn SF-3	Sigtryggur Benediktsson, Höfn	2.964
6724	Elva Björg SU-86	Skafti Ottesen, Breiðdalsvík	1.621
6733	Hilmir SH-297	Guðlaugur Gunnarsson, Grundarfirði	3.593
6734	Hafmey SF-100	Daníel Sigurðsson, Reykjavík	969
6735	Rikki KE-59	Gunnar Ásgeirsson, Keflavík	1.456
6744	Óli SU-117	Starfsmannafélag Vegagerðar Austurlands	383
6750	Beta ÍS-128	Leiti hf., Hnífsdal	1.513
6751	Glaður SH-267	Kristmundur Halldórsson, Ólafsvík	1.500
6782	Svanur SU-28	Jón Úlfarsson, Fáskrúðsfirði	1.327

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
6785	Pólstjarnan ÍS-119	Útgerð Pólstjörnunnar, Ísafirði	3.405
6786	Sigga KÓ-27	Sigurður Guðmundsson o.fl., Reykjavík	2.432
6808	Máni RE-43	Hannes G. Sigurðsson, Reykjavík	497
6809	Víðir SH-182	Tómas Guðmundsson, Ólafsvík	1.306
6818	Rafn SH-86	Ögmundur Pétursson, Arnarstapa	1.844
6819	Ígull GK-5	Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík	991
6828	Særún SU-3	Skafti Ottesen o.fl., Breiðdalsvík	4.368
6840	Gola SH-51	Hallvarður Kristjánsson, Stykkishólmi	809
6854	Katrín ÁR-18	Haukur V. Benediktsson, Þorlákshöfn	3.100
6864	Milla HF-99	Gunnar Guðmundsson, Hafnarfirði	1.280
6879	Mari RE-79	Skúli Sigurz o.fl., Reykjavík	1.107
6881	Sæunn RE-164	Helgi Sigurðsson o.fl., Reykjavík	1.612
6884	Sævi GK-44	Plastverk hf., Sandgerði	1.960
6897	Eyjajarl BA-500	Tryggvi Gunnarsson, Flatey	3.668
6898	Berta ÍS-606	Elías Oddsson, Ísafirði	1.601
6900	Logi ÍS-32	Þórður Júlíusson, Ísafirði	1.847
6914	Malli SK-19	Ómar Ólafsson, Fljótum	1.676
6922	Fleygur NK-95	Elísabet Haraldsdóttir, Kópavogi	1.565
6925	Maístjarnan EA-105	Stefán G. Nielsson o.fl., Akureyri	4.325
6928	Apríl BA-211	Vestri hf., Patreksfirði	1.229
6932	Sæli SU-47	Lukka sf., Tálknafirði	3.439
6948	Bryndís BA-165	Eiríkur Óðinn Hauksson, Grindavík	1.547
6954	Digranes NS-124	Marinó Jónsson, Bakkafirði	1.570
6960	Aron SI-133	Sveinn Jónsson o.fl., Stöðvarfirði	2.405
6963	Kristín Auður ÍS-355	Þórhallur Eiríksson, Reykjavík	1.699
6964	Helgi ÞH-124	Fagranes hf., Þórshöfn	3.439
6967	Elís Bjarnason SH-48	Guðmundur E. Magnússon, Ólafsvík	3.240
6968	Lára GK-36	Bjarni Þórarinsson, Selfoss	3.328
6977	Andrés ÞH-28	Ölver Hjaltalín Arnarsson, Húsavík	2.245
7004	Hrefna EA-988	Einar Gylfason, Akureyri	424
7006	Kögur ÍS-98	Kjartan Sigmundsson, Ísafirði	884
7012	Dímon RE-712	Þrándur Thoroddsen, Reykjavík	538
7024	Dímon AK-227	Eiríkur S. Jóelsson o.fl., Akranesi	1.656
7030	Gígja HF-30	Veiðarfærasalan Dímon ehf., Reykjavík	1.880
7033	Sílavík SF-134	Melavík hf., Hornafirði	2.975
7034	Sæunn SF-155	Gunnar Þ. Guðmundsson, Höfn Hornafirði	1.878
7036	Árný ÞH-64	Eyþór Margeirsson, Kópaskeri	1.523
7039	Sædís SF-4	Ásgeir Gunnarsson, Höfn	3.526
7042	Úlfar SU-185	Sigurður Úlfarsson, Fáskrúðsfirði	1.656
7045	Ró KÓ-45	Hans Þorsteinsson, Reykjavík	2.518
7069	Seljabliki RE-169	Einar G. Einarsson, Reykjavík	4.357
7071	Hegri KE-7	Eðvarð Árnason, Stykkishólmi	3.531
7073	Sif SI-151	Ragnar Ólafsson, Siglufirði	3.319
7080	Gréta KÓ-9	Þórir H. Jóhannsson, Garðabæ	4.855
7083	Birna KE-300	Marsibil G. A. Gunnarsdóttir, Keflavík	1.814
7093	Ármann II SH-323	Bjarni Ólafsson, Ólafsvík	1.560
7100	Óla Gísla SF-45	Gísli Þorvaldsson, Höfn Hornafirði	3.607
7102	Elva Björg SI-84	Sverrir S. Ólason, Siglufirði	3.448
7114	Haffrúin ÍS-31	Kristján A. Guðjónsson o.fl., Ísafirði	1.460
7129	Garpur RE-280	Sveinbjörg Sveinsdóttir ehf., Hafnarfirði	3.733
7131	Seley AK-377	Jón Bergmann Unnarsson, Akranesi	2.772
7132	Kotey GK-29	Sigurþór Jónsson, Grindavík	2.891
7137	Von SF-1	Páll Guðmundsson, Hornafirði	3.331

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur í þús. kr.
7140	Grímur kafari SK-13	Þorvaldur Steingrímsson, Sauðárkróki	4.279
7148	Hængur VE-87	Svanur Þór Eyþórsson, Reykjavík	2.067
7149	Iðunn BA-278	Steindór Andersen, Hafnarfirði	1.891
7153	Trausti EA-98	Gunnlaugur Traustason o.fl., Akureyri	1.512
7155	Kristín NK-36	Ármann D. Árnason, Neskaupstað	951
7166	Þröstur SH-250	Hermann Sigurðsson, Ólafsvík	2.007
7167	Bjór NK-84	Hreiðar Sigurjónsson, Neskaupstað	1.979
7177	Akurey SF-52	Jón Haukur Hauksson, Höfn	4.545
7187	Gunna Beta ÍS 17	Ásgeir Salómonsson o.fl., Ísafirði	1.374
7199	Jóna Sigga SI-179	Sigurður Oddsson, Siglufirði	2.891
7209	Amma Día RE-199	Svavar Pálsson, Mosfellsbæ	2.721
7210	Súgfirðingur ÍS-578	Percy ehf., Suðureyri	2.733
7215	Norma VE-91	Haforka hf., Ólafsfirði	4.565
7217	Ingþór Helgi BA-103	Þórhallur H. Óskarsson, Tálknafirði	4.082
7218	Ása MB-18	Kristbjörn Eiríksson, Reykjavík	2.841
7225	Faxavík GK-7	Skúli Magnússon, Grindavík	4.468
7252	Sæi HF-95	Eyjólfur Þ. Kristjánsson, Hafnarfirði	3.640
7256	Krabbi DA-18	Steinólfur Lárusson, Búðardal	2.155
7257	Ólöf ÞH-300	Hermann Daðason, Akureyri	3.806
7265	Ingibjörg EA-596	Halldór Reimarsson, Dalvík	5.205
7275	Hafdís HU-2	Þorvaldur Skaftason, Hafnarfirði	6.318
7276	Alda SH-166	GB Alda ehf., Kópaskeri	3.212
7280	Inga HF-164	Sigmar Æ. Björgvinsson, Seltjarnarnesi	1.509
7282	Farsæl SH-440	Hilmar Þ. Harðarson, Hafnarfirði	2.609
7283	Hugi ÍS-26	Arnór Stígsson, Ísafirði	1.838
7297	Sigrún EA-52	Sigfús Jóhannesson, Grímsey	2.324
7307	Örvar HF-192	Sigfús Tómasson, Kópavogi	3.173
7327	Sædís SI-310	Krókur ehf., Siglufirði	3.379
7340	Eyfell NK-29	Hesja ehf., Neskaupstað	3.999
7348	Þorbjörg ÞH-145	Einar E. Sigurðsson, Raufarhöfn	4.246
7350	Felix RE-222	Jóhann Guðfinnsson, Grindavík	4.771
7358	Evlalía ÍS-125	Árni S. Björnsson, Reykjavík	1.287
7374	Ragnhildur HF-49	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.726
7375	Góa NS-8	Emil S. Gunnarsson, Egilsstöðum	3.255
7380	Guðm. Garðar SU-45	Hringur Hjörleifsson, Fáskrúðsfirði	4.932
7391	Hrefna SU-22	Egill Guðlaugsson, Egilsstöðum	5.079
7405	Sæþór RE-41	Bragi Kristjánsson, Reykjavík	7.709
7407	Elsa Rún HF-44	Ingvar Árnason, Hafnarfirði	8.064
7425	Freydís ÍS-25	Reimar Vilmundars. o.fl., Bolungarvík	6.321
9005	Glaður SH-246	Guðbrandur Einarsson, Reykjavík	817
9016	Siggi EA-980	Steinunn H. Sigurðardóttir, Akureyri	293
9017	Smári ÍS-144	Ásthildur & Matthildur Torfadóttir, Bolungarv.	504
9026	Kópur ÓF-52	Gestur Pálmason., Ólafsfirði	240
9034	Ágúst ÞH-304	Bernharð Grímsson, Kópaskeri	1.107
9042	Hafdís GK-200	Sigurður Marinósson, Hólmavík	580
9046	Hafrún RE-700	Kristjón Kristjónsson og Krókur ehf.	575
9807	Guðmunda SF-200	Yngvi Harðarson, Höfn Hornafirði	1.096
9819	Trölli ÞH-92	Bergur Júlíusson, Raufarhöfn	1.344
9821	Þór EA-679	Stefán Stefánsson, Dalvík	814
459			**2.778.162**

1238. Svar [724. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Varðandi 1.–3. tölul. er rétt að taka fram að einvörðungu eru fyrirliggjandi upplýsingar frá árinu 1992. Tölurnar miðast við desember hvers árs en fyrir árið 2004 er miðað við mars.

1. *Hversu margir hermenn eru nú á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	3.004	1999	1.946
1993	2.864	2000	1.857
1994	2.522	2001	1.836
1995	2.058	2002	1.911
1996	2.020	2003	1.895
1997	1.893	2004	1.882
1998	1.837		

2. *Hversu margir almennir borgarar, þ.e. ekki hermenn, dvelja nú á Keflavíkurflugvelli á vegum Bandaríkjahers og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	2596	1999	2098
1993	2.860	2000	2088
1994	2.712	2001	2012
1995	2.525	2002	2149
1996	2.408	2003	2279
1997	2.186	2004	2293
1998	1.940		

3. *Hversu margir Íslendingar starfa nú hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	940	1999	851
1993	910	2000	853
1994	899	2001	889
1995	884	2002	905
1996	886	2003	883
1997	852	2004	791
1998	859		

4. *Er ráðherra kunnugt um áætlanir um fjölda hermanna, almennra bandarískra borgara og íslenskra starfsmanna á næstu þremur árum?*

Nei, það mun ráðast af yfirstandandi viðræðum um endurskoðun samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamstarfs á milli ríkjanna frá árinu 1996.

1239. Svar [745. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um stuðning Byggðastofnunar við fiskeldisstöðvar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða fiskeldisstöðvar fengu stuðning, styrki eða lán frá Byggðastofnun árin 1999–2003, sundurliðað eftir landshlutum? Hversu mikill var stuðningurinn í hverju tilviki?

Með vísan til 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er Byggðastofnun óheimilt að upplýsa um lánveitingar til einstakra viðskiptamanna. Þó skal upplýst að heildarlánveitingar til fiskeldis á tímabilinu nema alls 322.062.000 kr. sem skiptast þannig á milli landshluta:

Vestfirðir	95.594.000 kr.
Norðurland eystra	68.702.000 kr.
Austurland	90.000.000 kr.
Suðurland	7.069.000 kr.
Reykjanes	60.697.000 kr.
Samtals	**322.062.000 kr.**

Alls nutu 11 fiskeldisstöðvar þessarar fyrirgreiðslu. Engar fiskeldisstöðvar hafa á téðu tímabili fengið styrki frá Byggðastofnun, né heldur hefur stofnunin keypt hluti í slíkum fyrirtækjum.

1240. Tillaga til þingsályktunar [813. mál]

um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við launþegasamtök og samtök atvinnurekenda um að gera launþegum kleift að ljúka störfum og fá lífeyri fyrr en reglur lífeyrissjóða gera nú ráð fyrir.

Greinargerð.

Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og miklar breytingar í atvinnulífinu raska oft högum fólks. Fyrirtæki eru sameinuð til hagræðingar eða starfsemi lögð niður og kröfur til menntunar og starfsþjálfunar breytast hratt. Þeir sem hafa aflað sér sérþekkingar í einhverri atvinnugrein og unnið lengi við hana geta lent í verulegum erfiðleikum vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Þeir sem í slíkum vanda lenda seint á starfsævinni geta staðið frammi fyrir því að hafa unnið sér inn fullan rétt til lífeyris sem tekur gildi við t.d. 67 ára aldur en þurfa að hefja vonlitla atvinnuleit og lifa á atvinnuleysisbótum í nokkur ár áður en lífeyristaka getur hafist.

Alþingi ákvað í vetur að koma til móts við ráðherra og þingmenn af svipuðum ástæðum og hér hefur verið getið. Sú ákvörðun var umdeild og kröfur launþegasamtaka um samræmingu lífeyrisréttinda voru settar á oddinn í framhaldi af því.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að leita leiða til að aðrir geti notið svipaðra möguleika við óvænt starfslok og Alþingi taldi nauðsynlegt að tryggja ráðherrum og þingmönnum. Möguleikar til að koma áformum um lækkaðan eftirlaunaaldur af sérstökum ástæðum til framkvæmda ættu að vera góðir.

Lífeyrissjóðir hafa eflst mjög og launþegar sem nálgast eftirlaunaaldur eru nú flestir búnir að greiða í lífeyrissjóði svo lengi að þeir eiga töluverð lífeyrisréttindi þó að þeir hafi ekki náð tilskildum aldri. Það er því eðlilegt að lífeyrissjóðir leggi mikið af mörkum til að koma til móts við vanda sjóðfélaga sem á þurfa að halda. Atvinnuleysistryggingarsjóður hlýtur að hafa skyldu til að koma til móts við þetta mál enda fengju viðkomandi greiðslur úr honum ef þeir gætu ekki tekið eftirlaun. Það eru því sterk rök fyrir því að Atvinnuleysistryggingarsjóður gangi myndarlega fram í þessu máli. Samtök launþega hafa sett fram kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda og munu örugglega vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang þessa máls. Engin ástæða er til að halda að samtök atvinnurekenda séu mótfallin því að jafna lífeyrisréttindi með þessum hætti. Komist tillagan til framkvæmda þarf að móta skýrar reglur um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo að viðkomandi launþegi geti hafið töku lífeyris.

Flutningsmönnum er kunnugt um að sveigjanleg starfslok hafa verið til skoðunar í nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafa skoðað tillögur hennar. Þar er ekki lagt til að fara þá leið sem hér er nefnd. Einnig flutti Ásta R. Jóhannesdóttir ásamt fleiri þingmönnum á 126. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frumvarpinu var lagt til að opinberum starfsmönnum yrði gert kleift að fresta starfslokum. Sú tillaga sem hér er sett fram snýr hins vegar eingöngu að því að flýta starfslokum við sérstakar aðstæður og fjármögnun vegna þeirra. Ef tillagan verður samþykkt felur það í sér einföld og skýr skilaboð Alþingis til launþega um vilja til þess að auka og jafna rétt launþega til að hefja töku lífeyris ef sérstakar ástæður valda atvinnumissi seint á starfsævinni.

1241. Frumvarp til laga [814. mál]

um brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

Breyting á lögum nr. 41/1919, um landamerki o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjaldi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þinglýsingargjaldi.

Breyting á lögum nr. 51/1924, um ríkisskuldabréf.
3. gr.

Orðið „stimpilgjalds“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á víxillögum, nr. 93/1933, með síðari breytingum.
4. gr.

Orðin „og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum“ í 2. mgr. 52. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, með síðari breytingum.
5. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.
6. gr.

Orðið „stimpilgjaldi“ í 80. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.
7. gr.

Í stað orðanna „veð- og stimpilgjöldum“ í f-lið 34. gr. laganna kemur: veðgjöldum.

Breyting á lögum nr. 54/1973, um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.
8. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.
9. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Að lækka þinglýsingargjöld vegna stofnlána sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

Breyting á lögum nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.
10. gr.

Í stað orðanna „veðmála- og stimpilgjöldum“ í f-lið 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: og veðmálagjöldum.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.
11. gr.

Orðið „stimpilgjöldum“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum.
12. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

13. gr.

Orðin „stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins“ í 16. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 4/1987, um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

14. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 14/1989, um norrænan þróunarsjóð.

15. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 102/1990, um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

16. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjald og þinglýsingar“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: þinglýsingargjald.

Breyting á lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð, með síðari breytingum.

18. gr.

Orðin „stimpil- og“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með síðari breytingum.

19. gr.

2. málsl. 22. gr. laganna fellur brott.

Breyting á gildandi ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

20. gr.

78. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

21. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

22. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og“ í 14. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., með síðari breytingum.

23. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingu.

24. gr.

Síðari málsliður 17. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

25. gr.

7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með síðari breytingum.

26. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjöld“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breyting á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

27. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

28. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 20. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

29. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

30. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 26. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingu.

31. gr.

Lokamálsliður 10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/2002, um fasteignakaup.

32. gr.

Í stað orðsins „stimpilgjöld“ í síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

33. gr.

Síðari málsliður 5. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

2. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

110. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

36. gr.

8. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

37. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

38. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað“ í 1. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: þinglýsingarkostnað og opinber gjöld.

Gildistaka.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Gjaldið er mishátt eftir skjölum.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur neikvæð áhrif, t.d. mismunar hún aðilum innan lands og veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Þá er einnig á það að líta að stimpilgjöld geta lagst mjög þungt á þá sem kaupa sér húsnæði, sérstaklega þá sem eru að festa sér húsnæði í fyrsta sinn og þurfa að teygja sig svo

langt sem þeir geta t.d. ungt barnafólk. Þá benda flutningsmenn jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt hvað eftir annað. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi á árinu 2003 voru 3.300 millj. kr. og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2004 eru þær áætlaðar á greiðslugrunni 3.545 millj. kr.

Undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda er víða að finna í lögum og hefur það gert innheimtu þeirra flókna. Þá getur aukning rafrænna viðskipta einnig gert innheimtu gjaldanna vandasama og í sumum tilfellum nokkuð hjákátlega þar sem engin eiginleg stimplun fer fram í slíkum viðskiptum.

Við niðurfellingu laga um stimpilgjald er nauðsynlegt að breyta með bandormi ákvæðum fjölmargra annarra laga sem kveða á um greiðslu stimpilgjalds. Í flestum þeirra lagaákvæða sem bandormurinn snertir er veitt undanþága frá greiðslu stimpilgjalda. Í nokkrum þeirra er þó kveðið á um að krafa um stimpilgjald skuli miðast við annað hlutfall en ákveðið er í lögum um stimpilgjald og er þá oftast um að ræða ívilnanir til handa erlendum aðilum vegna beinna fjárfestinga hér á landi. Þessir aðilar munu því njóta verulegrar ívilnunar líkt og aðrir verði frumvarp þetta að lögum og því geta stjórnvöld í einstaka tilfellum þurft að taka samninga við slíka aðila til endurskoðunar.

1242. Svar [770. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um úthald rannsóknarskipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir voru árlegir úthaldsdagar rannsóknarskipa á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á tímabilinu 1990–2003 og hve margir eru fyrirhugaðir úthaldsdagar skipanna árið 2004? Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum hvers skips og að fram komi fyrir hverja verkefnin voru unnin eða verða unnin samkvæmt áætlun.*

Í eftirfarandi töflu kemur fram fjöldi úthaldsdaga hafrannsóknaskipanna á tímabilinu 1990–2003 og áætlun fyrir árið 2004. Einnig kemur fram sundurliðun úthaldsins á einstök verkefni. Þá kemur fram í töflunni ef verkefni hafa verið unnin fyrir aðra en Hafrannsóknastofnunina. Þar er um að ræða kennsluferðir á vegum Háskóla Íslands, skólaskipsverkefni, landgrunnsrannsóknir fyrir Orkustofnun og aðra leigu.

Önnur leiguverkefni voru sem hér segir:

Bjarni Sæmundsson.
1993 15 daga leiga í jarðfræðirannsóknir á Reykjaneshrygg, breskir aðilar.
1995 5 daga leiga í straummælingar við Grænland, danskir aðilar.
2001 14 daga leiga til jarðfræðirannsókna á vegum Raunvísindastofnunar.
2002 24 daga leiga til eftirlitsstarfa á vegum CMN í Frakklandi.
2002 7 daga leiga á vegum Institut für Geophysik, Hamborgarháskóla.
2003 10 daga leiga í jarðfræðirannsóknir á vegum Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar.
2004 áætluð 21 dags leiga til jarðfræðirannsókna við V-Grænland á vegum GEUS í Kaupmannahöfn.

Árni Friðriksson.
2004 áætluð 17 daga leiga á vegum Institut für Geophysik, Hamborgarháskóla.

Flokkun úthaldsdaga rannsóknaskipanna 1990–2004.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Bjarni Sæmundsson															
Fiskirannsóknir	148	110	120	113	112	139	80	69	74	98	115	115	70	101	91
Sjó- og vistfræði	76	76	67	83	85	89	88	119	115	70	55	46	47	13	64
Kvörðun bergmálstækja		4	4	4	7	3	6	5	5	3	2	2	4		5
Kennsluferðir HÍ		1	1		1		1	1	1	2	2	2	3	2	2
Útleiga				15		5						14	31	12	21
	224	**191**	**192**	**215**	**205**	**236**	**175**	**194**	**195**	**173**	**174**	**179**	**155**	**128**	**183**
Árni Friðriksson															
Fiskirannsóknir	105	171	169	171	169	157	158	101	171	152	97	168	117	142	107
Sjó- og vistfræði	15	45	25	37	32	22	24	39	8	9	17	13	24	18	7
Hvalarannsóknir						30									
Kvörðun bergmálstækja		4	4	3	5	2	2	6	3	1	1	8	5	4	7
Kennsluferðir HÍ								4	3						
Landgrunnsrannsóknir													20	90	65
Útleiga															17
	120	**220**	**198**	**211**	**206**	**211**	**184**	**150**	**185**	**162**	**115**	**189**	**166**	**254**	**203**
Dröfn															
Fiskirannsóknir	107	169	125	127	139	164	147	151	148	123	112	121	102	117	61
Sjó- og vistfræði	5			3	2	8		9	9	5					
Hvalarannsóknir			21	28											
Kennsluferðir HÍ				3	3	3		3		3				2	
Skólaskip									40	49	53	55	54	56	15
	112	**169**	**146**	**161**	**144**	**175**	**147**	**163**	**197**	**180**	**165**	**176**	**156**	**175**	**76**

2. *Við hvaða rannsóknir hefur það nýst að Árni Friðriksson var útbúinn til að geta dregið tvö troll? Svarið óskast sundurliðað eftir tímabilum og verkefnum.*

Búnaður til að geta dregið tvö troll var notaður í leiðangri 16.–22. janúar 2001 og í leiðangri 13.–24. apríl 2003. Þá verður búnaðurinn notaður í 12 daga leiðangri á þessu ári. Í öllum tilvikum er um að ræða rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra og skiljurannsóknir.

3. *Hvert hefur hlutverk Árna Friðrikssonar verið í „togararalli“ á undanförnum árum?*

Árni Friðriksson, sem kom til landsins á miðju ári 2000, var notaður í marsralli 2001 og voru þá tekin samanburðartog við einn togarann í rallinu. Á árinu 2002 voru einnig tekin samanburðartog á skipinu í marsralli. Niðurstöður leiddu í ljós töluverðan mun á veiðihæfni Árna og samanburðartogurunum. Þetta leiddi til þess að nauðsynlegt taldist vera að gera nánari samanburð á leigutogurunum innbyrðis áður en hægt yrði að nota Árna í stað þeirra. Þessi samanburður var gerður 2003 og nú í ár. Vonir standa til að Árni komi að hluta inn í marsrall á næsta ári, en það er þó háð niðurstöðum úr fyrrgreindri kvörðun skipsins við eldri samanburðartogara.

1243. Frumvarp til laga [815. mál]

um þriðju kynslóð farsíma.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi.

Lög þessi taka til úthlutunar tíðna til starfrækslu farsímaneta á tíðnisviðunum 1900–1980 MHz, 2010–2025 MHz og 2110–2170 MHz.

Í lögum þessum merkir þriðja kynslóð farsíma þráðlaust farsímakerfi samkvæmt IMT-2000 stöðlum Alþjóðafjarskiptasambandsins, þ.m.t. UMTS-stöðlum.

Í lögum þessum merkir UMTS-farsímanet þráðlaust farsímakerfi sem býður upp á breiðbands- og margmiðlunarþjónustu með meiri hraða en fyrsta og önnur kynslóð farsímaneta.

2. gr.

Úthlutun tíðna.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar tíðnum skv. 1. gr.

Úthlutun tíðna skal fara fram að undangengnu almennu útboði í samræmi við ákvæði 5. gr.

Heimilt er að áskilja að tíðnir skuli teknar í notkun innan hæfilegs tíma ella falli heimildin niður. Tíðniúthlutun skal bundin við nafn og er framsal óheimilt.

Gildistími tíðniúthlutunar er 15 ár.

3. gr.

Útbreiðsla.

Lágmarkskrafa til hvers rétthafa er að UMTS/IMT-2000 þjónusta nái til 60% íbúa eftirfarandi svæða:

a. höfuðborgarsvæðis,
b. Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra,
c. Norðurlands eystra og Austurlands,
d. Suðurlands og Suðurnesja.

Nánari ákvæði um áfanga og hraða uppbyggingar og kröfur um sendistyrk munu skilgreind við útboð á tíðnum.

4. gr.

Tíðnigjald.

Fyrir hverja tíðniúthlutun skv. 2. gr. skal greiða 190 millj. kr. tíðnigjald. Þar af skal rétthafi greiða 5 millj. kr. þegar tíðni hefur verið úthlutað, en eftirstöðvar tíðnigjalds greiðast ríkissjóði með fjórum jöfnum greiðslum frá því að tíðniúthlutun fer fram þar til tvö ár eru liðin frá úthlutun.

Fyrir uppbyggingu fjarskiptanets umfram lágmarkskröfu skv. 3. gr. skal veittur afsláttur af tíðnigjaldi. Afsláttur nemur 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta íbúa umfram 60% útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Tekið verður tillit til afsláttar vegna útbreiðslu umfram 60% frá upphafi. Tíðnigjald skal þó aldrei verða lægra en 40 millj. kr.

Til viðbótar tíðnigjaldi greiðir hver handhafi úthlutunar gjald sem nemur 4 millj. kr. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að selja útboðsgögn til að standa straum af kostnaði við gerð útboðsgagna skv. 5. gr.

5. gr.
Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun skal með almennu útboði gefa þeim sem vilja fá úthlutað tíðnum skv. 2. gr. kost á að gera tilboð í tíðnir til reksturs UMTS/IMT-2000 farsímanets hér á landi. Með útboði verður allt að fjórum bjóðendum úthlutað tíðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvaða hlutar tíðnisviða sem tilgreind eru í 1. gr. fylgja hverri úthlutun fyrir sig.

Póst- og fjarskiptastofnun skal semja ítarlega útboðslýsingu þar sem skilmálar útboðsins eru settir fram á hlutlægan og skýran hátt, þar á meðal allir þættir sem lagðir verða til grundvallar við val á rétthöfum í samræmi við markmið laga þessara og jafnframt vægi einstakra atriða við mat á tilboðum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu og tæknilega getu sem fullnægja þarf til þess að hafa rétt til þátttöku í útboðinu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur hafnað tilboði ef það er ekki í samræmi við útboðslýsingu eða ef bjóðandi leggur ekki fram upplýsingar eða gögn sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynleg til þess að leggja mat á tilboðið.

Meðal atriða sem koma skulu fram í tilboðum er viðskiptaáætlun sem miðast við að bjóðandi byggi upp net sitt sjálfur, áætlun um útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu bæði eftir mannfjölda og svæðum, áætlun um hraða við uppbyggingu nets og áætlun um frágang mannvirkja.

Hver bjóðandi má aðeins senda inn eitt tilboð. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hafna tilboðum frá bjóðendum sem eiga ráðandi eignarhlut í öðrum bjóðendum.

Komi engin tilboð í tíðniúthlutun samkvæmt UMTS-staðli verður að hámarki þremur bjóðendum úthlutað tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma.

6. gr.
Ákvæði fjarskiptalaga.

Ákvæði laga um fjarskipti og laga um Póst- og fjarskiptastofnun gilda um þriðju kynslóð farsíma eftir því sem við á.

Við úthlutun tíðna skal Póst- og fjarskiptastofnun setja skilyrði í samræmi við lög þessi, lög um fjarskipti og tilboð hvers rétthafa fyrir sig.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Meginmarkmið stjórnvalda í fjarskipta- og upplýsingamálum er að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra, góða og aðgengilega fjarskiptaþjónustu. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að stuðla að raunverulegri samkeppni og jafnframt að tryggja aðgang landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu á sanngjörnum kjörum. Þetta markmið er haft að leiðarljósi við val aðferðar við úthlutun á tíðnum í fjarskiptaþjónustu. Við úthlutun

takmarkaðs tíðnisviðs er mikilvægt að stýra aðgangi að tíðnirófinu eftir hlutlægum mælikvarða.

Til að ná þessu markmiði er í frumvarpi þessu lagt til að tíðnum verði úthlutað að loknu útboði þar sem bjóðendum gefst kostur á að skila inn tillögum m.a. varðandi útbreiðslu farsímanetsins og þjónustu, hraða við uppbyggingu nets og móttökustyrk sendinga. Þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind er mikilvægt að beita hlutlægum mælikvarða þegar umsóknir eru metnar og að skilyrði sem fullnægja þarf verði ákveðin fyrir fram með skýrum hætti í útboðslýsingu.

Ýmis önnur rök hnigu að því að útboðsleiðin varð fyrir valinu og má þar nefna:

- Mikil reynsla er af þessari aðferð hér á landi.
- Með því að ákveða fyrir fram skilyrði og aðferðir við mat á tilboðum má tryggja hlutlægni við val á bjóðendum.
- Það er ekki skilyrði fyrir árangri að bjóðendur séu fleiri en úthlutaðar tíðnir.
- Með því að heimila reikisamninga er hagkvæmni aukin og unnt að komast hjá óarðbærum fjárfestingum þrátt fyrir mikla útbreiðslu.

II. Þriðja kynslóð farsíma.

Á undanförnum árum hefur farsímanotendum í heiminum fjölgað gífurlega. Tvö farsímakerfi eru nú rekin sem veita talsímaþjónustu og í einhverjum mæli lághraðaþjónustu. Það eru annars vegar hliðræn kerfi (NMT) og hins vegar stafræn kerfi (GSM 900 og DCS 1800). Hliðræn kerfi eru skilgreind sem fyrsta kynslóð en stafræn kerfi sem önnur kynslóð.

GSM-farsímakerfi er að finna í 195 löndum, með 500 farsímanetum sem þjóna nálægt 1.200 milljónum manna, sem er tíföldun frá árinu 1997. Um hálf milljón nýrra notenda bætist við á degi hverjum og spár benda til að þessi tala verði komin upp í tvo milljarða á árabilinu 2007–2010. Í N-Evrópu er útbreiðsla farsíma langmest á heimsvísu. Á Íslandi eru nú yfir 260 þúsund farsímar sem er með því mesta sem þekkist, miðað við höfðatölu. Mest aukning farsímanotkunar undanfarin ár hefur verið í Suðaustur-Asíu og nemur aukningin þar um 50% af aukinni farsímanotkun.

Nú er svo komið að áskrifendur í farsímakerfum eru orðnir fleiri en í fastlínukerfum í heiminum. Þetta ræðst m.a. af því að víða í þróunarríkjum hefur farsíminn orðið skjótvirkari og ódýrari lausn en lagning koparþráðar eða ljósleiðara. Milljónir hafa aðeins aðgang að fjarskiptaþjónustu með þessum hætti. Þá eru símafyrirtæki í Evrópu byrjuð að hvetja notendur til að færa talviðskipti frá fastlínu yfir á farsíma til að auka flutningsgetu heimtauga í háhraðasamböndum (xDSL). Þessi þróun virðist einnig vera í fyrirtækjarekstri þar sem farsímafyrirtæki eru farin að veita fastlínufyrirtækjunum verulega samkeppni í heildarlausnum með farsíma.

Nýir tímar eru fram undan í fjarskipta- og upplýsingatækni. Notendur gera kröfu um fjölbreytta og ódýra þjónustu sem unnt er að veita óháð tíma og rúmi, þráðlausa háhraðaþjónustu.

Með nýrri kynslóð farsíma, þriðju kynslóðinni, er aukin áhersla lögð á gagnaflutning og nýjar leiðir opnast fyrir samskipti með háum bitahraða. Þriðja kynslóð farsíma er ekki bundin ákveðinni tækni, en Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa ákveðið að nota UMTS-farsímakerfið (Universal Mobile Telecommunications System).

Til þess að teljast UMTS þarf farsímakerfi að geta veitt margvíslega þjónustu. Auk hefðbundinnar grunnþjónustu eins og hágæðatalsíma, faxsendinga, myndsíma og gagnaflutnings með miklum hraða þarf UMTS að geta ráðið við margmiðlun, þjónustu í mismunandi umhverfi umfram það sem önnur kynslóð farsímakerfa eins og GSM er fær um, hvort sem hún

er veitt í tækjum sem hreyfast hægt eða hratt, veitt virkan aðgang að internetinu, staðarnetum og annarri IP-staðlaðri þjónustu, ráðið við þjónustu í mismunandi UMTS-umhverfi.

Notendabúnaður fyrir þriðju kynslóð farsíma er kominn á markað. Hann er fullkomnari en núverandi GSM-búnaður og er lögð áhersla á stóran skjá vegna aukins gagnaflutnings. Líkt og gilti fyrir GSM-farsíma munu evrópskir staðlar liggja til grundvallar framleiðslu þriðju kynslóðar farsímanna og þeir verða því notaðir í öllum löndum sem byggja upp UMTS-farsímakerfi en jafnframt má búast við að farsímar verði framleiddir sem nota má í öllum IMT-2000 farsímakerfum.

Taflan hér á eftir sýnir muninn á 1., 2., 2,5. og 3. kynslóð farsíma:

Kynslóð	Eiginleikar
1	NMT-langdræga farsímakerfið, ca. 10 Kb/s hliðrænt.
2	GSM, DCS 1800 9,6 Kb/s stafrænt.
2,5	GPRS, EDGE á GSM-kerfum 12-384 Kb/s stafrænt.
3	IMT-2000, UMTS 64 Kb/s-2Mb/s stafrænt.

Í Evrópu verða þriðju kynslóðar kerfi almennt sett upp í tengslum við annarrar kynslóðar kerfi. Ef þriðju kynslóðar rétthafi hefur ekki annarrar kynslóðar kerfi er æskilegt að hafa reikisamning við fyrirtæki á því svæði sem hann ætlar að starfa á. Samspil þriðju kynslóðar við fyrirliggjandi farsímakerfi er mikilvægt vegna þess að með því að flytja umferð sem ekki þarf mikla bandbreidd yfir í fyrirliggjandi kerfi er hægt að létta á þriðju kynslóðar kerfinu og auka þannig afkastagetu þess fyrir umferð sem þarf mikla bandbreidd. Þriðju kynslóðar kerfi verða helst sett upp á þéttbýlisstöðum þar sem mikilla gagnaflutninga og samtímanotkunar er að vænta. Þörf er á reikisamningum á svæðum sem UMTS nær ekki til svo að búnaðurinn nýtist sem GSM-símí þar sem önnur þjónusta er ekki í boði. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að Alþjóðafjarskiptasambandið samþykkti nýjan staðal um hágæðatalfjarskipti 31. janúar 2002. Hinn nýi staðall, tilmæli G.722.2, mun auka mjög samhæfni fjarskiptabúnaðar hvort heldur sem um er að ræða GSM, ISDN, talsímaþjónustu í fastanetinu eða gagnaflutninga á IP-umferðarstjórnunarkerfum. Staðallinn mun því færa öll fjarskipti nær þeirri tækni sem internetið byggist á.

Áætlað er að verð búnaðar fyrir þriðju kynslóðar kerfi muni falla hratt á næstu árum eða um leið og hann kemst í almenna framleiðslu.

Nú þegar hafa 32 ríki úthlutað 120 þriðju kynslóðar leyfum. Japönsk farsímafyrirtæki hófu starfrækslu um mitt ár 2001 og áttu við nokkra byrjunarörðugleika að etja en þar hefur notendum nú fjölgað verulega að undanförnu og eru komnir yfir 7 milljónir. Þessa aukningu má m.a. þakka lækkandi verði á notendabúnaði og fjölbreyttari þjónustu.

III. Staðan í aðildarríkjum EES.

Samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB um samræmda innleiðingu þriðju kynslóðar farsímakerfa innan bandalagsins og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/1999 frá 24. september 1999 hvílir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að innleiða löggjöf um þriðju kynslóð farsíma. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ítrekað við íslensk stjórnvöld að hraða lögfestingu ákvæða um úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Í júnímánuði 2002 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út stöðuskýrslu um þriðju kynslóð farsíma í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdastjórnin bindur miklar vonir við þriðju kynslóð farsíma við þróun upplýsingasamfélagsins og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir nú um markaði

fyrir þriðju kynslóðina er vonast til þess að tilkoma þeirrar tækni muni skapa grunninn að þráðlausum breiðbandstengingum sem veita notendum fjölbreytta þráðlausa þjónustu. Í öllum 15 aðildarríkjum ESB hefur tíðnum verið úthlutað.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, sem snerta ráðningar háskólakennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Í fyrstu efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um að háskólaráð setji nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf

dómnefnda og meðferð umsókna. Slíkt almennt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum, en er að finna í sérlögum um aðra ríkisháskóla. Þá er lagt til að tekin verði upp heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Að mati Kennaraháskóla Íslands er þörf á heimild til að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólann og stofnanir hans í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum sem öll byggjast á sérstöðu starfa við skólann. Þessi breytingartillaga hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja. Dæmi um störf sem hér gætu átt við eru:

1. *Starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum.*

Hluti rannsóknastarfsins við Kennaraháskóla Íslands og stofnanir hans er kostaður af styrkjum sem einstakir verkefnastjórar, kennarar eða fastráðnir sérfræðingar, eða rannsóknahópar sækja um til innlendra eða erlendra rannsóknasjóða og nota til að ráða starfsmenn að rannsóknunum. Slíkir styrkir eru ævinlega bundnir við tiltekið verkefni og tímabundnir. Eðlilegt er að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum, þar með talið að ráða starfsmann án auglýsingar ef það þykir henta.

2. *Störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi.*

Við Kennaraháskóla Íslands hefur verið byggt upp öflugt rannsóknartengt framhaldsnám. Nemendur í slíku námi hafa oft annað hvort framfærslu af námsstyrkjum eða þeir eru á launum sem umsjónarkennari fjármagnar með rannsóknarstyrkjum eða rannsóknasamningum. Þegar svo háttar til er val nemanda alfarið á valdi umsjónarkennara og ekki sjálfgefið að slíkt starf sé auglýst þó að við vissar aðstæður geti verið talið tilefni til að efna til samkeppni um slíka námsstöðu.

3. *Starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna styrkþegans sjálfs.*

Mörg dæmi eru um það að erlendir sem innlendir vísindamenn sæki um og fái styrki til afmarkaðra rannsóknarverkefna sem þeir hyggjast vinna sjálfir. Styrkveitingin er að jafnaði bundin vísindamanninum en hann semur síðan við rannsókna- eða háskólastofnun um þá aðstöðu sem honum er þörf til þess að vinna verkefnið. Í ýmsum tilvikum getur verið hentugt og jafnvel nauðsynlegt að vísindamaðurinn leggi styrkinn inn í heild til viðkomandi stofnunar sem aftur ræður þá vísindamanninn tímabundið til starfa við verkefnið. Við þessar aðstæður er augljóst að forsenda starfsins er sá styrkur sem viðkomandi vísindamaður leggur fram og því verður starfið ekki auglýst.

4. *Samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir.*

Sum þeirra starfa sem verða til í Kennaraháskóla Íslands tengjast verkefnum sem í eðli sínu eru tímabundin og felast í að framkvæma tiltekna rannsóknaáætlun í samvinnu starfandi háskólamanna og utanaðkomandi aðila sem kunna að eignast réttindi yfir verkefninu og koma að því á öllum stigum. Aðkoma slíkra aðila kann að vera best tryggð með ráðningarsamningi, en jafnljóst er að ekki eru forsendur til þess að auglýsa starfið laust til umsóknar.

5. *Sérstök tímabundin kennarastörf sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum.*

Kennaraháskóli Íslands stefnir að því að fjölga þeim kennarastörfum sem kostuð eru af stofnunum eða fyrirtækjum með sérstökum samningum. Slík störf eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma, t.d. þriggja eða fimm ára. Í sumum tilvikum eru slík störf bundin tilteknum rannsóknasviðum og jafnvel sett á fót til þess að tilteknir sérfræðingar fái aðstöðu til þess að kenna tiltekin fræði og stunda rannsóknir á því sviði við skólann. Ekki er því sjálfgefið að forsendur séu til að auglýsa starfið.

Í annarri efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Kennaraháskólanum verði heimilað að ráða kennara og aðra til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum um Háskóla Íslands. Heimild þessi til tímabundinnar ráðningar er rýmri en heimild 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því leyti til að í því lagaákvæði er miðað við tveggja ára ráðningartíma. Sömu sjónarmið liggja hér til grundvallar og voru við setningu gildandi laga um Háskóla Íslands, þ.e. að starf háskólakennara og vísinda- og fræðimanna hafi þá sérstöðu að það réttlæti lengri tímabundinn ráðningartíma, m.a. þegar litið er til þess tíma sem þarf til undirbúnings starfi og þjálfunar í því. Þá er eðlilegt að samræmi sé milli laga um ríkisháskólana í þessu efni.

Í þriðju efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilað verði að ráða kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt verði að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimildarákvæði þessi er að finna í gildandi lögum um Háskóla Íslands og hafa aðrir ríkisháskólar lagt áherslu á að sömu heimildir verði lögfestar í sérlögum sem um þá gilda. Um ráðningu kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur er lögð áhersla á að um heimildarákvæði er að ræða og gera verður ráð fyrir að gætt sé sambærilegra hæfniskrafna og gerðar eru til þeirra sem gegna fullu starfi.

Heimildin til að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur er við það miðuð að hún verði ekki bundin við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Heimild þessi er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólans til að tengjast fleiri aðilum utan hans, enda vinnur háskólinn markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknastarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknastarfsemi í landinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að háskólanum verði heimilað að ráða í tiltekin störf án auglýsingar, að ráða fólk í tímabundin kennslu- og vísindastörf til allt að fimm ára og að ráða kennara í hlutastarf og tengja störf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans, allt eftir reglum sem háskólaráð setur.

Að mati fjármálaráðuneytisins stuðlar frumvarpið að sveigjanleika í starfsmannahaldi og einföldun á stjórnsýslu háskólans verði það að lögum og þar með minni útgjöldum. Ekki eru þó forsendur til að áætla hversu mikið útgjöld gætu lækkað vegna þessa.

1246. Frumvarp til laga [818. mál]

um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 9. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglum að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur stunda við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, sem snerta ráðningar háskólakennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að í 9. mgr. 3. gr. verði tekin upp heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Að mati Háskólans á Akureyri er þörf á heimild til að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólann og stofnanir hans í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum sem öll byggjast á sérstöðu starfa við skólann. Þessi breytingartillaga hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja. Dæmi um störf sem hér gætu átt við eru:

1. Starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum.

Hluti rannsóknastarfsins við Háskólann á Akureyri og stofnanir hans er kostaður af styrkjum sem einstakir verkefnastjórar, kennarar eða fastráðnir sérfræðingar, eða rannsóknahópar sækja um til innlendra eða erlendra rannsóknasjóða og nota til að ráða starfsmenn að rannsóknunum. Slíkir styrkir eru ævinlega bundnir við tiltekið verkefni og tímabundnir. Eðlilegt er að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum, þar með talið að ráða starfsmann án auglýsingar ef það þykir henta.

2. Störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi.

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að byggja upp rannsóknartengt framhaldsnám. Nemendur í slíku námi hafa að jafnaði annaðhvort framfærslu af námsstyrkjum eða þeir eru á launum sem umsjónarkennari fjármagnar með rannsóknarstyrkjum eða rannsóknasamningum. Þegar svo háttar til er val nemanda alfarið á valdi umsjónarkennara og ekki sjálfgefið

að slíkt starf sé auglýst þó að við vissar aðstæður geti verið talið tilefni til að efna til samkeppni um slíka námsstöðu.

3. *Starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna styrkþegans sjálfs.*

Mörg dæmi eru um það að erlendir sem innlendir vísindamenn sæki um og fái styrki til afmarkaðra rannsóknarverkefna sem þeir hyggjast vinna sjálfir. Styrkveitingin er að jafnaði bundin vísindamanninum en hann semur síðan við rannsókna- eða háskólastofnun um þá aðstöðu sem honum er þörf til þess að vinna verkefnið. Í ýmsum tilvikum getur verið hentugt og jafnvel nauðsynlegt að vísindamaðurinn leggi styrkinn inn í heild til viðkomandi stofnunar sem aftur ræður þá vísindamanninn tímabundið til starfa við verkefnið. Við þessar aðstæður er augljóst að forsenda starfsins er sá styrkur sem viðkomandi vísindamaður leggur fram og því verður starfið ekki auglýst.

4. *Samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir.*

Sum þeirra starfa sem verða til í Háskólanum á Akureyri tengjast verkefnum sem í eðli sínu eru tímabundin og felast í að framkvæma tiltekna rannsóknaáætlun í samvinnu starfandi háskólamanna og utanaðkomandi aðila sem kunna að eignast réttindi yfir verkefninu og koma að því á öllum stigum. Aðkoma slíkra aðila kann að vera best tryggð með ráðningarsamningi, en jafnljóst er að ekki eru forsendur til þess að auglýsa starfið laust til umsóknar.

5. *Sérstök tímabundin kennarastörf sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum.*

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að fjölga þeim kennarastörfum sem kostuð eru af stofnunum eða fyrirtækjum með sérstökum samningum. Slík störf eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma, t.d. þriggja eða fimm ára. Í sumum tilvikum eru slík störf bundin tilteknum rannsóknasviðum og jafnvel sett á fót til þess að tilteknir sérfræðingar fái aðstöðu til þess að kenna tiltekin fræði og stunda rannsóknir á því sviði við skólann. Ekki er því sjálfgefið að forsendur séu til að auglýsa starfið.

6. *Háskólakennarar í hlutastarfi sem tengist tilteknu starfi utan skólans á grundvelli samstarfssamnings milli stofnana.*

Samkvæmt 15. gr. laga um Háskólann á Akureyri er heimilt að tengja starf kennara (háskólamanns) tilteknu starfi utan skólans. Fram kom í greinargerð með þessu ákvæði á frumvarpsstigi að slíkum tengslum skyldi einkum komið á með samkomulagi milli stofnana þar sem tryggður væri aðgangur að aðstöðu og sérþekkingu tiltekinna sérfræðinga. Hefur skólinn á grundvelli þessarar heimildar gert samstarfssamninga við aðrar stofnanir ríkisins þar sem byggt er á því að tilteknir starfsmenn séu í starfi bæði hjá skólanum og viðkomandi stofnun. Geri samningurinn ráð fyrir nýjum störfum hefur verið talið að auglýsa beri slík störf enda þótt forsenda samningsins sé tiltekin sérfræðiþekking sem til staðar er innan stofnunar. Ljóst er á hinn bóginn að í mörgum tilvikum stýra hinar samningsbundnu forsendur því hvernig starfinu er ráðstafað. Æskilegt er því að til staðar sé svigrúm að þessu leyti til þess að meta megi hvort auglýsing starfsins þjóni einhverjum tilgangi.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 3. gr. laganna.

Í fyrri málsgreininni er lagt til að Háskólanum á Akureyri verði heimilað að ráða kennara og þá sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum um Háskóla Íslands. Heimild þessi til tímabundinnar ráðningar er rýmri en heimild 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því leyti til að í því lagaákvæði er miðað við tveggja ára ráðningartíma. Sömu sjónarmið liggja hér til grundvallar og voru við setningu gildandi laga um Háskóla Íslands, þ.e. að starf háskólakennara og vísinda- og fræðimanna hafi þá sérstöðu að það réttlæti lengri tímabundinn ráðningartíma, m.a.

þegar litið er til þess tíma sem þarf til undirbúnings starfi og þjálfunar í því. Þá er eðlilegt að samræmi sé milli laga um ríkisháskólana í þessu efni.

Í seinni málgreininni er lagt til að heimilað verði að ráða kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt verði að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimildarákvæði þessi er að finna í gildandi lögum um Háskóla Íslands og hafa aðrir ríkisháskólar lagt áherslu á að sömu heimildir verði lögfestar í sérlögum sem um þá gilda. Um ráðningu kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur er lögð áhersla á að um heimildarákvæði er að ræða og gera verður ráð fyrir að gætt sé sambærilegra hæfniskrafna og gerðar eru til þeirra sem gegna fullu starfi.

Heimildin til að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur er við það miðuð að hún verði ekki bundin við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Heimild þessi er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólans til að tengjast fleiri aðilum utan hans, enda vinnur háskólinn markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknastarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknastarfsemi í landinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

Í frumvarpinu er lagt til að háskólanum verði heimilað að ráða í tiltekin störf án auglýsingar, að ráða fólk í tímabundin kennslu- og vísindastörf til allt að fimm ára og að ráða kennara í hlutastarf og tengja störf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans, allt eftir reglum sem háskólaráð setur.

Að mati fjármálaráðuneytisins stuðlar frumvarpið að sveigjanleika í starfsmannahaldi og einföldun á stjórnsýslu háskólans verði það að lögum og þar með minni útgjöldum. Ekki eru þó forsendur til að áætla hversu mikið útgjöld gætu lækkað vegna þessa.

1247. Frumvarp til laga [819. mál]

um breytingu á lögum nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglunum að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur

stunda við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, sem snerta ráðningar háskólakennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að í 7. mgr. 3. gr. verði tekin upp heimild til undanþágu frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir fyrir um það að auglýsa beri laus störf hjá ríkinu. Að mati Tækniháskóla Íslands er þörf á heimild til að víkja frá meginreglunni um að auglýsa beri laus störf við skólann og stofnanir hans í nokkrum nánar ákveðnum tilvikum sem öll byggjast á sérstöðu starfa við skólann. Þessi breytingartillaga hefur að geyma heimild sem í framkvæmd yrði beitt þröngt og einungis á grundvelli nánari reglna sem háskólaráð mun setja. Dæmi um störf sem hér gætu átt við eru:

1. *Starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum.*

Hluti rannsóknastarfsins við Tækniháskóla Íslands og stofnanir hans er kostaður af styrkjum sem einstakir verkefnastjórar, kennarar eða fastráðnir sérfræðingar, eða rannsóknahópar sækja um til innlendra eða erlendra rannsóknasjóða og nota til að ráða starfsmenn að rannsóknunum. Slíkir styrkir eru ævinlega bundnir við tiltekið verkefni og tímabundnir. Eðlilegt er að viðkomandi verkefnastjóri hafi fullt vald til að ráðstafa styrknum, þar með talið að ráða starfsmann án auglýsingar ef það þykir henta.

2. *Störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi.*

Tækniháskóli Íslands stefnir að því að byggja upp rannsóknartengt framhaldsnám. Nemendur í slíku námi hafa að jafnaði annaðhvort framfærslu af námsstyrkjum eða þeir eru á launum sem umsjónarkennari fjármagnar með rannsóknarstyrkjum eða rannsóknasamningum. Þegar svo háttar til er val nemanda alfarið á valdi umsjónarkennara og ekki sjálfgefið að slíkt starf sé auglýst þó að við vissar aðstæður geti verið talið tilefni til að efna til samkeppni um slíka námsstöðu.

3. *Starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna styrkþegans sjálfs.*

Mörg dæmi eru um það að erlendir sem innlendir vísindamenn sæki um og fái styrki til afmarkaðra rannsóknarverkefna sem þeir hyggjast vinna sjálfir. Styrkveitingin er að jafnaði bundin vísindamanninum en hann semur síðan við rannsókna- eða háskólastofnun um þá aðstöðu sem honum er þörf til þess að vinna verkefnið. Í ýmsum tilvikum getur verið hentugt og jafnvel nauðsynlegt að vísindamaðurinn leggi styrkinn inn í heild til viðkomandi stofnunar sem aftur ræður þá vísindamanninn tímabundið til starfa við verkefnið. Við þessar að-

stæður er augljóst að forsenda starfsins er sá styrkur sem viðkomandi vísindamaður leggur fram og því verður starfið ekki auglýst.

4. *Samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir.*

Sum þeirra starfa sem verða til í Tækniháskóla Íslands tengjast verkefnum sem í eðli sínu eru tímabundin og felast í að framkvæma tiltekna rannsóknaáætlun í samvinnu starfandi háskólamanna og utanaðkomandi aðila sem kunna að eignast réttindi yfir verkefninu og koma að því á öllum stigum. Aðkoma slíkra aðila kann að vera best tryggð með ráðningarsamningi, en jafnljóst er að ekki eru forsendur til þess að auglýsa starfið laust til umsóknar.

5. *Sérstök tímabundin kennarastörf sem kostuð eru af utanaðkomandi aðilum.*

Tækniháskóli Íslands stefnir að því að fjölga þeim kennarastörfum sem kostuð eru af stofnunum eða fyrirtækjum með sérstökum samningum. Slík störf eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma, t.d. þriggja eða fimm ára. Í sumum tilvikum eru slík störf bundin tilteknum rannsóknasviðum og jafnvel sett á fót til þess að tilteknir sérfræðingar fái aðstöðu til þess að kenna tiltekin fræði og stunda rannsóknir á því sviði við skólann. Ekki er því sjálfgefið að forsendur séu til að auglýsa starfið.

6. *Háskólakennarar í hlutastarfi sem tengist tilteknu starfi utan skólans á grundvelli samstarfssamnings milli stofnana.*

Samkvæmt 14. gr. laga um Tækniháskóla Íslands er heimilt að tengja starf kennara (háskólamanns) tilteknu starfi utan skólans. Fram kom í greinargerð með þessu ákvæði á frumvarpsstigi að slíkum tengslum skyldi einkum komið á með samkomulagi milli stofnana þar sem tryggður væri aðgangur að aðstöðu og sérþekkingu tiltekinna sérfræðinga. Hefur skólinn á grundvelli þessarar heimildar gert samstarfssamninga við aðrar stofnanir ríkisins þar sem byggt er á því að tilteknir starfsmenn séu í starfi bæði hjá skólanum og viðkomandi stofnun. Geri samningurinn ráð fyrir nýjum störfum hefur verið talið að auglýsa beri slík störf enda þótt forsenda samningsins sé tiltekin sérfræðiþekking sem til staðar er innan stofnunar. Ljóst er á hinn bóginn að í mörgum tilvikum stýra hinar samningsbundnu forsendur því hvernig starfinu er ráðstafað. Æskilegt er því að til staðar sé svigrúm að þessu leyti til þess að meta megi hvort auglýsing starfsins þjóni einhverjum tilgangi.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins eru lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 3. gr. laganna.

Í fyrri málsgreininni er lagt til að Tækniháskóla Íslands verði heimilað að ráða kennara og þá sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum um Háskóla Íslands. Heimild þessi til tímabundinnar ráðningar er rýmri en heimild 2. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því leyti til að í því lagaákvæði er miðað við tveggja ára ráðningartíma. Sömu sjónarmið liggja hér til grundvallar og voru við setningu gildandi laga um Háskóla Íslands, þ.e. að starf háskólakennara og vísinda- og fræðimanna hafi þá sérstöðu að það réttlæti lengri tímabundinn ráðningartíma, m.a. þegar litið er til þess tíma sem þarf til undirbúnings starfi og þjálfunar í því. Þá er eðlilegt að samræmi sé milli laga um ríkisháskólana í þessu efni.

Í seinni málgreininni er lagt til að heimilað verði að ráða kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt verði að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimildarákvæði þessi er að finna í gildandi lögum um Háskóla Íslands og hafa aðrir ríkisháskólar lagt áherslu á að sömu heimildir verði lögfestar í sérlögum sem um þá gilda. Um ráðningu kennara í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur er lögð áhersla á að um heimildarákvæði er að ræða og gera verður ráð fyrir að gætt sé sambærilegra hæfniskrafna og gerðar eru til þeirra sem gegna fullu starfi.

Heimildin til að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur er við það miðuð að hún verði ekki bundin við störf hjá opinberum stofnunum eingöngu. Heimild þessi er nauðsynleg til að auka svigrúm háskólans til að tengjast fleiri aðilum utan hans, enda vinnur háskólinn markvisst að því að tengja kennslu- og rannsóknastarfsemi sína atvinnulífi og annarri rannsóknastarfsemi í landinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að háskólanum verði heimilað að ráða í tiltekin störf án auglýsingar, að ráða fólk í tímabundin kennslu- og vísindastörf til allt að fimm ára og að ráða kennara í hlutastarf og tengja störf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans, allt eftir reglum sem háskólaráð setur.

Að mati fjármálaráðuneytisins stuðlar frumvarpið að sveigjanleika í starfsmannahaldi og einföldun á stjórnsýslu háskólans verði það að lögum og þar með minni útgjöldum. Ekki eru þó forsendur til að áætla hversu mikið útgjöld gætu lækkað vegna þessa.

1248. Tillaga til þingsályktunar [820. mál]

um breytingu á kennitölukerfi.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að gera úttekt á þeim forsendum sem liggja að baki kennitölukerfi einstaklinga hér á landi. Borið verði saman form kennitölu einstaklinga hér á landi og í nágrannaríkjum með tilliti til þess hvort þar sé notast við sambærileg kerfi til auðkenningar og hvort í þeim felist augljósar persónuupplýsingar. Þá verði metnir kostir og gallar þess að taka upp nýtt kerfi sem væri laust við persónuupplýsingar og gæti staðið við hlið núverandi kennitölukerfis þannig að fólk hefði val um kennitölu.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var hætt að nota nafnnúmer hér á landi um áramótin 1987/1988 og kennitölur teknar upp til að auðkenna einstaklinga. Einstaklingar fæddir 1975 og síðar fengu ekki nafnnúmer, heldur kennitölur.

Kennitölukerfið hefur reynst vel, að öðru leyti en því að í kennitölum okkar felast persónuupplýsingar. Oft hefur verið bent á að kennitölur séu notaðar óhóflega hér á landi og þeim mun bagalegra þykir fólki að þurfa sífellt að veita persónulegar upplýsingar ef það kærir sig ekki um það.

Það eru sjálfsögð réttindi að fólk geti valið um það hvort það veitir persónulegar upplýsingar á borð við fæðingardag sinn og ár eða ekki. Rétt er að geta þess að í ríkjum þar sem íbúafjöldi hleypur á hundruðum milljóna, eins og t.d. í Bandaríkjunum, eru notaðar kennitölur sem veita engar persónuupplýsingar um viðkomandi einstaklinga.

Tæknilega á ekki að vera vandkvæðum bundið að gera fólki mögulegt að velja hvort það notar þá kennitölu sem hið opinbera hefur úthlutað því eða sækir um aðra sem ekki felur í sér neinar persónuupplýsingar.

Eflaust mætti innheimta hóflegt gjald af þeim sem kjósa sér kennitölu úr hinu nýja auðkennakerfi ef kerfið þætti ella of kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð.

1249. Tillaga til þingsályktunar [821. mál]

um bætta skráningu nafna í þjóðskrá.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ráðherra Hagstofu Íslands að ráða bót á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum.

Greinargerð.

Í tillögu þessari er því beint til ráðherra Hagstofu Íslands að finna lausn á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð í þjóðskrá fullum stöfum. Nú er það svo að hvert skráð nafn má einungis taka 31 stafbil. Fjölmörg íslensk nöfn sem teljast ekki óvenjuleg á nokkurn hátt, til dæmis nafnið Sigríður Kristbjörg Sigurðardóttir, eru of löng til að uppfylla þessi ströngu skilyrði.

Ef vilji er fyrir hendi hlýtur að vera unnt að finna tæknilega lausn á þessum skráningarvanda svo að fólk sem heitir löngum nöfnum, jafnvel þremur fornöfnum, sem er ekki óalgengt, fái nöfn sín skráð rétt í þjóðskrá.

1250. Svar [524. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið fé var veitt úr opinberum sjóðum á vegum iðnaðarráðuneytis til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs eftirtalinna stofnana árin 2001, 2002 og 2003 og úr hvaða sjóðum rann fé, hver ákvað fjárveitingarnar og á hvaða forsendum:

Iðntæknistofnunar,

Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins,

Íslenskra orkurannsókna,

Orkustofnunar?

Iðntæknistofnun fær framlag í fjárlögum. Þannig nam framlag til stofnunarinnar 112,1 millj. kr. á árinu 2001, 146,3 millj. kr. á árinu 2002 og 146,4 millj. kr. í fjárlögum ársins 2003. Af þeim var 86,4 millj. kr. varið til rannsókna og þróunarvinnu 2001, 101,1 millj. kr. árið 2002 og 101,6 millj. kr. árið 2003.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fær framlag í fjárlögum. Nam fjárveiting til stofnunarinnar á árinu 2001 59,6 millj. kr., 79,8 millj. kr. á árinu 2002 og 87,5 millj. kr. á árinu 2003. Af fjárveitingunni var 50 millj. kr. varið til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs árið 2001, 54 millj. kr. árið 2002 og 57 millj. kr. árið 2003. Að auki fékk stofnunin styrk úr Átaki til atvinnusköpunar á árunum 2002 og 2003 til reksturs Lagnakerfamiðstöðvar að fjárhæð 2,5 millj. kr. hvort ár.

Íslenskar orkurannsóknir tóku til starfa 1. júlí 2003 og hafa ekki hlotið neina styrki úr sjóðum ráðuneytisins á því tímabili sem um ræðir. Stofnunin fær ekki fjárveitingar í fjárlögum.

Orkustofnun fær framlag í fjárlögum til rannsóknastarfa sem nam 180,4 millj. kr. árið 2001, 213,3 millj. kr. árið 2002 og 213,2 millj. kr. árið 2003. Að auki hefur stofnunin sinnt hafsbotnsrannsóknarverkefni, en framlag til þess hefur verið í fjárlögum 17 millj. kr. 2001, 75,3 millj. kr. 2002 og 289,4 millj. kr. 2003. Þá hefur Orkustofnun fengið framlög úr Orkusjóði, 75 millj. kr. árið 2001, 54,72 millj. kr. árið 2002 og 60,4 millj. kr. árið 2003.

Styrkir úr Átaki til atvinnusköpunar og Orkusjóði eru ákvarðaðar af stjórnum sjóðanna.

1251. Tillaga til þingsályktunar [822. mál]

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Sigurjón Þórðarson, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans. Fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram 50 þús. kr. verði skerðing ⅕ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 60 þús. kr. verði skerðing ⅖ þess sem nú er, fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 70 þús. kr. verði skerðing ⅗ þess sem nú er og fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 80 þús. kr. ⅘ þess sem nú er.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú endurflutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur til fjölda lífeyrisþega eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð í afkomutryggingu allra lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn

fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 50 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Alþýðusamband Íslands kynnti sl. vor tillögur sínar í velferðarmálum þar sem sambandið tók undir það sjónarmið sem kemur fram í þessari þingsályktun. Í tillögum Alþýðusambandsins segir: „Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega.“ (Velferð fyrir alla – áfangaskýrsla mars 2003, bls. 37.)

1252. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess.

Af áfengi, sem framleitt er innan lands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Þeir sem skyldir eru til að innheimta gjald skv. 2. mgr. skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því þar sem þeir eru heimilisfastir áfengisgjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu sölu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalds, þar á meðal að veita allt að tveggja vikna greiðslufrest og er þá hvert uppgjörstímabil tvær vikur, frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Sé áfengisgjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 5. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi áfengis hefur ekki skilað áfengisgjaldsskýrslu eða henni verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema hann hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.

Verði vanskil á greiðslu áfengisgjalds skal tollstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda áfengis um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.

Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu áfengisgjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. getur tollstjóri án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollstjóri hagsmuni ríkissjóðs ekki verða tryggða með öðrum hætti.

3. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

1253. Þingsályktun [479. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. mars.)

Samhljóða þskj. 729.

1254. Þingsályktun [482. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2003.

(Afgreidd frá Alþingi 29. mars.)

Samhljóða þskj. 754.

1255. Þingsályktun [612. mál]

um staðfestingu samninga milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 29. mars.)

Samhljóða þskj. 920.

1256. Fyrirspurn [823. mál]

til menntamálaráðherra um samstarfssamninga við lýðháskóla.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Hvaða samstarfssamningar eru til milli menntamálaráðuneytis og lýðháskóla á Norðurlöndunum? Ef þeir eru til, hvað er þá greitt með hverjum nemanda og hvaða aðrir framfærslustyrkir standa ungmennum til boða sem þennan valkost kjósa að loknum grunnskóla?

Skriflegt svar óskast.

1257. Fyrirspurn [824. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu mörgum nemendum á fyrsta ári framhaldsskóla hefur verið vikið úr námi fyrir lélega mætingu sl. fjögur ár?
2. Hversu margir nemendur framhaldsskóla hafa sl. fjögur ár:
   a. fallið á prófum fyrsta árs,
   b. ekki skráð sig á nýjan leik eftir fyrsta ár?
3. Hversu margir af þessum nemendum áttu við sértæka námsörðugleika að ræða, svo sem lesblindu?
4. Hvernig er greitt til framhaldsskólanna með þeim nemendum sem falla á fyrsta ári?

Skriflegt svar óskast.

1258. Fyrirspurn [825. mál]

til landbúnaðarráðherra um hlunnindi af sel.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver er nýting þeirra bænda á sel sem hafa hlunnindi af selveiðum á jörðum sínum?
2. Hversu margir bændur veiða sel á jörðum sínum og hvað er gert við veiðina?
3. Hversu marga seli hafa bændur veitt árlega?
4. Hverjar eru tekjur þeirra af:
   a. skinnum,
   b. kjöti,
   c. öðru?

Svarið óskast sundurliðað eftir því hvort um útsel eða landsel er að ræða og eftir árum undanfarin tíu ár.

Skriflegt svar óskast.

1259. Fyrirspurn [826. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tannheilsu barna og lífeyrisþega.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra samþykkur því að lítil þátttaka ríkisins í tannlæknakostnaði sé farin að bitna alvarlega á tannheilsu barna efnalítilla foreldra?
2. Hvað hyggst ráðherra gera til úrbóta og er hann sammála tryggingayfirtannlækni um að tannlæknakostnaður barna verði endurgreiddur að fullu?
3. Er ráðherra reiðubúinn að rýmka þær reglur sem gilda um greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði lífeyrisþega?

1260. Nefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um rannsókn flugslysa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór S. Kristjánsson og Unni Gunnarsdóttur frá samgönguráðuneyti og í fylgd þeirra var Andri Árnason hrl. Að auki komu á fund nefndarinnar Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Ástríður S. Thorsteinsson frá Flugmálastjórn, Þormóður Þormóðsson, Páll Valdimarsson og Kristján Guðjónsson frá rannsóknarnefnd flugslysa, Kjartan Norðdahl, Leifur Árnason og Ólafur Árnason frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Hlín Hólm, Ottó Eiríksson og Loftur Jóhannsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu þá felur það í sér heildarendurskoðun á löggjöf um rannsóknir flugslysa. Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga enda varð samgöngunefnd þá vör við mikla andstöðu við ýmis ákvæði þess frumvarps. Samgönguráðherra skipaði starfshóp 2. maí 2003 sem í voru Andri Árnason hrl., formaður, Hilmar B. Baldursson, f.h. Flugráðs, Loftur Jóhannsson, f.h. Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Þormóður Þormóðsson, f.h. rannsóknarnefndar flugslysa, og Kjartan Norðdahl, f.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Starfshópurinn yfirfór eldra frumvarpið og lagði fyrir ráðherra tillögur til breytinga sem virðast hafa tekið nokkurt mið af þeim athugasemdum sem bárust samgöngunefnd vegna eldra frumvarpsins auk þess sem hópurinn leit til þróunar alþjóðareglna á þessu sviði. Það er mat nefndarinnar að vel hafi tekist til við breytingar á frumvarpinu og í athugasemdum sem nefndinni bárust vegna

málsins kemur skýrlega fram að mun meiri sátt er um þetta frumvarp en það sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að orðalagi 1. mgr. 2. gr. verði breytt til að auka skýrleika ákvæðisins sem mælir fyrir um hvert skuli vera markmið flugslysarannsóknar.
2. Lagt er til að fyrri málsliður 4. mgr. 3. gr. falli brott enda telur nefndin rétt að aðsetur rannsóknarnefndar flugslysa geti ráðist af aðstæðum og að ekki þurfi að ákveða það í lögum.
3. Lagt er til að orðalagi 2. mgr. 6. gr. verði breytt þannig að skýrt sé að forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður flugslysarannsóknarnefndar skuli hafa sérmenntun auk starfsreynslu á sviði flugmála og/eða flugslysarannsókna. Nefndin telur að orðið „flugmála“ geti haft nokkuð víðtæka merkingu og þannig náð til hinna ýmsu þátta í flugi, svo sem flugstjórnar, flugumferðarstjórnar, verkfræði, flugréttar o.fl.
4. Lagt er til breytt orðalag í 8. gr.
5. Lagt er til að í stað orðsins „tafarlaust“ í fyrri málslið 1. mgr. 11. gr. komi „án ástæðulausrar tafar“ þar sem nefndin telur það orðalag ná betur yfir þá skyldu sem verið er að leggja á fólk. Þá er lagt til að vaktstöð samkvæmt lögum nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun, verði bætt við þá aðila sem hafa sérstakar skyldur samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 11. gr. þar sem ljóst er að einstaklingar sem ekki tengjast flugi náið muni ekki hringja beint í rannsóknarnefnd flugslysa heldur miklu fremur í neyðarnúmerið 112 og tilkynna flugslys sem þeir verða vitni að og uppfylla þannig skyldu sína skv. 1. mgr.
6. Lagt er til að í stað orðsins „slyssins“ í síðari málslið 1. mgr. 17. gr. komi „flugslyssins“ sem er það yfirhugtak sem notað er annars staðar í frumvarpinu.
7. Smávægileg orðalagsbreyting er lögð til við fyrri málslið 2. mgr. 19. gr.
8. Lagt er til að gildistöku verði frestað til 1. september 2004.
9. Loks er lagt til að 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu en þó með fyrirvara hvað varðar skipan rannsóknarnefndar flugslysa.

Alþingi, 25. mars 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Guðjón Hjörleifsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Birkir J. Jónsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

1261. Breytingartillögur [451. mál]

við frv. til l. um rannsókn flugslysa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Flugslysarannsókn samkvæmt lögum þessum skal aðeins miða að því að auka öryggi í flugi.
2. Við 3. gr. Fyrri málsliður 4. mgr. falli brott.
3. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun og starfsreynslu á sviði flugmála og/eða flugslysarannsókna.
4. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „við rannsókn máls“ í 3. mgr. komi: vegna rannsóknar flugslyss.
   b. Í stað orðsins „eftirfarandi“ í 4. mgr. komi: tengdra.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „tafarlaust“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: án ástæðulausrar tafar.
   b. Í stað orðanna „og handhafar flugrekstrarleyfis“ í síðari málslið 1. mgr. komi: handhafar flugrekstrarleyfis og vaktstöð samkvæmt lögum nr. 25/1995, um samræmda neyðarsímsvörun.
6. Við 17. gr. Í stað orðsins „slyssins“ í síðari málslið 1. mgr. komi: flugslyssins.
7. Við 19. gr. Orðin „að sé“ í fyrri málslið 2. mgr. falli brott.
8. Við 25. gr. Í stað orðanna „1. mars 2004“ komi: 1. september 2004.
9. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða falli brott.

1262. Nefndarálit [427. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium frá fjármálaráðuneyti og Guðmund Guðbjarnason frá RSK sem kom f.h. fjármálaráðuneytis og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Einar Guðbjartsson dósent, Albert Ólafsson og Vigni Gíslason frá reikningsskilaráði.

Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu eru tillögurnar sem lagðar eru fram í því byggðar á félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB frá 27. september 2001 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálastofnana. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn samkvæmt samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2002.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað orðsins „gangverð“ í frumvarpinu komi orðið „gangvirði“. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hafa ensku orðin „fair value“ verið þýdd

á margvíslegan hátt. Í frumvarpinu er notað orðið „gangverð“. Hér er lagt til að notuð verði þýðingin „gangvirði“. Enn fremur er lagt til að notað verði orðið „gangvirðisreikningur“ í stað orðsins „gangvirðissjóður“.

2. Lagt er til að nýr málsliður bætist við 1. gr. frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um það að saman fari mat á fjármálagerningum og skuldbindingum sem tengjast afleiðusamningum á gangvirði og er það í samræmi við þær reglur sem tilskipunin byggist á.
3. Með breytingu á 3. tölul. 2. mgr. a-liðar 2. gr. er verið að samræma orðalag við 1. tölul. a-liðar 3. gr.
4. Með nýrri málsgrein í b-lið 2. gr. er verið að taka af öll tvímæli um að ekki sé heimilt að færa fjármálagerninga og skuldbindingar milli flokka eftir eigin vali á milli ára.
5. Þá gerir nefndin breytingartillögu við gildistökuákvæði frumvarpsins þess efnis að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við samningu ársreikninga fyrir árið 2004 eða síðar og er það í samræmi við tilskipunina sem frumvarpið byggist á. Auk þess er lagt til að ákvæði um innleiðingu tilskipunarinnar verði fært í sér grein.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Ögmundur Jónasson.

1263. Breytingartillögur [427. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 44/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. 1. efnismgr. orðist svo:

   Heimilt er að meta til gangvirðis fjármálagerninga ef þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Ef heimildin er notuð skal meta til gangvirðis skuldbindingar sem tengjast afleiðusamningum eða loforði um afhendingu fjármálagerninga sem enn eru ekki í eigu viðkomandi félags. Einnig má meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast á gangvirði þegar þessar eignir og skuldbindingar uppfylla kröfur um áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna og skulu slíkar eignir og skuldbindingar metnar til gangvirðis eins og krafist er í þeim reikningsskilum.

2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „gangverð“ hvarvetna í greininni komi (í viðeigandi beygingarfalli): gangvirði.
   b. 3. tölul. 2. mgr. a-liðar (29. gr. A) orðist svo: virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum matslíkönum eða matsaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík matslíkön og matsaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði.
   c. Í stað orðsins „gangvirðissjóð“ í 2. og 3. mgr. b-liðar (29. gr. B) komi: gangvirðisreikning.
   d. Á eftir 2. mgr. b-liðar (29. gr. B) komi ný málsgrein er orðist svo:
      Samræmi skal vera í færslu breytinga á virði fjármálagerninga og skuldbindinga skv. 1. eða 2. mgr. frá einu ári til annars.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „gangverð“ hvarvetna í greininni komi (í viðeigandi beygingarfalli): gangvirði.
   b. Í stað orðanna „gangvirðissjóð“ og „gangvirðissjóði“ í 2. og 4. tölul. a-liðar (37. gr. A) komi: gangvirðisreikning, og: gangvirðisreikningi.
4. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð, sem og banka og annarra fjármálastofnana.
5. Við 6. gr. er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2004 eða síðar.

1264. Nefndarálit [576. mál]

um frv. til l. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti, Halldór Hróar Sigurðsson endurskoðanda, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jens Antonsson og Pál H. Hannesson frá BSRB auk fulltrúa Samorku sem voru þeir Eiríkur Bogason framkvæmdastjóri, Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri Vatnsveitu Hafnarfjarðar, og Hjörleifur B. Kvaran hrl. frá Orkuveitu Reykjavíkur. Þá barst nefndinni nokkur fjöldi umsagna sem hún studdist við í athugun sinni á málinu.

Frumvarpið byggist á frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Megintilgangur þess er að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna.

Eins og frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda sem komu fram við meðferð málsins hjá félagsmálanefnd á 128. löggjafarþingi, m.a. er það nú lagt fram sem frumvarp til nýrra heildarlaga um vatnsveitur sveitarfélaga og ákvæði gerð skýrari. Það kemur fram í mati á áhrifum frumvarpsins að ekki verði séð að frumvarpið feli

í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög en skapi frekar möguleika á að hagræða í rekstri vatnsveitna. Verður þetta að teljast kostur fyrir sveitarstjórnir og íbúa sveitarfélaga. Þá er stofn til útreiknings vatnsgjalds tengdur fasteignamati eignar í stað álagningarstofns sem ætti að gera alla framkvæmd einfaldari og skýrari gagnvart vatnsnotendum.

Í nefndinni voru ákvæði 4. gr., sem mæla fyrir um heimild sveitarfélags til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags, og 10. gr., um gjaldskrá vatnsveitu, mikið rædd. Nefndin telur að í 4. gr. sé réttur sveitarfélaga, sem leggja stofnveitur inn í stofnun eða félag með öðrum aðilum, nægilega tryggður með skýru ákvæði um innlausnarrétt þeirra sem ganga út úr slíku samstarfi. Hvað varðar 10. gr. var m.a. ræddur sá möguleiki að við greinina bættist ákvæði sem heimilaði sveitarfélögum að áskilja sér sérstaklega ákveðinn arð af rekstri vatnsveitna. Niðurstaða nefndarinnar var aftur sú að mæla með að ákvæði 10. gr. stæði óbreytt. Þannig munu sveitarstjórnir geta krafist arðs af vatnsveitum sem eru í þeirra eigu á grundvelli almennrar heimildar í 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra.

Jóhanna Sigurðardóttir, Valdimar L. Friðriksson og Helgi Hjörvar, auk Guðjóns Hjörleifssonar, skrifa undir álitið með fyrirvara hvað varðar efni 4. gr. frumvarpsins. Gunnar Örlygsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 25. mars 2004.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Ásta Möller.	Pétur H. Blöndal.	Helgi Hjörvar, með fyrirvara.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.		Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

1265. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um Evrópufélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Elínu S. Jónsdóttur frá dómstólaráði, Ragnar Þ. Jónasson frá Kauphöll Íslands og Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins. Þá barst nefndinni nokkur fjöldi umsagna um málið sem segja má að hafi allar verið jákvæðar hvað varðar meginefni frumvarpsins þó svo að einstaka umsagnaraðili hefði kosið breytingar á tilteknum ákvæðum þess.

Meginefni frumvarpsins eru reglur er varða stofnun og stjórnun Evrópufélaga. Fylgiskjal við frumvarpið er íslensk þýðing reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Verði frumvarpið að lögum munu ákvæði reglugerðarinnar hafa lagagildi hér á landi. Með reglugerðinni er félögum er starfa í meira en einu ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins gefinn sá valkostur að stofna eitt félag samkvæmt ákveðnum reglum þannig að það geti starfað á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli reglna í mismunandi löndum þar sem félögin hafa útibú. Félög sem velja þetta rekstrarform munu kallast Evrópufélög og verður þeim skylt að hafa skammstöfunina SE í heiti sínu. Evrópufélagsreglugerðin á að öðlast gildi 8. október 2004 og skulu öll aðildarríkin hafa innleitt hana í rétt sinn á þeim degi.

Verði frumvarpið að lögum verður aðild starfsmanna að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélags lögbundin sem er nokkuð frábrugðið því fyrirkomulagi sem venjulegt er hér á landi. Um aðild starfsmanna að Evrópufélögum gilda ákvæði tilskipunar 2001/86/EB. Félagsmálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum sem byggist á tilskipuninni og er nátengt þessu frumvarpi.

Í IV. og VI. kafla frumvarpsins eru dómstólum landsins falin ákveðin verkefni. Dómstólaráð sem fékk málið til umsagnar mótmælti því ekki að dómstólum væru fengin þessi nýju verkefni en fór fram á í umsögn sinni að lagt yrði mat á fjölda mála sem búast mætti við að kæmu til dómstóla ef frumvarpið yrði að lögum og þann kostnaðarauka í rekstri héraðsdómstólanna sem því fylgdi. Þetta ræddi nefndin sérstaklega. Það var niðurstaða nefndarinnar að samþykkt frumvarpsins mundi hafa óveruleg eða engin áhrif á verkefni dómstóla á yfirstandandi fjárlagaári enda ekki hægt að koma Evrópufélagi á laggirnar fyrr en eftir 8. október 2004 þegar reglugerðin tekur gildi. Erfiðara er að spá lengra fram í tímann þar sem ekki er við neina reynslu að styðjast. Það er þó mat nefndarinnar að litlar líkur séu á að um mörg mál verði að ræða fyrstu árin þar sem þetta form á eftir að sanna sig, að öllum líkindum mun það helst henta stærri fyrirtækjum og óvíst er hve spennandi kostur Evrópufélag er fyrir athafnalífið á meðan ekki hefur tekist að samræma ýmsa aðra þætti félagaréttar og skattaréttar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið og reglugerðin um Evrópufélög eru liður í framþróun félagaréttar á Evrópska efnahagssvæðinu sem Ísland verður að taka þátt í. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að síðari málsliður 3. mgr. 6. gr. falli brott þar sem upptalningin þar er óþörf og fellur ekki vel að fyrri hluta málsgreinarinnar. Þá er lagt til að leiðrétt verði tilvísun sem er í 4. mgr. þannig að þar sem í frumvarpinu stendur „4. mgr.“ komi: 3. mgr.
2. Lagt er til að í stað orðanna „á ákveðnum degi“ í 2. mgr. 13. gr. komi „tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði“ og þannig skerpt hvenær kröfuhafar verða að hafa tilkynnt að þeir leggist gegn flutningi Evrópufélags. Það að frestur kröfuhafa til að mótmæla sé festur í ákvæðinu á þennan hátt á að auðvelda félögum að undirbúa flutning og uppgjör skulda og trygginga.
3. Lagt er til að sá tími sem eftirlitsstjórnarmaður í Evrópufélagi má gegna starfi framkvæmdastjórnarmanns verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá til að auka svigrúm félaga við þær sérstöku aðstæður sem ákvæðinu er ætlað að taka til.
4. Lagt er til að kröfu í 1. mgr. 20. gr. um að fæst fimm menn sitji í eftirlitsstjórn Evrópufélags með tvíþætt stjórnkerfi verði breytt þannig að krafist verði þriggja manna þar sem nefndin telur að í mörgum félögum eigi þriggja manna eftirlitsstjórn að geta sinnt vel þeim verkum sem eftirlitsstjórn er ætlað að sinna.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Ögmundur Jónasson.

1266. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um Evrópufélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
   b. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr.“ í 4. mgr. komi: 3. mgr.
2. Við 13. gr. Í stað orðanna „á ákveðnum degi“ í 2. mgr. komi: tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði.
3. Við 18. gr. Í stað orðsins „tveggja“ komi: þriggja.
4. Við 20. gr. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. komi: þrír.

1267. Tillaga til þingsályktunar [827. mál]

um fækkun ríkisstofnana.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Magnús Stefánsson, Ásgeir Friðgeirsson, Birgir Ármannsson, Páll Magnússon, Jón Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um fækkun ríkisstofnana. Stefnt verði að því að fækka stofnunum um að minnsta kosti 30 á næstu fjórum árum í þeim tilgangi að einfalda ríkisrekstur, stuðla að markvissari og skilvirkari stjórnsýslu og auka hagkvæmni í opinberri þjónustu.

Greinargerð.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 kemur fram að eitt meginmarkmið langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að draga úr vexti samneyslunnar, en gert er ráð fyrir að árlegur vöxtur samneyslunnar á árunum 2005–2007 verði ekki umfram 2% að raungildi.

Gæta þarf ýtrasta aðhalds í ríkisrekstri svo að þessi markmið náist. Meðal aðkallandi verkefna í ríkisrekstrinum er fækkun ríkisstofnana, en þær eru nú um 230. Með fjölbreyttum að-

gerðum, svo sem sameiningu einstakra stofnana, endurskoðun á verkaskiptingu þeirra, tilfærslu verkefna og breyttu rekstrarformi má ná fram aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins. Þá þarf jafnframt að fara skipulega yfir þau svið þar sem til greina kemur að ríkið bjóði út þjónustu og loks hvort leggja megi niður einstakar stofnanir. Stefnt skal að því með þessum aðgerðum að ná fram aukinni skilvirkni og sparnaði án þess að skerða samfélagsþjónustu.

Ríkisstofnunum hefur fjölgað á undanförnum áratugum og er tilhneigingin sú, að þrátt fyrir að stofnanir séu í upphafi settar á laggirnar til að sinna afmörkuðum verkefnum, vaxa þær að umfangi og útgjöld ríkisins um leið. Dæmi eru um að verksvið einstakra stofnana skarist og jafnvel að stofnanir sem sinna sömu málaflokkum séu vistaðar í ólíkum ráðuneytum. Tímabært er að kanna hvar má ná fram samlegðaráhrifum og hvernig þekkingu megi byggja upp og nýta betur í þágu samfélagsþjónustunnar. Einnig eru dæmi um að verkefni sem tímabundið eiga að njóta opinbers stuðnings fari ítrekað á fjárlög undir safnliðum. Þannig er margvísleg starfsemi rekin á ríkisfjárlögum ár eftir ár án þess að um eiginlegan ríkisrekstur sé að ræða. Almennt hlýtur að teljast óeðlilegt að starfsemi eða þjónusta sem að meira eða minna leyti er rekin fyrir opinbert fé skuli rata í þennan farveg og er nauðsynlegt að finna leiðir til að vinna gegn þessari þróun.

Samkvæmt skýrslu Verslunarráðs Íslands til Viðskiptaþings 2004 eru 40% ríkisstofnana með færri en 20 ársverk og 22% þeirra með færri en 10 ársverk. Þannig eru um 50 ríkisstofnanir með færri en 10 ársverk og m.a. í því ljósi má segja að krafan um að fækka skuli ríkisstofnunum um að lágmarki 30 á næstu fjórum árum sé afar hófleg. Ljóst má vera að eftir því sem einstakar stofnanir eru minni er almennt meiri óhagkvæmni í rekstri auk þess sem könnun fjármálaráðuneytisins á framkvæmd árangursstjórnunar hefur sýnt að stofnanir með færri en 20 starfsmenn vinna síður að stefnumótun en fjölmennari stofnanir. Þá kom einnig fram í könnuninni að minni stofnanirnar vinni sjaldnar langtímaáætlanir, ársskýrslur og ársáætlanir sem eru nauðsynleg tæki til að setja stofnunum mælanleg markmið. Þetta kemur ekki á óvart því að líkt og á almennum markaði er ákveðin lágmarksstærð stofnana nauðsynleg til að þær geti staðið undir lágmarkskröfum og þeim skyldum sem á þeim hvíla, t.a.m. um eftirlit með fjárhag og samkvæmt stjórnsýslulögum. Ábendingar umboðsmanns Alþingis um að víða í stjórnsýslunni gangi of hægt að færa vinnubrögð til samræmis við reglur stjórnsýslulaga sýna að þörf er á því að byggja markvisst upp þekkingu og fagleg vinnubrögð í ríkisstofnunum. Mun meiri líkur eru til þess að stærri og öflugari stofnanir geti sinnt þessu hlutverki sínu en fáliðaðar stofnanir með allt niður í 1–5 starfsmenn.

Með breytingum á stjórnsýslulögum á árinu 2003 var stigið mikilvægt skref til þess að gera stjórnvöldum kleift að taka upplýsingatæknina í sína þágu í samskiptum þeirra við almenning. Nú þegar er komið fram dæmi um sveitarfélag sem sett hefur sér metnaðarfull markmið á grundvelli laganna. Síðar á árinu mun verða hægt að reka einstök erindi gagnvart sveitarfélaginu með rafrænum hætti auk þess sem upplýsingar um gjöld og greiðslustöðu verða aðgengilegar á netinu svo dæmi sé tekið. Augljóst er hversu mikið framfaraskref til hagsbóta fyrir framtíðarsamskipti borgaranna við stjórnvöld hefur verið tekið með þessari lagabreytingu. Hins vegar er ástæða til að ætla að fyrst um sinn verði það einungis hinar stærri og öflugari einingar stjórnsýslunnar sem muni nýta sér þær framfarir sem orðið hafa hvað þetta snertir. Smærri einingar skorti einfaldlega þrek til að vinna að slíkum framfaramálum auk þess sem lágmarks vél- og hugbúnaður, auk tækniþekkingar, þarf að vera til staðar til að takast á við verkefni af þessu tagi.

Í áðurtilvitnaðri skýrslu Verslunarráðs Íslands kemur fram að á Íslandi er ein ríkisstofnun á hverja 1.250 íbúa en í Svíþjóð er ein stofnun á hverja 14.600 íbúa. Í Bretlandi er hlutfallið ein stofnun á hverja 458.000 íbúa. Heildarfjöldi stofnana í Svíþjóð er 600 en 130 í Bretlandi

samkvæmt skýrslu Verslunarráðs. Vissulega er samanburður af þessu tagi ávallt torveldur í ljósi þeirrar hagkvæmni sem aðrar þjóðir geta náð í krafti stærðar sinnar en engu að síður er þetta vísbending, ásamt öðru sem tiltekið hefur verið, um að fjöldi stofnana hér á landi sé óeðlilega mikill.

Lagt er til að áætlun um fækkun ríkisstofnana ásamt tillögum og ábendingum um hagkvæmustu leiðir fyrir ólíkar stofnanir liggi fyrir 1. maí 2005.

1268. Svar [728. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um málefni erlendra barna.

1. *Hvernig hefur umboðsmaður barna komið að málum erlendra barna sem koma til landsins án forsjáraðila? Er umboðsmaður barna hafður með í ráðum í slíkum málum?*

Samkvæmt lögum nr. 83/1994 er það hlutverk umboðsmanns barna að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra – almennt séð. Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín. Umboðsmaður ákveður hins vegar sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Á þeim rúmu níu árum sem embættið hefur starfað hafa engin afskipti verið af hálfu umboðsmanns af málum erlendra barna sem komið hafa til landsins án forsjáraðila. Ekkert samráð hefur heldur verið haft við umboðsmann við meðferð slíkra mála hér á landi enda er honum ekki ætlað að hafa afskipti af einstökum málum barna, sbr. fyrrgreint.

2. *Hvernig er samstarfi umboðsmanns barna og Útlendingastofnunar háttað í þessum málum?*
3. *Er til formlegur samstarfssamningur um slík mál milli þessara aðila og ef svo er ekki, stendur til að gera slíkan samning?*

Ekkert samstarf hefur verið um að ræða á milli umboðsmanns barna og Útlendingastofnunar. Enginn formlegur samstarfssamningur er til á milli þeirra og ekki hefur verði rætt um gerð slíks samnings.

4. *Við hvaða aðila er haft samráð eða samstarf þegar upp koma mál er varða erlend börn sem hingað koma án forsjáraðila?*

Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur slík mál borið að með ýmsum hætti. Erlend börn án forsjáraðila geta komið hingað til lands og sótt um pólitískt hæli, þau fundist í landinu án fasts heimilis eða þau verið hér án dvalarleyfis í umönnun aðila sem ekki eru foreldrar þeirra eða forsjáraðilar. Þau mál sem komið hafa upp til þessa hafa öll tilheyrt síðastnefnda hópnum. Fer það eftir því hvernig mál ber að hvaða aðilar koma fyrst að máli, en almennt koma að slíkum málum barnaverndarnefndir, lögregla og Útlendingastofnun.

Þegar um er að ræða umsókn um hæli tekur Rauði kross Íslands að sér málsvarahluverk fyrir umsækjanda og félagsþjónusta Reykjanesbæjar annast umönnun samkvæmt samstarfssamningi við Útlendingastofnun, sem gerður var í byrjun þessa árs. Enn sem komið er hafa engin börn án foreldra eða forsjáraðila sótt hér um hæli. Á síðasta ári sóttu þó tveir menn um hæli sem kváðust vera yngri en 18 ára, en við meðferð málsins kom í ljós að þeir voru hátt á þrítugsaldri. Rauði krossinn fór með umönnun hælisumsækjenda á þeim tíma.

5. *Eru til einhverjir formlegir samstarfssamningar um þessi mál og ef svo er, við hverja?*
Að því er varðar hælisumsækjendur er til formlegur samstarfssamningur við félagsþjónustu Reykjanesbæjar og samkomulag við Rauða kross Íslands. Aðkoma barnaverndarnefnda, lögreglu og Útlendingastofnunar byggist á lögbundnu hlutverki þessara aðila.

6. *Hafa verið samdar skriflegar vinnureglur um slík mál ef upp koma?*
Dómsmálaráðherra skipaði í janúar 2004 starfshóp til að gera tillögur að aðgerðaráætlun um hvernig við skuli bregðast þegar erlend börn eru hér á landi án umsjár, þar á meðal hvaða stjórnvöld eða félagasamtök beri ábyrgð á umönnun þeirra hér á landi á hverju stigi og aðgerðum til að koma þeim til síns heima með öruggum hætti. Jafnframt er hópnum ætlað að gera tillögur til breytinga á reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003, þar sem mælt yrði fyrir um meðferð mála þegar börn leita hér hælis eða eru hér af öðrum ástæðum og eru án umsjár foreldra eða forsjáraðila. Starfshópurinn er skipaður aðilum frá dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Útlendingastofnun, Barnaverndarstofu, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og Rauða krossi Íslands. Vinna hópsins er langt komin og mun hann skila dómsmálaráðherra tillögum sínum á næstu vikum. Munu tillögurnar hafa að geyma ítarleg drög að verklagi um samvinnu, samráð og ábyrgð aðila sem að málum þessum koma.

1269. Fyrirspurn [828. mál]

til iðnaðarráðherra um gögn við undirbúning Norðlingaölduveitu.

Frá Merði Árnasyni.

Hvernig stendur á því að Landsvirkjun notaðist ekki við rétt gögn úr landmælingum við undirbúning ákvarðana um veituframkvæmdir við Norðlingaöldu?

1270. Frumvarp til laga [829. mál]

um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði laga þessara taka þó ekki til ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður veitir eða afgreiðir frá og með 1. júlí 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er lögð til endurskipulagning á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs. Við þá frumvarpsgerð var unnið samkvæmt tillögum er fram komu í skýrslu nefndar fjármálaráðherra um endurskipulagningu á veðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs frá október 2003. Eitt af nýmælum þess frumvarps er ÍLS-veðbréf. ÍLS-veðbréfum er ætlað að koma í stað fasteignaveðbréfa Íbúðalánasjóðs. Til að forðast misskilning milli þessara tveggja tegunda af veðbréfum þykir nauðsynlegt að taka upp nýtt heiti til aðgreiningar frá fasteignaveðbréfum Íbúðalánasjóðs sem skiptanleg eru fyrir húsbréf samkvæmt gildandi kerfi. Andvirði ÍLS-veðbréfa verður hins vegar greitt út í peningum.

Nauðsynlegt þykir að undanskilja ÍLS-veðbréf ákvæðum laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga þar sem lögin valda því að áætlað innstreymi útlána verður óvisst en það eykur vaxtaáhættu sjóðsins og um leið þörf sjóðsins fyrir aukinn vaxtamun. Einnig torvelda lögin lántakendum að fylgjast með stöðu og framgangi lána sinna, gera útreikning lánanna flókinn og valda því að lántakendur eiga í erfiðleikum með að fylgjast með því hvort lán þeirra séu rétt reiknuð og staða þeirra rétt. Þar að auki verður að telja að aðrar leiðir til að mæta greiðsluerfiðleikum lántakenda séu fullnægjandi, sbr. 48. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, og reglugerð um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs, nr. 584/2001. Þannig hefur Íbúðalánasjóður þrjár leiðir til að aðstoða lántakendur sína. Í fyrsta lagi getur Íbúðalánasjóður skuldbreytt vanskilum í nýtt lán til allt að 15 ára. Í öðru lagi getur Íbúðalánasjóður fryst lánin í allt að þrjú ár þannig að engar greiðslur eru inntar af hendi af láninu í þennan tíma. Slíkt auðveldar lántakendum að greiða upp önnur og óhagstæðari lán í millitíðinni. Samfara þessari frystingu lengist lánstími viðkomandi lána um jafnmörg ár og frystingin varir. Í þriðja lagi getur Íbúðalánasjóður lengt lánstíma viðkomandi lána um allt að 15 ár.

Breyting þessi er í samræmi við fyrrnefnda skýrslu nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði laganna taki ekki til ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður veitir og afgreiðir frá og með 1. júlí 2004. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, þar sem lögð er til endurskipulagning á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1271. Fyrirspurn [830. mál]

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeild.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Hvað líður áformum ráðherra um fækkun á biðlistum og endurskipulagningu á starfsemi barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss?

1272. Fyrirspurn [831. mál]

til félagsmálaráðherra um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Hvað hefur verið gert til að skapa skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, eins og kveðið er á um í þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?

Skriflegt svar óskast.

1273. Fyrirspurn [832. mál]

til fjármálaráðherra um útlán lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Eru dæmi þess að lífeyrissjóðir láni út fé á vöxtum sem eru lægri en markaðsvextir og jafnvel lægri en vextir af sambærilegum ríkistryggðum skuldabréfum og ef svo er, hvaða lífeyrissjóðir eiga í hlut?
2. Hvaða áhrif hefur slík ráðstöfun til langs tíma á
   a. tryggingafræðilega stöðu sjóðanna,
   b. stöðu lífeyrisþega sjóðanna,
   c. skuldbindingar Tryggingastofnunar ríkisins?
3. Stenst slík ráðstöfun 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða?
4. Hver hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis laganna?

5. Hver gæti verið ábyrgð sjóðstjórnar?

Skriflegt svar óskast.

1274. Fyrirspurn [833. mál]

til félagsmálaráðherra um leyfi til að starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Þurfa þeir sem starfrækja sumardvalarheimili fyrir fatlaða að sækja um leyfi fyrir rekstrinum? Ef svo er, hvert? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því?

1275. Fyrirspurn [834. mál]

til landbúnaðarráðherra um sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Stendur til að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins?
2. Hefur farið fram undirbúningsvinna að slíkri sameiningu?

1276. Fyrirspurn [835. mál]

til menntamálaráðherra um gjaldfrjálsan leikskóla.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir gjaldfrjálsum leikskóla?

1277. Frumvarp til laga [836. mál]

um breyting á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir,
Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir, innlendar og innfluttar. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu rjúpna og rjúpnaafurða gegn endurgjaldi. Gera má upptækar til ríkissjóðs rjúpur og rjúpnaafurðir sem boðnar eru til sölu eða eru seldar í bága við ákvæði þetta, svo og andvirði þeirrar sölu.

Ráðherra getur ef þurfa þykir sett reglugerð um hámarksveiði á hvern rjúpnaveiðimann.

Við ákvörðun um aflétting friðunar skal við það miðað að ekki séu veiddar fleiri en 30.000 rjúpur á hausti.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 15. október 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sumar leið tók umhverfisráðherra þá ákvörðun að nota ekki heimild sína í lögum nr. 64/1994 til að aflétta friðun á rjúpu. Miklar efasemdir hafa síðan vaknað um gildi þess að banna algerlega veiðar á rjúpu þau þrjú ár sem tiltekin voru og hefur verið bent á ýmsar aðrar leiðir til að létta veiðiálagi af rjúpnastofninum. Til að fara tvær þeirra leiða þarf breytingar á lögum. Með frumvarpinu er lagt til að Alþingi samþykki sölubann og veiti ráðherra heimild til kvótasetningar. Þessar ráðstafanir eru tímabundnar með sérstöku bráðabirgðaákvæði sem fellur úr gildi við lok þess þriggja ára verndar- og rannsóknartímabils sem hófst í haust.

Ljóst er að erfitt yrði að framfylgja sölubanni á íslenska rjúpu og rjúpnaafurðir ef leyfður yrði innflutningur, hvort heldur grænlenskrar og norrænnar fjallrjúpu eða dalrjúpu frá t.d. Skotlandi eða Rússlandi. Því er hér lagt til innflutningsbann samhliða sölubanninu.

Lögð er til talan 30.000 sem hámarksveiði á rjúpu ef ráðherra afléttir friðun haustið 2004 og 2005. Í greinargerð eftir Ólaf K. Nielsen „Um ástand rjúpnastofnsins“ frá Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 21. ágúst 2002, kemur fram að stofnunin taldi að minnka þyrfti veiði um 50%. Í öðrum textum frá stofnuninni er nefnd hlutfallstalan 50–75. Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar hefur nú upplýsingar um 78.177 veiddar rjúpur haustið 2002. Talið er að raunveiðin gæti verið um 82–83 þúsund. Rjúpnaveiði samkvæmt veiðikortum árið áður var um 101.000 fuglar og árið 2000 um 129.000 fuglar. Með hámarksveiðitölunni 30.000 er varúðarreglunni beitt gagnvart rjúpnastofninum í þeirri sveiflulægð sem nú stendur yfir.

1278. Fyrirspurn [837. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aldurstengda örorkuuppbót.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að hætta að greiða aldurstengda örorkuuppbót við 67 ára aldur?
2. Hvað má ætla að mikil útgjöld mundu fylgja því á ári að þeir sem fá greidda aldurstengda örorkuuppbót héldu þeim réttindum eftir að 67 ára aldri er náð?
3. Hve margir fá nú aldurstengda örorkuuppbót og hver hafa útgjöld vegna hennar orðið frá gildistöku laga nr. 130/2003, 1. janúar 2004?
4. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að öryrkjar haldi örorkutengdum réttindum eftir að 67 ára aldri er náð?

1279. Breytingartillaga [576. mál]

við frv. til l. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Valdimar L. Friðrikssyni.

Orðin „að meiri hluta“ í 1. mgr. 4. gr. falli brott.

1280. Svar [645. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um umhverfisvænar sjávarafurðir og sjálfbærar veiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa íslenskar sjávarafurðir nauðsynlega gæðastimpla umhverfisvænnar vottunar með tilliti til:*
   a. *stærðar skipa og*
   b. *veiðarfæranotkunar og umgengni við lífríki Norður-Atlantshafsins?*
2. *Hve stór hluti fiskiskipaflotans getur talist stunda sjálfbærar veiðar í sátt við umhverfið?*
3. *Hvaða rannsóknir hefur ráðuneytið við að styðjast varðandi ástand lífríkis á hafsvæðinu umhverfis landið?*

Hvað varðar fyrsta lið fyrirspurnarinnar liggur fyrir að íslenskar sjávarafurðir skortir enga svokallaða „nauðsynlega gæðastimpla umhverfisvænnar vottunar“ hvort sem gefnir væru út með tilliti til stærðar fiskiskipa eða veiðarfæra sem þau nota. Er þá sama hvort litið er til ákvæða í alþjóðasamningum eða til viðskiptasjónarmiða.

Á hinn bóginn hafa íslensk stjórnvöld komið í umtalsverðum mæli að starfi sem miðar að því koma á kerfi svokallaðra umhverfismerkinga (e. eco-label) á sjávarafurðum sem staðfestir að afurðirnar sem slíkt merki hafa séu veiddar úr stofni sem nýttur er á sjálfbæran hátt.

Slík merking hefur hins vegar ekki víðari skýrskotun en þá. Í sambandi við slíka umhverfismerkingu ákvað fiskveiðinefnd FAO í febrúar 2003 að kalla saman sérfræðinganefnd til að gera tillögu um leiðbeinandi reglur fyrir umhverfismerkingar á sjávarafurðum. Sérfræðinganefndin skilaði tillögum sínum í nóvember 2003. Á fundi undirnefndar fiskveiðinefndar FAO um viðskipti með fisk og fiskafurðir í Bremen 10.–14. febrúar sl. var síðan fjallað um umhverfismerkingar á fiskafurðum. Þar var skýrsla sérfræðinganefndarinnar kynnt af formanni hennar, dr. Kristjáni Þórarinssyni. Skýrslan hlaut góðar viðtökur á fundinum og var samþykkt að næsta haust verði haldinn sérstakur fundur allra aðildarríkja FAO til að fjalla nánar um tillögur nefndarinnar. Náist samkomulag á þeim fundi má vænta þess að á fundi fiskveiðinefndar FAO í febrúar 2005 verði samþykktar leiðbeinandi reglur um heildstæða notkun og meðferð umhverfismerkja á sjávarafurðum.

Mál þetta á sér lengri aðdraganda og hafa verið uppi miklar umræður um tilgang, þörf og hugsanlega skipulagningu á útgáfu slíkra umhverfismerkja. Íslensk stjórnvöld hafa fylgst með málinu og tekið þátt í umræðum um það, m.a. innan Norðurlandasamstarfisins. Á þeim vettvangi var samstaða um að það fyrirkomulag sem er til staðar á markaðnum væri af mörgum ástæðum óheppilegt, ekki síst ef litið var til uppbyggingar vottunarferlisins. Innan norræna samstarfsins var samkomulag um að nauðsynlegt sé að um merki af þessu tagi gildi ákveðnar reglur sem komi í veg fyrir hvers konar misnotkun sem leitt getur neytendur á villigötur og jafnvel orsakað að merkin séu álitin standa fyrir annað en þau eiga að standa fyrir. Opinberir aðilar yrðu þannig að setja meginreglurnar um þessa starfsemi en þátttaka framleiðenda í greininni yrði valkvæð. Þar sem um er að ræða alþjóðlega starfsemi var talið best að meginreglur yrðu settar af alþjóðlegum aðila eins og FAO, samanber það sem fram kom hér á undan. Norðurlöndin hafa raunar unnið að því um árabil að koma málinu á dagskrá þar, m.a. með því að styðja sérstakan fund hjá FAO um umhverfismerkingar árið 1998. Þar náðist því miður ekki niðurstaða, m.a. vegna andstöðu þróunarríkja sem óttuðust að slík merki gætu virkað sem viðskiptahindrun. Í framhaldinu var því á norrænum vettvangi hafin vinna að því að leggja drög að slíku kerfi valfrjálsra merkinga og var skýrsla með tillögum þar að lútandi kynnt og rædd á fundi sjávarútvegsráðherra Norðurlandanna í júní 2000. Ráðherrarnir tóku undir niðurstöður skýrsluhöfunda og fólu Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra að kynna skýrsluna. Hún hefur nú verið kynnt víða, m.a. hjá ESB og WTO og á ráðstefnu í tengslum við sjávarútvegssýninguna í Boston 2001. Skýrslan var og lögð fram á fundi fiskveiðinefndar FAO 2001. Vinna áðurnefndrar sérfræðinganefndar FAO um umhverfismerkingar byggðist m.a. á þessari skýrslu.

Hvað varðar annan lið fyrirspurnarinnar liggur fyrir að sjálfbær nýting fiskimiðanna er eitt af undirstöðuatriðum íslenskrar sjávarútvegsstefnu og þeirri stefnumörkun hlítir allur íslenski fiskiskipaflotinn. Fyrir liggur að engar hugmyndir eða kröfur eru uppi um vottun á sjálfbærri nýtingu fiskstofna sem líkur eru á að íslenskur sjávarútvegur stæðist ekki.

Hvað varðar þriðja lið fyrirspurnarinnar hefur ráðuneytið öflugar rannsóknir við að styðjast og má segja að öll starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar snúist um þetta efni. Þannig hefur stofnunin stundað fjölþætta vöktun á umhverfinu og á fiskstofnunum við landið um áratugaskeið og niðurstöðurnar m.a. lagðar til grundvallar ráðgjafar hennar um æskilega nýtingu nytjastofna sjávar.

1281. Svar [733. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um barnavernd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar tilkynningar bárust barnaverndarnefndum árið 2003 um slæman eða ónógan aðbúnað barna, sundurliðað eftir umdæmum nefndanna?*
2. *Hvaðan bárust tilkynningarnar, frá lögreglu, sjúkrahúsum, skólum o.s.frv.?*
3. *Hverjar eru tilgreindar orsakir tilkynninganna, áhættuhegðun, vanræksla, ofbeldi o.s.frv.?*
4. *Hvert er algengasta vinnuferlið sem sett er í gang þegar tilkynning berst?*
5. *Hvaða barnaverndarnefndir eru með bakvaktir vegna barnaverndarmála?*

Spurt um tölur frá árinu 2003 en þær liggja ekki fyrir. Barnaverndarnefndir eiga að skila upplýsingum um störf sín árið 2003 til Barnaverndarstofu fyrir 1. júní nk. og verður ársskýrsla unnin upp úr þeim. Nú liggur fyrir ársskýrsla Barnaverndarstofu fyrir árið 2002 sem send hefur verið öllum alþingismönnum. Upplýsingar sem hér verða gefnar eru því frá árinu 2002.

Á árinu bárust barnaverndarnefndum alls 4.665 tilkynningar, frá eftirtöldum:

Tilkynningar.

Lögregla	2.370
Skóli, sérfræðiþjónusta skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa	394
Leikskóli, gæsluforeldri	63
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	258
Önnur félagsmálastofnun/barnaverndarnefndir	150
Borgarhlutaskrifstofa Félagsþjónustu Reykjavíkur	119
Foreldrar	508
Ættingjar	221
Barnið sjálft	41
Nágrannar	395
Aðrir	146

Orsakir tilkynninga.

Grunur um vanrækslu barns	726
Grunur um að barn sé beitt andlegu ofbeldi	93
Grunur um að barn sé beitt líkamlegu ofbeldi	177
Grunur um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi	240
Grunur um áfengis-/vímuefnaneyslu foreldra	582
Grunur um neyslu barns á áfengi eða vímuefnum	441
Grunur um afbrot barns	1.440
Hegðunarerfiðleikar/tengslaröskun barns	211
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	58
Annað	727

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum er gerð grein fyrir því að tilkynning hafi borist og að könnun sé að hefjast. Algengast er að byrjað sé að ræða við foreldra og barnið sjálft hafi það aldur og þroska til. Árið 2002 var leitað eftir upplýsingum hjá barninu sjálfu í 21% tilvika. Í framhaldi af því er leitast við að afla nánari upplýsinga hjá þeim sem þekkja barnið og aðstæður þess. Þegar könnun lýkur er samin greinargerð þar sem ástæða afskipta er tilgreind ásamt niðurstöðum könnunar og tillögum að stuðningi við barnið og/eða fjölskylduna þegar það á við. Að öðru leyti vísast til fyrrnefndrar ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2002.

Hinn 1. febrúar sl. hófst samstarf Neyðarlínunnar og Barnaverndarstofu um móttöku tilkynninga, sem þýðir að frá þeim tíma hafa allar barnaverndarnefndir bakvakt og sama símanúmer.

Neyðarlínan tekur nú við tilkynningum til allra barnaverndarnefnda á landinu allan sólahringinn. Í þeim tilvikum sem um er að ræða tilkynningar sem ekki varða neyðartilvik eru upplýsingar sendar viðkomandi nefnd strax eða næsta vinnudag, berist hún utan almenns skrifstofutíma. Ef um neyðartilvik er að ræða sem krefst aðgerða strax hefur Neyðarlínan tafarlaust samband við viðkomandi nefnd sem þá gerir nauðsynlegar ráðstafanir.

1282. Svar [499. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðstæður heimilislausra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða upplýsingar liggja fyrir um vanda og aðstæður heimilislausra, skipt eftir kyni og aldri? Með heimilislausum er átt við fólk sem hefur engan fastan samastað.*
2. *Hve margir í þessum hópi eru á biðlista eftir félagslegum leiguíbúðum og hve margir þiggja félags- eða fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum og í hvaða formi?*
3. *Hvaða úrræði og hve mörg pláss eða gistirými getur hið opinbera boðið fólki sem er heimilislaust?*
4. *Hve margir heimilislausra stríða við vímuefna- eða fíkniefnavanda og hve margir stríða við geðræn vandamál?*
5. *Hve margir þeirra sem nú eru heimilislausir eru álitnir hættulegir umhverfi sínu?*
6. *Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um að taka á vandamálum heimilislausra, annars vegar félagslegum og hins vegar heilsufarslegum?*

Inngangur.

Félagsmálaráðuneytið leitaði til félagsþjónustu sveitarfélaga eftir upplýsingum um þá sem teljast heimilislausir. Var það álit ráðuneytisins að félagsþjónustan hlyti að búa yfir upplýsingum umfram aðrar opinberar stofnanir í ljósi þess að hún veitir fólki margþætta félagsþjónustu, m.a. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og úrlausn í húsnæðismálum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Ákveðið var að leita upplýsinga hjá sveitarfélögum með fleiri en 3.000 íbúa. Reyndust það vera alls 14 sveitarfélög: Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Akranes, Reykjanesbær, Akureyri, Árborg, Seltjarnarnes, Vestmannaeyjar, Ísafjarðarbær, Skagafjörður og Fjarðabyggð. Óskað var upplýsinga miðað við 1. desember 2004. Enn fremur var haft samband við lögregluna í Reykjavík og Hagstofu Íslands.

Rétt er í upphafi að gera grein fyrir því að þess er vænst að svör félagsþjónustunnar séu sambærileg og að allir hafi lagt sömu merkingu í skilgreininguna „heimilislaus/sá sem ekki hefur fastan samastað". Ef upp kom grunur um að félagsþjónustan hefði lagt annan skilning í fyrirspurnina var haft samband og nánari upplýsinga aflað.

Með heimilislausum er hér átt við fólk sem er algjörlega „á götunni", sem fær inni á gistiskýlum til bráðabirgða skamman tíma í senn eða býr í neyðartilvikum inni á ættingjum eða vinum, þ.e. þeir sem eiga sér ekki fastan samastað.

1. Fjöldi heimilslausra, kyn og aldur.

Félagsþjónusturnar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri svöruðu því játandi að heimilislaust fólk dveldi í sveitarfélaginu. Önnur sveitarfélög svöruðu spurningunni neitandi, en nefndu þó að þar dveldi fólk sem byggi við mjög mikið óöryggi í húsnæðismálum þó að það ætti sér samastað. Samtals eru 102 fullorðnir einstaklingar taldir heimilislausir. Karlar eru 74 en konurnar 28. Meðal fólksins eru taldar þrjár einstæðar mæður sem búa á gistiheimilum, með eitt barn hver á framfæri.

Meginþorri þessa hóps dvelur í Reykjavík eða alls 85 einstaklingar, níu eru í Kópavogi, sex eru í Hafnarfirði og tveir eru á Akureyri. Að frátöldum börnunum eru heimilislausir á aldrinum 20 ára til sjötugs.

2. Biðlistar eftir húsnæði og þjónusta sem fólkið hefur fengið.

Sveitarfélögin voru beðin um að tilgreina hve margir hinna heimilislausu væru á biðlista eftir húsnæði, hve margir hefðu fengið fjárhagsaðstoð og hve margir hefðu fengið aðra félagslega aðstoð.

	Biðlisti	**Fjárhagsaðstoð**	**Önnur aðstoð**
Reykjavík	47	14	50
Kópavogur	5	9	9
Hafnarfjörður	6	4	6
Akureyri		1	1

Samtals eru 58 manns á biðlista eftir húsnæði eða 57% hópsins, 28 hafa fengið fjárhagsaðstoð, eða 27% hópsins, og 66, eða 65%, hafa fengið aðra aðstoð. Með annarri aðstoð er m.a. átt við félagslega ráðgjöf, aðstoð við að komast til læknis, aðstoð við að komast inn á gistiskýli og samstarf við sæðisskrifstofur málefna fatlaðra. Í aðstoðinni flest m.a. ýmiss konar endurhæfing og má t.d. nefna tvö samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Tryggingastofnunar ríkisins, „Grettistak" sem er fyrir karla sem takast á við fíkniefnavanda og „Kvennasmiðjuna" sem er endurhæfing fyrir konur.

3. Aðgangur félagsþjónustunnar að gistiskýlum.

Félagsþjónustan í Reykjavík hefur aðgang að gistiskýlinu við Þingholtsstræti, þar eru 15 pláss. Fólki er einnig vísað á Hjálpræðisherinn og önnur gistiheimili. Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri og Seltjarnarnesbæ er fólki vísað á gistiheimili í sveitarfélaginu eða á gisti-

heimili Hjálpræðishersins og í Garðabæ er vísað á gistiheimili í grennd við sveitarfélagið. Akurnesingar hafa leitað til gistiskýlisins í Reykjavík og í Reykjanesbæ er greiður aðgangur að gistirýmum.

4. Heimilislausir sem eiga við fíkniefnavanda að etja eða eru geðfatlaðir.

Samtals eiga 37 hinna heimilislausu við fíkniefnavanda að etja, eða 36%. Alls eru 32 taldir geðfatlaðir, eða 22%.

5. Heimilislausir sem eru álitnir hættulegir umhverfi sínu.

Alls telur félagsþjónustan að 11 einstaklingar séu hættulegir umhverfi sínu, þar af eru níu í Reykjavík. Í skýrslu nefndar um málefni alvarlega geðsjúkra, sem var á forræði heilbrigðisráðherra og skilað var í apríl 2003, kemur fram að af þeim 20 einstaklingum sem ítrekað kæmu við sögu lögreglunnar væru fjórir taldir hættulegir, það er líklegir til að skaða aðra.

6. Aðrar upplýsingar um vanda og aðstæður heimilislausra.

Samkvæmt upplýsingum Félagsþjónustunnar í Reykjavík eiga framangreindir einstaklingar við margþættan vanda að etja. Ekki er auðvelt að greina hver sé meginorsök erfiðleikanna, en ljóst að geðrænir erfiðleikar og fíkniefnaneysla hefur veruleg áhrif, eins og þegar er fram komið. Hjá því verður hins vegar ekki litið að 33 hinna heimilislausu eru hvorki taldir fíklar né geðfatlaðir.

Fólkið hefur m.a. dvalið á áfangastöðum sem eru í tengslum við meðferðarstofnanir, á gistiskýlum og verið inni á ættingjum eða vinum. Sumir eru tíðir gestir í fangageymslum lögreglunnar. Félagsþjónustan á Akranesi nefnir að vitað sé að fólk sem eigi við mikinn fíkniefnavanda að etja hafi flust til Reykjavíkur.

Leitað var til lögreglustjórans í Reykjavík til að afla nánari upplýsinga um umfang þessa vanda á höfuðborgarsvæðinu. Að sögn lögreglunnar virðist um 20 manna hópur vera heimilislaus á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim eigi 15 manns við veruleg geðræn vandamál að stríða. Þessir einstaklingar fari inn og út af ýmsum stofnunum og stöðum. Margir þeirra eigi athvarf í gistiskýlinu við Þingholtsstræti. Önnur úrræði á vegum borgarinnar nýtist þessu fólki oft, enda vilji lögreglan komast hjá því að heimilislaust fólk gisti í fangageymslum næturlangt. Það sé hins vegar lækna að meta og skilgreina sjúkdóma og oft telji lögreglan að um geðræn vandamál sé að ræða þó að menn væru ekki sammála um það. Það sé slæmt að ekki sé til staðar lokuð geðdeild í reynd.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er ekki unnt að taka mið af skilgreiningunni „óstaðsettur í hús“ hjá Hagstofunni þegar leitast er við að komast að fjölda heimilislausra á hverjum tíma. Fjöldi óstaðsettra í hús gefi ekki rétta mynd af ástandinu, þar sem fólk sé oft í tryggu húsnæði þrátt fyrir að viðkomandi sé enn skráður á þann hátt hjá Hagstofunni. Sama sjónarmið kom fram hjá Félagsþjónustunni.

7. Áform ríkisstjórnarinnar um að taka á vandamálum heimilislausra.

Félagsmálaráðherra hefur fullan hug á að kanna stöðu þessara mála frekar. Ljóst er að slík könnun þarf að fara fram í samráði við sveitarfélögin, enda bera þau ábyrgð á því að heimilislausir fái úrlausn í húsnæðismálum sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Enn fremur yrði haft samráð við heilbrigðisyfirvöld og lögreglustjórann í Reykjavík og sérstakt samráð við Félagsþjónustuna í Reykjavík í ljósi þess hve margir af framangreindum hópi eru þar.

Að lokum er rétt að benda á að félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa ákveðið að setja af stað samráðshóp sem fær það verkefni að greina þörf geðfatlaðra fyrir húsnæði og koma með tillögur til úrbóta.

1283. Svar [691. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um opinbera fjölskyldustefnu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hafa stjórnvöld gert til að ná markmiðum við framkvæmd fjölskyldustefnu skv. II. kafla þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?

Opinber fjölskyldustefna.

Til að undirbúa gerð fjölskyldustefnu hefur fjölskylduráð unnið að upplýsingaöflun, meðal annars með samantekt á þeim verkefnum sem ráðuneytin sinna og könnun á afstöðu sveitarfélaga til fjölskyldumála.

Fjölskyldustefna sveitarfélaga.

Fjölskylduráð sendi öllum sveitarfélögum bréf 20. ágúst 1999 og benti þar á þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Vakin var athygli sveitarstjórna á því að þeim bæri að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Jafnframt var óskað eftir ábendingum um hvað sveitarfélögin teldu vera brýnustu aðgerðir í málefnum fjölskyldna.

Könnun á viðhorfum sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar.

Fjölskylduráð taldi að þar sem mjög mörg verkefni sem snúa að fjölskyldunni væru í höndum sveitarfélaga væri eðlilegt að fá fram viðhorf þeirra. Ráðið gerði því könnun á viðhorfum sveitarfélaga á málefnum fjölskyldunnar. Spurningalistar voru sendir til sveitarfélaga í ágúst 1999. Svörun var dræm en fyrir því liggja margvíslegar ástæður. Sumar spurningarnar tóku til margra þátta, kröfðust nokkurrar umhugsunar og öflun upplýsinga. Síðustu svörin bárust í marsmánuði árið 2000. Könnuninni svöruðu að lokum 82 sveitarfélög af 124, eða 68% sveitarfélaga á landinu. Könnunin var kynnt á blaðamannafundi og fékk umfjöllun í fjölmiðlum. Fyrsti hlutinn fjallaði um fjölskyldustefnu almennt. Spurt var hvort sveitarfélögin hefðu þegar hafist handa við mótun fjölskyldustefnu, hvort ákveðið hefði verið að hefja það starf og þá hvenær, og einnig hvenær áætlað væri að vinnu við fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið yrði lokið. Annar hlutinn fjallaði um fjölskylduna og atvinnulífið og til hvaða aðgerða sveitarfélög hefðu gripið til að bæta hag fjölskyldunnar. Þriðji og síðasti hlutinn fjallaði um hvernig sveitarfélög stæðu að forvörnum og fræðslu í málefnum fjölskyldunnar. Spurt var um fræðslu, ráðgjafarþjónustu, sérfræðinga og samstarf við aðila sem tengjast málefnum fjölskyldunnar. Þá var sveitarfélögum gefinn kostur á að gera grein fyrir aðgerðum sínum á þessu sviði, ásamt því að koma á framfæri atriðum sem fjölskylduráð ætti að þeirra mati að leggja áherslu á að beita sér fyrir. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar 15. maí 2001 og má finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Fulltrúar úr fjölskylduráði áttu fundi með stjórn og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um gerð fjölskyldustefnu sveitarfélaga. Fjölskylduráð hvatti sveitarfélögin til að móta sér fjölskyldustefnu. Fram komu óskir um að ráðið veitti sveitarfélögunum aðstoð við verkefnið (m.a. í könnun sem ráðið gerði). Ráðið taldi vinnuferlið sjálft afar mikilvægt enda ætti þá sér stað umræða milli starfsmanna, stjórnmálamanna og íbúa. Haustið 2001 var valin sú leið að dreifa upplýsingum sem að gagni gætu komið við gerð fjölskyldustefnu. Settar voru fram handhægar upplýsingar á heimasvæði fjölskylduráðs á vefsíðu félagsmálaráðuneytisins. Þar er meðal annars að finna leiðbeiningar, skilgreiningar á hugtakinu fjölskylda og fjölskyldustefna, markmið með gerð fjölskyldustefnu, helstu forsendur sem eðlilegt er að gengið sé út frá við mótun hennar, hugmyndir um til hvaða verkefna hún skuli ná, umfjöllun um hag sveitarfélaganna af gerð fjölskyldustefnu og hugmyndir um hvernig vinna megi að gerð hennar. Frá þessu var einnig greint í bréfi sem sent var til sveitarfélaganna í október árið 2001. Í bréfinu voru sveitarfélögin hvött til að hefja gerð fjölskyldustefnu og boðin ráðgjöf við verkið. Því næst voru samdar ítarlegri leiðbeiningar um vinnuferlið sjálft með hliðsjón af reynslu þeirra sveitarfélaga sem fyrst luku gerð fjölskyldustefnu, þ.e. Garðabæjar og Akureyrarkaupstaðar. Leiðbeiningarnar voru sendar starfsmönnum sveitarfélaganna og settar á heimasíðuna. Starfsmaður og formaður mættu á fundi með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem þess óskuðu en einnig var veitt aðstoð í síma.

Fjölskyldustefna ráðuneyta.

Fyrsti undirbúningur að gerð fjölskyldustefnu fyrir ráðuneytin hófst með því að skrifað var bréf til félagsmálaráðherra 29. nóvember 1998 þar sem ráðið lýsti áhuga sínum á að hafist væri handa við gerð fjölskyldustefnu árið 1999.

Byrjað var á upplýsingaöflun um slíkar stefnur í ýmsum löndum. Ráðið kynnti sér upplýsingar um stefnu ríkisstjórna og/eða ráðuneyta og fjallaði um með hvaða hætti marka mætti slíka stefnu hér á landi og hvaða þætti ætti að taka inn til hagsbóta fyrir fjölskyldur. Leitað var álits á því hvaða aðferðafræði væri heppilegust við slíka stefnumörkun og fékk ráðið í því skyni til liðs við sig sérfræðing varðandi þau mál og var haldinn tveggja daga fundur í Skálholti dagana 5. og 6. júlí 1999. Á þeim fundi var reynt að draga fram hvaða málaflokka ætti að leggja sérstaka áherslu á og af hverju. Farið var meðal annars yfir verksvið ráðuneyta og rætt um innri og ytri þætti sem snúa að fjölskyldunni.

Óskað var eftir tilnefningu frá öllum ráðuneytum í samstarfshóp um fjölskyldumál. Með því að fá aðgang að tengiliðum í öllum ráðuneytum var ætlunin að gera það mögulegt að a) skapa vettvang til að ræða mál sem varða fjölskylduna, b) bæta við þekkingu ráðsins, c) auðvelda aðgang að upplýsingum og d) auka samræmi í ákvörðunartöku gagnvart fjölskyldunni.

Samantekt fjölskylduráðs um málefni fjölskyldunnar.

Hagsmunir fjölskyldunnar eru margþættir og snerta mörg ólík svið innan samfélagsins. Sökum þess er mikilvægt að þeir aðilar sem eru stefnumótandi innan hvers sviðs, svo sem heilbrigðis, félagslegra réttinda, menntunar, húsnæðis, umhverfis og menningar, samræmi störf sín til að bæta lífsskilyrði fjölskyldnanna í landinu. Þar þarf ekki síst að hafa í huga hversu fjölbreytilegar fjölskyldur geta verið og þarfir þeirra misjafnar. Þess vegna er mikilvægt að fyrir hendi liggi heildarsýn yfir þau málefni er lúta að fjölskyldunni og stjórnvöld eru að vinna að. Því ákvað fjölskylduráð að taka saman upplýsingar um málefni fjölskyldunnar sem lið í að marka opinbera fjölskyldustefnu. Þetta var í fyrsta skipti sem áætlanir ráðuneytanna á sviði fjölskyldumála voru teknar saman í eitt rit (50 bls.). Ritið kom út 15. maí 2001 og má finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Með samantektinni og sveitarfélagakönnuninni lá fyrir heildstætt yfirlit yfir verkefni stjórnvalda í þágu fjölskyldna, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Skömmu seinna kviknaði hugmynd sem ráðið taldi mikilvægt að skoða en það er gerð mælitækis sem mældi velferð fjölskyldunnar og nefnt var Fjölskylduvog og vikið verður að síðar. Sum ráðuneytin hafa nú þegar tekið upp fjölskyldustefnu sem hluta af starfsmannastefnu í viðkomandi ráðuneyti.

Fjölskylduvog.

Á haustmánuðum árið 2001 var byrjað að móta hugmynd um Fjölskylduvog sem verður safn lykiltalna og upplýsinga um stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi, þar sem sjá mætti breytingar yfir tíma og milli landshluta. Fjölskylduvogin var hugsuð þannig að notaðir yrðu mæliþættir sem væru a) mældir reglulega svo sjá mætti tilhneigingar yfir tíma, b) skráðir eftir landsvæðum svo að fram kæmi mismunur svæðanna og c) almennir svo að þeir endurspegli alla þjóðina. Þeir eiga að gefa greinargóðar upplýsingar, til dæmis um fjárhagslega afkomu fjölskyldna, húsnæðismál, menntun, heilsu, vinnutíma, sem og fjölskyldutíma, lífstíl og félagslega getu. Þá er æskilegt að með fylgi á hverjum tíma upplýsingar um þróun fjölskyldna í landinu (svo sem stærð, sambúðarform og fjölmenningarlega samsetningu) og tilhneigingar. Gert er ráð fyrir að aðilar með fjölbreytta sérþekkingu komi að gerð mælitækisins. Fjölskylduvoginni er ætlað að vera eins konar vísitala á málefni fjölskyldunnar með einni tölulegri útkomu á hverjum tíma.

Eftir að málið hafði verið rætt við fjölmarga aðila var ljóst að verulegur áhugi var á framkvæmd þess. Það er Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri sem var fengin til að vinna við gerð Fjölskylduvogarinnar fyrir ráðið. Þessa dagana er fjölskylduráð að lesa yfir lokadrög að Fjölskylduvoginni sem ætlað er að verða mæling á lífsgæðum fjölskyldunnar. Þetta er bæði mjög flókið og tímafrekt verkefni. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði lokið næsta vor.

Að lokum.

Fjölskylduráð telur að Fjölskylduvogin geti orðið besta tækið til að bæta lífsgæði fjölskyldunnar. Gerð fjölskyldustefnu án möguleika á að mæla árangur sé ekki eins virkt stjórntæki. Auk þess munu rannsóknir, sem farið verður í tengslum við gerð Fjölskylduvogarinnar, auka þekkingu á högum fjölskyldunnar. Án mælitækis verði stefnur oft innantóm orð og því leggur fjölskylduráð mikla áherslu á að ljúka þeim áfanga sem fyrst. Í kjölfarið verður farið í gerð framkvæmdaáætlana.

Þá er rétt að taka fram að í lok september á þessu ári er fyrirhuguð ráðstefna með fulltrúum sveitarfélaganna um fjölskyldustefnu og þar mun félagsmálaráðherra kynna stefnumörkun ráðuneytisins í fjölskyldumálum.

1284. Fyrirspurn [838. mál]

til heilbrigðisráðherra um mismunandi rekstur heilsugæslustöðva.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver er munurinn á útreikningi rekstrarþátta og þar með ríkisframlögum til nýrrar einkarekinnar heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi og hefðbundinna heilsugæslustöðva?

Skriflegt svar óskast.

1285. Fyrirspurn [839. mál]

til samgönguráðherra um EES-reglur um bifreiðar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig gengur að taka upp hér á landi reglur þær sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um upphækkun og aðrar breytingar á jeppum, sendibílum og vörubílum?
2. Hvernig er eftirliti háttað með öryggi breyttra bifreiða?

Skriflegt svar óskast.

1286. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um vátryggingarsamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Kjartan Gunnarsson og Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti og Sigmar Ármannsson og Gunnar Felixson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný lög um vátryggingarsamninga sem felur í sér allnokkrar breytingar frá núgildandi lögum um vátryggingasamninga, nr. 20/1954, hvað varðar uppbyggingu og áherslur. Framlagning frumvarpsins á sér nokkurn aðdraganda og telur nefndin ljóst að reynt hafi verið að vanda til allrar vinnu bæði við einstakar greinar þess og eins athugasemdir sem eru mjög ítarlegar. Ráðherra skipaði nefnd sérfræðinga til að vinna að frumvarpinu og samráð var haft við fjölda aðila á ýmsum stigum málsins auk þess sem drög að frumvarpinu voru gerð aðgengileg almenningi á heimasíðu ráðuneytisins. Frumvarpið var lagt fram á 128. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá.

Segja má að aðaleinkenni frumvarpsins sé aukin neytendavernd sem kemur m.a. fram í aukinni upplýsingaskyldu vátryggingafélaga. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að samnings-

frelsi vátryggingafélaga og vátryggingartaka verði skert þar sem ákvæði frumvarpsins eru að meginreglu til ófrávíkjanleg.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í tvo meginkafla. Sá fyrri fjallar um skaðatryggingar og sá síðari um persónutryggingar en kaflarnir samsvara hvor öðrum. Að auki eru tveir smærri kaflar í lokin þar sem finna má almenn ákvæði og ákvæði sem mæla fyrir um gildistöku og breytingar á öðrum lögum. Nefndin telur þessa uppbyggingu góða og líklega til að gera lög um vátryggingarsamninga aðgengilegri almenningi en núgildandi lög. Að teknu tilliti til þess hve mikilvægt það er að lög á þessu sviði séu skýr styður nefndin að sú leið hafi verið valin að semja frumvarp til nýrra heildarlaga fremur en að leggja fram tillögu um verulega viðbót og breytingu á núgildandi lögum. Uppbygging frumvarpsins er að norskri fyrirmynd og getur þarlend réttarframkvæmd síðustu ára ef til vill nýst að einhverju marki við lögskýringu á meðan ákvæði frumvarpsins festast í framkvæmd hér á landi verði það að lögum.

Við meðferð málsins reyndi nefndin að afla upplýsinga um hvaða áhrif samþykkt fyrirmyndarinnar í Noregi hafi haft á tryggingarkostnað þar. Staðfestar upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir en svo virðist sem lagabreytingarnar í Noregi hafi haft mjög takmörkuð áhrif á verð trygginga þar, í það minnsta gátu þarlend neytendasamtök ekki staðfest verulega hækkun vegna þeirra. Það verður því að teljast ólíklegt að ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, muni hækka tryggingaverð svo að nokkru nemi til langs tíma litið. Tryggingafélög munu hafa einhvern kostnað af endurgerð skilmála og aðlögun að nýjum reglum. Á móti kemur að tryggingafélög sinna nú flestum skyldum sem lagðar eru á þau með frumvarpinu auk þess sem þar er reynt að gera allar reglur skýrari en nú og ætti það að fækka dómsmálum.

Nefndin ræddi nokkuð notkun orðsins „afhenda“ í frumvarpinu og hvort með því væru lagðar of miklar skyldur á tryggingafélög varðandi afhendingu upplýsinga til viðskiptavina og möguleg þróun rafrænna viðskipta á þessu sviði jafnvel takmörkuð. Í þessu tilliti ræddi nefndin m.a. þann möguleika að leggja til breytingar þannig að notað yrði annað orð eða hugtak sem mætti telja opnara, t.d. „að láta í té“. Niðurstaða nefndarinnar var þó sú að leggja ekki til breytingar á þessu. Nefndin telur koma skýrt fram í athugasemdum með frumvarpinu að alls ekki sé ætlast til þess að orðið sé skilið bókstaflega þannig að afhending skilmála, skírteinis, breytinga á þessu tvennu o.fl. þurfi að fara fram hönd í hönd heldur geti tryggingafélög í flestum tilvikum uppfyllt skyldur sínar um afhendingu á rafrænan eða annan sannanlegan en hagkvæman hátt.

Við meðferð frumvarpsins bárust nefndinni ítarlegar umsagnir fjölda aðila sem nefndin hefur tekið tillit til að nokkru leyti.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

1. Í a-lið 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er heimiluð undantekning frá ófrávíkjanleika ákvæða fyrsta hluta frumvarpsins þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og rekstraraðilinn hefur fleiri en tíu ársverk auk hærri heildarveltu en 500.000.000 kr. samkvæmt ársreikningi eða ef niðurstöðutala efnahagsreiknings nær 200.000.000 kr. samkvæmt ársreikningi. Mælir nefndin með að þessu verði breytt þannig að aðeins verði miðað við að rekstraraðili hafi fleiri en fimm ársverk og undanþága verði óháð niðurstöðum á ársreikningi.
2. Lagt er til að upplýsingaskylda vátryggingafélaga skv. 6. gr. verði takmörkuð þannig að upplýsingaskylda skv. 1. mgr. vakni aðeins ef samningur á að grundvallast á annarri löggjöf en þeirri íslensku.
3. Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 10. gr. sem miða að því að tryggja að vátryggingarskírteini verði stutt og skýrt og þar komi fyrst og fremst fram grundvallaratriði, árétting á ákveðnum þáttum skilmála auk ákvæða vátryggingarsamnings sem ekki koma fram

í skilmálum. Samsvarandi breyting er lögð til á 70. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að 3. mgr. greinarinnar falli brott.

4. Lagt er til að 2. mgr. 11. gr. falli brott og tengist það breytingum sem lagðar eru til á 10. gr.
5. Lagðar eru til breytingar á 19. gr. sem fyrst og fremst miða að því að tryggja að gætt sé góðra viðskiptahátta og ekki gengið lengra en nauðsynlegt er við öflun upplýsinga um líf og heilsu vátryggingartaka og vátryggðs. Samsvarandi breyting er lögð til á 82. gr.
6. Lagt er til að síðari málsliður 1. mgr. 27. gr. falli brott þar sem ekki er hægt að fallast á efni hans og honum ofaukið þar sem hann stendur nú.
7. Lagt er til að „skipum“ verði bætt við upptalningu í a-lið 2. mgr. 29. gr. til að takmarka vafa sem upp gæti komið við lestur greinarinnar.
8. Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 32. gr. sem tekur sérstaklega á hver greiðslufrestur skuli vera ef vátrygging er tekin með einhliða yfirlýsingu sem t.d. er velþekkt við ökutækjatryggingar.
9. Lagt er til að orðalagi 3. mgr. 44. gr. verði breytt og þar lögfest sérregla um samlagsaðild í dómsmálum á þessu sviði þannig að það varði frávísun ef tjónþoli virðir að vettugi kröfu vátryggingafélags um að hann beini máli einnig að vátryggðum.
10. Lagt er til að á eftir orðinu „vátryggingarskírteini“ í 1. mgr. 56. gr. komi „eða staðfest afrit þess“ og þannig gert skýrt að þegar um hópvátryggingu er að ræða þurfi ekki allir í hinum tryggða hópi að fá eiginlegt skírteini í hendur heldur dugi að gefa út eitt skírteini sem aðilar hópsins fá svo afrit af. Að teknu tilliti til hvaða rétt afrit getur veitt þeim sem það hefur í höndum telur nefndin þó rétt að áskilið sé að afrit skuli vera staðfest og geta þá samningsaðilar samið um hvernig það skuli gert og hver geti staðfest afrit.
11. Lögð er til orðalagsbreyting á 3. mgr. 61. gr. svo að skýrt sé um hvers konar vátryggingu sé að ræða.
12. Breytingar sem lagðar eru til á 70. gr. samsvara þeim sem lagðar eru til á 10. gr. eins og áður segir.
13. Lagt er til að sá frestur sem mælt er fyrir um í síðari málslið 2. mgr. 80. gr. verði styttur úr sex mánuðum í fjóra mánuði enda verður sá tími að teljast nægilegur fyrir vátryggingartaka og fá rök fyrir því að halda félagi í óvissu í lengri tíma.
14. Lagðar eru til breytingar á 82. gr. sem samsvara þeim breytingum sem lagðar eru til á 19. gr. og miða að því að skerpa reglur greinarinnar.
15. Lagt er til að nýr stafliður bætist við 86. gr. sem heimilar félagi að gera fyrirvara við tjónsatvik sem rekja mætti til ástands sem vátryggingartaki mátti vita um þegar samningur var gerður.
16. Lagt er til að orðalagi 97. gr. verði breytt þannig að skýrt verði að ákvæðið taki aðeins til hreinna áhættulíftrygginga en ekki til sjúkdómatrygginga.
17. Lagt er til að orðinu „vátryggðs“ verði bætt inn í upptalningu 3. málsl. 2. mgr. 112. gr. og félagi þannig gert að tilkynna honum auk vátryggingartaka og eiganda réttinda um skráningu líftryggingar. Telur nefndin þetta geta takmarkað möguleika á misnotkun og svindli við kaup á líftryggingum.
18. Lögð er til ítarlegri upptalning trygginga í 1. mgr. 124. gr. til að gera greinina skýrari.
19. Lagt er til að orðalagi lokamálsliðar 1. mgr. 125. gr. verði breytt til samræmis við breytingartillögur við 124. gr.
20. Lagt er til breytt orðalag 129. gr. sem samsvarar breytingum sem lagðar eru til á 1. mgr. 56. gr.

21. Loks er lagt til að breytt verði gildistökuákvæði frumvarpsins og gildistöku frestað til 1. janúar 2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari þeirra lýtur að takmörkunum á upplýsingagjöf og þá fyrst og fremst 82. gr. frumvarpsins.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu að öðru leyti en því að hann tekur undir þann fyrirvara sem Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson gera.

Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við loka-afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Birgir Ármannsson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.

1287. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um vátryggingarsamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „skv. 46. gr.“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Á eftir orðunum „tekin vegna atvinnurekstrar“ í 2. mgr. komi: ef.
   c. A-liður 2. mgr. orðist svo: umfang rekstraraðilans við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum.
   d. 3. mgr. falli brott.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Gildi önnur löggjöf en íslensk um vátryggingarsamninginn skal félagið eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd upplýsa vátryggingartaka um efni þeirrar löggjafar sem gilda skal um samninginn.
4. Við 10. gr.
   a. D-liður 2. mgr. orðist svo: iðgjald vegna vátryggingarinnar og gjalddagi þess.
   b. E-liður 2. mgr. orðist svo: áréttting til vátryggingartaka um að hann kynni sér ákvæði skilmála vátryggingarinnar er varða fyrirvara er tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur er um vátrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð.

c. F-liður 2. mgr. orðist svo: ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í vátryggingarskilmálunum.
d. 3. mgr. falli brott.

5. Við 11. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 19. gr.
a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við þegar vátryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd vátryggðs.
b. 3. málsl. (er verði 4. málsl.) 1. mgr. orðist svo: Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal áður en þeirra er aflað liggja fyrir skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um.
7. Við 27. gr. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
8. Við 29. gr. A-liður 2. mgr. orðist svo: við vátryggingu ökutækja, skipa, loftfara eða annarra farartækja og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða.
9. Við 32. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi vátrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu vátryggingartaka má greiðslufrestur þó vera sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi iðgjaldið ekki verið greitt við það tímamark er vátryggingafélaginu heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fella vátrygginguna niður, enda hafi það upplýst vátryggingartaka, er greiðslu var krafist, að það mundi nýta sér rétt sinn til niðurfellingar.

10. Við 33. gr. Í stað orðanna „skv. 32. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skv. 1. mgr. 32. gr.
11. Við 44. gr. 3. mgr. orðist svo:

Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt. Máli sem tjónþoli höfðar á hendur félaginu eftir viðtöku slíkrar tilkynningar skal vísað frá dómi ef félagið krefst þess. Sé höfðað mál á hendur félaginu án undanfarandi tilkynningar um það getur félagið gert kröfu þessa efnis, enda komi hún fram ekki síðar en í greinargerð. Höfði tjónþoli af þessu tilefni ekki sakaraukningu innan mánaðar frá því að krafa félagsins kom fram skal málinu vísað frá dómi að kröfu þess.

12. Við 45. gr. Í stað orðanna „um er að ræða“ í 2. mgr. komi: um væri að ræða.
13. Við 50. gr.
a. Orðin „þessarar greinar“ í 2. mgr. falli brott.
b. 6. mgr. orðist svo:

Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga.

14. Við 56. gr.
a. Á eftir orðinu „vátryggingarskírteini“ í 1. mgr. komi: eða staðfest afrit þess.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Nú hefur maður fengið vátryggingarskírteini eða afrit þess skv. 1. mgr. og er þá hvorki unnt að bera fyrir sig að hann fullnægi ekki skilyrðum til þess að vera þátttakandi í hópnum sem vátryggingin tekur til né að hann eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem fram koma í vátryggingarskírteininu.
15. Við 61. gr. Í stað orðsins „heilsutryggingu“ í 3. mgr. komi: heilsutryggingu án uppsagnarréttar.
16. Við 70. gr.
a. D-liður 2. mgr. orðist svo: iðgjald vegna vátryggingarinnar og gjalddagi þess.

b. E-liður 2. mgr. orðist svo: áréttíng til vátryggingartaka um að hann kynni sér ákvæði skilmála vátryggingarinnar er varða fyrirvara er tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur er um vátrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð.
c. F-liður 2. mgr. orðist svo: ákvæði vátryggingarsamningsins, sem ekki koma fram í vátryggingarskilmálunum.
d. 4. mgr. falli brott.

17. Við 80. gr. Í stað orðsins „sex“ í síðari málslið 2. mgr. komi: fjórum.
18. Við 82. gr.
a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við þegar vátryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd vátryggðs.
b. 3. málsl. (er verði 4. málsl.) 1. mgr. orðist svo: Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en vátryggingartaka eða vátryggðum skal áður en þeirra er aflað liggja fyrir skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um.
19. Við 86. gr.
a. Á eftir orðunum „Slíkur fyrirvari er þó gildur“ í 1. mgr. komi: ef.
b. Orðið „ef“ í a-lið 1. mgr. falli brott.
c. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: samið er um að félagið afli ekki upplýsinga um heilsufar vátryggðs við töku vátryggingar; í slíkum tilvikum getur félagið gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms eða meins sem hinn vátryggði vissi eða mátti vita um.
20. Við 97. gr. 1. málsl. orðist svo: Nú hefur ábyrgð félagsins samkvæmt líftryggingarsamningi fallið niður eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, og má þá endurvekja vátrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að frestur skv. 1. mgr. 96. gr. rennur út.
21. Við 112. gr. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Félagið skal tilkynna um skráninguna til vátryggingartaka, vátryggða og til eiganda réttinda.
22. Við 124. gr.
a. 1. mgr. orðist svo:

Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

b. Fyrirsögn greinarinnar verði svohljóðandi: *Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð í slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingum og til lögfræðilegra aðgerða.*
23. Við 125. gr. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Hafi félagið vegna vátrygginga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 124. gr. sent tilkynningu skv. 2. mgr. sömu greinar fyrnist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.
24. Við 129. gr. Á eftir orðinu „vátryggingarskírteini“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. komi: eða staðfest afrit þess.
25. Við 146. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

1288. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Við yfirferð nefndarinnar á frumvarpinu kom fram að við gerð þess hefði verið haft samráð við félög á vinnumarkaði og að sátt hefði náðst um efni þess á milli aðila. Þessa sátt telur nefndin endurspeglast í umsögnum sem bárust henni um frumvarpið.

Frumvarpið tengist náið 203. máli, um Evrópufélög, sem verið hefur til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd á þessu löggjafarþingi og mælir fyrir um heimild félaga til að vera rekin í formi Evrópufélaga. Því telur nefndin mikilvægt að þessi tvö mál fylgist að í umræðum á þinginu enda marklítið að það samþykki annað þeirra en ekki hitt.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja rétt starfsmanna félaga, sem kunna að verða rekin í Evrópufélagsforminu, til þátttöku í stjórn slíkra félaga.

Frumvarpið er lagt fram til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2002. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að við gerð þess hefur í öllum meginatriðum verið fylgt ákvæðum tilskipunarinnar en einmitt vegna þess hvers eðlis málið er þarf að vera samræmi milli innleiðingar tilskipunarinnar í íslenskan rétt og þess hvernig tilskipunin er innleidd í rétt annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipunin á að taka gildi 8. október 2004 og skulu öll aðildarríkin hafa innleitt hana á þeim degi.

Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu sem allar snúa að því að samræma orðalag frumvarpsins að frátalinni tillögu um breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins í 26. gr. Nefndin leggur til að því ákvæði verði skipt þannig að mælt verði fyrir um innleiðingu tilskipunarinnar í sérákvæði og gildistöku frumvarpsins seinkað til 8. október 2004 til samræmis við gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um Evrópufélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 30. mars 2004.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Ásta Möller.	Guðjón Hjörleifsson.
Birkir J. Jónsson.	Pétur H. Blöndal.	Valdimar L. Friðriksson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Helgi Hjörvar.	Gunnar Örlygsson.

1289. Breytingartillögur [402. mál]

við frv. til l. um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „og/eða“ í 2. tölul. k-liðar komi: og.
2. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „tíu af hundraði starfsmanna, eða broti af því“ í e-lið 1. mgr. komi: hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna.
   b. Í stað orðanna „fulltrúa- og framkvæmdanefndarmanna“ í i-lið 1. mgr. komi: fulltrúanefndarmanna og framkvæmdaráðsmanna.
3. Við 15. gr. Í stað orðsins „framkvæmdanefndin, sem er stækkuð“ í 8. mgr. komi: framkvæmdaráðið, sem er stækkað.
4. Við 18. gr. Í stað orðanna „starfa sinna“ í 1. mgr. komi: fulltrúastarfanna.
5. Við 21. gr. Í stað orðsins „útibúum“ í 1. mgr. komi: starfsstöðvum.
6. Við 26. gr. Greinin, ásamt fyrirsögn, orðist svo:

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002.

7. Við bætist ný grein, ásamt fyrirsögn, er orðist svo:

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 8. október 2004.

1290. Frumvarp til laga [840. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: Vestmannaeyjabær.

2. gr.

Við 15. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: og Vestmannaeyjabær.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum. Þau mistök urðu við setningu laganna að Vestmannaeyjabær er hvorki tilgreindur í ákvæði 11. gr. um skipan héraðslæknaumdæma sem ætlað er að ná yfir allt landið né í ákvæði 12. gr. um vaktsvæði dýralækna. Með frumvarpinu er lagt til að Vestmannaeyjabær heyri undir umdæmi héraðsdýralæknis í Suðurlandsumdæmi, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, en það er eðlileg ráðstöfun miðað við legu Vestmannaeyja. Þá er einnig lagt til að vaktsvæði dýralæknis Árnessýslu nái yfir Vestmannaeyjabæ.

1291. Tillaga til þingsályktunar [841. mál]

um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásgeir Friðgeirsson, Mörður Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd til að undirbúa löggjöf sem tryggi nauðsynlegt gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlamarkaði á Íslandi. Nefndin taki í störfum sínum mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (94) 13, um ráðstafanir til stuðnings gegnsæi á fjölmiðlamarkaði.

Nefndin athugi hvernig hægt sé að tryggja almenningi hlutlægar grundvallarupplýsingar um eignarhald á fjölmiðlum og rekstur þeirra. Hún taki afstöðu til þess hvort gera eigi slíka upplýsingagjöf að skilyrði við veitingu útvarpsleyfis þannig að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega og liggi alltaf fyrir.

Nefndin athugi hvernig hægt sé að stuðla að sem mestu sjálfstæði ritstjórnar gagnvart eigendum fjölmiðla, skoði hvort siðareglur um samskipti eigenda og ritstjórnar geti komið að haldi og hvort heppilegt væri að gera slíkar reglur að skilyrði útvarpsleyfis.

Nefndin taki við þessa athugun mið af lögmætum hagsmunum þeirra sem að fjölmiðli standa og gæti jafnvægis milli gagnsæis á fjölmiðlavettvangi annars vegar og hins vegar viðskiptafrelsis og viðskiptaleyndar, persónuverndar og verndar heimildamanna.

Nefndin hugi einnig að því hvort skýra þurfi eða efla valdheimildir stjórnvalda og eftirlitsstofnana við þær breytingar sem hún telur geta stuðlað að gagnsæi og ritstjórnarlegu sjálfstæði.

Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum þingflokki. Að auki skipi Blaðamannafélag Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Neytendasamtökin, Ríkisútvarpið og útgáfufélögin Árvakur, Norðurljós og Íslenska sjónvarpsfélagið sinn fulltrúann hvert. Formaður nefndarinnar verði kjörinn úr hópi þeirra sem þingflokkar tilnefna.

Nefndin leggi tillögur fyrir Alþingi í formi skýrslu, frumvarps eða hvors tveggja eigi síðar en 1. október 2004.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa orðið um þróunina á íslenska fjölmiðlamarkaðnum að undanförnu og hefur þar einkum borið á áhyggjum af einokun og fákeppni. Slíkar áhyggjur eru raunar ekki nýjar af nálinni og má nefna umræður um fákeppni á dagblaðamarkaði þegar Morgun-

blaðið tók að bera höfuð og herðar yfir önnur dagblöð fyrir tveimur til þremur áratugum, áhyggjur af því á níunda áratugnum að ljósvakaveldi í eigu einkaaðila gæti vaxið Ríkisútvarpinu yfir höfuð, og efasemdir á síðasta áratug vegna eignarhlutar prentmiðla í ljósvakamiðlum og öfugt. Slík umræða er eðlileg. Hætta er á því að einokun eða fákeppni skaði hæfni fjölmiðlanna til að sinna hlutverki sínu og grafi undan gildi þeirra með því að þeir sinni öðru fremur hagsmunum eigenda sinna eða stjórnenda, m.a. í stjórnmálum og viðskiptum. Hlutverk fjölmiðlanna sem upplýsingaveitu, umræðuvettvangs og menningarmiðils er afar mikilvægt. Í nútímasamfélagi er heilbrigð fjölmiðlastarfsemi forsenda grundvallarmannréttinda og tjáningarfrelsis og að auki óhjákvæmileg flestu gangverki samfélagsins, í atvinnulífi, félagslífi, menntun, menningarstarfi o.s.frv. Því má ekki gleyma að íslensk fjölmiðlun er atvinnugrein sem veltir sennilega um og yfir 10 milljörðum kr. árlega, og starfsvettvangur um 1100 manna. Þessar tölur ná aðeins yfir fjölmiðlana sjálfa en ekki skyldar eða tengdar greinar, prentsmiðjur, auglýsinga- og hönnunarstofur, sjálfstæða framleiðendur sjónvarpsefnis o.s.frv.

Hlutverk almannavaldsins á sviði fjölmiðlunar er fyrst og síðast að setja almennar leikreglur þar sem gætt er réttar almennings til upplýsinga og tjáningarfrelsis ásamt því að skapa fjölmiðlafyrirtækjum svigrúm til blómlegs rekstrar. Í samfélagi okkar hljóta að vera gerðar miklar kröfur til fjölmiðla en slíkar kröfur eru að mati flutningsmanna einkum þrenns konar.

Í fyrsta lagi bera fjölmiðlar sérstaka samfélagslega ábyrgð. Þeir hafa ákveðnar lýðræðislegar skyldur, t.d. um málefnalega umfjöllun, öryggi við heimildaöflun og trúnað við heimildarmenn. Þeir þurfa að gæta réttar til andmæla og bera mikla ábyrgð gagnvart viðmælanda og þeim sem um er fjallað. Þeir hafa að auki þá skyldu að virða menningarlega fjölbreytni í samfélaginu.

Í öðru lagi þarf almenningi að vera ljóst hverjir það eru sem helst geta haft áhrif á fréttaflutning og almenna dagskrá í fjölmiðlunum. Því er eðlilegt að gera til þeirra kröfur um gagnsæi í eignarhaldi og rekstri umfram önnur fyrirtæki.

Í þriðja lagi verður ritstjórnarlegt sjálfstæði að vera svo tryggt sem unnt er. Þar er um að ræða sjálfstæði faglegrar ritstjórnar gagnvart sérstökum hagsmunum eigenda, annars konar aðstandenda eða auglýsenda, bæði hvað varðar fréttaflutning og aðra umfjöllun um stjórnmál, viðskipti, félagsmál, menningarlíf o.s.frv.

Fjölmiðlalöggjöf á Íslandi er fábrotnari en víðast annars staðar á Vesturlöndum. Í gildandi reglum um fjölmiðla hér á landi er einkum fjallað um fyrsta þáttinn af þeim þremur sem raktir voru að framan. Fyrir Alþingi liggja nú tvö lagafrumvörp þingmanna Samfylkingarinnar um vernd heimildamanna fjölmiðla en helsta markmið þeirra er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla. Með þessari þingsályktunartillögu er lagt til að vinna verði hafin að því að tryggja tvo síðarnefndu þættina sem nefndir voru hér að framan.

Flutningsmenn telja hins vegar ekki heppilegt að setja sérstök lög um að takmarka eignarhald á íslenskum fjölmiðlum, umfram þau ákvæði samkeppnislaga sem eiga við um fjölmiðla rétt eins og annan rekstur. Með takmörkun á eignarhaldi væri þrengt að fjölmiðlarekstri og starfsumhverfi í þeirri atvinnugrein settar sérstakar skorður hvað varðar aðgang að fjármagni. Þetta er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason skipaði um endurskoðun á útvarpslögum árið 1996 en í nefndinni sátu Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður, Tómas Ingi Olrich, Páll Magnússon og Ásdís Halla Bragadóttir. Flutningsmenn telja að með skýrum lagareglum um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði megi ná betri árangri án þess að skerða rekstrarskilyrði fjölmiðlafyrirtækjanna.

Lög og reglur um fjölmiðla á Íslandi.

Ákvæði um prentfrelsi voru sett í stjórnarskrár flestra ríkja í kjölfar frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar 1789. Í stjórnarskrá fyrir Ísland frá árinu 1874 var kveðið á um prentfrelsi í 54. gr. og mælt fyrir um að hverjum manni væri frjálst að láta í ljós hugsanir sínar á prenti en þó yrði hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þá var kveðið á um að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi mætti aldrei lögleiða.

Ákvæði þetta stóð nær óbreytt í stjórnarskránni fram til ársins 1995. Við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, var ákvæðið víkkað út og nær nú til tjáningarfrelsisins almennt enda höfðu gríðarlegar breytingar orðið á miðlun upplýsinga frá því að ákvæðið var upphaflega sett í stjórnarskrána. Af helstu lögum sem snerta fjölmiðla á Íslandi má nefna lög nr. 81/2003, um fjarskipti, lög nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, lög nr. 57/1956, um prentrétt, lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, útvarpslög, nr. 53/2000, lög nr. 53/2000, um Ríkisútvarpið, og samkeppnislög, nr. 8/1993. Ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og upplýsingalög, nr. 50/1996, snerta einnig starfssvið fjölmiðla. Félagar Blaðamannafélags Íslands hafa siðareglur og úrskurðar siðanefnd félagsins í málum sem henni berast á grunni reglnanna. Þá eru til sérstakar vinnu- og siðareglur á einstökum fjölmiðlum, svo sem á fréttastofum RÚV og á fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Ljóst er að margvíslegar lögfestar eða ólögfestar leikreglur gilda um fjölmiðla og þá starfsemi sem þar fer fram, einkum um ábyrgðarþátt hennar.

Lög um fjölmiðla á Vesturlöndum.

Ljóst er að íslenskt löggjafarvald hefur frá því að rekstur ljósvakamiðla var gefinn frjáls árið 1986 ekki séð ástæðu til að setja í lög ítarleg ákvæði um hverjir megi eiga og reka fjölmiðla, á hvaða forsendum, í hvaða tilgangi eða þá hvort staða þeirra á markaði sé yfirþyrmandi og þá hafa heldur ekki verið ákvæði um að opinbert þurfi að vera hvaða einstaklingar eiga fjölmiðlafyrirtæki.

Þegar litið er til annarra vestrænna ríkja sést að vilji til lagasetninga um fjölmiðlastarfsemi er mun ríkari þar en hjá Íslendingum. Markmið slíkra laga er oftast að tryggja fjölbreytni sem endurspeglar sögu, menningu og fjölbreytileika í hverju ríki. Forsendur laga um eignarhald eru þannig víðast hvar menningarlegar og félagslegar en ekki viðskiptalegs eðlis. Sú íslenska hefð að binda sem fæsta þætti fjölmiðlunar í lög kann því að skýrast að einhverju leyti af einsleitni þjóðarinnar og því að þær knýjandi menningarlegu forsendur sem fyrir hendi eru annars staðar hafa ekki þótt vera til staðar hér.

Nær alls staðar á Vesturlöndum er samkeppni á fjölmiðlamarkaði virk en virk samkeppni er forsenda blómlegrar fjölmiðlastarfsemi. Lög um gagnsæi og eignarhald hafa verið sett til að stuðla að fjölbreytni og koma í veg fyrir menningarlega eða félagslega mismunun en þeim hefur ekki verið beitt af viðskiptalegum ástæðum. Hvernig lög þessi eru síðan í hverju landi fyrir sig er mjög breytilegt. Víðast hvar eru meiri takmarkanir á eignarhaldi ljósvakamiðla en prentmiðla. Í Frakklandi og Kanada gilda t.d. lög sem takmarka eignarhald útlendinga á fjölmiðlum. Í Bretlandi, Bandaríkjunum, Noregi, Svíþjóð og víðar gilda lög sem takmarka möguleika eigenda prentmiðla á að eiga ljósvakamiðla og öfugt. Í Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi, Noregi og víðar gilda lög sem sérstaklega er ætlað að vinna gegn samþjöppun á eignarhaldi í dagblöðum. Lög um gagnsæi á eignarhaldi fjölmiðla eru víða til, þar á meðal alls staðar á Norðurlöndum nema hér, í Bretlandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og víðar.

Íslenska hefðin.

Frelsi einstaklinga og fyrirtækja til að reka og eiga fjölmiðla er augljóslega meira hér á landi en víðast hvar annars staðar. Þar sem lagaumhverfi er á hinn bóginn mjög breytilegt frá einu landi til annars er erfitt að finna rök fyrir frekari lagaskipan hér á landi með því að benda til útlanda. Rökin fyrir frekari takmörkunum í lögum um íslenska fjölmiðla verða því að spretta af íslenskum aðstæðum. Slík rök gætu meðal annars verið að þróun síðustu ára hafi leitt til óeðlilegrar fábreytni í umfjöllun fjölmiðlanna, að hlutdrægni einkenni fréttaflutning og umfjöllun um samfélagsmál í íslenskum fjölmiðlum, að í umræðu um stjórnmál og skyld efni sé stjórnmálaviðhorfum eða lífsskoðunum mismunað, að vaxandi tilhneigingar gæti í fjölmiðlunum til félagslegrar og menningarlegrar mismununar. Væri um slíkt að ræða hefði fjölmiðla og stjórnvöld sannarlega borið af leið og eðlilegt væri að almannavaldið gripi til ráðstafana til að rétta kúrsinn, jafnvel þótt frjálslyndishefð okkar í þessum efnum yrði undan að láta.

Á íslenskum fjölmiðlamarkaði eru þrjú fyrirtæki nú sterkust: Árvakur, útgefandi Morgunblaðsins, Ríkisútvarpið með sjónvarpsstöð og tvær útvarpsrásir, og Norðurljós með tvö dagblöð, sjónvarpsstöð og nokkrar útvarpsrásir. Þar að auki má nefna þriðju sjónvarpsstöðina, Skjá einn, í örum vexti og tvö þokkalega öflug útgáfufyrirtæki tímarita. Hins vegar er staða Ríkisútvarpsins sterk, sterkari en þjóðarútvarpsins víðast í grannlöndunum. Ekki verður séð að þessi staða eignarhalds feli beinlínis í sér verulega hættu á einokun eða skaðlegri fákeppni. Dæmi Skjás eins og Fréttablaðsins á síðustu árum bera því vitni að nýliðun á sér stað í greininni án verulegra erfiðleika. Þróun á fjölmiðlavettvangi síðustu ár hefur hins vegar kallað á skýrari reglur um gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði í íslenskri fjölmiðlun. Staða almennings til að meta áhrif eignarhalds og rekstrarhagsmuna á fjölmiðlunina er síðri en áður og einnig er flóknara en að gera sér grein fyrir ritstjórnarsjálfstæði á fjölmiðlunum. Smæð samfélagsins og tiltölulega einfalt rekstrarform fjölmiðla hefur gert það að verkum að frá upphafi fjölmiðlunar á öndverðri 19. öld hefur íslenskur almenningur átt auðvelt með að gera sér grein fyrir áhrifum eigenda á efni í fjölmiðlunum og getað metið það með nokkurri vissu hvernig sjálfstæði ritstjórnar væri háttað á hverjum stað. Hér má m.a. nefna stöðu helstu fjölmiðlanna lengst af á 20. öld: Fjögur til fimm flokkspólitísk dagblöð og eitt ó- eða þverpólitískt Ríkisútvarp. Í þessari veröld má segja að það hafi verið einn af fáum kostum að neytendur höfðu nokkuð fullkomna yfirsýn um áhrif og tengsl milli fjölmiðla, flokka og fyrirtækja. Nú eru hins vegar aðrir tímar með flókinni rekstraruppbyggingu þar sem óljóst getur verið hvaða áhrif eigendur hafa, og stundum hverjir þeir eru, þar sem auglýsendur geta haft veruleg áhrif, og þar sem það getur verið snúið fyrir neytandann að meta ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Því kemur löggjöf um þessi efni nú til álita.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Sjálfstæði á ritstjórnum er ekki hægt að fyrirskipa með lögum. Þar skipta mestu máli lýðræðishefð í samfélaginu annars vegar og hins vegar fagleg vinnubrögð og metnaður í blaðamannastétt. Þó geta skýrar reglur um gagnsæi í eignarhaldi og rekstri ásamt skýrum reglum um vernd heimildamanna stuðlað að ritstjórnarlegu sjálfstæði. Mikilvægt er einnig að á þjóðarútvarpinu sé gengið á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Ráðstöfun sem stuðlað getur að ritstjórnarlegu sjálfstæði er að eigandi og starfsmenn geri með sér samning þar sem kveðið er á um ritstjórnarsjálfstæði og samskiptareglur milli eiganda, rekstrarstjórnar og starfsmanna í fréttamennsku og dagskrárgerð. Slík samningsgerð tíðkast í nokkrum mæli í til að mynda í Austurríki, Belgíu, Noregi og Þýskalandi. (Sjá grein

Jens Cavallins, „European Policies and Regulations on Media Concentration“ í veftímaritinu International Journal of Communications, Law and Policy (IJCLP Web-Doc 3-1-1998).) Eitt af verkefnum nefndarinnar sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir ætti að vera að kynna sér gagn af slíkum samningum og íhuga hvort gera ætti samning um ritstjórnarlegt sjálfstæði að skilyrði við veitingu útvarpsleyfis þar sem við á.

Hlutverk útvarpsréttarnefndar.

Samkvæmt c-lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, skulu útvarpsstöðvar gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir fyrirhugaðri dagskrárstefnu, svo og ef grundvallarbreyting verður á henni. Eðlilegt er að fela útvarpsréttarnefnd eftirlit með reglum um gagnsæi, og hugsanlegt er að fela henni einnig eftirlit með ritstjórnarlegu sjálfstæði á útvarps- og sjónvarpsstöðvum.

Þá telja flutningsmenn rétt að taka til skoðunar hvort sambærilegt stjórnvald og útvarpsréttarnefnd ætti að fjalla um málefni allra fjölmiðla eða treysta á að reglur sem fylgja þarf til að fá útvarpsleyfi móti smám saman einnig starfsvettvang prentmiðlanna.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (94) 13 frá 22. nóvember 1994 um aðgerðir til að stuðla að gagnsæi í fjölmiðlun.

Hinn 22. nóvember 1994 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tilmæli um aðgerðir til að tryggja gagnsæi í fjölmiðlum.

Í tilmælum ráðherranefndarinnar kemur fram að fjölbreytni í fjölmiðlum sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði í einstökum ríkjum og á alþjóðlegum vettvangi hafi ekki aðeins jákvæð áhrif heldur geti einnig haft skaðleg áhrif á fjölbreytni fjölmiðla og sérkenni þeirra og kunni að gefa tilefni til aðgerða af hálfu stjórnvalda einstakra ríkja. Bent er á að upplýsingar um eignarhald og aðila sem líklegir séu til að hafa áhrif á sjálfstæði fjölmiðils séu nauðsynlegar til að stjórnvöld og eftirlitsstofnanir geti sinnt eftirliti með samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Þá er lögð áhersla á að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði sé nauðsynlegt til að almenningur geti mótað sér skoðun á efninu sem tilteknir fjölmiðlar miðla til þeirra og minnt á að gagnsæi í fjölmiðlum er eitt af ákvæðum Evrópuráðssamningsins frá 1997 um sjónvarp án landamæra. Telur ráðherranefndin að huga ætti að frekari aðgerðum til að tryggja gagnsæi á fjölmiðlamarkaði og leyfa m.a. upplýsingamiðlun um slíkt milli aðildarríkja Evrópuráðsins, en telur að taka þurfi tillit til lögmætra hagsmuna allra aðila sem falla undir ákvæði um gagnsæi á fjölmiðlamarkaðnum. Lagði nefndin til að ríkisstjórnir Evrópuráðsríkjanna tækju til athugunar möguleika á að setja löggjöf sem tryggði gagnsæi á fjölmiðlamarkaði og auðveldaði upplýsingamiðlun milli Evrópuráðsríkja um þessi efni í samræmi við leiðbeiningarreglur í sex liðum sem fylgja tilmælunum.

Í greinargerð með tilmælunum er því m.a. haldið fram að tjáningarfrelsið og frjáls og hindrunarlaus miðlun upplýsinga og hugmynda án íhlutunar stjórnvalda sé hornsteinn lýðræðisins. Fjölbreytni í fjölmiðlun, þ.e. flóra óháðra fjölmiðla sem endurspegla ólíkar skoðanir og hugmyndir, sé nauðsynleg forsenda virks tjáningarfrelsis. Þá segir að gagnsæi í fjölmiðlun sé lykilatriði í að tryggja og styrkja þessa fjölbreytni. Bent er á að þróunin á fjölmiðlamarkaðnum hafi stefnt æ meir í þá átt að til verði margmiðlunarfyrirtæki sem eiga og reka fjölmiðla af öllum tegundum ásamt annarri starfsemi. Þannig ráði mörg þessara fyrirtækja yfir allri framleiðslu og dreifingu á efni frá upphafi til enda.

Hið flókna samspil ólíkra fyrirtækja innan slíkrar samsteypu gerir allt ógegnsærra og almenningur á stöðugt erfiðara með að átta sig á hver stendur að tilteknum fjölmiðli og tengslum hans við önnur fyrirtæki eða aðila. Gagnsæi í fjölmiðlun verður því enn meira aðkallandi eftir því sem tímar líða og tækninni fleygir fram.

Í leiðbeiningarreglunum með tilmælunum er einkum bent á sértækar lausnir til að styrkja gagnsæi í fjölmiðlun og fela reglurnar í sér leiðbeiningar um hvernig unnt sé að tryggja betri upplýsingar. Auðveldar þetta einstökum ríkjum að velja það sem best hentar á eigin markaði. Tekið er fram í greinargerðinni að aðgerðirnar þurfi í öllum tilfellum að teljast nauðsynlegar til að tryggja gagnsæið, að ekki skuli ganga lengra en þörf krefur og tekið skuli tillit til ólíkra tegunda fjölmiðla. Tilmælin og leiðbeiningarreglurnar fylgja tillögu þessari sem fylgiskjal.

Niðurlag.

Brátt eru liðin 10 ár frá því ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti tilmælin um gagnsæi í fjölmiðlun en á þeim tíma hafa íslensk stjórnvöld engar tillögur gert um hvernig brugðist skuli við þeim. Flutningsmenn telja að ekki þurfi að ráðast í stórfellda endurskoðun á löggjöf um fjölmiðla hér á landi til að tryggja gagnsæi í fjölmiðlun í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins. Almennar reglur samkeppnislaga ættu að ná yfir athafnir markaðsráðandi fjölmiðlafyrirtækja en kanna þarf hvort styrkja þurfi heimildir samkeppnisyfirvalda til að afla upplýsinga, m.a. um eignarhald og tengsl fjölmiðils við aðra fjölmiðla og áhrifamenn. Gagnsæi í fjölmiðlun má ekki verða til að hefta þróun fjölmiðla á Íslandi. Meginmarkmiðið er að tryggja nauðsynlegar grunnupplýsingar um fjölmiðlana þannig að almenningur geti gert sér skýra grein fyrir því hver á hvaða fjölmiðil, hvernig rekstri hans er háttað og hverjir kunna að hafa áhrif á eða móta ritstjórnarstefnu, dagskrárstefnu, framsetningu og val efnis. Breytingar á fjölmiðlalöggjöf mega hins vegar aldrei leiða til neins konar ritskoðunar eða opinberra afskipta af ritstjórnar- eða útgáfustefnu einstakra fjölmiðla.

Fylgiskjal I.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (94) 13 til aðildarríkja um ráðstafanir til stuðnings gegnsæi á fjölmiðlamarkaði.

(Samþykkt í ráðherranefndinni 22. nóvember 1994
á 521. fundi fulltrúa ráðherranna.)

Ráðherranefndin, skv. skilmálum b-liðar 15. gr í lögum Evrópuráðsins,

Telur að markmið Evrópuráðsins sé að ná fram aukinni samheldni milli aðildarríkja í þeim tilgangi að standa vörð um og gera að veruleika þær hugsjónir og grundvallarreglur sem eru sameiginleg arfleifð þeirra;

Minnist þess að fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun er lýðræðislegu samfélagi brýn nauðsyn;

Minnist þess einnig að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á lands- og alþjóðavísu hefur ekki aðeins jákvæð, heldur einnig neikvæð áhrif á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun, sem kunna að gefa tilefni til aðgerða af hálfu stjórnvalda;

Vekur athygli á því að opinbert eftirlit með samþjöppun á fjölmiðlamarkaði byggist á því að lögbærar stofnanir eða yfirvöld búi yfir upplýsingum sem gera þeim kleift að átta sig á því hver hin raunverulega staða er varðandi eignarhald fjölmiðla og ennfremur að bera kennsl á utanaðkomandi aðila sem kynnu að hafa áhrif á sjálfstæði þeirra;

Leggja einnig á það áherslu að gegnsæi á fjölmiðlamarkaði er nauðsynlegt til þess að gera almenningi kleift að mynda sér skoðun um það vægi sem gefa ætti upplýsingum, hugmyndum og skoðunum sem dreift er af fjölmiðlum;

Minna á ákvæði um gegnsæi á fjölmiðlamarkaði sem er að finna í textum sem þegar hafa verið samþykktir innan Evrópuráðsins, einkum í 6. gr. Evrópusáttmála um sjónvarpssendingar yfir landamæri;

Telja að íhuga ætti frekari ákvæði í ljósi þeirrar þróunar sem getið er hér að framan í því skyni að tryggja gegnsæi á fjölmiðlamarkaði og greiða fyrir upplýsingaskiptum milli aðildarríkja í þessu skyni;

Minna á nauðsyn þess að standa vörð um réttindi og lögmæta hagsmuni allra þeirra sem gert er að gangast undir skyldur varðandi gegnsæi;

Taka mið af vinnu sem unnin hefur verið á öðrum vettvangi, einkum innan Evrópusambandsins;

Beina þeim tilmælum til stjórnvalda í aðildarríkjum að þau íhugi þann kost að taka upp í landsrétt ákvæði sem miða að því að tryggja eða stuðla að gegnsæi á fjölmiðlamarkaði og greiða fyrir upplýsingaskiptum milli aðildarríkja um þetta mál og líti í þeim efnum til þeirra ábendinga sem fylgja tilmælum þessum.

Viðauki við tilmæli R (94) 13.

I. Almenn ákvæði um gegnsæi á fjölmiðlamarkaði.

1. ábending: Aðgangur almennings að upplýsingum um fjölmiðla

Almenningi ætti að veita aðgang með sanngjörnum og óhlutdrægum hætti að tilteknum grundvallarupplýsingum um fjölmiðla til að gera fólki kleift að mynda sér skoðun varðandi það vægi sem gefa ætti upplýsingum, hugmyndum og skoðunum sem dreift er af fjölmiðlum.

Miðlun þessara upplýsinga til almennings af hálfu fjölmiðla eða þeirra stofnana eða yfirvalda sem bera ábyrgð á að tryggja gegnsæi á fjölmiðlamarkaði ætti að vera með þeim hætti að virtur sé réttur og lögmætir hagsmunir þeirra sem sæta kröfum um gegnsæi. Sérstaka áherslu ætti að leggja á þörfina á því að sætta kröfuna um gegnsæi við grundvallarregluna um viðskipta- og atvinnufrelsi, svo og við kröfur um upplýsingavernd, trúnað um viðskiptaleyndarmál, nafnleynd heimildarmanna fjölmiðlanna og ritstjórnarleynd.

2. ábending: Skipti á upplýsingum um fjölmiðlagegnsæi milli landsbundinna stjórnvalda.

Stofnanir eða yfirvöld sem tilnefnd eru samkvæmt landslögum til þess að safna upplýsingum um gegnsæi fjölmiðla ættu að hafa heimild til þess að miðla slíkum upplýsingum til sambærilegra stofnana eða yfirvalda í öðrum aðildarríkjum eftir því sem leyfilegt er samkvæmt landslögum og alþjóðlegum samningum sem hvert ríki um sig er aðili að. Þar sem við á ætti miðlun upplýsinganna að vera háð yfirlýstu eða ætluðu samþykki viðkomandi aðila. Þessar hugsanlegu takmarkanir ætti að setja fram í landslögum og tilkynna með kerfisbundnum hætti til þeirra stofnana eða yfirvalda sem upplýsingunum er beint til.

Þær aðstæður sem líklegar eru taldar til þess að gefa tilefni til afhendingar þessara upplýsinga ætti að taka fram berum orðum í löggjöfinni og einnig ætti í öllum beiðnum um aðgang að upplýsingunum af hálfu stofnana eða yfirvalda annarra aðildarríkja að tilgreina ástæðurnar fyrir beiðninni.

Ákvæðin sem miða að því að heimila afhendingu upplýsinga ætti að orða með þeim hætti að tekið sé tillit til allra hugsanlegra reglna varðandi trúnaðarskyldur starfsmanna viðkomandi stofnana og yfirvalda og afhendingu upplýsinga til erlendra stjórnvalda. Ef þörf krefur ætti að aðlaga ákvæðin þannig að slík upplýsingaskipti verði möguleg.

II. Sértækar aðgerðir sem kunna að tryggja gegnsæi fjölmiðla á sviði útvarps.

3. ábending. Upplýsingagjöf við veitingu leyfa til útvarpsreksturs.

Gegnsæi varðandi umsóknir um leyfi til nýtingar útvarpsþjónustu má tryggja með því að setja í landslög ákvæði sem skylda umsækjendur um leyfi til hljóðvarps- eða sjónvarpsreksturs til þess að veita þeirri stofnun eða yfirvaldi, sem umboð hefur til þess að heimila rekstur þjónustunnar, upplýsingar sem eru tiltölulega víðtækar og allnákvæmar að innihaldi. Upplýsingunum sem gera mætti kröfu um að afhentar séu má skipta í þrjá flokka:

- Fyrsti flokkur: Upplýsingar um þá einstaklinga eða lögpersónur sem koma að fyrirtækinu sem ætlað er að reka þjónustuna og um eðli og umfang þátttöku hvers þessara einstaklinga eða lögpersóna, hvers um sig, í viðkomandi fyrirtæki.
- Annar flokkur: Upplýsingar um eðli og umfang hagsmuna nefndra einstaklinga og lögpersóna í öðrum fjölmiðlum eða fjölmiðlafyrirtækjum, jafnvel í öðrum atvinnugreinum;
- Þriðji flokkur: Upplýsingar um aðra einstaklinga eða aðila sem líklegt er að muni hafa veruleg áhrif á dagskrárstefnu útvarpsþjónustunnar með því að leggja af mörkum fjármuni af einhverju tilteknu tagi, sem tilgreina ætti með skýrum hætti í verklagsreglum um leyfisveitingarferlið, til þjónustunnar eða til þeirra einstaklinga eða lögpersóna sem koma að rekstri hennar.

4. ábending: Upplýsingagjöf eftir veitingu leyfis til útvarpsreksturs.

Gegnsæi varðandi rekstur útvarpsþjónustu má tryggja með því að setja í landslög ákvæði sem skylda einstaklinga eða lögpersónur sem reka útvarpsþjónustu til þess að veita stofnuninni eða yfirvaldi, sem veitti leyfi til reksturs þjónustunnar, upplýsingar sem geta verið mismunandi víðtækar og nákvæmar.

Upplýsingunum, sem kunna að vera afhentar, má skipta í tvo meginflokka:

- upplýsingar sem miða að því að gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa á rekstri þjónustunnar að því er varðar þá þrjá upplýsingaflokka sem getið er hér að framan;
- upplýsingar sem varða aðra upplýsingaflokka sem tengjast rekstri þjónustunnar eftir að hann er þegar hafinn.

5. ábending: Starfsemi stofnunarinnar eða yfirvaldsins sem falið er að tryggja gegnsæi í rekstri útvarpsþjónustu.

Hlutverk og völd stofnananna eða yfirvaldanna sem falið er að tryggja gegnsæi í rekstri útvarpsþjónustu ætti að skilgreina með skýrum hætti í landslögum. Stofnanir þessar og stjórnvöld ættu að hafa þau völd og úrræði sem nauðsynleg eru til þess að tryggja árangur af starfi þeirra en tryggja jafnframt virðingu fyrir rétti og lögmætum hagsmunum þeirra stofnana eða yfirvalda sem skylt er að veita upplýsingar. Þeim ætti að vera mögulegt, þar sem við á, að kalla eftir aðstoð annarra landsbundinna yfirvalda eða stofnana og jafnvel sérfræðilegri ráðgjöf annarra einstaklinga eða stofnana.

Stofnanir eða yfirvöld sem fá í hendur upplýsingar frá umsækjendum um leyfi til útvarpsreksturs og þeir aðilar sem stjórna þessum stofnunum ættu að hafa möguleika til þess að leggja hluta af upplýsingunum fyrir tiltekna samfélagshópa, enda kann samráð við slíka hópa að vera nauðsynlegt til þess að viðkomandi stofnanir eða yfirvöld geti gegnt hlutverki sínu.

III.

6. ábending. Sértækar aðgerðir sem kunna að tryggja gegnsæi fjölmiðla á sviði blaðaútgáfu.

Gegnsæi á sviði blaðaútgáfu má tryggja með því að setja í landslög ákvæði sem skylda blaðaútgáfufyrirtæki til þess að veita tilteknar upplýsingar sem kunna að vera mismunandi víðtækar og nákvæmar að innihaldi.

Upplýsingunum sem gera má kröfu um að afhentar séu má skipta í fimm flokka:

- Fyrsti flokkur: Upplýsingar um hvaða einstaklingar eða lögpersónur koma að útgáfuþætti blaðaútgáfufyrirtækis og um eðli og umfang þátttöku hvers þessara einstaklinga eða aðila í útgáfunni.
- Annar flokkur: Upplýsingar um hagsmuni í öðrum fjölmiðlum af hálfu blaðaútgáfunnar eða einstaklinganna eða aðilanna sem að henni standa;
- Þriðji flokkur: Upplýsingar varðandi þá einstaklinga eða aðila, aðra en þá sem koma með beinum hætti að blaðaútgáfunni, sem líklegir eru til þess að hafa veruleg áhrif á ritstjórnarstefnu blaðanna sem þeir stjórna;
- Fjórði flokkur: Upplýsingar um hvers kyns yfirlýsingar um annað hvort ritstjórnarstefnu eða pólitíska afstöðu dagblaða og rita;
- Fimmti flokkur: Upplýsingar varðandi fjárhagslega afkomu útgáfufyrirtækisins og dreifingu blaða þess.

Fylgiskjal II með tillögunni var grein eftir Jóhann Hauksson, dagskrárstjóra Rásar 2 og forstöðumann landshlutastöðva RÚV: Frelsið og fjölmiðlarnir. (Morgunblaðið, 18. janúar 2004.)

Fylgiskjal III.

Menntamálaráðuneytið:

Úr skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum.

11.1 Yfirlit og álit

Aukið frjálsræði á ljósvakamarkaði og fjölgun útvarpsstöðva hafa valdið vaxandi áhyggjum ráðamanna í Evrópu af samþjöppun eignarhalds á ljósvakamiðlum og fjölmiðlum almennt. Af þeim sökum hafa frá árinu 1986 verið sett margvísleg lög á þessu sviði í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu sem öll hafa það að markmiði að takmarka möguleikann á samþjöppun eignarhalds, samstíga auknu frelsi í fjölmiðlun. Í grófum dráttum hefur löggjöf í þeim ríkjum, sem sett hafa sérstök lög um eignarhald fjölmiðla,[89] skipst í fjóra höfuðflokka.

- Takmörkun eignar í fleiri en einum fjölmiðli á sama sviði.
- Takmörkun möguleika á því að eiga fleiri en einn fjölmiðil á hverju sviði fjölmiðlunar (svo sem útvarp, sjónvarp, dagblöð og tímarit).
- Skorður settar við mögulegri hámarkseign í ljósvakamiðli eða áhrifum meiri hluta á stefnu miðils.
- Stuðlað að því að unnt sé að fylgjast með því að ofangreindum úrræðum sé fylgt.

Danska þingið hefur kveðið svo á um í lögum, að skilyrði þess að fá heimild til að reka sæðisbundið hljóðvarp eða sjónvarp, sé að umsækjandi starfræki aðeins fyrirtæki þeirrar

tegundar. Þó er unnt að gefa dagblöðum leyfi til þess að eiga aðild að svæðisbundnu hljóðvarpi eða sjónvarpi.

Norðmenn hafa ekki lagaákvæði um takmörkun eignarhalds í blöðum en í gildi eru takmörkunarákvæði um ljósvakamiðla. Samkvæmt þeim má enginn einstaklingur eða fyrirtæki eiga meira en tuttugu af hundraði í útvarpsfélagi. Reglur um svæðisbundið útvarp hafa ákvæði sem takmarka möguleika á samþjöppun eignarhalds svo og ákvæði sem þrengja eignaraðild dagblaða að slíkum stöðvum. Samkvæmt norskum lögum er fjölmiðlafyrirtækjum (dagblöðum o.s.frv.) bannað að reka svæðisútvarp en mega þó eiga allt að 40 prósent hlut í slíkum fyrirtækjum.

Svíar hafa ekki sett lagaákvæði um takmörkun eignarhalds, heldur gilda almenn samkeppnislög í þessum efnum. Þeim virðist ekki hafa verið beitt til þess að hindra samþjöppun eignarhalds.

Í útvarpslögum frá árinu 1985 eru ekki nein ákvæði sem miða að takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum eða fyrirskipa slíkar takmarkanir beint, ef frá er talin önnur málsgrein þriðju greinar laganna, sem einskorðar hámarkseign erlendra aðila í útvarpsrekstri hérlendis við tíu prósent.[90] Þegar litið er til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á íslenska ljóvakamarkaðinum undanfarin ár — og þeirrar staðreyndar að nú þegar er um að ræða nokkra samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlasviðinu í heild — vaknar sú spurning hvort löggjafinn hér eigi að fara að dæmi margra annarra Evrópuríkja og takmarka eignaraðild að ljósvakamiðlum (fjölmiðlum) með lögum.

Ekki skal kveða sérstaklega á um takmörkun eignarhalds í ljósvakamiðlum í útvarpslögum. Þrátt fyrir aukið frelsi og grósku í ljósvakaiðnaðinum, ber ekki brýna nauðsyn til þess að fylgja þeirri þróun eftir með hertum reglum um eignarhald. Þvert á móti skal leitast við að varðveita það frelsi sem lögin frá 1985 fólu í sér. Þau lög kveða á um lýðræðislegar leikreglur, tjáningarfrelsi og óhlutdrægni[91] í starfi útvarpsstöðva. Séu þessi atriði tryggð verður hlutfall eignarhalds síður að alvarlegu vandamáli.

Þessi skoðun er og sett fram í ljósi þeirrar staðreyndar að lög af þessu tagi hafa í nágrannalöndunum oftar en ekki orsakað nokkurn glundroða. Það hefur reynst fremur auðvelt að fara í kringum slík lög, eftirlit kostnaðarsamt og þó að þeim sé ætlað að vernda athafnafrelsi og hlutleysi, virðast þau stundum hafa skert athafnafrelsið á ósanngjarnan hátt og jafnvel beinst gegn einstökum aðilum.[92]

Auk þess hefur útbreiðsla útvarpstækni og lækkun bæði stofn- og rekstrarkostnaðar dregið mjög úr sérstöðu ljósvakaiðnaðarins, sem áður var aðeins á færi stórfyrirtækja og hins opinbera. Í ljósi þessa dregur úr réttmæti þeirrar skoðunar, að taka þurfi þennan rekstur öðrum og fastari tökum en annan atvinnurekstur.

Ákjósanlegra er að samkeppni á ljósvakamarkaði og starfsemi ljósvakamiðla í heild lúti sömu almennu leikreglum og aðrar atvinnugreinar í landinu. Í þessu sambandi skal eignarhald og starfsemi útvarpsstöðva falla undir almenn ákvæði samkeppnislaga um einokun og fákeppni þótt ef til vill sé nauðsynlegt að aðlaga þau lög betur aðstæðum ljósvakans.[93] Til að mynda væri mögulegt að styrkja með einhverjum hætti lagalega framkvæmd við úthlutun útvarpsleyfa þannig að stuðlað verði að fjölbreytni og samkeppni.

---

[89] Til að mynda Frakkland, Spánn, Belgía, Þýskaland, Holland, Bretland, Ítalía, Lúxemborg.

[90] Lög nr. 68/1985.

[91] Ibid, 3. mgr. 3. gr.

[92] Hér má t.a.m. vísa til tilrauna yfirvalda í Bretlandi til þess að takmarka hlutdeild Ruperts Murdochs í

fjölmiðlamarkaðnum. (Watching big brother, *The Economist,* November 4th, 1995, bls. 47–48.]

[93] Þessi skoðun er í samræmi við stefnu útvarpsréttarnefndar. Í störfum sínum hefur útvarpsréttarnefnd markað þá stefnu, að líta eigi á rekstur útvarpsstöðva sem hvern annan atvinnurekstur og því eigi útvarpsfyrirtæki að lúta almennum ákvæðum samkeppnislaga.

1292. Lög [342. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 416.

1293. Lög [343. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1252.

1294. Þingsályktun [571. mál]

um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 861.

1295. Þingsályktun [651. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 968.

1296. Þingsályktun [735. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Chiles.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars.)

Samhljóða þskj. 1091.

1297. Tillaga til þingsályktunar [842. mál]

um heildarendurskoðun fjárveitinga hins opinbera til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs.

Flm.: Ásgeir Friðgeirsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir heildarendurskoðun á fjárveitingum hins opinbera til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs hér á landi. Markmið endurskoðunarinnar verði að styrkja reglufestu, gagnsæi og fagleg vinnubrögð við úthlutun fjárins og stuðla þannig að því að þau verkefni sem líklegust eru til að efla vísindi, tækni, menningu og atvinnulíf fái nauðsynlegan stuðning. Sérstaklega yrði skoðað hvort ekki mætti ná þessu marki með því að stórefla innlenda samkeppnissjóði.

Stefnt skal að því að endurskoðun ljúki fyrir mitt ár 2005 svo að tillögur hafi áhrif á fjárveitingar ársins 2006.

Greinargerð.

Íslendingar verja um 3% af vergri þjóðarframleiðslu til rannsókna og þróunarstarfs og eru þar í fjórða sæti OECD-þjóða. Árið 2002 nam þessi fjárhæð ríflega 24 milljörðum kr. Fyrirtæki og einkaaðilar standa straum af um tveimur þriðju þeirrar fjárhæðar en hið opinbera nærri þriðjungi, sem var árið 2002 nálægt 7,5 milljörðum kr. Af þessu má ljóst vera að framlag einkaaðila og hins opinbera til rannsókna og þróunarstarfs er í góðu samræmi við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar.

Framlag vísinda og rannsókna til hagvaxtar á Íslandi er eftir því sem næst verður komist minna á Íslandi en víðast hvar í nærliggjandi löndum. Sjálfbær þáttur hagvaxtar, sem byggist ekki á beinni nýtingu náttúruauðlinda og er einn gleggsti mælikvarðinn á hlut þekkingargreina í vexti hagkerfa, er í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og víðar um 50–70% af árlegum hagvexti. Ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um þetta hér á landi en talan mun þó vera á bilinu 10–20%. Þá kemur fram í úttekt World Economic Forum að staða nýjunga í atvinnulífi Íslendinga er mun veikari en efni standa til. Íslendingar eru þar í 21. sæti þjóða heims. Á sama tíma er Ísland efst á lista tæknivæddra þjóða. Af þessu má draga þá ályktun að þeir miklu fjármunir sem renna til rannsókna og þróunarstarfs hér á landi skili sér ekki eins margfalt út í þjóð- og atvinnulíf og í nærliggjandi löndum.

Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu hefur lagt fram fyrirspurnir til allra ráðherra um fjárveitingar til vísinda, rannsókna og þróunarstarfs. Svör hafa ekki borist frá öllum ráðu-

neytum en af þeim svörum sem þegar hafa borist er ljóst að forsendur, viðmiðanir og aðferðir ráðuneyta við útdeilingu fjárins eru breytilegar. Kröfur til þeirra verkefna sem styrkt eru virðast mismunandi og skyldur þeirra sem stuðninginn hljóta eru ekki skilgreindar. Þá eru ábyrgð og skyldur þeirra sem veita styrkina ekki tilgreindar og lítil reglufesta er í því hverjir það eru innan stjórnkerfisins sem taka ákvarðanir um styrki og þá ekki heldur á hvaða forsendum. Erfitt er því að sjá með hvaða hætti hið opinbera vinnur að því eða tryggir að fjármunir þess renni til verkefna sem byggjast á traustum faglegum grunni eða eru líklegust til að efla vísindin, tækni, menningu og atvinnulíf. Full ástæða virðist því til að endurskoða stuðning hins opinbera við rannsóknir og þróunarstarf, einkum með það í huga að auka reglufestu, gagnsæi og fagleg vinnubrögð.

Í Bandaríkjunum og Þýskalandi og í vaxandi mæli á Norðurlöndum verður það æ óumdeildara að meginhluti rannsóknarfjármögnunar eigi að fara í samkeppnissjóði þar sem verkefni eru einungis metin eftir vísindalegu vægi þeirra og hæfni vísindamanna. Hér á landi er annað uppi á teningnum. Þótt samkeppnissjóðir RANNÍS hafa stækkað nokkuð á þessu ári hefur hlutur þeirra af heildarfjármagni minnkað. Hlutur sjóða RANNÍS var 11% af heildarfjármagni til rannsókna og þróunarstarfs árið 1996 en aðeins 3% árið 2001. Ráðstöfunarfé samkeppnissjóða RANNÍS stóð í stað í vel á annan áratug til ársins 2003 og leiddi það til viðaminni styrkja. Mælt í mannmánuðum var t.d. ráðstöfunarfé Vísindasjóðs árið 1995 110 mánuðir en árið 2003 voru þeir rétt rúmlega 60. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og aðrir á Vesturlöndum gera sér grein fyrir að samkeppnissjóðir eru líklegastir til að skila fjármunum margfalt til baka til samfélagsins þar sem slíkir sjóðir tryggja best gæði rannsókna, auðvelda nýliðun í vísinda- og rannsóknarsamfélaginu og skapa heilbrigða samkeppni á milli vísindamanna.

Full ástæða er því til þess að hið opinbera endurskoði framlög sín til rannsókna og þróunarstarfs með það að sérstöku markmiði að styrkja samkeppnissjóði.

Mikilvægt er að unnið verði hratt að þessum málum því að alþjóðleg samkeppni á sviði rannsókna og hátækni er hörð. Fyrir hvert ár sem Íslendingar dragast aftur úr öðrum þjóðum vegna þess að fjármunum er ekki varið í réttu viðfangsefnin glatast tækifæri og hættan eykst á að bestu vísindamenn þjóðarinnar flytji af landi brott. Því er mikilvægt að endurskoðun á fjárveitingum hins opinbera til vísinda og rannsókna verði lokið innan árs og unnt verði að grípa til aðgerða eigi síðar en 2006.

1298. Fyrirspurn [843. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð á barnaníðingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála því viðhorfi forstjóra Barnaverndarstofu að heimildir verði settar í hegningarlög til að hægt sé að dæma barnaníðinga til meðferðar?
2. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir slíkri lagabreytingu?

Skriflegt svar óskast.

1299. Fyrirspurn [844. mál]

til umhverfisráðherra um starfsemi veðurathugunarstöðva.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve margar mannaðar veðurathugunarstöðvar eru nú utan höfuðborgarsvæðisins?
2. Hvar hafa verið lagðar niður veðurathugunarstöðvar sl. þrjú ár?
3. Hve mörg störf hafa verið lögð niður á veðurathugunarstöðvum utan höfuðborgarsvæðisins á sama tíma?
4. Er stefnt að frekari fækkun mannaðra veðurathugunarstöðva og þá hvar?
5. Hvaða veðurupplýsingar tapast við að stöðvarnar eru ómannaðar?
6. Var lagt mat á öryggishlutverk veðurathugunarstöðvarinnar á Hveravöllum áður en tekin var ákvörðun um lokun hennar?

1300. Fyrirspurn [845. mál]

til fjármálaráðherra um sjálfbæran hagvöxt.

Frá Ásgeiri Friðgeirssyni.

Hver var hlutur sjálfbærs hagvaxtar í árlegum hagvexti hér á landi árin 1999–2003?

Skriflegt svar óskast.

1301. Fyrirspurn [846. mál]

til menntamálaráðherra um framboð náms í hótel- og matvælagreinum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða nám í hótel- og matvælagreinum er nú boðið upp á í:
   a. Menntaskólanum í Kópavogi,
   b. Verkmenntaskólanum á Akureyri,
   c. öðrum skólum?
2. Er fyrirhugað að auka námsframboð í þessum greinum? Ef svo er, í hvaða greinum og í hvaða skólum?
3. Hvaða kröfur þarf að uppfylla til að hefja kennslu í hótel- og matvælagreinum?
4. Eru einhver lágmarksviðmið um fjölda nemenda? Ef svo er, hver eru þau og í hvaða greinum?

5. Eru einhverjar breytingar fyrirhugaðar varðandi kjarnaskóla í þessum greinum?

Skriflegt svar óskast.

1302. Fyrirspurn [847. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lúðuveiðar Færeyinga við Ísland.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve miklum lúðukvóta hefur ráðherra úthlutað Færeyingum árlega sl. fimm ár í krafti tvíhliða samnings þjóðanna frá 1976?
2. Hve mikill hefur árlegur lúðuafli Færeyinga verið á þeim tíma?
3. Hver hefur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar til ráðherra verið á þessu tímabili varðandi
   a. ástand lúðustofnsins,
   b. beinar veiðar á lúðu?
4. Hefur ráðherra haft hliðsjón af þessari ráðgjöf við úthlutun á lúðukvóta til Færeyinga?

Skriflegt svar óskast.

1303. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svanhvíti Jakobsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Benedikt Davíðsson og Ólaf Örn Arnaldsson frá Landssambandi eldri borgara, Stefaníu Björnsdóttir og Margréti Margeirsdóttur frá Félagi eldri borgara, Jóhann Árnason, Svein H. Skúlason og Júlíus Rafnsson frá Félagi fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Akureyrarbæ, Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi eldri borgara, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Félagi eldri borgara og Félagi íslenskra öldrunarlækna.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til það nýmæli að heimilt verði að greiða úr Framkvæmdasjóði aldraðra húsaleigu vegna leigu á hjúkrunarheimili sem aðrir en ríkið hafa byggt fyrir aldraða. Skal húsaleiga sem greidd er með þessum hætti teljast ígildi stofnkostnaðar. Einnig er lagt til að heimilt verði að greiða úr sjóðnum framlög til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Frumvarpið byggist að hluta til á tillögum samráðshóps um málefni

eldri borgara frá nóvember 2002 og tillögum vinnuhóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá maí 2003.

Í 1. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að verja fé úr Framkvæmdasjóðnum til reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Þetta er sama regla og kveðið er á um í gildandi lögum. Talsmenn eldri borgara hafa lagt á það áherslu að hætt verði að verja fé úr sjóðnum til reksturs. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að hætt verði að verja fjármagni úr sjóðnum til reksturs í áföngum á tímabilinu 2004–2008. Bendir meiri hlutinn á að þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt með því að lækka rekstrarlið Framkvæmdasjóðsins um 45 millj. kr. í fjárlögum þessa árs.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins sem fela í sér að heimilt verði að veita undanþágu frá því að útboð hafi farið fram til að Framkvæmdasjóðnum sé heimilt að greiða leigu fyrir hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Með því er átt við stofnanir sem hafa notið ríkisframlags en vilja gera breytingar á húsnæðinu sem eru til þess fallnar að gera rekstur þeirra hagkvæmari. Leggur meiri hlutinn áherslu á að aðeins megi þó veita undanþágu þegar telja verði að sérstakar aðstæður mæli með því, t.d. þegar rekstraraðili hyggst stækka hjúkrunarheimili sem þegar er starfrækt eða þegar um er að ræða minni háttar breytingar. Jafnframt verður að liggja fyrir það mat að útboð leiði ekki til lægri húsaleigukostnaðar fyrir ríki og sveitarfélög.

Í frumvarpinu er lagt til að taki sveitarfélög þátt í kostnaði við uppbyggingu hjúkrunarheimilis þá skuli hann aldrei vera minni en 15%. Þetta er sama hlutfall og kveðið er á um í lögum um heilbrigðisþjónustu þegar ríki og sveitarfélög byggja saman hjúkrunarheimili. Þegar miðað hefur verið við kostnaðarskiptingu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu hefur framkvæmdin verið þannig að 40% hafa verið fengin úr Framkvæmdasjóði aldraðra og verið talin ríkisframlag. Viðbótarframlag ríkisins er greitt af fjárlögum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að frumvarpið breytir ekki þeirri framkvæmd sem lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um. Þá tekur meiri hlutinn fram að í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar en ríki og sveitarfélög, t.d. sjálfseignarstofnanir, hyggjast byggja hjúkrunarheimili tekur sveitarfélag eðli málsins samkvæmt ekki þátt í kostnaði við byggingu þess nema það hafi áður veitt samþykki fyrir þátttöku í kostnaði. Við umfjöllun málsins greindu fulltrúar ráðuneytisins frá því að ráðherra veitir ekki framkvæmda- eða rekstrarleyfi ef sveitarfélag hefur ekki samþykkt að greiða þann hluta sem kveðið er á um í umsókn um byggingu hjúkrunarheimilis. Bendir meiri hlutinn þessu til stuðnings á fylgiskjöl með frumvarpinu þar sem þetta kemur ótvírætt fram. Í fylgiskjölunum kemur fram að beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi skuli fylgja umsögn og þarfagreining þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem ætlunin er að reisa hjúkrunarheimili. Þar segir einnig að veiting leyfisins komi einungis til álita þegar raunveruleg þörf er fyrir þjónustuna að áliti þjónustuhóps aldraðra á umræddu svæði. Í þessu samhengi minnir meiri hlutinn jafnframt á að sveitarstjórnir skipa alla fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra og velja honum formann úr hópi nefndarmanna. Þá bendir meiri hlutinn á að hingað til hafa sveitarfélög ósjaldan greitt hærra hlutfall en 15% í kostnaði við byggingu hjúkrunarheimila. Einnig telur meiri hlutinn rétt að minna á að þörf er á atbeina sveitarfélags við ákvarðanatöku um byggingu hjúkrunarheimilis í viðkomandi sveitarfélagi því það úthlutar lóð til fyrirhugaðrar byggingar. Það er því á forræði sveitarfélagsins að stórum hluta hvort ráðist verður í byggingu hjúkrunarheimilis. Til samræmis við framangreint leggur meiri hlutinn til breytingu á 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er skýrar á um að samþykki sveitarfélags fyrir þátttöku í kostnaði þurfi að liggja fyrir áður en farið er í uppbyggingu hjúkrunarheimila sem aðrir en ríki og sveitarfélög standa að.

Eins og áður er getið er lagt til í frumvarpinu að fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði m.a. varið til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila. Við umfjöllun um þessa tillögu kom fram að ekki hafa verið til nægilega skýrar reglur um hvort viðhald skuli greitt af Framkvæmdasjóði aldraðra eða hvort það falli undir eðlilegan kostnað við rekstur hjúkrunarheimilis og því er mismunandi hvernig staðið hefur verið að verki og hvernig greiðslu kostnaðar hefur verið háttað. Vegna þessa leggur meiri hlutinn áherslu á að kveðið verði skýrar á um hvað falli undir viðhald sem greitt er úr Framkvæmdasjóðnum.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á 1. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skipan samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Þar kemur fram að ráðherra skipi tvo án tilnefningar og að annar starfsmaðurinn sé starfsmaður tiltekins málaflokks í ráðuneytinu. Það er mat meiri hlutans að ekki sé rétt að binda hendur ráðherra með þessum hætti og leggur til að ráðherra verði heimilt að skipa í nefndina án þess að skipulag ráðuneytisins á hverjum tíma hafi áhrif þar á. Að síðustu er lagt til að felld verði niður tilvísun 13. og 14. gr. laganna í 17. gr. laganna en í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 17. gr. verði felld brott.

Með frumvarpinu eru lögð fram sem fylgiskjöl drög að reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra og drög að eyðublöðum fyrir umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra ásamt skilmálablöðum og flæðiritum. Telur meiri hlutinn það góð vinnubrögð að slík gögn séu lögð fram til skýringar. Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir og Brynja Magnúsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Sigríður A. Þórðardóttir og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.	Dagný Jónsdóttir.	Brynja Magnúsdóttir, með fyrirvara

1304. Breytingartillögur [570. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (JBjart, DrH, MF, PHB, DJ, BrM).

1. Við 1. gr. 2. efnismálsl. orðist svo: Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skulu skipaðir án tilnefningar.
2. Við 2. gr. 2. og 3. efnismgr. orðist svo:
   Þá er Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins, að undangengnu útboði. Skilyrði fyrir greiðslu húsaleigu er að ekki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra skv. 2. mgr. eða annar styrkur frá ríkinu til að byggja hjúkrunar-

heimilið. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti telst ígildi stofnkostnaðar. Heimilt er að gera undanþágu frá útboði skv. 1. málsl. þegar sérstaklega stendur á og talið er að útboð muni ekki leiða til lægri húsaleigukostnaðar fyrir ríki og sveitarfélög.

Þegar ríki og sveitarfélög standa saman að uppbyggingu hjúkrunarheimila skal þátttaka sveitarfélaga ekki vera minni en sem nemur 15% af stofnkostnaði og skal eignarhlutur vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Þátttaka sveitarfélaga í greiðslu leigu fyrir hjúkrunarheimili skv. 3. mgr. skal ekki vera minni en sem nemur 15% af leigunni. Taki sveitarfélag þátt í stofnkostnaði eða greiðslu leigu vegna byggingar annarra hjúkrunarheimila skal samþykki þess fyrir greiðsluþátttöku liggja fyrir áður en framkvæmda- og rekstrarleyfi er gefið út. Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „skv. 16. og 17. gr.“ í 3. tölul. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: skv. 16. gr.

1305. Frumvarp til lokafjárlaga [848. mál]

fyrir árið 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2002 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	8,4	8,4
Menntamálaráðuneyti	264,7	213,7
Utanríkisráðuneyti	-14,1	-67,0
Landbúnaðarráðuneyti	380,6	310,3
Sjávarútvegsráðuneyti	187,7	67,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	44,7	61,1
Félagsmálaráðuneyti	356,9	339,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	83,7	82,3
Fjármálaráðuneyti	110,1	8,8
Samgönguráðuneyti	281,5	139,3
Iðnaðarráðuneyti	7,1	16,6
Viðskiptaráðuneyti	20,0	-71,6
Hagstofa Íslands	29,5	15,9
Umhverfisráðuneyti	245,7	181,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**2.006,5**	**1.307,2**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2002 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	62,3	62,3
Forsætisráðuneyti	-3,9	-3,9
Menntamálaráðuneyti	-37,6	-37,6
Utanríkisráðuneyti	4,6	4,6
Landbúnaðarráðuneyti	-141,7	-141,7
Sjávarútvegsráðuneyti	135,4	135,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	77,4	77,4
Félagsmálaráðuneyti	150,2	700,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	6,1	6,1
Fjármálaráðuneyti	-15.474,9	271,6
Samgönguráðuneyti	2,7	2,7
Iðnaðarráðuneyti	-166,1	-166,1
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	0,6	0,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	635,1	0,0
Samtals	**-14.749,8**	**911,6**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2002 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	8,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	8,4

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**8,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**8,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	82,9
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	0,4
Almennur rekstur samtals	83,3
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	5,0
Gjöld samtals	**88,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4
Innheimt af ríkistekjum	87,9

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	4,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,2
Viðskiptahreyfingar	1,7

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	9,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	9,7

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskóli Íslands	1,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 23,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,4

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 33,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 33,6

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

m.kr.

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,2

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,6

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

m.kr.

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,2

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,4

m.kr.

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,3

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,3

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

m.kr.

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 8,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 8,2

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,4

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,6

m.kr.

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,4

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,0

	m.kr.
02-804 Kvikmyndaskoðun	
Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	1,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-0,8
Viðskiptahreyfingar	2,0
02-971 Ríkisútvarpið	
Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	45,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,1
Viðskiptahreyfingar	45,7
02-977 Höfundarréttargjöld	
Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttarsjóður	26,5
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	0,8
Almennur rekstur samtals	27,3
Gjöld samtals	**27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,7
Viðskiptahreyfingar	1,6
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**264,7**
Greitt úr ríkissjóði	**26,1**
Innheimt af ríkistekjum	**187,6**
Viðskiptahreyfingar	**51,0**

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	1,2
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	1,2

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-3,4
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	15,1
Almennur rekstur samtals	11,7
Gjöld samtals	**11,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,3
Viðskiptahreyfingar	6,4

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	-35,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-79,9
Viðskiptahreyfingar	44,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	8,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,6
Viðskiptahreyfingar	0,9

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-14,1**
Greitt úr ríkissjóði	**7,6**
Innheimt af ríkistekjum	**-74,6**
Viðskiptahreyfingar	**52,9**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	4,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-4,3
Viðskiptahreyfingar	8,8

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	4,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0
Viðskiptahreyfingar	0,6

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	-5,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-5,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	7,5
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	63,2
Almennur rekstur samtals	70,7
Gjöld samtals	**70,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	20,5
Viðskiptahreyfingar	50,2

m.kr.

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 4,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,3
Viðskiptahreyfingar 1,9

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 4,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,5

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 3,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,8

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,3

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 18,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,5

m.kr.

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,4
Viðskiptahreyfingar 11,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,0
Viðskiptahreyfingar 7,6

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 3,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,1
Viðskiptahreyfingar 2,5

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 155,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,8
Viðskiptahreyfingar ..... -24,6

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -13,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -12,2
Viðskiptahreyfingar ..... -1,1

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 121,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 107,8
Viðskiptahreyfingar 13,4

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **380,6**
Greitt úr ríkissjóði **182,7**
Innheimt af ríkistekjum **127,6**
Viðskiptahreyfingar **70,3**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	23,0
1.10 Landamærastöðvar	19,2
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	29,3
Almennur rekstur samtals	71,5
Gjöld samtals	**71,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,2
Innheimt af ríkistekjum	3,8
Viðskiptahreyfingar	44,5

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	2,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-26,0
Viðskiptahreyfingar	28,9

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	113,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,9
Viðskiptahreyfingar	46,4

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**187,7**
Greitt úr ríkissjóði	**90,1**
Innheimt af ríkistekjum	**-22,2**
Viðskiptahreyfingar	**119,8**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað 3,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,3
Viðskiptahreyfingar 0,3

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... -3,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -3,2

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 4,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 21,7
Viðskiptahreyfingar ..... -17,7

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,8
Viðskiptahreyfingar 0,2

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík ..... -1,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,3
Viðskiptahreyfingar 0,8

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,8
Innheimt af ríkistekjum 1,2

06-333 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa ..... -3,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,6

06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja

Almennur rekstur:
1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja 31,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 44,7
Greitt úr ríkissjóði 38,1
Innheimt af ríkistekjum 23,0
Viðskiptahreyfingar ..... -16,4

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnueftirlit ríkisins	13,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3
Innheimt af ríkistekjum	-3,8
Viðskiptahreyfingar	17,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	63,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,1
Innheimt af ríkistekjum	31,9

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	283,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,6

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-14,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,7

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	11,5

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,5
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**356,9**
Greitt úr ríkissjóði	**311,8**
Innheimt af ríkistekjum	**28,1**
Viðskiptahreyfingar	**17,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	35,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,5
Viðskiptahreyfingar	23,9

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-2,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,0

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	3,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,6
Viðskiptahreyfingar	0,5

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	2,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,7

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	38,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,4
Innheimt af ríkistekjum	26,8
Viðskiptahreyfingar	-11,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	12,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	28,0
Viðskiptahreyfingar	-15,2

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	-7,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,7
Viðskiptahreyfingar	3,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**83,7**
Greitt úr ríkissjóði	**24,2**
Innheimt af ríkistekjum	**58,1**
Viðskiptahreyfingar	**1,4**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	110,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,1
Innheimt af ríkistekjum	10,9
Viðskiptahreyfingar	101,3

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**110,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-2,1**
Innheimt af ríkistekjum	**10,9**
Viðskiptahreyfingar	**101,3**

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5
Viðskiptahreyfingar	-0,2

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,3

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 22,3

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki ..... -15,0

Gjöld samtals **7,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -4,1
Innheimt af ríkistekjum 0,8
Viðskiptahreyfingar 10,6

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 75,1

Stofnkostnaður:
6.41 Flugvellir, framkvæmdir 20,9

Gjöld samtals **96,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -69,0
Innheimt af ríkistekjum 55,8
Viðskiptahreyfingar 109,2

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 169,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 191,5
Innheimt af ríkistekjum ..... -44,5
Viðskiptahreyfingar 22,6

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **281,5**
Greitt úr ríkissjóði **127,2**
Innheimt af ríkistekjum **12,1**
Viðskiptahreyfingar **142,2**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 6,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,5
Viðskiptahreyfingar ..... -0,3

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins ..... -4,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,9
Viðskiptahreyfingar ..... -13,5

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 5,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,2
Viðskiptahreyfingar 4,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 7,1
Greitt úr ríkissjóði 10,1
Innheimt af ríkistekjum 6,5
Viðskiptahreyfingar ..... -9,5

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Icepro-nefnd	0,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1
Viðskiptahreyfingar	0,7

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	34,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-17,4
Innheimt af ríkistekjum	0,6
Viðskiptahreyfingar	51,6

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	-31,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-31,1
Viðskiptahreyfingar	-0,1

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	37,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,9
Viðskiptahreyfingar	39,4

m.kr.

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements ..... -21,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -21,9

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **20,0**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-41,1**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-30,5**
Viðskiptahreyfingar **91,6**

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 39,6
1.50 Þjóðskráin ..... -10,1
Almennur rekstur samtals 29,5

Gjöld samtals **29,5**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 15,9
Viðskiptahreyfingar 13,6

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur **29,5**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **15,9**
Viðskiptahreyfingar **13,6**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	-1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,0

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð	17,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,1

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	7,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,5
Innheimt af ríkistekjum	2,6
Viðskiptahreyfingar	-0,5

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna	-6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-21,4
Viðskiptahreyfingar	15,4

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald	79,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,7
Viðskiptahreyfingar	19,2

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	147,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,5
Viðskiptahreyfingar	30,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**245,7**
Greitt úr ríkissjóði	**179,0**
Innheimt af ríkistekjum	**2,6**
Viðskiptahreyfingar	**64,1**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	51,9
Sértekjur:	
Sértekjur	0,5
Gjöld umfram tekjur	**52,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,4

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	11,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,1

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	-1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**62,3**
Greitt úr ríkissjóði	**62,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada ..... -2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun ..... -37,4

Sértekjur:
Sértekjur 39,0

Gjöld umfram tekjur **1,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,6

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar ..... -3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,5

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-3,9**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-3,9**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Stofnkostnaður:	
6.71 Íslenskar fornbókmenntir á Netinu	-67,8
Sértekjur:	
Sértekjur	46,0
Gjöld umfram tekjur	**-21,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-21,8

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	-15,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,8

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-37,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-37,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,6
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	4,3
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,0
Almennur rekstur samtals	21,9
Gjöld samtals	**21,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	21,9

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-1,9
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-1,7
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-0,9
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	-0,2
Almennur rekstur samtals	-4,7
Gjöld samtals	**-4,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,7

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-10,5
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,1
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	-0,4
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-0,4
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	3,3

	m.kr.
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	1,5
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-3,8
1.39 Evrópuráðið	-3,5
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	-6,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	10,6
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-6,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	3,5
1.72 EFTA-dómstóllinn	1,3
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,8
Almennur rekstur samtals	-12,6
Gjöld samtals	**-12,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-12,6
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**4,6**
Greitt úr ríkissjóði	**4,6**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-37,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2,2
Almennur rekstur samtals	-35,6
Gjöld samtals	**-35,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,1
Gjöld umfram tekjur	**-32,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-32,5

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-71,1
1.02 Lífeyrissjóður bænda	0,4
Almennur rekstur samtals	-70,7
Gjöld samtals	**-70,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-70,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-37,1
1.34 Umhverfisverkefni	-2,2
Almennur rekstur samtals	-39,3
Gjöld samtals	**-39,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-39,3

m.kr.

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:
1.01 Lán til fiskeldis ..... -6,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,8

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Stofnkostnaður:
6.91 Ýmis stofnkostnaður ..... -6,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,4

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-141,7**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-141,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.49 Úrskurðarnefndir	3,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	1,1
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	1,0
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	5,3
Almennur rekstur samtals	11,9
Gjöld samtals	**11,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,9

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.10 Landamærastöðvar	60,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	87,8
Almennur rekstur samtals	147,8
Gjöld samtals	**147,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-24,4
Gjöld umfram tekjur	**123,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	123,4

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Viðhaldsverkefni:	
5.30 Keldnaholt, viðhald	-9,0
Sértekjur:	
Sértekjur	9,1
Gjöld umfram tekjur	**0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

	m.kr.
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**135,4**
Greitt úr ríkissjóði	**135,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga	17,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,3

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn	-6,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,9

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	10,3
1.20 Réttargæslumenn	6,9
Almennur rekstur samtals	17,2
Gjöld samtals	**17,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	14,6
Gjöld umfram tekjur	**31,8**
Fjármögnun:	
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-5,9**	**139,8**	**1,5**			**135,4**	**136,7**	**-1,3**
205-1.01	Yfirstjórn	-15,1	64,5				49,4	68,2	-18,8
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4,8	46,3	1,5			52,6	44,0	8,6
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	30,0	25,0				55,0	1,5	53,5
205-6.01	Tæki og búnaður	-25,6	4,0				-21,6	23,0	-44,6
14-210	**Veiðistjóri**	**-5,3**	**57,8**		**4,1**	**-1,0**	**55,6**	**59,4**	**-3,8**
210-1.01	Veiðistjóri	-11,7	21,2	17,6	4,1	-1,0	30,2	28,9	1,3
210-1.11	Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða	6,4	36,6	-17,6			25,4	30,5	-5,1
14-213	**Hreindýraráð**	**0,8**	**14,8**			**17,1**	**32,7**	**32,0**	**0,7**
213-1.10	Hreindýraráð	0,8	14,8			17,1	32,7	32,0	0,7
14-215	**Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi**		**25,0**				**25,0**	**25,0**	
215-6.21	Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi		25,0				25,0	25,0	
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**12,8**	**247,2**		**2,8**	**7,6**	**270,4**	**265,4**	**5,0**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	12,4	235,7		2,8	7,6	258,5	253,3	5,2
221-6.01	Tæki og búnaður	0,4	11,5				11,9	12,1	-0,2
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**		**220,0**				**220,0**	**261,6**	**-41,6**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga		220,0				220,0	261,6	-41,6
14-283	**Hreinsun umhverfis**	**-3,3**			**3,3**				
283-1.11	Hreinsun olíu úr El Grillo	-3,3			3,3				
14-285	**Spilliefnasjóður**	**10,9**	**160,0**			**-6,0**	**164,9**	**158,0**	**6,9**
285-1.01	Almennur rekstur	-10,3	11,1				0,8	17,1	-16,3
285-1.10	Eyðing spilliefna	21,2	148,9			-6,0	164,1	140,9	23,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2002, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-289	**Endurvinnslan hf., skilagjald**		**564,0**			**79,9**	**643,9**	**643,9**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald		564,0			79,9	643,9	643,9	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**28,3**	**119,7**		**0,1**		**148,1**	**119,4**	**28,7**
301-1.01	Skipulagsstofnun	1,5	110,9		0,1		112,5	107,2	5,3
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	26,8	8,8				35,6	12,2	23,4
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**21,0**	**80,9**			**147,5**	**249,4**	**117,3**	**132,1**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem	-7,2	45,3				38,1	75,2	-37,1
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	28,2	35,6			147,5	211,3	42,1	169,2
14-310	**Landmælingar Íslands**	**1,9**	**179,7**	**1,4**	**20,7**	**0,6**	**204,3**	**199,1**	**5,2**
310-1.01	Landmælingar Íslands	8,9	174,7	1,4	20,7	0,6	206,3	193,6	12,7
310-6.01	Tæki og búnaður	-7,0	5,0				-2,0	5,5	-7,5
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**124,5**	**108,0**				**232,5**	**119,0**	**113,5**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	132,4	83,8				216,2	90,7	125,5
321-1.10	Námssjóður	2,0	3,5				5,5	3,8	1,7
321-1.20	Brunamálaskóli	5,9	18,2				24,1	18,0	6,1
321-6.01	Tæki og búnaður	-15,8	2,5				-13,3	6,5	-19,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**525,6**	**198,1**				**723,7**	**249,4**	**474,3**
381-1.01	Almennur rekstur	0,1	7,1				7,2	-5,5	12,7
381-6.60	Ofanflóðasjóður	525,5	191,0				716,5	254,9	461,6
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-1,4**	**159,3**		**2,2**		**160,1**	**176,4**	**-16,3**
401-1.01	Yfirstjórn	-0,3	14,8		0,2		14,7	13,8	0,9
401-1.02	Setur í Reykjavík	-12,8	108,7		2,0		97,9	117,7	-19,8
401-1.03	Setur á Akureyri	-8,0	30,3				22,3	44,9	-22,6
401-5.21	Fasteignir	16,4	0,5				16,9		16,9
401-6.01	Tæki og búnaður	3,3	5,0				8,3		8,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2002, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-403	**Náttúrustofur**	**7,4**	**44,1**				**51,5**	**50,0**	**1,5**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,9	9,1				10,0	11,2	-1,2
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-2,5	5,6				3,1	4,1	-1,0
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,2	9,1				9,3	9,1	0,2
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	1,7	9,1				10,8	9,1	1,7
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	7,1	5,6				12,7	12,6	0,1
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		5,6				5,6	3,9	1,7
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-2,9**	**17,8**				**14,9**	**18,4**	**-3,5**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-5,0	15,8				10,8	18,0	-7,2
407-6.01	Tæki og búnaður	2,1	2,0				4,1	0,4	3,7
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-34,4**	**389,7**	**20,5**	**47,3**		**423,1**	**445,2**	**-22,1**
410-1.01	Almenn starfsemi	-31,2	361,2	20,5	47,3		397,8	422,4	-24,6
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,7					2,7	-0,1	2,8
410-6.01	Tæki og búnaður	-5,9	28,5				22,6	22,9	-0,3
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**39,0**		**-39,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		39,0		-39,0				
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***16.400,0***	***240,0***			***16.640,0***	***16.004,9***	***635,1***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**16.400,0**	**240,0**			**16.640,0**	**16.004,9**	**635,1**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		16.400,0	240,0			16.640,0	15.621,2	1.018,8
801-1.20	Inneignarvextir af ríkistekjum							383,7	-383,7

1306. Frumvarp til laga [849. mál]

um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Vörugjald af olíu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 45 kr. á hvern lítra af olíu.

2. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds á þá sem skráningarskyldir eru skv. 3. gr. vegna sölu þeirra og eigin nota á gjaldskyldri olíu. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
2. þeir sem flytja inn, til endursölu eða eigin nota, olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
3. þeir sem kaupa olíu innan lands til endursölu.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem einvörðungu flytja inn olíu til eigin nota, skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til ríkisskattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings. Enn fremur skulu þeir sem flytja inn olíu til endursölu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð. Verði breytingar á gjaldskyldri starfsemi, þ.m.t. varðandi birgðageymslur, ber að tilkynna þær án tafar.

Ríkisskattstjóri rannsakar tilkynningar og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Hafni ríkisskattstjóri skráningu, sbr. 4. mgr., ber viðkomandi að standa skil á olíugjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða eða við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði og bifreiðar skv. 6. tölul. 1. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð.

5. gr.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra er heimilt að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum.

Aðeins má lita olíu í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett hafa verið, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða viðunandi eftirliti verður ekki komið við.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um gerð og samsetningu litar- og/eða merkiefnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

6. gr.

Endurgreiða skal 70% olíugjalds af olíu sem þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða í almenningssamgöngum. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.

Endurgreiða skal olíugjald af olíu sem erlend sendiráð eða sendimenn erlendra ríkja kaupa vegna bifreiða í sinni eigu.

Beiðnir um endurgreiðslu skulu afgreiddar af ríkisskattstjóra sem jafnframt tilkynningu til beiðanda skal tilkynna ákvörðun sína til innheimtumanns ríkissjóðs til útborgunar hjá honum.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga. Við afhendingu á litaðri olíu til nota sem greinir í 1. mgr. 4. gr. skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa litaða olíu sé að ræða.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út sölureikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 1. mgr. 6. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu greiða olíugjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Þeir sem flytja inn gjaldskylda olíu til eigin nota skulu greiða olíugjald við tollafgreiðslu.

Við uppgjör olíugjalds má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum til greiðslu olíugjalds sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

10. gr.

Til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. olía sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila,
2. olía sem flutt er úr landi,
3. olía sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði,

greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili. Hann skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal ríkisskattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að afturkalla skráningu skv. 3. gr. þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.

Komi í ljós annmarkar á olíugjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á. Fái ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tilskilins frests ákvarðar hann eða endurákvarðar olíugjald samkvæmt olíugjaldsskýrslu og að fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olíugjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins frests, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olíugjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

II. KAFLI
Kílómetragjald.

13. gr.

Kílómetragjald.

Greiða skal kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
3. bifreiðum og eftirvögnum, sbr. 1. og 2. tölul., sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af ökumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds. Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sama fjárhæð kílómetragjaldsins og kveðið er á um í 3. mgr.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiða kílómetragjald skv. 3. mgr.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Gjaldþyngd ökutækis skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja. Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda. Í reglugerð skal kveðið á um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntryggan hátt.

Kílómetragjald skv. 3. tölul. 1. mgr. skal greiða við brottför bifreiðar eða vagns úr landi.

14. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan tilskilins frests endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema mismun á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins síðustu sextíu dagana áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

15. gr.

Ákvörðun kílómetragjalds.

Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 21. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal miðast við að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

16. gr.

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina. Hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafa talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hefur talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Til-

kynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið miðast við a.m.k. 200 km akstur fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

17. gr.

Komi í ljós eftir ákvörðun kílómetragjalds skv. 15. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir verið óvirkur, innsigli rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann gjald á grundvelli fyrirliggjandi gagna en að öðrum kosti endurákvarðar hann gjald skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

III. KAFLI
Kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð.

18. gr.

Kæruheimildir.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 4. mgr. 3. gr., 6., 11. og 15. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun olíugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. 12. og 17. gr. til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema fyrir síðustu sex ár sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 20. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 5. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 20. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Hafi olíugjald skv. 11. gr. eða kílómetragjald skv. 15. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Við endurákvörðun oftekinna gjalda samkvæmt lögum þessum skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðslan fer fram.

Ákvörðun tollstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti skulu ákvæði þessarar greinar gilda um ákvarðanir skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. eftir því sem við á, þ.m.t. kærur til yfirskattanefndar.

19. gr.

Eftirlit.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá. Fjármálaráðherra er heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd eftirlitsins.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

20. gr.

Refsiábyrgð.

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Vanræki gjaldskyldur aðili að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, eða skýri hann rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki sitt, sbr. 3. mgr. 4. gr., hafa ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli, ef ökumælir telur ekki eða akstur er ekki færður í akstursbók, skal hann greiða sekt sem nemur allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða hafi verið ofendurgreidd.

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 3. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt sem greiðist innan tveggja mánaða í stað sektarmeðferðar skv. 4. mgr. 18. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 4. mgr. 18. gr. Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis framið brot skv. 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn er ríkisskattstjóra heimilt að ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 100.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð sem ríkisskattstjóri ákvarðar dregst frá sektarfjárhæð skv. 4. mgr.

21. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið kílómetragjald fyrr en eftir eindaga.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt.

Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis enda tilkynni eigandi eða umráðamað-

ur ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald.

Kílómetragjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

22. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd á gjalddaga, sbr. 11. gr., eða eftir atvikum á eindaga, sbr. 15. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi og kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. janúar 2005.

25. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.:

1. Í stað fjárhæðarinnar „11,34“ í 14. gr. laganna kemur: 9,28.
2. Í stað fjárhæðanna „30,89“ og „32,86“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 32,95; og: 34,92.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 2000, skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Var nefndin skipuð í kjölfar nefndarálits frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. apríl 2000, en í því er lagt til að fjármálaráðherra skipi nefnd sem taki lögin um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar og kanni að nýju kosti og galla þess að taka upp olíugjald. Þann 5. september 2001 skilaði nefndin af sér skýrslu um endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Í skýrslu nefndarinnar er fjallað um olíugjald á dísilolíu og hvort ástæða sé til að taka upp olíugjald á Íslandi. Kynntar eru leiðir við innleiðingu olíugjalds og útlistaðir kostir og gallar þeirra. Jafnframt eru kynntir helstu annmarkar á þungaskattskerfinu eins og það er nú og hvaða breytingar eru nauðsynlegar á því, verði því kerfi viðhaldið. Við vinnu skýrslunnar var aflað nýjustu upplýsinga og gagna til að vinna úr, m.a. frá nágrannaríkjum Íslands.

Niðurstaða skýrslunnar er að fleiri kostir séu samfara því að taka upp olíugjald en ókostir. Lagði nefndin því til að tekið yrði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og kílómetragjaldi á þyngri ökutæki.

Frumvarp þetta er byggt á frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 127. löggjafarþingi í maí 2002. Það frumvarp var byggt á skýrslu nefndarinnar frá 5. september 2001, lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, og frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997– 98 um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tekjur til vegagerðar lækki um 400 millj. kr. við upptöku olíugjalds í stað núgildandi þungaskattskerfis þó svo að heildartekjur ríkissjóðs haldist því sem næst óbreyttar vegna aukinna tekna af virðisaukaskatti. Til að koma í veg fyrir skerðingu tekna til vegagerðar er í þessu frumvarpi jafnframt lögð til breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Þannig er í 25. gr. frumvarpsins lögð til hækkun á sérstöku vörugjaldi af bensíni, sem er markaður tekjustofn til þess málaflokks, en á móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð.

II. Almennt um þungaskatt og olíugjald.

Þungaskattskerfið byggist á því að gjaldtaka af ökutækjum skuli tengjast notkun og sliti á vegum. Íslenska kerfið er að grunni til frá árinu 1974 þegar sett voru sérstök lög um fjáröflun til vegagerðar. Frá árinu 1986 hafa tekjur ríkissjóðs af þungaskatti runnið beint til vegagerðar sem markaður tekjustofn Vegagerðar ríkisins. Þungaskattur er aðeins lagður á ökutæki sem knúin eru af dísilolíu. Lagður er á tvenns konar þungaskattur, annars vegar svonefnt fast árgjald og hins vegar gjald á hvern ekinn kílómetra samkvæmt löggiltum ökumæli. Eigendum dísilbifreiða sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd er heimilt að velja hvort þeir greiða skattinn með föstu árgjaldi eða samkvæmt ökumæli. Eigendur ökutækja sem eru þyngri en 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd verða að greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Með upptöku olíugjalds á dísilolíu er tekið upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts. Samkvæmt frumvarpinu er olíugjald í meginatriðum lagt á þá sömu og þungaskatturinn, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Olíugjald er í grundvallaratriðum frábrugðið þungaskatti hvað álagningu og innheimtu varðar. Í stað þess að byggja skattlagningu á álestri af ökumælum er öll olía sem nothæf er á ökutæki skattlögð, nema gerð sé sérstök undanþága.

Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd. Gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald á það eldsneytismagn sem notað er. Gjaldskyldir aðilar verða þeir sem dreifa eldsneytinu en ekki þeir sem aka bifreiðunum. Þeir síðarnefndu bera hins vegar gjaldið eins og þungaskatt en greiða það jafnóðum við eldsneytiskaup í stað þess að greiða tvær til þrjár háar fjárhæðir á ári.

Þar sem dísilolía er ekki eingöngu notuð á ökutæki heldur einnig á aðrar vélar og tæki verður að gera sérstakar ráðstafanir eigi að koma í veg fyrir að gjald á hana valdi auknum kostnaði hjá þeim sem ekki hafa greitt þungaskatt.

Nú er dísilolía notuð á eftirtalin tæki án þess að greiða þurfi þungaskatts.

1. Skip og bátar.
2. Vinnuvélar.
3. Búvinnuvélar og dráttarvélar.
4. Vélar í iðnfyrirtækjum og orkuveitum.

5. Tæki til húshitunar og hitunar sundlauga.
6. Varaaflstöðvar.

Sé gjaldtöku fyrst og fremst beint að þeim sem áður greiddu þungaskatt, þ.e. að notendum vegakerfisins, verður með einhverjum hætti að gæta þess að gjaldið leggist ekki á framangreinda notkun, annaðhvort með endurgreiðslum eða undanþágu eða öðrum jafngildum hætti.

Í olíugjaldskerfi, þar sem um er að ræða endurgreiðslur eða undanþágur, er nauðsynlegt að beina eftirliti skattyfirvalda að notkun gjaldfrjálsrar olíu. Til þess eru tvær meginleiðir færar. Annars vegar að lita alla þá olíu sem afhent er til gjaldfrjálsrar notkunar og gæta þess við eftirlit að sú olía sé ekki tekin til annarra nota (litunarleið). Hins vegar að leggja gjaldið ávallt á við sölu olíunnar en endurgreiða þeim sem ekki er ætlað að bera það (endurgreiðsluleið). Einnig er hægt að hugsa sér blöndu af þessum aðferðum, þ.e. að olía til tiltekinna nota sé lituð og seld án gjalds en gjaldið sé lagt á aðra olíu og tilteknir kaupendur fái gjaldið endurgreitt.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að farin verið svonefnd litunarleið við upptöku olíugjalds enda er hún að mörgu leyti heppilegri en endurgreiðsluleið eins og vikið er að síðar.

III. Gallar við núverandi þungaskattskerfi.

Bent hefur verið á marga ókosti við núverandi þungaskattskerfi. Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, eru að mörgu leyti erfið í framkvæmd þrátt fyrir fjölmargar breytingar á þeim á undanförnum árum og samkeppnisráð hefur m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fast árgjald þungaskatts af dísilbílum brjóti gegn samkeppnislögum. Fasta árgjaldið er ósanngjarnt þeim bifreiðaeigendum sem lítið aka, slíta þar með minna vegum landsins og menga minna þar sem þeir greiða hlutfallslega meira en hinir sem eiga sambærileg ökutæki en aka meira. Þannig getur fasta gjaldið raskað verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa tekjur sínar af akstri, eins og fyrirtæki í sendibílaþjónustu, flutningum og hópferðaakstri. Þar geta fyrirtæki selt þjónustu léttra ökutækja á lægra verði ef notkun er mikil en það geta fyrirtæki með þyngri ökutæki ekki leyft sér. Í kjölfar álits samkeppnisráðs nr. 8/1999, þar sem greiðsla fast gjalds (100.000 kr.) á þyngri bifreiðar var talið brot á samkeppnislögum, kallaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir áliti samkeppnisráðs á því hvort fastagjald á bifreiðar undir 4.000 kg bryti gegn samkeppnislögum. Í svari samkeppnisráðs sagði m.a.:

„Samkeppnisráð telur að það sjónarmið sem fram kom í fyrri álitum ráðsins, að fastagjald geti haft í för með sér aðgangshindrun að markaðinum fyrir nýja keppinauta, eigi við um heimild til eigenda bifreiða sem eru allt að 4.000 kg til að greiða fast gjald þungaskatts."

Samkvæmt þessu þyrfti því a.m.k. að setja mæla í öll dísildrifin ökutæki í atvinnurekstri vegna álits samkeppnisráðs nr. 8/1999 ef því kerfi sem nú er við lýði yrði viðhaldið. Ljóst er að slíkt kerfi yrði afar þungt í meðförum og kostnaðarsamt.

Auk þessa hefur þungaskattskerfið verið gagnrýnt fyrir að vera ekki notendavænt vegna þess að koma þurfi með bíla í álestur sem sé tímafrekt og kaup og viðhald á mælum sé kostnaðarsamt. Jafnframt hefur verið bent á að það að þurfa að greiða háar upphæðir tvisvar til þrisvar sinnum á ári í þungaskatt geti reynst erfitt. Í því sambandi hefur verið bent á að með olíugjaldi eigi gjaldtakan sér stað um leið og olíunni sé dælt á bílinn eins og gildir um bensínknúin ökutæki. Auk þess er talað um að eftirlit og innheimta sé umfangsmeiri en í öðrum skattkerfum. Borið hefur á því að undanskotum í kerfinu sé að fjölga á nýjan leik og jafnframt er kvartað yfir því að kerfið sé afar þungt í meðförum.

Af framangreindu má ráða að gera verður breytingar á fasta árgjaldinu, óháð því hvort frumvarp þetta verður að lögum eða ekki.

IV. Fyrri tilraunir til að koma á olíugjaldskerfi.

Nefnd, sem skipuð var af fjármálaráðherra árið 1993, um endurskoðun gjaldtöku af dísilbifreiðum lagði til að tekið yrði upp olíugjald í stað þungaskatts og að farin yrði svokölluð endurgreiðsluleið. Í kjölfarið lagði fjármálaráðherra fram frumvarp, sem byggðist á endurgreiðsluleiðinni, á 118. löggjafarþingi Alþingis. Frumvarp það varð síðar að lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu.

Endurgreiðsluleiðin byggist nánar tiltekið á því að hægt er að endurgreiða (virðisaukaskattsskyldum) aðilum olíugjald um leið og t.d. uppgjör til virðisaukaskatts fer fram. Það má gera með því að bæta nýjum frádráttarreit fyrir olíugjald á virðisaukaskattsskýrslu eða með sérstakri endurgreiðsluskýrslu. Skattstjórar hefðu umsjón með endurgreiðslum og eftirlit með olíugjaldi félli að núverandi virðisaukaskattseftirliti. Einnig eru sérstakar endurgreiðslur mögulegar, beinar eða óbeinar, til óskattskyldra aðila og aðila sem ekki eru með atvinnurekstur. Til greina kæmi að láta skattstjóra annast endurgreiðslur til þessara aðila samkvæmt reikningum. Önnur leið er að endurgreiða þeim samkvæmt reiknaðri meðaltalsnotkun, t.d. vegna hitunar húsnæðis.

Á 122. löggjafarþingi Alþingis var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. Lög nr. 34/1995 áttu upphaflega að taka gildi 1. janúar 1996 en með lögum nr. 120/1995 var gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1998. Fjármálaráðherra hafði lagt fram á 121. löggjafarþingi Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögunum þar sem gert var ráð fyrir að í stað upptöku olíugjalds með endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu yrði tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu úr efnahags- og viðskiptanefnd. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frumvarp er kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað til 1. janúar 1999. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi sama vor, sbr. lög nr. 90/1997.

Í athugasemdum með frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar kom m.a. fram að nefndinni hefði ekki unnist tími til að fjalla ítarlega um frumvarp fjármálaráðherra. Í umsögnum sem borist hefðu frá olíufélögunum hafði komið fram að viðamikið mál væri að taka upp litunarkerfi. Því væri lögð til frestun á gildistöku laganna. Fjármálaráðherra mundi þá, í samvinnu við hagsmunaaðila, vinnast tími til að skoða málið betur, m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem efnahags- og viðskiptanefnd hefðu borist. Jafnframt gerði nefndin ráð fyrir að taka málið til umfjöllunar strax og það hefði verið lagt fram að nýju í upphafi næsta löggjafarþings þannig að lögfesta mætti það fyrir áramót svo að litunarkerfi gæti komist á í ársbyrjun 1999.

Tillögur frumvarpsins sem lagt var fyrir 122. löggjafarþing Alþingis áttu að tryggja hinn markaða tekjustofn Vegagerðarinnar án þess þó að valda röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda. Jafnframt miðuðu tillögurnar að því að viðhalda tengslum á milli gjaldtöku fyrir notkun dísilknúinna ökutækja og þess kostnaðar sem af notkuninni leiddi vegna slits á vegum. Meginefni frumvarpsins var að í stað endurgreiðsluleiðar þeirrar sem kveðið var á um í lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, yrði tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Tekin voru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá aðila sem yrðu uppvísir að því að nota litaða olíu til gjaldskyldra nota. Lagt var til að fjárhæð olíugjalds lækkaði frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995, úr 38,50 kr. í 34 kr. á hvern lítra olíu. Jafnframt var lagt til að auk olíugjalds yrði tekið kílómetragjald af bifreiðum og eftirvögnum sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, að bifreiðum til fólksflutninga undanskildum. Ákvæði um kílómetragjald byggðist að mestu á núgildandi lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en gert var ráð fyrir að gjaldið yrði þó mun lægra og næði til færri ökutækja.

Frumvarp þetta fékk mikla umfjöllun hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis en niðurstaða meiri hluta nefndarinnar var sú að falla skyldi frá því að taka upp olíugjald þar sem ávinningurinn af því að viðhalda tvöföldu kerfi, þ.e. annars vegar olíugjaldi og hins vegar kílómetragjaldi, var ekki talinn svara þeim kostnaði sem af því hlytist. Slíkt tvöfalt kerfi hefði í för með sér verulega aukinn kostnað vegna litunar og aukins dreifingarkostnaðar. Bent var á að framkvæmd þungaskattskerfisins hefði batnað frá því að lögin um vörugjald af olíu voru samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að lögin um olíugjald yrðu felld brott. Alþingi samþykkti síðan tillögur þingnefndarinnar.

V. Rök fyrir upptöku olíugjalds með litun.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að tekið verði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Telja verður að veigamikil rök séu fyrir upptöku gjaldsins.

Í fyrsta lagi má nefna að í upptöku olíugjalds í stað þungaskatts felst að gjaldbyrði greiðenda ræðst ekki eingöngu af því hve mikið er ekið, eins og í þungaskattskerfinu, heldur einnig af því hve mikilli olíu ökutæki eyðir. Með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er kaupum og notkun beint að nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings en þau eldri. Hagsmunafélög bifreiðastjóra hafa bent á að endurnýjun stærri dísilbifreiða hafi gengið hægar en æskilegt væri þrátt fyrir að vörugjöld af stærri vörubifreiðum og hópferðabifreiðum hafi verið lögð niður, og bílaflotinn því orðinn gamall. Upptaka olíugjalds gæti því orðið mikilvægur hvati til endurnýjunar bílaflotans. Jafnframt stuðlar gjald á olíuna að því að ökumenn hagi akstri sínum þannig að olíunotkun verði sem minnst. Sú umræða sem nú á sér stað um aukna koltvísýringsmengun í andrúmsloftinu og aukin samvinna þjóða á milli til að stemma stigu við þeirri þróun sýnir að nauðsynlegt er að leita allra leiða til að draga úr slíkri mengun.

Í annan stað skal bent á að með upptöku olíugjalds má gera ráð fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til. Þá yrði skattlagning dísil- og bensínbifreiða samræmd þannig að sömu rekstrarforsendur mundu eiga við hvort sem bifreiðin er dísil- eða bensínknúin. Talið hefur verið að þung greiðslubyrði og óhagræði við greiðslu þungaskatts hafi komið í veg fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar hafi hlotið jafnmikla útbreiðslu hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum okkar. Æskilegt er að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að vænlegri kosti, ekki síst vegna þess að þær eru sparneytnari og eru taldar valda minni koltvísýringsmengun en bensínknúnar bifreiðar. Nánari umfjöllun um þetta atriði er að finna í skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum frá maí 2001.

Í þriðja lagi felur upptaka olíugjalds í sér að greiðslubyrði eigenda dísilknúinna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun í stað þungrar greiðslubyrði á fjögurra eða sex mánaða fresti eins og nú er. Þá muni óþægindi manna minnka ef þeir losna við að mæta með bíla sína í álestur og jafnframt við þann kostnað sem því fylgir.

Í fjórða lagi er talið að möguleikar til undanskota séu minni í olíugjaldskerfi en í þungaskattskerfi. Þrátt fyrir að skil á þungaskatti hafi batnað eftir þær breytingar sem gerðar voru á þungaskattskerfinu um mitt ár 1996 er ljóst að enn er töluvert um undanskot í kerfinu sem erfitt er að koma í veg fyrir miðað við óbreytt ástand.

Ástæða þess að í frumvarpi þessu er lagt til að farin verði svokölluð litunarleið, en ekki endurgreiðsluleið, er fyrst og fremst sú hversu ótrygg og dýr endurgreiðsluleiðin er í framkvæmd. Endurgreiðsluleiðin felur í sér hættu á misnotkun á kerfinu þar sem eftirlitið yrði að mestu bókhaldslegt. Í skýrslu nefndarinnar frá 5. september 2001 kemur fram að væri

endurgreiðsluleiðin farin þyrfti að fjölga ársverkum um 10–11 við eftirlit og framkvæmd í skattkerfinu, þar með talið vegna yfirumsjónar, upplýsingagjafar, leiðbeininga og þess háttar umsýslu. Þá yrði að reikna með nokkurri umsýslu innheimtuembætta vegna innheimtu olíugjalds og endurgreiðslna, eða þremur til fjórum ársverkum í heildina. Að þessu samanlögðu er því reiknað með að þörf sé á 13–15 ársverkum eða launakostnaði á bilinu 41–46 millj. kr. til að mæta eftirliti vegna olíugjalds með endurgreiðslum. Auk launakostnaðar yrði að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði nýrra þátta í tölvukerfum, svo og prentunarkostnaði vegna eyðublaða fyrir notkunarbókhald og sérstakar endurgreiðslubeiðnir óskattskyldra aðila.

Þess má geta að í Noregi, Svíþjóð og víðast hvar í Evrópu er dísilolía lituð í skattalegum tilgangi og óheimilt að nota litaða olíu í vélknúin ökutæki. Við upptöku olíugjalds hefur litunarleiðin því víðast hvar orðið ofan á.

VI. Nánar um umhverfissjónarmið.

Ein helsta ástæða þess að ríki Evrópu hafa verið að reyna að ýta undir fjölgun dísilfólksbifreiða, á kostnað bensínbifreiða, er sú að losun koltvísýrings (CO_2) frá dísilfólksbifreiðum er minni en frá samsvarandi bensínbifreiðum. Tækniþróun undanfarinna ára hefur leitt til þess að dísilhreyflar bæði í einkabílum, vöru- og vinnubílum hafa batnað verulega út frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum. Nýjustu dísilvélar eru búnar háþrýstum samrásarinnsprautunarbúnaði og öllu er stjórnað af tölvubúnaði sem tryggir hámarksnýtingu og lágmarksmengun þessara véla.

Samkvæmt skýrslu sem „Det Økologiske Råd“ í Danmörku hefur tekið saman virðist ný og betri tækni við síthreinsun tryggja að útblástur frá dísilbílum sé ekki skaðlegri en frá bensínbílum. Nýr útblástursbreinsibúnaður fyrir dísilvélar fjarlægir um 90% sótagna úr útblæstrinum. Afl hefur aukist um 90% og NO_x og sótmengun hefur minnkað um 85%. Nú eru komnir á markað smábílar með dísilhreyflum sem gefa frá sér aðeins 90 g/km af koltvísýringi og eyða um og undir 3 lítrum á 100 km í akstri. Samkvæmt gögnum frá umhverfisyfirvöldum í Sviss og TCS (FÍB í Sviss) eyðir meðalfólksbíll með dísilvél 25–40% minna eldsneyti en sambærilegur bensínbíll. Munurinn á útlosun koltvísýrings er ekki jafnmikill en dísilknúinn bíll er með um 15% minni útlosun en bensínbíllinn.

Verði frumvarp þetta að lögum er líklegt að dísilbifreiðum fjölgi nokkuð og þá sérstaklega smærri dísilbifreiðum. Eins og áður sagði er einn helsti kostur olíugjalds sá að það stuðlar að því að draga úr eldsneytisnotkun og þar með koltvísýringsmengun. Olíugjald hvetur bíleigendur til að leita bestu eldsneytisnýtingar og afleggja úreltan tækjaflota. Þung dísilökutæki af eldri gerðum, svo sem vörubílar, rútur og vinnuvélar, eru verstu útblástursmengunarvaldarnir í innanlandssamgöngum. Margir hafa litið á núverandi þungaskattskerfi sem dragbít á eðlilega endurnýjun dísilatvinnutækja og að það viðhaldi þannig gömlum, hættulega mengandi og óöruggum tækjum í umferð. Íslenski vörubifreiðaflotinn er að mörgu leyti samansettur af eldri bifreiðum og á það sér litla samsvörun í nágrannalöndum okkar. Þess ber þó að geta að reynt hefur verið að taka á þessum vanda, m.a. með niðurfellingu vörugjalds af þyngri vöru- og hópferðabifreiðum, endurgreiðslu virðisaukaskatts við sölu eldri hópferðabifreiða úr landi og hlutfallslegri niðurfellingu virðisaukaskatts við innflutning nýrra og umhverfisvænna hópferðabifreiða fyrir 18 farþega og fleiri.

VII. Kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd.

Í fyrrnefndu frumvarpi sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi Alþingis, um breytingu á lögum nr. 34/1995, var lagt til að auk olíugjalds yrði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til

fólksflutninga. Gjaldið var ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra. Um var að ræða gjaldtöku sambærilega þeirri sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur gjaldsins hefðu þó orðið helmingi færri en greiðendur í núverandi þungaskattskerfi, gjaldið mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil færri en í þungaskattskerfinu.

Í skýrslu fyrrgreindrar nefndar, sem skipuð var af fjármálaráðherra árið 2000, frá 5. september 2001 er lagt til að auk olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu verði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Er því á sama hátt í frumvarpi því sem hér er lagt fram kveðið á um að lagt verði kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Ástæða þess að kílómetragjaldið leggst ekki á fólksflutninga er að þeir eru ekki í virðisaukaskattskerfinu en nánar er um það fjallað síðar í greinargerðinni. Samkvæmt frumvarpinu er kílómetragjaldið óháð orkugjafa og leggst því jafnt á bifreiðar sem knúnar eru bensíni, dísilolíu eða öðrum orkugjafa. Verður það að teljast eðlileg nálgun þar sem með kílómetragjaldinu er eingöngu horft til þyngdar viðkomandi bifreiðar og þess slits sem hún veldur á vegakerfi landsins, óháð orkugjafa.

Helstu rök sem færa má fyrir því að æskilegt sé að viðhalda kílómetragjaldi á þyngri bifreiðar eru í fyrsta lagi þau að afnám þess mundi valda umtalsverðri röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda. Þannig mundi olíugjald, án annarrar gjaldtöku, leiða til þess að gjaldbyrði færðist að hluta til frá eigendum stærri bifreiða og yfir á þá sem eiga minni bifreiðar. Með því að viðhalda lágu kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar er unnt að tryggja að greiðslubyrðin verði svipuð því sem verið hefur hjá flestum hópum greiðenda.

Í annan stað má benda á að með því að viðhalda sérstöku kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar er gjaldtaka af einstökum ökutækjum í meira samræmi við raunverulegan kostnað sem af notkun þeirra hlýst. Talið hefur verið að þungar vöruflutningabifreiðar valdi sliti á vegum sem sé hlutfallslega mun meira en sem svarar olíunotkun þeirra. Þannig geti gjald á olíuna eitt og sér ekki tryggt að gjaldbyrði sé í samræmi við þann kostnað sem ökutæki valda með sliti á vegum. Í skýrslu frá 1995, sem unnin var af sérfræðinganefnd innan ESB og ber heitið Towards fair and efficient pricing in transport, eru rakin sjónarmið um að æskilegt sé að tengja gjaldtöku af ökutækjum til vöruflutninga meira raunverulegum kostnaði sem leiðir af notkun þeirra, m.a. vegna slits þeirra á vegum. Sams konar sjónarmið koma fram í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 1998 sem ber heitið Fair Payment for Infrastructure Use: A phased approach to a common transport infrastructure charging framework in the EU. Sagt er að slíkt fyrirkomulag sé sanngjarnt og að auki þjóðhagslega hagkvæmt þar sem það stuðlar að því að hagkvæmustu leiðir séu valdar til vöruflutninga. Í því sambandi er rakið að kílómetragjald sé sanngjarnasta leiðin til að tengja gjaldtöku við slit. Boðað er í skýrslunni að kannaðir verði betur möguleikar til að taka upp slíka gjaldtöku. Er þetta í samræmi við sjónarmið sem þekkjast úr umhverfisfræðum og mikið eru í umræðunni, sbr. meginregluna um notkunargjöld (user charge).

Í þriðja lagi skal bent á að með því að láta gjaldtöku á þyngri bifreiðar ráðast af eknum kílómetrum til viðbótar við olíunotkun er dregið úr hinni skyndilegu röskun sem breytt gjaldtaka veldur á samkeppnisstöðu þeirra sem eiga eldri og eyðslufrekari ökutæki gagnvart þeim sem eiga nýrri og eyðslugrennri ökutæki.

VIII. Kostnaður við upptöku litunarkerfis.

Samkvæmt frumvarpinu ber olíufélögunum að lita þá olíu sem seld verður til gjaldfrjálsra nota. Í lituninni felst að sérstöku litarefni, ásamt merkiefni, er blandað í olíuna áður en hún er afhent til gjaldfrjálsra nota. Óhjákvæmilegt er að upptöku olíugjalds með litun gjald-

frjálsrar olíu fylgi einhver kostnaður. Þannig þurfa olíufélög að kaupa búnað til litunar og bera auk þess kostnað af óhagræði við dreifingu, aukinnar umsýslu o.fl.

Samkvæmt skýrslu nefndar um framkvæmd olíugjalds frá desember 1997 var stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði talinn nema um 330 millj. kr., m.a. vegna bygginga birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.fl. Kostnaður vegna fjölgunar olíugeyma fyrir verktaka í blönduðum rekstri og bændur var metinn á um 84 millj. kr. Olíufélögin töldu að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra við upptöku olíugjalds yrði samtals um 143 millj. kr. Þar af næmi beinn rekstrarkostnaður um 70 millj. kr., en fjármagns- og afskriftakostnaður hins vegar um 73 millj. kr. Við mat á árlegum fjármagns- og afskriftakostnaði miðuðu félögin við að þau mundu bera kostnað vegna kaupa á geymum fyrir verktaka og bændur. Þessar tölur voru byggðar á mati olíufélaganna á líklegum stofn- og rekstrarkostnaði miðað við þann búnað sem félögin eiga fyrir og þær aðferðir sem félögin telja hagkvæmastar til litunar og dreifingar gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu.

Nefndin um endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sem ráðherra skipaði á síðari hluta ársins 2000, óskaði efir því að fulltrúar olíufélaganna reyndu á nýjan leik að meta líklegan kostnað við upptöku litunarkerfis hér á landi.

Að mati olíufélaganna virðast tæknilegar forsendur ekki hafa breyst frá 1997 að því marki hvaða lausnir séu vænlegastar. Búnaðurinn sem blandar litnum í olíuna og liturinn eru ekki taldir vera ráðandi þættir í kostnaðinum heldur nauðsynleg sjálfvirknivæðing vegna litunarinnar, áhrif hennar á dreifingu og þær breytingar sem gera þarf á afgreiðslukerfum birgðastöðva. Í stað þess að reisa sérstaka birgðageyma undir litaða olíu er nú gert ráð fyrir að olían verði geymd ólituð á þeim stöðum þar sem bæði verður afgreidd lituð og ólituð olía. Olían verði síðan lituð við áfyllingu á bíla.

Samkvæmt nýju mati olíufélaganna er stofnkostnaður olíufélaganna við upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu talinn vera a.m.k. 290 millj. kr. Sá kostnaður samanstendur af fjárfestingu við uppsetningu blöndunarbúnaðar, breytingum á bensínstöðvum, bílum og birgðastöðvum og vegna aukins búnaðar til viðskiptavina. Fram kemur að stór hluti kostnaðarins væri fólginn í búnaði til litunar, þ.m.t. til innsprautunar, ásamt tölvu og hugbúnaði til stýringar og búnaði í afgreiðslutæki til skolunar, stýringar og skráningar. Kostnaður á hvern afgreiddan lítra af gjaldskyldri olíu er að meðaltali áætlaður um 1,40 kr. án virðisaukaskatts. Aukinn árlegur rekstrarkostnaður er talinn vera sambærilegur við það sem áður hefur verið áætlað.

IX. Framkvæmd litunarkerfis.

Í frumvarpi þessu er á sama hátt og í frumvarpinu frá 1997 gert ráð fyrir tvöföldu kerfi, þ.e. litun gjaldfrjálsrar olíu og kílómetragjaldi á þyngri ökutæki. Í frumvarpinu er lagt til að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald verði í höndum embættis ríkisskattstjóra en hann geti þó falið skattstjórum að fara með einstaka þætti framkvæmdarinnar.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin hafi eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlit með því að ekki sé notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota felst einkum í því að athuguð eru sýni úr olíugeymi ökutækja. Komi í ljós að olían sé lituð eða þyki eftirlitsmönnum af öðrum ástæðum tilefni til frekari skoðunar er sýnið sent á rannsóknarstofu þar sem kannað er magn sérstaks merkiefnis sem sett er í alla litaða olíu. Sé magnið umfram tiltekin mörk getur það leitt til viðurlaga eins og nánar er mælt fyrir um í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu skal endurgreiða 70% olíugjaldsins af olíu sem þeir sem reka

almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur til þeirra verði sambærilegar afslættinum sem þeir njóta í núverandi þungaskattskerfi.

X. Fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds.

1. Olíugjald.

Í lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, var kveðið á um að fjárhæð olíugjalds skyldi vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 34/1995, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi, var lagt til að olíugjaldið yrði lækkað í 34 kr. á lítra. Í frumvarpinu sem lagt var fram til kynningar á Alþingi í maí 2002 var lagt til að olíugjaldið yrði 36,50 kr. á lítra.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er í 3. mgr. 1. gr. miðað við að fjárhæð olíugjalds skuli vera 45 kr. á hvern lítra. Ef miðað er við verð á dísilolíu eins og það er núna (miðað við 1. mars 2004) þýðir það að öðru óbreyttu að verð dísilolíu verður um 94 kr. á lítra, með virðisaukaskatti. Til samanburðar má geta þess að algengt verð á 95 okt. bensíni er nú um 100 kr. á hvern lítra, mismunandi eftir þjónustustigi. Með því að hafa verð á dísilolíu ívið lægra en bensínverð má reikna með að dísilknúnar fólksbifreiðar verði ákjósanlegri kostur sem einkabifreiðar.

2. Kílómetragjald.

Eins og fram hefur komið er lagt til að kílómetragjald leggist ekki á fólksflutningabifreiðar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fólksflutningar eru ekki í virðisaukaskattskerfinu. Við upptöku olíugjalds leggst virðisaukaskattur á olíugjaldið, ólíkt því sem gildir um þungaskatt. Eigendum vöruflutningabifreiða er unnt að færa virðisaukaskattinn sem innskatt þannig að hann hefur ekki áhrif á greiðslubyrði þeirra. Skatturinn mundi hins vegar bætast við gjaldbyrði eigenda fólksflutningabifreiða þar sem þeim er ekki unnt að færa virðisaukaskattinn sem innskatt. Ef eigendum stærri fólksflutningabifreiða yrði gert að greiða kílómetragjald mundi gjaldbyrði þeirra aukast umtalsvert frá því sem nú er.

Kílómetragjaldið leggst einungis á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10 tonn eða meira að heildarþyngd. Fjárhæð gjaldsins er ákvörðuð þannig að breyting á gjaldbyrði eigenda gjaldskyldra ökutækja verði í lágmarki. Miðað er við tilteknar forsendur um olíunotkun eftir þyngd, og er þar m.a. stuðst við upplýsingar Vegagerðarinnar og Samtaka iðnaðarins um olíunotkun. Gert er ráð fyrir að afsláttur sá er veittur hefur verið í núverandi þungaskattskerfi falli að fullu niður.

XI. Áhrif olíugjalds.

1. Almennt.

Með upptöku olíugjalds í stað þungaskatts er fyrirsjáanlegt að umtalsverðar breytingar verða á kostnaði við rekstur dísilbifreiða og mun áhrifa hennar verða víða vart. Áhrifa mun gæta á samsetningu bílaflotans, kostnað við vöru- og farþegaflutninga og tekjur ríkissjóðs og þar með á þær fjárhæðir sem lögum samkvæmt eru ætlaðar til vegagerðar. Erfitt er að meta nákvæmlega öll þau áhrif sem upptaka olíugjalds hefur í för með sér og áhrif á tekjur ríkissjóðs. Einnig ríkir mikil óvissa um framþróun í bílaiðnaði þar sem hröð tækniþróun á síðustu árum hefur gert það að verkum að fram hafa komið vélar í dísilbifreiðar sem eyða umtalsvert minna eldsneyti en áður. Ef dísilbifreiðum fjölgar verulega í kjölfar þess að olíugjald verður tekið upp má gera ráð fyrir minni eldsneytisnotkun og þar með minni skatttekjum að öðru óbreyttu.

2. Áhrif olíugjalds á samsetningu bílaflotans.


Ítrekað hefur verið bent á að núverandi þungaskattskerfi komi í veg fyrir að hægt sé að reka með hagkvæmum hætti fólksbíla sem knúnir eru með dísilvél. Mikil tækniþróun varðandi dísilvélar hefur leitt til þess að nú eru í boði sparneytnir dísilfólksbílar sem uppfylla ströngustu mengunarkröfur jafnframt því að vera fyllilega samkeppnishæfir í verði við hefðbundna bensínbíla. Dísilbílum hefur því fjölgað hlutfallslega í flestum Evrópulöndum og er nú svo komið að víða í Mið-Evrópu er hlutfall dísilbíla komið vel yfir 50%. Verðlagning á dísilolíu hefur einnig sitt að segja, en víðast hvar er dísilolía seld á lægra verði en bensín. Almennt er litið svo á að þessi þróun í Evrópu stuðli að minni mengun og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem heildarnotkun á eldsneyti minnkar.

Ástæða þess að ekki er hagkvæmt fyrir venjulegt fjölskyldufólk að reka dísilbíla liggur sem fyrr segir í uppbyggingu þungaskattskerfisins. Til þess að rekstur dísilbíls svari kostnaði verður árlegur akstur að vera það mikill að einungis atvinnubílstjórar eða þeir sem af einhverjum ástæðum keyra mjög mikið sjá sér hag í rekstri slíkra bíla.

Það má því reikna með því að ef olíugjald verður tekið upp í stað þungaskatts fjölgi dísilbílum frá því sem nú er með svipuðum hætti og gerst hefur í öðrum Evrópulöndum. Erfitt er að segja fyrir um hversu hröð sú þróun gæti orðið þar sem ýmislegt annað en breyting á skattumhverfinu hefur áhrif á framvinduna.

Eins og áður segir er reynsla annarra Evrópuþjóða nokkuð misjöfn hvað varðar útbreiðslu dísilbíla og svo virðist sem það séu fyrst og fremst þjóðir í Mið- og Suður Evrópu sem aukið hafa hlut dísilbíla á meðan íbúar í Norður-Evrópu hafa farið sér hægar. Meðfylgjandi mynd sýnir hlutfall dísilbíla í sölu á nýjum bílum í nokkrum Evrópulöndum á árunum 1999 og 2000. Greinilegt er að dísilbílar eru í sókn þar sem hlutfall þeirra bíla hækkar milli ára í nánast öllum Evrópulöndum og í Austurríki, Belgíu og á Spáni er hlutfallið komið vel yfir 50%.

Hlutfall dísilbíla í sölu á nýjum bílum í nokkrum Evrópulöndum 1999-2000



Til að meta áhrifin af olíugjaldinu er nauðsynlegt að gefa sér forsendur um aukningu á dísilbílum hér á landi á næstu árum. Í skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins um losun gróðurhúsalofttegunda sem birtist í maí 2001 er lagt til að stjórnvöld stefni að því að hlutur dísilbíla í árlegum innflutningi minni fólksbíla verði kominn í 45% árið 2010. Skýrsla orkuspárnefndar sem kom út í júní 2001, og fjallar um eldsneytisnotkun á næstu árum, gerir hins vegar ráð fyrir mun hægari þróun þar sem einungis er reiknað með að 10% af bensínnotkuninni færist yfir á dísilbíla vegna breyttrar skattlagningar.

3. Áhrif breytinga á rekstrarumhverfi vöru- og fólksflutninga.

Eins og áður er komið fram breytir upptaka olíugjalds í vissum tilvikum skattbyrði á notendur dísildrifinna bifreiða nokkuð frá því sem verið hefur. Á það helst við þá notendur sem verið hafa á föstu gjaldi og ekið mikið. Þessi áhrif eru þó ekki bundin við upptöku olíugjalds þar sem samkvæmt áliti samkeppnisráðs nr. 8/1999 verður að setja mæla í öll ökutæki í atvinnurekstri. Sú breyting, þ.e. að taka umrædd ökutæki af fasta gjaldinu, mun því hafa áhrif á rekstrarumhverfi mikilvægra samgöngugreina sem nú bera þungaskatt, óháð því hvort olíugjald verður tekið upp. Auk þess má reikna með breytingum alls staðar þar sem ökutæki eða vinnuvélar sem knúin eru dísilvélum eru í notkun.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting í samgöngugreinum í þá veru að hlutur landflutninga hefur vaxið á kostnað loft- og sjóflutninga. Þetta hefur leitt til þess að umferð á vegum hefur aukist stórlega, jafnframt því sem tekjur af þungaskatti hafa aukist. Þessar breytingar á fyrirkomulagi flutningamála endurspegla fyrst og fremst tækni- og samfélagsþróun sem erfitt getur verið að stýra í einn farveg fremur en annan. Uppbygging vegakerfisins hefur mikið að segja í þessu sambandi og má t.d. nefna að tilkoma Hvalfjarðarganganna hefur haft mikil áhrif á þróun innanlandsflugs til staða sem liggja tiltölulega nálægt höfuðborgarsvæðinu. Sömu sögu er að segja um strandflutninga sem dregist hafa saman jafnt og þétt eftir því sem samgöngur á landi hafa orðið greiðari. Þessu til viðbótar hafa breytingar í ýmsum atvinnugreinum, t.d. í sjávarútvegi, orðið til þess að auka flutningsþörfina og má þar nefna flutninga með sjávarafurðir, ýmist með hráefni eða fullunnar vörur sem fara að mestu leyti fram á landi.

Þó svo að stjórnvöld hafi ekki með skipulegum hætti reynt að hafa áhrif á þessa þróun hefur sú skattstefna sem birtist í þungaskattskerfinu með óbeinum hætti haft sitt að segja sem mikilvægur liður í kostnaði við landflutninga. Þegar flutningafyrirtæki bera saman þá kosti sem þeim standa til boða við val á samgöngutækni er óhjákvæmilegt að þau taki tillit til þessa þáttar og beri hann saman við aðra valkosti og meti síðan hvaða leið er hagkvæmust í hverju tilviki fyrir sig.

Hlutverk þungaskattsins hefur öðru fremur verið að afla tekna til vegagerðar eins og kveðið er á um í lögum. Skattinum hefur ekki verið beitt sem stjórntæki til að ná markmiðum í samgöngumálum öðrum en þeim sem lúta að uppbyggingu vegakerfisins, þó svo að óhjákvæmilega hafi hann óbein áhrif á þann umferðarþunga sem um vegina fer.

4. Áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Áhrif olíugjalds á tekjur ríkissjóðs í stað þungaskatts í núverandi mynd gætu orðið með ýmsum hætti. Þar sem hér er um að ræða umfangsmikla breytingu sem snýr að mörgum þáttum samgöngumála og ríkisfjármála er nánast útilokað að segja til um áhrif slíkrar breytingar með mikilli nákvæmni. Hins vegar má nálgast slíka niðurstöðu út frá gefnum forsendum og þar með segja til um líkleg áhrif á tekjurnar.

Mikilvægt er að taka fram að með núverandi kerfi er átt við tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi á bensín, bæði almennu og sérstöku vörugjaldi, og núverandi þungaskattskerfi. Sú breyting sem felst í olíugjaldskerfinu er fyrst og fremst sú að skattlagning á bensín og dísilolíu er samræmd þannig að sambærileg krónutala er lögð á eldsneyti og síðan virðisaukaskattur til viðbótar. Þessu til viðbótar kemur síðan sérstakt gjald á þyngri ökutæki vegna þess vegaslits sem þau valda.

Samkvæmt þessu má því telja saman þá þætti sem valda breytingum á tekjum ríkissjóðs með eftirfarandi hætti:

- Áhrif vegna olíugjalds á dísilbíla í stað mælagjalds í þungaskattskerfinu.

- Áhrif vegna olíugjalds á dísilbíla í stað fastagjalds í þungaskattskerfinu.
- Áhrif vegna yfirfærslu á bensínbílum yfir í dísilbíla.
- Áhrif vegna hærri virðisaukaskattsstofns við sölu á dísilolíu.
- Áhrif vegna viðbótargjalds á þyngstu ökutækin.

Þessar forsendur eru að hluta til í samræmi við þær sem starfshópur samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar lagði til grundvallar við mat á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum í skýrslu sem birtist í maí 2001. Miðað við þessar forsendur breytir upptaka olíugjalds og breyting á kílómetragjaldinu tekjum ríkissjóðs nær ekkert frá því sem nú er. Reiknað er með að tekjuauki ríkissjóðs af virðisaukaskatti, sem áætlaður er 470 millj. kr., verði að mestu leyti vegna ökutækja sem eru undir fjórum tonnum að þyngd þar sem virðisaukaskatturinn er í flestum tilfellum endurgreiddur til annarra.

Framangreindar forsendur eru miðaðar við núverandi samsetningu bílaflotans. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra breytinga sem breytt skattlagning dísilbíla kann að hafa á samsetningu bílaflotans þegar fram í sækir. Í því sambandi má þó nefna að aukning dísilbifreiða, sérstaklega minni fólksbifreiða, mun væntanlega hafa í för með sér minni eldsneytisnotkun þegar á heildina er litið. Tekjur ríkissjóðs af sköttum á eldsneyti fara því væntanlega lækkandi þegar til lengdar lætur vegna minni eldsneytisnotkunar annars vegar og yfirfærslu frá bensínbílum yfir í dísilbíla hins vegar, þar sem skattlagning á dísilolíu er lægri en skattlagning á bensín. Til mótvægis við neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs koma jákvæð þjóðhagsleg áhrif vegna lægri eldsneytisútgjalda þjóðarbúsins auk þess sem mjög dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda samhliða minni eldsneytisnotkun.

Hvort breyting sú sem í frumvarpinu felst hafi í för með sér hækkun á flutningskostnaði ræðst af nokkrum þáttum. Ef tekið er dæmi um 26 tonna flutningsbíl með 18 tonna tengivagni og 100.000 km akstur, með eyðslu upp á 55 lítra á 100 km, kemur í ljós að miðað við núverandi kerfi mundi eldsneytiskostnaður bifreiðarinnar og tengivagnsins lækka um 5% frá því sem nú er. Ef hins vegar er tekið sama dæmi með eyðslu upp á 65 lítra á 100 km er um að ræða 5% hækkun á eldsneytiskostnaði frá því sem nú er. Hafa ber í huga að eldsneytiskostnaður er talinn nema 20% af rekstrarkostnaði vöruflutningabifreiðar og að flutningskostnaður er talinn vega u.þ.b. 5% af vöruverði.

5. Áhrif á tekjur til vegagerðar.

Verði núverandi þungaskattskerfi lagt niður og þess í stað tekið upp olíugjald má reikna með því að tekjur til vegagerðar lækki frá því sem nú er. Samkvæmt lögum renna allar tekjur ríkissjóðs af þungaskatti, auk sérstaks vörugjalds á bensín, til vegagerðar.

Tekjur til vegagerðar 1997–2004, millj. kr.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Þungaskattur af dísilbifreiðum	3.086	3.515	4.039	4.639	4.894	4.704	4.957	5.357
Mælagjald	2.139	2.257	2.030	2.586	2..631	2.485	2.611	2.862
Fast árgjald	947	1.258	2.009	2.054	2.263	2.219	2.346	2.495
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.751	5.089	5.398	5.430	5.447	5.493	5.540	5.871
Tekjur til vegagerðar samtals	**7.837**	**8.604**	**9.437**	**10.069**	**10.341**	**10.197**	**10.497**	**11.228**

Breyting yfir í olíugjald minnkar tekjur til vegagerðar samkvæmt þeim forsendum sem hér hefur verið miðað við um u.þ.b. 400 millj. kr. á ári. Til að vega upp á móti þessari tekju-

lækkun er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald á bensín hækki úr 30,89 kr. á lítra í 32,95 kr. Á móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð. Þar með verður ekki breyting á heildartekjum til vegagerðar við þessa breytingu miðað við framangreindar forsendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gjaldstofn olíugjalds afmarkaður en samkvæmt henni leggst olíugjald á gas- og dísilolíu í tollskrárnúmeri 2710.1930. Eins og lýst er hér að framan er gert ráð fyrir að olíugjaldið leggist fyrst og fremst á olíu til nota á ökutæki og er gjaldstofninn því afmarkaður við þá olíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki.

Í 2. mgr. er tekið fram að eldsneyti sem blandað hefur verið gjaldskyldri olíu skv. 1. mgr. sé gjaldskylt með sama hætti, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjárhæð olíugjalds.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um álagningu olíugjalds. Samkvæmt henni annast tollstjóri álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Er þar aðallega um að ræða álagningu vegna innflutnings til eigin nota. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að álagning olíugjalds verði hjá ríkisskattstjóra. Þar hefur skapast sérfræðiþekking en embættið hefur haft með höndum álagningu og framkvæmd þungaskatts á landsvísu. Olíugjaldið mun leysa þungaskattinn af hólmi og þykir hagræði að því að aðili með reynslu og sérþekkingu annist álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem gjaldið varðar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um gjaldskylda aðila samkvæmt lögunum.

Í 2. mgr. eru ákvæði um tilkynningarskyldu. Þannig skulu gjaldskyldir aðilar ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til ríkisskattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir. Þá skulu nýir aðilar tilkynna um starfsemi sína áður en þeir hefja starfsemi.

Í 3. mgr. er getið þeirra upplýsinga sem þurfa að koma fram í tilkynningu til ríkisskattstjóra.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ríkisskattstjóri geti hafnað skráningu aðila sem ekki fullnægir skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laganna.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um í hvaða tilvikum heimilt er að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu. Heimilt verður að afhenda litaða olíu á dráttarvélar í landbúnaði, enda þótt þær séu skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota, svo og til nota á skip og báta, til húshitunar og hitunar almenningssundlauga, til nota í iðnaði og á vinnuvélar og til raforkuframleiðslu.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að öðrum en gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr., sem fengið hafi leyfi ríkisskattstjóra, sé óheimilt að annast litun gjaldfrjálsrar olíu. Gert er ráð fyrir að búnaður sá sem nota á til litunar hafi áður fengið viðurkenningu hjá Löggildingarstofu. Ekki

er kveðið á um gerð eða samsetningu litarefnis, litunarbúnað eða framkvæmd litunar að öðru leyti í lagatextanum en gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um þetta efni líkt og gert er í nágrannalöndum okkar.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal endurgreiða hluta olíugjalds af olíu sem þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu samkvæmt greininni ber að kaupa ólitaða gjaldskylda olíu. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið verði sambærilegar afslætti sem þessir aðilar njóta í núverandi þungaskattskerfi.

Samkvæmt 2. mgr. ber jafnframt að endurgreiða olíugjald af olíu sem notuð er á bifreiðar í eigu sendiráða eða sendimanna erlendra ríkja. En þessir aðilar hafa samkvæmt núgildandi kerfi verið undanþegnir þungaskatti og kílómetragjaldi.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga aðila sem flytja inn, framleiða eða stunda aðvinnslu gjaldskyldrar olíu.

Í 1. mgr. eru ákvæði sem lúta að bókhaldi aðila sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu hér á landi. Gerð er krafa um að þeir haldi aðgreindum í bókhaldi sínu kaupum á olíu til framleiðslu og aðvinnslu, olíu til annarra nota og olíu sem er seld eða afhent með öðrum hætti. Enn fremur er í 1. mgr. ákvæði um bókhald yfir kaup aðila á annarri olíu en þeirri sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu, gjaldskyldri sem gjaldfrjálsri, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu. Loks er gerð sú krafa að gjaldskyldir aðilar haldi bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því svo að hægt sé að staðreyna samsvörun á milli magns litarefnis og afhentrar gjaldfrjálsrar olíu á ákveðnu tímabili.

Í 2. mgr. er ákvæði um bókhald skráðra aðila, annarra en þeirra sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu. Gerð er krafa um að bókhald þeirra sé með þeim hætti að þar megi sjá öll kaup á olíu, gjaldskyldri sem gjaldfrjálsri, afhendingu og eigin not olíunnar. Einnig er gerð krafa líkt og í 1. mgr. um að bókhald sé haldið yfir aðfengið litarefni og notkun á því.

Í 3. og 4. mgr. eru ákvæði um útgáfu sölureikninga og hvað koma skuli fram á þeim. Ákvæði 3. mgr. á við um alla afhendingu olíu hvort sem olíugjald er lagt á eða olía afhent án olíugjalds á grundvelli undanþágu frá gjaldskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga. Við afhendingu á litaðri olíu skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa olíu sé að ræða skv. 4. mgr.

Í 5. mgr. kemur hins vegar fram að ekki sé skylt að gefa út sölureikning við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að rekstraraðilar almenningsvagna, sem hljóta endurgreiðslu skv. 1. mgr. 6. gr., hafi yfirlit yfir lengd áætlunarleiðanna og skrái fjölda kílómetra sem ökutæki í þeirra eigu hafa ekið á viðkomandi leiðum. Skráningin skal grundvallast á talningu ökumælis eins og verið hefur í núgildandi þungaskattskerfi. Rekstraraðili almenningsvagna skal halda reikninga í bókhaldi sínu yfir aðkeypta olíu vegna rekstrar almenningsvagna eingöngu og geta sýnt fram á að olían hafi ekki verið notuð á önnur ökutæki.

Í 2. mgr. kemur fram að vanræki aðili að skrá fjölda kílómetra eða séu þeir rangt skráðir eða fullnægjandi bókhald ekki fært skv. 1. mgr. falli niður réttur til endurgreiðslu á viðkomandi endurgreiðslutímabili.

Um 9. gr.

Í þessari grein og þeirri næstu er að finna nánari afmörkun á því af hvaða magni olíu greiða skuli olíugjald á hverju uppgjörstímabili. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. þar sem segir að greiða skuli olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við það magn olíu sem hefur verið afhent á tímabilinu úr viðurkenndum birgðastöðum gjaldskyldra aðila. Samkvæmt þessari grein leggst olíugjald á olíu sem afhent er beint frá birgðastöð til kaupanda eða notanda þegar sú afhending fer fram eða þegar olía er afhent frá birgðastöð til smásala. Jafnframt leggst olíugjald á olíu sem tekin er til eigin notkunar.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar gjaldskyldum aðila að draga frá við uppgjör olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru taldar upp í þremur töluliðum undanþágur frá greiðslu olíugjalds. Í fyrstu tveimur töluliðunum kemur fram að olíunotkun sem leiðir af öðrum ákvæðum laganna er gjaldfrjáls en í þriðja töluliðnum er sjálfstæð undanþáguheimild.

Samkvæmt 1. tölul. greinarinnar telst ekki til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar olía sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að olíugjald leggist á olíu þótt hún sé flutt milli birgðastöðva gjaldskyldra aðila.

Samkvæmt 2. tölul. telst ekki til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar olía sem flutt er úr landi. Þótt það komi ekki beinum orðum fram í upphafsákvæði laganna er markmið þeirra að leggja olíugjald einvörðungu á notkun innan lands eins og almennt gildir um skattlagningu vara.

Samkvæmt 3. tölul. telst ekki til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar olía sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna rýrnunar af ástæðum sem taldar eru upp í töluliðnum eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Sönnunarbyrði vegna slíkrar rýrnunar hvílir á hinum gjaldskylda en það er háð mati skattyfirvalda hvenær nægilega telst sýnt fram á að hún hafi orðið. Þessi heimild á einungis við þegar rýrnun verður eftir að olía er afhent frá birgðastöð en olíurýrnun innan birgðastöðvar myndar ekki gjaldstofn olíugjalds þar sem álagningin fer ekki fram fyrr en við afhendingu úr birgðastöð.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um uppgjörstímabil olíugjalds, gjalddaga og skyldu gjaldskylds aðila til að standa skil á olíugjaldi ásamt olíugjaldsskýrslu.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að ríkisskattstjóri ákvarði olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili og heimild hans til að rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær og áætla greiðslu olíugjalds ef skýrslu er ekki skilað innan tilskilins tíma, engin skýrsla send eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ákvæði 2. mgr. eru sambærileg ákvæðum í 25. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisskattstjóra sé heimilt að afturkalla skráningu gjaldskylds aðila, sbr. 3. gr., ef olíugjaldsskýrslu er ekki skilað á réttum tíma eða olíugjald ekki greitt, þar til úr hefur verið bætt. Gjaldskyldir aðilar, sem eru ekki skráðir skv. 3. gr., hafa ekki heimild til að flytja inn eða fá afhenta olíu án greiðslu gjalds og yrðu því, ef úrræði þessu

yrði beitt, að greiða olíugjaldið þegar við tollafgreiðslu innfluttrar olíu eða við móttöku ef olía er keypt af innlendum aðila.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lögfestar verði reglur um með hvaða hætti ríkisskattstjóri skuli ákvarða og endurákvarða olíugjald. Reglur þessar eru sambærilegar málsmeðferðarákvæðum annarra skattalaga, svo sem laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt. Telja verður æskilegra að reglur þessar komi skýrt fram í lögunum en að vísað sé til ákvæða annarra laga. Segja má að efnisákvæði greinarinnar séu eftirfarandi: Lagt er til að reglur um fyrirspurn ríkisskattstjóra verði færðar inn í ákvæði laganna. Tekinn verði upp 15 daga lágmarksfrestur til að andmæla endurákvörðun auk almenns ákvæðis um boðun breytinga. Frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar verði að jafnaði tveir mánuðir.

Um 13. gr.

Með þessari grein er lagt til að tekið verði upp kílómetragjald á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, að undanskildum bifreiðum sem eru ætlaðar til fólksflutninga. Með leyfðri heildarþyngd er átt við þá þyngd sem er leyfð á vegum samkvæmt reglugerð nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja. Ekki er gerður greinarmunur á því hvers konar eldsneyti er notað á bifreiðar sem ná þessum þyngdarmörkum.

Gert er ráð fyrir að kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum verði sama og það kílómetragjald sem greiða ber af gjaldskyldum bifreiðum. Kílómetragjaldið verður mun einfaldara í framkvæmd en í núgildandi þungaskattskerfi, t.d. fækkar álestrartímabilum úr þremur í tvö.

Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um endurákvörðun skatts þegar heildarþyngd ökutækis reynist meiri en gjaldþyngd þess í álestrarskrá ökumæla. Ekki skiptir máli hvort gjaldþyngd hefur verið skráð minni skv. 15. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við d-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um að ríkisskattstjóri skuli ákvarða kílómetragjald að loknu hverju álestrartímabili. Gert er ráð fyrir að álestrartímabilum fækki um eitt frá því sem verið hefur í þungaskattskerfinu og þau verði því tvö, þ.e. 1.–15. desember og 1.–15. júní. Gjaldið er lagt á skráðan eiganda ökutækisins við álestur. Gjalddagar eru 1. janúar og 1. júlí.

Um 16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ökumanns til skráningar á akstri í akstursbók og skyldur hans ef taka þarf ökumæli úr ökutæki vegna viðgerðar. Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. og B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, eins og þeim var breytt með lögum nr. 68/1996. Vísast um skýringar til athugasemda við 8. og 10. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 68/1996.

Um 17. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða c-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996, um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Um 18. gr.

Lagt er til að bætt verði við lögin nýjum kafla um kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð. Í þessari grein er kveðið á um kæruheimildir. Greinin tekur til olíugjalds og kílómetragjalds. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra um olíugjald og kílómetragjald til hans innan þrjátíu daga frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Skýrar reglur eru um frá hvaða tímamarki skuli reikna frestina. Önnur ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða málsmeðferðarákvæðum virðisaukaskattslaganna.

Ákvörðun tollstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. er kæranleg til hans innan sömu tímafresta og kærur til ríkisskattstjóra. Ákvörðun tollstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar.

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit. Ríkisskattstjóri skal annast eftirlit með að lituð olía sé ekki notuð á skráningarskyld ökutæki ásamt eftirliti með ökumælum og skráningu aksturs ökutækja sem greitt er af kílómetragjald. Gert er ráð fyrir að eftirlit á vettvangi verði áfram í höndum Vegagerðarinnar en hún hefur sinnt því með góðum árangri í þungaskattskerfinu. Yfirumsjón eftirlits verður þó í höndum ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri tilkynnir síðan skattrannsóknarstjóra ríkisins eftir atvikum grun um refsivert brot.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna við störf sín. Tekið er fram að heimilt sé að stöðva ökutæki til að taka sýni úr eldsneytisgeymi svo ganga megi úr skugga um að ekki sé notuð lituð olía. Jafnframt eru tilteknar heimildir til að stöðva kílómetragjaldsskyld ökutæki og gera athuganir á ökumælisbúnaði, skráningu í akstursbók o.fl.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna ríkisskattstjóra til að fá gögn hjá olíugjaldsskyldum aðilum skv. 3. gr. svo ganga megi úr skugga um réttmæti álagningar olíugjalds og sölu eða afhendingu á jafnt litaðri sem ólitaðri olíu.

Um 20. gr.

Í þessari grein er lagt til að refsiákvæði laganna verði í einu ákvæði. Ákvæðið tekur þá til olíugjalds og kílómetragjalds. Greininni svipar að meginstefnu til 18. gr. núgildandi laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, að breyttu breytanda, en einnig var höfð hliðsjón af 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 4. mgr. er þó einnig lögð refsing við því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 4. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að tekið verði strangar á þeim brotum í framkvæmd en öðrum brotum samkvæmt málsgreininni. Um skilgreiningu á hugtökunum ásetningur og gáleysi vísast til refsiréttar. Í ákvæðinu er verknaðarlýsing, þó er ekki um að ræða tæmandi upptalningu brota sem falla undir ákvæðið, enda vísar orðalag greinarinnar til ákvæða laganna að því leyti sem upptalningin nær ekki til þeirra. Um skýringu á þeim atriðum sem refsiverð eru samkvæmt þessari grein vísast til umfjöllunar um þau í viðeigandi greinum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvarðar refsingar samkvæmt greininni en í 6. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti ákvarðað sektir hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu leyti tekin óbreytt að efni til úr núgildandi lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði 4. og 5. mgr. eiga sér hins vegar fyrirmynd í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að reiknaðir verði dráttarvextir hafi olíugjald eða kílómetragjald ekki verið greitt eða greitt of seint. Miðað er við að dráttarvextir leggist á frá gjalddaga að því er varðar olíugjaldið. Dráttarvextir vegna vangoldins kílómetragjalds reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

Um 23.–24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að tekjur til vegagerðar lækki að óbreyttu um u.þ.b. 400 millj. kr. við upptöku olíugjalds í stað núgildandi þungaskattskerfis, þó svo að heildartekjur ríkissjóðs haldist því sem næst óbreyttar vegna meiri tekna af virðisaukaskatti. Til að koma í veg fyrir skerðingu tekna til vegagerðar er hér lögð til hækkun á sérstöku vörugjaldi af bensíni, sem er markaður tekjustofn til þess málaflokks, en á móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fjáröflun ríkisins til vegagerðar með gjaldtöku af notkun ökutækja sem knúin eru með dísilolíu. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi á vorþingi 2002 en var ekki afgreitt þá og er nú lagt fram aftur í lítið breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekið verði upp olíugjald á dísilolíu sem verði 45 kr. á hvern lítra. Að óbreyttu ætti verð á lítra af dísilolíu þá að verða heldur lægra en á lítra af bensíni, eða um 94 kr. miðað við verðlag í dag. Samkvæmt frumvarpinu verður notkun dísilolíu gjaldfrjáls fyrir tilteknar tegundir tækja og véla, t.d. skip og búvinnuvélar, en litarefni verður blandað í slíka olíu við áfyllingu. Óheimilt verður að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki og er kveðið á um að lagðar verði sektir á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki. Þá er lagt til að auk olíugjalds verði innheimt stighækkandi kílómetragjald á bifreiðar og eftirvagna sem eru þyngri en 10 tonn, að undanskildum fólksflutningabifreiðum. Gert er ráð fyrir að kílómetragjaldið verði mun lægra en núverandi gjald og nái til um helmingi færri ökutækja en núverandi þungaskattur, eða um 5–6 þúsund í stað um 12 þúsund. Fast árgjald þungaskatts verður fellt niður.

Ákvæði frumvarpsins beinast einkum að þáttum sem varða tekjuhlið ríkissjóðs eins og nánar er greint frá í almennum athugasemdum við frumvarpið. Ekki er ástæða til að ætla að þau hafi veruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs en þó er reiknað með að breytt fyrirkomulag þess-

arar skattlagningar verði heldur ódýrara í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu og aðra framkvæmd varðandi olíugjald og sérstakt kílómetragjald en að hann geti falið skattstjórum og Vegagerðinni að annast einstaka þætti. Árlegur kostnaður við þungaskattskerfið hjá ríkisskattstjóra nemur liðlega 40 m.kr. Áætlað er að sá kostnaður geti lækkað um 10 m.kr., aðallega þar sem draga mun verulega úr kostnaði í tengslum við álestur. Í þeirri áætlun er reiknað með að í stað fækkunar starfa við þungaskattskerfið komi aukið vinnuframlag við bókhaldslegt eftirlit í tengslum við olíugjaldið. Miðað er við að Vegagerðin annist áfram og standi straum af vegaeftirliti með gjaldskyldum ökutækjum sem mun þá fela í sér töku sýna úr olíugeymum og eftirlit með um helmingi færri ökutækjum með ökumæli. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 0,5% af innheimtum tekjum renni í ríkissjóð til að standa undir þessum útgjöldum. Er þar um að ræða sama hlutfall og runnið hefur í ríkissjóð af tekjum af þungaskatti til að mæta kostnaði við framkvæmd núverandi kerfis.

Fjárhæðir olíugjaldsins og kílómetragjaldsins eru í frumvarpinu miðaðar við að tekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar. Samsetning teknanna mundi þó breytast þannig að tekjustofnar Vegagerðarinnar gætu lækkað um u.þ.b. 400 m.kr. Því er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald af bensíni til Vegagerðarinnar verði hækkað sem þessu nemur og að almennt vörugjald af bensíni verði lækkað í sama mæli samkvæmt ákvæði í frumvarpinu um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

1307. Frumvarp til laga [850. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

XIV. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar,** orðast svo:

a. (98. gr.)

Hlutverk Fiskræktarsjóðs er að efla fiskrækt í ám og vötnum og bæta veiðiaðstöðu með því að veita lán eða styrki til verkefna sem að því stuðla.

Veiðimálanefnd fer með stjórn Fiskræktarsjóðs og verður stjórnvaldsákvörðunum hennar samkvæmt þessum kafla ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Fyrir 1. september ár hvert skal veiðimálanefnd gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu bornar undir ráðherra til staðfestingar.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

Veiðimálanefnd getur aflað rökstuddrar umsagnar hjá veiðimálastjóra og Veiðimálastofnun um umsóknir um lán eða styrki þyki þess þörf.

Tekjur Fiskræktarsjóðs eru:
a. Fjárveiting úr ríkissjóði.
b. Gjald af veiðitekjum skv. 99. gr.
c. Gjald af tekjum vegna raforkusölu vinnslufyrirtækja skv. 100. gr.
d. Aðrar tekjur.

b. (99. gr.)

Jarðeigandi skal greiða 2% gjald af hreinum tekjum af veiði í vatni á landi sínu og í netlögum í sjó og stöðuvötnum.

Nú annast veiðifélag sölu á leigurétti til stangveiði og skal félagið þá standa skil á 2% gjaldi af arðgreiðslum.

Stjórn Fiskræktarsjóðs annast álagningu og innheimtu gjalda skv. 1. og 2. mgr. Jarðeigendur og veiðifélög skulu að eigin frumkvæði senda Fiskræktarsjóði ársreikning veiðifélags eða framtal yfir leigutekjur af veiði fyrir 1. maí ár hvert vegna næstliðins almanaksárs á eyðublaði sem sjóðurinn leggur til. Um álagningu gjalda samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 95.–97. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

Eigi síðar en 30. júní skal Fiskræktarsjóður hafa lokið álagningu á gjaldendur skv. 1. og 2. mgr. og skal þeim tilkynnt bréflega um hana.

Nú telur jarðeigandi eða veiðifélag álagt gjald eða gjaldstofn eigi rétt ákveðinn og getur viðkomandi þá sent inn rökstudda kæru til stjórnar Fiskræktarsjóðs. Ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við getur átt.

Nú telur jarðeigandi eða veiðifélag ekki fram leigutekjur af veiði og er Fiskræktarsjóði þá heimilt að áætla gjald skv. 1. og 2. mgr. Ákvæði 2. mgr. 95. gr. og 1.–3. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við getur átt.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. vegna næstliðins almanaksárs falla í gjalddaga 1. ágúst ár hvert. Ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af þeim skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Ákvarðanir Fiskræktarsjóðs um gjöld skv. 1. og 2. mgr. eru aðfararhæfar.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd við álagningu og innheimtu gjaldanna.

c. (100. gr.)

Vinnslufyrirtæki, sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku, skulu greiða 3‰ gjald af vergum tekjum af allri sölu á raforku.

Skattstjórar annast álagningu gjalda skv. 1. mgr. Ákvæði IX.–XII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt og lög um yfirskattanefnd gilda eftir því sem við getur átt.

Gjöld skv. 1. mgr. vegna næstliðins almanaksárs falla í gjalddaga 1. ágúst ár hvert. Ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af þeim skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Ákvörðun skattstjóra um álagningu gjalds skv. 1. mgr. er aðfararhæf.

Innheimtu gjalda skv. 1. mgr. annast sömu stofnanir og embætti og innheimta tekjuskatt og eignarskatt til ríkissjóðs.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd við álagningu og innheimtu gjaldanna.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 100. gr. er sala á raforku samkvæmt samningum við stórnotendur, sem gerðir voru fyrir 18. júní 1998, undanþegin gjaldskyldu út gildistíma samninganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 1. júlí 2001 fól landbúnaðarráðherra þeim dr. jur. Gauki Jörundssyni, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, Páli Hreinssyni, lagaprófessor í Háskóla Íslands, og Ingimar Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, að semja nýtt frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Það er niðurstaða nefndarinnar að aðkallandi sé að breyta ákvæðum XIV. kafla laganna um Fiskræktarsjóð sem fyrst og telur nefndin ekki ástæðu til að bíða með þær breytingar þar til heildarendurskoðun gildandi laga hefur farið fram.

Meginmarkmið breytinga á XIV. kafla laga um lax- og silungsveiði er að færa ákvæði um stjórnsýslu sjóðsins í nútímalegt horf og stuðla að skilvirkari innheimtu gjalda í sjóðinn, jafnframt því sem skýrari ákvæði eru sett um gjaldstofna þeirra gjalda sem renna í sjóðinn til að tryggja betra samræmi í stjórnsýsluframkvæmd og jafnrétti gjaldenda.

II.

Árið 1967 lögðu sex þingmenn fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53/1957, um lax-og silungsveiði, þar sem mælt var fyrir um stofnun Fiskræktarsjóðs, sbr. Alþt. 1967, A-deild, bls. 1315. Frumvarpinu var vísað til landbúnaðarnefndar en nefndarálit kom ekki fram í málinu og var það því ekki tekið frekar á dagskrá, sbr. Alþt. 1967, C-deild, bls. 794. Árið 1968 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, þar sem mælt var fyrir um stofnun Fiskræktarsjóðs, sbr. Alþt. 1968, A-deild, bls. 1603 og 1607. Frumvarpinu var vísað til landbúnaðarnefndar en nefndarálit kom ekki fram í málinu og var það því ekki tekið frekar á dagskrá, sbr. Alþt. 1968, C-deild, bls. 267. Árið eftir lagði ríkisstjórnin enn á ný fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, þar sem mælt var fyrir um stofnun Fiskræktarsjóðs, sbr. Alþt. 1969, A-deild, bls. 1666. Frumvarpið varð að lögum og var Fiskræktarsjóður því stofnaður með lögum nr. 38/1970, um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Meginmarkmið sjóðsins frá upphafi hafa verið að efla fiskrækt í landinu, m.a. með seiðasleppingum. Nú er svo komið að Ísland er eina landið við Norður-Atlantshaf sem ekki hefur orðið fyrir stórfelldu hruni í laxastofnum. Miklu fé er nú varið í nágrannalöndum okkar til viðhalds laxastofna og verndunar svo að auðlindin tapist ekki fyrir fullt og allt. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu hruni, sumar þekktar en aðrar ókunnar. Fullyrða má að mikilvægi Fiskræktarsjóðs hafi aukist eftir því sem áhrif manna á náttúru landsins hafa orðið meiri. Er því afar þýðingarmikið að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé nútímaleg og stuðli að skilvirkri starfsemi hans.

Tekjustofnar Fiskræktarsjóðs hafa frá upphafi verið 2% gjald af hreinum leigutekjum af veiði og 3‰ gjald af vergum tekjum af sölu á raforku. Í upphafi var þar um að ræða sölu á orku til almennings. Með 27. gr. laga nr. 50/1998 var hins vegar gerð sú breyting að einnig skyldi greitt sama gjald af sérsamningum til nýrra stórnotenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (98. gr.).

Helstu breytingar sem ákvæði 98. gr. fela í sér eru að fyrir 1. september ár hvert skal veiðimálanefnd gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Með þessu fyrirkomulagi er stuðlað að því að þau sjónarmið liggi fyrir sem ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum eru byggðar á. Þá stuðlar það einnig að því að fyrir liggi skýr stefnumótun um áherslur í störfum sjóðsins fyrir hvert ár.

Um b-lið (99. gr.).

Helstu nýmæli er fram koma í 99. gr. lúta að því að setja skýrari reglur um framtal, álagningu og innheimtu gjalds vegna leigutekna af veiði í vatni og í netlögum í sjó og stöðuvötnum.

Innheimt gjöld frá veiðiréttareigendum hafa verið svo sem hér segir sl. ár:

Ár		Ár	
1993	13.974.569 kr.	**1998**	14.858.100 kr.
1994	14.030.922 kr.	**1999**	15.948.419 kr.
1995	14.020.784 kr.	**2000**	17.006.863 kr.
1996	14.222.873 kr.	**2001**	17.340.004 kr.
1997	15.232.683 kr.	**2002**	16.568.998 kr.

Um c-lið (100. gr.).

Helstu nýmæli sem 100. gr. hefur að geyma lúta að því að fela skattstjórum álagningu gjalda á vinnslufyrirtæki sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku. Þetta breytta fyrirkomulag helgast ekki síst af því að með raforkulögum, nr. 65/2003, var komið á samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku og þessi starfsemi telst því ekki lengur til stjórnsýslu hins opinbera. Til þess að tryggja bæði skilvirka og samræmda innheimtu þessara gjalda er því talið nauðsynlegt að fela skattstjórum álagningu gjalds skv. 1. mgr. 100. gr. enda liggja upplýsingar um álagningarstofn gjaldsins í framtölum vinnslufyrirtækja til skattstjóra. Önnur breyting sem gerð er með ákvæðinu felst í því að ekki einvörðungu sérsamningar til nýrra stórnotenda, sem gerðir hafa verið eftir gildistöku laga nr. 50/1998, falla undir ákvæðið heldur allir slíkir orkusölusamningar. Verður ekki séð að það fái staðist 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, að vinnslufyrirtæki séu ekki öll jöfn fyrir lögum og samræmis ekki gætt við skattlagningu á sölu á raforku.

Innheimt gjöld frá vinnslufyrirtækjum hafa verið svo sem hér segir sl. ár:

Ár		Ár	
1993	7.757.323 kr.	**1998**	8.357.509 kr.
1994	8.256.112 kr.	**1999**	8.440.367 kr.
1995	8.263.223 kr.	**2000**	8.898.510 kr.
1996	8.363.085 kr.	**2001**	8.773.457 kr.
1997	8.665.642 kr.	**2002**	7.960.834 kr.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt gildandi lögum er sala á raforku til stórnotenda samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir gildistöku laga nr. 50/1998, 18. júní 1998, undanþegnir gjaldskyldu. Með ákvæði til bráðabirgða er séð til þess að svo verði áfram út gildistíma þessara samninga. Eftir það mun öll sala á raforku vatnsaflsstöðva verða gjaldskyld skv. 100. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að færa ákvæði um stjórnsýslu Fiskræktarsjóðs í nútímalegt horf og stuðla að skilvirkari innheimtu gjalda í sjóðinn með því að fela skattstjórum álagningu gjalda jafnframt því sem skýrari ákvæði eru sett um gjaldstofna þeirra gjalda sem renna í sjóðinn. Núverandi greiðendur í sjóðinn eru veiðifélög og jarðeigendur sem selja veiðileyfi. Þeirra framlag í sjóðinn nam 16,6 m.kr. árið 2002. Einnig greiða í sjóðinn vinnslufyrirtæki sem selja raforku framleidda með vatnsorku til almenningsveitna og nýrra stórnotenda eftir árið 1998. Þessi fyrirtæki eru Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða og RARIK. Alls nam sú greiðsla 8 m.kr. árið 2002. Skv. c-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að greitt verði af allri raforkusölu til almennings og stórnotenda. Gert er ráð fyrir að breiðari tekjustofn geti skilað sjóðnum aukalega 11 m.kr. tekjum árlega en þó ekki fyrr en samningar sem voru gerðir fyrir 1998 renna út eða þeim er sagt upp.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1308. Skýrsla [851. mál]

viðskiptaráðherra um stjórnunarhætti fyrirtækja.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Umræða um stjórnunarhætti fyrirtækja (e. corporate governance) hefur verið áberandi á undanförnum missirum. Með stjórnunarháttum fyrirtækja er venjulega átt við þær reglur sem gilda um stjórnun þeirra og eftirlit, m.a. tengsl stjórnarmanna og hluthafa.

Tekið er með ýmsum hætti á stjórnunarháttum hlutafélaga og einkahlutafélaga í hlutafélagalöggjöfinni. Þar er m.a. mælt fyrir um að stjórnir þessara félaga skuli setja sér starfsreglur. Þá hafa dómstólar hér á landi tekið á atriðum sem varða stjórnunarhætti félaga. Ýmis hneyksli í erlendum stórfyrirtækjum hafa leitt til þess að stjórnunarháttum hefur verið meiri gaumur gefinn að undanförnu í einstökum ríkjum og alþjóðastofnunum, t.d. innan Evrópusambandsins. Er búist við talsverðu starfi hjá sambandinu af þessum sökum á næstu árum. Hugsanlegt er að einstök ríki láti þó að sér kveða varðandi ákveðin atriði ef þörf krefur. Ísland hefur fylgst með þróuninni í félagarétti og reynt þannig að vera samstiga aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu, þar á meðal stjórnvöldum annars staðar á Norðurlöndum.

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur sett leiðbeiningarreglur um stjórnunarhætti félaga sem eru mjög almenns eðlis en auk þess er unnt að finna í Evrópu um fjörutíu reglubálka á frjálsum grundvelli. Evrópusambandið telur ekki rétt að setja samevrópskan reglubálk til leiðbeiningar en hins vegar sé rétt að reyna að beita sér fyrir enn meiri samræmingu á sviði stjórnunarhátta fyrirtækja.

Mikil vinna er í gangi innan Evrópusambandsins um stjórnunarhætti fyrirtækja. Nefnd háttsettra sérfræðinga skilaði framkvæmdastjórninni skýrslu í nóvember 2002 um nútímavæðingu félagaréttar í Evrópu. Í maí 2003 var síðan samþykkt starfsáætlun í félagarétti sem snerti m.a. stjórnunarhætti félaga en á þá leggur sambandið áherslu þótt það stefni ekki að samevrópskum reglubálki um það svið.

Fram til 2005 vinnur Evrópusambandið þannig að því, hvað stjórnunarhætti snertir, að undirbúa:

1. tilskipun um auknar kröfur varðandi birtingu upplýsinga um stjórnunarhætti, m.a. um sameiginlega ábyrgð stjórnarmanna á helstu upplýsingum sem ekki eru fjárhagslegar,
2. tilskipun um sameiginlega ábyrgð stjórnarmanna á fjármálaupplýsingum,
3. tilskipun um bættan lagaramma til að auðvelda samskipti hluthafa og ákvarðanatöku, þ.e. þátttöku í fundum, beitingu atkvæðisréttar og atkvæðagreiðslu milli landa,
4. tillögu um hlutverk stjórnarmanna sem sinna ekki framkvæmdastjórn,
5. tillögu um launakjör stjórnarmanna og
6. að beita sér fyrir fundi um stjórnunarhætti evrópskra fyrirtækja til að samræma starf aðildarríkjanna á þessu sviði.

Á árunum 2006–2008 hyggst Evrópusambandið síðan beita sér fyrir:

1. tilskipun um auknar upplýsingar frá stofnanafjárfestum um stefnu þeirra í fjárfestingarmálum og varðandi atkvæðagreiðslu,
2. tilskipun um að öll félög, sem skráð eru í kauphöll, geti valið á milli stjórna sem eru einþátta eða tvíþátta,
3. tilskipun um að auka ábyrgð stjórnarmanna, þ.e. um rétt til að krefjast sérstakrar rannsóknar, um saknæm viðskipti og hæfi stjórnarmanna, og

4. gera könnun á afleiðingum þess að stefna að algjöru hluthafalýðræði, þ.e. „einn hlutur/eitt atkvæði“, a.m.k. í félögum sem skráð eru í kauphöll.

Stjórnunarhættir fyrirtækja eru í sérstakri skoðun í viðskiptaráðuneytinu um þessar mundir. Í nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi, sem viðskiptaráðherra skipaði 27. janúar sl., er til skoðunar hvort ástæða sé til að kveða skýrar á um ýmsar leikreglur viðskiptalífsins í löggjöf, m.a. um stjórnunarhætti fyrirtækja. Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. september nk.

Í þessari skýrslu er yfirlit yfir alþjóðlega umræðu um stjórnunarhætti fyrirtækja og aðgerðir sem eftirlitsaðilar og hagsmunaaðilar hafa gripið til hér á landi. Skýrslunni er skipt upp í fimm viðauka.

Viðskiptaráðuneytið fékk Lex lögmannsstofu til að gera skýrslu um skilgreiningu á hugtakinu „stjórnunarhættir fyrirtækja“ og gera grein fyrir alþjóðlegri umræðu og setningu reglna á þessu sviði. Auk þess var henni falið að setja þessa umræðu í íslenskt samhengi. Skýrslan er í viðauka I.

Hinn 15. mars sl. kynntu Verslunarráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands leiðbeiningar um hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja. Leiðbeiningarnar eru í viðauka II.

Í viðauka III er yfirlit yfir aðgerðir Kauphallar Íslands er lúta að stjórnunarháttum fyrirtækja, m.a. reglur um upplýsingagjöf um launakjör stjórnenda.

Í viðauka IV er lýsing Fjármálaeftirlitsins um aðkomu eftirlitsins að atriðum sem lúta að stjórnunarháttum fyrirtækja.

Á árinu 2000 létu Landssamtök lífeyrissjóða þýða reglur OECD um stjórnunarhætti fyrirtækja í því skyni að hvetja til umræðu um þessi mál í stjórnum lífeyrissjóða og stuðla þannig að betri stjórnunarháttum. Reglur OECD eru í viðauka V.

VIÐAUKI I.

Stjórnunarhættir fyrirtækja (Corporate Governance).

(Skýrsla unnin fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
af Lex ehf. lögmannsstofu – Birgir Már Ragnarsson hdl. LL.M.)

1. Inngangur.

Undanfarin missiri hefur umræða um grundvallarþætti í stjórnunarháttum fyrirtækja verið áberandi bæði hér á landi og erlendis. Í hinni alþjóðlegu umræðu hefur hugtakið „Corporate Governance“ almennt verið notað sem samheiti yfir þessa grundvallarþætti, og er það þá talið ná til þeirra grundvallarsjónarmiða í löggjöf og reglum sem gilda um stjórnun og starfshætti hlutafélaga innan tiltekinna landa. Hér á landi hefur ekki enn fest í sessi ákveðið hugtak yfir þá þætti sem fjalla um „Corporate Governance“, en í skýrslu þessari verður stuðst við hugtakið „stjórnunarhættir fyrirtækja“.

Stjórnunarhættir fyrirtækja hafa reyndar verið ofarlega á baugi í umræðunni í nokkuð langan tíma, en urðu fyrst áberandi á níunda áratugnum í kjölfar ýmissa mála er komu upp í Bretlandi og vörðuðu m.a. reikningsskil félaga, laun stjórnenda auk hins svokallaða BCCI-máls sem teygði anga sína víða. Umræðan á þeim tíma var þó að mestu afmörkuð við sérfræðinga á sviði félaga- og fjármálaréttar. Sú umræða sem nú hefur sprottið upp um stjórnunarhætti fyrirtækja hefur hins vegar farið fram á mun breiðari grunni og nær til flestra hópa þjóðfélagsins. Ástæður þess að umræðunni hefur nú skotið upp á yfirborðið með svo

almennum og áberandi hætti eru fyrst og fremst ýmis mál sem komu upp í Bandaríkjunum á árinu 2001 og tengdust spillingu í rekstri þarlendra fyrirtækja. Vafalaust eru mál fyrirtækisins Enron þekktust úr þeirri umræðu sem og álitaefni tengd launakjörum æðstu stjórnenda ýmissa bandarískra stórfyrirtækja.

Í kjölfar þeirra mála hófust miklar umræður í Bandaríkjunum um stjórnunarhætti fyrirtækja. Inntak þeirra umræðu var m.a. að greina ástæður þess að slík mál kæmu upp og hvað væri að í stjórnunarháttum fyrirtækjanna sem orsakaði það að mál hefðu þróast á þann veg sem þau gerðu. Leitað var svara við áleitnum spurningum eins og: Hvað var það sem fór úrskeiðis? Hvað er að í stjórnunarháttum félaganna? Hvar voru þeir aðilar sem hafa áttu eftirlit með fyrirtækjunum? Markmiðið með umræðunni var að finna út hvað væri hægt að gera til að koma í veg fyrir eða lágmarka hættuna á því að slík máli kæmu upp aftur. Hefur umræða þessi m.a. leitt til umfangsmestu breytinga sem gerðar hafa verið á löggjöf og reglum er gilda um fyrirtæki í Bandaríkjunum síðan um 1930 þegar gerðar voru gagngerar breytingar á löggjöfinni í kjölfar kreppunnar miklu og markaðshrunsins 1929.

Það var ekki aðeins í Bandaríkjunum sem umrædd spillingarmál leiddu til umræðu um stjórnunarhætti fyrirtækja, heldur náði umræðan einnig til annarra landa. Uppgangur og árangur bandarískra fyrirtækja hefur um langt skeið vakið umtalsverða athygli hjá öðrum þjóðum. Þetta hefur m.a. leitt til þess að kennisetningar bandarískra fræðimanna um stjórnunarhætti fyrirtækja og þær reglur sem þar gilda hafa haft umtalsverð áhrif í öðrum löndum og hafa verið teknar til fyrirmyndar. Þá er einnig ljóst að löggjöf margra annarra þjóða, m.a. aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, er í mörgum atriðum grundvölluð á sömu kennisetningum um stjórnunarhætti fyrirtækja og byggt hefur verið á í Bandaríkjunum. Það var því áfall þegar í ljós kom að þær væru kannski ekki eins traustar og talið hafði verið. Fall Enron leiddi því einnig til háværrar umræðu um stjórnunarhætti fyrirtækja utan Bandaríkjanna og þá sérstaklega samanburðar reglna ýmissa þjóða við reglur þær er gilda í Bandaríkjunum. Markmið umræðu þessarar var almennt sú sama og í Bandaríkjunum, þ.e. að finna út hvað það væri í stjórnunarháttum fyrirtækja sem best væri til þess fallið að lágmarka líkur á því að slík spillingarmál kæmu upp. Mál þessi hafa nú þegar leitt til umtalsverðra aðgerða innan Evrópu og margt er í farvatninu, bæði hjá aðildarríkjunum og Evrópusambandinu. Óhætt er að fullyrða að hið ný uppkomna Parmalat-mál á Ítalíu, sem stefnir í að verða mjög umfangsmikið, muni enn frekar setja þessi máli í brennidepilinn í Evrópu.

Hér á landi hefur umræða um stjórnunarhætti fyrirtækja einnig verið nokkuð áberandi undanfarin missiri. Í fyrstu snerist umræðan einkum um þau spillingarmál sem upp komu í Bandaríkjunum, en nú nýlega hafa hins vegar einnig ýmis mál úr íslensku atvinnulífi vakið upp áleitnar spurningar um stjórnunarhætti fyrirtækja hér á landi. Í ljósi þeirrar umræðu ákvað iðnaðar- og viðskiptaráðherra að hefja vinnu í ráðuneytinu með það að markmiði að kanna inntak reglna um stjórnunarhætti fyrirtækja hér á landi. Í nóvember 2003 var þess farið á leit við undirritaðan að hann skrifaði stutta skýrslu um þau helstu atriði sem varða stjórnunarhætti fyrirtækja. Í því sambandi skyldi sérstaklega fjallað um megininntak þeirrar umræðu sem átt hefur stað á alþjóðavettvangi og draga fram þau álitaefni sem vakna um íslenska löggjöf í ljósi hennar og þeirra mála sem nýverið hafa komið upp hér landi.

Í ljósi ofangreinds er það markmið skýrslu þessarar að vera nokkurs konar hugvekja eða grunnur að frekari umræðu um stjórnunarhætti fyrirtækja hér á landi. Í henni er ætlunin að varpa ljósi á helstu þætti í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja og þau atriði í íslenskri löggjöf sem vekja upp spurningar eða álitaefni í því ljósi. Það er ekki markmið þessarar skýrslu að taka beina afstöðu til þeirra álitaefna eða svara þeim spurningum sem vakna við slíka umræðu. Á stöðum er þó bent á tiltekin sjónarmið sem hugsast gætu sem mögulegar

lausnir á þeim álitaefnum sem uppi eru. Slíkar ábendingar eru þó aðeins vangaveltur og ber að skoða þær í því ljósi.

Umfjöllun þessa ber að skoða í því ljósi að óskýrar reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja og vanhöld á því að grundvallarsjónarmið um góða stjórnunarhætti séu virt getur hæglega leitt til umfangsmikils tjóns þeirra sem síst skyldi, þ.e. almennra hluthafa í íslenskum fyrirtækjum. Oft á tíðum er ómögulegt að bæta slík tjón og því gætu slík mál auðveldlega leitt til þess að hinn almenni fjárfestir missti trú á hinum íslenska hlutabréfamarkaði, sem hefur verið í hraðri uppbyggingu. Þær reglur sem hér hafa verið nefndar mundu án efa draga úr hættu á slíku tjóni, en hafa verður í huga að aldrei er hægt að koma að fullu í veg fyrir að slík mál komi upp, hvorki með lagasetningu né öðrum aðgerðum. Reglur um góða stjórnunarhætti fyrirtækja eru fyrst og fremst tæki fyrir heiðvirða stjórnendur til að gera enn betur í störfum sínum, auk þess sem þær gera óheiðarlegum stjórnendum erfiðara um vik að skaða fyrirtæki og hluthafa þeirra með ólögmætum aðgerðum. Hér er því mikið í húfi um að vel til takist.

Opin og hreinskilin umræða er fyrsta skrefið á leiðinni að enn betri stjórnunarháttum íslenskra fyrirtækja. Slík umræða verður þó að vera yfirveguð og mikilvægt er að rasa ekki um ráð fram og setja hömlur á atvinnulífið sem gætu hugsanlega skaðað hagkvæmni í rekstri íslenskra fyrirtækja. Meginatriðið er að þær aðstæður sem nú hafa skapast í þjóðfélaginu fyrir breytingar verði nýttar á sem skynsamlegastan hátt með það að markmiði að setja markið hærra í stjórnunarháttum fyrirtækja, til framdráttar fyrir íslensk fyrirtæki og þar með íslenskt atvinnulíf.

2. Almennt um stjórnunarhætti fyrirtækja.

2.1. Hvað eru stjórnunarhættir fyrirtækja?

Hér á landi hefur ekki fest í sessi almenn skilgreining á því hvað það sé í stjórnkerfum og starfsemi fyrirtækja sem fellur undir hugtakið stjórnunarhættir fyrirtækja. Í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi hafa hins vegar verið settar fram ýmsar skilgreiningar á enska hugtakinu „Corporate Governance“ og hvað falli þar undir. Hér að aftan má sjá nokkrar þeirra:

Cadbury-skýrslan, Bretland (1992)[1]

„Stjórnunarhættir fyrirtækja er það kerfi sem beitt er við stjórnun fyrirtækis og við eftirlit með rekstri þess.“

Grunnregla OECD (1999)[2]

„Stjórnunarhættir fyrirtækja er það kerfi sem beitt er við stjórnun viðskiptafyrirtækis og við eftirlit með rekstri þess. – Stjórnunarhættir fyrirtækja er lýsing á því hvernig réttindi og skyldur deilast niður á tilgreinda aðila er tengjast fyrirtækinu, svo sem stjórn, framkvæmdastjóra, hluthafa og aðra hagsmunaaðila, og á því hvaða reglur og ferli eiga við um ákvarðanir um málefni fyrirtækisins. Fyrir tilstilli alls þessa getur stjórnskipulagið af sér það kerfi sem notað er við að setja fyrirtækinu markmið og þau tól sem þarf til að ná markmiðunum og til að fylgjast með frammistöðunni.“

---

[1] Report of the Committee on *The Financial Aspects og Corporate governance* (Desember 1992) „Cadbury-skýrslan“.

[2] Ad Hoc Task Force on Corporate governance, OECD Principles of Corporate governance, SG/ CG(99)5.

World Bank Group (1999)[3]

„Stjórnunarhættir fyrirtækja snúast um það að viðhalda jafnvægi milli efnahagslegra og félagslegra markmiða og milli markmiða einstaklinganna og samfélagsins. Sá rammi sem stjórnskipulagið myndar utan um reksturinn er nauðsynlegur því hann stuðlar að skynsamlegri hagnýtingu fjármuna og að því að kröfur verði gerðar um að þeir sem fara með umsjón fjármunanna verði dregnir til ábyrgðar ef misferli á sér stað. Tilgangurinn er að samræma hagsmuni einstaklinganna, fyrirtækjanna og samfélagsins eins vel og kostur er á."

Dey-skýrslan, Kanada (1994)[4]

„Með „stjórnunarháttum fyrirtækja" er átt við ferli og kerfi sem notuð eru til að stjórna viðskiptum fyrirtækis með það fyrir augum að auka verðmæti hlutafjárins. Í því felst jafnframt að leitast er við að tryggja efnahagslegan grundvöll rekstrarins. Í ferlunum og kerfunum er skilgreint hvernig valdið dreifist og hvaða aðferðir eru til að tryggja að hægt sé að reiða sig á hluthafa, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Við stjórnun rekstrarins verður að taka tillit til annarra sem hagsmuna eiga að gæta, svo sem starfsmanna, viðskiptavina, heildsala og samfélagsins."

Peters-skýrslan, Holland (1997)[5]

„Með stjórnunarháttum fyrirtækja er átt við stjórnun og völd, ábyrgð og áhrif, áreiðanleika og eftirlit. Í þessu tilliti hefur heiðarleiki og gegnsæi mikið að segja."

Þýsk nefnd um stjórnskipulag fyrirtækja (2000)

„Tilgangurinn með stjórnunarháttum fyrirtækja er að koma á áreiðanlegri og virðismiðaðri stjórn fyrirtækja. Reglur um stjórnarhætti fyrirtækja efla og styrkja traust núverandi og síðari hluthafa, lánardrottna, starfsmanna, viðskiptafélaga og alls almennings, til markaða innan lands og utan. Eftirlitsnefndin, stjórn fyrirtækisins og framkvæmdastjórar þess, allir þessir aðilar beygja sig undir reglur og teljast bundnir þeim samkvæmt samningi. Þær eru hluti af hinum almennu skuldbindingum um að menn skulu taka tillit til annarra hagsmuna sem tengjast rekstri fyrirtækisins."

Preda-skýrslan, Ítalía (1999)[6]

„Stjórnunarhættir fyrirtækja, í þeim skilningi að átt sé við reglur um eignarhald og stjórnun fyrirtækja, tengjast staðalreglum, hegðunarmynstri og hefðum sem þróast hafa innan einstakra hagkerfa og lagaumhverfa. Stjórnunarhættir fyrirtækja tengist alls ekki einni fyrirmynd sem hægt er að flytja út og líkja eftir í öðrum löndum."

---

3 World Bank Group, *Corporate governance: A Framework for Implementation* (1999).

4 Toronto Stock Exchange, *Where were the Directors? Guidelines for improved corporate governance in Canada* (1994) „Dey-skýrslan".

5 Peters Committee, *Corporate governance in the Netherlands – Forty recommendations* (1997) „Peters-skýrslan".

6 Committee for the Corporate governance of listed Companies, *Report: Code of Conduct* (1999) „Preda-skýrslan".

Skýrsla Nörby-nefndarinnar, Danmörk (2002)[7]

„Stefnumiðin sem stjórnun fyrirtækis er miðuð við, svo og helstu grunnreglur og rammar sem ákvarða samspil stjórnunareininga fyrirtækisins, eigendurnir svo og aðrir aðilar, sem verða fyrir beinum áhrifum af fjármálalegum og rekstrarlegum ráðstöfunum fyrirtækisins (í þessu samhengi vísað til þeirra sameiginlega sem aðila er hagsmuna eiga að gæta í fyrirtækinu). Hagsmunaaðilarnir eru starfsfólk, lánardrottnar, heildsalar, viðskiptavinir og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag, o.fl.“

Eins og sjá má af ofangreindum skilgreiningum er nokkur munur á því hvernig hugtakið stjórnunarhættir fyrirtækja er skilgreint. Enn hefur ekki komið fram alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu sem hefur náð að festast í sessi. Ástæðu þess er vel lýst í ofangreindum texta úr Preda-skýrslunni, en þar kemur fram að reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja mótist fyrst og fremst af þeim gildum, hefðum og sjónarmiðum sem gilda í hverju laga- og hagkerfi fyrir sig. Þannig má ljóst vera að áherslur í stjórnunarháttum fyrirtækja, t.d. í Bandaríkjunum annars vegar og á Íslandi hins vegar, eru líklega ekki alls kostar þær sömu, þar sem það efnahagslega og lagalega umhverfi sem fyrirtækin búa við er ekki það sama í hvoru landinu fyrir sig. Þrátt fyrir þennan mun sem er á aðstæðum fyrirtækja eftir í hvaða landi þau eru, má ekki gera of mikið úr honum í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja, þar sem í flestum meginatriðum eru það sömu grundvallaratriðin sem reynir á í þessum efnum.

Í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja er einnig mikilvægt að hafa í huga að það sem talið hefur falla undir hugtakið hefur tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Þannig er í Cadbury-skýrslunni lögð megin áhersla á stjórnunarþáttinn og hagsmuni hluthafa, en þær skilgreiningar sem eru til komnar síðar vísa auk þess til mun víðtækari hagsmuna af rekstri fyrirtækja, þ.e. hagsmuna þjóðfélagsins í heild. Þessi mismunur á skilgreiningunni endurspeglar þá þróun sem átt hefur sér stað í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja hin síðustu ár, frá því að fjalla nær einvörðungu um hagsmuni hluthafa til þess að fjalla um hina víðtæku hagsmuni þjóðfélagsins af því að fyrirtæki séu rekin á sem hagkvæmastan hátt.

Með hliðsjón af kenningum um stjórnunarhætti fyrirtækja, þróun hugtaksins á alþjóðavettvangi og íslenskri löggjöf, er sett fram eftirfarandi skilgreining á stjórnunarháttum fyrirtækja sem stuðst verður við í skýrslu þessari:

„Það kerfi eða sú aðferð sem fyrirtæki er stýrt og stjórnað eftir, sem og þær grundvallarreglur og sjónarmið sem gilda um hlutverk og ábyrgð mismunandi stjórnunareininga fyrirtækisins gagnvart hvorri annarri og þeim aðilum öðrum sem hagsmuna hafa að gæta af rekstri þess.“

2.2. Hvers vegna skipta stjórnunarhættir fyrirtækja máli?

Í umfjöllun um stjórnunarhætti fyrirtækja, þar sem leitast er við að skýra ábyrgð og hlutverk helstu stjórnunareininga fyrirtækisins, er nauðsynlegt að hafa í huga þau grundvallaratriði sem það rekstrarform er byggt á. Fyrirtækið sem rekstrarform er vel þekkt í dag og óhætt er að segja að það sé hér á landi algengasta form þeirra félaga sem stofnuð eru um atvinnurekstur. Með hugtakinu „fyrirtæki“ er í umfjöllun þessari einvörðungu átt við félög sem rekin eru í formi hlutafélaga, þ.e. félög með takmarkaðri ábyrgð.

Því hefur verið haldið fram að fyrirtækjaformið og þróun þess sé á meðal mikilvægustu

---

[7] Nörby-udvalges rapport on Corporate governance i Danmark, *Anbefalingar for god selskabsledelse i Danmark* (2002) „Nörby-skýrslan“.

„uppfinninga“ sem fram hafa komið í vestrænu samfélagi. Hefur verið bent á að án hinnar takmörkuðu ábyrgðar eigenda fyrirtækisins, sem er grundvallaratriðið í því rekstrarformi, hefði verið nær ómögulegt að afla fjár til að kosta þau frumkvöðlaverkefni sem leitt hafa til tækniframfara og hagþróunar í vestrænu samfélagi. Það er því hin lagalega takmörkun á ábyrgð eigenda gagnvart skuldbindingu fyrirtækisins sem gerir það að verkum að fyrirtækjaformið nýtur óumdeilanlega yfirburða á flestum sviðum sem rekstrarform í atvinnurekstri.

Sú takmarkaða ábyrgð sem eigendur bera á skuldbindingum fyrirtækisins gerði það að verkum að verðmæti félagsins var ekki lengur bundið við fjárstyrk og stöðu einstakra eigenda þess. Eignarhlutir gátu því gengið kaupum og sölum án þess að það hefði áhrif á stöðu fyrirtækisins og þar með verðmæti hlutarins. Þetta leiddi til þess að fleiri aðilar gátu komið að fjármögnun fyrirtækja með smærri fjárframlögum. Til urðu fyrirtæki með fjölmörgum hluthöfum þar sem hlutir gengu kaupum og sölum á virkum markaði. Þessi fjölgun sem átti sér stað í eigendahópi félaga um atvinnurekstur varð því til þess að aðgangur að fjármagni var mun auðveldari, en að sama skapi þurfti að takast á við ný álitaefni í stjórnunarháttum þeirra.

Inntak eignarréttar að félögum er og hefur verið rétturinn til að stjórna og rétturinn til arðs af tekjum félagsins umfram gjöld. Í félögum þar sem eigendur voru fáir sköpuðust almennt ekki mikil vandamál eða kostnaður við að framkvæma þau hlutverk sem þurfti til að ná fram þessum rétti eigenda, enda voru þeir almennt einnig starfsmenn félaganna eða nákomnir rekstrinum með öðrum hætti. Eftir því sem félög verða stærri og eignarhald og stjórnun fara síður saman er hins vegar sífellt vandasamara og kostnaðarsamara að tryggja þessi réttindi eigenda.

Í stærri fyrirtækjum er óhagkvæmt að tryggja beina aðkomu eigenda að öllum ákvörðunum um rekstur félagsins þar sem það er mjög kostnaðarsamt, tímafrekt eða jafnvel ómögulegt. Þetta leiðir til þess að eigendurnir sjá sig knúna til að framselja ákvarðanavald til annarra starfseininga, oftast sérstakrar stjórnar sem síðan framselur vald til ákvarðana um daglegan rekstur til sérstakra framkvæmdastjóra. Þetta framsal kemur hins vegar ekki án fórna þar sem það felur í sér kostnað sem almennt er kallaður á ensku „agency cost“ eða umboðsmannskostnaður. Kostnaður þessi fellur til vegna þess að hagsmunir stjórnenda og hluthafa fara ekki saman að fullu og þar með skapast sú hætta að stjórnendur fyrirtækja láti að einhverju marki sína persónulega hagsmuni ráða, á kostnað þeirra fyrirtækja sem þeir vinna fyrir og þar með hluthafa þess. Með nokkurri einföldun er hægt er að segja að umboðsmannskostnaður sé tvíþættur, annars vegar kostnaðurinn við að hafa eftirlit með störfum stjórnenda og hins vegar kostnaður af tækifærisstefnu stjórnenda sem er afleiðing af því að eftirliti með þeim er ekki framfylgt á sem hagkvæmastan hátt.[8]

Eftirfarandi texti úr „Auðlegð þjóðanna“ eftir Adam Smith lýsir þessu vandamáli í hnotskurn:[9]

„Umsjón með starfsemi hlutafélags er ævinlega í höndum stjórnar félagsins. Stjórnin er hins vegar afar oft háð eftirliti nefndar sem í sitja eigendur. En fæstir þessara eigenda halda því fram að þeir hafi þekkingu á starfsemi félagsins og taka þakklátir við þeim hálfs- eða heilsársarðgreiðslum sem stjórnarmennirnir telja að þeim hæfi. Fyrst áhættan er engin umfram takmarkaða upphæð freista margir gæfunnar í félögum af þessari gerð, en mundu í

---

8 Sjá nánar um Agency Cost m.a.: M Jensen og W. Mecling, *Theory of the Firm; Managerial Behaviour, Agency Cost an Ownership Structure*, J. Fin. Econ. 305 (1976).

9 Adam Smith, *An Inquiry into the Nature and Couses of Wealth of Nations* (1776), bók 5, kafli 1.

engum tilvikum hætta fjármunum sínum í sameignarfélagi. Slík félög laða þess vegna iðulega að sér miklu meira hlutafé en nokkurt sameignarfélag getur hælt sér af. En þar eð þeir sem stjórna slíkum félögum eru að sýsla með fé sem aðrir eiga er tæplega við því að búast að þeir ávaxti það af jafnmiklum áhuga og þeir sýna sem eru eigendur sameignarfélaga og eru að gæta sinna eigin fjármuna. Eins og ráðsmenn á búum ríkra manna leggja þeir sig ekki í framkróka við að sinna hverju smáatriði. Þess vegna má alltaf gera ráð fyrir vanrækslu og óreiðu að einhverju marki í stjórnun slíkra fyrirtækja.“

Upphafleg umræða um stjórnunarhætti fyrirtækja miðaðist við að finna aðferð við að lágmarka þennan kostnað fyrir hluthafana og samþætta eftir bestu getu hagsmuni stjórnenda og hluthafa. Samkvæmt því er má segja að markmið laga og reglna um stjórnunarhætti fyrirtækja að búa til kerfi sem leysir á sem hagkvæmastan hátt:

1. Það nauðsynlega framsal á valdi til ákvörðunartöku sem hluthafar verða að framkvæma í rekstri fyrirtækja.
2. Eftirlit með þeim stjórnendum sem ákvörðunarvald er framselt til.

Fyrra atriðið vekur upp spurningar eins og:

- Að hvaða marki eiga hluthafar að framselja ákvörðunarvald til stjórnenda? Hvaða grundvallarákvarðanir eiga að vera í höndum hluthafa?
- Hvernig á aðkoma hluthafa að ákvörðunum um grundvallarþætti í rekstri fyrirtækja að vera? Hvernig á að tryggja aðkomu þeirra?
- Eiga allir hlutir að hafa sama atkvæðavægi? Hversu mikið atkvæðavægi er rétt að hafa sem lágmark við mismunandi ákvarðanir?

Hið síðara vekur upp spurningar um þætti eins og:

- Hver er hlutverk og ábyrgð stjórnenda gagnvart hluthöfum og fyrirtækinu?
- Hver er upplýsingaskylda stjórnenda? Að hvaða marki er nauðsynlegt að upplýsa hluthafa um reksturinn og hversu mikinn kostnað er hægt að réttlæta í því sambandi?
- Hvernig er best hægt að draga úr tækifærisstefnu stjórnenda? Er hægt að samþætta hagsmuni félagsins og einstaka stjórnenda, t.d. í gegnum starfskjör þeirra?
- Hvert er hlutverk og ábyrgð svokallaðra „gatekeepers“, þ.e. utanaðkomandi aðila sem hluthafar ráða til sérstakra eftirlitsstarfa eins og t.d. ytri endurskoðendur.

Samkvæmt ofangreindu eru það því hagsmunir hluthafanna sem hafðir eru að leiðarljósi við mótun reglna um stjórnunarhætti fyrirtækja. En það eru ekki aðeins hluthafar sem hafa hagsmuni af því að fyrirtækjum sé stjórnað á sem hagkvæmastan hátt. Einn af þeim þáttum sem hafa mikil áhrif á efnahagsástand landa er hagkvæmni í rekstri þeirra fyrirtækja sem þar starfa. Tiltrú almennings og markaðarins á fyrirtæki hefur einnig úrslitaáhrif á möguleika þeirra til að sækja fjármagn til fjárfesta og þau kjör sem þeim bjóðast. Samkvæmt því hefur skilvirkni í rekstri og stjórnun íslenskra fyrirtækja veruleg áhrif á efnahag og samkeppnishæfni þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi. Umhverfi það sem fyrirtæki starfa í hér á landi verður því að vera þannig úr garði gert að fyrirtækin og þeir sem þeim stjórna hafi frelsi, svigrúm og hvata til þess að sækja fram og eflast. En frelsi þessu þurfa þó að vera settar þær skorður að fyrirtækin, og þeir sem þeim stjórna, verða að bera ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta af rekstri félagsins og samfélaginu í heild. Það er því kjarninn í reglum um stjórnunarhætti fyrirtækja að skilgreina og skýra ábyrgð og hlutverk helstu stjórnunar- og eftirlitsaðila fyrirtækisins, þ.e. hluthafa, stjórnenda og endurskoðenda, á þann hátt sem er best til þess fallinn að ná ofangreindum markmiðum.

Reglum um stjórnunarhætti fyrirtækja er þannig ekki aðeins ætlað að koma í veg fyrir spillingu og tækifærisstefnu í rekstri félaga heldur einnig að koma upp kerfi sem er til þess fallið að hámarkar verðmæti fyrirtækjanna. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt í ljósi alþjóðavæðingarinnar sem hefur í för með sér að samkeppni milli landa á ýmsum sviðum er sífellt að aukast. Samkeppni landa um stofnsetningu fyrirtækja innan sinnar lögsögu hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun. Lönd keppast við að draga til sín fyrirtæki og mikilvægasti þátturinn í því sambandi er að tryggja þeim sem best rekstrarumhverfi. Þjóðir sem ekki fylgja eftir í þeirri þróun sem á sér stað, eiga ekki aðeins á hættu að ná ekki til sín nýjum fyrirtækjum heldur einnig að missa þau fyrirtæki sem fyrir eru til annarra landa. Í þessu sambandi má m.a. benda á þá þróun sem hefur átt sér stað í samkeppni um stofnsetningu fyrirtækja innan Evrópska efnahagssvæðisins og þess lagaumhverfis sem ríkir í Bandaríkjunum, en þar er slík samkeppni mjög áþreifanleg. Hefur hún m.a. leitt til þess að flest fyrirtæki þar í landi eru stofnsett í fylkinu Delaware þar sem löggjöf þykir hagkvæmust fyrir rekstur fyrirtækja og dómskerfi skilvirkt.

Umræða um stjórnunarhætti fyrirtækja á sér því margar hliðar og ljóst er að hagsmunir af góðum stjórnunarháttum eru margvíslegir. Í ljósi ofangreindrar umfjöllunar má hins vegar draga saman markmið umfjöllunar og reglna um stjórnunarhætti fyrirtækja hér á landi í eftirfarandi grundvallarmarkmið:

1. Að tryggja sem best hagsmuni hluthafa og annarra sem hagsmuna hafa að gæta af rekstri fyrirtækja.
2. Að gera fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum meira aðlaðandi, bæði fyrir innlenda og erlenda fjárfesta. Með því er auðveldaður aðgangur þeirra að fjármagni og fjármagnskostnaður lækkar. Að sama skapi ætti markaðurinn að dýpka, velta að aukast og þar með verðmæti þeirra fyrirtækja sem á honum starfa.
3. Hvetja íslensk fyrirtæki til að laga sig að alþjóðavæðingu og taka þátt í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um stjórnunarhætti fyrirtækja í því skyni að gera þau samkeppnishæfari í umhverfi sem er sífellt að verða alþjóðlegra.

3. Umræðan erlendis um stjórnunarhætti fyrirtækja.

3.1. Upphafið – Bandaríkin.

Stjórnunarhættir fyrirtækja hafa lengi verið ofarlega á baugi í umfjöllun um grundvallarþætti í rekstri fyrirtækja, þó einkum í Bandaríkjunum. Eins og fram hefur komið hefur sú umræða fyrst og fremst snúist um þá togstreitu sem ríkir milli þeirra sem eiga fyrirtæki annars vegar og þeirra sem stjórna þeim hins vegar.

Togstreita þessi endurspeglast í því að í Bandaríkjunum hefur lengi verið talin við lýði sú grundvallarkennisetning í fyrirtækjarétti, að markmið laga og reglna sem gilda um fyrirtæki sé að verja hagsmuni hluthafa gagnvart stjórnum fyrirtækjanna. Gömul og fræg tilvísun í þetta sjónarmið má finna í dómsmálinu *Dodge gegn Ford Motor Co.* frá 1919 þar sem segir: „Fyrirtæki er skipulagt og starfrækt fyrir og fremst með hagnað hluthafa að leiðarljósi. Hlutverk stjórnarmanna er að gæta að þessu.“ Þetta sjónarmið í stjórnunarháttum fyrirtækja, sem kallað hefur verið á ensku „shareholder primacy“, hefur síðan verið margstaðfest af banda-

ríkum fræðimönnum.[10] Það er hins vegar ekki einhlítt og kenningar sem grundvallaðar eru á víðtækari sjónarmiðum, eins og t.d. hagsmunum stjórnenda, starfsmanna og þjóðfélagsins í heild, oft kallað á ensku „stakeholder theory", hafa einnig skotið upp kollinum og orðið áberandi hin síðari ár. Sú umræða hefur einkum átt sér stað í kringum þær yfirtökuvarnir sem stjórnir eru taldar geta beitt til að koma í veg fyrir að hluthafar geti selt hluti sína til hæstbjóðanda og tengd mál sem fjallað hefur verið um í nokkrum frægum bandarískum dómsmálum.[11]

Þær fjármála-krísur sem upp komu í Asíu, Rússlandi og Suður-Ameríku á níunda áratugnum leiddu einnig til mikillar umræðu sérfræðinga á alþjóðavettvangi um stjórnunarhætti fyrirtækja. Talið var að stór þáttur í þeim krísum hafi verið starfshættir þarlendra fyrirtækja og því hafi gallar í stjórnunarháttum fyrirtækja í raun ógnað stöðugleika viðkomandi hagkerfa sem hefði getað haft keðjuverkandi áhrif á önnur hagkerfi í heiminum (e. spillover effect). Stjórnunarhættir fyrirtækja komust því á dagskrá ýmissa alþjóðastofnana, með það að markmiði að styrkja innviði fyrirtækja í umræddum hagkerfum, sem voru mjög veik fyrir, og koma þannig í veg fyrir að slíkar krísur kæmu aftur upp og ógnað gætu stöðugleika í hagkerfum heimsins.[12]

3.2. Evrópa, Cadbury-skýrslan og „best practice"-reglur.

Sú umræða um stjórnunarhætti fyrirtækja sem hins vegar er þekktari og fangað hefur meiri athygli almennings er sprottin af nýlegum spillingarmálum sem upp hafa komið í Bandaríkjunum og Evrópu. Mál þessi hafa leitt til þess að tiltrú almennings á stjórnum fyrirtækja, og þeim stjórnunarháttum sem rekstur þeirra er grundvallaður á, hefur minnkað til muna. Ein afleiðing þess er sú að stjórnunarhættir fyrirtækja eru ekki lengur málefni sem eingöngu eru rædd á meðal sérfræðinga á sviði félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar, heldur nær sú umræða nú til allra hópa þjóðfélagsins.

Ein fyrsta skýrslan sem fram kom í kjölfar spillingarmála er svokölluð Cadbury-skýrsla sem kom út í Bretlandi árið 1992, en skýrslan hefur verið nefnd eftir formanni nefndarinnar sem skrifaði hana.[13] Nefnd þessi var skipuð árið 1991 og var ætlað að kanna stjórnunarhætti fyrirtækja með sérstakri áherslu á reikningsskil fyrirtækja. Ástæðan fyrir skipun nefndarinnar var einkum hið erfiða ástand sem var í rekstri fyrirtækja á þeim tíma. Hins vegar fékk nefndin alveg sérstaka athygli þar sem að á skipunartíma hennar komu upp á yfirborðið ýmis spillingarmál, m.a. svokallað BCCI-mál,[14] mál viðskiptajöfursins Roberts Maxwell og ýmis önnur mál er tengdust launakjörum æðstu stjórnenda fyrirtækja.

Í skýrslunni er fjallað um samspil hluthafa og stjórnenda, hlutverk og skipan stjórna og hlutverk og ábyrgð endurskoðenda. Sérstök áhersla er lögð á reikningsskil fyrirtækja og

---

[10] Sjá m.a.: Mark Roe prófessor við Harvard-háskóla: „Shareholder wealth maximization is usually accepted as the appropriate goal in American Business circles", *The shareholder Wealth Maximization Norm and Industrial Organization,* 149 U. Pa. L. Rev., 2063 (2001); Hansmann og Kraakman prófessorar við Harvard-háskóla „There is no longer any serious competitior to the view that corporate law should principally strive to increase long-term shareholder value." *The end of History for Corporate Law,* 89 Geo. L.J. 439 (2001).

[11] Sjá m.a. dómsmálin: Unocal v. Mesa, Moran v. Household International, Paramount v. Time, Unitrin v. American General Corp, Revlon v. MacAndrews, Paramount v. QVC.

[12] Sjá m.a.: Ad Hoc Task Force on Corporate Governance, *OECD Principles of Corporate Governance,* (1999).

[13] Report of the Committee on *The Financial Aspects og Corporate Governance* (Desember 1992) „Cadbury-skýrslan".

[14] Bank of Credit and Commerce International.

hlutverk stjórna og endurskoðenda hvað þau varðar. Í skýrslunni eru settar fram tillögur að reglum um svokallaða „bestu framkvæmd“ (e. best practice), þ.e. reglum sem fyrirtækjum er frjálst að ákveða hvort þau taka upp í starfsemi sinni eða ekki. Hins vegar er einnig bent á nokkur atriði sem nefndin taldi hugsanlegt að þyrfti sérstaka lagabreytingar til að ná fram með fullnægjandi hætti, þó að fenginni reynslu af framkvæmd frjálsu reglnanna. Reglur þær sem komu fram í skýrslunni hafa síðan verið uppfærðar og sjá má nýjustu útgáfu þeirra í „The Combined Code of Corporate Governance“ sem gefið var út af breska fjármálaeftirlitinu í júlí 2003. Endurskoðun þessi byggði að mestu á niðurstöðum sem fram komu í mjög áhugaverðri skýrslu, svokallaðri „Higgs-skýrslu“ frá janúar 2003, sem fjallar að meginstefnu um hlutverk og stöðu stjórnarmanna sem eru ekki jafnframt framkvæmdastjórar í viðkomandi félögum.[15]

Síðan Cadbury-skýrslan var gerð hafa komið fram margar skýrslur þar sem einnig eru settar fram sambærilegar reglur ýmist undir heitunum „best practice“, „code of conduct“, „anbefallingar“, „principles“ eða undir öðrum sambærilegum heitum. Sem dæmi um hversu algengar slíkar reglur eru orðnar má nefna að nú er svo komið að í langflestum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins hafa verið settar reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja sem fyrirtæki geta sjálf ákveðið að gangast undir. Um þetta má sjá nánar í skýrslu Weil Gotshal & Manges LLP, „Comparative Study of Corporate Governance Codes relevant to the European Union and its member states“ frá árinu 2002, sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Í skýrslu þessari verður hugtakið „verklagsreglur um stjórnunarhætti“ notað um slíkar reglur sem fyrirtækjum er frjálst að gangast undir og fjalla um stjórnunarhætti þeirra.

3.3. Bandaríkin – Post Enron.

Þann 16. október 2001 tilkynnti Bandaríska fyrirtækið Enron að það þyrfti að gjaldfæra $544 milljónir sem tengdust viðskiptum við fyrirtækið LJM2 CO-Investment L.P., sem stofnað hafði verið og var stjórnað af Andrew S. Fastow, aðstoðarforstjóra og fjármálastjóra Enron. Fyrirtækið tilkynnti einnig að það þyrfti að færa niður eigið fé félagsins um $1,2 milljarða vegna viðskipta sem tengdust sama fyrirtæki. Innan við mánuði síðar tilkynnti félagið að það þyrfti að endurfæra ársreikninga sína fyrir tímabilið 1997 til 2001, vegna mistaka við framsetningu viðskipta við tvö önnur fyrirtæki sem einnig var stjórnað af Fastow. Lagfæringar þessar fólu í sér að eigið fé hluthafa lækkaði gífurlega, skuldir jukust og tekjur lækkuðu. Við þetta hrundi tiltrú markaðarins og fjárfesta á fyrirtækinu og innan við mánuði síðar sótti það um að vera tekið til gjaldþrotaskipta. Endurskoðendur félagsins, alþjóðlega endurskoðendafyrirtækið Arthur Anderson LLP, voru í kjölfarið dæmdir fyrir að eyða skjölum, sektaðir um verulegar fjárhæðir og sviptir leyfi sínu fyrir þátttöku sína í spillingarmálinu. Refsingar þessar voru þó fyrst og fremst táknrænar þar sem allir viðskiptamenn félagsins höfðu yfirgefið það í kjölfar málsins og endurskoðendastarfsemi þess hætt.

Tilkoma Enron-málsins og fleiri mála sem upp komu í Bandaríkjunum[16] hafði það í för með sér að umræðan um stjórnunarhætti fyrirtækja breyttist nokkuð. Í ljósi þeirra mála urðu þær ræddir háværar að fyrirtæki og endurskoðendur kynnu ekki að fara með það traust sem þeim væri sýnt og því yrði að setja þeim reglur sem þeim væri skylt að fara eftir og hefðu

---

[15] Derek Higgs, *Review of the role and effectiveness og non-executive directors* (January 2003).

[16] Sem dæmi má nefna: Waste Management, Global Crossing, WorldCom, Tyco, Grubman/Citigroup, HealthSouth og Freddie Mack.

ekki val um að gangast undir. Þetta leiddi til þess að áherslan í stjórnunarháttum fyrirtækja breyttist nokkuð og lögð var aukin áhersla á að ákveðin grundvallaratriði um stjórnunarhætti fyrirtækja yrði að setja í lög eða annars konar reglur sem fyrirtækjum væri almennt skylt að fylgja, eins og t.d. ófrávíkjanlegar reglur kauphalla. Umræða þessi hafði í för með sér þær umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirtækjaumhverfinu í Bandaríkjunum síðan á fyrri hluta síðustu aldar, og raun sér ekki enn fyrir endann á þeim breytingum.

Sarbanes-Oxley.

Í þeim breytingum ber án efa hæst löggjöf sem samþykkt var í Bandaríkjunum um mitt ár 2002 um stjórnunarhætti fyrirtækja og endurbætur á upplýsingaskyldu þeirra, svokallað „Sarbanes-Oxley Act".[17] Lögin eru yfir 130 blaðsíður á lengd og fjalla um margvíslega þætti í stjórnunarháttum fyrirtækja, upplýsingaskyldu fyrirtækja og málefnum er tengjast verðbréfamarkaði og eftirliti á fjármálamarkaði. Þar að auki var gerð sú grundvallarbreyting að sjálfstæði endurskoðenda sem störfuðu fyrir félög sem voru undir eftirliti SEC (verðbréfaeftirlitið) var skert, og þeim gert að skrá sig hjá SEC og lúta eftirliti þess. Sumar þær reglur sem voru settar í lögunum voru nýmæli, en aðrar komu úr verklagsreglum, kauphallarreglum og tilmælum eftirlitsaðila.

Þau helstu nýmæli og breytingar sem lögin fólu í sér á sviði Corporate Governance voru:

- Strangari óhæðisreglur fyrir endurskoðunarnefndir, aukin ábyrgð slíkra nefnda, þar á meðal samþykki á öllum heimilum hliðarstörfum ytri endurskoðenda og aukin upplýsingaskylda hvað varðar störf nefndarinnar.
- Bann við lánveitingum fyrirtækja til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, öðrum en tilteknum neytendalánum.
- Krafa að forstjóri (aðalframkvæmdastjóri) og fjármálastjóri staðfest efni og heilleika ársskýrslna og árshlutauppgjöra fyrirtækisins, sem og ábyrgð sína og mat á innri eftirlitskerfum þess. Falskar yfirlýsingar sem gerðar eru vísvitandi eða viljandi eru refsiverðar (þar á meðal fangelsi upp að 20 árum í sumum tilvikum) og stjórnendum gert að skila afkomutengdum launum í slíkum tilvikum.
- Strangari kröfur gerðar til ákvörðunar á óhæði endurskoðenda.
- Nýju reglukerfi komið á fót fyrir störf endurskoðenda, þar á meðal við setningu reikningsskilareglna. Eftirlitsvald með endurskoðendum fært í hendur SEC.
- Nýjar reglur settar um starfsaðferðir endurskoðenda, m.a. bann við því að ytri endurskoðendur veiti margvíslega hliðarþjónustu (önnur en skattaráðgjöf) sem þeir höfðu veitt áður, þar á meðal lögfræðiráðgjöf og skylda til að skipta um endurskoðanda á a.m.k. fimm ára fresti.
- Aukin upplýsingagjöf fyrirtækja og aukið eftirlit SEC með slíkri upplýsingagjöf.

Í lögunum er fjallað með nákvæmum hætti um ákveðin atriði í stjórnunarháttum fyrirtækja, en vald síðan framselt til eftirlitsaðila, einkum SEC, um nánari útfærslu á öðrum. SEC hefur frá setningu laganna sett margvíslegar reglur á grundvelli þeirra og finna má yfirlit yfir þær hér að neðan:

Aðgerðir til að efla traust á endurskoðendum.

- Public Company Accounting Oversight Board, þ.e. Úrskurðarnefnd í bókhaldsbrotum er varða opin hlutafélög, var stofnuð með þessum lögum.

---

[17] Heildartexta laganna má sjá á vefslóðinni http://www.law.uc.edu/CCL/SOact/soact.pdf.

- Kafli 108(b) – Hinn 25. apríl, 2003, staðfesti SEC (Securities and Exchange Commission, Bandaríska verðbréfaeftirlitið) að FASB, Financial Accounting Standards Board, þ.e. Staðlanefnd fjármálabókhalds, skyldi teljast sá aðili er færi með staðlamál bókhalds.
- Kafli 108(d) – Hinn 25. júlí, 2003, gaf SEC út rannsókn á grunnreglubundnu bókhaldi.
- Kafli 109 – Með þessum lögum var komið á fót sjálfstæðum fjármögnunarúrræðum fyrir FASB, Financial Accounting Standards Board, þ.e. Staðlanefnd fjármálabókhalds.
- Heimild II – Hinn 22. janúar, 2003, setti SEC reglur til að efla sjálfstæði ytri endurskoðenda.
- Kafli 303 – Hinn 24. apríl, 2003, setti SEC reglur til að banna ótilhlýðilegan þrýsting á ytri endurskoðendur.
- Kafli 802 – Hinn 22. janúar, 2003, setti SEC reglur um varðveislu endurskoðunarskýrslna ytri endurskoðenda.

Aðgerðir til að bæta andrúmsloftið „á efstu hæðinni".
- Kafli 302 – Hinn 27. ágúst, 2002, setti SEC reglur um að forstjórar og fjármálastjórar skyldu votta upplýsingar um fjármál og annað í ársfjórðungslegum og árlegum skýrslum fyrirtækja sinna.
- Kafli 304 – Í þessum kafla eru stjórnendur fyrirtækja skyldaðir til að skila aftur bónusum eða arði af hlutabréfasölu mótteknum innan 12 mánaða frá endurstaðfestingu vegna verulegs fráviks frá því að uppfylltar séu kröfur um fjármálaleg skýrsluskil, í tengslum við vanrækslu.
- Kafli 306 – Hinn 15. janúar, 2003, setti SEC reglur sem banna stjórnendum verslun með verðbréf meðan verið er að skipta um fjárvörsluaðila lífeyrissjóðs.
- Kafli 402 – Samkvæmt þessum kafla er fyrirtækjum bannað að lána til innherja.
- Kafli 403 – Hinn 27. ágúst, 2002, setti SEC reglur til að flýta lokadagsetningum og rafrænni skráningu upplýsinga um innherjaviðskipti með hlutabréf fyrirtækja.
- Kafli 406 – Hinn 15. janúar, 2003, setti SEC reglur sem skylda fyrirtæki til að upplýsa hvort þau hafi sett forstjórum, fjármálastjórum og háttsettum starfsmönnum á bókhaldssviði siðareglur.

Aðgerðir til að bæta birtingu gagna og fjármálalega skýrslugerð.
- Kafli 401(a) – Hinn 22. janúar, 2003, setti SEC reglur sem gera það að skyldu að öll meiri háttar viðskipti sem ekki er getið í efnahagsreikningi skuli birt.
- Kafli 401(b) – Hinn 15. janúar, 2003, setti SEC reglugerð G, um fjármálalegar aðgerðir utan ramma GAAP, þar á meðal kröfur er snerta birtingu gagna og sáttaumleitanir.
- Kafli 404 – Hinn 27. maí, 2003, setti SEC reglur sem gera það að skyldu að leggja fram árlega stjórnarskýrslu og vottun endurskoðanda á innra eftirliti fyrirtækja á skýrslugjöf um fjármál.
- Kafli 408 – Samkvæmt þessum kafla ber Bandaríska verðbréfaeftirlitinu að endurskoða það sem nefnist „Exchange Act reports" (skýrslur samkvæmt lögum um viðskipti með verðbréf) hvers fyrirtækis eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Aðgerðir til að bæta frammistöðu „dyravarða".
- Kafli 301 – Hinn 1. apríl, 2003, setti SEC reglur sem skylda SRO til að taka upp skráningarstaðla fyrir endurskoðunarnefndir.
- Kafli 407 – Hinn 15. janúar, 2003, setti SEC reglur um birtingu upplýsinga um fjármálasérfræðinga í endurskoðunarnefndum.
- Kafli 307 – Hinn 23. janúar, 2003, setti SEC reglur um siðareglur fyrir lögmenn sem koma fyrir SEC og starfa að málum er það hefur afskipti af.
- Kafli 501 – Hinn 29. júlí, 2003, samþykkti SEC nýjar reglur um hagsmunaárekstra aðila er stunda fjármálagreiningu.

Aðgerðir til að efla framfylgd.
- Kafli 106 – Í þessum kafla er gerð grein fyrir aðgangi SEC að erlendum vinnugögnum endurskoðenda.
- Kafli 305 – Í þessum kafla eru settir staðlar fyrir hindranir og viðurlög gagnvart stjórnendum og stjórnarmönnum.

- Kafli 308 – Í þessum kafla er lagður grunnur að svokölluðum FAIR-sjóðum fyrir fjárfesta og staðfest að rannsókn skuli fara fram á þeim, útgáfudagur 24. janúar, 2003.
- Kafli 602 – Í þessum kafla er fjallað um að sérfræðingar sem koma fyrir SEC og starfa að málum er það hefur afskipti af, verða að hlíta fyrirmælum þess.
- Kafli 603 – Í þessum kafla er alríkisdómstólum (federal courts) veittur réttur til að setja á hindranir í tengslum við sérstök verðbréf, svokölluð „penny stocks"-bréf.
- Kafli 703 – Hinn 24. janúar, 2003, gaf SEC út rannsókn á samsekt um framkvæmd lögbrots sem varðar við alríkislög um verðbréf.
- Kafli 704 – Hinn 24. janúar, 2003, gaf SEC út rannsókn á framfylgdaraðgerðum í tengslum við brot á skýrsluskilaskyldu og enduryfirlýsingum.
- Kafli 803 – Í þessum kafla eru ákvæði um að skuldir sem verða til vegna verðbréfasvika megi ekki greiða út við gjaldþrotaskipti.
- Kafli 1103 – Samkvæmt þessum kafla hefur SEC rétt á að frysta um stundarsakir sérstakar greiðslur til aðila er gerst hafa sekir um brot á verðbréfalögum.
- Kafli 1105 – Samkvæmt þessum kafla hefur SEC, í tengslum við málarekstur er varðar stjórnunarmál, heimild til að banna einstaklingum að starfa sem stjórnendur eða stjórnarmenn í fyrirtækjum.

NYSE og NASD (Nasdaq).

Spillingarmálin leiddu ekki aðeins til viðbragða hjá yfirvöldum heldur sýndi markaðurinn einnig mjög sterk viðbrögð og fram fór gagnger endurskoðun á þeim reglum sem markaðurinn hefur sjálfur sett sér. Þar skipta mestu máli svokölluð SROs eða self-regulatory organizations, sem eru einkum kauphöllin NYSE (Kauphöllin í New York) og NASD (Samband verðbréfafyrirtækja) í gegnum dótturfélag sitt verðbréfamarkaðinn Nasdaq.

Reyndar hafa ofangreindir aðilar, þá sérstaklega NYSE, lengi verið fremstir í flokki við að leiða breytingar á sviði stjórnunarhátta fyrirtækja. NYSE hefur gert fyrirtækjum að gangast undir skráningarreglur sínar í nær 150 ár og hefur þeim verið breytt reglulega þegar þróun markaðanna hefur kallað á strangari reglur um stjórnunarhætti. NYSE leit því á það sem gott tækifæri – og í raun skyldu sína – að herða á reglum sínum um stjórnunarhætti fyrirtækja í kjölfar þeirra spillingarmála er upp komu.

Þann 13. febrúar 2002 bað formaður SEC, Harvey Pitt, NYSE til að endurskoða reglur sínar um stjórnunarhætti fyrirtækja. Í samræmi við þá beiðni skipaði NYSE nefnd til að endurskoða gildandi reglur og gera tillögur að úrbótum með það að markmiði að auka ábyrgð, heilleika og gagnsæi hjá þeim fyrirtækjum sem skráð væru í kauphöllinni. Nefnd þessi sem fékk nafnið „Corporate Accountability and Listing Standards Committee" skilað skýrslu sinni um málið þann 6. júní 2002. Í skýrslunni eru settar fram tillögur að breytingum sem ætlað er að gera stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækja betur kleift að rækja störf sína með hagkvæmum hætti. Þá var tillögunum einnig ætlað að gera hluthöfum auðveldara að fylgjast með og hafa eftirlit með árangri fyrirtækja og stjórnenda í því skyni að minnka líkur á ósiðlegum vinnubrögðum.

Tillögurnar um stjórnunarhætti fyrirtækja voru samþykktar sem reglur kauphallarinnar af SEC þann 30. júní 2003 og 4. nóvember 2003. Reglurnar gilda í heild sinni um öll félög sem hafa skráð hlutabréf í kauphöllinni, með nokkrum undantekningum þannig að sum ákvæði eiga ekki við um tiltekin félög. Ákvæði reglnanna um samþykkt hluthafafundar á kaupréttarsamningakerfum til handa stjórnendum og starfsmönnum tók gildi þann 30. júní 2003, en fyrirtækin hafa frest fram að fyrsta ársfundi eftir 15. janúar 2004 eða í síðasta lagi 31. október 2004 til að færa starfsemi sína til samræmis við reglurnar. Eftirfarandi er stutt samantekt á þeim helstu breytingum sem gerðar voru:

- Skráð fyrirtæki verða að hafa stjórn þar sem meiri hluti stjórnarmanna er óháður fyrirtækinu. Skilgreining á hvað óhæði stjórnarmanna var einnig hert og má segja að hún feli í sér að óháður stjórnarmaður megi ekki hafa nein tengsl er máli skipta (e. material) við félagið.
- Til að efla eftirlit stjórnarmanna sem ekki eru framkvæmdastjórar með framkvæmdastjórn félagsins er þeim gert skylt að hittast reglulega án framkvæmdastjóra félagsins.
- Skráð félög verða að hafa sérstaka tilnefningar/stjórnunarhátta nefnd sem ætlað er að tilnefna nýja stjórnarmenn, setja sérstakar reglur um stjórnunarhætti fyrirtækisins og leggja mat á störf framkvæmdastjóra. Nefnd þessi skal einvörðungu skipuð af óháðum stjórnarmönnum.
- Skráð félög verða að hafa sérstaka launanefnd sem ætlað er að fjalla um launamál félagsins og kaupréttarsamninga. Nefnd þessi skal einvörðungu skipuð af óháðum stjórnarmönnum.
- Öll kerfi fyrir kaupréttarsamninga stjórnarmanna og starfsmanna, sem og breytingar á slíkum kerfum skulu samþykkt af hluthafafundi, með nokkrum undantekningum.
- Skráð félög verða að hafa sérstaka endurskoðunarnefnd sem uppfyllir skilyrði reglu 10A-3 sem sett er undir kauphallarlögunum frá 1934. Nefnd þessi skal skipuð af að lágmarki 3 stjórnarmönnum sem allir skulu vera óháðir.
- Skráð félög verða að hafa virka innri endurskoðun.
- Skráð félög verða að setja sér og birta reglur um stjórnunarhætti sína.
- Skráð félög verða að setja sér og birta sérstakar siðareglur fyrir stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn. Í reglum þessum skal fjallað um þætti eins og hagsmunaárekstra, viðskiptatækifæri fyrirtækisins (e. corporate opportunity), trúnað, heiðarleika í viðskiptum, vernd og rétta meðferð á eignum félagsins, fylgni við lög og reglur og tilkynningar um hugsanleg brot á þeim eða ósiðlega hegðun.
- Erlendir útgefendur verða að upplýsa að hvaða marki þeirra reglur um stjórnunarhætti víkja frá þeim sem bandarísk fyrirtæki fylgja.
- Forstjórar skráðra fyrirtækja verða árlega að staðfesta gagnvart kauphöllinni að hann/hún viti ekki um nein brot fyrirtækisins á reglum NYSE um stjórnunarhætti.

NASD vann einnig á sama tíma að tillögum að breytingum á skráningarreglum sínum á Nasdaq markaðnum sem eru í meginatriðum samhljóða þeim sem NYSE gerði og verður því ekki sérstaklega gerð grein fyrir þeim hér.

3.4. Evrópa – Post Enron.

Eins og fram hefur komið þá hafði fall Enron einnig mikil áhrif utan Bandaríkjanna, þar á meðal í Evrópu. Málið hafði vakið upp áleitnar spurningar um stjórnunarhætti fyrirtækja sem einnig áttu við á evrópskum fjármálamörkuðum. Eins og fram kom í ræðu Frits Bolkenstein þann 29. maí 2002 hjá American Enterprise Institute í Washington: „Við erum ekki einfeldningar. Enron-málið gæti allt eins hafa átt sér stað í Evrópu."

Evrópusambandið.

Spurningin var því ekki hvort heldur hvernig Evrópa mundi bregðast við. Mörgum endurbótum á fjármálamörkuðum Evrópu hafði þegar verið hrint í framkvæmd eða voru fyrirhugaðar á grundvelli áætlunar sem framkvæmdastjórnin setti fram árið 1999 í skýrslu sem kölluð

hefur verið „Aðgerðaáætlun á sviði fjármálamarkaðar“.[18] Hins vegar varpaði Enron-málið nýju ljósi á mikilvægi vandaðra stjórnunarhátta fyrirtækja fyrir starfsemi og hagkvæmni fjármálamarkaða í Evrópu. Á dagskrána bættust því við atriði eins og hlutverk og skipan stjórna, óhæði og ábyrgð endurskoðenda, mikilvægi verklagsreglna, launamál og miðlun fjárhagslegra upplýsinga.

Í ljósi þessa lét framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gera fyrir sig samanburðarkönnun á verklagsreglum um stjórnunarhætti fyrirtækja í Evrópu, þar sem m.a. kom fram að um 40 slíkar reglur hefðu verið settar í Evrópu.[19] Framkvæmdastjórnin taldi hins vegar að þrátt fyrir að reglur þessar hefðu án vafa haft jákvæð áhrif starfsemi fjármálamarkaða, þá væri ljóst að þær höfðu ekki verið nægjanlegar til að koma í veg fyrir þau nýlegu mál sem upp höfðu komið.[20] Þetta og sú staðreynd að mismunandi löggjöf gildir innan Evrópu á sviði félagaréttar leiddi m.a. til að sérstakri nefnd, sem sett var á fót árið 2001 til að fjalla um félagaréttarleg mál í Evrópu, var í apríl 2002 falið að fjalla sérstaklega um stjórnunarhætti fyrirtækja í starfi sínu og gera tillögur að aðgerðum á því sviði.

Nefnd þessi skilaði skýrslu sinni þann 4. nóvember 2002 og ber hún heitið „Report of the High Level Group og Company Law Experts on a Modern Regulatory Framework for Company Law in Europe“. Í III. kafla skýrslunnar er sérstaklega fjallað um stjórnunarhætti fyrirtækja þar sem lögð er sérstök áhersla á:

- Betri upplýsingar til handa hluthöfum og lánardrottnum, sérstaklega bætt upplýsingagjöf um stjórnunar- og starfshætti, þar á meðal launakjör stjórnenda.
- Framkvæmd upplýsingagjafar til hluthafa og möguleika þeirra til samskipta og ákvarðanatöku.
- Styrkingu á réttindum hluthafa og minnihlutavernd, sérstaklega að koma á rétti til að krefjast rannsóknar á tilteknum málum.
- Styrkingu á skyldum stjórnar, sérstaklega ábyrgð stjórnarmanna þegar fyrirtæki verður gjaldþrota. Einnig hlutverk stjórnarmanna sem eru ekki framkvæmdastjórar.
- Launakjör framkvæmdastjóra og ábyrgð á fjármálaupplýsingum.
- Starfshætti á sviði endurskoðunar, þó einkum innri þætti þar sem fjallað er um ytri þætti á öðrum vettvangi.
- Þörfina á sam-evrópskum verklagsreglum um stjórnunarhætti fyrirtækja eða samræmingu á þeim sem fyrir eru til að stuðla að þróun á bestu-framkvæmd og samræmingu.

Í skýrslunni er fjallað um ofangreinda þætti undir fimm skilgreindum þemum:

1. Upplýsingagjöf (e. disclosure).
2. Hluthafar (e. shareholders).
3. Stjórn (e. the board).
4. Endurskoðun (e. audit).
5. Reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja innan Evrópusambandsins (e. corporate governance regulation in the EU).

Eftirfarandi er samantekt um helstu tillögur nefndarinnar um stjórnunarhætti fyrirtækja sem fram koma í skýrslunni:

---

[18] Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, *Financial Services: Implementing the Framework for Financial Markets: Action Plan,* COM (1999) 232.

[19] Weil Gotshal & Manges LLP, *Comparative Study of Corporate Governance Codes relevant to the European Union and its member states* (2002).

[20] Sjá m.a. ræðu Frits Bolkenstein þann 29. maí 2002 hjá American Enterprise Institute í Washington.

1) Upplýsingagjöf.

- Skráðum fyrirtækjum ætti að vera skylt að gefa samræmda yfirlýsingu í ársreikningum sínum um lykilatriði í gerð og framkvæmd stjórnunarhátta sinna. Þau skulu starfa í samræmi við og vísa í verklagsreglur um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gilda í því landi sem þau starfa. Öll frávik frá slíkum reglum skulu rökstudd.

2) Hluthafar.

- Skráðum fyrirtækjum ætti að vera skylt að veita hluthöfum sínum upplýsingar og gera þeim kleift að nýta sér atkvæðarétt sinn yfir netið, sérstaklega með notkun á heimasíðum til að birta upplýsingar og veita aðgang að gögnum. Lögð er áhersla á að hluthafar í öllum ríkjum EES og fyrir utan skuli eiga rétt á að geta nýtt sér slíka aðstöðu.
- Stofnanafjárfestum á að vera skylt að upplýsa aðildarmenn sína (hluthafa, félagsmenn í lífeyrissjóðum o.s.frv.) um stefnu sína í atkvæðagreiðslum og veita upplýsingar um atkvæðagreiðslur í einstökum málum samkvæmt beiðni.
- Hluthafar sem hafa milli 5 og 10% hlutafjár skulu eiga rétt að fara fram á það við yfirvöld eða dómstól að fram fari sérstök rannsókn á málefnum fyrirtækisins.

3) Stjórn.

- Að minnsta kosti skráð fyrirtæki og opin fyrirtæki ættu að hafa möguleika á að velja milli þess að hafa annaðhvort óskipta stjórn, með framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða tvískipta stjórn með starfandi stjórnarmönnum og eftirlitsstjórnarmönnum.
- Á þremur lykilsviðum þar sem fram koma hagsmunaárekstrar fyrir stjórnarmenn sem einnig starfa fyrir fyrirtækið skulu ákvarðanir innan stjórnarinnar teknar af stjórnarmönnum sem eru ekki framkvæmdastjórar eða eftirlitsstjórnarmönnum og skal meiri hluti þeirra vera óháðir fyrirtækinu. Þessi svið eru:
  a. Tilnefning til hluthafa um stjórnarsetu.
  b. Laun.
  c. Eftirlit með reikningum félagsins.
- Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með kröfu þessari a.m.k. á grundvelli þess sem kallað er „framfylgdu eða útskýrðu“ (e. comply or explain), þ.e. fylgni við reglurnar eða rökstudd útskýring af hverju svo sé ekki gert. Skráð fyrirtæki skulu gera grein fyrir því í árlegri yfirlýsingu sinni hvaða stjórnarmenn sem ekki eru framkvæmdastjórar eða eftirlitsstjórnarmenn þau telji óháða. Setja ætti lágmarkskröfur um það hvað teljist óháðir stjórnarmenn.
- Gott launakerfi fyrir stjórnarmenn hefur m.a. að geyma:
  1. Upplýsingagjöf um stefnu um launakjör í ársreikningum. Launakjör stjórnarmanna skulu vera á dagskrá á ársfundum fyrirtækja.
  2. Upplýsingar um laun einstakra stjórnarmanna skulu koma fram í ársreikningum fyrirtækja.
  3. Kaup- og kaupréttarkerfi sem stjórnarmenn geta tekið þátt í skulu samþykkt fyrir fram af hluthöfum.
  4. Gerð skal grein fyrir árlegum kostnaði fyrirtækja af slíkum kerfum.
- Það ætti að vera staðfest með skýrum hætti í lögum að það sé stjórn sem beri ábyrgð á fjárhagslegum yfirlýsingum sem og ófjárhagslegum yfirlýsingum (eins og yfirlýsingu um stjórnunarhætti í ársreikningi).
- Í því skyni að auka ábyrgð stjórnarmanna ætti að setja sérstaka reglu um ólögmæt viðskipti (e. wrongful trading), sem felur í sér að ef stjórnarmenn sjá eða ættu að sjá að

fyrirtækið sé ógjaldfært, beri þeim að sækja um gjaldþrotaskipti. Brot á þessari reglu varðar persónulegri ábyrgð stjórnarmanna.
- Framkvæmdastjórnin ætti að kanna hvort að röng skýrslugjöf stjórnar (bæði fjármála og ekki) og önnur brot stjórnarmanna skuli varða banni á stjórnarsetu innan EES.

4. *Endurskoðun.*
- Endurskoðunarnefnd, sem samanstendur af stjórnarmönnum sem ekki eru framkvæmdastjórar eða eftirlitsstjórnarmönnum sem eru að meiri hluta óháðir fyrirtækinu, skal vera ábyrg fyrir:
  - Vali á ytri endurskoðanda til að leggja fyrir hluthafafund.
  - Hafa eftirlit með sambandi fyrirtækisins við ytri endurskoðandann, þar á meðal greiðslum fyrir hliðarstörf ef einhver eru.
  - Skoða og hafa eftirlit með bókhaldsreglum fyrirtækisins.
  - Fylgjast með reglum um innra eftirlit og áhættustýringu fyrirtækisins.

5. *Reglur um stjórnunarhætti fyrirtækja í Evrópu.*
- Evrópusambandi ætti ekki að reyna að búa til einar samræmdar verklagsreglur um stjórnunarhætti fyrirtækja í Evrópu þar sem lykilatriði í félagaréttarlöggjöf hafa ekki verið samræmd og aðrir þættir sem hafa áhrif á stjórnunarhætti fyrirtækja eru ólíkir innan aðildarlandanna.
- Þess í stað ætti Evrópusambandið að samstilla þær aðgerðir sem eru í gangi á þessu sviði hjá aðildarríkjunum á grundvelli félagaréttarlöggjafar, verðbréfalöggjafar, skráningarreglna og verklagsreglna, í því skyni að stuðla að samræmingu, koma í veg fyrir misræmi og greiða fyrir gagnkvæmum skoðanaskiptum og lærdómi.
- Hvert aðildarríki á að útnefna einar verklagsreglur um stjórnunarhætti fyrirtækja sem skráðum fyrirtækjum er skylt að fara eftir eða útskýra frávík.
- Aðildarríkjum skal vera skylt að taka þátt í samræmingarvinnu Evrópusambandsins, en aðgerðirnar sjálfar og reglurnar ættu að vera með sterkri aðkomu markaðarins, óbindandi og valfrjálsar.

Svar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við ofangreindri skýrslu var áætlun um aðgerðir á svið félagaréttar og starfsháttum fyrirtækja sem birt var þann 21. maí 2003. Skýrslan ber nafnið „Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union – A Plan to Move Forward" en er oftast kölluð „The Action Plan" eða aðgerðaáætlunin.[21] Í áætluninni eru gerðar tillögur að aðgerðum á sviði félagaréttar með sérstakri áherslu á starfshætti fyrirtækja. Áætlunin nær yfir nokkur ár og helstu markmið hennar eru að styrkja réttindi hluthafa, efla vernd til handa starfsmönnum og lánardrottnum og auka hagkvæmni í rekstri og samkeppnishæfni fyrirtækja. Orð framkvæmdastjórans Frits Bolkenstein lýsa markmiðum og ástæðum fyrir gerð aðgerðaáætlunarinnar vel:

„Mikil pólitísk umræða er um lög um fyrirtæki og stjórnskipulag þeirra beggja vegna Atlantshafsins. Ástæðan er sú að hagkerfið virkar ekki nema fyrirtækjum sé vel stjórnað og þannig að eðlilegt gegnsæi sé tryggt. Við höfum hvað eftir annað orðið vitni að því hvað gerist ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt: Fjárfestingar dragast saman og atvinna sömu-

---

[21] Communication from the Commission to the Council and the European Parliament, *Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union – A Plan to Move Forward,* COM (2003) 284 final.

leiðis. Í verstu tilvikunum, og þau eru því miður alltof mörg, verða hluthafar, starfsfólk, lánardrottnar og almennir borgarar fyrir áföllum. Það þarf að bregðast við skjótt til að tryggja almennt traust til fjármálamarkaða. Aðgerðaáætlunin byggist á skýrum og vel úthugsuðum markmiðum þar sem gert er ráð fyrir nýrri lagasetningu, þar sem þess er þörf, svo og ýmsum öðrum aðgerðum. Áætlunin flýtir örugglega fyrir setningu samþættra og nútímalegra fyrirtækjalaga og ramma utan um stjórnunarhætti fyrirtækja, enda er það í fullu samræmi við kröfur markaðarins og hins almenna borgara. SEC axlar sína ábyrgð og samsvarandi aðilar í Evrópu verða að taka á og gera slíkt hið sama. Ef við vinnum saman mun okkur takast að hagnýta hið gullna tækifæri sem nú blasir við til styrkja stjórnunarhætti fyrirtækja í Evrópu. Fari svo verður eftir því tekið víða um heim og fjölmörg lönd munu fylgja hinni evrópsku fyrirmynd.“[22]

Í aðgerðaáætluninni kemur fram að framkvæmdastjórnin telji ekki að einar samræmdar evrópskar verklagsreglur um stjórnunarhætti fyrirtækja mundu vera til mikilla hagsbóta, heldur aðeins bæta við einu lagi á milli alþjóðlegra reglna og landsreglna. Hins vegar er talið að nálgun þar sem markaðurinn hefði sjálfur eftirlit með reglum sem fyrirtækjum væri frjálst að gangast undir, væri heldur ekki fullnægjandi til að tryggja trausta stjórnunarhætti fyrirtækja. Í ljósi aukins samruna evrópskra fjármálamarkaða væri rétt að Evrópusambandið tæki upp samræmda nálgun á tilteknum grundvallarreglum og beitti sér fyrir fullnægjandi samræmingu á verklagsreglum aðildarríkjanna um stjórnunarhætti fyrirtækja. Fram kemur í áætluninni að framkvæmdastjórnin taki undir flest þau sjónarmið sem fram komu í sérfræðingaskýrslunni og eins og sjá má af eftirfarandi texta þá er gerð tillaga um að þau atriði sem þar koma fram séu gerð að forgangsmálum á þessu sviði:

„Framkvæmdastjórnin lítur svo á að mest liggi á að sinna eftirfarandi atriðum:

- Að fyrirtæki fari að birta „Árlega yfirlýsingu um stjórnunarhætti fyrirtækisins X“. Rétt er að ætlast til þess að skráð fyrirtæki setji fram í ársskýrslum sínum greinargóða og vel samda lýsingu á því hvað það er einkum sem einkennir stjórnskipulag þeirra og stjórnarhætti.
- Að þróa lagaramma til að auðvelda hluthöfum að hagnýta hin ýmsu réttindi sín (t.d. að koma fram með spurningar eða tillögur, greiða atkvæði utan fundar, taka þátt í aðalfundi í gegnum rafeindakerfi). Þessir hlutir þurfa að standa hluthöfum til boða hvar sem er í löndum Evrópusambandsins og mikið liggur á að leysa sérstök vandamál í tengslum við það að greiða atkvæði yfir landamæri.
- Að samþykkja hvetjandi yfirlýsingu til að styðja við áform um að stofnaðar séu forstjórastöður við fyrirtækin sem fengnar verði (óháðum) einstaklingum sem standa utan stjórnendahópsins og hafa eftirlitshlutverk. Lágmarksstaðla um stofnun, samsetningu og hlutverk tilnefninga-, ráðningarkjara- og endurskoðunarnefnda þarf að skilgreina á vettvangi Evrópusambandsins og framfylgja stöðlunum í aðildarlöndunum, að minnsta kosti á grundvelli „samþykktar eða útskýringa“.
- Að samþykkja „Leiðbeinandi reglur um ráðningarkjör yfirstjórnenda“. Hvetja þarf aðildarríkin til að koma sem fyrst á fullkomnu regluverki til að tryggja hluthöfum meiri áhrif og betri innsýn inn í rekstur fyrirtækjanna. Þar er meðal annars átt við ítarlegar upplýsingar um ráðningarkjör einstakra stjórnenda.
- Að setja upp Umræðuvettvang á Evrópuvettvangi um stjórnunarhætti fyrirtækja til að

---

[22] Fréttatilkynning frá framkvæmdastjórninni, Brussel 21. maí 2003, IP/03/716.

greiða fyrir samhæfingu og samruna siðareglna hinna ýmsu landa og einnig til að auðvelda framfylgni þeirra og vöktun."

Önnur atriði er snerta stjórnunarhætti fyrirtækja sem gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætluninni eru þessi: Að fá betri upplýsingar um hlutverk stofnanafjárfesta í stjórnskipulagi fyrirtækja; að fylgja betur eftir reglunni um rétt hlutfall milli fjármagns og áhrifa; að gefa skráðum fyrirtækjum kost á að velja á milli „eins lags" og „tveggja laga" nefndakerfa; og að efla ábyrgð stjórnenda í tengslum við reikningsskil og helstu skýrslur aðrar en reikningsskil. Í Aðgerðaáætluninni er tekið fram að miklu máli skipti, þegar litið er til langs tíma eða í meðallagi langs tíma, að komið verði á raunverulegu hluthafalýðræði. Í áætluninni er einnig tekið fram að framkvæmdastjórnin hyggist láta fara fram könnun á því hvaða áhrif aðgerðir í þá átt muni hafa."[23]

Samhliða skýrslu þessari setti framkvæmdastjórnin fram aðra skýrslu um ytri endurskoðun þar sem fram koma 10 forgangsmál til að styrkja gæði endurskoðunar í Evrópu. Markmiðið með þeim er að tryggja að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á nákvæmni og heilleika endurskoðaðra reikninga fyrirtækja, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum endurskoðenda og auka vernd Evrópusambandsins gegn því að upp komi spillingarmál líkt og Enron-málið.[24] Nokkru áður eða þann 16. maí 2002 hafði framkvæmdastjórnin komið fram með leiðbeiningar um óhæði endurskoðenda sem fjallar um þætti eins og hliðarstörf endurskoðenda, breytingu á endurskoðendum eftir tiltekinn tíma og tengsl endurskoðenda við þau félög sem þau endurskoða fyrir.[25]

Eins og sjá má af ofangreindu er mikil vinna í gangi innan Evrópusambandsins á sviði stjórnunarhátta fyrirtækja, sem greinilega er forgangsmál innan sambandsins. Óhætt er að fullyrða að hið nýja Parmalat-mál á Ítalíu muni leiða til þess að enn frekari þungi verði lagður á þessi mál á næstunni og verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni.

Það er ekki aðeins Evrópusambandið sem leggur þunga áherslu á stjórnunarhætti fyrirtækja í Evrópu nú um mundir, heldur hafa aðildarríkin sjálf ekki síður lagt mikla áherslu á þau mál og mikil vinna átt sér stað. Í skýrslu þessar gefst ekki ráðrúm til að fjalla um þróunina í þessu málum í einstökum aðildarríkjum Evrópska Efnahagssvæðisins og látið nægja að benda á þær skýrslur sem þegar hafa verið nefndar hér að ofan. Auk þeirra skal einnig bent á áhugaverða skýrslu nefndar um endurskoðun á félagaréttarlöggjöfinni í Bretlandi sem ber nafnið „Modern Company Law for a Competitive Economy",[26] en í skýrslu þeirri er lögð þung áhersla á málefni stjórnunarhátta fyrirtækja. Þá var árið 1999 gefin út áhugaverð skýrsla af fjármálaráðuneytinu í Danmörku sem ber nafnið „Debatoplæg om aktivt ejerskab" og fjallar um stjórnunarhætti fyrirtækja þar í landi.[27]

4. Stjórnunarhættir fyrirtækja í íslensku samhengi.

4.1. Almennt.

Þrátt fyrir að ýmis mál tengd atvinnulífinu séu stöðugt til umræðu hér á landi er óhætt að segja að til langs tíma hafa stjórnunarhættir fyrirtækja ekki verið ofarlega á baugi. Í kjölfar

---

[23] Fréttatilkynning frá framkvæmdastjórninni, Brussel 21. maí 2003, IP/03/716.

[24] Communication from the Commission to the Council and European Parliament, Reinforcing the statutory audit in the EU (2003/C 236/02).

[25] Commission recommendation of 16 May 2002, *Statutory Auditor's Independence in the EU: A set of fundamental Principles* (2002/590/EC).

[26] The Company Law Review Steering Group, *Modern Company Law for a Competitive Economy* (2001).

[27] Finansministeriet, *Debatoplæg um aktivt ejerskab* (1999).

Enron-málsins og nýlegra mála úr íslensku atvinnulífi hefur hins vegar umræðan um stjórnunarhætti fyrirtækja orðið mjög áberandi og nú er svo komið að málefni eins og hlutverk stjórna, störf endurskoðenda og launakjör eru á hvers manns vörum í þjóðfélaginu.

Í kafla þessum verður fjallað um þau helstu grundvallaratriði í íslensku lagaumhverfi sem fjalla um stjórnunarhætti fyrirtækja og vekja upp spurningar í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram á alþjóðavettvangi á þessu sviði. Einnig verður reynt að leggja mat á stöðu mála í stjórnunarháttum fyrirtækja hér á landi út frá þeim grundvallargildum sem almennt eru talin mælikvarði á hversu góðir þeir séu. Þau grundvallargildi sem áhersla verður lögð á í umfjölluninni eru eftirfarandi, en ljóst er að finna má til önnur og fleiri atriði:[28]

- Virk réttindi og jafnræði hluthafa.
- Upplýsingagjöf og gagnsæi.
- Heilleiki.
- Ábyrgð.

Haft skal í huga að umfjöllun þessari er alls ekki ætlað að vera tæmandi um þau atriði í íslenskri löggjöf sem vekja upp spurningar og álitaefni tengd stjórnunarháttum fyrirtækja. Hér er aðeins stiklað á tilteknum grundvallaratriðum eins og áður segir, enda býður umfang skýrslu þessarar ekki upp á mjög ítarlega umfjöllun. Þá ber einnig að hafa í huga að þrátt fyrir þau álitaefni sem bent er á, er það mat höfundar að heildstætt séð sé íslensk hlutafélagalöggjöf nokkuð vel til þess fallin að ná fram góðum stjórnunarháttum. Skoðun á þeim atriðum sem hér er bent er á gæti þó hugsanlega leitt til enn betri stjórnunarhátta.

4.2. Hluthafar.

Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, með síðari breytingum (hlutafélagalög), fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélaga samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða. Með reglu þessari er lögfest sú grundvallarregla í íslenskum rétti að það eru eigendur félagsins, hluthafarnir, sem hafa úrslitavald um málefni fyrirtækisins. Þessum rétti hluthafa eru hins vegar settar þær skorður að hluthafar geta aðeins farið með ákvörðunarvald sitt í málefnum fyrirtækisins á hluthafafundum, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Á milli hluthafafunda er ákvörðunarvald hluthafa framselt til stjórnar sem hluthafar kjósa sérstaklega og fer almennt með málefni félagsins. Stjórn framselur síðan hluta af sínu valdi til framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur þess í umboði og undir eftirliti stjórnar sbr. 68. gr. hlutafélagalaga.

Góðir stjórnunarhættir fyrirtækja verða að vera þannig úr garði gerðir að réttur hluthafa til að fara með lögboðið vald sitt sé virtur og að hluthöfum sé gert sem auðveldast að nýta sér þann rétt sinn. Til þess að ná því markmiði verða samskipti milli stjórnunareininga fyrirtækisins að vera virk og hluthöfum gert kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórn þess. Að sama skapi verða hluthafar að hafa virk úrræði ef grunur vaknar eða í ljós kemur að stjórnendur hafa að einhverju leyti misfarið með vald sitt. Skiptir þar mestu réttur til að fá mál rannsökuð og möguleikar á að koma fram ábyrgð á hendur stjórnendum félagsins.

---

[28] Sjá m.a. um grundvallargildi í stjórnunarháttum fyrirtækja: *Report of the Committee on the Financial Aspects og Corporate Governance* (1992); Ad Hoc Task Force on Corporate Governance, *OECD Principles of Corporate Governance* (1999); Nörby-udvalges rapport om Corporate Governance í Danmark, *Anbefalinger for god selskabsledelse* (2002).

4.2.1. Upplýsingagjöf til hluthafa og samskipti.

Virk samskipti og upplýsingamiðlun milli hluthafa og stjórnenda er lykillinn að því að hluthafar geti nýtt sér rétt sinn til ákvörðunartöku um málefni fyrirtækisins, komið sjónarmiðum sínum á framfæri og haft eftirlit með störfum stjórnenda þess.

Í X. kafla hlutafélagalaga er fjallað um hluthafafund sem er hinn formlegi vettvangur hluthafa til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, fá upplýsingar frá stjórn og taka ákvarðanir í mikilvægum málum. Þau ákvæði sem þar eru og vekja upp eftirfarandi spurningar um upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa eru m.a.:

- Í 88. gr. laganna kemur fram að til hluthafafundar skuli boðað skemmst viku fyrir fund.
  - Varpa má fram þeirri spurningu hvort að lágmarksfrestur þessi sem kveðið er á um í lögunum sé of stuttur til að hluthafar geti gert ráðstafanir til að undirbúa sig og mæta á fund.
- Í 88. gr. laganna kemur fram að í fundarboði skuli greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur og önnur fundargögn lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu fyrirtækisins og samtímis sent sérhverjum hluthafa sem þess óskar.
  - Spurning er hvort að upplýsingagjöf þessi og lágmarksfrestur sé fullnægjandi til þess að hluthafar geti kynnt sér þau gögn sem liggja fyrir fundinum og undirbúið sig með fullnægjandi hætti.
  - Þá er einnig spurning hvort að hluthöfum sé almennt kunnugt um að þeir eigi rétt til þess að fá gögnin send til sín fyrir fundinn og áskilja eigi að í fundarboði sé gerð grein fyrir þeim rétti.
  - Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að sé frestur til að halda fund ekki lengri en 1 vika frá boðun, þá er spurning hvort að hluthafi væri tímanlega búinn að fá gögn í hendur til yfirlestrar, sem hann þyrfti að gera skriflega kröfu um að fá.
  - Það er því álitaefni hvort að ofangreind ákvæði tryggi réttindi hluthafa með fullnægjandi hætti til að fá upplýsingar um þau málefni sem taka á fyrir á hluthafafundum og þannig möguleika þeirra til að undirbúa sig með fullnægjandi hætti fyrir slíka fundi.
- Í 86. gr. kemur fram að hver hluthafi eigi rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi.
  - Spurning er hvort hluthafar séu almennt upplýstir um þennan rétt sinn og hvort rétt sé að gera kröfu til stjórnar um að upplýsa hluthafa um hann, t.d. í boðun á fundi.
  - Þá er einnig spurning hvort að frestir séu almennt ekki of stuttir til þess að þessi réttur hluthafa sé í raun virkur. Í því sambandi má benda á að tíminn frá því að hluthafafundur er boðaður og þar til hluthafi hefur fengið gögn afhent samkvæmt skriflegri beiðni getur verið umtalsverður og frestur hans til að koma máli á dagskrá því liðinn.
- Í kaflanum er ekki fjallað sérstaklega um tilnefningu stjórnarmanna til setu í stjórn félaga í þeim tilvikum sem stjórnarkjör er á dagskrá hluthafafunda. Slíkar tillögur koma yfirleitt fram á fundunum sjálfum og því erfitt eða ómögulegt fyrir hinn almenna hluthafa að hafa kynnt sér þá sem tilnefndir eru og lagt mat á hæfi og hæfni þeirra.
  - Spurning er hvort gera ætti kröfu um það að tilnefning stjórnarmanna liggi fyrir með sama hætti og aðrar tillögur fyrir fundinn.
  - Að sama skapi má velta því upp hvort sitjandi stjórn eigi að hafa eitthvað hlutverk í því sambandi, t.d. hvað varðar tilnefningar.

Í ljósi framangreinds má varpa því fram hvort að ekki sé rétt að kannað verði hvort frestir og upplýsingaskylda stjórnar fyrir hluthafafundi tryggi réttindi hluthafa á fullnægjandi hátt. Í því sambandi væri m.a. rétt að kanna sérstaklega hvort rétt væri að:

- Lengja lágmarksfresti þá sem kveðið er á um í lögunum.
- Gera stjórn skylt að upplýsa hluthafa um tiltekin grundvallarréttindi þeirra í boðun til hluthafafunda eins og t.d. að fá aðgang að gögnum og rétt til að koma málum á dagskrá.
- Leggja rafræn samskipti að jöfnu við skrifleg, m.a. kosningar á hluthafafundum.
- Hvetja jafnframt til eða gera kröfu um að fyrirtæki nýti sér rafræna boðhætti í samskiptum sínum við hluthafa, t.d. miðli upplýsingum á heimasíðu sinni fyrir hluthafafundi.
- Í þessu sambandi má m.a. benda á nýlegar mjög áhugaverðar breytingar á danskri hlutafélagalöggjöf, sbr. Lov 303 af 30/04/2003 om ændring af lov om aktieselskaber og lov om anpartsselskaber (Elektronisk generalforsamling og elektronisk kommunikation m.v. samt spaltning af anpartsselskaber).
- Hægt væri að tryggja heilleika slíkra samskipta, t.d. með notkun lykilorða eða rafrænna skilríkja.
- Hvetja fyrirtæki til að eiga virk samskipti við hluthafa sína og gera þeim kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórn félagsins. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga þá grundvallarreglu að stjórn félagsins fer með stjórn þess á milli hluthafafunda og ekki er ætlast til að hún taki við kröfum um stjórnunarleg atriði frá hluthöfum á milli þeirra. Þá verður einnig að gæta að þeirri meginreglu að gæta skal jafnræðis á milli hluthafa hvað varðar upplýsingagjöf til þeirra og hluthafafundur er hinn lögboðni vettvangur slíkrar upplýsingagjafar.
- Tillögur um tilnefningu á stjórnarmönnum liggi fyrir með tilteknum fyrirvara þannig að hluthöfum sé gefinn kostur á að kynna sér þá og koma fram með aðrar tillögur. Einnig rétt að skoða hvernig slíkar tillögur skuli fram settar, þ.e. rétt til útnefningar o.s.frv. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að vald til tilnefningar sé ekki takmarkað við ákveðna aðila.

Þá er einnig mikilvægt að vandað sé til allra upplýsingagjafar í öllum þeim gögnum sem hluthafar fá frá fyrirtækinu og gera þeim kleift að fylgjast með starfsemi þess, m.a. fjármálalegum upplýsingum. Í því skyni er rétt að fylgjast náið með vinnu á sviði alþjóðlegra reikningsskilastaðla og taka mið af alþjóðlegri þróun í þeim málum.

Að sama skapi er mikilvægt að fyrirtæki miðli sem mest af upplýsingum um aðra þætti í starfsemi sinni til hluthafa, að teknu tilliti til takmarkana sem nauðsynlegar eru vegna samkeppnisstöðu þeirra og meginreglunni um jafnræði hluthafa hvað varðar upplýsingagjöf. Slíkir aðrir þættir geta m.a. verið stjórnunarhættir fyrirtækisins, siðareglur þær sem gilda fyrir starfsmenn þess og stefna þess í umhverfismálum svo eitthvað sé nefnt.

4.2.2. Ákvörðunarréttur hluthafa.

Jafnræði.

Í umræðunni um stjórnunarhætti fyrirtækja er það oft sett fram sem æskilegt markmið að sem mest samsvörun sé á milli fjármagnsframlaga í formi hlutafjár og ákvörðunarréttar um málefni félags. Í þessu sambandi er oft talið um einn hlutur – eitt atkvæði (e. one share – one vote). Ákvæði sem takmarka atkvæðarétt ber því að skoða í ljósi þess markmiðs.

- Samkvæmt 82. gr. hlutafélagalaga er gert ráð fyrir því að í félagssamþykktum megi ákveða að tilteknir hlutir skuli hafa aukið atkvæðisgildi og hlutir megi jafnvel vera án atkvæðisréttar.

  - Þeim sjónarmiðum hefur verið haldið fram að ekki sé æskilegt út frá ofangreindu markmiði að hafa mismunandi flokka hlutabréfa, þar sem einn flokkur hefur takmarkaðri atkvæðisrétt en aðrir. Hins vegar er hægt að nefna mörg rök sem mæla með að félögum sé unnt að gefa út hlutabréf sem fela í slíkra mismunun, m.a. sá möguleiki að gefa út bréf með aukinn rétt til arðs eða úthlutunar við slit, gegn því að atkvæðisréttur sé takmarkaður. Með hliðsjón af því er það almennt talið í lagi að vera með mismunandi atkvæðisrétt milli hlutabréfaflokka og sem dæmi gera grunnreglur OECD ráð fyrir slík mismunun sé heimil. Slík niðurstaða er þó ekki hafin yfir allan vafa og má í því sambandi benda á sjónarmið tiltekins stofnanafjárfestis sem vitnað er til í Nörby-skýrslunni á bls. 44.[29] Þar kemur fram sú skoðun að í þeim tilvikum þar sem séu mismunandi flokkar hlutabréfa með mismunandi atkvæðavægi, skuli stjórn beita sér fyrir því að þeim sé rennt saman. Tekið skal fram að nefndin tók þessa tillögu ekki upp í verklagsreglur sínar, líkt og greinir hér að neðan.
- Samkvæmt 82. gr. hlutafélagalaga er einnig hægt að ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkvæða í félaginu.
  - Með hliðsjón af ofangreindu markmiði verður að telja að mismunun sem þessi á milli hluthafa sé gagnrýnisverðari þar sem hún getur falið í sér mismunun innan sama hluthafaflokks.
- Í ljósi ofangreinds væri áhugavert að kanna að hvaða marki mismunun skuli eiga rétt á sér í íslenskri hlutafélagalöggjöf. Í þessu sambandi er t.d. hægt að benda á þau sjónarmið sem fram koma í Nörby-skýrslunni, en þar segir um atkvæðisrétt:[30]

„*Takmörkun á atkvæðisrétti o.fl.*

Það er mælt með að í samþykktum félaga verði ekki settar reglur sem fela í sér að atkvæði verði aðgreinanleg, fjöldi atkvæða sem hver hluthafi getur nýtt verði ekki takmarkaður eða reglur sem takmarka þann fjölda hlutabréfa sem hver hluthafi getur átt.

Í þeim tilvikum þar sem ofannefndar takmarkanir nú þegar finnast í samþykktum félaga, er lagt til að stjórnin meti hagkvæmni þeirra og í ársskýrslu er gerð grein fyrir afstöðu hennar gagnvart þessum ákvæðum og hvort það eigi eða sé mögulegt að fella ákvæðin úr gildi.“

Möguleikar til þátttöku í ákvörðunum.

Grundvallarréttindi hluthafa er réttur til þátttöku í tilteknum ákvörðunum og eins og fram hefur komið þá iðka hluthafar þennan rétt sinn á hluthafafundum. Það er því nauðsynlegt að hluthöfum sé gefinn raunhæfur kostur á að nýta sér atkvæðisrétt sinn.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að hluthafafundir fyrirtækja eru oft haldnir á þeim tíma dags sem að almenningur er í vinnu og því erfitt um vik að sækja fundinn. Einnig eru hluthafar dreifðir yfir landið og því oft erfitt um vik að ferðast til þess staðar sem hluthafafundur er haldinn á.

- Með hliðsjón af því er mikilvægt að gera hluthöfum kleift að nýta sér atkvæðisrétt sinn með öðrum hætti en að mæta sjálfir í eigin persónu á fundarstað.
- Komið er á móts við þessa þörf í 81. gr. hlutafélagalaga þar sem hluthafa er veitt heimild til að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Þrátt fyrir að þetta bæti

---

[29] Nörby-udvalges rapport on Corporate Governance i Danmark, *Anbefalingar for god selskabsledelse i Danmark* (2002) „Nörby-skýrslan“, bls. 44.

[30] Id, bls. 54.

stöðu hluthafa nokkuð, verður ekki séð að þetta leysi vanda flestra almennra hluthafa til að nýta sér atkvæðisrétt sinn.

- Í þessu sambandi væri því rétt að skoða hvort setja ætti reglur sem fjölluðu um möguleika hluthafa til að greiða atkvæði með sérstöku umboði, t.d. í pósti eða með rafrænum hætti. Hér er um að ræða það sem kallað er Proxy-reglur líkt og gilt hafa í Bandaríkjunum um langt skeið. Unnt væri að hafa þær reglur til leiðbeiningar um þessi mál hér á landi, a.m.k. hvað varðar hin stærri félög sem eru skráð á markaði.
- Þá má einnig varpa fram þeirri spurningu hvort að gera eigi kröfu um að ákvarðanir hluthafafundar verði því aðeins gildar að mætt sé fyrir tiltekið lágmark heildarhlutafjár á fundinum. Með þessum hætti er náð fram ákveðnum hvata til handa stjórnendum félagsins til að tryggja að hluthöfum sé gert kleift að nýta sér atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum og myndi sér skoðun á málefnum félagsins.
- Einnig er rétt að kannað verði sérstaklega hvernig skuli fara með atkvæðisrétt þegar um er að ræða safnskráningu verðbréfa samkvæmt lögum nr. 33/2002, um verðbréfaviðskipti, þ.e. þegar verðbréf eru skráð á nafn fjármálastofnunar en ekki raunverulegs eiganda. Í því sambandi ber að hafa í huga það grundvallaratriði að raunverulegum eiganda sé eftir fremsta megni gert mögulegt að nýta sér atkvæðisrétt sinn.

Skerðingar á ákvörðunarrétti – Yfirtökur.

Í hlutafélagalögunum eru ekki bein ákvæði um heimildir stjórna til að grípa til sértækra aðgerða til að hindra tilteknar ákvarðanir hluthafa. Í því sambandi er fyrst og fremst átt við aðgerðir sem ætlað er að koma í veg fyrir að fjandsamlegt yfirtökutilboð nái fram að ganga. Aðgerðir þessar geta t.d. verið svokallaðar eitraðar pillur (e. poison pills) sem felur í sér útgáfu sérstakra réttinda til handa hluthöfum um að kaupa verðbréf í félögunum sem aðeins stjórn getur afturkalla, uppkaup á eigin bréfum og ýmis konar samningar og lántökur sem geta gert mögulegum tilboðsgjafa erfitt fyrir eða jafnvel ómögulegt að láta tilboð sitt fram ganga. Aðgerðir þessar eru almennt rökstuddar með því að stjórn fyrirtækisins beri langtímahagsmuni félagsins fyrir brjósti, og sé því heimilt að koma í veg fyrir að hluthafar leysi út skammtímahagnað sem bitnað getur á rekstri félagsins til langs tíma.

Umræða þessi er vel þekkt erlendis og má þar nefna fjölmörg dómsmál í Bandaríkjunum og framkomna tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um yfirtökutilboð.[31] Lítið hefur hins vegar borið á þessari umræðu hér á landi enn sem komið er. Ástæðan er væntanlega sú að stjórnir fyrirtækja hér á landi hafa almennt ekki gripið til slíkra aðgerða hingað til. Með aukinni þróun í félagarétti og umbreytingum á fyrirtækjamarkaði má þó búast við að það styttist í að íslensk fyrirtæki fari að grípa til slíkra aðgerða í rekstri sínum. Með hliðsjón af því og framkominni tillögu Evrópusambandsins væri þó eðlilegt að könnuð verði staða þessara mála hér á landi og mótuð stefna um þessi mál.

4.2.3. Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra gagnvart hluthöfum.

Stjórn er skylt að hafa hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi í störfum sínum og bera stjórnarmenn ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart hluthöfum og öðrum sem hafa hagsmuni af rekstri félagsins.

- Skyldum þessum er ágætlega lýst í hlutafélagalögum, m.a. í ákvæði 76. gr. um að stjórn

---

[31] Commission of the European Communities: *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on Takeover Bids,* COM (2002) 534 final.

og framkvæmdastjóra sé óheimilt að gera neinar þær ráðstafanir sem eru bersýnilega til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

- Hins vegar má kasta fram því álitaefni hvort sú trúnaðarskylda sem þarna er kveðið á um ætti að vera almennt orðaðri og leggja strangari mælikvarða á þessa aðila þannig að allar aðgerðir sem fela í sér hagsmunaárekstra skuli hafnar yfir skynsamlegan vafa (e. duty of loyalty).
- Þá er einnig fjallað um ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra gagnvart hluthöfum í kafla XV um skaðabætur og kafla XVIII um refsingar. Ákvæði um skaðabætur vekja hins vegar upp tvær grundvallarspurningar.
- Spurning er hvort að krafa um að 50% hlutafjár þurfi til að fyrirtæki höfði mál á hendur stjórnendum sé ekki full há með hliðsjón af sjónarmiðum um minnihlutavernd.
- Sama gildir um þá kröfu að 20% heildarhlutafjár þurfi til þess að félagið höfði mál á hendur slíkum aðilum á eigin kostnað þeirra aðila sem þess krefjast, a.m.k. í stærri félögum.
- Þá er einnig spurning hvort hagkvæmt sé að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar beri ábyrgð á tjóni sem þeir valda í störfum sínum á grundvelli einfalds gáleysis líkt og kveðið er á um 134. gr. laganna. Því hefur verið haldið fram að hagstæðara sé fyrir hluthafa að stjórnendur séu nokkuð áhættusæknir þar sem það skili sér almennt í betri afkomu fyrirtækja. Hugsanlega bótaábyrgð vegna rangra ákvarðana (einfalt gáleysi) getur virkað á þann hátt að stjórnendur verði um of áhættufælnir sem samkvæmt því mundi leiða til almennt lakari afkomu fyrirtækja.
- Þessi atriði tvö verka saman þar sem ekki reynir á ábyrgðargrundvöllinn nema unnt sé yfir höfuð að koma fram ábyrgð á hendur stjórnendunum.
- Það er því rétt að kanna hvort ekki sé rétt að gera hluthöfum auðveldara með að höfða mál á hendur stjórnendum og jafnframt að veikja ábyrgð þeirra, t.d. með því að gera kröfu um stórkostlegt gáleysi sem grundvöll bótaábyrgðar. Hins vegar verður ætíð að hafa í huga að þrep til málshöfðunar verður að vera nægilega hátt til að koma í veg fyrir málaferli sem byggð eru á hæpnum forsendum og geta valdið félaginu kostnaði, tekið tíma frá stjórnendum og skaðað ímynd þess.
- Einnig væri rétt í þessu sambandi að skoða möguleika stjórnenda á að gera samninga við fyrirtæki um að þau haldi þeim skaðlausum af persónulegri ábyrgð vegna mistaka eða að þau greiði fyrir tryggingar gegn slíkri ábyrgð. Slíkar aðgerðir geta leitt til þess að varnaðaráhrif þau sem eru af mögulegri persónulegri ábyrgð stjórnarmanna minnki. Hins vegar má á móti benda á að hætta á of ríkri persónulegri ábyrgð getur orðið þess valdandi að stjórnendur verði um of áhættufælnir líkt og ofan greinir eða jafnvel að ekki fáist menn til slíkra starfa.

• Í XI. kafla laganna er fjallað um sérstakar rannsóknir. Hér er um að ræða mikilvægan rétt til handa hluthöfum til að krefjast sérstakrar rannsóknar á tilgreindum atriðum í starfsemi fyrirtækisins ef grunur vaknar um hugsanleg brot í starfsemi þess.

- Spurning er hvort að krafa um að 25% hlutafjár þurfi til þess að slík tillaga nái fram að ganga sé ekki full há með hliðsjón af sjónarmiðum um minnihlutavernd.
- Rétt er að taka þessi ákvæði til sérstakrar skoðunar, m.a. með hliðsjón af umræðunni hjá Evrópusambandinu á þessu sviði þar sem gerð er tillaga um að hluthafar sem ráði 5–10% hlutafjár geti krafist slíkrar rannsóknar.
- Hér ber þó einnig að hafa í huga það sem ofan greinir um að þrep til að krefjast rann-

sóknar verður að vera nægilega hátt til að koma í veg fyrir tilhæfulausar rannsóknir sem geta valdið félaginu kostnaði, tekið tíma frá stjórnendum og mögulega skaðað ímynd þess.

4.2.4. Skyldur tiltekinna hluthafa.

Stofnanafjárfestar, t.d. lífeyrissjóðir og fjárfestingarsjóðir, verða sífellt meira áberandi sem stórir hluthafar í fyrirtækjum. Í fyrirtækjum þar sem stofnanafjárfestar eru stórir fjárfestar vakna spurningar um stöðu þeirra gagnvart félaginu, sínum meðlimum/félagsmönnum og jafnvel öðrum hluthöfum.

- Í ljósi þess að atkvæðisréttur hluthafa er möguleiki þeirra til að hafa áhrif og eftirlit með stjórn fyrirtækja, hefur verið bent á að mikilvægt sé að slíkir fjárfestar, sem oft eiga stóran hlut í fyrirtækjum, taki þátt í stjórnun þeirra með virkri beitingu atkvæðaréttar síns. Bent hefur verið á að stofnanafjárfestar geti þannig í krafti stærðar sinnar lagað það valdaójafnvægi sem oft er á milli stjórnar og dreifðra hluthafa. Á móti má segja að stofnanafjárfestar geta haft ýmsar ástæður til þess að beita ekki atkvæðarétti sínum með virkum hætti, t.d. vegna þess að þeir vilji ekki blanda sér á stjórnun fyrirtækja með því mikla fjármagni sem þeir hafa yfir að ráða. Varpa má fram því álitaefni hverjar skyldur stofnanafjárfesta séu í þessu sambandi.
  - Benda má á í þessu sambandi umfjöllun um stöðu stofnanafjárfesta og æskilegar skyldur þeirra í The Combined Code on Corporate Governance, Section 2,[32] þar sem stofnanafjárfestar eru hvattir til beitingar atkvæðaréttar síns og umfjöllunar í skýrslu nefndar ESB, kafla 3.3.[33]
- Burtséð frá því hvort að rétt sé að stofnanafjárfestar beiti atkvæðarétti sínum með virkum hætti, er mikilvægt að þeir geri meðlimum sínum skýra grein fyrir stefnu sinni í þeim málum og hvernig þeir beiti atkvæðisrétti sínum í einstökum málum. Það er skylda stjórnenda slíkra stofnanafjárfesta að ávaxta fé meðlima sinna á sem bestan hátt, en tengsl slíkra aðila við þau fyrirtæki sem fjárfest er í geta oft vakið tortryggni um raunverulegar ástæður einstakra fjárfestinga. Slíkar ástæður gætu t.d. verið að tryggja ákveðnum aðilum völd en ekki hámarksarðsemi félagsmanna viðkomandi stofnanafjárfestis. Til að koma í veg fyrir grun um slíka hagsmunaárekstra er því mikilvægt að upplýst sé um forsendur og beitingu atkvæðaréttar í slíkum fjárfestingum.
- Félagsmenn slíkra stofnanafjárfesta eiga því rétt á að vita með skýrum hætti hvernig fjármunum þeirra er beitt við stjórnun þeirra félaga sem fjárfest hefur verið í svo unnt sé að hafa eftirlit með því að þeim sé varið á sem bestan hátt og engir hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi.
- Í ljósi ofangreinds er mikilvægt er að opin umræða fari fram um stöðu og hlutverk stofnanafjárfesta í stjórnun fyrirtækja.

4.3. Stjórn.

Samkvæmt 68. gr. hlutafélagalaga eru það félagsstjórn og framkvæmdastjóri sem fara með stjórn félagsins, en síðan er vald til daglegs reksturs framselt til framkvæmdastjóra. Vald framkvæmdastjóra er hins vegar ekki ótakmarkað, þar sem honum ber að fara eftir stefnu og

---

[32] Financial Services Authority, *The Combined Code of Corporate Governance* (2003).

[33] High Level Group of Company Law Experts, Report of the High Level Group of Company Law Experts on a Modern Regulatory Framework for Company Law in Europe (2003).

fyrirmælum stjórnar í því sambandi. Samkvæmt því er ljóst að það er stjórn sem ber hina raunverulegu ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart hluthöfum og öðrum.

4.3.1. Hlutverk stjórnar.

Það er mat skýrsluhöfundar að þrátt fyrir að hlutverk stjórnar sé nokkuð vel þekkt samkvæmt hlutafélagalögum, þá mætti hlutverk hennar og verkaskipting gagnvart hluthafafundi og framkvæmdastjóra vera skýrara.

- Gagnlegt væri að kanna sérstaklega og skilgreina betur hvert hlutverk stjórnar er og samspil hennar við aðrar stjórnunareiningar félagsins.
  - Slík skilgreining verður hins vegar að vera byggð á því að ekki má setja slíkt í of fastar skorður þar sem fyrirtæki eru mismunandi og verða að hafa nokkuð svigrúm til að laga sig að mismunandi aðstæðum.
  - Hins vegar ættu grundvallarsjónarmið hvað varðar hlutverk stjórnar að vera þau sömu í öllum fyrirtækjum.
- Í því sambandi má benda á það grundvallarsjónarmið að litið er svo á að stjórn beri sérstakar trúnaðarskyldur gagnvart félaginu og hluthöfum þessi. Hins vegar er almennt ekki talið að hluthafar beri sérstakar trúnaðarskyldur gagnvart félaginu og þeim sé því heimilt að beita ákvörðunarrétti sínum á þann hátt sem best þjónar þeirra hagsmunum. Á þessu er megin munur.
- Þetta atriði vekur m.a. upp spurningar um þýðingu þess þegar stjórn ber upp fyrir hluthafafund ákvarðanir sem hluthafafundi er ekki falið samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins að taka ákvarðanir um, líkt og gert hefur verið hér á landi. Er stjórn með slíku að fela hluthafafundi að taka ákvarðanir sem varða stjórnun félagsins og er á hennar ábyrgð? Leysir samþykkt hluthafafundar stjórn að einhverju leiti undan ábyrgð vegna slíkra ákvarðana, t.d. ef minni hlutinn teldi á sér brotið vegna slíks? Er rétt að stjórn hafi slíka möguleika?
- Að sama skapi vekur þetta upp spurningar um þýðingu þess að hluthafafundur taki ákvörðun um slík mál að eigin frumkvæði. Væri stjórn í slíkum tilvikum skylt að framkvæma slíkar ákvarðanir? Ef stjórn gerði það, hver væri ábyrgð stjórnarinnar á slíkum ákvörðunum? Bæri stjórn að segja af sér ef hún framfylgdi þeim ekki?
- Þá er einnig mikilvægt að stjórn skilgreini sjálf hlutverk sitt, setji sér skýr markmið og meti frammistöðu með ábyrgum hætti. Slíkum upplýsingum ætti að miðla til hluthafa.

Í ljósi ofangreindra spurninga væri rétt að taka hlutverk stjórna og samspil gagnvart hluthöfum til sérstakrar skoðunar og hvetja til umræðu þar að lútandi.

4.3.2. Skipan og starfshættir stjórnar.

Mikilvægt er að stjórn félags sé skipuð með þeim hætti að hagsmunir félagsins og hluthafa séu sem best tryggðir. Í því sambandi hefur verið bent á að æskilegt sé að hafa bæði stjórnarmenn sem hafa þekkingu á rekstri félagsins og jafnframt stjórnarmenn sem eru það óháðir félaginu að hlutlaust eftirlit með störfum stjórnenda sé tryggt eftir fremsta megni.

- Samkvæmt 65. gr. hlutafélagalaga skal meiri hluti stjórnar skipuð mönnum sem ekki eru framkvæmdastjórar. Því má halda fram að þessi krafa tryggi ekki að fullu þá hagsmuni sem að ofan er lýst, þar sem aðeins er fjallað um formlega framkvæmdastjóra í ákvæðinu. Ljóst er að í íslenskum fyrirtækjum eru margir af æðstu stjórnendum ekki framkvæmdastjórar í skilningi hlutafélagalaga, þrátt fyrir að njóta í raun slíkrar stöðu innan félagsins. Með hliðsjón af því væri rétt að taka þetta atriði til sérstakrar skoðunar.
- Samkvæmt 70. gr. hlutafélagalaga kemur fram að stjórnarformaður megi ekki jafnframt

vera framkvæmdastjóri. Líkt og að ofan greinir getur sú staða verið fyrir hendi að stjórnarformaður sé einn af æðstu starfsmönnum félags, þrátt fyrir að njóta ekki formlegrar stöðu sem framkvæmdastjóri samkvæmt hlutafélagalögum. Í slíkum tilvikum er oft talað um starfandi stjórnarformenn. Í ljósi stöðu þeirra er það spurning hvort hægt sé að líta á þá sem eitthvað annað en „de facto" framkvæmdastjóra, þrátt fyrir að ekki sé skýrt hvort þeir falli undir þá skilgreiningu hlutafélagalaga sem slíkir „de jure" samkvæmt strangri lagatúlkun. Bent hefur verið á það sjónarmið að mikilvægt sé að stjórnarformenn séu ekki starfsmenn fyrirtækja þar sem þeir bera ákveðnar skyldur innan stjórnarinnar og gegna mikilvægu hlutverki í tengslum við framkvæmd starfa hennar. Í ljósi þess og eftirlitshlutverks stjórnar með æðstu stjórnendum félaga er mikilvægt að tekin verði af öllu tvímæli um stöðu stjórnarformanna í íslenskri löggjöf.

- Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði í danskri hlutafélagalöggjöf þar sem m.a. kemur fram að stjórnarformenn fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll skuli ekki gegna öðrum störfum í þágu félaganna en þau sem falla undir störf stjórnarformanns, burtséð frá einstökum verkefnum sem honum er falið að vinna fyrir stjórnina.[34]
- Jafnframt er spurning um hvort að ekki sé rétt að gera kröfu um að ákveðinn fjöldi stjórnarmanna tiltekinna fyrirtækja, t.d. skráðra fyrirtækja, séu ekki tengdir því, þ.e. óháðir. Óháðir stjórnarmenn eru sérstaklega mikilvægir í ljósi eftirlitshlutverks stjórnar. Jafnframt yrði að skilgreina hvaða skilyrði væri rétt að setja fyrir óhæði stjórnarmanna.
- Þá er spurning hvort að tilteknum fyrirtækjum, t.d. skráðum, ætti að vera skylt að hafa sérstakar endurskoðunar- og/eða launanefndir innan stjórnarinnar sem eingöngu væru skipaðar stjórnarmönnum sem væru ekki starfsmenn félaganna. Með því væri áhætta á hagsmunaárekstrum takmörkuð.

Þá er einnig spurning hvort fjalla þurfi nánar um starfshætti og starfsreglur stjórna. Í því sambandi væri m.a. áhugavert að skoða hvort rétt væri að í stærri fyrirtækjum yrði gerð krafa um að stjórnarmenn sem ekki eru framkvæmdastjórar mundu hittast reglulega án framkvæmdastjóra í því skyni að styrkja eftirlit stjórnar með fyrirtækjunum. Rökin eru þá þau að það getur verið erfitt fyrir stjórnarmenn að hafa eftirlit og ræða viðkvæm mál fyrir framan og með þátttöku þeirra aðila sem slíkt eftirlit m.a. lítur að. Í þessu sambandi má m.a. vísa til fyrrgreindra kröfu um slíkt hjá skráðum fyrirtækjum á NYSE.

4.3.3. Ábyrgð stjórna.

Hér að ofan í kaflanum um hluthafa hefur nokkuð verið fjallað um ábyrgð stjórnar gagnvart hluthöfum. Auk þeirra má benda á eftirfarandi atriði um ábyrgð stjórna sem skoða mætti í ljósi góðra stjórnunarhátta fyrirtækja.

- Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hlutafélagalaga skal félagsstjórn annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þrátt fyrir að ljóst megi vera að í þessari reglu felist skylda til handa stjórn til að tryggja fullnægjandi innra eftirlitskerfi, er spurning hvort ekki sé rétt að kveða skýrar á um slíka skyldu.
- Nokkur vafi virðist stundum leika á því hjá hluthöfum og stjórnarmönnum hver sé

---

[34] Sjá: Bekendtgørelse af lov om aktieselskaber LBK nr 9 af 09/01/2002 § 51. Stk. 3. I selskaber, som har aktier optaget til notering på en fondsbørs, jf. § 7, stk. 1, nr. 1, i lov om værdipapirhandel m.v. og i statslige aktieselskaber, må formanden for bestyrelsen ikke udføre hverv for selskabet, der ikke er en naturlig del af hvervet som bestyrelsesformand, bortset fra enkeltstående opgaver, som den pågældende bliver anmodet om at udføre af og for bestyrelsen.

ábyrgð stjórna á þeim upplýsingum sem fram koma í ársreikningum félaga samkvæmt lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Rétt er að kanna hvort rétt væri að í reikningum kæmi fram afdráttarlausari yfirlýsing en nú tíðkast frá stjórn um hlutverk hennar og ábyrgð við birtingu þeirra upplýsinga sem þar koma fram.

- Þá má varpa fram í álitaefni hvort rétt sé að herða viðurlög og ábyrgð vegna rangrar upplýsingagjafar stjórnenda, sbr. ofangreindar breytingar í Bandaríkjunum.
- Þá er spurning hvort að þörf sé á samkvæmt íslenskum rétti að setja sérstaka reglu um ábyrgð vegna „wrongful trading" líkt og fjallað hefur verið um hér að ofan, þ.e. um ábyrgð stjórnenda vegna viðskipta þeirra þegar ljóst er að fyrirtæki er ógjaldfært.

4.4. Launamál stjórnar og starfsmanna.

Launamál æðstu stjórnenda fyrirtækja hafa verið nokkuð í umræðunni hér á landi undanfarin missiri. Mikilvægt er að fyrirtækjum sé frjálst að nota launakjör til þess að laða að sem hæfast starfsfólk svo unnt sé að ná fram sem bestum árangri í rekstri þeirra. Jafnframt er mikilvægt að þeim sé heimilt að notfæra sér árangurstengd laun og kaupréttarsamninga í því skyni að laga hagsmuni einstakra starfsmanna sem best að hagsmunum félagsins og þar með lækka umboðsmannskostnað. Hins vegar er einnig ljóst að ekki má ganga of langt í þeim málum, þannig að laun stjórnenda verði það há að þau feli í sér sóun á fjármunum viðkomandi fyrirtækis og skerði þannig með óeðlilegum hætti rétt hluthafa til arðs af fjárfestingu sinni.

Samningar um launakjör við æðstu stjórnendur fyrirtækja fela í sér samningagerð milli félagsins og þeirra, en skv. 72. gr. hlutafélagalaga stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum óheimilt að taka þátt í samningsgerð milli félagsins og þeirra. Þar sem fyrirtæki verður hins vegar að ráða starfsfólk, þ. á m. stjórnendur er ekki hjá því komist að gera slíka samninga. Hins vegar gefur sú staðreynd að í raun er um að ræða samningsgerð milli félagsins og þeirra, tilefni til að slíkri samningar séu skoðaðir sérstaklega og um þá gildi skýrar reglur.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar bera trúnaðarskyldur gagnvart þeim fyrirtækjum sem þeir starfa fyrir og hluthöfum þeirra og ber að gæta að meðferð fjármuna þeirra, sbr. t.d. 68. og 76. gr. hlutafélagalaga. Því væri hægt að halda fram að með samningum um launakjör, þar á meðal kaupréttar og starfslokasamningum, sem væru mjög háir og úr samhengi við það sem eðlilegt gæti talist, væri verið að afla viðkomandi aðilum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað hluthafa félagsins eða félagsins sjálfs og/eða sóa fjármunum þess. Með aðkomu sinni að slíkum samningum væru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar því hugsanlega að baka sér bótaskyldu gagnvart félaginu og hluthöfum þess. Um þessi sjónarmið má m.a. vísa þess að laun og starfslokasamningur Richard Grasso, fyrrverandi forstjóra NYSE, eru til skoðunar hjá SEC og Elitot Spitzer, lögmanni New York, þar sem hugsanlega er til skoðunar hvort að forstjórinn og stjórnin hafi brotið trúnaðarskyldur sínar gagnvart kauphöllinni með of háum launakjörum, en starfslokasamningur Grasso hljóðaði upp á $187,5 milljónir eða um 13 milljarða íslenskra króna.

Í íslenskri hlutafélagalöggjöf er ekki með beinum hætti fjallað um ofangreinda þætti, en í ljósi umræðunnar hér á landi og erlendis er eðlilegt að kannað verði m.a.:

- Hvort rétt sé að gera fyrirtækjum skylt að birta upplýsingar yfir launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda í ársreikningum sínum. Í þessu sambandi má t.d. benda á nýlegar breytingar á reglum Kauphallar Íslands um birtingu slíkra upplýsinga.
- Hvort rétt sé að stjórnarmenn í hlutafélögum geti átt rétt á árangurstengdum launum og/eða taka þátt kerfum fyrirtækja um kaupréttarsamninga. Vega þarf hagsmuni af slíku, en ljóst er að hægt er að færa góð rök fyrir báðum niðurstöðum. Með slíkum samningum

er hvati til árangurs aukinn og umboðsmannskostnaður lækkaður. Hins vegar geta slík árangurstengd launakjör til handa stjórnarmönnum einnig leitt til þess að þrýstingur myndast á stjórnir um að láta eigin skammtímahagsmuni ráða för en ekki langtímahagsmuni þeirra félaga sem þeir starfa fyrir. Í ljósi hlutverka stjórnar, sem er annars vegar að stýra fyrirtækinu á þann hátt sem hámarkar hag hluthafa og hins vegar að tryggja fullnægjandi eftirlit með fjármunum þess, geta slíkir samningar því verið varhugaverðir. Í því sambandi væri rétt að kanna, hvort rétt væri að slíkir samningar væru aðeins leyfðir að fenginni samþykkt hluthafafundar, sbr. almenn krafa 79. gr. hlutafélagalaga um að aðalfundur ákveði laun stjórnarmanna.

- Hvort rétt sé að gera kröfu um að hluthafafundur þurfi að samþykkja allar áætlanir og útfærslur fyrirtækja á kaupréttarsamninga til handa starfsmönnum. Í því fælist m.a. að stjórnir fyrirtækja yrðu að setja almennar reglur um kaupréttarsamninga, upplýsa hluthafa um hvað slíkt kaupréttarkerfi fæli í sér og hver áætlaður kostnaður gæti orðið af slíku kerfi fyrir fyrirtækið.
- Með slíku gætu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fengið staðfestingu hluthafafundar á því að kjör til handa stjórnendum væru ásættanleg af hálfu eigenda fyrirtækjanna, og þannig komist hjá gagnrýni og hugsanlegri ábyrgð gagnvart hluthöfum vegna slíkra samninga.
- Hvað varðar kaupréttarsamningar sérstaklega þá hefur verið bent á að þeir séu í raun ekki til þess fallnir að hámarka hag hluthafa, heldur feli þeir fremur í sér tæki til handa stjórnendum til þess að stjórna launum sínum sjálfir. Með því er verið að vísa til þess að stjórnendur geti spilað á slík launakerfi með því að hafa óeðlileg áhrif á reikningsskil fyrirtækjanna. Þetta leiði til þess að reikningsskil endurspegli frekar þá mynd sem stjórnendur vilji sýna á hverjum tíma og þjóni þeirra hagsmunum, fremur en þá raunverulegu stöðu sem reksturinn er í. Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið kannað hvaða þátt kaupréttarsamningar hafa hugsanlega spilað í þeim nýlegu spillingarmálum sem upp hafa komið.
- Þrátt fyrir að flest bendi til þess að kaupréttarsamningar séu almennt vel til þess fallnir að samþætta hagsmuni hluthafa og stjórnenda er ljóst að slíkir samningar eru ekki hafnir yfir gagnrýni, og um þá verða að gilda skýrar reglur, sérstaklega hvað varðar upplýsingagjöf.

4.5. Endurskoðun.

Samkvæmt 57. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, skal aðalfundur kjósa einn eða fleiri endurskoðendur til að endurskoða ársreikning viðkomandi fyrirtækis. Í þessu felst að endurskoðendur gegna mjög mikilvægu hlutverki fyrir hluthafa, þar sem þeir hafa eftirlit með reikningsskilum stjórnar félagsins í umboði hluthafafundar.

4.5.1. Hlutverk og ábyrgð.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem endurskoðendur gegna sem sérstakir varðmenn fyrir hluthafa gagnvart upplýsingagjöf stjórnar, er mjög mikilvægt að hluthöfum og öðrum þeim er reiða sig á slíkar upplýsingar sé raunverulegt hlutverk endurskoðenda ljóst.

- Í þessu sambandi hefur mikið verið rætt um svokallað væntingagap, þ.e. mismuninn á því hvernig endurskoðendur líta á það starf sem þeir vinna í þágu fyrirtækja og þess starfs sem hluthafar og/eða stjórnir fyrirtækja telja að þeir séu að vinna og greitt sé fyrir.
- Mikilvægt er að þessu væntingagapi verði lokað og kannað verði hvaða aðgerðir séu bestar til þess. Í því sambandi gæti t.d. verið rétt að skýra með enn nákvæmari hætti en

nú er gert, t.d. í ársreikningum félaga, hvaða vinnu endurskoðendur hafa innt af hendi fyrir viðkomandi fyrirtæki og hvaða ábyrgð í því felst.

4.5.2. Óhæði.

Í ljósi þess að endurskoðendur gegna sérstökum trúnaðarstörfum fyrir hluthafa gagnvart störfum stjórnar og stjórnendum fyrirtækja, verður sú grundvallarkrafa að vera virt að endurskoðendurnir séu óháðir félaginu þannig að ekki sé ástæða til að efast um trúverðugleika þeirra í því sambandi. Þeir mega því ekki að hafa fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuni að gæta af rekstri félaganna eða viðskiptum sínum við það, sem haft geta áhrif á trúnaðarstörf þeirra fyrir hluthafa.

Í þessu sambandi hefur verið bent á að endurskoðendur geti ekki bæði unnið að hagsmunum félags í samvinnu við stjórn þess, t.d. ráðgjafastörf, og á sama tíma viðhaldið þeirri fjarlægð og hlutlægni sem nauðsynlegt er að endurskoðendur hafi í störfum sínum og trúverðugleiki þeirra byggir á. Þetta sjónarmið kemur m.a. skýrt fram í ofangreindri umfjöllun um stöðu og þróun mála í Bandaríkjunum og Evrópu á þessu sviði, þar sem ýmsar breytingar eru á borðinu hvað varðar stöðu og hæði endurskoðenda. Einnig má benda á dóm frá Hæstarétti Bandaríkjanna þar sem þetta sjónarmið er staðfest, *Bandaríkin gegn Arthur Young,* þar sem rétturinn sagði að „ef fjárfestar litu á endurskoðandann sem talsmenn fyrirtækja í fjárfestingum, er hætt við að hlutverk hans yrði brátt úr sögunni".[35]

Með hliðsjón af því sem ofan greinir og þróuninni á þessu sviði á alþjóðavettvangi væri rétt að fara yfir og kanna sérstaklega:

- Hvaða sjónarmið eigi að gilda um tengsl endurskoðenda við þau félög sem þau starfa fyrir, bæði fjárhagsleg og persónuleg.
- Í því sambandi væri rétt að skilgreina með enn skýrari hætti en gert er í 9. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur, hvaða sjónarmið leiði til þess að endurskoðendur teljist ekki lengur óháðir þeim félögum er þeir starfa fyrir.
- Hvaða sjónarmið eigi að gilda um önnur störf endurskoðanda fyrir þau félög sem þau eru ytri endurskoðendur fyrir.
  - Í því sambandi er mikilvægt að ræða og taka afstöðu til hvort rétt sé að takmarka möguleika endurskoðenda til að sinna öðrum störfum fyrir fyrirtæki sem leiða til þess að óhlutdrægni þeirra megi draga í efa.
  - Í því sambandi væri hugsanlega rétt að skilgreina sérstaklega hvaða störf önnur endurskoðendur mættu vinna án þess að talið yrði að trúverðugleiki þeirra væri í hættu. Með því væru settar skýrar leikreglur til hagsbóta fyrir bæði fyrirtækin og endurskoðendur.
  - Upplýsingagjöf til hluthafa um önnur störf endurskoðenda og greiðslur í því sambandi þannig að þeir hafi forsendur til að leggja mat á óhæði þeirra.
- Hvort rétt sé að gera kröfu um að fyrirtæki skipti um endurskoðendur á tilteknum ára fresti.
- Hvernig eftirliti með störfum endurskoðenda og reikningsskilum fyrirtækja er háttað. Í því sambandi má m.a. benda á hvernig samræmdu eftirliti er háttað á þessu sviði í Bandaríkjunum og gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan.
- Í þessu sambandi má benda á áhugaverð ákvæði í danskri löggjöf þar sem tekið er á

---

[35] United States v. Arthur Young, 465 U.S. 805 (1984) at 819–20.

þessum þáttum, sbr. Lov om statsautoriserede og registrerede revisorer nr. 302 frá 30/04/2003.

- Slík skoðun ætti að taka mið af þróun á þessu sviði innan Evrópu og hefur m.a. verið vísað til hér að ofan.

HEIMILDASKRÁ

1. Ad Hoc Task Force on Corporate Governance, *OECD Principles of Corporate Governance,* SG/CG(99)5.
2. Adam Smith, An Inquiry into the Nature and Couses of Wealth of Nations (1776), bók 5, kafli 1.
3. Bekendtgørelse af lov om aktieselskaber LBK nr 9 af 09/01/2002.
4. Commission recommendation of 16 May 2002, Statutory Auditor's Independence in the EU: A set of fundamental Principles (2002/590/EC).
5. Committee for the Corporate Governance of listed Companies, Report: Code of Conduct (1999) „Preda Report".
6. Communication from the Commission to the Council and the European Parliament, Modernising Company Law and Enhancing Corporate Governance in the European Union – A Plan to Move Forward, COM (2003) 284 final.
7. Communication from the Commission to the Council and European Parliament, Reinforcing the statutory audit in the EU (2003/C 236/02).
8. Derek Higgs, *Review of the role and effectiveness og non-executive directors* (2003).
9. European Commission, *Financial Services: Implementing the Framework for Financial Markets: Action Plan,* COM (1999) 232.
10. European Commission, fréttatilkynning Brussel 21. maí 2003, IP/03/716.
11. European Commission: *Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on Takeover Bids,* COM (2002) 534 final.
12. Financial Services Authority, *The Combined Code of Corporate Governance* (2003).
13. Finansministeriet, Debatoplæg um aktivt ejerskab (1999).
14. Frits Bolkenstein, ræða þann 29. maí 2002 hjá American Enterprise Institute í Washington.
15. Hansmann og Kraakman, The end of History for Corporate Law, 89 Geo. L.J. 439 (2001).
16. High Level Group of Company Law Experts, Report of the High Level Group of Company Law Experts on a Modern Regulatory Framework for Company Law in Europe (2003).
17. Lov om statsautoriserede og registrerede revisorer nr. 302 frá 30/04/2003.
18. Lov 303 af 30/04/2003 om ændring af lov om aktieselskaber og lov om anpartsselskaber (Elektronisk generalforsamling og elektronisk kommunikation m.v. samt spaltning af anpartsselskaber).
19. M. Jensen og W. Mecling, Theory of the Firm; Managerial Behaviour, Agency Cost an Ownership Structure, J. Fin. Econ. 305 (1976).
20. Mark Roe, The shareholder Wealth Maximization Norm and Industrial Organization, 149 U. Pa. L. Rev., 2063 (2001).
21. Nörby-udvalges rapport on Corporate Governance i Danmark, Anbefalingar for god selskabsledelse í Danmark (2002) „Nörby Report".
22. NYSE, Report of the Corporate Accountability and Listing Standards Committee, (2002).
23. Peters Committee, Corporate Governance in the Netherlands – Forty recommendations (1997) – „Peters Report".
24. Report of the Committee on The Financial Aspects og Corporate Governance (Desember 1992) – „Cadbury Report".
25. Sarbanes-Oxley Act, http://www.law.uc.edu/CCL/SOact/soact.pdf.
26. Toronto Stock Exchange, Where were the Directors? Guidelines for improved corporate governance in Canada (1994) „Dey Report".
27. The Company Law Review Steering Group, Modern Company Law for a Competitive Economy (2001).

28. United States v. Arthur Young, 465 U.S. 805 (1984) at 819–20.
29. Weil Gotshal & Manges LLP, „Comparative Study of Corporate Governance Codes relevant to the European Union and its member states“ (2002).
30. World Bank Group, Corporate Governance: A Framework for Implementation (1999).

VIÐAUKI II.

Leiðbeiningar um hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda (unnar af Verslunarráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands).

1 INNGANGUR

Á síðustu árum hefur frelsi í viðskiptum aukist umtalsvert og svigrúm til athafna er meira. Útrás fyrirtækja hefur sett mark sitt á þróunina og gagnkvæm tengsl fyrirtækja yfir landamæri hafa aukist stórlega. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og íslensk fyrirtæki hafa sýnt að þau hafa kraft til að takast á við ný verkefni utan lands sem innan og stuðla með því að aukinni velmegun.

Þessu aukna frelsi fylgir ábyrgð; fyrirtæki verða að sýna hluthöfum virðingu og hlúa að samskiptum við viðskiptavini og þjóðfélagið í heild. Íslenskt viðskiptalíf vill sýna í verki að fyrirtæki vilja mæta þeirri auknu ábyrgð sem á þeim hvílir. Fyrirtæki skynja einnig að með því að auka traust hluthafa, starfsmanna, viðskiptavina og almennings skapast fjölmörg tækifæri þegar til lengri tíma er litið. Gagnkvæmt traust almennings og viðskiptalífs er lykill að bættri samkeppnisstöðu Íslands og betri lífskjörum.

Mikilvægur þáttur í að tryggja traust til viðskiptalífsins er að bæta starfsreglur í samskiptum hluthafa, stjórna og stjórnenda. Verslunarráð Íslands (VÍ) hóf sumarið 2003 vinnu við tillögugerð um góða stjórnarhætti fyrirtækja (e. corporate governance), sem hafði að markmiði að skýra hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja á Íslandi og auðvelda þeim þannig að rækja skyldur sínar. Tilgangur starfsins var að setja saman leiðbeinandi starfsreglur, sem eftirleiðis verða nefndar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.

Á haustmánuðum 2003 hófst samstarf VÍ við Kauphöll Íslands um þetta verkefni og í lok ársins var jafnframt ákveðið að Samtök atvinnulífsins kæmu að verkefninu. Tilgangurinn með þessari samvinnu var að skapa breiða samstöðu um stjórnarhætti fyrirtækja.

Leiðbeiningarnar sem fara hér á eftir miða að því að leiðbeina fyrirtækjum um hvernig hátta beri samskiptum hluthafa, stjórna og stjórnenda. Þessi vinna er í samræmi við starf á alþjóðavettvangi um stjórnarhætti fyrirtækja í breyttu og alþjóðavæddu starfsumhverfi. Um 30 ríki, alþjóðastofnanir og samtök fyrirtækja hafa undanfarin ár samið tillögur um stjórnarhætti fyrirtækja, þannig að segja má að umræða um þessi mál hafi verið nokkuð fyrirferðarmikil undanfarið. Það er vænleg leið til árangurs að viðskiptalífið sjálft sýni ábyrgð og taki upp starfsreglur sem styrkja innviði fyrirtækja og auka traust milli almennings og fyrirtækja.

Ástæður þess að svo margir hafa talið nauðsynlegt að skoða stjórnarhætti fyrirtækja, hver í sínum ranni, eru vafalítið þær að hefðir, venjur, aðstæður, reglugerðir og lög eru svo frábrugðin landa á milli að ekki er hægt að setja fram samræmdar alþjóðlegar tillögur, sem henta í öllum tilvikum. Þó er ljóst að eftir því sem tengsl fyrirtækja og fjárfesta yfir landamæri aukast þurfa reglur og viðmið í einu landi að taka mið af því sem er að gerast í öðrum löndum. Í þeirri vinnu sem farið hefur fram á vettvangi Verslunarráðs Íslands hafa breskar, danskar og finnskar skýrslur um stjórnarhætti verið hafðar til hliðsjónar. Þá má nefna *Grund-*

vallaratriði um ábyrga forystu fyrirtækja sem Efnahags- og framfarastofnunin OECD lagði fram árið 1999 og vinnu Alþjóðaverslunarráðsins á þessu sviði.

Það er mikilvægt að viðskiptalífið taki frumkvæði með setningu starfsreglna, sem miða að því að styrkja umgjörð atvinnulífsins. Viðskiptalífið telur að vænleg leið til árangurs sé að auka innra eftirlit og aðhald innan atvinnulífsins sjálfs. Það er mikið í húfi fyrir viðskiptalífið og mikilvægt að það taki frumkvæði í þessum efnum og bendi á leiðir til að auka það traust sem hluthafar og almenningur eiga réttilega að geta borið til fyrirtækja.

Leiðbeiningar þessar henta hlutafélögum, hvort sem þau eru skráð í Kauphöll Íslands eða ekki, svo og einkahlutafélögum og fyrirtækjum í eigu ríkis og bæjarfélaga eftir því sem við á. Leiðbeiningarnar í heild sinni eða að hluta geta jafnframt nýst stjórnum annarra félagaforma eða stofnana.

Markmiðið með leiðbeiningum þessum er að:

- Stuðla að góðum stjórnarháttum fyrirtækja á Íslandi.
- Auðvelda stjórnarmönnum og stjórnendum hlutafélaga að rækja skyldur sínar og auðvelda þeim þannig að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja, sem þeim er trúað fyrir að stjórna.
- Tryggja traust á fyrirtækjum og atvinnurekstri almennt.
- Efla trúnað milli fjárfesta og stjórnenda.
- Auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að færa stjórnarhætti íslenskra fyrirtækja í stórum dráttum til sama horfs og gerðar eru kröfur um í nágrannalöndum okkar.
- Auðvelda hugsanlegum erlendum fjárfestum að gera sér grein fyrir þeim stjórnarháttum sem tíðkast hérlendis þegar þeir eru að meta hvort þeir ætla að fjárfesta hér á landi.
- Auðvelda aðgang innlendra fyrirtækja að fjármagni hérlendis og erlendis.
- Gefa fyllri mynd af lögum um hlutafélög (nr. 2/1995), lögum um einkahlutafélög (nr. 138/1994) og annarri viðskiptalöggjöf.

Í starfshópi um stjórnarhætti fyrirtækja áttu sæti Svanbjörn Thoroddsen, forstjóri Medcare Flögu, formaður, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Erlendur Magnússon, framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka, Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi KPMG, Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. Verkefnisstjóri var Davíð Sch. Thorsteinsson. Þá starfaði Sigríður Á. Andersen, lögfræðingur Verslunarráðs, með hópnum.

2 STJÓRN

Stjórn félags ber mikla ábyrgð þar sem hún fer með æðsta vald félags á milli hluthafafunda. Meginhlutverk stjórnar samkvæmt lögum og eðli máls má draga saman í eftirfarandi:

- Stjórninni ber að stuðla að viðgangi fyrirtækisins og er ábyrg fyrir því að hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og eftirlit með stjórnendum.
- Stjórninni ber ásamt framkvæmdastjóra[36] að hafa forystu um að móta stefnu fyrirtækisins bæði til skamms tíma og langframa.
- Stjórninni ber að sjá um að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.

---

[36] Hér og annars staðar í leiðbeiningunum er átt við framkvæmdastjóra/forstjóra sem ráðinn er af stjórn, en ekki framkvæmdastjóra deilda eða sviða.

Í lögum um hlutafélög er hlutverk stjórnar skilgreint, en þar segir m.a.:

- Stjórnin fer með málefni félagsins og skal sjá til þess um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins (68. gr.).
- Stjórnin skal ráða framkvæmdastjóra, einn eða fleiri og ákveða laun framkvæmdastjóra og starfskjör (65. gr.).
- Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins (68. gr.).
- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið (68. gr., 2. mgr.).
- Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar, eða mikils háttar (68. gr.).
- Framkvæmdastjóra hlutafélags má ekki kjósa sem stjórnarformann í sama hlutafélagi (70. gr.).
- Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum (70. gr., 2. mgr.).
- Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað félagsins eða annarra hluthafa (76. gr.).
- Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra ber í upphafi starfs síns að gefa stjórninni upplýsingar um hlutaeign sína í félaginu, eða innan sömu samstæðu, og í framhaldi af því upplýsingar um kaup eða sölu þess hluta (67. gr.).
- Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur (70. gr., 4. mgr.).

Eftirfarandi leiðbeiningar um stjórn og undirnefndir eru til þess fallnar að tryggja góða stjórnarhætti við nánari útfærslu á því hvernig stjórnin sinnir skyldum sínum.

2.1 Skyldur.

Hver sá sem valinn er til stjórnarsetu skal vera þeim hæfileikum búinn að geta rækt skyldur sínar sem stjórnarmaður og hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa, sem slík seta krefst. Mikilvægt er að þeir sem sitja í stjórnum fyrirtækja geri sér grein fyrir þeim skyldum sem á þeim hvíla.

Árangursrík stjórnarstörf krefjast kunnáttu á starfsemi félagsins. Frumskilyrði þess að stjórnin starfi vel og skili góðum árangri er að hún sé skipuð einstaklingum, sem bæta hvern annan upp með mismunandi þekkingu, hæfileikum og færni. Sérhver stjórnarmaður verður að hafa tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum í þágu fyrirtækisins. Stjórnarmenn þurfa að:

- Þekkja þau lög og reglur sem í gildi eru um fyrirtækjarekstur og viðkomandi starfsemi, skilja hlutverk sitt og í hverra þágu unnið er.
- Hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.
- Hafa skilning á hlutverki stjórnar, góða dómgreind og innsæi.
- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.
- Tryggja að til staðar sé innra eftirlit, fá í hendur upplýsingar til að fylgjast með rekstrinum og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- Fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt.
- Stuðla að góðum starfsanda.

2.2 Starfsreglur.

Stjórn setji sér skriflegar starfsreglur þar sem fjallað er um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Starfsreglur þurfa að fjalla um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Þær upplýsingar sem fram koma í starfsreglum stjórnar munu jafnframt auðvelda hluthöfum að meta störf stjórnarinnar.

Starfsreglur stjórnar ættu að fjalla um eftirtalda þætti:

- Skiptingu starfa stjórnar.
- Verksvið stjórnar og stjórnarformanns.
- Undirnefndir stjórnar.
- Boðun funda, tíðni þeirra, þátttakendur og form.
- Fundargögn.
- Fundargerðir.
- Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur.
- Þagnar- og trúnaðarskyldu.
- Vanhæfi.
- Tengingu við aðrar reglur innan félagsins.
- Tengingu við aðrar reglur eftir því sem við á, s.s. frá Fjármálaeftirliti og Kauphöll Íslands.

2.3 Upplýsingagjöf til stjórnar.

Mikilvægt er að stjórnir fái með reglubundnum hætti viðunandi upplýsingar frá framkvæmdastjóra til þess að geta sinnt skyldum sínum. Nauðsynlegt er að fyrir liggi með hvaða hætti sú upplýsingagjöf fari fram.

Stjórnarmenn þurfa að fá upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins með reglubundnum hætti svo þeir geti sinnt hlutverki sínu. Jafnframt er mikilvægt að kynna fyrirtækið ítarlega fyrir nýjum stjórnarmönnum.

Þær upplýsingar sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn þurfa bæði að berast tímanlega og vera í því formi og af þeim gæðum að stjórnin geti gegnt störfum sínum þannig að vel verði við unað.

2.4 Árangursmat.

Æskilegt er að stjórn meti með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, svo og framgang félagsins, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara í stjórnarstörfum.

2.5 Óháðir stjórnarmenn.

Æskilegt er að meiri hluti stjórnar sé óháður félaginu, sbr. skilgreiningu undir lið 2.6. Að auki er æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu.

Skylda stjórnarinnar er að hafa eftirlit með þeim, sem annast daglegan rekstur félagsins. Því er æskilegt að meiri hluta stjórnar skipi óháðir stjórnarmenn og að innan þess meiri hluta séu að minnsta kosti tveir stjórnarmenn, sem eru óháðir stórum hluthöfum í fyrirtækinu sé miðað við 5 manna stjórn.

Stór hluthafi er hver sá sem ræður yfir að minnsta kosti 10% af heildarhlutafé í félaginu, einn eða í samstarfi við sér nátengda aðila.

2.6 Mat á hvort stjórnarmenn séu óháðir.

Stjórnin skal sjálf meta hvort stjórnarmaður sé óháður og skýra frá niðurstöðu sinni í ársskýrslu félagsins.

Ef meiri hluti stjórnar er ekki óháður félaginu er mikilvægt að þess sé getið í ársskýrslu. Stjórnarmaður telst ekki óháður fyrirtækinu:

- Ef hann er eða hefur verið starfsmaður fyrirtækisins eða fyrirtækjasamsteypunnar undanfarandi þrjú ár.
- Ef hann þiggur greiðslur frá fyrirtækinu, eða æðstu stjórnendum þess, fyrir utan þau laun sem hann fær sem stjórnarmaður, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki.
- Ef hann er tengdur nánum fjölskylduböndum einhverjum af ráðgjöfum, stjórnarmönnum, eða æðstu stjórnendum fyrirtækisins.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki, sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum fyrirtækis þar sem einn af æðstu stjórnendum fyrirtækisins situr sem stjórnarmaður.
- Ef hann er í miklum viðskiptum, eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu.
- Ef hann er aðili að árangurstengdu umbunarkerfi hjá félaginu.
- Ef stjórninni er kunnugt um einhver þau önnur atriði, þar sem hagsmunir stjórnarmanns og félagsins geta skarast verulega.

Stjórnarmenn eiga að leggja fram upplýsingar um sig sjálfa til þess að auðvelda stjórninni að framkvæma ofangreint mat og tilkynna um þær breytingar sem verða á högum þeirra sem geta haft áhrif á mat stjórnar á hvort þeir teljist óháðir. Æskilegt er að í ársskýrslu séu birtar eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn:

- Nafn, fæðingardagur og ár.
- Menntun.
- Aðalstarf.
- Starfsferilságrip.
- Fyrst kosinn í stjórn.
- Önnur trúnaðarstörf.
- Eignarhlutir í félaginu.
- Kaupréttarsamningar við félagið.

3 UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

Gott skipulag á störfum stjórnar er forsenda þess að störf stjórnenda og rekstur félagsins gangi snurðulaust fyrir sig. Að stofna til undirnefnda, sem hluti stjórnarmanna á sæti í, getur bætt starfshætti í þeim málum sem stjórninni ber að annast. Þeir stjórnarmenn sem sinna störfum í slíkum sérhæfðum nefndum geta einbeitt sér betur að þeim verkefnum sem þeim eru falin heldur en þegar öll stjórnin er saman komin. Mikilvægt er að undirnefndir geri stjórn reglulega grein fyrir helstu niðurstöðum úr starfi sínu.

3.1 Stofnun undirnefnda.

Til að gera störf stjórnarinnar markvissari getur hentað að stofnað sé til sérstakra undirnefnda hennar. Stjórnin kýs úr sínum hópi nefndarmenn og formann undirnefnda. Í ársskýrslu ber að skýra frá því hverjir sitja í hverri undirnefnd.

Það getur verið nauðsynlegt að fela undirnefndum stjórna að fjalla um ákveðna þætti, einkum þeirra sem snúa að fjárhagslegu eftirliti og umbun til framkvæmdastjóra og umb-

unarkerfi æðstu stjórnenda. Stjórn verður að meta þörfina fyrir slíkar nefndir eftir stærð og umfangi fyrirtækisins svo og samsetningu stjórnar.

A Endurskoðunarnefnd.

A.1 Skipun endurskoðunarnefndar.

Æskilegt er að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang fyrirtækisins er slíkt að telja megi mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi manna heldur en hjá stjórninni allri.

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur félagsins gefi sem gleggsta mynd af stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma.

Þau fyrirtæki, sem ekki hafa þegar sett á stofn slíka nefnd skulu meta árlega hvort þörf sé á að slíkri nefnd verði komið á fót.

A.2 Val nefndarmanna.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum hið minnsta og meiri hluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Þar sem hlutverk endurskoðunarnefndar er að fjalla um fjármál, uppgjör og eftirlit með þeim þurfa allir nefndarmenn að hafa staðgóða þekkingu á reikningshaldi og ársreikningagerð.

A.3 Hlutverk.

Stjórnin skal skilgreina hlutverk endurskoðunarnefndar með hliðsjón af þörfum félagsins.

Hlutverk nefndarinnar ætti meðal annars að vera eftirfarandi:

- Eftirlit með fjárhagslegri stöðu félagsins.
- Mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu.
- Mat á skýrslugerð stjórnenda um fjármál.
- Mat á hvort öllum lögum og reglugerðum sé fylgt.
- Undirbúningur á vali löggilts endurskoðanda félagsins.
- Beinn aðgangur að löggiltum endurskoðanda félagsins.
- Mat á endurskoðunarskýrslum.
- Mat á öðrum störfum löggilts endurskoðanda félagsins.

B Starfskjaranefnd.

B.1 Skipun starfskjaranefndar.

Stjórn getur skipað sérstaka starfskjaranefnd til að semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn ef þeir eiga sæti í stjórn um laun og önnur starfskjör. Jafnframt getur slík nefnd mótað stefnu ef um er að ræða árangurstengingu launa og/eða kauprétt að hlutabréfum í félaginu.

Lagt er til að starfskjaranefnd sé starfrækt í öllum tilfellum þar sem framkvæmdastjóri á jafnframt sæti í stjórn, eða ef stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn eru jafnframt starfsmenn félagsins.

B.2 Val nefndarmanna.

Starfskjaranefnd skal skipuð þremur mönnum og skal meiri hluti nefndarinnar vera óháður félaginu.

Vegna eðlis starfa starfskjaranefndar má hvorki framkvæmdastjóri né annar starfsmaður eiga sæti í nefndinni.

B.3 Hlutverk.

Stjórnin skal skilgreina hlutverk starfskjaranefndar.

Skyldur og starfsaðferðir starfskjaranefndar skulu skilgreindar í því erindisbréfi, sem stjórnin setur nefndinni, og skulu þær taka mið af þörfum félagsins.

Hlutverk nefndarinnar ætti meðal annars að felast í eftirfarandi:

- Semja við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.
- Semja við aðra starfsmenn sem jafnframt eru í stjórn um laun og önnur starfskjör.
- Móta stefnu um hvernig kjaramálum félagsins skuli háttað, þ.m.t. árangurstengingu launa og kauprétt að hlutabréfum í félaginu.

B.4 Kaupréttaráætlanir.

Æskilegt er að helstu ákvæði kaupréttaráætlana séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

Ef stefnt er að því að gera samninga við starfsmenn um kauprétt að hlutabréfum, eða þeim seld hlutabréf með endursölurétti, er æskilegt að helstu ákvæði þeirra samninga og/eða áætlunar séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Með helstu ákvæðum er m.a. átt við heildarfjölda hlutabréfa í áætluninni, hámarkslengd kaupréttarsamninga, tímabil sem starfsmenn mega nýta réttinn, viðmiðun við ákvörðun kaupverðs og kjör, ef um lán er að ræða, en ekki samninga við einstaka starfsmenn eða fjárhæðir þeirra.

Ef kaupréttaráætlunin nær jafnframt til stjórnarmanna er lagt til að fjallað sé sérstaklega um þann hluta kaupréttaráætlunar á hluthafafundi samhliða umfjöllun um laun til stjórnarmanna.

4 ENDURSKOÐUN LEIÐBEININGA

Lagt er til að leiðbeiningar þessar verði endurskoðaðar í ljósi reynslunnar.

Rétt að minna á að engin alþjóðleg skilgreining er til um góða stjórnarhætti og því má búast við því að umræðan um góða stjórnarhætti haldi áfram. Því er nauðsynlegt að fylgjast náið með þróun þessara mála bæði hérlendis og á alþjóða vettvangi og endurskoða þessar leiðbeiningar í lok ársins 2005.

5 VIÐAUKI

Fanga hefur verið leitað víðsvegar, m.a. í eftirfarandi gögnum:

- Derek Higgs: *Review of the Role and Effectiveness of Non-executive Directors.* UK, January 20th 2003.
- Sir Robert Smith: *The Smith Guidance on Audit Committees.* UK, July 2003.
- *The Combined Code on Corporate Governance (The Cadbury Report).* UK, revised July 23rd 2003.
- Allan & Overly UK: *Revisions of The Combined Code after Higgs.* July 25th 2003.
- *Nörby-udvalgets rapport om Corporate Governance i Danmark,* 2001/2002.
- Hex, Central Chamber of Commerce and Confederation of Finnish Industry and Employers: *Corporate Governance Recommendation for Listed Companies,* Desember 2003.
- OECD: *Principles of Corporate Governance.* Maí 1999.

- International Chamber of Commerce: *Business in Society. Making a positive and responsible contribution.*
- *Um stjórnir fyrirtækja og endurskoðendur.* Stefán Svavarsson 25.9.2003.
- *Ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda fyrirtækja.* Árni Harðarson 25.9.2003.

VIÐAUKI III.

Yfirlit yfir aðgerðir Kauphallar Íslands er lúta að stjórnarháttum fyrirtækja.

Kauphöllin ákvað á árinu 2002 að ástæða væri til að bregðast við um aukinni umræðu á erlendum mörkuðum um launakjör æðstu stjórnenda og neikvæða umfjöllun fyrir viðkomandi verðbréfamarkaði um þau. Í október 2002 skipaði stjórn Kauphallarinnar starfshóp sem gerði samanburð á reglum helstu markaða um upplýsingagjöf um launakjör á helstu mörkuðum og gerði drög að reglum fyrir Kauphöllina um þetta efni. Í byrjun árs 2003 voru reglurnar kynntar og tóku þær gildi um mitt ár 2003.

Í megindráttum skulu skráð félög í Kauphöllinni og Tilboðsmarkaði Kauphallarinnar birta ítarlegar upplýsingar um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda sérgreint niður á persónur í skráningarlýsingum og í ársreikningum. Gera skal grein fyrir þessum upplýsingum í skráningarlýsingum sem og í ársreikningi. Jafnframt skal birta ítarlegar upplýsingar um kaupréttarsamninga eða sambærilega samninga æðstu stjórnenda, gera grein fyrir óvenjulegum viðskiptum, óvenjulegum samningum og greina frá hlutafjáreign stjórnenda. Einnig er krafist upplýsinga um óvenjulega ráðningar- eða starfslokasamninga æðstu stjórnenda og samninga um lífeyrisréttindi umfram það sem venjulegt er. Kauphöllin hefur lagt ríka áherslu á að skráð félög fari eftir þessum reglum og hefur eftir atvikum kallað eftir viðbótarupplýsingum hafi upplýsingum sem birtar hafa verið í fréttakerfi Kauphallarinnar verið ábótavant. Sjá nánar fylgiskjal.

Í framhaldi af starfi hópsins og í ljósi þess hve misjöfn umgjörð um stjórnarhætti fyrirtækja er á milli einstakra ríkja ákvað Kauphöllin að leggja frekari grunn að bættum stjórnarháttum fyrirtækja með því að hafa frumkvæði að gerð skýrslu um efnið sem innihéldi viðhorfskönnun meðal stjórnarmanna og æðstu daglegu stjórnenda í skráðum félögum. Skýrslan var birt í september 2003. Hún ber titilinn: „Stjórnarhættir fyrirtækja – umfjöllun um hugtakið Corporate Governance og könnun á afstöðu til ýmissa þátta þess".

Þá var Kauphöllin þátttakandi í gerð leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja en vinnan var leidd af Verslunarráði Íslands og með þátttöku Kauphallarinnar og Samtaka atvinnulífsins. Kauphöllin hefur mælst til þess að skráð félög fylgi leiðbeiningunum.

Síðast en ekki síst hefur Kauphöllin tekið virkan þátt í að stuðla að bættum fjárfestatengslum hjá skráðum félögum en í því felast meðal annars ábendingar um aðgerðir til að auka upplýsingagjöf til fjárfesta um atriði sem ekki kunna að vera ljós í upplýsingum sem birtar eru í fréttakerfi Kauphallarinnar, þ.e. upplýsingar sem ekki teljast verðmótandi. Einnig hafa verið veittar leiðbeiningar um netvarp og dreifingu upplýsinga til fjárfesta.

Tenglar á nánara efni um aðgerðir Kauphallarinnar, sbr. ofangreint.

- Reglur fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands, sjá annars vegar ákvæði 1.4.30 um upplýsingar um launakjör í skráningarlýsingum og hins vegar kafla 2.5 um viðvarandi upplýsingaskyldu (birt í ársreikningi):
  http://news.icex.is/attachments/other/Utgefendareglur.pdf.

- Umfjöllun um reglur um upplýsingaskyldu um launakjör stjórnenda hlutafélaga: http://news.icex.is/attachments/other/4tbl_feb2003.pdf
- Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja: http://news.icex.is/attachments/other/LeidbeiningarCG_islenska.pdf.
- Skýrsla unnin fyrir Kauphöll Íslands og styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna: „Stjórnarhættir fyrirtækja – umfjöllun um hugtakið Corporate Governance og könnun á afstöðu til ýmissa þátta þess", September 2003: http://news.icex.is/attachments/other/Corporategovernance_skyrsla.pdf.
- Upplýsingar um fjárfestatengsl (IR): http://news.icex.is/attachments/other/2tbl_feb2003.pdf.

Fylgiskjal.

Reglur um upplýsingagjöf um launakjör stjórnenda.

A. Reglurnar eftir að þær höfðu verið innlimaðar í útgefendareglur 1.1.2004.

REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR VERÐBRÉFA
Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kafli 1 Skráning hlutabréfa (...)
Kafli 1.4 Skráningarlýsing (...)
Ákvæði 1.4.30 Stjórnendur félagsins og launakjör stjórnenda.

Veita skal í skráningarlýsingu upplýsingar um launakjör stjórnenda félags o.fl. í samræmi við ákvæði kafla 2.5.

Hafi orðið teljandi breytingar á greiðslum og hlunnindum það sem af er yfirstandandi ári, skal tilgreina það sérstaklega.

Í 2. mgr. er gerð krafa um að hluthafar séu upplýstir hafi orðið teljandi breytingar á launagreiðslum eða hlunnindum sem veitt eru stjórnendum frá því sem gilti á undangengnu fjárhagsári. Að teknu tilliti til mikilvægis skráningarlýsinga fyrir upplýsingagjöf félags væri óeðlilegt að þessar upplýsingar væru undanskildar í þeim. Í viðvarandi upplýsingagjöf er hins vegar að öllu jöfnu ekki krafist annars en að upplýst sé í ársreikningi um launagreiðslur o.fl. fyrir yfirstandandi fjárhagsár.[37]

Kafli 2 Upplýsingaskylda útgefenda hlutabréfa (...)
2.5 Upplýsingaskylda um launakjör stjórnenda útgefenda hlutabréfa.
2.5.1 Skýringarsjónarmið og markmið upplýsingagjafar um launakjör.

Markmið upplýsingagjafar um launakjör stjórnenda útgefenda hlutabréfa eru margþætt. Í fyrsta lagi er markmiðið að tryggja sem mest gagnsæi um fjárhagslega hagsmuni stjórnenda þeirra félaga, sem skráð eru á markað eða taka á til skráningar.

Í öðru lagi að tryggja að fjárfestar eigi aðgang að samræmdum upplýsingum, sem skipt geta máli um verðmæti hlutabréfa í þeim félögum sem eru skráð í kauphöll og hvaða hagsmuni stjórnendur þeirra hafa í félaginu. Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt til þess að efla trúverðugleika íslensks verðbréfamarkaðar að samræmi sé í kröfum um upplýsingagjöf, sem hér eiga

[37] Texti á gráum grunni er til skýringar en ekki bindandi reglur.

við og annars staðar. Er þetta nauðsynlegt til þess að erlendir fjárfestar þekki hvaða kröfur eru gerðar og að þeir geti treyst því að ekki séu aðrar og vægari reglur um upplýsingagjöf hér á landi, en í nálægum löndum. Í fjórða lagi kallar aðild Kauphallar Íslands að erlendu kauphallarsamstarfi á samræmi í kröfum um upplýsingagjöf um starfskjör stjórnenda og mikilvæg tengsl þeirra við félagið. Í fimmta lagi er heppilegt fyrir íslenska fjárfesta að samræmi sé í þessum reglum, þannig að þeir geti vitað hvaða kröfur eru gerðar í þessum efnum af öðrum kauphöllum.

Við túlkun reglnanna verður að hafa þessi meginmarkmið í huga. Reglurnar fela í sér ítarlegri upplýsingagjöf en hingað til hefur verið krafist bæði hvað varðar skráningarlýsingar og viðvarandi upplýsingagjöf. Það má þó ekki leiða til þess að leitast verði við að finna glufur á reglunum til að komist verði hjá veitingu upplýsinga sem er eðlilegt og réttmætt að veittar séu hluthöfum. Stjórnendur félaganna bera ábyrgðina á því að þeim grundvallarkröfum sem felast í reglunum og liggja að baki ákvæðum í löggjöf um upplýsingagjöf hlutafélaga á markaði sé fylgt.

Í ársreikningi skal greina eftirtaldar upplýsingar:

2.5.2 Launagreiðslur til æðstu stjórnenda.

Upplýsingar um laun, greiðslur og hvers konar hlunnindi frá félagi á undangengnu fjárhagsári til einstakra stjórnarmanna og æðsta stjórnanda (forstjóra eða framkvæmdastjóra) sérstaklega.

Sé félag hluti af samstæðu skal upplýsa um sömu greiðslur og hlunnindi til ofangreindra aðila frá félögum í samstæðunni.

Kauphöllinni er heimilt að ákveða að sömu upplýsingar skuli veittar sérstaklega fyrir æðstu stjórnendur tiltekinna deilda hjá félaginu eða stjórnendur dótturfélaga þess.

Sömu upplýsingar og í 1. mgr. skal greina um kjör einstakra skoðunarmanna og/eða fulltrúarnefndarmanna hafi slíkir aðilar verið skipaðir.

Upplýsa skal um þá heildarfjárhæð sem stjórnendur fá frá félagi eða félögum í samstæðu, þ.e. starfstengdar greiðslur. Ekki er þó gerð krafa um tilgreiningu lítilvægra upplýsinga sem engu skipta í ljósi markmiða með upplýsingagjöfinni. Þannig ber að telja upp heildarverðmæti hlunninda í samræmi við skilgreiningu laga um tekjuskatt og eignarskatt eða framkvæmd skattayfirvalda á því hvað telja beri hlunnindi á hverjum tíma. Orðið laun ber einnig að skýra í samræmi við hina víðtæku skilgreiningu laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með launum yrði t.d. að telja greiðslur í lífeyrissjóði og hvers konar eftirlaunasjóði. Nauðsynlegt er einnig að skýra orðið greiðslur rúmt ef um fleiri en einn skýringarkost er að ræða í einhverju tilviki. Þannig verður að gera grein fyrir því hvort að viðkomandi aðili hafi fengið greitt með fjármálagerningum útgefnum af fyrirtækinu, samanber til dæmis sérgreindar upplýsingar um nýttan kauprétt samkvæmt fyrirliggjandi kaupréttarsamningi þannig að upplýsingar sem getið er um í ákvæði 2.5.5. komi fram.

Hugtakið fjármálagerningur er í lögum um verðbréfaviðskipti notað sem samheiti yfir hvers kyns afurðir á fjármálamarkaði án tillits til eðlis þeirra og tekur því meðal annars til hlutabréfa, skuldabréfa og afleiða. Ákvæðið tekur fyrst og fremst til starfstengdra greiðslna. Hljóti stjórnendur eða nátengdir aðilar greiðslur frá félaginu eða félögum í samstæðunni vegna sérstakra samninga, t.d. samninga um ráðgjafarstörf unnin af fyrirtæki í eigu viðkomandi stjórnarmanns, ber að greina frá því sérstaklega í samræmi við lið 2.5.6.

Séu æðstu stjórnendur fleiri en einn, t.d. tveir forstjórar, ber að upplýsa um launakjör hvers þeirra fyrir sig nema að um hliðstæð kjör sé að ræða. Ef stjórnarmenn, aðrir en stjórn-

arformaður, hafa sömu laun nægir að gera grein fyrir þeim í einni tölu. Laun stjórnarformanns skulu ávallt koma fram ef þau eru önnur en annarra stjórnarmanna.

Miðað er við að heimild Kauphallarinnar, í næstsíðasta málslið, til að krefjast sérgreindra upplýsinga sæti þeirri takmörkun að Kauphöllin komi ekki til með að krefjast upplýsinga um stjórnendur sviða eða dótturfélaga sem hafa litla þýðingu fyrir rekstur félagsins eða samstæðunnar í heild eftir því sem við á. Því er gert ráð fyrir að Kauphöllinni sé ekki heimilt að krefjast upplýsinga um launakjör þessara stjórnenda sérstaklega vegi sú deild eða dótturfyrirtæki sem þeir eru í forsvari fyrir ekki meira en 10% af eigin fé eða afkomu félagsins eða samstæðunnar.

Sú krafa er gerð í reglugerð að upplýsingar séu gefnar um launakjör skoðunarmanna og/eða fulltrúanefndar og er því ekki mögulegt að gera aðrar kröfur í þessum reglum. Þrátt fyrir að almennt tíðkist ekki að slíkir aðilar séu skipaðir til starfa er ekki útilokað að það muni gerast í náinni framtíð og hlutverk slíkra aðila jafnframt gert veigameira í samræmi við það sem tíðkast í stærri hlutafélögum á helstu mörkuðum.

2.5.3 Launagreiðslur til annarra stjórnenda.

Upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi annarra stjórnenda útgefanda skulu gefnar upp að lágmarki sem heildartala fyrir hópinn auk fjölda stjórnenda í hópnum og skilgreiningar á því hverjir falla í hópinn.

Eðlilegt er að birtar séu upplýsingar um launakjör, greiðslur og hlunnindi annarra stjórnenda en þeirra sem falla undir lið 2.5.2. svo hluthafar hafi yfirsýn yfir launagreiðslur stjórnenda.

2.5.4 Greiðslur til endurskoðenda.

Upplýsingar um heildargreiðslur til endurskoðenda/endurskoðunarfélaga skulu gefnar sem heildartala þó þannig að skilið skal á milli annars vegar greiðslna fyrir endurskoðun og hins vegar greiðslu fyrir aðra þjónustu.

Endurskoðendur og endurskoðunarfélög gegna mikilvægu hlutverki í hlutafélögum á markaði. Til að hlutlægni þeirra sé ekki dregin í efa og í samræmi við kröfur erlendis frá er því nauðsynlegt að birtar séu upplýsingar um heildargreiðslur til þeirra annars vegar fyrir endurskoðun og hins vegar aðra þjónustu hafi hún verið innt af hendi. Undir þjónustu fellur fyrst og fremst hvers konar sérfræðivinna sem endurskoðandi lætur í té, þar með talin ráðgjafarstörf, s.s. um samruna og skiptingu félaga, störf að reikningsskilum og skattamálum önnur en þau sem falla undir hefðbundna endurskoðun o.s.frv.

2.5.5 Samningar um kauprétt o.þ.h.

Upplýsingar um samninga við þá, sem getið er í lið 2.5.2 er veita rétt til kaupa eða sölu fjármálagerninga útgefnum af útgefanda eða félagi í samstæðunni, þ.e. kaupréttarsamninga o.fl.

Gera skal grein fyrir eftirtöldum atriðum sem samningarnir taka til:

1. tegundum fjármálagerninga, frá hvaða tíma réttur stofnast,
2. heildarfjölda hluta eða fjármálagerninga sem samningarnir ná til,
3. á hvaða tímabili mögulegt sé að nýta réttinn,
4. á hvaða verði rétturinn verður nýttur (kaupverð),
5. hvaða skilmálum þarf að vera fullnægt svo heimilt sé að nýta réttinn,
6. markaðsvirði undirliggjandi fjármálagerninga, þar með talin útskýring á því hvernig markaðsvirðið var reiknað og veigamestu forsendunum að baki útreikningnum.

Samsvarandi upplýsingar skal gefa um þá sem getið er um í lið 2.5.3 að lágmarki sem eina heildartölu fyrir allan hópinn.

Upplýsingar, sem um ræðir í þessum lið hafa gildi fyrir fjárfesta, enda getur nýting stórra kaupréttarsamninga haft áhrif á verðmyndun hlutabréfa. Jafnframt veitir það stjórnendum ákveðið aðhald að upplýsingarnar liggi fyrir. Upplýsingarnar stuðla þannig að hlutlægari stjórnunarháttum í skráðum félögum.

Almennt er farið fram á að upplýsingar um kaupaukakerfi o.þ.h. komi fram í ársreikningi. Hins vegar leiðir af 24. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, að sé kaupaukakerfi sett á laggirnar sem líklegt er að hafi áhrif á verðmyndun hlutabréfa útgefanda ber að upplýsa um það við fyrsta tækifæri.

2.5.6 Óvenjuleg viðskipti.

Upplýsingar um eðli og umfang óvenjulegra viðskipta útgefanda við þá sem getið er í lið 2.5.2 á undangengnu og yfirstandandi fjárhagsári. Um getur verið að ræða hvers konar viðskipti sem ekki eru venjuleg, svo sem kaup eða sölu fasteigna eða veigamikilla lausafjármuna, fjármálagerninga o.fl. Þá ber að upplýsa um fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar, sem veitt hafa verið þeim sem getið er í lið 2.5.2. eða nátengdum aðilum sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Hafi slík viðskipti átt sér stað fyrr, án þess að uppgjöri sé lokið, skal einnig upplýsa um það.

Um nauðsyn þess að upplýst sé um eðli og umfang óvenjulegra viðskipta má vísa til þess sem segir í skýringum við næstu grein á undan. Nauðsyn upplýsingagjafarinnar ræðst af því hvort viðskiptin séu óvenjuleg miðað við tilgang félags og stöðu stjórnanda, en ekki af því hvað viðskiptin heita eða eru nefnd. Með umfangi er átt við þá fjárhagslegu hagsmuni sem felast í viðskiptunum. Um getur verið að ræða bæði tvíhliða gerninga og einhliða ráðstafanir, t.d. endurgjaldslaus afsöl fasteigna eða lausafjár af hálfu félags til stjórnanda eða nátengds aðila.

Skylda til þess að upplýsa um fjárhæðir lána, veðsetninga, ábyrgða o.fl. er ekki ný. Um það eru reglur í 43. gr. laga um ársreikninga, sem hér eru notaðar sem fyrirmynd. Áréttað skal, með sama hætti og gert er í 2. mgr. 43. gr. laga um ársreikninga, að leggja ber að jöfnu viðskipti við stjórnanda og þann sem er honum nátengdur. Er því ekki unnt að fara á svig við fyrirmælin með því að viðskiptin séu gerð við nátengda aðila, hvort sem þeir eru persónulega nátengdir eða hagsmunalega nátengdir, þ.e. fyrst og fremst aðila í fjárfélagi við viðkomandi, á framfæri hans eða lögaðila sem er undir yfirráðum hans.

2.5.7 Aðrir/óvenjulegir samningar.

Lýsingu á öllum óvenjulegum samningum, séu þeir fyrir hendi, við þá sem getið er í lið 2.5.2, þar með töldum samningum um greiðslur, ráðningu og uppsögn sem geta haft í för með sér veruleg fjárútlát fyrir útgefanda, svo sem ákvæði um að ráðningar-samningur eða annar langtíma samningur sé óuppsegjanlegur, með óvenjulöngum uppsagnarfresti eða ákvæði um sérstakar greiðslur láti stjórnandi af störfum vegna breytinga á eignarhaldi. Einnig ber að tilgreina óvenjulega samninga um eftirlaunakjör eða lífeyri, svo og hvers konar óvenjulegar greiðslur sem inna á af hendi í tengslum við starfslok eða eftir þau.

Nauðsynlegt er fyrir fjárfesta að vita um og geta lagt mat á óvenjulega samninga við stjórnendur, aðra en þá sem talist geta til viðskipta, sbr. lið 2.5.6. Fyrst og fremst er hér um að ræða launagreiðslur eða aðrar starfstengdar greiðslur, sem inntar eru af hendi við eða eftir starfslok og falla ekki undir lið 2.5.2. Samningar geta einnig falið í sér viðamiklar skuldbindingar fyrir félagið t.d. vegna þess að ekki er unnt að slíta ráðningu stjórnanda vegna þess

að ráðningarsamningur er tímabundinn og ekki uppsagnarákvæði í honum. Með óvenju löngum uppsagnarfresti er miðað við að hann sé umfram tólf mánuði.

Með skyldu til að tilgreina óvenjulega samninga um eftirlaunakjör og lífeyri er fyrst og fremst átt við að skylt sé að geta þess ef slík kjör fara að marki fram úr því sem almennar reglur um iðgjöld til lífeyrissjóða og önnur eftirlaun segja fyrir um. Þetta ákvæði miðar fyrst og fremst að því að gerð sé skýrlega grein fyrir óvenjulegum samningum um greiðslur og hlunnindi við og eftir starfslok. Það getur skarast við reglur í lið 2.5.2 sem miða m.a. við ítarlega tilgreiningu á launakjörum í rúmri merkingu, þar með talið tilgreiningu á þeim þætti sem telst iðgjöld í lífeyris- eða eftirlaunasjóði hvers konar eða lífeyrisreikninga.

2.5.8 Hlutafjáreign stjórnenda.

Heildarnafnverð hlutabréfa útgefnum af útgefanda eða félagi í samstæðunni í eigu hvers þeirra, sem getið er um í lið 2.5.2 sem og hlutabréfa í eigu annarra helstu starfsmanna útgefanda. Við útreikning á hlutabréfaeign skal taka mið af beinum og óbeinum eignarhlut í hlutabréfum útgefanda sem og eignarhlut nátengdra aðila.

Jafnframt skal gefa upp heildarnafnverð hlutafjáreignar hvers hóps fyrir sig af þeim sem nefndir eru í lið 2.5.3.

Upplýsingar, sem tilgreina á samkvæmt þessum lið eru nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt með reglunum. Sérgreina ber upplýsingarnar að því er varðar þá sem falla undir lið 2.5.2, en tilgreina má heildarfjárhæðir um aðra stjórnendur. Um skýringu á hugtakinu nátengdir aðilar vísast til skýringa við lið 2.5.5. Með beinum eignarhlut er átt við eignarhald viðkomandi stjórnanda sjálfs eða nátengdra aðila. Með óbeinum eignarhlut er átt við eignarhald á hlutum í félagi í gegnum lögaðila sem eru undir yfirráðum stjórnandans eða nátengdra aðila.

VIÐAUKI IV.

Aðkoma Fjármálaeftirlitsins að stjórnunarháttum fyrirtækja.

Eðli máls samkvæmt eru atriði sem snúa að stjórnunarháttum fyrirtækja í víðum skilningi stór hluti af starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í samræmi við þetta hlutverk fylgist Fjármálaeftirlitið með stjórnunarháttum eftirlitsskyldra aðila og hefur í eftirliti sínu lagt áherslu á að í rekstri þessara aðila sé áhættustýring og innra eftirlit fullnægjandi.

Í því skyni að auka gegnsæi í eftirlitinu og auka skilvirkni þess dregur Fjármálaeftirlitið saman í leiðbeinandi tilmæli reynslu af beitingu laga og reglna og túlkun ákvæða. Enn fremur setur Fjármálaeftirlitið reglur á afmörkuðum sviðum. Hér á eftir verða nefnd nokkur dæmi um verkefni af þessu tagi sem tengjast stjórnunarháttum eftirlitsskyldra aðila.

Dæmi um verkefni sem varða hluthafa, stjórn og tengda aðila:

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2003, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í lagaákvæði þessu er kveðið á um framkvæmd starfa stjórna fjármálafyrirtækja. Kemur þar fram að stjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í leiðbeinandi tilmælum þessum er fjallað um tiltekin atriði sem til sérstakrar umræðu hafa verið í samskiptum eftirlitsins við fjár-

málafyrirtæki en fjallað er um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélaga og framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna.

- Fjármálaeftirlitið hefur sett fram kröfur um upplýsingagjöf til eftirlitsins og stjórnar viðkomandi fjármálafyrirtækis um fyrirgreiðslu þess til venslaðra aðila, en þar á meðal er aðilar sem tengdir eru stjórnarmönnum. Í fyrrgreindum leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2003 er tilgreint hvaða aðilar Fjármálaeftirlitið telur að falli undir að vera venslaðir aðilar.
- Fjármálaeftirlitið hefur beitt sér fyrir aukinni upplýsingagjöf í reikningsskilum fjármálafyrirtækja. Er nú í 42. gr. reglna nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana, kveðið á um að tilgreina skuli heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og stjórnenda fyrirtækis vegna starfa í þágu þess.

Dæmi um verkefni sem snerta áhættustýringu, innra eftirlit og innri endurskoðun:

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2002, um innra eftirlit og áhættustýringu. Er leiðbeinandi tilmælum þessum ætlað að styrkja yfirsýn stjórnenda, markmiðssetningu varðandi áhættutöku og greiningu á veikleikum í innra eftirliti. Með fullnægjandi innra eftirliti og áhættustýringu aukast líkur á að starfsemi og fjárhagsstaða fyrirtækja sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum viðskiptamanna.
- Fjármálaeftirlitið hefur einnig gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003, varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki. Er í tilmælunum lýst þeim viðmiðunum sem Fjármálaeftirlitið hefur til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki og hvaða skilyrði eru sett fyrir slíkri undanþágu.

Dæmi um verkefni sem snerta aðskilnað hagsmuna innan fyrirtækis:

- Tengt stjórnunarháttum fyrirtækja hefur Fjármálaeftirlitið krafist þess að innan eftirlitsskyldra aðila sé skýr aðskilnaður á milli starfssviða og í starfsemi þeirra sé hætta á hagsmunaárekstrum takmörkuð. Í því efni hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2003, um aðskilnað reksturs og vörslu og óháði rekstrarfélaga verðbréfasjóða, leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2002, um verklagsreglur vátryggingafélaga um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna og leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001, um efni reglna fjármálafyrirtækja.

Að lokum má einnig nefna að Fjármálaeftirlitið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Í því starfi hafa stjórnunarhættir fyrirtækja komið til skoðunar og hafa verið gefnar út skýrslur sem fjalla sérstaklega um þetta efni. Til dæmis má hér nefna nýútgefna skýrslu samstarfsnefndar á vátrygginga- og lífeyrissjóðssviði (CEIOPS) um innra eftirlit hjá vátryggingafélögum (Internal Control for Insurance Undertakings) en skýrslan fjallar um mikilvægi innra eftirlits hjá stórum sem smáum vátryggingafélögum.

Þau tilmæli og reglur sem getið er hér að ofan er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Þar má einnig finna ársskýrslur eftirlitsins en þar er að finna nánari umfjöllun um verkefni þess.

VIÐAUKI V.

Reglur OECD um stjórnskipan fyrirtækja.

(Úr skýrslu Landssamtaka lífeyrissjóða, maí 2000.)

Á fundi stjórnar Efnahags- og framfarastofnunarinnar með ráðherrum aðildarríkjanna, 27.–28. apríl 1998, var þess farið á leit að stofnunin mótaði, í samvinnu við ríkisstjórnir aðildarríkjanna, aðrar alþjóðlegar stofnanir og einkageirann, staðla og leiðbeiningar um stjórnskipan fyrirtækja. Til þess að ná þessu markmiði kom stofnunin á fót sérstökum starfshópi um stjórnskipan fyrirtækja sem ætlað var að móta reglur sem eru ekki bindandi og þar sem fram koma sjónarmið aðildarríkjanna í þessum efnum.

Þær reglur, sem er að finna í þessu skjali, eru byggðar á reynslu af slíku starfi í aðildarríkjunum og starfi sem hefur verið unnið áður innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, m.a. í ráðgjafarhópi um verslunarviðskipti og stjórnskipan fyrirtækja. Ýmsar nefndir stofnunarinnar tóku einnig þátt í mótun reglnanna: Nefnd um fjármálamarkaði, nefnd um alþjóðlegar fjárfestingar og fjölþjóðafyrirtæki, iðnaðarnefnd og nefnd um stefnu í umhverfismálum. Þær fengu einnig ýmsar hugmyndir frá ríkjum utan stofnunarinnar, Alþjóðabankanum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, úr viðskiptaheiminum, frá verkalýðsfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.

Formáli.

Reglunum er ætlað að vera aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar og ríkjum utan stofnunarinnar til aðstoðar við að meta og bæta löggjöf, stofnanir og reglugerðir um stjórnskipan fyrirtækja og gera tillögur og veita leiðsögn verðbréfaþingum, fjárfestum, fyrirtækjum og öðrum aðilum sem hafa hlutverki að gegna í mótun góðra aðferða við stjórnskipan fyrirtækja. Reglurnar eru einkum miðaðar við fyrirtæki sem eru á almennum verðbréfamarkaði. Eftir því sem við á gætu þær hins vegar komið að gagni við endurbætur á stjórnskipan fyrirtækja sem ekki eru á almennum verðbréfamarkaði, t.d. fyrirtækja sem eru í einkaeign og ríkisfyrirtækja. Reglurnar mynda sameiginlegan grundvöll sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar telja nauðsynlegan til þess að stuðla að góðri stjórnskipan fyrirtækja. Þeim er ætlað að vera hnitmiðaðar, skiljanlegar og aðgengilegar fyrir alla. Þeim er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir viðleitni einkageirans til þess að móta nákvæmari reglur um „bestu aðferðir“ við stjórnskipan fyrirtækja.

Í auknum mæli hafa Efnahags- og framfarastofnunin og aðildarríki hennar gert sér grein fyrir samvirkni stefnumótunar er varða þjóðhagsstærðir og stjórnskipan. Eitt meginatriðið til að gera efnahagslífið virkara er að efla fastmótuð tengsl stjórnenda fyrirtækis, stjórnar þess, hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Stjórnskipan fyrirtækja felst einnig í því að setja fyrirtækjum markmið, að gera þeim kleift að ná slíkum markmiðum og fylgjast með árangri. Góð stjórnskipan fyrirtækja ætti að veita stjórn þess og stjórnendum viðeigandi hvatningu til þess að vinna að markmiðum sem koma fyrirtækinu og hluthöfunum til góða og auðvelda virkt eftirlit með framvindu mála í því skyni að hvetja fyrirtækin til þess að nýta fjármuni sína sem best.

Stjórnskipan fyrirtækja er aðeins hluti af því efnahagslega umhverfi sem fyrirtækin starfa í og felur m.a. í sér þjóðhagslega stefnumótun og samkeppnisstöðuna á markaðnum. Reglur um stjórnskipan fyrirtækja byggjast einnig á þeim lögum, stofnunum og reglugerðum sem gilda þar sem fyrirtækin starfa. Auk þess geta þættir eins og viðskiptasiðferði og þátttaka

fyrirtækja í umhverfismálum og félagslegum hagsmunamálum þess samfélags, þar sem þau starfa, haft áhrif á orðstír og velgengni fyrirtækis þegar fram í sækir.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á stjórnun og ákvarðanaferli fyrirtækja og skipta máli fyrir velgengni þeirra þegar fram líða stundir en umræddar reglur snúast um vanda við stjórnun sem stafar af aðskilnaði eignarhalds og stjórnunar. Tekið er tillit til annarra atriða sem skipta máli fyrir ákvarðanaferli fyrirtækis, svo sem þeirra sem snerta umhverfismál og siðferði en um þau er fjallað með nákvæmari hætti í ýmsum öðrum skýrslum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (þ.m.t. Leiðbeiningar fyrir fjölþjóðafyrirtæki og Samþykkt og Tillögu um mútur) og skýrslum annarra alþjóðastofnana.

Þegar fjárfestingar eru ákveðnar er lögð vaxandi áhersla á það að hve miklu leyti fyrirtæki hafa tileinkað sér grundvallarreglur um góða stjórnskipan. Tengslin milli stjórnunarhátta fyrirtækis og aukinnar alþjóðavæðingar fjárfestinga skipta sérstaklega miklu máli. Alþjóðlegt flæði fjármagns veitir fyrirtækjum aðgang að miklu stærri hópi fjárfesta en ella. Ef ríkjum á að vera kleift að njóta til fulls aðgangs að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og ef þeim á að vera unnt að laða að sér fjármagn sem þau geta nýtt sér til langframa verða stjórnskipanarhættir fyrirtækja þeirra að vera trúverðugir og skiljanlegir fólki í öðrum ríkjum. Jafnvel þótt fyrirtæki treysti ekki einkum á fjárfestingar erlendis frá, hjálpar góð stjórnskipan fyrirtækjum til við það að auka tiltrú innlendra fjárfesta og kunna jafnvel að draga úr fjármagnskostnaði og tryggja stöðuga fjármögnun.

Stjórnskipan fyrirtækja ræðst af tengslum þátttakenda í stjórnunarkerfinu. Ráðandi hluthafar, svo sem einstaklingar, fjölskyldur, samsteypur eða önnur fyrirtæki, sem beita sér með því að vera í eignarhaldsfélagi eða með gagnkvæmri hlutafjáreign tveggja eða fleiri fyrirtækja, geta haft veruleg áhrif á aðgerðir fyrirtækis. Sem hlutafjáreigendur fjár eru stofnanafjárfestar teknir meir og meir að krefjast aðildar að stjórnskipan fyrirtækja á sumum mörkuðum. Einstakir hluthafar leitast að jafnaði ekki við að fá aðild að stjórnskipan fyrirtækja en leggja hins vegar mikla áherslu á að hljóta sanngjarna meðferð af hálfu ráðandi hluthafa og stjórnenda fyrirtækis. Í sumum stjórnkerfum gegna lánardrottnar mikilvægu hlutverki og hafa þann möguleika að taka að sér hlutverk utanaðkomandi eftirlitsaðila um frammistöðu fyrirtækja. Starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eiga drjúgan þátt í að stuðla að velgengni og góðri afkomu fyrirtækis til langframa en stjórnvöld setja heildarlöggjöf um stofnanir og stjórnskipan fyrirtækja. Hlutverk hvers þessara þátttakenda og samskipti þeirra eru með mjög mismunandi hætti í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar og öðrum ríkjum. Tengslin stjórnast að nokkru leyti af lögum og reglugerðum og að nokkru leyti af frjálsri aðlögun og markaðsöflum.

Ekki er til nein ein fyrirmyndaruppskrift að góðri stjórnskipan fyrirtækja. Hins vegar hefur í því starfi, sem unnið hefur verið innan aðildarríkjanna og Efnahags- og framfarastofnunarinnar, fengist staðfest að góð stjórnskipan í fyrirtækjum byggjast á nokkrum almennum atriðum. Reglurnar eru miðaðar við þessi almennu atriði og eru settar fram með þeim hætti að tekið er tillit til hinna ýmsu forskrifta sem fyrir hendi eru. Til dæmis er ekki mælt með neinni sérstakri tilhögun við samsetningu félagsstjórnar, og hugtakinu „stjórn“, eins og það er notað í þessum reglum, er ætlað að ná til hinna ýmsu stjórnarforma sem er að finna í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í dæmigerðu tveggja þrepa kerfi, sem tíðkast í sumum ríkjum, merkir „stjórn“ samkvæmt þessum reglum „eftirlitsaðila“ en „helstu stjórnendur“ merkir „framkvæmdastjórn. Í þeim kerfum, þar sem ein stjórn er undir eftirliti innri endurskoðunar, merkir hugtakið „stjórn“ hvort tveggja.

Reglurnar eru ekki bindandi og þeim er ekki ætlað að vera nákvæm forskrift að löggjöf í hverju einstöku ríki. Þær eru ætlaðar til viðmiðunar. Stefnumótendur geta notað þær við skoðun og mótun laga og reglugerða um stjórnskipan fyrirtækja þar sem tekið er tillit til þeirra eigin efnahagslegra, félagslegra, lagalegra og menningarlegra aðstæðna. Og þeir sem starfa á markaðnum geta notað þær við mótun eigin starfshátta.

Í eðli sínu eru reglurnar breytingum háðar og þær ætti að endurskoða í ljósi verulegra breytinga á aðstæðum. Til þess að fyrirtæki séu samkeppnishæf í heimi á hverfanda hveli verða þau að aðlaga stjórnskipan sína til þess að koma til móts við nýjar kröfur og grípa ný tækifæri. Að sama skapi hafa stjórnvöld mikilvægu hlutverki að gegna við að móta virkar reglugerðir sem veita fyrirtækjunum nægilegt svigrúm svo að markaðirnir geti starfað með eðlilegum hætti og komið til móts við væntingar hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Það er á valdi stjórnvalda og þátttakenda á markaðnum að ákveða hvernig þessum reglum er beitt þegar mótaðar eru eigin starfsreglur um stjórnskipan fyrirtækja og hafa við það til hliðsjónar þann kostnað sem leiðir af beitingu reglna og hvaða kosti þær hafa í för með sér.

Eftirfarandi skjali má skipta í tvo hluta. Reglurnar í fyrrihlutanum ná til fimm sviða: I) réttinda hluthafa; II) jafnræði hluthafa; III) hlutverks hagsmunaaðila; IV) upplýsingaskyldu og gagnsæis; og V) ábyrgðar stjórnar fyrirtækisins. Í upphafi hvers kafla er ein regla sem birt er með feitu skáletri og síðan fara nokkrar tillögur henni til stuðnings. Í öðrum hluta skjalsins fylgja með reglunum skýringar sem ætlað er að hjálpa lesendum til að skilja grundvallarforsendur þeirra. Með skýringunum kunna að fylgja lýsingar á ráðandi straumum og stefnum og tillögur um aðra kosti og dæmi sem kunna að vera gagnleg þegar reglunum er beitt.

I. Réttindi hluthafa.

Stjórnskipan fyrirtækis á að vera með þeim hætti að hún verndi réttindi hluthafa.

A. Grundvallarréttindi hluthafa eru m.a. fólgin í: 1) öruggri aðferð til að skrá eignarhald, 2) rétt til að yfirfæra eignarhald á hlutabréfum eða framselja þau; 3) rétt til að fá viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið í tæka tíð og reglulega; 4) rétt til að taka þátt í almennum hluthafafundum og greiða atkvæði á þeim; 5) rétt til að kjósa stjórn; og 6) rétt til að fá hlutdeild í hagnaði félagsins.

B. Hluthafar hafa rétt til að taka þátt í og fá fullnægjandi upplýsingar um ákvarðanir um meiri háttar breytingar á fyrirtækinu, svo sem: 1) breytingar á lögum eða samþykktum félagsins eða svipuðum skjölum sem lúta að stjórnun félagsins; 2) heimild til útgáfu viðbótarhlutabréfa; og 3) óvenjuleg viðskipti sem í raun leiða til sölu félagsins.

C. Hluthöfum á að gefast tækifæri til að taka virkan þátt í hluthafafundum og greiða atkvæði á þeim og fá upplýsingar um reglur, þ.m.t. reglur um atkvæðagreiðslur, sem gilda um almenna hluthafafundi:
   1. Hluthafar eiga að fá fullnægjandi upplýsingar í tæka tíð um dagsetningu, staðsetningu og dagskrá almennra funda, svo og fullnægjandi upplýsingar um þau málefni sem teknar verða ákvarðanir um á fundinum.
   2. Gefa á hluthöfum tækifæri til að bera fram spurningar til stjórnar og koma málum á dagskrá almennra funda með eðlilegum fyrirvörum.
   3. Hluthöfum skal gert kleift að neyta atkvæðaréttar síns á staðnum eða að sér fjarstöddum og skulu atkvæði hafa sama vægi hvort sem hluthafi greiðir þau á staðnum eða að sér fjarstöddum.

D. Upplýsa ber um fjármagnsuppbyggingu og ráðstafanir sem gera tilteknum hluthöfum kleift að öðlast áhrif sem eru ekki í réttu hlutfalli við hlutabréfaeign þeirra.

E. Heimila ætti mörkuðum, þar sem keppt er um yfirráð yfir fyrirtækjum, að starfa með virkum og gagnsæjum hætti.
   1. Reglur og starfshættir um yfirtöku fyrirtækja á fjármagnsmörkuðum, svo og óvenjuleg viðskipti á borð við samruna fyrirtækja og sölu verulegs hluta af eignum fyrirtækis, skulu útskýrðir nákvæmlega og tilkynntir svo að fjárfestum sé unnt að gera sér grein fyrir réttindum sínum og úrræðum. Viðskipti skulu fara fram á upplýstu verði og við sanngjarnar aðstæður þar sem vernduð eru réttindi allra hluthafa eftir því hvaða flokk hlutabréfa þeir eiga.
   2. Ekki skal beita úrræðum til að koma í veg fyrir yfirtöku fyrirtækis í því skyni að forða stjórnendum frá því að axla ábyrgð.

F. Hluthafar, þ.m.t. stofnanafjárfestar, ættu að meta kostnað og hag af því að beita atkvæðarétti sínum.

II. Jafnræði hluthafa.

Stjórnskipan fyrirtækis skal vera með þeim hætti að hún tryggi sanngjarna meðferð allra hluthafa, þ.m.t. minni hluta og erlendra hluthafa. Öllum hluthöfum skyldi gefið tækifæri til að fá leiðréttingu mála sinna ef réttur þeirra hefur verið brotinn.

A. Allir í sama flokki hluthafa skulu hljóta sömu meðferð.
   1. Allir í sama flokki hluthafa skulu hafa sama atkvæðarétt. Öllum fjárfestum skyldi gert kleift að afla sér upplýsinga um þann atkvæðisrétt sem tengist öllum flokkum hlutabréfa áður en þeir festa kaup á bréfum. Hvers konar breytingar á atkvæðisrétti ætti að bera undir atkvæði á hluthafafundi.
   2. Atkvæðisréttur skal vera í höndum fjárvörslumanna eða tilnefndra manna samkvæmt ákvörðun endanlegra eigenda hlutabréfanna.
   3. Aðferðir og starfsvenjur á almennum hluthafafundum skyldu tryggja sanngjarna meðferð allra hluthafa. Starfsvenjur fyrirtækisins skulu ekki vera með þeim hætti að mönnum sé gert óeðlilega erfitt fyrir eða kostnaðarsamt að greiða atkvæði.

B. Banna ber innherjaviðskipti og sjálfsviðskipti sem fela í sér misnotkun á aðstöðu.

C. Skylda ætti stjórnarmenn og stjórnendur til að upplýsa um hvers konar efnislega hagsmuni í viðskiptum eða málefnum sem snerta fyrirtækið.

III. Hlutverk hagsmunaaðila í stjórnskipan fyrirtækja.

Stjórnskipan fyrirtækja skal að vera með þeim hætti að viðurkenndur sé réttur hagsmunaaðila samkvæmt lögum og að hvatt sé til virks samstarfs fyrirtækja og hagsmunaaðila að skapa verðmæti og atvinnu og stuðla að sjálfbærni fyrirtækja sem búa við traustan fjárhag.

A. Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að tryggður sé lögbundinn réttur hagsmunaaðila.

B. Ef hagsmunir hagsmunaaðila eru verndaðir með lögum skal þeim veitt tækifæri til að fá leiðréttingu mála sinna ef réttur þeirra hefur verið brotinn.

C. Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að unnt sé að koma við úrræðum til að gera hagsmunaaðilum kleift að taka virkan þátt í málefnum fyrirtækisins

D. Þar sem hagsmunaaðilar taka þátt í stjórnskipan fyrirtækja skal gera þeim kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum.

IV. Upplýsingaskylda og gagnsæi.

Tilhögun stjórnskipanar fyrirtækja skal vera með þeim hætti að veittar séu nákvæmar upplýsingar í tæka tíð um öll málefni sem tengjast fyrirtækinu, þ.m.t. fjárhagsleg staða, afkoma, eignarhald og stjórnskipan fyrirtækisins.

A. Upplýsingar skulu vera greinargóðar og ná m.a. yfir:
   1. Fjárhagslega og rekstrarlega afkomu fyrirtækisins.
   2. Markmið fyrirtækisins.
   3. Meirihlutaeign hlutabréfa og atkvæðisrétt.
   4. Stjórnarmenn og helstu stjórnendur og laun þeirra.
   5. Fyrirsjáanlega áhættuþætti, sem skipta máli.
   6. Málefni starfsmanna og annarra hagsmunaaðila, sem skipta máli.
   7. Stjórnun og stefnumörkun.

B. Upplýsingar á að semja, endurskoða og birta samkvæmt góðum reikningsskilavenjum og skýringar gefnar á þeim þáttum sem snerta fjármál og öðrum þáttum að lokinni endurskoðun.

C. Árleg endurskoðun skal vera í höndum óháðs endurskoðanda til þess að veitt sé trygging utan frá fyrir því að ársreikningurinn hafi verið saminn og lagður fram með hlutlægum hætti.

D. Boðleiðir til dreifingar upplýsinga skulu veita notendum sanngjarnt og hagkvæmt aðgengi að viðkomandi upplýsingum í tæka tíð.

V. Skyldur stjórnar.

Stjórnskipan fyrirtækja skal tryggja fyrirhyggju í stjórnun hvers fyrirtækis, að stjórnin hafi virkt eftirlit með stjórnendum og ábyrgð stjórnar gagnvart fyrirtækinu og hluthöfum.

A. Stjórnarmönnum ber að taka ákvarðanir að fengnum fyllstu upplýsingum, í góðri trú og með fullri gætni og varúð með hagsmuni fyrirtækisins og hluthafa fyrir augum.

B. Ef ákvarðanir stjórnar kunna að hafa mismunandi áhrif á mismunandi hluthafahópa ber henni að sýna öllum hluthöfum sanngirni.

C. Stjórninni ber að tryggja að farið sé að gildandi lögum og hafa í huga hagsmuni hagsmunaaðila.

D. Stjórninni ber að sinna tilteknum meginhlutverkum, þ.m.t.:
   1. Að endurskoða og veita leiðsögn um stefnumörkun fyrirtækisins, að sjá um helstu áætlanir, að móta stefnu varðandi áhættuþætti, að gera árlega fjárhagsáætlun og viðskiptaáætlun; að setja fyrirtækinu markmið um afkomu; að fylgjast með framkvæmd áætlana og frammistöðu fyrirtækisins; og að hafa yfirumsjón með helstu fjárfestingarútgjöldum, eignakaupum og eignasölu.
   2. Að velja helstu stjórnendur, ákveða kjör þeirra og fylgjast með starfi þeirra og þegar svo ber undir að segja þeim upp og hafa eftirlit með mannaskiptum.
   3. Að endurskoða laun helstu stjórnenda og stjórnarmanna og tryggja að tilnefningar til stjórnar eigi sér stað með formlegum og gagnsæjum hætti.
   4. Að fylgjast með og leysa hugsanlega hagsmunaárekstra stjórnenda, stjórnarmanna og hluthafa, þ.m.t. misnotkun á eigum fyrirtækisins og viðskipti skyldra aðila.
   5. Að tryggja ráðvendni í bókhaldi og fjárhagsskýrslum fyrirtækisins, þ.m.t. að tryggja óháða endurskoðun og að viðeigandi eftirlitskerfi séu virk, einkum hvað snertir áhættu, fjármálastjórn og löghlýðni.
   6. Að fylgjast með virkni stjórnunarhátta sem fyrirtækið býr við og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru.

7. Að hafa eftirlit með upplýsingagjöf og samskiptum.

E. Stjórninni á að vera kleift að taka hlutlægar ákvarðanir um málefni fyrirtækisins, einkum óháð stjórnendum.

1. Stjórnir fyrirtækja ættu að fela nægilega mörgum stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar en eru hæfir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, tiltekin hlutverk þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum. Dæmi um slík mikilvæg hlutverk eru gerð fjárhagsskýrslna, tilnefningar manna í stjórn og ákvörðun launa stjórnenda og stjórnarmanna.
2. Stjórnarmönnum ber að verja nægilegum tíma til að sinna skyldustörfum sínum.

F. Til þess að stjórnarmönnum sé unnt að sinna skyldum sínum skulu þeir fá aðgang að nákvæmum og viðeigandi upplýsingum í tæka tíð.

Skýringar við reglur OECD um stjórnskipan fyrirtækja.

I. Réttindi hluthafa.

Stjórnskipan fyrirtækja á að vera með þeim hætti að réttindi hluthafa séu varin.

Fjárfestar í fyrirtækjum hafa tiltekinn eignarrétt. Til dæmis geta þeir keypt hlutabréf, selt það eða framselt það. Hlutabréf veitir eigandanum rétt til að fá hlutdeild í tekjum fyrirtækis en ábyrgð hans takmarkast við fjárfestingu hans. Auk þess veitir eignarhald á hlutabréfi rétt til upplýsinga um fyrirtækið og rétt til að hafa áhrif á fyrirtækið, einkum með því að sækja almenna hluthafafundi og greiða atkvæði.

Af hagkvæmnisástæðum er þó ekki unnt að stjórna fyrirtæki með almennum atkvæðagreiðslum hluthafa. Hluthafar eru einstaklingar og stofnanir með mismunandi hagsmuni, markmið, fjárfestingaráform og hæfileika. Auk þess verða stjórnendur fyrirtækis að geta tekið ákvarðanir með litlum fyrirvara. Í ljósi þessara staðreynda og þess hversu flókið er að stjórna málefnum fyrirtækis á mörkuðum, þar sem atburðarásin er hröð og breytingar tíðar, er ekki ætlast til þess að hluthafar beri ábyrgð á og stjórni fyrirtækinu. Ábyrgð á stefnumörkun fyrirtækisins og rekstrinum er að jafnaði í höndum stjórnar og hóps stjórnenda sem stjórnin velur, hvetur og segir upp eftir þörfum.

Réttur hluthafa til að hafa áhrif innan fyrirtækisins felst í vissum meginatriðum, svo sem kjöri stjórnar eða öðrum aðferðum til að hafa áhrif á samsetningu stjórnarinnar, breytingum á upphaflegum lögum og samþykktum félagsins, samþykkti við óvenjulegum viðskiptum og öðrum grundvallarmálefnum sem tilgreind eru í lögum og samþykktum félagsins. Líta má á þennan kafla sem yfirlýsingu um grundvallarréttindi hluthafa sem viðurkennd eru í lögum svo til allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Viðbótarréttindi, svo sem samþykkt eða kjör endurskoðenda, bein tilnefning stjórnarmanna, réttur til að veðsetja hlutabréf, samþykkt um ráðstöfun tekna o.s.frv. er að finna innan ýmissa lögsagnarumdæma.

A. Grundvallarréttindi hluthafa eru m.a. fólgin í: 1) öruggri aðferð til að skrá eignarhald, 2) rétti til að yfirfæra eignarhald á hlutabréfum eða framselja þau; 3) rétti til að fá viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið í tæka tíð og reglulega; 4) rétti til að taka þátt í hluthafafundum og greiða atkvæði á þeim; 5) rétti til að kjósa stjórn; og 6) rétti til að fá hlutdeild í hagnaði félagsins.

B. Hluthafar hafa rétt til að taka þátt í og fá fullnægjandi upplýsingar um ákvarðanir um meiri háttar breytingar á fyrirtækinu, svo sem: 1) breytingar á lögum eða samþykktum félagsins eða svipuðum skjölum sem lúta að stjórnun félagsins; 2) heimild til útgáfu viðbótarhlutabréfa; og 3) óvenjuleg viðskipti sem í raun leiða til sölu félagsins.

C. Hluthöfum á að gefast tækifæri til að taka virkan þátt í hluthafafundum og greiða atkvæði

á þeim og fá upplýsingar um reglur, þ.m.t. reglur um atkvæðagreiðslur, sem gilda um almenna hluthafafundi:

1. *Hluthafar eiga að fá fullnægjandi upplýsingar í tæka tíð um dagsetningu, staðsetningu og dagskrá almennra funda, svo og fullnægjandi upplýsingar um þau málefni sem teknar verða ákvarðanir um á fundinum.*
2. *Gefa á hluthöfum tækifæri til að bera fram spurningar til stjórnar og koma málum á dagskrá almennra funda með eðlilegum fyrirvörum.*

Í því skyni að auka möguleika hluthafa til að taka þátt í almennum fundum hafa sum fyrirtæki aukið möguleika þeirra til að setja mál á dagskrá með því að einfalda ferlið við að koma lagabreytingum og ályktunum á framfæri. Einnig hafa möguleikar hluthafa til að bera fram spurningar fyrir fram og fá svör frá stjórnendum og stjórnarmönnum verið auknir. Réttlætanlegt er fyrir fyrirtæki að koma í veg fyrir að alvörulausar og truflandi tilraunir til að koma málum á dagskrá takist. Til dæmis er eðlilegt að krefjast þess að til þess að ályktunartillögur hluthafa verði teknar á dagskrá njóti þær stuðnings hluthafa sem hafa yfir að ráða tilteknum fjölda hlutabréfa.

3. *Hluthöfum skal gert kleift að neyta atkvæðisréttar síns á staðnum eða að sér fjarstöddum og skulu atkvæði hafa sama vægi hvort sem hluthafi greiðir þau á staðnum eða að sér fjarstöddum.*

Í reglunum er mælt með því að unnt sé að veita öðrum skriflega heimild til að fara með atkvæðisrétt. Enn fremur gefur aukin þátttaka hluthafa tilefni til að beita tækni í auknum mæli við atkvæðagreiðslur, þ.m.t. atkvæðagreiðsla um síma og með rafeindabúnaði. Aukin þátttaka erlendra hluthafa styður það að fyrirtæki geri jafnan ráðstafanir til að gera hluthöfum kleift að taka þátt í hluthafafundum með nútímatækni. Unnt er að auka virka þátttöku hluthafa í almennum fundum með því að móta öruggar aðferðir með rafeindatækni til þess að gera hluthöfum kleift að hafa samband sín í milli án þess að þurfa að leita formlega eftir umboðsmanni til þess að greiða atkvæði fyrir sig. Til þess að tryggja gagnsæi skal í fundarsköpum tryggt að atkvæði séu talin og skráð með öruggum hætti og að upplýsingar séu veittar um niðurstöðu kosningar í tæka tíð.

D. Upplýsa ber um fjármagnsuppbyggingu og ráðstafanir sem gera tilteknum hluthöfum kleift að öðlast áhrif sem eru ekki í réttu hlutfalli við hlutabréfaeign þeirra.

Samsetning hlutabréfaeignar kann að vera með þeim hætti að hluthafi geti haft áhrif á félagið sem eru ekki í réttu hlutfalli við hlutabréfaeign hans. Unnt er að beita píramítatilhögun og gagnkvæmri hlutabréfaeign tveggja eða fleiri félaga til þess að draga úr möguleikum hluthafa í minni hluta til þess að hafa áhrif á stefnumörkun fyrirtækis.

Auk tengsla eigenda er unnt með öðrum aðferðum að hafa áhrif á stjórnun fyrirtækis. Algeng aðferð er sú að hópur hluthafa, sem hver um sig kann að eiga fá hlutabréf, geri með sér samstarfssamning til þess að ná virkum meiri hluta í félaginu eða til þess a.m.k. að mynda stærstan einstakan hóp hluthafa. Í slíkum samningum hluthafa eru yfirleitt ákvæði sem tryggja samningsaðilum forgangsrétt til að kaupa hlutabréf annarra samningsaðila ef þeir óska eftir að selja þau. Í slíkum samningum kunna einnig að vera ákvæði þess efnis að samningsaðilum sé ekki heimilt að selja hlutabréf sín um tiltekinn tíma. Slíkir samningar hluthafa kunna einnig að ná til atriða svo sem hvernig kjósa skuli stjórn og formann hennar. Í slíkum samningum kunna einnig að vera ákvæði þess efnis að samningsaðilar greiði atkvæði sameiginlega.

Atkvæðishámark takmarkar þann fjölda atkvæða sem hluthafa er heimilt að beita án tillits til þess hver hlutafjáreign hans er. Slík atkvæðishámörk dreifa valdi og kunna að hafa áhrif á áhuga hluthafa á því að taka þátt í hluthafafundum.

Þar eð slík ákvæði geta takmarkað áhrif hluthafa á stefnumörkun fyrirtækis er eðlilegt að upplýst sé um öll slík ákvæði og tilhögun um hlutafjáreign.

E. Heimila ætti mörkuðum sem keppa um yfirráð yfir fyrirtækjum að starfa með virkum og gagnsæjum hætti.

1. *Reglur og starfshættir um yfirtöku fyrirtækja á fjármagnsmörkuðum, svo og óvenjuleg viðskipti á borð við samruna fyrirtækja og sölu verulegs hluta af eignum fyrirtækis, skulu útskýrð nákvæmlega og tilkynnt svo að fjárfestum sé unnt að gera sér grein fyrir réttindum sínum og úrræðum. Viðskipti skulu fara fram á upplýstu verði og við sanngjarnar aðstæður þar sem vernduð eru réttindi allra hluthafa eftir því hvaða flokk hlutabréfa þeir eiga.*
2. *Ekki skal beita úrræðum til að koma í veg fyrir yfirtöku fyrirtækis í því skyni að forða stjórnendum frá því að axla ábyrgð.*

Í sumum ríkjum beita fyrirtæki úrræðum til þess að koma í veg fyrir yfirtöku. Hins vegar hafa bæði fjárfestar og verðbréfaþing lýst áhyggjum sínum vegna þess möguleika að almenn notkun úrræða til þess að koma í veg fyrir yfirtöku fyrirtækis kunni að valda alvarlegri hindrun á starfsemi markaðarins fyrir yfirráð yfir fyrirtækjum. Í sumum tilvikum kann slíkum úrræðum að vera beitt einfaldlega til þess að vernda stjórnendur fyrir eftirliti hluthafa.

F. Hluthafar, þ.m.t. stofnanafjárfestar, ættu að meta kostnað og hag af því að beita atkvæðisrétti sínum.

Í reglunum er ekki mælt með neinni sérstakri aðferð við fjárfestingar af hálfu fjárfesta og ekki er leitast við að mæla fyrir um æskilegustu afskipti fjárfesta. Hins vegar hafa margir fjárfestar komist að þeirri niðurstöðu að fjárhagslegur ávinningur geti verið af því að greina fjárfestingar sínar eftir því sem raunhæft getur talist og neyta atkvæðisréttar síns. Sumir stofnanafjárfestar birta einnig stefnu sína varðandi þau fyrirtæki sem þeir fjárfesta í.

II. Jafnræði hluthafa.

Stjórnskipan fyrirtækis skal vera með þeim hætti að hún tryggi sanngjarna meðferð allra hluthafa, þ.m.t. minni hluta og erlendra hluthafa. Öllum hluthöfum skyldi gefið tækifæri til að fá leiðréttingu mála sinna ef réttur þeirra hefur verið brotinn.

Mikilvægur þáttur á fjármálamörkuðum er sú tiltrú fjárfesta að það fjármagn, sem þeir leggja fram, sé verndað fyrir misnotkun eða fjárdrætti af hálfu stjórnenda fyrirtækis, stjórnarmanna eða eigenda meiri hluta hlutabréfa. Stjórnir fyrirtækja, stjórnendur og eigendur meiri hluta hlutabréfa kunna að hafa tækifæri til að skara eld að eigin köku á kostnað minnihlutaeigenda. Í reglunum er mælt með því að erlendir og innlendir hluthafar njóti sömu meðferðar varðandi stjórnskipan fyrirtækja. Þær fjalla ekki um stefnu stjórnvalda til þess að stýra beinum fjárfestingum erlendra aðila.

Ein aðferð, sem hluthafar geta notað til að ná fram rétti sínum, er að höfða mál á hendur stjórnendum og stjórnarmönnum. Reynslan hefur sýnt að mikilvægt atriði sem varðar það að hve miklu leyti réttur hluthafa er verndaður er hvort virkar aðferðir séu fyrir hendi til þess að þeir geti fengið leiðréttingu mála sinna án óhóflegs kostnaðar og án mikilla tafa ef réttur þeirra hefur verið brotinn. Tiltrú eigenda minni hluta hlutabréfa eykst ef réttarkerfi felur í sér

úrræði fyrir eigendur minni hluta hlutabréfa til að höfða mál ef þeir hafa ástæðu til að ætla að réttur þeirra hafi verið brotinn.

Nokkur hætta er á því að réttarkerfi, sem gerir fjárfestum kleift að véfengja aðgerðir fyrirtækja fyrir dómstólum, geti fengið of mikinn málafjölda til úrlausnar. Því hafa í mörgum réttarkerfum verið sett ákvæði til að vernda stjórnendur og stjórnarmenn fyrir misbeitingu málsókna. Þetta hefur verið gert með því að mæla fyrir um tilteknar aðgerðir til að sannreyna hvort kvartanir hluthafa séu á rökum reistar, svonefnt „öruggt skjól“ fyrir málsókn á hendur stjórnendum og stjórnarmönnum (t.d. reglan sem verndar stjórnendur fyrir ábyrgð þeirra á gerðum fyrirtækisins, enda hafi þær verið gerðar innan ramma valdsviðs þeirra, að viðhafðri eðlilegri varúð og í góðri trú), svo og „öruggt skjól“ varðandi upplýsingagjöf. Þegar öllu er á botninn hvolft er nauðsynlegt að finna jafnvægi milli þess að heimila fjárfestum að leita réttar sín vegna þess að brotið hefur verið á eignarrétti þeirra og að koma í veg fyrir óhóflegar málsóknir. Mörg ríki hafa komist að raun um að dómsmeðferð utan almennra dómstóla, svo sem málsmeðferð innan stjórnsýslunnar eða gerðardómsmeðferð á vegum eftirlitsstofnana með verðbréfaviðskiptum eða annarra eftirlitsstofnana, er virk aðferð til þess að leysa deilur, a.m.k. á fyrsta stigi.

A. Allir í sama flokki hluthafa skulu hljóta sömu meðferð.

1. *Allir í sama flokki hluthafa skulu hafa sama atkvæðisrétt. Öllum fjárfestum skyldi gert kleift að afla sér upplýsinga um þann atkvæðisrétt sem tengist öllum flokkum hlutabréfa áður en þeir festa kaup á bréfum. Hvers konar breytingar á atkvæðisrétti skal bera undir atkvæði á hluthafafundi.*

Ákvarðanir um hagstæðustu fjármagnsuppbyggingu fyrirtækis eru best komnar í höndum stjórnenda þess og stjórnar, að fengnu samþykki hluthafa. Sum félög gefa út forgangshlutabréf sem njóta forgangs um hlutdeild í hagnaði þeirra en þeim fylgir að jafnaði ekki kosningaréttur. Sum félög gefa einnig út þátttökuhlutabréf, sem kosningaréttur fylgir ekki, og ganga væntanlega kaupum og sölum á öðru verði en hlutabréf sem kosningaréttur fylgir. Öll þessi fyrirbæri kunna að stuðla að því að áhættu sé dreift með þeim hætti sem talinn er þjóna hagsmunum félagsins og stuðla að hagkvæmri fjármögnun. Í reglunum er ekki tekin afstaða til hugtaksins „eitt atkvæði á hvert hlutabréf“. Hins vegar eru margir stofnanafjárfestar og hluthafasamtök fylgjandi þessari hugmynd.

Fjárfestar mega eiga von á því að fá upplýsingar um kosningarétt sinn áður en þeir fjárfesta í félaginu. Þegar þeir hafa fjárfest í félaginu á ekki að gera breytingar á réttindum þeirra nema þeir hluthafar, sem eiga hlutabréf með atkvæðisrétti, taki þátt í þeirri ákvörðun. Tillögur um breytingar á atkvæðisrétti í ýmsum flokkum hlutabréfa eru að jafnaði lagðar fram á almennum hluthafafundum til samþykktar af hálfu tiltekins meiri hluta hlutabréfa með atkvæðisrétti í hlutaðeigandi hlutabréfaflokkum.

2. *Atkvæðisréttur skal vera í höndum fjárvörslumanna eða tilnefndra manna samkvæmt ákvörðun endanlegra eigenda hlutabréfanna.*

Í sumum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar var það venja að fjármálastofnanir, sem höfðu hlutabréf í vörslu fyrir fjárfesta, neyttu þess atkvæðisréttar sem fylgdi slíkum bréfum. Þess var stundum krafist af vörsluaðilum slíkra hlutabréfa, t.d. bönkum og verðbréfafyrirtækjum, að þeir greiddu atkvæði til stuðnings stjórnendum fyrirtækis nema hluthafi hefði gefið þeim sérstök fyrirmæli um annað.

Þróunin í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar er í þá átt að fella niður ákvæði sem veita fjárvörsluaðilum sjálfkrafa rétt til að greiða atkvæði fyrir hönd hluthafa.

Í sumum ríkjum hefur reglum verið breytt í þá veru að gera fjárvörslustofnunum skylt að veita hluthöfum upplýsingar um þá kosti sem þeir hafa við beitingu atkvæðisréttar síns. Hluthafar kunna að ákveða að veita vörsluaðilum umboð til að neyta atkvæðisréttar síns. Hins vegar kunna hluthafar að ákveða að þeir vilji fá upplýsingar um allar væntanlegar atkvæðagreiðslur hluthafa og kunna þá að ákveða að neyta atkvæðisréttar síns í sumum tilvikum og fela fjárvörsluaðila nokkurn hluta atkvæðisréttar. Nauðsynlegt er að stuðla að nokkru jafnvægi milli þess að fjárvörsluaðilar greiði ekki atkvæði án tillits til óska hluthafa og að leggja ekki óhóflegar kvaðir á fjárvörsluaðila þess efnis að þeir afli samþykkis hluthafa áður en atkvæði eru greidd. Nægilegt er að skýra hluthöfum frá því að ef fjárvörsluaðila eru ekki gefin nein fyrirmæli um hið gagnstæða muni hann beita atkvæðisrétti hlutabréfanna með þeim hætti sem hann telur að þjóni best hagsmunum hluthafa.

Taka bera fram að þetta ákvæði á ekki við um beitingu atkvæðisréttar af hálfu fjárhaldsmanna eða annarra sem starfa samkvæmt sérstöku lögformlegu umboði (svo sem skiptastjóra í gjaldþrotamálum og skiptastjóra dánarbúa).

3. Aðferðir og starfsvenjur á almennum hluthafafundum skyldu tryggja sanngjarna meðferð allra hluthafa. Starfsvenjur fyrirtækisins skulu ekki vera með þeim hætti að mönnum sé gert óeðlilega erfitt fyrir eða kostnaðarsamt að greiða atkvæði.

Í kafla I í reglunum var þess getið að hluthafar hafa rétt til að taka þátt í hluthafafundum. Stjórnendur og fjárfestar, sem eiga meiri hluta hlutabréfa, hafa á stundum leitast við að letja minnihlutaeigendur og erlenda fjárfesta þess að reyna að hafa áhrif á stjórnun fyrirtækisins. Sum fyrirtæki hafa gert hluthöfum að greiða tiltekið gjald fyrir að fá að greiða atkvæði. Meðal annarra hindrana má nefna bann við því að umboðsmenn færu með atkvæðisrétt og kröfu þess efnis að hluthöfum væri skylt að sitja hluthafafund til þess að fá að greiða atkvæði. Enn aðrar reglur kunna að gera hluthöfum ókleift að greiða atkvæði. Umboðsgögn til að fara með atkvæðisrétt kunna að vera send með of stuttum fyrirvara fyrir hluthafafundi til þess að gefa fjárfestum ráðrúm til að hugsa sig um og leita ráðgjafar. Mörg félög innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar leitast nú við að koma á betri samskipta- og ákvarðanaleiðum stjórnar og stjórnenda við hluthafa. Hvatt er til þess að félög leitist við að ryðja úr vegi tilbúnum hindrunum fyrir þátttöku í almennum fundum.

B. Banna ber innherjaviðskipti og sjálfsviðskipti sem fela í sér misnotkun á aðstöðu.

Sjálfsviðskipti, sem fela í sér misnotkun aðstöðu, eru fólgin í því að menn, sem hafa náið samband við fyrirtækið, nýta sér tengslin til skaða fyrir fyrirtækið og fjárfesta. Þar eð innherjaviðskipti felast í því að beita óheiðarlegum brögðum á fjármálamarkaðnum er slíkt bannað í reglugerðum um verðbréfaviðskipti, hlutafélagalögum og/eða hegningarlögum í flestum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Hins vegar er slíkt ekki bannað í sumum lögsagnarumdæmum og í sumum tilvikum er eftirlit slælegt. Telja má að slík starfsemi sé brot á góðri stjórnskipan fyrirtækja vegna þess að þar með er brotin reglan um sanngjarna meðferð hluthafa.

Í reglunum er það staðfest að fjárfestar geti ætlast til þess með sanngirni að mönnum sé bannað að hagnýta sér innherjaupplýsingar. Í þeim tilvikum, þar sem slík misnotkun er ekki bönnuð sérstaklega samkvæmt lögum eða þar sem eftirlit er slælegt, skiptir miklu máli að stjórnvöld geri ráðstafanir til þess að bæta úr slíku.

C. Skylda ætti stjórnarmenn og stjórnendur til að upplýsa um hvers konar efnislega hagsmuni í viðskiptum eða málefnum sem snerta fyrirtækið.

Þetta ákvæði á við um þær aðstæður að stjórnarmenn og stjórnendur eigi í viðskiptum við eða hafi fjölskyldutengsl eða önnur tengsl við fyrirtækið sem gætu haft áhrif á dómgreind þeirra varðandi tiltekin viðskipti.

III. Hlutverk hagsmunaaðila í stjórnun fyrirtækja.

Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að viðurkenndur sé réttur hagsmunaaðila samkvæmt lögum og að hvatt sé til virks samstarfs fyrirtækja og hagsmunaaðila að skapa verðmæti og atvinnu og stuðla að sjálfbærni fyrirtækja sem búa við traustan fjárhag.

Mikilvægt atriði í stjórnskipan fyrirtækja snýst um að tryggja streymi utanaðkomandi fjármagns til fyrirtækja. Stjórnskipan fyrirtækja snýst einnig um að finna leiðir til að hvetja ýmsa hagsmunaaðila í fyrirtækinu til að leggja áherslu á félagslega virkar fjárfestingar í mannauði og starfsorku í þágu fyrirtækisins. Samkeppnishæfni og að lokum velgengni fyrirtækis er árangur samvinnu sem felst í framlagi ýmissa þeirra sem leggja fyrirtækinu lið, m.a. fjárfesta, starfsmanna, lánardrottna og birgja. Fyrirtæki ættu að gera sér grein fyrir því að framlag hagsmunaaðila er mikilvægt til að byggja upp samkeppnishæf og arðbær fyrirtæki. Í því felst langtímahagur fyrirtækja að stuðla að arðvænlegri samvinnu meðal hagsmunaaðila. Stjórnendur verða að gera sér grein fyrir því að hagsmunum fyrirtækisins er þjónað með því að menn geri sér grein fyrir hagsmunum hagsmunaaðila og framlagi þeirra til velgengni fyrirtækisins til langframa.

A. Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að tryggður sé lögbundinn réttur hagsmunaaðila.

Í öllum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru réttindi hagsmunaaðila tryggð með lögum, svo sem vinnulöggjöf, lögum um verslunarviðskipti, hlutafélagalögum og gjaldþrotalögum. Jafnvel á þeim sviðum, þar sem hagsmunir hagsmunaaðila eru ekki tryggðir með lögum, taka mörg fyrirtæki á sig viðbótarskuldbindingar í þágu hagsmunaaðila, og hugsunin um orðstír fyrirtækisins og frammistöðu þess veldur því oft að hugað er að fleiri hagsmunamálum.

B. Ef hagsmunir hagsmunaaðila eru verndaðir með lögum skal þeim veitt tækifæri til að fá leiðréttingu mála sinna ef réttur þeirra hefur verið brotinn.

Lagaramminn og ferlið á að vera gagnsætt og ekki að koma í veg fyrir möguleika hagsmunaaðila til þess koma á framfæri kvörtunum um brot á réttindum sínum og að fá leiðréttingu sinna mála.

C. Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að unnt sé að koma við úrræðum til að gera hagsmunaaðilum kleift að taka virkan þátt í málefnum fyrirtækisins.

Í stjórnskipan fyrirtækja er gert ráð fyrir mismunandi hlutverkum hagsmunaaðila. Að hve miklu leyti hagsmunaaðilar taka þátt í stjórnskipan fyrirtækja fer samkvæmt landslögum og venjum og kann einnig að vera mismunandi milli fyrirtækja. Dæmi um þátttöku hagsmunaaðila eru meðal annars: að starfsmenn eigi fulltrúa í stjórn og að starfsmönnum sé gert kleift að eignast hlutabréf í fyrirtækinu eða aðrar ráðstafanir séu gerðar til þess að þeir öðlist hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins eða sú tilhögun að tekið sé tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila við töku meginákvarðana. Enn fremur má nefna aðild lánardrottna að stjórnun þegar um gjaldþrotameðferð er að ræða.

D. Þar sem hagsmunaaðilar taka þátt í stjórnskipan fyrirtækja skal gera þeim kleift að fá aðgang að viðeigandi upplýsingum.

Þar sem gert er ráð fyrir, samkvæmt lögum og venjum um stjórnskipan fyrirtækja, þátttöku hagsmunaaðila skiptir miklu máli að þeir hafi aðgang að upplýsingum sem þeim er nauðsynlegt að fá til þess að geta fullnægt skyldum sínum.

IV. Upplýsingaskylda og gagnsæi.

Stjórnskipan fyrirtækja skal vera með þeim hætti að veittar séu nákvæmar upplýsingar í tæka tíð um öll málefni sem tengjast fyrirtækinu, þ.m.t. fjárhagsleg staða, afkoma, eignarhald og stjórnun fyrirtækisins.

Í flestum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar er safnað miklum upplýsingum, bæði þeim sem skylt er að veita og þeim sem veittar eru af fúsum og frjálsum vilja, um fyrirtæki, sem skráð eru á opinberum markaði, og stór, óskráð fyrirtæki og síðan er slíkum upplýsingum dreift til fjölmargra notenda. Að jafnaði er þess krafist að fyrirtækin veiti upplýsingar um reksturinn a.m.k. einu sinni á ári en í sumum ríkjum er þess krafist að þær séu gefnar á hálfs árs fresti eða ársfjórðungslega, eða jafnvel oftar þegar um er að ræða mikilvægar breytingar sem hafa áhrif á fyrirtæki. Fyrirtæki veita oft upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja sem ganga lengra en að veita lágmarksupplýsingar og eru þau þar með að koma til móts við kröfur markaðarins.

Sterkar hefðir um upplýsingaskyldu skipta meginmáli um það að markaðurinn geti fylgst með framvindu mála hjá fyrirtækjum og um möguleika hluthafa til að beita atkvæðisrétti sínum. Reynslan hefur leitt í ljós í ríkjum með stóran og virkan hlutabréfamarkað að upplýsingar um frammistöðu fyrirtækja geta reynst öflugt verkfæri til þess að hafa áhrif á atferli fyrirtækja og til að vernda hagsmuni fjárfesta. Hluthöfum og væntanlegum fjárfestum er nauðsyn að hafa aðgang að reglulegum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum, sem eru nægjanlegar nákvæmar til þess að þeim sé kleift að meta frammistöðu stjórnenda og taka upplýstar ákvarðanir um mat á hlutabréfum, eignarhald á þeim og um atkvæðagreiðslur. Ófullnægjandi eða óskýrar upplýsingar kunna að hindra getu markaðarins til að starfa eðlilega, kunna að auka fjármagnskostnað og leiða til slæmra fjárfestinga.

Upplýsingagjöf hjálpar einnig almenningi að gera sér grein fyrir uppbyggingu og starfsemi fyrirtækja, stefnu fyrirtækja og frammistöðu þeirra hvað varðar umhverfis- og siðferðisstaðla, svo og tengslum fyrirtækja við það samfélag þar sem þau starfa. Í þessu sambandi skal bent á Leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar um fjölþjóðafyrirtæki.

Þess er ekki vænst að kröfur um upplýsingagjöf valdi fyrirtækjum óeðlilegu stjórnunarlegu álagi eða miklum kostnaði. Þess er ekki heldur vænst að fyrirtæki veiti upplýsingar sem kunna að skaða samkeppnisstöðu þeirra, nema slík upplýsingagjöf sé nauðsynleg til þess að veita fjárfestum fullnægjandi upplýsingar og koma í veg fyrir að villt sé um fyrir fjárfestum. Til þess að ákveða hvaða upplýsingar skuli gefnar hefur í mörgum ríkjum verið beitt reglunni um mikilvægi. Mikilvægar upplýsingar má skilgreina sem upplýsingar sem eru þess eðlis að væru þær ekki gefnar eða rangar gætu þær haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda slíkra upplýsinga.

Í reglunum er lögð áhersla á upplýsingar í tæka tíð um allar efnislegar breytingar sem verða milli þess sem reglulegar skýrslur eru gefnar út. Einnig er lögð áhersla á að allir hluthafar fái slíkar upplýsingar samtímis til þess að tryggja að þeim sé ekki mismunað.

A. Upplýsingar skulu vera greinargóðar og ná yfir:

1. Fjárhagslega og rekstrarlega afkomu fyrirtækisins.

Endurskoðaðir ársreikningar, þar sem fram kemur fjárhagsleg afkoma og fjárhagsstaða fyrirtækisins (sem að jafnaði hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning, yfirlit yfir fjárstreymi og skýringar við ársreikninginn), eru mest notaða uppspretta upplýsinga um fyrirtæki. Eins og ársreikningar eru gerðir nú á dögum eru tvö meginmarkmið þeirra að gera mönnum kleift að fylgjast með frammistöðu fyrirtækja og meta verðmæti verðbréfa. Yfirleitt fylgir ársreikningi skýrsla stjórnar og greining rekstrarins. Slík umfjöllun fær mest gildi ef hún er lesin í samhengi við meðfylgjandi ársreikning. Fjárfestar hafa einkum áhuga á upplýsingum sem kunna að varpa ljósi á væntanlega frammistöðu fyrirtækisins í framtíðinni.

Mikilvægt er að upplýst sé um alla fyrirtækjasamstæðuna. Færa má rök fyrir því að mistök í stjórnun megi oft rekja til þess að ekki hafi verið gefnar upplýsingar um „alla myndina", einkum þar sem liðir utan efnahagsreiknings eru notaðir til þess að veita ábyrgðir eða svipaðar skuldbindingar milli tengdra fyrirtækja.

2. Markmið fyrirtækisins.

Auk þess að upplýsa um viðskiptaleg markmið sín eru fyrirtæki hvött til að skýra frá stefnu sinni hvað snertir viðskiptasiðferði, umhverfismál og aðra almenna stefnumörkun. Slíkar upplýsingar kunna að skipta máli fyrir fjárfesta og aðra notendur upplýsinganna til þess að auðvelda þeim að meta tengslin milli fyrirtækjanna og þess samfélags þar sem þau starfa og hvaða ráðstafanir fyrirtækin hafa gert til að ná markmiðum sínum.

3. Meirihlutaeign hlutabréfa og atkvæðisrétt.

Ein af grundvallarréttindum fjárfesta er að fá upplýsingar um uppbyggingu eignarhalds á fyrirtækinu og réttindi sín miðað við réttindi annarra eigenda. Í sumum ríkjum er þess krafist að eignarhald sé gefið upp ef eignin nær einhverju tilteknu hámarki. Við slíka upplýsingagjöf kunna að koma fram upplýsingar um stærstu hluthafa og aðra sem eru ráðandi eða kunna að verða ráðandi í fyrirtækinu, þ.m.t. upplýsingar um sérstakan atkvæðisrétt, samninga milli hluthafa, eignarhald á ráðandi meiri hluta hlutabréfa eða stóran hluta þeirra, verulegt gagnkvæmt eignarhald tveggja eða fleiri fyrirtækja og víxlábyrgðir (sjá kafla I.D). Einnig er ætlast til að fyrirtæki veiti upplýsingar um viðskipti milli skyldra aðila.

4. Stjórnarmenn og helstu stjórnendur og laun þeirra.

Fjárfestar þarfnast upplýsinga um einstaka stjórnarmenn og helstu stjórnendur til þess að geta metið reynslu þeirra og hæfni og hugsanlega hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á dómgreind þeirra.

Hluthafar hafa einnig áhuga á að fá upplýsingar um laun stjórnarmanna og stjórnenda. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að fyrirtæki gefi fullnægjandi upplýsingar um laun stjórnarmanna og helstu stjórnenda (annaðhvort hvers um sig eða sameiginlega) svo að fjárfestar geti gert sér grein fyrir kostnaði og ávinningi hvað snertir afkomu fyrirtækisins af áætlunum um launagreiðslur og hlutdeild hvataáætlana, svo sem rétti stjórnarmanna og stjórnenda til að kaupa tiltekinn fjölda hlutabréfa á tilteknu verði.

5. Fyrirsjáanlega áhættuþætti, sem skipta máli.

Notendur fjárhagslegra upplýsinga og þátttakendur á markaðnum þarfnast upplýsingar um efnislega áhættuþætti, sem eðlilegt er að sjá megi fyrir, svo sem: Áhættu sem tengist tiltekinni atvinnugrein eða tilteknu landsvæði; áhættu vegna þess að treyst er á hrávöru; áhættu á fjármálamarkaði, þ.m.t. vegna vaxtastigs eða gengisbreytinga; áhættu í tengslum við afleið-

ur og viðskipti utan efnahagsreiknings; og áhættu vegna skuldbindinga sem tengjast umhverfismálum.

Í reglunum er ekki gert ráð fyrir að veittar séu nákvæmari upplýsingar en nauðsynlegt er til þess að upplýsa fjárfesta með fullnægjandi hætti um efnislega og fyrirsjáanlega áhættuþætti hjá fyrirtækinu. Upplýsingar um áhættu hafa mest vægi þegar þær eru sniðnar að tiltekinni atvinnugrein. Upplýsingar um það hvort fyrirtæki hafa komið sér upp kerfi til að fylgjast með áhættuþáttum eru einnig gagnlegar.

6. Málefni starfsmanna og annarra hagsmunaaðila, sem skipta máli.

Fyrirtæki eru hvött til að veita upplýsingar um meginmál sem snerta starfsmenn og aðra hagsmunaaðila og kunna að hafa veruleg áhrif á afkomu fyrirtækisins. Upplýsingagjöf kann að vera fólgin í upplýsingum um samskipti stjórnenda og starfsmanna og samskipti við aðra hagsmunaaðila, svo sem lánardrottna, birgja og sveitarfélögin á svæðinu.

Í sumum ríkjum er gerð krafa um víðtækar upplýsingar um mannauð. Stefnumörkun um mannauð, svo sem áætlanir um þróun mannauðs eða eignarhald starfsmanna á hlutabréfum, geta veitt þátttakendum á markaðnum mikilvægar upplýsingar um samkeppnishæfni fyrirtækja.

7. Stjórnun og stefnumörkun.

Fyrirtæki eru hvött til að skýra frá því hvernig þau beita í raun gildandi reglum um stjórnun. Upplýsingar um tilhögun stjórnunar og stefnumörkunar fyrirtækis, einkum skiptingu valds milli hluthafa, stjórnenda og stjórnarmanna, eru mikilvægar til þess að unnt sé að meta stjórnarhætti fyrirtækisins.

B. Upplýsingar á að semja, endurskoða og birta samkvæmt góðum reikningsskilavenjum og skýringar gefnar á þeim þáttum sem snerta fjármál og öðrum þáttum að lokinni endurskoðun.

Ef beitt er hæstu gæðastöðlum má búast við að það auki verulega möguleika fjárfesta til þess að fylgjast með frammistöðu fyrirtækisins með því að treysta áreiðanleika og samanburðarhæfni skýrslna og bæta innsýn í frammistöðu fyrirtækisins. Gæði upplýsinganna fara eftir þeim starfsreglum sem beitt er við söfnun þeirra og birtingu. Í reglunum er mælt með því að mótaðir séu staðlar í hæsta gæðaflokki sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og auka möguleika á því að bera saman upplýsingar milli ríkja.

C. Árleg endurskoðun skal vera í höndum óháðs endurskoðanda til þess að veitt sé trygging utan frá fyrir því að ársreikningurinn hafi verið saminn og lagður fram með hlutlægum hætti.

Í mörgum ríkjum hefur verið leitað leiða til þess að auka sjálfstæði endurskoðenda og ábyrgð þeirra gagnvart hluthöfum. Almennt er álitið að beiting endurskoðunarstaðla í hæsta gæðaflokki og siðareglum sé ein besta aðferðin til að auka sjálfstæði og styrkja stöðu stéttarinnar. Frekari ráðstafanir felast m.a. í því að styrkja endurskoðunarnefndir stjórna og auka ábyrgð stjórnar við val á endurskoðendum.

Aðrar tillögur hafa verið teknar til athugunar í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í sumum ríkjum hafa verið settar reglur um takmörkun á hundraðshluta þeirra tekna sem endurskoðanda er heimilt að fá frá tilteknum viðskiptavini umfram greiðslur fyrir endurskoðunina sjálfa. Í öðrum ríkjum er fyrirtækjum gert að upplýsa um greiðslur til endurskoðenda fyrir aðra vinnu en við endurskoðunina sjálfa. Auk þess kunna að vera settar

skorður við því að tekjur endurskoðanda frá tilteknum viðskiptavini nemi meira en tilteknum hundraðshluta af heildartekjum hans. Dæmi um aðra tilhögun er gæðamat á endurskoðanda framkvæmt af öðrum endurskoðanda, bann við því að endurskoðendur veiti aðra þjónustu en endurskoðunarþjónustu, skyldubundin skipti á endurskoðendum og að hluthafar tilnefndi endurskoðendur beint.

D. Boðleiðir til dreifingar upplýsinga skulu veita notendum sanngjarnt og hagkvæmt aðgengi að viðkomandi upplýsingum í tæka tíð.

Boðleiðir upplýsinga geta verið jafnmikilvægar og sjálft efni þeirra. Oft er mælt fyrir um upplýsingagjöf í lögum en skráning og aðgengi að upplýsingum getur kostað fyrirhöfn og fé. Skráning lögboðinna skýrslna hefur tekið miklum framförum í sumum ríkjum með tilkomu rafrænna skjalavistunar- og gagnakerfa. Netið og önnur upplýsingatækni veitir einnig tækifæri til endurbóta í dreifingu upplýsinga.

V. Skyldur stjórnar.

Stjórnskipan fyrirtækja skal tryggja fyrirhyggju í stjórnun hvers fyrirtækis, að stjórnin hafi virkt eftirlit með stjórnendum og ábyrgð stjórnar gagnvart fyrirtækinu og hluthöfum.

Uppbygging og starfshættir stjórna eru mismunandi bæði innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar og milli ríkjanna. Í sumum ríkjunum er tveggja þrepa kerfi þar sem eftirlitshlutverkið er aðskilið frá stjórnunarhlutverkinu í tveim aðskildum stjórnum. Í slíkum kerfum er gjarnan um að ræða „eftirlitsstjórn“ sem í sitja stjórnarmenn sem hafa ekki skyldum að gegna um framkvæmdir fyrirtækisins og „framkvæmdastjórn“ sem í sitja eingöngu framkvæmdastjórar. Í öðrum ríkjum er aðeins um að ræða eina stjórn sem í sitja bæði þeir sem hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins og þeir sem annast framkvæmdastjórn. Reglunum er ætlað að vera nægilega almenns eðlis til þess að þær geti átt við um hvers konar samsetningu stjórnar eða framkvæmdastjórnar fyrirtækja sem ætlað er að stýra fyrirtækinu og hafa eftirlit með stjórnun.

Auk þess að móta stefnu fyrirtækisins er meginverkefni stjórnar að fylgjast með störfum framkvæmdastjóra og sjá til þess að hluthafar fái viðunandi arð, svo og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og jafna mismunandi kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins. Til þess að stjórnir geti innt af hendi skyldur sínar með fullnægjandi hætti verða þær að vera nokkuð óháðar stjórnendum fyrirtækisins. Önnur mikilvæg skyldustörf stjórnar eru að stuðla að því að fyrirtækið fari að gildandi lögum, þ.m.t. lögum um skatta, samkeppni, vinnumál, umhverfismál, jafnrétti karla og kvenna, heilbrigðismál og öryggismál. Auk þess er ætlast til þess að stjórnir taki eðlilegt tillit til og líti með sanngirni til hagsmuna annarra hagsmunaaðila, þ.m.t. starfsmanna, lánardrottna, viðskiptavina, birgja og sveitarfélagsins þar sem fyrirtækin starfa. Í þessu sambandi skiptir máli að virtir séu umhverfis- og félagslegir staðlar.

A. Stjórnarmönnum ber að taka ákvarðanir að fengnum fyllstu upplýsingum, í góðri trú og með fullri gætni og varúð með hagsmuni fyrirtækisins og hluthafa fyrir augum.

Í sumum ríkjum er stjórninni skylt samkvæmt lögum að miða aðgerðir sínar við hagsmuni fyrirtækisins og taka tillit til hagsmuna hluthafa, starfsmanna og almannaheilla. Þótt hagsmunir fyrirtækisins skipti meginmáli er nauðsynlegt að gæta þess að stjórnendur verði ekki of rótfastir.

B. Ef ákvarðanir stjórnar kunna að hafa mismunandi áhrif á mismunandi hluthafahópa ber henni að sýna öllum hluthöfum sanngirni.

C. Stjórninni ber að tryggja að farið sé að gildandi lögum og hafa í huga hagsmuni hagsmunaaðila.

D. Stjórninni ber að sinna tilteknum meginhlutverkum, þ.m.t.:

1. *Að endurskoða og veita leiðsögn um stefnumörkun fyrirtækisins, að sjá um helstu framkvæmdir, að móta stefnu varðandi áhættuþætti, að gera árlega fjárhagsáætlun og viðskiptaáætlun; að setja fyrirtækinu markmið um afkomu; að fylgjast með framkvæmd áætlana og frammistöðu fyrirtækisins; og að hafa yfirumsjón með helstu fjárfestingarútgjöldum, eignakaupum og eignasölu.*
2. *Að velja helstu stjórnendur, ákveða kjör þeirra og fylgjast með starfi þeirra og þegar svo ber undir að segja þeim upp og hafa eftirlit með mannaskiptum.*
3. *Að endurskoða laun helstu stjórnenda og stjórnarmanna og tryggja að tilnefningar til stjórnar eigi sér stað með formlegum og gagnsæjum hætti.*
4. *Að fylgjast með og leysa hugsanlega hagsmunaárekstra stjórnenda, stjórnarmanna og hluthafa, þ.m.t. misnotkun á eigum fyrirtækisins og viðskipti skyldra aðila.*
5. *Að tryggja ráðvendni í bókhaldi og fjárhagsskýrslum fyrirtækisins, þ.m.t. að tryggja óháða endurskoðun og að viðeigandi eftirlitskerfi séu virk, einkum hvað snertir áhættu, fjármálastjórn og löghlýðni.*
6. *Að fylgjast með virkni stjórnunarhátta, sem fyrirtækið býr við og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru.*
7. *Að hafa eftirlit með upplýsingagjöf og samskiptum.*

Störf stjórnarmanna kunna að vera mismunandi samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga í hverju lögsagnarumdæmi og samkvæmt lögum félagsins. Ofangreind atriði eru hins vegar talin nauðsynleg við stjórnskipan fyrirtækja.

E. Stjórninni á að vera kleift að taka hlutlægar ákvarðanir um málefni fyrirtækisins, einkum óháð stjórnendum.

Mismunandi uppbygging stjórnar og starfshættir í ýmsum ríkjum kalla á mismunandi sjónarmiðum um sjálfstæði stjórnarmanna. Sjálfstæði stjórnarinnar er háð því að nægilega margir stjórnarmenn séu ekki starfsmenn fyrirtækisins og ekki tengdir fyrirtækinu eða stjórnendum þess að verulegu leyti um fjárhag, fjölskyldutengsl eða önnur tengsl. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að hluthafar sitji í stjórn.

Óháðir stjórnarmenn geta lagt verulega mikið af mörkum til ákvarðana stjórnarinnar. Þeim er kleift að leggja hlutlægt mat á frammistöðu stjórnar og stjórnenda. Auk þess geta þeir haft mikilvægu hlutverki að gegna á þeim sviðum þar sem skoðanir kunna að vera skiptar milli stjórnenda, fyrirtækisins og hluthafa, t.d. hvað snertir laun framkvæmdastjóra, val á eftirmönnum, breytingar á stjórnun fyrirtækisins, varnir gegn yfirtöku, meiri háttar eignakaup og framkvæmd endurskoðunar.

Sem leiðtogi stjórnar getur formaður hennar haft úrslitaáhrif við að tryggja virka stjórn fyrirtækisins og ber hann ábyrgð á virku starfi stjórnarinnar. Þar sem um er að ræða aðeins eina stjórnar- og framkvæmdanefnd er oft mælt með því að valdi sé skipt milli forstjóra og formanns stjórnar til þess að tryggja viðeigandi valdajafnvægi og auka ábyrgðarskyldu og stuðla að því að stjórninni sé kleift að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

1. *Stjórnir fyrirtækja ættu að fela nægilega mörgum stjórnarmönnum, sem ekki eru framkvæmdastjórar fyrirtækisins en eru hæfir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, tiltekin hlutverk þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum. Dæmi um slík mikilvæg hlutverk*

eru gerð fjárhagsskýrslna, tilnefningar manna í stjórn og ákvörðun launa stjórnenda og stjórnarmanna.

Gerð fjárhagsskýrslna, laun og tilnefningar eru hlutverk stjórnarinnar allrar en með því að fá óháðum stjórnarmönnum, sem koma ekki að daglegum rekstri, slíkt hlutverk er stuðlað að því að sannfæra þátttakendur á markaðnum um að hagsmuna þeirra sé gætt. Stjórnir geta einnig stofnað sérstakar nefndir til að fjalla um málefni þar sem hætta er á hagsmunaárekstrum. Nauðsynlegt kann að vera að skipa lágmarksfjölda nefndarmanna eða að skipa aðeins stjórnarmenn sem sinna starfa ekki við framkvæmdir í fyrirtækinu.

2. Stjórnarmönnum ber að verja nægum tíma til að sinna skyldustörfum sínum.

Það er almenn skoðun að seta í of mörgum stjórnum geti dregið úr afköstum stjórnarmanna. Félög kunna að kanna hvort seta í of mörgum stjórnum trufli störf stjórnarmanna. Í sumum ríkjum er takmarkað í hve mörgum stjórnum menn mega sitja. Slíkar takmarkanir kunna að skipta minna máli en að tryggja að stjórnarmenn séu trúverðugir og njóti trausts hluthafa.

Í því skyni að bæta störf stjórna og afköst stjórnarmanna hafa sum félög talið gagnlegt að viðhafa þjálfun og sjálfsmat að eigin ósk eftir því hvað hentar hverju fyrirtæki. Þetta gæti t.d. verið fólgið í því að stjórnarmenn afli sér viðeigandi færni eftir að þeir hafa verið tilnefndir í stjórn og fylgist síðan með setningu laga og reglugerða og breytingum á áhættu í viðskiptum.

F. Til þess að stjórnarmönnum sé unnt að sinna skyldum sínum skulu þeir fá aðgang að nákvæmum og viðeigandi upplýsingum í tæka tíð.

Stjórnarmenn þarfnast þess að fá viðeigandi upplýsingar í tæka tíð til þess að byggja ákvarðanir sínar á. Að jafnaði hafa stjórnarmenn, sem standa utan við daglegan rekstur, ekki jafnmikinn aðgang að helstu stjórnendum fyrirtækisins. Unnt er að auka framlag stjórnarmanna, sem ekki koma að daglegum rekstri í fyrirtækinu, með því að veita þeim aðgang að tilteknum stjórnendum í fyrirtækinu, t.d. ritara fyrirtækisins og innri endurskoðanda, svo og að veita þeim aðgang að sjálfstæðum ráðgjöfum utan fyrirtækisins á kostnað fyrirtækisins. Til þess að stjórnarmönnum reynist kleift að inna af hendi skyldur sínar verða þeir að sjá til þess að þeir fái nákvæmar og viðeigandi upplýsingar í tæka tíð.

1309. Frumvarp til laga [852. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Mörður Árnason, Ásgeir Friðgeirsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „kjörtímabil þessara aðila“ í 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. laganna komi: sem þó skal að öllu jöfnu ekki vera lengra en sex ár.

2. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna bætist: og skal leitast við að tilnefna óvilhalla aðila utan stjórnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar framangreindum skilyrðum skal menntun, starfsreynsla og starfsferill stjórnarmanna vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði sjóðinn.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn lífeyrissjóðs skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánafyrirgreiðslur.

4. gr.

Við 4. mgr. 34. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Starfsmenn lífeyrissjóðs, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og eignastýringu, skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Lífeyrissjóði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita stjórnendur lífeyrissjóðs og lífeyrissjóð sektum ef í ljós kemur að starfsemi sjóðins er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Um sektirnar fer samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

6. gr.

Við 4. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skulu upplýsa stjórn um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla sjórnsýslulaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja ítarlegri reglur um stjórnir lífeyrissjóða, stjórnarmenn og starfsmenn sem vinna við eignastýringu hjá lífeyrissjóðum en eru í gildandi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfskjör launafólks. Frumvarpið byggist að mestu leyti á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem hafa að geyma ítarlegar reglur um ábyrgð stjórna fjármálafyrirtækja og hæfiskröfur til stjórnarmeðlima, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem vinna við eignastýringu sem og reglur um setu stjórnarmanna í öðrum fyrirtækjum.

Flestir lífeyrissjóðir voru stofnaðir eftir að samtök launþega og atvinnurekenda sömdu um það í almennum kjarasamningum árið 1969 að greiða hluta af launum launþega í lífeyrissjóð og að atvinnurekandi greiddi framlag á móti. Árið 1974 varð lögskylt að greiða af dagvinnulaunum launþega í lífeyrissjóð og af heildarlaunum frá árinu 1981, og voru sjálfstæðir atvinnurekendur þá einnig skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð. Með lagasetningunni hætti ábyrgð á sjóðunum að byggjast eingöngu á kjarasamningum milli launþega og atvinnurekenda heldur færðist einnig yfir á stjórnvöld og lagði þannig grunn að langtímasparnaði meðal landsmanna.

Eignir lífeyrissjóðanna á Íslandi hafa aukist gríðarlega frá þessum tímamótum, eru nú að nálgast 1.000 milljarða kr. og vega æ þyngra í hagkerfi þjóðarinnar. Á árinu 1980 námu heildareignir lífeyrissjóðanna 10% af landsframleiðslu Íslendinga en tíu árum síðar eða 1990 námu þær um 40%. Árið 2000 voru eignir lífeyrissjóðanna samtals 515 milljarðar kr. sem samsvaraði 78% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Á árinu 2002 voru heildareignir sjóðanna nærri 690 milljarðar kr. og lætur það nærri að vera um 87% af vergri landsframleiðslu það árið. Ljóst má því vera að meðferð á ráðstöfun eigna lífeyrissjóðanna hreyfir við þjóðhagslegum stærðum og skiptir því miklu máli að fagleg sjónarmið ráði ferðinni og að stjórnendur hafi forsendur til að taka upplýstar, faglegar og vandaðar ákvarðanir.

Lífeyristryggingar eru ein mikilvægasta stoð tryggingakerfisins og hvílir rík samfélagsleg ábyrgð og miklar skyldur á sjóðunum að standa undir þeim framtíðarskuldbindingum sem stofnast hafa, varðveita og ávaxta eignirnar sem best, og á löggjafanum að setja skýran ramma um starfsemi sjóðanna þannig að sjóðfélagar séu vel tryggðir hjá sjóðunum hver sem starfsgrein þeirra er, en aðild að sjóðunum grundvallast á kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein.

Þegar heildarlög voru sett um starfsemi lífeyrissjóða, lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, voru ekki settar skýrar reglur um ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða, hversu lengi stjórnarmenn gætu setið í stjórn eða reglur um hverja stjórn geti skipað til setu í stjórnum fyrirtækja sem viðkomandi sjóður á fulltrúa í. Með vísan til þessarar samfélagslegu ábyrgðar og skyldu sem sjóðirnir bera og mikilla umsvifa þeirra á fjármálamarkaði liggja mikilvæg rök því til grundvallar að setja skýrar reglur um ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og gera ríkar kröfur til stjórnarmanna, t.d. um starfsreynslu, menntun og hæfi, en slíkar kröfur eru gerðar til framkvæmdastjóra sjóðanna. Þá þykir einnig rétt að setja skýrari reglur um hæfiskröfur starfsmanna sem vinna við eignastýringu hjá sjóðunum, hliðstæðar þeim sem gerðar eru til framkvæmdastjóra sjóðanna, og gera kröfu um að þeir hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum sbr. ákvæði laga um hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn sem fyrsti flutningsmaður lagði fram á þessu þingi kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði í nokkuð mörgum tilvikum gert athugasemdir við lánveitingar til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila sem tengjast þeim, sérstaklega varðandi hæfi til afgreiðslu lánveitinga, fjárhæðir, reglur um veðhlutfall eða að nauðsynlegar upplýsingar vegna lánveitinga væru ekki til staðar hjá lífeyrissjóði. Þá koma einnig fram upplýsingar um hagsmunaárekstra vegna setu stjórnarmanna lífeyrissjóða í öðrum stjórnum og hversu algeng hagsmunatengslin væru. Fram kom að um 70% stjórnarmanna lífeyrissjóða sitji í stjórnum hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Að meðaltali sitja þessir stjórnarmenn í stjórn fjögurra félaga, hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Tæplega 40% þeirra sitja í tveimur stjórnum eða fleiri.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórn lífeyrissjóðs skuli leitast við að tilnefna óvilhalla aðila utan stjórnar sem fulltrúa sjóðsins í stjórn stofnunar eða fyrirtækis þannig að ekki sé

hætta á hagsmunaárekstrum. Þetta er til samræmis við nýjar leiðbeinandi reglur sem Kauphöllin stendur m.a. að, en þær kveða á um að leitast skuli við að a.m.k. tveir óvilhallir aðilar sitji í stjórn hlutafélags. Í þeim reglum kemur m.a. fram að æskilegt sé að meiri hluti stjórnar sé óháður viðkomandi félagi og að auki sé æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum. Þetta er rökstutt með því að stjórn sé skylt að hafa eftirlit með þeim sem annast daglegan rekstur fyrirtækisins. Í þeim leiðbeinandi reglum sem áður var vitnað til kemur fram að við mat á því hvort stjórnarmenn séu óháðir skuli líta til þess hvort viðkomandi sé einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið. Jafna má setu stjórnarmanna í lífeyrissjóðum við það að vera meðal æðstu stjórnenda fyrirtækis samkvæmt þessum reglum og því óæskilegt að þeir sitji jafnframt í stjórn fyrirtækis sem viðkomandi lífeyrissjóður á verulegan hlut í.

Eitt það mikilvægasta í starfsemi sjóðanna er ávöxtun iðgjalda, en lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli fjárfest í fyrirtækjum og öðlast með því oft seturétt í stjórnum. Þó að nauðsynlegt sé að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna með setu í stjórnum fyrirtækja sem fjárfest er í er þó mikilvægt að skilja að eins og kostur er setu í stjórn lífeyrissjóðs og setu í stjórn fyrirtækis sem lífeyrissjóðurinn á stóran hlut í. Það kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra og styrkir eftirlitsskyldu stjórnar lífeyrissjóðs með fjárfestingum hans, en eitt meginhlutverk stjórnar lífeyrissjóðs er að hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins, auk þess að móta fjárfestingarstefnu og er óeðlilegt að stjórnarmenn eigi jafnframt seturétt í stjórnum þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Það tryggir betri stjórnarhætti og virkara eftirlit með fjárfestingum sjóðanna að greina þarna á milli. Auk þess er verkefni stjórnar að ákveða hver skuli vera fulltrúi lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis og óeðlilegt að stjórnarmenn skipi sjálfa sig til þeirra verka.

Í skýrslu viðskiptaráðherra um starfsemi Fjármálaeftirlitsins um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem lögð var fyrir yfirstandandi þing, kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi lagt áherslu á hlutverk og ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og innra eftirlit með lífeyrissjóðum. Þar kemur fram að hjá allflestum lífeyrissjóðum sem voru skoðaðir hafi verið gerðar athugasemdir við ýmis atriði er vörðuðu fyrirkomlag innra eftirlits. Í þeim sjóðum þar sem fjárfestingar hafa ekki verið í samræmi við lög hefur innra eftirliti ekki verið nægilega vel sinnt. Fram kemur að almennt megi segja að gögnum um innra eftirlit frá lífeyrissjóðum hafi verið heldur ábótavant og gögn ekki skilað sér nægilega vel. Bent er á að nokkur brögð hafi verið að því að ársreikningar og fjárfestingarstefna lífeyrisjóðanna hafi ekki verið í samræmi við reglur og hafa margvíslegar athugasemdir verið gerðar við sjóðina í þessu sambandi og úrbóta verið krafist. Fjármálaeftirlitið hefur lagt megináherslu á fjárfestingarathuganir og hefur í mörgum tilvikum gert athugasemdir og krafist úrbóta. Þessar athugasemdir styðja það að styrkja þurfi eftirlit stjórnarmanna með starfsemi lífeyrissjóðanna og mikilvægur þáttur í því er að aðskilja setu í stjórn sjóðs og setu í stjórn fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Þá er lagt til að stjórnarmeðlimir geti að öllu jöfnu ekki setið lengur í stjórn lífeyrissjóðs en sex ár. Í því sambandi er rétt að horfa til þess að frá árinu 1996 hefur ráðningartími forstöðumanna opinberra stofnana verið fimm ár og tilkynna þarf viðkomandi í síðasta lagi þremur mánuðum áður en ráðningartíminn rennur út ef embættið verður auglýst til umsóknar en annars framlengist skipunartíminn sjálfkrafa um fimm ár. Þar sem hinir almennu sjóðfélagar, eigendur lífeyrissjóðanna, hafa lítil eða engin áhrif á hverjir veljast í stjórnir sjóðanna er eðlilegt að setja hámark á ráðningartíma stjórnarmanna og hér er lagt til að ákvæði um að þeir skuli ekki sitja lengur en sex ár í stjórn verði sett inn í samþykktir sjóðanna. Það veitir aðhald og styrkir eftirlit stjórnarmanna með hagsmunum sjóðfélaga að ekki sé sjálfgefin endurnýjun á setu í stjórn, eins lengi og stjórnarmenn sjálfir kjósa. Almennt eru það hags-

munasamtök launþega og atvinnurekenda sem tilnefna fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs en huga mætti að því að gera almennum sjóðfélögum kleift að tilnefna stjórnarmenn.

Jafnframt er lagt til að gerðar verði sambærilegar kröfur til stjórnarmanna um menntun, starfsreynslu og starfsferil og gerðar eru til framkvæmdastjóra sjóðanna og stjórna fjármálafyrirtækja almennt. Einnig er lagt til að teknar verði upp reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki og fela í sér að stjórn megi ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins og að einstakir stjórnarmenn skuli ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánafyrirgreiðslur. Í þessu felst að einstakir stjórnarmenn geti t.d. ekki gefið framkvæmdastjóra eða undirmönnum hans fyrirmæli um afgreiðslu einstakra mála en sé umfangið verulegt beri framkvæmdastjóra að bera viðskiptin undir stjórn sjóðsins.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til að sekta lífeyrissjóði fyrir brot á lögunum líkt og fjármálafyrirtæki, en það mundi gera eftirlitið virkara og fyrirbyggjandi áhrif þess kæmu strax fram í starfsemi sjóðanna í stað þess að brotin þurfi að fara í gegnum allt dómskerfið. Slíkt getur tekið mjög langan tíma og leiðir til þess að áhrif eftirlitsins eru vart greinanleg. Lagt er til að um sektirnar gildi ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Að síðustu er lagt til að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skuli upplýsa stjórn um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga svo að stjórnin viti hvernig tengslum þeirra er háttað við aðila og fyrirtæki í atvinnulífinu og sé þá ljóst hvort efni séu til að draga ákvarðanir eða viðskipti í efa á grundvelli þeirra eða þegar litið er til samkeppnishagsmuna.

Flutningsmenn telja eðlilegt þegar litið er til hagsmuna almennra sjóðfélaga og stöðu sjóðanna, sem eru með umsvifamestu aðilum á fjármálamarkaði, að sambærilegar reglur gildi um stjórnir og æðstu starfsmenn þeirra eins og um stjórnir og æðstu starfsmenn fjármálafyrirtækja.

1310. Tillaga til þingsályktunar [853. mál]

um ívilnun til skipa sem veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum innan íslensku lögsögunnar.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aðgerðum sem aukið geta veiðar Íslendinga úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögunnar.

Í því skyni skal ríkisstjórnin meðal annars ívilna skipum með auknum síldveiðiheimildum í hlutfalli við afla þeirra innan efnahagslögsögunnar á undangengnu fiskveiðiári.

Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni tryggt fjármagn til að vakta sérstaklega göngur stofnsins inn fyrir mörk íslensku lögsögunnar og fylgjast með dreifingu hans meðan á þeim stendur til að auðvelda veiðar Íslendinga innan lögsögunnar.

Greinargerð.

Veiðar Íslendinga úr norsk-íslenska síldarstofninum eru mikilvæg stoð undir sjávarútvegi landsmanna. Vonir standa til að með skynsamlegri nýtingu stofnsins takist að byggja hann upp á nýjan leik í þeim mæli að hann taki aftur upp fyrra göngumynstur og dvelji 6–8 mánuði á íslenskum hafsvæðum. Íslenskir langtímahagsmunir liggja augljóslega í því að sem mest af aflaheimildum Íslendinga séu nýttar innan íslensku lögsögunnar. Það styrkir í senn kröfur okkar til stærri skerfs úr stofninum og treystir varnir okkar gegn vaxandi ásælni Norðmanna. En á síðustu árum hafa þeir gert harðar kröfur um aukinn hlut á kostnað Íslendinga og þær hafa leitt til þess að ekki hefur tekist að semja um skiptingu stofnsins á þessu ári. Þess vegna er mikilvægt að Íslendingar reyni að veiða sem mest af afla sínum úr stofninum innan marka íslensku lögsögunnar. Þetta er ekki síst brýnt í ljósi þess að Norðmenn hafa á síðustu árum ýtt undir að Íslendingar veiði hluta af sínum heimildum innan norskrar lögsögu. Engum dylst að með því stefna Norðmenn að því að veikja stöðu Íslendinga í samningum til framtíðar en samningsstaða okkar veikist eftir því sem við verðum háðari veiðum á hafsvæðum þeirra.

Tillagan felur því íslenskum stjórnvöldum að grípa til ráðstafana sem eru líklegar til að auka veiðar íslenskra skipa í íslenskri lögsögu. Tvenns konar ráðstafanir eru nefndar sérstaklega í tillögunni:

Í fyrsta lagi að ívilna síldveiðiskipum í hlutfalli við þann afla sem þau veiða innan lögsögunnar. Einfaldast er að gera það með því að nota aflahlutfall liðins fiskveiðiárs til viðmiðunar þar sem þá liggur fyrir áður en kvóta nýs fiskveiðiárs er úthlutað hversu mikið magn stjórnvöld þurfa að taka frá heildarkvóta Íslendinga í þessu skyni. Sterkur efnahagslegur hvati væri þá fyrir hendi til að örva íslenskar útgerðir til að nýta sem mest af veiðiheimildum sínum innan lögsögunnar.

Í öðru lagi að efla Hafrannsóknastofnunina til að fylgjast nákvæmlega með því þegar síldin gengur inn fyrir mörk íslensku lögsögunnar og vakta jafnframt dreifingu síldarinnar meðan hún dvelur innan hennar. Síðustu árin hefur stofninn aðeins gengið í takmörkuðum mæli inn fyrir mörk lögsögunnar. Flest íslensku síldveiðiskipanna hafa þá gjarnan verið að veiðum annars staðar. Það, ásamt takmörkuðum upplýsingum um dvöl stofnsins og ferðir innan lögsögunnar, hefur leitt til þess að íslenski flotinn hefur ekki getað nýtt sér sem skyldi möguleika til að veiða úr stofninum meðan hann er á íslensku hafsvæði. Nákvæm vöktun á ferðum síldarinnar meðan svo er auðveldar augljóslega veiðar innan lögsögunnar.

Íslendingar hafa á síðustu árum staðið andspænis vaxandi ásælni Norðmanna gagnvart norsk-íslenska síldarstofninum. Norðmenn hafa leynt og ljóst vefengt réttmæti þess hlutar sem fallið hefur Íslendingum í skaut. Á grundvelli samningsins, sem gerður var 1996, hafa Íslendingar þó einungis fengið 15,54% leyfilegs heildarafla. Það er langt undir því sem hægt er að réttlæta með sögulegri veiðireynslu Íslendinga og er þá ótalin sú staðreynd að stærsta sökin á hruni stofnsins liggur hjá Norðmönnum. Um það efni vísa flutningsmenn til röksemda sem settar eru fram í þskj. 1202. Því er brýnt að styrkja samningsstöðu Íslendinga eins og kostur er varðandi skiptingu veiða úr stofninum. Það er tilgangur þessarar tillögu.

1311. Frumvarp til laga [854. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með áorðnum breytingum, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson.

1. gr.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.

2. gr.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Við 1. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum sem lögfest var árið 1995 eigi ekki við þegar um svokölluð vanskil á vörslufé er að ræða og brotamaður hefur skilað réttilega skilagrein, svo að ljóst má vera að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots.

Vanskil á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika eru nokkuð ólík öðrum skattalagabrotum. Brotið hefur sjaldnast þau einkenni sem algengt er að fylgi skattsvikum, svo sem vanhöld á færslu bókhalds. Ekki er heldur fyrir að fara þeirri leynd sem að jafnaði einkennir skattsvik og önnur skattalagabrot. Oft eiga brotlegir sér einnig málsbætur umfram þá sem fremja önnur skattalagabrot en skýringa er ósjaldan að leita í því að forsvarsmenn fyrirtækja hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem oft enda með gjaldþroti.

Þótt vanskilin séu saknæm brot eru þau talsvert annars eðlis en hefðbundin skattsvik, en þá er átt við að tekjur séu vantaldar með sviksamlegum hætti og raunverulegri rekstrarafkomu leynt fyrir skattyfirvöldum. Þykir þetta mæla með því að þær lágmarksfésektir sem nú eru lögbundnar nái hvorki yfir einföld vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda né heldur vanskil á virðisaukaskatti þegar réttilega hefur verið gerð grein fyrir þeim skatti sem skila ber í skýrslum til skattyfirvalda.

Tilgangur breytingarinnar er einnig sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákveða refsingu, einkum með hliðsjón af málsbótum sem brotlegir kunna að hafa. Breytingarnar árið

1995 miðuðust fyrst og fremst við alvarleg skattalagabrot en undir þau falla vanskil alla jafna ekki nema þau nái yfir langt tímabil, um verulegar fjárhæðir sé að ræða, ítrekað brot eða aðstæður auki saknæmi verknaðarins en þá varða brotin jafnframt við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Falla þau þá fyrir utan lagabreytingarnar sem hér eru lagðar til.

Það er ekki skilyrði þessa ákvæðis að gjaldskyldur lögaðili eða einstaklingur hafi bætt ríkissjóði eða öðrum rétthafa gjaldanna það tjón sem hann kann að hafa valdið, en slíkt kemur til skoðunar við mat á refsingu. Er það einnig í samræmi við meginreglu 74. gr. almennra hegningarlaga að tekið sé tillit til slíks við refsiákvörðun hjá aðila sem leitast við að bæta af sjálfsdáðum tjónið sem hann hefur valdið og með ákvæðunum sem hér eru lögð til væri tekið af skarið um að slík háttsemi skuli virt til refsilækkunar. Úr slíku tjóni verður aðeins bætt með því að greiða það sem vanrækt var greiðsla á.

Leggja verður áherslu á að vextir og álag sem leggjast á vangoldna fjárhæð samkvæmt lögum teljast ekki til refsiverðra vanskila. Telja verður að vörslufé aukist ekki þótt því sé haldið tímabundið og því ekki ástæða til að lögfesta að vangreiddir vextir geti orðið grundvöllur refsingar.

Það hefur verið verið venjubundin framkvæmd hérlendis í allmörg ár, bæði af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins og í gengnum dómum, að ekki er höfðað refsimál vegna yfirstandandi rekstrartímabils þegar aðili fer í þrot enda verður ekki séð að greiðsluskylda hafi myndast þegar þannig stendur á. Sama á við um ógreidda útistandandi reikninga gjaldskylds aðila við gjaldþrot hans, enda er þá ekki unnt að vísa til vangoldins vörslufjár.

Flutningsmenn telja að breytingin væri mikið réttlætismál fyrir forsvarsmenn atvinnustarfsemi í rekstrarerfiðleikum sem hafa leitt til vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti. Á hinn bóginn telja flutningsmenn að hafa beri í huga að á undanförnum árum hefur greinilegrar tilhneigingar orðið vart í þá átt að einstaklingar stofni ný fyrirtæki í kringum sama atvinnureksturinn. Æði oft eru einu breytingarnar á rekstrinum þá ný auðkenni og ný kennitala. Þegar þannig hefur háttað til er það oft vörslu- og innheimtufé, eins og staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, sem er í vanskilum og verður eftir sem ógreiddar kröfur í þrotabúunum. Flutningsmenn telja að brýnt sé að sporna áfram við þeirri þróun með öllum ráðum. Endurtekin vanskil sömu rekstrareininga undir mismunandi kennitölu mundu dómstólar að öllum líkindum meta sem meiri háttar brot gegn lögunum og varða þá við 262. gr. almennra hegningarlaga. Fellur slík háttsemi því ekki undir breytingarnar sem hér eru lagðar til.

1312. Frumvarp til laga [855. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarorlofs vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.
d. Við 7. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 4. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað orðsins „viku“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: tvær vikur.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir áætlaðan fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur, sbr. 2. og 4. mgr. 8. gr. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Þegar kona hefur töku fæðingarorlofs fyrir áætlaðan fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er hún hefur fæðingarorlof að því er hana varðar.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabilinu sem foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en 480.000 kr.

Þegar starfsmaður uppfyllir skilyrði 1. mgr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. mgr. skal hann öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 6. mgr. í samræmi við starfshlutfall hans.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi foreldris skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil og kveðið er á um í 2. mgr. Að öðru leyti gilda 2.–4. mgr. eins og við getur átt.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 65.227 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 91.200 kr. á mánuði.

Fjárhæð hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. og lágmarksgreiðslu skv. 6. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum

frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð hámarks- eða lágmarksgreiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Réttur foreldris til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris skv. 2. eða 5. mgr. skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr., sbr. þó 9. mgr. 19. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun fjárhæðar fæðingarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein skal miða við tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi og þeirra sem eru undanþegnir greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt.

5. gr.

Í stað 3. mgr. 15. gr. laganna koma þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Útreikningur á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skulu byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Tryggingastofnun ríkisins skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda vegna tekjuára skv. 2. og 5. mgr. 13. gr.

Skattyfirvöld skulu láta Tryggingastofnun ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Tryggingastofnun ríkisins um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna ber foreldri að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins skriflega um breytinguna.

6. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Leiðrétting á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu foreldris vegna tekna sem greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru byggðar á, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins leiðrétta greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til samræmis við álagningu skattyfirvalda.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða öðrum ástæðum ber foreldri að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein færi foreldri rök fyrir því að því verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Fæðingarorlofssjóði fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en hafi áður verið synjað um greiðslur eða reiknaðar lægri greiðslur. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

b. (15. gr. b.)

Eftirlit.

Skattyfirvöld skulu annast eftirlit með framkvæmd laganna. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlitsins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sem fæðist á lífi.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Réttur til fæðingarstyrks“ í 1. mgr. kemur: vegna fæðingar.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Fæðingarstyrkur skal vera 40.409 kr. á mánuði. Foreldri skal eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarstyrks vegna ætt-

leiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færist sá réttur til fæðingarstyrks sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 4. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði, hvort um sig, vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur fengið í heild eða foreldrar skipt með sér. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal vera 91.200 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

d. Í stað 7. mgr. koma fjórar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þrátt fyrir að skilyrði um samfellt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst.

Enn fremur er heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færist sá réttur til fæðingarstyrks sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 4. mgr. um brott-

fall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

10. gr.

Á eftir 31. gr. laganna bætist við ný grein, 31. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sektir.

Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „0,8“ í 1. mgr. kemur: 0,65.
b. Í stað hlutfallstölunnar „4,84“ í 3. mgr. kemur: 4,99.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott.
b. Í stað hlutfallstölunnar „0,85“ í 4. tölul. kemur: 1,08.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

13. gr.

3. mgr. 74. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar.

IV. KAFLI
Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Lögin taka til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2005 eða síðar. Lögin koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 2005 og álagningu ársins 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Tilgangur frumvarps þessa er einkum sá að renna styrkari stoðum undir það fæðingarorlofskerfi sem komið var á með lögunum með því að treysta betur stöðu þess og koma böndum á útgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Við endurskoðun laganna þótti ekki tímabært að leggja til stórar breytingar á kerfinu enda mikilvægt að því verði viðhaldið svo stuðlað verði áfram að jafnri þátttöku kvenna og karla á vinnumarkaði og jafnri ábyrgð foreldra á umönnun barna sinna. Ekki síst skiptir máli að börn fái notið umönnunar beggja foreldra á fyrstu mánuðum ævi sinnar.

Meðal þess sem lagt er til að verði breytt með frumvarpi þessu er fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs en fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir árið 2004 gefur til kynna að hann muni ekki standa undir greiðslum sem foreldrar á íslenskum vinnumarkaði eiga rétt á að óbreyttu. Eru

þess vegna jafnframt lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Enn fremur eru lagðar til breytingar á lögunum um fæðingar- og foreldraorlof sem eru til þess fallnar að draga úr útstreymi Fæðingarorlofssjóðs án þess þó að leiða til skerðingar á réttindum allflestra foreldra til greiðslna úr sjóðnum.

Ein helsta breytingin sem lögð er fram með frumvarpi þessu á sjálfu fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið. Markmið þeirra breytinga er að koma á auknu jafnvægi milli inn- og útgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs. Leikur grunur á að foreldrar hafi með ýmsum hætti leitast við að hafa áhrif á tekjur sínar til hækkunar á viðmiðunartímabili skv. 13. gr. laganna. Hafa foreldrar til dæmis áætlað hærri tekjur á sig fyrir viðmiðunartímabilið en þeir eru vanir að gera að meðaltali eða skilað inn til Tryggingastofnunar ríkisins launaseðlum sem ekki hafa síðan skilað sér til skattyfirvalda.

Samkeyrsla kerfanna byggist aðallega á því að við álagningu skattyfirvalda ár hvert kemur fram hvort hlutaðeigandi einstaklingi hafi borið að greiða hærri fjárhæð til skattyfirvalda á tilteknu tekjuári og ber honum þá að greiða viðbótina. Á sama hátt getur einstaklingur átt rétt á endurgreiðslu frá skattyfirvöldum hafi hann greitt meira en endanlega álögðum sköttum og gjöldum nemur. Í fyrra tilvikinu getur sú staða verið að foreldri hafi átt rétt á hærri greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en í síðarnefnda tilvikinu hefur foreldri getað fengið of háar greiðslur úr sjóðnum samanborið við rauntekjur þess. Þannig hafa tekjur foreldra á viðmiðunartímabilinu getað tekið breytingum án þess að það hafi haft áhrif á útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs á sama tíma og inngreiðsla í hann hefur breyst til samræmis við uppgjör skattyfirvalda. Lögð er sérstök áhersla á að þessu verði breytt og kerfin verði keyrð saman þegar álagning skattyfirvalda fyrir þau tekjuár sem lagt er til að verði miðað við liggur fyrir. Hlýtur það að teljast eðlilegt að sem mest samræmi verði milli inn- og útstreymis sjóðsins.

Til að þessu markmiði verði náð er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins verði veittar heimildir til að leiðrétta greiðslur til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Þannig verður foreldrum gert að endurgreiða sjóðnum þær fjárhæðir sem hafa verið ofgreiddar en að sama skapi er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins greiði þær fjárhæðir sem voru vangreiddar til foreldra ásamt vöxtum. Hafi verið um ofgreiðslu að ræða er jafnframt gert ráð fyrir að stofnunin geti leitað aðstoðar innheimtumanns ríkissjóðs við innheimtu þess fjár sem ofgreitt var með skuldajöfnun innan skattkerfisins. Þá er gert ráð fyrir að innheimtumenn ríkissjóðs annist innheimtuna nema félagsmálaráðherra feli hana sérstökum innheimtuaðila. Í því skyni að auðvelda framkvæmd slíkrar samkeyrslu er lagt til að viðmiðunartímabil laganna verði lengt og miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða. Samhliða þessum breytingum er enn fremur lagt til að einungis verði greitt úr Fæðingarorlofssjóði á grundvelli skattframtala, staðgreiðsluskrár og tryggingagjaldsskrár. Þetta er lagt til í ljósi reynslunnar en erfiðlega hefur gengið að sannreyna gögn sem foreldrar hafa skilað inn á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laganna. Þá er skattyfirvöldum ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna en þess eru dæmi að foreldrar hafi haldið fullum launum í fæðingarorlofi samhliða greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Að vel athuguðu máli þótti ekki hjá því komist að setja hámark á mánaðarlegar greiðslur Fæðingarorlofssjóðs til foreldra í fæðingarorlofi. Lagt er til að hámarkið miðist við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 600.000 kr. þannig að mánaðarleg útgreiðsla sjóðsins til foreldris verði að hámarki 480.000 kr. Þetta gerir það að verkum að greiðslur til foreldra með lægri mánaðartekjur en 600.000 kr. að meðaltali verða 80% af meðaltali heildarlauna á tilteknu viðmiðunartímabili eins og verið hefur. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að hámark á útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs getur verið til þess fallið að ganga gegn markmiðum laganna sé það ákveðið mjög lágt miðað við tekjur foreldra á innlendum vinnu-

markaði. Við ákvörðun á fjárhæð hámarksins var við það miðað að röskun á tekjum allflestra heimila yrði áfram sem minnst þegar foreldrar leggja niður störf vegna umönnunar nýs fjölskyldumeðlims. Þá þóttu líkur vera til að lægra viðmið drægi frekar úr áhuga karla til að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeir hafa enn að jafnaði hærri laun en konur. Slík þróun gæti því hægt á breytingum í átt að auknu jafnrétti á vinnumarkaði á sama tíma og hún kæmi í veg fyrir að börn nyti samvista bæði við móður og föður á fyrstu mánuðum ævi sinnar. Væri þannig tveimur af meginmarkmiðum laganna stefnt í tvísýnu. Þótti því ekki forsvaranlegt að leggja til lægra viðmið.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með ákveðnum hluta almenns tryggingagjalds, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, en tryggingagjaldinu er skipt í atvinnutryggingagjald og almennt tryggingagjald. Við samþykkt laga um fæðingar- og foreldraorlof var lögum um tryggingagjald breytt þar sem tilfærsla var gerð milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna gjaldsins. Lagt er til með frumvarpi þessu að gerð verði enn frekari tilfærsla milli þessara hluta tryggingagjaldsins þannig að almenni hluti gjaldsins verði hækkaður úr 4,84% í 4,99% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Á sama tíma er gert ráð fyrir að atvinnutryggingagjaldið verði lækkað úr 0,80% í 0,65% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Atvinnutryggingagjaldið rennur óskert inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og verður hann því fyrir tekjuskerðingu við þessa breytingu. Engu síður er þó gert ráð fyrir að tilfærslan skerði ekki bolmagn sjóðsins til að greiða atvinnuleysistryggingar miðað við opinberar spár um atvinnuástand næstu árin enda hefur tekjuafgangur hans verið nokkur. Samhliða þessari tilfærslu er jafnframt gert ráð fyrir að ráðstöfun almenna tryggingagjaldsins til Fæðingarorlofssjóðs verði breytt þannig að 1,08% af gjaldstofni III. kafla laga um tryggingagjald renni til sjóðsins í stað 0,85% sem nú er. Svarar sú breyting til millifærslunnar milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna hlutans auk þess sem lögð er til tilfærsla á fjárhagsramma Vinnueftirlits ríkisins innan fjárlaga. Lagt er til að fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákvarðaður í fjárlögum en stofnunin hafi ekki markaðan tekjustofn sem tengist gjaldstofni tryggingagjaldsins eins og verið hefur.

Þá eru lagðar til ýmsar minni háttar breytingar á einstökum ákvæðum laganna sem ætlað er að tryggja í sessi þá framkvæmd sem þróast hefur í ljósi reynslunnar. Auk þess er lagt til að undanþáguheimild 7. mgr. 8. gr. laganna gildi einnig þegar hið látna foreldri hefur átt rétt á fæðingarstyrk samkvæmt lögunum. Þannig er gert ráð fyrir að þessi undanþága eigi við hvort sem foreldrar eiga rétt á fæðingarorlofi skv. IV. kafla laganna eða greiðslu fæðingarstyrks skv. VI. kafla. Við tilfærslu réttinda hins látna foreldris er enn fremur gert ráð fyrir að þau verði að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður verði áfram í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Þó er lagt til að félagsmálaráðherra verði gert heimilt að ákveða annað fyrirkomulag. Er þetta til samræmis því sem tíðkast um aðra sjóði sem falla undir yfirstjórn ráðherra. Sem dæmi má nefna Atvinnuleysistryggingasjóð, sbr. 19. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, en þar er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður sé í vörslu Vinnumálastofnunar nema félagsmálaráðherra ákveði annað að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Um 2. gr.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um við hvaða tímamark skuli miða þegar réttur til fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs er talinn fallinn niður. Lögin hafa verið skýr að þessu leyti þegar réttur til fæðingarorlofs stofnast vegna fæðingar. Þegar um er að ræða ættleiðingu eða varanlegt fóstur hefur verið miðað við að rétturinn falli niður 18 mánuðum eftir þann tíma er barn kemur inn á heimilið enda oftast ekki sanngjarnt að miða við aldur barns í þessu samhengi. Þær breytingar sem lagðar eru til í a–c-liðum eru því einungis til samræmis við þá framkvæmd sem hefur tíðkast. Lokamálsliður 1. mgr. þykir þannig betur eiga við um efni 2. mgr. sem einungis fjallar um fæðingarorlof vegna fæðingar. Síðan er lagt til að kveðið verði á um brottfall réttar til fæðingarorlofs vegna ættleiðingar og varanlegs fósturs í 4. mgr. sem fjallar einungis um slík tilvik. Önnur ákvæði 8. gr. laganna eiga jafnt við um fæðingarorlof er stofnast til vegna fæðingar barns, ættleiðingar eða varanlegs fósturs að 3. mgr. undanskilinni.

Áhersla er lögð á að sjálfstæður réttur foreldra er ekki framseljanlegur milli foreldra enda er hann talinn einn af lykilþáttum þess að lögin nái markmiðum sínum að jafnri þátttöku foreldra á vinnumarkaði sem og jafnri ábyrgð á umönnun barna. Þó er gert ráð fyrir sérstakri undanþágu á banni við framsali fæðingarorlofs í 7. mgr. 8. gr. laganna. Sú undanþága á við þær aðstæður er annar foreldranna andast áður en barn nær 18 mánaða aldri og hefur þá ekki tekið út fæðingarorlof sitt. Færist þá sá réttur sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Þessi heimild hefur eingöngu átt við þegar báðir foreldrar hafa átt rétt skv. IV. kafla laganna.

Með frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að undanþága þessi eigi við hvort sem foreldrar eiga rétt á fæðingarorlofi skv. IV. kafla laganna eða greiðslu fæðingarstyrks skv. VI. kafla. Er þannig gert ráð fyrir að við tilfærslu réttinda hins látna foreldris verði þau að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögunum. Dæmi um þetta er þegar eftirlifandi foreldri er á vinnumarkaði en hið látna foreldri var utan vinnumarkaðar en hafði ekki nýtt sér rétt sinn samkvæmt lögunum. Þá mun fæðingarorlof eftirlifandi foreldris framlengjast um þrjá mánuði. Þegar dæminu er snúið við ætti foreldrið sem er utan vinnumarkaðar rétt til greiðslu fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar rétti sínum. Þetta er í samræmi við undanþágu 7. mgr. 8. gr. laganna en í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögunum kemur fram að hafi „hið látna foreldri átt rétt til greiðslna í fæðingarorlofi skal miða við heildartekjur eftirlifandi foreldris skv. 13. gr.“ Er því ekki verið að leggja til aðra efnisbreytingu en að undanþágan gildi einnig um þau tilvik þegar annar foreldranna hefur verið utan vinnumarkaðar eða í námi og hinn starfað á vinnumarkaði sem og hafi báðir foreldrar verið utan vinnumarkaðar.

Þá er jafnframt lagt til að kveðið verði skýrar á um þau tímamörk er gilda þegar um ættleiðingu og varanlegt fóstur er að ræða. Gert er ráð fyrir að miðað verði við sama tímamark og lagt er til við brottfall réttarins til fæðingarorlofs, sbr. c-lið. Þar af leiðandi gildir undanþágan andist annar ættleiðandinn eða fósturforeldrið innan 18 mánaða frá því að barnið kom inn á heimilið og hafi hið látna foreldri ekki nýtt sér rétt sinn samkvæmt lögunum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 10. gr. laganna er foreldrum gefinn kostur á að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil en eitt og/eða verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Sú takmörkun var þó sett á sveigjanleika í töku fæðingarorlofs að foreldri er ekki heimilt að taka orlofið skemur en viku í senn. Er átt við að það fyrirkomulag sem foreldri kýs að velja og vinnuveitandi samþykkir má aldrei standa yfir skemur en viku í einu. Við fram-

kvæmd laganna hefur það hins vegar viljað brenna við að foreldrar leggi ekki niður störf þegar þeir hafa einungis tilkynnt um fæðingarorlof í viku. Það hefur síðan reynst framkvæmdaraðilum kerfisins erfiðara fyrir að fylgjast með hvort foreldri leggi sannanlega niður störf í svo stuttan tíma enda einungis um að ræða vikulaun eða jafnvel lægri fjárhæð þegar foreldri velur að minnka einungis starfshlutfall sitt. Það er hins vegar megintilgangur laganna að foreldri leggi niður störf í því skyni að annast barn sitt. Er þess vegna lagt til að fyrirkomulag það er foreldri kýs að velja sér í samráði við vinnuveitanda skuli standa að lágmarki í tvær vikur í stað einnar áður.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna verði gert skýrara að því leyti hvað átt er við með upphafsdegi fæðingarorlofs. Á þetta atriði hefur reynt í erindum til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála þar sem foreldrar hafa ekki viljað líta heildstætt á rétt sinn til fæðingarorlofs. Hafa feður viljað miða við síðara tímamark en fæðingu barnsins, þ.e. við þann tíma sem þeir sjálfir hefja töku orlofs. Sú skýring þótti brjóta gegn lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, í ljósi þess að karlar ættu hægara um vik en konur að vinna sér inn réttinn eftir að barnið fæðist. Þessu til stuðnings var á það bent að réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna. Þykir því rétt að hafa samræmi milli ákvæða laganna þannig að um sömu viðmið sé að ræða enda tilgangur laganna að líta heildstætt á rétt foreldra til fæðingarorlofs. Þegar um er að ræða fæðingarorlof vegna fæðingar er því gert ráð fyrir að miðað verði við áætlaðan fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna, en í þeim tilvikum þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða verði miðað við þann tíma er barn kemur inn á heimilið, sbr. 4. mgr. 8. gr. laganna. Þó ber að setja sérreglu að því er varðar þær konur er hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag barns skv. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. eða 4. mgr. 17. gr. laganna. Í þeim tilvikum er lagt til að miðað verði við þann dag er þær hefja orlofið að því er þær varðar.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna er gert ráð fyrir að taka skuli til greina starfstíma foreldris í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins enda hafi foreldri unnið hér á landi í a.m.k. einn mánuð á síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Er lagt til að þessi heimild verði felld brott þannig að foreldri þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði þá sex mánuði sem tekur það að ávinna sér rétt til greiðslna í fæðingarorlofi. Þykir eðlilegra í ljósi þess að Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tryggingagjaldi að foreldri hafi unnið þann tíma á innlendum vinnumarkaði þannig að greitt hafi verið af tekjum þess tryggingagjald í tiltekinn lágmarkstíma. Þykja sex mánuðir hæfilegur tími í því sambandi.

Við útreikning á meðaltali heildarlauna foreldra skal miða við laun þeirra á 12 mánaða tímabili sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta hefur nokkuð borið á því að foreldrar hafi kappkostað að sýna laun sín sem hæst á umræddu viðmiðunartímabili. Við álagningu skattyfirvalda eru dæmi þess að tekjur hafi síðar verið leiðréttar án þess að það hafi haft áhrif á útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs. Til þess að leitast við að koma á auknu jafnvægi milli inn- og útstreymis sjóðsins er lagt til að viðmiðunartímabilið verði lengt og miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða.

Er því lagt til að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Með tekjuári er átt við almanaksár. Það er talið mikilvægt að Fæðingarorlofssjóður miði við sama tímabil og skattyfirvöld gera með það fyrir augum að unnt sé að samkeyra kerfin þegar álagning

skattyfirvalda liggur fyrir að því er varðar tekjuárin sem viðmiðunartímabilið miðast við. Þannig er gert ráð fyrir að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verði leiðréttar til hækkunar eða lækkunar eftir atvikum í samræmi við álagninguna fyrir umrædd ár. Þá er enn fremur komið í veg fyrir að sá hluti ársins sem reiknast ekki inn í viðmiðunartímabilið verði nýttur til að jafna út háar greiðslur á þeim tíma við útreikninga skattyfirvalda. Með lengingu á viðmiðunartímabilinu um 12 mánuði er talið að meðaltal heildarlauna foreldra endurspegli betur rauntekjur foreldra enda fylgir því meiri fyrirhöfn að leiðrétta tekjur lengra aftur í tímann. Er með þessu lögð áhersla á að sjóðurinn er fjármagnaður í gegnum skattkerfið og er honum ætlað að bæta foreldrum raunverulegt tekjutap til samræmis við upplýsingar skattyfirvalda.

Hafi foreldri ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu er gert ráð fyrir að sami háttur verði hafður á við útreikninga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og verið hefur. Hafi foreldri verið á innlendum vinnumarkaði skemur en 24 mánuði á umræddu tímabili skal miða við meðaltal heildarlauna þess yfir það tímabil sem foreldri hefur unnið á innlendum vinnumarkaði. Skal þá alltaf miða við almanaksmánuði. Er jafnframt lagt til að kveðið verði skýrt á um að ekki skuli taka tillit til tekna sem foreldri hefur unnið til utan innlends vinnumarkaðar. Ekki er um að ræða efnisbreytingu heldur einungis verið að treysta framkvæmd laganna. Enn fremur er lagt til að áfram verði miðað við að lágmarki fjóra almanaksmánuði við útreikning á meðaltali heildarlauna foreldris. Þá er ætíð gert að skilyrði að foreldri uppfylli skilyrði 1. mgr. um sex mánaða samfellt tímabil á innlendum vinnumarkaði við upphafsdag fæðingarorlofs til að öðlast rétt til greiðslna úr sjóðnum. Hafi foreldri hins vegar ekki starfað á viðmiðunartímabilinu en uppfyllir skilyrði 1. mgr. er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi eigi rétt á lágmarksgreiðslum samkvæmt ákvæðinu í samræmi við starfshlutfall sitt. Sama gildir hafi foreldri haft lægri tekjur á viðmiðunartímabilinu en því nemur.

Þá er gert ráð fyrir að sett verði hámark á fjárhæð greiðslna er foreldrar eiga rétt á úr Fæðingarorlofssjóði. Það er ljóst að takmörkun sú sem hér er lögð til á greiðslum úr sjóðnum dregur úr fjárútstreymi hans án þess þó að stefna markmiðum laganna í hættu. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda.

5. mgr. ákvæðis þessa felur ekki í sér aðrar efnisbreytingar fyrir sjálfstætt starfandi foreldra en þær sem lagðar eru til í 2.–4. mgr. að því er varðar foreldra sem eru starfsmenn í skilningi laganna.

Áfram er gert ráð fyrir að fjárhæð lágmarksgreiðslna skv. 13. gr. laganna verði tekin til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Jafnframt er lagt til að félagsmálaráðherra verði fengin heimild til að breyta fjárhæð lágmarksgreiðslna í reglugerð. Ekki er um að ræða efnisbreytingu heldur einungis verið að styrkja lagastoð þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð við hækkun á umræddum lágmarksfjárhæðum. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði gert heimilt með sama hætti að hækka þá fjárhæð sem lagt er til að verði að hámarki heimilt að greiða mánaðarlega úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 3. mgr.

Talið er mikilvægt að lögin kveði skýrar á um tilgang greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði en þeim er ætlað að bæta fyrir 80% af tekjumissi foreldra er þeir leggja niður störf í fæðingarorlofi. Fái foreldri tekjutapið bætt frá vinnuveitanda er eðlilegt að það komi til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þó er gert ráð fyrir að foreldri geti fengið bætur annars staðar frá fyrir þann tekjumissi er Fæðingarorlofssjóði er ekki ætlað að bæta. Kæmi sá hluti því ekki til frádráttar. Er því lagt til að kveðið verði skýrt á um að allar greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru umfram 20% af meðaltali heildarlauna foreldris komi til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóðnum. Þegar foreldri hefur hærri tekjur en hámarkstekjurnar sem lagt er til að verði miðað við skv. 3. mgr. þá er gert ráð fyrir að hærri greiðslur en sem nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna

foreldris komi til frádráttar greiðslum úr sjóðnum. Þó er heimilt að taka tillit til tiltekinna breytinga sem geta orðið á tekjum foreldra á þeim tíma sem líður frá því að viðmiðunartímabili lýkur og fram til upphafs fæðingarorlofs foreldris og geta talist vera í samræmi við það sem almennt tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Með þessum hætti er verið að undirstrika tilgang greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði sem er aðallega ætlað að gera foreldrum kleift að leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi án þess að fjárhagsleg hagnaðarsjónarmið liggi þar að baki. Er með þessu enn fremur lögð rík áhersla á að foreldrar leggi sannanlega niður launuð störf á þeim tíma er þeir nýta sér rétt sinn samkvæmt lögunum.

Þá er lagt til að kveðið verði á um heimildir til að greiða fæðingarstyrk skv. 18. gr. laganna, sbr. d-lið 9. gr. frumvarps þessa, til foreldra sem eru á vinnumarkaði við fæðingu barns, ættleiðingu barns eða töku í varanlegt fóstur og uppfylla þar með skilyrði 8. gr. laganna til fæðingarorlofs en hafa ekki áunnið sér rétt til greiðslna, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að það verði einungis heimilt í þeim tilvikum er foreldri nýtir sér rétt sinn skv. 8. gr. Falli launagreiðslur frá vinnuveitanda ekki niður á því tímabili skal sá hluti þeirra er nemur hærri fjárhæð en mismun fjárhæðar styrks og meðaltals heildarlauna foreldris koma til frádráttar styrkfjárhæðinni. Ástæðan fyrir því skilyrði að tekjur frá vinnuveitanda á sama tíma komi til frádráttar svo að foreldri njóti fæðingarstyrksins er að ekki verður talið sanngjarnt að foreldri hagnist á fæðingarstyrknum enda er tilgangur hans fyrst og fremst að styðja við foreldra er ekki njóta tekna fyrir vinnu utan heimilis. Hefur það viljað brenna við í framkvæmd að foreldrar á vinnumarkaði sem hafa ekki átt rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði hafi sótt um fæðingarstyrk án þess þó að hafa í hyggju að leggja niður störf. Er lagt til að við útreikninga á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein sé miðað við tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns eða þann tíma er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Er með þessu gert ráð fyrir að foreldri hafi starfað í mjög skamman tíma á vinnumarkaði, í það minnsta skemmri tíma en sex mánuði.

Um 5. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til á 3. mgr. 15. gr. laganna miðast við að útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs verði samkeyrðar við skattkerfið. Er þannig lagt til að Tryggingastofnun ríkisins leiti staðfestingar hjá skattyfirvöldum á að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda er álagningin liggur fyrir að því er varðar viðmiðunartímabil 13. gr. laganna. Í þeim tilgangi að auðvelda Tryggingastofnun ríkisins starf sitt er skattyfirvöldum gert skylt að láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að einungis verði greitt úr sjóðnum á grundvelli skattframtala, staðgreiðsluskrár og tryggingagjaldsskrár skattyfirvalda. Tekjur foreldra eru færðar inn í staðgreiðsluskrá tveimur mánuðum eftir þann mánuð sem þær eru greiddar fyrir. Enda þótt tekjuviðmið foreldra sem eiga börn sín í janúar liggi ekki endanlega fyrir þegar fyrstu greiðslur skulu fara fram þá mun verða unnt að leiðrétta það um mánuði síðar. Gera má ráð fyrir að lítið verði um frávik í þeirri áætlun þar sem unnt verður að miða við tekjur 23 mánaða í stað 24. Samhliða er lagt til að heimild 3. mgr. 15. gr. laganna handa foreldrum til að leggja fram gögn því til staðfestingar að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá séu rangar verði felld brott. Reynslan hefur sýnt að erfitt hefur verið að sannreyna gögn þau er foreldrar hafa skilað inn til Tryggingastofnunar ríkisins sem og að engin trygging hefur verið fyrir því að greitt sé tryggingagjald af gögnum sem hefur ekki verið skilað inn til skattyfirvalda.

Þá er gert ráð fyrir að foreldrar tilkynni skriflega til Tryggingastofnunar ríkisins sjái þeir sér ekki fært vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna að taka fæðingarorlofið á þeim tíma er þeir

höfðu áður tilkynnt að þeir hygðust gera. Ástæða þessa er að það er mikilvægt að Tryggingastofnun ríkisins hafi svigrúm til að stöðva greiðslur til foreldra muni þeir ekki leggja niður störf í fæðingarorlofi eins og áætlað var.

Um 6. gr.

Um a-lið (15. gr. a).

Efni ákvæðis þessa er í samræmi við þá tillögu frumvarpsins að keyra útgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs saman við álagningu skattyfirvalda að því er varðar það viðmiðunartímabil sem lagt er til að verði haft til hliðsjónar við útreikninga á meðaltali heildarlauna foreldra, sbr. 4. og 5. gr. frumvarps þessa. Er því lagt til að Tryggingastofnun ríkisins hafi heimildir til að leiðrétta greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til samræmis við álagningu skattyfirvalda enda Fæðingarorlofssjóði einungis ætlað að bæta tiltekinn hluta þeirra tekna sem foreldri raunverulega hafði samkvæmt upplýsingum skattyfirvalda. Er gert ráð fyrir að leiðrétting samkvæmt ákvæði þessu geti átt sér stað nokkru eftir að greiðslur hafi farið fram eða þegar endanleg álagning skattyfirvalda liggur fyrir.

Þannig er gert ráð fyrir að foreldri endurgreiði til Fæðingarorlofssjóðs þá fjárhæð sem ofgreidd var í þeim tilvikum er foreldri fékk hærri greiðslur úr sjóðnum en því bar. Á þetta bæði við um þegar upplýsingar Tryggingastofnunar ríkisins hafa ekki verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda og þegar foreldri hefur fengið greiðslur úr sjóðnum án þess að hafa lagt niður störf. Enn fremur á þetta við um öll önnur tilvik þar sem af einhverjum ástæðum hefur verið ofgreitt úr sjóðnum. Þá verður það að teljast nauðsynlegt til að tryggja að samkeyrsla fæðingarorlofskerfisins við skattkerfið hafi tilætluð áhrif að lögin heimili skuldajöfnuð við útgreiðslur skattkerfisins, svo sem endurgreiðslu frá skattyfirvöldum hafi greiðsla foreldris verið meiri en sem nemur endanlega álögðum sköttum, barnabótum og vaxtabótum. Er þess vegna lagt til að í þeim tilvikum er foreldri ber að endurgreiða til Tryggingastofnunar ríkisins verði stofnuninni veittar heimildir til að leita aðstoðar innheimtumanns ríkissjóðs um skuldajöfnun við inneign foreldris hjá hinu opinbera. Í þeim tilvikum þegar skuldajöfnun verður ekki komið við og foreldri sinnir ekki áskorun um endurgreiðslu fer um innheimtu kröfunnar skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Er félagsmálaráðherra enn fremur gert heimilt að fela sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Með sama hætti er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun greiði þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris þegar foreldri fékk lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar. Gert er ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður greiði vexti fyrir það tímabil frá því að féð hefði átt að vera greitt úr sjóðnum til þess tíma að greiðslan var innt af hendi. Er lagt til að vextirnir verði jafnháir þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður að skuli greiða af skaðabótakröfum og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Lagt er til að sama gildi um greiðslur Fæðingarorlofssjóðs í tilvikum er niðurstaða úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum úr sjóðnum en hafði áður verið synjað um greiðslur eða verið greitt lægri greiðslur. Þó er lagt til að þegar greiðslur úr sjóðnum eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falli vextir niður. Á þetta einkum við um þau tilvik er foreldrar hafa ekki staðið skil við skattyfirvöld á upplýsingum um tekjur sem og þegar mál dragast í meðförum úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála af ástæðum sem rekja má til kæranda sjálfs.

Um b-lið (15. gr. b).

Lagt er til að fela skattyfirvöldum eftirlit með framkvæmd laganna. Er hér einkum átt við að fylgst verði með því að foreldrar leggi sannanlega niður störf í fæðingarorlofi. Er það einn af lykilþáttum laganna að foreldrar leggi niður störf til að annast börn sín enda greiðslum úr

Fæðingarorlofssjóði ætlað að bæta tekjutap foreldra vegna þess. Á sama hátt er ekki gert ráð fyrir að foreldrar eigi að hagnast á greiðslum úr sjóðnum þannig að um viðbót sé að ræða við tekjur þeirra fyrir sama tímabil. Í þeim tilvikum þegar grunur leikur á að foreldrar leggi ekki niður launuð störf í fæðingarorlofi er mikilvægt að skattyfirvöld fylgist með staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá þann tíma sem fæðingarorlofi var ætlað að standa yfir í því skyni að ganga úr skugga um að hlutaðeigandi hafi ekki á sama tíma haft hærri tekjur en sem nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris. Þá hefur grunur vaknað um að foreldrar sem starfa á þeim tíma sem þeir eru skráðir í fæðingarorlof fái launagreiðslurnar greiddar á næstu mánuðum á eftir. Er því gert ráð fyrir að skattyfirvöld fylgist með staðgreiðsluskrá foreldra eftir að foreldri hóf störf að nýju eftir fæðingarorlof. Verði foreldrar uppvísir að slíku broti á lögunum er lagt til í frumvarpi þessu að það geti varðað sektum, sbr. 10. gr. frumvarps þessa. Þá er lagt til að félagsmálaráðherra hafi heimildir til að fela öðrum eftirlitið með framkvæmd laganna en honum er jafnframt ætlað að setja nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlitsins þyki ástæða til þess.

Um 7. gr.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, er kveðið á um það skilyrði fyrir framlengingu fæðingarorlofs vegna fjölburafæðingar að tvö eða fleiri börn fæðist á lífi. Má leiða að því líkum að ákvæðið sé strangara en 16. gr. laganna er fjallar um sama efni en þar er ekki tekið fram hvort börnin fæðist lifandi eða andvana. Þar af leiðandi má líta svo á að ákvæði reglugerðarinnar skorti lagastoð að hluta til enda þótt það sé í samræmi við hvernig ákvæði sama efnis hafa verið túlkuð. Er því lagt til að orðalag 16. gr. laganna verði fært til samræmis við framkvæmd laganna þannig að kveðið verði skýrt á um það skilyrði að fleiri en eitt barn skuli fæðast á lífi svo að foreldrar njóti réttar til framlengingar fæðingarorlofs. Þá er einnig lagt til að lögin kveði skýrt á um rétt foreldra er ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma. Þessi breyting er einnig í samræmi við framkvæmd laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Um 8. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um þau tímamörk sem miða á brottfall réttinda til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar og varanlegs fósturs við með sama hætti og gert er ráð fyrir að gert verði um brottfall réttinda vegna fæðingarorlofs í sömu tilvikum. Er að öðru leyti vísað til athugasemda við ákvæði 2. gr. frumvarps þessa til frekari skýringa.

Í 2. mgr. 18. gr. laganna er kveðið á um fjárhæð fæðingarstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi. Við samningu frumvarps þess er varð að lögum um fæðingar- og foreldraorlof láðist að kveða á um heimild til endurskoðunar á þeirri fjárhæð við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála á sama hátt og gert var að því er varðar fjárhæðir lágmarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Engu síður þóttu sanngirnisrök hníga að því að umrædd fjárhæð kæmi til endurskoðunar ár hvert með sama hætti og lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi. Þær breytingar hafa verið gerðar með reglugerð, sbr. 35. gr. laganna, enda hafa fjárlög gert ráð fyrir þeim hækkunum í útgreiðslum fæðingarstyrks. Er því lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein þar sem skýrt verði kveðið á um heimild til endurskoðunar á umræddri fjárhæð til samræmis við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð.

Áhersla er lögð á að sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarstyrks er ekki framseljanlegur milli foreldra og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Þó hefur verið að finna sérstaka undan-

þágu á banni við framsali þegar báðir foreldrar hafa átt rétt skv. IV. kafla laganna til fæðingarorlofs, sbr. 7. mgr. 8. gr. laganna. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi undanþága eigi einnig við um réttinn til fæðingarstyrks við sömu aðstæður enda hafi hið látna foreldri átt rétt til fæðingarstyrks samkvæmt lögunum. Er því gert ráð fyrir að undanþágan eigi við hvort sem foreldrar eigi rétt skv. IV. kafla laganna eða VI. kafla. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarps þessa til frekari skýringa.

Um 9. gr.

Með sama hætti og gert er í 8. gr. frumvarps þessa er lagt til að kveðið verði á um þau tímamörk sem miða á brottfall réttinda til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar og varanlegs fósturs við sem og heimild til endurskoðunar á fjárhæð fæðingarstyrks til námsmanna í samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð. Enn fremur er lagt til að undanþága 7. mgr. 8. gr. laganna eigi einnig við um réttinn til fæðingarstyrks námsfólks við sömu aðstæður sem þar eru tilgreindar. Um þessi atriði er vísað til athugasemda við 2. og 8. gr. frumvarps þessa til frekari skýringa.

Í a-lið er ekki gert ráð fyrir efnisbreytingum á réttindum námsfólks til fæðingarstyrks. Á grundvelli heimildar 7. mgr. 19. gr. laganna hefur nánar verið kveðið á um réttindi námsfólks í reglugerð, sbr. reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, með síðari breytingum. Skv. 14. gr. reglugerðarinnar hefur foreldri öðlast rétt til fæðingarstyrks hafi það verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu, ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Er það í samræmi við eldri ákvæði sama efnis enda var ekki tilgangur laga um fæðingar- og foreldraorlof að breyta rétti námsmanna til fæðingarstyrks. Það hlýtur þó að teljast eðlilegra að slík skilyrði sé að finna í lögum fremur en í reglugerð. Er því lagt til að kveðið verði á um skilyrði um lengd skólavistar í 1. mgr. 19. gr. laganna. Með reglugerð hefur verið veitt undanþága frá því skilyrði að nám skuli hafa staðið yfir í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu, ættleiðingu eða varanlegt fóstur þegar foreldri hefur verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Er lagt til að kveðið verði á um þessa undanþágu í lögunum til stuðnings reglugerðarákvæðinu, sbr. d-lið. Á sama hátt hefur verið veitt undanþága með reglugerð þegar foreldri hefur nýlega hafið störf eftir skólagöngu. Í þeim tilvikum hefur verið heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni hafi foreldri lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrðið er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

Þá er áfram gert ráð fyrir að foreldri eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Hins vegar hefur verið veitt undanþága frá þessu skilyrði í þeim tilvikum er foreldri hefur flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi í a.m.k. fimm ár fyrir flutning, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu koma þær til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr. laganna.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli en lagt er til að tekin verði upp viðurlög í formi sekta brjóti einstaklingar gegn lögunum. Á þetta einkum við þegar foreldrar leggja ekki niður störf er þeir taka fæðingarorlof og þiggja engu síður greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir sama tímabil. Er gert ráð fyrir að það sé dómstóla að ákveða sektir og fjárhæð þeirra.

Um 11.–13. gr.

Eftir þriggja ára reynslu af framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof hefur komið í ljós að tryggja þarf tekjur Fæðingarorlofssjóðs betur en gert hefur verið. Sjóðurinn hefur verið fjármagnaður af tryggingagjaldi samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Í því skyni að tryggja fjármögnun sjóðsins er lagt til að skiptingu tryggingagjaldsins innbyrðis verði breytt þannig að sjóðnum verði tryggður stærri hlutur gjaldsins en verið hefur. Í samræmi við þessa tillögu er gert ráð fyrir að tilfærsla verði gerð milli atvinnutryggingagjaldsins og almenna tryggingagjaldsins þannig að hið síðarnefnda gjald verði hækkað úr 4,84% í 4,99% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Á sama tíma er lagt til að atvinnutryggingagjaldið verði lækkað úr 0,8% í 0,65% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Þessi tilfærsla mun leiða til tekjuskerðingar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði um 750 millj. kr. á ársgrundvelli. Engu síður er áætlað að geta sjóðsins til að greiða atvinnuleysistryggingar skerðist ekki miðað við það atvinnuástand sem opinberar spár gera ráð fyrir á komandi árum.

Almenna tryggingagjaldið skiptist milli fimm verkefna en skiptingin er nánar ákveðin í 1.–5. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um tryggingagjald. Þar á meðal er ákveðið að Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna en hlutfallið er nánar ákveðið í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn. Hin síðari ári hefur þetta hlutfall verið ákveðið 0,048 af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákvarðaður í fjárlögum ár hvert en stofnunin hafi ekki markaðan tekjustofn sem tengist gjaldstofni tryggingagjaldsins eins og verið hefur. Er því lagt til að 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna um tryggingagjald verði felldur brott sem og að breytingar verði gerðar til samræmis á 3. mgr. 74. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fjallar um fjármögnun á rekstri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að framangreind breyting muni ekki hafa áhrif á tekjur til Vinnueftirlits ríkisins enda einungis áætlað að rekstrarkostnaður stofnunarinnar verði framvegis greiddur úr ríkissjóði óháð tekjustofni tryggingagjaldsins.

Samhliða þessum breytingum er jafnframt lagt til að ráðstöfun almenna tryggingagjaldsins til Fæðingarorlofssjóðs verði breytt þannig að 1,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna um tryggingagjald renni til sjóðsins í stað 0,85% sem nú er. Sú breyting svarar til hækkunar á almenna tryggingagjaldinu og tilfærslu á fjárhagsramma Vinnueftirlits ríkisins innan fjárlaga. Er áætlað að framangreindar breytingar muni tryggja afkomu Fæðingarorlofssjóðs miðað við núverandi útgjöld.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Tilgangurinn með breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er að styrkja stoðir fæðingarorlofskerfisins með því annars vegar að tryggja frekara fjármagn inn í sjóðinn með breytingum á fjármögnun hans og hins vegar að draga úr útgjöldum með breytingum á fæðingarorlofskerfinu sjálfu. Í fyrsta lagi er kveðið á um að greiðslur geti aldrei orðið hærri en 480.000 kr. á mánuði, en greiðslur til foreldra með 600.000 kr. eða lægri mánaðartekjur verða áfram 80% af meðaltali heildarlauna á viðmiðunartímabilinu. Í öðru lagi er lagt til að viðmiðunartímabil sem meðaltal af heildarlaunum er reiknað út frá verði lengt úr 12 mánuðum í 24 mánuði á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða í varanlegt fóstur. Í þriðja lagi er lagt til að uppgjör Fæðingarorlofssjóðs miðist við sama tímabil og skattframtöl og er gert ráð fyrir að tímabilið miðist við launagreiðslur á heilu almanaksári. Í fjórða lagi er að finna í frumvarpinu ákvæði er heimilar skuldajöfnun milli útgreiðslu skattkerfisins og ofgreiðslu Fæðingarorlofssjóðs. Í fimmta lagi eru lagðar til í frumvarpinu ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum laganna sem ætlað er að tryggja í sessi framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar leiði til 150 m.kr. lækkunar á útgjöldum sjóðsins.

Með breytingum á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, er samsetningu tryggingagjalds breytt til að tryggja fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs. Samkvæmt lögunum er tryggingagjald samsett úr tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldið er 0,8% af gjaldstofni og almennt tryggingagjald 4,84% af gjaldstofni. Í frumvarpinu er lagt til að atvinnutryggingagjaldið verði 0,65% og almenna tryggingagjaldið 4,99%. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 750 m.kr. árlega. Má gera ráð fyrir að á næstu árum verði sjóðurinn sem næst í jafnvægi eða muni ganga á eignir sínar. Jafnframt er gert ráð fyrir í frumvarpinu að hlutur Fæðingarorlofssjóðs skv. 3. gr. gildandi laga hækki úr 0,85% í 1,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Loks er gert ráð fyrir að 0,08% hlutur Vinnueftirlitsins skv. 3. gr. laganna falli niður og að fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákvarðaður í fjárlögum hverju sinni. Hlutur Vinnueftirlitsins af tryggingagjaldi hefur ekki verið fullnýttur fyrir stofnunina undanfarin ár og hefur verið ákveðinn með reglugerð 0,048% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Sá hluti sem ekki hefur verið nýttur af Vinnueftirliti ríkisins rennur til Tryggingastofnunar ríkisins skv. 3. gr. gildandi laga. Nú er gert ráð fyrir að þessi 0,08% sem eru áætluð, miðað við gjaldstofn tryggingagjalds í fjárlögum 2004, u.þ.b. 400 m.kr., renni beint í Fæðingarorlofssjóð.

Alls er talið að áhrif frumvarpsins verði til þess að staða Fæðingarorlofssjóðs styrkist um 1.300 m.kr. við þessar breytingar verði það óbreytt að lögum. Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs verða um 150 m.kr. lægri en annars hefði orðið og breyting verður á ráðstöfun markaðra tekjustofna ríkisins.

1313. Frumvarp til laga [856. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 3. mgr. 39. gr. laganna bætist: en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

2. gr.

4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

3. gr.

42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lausn frá nefndasetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið á sama hátt og skv. 34. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður brýtur gegn þagnarskyldu eða hann mætir ekki á fundi nefndar. Enn fremur getur sveitarstjórn ákveðið að endurskipa nefnd, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu, og fer þá um kjör hennar skv. 2. mgr. 40. gr.

Ef aðeins á að skipta um hluta nefndar skal sá framboðslisti sem tilnefndi nefndarmann einnig skipa eftirmann hans nema sveitarstjórn hafi verið sjálfkjörin eða kjörin óbundinni kosningu, en þá skal beita hlutfallskosningu. Ef tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar eða samtök áttu samstarf um nefndarkosningar skal þó það framboð sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd tilnefna eftirmann hans sé eigi kveðið á um annað í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Um skipan einstakra varamanna í nefndir, ráð eða stjórnir sveitarfélags fer skv. 3. mgr. 42. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem falla undir b-lið 60. gr. Einnig getur sveitarstjórn veitt einfalda ábyrgð vegna lánveitinga til framkvæmda á vegum félaga sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila til að veita lögákveðna þjónustu en innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhluti. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingu er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila og að allir eigendur ábyrgist lánið í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgðin fellur úr gildi ef lögaðilinn færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Prókúruhafa sveitarsjóðs er heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

6. gr.

2. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki íbúa allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Skilyrði er að tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. ⅗ sveitarfélaganna og að í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅗ íbúa á svæðinu.

7. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem félagsmálaráðherra skipar, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.

Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Nefndin skal kynna sveitarstjórnum og samtökum þeirra tillögur sínar og veita þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir við tillögurnar. Einnig skal gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn skal sameiningarnefnd fara yfir athugasemdir. Að því loknu skal nefndin ákveða hvort hún gerir breytingar á tillögu, dregur hana til baka eða leggur hana fram óbreytta. Endanlegar tillögur nefndarinnar skal auglýsa í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða samtök þeirra.

Þær sveitarstjórnir sem sameiningartillaga varðar skulu hver tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Sameiningarnefnd og félagsmálaráðuneytið skulu veita samstarfsnefndinni nauðsynlega ráðgjöf um meðferð tillagnanna.

b. (II.)

Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar skal fara fram 23. apríl 2005 í öllum sveitarfélögum sem tillaga varðar.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu, kosningarrétt og gerð kjörskrár gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi annast framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða en samstarfsnefnd hefur eftirlit með talningu og tilkynnir úrslit atkvæðagreiðslu.

Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

c. (III.)

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum samkvæmt tillögu sameiningarnefndar nema fleiri íbúar þess lýsi sig fylgjandi tillögunni í atkvæðagreiðslu en andvíga.

Sameining sveitarfélaga telst samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar, sbr. 1. mgr., og tekur gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

Ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur ekki samþykki íbúa í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu lýsir sig þó fylgjandi sameiningu, skal greiða atkvæði að nýju innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga var felld. Skilyrði er að tillagan hafi verið samþykkt í a.m.k. tveimur sveitarfélögum. Skal þá sama kjörskrá gilda og við fyrri atkvæðagreiðslu.

Að lokinni atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. er sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga var samþykkt heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. ⅔ sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅗ íbúa á svæðinu.

Sameining sveitarfélaga samkvæmt þessari grein skal taka gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

d. (IV.)

Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá fyrir þá atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu og úrslit samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II og III.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr. skulu ekki standa því í vegi að sveitarfélög sem ákveðið hafa að skipa samstarfsnefnd, sbr. 90. gr. laganna, fyrir gildistöku þessara laga haldi þeim viðræðum áfram og efni til atkvæðagreiðslu um sameiningu 23. apríl 2005 eða fyrr. Um framkvæmd og úrslit slíkra atkvæðagreiðslna sem fram fara eftir 31. desember 2004 fer samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–IV og getur sameiningarnefnd, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög, lagt fram bindandi tillögu um að fleiri sveitarfélög skipi fulltrúa í samstarfsnefnd og taki þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Efni frumvarpsins.

Efni frumvarps þessa, sem samið er í félagsmálaráðuneytinu, er einkum tvíþætt. Annars vegar er kveðið á um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga sem fram munu fara

vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem félagsmálaráðherra skipar. Hins vegar hefur frumvarpið að geyma ýmis ákvæði sem ætlað er að sníða vankanta af gildandi sveitarstjórnarlögum.

II.
Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins.

Í ágúst 2003 ákvað ríkisstjórnin að hefja í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga átak til að efla sveitarstjórnarstigið hér á landi. Átakið felur einkum í sér þrennt: að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og að laga tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.

Félagsmálaráðherra skipaði sl. haust verkefnisstjórn og tvær undirnefndir til að stýra verkefninu. Í verkefnisstjórn eiga sæti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Hjálmar Árnason, sem er formaður verkefnisstjórnar. Róbert Ragnarsson stjórnmálafræðingur hefur verið ráðinn verkefnisstjóri.

Í nefnd sem er ætlað að vinna tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttri verkaskiptingu og sveitarfélagaskipan eiga sæti Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, og Hermann Sæmundsson, settur ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti, sem er formaður.

Í nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga eiga sæti alþingismennirnir Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón Hjörleifsson og Magnús Stefánsson, Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður í Húnaþingi vestra, Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar, Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, og Guðjón Bragason, settur skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, sem er formaður.

Frá því verkefnið hófst hafa verið haldnir kynningarfundir um allt land með sveitarstjórnarmönnum, þar sem fulltrúar úr verkefnisstjórn og sameiningarnefnd hafa gert grein fyrir verkefninu. Verkefnisstjórn hefur einnig unnið að því að kanna hvaða verkefni kunni að vera hentugt að flytja frá ríki til sveitarfélaga og jafnframt hefur verið skoðað hvort einhver verkefni sveitarfélaga kunni að vera betur komin hjá ríkinu. Á sama tíma hefur tekjustofnanefnd fjallað um núverandi tekjustofna sveitarfélaga og hvaða breytingar kunni að vera rétt að gera á þeim í tengslum við verkefnið. Sameiningarnefnd hefur óskað eftir hugmyndum og tillögum frá sveitarfélögum og samtökum þeirra um hvaða möguleikar séu til sameiningar sveitarfélaga í hverjum landshluta og hvaða breytingar landshlutasamtök sveitarfélaga telja að ættu að eiga sér stað á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Stefnt er að því að verkefninu ljúki fyrir næstu almennu sveitarstjórnarkosningar árið 2006.

III.
Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við sveitarstjórnarlögin bætist fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er fjalla um gerð tillagna sameiningarnefndar og hvernig greidd verði atkvæði um þær.

Eins og áður er rakið tók sameiningarnefnd til starfa í desember 2003 og í janúar 2004 sendi hún bréf til allra landshlutasamtaka sveitarfélaga þar sem hún óskar meðal annars eftir hugmyndum og tillögum frá samtökum um hvaða möguleikar séu til sameiningar sveitarfélaga í hverjum landshluta og ábendingum um atriði sem hafa þarf í huga varðandi sam-

einingu sveitarfélaga á svæðinu. Afrit þessa bréfs var sent öllum sveitarfélögum og eiga þau einnig kost á því að koma eigin tillögum og ábendingum á framfæri við nefndina. Til að tryggja sem best samráð við sveitarstjórnarmenn mun nefndin halda fundi víða um land. Hefur nefndin þegar haldið fjóra fundi með sveitarstjórnarmönnum og fleiri fundir eru fyrirhugaðir á næstu vikum og mánuðum.

Stefnt er að því að tillögur sameiningarnefndar verði tilbúnar fyrir lok maí 2004 og er gert ráð fyrir því að þær muni að verulegu leyti grundvallast á hugmyndum sveitarfélaga og samtaka þeirra. Sveitarfélögum, samtökum þeirra og almenningi verður síðan gefinn hæfilegur frestur til þess að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á tillögunum og munu endanlegar tillögur nefndarinnar því ekki liggja fyrir fyrr en næsta haust.

Veturinn 2004–2005 verður nýttur til að kynna tillögurnar fyrir íbúum og vinna að undirbúningi sameiningar sveitarfélaga víða um land og er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að atkvæði verði greidd um tillögurnar 23. apríl 2005. Miðað er við að hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefni hver tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning og atkvæðagreiðslu og kynningu á tillögu sameiningarnefndar. Er þetta sama fyrirkomulag og við sameiningu á grundvelli 90. gr. laganna og hefur það reynst gefa góða raun.

IV.
Niðurstaða atkvæðagreiðslu.

Í frumvarpinu er lagt til að í meginatriðum gildi sama fyrirkomulag og nú er í lögum um niðurstöðu atkvæðagreiðslu, þ.e. að sveitarfélög verði ekki sameinuð nema íbúar beggja eða allra sveitarfélaganna séu því fylgjandi. Það nýmæli er þó að finna í frumvarpinu að við ákveðnar aðstæður er gert ráð fyrir að skylt verði að endurtaka atkvæðagreiðslu innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga sameiningarnefndar var felld. Þetta gildir ef meiri hluti íbúa á viðkomandi svæði sem afstöðu taka til tillögu sameiningarnefndar lýsir sig fylgjandi sameiningu þeirra sveitarfélaga sem tillagan varðar og meiri hluti íbúa í a.m.k. tveimur þessara sveitarfélaga samþykkir tillöguna. Sama kjörskrá skal gilda við báðar atkvæðagreiðslur en þessi breyting felur það í sér að íbúar sem í upphafi eru mótfallnir sameiningu eiga þess kost að endurskoða þá afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna, svo sem ef útlit er fyrir að nágrannasveitarfélög muni sameinast eða fylgi við sameiningu reynist meira en búist var við.

Að lokinni síðari atkvæðagreiðslu geta sveitarstjórnir sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga var samþykkt ákveðið sameiningu þessara sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema um sé að ræða a.m.k. ⅗ þeirra sveitarfélaga sem tillaga sameiningarnefndar varðar og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅗ íbúa á því svæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sameiningarnefnd verði heimilt að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld og að atkvæðagreiðsla um þá tillögu fari fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006. Nefndin mun væntanlega helst beita þessari heimild ef vilji sveitarstjórna og úrslit í atkvæðagreiðslu um fyrri tillögu benda til þess að grundvöllur sé fyrir sameiningu færri sveitarfélaga en gert var ráð fyrir í upphafi.

Um aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu vísast til athugasemda við einstakar greinar þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um að á meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi getur byggðaráð tekið fullnaðarákvarðanir um einstök mál án þess að vera bundið af því að ákvörðun megi ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans.

Í framkvæmd hefur verið litið svo á að heimildir byggðarráðs á framangreindum tíma væru að öllu leyti hinar sömu og sveitarstjórnar en ákvæði sveitarstjórnarlaga hafa þó valdið nokkrum vafa um þetta atriði sem frumvarpinu er ætlað að eyða.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði sem nú er að finna í 4. mgr. 40. gr. laganna flytjist í 42. gr. en í staðinn komi málsgrein sem fjallar um kjörgengi í nefndir sveitarfélags, og er fyrri málsliður hennar samhljóða núgildandi 42. gr. þar sem kveðið er á um að starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags séu ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirækja og stofnana er þeir starfa hjá. Í síðari málsliðnum er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru einungis óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og viðkomandi starfsmaður gegnir ekki starfi sem er þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndasetu.

Tilgangurinn með því að takmarka kjörgengi starfsmanna til nefndasetu er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, gilti þessi takmörkun aðeins um forstöðumenn og aðra stjórnendur en með sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var reglan látin ná til allra starfsmanna. Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun hjá sveitarfélögum í þá átt að sameina nefndir og hefur það leitt til þess að ýmsar nefndir fara með marga og ólíka málaflokka. Verður að ætla að hin almenna hæfisregla 19. gr. laganna veiti sveitarstjórnarmönnum almennt nægilega leiðsögn þannig að t.d. nefndarmaður í fræðslunefnd, sem er jafnframt starfsmaður á leikskóla, víki sæti þegar málefni leikskólans eru til meðferðar og ástæða er til að efast um hæfi hans.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu verður meginreglan áfram sú að starfsmenn verði ekki kjörgengir til setu í nefnd sem fer með málefni þeirrar stofnunar eða fyrirtækis sem þeir starfa hjá, en að sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um að víkja frá þeirri reglu sem fram kemur í greininni telji hún ástæðu til. Þar sem um er að ræða undantekningarreglu ber að skýra ákvæðið þröngt og má gera ráð fyrir að sveitarstjórnir muni helst nýta sér þessa heimild þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki gegna stjórnunarhlutverki innan viðkomandi stofnunar. Rétt er hins vegar að taka fram að greinin á einungis við um fulltrúa sem sveitarstjórn kýs sjálf í nefndir, ráð eða stjórnir, en ekki fulltrúa sem aðrir aðilar tilnefna samkvæmt lögum eða sérstökum samþykktum, t.d. áheyrnarfulltrúa sem eru starfsmenn viðkomandi stofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna nánari útfærslu á reglum sem nú er að finna í 4. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 43. gr. laganna. Skv. 1. mgr. geta fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnum sagt sig frá nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Þetta gildir þó ekki um aðal- og varamenn í sveitarstjórn sem skv. 1. mgr. 33. gr. er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að þessir einstaklingar verði að biðjast lausnar ef þeir geta ekki gegnt skyldum sínum án óhæfilegs álags, sbr. 1. mgr. 34. gr., og er það sveitarstjórnar að ákveða hvort gildar ástæður séu fyrir þeirri beiðni.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér þrengingu frá þeirri heimild fyrir sveitarstjórn, sem nú er í 4. mgr. 40. gr. laganna, að skipta um fulltrúa í nefndum. Eins og umrætt ákvæði er nú orðað er sá möguleiki fyrir hendi að meiri hluti sveitarstjórnar geti misbeitt meirihlutavaldi sínu til þess að víkja fulltrúum minni hlutans úr nefndum. Sá annmarki er jafnframt á umræddu ákvæði að þar er ekki kveðið á um hvernig fari um kjör fulltrúa í stað þess sem vikið er úr nefnd.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórn verði áfram heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum ef ekki er ágreiningur um það innan sveitarstjórnar. Einnig verði slík heimild sveitarstjórnar fyrir hendi þar sem málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef nefndarmaður hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögunum, um að mæta á fundi eða gæta trúnaðar um það sem hann verður áskynja um í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, sbr. 27. og 32. gr. laganna. Ætla verður að sveitarstjórn grípi ekki til þessa úrræðis nema nauðsyn beri til og að undangenginni áminningu, þar sem það á við, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samþykki meiri hluta sveitarstjórnar nægi þegar umræddar ástæður eru fyrir hendi. Rétt er að hafa í huga að slík ákvörðun er kæranleg til félagsmálaráðuneytisins, sbr. 103. gr. laganna.

Ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi innan sveitarstjórnar á kjörtímabilinu eða aðrar sambærilegar ástæður eru fyrir hendi verður einnig heimilt að endurskipa nefnd, samkvæmt lokamálslið 2. mgr., og skal hún þá kosin hlutfallskosningu ef þess er óskað, sbr. 2. mgr. 40. gr. laganna.

Ef einungis á að skipta um hluta nefndar skal samkvæmt frumvarpinu ekki beita hlutfallskosningu nema sveitarstjórn hafi verið kjörin óbundinni kosningu eða framboðslisti verið sjálfkjörinn, en við þær aðstæður verður ekki talin hætta á að meiri hluti sveitarstjórnar misbeiti valdi sínu gagnvart minni hluta. Annars skal sá framboðslisti sem tilnefndi nefndarmann einnig skipa eftirmann hans nema þegar tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar eða samtök áttu samstarf um nefndarkosningar. Þá á það framboð, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, rétt á að tilnefna eftirmann hans ef ekki er kveðið á um annað í samstarfsyfirlýsingu, sbr. 24. gr.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma tvö ákvæði sem ætlað er að vera til fyllingar gildandi ákvæði í 1. mgr. 43. gr. Er annars vegar kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að skipa nýjan varamann þegar varamaður tekur varanlega sæti aðalmanns í nefnd en hins vegar eru tekin af tvímæli um að um skipan einstakra varamanna fari skv. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í greininni er heimild sveitarfélaga til að veita ábyrgðir rýmkuð nokkuð, jafnframt því sem leitast er við að skýra efni hennar betur en gert er í gildandi ákvæði í 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Er í a-lið greinarinnar gert ráð fyrir að um tvenns konar ábyrgðir geti verið að ræða. Annars vegar geti sveitarstjórn samþykkt sjálfskuldarábyrgð til fyrirtækja og stofnana sem falla undir b-hluta í samstæðureikningi sveitarfélagsins og er það í samræmi við túlkun ráðuneytisins á gildandi ákvæði. Hins vegar felur ákvæðið í sér rýmkun að því leyti að gert er ráð fyrir að sveitarstjórn geti veitt einfalda ábyrgð vegna lánveitinga til framkvæmda á vegum félaga sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila til að veita lögákveðna þjónustu. Skilyrði fyrir því að ábyrgðarveiting sé heimil er því í fyrsta lagi að lántakandi sé alfarið í opinberri eigu, í öðru lagi að hann sinni lögákveðinni þjónustu og í þriðja lagi að tilgangur lántöku sé að fjármagna framkvæmdir. Loks er tekið fram í ákvæðinu að allir eigendur verði að ábyrgjast lánið í samræmi við eignarhluta sinn og fellur ábyrgðin úr gildi ef breyting verður á eignarhaldi þannig að lántakandi færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

Með félagi er einkum átt við hlutafélög, einkahlutafélög og sameignar- og samvinnufélög en einnig kemur til álita að veita megi ábyrgðir á grundvelli ákvæðisins vegna starfsemi sem fram fer á vegum héraðsnefndar eða samtaka sveitarfélaga að því leyti sem hún er ekki rekin

í formi byggðasamlags. Með lögákveðinni þjónustu er vísað til verkefna sveitarfélags í þágu íbúa samkvæmt lögum og geta þar undir fallið bæði skylduverkefni og svonefnd valkvæð verkefni sveitarfélaga. Hins vegar mundu t.d. ekki falla þar undir lántökur til uppbyggingar atvinnulífi eða til þátttöku í atvinnurekstri sem ekki felur í sér beina þjónustu hins opinbera við íbúana á grundvelli laga. Með framkvæmdum er einkum átt við stofnframkvæmdir og meiri háttar viðhald á mannvirkjum í eigu aðila sem fellur undir ákvæðið.

Tilgangur framangreindrar breytingar er einkum sá að gera öll rekstrarform sem sveitarfélög kunna að kjósa fyrir samvinnuverkefni sín jafnsett. Nú er kveðið á um það í 5. mgr. 82. gr. laganna að sveitarsjóðir beri einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. Eðlilegt verður að telja að sambærilegar reglur séu í gildi um t.d. sameignarfélög og einkahlutafélög sem sveitarfélögin stofna með sér til að rækja lögbundin verkefni sín enda virðist sem þessi rekstrarform eigi auknu fylgi að fagna á meðan byggðasamlögum fer fækkandi. Ekki er þó talið tækt að láta ábyrgð hvers sveitarfélags samkvæmt ákvæðinu ráðast af íbúatölu og þykir eðlilegra að eignarhlutur ráði innbyrðis skiptingu.

Rétt þykir að taka fram að ekki er ætlunin með frumvarpinu að slaka á kröfum um form ábyrgða og verður áfram þörf á því að slík ákvörðun hljóti samþykki á formlegum fundi sveitarstjórnar. Einnig verður að telja eðlilegt, þegar um verulegar skuldbindingar er að ræða, að fyrir liggi álit sérfróðs aðila um möguleg áhrif þeirra á sveitarsjóð, sbr. til hliðsjónar 65. gr.

Ákvæði b-liðar er samhljóða síðari málslið 6. mgr. 73. gr. en eðlilegt þykir, í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu, að ákvæðið verði sérstök málsgrein.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða gildandi ákvæði 2. mgr. 91. gr. laganna þótt orðalagi hafi verið breytt. Þó er lagt til að heimild sveitarstjórna til að ákveða sameiningu sveitarfélaga verði rýmkuð á þann hátt að í stað þess að meiri hluti íbúa í tveimur þriðju hlutum sveitarfélaga sem þátt taka í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu verði að lýsa sig fylgjandi verði miðað við þrjá fimmtu hluta. Sams konar fyrirkomulag er einnig lagt til í 7. gr. frumvarpsins og í báðum tilvikum er lagt til að miðað verði við sömu hlutfallstölu varðandi íbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem hyggjast sameinast.

Um 7. gr.

Um a-lið (I).

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk sameiningarnefndar sem félagsmálaráðherra skipaði í nóvember 2003. Nefndin hefur það hlutverk að undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga og starfar hún í umboði félagsmálaráðherra og verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar sem tilnefndir eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þrír fulltrúar sem tilnefndir eru af þingflokkum Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar og loks skipar félagsmálaráðherra einn fulltrúa án tilnefningar sem er formaður. Þingflokkum Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var boðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndinni en þingflokkarnir höfnuðu því boði og óskuðu þess í stað eftir fullri aðild að henni. Ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni.

Í ákvæðinu eru rakin þau sjónarmið sem nefndin skal hafa hliðsjón af við gerð tillagna sinna, og eru þau í samræmi við þau markmið sem nefndin hefur unnið eftir í sinni vinnu frá því hún hóf störf. Í janúar 2004 sendi nefndin bréf til allra landshlutasamtaka sveitarfélaga

þar sem hún óskaði eftir tillögum og hugmyndum samtakanna, m.a. um hvaða sameiningarkostir kunni að vera til staðar á starfssvæði samtakanna. Afrit bréfsins var sent til allra sveitarfélaga og gefst þeim því kostur á að koma eigin sjónarmiðum á framfæri við nefndina telji sveitarstjórnir þess vera þörf. Nefndin hefur einnig haldið fundi með sveitarstjórnum víða um land og eru fleiri fundir fyrirhugaðir á næstunni.

Jafnframt er kveðið á um það í greininni að þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir, sem vonir standa til að geti orðið síðla vors 2004, skuli nefndin kynna sveitarstjórnum og samtökum þeirra tillögurnar og gefa þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir. Einnig skal nefndin gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.

Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn fer sameiningarnefnd yfir athugasemdir og metur að því loknu hvort ástæða sé til að breyta tillögum sínum. Endanlegar tillögur nefndarinnar verða síðan auglýstar í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður. Kosið verður um þessar tillögur vorið 2005 eins og nánar er kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða II.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að allar sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem sameiningartillaga varðar tilnefni tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem falið verður að annast undirbúning atkvæðagreiðslu og kynningu á áhrifum hugsanlegrar sameiningar, en að sameiningarnefnd og ráðuneytið veiti samstarfsnefndinni nauðsynlega ráðgjöf. Hafa ber í huga að átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og hefur í starfi verkefnisstjórnar og sameiningarnefndar verið lögð áhersla á að sem mest frumkvæði komi frá sveitarfélögunum sjálfum. Til að kynna verkefnið hélt verkefnisstjórnin til að mynda níu fundi um allt land og á þá voru boðaðir allir aðal- og varamenn í sveitarstjórnum á viðkomandi svæði ásamt framkvæmdastjórum sveitarfélaganna og fulltrúum landshlutasamtaka. Mæting á fundina var mjög góð og umræður almennt fremur jákvæðar. Er það því mat þeirra sem að verkefninu koma að eðlilegt sé að fela heimamönnum ábyrgð á undirbúningi atkvæðagreiðslu, fremur en t.d. að skipa sérstakar umdæmanefndir til að annast það verk. Það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu er enn fremur í samræmi við það fyrirkomulag sem nú er mælt fyrir um í 90. gr. sveitarstjórnarlaga og hefur það gefist vel.

Um b-lið (II).

Í ákvæðinu er lagt til að atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar fari fram 23. apríl 2005. Þessi dagsetning er einkum valin með það í huga að samgöngur í dreifbýli eigi að vera orðnar greiðar á þessum tíma. Í ákvæðinu er að finna ákvæði um að við framkvæmd og undirbúning atkvæðagreiðslu gildi ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við á. Hvorki í sveitarstjórnarlögum né í lögum um kosningar til sveitarstjórna er beinlínis kveðið á um þær reglur sem gilda við sameiningarkosningar, en í framkvæmd er ávallt farið eftir síðarnefndu lögunum, eftir því sem tilefni og eðli máls krefjast. Loks er mælt fyrir um að yfirkjörstjórn annist framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða og að ekki sé heimilt að hefja talningu fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem þátt taka í atkvæðagreiðslu sem er í samræmi við 75. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Um c-lið (III).

Í ákvæðinu eru ákvæði um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar. Þar kemur fram að skilyrði þess að sveitarfélag verði sameinað öðrum sveitarfélögum er að tillaga um sameiningu njóti stuðnings meiri hluta þeirra íbúa sveitarfélagsins sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu. Jafnframt er tekið fram að til þess að tillaga sameiningarnefndar teljist samþykkt þurfi hún samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar.

Gert er ráð fyrir því að í ákveðnum tilvikum verði skylt að endurtaka atkvæðagreiðsluna innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillagan var felld. Þetta skal gert ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur samanlagt stuðning meiri hluta íbúa á því svæði sem tillagan tekur til og jafnframt er skilyrði að tillagan hafi verið samþykkt af íbúum a.m.k. tveggja sveitarfélaga. Með þessu fyrirkomulagi er íbúum gefinn kostur á því að endurskoða afstöðu sína til tillögunnar á grundvelli breyttra forsendna, og verður að telja líkur á að í a.m.k. einhverjum tilvikum kunni afstaða íbúa að breytast ef sá möguleiki er fyrir hendi að nágrannasveitarfélög muni sameinast. Sama máli kann að gegna ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur meiri stuðning en reiknað var með. Tekið er fram í greininni að sama kjörskrá skuli gilda við báðar atkvæðagreiðslur.

Að lokinni atkvæðagreiðslu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga þar sem tillagan var samþykkt verði heimilt að ákveða að þau sveitarfélög sameinist, án þátttöku þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningartillagan var felld af íbúum. Sambærilega heimild er nú að finna í 2. mgr. 91. gr. laganna, en lagt er til að í stað þess að takmarka heimildina við það að tveir þriðju hlutar sveitarfélaganna hafi samþykkt sameiningartillögu verði nægilegt að þrjú sveitarfélög af fimm standi að slíkri ákvörðun. Almennt verður að ætla að slík ákvörðun komi ekki til álita nema landfræðilegar aðstæður mæli með því, en tilgangur ákvæðisins er einkum sá að fámenn sveitarfélög geti ekki staðið í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga þegar slík sameining nýtur stuðnings mikils meiri hluta íbúa á svæðinu.

Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að sameiningar á grundvelli þessarar greinar frumvarpsins taki gildi 10. júní 2006, þ.e. fimmtán dögum eftir almennar sveitarstjórnarkosningar sem haldnar verða 26. maí sama ár, þar sem verður í fyrsta skipti kosið til sveitarstjórnar í sameinuðum sveitarfélögum. Þar sem aðstæður kunna í einhverjum tilvikum að vera með þeim hætti að heppilegra sé að sameining taki gildi fyrr er gert ráð fyrir þeim möguleika að sveitarstjórnir geti ákveðið aðra dagsetningu, að höfðu samráði við ráðuneytið.

Um d-lið (IV).

Í ákvæðinu er lagt til að sameiningarnefnd verði heimilt að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um þá tillögu fari fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og að ný kjörskrá verði gerð fyrir þá atkvæðagreiðslu. Gera má ráð fyrir að þessari heimild verði helst beitt ef niðurstaða fyrri atkvæðagreiðslna og afstaða sveitarstjórna gefa tilefni til að ætla að unnt sé að ná fram minni sameiningu en upphafleg tillaga nefndarinnar gerði ráð fyrir.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist þegar gildi en að ákvæði 7. gr., er fjallar um átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu, komi ekki til framkvæmda gagnvart sveitarfélögum sem þegar eru í sameiningarviðræðum nema þau hyggi á atkvæðagreiðslu um sameiningu á árinu 2005. Þetta felur m.a. í sér að ekki verði skylt að endurtaka atkvæðagreiðslu sem fram fer fyrir 31. desember 2004 þótt skilyrði í ákvæði til bráðabirgða III séu uppfyllt. Um niðurstöður fer því skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga með þeirri breytingu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins, verði það að lögum.

Öðru máli gegnir um viðræður milli sveitarfélaga sem skarast við vinnu sameiningarnefndar og er lagt til í frumvarpinu að um framkvæmd og úrslit atkvæðagreiðslna sem fram fara eftir 31. desember 2004 fari samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–IV, auk þess sem sameiningarnefnd verði heimilt að fjölga þeim sveitarfélögum sem þátt taka í sameiningarviðræðum sem hafnar kunna að vera á grundvelli 90. gr. laganna. Þótt gera megi ráð fyrir að

sameiningarnefndin muni í flestum tilvikum leitast við að virða frumkvæði heimamanna til sameiningar sveitarfélaga kunna aðstæður að vera með þeim hætti að nefndin telji eðlilegt að fleiri sveitarfélög taki þátt í viðræðum og atkvæðagreiðslu um sameiningu. Í ákvæðinu er lagt til að áður en bindandi tillaga þess efnis verði lögð fram beri nefndinni að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til sveitarstjórnarlaga.
(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 4. desember 2002.)

Efni frumvarpsins er einkum tvíþætt. Annars vegar miðar frumvarpið að því að kveða á um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga sem fram munu fara vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem félagsmálaráðherra skipar. Hins vegar hefur frumvarpið að geyma ýmis ákvæði sem ætlað er að sníða vankanta af gildandi sveitarstjórnarlögum.

Í 1.–6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum í gildandi sveitarstjórnarlögum. Breytingarnar fela ekki í sér auknar skyldur sveitarfélaga og verður ekki séð að þær feli í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög.

Í 7. gr. er fjallað um hlutverk sameiningarnefndar og atkvæðagreiðslur um tillögur hennar um sameiningar sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir að fari fram 23. apríl 2005. Lögð er skylda á þau sveitarfélög sem tillögur sameiningarnefndar varðar að bera tillögur nefndarinnar undir atkvæði íbúa og felst í því nokkur kostnaður fyrir sveitarfélögin. Í greininni er einnig kveðið á um tilnefningu tveggja fulltrúa hvers sveitarfélags sem sameiningartillagan varðar í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Jafnframt er kveðið á um að yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi skuli annast framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða en samstarfsnefnd skuli hafa eftirlit með talningu. Að lokum er svo kveðið á um að sameiningarnefnd geti lagt fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu og er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um þá tillögu fari fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006.

Það liggur í hlutarins eðli að kostnaður sveitarfélaga við kosningar um tillögur sameiningarnefndar ræðst af fjölda og stærð þeirra sveitarfélaga sem tillögurnar varða. Ekki liggur fyrir úttekt á kostnaði við kosningar um sameiningar undanfarinna ára en framkvæmd og umfang kosningar um sameiningu er af svipuðum toga og við sveitarstjórnarkosningar þar sem kosið er og talið í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var heildarkostnaður sveitarfélaga við sveitarstjórnarkosningarnar 2002 rétt tæpar 100 milljónir króna. Ef atkvæðagreiðsla fer fram um sameiningu í öllum sveitarfélögum landsins gæti kostnaðarauki sveitarfélaga vegna frumvarpsins að líkindum orðið í námunda við þá upphæð. Kostnaður einstakra sveitarfélaga ræðst líklega að mestu af fjölda kosningabærra íbúa og fjölda kjördeilda. Ef beitt er hlutfallsaðferð á áðurnefndan kostnað við sveitarstjórnarkosningarnar 2002, þar sem rúmlega 203.000 manns voru á kjörskrá, má

gróflega áætla að kostnaður einstakra sveitarfélaga við atkvæðagreiðslu um sameiningu geti legið á bilinu 50.000–40.000.000 kr., eftir stærð þeirra.

Rétt er að benda á að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur heimild til að veita aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003. Á grundvelli 1. gr. reglnanna tekur sjóðurinn m.a. þátt í kostnaði við undirbúning sameiningar, hvort sem hún leiðir til sameiningar eða ekki. Einnig skal það tekið fram að fjöldi sveitarfélaga á nú þegar í viðræðum um sameiningar og mun frumvarpið væntanlega ekki valda sérstökum kostnaðarauka fyrir þau sveitarfélög.

Með vísan til framangreinds eru margir óvissuþættir sem hafa áhrif á hugsanlegan kostnað sveitarfélaga af frumvarpinu. Þó má áætla að heildarkostnaður sveitarfélaga vegna frumvarpsins geti að hámarki orðið um 100 milljónir króna en að líklegra sé að hann verði til muna lægri, eða á bilinu 20–50 milljónir króna.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er annars vegar kveðið á um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga og hins vegar um einstök efnisatriði er varða innri stjórnsýslu sveitarfélaganna. Í fylgiskjali frumvarpsins er gerð grein fyrir áhrifum frumvarpsins á útgjöld sveitarfélaga. Þar er vísað til þess að heildarkostnaður við sveitarstjórnarkosningarnar árið 2002 hafi numið um 100 m.kr. Kostnaður við sameiningu sveitarfélaga sem fram á að fara á árinu 2005 ætti því ekki að vera hærri og líklegra að hann verði mun lægri eða á bilinu 20–50 m.kr.

Kostnaður við sameiningu sveitarfélaga, þ.m.t. kosningar á árinu 2005, er að fullu greiddur af viðkomandi sveitarfélögum sem sótt geta um aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samþykkt frumvarpsins hefur því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1314. Tillaga til þingsályktunar [857. mál]

um endurskoðun skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að gangast fyrir endurskoðun á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum. Sérstaklega verði hugað að endurskoðun á þeim ákvæðum laganna sem snúa að bótum til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Endurskoðuninni verði lokið og frumvarp til breytinga lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 2004.

Greinargerð.

Tillagan miðar að endurskoðun skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. Sérstaklega miðar hún að því að þau ákvæði laganna sem snúa að bótum til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda verði endurskoðuð. Í 13. gr. laganna er nú kveðið á um að bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skuli vera 30% af þeim bótum sem ætla megi að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. ákvæði 5.–8. gr. laganna. Bætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á. Skv. 4. mgr. 5. gr. laganna dragast frá greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Þá dragast greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega frá skaðabótakröfu hans á hendur þeim vinnuveitanda sem keypti slysatrygginguna. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu og jafnframt skal draga frá henni 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun.

Flutningsmaður telur að þessu fyrirkomulagi eigi að breyta og telur það ósanngjarnt að miða bætur fyrir missi fullfrísks maka við örorku og að draga frá fjárhæðinni þær bætur sem viðkomandi látinn einstaklingur hefði fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, úr slysatryggingum og sem örorkulífeyri frá lífeyrissjóði.

Með tillögunni var fylgiskjal: Með lögum skal land byggja, en ólögum eyða. Hugleiðingar og áskorun eftir nýfallinn hæstaréttardóm í kjölfar vinnuslyss í Straumsvík 2001. Ásta Kristín Siggadóttir. (Morgunblaðið 5. mars 2004.)

1315. Frumvarp til laga [858. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landsíma Íslands hf.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara skal ríkissjóður halda óskertum hlut í fyrirtækinu, a.m.k. til ársloka 2007. Fyrirtækinu skal falið að gera sérstakt átak á þeim tíma til að bæta fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins með það að markmiði að allir landsmenn, án tillits til búsetu, eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Heimilt er að lækka eða fella niður arðgreiðslur í ríkissjóð á móti þeim fjárfestingum fyrirtækisins í þessu skyni sem síst eru arðbærar, samkvæmt nánari reglum er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboð telur engin haldbær rök fyrir einkavæðingu Símans og telur hann áfram best kominn sem öflugt almannaþjónustufyrirtæki í opinberri eigu. Því er þess nú enn freistað að hafa áhrif á málið með því að leggja til að horfið verði frá hugmyndum um sölu, a.m.k. til ársloka 2007. Með því gefst ráðrúm til að skoða málin, meta reynslu annarra þjóða af einkavæðingu fjarskipta og síðast en ekki síst nota tímann vel til að bæta fjarskiptakerfið. Framhald málsins verður svo í höndum þess löggjafar- og framkvæmdarvalds sem með málin fer þegar þar að kemur. Það er von flutningsmanna að sú leið sem frumvarpið felur í sér fáist tekin til alvarlegrar skoðunar, ekki síst í því skyni að ná lágmarkssáttum um meðferð þessa umdeilda máls. Í ljósi óumdeilds mikilvægis fjarskipta og gagnaflutninga í nútímasamfélagi verður að gera kröfu um ýtrustu gát. Má í því sambandi benda á að hægri stjórnin í Noregi hefur farið sér mjög hægt í því að minnka í áföngum eignarhald ríkisins í norska símanum, Tele Nor. Ekki er annað vitað hér en til standi að afhenda Símann í heilu lagi, eða a.m.k. ráðandi hlut í honum, sbr. tal um kjölfestueiganda, jafnvel einum aðila. Erfitt er þó að henda reiður á aðferðafræði ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í einkavæðingarmálum, enda oftast skipt um aðferð hverju sinni. Þannig var dreifð eignaraðild einu sinni sögð sérstakt keppikefli en hvarf síðan út úr myndinni og í staðinn kom ofuráhersla á svokallaðan kjölfestueiganda, þ.e. algerlega gagnstæð aðferð varð allt í einu ofan á. Fyrri einkavæðingaráform Símans gengu út á að fá erlendan eiganda að fyrirtækinu en það gekk ekki eins og áður sagði. Nú virðist alveg eins uppi á teningunum að mögulegir innlendir kaupendur fyrirtækisins beiti afli þess til fjárfestinga erlendis.

Fyrri tilraunir ríkisstjórnarinnar til að einkavæða Símann enduðu í farsakenndu klúðri sem skaðaði hagsmuni fyrirtækisins. Reynslan af einkavæðingu ýmissa ríkisfyrirtækja með þeim aðferðum sem ríkisstjórnin hefur notað hefur verið vægast sagt blendin. Aukin samþjöppun og fákeppni virðist óhjákvæmilegur fylgifiskur þess háttar einkavæðingar, a.m.k. við íslenskar aðstæður, og þannig hafa völd og áhrif færst á hendur fárra í viðskiptalífinu. Til að mynda hefur einkavæðing bankanna verið olía á þennan eld og hraðað samþjöppun og fákeppni sem skaðar hvort tveggja í senn, íslenskt viðskiptalíf og neytendur. Í ljósi þessarar reynslu er erfitt að skilja hvers vegna því er haldið til streitu að einkavæða Símann. Engin trygging er fyrir því að hann lendi ekki í höndum einhverra þeirra sömu aðila og mestu hafa sópað til sín að undanförnu.

Megn óánægja er í samfélaginu með margar þær breytingar sem orðið hafa með einkavæðingu öflugra ríkisfyrirtækja. Almenningi blöskrar samþjöppun valds og auðs í kjölfar markaðs- og einkavæðingarinnar sem einnig orsakar minna aðhald og lakari aðkomu almennings að ákvörðunum um mikilvæg hagsmunamál í samfélaginu. Meira að segja ýmsir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa hrifist með óánægjubylgjunni og látið ummæli falla um skerta þjónustu í kjölfar einkavæðingar ríkisfyrirtækja eða lýst yfir áhyggjum af græðgisvæðingu samfélagsins, samþjöppun auðs og valda. Gerir það áformin um einkavæðingu Símans enn óskiljanlegri en ella.

Mörg verkefni eru fram undan í fjarskiptamálum sem brýnt er að ráðast í næstu árin. Ber þar einkum að nefna tvennt, þ.e. uppbyggingu á fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum um allt land og að tryggja aðgang allra landsmanna að GSM-kerfinu. Þingmenn vinstri grænna hafa flutt tillögur um hvort tveggja og er þar gert ráð fyrir að arðgreiðslur til ríkissjóðs verði lækkaðar á meðan Síminn vinni að þeim verkefnum. Með einkavæðingu Símans er ljóst að Alþingi getur ekki tryggt framkvæmd slíkra verkefna og afsalaði sér þar með öflugu tæki til að tryggja jafnan aðgang landsmanna að fjarskiptaþjónustu. Fyrirtæki á hluta-

bréfamarkaði telja sig að sjálfsögðu ekki bera neina slíka ábyrgð heldur hafa fyrst og síðast þá skyldu við eigendur sína að tryggja þeim arð. Því er veruleg hætta á að uppbygging fjarskiptaþjónustu, sérstaklega á strjálbýlum svæðum, verði hagvæmnis- og arðsemissjónarmiðum endanlega að bráð með einkavæðingu Símans. Má til samanburðar minna á lokun útibúa eða styttan afgreiðslutíma bankanna á landsbyggðinni eftir að ríkisbankarnir voru einkavæddir. Reynsla annarra þjóða, t.d. Nýsjálendinga, af slíkri einkavæðingu er sú að hún hefur bitnað harkalega á landsbyggðinni og reyndar landsmönnum öllum. Ekki aðeins hefur fjárfesting í fjarskiptakerfinu á strjálbýlli eða fámennari markaðssvæðum setið á hakanum, heldur hefur strjálbýlið þar sem hið einkavædda símfyrirtæki er enn í einokunaraðstöðu, verið látið greiða niður herkostnaðinn af samkeppni í stórborgunum. Arður af rekstri fjarskiptafyrirtækjanna, og einnig störf í þó nokkrum mæli, hafa flust úr landi hjá Nýsjálendingum eftir að helstu fjarskiptafyrirtæki landsins komust í eigu útlendinga.

Í mars 2002 lét þingflokkur vinstri grænna Gallup kanna afstöðu almennings til þess hvort selja bæri Landssímann eða hafa hann áfram í opinberri eigu. Niðurstöður könnunarinnar voru einkar athyglisverðar þar sem 61% þeirra sem afstöðu tóku vildu að Landssíminn væri áfram í opinberri eigu en 39 % að hann verði seldur. Hljóta þær niðurstöður að teljast mikilvægt innlegg í umræðuna um framtíð Landssímans og vera enn frekar til marks um andstöðu almennings við fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi Símans. Mestu máli skiptir að Landssíminn geti sinnt því hlutverki sínu vel að tryggja góða og sambærilega þjónustu um allt land. Það er markmið þessa frumvarps.

1316. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um vátryggingarsamninga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni og Ögmundi Jónassyni.

Við 82. gr. Orðin „eða annarra einstaklinga“ í lokamálslið 2. mgr. falli brott.

1317. Fyrirspurn [859. mál]

til utanríkisráðherra um mörk borgaralegra og hernaðarlegra þátta í starfi Íslensku friðargæslunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig er aðskilnaði borgaralegra og hernaðarlegra þátta í starfi Íslensku friðargæslunnar háttað?
2. Hvaða munur er á þjálfun, starfskjörum og tryggingum starfsmanna sem bera, eða hafa heimildir til að bera, vopn við störf sín og starfsmanna sem ekki hafa slíkar heimildir?
3. Hvert eru fyrirmyndir að starfsheitum af hernaðarlegum toga, eða „tign“, starfsmanna friðargæslunnar sóttar?

4. Hvaða reglur gilda, eða munu gilda, um heimildir starfsmanna friðargæslunnar til að beita vopnum sínum, þ.e. í sjálfsvörn, til að verja aðra o.s.frv.?

1318. Fyrirspurn [860. mál]

til utanríkisráðherra um stuðning við markaðssetningu dilkakjöts erlendis.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Er ljóst hvernig því fé verður ráðstafað sem ráðuneytinu var veitt sérstaklega í fjárlögum fyrir árið 2004 „til að styðja við markaðssetningu dilkakjöts erlendis“?
2. Eru fyrirhugaðar sérstakar mannaráðningar í þessu skyni?

1319. Fyrirspurn [861. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af áskrift að netmiðlum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Kemur til greina að lækka virðisaukaskatt af áskrift að netmiðlum í 14% til samræmis við áskrift að hljóðvarpi, sjónvarpi, tímaritum og blöðum?

1320. Fyrirspurn [862. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kuðungsígræðslur.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvað hafa margir farið í kuðungsígræðslu árlega sl. tíu ár, sundurliðað eftir aldri? Hve margir eru á biðlista eftir kuðungsígræðslu?
2. Hver hefur verið árlegur heildarkostnaður ríkisins við kuðungsígræðslur á þessu tímabili? Hver er heildarkostnaðurinn við eina slíka aðgerð?
3. Hverjir eru helstu áhættuþættir kuðungsígræðslna og hafa þeir verið rannsakaðir sérstaklega hérlendis?
4. Hverjir hafa yfirumsjón með kuðungsígræðslum hérlendis?
5. Hverjar eru framtíðaráætlanir stjórnvalda um kuðungsígræðslur?

Skriflegt svar óskast.

1321. Fyrirspurn [863. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur vegna virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur ráðherra að útsvars- og tekjuskattsgreiðslur erlendra starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun hafi verið eðlilegar og skili sér, og hafi skilað sér, að fullu til réttra aðila?
2. Er ráðherra enn þeirrar skoðunar að engin sérstök vandamál séu uppi, né líkleg til að koma upp, hvað varðar skattskyldu, tilhögun skattgreiðslna og skattskil vegna virkjunarframkvæmdanna við Kárahnjúka?

1322. Tillaga til þingsályktunar [864. mál]

um vegagerð um Stórasand.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson, Kristján L. Möller, Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Gunnar Birgisson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum til þess að hægt sé að setja veg frá Norðurárdal í Skagafirði um Stórasand til Borgarfjarðar í mat á umhverfisáhrifum svo fljótt sem kostur er. Vegurinn verði í flokki C1, sem er 7,5 metra breiður, malbikaður vegur. Hafa skal í huga að þessi framkvæmd sé unnin sem einkaframkvæmd og að kostnaður við hana greiðist með veggjöldum eftir því sem eðlilegt er.

Greinargerð.

Þær hugmyndir að raunhæft sé að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 82 km með því að fara Stórasand og Kaldadal hafa vakið mikla athygli. Það er eðlilegt, því að svo mikil stytting leiðarinnar gjörbreytti rekstrarskilyrðum fyrirtækja á Akureyri og við Eyjafjörð, þeirra sem framleiða fyrir markaðinn á höfuðborgarsvæðinu eða til útflutnings. Ekkert tiltökumál yrði að skreppa suður eða norður að morgni dags og skila sér heim að kvöldi.

Til einföldunar þykir rétt að kalla veginn úr Skagafirði í Borgarfjörð Norðurveg. Þaðan yrði mikið og fagurt útsýni og skammt til ýmissa staða sem eftirsóknarverðir þykja til nánari kynna. Þannig opnaðist vegfarendum áður ókunn undraveröld. Það ynnist einnig að ferðaþjónustan gæti boðið fleiri kosti en nú, en erlendum ferðamönnum fjölgar ár frá ári. Náttúruunnendur hafa einmitt varað við því að of mörgum ferðamönnum skuli safnað saman á sömu blettina þannig að þar myndast örtröð sem skaðar viðkvæma náttúru landsins. Margvíslegur ávinningur er að því að leggja góðan veg að Arnarvatnsheiði og Réttarvatni. Vísast í því efni til Þingvalla- og Mývatnssveitar sem eru fjölsóttir staðir og miklir unaðsreitir. Þar sjáum við að fuglar sækjast eftir að verpa í nánd við híbýli manna. Vafalaust mundu lítil fjallahótel eða þyrping fjallakofa á Arnarvatnsheiði eða á þeim slóðum njóta mikilla vinsælda. En rétt er að minna á í þessu samhengi að samkvæmt vegalögum liggur landsvegur um Hallmundarhraun upp á Arnarvatnsheiði og niður í Miðfjörð. Ekki kæmi til mats á umhverfisáhrifum þótt þessi

vegur yrði lagfærður smátt og smátt eins og hann liggur. Frá Réttarvatni eru síðan jeppaslóðir samkvæmt korti Vegagerðarinnar út í Víðidal, niður í Vatnsdal og austur á Kjalveg sunnan Blöndulóns.

Rétt er að gera grein fyrir Norðurvegi eins og hann er hugsaður af flutningsmönnum tillögu þessarar, sbr. fylgiskjöl I og II. Til glöggvunar er veginum skipt í þrjá áfanga og horft suður frá Norðurárdal í Skagafirði:

1. Gert er ráð fyrir að hefja vegagerð um Norðurárdal á þessu ári og tekur kannski fjögur ár að ljúka henni. Í beinu framhaldi er síðan eðlilegt að halda áfram þvert yfir Skagafjörð sunnan við Mælifell að Kjalvegi sunnan Blöndulóns, sem eru 57 km. Gróf kostnaðaráætlun ásamt brú er 2 milljarðar kr. Á þessari leið fer vegurinn yfir 700 metra hæð á stuttum kafla. Við Blöndulón stöndum við á krossgötum. Ef vegur verður byggður upp suður Kjöl samkvæmt samgönguáætlun er ekki um það að tala að gjald verði tekið af umferðinni á þessum vegarkafla fremur en af öðrum vegum innan samgönguáætlunar.
2. Frá Blöndulóni liggur leiðin um Stórasand að Réttarvatni og síðan um Hallmundarhraun í Borgarfjörð. Það eru 72 km og kosta 2,4 milljarða kr. Vegurinn um Stórasand mun liggja um hásléttu, sem fer á 10 km kafla yfir 700 metra hæð og mest upp undir 800 metra hæð. Veðurathuganir hafa ekki verið gerðar, en þar sem vegurinn mun liggja langt frá fjöllum er ekki að búast við eins sterkum vindhviðum og upp við fjöllin. Eins og áður segir er vegurinn frá Réttarvatni í Borgarfjörð landsvegur samkvæmt vegalögum. Undir framkvæmdum við þennan kafla leiðarinnar verður staðið með veggjöldum samkvæmt hugmyndum flutningsmanna.
3. Norðurvegur tengist hinu almenna vegakerfi um Hvítársíðu, en nauðsynlegar lagfæringar ásamt brúm á veginum niður Hvítársíðu á 11 km kafla kosta um 400 millj. kr. Þessi vegaframkvæmd er innan samgönguáætlunar svo að ekki er eðlilegt að greitt sé veggjald af henni fremur en af tengivegum við Hvalfjarðargöng.

Norðurvegur eins og honum hefur verið lýst hér styttir leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 42 km, um sömu vegalengd og Hvalfjarðargöng. Og nú hefur það gerst að Reykjavíkurhöfn, Akraneshöfn, Borgarneshöfn og Grundartangahöfn hafa sameinast í eitt fyrirtæki þannig að hagræðið getur orðið enn meira en hér hefur verið lýst varðandi inn- og útflutning þar sem búast má við meiri umsvifum í Grundartangahöfn en ella.

Á síðustu árum hefur veginum milli Akureyrar og Reykjavíkur verið lítið sinnt. Þó hafa þungaflutningar milli Norðurlands og Reykjavíkur vaxið jafnt og þétt og eru komnir langt fram úr því sem vegurinn var byggður fyrir. Og enn má búast við að umferð fari verulega fram úr því sem nú er talið. Það er því fyrirsjáanlegt að í náinni framtíð verður að leggja í mikinn kostnað við að endurbyggja hringveginn og leikur hann á milljörðum króna. Nema Norðurvegur verði lagður.

Flutningsmönnum er ekki kunnugt um að gerð hafi verið raunhæf kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um nauðsynlegar endurbætur vegarins milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þó liggur fyrir að hann er hættulegur á löngum köflum eins og í Norðurárdal í Skagafirði og um Stafholtstungur. Annars staðar er vegurinn of mjór og veikur fyrir þá umferð sem um hann fer. Vegagerðin hefur lagt fram tillögur um styttingu hringvegarins milli Akureyrar og Reykjavíkur. Annars vegar eru uppi hugmyndir um nýja brú yfir Héraðsvötn í Skagafirði til að sneiða fram hjá Varmahlíð, sem kostaði 540 millj. kr. En stytti þó ekki leiðina nema um 3,5 km. Hins vegar er talað um að leggja veg yfir Blöndu í Langadal, hjá Móbergi, til þess að þurfa ekki að taka krókinn niður á Blönduós og stytti það leiðina um 14 km, en kostaði 960 millj. kr. Þessum fjármunum, 1,5 milljörðum kr., yrði betur varið í fyrsta áfanga Norðurvegar eða úr Norðurárdal yfir Héraðsvötn að Blöndulóni. Sem auðvitað hefði þann kost

einnig að hringvegurinn lægi áfram um Blönduós. Auðgert er að benda á ýmsa kafla hringvegarins milli Akureyrar og Reykjavíkur sem dugað gætu enn um sinn án verulegra endurbóta ef létt yrði á þungaflutningunum með Norðurvegi. Af þeim sökum telja flutningsmenn eðlilegt að miða við að einkaframkvæmdin standi undir veginum frá Blöndulóni í Borgarfjörð. En vitaskuld verður ekki ráðið fram úr álitamálum í því sambandi nema í samningum ríkisvaldsins við það félag sem stofnað yrði um framkvæmdina og rekstur hennar.

Áður en samgönguáætlun sú sem nú er í gildi var unnin hafði tillaga til þingsályktunar um Norðurveg verið lögð fram á Alþingi en henni var hafnað af ókunnum ástæðum. Á hinn bóginn eru vegir yfir Kjöl og Kaldadal þar á blaði. Eftir lagningu Norðurvegar er ekki sama nauðsyn á vegi yfir Kjöl og áður, en á hinn bóginn mun vegur um Kaldadal enn stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 40 km eða samtals um 82 km. Í því sambandi ber að athuga að vegur um Kaldadal fellur utan ramma þessarar tillögu. Enn fremur er þess að gæta að flutningsmenn sjá ekki fyrir sér að vegur um Kaldadal liggi niður í þjóðgarðinn heldur verði lagður eftir bökkunum vestan við hann, og vilja þeir með því virða friðhelgi Þingvalla.


Veglína Norðurvegar liggur hátt á löngum kafla, en menn skyldu varast að gera of mikið úr því. Svo er einnig um hringveginn og stöku fjallvegi að veglínan liggur hátt. Ekki er nema áratugur síðan byrjað var að halda veginum yfir Möðrudalsöræfi opnum að vetrarlagi. Fyrst tvo daga í viku og nú allan ársins hring nema í stórhríðum eins og annars staðar á landinu, á láglendi sem á fjallvegum, enda hefur verið lagður þar nýr vegur. Söm verður reynslan af Norðurvegi.

Á síðustu árum hafa sjónarmið í vegagerð verið að breytast, enda verður búið að tengja alla þéttbýlisstaði við hringveginn innan fárra ára. Nú láta menn sér ekki lengur nægja að komast á leiðarenda heldur vilja þeir fara stystu leiðina. Það dregur úr mengun, það sparar tíma og það sparar peninga. Í sumum dæmum getur flutningskostnaðurinn ráðið úrslitum um það hvort hægt sé að reka iðnfyrirtæki á Akureyri eins og við höfum dæmin um. Þess vegna er nú í athugun hvort gerlegt sé fyrir ríkið að greiða niður hluta flutningskostnaðarins eftir vissum reglum þannig að það brjóti ekki í bága við samkeppnisreglur innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftir að vegagerð um Norðurárdal í Skagafirði lýkur er eðlilegt að leggja í framkvæmdir við Norðurveg. En til þess að það megi takast verður að hefjast handa við undirbúning þegar í stað. Flutningsmenn telja að reikna verði með fimm árum til þess að hanna veginn og ljúka mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir gætu tekið tvö til þrjú ár, ef ekki stæði á peningum. Kárahnjúkavegur var byggður að haustlagi og fram í desember og hann lagður bundnu slitlagi um sumarið. Veður ættu ekki að verða til trafala á Norðurvegi fremur en þar.

Tillögu þessari til þingsályktunar fylgja þrjú fylgiskjöl. Í fylgiskjali I er sýndur Norðurvegur, sá hluti hans sem þessi tillaga tekur til. Í fylgiskjali II er sýnd leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur eftir að Norðurvegur hefur verið lagður. Fylgiskjal III er „Bein leið“, viðskiptaáætlun um einkarekinn hálendisveg, unnin af MBA-nemum í viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Fylgiskjal I.



Reykjavík - Akureyri
um Borgarfjörð og Stórasand

Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.

Bein leið. Viðskiptaáætlun um einkarekinn hálendisveg.
Unnin fyrir Beina leið hf. af Elínu Gylfadóttur, Geir Thorsteinssyni, Guðmundi Sigurbergssyni og Sveini Óskari Sigurðssyni, MBA-nemum við viðskiptadeild Háskóla Íslands.
(Reykjavík, október 2003.)


Samantekt.

Bein leið hf. hefur í hyggju að leggja nýjan hálendisveg sem styttir leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar um 82 kílómetra, úr 389 km í 307 km.

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 5.550.000.000 kr. á verðlagi ársins 2003. Gert er ráð fyrir 20 % eigið fé og 80 % lánsfé. Eigin fjár er aflað með sölu hlutafjár á genginu 1,0. Tekjur fyrirtækisins eru veggjöld af umferð um veginn. Gjaldskrá tekur mið af stærð og þyngd ökutækja sem um veginn fara. Innheimta veggjalda fer að öllu leyti fram með rafrænum hætti. Taka á veginn í notkun 23. október 2008 og er áætlaður rekstrartími til og með árinu 2033.

Gert er ráð fyrir að Bein leið hf. nái 75% markaðshlutdeild af heildarumferðinni á milli Norður- og Suðurlands, sem er 900 bílar á dag að meðaltali. Sumarumferð er ⅔ af heildarumferð. Reiknað er með 3,3% árlegum vexti umferðar.

Framkvæmdin er arðbær. Innri vextir eru 15,13% og verðmæti eigin fjár tæplega fjórfaldast á tímabilinu.



1. Viðskiptaáætlun Beinnar leiðar hf.


1.1 Hugmyndin.

Að leggja tvíbreiðan heilsársveg stystu færu leið á milli Suðurlands og Norðurlands.


Vegagerð ríkisins hefur velt fyrir sér ýmsum möguleikum á styttingu leiða á millli Norður- og Suðurlands, meðal annars út frá þjóðhagslegri hagkvæmni og tengingu við núverandi vegakerfi og/eða nýja vegi austur á bóginn (Stytting leiða, áætlunardeild, janúar 2003). Í þessari áætlun verður metið hvort einkarekin fjármögnun á þessari stystu leið milli þessara landshluta muni bera sig.

Á mynd 1 sést hvar meginþungi umferðarinnar á landinu er. Á mynd 2 eru sýndar þær leiðir sem voru kannaðar m.t.t. til þess hvort hagkvæmt væri að leggja slíkan veg og reka hann, sem og leiðin sem var valin. Við frumkönnun kom í ljós að aðrar leiðir voru dýrari í framkvæmd m.a. vegna gangagerðar ofan í Eyjafjörð og veðurfars.

Mynd 1.



Mynd 2.



Niðurstaða hópsins var því að velja leið 1b sem kemur fram á mynd 2. Hún liggur frá þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum, sem ný leið upp Uxahryggi og Kaldadal, þaðan austur fyrir Strút og yfir Norðlingafljót á nýrri brú, og austur yfir sunnanverða Arnarvatnsheiði og áfram austur yfir Stórasand, fyrir sunnan Blöndulón á nýrri brú yfir Blöndu og um Gilhagadal yfir Eystri Jökulsá fyrir neðan Villinganes á nýrri brú og kemur inn á nýjan veg á hringveginum fyrir neðan Kjálka í Austurdal, á móts við Silfrastaðafjall. Samtals 185 km af nýlögðum vegi (sjá fylgiskjal um styttingu leiða).

1.2 Sérstaða vegarins.

Vegurinn styttir leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 82 kílómetra miðað við hringveginn í dag. Það er engin önnur leið sem styttir jafnmikið vegalengdina á milli Norður- og Suðurlands.


2. Staða og stefna.

2.1 Þörfin.

a. Verið er að uppfylla þarfir sem þegar eru fyrir hendi; þörfina á því að komast á sem stystum tíma á milli tveggja staða og jafnframt lækka flutningskostnað sem og slit á bifreiðum.

b. Núverandi vegalengd til Akureyrar er það löng að fáir gætu hugsað sér að skreppa að morgni og koma aftur að kvöldi. Núverandi leið er 389 kílómetrar en áætluð ný leið er 307 km og því er styttingin 82 km eða tæpur klukkutími í akstri m.v. 90 km meðalhraða á klst. Flutningar á milli Norður- og Suðurlands á vörum myndu leiða til lægri flutningskostnaðar (samgönguráðuneytið, skýrsla nefndar um flutningskostnað, janúar 2003). Vegurinn liggur hæst á samtals 15 km kafla um Stórasand og austan Aðalmannsvatns í um 700 m hæð yfir sjávarmáli. Aðrir hlutar leiðarinnar liggja lægra.

Mynd 3.



2.2 Markmið.

Markmið er að stytta ferðatíma og auka öryggi vegfarenda á leiðinni á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ferðatími yrði skemmri en fjórir tímar, frá Sauðárkróki yrði hægt að fara á innan við þremur tímum. Miðað er við 90 km meðalhraða á klukkustund.

2.3 Núverandi staða.

Á milli Akureyrar og Reykjavíkur eru núna 389 kílómetrar af tvíbreiðum vegi með bundnu slitlagi. Nokkrar einbreiðar brýr eru á leiðinni og vegurinn sumstaðar hæðóttur og krókóttur með kröppum beygjum sem óhjákvæmilega eykur slysahættu.

Með tilkomu Hvalfjarðarganga styttist leiðin til Akureyrar um 42 kílómetra. Á verðlagi í október 2003 var kostnaðurinn við þau göng um 6,3 milljarðar króna (Sjá fylgiskjal: Fjármögnun og kostnaður Hvalfjarðarganga). Þar var ekki tekinn með sá kostnaður sem kom til vegna vegatenginga norðan og sunnan þeirra. Gera má ráð fyrir að sá kostnaður hafi verið a.m.k. 300 millj. kr. á verðlagi í janúar 2003.

2.4 Leiðir til að ná markmiðum.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um að leggja hálendisvegi. Hópurinn sem vann að þessari viðskiptaáætlun komst að þeirri niðurstöðu að leið 1b, sem sýnd er á mynd 2, væri hagkvæmasta leiðin til þess að stytta vegalengdina á milli Norður- og Suðurlands. Lagt er til að stofnað verði hlutafélag um byggingu og rekstur þessa vegar. Hlutafélagið sæi um rekstur hans fram til ársins 2032. Að þeim tíma liðnum fengi ríkið veginn til afnota, eða fyrirtækið sæi um áframhaldandi rekstur samkvæmt nánara samkomulagi. Fjármögnun yrði með hlutafé sem samsvaraði 20% af fjármögnunarþörf fyrirtækisins en 80% yrðu fjármögnuð með lánsfé.

2.4 SVÓT-greining.

Á mynd 4 eru þeir þættir sem styrkja, veikja, ógna og skapa tækifæri fyrir hinn nýja veg. Byggðapólitík sker sig úr vegna þeirrar sérstöðu að hún kemur fram í öllum fjórum þáttum greiningarinnar. Má því ætla að huga þurfi sérstaklega að slíkum sjónarmiðum og vanda sérstaklega undirbúning sem snýr að kynningu vegarins á þessum vígstöðvum.

Mynd 4.

SVÓT greining fyrir Beina Leið

Styrkleikar:	**Veikleikar:**
Tímasparnaður Kostnaðarsparnaður Ný fyrirtæki á landsbyggðinni Ferðaþjónusta (Heilsárstúrismi) Frítími (meiri umferð) Byggðapólitík Póstitívur rekstur (15% IRR) Afturkræf framkvæmd þjóðhagslegur sparnaður Ný útivistarsvæði opnast Fækkun slysa vegna betri vega Hringvegur um Vesturland Nýjar rútuleiðir Rafræn gjaldtaka - Skuggagjöld Ekki virkt sprungu- /eldfjallasvæði	Veðurfar Umhverfismál Byggðapólitík Rekstur (ekki allir dagar færir) Sjónræn Náttúruspjöll Gjaldtaka (uppsetning, rekstur, viðhorf)
Ógnanir:	**Tækifæri:**
Ný leið um Sprengisand / Kjöl Umhverfismál Ný samgöngutækni Veðurfar Byggðapólitík Jarðsig á Þingvöllum, umferð um þjóðgarðinn	Byggðapólitík Færa NA-land nær Evrópu (flutningar vöru og þjónustu) Betri nýting skíðasvæða á Norðurlandi Ný útivistarsvæði opnast - fleiri tækifæri í ferðaþjónustu

2.5 Form fyrirtækisins.
Lagt er til að stofnað verði hlutafélagið Bein leið hf.

3. Stofnendur, eigendur, stjórnskipulag.
3.1 Stofnun félagsins.
Gert er ráð fyrir samkeppnisútboði með sölutryggingu vegna stofnunar Beinnar leiðar hf. Útboðið hefði það markmið að ná sem hagkvæmustum samningum varðandi stofnun Beinnar leiðar hf. og útgáfu hlutabréfa félagsins.

3.2 Eigendur.
Eigendur væru hluthafar í Beinni leið hf., samkvæmt drögum að stofnsamningi fyrir hlutafélagið sem er í viðauka: Drög að stofnsamningi.

3.3 Stjórnskipulag.
Gert er ráð fyrir fimm manna stjórn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum til viðbótar á skrifstofu Beinnar leiðar hf. Á byggingarstigi er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu verkfræðistofu og almannatengslafyrirtækis.


3.4 Samþykktir.
Sjá drög að samþykktum fyrir Beina leið hf. í fylgiskjali

3.5 Framkvæmdastjórn.
Gert er ráð fyrir því að stjórnin skipti með sér verkefnum og stjórnarmenn hafi sérþekkingu á viðfangsefninu.

3.6 Skrifstofa.
Skrifstofa verður í leiguhúsnæði og gert er ráð fyrir 150 fermetra húsnæði, sem skiptist í þrjár skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofu, salerni og ræstikompu. Leiguverð á góðu skrifstofuhúsnæði í dag er á bilinu 1000–2000 kr. á fm.

4. Varan – lýsing og sérstaða.
4.1 Lýsing vegar.
Kort 1 sýnir vegi á Íslandi eftir flokkun þeirra. Innsett er stækkað kort af þeirri leið sem valin var. Dökka línan sýnir legu vegar Beinnar leiðar hf.

Kort 1.



4.2 Umferð.

Þegar skoðuð er mynd 1 sést glöggt hver meðaltalsumferðin er á dag miðað við heilt ár og er þá talað um ársdagsumferð (hér eftir ÁDU) á mismunandi stöðum á landinu. Fáir kaflar á hringveginum hafa ÁDU yfir 1000 bíla. Samkvæmt tölum Vegagerðarinnar var ÁDU á Holtavörðuheiðinni árið 2002 963 bílar og við Blönduós var umferðin að meðaltali 905 bílar. Á Öxnadalsheiðinni er fjöldinn 765 og í Vatnsskarði 881.

Mynd 5.

NR	*Vegheiti*	*Ár*	*ADU*	*SDU*	*VDU*	*Min*	*Max*
3	Holtavörðuheiði	2002	963	1531	557	22	4464
4	Öxnadalsheiði	2002	765	1233	462	24	3070
24	Vatnsskarð	2002	881	1486	484	13	4995
38	Blönduós	2002	905	1440	553	15	4161

Skýringar:

ÁDU = Ársdagsumferð, meðalumferð á dag, yfir
SDU = Sumardagsumferð, meðalumferð á dag, mánuðina frá og með júní til og með september ár
VDU = Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag, mánuðina janúar, febrúar, mars og desember ár


Með tilliti til þessara talna meta skýrsluhöfundar að heildarmarkaður Beinnar leiðar hf. sé 900 ÁDU, miðað við rauntölur ársins 2002. Þegar sumarumferð ársins 2003 er skoðuð kemur í ljós að umferðin hefur dregist saman um tæplega 2% á milli ára. Þessar tölur eru notaðar til þess að leiðrétta áður útgefnar upplýsingar um áætlaðar umferðartölur Vegagerðarinnar um heildarakstur á Íslandi. Heildarfjöldi ekinna kílómetra á Íslandi í milljónum ekinna kílómetra er eftirfarandi:

Ár	Millj. km	Aukning milli ára
1989	1591	
1990	1612	1,3%
1991	1778	10,3%
1992	1788	0,6%
1993	1784	-0,2%
1994	1842	3,3%
1995	1860	1,0%
1996	1963	5,5%
1997	2005	2,1%
1998	2100	4,7%
1999	2243	6,8%
2000	2332	4,0%
2001	2426	4,0%
2002 (áætlað)	2523	4,0%
	Að meðaltali á ári:	3,6%

Í þessari töflu er árlegur meðalvöxtur umferðar á Íslandi öllu u.þ.b. 3,6%. Tölurnar fyrir árið 2002 eru í töflunni áætlaðar og því virðist vöxturinn á milli áranna 2001 og 2002 miðað við sumardagsumferð (SDU), við talningarstaðina fyrir norðan; Holtavörðuheiði, Blönduós, Vatnsskarð og Öxnadal, ekki verða 4% eins og gert var ráð fyrir.


Gera má ráð fyrir einhverskonar sveiflum í umferðinni, eins og kemur fram í töflunni, því á milli áranna 1991 og 1992 var einungis 0,6% aukning og fækkun varð frá árinu 1992 til ársins 1993 um 0,2%, eins og kemur fram á mynd 6.

Mynd 6.



Þegar búið er að leiðrétta árið 2002 vegna minni sumarumferðar og gerð línuleg aðhvarfsgeining (linear regression) fram til ársins 2032, eins og kemur fram á mynd 7, sést að fjöldi ekinna kílómetra eykst að meðaltali um 3,3% á ári. Þessi línulega áætlun er marktæk miðað við þær tölur sem hún er unnin út frá. Fylgnistuðull er tæplega 96%.

Mynd 7.



Eknir km í flutningum á þjóðvegum hafa aukist um 3,52% á ári undanfarin 10 ár, voru 806 millj. km árið 1990 og 1100 millj. km árið 2000 (samgönguráðuneytið, Skýrsla nefndar um flutningskostnað, janúar 2003). Slíkt bendir í sömu átt, umferð eykst á bilinu 3,3% til 3,6% á ári.

Til þess að meta hversu margir muni nota Beina leið hf. má skoða tölur um ÁDU hér að framan við þá fjóra vegpunkta, sem mælingar voru fengnar frá, þ.e. Holtavörðuheiði, Blönduós, Vatnsskarð og Öxnadal. Gera má ráð fyrir að sá meðalfjöldi sem að lágmarki færi á milli Norður- og Suðurlands, miðað við ÁDU, væri 900 bílar og því er ársumferðin að meðaltali 328.500 bílar árið 2002. Það er sú viðmiðun sem viðskiptaáætlunin byggist á.

Við útreikninga er umferðin fyrir árið 2002 notuð og bætt við 3,3% árlegum vexti og þannig er reiknuð umferðarspá fram til ársins 2032. Þetta telur hópurinn varfærna áætlun.

Við byggingu Hvalfjarðarganga kom í ljós að umferðin varð meiri en spár gerðu ráð fyrir. Leiða má líkur að því að sama gildi um Beina leið (orsökuð umferð).

4.3 Stytting vegalengda

Bein leið mun stytta leiðina til Akureyrar um 82 km, eða sem samsvarar u.þ.b. klukkutíma í akstri miðað við 90 km meðalhraða.


Vegalengdir frá Reykjavík.

Staður	km nú	km verður	Stytting km	Stytting %	Stytting mín.
Akureyri	389	307	82	21%	55
Blönduós	244	251	–7	–3%	–5
Sauðárkrókur	319	270	49	15%	33
Siglufjörður	401	353	48	12%	32
Ólafsfjörður	414	368	46	11%	31

Taflan sýnir hlutfallslega styttingu leiða til nokkura staða á Norðurlandi. Vegurinn verður beinni en núverandi hringvegur. Einnig stafar minni hætta af búfénaði. Aðrar óbeinar slysagildrur, s.s. krappar beygjur, einbreiðar brýr og blindhæðir verða einnig færri.

Á mynd 8 sést hlutfallslegur sparnaður í kílómetrum við að fara Beina leið norður eða suður. Miðað er við fjarlægðir frá Reykjavík.

Mynd 8.



4.4 Umhverfismál.

Með vísun til 5. og 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og 1. viðauka þeirra, liðar 10 ii, er skylt að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Þarna er um að ræða nýlagningu vegar utan þéttbýlis, ef nýlögn er lengri en 10 km.

Leiðin er hálendisvegur, sem ætlunin er að leggja yfir svæði, sem eru að hluta friðuð. Vegurinn liggur um þjóðgarðinn á Þingvöllum frá þjónustumiðstöðinni og upp á Kaldadal. Þjóðgarðurinn er friðaður og Geitland er friðað svæði samkvæmt náttúruverndarlögum. Arnarvatnsheiði er óspillt svæði sem taka þarf sérstakt tillit til. Einnig þarf að taka tillit til votlendis, fuglalífs sem og fiskvega á milli vatna og spilla sem minnst núverandi umhverfi, enda er það markmið Beinnar leiðar hf. að spilla sem minnstu í umhverfi og náttúru Íslands.

4.5 Ytri aðstæður.

Ytri aðstæður eru góðar. Vegurinn liggur um tiltölulega snjólétt svæði miðað við önnur hálendissvæði.

5. Markaðsmál, sölumál, samkeppni.

5.1 Þörf.

Sparnaður við að fara á milli Norður- og Suðurlands er mikill, bæði í tíma og sliti á farartækjum. Ef reiknaður er 1 klst tímasparnaður á hvern bíl sem færi veginn og miðað við 75% markaðshlutdeild Beinnar leiðar hf., þá er tímasparnaður allra samtals 246.375 tímar. Hver tími er reiknaður á 500 krónur. Árlegur sparnaður verður 123.187.500 kr. Reynslan sýnir að um leið og komin er styttri vegur er hann nýttur af nánast öllum vegfarendum.

5.2 Umferð um veginn.

Ætla má að flestir sem erindi eiga á milli Norður- og Suðurlands myndu nota veginn. Í arðsemisspá var farið varfærnislega í að meta umferð. Teknar voru niðurstöður umferðarmælinga frá Vegagerðinni á Holtavörðuheiði, við Blönduós, í Vatnsskarði og á Öxnadal (sjá mynd 5). Reiknað er með að 75% af heildarumferðinni á milli Norður- og Suðurlands fari um veg Beinnar leiðar hf.

5.3 Stærð markaðar.

Markaður Beinnar leiðar hf. er öll umferð á milli Norður- og Suðurlands, að viðbættri allri orsakaðri umferð, sem og aukin umferð vegna ferðalaga um svæði sem áður var ekki fært, þ.e. ný útivistarsvæði opnast. Jafnframt má gera ráð fyrir því að þeir sem þurfa að fara í ofanverðan Borgarfjörð myndu nýta sér þennan nýja veg.

Stærð markaðarins er metinn í heild miðað við þann fjölda bifreiða sem aka um Blönduós. Gera má ráð fyrir árlegri aukningu á umferð á bilinu 3,3% til 3,6%. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar og niðurstöðu nefndar um samgöngumál þá aukast flutningar á milli ára um 3,5%. Umferðartölur frá Speli ehf. sýna 3,6% aukningu á milli ára. Í viðskiptaáætluninni er tekið mið af lægstu tölunni samkvæmt varfærnisreglu. Heildarumferðin fyrir árið 2003 verður því 900 bílar x 365 dagar á ári x 1,033 eða alls 339.341 bílar. Árið 2004 er þessi tala kominn upp í 350.539 bíla.

5.4 Áætluð markaðshlutdeild.

Vænt ársumferð árið 2003 á milli Norður- og Suðurlands er 339.341 bílar. Í viðskiptaáætluninni er gert ráð fyrir 75% markaðshlutdeild.

5.5 Markhópar.

Einkabílstjórar, flutningsfyrirtæki, ferðaþjónusta, fólksflutningar.

5.6 Kröfur viðskiptavina.

Góður og öruggur vegur, gott viðhald og góð þjónusta, s.s. upplýsingar um færð og veður, snjómokstur, hálkueyðing o.fl.

5.7 Samkeppnisvegir.

Helsta samkeppnin er frá hringveginum og að einhverju marki frá öðrum vegum yfir hálendið.

5.8 Verð.

Verðstefna fyrirtækisins tekur mið af kostnaði á hvern ekinn kílómetra, samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) fyrir árið 2003.

	kostnaður á km	sparnaður í km	sparnaður í kr.
FÍB-tölur	48,79	82	4000,78

Eins og sést er sparnaður við rekstur meðalfólksbíls, 48,79 kr. á hvern ekinn kílómetra. Sparnaður samkvæmt því er rúmlega 4.000 kr. vegna styttingar leiðar um 82 kílómetra. Akstursgjald skv. Ferðakostnaðarnefnd ríkisins er nú kr. 56,50 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldskrá Beinnar leiðar hf tekur mið af gjaldskrá Spalar ehf. Grunngjaldið er hærra. Þeim sem ekki greiða fyrirfram er veittur 10% afsláttur ef farnar eru fleiri en 10 ferðir innan sama mánaðar. Þessi afsláttur reiknast rafrænt eftir á og greiðist sem inneign fyrir eina ferð.

Gjaldskrá Beinnar leiðar lítur þannig út miðað við 3000 kr. grunngjald.

Gjaldskrá Beinnar leiðar

Veggjald á Beinni leið er í þremur flokkum eftir lengd ökutækja og að auki er sérstakur gjaldflokkur fyrir vélhjól. Í ríkissjóð rennur 14% virðisaukaskattur af veggjaldinu. Afsláttur reiknast rafrænt og er veittur eftir á, um hver mánaðarmót miðað við fjölda ferða hjá þeim sem ekki greiða fyrirfram.

1. gjaldflokkur

Ökutæki styttri en 6 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	3.000 kr.
5 ferðir – afsláttarkort	2.100 kr.
10 ferðir – áskrift	1.500 kr.
meira en 100 ferðir	1.320 kr.

Ath.: Sama gjald er fyrir bíla í 1. flokki dragi þeir tengitæki (t.d. hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagn) eða eftirvagna sem ekki eru skráningarskyldir (heildarþyngd undir 750 kg). Bílar sem draga skráningarskylda eftirvagna (heildarþyngd yfir 750 kg) færast upp í 2. gjaldflokk.

2. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 3)

Ökutæki 6 til 12 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	9.000 kr.
meira en 10 ferðir – áskrift	6.435 kr.

3. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 3,8)

Ökutæki lengri en 12 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	11.400 kr.
meira en 10 ferðir - áskrift	8.151 kr.

4. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 0,4)

Vélhjól:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	1.200 kr.
Afsláttur ef farið er oftar	840 kr.

Eins og kemur fram í fylgiskjali um áætlaðar tekjur af veginum liggja ákveðnar forsendur að baki, bæði hvað varðar umferðarmagn sem og skiptingu á umferðinni eftir þessum gjaldflokkum. Samkvæmt tölum Spalar ehf., þá nota u.þ.b. 70% af vegfarendum afsláttarkortin sem eru í boði. Við gerum ráð fyrir sömu skiptingu hjá Beinni leið hf. eins og kemur fram í fylgiskjali: Forsendur í gjaldskrá fyrir Beina leið hf., þá er reiknað með að meðalgreiðsla fyrir fólksbíla verði 2.172,00 kr. og meðalgreiðsla fyrir stærri bíla verði 7.584,00 kr.

5.9 Ímynd Beinnar leiðar hf.

Mikilvægt er að skapa trausta ímynd og veita góða þjónustu, þannig að vegurinn verði öruggur heilsársvegur. Merkið er því haft á bláum grunni, sem tákn um traust. Vegurinn er sýndur beinn, breiður og hindrunarlaus. Merkið býður vegfarendum að aka hinn nýja veg.



Fyrirtækið mun leggja áherslu á að skapa sér sterka ímynd hvað varðar öryggi og þjónustu. Allir þættir viðhalds og þjónustu verða boðnir út samkvæmt þjónustustöðlum Beinnar leiðar hf.

5.10 Innheimtukerfi.

Gert er ráð fyrir því að innheimtukerfið verði algjörlega rafrænt. Skynjarar lesa af svokölluðu snjallkorti og færa til greiðslu strax eftir þeim fjölda ferða sem farnar eru um veginn í viðkomandi mánuði. Afsláttur er veittur á fyrirframgreiddum ferðum eins og áður hefur komið fram. Einnig reiknast afsláttur rafrænt hjá þeim sem ekki greiða fyrirfram þannig að tíunda hver ferð innan mánaðarins er ókeypis. Skynjarar munu greina auðkenni bifreiðarinnar (sjá nánar fylgiskjal um rafrænar greiðslur).

6. Kostnaður.

6.1 Rekstur skrifstofu.

Gert er ráð fyrir því að skrifstofan sé í 150 m^2 leiguhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu.

Allur hefðbundinn rekstur skrifstofu er í fjárhagsáætluninni. Gert er ráð fyrir föstum launum sem hér segir: Laun stjórnar, framkvæmdastjóra og tveggja skrifstofumanna (sjá áætlaðan rekstrarkostnað).

6.2 Áætlaður heildarkostnaður vegar.

Heildarkostnaður við framkvæmdina er samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins, reiknaður á meðalverðlagi ársins 2003 (vísitala vegagerðarkostnaðar 6940) alls 5.550.000.000 kr., er

hér gert ráð fyrir öllum hönnunar- og byggingarkostnaði vegar í flokki C1, sem er 7,5 metra breiður malbikaður vegur. Til viðbótar er reiknað með:

1. Byggingu miðstöðvar sunnan við Strút við brúna yfir Hvítá og tveimur neyðarskýlum. Gert er ráð fyrir 100 millj. kr. vegna þess.
2. Kostnaði við umhverfismat og frumhönnun samtals 45 millj. kr.
3. Útboði vegna stofnunar fyrirtækisins og kostnaði við útgáfu bréfa, 55 millj. kr.
4. Útboði vegna snjómoksturs og viðhalds.
5. Útboði vegna vegaeftirlits.
6. Uppsetningu og aðlögun rafræns skráningarkerfis 150 millj. kr. og uppsetningu vegvísa.
7. Öðrum rekstrarkostnaði vegna skrifstofu og starfsmannahalds.

6.3 Áætlaðar óbeinar tekjur þjóðarbúsins.


Hérna mætti t.d. reikna út sparnað í tíma og reikna t.d. ákveðinn meðalfjölda í bíl, t.d.tvo, og sparnað á hverri ferð, 52 mínútur sinnum fjölda ferða sinnum t.d. 500 kr. sem þjóðarbúið myndi hagnast um vegna vinnuframlags viðkomandi, því hann væri væntanlega að vinna. Sparnaður vegna fækkunar slysa. Gera má ráð fyrir því að slysatíðni sé minni á Beinni leið en t.d. á Vesturlandi sbr. niðurstöður kannana Vegagerðarinnar um minni slysatíðni á Holtavörðuheiði en annars staðar á þjóðvegi 1. Erfitt er þó að áætla þann sparnað. Einnig yrði minni mengun, og minna slit á bifreiðum. Verðlag gæti einnig lækkað á vörum vegna minni flutningskostnaðar. Hagkvæmara væri að reka fyrirtæki fyrir norðan en áður vegna minni kostnað við aðföng og flutninga.

6.4 Ýmsar forsendur útreikninga.

Forsendur viðskiptaáætlunarinnar koma fram í fylgiskjali merkt: Forsendur í Viðskiptaáætlun fyrir Beina leið hf.

7. Framkvæmdaáætlun.

Gert er ráð fyrir að byrja á árinu 2004 og hafa öll útboðsgögn tilbúin í lok árs 2005. Bygging vegar og brúa hefst árið 2006 og lýkur 23. október árið 2008. Vegurinn verður opnaður þann 23. október árið 2008.



7.1 Undirbúningur.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur hefjist á árinu 2004, eins og kemur fram í framkvæmdaáætluninni. Undirbúningur að stofnun félagsins fari jafnframt fram í lok árs 2003 og byrjun árs 2004, en þá er gert ráð fyrir að Bein leið hf. verði stofnað.

7.2 Umhverfismat.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum þarf umhverfismat að fara fram á veginum. Með vísun til 5. og 6. gr. laga nr. 106/2000 og 1. viðauka þeirra, liðar 10 ii, er skylt að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þ.e. nýbyggingar vegar utan þéttbýlis þegar nýlögn er lengri en 10 km.

7.3 Útboð.

Hér er listi yfir þau útboð sem þurfa að fara fram.

1. Útboð á stofnun félags og hlutafjársöfnun.
2. Útboð á frumdrögum og hönnun vegar.
3. Útboð á verklegum framkvæmdum.
4. Útboð á rafrænni innheimtu og uppsetningu tengdra mannvirkja.
5. Útboð á snjómokstri.
6. Útboð á viðhaldi vegar.
7. Útboð á eftirliti.

Gert er ráð fyrir kostnaði við þessi útboð í áætluninni.

7.4 Bygging vegar.

Hönnun og lega vegarins sem og annarra mannvirkja verður útlistuð nánar í byggingaráætlun, sem er ekki viðfangsefni þessarar skýrslu. Gert er ráð fyrir kostnaði sem til fellur vegna slíkrar hönnunar í fjárhagsáætluninni, sem og kostnaði við gjaldkerfið og uppsetningu þess. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði við upplýsingaskilti, þar sem leið liggur af þjóðvegi 1 í átt að Beinni leið, þ.e. í Mosfellsbæ, í Öxnadal og við Varmahlíð, sem og við Blönduós.

8. Stofnkostnaðaráætlun.


8.1 Stofnun félags.

		Afskrift %	2004	2005	2006	2007	2008
EIGNIR							
Fastafjármunir	**Án vsk**	5.627.526					
STOFNKOSTNAÐUR		3%	238.105	247.629	1.802.742	1.874.852	1.114.198
RAFRÆNT GREIÐSLUKERFI		10%	0	0	0	100.000	50.000
FRUMHÖ., STOFN. BL & UMHV.MAT		3%	100.000	0	0	100.000	0
Veltufjármunir	**R.Liðir**						
Skammtímakröfur	1,2,3,	0	0	0	0	0	0
Birgðir		15%					
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ							
Eigið fé		1.125.505	20,00%	Hlutf. eig.fjár			
Hlutafé			67.621	49.526	360.548	414.970	232.840
Annað eigið fé			0	0	0	0	0
		Láns tími					
Langtímaskuldir	**Vextir %**	í TB					
Veðskuldir	9%	30	0	0	0	0	0
Annuitetlán	9%	30	270.484	198.103	1.442.194	1.659.882	931.358
		Fj. daga/					
Skammtímaskuldir	**R.Liðir**	hlutfall					
Ýmsar skuldir			0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	5,6,7,	0%	0	0	0	0	0
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	,4,	0%	0	0	0	0	0

Hérna að ofan eru sýnd fyrstu fimm árin úr áætluðum efnahagsreikningi Beinnar leiðar hf. sem spannar hönnunar og byggingarfasa þar til byrjað er að selja aðgang að veginum.

8.2 Undirbúningur.

Hérna til hliðar eru fjárfestingar Beinnar leiðar, eins og þær koma fram í reikningum. Þær eru vegurinn, rafrænt greiðslukerfi sem og annar upphafskostnaður, þ.m.t. útboðskostnaður við stofnun Beinnar leiðar hf. og útgáfu- og sölukostnaður hlutabréfa.



8.3 Útboðskostnaður.

Inni í heildaráætlunum fyrir veg, stofnkostnað hlutafélagsins og rafræna greiðslukerfið er gert ráð fyrir útboðskostnaði þeirra vegna.

8.4 Húsnæði og innréttingar.

Gert er ráð fyrir að gjaldfæra leigu skrifstofuhúsnæðis og annan rekstrarkostnað. Húsgögn, tölvur og innréttingar verða tekin á rekstrarleigu og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í rekstrarreikningi.

8.5 Skráningar- og leyfisgjöld.

Gert er ráð fyrir að öll skráningar- og leyfisgjöld séu inni í framangreindum stofnkostnaði.

8.6 Sérfræðiaðstoð.

Öll sérfræðiaðstoð er aðkeypt og gert ráð fyrir þeim kostnaði í rekstrarreikningi.

9. Fjárhagsáætlun.

Hér að neðan er mynd sem sýnir rekstur Beinnar leiðar hf. fyrir árin 2004 til og með 2011. Reksturinn fyrir allt rekstrartímabilið eða til ársins 2033 er sýndur í heild á næstu blaðsíðum. Þar á eftir kemur rekstrarreikningur fyrir árin 2004 til og með 2033 sem og efnahagsreikningur fyrir sama tímabil. Að síðustu er sjóðsstreymi sömu ára sýnt.

Forsendur rekstrarreiknings.

	Skýr.		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
TEKJUR	Það sem liðið er á árinu		2008áætl. umferð		412.323Ðjó tilvísun í ársfjun			Hlf. fólksbíls	95,50%	
Útleiga fasteigna	Ásett. hlutf. um beina leið		75,00%		1.130-Fj. bíla á dag			Hlf. stóra b.	4,50%	
Fjöldi farmetra		Vöxtur á ári								
Bein leið-fólksbílar	Fj. fólksb.	3,30%	0	0	0	0	0	295.328	305.072	315.139
Bein leið-stærri farartæki	Fj. stærri b.	3,30%	0	0	0	0	0	13.918	14.375	14.850
Tekjur	Verð pr leið									
Bein leið-fólksbílar	1	3,00%	0	0	0	0	0	680.692	682.495	705.017
Bein leið-stærri farartæki	2	3,00%	0	0	0	0	0	108.704	112.292	115.997
Tekjur samtals			0	0	0	0	0	789.397	794.787	821.015
KOSTNAÐUR										
	Laun mán.	Vöxtur á ári								
Laun og launatengd gjöld										
Áætlaður fjöldi starfsmanna										
Framkvæmdastjóri			1	1	1	1	1	1	1	1
Bókhald			1	1	1	1	1	1	1	1
Ráðgjafar greiðslustöðvar			3	3	3	3	3	3	3	3
Eftirlit			4	4	4	4	4	4	4	4
Samtals			9	9	9	9	9	9	9	9
Launakostnaður										
Framkvæmdastjóri	850	3,00%	7.800	8.034	8.275	8.523	8.779	9.042	9.314	9.593
Bókhald	300	3,00%	3.600	3.708	3.819	3.934	4.052	4.173	4.299	4.428
Ráðgjafar greiðslustöðvar	100	3,00%	3.600	3.708	3.819	3.934	4.052	4.173	4.299	4.428
Eftirlit	300	3,00%	14.400	14.832	15.277	15.735	16.207	16.694	17.194	17.710
Laun og launatengd gjöld			29.400	30.282	31.190	32.126	33.090	34.083	35.105	36.158
	Kostn. á mán									
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður										
Skrifstofu-, húsaleiga og stjórnunarkostnaður	250	3,00%	3.000	3.022	3.045	3.067	3.090	3.113	3.136	3.159
Tölvu- og áhaldakostnaður	50	3,00%	600	604	609	613	618	623	627	632
Aðkeyptur ranneákna- og lögfrukostnaður	50	3,00%	600	604	609	613	618	623	627	632
Annað ófyrirséð	250	3,00%	3.000	3.022	3.045	3.067	3.090	3.113	3.136	3.159
Samtals 5			7.200	7.253	7.307	7.361	7.416	7.471	7.526	7.582
	Kostn. á mán									
Markaðskostnaður										
Sölukostnaður	50	3,00%	600	604	609	5.613	25.618	623	627	632
Annað ófyrirséð	100	3,00%	1.200	1.209	1.218	1.227	1.236	1.245	1.254	1.264
Samtals 6			1.800	1.813	1.827	6.840	26.854	1.868	1.882	1.896
	Kostn. á mán									
Rekstrarkostnaður										
Aðkeyptur verkkostnaður (t.d. snjómokstur)	1.000	3,00%	12.000	12.089	12.179	12.269	12.360	12.452	12.544	12.637
Annað ófyrirséð	500	3,00%	6.000	6.045	6.089	6.134	6.180	6.226	6.272	6.319
Samtals 7			18.000	18.134	18.268	18.403	18.540	18.678	18.816	18.956
Samtals kostnaður			56.400	57.482	58.592	64.731	85.900	62.099	63.329	64.592
Framlegð fyrir vexti, afskriftir og skatta			-56.400	-57.482	-58.592	-64.731	-85.900	707.298	731.458	756.423

9.1 Áætlaður rekstrarreikningur.

Skýr.		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
	Það sem bílarj. er á árinu	2000akv. umfrpöl		412.323Sjá tilvísun í ásetun		Hlf. fólksbíla		95,50%	
TEKJUR	Ásetl. hlutf. um beina leið	75,00%		1.130-Fj. bíla á deg		Hlf. stóra b.		4,50%	
Útleiga fasteigna	Vöxtur á ári								
Fjöldi farmeiva									
Bein leið-fólksbíar	3,30%	0	0	0	0	0	295.326	305.072	315.139
Bein leið-stærri farartæki	3,30%	0	0	0	0	0	13.916	14.375	14.850
Tekjur	Verð pr leið								
Bein leið-fólksbíar	3,00%	0	0	0	0	0	680.692	682.495	705.017
Bein leið-stærri farartæki	3,00%	0	0	0	0	0	108.704	112.292	115.997
Tekjur samtals		0	0	0	0	0	798.387	794.787	821.015
KOSTNAÐUR	Laun. Vöxtur								
Laun og launatengd gjöld	mán. ári								
Áætlaður fjöldi starfsmanna									
Framkvæmdastjóri		1	1	1	1	1	1	1	1
Bókhald		1	1	1	1	1	1	1	1
Rafræn greiðslustöðvar		3	3	3	3	3	3	3	3
Eftirlit		4	4	4	4	4	4	4	4
Samtals		9	9	9	9	9	9	9	9
Launakostnaður									
Framkvæmdastjóri 650	3,00%	7.800	8.034	8.275	8.523	8.779	9.042	9.314	9.593
Bókhald 300	3,00%	3.600	3.708	3.819	3.934	4.052	4.173	4.299	4.428
Rafræn greiðslustöðvar 100	3,00%	3.600	3.708	3.819	3.934	4.052	4.173	4.299	4.428
Eftirlit 300	3,00%	14.400	14.832	15.277	15.735	16.207	16.694	17.194	17.710
Laun og launatengd gjöld		29.400	30.282	31.190	32.126	33.090	34.083	35.105	36.158
	Kostn. á								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	mán								
Skrifstofu-, húsaleiga og stjórnunarkostnaður 250	3,00%	3.000	3.022	3.045	3.067	3.090	3.113	3.136	3.159
Tölvu- og áhaldakostnaður 50	3,00%	600	604	609	613	618	623	627	632
Aðkeyptur ræmaðkra- og tölvukostnaður 50	3,00%	600	604	609	613	618	623	627	632
Annað óhyrirséð 250	3,00%	3.000	3.022	3.045	3.067	3.090	3.113	3.136	3.159
Samtals 5		7.200	7.253	7.307	7.361	7.418	7.471	7.528	7.582
	Kostn. á								
Markaðskostnaður	mán								
Söiukostnaður 50	3,00%	600	604	609	5.613	25.618	623	627	632
Annað óhyrirséð 100	3,00%	1.200	1.209	1.218	1.227	1.236	1.245	1.254	1.264
Samtals 6		1.800	1.813	1.827	6.840	26.854	1.868	1.882	1.896
	Kostn. á								
Rekstrarkostnaður	mán								
Aðkeyptur verkkostnaður (t.d. snjómokstur) 1.000	3,00%	12.000	12.089	12.179	12.269	12.360	12.452	12.544	12.637
Annað óhyrirséð 500	3,00%	6.000	6.045	6.089	6.134	6.180	6.226	6.272	6.319
Samtals 7		18.000	18.134	18.268	18.403	18.540	18.678	18.816	18.956
Samtals kostnaður		56.400	57.482	58.592	64.731	85.900	62.099	63.329	64.592
Framlegð fyrir vexti, afskriftir og skatta		-56.400	-57.482	-58.592	-64.731	-85.900	707.298	731.458	756.423

	Skýr.		2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
TEKJUR												
Útleiga fasteigna												
Fjöldi fermetra												
Bein leið-fólksbílar		.....	325.539	336.282	347.379	358.843	370.685	382.917	395.553	408.607	422.091	436.020
Bein leið-stærri farartæki		.....	15.340	15.846	16.369	16.909	17.467	18.043	18.639	19.254	19.889	20.545
Tekjur												
Bein leið-fólksbílar	1	.....	728.283	752.316	777.143	802.789	829.281	856.647	884.916	914.118	944.284	975.446
Bein leið-stærri farartæki	2	.....	119.825	123.779	127.864	132.084	136.442	140.945	145.596	150.401	155.364	160.491
Tekjur samtals			848.108	876.096	905.007	934.872	965.723	997.592	1.030.512	1.064.519	1.099.648	1.135.937
KOSTNAÐUR												
Laun og launatengd gjöld												
Áætlaður fjöldi starfsmanna												
Framkvæmdastjóri		.....	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Bókhald		.....	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Rafrænar greiðslustöðvar		.....	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Eftirlit		.....	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Samtals			9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
Launakostnaður												
Framkvæmdastjóri		.....	9.881	10.177	10.483	10.797	11.121	11.455	11.798	12.152	12.517	12.892
Bókhald		.....	4.560	4.697	4.838	4.983	5.133	5.287	5.445	5.609	5.777	5.950
Rafrænar greiðslustöðvar		.....	4.560	4.697	4.838	4.983	5.133	5.287	5.445	5.609	5.777	5.950
Eftirlit		.....	18.241	18.789	19.352	19.933	20.531	21.147	21.781	22.435	23.108	23.801
Laun og launatengd gjöld			37.243	38.360	39.511	40.696	41.917	43.175	44.470	45.804	47.178	48.594
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður												
Skrifstofu-, húsaleiga og stjórnunarkostnaður		.....	3.183	3.206	3.230	3.254	3.278	3.302	3.327	3.352	3.377	3.402
Tölvu- og áhaldakostnaður		.....	637	641	646	651	656	660	665	670	675	680
Aðkeyptur rannsókna- og tölvukostnaður		.....	637	641	646	651	656	660	665	670	675	680
Annað óflyrirséð		.....	3.183	3.206	3.230	3.254	3.278	3.302	3.327	3.352	3.377	3.402
Samtals	5		7.638	7.695	7.752	7.810	7.868	7.926	7.985	8.044	8.104	8.164
Markaðskostnaður												
Sölukostnaður		.....	637	641	646	651	656	660	665	670	675	680
Annað óflyrirséð		.....	1.273	1.283	1.292	1.302	1.311	1.321	1.331	1.341	1.351	1.361
Samtals	6		1.910	1.924	1.938	1.952	1.967	1.981	1.996	2.011	2.026	2.041
Rekstrarkostnaður												
Aðkeyptur verkkostnaður (t.d. snjómokstur)		.....	12.731	12.825	12.920	13.016	13.113	13.210	13.308	13.407	13.506	13.606
Annað óflyrirséð		.....	6.365	6.413	6.460	6.508	6.556	6.605	6.654	6.703	6.753	6.803
Samtals	7		19.096	19.238	19.381	19.524	19.669	19.815	19.962	20.110	20.259	20.409
Samtals kostnaður			65.887	67.217	68.582	69.983	71.421	72.897	74.413	75.969	77.567	79.208
Framlegð fyrir vexti, afskriftir og skatta			782.221	808.879	836.425	864.889	894.302	924.694	956.099	988.550	1.022.081	1.056.729

	Skýr.	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
TEKJUR													
Útleiga fasteigna													
Fjöldi fermetra													
Bein leið-fólksbílar		450.408	465.272	480.626	496.486	512.870	529.795	547.278	565.339	583.995	603.267	623.174	643.739
Bein leið-stærri farartæki		21.223	21.924	22.647	23.395	24.167	24.964	25.788	26.639	27.518	28.426	29.364	30.333
Tekjur													
Bein leið-fólksbílar	1	1.007.635	1.040.887	1.075.237	1.110.719	1.147.373	1.185.237	1.224.349	1.264.753	1.306.490	1.349.604	1.394.141	1.440.147
Bein leið-stærri farartæki	2	165.787	171.258	176.910	182.748	188.778	195.008	201.443	208.091	214.958	222.052	229.379	236.949
Tekjur samtals		1.173.423	1.212.146	1.252.146	1.293.467	1.336.152	1.380.245	1.425.793	1.472.844	1.521.448	1.571.655	1.623.520	1.677.096
KOSTNAÐUR													
Laun og launatengd gjöld													
Áætlaður fjöldi starfsmanna													
Framkvæmdastjóri		1	1	1	1	1	1	1	1	1	2	3	4
Bókhald		1	1	1	1	1	1	1	1	1	2	3	4
Rafrænar greiðslustöðvar		3	3	3	3	3	3	3	3	3	4	5	6
Eftirlit		4	4	4	4	4	4	4	4	4	5	6	7
Samtals		9	9	9	9	9	9	9	9	9	13	17	21
Launakostnaður													
Framkvæmdastjóri		13.279	13.677	14.088	14.510	14.946	15.394	15.856	16.331	16.821	34.652	53.538	73.525
Bókhald		6.129	6.313	6.502	6.697	6.898	7.105	7.318	7.538	7.764	15.993	24.710	33.935
Rafrænar greiðslustöðvar		6.129	6.313	6.502	6.697	6.898	7.105	7.318	7.538	7.764	10.662	13.728	16.967
Eftirlit		24.515	25.250	26.008	26.788	27.592	28.420	29.272	30.150	31.055	39.983	49.419	59.385
Laun og launatengd gjöld		50.052	51.553	53.100	54.693	56.333	58.023	59.764	61.557	63.404	101.291	141.394	183.812
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður													
Skrifstofu-, húsaleiga og stjórnunarkostnaður		3.427	3.452	3.478	3.504	3.530	3.556	3.582	3.609	3.635	3.662	3.690	3.717
Tölvu- og áhaldakostnaður		685	690	696	701	706	711	716	722	727	732	738	743
Aðkeyptur rannsókna- og tölvukostnaður		685	690	696	701	706	711	716	722	727	732	738	743
Annað ófyrirséð		3.427	3.452	3.478	3.504	3.530	3.556	3.582	3.609	3.635	3.662	3.690	3.717
Samtals	5	8.224	8.285	8.347	8.409	8.471	8.534	8.597	8.661	8.725	8.790	8.855	8.921
Markaðskostnaður													
Sölukostnaður		685	690	696	701	706	711	716	722	727	732	738	743
Annað ófyrirséð		1.371	1.381	1.391	1.401	1.412	1.422	1.433	1.443	1.454	1.465	1.476	1.487
Samtals	6	2.056	2.071	2.087	2.102	2.118	2.133	2.149	2.165	2.181	2.197	2.214	2.230
Rekstrarkostnaður													
Aðkeyptur verkkostnaður (t.d. snjómokstur)		13.707	13.809	13.911	14.014	14.118	14.223	14.329	14.435	14.542	14.650	14.758	14.868
Annað ófyrirséð		6.854	6.904	6.956	7.007	7.059	7.112	7.164	7.217	7.271	7.325	7.379	7.434
Samtals	7	20.561	20.713	20.867	21.022	21.178	21.335	21.493	21.652	21.813	21.975	22.138	22.302
Samtals kostnaður		80.893	82.623	84.400	86.225	88.100	90.025	92.004	94.036	96.123	134.253	174.601	217.265
Framlegð fyrir vexti, afskriftir og skatta		1.092.530	1.129.523	1.167.746	1.207.242	1.248.052	1.290.219	1.333.789	1.378.808	1.425.325	1.437.403	1.448.920	1.459.831

9.2 Rekstrarreikningur.

	Skýr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
REKSTRARTEKJUR															
Bein leið-fólksbílar	1	0	0	0	0	0	660.692	682.495	705.017	728.283	752.316	777.143	802.789	829.281	856.647
Bein leið-stærri farartæki	2	0	0	0	0	0	108.704	112.292	115.997	119.825	123.779	127.864	132.084	136.442	140.945
		0	0	0	0	0	769.397	794.787	821.015	848.108	876.096	905.007	934.872	965.723	997.592
REKSTRARGJÖLD:															
Laun og launatengd gjöld	4	29.400	30.282	31.190	32.126	33.090	34.083	35.105	36.158	37.243	38.360	39.511	40.696	41.917	43.175
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	7.200	7.253	7.307	7.361	7.416	7.471	7.526	7.582	7.638	7.695	7.752	7.810	7.868	7.926
Markaðskostnaður	6	1.800	1.813	1.827	6.840	26.854	1.868	1.882	1.896	1.910	1.924	1.938	1.952	1.967	1.981
Rekstrarkostnaður	7	18.000	18.134	18.268	18.403	18.540	18.678	18.816	18.956	19.096	19.238	19.381	19.524	19.669	19.815
Afskriftir	8	10.143	17.572	71.654	140.900	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	169.326	164.326
		66.543	75.054	130.246	205.631	265.226	241.425	242.655	243.918	245.213	246.543	247.908	249.309	240.747	237.223
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða		(66.543)	75.054)	130.246)	205.631)	265.226)	527.972	552.132	577.097	602.895	629.553	657.099	685.563	724.976	760.368
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):															
Vaxtatekjur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5.753	15.007
Vaxtagjöld		(24.288)	50.146)	190.430)	364.419)	491.113)	549.100)	533.662)	514.298)	490.538)	461.864)	427.700)	387.414)	369.072)	362.939)
	9	(24.288)	50.146)	190.430)	364.419)	491.113)	549.100)	533.662)	514.298)	490.538)	461.864)	427.700)	387.414)	363.319)	347.932)
ÓREGLULEGAR TEKJUR OG (GJÖLD):															
Hagnaður (Tap) af sölu varanl. rekstrarfjármuna		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarafkoma fyrir skatta		(90.831)	125.200)	320.677)	570.050)	756.339)	21.128)	18.470	62.799	112.357	167.689	229.399	298.149	361.657	412.436
Tekjuskattur	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
REKSTRARNIÐURSTAÐA		(90.831)	125.200)	320.677)	570.050)	756.339)	21.128)	18.470	62.799	112.357	167.689	229.399	298.149	361.657	412.436

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
REKSTRARTEKJUR																
Bein leið-fólksbílar	884.916	914.118	944.284	975.446	1.007.635	1.040.887	1.075.237	1.110.719	1.147.373	1.185.237	1.224.349	1.264.753	1.306.490	1.349.604	1.394.141	1.440.147
Bein leið-stærri farartæki	145.596	150.401	155.364	160.491	165.787	171.258	176.910	182.748	188.778	195.008	201.443	208.091	214.958	222.052	229.379	236.949
	1.030.512	1.064.519	1.099.648	1.135.937	1.173.423	1.212.146	1.252.146	1.293.467	1.336.152	1.380.245	1.425.793	1.472.844	1.521.448	1.571.655	1.623.520	1.677.096
REKSTRARGJÖLD:																
Laun og launatengd gjöld	44.470	45.804	47.178	48.594	50.052	51.553	53.100	54.693	56.333	58.023	59.764	61.557	63.404	101.291	141.394	183.812
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.985	8.044	8.104	8.164	8.224	8.285	8.347	8.409	8.471	8.534	8.597	8.661	8.725	8.790	8.855	8.921
Markaðskostnaður	1.996	2.011	2.026	2.041	2.056	2.071	2.087	2.102	2.118	2.133	2.149	2.165	2.181	2.197	2.214	2.230
Rekstrarkostnaður	19.962	20.110	20.259	20.409	20.561	20.713	20.867	21.022	21.178	21.335	21.493	21.652	21.813	21.975	22.138	22.302
Afskriftir	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	180.758	172.657	163.650	0
	255.171	256.727	258.325	259.966	261.651	263.381	265.158	266.983	268.858	270.783	272.762	274.794	276.881	306.910	338.251	217.265
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	775.341	807.792	841.323	875.971	911.772	948.765	986.988	1.026.484	1.067.294	1.109.461	1.153.031	1.198.050	1.244.567	1.264.746	1.285.270	1.459.831
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):																
Vaxtatekjur	25.053	35.928	47.542	58.405	69.986	82.320	96.453	110.456	125.303	141.026	157.658	175.232	193.784	213.305	233.123	253.145
Vaxtagjöld	(356.255)	348.969)	341.027)	332.370)	322.934)	312.649)	301.439)	289.219)	275.900)	261.382)	245.557)	228.308)	209.508)	189.013)	166.675)	142.327)
	(331.201)	313.040)	293.485)	273.966)	252.948)	230.330)	204.985)	178.763)	150.596)	120.355)	87.899)	53.076)	15.723)	24.292	66.448	110.818
ÓREGLULEGAR TEKJUR OG (GJÖLD):																
Hagnaður (Tap) af sölu varanl. rekstrarfjármuna	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	254.509
	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	254.509
Rekstrarafkoma fyrir skatta	444.140	494.752	547.838	602.005	658.824	718.435	765.569	831.287	900.263	972.672	1.048.703	1.140.723	1.233.503	1.350.497	1.475.255	2.007.895
Tekjuskattur	(6.395)	89.055)	98.611)	108.361)	118.588)	129.318)	137.802)	149.632)	162.047)	175.081)	188.767)	205.330)	222.031)	243.090)	265.546)	361.421)
REKSTRARNIÐURSTAÐA	437.745	405.696	449.227	493.644	540.235	589.117	627.767	681.656	738.216	797.591	859.937	935.393	1.011.472	1.107.408	1.209.709	1.646.474

EIGNIR	Skýr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
FASTAFJÁRMUNIR:															
Varanlegir rekstrarfjármunir															
STOFNKOSTNAÐUR		230.962	464.019	2.198.107	3.948.059	4.903.931	4.745.605	4.587.279	4.428.953	4.270.627	4.112.301	3.953.975	3.795.649	3.637.323	3.478.997
RAFRÆNT GREIÐSLUKERFI		0	0	0	90.000	125.000	110.000	95.000	80.000	65.000	50.000	35.000	20.000	15.000	15.000
FRUMHÖ., STOFN. BL & UMHV.MAT		97.000	94.000	91.000	185.000	179.000	173.000	167.000	161.000	155.000	149.000	143.000	137.000	131.000	125.000
Fastafjármunir		327.962	558.019	2.289.107	4.223.059	5.207.931	5.028.605	4.849.279	4.669.953	4.490.627	4.311.301	4.131.975	3.952.649	3.783.323	3.618.997
VELTUFJÁRMUNIR:															
Handbært fé	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	287.656	750.343	1.252.663
Skammtímakröfur	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Veltufjármunir		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	287.656	750.343	1.252.663
EIGNIR SAMTALS		327.962	558.019	2.289.107	4.223.059	5.207.931	5.028.605	4.849.279	4.669.953	4.490.627	4.311.301	4.131.975	4.240.305	4.533.666	4.871.660
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ															
EIGIÐ FÉ:															
Hlutafé	18	67.621	117.147	477.695	892.666	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505
Annað eigið fé		(90.831)	(216.031)	(536.708)	(1.106.756)	(1.863.097)	(1.884.225)	(1.865.756)	(1.802.956)	(1.690.590)	(1.522.910)	(1.293.511)	(995.363)	(633.705)	(221.269)
Eigið fé		(23.210)	(98.884)	(59.013)	(214.092)	(737.592)	(758.720)	(740.250)	(677.451)	(565.094)	(397.405)	(168.006)	130.143	491.800	904.236
LANGTÍMASKULDIR:															
Annuitetlán		270.484	466.603	1.905.180	3.550.540	4.453.891	4.416.531	4.375.809	4.331.421	4.283.039	4.230.302	4.172.819	4.110.162	4.041.867	3.967.424
Næsta árs afborgun langtímaskulda		(1.984)	(3.616)	(14.522)	(28.007)	(37.360)	(40.722)	(44.387)	(48.382)	(52.737)	(57.483)	(62.657)	(68.296)	(74.442)	(81.142)
		268.500	462.987	1.890.658	3.522.533	4.416.531	4.375.809	4.331.421	4.283.039	4.230.302	4.172.819	4.110.162	4.041.867	3.967.424	3.886.282
SKAMMTÍMASKULDIR:															
Ýmsar skuldir	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborgun langtímaskulda		1.984	3.616	14.522	28.007	37.360	40.722	44.387	48.382	52.737	57.483	62.657	68.296	74.442	81.142
Reiknuð fjárþörf	11	80.688	190.300	442.939	886.612	1.491.631	1.370.794	1.213.720	1.015.983	772.682	478.404	127.162	0	0	0
Reiknaðir skattar	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		82.672	193.917	457.462	914.618	1.528.991	1.411.516	1.258.108	1.064.365	825.419	535.887	189.819	68.296	74.442	81.142
Skuldir		351.172	656.903	2.348.120	4.437.151	5.945.523	5.787.325	5.589.529	5.347.404	5.055.721	4.708.706	4.299.981	4.110.162	4.041.867	3.967.424
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		327.962	558.019	2.289.107	4.223.059	5.207.931	5.028.605	4.849.279	4.669.953	4.490.627	4.311.301	4.131.975	4.240.305	4.533.666	4.871.660

EIGNIR	Skýr.	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
FASTAFJÁRMUNIR:																	
Varanlegir rekstrarfjármunir																	
STOFNKOSTNAÐUR		3.320.671	3.162.345	3.004.019	2.845.693	2.687.367	2.529.041	2.370.715	2.212.389	2.054.063	1.895.737	1.737.411	1.579.085	1.420.759	1.262.433	1.104.107	1.000.000
RAFRÆNT GREIÐSLUKERFI		15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	0
FRUMHÖ., STOFN. BL & UMHV.MAT		119.000	113.000	107.000	101.000	95.000	89.000	83.000	77.000	71.000	65.000	59.000	53.000	47.000	41.000	35.000	0
Fastafjármunir		3.454.671	3.290.345	3.126.019	2.961.693	2.797.367	2.633.041	2.468.715	2.304.389	2.140.063	1.975.737	1.811.411	1.647.085	1.482.759	1.318.433	1.154.107	1.000.000
VELTUFJÁRMUNIR:																	
Handbært fé	11	1.796.419	2.340.409	2.879.854	3.455.292	4.068.281	4.720.286	5.412.811	6.147.410	6.925.678	7.749.258	8.619.838	9.539.154	10.508.986	11.495.180	12.503.210	13.532.612
Skammtímakröfur	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Veltufjármunir		1.796.419	2.340.409	2.879.854	3.455.292	4.068.281	4.720.286	5.412.811	6.147.410	6.925.678	7.749.258	8.619.838	9.539.154	10.508.986	11.495.180	12.503.210	13.532.612
EIGNIR SAMTALS		5.251.090	5.630.754	6.005.873	6.416.985	6.865.648	7.353.327	7.881.526	8.451.799	9.065.741	9.724.995	10.431.249	11.186.239	11.991.745	12.813.613	13.657.317	14.532.612
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ																	
EIGIÐ FÉ:																	
Hlutafé	18	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505	1.125.505
Annað eigið fé		196.228	615.399	1.077.499	1.583.955	2.136.943	2.738.752	3.391.789	4.098.591	4.861.826	5.684.307	6.568.998	7.519.026	8.537.692	9.598.971	10.704.186	11.863.224
Eigið fé		1.321.733	1.740.904	2.203.004	2.709.460	3.262.448	3.864.257	4.517.295	5.224.096	5.987.331	6.809.812	7.694.503	8.644.531	9.663.197	10.724.477	11.829.691	12.988.729
LANGTÍMASKULDIR:																	
Annuitetslán		3.886.282	3.797.837	3.701.433	3.596.351	3.481.812	3.356.965	3.220.882	3.072.551	2.910.870	2.734.838	2.542.546	2.333.164	2.104.939	1.856.173	1.585.018	1.289.460
Næsta árs afborgun langtímaskulda		(88.445)	96.405)	105.081)	114.539)	124.847)	136.083)	148.331)	161.681)	176.232)	192.093)	209.381)	228.225)	248.766)	271.155)	295.559)	0
		3.797.837	3.701.433	3.596.351	3.481.812	3.356.965	3.220.882	3.072.551	2.910.870	2.734.638	2.542.546	2.333.164	2.104.939	1.856.173	1.585.018	1.289.460	1.289.460
SKAMMTÍMASKULDIR:																	
Ýmsar skuldir	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborgun langtímaskulda		88.445	96.405	105.081	114.539	124.847	136.083	148.331	161.681	176.232	192.093	209.381	228.225	248.766	271.155	295.559	0
Reiknuð fjárþörf	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reiknaðir skattar	10	43.074	92.013	101.437	111.173	121.388	132.104	143.350	155.152	167.539	180.545	194.200	208.543	223.610	232.964	242.608	254.423
		131.519	188.418	206.518	225.712	246.235	268.188	291.681	316.832	343.771	372.637	403.582	436.768	472.375	504.119	538.167	254.423
Skuldir		3.929.357	3.889.850	3.802.869	3.707.525	3.603.200	3.489.070	3.364.232	3.227.703	3.078.410	2.915.183	2.736.746	2.541.707	2.328.548	2.089.137	1.827.626	1.543.883
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		5.251.090	5.630.754	6.005.873	6.416.985	6.865.648	7.353.327	7.881.526	8.451.799	9.065.741	9.724.995	10.431.249	11.186.239	11.991.745	12.813.613	13.657.317	14.532.612

9.4 Sjóðsstreymi.

	Skýr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
HANDBÆRT FÉ (TIL) FRÁ REKSTRI:															
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		(90.831)	125.204)	320.677)	570.050)	756.339)	21.128)	18.470	62.799	112.357	167.689	229.399	298.149	361.657	412.436
Rekstrartiðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:															
Afskriftir	8	10.143	17.572	71.654	140.900	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	179.326	169.326	164.326
Veltufé (til) frá rekstri		(80.688)	107.629)	249.023)	429.150)	577.013)	158.198	197.796	242.125	291.683	347.015	408.725	477.475	530.983	576.762
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:															
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	11,13,14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé (til) frá rekstri		(80.688)	107.629)	249.023)	429.150)	577.013)	158.198	197.796	242.125	291.683	347.015	408.725	477.475	530.983	576.762
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:															
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skuldabréfaeign, breyting	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
STOFNKOSTNAÐUR		(238.105)	247.629)	1.802.742)	1.874.852)	1.114.198)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
RAFRÆNT GREIÐSLUKERFI	0	0	0	(100.000)	50.000)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
FRUMHÖ., STOFN. BL & UMHV.MAT		(100.000)	0	0 (100.000)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(338.105)	247.629)	1.802.742)	2.074.852)	1.164.198)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:															
Skuld við banka, hækkun, (lækkun)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ný langtímalán		270.484	198.103	1.442.194	1.659.882	931.358	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborgun af langtímalánum	0	(1.984)	3.616)	14.522)	28.007)	37.360)	40.722)	44.387)	48.382)	52.737)	57.483)	62.657)	68.296)	74.442)	
Greiddur arður til hluthafa	15	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Innborgað nýtt hlutafé	16	67.621	49.526	360.548	414.970	232.840	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		338.105	245.645	1.799.126	2.060.330	1.136.191	37.360)	40.722)	44.387)	48.382)	52.737)	57.483)	62.657)	68.296)	74.442)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ		(80.688)	109.612)	252.639)	443.672)	605.020)	120.837	157.073	197.738	243.300	294.278	351.242	414.818	462.687	502.320
HANDBÆRT FÉ (FJÁRÞÖRF) Í ÁRSBYRJUN	0	(80.688)	190.300)	442.939)	886.612)	1.491.631)	1.370.794)	1.213.720)	1.015.988)	772.682)	478.404)	127.162)	287.656	750.343	
HANDBÆRT FÉ (FJÁRÞÖRF) Í ÁRSLOK	11	(80.688)	190.300)	442.939)	886.612)	1.491.631)	1.370.794)	1.213.720)	1.015.988)	772.682)	478.404)	127.162)	287.656	750.343	1.252.663


	Skýr.	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
HANDBÆRT FÉ (TIL) FRÁ REKSTRI:																	
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		417.497	419.171	462.100	506.457	552.988	601.809	653.038	706.802	763.235	822.481	884.691	950.028	1.018.666	1.061.280	1.105.214	1.159.039
Rekstrarliðir sem hafa eldi áhrif á fjárstreymi:																	
Afskriftir	8	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	164.326	0
Veltufé (til) frá rekstri		581.823	583.497	626.426	670.783	717.314	766.135	817.364	871.128	927.561	986.807	1.049.017	1.114.354	1.182.992	1.225.606	1.269.540	1.313.146
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:																	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	11,13,14	43.074	48.939	9.424	9.737	10.214	10.717	11.245	11.802	12.388	13.005	13.656	14.342	15.067	9.354	9.644	11.815
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		43.074	48.939	9.424	9.737	10.214	10.717	11.245	11.802	12.388	13.005	13.656	14.342	15.067	9.354	9.644	11.815
Handbært fé (til) frá rekstri		624.898	632.435	635.850	680.519	727.528	776.851	828.609	882.929	939.949	999.812	1.062.673	1.128.697	1.198.058	1.234.960	1.279.184	1.324.961
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:																	
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skuldabréfaeign, breyting		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
STOFNKOSTNAÐUR		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
RAFRÆNT GREIÐSLUKERFI		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
FRUMHÖ., STOFN. BL & UMHV.MAT		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:																	
Skuld við banka, hækkun, (lækkun)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ný langtímalán		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborgun af langtímalánum		(81.142)	88.445)	96.405)	105.081)	114.539)	124.847)	136.083)	148.331)	161.681)	176.232)	192.093)	209.381)	228.225)	248.766)	271.155)	295.559)
Greiddur arður til hluthafa	15	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Innborgað nýtt hlutafé	15	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(81.142)	88.445)	96.405)	105.081)	114.539)	124.847)	136.083)	148.331)	161.681)	176.232)	192.093)	209.381)	228.225)	248.766)	271.155)	295.559)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ		543.756	543.990	539.445	575.438	612.989	652.004	692.526	734.599	778.268	823.580	870.580	919.316	969.833	986.194	1.008.030	1.029.402
HANDBÆRT FÉ (FJÁRÞÖRF) Í ÁRSBYRJUN		1.252.663	1.796.419	2.340.409	2.879.854	3.455.292	4.068.281	4.720.286	5.412.811	6.147.410	6.925.678	7.749.258	8.619.838	9.539.154	10.508.986	11.495.180	12.503.210
HANDBÆRT FÉ (FJÁRÞÖRF) Í ÁRSLOK	11	1.796.419	2.340.409	2.879.854	3.455.292	4.068.281	4.720.286	5.412.811	6.147.410	6.925.678	7.749.258	8.619.838	9.539.154	10.508.986	11.495.180	12.503.210	13.532.612


Skýr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
REKSTRARLIÐIR SEM HLUTFALL AF REKSTRARTEKJUM														
Laun og launatengd gjöld						4,4%	4,4%	4,4%	4,4%	4,4%	4,4%	4,4%	4,4%	4,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður						1,0%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%	0,9%	0,8%	0,8%	0,8%
Markaðskostnaður						0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Rekstrarkostnaður						2,4%	2,4%	2,3%	2,3%	2,2%	2,2%	2,1%	2,1%	2,0%
Afskriftir						23,3%	22,6%	22,0%	21,3%	20,7%	20,1%	19,5%	17,9%	16,8%
Rekstrarafkoma fyrir skatta						-2,7%	2,2%	7,4%	12,8%	18,6%	24,7%	31,1%	36,8%	40,6%
Rekstrarafkoma						-2,7%	2,2%	7,4%	12,8%	18,6%	24,7%	31,1%	36,8%	40,6%


	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
REKSTRARLIÐIR SEM HLUTFALL AF REKSTRARTEKJUM														
Laun og launatengd gjöld	4,3%	4,3%	4,3%	4,3%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	4,2%	6,4%	8,7%	11,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%
Markaðskostnaður	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Rekstrarkostnaður	1,8%	1,8%	1,8%	1,7%	1,7%	1,6%	1,6%	1,5%	1,5%	1,5%	1,4%	1,4%	1,4%	1,3%
Afskriftir	14,9%	14,5%	14,0%	13,6%	13,1%	12,7%	12,3%	11,9%	11,5%	11,2%	10,8%	10,5%	10,1%	0,0%
Rekstrarafkoma fyrir skatta	51,2%	54,4%	57,5%	60,5%	63,6%	66,6%	69,7%	72,7%	75,7%	78,7%	81,7%	82,3%	83,0%	84,3%
Rekstrarafkoma	42,0%	44,6%	47,1%	49,6%	52,2%	54,6%	57,1%	59,6%	62,0%	64,5%	67,0%	67,5%	68,1%	69,1%


9.6 Næmnisgreining o.fl.


Verðmæti eigin fjár miðað við ávöxtunarkröfu eigin fjár.









WACC
Umferðarspá
120%
110%
100%
90%
80%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%
WACC
Hlutfall fólksbíla
110%
105%
100%
95%
90%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%
WACC
Hlutfall vörubíla
110%
105%
100%
95%
90%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%


WACC
Fyrningar
120%
110%
100%
90%
80%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%
WACC
Gjaldgrunnur
110%
105%
100%
95%
90%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%
WACC
Vextir hanbæris fjára
110%
105%
100%
95%
90%
11,90%
10,9%
9,9%
8,9%
7,9%
6,9%

9.7 Verðmat á Beinni leið hf.





	2004
Verðmæti rekstrar	4.494.931
Handbært fé	0
Eignir utan rekstrar	0
Verðmæti fyrirtækis	4.494.931
Skuldir	80.668
Verðmæti eigin fjár	4.414.263
Nafnvirði eigin fjár	1.125.555
Reiknað gengi hlutafjár	3,922

Skuldir	80,00%	9,00%	7,4%	5,6%
Eigið fé	20,00%	15,00%	15,0%	3,0%
	100,0%			8,9%

2004	-394.505	1,0000	-394.505
2005	-314.265	0,9182	-288.570
2006	-1.974.690	0,8432	-1.664.998
2007	-2.337.981	0,7742	-1.810.128
2008	-1.406.998	0,7109	-1.000.271
2009	819.952	0,6528	535.265
2010	873.399	0,5994	523.540
2011	930.305	0,5504	512.057
2012	990.894	0,5054	500.814
2013	1.055.403	0,4641	489.808
2014	1.124.085	0,4261	479.028
2015	1.197.209	0,3913	468.477
2016	1.283.253	0,3593	461.094
2017	1.379.983	0,3299	455.307
2018	1.333.790	0,3030	404.088
2019	1.382.683	0,2782	384.660
2020	1.425.959	0,2554	364.265
2021	1.537.904	0,2346	360.732
2022	1.658.704	0,2154	357.258
2023	1.788.779	0,1978	353.772
2024	1.928.815	0,1816	350.279
2025	2.079.548	0,1668	346.778
2026	2.241.770	0,1531	343.263
2027	2.416.327	0,1406	339.741
2028	2.604.128	0,1291	336.210
2029	2.806.147	0,1186	332.671
2030	3.023.428	0,1089	329.124
2031	3.177.160	0,1000	317.582
2032	3.381.420	0,0918	307.611
2033	3.533.926	0,0843	297.842
Verðmæti rekstrar			4.494.931

9.8 Rekstrartekjur, hagnaður og veltufé.





Fylgiskjal.

Drög að samþykktum fyrir Beina leið hf.

1.gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Bein leið hf.

2. gr.

Lögheimili félagsins er við Austurvöll, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að beita sér fyrir framþróun í samgöngum á landi með því m.a. að annast fjármögnun og eftir atvikum gerð og rekstur vega og annarra samgöngumannvirkja (einkafjármögnun); svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

HLUTAFÉ OG REGLUR UM MEÐFERÐ HLUTABRÉFA

4. gr.

Hlutafé félagsins er 1.125.505.000 kr.

Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. – ein króna – að nafnverði. Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.000.000.000 kr. – einn milljarð króna – að nafnvirði og gildir sú heimild til 23. október 2007.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hlutahafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti félagsins.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

11. gr.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

STJÓRN FÉLAGSINS

12. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

13. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega, fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt 62. gr. ehfl.

14. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, með rafpósti, með SMS-skilaboðum í síma, með tilkynningu á vefsíðu félagsins, með opinberri auglýsingu eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund og aukafundi skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félags.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

15. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa á löglega boðuðum hluthafafundi þarf til þess

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða
d. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

16. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.

3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

17. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

18. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum þess milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir formanns stjórnar og eins stjórnarmanns að auki skuldbinda félagið ef stjórnin þess er skipuð þremur eða fjórum mönnum en ella undirskriftir formanns stjórnar og tveggja stjórnarmanna. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

19. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

20. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

ENDURSKOÐUN OG REIKNINGSSKIL

21. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

22. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Ársreikningar félagsins skulu vera öllum aðgengilegir eftir að þeir hafa verið samþykktir á aðlfundi.

UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM OG SLIT FÉLAGSINS

23. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 68. gr. ehfl.

24. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

25. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt í Reykjavík 23. október 2003.

Fylgiskjal.

Drög að stofnsamningi fyrir Beina leið ehf.

1. gr.

Heiti félagsins er Bein leið hf. Heimilisfang þess er við Austurvöll, 101 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að beita sér fyrir framþróun í samgöngum á landi, með því m.a. að annast fjármögnun og eftir atvikum gerð og rekstur vega og annarra samgöngumannvirkja (einkafjármögnun); svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

3. gr.

Hlutafé félagsins er 1.125.505.000 kr. og greinist í jafna hluti. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. – ein króna – að nafnverði.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir (tilbúin nöfn):

Nöfn, kt., fjárhæð, hlutir.

Alls ?? stofnfélagar 1.125.505.000 kr.

Samtals 1.125.505.000 kr.

Allt hlutafé er þegar greitt.

4. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins, sem áætlaður er 10% af hlutafé, greiðist úr félagssjóði.

Reykjavík 23. október 2003.

Fylgiskjal.

Auglýsing um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði.
Stj.tíð. B, nr. 283/1988.

Að tillögu hreppsnefnda Hálsahrepps og Reykholtsdalshrepps hefur [Náttúruvernd ríkisins] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa afréttin Geitland, sem er eign fyrrnefndra hreppa.
Geitland er friðland samkvæmt 24. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/ 1971.

Mörk friðlandsins eru eftirfarandi:
Geitland takmarkast af Hvítá að norðan, Geitá að vestan og Langjökli að sunnan og austan, í samræmi við við landamerkjabréf dags. 21. október 1921. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi uppdráttar.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:
1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Náttúruverndar ríkisins].
2. Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins næstu 10 árin a. m. k.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.
4. Öllum er heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Reglur um beit búfjár innan friðlandsins verða endurskoðaðar að 10 árum liðnum.
Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Náttúruverndar ríkisins].
Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.
Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 3. júní 1988.
Birgir Ísl. Gunnarsson

Arnarvatnsheiði er skráð undir flokknum: Aðrar náttúruminjar hjá Umhverfisstofnun:
Arnarvatnsheiði og Tvídægra (209), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í tind Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannasandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Norðlingafljóts, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

Forsendur í viðskiptaáætlun fyrir Beina leið hf.

Heildarfjöldi bifreiða á milli N- og S-lands	900	ÁDU
Verð fyrir léttar bifreiðar:	2.172	Sjá gjaldskrá
Verð fyrir þungar bifreiðar	7.584	Sjá gjaldskrá
Árleg aukning umferðar	3,30%	
Hlutfall léttra bíla í heildarumferð (meðaltal)	95,5%	
Hlutfall þungra bíla í heildarumferð	4,5%	
Hlutfall umferðar sem færi um Beina leið	75,0%	
Virðisaukaskattur reiknaður inn í fjárfestingu	14,0%	12,28%
Dagar í ári	365	dagar
Árlegar afskriftir af vegi	3,0%	
Vextir lána p.a.	9,0%	
Ávöxtunarkrafa hluthafa	15,0%	
Skattur á nettóeign	1,20%	
Skattur á nettótekjur	18,00%	
Fjárfesting á núvirði	5.627.526.000	
Hlutafé sem hlutfall af fjárfestingu	20,00%	
Rekstrartími	frá árinu 2004 til ársins 2033	
Upphaf byggingartíma	2004	
Upphaf rekstrar	23. október 2008	
Tímabil viðskiptaáætlunar endar	2033	

Forsendur í gjaldskrá fyrir Beina leið hf.

Áætlun um gjaldflokkaskiptingu á Beinni leið:

	1. gjaldflokkur				Bein leið afsláttur
Áætlað	Ökutæki styttri en 6 metrar:	Hver ferð kostar:			gefinn er afsláttur
30%	Veggjald fyrir staka ferð	3.000 kr.			þannig að 10 hver ferð
40%	10 ferðir - afsláttarkort	2.100 kr.			er ókeypis
20%	40 ferðir - áskrift	1.500 kr.			
10%	100 ferðir - áskrift	1.320 kr.			
		Vegið gjald		**2172**	
	Afsláttarkort eru seld á Netinu og í öllum bönkum og sparisjóðum.				
	Ath.: Sama gjald er fyrir bíla í 1. flokki dragi þeir tengitæki (t.d. hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagn) eða eftirvagna sem ekki eru				
	Bílar sem draga skráningarskylda eftirvagna (heildarþyngd yfir 750 kg) færast upp í ll. gjaldflokk.				
	2. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 3)				
	Ökutæki 6 til 12 metrar:	Hver ferð kostar:			
10%	Veggjald fyrir staka ferð	9.000 kr.	Vegið gjald		
90%	40 ferðir - áskrift	6.435 kr.	6.692	50%	
	3. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 3,8)				
	Ökutæki lengri en 12 metrar:	Hver ferð kostar:			
10%	Veggjald fyrir staka ferð	11.400 kr.	Vegið gjald		
90%	40 ferðir - áskrift	8.151 kr.	8.476	50%	
	4. gjaldflokkur (= 1. gjaldfl. x 0,4)	**Vegið flutnbil**		**7.584**	
	Vélhjól:	Hver ferð kostar:		Vegið gjald	
90%	Veggjald fyrir staka ferð	1.200 kr.			
10%	Afsláttur ef farið er oftar	840 kr.		1.164	þessu sleppt í útreikn

Fylgiskjal.

Vegagerðin,
áætlunardeild:

Stytting leiða.
(Janúar 2003.)

Reykjavík - Akureyri **Vegalengd um Hringveg árið 2002: 389 Km.**

A. Um Borgarfjarðarbraut - Fljótstungu - Arnarvatnsheiði - Stórasand - Silfrastaðir

Leið þessi er um Hringveg frá Reykjavík að Seleyri við Borgarfjarðarbrú um Borgarfjarðarbraut (50) upp í Reykholtsdal, um Hálsasveitarveg (518), yfir Úlfsstaðaháls og Hvítá hjá Bjarnastöðum inn undir Fljótstungu. Um Arnarvatnsheiði, Stórasand, sunnan Blöndulóns, um Gilhagadal, yfir Héraðsvötn nálægt Villinganesi á Hringveg á Kjálka og til Akureyrar.

Kostnaðaráætlun:

	Km.	Milljónir Króna Ein. Verð	Kostnaður	
Frá Reykjavík um byggð á Vesturlandi að Stóra Ási	133.30		0,0	Stytting alls á milli
Vegur lagaður Stóri Ás - Fljótstunga	10.93	23	251.4	Reykjavíkur og Akureyrar
Nýr vegur norður í Skagafjörð:				
Fljótstunga - Norðlingafljót	16.70	25	417,5	**43 km.**
Brú á Norðlingafljót			50,0	
Norðlingafljót - Kjalvegur, sunnan Blöndulóns	63.30	30	1.899,0	
Brú á Blöndu			50,0	Sparnaður mv 90 km
Kjalvegur - Hringvegur innan Silfrastaða	49.00	30	1.470,0	meðalhraða
Brú á Austari Jökulsá hjá Villinganesi			200,0	
Silfrastaðir Akureyri	72.50		0,0	**29 Mín.**
	346		4.338	

B. Um Mosfellsheiði - Kaldadal - Arnarvatnsheiði - Stórasand - Silfrastaðir

Um Mosfellsheiði og Kaldadal, austan Strúts og síðan inná leið A, sem lýst er hér að ofan, nálægt Norðlingavaði.

Kostnaðaráætlun:

	Km.	Milljónir Króna Ein. Verð	Kostnaður	
Reykjavík - Mosfellsheiði -Þingvellir þjónustumiðmst	49.00		0,0	Stytting alls á milli
Þingvellir - Kaldidalur - Norðlingafljót	73.00	25	1.825,0	Reykjavíkur og Akureyrar
Brú á Hvítá			50,0	
Sama leið og í tillögu á hér að ofan:				**82 km.**
Brú á Norðlingafljót			50,0	
Norðlingafljót - Kjalvegur, sunnan Blöndulóns	63.30	30	1.899,0	
Brú á Blöndu			50,0	Sparnaður mv 90 km
Kjalvegur - Hringvegur innan Silfrastaða	49.00	30	1.470,0	meðalhraða
Brú á Austari Jökulsá hjá Villinganesi			200,0	
Silfrastaðir Akureyri	72.50		0,0	**54,8 Mín.**
	307		5.544	

C. Um Mosfellsheiði - Þingvelli - sunnan Skjaldbreiðar - Kjalveg- Silfrastaðir

Um Mosfellsheiði, sunnan Skjaldbreiðar og Hlöðufells á Kjalveg nálægt Sandárbrú. Austan Dúfunefsfells, austur yfir Blöndu nálægt Blönduvaði og á leið A hér að ofan við suðausturenda Blöndulóns (um Gilhagadal, yfir Héraðsvötn nálægt Villinganesi á Hringveg á Kjálka til Akureyrar.

Kostnaðaráætlun:

	Km.	Milljónir Króna Ein. Verð	Kostnaður	
Reykjavík - Mosfellsheiði -Þingvellir þjónustumiðmst	49.00		0,0	Stytting alls á milli
Þingvellir - sunnan Skjaldbreiðar - Kjalvegur	59.00	33	1947,0	Reykjavíkur og Akureyrar
Kjalvegur við Sandá - su. Bláfellsháls - Blöndulón	99.50	30	2985,0	
Brú á Blöndu			50,0	**60 km.**
Brú á Svörtukvísl			50,0	
Sama leið og í tillögu á hér að ofan:				Sparnaður mv 90 km
Kjalvegur - Hringvegur innan Silfrastaða	49.00	30	1.470,0	meðalhraða
Brú á Austari Jökulsá hjá Villinganesi			200,0	
Silfrastaðir Akureyri	72.50		0,0	**40 Mín.**
	329		6.752	

Forsendur stofnkostnaðarfjárhagsáætlunar.

Forsendur útreikninga á fjárfestingu:

		5%	5%	35%	35%	20%	
	2003	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	
5.500.000.000		275.000.000	275.000.000	1.925.000.000	1.925.000.000	1.100.000.000	5.500.000.000
300.000.000		15.000.000	15.000.000	105.000.000	105.000.000	60.000.000	300.000.000
		290.000.000	290.000.000	2.030.000.000	2.030.000.000	1.160.000.000	
Byggingarvísitala	4%	301.600.000	313.664.000	2.283.473.920	2.374.812.877	1.411.317.367	6.684.868.164
90% tilboðsverð	***90%***	***271.440.000***	***282.297.600***	***2.055.126.528***	***2.137.331.589***	***1.270.185.630***	

Gert er ráð fyrir því að með útboði fáist 90% af kostnaðaráætlun sem er á verðlagi ársins 2003

Endurgr. Virðisauki	24,500		100,00	124,50	0,1968
	19,680		100	114	0,1228
Endurgreiddur VSK	37.038.596	38.520.140	280.426.622	291.643.687	173.319.677
Endurgreiddur VSK mv. Tilboð	***33.334.737***	***34.668.126***	***252.383.960***	***262.479.318***	***155.987.709***

Skýringar: Vegagerð ríkisins áætlar að bygging vegarins kosti samtals 5.500.000.000 á verðlagi í janúar 2003

	2004	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	
Í áætlun	**238.105.263**	**247.629.474**	**1.802.742.568**	**1.874.852.271**	**1.114.197.921**	Án vsk mv. 90% afsláttt.

Gjaldskrá Hvalfjarðarganga.

Gjaldskráin gildir frá 1. apríl 2001

Veggjald í Hvalfjarðargöngum er í þremur flokkum eftir lengd ökutækja og að auki er sérstakur gjaldflokkur fyrir vélhjól. Í ríkissjóð rennur 14% virðisaukaskattur af veggjaldinu.

1. gjaldflokkur

Ökutæki styttri en 6 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	1.000 krónur
10 ferðir – afsláttarkort	700 krónur
40 ferðir – áskrift	550 krónur
100 ferðir – áskrift	440 krónur

10 miða afsláttarkort eru seld í gjaldskýli Hvalfjarðarganga.

Ath.: Sama gjald er fyrir bíla í 1. flokki dragi þeir tengitæki (t.d. hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagn) eða eftirvagna sem ekki eru skráningarskyldir (heildarþyngd undir 750 kg). Bílar sem draga skráningarskylda eftirvagna (heildarþyngd yfir 750 kg) færast upp í II. gjaldflokk.

2. gjaldflokkur

Ökutæki 6 til 12 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	3.000 krónur
40 ferðir – áskrift	2.145 krónur

Gjaldskráin gildir frá 1. apríl 2001	
3. gjaldflokkur	
Ökutæki lengri en 12 metrar:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	3.800 krónur
40 ferðir – áskrift	2.717 krónur
4. gjaldflokkur	
Vélhjól:	Hver ferð kostar:
Veggjald fyrir staka ferð	400 krónur

Fylgiskjal.

Rafrænar greiðslur.

Hugmyndin er sú að hver nýr bíll hafi rafrænt auðkenni. Auðkennið segir til um tegund, þyngd, stærð og fastnúmer. Á þessu kerfi er síðan hægt að byggja rafræna gjaldtöku, t.d. við akstur í gegnum gjaldskyld umferðarmannvirki eða ef lagt er á tímamældum stæðum þar sem útbúnaðurinn er til staðar.

Í grófum dráttum les gjaldtökubúnaður auðkenni bílsins og skuldfærir reikning eiganda bifreiðarinnar samkvæmt viðeigandi gjaldflokki, byggt á upplýsingum úr auðkenninu. Greiðslufyrirkomulag getur verið a.m.k. tvennskonar. Í fyrsta lagi bein skuldfærsla á bankareikning eiganda bifreiðarinnar eða greiðslukortareikning hans. Í öðru lagi getur verið um eftirágreiðslu að ræða þannig að eigandi bifreiðarinnar fær reikning fyrir úttekt sinni á reikningstímabilinu sem hann síðan greiðir.

Bein leið hefur tvöfalt kerfi við innheimtu. Í fyrsta lagi er auðkennið lesið og í öðru lagi skrásetningarnúmer bifreiðar myndað og borið saman við upplýsingar úr auðkenninu. Hægt er að nýta kerfið til að skrá hvenær bílar fara út af veginum gegnum aðrar gjaldtökustöðvar. Þetta er fyrst og fremst hugsað sem öryggisatriði, einkum að vetri til. Einn helsti ókostur einkaframkvæmda á samgöngusviði í þéttbýli er gjaldtaka. Hún verður að ganga hratt og örugglega fyrir sig svo flöskuhálsar myndist ekki á álagstímum. Sem dæmi má nefna að ef fyrirhuguð Sundabraut yrði fjármögnuð með gjaldtöku verður hún að vera með rafrænum hætti annars er hætt við að gjaldtakan yrði bæði dýr og tímafrek. Jafnframt minnkar ávinningur viðskiptavinanna eftir því sem sá tími sem fer í greiðslu veggjalds lengist. Ef um er að ræða fleiri en eina framkvæmd með jafnmörgum gjaldtökukerfum er hagkvæmni eins greiðslukerfis augljós.

Ekki er ástæða til að óttast vanskil á greiðslum þar sem réttarstaða eiganda mannvirkisins er sterk og innheimta í sjálfu sér einföld.

Nú þegar eru fyrir hendi greiðslumiðlunarkerfi, bæði hjá bönkum og greiðslukortafyrirtækjum sem hæglega gætu séð um greiðslumiðlunarþáttinn. Því er ekki gert ráð fyrir fjárfestingu í þeim þætti.

Ýmsir aðrir notkunarmöguleikar eru á kerfinu m.a. við löggæslu sem ekki verður farið nánar í hér.

Fylgiskjal.

Fjármögnun og kostnaður Hvalfjarðarganga.

Byggingarvísitala í febrúar 1996 208,5
Byggingarvísitala í mars 2003 285,5
Göngin mundu því kosta á marsverðlagi 2003 6.340 millj. kr.
Stytting er u.þ.b. 42 km á leiðinni Reykjavík – Akureyri.

Hvað kostuðu göngin?

Kostnaður skiptist sem hér segir: (verðlag feb. '96)

	Milljónir króna
Undirbúningskostnaður	480
Eftirlit og kostnaður Spalar á byggingartíma ganganna	150
Framkvæmdakostnaður	3.300
Fjármagnskostnaður á byggingartíma	700
Stofnkostnaður alls	4.630

Hvaðan komu peningarnir?

Fjármagnið kom úr eftirtöldum áttum: (verðlag feb. '96)

	Milljónir króna
Hlutafé	86
Lán úr ríkissjóði	120
Framkvæmdalán alls (án ríkisábyrgðar)	4.124
Enskilda í Svíþjóð (2.474 milljónir kr.)	
Innlendir bankar (825 millj.)	
Baring Brothers Ltd (825 millj.	
Ríkissjóður Íslands (hámark)	300
Fjármögnun stofnkostnaðar alls krónur:	4.630

Heimildir:

Einkafjármögnun vegar á milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar.
http://www.vegur.is/einkaframkvaemd.html

Þór Sigfússon, Nýir kostir í uppbyggingu og rekstri innviða.

Gylfi Magnússon, Hvað er einkafjármögnun.

Ferðamálaráð, nóvember 2002, Auðlindin Ísland.

Samgönguráðuneytið, samgönguáætlun 2003–2014.

Hagfræðistofnun HÍ, Fjárstreymi í samgöngum, október 2001.

Samgönguráðuneytið, Samgöngur á nýrri öld, ISBN 9979-9402-3-9, 2003.

Samgönguráðuneytið, Samgöngur í tölum, ISBN ISBN 9979-9402-2-0, 2003.

Samgönguráðuneytið, Skýrsla nefndar um flutningskostnað, janúar 2003.

Vegagerðin, Stytting leiða, áætlunardeild, janúar 2003.

Vegagerðin, Hreinn Haraldsson, yfirmaður þróunarsviðs.

Vegagerðin, Eymundur Runólfsson, áætlunardeild.

Vegagerðin, Hannes Már Sigurðsson, fjárreiðudeild.

Heimasíða Spalar ehf.: http://www.spolur.is.

Spölur ehf., Stefán Reynir Kristinsson, framkvæmdastjóri.

Vegagerðin, kort af vegakerfi landsins.

Héraðsvötn ehf., Villinganesvirkjun, 1999.

Bein leið.

Höfundur lags og texta: KK.

Aðlagað Beinni leið: GTh.

Bein leið, gatan liggur greið
bein leið, gatan liggur greið
þú sparar tíma' og slit
já þetta' er eitthvað vit.

Ég var að vappa um bæinn
það var hér um daginn
og sá fullt af bílum
og strætóskýlum.
Viltu heyra?
Ljáðu eyra, heyrðu meira.
Þú sparar tíma' og slit
já þetta' er eitthvað vit.

Það var einn guðsgeldingur
þessi einfeldningur
hann vildi ei spara
vildi bara
fara hringinn áfram samt
sumum tamt, sumum tamt.
Þú sparar tíma' og slit
já þetta' er eitthvað vit.

Bein leið ...

Þú átt nú annað val
eitthvað sem koma skal.
Nýr vegur styttir leið
gatan bein og breið.
Ég er farinn
þú ert farinn.
Spörum tíma' og slit
já þetta' er eitthvað vit.

Bein leið ...

1323. Frumvarp til laga [865. mál]

um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir.

1. gr.

Við B-lið 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fella skal niður þungaskatt innheimtan samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur sérútbúinnar bifreiðar í eigu fatlaðra einstaklinga, sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

2. gr.

Við 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fella skal niður eða endurgreiða þungaskatt af sérútbúnum bifreiðum í eigu fatlaðra einstaklinga sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 123. og 125. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á vegum Reykjavíkurborgar er rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða samhliða rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir en hefur þó þá annmarka að panta þarf far með dags fyrirvara auk þess sem þjónustan er lokuð frá kl. 23.00 til kl. 9.00 á morgnana. Enn fremur reka sameiginlega þessa þjónustu Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær annars vegar og hins vegar Kópavogur og Garðabær. Nokkrir fatlaðir einstaklingar, sem áður hafa notið þessarar þjónustu, hafa með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi fest kaup á eigin bifreið og þannig létt ákveðnu álagi af ferðaþjónustunni. Í nokkrum tilfellum, þegar um mikið fatlaða einstaklinga er að ræða, hafa þeir þurft að kaupa sér sendiferðabifreið sérinnréttaða með lyftu fyrir hjólastól.

Það er ljóst að fatlaðir einstaklingar og foreldrar eða framfærendur barna, sem fá umönnunargreiðslur, geta af illri nauðsyn þurft á stærri bifreiðum að halda og velja því í sumum tilfellum dísilbifreiðar í sparnaðarskyni, þrátt fyrir að þær séu oftast dýrari í innkaupum. Sparnaður sem næst með notkun dísilbifreiðar yrði að engu ef þeir sem hér um ræðir þyrftu að greiða þennan skatt. En sem kunnugt er þarf mikinn akstur til að ná sparnaði með rekstri dísilbifreiðar þegar nefndur skattur er greiddur.

Þessir einstaklingar þurfa að greiða geysiháan þungaskatt af bifreiðum sínum þar sem fjárhæð skattsins miðast við þyngd hvort sem greitt er kílómetragjald samkvæmt ökumæli eða árlegt fastagjald, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Hér er lagt til að fella niður fyrrnefndan skatt af bifreiðum í eigu þessara einstaklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær og hvernig niðurfellingu þungaskatts skuli háttað. Jafnframt eru sett fram tiltekin skilyrði um það hverjir geti notið niðurfellingarinnar. Eru þau til

samræmis við ákvæði laga um félagslega aðstoð þar sem m.a. er fjallað um hverjir eiga rétt á að fá styrk til bifreiðakaupa.

Um 2. gr.

Lagt er til að fatlaðir einstaklingar sem eiga þungaskattsskyldar bifreiðar á föstu gjaldi eigi sama rétt á niðurfellingu og þeir einstaklingar sem eiga bifreiðar með ökumæli. Er þetta lagt til svo gætt sé jafnræðis, hvort sem gjaldskyldan miðast við fast árgjald eða gjald samkvæmt eknum kílómetrum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1324. Frumvarp til laga [866. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Birgisson, Guðjón Hjörleifsson, Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Páll Magnússon, Halldór Blöndal.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90 7. maí 2003. Í 1. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal

skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda."

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum þá leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna."

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður

nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar."

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna, var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til."

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, meðal annars samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Löggjöf á Norðurlöndum.

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Annmarkar á núgildandi löggjöf.

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvu-

tæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2003, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Helstu rök fyrir frumvarpinu.

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattayfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjöl-

miðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við fram-

kvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1325. Tillaga til þingsályktunar [867. mál]

um samspil stjórnsýsluviðurlaga og refsiviðurlaga.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna samspil stjórnsýsluviðurlaga og refsiviðurlaga í íslensku réttarkerfi, sem og samskipti milli sjálfstæðra eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar og lögregluyfirvalda. Nefndin kanni sérstaklega vandamál sem tengjast skörun á starfssviði sjálfstæðra eftirlitsstofnana og hins almenna réttarvörslukerfis, tilvik þar sem gert er ráð fyrir beitingu stjórnsýsluviðurlaga samhliða refsiviðurlögum. Þá skoði nefndin álitaefni er varða upplýsingaskyldu stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja gagnvart eftirlitsstofnunum þegar ætla má að upplýsingarnar kunni síðar að vera skoðaðar sem játningar á ætlaðri refsiverðri háttsemi hjá lögreglu, sem og álitaefni um fyrningu sakar á meðan rannsókn eftirlitsstofnana stendur yfir. Þá geri nefndin samanburð á réttarástandinu hér og í helstu nágrannalöndum Íslands.

Nefndin skili niðurstöðum rannsókna sinna til Alþingis ásamt tillögum til úrbóta ef ástæða þykir til fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Ekki skal farið leynt með það að rótin að þessari þingsályktunartillögu er hin mikla umræða sem átt hefur sér stað í kjölfarið á birtingu frumskýrslu Samkeppnisstofnunar um meint ólöglegt samráð olíufélaganna á undanförnum árum.

Ágreiningur Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra um hlutverk og verkaskiptingu stofnananna gagnvart meintu samráði olíufélaganna hefur vakið spurningar um hvernig samvinnu eftirlitsstofnana og aðila í almenna réttarvörslukerfinu skuli hagað og hvert samspil stjórnsýsluviðurlaga og refsiviðurlaga sé og eigi að vera. Í tilviki Samkeppnisstofnunar og ríkislögreglustjóra er ljóst að samkvæmt gildandi lögum bera stofnanirnar sameiginlega ábyrgð á því að ágreiningur þeirra í milli hafi ekki sakarspjöll í för með sér. Ljóst er að aðgerðaleysi lögreglu á meðan málið er til meðferðar í Samkeppnisstofnun hefur réttaráhrif þar sem hugsanlegar sakir þeirra einstaklinga sem ábyrgir eru fyrir meintu samráði olíufélaganna geta fyrnst á meðan. Þetta stafar af því að samkeppnislögin hafa ekki að geyma sérstakt ákvæði um að rannsókn samkeppnisyfirvalda slíti fyrningu. Vandkvæðum er bundið að kveða á um slíkt þar sem samhliða þyrfi að ganga þannig frá að viðkomandi einstaklingar hlytu stöðu sakaðra manna samkvæmt réttarfarslögum með þeim réttindum sem því fylgja og að raunveruleg rannsókn á málum þeirra hæfist, því málamyndarannsókn getur ekki slitið fyrningu. Þar með væri viðkomandi eftirlitsstofnun í raun komin í hlutverk lögreglu og farin að rannsaka brot einstaklinga.

Hin leiðin til að koma í veg fyrir að sakir fyrnist er að lögregla hefji sjálfstæða rannsókn samhliða rannsókn Samkeppnisstofnunar, um leið og ástæða þykir til, og slíti þar með fyrningu. Bent hefur verið á að sú leið gangi þvert á þau markmið sem fólust í setningu samkeppnislaga og því að fela sérstakri stofnun að rannsaka mál á frumstigi. Þá er því haldið fram að samhliða rannsókn geti haft afar óheppileg áhrif og haft í för með sér sakarspjöll bæði hjá lögreglu og eftirlitsaðila.

Af framangreindu má ljóst vera að full ástæða er til að fara með skipulegum og vönduðum hætti yfir þessi mál, svo sem mælt er fyrir um í tillögu þessari. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi nefnd er hafi það hlutverk að rannsaka samspil stjórn-

sýsluviðurlaga og refsiviðurlaga í íslensku réttarkerfi, sem og samskipti milli sjálfstæðra eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar og lögregluyfirvalda. Þá beri nefndinni að rannsaka sérstaklega vandamál sem tengjast skörun á starfssviði sjálfstæðra eftirlitsstofnana og aðila í hinu almenna réttarvörslukerfi, tilvik þar sem gert er ráð fyrir beitingu stjórnsýsluviðurlaga samhliða refsiviðurlögum, auk álitaefna um fyrningu sakar á meðan rannsókn eftirlitsstofnana stendur yfir. Jafnframt geri nefndin samanburð á réttarástandinu hér og í helstu nágrannalöndum Íslands.

Eðlilegt er að nefndin taki í störfum sínum tillit til tilmæla Evrópuráðsins, nr. R1/1991, um stjórnsýsluviðurlög, þar sem m.a. er lögð áhersla á það grundvallarsjónarmið að ekki verið refsað tvisvar fyrir sama brotið, þ.e. annars vegar með beitingu stjórnsýsluviðurlaga og hins vegar með refsiviðurlögum. Gera verður kröfu um að þannig sé búið um hnútana að slík staða geti ekki komið upp. Það verður ekki gert nema með því að tryggja að brot á tilteknum lagaákvæðum varði aðeins stjórnsýsluviðurlögum eða refsiviðurlögum en ekki hvort tveggja. Núgildandi samkeppnislög uppfylla ekki þetta skilyrði né heldur lög um fjármálafyrirtæki, svo dæmi séu tekin. Þá hafa Norðmenn nýlega gefið út gagnlega skýrslu, NOU 2003:15, þar sem m.a. er fjallað um þetta efni og vert væri að nefndin tæki hana til skoðunar. Einnig má benda á nýlegt álit réttaröryggisnefndar danska dómsmálaráðuneytisins nr. 1428/2003 þar sem fjallað er um réttaröryggi borgaranna við beitingu stjórnsýsluviðurlaga.

Lagt er til að nefndin skili skýrslu til Alþingis ásamt tillögum til úrbóta ef ástæða þykir til fyrir 1. október 2004.

1326. Frumvarp til laga [868. mál]

um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður undir vernd Alþingis.

Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum og hins friðhelga lands skulu vera: Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga, vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnessýslu og Kjósarsýslu á Há-Kili. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs til upptaka Öxarár við Myrkavatn og í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.

Hið friðhelga land skal vera eign íslensku þjóðarinnar og er óheimilt að selja það eða veðsetja.

2. gr.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skal vera undir stjórn Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd skal skipuð þremur alþingismönnum sem kjörnir eru hverju sinni að

loknum kosningum til Alþingis. Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Forsætisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn á Þingvöllum, þ.m.t. úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

3. gr.

Land þjóðgarðsins skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Almenningur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur. Jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu skal vera friðað en Þingvallanefnd er þó heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á þeim dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar. Þjóðgarðurinn skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varinn fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan þjóðgarðsins.

4. gr.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda. Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Þingvallanefnd er heimilt, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, að kaupa einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem eru innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins.

Þingvallanefnd er heimilt, að fengnu samþykki forsætisráðherra, að taka eignarnámi einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðsins til þess að framkvæma friðun sem lög þessi mæla fyrir um. Um mat á bótum fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna friðunar samkvæmt lögum þessum á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um þjóðgarðinn, verndun og meðferð hans, en forsætisráðherra staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum.

Þingvallanefnd getur einnig sett sérstakar tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins, þ.m.t. bann við akstri utan vega og dvöl á ákveðnum svæðum, og sama gildir um veiðar dýra og fugla innan hans. Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þ.m.t. Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.

7. gr.

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2004 og þá falla jafnframt úr gildi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um friðun Þingvalla eru síðan 1928. Frá því að lögin voru sett hafa öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst auk þess sem umferð um þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er miklu meiri en áður. Jafnframt hafa kröfur um verndun Þingvallavatns aukist, en um það verður flutt sérstakt frumvarp af hálfu umhverfisráðherra. Þingvellir hafa ómetanlegt gildi fyrir Íslendinga frá menningarlegum sjónarhóli og með tilliti til náttúrufars.

Endurskoðun laganna hefur verið unnin undir forsjá Þingvallanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað. Með því er stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru á svæðinu en jafnframt væri með samþykkt frumvarpsins lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlissvæði landsins.

Helgistaðurinn á Þingvöllum er elsti en jafnframt minnsti þjóðgarður Íslendinga eða 40 km² að stærð. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun hið friðhelga land verða 237 km² að stærð. Frá setningu laganna 1928 hefur þjóðinni fjölgað úr 110 þúsund manns. Um 70% þjóðarinnar búa í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Þingvöllum. Telja má einstakt að hafa slíka náttúruperlu svo stutt frá þéttbýlasta svæði landsins enda er svæðið þegar vinsælt útivistarsvæði.

Yfirlitsmynd af Þingvallasvæðinu sem sýnir mörk þjóðgarðsins er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um, eins og í 1. gr. gildandi laga um friðun Þingvalla, að Þingvellir við Öxará og grenndin þar skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í gildandi lögum er hins vegar hvergi sagt að hið friðaða svæði sé þjóðgarður, en Þingvellir höfðu löngu áður en það hugtak kom í náttúruverndarlög öðlast þann sess meðal þjóðarinnar að vera þjóðgarður og það heiti hefur lengi verið notað yfir svæðið og það nefnt þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Ákvæði gildandi 4. gr. laga nr. 57/1928 um að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis er flutt í 1. gr. frumvarpsins og með því lögð áhersla á þá sérstöðu sem svæðinu og stjórnsýslu þar er búin í lögum. Þó að tekið sé fram í 2. gr. frumvarpsins að yfirstjórn þjóðgarðsins heyri undir forsætisráðuneytið er dagleg stjórn og ábyrgð á málefnum þjóðgarðsins falin sérstakri nefnd sem í eiga sæti sem fyrr þrír alþingismenn kjörnir af Alþingi. Alþingi setur síðan með ákvörðunum sínum um fjárveitingar til þjóðgarðsins ramma um þær

framkvæmdir sem hverju sinni er ráðist í innan hans til að treysta framgang friðunarinnar og bæta og auka tækifæri fólks til umferðar og dvalar innan þjóðgarðsins.

Í gildandi lögum um friðun Þingvalla er land það sem friðunin tekur til afmarkað svo í 1. gr.:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Auk þess segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, sem allar liggja að mestu utan hins friðhelga lands, nema með leyfi Þingvallanefndar. Ekki er í lögunum fjallað um annað land jarðarinnar Þingvalla, þ.m.t. land það sem liggur ofan við landamerki áðurnefndra jarða og land í áttina að Skjaldbreið.

Þingvallanefnd hefur talið rétt að stækka hið friðhelga land á Þingvöllum. Við þá breytingu á mörkum hins friðhelga lands sem lögð er til í frumvarpinu fellur allt land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils, Gjábakka og Arnarfells innan hins friðhelga lands, en eins og áður sagði er nú í lögum einungis mælt fyrir um ákveðnar takmarkanir á framkvæmdum innan lands þessara jarða. Hluti af landi jarðarinnar Arnarfells er innan hins friðlýsta svæðis samkvæmt lögum nr. 59/1928 og hefur landbúnaðarráðuneytið bréflega falið Þingvallanefnd forræði jarðarinnar. Í samræmi við það er í frumvarpinu lagt til að allt land jarðarinnar verði hluti af hinu friðhelga svæði. Þá er lagt til að hið friðhelga land nái inn á þjóðlendur á Þingvallaafrétti og Grímsnesafrétti.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er með sama hætti og í 4. gr. laga nr. 59/1928 kveðið á um að hið friðhelga land skuli vera eign íslensku þjóðarinnar og að óheimilt sé að selja það eða veðsetja.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 59/1928, en bætt er við 2. mgr. ákvæðum um að nefndin kjósi formann úr sínum hópi og skipti að öðru leyti sjálf með sér verkum. Miðað er við að ný nefnd taki jafnan þegar til starfa eftir að hún hefur verið kjörin á Alþingi.

Þegar stofnað var til friðunar Þingvalla með lögum nr. 59/1928 var valin sú leið að fela nefnd þriggja þingmanna að fara með fyrir hönd Alþingis, eins og segir í 5. gr. laganna, yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign sem nefndar eru í 2. gr. laganna.

Þó að Þingvallanefnd sé kjörin af Alþingi og starfi því sem slík á ábyrgð þess er ljóst að með breyttri skipan á stjórnsýslu íslenska ríkisins hefur í vaxandi mæli komið til afskipta og samskipta við stjórnarráðið vegna framkvæmdar á einstökum málum sem Þingvallanefnd hefur þurft að fjalla um og lúta beint að daglegri umsjón með þjóðgarðinum. Á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, hefur verið ákveðið að forsætisráðuneytið fari með mál er varða Þingvelli og Þingvallaþjóðgarð, sbr. nú reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004. Til marks um þetta má nefna að fjárveitingum til þjóðgarðsins á Þingvöllum hefur í fjárlögum verið skipað undir forsætisráðuneytið.

Í tíð gildandi laga um friðun Þingvalla hefur verkefni Þingvallanefndar og starfsmanna hennar einkum verið umsýsla með eignir ríkisins á Þingvöllum og nálægum jörðum og þá framkvæmdir innan þjóðgarðsins til að auðvelda fólki umferð og dvöl innan hans. Ákvarð-

anir nefndarinnar hafa því fyrst og fremst lotið að eignaumsýslu og verklegum framkvæmdum en ekki hreinum stjórnvaldsákvörðunum.

Viðfangsefni Þingvallanefndar eru í eðli sínu hluti af framkvæmdarvaldsverkefnum ríkisins þótt þremur þingmönnum sé þar falið að fara með stjórnina. Kveða ber skýrt á um það í lögum hver séu tengsl nefndarinnar við hefðbundna stjórnsýslu ríkisins og þar með hvernig fari um hugsanlegt kærusamband. Eðlilegt er að fela forsætisráðuneytinu að fara með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn á Þingvöllum, þ.m.t. úrskurðarvald í tilefni af stjórnsýslukærum vegna ákvarðana nefndarinnar. Forsætisráðuneytið er þá einnig sá bakhjarl sem Þingvallanefnd getur leitað til þurfi hún stuðning við viðfangsefni sín innan stjórnkerfisins.

Um 3. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928 en þó er í texta hennar lögð áhersla á að hið friðhelga land sé friðað í því skyni að viðhalda eftir því sem kostur er upprunalegu náttúrufari svæðisins og ásýnd þess sem næst óbreyttri sem helgistaðar þjóðarinnar. Þar sem hið friðhelga land er stækkað og tekur nú til lands sem nýtt hefur verið til landbúnaðar er lagt til að Þingvallanefnd leggi mat á það hvernig hið friðhelga land skuli varið fyrir lausagangi búfjár og þá geti nefndin sett sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan hins friðhelga lands. Núverandi leigutakar ríkisjarða, sem verða innan hins friðhelga lands, hafa samkvæmt ábúðarskilmálum sínum ákveðnar heimildir til að nýta jarðirnar til búskapar og reglur um búskap á jörðunum verða að taka mið af þessum heimildum. Verði farið yfir þau mörk getur reynt á bótaákvæði 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, segir að ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki megi gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar. Í frumvarpsgreininni er lagt til að þessi regla gildi áfram en þó þannig að hún taki til stærra landsvæðis.

Rétt þykir að taka fram með ótvíræðum hætti að Þingvallanefnd sé heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá mannvirkinu.

Um 5. gr.

Þó að allt land innan hins friðhelga lands skv. 1. gr. frumvarpsins sé í eigu ríkisins eru dæmi um að einstök hús innan svæðisins séu í eigu annarra en ríkisins, t.d. sumarbústaðir. Talið er rétt að hafa í frumvarpinu annars vegar heimild fyrir Þingvallanefnd til að semja um kaup á fasteignum, mannvirkjum og nytjaréttindum innan þjóðgarðsins og þá eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa hverju sinni. Hins vegar er lagt til að í frumvarpinu verði eignarnámsheimild sem þó verði ekki beitt af hálfu nefndarinnar nema að fengnu samþykki forsætisráðherra.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um almenna bótareglu ef aðili verður fyrir fjártjóni vegna friðunar samkvæmt lögunum. Í samræmi við almennar reglur er talið að skerðingar á eignarréttindum umfram hinar svonefndu almennu takmarkanir á eignarráðum fasteignareiganda leiði til bótaskyldu og við beitingu þeirrar bótareglu sem hér er gerð tillaga um reynir á þessi sömu skil. Um bótaskyldu á því ekki að vera að ræða nema farið sé fram yfir hinar almennu takmarkanir.

Um 6. gr.

Talið er rétt að hafa í frumvarpinu almenna reglugerðarheimild og að á grundvelli hennar sé hægt að setja nánari reglur um verndun og meðferð þess lands sem fellur innan þjóðgarðsins. Þá er lagt til að ákveða megi í reglugerð að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar. Þarna er eingöngu gert ráð fyrir að um þjónustugjöld sé að ræða, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum, og þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau mæti kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið hefur verið upp til að veita hana. Heimild til töku gestagjalda á Þingvöllum er í gildandi lögum um friðun Þingvalla, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 59/1928, en sú gjaldtökuheimild er þó rýmri en hér er lagt til. Gert er ráð fyrir að leita þurfi staðfestingar forsætisráðherra á reglugerðinni í samræmi við hefðbundna skipan eftirlits innan stjórnsýslunnar.

Nauðsynlegt getur verið að setja tímabundnar reglur um tiltekin atriði sem lúta að umferð innan þjóðgarðsins og meðferð hans að öðru leyti. Er lagt til að Þingvallanefnd hafi heimild til að setja slíkar reglur og hún geti þá sjálf staðið að birtingu þeirra.

Um 7. gr.

Með lögum nr. 150/1996 var 2. mgr. 6. gr. laga nr. 59/1928 breytt og í stað þess að Þingvallanefnd hefði heimild til að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn var ákveðið að nefndin réði framkvæmdastjóra og hann réði annað starfsfólk. Eðlilegt er að framkvæmdastjóri beri starfsheitið þjóðgarðsvörður.


Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd skal hverju sinni kjörin að loknum alþingiskosningum. Rétt þykir því að nefndin sem nú situr haldi umboði sínu þar til ný nefnd verður kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr. frumvarpsins að loknum næstu alþingiskosningum.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928. Helsta breytingin er sú að þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun stækka verulega. Gera má ráð fyrir að það auki rekstrarkostnað þjóðgarðsins en ekki eru forsendur til að meta fjárhæðir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til að kaupa ef um semst, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, eða taka eignarnámi, einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem verða innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins. Sambærileg heimild er í gildandi lögum. Með tímanum kann það að koma til að ríkið leysi til sín jarðir eða eignir innan svæðisins. Ekki er búist við auknum kostnaði strax vegna þessara heimilda.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri þjóðgarðsins beri jafnframt starfsheitið þjóðgarðsvörður, en það á ekki að hafa áhrif á kostnað.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frumvarpið geti leitt til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það að lögum en fjárhæðir eru óvissar og yrði sótt um fjárheimildir í hverju tilviki fyrir sig ef eignir verða keyptar.

1327. Tillaga til þingsályktunar [869. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari

grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að

haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Með tilskipun 2003/51/EB eru gerðar breytingar á fjórum tilskipunum sem fjalla um reikningsskil félaga með takmarkaða ábyrgð félagsaðila. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að samræmi sé milli tilskipana Evrópusambandsins um reikningsskil og alþjóðlega reikningsskilastaðla, svo og gerð og framsetningu á skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda.

Samkvæmt reglugerð (EB) 1606/2002 er tilteknum félögum skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í reikningsskilum sínum. Reglugerð 1606/2002 var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003. Tilskipun 2003/51/EB gerir hins vegar ráð fyrir því að öðrum félögum skuli vera gert kleift að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum í reikningsskilum sínum. Er því sá munur á þessari tilskipun og reglugerð 1606/2002 að á meðan reglugerðin felur í sér að tiltekin félög eru beinlínis skylduð til að haga ársreikningum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða þá er tilskipuninni ætlað að tryggja að öðrum félögum sé heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við slíka staðla, kjósi þau það á annað borð, ásamt þeim reikningsskilareglum sem kveðið er á um í lögum um ársreikninga.

Tilskipun 2003/51/EB mælir fyrir um strangari kröfur til þess að skýrsla stjórnar félags eða samstæðu sé í samræmi við bestu viðteknu stafsvenjur. Til að skýrslan gefi glöggt yfirlit yfir þróun í rekstri og stöðu félags eða samstæðu í samræmi við umfang reksturs er gert ráð fyrir að upplýsingar takmarkist ekki aðeins við fjárhagslega þætti heldur nái þær einnig til greiningar á umhverfis- og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félags. Þá er aukið samræmi í gerð og framsetningu á endurskoðunarskýrslum með breytingum á kröfum sem gerðar eru til forms og efni þeirra. Er það gert til að gera þessa mikilvægu þætti í reikningsskilum aðgengilegri og auðvelda jafnframt samanburð við önnur félög.

Unnið er að undirbúningi lagafrumvarps í fjármálaráðuneytinu en innleiða skal tilskipunina fyrir 1. janúar 2005.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 176/2003

frá 5. desember 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003 ([1]).

2) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2003 frá 7. nóvember 2003 ([2]).

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í lið 12b (tilskipun ráðsins 91/674/EBE):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32003L0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

b) Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 86/635/EBE):

([1]) Stjtíð. ESB L ...
([2]) Stjtíð. ESB L ...
([3]) Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16.

„- **32003L0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

2. XXII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (tilskipun ráðsins 83/349/EBE):

„- **32003L0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

b) Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (tilskipun ráðsins 83/349/EBE) 4. liðar (tilskipun ráðsins 78/660/EBE):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32003L0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2003/51/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/51/EB

frá 18. júní 2003

um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 44. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráðið áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu verði komið á og ákvað að veita frest til ársins 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að gera reikningsskil félaga í Bandalaginu samanburðarhæfari ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði (hér á eftir nefnd skráð félög).

2. Hinn 13. júní 2000 birti framkvæmdastjórnin orðsendingu sína „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: leiðin fram á við" en í henni er lagt til að öll skráð félög gangi frá samstæðureikningsskilum [ɔ: samstæðureikningum] sínum í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e. alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS-staðlana), í síðasta lagi 2005.

3. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([4]) (hér á eftir nefnd IAS-reglugerðin) voru settar kröfur um að frá og með árinu 2005 skyldu öll skráð félög semja samstæðureikningsskil sín í samræmi við samþykkta IAS-staðla í Bandalaginu. Með henni var aðildarríkjunum einnig gefinn kostur á að leyfa eða krefjast þess að samþykktir IAS-staðlar verði notaðir við samningu árlegra reikningsskila [ɔ: ársreikninga] og að leyfa eða krefjast þess að óskráð félög noti samþykkta IAS-staðla.

4. Í IAS-reglugerðinni er kveðið á um að þegar samþykkt er að nota alþjóðlegan reikningsskilastaðal í Bandalaginu sé nauðsynlegt að hann uppfylli grunnkröfur fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([5]) og sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([6]), þ.e. að notkun hans gefi glögga mynd af efnahag og árangri félaga, og skal þá skoða þessa meginreglu í ljósi téðra tilskipana ráðsins án þess þó að gera ráð fyrir að farið sé að fullu og öllu að öllum ákvæðum þeirra.

5. Þar eð árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga, sem falla undir tilskipanir 78/660/EBE og 83/349/EBE og eru ekki samin í samræmi við IAS-reglugerðina, munu áfram hafa þessar tilskipanir sem helstu heimild sína um reikningsskilakröfur Bandalagsins er mikil-

([1]) Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 336.
([2]) Stjtíð. EB C 85, 8.4.2003, bls. 140.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 14. janúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), og ákvörðun ráðsins frá 6. maí 2003.
([4]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).
([6]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

vægt að sömu skilyrði séu fyrir félög Bandalagsins sem nota IAS-staðlana og þau sem nota þá ekki.

6. Að því er varðar samþykkt IAS-staðlanna og beitingu tilskipana 78/660/EBE og 83/349/EBE er æskilegt að þessar tilskipanir endurspegli þróun alþjóðlegra reikningsskila. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Bókhaldsleg samhæfing, ný áætlun í átt til alþjóðasamhæfingar" er, í þessu sambandi, leitað eftir því við Evrópusambandið að það vinni að því að viðhalda samræmi milli tilskipana Bandalagsins um reikningsskil og þróunar í setningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, einkum innan alþjóðareikningsskilanefndarinnar (International Accounting Standards Committee (IASC)).

7. Aðildarríkin skulu geta breytt framsetningu rekstarreiknings og efnahagsreiknings í samræmi við alþjóðlega þróun sem fram kemur í stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út.

8. Aðildarríkin skulu geta heimilað eða krafist þess að *endurmati og mati á gangvirði sé beitt* í samræmi við alþjóðlega þróun sem fram kemur í stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út.

9. Skýrsla stjórnar og skýrsla stjórnar samstæðu eru mikilvægir liðir í reikningsskilum [ɔ: fjárhagsskýrslugerð]. Nauðsynlegt er að bæta núverandi kröfur, í samræmi við bestu viðteknu starfsvenjur, til að skýrslurnar gefi glöggt yfirlit yfir þróun í rekstri og stöðu félagsins, í samræmi við umfang rekstursins og það hversu flókinn hann er, til að auka samræmi og veita frekari leiðbeiningar að því er varðar þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að „glöggt yfirlit" innihaldi. Upplýsingarnar skulu ekki vera takmarkaðar við fjárhagslega þætti í rekstri félagsins. Búist er við, eftir því sem við á, að þetta leiði til greiningar á umhverfisþáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins. Þetta er einnig í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/453/EB frá 30. maí 2001 um það hvernig skuli skrá, meta og gefa upplýsingar um umhverfismál í árlegum reikningsskilum og ársskýrslum félaga ([1]). Þó geta aðildarríkin valið, með tilliti til þess að þetta svið innan reikningsskila þróast og með hliðsjón af þeirri byrði sem kann að verða lögð á félög undir vissri stærð, að aflétta þeirri skyldu að þau veiti upplýsingar, sem ekki eru fjárhagslegar, í skýrslu stjórnar þess háttar félaga.

10. Mismunandi gerð og framsetning endurskoðunarskýrslu dregur úr samanburðarhæfi og skilningi notandans á þessum mikilvæga þætti reikningsskila. Auka skal samræmi með breytingum á sérstökum kröfum um form og efni endurskoðunarskýrslu í samræmi við núverandi bestu viðteknu, alþjóðlegu starfsvenjur Grundvallarkrafan um að í áritun endurskoðanda komi fram hvort árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil gefi glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum felur ekki í sér takmarkanir á umfangi áritunarinnar heldur skýrir í hvaða samhengi það er gefið.

11. Breyta ber tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE til samræmis við þetta. Enn fremur er nauðsynlegt að breyta tilskipun ráðsins 83/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([2]).

12. Alþjóðareikningsskilaráðið vinnur að því að þróa og bæta reikningsskilastaðla fyrir vátryggingastarfsemi.

13. Vátryggingafélögum skal einnig vera heimilt að nota gangvirðisreikningsskil eins og þau eru sett fram í viðeigandi stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út.

14. Breyta ber tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([3]) til samræmis við þetta.

15. Þessar breytingar munu eyða öllu ósamræmi milli tilskipana 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE annars vegar og IAS-staðlanna, sem lágu fyrir 1. maí 2002, hins vegar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 78/660/EBE er breytt sem hér segir:

([1]) Stjtíð. EB L 156, 13.6.2001, bls. 33.

([2]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

([3]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

1. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 2. gr.:

„Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess að önnur yfirlit séu talin með í árlegum reikningsskilum auk þeirra gagna sem um getur í fyrstu undirgrein.“

2. Eftirfarandi bætist við 4. gr.:

„6. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess að við framsetningu á fjárhæðum í liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings sé tekið tillit til efnis færslnanna eða fyrirkomulagsins sem um er að ræða. Slíkt leyfi eða krafa getur verið takmarkað við tiltekna flokka félaga og/eða samstæðureikningsskil eins og skilgreint er í sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga (*).

(*) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).“

3. Eftirfarandi bætist við í 8. gr.:

„Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess að félög samþykki þá framsetningu efnahagsreiknings sem kveðið er á um í a-lið 10. gr. í stað annarrar framsetningar sem er leyfð eða mælt fyrir um.“

4. Í B-lið 9. gr., undir liðnum „Skuldir“, komi fyrirsögnin „Sjóðir lagðir til hliðar“ í stað fyrirsagnarinnar „Sjóðir lagðir til hliðar vegna skuldbindinga“.

5. Í J-lið 10. gr komi í stað fyrirsagnarinnar „Sjóðir lagðir til hliðar vegna skuldbindinga“ fyrirsögnin „Sjóðir lagðir til hliðar“.

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„*10. gr. a*

Í stað framsetningar á liðum efnahagsreiknings í samræmi við 9. og 10. gr, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að félög eða tilteknir flokkar félaga setji þessa liði fram á grundvelli þess að greina á milli skammtíma- og langtímaefnahagsliða, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem fram koma, séu jafngildar þeim sem annars er krafist í 9. og 10. gr.“

7. Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Sjóðum, sem lagðir eru til hliðar, er ætlað að mæta skuldbindingum sem eru skýrt skilgreindar að gerð og sem við dagsetningu efnahagsreiknings [ɔ: á uppgjörsdegi] er annaðhvort sennilegt eða öruggt að séu áfallnar þótt óvíst sé um fjárhæð þeirra eða gjalddaga.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Sjóði, sem lagðir eru til hliðar, má ekki nota til verðbreytingar á eignum.“

8. Eftirfarandi málsgrein bætist við 22. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að öll félög eða flokkar félaga leggi fram greinargerð um árangur í stað rekstrarreiknings í samræmi við 23. og 26. gr, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem fram koma, séu jafngildar þeim sem annars er krafist í þessum greinum.“

9. Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað bb-liðar í c-lið 1. mgr. komi eftirfarandi:

„bb) taka til greina allar skuldir sem myndast kunna á fjárhagsárinu [ɔ: reikningsárinu] eða í tengslum við fyrra fjárhagsár, jafnvel þótt skuldirnar komi aðeins í ljós milli dagsetningar efnahagsreiknings og þess dags þegar efnahagsreikningur er saminn,“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a) Auk þeirra fjárhæða sem skráðar eru í samræmi við bb-lið í c-lið 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að teknar séu til greina allar fyrirsjáanlegar skuldir og allt tap sem myndast kann á fjárhagsárinu eða í tengslum við fyrra fjárhagsár, jafnvel þótt skuldirnar eða tapið komi aðeins í ljós milli dagsetningar efnahagsreiknings og þess dags þegar efnahagsreikningur er saminn.“

10. Í stað c-liðar í 1. mgr. 33. gr. komi eftirfarandi:

„c) að fastafjármunir séu endurmetnir“.

11. Í stað fyrstu málsgreinar 42. gr. komi eftirfarandi:

„Sjóðir, sem lagðir eru til hliðar, mega ekki vera hærri en nauðsyn krefur.“

12. Eftirfarandi greinar bætist við:

„*42 gr. e*

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að öll félög, eða flokkar félaga, meti tilteknar tegundir eigna, aðrar en fjármálagerninga, í fjárhæðum sem ákvarðast með tilliti til gangvirðis.

Takmarka má slíkt leyfi eða kröfu við samstæðureikningsskil eins og skilgreint er í tilskipun 83/349/EBE.

42. gr. f

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. 31. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast, að því er varðar öll félög eða flokka félaga, að þegar eign er metin í samræmi við e-lið 42. gr. sé breyting á virði tilgreind í rekstrarreikningi.“

13. Í 6. lið 1. mgr. 43. gr. komi tilvísun í „9., 10. og 10. gr. a“ í stað tilvísunar í „9. og 10. gr.“

14. Ákvæðum 46. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1.a) Skýrsla stjórnar skal í það minnsta hafa að geyma glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir.

Yfirlitið skal vera heildstæð og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri félagsins og stöðu þess í samræmi við umfang rekstursins og hversu margbrotinn hann er.

b) Að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins, skal greiningin fela í sér lykilvísbendingar um árangur sem eru bæði fjárhagslegar og, eftir því sem við á, ófjárhagslegar og varða tiltekið félag þ.m.t. upplýsingar í tengslum við umhverfis- og starfsmannamál.

c) Sem greiningartæki skal skýrsla stjórnar, ef við á, hafa að geyma tilvísanir til og frekari skýringar á fjárhæðum sem settar eru fram í árlegum reikningsskilum.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Aðildarríkin geta valið að undanþiggja félög, sem 27. gr. tekur til, skyldunni skv. b-lið 1. mgr. hér að framan að svo miklu leyti sem hún tengist upplýsingum sem eru ófjárhagslegar.“

15. Þriðji málsliður í 48. gr. falli niður.

16. Eftirfarandi komi í stað þriðja málsliðar 49. gr.:

„Skýrsla endurskoðanda eða endurskoðenda árlegra reikningsskila (hér á eftir nefndir endurskoðendur) skal ekki fylgja útgáfu þessari en koma skal fram hvort áritunin var með eða án fyrirvara eða neikvæð eða hvort endurskoðendur gátu ekki gefið áritun. Einnig skal koma fram hvort skýrsla endurskoðendanna hafi að geyma tilvísun til mála sem endurskoðendurnir vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara.“

17. Í stað 1. mgr. 51. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einn eða fleiri endurskoðendur, sem aðildarríkin hafa löggilt til endurskoðunarstarfa á grundvelli áttundu tilskipunar ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að *annast lögmælta endurskoðun* bókhaldsgagna (*), skulu endurskoða árleg reikningsskil félaga.

Endurskoðendur skulu einnig skila áliti á því hvort skýrsla stjórnar samræmist árlegum reikningsskilum fyrir sama fjárhagsár eða ekki.

(*) Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.“

18. Eftirfarandi grein bætist við:

„*51. gr. a*

1. Skýrsla endurskoðenda skal hafa að geyma:

a) inngang, þar sem fram kemur a.m.k. hvaða árlegu reikningsskil falla undir lögboðna endurskoðun ásamt þeim reikningsskilaramma sem fylgt er við samningu þeirra,

b) lýsingu á umfangi lögboðinnar endurskoðunar, þar sem fram koma a.m.k. þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru við lögboðna endurskoðun,

c) áritun endurskoðanda, þar sem kemur skýrt fram álit endurskoðenda um hvort árlegu reikningsskilin gefi glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort árlegu reikningsskilin uppfylli lögboðnar kröfur; áritun endurskoðanda skal vera með fyrirvara, án fyrirvara, neikvæð eða án álits ef endurskoðendur geta ekki gefið áritun,

d) tilvísun til mála sem endurskoðendurnir vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,

e) álit um hvort skýrsla stjórnar samræmist eða ekki árlegum reikningsskilum fyrir sama fjárhagsár.

2. Endurskoðendur skulu skrifa undir og dagsetja skýrsluna.“

19. Ákvæði 1. mgr. 53. gr. falli brott.

20. Eftirfarandi grein bætist við:

„53. gr. a

Aðildarríkin skulu ekki láta undanþágurnar, sem settar eru fram í 11., 27., 46., 47. og 51. gr., gilda um félög ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði í einhverju aðildarríki í skilningi 13. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (*).

(*) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtíð. EB L 35, 11.2.2003, bls. 1).“

21. 1. mgr. 56. gr. komi tilvísun í „9., 10. og 10. gr. a“ í stað tilvísunar í „9. og 10. gr.“

22. Í fyrstu málsgrein 60. gr. komi orðin „á grundvelli gangvirðis þeirra“ í stað „á grundvelli markaðsverðs þeirra“.

23. Í 61. gr. a komi tilvísun í „42. gr. a til f“ í stað tilvísunar í „42. gr. a til d“.

2. gr.

Tilskipun 83/349/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Að frátöldum þeim tilvikum, sem nefnd eru í 1. mgr., er aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að öll félög, sem lúta landslögum þeirra, semji samstæðureikningsskil og samstæðuársskýrslu ef:

a) félagið (móðurfélag) hefur rétt til að hafa eða hefur í raun yfirráð yfir eða stjórnar öðru félagi (dótturfélagi), eða

b) félagið (móðurfélagið) og annað félag (dótturfélag) eru undir sameiginlegri stjórn móðurfélagsins.“

2. Í 1. mgr. 3. gr. komi tilvísun í „13. og 15. gr.“ í stað tilvísunar í „13., 14. og 15. gr.“

3. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þessi grein gildir ekki þegar verðbréf félags, sem er eitt félaganna sem fella á undir samstæðuna, eru skráð á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (*).

(*) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB (Stjtíð. EB L 35, 11.2.2003, bls. 1).“

b) Ákvæði 5. mgr. falli brott.

4. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) annar málsliður í b-lið 1. mgr. falli niður,

b) í a-lið 2. mgr. komi tilvísun í „13. og 15. gr.“ í stað tilvísunar í „13., 14. og 15. gr.“,

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þessi grein gildir ekki um félög ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE.“

5. Í a-lið 1. mgr. 11. gr. komi tilvísun í „13. og 15. gr.“ í stað tilvísunar í „13., 14. og 15. gr.“

6. Ákvæði 14. gr. falli brott.

7. Í 1. mgr. 16. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess að önnur yfirlit séu talin með í samstæðureikningsskilum auk þeirra gagna sem um getur í fyrstu undirgrein.“

8. Í 1. mgr. 17. gr. komi tilvísun í „3. til 10. gr. a“ í stað tilvísunar í „3. til 10. gr.“

9. Ákvæðum 34. gr. er breytt sem hér segir:

a) í b-lið 2. mgr. komi „13. gr. og“ í stað „13. og 14. gr. ásamt, með fyrirvara um 3. mgr. 14. gr.“,

b) í 5-lið falli orðin „og þau sem haldið er utan við hana samkvæmt 14. gr.“ brott.

10. Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1 mgr. komi eftirfarandi:

„1. Skýrsla stjórnar samstæðu skal í það minnsta hafa að geyma glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félaganna og stöðu þeirra í samstæðunni í heild ásamt lýsingu á meginháttu og óvissuþáttum sem þau standa frammi fyrir.

Yfirlitið skal vera heildstæð og ítarleg greining á þróun og árangri í rekstri og stöðu félaganna í samstæðunni í heild í samræmi við umfang rekstursins og hversu margbrotinn hann er. Að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til að skilja slíka þróun, árangur og stöðu, skal greiningin fela í sér lykilvísbendingar um árangur sem eru bæði fjárhagslegar og, eftir því sem við á, ófjárhagslegar og varða tiltekið félag, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við umhverfis- og starfsmannamál.

Sem greiningartæki skal skýrsla stjórnar samstæðu vísa til og veita frekari skýringar á fjárhæðum sem settar eru fram í samstæðureikningsskilum.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Þegar krafist er samstæðuársskýrslu auk skýrslu stjórnar er hægt að leggja fram báðar skýrslurnar í einni skýrslu. Þegar sameiginleg skýrsla er samin getur verið viðeigandi að leggja aukna áherslu á þau mál sem eru mikilvæg félögunum í samstæðunni í heild.“

11. Í stað 37. gr. komi eftirfarandi:

„*37. gr.*

1. Árleg reikningsskil félaga skulu endurskoðuð af einum eða fleiri endurskoðendum sem aðildarríkið, sem setur þau landslög sem gilda um móðurfélagið, hefur löggilt til endurskoðunar á grundvelli áttundu tilskipunar ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna (*).

Endurskoðandi eða endurskoðendur samstæðureikningsskila (hér á eftir nefndir endurskoðendur) skulu einnig skila áliti á því hvort skýrsla stjórnar samstæðu samræmist samstæðureikningsskilum fyrir sama fjárhagsár eða ekki.

2. Skýrsla endurskoðenda skal hafa að geyma:

a) inngang, þar sem fram kemur a.m.k. hvaða samstæðureikningsskil falla undir lögboðna endurskoðun ásamt þeim reikningsskilaramma sem fylgt er við samningu þeirra,

b) lýsingu á umfangi lögboðinnar endurskoðunar, þar sem fram koma a.m.k. þeir endurskoðunarstaðlar sem notaðir voru við lögboðna endurskoðun,

c) áritun endurskoðanda, þar sem kemur skýrt fram álit endurskoðenda um hvort samstæðureikningsskilin gefi glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort samstæðureikningsskilin uppfylli lögboðnar kröfur; áritun endurskoðanda skal vera með fyrirvara, án fyrirvara, neikvæð eða án álits, ef endurskoðendur geta ekki gefið áritun,

d) tilvísun til mála sem endurskoðendurnir vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,

e) álit á því hvort skýrsla stjórnar samstæðu samræmist samstæðureikningsskilum fyrir sama fjárhagsár eða ekki.

3. Endurskoðendur skulu skrifa undir og dagsetja skýrsluna.

4. Þegar árleg reikningsskil móðurfélags fylgja samstæðureikningsskilunum er hægt að sameina skýrslu endurskoðenda, sem krafist er í þessari grein, hvaða skýrslu endurskoðenda sem er um árleg reikningsskil móðurfélagsins sem krafist er í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

(*) Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.“

12. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 38. gr.:

„7. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um félög ef verðbréf þeirra eru skráð á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE.“

3. gr.

Tilskipun 86/635/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Beita skal 2. gr., 3. gr., 4. gr. (1. og 3.–6. mgr.), 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. (3. og 4. mgr.), 16.–21. gr., 29.–35. gr., 37.–41. gr., 42. gr. (fyrsta málslið), 42. gr. a–f, 45. gr. (1. mgr.), 46. gr. (1. og 2. mgr.), 48.– 50. gr., 50. gr. a, 51. gr. (1. mgr.), 51. gr. a, 56.–59. gr., 61. gr. og 61. gr. a í tilskipun 78/660/EBE að því er varðar stofnanir sem getið er um í 2. gr. þessarar tilskipunar nema kveðið sé á um annað í þessari til-

skipun. Ekki skal þó beita 35. gr. (3. mgr.), 36. gr., 37. gr. og 39. gr. (1.–4. mgr.) þessarar tilskipunar þegar um er að ræða eignir og skuldir sem eru metnar í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE.

2. Í tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE skulu tilvísanir til 9., 10. og 10. gr. a (efnahagsreiknings) eða til 22. til 26. gr. (rekstrarreiknings) í tilskipun 78/660 /EBE skoðast sem tilvísanir í 4. gr. og 4. gr. a (efnahagsreikning) eða í 26., 27. og 28. gr. (rekstrarreikning) þessarar tilskipunar."

2. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu mæla fyrir um eftirfarandi uppsetningu fyrir efnahagsreikning. Aðildarríkjunum er annars heimilt að leyfa eða krefjast að lánastofnanir setji fram efnahagsreikning eins og lýst er í a-lið 4. gr."

b) Í 6. lið undir liðnum „Skuldir" komi í stað fyrirsagnarinnar „Sjóðir lagðir til hliðar vegna skuldbindinga" fyrirsögnin „Sjóðir, lagðir til hliðar".

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„*4. gr. a*

Í stað framsetningar á liðum efnahagsreiknings í samræmi við 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að lánastofnanir eða sérstakir flokkar lánastofnana setji fram þessa liði eftir eðli þeirra og raði þeim eftir hlutfallslegri lausafjárstöðu þeirra, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem fram koma, séu a.m.k. jafngildar þeim sem annars er krafist í 4. gr."

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við 26. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE er aðildarríkjunum heimilt að leyfa eða krefjast þess að allar lánastofnanir eða flokkar lánastofnana leggi fram greinargerð um árangur í stað rekstrarreiknings í samræmi við 27. og 28. gr, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem fram koma, séu jafngildar þeim sem annars er krafist í þessum greinum."

5. Ákvæði f-liðar 2. mgr. 43. gr. falli brott.

4. gr.

Tilskipun 91/674/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. Beita skal 2. gr., 3. gr., 4. gr. (1. og 3.–6. mgr.), 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr. (3. og 4. mgr.), 16.–21. gr., 29.–35. gr., 37.–41. gr., 42. gr., 42. gr. a–f, 43. gr. (1.–7. og 9.–14 liður 1. mgr.), 45. gr. (1. mgr.), 46. gr. (1. og 2. mgr.), 48.– 50. gr., 50. gr. a, 51. gr. (1. mgr.), 51. gr. a, 56.–59. gr., 61. gr. og 61. gr. a í tilskipun 78/660/EBE að því er varðar félög sem getið er um í 2. gr. þessarar tilskipunar nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun. Ekki skal þó beita 46., 47., 48., 51. og 53. gr. þessarar tilskipunar þegar um er að ræða eignir og skuldir sem eru metnar í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE.

2. Í tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE skulu tilvísanir til 9., 10., og 10. gr. a (efnahagsreiknings) eða til 22. og 26. gr. (rekstrarreiknings) tilskipunar 78/660 /EBE skoðast sem tilvísanir í 6. gr. (efnahagsreikning) eða í 34. gr. (rekstrarreikning) þessarar tilskipunar eftir því sem við á."

2. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

1. Þessi tilskipun gildir um samtök vátryggjenda sem þekktir eru sem Lloyd's. Í þessari tilskipun teljast bæði Lloyd's og samtök Lloyd's vera vátryggingafélög.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 65. gr. skal Lloyd's semja samanlögð reikningskil í stað samstæðureikningsskila sem krafist er í tilskipun 83/349/EBE. Samanlögð reikningsskil skal semja með uppsöfnun á öllum reikningsskilum samtakanna."

3. Í E-lið 6. gr. undir liðnum „Skuldir" komi í stað fyrirsagnarinnar „Sjóðir lagðir til hliðar vegna skuldbindinga" fyrirsögnin „Sjóðir, lagðir til hliðar".

4. Ákvæðum 46. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliður bætist við 5. mgr.:

„Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa undanþágur frá þessari kröfu."

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Tilgreina skal hvaða aðferð er notuð við hvern lið fjárfestinga í skýringum með reikningsskilum ásamt þeim fjárhæðum sem ákvarðaðar eru með þeim hætti."

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„*46. gr. a*

1. Þegar eignir og skuldir eru metnar í samræmi við 7. þátt a í tilskipun 78/660/EBE skal beita 2.–6. mgr. þessarar greinar.

2. Fjárfestingar, sem eru tilgreindar sem eignir í D-lið, skal tilgreina á gangvirði.

3. Þegar fjárfestingar eru tilgreindar á kaupverði skal gefa upp gangvirði þeirra í skýringum með reikningsskilunum.

4. Þegar fjárfestingar eru tilgreindar á gangvirði skal gefa upp kaupverð þeirra í skýringum í reikningsskilunum.

5. Beita skal sömu matsaðferð í tengslum við allar fjárfestingar sem falla undir þá liði sem eru merktir með arabískum tölustöfum eða eru í I. lið í eignalið C. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa undanþágur frá þessari kröfu.

6. Tilgreina skal hvaða aðferð er notuð við hvern lið fjárfestinga í skýringum með reikningsskilum ásamt þeim fjárhæðum sem ákvarðaðar eru með þeim hætti.“

6. Viðaukinn falli brott.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. DRYS
forseti.	*forseti.*

1328. Frumvarp til laga [870. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

E-liður 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og er í því gert ráð fyrir að í stað þess að ríkislögreglustjóri starfræki tæknirannsóknastofu með tilheyrandi tækjabúnaði verði tæknideild lögreglunnar í Reykjavík styrkt. Er þetta lagt til í framhaldi af tillögum vinnuhóps sem ríkislögreglustjóri skipaði árið 1999 til að móta framtíðarstefnu tæknirannsókna hjá lögreglu. Var vinnuhópnum falið að gera tillögur um framtíðarskipulag tæknimála hjá lögreglu. Umfjöllunarefni hópsins átti m.a. að vera fyrirkomulag tæknirannsókna, stjórn þeirra, samstarf og verkaskipting milli embætta, fræðsla og tækninýjungar. Í vinnuhópinn voru skipaðir Jón H. Snorrason saksóknari, sem var formaður hópsins, Guðmundur Sophusson, sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, og Bjarni J. Bogason, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að e-lið 2. mgr. 5. gr. laganna verði breytt þannig að hlutverk rannsóknastofu ríkislögreglustjóra verði að hafa eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, hafa umsjón með rekstri miðlægra gagnagrunna vegna tæknirannsókna. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmenn rannsóknastofunnar annist rannsóknir á vettvangi eða úrvinnslu gagna sem aflað er á vettvangi eða samanburðarrannsóknir. Hlutverk rannsóknastofunnar verði fyrst og fremst eftirlitshlutverk og samskipti við erlend ríki vegna tæknirannsókna, hún fylgist með nýjungum og framþróun varðandi tæknirannsóknir og miðli þeim til lögreglu. Eftirlit rannsóknastofunnar á að tryggja að tæknirannsóknir og verklag við þær séu fullnægjandi og samræmdar og uppfylli þær kröfur sem ákæruvald og dómstólar telja nauðsynlegar.

Þá er gert ráð fyrir að rannsóknastofa ríkislögreglustjóra annist og beri ábyrgð á starfsemi kennslanefndar, svokallaðrar „ID-nefndar“, og haldi skrá um horfið fólk, en mikilvægt er talið að slík skrá sé miðlæg og að tryggt sé að rannsóknastofunni berist allar upplýsingar þar um. Eðlilegt er að kennslanefndin heyri undir ríkislögreglustjóra þar sem hlutverk hennar er að aðstoða lögreglustjórana við að þekkja lík sem ekki er mögulegt að bera kennsl á með einföldum aðgerðum.

Um 2. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 8. gr. verði breytt þannig að tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík fái aukin verkefni, þ.e. að auk vettvangsrannsókna sinni deildin samanburðarrannsóknum og varðveiti fingrafarasafn og ljósmyndasafn lögreglu og haldi þeim söfnum við. Afar mikilvægt er að myndir af sakborningum, upplýsingar um fingraför og aðrar slíkar upplýsingar berist tafarlaust inn í miðlæga gagnagrunna sem varðveittir verði hjá lögreglustjóranum í Reykjavík svo að fullt gagn verði að slíkum skrám og upplýsingakerfum á landsvísu.

Áfram þjónar tæknideildin öllum öðrum lögregluumdæmum, þótt embættin sinni ýmsum tæknirannsóknum eins og verið hefur. Mörg verkefni tengd vettvangsrannsóknum og samanburðarrannsóknum krefjast sérhæfðra lögreglumanna og tækja og er óraunhæft og ekki fallið til árangurs að byggja upp og viðhalda þekkingu á þessu sviði hjá mörgum embættum og koma þar upp nauðsynlegum tækjabúnaði. Er því talið heppilegt að tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík sinni tæknirannsóknum á landsvísu. Hjá tæknideildinni hefur skapast

töluverð reynsla og þekking. Þá hefur reynt talsvert á aðstoðarskyldu lögreglustjórans í Reykjavík við vettvangsrannsóknir við önnur lögregluembætti. Enn fremur hefur tæknideildin fært upplýsingar sem aflað er hjá embættinu inn í svokallaða brotamannaskrá sem ríkislögreglustjóri starfrækir.

Með þessari breytingu er verið að sameina þekkingu á sviði tæknirannsókna og tækjabúnað á einn stað þar sem gert er ráð fyrir að sérþekking, auk tækja og búnaðar sem til er hjá ríkislögreglustjóra, flytjist til lögreglustjórans í Reykjavík. Þessar breytingar munu tvímælalaust leiða til hagkvæmni auk þess sem eftirlit með tæknirannsóknum verður markvissara af hálfu ríkislögreglustjóra.

Þá er lagt til að ríkislögreglustjóri setji reglur um starfrækslu tæknideildarinnar í stað þess að dómsmálaráðherra setji þær reglur eins og er í gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/1996, lögreglulögum.

Í frumvarpinu er lagt til að tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík taki við samanburðarrannsóknum frá tæknirannsóknastofu ríkislögreglustjóra, varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Verkefni rannsóknastofu ríkislögreglustjóra verði að hafa eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með talið rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annast erlend samskipti vegna tæknirannsókna, halda skrá um horfið fólk, og hafa umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir.

Fyrirhugað er að sá búnaður til samanburðarrannsókna sem fyrir hendi er hjá ríkislögreglustjóra fari til tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík og að 1,5 stöðugildi færist þangað frá ríkislögreglustjóra. Þannig verði þá ekki lengur reknar tvær tæknirannsóknastofur með svipuðum tæknibúnaði hjá tveimur stofnunum. Gert er ráð fyrir að tæplega 9 m.kr. fjárveiting verði flutt frá ríkislögreglustjóra til lögreglunnar í Reykjavík í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 vegna þessa.

Reiknað er með því að samruni á verkefnum embættanna á þessu sviði verði til hagræðingar og geti stuðlað að því að þessi útgjöld lækki nokkuð.

1329. Frumvarp til laga [871. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakborningsins. Bera má synjun lögreglu um aðgang að gögnum undir dómara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það sama á við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn þess, sbr. 8. mgr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dómari getur samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða öðru sem varðar persónu þess og ekki eru efni til að telja nafnleynd geta spillt fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti. Skal þá dómara greint bréflega og í trúnaði frá nafni vitnis og öðrum atriðum sem leynd verður um, en gögn með þeim upplýsingum skulu síðan varðveitt þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim. Sé máli skotið til æðra dóms skulu þessar upplýsingar á sama hátt fylgja því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Rannsóknari getur tekið yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk. Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd hljóðritana og upptöku.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ef ætla má vegna sakarefnis að öryggi þess sem gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir komist að raun um nafn hans eða önnur persónuauðkenni er heimilt með samþykki þess sem rannsókn stýrir að gefa hlutaðeiganda þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða maður hafi átt í hlut, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að gögnum um það en sá sem rannsókn stýrir, svo og ákærandi og dómari ef mál kemur til kasta þeirra.

4. gr.

2. málsl. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 86. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „yfirvöld“ í a-lið kemur: síma- eða fjarskiptafyrirtæki.
b. Í stað orðsins „yfirvöldum“ í b-lið kemur: síma- eða fjarskiptafyrirtækjum.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 87. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum getur handhafi ákæruvalds ákveðið að aðgerðir skv. 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. Nú kemst dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv. 86. gr. og skal hann þá senda tilkynningu um það til dómsmálaráðherra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og eru í því lagðar til nokkrar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, að því er varðar aðgang verjanda að rannsóknargögnum máls, heimild til að taka yfirheyrslur yfir sakborningi upp á hljóð- eða myndband, vitnavernd lögreglumanna og loks heimild fyrir handhafa ákæruvalds til að taka ákvörðun um símhlerun.

Lagt er til að heimildum lögreglu til að neita verjanda um aðgang að málsgögnum verði breytt. Ef lögregla telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins að málsgögn komist til vitundar sakbornings geti lögregla neitað að veita verjanda aðgang að gögnunum. Einnig er lagt til að lögreglu verði heimilað að taka yfirheyrslu af sakborningi og vitni upp á hljóð eða mynd, og er það að fengnum tillögum nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðuneytinu til að fara yfir skipan reglna um hljóðritun lögregluyfirheyrslna.

Þá er lögð til heimild þess efnis að sé brýn hætta á að bið eftir úrskurði um símhlustun geti valdið sakarspjöllum geti ákæruvaldshafi ákveðið að símhlustun skuli fara fram án úrskurðar, en ávallt verði leitað úrskurðar dómstóls innan sólarhrings frá því að heimild ákæruvaldshafa er veitt. Sams konar ákvæði er að finna í dönsku og norsku réttarfarslögunum. Gert er ráð fyrir að dómari sendi um það tilkynningu til dómsmálaráðherra komist hann að þeirri niðurstöðu að símhlerunin hafi ekki verið heimil.

Enn fremur eru lagðar til breytingar sem snúa að vitnavernd lögreglumanna. Lagt er til að lögreglumenn geti notið verndar gegn ógn sem þeim og fjölskyldum þeirra getur stafað af sakborningum og öðrum þannig að nafn viðkomandi lögreglumanns komi ekki fram í lögregluskýrslu ef sakarefnið er með þeim hætti að öryggis þess sem gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur og aðrir þekki nafn hans. Einnig er gert ráð fyrir að vitni sem koma fyrir dóm geti notið nafnleyndar, sbr. breytingar á 59. gr. laganna.

Loks eru lagðar til orðalagsbreytingar á 86. gr. laganna í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa í síma- og fjarskiptamálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að neita sakborningi um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm.

Um 2. gr.

Í 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála er kveðið á um að dómari geti eftir kröfu ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin telji dómari að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Lagt er til að nýr málsliður bætist við þannig að sama eigi við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn þess. Síðan bætist við 59. gr. nýtt ákvæði um að dómari geti samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða öðru sem varði persónu hans ef brýnir öryggishagsmunir vitnisins eða manna nátengdra því krefjast og ekki verði talið að slík nafnleynd geti spillt fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti.

Skilyrði þeirrar nafnleyndar vitnis sem lögð er til samkvæmt framangreindu er annars vegar að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að nærvera sakbornings geti orðið til þess að hann komist að raun um persónuauðkenni vitnis og hins vegar að brýnir öryggishagsmunir vitnis eða manna nátengdra því krefjist nafnleyndar. Dómari ákveður samkvæmt kröfu þar um hvort skilyrðin um alvarlega ógn og brýna öryggishagsmuni teljist vera fyrir hendi.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 59. gr. geta í raun eingöngu átt við um þau vitni sem ekki hafa komið fram undir nafni við rannsókn málsins, enda getur sakborningur séð öll gögn málsins, sbr. 2. mgr. 43. gr. laganna. Þetta á þannig við um þá lögreglumenn sem geta notið nafnleyndar við rannsókn máls, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ríkissaksóknari lagði til í bréfi til dómsmálaráðuneytisins í nóvember 2003 að hafinn yrði undirbúningur að setningu reglna um hljóðritun yfirheyrslna hjá lögreglu og að skipuð yrði nefnd á vegum ráðuneytisins til að fara yfir allt sem það varðaði og gera tilllögur í því efni. Í framhaldi af því var skipuð nefnd í þessu skyni. Nefndina skipuðu Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn, sem var formaður nefndarinnar, Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari og Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn. Nefndin skilaði tillögum í febrúar 2004 og lagði til að 72. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, yrði breytt þannig að skýrt yrði kveðið á um heimild rannsóknara til hljóðritunar og myndbandsupptöku yfirheyrslna af sakborningum og vitnum. Þá gerði nefndin tillögur um þau atriði sem hafa þyrfti í huga við samningu reglna um framkvæmd hljóðritana.

Í samræmi við tillögur framangreindar nefndar er lagt til að 72. gr. verði breytt þannig að kveðið verði á um að rannsóknara sé almennt heimilt að taka efni yfirheyrslna yfir sakborningi og vitni upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk. Þá er lagt til að sú sérstaka heimild sem nú er í 72. gr., um að ef sérstaklega standi á, svo sem við yfirheyrslu barns, sé rannsóknara heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband, verði felld niður, enda verður að telja að slík heimild felist í þeirri almennu heimild til upptöku á yfirheyrslum sakborninga og vitna á hljóð- og myndband sem hér er lögð til.

Ekki hefur verið kveðið á um í lögum um meðferð opinberra mála að heimilt sé að taka yfirheyrslur sakborninga upp á hljóð- eða myndband. Eins og fyrr segir er þó heimilt skv. 72.

gr. laganna, ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband. Í athugasemdum með ákvæði þessu í frumvarpi sem varð að lögum nr. 19/1991 (þskj. 101, 98. máli 113. löggjafarþings) segir þó eftirfarandi: „Skýrslu sakbornings eða vitnis má þó, ef sérstaklega stendur á, hljóðrita eða taka upp á myndband.“ Sú sérstaka staða er þá fyrir hendi að ekki er sérstök lagaheimild fyrir lögreglu til að taka skýrslutöku af sakborningi upp á hljóð- eða myndband þótt það hafi verið ætlun löggjafans. Þá ber að nefna að í reglugerð nr. 395/1997, um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu, er heimild til að taka yfirheyrslu sakbornings eða vitnis upp á hljóðband. Reglugerðin er sett með stoð í lögum um meðferð opinberra mála, en samkvæmt framansögðu verður að telja að sú lagastoð sé hæpin varðandi hljóð- og myndritun á skýrslutökum af sakborningi. Þess ber að geta að í 2. mgr. 74. gr. a í lögum um meðferð opinberra mála er að finna sérstaka heimild til að taka skýrslur sakbornings, brotaþola og vitna upp á myndband, sé þess kostur, en hún er bundin við mál er varða kynferðisbrot gegn börnum.

Verði lögfest sú almenna heimild, sem hér er lögð til, getur það haft mjög mikil áhrif á sönnunarstöðu mála fyrir dómi. Það kemur oft fyrir að sakborningar og vitni hverfi frá framburði sínum hjá lögreglu þegar kemur að meðferð málsins fyrir dómi og hafa þeir oftast gefið þær skýringar á hinum breytta framburði sínum að lögregla hafi haft rangt eftir þeim í skýrslum eða breytt skýrslum eftir á. Almenn heimild til að taka yfirheyrslur sakborninga og vitna upp með hljóði eða mynd getur bætt úr slíkum sönnunarvandkvæðum. Upptaka á yfirheyrslum sýnir með óyggjandi hætti hvernig skýrslutaka hjá lögreglu hefur farið fram og verndar þannig í senn stöðu lögreglunnar og hagsmuni sakbornings eða vitnis.

Þá er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., þar sem kveðið verði á um nafnleynd þeirra lögreglumanna sem gera skýrslur eða vinna með öðrum hætti að rannsókn máls. Skilyrði þessa er að ætla megi vegna sakarefnis að öryggi viðkomandi lögreglumanns geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir komist að raun um nafn hans eða önnur persónuauðkenni. Er þannig gert ráð fyrir að í stað þess að lögreglumaður skrifi eigið nafn undir skýrsluna skrifi hann annað tilbúið nafn. Ástæða þessa er sú að lögreglumenn hafa stöðu sinnar vegna oft orðið fyrir hótunum um líflát og annan ófarnað sem einnig beinast að maka þeirra og börnum. Hafa sakborningar og aðrir sem tengjast sakborningi eða viðkomandi máli einnig hótað lögreglumönnum því að sitja fyrir börnum þeirra á leið barnanna í og úr skóla. Þá hafa lögreglumenn og þeirra nánustu orðið fyrir eignaspjöllum og jafnvel árásum. Er því eðlilegt að lögreglumenn geti átt þess kost að nafn þeirra komi ekki fram í lögregluskýrslum þegar nefnd skilyrði eru fyrir hendi, þ.e. að sakarefnið sé með þeim hætti að öryggi viðkomandi lögreglumanns geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur og aðrir þekki nafn hans. Í ákvæðinu eru ekki nefndir ákveðnir brotaflokkar sem þetta gæti átt við um, heldur er það lagt í hendur þess sem rannsókn stýrir að meta það hverju sinni.

Varðandi nafnleynd má einnig benda á breytingar þær sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að við 59. gr. laganna bætist ný málsgrein um nafnleynd vitna fyrir dómi. Með þessum breytingum má segja að fyrsta skrefið varðandi vitnavernd sé stigið.

Um 4. gr.

Breytinguna leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að í stað orðsins yfirvöld komi síma- og fjarskiptafyrirtæki. Orðið „yfirvöld“ í lagaákvæðinu er frá þeim tíma að ríkið átti einkarétt á því að reka almenna talsíma-

þjónustu og eiga og reka almennt fjarskiptanet. Sá einkaréttur var afnuminn 1. janúar 1998 með þágildandi fjarskiptalögum, nr. 143/1996. Hefur því margt breyst frá því að lög um meðferð opinberra mála voru sett og sinna nú hlutafélög og fyrirtæki síma- og fjarskiptaþjónustu. Sérstaklega hefur reynt á þessi samskipti í tengslum við b-lið 86. gr. laganna þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa ekki talið sér skylt að veita lögreglu upplýsingar án dómsúrskurðar, með samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis, skv. 1. mgr. 87. gr. laganna þar sem þau telja ákvæðið ekki eiga við starfsemi sína, enda ekki yfirvöld. Hefur þetta í mörgum tilvikum tafið rannsóknir mála.

Álitaefni þetta hefur komið til kasta dómstóla og má þar nefna dóm Hæstaréttar í málinu nr. 448/1998. Segir m.a. svo í dómi Hæstaréttar: „Skylda til að veita upplýsingar hvílir að vísu eingöngu á yfirvöldum samkvæmt hljóðan b-liðar 86. gr. laga nr. 19, 1991. Um þetta verður hins vegar að hafa í huga að við setningu laganna mun ekki hafa verið á færi annarra en yfirvalda að veita upplýsingar af umræddum toga, en á því hafa orðið breytingar, svo sem meðal annars má ráða af sakarefni þessa máls. Verður því að telja unnt að beita síðastnefndu lagaákvæði með lögjöfnun, þannig að til álita geti komið að leggja á varnaraðila skyldu til að veita upplýsingarnar, sem krafa sóknaraðila tekur til.“ Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 89/2001 og 38/2002 eru sömu álitamál uppi og vísar Hæstiréttur þar til dómsins í máli 448/1998 sem fordæmis. Fleiri dómar hafa gengið um upplýsingaskyldu síma- og fjarskiptafyrirtækja án þess að sérstaklega sé vitnað til þessa dóms, enda verður að telja að viðkomandi síma- og fjarskiptafyrirtæki hafi talið fordæmið gilda þótt ávallt hafi það farið fram á dómsúrskurð.

Til að taka af öll tvímæli um að fyrirtækjum á sviði talsímaþjónustu og fjarskipta sé skylt að veita lögreglu upplýsingar skv. 1. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991 án dómsúrskurðar, að skilyrðum ákvæðisins uppfylltum, er gerð tillaga um þessa breytingu.

Um 6. gr.

Ef brýn hætta er á að bið eftir dómsúrskurði valdi sakarspjöllum við rannsókn máls er lagt til að handhafi ákæruvalds geti ákveðið að símhlustun og aðrar aðgerðir skv. 86. gr. laganna hefjist án úrskurðar. Gert er að skilyrði að sá sem ákvörðun tekur leggi málið fyrir dómara innan sólarhrings frá ákvörðuninni. Dómari úrskurðar hvort ákvörðunin hafi verið réttmæt og um framkvæmd aðgerðarinnar að öðru leyti.

Ástæður tillögunnar eru fyrst og fremst þær að reynsla undanfarinna ára og ný tækni í fjarskiptum með símum án beintenginga hefur leitt til fleiri símhlustana en áður. Þá hafa tíð skipti á símum og númerum hjá þeim sem sæta hlustun orðið til þess að réttarspjöll hafa orðið. Rétt er að benda á að úrskurður um símhlustun kveður á um hlustun á samtal við tiltekið símanúmer eða tiltekið fjarskiptatæki en ekki símtöl ákveðins aðila í ótilteknum símum. Sams konar heimild og hér er lögð til er bæði í dönskum og norskum lögum, þ.e. 216. gr. d í norsku lögunum um opinbert réttarfar og í 3. mgr. 783. gr. dönsku réttarfarslaganna. Í norsku lögunum er það handhafi ákæruvalds sem tekur slíka ákvörðun, en í dönsku lögunum er það lögreglan. Hér er lagt til að handhafi ákæruvalds skv. 25. gr laganna, þ.e. ríkissaksóknari, lögreglustjóri eða ríkislögreglustjóri, taki slíka ákvörðun um símhlustun og aðrar aðgerðir skv. 86. gr. án dómsúrskurðar. Gert er ráð fyrir að dómari sendi um það tilkynningu til dómsmálaráðherra komist hann að þeirri niðurstöðu að símhlerunin hafi ekki verið heimil. Tilgangur ákvæðisins er að upplýsingar um þetta safnist á einn stað þannig að unnt sé að hafa eftirlit með því að þessi undantekningarheimild sé ekki misnotuð. Er og ákvæðið í fullu samræmi við ákvæði 26. gr. laga um meðferð opinberra mála þar sem segir að dómsmálaráðherra fari með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála sem snúa að rannsókn lögreglu. Í fyrsta lagi er lagt til að lögregla geti undir ákveðnum kringumstæðum neitað verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef það telst nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögreglu verði heimilt að taka yfirheyrslur sakbornings og vitna upp á hljóð- eða myndband eða mynddisk. Í þriðja lagi geti handhafi ákæruvalds ákveðið að símhlustun hefjist án dómsúrskurðar en beri ákvörðunina innan sólarhrings undir dómara. Þá eru í frumvarpinu tillögur um ákvæði sem lúta að vitnavernd lögreglumanna. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

1330. Frumvarp til laga [872. mál]

um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 125. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 38 19. apríl 1994, orðast svo: Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um starfshætti gjafsóknarnefndar í reglugerð.

2. gr.

1. mgr. 126. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingi má veita gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í dómsmáli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að málsóknin sé kostuð af almannafé. Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar.

II. KAFLI

Breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58 10. júní 1998, með síðari breytingu.

3. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er að veita aðila máls gjafsókn eða gjafvörn ef mál hans hefur að mati gjafsóknarnefndar, sbr. lög um meðferð einkamála, verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og eru í því lagðar til breytingar á ákvæðum laga um meðferð einkamála um gjafsókn. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta um sama efni.

Meginreglurnar um gjafsókn er að finna í XX. kafla laga um meðferð einkamála. Um skilyrði gjafsóknar er fjallað í 126. gr. laganna, en þar er kveðið á um að gjafsókn verði aðeins veitt ef nægilegt tilefni er til málsóknar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er fullnægt: að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, sbr. a-lið 1. mgr. 126. gr. laganna, eða úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda, sbr. b-lið 1. mgr. 126. gr. Síðastnefnt skilyrði er afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis. Er því lagt til í 2. gr. frumvarpsins að það verði fellt brott þannig að almenna reglan verði sú að veiting gjafsóknar byggist fyrst og fremst á því að einstaklingur hafi ekki nægilega fjármuni til að gæta réttar síns fyrir dómstólum. Einnig verði á því byggt að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málsóknin sé kostuð af almannafé.

Vegna framangreindra tillagna er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að við lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta bætist ákvæði um gjafsókn. Liggja til þessa jafnræðisrök; þegar eru mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar hafin á einu landsvæði og þykir því rétt að sömu reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum. Einnig má hafa í huga að í þessum málum hefur ríkisvaldið haft frumkvæði að ákveðinni lagasetningu og mörgum þeirra málaferla og krafna sem lýst hefur verið í kjölfar hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin sem lögð er til í þessari grein tengist efni 2. gr. frumvarpsins og vísast til þess sem kemur fram í almennum athugasemdum og í athugasemdum um þá grein hér á eftir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að gjafsóknarheimildir byggist á því grundvallaratriði að efnalítið fólk geti leitað réttar síns fyrir dómstólum. Samkvæmt gildandi lögum er gjafsóknarnefnd ætlað að meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til gjafsóknar, bæði hvað varðar fjárhagsstöðu umsækjanda og hvort hann hafi nægilegt tilefni til málsóknar. Mat á tilefni getur verið erfitt. Í sumum tilfellum getur verið óeðlilegt að veita einstaklingi gjafsókn í máli gegn öðrum ef

málstilefnið er hæpið, óverulegir hagsmunir eru í húfi eða mál varðar viðskipti er tengjast verulega atvinnustarfsemi einstaklings eða mál er þess eðlis að það sé óeðlilegt að veita gjafsókn þótt fjárhagsstaða umsækjanda gefi tilefni til þess, svo sem ef mál er milli nákominna þar sem málsefnið er þess eðlis að ekki sé eðlilegt að reka það fyrir dómstólum. Breytingu á ákvæðum samkvæmt þessari grein er ætlað að styrkja betur en áður heimildir ráðuneytisins til að setja nánari reglur í reglugerð um skilyrði gjafsóknar á grundvelli almennra sjónarmiða til leiðbeiningar fyrir gjafsóknarnefnd. Gert er ráð fyrir að mat á tilefni verði áfram í höndum gjafsóknarnefndar og þá eins þegar deilt er um lagatúlkun í væntanlegu dómsmáli.

Um 3. gr.

Um röksemdir fyrir þessari grein vísast til almennra athugasemda. Ákvæðið byggist á b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála og er tilgangur þess að menn séu jafnsettir fyrir og eftir gildistöku laganna, verði frumvarpið samþykkt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frumvarp þetta miðar að því að gjafsókn verði fyrst og fremst veitt þeim einstaklingum sem ekki hafa nægilega fjármuni til að gæta réttar síns fyrir dómstólum. Einnig verði á því byggt að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málsóknin sé kostuð af almannafé. Frumvarpið felur í sér að felld verði niður almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Í tengslum við þá breytingu er þó jafnframt lagt til að sérreglu verði bætt í lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, þar sem gjafsókn verði veitt í slíkum málum á þessum grundvelli. Byggist það bæði á því að ríkið hefur haft frumkvæði að þeirri lagasetningu og kröfugerð og að mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar eru þegar hafin á einu landsvæði þannig að eðlilegt þykir að sömu reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum.

Verði þessar breytingar lögfestar má gera ráð fyrir einhverri fækkun á veitingu gjafsóknar og að útgjöld vegna þeirra aukist minna en verið hefur undanfarin ár, eða lækki jafnvel, en það mun ráðast af nánari skilyrðum í reglugerð. Frumvarpið breytir ekki rétti til gjafsóknar vegna þjóðlendumála miðað við gildandi lagaákvæði og ætti því ekki að hafa í för með sér kostnaðaráhrif að því leyti.

1331. Tillaga til þingsályktunar [873. mál]

um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, að samþykkja eftirfarandi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fyrir tímabilið frá maímánuði 2004 til maímánaðar 2008.

I. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu árin verði eftirfarandi:

1. Samþætting jafnréttissjónarmiða.
2. Fræðsla um jafnréttismál.
3. Jafnrétti á vinnumarkaði.
4. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
5. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.
6. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

II. Verkefni ráðuneytanna.

A. Verkefni allra ráðuneytanna.

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.
3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.
4. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.
5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.
6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
7. Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.

Auk þessara verkefna taki einstök ráðuneyti þátt í, eða beri ábyrgð á, eftirtöldum verkefnum:

B. Forsætisráðuneyti.

8. Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.
11. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

D. Félagsmálaráðuneyti.

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
13. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.
14. Fæðingarorlof og atvinnulíf.
15. Jafnrétti í vinnumiðlun.
16. Karlar til ábyrgðar.
17. Kynbundinn launamunur.
18. Launamyndun og kynbundinn launamunur.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.

31. Konur í atvinnurekstri.
40. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

E. Fjármálaráðuneyti.

19. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.
20. Úttekt á almannatryggingakerfinu.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
17. Kynbundinn launamunur.

F. Hagstofa Íslands.

21. Konur og karlar í atvinnurekstri.

G. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

22. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.
23. Heilsufarskönnun.
24. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.
25. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
26. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.
27. Áhættuhegðun karla.
28. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.
29. Jafnrétti og lýðheilsa.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:

16. Karlar til ábyrgðar.

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

30. Konur og stjórnun fyrirtækja.
31. Konur í atvinnurekstri.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.

I. Landbúnaðarráðuneyti.

J. Menntamálaráðuneyti.

32. Konur í vísindum
33. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.
34. Jafnréttiskennsla í skólum.
35. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr Þróunarsjóðum leik-, grunn-, og framhaldsskóla.
36. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.
37. Konur og fjölmiðlar.

K. Samgönguráðuneyti.

L. Sjávarútvegsráðuneyti.

38. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.
39. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

M. Umhverfisráðuneyti.

N. Utanríkisráðuneyti.

40. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.
41. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:
9. Mansal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt áætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið frá maímánuði 2004 til maímánaðar 2008. Hún fylgir hér á eftir:

„I. Inngangur.

Samkvæmt 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fram, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Sú áætlun sem hér er lögð fram byggist að hluta til á fyrri framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem var í gildi 2002–2004.

Áætlunin sem hér fer á eftir er öðruvísi uppbyggð en fyrri áætlanir. Í stað þess að fjalla um hvert ráðuneyti fyrir sig verður farið í gegnum afmörkuð verkefni, og kveðið á um hvaða ráðuneyti eru ábyrg fyrir framkvæmd hvers verkefnis og hvaða aðilar aðrir komi þar að. Ýmis þeirra verkefna sem fylgja hér á eftir eru kunnugleg frá fyrri áætlunum, þótt mörgum hafi verið lokið á liðnu framkvæmdatímabili. Þó hefur fjöldi þeirra verkefna frá fyrri áætlunum sem ekki reyndist unnt að ljúka leitt til þess að sú ákvörðun var tekin að fækka frekar verkefnum. Með því verður áætlunin raunhæfari og um leið markvissari.

Í fyrri framkvæmdaáætlunum var stefnt að því að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í daglegt starf allra ráðuneyta. Enn er nauðsynlegt að hafa þetta markmið að leiðarljósi þar sem árangurinn hefur ekki verið sem skyldi. Hér er þó rétt að benda á að samþætting er ekki markmið í sjálfri sér, heldur er það jafnrétti kynjanna sem er markmiðið. Það næst með því meðal annars að gera samþættingu að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslunni. Samþætting er aðferðin, eða verkfærið, sem getur gert það kleift að ná markmiðinu um jafnrétti.

Í síðustu áætlun var sérstaklega tekið fram að nauðsynlegt væri að þróa störf jafnréttisfulltrúa og skapa þeim starfsmönnum sem hlutverkinu sinna ákveðnara rými, stuðning og möguleika til að sinna starfinu. Þetta hefur þó ekki orðið, þannig að eitt helsta verkefni næstu ára verður skilgreining á starfi jafnréttisfulltrúa innan ráðuneytis, til dæmis með afmarkaðri starfslýsingu og starfshlutfalli. Þó ber að taka fram að starfshlutfallið þarf ekki að vera það sama fyrir alla jafnréttisfulltrúa því ólík hlutverk ráðuneytanna gera það að verkum að hlutföllin eru breytileg milli þeirra.

Pólitískur vilji til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera hefur komið fram í fyrri framkvæmdaáætlunum. En þrátt fyrir þann vilja hefur hlutfall kvenna í opinberum nefndum, ráðum og stjórnum í heildina ekki aukist á síðustu tveimur árum. Á haustmánuðum 2003 hafði hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum hækkað í fjórum ráðuneytum, staðið í stað í einu, en lækkað í sjö þegar borið er saman við stöðuna árið 2001. Loks er ástæða til að minnast á það að hlutur kvenna í stjórnunarstöðum innan ráðuneytanna er enn rýr, en í einu ráðuneyti er engin kona í yfirstjórn og í flestum eru þær í minni hluta. Þetta er mál sem ríkisstjórnin hyggst huga betur að á næstu árum og að því verður unnið í þessari áætlun. Þetta á þó ekki við um öll ráðuneyti, til dæmis eru konur 44% yfirstjórnar dóms- og kirkjumálaráðuneytis og 50% yfirstjórnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis samkvæmt tölum frá október 2003, og í febrúar 2004 varð umhverfisráðuneytið fyrst til þess að hafa fleiri konur en karla í yfirstjórn. Pólitískan vilja til breytinga þarf að sýna í verki á fleiri stöðum og því er nauðsynlegt að framgangur verkefnanna í þessari áætlun verði tryggður.

Kynbundinn launamunur er enn eitt af helstu áhersluatriðum framkvæmdaáætlunarinnar. Þróunin er vissulega í rétta átt, en upplýsingar benda til þess að betur má ef duga skal. Kyngreindar upplýsingar eru grunnundirstaða þess að hægt sé að fylgjast með þróun mála í þessum efnum. Með slíkum gögnum væri til dæmis hægt að þróa svokallaða kynjavísitölu (barometer/benchmarking) til að nákvæmar sundurgreindar upplýsingar um stöðu karla og kvenna í samfélaginu séu alltaf tiltækar.

II. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Í framkvæmdaáætlun þessari er lagt til að stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu árin verði eftirfarandi:

- Samþætting jafnréttissjónarmiða.
- Fræðsla um jafnréttismál.
- Jafnrétti á vinnumarkaði.
- Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
- Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.
- Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

Nokkur verkefni ríkisstjórnarinnar taka sérstaklega til innra starfs ráðuneytanna, en önnur þau verkefni sem fylgja hér á eftir munu að einhverju leyti fela í sér vinnu að samþættingu, fræðslu eða vinnumarkaðsmálum.

1. Samþætting jafnréttissjónarmiða.

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er að stuðla að jafnrétti kynjanna. Í samþættingu felst að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild, en ekki aðeins kvenna. Markmið samþættingar er að flétta sjónarhorn kynferðis inn í alla stefnumótun innan samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna og gera bæði konum og körlum kleift að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf. Hér er nauðsynlegt að taka fram að kynhlutleysi og samþætting eru ekki eitt og hið sama þar sem kynhlutleysi lítur oft fram hjá sértækum þörfum og reynslu kvenna og karla. Þegar horft er á öll mál fyrst og fremst út frá því hvernig þau snerta konur annars vegar og karla hins vegar verða allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku að hafa þekkingu á jafnréttismálum. Fræðsla um jafnréttismál er því frumforsenda þess að samþætting verði árangursrík og að jafnrétti kynjanna verði að veruleika í samfélaginu.

Þegar til lengri tíma er litið er markmiðið það að sjónarhorn kynferðis verði sjálfsagður hluti allrar ákvarðanatöku og verði alltaf lagt til grundvallar. Fjórar frumforsendur samþættingar eru: Upplýsingar um stöðu karla og kvenna, ábyrgð á framkvæmdinni, fræðsla um jafnréttismál og aðferðir sem hægt er að beita til að ná fram jafnrétti kynjanna á þennan hátt. Með hliðsjón af því voru framangreind sjónarmið höfð að leiðarljósi við gerð framkvæmdaáætlunarinnar þannig að þau verkefni sem lögð yrðu fram beindust að einum eða fleiri þessara þátta, þ.e. að veita upplýsingar, auka fræðslu, eða benda á aðferðir til að jafna stöðu kynjanna. Fyrir hvert verkefni er tilnefndur ábyrgðaraðili, hvort sem þeir eru einn eða fleiri, auk þess sem leitast er við að leggja fram tíma- og kostnaðaráætlanir fyrir verkefnin. Verkefni sem tengjast samþættingu eru til dæmis jöfnun kynjahlutfalls í nefndum, ráðum og stjórnum (verkefni 1) og nefndir og ráð í sveitarfélögum (13).

2. Fræðsla um jafnréttismál.

Sérþekking og fjármagn verður að vera tiltækt til að sinna samþættingu jafnréttissjónarmiða, eins og í öllum verkefnum einstakra ráðuneyta. Nauðsynlegt er að allir þeir sem hafa

með stefnumótun og ákvarðanatöku að gera hafi þekkingu á jafnréttismálum. Þess vegna er fræðsla um þessi málefni eitt af frumskilyrðum þess að samþætting eigi sér stað. Allt starfsfólk ríkis og sveitarfélaga, sem ber ábyrgð á og sér um að framfylgja stefnumótunarvinnu, þarf að fá fræðslu um þennan málaflokk til að geta sinnt verkefnum sínum fyllilega. Í þessum tilgangi verður haldið áfram með markvissa fræðslu til stjórnenda og almennra starfsmanna innan ráðuneyta. Verkefni sem tengjast þessu áhersluatriði eru til dæmis fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta (3) og útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu (8).

3. Jafnrétti á vinnumarkaði.

Skýrsla um efnahagsleg völd kvenna, sem gefin var út í febrúar 2004, sýnir að enn er til staðar kynbundinn launamunur í samfélaginu, en samkvæmt könnun sem nefndin stóð fyrir hafa konur um 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma. Samkvæmt skýrslunni má skýra 21–24% launamunarins með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi. Eftir stendur 7,5–11% launamunur sem stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla.

Síðustu kannanir hafa sýnt að yfirborganir og hlunnindi á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera gangi frekar til karla en kvenna. Einnig hefur komið fram við samanburð hefðbundinna kvennastarfsgreina og hefðbundinna starfsgreina karla sem krefjast sambærilegs námstíma að um verulegan launamismun sé að ræða. Ljóst er að leita verður leiða til að uppræta launakerfi þar sem stöðuheiti, föst yfirvinna og bílahlunnindi eru notuð til að bæta lág laun sem samið er um í kjarasamningum. Markmið ríkisstjórnarinnar er að uppræta launamun kynjanna þannig að jafnrétti náist á þessu sviði.

Auk þess þarf að leggja áherslu á verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku kvenna í atvinnurekstri og iðnaði. Þá er full ástæða til þess að fylgja eftir 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem segir: „Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.“ Sérstaklega er tekið fram í lögunum að í jafnréttisáætlun eða starfsmannastefnu skuli kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum launajafnrétti, aðgang að lausum störfum, starfsþjálfun og endurmenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni. Loks er nauðsynlegt að marka aðkomu og ábyrgð stéttarfélaga launafólks og atvinnurekenda á jafnréttismálum. Verkefni tengd þessum lið eru til dæmis fæðingarorlof og atvinnulíf (14), konur og karlar í atvinnurekstri (21) og konur og stjórnun fyrirtækja (30).

4. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin setji gott fordæmi fyrir atvinnulífið og því verður lögð áhersla á að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlun fyrir mitt kjörtímabil. Þessum jafnréttisáætlunum þarf að fylgja eftir með viðeigandi aðgerðum, rétt eins og kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 96/2000. Rétt er þó að taka fram að meiri hluti ráðuneyta, þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, hefur sett sér jafnréttisáætlanir. Þá hefur jafnréttisyfirlýsing verið samþykkt í samgönguráðuneyti. Forsætisráðuneyti starfar samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Fjármálaráðuneytið vinnur nú á vordögum 2004 að gerð jafnréttisáætlunar. Engin jafnréttisáætlun er til staðar á Hagstofu, í landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Verkefnið jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna (4) fjallar sérstaklega um þetta mál.

5. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.

Mismunandi skilningur hefur verið lagður í hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Því er ástæða til að skilgreina hlutverkið þannig að skipaður jafnréttisfulltrúi viti hvers er ætlast til af honum þegar hann tekur að sér starfið. Auk þess að samræma hlutverk og verksvið jafnréttisfulltrúanna þarf að auka vægi þeirra innan ráðuneytanna. Lagt er til að þetta verði gert með því að setja reglur um starf jafnréttisfulltrúanna þar sem kveðið sé á um skyldur þeirra og réttindi, hvaða stöðu þeir þurfa að hafa innan ráðuneytanna og gagnvart undirstofnunum og hvernig greiðslum verði hagað fyrir þessi störf. Verkefnið skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna (2) er sérstaklega helgað þessu efni.

6. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

Til að tryggja það að raunverulegur árangur náist við framkvæmd verkefna þeirra sem hér eru tíunduð er mikilvægt að gerð sé úttekt á árangri ríkisstjórnarinnar. Skilgreina verður á hvaða hátt þetta verður gert, en æskilegt er að slík úttekt verði gerð um mitt framkvæmdatímabilið og aftur í lok þess. Þá skal meta hvert verkefni, hvort sem því er lokið eða ekki, og leggja mat á þau áhrif sem það hefur haft.

III. Verkefni ráðuneytanna.

Eftirfarandi verkefni eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og taka öll ráðuneytin þátt í þeim:

A. Verkefni allra ráðuneytanna.

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.
3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.
4. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.
5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.
6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
7. Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.

Auk þessara verkefna taka einstök ráðuneyti þátt í, eða bera ábyrgð á, eftirtöldum verkefnum:

B. Forsætisráðuneyti.

8. Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.
11. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

D. Félagsmálaráðuneyti.

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
13. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.
14. Fæðingarorlof og atvinnulíf.
15. Jafnrétti í vinnumiðlun.
16. Karlar til ábyrgðar.
17. Kynbundinn launamunur.
18. Launamyndun og kynbundinn launamunur.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.
31. Konur í atvinnurekstri.

40. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

E. Fjármálaráðuneyti.

19. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.
20. Úttekt á almannatryggingakerfinu.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
17. Kynbundinn launamunur.

F. Hagstofa Íslands.

21. Konur og karlar í atvinnurekstri.

G. *Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.*

22. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.
23. Heilsufarskönnun.
24. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.
25. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
26. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.
27. Áhættuhegðun karla.
28. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.
29. Jafnrétti og lýðheilsa.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:

16. Karlar til ábyrgðar.

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

30. Konur og stjórnun fyrirtækja.
31. Konur í atvinnurekstri.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:

12. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.

I. Landbúnaðarráðuneyti.

J. Menntamálaráðuneyti.

32. Konur í vísindum
33. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.
34. Jafnréttiskennsla í skólum.
35. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr Þróunarsjóðum leik-, grunn-, og framhaldsskóla.
36. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.
37. Konur og fjölmiðlar.

K. Samgönguráðuneyti.

L. Sjávarútvegsráðuneyti.

38. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.
39. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.

M. Umhverfisráðuneyti.

N. Utanríkisráðuneyti.

40. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.
41. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:

9. Mansal.

Nánari lýsing á verkefnum ráðuneytanna:

A. Verkefni allra ráðuneytanna.

1. *Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.*

Meginhugmynd: Að ná fram sem jöfnustu hlutfalli karla og kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Því jafnari sem hlutföll karla og kvenna eru þar sem verið er að móta nýja stefnu, því meiri líkur eru á því að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli bæði hagsmuni kvenna og karla. Þess vegna er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort verið sé að nýta hæfileika og menntun beggja kynjanna þegar verið er að móta stefnu og taka ákvarðanir. Þetta á einnig við þar sem verið er að setja pólitísk markmið. Þar sem kynjahlutföll eru mjög mismunandi í ráðuneytunum skal fylgjast með bæði heildartölum og skipan í nefndir, ráð og stjórnir. Þannig sést best hvort breytingar séu í framkvæmd. Hægt væri að ná fram jöfnuði með því að hvert ráðuneyti tæki upp eftirfarandi verklag:

- Þegar óskað er eftir tilnefningu frá aðilum utan ráðuneytanna verði farið fram á að fyrir hvern einn fulltrúa verði tveir einstaklingar tilnefndir, hvor af sínu kyni.
- Þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir án tilnefninga verði þegar í stað tekin upp sú regla að kynjahlutfall sé sem jafnast innan hvers hóps.
- Til að ná fram jöfnuði innan hvers ráðuneytis verði haft í huga við skipun í einstaka nefndir, ráð og stjórnir að þar sé annað kynið í meiri hluta til að rétta af ójafnvægi innan annarra nefnda.

Markmið: Að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera þannig að hlutfall kynja sé aldrei meira en 60:40 öðru kyninu í hag. Þau ráðuneyti sem þegar hafa náð þessu hlutfalli skulu gæta þess að vera áfram sem næst jafnri skiptingu kynjanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

Tímaáætlun: Frá gildistöku þingsályktunarinnar skipi öll ráðuneyti jafnan hlut kvenna og karla.

2. *Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.*

Meginhugmynd: Að skilgreina nánar hlutverk jafnréttisfulltrúa innan Stjórnarráðsins. Í hverju ráðuneyti er nú starfandi jafnréttisfulltrúi sem gegnir skyldum sem eru ákvarðaðar af ráðuneytisstjóra eða jafnréttisáætlun viðkomandi ráðuneytis. Þessir fulltrúar mynda einnig með sér starfshóp sem hittist einu sinni í mánuði og eru tengiliðir Jafnréttisstofu við hvert ráðuneyti. Starfssvið þeirra er því víðtækt og er nauðsynlegt að setja skýrari reglur um störf jafnréttisfulltrúanna.

Markmið: Að hlutverk jafnréttisfulltrúa verði skilgreint eins í öllum ráðuneytum, en verði ekki háð huglægu mati yfirstjórnar. Að setja reglur sem kveða á um réttindi og skyldur jafnréttisfulltrúa og kjör þeirra.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin, félagsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofa.

Aðrir þátttakendur: Öll önnur ráðuneyti.

Tímaáætlun: Reglur skulu vera samþykktar fyrir endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar.

3. *Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta.*

Meginhugmynd: Að halda fræðslu- og umræðufundi um jafnréttismál fyrir starfsmenn ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Að halda reglulega námskeið um jafnréttismál fyrir starfsmenn í ráðuneytum, stjórnendur og tengiliði stofnana. Að hvetja jafnréttisfulltrúa, jafnréttisnefndir og stjórnendur til að sækja námskeið og ráðstefnur um jafnréttismál.

Markmið: Að gera fræðslu um jafnréttismál hluta af starfi ráðuneytanna og stofnana þeirra þannig að starfsmenn verði meðvitaðir um mikilvægi málaflokksins.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin, Jafnréttisstofa og félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Öll önnur ráðuneyti og Reykjavíkurborg.

Tímaáætlun: Námskeið skulu haldin út gildistíma áætlunarinnar, en æskilegt er að flestir hafi lokið námskeiði fyrir endurskoðun áætlunarinnar.
Áætlaður kostnaður: 1 millj. kr. fyrir hvert ráðuneyti á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

4. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneyta og undirstofnana.

Meginhugmynd: Jafnréttisáætlanir eru nauðsynlegt tæki fyrir ráðuneytin til að tryggja framgang jafnréttismála. Með setningu áætlunar er það skjalfest að ráðuneytið ætli sér að sinna þessum málaflokki. Starfsmönnum og stjórnendum er þá kleift að kynna sér innihald hennar. Einnig setur það fordæmi fyrir atvinnulífið að í öllum ráðuneytum sé slík áætlun til staðar því samkvæmt lögum nr. 96/2000 er öllum fyrirtækjum og stofnunum með fleiri en 25 starfsmenn skylt að setja sér jafnréttisáætlun. Þá er nauðsynlegt að jafnréttisnefnd sé til staðar í ráðuneytunum til að tryggja órofið samhengi jafnréttismála innan ráðuneytisins. Jafnréttisnefnd er bakhjarl fyrir jafnréttisfulltrúann og er hlutverk hennar meðal annars að veita honum aðhald og aðstoð við þróun og endurskoðun áætlunar. Hvert ráðuneyti ber einnig ábyrgð á því að undirstofnanir með fleiri en 25 starfsmenn setji sér jafnréttisáætlanir. Til að tryggja áhrif nefndarinnar er mikilvægt að í henni sitji fulltrúar yfirstjórnar, til dæmis starfsmanna- eða rekstrarstjóri eða aðstoðarmaður ráðherra, auk jafnréttisfulltrúa og fulltrúa almennra starfsmanna. Hlutverk nefndarinnar verði meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála á hverjum tíma og gera viðvart ef eitthvað má betur fara á því sviði. Einnig að funda reglulega, og hið minnsta árlega með yfirstjórn ráðuneytisins, og gera tillögur um úrbætur og framfarir eftir því sem tilefni gefast. Þá skal nefndin einnig endurskoða árlega jafnréttisáætlun ráðuneytisins.
Markmið: Að gera jafnréttisstarf sýnilegra og markvissara í ráðuneytinu. Að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir fyrir endurskoðun áætlunarinnar og skipi jafnréttisnefnd sem er jafnréttisfulltrúa til halds og trausts. Þau ráðuneyti sem þegar hafa sett sér jafnréttisáætlun tryggja að markmiðum hennar sé framfylgt.
Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.
Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti. Undirstofnanir með fleiri en 25 starfsmenn.
Tímaáætlun: Jafnréttisáætlanir þurfa að vera samþykktar fyrir endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar.

5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.

Meginhugmynd: Jafnréttismál skipta ekki einungis máli í ráðuneytunum, heldur einnig í undirstofnunum þeirra. Því er nauðsynlegt að jafnréttisfulltrúar myndi tengsl við undirstofnanir og að settur sé tengiliður í hverri undirstofnun sem er ábyrgur fyrir að miðla upplýsingum um jafnréttismál til starfsmanna og stjórnenda stofnunarinnar. Þar sem tengiliðir hafa verið tilnefndir þarf að fylgjast með því að sá starfsmaður sinni skyldum sínum varðandi þennan málaflokk. Því er nauðsynlegt að bjóða upp á fræðslu og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir þessa aðila. Fyrir minni stofnanir er nóg að tilnefna tengiliði, en stærri stofnanir þurfa að tilnefna jafnréttisfulltrúa og setja sér sérstaka jafnréttisáætlun. Þá skulu jafnréttisfulltrúar hafa eftirlit með framkvæmdinni.
Markmið: Að tilnefna tengiliði sem sinna jafnréttismálum í öllum undirstofnunum ráðuneyta fyrir lok tímabilsins.
Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.
Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.

Meginhugmynd: Það er nauðsynlegt að jafnréttissjónarmið séu viðhöfð við stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Þetta sjónarmið verður einnig að vera sýnilegt þeim sem sækja um viðkomandi störf. Í atvinnuauglýsingum þarf að koma fram að jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við ráðningar. Þegar um er að ræða starfsstétt eða -vettvang þar sem annað kynið er í miklum meiri hluta er sjálfsagt að taka fram að „karlar jafnt

sem konur“ séu hvattir til að sækja um, með það kynið framar sem er í minni hluta. Annars er mælt með orðalaginu „að við stöðuveitingar séu jafnréttissjónarmið höfð í huga“.

Markmið: Að jafna hlut kynjanna í starfsstéttum og á vinnustöðum og gera jafnréttissjónarmið ráðuneytanna opinbert og gegnsætt einstaklingum sem eru í starfsleit.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

7. Staða kvenna í yfirstjórnum ráðuneytanna og undirstofnana þeirra.

Meginhugmynd: Að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Til að markmiðinu sé náð skal fara fram könnun á því hvert hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum í hverju ráðuneyti sé og í undirstofnunum. Í kjölfar þeirrar könnunar mun verða sett raunhæft markmið í samræmi við niðurstöðu hennar.

Markmið: Að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast í yfirmannastöðum innan hvers ráðuneytis og undirstofnana.

Ábyrgð á framkvæmd: Ríkisstjórnin.

Aðrir þátttakendur: Öll ráðuneyti.

B. Forsætisráðuneyti.

8. Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu.

Meginhugmynd: Gátlisti væri nytsamlegt tæki fyrir Alþingi, ráðuneyti, sveitarstjórnir, opinberar stofnanir, fyrirtæki og nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga til að tryggja að jafnréttissjónarmiða verði gætt við stefnumótunarvinnu. Tæki til að auka jafnrétti eiga að vera aðgengileg stjórnendum á öllum sviðum samfélagsins. Gátlisti af þessu tagi var eitt af þeim tækjum sem nefnd um hlut kvenna í opinberri stefnumótun lagði til.

Markmið: Að spurningum um jafnrétti kynjanna verði svarað áður en lagt er út í stefnumótunarvinnu, til að mynda með notkun gátlista.

Ábyrgð á framkvæmd: Forsætisráðuneyti og Jafnréttisstofa.

Tímaáætlun: Gátlistann skal gefa út fyrir endurskoðun þessarar framkvæmdaáætlunar.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

9. Mansal.

Meginhugmynd: Ráðuneytið mun áfram leggja áherslu á aðgerðir til að koma í veg fyrir verslun með fólk sem beinist einkum að konum og börnum. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að eða taka þátt í eftirfarandi:

- Ráðstefna um mansal og aðgerðir gegn því.
- Alþjóðlegt samstarf um aðgerðir gegn mansali.
- Fullgilding Palermó-samningsins, samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn verslun með fólk, einkum konur og börn.
- Aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir mansal.

Markmið: Að koma í veg fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

Ábyrgð á framkvæmd: Dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Tímaáætlun: 2004–2006.

Áætlaður kostnaður: 250.000 kr.

Annað: Dómsmálaráðuneytið tók þátt í ráðstefnu sem utanríkisráðuneytið stóð fyrir 19. mars 2004. Kostnaður er áætlaður 100.000 kr. Fyrirhugað er að stofna starfshóp til undirbúnings áætlun um aðgerðir gegn verslun með fólk. Kostnaður er áætlaður 150.000 kr.

10. Vernd vitna og þolenda afbrota.

Meginhugmynd: Ráðuneytið mun áfram vinna að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka. Ráðuneytið mun í þessu skyni framkvæma, stuðla að eða taka þátt í eftirfarandi:

- Norrænt samstarfi um vitnavernd.
- Nefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

Markmið: Að styrkja vitnavernd og bæta réttarstöðu þolenda afbrota, einkum kvenna og barna.
Ábyrgð á framkvæmd: Dómsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneytið.
Tímaáætlun: 2004–2008.

11. *Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.*

Meginhugmynd: Frá árinu 1996 hefur markvisst verið unnið að því að fjölga konum innan lögreglunnar. Þá hefur einnig verið unnið að því að hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um lausar yfirmannastöður innan lögreglunnar. Huga þarf betur að stöðu kvenna innan lögreglunnar, þ.e. hvort nægilega vel sé að þeim búið, svo sem varðandi aðstöðu og ytri umbúnað. Til að ná þessu markmiði verður efnt til fundar með fulltrúum lögreglukvenna og yfirstjórn lögreglunnar.
Markmið: Að huga að aðbúnaði kvenna innan lögreglunnar og gera úrbætur ef þurfa þykir.
Ábyrgð á framkvæmd: Dómsmálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Ríkislögreglustjóri.
Tímaáætlun: Apríl 2004 til desember 2006.
Áætlaður kostnaður: Óráðinn.

D. Félagsmálaráðuneyti.

12. *Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.*

Meginhugmynd: Samstarfshópur þriggja ráðuneyta mun kynna sér starf sambærilegra nefnda á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því verður unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá þremur ráðuneytum.
Markmið: Markmiðið er að koma á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Til þess verði notaður gátlisti sem hópurinn mun búa til.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.
Tímaáætlun: Samstarfshópurinn tók til starfa árið 2003 og mun ljúka störfum í lok árs 2005.
Áætlaður kostnaður: Enginn kostnaður áætlaður vegna verkefnisins.
Annað: Verkefninu er framhaldið frá síðustu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

13. *Nefndir og ráð í sveitarfélögum.*

Meginhugmynd: Skoðað verður hlutfall kynjanna í sveitarstjórnum og byggðaráðum og öðrum nefndum og ráðum sveitarfélaga. Þá verði einnig kannað hvernig hlutfall kynjanna skiptist í nefndum miðað við eðli nefndanna.
Markmið: Komast að því hvernig skipting kynjanna liggur í nefndum sveitarfélaga. Ef skiptingin er meiri en 60% : 40% þá verði leitað leiða til að jafna hlut kynjanna í nefndum sveitarfélaganna.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímaáætlun: Verkefni unnið á síðari hluta ársins 2005.

14. *Fæðingarorlof og atvinnulíf.*

Meginhugmynd: Kanna hvert viðhorf foreldra sé til töku fæðingarorlofs, hvaða forsendur liggi til grundvallar töku fæðingarorlofs hjá konum og körlum. Hvernig bregst vinnumarkaðurinn við þegar foreldrar hyggjast taka fæðingarorlof. Skipuð verði nefnd fjögurra fulltrúa sem ljúki störfum með skilum á skýrslu til félagsmálaráðherra ásamt áliti.
Markmið: Fá raunhæfa niðurstöðu um það hvort og þá hvernig lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafi haft áhrif við að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Jafnréttisráð.
Tímaáætlun: Verkefninu verður lokið í lok ársins 2005.
Áætlaður kostnaður: Miðað við hálfs árs vinnu er kostnaður við verkefnið um 3 millj. kr.

15. *Jafnrétti í vinnumiðlun.*
Meginhugmynd: Kannað verði hvort úrræði svæðisvinnumiðlana nýtist körlum og konum jafn vel. Jafnframt verði kannað hvort um kynbundna vinnumiðlun og ráðgjöf sé að ræða og ef svo er leitað leiða til að brjóta niður það kynbundna val.
Markmið: Að koma í veg fyrir kynbundnar hindranir í vinnumiðlun og stuðla að því að konum og körlum bjóðist í jöfnum mæli störf á svæðisvinnumiðlunum.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Vinnumálastofnun.
Tímaáætlun: 2005–2006.
Annað: Gerð verður úttekt og ef til vill sett á fót reynsluverkefni inni á einstökum vinnumiðlununum.

16. *Karlar til ábyrgðar.*
Meginhugmynd: Framhald verkefnis frá eldri framkvæmdaáætlun. Mikilvægt er að þróaðar verði aðferðir til að aðstoða karla sem vilja hætta að beita konur ofbeldi.
Markmið: Að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Jafnréttisstofa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem og frjáls félagasamtök.
Tímaáætlun: Verkefni til þriggja ára, þ.e. til loka ársins 2007.

17. *Kynbundinn launamunur.*
Meginhugmynd: Að meta hugsanlegar aðferðir og leiðir til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun. Nefnd verður skipuð sem metur aðferðir til að mæla kynbundinn launamun og lýkur störfum hennar með skýrslu til félagsmálaráðherra.
Markmið: Finna þá aðferð sem er líklegust til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Hagstofa Íslands, Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneyti.
Tímaáætlun: 2004–2007.
Áætlaður kostnaður: 1 millj. kr.

18. *Launamyndun og kynbundinn launamunur*
Meginhugmynd: Endurtaka könnun sem gerð var árið 1995 um þætti sem hafa áhrif á laun og starfsframa kvenna og karla. Kanna meðal annars hvort einhverju munar eftir tíu ár með tilliti til nýrra fæðingar- og foreldraorlofslaga.
Markmið: Kanna hvort sömu þættir hafi áhrif á laun og starfsframa hjá konum og körlum.
Ábyrgð á framkvæmd: Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur: Jafnréttisráð og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
Tímaáætlun: 2004–2006.
Áætlaður kostnaður: 3 millj. kr.
Annað: Sjá útgefið rit um efnið frá 1995.

E. Fjármálaráðuneyti.

19. *Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna.*
Meginhugmynd: Af hálfu fjármálaráðuneytis hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum fjárhags- og mannauðskerfum sem ríkið er að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Hefur sú vinna legið niðri um nokkurt skeið þar sem undirbúningur og innleiðing kerfanna hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Áætlað er að ljúka frágangi launagagna á framangreindum forsendum á árinu 2004 svo hægt sé

að framkvæma úttekt á árinu 2005. Í kjölfarið er lagt til að fylgst verði reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Markmið: Að hægt sé að meta kynbundinn launamun með launagögnum úr upplýsingakerfum ríkisins og að gerð verði úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneyti.

Tímaáætlun: Árslok 2005.

20. *Úttekt á almannatryggingakerfinu.*

Meginhugmynd: Sem liður í norrænu verkefni um samþættingu jafnréttis- og fjárlagagerðar sem fjármálaráðuneytið er aðili að er ætlunin að gera úttekt á því hvernig fjármunum og öðrum úrræðum á sviði almannatryggingakerfisins er skipt með tilliti til kynjanna. Hugmyndin er að skoða hvernig fjárveitingar einstakra bótaflokka skiptast milli kynjanna, en einnig að skoða hvort þættir í bótakerfinu sjálfu, eða rétturinn til greiðslu bóta sé hliðhollur öðru kyninu fremur en hinu.

Markmið: Að kanna hvort kynin hafi sama aðgang að úrræðum í almannatryggingakerfinu.

Ábyrgð á framkvæmd: Fjármálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Jafnréttisstofa.

F. Hagstofa Íslands.

21. *Konur og karlar í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd: Unnið verður að þróun aðferða við að meta þátttöku kvenna og karla í atvinnurekstri á grundvelli fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar sem er í undirbúningi hjá Hagstofu Íslands, auk annarra gagnasafna sem Hagstofan hefur aðgang að.

Markmið: Í framtíðinni verði hægt að gera reglubundnar mælingar sem veita margþættar upplýsingar um hlut kvenna og karla í atvinnurekstri.

Ábyrgð á framkvæmd: Hagstofan.

Tímaáætlun: 2005–2007.

G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

22. *Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.*

Meginhugmynd: Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna starfi áfram á vegum ráðuneytisins. Verkefnisstjórnin forgangsraðar verkefnum og gerir tillögur um aðgerðir til að ná markmiðum hennar.

Markmið: Að þjónusta heilbrigðiskerfisins taki í auknum mæli mið af ólíkum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2004–2006.

Áætlaður kostnaður: 350.000 kr. á ári.

23. *Heilsufarskönnun.*

Meginhugmynd: Ráðist verði í gerð heilsufarskannana til að afla á staðlaðan og reglubundinn hátt upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Kannanirnar verði hluti af Eurohis-könnun (evrópsku heilsufarskönnuninni) sem gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir.

Markmið: Að ná fram þeim langtímamarkmiðum í heilbrigðismálum sem fram koma í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Auk þess er markmiðið að framfylgja stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um heilbrigði fyrir alla.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Tímaáætlun: 2004 og 2005.

Áætlaður kostnaður: 15–20 millj. kr.

Annað: Verkefninu er haldið áfram frá fyrri framkvæmdaáætlun.

24. *Notkun kynjanna á heilsugæsluþjónustu.*

Meginhugmynd: Safnað verði upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar.

Markmið: Að kanna hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu í heilsugæslunni og hvort úrlausnir séu háðar því hvort kynið á í hlut.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: 15 millj. kr. á ári.

25. *Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.*

Meginhugmynd: Lagt verði mat á gæði og árangur heilbrigðisþjónustunnar á reglubundinn hátt og þörf fyrir breytingar á áherslum metin.

Markmið: Að meta þörf fyrir breytingar á áherslum í heilbrigðisþjónustu. Þrjú svið eru einkum nefnd vegna heilsu kvenna, forvarnir og meðferðarúrræði, reykingar, áfengis- og vímuefnameðferð kvenna og skimun vegna brjóstakrabbameins.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: 35 millj. kr.

26. *Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.*

Meginhugmynd: Áfram verði unnið að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verði áframhaldandi átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðistofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Markmið: Aukinn þáttur feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Heilsugæslustöðvar og sjúkrahús.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: Af rekstarkostnaði stofnana hverju sinni.

27. *Áhættuhegðun karla.*

Meginhugmynd: Karlar og drengir eru mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota fíkniefni. Hér er um að ræða mikið heilbrigðisvandamál og mikilvægt að leita orsaka þess. Ráðuneytið mun í samstarfi við landlæknisembættið halda áfram að kanna þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem veldur slysum, sjálfsvígum og fíkniefnamisnotkun.

Markmið: Að draga úr sjálfsvígum, slysum og misnotkun fíkniefna. Koma í veg fyrir vangreint þunglyndis- og sjálfsvígsatferli.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

28. *Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.*

Meginhugmynd: Í herferðum sem varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verði unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar kunni að vera mismunandi. Gerðar verði tilraunir í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega að ungum stúlkum.

Markmið: Koma í veg fyrir aukna áfengis- og tóbaksneyslu stúlkna.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Lýðheilsustöð.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: Af tekjum forvarnasjóðs og tóbaksvarnaráðs.

29. *Jafnrétti og lýðheilsa.*

Meginhugmynd: Að Lýðheilsustöð verði efld á sviði jafnréttismála sem snerta lýðheilsu. Lýðheilsustöð geti þannig sinnt forvörnum á sviði jafnréttismála með það að markmiði að koma í veg fyrir kynbundinn heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar til dæmis með kynjamiðuðu áróðurs- og fræðslustarfi. Þá gæti Lýðheilsustöð framkvæmt rannsóknir á sviði jafnréttis og heilsufars til að ná fram skýrari mynd af því í hverju kynbundinn heilsufarsmunur liggur.

Markmið: Að vinna gegn kynbundinni mismunun sem aftur veldur kynbundnum heilsufarsvanda meðal þjóðarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Lýðheilsustöð.

Tímaáætlun: 2004–2008.

Áætlaður kostnaður: 1,3 millj. kr. á ári.

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

30. *Konur og stjórnun fyrirtækja.*

Meginhugmynd: Konur hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Meiri hluti nýrra háskólamenntaðra sérfræðinga eru konur. Konur eru hins vegar, enn sem komið er, í miklum minni hluta í yfirstjórnum íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að margt bendi til að það muni breytast með aukinni þátttöku vel menntaðra kvenna í atvinnulífinu eru samt sem áður hindranir í vegi því að konur veljist til forustu í stórum fyrirtækjum. Í dag er engin kona forstjóri í skráðu fyrirtæki í Kauphöll Íslands og konur eru einungis 5% stjórnarmanna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hyggst stuðla að umræðu um þessi mál og hvetja til breytinga. Nefnd verður skipuð sem skila á af sér fyrir árslok 2004. Verkefni nefndarinnar er að móta tillögur um það hvernig fjölga megi konum í forustu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða sé til að beita stjórnvaldsaðgerðum í því skyni. Nefndin skal meðal annars kanna hvort önnur lönd hafi gripið til ráðstafana í þessu skyni og bera saman stöðu kvenna í atvinnulífinu hér á landi og í nágrannaríkjunum. Framhald þessa verkefnis ræðst af þeim tillögum sem koma frá fyrrgreindri nefnd í árslok 2004.

Markmið: Að stuðla að fjölgun kvenna í forustu íslenskra fyrirtækja. Hvatt verður til breytinga með jákvæðum og uppbyggilegum hætti. Skoðuð verður upphafsstaða og árangur mældur.

Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur: Stefnt að þátttöku ýmissa aðila, svo sem Samtaka atvinnulífsins, Hagstofunnar, Félags kvenna í atvinnurekstri o.fl.

Tímaáætlun: Fyrri áfangi 2004. Seinni áfangi 2005–2006.

Áætlaður kostnaður: Gert ráð fyrir að í fyrsta áfanga komi til kostnaður við nefndarstarf, aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga o.fl., samtals 1,5 millj. kr.

31. *Konur í atvinnurekstri.*

Meginhugmynd: Verkefnið lýtur að hvatningu til kvenna til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Verkefnin eru nokkur, sum þeirra eru viðvarandi og byggð á góðri reynslu.

- *Þjónusta við konur í atvinnurekstri hjá Impru.* Lögð er sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur.
- *Brautargengi.* Brautargengi eru námskeið á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- *Félag kvenna í atvinnurekstri.* Félagið var stofnað árið 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær.
- *Lánatryggingarsjóður kvenna.* Sjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í

samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánum.
- *Atvinnurekstur kvenna á landsbyggðinni.* Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun fela Byggðastofnun að skoða stöðu kvenna í atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Markmið: Að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og styðja konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
Ábyrgð á framkvæmd: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun og Byggðastofnun.
Aðrir þátttakendur: Félagsmálaráðuneytið og Félag kvenna í atvinnurekstri.
Tímaáætlun: 2004–2008.
Áætlaður kostnaður: Hluti af rekstrarkostnaði Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar.

J. Menntamálaráðuneyti.

32. *Konur í vísindum.*
Meginhugmynd: Menntamálaráðuneytið mun leita eftir samstarfi við aðra aðila um skipan starfshóps (tölfræði- og greiningarhóps) til að afla tölfræðilegra upplýsinga um þátt kvenna í rannsóknum. Ráðuneytið gaf út skýrslu í mars 2002 þar sem teknar voru saman tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi með áherslu á konur starfandi hjá hinu opinbera. Áformað er að fylgja þeirri skýrslu eftir en bæta við og bera saman upplýsingar um stöðu kvenna í rannsóknum hjá fyrirtækjum. Í kjölfarið yrði rætt með hvaða hætti æskilegt væri að auka umræðu og tryggja virka þátttöku kvenna í vísindastarfi í samræmi við vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs frá desember 2003.
Markmið: Að tryggja virka þátttöku kvenna í vísindum.
Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneytið.
Aðrir þátttakendur: Til dæmis iðnaðarráðuneytið, Rannís, Hagstofa Íslands og Impra.
Tímaáætlun: Unnið verði að verkefninu á tímabilinu.
Áætlaður kostnaður: Nefndarlaun nefndarmanna.

33. *Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.*
Meginhugmynd: Menntamálaráðuneytið mun kalla eftir upplýsingum frá háskólum sem mennta kennara um hvernig stuðlað er að kennslu í jafnrétti.
Markmið: Að kanna hvort þeir einstaklingar sem búa sig undir kennslu og uppeldisstarf fái fræðslu í jafnréttismálum eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.
Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.
Tímaáætlun: Skólaárið 2004–2005.

34. *Jafnréttiskennsla í skólum.*
Meginhugmynd: Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 er lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á blaðsíðu 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra."
Markmið: Að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna við námsval. Vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinna verkaskiptingar kynjanna eins og kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.
Ábyrgð á framkvæmd: Menntamálaráðuneyti.

35. *Styrkir til jafnréttisfræðslu úr Þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla.*
Meginhugmynd: Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla mun ráðuneytið auglýsa einu sinni á tímabilinu sérstaklega eftir verkefnum á sviði jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að jafna stöðu drengja og stúlkna í skólum.

Markmið:	Með þróunarverkefnum er leik-, grunn- og framhaldsskólum gert kleift að efla tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. Markmiðið er að hvetja stofnanir til að nýta sér styrkina til að sinna jafnréttismálum.
Ábyrgð á framkvæmd:	Menntamálaráðuneyti.
Tímaáætlun:	Einu sinni á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar.

36.	*Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.*
Meginhugmynd:	Menntamálaráðuneytið mun kalla eftir upplýsingum frá heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar og félagsmiðstöðva um hvort kynjajafnréttis sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig verði skoðað hvernig fjölmiðlar fjalla um íþróttir karla annars vegar og íþróttir kvenna hins vegar.
Markmið:	Að 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, sé framfylgt og leitað leiða til úrbóta ef þurfa þykir. Að koma með ábendingar um leiðir til úrbóta hvað varðar íþróttaumfjöllun kynjanna í fjölmiðlum þar sem könnun frá árinu 2001 sýnir að hlutur kvenna í íþróttaþáttum var einungis 7,7%.
Ábyrgð á framkvæmd:	Menntamálaráðuneyti.

37.	*Konur og fjölmiðlar.*
Meginhugmynd:	Að gera könnun um þátttöku kvenna í fjölmiðlum og bera saman við niðurstöður nefndar um konur og fjölmiðla sem út kom í skýrslu í febrúar árið 2001. Í framhaldi verði unnið með tillögur nefndarinnar um úrbætur til að fjölga konum í fjölmiðlum ef þurfa þykir.
Markmið:	Að auka hlut kvenna í fjölmiðlum.
Ábyrgð á framkvæmd:	Menntamálaráðuneyti.
Tímaáætlun:	Könnun verði gerð á árinu 2005 og unnið með tillögur í framhaldi af því.
Áætlaður kostnaður:	Fer eftir stærð og umfangi könnunarinnar.

L. Sjávarútvegsráðuneyti.

38.	*Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.*
Meginhugmynd:	Skipuð verði nefnd í byrjun ársins 2005 til að gera úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi. Tilgangurinn er að kanna við hvers konar störf konur eru í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum, en ekki hefur borið mikið á þeim í forustu í greininni.
Markmið:	Að komast að því hvað veldur lítilli þátttöku kvenna í forustu í sjávarútvegi og skoða hvernig hægt sé að laða þær til þátttöku.
Ábyrgð á framkvæmd:	Sjávarútvegsráðuneytið.
Tímaáætlun:	Nefnd skipuð í byrjun ársins 2005.
Áætlaður kostnaður:	300.000–400.000 kr.

39.	*Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.*
Meginhugmynd:	Að kanna við hvers konar störf konur eru í minni sjávarútvegsfyrirtækjum og fjölskyldufyrirtækjum í sjávarútvegi á Íslandi og hvort munur sé á eðli starfa þeirra þar og í hinum stærri fyrirtækjum. Þannig mundu niðurstöður könnunarinnar gagnast greininni vel til að laða konur til frekari þátttöku.
Markmið:	Að afla gagna til að bera saman eðli starfa kvenna í minni og stærri fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs á Íslandi.
Ábyrgð á framkvæmd:	Sjávarútvegsráðuneyti.
Tímaáætlun:	Nefnd verði skipuð síðari hluta árs 2005 og skili tillögum til ráðherra fyrri hluta árs 2006.
Áætlaður kostnaður:	Áætlaður milli 600.000 og 900.000 kr.

N. Utanríkisráðuneyti.

40.	*Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.*
Meginhugmynd:	Að leggja fram tillögur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alþjóðlegu samstarfi.
Markmið:	Að fram komi hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.
Ábyrgð á framkvæmd:	Utanríkisráðuneyti.
Aðrir þátttakendur:	Félagsmálaráðuneyti.
Tímaáætlun:	2004.
Annað:	Ráðuneytið hefur nú þegar skipað samráðsnefnd utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um gerð slíkra tillagna.
41.	*Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.*
Meginhugmynd:	Utanríkisráðuneytið greiðir kostnað við starf eins fulltrúa. Um skeið hefur ráðuneytið kostað einn fulltrúa frá UNIFEM til að sinna jafnréttisstarfi í Kosovo. Starfið hefur falist í því að veita lagalega aðstoð í kynjavæðingu löggjafar. Einnig að veita aðstoð við myndun félagasamtaka sem hafa það markmið að vinna að faglegum álitsgerðum á löggjöf og framkvæmd löggjafar. Þá hefur og verið lögð rík áhersla á þjálfun og fræðslu í jafnréttismálum í Kosovo, til dæmis fyrir sveitarstjórnir.
Markmið:	Að koma jafnréttissjónarmiðum inn í stjórnkerfi viðkomandi ríkja.
Ábyrgð á framkvæmd:	Utanríkisráðuneyti.
Aðrir þátttakendur:	UNIFEM.
Tímaáætlun:	Utanríkisráðuneytið standi straum af kostnaði eins fulltrúa á vegum UNIFEM eins og verið hefur, a.m.k. út þann tíma sem framkvæmdaáætlunin tekur til, þ.e. áranna 2004–2008.“

1332. Skýrsla [874. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. INNGANGUR.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir árin 1998–2001 var framlengd með framkvæmdaáætlun sem gilti fyrir árin 2002–2004. Var það gert með hliðsjón af því að innan árs eftir kosningar 2003 yrði að leggja fram nýja tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Skýrslan gerir því grein fyrir stöðu verkefna sem ákveðin voru í síðarnefndu framkvæmdaáætluninni. Í framkvæmdaáætluninni sem lögð verður fram fyrir árin 2004–2008 var lagt upp með að hafa verkefnin færri en áður var. Lögð er sérstök áhersla á að festa vinnubrögð samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða betur í sessi.

Samþætting byggist á því að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða við alla ákvarðanatöku. Í þessu sambandi er mikilvægt að minna á grundvöll hugmynda- og aðferðafræði samþættingar. Til að gæta jafnréttis kynjanna þarf stöðugt að vera vakandi, meðal annars með því að

kanna stöðu og meta áhrif aðgerða með tilliti til kvenna annars vegar og karla hins vegar. Með framkvæmdaáætluninni sem lögð er fram samhliða skýrslu þessari er leitast við að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið undanfarin ár, þ.e. að stuðla að auknu jafnrétti með því að setja fram verkefni og áætlanir sem munu færa okkur nær settu marki.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 96/2000 skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn setja sér jafnréttisáætlun. Ljóst er að það tekur ákveðinn tíma að framkvæma slíkar aðgerðir, bæði setja slíkar áætlanir og að framfylgja þeim. Til að bera árangur verður jafnréttisáætlun að innihalda ákveðin markmið og skýra stefnu um það hvernig skuli ná þeim markmiðum. Þau verkefni sem unnið hefur verið að undanfarin ár og varða jafnréttismál munu skila sér í meiri umræðu og þekkingu hjá þeim aðilum sem að þeim standa. Aukin þekking og fræðsla skilar sér í markvissara starfi og er grundvöllur þess að þjóðfélagið allt geti sætt sig við stöðuna í jafnréttismálum.

Við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar fór Jafnréttisstofa þess á leit við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna að reynt yrði eftir fremsta megni að greina frá því hver kostnaðurinn yrði við verkefnin, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 96/2000.

Eins og við gerð fyrri áætlunar voru sjónarmið samþættingar innan stjórnsýslunnar höfð að leiðarljósi. Hluti af því er að skilgreina betur hlutverk jafnréttisfulltrúa, setja jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir í ráðuneytum og veita fræðslu til stjórnenda og starfsmanna ráðuneyta og opinberra stofnana. Hið opinbera sýnir þannig gott fordæmi og mun það að öllum líkindum skila sér út í þjóðfélagið og stuðla þannig að því að fleiri sjái sér hag í því að bæta stöðu kvenna og karla.

Meðfylgjandi greinargerð um þau verkefni sem unnið hefur verið að sýna að margt hefur áunnist og breyst til hins betra. Með síaukinni árvekni yfir jafnréttismálum og framkvæmd á því sviði er stöðugt minnt á verkefni sem ekki verður unnið á einni nóttu. Um er að ræða langtímaverkefni sem ávallt þarf að minna á, þannig er stuðlað að því að bæta og breyta stöðu jafnréttismála.

Við framlengingu áætlunarinnar frá 1998–2001 var gert ráð fyrir því að samþætting yrði aðalverkefni næstu þriggja ára. Um er að ræða sjónarmið sem tekur tíma að tileinka sér, en það mun með aukinni fræðslu og þekkingu leiða til þess að þeir sem hafa slík sjónarmið í heiðri greina samfélagið á annan hátt.

Með sameiginlegu átaki hafa ráðuneytin stuðlað að bættu samfélagi með því að stuðla að auknu jafnrétti og að mörgu leyti hefur það tekist vel. Það er þó þannig með jafnréttismál sem og önnur mál að skýrar reglur um framkvæmd stuðla að skilvirkara starfi.

II. VERKEFNI RÍKISSTJÓRNARINNAR.

1. Öll tölfræði kyngreind (sjá einnig lið 5.1.).

Í 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli öll tölfræði kyngreind, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ráðuneyti og ríkisstofnanir bera ábyrgð á að þessu ákvæði sé fylgt eftir. Hagstofa Íslands mun í samvinnu við Jafnréttisstofu kanna framgang þess að öll tölfræði sé kyngreind og minna reglulega á ákvæði þar að lútandi.

Með bréfi, dags. 24. október 2000, fór forsætisráðuneytið þess á leit við Hagstofu Íslands að hún annaðist þetta verkefni í umboði ráðuneytisins. Hagstofa Íslands hefur haft að leiðarljósi við gagnasöfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga að unnt sé að greina niðurstöður fyrir bæði kynin hvort í sínu lagi bæði fyrir og eftir tilkomu 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Í þeim tilvikum sem þessu markmiði hefur ekki verið náð enn þá er unnið að úrbótum og minnt á ákvæði laganna eftir því sem við á.

2. Nefnd sem kannar hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Forsætisráðherra skipaði í nóvember 2000 nefnd sem var falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin hefur safnað upplýsingum um það hvernig stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga taka mið af jafnrétti kynja við stefnumótun. Niðurstaða og tillögur að aðgerðum til úrbóta munu liggja fyrir á árinu 2002.

Nefndin lauk störfum í september 2002 og skilaði forsætisráðherra skýrslu um störf og niðurstöður nefndarinnar.

Meginniðurstöður nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Vilji stjórnvalda til að gæta að jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun er greinilegur. Hann birtist meðal annars í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, 1998–2001 og 2002–2004.
- Vinna við opinbera stefnumótun tekur í auknum mæli mið af jafnrétti kynjanna en þó er unnt að sjá dæmi þess að ekki er alltaf nægilega hugað að jafnréttissjónarmiðum við opinbera stefnumótun og stundum alls ekki.
- Misjafnt er hvort eða að hve miklu leyti forsendur eru fyrir hendi til samþættingar jafnréttissjónarmiða á hinum ýmsu sviðum. Þekking á jafnréttismálum og aðferðum samþættingar eru meðal þeirra forsendna sem að mati nefndarinnar skortir víða þar sem stefnumótun fer fram. Úr því þarf að bæta.
- Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna gegna veigamiklu hlutverki við að gæta jafnréttis við opinbera stefnumótun. Starfið er í mótun og er staða þeirra missterk eftir ráðuneytum, starfsreynsla og menntun misjöfn, starfshlutfall þeirra óvíða skilgreint og þeir hafa ekki fengið nógu skýrt og afmarkað verksvið.
- Kynjahlutföll meðal æðstu embættismanna ríkisins eru ójöfn. Hlutfall kvenna í hópi forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana er 18,7% um mitt ár 2002 en hefur hækkað úr 14,4% frá árinu 2001. Í 19 stöður hafa verið ráðnar 12 konur og 7 karlar. Verður það að teljast jákvæð þróun. Athygli vekur þó að á vegum sjö ráðuneyta gegndi engin kona embætti forstöðumanns í stofnunum sem undir þau heyra.
- Kynjahlutföll í ráðum, stjórnum og nefndum á vegum ríkisins eru misjöfn eftir ráðuneytum. Í helmingi ráðuneyta verða þau að teljast viðunandi en alls óviðunandi í þremur ráðuneytum. Þróunin í átt til jafns hlutfalls í nefndum hefur verið hröð í þeim ráðuneytum sem hafa náð að nálgast 40–60% markið.
- Á vegum sveitarfélaga er víða unnið metnaðarfullt starf í jafnréttismálum. Í stærstu sveitarfélögum starfa virkar jafnréttisnefndir og jafnréttisfulltrúar og settar hafa verið jafnréttisáætlanir. Mörg minni sveitarfélög uppfylla þó ekki lagaskyldu um slíkt. Víða eru öðrum nefndum, svo sem félagsmálaráðum, falin verkefni jafnréttisnefnda og verður það að teljast eðlilegt í minni sveitarfélögum en leiðir óhjákvæmilega til þess að áherslan á jafnréttismál verður minni.
- Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga, ráðuneyta og opinberra stofnana eru mikilvægar. Um þriðjungur ráðuneyta hefur sett sér jafnréttisáætlanir eins og lög gera ráð fyrir, um þriðjungur er með þær í mótun og um þriðjungur ráðuneyta hefur ekki sett sér jafnréttisáætlun. Ekki er tryggt að slíkar áætlanir hafi bein áhrif á almenna stefnumótun. Þær eru oft eingöngu stefnuyfirlýsingar þar sem hnykkt er á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þótt í sumum tilvikum fylgi þeim aðgerðaáætlanir. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er aðgerðaáætlun sem tvímælalaust hefur áhrif á stefnumótun.

Nefndin lagði einnig fram tillögur um eftirfarandi úrbætur:

- Aukin áhersla verði lögð á fræðslu um jafnréttismál og samþættingu fyrir alla opinbera

starfsmenn sem með einum eða öðrum hætti bera ábyrgð á stefnumótunarvinnu, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga.
- Nauðsynlegt er að auka vægi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Skilgreina þarf starfshlutfall og samræma hlutverk og verksvið þeirra betur. Þá er mikilvægt að öll ráðuneytin setji sér jafnréttisáætlanir og fylgi þeim eftir með viðeigandi aðgerðum.
- Þeim tilmælum verði beint til Sambands íslenskra sveitarfélaga að það hvetji sveitarfélög til að þau megi uppfylla lagaskyldur varðandi skipan jafnréttisnefnda og gerð og eftirfylgni jafnréttisáætlana. Í því sambandi er mikilvægt að Sambandið geti verið bakhjarl Jafnréttisstofu sem sinnir fræðslu og ráðgjöf fyrir sveitarfélögin.
- Lagt er til að jafnréttisgátlisti, þar sem svara þarf nokkrum spurningum er varða stöðu kvenna og karla, verði gefinn út í formi bæklings og að hvatt verði til notkunar hans við alla opinbera stefnumótun. Jafnréttisgátlistinn, sem nefndin hefur samið, verði kynntur hjá forsvarsmönnum ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra svo og öðrum starfsmönnum sem koma að stefnumótun, enn fremur sveitarstjórnum og framkvæmdaaðilum þeirra. Jafnréttisgátlistinn verði látinn fylgja öllum skipunarbréfum hópa og nefnda sem koma að opinberri stefnumótun.
- Nefndin telur ávinning af því að fá þriðja aðila, einkaaðila eða óháða stofnun, til að meta árangur framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Skýrsluna má nálgast á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/jafnretti_kynjanna.pdf.

3. Konur og efnahagsmál – konur og efnahagsleg völd.

Forsætisráðherra skipaði í október 2000 nefnd þriggja sérfræðinga sem skyldi leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður ráðist í fjögur rannsóknarverkefni:

1. *Tölfræðisamantekt. Teknar verða saman ýmsar tölur í fórum Hagstofu Íslands eða annarra er tekið hafa saman kyngreindar tölur sem draga upp mynd af stöðu og völdum kvenna í samanburði við karla í íslensku efnahagslífi. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.*
2. *Könnun á vinnumarkaði. Í samstarfi við Jafnréttisráð verður unnin ný launakönnun til að varpa ljósi á launaþróun kvenna og karla og í hvaða mæli kynbundinn launamunur er enn til staðar í íslensku samfélagi.*
3. *Könnun á stöðu kvenna í stjórnunarstörfum. Safnað verður upplýsingum um fjölda kven- og karlstjórnenda í íslenskum fyrirtækjum og hjá hinu opinbera. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.*
4. *Almenn viðhorfskönnun. Gerð verður viðhorfskönnun meðal Íslendinga sem náð hafa kosningaaldri þar sem spurt verður um viðhorf þeirra til ýmissa þátta sem áhrif geta haft á völd kvenna í íslensku efnahagslífi.*

Nefndin lauk störfum í febrúar 2004 og skilaði forsætisráðherra skýrslu um störf og niðurstöður nefndarinnar. Nefndin stóð fyrir gerð umfangsmikillar launakönnunar í samvinnu við Jafnréttisráð, en niðurstöður hennar voru kynntar í september 2002. Einnig kom nefndin að gerð viðhorfskönnunar um viðhorf Íslendinga til jafnréttismála og var hún unnin í samvinnu við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og framkvæmd af IMG Gallup. Könnunin var jafnframt styrkt af félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Að síðustu tók nefndin saman ýmsar tölur

sem varpa ljósi á hlut kvenna í íslensku efnahagslífi. Kannanirnar og talnasamantektin gefa vísbendingar um áhrif kvenna í íslensku efnahagslífi.

Launakönnunin náði til stórs hluta íslenskra launþega. Mjög margir þættir voru kannaðir til að komast að skilja hvers vegna konur hafa að jafnaði lægri laun en karlar. Meginniðurstaða launakönnunarinnar var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir sambærileg störf. Könnunin sýnir að skýra má 21–24% af þessum launamun með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna.[1] Það sem eftir stendur (7,5–11% launamunur) stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla. Föst dagvinnulaun karla eru til dæmis 4–5% hærri en ella ef þeir eru í sambúð eða hjúskap en sambúð hefur lítil áhrif á laun kvenna.

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar styrkja þessa niðurstöðu. 65% karlkyns svarenda starfa á vinnustöðum þar sem karlar eru í miklum meiri hluta og 64% kvenkyns svarenda starfa á vinnustöðum þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Samkvæmt viðhorfskönnuninni unnu 57% kvenkyns svarenda hjá hinu opinbera en 22% karla.

Atvinnutekjur kvenna eru um 60% af atvinnutekjum karla. Íslenskar konur eru þó mjög virkar á vinnumarkaði en vinna heldur styttri vinnudag en karlar á vinnustað en meira en þeir heima við. Um 35% kvenna vinna í skólum eða á heilbrigðisstofnunum. Árið 2002 voru konur fjórðungur sjálfstætt starfandi einstaklinga hér á landi og meðal kjörinna fulltrúa og stjórnenda voru konur tæp 30%. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands var um 7% (sumarið 2003).

Árið 2001 voru konur framkvæmdastjórar í 18% íslenskra fyrirtækja og stjórnarformenn í 36% þeirra. En ef litið var á fyrirtæki þar sem skattskyld laun fóru yfir 100 millj. kr. voru konur um 4% framkvæmdastjóra. Í fræðslustarfsemi voru þó 43% framkvæmdastjóra konur, í heilbrigðis- og félagsþjónustu 35%, en í annarri samfélagsþjónustu voru 39% framkvæmdastjóra konur. Þessi svið heyra einkum undir hið opinbera. Forstöðumenn ríkisstofnana og ráðuneyta eru hins vegar langflestir karlar, eða um 80%.

Fáar konur sitja í opinberum úthlutunarnefndum sem veita fé til uppbyggingar íslensks atvinnulífs og konur fá lítinn hluta þess fjármagns sem veitt er úr opinberum sjóðum til styrktar atvinnuuppbyggingu. Engin kona er bankastjóri og fyrir utan tvær konur í stjórn Seðlabanka Íslands sitja engar konur í bankaráðum. Viðhorfskönnunin sýnir að helmingur karla og 67% kvenna telja að konur hafi ekki jafngóðan aðgang að fjármagni til fyrirtækjareksturs og karlar.

Kynskiptur vinnumarkaður endurspeglar að einhverju leyti þá staðreynd að námsval kynjanna er kynbundið. Konur eru í meiri hluta þeirra sem ljúka námi frá háskólum, en karlar sækja einkum í iðn- og tæknigreinar.

Viðhorfskönnunin sýnir að umönnun barna og heimilisstörf eru að miklu leyti í höndum kvenna jafnvel þótt flestir telji að feður eigi ekki síður en mæður að sjá um uppeldi barna sinna. Þó halda margir karlar og eldra fólk að mæður séu hæfari en feður til að annast uppeldi barna. Viðhorfskönnunin sýnir jafnframt að 79,4% aðspurðra eru ánægð með fæðingarorlofslögin frá 2000. Þeir sem hafa átt rétt á fæðingarorlofi eftir að lögin tóku gildi eru aðeins hlynntari lögunum (84%) en þeir sem ekki áttu rétt á fæðingarorlofi (76%).

71% kvenna sem tók þátt í viðhorfskönnuninni hafði ekki sóst eftir aukinni ábyrgð og 63% kvenna höfðu ekki sóst eftir launahækkun. Sama gildir um karla því 71% karla hafði

---

[1] Ólíkar niðurstöður fengust eftir því hvort miðað var við að „konur fengju greitt eins og karlar í sama starfi“ eða „karlar fengju greitt eins og konur í sama starfi“.

heldur ekki sóst eftir aukinni ábyrgð og 64% karla höfðu ekki sóst eftir launahækkun. Helst eru það konur með hærri laun en 250 þús. kr. á mánuði sem eru líklegar til að hafa sóst eftir meiri ábyrgð og hærri launum. En karlar með sambærileg laun eru ólíklegri en karlar með lægri laun til að hafa beðið um launahækkun og aukna ábyrgð.

Samkvæmt viðhorfskönnuninni telja langflestir að það sé jákvætt að konum fjölgi í stjórnunarstörfum. Könnun á meðal stjórnenda leiðir í ljós að konur þykja almennt góðir stjórnendur.

Viðhorfskönnunin sýnir að ákvarðanir um fjárfestingar heimilisins eru í flestum tilvikum teknar sameiginlega af sambýlisfólki. Ef börn yngri en 18 ára eru í heimili er langalgengast að sambúðarfólk hafi sameiginlegan bankareikning, að öllu eða einhverju leyti, eða 77%.

54,9% svarenda telja sig að öllu leyti fjárhagslega sjálfstæða og 36,4% telja sig að mestu leyti fjárhagslega sjálfstæða. 6% karla og 11% kvenna telja sig að litlu eða engu leyti fjárhagslega sjálfstæð. En 28% þeirra sem eru heimavinnandi, öryrkjar og atvinnulausir telja sig vera að litlu eða engu leyti fjárhagslega sjálfstæð.

Skýrsluna má nálgast á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnhasleg_vold_kvenna/EVKskyrsla.pdf.

III. VERKEFNI RÁÐUNEYTANNA.

1. Forsætisráðuneytið.

1.1. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Á grundvelli upplýsinga sem safnað hefur verið í tengslum við verkefnið um þróun upplýsingasamfélagsins mun verkefnisstjórnin leggja fram tillögur að því hvernig megi hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Á grundvelli tillagnanna verði mótuð þverfagleg langtímaáætlun um hvernig bregðast megi við.

Í september 2003 skipaði forsætisráðherra nefnd til að vinna að endurskoðun stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið og koma með nýjar tillögur. Með nefndinni vann samráðshópur með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila í samfélaginu og samráðsnefnd í málefnum upplýsingasamfélagsins sem skipuð er fulltrúum allra ráðuneyta. Stefnumótunarnefndin leitaði einnig eftir sjónarmiðum fjölmargra annarra aðila.

Forsætisráðuneytið hefur um nokkurra ára skeið aflað tölfræðilegra upplýsinga um þróun upplýsingasamfélagsins og eru þær upplýsingar meðal annars greindar eftir kyni. Nú hefur Hagstofan tekið að sér að afla reglubundið þessara upplýsinga um þróun upplýsingasamfélagsins. Því lágu fyrir kyngreindar upplýsingar sem hægt var að nýta í stefnumótunarvinnunni. Farið var yfir tölfræðilegar upplýsingar sem fyrir lágu og fjallað um þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla.

Niðurstaða nefndarinnar var að hin stafræna gjá væri ekki á milli kynjanna, heldur á milli kynslóða. Helsti kynjamunurinn er greinanlegur í því að karlar sækja frekar en konur í nám sem tengist upplýsingasamfélaginu. Eins og sést síðar hér í skýrslunni hefur menntamálaráðuneytið unnið að því að hvetja stúlkur til að sækja meira inn á námsbrautir sem tengjast þessu efni, en það er ekki talið heyra undir forsætisráðuneytið að sinna því. Því var ekki talið nauðsynlegt að þróa frekar stefnu um upplýsingasamfélagið á grundvelli kynjasjónarmiða. Hagstofan heldur þó áfram að safna upplýsingum og birta þær, og því er ekki loku fyrir það skotið að málefnið verði tekið upp síðar.

1.2. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 38% fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum forsætisráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal þó áfram taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

Þann 1. ágúst 2003 voru konur 30% fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Í allflestum tilvikum er svo staðið að skipun í nefndir, stjórnir og ráð að flestir hljóta skipun samkvæmt tilnefningu þriðja aðila eða eru kosnir til slíkrar setu. Því er stefnt að því að þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

1.3. Jafnréttisfulltrúi.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisnefnd forsætisráðuneytisins var skipuð 1. mars 2003 og sitja í henni þrír fulltrúar ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er jafnframt formaður nefndarinnar. Jafnréttisnefndin skal ásamt jafnréttisfulltrúa leggja áherslu á það að framfylgja ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, innan ráðuneytisins. Auk þess skal nefndin vinna með jafnréttisfulltrúa að þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið sem hlutverk jafnréttisfulltrúa.

Forsætisráðuneytið hefur ekki lokið við að semja eigin jafnréttisáætlun en starfar samkvæmt starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun stjórnarráðsins.

Í árslok 2003 unnu jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003. Könnunin var liður í gerð jafnréttisáætlana og markmiðasetningar í jafnréttismálum ráðuneyta. IMG Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar í samvinnu við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. IMG Gallup hefur nú lokið úrvinnslu svara og niðurstöður hafa verið kynntar yfirstjórn ráðuneyta. Alls svöruðu 432 af 635 eða 68% starfsmanna. Umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar er að finna í fréttatilkynningu á vef forsætisráðuneytisins:
http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/1271.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar fyrir ráðuneytið og undirstofnanir þess þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

Í ráðuneytinu og undirstofnunum þess er nú föst starfsregla að setja staðlaðan texta inn í allar atvinnuauglýsingar sem hljóðar svo: „Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar.“ Þá má geta þess að samkvæmt nýrri jafnréttisáætlun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins skal orða auglýsingar

varðandi símenntun þannig að hvatning komi fram um að jafnt karlar sem konur sæki sér slíka menntun.

2.2. Fjölgun kvenna í starfsstéttum þar sem karlmenn eru í meiri hluta, svo sem starfsstéttum lögreglu, fangavarða o.fl.

Áfram verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna, fangavarða o.fl. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru.

Sjá lið 2.1. varðandi starfsauglýsingar.

Áfram hefur verið unnið markvisst að því að fjölga konum í lögreglu. Árið 2002 sóttu 127 karlar og 36 konur um inngöngu í Lögregluskóla ríkisins. 86 karlar og 27 konur þreyttu inntökupróf. Af þeim stóðust 64 karlar (75% karlkyns umsækjenda) og 21 kona (78% kvenkyns umsækjenda) prófið. Þetta þýðir að af þeim sem stóðust prófið voru 75% karlar og 25% konur. Af þeim 40 umsækjendum sem valdir voru inn í skólann voru svo 27 karlar (67,5%) og 13 konur (32,5%). Af þessum tölum má sjá að hlutfall þeirra kvenna sem sóttu um skólavist og fengu var hærra en karla, eða 13 konur af 21 (61%) á meðan 27 karlar af 64 fengu skólavist (42%).

Hlutfall starfandi kvenna innan lögreglunnar í febrúar 2003 var 9,34%. Í febrúar 2002 var það 9,11%. Til samanburðar má geta þess að hlutfall kvenna sem starfaði í lögreglunni árið 1996 var 4,3%.

2.3. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Konum hefur fjölgað verulega í hópi lögreglumanna síðustu ár, en sérstök áhersla verður áfram lögð á að fjölga konum í stjórnunarstöðum innan lögreglunnar. Í hópi nemenda Lögregluskólans fjölgar konum ört, enda hafa þær verið hvattar sérstaklega til að sækja þangað og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

Ráðuneytið skoðar um þessar mundir leiðir til að fjölga konum í stjórnunarstöðum innan lögreglunnar. Í því skyni er fyrirhugað að boða til sérstaks fundar með fulltrúum Lögregluskólans og ríkislögreglustjóra. Þá hefur jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins einnig átt fund með formanni og fulltrúa Kríanna, tengslaneti kvenna innan lögreglunnar, þar sem farið var yfir stöðu í jafnréttismálum innan lögreglunnar.

Í febrúar 2003 var engin kona starfandi yfirlögregluþjónn en 24 karlar gegndu slíkri stöðu. Ein kona gegndi starfi aðstoðaryfirlögregluþjóns en 28 karlar. Í starfi aðalvarðstjóra voru 7 konur og 87 karlar. Af 237 varðstjórastöðum voru konur í 15 þeirra. Í stöðu aðstoðarvarðstjóra voru 28 karlar og engin kona. Af 237 stöðum lögreglumanna voru 203 karlar og 34 konur.

2.4. Staða kvenna í undirstofnunum og í ráðuneytinu.

Það hefur verið stefna ráðuneytisins að fjölga konum í yfirmannastöðum í ráðuneytinu og undirstofnunum þess og verður því haldið áfram.

Árið 2002 var ein staða skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu auglýst og var kona skipuð í stöðuna. Hinn 1. september 2003 voru starfandi sex skrifstofustjórar í ráðuneytinu. Þar af voru fjórar konur og tveir karlar.

Af þeim þremur embættum sýslumanna sem auglýst voru árið 2002 voru einn karl og tvær konur skipuð í þær stöður. Hinn 1. september 2003 voru starfandi 26 sýslumenn á landinu, þar af 5 konur og 21 karl.

Árið 2002 var ein staða héraðsdómara auglýst og var kona skipuð í stöðuna. Hinn 1. september 2003 voru starfandi 38 héraðsdómarar, þar af 10 konur og 28 karlar.

Árið 2003 var ein staða hæstaréttardómara auglýst og var karl skipaður í stöðuna. Hinn 1. september 2003 voru starfandi níu hæstaréttardómarar, tvær konur og sjö karlar.

2.5. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra beinir þeim tilmælum til Biskupsstofu að áfram verði unnið markvisst að því að styrkja stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Sérstaklega verði unnið að því að auka þátttöku kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og jafna hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Í því skyni verði sett fram aðgerðaáætlun sem tekur mið af tillögum nefndar sem biskup skipaði til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Jafnréttisnefnd kirkjunnar beri ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

2.6. Jafnrétti – mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði lögð áhersla á fræðslu um mannréttindi kvenna. Slík fræðsla verði fléttuð inn í almenna fræðslu um mannréttindamál og verði þar meðal annars bent á mikilvægi Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CEDAW).

Mannréttindakennsla er sérstakur hluti námskrár Lögregluskóla ríkisins. Sérstök námsgrein sem ber heitið „mannréttindi/stjórnarskrá“ er kennd á síðari hluta fyrsta árs. Þar er umfjöllun um alla helstu alþjóðlegu mannréttindasamningana og hefur nú CEDAW verið bætt í þann hóp.

Í sérstöku námi fyrir stjórnendur innan lögreglunnar sem Lögregluskóli ríkisins og Endurmenntunarstofnun HÍ standa að er fjórum kennslustundum sérstaklega varið til umfjöllunar um jafnrétti.

Átak gegn verslun með konur (sjá nánar í lið 2.7.) fól í sér sérstaka áherslu á að verslun með konur væri brot á mannréttindum.

2.7. Vændi – mansal.

Á vegum dómsmálaráðuneytis starfar nefnd til að sporna við vændi og kynferðislegri misnotkun sem vænst er að skili dómsmálaráðherra innan skamms lokaskýrslu með tillögum til úrbóta. Verða tillögur nefndarinnar teknar til skoðunar með tilliti til þess hvort breytinga sé þörf á löggjöf í því skyni meðal annars að stemma stigu við vændi. Dómsmálaráðuneytið mun leggja áherslu á að auka alþjóðlegt samstarf og samvinnu sérstaklega að því er varðar aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal. Mun ráðuneytið meðal annars taka þátt í norrænni-baltneskri herferð gegn verslun með konur sem hleypt verður af stokkunum 29. maí 2002.

Nefnd til að sporna við klámi, vændi og kynferðislegri misnotkun skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra í apríl 2002. Í skýrslunni voru margvíslegar tillögur og má lesa um þær í skýrslu á slóðinni: http://domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/vaendiogklam.pdf.

Nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum hafa verið gerðar sem stuðla að því að sporna gegn vændi, mansali og kynferðislegri misnotkun. Í fyrsta lagi var nýju ákvæði bætt við 202. gr. laganna með lögum nr. 14/2002, sem kveður á um að refsivert sé að kaupa kynlífsþjónustu af ungmenni yngra en 18 ára. Í öðru lagi voru með breytingalögum nr. 40/2003 gerðar ákveðnar breytingar á ákvæðum laganna sem miðuðu að því annars vegar að veita þolendum kynferðisafbrota ríkari vernd en áður og hins vegar að lögfesta sérstakt ákvæði sem kvæði á um að mansal, eða verslun með fólk, yrði refsivert brot.

Ráðuneytið styrkti einnig rannsókn á vændi meðal ungs fólks og útgáfu skýrslu Rannsókna og greiningar „Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess“ sem kom út árið 2003.

Þá var einnig skipaður starfshópur um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi. Starfshópurinn sem skipaður var fjórum nefndarmönnum skilaði skýrslu í apríl 2002.

Að frumkvæði dómsmálaráðherra veitti ríkisstjórnin styrk til rannsóknarverkefnisins „Kynlífsmarkaður í mótun“ en skýrsla var gefin út árið 2003.

Að frumkvæði dómsmálaráðherra hafa V-dagssamtökin á Íslandi verið styrkt á hverju ári frá því að V-dagurinn var haldinn hér á landi í fyrsta sinn 2002. V-dagurinn er alþjóðlegur dagur gegn ofbeldi gegn konum.

Loks er mikilvægt að geta þess að ráðuneytið tók, ásamt félagsmálaráðuneytinu, þátt í upplýsingaátaki Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gegn verslun með konur. Átakið sem hleypt var af stokkunum í Tallinn 29. maí 2002 fól í sér annars vegar sameiginlegt átak allra ríkjanna til að sporna við starfsemi af þessu tagi, auk þess sem hvert ríki efndi til átaks í sínu landi sem var sérstaklega sniðið að staðbundnum aðstæðum. Hið íslenska átak fólst í ráðstefnu sem var haldin í febrúar 2003 ásamt útgáfu blaðs sem dreift var með Morgunblaðinu um svipað leyti. Um átakið og árangur þess má lesa í skýrslu sem Norræna ráðherranefndin gefur út og birtist á http://www.norden.org í mars 2004.

2.8. Vernd vitna og þolenda afbrota.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið unnið að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka. Á næstunni verður unnið að nánari skoðun á íslenskri löggjöf hvað þetta atriði varðar, þ.e. með hvaða hætti er unnt að bæta íslenska löggjöf enn frekar á þessu sviði og treysta réttarstöðu þessa hóps. Jafnframt hefur verið efnt til samstarfs milli Norðurlanda um vitnavernd, þar sem meðal annars verður fjallað um framangreind atriði.

Fulltrúar ráðuneytisins og ríkislögreglustjóra taka þátt í norrænu samstarfi um vitnavernd. Fundur starfshópsins var haldinn í nóvember 2003 á Íslandi. Afstaða ráðuneytisins hefur verið sú að fylgjast grannt með ýmsum breytingum sem önnur Norðurlönd hafa gert á löggjöf sinni varðandi vitnavernd og sjá hvort þær breytingar reynist vel. Enn sem komið er hafa því ekki verið gerðar breytingar á íslenskri löggjöf í þessa átt.

Þá má geta þess að fulltrúi ráðuneytisins á sæti í nefnd sem skipuð var af félagsmálaráðherra í ársbyrjun 2003 og hefur það hlutverk að sporna við ofbeldi gegn konum. Starfstími nefndarinnar er fjögur ár.

2.9. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 40%.

Við lok tímabils síðustu framkvæmdaáætlunar hafði fjöldi kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins aukist úr 19,3% í 26,3%. Árið 2002 var hlutur kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum dómsmálaráðuneytisins 26,2%. Þar sem ekki er um aukningu að ræða frá fyrra ári hefur ráðuneytið nú brugðist við og gert að ófrávíkjanlegri reglu þegar óskað er eftir tilnefningum þriðja aðila í nefndir að óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli.

2.10. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í því sambandi skal skipuð sérstök jafnréttisnefnd, fulltrúanum til halds og traust. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Kallað verði árlega eftir upplýsingum frá undirstofnunum ráðuneytisins um stöðu jafnréttismála hjá þeim og aðgerðaáætlun fylgt eftir í samvinnu við fulltrúa undirstofnana. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í byrjun nóvember 2002 var skipaður nýr jafnréttisfulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Frá skipun hans hefur fulltrúinn sótt ýmsa fundi hér á landi og erlendis sem varða jafnréttismál og tekið þátt í samstarfi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna, t.d. með því að sækja mánaðarlega fundi þeirra. Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003. Nánari umfjöllun um könnunina er að finna undir lið 1.3.

Jafnréttisfulltrúi hyggst fljótlega senda öllum undirstofnunum ráðuneytisins bréf þar sem minnt verður á ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um skyldu fyrirtækja og stofnana af ákveðinni stærð að setja jafnréttisáætlun og óskað eftir að slíkt verði gert. Þá mun einnig óskað eftir tilnefningu tengiliðar í hverri stofnun við jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins.

Jafnréttisnefnd var skipuð í ráðuneytinu af ráðuneytisstjóra í maí 2003. Nefndin er skipuð tveimur konum og tveimur körlum auk jafnréttisfulltrúa, sem er formaður nefndarinnar. Ráðuneytisstjóri skipar nefndina til tveggja ára í senn og skal reynt eftir fremsta megni að hafa samsetningu hennar þannig að hún myndi þversnið af starfsmönnum ráðuneytisins. Jafnréttisnefndin er jafnréttisfulltrúa til aðstoðar og ráðgjafar. Hún aðstoðar jafnréttisfulltrúa við að móta framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og fylgist með stöðu jafnréttismála hjá stofnunum ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi kallar nefndina saman a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Jafnréttisáætlun var samþykkt í ráðuneytinu í lok febrúar 2004. Leysir hún jafnréttisyfirlýsingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af hólmi og þjónar einnig hlutverki aðgerðaáætlunar um hvernig jafna skuli rétt kynjanna. Jafnréttisáætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti. Í henni er kveðið á um störf jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar ráðuneytisins ásamt markmiðum ráðuneytisins til að ná jafnri stöðu og jöfnum kjörum kvenna og karla. Áætlunin skal kynnt starfsmönnum ráðuneytisins.

3. Félagsmálaráðuneytið.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Myndaður hefur verið samstarfshópur tengiliða þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Í upphafi mun nefndin kynna sér starf sambærilegra nefnda á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því mun verða unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Nefndin hefur hafið störf og mun skila niðurstöðum í lok ársins 2005. Verkefninu verður því haldið áfram í nýrri framkvæmdaáætlun.

3.2. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Nefnd sú er starfað hefur í umboði ráðherra að auknum hlut kvenna að stjórnmálum mun ljúka starfi sínu í lok árs 2003. Þá mun starf og árangur nefndarinnar verða metið og tillögur um framhald þessa starfs liggja fyrir um mitt ár 2004, eða þegar ný framkvæmdaáætlun verður lögð fram.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu til ráðherra fyrr en ætlað var, eða í janúar 2003. Nefndin setti fram þrjár spurningar í spurningavagni Gallups, en könnunin fór fram 28. september til 11. október 1998. Tekið var 1200 manna slembiúrtak úr Þjóðskrá og var svarhlutfallið 72,2%. Niðurstöður sýndu að meiri hluti þjóðarinnar taldi að auka þyrfti hlut kvenna í stjórnmálum eða 79,7%, en aðeins 3,5% voru andvíg því að hlutur kvenna væri aukinn.

Auglýsingaherferð í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum var hönnuð í þessum tilgangi, en hún átti að hafa áhrif á forustumenn stjórnmálaafla, ná athygli og fá umfjöllun fjölmiðla og almennings um uppröðun á framboðslista og vekja fólk til umhugsunar um það hvers vegna auka þyrfti hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin hélt síðan fundi með ritstjórum stærstu fjölmiðla landsins þar sem átakið var kynnt og óskað eftir upplýsingum um þær starfsreglur sem unnið væri eftir við umfjöllun og birtingu efnis til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynferðis. Í þeirri umræðu kom fram að hlutur kvenna í Blaðamannafélagi Íslands var 30% en hlutur karla 70% (haust 1998). Það sjónarmið var sett fram að með því að fjölga konum á ritstjórn og í stjórnunarstörfum mundi umfjöllun í fjölmiðlum um konur aukast.

Þá stóð nefndin fyrir stjórnmálanámskeiðum fyrir konur, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Tvö grunnnámskeið voru haldin í Reykjavík á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands (EHÍ), og það sóttu samtals 77 konur. Verklegt framhaldsnámskeið á sama stað sóttu 13 konur. Grunnnámskeiðið var svo haldið á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Selfossi og í Borgarnesi. Í því tóku þátt milli 13 og 20 konur á hverjum stað, samtals 73 konur. Námskeiðið *Jafnrétti og lýðræði* var einnig haldið á vegum EHÍ og voru þátttakendur 10 konur. Í námskeiðinu *Alþingi er sett* tóku þátt um 20 konur. Námskeiðið *Öflugar konur í sveitarstjórnum* var haldið í samstarfi við EHÍ þrisvar sinnum vorið 2002. Í því tóku þátt samtals 40 konur, þar af 10 í fjarnámi á Húsavík og Ísafirði. Haustið 2002 var svo haldið námskeiðið *Fleiri konur á Alþingi,* en það sóttu 7 konur.

Nefndin sá einnig ástæðu til að hefja auglýsingaherferð til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum fyrir kosningarnar 2002. Eftir kosningarnar jókst hlutur kvenna í sveitarstjórnum úr 28,2% í 31,2%. Konur eru í meiri hluta í 10 sveitarstjórnum, en engar konur eiga sæti í 9 sveitarstjórnum.

Hinn 30. september 2002 hélt nefndin ráðstefnu um áhrif breyttrar kjördæmaskipunar á hlut kvenna á Alþingi. Hinn 17. janúar 2003 hélt nefndin svo lokaráðstefnu um verkefnið *Konur í læri – dagar í lífi stjórnmálakvenna.*

Í lokaorðum skýrslu nefndarinnar kemur fram að einn þeirra þátta sem skipti höfuðmáli varðandi framgang kvenna í stjórnmálum sé pólitískur vilji, einkum innan stjórnmálaflokkanna. Höfundar rannsóknarinnar tóku undir þau orð og sögðu enn fremur að kosningakerfi, fyrirkomulag kjördæma og stærð flokka gæti haft áhrif á hlut kynjanna í stjórnmálum. Það séu þó stjórnmálaflokkarnir sem hafi lokaorðið, hjá þeim liggi vald til ákvarðana um uppröðun á framboðslista. Hjá stjórnmálaflokkunum liggi sú ábyrgð að auka hlut kvenna í stjórnmálum.

Skýrslu nefndarinnar er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins:
http://felagsmalaraduneyti.is/media/Nefnd_um_aukinn_hlut/Skyrsla.pdf.

3.3. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum verður aðgengileg á vefsíðu Jafnréttisstofu árið 2002. Í handbókinni verða ýmsar mikilvægar upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustöðum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á. Einnig verður þar lögð áhersla á að kynna leiðir til að taka á málum er varða kynferðislega áreitni skv. 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Efni í handbókina er tilbúið, en enn hefur ekki verið gengið frá vefútgáfu hennar. Handbókin mun koma út á vefsíðu Jafnréttisstofu fyrir árslok 2004.

3.4. Konur í hlutastörfum.

Vinnumálastofnun mun í samráði við Hagstofuna gera úttekt á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum.

Vinnumálastofnun hefur lokið verkefninu og var skýrsla lögð fram árið 2004. Í skýrslunni var stuðst við upplýsingar úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands árið 2002 og til samanburðar eru tölur frá árinu 2000. Ekki reyndist unnt að greina tímabundna ráðningu (störf unnin án fastráðningar) né heimavinnu (störf unnin utan hefðbundinna vinnustaða) eftir atvinnugrein eða starfsstétt vegna þess hve fáir einstaklingar falla í þessa flokka.

Árið 2002 voru um 64% landsmanna sem unnu aðeins dagvinnu á vinnustað. Um 26% voru í hlutastörfum, 21% vann um helgar, 18% unnu vaktavinnu, 17% nætur- og kvöldvinnu, 6% heimavinnu og 5% voru í tímabundinni ráðningu. Hafa ber í huga að þetta getur skarast á ýmsan hátt og því er heildarhlutfalla hærra en 100%. Litlar breytingar eru milli áranna 2000 og 2002 en þó eru fleiri sem aðeins vinna dagvinnu á vinnustað árið 2002.

Mikill munur er á vinnutilhögun karla og kvenna og felst hann í því að um 42% kvenna eru í hlutastörfum en aðeins um 12% karla. Þá er meira um að konur vinni aðeins dagvinnu á vinnustað og hærra hlutfall karla vinnur um helgar, sem og nætur- og kvöldvinnu.

Misjafnt er eftir starfsstéttum hve hátt hlutfall fólks vinnur hlutastörf. Hæst er hlutfallið meðal fólks í þjónustu- og verslunarstörfum og einnig meðal ósérhæfðs starfsfólks. Lægst er hlutfall stjórnenda og embættismanna sem vinna hlutastörf og einnig er lítið um að bændur og fiskimenn, iðnaðarmenn og véla- og vélgæslufólk vinni hlutastörf. Ekki er um sambærilegt mynstur að ræða hjá körlum og konum. Hæst er hlutfall kvenna í hlutastörfum í þjónustu- og verslunarstörfum en hæst hjá körlum í flokki ósérhæfðs starfsfólks.

Mikill munur er á hlutastörfum eftir atvinnugreinum. Mest áberandi eru hlutastörf innan heilbrigðisþjónustu og í hótel- og veitingageiranum. Minnst er um hlutastörf í veitustarfsemi, sem og í mannvirkjagerð og fiskveiðum. Af þeim atvinnugreinum þar sem konur eru fjölmennar eru hlutastörf algengust í verslunar- og viðgerðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu, hótel- og veitingastarfsemi og menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi. Minnst er um hlutastörf kvenna í fjármálaþjónustu, opinberri stjórnsýslu og fræðslustarfsemi, auk landbúnaðar og veitustarfsemi. Einkum er það meðal karla innan hótel- og veitingastarfsemi sem hlutastörf eru algeng, en einnig í heilbrigðisþjónustu og menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi. Einkum er lágt hlutfall karla í hlutastörfum í fiskveiðum, veitustarfsemi og fiskvinnslu.

3.5. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, hefur samþykkt að gera úttekt á því hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum, sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, hafa skipst milli kvenna og karla. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur falið Byggðastofnun framkvæmd verkefnisins.

Sjá umfjöllun undir lið 7.3.

3.6. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Í júní 2000 kom út á vegum félagsmálaráðuneytis skýrsla Þjóðhagsstofnunar, Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni. *Í samráði við félagsmálaráðuneytið mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti láta gera ácetlun um aðgerðir til að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni. Hún verði samþætt byggðaácetlun og öðrum þeim ácetlunum er varða bæði málefni kynjanna og byggðamál. Í þessu sambandi skal meðal annars nýta niðurstöður norrænnar rannsóknar um stöðu kynjanna í tengslum við byggðaröskun, sem Jafnréttisstofa er að vinna ásamt Byggðarannsóknastofnun Íslands.*

Jafnréttisstofa er þátttakandi í norrænu rannsóknarverkefni sem kallast „Kvinner reiser, menn blir“ eða „Konur kveðja, karlar eru um kyrrt“. Verkefnið er unnið í samstarfi við Byggðarannsóknastofnun Íslands og háskóla/stofnanir í Norður-Skandinavíu, Grænlandi og Færeyjum. Þar er sjónum beint að þeirri staðreynd að fólksfækkun í jaðarbyggðum á Norðurlöndum hefur í för með sér breytingu á kynjahlutföllum því konurnar flytja frekar en karlarnir. Auk þess eru konur líklegri en karlar til að tileinka sér nýja þekkingu og aðlaga sig breyttum aðstæðum, og flytja þannig á huglægan máta.

3.7. Jafnréttisráðgjafi.

Samkvæmt samningi félagsmálaráðuneytisins við Byggðastofnun hefur verkefni um jafnréttisráðgjafa verið framlengt til ársloka 2005. Á tímabilinu munu ráðgjafar starfa í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi.

Jafnréttisráðgjafar munu halda áfram að starfa til ársloka 2005 eins og um var samið.

3.8. Konur og atvinnuleit.

Vinnumálastofnun mun leggja mat á þau verkefni sem á síðastliðnum árum hafa miðað að því að styrkja stöðu atvinnulausra kvenna og sérstaklega skal litið til styrkja sem veittir hafa verið af fjárlagaliðnum atvinnumál kvenna. Á grundvelli þess skal Vinnumálastofnun í samvinnu við hagsmunasamtök gera átak til að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu og/eða styrkja stöðu sína á annan hátt.

Vinnumálastofnun skilaði lokaskýrslu til ráðuneytisins árið 2004. Í greiningu Vinnumálastofnunar var einkum litið til atvinnuleysis kvenna, ástæðna atvinnuleysis, starfaframboðs, úrræða og að lokum greint frá niðurstöðum. Niðurstöður Vinnumálastofnunar leiddu í ljós að atvinnuleysi kvenna er meira en karla. Það eru einkum ungar konur með börn á framfæri og eldri konur sem hafa misst vinnu á efri árum. Atvinnuleysi er einkum meðal minna menntaðra kvenna eða kvenna sem eingöngu hafa grunnmenntun. Þau úrræði sem einkum hafa nýst konum sem lengi hafa verið af vinnumarkaði eru sjálfsstyrkingarnámskeið og menntasmiðjur kvenna. Þau úrræði hafa augljóslega skilað konum út á vinnumarkað eða í nám í miklum mæli og er það ávinningur stjórnvalda að styðja áfram við þau úrræði.

3.9. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Gerð verður úttekt á framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof, meðal annars með tilliti til áhrifa þeirra á samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Félagsmálaráðuneytið mun á árinu leggja frekari drög að því hvernig standa megi að ofangreindri rannsókn. Ísland hefur sótt um að leiða Evrópuverkefni á þessu sviði og hefur Jafnréttisstofu verið falið að stýra því.

Verkefnið „Culture, custom and caring – men's and women's possibilities to parental leave" eða „Menning, umgjörð og umhyggja – möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs" er Evrópuverkefni sem lauk í byrjun mars 2004. Það stóð yfir í rúmt ár. Heildarkostnaður verkefnisins var um 25 millj. kr. Félagsmálaráðuneytið lagði fram 80% kostnaðar við framkvæmd verkefnisins og lagði Evrópusambandið til það sem vantaði upp á. Verkefnið var hluti af jafnréttisáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins var að skoða ólík samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla á að vinna saman að uppeldi barna sinna. Sérstaklega var horft til fæðingar- og foreldraorlofsreglna og nýtingar mæðra og feðra á þeim réttindum sem í hverju landi bjóðast að þessu leyti.

Verkefnið samanstendur af tveimur meginhlutum. Annars vegar er rannsóknarskýrsla sem byggist meðal annars á viðtölum við unga foreldra og vinnuveitendur feðranna og hins vegar heimildamynd sem einnig byggist á viðtölum við foreldra og vinnuveitendur.

Þátttakendur í verkefninu eru frá fjórum löndum, þ.e. Spáni, Þýskalandi, Noregi og Íslandi. Jafnréttisstofa leiddi verkefnið fyrir hönd Íslands. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands var framkvæmdaaðili rannsóknarinnar, en eftirlitsaðili var Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Þann 5. mars 2004 var haldið málþing á Akureyri um verkefnið og niðurstöður þess. Þar var gerð grein fyrir rannsóknarhluta verkefnisins og erlendu þátttakendurnir héldu stutt erindi um stöðu þessara mála í sínum heimalöndum. Málþinginu lauk svo með frumsýningu valdra kafla úr heimildamyndinni sem verður tilbúin í lok marsmánaðar. Skýrsla verkefnisins er aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu:

http://www.jafnretti.is/caring/docs/CCC_FinalReport.pdf.

Vonast er til þess að myndin verði sýnd í Ríkissjónvarpinu og á evrópskum sjónvarpsstöðvum innan tíðar.

3.10. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

Á árunum 1999–2003 hefur verið úthlutað 255 millj. kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu úr starfsmenntasjóði til 285 verkefna. Mikill meiri hluti verkefnanna tekur jafnt til kvenna og karla og er lítill munur á fjölda verkefna sem miðast einkum við konur og hefðbundin kvennastörf (t.d. verkefni tengd umönnunargreinum, um 30 verkefni) eða karla og hefðbundin karlastörf (t.d. verkefni tengd ýmsum iðnaði, um 40 verkefni).

3.11. Konur sem flóttamenn.

Félagsmálaráðuneytið mun fela Flóttamannaráði að kanna hvort við mat á skilgreiningu á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af

tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

Forsendur verkefnisins brustu þar sem einungis svokallaðir kvótaflóttamenn falla undir félagsmálaráðuneytið.

3.12. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Á vegum félagsmálaráðuneytis verði gert átak til að kynna ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynferðislega áreitni. Í samráði við Jafnréttisstofu og Vinnueftirlit ríkisins verða unnar leiðbeiningar, annars vegar til þeirra sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og hins vegar fyrir stjórnendur á vinnumarkaði, um það hvernig best er að bregðast við slíku.

Skrifstofa jafnréttismála, í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins, gaf út ritið „Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum“ í október 1998. Þess skal getið að við endurskoðun laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 40/1980, var bætt ákvæði við lögin um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum, en kynferðisleg áreitni er eitt form eineltis.

3.13. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Fjölskylduráð mun hefja undirbúning að könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

Félagsmálaráðuneytið í samvinnu við fjölskylduráð er farið af stað með verkefni sem ætlað er að mæla með kerfisbundnum hætti velferð og heilsufar fjölskyldna í landinu. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Fjölskylduvogin*. Vinnu með Fjölskylduvogina hefur miðað samkvæmt áætlun. Í upphafi verkefnisins voru skilgreindir þrír meginátangar, þ.e. hönnunaráfangi, tilraunaáfangi og framkvæmdaáfangi. Vinnu við fyrsta áfanga er lokið en með honum er átt við að unnið var að frumskilgreiningu flokka sveitarfélaga, vali mæliþátta og vægi þeirra, auk skilgreiningar á þeim atriðum sem kannanir þyrftu að snerta. Vinna við lokahönnun fór af stað haustið 2003 og vonir standa til að tilraunaáfangi geti farið af stað árið 2004.

3.14. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Verkefni um meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi sem hófst 1998 er lokið. Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Rauða kross Íslands skipa verkefnisstjórn til að fylgja eftir fyrra verkefni og þróa það þannig að það nýtist fleirum.

Verkefnið *Karlar til ábyrgðar* hófst formlega 28. apríl 1998 og var hætt um mitt ár 2001. Tilgangurinn var að aðstoða karla sem beittu ofbeldi á heimili til að hætta því. Fjárhagslega var verkefnið fyrst og fremst stutt af Rauða krossi Íslands, heilbrigðisráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu en fleiri komu þar að. Alls leituðu ríflega 60 karlar sér aðstoðar á þessu tímabili og það var niðurstaða þeirrar matsnefndar sem með verkinu fylgdist að rétt væri að framlengja það með ákveðnum breytingum. Hins vegar fékkst ekki fé til áframhaldandi reksturs. Nú hefur verið ákveðið að hefja þetta verkefni að nýju, og er það í nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

3.15. Mansal.

Félagsmálaráðuneyti mun skipa verkefnisstjórn ásamt dóms- og kirkjumálaráðuneyti sem mun skipuleggja aðgerðir hér á landi í norrænni-baltneskri herferð gegn verslun með konur sem hleypt verður af stokkunum árið 2002.

Sjá greinargerð undir lið 2.7. hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

3.16. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 40% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsmálaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

Því miður hefur ekki tekist að jafna hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Í október 2003 áttu konur 35% sæta í nefndum, ráðum og stjórnum ráðuneytisins.

3.17. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir.

Jafnréttisfulltrúinn vann að jafnréttisáætlun ásamt yfirstjórn ráðuneytisins árið 2002 og var áætlunin samþykkt sama ár. Þá sinnti fulltrúinn starfi sínu sem tengiliður við Jafnréttisstofu og sótti jafnframt ýmis námskeið og ráðstefnur varðandi jafnréttismál.

Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003, eins og sjá má undir lið 1.3.

4. Fjármálaráðuneytið.

4.1. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa í sameiningu leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og farið þess á leit að hún geri úttekt á launamun karla og kvenna sem ekki er unnt að útskýra nema á grundvelli kyns.

Í framhaldi af upptöku nýs launakerfis leitaði fjármálaráðuneytið til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og fór fram á það að stofnunin ynni úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun kynjanna. Við undirbúning verksins kom í ljós að í núverandi launakerfi voru ekki fyrir hendi þær upplýsingar sem stofnunin taldi nauðsynlegar til að vinna úttektina. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið markvisst að því að launagögn í nýjum upplýsingakerfum sem ríkið er að innleiða standist þær kröfur sem gera verður til þess að unnt sé að meta kynbundinn launamun. Gengur sú vinna hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir en ætla má að henni ljúki á árinu 2004. Stefnt er að því að úttekt á launamun karla og kvenna sem ekki er unnt að útskýra nema á grundvelli kyns verði unnin í beinu framhaldi af því. Í kjölfarið er lag að fylgjast reglulega með þróun kynbundins launamunar.

Nú er fjármálaráðuneytið að kanna hvernig laun karla og kvenna eru samansett og hvort einhverjar breytingar hafa átt sér stað frá árinu 1997. Fyrst í stað er rannsakaður sá hópur ríkisstarfsmanna sem semur um laun sín og heyrir undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði á árinu 2002 samanburð á launum karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg 2001, en Reykjavíkurborg tók upp nýtt launavinnslukerfi í ársbyrjun 2003 og hafði lokið starfaflokkun þegar rannsóknin fór fram.

4.2. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Á hverju ári heldur fjármálaráðuneytið fundi með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Stefnt er að því að vera að jafnaði með fræðslu eða erindi um jafnréttismál á þessum fundum. Ef gerðar hafa verið kynjakannanir á vegum fjármálaráðuneytisins þá verður umfjöllun um niðurstöður þeirra á þessum fundum.

Jafnréttisfulltrúi skilaði Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu á verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á vordögum 2002. Síðan þá hafa verið haldnir þrír fundir fyrir forstöðumenn stofnana fjármálaráðuneytisins. Í tvö fyrri skiptin voru jafnréttismál ekki á dagskrá fundanna. Á fundi forstöðumanna í desember 2003 var hins vegar fjallað um jafnréttismál.

4.3. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins verður leitast við að taka mið af jafnréttissjónarmiðum, sbr. 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Stefnt er að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins orðinn a.m.k. 30%. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins.

Það er orðin regla hjá fjármálaráðuneytinu að þegar auglýst er laust starf til umsóknar hjá ráðuneytinu er tekið fram að konur jafnt sem karlar séu hvattar til að sækja um. Þetta hefur mælst vel fyrir. Í mars 2002 var hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins 23% en karla 77%. Fjöldi nefndarmanna var þá alls 280 í 58 nefndum.

Hinn 1. september 2003 var hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins 30% konur og 70% karlar. Fjöldi nefndarmanna var alls 385 í 79 nefndum. Kynjaskipting á meðal sérfræðinga í fjármálaráðuneytinu hefur breyst og hlutur kvenna hefur aukist. Þegar fjármálaráðherra skipar í nefndir er leitað til hlutaðeigandi sérfræðings innan ráðuneytisins á hverju sviði. Fyrir vikið hefur konum fjölgað í nefndum á vegum ráðuneytisins. Hins vegar þegar fjármálaráðherra óskar eftir tilnefningu í nefnd frá hagsmunaaðilum er það ekki á hans valdi hvort karl eða kona tekur sæti í nefndinni.

4.4. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og hefur umsjón með framkvæmdaáætlun þessari í samráði við ráðuneytisstjóra. Í því sambandi verður skipuð sérstök jafnréttisnefnd fulltrúanum til halds og trausts. Gert er ráð fyrir að fulltrúinn og nefndin muni standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og miðla niðurstöðum þeirra og öðru fræðsluefni um jafnréttismál til yfirmanna og annarra starfsmanna eftir því sem tilefni gefst til.

Jafnréttisfulltrúinn hefur sinnt starfi sínu sem tengiliður Jafnréttisstofu og hefur sótt námskeið og svarað fyrirspurnum Jafnréttisstofu. Í apríl 2003 var sett á fót tímabundin jafnréttisnefnd í fjármálaráðuneytinu. Í nefndinni sitja fjórir fulltrúar sem allir eru sérfræðingar í fjármálaráðuneytinu. Í nefndinni eru tvær konur, þ.m.t. jafnréttisfulltrúinn, og tveir karlar.

Nefndinni var gefið vítt verkefnasvið en helsta verkefni hennar er að gera drög að uppbyggingu jafnréttisstarfs fyrir fjármálaráðuneytið. Nefndin hefur í störfum sínum haft það sem markmið að gera drög að jafnréttisáætlun fyrir fjármálaráðuneytið. Þá skoðar nefndin mun á starfskjörum kynjanna í ráðuneytinu, hvort ráðuneytið eigi að setja sér fjölskyldustefnu, stefnu um sveigjanleika í starfi og hlutastörf, hvert hlutverk jafnréttisfulltrúa eigi að vera o.s.frv. Það er síðan í höndum yfirstjórnar fjármálaráðuneytis að taka ákvörðun um framhaldið.

Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003, eins og sjá má undir lið 1.3.

Jafnréttisfulltrúinn hefur ekki komið á tengiliðum við undirstofnanir og hefur því ekki sinnt eftirliti með undirstofnunum ráðuneytisins líkt og honum ber að gera skv. 11. gr. laga nr. 96/2000. Helgast það af því að jafnréttisfulltrúinn hefur aðallega lagt áherslu á jafnréttisnefndina sem skipuð hefur verið í fjármálaráðuneytinu. Þá hefur það einnig verið mat jafnréttisfulltrúans að fyrst ætti að marka stefnu fjármálaráðuneytisins í jafnréttismálum og síðan væri hægt að fara að ganga á eftir undirstofnununum.

5. Hagstofan.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Hagstofa Íslands mun í samvinnu við Jafnréttisstofu kanna framgang þess að öll tölfræði sé kyngreind og minna reglulega á ákvæði þar að lútandi.

Hagstofan leitast við að fylgjast með og leiðbeina um það sem betur mætti fara við öflun, greiningu og birtingu tölfræðilegs efnis um einstaklinga eftir kyni, á það bæði við um efni sem verður til af hálfu Hagstofu og eins það efni sem aflað er frá öðrum aðilum.

5.2. Vinnutími – hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Undanfarin missiri hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Áfram verður unnið að því að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn.

Hagstofan gerir reglubundnar vinnumarkaðsrannsóknir til að fá áreiðanlegar upplýsingar um stöðu fólks á vinnumarkaði, störf, starfsstétt, vinnutíma, atvinnuleit, menntun, búsetu, o.fl. Vinnumarkaðsrannsóknin er nú samfelld, nær til allra vikna ársins, niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og eru þær greindar eftir kyni. Vinnumarkaðsrannsóknin byggist á alþjóðlegum stöðlum og fyrirmyndum úr sambærilegum könnunum innan Evrópusambandsins.

Undanfarin ár hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Hagstofan og kjararannsóknarnefnd afla nú í sameiningu gagna frá fyrirtækjum og eru þau nýtt af báðum aðilum til hagskýrslugerðar.

Undanfarin missiri hefur Hagstofan unnið að úrvinnslu á gögnum frá ríkisskattstjóra um staðgreiðsluskyld laun. Nýlega hafa verið birtar tölur um fjölda starfandi eftir ársfjórðungum og atvinnutekjur fyrir árin 1998–2002. Í þessum gögnum kemur meðal annars fram aðgreining eftir kyni, atvinnugrein og búsetu.

5.3. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun árið 2002 gefa út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel almenningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku.

Ekki náðist að gefa út nýtt rit um konur og karla á árinu 2002 en ráðgert er að gefa þetta efni út sem hefti í ritröð Hagtíðinda. Mun það koma út vorið 2004, bæði í prentuðu formi og sem netútgáfa.

5.4. Jafn hlutur kynja í nefndum og ráðum.

Aðeins ein nefnd starfar nú á vegum Hagstofu Íslands og er hlutur kvenna þar þriðjungur. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum, skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli og þannig tryggja að hlutfall kynja í nefndum verði sem jafnast.

Sem fyrr er aðeins ein nefnd starfandi á vegum Hagstofu Íslands. Sem stendur skipa hana tveir karlar, en eftir er að skipa þriðja nefndarmanninn.

5.5. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum Hagstofunnar. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í því skyni skal skipuð jafnréttisnefnd fulltrúanum til halds og trausts. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála á Hagstofunni og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi Hagstofu fæst meðal annars við að fylgja því eftir að tölfræðilegar upplýsingar sem varða einstaklinga séu greindar eftir kyni við öflun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga. Með nýjum hagtöluvef Hagstofunnar hafa opnast nýir möguleikar til að bæta aðgengi að upplýsingum, t.d. efni sem varðar konur og karla. Er markvisst unnið að því að auka við það efni sem fyrir er.

Jafnréttisfulltrúinn hefur sótt fundi og námskeið sem honum eru ætluð. Jafnréttisnefnd hefur ekki verið skipuð enn sem komið er. Jafnréttisfulltrúi Hagstofunnar vann ásamt jafnréttisfulltrúum annarra ráðuneyta að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins, sem fram fór í desember 2003. Nánari umfjöllun um könnunina er að finna undir lið 1.3. hér að framan.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.

Heilbrigðisráðherra hefur skipað verkefnisstjórn um heilsufar kvenna sem mun forgangsraða verkefnum, gera tillögur um aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd. Tilgangur með starfi verkefnisstjórnarinnar er meðal annars að þjónusta heilbrigðiskerfisins taki í auknum mæli mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur í störfum sínum lagt áherslu á nauðsyn þess að aflað sé með stöðluðum og reglubundnum hætti upplýsinga um lífshætti, líðan og heilsufar og að greina ólíkar þarfir kynjanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Með þetta að leiðarljósi hefur nefndin skoðað þær leiðir sem hún telur æskilegast að fara í þessu skyni og í framhaldi af því lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að ráðist verði í gerð heilsufarskönnunar

(Health Interview Survey) til að afla þessara upplýsinga. Þessi könnun verði hluti af EUROHIS (evrópsku heilsufarskönnuninni) sem gerir mögulegan samanburð við aðrar Evrópuþjóðir. Ef af verður mun þessi könnun einnig veita upplýsingar um heilsufar ólíkra hópa kvenna og karla (socio-economic groups). Upplýsingaöflun af þessu tagi þarf að fara fram reglulega, t.d. á fimm ára fresti, til að fá yfirlit yfir þróun mála. Það er einnig mat verkefnisstjórnarinnar að nauðsynlegt sé að vinna úr fyrirliggjandi upplýsingum um notkun kvenna og karla á heilsugæslunni og hvaða úrlausnir þau fá þar. Markmiðið er að kanna hvort konur og karlar sækist eftir og fái ólíka þjónustu í heilsugæslunni og hvort úrlausnir eru háðar því hvort kynið á í hlut. Verkefnisstjórnin hefur einnig lagt til við heilbrigðisráðherra að ráðist verði í þetta verkefni. Þá er lögð áhersla á að með reglulegri upplýsingaöflun sé unnt að fylgjast með hvernig miði í átt að markmiðum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010.

6.2. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við með göngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

Eins og fram kemur í fyrri skýrslum um framkvæmd á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum þá hefur verið unnið að því að auka þátt feðra í meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna. Áfram hefur verið unnið að þessu á vegum þeirra aðila innan heilbrigðiskerfisins sem koma að málinu, svo sem heilsugæslunnar, sjúkrahúsa o.fl.

6.3. Endurskoðun á framsetningu heilbrigðisupplýsinga.

Heilbrigðisupplýsingar skal sundurgreina eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Vinnuhópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um heilbrigðisupplýsingar skal taka saman yfirlit um stöðu mála og setja fram áætlun um aðgerðir þar sem þörf er á.

Vinnuhópur ráðuneytisins um heilbrigðisupplýsingar beindi þeim tilmælum til þeirra aðila sem koma að söfnun heilbrigðisupplýsinga á landsvísu að skoða hjá sér hver staða mála væri og gera þær úrbætur sem þörf væri á.

6.4. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar út frá aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Með því er hægt að sjá hvort þær koma eins út hjá konum og körlum.

Reglur um vistunarmat hafa ekki breyst frá árinu 1990. Um er að ræða mat á vistunarþörf ellilífeyrisþega, en það sem snýr að öryrkjum er á vegum félagsmálaráðuneytisins. Ekki hefur verið talin þörf á að endurskoða þessar reglur þar sem þær miðast ekki við kynjaskiptingu heldur þörf fyrir þjónustu.

6.5. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði með aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

Örorka er metin óháð kynferði en ákvarðast af sjúkdómi eða fötlun einstaklings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um karl eða konu er að ræða við útreikning örorkubóta vegna bótaskylds slyss.

6.6. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar kunni að vera mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

Áfengis- og vímuvarnaráð er nú hluti af nýstofnaðri Lýðheilsustöð. Tölfræðiupplýsingar þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á vegum ráðsins eru kyngreindar. Í niðurstöðum rannsóknanna hefur meðal annars komið í ljós að í efstu bekkjum grunnskóla virðast stúlkur vera að draga á drengi í áfengisneyslu. Slíkar niðurstöður gefa tilefni til sérstakra kynbundinna aðgerða í framtíðinni.

6.7. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

Vísað er til fyrri skýrslna um framkvæmd á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum um það sem hefur verið gert. Á vegum landlæknisembættisins hefur verið rekið verkefni til að vinna gegn sjálfsvígum og hér á eftir kemur lýsing á því ásamt því helsta sem hefur verið á gangi á undanförnum missirum.

Verkefnið gengur meðal annars út á að fá heilsugæslu, félagsþjónustu, presta, lögreglu og skólakerfið til að vinna saman. Auk þess að vera í góðri samvinnu við slysadeildir og geðdeildir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hvað verkefnið varðar þá er ljóst að áhættuhegðun karlmanna er veruleg og fleiri karlmenn fremja sjálfsvíg en konur. Tekin hafa verið ákveðin tímabil og það er fjölgun á sjálfsvígum á síðustu árum. Ungir karlmenn eru í verulegum áhættuhóp og til að mynda var 20,1% þeirra sem framdi sjálfsvíg árið 2000 undir tvítugu. Þetta er reyndar einungis eitt ár en aðstandendur verkefnisins hafa verulegar áhyggjur af þessum hóp. Þess ber einnig að geta að það ár voru sjálfsvíg óvenju mörg, eða 51. Þar af voru 8 konur en 43 karlmenn. Hins vegar eru sjálfsvígstilraunir yfir 600 á ári og þar er meiri hlutinn konur. Árið 2002 kom út rannsókn sem embættið lét gera þar sem kom fram að 9% stúlkna og 5,3% drengja í framhaldsskólum höfðu gert sjálfsvígstilraun. Þetta voru aðallega ungmenni á fyrstu þremur önnum í framhaldsskólum. Þetta eru líklega þeir krakkar sem eru að falla út úr skólakerfinu. Einnig er vitað að mörg ungmenni eru í meðferð á hverjum tíma. Á vegum Barnaverndarstofu geta verið 68 ungmenni í meðferð á hverjum tíma og alltaf er biðlisti. Á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss er alltaf fullt og langur biðlisti. Þá er Vogur með 12 pláss á hverjum tíma sem eru fullnýtt. Þá er einnig Félagsþjónustan að vinna með margar fjölskyldur í vanda. Þunglyndi er líka eitt af því sem aðstandendur verkefnisins hafa verulegar áhyggjur af vegna þess að þeir sem lenda í neyslu hafa oft gengið í gegnum mikinn vanda og þunglyndi hefur verið vangreint hjá karlmönnum. Þeir leita sér sjaldnar meðferðar á heilsugæslum en konur. Þeir lenda hins vegar frekar í vímuefnameðferð og þar greinast þeir með kvíða eða þunglyndiseinkenni. Miðaldra karlmenn sem eru atvinnulausir eða þurfa að lækka í launum eða stöðu eru sérstakur áhættuhópur og ekki bætir úr ef þeir eru fráskildir eða hafa lítinn stuðning. Þá eru ungir samkynhneigðir sem eru að koma út úr skápnum í verulegri hættu. Núna er unnið með öllum kerfum sem talin eru upp hér á undan og boðið er upp á fimm tíma námskeið um þunglyndi, sögu þunglyndis og sjálfsvíga, fræðslu um sjálfsvígsatferli, tíðnitölur, aðstoð við aðstandendur, hópavinnu og fleira. Það er fagfólk sem sér um

kennsluna, þrír aðilar í hvert sinn. Þá hafa verið gefin út bæklingur, myndband um þunglyndi sem lánað er skjólstæðingum, spjöld með 1717 hjálparsímanum, stór auglýsingaspjöld til dreifingar um hvert er hægt að leita. Vefsíða um þunglyndi er nú á vefnum, en hún er aðgengileg í gegnum heimasíðu landlæknisembættisins: http://www.landlaeknir.is.

6.8. Jafnt hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 42% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu ráðuneytisins skal þó áfram taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

Hlutfall kvenna í nefndum ráðuneytisins hefur lækkað niður í 39% sem skýrist aðallega af niðurlagningu á flestum stjórnum stofnana ráðuneytisins, en þar var jöfn skipting kynjanna. Í byrjun ágúst 2003 störfuðu 80 nefndir, ráð og vinnuhópar á vegum ráðuneytisins. Í þeim eiga sæti 246 karlar og 157 konur. Konur eru formenn í 34% nefndanna. Í tveimur nefndum sem kosnar eru af Alþingi eiga sæti 7 karlar og 5 konur (konur eru 42%). 34 stjórnir, nefndir og ráð starfa samkvæmt fyrirmælum í lögum eða reglugerðum og er skipað í þau af ráðherra. Þar sitja 95 karlar og 49 konur (konur eru 34%). Loks er skipað í 44 nefndir og vinnuhópa til að sinna ákveðnum verkefnum. Í þeim sitja 144 karlar og 103 konur (konur eru 42%).

6.9. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í desember 2001 tók jafnréttisnefnd ráðuneytisins til starfa við hlið fulltrúans. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins hefur í samstarfi við jafnréttisnefnd ráðuneytisins unnið að jafnréttismálum innan ráðuneytisins. Fyrsta verkefnið var að fá samþykkta fyrstu jafnréttisáætlun ráðuneytisins sem var samþykkt af ráðherra og ráðuneytisstjóra 8. október 2002. Áætlunin byggist að stórum hluta á jafnréttisáætlun stjórnarráðsins með nokkrum breytingum og viðbótum sem eiga sérstaklega við ráðuneytið. Áætlunin verður endurskoðuð fyrir árslok 2004. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins hefur tekið þátt í starfi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna, meðal annars hvað varðar undirbúning könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og fjallað er nánar um í lið 1.3. Auk þess hefur jafnréttisfulltrúinn komið á framfæri athugasemdum er varða jafnréttismál við aðra starfsmenn ráðuneytisins eftir því sem ástæða hefur verið til.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

7.1. Sterkari staða kvenna í þekkingar- og upplýsingatækni og í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Ráðuneytið tekur þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna, *með það að markmiði að fjölga konum í stjórnun og rekstri fyrirtækja og í upplýsingatækni.*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur beitt sér fyrir aukinni þátttöku kvenna í atvinnurekstri. Könnun nefndar sem starfaði á vegum ráðuneytisins fyrir nokkrum árum og fjallaði um atvinnurekstur kvenna leiddi í ljós að konur reka einungis 18% íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að staðan hafi sjálfsagt heldur batnað á síðustu árum er þetta lágt hlutfall ef miðað er við að atvinnuþátttaka kvenna er meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar.

Þrátt fyrir að konurnar sem tóku þátt í könnun nefndarinnar á vegum ráðuneytisins væru almennt sammála um að þær hefðu minna sjálfstraust til að stofna og reka eigin fyrirtæki og séu tregari til að sækja um styrki en karlar hafa rannsóknir leitt í ljós að fyrirtæki þar sem konur eru við stjórn fara síður í þrot en þau sem eru rekin af körlum.

Hér eru nefnd nokkur dæmi um verkefni sem unnin hafa verið af ráðuneytinu eða aðilum sem heyra undir verksvið ráðuneytisins:

Þjónusta við konur í atvinnurekstri hjá Impru. Impra er þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja hjá Iðntæknistofnun. Lögð er sérstök áhersla á það hjá Impru að veita konum sem hyggja á atvinnurekstur aðstoð við stofnun fyrirtækis. Tilgangurinn er fyrst og fremst að gera konur færari um að vinna að hugmynd sinni, leiðbeina þeim um hvar hægt sé að afla sér frekari þekkingar og koma á samstarfsneti milli kvenna í sambærilegri stöðu.

Lánatryggingasjóður kvenna. Lánatryggingasjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbanka Íslands og saman veita þeir tryggingar fyrir lánum. Markmið sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á allt að helming lána sem þær taka hjá Landsbanka Íslands til að fjármagna tiltekið verkefni. Ábyrgðin er veitt á grundvelli mats á arðsemi viðskiptahugmyndarinnar.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1997. Gerð var úttekt á starfi sjóðsins þegar hann hafði starfað í þrjú ár. Meginniðurstaðan var sú að konur spjöruðu sig ekki síður, eða jafnvel betur, en karlar í atvinnurekstri, væru ábyrgari lántakendur, undirbyggju rekstur sinn betur og hefðu almennt betri yfirsýn yfir fjármál sín. Í kjölfarið tóku aðstandendur sjóðsins þá ákvörðun að sjóðurinn yrði starfræktur í annað þriggja ára tímabil, eða til ársins 2004.

Brautargengi. Brautargengi er 15 vikna námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja, haldið tvisvar á ári, fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd. Á þriðja hundrað konur hafa lokið Brautargengi og skrifað heildstæða viðskiptaáætlun í kringum viðskiptahugmynd sína. Samkvæmt niðurstöðum könnunar á árangri Brautargengis eru nú 50–60% þeirra kvenna sem lokið hafa Brautargengi með fyrirtæki í rekstri og telja flestar að námskeiðið hafi skipt mjög miklu máli varðandi það hvort þær færu af stað með rekstur. Einnig telur mikill meiri hluti þeirra að þær séu mun hæfari stjórnendur eftir að hafa lokið náminu. Flest þeirra fyrirtækja sem konurnar hafa stofnað eru aðeins með 10 starfsmenn eða færri, en þó eru nokkur með yfir 30 starfsmenn eins og No name, Kaffitár, Baðhúsið og Gestamóttakan.

Brautargengi er haldið til þess að hvetja konur til framgangs í íslensku viðskiptalífi og stuðla að jafnvægi í fyrirtækjarekstri milli karla og kvenna. Impra stendur fyrir námskeiðinu með stuðningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Haustið 2003 var Brautargengi í fyrsta sinn kennt á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

Viðskiptavefsetur kvenna. Viðskiptavefsetur kvenna (SBA Women's Business Center), vistað í Impru, er gagnvirk vefsíða um viðskiptaefni sem tileinkuð er frumkvöðlakonum. Markmiðið er að veita konum þá þekkingu og færni sem þær þurfa til þess að geta skipulagt fjárhagslegt sjálfstæði sitt með því að eiga og reka sitt eigið fyrirtæki.

Félag kvenna í atvinnurekstri. Félag kvenna í atvinnurekstri er félagsskapur um 400 kvenna í atvinnulífinu. Félagið hefur aðstöðu hjá Impru. Markmið félagsins er að gæta hags-

muna og efla samstöðu og samstarf kvenna í atvinnurekstri með það fyrir augum meðal annars að þær myndi áhugaverðan markhóp fyrir banka og aðrar lánastofnanir og þrýstihóp um hagsmuni atvinnurekenda. Markmiðum sínum nær félagið meðal annars með því að standa að útgáfu fréttabréfa, funda og námskeiðahaldi og annarri fræðslu og upplýsingastarfsemi.

Konur í forystu og jafnara námsval kynjanna. Ráðuneytið tók þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna, með það að markmiði að fjölga konum í stjórnum og rekstri fyrirtækja og í upplýsingatækni. Verkefninu lauk í lok árs 2002.

7.2. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Sjóðnum er meðal annars ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi og telur iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sérstaklega mikilvægt að styðja við þá þróun. Ráðuneytið mun hvetja stjórn sjóðsins til að gæta þess að með almennri starfsemi sinni styðji sjóðurinn við atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra fyrir þær.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Sjóðnum er meðal annars ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Ráðuneytið hefur hvatt stjórn sjóðsins til að gæta þess að með almennri starfsemi sinni styðji sjóðurinn við atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra fyrir þær.

Nýsköpunarsjóður stóð að verkefninu *Auður í krafti kvenna* ásamt Háskólanum í Reykjavík, Íslandsbanka, Morgunblaðinu og Deloitte & Touche. Auður í krafti kvenna var þriggja ára átaksverkefni sem lauk í árslok 2002. Markmið verkefnisins var að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Um var að ræða sex mismunandi verkefni. Námskeiðinu *FrumkvöðlaAUÐUR* var ætlað að veita konum hvatningu og stuðning til að auka hæfni sína og möguleika á að koma á fót fyrirtækjum sem gætu náð og viðhaldið örum vexti. *LeiðtogaAUÐUR* átti að gefa konum í leiðtogastöðum tækifæri til að efla hæfileika sína sem leiðtogar og styrkja tengslanet þeirra í milli. *Dæturnar með í vinnuna* er einn vinnudagur á ári tileinkaður dætrum Íslands. *FjármálaAUÐUR* var námskeið til að auka hagnýta þekkingu kvenna á fjármálum. *FramtíðarAUÐUR* var hugsað til að virkja framtíðarafl kvenna og var þar um að ræða leiðtogabúðir fyrir stúlkur á aldrinum 13–16 ára. Að lokum voru árlega veitt *AUÐARverðlaun* þar sem frumkvöðlakonum voru veittar viðurkenningar.

7.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Í samráði við félagsmálaráðuneytið mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti láta gera áætlun um aðgerðir til að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni. Hún verði samþætt Byggðaáætlun og öðrum þeim áætlunum er varða bæði málefni kynjanna og byggðamál. Í þessu sambandi skal meðal annars nýta niðurstöður norrænnar rannsóknar um stöðu kynjanna í tengslum við byggðaröskun sem Jafnréttisstofa er að vinna ásamt Byggðarannsóknastofnun Íslands.

Í byggðaáætlun 2002–2005 eru ýmis verkefni sem lúta að konum á landsbyggðinni. Hins vegar er nauðsynlegt að skoða sérstaklega mögulegar aðgerðir til að styrkja stöðu kvenna á landsbyggðinni og samþætta hana byggðaáætlun. Byggðastofnun vinnur nú að ýmsum verk-

efnum á þessu sviði, svo sem samstarfsverkefni með félagsmálaráðuneytinu um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa þar sem sérstaklega er leitast við að aðstoða og gefa konum í atvinnurekstri á landsbyggðinni ráð. Byggðastofnun vinnur einnig að úttekt á skiptingu styrkja stofnunarinnar milli karla og kvenna á síðastliðnum árum.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti tekur einnig þátt í samstarfsverkefninu *Lifandi landbúnaður* með landbúnaðarráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og Bændasamtökunum. Markmiðið er að fá konur til aukinna áhrifa í landbúnaði.

7.4. Nefndir og ráð – hlutur kynja í starfi ráðuneytisins jafnaður.

Konur eru 20% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu ráðuneytisins skal ávallt vísa í 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 30%.

Nefndir, stjórnir og ráð sem heyra undir ráðuneytið eru 81. Í þeim eiga sæti 385 karlar og 127 konur. Hlutfall kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum er því 25%. Þetta hlutfall var 20% í upphafi framkvæmdaáætlunarinnar og var stefnt að því að það yrði a.m.k. 30% við lok hennar.

7.5. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun og árið 2001 tók jafnréttisnefnd til starfa. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og situr til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna, kjörnir af starfsmönnum, og tveir fulltrúar ráðuneytisins, tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytinu. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í málefnum er varða jafnrétti. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir. Sérstök áhersla verði þar lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun og árið 2001 tók jafnréttisnefnd til starfa. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og situr til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna kjörnir af starfsmönnum og tveir fulltrúar tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar ráðuneytisins og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytinu. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn ráðuneytisins í málefnum er varða jafnrétti.

Jafnréttisfulltrúinn vann að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og nánar er fjallað um í lið 1.3.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla.

Eitt af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er könnun á eignarhaldi í landbúnaði og búrekstri og réttindum og skyldum því samfara. Undirbúningur þessa verkefnis er hafinn og unnið er í samráði við jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands, sem skipuð var í árslok 2001 og í eiga sæti þrír fulltrúar úr bændastétt ásamt jafnréttisfulltrúa landbúnaðarráðuneytisins. Stofnuð hefur verið grasrótarhreyfingin *Lifandi landbúnaður – Gullið heima* sem hefur það markmið að jafna hlut kvenna og karla. Jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi í þeirri vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytisins.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Í samvinnu við jafnréttisnefnd Bændasamtakanna verður unnið upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

Þetta mál hefur verið forgangsverkefni eins og liður 8.1. og hefur verið lögð mikil undirbúningsvinna í þetta gegnum verkefnið *Lifandi landbúnaður* og mun herferð um landið hefjast um næstu áramót.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

Þessi liður er einnig forgangsverkefni *Lifandi landbúnaðar*, því haldin verða námskeið fyrir konur í bændastétt með það að markmiði að styðja þær konur sem hafa hug á því að koma á framfæri nýjum hugmyndum til eflingar atvinnu í sveitum. Jafnrétti kynjanna er ávallt haft til hliðsjónar við samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla á vegum ráðuneytisins.

8.4. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, í stað aðal- og varamanns. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna orðinn a.m.k. 40% í nefndum og ráðum. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að jafnri kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

Hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins er 12% sem er heldur lægra en árið 2000, en þá var hlutfallið 12,5% og var hæst 14% 2001. Í ráðuneytinu eru 20 stöðugildi, þar af 9 karlar og 11 konur. Aukningin er eitt og hálft stöðugildi. Nýtt skipurit ráðuneytisins tók gildi 1. janúar 2003. Þá voru þrír karlmenn skipaðir skrifstofustjórar, en höfðu áður verið deildarstjórar í ráðuneytinu.

8.5. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Fræðsla til starfsmanna er stöðug og er leitast við að benda forstöðumönnum stofnana á að hafa að leiðarljósi jafnréttissjónarmið við ráðningu forstöðumanns, yfirmanns deildar eða í stjórn, nefndir og ráð. Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og fjallað er nánar um í lið 1.3.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

Menntamálaráðuneytið ásamt fleirum styrkti verkefnið *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* sem var sameiginlegt jafnréttisverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs. Verkefnið var unnið á árunum 2000–2002. Markmið verkefnisins var annars vegar að undirbúa stúlkur sem ljúka námi frá Háskóla Íslands undir forustustörf á þeirra framtíðarstarfsvettvangi og hins vegar að fjölga konum í raunvísindum, verkfræði og tölvunarfræði. Með þessu vildi Háskóli Íslands, með stuðningi samstarfsaðila að verkefninu, leggja sitt af mörkum til að jafna hlutdeild kynjanna í þekkingar- og upplýsingasamfélagi nýrrar aldar.

Menntamálaráðuneytið styrkti ráðstefnu um kvenna- og kynjarannsóknir sem Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stóð fyrir í október 2002. Um 60 fræðimenn tóku þátt í ráðstefnunni.

9.2. Jafnréttiskennsla í skólum.

Gerð verður áætlun um eflingu jafnréttisfræðslu í skólum svo og um jafnréttisfræðslu fyrir kennara og skólastjórnendur. Sérstök áhersla verður lögð á styrkleika beggja kynja, skyldur þeirra og réttindi. Einnig fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Í því sambandi verður lögð áhersla á þjálfun og fræðslu til kennara og skólastjórnenda, og nýtingu Jafnréttishandbókarinnar sem út kom árið 2001.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá janúar 2004 er lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.“

9.3. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Áfram verði unnið að rannsóknum á stöðu kynja í skólum.

Menntamálaráðherra skipaði í september 2002 nefnd til að gera úttekt á mikilvægi félags- og tómstundastarfs ungs fólks á Íslandi. Nefndin hefur nýlega skilað skýrslunni „Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi: skýrsla nefndar og tillögur“ með tillögum þar sem meðal annars er fjallað ítarlega um mikilvægi æskulýðsrannsókna.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar hefur menntamálaráðuneytið gert samning við Rannsóknir & greiningu ehf. vegna æskulýðsrannsóknanna *Ungt fólk 2003* og *Ungt fólk 2004*. Í mars 2003 var lagður fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins spurningalisti á vegum Rannsókna og greiningar ehf. Var það gert samhliða evrópskri könnun á vímuefnaneyslu unglinga, Espat 2003. Espat-könnunin er samevrópsk könnun á vegum Evrópuráðsins í Strassborg og er hún gerð í um 30 aðildarlöndum Evrópuráðsins. Espat-könnunin var lögð fyrir árin 1995 og 1999, og nú 2003, þar sem meðal annars er borið saman neyslumynstur grunnskólanema í Evrópulöndunum. Samhliða Espat var tækifærið notað til að leggja fyrir nemendur könnunina Ungt fólk 2003. Spurt var meðal annars um þátttöku í félags-, tómstunda- og íþróttastarfi, um líðan, einelti, ástundun, viðhorf til heimabyggðar, netnotkun, bóklestur, leikhúsferðir, bókasöfn, klassíska tónleika, kaffihús, söfn, myndlistarsýningar, listsýningar og bíó svo nokkuð sé nefnt. Í rannsókn sem þessari er mikilvægt að geta síðan greint kynjamun fyrir hvern og einn þátt fyrir sig. Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2003 sem Rannsóknir & greining ehf. vann fyrir menntamálaráðuneytið hafa verið kynntar.

Menntamálaráðuneytið boðaði til kynningarfundar fimmtudaginn 18. desember 2003 þar sem starfsfólk Rannsókna & greiningar ehf. kynnti helstu niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2003 er við kemur menntun, menningu, tómstundum og íþróttaiðkun íslenskra unglinga.

9.4. Tímabundin aðgreining kynjanna.

Á grundvelli tilraunaverkefna og rannsókna á stöðu kynjanna í skólakerfinu, verður meðal annars kannað frekar hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

Fyrir nokkrum árum vann Inga Dóra Sigfúsdóttir rannsókn á kynjamun sem síðar var notuð sem grunnur að stefnu ráðuneytisins um jafnan rétt kynja í skólastarfi. Sú mynd sem dregin var upp í umræddri rannsókn var lýsandi en þörf var á frekari gögnum til að unnt væri að greina nánar þær vísbendingar sem fyrir lágu. Menntamálaráðuneytið styrkti árið 2002 verkefni Rannsókna & greiningar ehf. vegna frumúrvinnslu gagna á Borgarskjalasafni um einkunnir barna sem nauðsynlegt var til að fullgera rannsóknina.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Nefnd sem skipuð var til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna hefur skilað ítarlegri greinargerð og tillögum um leiðir til þess að auka þátt kvenna í íþróttum. Ráðuneytið mun vinna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra til lagna.

Í aðalnámskrá grunnskóla um íþróttir, líkams- og heilsurækt er tekið fram að markmiðið með íþróttakennslu, og þá meðtalið skólasund, er „að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og þroskagetu“. Jafnframt er tekið fram að markmið eru sett með það í huga „að þau höfði til beggja kynja“.

Í kjölfar skýrslu nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna sem út kom í október 1997 var íþróttahreyfingin hvött til þess að taka á þessum málum auk þess sem ýmis verkefni voru styrkt sem sérstaklega stuðla að því að minnka brottfall stúlkna úr íþróttum og

efla sjálfsímynd þeirra. Má þar meðal annars nefna útgáfu á myndbandi, veggspjöldum og bæklingum sem báru yfirskriftina „Afrekskonur í íþróttum“. Einnig var styrkveiting til verkefnis sem hvað mest getur haft áhrif á jafnrétti innan íþróttafélaga en það er gæðaverkefnið „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“ á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Til að öðlast viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ þarf félag að uppfylla ákveðnar kröfur og er sérkafli um jafnrétti þar sem meðal annars er tekið fram að gæta þurfi að jafnrétti varðandi aðstöðu, fjármagn og þjálfun. Þá er og tekið fram að það sé aðskilið í bókhaldi hve mikið fé renni til stúlkna og hve mikið til drengja. Íþróttahreyfingin hefur jafnframt staðið að útgáfu á fræðsluefni sem meðal annars hvetur til jafnréttis í íþróttum. Íþróttasjóður styrkti ráðstefnu sem haldin var í febrúar 2004 um konur og íþróttir á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands. Í ljósi niðurstaðna sem þar kom fram mun menntamálaráðuneytið kalla eftir upplýsingum frá heildarsamtökum íþróttahreyfingarinnar og félagsmiðstöðva um hvort kynjajafnréttis sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig verði skoðað hvernig fjölmiðlar fjalla um íþróttir karla annars vegar og íþróttir kvenna hins vegar þar sem fram koma í könnun frá árinu 2001 að hlutur kvenna í íþróttaþáttum var einungis 7,7%.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að bæði kyn fræðist um tölvur og upplýsingatækni, og að í skipulagningu námsins á öllum skólastigum sé tryggt að verkefnin höfði jafnt til drengja og stúlkna.

Upplýsinga- og tæknimennt er ný námsgrein aðalnámskrár frá árinu 1999 en þar er bent á að verkefnin skuli höfða jafnt til drengja og stúlkna. Á árlegum UT-ráðstefnum um upplýsingatækni í skólastarfi sem menntamálaráðuneytið stendur fyrir hefur meðal annars verið fjallað um kynbundna tölvunotkun.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Sérstaklega skal athuga að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla er miðað við að öll markmið námskrár nái til allra nemenda og verkefni höfði til beggja kynja. Ekki er sérstaklega fjallað um þennan þátt í skilgreindum markmiðum aðalnámskrár í stærðfræði og raungreinum. Vísað er til jafnréttismarkmiða sem fram koma í almennum hluta aðalnámskrár. Skoða verður með hvaða hætti er hægt að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla verði hugað sérstaklega að þróunarverkefnum sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

Lögð hefur verið áhersla á jafnréttismál við úthlutun ofangreindra styrkja. Ármúlaskóli hlaut vorið 2003 styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til að gera jafnréttisáætlun, einnig fyrir aðlögun námsefnis í heilbrigðisgreinum að þörfum fullorðins fólks með það að markmiði að fjölga körlum í heilbrigðisnámi.

Verkmenntaskólinn á Akureyri fékk styrk vegna verkefnis um konur og tækninám.

Ráðuneytið hefur einnig styrkt jafnréttisátak Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum vegna þýðingar á bæklingnum „Young women's guide to equality between women and men in Europe" sem fyrst var gefinn út af „European Women's Lobby" undir forsæti Portúgala í ráðherraráði ESB árið 1999. Bæklingurinn, sem er eins konar leiðarvísir fyrir ungt fólk (15–25 ára), sérstaklega konur, hefur verið þýddur á fjölda tungumála. Markmiðið með útgáfu hans er að auka meðvitund ungra kvenna um jafnrétti. Þar er tekið á ýmsum málum, svo sem réttarstöðu, tvöföldu vinnuálagi, mismunun kvenna, heilbrigði, fóstureyðingum, ofbeldi o.s.frv. Einnig er að finna tölulegar upplýsingar um stöðu kynjanna og hugmyndir ungra kvenna í Evrópu um hvernig megi vinna að auknu jafnrétti. Í íslensku útgáfunni er gert ráð fyrir að fjallað verði sérstaklega um hvernig efni bæklingsins kemur strákum líka við og verður höfðað sérstaklega til þeirra meðal annars með því að fá stráka til að kynna hann. Hugmyndin er að dreifa bæklingnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum og stefnt er að útgáfu hans á haustmánuðum 2004.

9.9. Konur og fjölmiðlar – ímyndir kvenna og karla.

Nefnd um konur og fjölmiðla sem menntamálaráðherra skipaði hefur skilað niðurstöðum og tillögum. Á grundvelli tillagnanna mun ráðuneytið vinna að stefnumótun á þessu sviði.

Ein af tillögum nefndarinnar var að koma upp gagnabanka fyrir fjölmiðlafólk með upplýsingum um konur með sérþekkingu á ýmsum sviðum. Ráðuneytið hefur styrkt verkefni um kvennagagnabanka, Kvennaslóðir.is, sem unnið hefur verið á Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum ásamt átaksverkefninu Konur til forystu, Jafnréttisnefnd HÍ, Kvennasögusafni Íslands og Jafnréttisstofu. Hugmyndin með gagnabankanum er að færðar verði inn grunnupplýsingar um konur í vísindum hérlendis, um stöður, trúnaðarstörf, vísindagreinar o.fl. Þessi aðferð tryggir að þær konur sem hafa áhuga á að gera sig gildandi í umræðu um vísindi og tækni munu viðhalda upplýsingum um sig. Sams konar tilraun er í Noregi og hefur einkum verið horft þangað um fyrirmynd. Það er trú aðstandenda kvennagagnabankans að hann verði mikilvægt tæki til þess að auka hlut kvenna í fjölmiðlum, nefndum, ráðum og stjórnum fyrirtækja og hins opinbera.

9.10. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara og annars starfsfólks skóla sem líklegt er til þess að umgangast þolendur ofbeldis, verði tryggð fræðsla um hvernig greina megi afleiðingar ofbeldis og bregðast við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

Verkefni kennt við Norðmanninn Dan Olweus hóf göngu sína haustið 2002 með þátttöku 43 grunnskóla um allt land. Það eru um 30% allra grunnskóla á landinu.

Verkefnið er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla. Markmiðið er að styrkja og fræða skólasamfélagið á grundvelli Olweusarkerfisins til að geta betur komið í veg fyrir og tekist á við einelti. Í verkefninu taka allir starfsmenn skóla þátt og gert er ráð fyrir að haustið 2004 bætist það margir grunnskólar við að verkefnið nái til helmings allra grunnskólabarna á Íslandi. Markmiðið er að skólar verði í stakk búnir til að takast á við einelti en jafnframt má líta á verkefnið sem alhliða forvarnakerfi í grunnskólum.

9.11. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Á vegum menntamálaráðuneytis verði gert átak til að kynna ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um kynferðislega áreitni. Í samvinnu við Jafnréttisstofu verða

unnar leiðbeiningar, annars vegar til þeirra sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og hins vegar fyrir stjórnendur í skólum um það hvernig best er að bregðast við slíku.

Í tengslum við Olweusarverkefnið er gerð könnun á hverju ári innan þátttökuskóla um líðan nemenda í skólanum. Þar er meðal annars spurt um kynferðislega áreitni og aðra þætti sem tengjast jafnrétti drengja og stúlkna í skóla. Þar kemur fram mikið magn upplýsinga um almenna líðan nemenda í skólanum sem hægt er að vinna úr. Verkefnið felst fyrst og fremst í að aðstoða skóla við að byggja upp viðvarandi kerfi gegn einelti með markvissri fræðslu og samvinnu í öllu skólasamfélaginu.

9.12. Nefndir og ráð – hlutur kynja í starfi ráðuneytisins jafnaður.

Konur eru 34% fulltrúa í nefndum og ráðum menntamálaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu menntamálaráðuneytisins skal ávallt vísa í 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðinn a.m.k. 40%.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins er leitast við að gæta jafnræðis milli kynja. Þegar aðilar utan ráðuneytisins eru beðnir um tilnefningar í nefndir á vegum þess er ávallt vísað í 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Í febrúar 2004 var skipting fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum menntamálaráðuneytis þannig að karlar voru 64% fulltrúa og konur 36%. Í nefndum sem skipaðar voru samkvæmt ákvörðun ráðherra voru karlar 62% fulltrúa og konur 38%. Í nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum eða þingsályktunartillögum voru karlar 63% fulltrúa og konur 37%. Í stjórnum eða ráðum sem Alþingi kýs og heyra undir menntamálaráðuneytið voru karlar 58% fulltrúa og konur 42%.

9.13. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Með fulltrúanum starfar sérstök jafnréttisnefnd. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi hefur haldið kynningar fyrir allar deildir menntamálaráðuneytis um jafnréttismál. Farið hefur verið yfir lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og jafnréttisáætlanir ráðuneytisins og stjórnarráðsins. Áhersla var lögð á að fara yfir skýrslu um aðgerðir á vegum ráðuneytisins vegna áætlunarinnar 1998–2001 og þau verkefni sem vinna skyldi að árin 2002–2004 á vegum menntamálaráðuneytisins.

Þann 7. janúar 2003 var skipuð jafnréttisnefnd menntamálaráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess, móta stefnu og áætlanir ráðuneytisins í jafnréttismálum og vera ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. Eftirlit með að farið sé að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætlunum

sé fylgt eftir, meðal annars með því að safna og birta reglulega upplýsingar um stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess.
b. Vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana, ef þess er óskað, um hvernig rétta skuli hlut kynja þar sem það á við.
c. Fylgjast með framgangi verkefna ráðuneytisins sem kveðið er á um í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.
d. Hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Jafnframt skal nefndin fylgjast með umræðu um jafnréttismál eftir því sem við verður komið.
e. Standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.
f. Önnur verkefni á sviði jafnréttismála, svo sem að halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og fjallað er nánar um í lið 1.3.

10. Samgönguráðuneytið.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði unnt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

Samgönguráðuneytið hefur unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu um land allt, en ekki hefur verið hugað sérstaklega að þessum málum.

10.2. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 10% fulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum samgönguráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna orðinn a.m.k. 25%.

Í byrjun mars 2004 voru starfandi 19 ráð og nefndir skipaðar samkvæmt lögum og 17 nefndir til tímabundinna verkefna, eða alls 36 nefndir og ráð. Aðalmenn eru samtals 200, 176 karlar (88%) og 24 konur (12%). Ef varamenn eru taldir með er heildartalan 275, 239 karlar (86,9%) og 36 konur (13,1%). Ljóst er að kynjahlutföllin eru að þokast í rétta átt, en þó er enn þá nokkuð í land miðað við markmiðið sem sett var í áætluninni.

10.3. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins sótti mánaðarlega samstarfsfundi jafnréttisfulltrúa og tók þátt í þróun og framkvæmd skoðanakönnunar þeirrar sem gerð var á meðal starfsmanna stjórnarráðsins haustið 2003. Nánari umfjöllun um könnunina er að finna undir lið 1.3. hér að framan. Nýr jafnréttisfulltrúi tók til starfa í ráðuneytinu í janúar 2004.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.

11.1. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök sóknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

Ekki hefur enn verið unnið að verkefninu og verður því skipt út fyrir önnur verkefni í næstu framkvæmdaáætlun.

11.2. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna á grundvelli forkönnunar sem gerð hefur verið.

Ráðuneytið veitti 500.000 kr. til undirbúnings könnunar á áhrifum langvarandi fjarvista og einangrunar á fölskyldulíf sjómanna, en hún fólst í því að kanna hvaða efni og rannsóknir sem komið gætu að gagni væru þegar til, og í gerð rannsóknaáætlunar. Könnunin leiddi í ljós að áætlaður kostnaður við verkið væri 4,8 millj. kr. (1999) auk þess sem allnokkrar rannsóknir á þessu sviði hafa þegar farið fram. Því var ákveðið að rannsóknin yrði ekki framkvæmd og verður hún ekki tekin upp í næstu framkvæmdaáætlun.

11.3. Átak til að jafna hlut kynja í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum sjávarútvegsráðuneytis. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar frá öðrum skal áfram eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 30%.

Ráðuneytið hefur þá starfsreglu að óska eftir tilnefningum af báðum kynjum þegar skipa skal í nefndir og starfshópa á vegum ráðuneytisins í því skyni að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum þess. Fulltrúar ráðuneytisins í nefndum og starfshópum innan lands eru jöfnum höndum karlar og konur, eftir menntun og verkefnasviði hverju sinni, og þess er jafnan gætt að tilnefna bæði karla og konur í nefndir og ráð í alþjóðlegu samstarfi.

11.4. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi úr hópi starfsmanna sem hefur farið yfir stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og fundað með forstöðumönnum stofnana þess. Stofnanir

ráðuneytanna hafa einnig skipað jafnréttisfulltrúa eða jafnréttisnefndir úr hópi sinna starfsmanna. Jafnréttisáætlun liggur fyrir í ráðuneytinu og er birt á heimasíðu þess á netinu. Jafnréttisfulltrúinn vann einnig að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og fjallað er nánar um í lið 1.3.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og fylgjast með jafnréttisstarfi stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna í ráðuneytinu ef ástæða er talin til þess. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi umhverfisráðuneytisins situr í jafnréttisnefnd þess og sækir meðal annars námskeið Jafnréttisstofu. Í ágúst 2002 sótti jafnréttisfulltrúi ráðstefnuna „Taking Wing“ sem haldin var í Finnlandi af Norðurskautsráðinu. Þar var fjallað um stöðu kvenna á norðurslóðum. Jafnréttisfulltrúi, ásamt umhverfisráðherra og formanni jafnréttisnefndar, sótti jafnréttisþing á Akureyri vorið 2003. Ráðuneytið tók þátt í sameiginlegri könnun stjórnarráðsins á innra starfsumhverfi og stöðu jafnréttismála og kom þar fram að jafnréttismálin eru í góðum farvegi í ráðuneytinu. Nánar er fjallað um könnunina í lið 1.3.

12.2. Jafnréttisáætlun og námskeið.

Jafnréttisnefnd ráðuneytisins endurskoðar jafnréttisáætlun þess á tveggja ára fresti. Það verður gert í fyrsta skipti árið 2002 og næst árið 2004. Einnig skal nefndin sjá til þess að haldin verði námskeið um gerð jafnréttisáætlana fyrir forstöðumenn stofnana og námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í ákvarðanatöku um umhverfismál fyrir stjórnendur í ráðuneytinu og stofnunum þess.

Í júní 2002 var haldinn kynningarfundur fyrir starfsmenn ráðuneytisins vegna framkvæmdaáætlunar um jafnrétti kynjanna 2002–2004. Á þeim fundi voru drög að endurskoðaðri jafnréttisáætlun ráðuneytisins einnig kynnt, rædd og bætt. Í nóvember 2002 var haldinn fræðslufundur um jafnréttismál með starfsmönnum ráðuneytisins. Á fundinum hélt umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir stutt erindi um það hvernig jafnréttið horfir við henni í stjórnmálunum og fjölmiðlunum og svo hélt dr. Hallfríður Þórarinsdóttir erindið „Konur, menning og kynferði“. Eftir erindin spunnust líflegar umræður um hlutverk kynjanna í nútímanum. Í janúar 2003 hélt ráðuneytið námskeið um gerð jafnréttisáætlana og hvernig nota má samþættingu kynjasjónarmiða við áætlanagerð og ákvarðanatöku. Á námskeiðið mættu forstjórar og fulltrúar frá stofnunum ráðuneytisins. Frá ráðuneytinu mættu jafnréttisfulltrúi og skrifstofustjóri á skrifstofu sjálfbærrar þróunar og alþjóðamála. Eftir þetta námskeið hafa stofnanirnar unnið að gerð jafnréttisáætlana og einnig hafa þær verið að tilnefna tengiliði við ráðuneytið vegna jafnréttismála.

12.3. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 26% fulltrúa í nefndum og ráðum umhverfisráðuneytis. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er

eftir tilnefningum í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ráðuneytisins skal óskað eftir tveimur tilnefningum, bæði karli og konu sem ráðuneytið velur svo á milli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 40%.

Unnið er markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir á vegum ráðuneytisins er þessi texti settur í bréfin: „Með vísan til 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og jafnréttisáætlunar umhverfisráðuneytisins er óskað eftir því að þér tilnefnið bæði karl og konu sem mögulegan fulltrúa yðar þannig að ráðuneytið hafi möguleika á að skipa nefndina til samræmis við markmið umræddra laga.“ Árangurinn af þessum aðgerðum hefur verið lítill eða aðeins 1% aukning á hlut kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins á tímabilinu. Alls störfuðu 65 nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins um áramótin 2003–2004. Í þeim störfuðu alls 371 nefndarmenn, 270 karlar og 101 kona. Hlutfall kvenna í nefndum ráðuneytisins var því 27% og karla 73%. Að síðustu má nefna að hlutur kvenna í yfirstjórn ráðuneytisins hefur vaxið umtalsvert að undanförnu og í febrúar 2004 urðu konur fleiri en karlar í yfirstjórn ráðuneytisins í fyrsta sinn frá stofnun ráðuneytisins.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. Samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

Utanríkisráðuneytið mun leggja áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumörkun og starfi alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, einkum á vettvangi þeirra stofnana þar sem Ísland gegnir formennsku á tímabilinu, svo sem í Norðurskautsráðinu.

Samþætting jafnréttissjónarmiða er ofarlega á baugi í starfsemi Norðurskautsráðsins þar sem Ísland gegnir formennsku til ársins 2004 en utanríkisráðuneytið sinnir því verkefni. Meðal þess sem Ísland beitir sér fyrir í formennskunni er gerð yfirgripsmikillar skýrslu um mannlíf á norðurslóðum (Arctic Human Development Report). Markmið skýrslunnar er fyrst og fremst að varpa ljósi á lífskjör og lífsskilyrði fólks á norðurslóðum, þá þætti sem þar hafa áhrif og þau málefni sem eru íbúunum sameiginleg. Tekið verður tillit til samþættingarsjónarmiða við gerð skýrslunnar og sérstakur kafli helgaður jafnréttismálum á norðurslóðum þar sem fjallað verður um stöðu kvenna á svæðinu, meðal annars með tilliti til þátttöku í ákvarðanatöku, atvinnu og menntunar. Ráðgert er að skýrslan verði kynnt á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í september 2004.

Þá er þess að geta að á vettvangi vinnuhóps Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun hefur nýlega verið ákveðið að ýta úr vör verkefni sem fjallar um þátttöku kvenna í ákvarðanatöku við stjórnun auðlindanýtingar sjávar á norðurslóðum. Verkefnið sem leitt er af Noregi og Íslandi er eitt þeirra verkefna sem spruttu úr jarðvegi jafnréttisráðstefnu Norðurskautsráðsins „Taking Wing“ sem haldin var í Finnlandi 2002. Í verkefninu verður sjónum beint að mannlífi og mannauði á norðurslóðum og tengslum nýtingar náttúruauðlinda, mannlífs og menningar. Hvert þátttökuríki í verkefninu mun standa að einni sérrannsókn og mun Ísland skoða sérstaklega hlut og þátttöku kvenna í fiskeldi en sú grein sjávarútvegs er talin eiga verulega vaxtarmöguleika á næsta áratug. Við lok verkefnisins, í september 2004, mun liggja fyrir gagnasafn sem nýst getur stjórnvöldum og öðrum sem huga vilja að jafnræði við nýtingu náttúruauðlinda.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.

Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt aukna áherslu á framgang réttindamála kvenna og barna, meðal annars á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópuráðsins. Í þessu sambandi má benda á framlag íslenskra stjórnvalda til uppbyggingar í Kosovo þar sem Ísland styrkir rekstur skrifstofu UNIFEM sem vinnur meðal annars að því að tryggja konum völd og áhrif við stjórn landsins. Fjórir íslenskir sérfræðingar hafa veitt skrifstofunni forstöðu frá árinu 2000. Við ákvörðun um stuðning Íslands við einstaka frambjóðendur í ráð og nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna eru jafnréttissjónarmið ávallt höfð í huga.

Friðargæslan.

Á árunum 2002–2003 sem eru fyrstu heilu starfsár Íslensku friðargæslunnar var samtals 81 friðargæsluliði við friðargæslustörf á vegum alþjóðastofnana í Bosníu, Makedóníu, Kosovo, Sri Lanka, Afganistan og í Írak, 36 árið 2002, þar af 9 konur, og 45 árið 2003, þar af 11 konur. Meiri hluti friðargæsluliða hefur til þessa verið karlmenn. Ástæðurnar eru einkum lágt hlutfall kvenna í þeim starfsstéttum sem fjölmennastar hafa verið í Íslensku friðargæslunni, t.d. í lögreglunni og við flugumferðarstjórn. Í þessu sambandi má geta þess að Sameinuðu þjóðirnar fóru þess sérstaklega á leit við aðildarríkin að þau réðu konur í alþjóðalögreglulið Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosovo. Vegna þessa hélt ráðuneytið fund haustið 1999 með Félagi íslenskra lögreglukvenna í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra. Í framhaldi af fundinum var Sameinuðu þjóðunum skrifað bréf og getið helstu niðurstaðna. Þegar auglýst var eftir lögreglumönnum til starfa á Balkanskaga var sérstaklega skorað á hæfar konur að sækja um, þar sem stjórnvöldum var í mun að verða við beiðni Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaða þess var sú að 2000–2001 fóru tvær konur til starfa í alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu.

Árið 2003 voru 45 íslenskir friðargæsluliðar að störfum erlendis, þar af 11 konur. Flestir voru í Kosovo eða 27, enda stærsta verkefni friðargæslunnar á árinu tengt rekstri flugvallarins í Kosovo. Í Kosovo var einn karlmaður hjá alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna, einn karlmaður hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), tvær konur hjá UNIFEM, en á flugvellinum í Pristína (UNMIK/KFOR) voru 23, 2 konur og 21 karl, aðallega flugumferðarstjórar og slökkviliðsmenn. Í Bosníu störfuðu þrír karlmenn hjá lögregluaðgerð Evrópusambandsins (EUPM) og þrjár konur og einn karl með breska hernum (SFOR). Í Makedóníu var ein kona hjá Concordia, friðargæsluliði Evrópusambandsins í Makedóníu, og einn karl hjá NATO í Makedóníu. Í Afganistan var einn karl með þýskum liðsafla (ISAF), í Írak tveir karlar með dönskum sveitum. Á Sri Lanka voru á árinu fimm manns, þrjár konur og tveir karlar með Sri Lanka Monitoring Mission (SLMM) sem Norðmenn leiða.

Að auki sendi friðargæslan 15 manns, 7 karla og 8 konur, til kosningaeftirlits í Aserbaídsjan, Georgíu og Rússlandi á vegum ÖSE á síðasta ári.

Á sérstökum viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar eru nú 184 einstaklingar, 122 karlar og 64 konur. Í auglýsingum Íslensku friðargæslunnar hafa konur sérstaklega verið hvattar til að gefa kost á sér til friðargæslustarfa. Á liðnu ári var Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum veittur styrkur til að rannsaka samþættingu jafnréttissjónarmiða í Íslensku friðargæslunni.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands samþykkti nú nýlega nýja stefnuskrá fyrir stofnunina og nýjar vinnureglur en í hvoru tveggja sérstaklega fjallað um jafnréttismál. Verklagsreglurnar lúta meðal annars að því að í verkefnissamningum stofnunarinnar skuli sett almenn markmið um að auka jafnrétti kynjanna.

Þá er þess að geta að ýmis verkefni stofnunarinnar eru valin sérstaklega með jafnréttismál og bætta stöðu kvenna í huga. Í Mósambík er starfandi á vegum ÞSSÍ ráðgjafi í jafnréttismálum og jafnréttisverkefnum við kvennamálaráðuneyti landsins. Í Úganda, Malaví og Namibíu hefur stofnunin unnið að félagslegum verkefnum, svo sem fullorðinsfræðslu og stuðningi við félagsmiðstöðvar, sem fyrst og fremst sinna þörfum kvenna. Þessari starfsemi stjórna starfsmenn, sem hafa titilinn „verkefnisstjóri“ og eru það allt konur.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.

Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að samþykktir alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, sem taka á brotum á mannréttindum sem beinast sérstaklega gegn konum og stúlkum, verði fylgt eftir af íslenskum stjórnvöldum innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir.

Ísland hefur lagt áherslu á jafnrétti kynjanna og baráttuna gegn mannréttindabrotum gagnvart konum og stúlkubörnum, sérstaklega á vettvangi alþjóðastofnana, svo sem mannréttindaráðsins, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og einnig á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Ísland styður ályktanir Sameinuðu þjóðanna varðandi hvers kyns ofbeldi gegn konum og hefur utanríkisráðherra lagt áherslu á þennan málaflokk í ræðum sínum á alþjóðavettvangi svo og fastafulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Einnig er vert að geta þess að Ísland var kosið í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women) árið 2003 og tók sæti í henni er 48. fundi kvennanefndarinnar lauk þann 12. mars 2004. Fulltrúi Íslands mun sitja í nefndinni til ársins 2008.

Ísland fullgilti valfrjálsa bókun við samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem gerð var í New York 6. október 1999. Bókunin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 6. júní 2001. Unnið er að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri glæpastarfsemi milli landa, sem gerður var í New York 15. nóvember 2000, og bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri glæpastarfsemi milli landa, til að koma í veg fyrir, afnema og refsa fyrir verslun með einstaklinga, einkum konur og börn, sem gerð var í New York 15. nóvember 2000. Ísland fullgilti valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám sem gerð var í New York 25. maí 2000. Bókunin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 18. janúar 2002.

13.4. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum utanríkisráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar frá öðrum, skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli.

Í 12 nefndum og stjórnum utanríkisráðuneytisins sitja 50 manns, þar af 43 karlar (86%) og 7 konur (14%). Athyglisvert er að kynjahlutföll innan ráðuneytisins eru á svipaðan veg, þ.e. háskólamenntaðir fulltrúar í utanríkisráðuneytinu eru 75% karlar og 25% konur, en í öðrum störfum innan ráðuneytisins eru 20% karlar og 80% konur. Þessi skekkja er sérstaklega áberandi í flokki sendiherra, en þar eru 29 karlar (96,7%) en einungis 1 kona (3,3%).

13.5. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðu-

neytisins við Jafnréttisstofu og skal hann meðal annars fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Jafnréttisfulltrúi hefur tekið þátt í samstarfi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna, til að mynda með vinnu að undirbúningi könnunar um jafnréttismál og innra starfsumhverfi meðal starfsmanna stjórnarráðsins sem fram fór í desember 2003 og fjallað er nánar um í lið 1.3.

13.6. Jafnréttisnámskeið.

Ráðuneytið mun í samstarfi við Jafnréttisstofu standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum og skulu fyrstu námskeiðin haldin haustið 2002.

Sérstök jafnréttisnámskeið hafa ekki verið haldin fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum. Hins vegar eru haldin námskeið um líf og starf í þróunarlöndum haldin fyrir hvern og einn þann starfsmann sem sendur er til slíkra starfa á vegum íslenska ríkisins.

1333. Frumvarp til laga [875. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla úr stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

2. gr.

4. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er lagt til að tvær breytingar verði gerðar á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Er annars vegar lagt til að rýmkuð verði heimild til handa ráðherra til að heimila landanir erlendis á fiski sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands og hins vegar að breytt verði lagaákvæði sem lýtur að frágangi á undirmálsfiski um borð í veiðiskipum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/1996 er íslenskum fiskiskipum skylt að landa hér á landi öllum afla úr stofnum sem veiðast að hluta eða öllu leyti innan efnahagslögsögu Íslands. Þær undantekningar eru gerðar frá þessari meginreglu að ráðherra er annars vegar heimilt að leyfa löndun á ísfiski í erlendum höfnum enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum, sbr. 2. málsl. greinarinnar, og hins vegar löndun á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur enda sé tryggt að eftirlit með löndum og vigtun afla sé fullnægjandi, sbr. 3. málsl.

Hér er lagt til að heimildin í 3. málsl. verði rýmkuð þannig að hún sé ekki bundin við löndun til bræðslu en taki til veiða á fisktegundum sem veiðast innan og utan lögsögunnar. Með slíkri breytingu gæti ráðherra heimilað löndun t.d. á loðnu, kolmunna, norsk-íslenskri síld og úthafskarfa erlendis þætti tryggt að eftirlit með löndun afla og vigtun væri fullnægjandi. Slík heimild gæti þegar veiðar eru stundaðar langt frá Íslandi dregið úr kostnaði við siglingar skipa og jafnframt aukið verðmæti aflans.

Um 2. gr.

Í 4. málsl. 1. mgr. 9. gr. segir að ef ráðherra ákveði á grundvelli heimildar í lögum um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist ekki nema að hluta til aflamarks þá skuli undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega.

Hér er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimilað verði einnig að miða við þyngd en ekki eingöngu stærð. Þá er lagt til að ekki verði gerð skilyrðislaus krafa um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð heldur skuli ráðherra setja reglur um hvernig eftirliti með þessu atriði skuli varið. Má hér sem dæmi nefna að komið getur til greina að flokka undirmálsfisk frá við löndun afla eða vigtun hans. Má benda á í þessu sambandi tegundir sem ekki eru blóðgaðar eða gert er að um borð í veiðiskipi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til annars vegar að heimila landanir erlendis á afla sem veiddur er úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu og hins vegar er breytt lagaákvæði er varðar frágang á undirmálsfiski um borð í veiðiskipi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1334. Frumvarp til laga [876. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „0,36 kr.“ í 5. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/2003, kemur: 0,76 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu að beiðni Endurvinnslunnar hf. sem óskaði eftir að endurskoðuð yrðu ákvæði um umsýsluþóknun í lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. gr. laganna er skilagjald lagt á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni. Fjárhæð gjaldsins er ákveðin í lögunum en ráðherra er heimilt að hækka það í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Til viðbótar skilagjaldi er lögð umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni til að mæta kostnaði Endurvinnslunnar hf. af söfnun, endurvinnslu eða eyðingu slíkra umbúða og annarri tengdri umsýslu. Með lögum nr. 26/2000, um breytingu á lögum nr. 52/1989, var umsýsluþóknun þessi ákveðin föst krónutala í lögum á hverja umbúðaeiningu og er hún mismunandi eftir tegund umbúða. Við ákvörðun fjárhæðar umsýsluþóknunar var tekið mið af gjöldum og tekjum sem leiðir af söfnun og endurvinnslu eða eyðingu hverrar umbúðaeiningar fyrir sig þannig að umsýsluþóknun er hærri af óhagkvæmari tegundum.

Lagt er til í frumvarpi þessu að fjárhæð umsýsluþóknunar af ólituðu plastefni verði hækkuð úr 0,36 kr. í 0,76 kr. þar sem Endurvinnluna hf. vantar um 12 millj. kr. til að standa undir rekstrarkostnaði ársins 2004 auk 6–7 millj. kr. hagnaðar, en skv. 4. gr. laganna ber Endurvinnslunni hf. að skila hóflegum arði til eigenda sinna. Hækkun umsýsluþóknunar mun skila um 12 millj. kr. hækkun á umsýsluþóknun á ári. Helstu ástæður kostnaðarhækkana umfram tekjuspá eru minni tekjur af útflutningi vegna styrkingar krónunnar, aukin hlutdeild SORPU í móttöku umbúða, þ.e. umboðslaun og greiðsla fyrir flutning á umbúðum, og aukinn kostnaður af öðrum flutningum, svo sem sérstakt olíugjald o.fl. Skoðað var með fulltrúum innlendra framleiðenda hvernig hver umbúðategund stæði gagnvart álagningu umsýsluþóknunar á móti þeim kostnaði sem af viðkomandi umbúðategund hlýst í rekstri Endurvinnslunnar. Þessi útreikningur var grunnur að álagningu umsýsluþóknunar árið 2000. Þannig reiknað var ákveðið að leggja hlutfallslega lægstu umsýsluþóknun á ólitaðar plastflöskur. Ástæðan fyrir þörf á hækkun umsýsluþóknunar á ólituðu plastefni er fjölgun ólitaðra plastflaskna, aukinn kostnaður við móttöku og flutninga sem leggst þungt á plastflöskur vegna rúmmáls þeirra samanborið við aðrar umbúðategundir og aukin hlutdeild þeirra í sameiginlegum kostnaði. Einnig hafa tekjur af sölu plastflaskna erlendis lækkað verulega undanfarin missiri. Það skýrist bæði af styrkingu krónunnar gagnvart bandarískum dollara sem er helsta sölumyntin og mikilli samkeppni á heimsmarkaði sem hefur lækkað söluverð á plastflöskum til endur-

vinnslu. Til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll fyrir Endurvinnsluna hf. er lögð til framangreind hækkun á umsýsluþóknun á umbúðum úr ólituðu plastefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun umsýsluþóknunar á umbúðir úr ólituðu plastefni í því skyni að treysta rekstrargrundvöll Endurvinnslunnar hf.

Miðað við óbreytt magn umbúða er áætlað að árlegar tekjur af umsýsluþóknun, sem ríkissjóður innheimtir og skilar til Endurvinnslunnar hf., hækki um 12 m.kr. á ári og að hækkunin skili sér út í verðlag drykkjarvara.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi að öðru leyti áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1335. Frumvarp til laga [877. mál]

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sæfiefni eru efni eða efnablöndur sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Sæfiefni eru t.d. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni.
b. Á eftir orðunum „hættuleg efni“ í 4. mgr. kemur: sæfiefni.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Gildissvið og markmið.*

2. gr.

16. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skráning og leyfi til markaðssetningar.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis flytja til landsins, selja eða nota sem plöntulyf, illgresiseyða (örgresisefni), stýriefni eða sæfiefni að þau hafi verið skráð sem slík, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda. Umhverfisstofnun veitir leyfi til markaðssetningar sæfiefna. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind atriði í reglugerð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Skal þar m.a. kveða á um skráningu efnanna, notkun og bann við notkun þeirra, auk ákvæða um veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis til markaðssetningar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „hættuleg efni“ í 1. mgr. kemur: sæfiefni.
b. Á eftir orðinu „varnarefna“ í 1. og 2. málsl. 7. mgr. kemur: og sæfiefna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til að laga ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, að ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna, sem tók gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 1. mars 2004.

Tilskipun 98/8/EB fjallar um að samræma skuli kröfur varðandi markaðsleyfi fyrir sæfiefni og að vernda skuli menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af notkun sæfiefna. Sæfiefni eru fjölbreyttur hópur efna sem skiptast í 23 vöruflokka, þ.m.t. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni. Sækja skal um leyfi til yfirvalda aðildarríkjanna um heimild til að setja slíkar vörur á markað og er markaðssetning þeirra til tiltekinna nota þá heimiluð að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í tilskipuninni. Öll virk efni sem áætlað er að nota í sæfiefni verða tekin fyrir í áhættumati og gert er ráð fyrir að í viðauka við tilskipunina komi listi yfir þau virku efni sem leyfð verða í slíkar vörur eftir áhættumatið. Aðildarríkjunum er gert skylt að verða við beiðni um að veita markaðsleyfi fyrir vörur sem innihalda tiltekin virk efni sem skráð eru í viðaukann ef annað ríki hefur þegar leyft vöruna. Hægt er að fara fram á undanþágur frá slíkum gagnkvæmum viðurkenningum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi í viðkomandi aðildarríki. Auk þessa eru í tilskipuninni ýmis ákvæði, svo sem um merkingar sæfiefna, takmörkun á auglýsingum þeirra og kröfur um upplýsingagjöf til eitrunarmiðstöðva.

Hluti sæfiefna fellur ekki undir gildissvið núgildandi laga um eiturefni og hættuleg efni. Þetta eru efni sem hvorki eru á lista yfir eiturefni eða hættuleg efni, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Dæmi um slík efni eru ýmis rotvarnarefni og sótthreinsandi efni ásamt fæli- og löðunarefnum. Í frumvarpi þessu er því lagt til að gildissvið laganna verði rýmkað þannig að þau nái yfir þessi efni. Lagt er til að hugtakið sæfiefni verði skilgreint í 1. gr. Þannig er tekinn af allur vafi um að lögin nái til þessa efnaflokks þó að í ákveðnum tilvikum teljist efni innan hans ekki eiturefni eða hættuleg efni skv. 1. og 2. mgr. laganna. Sama var gert með lögum nr. 42/2001, um breytingu á lögum nr. 52/1988, þegar snyrtiefni voru tekin inn í lögin þótt þau teljist hvorki eiturefni né hættuleg efni. Að auki eru lagðar til lítils háttar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna til að laga þau að nýrri hugtakanotkun, en í aðalatriðum er unnt að byggja skráningu sæfiefna og leyfi til markaðssetningar á þeim ákvæðum sem gilt hafa um svokölluð varnarefni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju, sbr. 16. gr.

Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð reglugerðar um sæfiefni þar sem sett eru nánari ákvæði um framkvæmd laganna og byggt á ákvæðum tilskipunar nr. 98/8/EB. Gert er ráð fyrir að reglugerð um sæfiefni verði sett í beinu framhaldi af gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 1. gr. laganna þar sem fjallað er um þá flokka efna sem falla undir lögin. Þar sem lögin ná ekki lengur einungis til eiturefna og hættulegra efna er lagt til að heiti greinarinnar verði breytt í „Gildissvið og markmið“.

Í a-lið er lagt til að bætt verði við gildissvið laganna hugtakinu sæfiefni sem er skilgreint sem efni eða efnablöndur sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bægja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Sæfiefni eru t.d. viðarvörn, nagdýraeitur, skordýraeitur, gróðurhindrandi efni, sótthreinsandi efni og rotvarnarefni. Hluti af þeim efnum sem áður töldust til eiturefna til nota í landbúnaði og garðyrkju, þ.e. útrýmingarefni, teljast til sæfiefna samkvæmt frumvarpi þessu.

Þá er í b-lið lagt til að hugtakinu sæfiefni verði bætt inn í markmiðsákvæði laganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til nýtt orðalag 16. gr. laganna. Ekki er um mikla efnisbreytingu að ræða. Í lagagreininni er að finna heimild til að áskilja að sæfiefni megi því aðeins flytja til landsins, selja eða nota að þau hafi verið skráð sem slík. Er þetta ákvæði óbreytt en nær nú til fleiri efna en áður, þ.e. til annarra sæfiefna en útrýmingarefna. Í greininni er hins vegar nýtt ákvæði um að jafnframt þurfi leyfi Umhverfisstofnunar til markaðssetningar sæfiefna. Er þetta nákvæmara orðalag en er í núgildandi lögum og í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 98/8/EB.

Um 3. gr.

Lagt er til að gjaldtökuheimild vegna kostnaðar við skráningu, áhættumat og rannsóknir nái einnig til sæfiefna. Gert er ráð fyrir að umsækjandi beri þann kostnað.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sæfiefni falli undir gildissvið laganna og að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi fyrir markaðssetningu þeirra. Gert er ráð fyrir að gjaldtökuheimild 23. gr. laganna nái einnig til sæfiefna.

Áætlað er að kostnaður við eftirlit, framkvæmd, upplýsingagjöf og gagnaöflun geti numið allt að hálfu stöðugildi á ársgrundvelli, eða 3 m.kr. Kostnaður vegna erlendra samskipta, fræðsluefnis o.fl. er áætlaður 0,7 m.kr.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs geti orðið allt að 3,7 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn rúmist innan núverandi fjárhagsramma umhverfisráðuneytis.

1336. Frumvarp til laga [878. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. falla brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skulu stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.

2. gr.

V. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands**, verður svohljóðandi:

a. (29. gr.)

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt sérstakt rannsóknasvið þar sem stundaðar skulu rannsóknir í þágu landbúnaðarins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999.

b. (30. gr.)

Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um fjölþætt hlutverk landbúnaðar sem byggist á íslenskri náttúru og menningararfleifð. Meðal verkefna sviðsins eru rannsóknir er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar, sem og rannsóknir er lúta að sjálfbærri og fjölþættri landnýtingu og umhverfismótun.

c. (31. gr.)

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á.

Landbúnaðarháskóla Íslands er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í hlutafélagaformi eða félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

3. gr.

Orðin „Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 57. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuldum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

5. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri“ í 1. mgr. 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands, sem tilnefnir tvo menn.
2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins:
   a. Í stað orðanna „Bændaskólans á Hvanneyri“ í 2. mgr. 1. gr., 1. mgr. 3. gr. og í 11. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.
   b. 6. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að hafa samstarf við búvísindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands um kennslu í landbúnaðarhagfræði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Frumvarpinu er ætlað að gera mögulega sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Í frumvarpinu er því meðal annars kveðið á um nauðsynlega nafnbreytingu og nánar kveðið á um verksvið nýrrar sameinaðrar stofnunar. Ákvæði er tengjast Rannsóknastofnun landbúnaðarins eru auk þess felld brott úr lögunum. Rétt þótti að fara þá leið að hafa áfram í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna ákvæði er fjölluðu almennt um rannsóknir í landbúnaði í stað þess að eingöngu kveða á um rannsóknirnar í lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999. Þótti sú leið betri til að gæta ákveðins samræmis.

Markmiðið með þessum breytingum er að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna í landbúnaði með aukinni samþættingu fræðslu-, leiðbeininga- og rannsóknarstarfs. Í frumvarpi að breytingu á lögum nr. 57/1999, um búnaðarfærðslu, sem lagt er fram samhliða segir eftirfarandi um tilgang laganna:

„Meginmarkmiðið með lagafrumvarpi þessu er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðarins og sameina undir eina yfirstjórn Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Á undanförnum árum hafa Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins átt með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, enda er markmið beggja stofnana að efla íslenskan landbúnað. Samstarf stofnananna hefur gengið vel og farið vaxandi. Samruni þeirra er lykilatriði í þeirri samþættingu verkefna sem nauðsynleg er til þess að starfsemin eflist enn frekar. Kostir sameiningar felast m.a. í því að kennslu- og rannsóknastarfsemi verður heildstæðari, starfsfólki bjóðast fjölbreyttari verkefni og fjármagn nýtist betur. Á sama tíma ætti nemendum að bjóðast fjölbreyttari tækifæri til að afla sér menntunar og reynslu af og þátttöku í rannsóknum.

Með lögum þessum eru stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins lagðar niður. Á grunni þessara tveggja stofnana verður til ný öflug mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, sem tekur við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum eldri stofnananna tveggja.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er nafn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fellt brott úr lögunum og kveðið á um að rannsóknir í landbúnaði verði stundaðar í nýrri stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Samhliða er stjórnsýsluleg staða skýrð, en í kjölfar sameiningar verða landbúnaðarrannsóknir hluti af stærri heild og stundaðar á sérstöku rannsóknasviði háskólans. Kveðið er

á um að rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands hafi sjálfstæðan fjárhag og er gert ráð fyrir að rektor og háskólaráð útfæri það ákvæði nánar í rekstraráætlun hvers árs.

Um 2. gr.

Í V. kafla laganna er fjallað um landbúnaðarrannsóknir. Efnisbreytingar eru þær að ákvæði sem fjalla um skipan stjórnar og forstjóra eru falla brott en þess í stað kemur skilgreining á landbúnaðarrannsóknum og þær felldar undir rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að það hafi heimild til að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum að fengu samþykki ráðherra, eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur haft. Sambærilegt ákvæði á við um aðrar rannsóknarstofnanir sem falla undir þessi lög.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við öllum eignum, skuldbindingum og starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þegar lögin öðlast gildi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er verið að sameina starfsemi, eignir og rekstur Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem framvegis mun heita Landbúnaðarháskóli Íslands samkvæmt frumvarpi um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 56/1999, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Markmiðið er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með samþættingu fræðslu-, leiðbeiningar- og rannsóknastarfs.

Reiknað er með að öllu starfsfólki Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins verði boðin sambærileg störf við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ef til biðlauna, tilfærslna eða annars kostnaðar kemur við sameininguna er gert ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan fjárheimilda stofnunarinnar og hafi því ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum.

1337. Frumvarp til laga [879. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands, Hólaskóli og Garðyrkjuskóli ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri“ í 4. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „almennar reglur“ í 1. mgr. kemur: reglugerð.
b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., er orðast svo: Verkaskiptingu á milli skólanna.
c. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt sérstakt rannsóknasvið, sbr. V. kafla laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðanna „Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri“ í 21. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóli Íslands.

6. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landbúnaðarháskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og ber ábyrgð á rekstri hans. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði.

Rektor er æðsti fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Verkefni rektors skulu nánar skilgreind í erindisbréfi hans.

7. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Háskólarektor sem jafnframt er formaður ráðsins.
2. Einn fulltrúi skipaður af landbúnaðarráðherra.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra.

4. Tveir fulltrúar tilnefndir af Bændasamtökum Íslands.
5. Einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.
6. Einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamenn í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar háskólaráð til fimm ára í senn.

8. gr.

Í stað orðsins „forseta“ í 24. gr. laganna kemur: formanns.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Orðin „samkvæmt tilnefningu háskólaráðs“ í 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri“ í 26. og 27. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.

11. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækt búnaðarnámsbraut. Heimilt er að ráða kennara að búnaðarnámsbraut skólans sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu, skv. 27. gr.

Um yfirstjórn búnaðarnáms í Landbúnaðarháskóla Íslands fer eftir ákvæðum 22. og 23. gr. og er rektor skólans jafnframt yfirmaður þess.

12. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Landbúnaðarháskóli Íslands. Stjórn og starfslið.**

13. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Hólaskóli og Garðyrkjuskóli ríkisins eru vísinda- og menntastofnanir landbúnaðarins sem veita nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar.

14. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Aðrar menntastofnanir landbúnaðarins. Stjórn og starfslið.**

15. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands.

16. gr.

39. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Störf hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki framangreindra stofnana skulu boðin störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara skal rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og nýtt háskólaráð skipað frá 1. ágúst 2004 og skal háskólarektor og háskólaráð frá þeim tíma undirbúa framkvæmd laga þessara.

Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuldbindingum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nemendur sem við gildistöku laganna stunda nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri eiga rétt á því að ljúka námi samkvæmt gildandi námsskipulagi skólans við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. Í lögum nr. 64/1965 er að finna ákvæði um Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) og því er nauðsynlegt að breyta þeim ákvæðum þeirra laga er fjalla um RALA samhliða þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Meginmarkmiðið með lagafrumvarpi þessu er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðarins og sameina undir eina yfirstjórn Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Á undanförnum árum hafa Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins átt með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, enda er markmið beggja stofnana að efla íslenskan landbúnað. Samstarf stofnananna hefur gengið vel og farið vaxandi. Samruni þeirra er lykilatriði í þeirri samþættingu verkefna sem nauðsynleg er til þess að starfsemin eflist enn frekar. Kostir sameiningar felast m.a. í því að kennslu- og rannsóknastarfsemi verður heildstæðari, starfsfólki bjóðast fjölbreyttari verkefni og fjármagn nýtist betur. Á sama tíma ætti nemendum að bjóðast fjölbreyttari tækifæri til að afla sér menntunar og reynslu af og þátttöku í rannsóknum.

Með lögum þessum eru stofnanirnar Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins lagðar niður. Á grunni þessara tveggja stofnana verður til ný öflug mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, sem tekur við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum eldri stofnananna tveggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar þannig að ekki kemur lengur fram staðsetning skólastofnanna landbúnaðarráðuneytisins. Ástæður þessa eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru stofnanirnar með starfsemi á mörgum stöðum á landinu. Landbúnaðarháskóli Íslands kemur til með að vera með starfsstöðvar á Hvanneyri, í Reykjavík, á Möðruvöllum og víðar. Þá er Hólaskóli með starfsemi á Sauðárkróki, auk þess að vera á Hólum í Hjaltadal. Í öðru lagi má segja að með tækni nútímans takmarkast starfsemi skóla ekki lengur við húsnæði eða staðsetningu. Nú eru möguleikar í fjarnámi slíkir að nemendur skóla geta verið hvar sem er á landinu og raunar erlendis líka og staðsetning kennsluhúsnæðis skiptir því minna máli en áður. Fjarnám, bæði

á framhaldsskóla- og háskólastigi, hefur aukist langt umfram hefðbundið nám á undanförnum árum og á sú þróun einnig við um landbúnaðarskólana.

Um 2. gr.

Hér er lögð til nafnbreyting. Heiti nýrrar stofnunar verður Landbúnaðarháskóli Íslands og gilda sömu rök og eiga við um 1. gr. um ástæður þess að heitið vísar ekki til ákveðinnar staðsetningar á landinu.

Um 3. gr.

Orðið „reglur" er talið geta valdið misskilningi. Lagt er til að hefðbundnara og stjórnskipulega skýrara heiti verði tekið upp, þ.e. „reglugerð", þar sem um er að ræða heimild ráðherra til að kveða nánar á um skipulag og starfsemi stofnana.

Um 4. gr.

Hér er vísað til breytinga á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og bundið í lög að sérstakt rannsóknasvið verði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Er þetta mun meira afgerandi ákvæði heldur en í núverandi búfræðslulögum þar sem einungis er um heimild að ræða til að ráða sérfræðinga til rannsókna. Ákvæðinu er ætlað að styrkja stöðu rannsókna við skólann.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Breytingar á 22. gr. laganna miða að því að skýra betur verkaskiptingu háskólaráðs og rektors frá því sem er í gildandi lögum. Háskólaráði er fyrst og fremst ætlað að móta stefnu skólans í kennslu og rannsóknum. Rektor ber hins vegar ábyrgð á allri stjórnsýslu skólans, starfsmannahaldi og rekstri stofnunarinnar. Rektor er jafnframt embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og ber því ábyrgð á að útgjöld séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Í gildandi lögum þykir ekki vera um eins skýr skil milli rektors og háskólaráðs að ræða. Eftir breytinguna er því ágreiningslaust að rektor ber endanlega ábyrgð á rekstrarafkomu stofnunarinnar, en háskólaráð og rektor bera í sameiningu ábyrgð á mótun kennslu- og rannsóknastefnu skólans.

Um 7. gr.

Hér er gerð sú nafnbreyting að orðið „forseti" háskólaráðs fellur brott, en þess í stað kemur orðið „formaður" ráðsins. Rektor er lögbundinn formaður háskólaráðs og er það ekki breyting frá núverandi lögum. Lagt er til að ráðið sé skipað sjö mönnum og er það óbreytt skipan, en tilnefningar breytast töluvert. Einn megintilgangur frumvarpsins er að ná fram öflugri tengslum sameinaðar stofnunar við atvinnulífið og stuðla þannig að því að gera Landbúnaðarháskóla Íslands að atvinnutengdum háskóla í meira mæli en hjá öðrum ríkisháskólum. Til að ná þessu fram er lögð til breyting á tilnefningum í háskólaráð. Í stað fulltrúa kennara og nemenda kemur tilnefning frá Samtökum atvinnulífsins, auk þess sem fulltrúum Bændasamtaka Íslands fjölgar úr einum í tvo. Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er kveðið á um að í háskólaráði ríkisháskóla skuli sitja fulltrúar bæði nemenda og starfsmanna. Hér er

því lögð til önnur skipan en kveðið er á um í rammalögum um háskóla í ljósi þeirrar auknu tengingar við atvinnulífið sem er eitt af höfuðmarkmiðum lagabreytinganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra sé ekki bundinn af tilnefningu háskólaráðs þegar hann skipar rektor. Er það í samræmi við hefðbundin sjónarmið stjórnsýsluréttar að ráðherra beri einn ábyrgð á ráðningu forstöðumanna stofnana undir hans yfirstjórn. Einnig er lagt til að ekki þurfi að koma til samþykki háskólaráðs áður en ráðherra leysir rektor frá störfum. Telja verður óeðlilegt að samstarfsmenn rektors í háskólaráði eða varamenn þeirra fái ráðið því hvort ráðherra leysir rektor frá störfum eða ekki. Þar sem ráðherra skipar rektor þykir rétt að ráðherra beri einnig ábyrgð á brottvikningu hans samkvæmt ákvæðum laga. Ráðherra er við brottvikningu rektors bundinn af ákvæðum starfsmannalaganna.

Um 10.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra geti sett reglugerð sérstaklega um rannsóknasvið Landbúnaðarháskólans. Með þessu ákvæði kemur fram ákveðin sérstaða rannsóknasviðsins umfram önnur svið sem ekki er sérstaklega getið um í lögunum, heldur eru háð því skipulagi sem rektor og háskólaráð móta hverju sinni.

Um 16. gr.

Greinin sem fjallar um yfirtöku Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri á öllum eignum og skuldbindingum Bændaskólans á Hvanneyri á ekki lengur við í lögunum, í stað hennar kemur bráðabirgðaákvæði þess efnis að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við öllum eignum og skuldum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að gefa þeim sem hafa til þessa unnið hjá stofnunum tveimur, kost á að sinna áfram stöfum í þjónustu hinnar nýju stofnunar. Er því lagt til að lögin kveði á um að þeim verði boðin störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Ákvæðið felur jafnframt í sér að hér megi víkja frá ákvæðum laga um auglýsingu opinberra starfa sem laus eru til umsóknar. Þó er gert ráð fyrir að staða rektors Landbúnaðarháskóla Íslands verði auglýst.

Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa framkvæmd laganna og því er lagt til að rektor og nýtt háskólaráð verði ráðið til starfa 1. ágúst 2004 til að sinna undirbúningi áður en eiginleg starfsemi hefst í nýrri sameinaðri stofnun.

Með frumvarpi þessu er verið að leggja niður tvær stofnanir og stofna eina nýja sem yfirtekur öll verkefni, efnahag og starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Eðlilegt þykir að nemendur geti haldið áfram námi óháð sameiningu stofnana og því er þeim gefinn kostur á því að ljúka núverandi námi samkvæmt gildandi námskrá og er bráðabirgðaákvæði þess efnis sambærilegt við ákvæði sama efnis er Bændaskólinn á Hvanneyri varð að háskóla árið 1999.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er verið að mæla fyrir breytingum á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu, sér í lagi breytingum á æðstu stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri auk þess sem nafni skólans er breytt í Landbúnaðarháskóla Íslands. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þar sem lagt er til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði sameinuð Landbúnaðarháskóla Íslands.

Reiknað er með að öllu starfsfólki Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri verði boðin sambærileg störf við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ef til biðlauna, tilfærslna eða annars kostnaðar kemur við skipulagsbreytingarnar er gert ráð fyrir að sá kostnaður rúmist innan fjárheimilda stofnana og hafi því ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum.

1338. Frumvarp til laga [880. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Í stað orðsins „lyfjaverðsnefnd“ í 4. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: lyfjagreiðslunefnd.

2. gr.

6. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal Lyfjastofnun gjald fyrir veitingu undanþágu skv. 7. mgr. 7. gr. vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, fyrir veitingu leyfa til að framkvæma klíníska lyfjaprófanir skv. 9. gr. og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Stöðluð forskriftarlyf (officinal formula):* Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð eða lyfjagerð, samkvæmt forskrift er Lyfjastofnun staðfestir, og afgreidd eru í lyfjabúðum.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur reglugerð þar sem kveðið skal á um hvenær efni, sem geta verið upprunnin úr náttúrunni, teljast lyf. Í henni skal m.a. kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða steinefni, blönduð efnum upprunnum úr náttúrunni og ætluð mönnum eða dýrum, teljist lyf.

4. gr.

Á eftir orðinu „sérlyf“ í 1. málsl. 9. mgr. 7. gr. laganna kemur: samhliða innflutt lyf.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjastofnun er heimilt, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir telji Lyfjastofnun á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði þörf á að hafa viðkomandi lyf á markaði.

Hyggist Lyfjastofnun beita þessari heimild skal hún tilkynna markaðsleyfishafa í því landi þar sem lyfið er skráð um fyrirætlan sína og jafnframt óska eftir afriti af matsskýrslu og gildu markaðsleyfi lyfsins frá yfirvöldum í því landi.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

6. gr.

Í stað orðanna „stjórn heilsugæslustöðvar“ í 1. og 2. málsl. 6. mgr. 20. gr. laganna kemur: framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 5. mgr. kemur: öðrum lyfjaheildsölum.

b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að undangenginni útgáfu markaðsleyfis hér á landi. Með samhliða innfluttu lyfi er átt við sérlyf sem hefur markaðsleyfi í öðru landi, sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands, en viðkomandi lyf er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi.

8. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Innflutningur og heildsala lyfja. Samhliða innflutt lyf.**

9. gr.

Í stað orðsins „Lyfjaverðsnefnd“ í 2. málsl. 42. gr. laganna kemur: Lyfjagreiðslunefnd.

10. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna nefnd, lyfjagreiðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og Lyfjastofnunar. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir

á sama hátt. Lyfjagreiðslunefnd skal við ákvarðanir sína hafa í huga það markmið laganna að halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Lyfjagreiðslunefnd skal ákveða:

1. Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.
2. Hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu skv. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, á lyfjum sem eru á markaði hér á landi.
3. Greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við.
4. Greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 7. mgr. 7. gr. Nefndin getur vísað afgreiðslu umsókna vegna lyfja sem veitt hefur verið undanþága samkvæmt því ákvæði til Tryggingastofnunar.

Lyfjagreiðslunefnd skal fylgjast með verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og greiðsluþátttökuverði í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verðákvarðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í nánar tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu við verðákvörðun sína. Við ákvörðun á verði og greiðsluþátttökuverði samheitalyfja (lyfja með sama virka innihaldsefnið) skal nefndin hafa hliðsjón af verði viðkomandi samheitalyfja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar flokkun samheitalyfja og lyfja með sambærileg meðferðaráhrif til viðmiðunar greiðsluþátttökuverðs almannatrygginga. Ákvarðanir nefndarinnar skv. 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. skulu byggðar annars vegar á mati á gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku.

Þegar fjallað er um hámarksverð lyfja í heildsölu tekur fulltrúi samtaka lyfjaheildsala sæti í nefndinni og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfjasmásala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um hámarksverð á dýralyfjum í smásölu tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni og jafnframt skal nefndin þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

Lyfjagreiðslunefnd annast útgáfu lyfjaverðskrár þar sem birt er hámarksverð og greiðsluþátttökuverð lyfseðilsskyldra lyfja og allra dýralyfja. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að innheimta gjald fyrir lyfjaverðskrá samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum lyfjagreiðslunefndar. Gjaldið skal standa undir kostnaði við gerð skrárinnar.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og lyfjaframleiðendum er skylt að afhenda lyfjagreiðslunefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þ.m.t. laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

Fallist nefndin ekki á umbeðið verð, verðbreytingu eða greiðsluþátttöku skal nefndin rökstyðja ákvörðun sína og gera umsækjanda grein fyrir heimild hans til að bera ákvörðun nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt almennum reglum. Ákvarðanir nefndarinnar sæta ekki endurskoðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um störf lyfjagreiðslunefndar. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur.

11. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heildsölu, greiðsluþátttöku almannatrygginga og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjagreiðslunefndar og skulu umsóknum fylgja upplýsingar um heildsöluverð viðkomandi lyfs í þeim löndum sem tiltekin eru í reglugerð, sbr. 3. mgr. 43. gr.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um lyfjaverð skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin án tafar láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust nefndinni. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að markaðssetja lyfið á því verði sem sótt er um.

Hafi einnig verið óskað ákvörðunar um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra skal hún kynnt innan 180 daga frá móttöku umsóknar um ákvörðun lyfjaverðs. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um hækkun lyfjaverðs skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Umsækjandi skal láta nefndinni í té fullnægjandi upplýsingar, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau atriði sem hann telur réttlæta hækkun á áður ákveðnu verði. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal lyfjagreiðslunefnd láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem lyfjagreiðslunefnd hefur til ákvarðanatöku er liðinn. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að hækka verðið samkvæmt umsókninni.

12. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (45. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að beita verðstöðvun. Ef verðstöðvun er beitt á öll lyf eða lyf í sérstökum flokki skal endurskoða ákvörðunina a.m.k. einu sinni á ári. Heimilt er að veita undanþágu frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Óski umsækjandi eftir undanþágu skal hann láta í té fullnægjandi upplýsingar um ástæður beiðninnar. Rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda innan 90 daga. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir um undanþágur hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem nefndin hefur til ákvarðanatöku er liðinn.

b. (46. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd skal endurmeta forsendur lyfjaverðs hér á landi, samanborið við sömu lyf á Evrópska efnahagssvæðinu, reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og gera tillögur um breytingar gefi matið tilefni til þess.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Efni þess hefur verið borið undir fulltrúa lyfjaverðsnefndar, greiðsluþátttökunefndar, Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar.

Helsta breytingin sem frumvarpið felur í sér varðar ákvörðun lyfjaverðs og greiðsluþátttöku almannatrygginga. Síaukinn lyfjakostnaður landsmanna hefur beint sjónum manna að því fyrirkomulagi sem hér er við lýði samkvæmt gildandi lögum. Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð lyfja en greiðsluþátttökunefnd ákveður greiðsluþátttöku almannatrygginga í nýjum lyfjum. Bent hefur verið á að þessar nefndir séu ekki nægjanlega tengdar hvor annarri og nokkuð skorti á samræmingu í störfum þeirra. Því er lagt til að umræddar nefndir verði sameinaðar í eina nefnd, svokallaða lyfjagreiðslunefnd. Markmiðið með þessum breytingum er að sameina verkefni og fækka aðilum sem fjalla um verðákvarðanir lyfja og auka með því samhæfingu þeirra og skilvirkni með það fyrir augum að betri heildarsýn fáist í þessum málaflokki.

Ákvæði 9.–12. gr. frumvarpsins eru byggð á ákvæðum núgildandi laga sem fjalla um hlutverk og skipan lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar. Þær breytingar felast þó í frumvarpinu að lyfjagreiðslunefnd er ætlað að fjalla um greiðsluþátttöku í öllum lyfjum en ekki eingöngu í nýjum lyfjum eins og greiðsluþátttökunefnd gerir í dag og einnig er nefndinni ætlað það nýja hlutverk að fjalla um svokallað greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar miða greiðsluþátttöku sína við. Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsmaður lyfjaverðsnefndar og starfsmaður greiðsluþátttökunefndar verði starfsmenn hinnar nýju lyfjagreiðslunefndar og að það fé sem nú er varið til greiðslu nefndarlauna í nefndunum tveimur verði nýtt í starfsemi hinnar nýju nefndar. Auk þess er talið nauðsynlegt að styrkja starfsemi nefndarinnar enn frekar með því að bæta við einum starfsmanni og er gert ráð fyrir að aukið fé verði veitt til nefndinnar í þeim tilgangi.

Lyfjagreiðslunefnd skal eins og áður segir fjalla um verð allra lyfseðilsskyldra lyfja, greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og greiðsluþátttökuverð. Þannig verða ákvarðanir annars vegar um verð lyfja og hins vegar um greiðsluþátttöku teknar samtímis en samkvæmt núgildandi lögum tekur greiðsluþátttökunefnd ekki ákvörðun um greiðsluþátttöku fyrr en ákvörðun lyfjaverðsnefndar um verð liggur fyrir, sbr. 3. mgr. 44. gr. laganna. Þá er lagt til að nefndin ákveði greiðsluþátttökuverð og að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um að verðákvarðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Rétt þykir að binda í lög heimild lyfjagreiðslunefndar til að fela Tryggingastofnun afgreiðslu umsókna vegna lyfja sem veitt hefur verið undanþága skv. 7. mgr. 7. gr. lyfjalaga en nú er kveðið á um slíka heimild í 7. gr. reglugerðar nr. 128/2002 um greiðsluþátttökunefnd.

Aðrar breytingar sem fram koma í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Í 2. gr. frumvarpsins að finna gjaldtökuheimild fyrir Lyfjastofnun vegna mats á stöðluðum forskriftum en hana hefur skort í lögin til þessa.

Þá er í 5. gr. frumvarpsins að finna nýmæli sem felur í sér heimild til handa Lyfjastofnun á grundvelli heilbrigðissjónarmiða að gefa út markaðsleyfi þegar lyf hefur verið afskráð.

Í 7. gr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um heimild lyfjaheildsala til að flytja inn samhliða innflutt lyf en sú heimild hefur verið leidd af ákvæðum lyfjalaga. Rétt þykir að kveða sérstaklega á um þessa heimild í lögum.

Önnur ákvæði frumvarpsins fela í sér breytingar á einstökum ákvæðum laganna sem ætlaðar eru til að gera þau skýrari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nafni lyfjaverðsnefndar verði breytt í lyfjagreiðslunefnd í samræmi við ákvæði frumvarpsins um sameiningu lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er núgildandi ákvæði 6. mgr. 3. gr. umorðað og bætt við gjaldtökuheimild Lyfjastofnunar vegna mats á stöðluðum forskriftum, sjá nánar umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins. Gjald samkvæmt ákvæðinu verður ákvarðað samkvæmt gjaldskrá eins og kveðið er á um í 7. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Framleiðsla staðlaðra forskriftarlyfja hefur nánast lagst af eftir gildistöku lyfjalaganna 1994, en stöðluð forskriftarlyf voru framleidd í apótekum og hjá Lyfjaverslun ríkisins. Framleiðsla í apótekum hefur stöðugt dregist saman og ekki er lengur lögð áhersla á framleiðslu forskriftarlyfja þótt enn sé nokkur þörf fyrir þau. Núgildandi ákvæði um stöðluð forskriftarlyf gera ráð fyrir að slík lyf séu framleidd í lyfjabúð.

Í a-lið er því lögð til sú breyting á ákvæðinu að framleiðsla staðlaðra forskriftarlyfja geti einnig farið fram í lyfjagerð. Ákvæðið felur einnig í sér að Lyfjastofnun leggi mat á staðlaðar forskriftir annarra framleiðsluaðila en apóteka og að henni verði heimilt að innheimta gjald fyrir slíkt mat sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þessir framleiðsluaðilar lúta eftirliti Lyfjastofnunar og gert er ráð fyrir að stofnunin staðfesti framleiðsluforskriftir þeirra, enda er slíkum forskriftum ekki haldið við lengur eins og gert var í Norrænu lyfjaskránni. Í Evrópsku lyfjaskránni, sem tók við af hinni norrænu og lögleidd er hér á landi, er einungis að finnar forskriftir (mónógrafíur) hráefna.

Í b-lið er lagt til að ákvæði 4. mgr. 5. gr. laganna sem kveður á um að ráðherra setji reglugerð um undanþágu frá lyfjahugtakinu verði breytt á þann veg að ráðherra setji reglugerð um það hvenær efni sem geta verið upprunnin úr náttúrunni teljist lyf. Orðalag greinarinnar í núgildandi lögum að ráðherra setji reglugerð um undanþágu frá lyfjahugtakinu þykir villandi. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og steinefni teljast lyf. Í því skyni skal birta lista um vítamín og steinefni ásamt markgildi. Innihaldi náttúruvara vítamín og/eða steinefni í meira magni en markgildið segir til um telst hún lyf. Umrædd markgildi sem fram að þessu hefur verið stuðst við hafa ýmist verið ákvörðuð af manneldisráði einu eða í samstarfi við Lyfjastofnun og landlækni. Mun stuðst við þau í fyrstu en gera má ráð fyrir að þau taki breytingum síðar í ljósi væntanlegrar ákvörðunar ESB um lágmarks- og hámarksmarkgildi vítamína og steinefna með tilliti til fæðubótarefna.

Um 4. gr.

Bætt er við 7. gr. laganna að ráðherra setji reglugerð um samhliða innflutt lyf. Ástæða þykir til að taka það sérstaklega fram í lögunum þótt núgildandi 7. gr. taki til samhliða innfluttra lyfja.

Um 5. gr.

Ákvæðið felur í sér heimild til handa yfirvöldum til að gefa út markaðsleyfi lyfja í ákveðnum tilvikum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tilgreind eru í 2. mgr. ákvæðisins. Borið hefur á því hér á landi að fullgild eldri lyf séu afskráð. Þá gerist það einnig af markaðsástæðum að ekki er sótt um markaðsleyfi fyrir einstök nauðsynleg lyf. Þetta er í samræmi við væntanlega breytingu á tilskipun 2001/83/EEC en tilskipunin er þegar hluti af EES-samningnum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2002 frá 25. júní 2002.

Um 6. gr.

Þar sem stjórnir heilsugæslustöðva voru lagðar niður með lögum nr. 78/2003, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er lagt til að heimild stjórna til að reka lyfjabúð sé færð til framkvæmdastjóra fyrir hönd heilsugæslustöðvar.

Um 7. gr.

Í a-lið er lagt til að sérstaklega verði tiltekið að lyfjaheildsölum sé heimilt að selja öðrum lyfjaheildsölum lyf.

Í b-lið er framkvæmd samhliða innflutnings lyfja lýst nánar, en í núgildandi lögum. Með samhliða innflutningi er svigrúm aukið til innflutnings sömu lyfja og á markaði eru en frá öðru og ódýrara markaðssvæði. Vonir eru bundnar við að samhliða innflutningur leiði til lægra innkaupsverðs og þar með lækkunar lyfjakostnaðar.

Um 8. gr.

Hér er samhliða innfluttum lyfjum bætt inn í kaflafyrirsögn.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að í stað orðsins „lyfjaverðsnefndar“ komi lyfjagreiðslunefnd, sbr. umfjöllun um 10. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd verði sameinaðar í lyfjagreiðslunefnd.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um skipan og hlutverk lyfjagreiðslunefndar sem ætlað er að taka við verkefnum þeirra tveggja nefnda sem starfa samkvæmt núgildandi lögum. Annars vegar er um að ræða lyfjaverðsnefnd sem starfar skv. 43. gr. laganna og ákvarðar hámarksverð lyfja í heildsölu og smásölu og hins vegar greiðsluþátttökunefnd sem starfar skv. 44. gr. laganna og ákveður greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í greiðslu á nýjum lyfjum. Í frumvarpinu eru störf þessara tveggja nefnda felld undir hina nýju nefnd og er því gert ráð fyrir að verkefni hennar verði sambærileg við verkefni þeirra eins og þau er skilgreind í núgildandi lögum þó með þeirri breytingu að lyfjagreiðslunefnd skal ákveða greiðsluþátttöku í öllum lyfjum en ekki eingöngu í nýjum lyfjum eins og 44. gr. núgildandi laga gerir ráð fyrir. Þá skal nefndin einnig ákveða svokallað greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar miða greiðsluþátttöku sína við.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir skipan lyfjagreiðslunefndar. Í lyfjagreiðslunefnd eiga sæti fimm aðilar skipaðir af ráðherra, fjórir samkvæmt tilnefningum Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytisins, Lyfjastofnunar og landlæknis. Ráðherra skipar formann. Nefndarmenn skulu vera fagmenn á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Þessi skipan nefndarinnar er nánast sú sama og verið hefur í tilviki greiðsluþátttökunefndar nema hér er lagt til að Lyfjastofnun tilnefni fulltrúa í stað læknadeildar Háskóla Íslands.

Í 2.–4. mgr. kemur fram hvaða verkefni lyfjagreiðslunefnd skal hafa með höndum. 1., 2. og 4. tölul. 2. mgr. byggjast á ákvæðum 43. og 44. gr. núgildandi laga þar sem hlutverkum lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar er lýst. Breyting felst þó í því að lyfjagreiðslunefnd er ekki eingöngu ætlað að fjalla um greiðsluþátttöku í nýjum lyfjum eins og greiðsluþátttökunefnd gerir nú heldur í öllum lyfjum.

Nýmæli er í 3. tölul. 2. mgr. Þar segir að lyfjagreiðslunefnd skuli ákveða greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við. Þessu hlutverki nefndarinnar er nánar lýst í 3. og 4. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. skal lyfjagreiðslunefnd fylgjast með verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og greiðsluþátttökuverði í löndum á Evrópska efnhagssvæðinu og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar. Skv. 3. mgr. hefur ráðherra heimild til að setja reglugerð um að verðákvarðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í tilteknum löndum. Við verðákvörðun samhliða innflutts lyfs skal nefndin hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu. Samhliða innflutt lyf eru oft flutt inn frá ódýrara markaðssvæði en sama lyf sem er á markaði, auk þess sem minni kröfur eru gerðar um gögn sem fylgja skulu umsókn um markaðsleyfi. Þá eru skráningargjöld lægri. Vonir eru því bundnar við að samhliða innflutningur lækki hámarksverð lyfja og þar með lyfjakostnað. Þegar um samheitalyf er að ræða skal nefndin hafa hliðsjón af verði viðkomandi samheitalyfja á Evrópska efnhagssvæðinu. Í 4. mgr. kemur fram að lyfjagreiðslunefnd ákvarði greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjaverði. Það á sér stað með þrennum hætti:

a. Sé um nýtt lyf að ræða, sem á sér enga hliðstæðu, ákvarðar lyfjagreiðslunefnd hvert greiðsluþátttökuverð skuli vera, en af því reiknast greiðsluþátttaka almannatrygginga. Getur greiðsluþátttökuverðið ýmist verið hámarksverð lyfsins eða annað verð sem nefndin ákveður.
b. Sé um samheitalyf að ræða, þ.e. lyf með sama virka innihaldsefni, ákvarðar lyfjagreiðslunefnd viðmiðunarverð sem greiðsluþátttaka almannatrygginga reiknast af.
c. Sé um lyf með sambærileg meðferðaráhrif að ræða, þ.e. lyf sem inniheldur ekki sama virka lyfjaefnið heldur lyfjaefni með sambærileg meðferðaráhrif og í sama lyfjaflokki (hliðstæð lyf; analog lyf), ákvarðar nefndin viðmiðunarverð sem greiðsluþátttaka almannatrygginga reiknast af. Hér má t.d. nefna lyf sem lækka kólesteról og þríglýseríð, svonefnd statín-lyf. Greiðsluþátttökuverðið gæti þá t.d. verið miðað við verð ódýrasta lyfsins, í sama styrkleika og pakkningu.

Samkvæmt 43. gr. núgildandi laga taka fulltrúar hagsmunaaðila sæti í lyfjaverðsnefnd þegar fjallað er um málefni er snerta þá. Lagt er til að það fyrirkomulag verði óbreytt þegar fjallað er um ákvörðun hámarksverðs. Þó fellur niður ákvæði um að fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins taki sæti í nefndinni þegar fjallað er um athugasemdir stofnunarinnar um lyfjaverð þar sem fulltrúi TR á samkvæmt frumvarpinu sæti í lyfjagreiðslunefnd. Þá koma samtök lyfjasmásala í stað samtaka lyfsala. Til þessa hefur Apótekarafélag Íslands tilnefnt í nefndina, en þar sem flest apótek eiga nú fulltrúa í Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ) þykir rétt að þau tilnefni fulltrúa til setu í nefndinni þegar hún fjallar um mál er varða hámarksverð lyfja í smásölu. Þá er gert ráð fyrir að fulltrúi samtaka lyfjaheildsala taki sæti í nefndinni

þegar fjallað er um hámarksverð lyfja í heildsölu og fulltrúi samtaka dýralækna þegar fjallað er um hámarksverð dýralyfja í smásölu, en auk þess ber nefndinni að leita álits yfirdýralæknis.

Samkvæmt 6. mgr. er lyfjagreiðslunefnd ætlað að hafa með höndum útgáfu lyfjaverðskrár sem samkvæmt núgildandi lögum er hlutverk lyfjaverðsnefndar. Þar skal eins og áður birta hámarksverð en auk þess greiðsluþátttökuverð sem er nýmæli. Samkvæmt ákvæðinu mun nefndinni verða heimilt að taka gjald fyrir lyfjaverðskrá samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

7. mgr. er að samhljóða núgildandi 9. mgr. 43. gr. laganna og 8. mgr. er samhljóða núgildandi 5. mgr. 43. gr. og þær þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 9. mgr. segir að ákvarðanir nefndarinnar sæti ekki endurskoðun ráðherra. Samsetning nefndarinnar á að tryggja að hún búi yfir nauðsynlegri sérfræðiþekkingu til að taka ákvarðanir á grundvelli faglegra og fjárhagslegra sjónarmiða. Nefndin skal hins vegar gera umsækjanda grein fyrir almennum málskotsheimildum.

Í 10. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um störf lyfjagreiðslunefndar og heimild nefndarinnar til að setja sér verklagsreglur.

Um 11. gr.

Ákvæðið fjallar um málsmeðferð nefndarinnar og tímafresti. Fyrstu þrjár málsgreinar þessarar greinar eru að mestu teknar óbreyttar úr 43. og 44. gr. gildandi laga.

1. mgr. ákvæðisins svarar til 2. mgr. 43. gr. núgildandi laga. Þar er þó það nýmæli að umsóknum skulu fylgja upplýsingar um heildsöluverð viðkomandi lyfs í þeim viðmiðunarlöndum sem tiltekin verða í reglugerð, sbr. 3. mgr. 43. gr.

2. mgr. svarar til 6. mgr. 43. gr. og 3. mgr. er efnislega eins og 3. mgr. 44. gr. laganna með örlítið breyttu orðalagi.

Tímafrestir sem tilteknir eru í ákvæðinu eru þeir sömu og í núgildandi ákvæðum laganna.

Efni 4. mgr. þessarar greinar er að mestu tekið óbreytt úr 7. mgr. 43. gr. gildandi laga og varðar umfjöllun nefndarinnar um umsóknir um hækkun og málsmeðferð nefndarinnar í slíkum tilvikum. Þó er fellt út ákvæði er varðar skyldu nefndarinnar til að leiðbeina umsækjanda um kæruleiðir og kærufresti í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvarðanir nefndarinnar séu ekki kæranlegar, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Skv. 9. mgr. 10. gr. frumvarpsins ber nefndinni hins vegar að gera umsækjanda grein fyrir þeim málskotsheimildum sem hann hefur samkvæmt almennum reglum.

Um 12. gr.

Um a-lið (45. gr.).

Efni þessarar greinar er tekið óbreytt úr 8. mgr. 43. gr. gildandi laga og varðar heimild nefndarinnar til að beita verðstöðvun.

Um b-lið (46. gr.).

Hér er lagt til að lyfjagreiðslunefnd endurskoði reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti forsendur lyfjaverðs hér á landi. Ákvæðið er nýmæli og er ætlað að tryggja að stöðugt sé fylgst með þróun lyfjaverðs hér á landi í samanburði við nágrannalönd okkar og aðildarríki Evrópusambandsins.

Um 13. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á fyrirkomulagi við ákvörðun um verð lyfja og greiðsluþátttöku almannatrygginga. Lagt er til að lyfjaverðsnefnd, sem ákvarðar hámarksverð lyfja, og greiðsluþátttökunefnd, sem ákvarðar greiðsluþátttöku almannatrygginga í nýjum lyfjum, verði sameinaðar í eina nefnd, svokallaða lyfjagreiðslunefnd. Markmiðið er að sameina þá aðila sem fjalla um verðákvarðanir lyfja og auka með því samhæfingu þeirra og skilvirkni. Þá er lagt til að Lyfjastofnun fái heimild til að innheimta gjald vegna mats á stöðluðum forskriftum fyrir lyf og enn fremur að hún fái heimild á grundvelli heilbrigðissjónarmiða til að gefa út markaðsleyfi þegar lyf hefur verið afskráð.

Gert er ráð fyrir að framlag til lyfjaverðsnefndar sem er 6,4 m.kr. í fjárlögum 2004 og framlag til greiðsluþátttökunefndar sem er 8,2 m.kr. renni til hinnar nýju nefndar. Áformað er að styrkja starfsemi hinnar nýju nefndar enn frekar, m.a. með ráðningu starfsmanns, sem eykur árlegan rekstrarkostnað um 7 m.kr., auk 0,5 m.kr. stofnkostnaðar. Að mati heilbrigðisráðuneytis fela þessar breytingar í sér óverulegan viðbótarkostnað og á sá kostnaður að rúmast innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

1339. Frumvarp til laga [881. mál]

um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

4. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Útboðnar einingar skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjóðnum er einnig heimilt að leggja fé úr Stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun framtakssjóða eða tiltekna þjónustu þeim til handa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og tók til starfa 1. janúar 1998. Samkomulag varð á milli fulltrúa stjórnvalda og samtaka í iðnaði og sjávarútvegi í árslok 1996 um stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með stofnfé að upphæð 4.000 millj. kr.

Á starfstíma Nýsköpunarsjóðs hafa orðið mjög miklar breytingar á starfsumhverfinu. Í byrjun var lítið framboð á fjármagni til nýsköpunar. Það fór ört vaxandi og í stuttan tíma var nánast um offramboð að ræða. Frá miðju ári 2000 dró mjög úr því þegar í ljós kom að margar nýfjárfestingar töpuðust að fullu á fyrstu árum fyrirtækjanna þegar fór að reyna á gildi viðskiptahugmyndanna sem fyrirtækin byggðust á.

Nýsköpunarsjóður ákvað hins vegar í ljósi nánast algjörrar þurrðar á framtaksfjármagni að halda áfram að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Þessari stefnu var haldið fram á árið 2002. Frá þeim tíma hefur sjóðurinn ekki haft bolmagn til nýfjárfestinga en beint kröftum sínum að því að verja þær fjárfestingar sem hann hafði þegar ráðist í. Frá upphafi hefur Nýsköpunarsjóður fjárfest í rúmlega 100 fyrirtækjum og á nú eignarhlut í rúmlega 70 fyrirtækjum.

Fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum eru í eðli sínu áhættusamar og því áhættusamari sem þær eru fyrr á æviskeiði fyrirtækjanna eða þar sem Nýsköpunarsjóður hefur einkum starfað. Reynslan hefur sýnt að yfirleitt tekur 8–12 ár fyrir nýsköpunarfyrirtæki að ná verulegum árangri, takist það á annað borð. Afleiðing alls þess sem að framan er rakið er að hluti af fjárfestingum sjóðsins hefur tapast og ávöxtun Stofnsjóðs verið neikvæð undanfarin ár og ekki hefur tekist að viðhalda eigin fé Stofnsjóðs.

Nýsköpunarsjóður er ungur og meðalaldur fjárfestinga hans ekki nema 3–4 ár. Því er ekki komið að því að unnt sé að selja með hagnaði hlut sjóðsins í þeim fyrirtækjum sem skila munu árangri til lengri tíma litið. Af þessu leiðir að lítið fjármagn losnar hjá sjóðnum til fjárfestinga í nýjum verkefnum. Tiltækt fjármagn hefur að mestu farið til þess að styðja við fyrri fjárfestingar sjóðsins. Á sama tíma hefur reynst nánast útilokað að fá aðra fjárfesta til þess að leggja fram fé til þessara verkefna.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Reynsla annarra þjóða sýnir að flest ný störf verða til í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Efling Nýsköpunarsjóðs er brýnt verkefni við þær aðstæður sem nú ríkja hér á landi þegar fyrir liggur að mikill skortur er á fjármagni til framtaksfjárfestinga.

Frumvarp þetta hefur tvö markmið. Fyrra markmiðið er að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð þegar þeir verða leystir upp. Síðara markmiðið er að heimila Nýsköpunarsjóði að leggja fé í framtakssjóði með öðrum fjárfestum, t.d. lífeyrissjóðum eða öðrum framtaksfjárfestum, og þannig skapa aukið fjármagn til nýrra fjárfestinga eins og hlutverk sjóðsins kveður á um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Svokallaðir framtakssjóðir urðu til við útboð á 1.000 millj. kr. söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Þessu fé skyldi varið til hlutafjárkaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni.

Árið 1999 bauð stjórn Nýsköpunarsjóðs út vörslu fjárins og ráðstafaði því síðan til fjögurra aðila. Hver þeirra fékk 250 millj. kr. til fjárfestinga og lagði hver um sig 125 millj. kr. af eigin fé til viðbótar við stofnun hvers framtakssjóðs. Sjóðina átti að leysa upp 7–10 árum eftir stofnun þeirra, þ.e. 2006–2009, og andvirði þess sem Nýsköpunarsjóður bauð út að renna í ríkissjóð við uppgjör þeirra.

Afkoma framtakssjóðanna hefur ekki farið varhluta af hinni almennu og neikvæðu þróun í áhættufjárfestingum og hefur höfuðstóll þeirra allra rýrnað umtalsvert hingað til. Þá hefur tíminn leitt í ljós að smæð þeirra gerir þá óhagkvæma í rekstri.

Hér er gert ráð fyrir að ríkissjóður feli Nýsköpunarsjóði áframhaldandi ráðstöfun þess fjármagns sem bundið er í framtakssjóðunum og að það renni í Stofnsjóð hans. Jafnframt verði binding fjárins í 7–10 ár felld niður svo að nú þegar verði unnt að koma á hagkvæmara rekstrarfyrirkomulagi með samkomulagi við vörsluaðilana.

Um 2. gr.

Nýsköpunarsjóður hefur haft heimild til að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Viðvarandi skortur á fjármagni til fjárfestingarverkefna á sviði nýsköpunar gerir nauðsynlegt að rýmka þessar heimildir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjóðnum verði veitt heimild til að fjárfesta hluta af Stofnsjóði í framtakssjóðum með öðrum fjárfestum. Gera má ráð fyrir að lífeyrissjóðir og aðrir langtímafjárfestar sjái sér hag af náinni samvinnu við Nýsköpunarsjóð um fjárfestingar í nýsköpun atvinnulífsins. Til þess að takmarka áhættu Nýsköpunarsjóðs er gert ráð fyrir að hlutdeild hans í framtakssjóðum verði ekki meiri en 30% af höfuðstól framtakssjóðanna á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir að framtakssjóðir geti orðið fleiri en einn. Hagkvæmni stærðarinnar ræður mestu um fjölda þeirra en þær aðstæður kunna að skapast í framtíðinni að þörf verði fyrir fleiri en einn framtakssjóð af þessu tagi og þá er óheppilegt að hafa heimildir sjóðsins of þröngar. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði veitt heimild til þess að fela öðrum vistun og rekstur framtakssjóða sem Nýsköpunarsjóður tekur þátt í. Rétt þykir að sjóðurinn hafi þetta svigrúm til þess að greiða fyrir stofnun framtakssjóða og þar með öflun fjármagns til nýsköpunar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að eiginfjárstaða Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði bætt með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs þegar þær verða leystar upp í stað þess að renna í ríkissjóð eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Hins vegar er lagt til að Nýsköpunarsjóði verði heimilt að taka langtímalán til fjárfestinga í fyrirtækjum og að leggja í framtakssjóði með öðrum fjárfestum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs,

en lánsfjárafgangur ríkisins verður u.þ.b. 580 m.kr. lægri á tilteknu árabili, en verið hefði miðað við gildandi lög. Jafnframt er vakin athygli á því að auknar heimildir til langtímalántöku yrðu með ríkisábyrgð ef heimild til þess fengist í 5. gr. fjárlaga.

1340. Frumvarp til laga [882. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum (beiting samkeppnisreglna EES-samningsins).

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
   Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og EFTA-dómstóllinn skulu beita samkeppnisreglum EES-samningsins í samræmi við þennan kafla. Samkeppnisyfirvöld og íslenskir dómstólar skulu beita 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, í samræmi við 45.–45. gr. c í lögum þessum.
b. Skammstöfunin „(ESA)“ í 1. mgr., er verður 2. mgr., fellur brott.

2. gr.

Orðin „á sama hátt og Samkeppnisstofnun“ í 1. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

3. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisyfirvöld skulu, með þeim takmörkunum sem leiðir af EES-samningnum, tryggja að ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins séu virt. Gilda þá einnig ákvæði samkeppnislaga eftir því sem við á.

Ákvarðanir sem samkeppnisyfirvöld taka á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins skulu ekki fara í bága við ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA.

Samkeppnisyfirvöld geta tekið ákvörðun um að hópundanþága á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi ekki við gagnvart tilteknu fyrirtæki með þeim skilyrðum sem fram koma í EES-samningnum, samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningnum) og reglugerðum settum skv. 48. gr. laga þessara.

Telji samkeppnisyfirvöld að eftirlitsstofnun EFTA skuli fjalla um mál skal það framsent eftirlitsstofnuninni.

4. gr.

Á eftir 45. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar er orðast svo:

a. (45. gr. a.)

Þegar samkeppnisyfirvöld eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara gagnvart samningum fyrirtækja, ákvörðunum samtaka fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sem áhrif geta haft á viðskipti milli EES-ríkjanna skulu þau jafnframt beita 53. gr. EES-samningsins gagnvart slíkum samningum, ákvörðunum og aðgerðum.

Þegar samkeppnisyfirvöld eða dómstólar beita ákvæðum laga þessara vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sem bönnuð er skv. 54. gr. EES-samningsins skulu þau jafnframt beita 54. gr. EES-samningsins.

Samkeppnisyfirvöld skulu ekki banna samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem áhrif hafa á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu en takmarka ekki samkeppni, sbr. 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, uppfylla skilyrði 3. mgr. 53. gr. eða falla undir hópundanþágu á grundvelli 3. mgr. 53. gr. samningsins. Samkeppnisyfirvöld geta þrátt fyrir þetta beitt strangari löggjöf sem heimilar að banna einhliða ákvarðanir fyrirtækja eða leggja á sektir fyrir slíkar ákvarðanir.

Ef eigi er kveðið á um annað í EES-rétti eiga ákvæði 1.–3. mgr. ekki við þegar samkeppnisyfirvöld eða dómstólar beita 18. gr. um samruna eða samkeppnisyfirvöld beita ákvæðum laga þessara sem hafa aðallega annan tilgang en 53. og 54. gr. EES-samningsins.

b. (45. gr. b.)

Þegar dómstólar kveða upp dóma á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins um samninga fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir sem eftirlitsstofnun EFTA hefur jafnframt tekið ákvörðun um má dómurinn ekki vera í andstöðu við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar. Dómstóll skal ekki heldur kveða upp dóm sem er í andstöðu við fyrirhugaða ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar í sams konar máli. Dómstóll getur frestað málsmeðferð sinni þar til eftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun. Skylda skv. 1. eða 2. málsl. hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

c. (45. gr. c.)

Samkeppnisstofnun getur að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum í dómsmáli vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með samþykki dómstólsins getur Samkeppnisstofnun þá einnig komið að munnlegum athugasemdum.

Þegar samræmd beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins krefst þess getur eftirlitsstofnun EFTA einnig að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum. Með leyfi dómstólsins getur eftirlitsstofnunin þá jafnframt komið að munnlegum athugasemdum.

Samkeppnisstofnun og eftirlitsstofnun EFTA geta óskað eftir að dómstóll sendi sér öll nauðsynleg gögn málsins til að unnt sé að undirbúa athugasemdir.

5. gr.

Lög þessi byggjast á breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sbr. reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 2/1993 öðlaðist meginmál samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) lagagildi hér á landi. Að því er varðar samkeppnisreglur fyrirtækja er þar um að ræða ákvæði 53.–60. gr. samningsins. Aðrar samkeppnisreglur EES-samningsins eru í bókun 21–25 við samninginn og viðauka XIV við hann. Þá eru reglur er lúta að samkeppni í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samn-

ingnum), sbr. bókun 4 við þann samning. Í 3. gr. EES-samningsins kemur m.a. fram að samningsaðilar skuli gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningnum leiðir.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans en hún verður hluti EES-samningsins. Innleiðing gerðarinnar hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem nauðsynlegt er talið að lögfesta. Önnur ákvæði bókunarinnar verða tekin upp í reglugerð á grundvelli 48. gr. samkeppnislaga.

Eftir að reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um 81. og 82. gr. sáttmálans hefur verið tekin upp í EES-samninginn verða þær breytingar á beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum fá heimild til að beita ákvæðunum fullum fetum.

Í gildandi lögum er ekki heimild til handa samkeppnisyfirvöldum að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Heimildin nær einungis til eftirlitsstofnunar EFTA (e. EFTA Surveillance Authority – ESA) og framkvæmdastjórnar EB, sbr. 56. gr. samningsins. Í frumvarpinu er lagt til að íslensk samkeppnisyfirvöld fái heimild til að beita 53. og 54. gr. í heild sinni. Meginástæða þess eru skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Nánari útfærsla á beitingu 53. og 54. gr. kemur fram í bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningnum) og hefur í för með sér skyldu fyrir Ísland til að taka bókunina upp í íslenskan rétt.

Nú hafa aðeins eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB einkarétt á að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. 56. gr. samningsins. Ef samkeppnisyfirvöld fá heimild til að beita 53. og 54. gr. má afgreiða mál á grundvelli þessara ákvæða hér á landi. Til að uppfylla samningsskyldur sínar er nauðsynlegt að skylda samkeppnisyfirvöld til að beita 53. og 54. gr., þegar það á við, ásamt innlendum samkeppnislögum. Slíkt tryggir samræmda málsmeðferð á öllum stigum máls.

Í ljósi þeirra mála sem samkeppnisyfirvöld hafa haft til meðferðar sl. tíu ár er ekki fyrirsjáanlegt að 53. og 54. gr. EES-samningsins yrði oft beitt í framkvæmd. Beiting samkeppnisyfirvalda á 53. og 54. gr. tryggir fyrirtækjum bæði hraða og samræmda málsmeðferð. Sama stjórnvald beitir bæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga ásamt 53. og 54. gr. EES-samningsins. Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda eru að sama skapi bindandi fyrir eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram hvaða stjórnvöld hafa heimild samkvæmt frumvarpinu til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins og hvaða reglur gilda um þá beitingu. Þau stjórnvöld sem beitt geta reglunum eru annars vegar ESA og EFTA-dómstóllinn og hins vegar innlend samkeppnisyfirvöld og innlendir dómstólar.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsstofnun EFTA geti framkvæmt vettvangsskoðun á grundvelli bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samninginn). Húsleitarheimildir eftirlitsstofnunar EFTA yrðu þá víðtækari en leitarheimildir Samkeppnisstofnunar. Þar af leiðandi er felld niður tilvísun núgildandi laga til Samkeppnisstofnunar.

Í 2. mgr. 20. gr. bókunar 4 er fjallað um húsleitarheimildir eftirlitsstofnunar EFTA. Þar kemur fram að starfsmenn eftirlitsstofnunarinnar skuli hafa aðgang að fasteign, landi og farartækjum fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Einnig hafa starfsmenn stofnunarinnar heimild til að skoða og taka afrit af bókum og öðrum gögnum tengdum fyrirtækinu, óháð því í hvaða formi þau eru geymd. Jafnframt geta starfsmenn eftirlitsstofnunar EFTA innsiglað fasteignir eða gögn í þann tíma sem nauðsynlegt er meðan á rannsókn stendur og loks geta starfsmenn eftirlitsstofnunarinnar óskað eftir skýringum starfsmanna fyrirtækis á staðreyndum eða gögnum er varða efni rannsóknarinnar og bókað svörin.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. bókunar 4 skulu starfsmenn eftirlitsstofnunar EFTA við upphaf húsleitar sýna skriflega leitarheimild þar sem fram kemur tilgangur og efni leitar, svo og viðurlög ef samstarfsörðugleikar koma upp. Fyrirtæki geta kært ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um leit til EFTA-dómstólsins. Sé fyrirtæki ósamvinnuþýtt skal samkeppnisstofnun, þar sem leit fer fram, veita nauðsynlega aðstoð, svo sem varðandi húsleitarheimild dómstóls eða aðstoð lögreglu. Í flestum tilvikum yrði húsleitarheimildar dómstóls leitað fyrir fram og aðeins gripið til hennar ef nauðsyn krefur, sbr. 7. mgr. 20. gr. bókunar 4. Dómstóll mun þá ganga úr skugga um að ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um húsleit sé hvorki gerræðisleg né óhófleg í ljósi tilefnis leitarinnar. Við eftirlitið getur dómstóll óskað eftir ítarlegum útskýringum, m.a. um hvað liggi til grundvallar gruni um ætluð brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, svo og alvarleika ætlaðs brots og um hlutdeild viðkomandi fyrirtækis í ætluðu broti. Dómstólnum er óheimilt að vefengja nauðsyn rannsóknarinnar, svo og að óska eftir öllum gögnum eftirlitsstofnunar EFTA um málið. Lögmæti ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar um húsleit verður aðeins endurskoðað af EFTA-dómstólnum. Slík takmörkun er einnig í gildandi lögum.

Í 21. gr. bókunar 4 kemur fram að sé fyrir hendi rökstuddur grunur um að bækur eða önnur gögn, sem varða efni rannsóknarinnar og geta sannað alvarlegt brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins, séu geymd á öðrum stað, svo sem á heimilum stjórnenda, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna, getur eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun um að leita þar. Slíka ákvörðun má þó ekki framkvæma nema fyrir liggi leitarheimild innlends dómstóls. Dómstóll skal ganga úr skugga um að þau úrræði sem gripið hafi verið til séu hvorki gerræðisleg né óhófleg í ljósi alvarleika meints brots, mikilvægis þeirra sönnunargagna sem verið er að leita að og líkinda á því að gögn séu á þeim stað sem húsleitarheimildin nær til. Dómstóll getur spurt eftirlitsstofnun EFTA beint eða fyrir milligöngu Samkeppnisstofnunar eftir nákvæmum útskýringum á þeim atriðum þar sem frekari skýringa er þörf til þess að framfylgja þessu eftirliti. Eins og í núgildandi lögum er dómstólnum aftur á móti óheimilt að vefengja nauðsyn á húsleitinni eða krefjast allra málsgagna eftirlitsstofnunar EFTA. Lögmæti ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar um húsleit getur aðeins EFTA-dómstóllinn endurskoðað.

Um 3. gr.

Í 1. efnismgr. 3. gr. kemur fram hvernig innlend samkeppnisyfirvöld skulu beita 53. og 54. gr. EES-samningsins. Vegna takmarkana í EES-samningnum geta innlend samkeppnisyfirvöld ekki beitt 53. og 54. gr. hafi ESA hafið málsmeðferð í sama máli. Er 53. og 54. gr. aðeins beitt í þeim tilfellum þar sem áhrifa gætir á Evrópska efnahagssvæðinu. Það á einnig við um beitingu samkeppnisyfirvalda á ákvæðinu. Dómar EFTA-dómstólsins og EB-dómstólsins eru fordæmisgefandi við mat á því hvort áhrifa gætir á svæðinu.

Ákvæði 2. efnismgr. taka til ákvarðana samkeppnisyfirvalda ef ESA hefur tekið ákvörðun í sama máli. Með þessu ákvæði er reynt að tryggja samræmda og einsleita beitingu á 53. og 54. gr. EES-samningsins milli samkeppnisyfirvalda og eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvæðið á

að koma í veg fyrir að samkeppnisyfirvöld taki ákvarðanir sem gangi í berhögg við ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar í sama máli. Ákvæðið er samsvarandi 2. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003.

Ákvæði 3. efnismgr. fjallar um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda um að draga til baka hópundanþágureglugerð. Slíkar ákvarðanir eru teknar samkvæmt málsmeðferðarreglum samkeppnisyfirvalda. Aðilum máls er þá tryggður andmælaréttur áður en ákvörðun er tekin.

Ákvæði 4. efnismgr. fjallar um framsendingu mála til ESA. Þegar slíkt kemur til er andmælaréttur aðila takmarkaðri en fram kemur í málsmeðferðarreglum samkeppnisyfirvalda.

Ákvæði 45. gr. gildandi laga, þess efnis að ákvæði í 1.–3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn um samkeppni varðandi verslun með kol og stál skuli hafa lagagildi hér á landi, falla brott enda skulu almennar samkeppnisreglur nú gilda um viðskipti með þessar vörur.

Um 4. gr.

Um a-lið (45. gr. a).

Greinin fjallar um samspil samkeppnislaga og samkeppnisreglna EES-samningsins. Ef áhrifa af aðgerðum fyrirtækja gætir á Evrópska efnahagssvæðinu og hér á landi þannig að 53. og 54. gr. samningsins eiga við, svo og 10. eða 11. gr. samkeppnislaga, skal báðum lagabálkum beitt. Samhliða beiting getur haft í för með sér ólíkar niðurstöður eftir því hvort regluverkið er lagt til grundvallar. Ef ákvæðin stangast á skal innlendur samkeppnisréttur víkja. EES-rétturinn takmarkar því að vissu marki beitingu innlendra samkeppnislaga þegar 53. eða 54. gr. á við. Þar af leiðandi er skilyrði fyrir samhliða beitingu samkeppnislaga að þau takmarki ekki og hamli ekki samhliða beitingu EES-samkeppnisreglna.

Í 1.–2. mgr. er áréttað að hafi tiltekin athöfn fyrirtækis áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins, auk þess að hafa áhrif á Íslandi, fellur sú athöfn innan beggja kerfa. Þeim er með öðrum orðum beitt samtímis. Ef skilyrðið um áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu er ekki uppfyllt verður 53. og 54. gr. ekki beitt heldur aðeins samkeppnislögum. Þar eð 53. og 54. gr. eru samhljóða 10. og 11. gr. samkeppnislaga er lítil hætta á að beiting ákvæðanna skarist.

Í 4. mgr. kemur skýrt fram að gildissvið 1.–3. mgr. greinar þessarar tekur ekki til beitingar 18. gr. samkeppnislaga um eftirlit með samfylkingum eða annarra ákvæða samkeppnislaga sem hafa aðallega annan tilgang en 53. og 54. gr. EES-samningsins enda sé eigi kveðið á um annað í EES-rétti.

Um b-lið (45. gr. b).

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 16. gr. bókunar 4 og er sett til að tryggja samræmingu í beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar kemur fram að þegar dómstólar beita 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem ESA hefur áður tekið ákvörðun um skal dómurinn taka tillit til þeirrar ákvörðunar. Því á ákvæðið aðeins við þegar innlendir dómstólar fjalla um sama mál eða úrlausnarefni og eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun um. Dómstóll skal að sama skapi forðast að kveða upp dóm sem yrði í andstöðu við ákvörðun sem ESA hefur í hyggju að taka í máli þar sem málsmeðferð er hafin. Komi slík staða upp getur dómur metið hvort ástæða sé til að fresta málinu. Almennar lögskýringar eftirlitsstofnunar EFTA eru ekki bindandi samkvæmt ákvæðinu heldur eru það aðeins ákvörðunarorð eftirlitsstofnunarinnar í viðkomandi máli sem eru bindandi fyrir innlenda dómstóla. Dómstóll getur þó, meðan á málsmeðferð stendur, beðið um ráðgefandi álit hjá EFTA-dómstólnum á grundvelli 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um c-lið (45. gr. c).

Þessi grein er samhljóða 3. mgr. 15. gr. bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samninginn) og fjallar um rétt samkeppnisyfirvalda til að leggja fram skriflegar athugasemdir í dómsmáli er varðar beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Með leyfi dómsins er samkeppnisyfirvöldum jafnframt heimilt að koma að munnlegum athugasemdum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur sama rétt á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 3. mgr. kemur fram að Samkeppnisstofnun og ESA geta óskað eftir að dómstóll sendi eða sjái til þess að þeim séu send öll gögn sem nauðsynleg eru til að koma að athugasemdum. Skilyrði er að Samkeppnisstofnun eða ESA þurfi slík gögn til að koma að athugasemdum skv. 1. og 2. mgr.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram vegna innleiðingar reglugerðar EB, nr. 1/2003 frá 16. desember 2002, um framkvæmd samkeppnisreglna. Innleiðingin hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem talið er nauðsynlegt að lögfesta. Í frumvarpinu er sagt til um hvaða stjórnvöld hafa heimild til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins og hvaða reglur gilda um þá beitingu. Þau stjórnvöld sem geta beitt reglunum eru annars vegar ESA og EFTA-dómstóllinn og hins vegar innlend samkeppnisyfirvöld og innlendir dómstólar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1341. Tillaga til þingsályktunar [883. mál]

um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961, og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975, og að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961 (hér eftir nefndur Gvadalajara-samningurinn) og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975 (hér eftir nefnd Montreal-bókun nr. 4) og til fullgildingar á samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999 (hér eftir nefndur Montreal-samningurinn).

Gvadalajara-samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, Montreal-bókun nr. 4 sem fylgiskjal II og Montreal-samningurinn sem fylgiskjal III.

I. Varsjárkerfið.

a. Varsjársamningurinn 1929.

Hinn 12. október 1929 var í Varsjá gerður samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (hér eftir nefndur Varsjársamningurinn). Varsjársamningurinn er meðal mikilvægustu og útbreiddustu samninga sem gerðir hafa verið á sviði loftflutninga. Hinn 3. febrúar 2004 voru aðildarríki Varsjársamningsins 151 talsins. Ísland gerðist aðili að Varsjársamningnum 21. ágúst 1948 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 19. nóvember 1948. Með lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, var ákvæðum samningsins veitt lagagildi hér á landi.

Í Varsjársamningnum, sem gerður var á þeim tíma sem flugsamgöngur voru að ryðja sér til rúms, er kveðið á um að aðildarríki samningsins skuli samræma nokkrar reglur er varða loftflutninga milli landa. Þannig er með samningnum, sem fjallar m.a. um ábyrgð og skuldbindingar flytjanda og réttindi farþega og sendanda, komið á einsleitri löggjöf í aðildarríkjum samningsins á tilteknum sviðum sem varða loftflutninga. Sem dæmi má nefna löggjöf um farmiða, farangursskírteini, flugfarmskírteini, ábyrgð og skuldbindingar flytjanda og fjöl-

hliða flutning. Jafnframt takmarkar Varsjársamningurinn bótaábyrgð flytjanda í millilandaflugi við fjárhæð sem ákveðin var með tilliti til aðstæðna við gerð samningsins. Reglur Varsjársamningsins eru þó takmarkaðar á ýmsum sviðum, t.d. hvað varðar flutningsskjöl, réttindi og skyldur samningsaðila og bótaábyrgð flytjanda.

Með Varsjársamningnum var lagður grunnur að þróun millilandaflugs en tilkoma hans greiddi úr vanda sem hlotist getur af flóknum lagaskilareglum og ágreiningi um lögsögu. Jafnframt auðvelduðu ákvæði samningsins um takmarkaða bótaábyrgð flugfélögum að tryggja sér örugga afkomu fyrstu starfsárin.

Eftir því sem leið á 20. öldina urðu flugsamgöngur sífellt öruggari og algengari ferðamáti. Samhliða þessari þróun var hafist handa við að laga ákvæði Varsjársamningsins að breyttum aðstæðum í flugsamgöngum. Sú vinna leiddi til þess að ýmsar bókanir, viðbótarbókanir og viðbótarsamningar við Varsjársamninginn litu dagsins ljós. Aðildarríki Varsjársamningsins hafa þó ekki verið samtaka í aðild að framangreindum gerningum og er misjafnt hvaða gerningur gildir milli einstakra ríkja sem hefur m.a. leitt til ósamræmis milli ríkja í þeim reglum sem gilda um bótaábyrgð flytjanda. Hér á eftir fer yfirlit yfir þá gerninga sem gerðir hafa verið við Varsjársamninginn og sem mynda ásamt honum bótakefi sem nefnt hefur verið Varsjárkerfið.

b. Haag-bókunin 1955.

Hinn 28. september 1955 var gerð í Haag bókun við Varsjársamninginn (hér eftir nefnd Haag-bókunin). Með henni voru reglur Varsjársamningsins um flutningsskjöl einfölduð til muna og fjárhæð bóta vegna lífs- eða líkamstjóns farþega tvöfölduð. Ísland undirritaði bókunina 3. maí 1963 án fyrirvara um fullgildingu og öðlaðist hún gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 1963. Jafnframt var ákvæðum bókunarinnar veitt lagagildi með lögum nr. 46/1956, um breytingu á lögum nr. 41/1949. Hinn 3. febrúar 2004 voru 135 ríki aðilar að Haag-bókuninni.

c. Gvadalajara-samningurinn 1961.

Hinn 18. september 1961 var gerður í Gvadalajara samningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn. Með Gvadalajara-samningnum var reynt að laga Varsjárkerfið að þeirri staðreynd að blaut- og þurrleigur loftfara, leiguflug, deiling flugnúmera og félagaflugskipti („interlining") voru orðin algengar viðskiptavenjur flugfélaga. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Gvadalajara-samningnum. Hinn 3. febrúar 2004 voru aðildarríki samningsins 81 talsins. Gvadalajara-samningurinn telur 18 greinar og er hann prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Í I. gr. samningsins eru hugtökin „samningsbundinn flytjandi" og „flytjandi í raun" skilgreind. Samningsbundinn flytjandi gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning samkvæmt ákvæðum Varsjársamningsins. Flytjandi í raun framkvæmir hins vegar í raun allan flutninginn eða hluta hans samkvæmt umboði samningsbundna flytjandans. Gert er ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða þar til hið gagnstæða sannast. Skv. II. gr. gilda ákvæði Varsjársamningsins um samningsbundinn flytjanda og flytjanda í raun nema annað sé tekið fram í samningnum sjálfum. Hvað hinn samningsbundna flytjanda varðar gilda ákvæði Varsjársamningsins um allan flutninginn, en hvað varðar flytjanda í raun skulu þau gilda um þann flutning sem hann framkvæmir. Í ákvæðum III.–VI. gr. er útfærð nánar skipting skyldna og réttinda samningsbundins flytjanda og flytjanda í raun gagnvart farþega, sendanda eða aðila sem er

í fyrirsvari fyrir þá. Ákvæði VII. gr. fjalla um höfðun bótamáls gegn samningsbundnum flytjanda og flytjanda í raun. Stefnandi getur valið að hvorum hann beinir kröfum sínum og hvort hann stefnir einungis öðrum þeirra eða þeim báðum til óskiptrar ábyrgðar („in solidum"). Sé mál höfðað gegn öðrum flytjandanum getur hann stefnt hinum inn í málið. Í VIII. gr. eru reglur um varnarþing. Skv. 1. mgr. IX. gr. skulu einkaréttarleg samningsákvæði sem miða að því að leysa aðila undan ábyrgð hans samkvæmt Gvadalajara-samningnum eða ákvarða lægri bótamörk teljast ógild. Þetta á þó ekki við um samningsákvæði um hvarf eða tjón sem rekja má til eðlislægs eiginleika eða ágalla farms að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, sbr. 2. mgr. IX. gr. Skv. 3. mgr. IX. gr. skulu ógild vera ákvæði í flutningssamningi eða sérsamningar sem gerð eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum Gvadalajara-samningsins um lögsögu eða lög sem beita ber. Semja má um gerðardómsákvæði þegar um er að ræða flutning farms. Skv. X. gr. fjallar samningurinn ekki um skyldur og réttindi flytjendanna hvorra gagnvart öðrum með fyrirvara um ákvæði VII. gr. Í XI.–XVIII. gr. samningsins eru lokaákvæði hans. Þar er að finna reglur um undirritun samningsins, fullgildingu hans, aðild að honum, uppsögn samningsins og gildistöku hans, og um vörsluaðila og hlutverk hans.

Gera þarf breytingar á 122. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem Gvadalajara-samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar. Samgönguráðherra mun leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 60/1998. Eins og áður segir var Varsjársamningurinn lögfestur í heild sinni með lögum nr. 41/1949. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 46/1956 þegar ákvæði Haag-bókunarinnar voru lögfest. Í samræmi við framangreint mun samgönguráðherra jafnframt leggja fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 41/1949 sem gerir ráð fyrir lögfestingu ákvæða Gvadalajara-samningsins.

d. Gvatemala-bókunin 1971.

Hinn 8. mars 1971 var gerð í Gvatemala bókun um breytingu á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955 (hér eftir nefnd „Gvatemala-bókunin"). Í bókuninni er m.a. að finna reglur um þá loftflutninga sem Varsjársamningurinn, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni, skal taka til ásamt reglum af ýmsum öðrum toga. Ísland er ekki aðili að Gvatemala-bókuninni, en hún hefur ekki öðlast gildi.

e. Montreal-viðbótarbókanir nr. 1–4 1975.

Í Montreal voru hinn 25. september 1975 gerðar fjórar bókanir við Varsjársamninginn. Viðbótarbókun nr. 1 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929 (hér eftir nefnd „Montreal-viðbótarbókun nr. 1") kveður á um breytingu á myntviðmiðun Varsjársamningsins frá gulli yfir í sérstök dráttarréttindi (hér eftir nefnd „SDR").

Viðbótarbókun nr. 2 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955 (hér eftir nefnd „Montreal-viðbótarbókun nr. 2") kveður á um breytingu á myntviðmiðun Haag-bókunarinnar með sama hætti og Montreal-viðbótarbókun nr. 1 kveður á um varðandi Varsjársamninginn. Ísland er hvorki aðili að Montreal-viðbótarbókun nr. 1 né Montreal-viðbótarbókun nr. 2, en þær öðluðust gildi 15. febrúar 1996.

Viðbótarbókun nr. 3 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955 og þeirri sem gerð var í Gvatemala 8. mars 1971 (hér eftir nefnd „Montreal-viðbótarbókun nr. 3“) kveður m.a. á um hærri bótagreiðslur flytjanda vegna tjóns á innrituðum farangri, vörum og hlutum í hans umsjá sem hann ber ábyrgð á. Bókunin hefur ekki öðlast gildi og er Ísland ekki aðili að henni.

Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975, (hér eftir nefnd „Montreal-bókun nr. 4“) öðlaðist gildi 14. júní 1998. Hinn 3. febrúar 2004 voru 52 ríki aðilar að bókuninni. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Montreal-bókun nr. 4 sem er prentuð sem fylgiskjal II með tillögunni.

Montreal-bókun nr. 4 telur þrjá kafla og 25 greinar. Í I. kafla eru ákvæði I.–XIII. gr. og er í þeim kveðið á um breytingar á Varsjársamningnum eins og honum var breytt með Haag-bókuninni. Skv. II. gr. er flytjandi pósts skaðabótaskyldur gagnvart hlutaðeigandi póststjórn í samræmi við gildandi reglur um tengsl þessara aðila en ákvæði bókunarinnar gilda ekki um flutning pósts að öðru leyti. Með ákvæðum III. gr. er reglum um flugfarmskírteini breytt og formskilyrði hvað þau varðar einfölduð til muna. Er m.a. heimilt, að fengnu samþykki sendanda, að varðveita greinargerð um fyrirhugaðan flutning með öðrum hætti en í flugfarmskírteini. Hefur það engin áhrif á tilvist eða gildi flutningssamnings þótt formreglum um flugfarmskírteini sé ekki fylgt. Fjallað er um ábyrgð á upplýsingum og yfirlýsingum um farm sem færðar eru inn á flugfarmskírteini og er sendandi gerður ábyrgur fyrir því að viðkomandi upplýsingar séu réttar. Sendandi skal bæta flytjanda tjón sem hann eða aðili sem hann er ábyrgur gagnvart verður fyrir sökum þess að upplýsingar sem sendandi lætur í té eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar. Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni sem hann veldur sendanda með færslu ólögmætra, rangra eða ófullkominna upplýsinga á móttökukvittun. Í ákvæðum III. gr. er einnig fjallað um sönnunargildi flugfarmskírteina, móttökukvittana fyrir farmi og yfirlýsinga sem þar koma fram, um ráðstöfunarrétt sendanda yfir farmi, yfirfærslu réttinda sendanda til viðtakanda, not ráðstöfunarréttinda og skyldu sendanda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar og skjöl til að uppfylla formkröfur viðkomandi yfirvalda. Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni flytjanda af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar, eru ófullkomin eða ólögmæt nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi valdið tjóninu. Flytjanda ber ekki skylda til að kanna hvort upplýsingarnar eða skjölin séu rétt eða fullnægjandi. Í IV. gr. er fjallað um bótaskyldu flytjanda vegna tjóns á skráðum farangri og farmi. Flytjandi er ekki bótaskyldur nema tjónið hafi átt sér stað meðan á loftflutningi stóð og sé ekki rakið til farmsins sjálfs, stríðs, vopnaðra átaka eða aðgerða opinberra yfirvalda við komu, brottflutning eða umflutning farms. Einnig er nánar skýrt hvað telst til loftflutnings. Skv. V. gr. er flytjandi ekki bótaskyldur vegna tjóns af völdum tafa hafi hann gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða hafi það verið ómögulegt. Í VI. gr. er kveðið á um að dómstóll geti í samræmi við landslög sín sýknað flytjanda eða lækkað bótaábyrgð hans vegna tjóns í tengslum við flutning farþega eða farangurs hafi sá er fyrir tjóninu varð átt hlut í því. Jafnframt skal bera sakir af flytjanda að hluta eða að fullu vegna tjóns á farmi hafi sá er fyrir tjóninu varð átt hlut í því. Í VII. gr. er fjallað um fjárhæð bóta vegna tjóns á farmi og skýrt hvað felst í fjárhæðum sem gefnar eru upp í sérstökum dráttarréttindum. Í VIII. gr. er fjallað um höfðun bótamála. Vegna flutnings farþega eða farangurs skal eingöngu höfða mál á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar með hliðsjón af skilyrðum og þeim bótatakmörkum sem sett eru fram í Var-

sjársamningnum og hið sama gildir um bótamál vegna flutnings farms hvort sem hlutlæga ábyrgðin er byggð á Varsjársamningnum, flutningssamningi, skaðabótarétti eða öðrum grunni. Skv. IX. gr. gilda takmörk bótaábyrgðar því aðeins að flytjandi hafi ekki valdið tjóninu með saknæmum hætti. Um starfsmenn flytjanda gildir vinnuveitendaábyrgð. Skv. X. gr. skulu 1. og 2. mgr. 25. gr. A Varsjársamningsins um að starfsmaður flytjanda geti beitt vörnum hans og bótatakmörkum samkvæmt Varsjársamningnum fyrir sig og um að heildarbætur sem unnt er að dæma flytjanda, starfsmenn hans eða umboðsmenn til að greiða skulu vera innan bótatakmarka samningsins ekki gilda að því er varðar flutning farþega og farangurs sannist það að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna. Ákvæði XI. gr. varðar endurkröfurétt aðila sem á rétt á skaðabótum og í XII. gr. er fjallað um samningsfrelsi flytjanda. Í ákvæði XIII. gr. er sérregla um flutningsskjöl þegar um ræðir flutning við óvenjulegar aðstæður utan venjulegs rekstrarsviðs flytjanda. Í II. kafla Montreal-bókunar nr. 4 er fjallað um gildissvið Varsjársamningsins með áorðnum breytingum og í III. kafla eru lokaákvæði bókunarinnar. Er þar fjallað um undirritun, fullgildingu, aðild og gildistöku bókunarinnar, fyrirvara við hana, vörsluaðila og hlutverk hans og þær reglur sem gilda milli aðila að bókuninni og mismunandi gerninga tengda Varsjársamningnum.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum X. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem Montreal-bókun nr. 4 leggur aðildarríkjunum á herðar. Samgönguráðherra mun leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 60/1998. Eins og að framan greinir var Varsjársamningurinn lögfestur í heild sinni með lögum nr. 41/1949. Þar sem Varsjársamningnum er breytt með Montreal-bókun nr. 4 mun samgönguráðherra jafnframt leggja fram frumvarp um breytingu á þeim lögum sem gerir ráð fyrir lögfestingu ákvæða Montreal-bókunar nr. 4.

II. Þróun annarra bótareglna.

Samkvæmt þjóðarétti eru ríki einungis bundin af þeim gerningum sem þau eru aðilar að og í skiptum milli ríkja ber að beita þeim gerningi sem viðkomandi ríki eru bæði aðilar að. Eins og áður hefur komið fram er misjafnt hvaða ríki hafa gerst aðilar að þeim gerningum sem taldir eru upp hér að framan. Varsjárkerfið er því orðið mjög misleitt og eru bótareglur misjafnar eftir ríkjum.

Það hefur aukið á óvissuna að vegna vaxandi óþreyju hafa ýmis ríki, ríkjasamtök og Alþjóðasamtök flugfélaga (IATA) einhliða hafist handa við endurskoðun gildandi bótareglna samkvæmt Varsjárkerfinu.

Hinn 16. maí 1966 öðlaðist gildi samningur milli flugfélaga innan Alþjóðasamtaka flugfélaga og bandarískra stjórnvalda um hærri bætur vegna lífs- eða líkamstjóns farþega vegna flugs til og frá bandarísku yfirráðasvæði. Samningurinn kvað á um að fjárhæð bótanna skyldi vera 75.000 bandaríkjadalir. Fjárhæð bóta án kostnaðar vegna lögsóknar var ákveðin 58.000 bandaríkjadalir. Í raun fela ákvæði samningsins ekki í sér beinar breytingar á Varsjárkerfinu heldur var með samningnum fremur verið að staðfesta ákveðna túlkun á ákvæðum Varsjársamningsins og beitingu þeirra milli samningsaðila. Tilkoma samningsins raskaði þó þeirri skipan sem Varsjárkerfinu var ætlað að viðhalda á alþjóðavísu.

Ríkisstjórnir nokkurra Evrópuríkja ákváðu einnig að þrýsta á ríkisflugfélög sín að ganga að óformlegum samningi um hækkun bóta vegna lífs- eða líkamstjóns farþega. Hinn 1. júlí 1976 var á Möltu gerður samningur milli nokkurra evrópskra flugfélaga (Möltusamningurinn) sem kvað á um að þau flugfélög í áætlunarflugi sem væru aðilar að samningnum skyldu greiða hærri bætur vegna lífs- eða líkamstjóns farþega í alþjóðlegum loftflutningum, að frá-

töldu flugi til og frá Bandaríkjunum. Nokkur flugfélög í óreglubundnu flugi fylgdu í kjölfarið og breyttu skilmálum sínum til samræmis við ákvæði Möltusamningsins.

Hinn 7. júlí 1988 voru sett lög á Ítalíu sem kváðu á um að bótaþak vegna lífs- eða líkamstjóns farþega í flugi til og frá ítölsku yfirráðasvæði skyldi nema 100.000 SDR.

Í nóvember 1997 ákváðu japönsk flugfélög með samþykki japanskra yfirvalda að breyta skilmálum sínum þannig að flytjandi bæri ábyrgð á tjóni að fjárhæð 100.000 SDR án þess að geta borið nokkrar varnir fyrir sig. Um hærri bætur gildir sakarlíkindareglan.

Aðildarflugfélög Alþjóðasamtaka flugfélaga gerðu hinn 31. október 1995 með sér samning þar sem flugfélögin afsala sér rétti til að bera fyrir sig ákvæði 20. gr. Varsjársamningsins þegar um er að ræða bætur upp að 100.000 SDR, en skv. 20. gr. losnar flytjandi undan ábyrgð hafi hann eða starfsmenn hans gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða hafi það ekki verið í þeirra valdi að gera slíkar ráðstafanir. Jafnframt samþykktu flugfélögin að beita ekki bótaþaki 1. mgr. 22. gr. Varsjársamningsins vegna lífs- eða líkamstjóns farþega. Samningurinn öðlaðist gildi 14. febrúar 1997.

Reglugerð ráðs Evrópubandalagsins nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa öðlaðist gildi 17. október 1998. Reglugerðin kveður m.a. á um að flugfélög með flugrekstrarleyfi útgefin innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) geti ekki, upp að 100.000 SDR, undanþegið sig ábyrgð vegna lífs- eða líkamstjóns farþega á þeim grundvelli að þau hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón eða það hafi verið ómögulegt. Jafnframt er kveðið á um að huglæg bótaábyrgð flytjanda vegna lífs- eða líkamstjóns farþega verði ekki takmörkuð. Reglugerðin gildir um allt flug innan EES hvort sem um er að ræða innanlands- eða millilandaflug og um flug utan EES að því er varðar flugfélög með flugrekstrarleyfi útgefin innan EES. Einnig skyldar reglugerðin flugrekanda til fyrirframgreiðslu bóta að fjárhæð 15.000 SDR til aðstandenda látinna farþega. Þá skulu flugfélög veita farþegum nánar tilgreindar upplýsingar. Við setningu laga nr. 60/1998, um loftferðir, var efni gerðarinnar innleitt í íslenskan rétt en reglugerðin varðar EES-samninginn. Reglugerð ráðsins nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðs Evrópubandalagsins nr. 889/2002, en innleiða þarf efni hennar í íslenskan rétt. Í reglugerðinni er að finna frekari útlistun á ýmsum ákvæðum Montreal-samningsins.

III. Montreal-samningurinn 1999.

Vegna eðlis millilandaflugs er mikilvægt að reglur ríkja þar að lútandi séu ekki misleitar. Allt frá 1947 hefur staðið til að vinna að endurbótum á Varsjársamningnum, en það var fyrst í kjölfar ályktunar 31. þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hinn 1. júní 1994 sem vinna við endurskoðun Varsjárkerfisins hófst í raun. Fyrstu drög að nýjum alþjóðasamningi á þessu sviði voru send aðildarríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á vormánuðum 1997 og sérstakur vinnuhópur var myndaður til þess að vinna að endurskoðun og samræmingu Varsjárkerfisins. Á fundi ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem haldinn var í júní 1998 var ákveðið að boða til ríkjaráðstefnu í Montreal árið eftir til að ganga frá og undirrita alþjóðasamning á þessu sviði. Hinn 28. maí 1999 var gerður samningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montreal-samningurinn). Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Montreal-samningurinn öðlaðist gildi 4. nóvember 2003. Hinn 5. mars 2004 voru aðildarríki samningsins 34 talsins.

Ákvæði Montreal-samningsins taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur á sviði flugsamgangna frá því að Varsjársamningurinn var gerður. Með samningnum er brugðist við þeirri nauðsyn að færa Varsjársamninginn til nútímahorfs og koma á einsleitu bótakerfi í flugsamgöngum. Samningurinn byggist á orðalagi Varsjársamningsins með áorðnum breyt-

ingum samkvæmt Haag-bókuninni og tekur mið af skyldum gerningum, svo sem ákvæðum Gvadalajara-samningsins um flytjanda í raun, ákvæðum Montreal-bókunar nr. 4 um farmtjón, reglum um bótaábyrgð flytjanda vegna lífs- eða líkamstjóns farþega samkvæmt samningi aðildarflugfélaga Alþjóðasamtaka flugfélaga frá 31. október 1995 og reglugerð ráðs Evrópubandalagsins nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Montreal-samningnum sem er prentaður sem fylgiskjal III með tillögunni.

Montreal-samningurinn telur sjö kafla og 55 greinar. Almenn ákvæði eru í I. kafla. Ákvæði 1. gr. fjalla um gildissvið samningsins og gildir hann um alla loftflutninga milli landa gegn greiðslu og ókeypis millilandaflutning sem flugrekandi framkvæmir. Ákvæði 2. gr. fjalla um flutninga sem ríki annast, en samningurinn gildir um þá að því tilskildu að þeir rúmist innan skilyrða 1. gr. Jafnframt er í ákvæðum 2. gr. fjallað um póstflutning. Ákvæði I. kafla eru byggð á reglum Varsjársamningsins eins og honum var breytt með Haag-bókuninni og Montreal-bókun nr. 4.

Í II. kafla er að finna reglur um skjöl og skyldur aðila að því er varðar flutning farþega, farangurs og farms. Skv. 1. mgr. 3. gr. skal afhenda farþegum einstaklingsbundinn eða sameiginlegan farseðil með nánar tilteknum upplýsingum, svo sem um brottfarar- og áfangastað viðkomandi. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. inniheldur nýmæli um að heimilt sé að beita annarri aðferð við að gera farþega kleift að varðveita framangreindar upplýsingar og er hér m.a. átt við rafræna farseðla. Flytjandi skal afhenda farþega farangursmiða fyrir hvern innritaðan farangurshluta, sbr. 3. mgr. 3. gr., og skriflega tilkynningu með nánar tilteknum upplýsingum, þar á meðal um mögulega takmörkun á ábyrgð flytjanda vegna tjóns á farangri eða lífs- eða líkamstjóns farþega, sbr. 4. mgr. 3. gr. Það hefur ekki áhrif á tilvist eða gildi flutningssamnings þótt ákvæðum 3. gr. sé ekki fylgt, sbr. 5. mgr. 3. gr. Skv. 4. gr. skal afhenda fylgbréf við flutning farms, en varðveita má upplýsingar um fyrirhugaðan flutning með öðrum hætti. Í 5. gr. kemur fram hvert efni fylgibréfs eða farmkvittunar skuli vera. Skv. 6. gr. má krefjast þess að sendandi upplýsi um eðli farms til að fullnægja formkröfum opinberra yfirvalda en ákvæði þetta hefur enga skyldu, skuldbindingu eða ábyrgð í för með sér fyrir flytjanda og er hér um nýmæli að ræða. Ákvæði 7.–9. gr. fjalla um skjöl og skjalagerð vegna vöruflutninga. Að efni til innihalda þau sömu reglur og Varsjársamningurinn eins og honum var breytt með Montreal-bókun nr. 4. Ákvæði 10. gr. varða ábyrgð á upplýsingum sem fram koma í fylgiskjölum vegna farmflutnings. Sendandi ber ábyrgð á því að upplýsingar um farminn sem hann færir inn, lætur færa inn eða lætur flytjanda í té séu réttar. Aftur á móti ber flytjandi ábyrgð á upplýsingum sem hann færir inn í viðkomandi skjöl. Ákvæði 11.–15. gr. fjalla um sönnunargildi skjala, réttinn til að ráðstafa farmi, afhendingu farms, beitingu réttar sendanda og viðtakanda og gagnkvæm tengsl þriðju aðila, og eru þau að efni til óbreytt frá ákvæðum Varsjársamningsins eins og honum var breytt með Montreal-bókun nr. 4. Skv. 16. gr. er sendanda skylt að uppfylla formkröfur opinberra yfirvalda. Sendandi er bótaskyldur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem hlýst af óuppfylltum formkröfum nema flytjandi eða aðili á hans ábyrgð hafi ollið tjóninu. Flytjanda ber ekki skylda til að kanna hvort formkröfur séu uppfylltar.

Í III. kafla er fjallað um bótaábyrgð flytjanda og takmörk skaðabóta. Ákvæði 17. gr. fjalla um ábyrgð flytjanda vegna lífs- eða líkamstjóns farþega og farangurstjóns. Í 1. mgr. 17. gr. er sett fram meginreglan um að flytjandi sé bótaskyldur vegna lífs- eða líkamstjóns ef slysið sem tjóninu olli varð um borð í loftfari, þegar farið var um borð eða frá borði. Notkun hugtaksins „slys“ útilokar tjón sem alfarið má rekja til heilsuástands viðkomandi. Það fer svo eftir réttarkerfi hvers ríkis hvað felst í hugtakinu „líkamstjón“, þ.e. hvort það sé túlkað svo að það nái jafnframt til sálræns skaða. Skv. 2. mgr. 17. gr. er flytjandi aðeins bótaskyldur að því

er varðar tjón vegna eyðileggingar, skemmda á eða hvarfs innritaðs farangurs hafi tjónið orðið um borð í loftfarinu eða á meðan innritaður farangur var í vörslu flytjanda. Flytjandi er bótaskyldur vegna tjóns á óinnrituðum farangri sem rekja má til hans. Flytjandi er ekki ábyrgur fyrir tjóni sem má rekja til farangursins sjálfs. Ákvæði 3. mgr. 17. gr. setur ný tímamörk um hvenær farþegi getur haldið rétti sínum samkvæmt flutningssamningi fram gagnvart flytjanda vegna glataðs farangurs, þ.e. eftir 21 dag eða fyrr hafi flytjandi viðurkennt að farangurinn sé týndur. Ákvæði 18. gr. fjalla um bótaábyrgð flytjanda vegna tjóns á farmi og er meginreglan sú að flytjandi ber hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns sem verður meðan á loftflutningi stendur, sbr. 1. mgr. 18. gr., en skv. 3. mgr. 18. gr. er það sá tími sem farmur er í vörslu flytjanda. Skv. 2. mgr. 18. gr. er flytjandi ekki bótaskyldur sé tjónið rakið til eiginleika eða galla farmsins, umbúða hans, stríðs, vopnaðra átaka eða aðgerða opinberra yfirvalda í tengslum við komu, brottflutning eða umflutning farmsins. Ákvæði 4. mgr. 18. gr. kveður á um hvað felst í flutningi farms loftleiðis. Skv. 19. gr. ber flytjandi ábyrgð á tjóni af völdum tafa á flutningi farþega, farangurs eða farms í lofti nema hann hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra tjóni eða það hafi verið ógerlegt. Ákvæði 20. gr. hafa að geyma reglur um brottfall eða lækkun bótaábyrgðar flytjanda vegna tjóns á farþega, farangri eða farmi vegna hlutdeildar tjónþola eða þess sem sækir rétt sinn til hans í tjóninu. Skv. 1. mgr. 21. gr. getur flytjandi ekki útilokað eða takmarkað ábyrgð sína vegna lífs- eða líkamstjóns farþega sem er 100.000 SDR eða minna vegna hvers farþega. Flytjandi er ekki ábyrgur fyrir lífs- eða líkamstjóni umfram 100.000 SDR vegna hvers farþega hafi hvorki hann né aðilar á hans vegum valdið tjóninu með saknæmum hætti eða ef tjónið er eingöngu rakið til saknæmrar háttsemi þriðja aðila. Montreal-samningurinn setur þannig tvöfalt bótakerfi á fót. Bótaábyrgð flytjanda er hlutlæg upp að 100.000 SDR á farþega og huglæg bótaábyrgð flytjanda er ekki háð neinum takmörkunum. Staða farþega er því bætt til muna ef miðað er við ákvæði Varsjársamningsins. Í 22. gr. er fjallað um ábyrgð flytjanda vegna tjóns af völdum tafa og tjóns á farangri og farmi. Ábyrgð flytjanda er takmörkuð við 4.150 SDR á farþega vegna tjóns af völdum tafa, sbr. 1. mgr., 1.000 SDR á farþega vegna tjóns af völdum eyðileggingar, hvarfs eða tafa farangurs, sbr. 2. mgr., og við 17 SDR á kílógramm vegna tjóns af völdum eyðileggingar, hvarfs eða tafa farms, sbr. 3. mgr. Ákvæði 4. mgr. inniheldur reglur um hámarksábyrgð flytjanda vegna tjóns á hluta farms. Skv. 5. mgr. gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 22. gr. ekki hafi flytjandi eða aðili sem hann er ábyrgur fyrir valdið tjóninu með saknæmum hætti. Ákvæði 6. mgr. kveður á um að bótatakmörk þau sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr. komi ekki í veg fyrir að dómstóll úrskurði um greiðslu málskostnaðar til viðbótar framangreindum fjárhæðum nema flytjandi hafi áður boðið stefnanda sættir og hin dæmda fjárhæð sé lægri en fjárhæð sáttatilboðsins. Í 23. gr. er fjallað um umreikning eininga gjaldmiðla og í 24. gr. um endurskoðun bótatakmarka samningsins en vörsluaðili samningsins skal endurskoða þau á fimm ára fresti. Skv. 25. gr. Montreal-samningsins getur flytjandi samið um hærri takmörk ábyrgðar en kveðið er á um í samningnum eða um engin takmörk ábyrgðar og skv. 26. gr. eru þau samningsákvæði ógild sem fela í sér lægri takmörk ábyrgðar en samningurinn kveður á um eða leysa flytjanda undan ábyrgð. Í ákvæði 27. gr. kemur fram að ekkert í samningnum komi í veg fyrir að flytjandi geti neitað að gera flutningssamning, afsalað sér vörnum samkvæmt honum eða mælt fyrir um skilyrði sem ekki ganga gegn ákvæðum hans. Í 28. gr. er kveðið á um fyrirframgreiðslur bóta vegna lífs- eða líkamstjóns farþega. Skv. 29. gr. er hvað varðar flutning farþega, farangurs og farms einungis hægt að höfða skaðabótamál með hliðsjón af skilyrðum og þeim takmörkum ábyrgðar sem sett eru fram í Montreal-samningnum. Einungis er hægt að fá dæmdar eiginlegar skaðabætur með slíkri málshöfðun. Skv. 30. gr. getur starfsmaður eða umboðsmaður flytjanda, sem sóttur hefur verið til saka vegna tjóns

sem samningurinn fjallar um, borið fyrir sig þær varnir og bótatakmörk sem flytjanda er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningnum nema þeir hafi verið utan verksviðs síns. Heildarbætur sem unnt er að dæma flytjanda, starfsmenn hans eða umboðsmenn til að greiða skulu vera innan bótatakmarka samningsins. Hafi aðilinn valdið tjóninu með saknæmri háttsemi er einungis hægt að beita ákvæðum 30. gr. um tjón á farmi. Ákvæði 31. gr. fjalla um kvartanir vegna farangurs eða farms og hvenær og hvernig á að bera þær fram. Skv. 32. gr. ber að sækja dánarbúið falli skaðabótaskyldur aðili frá. Ákvæði 33. gr. kveða á um varnarþing. Meginreglan er heimavarnarþing hins stefnda en settar eru nokkuð víðtækar sérreglur um varnarþing í málum vegna lífs- eða líkamstjóns. Leysa skal úr réttarfarságreiningi eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað. Ákvæði 34. gr. fjalla um gerðardóma og geta aðilar að samningi um farmflutning samið um að ábyrgð flytjanda samkvæmt Montreal-samningnum skuli lögð til úrlausnar gerðardóms. Ákvæði 35. gr. mæla fyrir um málshöfðunarfresti. Ákvæði 36. gr. fjalla um gagnfæran flutning og ákvæði 37. gr. um endurkröfurétt á hendur þriðju aðilum, en Varsjársamningurinn inniheldur samsvarandi ákvæði.

Í IV. kafla Montreal-samningsins er fjallað um fjölþáttaflutninga en skv. 1. mgr. 38. gr. skulu ákvæði samningsins aðeins taka til þess flutnings sem fer fram í lofti og fellur undir samninginn þegar um fjölþáttaflutning er að ræða.

Í V. kafla er í ákvæðum 39.–48. gr. að finna reglur um loftflutninga sem annar aðili en hinn samningsbundni annast, þ.e. flytjandi í raun, og eru þau nánast eins og samsvarandi ákvæði Gvadalajara-samningsins.

Í VI. kafla er að finna ýmis ákvæði. Skv. 49. gr. skulu ógild hvers konar ákvæði í flutningssamningi og sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón varð ef þau miða að því að ganga fram hjá reglum Montreal-samningsins hvað varðar lög sem beita ber og lögsögu. Skv. 50. gr. skulu aðildarríki samningsins skylda flytjendur sína til að viðhalda fullnægjandi vátryggingu sem vegur upp ábyrgð þeirra samkvæmt samningnum og er hér um nýmæli að ræða. Ákvæði 51. gr. kveður á um undantekningu frá vissum reglum um skjalahald þegar um er að ræða flutning við óvenjulegar aðstæður utan venjulegs rekstrarsviðs flytjanda.

Lokaákvæði Montreal-samningsins eru í VII. kafla. Ákvæði 53. gr. kveða á um undirritun samningsins, fullgildingu hans, samþykki, staðfestingu og aðild að honum, gildistöku hans og hlutverk vörsluaðila samningsins. Um uppsögn samningsins er fjallað í 54. gr. og í 57. gr. um fyrirvara við hann. Í ákvæðum 55. gr. er kveðið á um tengsl samningsins við gerninga innan Varsjárkerfisins og sett fram sú regla að milli aðildarríkja Montreal-samningsins skuli hann gangi framar þeim gerningum. Í 56. gr. er fjallað um ríki þar sem fleiri en eitt réttarkerfi eiga við.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum X. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir, til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem Montreal-samningurinn leggur aðildarríkjunum á herðar. Samgönguráðherra mun leggja fram á Alþingi lagafrumvarp þar að lútandi.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn.

RÍKIN SEM UNDIRRITAÐ HAFA SAMNING ÞENNAN OG

GERA SÉR GREIN FYRIR að Varsjársamningurinn inniheldur ekki sérstök ákvæði um loftflutninga milli landa sem aðili, sem er ekki aðili að flutningssamningnum, framkvæmir,

TELJA að því sé æskilegt að setja ákvæði sem gilda í slíkum tilvikum,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

I. gr.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „Varsjársamningur" merkir samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eða Varsjársamninginn, eins og honum var breytt í Haag 1955, eftir því hvor þeirra gildir um flutning samkvæmt samningi sem um getur í b-lið;

b) „samningsbundinn flytjandi" merkir aðila sem gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning, samkvæmt ákvæðum Varsjársamningsins, við farþega eða sendanda eða við aðila sem er í fyrirsvari fyrir farþegann eða sendandann;

c) „flytjandi í raun" merkir aðila, annan en samningsbundna flytjandann, sem framkvæmir þann flutning, sem fjallað er um í b-lið, allan eða að hluta í umboði samningsbundna flytjandans en er ekki, að því er slíkan hluta varðar, flytjandi sem framkvæmir gagnfæran flutning í skilningi Varsjársamningsins.

Gera skal ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða nema sannað sé hið gagnstæða.

II. gr.

Framkvæmi flytjandi í raun flutning allan eða að hluta, það er flutning sem Varsjársamningurinn gildir um samkvæmt samningnum sem um getur í b-lið I. gr., skulu ákvæði Varsjársamningsins gilda um bæði samningsbundna flytjandann og flytjanda í raun, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum,

CONVENTION
Supplementary to the Warsaw Convention, for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Performed by a Person Other than the Contracting Carrier

THE STATES SIGNATORY TO THE PRESENT CONVENTION

NOTING that the Warsaw Convention does not contain particular rules relating to international carriage by air performed by a person who is not a party to the agreement for carriage,

CONSIDERING that it is therefore desirable to formulate rules to apply in such circumstances,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article I

In this Convention:

a) "Warsaw Convention" means the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air signed at Warsaw on 12 October 1929, or the Warsaw Convention as amended at The Hague, 1955, according to whether the carriage under the agreement referred to in paragraph b) is governed by the one or by the other;

b) "contracting carrier" means a person who as a principal makes an agreement for carriage governed by the Warsaw Convention with a passenger or consignor or with a person acting on behalf of the passenger or consignor;

c) "actual carrier" means a person, other than the contracting carrier, who, by virtue of authority from the contracting carrier, performs the whole or part of the carriage contemplated in paragraph b) but who is not with respect to such part a successive carrier within the meaning of the Warsaw Convention.

Such authority is presumed in the absence of proof to the contrary.

Article II

If an actual carrier performs the whole or part of carriage which, according to the agreement referred to in Article I, paragraph b), is governed by the Warsaw Convention, both the contracting carrier and the actual carrier shall, except as otherwise provided in this Convention, be subject to the rules of the War-

hinn fyrrnefnda að því er varðar allan flutning sem fjallað er um í flutningssamningnum og hinn síðarnefnda einungis að því er varðar þann flutning sem hann framkvæmir.

III. gr.

1. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun og starfsmanna hans og umboðsmanna á vettvangi starfs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi samningsbundna flytjandans, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir.
2. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna, sem er innan verksviðs þeirra, sé einnig athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir. Engin slík athöfn eða athafnaleysi skal, samt sem áður, gera flytjanda í raun skaðabótaskyldan umfram þau mörk sem um getur í 22. gr. Varsjársamningsins. Allir sérsamningar þar sem samningsbundni flytjandinn tekst skyldur á herðar sem Varsjársamningurinn kveður ekki á um eða fellur frá réttindum sem samningur þessi heimilar eða sérhver yfirlýsing um hagsmuni sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað, sem fjallað er um í 22. gr. fyrrnefnds samnings, skulu ekki binda flytjanda í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

IV. gr.

Kvartanir, bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt Varsjársamningnum, skulu hafa sömu þýðingu, hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða flytjanda í raun. Fyrirmæli, sem um getur í 12. gr. Varsjársamningsins, skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

V. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, ber öllum starfsmönnum eða umboðsmönnum hans eða samningsbundna flytjandans, geti þeir sannað að þeir hafi framkvæmt störf sín innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær takmarkanir á ábyrgð sem þeim flytjanda, sem þeir eru stafsmenn eða umboðsmenn hjá, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti sem samkvæmt Varsjársamningnum kemur í veg fyrir að unnt sé að skírskota til marka ábyrgðar.

VI. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, skal heildarfjárhæð, sem unnt er að fá þann flytjanda og samningsbundna flytjandann og starfsmenn þeirra og umboðsmenn, sem framkvæma

saw Convention, the former for the whole of the carriage contemplated in the agreement, the latter solely for the carriage which he performs.

Article III

1. The acts and omissions of the actual carrier and of his servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the contracting carrier.
2. The acts and omissions of the contracting carrier and of his servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the actual carrier. Nevertheless, no such act or omission shall subject the actual carrier to liability exceeding the limits specified in Article 22 of the Warsaw Convention. Any special agreement under which the contracting carrier assumes obligations not imposed by the Warsaw Convention or any waiver of rights conferred by that Convention or any special declaration of interest in delivery at destination contemplated in Article 22 of the said Convention, shall not affect the actual carrier unless agreed to by him.

Article IV

Any complaint to be made or order to be given under the Warsaw Convention to the carrier shall have the same effect whether addressed to the contracting carrier or to the actual carrier. Nevertheless, orders referred to in Article 12 of the Warsaw Convention shall only be effective if addressed to the contracting carrier.

Article V

In relation to the carriage performed by the actual carrier, any servant or agent of that carrier or of the contracting carrier shall, if he proves that he acted within the scope of his employment, be entitled to avail himself of the limits of liability which are applicable under this Convention to the carrier whose servant or agent he is unless it is proved that he acted in a manner which, under the Warsaw Convention, prevents the limits of liability from being invoked.

Article VI

In relation to the carriage performed by the actual carrier, the aggregate of the amounts recoverable from that carrier and the contracting carrier, and from their servants and agents acting within the

störf sín innan verksviðs síns, dæmda til þess að greiða, ekki vera hærri en hæsta bótafjárhæð sem unnt er að dæma annaðhvort samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun til þess að greiða samkvæmt samningi þessum, en engum aðila, sem um er getið, skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

VII. gr.

Stefnandi getur, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfum sínum, að eigin vali, hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hvorum fyrir sig. Sé málið einvörðungu höfðað gegn öðrum fyrrnefndra flytjenda ber honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn komi einnig að meðferð þess fyrir rétti og fer slík málsmeðferð og áhrif slíkrar aðkomu eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

VIII. gr.

Höfða skal skaðabótamál, sem er fjallað um í VII. gr. samnings þessa, að vali stefnanda, annaðhvort fyrir dómstóli sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum, eins og kveðið er á um í 28. gr. Varsjársamningsins, eða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun á lögheimili eða hefur aðalskrifstofu sína.

IX. gr.

1. Öll samningsákvæði, sem miða að því að leysa samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun undan ábyrgð samkvæmt samningi þessum eða að því að ákvarða lægri ábyrgðarmörk en þau sem gilda samkvæmt samningi þessum, skulu ógild, en í ógildingu sérhvers slíks ákvæðis felst ekki ógilding samningsins í heild sem ákvæði samnings þessa gilda um eftir sem áður.
2. Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, á málsgreinin hér á undan ekki við um samningsákvæði sem fjalla um hvarf eða tjón sem rekja má til eðlislægs ágalla, eiginleika eða ágalla þess farms sem er fluttur.
3. Ógild skulu vera hvers konar ákvæði í flutningssamningi og hvers konar sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa varðandi þau lög sem fara skal eftir eða varðandi lögsögu. Þegar um er að ræða flutning farms skal þó heimilt að semja um gerðardómsákvæði, samanber þó ákvæði samnings þessa, enda fari gerðardómsmeðferðin fram innan einhverrar lögsögu sem um getur í VIII. gr.

scope of their employment, shall not exceed the highest amount which could be awarded against either the contracting carrier or the actual carrier under this Convention, but none of the persons mentioned shall be liable for a sum in excess of the limit applicable to him.

Article VII

In relation to the carriage performed by the actual carrier, an action for damages may be brought, at the option of the plaintiff, against that carrier or the contracting carrier, or against both together or separately. If the action is brought against only one of those carriers, that carrier shall have the right to require the other carrier to be joined in the proceedings, the procedure and effects being governed by the law of the court seised of the case.

Article VIII

Any action for damages contemplated in Article VII of this Convention must be brought, at the option of the plaintiff, either before a court in which an action may be brought against the contracting carrier, as provided in Article 28 of the Warsaw Convention, or before the court having jurisdiction at the place where the actual carrier is ordinarily resident or has his principal place of business.

Article IX

1. Any contractual provision tending to relieve the contracting carrier or the actual carrier of liability under this Convention or to fix a lower limit than that which is applicable according to this Convention shall be null and void, but the nullity of any such provision does not involve the nullity of the whole agreement, which shall remain subject to the provisions of this Convention.
2. In respect of the carriage performed by the actual carrier, the preceding paragraph shall not apply to contractual provisions governing loss or damage resulting from the inherent defect, quality or vice of the cargo carried.
3. Any clause contained in an agreement for carriage and all special agreements entered into before the damage occurred by which the parties purport to infringe the rules laid down by this Convention, whether by deciding the law to be applied, or by altering the rules as to jurisdiction, shall be null and void. Nevertheless, for the carriage of cargo arbitration clauses are allowed, subject to this Convention, if the arbitration is to take place in one of the jurisdictions referred to in Article VIII.

X. gr.

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur flytjendanna tveggja gagnvart hvor öðrum, með fyrirvara um ákvæði VII. gr.

XI. gr.

Samningur þessi skal, fram til þess dags er hann öðlast gildi í samræmi við ákvæði XIII. gr., liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem þann dag er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða einhverra sérstofnana þeirra.

XII. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.
2. Afhenda ber skjöl um fullgildingu ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu.

XIII. gr.

1. Jafnskjótt og fimm undirritunarríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu samnings þessa til vörslu öðlast hann gildi þeirra í milli á nítugasta degi eftir þann dag er fimmta skjalið um fullgildingu er afhent.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju því ríki, sem fullgildir hann eftir það, á nítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu til vörslu.

2. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal láta skrá samning þennan hjá Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaflugmálastofnuninni jafnskjótt og hann öðlast gildi.

XIV. gr.

1. Samningur þessi skal, eftir að hann hefur öðlast gildi, liggja frammi til aðildar af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra.

2. Ríki fær aðild að samningi þessum með því að ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna er afhent aðildarskjal sem tekur gildi frá og með nítugasta degi frá þeim degi er slík afhending fer fram.

XV. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að segja upp samningi þessum með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna.
2. Uppsögn skal taka gildi sex mánuðum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við tilkynningu um uppsögn.

Article X

Except as provided in Article VII, nothing in this Convention shall affect the rights and obligations of the two carriers between themselves.

Article XI

Until the date on which this Convention comes into force in accordance with the provisions of Article XIII, it shall remain open for signature on behalf of any State which at that date is a Member of the United Nations or of any of the Specialized Agencies.

Article XII

1. This Convention shall be subject to ratification by the signatory States.
2. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of the United States of Mexico.

Article XIII

1. As soon as five of the signatory States have deposited their instruments of ratification of this Convention, it shall come into force between them on the ninetieth day after the date of the deposit of the fifth instrument of ratification.

It shall come into force for each State ratifying thereafter on the ninetieth day after the deposit of its instrument of ratification.

2. As soon as this Convention comes into force, it shall be registered with the United Nations and the International Civil Aviation Organization by the Government of the United States of Mexico.

Article XIV

1. This Convention shall, after it has come into force, be open for accession by any State Member of the United Nations or of any of the Specialized Agencies.
2. The accession of a State shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Government of the United States of Mexico and shall take effect as from the ninetieth day after the date of such deposit.

Article XV

1. Any Contracting State may denounce this Convention by notification addressed to the Government of the United States of Mexico.
2. Denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Government of the United States of Mexico of the notification of denunciation.

XVI. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, jafnhliða fullgildingu samnings þessa eða aðild að honum eða hvenær sem er eftir það, að lýsa því yfir, með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, að gildissvið samnings þessa skuli ná til allra þeirra landsvæða þar sem það fer með samskipti við önnur ríki.
2. Gildissvið samningsins skal ná til þeirra landsvæða, sem eru talin upp í fyrrnefndri tilkynningu, níutíu dögum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við slíkri tilkynningu.
3. Hverju aðildarríki er heimilt, í samræmi við ákvæði XV. gr., að segja upp samningi þessum sérstaklega fyrir hvert þeirra landsvæða, þar sem það fer með samskipti við önnur ríki, eða öll þeirra.

Article XVI

1. Any Contracting State may at the time of its ratification of or accession to this Convention or at any time thereafter declare by notification to the Government of the United States of Mexico that the Convention shall extend to any of the territories for whose international relations it is responsible.

2. The Convention shall, ninety days after the date of the receipt of such notification by the Government of the United States of Mexico, extend to the territories named therein.
3. Any Contracting State may denounce this Convention, in accordance with the provisions of Article XV, separately for any or all of the territories for the international relations of which such State is responsible.

XVII. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

Article XVII

No reservation may be made to this Convention.

XVIII. gr.

Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra um:

a) sérhverja undirritun samnings þessa og dagsetningu hennar;
b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu eða aðild og dagsetningu hennar;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa í samræmi við 1. mgr. XIII. gr.;
d) viðtöku sérhverrar tilkynningar um uppsögn og viðtökudag hennar;
e) viðtöku sérhverrar yfirlýsingar eða tilkynningar, sem er gefin út skv. XVI. gr., og viðtökudag hennar.

Article XVIII

The Government of the United States of Mexico shall give notice to the International Civil Aviation Organization and to all States Members of the United Nations or of any of the Specialized Agencies:

a) of any signature of this Convention and the date thereof;
b) of the deposit of any instrument of ratification or accession and the date thereof;
c) of the date on which this Convention comes into force in accordance with Article XIII, paragraph 1;
d) of the receipt of any notification of denunciation and the date thereof;
e) of the receipt of any declaration or notification made under Article XVI and the date thereof.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, having been duly authorized, have signed this Convention.

GJÖRT í Gvadalajara hinn 18. september 1961 á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir þrír gildir. Ef um ósamræmi er að ræða skal franski textinn ráða, en Varsjársamningurinn frá 12. október 1929 var gerður á frönsku. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna mun láta gera opinbera þýðingu á texta samningsins á rússnesku.

DONE at Guadalajara on the eighteenth day of September One Thousand Nine Hundred and Sixty-one in three authentic texts drawn up in the English, French and Spanish languages. In case of any inconsistency, the text in the French language, in which language the Warsaw Convention of 12 October 1929 was drawn up, shall prevail. The Government of the United States of Mexico will establish an official translation of the text of the Convention in the Russian language.

Afhenda ber samning þennan ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu, en samningurinn mun liggja frammi til undirritunar hjá henni í samræmi við ákvæði XI. gr., og skal fyrrnefnd ríkisstjórn senda Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra staðfest afrit af honum.

This Convention shall be deposited with the Government of the United States of Mexico with which, in accordance with Article XI, it shall remain open for signature, and that Government shall send certified copies thereof to the International Civil Aviation Organization and to all States Members of the United Nations or of any Specialized Agency.

Fylgiskjal II.

MONTREAL-BÓKUN nr. 4
um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975.

RÍKISSTJÓRNIRNAR SEM UNDIRRITAÐ HAFA BÓKUN ÞESSA OG

ÁLÍTA að æskilegt sé að breyta samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 19, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

I. KAFLI
Breytingar á samningnum.
I. gr.

Samningurinn, sem er breytt með ákvæðum þessa kafla, er Varsjársamningurinn eins og honum var breytt í Haag 1955.

II. gr.

Í 2. gr. samningsins falli 2. mgr. brott og eftirfarandi komi í stað hennar:
„2. Að því er varðar flutning pósts skal viðkomandi flytjandi aðeins skaðabótaskyldur gagnvart hlutaðeigandi póststjórn í samræmi við gildandi reglur um tengsl flytjenda og póststjórna.

3. Ákvæði samnings þessa gilda ekki um flutning pósts nema að því leyti sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar."

III. gr.

Í II. kafla samningsins falli III. hluti (5. til 16. gr.) brott og eftirfarandi komi í stað hans:

MONTREAL PROTOCOL No.4
to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air signed at Warsaw on 12 October 1929 as amended by the Protocol done at The Hague on 28 September 1955, signed at Montreal on 25 September 1975

THE GOVERNMENTS UNDERSIGNED

CONSIDERING that it is desirable to amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air signed at Warsaw on 12 October 1929 as amended by the Protocol done at The Hague on 28 September 1955,

HAVE AGREED as follows:

CHAPTER I
Amendments to the Convention
Article I

The Convention which the provisions of the present Chapter modify is the Warsaw Convention as amended at The Hague in 1955.

Article II

In Article 2 of the Convention paragraph 2 shall be deleted and replaced by the following:
"2. In the carriage of postal items the carrier shall be liable only to the relevant postal administration in accordance with the rules applicable to the relationship between the carriers and the postal administrations.
3. Except as provided in paragraph 2 of this Article, the provisions of this Convention shall not apply to the carriage of postal items."

Article III

In Chapter II of the Convention, Section III (Articles 5 to 16) shall be deleted and replaced by the following:

„III. hluti – Flugfarmskírteini.

5. gr.

1. Afhenda ber flugfarmskírteini þegar um farmflutning er að ræða.
2. Heimilt er að varðveita greinargerð um fyrirhugaðan flutning með öðrum hætti sem getur, samþykki sendandi það, komið í stað þess að afhenda flugfarmskírteini. Ef slíkri annarri aðferð er beitt skal flytjandinn, æski sendandi þess, afhenda sendanda móttökukvittun fyrir farminum sem gerir kleift að bera kennsl á sendinguna og heimilar aðgang að þeim upplýsingum sem koma fram í þeirri greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem fyrr greinir.
3. Þó ekki sé unnt, á umflutnings- og ákvörðunarstöðum, að beita þeirri aðferð annarri, sem gerði kleift að varðveita greinargerðina um flutning sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, veitir það ekki sendanda rétt til þess að neita að taka við farmi til flutnings.

6. gr.

1. Sendandi skal fylla út flugfarmskírteini í þremur frumeintökum.
2. Fyrsta eintakið skal merkt „handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Annað eintakið skal merkt „handa viðtakanda“ og skal sendandi og flytjandi undirrita það. Flytjandinn skal undirrita þriðja eintakið og afhenda sendanda eftir að farmi hefur verið veitt viðtaka.
3. Heimilt er að prenta eða stimpla undirritun flytjanda og sendanda.
4. Útfylli flytjandinn flugfarmskírteinið, að beiðni sendanda, skal litið svo á að flytjandinn hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema færðar séu sönnur á annað.

7. gr.

Ef um fleiri en eitt stykki er að ræða:

a) getur farmflytjandi krafist þess að sendandi fylli út aðskilin flugfarmskírteini;
b) getur sendandi krafist þess að flytjandinn afhendi aðskildar móttökukvittanir fyrir farmi þegar sá annar háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

8. gr.

Flugfarmskírteinið og móttökukvittun fyrir farmi skulu innihalda upplýsingar um:

a) brottfararstað og ákvörðunarstað;

b) séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæðis eins samningsaðila og einn eða fleiri

"Section III. – Documentation relating to cargo

Article 5

1. In respect of the carriage of cargo an air waybill shall be delivered.
2. Any other means which would preserve a record of the carriage to be performed may, with the consent of the consignor, be substituted for the delivery of an air waybill. If such other means are used, the carrie shall, if so requested by the consignor, deliver to the consignor a receipt for the cargo permitting identification of the consignment and access to the information contained in the record preserved by such other means.

3. The impossibility of using, at points of transit and destination, the other means which would preserve the record of the carriage referred to in paragraph 2 of this Article does not entitle the carrier to refuse to accept the cargo for carriage.

Article 6

1. The air waybill shall be made out by the consignor in three original parts.
2. The first part shall be marked "for the carrier"; it shall be signed by the consignor. The second part shall be marked "for the consignee"; it shall be signed by the consignor and by the carrier. The third part shall be signed by the carrier and handed by him to the consignor after the cargo has been accepted.
3. The signature of the carrier and that of the consignor may be printed or stamped.
4. If, at the request of the consignor, the carrier makes out the air waybill, he shall be deemed, subject to proof to the contrary, to have done so on behalf of the consignor.

Article 7

When there is more than one package:

(a) the carrier of cargo has the right to require the consignor to make out separate air waybills;
(b) the consignor has the right to require the carrier to deliver separate receipts when the other means referred to in paragraph 2 of Article 5 are used.

Article 8

The air waybill and the receipt for the cargo shall contain:

(a) an indication of the places of departure and destination;
(b) if the places of departure and destination are within the territory of a single High Contracting

umsamdir áningarstaðir innan landsvæðis annars ríkis, að minnsta kosti einn slíkan áningarstað; og

c) þyngd sendingar.

9. gr.

Þrátt fyrir að ákvæðum 5. til 8. gr. sé ekki fylgt hefur það engin áhrif á tilvist og gildi flutningssamnings sem ákvæði samnings þessa gilda engu að síður um, meðal annars ákvæði um takmörkun bótaábyrgðar.

10. gr.

1. Sendandi er ábyrgur fyrir því að upplýsingar og yfirlýsingar um farm, sem hann færir inn í flugfarmskírteini eða eru færðar inn fyrir hans hönd, séu réttar; það sama gildir um upplýsingar og yfirlýsingar um farm sem hann lætur flytjandanum í té eða eru látnar flytjanda í té fyrir hans hönd og færa á inn í móttökukvittun fyrir farmi eða greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2.mgr. 5. gr.

2. Sendandi skal gera flytjanda skaðlausan vegna alls tjóns sem flytjandinn verður fyrir, eða annar aðili sem flytjandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem sendandi lætur í té eða eru látnar í té fyrir hans hönd, eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.

3. Flytjandinn skal, með fyrirvara um ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, gera sendanda skaðlausan vegna alls tjóns sem sendandinn verður fyrir, eða annar aðili sem sendandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem flytjandinn færir inn, eða eru færðar inn fyrir hans hönd, í móttökukvittun fyrir farmi eða greinargerð, sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2. mgr. 5. gr., eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.

11. gr.

1. Flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi gildir að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir því að samningur hafi verið gerður, því að við farmi hafi verið tekið og fyrir þeim flutningsskilmálum sem þar um getur.

2. Yfirlýsingar í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi um þyngd, mál og umbúðir farms sem og stykkjafjölda gilda að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir þeim atriðum sem eru tilgreind. Yfirlýsingar um magn, rúmtak eða ástand vöru gilda hins vegar ekki sem sönnunargagn gegn flytjanda, nema að því leyti sem fram kemur í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi að hann hafi, í viðurvist sendanda, gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra eða þær eiga skylt við sýnilegt ástand farmsins.

Party, one or more agreed stopping places being within the territory of another State, an indication of at least one such stopping place; and

(c) an indication of the weight of the consignment.

Article 9

Non-compliance with the provisions of Articles 5 to 8 shall not affect the existence or the validity of the contract of carriage, which shall, none the less, be subject to the rules of this Convention including those relating to limitation of liability.

Article 10

1. The consignor is responsible for the correctness of the particulars and statements relating to the cargo inserted by him or on his behalf in the air waybill or furnished by him or on his behalf to the carrier for insertion in the receipt for the cargo or for insertion in the record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 5.

2. The consignor shall indemnify the carrier against all damage suffered by him, or by any other person to whom the carrier is liable, by reason of the irregularity, incorrectness or incompleteness of the particulars and statements furnished by the consignor or on his behalf.

3. Subject to the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article, the carrier shall indemnify the consignor against all damage suffered by him, or by any other person to whom the consignor is liable, by reason of the irregularity, incorrectness or incompleteness of the particulars and statements inserted by the carrier or on his behalf in the receipt for the cargo or in the record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 5.

Article 11

1. The air waybill or the receipt for the cargo is prima facie evidence of the conclusion of the contract, of the acceptance of the cargo and of the conditions of carriage mentioned therein.

2. Any statements in the air waybill or the receipt for the cargo relating to the weight, dimensions and packing of the cargo, as well as those relating to the number of packages, are prima facie evidence of the facts stated; those relating to the quantity, volume and condition of the cargo do not constitute evidence against the carrier except so far as they both have been, and are stated in the air waybill to have been, checked by him in the presence of the consignor, or relate to the apparent condition of the cargo.

12. gr.

1. Sendandi hefur, með fyrirvara um þá skyldu að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt flutningssamningi, rétt til þess að ráðstafa farmi með því að fjarlægja hann í flughöfn sem er brottfararstaður eða ákvörðunarstaður eða með því að stöðva flutning hans á leiðinni hvar sem lent er eða krefjast þess að hann verði afhentur á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim viðtakanda sem var upphaflega tilnefndur eða með því að krefjast þess að hann sé endursendur til flughafnar sem er brottfararstaður. Hann skal ekki fara með fyrrnefndan ráðstöfunarrétt þannig að flytjandinn eða aðrir sendendur verði fyrir tjóni og skal endurgreiða útlagðan kostnað sem hlýst af því að þessum rétti er beitt.
2. Sé ógerlegt að fara að fyrirmælum sendanda skal flytjandinn tilkynna honum það án tafar.
3. Fari flytjandinn að fyrirmælum sendanda um ráðstöfun farms án þess að krefjast þess að sá hluti flugfarmskírteinis eða móttökukvittunar fyrir farmi, sem þeim síðarnefnda er afhentur, sé lagður fram mun hann verða skaðabótaskyldur, með fyrirvara um rétt hans til bóta frá sendanda, fyrir öllu tjóni sem hver sá aðili, sem löglega hefur yfir að ráða fyrrnefndum hluta flugfarmskírteinisins eða móttökukvittunarinnar fyrir farmi, kann að verða fyrir af þeim sökum.
4. Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 13. gr. Neiti viðtakandi því að taka við farmi eða ekki er unnt að ná sambandi við hann endurheimtir sendandi samt sem áður ráðstöfunarrétt sinn.

Article 12

1. Subject to his liability to carry out all his obligations under the contract of carriage, the consignor has the right to dispose of the cargo by withdrawing it at the airport of departure or destination, or by stopping it in the course of the journey on any landing, or by calling for it to be delivered at the place of destination or in the course of the journey to a person otherthan the consignee originally designated, or by requiring it to be returned to the airport of departure. He must not exercise this right of disposition in such a way as to prejudice the carrier or other consignors and he must repay any expenses occasioned by the exercise of this right.

2. If it is impossible to carry out the orders of the consignor the carrier must so inform him forthwith.
3. If the carrier obeys the orders of the consignor for the disposition of the cargo without requiring the production of the part of the air waybill or the receipt for the cargo delivered to the latter, he will be liable, without prejudice to his right of recovery from the consignor, for any damage which may be caused thereby to any person who is lawfully in possession of that part of the air waybill or the receipt for the cargo.
4. The right conferred on the consignor ceases at the moment when that of the consignee begins in accordance with Article 13. Nevertheless, if the consignee declines to accept the cargo, or if he cannot be communicated with, the consignor resumes his right of disposition.

13. gr.

1. Viðtakanda ber, nema sendandi hafi haldið fram rétti sínum skv. 12. gr., réttur til að gera kröfu, við komu farms til ákvörðunarstaðar, um að flytjandinn afhendi honum farminn gegn greiðslu tilhlýðilegra gjalda og eftir að hann hefur fullnægt skilyrðum um flutning.
2. Flytjanda ber skylda til þess að tilkynna viðtakanda án tafar um komu farms, nema samið sé um annað.
3. Viðurkenni flytjandi að farmur hafi glatast eða sé farmur ókominn sjö dögum eftir þann dag sem von var á honum getur viðtakandi haldið fram þeim rétti gagnvart flytjandanum sem flutningssamningurinn kveður á um.

Article 13

1. Except when the consignor has exercised his right under Article 12, the consignee is entitled, on arrival of the cargo at the place of destination, to require the carrier to deliver the cargo to him, on payment of the charges due and on complying with the conditions of carriage.
2. Unless it is otherwise agreed, it is the duty of the carrier to give notice to the consignee as soon as the cargo arrives.
3. If the carrier admits the loss of the cargo, or if the cargo has not arrived at the expiration of seven days after the date on which it ought to have arrived, the consignee is entitled to enforce against the carrier the rights which flow from the contract of carriage.

14. gr.

Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig nýtt sér allan þann rétt sem þeim ber skv. 12. og 13. gr., hvor í eigin nafni, hvort sem þeir gæta eigin hagsmuna

Article 14

The consignor and the consignee can respectively enforce all the rights given them by Articles 12 and 13, each in his own name, whether he is acting in his

eða hagsmuna annarra, að því tilskildu að þeir sinni þeim skyldum sem þeim ber samkvæmt flutningssamningi.

15. gr.

1. Ákvæði 12., 13. og 14. gr. hafa hvorki áhrif á tengsl sendanda og viðtakanda þeirra á milli né gagnkvæm tengsl þriðju aðila sem sækja rétt sinn annaðhvort til sendanda eða viðtakanda.

2. Ákvæðum 12., 13. og 14. gr. má aðeins breyta með sérstöku ákvæði í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi.

16. gr.

2. Þegar um ræðir fjölþátta flutninga skal ekkert í samningi þessum koma í veg fyrir að aðilar setji skilmála inn í viðeigandi skjal um flutning í lofti sem eiga við um aðrar tegundir flutnings, að því tilskildu að ákvæðum samnings þessa sé hlítt að því er varðar flutning í lofti.

V. kafli
Flutningur loftleiðis sem annar en samningsbundni flytjandinn framkvæmir.
39. gr.
Samningsbundinn flytjandi – flytjandi í raun.

Ákvæði þessa kafla gilda þegar aðili (hér á eftir nefndur „samningsbundinn flytjandi“) gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning, samkvæmt ákvæðum samnings þessa, við farþega eða sendanda eða við aðila, sem er í fyrirsvari fyrir farþegann eða sendandann, og annar aðili (hér á eftir nefndur „flytjandi í raun“) framkvæmir allan eða hluta flutnings í umboði samningsbundna flytjandans en er ekki, að því er slíkan hluta varðar, flytjandi sem framkvæmir gagnfæran flutning í skilningi samnings þessa. Gera skal ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða nema sannað sé hið gagnstæða.

3. As regards baggage or cargo, the passenger or consignor will have a right of action against the first carrier, and the passenger or consignee who is entitled to delivery will have a right of action against the last carrier, and further, each may take action against the carrier which performed the carriage during which the destruction, loss, damage or delay took place. These carriers will be jointly and severally liable to the passenger or to the consignor or consignee.

Article 37
Right of Recourse against Third Parties

Nothing in this Convention shall prejudice the question whether a person liable for damage in accordance with its provisions has right of recourse against any other person.

Chapter IV
Combined Carriage
Article 38
Combined Carriage

1. In the case of combined carriage performed partly by air and partly by any other mode of carriage, the provisions of this Convention shall, subject to paragraph 4 of Article 18, apply only to the carriage by air, provided that the carriage by air falls within the terms of Article 1.

2. Nothing in this convention shall prevent the parties in the case of combined carriage from inserting in the document of air carriage conditions relating to other modes of carriage, provided that the provisions of this Convention are observed as regards the carriage by air.

Chapter V
Carriage by Air Performed by a Person other than the Contracting Carrier
Article 39
Contracting Carrier – Actual Carrier

The provisions of this Chapter apply when a person (hereinafter referred to as "the contracting carrier") as a principal makes a contract of carriage governed by this Convention with a passenger or consignor or with a person acting on behalf of the passenger or consignor, and another person (hereinafter referred to as "the actual carrier") performs, by virtue of authority from the contracting carrier, the whole or part of the carriage, but is not with respect to such part a successive carrier within the meaning of this Convention. Such authority shall be presumed in the absence of proof to the contrary.

40. gr.
Ábyrgð samningsbundins flytjanda og flytjanda í raun hvors um sig.

Framkvæmi flytjandi í raun allan eða hluta flutnings, það er flutning sem samningur þessi gildir um samkvæmt flutningssamningnum sem um getur í 39. gr., skulu ákvæði samnings þessa gilda um bæði samningsbundna flytjandann og flytjandann í raun, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla, hinn fyrrnefnda að því er varðar allan flutninginn sem fjallað er um í flutningssamningnum og hinn síðarnefnda einungis að því er varðar þann flutning sem hann framkvæmir.

Article 40
Respective Liability of Contracting and Actual Carriers

If an actual carrier performs the whole or part of carriage which, according to the contract referred to in Article 39, is governed by this Convention, both the contracting carrier and the actual carrier shall, except as otherwise provided in this Chapter, be subject to the rules of this Convention, the former for the whole of the carriage contemplated in the contract, the latter solely for the carriage which it performs.

41. gr.
Sameiginleg ábyrgð.

1. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun og starfsmanna hans og umboðsmanna sem er innan verksviðs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi samningsbundna flytjandans að því er varðar flutning sem flytjandinn í raun framkvæmir.
2. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem er innan verksviðs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi flytjandans í raun, að því er varðar flutning sem flytjandinn í raun framkvæmir. Engin slík athöfn eða athafnaleysi skal samt sem áður gera flytjandann í raun skaðabótaskyldan umfram þær fjárhæðir sem um getur í 21., 22., 23. og 24. gr. Allir sérsamningar þar sem samningsbundni flytjandinn tekst skyldur á herðar sem samningur þessi kveður ekki á um eða fellur frá réttindum eða vörnum sem samningur þessi heimilar eða sérhver yfirlýsing um hagsmuni sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað, sem fjallað er um í 22. gr., skulu ekki binda flytjanda í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

Article 41
Mutual Liability

1. The acts and omissions of the actual carrier and of its servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the contracting carrier.
2. The acts and omissions of the contracting carrier and of its servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the actual carrier. Nevertheless, no such act or omission shall subject the actual carrier to liability exceeding the amounts referred to in Articles 21, 22, 23 and 24. Any special agreement under which the contracting carrier assumes obligations not imposed by this Convention or any waiver of rights or defences conferred by this Convention or any special declaration of interest in delivery at destination contemplated in Article 22 shall not affect the actual carrier unless agreed to by it.

42. gr.
Viðtakandi kvartana og fyrirmæla.

Kvartanir, bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt samningi þessum, skulu hafa sömu þýðingu hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða flytjanda í raun. Fyrirmæli, sem um getur í 12. gr., skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

Article 42
Addressee of Complaints and Instructions

Any complaint to be made or instruction to be given under this Convention to the carrier shall have the same effect whether addressed to the contracting carrier or to the actual carrier. Nevertheless, instructions referred to in Article 12 shall only be effective if addressed to the contracting carrier.

43. gr.
Starfsmenn og umboðsmenn.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, er öllum starfsmönnum eða umboðsmönnum hans eða samningsbundna flytjandans, heimilt, ef þeir sanna að þeir hafi haldið sig innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær ábyrgðarleysis-

Article 43
Servants and Agents

In relation to the carriage performed by the actual carrier, any servant or agent of that carrier or of the contracting carrier shall, if they prove that they acted within the scope of their employment, be entitled to avail themselves of the conditions and limits of liabi-

ástæður og takmarkanir á ábyrgð sem þeim flytjanda, sem þeir eru stafsmenn eða umboðsmenn hjá, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti sem kemur í veg fyrir að unnt sé að skírskota til marka ábyrgðar samkvæmt samningi þessum.

44. gr.
Heildarupphæð skaðabóta.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, skulu samanlagðar bætur frá honum, samningsbundna flytjandanum og frá starfsmönnum og umboðsmönnum þeirra, sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns, ekki verða hærri en sem nemur hæstu fjárhæð sem annaðhvort samningsbundna flytjandanum eða flytjanda í raun yrði gert að inna af hendi samkvæmt samningi þessum, en engum aðila, sem um er getið, skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

45. gr.
Viðtakandi krafna.

Stefnandi getur, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfum sínum, að eigin vali, hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hverjum fyrir sig.

Sé málið einvörðungu höfðað gegn öðrum fyrrnefndra flytjenda ber honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn komi einnig að meðferð þess fyrir rétti og fer slík málsmeðferð og áhrif slíkrar aðkomu eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

46. gr.
Viðbótarvarnarþing.

Höfða skal skaðabótamál, sem er fjallað um í 45. gr., að vali stefnanda á landsvæði einhvers aðildarríkis samnings þessa, annaðhvort fyrir dómstóli sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum, eins og kveðið er á um í 33. gr., eða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun á lögheimili eða hefur aðalskrifstofu sína.

47. gr.
Ógilding samningsákvæða.

Öll samningsákvæði, sem miða að því að leysa samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun undan ábyrgð samkvæmt þessum kafla eða að því að ákvarða lægri ábyrgðarmörk en þau sem gilda samkvæmt þessum kafla, skulu ógild, en í ógildingu sérhvers slíks ákvæðis felst ekki ógilding samningsins í heild sem ákvæði samnings þessa gilda um eftir sem áður.

lity which are applicable under this Convention to the carrier whose servant or agent they are, unless it is proved that they acted in a manner that prevents the limits of liability from being invoked in accordance with this Convention.

Article 44
Aggregation of Damages

In relation to the carriage performed by the actual carrier, the aggregate of the amounts recoverable from that carrier and the contracting carrier, and from their servants and agents acting within the scope of their employment, shall not exceed the highest amount which could be awarded against either the contracting carrier or the actual carrier under this Convention, but none of the persons mentioned shall be liable for a sum in excess of the limit applicable to that person.

Article 45
Addressee of Claims

In relation to the carriage performed by the actual carrier, an action for damages may be brought, at the option of the plaintiff, against that carrier or the contracting carrier, or against both together or separately.

If the action is brought against only one of those carriers, that carrier shall have the right to require the other carrier to be joined in the proceedings, the procedure and effects being governed by the law of the court seised of the case.

Article 46
Additional Jurisdiction

Any action for damages contemplated in Article 45 must be brought, at the option of the plaintiff, in the territory of one of the States Parties, either before a court in which an action may be brought against the contracting carrier, as provided in Article 33, or before the court having jurisdiction at the place where the actual carrier has its domicile or its principal place of business.

Article 47
Invalidity of Contractual Provisions

Any contractual provision tending to relieve the contracting carrier or the actual carrier of liability under this Chapter or to fix a lower limit than that which is applicable according to this Chapter shall be null and void, but the nullity of any such provision of this Chapter.

48. gr.
Innbyrðis tengsl samningsbundins flytjanda og flytjanda í raun.

Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur flytjendanna gagnvart hverjum öðrum, þar með talinn endurkröfurétt og rétt til skaðleysisbóta, með fyrirvara um ákvæði 45. gr.

VI. kafli
Önnur ákvæði.
49. gr.
Ófrávíkjanlegt gildissvið.

Ógild skulu vera hvers konar ákvæði í flutningssamningi og hvers konar sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa varðandi þau lög sem fara skal eftir eða varðandi lögsögu.

50. gr.
Vátrygging.

Aðildarríki samnings þessa skulu skylda flytjendur sína til þess að viðhalda fullnægjandi vátryggingu í samræmi við ábyrgð þeirra samkvæmt samningi þessum. Aðildarríki samnings þessa getur krafið flytjanda, sem er með starfsemi á landsvæði þess, um að hann leggi fram gögn því til staðfestingar að hann viðhaldi fullnægjandi vátryggingu sem vegur upp ábyrgð hans samkvæmt samningi þessum.

51. gr.
Flutningur við óvenjulegar aðstæður.

Ákvæði 3. til 5. gr. og 7. og 8. gr. um skjalahald í flutningum gilda ekki þegar um ræðir flutning við óvenjulegar aðstæður utan venjulegs rekstrarsviðs flytjanda.

52. gr.
Merking daga.

Orðið „dagar" merkir í samningi þessum almanaksdaga en ekki virka daga.

VII. kafli
Lokaákvæði.
53. gr.
Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 28. maí 1999 af hálfu þátttökuríkja alþjóðlegu ráðstefnunnar um flugrétt sem var haldin í Montreal 10. til 28. maí 1999. Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal

Article 48
Mutual Relations of Contracting and Actual Carriers

Except as provided in Article 45, nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the carriers between themselves, including any right of recourse or indemnification.

Chapter VI
Other Provisions
Article 49
Mandatory Application

Any clause contained in the contract of carriage and all special agreements entered into before the damage occurred by which the parties purport to infringe the rules laid down by this Convention, whether by deciding the law to be applied, or by altering the rules as to jurisdiction, shall be null and void.

Article 50
Insurance

States Parties shall require their carriers to maintain adequate insurance covering their liability under this Convention. A carrier may be required by the State Party into which it operates to furnish evidence that it maintains adequate insurance covering its liability under this convention.

Article 51
Carriage Performed in Extraordinary Circumstances

The provisions of Articles 3 to 5, 7 and 8 relating to the documentation of carriage shall not apply in the case of carriage performed in extraordinary circumstances outside the normal scope of a carrier's business.

Article 52
Definition of Days

The expression "days" when used in this Convention means calendar days, not working days.

Chapter VII
Final Clauses
Article 53
Signature, Ratification and Entry into Force

1. This Convention shall be open for signature in Montreal on 28 May 1999 by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 10 to 28 May 1999. After 28 May 1999, the Convention shall be open to all States for signature at the Headquarters of the International

uns hann öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 6. mgr. þessarar greinar.

2. Samningur þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðisbundinna stofnana á sviði efnahagslegs samruna. Í samningi þessum merkir „svæðisbundin stofnun á sviði efnahagslegs samruna“ stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og er réttbær til þess að fara með tiltekin mál sem samningur þessi fjallar um og hefur fullt umboð til þess að undirrita samning þennan, fullgilda hann, staðfesta eða samþykkja eða gerast aðili að honum. Vísun til „aðildarríkis“ eða „aðildarríkja“ í samningi þessum annars staðar en í 2. mgr. 1. gr., b-lið 1. mgr. 3. gr., b-lið 5. gr., 23., 33. og 46. gr. og b-lið 57. gr. gildir jafnt um svæðisbundna stofnun á sviði efnahagslegs samruna. Að því er varðar 24. gr. gildir vísun til „meirihluta aðildarríkjanna“ og „þriðjungs aðildarríkjanna“ ekki um svæðisbundna stofnun á sviði efnahagslegs samruna.

3. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu af hálfu ríkja og svæðisbundinna stofnana á sviði efnahagslegs samruna sem hafa undirritað hann.
4. Öllum ríkjum og svæðisbundnum stofnunum á sviði efnahagslegs samruna, sem undirrita ekki samning þennan, er heimilt að staðfesta eða samþykkja samning þennan eða gerast aðili að honum hvenær sem er.
5. Afhenda ber skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu sem er hér með tilnefnd vörsluaðili samningsins.
6. Samningur þessi tekur gildi milli þeirra ríkja, sem hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, á sextugasta degi eftir að þrítugasta skjalið þess efnis hefur verið afhent vörsluaðila. Skjal, sem stofnun á sviði efnahagslegs samruna afhendir til vörslu, er ómeðtalið að því er varðar þessa málsgrein.

7. Samningur þessi tekur gildi, að því er varðar önnur ríki og aðrar stofnanir á sviði efnahagslegs samruna, sextíu dögum eftir þann dag er skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild var afhent til vörslu.
8. Vörsluaðili skal tilkynna öllum undirritunaraðilum og aðildarríkjum án tafar um:
a) sérhverja undirritun samnings þessa og dagsetningu hennar;
b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild og dagsetningu hennar;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa;

Civil Aviation Organization in Montreal until it enters into force in accordance with paragraph 6 of this Article.
2. This Convention shall similarly be open for signature by Regional Economic Integration Organisations. For the purpose of this Convention, a "Regional Economic Integration Organisation" means any organisation which is constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of certain matters governed by this Convention and has been duly authorized to sign and to ratify, accept, approve or accede to this Convention. A reference to a "State Party" or "States Parties" in this Convention, otherwise than in paragraph 2 of Article 1, paragraph 1(b) of Article 3, paragraph (b) of Article 5, Articles 23, 33, 46 and paragraph (b) of Article 57, applies equally to a Regional Economic Integration Organisation. For the purpose of Article 24, the references to "a majority of the States Parties" and "one-third of the States Parties" shall not apply to a Regional Economic Integration Organisation.
3. This Convention shall be subject to ratification by States and by Regional Economic Integration Organisations which have signed it.
4. Any State or Regional Economic Integration Organisation which does not sign this convention may accept, approve or accede to it at any time.

5. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the International Civil Aviation Organization, which is hereby designated the Depositary.
6. This Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of the thirtieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Depositary between the States which have deposited such instrument. An instrument deposited by a Regional Economic Integration Organisation shall not be counted for the purpose of this paragraph.
7. For other States and for other Regional Economic Integration Organisations, this Convention shall take effect sixty days following the date of deposit of the instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
8. The Depositary shall promptly notify all signatories and States Parties of:
(a) each signature of this Convention and date thereof;
(b) each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession and date thereof;

(c) the date of entry into force of this Convention;

d) dagsetningu gildistöku breyttra marka ábyrgðar sem eru ákveðin samkvæmt samningi þessum;

e) sérhverja uppsögn skv. 54. gr.

54. gr.
Uppsögn.

1. Öllum aðildarríkjum er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn skal taka gildi eitthundrað og áttatíu dögum eftir þann dag er vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögn.

55. gr.
Tengsl við aðra gerninga samkvæmt Varsjársamningnum.

Samningur þessi gengur framar öllum reglum sem gilda um flutninga milli landa loftleiðis:

1. milli aðildarríkja samnings þessa í krafti þess að þau séu almennt aðilar að:

a) samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929 (hér á eftir nefndur Varsjársamningurinn);

b) bókuninni um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929, sem var gerð í Haag 28. september 1955, (hér á eftir nefnd Haag-bókunin);

c) samningnum um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi framkvæmir, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem undirritaður var í Gvadalajara 18. september 1961, (hér á eftir nefndur Gvadalajara-samningurinn);

d) bókuninni um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eins og henni var breytt með bókuninni sem var gerð í Haag 28. september 1955 og undirrituð var í Gvatemala 8. mars 1971 (hér á eftir nefnd Gvatemala-bókunin);

e) Viðbótarbókanir nr. 1–3 og Montreal-bókun nr. 4 um breytingu á Varsjársamningnum, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni, eða Varsjársamningnum, eins og honum var breytt með bæði Haag-bókuninni og Gvatemala-bókuninni sem voru undirritaðar í Montreal 25. september 1975 (hér á eftir nefndar Montreal-bókanirnar); eða

2. innan landsvæðis hvaða einstaka aðildarríkis samnings þessa sem er í krafti þess að viðkomandi

(d) the date of the coming into force of any revision of the limits of liability established under this Convention;

(e) any denunciation under Article 54.

Article 54
Denunciation

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Depositary.

2. Denunciation shall take effect one hundred and eighty days following the date on which notification is received by the Depositary.

Article 55
Relationship with other Warsaw Convention Instruments

This Convention shall prevail over any rules which apply to international carriage by air:

1. between States Parties to this Convention by virtue of those States commonly being Party to

(a) the *Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air* Signed at Warsaw on 12 October 1929 (hereinafter called the Warsaw Convention);

(b) the *Protocol to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929,* Done at The Hague on 28 September 1955 (hereinafter called The Hague Protocol);

(c) the *Convention, Supplementary to the Warsaw Convention, for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Performed by a Person Other than the Contracting Carrier,* signed at Guadalajara on 18 September 1961 (hereinafter called the Guadalajara Convention);

(d) the *Protocol to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at The Hague on 28 September 1955* Singed at Guatemala City on 8 March 1971 (hereinafter called the Guatemala City Protocol);

(e) Additional Protocol Nos. 1 to 3 and Montreal Protocol No. 4 to amend the Warsaw Convention as amended by The Hague Protocol or the Warsaw Convention as amended by both The Hague Protocol and the Guatemala City Protocol Signed at Montreal on 25 September 1975 (hereinafter called the Montreal Protocols); or

2. within the territory of any single State Party to this Convention by virtue of that State being Party to

ríki sé aðili að einum eða fleiri gerningum sem um getur í a- til e-lið hér að framan.

56. gr.
Ríki þar sem fleiri en eitt réttarkerfi eiga við.

1. Ráði ríki yfir tveimur eða fleiri landsvæðum þar sem ólík réttarkerfi eiga við um málefni, sem samningur þessi fjallar um, er því heimilt að lýsa því yfir, við undirritun hans, fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða þegar það gerist aðili að honum, að samningur þessi skuli gilda á öllum landsvæðum þess eða einvörðungu á einu þeirra eða fleirum og er því enn fremur heimilt að gera breytingar á þeirri yfirlýsingu með því að senda aðra yfirlýsingu hvenær sem það kýs.

2. Tilkynna ber um hverja slíka yfirlýsingu til vörsluaðila og taka skýrt fram á hvaða landsvæðum samningurinn gildir.

3. Að því er varðar aðildarríki samnings þessa sem gefið hefur út slíka yfirlýsingu:

a) skal líta svo á að vísanir í 23. gr. til „innlendra gjaldmiðla" eigi við gjaldmiðil viðkomandi landsvæðis þess ríkis; og
b) að vísanir í 28. gr. til „innlendra laga" eigi við lög viðkomandi landsvæðis þess ríkis.

57. gr.
Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan með þeirri undantekningu að aðildarríki hans er hvenær sem er heimilt að lýsa því yfir, í tilkynningu til vörsluaðila, að samningur þessi gildi ekki um:

a) flutninga milli landa loftleiðis sem það aðildarríki framkvæmir og rekur sjálft millilíðalaust í öðrum tilgangi en viðskiptalegum eða í þeim tilgangi að gegna hlutverki sínu og skyldum sem fullvalda ríki; og/eða
b) flutning farþega, farms og farangurs fyrir hernaðaryfirvöld þess með loftfari, sem er skráð í því aðildarríki eða tekið á leigu af því, þar sem slík yfirvöld hafa tekið frá allt flutningsrými eða það hefur verið gert fyrir þeirra hönd.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal hinn 28. maí 1999 á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir. Samningur þessi skal varðveittur í skjalasafni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skal vörsluaðili senda öllum aðildarríkjum samnings þessa og öllum aðildarríkjum Varsjársamningsins, Haag-bókunarinnar, Gvadalajara-samningsins,

one or more of the instruments referred to in subparagraphs (a) to (e) above.

Article 56
States with more than one System of Law

1. If a State has two or more territorial units in which different systems of law are applicable in relation to matters dealt with in this Convention, it may at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession declare that this Convention shall extend to all its territorial units or only to one or more of them and may modify this declaration by submitting another declaration at any time.

2. Any such declaration shall be notified to the Depositary and shall state expressly the territorial units to which the Convention applies.

3. In relation to a State Party which has made such a declaration:

(a) references in Article 23 to "national currency" shall be construed as referring to the currency of the relevant territorial unit of that State; and
(b) the reference in Article 28 to "national law" shall be construed as referring to the law of the relevant territorial unit of that State.

Article 57
Reservations

No reservation may be made to this Convention except that a State Party may at any time declare by a notification addressed to the Depositary that this Convention shall not apply to:

(a) international carriage by air performed and operated directly by that State Party for non-commercial purposes in respect to its functions and duties as a sovereign State; and/or

(b) the carriage of persons, cargo and baggage for its military authorities on aircraft registered in or leased by that State Party, the whole capacity of which as been reserved by or in behalf of such authorities.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, having been duly authorized, have signed this Convention.

DONE at Montreal on the 28th day of May of the year one thousand nine hundred and ninety-nine in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, all texts being equally authentic. This Convention shall remain deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, as well as to all States Parties to the Warsaw

Gvatemala-bókunarinnar og Montreal-bókananna staðfest afrit af honum.

Convention, the Hague Protocol, the Guadalajara Convention, the Guatemala City Protocol, and the Montreal Protocols.

1342. Tillaga til þingsályktunar [884. mál]

um aðild að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerð um endurskoðun samningsins og samningi um beitingu 65. gr. samningsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningnum) sem gerður var í München 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningsins) sem gerð var í München 29. nóvember 2000 og samningi um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningnum) sem gerður var í München 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningsins) sem gerð var í München 29. nóvember 2000 (hér eftir nefnd „endurskoðunargerðin“) og samningi um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000 (hér eftir nefndur „Lundúnasamningurinn“).

Evrópski einkaleyfasamningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari, endurskoðunargerðin sem fylgiskjal II og Lundúnasamningurinn sem fylgiskjal III.

I. Þróun.

Með aukinni útbreiðslu hugverka og þekkingar hefur vernd hugverkaréttinda öðlast sífellt alþjóðlegri svip. Fyrsti alþjóðasamningurinn á þessu sviði, samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, var gerður í París 20. mars 1883 (hér eftir nefndur „Parísarsamningurinn“). Upphaflega voru aðildarríki Parísarsamningsins, svokölluð sambandslönd, 11 talsins. Með Parísarsamningnum er ríkisborgurum sambandslands tryggður möguleiki á að afla sér hugverkaréttarverndar í hinum sambandslöndunum. Hinn 15. janúar 2004 voru sambandslöndin 166 talsins, þar á meðal Ísland. Frá gerð Parísarsamningsins hefur orðið gífurleg breyting á hinu lagalega umhverfi á þessu sviði til samræmis við tækniframfarir og almenna þróun. Efnahagslegt mikilvægi hugverka í alþjóðlegum viðskiptum hefur aukist til muna og hefur réttarvernd hugverka þurft að taka mið af breyttum aðstæðum. Þróunin hefur leitt til þess að ýmsir alþjóðasamningar á sviði hugverkaréttar hafa litið dagsins ljós.

Samkvæmt Parísarsamningnum geta sambandslöndin gert með sér sérstakt samkomulag um lögvernd eignarréttinda á sviði iðnaðar svo fremi að þau brjóti ekki í bága við ákvæði samningsins. Á síðari hluta 20. aldar voru gerðir nokkrir mikilvægir gerningar er fjalla eingöngu um einkaleyfi.

Hinn 27. nóvember 1963 var gerður í Strassborg samningur um samræmingu nokkurra efnisreglna varðandi einkaleyfi fyrir uppfinningar á vegum Evrópuráðsins. Þótt samningurinn hafi ekki öðlast gildi fyrr en 1. ágúst 1980 hafði hann gífurleg áhrif til endurbóta á landslögum ýmissa ríkja og alþjóðlegum gerningum á þessu sviði, en m.a. var tekið mið af honum við samræmingu norrænu einkaleyfalaganna. Ísland er ekki aðili að samningnum.

Hinn 19. júní 1970 var gerður í Washington samstarfssamningur um einkaleyfi. Hinn 17. mars 2004 voru aðildarríki samningsins 123 talsins og er Ísland þar á meðal. Samstarfssamningurinn kveður á um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir. Með samningnum er framkvæmd nokkurra þrepa í alþjóðlegri einkaleyfisumsókn samræmd og mælt fyrir um alþjóðlega nýnæmis- og einkaleyfisrannsókn uppfinningar, en endanleg veiting einkaleyfis er í höndum þar til bærra yfirvalda aðildarríkjanna.

Evrópski einkaleyfasamningurinn var gerður í München 5. október 1973. Með samningnum var Evrópsku einkaleyfastofnuninni komið á fót. Undirstofnun hennar, Evrópska einkaleyfastofan, veitir „evrópskt einkaleyfi“ á grundvelli einsleitrar málsmeðferðar sem er sameiginleg fyrir samningsríkin. Þannig má með einni umsókn fá einkaleyfi í einu eða fleiri samningsríkjum. Eftir veitingu einkaleyfisins veitir það sömu réttindi og landsbundið einkaleyfi og fylgir landslögum viðkomandi ríkis að mestu leyti. Evrópski einkaleyfasamningurinn öðlaðist gildi 7. október 1977. Hinn 17. mars 2004 voru 28 ríki aðilar að samningnum.

Hinn 15. desember 1975 var í Lúxemborg gerður Evrópusbandalagssamningur um einkaleyfi (hér eftir nefndur „Lúxemborgarsamningurinn“). Með honum var leitast við að koma á einu samræmdu einkaleyfi fyrir öll aðildarríki Evrópubandalagsins. Samningurinn hefur ekki öðlast gildi.

Evrópubandalagið (EB) hefur unnið að regluverki um bandalagseinkaleyfi í nokkurn tíma. Drög að því eru m.a. byggð á Lúxemborgarsamningnum með áorðnum breytingum og samningnum um hugverkarétt í viðskiptum frá 15. apríl 1994. Í drögum að regluverkinu er gert ráð fyrir því að umsækjandi sem tilnefnir aðildarríki EB í umsókn um evrópskt einkaleyfi verði talinn sækja um bandalagseinkaleyfi, þ.e. einkaleyfi sem gildir í öllum aðildarríkjum EB og hefur sömu áhrif í þeim öllum. Hvorki er gert ráð fyrir breytingum að því er varðar áhrif umsóknarinnar í ríkjum sem standa utan EB né að því er varðar áhrif evrópska einkaleyfisins í viðkomandi ríki.

II. Evrópski einkaleyfasamningurinn.

Evrópski einkaleyfasamningurinn telur 178 greinar sem skipt er í sjö hluta og ýmsa undirkafla. Í inngangi samningsins kemur fram að með honum sé stefnt að því að styrkja samvinnu meðal Evrópuríkja varðandi vernd uppfinninga. Leitast er við að ná því markmiði með því að mæla fyrir um sameiginlega málsmeðferð við veitingu einkaleyfa og staðlaðar reglur um einkaleyfin sem þannig eru veitt.

Í I. hluta samningins er í ákvæðum 1.–51. gr. að finna almenn ákvæði og stofnanaákvæði, þar á meðal ákvæði um Evrópsku einkaleyfastofnunina, Evrópsku einkaleyfastofuna og framkvæmdaráðið og ákvæði um fjármál. Evrópska einkaleyfastofnunin, sem hefur höfuðstöðvar í München, tók til starfa árið 1977. Undir stofnunina heyra framkvæmdaráð, skipað fulltrúum og varafulltrúum samningsríkjanna, og Evrópska einkaleyfastofan sem sér um veitingu evrópskra einkaleyfa. Innan Evrópsku einkaleyfastofunnar eru starfræktar eftirfarandi deildir og nefndir til að sjá um málsmeðferð samkvæmt samningnum: móttökudeild, nýnæmisrannsóknardeildir, rannsóknardeildir, andmæladeildir, lögfræðideild, áfrýjunarnefndir og stór áfrýjunarnefnd.

Í II. hluta samningsins er í ákvæðum 52.–74. gr. fjallað um efnisleg ákvæði einkaleyfalaga, þar á meðal einkaleyfishæfi uppfinninga, þá er mega sækja um og öðlast evrópskt einkaleyfi, rétt uppfinningamanns til að láta nafns síns getið, áhrif evrópsks einkaleyfis og umsóknar um það og umsókn um evrópskt einkaleyfi sem andlag eignarréttar.

Evrópska einkaleyfakerfið er þróað út frá einni skilgreiningu á því hvaða uppfinningar teljast einkaleyfishæfar. Þannig er tryggt að skilgreiningar samningsríkja á einkaleyfishæfum uppfinningum séu einsleitar. Skilyrði samningsins fyrir einkaleyfishæfi uppfinningar eru talin upp í ákvæðum 52.–57. gr.

Hver sem er, án tillits til ríkisfangs eða búsetu, getur sótt um evrópskt einkaleyfi svo að gilt sé, hvort sem um er að ræða einstakling, lögaðila eða samtök með réttarstöðu lögaðila, sbr. 58. gr. Að meginreglu til hefur uppfinningamaðurinn, eða sá sem öðlast hefur rétt hans, rétt til einkaleyfisins, sbr. 60. gr. Sé uppfinningamaðurinn launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum þess ríkis þar sem launþeginn starfar aðallega. Hafi tveir eða fleiri komið að sömu uppfinningu þá á sá réttinn til einkaleyfisins sem fyrst sækir um hann.

Í 2. mgr. 2. gr. samningsins er tekið fram að í hverju samningsríki þar sem evrópskt einkaleyfi gildir skuli það hafa sömu áhrif og um það skuli gilda sömu skilyrði og einkaleyfi sem veitt er í viðkomandi ríki nema kveðið sé á um annað í samningnum. Þessi meginregla er áréttuð í 1. mgr. 64. gr. þar sem fram kemur að evrópskt einkaleyfi veiti einkaleyfishafa frá þeim degi sem tilkynning birtist um veitingu þess, í hverju samningsríki sem það er veitt fyrir, sömu réttindi og felast í landsbundnu einkaleyfi í því ríki, með þeirri undantekningu 2. mgr. 64. gr. að sé einkaleyfið veitt fyrir aðferð nær einkaleyfisverndin einnig til þeirra afurða sem fengnar eru beint með slíkri aðferð. Jafnframt kemur fram í 66. gr. að umsókn um evrópskt einkaleyfi jafngildir landsbundinni umsókn. Evrópski einkaleyfasamningurinn kveður þannig ekki á um áhrif evrópsks einkaleyfis nema að takmörkuðu leyti enda er í raun ekki um að ræða „evrópskt einkaleyfi“ í eiginlegri merkingu heldur „landsbundin einkaleyfi af evrópskum uppruna“. Samningurinn hefur að geyma nokkrar reglur um áhrif evrópsks einkaleyfis og gildir það t.d. í 20 ár jafnvel þótt landsbundin einkaleyfi gildi til skemmri tíma í viðkomandi ríki, sbr. 1. mgr. 63. gr.

Í 65. gr. er kveðið á um þýðingu á texta evrópsks einkaleyfis. Samningsríki má setja það að skilyrði að einkaleyfastofa viðkomandi ríkis fái senda þýðingu á endanlegum texta sem einkaleyfið er veitt fyrir yfir á opinbert tungumál ríkisins. Samningsríki getur mælt svo fyrir að sé skilyrði þetta ekki uppfyllt innan viss tímafrests sé evrópska einkaleyfið talið ógilt frá upphafi í því ríki. Útvegun þýðingar hefur afturvirk áhrif frá birtingardegi umsóknarinnar, en meginreglan er sú að í tilnefndum ríkjum er unnt að beita þeim réttindum sem myndast við evrópskt einkaleyfi frá birtingardegi umsóknarinnar, sbr. 67. gr.

Reglur um hvaða lögum beri að beita þegar upp koma deilur í tengslum við evrópskt einkaleyfi eru mismunandi eftir því hvert efni deilumálsins er. Þegar deilt er um gildi einkaleyfisins þarf sá dómstóll er tekur málið fyrir að athuga hvort reglur evrópska einkaleyfasamningsins um einkaleyfishæfi séu uppfylltar. Ógildingarástæður evrópsks einkaleyfis eru tæmandi taldar í samningnum, sbr. 138. gr. Sé aftur á móti um að ræða deilur um hugsanlegt brot gegn einkaleyfi er ákvörðun um hvaða lögum beri að beita öllu flóknari. Að meginreglu til eru reglur er varða brot gegn einkaleyfi háðar lögum hvers ríkis, sbr. 3. mgr. 64. gr. Einu einsleitu regluna í þessum tilvikum er að finna í 69. gr. samningsins um umfang verndar sem skv. 1. mgr. 69. gr. ákvarðast af orðalagi einkaleyfiskrafanna. Viðkomandi dómstól ber að ákvarða umfang verndar einkaleyfisins út frá 69. gr. samningsins, ákveða í framhaldi þess á grunni landslaga þess ríkis þar sem viðkomandi atvik eiga sér stað hvort um brot gegn einkaleyfinu hafi verið að ræða og að lokum kveða á um viðurlög í samræmi við lög þess rík-

is þar sem málið er tekið fyrir dóm. Öll dómsmál vegna evrópsks einkaleyfis falla undir lögsögu dómstóla ríkja.

Evrópski einkaleyfasamningurinn kemur á einsleitu umsóknarferli fyrir landsbundin einkaleyfi í samningsríkjunum. Með einni umsókn er unnt að öðlast einkaleyfi sem tekur til þeirra samningsríkja sem tilnefnd eru í umsókninni. Evrópska fyrirkomulagið lætur sig varða öll helstu álitamál er tengjast umsóknum um einkaleyfi. Í III. hluta samningsins er í ákvæðum 75.–89. gr. fjallað um umsókn um evrópskt einkaleyfi, þar á meðal um innlagningu umsóknar um evrópskt einkaleyfi, kröfur sem til hennar eru gerðar og forgangsrétt.

Ákvæði 75. gr. heimilar innlagningu umsóknar bæði hjá Evrópsku einkaleyfastofunni í München, útibúi hennar í Haag og hjá aðalréttindastofu ríkis á sviði iðnaðarhugverka (hér eftir nefnd „einkaleyfastofa“) eða hjá annarri valdbærri stofnun ríkisins. Þegar umsókn er lögð inn hjá einkaleyfastofu tiltekins ríkis eða annarri valdbærri stofnun er um óbeina innlögn að ræða og er umsóknin framsend til Evrópsku einkaleyfastofunnar, sbr. 77. gr.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 78. gr. þarf eftirfarandi að koma fram í umsókn: beiðni um veitingu evrópsks einkaleyfis, lýsing á uppfinningunni, einkaleyfiskrafa eða -kröfur, teikningar sem vísað er til í lýsingunni eða einkaleyfiskröfunum og ágrip. Lýsingin verður að vera nægilega skýr og rækileg til þess að kunnáttumaður á viðkomandi sviði geti útfært uppfinninguna, sbr. 83. gr. Viðurlögin við því að þetta skilyrði er ekki uppfyllt geta verið höfnun, sbr. 97. gr., eða ógilding, sbr. 138. gr. Í kröfunum ber að skilgreina hvað óskast verndað með einkaleyfinu. Þær skulu vera skýrar, hnitmiðaðar og styðjast við lýsinguna, sbr. 84. gr.

Í IV. hluta er í ákvæðum 90.–98. gr. fjallað um málsmeðferð fram að veitingu einkaleyfis. Meðferðin við veitingu evrópsks einkaleyfis samanstendur af mörgum þrepum sem hinar mismunandi deildir og nefndir Evrópsku einkaleyfastofunnar sjá um.

Sé um óbeina innlögn að ræða hefst ferlið með framsendingu umsóknarinnar til Evrópsku einkaleyfastofunnar, sbr. 77. gr. Einkaleyfastofu viðkomandi ríkis ber að framsenda umsóknina svo skjótt sem samrýmist landslögum um leynd uppfinninga vegna hagsmuna ríkisins.

Móttökudeild athugar umsókn við innlagningu, hvort skilyrði til móttöku umsóknarinnar séu uppfyllt, sbr. a-lið 1. mgr. 90. gr., og hvort umsóknin uppfylli skilyrði samningsins, sbr. 97. gr. Einnig athugar móttökudeildin hvort birting uppfinningarinnar eða hagnýting hennar stríði gegn allsherjarreglu eða siðgæði, sbr. a-lið 53. gr. Að því loknu er umsóknin send nýnæmisrannsóknardeild.

Nýnæmisrannsóknardeildin gefur út nýnæmisrannsóknarskýrslu, sbr. 17. gr. Þar kemur fram hver er þekkt tækni á hverjum tíma en ákvörðun um hvort uppfinning telst ný er byggð á þeim upplýsingum, svo og frumleikastig uppfinningarinnar.

Birta skal umsókn um evrópskt einkaleyfi eins fljótt og unnt er eftir að 18 mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi, eða, sé forgangs krafist, frá forgangsdegi, sbr. 93. gr.

Umsækjandi getur valið um að leggja inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar á þeim sex mánuðum sem fylgja útgáfu nýnæmisrannsóknarskýrslu, sbr. 94. gr. Rannsóknardeildin rannsakar einkaleyfishæfi uppfinningarinnar. Sé slík beiðni ekki lögð inn telst umsóknin dregin til baka. Við rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar eru þær upplýsingar sem fram koma í nýnæmisrannsóknarskýrslunni metnar. Rannsóknardeildin getur hafnað umsókninni, sbr. 1. mgr. 97. gr., telji hún skilyrði samningsins ekki uppfyllt. Telji rannsóknardeildin að umsókn og uppfinningin uppfylli skilyrði samningsins veitir hún evrópskt einkaleyfi fyrir þau ríki sem tilnefnd eru í umsókninni, sbr. 2. mgr. 97. gr.

Veiting evrópsks einkaleyfis kallar ekki nauðsynlega á lok veitingarferlisins því þriðji maður getur andmælt veitingu evrópsks einkaleyfis við Evrópsku einkaleyfastofuna, sbr. 99. gr. Kveðið er á um meðferð andmælamála í V. hluta samningsins, sbr. 99.–105. gr. Ástæður

til andmæla eru tæmandi taldar í samningnum, sbr. 100. gr. Telji andmæladeildin að andmælin séu nægilega rökstudd getur hún fellt einkaleyfið úr gildi, sbr. 1. mgr. 102. gr. Ógilding einkaleyfis við andmælameðferð leiðir til þess að viss áhrif umsóknar og eftirfarandi einkaleyfis teljast ógild frá upphafi, sbr. 68. gr. Telji andmæladeildin hins vegar að forsendur andmælanna komi ekki í veg fyrir staðfestingu einkaleyfisins hafnar hún andmælunum, sbr. 2. mgr. 102. gr. Einnig getur andmæladeildin ákveðið að staðfesta einkaleyfið í breyttu formi, sbr. 3. mgr. 102. gr.

Veiting evrópsks einkaleyfis telst endanleg hafi frestur til að bera fram andmæli liðið, sbr. 1. mgr. 99. gr., eða hafi andmælum verið hafnað.

Í VI. hluta er í 106.–112. gr. að finna ákvæði um meðferð áfrýjunarmála og eru þær ákvarðanir Evrópsku einkaleyfastofunnar sem unnt er að áfrýja taldar upp 106. gr.

Í VII. hluta er að finna almenn ákvæði. Í 113.–126. gr. er að finna almenn ákvæði um málsmeðferð, 127.–132. gr. fjalla um upplýsingar til almennings og um fyrirsvar er fjallað í 133. og 134. gr.

Í VIII. hluta er fjallað um áhrif á landslög, þar á meðal um breytingu í landsbundin einkaleyfi, sbr. 135.–137. gr., ógildingu og eldri réttindi, sbr. 138. og 139. gr., og um önnur áhrif, sbr. 140. gr. um landsbundin smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð og 141. gr. um árgjöld fyrir evrópsk einkaleyfi.

Í IX. hluta er í 142.–149. gr. fjallað um sérstaka samninga sem samningsríkjunum er heimilt að gera sín á milli. Hér er m.a. um að ræða samninga er varða sameiginleg einkaleyfi, sérstakar deildir innan Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar, fyrirsvar fyrir sérstökum deildum, sérnefnd framkvæmdaráðsins, greiðslu kostnaðar vegna sérstakra verkefna, greiðslur vegna árgjalda sameiginlegra einkaleyfa, umsókn um evrópskt einkaleyfi sem andlag eignarréttar og sameiginlegar tilnefningar.

Í X. hluta er fjallað um alþjóðlega umsókn samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi, sbr. 150.–158. gr., en Evrópska einkaleyfastofan er alþjóðleg leitarstöð fyrir alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssamningnum.

Í XI. hluta er að finna í ákvæðum 159.–163. gr. aðlögunarákvæði sem fjalla um starfsemi fyrstu árin eftir að samningurinn öðlast gildi.

Lokaákvæði evrópska einkaleyfasamningsins er að finna í XII. hluta hans, sbr. 164.–178. gr. Þar er m.a. fjallað um framkvæmdareglugerð og bókanir, undirritun, fullgildingu og aðild að samningnum, fyrirvara við hann, gildissvæði samningsins og gildistöku, stofnframlag til stofnunarinnar, gildistíma samningsins, endurskoðun hans, deilur milli samningsríkja, uppsögn samningins, áunnin réttindi, fjárhagsleg réttindi og skuldbindingar fyrrverandi samningsríkja, tungumál samningsins og hlutverk vörsluaðila samningsins. Skv. 1. mgr. 164. gr. skulu framkvæmdareglugerðin, bókunin um viðurkenningu, bókunin um forréttindi og friðhelgi, bókunin um miðstýringu og bókunin um túlkun á 69. gr. vera óaðskiljanlegir hlutar samningsins.

Kostnaðurinn við að fá evrópskt einkaleyfi hefur verið talinn samsvara því að fá landsbundið einkaleyfi í þremur ríkjum. Að meðaltali er sótt um einkaleyfi í níu ríkjum fyrir hverja uppfinningu. Því getur umtalsvert hagræði hlotist af evrópska kerfinu.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að evrópska einkaleyfasamningnum og er hann prentaður sem fylgiskjal I með tillögunni.

III. Endurskoðunargerðin.

Hinn 29. nóvember 2000 var gerð í München gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (endurskoðunargerðin). Kveður hún á um mjög viðamiklar breyt-

ingar á evrópska einkaleyfasamningnum. Hinn 17. mars 2004 voru tíu ríki aðilar að endurskoðunargerðinni en skv. 1. mgr. 8. gr. gerðarinnar öðlast hún gildi annaðhvort tveimur árum eftir að 15 samningsríki evrópska einkaleyfasamningsins hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til vörslu eða á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals af hálfu þess samningsríkis sem stígur þetta skref síðast allra samningsríkja, ef þetta gerist fyrr. Búast má því við að nokkur tími líði áður en gerðin öðlast gildi. Skv. 2. mgr. 8. gr. gerðarinnar fellur eldri texti evrópska einkaleyfasamningsins úr gildi við gildistöku hins endurskoðaða texta.

Endurskoðunargerðin telur níu greinar. Með henni er m.a. stefnt að því að laga evrópska einkaleyfasamninginn að tæknilegri og lagalegri þróun síðustu áratuga og auka sveigjanleika lagaumhverfisins.

Í 1. gr. gerðarinnar er kveðið á um breytingar á ákvæðum evrópska einkaleyfasamningsins í 82 liðum. Ýmis ákvæði úr samningnum eru færð í framkvæmdareglugerðina, m.a. til þess að auka sveigjanleika. Er framkvæmdaráði Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar fengið vald til breytinga á framkvæmdareglugerðinni án þess að boða þurfi til sérstakrar ráðstefnu aðildarríkjanna. Enn fremur er framkvæmdaráðinu fengið vald til að breyta ákveðnum greinum samningsins að því tilskildu að um samræmingu sé að ræða við ákvæði alþjóðlegra samninga eða löggjöf Evrópubandalagsins um einkaleyfi. Einnig er mælt fyrir um ýmsar efnislegar breytingar. Má þar nefna breytingu á hlutverki stóru áfrýjunarnefndarinnar, nýtt ákvæði er gerir mögulegt að öðlast einkaleyfi á notkun þekktra efna og efnasambanda til framleiðslu lyfja til lækninga á sjúkdómum sem ekki var þekkt að efnið gæti verkað á, breytingar á ákvæðum um einkaleyfishæfi, áhrif einkaleyfa, framsendingu og andmælamál, bætt er inn ákvæði sem gerir einkaleyfishafa kleift að óska eftir því við Evrópsku einkaleyfastofuna að einkaleyfi verði takmarkað eða fellt niður og ákvæði um sérsamninga er breytt.

Ákvæði 2. gr. fjalla um bókanir við evrópska einkaleyfasamninginn. Í 1. mgr. er bókun um túlkun á 69. gr. breytt, í 2. mgr. er bókun um fjölda starfsfólks Evrópsku einkaleyfastofunnar í Haag og kveðið svo á að hún skuli vera óaðskiljanlegur hluti evrópska einkaleyfasamningsins og í 3. mgr. er kveðið á um breytingu á I. gr. bókunarinnar um miðstýringu. Ákvæði 3. gr. fjalla um nýjan texta samningsins. Í 4. og 5. gr. er mælt fyrir um undirritun gerðarinnar, fullgildingu hennar og aðild að henni. Í 6. gr. er tekið fram hvaða ákvæðum gerðarinnar beri að beita til bráðabirgða. Í 7. gr. er að finna aðlögunarákvæði og í 8. gr. ákvæði um gildistöku gerðarinnar. Ákvæði 9. gr. fjalla um vörsluaðila gerðarinnar og hlutverk hans.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að endurskoðunargerðinni og er hún prentuð sem fylgiskjal II með tillögunni.

IV. Lundúnasamningurinn.

Hinn 17. október 2000 var í Lundúnum gerður samningur um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (Lundúnasamningurinn). Samningurinn telur 11 greinar og er með honum stefnt að því að draga úr kostnaði við þýðingar á evrópskum einkaleyfum en stór hluti kostnaðar við að sækja um evrópskt einkaleyfi felst í þýðingarkostnaði.

4. Áfrýjunarnefndir og stóra áfrýjunarnefndin skulu setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar. Þær skulu hljóta samþykki framkvæmdaráðs.

24. gr.

Vanhæfi og kröfur um að nefndarmenn víki sæti.

1. Þeir sem eiga sæti í áfrýjunarnefndum eða stóru áfrýjunarnefndinni mega ekki taka þátt í meðferð kæru ef þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta í málinu, þeir hafa áður komið að málinu sem fyrirsvarsmenn annars aðilans eða þeir hafa átt aðild að ákvörðuninni sem áfrýjað er.
2. Ef nefndarmaður í áfrýjunarnefnd eða stóru áfrýjunarnefndinni telur, af ástæðu sem um getur í 1. mgr. eða einhverri annarri ástæðu, að hann eigi ekki að taka þátt í meðferð áfrýjunar ber honum að tilkynna nefndinni þar um.
3. Sérhver aðili máls getur krafist þess að nefndarmaður í áfrýjunarnefnd eða stóru áfrýjunarnefndinni víki sæti af ástæðu, sem um getur í 1. mgr. eða ef grunur leikur á hlutdrægni hans. Ekki skal taka slíka kröfu til greina ef viðkomandi aðili hefur vitað af ástæðunni, sem hann ber fyrir sig, og þó átt hlut að málsmeðferðinni. Ekki er unnt að hreyfa mótmælum vegna ríkisfangs nefndarmanns.
4. Áfrýjunarnefndirnar og stóra áfrýjunarnefndin taka ákvörðun um hvernig bregðast skuli við í tilvikum 2. og 3. mgr. án þátttöku nefndarmannsins sem í hlut á. Þegar ákvörðun er tekin í slíkum málum skal varamaður taka sæti nefndarmannsins.

25. gr.

Tæknilegt álit.

Að beiðni þar til bærs innlends dómstóls, sem hefur til meðferðar mál um brot gegn einkaleyfi eða ógildingu á því, ber Evrópsku einkaleyfastofunni, gegn greiðslu viðeigandi gjalds, að gefa tæknilegt álit um evrópska einkaleyfið sem málið varðar. Rannsóknardeild sér um að gefa slíkt álit.

and of the Boards of Appeal shall be appointed for a term of five years and may not be removed from office during this term, except if there are serious grounds for such removal and if the Administrative Council, on a proposal from the Enlarged Board of Appeal, takes a decision to this effect.
2. The members of the Boards may not be members of the Receiving Section, Examining Divisions, Opposition Divisions or of the Legal Division.
3. In their decisions the members of the Boards shall not be bound by any instructions and shall comply only with the provisions of this Convention.
4. The Rules of Procedure of the Boards of Appeal and the Enlarged Board of Appeal shall be adopted in accordance with the provisions of the Implementing Regulations. They shall be subject to the approval of the Administrative Council.

Article 24

Exclusion and objection

1. Members of the Boards of Appeal or of the Enlarged Board of Appeal may not take part in any appeal if they have any personal interest therein, if they have previously been involved as representatives of one of the parties, or if they participated in the decision under appeal.
2. If, for one of the reasons mentioned in paragraph 1, or for any other reason, a member of a Board of Appeal or of the Enlarged Board of Appeal considers that he should not take part in any appeal, he shall inform the Board accordingly.
3. Members of a Board of Appeal or of the Enlarged Board of Appeal may be objected to by any party for one of the reasons mentioned in paragraph 1, or if suspected of partiality. An objection shall not be admissible if, while being aware of a reason for objection, the party has taken a procedural step. No objection may be based upon the nationality of members.
4. The Boards of Appeal and the Enlarged Board of Appeal shall decide as to the action to be taken in the cases specified in paragraphs 2 and 3 without the participation of the member concerned. For the purposes of taking this decision the member objected to shall be replaced by his alternate.

Article 25

Technical opinion

At the request of the competent national court trying an infringement or revocation action, the European Patent Office shall be obliged, against payment of an appropriate fee20, to give a technical opinion concerning the European patent which is the subject of the action. The Examining Division shall be responsible for the issue of such opinions.

IV. kafli.
Framkvæmdaráðið.

26. gr.
Aðild.

1. Framkvæmdaráðið skal skipað fulltrúum og varafulltrúum samningsríkjanna. Hvert samningsríki hefur rétt til að tilnefna einn fulltrúa og einn varafulltrúa í framkvæmdaráðið.

2. Fulltrúar í framkvæmdaráðinu mega njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga, sbr. þó starfsreglur þess.

27. gr.
Formaður.

1. Framkvæmdaráðið kýs sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa og varafulltrúa samningsríkjanna. Varaformaður tekur af sjálfsdáðum sæti formanns ef hann getur ekki sinnt skyldum sínum.

2. Kjörtímabil formanns og varaformanns skal vera þrjú ár. Heimilt er að endurkjósa þá.

28. gr.
Stjórn.

1. Þegar samningsríkin eru a.m.k. átta er framkvæmdaráðinu heimilt að skipa úr sínum hópi fimm manna stjórn.
2. Formaður og varaformaður framkvæmdaráðsins eiga af sjálfsdáðum sæti í stjórninni; framkvæmdaráðið kýs hina þrjá fulltrúana.

3. Kjörtímabil stjórnarmanna, sem kjörnir eru af framkvæmdaráðinu, er þrjú ár. Ekki er heimilt að endurkjósa þá.
4. Stjórnin skal inna af hendi þau verkefni sem framkvæmdaráðið felur henni samkvæmt starfsreglunum.

29. gr.
Fundir.

1. Formaður framkvæmdaráðsins boðar til funda þess.
2. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar skal taka þátt í umræðum framkvæmdaráðsins.

3. Framkvæmdaráðið heldur reglulegan fund einu sinni ár hvert. Þar að auki kemur það saman að frumkvæði formanns eða ef einn þriðji hluti samningsríkjanna óskar eftir því.
4. Umræður í framkvæmdaráðinu skulu fara fram samkvæmt dagskrá og starfsreglum þess.

Chapter IV
The Administrative Council

Article 26
Membership

1. The Administrative Council shall be composed of the Representatives and the alternate Representatives of the Contracting States. Each Contracting State shall be entitled to appoint one Representative and one alternate Representative to the Administrative Council.
2. The members of the Administrative Council may, subject to the provisions of its Rules of Procedure, be assisted by advisers or experts.

Article 27
Chairmanship

1. The Administrative Council shall elect a Chairman and a Deputy Chairman from among the Representatives and alternate Representatives of the Contracting States. The Deputy Chairman shall ex officio replace the Chairman in the event of his being prevented from attending to his duties.
2. The duration of the terms of office of the Chairman and the Deputy Chairman shall be three years. The terms of office shall be renewable.

Article 28
Board

1. When there are at least eight Contracting States, the Administrative Council may set up a Board composed of five of its members.
2. The Chairman and the Deputy Chairman of the Administrative Council shall be members of the Board ex officio; the other three members shall be elected by the Administrative Council.
3. The term of office of the members elected by the Administrative Council shall be three years. This term of office shall not be renewable.
4. The Board shall perform the duties given to it by the Administrative Council in accordance with the Rules of Procedure.

Article 29
Meetings

1. Meetings of the Administrative Council shall be convened by its Chairman.
2. The President of the European Patent Office shall take part in the deliberations of the Administrative Council.
3. The Administrative Council shall hold an ordinary meeting once each year. In addition, it shall meet on the initiative of its Chairman or at the request of one-third of the Contracting States.
4. The deliberations of the Administrative Council shall be based on an agenda, and shall be held in accordance with its Rules of Procedure.

5. Í tillögu að dagskrá ber að setja öll mál sem óskað er eftir umræðum um af hálfu einhvers samningsríkis samkvæmt starfsreglum.

30. gr.
Áheyrnarfulltrúar.

1. Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) skal eiga fulltrúa á fundum framkvæmdaráðsins samkvæmt ákvæðum samnings sem Evrópska einkaleyfastofnunin og Alþjóðahugverkastofnunin gera með sér.

2. Aðrar milliríkjastofnanir, sem bera ábyrgð á framkvæmd alþjóðareglna á sviði einkaleyfa og hafa gert samning við stofnunina, skulu eiga fulltrúa á fundum framkvæmdaráðsins samkvæmt ákvæðum í slíkum samningi.

3. Framkvæmdaráðinu er heimilt að bjóða öðrum óopinberum milliríkja- og alþjóðastofnunum, sem stunda starfsemi stofnuninni viðvíkjandi, að senda fulltrúa á fundi sína þegar rætt er um mál sem varða báða aðila.

31. gr.
Tungumál framkvæmdaráðsins.

1. Enska, franska og þýska eru þau tungumál sem nota skal á fundum framkvæmdaráðsins.

2. Skjöl, sem lögð eru fyrir framkvæmdaráðið, og fundargerðir frá fundum þess skulu gerð á þeim þremur tungumálum sem um getur í 1. mgr.

32. gr.
Starfslið, húsnæði og búnaður.

Evrópska einkaleyfastofan skal sjá framkvæmdaráðinu og öllum nefndum, sem hún setur á stofn, fyrir nauðsynlegu starfsliði, húsnæði og búnaði til þess að gera þeim kleift að gegna skyldum sínum.

33. gr.
Valdsvið framkvæmdaráðsins í ákveðnum tilvikum.

1. Framkvæmdaráðið hefur vald til að breyta eftirfarandi ákvæðum samningsins:

a) frestum sem kveðið er á um í samningnum; þetta á við um þann frest, sem mælt er fyrir um í 94. gr., aðeins við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 95. gr.;
b) framkvæmdareglugerðinni.

2. Framkvæmdaráðið hefur vald, í samræmi við samning þennan, til að samþykkja eða breyta eftirfarandi ákvæðum:

5. The provisional agenda shall contain any question whose inclusion is requested by any Contracting State in accordance with the Rules of Procedure.

Article 30
Attendance of observers

1. The World Intellectual Property Organization shall be represented at the meetings of the Administrative Council, in accordance with the provisions of an agreement to be concluded between the European Patent Organisation and the World Intellectual Property Organization.
2. Any other intergovernmental organisation charged with the implementation of international procedures in the field of patents with which the Organisation has concluded an agreement shall be represented at the meetings of the Administrative Council, in accordance with any provisions contained in such agreement.
3. Any other intergovernmental and international non-governmental organisations exercising an activity of interest to the Organisation may be invited by the Administrative Council to arrange to be represented at its meetings during any discussion of matters of mutual interest.

Article 31
Languages of the Administrative Council

1. The languages in use in the deliberations of the Administrative Council shall be English, French and German.
2. Documents submitted to the Administrative Council, and the minutes of its deliberations, shall be drawn up in the three languages mentioned in paragraph 1.

Article 32
Staff, premises and equipment

The European Patent Office shall place at the disposal of the Administrative Council and any body established by it such staff, premises and equipment as may be necessary for the performance of their duties.

Article 33
Competence of the Administrative Council in certain cases

1. The Administrative Council shall be competent to amend the following provisions of this Convention:
(a) the time limits laid down in this Convention; this shall apply to the time limit laid down in Article 94 only in the conditions laid down in Article 95;

(b) the Implementing Regulations.

2. The Administrative Council shall be competent, in conformity with this Convention, to adopt or amend the following provisions:

a) fjármálareglugerðinni;
b) starfsreglum sem gilda um fasta starfsmenn og ráðningarskilyrðum annarra starfsmanna Evrópsku einkaleyfastofunnar, launatöxtum þessara föstu starfsmanna og annarra starfsmanna og eðli viðbótarhlunninda og reglum um veitingu þeirra;

c) reglum um lífeyri og viðeigandi hækkunum á núverandi lífeyri til að hann fylgi launahækkunum;

d) reglum um gjöld;
e) starfsreglum sínum.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 18. gr. er framkvæmdaráðinu heimilt að ákveða, í ljósi fenginnar reynslu, að í tilteknum málaflokkum skuli rannsóknardeildir skipaðar einum tæknimenntuðum rannsóknarmanni. Slíka ákvörðun má afturkalla.

4. Framkvæmdaráðið hefur vald til þess að fela forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar að efna til samningaviðræðna og ganga frá samningum, með samþykki ráðsins, fyrir hönd Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar við ríki, milliríkjastofnanir og upplýsingamiðstöðvar sem komið hefur verið á fót með samningum við slíkar stofnanir.

34. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Samningsríkin hafa ein atkvæðisrétt í framkvæmdaráðinu.

2. Hvert samningsríki skal hafa eitt atkvæði, sbr. þó beitingu ákvæða 36. gr.

35. gr.
Reglur um atkvæðagreiðslu.

1. Ákvarðanir framkvæmdaráðsins, aðrar en um getur í 2. mgr., skulu teknar með einföldum meirihluta atkvæða þeirra samningsríkja sem sækja fundinn og greiða atkvæði.

2. Þrjá fjórðu hluta atkvæða þeirra samningsríkja, sem sækja fundinn og greiða atkvæði, þarf til ákvarðana sem framkvæmdaráðinu er heimilt að taka skv. 7. gr., 1. mgr. 11. gr., 33. gr., 1. mgr. 39. gr., 2. og 4. mgr. 40. gr., 46. gr., 87. gr., 95. gr., 134. gr., 3. mgr. 151. gr., 2. mgr. 154. gr., 2. mgr. 155. gr., 156. gr., 2.–4. mgr. 157. gr., 2. málsl. 1. mgr. 160. gr., 162. gr. 163. gr., 166. gr., 167. gr. og 172. gr.

3. Hjáseta telst ekki til greiddra atkvæða.

36. gr.
Vægi atkvæða.

1. Að því er varðar að samþykkja reglur um gjöld eða breyta þeim og samþykkja fjárhagsáætlun stofnunarinnar, breytingar á henni eða aukafjárhagsáætlun

(a) the Financial Regulations;
(b) the Service Regulations for permanent employees and the conditions of employment of other employees of the European Patent Office, the salary scales of the said permanent and other employees, and also the nature, and rules for the grant, of any supplementary benefits;
(c) the Pension Scheme Regulations and any appropriate increases in existing pensions to correspond to increases in salaries;
(d) the Rules relating to Fees;
(e) its Rules of Procedure.

3. Notwithstanding Article 18, paragraph 2, the Administrative Council shall be competent to decide, in the light of experience, that in certain categories of cases Examining Divisions shall consist of one technical examiner. Such decision may be rescinded.

4. The Administrative Council shall be competent to authorise the President of the European Patent Office to negotiate and, with its approval, to conclude agreements on behalf of the European Patent Organisation with States, with intergovernmental organisations and with documentation centres set up by virtue of agreements with such organisations.

Article 34
Voting rights

1. The right to vote in the Administrative Council shall be restricted to the Contracting States.

2. Each Contracting State shall have one vote, subject to the application of the provisions of Article 36.

Article 35
Voting rules

1. The Administrative Council shall take its decisions other than those referred to in paragraph 2 by a simple majority of the Contracting States represented and voting.

2. A majority of three-quarters of the votes of the Contracting States represented and voting shall be required for the decisions which the Administrative Council is empowered to take under Article 7, Article 11, paragraph 1, Article 33, Article 39, paragraph 1, Article 40, paragraphs 2 and 4, Article 46, Article 87, Article 95, Article 134, Article 151, paragraph 3, Article 154, paragraph 2, Article 155, paragraph 2, Article 156, Article 157, paragraphs 2 to 4, Article 160, paragraph 1, second sentence, Article 162, Article 163, Article 166, Article 167 and Article 172.

3. Abstentions shall not be considered as votes.

Article 36
Weighting of votes

1. In respect of the adoption or amendment of the Rules relating to Fees and, if the financial contribution to be made by the Contracting States would

leiði slíkt til aukinna fjárframlaga samningsríkjanna, getur hvaða samningsríki sem er krafist þess, eftir fyrstu umferð atkvæðagreiðslu þar sem hvert samningsríki hefur eitt atkvæði og án tillits til niðurstöðu þeirrar atkvæðagreiðslu, að greidd verði atkvæði strax aftur og að atkvæði ríkjanna verði vegin í samræmi við ákvæði 2. mgr. Niðurstaða seinni atkvæðagreiðslunnar ræður úrslitum.

2. Reikna skal fjölda atkvæða, sem hvert samningsríki hefur í seinni umferðinni á eftirfarandi hátt:

a) margfalda skal þann hundraðshluta, sem fenginn er fyrir hvert samningsríki með tilliti til skrárinnar yfir sérstök fjárframlög skv. 3. og 4. mgr. 40 gr., með fjölda samningsríkja og deila í með tölunni fimm;
b) hækka ber fjölda atkvæða, sem þannig er fenginn, upp í næstu heila tölu;
c) bæta skal fimm viðbótaratkvæðum við þá tölu;

d) þó skal ekkert samningsríki hafa fleiri en þrjátíu atkvæði.

V. kafli.
Ákvæði um fjármál.

37. gr.
Fé til útgjalda.

Útvega skal fé til útgjalda stofnunarinnar með:

a) fjármagni stofnunarinnar sjálfrar;
b) greiðslum samningsríkjanna, byggðum á árgjöldum fyrir evrópsk einkaleyfi sem lögð eru á í þeim ríkjum;
c) þegar þörf krefur, með sérstökum fjárframlögum samningsríkjanna;
d) þegar við á, þeim tekjum sem kveðið er á um í 146. gr.

38. gr.
Tekjur stofnunarinnar.

Til eigin fjármagns stofnunarinnar teljast tekjur af gjöldum, sem mælt er fyrir um í samningi þessum, og allar aðrar tekjur hvaðan sem þær koma.

39. gr.
Greiðslur frá samningsríkjunum vegna árgjalda fyrir evrópsk einkaleyfi.

1. Hvert samningsríki greiðir stofnuninni fjárhæð sem jafngildir hlutfalli, samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðsins, af árgjaldi sem samningsríkið fær greitt fyrir hvert evrópskt einkaleyfi; hlutfall þetta skal ekki vera hærra en 75 af hundraði og skal vera hið sama í öllum samningsríkjum. Ef fyrrnefnt hlutfall er lægri fjárhæð en föst lágmarksfjárhæð, sem framkvæmdaráðið ákveður, skal viðkomandi samn-

thereby be increased, the adoption of the budget of the Organisation and of any amending or supplementary budget, any Contracting State may require, following a first ballot in which each Contracting State shall have one vote, and whatever the result of this ballot, that a second ballot be taken immediately, in which votes shall be given to the States in accordance with paragraph 2. The decision shall be determined by the result of this second ballot.

2. The number of votes that each Contracting State shall have in the second ballot shall be calculated as follows:

(a) the percentage obtained for each Contracting State in respect of the scale for the special financial contributions, pursuant to Article 40, paragraphs 3 and 4, shall be multiplied by the number of Contracting States and divided by five;
(b) the number of votes thus given shall be rounded upwards to the next higher whole number;
(c) five additional votes shall be added to this number;
(d) nevertheless no Contracting State shall have more than 30 votes.

Chapter V
Financial provisions

Article 37
Cover for expenditure

The expenditure of the Organisation shall be covered:

(a) by the Organisation's own resources;
(b) by payments made by the Contracting States in respect of renewal fees for European patents levied in these States;
(c) where necessary, by special financial contributions made by the Contracting States;
(d) where appropriate, by the revenue provided for in Article 146.

Article 38
The Organisation's own resources

The Organisation's own resources shall be the yield from the fees laid down in this Convention, and also all receipts, whatever their nature.

Article 39
Payments by the Contracting States in respect of renewal fees for European patents

1. Each Contracting State shall pay to the Organisation in respect of each renewal fee received for a European patent in that State an amount equal to a proportion of that fee, to be fixed by the Administrative Council; the proportion shall not exceed 75 per cent and shall be the same for all Contracting States. However, if the said proportion corresponds to an amount which is less than a uniform minimum

ingsríki samt sem áður greiða stofnuninni þá lágmarksfjárhæð.

2. Hvert samningsríki lætur stofnuninni í té þær upplýsingar sem framkvæmdaráðið telur þörf á til að ákvarða greiðslur ríkisins.

3. Framkvæmdaráðið ákveður gjalddaga greiðslnanna.
4. Hafi greiðsla ekki verið að fullu innt af hendi á gjalddaga skal viðkomandi samningsríki greiða vexti frá gjalddaga af þeirri fjárhæð sem ógreidd er.

40. gr.
Gjaldskrá og greiðslur – sérstök fjárframlög.

1. Fjárhæðir gjalda skv. 38. gr. og hlutfall skv. 39. gr. skulu ákveðin þannig að tryggt sé að tekjur af þeim nægi til að stofnunin verði ekki rekin með tapi.

2. Takist ekki að reka stofnunina taplaust, með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu samningsríkin engu að síður leggja stofnuninni til fé að fjárhæð sem framkvæmdaráðið ákveður fyrir viðkomandi reikningsskilatímabil.

3. Ákveða ber þessi sérstöku fjárframlög fyrir hvert samningsríki á grundvelli fjölda umsókna um evrópsk einkaleyfi sem lagðar voru inn á næstliðnu ári, að undanskildu árinu næst á undan því þegar samningur þessi tók gildi og reiknast þau sem hér segir:

a) að hálfu í hlutfalli við fjölda einkaleyfaumsókna sem lagðar voru inn í viðkomandi samningsríki;
b) að hálfu í hlutfalli við næstmesta fjölda einkaleyfaumsókna sem lagðar voru inn í öðrum samningsríkjum af einstaklingum eða lögaðilum með aðsetur eða aðalstarfsstöð í viðkomandi samningsríki.

Þó skal sameina í eina heild þær fjárhæðir, sem þeim ríkjum ber að leggja fram, þar sem fjöldi einkaleyfaumsókna er yfir 25.000, og taka saman nýja skrá yfir sérstök fjárframlög miðaða við heildarfjölda einkaleyfaumsókna sem lagðar voru inn í þessum ríkjum.

4. Þegar ekki er unnt að ákveða stöðu samningsríkis í skránni skv. 3. mgr. skal framkvæmdaráðið ákveða, með samþykki viðkomandi ríkis, stöðu þess í skránni.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. 39. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um hin sérstöku fjárframlög.
6. Endurgreiða ber hin sérstöku fjárframlög með vöxtum sem skulu vera jafnháir fyrir öll samnings-

amount fixed by the Administrative Council, the Contracting State shall pay that minimum to the Organisation.
2. Each Contracting State shall communicate to the Organisation such information as the Administrative Council considers to be necessary to determine the amount of its payments.
3. The due dates for these payments shall be determined by the Administrative Council.
4. If a payment is not remitted fully by the due date, the Contracting State shall pay interest from the due date on the amount remaining unpaid.

Article 40
Level of fees and payments – Special financial contributions

1. The amounts of the fees referred to under Article 38 and the proportion referred to under Article 39 shall be fixed at such a level as to ensure that the revenue in respect thereof is sufficient for the budget of the Organisation to be balanced.
2. However, if the Organisation is unable to balance its budget under the conditions laid down in paragraph 1, the Contracting States shall remit to the Organisation special financial contributions, the amount of which shall be determined by the Administrative Council for the accounting period in question.
3. These special financial contributions shall be determined in respect of any Contracting State on the basis of the number of patent applications filed in the last year but one prior to that of entry into force of this Convention, and calculated in the following manner:
(a) one half in proportion to the number of patent applications filed in that Contracting State;
(b) one half in proportion to the second highest number of patent applications filed in the other Contracting States by natural or legal persons having their residence or principal place of business in that Contracting State.

However, the amounts to be contributed by States in which the number of patent applications filed exceeds 25 000 shall then be taken as a whole and a new scale drawn up determined in proportion to the total number of patent applications filed in these States.
4. Where, in respect of any Contracting State, its scale position cannot be established in accordance with paragraph 3, the Administrative Council shall, with the consent of that State, decide its scale position.
5. Article 39, paragraphs 3 and 4, shall apply mutatis mutandis to the special financial contributions.
6. The special financial contributions shall be repaid together with interest at a rate which shall be

ríkin. Endurgreiðslur skulu inntar af hendi að því marki sem fjárhagsáætlun stofnunarinnar leyfir hverju sinni; fjárhæðinni skal skipt milli samningsríkjanna í samræmi við skrána sem um getur í 3. og 4. mgr. hér að framan.

7. Hin sérstöku fjárframlög, sem send eru á hvaða reikningsskilatímabili sem er, skulu að fullu endurgreidd áður en til endurgreiðslu kemur á nokkrum slíkum fjárframlögum, eða hluta þeirra, sem send eru stofnuninni á síðari reikningsskilatímabilum.

41. gr.
Fyrirframgreiðslur.

1. Að beiðni forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar ber samningsríkjunum að greiða til stofnunarinnar fyrirfram upp í greiðslur þeirra og framlög, innan marka þeirrar fjárhæðar sem framkvæmdaráðið ákveður. Slíkum fyrirframgreiðslum skal jafnað niður í hlutfalli við fjárhæðir sem aðildarríkjunum ber að greiða fyrir viðkomandi reikningsskilatímabil.

2. Ákvæði 3. og 4. mgr. 39. gr. gilda að breyttu breytanda um fyrirframgreiðslurnar.

42. gr.
Fjárhagsáætlun.

1. Áætla skal tekjur og útgjöld stofnunarinnar fyrir hvert reikningsskilatímabil og skulu þau tilgreind í fjárhagsáætluninni. Heimilt er, ef þörf krefur, að samþykkja breytingar á fjárhagsáætlunum eða aukafjárhagsáætlanir.
2. Í fjárhagsáætlun skulu tekjur og gjöld standast á.

3. Fjárhagsáætlun skal gerð í þeirri reikningseiningu sem tiltekin er í fjármálareglugerðinni.

43. gr.
Útgjaldaheimild.

1. Útgjöld, sem færð eru í fjárhagsáætlun, eru heimiluð fyrir eitt reikningsskilatímabil í senn nema fjármálareglugerð kveði á um annað.

2. Með fyrirvara um skilyrði, sem sett verða í fjármálareglugerðinni, er heimilt að færa fram til næsta árs sérhverja fjárveitingu, sem varðar ekki kostnað vegna starfsmanna og ónotuð er við lok reikningsskilatímabils, en þó ekki fram yfir lok næsta reikningsskilatímabils.
3. Fjárveitingar skulu skráðar undir mismunandi liðum eftir eðli og tilgangi og sundurliðaðar eftir þörfum í samræmi við fjármálareglugerðina.

the same for all Contracting States. Repayments shall be made in so far as it is possible to provide for this purpose in the budget; the amount thus provided shall be distributed among the Contracting States in accordance with the scale mentioned in paragraphs 3 and 4 above.
7. The special financial contributions remitted in any accounting period shall be wholly repaid before any such contributions or parts thereof remitted in any subsequent accounting period are repaid.

Article 41
Advances

1. At the request of the President of the European Patent Office, the Contracting States shall make advances to the Organisation, on account of their payments and contributions, within the limit of the amount fixed by the Administrative Council. Such advances shall be apportioned in proportion to the amounts due by the Contracting States for the accounting period in question.
2. Article 39, paragraphs 3 and 4, shall apply mutatis mutandis to the advances.

Article 42
Budget

1. Income and expenditure of the Organisation shall form the subject of estimates in respect of each accounting period and shall be shown in the budget. If necessary, there may be amending or supplementary budgets.
2. The budget shall be balanced as between income and expenditure.
3. The budget shall be drawn up in the unit of account fixed in the Financial Regulations.

Article 43
Authorisation for expenditure

1. The expenditure entered in the budget shall be authorised for the duration of one accounting period, unless any provisions to the contrary are contained in the Financial Regulations.
2. Subject to the conditions to be laid down in the Financial Regulations, any appropriations, other than those relating to staff costs, which are unexpended at the end of the accounting period may be carried forward, but not beyond the end of the following accounting period.
3. Appropriations shall be set out under different headings according to type and purpose of the expenditure and subdivided, as far as necessary, in accordance with the Financial Regulations.

44. gr.

Fjárveitingar vegna ófyrirsjáanlegra útgjalda.

1. Í fjárhagsáætlun stofnunarinnar er heimilt að veita fé vegna ófyrirsjáanlegra útgjalda.

2. Notkun þessara fjárveitinga af hálfu stofnunarinnar skal háð fyrirframsamþykki framkvæmdaráðs.

45. gr.

Reikningsskilatímabil.

Reikningsskilatímabilið hefst 1. janúar og endar 31. desember.

46. gr.

Undirbúningur og samþykkt fjárhagsáætlunar.

1. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar leggur tillögu til fjárhagsáætlunar fyrir framkvæmdaráðið eigi síðar en kveðið er á um í fjármálareglugerðinni.

2. Fjárhagsáætlun, breytingar á henni eða aukafjárhagsáætlun skal framkvæmdaráðið samþykkja.

47. gr.

Bráðabirgðafjárhagsáætlun.

1. Hafi framkvæmdaráðið ekki samþykkt fjárhagsáætlun við upphaf reikningsskilatímabils má í hverjum mánuði inna af hendi greiðslur undir hverjum lið eða annarri einingu fjárhagsáætlunar, í samræmi við ákvæði fjármálareglugerðarinnar, allt að einum tólfta af fjárveitingum fyrra reikningsskilatímabils, enda séu fjárveitingarnar, sem forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar fær til ráðstöfunar með þessu móti, ekki umfram einn tólfta af því sem ráð er fyrir gert í tillögu til fjárhagsáætlunar.

2. Framkvæmdaráðinu er heimilt, að uppfylltum öðrum ákvæðum 1. mgr., að samþykkja útgjöld umfram einn tólfta fjárveitinganna.

3. Greiðslum skv. b-lið 37. gr. skal haldið áfram til bráðabirgða og þá með þeim skilmálum sem ákveðnir voru skv. 39. gr. fyrir árið næst á undan ári því sem tillaga að fjárhagsáætlun á við.

4. Ef þörf er á sérstökum fjárframlögum til að tryggja framkvæmd 1. og 2. mgr. hér að framan skulu samningsríkin greiða þau mánaðarlega og þá til bráðabirgða og í samræmi við skrána sem um getur í 3. og 4. mgr. 40. gr. Ákvæði 4. mgr. 39. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um framlögin.

48. gr.

Framkvæmd fjárhagsáætlunar.

1. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar og breytinga á fjár-

Article 44

Appropriations for unforeseeable expenditure

1. The budget of the Organisation may contain appropriations for unforeseeable expenditure.

2. The employment of these appropriations by the Organisation shall be subject to the prior approval of the Administrative Council.

Article 45

Accounting period

The accounting period shall commence on 1 January and end on 31 December.

Article 46

Preparation and adoption of the budget

1. The President of the European Patent Office shall lay the draft budget before the Administrative Council not later than the date prescribed in the Financial Regulations.

2. The budget and any amending or supplementary budget shall be adopted by the Administrative Council.

Article 47

Provisional budget

1. If, at the beginning of the accounting period, the budget has not been adopted by the Administrative Council, expenditures may be effected on a monthly basis per heading or other division of the budget, according to the provisions of the Financial Regulations, up to one-twelfth of the budget appropriations for the preceding accounting period, provided that the appropriations thus made available to the President of the European Patent Office shall not exceed one-twelfth of those provided for in the draft budget.

2. The Administrative Council may, subject to the observance of the other provisions laid down in paragraph 1, authorise expenditure in excess of one-twelfth of the appropriations.

3. The payments referred to in Article 37, sub-paragraph (b), shall continue to be made, on a provisional basis, under the conditions determined under Article 39 for the year preceding that to which the draft budget relates.

4. The Contracting States shall pay each month, on a provisional basis and in accordance with the scale referred to in Article 40, paragraphs 3 and 4, any special financial contributions necessary to ensure implementation of paragraphs 1 and 2 above. Article 39, paragraph 4, shall apply mutatis mutandis to these contributions.

Article 48

Budget implementation

1. The President of the European Patent Office shall implement the budget and any amending or supple-

hagsáætlunum eða aukafjárhagsáætlunar á eigin ábyrgð og innan marka samþykktra fjárveitinga.
2. Innan ramma fjárhagsáætlunarinnar er forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar heimilt, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem sett eru í fjármálareglugerðinni, að færa fé milli ólíkra liða eða undirliða.

49. gr.
Endurskoðun reikninga.

1. Endurskoðendur, sem hafið er yfir vafa að séu óháðir, skulu endurskoða rekstrarreikning og efnahagsreikning stofnunarinnar; þeir skulu skipaðir af framkvæmdaráðinu til fimm ára í senn og má endurnýja val þeirra eða framlengja það.
2. Endurskoðun skal byggð á fylgiskjölum og fara fram á staðnum ef þörf krefur; staðfest skal að allar tekjur hafi verið mótteknar og öll gjöld innt af hendi á löglegan og réttan hátt og að fjárhagsstjórnin sé traust. Við lok hvers reikningsskilatímabils semja endurskoðendurnir skýrslu.

3. Ár hvert leggur forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar fyrir framkvæmdaráðið reikninga síðasta reikningsskilatímabils miðað við fjárhagsáætlunina og efnahagsreikning, sem sýnir eignir og skuldir stofnunarinnar, ásamt skýrslu endurskoðendanna.

4. Framkvæmdaráðið samþykkir ársreikningana ásamt skýrslu endurskoðendanna og veitir forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar heimild til að framkvæma fjárhagsáætlunina.

50. gr.
Fjármálareglugerð.

Í fjármálareglugerðinni skal einkum ákveða:

a) hvernig staðið skal að því að semja og framkvæma fjárhagsáætlunina og færa reikninga og endurskoða þá;
b) hvernig og með hvaða móti samningsríkin skulu inna af hendi til stofnunarinnar greiðslur og framlög skv. 37. gr. og fyrirframgreiðslur skv. 41. gr.;

c) reglur um ábyrgð starfsmanna sem sjá um reikningshald og útborganir og fyrirkomulag eftirlits með störfum þeirra;
d) vexti skv. 39., 40. og 47. gr.;

e) hvernig framlögin, sem greiða ber með vísun til 146. gr., skuli reiknuð;
f) samsetningu fjárhags- og fjármálanefndar, sem framkvæmdarráðið skal setja á stofn, og hvaða verksvið henni skuli falið.

mentary budget on his own responsibility and within the limits of the allocated appropriations.
2. Within the budget, the President of the European Patent Office may, subject to the limits and conditions laid down in the Financial Regulations, transfer funds as between the various headings or subheadings.

Article 49
Auditing of accounts

1. The income and expenditure account and a balance sheet of the Organisation shall be examined by auditors whose independence is beyond doubt, appointed by the Administrative Council for a period of five years, which shall be renewable or extensible.
2. The audit, which shall be based on vouchers and shall take place, if necessary, in situ, shall ascertain that all income has been received and all expenditure effected in a lawful and proper manner and that the financial management is sound. The auditors shall draw up a report after the end of each accounting period.
3. The President of the European Patent Office shall annually submit to the Administrative Council the accounts of the preceding accounting period in respect of the budget and the balance sheet showing the assets and liabilities of the Organisation together with the report of the auditors.
4. The Administrative Council shall approve the annual accounts together with the report of the auditors and shall give the President of the European Patent Office a discharge in respect of the implementation of the budget.

Article 50
Financial Regulations

The Financial Regulations shall in particular establish:
(a) the procedure relating to the establishment and implementation of the budget and for the rendering and auditing of accounts;
(b) the method and procedure whereby the payments and contributions provided for in Article 37 and the advances provided for in Article 41 are to be made available to the Organisation by the Contracting States;
(c) the rules concerning the responsibilities of accounting and paying officers and the arrangements for their supervision;
(d) the rates of interest provided for in Articles 39, 40 and 47;
(e) the method of calculating the contributions payable by virtue of Article 146;
(f) the composition of and duties to be assigned to a Budget and Finance Committee which should be set up by the Administrative Council.

51. gr.
Reglur um gjöld.
Reglur um gjöld skulu einkum ákvarða fjárhæðir gjaldanna og með hvaða móti þau skulu innt af hendi.

II. HLUTI
Efnisleg ákvæði einkaleyfalaga.

I. kafli.
Einkaleyfishæfi.

52. gr.
Einkaleyfishæfar uppfinningar.
1. Veita skal evrópskt einkaleyfi fyrir uppfinningu sem er hagnýtanleg í atvinnulífi, ný og frumleg.

2. Eftirfarandi telst einkum ekki til uppfinninga í skilningi 1. mgr.:
a) uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir;
b) listræn verk;
c) skipulag, reglur og aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða viðskipti, svo og tölvuforrit;

d) framsetning upplýsinga.
3. Ákvæði 2. mgr. koma í veg fyrir einkaleyfishæfi efnis eða athafna, sem um getur í ákvæðinu, einungis að því marki sem evrópskt einkaleyfi eða umsókn um evrópskt einkaleyfi varðar slíkt efni eða athöfn sem slíka.
4. Aðferðir við handlækningar eða sjúkdómsmeðferð og sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum verða ekki taldar til uppfinninga sem eru til þess fallnar að hagnýta í atvinnulífi í skilningi 1. mgr. Ákvæði þessi gilda ekki um afurðir, einkum efni eða efnasamsetningar, til nota við einhverjar slíkar aðferðir.

53. gr.
Undantekningar frá einkaleyfishæfi.
Ekki má veita evrópskt einkaleyfi þegar um er að ræða:
a) uppfinningar þar sem birting þeirra eða hagnýting myndi stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði og verður hagnýtingin þó ekki talin brjóta gegn slíku vegna þess eins að hún sé bönnuð með lögum eða reglum í einhverjum eða öllum samningsríkjunum;
b) plöntu- eða dýraafbrigði eða aðferðir til að framleiða plöntur eða dýr sem eru í grundvallaratriðum líffræðilegs eðlis; ákvæði þetta gildir hvorki um örverufræðilegt ferli né afurðir sem rekja má til slíks ferlis.

Article 51
Rules relating to Fees
The Rules relating to Fees shall determine in particular the amounts of the fees and the ways in which they are to be paid.

PART II
Substantive Patent Law

Chapter I
Patentability

Article 52
Patentable inventions
1. European patents shall be granted for any inventions which are susceptible of industrial application, which are new and which involve an inventive step.
2. The following in particular shall not be regarded as inventions within the meaning of paragraph 1:
(a) discoveries, scientific theories and mathematical methods;
(b) aesthetic creations;
(c) schemes, rules and methods for performing mental acts, playing games or doing business, and programs for computers;
(d) presentations of information.
3. The provisions of paragraph 2 shall exclude patentability of the subject-matter or activities referred to in that provision only to the extent to which a European patent application or European patent relates to such subject-matter or activities as such.
4. Methods for treatment of the human or animal body by surgery or therapy and diagnostic methods practised on the human or animal body shall not be regarded as inventions which are susceptible of industrial application within the meaning of paragraph 1. This provision shall not apply to products, in particular substances or compositions, for use in any of these methods.

Article 53
Exceptions to patentability
European patents shall not be granted in respect of:

(a) inventions the publication or exploitation of which would be contrary to "ordre public" or morality, provided that the exploitation shall not be deemed to be so contrary merely because it is prohibited by law or regulation in some or all of the Contracting States;
(b) plant or animal varieties or essentially biological processes for the production of plants or animals; this provision does not apply to microbiological processes or the products thereof.

54. gr.
Nýnæmi.

1. Uppfinning telst ný ef hún er ekki hluti af þekktri tækni á hverjum tíma á viðkomandi sviði.
2. Til þess sem þekkt er á hverjum tíma telst allt sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi með skriflegri eða munnlegri lýsingu, með notkun eða einhverju öðru móti, fyrir þann dag er umsókn um evrópskt einkaleyfi er lögð inn.
3. Þar að auki skal innihald umsókna um evrópskt einkaleyfi, eins og þær eru lagðar inn og ef umsóknardagur þeirra er fyrir þann dag er um getur í 2. mgr. og þær eru birtar skv. 93. gr. á þeim degi eða seinna, teljast hluti af því sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði.
4. Ákvæðum 3. mgr. skal því aðeins beitt að samningsríki, sem tilnefnt var í seinni umsókninni, hafi einnig verið tilnefnt í fyrri umsókninni eins og hún er birt.
5. Ákvæði 1.–4. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir einkaleyfishæfi efnis eða samsetningar sem er hluti af því sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði og nota skal í aðferð skv. 4. mgr. 52. gr., að því tilskildu að notkun þess í tengslum við hverja þá aðferð, er um getur í þeirri málsgrein, sé ekki hluti af núverandi þekkingu.

Article 54
Novelty

1. An invention shall be considered to be new if it does not form part of the state of the art.
2. The state of the art shall be held to comprise everything made available to the public by means of a written or oral description, by use, or in any other way, before the date of filing of the European patent application.
3. Additionally, the content of European patent applications as filed, of which the dates of filing are prior to the date referred to in paragraph 2 and which were published under Article 93 on or after that date, shall be considered as comprised in the state of the art.
4. Paragraph 3 shall be applied only in so far as a Contracting State designated in respect of the later application, was also designated in respect of the earlier application as published.
5. The provisions of paragraphs 1 to 4 shall not exclude the patentability of any substance or composition, comprised in the state of the art, for use in a method referred to in Article 52, paragraph 4, provided that its use for any method referred to in that paragraph is not comprised in the state of the art.

55. gr.
Birtingar sem skerða ekki rétt.

1. Að því er beitingu 54. gr. varðar skal ekki taka til greina birtingu uppfinningar hafi hún átt sér stað eigi fyrr en sex mánuðum áður en sótt er um evrópskt einkaleyfi og slík birting er komin til vegna eða sem afleiðing af:
a) greinilegri misnotkun gagnvart umsækjanda eða fyrirrennara hans að lögum; eða
b) því að umsækjandi eða fyrirrennari hans að lögum hefur sýnt uppfinninguna á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu sem fellur undir skilyrði samnings um alþjóðlegar sýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928 og síðast var breytt 30. nóvember 1972.
2. Þegar b-liður 1. mgr. á við skulu ákvæði 1. mgr. einungis gilda ef umsækjandi lýsir yfir því, þegar hann sækir um evrópskt einkaleyfi, að uppfinningin hafi verið þannig sýnd og leggur inn vottorð því til staðfestingar innan þess frests og samkvæmt þeim skilyrðum sem framkvæmdareglugerðin kveður á um.

Article 55
Non-prejudicial disclosures

1. For the application of Article 54 a disclosure of the invention shall not be taken into consideration if it occurred no earlier than six months preceding the filing of the European patent application and if it was due to, or in consequence of:
(a) an evident abuse in relation to the applicant or his legal predecessor, or
(b) the fact that the applicant or his legal predecessor has displayed the invention at an official, or officially recognised, international exhibition falling within the terms of the Convention on international exhibitions signed at Paris on 22 November 1928 and last revised on 30 November 1972.

2. In the case of paragraph 1(b), paragraph 1 shall apply only if the applicant states, when filing the European patent application, that the invention has been so displayed and files a supporting certificate within the period and under the conditions laid down in the Implementing Regulations.

56. gr.
Frumleikastig.

Uppfinning telst fela í sér frumleikastig sé hún ekki, með tilliti til þess sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði, augljós kunnáttumanni á umræddu sviði. Ef í þekktri tækni felast einnig skjöl í skilningi

Article 56
Inventive step

An invention shall be considered as involving an inventive step if, having regard to the state of the art, it is not obvious to a person skilled in the art. If the state of the art also includes documents within the

3. mgr. 54. gr. skal ekki taka slík skjöl til greina þegar skorið er úr um það hvort um frumleikastig er að ræða.

57. gr.
Hagnýting í atvinnulífi.
Uppfinning telst hagnýtanleg í atvinnulífi ef unnt er að framleiða hana eða nota í hvers konar atvinnustarfsemi, þar á meðal landbúnaði.

II. kafli.
Hverjir mega sækja um og öðlast evrópskt einkaleyfi – uppfinningamanns sé getið.
58. gr.
Réttur til að sækja um evrópskt einkaleyfi.
Rétt til að sækja um evrópskt einkaleyfi hefur hver einstaklingur eða lögaðili, svo og hver aðili sem hefur réttarstöðu lögaðila samkvæmt þeim lögum sem um hann gilda.

59. gr.
Fleiri umsækjendur.
Umsækjendum er einnig heimilt að sækja í sameiningu um evrópskt einkaleyfi, svo og tveimur eða fleiri umsækjendum sem tilnefna ólík samningsríki.

60. gr.
Réttur til evrópsks einkaleyfis.
1. Rétt til evrópsks einkaleyfis á uppfinningamaðurinn eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Ef uppfinningamaðurinn er launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum ríkisins þar sem launþeginn starfar aðallega en ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki launþeginn starfar aðallega skal beita lögum ríkisins þar sem atvinnurekandinn hefur starfsstöð sem launþeginn tengist.

2. Hafi tveir eða fleiri einstaklingar komið fram með uppfinningu, óháðir hvor eða hver öðrum, skal sá eiga réttinn til evrópsks einkaleyfis sem fyrst sækir um hann; þó gildir þetta ákvæði einungis ef fyrsta umsókn hefur verið birt skv. 93. gr. og þá einungis gagnvart þeim samningsríkjum sem tilnefnd eru í umsókninni eins og hún er birt.

3. Í máli hjá Evrópsku einkaleyfastofunni skal litið svo á að umsækjanda sé heimilt að fara með réttinn til evrópska einkaleyfisins.

61. gr.
Umsóknir um evrópskt einkaleyfi frá einstaklingum sem eiga ekki rétt til evrópsks einkaleyfis.
1. Ef talið er í lokaákvörðun að einstaklingur, sem getið er um í 1. mgr. 60. gr. og er annar en umsækjandinn, eigi rétt á að öðlast evrópskt einkaleyfi er

meaning of Article 54, paragraph 3, these documents are not to be considered in deciding whether there has been an inventive step.

Article 57
Industrial application
An invention shall be considered as susceptible of industrial application if it can be made or used in any kind of industry, including agriculture.

Chapter II
Persons entitled to apply for and obtain European patents – Mention of the inventor
Article 58
Entitlement to file a European patent application
A European patent application may be filed by any natural or legal person, or any body equivalent to a legal person by virtue of the law governing it.

Article 59
Multiple applicants
A European patent application may also be filed either by joint applicants or by two or more applicants designating different Contracting States.

Article 60
Right to a European patent
1. The right to a European patent shall belong to the inventor or his successor in title. If the inventor is an employee the right to the European patent shall be determined in accordance with the law of the State in which the employee is mainly employed; if the State in which the employee is mainly employed cannot be determined, the law to be applied shall be that of the State in which the employer has his place of business to which the employee is attached.
2. If two or more persons have made an invention independently of each other, the right to the European patent shall belong to the person whose European patent application has the earliest date of filing; however, this provision shall apply only if this first application has been published under Article 93 and shall only have effect in respect of the Contracting States designated in that application as published.
3. For the purposes of proceedings before the European Patent Office, the applicant shall be deemed to be entitled to exercise the right to the European patent.

Article 61
European patent applications by persons not having the right to a European patent
1. If by a final decision it is adjudged that a person referred to in Article 60, paragraph 1, other than the applicant, is entitled to the grant of a European

þeim einstaklingi heimilt, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin er gerð endanleg, að því tilskildu að evrópska einkaleyfið hafi ekki enn verið veitt, að því er varðar þau samningsríki sem tilnefnd eru í umsókninni um evrópskt einkaleyfi og þar sem ákvörðunin um hana var tekin eða hefur verið viðurkennd eða þar sem skylt er að viðurkenna hana á grundvelli bókunar um viðurkenningu sem fylgir samningi þessum:

a) að fylgja umsókninni um evrópskt einkaleyfi eftir í eigin nafni í stað umsækjandans;
b) að leggja inn nýja umsókn um evrópskt einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu; eða
c) fara fram á að umsókninni verði hafnað.

2. Ákvæði 1. mgr. 76. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um nýja umsókn um evrópskt einkaleyfi sem lögð er inn skv. 1. mgr.

3. Framkvæmdareglugerðin mælir fyrir um málsmeðferðina, sem fylgja ber við beitingu ákvæða 1. mgr., um sérstök skilyrði, sem gilda um nýja umsókn sem lögð er inn skv. 1. mgr., og um frestinn til að greiða umsóknar-, nýnæmisrannsóknar- og tilnefningargjald.

62. gr.

2. The publication shall contain the description, the claims and any drawings as filed and, in an annex, the European search report and the abstract, in so far as the latter are available before the termination of the technical preparations for publication. If the European search report and the abstract have not been published at the same time as the application, they shall be published separately.

94. gr.

Beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi.

1. Evrópska einkaleyfastofan athugar, að fenginni skriflegri beiðni þar um, hvort umsókn um evrópskt einkaleyfi og uppfinningin, sem hún varðar, uppfylli skilyrði samnings þessa.
2. Umsækjanda er heimilt að leggja inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi þar til allt að sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi að evrópsku nýnæmisrannsóknarskýrslunnar er getið í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar. Beiðni telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en rannsóknargjald er greitt. Óheimilt er að draga beiðnina til baka.
3. Ef engin beiðni um rannsókn er lögð inn fyrir lok frestsins skv. 2. mgr. telst umsókn hafa verið dregin til baka.

Article 94

Request for examination

1. The European Patent Office shall examine, on written request, whether a European patent application and the invention to which it relates meet the requirements of this Convention.
2. A request for examination may be filed by the applicant up to the end of six months after the date on which the European Patent Bulletin mentions the publication of the European search report. The request shall not be deemed to be filed until after the examination fee has been paid. The request may not be withdrawn.
3. If no request for examination has been filed by the end of the period referred to in paragraph 2, the application shall be deemed to be withdrawn.

95. gr.
Framlenging frests til að leggja inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi.

1. Framkvæmdaráðinu er heimilt að framlengja frest til að leggja inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi ef í ljós kemur að ekki er unnt að gera rannsókn á umsóknum um evrópskt einkaleyfi innan tilsetts tíma.
2. Ef framkvæmdaráðið framlengir frestinn getur það ákveðið að heimila þriðju aðilum að leggja inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi. Í slíkum tilvikum ber ráðinu að setja viðeigandi ákvæði í framkvæmdareglugerðina.
3. Ákvörðun framkvæmdaráðs um að framlengja frestinn gildir einungis gagnvart umsóknum sem lagðar eru inn eftir að slík ákvörðun er birt í Fréttabréfi Evrópsku einkaleyfastofunnar.
4. Framlengi framkvæmdaráðið frestinn verður það, eins fljótt og unnt er, að mæla fyrir um ráðstafanir til að innleiða upprunalega frestinn á ný.

Article 95
Extension of the period within which requests for examination may be filed

1. The Administrative Council may extend the period within which requests for examination may be filed if it is established that European patent applications cannot be examined in due time.

2. If the Administrative Council extends the period, it may decide that third parties will be entitled to make requests for examination. In such cases, it shall determine the appropriate rules in the Implementing Regulations.
3. Any decision of the Administrative Council to extend the period shall apply only in respect of applications filed after the publication of such decision in the Official Journal of the European Patent Office.
4. If the Administrative Council extends the period, it must lay down measures with a view to restoring the original period as soon as possible.

96. gr.
Rannsókn á einkaleyfishæfi umsóknar um evrópskt einkaleyfi.

1. Ef umsækjandi um evrópskt einkaleyfi hefur lagt inn beiðni um rannsókn á einkaleyfishæfi áður en honum hefur verið send evrópska nýnæmisrannsóknarskýrslan ber Evrópsku einkaleyfastofunni að bjóða honum að gefa til kynna, eftir að skýrslan er send og innan frests sem ákveðinn er, hvort hann óskar að halda áfram með umsóknina.
2. Ef rannsókn á umsókn um evrópskt einkaleyfi leiðir í ljós að umsóknin eða uppfinningin, sem hún varðar, uppfyllir ekki skilyrði samnings þessa ber rannsóknardeildinni að bjóða umsækjandanum, í samræmi við framkvæmdareglugerðina og eins oft og þörf krefur, að leggja inn athugasemdir sínar innan frests sem rannsóknardeildin ákveður.

3. Ef umsækjandi svarar ekki boði skv. 1. eða 2. mgr. á tilsettum tíma telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

Article 96
Examination of the European patent application

1. If the applicant for a European patent has filed the request for examination before the European search report has been transmitted to him, the European Patent Office shall invite him after the transmission of the report to indicate, within a period to be determined, whether he desires to proceed further with the European patent application.
2. If the examination of a European patent application reveals that the application or the invention to which it relates does not meet the requirements of this Convention, the Examining Division shall invite the applicant, in accordance with the Implementing Regulations and as often as necessary, to file his observations within a period to be fixed by the Examining Division.
3. If the applicant fails to reply in due time to any invitation under paragraph 1 or paragraph 2, the application shall be deemed to be withdrawn.

97. gr.
Höfnun eða veiting.

1. Rannsóknardeildin skal hafna umsókn um evrópskt einkaleyfi ef hún telur umsóknina eða uppfinninguna, sem hún varðar, ekki uppfylla skilyrði samnings þessa, nema kveðið sé á um annars konar eftirmál í samningi þessum.

2. Telji rannsóknardeildin að umsókn og uppfinningin, sem hún varðar, uppfylli skilyrði samnings þessa skal hún ákveða að veita evrópskt einkaleyfi fyrir þau ríki, sem tilnefnd eru, að því tilskildu að:

Article 97
Refusal or grant

1. The Examining Division shall refuse a European patent application if it is of the opinion that such application or the invention to which it relates does not meet the requirements of this Convention, except where a different sanction is provided for by this Convention.
2. If the Examining Division is of the opinion that the application and the invention to which it relates meet the requirements of this Convention, it shall decide to grant the European patent for the designated Contracting States provided that:

a) það hafi verið staðfest, í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar, að umsækjandi samþykki textann sem rannsóknardeildin hyggst nota við veitingu einkaleyfisins;
b) gjöld vegna veitingar og prentunar séu greidd innan frestsins sem tilskilinn er í framkvæmdareglugerðinni;
c) árgjöld og önnur gjöld, sem þegar eru fallin í gjalddaga, hafi verið greidd.

3. Ef gjöld vegna veitingar og prentunar eru ekki greidd innan frestsins telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

4. Ákvörðun um að veita evrópskt einkaleyfi telst ekki taka gildi fyrr en þann dag er slíkrar ákvörðunar er getið í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar. Birta skal slíka tilkynningu í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir að fresturinn skv. b-lið 2. mgr. hefst.

5. Kveða má á um það í framkvæmdareglugerðinni að umsækjandi leggi inn þýðingu, á þau tvö tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar sem hafa ekki verið notuð við málsmeðferðina, á kröfunum sem koma fram í textanum sem rannsóknardeildin hyggst nota við veitingu einkaleyfisins. Í slíku tilviki skulu þau tímamörk, sem mælt er fyrir um í 4. mgr., vera a.m.k. fimm mánuðir. Ef þýðingunni er ekki skilað á tilskildum tíma telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

6. Að beiðni umsækjanda skal birta tilkynningu um veitingu evrópsks einkaleyfis innan þeirra tímamarka er um getur í 4. eða 5. mgr. Einungis má leggja fram slíka beiðni að uppfylltum skilyrðum skv. 2. og 5. mgr.

98. gr.
Birting texta evrópsks einkaleyfisins.

Jafnhliða því að Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitingu evrópsks einkaleyfis skal hún birta texta einkaleyfisins sem inniheldur lýsinguna, kröfurnar og teikningar, ef um þær er að ræða.

V. HLUTI
Meðferð andmæla.

99. gr.
Andmæli.

1. Sérhverjum er heimilt, innan níu mánaða frá birtingu tilkynningar um veitingu evrópsks einkaleyfis, að hreyfa andmælum gegn veitingu evrópsks einkaleyfis hjá Evrópsku einkaleyfastofunni. Tilkynna ber um andmæli skriflega með rökstuddri greinargerð. Þau teljast ekki hafa verið lögð inn fyrr en andmælagjöld hafa verið greidd.

2. Andmæli gilda um evrópskt einkaleyfi í öllum samningsríkjum þar sem einkaleyfið er gilt.

(a) it is established, in accordance with the provisions of the Implementing Regulations, that the applicant approves the text in which the Examining Division intends to grant the patent;
(b) the fees for grant and printing are paid within the time limit prescribed in the Implementing Regulations;
(c) the renewal fees and any additional fees already due have been paid.

3. If the fees for grant and printing are not paid in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.

4. The decision to grant a European patent shall not take effect until the date on which the European Patent Bulletin mentions the grant. This mention shall be published at least 3 months after the start of the time limit referred to in paragraph 2(b).

5. Provision may be made in the Implementing Regulations for the applicant to file a translation, in the two official languages of the European Patent Office other than the language of the proceedings, of the claims appearing in the text in which the Examining Division intends to grant the patent. In such case, the period laid down in paragraph 4 shall be at least five months. If the translation has not been filed in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.

6. At the request of the applicant, mention of grant of the European patent shall be published before expiry of the time limit under paragraph 4 or 5. Such request may only be made if the requirements pursuant to paragraphs 2 and 5 are met.

Article 98
Publication of a specification of the European patent

At the same time as it publishes the mention of the grant of the European patent, the European Patent Office shall publish a specification of the European patent containing the description, the claims and any drawings.

PART V
Opposition Procedure

Article 99
Opposition

1. Within nine months from the publication of the mention of the grant of the European patent, any person may give notice to the European Patent Office of opposition to the European patent granted. Notice of opposition shall be filed in a written reasoned statement. It shall not be deemed to have been filed until the opposition fee has been paid.

2. The opposition shall apply to the European patent in all the Contracting States in which that patent has effect.

3. Hreyfa má andmælum jafnvel þótt fallið hafi verið frá evrópska einkaleyfinu eða það hafi fallið niður að því er varðar öll þau ríki sem tilnefnd hafa verið.
4. Bæði andmælendur og einkaleyfishafi eru aðilar að andmælameðferðinni.
5. Hver sem getur sýnt fram á að hann hafi, eftir að endanleg ákvörðun liggur fyrir í samningsríki, verið færður í einkaleyfaskrá þess ríkis í stað fyrri einkaleyfishafa skal, fari hann fram á það, koma í stað fyrri einkaleyfishafa að því er það ríki varðar. Með því að víkja frá ákvæðum 118. gr. skal ekki telja fyrri einkaleyfishafa og þann, sem fer fram á að koma í hans stað, sameiginlega einkaleyfishafa nema báðir óski þess.

100. gr.
Grundvöllur andmæla.

Því aðeins er heimilt að hreyfa andmælum að þau byggist á því að:

a) efni evrópsks einkaleyfis sé ekki einkaleyfishæft í skilningi 52.–57. gr.;
b) í umsókn um evrópskt einkaleyfi sé uppfinningunni ekki lýst nægilega skýrt og rækilega til þess að kunnáttumaður á viðkomandi sviði geti útfært hana;
c) efni einkaleyfisins sé víðtækara en innihald umsóknarinnar í þeirri mynd sem hún er lögð inn eða, hafi einkaleyfið verið veitt á grundvelli hlutunarumsóknar eða nýrrar umsóknar sem lögð var inn í samræmi við 61. gr., víðtækara en innihald fyrri umsóknarinnar í þeirri mynd sem hún var lögð inn.

101. gr.
Athugun á andmælum.

1. Ef um réttmæt andmæli er að ræða ber andmæladeildinni að athuga hvort grundvöllur andmæla skv. 100. gr. stríði gegn því að evrópska einkaleyfið standi óbreytt.
2. Andmæladeildin skal, þá er athugun andmæla stendur yfir í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar, bjóða aðilum að leggja inn athugasemdir við orðsendingar, frá öðrum aðila eða deildinni sjálfri, eins oft og þörf krefur og innan þeirra tímamarka sem deildin setur.

102. gr.
Evrópska einkaleyfið ógilt eða haldi gildi sínu.

1. Ef andmæladeildin telur að grundvöllur andmæla skv. 100. gr. stríði gegn því að evrópska einkaleyfið haldi gildi sínu skal hún ógilda einkaleyfið.

2. Ef andmæladeildin telur að grundvöllur andmæla skv. 100. gr. stríði ekki gegn því að einkaleyfið haldi gildi sínu í óbreyttri mynd skal hún vísa andmælunum frá.

3. An opposition may be filed even if the European patent has been surrendered or has lapsed for all the designated States.
4. Opponents shall be parties to the opposition proceedings as well as the proprietor of the patent.
5. Where a person provides evidence that in a Contracting State, following a final decision, he has been entered in the patent register of such State instead of the previous proprietor, such person shall, at his request, replace the previous proprietor in respect of such State. By derogation from Article 118, the previous proprietor and the person making the request shall not be deemed to be joint proprietors unless both so request.

Article 100
Grounds for opposition

Opposition may only be filed on the grounds that:

(a) the subject-matter of the European patent is not patentable within the terms of Articles 52 to 57;
(b) the European patent does not disclose the invention in a manner sufficiently clear and complete for it to be carried out by a person skilled in the art;
(c) the subject-matter of the European patent extends beyond the content of the application as filed, or, if the patent was granted on a divisional application or on a new application filed in accordance with Article 61, beyond the content of the earlier application as filed.

Article 101
Examination of the opposition

1. If the opposition is admissible, the Opposition Division shall examine whether the grounds for opposition laid down in Article 100 prejudice the maintenance of the European patent.
2. In the examination of the opposition, which shall be conducted in accordance with the provisions of the Implementing Regulations, the Opposition Division shall invite the parties, as often as necessary, to file observations, within a period to be fixed by the Opposition Division, on communications from another party or issued by itself.

Article 102
Revocation or maintenance of the European patent

1. If the Opposition Division is of the opinion that the grounds for opposition mentioned in Article 100 prejudice the maintenance of the European patent, it shall revoke the patent.
2. If the Opposition Division is of the opinion that the grounds for opposition mentioned in Article 100 do not prejudice the maintenance of the patent unamended, it shall reject the opposition.

3. Ef andmæladeildin telur, að teknu tilliti til breytinga sem einkaleyfishafi hefur gert meðan á andmælameðferð stóð, að einkaleyfið og uppfinningin, sem það varðar, uppfylli skilyrði samningsins skal hún ákveða að viðhalda einkaleyfinu með áorðnum breytingum að því tilskildu að:

a) fyrir liggi, í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar, að einkaleyfishafi samþykki textann sem andmæladeildin hyggst nota í því skyni að viðhalda einkaleyfinu;

b) gjaldið, sem ber að greiða vegna prentunar nýs texta evrópska einkaleyfisins, sé greitt innan frestsins sem settur er í framkvæmdareglugerðinni.

4. Ef gjaldið fyrir prentun nýs texta er ekki greitt á tilskildum tíma skal ógilda einkaleyfið.

5. Kveða má á um það í framkvæmdareglugerðinni að einkaleyfishafi leggi inn þýðingu á breyttum kröfum á þau tvö tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar sem hafa ekki verið notuð við málsmeðferðina. Ef þýðingunni er ekki skilað á tilskildum tíma skal fella einkaleyfið úr gildi.

103. gr.
Birting á nýjum texta evrópska einkaleyfisins.

Ef breytingar eru gerðar á evrópsku einkaleyfi skv. 3. mgr. 102. gr. skal Evrópska einkaleyfastofan birta nýjan texta evrópska einkaleyfisins, með lýsingu, kröfum og teikningum, ef um þær er að ræða, í breyttri mynd, samtímis tilkynningu um lyktir andmælanna.

104. gr.
Kostnaður.

1. Málsmeðferðaraðilar skulu hver fyrir sig bera þann kostnað, sem þeir hafa stofnað til, nema andmæladeild eða áfrýjunarnefnd ákveði, af sanngirnisástæðum og í samræmi við framkvæmdareglugerðina, að mæla fyrir um aðra skiptingu kostnaðar vegna skýrslutöku eða munnlegs málflutnings.

2. Ef farið er fram á það skal skrifstofa andmæladeildarinnar ákvarða þá kostnaðarfjárhæð sem til skipta kemur í hinum ákveðnu hlutföllum. Andmæladeildinni er heimilt að endurskoða ákvörðun skrifstofunnar um fjárhæð kostnaðar ef farið er fram á það innan frestsins sem settur er í framkvæmdareglugerðinni.

3. Lokaákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um skiptingu kostnaðar ber að framfylgja í samningsríkjunum með sama hætti og um væri að ræða lokaákvörðun einkamáladómstóls í því ríki þar sem fram-

3. If the Opposition Division is of the opinion that, taking into consideration the amendments made by the proprietor of the patent during the opposition proceedings, the patent and the invention to which it relates meet the requirements of this Convention, it shall decide to maintain the patent as amended, provided that:

(a) it is established, in accordance with the provisions of the Implementing Regulations, that the proprietor of the patent approves the text in which the Opposition Division intends to maintain the patent;

(b) the fee for the printing of a new specification of the European patent is paid within the time limit prescribed in the Implementing Regulations.

4. If the fee for the printing of a new specification is not paid in due time, the patent shall be revoked.

5. Provision may be made in the Implementing Regulations for the proprietor of the patent to file a translation of any amended claims in the two official languages of the European Patent Office other than the language of the proceedings. If the translation has not been filed in due time the patent shall be revoked.

Article 103
Publication of a new specification of the European patent

If a European patent is amended under Article 102, paragraph 3, the European Patent Office shall, at the same time as it publishes the mention of the opposition decision, publish a new specification of the European patent containing the description, the claims and any drawings, in the amended form.

Article 104
Costs

1. Each party to the proceedings shall meet the costs he has incurred unless a decision of an Opposition Division or Board of Appeal, for reasons of equity, orders, in accordance with the Implementing Regulations, a different apportionment of costs incurred during taking of evidence or in oral proceedings.

2. On request, the registry of the Opposition Division shall fix the amount of the costs to be paid under a decision apportioning them. The fixing of the costs by the registry may be reviewed by a decision of the Opposition Division on a request filed within the period laid down in the Implementing Regulations.

3. Any final decision of the European Patent Office fixing the amount of costs shall be dealt with, for the purpose of enforcement in the Contracting States, in the same way as a final decision given by a civil

fylgja ber ákvörðuninni. Aðeins má láta sannreyna hvort slík ákvörðun sé ófölsuð.

105. gr.
Íhlutun af hálfu ætlaðs geranda.

1. Þegar andmæli gegn evrópsku einkaleyfi eru lögð inn er sérhverjum þriðja aðila, sem getur sannað að hafið sé mál gegn honum vegna brots gegn sama einkaleyfi, heimilt að taka þátt í andmælameðferð eftir að andmælafresturinn er útrunninn tilkynni hann þátttöku sína innan þriggja mánaða frá þeim degi er málarekstur vegna brotsins hefst. Það sama gildir gagnvart þriðja aðila sem sannar hvort tveggja að einkaleyfishafi hafi skorað á hann að láta af ætluðu broti gegn einkaleyfinu og að hann hafi höfðað mál til að fá dómsúrskurð þess efnis að hann brjóti ekki gegn einkaleyfinu.

2. Tilkynna ber um íhlutun skriflega með rökstuddri greinargerð. Tilkynning telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en andmælagjöldin hafa verið greidd. Eftir það skal litið á íhlutunina sem andmæli, sbr. þó undanþágur sem kann að verða mælt fyrir um í framkvæmdareglugerðinni.

VI. HLUTI
Meðferð áfrýjunarmála.

106. gr.
Ákvarðanir sem heimilt er að áfrýja.

1. Áfrýja má ákvörðunum móttökudeildar, rannsóknardeilda, andmæladeilda og lögfræðideildar. Meðferð máls stöðvast á meðan.

2. Áfrýja má ákvörðun andmæladeildar jafnvel þótt fallið hafi verið frá evrópska einkaleyfinu eða það hafi fallið úr gildi að því er varðar öll tilnefnd ríki.

3. Ákvörðun, sem bindur ekki enda á málsmeðferð gagnvart einum aðila máls, er einungis heimilt að áfrýja ásamt lokaákvörðuninni nema ákvörðunin heimili sérstaka áfrýjun.
4. Ekki er heimilt að áfrýja einungis skiptingu kostnaðar vegna andmælameðferðar.
5. Ekki er heimilt að áfrýja ákvörðun sem tiltekur fjárhæð kostnaðar við andmælameðferð, nema fjárhæðin fari yfir hámark sem sett er í reglunum um gjöld.

107. gr.
Heimild til áfrýjunar og aðild að áfrýjunarmálum.

Sérhverjum aðila að málsmeðferð er heimilt að áfrýja ákvörðun sem fellur honum í óhag. Aðrir aðilar að málsmeðferð eiga rétt til aðildar að áfrýjunarmeðferðinni.

court of the State in the territory of which enforcement is to be carried out. Verification of such decision shall be limited to its authenticity.

Article 105
Intervention of the assumed infringer

1. In the event of an opposition to a European patent being filed, any third party who proves that proceedings for infringement of the same patent have been instituted against him may, after the opposition period has expired, intervene in the opposition proceedings, if he gives notice of intervention within three months of the date on which the infringement proceedings were instituted. The same shall apply in respect of any third party who proves both that the proprietor of the patent has requested that he cease alleged infringement of the patent and that he has instituted proceedings for a court ruling that he is not infringing the patent.
2. Notice of intervention shall be filed in a written reasoned statement. It shall not be deemed to have been filed until the opposition fee has been paid. Thereafter the intervention shall, subject to any exceptions laid down in the Implementing Regulations, be treated as an opposition.

PART VI
Appeals Procedure

Article 106
Decisions subject to appeal

1. An appeal shall lie from decisions of the Receiving Section, Examining Divisions, Opposition Divisions and the Legal Division. It shall have suspensive effect.
2. An appeal may be filed against the decision of the Opposition Division even if the European patent has been surrendered or has lapsed for all the designated States.
3. A decision which does not terminate proceedings as regards one of the parties can only be appealed together with the final decision, unless the decision allows separate appeal.
4. The apportionment of costs of opposition proceedings cannot be the sole subject of an appeal.
5. A decision fixing the amount of costs of opposition proceedings cannot be appealed unless the amount is in excess of that laid down in the Rules relating to Fees.

Article 107
Persons entitled to appeal and to be parties to appeal proceedings

Any party to proceedings adversely affected by a decision may appeal. Any other parties to the proceedings shall be parties to the appeal proceedings as of right.

108. gr.

Tímafrestur til áfrýjunar og framsetning hennar.

Leggja skal skriflega tilkynningu um áfrýjun inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni innan tveggja mánaða eftir að tilkynnt var um ákvörðunina sem áfrýjað er. Tilkynning telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en áfrýjunargjöld hafa verið greidd. Leggja þarf inn skriflega rökstudda greinargerð um áfrýjunina innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tilkynnt er um ákvörðunina.

109. gr.

Bráðabirgðaendurskoðun.

1. Ef deildin, sem tók þá ákvörðun sem er vefengd, telur áfrýjunina tæka og á rökum reista skal hún leiðrétta ákvörðun sína. Þetta gildir þó ekki þegar annar aðili að málsmeðferðinni hreyfir andmælum gegn áfrýjandanum.
2. Ef áfrýjun hefur ekki verið tekin til greina innan þriggja mánaða frá því að rökstudd greinargerð barst skal henni vísað til áfrýjunarnefndarinnar án tafar og án athugasemda um verðleika hennar.

110. gr.

Athugun á áfrýjunum.

1. Ef áfrýjun er tæk skal áfrýjunarnefnd athuga hvort unnt sé að taka hana til greina.
2. Samfara því að áfrýjunarnefndin athugar efni áfrýjunarinnar, sem skal gert í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar, skal hún gefa aðilum færi á að leggja inn athugasemdir um orðsendingar annarra aðila eða nefndarinnar sjálfrar eins oft og þörf krefur og innan frests sem nefndin setur.

3. Svari umsækjandi ekki boði skv. 2. mgr. innan tilskilins frests telst umsóknin um evrópskt einkaleyfi hafa verið dregin til baka nema ákvörðunin, sem var áfrýjað, hafi verið tekin af lögfræðideildinni.

111. gr.

Ákvörðun í áfrýjunarmáli.

1. Þegar athugað hefur verið hvort unnt sé að taka áfrýjun til greina ber áfrýjunarnefndinni að kveða upp úrskurð um áfrýjunina. Áfrýjunarnefndinni er heimilt að beita hverju úrræði, sem er á valdsviði deildarinnar sem tók þá ákvörðun er áfrýjað var, eða vísa málinu aftur til deildarinnar til frekari meðferðar.
2. Ef áfrýjunarnefndin vísar málinu til deildarinnar, sem tók ákvörðunina er áfrýjað var, til frekari meðferðar skal sú deild vera bundin af þeirri réttarreglu sem var forsenda áfrýjunarnefndarinnar að svo miklu leyti sem staðreyndir málsins eru þær sömu. Ef móttökudeildin tók hina áfrýjuðu ákvörðun skal rannsóknardeildin einnig bundin af þeirri réttarreglu sem var forsenda áfrýjunarnefndarinnar.

Article 108

Time limit and form of appeal

Notice of appeal must be filed in writing at the European Patent Office within two months after the date of notification of the decision appealed from. The notice shall not be deemed to have been filed until after the fee for appeal has been paid. Within four months after the date of notification of the decision, a written statement setting out the grounds of appeal must be filed.

Article 109

Interlocutory revision

1. If the department whose decision is contested considers the appeal to be admissible and well founded, it shall rectify its decision. This shall not apply where the appellant is opposed by another party to the proceedings.
2. If the appeal is not allowed within three months after receipt of the statement of grounds, it shall be remitted to the Board of Appeal without delay, and without comment as to its merit.

Article 110

Examination of appeals

1. If the appeal is admissible, the Board of Appeal shall examine whether the appeal is allowable.
2. In the examination of the appeal, which shall be conducted in accordance with the provisions of the Implementing Regulations, the Board of Appeal shall invite the parties, as often as necessary, to file observations, within a period to be fixed by the Board of Appeal, on communications from another party or issued by itself.
3. If the applicant fails to reply in due time to an invitation under paragraph 2, the European patent application shall be deemed to be withdrawn, unless the decision under appeal was taken by the Legal Division.

Article 111

Decision in respect of appeals

1. Following the examination as to the allowability of the appeal, the Board of Appeal shall decide on the appeal. The Board of Appeal may either exercise any power within the competence of the department which was responsible for the decision appealed or remit the case to that department for further prosecution.
2. If the Board of Appeal remits the case for further prosecution to the department whose decision was appealed, that department shall be bound by the ratio decidendi of the Board of Appeal, in so far as the facts are the same. If the decision which was appealed emanated from the Receiving Section, the Examining Division shall similarly be bound by the ratio decidendi of the Board of Appeal.

112. gr.
Ákvörðun eða álit stóru áfrýjunarnefndarinnar.

1. Til að tryggja samræmi í beitingu laganna eða þegar um er að ræða mikilvægt lagaatriði:
a) skal áfrýjunarnefndin, meðan mál er til meðferðar og þá annaðhvort að eigin frumkvæði eða beiðni aðila að áfrýjuninni, skjóta sérhverju álitamáli til stóru áfrýjunarnefndarinnar ef hún telur að ákvörðunar sé þörf af framangreindum ástæðum. Ef áfrýjunarnefndin verður ekki við beiðninni skal hún rökstyðja það í lokaákvörðun sinni;

b) er forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar heimilt að skjóta máli til stóru áfrýjunarnefndarinnar ef tvær áfrýjunarnefndir hafa komist að ólíkum niðurstöðum um álitamál.
2. Í málum, sem falla undir a-lið 1. mgr., skulu aðilar að áfrýjunarmálinu vera aðilar að máli fyrir stóru áfrýjunarnefndinni.
3. Ákvörðun stóru áfrýjunarnefndarinnar skv. a-lið 1. mgr. skal vera bindandi fyrir áfrýjunarnefndina í viðkomandi máli.

Article 112
Decision or opinion of the Enlarged Board of Appeal

1. In order to ensure uniform application of the law, or if an important point of law arises:
(a) the Board of Appeal shall, during proceedings on a case and either of its own motion or following a request from a party to the appeal, refer any question to the Enlarged Board of Appeal if it considers that a decision is required for the above purposes. If the Board of Appeal rejects the request, it shall give the reasons in its final decision;
(b) the President of the European Patent Office may refer a point of law to the Enlarged Board of Appeal where two Boards of Appeal have given different decisions on that question.
2. In the cases covered by paragraph 1(a) the parties to the appeal proceedings shall be parties to the proceedings before the Enlarged Board of Appeal.
3. The decision of the Enlarged Board of Appeal referred to in paragraph 1(a) shall be binding on the Board of Appeal in respect of the appeal in question.

VII. HLUTI
Almenn ákvæði.

I. kafli.
Almenn ákvæði um málsmeðferð.

113. gr.
Grundvöllur ákvarðana.

1. Ákvarðanir Evrópsku einkaleyfastofunnar mega einungis byggjast á rökum eða sönnunargögnum sem aðilar málsins hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

2. Þegar Evrópska einkaleyfastofan fjallar um og tekur ákvörðun um umsókn um evrópskt einkaleyfi eða einkaleyfið sjálft gerir hún það einungis með tilliti til textans sem umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur lagt inn hjá henni eða samþykkt.

PART VII
Common Provisions

Chapter I
Common provisions governing procedure

Article 113
Basis of decisions

1. The decisions of the European Patent Office may only be based on grounds or evidence on which the parties concerned have had an opportunity to present their comments.
2. The European Patent Office shall consider and decide upon the European patent application or the European patent only in the text submitted to it, or agreed, by the applicant for or proprietor of the patent.

114. gr.
Athugun Evrópsku einkaleyfastofunnar að eigin frumkvæði.

1. Þegar mál er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni ber stofunni að athuga staðreyndir málsins að eigin frumkvæði; athugun hennar skal ekki takmörkuð við staðreyndir, sönnunargögn og rök, sem málsaðilar leggja fram, og þær úrbætur sem þeir fara fram á.
2. Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt að taka ekki tillit til staðreynda eða sönnunargagna sem aðilar málsins leggja ekki fram innan tilskilins frests.

Article 114
Examination by the European Patent Office of its own motion

1. In proceedings before it, the European Patent Office shall examine the facts of its own motion; it shall not be restricted in this examination to the facts, evidence and arguments provided by the parties and the relief sought.

2. The European Patent Office may disregard facts or evidence which are not submitted in due time by the parties concerned.

115. gr.
Athugasemdir þriðja aðila.

1. Eftir birtingu umsóknar um evrópskt einkaleyfi

Article 115
Observations by third parties

1. Following the publication of the European patent

getur hver sem er gert athugasemdir varðandi einkaleyfishæfi uppfinningarinnar sem umsóknin fjallar um. Skila verður slíkum athugasemdum skriflega ásamt greinargerð með rökstuðningi sem þær byggjast á. Sá aðili skal ekki vera aðili að málsmeðferðinni hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

2. Senda ber athugasemdirnar skv. 1. mgr. áfram til umsækjanda eða einkaleyfishafa sem er heimilt að tjá sig um þær.

116. gr.
Munnlegur málflutningur.

1. Munnlegur málflutningur fer fram annaðhvort fyrir tilstilli Evrópsku einkaleyfastofunnar, telji hún það henta, eða samkvæmt ósk einhvers aðila að málsmeðferðinni. Þó er Evrópsku einkaleyfastofunni heimilt að hafna beiðni um frekari munnlegan málflutning fyrir sömu deild ef aðilar að málsmeðferðinni og efni málsins eru þau sömu.
2. Þrátt fyrir það skal munnlegur málflutningur fyrir móttökudeild að beiðni umsækjanda einungis fara fram telji deildin það henta eða hún fyrirhugar að hafna umsókn um evrópskt einkaleyfi.

3. Munnlegur málflutningur fyrir móttökudeild, rannsóknardeildum og lögfræðideild skal ekki fara fram í heyranda hljóði.
4. Munnlegur málflutningur, að meðtalinni uppkvaðningu ákvörðunarinnar, skal fara fram í heyranda hljóði hjá áfrýjunarnefndunum og stóru áfrýjunarnefndinni eftir að umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur birst og einnig hjá andmæladeildunum, að svo miklu leyti sem deildin, sem málið er flutt fyrir, ákveður ekki annað í málum þar sem aðgangur almennings gæti haft í för með sér alvarleg og óréttmæt vandkvæði, einkum fyrir aðila að málsmeðferðinni.

117. gr.
Öflun gagna.

1. Í málum fyrir rannsóknardeild, andmæladeild, lögfræðideildinni eða áfrýjunarnefnd má leggja fram sönnunargögn eða afla þeirra með:

a) aðilaskýrslum;
b) beiðni um upplýsingar;
c) framlagningu gagna;
d) vitnaskýrslum;
e) sérfræðingaálitum;
f) skoðun;
g) staðfestum skriflegum yfirlýsingum.

2. Rannsóknardeild, andmæladeild eða áfrýjunarnefnd er heimilt að fela einum úr sínum hópi að skoða sönnunargögnin sem aflað hefur verið.
3. Telji Evrópska einkaleyfastofan það nauðsynlegt

application, any person may present observations concerning the patentability of the invention in respect of which the application has been filed. Such observations must be filed in writing and must include a statement of the grounds on which they are based. That person shall not be a party to the proceedings before the European Patent Office.
2. The observations referred to in paragraph 1 shall be communicated to the applicant for or proprietor of the patent who may comment on them.

Article 116
Oral proceedings

1. Oral proceedings shall take place either at the instance of the European Patent Office if it considers this to be expedient or at the request of any party to the proceedings. However, the European Patent Office may reject a request for further oral proceedings before the same department where the parties and the subject of the proceedings are the same.
2. Nevertheless, oral proceedings shall take place before the Receiving Section at the request of the applicant only where the Receiving Section considers this to be expedient or where it envisages refusing the European patent application.
3. Oral proceedings before the Receiving Section, the Examining Divisions and the Legal Division shall not be public.
4. Oral proceedings, including delivery of the decision, shall be public, as regards the Boards of Appeal and the Enlarged Board of Appeal, after publication of the European patent application, and also before the Opposition Divisions, in so far as the department before which the proceedings are taking place does not decide otherwise in cases where admission of the public could have serious and unjustified disadvantages, in particular for a party to the proceedings.

Article 117
Taking of evidence

1. In any proceedings before an Examining Division, an Opposition Division, the Legal Division or a Board of Appeal the means of giving or obtaining evidence shall include the following:
(a) hearing the parties;
(b) requests for information;
(c) the production of documents;
(d) hearing the witnesses;
(e) opinions by experts;
(f) inspection;
(g) sworn statements in writing.
2. The Examining Division, Opposition Division or Board of Appeal may commission one of its members to examine the evidence adduced.
3. If the European Patent Office considers it neces-

að málsaðili, vitni eða sérfræðingur gefi munnlegan vitnisburð skal hún annaðhvort:

a) stefna hlutaðeiganda fyrir sig; eða

b) fara þess á leit við valdbæran dómstól í ríkinu þar sem hlutaðeigandi hefur aðsetur að dómstóllinn afli slíks vitnisburðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 131. gr.

4. Málsaðila, vitni eða sérfræðingi, sem stefnt er fyrir Evrópsku einkaleyfastofuna, er heimilt að fara fram á við hana að valdbær dómstóll í ríkinu, þar sem hann hefur aðsetur, hlýði á vitnisburð hans. Þegar slík beiðni berst, eða hafi stefnu ekki verið svarað þegar útrunninn er fresturinn sem Evrópska einkaleyfastofan setti í stefnunni, er Evrópsku einkaleyfastofunni heimilt, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 131. gr., að fara þess á leit við valdbæra dómstólinn að hann hlýði á þann sem í hlut á.

5. Ef málsaðili, vitni eða sérfræðingur ber vitni fyrir Evrópsku einkaleyfastofunni er stofunni heimilt, telji hún ráðlegt að vitnisburðurinn sé eiðsvarinn eða gefinn með jafntryggum hætti, að fara þess á leit við valdbæran dómstól í ríkinu, þar sem hlutaðeigandi hefur aðsetur, að dómstóllinn láti að nýju reyna á vitnisburðinn og þá við slíkar aðstæður.

6. Þegar Evrópska einkaleyfastofan fer þess á leit við valdbæran dómstól að hann afli vitnisburðar er henni heimilt að fara fram á að vitnisburðurinn sé eiðsvarinn eða gefinn með jafntryggum hætti og að dómstóllinn heimili fulltrúa viðkomandi deildar að vera við yfirheyrsluna og leggja spurningar fyrir málsaðilann, vitnið eða sérfræðinginn, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dómstólsins.

sary for a party, witness or expert to give evidence orally, it shall either:

(a) issue a summons to the person concerned to appear before it, or

(b) request, in accordance with the provisions of Article 131, paragraph 2, the competent court in the country of residence of the person concerned to take such evidence.

4. A party, witness or expert who is summoned before the European Patent Office may request the latter to allow his evidence to be heard by a competent court in his country of residence. On receipt of such a request, or if there has been no reply to the summons by the expiry of a period fixed by the European Patent Office in the summons, the European Patent Office may, in accordance with the provisions of Article 131, paragraph 2, request the competent court to hear the person concerned.

5. If a party, witness or expert gives evidence before the European Patent Office, the latter may, if it considers it advisable for the evidence to be given on oath or in an equally binding form, request the competent court in the country of residence of the person concerned to re-examine his evidence under such conditions.

6. When the European Patent Office requests a competent court to take evidence, it may request the court to take the evidence on oath or in an equally binding form and to permit a member of the department concerned to attend the hearing and question the party, witness or expert either through the intermediary of the court or directly.

118. gr.
Heildstæði umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis.

Þegar umsækjendur um evrópskt einkaleyfi eða einkaleyfishafar eru ekki þeir sömu að því er varðar ólík samningsríki sem tilnefnd eru skal líta á þá sem sameiginlega umsækjendur eða einkaleyfishafa með tilliti til meðferðar málsins fyrir Evrópsku einkaleyfastofunni. Þetta hefur ekki áhrif á heildstæði umsóknarinnar eða einkaleyfisins að því er fyrrnefnda málsmeðferð varðar; einkum þarf texti umsóknarinnar eða einkaleyfisins að vera samhljóða að því er öll tilnefnd samningsríki varðar nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

Article 118
Unity of the European patent application or European patent

Where the applicants for or proprietors of a European patent are not the same in respect of different designated Contracting States, they shall be regarded as joint applicants or proprietors for the purposes of proceedings before the European Patent Office. The unity of the application or patent in these proceedings shall not be affected; in particular the text of the application or patent shall be uniform for all designated Contracting States unless otherwise provided for in this Convention.

119. gr.
Tilkynning.

Evrópsku einkaleyfastofunni ber að hafa það að reglu að tilkynna hlutaðeigendum um ákvarðanir og stefnur og um tilkynningar eða aðrar orðsendingar sem tímafrestur er byggður á eða sem ber að tilkynna hlutaðeigendum um samkvæmt öðrum ákvæðum

Article 119
Notification

The European Patent Office shall, as a matter of course, notify those concerned of decisions and summonses, and of any notice or other communication from which a time limit is reckoned, or of which those concerned must be notified under other provi-

samnings þessa eða sem forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar hefur farið fram á að tilkynnt verði um. Heimilt er að gefa út tilkynningar fyrir milligöngu aðalhugverkastofa í samningsríkjunum ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

120. gr.
Tímafrestir.

Framkvæmdareglugerðin skal mæla fyrir um:

a) hvernig reikna ber fresti og um skilyrði fyrir framlengingu þeirra, annaðhvort af þeirri ástæðu að Evrópska einkaleyfastofan eða yfirvöldin, sem um getur í b-lið 1. mgr. 75. gr., geta ekki tekið við gögnum eða enginn póstur er borinn út til staða þar sem Evrópska einkaleyfastofan eða þessi yfirvöld eru staðsett eða af þeirri ástæðu að póstþjónustan hefur almennt orðið fyrir röskunum eða er úr lagi gengin af þeirra völdum;

b) lengstu og skemmstu fresti sem Evrópsku einkaleyfastofunni ber að ákveða.

121. gr.
Endurupptaka umsóknar um evrópskt einkaleyfi.

1. Ef hafna á umsókn um evrópskt einkaleyfi ellegar henni hefur verið hafnað eða hún telst hafa verið dregin til baka eftir að ekkert svar hefur borist innan frests sem Evrópska einkaleyfastofan hefur sett skulu lagalegar afleiðingar þess ekki koma til framkvæmda eða, ef þær hafa komið til framkvæmda, skulu þær ganga til baka ef umsækjandi leggur fram beiðni um endurupptöku umsóknarinnar.

2. Slíka beiðni skal leggja inn skriflega innan tveggja mánaða frá þeim degi er tilkynnt var annaðhvort um ákvörðun um að hafna umsókninni eða að umsóknin teldist hafa verið dregin til baka. Bæta verður úr vanefndunum innan þess frests. Beiðnin telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en greitt hefur verið gjald fyrir endurupptöku.

3. Deildin, sem er bær um að taka ákvörðun um vanefndir, tekur afstöðu til beiðninnar.

122. gr.
Endurveiting.

1. Umsækjandi um evrópskt einkaleyfi eða einkaleyfishafi, sem, þrátt fyrir að hafa gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast tókst ekki að virða frest af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar, getur fengið rétt sinn endurveittan ef það að virða ekki frestinn leiðir beint til þess, samkvæmt samningi þessum, að umsókn um evrópskt einkaleyfi eða beiðni verði hafnað, ellegar að umsókn teljist hafa verið dregin til baka, einkaleyfið sé ógilt, hann missi

sions of this Convention, or of which notification has been ordered by the President of the European Patent Office. Notifications may, where exceptional circumstances so require, be given through the intermediary of the central industrial property offices of the Contracting States.

Article 120
Time limits

The Implementing Regulations shall specify:

(a) the manner of computation of time limits and the conditions under which such time limits may be extended, either because the European Patent Office or the authorities referred to in Article 75, paragraph 1(b), are not open to receive documents or because mail is not delivered in the localities in which the European Patent Office or such authorities are situated or because postal services are generally interrupted or subsequently dislocated;

(b) the minima and maxima for time limits to be determined by the European Patent Office.

Article 121
Further processing of the European patent application

1. If the European patent application is to be refused or is refused or deemed to be withdrawn following failure to reply within a time limit set by the European Patent Office, the legal consequence provided for shall not ensue or, if it has already ensued, shall be retracted if the applicant requests further processing of the application.

2. The request shall be filed in writing within two months of the date on which either the decision to refuse the application or the communication that the application is deemed to be withdrawn was notified. The omitted act must be completed within this time limit. The request shall not be deemed to have been filed until the fee for further processing has been paid.

3. The department competent to decide on the omitted act shall decide on the request.

Article 122
Restitutio in integrum

1. The applicant for or proprietor of a European patent who, in spite of all due care required by the circumstances having been taken, was unable to observe a time limit vis-à-vis the European Patent Office shall, upon application, have his rights reestablished if the non-observance in question has the direct consequence, by virtue of this Convention, of causing the refusal of the European patent application, or of a request, or the deeming of the European

önnur réttindi eða að leiðir til að fá úrlausn verði honum lokaðar.

2. Leggja verður inn skriflega beiðni innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfinni olli. Bæta verður úr vanefndunum innan þess frests. Beiðnin skal einungis talin tæk innan árs frá því að frestur-inn, sem ekki var staðið við, rann út. Þegar um er að ræða vangoldin árgjöld dregst tímabilið skv. 2. mgr. 86. gr. frá þessu einu ári.

3. Greina verður í beiðninni frá rökunum, sem hún byggir á, og staðreyndum sem styðja málaleitan. Hún telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en gjöldin til að endurveita réttindin hafa verið greidd.
4. Deildin, sem er bær um að taka ákvörðun um það sem láðist að gera, tekur afstöðu til beiðninnar.
5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda um fresti skv. 2. mgr. þessarar greinar, 3. mgr. 61. gr., 3. mgr. 76. gr., 2. mgr. 78. gr, 2. mgr. 79. gr., 1. mgr. 87. gr. og 2. mgr. 94. gr.

6. Hverjum þeim, sem í tilnefndu samningsríki hefur í góðri trú notað eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess að nota uppfinningu, sem er efni birtrar umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis, á tímabilinu milli þess að réttindi glatast skv. 1. mgr. og birt er tilkynning um endurveitingu þessara réttinda, er heimilt að halda áfram slíkri notkun í þágu starfsemi sinnar eða vegna þarfa hennar án greiðslna.
7. Ekkert í þessari grein takmarkar rétt samningsríkis til að endurveita réttindi að því er varðar fresti sem kveðið er á um í samningi þessum og gilda gagnvart yfirvöldum í því ríki.

123. gr.
Breytingar.

1. Í framkvæmdareglugerðinni eru sett skilyrði sem gilda um breytingu á umsókn um evrópskt einkaleyfi eða evrópsku einkaleyfi meðan hún eða það er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni. Í öllum tilvikum ber að gefa umsækjanda a.m.k. eitt tækifæri til þess að breyta lýsingu, kröfum og teikningum að eigin vilja.
2. Óheimilt er að breyta umsókn um evrópskt einkaleyfi eða evrópsku einkaleyfi þannig að hún eða það nái til efnis sem er víðara en innihald umsóknarinnar eins og hún var lögð inn.
3. Ekki má breyta kröfum í evrópsku einkaleyfi meðan á andmælameðferð stendur þannig að þær veiti umfangsmeiri vernd.

patent application to have been withdrawn, or the revocation of the European patent, or the loss of any other right or means of redress.
2. The application must be filed in writing within two months from the removal of the cause of non-compliance with the time limit. The omitted act must be completed within this period. The application shall only be admissible within the year immediately following the expiry of the unobserved time limit. In the case of non-payment of a renewal fee, the period specified in Article 86, paragraph 2, shall be deducted from the period of one year.
3. The application must state the grounds on which it is based, and must set out the facts on which it relies. It shall not be deemed to be filed until after the fee for re-establishment of rights has been paid.
4. The department competent to decide on the omitted act shall decide upon the application.
5. The provisions of this Article shall not be applicable to the time limits referred to in paragraph 2 of this Article, Article 61, paragraph 3, Article 76, paragraph 3, Article 78, paragraph 2, Article 79, paragraph 2, Article 87, paragraph 1, and Article 94, paragraph 2.
6. Any person who, in a designated Contracting State, in good faith has used or made effective and serious preparations for using an invention which is the subject of a published European patent application or a European patent in the course of the period between the loss of rights referred to in paragraph 1 and publication of the mention of re-establishment of those rights, may without payment continue such use in the course of his business or for the needs thereof.
7. Nothing in this Article shall limit the right of a Contracting State to grant restitutio in integrum in respect of time limits provided for in this Convention and to be observed vis-à-vis the authorities of such State.

Article 123
Amendments

1. The conditions under which a European patent application or a European patent may be amended in proceedings before the European Patent Office are laid down in the Implementing Regulations. In any case, an applicant shall be allowed at least one opportunity of amending the description, claims and drawings of his own volition.
2. A European patent application or a European patent may not be amended in such a way that it contains subject-matter which extends beyond the content of the application as filed.
3. The claims of the European patent may not be amended during opposition proceedings in such a way as to extend the protection conferred.

124. gr.
Upplýsingar um landsbundnar einkaleyfaumsóknir.

1. Rannsóknardeild eða áfrýjunarnefnd er heimilt að biðja umsækjanda að upplýsa, innan frests sem hún ákveður, um ríki þar sem hann hefur sótt um landsbundið einkaleyfi fyrir uppfinninguna, sem umsókn um evrópskt einkaleyfi varðar, í heild eða að hluta til, og tilgreina tilvísunarnúmer slíkra umsókna.

2. Ef umsækjandi svarar ekki beiðni skv. 1. mgr. á tilskildum tíma telst umsóknin um evrópskt einkaleyfi hafa verið dregin til baka.

125. gr.
Tilvísun til almennra reglna.

Í þeim tilvikum er samningur þessi kveður ekki sérstaklega á um málsmeðferð skal Evrópska einkaleyfastofan taka tillit til grundvallarreglna um málsmeðferð sem almennt eru viðurkenndar í samningsríkjunum.

126. gr.
Lok fjárhagslegra skuldbindinga.

1. Réttur stofnunarinnar til gjalds, sem greitt skal Evrópsku einkaleyfastofunni, tæmist þegar fjögur ár eru liðin frá almanaksárinu þegar gjaldið átti að greiðast.
2. Réttur gagnvart stofnuninni til endurgreiðslu frá Evrópsku einkaleyfastofunni á ofgreiddum gjöldum eða fjárhæðum skal tæmast þegar fjögur ár eru liðin frá almanaksárinu þegar til réttindanna var stofnað.

3. Fresturinn, sem tiltekinn er í 1. og 2. mgr., telst rofinn, ef um 1. mgr. er að ræða, þegar farið er fram á greiðslu gjaldsins en, ef um 2. mgr. er að ræða, þegar gerð er rökstudd og skrifleg krafa. Þegar fresturinn rofnar hefst hann þegar í stað á ný og telst honum lokið eigi síðar en sex árum eftir árið þegar hann hófst upprunalega nema mál hafi áður verið höfðað fyrir dómstóli til að framfylgja réttinum; er fresturinn þá ekki á enda fyrr en eitt ár er liðið frá því að dómurinn var kveðinn upp.

II. kafli.
Upplýsingar til almennings eða opinberra yfirvalda.

127. gr.
Evrópsk einkaleyfaskrá.

Evrópska einkaleyfastofan skal halda skrá sem kallast evrópska einkaleyfaskráin og hefur að geyma þær upplýsingar sem samningurinn gerir ráð fyrir að verði skráðar. Ekkert skal vera fært í skrána fyrr en umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur birst. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

Article 124
Information concerning national patent applications

1. The Examining Division or the Board of Appeal may invite the applicant to indicate, within a period to be determined by it, the States in which he has made applications for national patents for the whole or part of the invention to which the European patent application relates, and to give the reference numbers of the said applications.
2. If the applicant fails to reply in due time to an invitation under paragraph 1, the European patent application shall be deemed to be withdrawn.

Article 125
Reference to general principles

In the absence of procedural provisions in this Convention, the European Patent Office shall take into account the principles of procedural law generally recognised in the Contracting States.

Article 126
Termination of financial obligations

1. Rights of the Organisation to the payment of a fee to the European Patent Office shall be extinguished after four years from the end of the calendar year in which the fee fell due.
2. Rights against the Organisation for the refunding by the European Patent Office of fees or sums of money paid in excess of a fee shall be extinguished after four years from the end of the calendar year in which the right arose.
3. The period laid down in paragraphs 1 and 2 shall be interrupted in the case covered by paragraph 1 by a request for payment of the fee and in the case covered by paragraph 2 by a reasoned claim in writing. On interruption it shall begin again immediately and shall end at the latest six years after the end of the year in which it originally began, unless, in the meantime, judicial proceedings to enforce the right have begun; in this case the period shall end at the earliest one year after the judgment enters into force.

Chapter II
Information to the public or official authorities

Article 127
Register of European Patents

The European Patent Office shall keep a register, to be known as the Register of European Patents, which shall contain those particulars the registration of which is provided for by this Convention. No entry shall be made in the Register prior to the publication of the European patent application. The Register shall be open to public inspection.

128. gr.
Aðgengi að gögnum.

1. Ekki skal veita aðgang að gögnum, sem varða umsóknir um evrópskt einkaleyfi, áður en umsóknirnar eru birtar, nema með samþykki umsækjanda.

2. Hverjum, sem getur sannað að umsækjandi um evrópskt einkaleyfi hafi beitt rétti er umsókn felur í sér gegn sér, er heimilt að fá að skoða gögnin fyrir birtingu umsóknarinnar og án samþykkis umsækjanda.
3. Þegar evrópsk hlutunarumsókn eða ný umsókn um evrópskt einkaleyfi, lögð inn skv. 1. mgr. 61. gr., er birt er hverjum sem er heimilt að skoða gögn fyrri umsóknarinnar áður en umsóknin birtist og án samþykkis hlutaðeigandi umsækjanda.

4. Eftir að umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur verið birt er unnt að skoða gögnin, sem varða slíka umsókn og evrópska einkaleyfið sem af henni leiðir, eftir beiðni, sbr. þó skilyrði þar um í framkvæmdareglugerðinni.
5. Jafnvel áður en umsókn um evrópskt einkaleyfi er birt er Evrópsku einkaleyfastofunni heimilt að senda eftirtalin skráningargögn til þriðja aðila eða gefa þau út:
a) númer umsóknar um evrópskt einkaleyfi;
b) innlagningardag umsóknar um evrópskt einkaleyfi og, ef krafist er forgangsréttar vegna fyrri umsóknar, dagsetningu, ríki og skrárnúmer fyrri umsóknar;
c) nafn umsækjanda;
d) heiti uppfinningar;
e) tilnefnd samningsríki.

129. gr.
Tímarit Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Evrópska einkaleyfastofan gefur út með jöfnu millibili:
a) Einkaleyfatíðindi Evrópsku einkaleyfastofunnar þar sem birtar eru færslur í evrópsku einkaleyfaskrána og aðrar upplýsingar sem skylt er að birta samkvæmt samningi þessum;
b) Fréttabréf Evrópsku einkaleyfastofunnar með tilkynningum og upplýsingum almenns efnis frá forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, auk hvers kyns upplýsinga annarra sem lúta að samningi þessum eða framkvæmd hans.

130. gr.
Upplýsingaskipti.

1. Evrópska einkaleyfastofan og, með fyrirvara um beitingu ákvæða laga og reglugerða skv. 2. mgr. 75. gr., aðalhugverkastofa í hvaða samningsríki sem er skulu, ef farið er fram á slíkt, láta hvor annarri í té

Article 128
Inspection of files

1. The files relating to European patent applications, which have not yet been published, shall not be made available for inspection without the consent of the applicant.
2. Any person who can prove that the applicant for a European patent has invoked the rights under the application against him may obtain inspection of the files prior to the publication of that application and without the consent of the applicant.
3. Where a European divisional application or a new European patent application filed under Article 61, paragraph 1, is published, any person may obtain inspection of the files of the earlier application prior to the publication of that application and without the consent of the relevant applicant.
4. Subsequent to the publication of the European patent application, the files relating to such application and the resulting European patent may be inspected on request, subject to the restrictions laid down in the Implementing Regulations.
5. Even prior to the publication of the European patent application, the European Patent Office may communicate the following bibliographic data to third parties or publish them:
(a) the number of the European patent application;
(b) the date of filing of the European patent application and, where the priority of a previous application is claimed, the date, State and file number of the previous application;
(c) the name of the applicant;
(d) the title of the invention;
(e) the Contracting States designated.

Article 129
Periodical publications

The European Patent Office shall periodically publish:
(a) a European Patent Bulletin containing entries made in the Register of European Patents, as well as other particulars the publication of which is prescribed by this Convention;
(b) an Official Journal of the European Patent Office, containing notices and information of a general character issued by the President of the European Patent Office, as well as any other information relevant to this Convention or its implementation.

Article 130
Exchanges of information

1. The European Patent Office and, subject to the application of the legislative or regulatory provisions referred to in Article 75, paragraph 2, the central industrial property office of any Contracting State

allar nytsamlegar upplýsingar um umsóknir um evrópsk eða landsbundin einkaleyfi og mál sem varðar slíkar umsóknir og einkaleyfi sem af þeim leiða.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um upplýsingaskipti sem fara fram samkvæmt samstarfssamningum milli Evrópsku einkaleyfastofunnar og:
a) aðalhugverkastofu í hverju ríki sem er ekki aðili að samningnum;
b) milliríkjastofnunar sem hefur það hlutverk að veita einkaleyfi;
c) hverrar annarrar stofnunar sem vera skal.
3. Skilyrði, sem sett eru í 128. gr., skulu ekki gilda um samskipti skv. 1. mgr. og a- og b-liðum 2. mgr. Framkvæmdaráðið getur ákveðið að slík skilyrði gildi ekki um samskipti skv. c-lið 2. mgr., þó að því tilskildu að stofnunin, sem í hlut á, fari með upplýsingarnar, sem látnar eru í té, sem trúnaðarmál þangað til umsóknin um evrópskt einkaleyfi hefur verið birt.

shall, on request, communicate to each other any useful information regarding the filing of European or national patent applications and regarding any proceedings concerning such applications and the resulting patents.
2. The provisions of paragraph 1 shall apply to the communication of information by virtue of working agreements between the European Patent Office and:
(a) the central industrial property office of any State which is not a party to this Convention;
(b) any intergovernmental organisation entrusted with the task of granting patents;
(c) any other organisation.
3. The communications under paragraphs 1 and 2(a) and (b) shall not be subject to the restrictions laid down in Article 128. The Administrative Council may decide that communications under paragraph 2(c) shall not be subject to such restrictions, provided that the organisation concerned shall treat the information communicated as confidential until the European patent application has been published.

131. gr.
Samstarf um framkvæmd og löggjöf.

1. Sé eigi kveðið á um annað í samningi þessum eða landslögum skulu Evrópska einkaleyfastofan og dómstólar eða yfirvöld í samningsríkjunum aðstoða hvert annað, þegar um er beðið, með upplýsingaskiptum eða með því að heimila skoðun gagna. Skilyrði sem sett eru í 128. gr. gilda ekki um skoðunina þegar Evrópska einkaleyfastofan heimilar dómstólum, embættum saksóknara eða aðalhugverkastofum að skoða gögn.

2. Þegar dómstólar eða önnur valdbær yfirvöld í samningsríkjunum taka við bréflegum beiðnum um skýrslutöku frá Evrópsku einkaleyfastofunni skulu þau leita nauðsynlegra upplýsinga eða gera aðrar lagalegar ráðstafanir fyrir Evrópsku einkaleyfastofuna að svo miklu leyti sem þau fara með lögsögu.

Article 131
Administrative and legal co-operation

1. Unless otherwise provided in this Convention or in national laws, the European Patent Office and the courts or authorities of Contracting States shall on request give assistance to each other by communicating information or opening files for inspection. Where the European Patent Office lays files open to inspection by courts, Public Prosecutors' Offices or central industrial property offices, the inspection shall not be subject to the restrictions laid down in Article 128.
2. Upon receipt of letters rogatory from the European Patent Office, the courts or other competent authorities of Contracting States shall undertake, on behalf of that Office and within the limits of their jurisdiction, any necessary enquiries or other legal measures.

132. gr.
Skipti á ritum.

1. Evrópska einkaleyfastofan og aðalhugverkastofur í samningsríkjunum skulu, ef um er beðið, senda hver annarri til eigin nota eitt eintak eða fleiri af ritum sínum án endurgjalds.

2. Evrópska einkaleyfastofan getur gert samninga um skipti á ritum eða útvegun þeirra.

Article 132
Exchange of publications

1. The European Patent Office and the central industrial property offices of the Contracting States shall despatch to each other on request and for their own use one or more copies of their respective publications free of charge.
2. The European Patent Office may conclude agreements relating to the exchange or supply of publications.

III. kafli.
Fyrirsvar.

133. gr.
Almennar reglur um fyrirsvar.

1. Að öðru leyti en kveðið er á um í ákvæðum 2. mgr. skal enginn skyldaður til að hafa sérmenntaðan fyrirsvarsmann sem kemur fram fyrir hans hönd við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum.
2. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur hvorki aðsetur né aðalstarfsstöð á landsvæði samningsríkis, verður að hafa sérmenntaðan fyrirsvarsmann sem kemur fram fyrir hans hönd við alla málsmeðferð samkvæmt samningi þessum nema við innlögn umsóknar um evrópskt einkaleyfi; framkvæmdareglugerðin getur heimilað aðrar undantekningar.

3. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð á landsvæði einhvers samningsríkis, getur látið starfsmann sinn, sem þarf ekki að vera sérmenntaður fyrirsvarsmaður en skal hafa heimild samkvæmt framkvæmdareglugerðinni, koma fram fyrir sína hönd við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum. Í framkvæmdareglugerðinni er heimilt að kveða á um hvort, og þá með hvaða skilyrðum, starfsmaður slíks lögaðila geti einnig komið fram fyrir hönd annarra lögaðila sem hafa aðalstarfsstöð sína á landsvæði samningsríkis og eru í fjárhagslegum tengslum við fyrrnefndan lögaðila.

4. Heimilt er að setja sérstök ákvæði í framkvæmdareglugerðina um sama fyrirsvarsmann fyrir aðila sem koma fram sameiginlega.

134. gr.
Sérmenntaðir fyrirsvarsmenn.

1. Komi sérmenntaður fyrirsvarsmaður fram fyrir hönd einstaklings eða lögaðila í málsmeðferð samkvæmt samningi þessum má það aðeins vera sérmenntaður fyrirsvarsmaður sem skráður er á sérstakan lista sem Evrópska einkaleyfastofan heldur í þessu skyni.
2. Á listann yfir sérmenntaða fyrirsvarsmenn má skrá hvern einstakling sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
a) er ríkisborgari í samningsríki;

b) hefur starfsstöð eða atvinnu á landsvæði samningsríkis;

c) hefur staðist evrópska réttindaprófið.

3. Skráning er gerð samkvæmt beiðni að meðlögðum vottorðum sem sanna að skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt.
4. Þeir sem skráðir eru á listann yfir sérmenntaða fyrirsvarsmenn skulu eiga rétt á að koma fram við

Chapter III
Representation

Article 133
General principles of representation

1. Subject to the provisions of paragraph 2, no person shall be compelled to be represented by a professional representative in proceedings established by this Convention.
2. Natural or legal persons not having either a residence or their principal place of business within the territory of one of the Contracting States must be represented by a professional representative and act through him in all proceedings established by this Convention, other than in filing the European patent application; the Implementing Regulations may permit other exceptions.
3. Natural or legal persons having their residence or principal place of business within the territory of one of the Contracting States may be represented in proceedings established by this Convention by an employee, who need not be a professional representative but who must be authorised in accordance with the Implementing Regulations. The Implementing Regulations may provide whether and under what conditions an employee of such a legal person may also represent other legal persons which have their principal place of business within the territory of one of the Contracting States and which have economic connections with the first legal person.
4. The Implementing Regulations may prescribe special provisions concerning the common representation of parties acting in common.

Article 134
Professional representatives

1. Professional representation of natural or legal persons in proceedings established by this Convention may only be undertaken by professional representatives whose names appear on a list maintained for this purpose by the European Patent Office.

2. Any natural person who fulfils the following conditions may be entered on the list of professional representatives:
(a) he must be a national of one of the Contracting States;
(b) he must have his place of business or employment within the territory of one of the Contracting States;
(c) he must have passed the European qualifying examination.
3. Entry shall be effected upon request, accompanied by certificates which must indicate that the conditions laid down in paragraph 2 are fulfilled.
4. Persons whose names appear on the list of professional representatives shall be entitled to act in

alla málsmeðferð samkvæmt samningi þessum.
5. Hver sá sem er á listanum skv. 1. mgr. á rétt á að stofna starfsstöð í hverju samningsríki, þar sem málsmeðferð samkvæmt samningi þessum getur farið fram, til að geta komið fram sem sérmenntaður fyrirsvarsmaður, að teknu tilliti til bókunarinnar um miðstýringu sem fylgir samningi þessum. Yfirvöldum í því ríki er einungis heimilt að svipta einstaka menn þessum rétti í einstökum tilvikum þegar beitt er lagaákvæðum sem lúta að verndun almannaöryggis og laga og reglu. Áður en slíkar ráðstafanir eru gerðar skal hafa samráð við forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar.

6. Forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágu frá skilyrðinu í a-lið 2. mgr.
7. Hlutverki sérmenntaðs fyrirsvarsmanns við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum má einnig, auk hinna skráðu sérmenntuðu fyrirsvarsmanna, hver sá starfandi lögfræðingur gegna sem hlotið hefur starfsréttindi í einhverju samningsríkjanna og hefur starfsstöð í samningsríki, að því marki sem hann hefur rétt til þess, í umræddu ríki, að koma fram sem sérmenntaður fyrirsvarsmaður í einkaleyfamálum. Ákvæði 5. mgr. gilda að breyttu breytanda.
8. Framkvæmdaráðið getur samþykkt ákvæði um:

a) hæfi og þjálfun, sem krafist er til að mega þreyta evrópskt réttindapróf, og hvernig haga skuli próftöku;
b) hvernig mynda eigi eða viðurkenna samtök þeirra sem hafa rétt til að starfa sem sérmenntaðir fyrirsvarsmenn, annaðhvort á grundvelli evrópsks réttindaprófs eða samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 163. gr.;
c) agavald sem stofnuninni eða Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt að beita gagnvart slíkum einstaklingum.

VIII. HLUTI
Áhrif á landslög.
I. kafli.
Breyting í landsbundna einkaleyfisumsókn.
135. gr.

Beiðni um að landsbundinni málsmeðferð sé beitt.

1. Aðalhugverkastofa í tilnefndu samningsríki skal aðeins beita málsmeðferð sem á við um veitingu landsbundins einkaleyfis þegar umsækjandi um evrópskt einkaleyfi eða handhafi þess hefur farið fram á það og við eftirtaldar aðstæður:
a) þegar umsókn um evrópskt einkaleyfi telst hafa verið dregin til baka skv. 5. mgr. 77. gr. eða 4. mgr. 162. gr.;
b) í öðrum tilvikum, sem kveðið er á um í landslögum, þar sem umsókn um evrópskt einkaleyfi var

all proceedings established by this Convention.
5. For the purpose of acting as a professional representative, any person whose name appears on the list referred to in paragraph 1 shall be entitled to establish a place of business in any Contracting State in which proceedings established by this Convention may be conducted, having regard to the Protocol on Centralisation annexed to this Convention. The authorities of such State may remove that entitlement in individual cases only in application of legal provisions adopted for the purpose of protecting public security and law and order. Before such action is taken, the President of the European Patent Office shall be consulted.
6. The President of the European Patent Office may, in special circumstances, grant exemption from the requirement of paragraph 2(a).
7. Professional representation in proceedings established by this Convention may also be undertaken, in the same way as by a professional representative, by any legal practitioner qualified in one of the Contracting States and having his place of business within such State, to the extent that he is entitled, within the said State, to act as a professional representative in patent matters. Paragraph 5 shall apply mutatis mutandis.
8. The Administrative Council may adopt provisions governing:
(a) the qualifications and training required of a person for admission to the European qualifying examination and the conduct of such examination;
(b) the establishment or recognition of an institute constituted by the persons entitled to act as professional representatives by virtue of either the European qualifying examination or the provisions of Article 163, paragraph 7;
(c) any disciplinary power to be exercised by that institute or the European Patent Office on such persons.

PART VIII
Impact on National Law
Chapter I
Conversion into a national patent application
Article 135

Request for the application of national procedure

1. The central industrial property office of a designated Contracting State shall apply the procedure for the grant of a national patent only at the request of the applicant for or proprietor of a European patent, and in the following circumstances:
(a) when the European patent application is deemed to be withdrawn pursuant to Article 77, paragraph 5, or Article 162, paragraph 4;
(b) in such other cases as are provided for by the national law in which the European patent appli-

synjað eða hún dregin til baka eða telst hafa verið dregin til baka eða þar sem evrópskt einkaleyfi hefur verið ógilt í samræmi við samning þennan.

2. Beiðni um breytingu skal lögð inn innan þriggja mánaða eftir að umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur verið dregin til baka eða eftir að tilkynnt hefur verið að umsóknin teljist hafa verið dregin til baka eða eftir að tilkynnt hefur verið um ákvörðun um að hafna umsókninni eða ógilda evrópska einkaleyfið. Áhrif skv. 66. gr. falla niður sé beiðnin ekki lögð inn á tilskildum tíma.

136. gr.

Innlagning og framsending beiðninnar.

1. Beiðni um breytingu skal lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og þarf þar að tilgreina samningsríkin þar sem beitingar málsmeðferðar við veitingu landsbundins einkaleyfis er óskað. Beiðnin telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en greitt hefur verið gjald fyrir breytingu. Evrópska einkaleyfastofan framsendir beiðnina til aðalhugverkastofa í þeim samningsríkjum sem tilnefnd eru í henni, ásamt afriti af öllum gögnum sem fylgja umsókninni um evrópskt einkaleyfi eða evrópska einkaleyfinu.

2. Hafi umsækjanda verið tilkynnt að umsókn um evrópskt einkaleyfi teljist hafa verið dregin til baka skv. 5 mgr. 77. gr. skal beiðnin þó lögð inn hjá þeirri aðalhugverkastofu þar sem umsóknin hefur verið lögð inn. Stofa sú skal framsenda beiðnina, ásamt afriti af umsókninni um evrópskt einkaleyfi, beint til aðalhugverkastofa í þeim samningsríkjum sem umsækjandi tilnefnir í beiðninni, sbr. þó ákvæði um þjóðaröryggi. Áhrif skv. 66. gr. falla niður hafi framsendingin ekki verið gerð innan tuttugu mánaða eftir umsóknardaginn eða, ef forgangs er krafist, eftir forgangsdaginn.

137. gr.

Formkröfur við breytingu.

1. Ekki má beita formskilyrðum í landslögum, sem víkja frá eða eru strangari en þau sem kveðið er á um í samningi þessum, gagnvart umsókn um evrópskt einkaleyfi sem send er í samræmi við 136. gr.

2. Aðalhugverkastofa, sem fær umsókn framsenda, má fara fram á að umsækjandi, innan tveggja mánaða hið minnsta:

a) greiði gjald fyrir landsbundna umsókn;
b) leggi inn þýðingu á einu opinberu tungumáli hlutaðeigandi ríkis á frumtexta umsóknarinnar um evrópskt einkaleyfi og, þegar við á, á textanum, eins og honum var breytt meðan á málsmeðferðinni fyrir Evrópsku einkaleyfastofunni stóð,

cation is refused or withdrawn or deemed to be withdrawn, or the European patent is revoked under this Convention.

2. The request for conversion shall be filed within three months after the European patent application has been withdrawn or after notification has been made that the application is deemed to be withdrawn, or after a decision has been notified refusing the application or revoking the European patent. The effect referred to in Article 66 shall lapse if the request is not filed in due time.

Article 136

Submission and transmission of the request

1. A request for conversion shall be filed with the European Patent Office and shall specify the Contracting States in which application of the procedure for the grant of a national patent is desired. The request shall not be deemed to be filed until the conversion fee has been paid. The European Patent Office shall transmit the request to the central industrial property offices of the Contracting States specified therein, accompanied by a copy of the files relating to the European patent application or the European patent.

2. However, if the applicant is notified that the European patent application has been deemed to be withdrawn pursuant to Article 77, paragraph 5, the request shall be filed with the central industrial property office with which the application has been filed. That office shall, subject to the provisions of national security, transmit the request, together with a copy of the European patent application, directly to the central industrial property offices of the Contracting States specified by the applicant in the request. The effect referred to in Article 66 shall lapse if such transmission is not made within twenty months after the date of filing or, if a priority has been claimed, after the date of priority.

Article 137

Formal requirements for conversion

1. A European patent application transmitted in accordance with Article 136 shall not be subjected to formal requirements of national law which are different from or additional to those provided for in this Convention.

2. Any central industrial property office to which the application is transmitted may require that the applicant shall, within not less than two months:

(a) pay the national application fee;
(b) file a translation in one of the official languages of the State in question of the original text of the European patent application and, where appropriate, of the text, as amended during proceedings before the European Patent Office,

sem umsækjandi vill leggja fram við landsbundna málsmeðferð.

II. kafli.
Ógilding og eldri réttindi.

138. gr.
Grundvöllur ógildingar.

1. Einungis er heimilt að ógilda evrópskt einkaleyfi samkvæmt lögum samningsríkis, þannig að ógildingin gildi á landsvæði þess, af eftirfarandi ástæðum, sbr. þó ákvæði 139. gr.:

a) ef efni evrópska einkaleyfisins er ekki einkaleyfishæft samkvæmt 52.–57. gr.;

b) ef evrópska einkaleyfið lýsir ekki uppfinningunni nægilega skýrt og rækilega til þess að kunnáttumaður á viðkomandi sviði geti útfært uppfinninguna;

c) ef efni evrópska einkaleyfisins nær út fyrir innihald umsóknarinnar eins og hún var lögð inn eða, ef einkaleyfi var veitt á grundvelli hlutunarumsóknar eða nýrrar umsóknar skv. 61. gr., út fyrir innihald fyrri umsóknarinnar eins og hún var lögð inn;

d) ef verndin, sem evrópska einkaleyfið veitir, hefur verið rýmkuð;

e) ef handhafi evrópska einkaleyfisins hefur ekki rétt til þess skv. 1. mgr. 60. gr.

2. Ef ástæður ógildingar eiga aðeins við evrópska einkaleyfið að hluta til skal kveða á um ógildingu í formi samsvarandi takmörkunar á einkaleyfinu. Ef landslög heimila má kveða á um takmörkun í formi breytingar á kröfunum, lýsingunni eða teikningunum.

139. gr.
Réttindi, byggð á fyrri dagsetningu eða sömu dagsetningu.

1. Umsókn um evrópskt einkaleyfi og evrópskt einkaleyfi hafa sömu réttaráhrif vegna fyrri dagsetningar og landsbundin einkaleyfaumsókn eða landsbundið einkaleyfi í öllum tilnefndum samningsríkjum.

2. Umsókn um landsbundið einkaleyfi og landsbundið einkaleyfi í samningsríki hafa, gagnvart evrópsku einkaleyfi þar sem samningsríkið er tilnefnt, sömu réttaráhrif vegna fyrri dagsetningar og þau hafa gagnvart landsbundnu einkaleyfi.

3. Hvert samningsríki getur kveðið á um hvort og með hvaða skilyrðum uppfinningu, sem hefur verið lýst bæði í umsókn um evrópskt einkaleyfi eða í evrópsku einkaleyfi og í landsbundinni umsókn eða landsbundnu einkaleyfi með sama umsóknardag eða, þegar forgangs er krafist, sama forgangsdag, má vernda samtímis samkvæmt báðum umsóknunum eða einkaleyfunum.

which the applicant wishes to submit to the national procedure.

Chapter II
Revocation and prior rights

Article 138
Grounds for revocation

1. Subject to the provisions of Article 139, a European patent may only be revoked under the law of a Contracting State, with effect for its territory, on the following grounds:

(a) if the subject-matter of the European patent is not patentable within the terms of Articles 52 to 57;

(b) if the European patent does not disclose the invention in a manner sufficiently clear and complete for it to be carried out by a person skilled in the art;

(c) 97 if the subject-matter of the European patent extends beyond the content of the application as filed or, if the patent was granted on a divisional application or on a new application filed in accordance with Article 61, beyond the content of the earlier application as filed;

(d) if the protection conferred by the European patent has been extended;

(e) if the proprietor of the European patent is not entitled under Article 60, paragraph 1.

2. If the grounds for revocation only affect the European patent in part, revocation shall be pronounced in the form of a corresponding limitation of the said patent. If the national law so allows, the limitation may be effected in the form of an amendment to the claims, the description or the drawings.

Article 139
Rights of earlier date or the same date

1. In any designated Contracting State a European patent application and a European patent shall have with regard to a national patent application and a national patent the same prior right effect as a national patent application and a national patent.

2. A national patent application and a national patent in a Contracting State shall have with regard to a European patent in which that Contracting State is designated the same prior right effect as they have with regard to a national patent.

3. Any Contracting State may prescribe whether and on what terms an invention disclosed in both a European patent application or patent and a national application or patent having the same date of filing or, where priority is claimed, the same date of priority, may be protected simultaneously by both applications or patents.

III. kafli.
Önnur áhrif.
140. gr.
Landsbundin smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð.
Ákvæði 66., 124., 135.–137. og 139. gr. skulu gilda um smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð og umsóknir um smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð sem skráð eru eða lögð fram í þeim samningsríkjum þar sem kveðið er á um slík smáeinkaleyfi eða smáeinkaleyfavottorð í lögum.

141. gr.
Árgjöld fyrir evrópsk einkaleyfi.
1. Einungis má krefjast greiðslu árgjalda fyrir evrópskt einkaleyfi fyrir árin eftir það ár sem kveðið er á um í 4. mgr. 86. gr.
2. Árgjöld, sem falla í gjalddaga innan tveggja mánaða frá birtingu tilkynningar um veitingu evrópsks einkaleyfis, teljast hafa verið greidd með tilskildum hætti séu þau greidd innan þess tíma. Óheimilt er að leggja á aukagjald sem kann að vera kveðið á um samkvæmt landslögum.

IX. HLUTI
Sérstakir samningar.
142. gr.
Sameiginleg einkaleyfi.
1. Hópur samningsríkja, sem hefur kveðið á um í sérstökum samningi að evrópskt einkaleyfi, sem veitt er fyrir þessi ríki, skuli gilda í einu lagi alls staðar á landsvæðum þeirra, getur kveðið á um að einungis megi veita evrópskt einkaleyfi sameiginlega fyrir öll ríkin.
2. Þegar hópur samningsríkja hefur notfært sér heimildina í 1. mgr. skulu ákvæði þessa hluta samningsins gilda.

143. gr.
Sérstakar deildir innan Evrópsku einkaleyfastofunnar.
1. Hópur samningsríkja getur falið Evrópsku einkaleyfastofunni fleiri verkefni.
2. Setja má á stofn sérstakar deildir hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, sem eru sameiginlegar þeim samningsríkjum sem mynda hópinn, til að inna þessi verkefni af hendi. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar skal stjórna þessum sérstöku deildum og gilda 2. og 3. mgr. 10. gr. að breyttu breytanda.

144. gr.
Fyrirsvar fyrir sérstökum deildum.
Hópur samningsríkja getur mælt fyrir um sérstök ákvæði sem lúta að fyrirsvari aðila fyrir deildunum sem um getur í 2. mgr. 143. gr.

Chapter III
Miscellaneous effects
Article 140
National utility models and utility certificates
Article 66, Article 124, Articles 135 to 137 and Article 139 shall apply to utility models and utility certificates and to applications for utility models and utility certificates registered or deposited in the Contracting States whose laws make provision for such models or certificates.

Article 141
Renewal fees for European patents
1. Renewal fees in respect of a European patent may only be imposed for the years which follow that referred to in Article 86, paragraph 4.
2. Any renewal fees falling due within two months after the publication of the mention of the grant of the European patent shall be deemed to have been validly paid if they are paid within that period. Any additional fee provided for under national law shall not be charged.

PART IX
Special Agreements
Article 142
Unitary patents
1. Any group of Contracting States, which has provided by a special agreement that a European patent granted for those States has a unitary character throughout their territories, may provide that a European patent may only be granted jointly in respect of all those States.
2. Where any group of Contracting States has availed itself of the authorisation given in paragraph 1, the provisions of this Part shall apply.

Article 143
Special departments of the European Patent Office
1. The group of Contracting States may give additional tasks to the European Patent Office.
2. Special departments common to the Contracting States in the group may be set up within the European Patent Office in order to carry out the additional tasks. The President of the European Patent Office shall direct such special departments; Article 10, paragraphs 2 and 3, shall apply mutatis mutandis.

Article 144
Representation before special departments
The group of Contracting States may lay down special provisions to govern representation of parties before the departments referred to in Article 143, paragraph 2.

145. gr.
Sérnefnd framkvæmdaráðsins.

1. Hópur samningsríkja getur stofnað sérnefnd framkvæmdaráðsins til að hafa eftirlit með starfsemi sérdeildanna sem stofnaðar hafa verið skv. 2. mgr. 143. gr.; Evrópska einkaleyfastofan leggur til starfsfólk, aðstöðu og búnað sem þarf til að nefndin geti innt af hendi skyldur sínar. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar ber ábyrgð á starfsemi sérdeildanna gagnvart sérnefnd framkvæmdaráðsins.

2. Viðkomandi hópur samningsríkja ákveður samsetningu, valdsvið og starfsemi sérnefndarinnar.

Article 145
Select committee of the Administrative Council

1. The group of Contracting States may set up a select committee of the Administrative Council for the purpose of supervising the activities of the special departments set up under Article 143, paragraph 2; the European Patent Office shall place at its disposal such staff, premises and equipment as may be necessary for the performance of its duties. The President of the European Patent Office shall be responsible for the activities of the special departments to the select committee of the Administrative Council.
2. The composition, powers and functions of the select committee shall be determined by the group of Contracting States.

146. gr.
Greiðsla kostnaðar vegna sérstakra verkefna.

Þegar Evrópsku einkaleyfastofunni hafa verið falin viðbótarverkefni skv. 143. gr. skal viðkomandi hópur samningsríkja bera kostnaðinn sem fellur á stofnunina vegna þessara verkefna. Þegar stofnaðar hafa verið sérstakar deildir innan Evrópsku einkaleyfastofunnar til að sjá um þessi viðbótarverkefni skulu ríkjahóparnir bera kostnað vegna starfsfólks, aðstöðu og búnaðar sem fellur á þessar deildir. Ákvæði 3. og 4. mgr. 39. gr., 41. gr. og 47. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

Article 146
Cover for expenditure for carrying out special tasks

Where additional tasks have been given to the European Patent Office under Article 143, the group of Contracting States shall bear the expenses incurred by the Organisation in carrying out these tasks. Where special departments have been set up in the European Patent Office to carry out these additional tasks, the group shall bear the expenditure on staff, premises and equipment chargeable in respect of these departments. Article 39, paragraphs 3 and 4, Article 41 and Article 47 shall apply mutatis mutandis.

147. gr.
Greiðslur vegna árgjalda sameiginlegra einkaleyfa.

Ef hópur samningsríkja hefur samþykkt sameiginlega skrá vegna árgjalda fyrir evrópsk einkaleyfi skal reikna hlutfallið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 39. gr., á grundvelli sameiginlegu skrárinnar; lágmarksgjald skv. 1. mgr. 39. gr. skal gilda um heildareinkaleyfið. Ákvæði 3. og 4. mgr. 39. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

Article 147
Payments in respect of renewal fees for unitary patents

If the group of Contracting States has fixed a common scale of renewal fees in respect of European patents the proportion referred to in Article 39, paragraph 1, shall be calculated on the basis of the common scale; the minimum amount referred to in Article 39, paragraph 1, shall apply to the unitary patent. Article 39, paragraphs 3 and 4, shall apply mutatis mutandis.

148. gr.
Umsókn um evrópskt einkaleyfi sem andlag eignarréttar.

1. Ákvæði 74. gr. skulu gilda nema hópur samningsríkja hafi tilgreint annað.
2. Hópur samningsríkja getur kveðið á um að umsókn um evrópskt einkaleyfi, þar sem ríkin eru tilnefnd, megi því aðeins yfirfæra, veðsetja eða gera háða aðför að lögum með einhverju móti að slíkar aðgerðir gildi gagnvart öllum samningsríkjum í hópnum og séu í samræmi við ákvæði hins sérstaka samnings.

Article 148
The European patent application as an object of property

1. Article 74 shall apply unless the group of Contracting States has specified otherwise.
2. The group of Contracting States may provide that a European patent application for which these Contracting States are designated may only be transferred, mortgaged or subjected to any legal means of execution in respect of all the Contracting States of the group and in accordance with the provisions of the special agreement.

149. gr.
Sameiginleg tilnefning.

1. Hópur samningsríkja getur kveðið á um að einungis sé unnt að tilnefna þau sameiginlega og að tilnefning eins eða einhverra þeirra teljist vera tilnefning allra ríkja í hópnum.

2. Þegar Evrópska einkaleyfastofan gegnir hlutverki tilnefndrar stofu skv. 1. mgr. 153. gr. gildir 1. mgr. ef umsækjandi hefur tilgreint í alþjóðlegu umsókninni að hann óski þess að hljóta evrópskt einkaleyfi fyrir eitt eða fleiri tilnefndra ríkja í hópnum. Það sama gildir ef umsækjandi tilnefnir í alþjóðlegri umsókn eitt af samningsríkjum hópsins þar sem landslög kveða á um að tilnefning þess ríkis hafi þau áhrif að sótt sé um evrópskt einkaleyfi.

Article 149
Joint designation

1. The group of Contracting States may provide that these States may only be designated jointly, and that the designation of one or some only of such States shall be deemed to constitute the designation of all the States of the group.

2. Where the European Patent Office acts as a designated Office under Article 153, paragraph 1, paragraph 1 shall apply if the applicant has indicated in the international application that he wishes to obtain a European patent for one or more of the designated States of the group. The same shall apply if the applicant designates in the international application one of the Contracting States in the group, whose national law provides that the designation of that State shall have the effect of the application being for a European patent.

X. HLUTI
Alþjóðleg umsókn samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi.

150. gr.
Beiting samstarfssamningsins um einkaleyfi.

1. Beita skal samstarfssamningnum um einkaleyfi frá 19. júní 1970, sem hér eftir er nefndur „samstarfssamningurinn", í samræmi við ákvæði þessa hluta samningsins.

2. Alþjóðlegar umsóknir, sem lagðar eru inn samkvæmt samstarfssamningnum, má taka til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni. Í slíkri málsmeðferð skal beita ákvæðum samstarfssamningsins en ákvæðum samnings þessa þeim til viðbótar. Ef ákvæðin stangast á skulu ákvæði samstarfssamningsins ráða. Fresturinn til að leggja inn beiðni um forathugun skv. 2. mgr. 94. gr samnings þessa skal, einkum þegar um ræðir alþjóðlega umsókn, ekki renna út fyrr en frestur skv. 22. gr. eða 39. gr. samstarfssamningsins, eftir atvikum, er liðinn.

3. Alþjóðleg umsókn, þar sem Evrópska einkaleyfastofan er í hlutverki tilnefndrar stofu eða valinnar stofu, telst vera umsókn um evrópskt einkaleyfi.

4. Þegar vísað er í samningi þessum til samstarfssamningsins skal slík tilvísun einnig ná til reglnanna með samstarfssamningnum.

151. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem viðtökustofa.

1. Evrópska einkaleyfastofan getur gegnt hlutverki viðtökustofu i skilningi xv-liðar 2. gr. samstarfssamningsins ef umsækjandi er ríkisborgari eða búsettur í samningsríki þar sem samstarfssamningurinn hefur öðlast gildi.

PART X
International Application Pursuant to the Patent Cooperation Treaty

Article 150
Application of the Patent Cooperation Treaty

1. The Patent Cooperation Treaty of 19 June 1970, hereinafter referred to as the Cooperation Treaty, shall be applied in accordance with the provisions of this Part.

2. International applications filed under the Cooperation Treaty may be the subject of proceedings before the European Patent Office. In such proceedings, the provisions of that Treaty shall be applied, supplemented by the provisions of this Convention. In case of conflict, the provisions of the Cooperation Treaty shall prevail. In particular, for an international application the time limit within which a request for examination must be filed under Article 94, paragraph 2, of this Convention shall not expire before the time prescribed by Article 22 or Article 39 of the Cooperation Treaty as the case maybe.

3. An international application, for which the European Patent Office acts as designated Office or elected Office, shall be deemed to be a European patent application.

4. Where reference is made in this Convention to the Cooperation Treaty, such reference shall include the Regulations under that Treaty.

Article 151
The European Patent Office as a receiving Office

1. The European Patent Office may act as a receiving Office within the meaning of Article 2(xv) of the Cooperation Treaty if the applicant is a resident or national of a Contracting State to this Convention in respect of which the Cooperation Treaty has entered into force.

2. Evrópska einkaleyfastofan getur einnig gegnt hlutverki viðtökustofu ef umsækjandi er ríkisborgari eða búsettur í ríki, sem er ekki samningsríki en er þó aðildarríki að samstarfssamningnum og hefur náð samkomulagi við Evrópsku einkaleyfastofnunina um að nota Evrópsku einkaleyfastofuna sem viðtökustofu, í samræmi við ákvæði samstarfssamningsins, í stað einkaleyfastofu landsins.

3. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdaráðsins getur Evrópska einkaleyfastofan einnig gegnt hlutverki viðtökustofu gagnvart öðrum umsækjanda, í samræmi við samning þar um milli Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

152. gr.
Innlagning og framsending alþjóðlegrar umsóknar.

1. Velji umsækjandi Evrópsku einkaleyfastofuna sem viðtökustofu alþjóðlegu umsóknarinnar ber honum að leggja hana inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni sjálfri. Ákvæði 2. mgr. 75. gr. skulu þó gilda að breyttu breytanda.

2. Þegar alþjóðleg umsókn er lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni fyrir milligöngu aðalhugverkastofu ber hlutaðeigandi samningsríki að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að umsókn verði framsend Evrópsku einkaleyfastofunni nógu tímanlega til að hún uppfylli öll skilyrði um framsendingu samkvæmt samstarfssamningnum.

3. Hver umsókn um evrópskt einkaleyfi skal háð greiðslu framsendingargjalds innan eins mánaðar frá því að umsóknin berst.

153. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem tilnefnd stofa.

1. Evrópska einkaleyfastofan gegnir hlutverki tilnefndrar stofu í skilningi xiii-liðar 2. gr. samstarfssamningsins gagnvart þeim samningsríkjum þar sem samstarfssamningurinn hefur öðlast gildi og sem eru tilnefnd í alþjóðlegri umsókn ef umsækjandi tilkynnir viðtökustofunni í alþjóðlegri umsókn að hann óski eftir að hljóta evrópskt einkaleyfi fyrir þessi ríki. Það sama gildir ef umsækjandi tilnefnir í alþjóðlegri umsókn samningsríki þar sem landslög kveða á um að tilnefning ríkisins hafi þau áhrif að sótt sé um evrópskt einkaleyfi.

2. Þegar Evrópska einkaleyfastofan gegnir hlutverki tilnefndrar stofu verður rannsóknardeildin bær til að taka ákvarðanir sem taka verður samkvæmt a-lið 2. mgr. 25. gr. samstarfssamningsins.

2. The European Patent Office may also act as a receiving Office if the applicant is a resident or national of a State which is not a Contracting State to this Convention, but which is a Contracting State to the Cooperation Treaty and which has concluded an agreement with the Organisation whereby the European Patent Office acts as a receiving Office, in accordance with the provisions of the Cooperation Treaty, in place of the national office of that State.

3. Subject to the prior approval of the Administrative Council, the European Patent Office may also act as a receiving Office for any other applicant, in accordance with an agreement concluded between the Organisation and the International Bureau of the World Intellectual Property Organization.

Article 152
Filing and transmittal of the international application

1. If the applicant chooses the European Patent Office as a receiving Office for his international application, he shall file it directly with the European Patent Office. Article 75, paragraph 2, shall nevertheless apply mutatis mutandis.

2. In the event of an international application being filed with the European Patent Office through the intermediary of the competent central industrial property office, the Contracting State concerned shall take all necessary measures to ensure that the application is transmitted to the European Patent Office in time for the latter to be able to comply in due time with the conditions for transmittal under the Cooperation Treaty.

3. Each international application shall be subject to the payment of the transmittal fee, which shall be payable within one month after receipt of the application.

Article 153
The European Patent Office as a designated Office

1. The European Patent Office shall act as a designated Office within the meaning of Article 2(xiii) of the Cooperation Treaty for those Contracting States to this Convention in respect of which the Cooperation Treaty has entered into force and which are designated in the international application if the applicant informs the receiving Office in the international application that he wishes to obtain a European patent for these States. The same shall apply if, in the international application, the applicant designates a Contracting State of which the national law provides that designation of that State shall have the effect of the application being for a European patent.

2. When the European Patent Office acts as a designated Office, the Examining Division shall be competent to take decisions which are required under Article 25, paragraph 2(a), of the Cooperation Treaty.

154. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun.

1. Evrópska einkaleyfastofan gegnir hlutverki alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarstofnunar í skilningi I. kafla samstarfssamningsins gagnvart umsækjendum sem eru ríkisborgarar eða búsettir í samningsríki þar sem samstarfssamningurinn hefur öðlast gildi enda hafi náðst samkomulag þar um milli Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

2. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdaráðsins skal Evrópska einkaleyfastofan einnig gegna hlutverki alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarstofnunar gagnvart öðrum umsækjanda, í samræmi við samning þar um milli Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar.
3. Áfrýjunarnefndirnar bera ábyrgð á að skera úr um kæru frá umsækjanda vegna viðbótargjalds sem Evrópska einkaleyfastofan hefur lagt á samkvæmt ákvæðum a-liðar 3. mgr. 17. gr. samstarfssamningsins.

155. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem stofnun sem gerir alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi.

1. Evrópska einkaleyfastofan gegnir hlutverki alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar í skilningi II. kafla samstarfssamningsins gagnvart umsækjendum sem eru ríkisborgarar eða búsettir í samningsríki sem bundið er af þeim kafla enda hafi náðst samkomulag þar um milli Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

2. However, if the parties are an employee and his employer, paragraph 1 shall only apply in so far as the national law governing the contract of employment allows the agreement in question.

Article 6
In cases where neither Articles 2 to 4 nor Article 5, paragraph 1, apply, the courts of the Federal Republic of Germany shall have exclusive jurisdiction.

Article 7
The courts of Contracting States before which claims referred to in Article 1 are brought shall of their own motion decide whether or not they have jurisdiction pursuant to Articles 2 to 6.

8. gr.

1. Fari svo að mál sé höfðað, á grundvelli sömu kröfu og milli sömu málsaðila, fyrir dómstólum í fleiri en einu aðildarríki, þá ber dómstóli, þar sem málið er síðar upp borið, af eigin frumkvæði að afsala sér lögsögu til þess dómstóls þar sem það var borið upp fyrr.
2. Fari svo að brigður séu bornar á lögsögu dómstólsins, þar sem málið var fyrr upp borið, þá ber dómstólnum, þar sem það var borið upp síðar, að fresta málsmeðferð þar til fyrri dómstóllinn kveður upp fullnaðarúrskurð.

Article 8

1. In the event of proceedings based on the same claim and between the same parties being brought before courts of different Contracting States, the court to which a later application is made shall of its own motion decline jurisdiction in favour of the court to which an earlier application was made.
2. In the event of the jurisdiction of the court to which an earlier application is made being challenged, the court to which a later application is made shall stay the proceedings until the other court takes a final decision.

II. kafli.
Viðurkenning.

Section II
Recognition

9. gr.

1. Nú hefur verið kveðinn upp í einhverju aðildarríki fullnaðarúrskurður um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra aðildarríkja sem tilnefnd eru í umsókninni um evrópskt einkaleyfi, og skal þá, með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr., viðurkenna þann úrskurð án þess að til þurfi að koma nein sérstök málsmeðferð í öðrum aðildarríkjum.
2. Málskot er óheimilt um réttmæti úrskurðar, sem viðurkenna ber, og lögsögu dómstólsins sem kvað hann upp.

Article 9

1. Subject to the provisions of Article 11, paragraph 2, final decisions given in any Contracting State on the right to the grant of a European patent in respect of one or more of the Contracting States designated in the European patent application shall be recognised without requiring a special procedure in the other Contracting States.

2. The jurisdiction of the court whose decision is to be recognised and the validity of such decision may not be reviewed.

10. gr.

1. mgr. 9. gr. á ekki við ef:

a) umsækjandi um evrópskt einkaleyfi, sem hefur ekki haft uppi mótmæli gegn kröfu, sýnir fram á að málsskjalið, sem réttarhöldin voru hafin með, hafi ekki verið kynnt honum eins og vera ber og í tæka tíð fyrir hann til að hafa uppi varnir; eða
b) umsækjandi sýnir fram á að úrskurðurinn fari í bága við annan úrskurð, kveðinn upp í aðildarríki í máli milli sömu málsaðila, og hafi þau málaferli hafist fyrr en hin, þar sem úrskurðurinn, sem ber að viðurkenna, var kveðinn upp.

Article 10

Article 9, paragraph 1, shall not be applicable where:

(a) an applicant for a European patent who has not contested a claim proves that the document initiating the proceedings was not notified to him regularly and sufficiently early for him to defend himself; or
(b) an applicant proves that the decision is incompatible with another decision given in a Contracting State in proceedings between the same parties which were started before those in which the decision to be recognised was given.

11. gr.

1. Í samskiptum aðildarríkja skulu ákvæði bókunar þessarar ganga framar hverjum þeim ákvæðum annarra samninga um lögsögu eða viðurkenningu dómsniðurstaðna sem kunna að vera gagnstæð þeim.
2. Bókun þessi skal engu breyta um framkvæmd neinna samninga milli aðildarríkis og ríkis sem óbundið er af bókuninni.

Article 11

1. In relations between any Contracting States the provisions of this Protocol shall prevail over any conflicting provisions of other agreements on jurisdiction or the recognition of judgments.
2. This Protocol shall not affect the implementation of any agreement between a Contracting State and a State which is not bound by the Protocol.

BÓKUN
um forréttindi og friðhelgi Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar (bókun um forréttindi og friðhelgi).

1. gr.
1. Starfsstöð stofnunarinnar skal njóta friðhelgi.

2. Stjórnvöld ríkjanna, þar sem stofnunin hefur starfsstöð, skulu ekki fara inn á þá starfsstöð án samþykkis forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar. Gera skal ráð fyrir slíku samþykki ef til eldsvoða kemur eða annarra stórslysa þegar þörf er á snöggum varnaraðgerðum.
3. Birting stefnu á starfsstöð stofnunarinnar, svo og annarra málsskjala varðandi orsök aðgerðar gegn stofnuninni, telst ekki brot gegn friðhelgi.

2. gr.
Skjalasafn stofnunarinnar og hvers kyns skjöl, sem hún á eða varðveitir, skulu njóta friðhelgi.

3. gr.
1. Innan opinbers starfssviðs síns skal stofnunin njóta friðhelgi frá málssókn og aðför nema:

a) að svo miklu leyti sem stofnunin hefur beinlínis afsalað sér slíkri friðhelgi í sérstöku tilviki;

b) um sé að ræða einkamál sem þriðji aðili höfðar vegna tjóns, sem leiðir af slysi af völdum ökutækis í eigu stofnunarinnar eða rekstri hjá henni, eða umferðarlagabrot er slíkt ökutæki lendir í;

c) varðandi framkvæmd gerðardóms skv. 23. gr.

2. Fé og eignir stofnunarinnar skulu, án tillits til staðsetningar, friðhelgar gagnvart hvers kyns framsalskröfu, upptöku, eignarsviptingu og löghaldi.

3. Fé og eignir stofnunarinnar skulu einnig vera friðhelgar gagnvart hvers kyns takmörkunum stjórnvalda eða bráðabirgðatakmörkunum dómsvalds nema nauðsynlegt kunni að vera til að koma í veg fyrir og rannsaka slys vegna ökutækja í eigu eða rekstri hjá henni.

4. Samkvæmt bókun þessari á opinber starfsemi stofnunarinnar að takmarkast við það sem er beinlínis nauðsynlegt vegna stjórnunar- og tæknireksturs samkvæmt samningnum.

4. gr.
1. Innan opinbers verksviðs síns skal stofnunin,

PROTOCOL
on Privileges and Immunities of the European Patent Organisation (Protocol on Privileges and Immunities)

Article 1
1. The premises of the Organisation shall be inviolable.
2. The authorities of the States in which the Organisation has its premises shall not enter those premises, except with the consent of the President of the European Patent Office. Such consent shall be assumed in case of fire or other disaster requiring prompt protective action.
3. Service of process at the premises of the Organisation and of any other procedural instruments relating to a cause of action against the Organisation shall not constitute breach of inviolability.

Article 2
The archives of the Organisation and any documents belonging to or held by it shall be inviolable.

Article 3
1. Within the scope of its official activities the Organisation shall have immunity from jurisdiction and execution, except
(a) to the extent that the Organisation shall have expressly waived such immunity in a particular case;
(b) in the case of a civil action brought by a third party for damage resulting from an accident caused by a motor vehicle belonging to, or operated on behalf of, the Organisation, or in respect of a motor traffic offence involving such a vehicle;
(c) in respect of the enforcement of an arbitration award made under Article 23.
2. The property and assets of the Organisation, wherever situated, shall be immune from any form of requisition, confiscation, expropriation and sequestration.
3. The property and assets of the Organisation shall also be immune from any form of administrative or provisional judicial constraint, except in so far as may be temporarily necessary in connection with the prevention of, and investigation into, accidents involving motor vehicles belonging to or operated on behalf of the Organisation.
4. The official activities of the Organisation shall, for the purposes of this Protocol, be such as are strictly necessary for its administrative and technical operation, as set out in the Convention.

Article 4
1. Within the scope of its official activities the

eignir hennar og tekjur undanþegnar öllum beinum sköttum.
2. Þegar stofnunin annast umtalsverð innkaup vegna framkvæmdar á opinberri starfsemi sinni og skattar eða álögur eru innifaldar í verðinu skulu samningsríkin, þegar unnt er, gera viðeigandi ráðstafanir til að endurgreiða stofnuninni slíka skatta og álögur.

3. Enga undanþágu skal veita varðandi álögur og skatta sem fara ekki fram úr gjöldum vegna þjónustu veitustofnana.

5. gr.
Vörur, sem stofnunin flytur inn eða út til að geta unnið opinber störf sín, skulu undanþegnar álögum og gjöldum á innflutning og útflutning, að undanskildum gjöldum eða sköttum vegna veittrar þjónustu, og skulu vörurnar einnig undanþegnar bönnum og hömlum á innflutning og útflutning.

6. gr.
Engar undanþágur skulu veittar skv. 4. og 5. gr. varðandi varning sem keyptur er eða fluttur inn til persónulegra hagsbóta fyrir starfsfólk Evrópsku einkaleyfastofunnar.

7. gr.
1. Eigi má selja eða gefa vörur í eigu stofnunarinnar, sem fengnar hafa verið eða fluttar inn skv. 4. og 5. gr., nema samkvæmt skilyrðum þeirra samningsríkja er veitt hafa undanþáguna.

2. Flutningur vara og veiting þjónustu milli hinna ýmsu bygginga stofnunarinnar skal undanþegin hvers kyns gjöldum og takmörkunum; þar sem við á skulu samningsríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurgreiða slík gjöld eða afnema takmarkanirnar.

8. gr.
Ekki má takmarka á neinn hátt sendingu útgáfurita og annars upplýsingaefnis frá stofnuninni eða til hennar.

9. gr.
Samningsríkin skulu veita stofnuninni nauðsynlegar gjaldeyrisundanþágur vegna framkvæmdar á opinberri starfsemi hennar.

10. gr.
1. Með tilliti til opinberra orðsendinga og flutnings allra skjala sinna skal stofnunin njóta í sérhverju samningsríki bestu kjara sem það ríki veitir öðrum alþjóðastofnunum.

Organisation and its property and income shall be exempt from all direct taxes.
2. Where substantial purchases for the exercise of its official activities, and in the price of which taxes or duties are included, are made by the Organisation, appropriate measures shall, whenever possible, be taken by the Contracting States to remit or reimburse to the Organisation the amount of such taxes or duties.
3. No exemption shall be accorded in respect of duties and taxes which are no more than charges for public utility services.

Article 5
Goods imported or exported by the Organisation for the exercise of its official activities shall be exempt from duties and charges on import or export other than fees or taxes representing services rendered, and from all prohibitions and restrictions on import or export.

Article 6
No exemption shall be granted under Articles 4 and 5 in respect of goods purchased or imported for the personal benefit of the employees of the European Patent Office.

Article 7
1. Goods belonging to the Organisation which have been acquired or imported under Article 4 or Article 5 shall not be sold or given away except in accordance with conditions laid down by the Contracting States which have granted the exemptions.
2. The transfer of goods and provision of services between the various buildings of the Organisation shall be exempt from charges or restrictions of any kind; where appropriate, the Contracting States shall take all the necessary measures to remit or reimburse the amount of such charges or to lift such restrictions.

Article 8
The transmission of publications and other information material by or to the Organisation shall not be restricted in any way.

Article 9
The Contracting States shall accord the Organisation the currency exemptions which are necessary for the exercise of its official activities.

Article 10
1. With regard to its official communications and the transfer of all its documents, the Organisation shall in each Contracting State enjoy the most favourable treatment accorded by that State to any other international organisation.

2. Ekki skal vera nokkurs konar ritskoðun á opinberum orðsendingum stofnunarinnar.

11. gr.

Samningsríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda aðgengi, dvöl og brottför starfsfólks Evrópsku einkaleyfastofunnar.

12. gr.

1. Fulltrúar samningsríkjanna, varafulltrúar og ráðgjafar þeirra eða sérfræðingar, ef einhverjir eru, skulu njóta eftirfarandi forréttinda og friðhelgi meðan þeir sækja fundi framkvæmdaráðsins eða stofnana þess, svo og á ferðum sínum til fundarstaðarins og frá honum:

a) friðhelgi gagnvart handtöku eða haldi, svo og töku persónulegs farangurs þeirra, nema þegar þeir eru staðnir að því að fremja afbrot, gera tilraun til þess eða hafa nýframið brot;
b) friðhelgi frá málssókn, jafnvel að sendiför þeirra aflokinni, varðandi gerðir þeirra við framkvæmd starfa, þar á meðal skrifuð eða töluð orð; þessi friðhelgi á þó ekki við umferðarlagabrot, sem einhver framangreindra aðila fremur, eða tjón af völdum ökutækis sem slíkur aðili á eða ekur;
c) friðhelgi fyrir öll opinber skjöl sín;
d) rétt til að nota dulmálslykla og taka við skjölum eða bréfum með sérstökum póstbera eða í innsigluðum pósti;
e) friðhelgi fyrir sjálfa sig og maka sína gagnvart öllum ráðstöfunum er hefta aðgengi, svo og friðhelgi frá skráningarskyldu útlendinga;
f) sömu aðstöðu varðandi gjaldeyrismál og gjaldeyriseftirlit og þá er veitist fulltrúum erlendra ríkisstjórna í sérstökum opinberum ferðum.

2. Forréttindi og friðhelgi veitast ekki þeim aðilum skv. 1. mgr. í eigin þágu heldur til að tryggja að þeir séu fullkomlega óháðir varðandi framkvæmd starfa sinna í sambandi við stofnunina. Þar af leiðandi er samningsríki skylt að afsala friðhelgi í öllum tilvikum þar sem ríkið telur að slík friðhelgi muni torvelda réttarmeðferð og afsalið getur farið fram án þess að skaða tilganginn fyrir veitingu friðhelginnar.

13. gr.

1. Í samræmi við ákvæði 1. gr. skal forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar njóta sömu forréttinda og

2. No censorship shall be applied to official communications of the Organisation by whatever means of communication.

Article 11

The Contracting States shall take all appropriate measures to facilitate the entry, stay and departure of the employees of the European Patent Office.

Article 12

1. Representatives of Contracting States, alternate Representatives and their advisers or experts, if any, shall enjoy, while attending meetings of the Administrative Council and of any body established by it, and in the course of their journeys to and from the place of meeting, the following privileges and immunities:
(a) immunity from arrest or detention and from seizure of their personal luggage, except when found committing, attempting to commit, or just having committed an offence;
(b) immunity from jurisdiction, even after the termination of their mission, in respect of acts, including words written and spoken, done by them in the exercise of their functions; this immunity shall not apply, however, in the case of a motor traffic offence committed by one of the persons referred to above, nor in the case of damage caused by a motor vehicle belonging to or driven by such a person;
(c) inviolability for all their official papers and documents;
(d) the right to use codes and to receive documents or correspondence by special courier or sealed bag;
(e) exemption for themselves and their spouses from all measures restricting entry and from aliens' registration formalities;
(f) the same facilities in the matter of currency and exchange control as are accorded to the representatives of foreign Governments on temporary official missions.

2. Privileges and immunities are accorded to the persons referred to in paragraph 1, not for their personal advantage but in order to ensure complete independence in the exercise of their functions in connection with the Organisation. Consequently, a Contracting State has the duty to waive the immunity in all cases where, in the opinion of that State, such immunity would impede the course of justice and where it can be waived without prejudicing the purposes for which it was accorded.

Article 13

1. Subject to the provisions of Article 6, the President of the European Patent Office shall enjoy

friðhelgi og veitt er sendierindrekum samkvæmt Vínarsamningnum frá 18. apríl 1961 um stjórnmálasamband.
2. Friðhelgi frá málssókn á þó ekki við umferðarlagabrot sem forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar fremur eða tjón af völdum ökutækis sem hann á eða ekur.

14. gr.

Starfsmenn Evrópsku einkaleyfastofunnar:

a) skulu, jafnvel eftir lok þjónustu sinnar, njóta friðhelgi frá málssókn varðandi gerðir þeirra við framkvæmd starfa, þar á meðal skrifuð eða töluð orð; þessi friðhelgi á þó ekki við um umferðarlagabrot, sem starfsmaður Evrópsku einkaleyfastofunnar fremur, eða tjón af völdum ökutækis sem hann á eða ekur;

b) skulu undanþegnir skuldbindingum varðandi herþjónustu;

c) skulu njóta friðhelgi fyrir öll opinber skjöl sín;

d) skulu njóta sömu aðstöðu varðandi undanþágu frá öllum ráðstöfunum sem takmarka aðgengi og skrásetningu útlendinga og venjulega veitast starfsliði alþjóðastofnana, svo og þeim úr fjölskyldum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim;

e) skulu njóta sömu forréttinda varðandi gjaldeyrisreglur og venjulega veitast starfsmönnum alþjóðastofnana;

f) skulu njóta sömu fyrirgreiðslu varðandi heimsendingu og sendierindrekar á hættutímum á alþjóðavettvangi og sama gildir um þá úr fjölskyldum þeirra sem eru heimilisfastir hjá þeim;

g) skulu eiga rétt á því að flytja tollfrjálst inn húsgögn sín og persónulega muni þegar þeir taka fyrst til starfa í viðkomandi ríki, svo og rétt við starfslok í ríkinu til að flytja tollfrjálst út húsgögn sín og persónulega muni með þeim skilyrðum er ríkisstjórn landsins, þar sem rétturinn er nýttur, telur nauðsynlegt en að undanskildum eignum sem aflað hefur verið í því ríki og háðar eru útflutningsbanni þar.

15. gr.

Sérfræðingar, sem annast störf fyrir stofnunina eða inna af hendi verkefni fyrir hana, skulu njóta eftirfarandi forréttinda og friðhelgi eftir því sem þörf krefur til að inna störf sín og verkefni af hendi, þar á meðal á ferðalögum vegna starfsins og meðan á framkvæmd verkefnanna stendur:

the privileges and immunities accorded to diplomatic agents under the Vienna Convention on Diplomatic Relations of 18 April 1961.
2. However, immunity from jurisdiction shall not apply in the case of a motor traffic offence committed by the President of the European Patent Office or damage caused by a motor vehicle belonging to or driven by him.

Article 14

The employees of the European Patent Office:

(a) shall, even after their service has terminated, have immunity from jurisdiction in respect of acts, including words written and spoken, done in the exercise of their functions; this immunity shall not apply, however, in the case of a motor traffic offence committed by an employee of the European Patent Office, nor in the case of damage caused by a motor vehicle belonging to or driven by an employee;

(b) shall be exempt from all obligations in respect of military service;

(c) shall enjoy inviolability for all their official papers and documents;

(d) shall enjoy the same facilities as regards exemption from all measures restricting immigration and governing aliens' registration as are normally accorded to staff members of international organisations, as shall members of their families forming part of their household;

(e) shall enjoy the same privileges in respect of exchange regulations as are normally accorded to the staff members of international organisations;

(f) shall enjoy the same facilities as to repatriation as diplomatic agents in time of international crises, as shall the members of their families forming part of their household;

(g) shall have the right to import duty-free their furniture and personal effects at the time of first taking up their post in the State concerned and the right on the termination of their functions in that State to export free of duty their furniture and personal effects, subject to the conditions considered necessary by the Government of the State in whose territory the right is exercised and with the exception of property acquired in that State which is subject to an export prohibition therein.

Article 15

Experts performing functions on behalf of, or carrying out missions for, the Organisation shall enjoy the following privileges and immunities, to the extent that they are necessary for the carrying out of their functions, including during journeys made in carrying out their functions and in the course of such missions:

a) friðhelgi frá málssókn varðandi gerðir þeirra við framkvæmd starfa, þar á meðal skrifuð eða töluð orð, nema umferðarlagabrot, sem framið er af sérfræðingi, eða tjón af völdum ökutækis sem hann á eða ekur; sérfræðingar njóta áfram friðhelgi eftir starfslok hjá stofnuninni;

b) friðhelgi fyrir öll opinber skjöl sín;

c) gjaldeyrisaðstöðu sem nauðsynleg er til að yfirfæra þóknun þeirra.

16. gr.

1. Þeir aðilar, sem tilgreindir eru í 13. og 14. gr., skulu vera skattskyldir í þágu stofnunarinnar vegna launa og hlunninda, sem hún greiðir, samkvæmt þeim skilyrðum og reglum er framkvæmdaráðið setur innan eins árs frá gildistökudegi samningsins. Frá þeim degi er skattur þessi er lagður á skulu slík laun og hlunnindi undanþegin tekjuskatti heimalandsins. Samningsríkin geta þó tekið tillit til launanna og hlunnindanna, sem eru þannig undanþegin, þegar metin er fjárhæð skatts sem leggja skal á tekjur frá öðrum aðilum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um eftirlaun og lífeyri sem stofnunin greiðir fyrrverandi starfsmönnum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

17. gr.

Famkvæmdaráðið skal ákveða flokka starfsmanna, sem 14. gr., öll eða að hluta til, og 16. gr. skulu gilda um, svo og flokka sérfræðinga sem 15. gr. skal gilda um. Af og til skal tilkynna samningsríkjunum nöfn, starfsheiti og heimilisföng starfsmanna og sérfræðinga sem eru í slíkum flokkum.

18. gr.

Fari svo að stofnunin komi á fót eigin tryggingakerfi skal hún, auk starfsliðs Evrópsku einkaleyfastofunnar, vera undanþegin öllum skyldaframlögum til almannatrygginga einstakra landa í samræmi við samninga sem gerðir eru við samningsríkin samkvæmt ákvæðum 25. gr.

19. gr.

1. Forréttindum og friðhelgi samkvæmt bókun þessari er ekki ætlað að veita starfsmönnum Evrópsku einkaleyfastofunnar eða sérfræðingum, sem annast störf fyrir stofnunina, persónulegar hagsbætur. Þau eru einungis veitt til að tryggja, undir öllum kring-

(a) immunity from jurisdiction in respect of acts done by them in the exercise of their functions, including words written or spoken, except in the case of a motor traffic offence committed by an expert or in the case of damage caused by a motor vehicle belonging to or driven by him; experts shall continue to enjoy this immunity after they have ceased to be employed by the Organisation;

(b) inviolability for all their official papers and documents;

(c) the exchange facilities necessary for the transfer of their remuneration.

Article 16

1. The persons referred to in Articles 13 and 14 shall be subject to a tax for the benefit of the Organisation on salaries and emoluments paid by the Organisation, subject to the conditions and rules laid down by the Administrative Council within a period of one year from the date of the entry into force of the Convention. From the date on which this tax is applied, such salaries and emoluments shall be exempt from national income tax. The Contracting States may, however, take into account the salaries and emoluments thus exempt when assessing the amount of tax to be applied to income from other sources.

2. Paragraph 1 shall not apply to pensions and annuities paid by the Organisation to the former employees of the European Patent Office.

Article 17

The Administrative Council shall decide the categories of employees to whom the provisions of Article 14, in whole or in part, and Article 16 shall apply and the categories of experts to whom the provisions of Article 15 shall apply. The names, titles and addresses of the employees and experts included in such categories shall be communicated from time to time to the Contracting States.

Article 18

In the event of the Organisation establishing its own social security scheme, the Organisation and the employees of the European Patent Office shall be exempt from all compulsory contributions to national social security schemes, subject to the agreements made with the Contracting States in accordance with the provisions of Article 25.

Article 19

1. The privileges and immunities provided for in this Protocol are not designed to give to employees of the European Patent Office or experts performing functions for or on behalf of the Organisation personal advantage. They are provided solely to ensure,

umstæðum, óhindraðan rekstur stofnunarinnar og fullkomið sjálfstæði þeirra er þau veitast.

2. Forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar er skylt að afsala friðhelgi þar sem hann telur að hún komi í veg fyrir eðlilega réttarmeðferð og að mögulegt sé að vera án slíkrar friðhelgi án þess að skaða hagsmuni stofnunarinnar. Framkvæmdaráðið getur af sömu ástæðum afsalað friðhelgi forstjórans.

20. gr.

1. Stofnunin skal jafnan hafa samvinnu við viðkomandi stjórnvöld samningsríkjanna til að auðvelda réttmæta meðferð dómsmála, tryggja að reglur um lögreglumálefni, heilbrigðismál, vinnueftirlit eða önnur áþekk mál, samkvæmt löggjöf einstakra landa, séu virtar og koma í veg fyrir misnotkun forréttinda, friðhelgi og aðstöðu samkvæmt bókun þessari.

2. Reglur um samstarf skv. 1. mgr. má kveða á um í viðbótarsamningum skv. 25. gr.

21. gr.

Sérhvert samningsríki heldur rétti sínum til að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir í þágu eigin öryggis.

22. gr.

Engu samningsríki er skylt að rýmka forréttindi og friðhelgi skv. 12. gr., 13. gr., b-, e- og g-lið 14. gr. og c-lið 15. gr. til handa:

a) eigin þegnum;
b) einstaklingi sem hefur varanlega búsetu í því ríki þegar hann hefur störf hjá stofnuninni og er ekki starfsmaður nokkurrar annarrar milliríkjastofnunar þar sem starfsfólkið er orðið hluti af starfsliði stofnunarinnar.

23. gr.

1. Samningsríki getur lagt fyrir alþjóðlegan gerðardóm hvers kyns deilu varðandi stofnunina, starfsmann Evrópsku einkaleyfastofunnar eða sérfræðing, sem starfar fyrir hana, svo framarlega sem stofnunin eða starfsmennirnir og sérfræðingarnir hafa gert kröfu til forréttinda eða friðhelgi samkvæmt bókun þessari í þeim tilvikum er friðhelgi hefur ekki verið afsalað.
2. Ef samningsríki hyggst setja deilu í gerð skal ríkið tilkynna formanni framkvæmdaráðsins það og skal hann þegar upplýsa sérhvert samningsríki um slíka tilkynningu.
3. Aðferðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar

in all circumstances, the unimpeded functioning of the Organisation and the complete independence of the persons to whom they are accorded.
2. The President of the European Patent Office has the duty to waive immunity where he considers that such immunity prevents the normal course of justice and that it is possible to dispense with such immunity without prejudicing the interests of the Organisation. The Administrative Council may waive immunity of the President for the same reasons.

Article 20

1. The Organisation shall co-operate at all times with the competent authorities of the Contracting States in order to facilitate the proper administration of justice, to ensure the observance of police regulations and regulations concerning public health, labour inspection or other similar national legislation, and to prevent any abuse of the privileges, immunities and facilities provided for in this Protocol.
2. The procedure of co-operation mentioned in paragraph 1 may be laid down in the complementary agreements referred to in Article 25.

Article 21

Each Contracting State retains the right to take all precautions necessary in the interests of its security.

Article 22

No Contracting State is obliged to extend the privileges and immunities referred to in Article 12, Article 13, Article 14, sub-paragraphs (b), (e) and (g), and Article 15, sub-paragraph (c), to:
(a) its own nationals;
(b) any person who at the time of taking up his functions with the Organisation has his permanent residence in that State and is not an employee of any other inter-governmental organisation whose staff is incorporated into the Organisation.

Article 23

1. Any Contracting State may submit to an international arbitration tribunal any dispute concerning the Organisation or an employee of the European Patent Office or an expert performing functions for or on its behalf, in so far as the Organisation or the employees and experts have claimed a privilege or an immunity under this Protocol in circumstances where that immunity has not been waived.
2. If a Contracting State intends to submit a dispute to arbitration, it shall notify the Chairman of the Administrative Council, who shall forthwith inform each Contracting State of such notification.
3. The procedure laid down in paragraph 1 of this

greinar, á hvorki við um deilur milli stofnunarinnar og starfsmannanna eða sérfræðinganna varðandi starfsreglur eða starfsskilyrði né eftirlaunareglur starfsfólksins.

4. Eigi verður úrskurði gerðardóms áfrýjað og skal hann vera endanlegur og bindandi fyrir aðilana. Rísi deila um merkingu eða gildissvið úrskurðarins skal gerðardómurinn túlka úrskurðinn að beiðni annars hvors aðilans.

24. gr.

1. Gerðardóminn, sem um getur í 23. gr., skulu þrír menn skipa, einn gerðardómsmaður tilnefndur af ríki eða ríkjum, sem eru aðilar að gerðinni, einn gerðardómsmaður tilnefndur af framkvæmdaráðinu og þriðji gerðardómsmaður, sem sé formaður, tilnefndur af framangreindum tveimur gerðardómsmönnum.
2. Gerðardómsmenn skal tilnefna af skrá þar sem eigi eru fleiri en sex gerðardómsmenn samkvæmt tilnefningu sérhvers samningsríkis og sex samkvæmt tilnefningu framkvæmdaráðsins. Skal þessi skrá gerð eins fljótt og auðið er eftir gildistöku bókunarinnar og hún endurskoðuð hvenær sem nauðsyn ber til.

3. Fari svo, innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningar skv. 2. mgr. 23. gr., að annar hvor aðilinn láti undir höfuð leggjast að annast tilnefningu skv. 1. mgr. skal forseti Alþjóðadómstólsins velja gerðardómsmanninn samkvæmt beiðni hins aðilans úr hópi manna á framangreindri skrá. Þetta skal einnig gilda þegar annar hvor aðilinn óskar þess, ef svo fer innan mánaðar frá tilnefningu síðari gerðardómsmannsins, að hinir fyrstu tveir gerðardómsmenn geti ekki komið sér saman um tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins. Fari þó svo, í þessum tveimur tilvikum, að forseti Alþjóðadómstólsins geti ekki annast valið eða hann er þegn aðildarríkis að deilunni skal varaforseti Alþjóðadómstólsins annast framangreindar tilnefningar svo framarlega sem hann er ekki sjálfur þegn aðildarríkis að deilunni; ef svo er skal dómari Alþjóðadómstólsins, sem er ekki þegn aðildarríkja að deilunni og forseti eða varaforseti Alþjóðadómstólsins hefur valið, annast tilnefningarnar. Eigi má velja þegn ríkis, sem fer fram á gerðardóm, til að sitja í gerðardómi ef tilnefning hans er fengin í hendur framkvæmdaráðinu og ekki má heldur velja þann sem er á skránni og tilnefndur er af framkvæmdaráðinu í starf gerðardómsmanns ef tilnefning hans er fengin í hendur ríki sem er sóknaraðili. Eigi má heldur velja mann í öðrum hvorum þessara flokka forseta gerðardómsins.

Article shall not apply to disputes between the Organisation and the employees or experts in respect of the Service Regulations or conditions of employment or, with regard to the employees, the Pension Scheme Regulations.
4. No appeal shall lie against the award of the arbitration tribunal, which shall be final; it shall be binding on the parties. In case of dispute concerning the import or scope of the award, it shall be incumbent upon the arbitration tribunal to interpret it on request by either party.

Article 24

1. The arbitration tribunal referred to in Article 23 shall consist of three members, one arbitrator nominated by the State or States party to the arbitration, one arbitrator nominated by the Administrative Council and a third arbitrator, who shall be the chairman, nominated by the said two arbitrators.
2. The arbitrators shall be nominated from a panel comprising no more than six arbitrators appointed by each Contracting State and six arbitrators appointed by the Administrative Council. This panel shall be established as soon as possible after the Protocol enters into force and shall be revised each time this proves necessary.
3. If, within three months from the date of the notification referred to in Article 23, paragraph 2, either party fails to make the nomination referred to in paragraph 1 above, the choice of the arbitrator shall, on request of the other party, be made by the President of the International Court of Justice from the persons included in the said panel. This shall also apply, when so requested by either party, if within one month from the date of appointment of the second arbitrator, the first two arbitrators are unable to agree on the nomination of the third arbitrator. However, if, in these two cases, the President of the International Court of Justice is prevented from making the choice, or if he is a national of one of the States parties to the dispute, the Vice-President of the International Court of Justice shall make the aforementioned appointments, provided that he himself is not a national of one of the States parties to the dispute; if such is the case, the member of the International Court of Justice who is not a national of one of the States parties to the dispute and who has been chosen by the President or Vice-President shall make the appointments. A national of the State applying for arbitration may not be chosen to fill the post of the arbitrator whose appointment devolves on the Administrative Council nor may a person included in the panel and appointed by the Administrative Council be chosen to fill the post of an arbitrator whose appointment devolves on the State which is the claimant. Nor may a person of either of these

4. Gerðardómurinn setur sér sjálfur starfsreglur.

25. gr.

Stofnunin getur, samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðsins, gert viðbótarsamninga við eitt eða fleiri samningsríki til að framkvæma ákvæði bókunar þessarar, að því er varðar slík ríki, svo og aðrar ráðstafanir til að tryggja að stofnunin sé vel rekin og hagsmuna hennar gætt.

categories be chosen as chairman of the Tribunal.
4. The arbitration tribunal shall draw up its own rules of procedure.

Article 25

The Organisation may, on a decision of the Administrative Council, conclude with one or more Contracting States complementary agreements to give effect to the provisions of this Protocol as regards such State or States, and other arrangements to ensure the efficient functioning of the Organisation and the safeguarding of its interests.

BÓKUN
um miðstýringu evrópska einkaleyfakerfisins og hvernig henni verði komið á (bókun um miðstýringu).

I. gr.

1.

a) Við gildistöku samningsins skulu aðildarríki að honum, sem eru einnig aðilar að Alþjóðaeinkaleyfastofunni er sett var á stofn með Haag-samningnum frá 6. júní 1947, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Evrópska einkaleyfastofnunin taki, eigi síðar en á þeim degi er segir í 1. mgr. 162. gr. samningsins, við öllum eignum og skuldum og öllu starfsfólki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar. Þetta skal framkvæma samkvæmt samningi milli Alþjóðaeinkaleyfastofunnar og Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar. Framangreind ríki og önnur samningsríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningurinn komi til framkvæmda eigi síðar en daginn sem vísað er til í 1. mgr. 162. gr. samningsins. Við framkvæmd samningsins skuldbinda aðildarríki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar, sem einnig eru samningsríki, sig enn fremur til að binda enda á þátttöku sína í Haag-samningnum.

b) Samningsríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Evrópska einkaleyfastofan taki við öllum eignum og skuldum og öllu starfsfólki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar samkvæmt samningnum er um getur í a-lið. Að lokinni framkvæmd þess samnings skal Evrópska einkaleyfastofan taka að sér verkefni Alþjóðaeinkaleyfastofunnar daginn sem samningurinn er lagður fram til undirritunar og þá sérstaklega þau verkefni sem framkvæmd eru gagnvart aðildarríkjum stofunnar, hvort sem þau verða aðilar að samningnum eða ekki, svo og verkefni er stofan hefur tekið að sér að framkvæma við gildistöku

PROTOCOL
on the Centralisation of the European Patent System and on Its Introduction (Protocol on Centralisation)

Section I

1.

(a) Upon entry into force of the Convention, States parties thereto which are also members of the International Patent Institute set up by the Hague Agreement of 6 June 1947 shall take all necessary steps to ensure the transfer to the European Patent Office no later than the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention of all assets and liabilities and all staff members of the International Patent Institute. Such transfer shall be effected by an agreement between the International Patent Institute and the European Patent Organisation. The above States and the other States parties to the Convention shall take all necessary steps to ensure that that agreement shall be implemented no later than the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention. Upon implementation of the agreement, those Member States of the International Patent Institute which are also parties to the Convention further undertake to terminate their participation in the Hague Agreement.

(b) The States parties to the Convention shall take all necessary steps to ensure that all the assets and liabilities and all the staff members of the International Patent Institute are taken into the European Patent Office in accordance with the agreement referred to in sub-paragraph (a). After the implementation of that agreement the tasks incumbent upon the International Patent Institute at the date on which the Convention is opened for signature, and in particular those carried out vis-à-vis its Member States, whether or not they become parties to the Convention, and such tasks as it has undertaken at the time of

samningsins gagnvart ríkjum sem á þeim tíma eru bæði aðilar að Alþjóðaeinkaleyfastofunni og samningnum. Auk þess getur framkvæmdaráð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar falið Evrópsku einkaleyfastofunni frekari störf á sviði nýnæmisrannsókna.

c) Framangreindar skuldbindingar gildi einnig að breyttu breytanda um undirskrifstofuna sem sett var á stofn samkvæmt Haag-samningnum með skilyrðum í samningnum milli Alþjóðaeinkaleyfastofunnar og ríkisstjórnar viðkomandi samningsríkis. Ríkisstjórn þessi skuldbindur sig hér með til að gera nýjan samning við Evrópsku einkaleyfastofnunina í stað þess samnings, sem þegar hefur verið gerður við Alþjóðaeinkaleyfastofuna, til að samræma ákvæði um skipulag, rekstur og fjármögnun undirskrifstofunnar ákvæðum bókunar þessarar.

2. Í samræmi við ákvæði III. gr. skulu samningsríkin, fyrir hönd aðalhugverkastofa sinna, afsala sér, í þágu Evrópsku einkaleyfastofunnar, störfum sem alþjóðlegar nýnæmisrannsóknarstofnanir samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi frá og með þeim degi sem vísað er til í 1. mgr. 162. gr. samningsins.

3.

a) Setja ber á fót undirskrifstofu Evrópsku einkaleyfaskrifstofunnar í Berlín frá og með þeim degi er um getur í 1. mgr. 162. gr. samningsins. Skal hún rekin undir stjórn útibúsins í Haag.

b) Framkvæmdaráðið ákvarðar skyldustörf, sem undirskrifstofunni í Berlín eru falin, í ljósi almennra sjónarmiða og þarfa Evrópsku einkaleyfastofunnar.

c) Eigi síðar en við upphaf stigvaxandi útvíkkunar starfssviðs Evrópsku einkaleyfastofunnar skal það starf, sem undirskrifstofunni er falið, nægja til að gera rannsóknarstarfsfólkinu í Berlínarútibúi þýsku einkaleyfaskrifstofunnar, á þeim degi sem samningurinn er lagður fram til undirritunar, kleift að sinna fullu starfi.

d) Sambandslýðveldið Þýskaland skal greiða viðbótarkostnað sem Evrópska einkaleyfastofnunin leggur í við stofnun og vegna viðhalds undirskrifstofunnar í Berlín.

II. gr.

Í samræmi við ákvæði III. og V. gr. skulu samningsríkin, fyrir hönd aðalhugverkastofa sinna, afsala sér í þágu Evrópsku einkaleyfastofunnar störfum sem alþjóðlegar forathugunarstofnanir samkvæmt sam-

the entry into force of the Convention to carry out vis-à-vis States which, at that date, are both members of the International Patent Institute and parties to the Convention, shall be assumed by the European Patent Office. In addition, the Administrative Council of the European Patent Organisation may allocate further duties in the field of searching to the European Patent Office.

(c) The above obligations shall also apply mutatis mutandis to the sub-office set up under the Hague Agreement under the conditions set out in the agreement between the International Patent Institute and the Government of the Contracting State concerned. This Government hereby undertakes to make a new agreement with the European Patent Organisation in place of the one already made with the International Patent Institute to harmonise the clauses concerning the organisation, operation and financing of the sub-office with the provisions of this Protocol.

2. Subject to the provisions of Section III, the States parties to the Convention shall, on behalf of their central industrial property offices, renounce in favour of the European Patent Office any activities as International Searching Authorities under the Patent Cooperation Treaty as from the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention.

3.

(a) A sub-office of the European Patent Office shall be set up in Berlin as from the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention. It shall operate under the direction of the branch at The Hague.

(b) The Administrative Council shall determine the duties to be allocated to the sub-office in Berlin in the light of general considerations and of the requirements of the European Patent Office.

(c) At least at the beginning of the period following the progressive expansion of the field of activity of the European Patent Office, the amount of work assigned to that sub-office shall be sufficient to enable the examining staff of the Berlin Annex of the German Patent Office, as it stands at the date on which the Convention is opened for signature, to be fully employed.

(d) The Federal Republic of Germany shall bear any additional costs incurred by the European Patent Organisation in setting up and maintaining the sub-office in Berlin.

Section II

Subject to the provisions of Sections III and IV, the States parties to the Convention shall, on behalf of their central industrial property offices, renounce in favour of the European Patent Office any activities

starfssamningnum um einkaleyfi. Skuldbinding þessi á eingöngu við að því marki er Evrópska einkaleyfastofan kann að rannsaka evrópskar einkaleyfisumsóknir skv. 1. mgr. 162. gr. samningsins og skal ekki eiga við fyrr en tveimur árum eftir að Evrópska einkaleyfastofan hefur hafið rannsóknarstörf á viðkomandi tæknisviðum, en á grundvelli fimm ára áætlunar þar sem starfsemi Evrópsku einkaleyfastofunnar sé smám saman aukin á öllum tæknisviðum enda verði áætluninni eingöngu breytt með ákvörðun framkvæmdaráðsins. Aðferðirnar við framkvæmd skuldbindingar þessarar ákveður framkvæmdaráðið.

III. gr.

1. Aðalhugverkastofu í samningsríki, þar sem opinbert tungumál er ekki eitt opinberra tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar, skal heimilt að starfa sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun og alþjóðleg forathugunarstofnun samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi. Skal slík heimild vera háð skuldbindingu viðkomandi ríkis um að takmarka slíka starfsemi við alþjóðlegar umsóknir frá ríkisborgurum eða mönnum, sem eru búsettir í slíku ríki, og frá ríkisborgurum samningsríkja eða mönnum sem eru búsettir þar enda liggi samningsríkið að því ríki. Framkvæmdaráðið getur ákveðið að heimila aðalhugverkastofu í samningsríki að rýmka slíka starfsemi þannig að hún nái til alþjóðlegra umsókna frá ríkisborgurum eða mönnum sem eru búsettir í ósamningsbundnu ríki enda hafi það sama opinbera tungumál og viðkomandi samnings og umsóknirnar séu samdar á því tungumáli.

2. Í þeim tilgangi að samræma nýnæmisrannsóknarstörf samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi innan ramma evrópska kerfisins varðandi veitingu einkaleyfa ber að efna til samstarfs milli Evrópsku einkaleyfastofunnar og aðalhugverkastofa samkvæmt heimild í þessari grein. Slíkt samstarf skal grundvalla á sérstökum samningi sem getur t.d. náð til reglna um nýnæmisrannsóknir og aðferðir, hæfniskrafna vegna ráðningar og þjálfunar rannsóknarmanna, leiðbeininga vegna skipta á nýnæmisrannsóknum og annarrar þjónustu milli skrifstofanna, svo og annarra nauðsynlegra ráðstafana til að koma á fót nauðsynlegri stjórn og eftirliti.

IV. gr.

1.

a) Í þeim tilgangi að auðvelda aðlögun einkaleyfaskrifstofa samningsríkjanna að evrópska einkaleyfakerfinu getur framkvæmdaráðið, ef það telur æskilegt og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum,

as International Preliminary Examining Authorities under the Patent Cooperation Treaty. This obligation shall apply only to the extent to which the European Patent Office may examine European patent applications in accordance with Article 162, paragraph 2, of the Convention and shall not apply until two years after the date on which the European Patent Office has begun examining activities in the areas of technology concerned, on the basis of a five-year plan which shall progressively extend the activities of the European Patent Office to all areas of technology and which may be amended only by decision of the Administrative Council. The procedures for implementing this obligation shall be determined by decision of the Administrative Council.

Section III

1. The central industrial property office of any State party to the Convention in which the official language is not one of the official languages of the European Patent Office, shall be authorised to act as an International Searching Authority and as an International Preliminary Examining Authority under the Patent Cooperation Treaty. Such authorisation shall be subject to an undertaking by the State concerned to restrict such activities to international applications filed by nationals or residents of such State and by nationals or residents of States parties to the Convention which are adjacent to that State. The Administrative Council may decide to authorise the central industrial property office of any State party to the Convention to extend such activities to cover such international applications as may be filed by nationals or residents of any non-Contracting State having the same official language as the Contracting State in question and drawn up in that language.
2. For the purpose of harmonising search activities under the Patent Cooperation Treaty within the framework of the European system for the grant of patents, co-operation shall be established between the European Patent Office and any central industrial property office authorised under this Section. Such co-operation shall be based on a special agreement which may cover e.g. search procedures and methods, qualifications required for the recruitment and training of examiners, guidelines for the exchange of search and other services between the offices as well as other measures needed to establish the required control and supervision.

Section IV

1.

(a) For the purpose of facilitating the adaptation of the national patent offices of the States parties to the Convention to the European patent system, the Administrative Council may, if it considers

falið aðalhugverkastofum í þeim ríkjum, þar sem mögulegt er að láta málsmeðferð fara fram á einu af opinberum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar, verkefni varðandi rannsókn á einkaleyfishæfi evrópskra einkaleyfisumsókna, sem samdar eru á tungumáli er skal, skv. 2. mgr. 18. gr. samningsins, að jafnaði fela fulltrúa í rannsóknardeildinni. Vinna ber slík verkefni innan ramma málsmeðferðar fyrir veitingu samkvæmt samningnum; ákvarðanir um slíkar umsóknir tekur rannsóknardeildin sem skipuð er skv. 2. mgr. 18. gr.

it desirable, and subject to the conditions set out below, entrust the central industrial property offices of such of those States in which it is possible to conduct the proceedings in one of the official languages of the European Patent Office with tasks concerning the examination of European patent applications drawn up in that language which, pursuant to Article 18, paragraph 2, of the Convention, shall, as a general rule, be entrusted to a member of the Examining Division. Such tasks shall be carried out within the framework of the proceedings for grant laid down in the Convention; decisions on such applications shall be taken by the Examining Division composed in accordance with Article 18, paragraph 2.

b) Verkefni, sem falin eru aðilum samkvæmt a-lið, skulu ekki fara fram úr 40% af samanlögðum fjölda innlagðra evrópskra einkaleyfisumsókna; verkefni, sem falin eru einhverju einu ríki, skulu ekki fara fram úr þriðjungi samanlagðs fjölda innlagðra evrópskra einkaleyfisumsókna. Verkefni þessi ber að fela aðila um fimmtán ára skeið frá opnun Evrópsku einkaleyfastofunnar og skal fækka þeim stig af stigi (í grundvallaratriðum 20% á ári) ofan í núll á síðustu fimm árum tímabilsins.

(b) Tasks entrusted under sub-paragraph (a) shall not be in respect of more than 40% of the total number of European patent applications filed; tasks entrusted to any one State shall not be in respect of more than one-third of the total number of European patent applications filed. These tasks shall be entrusted for a period of 15 years from the opening of the European Patent Office and shall be reduced progressively (in principle by 20% a year) to zero during the last 5 years of the period.

c) Framkvæmdaráðið skal, með tilliti til ákvæða bliðar, ákvarða eðli, uppruna og fjölda evrópskra einkaleyfisumsókna þar sem rannsóknarverkefni má fela aðalhugverkastofu í sérhverju framangreindu samningsríki.

(c) The Administrative Council shall decide, while taking into account the provisions of sub-paragraph (b), upon the nature, origin and number of the European patent applications in respect of which examining tasks may be entrusted to the central industrial property office of each of the Contracting States mentioned above.

d) Kveða skal á um framangreindar framkvæmdareglur í sérstökum samningi milli aðalhugverkastofu í viðkomandi samningsríki og Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar.

(d) The above implementing procedures shall be set out in a special agreement between the central industrial property office of the Contracting State concerned and the European Patent Organisation.

e) Skrifstofu, sem slíkur sérstakur samningur hefur verið gerður við, er heimilt að starfa sem alþjóðleg forathugunarstofnun samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi þar til fimmtán ára tímabilið er runnið út.

(e) An office with which such a special agreement has been concluded may act as an International Preliminary Examining Authority under the Patent Cooperation Treaty, until the expiry of the period of 15 years.

2.

a) Telji framkvæmdaráðið að það samrýmist eðlilegri starfsemi Evrópsku einkaleyfastofunnar, og til þess að draga úr hugsanlegum erfiðleikum vissra samningsríkja vegna framkvæmdar 2. mgr. I. gr., getur það falið nýnæmisrannsókn á evrópskum einkaleyfisumsóknum aðalhugverkastofum í þeim ríkjum, þar sem opinbera tungumálið er eitt opinberra tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar, svo framarlega sem þessar stofur hafa nauðsynlega hæfni til að verða útnefndar alþjóð-

2.

(a) If the Administrative Council considers that it is compatible with the proper functioning of the European Patent Office, and in order to alleviate the difficulties which may arise for certain Contracting States from the application of Section I, paragraph 2, it may entrust searching in respect of European patent applications to the central industrial property offices of those States in which the official language is one of the official languages of the European Patent

legar nýnæmisrannsóknarstofnanir samkvæmt skilyrðum í samstarfssamningnum um einkaleyfi.

b) Við framkvæmd slíkra starfa, sem unnin eru á ábyrgð Evrópsku einkaleyfastofunnar, ber viðkomandi aðalhugverkastofum að fara eftir leiðbeiningum um gerð evrópsku nýnæmisrannsóknarskýrslunnar.
c) Ákvæði 2. málsl. b-liðar og d-liðar 1. mgr. þessarar greinar skulu gilda um málsgrein þessa.

V. gr.

1. Undirskrifstofunni, sem vísað er til í c-lið, 1. mgr. I. gr., skal heimilt að framkvæma nýnæmisrannsóknir í gögnum, sem hún hefur aðgang að og eru á opinberu tungumáli ríkisins þar sem undirskrifstofan er staðsett, að því er varðar evrópskar einkaleyfisumsóknir frá ríkisborgurum og mönnum sem eru búsettir í því ríki. Heimild þessi skal bundin þeim fyrirvara að málsmeðferð við veitingu evrópskra einkaleyfa tefjist ekki og Evrópska einkaleyfastofnunin verði ekki fyrir viðbótarkostnaði.

2. Undirskrifstofunni, sem um getur í 1. mgr., skal heimilt að framkvæma, að vali umsækjanda um evrópskt einkaleyfi og á kostnað hans, nýnæmisrannsókn varðandi einkaleyfisumsókn hans í gögnum þeim er um getur í 1. mgr. Heimild þessi skal halda gildi þar til nýnæmisrannsóknin samkvæmt VI. gr. hefur verið rýmkuð þannig að hún nái til slíkra gagna og skal hún gilda með þeim fyrirvara að málsmeðferð við veitingu evrópskra einkaleyfa tefjist ekki.

3. Framkvæmdaráðinu er einnig heimilt að rýmka heimildir skv. 1. og 2. mgr., samkvæmt skilyrðum þeirra málsgreina, til handa aðalhugverkastofu í samningsríki, sem hefur ekki sem opinbert tungumál eitthvert hinna opinberu tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar.

VI. gr.

Nýnæmisrannsókn skv. 92. gr. samningsins skal í grundvallaratriðum rýmkuð, að því er varðar allar evrópskar einkaleyfisumsóknir, til útgefinna einkaleyfa, útgefinna einkaleyfisumsókna og annarra viðkomandi skjala samningsríkja, sem ekki er getið í nýnæmisrannsóknargögnum Evrópsku einkaleyfastofunnar, þann dag sem um getur í 1. mgr. 162 gr. samningsins. Umfang, skilyrði og tímasetning hverrar slíkrar rýmkunar skal framkvæmdaráðið ákveða

Office, provided that these offices possess the necessary qualifications for appointment as an International Searching Authority in accordance with the conditions laid down in the Patent Cooperation Treaty.
(b) In carrying out such work, undertaken under the responsibility of the European Patent Office, the central industrial property offices concerned shall adhere to the guidelines applicable to the drawing up of the European search report.
(c) The provisions of paragraph 1(b), second sentence, and sub-paragraph (d) of this Section shall apply to this paragraph.

Section V

1. The sub-office referred to in Section I, paragraph 1(c), shall be authorised to carry out searches, among the documentation which is at its disposal and which is in the official language of the State in which the sub-office is located, in respect of European patent applications filed by nationals and residents of that State. This authorisation shall be on the understanding that the procedure for the grant of European patents will not be delayed and that additional costs will not be incurred for the European Patent Organisation.
2. The sub-office referred to in EPCparagraph 1 shall be authorised to carry out, at the option of an applicant for a European patent and at his expense, a search on his patent application among the documentation referred to in paragraph 1. This authorisation shall be effective until the search provided for in Article 92 of the Convention has been extended, in accordance with Section VI, to cover such documentation and shall be on the understanding that the procedure for the grant of European patents will not be delayed.
3. The Administrative Council may also extend the authorisations provided for in EPC paragraphs 1 and 2, under the conditions of those paragraphs, to the central industrial property office of a Contracting State which does not have as an official language one of the official languages of the European Patent Office.

Section VI

The search provided for in Article 92 of the Convention shall, in principle, be extended, in respect of all European patent applications, to published patents, published patent applications and other relevant documents of Contracting States not included in the search documentation of the European Patent Office on the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention. The extent, conditions and timing of any such extension

um á grundvelli athugunar, sérstaklega varðandi tæknilega og fjárhagslega þætti.

VII. gr.
Ákvæði bókunar þessarar ganga framar ósamrýmanlegum ákvæðum samningsins.

VIII. gr.
Ákvarðanir framkvæmdaráðsins, samkvæmt bókun þessari, skulu teknar með meirihluta að þremur fjórðu (2. mgr. 35. gr. samningsins). Ákvæðin um vægi atkvæða (36. gr. samningsins) skulu gilda.

BÓKUN
um túlkun á 69. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

1. gr.
Almennar meginreglur.
Eigi skal túlka 69. gr. þannig að hún þýði að umfang verndar, sem evrópskt einkaleyfi veitir, teljist ná eins langt og skilgreint er í strangri bókstaflegri merkingu orðalagsins, sem notað er í kröfunum, og að lýsingin og teikningarnar séu eingöngu notaðar í þeim tilgangi að eyða margræðni í kröfunum. Eigi skal heldur telja greinina merkja að kröfurnar séu aðeins til leiðbeiningar og að raunveruleg vernd, sem veitt er, kunni að ná til þess er einkaleyfishafi hefur ætlað með tilliti til lýsingar og teikninga kunnáttumanns á viðkomandi sviði. Þvert á móti ber að túlka greinina þannig að hún skilgreini stöðu milli þeirra ystu marka sem felur bæði í sér sanngjarna vernd fyrir einkaleyfishafann og nægilegt réttaröryggi fyrir þriðja aðila.

2. gr.
Jafngildi.
Í þeim tilgangi að ákvarða umfang verndar, er evrópskt einkaleyfi veitir, ber að taka tilhlýðilegt tillit til atriða sem eru jafngild tilgreindum atriðum í kröfunum.

shall be determined by the Administrative Council on the basis of a study concerning particularly the technical and financial aspects.

Section VII
The provisions of this Protocol shall prevail over any contradictory provisions of the Convention.

Section VIII
The decisions of the Administrative Council provided for in this Protocol shall require a three-quarters majority (Article 35, paragraph 2, of the Convention). The provisions governing the weighting of votes (Article 36 of the Convention) shall apply.

PROTOCOL
on the Interpretation of Article 69 EPC

Article 1
General principles
Article 69 should not be interpreted as meaning that the extent of the protection conferred by a European patent is to be understood as that defined by the strict, literal meaning of the wording used in the claims, the description and drawings being employed only for the purpose of resolving an ambiguity found in the claims. Nor should it be taken to mean that the claims serve only as a guideline and that the actual protection conferred may extend to what, from a consideration of the description and drawings by a person skilled in the art, the patent proprietor has contemplated. On the contrary, it is to be interpreted as defining a position between these extremes which combines a fair protection for the patent proprietor with a reasonable degree of legal certainty for third parties.

Article 2
Equivalents
For the purpose of determining the extent of protection conferred by a European patent, due account shall be taken of any element which is equivalent to an element specified in the claims.

Fylgiskjal II.

GERÐ
um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningsins).

Inngangur.

SAMNINGSRÍKIN AÐ EVRÓPSKA EINKALEYFASAMNINGNUM,

SEM ÁLÍTA að samvinna Evrópuríkja á grundvelli evrópska einkaleyfasamningsins og þar með sameiginleg málsmeðferð við veitingu einkaleyfa sé mikilvægt framlag til samruna Evrópu í lagalegu og efnahagslegu tilliti,

SEM VILJA efla nýsköpun og hagvöxt í Evrópu í auknum mæli með því leggja grunn að frekari þróun evrópska einkaleyfakerfisins,

SEM ÓSKA, í ljósi þess að einkaleyfakerfið verður stöðugt alþjóðlegra, að aðlaga evrópska einkaleyfasamninginn að þeirri tæknilegu og lagalegu þróun sem átt hefur sér stað síðan hann var gerður,

HAFA SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.
Breyting á Evrópska einkaleyfasamningnum.
Breyta skal evrópska einkaleyfasamningnum á eftirfarandi hátt:

1. Á eftir 4. gr. skal setja inn eftirfarandi nýja grein, 4. gr. a:

4. gr. a
Ráðherrafundur samningsríkjanna.
Þeir ráðherrar samningsríkjanna, sem bera ábyrgð á einkaleyfamálum, skulu halda fund að minnsta kosti fimmta hvert ár til að fjalla um málefni er varða stofnunina og evrópska einkaleyfakerfið.

2. Breyta skal 11. gr. þannig að hún orðist svo:

11. gr.
Ráðning yfirmanna.
1. Forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar skal ráðinn af framkvæmdaráðinu.

ACT
Revising the Convention on the Grant of European Patents (European Patent Convention)

Preamble

THE CONTRACTING STATES TO THE EUROPEAN PATENT CONVENTION,

CONSIDERING that the co-operation of the countries of Europe on the basis of the European Patent Convention and the single procedure for the grant of patents thereby established renders a significant contribution to the legal and economic integration of Europe,

WISHING to promote innovation and economic growth in Europe still more effectively by laying foundations for the further development of the European patent system,

DESIRING, in the light of the increasingly international character of the patent system, to adapt the European Patent Convention to the technological and legal developments which have occurred since it was concluded,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1
Amendment of the European Patent Convention
The European Patent Convention shall be amended as follows:

1. The following new Article 4a shall be inserted after Article 4:

Article 4a
Conference of ministers of the Contracting States
A conference of ministers of the Contracting States responsible for patent matters shall meet at least every five years to discuss issues pertaining to the Organisation and to the European patent system.

2. Article 11 shall be amended to read as follows:

Article 11
Appointment of senior employees
1. The President of the European Patent Office shall be appointed by the Administrative Council.

2. Varaforstjórar skulu ráðnir af framkvæmdaráðinu að höfðu samráði við forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar.
3. Þeir sem eiga sæti í áfrýjunarnefndunum og stóru áfrýjunarnefndinni, að meðtöldum formönnum þeirra, skulu ráðnir af framkvæmdaráðinu, að fenginni tillögu frá forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar. Framkvæmdaráðinu er heimilt að endurráða þá að höfðu samráði við forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar.
4. Framkvæmdaráð fer með agavald yfir starfsmönnum skv. 1.–3. mgr.

5. Framkvæmdaráðinu er einnig heimilt, að höfðu samráði við forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, að ráða löglærða aðila, starfandi hjá dómstólum samningsríkjanna eða dómsyfirvöldum utan dómstólakerfis þeirra, sem fulltrúa í stóru áfrýjunarnefndina, og mega þeir halda áfram dómarastörfum á landsbundnum vettvangi. Þeir skulu ráðnir til þriggja ára í senn og er heimilt að endurráða þá.

3. Breyta skal 14. gr. þannig að hún orðist svo:

14. gr.
Tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar, umsókna um evrópsk einkaleyfi og annarra skjala.
1. Opinber tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar eru enska, franska og þýska.
2. Umsóknir um evrópskt einkaleyfi skulu lagðar inn á einhverju hinna opinberu tungumála, en leggja skal inn þýðingu á eitt hinna opinberu tungumála í samræmi við framkvæmdareglugerðina ef umsóknir eru lagðar inn á öðru tungumáli. Meðan málið er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt að vinna að því að færa slíka þýðingu til samræmis við frumtexta umsóknarinnar. Ef þýðing, sem krafist er, er ekki lögð inn innan tiltekins frests telst umsóknin hafa verið dregin til baka.
3. Nota skal það opinbera tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar, sem umsóknin er lögð inn á eða þýdd á, í allri meðferð hjá Evrópsku einkaleyfastofunni nema kveðið sé á um annað í framkvæmdareglugerðinni.

4. Einstaklingum eða lögaðilum, með aðsetur eða aðalstarfsstöð í samningsríki, sem hefur annað opinbert tungumál en ensku, frönsku eða þýsku, svo og ríkisborgurum þess ríkis, búsettum erlendis, er heimilt að leggja inn skjöl sem skylt er að leggja inn innan tiltekins frests á opinberu tungumáli þess ríkis. Þó verða þeir að leggja inn þýðingu á eitt hinna opinberu tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar eins og kveðið er á um í framkvæmdareglugerðinni. Ef eitthvert skjal, annað en þau sem mynda umsókn um evrópskt einkaleyfi, er ekki lagt inn á tungumáli sem

2. The Vice-Presidents shall be appointed by the Administrative Council after the President of the European Patent Office has been consulted.
3. The members, including the Chairmen, of the Boards of Appeal and of the Enlarged Board of Appeal shall be appointed by the Administrative Council on a proposal from the President of the European Patent Office. They may be re-appointed by the Administrative Council after the President of the European Patent Office has been consulted.
4. The Administrative Council shall exercise disciplinary authority over the employees referred to in paragraphs 1 to 3.
5. The Administrative Council, after consulting the President of the European Patent Office, may also appoint as members of the Enlarged Board of Appeal legally qualified members of the national courts or quasi-judicial authorities of the Contracting States, who may continue their judicial activities at the national level. They shall be appointed for a term of three years and may be reappointed.

3. Article 14 shall be amended to read as follows:

Article 14
Languages of the European Patent Office, European patent applications and other documents
1. The official languages of the European Patent Office shall be English, French and German.
2. A European patent application shall be filed in one of the official languages or, if filed in any other language, translated into one of the official languages in accordance with the Implementing Regulations. Throughout the proceedings before the European Patent Office, such translation may be brought into conformity with the application as filed. If a required translation is not filed in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.

3. The official language of the European Patent Office in which the European patent application is filed or into which it is translated shall be used as the language of the proceedings in all proceedings before the European Patent Office, unless otherwise provided in the Implementing Regulations.
4. Natural or legal persons having their residence or principal place of business within a Contracting State having a language other than English, French or German as an official language, and nationals of that State who are resident abroad, may file documents which have to be filed within a time limit in an official language of that State. They shall however file a translation in an official language of the European Patent Office in accordance with the Implementing Regulations. If any document, other than those documents making up the European patent

mælt er fyrir um, eða ef einhver þýðing, sem krafist er, er ekki lögð inn innan tiltekins frests telst það skjal ekki hafa verið móttekið.
5. Umsóknir um evrópskt einkaleyfi skulu birtar á tungumáli málsmeðferðarinnar.
6. Texti evrópskra einkaleyfa skal birtur á tungumáli málsmeðferðarinnar og honum skal fylgja þýðing einkaleyfiskrafnanna á hin tvö opinberu tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar.
7. Birta skal eftirfarandi á þremur opinberum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar:
a) Einkaleyfatíðindi Evrópsku einkaleyfastofunnar;
b) Fréttabréf Evrópsku einkaleyfastofunnar.

8. Færslur í evrópsku einkaleyfaskrána skulu gerðar á þremur opinberum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar. Í vafatilvikum skal tungumál málsmeðferðarinnar ráða úrslitum.

application, is not filed in the prescribed language, or if any required translation is not filed in due time, the document shall be deemed not to have been filed.
5. European patent applications shall be published in the language of the proceedings.
6. Specifications of European patents shall be published in the language of the proceedings and shall include a translation of the claims in the two other official languages of the European Patent Office.
7. There shall be published in the three official languages of the European Patent Office:
(a) the European Patent Bulletin;
(b) the Official Journal of the European Patent Office.
8. Entries in the European Patent Register shall be made in the three official languages of the European Patent Office. In cases of doubt, the entry in the language of the proceedings shall be authentic.

4. Breyta skal 16. gr. þannig að hún orðist svo:

16. gr.
Móttökudeild.
Móttökudeild skal sjá um athugun umsókna við innlagningu og athugun á formkröfum umsókna um evrópskt einkaleyfi.

4. Article 16 shall be amended to read as follows:

Article 16
Receiving Section
The Receiving Section shall be responsible for the examination on filing and the examination as to formal requirements of European patent applications.

5. Breyta skal 17. gr. þannig að hún orðist svo:

17. gr.
Nýnæmisrannsóknardeildir.
Nýnæmisrannsóknardeildir skulu sjá um samningu evrópskra nýnæmisrannsóknarskýrslna.

5. Article 17 shall be amended to read as follows:

Article 17
Search Divisions
The Search Divisions shall be responsible for drawing up European search reports.

6. Breyta skal 18. gr. þannig að hún orðist svo:

18. gr.
Rannsóknardeildir.
1. Rannsóknardeildir annast rannsókn á einkaleyfishæfi umsókna um evrópskt einkaleyfi.
2. Rannsóknardeild er skipuð þremur tæknimenntuðum rannsóknarmönnum. Þó skal að jafnaði fela einum starfsmanni deildarinnar rannsókn á hverri einkaleyfisumsókn fram til þess að ákvörðun er tekin. Munnlegur málflutningur fer fram fyrir rannsóknardeildinni sjálfri. Telji rannsóknardeild ákvörðun þess eðlis að það sé nauðsynlegt, skal fjölga í henni um einn löglærðan rannsóknarmann. Falli atkvæði jafnt skal atkvæði deildarformanns ráða úrslitum.

6. Article 18 shall be amended to read as follows:

Article 18
Examining Divisions
1. The Examining Divisions shall be responsible for the examination of European patent applications.
2. An Examining Division shall consist of three technical examiners. However, the examination of a European patent application prior to a decision on it shall, as a general rule, be entrusted to one member of the Division. Oral proceedings shall be before the Examining Division itself. If the Examining Division considers that the nature of the decision so requires, it shall be enlarged by the addition of a legally qualified examiner. In the event of parity of votes, the vote of the Chairman of the Division shall be decisive.

7. Breyta skal 21. gr. þannig að hún orðist svo:

21. gr.
Áfrýjunarnefndir.

1. Áfrýjunarnefndir sjá um að athuga áfrýjanir á ákvörðunum móttökudeildar, rannsóknardeilda, andmæladeilda og lögfræðideildar.

2. Þegar áfrýjað er ákvörðun móttökudeildar eða lögfræðideildar skal áfrýjunarnefnd skipuð þremur löglærðum nefndarmönnum.

3. Þegar áfrýjað er ákvörðun rannsóknardeildar skal áfrýjunarnefnd skipuð:

a) tveimur fulltrúum með tilskilda tækniþekkingu og einum löglærðum nefndarmanni ef ákvörðunin varðar synjun á umsókn um evrópskt einkaleyfi eða veitingu, takmörkun eða ógildingu á evrópsku einkaleyfi og var tekin af rannsóknardeild, skipaðri færri en fjórum nefndarmönnum;

b) þremur nefndarmönnum með tilskilda tækniþekkingu og tveimur löglærðum nefndarmönnum ef ákvörðunin var tekin af rannsóknardeild, skipaðri fjórum nefndarmönnum, eða þegar áfrýjunarnefndin telur þess þörf vegna eðlis áfrýjunarinnar;

c) þremur löglærðum nefndarmönnum í öllum öðrum tilvikum.

4. Þegar áfrýjað á ákvörðun andmæladeildar skal áfrýjunarnefnd skipuð:

a) tveimur nefndarmönnum með tilskilda tækniþekkingu og einum löglærðum nefndarmanni ef ákvörðunin var tekin af andmæladeild, skipaðri þremur nefndarmönnum;

b) þremur nefndarmönnum með tilskilda tækniþekkingu og tveimur löglærðum nefndarmönnum ef ákvörðunin var tekin af andmæladeild, skipaðri fjórum nefndarmönnum, eða þegar áfrýjunarnefndin telur þess þörf vegna eðlis áfrýjunarinnar.

8. Breyta skal 22. gr. þannig að hún orðist svo:

22. gr.
Stóra áfrýjunarnefndin.

1. Stóra áfrýjunarnefndin skal sjá um:

a) að skera úr um lagaatriði sem áfrýjunarnefndir vísa til hennar skv. 112. gr;

b) að gefa álit um lagaatriði sem forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar vísar til hennar skv. 112. gr.;

c) að taka afstöðu til beiðna um endurskoðun á ákvörðunum áfrýjunarnefndarinnar skv. 112. gr. a.

2. Í málum skv. a- og b-lið 1. mgr. skal stóra áfrýj-

7. Article 21 shall be amended to read as follows:

Article 21
Boards of Appeal

1. The Boards of Appeal shall be responsible for the examination of appeals from the decisions of the Receiving Section, Examining Divisions, Opposition Divisions and of the Legal Division.

2. For appeals from a decision of the Receiving Section or the Legal Division, a Board of Appeal shall consist of three legally qualified members.

3. For appeals from a decision of an Examining Division, a Board of Appeal shall consist of:

(a) two technically qualified members and one legally qualified member, when the decision concerns the refusal of a European patent application or the grant, limitation or revocation of a European patent and was taken by an Examining Division consisting of less than four members;

(b) three technically qualified members and two legally qualified members, when the decision was taken by an Examining Division consisting of four members or when the Board of Appeal considers that the nature of the appeal so requires;

(c) three legally qualified members in all other cases.

4. For appeals from a decision of an Opposition Division, a Board of Appeal shall consist of:

(a) two technically qualified members and one legally qualified member, when the decision was taken by an Opposition Division consisting of three members;

(b) three technically qualified members and two legally qualified members, when the decision was taken by an Opposition Division consisting of four members or when the Board of Appeal considers that the nature of the appeal so requires.

8. Article 22 shall be amended to read as follows:

Article 22
Enlarged Board of Appeal

1. The Enlarged Board of Appeal shall be responsible for:

(a) deciding points of law referred to it by Boards of Appeal;

(b) giving opinions on points of law referred to it by the President of the European Patent Office under Article 112;

(c) deciding on petitions for review of decisions of the Boards of Appeal under Article 112a.

2. In proceedings under paragraph 1(a) and (b), the

unarnefndin skipuð fimm löglærðum nefndarmönnum og tveimur nefndarmönnum með tilskilda tækniþekkingu. Í málum skv. c-lið 1. mgr. skal stóra áfrýjunarnefndin skipuð þremur eða fimm nefndarmönnum eins og kveðið er á um í framkvæmdareglugerðinni. Í öllum málum skal formaður vera löglærður.

9. Breyta skal 23. gr. þannig að hún orðist svo:

23. gr.
Sjálfstæði nefndarmanna.

1. Nefndarmenn í stóru áfrýjunarnefndinni og öðrum áfrýjunarnefndum skulu skipaðir til fimm ára í senn og er óheimilt að víkja þeim úr störfum á þeim tíma nema brýn ástæða sé til þess og framkvæmdaráðið, að fenginni tillögu þess efnis frá stóru áfrýjunarnefndinni, taki ákvörðun um slíkt. Þrátt fyrir það sem kveðið er á um í 1. málsl. fellur ráðningarsamningur nefndarmanna úr gildi ef þeir segja upp eða fara á eftirlaun samkvæmt starfsreglum sem gilda um fastráðna starfsmenn Evrópsku einkaleyfastofunnar.
2. Nefndarmenn mega ekki vera starfsmenn móttökudeildar, rannsóknardeilda, andmæladeilda eða lagadeildar.
3. Í ákvörðunum sínum skulu nefndarmenn ekki bundnir af fyrirmælum frá öðrum heldur einungis fara eftir ákvæðum samnings þessa.
4. Áfrýjunarnefndir og stóra áfrýjunarnefndin skulu setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar. Þær skulu hljóta samþykki framkvæmdaráðs.

10. Breyta skal 33. gr. þannig að hún orðist svo:

33. gr.
Valdsvið framkvæmdaráðsins í ákveðnum tilvikum.

1. Framkvæmdaráðið hefur vald til að breyta:

a) frestum sem kveðið er á um í samningnum;
b) II.–VIII. hluta og X. hluta samningsins til að þeir verði í samræmi við alþjóðlegan samning, tengdan einkaleyfum, eða löggjöf Evrópubandalagsins um einkaleyfi;
c) framkvæmdareglugerðinni.

2. Framkvæmdaráðið hefur vald, í samræmi við samning þennan, til að breyta:

a) fjármálareglugerðinni;
b) starfsreglum sem gilda um fasta starfsmenn og ráðningarskilyrðum annarra starfsmanna Evrópsku einkaleyfastofunnar, launatöxtum þessara föstu starfsmanna og annarra starfsmanna og eðli

Enlarged Board of Appeal shall consist of five legally qualified and two technically qualified members. In proceedings under paragraph 1(c), the Enlarged Board of Appeal shall consist of three or five members as laid down in the Implementing Regulations. In all proceedings a legally qualified member shall be the Chairman.

9. Article 23 shall be amended to read as follows:

Article 23
Independence of the members of the Boards

1. The members of the Enlarged Board of Appeal and of the Boards of Appeal shall be appointed for a term of five years and may not be removed from office during this term, except if there are serious grounds for such removal and if the Administrative Council, on a proposal from the Enlarged Board of Appeal, takes a decision to this effect. Notwithstanding sentence 1, the term of office of members of the Boards shall end if they resign or are retired in accordance with the Service Regulations for permanent employees of the European Patent Office.
2. The members of the Boards may not be members of the Receiving Section, Examining Divisions, Opposition Divisions or of the Legal Division.
3. In their decisions the members of the Boards shall not be bound by any instructions and shall comply only with the provisions of this Convention.
4. The Rules of Procedure of the Boards of Appeal and the Enlarged Board of Appeal shall be adopted in accordance with the Implementing Regulations. They shall be subject to the approval of the Administrative Council.

10. Article 33 shall be amended to read as follows:

Article 33
Competence of the Administrative Council in certain cases

1. The Administrative Council shall be competent to amend the following provisions:
(a) the time limits laid down in this Convention;
(b) Parts II to VIII and Part X of this Convention, to bring them into line with an international treaty relating to patents or European Community legislation relating to patents;
(c) the Implementing Regulations.

2. The Administrative Council shall be competent, in conformity with this Convention, to adopt or amend the following provisions:
(a) the Financial Regulations;
(b) the Service Regulations for permanent employees and the conditions of employment of other employees of the European Patent Office, the salary scales of the said permanent and other

viðbótarhlunninda og reglum um veitingu þeirra;

c) reglum um lífeyri og viðeigandi hækkunum á núverandi lífeyri til að hann fylgi launahækkunum;

d) reglum um gjöld;
e) starfsreglum sínum.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. 18. gr. er framkvæmdaráðinu heimilt að ákveða, í ljósi fenginnar reynslu, að í tilteknum málaflokkum skuli rannsóknardeildir skipaðar einum tæknimenntuðum rannsóknarmanni. Slíka ákvörðun má afturkalla.

4. Framkvæmdaráðið hefur vald til þess að fela forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar að efna til samningaviðræðna og ganga frá samningum, með samþykki ráðsins, fyrir hönd Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar við ríki, milliríkjastofnanir og upplýsingamiðstöðvar sem komið hefur verið á fót með samningum við slíkar stofnanir.

5. Framkvæmdaráðinu er óheimilt að taka ákvarðanir skv. b-lið 1. mgr.:
- um alþjóðlegan samning, áður en hann öðlast gildi;
- sem snerta löggjöf Evrópubandalagsins, áður en hún öðlast gildi, eða áður en innleiðingartímabil rennur út, sé gert ráð fyrir slíku tímabili í löggjöfinni.

11. Breyta skal 35. gr. þannig að hún orðist svo:

35. gr.
Reglur um atkvæðagreiðslu.

1. Ákvarðanir framkvæmdaráðsins, aðrar en um getur í 2. og 3. mgr., skulu teknar með einföldum meirihluta atkvæða þeirra samningsríkja sem sækja fundinn og greiða atkvæði.

2. Þrjá fjórðu hluta atkvæða þeirra samningsríkja, sem sækja fundinn og greiða atkvæði, þarf til ákvarðana sem framkvæmdaráðinu er heimilt að taka skv. 7. gr., 1. mgr. 11. gr., a- og c-lið 1. mgr. og 2.–4. mgr. 33. gr., 1. mgr. 39. gr., 2. og 4. mgr. 40. gr., 46. gr., 134 gr. a, 2. mgr. 149. gr. a, 152 gr., 7. mgr. 153. gr., 166. gr. og 172. gr.

3. Einróma samþykkis samningsríkjanna, sem greiða atkvæði, er krafist til ákvarðana sem framkvæmdaráðinu er heimilt að taka skv. b-lið 1. mgr. 33. gr. Framkvæmdaráðið skal aðeins taka slíkar ákvarðanir ef öll samningsríkin sækja fundinn. Ákvörðun, sem tekin er á grundvelli b-liðar 1. mgr. 33. gr., skal ekki öðlast gildi ef eitthvert samningsríkjanna tilkynnir, innan tólf mánaða frá ákvörðunardegi, að það kjósi að vera ekki bundið af þeirri ákvörðun.

employees, and also the nature and rules for the grant of any supplementary benefits;
(c) the Pension Scheme Regulations and any appropriate increases in existing pensions to correspond to increases in salaries;
(d) the Rules relating to Fees;
(e) its Rules of Procedure.

3. Notwithstanding Article 18, paragraph 2, the Administrative Council shall be competent to decide, in the light of experience, that in certain categories of cases Examining Divisions shall consist of one technical examiner. Such decision may be rescinded.

4. The Administrative Council shall be competent to authorise the President of the European Patent Office to negotiate and, with its approval, to conclude agreements on behalf of the European Patent Organisation with States, with intergovernmental organisations and with documentation centres set up by virtue of agreements with such organisations.

5. The Administrative Council may not take a decision under paragraph 1(b):
- concerning an international treaty, before the entry into force of that treaty;
- concerning European Community legislation, before its entry into force or, where that legislation provides for a period for its implementation, before the expiry of that period.

11. Article 35 shall be amended to read as follows:

Article 35
Voting rules

1. The Administrative Council shall take its decisions other than those referred to in paragraphs 2 and 3 by a Special Edition No. 4 OJ EPO simple majority of the Contracting States represented and voting.

2. A majority of three quarters of the votes of the Contracting States represented and voting shall be required for the decisions which the Administrative Council is empowered to take under Article 7, Article 11, paragraph 1, Article 33, paragraphs 1(a) and (c), and 2 to 4, Article 39, paragraph 1, Article 40, paragraphs 2 and 4, Article 46, Article 134a, Article 149a, paragraph 2, Article 152, Article 153, paragraph 7, Article 166 and Article 172.

3. Unanimity of the Contracting States voting shall be required for the decisions which the Administrative Council is empowered to take under Article 33, paragraph 1(b). The Administrative Council shall take such decisions only if all the Contracting States are represented. A decision taken on the basis of Article 33, paragraph 1(b), shall not take effect if a Contracting State declares, within twelve months of the date of the decision, that it does not wish to be bound by that decision.

4. Hjáseta telst ekki til greiddra atkvæða.

12. Breyta skal 37. gr. þannig að hún orðist svo:

37. gr.
Fjármögnun fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal fjármagna með:
a) tekjum stofnunarinnar sjálfrar;
b) greiðslum samningsríkjanna vegna árgjalda fyrir evrópsk einkaleyfi sem lögð eru á í þeim ríkjum;
c) þegar þörf krefur, með sérstökum fjárframlögum samningsríkjanna;
d) þegar við á, þeim tekjum sem kveðið er á um í 146. gr.;
e) þegar við á, og fyrir fasteignir eingöngu, láni hjá þriðja aðila sem fengið er með veði í landareign eða fasteign;
f) þegar við á, fjármagni frá þriðja aðila fyrir sérstök verkefni.

13. Breyta skal 38. gr. þannig að hún orðist svo:

38. gr.
Tekjur stofnunarinnar.

Eigin tekjur stofnunarinnar skulu samanstanda af:
a) öllum tekjum af gjöldum og öðrum tekjustofnum og einnig af varasjóðum stofnunarinnar;
b) tekjum af lífeyrissjóði sem farið skal með sem sérstakan eignaflokk innan stofnunarinnar og er ætlað að styðja lífeyrisáætlun stofnunarinnar með viðeigandi varasjóði.

14. Breyta skal 42. gr. þannig að hún orðist svo:

42. gr.
Fjárhagsáætlun.

1. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal stemma. Hún skal samin í samræmi við almennt viðurkenndar reglur um reikningsskil sem tilteknar eru í fjármálareglugerðinni. Heimilt er, ef þörf krefur, að samþykkja breytingu á fjárhagsáætlunum eða aukafjárhagsáætlunum.
2. Fjárhagsáætlun skal samin í þeirri reikningseiningu sem tiltekin er í fjármálareglugerðinni.

15. Breyta skal 50. gr. þannig að hún orðist svo:

50. gr.
Fjármálareglugerð.

Í fjármálareglugerð skal einkum ákveða:

a) hvernig staðið skal að því að semja og framkvæma fjárhagsáætlunina og færa reikninga og endurskoða þá;

4. Abstentions shall not be considered as votes.

12. Article 37 shall be amended to read as follows:

Article 37
Budgetary funding

The budget of the Organisation shall be financed:
(a) by the Organisation's own resources;
(b) by payments made by the Contracting States in respect of renewal fees for European patents levied in these States;
(c) where necessary, by special financial contributions made by the Contracting States;
(d) where appropriate, by the revenue provided for in Article 146;
(e) where appropriate, and for tangible assets only, by third-party borrowings secured on land or buildings;
(f) where appropriate, by third-party funding for specific projects.

13. Article 38 shall be amended to read as follows:

Article 38
The Organisation's own resources

The Organisation's own resources shall comprise:
(a) all income from fees and other sources and also the reserves of the Organisation;
(b) the resources of the Pension Reserve Fund, which shall be treated as a special class of asset of the Organisation designed to lend support to the Organisation's pension scheme by providing the appropriate reserves.

14. Article 42 shall be amended to read as follows:

Article 42
Budget

1. The budget of the Organisation shall be balanced. It shall be drawn up in accordance with the generally accepted accounting principles laid down in the Financial Regulations. If necessary, there may be amending or supplementary budgets.

2. The budget shall be drawn up in the unit of account fixed in the Financial Regulations.

15. Article 50 shall be amended to read as follows:

Article 50
Financial Regulations

The Financial Regulations shall in particular establish:
(a) the procedure relating to the establishment and implementation of the budget and for the rendering and auditing of accounts;

b) hvernig og með hvaða móti samningsríkin skulu inna af hendi til stofnunarinnar greiðslur og framlög skv. 37. gr. og fyrirframgreiðslur skv. 41. gr.;

c) reglur um ábyrgð starfsmanna sem sjá um leyfisveitingar og reikningsskil og fyrirkomulag eftirlits með störfum þeirra;
d) vexti skv. 39., 40. og 47. gr.;

e) hvernig framlögin, sem greiða ber með vísun til 146. gr., skuli reiknuð;
f) samsetningu fjárhags- og fjármálanefndar, sem framkvæmdarráðið skal setja á stofn, og hvaða verksvið henni skuli falið.
g) almennt viðurkenndar reglur um reikningsskil sem fjárhagsáætlun og ársreikningar skulu byggjast á.

16. Breyta skal 51. gr. þannig að hún orðist svo:

51. gr.
Gjöld.

1. Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt að leggja gjöld á öll opinber verkefni eða störf sem innt eru af hendi samkvæmt samningi þessum.
2. Í framkvæmdareglugerðinni skal kveðið á um tímamörk á greiðslum, öðrum en þeim sem ákveðnar eru í samningi þessum.
3. Í þeim tilvikum, sem framkvæmdareglugerðin kveður á um að greiðslur skuli inntar af hendi, skal einnig kveðið á um afleiðingar þess ef greiðslurnar berast ekki á tilsettum tíma.
4. Reglur um gjöld skulu einkum ákvarða fjárhæðir gjaldanna og með hvaða móti þau skulu innt af hendi.

17. Breyta skal 52. gr. þannig að hún orðist svo:

52. gr.
Einkaleyfishæfar uppfinningar.

1. Veita skal evrópskt einkaleyfi fyrir uppfinningum á öllum tæknisviðum að því gefnu að uppfinningin sé ný, frumleg og hagnýtanleg í atvinnulífi.

2. Eftirfarandi telst einkum ekki til uppfinninga í skilningi 1. mgr.:
a) uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir;
b) listræn verk;
c) skipulag, reglur og aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða viðskipti, svo og tölvuforrit;

d) framsetning upplýsinga.
3. Ákvæði 2. mgr. koma í veg fyrir einkaleyfishæfi efnis eða athafna, sem um getur í ákvæðinu, einungis

(b) the method and procedure whereby the payments and contributions provided for in Article 37 and the advances provided for in Article 41 are to be made available to the Organisation by the Contracting States;
(c) the rules concerning the responsibilities of authorising and accounting officers and the arrangements for their supervision;
(d) the rates of interest provided for in Articles 39, 40 and 47;
(e) the method of calculating the contributions payable by virtue of Article 146;
(f) the composition of and duties to be assigned to a Budget and Finance Committee which should be set up by the Administrative Council;
(g) the generally accepted accounting principles on which the budget and the annual financial statements shall be based.

16. Article 51 shall be amended to read as follows:

Article 51
Fees

1. The European Patent Office may levy fees for any official task or procedure carried out under this Convention.
2. Time limits for the payment of fees other than those fixed by this Convention shall be laid down in the Implementing Regulations.
3. Where the Implementing Regulations provide that a fee shall be paid, they shall also lay down the consequences of failure to pay such fee in due time.

4. The Rules relating to Fees shall determine in particular the amounts of the fees and the ways in which they are to be paid.

17. Article 52 shall be amended to read as follows:

Article 52
Patentable inventions

1. European patents shall be granted for any inventions, in all fields of technology, provided that they are new, involve an inventive step and are susceptible of industrial application.
2. The following in particular shall not be regarded as inventions within the meaning of paragraph 1:
(a) discoveries, scientific theories and mathematical methods;
(b) aesthetic creations;
(c) schemes, rules and methods for performing mental acts, playing games or doing business, and programs for computers;
(d) presentations of information.
3. Paragraph 2 shall exclude the patentability of the subject-matter or activities referred to therein only to

að því marki sem evrópskt einkaleyfi eða umsókn um evrópskt einkaleyfi varðar slíkt efni eða athöfn sem slíka.

18. Breyta skal 53. gr. þannig að hún orðist svo:

53. gr.
Undantekningar frá einkaleyfishæfi.

Ekki má veita evrópskt einkaleyfi þegar um er að ræða:

a) uppfinningar þar sem almenn hagnýting þeirra myndi stríða gegn allsherjarreglu eða siðgæði og verður hagnýtingin þó ekki talin brjóta gegn slíku vegna þess eins að hún sé bönnuð með lögum eða reglum í einhverjum eða öllum samningsríkjunum;
b) plöntu- eða dýraafbrigði eða aðferðir til að framleiða plöntur eða dýr sem eru í grundvallaratriðum líffræðilegs eðlis; ákvæði þetta gildir hvorki um örverufræðilegt ferli né afurðir sem rekja má til slíks ferlis.
c) aðferðir við handlækningar eða sjúkdómsmeðferð og sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum; ákvæði þetta gildir ekki um afurðir, einkum efni eða efnasamsetningar, til nota við einhverjar slíkar aðferðir.

19. Breyta skal 54. gr. þannig að hún orðist svo:

54. gr.
Nýnæmi.

1. Uppfinning telst ný ef hún er ekki hluti af þekktri tækni á hverjum tíma á viðkomandi sviði.
2. Til þess sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði telst allt sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi með skriflegri eða munnlegri lýsingu, með notkun eða einhverju öðru móti, fyrir þann dag er umsókn um evrópskt einkaleyfi var lögð inn.
3. Þar að auki skal innihald umsókna um evrópskt einkaleyfi eins og þær voru lagðar inn, ef umsóknardagur þeirra er fyrir þann dag sem um getur í 2. mgr. og þær voru birtar á þeim degi eða seinna, teljast hluti af því sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði.
4. Ákvæði 2.–3. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir einkaleyfishæfi efnis eða samsetningar sem er hluti af því sem er þekkt á hverjum tíma á viðkomandi sviði og nota skal í aðferð skv. c-lið 53. gr., að því tilskildu að notkun þess í aðferðinni sé ekki hluti af núverandi þekkingu.
5. Ákvæði 2.–3. mgr. skulu heldur ekki koma í veg fyrir einkaleyfishæfi efnis eða samsetningar skv. 4. mgr. sem nota skal með sérstökum hætti í tengslum við aðferð, sem um getur í c-lið 53. gr., að því tilskildu að slík notkun sé ekki hluti af núverandi þekkingu.

the extent to which a European patent application or European patent relates to such subject-matter or activities as such.

18. Article 53 shall be amended to read as follows:

Article 53
Exceptions to patentability

European patents shall not be granted in respect of:

(a) inventions the commercial exploitation of which would be contrary to "ordre public" or morality, provided that such exploitation shall not be deemed to be so contrary merely because it is prohibited by law or regulation in some or all of the Contracting States;
(b) plant or animal varieties or essentially biological processes for the production of plants or animals; this provision shall not apply to microbiological processes or the products thereof;
(c) methods for treatment of the human or animal body by surgery or therapy and diagnostic methods practised on the human or animal body; this provision shall not apply to products, in particular substances or compositions, for use in any of these methods.

19. Article 54 shall be amended to read as follows:

Article 54
Novelty

1. An invention shall be considered to be new if it does not form part of the state of the art.
2. The state of the art shall be held to comprise everything made available to the public by means of a written or oral description, by use, or in any other way, before the date of filing of the European patent application.
3. Additionally, the content of European patent applications as filed, of which the dates of filing are prior to the date referred to in paragraph 2 and which were published on or after that date, shall be considered as comprised in the state of the art.

4. Paragraphs 2 and 3 shall not exclude the patentability of any substance or composition, comprised in the state of the art, for use in a method referred to in Article 53(c), provided that its use for any such method is not comprised in the state of the art.
5. Paragraphs 2 and 3 shall also not exclude the patentability of any substance or composition referred to in paragraph 4 for any specific use in any method referred to in Article 53(c), provided that such use is not comprised in the state of the art.

20. Breyta skal 60. gr. þannig að hún orðist svo:

60. gr.
Réttur til evrópsks einkaleyfis.

1. Rétt til evrópsks einkaleyfis á uppfinningamaðurinn eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Ef uppfinningamaðurinn er launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum ríkisins þar sem launþeginn starfar aðallega en ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki launþeginn starfar aðallega skal beita lögum ríkisins þar sem atvinnurekandinn hefur starfsstöð sem launþeginn tengist.

2. Hafi tveir eða fleiri einstaklingar komið fram með uppfinningu, óháðir hvor eða hver öðrum, skal sá eiga rétt til evrópsks einkaleyfis sem fyrst sækir um hann að því gefnu að fyrsta umsókn hafi verið birt.

3. Í máli hjá Evrópsku einkaleyfastofunni skal litið svo á að umsækjanda sé heimilt að fara með réttinn til evrópsks einkaleyfis.

21. Breyta skal 61. gr. þannig að hún orðist svo:

61. gr.
Umsóknir um evrópskt einkaleyfi frá einstaklingum sem hafa ekki til þess rétt.

1. Ef talið er í lokaákvörðun að einstaklingur, annar en umsækjandi, eigi rétt á að öðlast evrópskt einkaleyfi er þeim einstaklingi heimilt samkvæmt framkvæmdareglugerðinni:
a) að fylgja umsókninni um evrópskt einkaleyfi eftir í eigin nafni í stað umsækjandans;
b) að leggja inn nýja umsókn um evrópskt einkaleyfi fyrir sömu uppfinningu; eða
c) fara fram á að umsókninni um evrópskt einkaleyfi verði hafnað.

2. Ákvæði 1. mgr. 76. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um nýja umsókn um evrópskt einkaleyfi sem lögð er inn skv. b-lið 1. mgr.

22. Breyta skal 65. gr. þannig að hún orðist svo:

65. gr.
Þýðing á evrópsku einkaleyfi.

1. Ef evrópskt einkaleyfi, sem Evrópska einkaleyfastofan hefur veitt, breytt eða takmarkað, er ekki á einu opinberra tungumála samningsríkis getur það kveðið á um að einkaleyfishafi skuli leggja fram, hjá aðalhugverkastofu þess, þýðingu á einkaleyfinu, eins það var veitt, því breytt eða það var takmarkað, á einu opinberra tungumála þess að hans vali eða, ef ríkið hefur tiltekið notkun eins opinbers tungumáls, á því máli. Fresturinn til að leggja fram þýðinguna rennur út þremur mánuðum eftir þann dag þegar til-

20. Article 60 shall be amended to read as follows:

Article 60
Right to a European patent

1. The right to a European patent shall belong to the inventor or his successor in title. If the inventor is an employee, the right to a European patent shall be determined in accordance with the law of the State in which the employee is mainly employed; if the State in which the employee is mainly employed cannot be determined, the law to be applied shall be that of the State in which the employer has his place of business to which the employee is attached.
2. If two or more persons have made an invention independently of each other, the right to a European patent therefor shall belong to the person whose European patent application has the earliest date of filing, provided this first application has been published.
3. For the purposes of proceedings before the European Patent Office, the applicant shall be deemed to be entitled to exercise the right to a European patent.

21. Article 61 shall be amended to read as follows:

Article 61
European patent applications filed by non-entitled persons

1. If by a final decision it is adjudged that a person other than the applicant is entitled to the grant of the European patent, that person may, in accordance with the Implementing Regulations,
(a) prosecute the European patent application as his own application in place of the applicant,
(b) file a new European patent application in respect of the same invention, or
(c) request that the European patent application be refused.

2. Article 76, paragraph 1, shall apply mutatis mutandis to a new European patent application filed under paragraph 1(b).

22. Article 65 shall be amended to read as follows:

Article 65
Translation of the European patent

1. Any Contracting State may, if the European patent as granted, amended or limited by the European Patent Office is not drawn up in one of its official languages, prescribe that the proprietor of the patent shall supply to its central industrial property office a translation of the patent as granted, amended or limited in one of its official languages at his option or, where that State has prescribed the use of one specific official language, in that language. The period for supplying the translation shall end

kynning um veitingu evrópska einkaleyfisins, gildi þess með áorðnum breytingum eða takmarkanir þess er birt í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar, nema hlutaðeigandi ríki kveði á um lengri frest.
2. Hverju samningsríki, sem hefur samþykkt ákvæði í samræmi við 1. mgr., er heimilt að kveða á um að einkaleyfishafi greiði kostnað við birtingu slíkrar þýðingar að fullu eða að hluta innan frests sem ríkið ákveður.
3. Séu ákvæði, sem samþykkt eru í samræmi við 1. og 2. mgr., ekki uppfyllt er hverju samningsríki heimilt að mæla svo fyrir að evrópska einkaleyfið teljist ógilt frá upphafi í því ríki.

three months after the date on which the mention of the grant, maintenance in amended form or limitation of the European patent is published in the European Patent Bulletin, unless the State concerned prescribes a longer period.
2. Any Contracting State which has adopted provisions pursuant to paragraph 1 may prescribe that the proprietor of the patent must pay all or part of the costs of publication of such translation within a period laid down by that State.
3. Any Contracting State may prescribe that in the event of failure to observe the provisions adopted in accordance with paragraphs 1 and 2, the European patent shall be deemed to be void ab initio in that State.

23. Breyta skal 67. gr. þannig að hún orðist svo:

67. gr.
Réttindi sem umsókn um evrópskt einkaleyfi veitir eftir birtingu.

1. Frá þeim degi sem umsókn um evrópskt einkaleyfi er birt veitir hún umsækjandanum til bráðabirgða þá vernd sem veitt er skv. 64. gr. í samningsríkjunum sem tilnefnd eru í umsókninni.

2. Hverju samningsríki er heimilt að mæla svo fyrir að umsókn um evrópskt einkaleyfi veiti ekki þá vernd sem veitt er með 64. gr. Þó má sú vernd, sem fylgir birtingu umsóknar um evrópskt einkaleyfi, ekki vera minni en sú er lög hlutaðeigandi ríkisins veita lögbundinni birtingu órannsakaðra umsókna um landsbundið einkaleyfi. Í öllum tilvikum ber hverju ríki að sjá til þess að umsækjandi geti, frá þeim degi sem umsókn um evrópskt einkaleyfi birtist, krafist bóta, sem sanngjarnar teljast miðað við aðstæður, frá hverjum þeim er notar uppfinninguna í því ríki við þær aðstæður að skapa mundi bótaskyldu samkvæmt landslögum vegna brots á landsbundnu einkaleyfi.

3. Hverju samningsríki, þar sem tungumál málsmeðferðarinnar er ekki opinbert tungumál, er heimilt að mæla svo fyrir að bráðabirgðavernd skv. 1. og 2. mgr. hér að framan taki ekki gildi fyrr en þýðing einkaleyfiskrafnanna á eitt opinberra tungumála þess, að vali umsækjanda, eða, þegar ríkið hefur tiltekið notkun eins tilskilins opinbers tungumáls, á það mál:

a) hefur verið gerð aðgengileg almenningi á þann hátt sem landslög kveða á um; eða
b) henni hefur verið komið á framfæri við þann er notar uppfinninguna í fyrrnefndu ríki.

4. Hafi umsóknin um evrópskt einkaleyfi verið dregin til baka, talin vera dregin til baka eða endan-

23. Article 67 shall be amended to read as follows:

Article 67
Rights conferred by a European patent application after publication

1. A European patent application shall, from the date of its publication, provisionally confer upon the applicant such protection as is conferred by Article 64, in the Contracting States designated in the application.
2. Any Contracting State may prescribe that a European patent application shall not confer such protection as is conferred by Article 64. However, the protection attached to the publication of the European patent application may not be less than that which the laws of the State concerned attach to the compulsory publication of unexamined national patent applications. In any event, every State shall ensure at least that, from the date of publication of a European patent application, the applicant can claim compensation reasonable in the circumstances from any person who has used the invention in the said State in circumstances where that person would be liable under national law for infringement of a national patent.
3. Any Contracting State which does not have as an official language the language of the proceedings may prescribe that provisional protection in accordance with paragraphs 1 and 2 above shall not be effective until such time as a translation of the claims in one of its official languages at the option of the applicant or, where that State has prescribed the use of one specific official language, in that language:
(a) has been made available to the public in the manner prescribed by national law, or
(b) has been communicated to the person using the invention in the said State.
4. The European patent application shall be deemed never to have had the effects set out in paragraphs 1

lega hafnað telst hún aldrei hafa haft þau áhrif sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. hér að framan. Það sama gildir um áhrif evrópsks einkaleyfis í samningsríki ef tilnefning ríkisins er dregin til baka eða telst vera dregin til baka.

24. Breyta skal 68. gr. þannig að hún orðist svo:

68. gr.
Áhrif ógildingar eða takmörkunar á evrópsku einkaleyfi.

Umsókn um evrópskt einkaleyfi og einkaleyfi, sem af henni leiðir, teljast frá upphafi ekki hafa haft þau áhrif, sem kveðið er á um í 64. og 67. gr., að því leyti sem einkaleyfið hefur verið ógilt eða takmarkað í andmælameðferð, meðferð sem lýtur að takmörkun þess eða ógildingarmeðferð.

25. Breyta skal 69. gr. þannig að hún orðist svo:

69. gr.
Umfang verndar.

1. Umfang verndar, sem leiðir af evrópsku einkaleyfi eða umsókn um evrópskt einkaleyfi, ákvarðast af einkaleyfiskröfunum. Þó skal nota lýsinguna og teikningarnar við túlkun einkaleyfiskrafnanna.

2. Uns evrópskt einkaleyfi er veitt skal umfang verndar, sem leiðir af umsókn um evrópskt einkaleyfi, ákvarðast af einkaleyfiskröfum eins og þær voru tilgreindar í umsókninni við birtingu. Þó skal evrópskt einkaleyfi, eins og það er veitt eða eins og því var breytt við andmælameðferð, meðferð sem lýtur að takmörkun þess eða ógildingarmeðferð, ákvarða afturvirkt hvaða vernd leiðir af umsókninni um evrópskt einkaleyfi að því tilskildu að verndin sé ekki gerð víðtækari.

26. Breyta skal 70. gr. þannig að hún orðist svo:

70. gr.
Fullgildur texti umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis.

1. Texti umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis á tungumáli málsmeðferðarinnar skal vera fullgildur texti í málum hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og í hverju samningsríki.

2. Hafi hins vegar umsókn um evrópskt einkaleyfi verið lögð fram á tungumáli, sem er ekki opinbert tungumál Evrópsku einkaleyfastofunnar, skal sá texti gilda sem umsókn eins og hún var lögð inn samkvæmt samningi þessum.
3. Hverju samningsríki er heimilt að kveða á um að þýðing á eitt af opinberum tungumálum ríkisins, eins og ráð er gert fyrir í samningi þessum, teljist ráða úr-

and 2 above when it has been withdrawn, deemed to be withdrawn or finally refused. The same shall apply in respect of the effects of the European patent application in a Contracting State the designation of which is withdrawn or deemed to be withdrawn.

24. Article 68 shall be amended to read as follows:

Article 68
Effect of revocation or limitation of the European patent

The European patent application and the resulting patent shall be deemed not to have had, from the outset, the effects specified in Articles 64 and 67, to the extent that the patent has been revoked or limited in opposition, limitation or revocation proceedings.

25. Article 69 shall be amended to read as follows:

Article 69
Extent of protection

1. The extent of the protection conferred by a European patent or a European patent application shall be determined by the claims. Nevertheless, the description and drawings shall be used to interpret the claims.
2. For the period up to grant of the European patent, the extent of the protection conferred by the European patent application shall be determined by the claims contained in the application as published. However, the European patent as granted or as amended in opposition, limitation or revocation proceedings shall determine retroactively the protection conferred by the European patent application, in so far as such protection is not thereby extended.

26. Article 70 shall be amended to read as follows:

Article 70
Authentic text of a European patent application or European patent

1. The text of a European patent application or a European patent in the language of the proceedings shall be the authentic text in any proceedings before the European Patent Office and in any Contracting State.
2. If, however, the European patent application has been filed in a language which is not an official language of the European Patent Office, that text shall be the application as filed within the meaning of this Convention.
3. Any Contracting State may prescribe that a translation, as provided for in this Convention, in an official language of that State, shall in that State be re-

slitum í því ríki nema í ógildingarmálum ef svo stendur á að umsókn um evrópskt einkaleyfi eða evrópskt einkaleyfi á tungumáli þýðingarinnar veitir þrengri vernd en þá sem veitt er samkvæmt tungumáli málsmeðferðarinnar.

4. Hvert samningsríki, sem samþykkir ákvæði í samræmi við 3. mgr.:

a) skal veita umsækjanda um einkaleyfi eða einkaleyfishafa færi á að leggja inn leiðrétta þýðingu á umsókninni um evrópskt einkaleyfi eða evrópska einkaleyfinu; leiðrétta þýðingin hefur ekki réttaráhrif fyrr en hver þau skilyrði, sem samningsríkið setur skv. 2. mgr. 65. gr. og 3. mgr. 67. gr., hafa verið uppfyllt að breyttu breytanda;

b) getur kveðið á um að einstaklingi í því ríki, sem í góðri trú hefur notað uppfinningu eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess, sé heimilt að halda áfram slíkri notkun í starfsemi sinni eða vegna þarfa hennar án greiðslna eftir að leiðrétta þýðingin hefur tekið gildi, enda gangi slík notkun ekki í berhögg við umsóknina eða einkaleyfið samkvæmt upprunalegu þýðingunni.

garded as authentic, except for revocation proceedings, in the event of the European patent application or European patent in the language of the translation conferring protection which is narrower than that conferred by it in the language of the proceedings.

4. Any Contracting State which adopts a provision under paragraph 3:

(a) must allow the applicant for or proprietor of the patent to file a corrected translation of the European patent application or European patent. Such corrected translation shall not have any legal effect until any conditions established by the Contracting State under Article 65, paragraph 2, and Article 67, paragraph 3, have been complied with mutatis mutandis;

(b) may prescribe that any person who, in that State, in good faith is using or has made effective and serious preparations for using an invention the use of which would not constitute infringement of the application or patent in the original translation may, after the corrected translation takes effect, continue such use in the course of his business or for the needs thereof without payment.

27. Breyta skal 75. gr. þannig að hún orðist svo:

75. gr.

Innlagning umsóknar um evrópskt einkaleyfi.

1. Leggja má inn umsókn um evrópskt einkaleyfi:

a) hjá Evrópsku einkaleyfastofunni; eða

b) ef lög samningsríkis heimila slíkt, á aðalhugverkastofu eða hjá annarri valdbærri stofnun ríkisins, sbr. þó 1. mgr. 76. gr.; umsókn, sem lögð er inn með þessum hætti, hefur sömu áhrif og hefði slík umsókn verið lögð inn sama dag hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir beitingu laga- eða reglugerðarákvæða sem í einhverju samningsríki:

a) gilda um uppfinningar, sem vegna eðlis þeirra má ekki skýra frá í öðrum löndum án leyfis valdbærra aðila í því samningsríki; eða

b) kveða á um að hver umsókn skuli upphaflega lögð inn hjá einkaleyfastofnun landsins eða að innlagning beint hjá annarri stofnun sé háð heimild fyrirfram.

27. Article 75 shall be amended to read as follows:

Article 75

Filing of a European patent application

1. A European patent application may be filed:

(a) at the European Patent Office, or

(b) if the law of a Contracting State so permits, and subject to Article 76, paragraph 1, at the central industrial property office or other competent authority of that State. Any application filed in this way shall have the same effect as if it had been filed on the same date at the European Patent Office.

2. Paragraph 1 shall not preclude the application of legislative or regulatory provisions which, in any Contracting State:

(a) govern inventions which, owing to the nature of their subject-matter, may not be communicated abroad without the prior authorisation of the competent authorities of that State, or

(b) prescribe that any application is to be filed initially with a national authority or make direct filing with another authority subject to prior authorisation.

28. Breyta skal 76. gr. þannig að hún orðist svo:

76. gr.

Evrópsk hlutunarumsókn.

1. Leggja verður inn evrópska hlutunarumsókn beint hjá Evrópsku einkaleyfastofunni í samræmi við

28. Article 76 shall be amended to read as follows:

Article 76

European divisional applications

1. Any European divisional application shall be filed directly with the European Patent Office in ac-

framkvæmdareglugerðina. Hana má einungis leggja inn um efni sem nær ekki út fyrir efni fyrri umsóknar eins og hún var lögð inn; sé farið eftir þessu ákvæði telst hlutunarumsóknin hafa verið lögð inn á umsóknardegi fyrri umsóknarinnar og nýtur forgangsréttar.

2. Öll samningsríkin, sem voru tilnefnd í fyrri umsókn á umsóknardegi evrópskrar hlutunarumsóknar, teljast vera tilnefnd í hlutunarumsókn.

cordance with the Implementing Regulations. It may be filed only in respect of subject-matter which does not extend beyond the content of the earlier application as filed; in so far as this requirement is complied with, the divisional application shall be deemed to have been filed on the date of filing of the earlier application and shall enjoy any right of priority.
2. All the Contracting States designated in the earlier application at the time of filing of a European divisional application shall be deemed to be designated in the divisional application.

29. Breyta skal 77. gr. þannig að hún orðist svo:

77. gr.
Framsending umsókna um evrópskt einkaleyfi.
1. Aðalhugverkastofu í samningsríki er skylt að framsenda Evrópsku einkaleyfastofunni allar umsóknir um evrópsk einkaleyfi sem lagðar hafa verið inn hjá henni eða einhverju öðru valdbæru yfirvaldi í ríkinu í samræmi við framkvæmdareglugerðina.
2. Þær umsóknir um evrópskt einkaleyfi, sem fjalla um efni sem bundið er leynd, skulu ekki framsendar Evrópsku einkaleyfastofunni.
3. Ef umsókn um evrópskt einkaleyfi er ekki framsend Evrópsku einkaleyfastofunni á tilskildum tíma telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

29. Article 77 shall be amended to read as follows:

Article 77
Forwarding of European patent applications
1. The central industrial property office of a Contracting State shall forward to the European Patent Office any European patent application filed with it or any other competent authority in that State, in accordance with the Implementing Regulations.
2. Any European patent application the subject of which has been made secret shall not be forwarded to the European Patent Office.
3. Any European patent application not forwarded to the European Patent Office in due time shall be deemed to be withdrawn.

30. Breyta skal 78. gr. þannig að hún orðist svo:

78. gr.
Kröfur til umsóknar um evrópskt einkaleyfi.
1. Umsókn um evrópskt einkaleyfi skal geyma:
a) beiðni um veitingu evrópsks einkaleyfis;
b) lýsing á uppfinningunni;
c) einkaleyfiskrafa eða -kröfur;
d) teikningar sem vísað er til í lýsingunni eða einkaleyfiskröfunum;
e) ágrip;
og skal hún uppfylla skilyrði sem sett eru í framkvæmdareglugerðinni.
2. Umsókn um evrópskt einkaleyfi skal háð greiðslu umsóknargjalds og rannsóknargjalds. Ef umsóknargjaldið eða rannsóknargjaldið er ekki greitt á réttum tíma telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

30. Article 78 shall be amended to read as follows:

Article 78
Requirements of a European patent application
1. A European patent application shall contain:
(a) a request for the grant of a European patent;
(b) a description of the invention;
(c) one or more claims;
(d) any drawings referred to in the description or the claims;
(e) an abstract,
and satisfy the conditions laid down in the Implementing Regulations.
2. A European patent application shall be subject to the payment of the filing fee and the search fee. If the filing fee or the search fee is not paid in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.

31. Breyta skal 79. gr. þannig að hún orðist svo:

79. gr.
Tilnefning samningsríkja.
1. Öll samningsríkin, sem voru aðilar að samningi þessum á þeim tíma er umsókn um evrópskt einkaleyfi var lögð inn, skulu teljast tilnefnd í beiðni um veitingu evrópsks einkaleyfis.

31. Article 79 shall be amended to read as follows:

Article 79
Designation of Contracting States
1. All the Contracting States party to this Convention at the time of filing of a European patent application shall be deemed to be designated in the request for grant of a European patent.

2. Tilnefning samningsríkis getur verið háð greiðslu tilskilins tilnefningargjalds.
3. Draga má til baka tilnefningu samningsríkis hvenær sem er fram að veitingu evrópsks einkaleyfis.

32. Breyta skal 80. gr. þannig að hún orðist svo:

80. gr.
Umsóknardagur.
Umsóknardagur um evrópskt einkaleyfi telst vera sá dagur þegar þau skilyrði, sem sett eru fram í framkvæmdareglugerðinni, eru uppfyllt.

33. Breyta skal 86. gr. þannig að hún orðist svo:

86. gr.
Árgjöld vegna umsókna um evrópskt einkaleyfi.
1. Árgjöld fyrir umsóknir um evrópskt einkaleyfi skulu greidd Evrópsku einkaleyfastofunni í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Greiða ber gjöldin fyrir hvert ár frá og með þriðja ári eftir að umsóknin var lögð inn. Hafi árgjald ekki verið greitt innan tilskilins frests telst umsóknin hafa verið dregin til baka.

2. Greiðsluskyldu árgjalda lýkur þegar greitt hefur verið árgjald fyrir árið þegar tilkynning um veitingu evrópsks einkaleyfis er birt.

34. Breyta skal 87. gr. þannig að hún orðist svo:

87. gr.
Forgangsréttur.
1. Hver sá sem lagt hefur inn, í eða fyrir:
a) ríki, sem er aðili að Parísarsamningnum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, eða
b) aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), umsókn um einkaleyfi, smáeinkaleyfi eða smáeinkaleyfavottorð, eða þeir sem hafa öðlast rétt hans, skal, þegar sótt er um evrópskt einkaleyfi vegna sömu uppfinningar, njóta forgangsréttar í tólf mánuði frá umsóknardegi fyrstu umsóknarinnar.

2. Viðurkenna ber að hver umsókn, sem jafngildir venjulegri landsbundinni umsókn samkvæmt lögum þess ríkis þar sem hún var lögð inn, eða samkvæmt tvíhliða samningum eða marghliða samningum, þar á meðal samningi þessum, veiti forgangsrétt.
3. Með venjulegri landsbundinni umsókn er átt við hverja þá umsókn sem nægir til að staðfesta dagsetningu umsóknarinnar hver svo sem niðurstaða umsóknarinnar kann að vera.
4. Líta ber á síðari umsókn, sem fjallar um sama

2. The designation of a Contracting State may be subject to the payment of a designation fee.
3. The designation of a Contracting State may be withdrawn at any time up to the grant of the European patent.

32. Article 80 shall be amended to read as follows:

Article 80
Date of filing
The date of filing of a European patent application shall be the date on which the requirements laid down in the Implementing Regulations are fulfilled.

33. Article 86 shall be amended to read as follows:

Article 86
Renewal fees for a European patent application
1. Renewal fees for a European patent application shall be paid to the European Patent Office in accordance with the Implementing Regulations. These fees shall be due in respect of the third year and each subsequent year, calculated from the date of filing of the application. If a renewal fee is not paid in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.
2. The obligation to pay renewal fees shall terminate with the payment of the renewal fee due in respect of the year in which the mention of the grant of the European patent is published.

34. Article 87 shall be amended to read as follows:

Article 87
Priority right
1. Any person who has duly filed, in or for
(a) any State party to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property or
(b) any Member of the World Trade Organization, an application for a patent, a utility model or a utility certificate, or his successor in title, shall enjoy, for the purpose of filing a European patent application in respect of the same invention, a right of priority during a period of twelve months from the date of filing of the first application.
2. Every filing that is equivalent to a regular national filing under the national law of the State where it was made or under bilateral or multilateral agreements, including this Convention, shall be recognised as giving rise to a right of priority.
3. By a regular national filing is meant any filing that is sufficient to establish the date on which the application was filed, whatever may be the outcome of the application.
4. A subsequent application for the same subject-

efni og fyrri fyrsta umsókn gerir og lögð er inn í eða fyrir sama ríki, sem fyrstu umsókn að því er lýtur að ákvörðun forgangs, þó að því tilskildu að á innlagningardegi síðari umsóknarinnar hafi fyrri umsóknin verið dregin til baka, hún lögð til hliðar eða henni hafnað án þess að hafa verið aðgengileg almenningi og án þess að skilja eftir nokkur réttindi, og hún hafi ekki verið grundvöllur fyrir kröfu um forgangsrétt. Eftir það getur fyrri umsóknin ekki orðið grundvöllur fyrir kröfu um forgangsrétt.

5. Hafi fyrri umsókn verið lögð inn hjá stofnun á sviði iðnaðarhugverka, sem fellur ekki undir Parísarsamninginn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO), gilda ákvæði 1.–4. mgr. ef sú stofnun, samkvæmt tilkynningu frá forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, viðurkennir að fyrri umsókn, sem lögð var inn til Evrópsku einkaleyfastofunnar, veiti forgangsréttindi sem eru jafngild þeim sem kveðið er á um í Parísarsamningnum.

matter as a previous first application and filed in or in respect of the same State shall be considered as the first application for the purposes of determining priority, provided that, at the date of filing the subsequent application, the previous application has been withdrawn, abandoned or refused, without being open to public inspection and without leaving any rights outstanding, and has not served as a basis for claiming a right of priority. The previous application may not thereafter serve as a basis for claiming a right of priority.

5. If the first filing has been made with an industrial property authority which is not subject to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property or the Agreement Establishing the World Trade Organization, paragraphs 1 to 4 shall apply if that authority, according to a communication issued by the President of the European Patent Office, recognises that a first filing made at the European Patent Office gives rise to a right of priority under conditions and with effects equivalent to those laid down in the Paris Convention.

35. Breyta skal 88. gr. þannig að hún orðist svo:

88. gr.
Krafa um forgang.

1. Umsækjandi, sem óskar eftir að njóta forgangs vegna fyrri umsóknar, skal leggja inn yfirlýsingu um forgang og önnur skjöl, sem krafist er, í samræmi við framkvæmdareglugerðina.
2. Unnt er að krefjast margþætts forgangs fyrir umsókn um evrópskt einkaleyfi þó að réttindi eigi rót sína að rekja til mismunandi landa. Þegar við á má krefjast margþætts forgangs fyrir sérhverja einkaleyfiskröfu. Þegar margþætts forgangs er krafist skulu þau tímamörk, sem hefjast á forgangsdeginum, hefjast með fyrsta forgangsdegi.
3. Ef krafist er eins konar eða margs konar forgangs fyrir umsókn um evrópskt einkaleyfi skal forgangsrétturinn einungis ná til þeirra atriða í umsókninni sem eru í umsókninni eða umsóknunum sem forgangs er krafist fyrir.
4. Ef forgangs er krafist fyrir einhver atriði uppfinningarinnar, sem voru ekki meðal einkaleyfiskrafnanna í fyrri umsókninni, er þó unnt að veita forgang enda sé þessara atriða sérstaklega getið í þeim gögnum sem fylgdu fyrri umsókn.

35. Article 88 shall be amended to read as follows:

Article 88
Claiming priority

1. An applicant desiring to take advantage of the priority of a previous application shall file a declaration of priority and any other document required, in accordance with the Implementing Regulations.
2. Multiple priorities may be claimed in respect of a European patent application, notwithstanding the fact that they originated in different countries. Where appropriate, multiple priorities may be claimed for any one claim. Where multiple priorities are claimed, time limits which run from the date of priority shall run from the earliest date of priority.
3. If one or more priorities are claimed in respect of a European patent application, the right of priority shall cover only those elements of the European patent application which are included in the application or applications whose priority is claimed.
4. If certain elements of the invention for which priority is claimed do not appear among the claims formulated in the previous application, priority may nonetheless be granted, provided that the documents of the previous application as a whole specifically disclose such elements.

36. Breyta skal 90. gr. þannig að hún orðist svo:

90. gr.
Athugun umsókna við innlagningu og athugun formkrafna.

1. Evrópska einkaleyfastofan skal, í samræmi við

36. Article 90 shall be amended to read as follows:

Article 90
Examination on filing and examination as to formal requirements

1. The European Patent Office shall examine, in

framkvæmdareglugerðina, athuga hvort umsóknin uppfylli skilyrðin fyrir því að henni sé gefinn umsóknardagur.
2. Ef ekki er unnt að gefa umsókninni umsóknardag að undangenginni athugun skv. 1. mgr. skal ekki meðhöndla umsóknina eins og umsókn um evrópskt einkaleyfi.
3. Hafi umsókn um evrópskt einkaleyfi verið gefinn umsóknardagur skal Evrópska einkaleyfastofan athuga, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, hvort uppfylltar séu kröfur, sem settar eru fram í 14., 78. og 81. gr., og, þar sem við á, 1. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 133. gr., sem og allar aðrar kröfur sem settar eru fram í framkvæmdareglugerðinni.

4. Þegar Evrópska einkaleyfastofan gerir athuganir skv. 1. eða 3. mgr. og í ljós koma ágallar, sem unnt er að lagfæra, skal hún gefa umsækjanda færi á að lagfæra þá.

5. Sé einhver ágalli, sem bent er á í athugun skv. 3. mgr., ekki lagfærður ber að hafna umsókn um evrópskt einkaleyfi. Þegar ágallar lúta að forgangsrétti tapast þessi réttur að því er umsóknina varðar.

accordance with the Implementing Regulations, whether the application satisfies the requirements for the accordance of a date of filing.
2. If a date of filing cannot be accorded following the examination under paragraph 1, the application shall not be dealt with as a European patent application.
3. If the European patent application has been accorded a date of filing, the European Patent Office shall examine, in accordance with the Implementing Regulations, whether the requirements in Articles 14, 78 and 81, and, where applicable, Articles 88, paragraph 1, and 133, paragraph 2, as well as any other requirement laid down in the Implementing Regulations, have been satisfied.
4. Where the European Patent Office in carrying out the examination under paragraphs 1 or 3 notes that there are deficiencies which may be corrected, it shall give the applicant an opportunity to correct them.
5. If any deficiency noted in the examination under paragraph 3 is not corrected, the European patent application shall be refused. Where the deficiency concerns the right of priority, this right shall be lost for the application.

37. 91. grein fellur niður.

37. Article 91 shall be deleted.

38. Breyta skal 92. gr. þannig að hún orðist svo:

92. gr.
Gerð evrópskrar nýnæmisrannsóknarskýrslu.
Evrópska einkaleyfastofan skal semja og birta, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, evrópska nýnæmisrannsóknarskýrslu vegna umsóknar um evrópskt einkaleyfi á grundvelli krafnanna og þá með tilhlýðilegu tilliti til lýsingarinnar og teikninganna.

38. Article 92 shall be amended to read as follows:

Article 92
Drawing up the European search report
The European Patent Office shall, in accordance with the Implementing Regulations, draw up and publish a European search report in respect of the European patent application on the basis of the claims, with due regard to the description and any drawings.

39. Breyta skal 93. gr. þannig að hún orðist svo:

93. gr.
Birting umsóknar um evrópskt einkaleyfi.
1. Evrópska einkaleyfastofan skal birta umsókn um evrópskt einkaleyfi, eins fljótt og unnt er:
a) eftir að átján mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi eða, ef forgangs er krafist, frá forgangsdegi; eða
b) að ósk umsækjandans, áður en sá frestur er útrunninn.
2. Umsókn um evrópskt einkaleyfi skal birta samtímis texta evrópska einkaleyfisins þegar veiting einkaleyfisins tekur gildi áður en frestur skv. a-lið 1. mgr. er útrunninn.

39. Article 93 shall be amended to read as follows:

Article 93
Publication of the European patent application
1. The European Patent Office shall publish the European patent application as soon as possible
(a) after the expiry of a period of eighteen months from the date of filing or, if priority has been claimed, from the date of priority, or
(b) at the request of the applicant, before the expiry of that period.
2. The European patent application shall be published at the same time as the specification of the European patent when the decision to grant the patent becomes effective before the expiry of the period referred to in paragraph 1(a).

40. Breyta skal 94. gr. þannig að hún orðist svo:

94. gr.
Rannsókn á einkaleyfishæfi umsóknar um evrópskt einkaleyfi.

1. Evrópska einkaleyfastofan skal athuga, í samræmi við framkvæmdareglugerðina og að fenginni beiðni, hvort umsókn um evrópskt einkaleyfi og uppfinningin, sem hún varðar, uppfylli skilyrði samnings þessa. Beiðnin telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en rannsóknargjald er greitt.

2. Ef engin beiðni um rannsókn er lögð inn á tilsettum tíma telst umsókn hafa verið dregin til baka.

3. Ef rannsóknin leiðir í ljós að umsókn eða uppfinning, sem hún varðar, uppfylli ekki skilyrði samnings þessa ber rannsóknardeild að bjóða umsækjanda, eins oft og þörf krefur, að leggja inn athugasemdir sínar, svo og að breyta umsókninni skv. 1. mgr. 123 gr.

4. Ef umsækjandi svarar ekki erindi frá rannsóknardeildinni á tilsettum tíma telst umsókn hafa verið dregin til baka.

40. Article 94 shall be amended to read as follows:

Article 94
Examination of the European patent application

1. The European Patent Office shall, in accordance with the Implementing Regulations, examine on request whether the European patent application and the invention to which it relates meet the requirements of this Convention. The request shall not be deemed to be filed until after the examination fee has been paid.

2. If no request for examination has been made in due time, the application shall be deemed to be withdrawn.

3. If the examination reveals that the application or the invention to which it relates does not meet the requirements of this Convention, the Examining Division shall invite the applicant, as often as necessary, to file his observations and, subject to Article 123, paragraph 1, to amend the application.

4. If the applicant fails to reply in due time to any communication from the Examining Division, the application shall be deemed to be withdrawn.

41. 95. og 96. gr. falla niður.

41. Articles 95 and 96 shall be deleted.

42. Breyta skal 97. gr. þannig að hún orðist svo:

97. gr.
Veiting eða höfnun.

1. Telji rannsóknardeildin að umsókn um evrópskt einkaleyfi og uppfinningin, sem hún varðar, uppfylli skilyrði samnings þessa skal hún ákveða að veita evrópskt einkaleyfi að því tilskildu að skilyrðin, sem kveðið er á um í framkvæmdareglugerðinni, séu uppfyllt.

2. Telji rannsóknardeildin að umsókn um evrópskt einkaleyfi eða uppfinningin, sem hún varðar, uppfylli ekki skilyrði samnings þessa skal hún hafna umsókninni nema kveðið sé á um annars konar eftirmál í samningi þessum.

3. Ákvörðun um að veita evrópskt einkaleyfi skal taka gildi þann dag sem tilkynning um veitinguna er birt í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

42. Article 97 shall be amended to read as follows:

Article 97
Grant or refusal

1. If the Examining Division is of the opinion that the European patent application and the invention to which it relates meet the requirements of this Convention, it shall decide to grant a European patent, provided that the conditions laid down in the Implementing Regulations are fulfilled.

2. If the Examining Division is of the opinion that the European patent application or the invention to which it relates does not meet the requirements of this Convention, it shall refuse the application unless a different sanction is provided for by this Convention.

3. The decision to grant a European patent shall take effect on the date on which the mention of the grant is published in the European Patent Bulletin.

43. Breyta skal 98. gr. þannig að hún orðist svo:

98. gr.
Birting á texta evrópsks einkaleyfis.

Evrópska einkaleyfastofan skal birta texta evrópska einkaleyfisins eins fljótt og unnt er eftir að birt hefur verið tilkynning um veitingu einkaleyfisins í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

43. Article 98 shall be amended to read as follows:

Article 98
Publication of the specification of the European patent

The European Patent Office shall publish the specification of the European patent as soon as possible after the mention of the grant of the European patent has been published in the European Patent Bulletin.

44. Breyta skal fyrirsögn V. hluta þannig að hún orðist svo:

V. HLUTI
Málsmeðferð vegna andmæla og takmörkunar.

45. Breyta skal 99. gr. þannig að hún orðist svo:

99. gr.
Andmæli.

1. Sérhverjum er heimilt, innan níu mánaða frá birtingu tilkynningar um veitingu evrópsks einkaleyfis í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar, að hreyfa andmælum gegn veitingu einkaleyfisins hjá Evrópsku einkaleyfastofunni í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Tilkynning um andmæli telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en andmælagjöld hafa verið greidd.
2. Andmæli gilda um evrópskt einkaleyfi í öllum samningsríkjum þar sem einkaleyfið er gilt.

3. Bæði andmælendur og einkaleyfishafi eru aðilar að andmælameðferðinni.
4. Hver sem getur sýnt fram á að hann hafi, eftir að endanleg ákvörðun liggur fyrir í samningsríki, verið færður í einkaleyfaskrá þess ríkis í stað fyrri einkaleyfishafa skal, fari hann fram á það, koma í stað fyrri einkaleyfishafa að því er það ríki varðar. Með því að víkja frá ákvæðum 118. gr. skal ekki telja fyrri einkaleyfishafa og þann, sem fer fram á að koma í hans stað, sameiginlega einkaleyfishafa nema báðir óski þess.

46. Breyta skal 101. gr. þannig að hún orðist svo:

101. gr.
Athugun á andmælum – Ógilding evrópska einkaleyfisins eða staðfesting á því.

1. Ef um réttmæt andmæli er að ræða ber andmæladeildinni að athuga, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, hvort a.m.k. ein af forsendum andmæla skv. 100. gr. stríði gegn því að evrópska einkaleyfið standi óbreytt. Meðan á þessari athugun stendur skal andmæladeildin gefa aðilum kost á að leggja inn athugasemdir við orðsendingar, frá öðrum aðila eða deildinni sjálfri, eins oft og þörf krefur.
2. Ef andmæladeildin telur að minnst ein af forsendum andmæla komi í veg fyrir að evrópska einkaleyfið standi óbreytt skal hún fella einkaleyfið úr gildi. Annars skal hún hafna andmælunum.
3. Ef andmæladeildin telur, að teknu tilliti til breytinga sem einkaleyfishafi hefur gert meðan á andmælameðferðinni stóð, að einkaleyfið og uppfinningin sem það varðar:

44. The title of Part V shall be amended to read as follows:

PART V
Opposition and Limitation Procedure

45. Article 99 shall be amended to read as follows:

Article 99
Opposition

1. Within nine months of the publication of the mention of the grant of the European patent in the European Patent Bulletin, any person may give notice to the European Patent Office of opposition to that patent, in accordance with the Implementing Regulations. Notice of opposition shall not be deemed to have been filed until after the opposition fee has been paid.
2. The opposition shall apply to the European patent in all the Contracting States in which that patent has effect.
3. Opponents shall be parties to the opposition proceedings as well as the proprietor of the patent.
4. Where a person provides evidence that in a Contracting State, following a final decision, he has been entered in the patent register of such State instead of the previous proprietor, such person shall, at his request, replace the previous proprietor in respect of such State. By derogation from Article 118, the previous proprietor and the person making the request shall not be deemed to be joint proprietors unless both so request.

46. Article 101 shall be amended to read as follows:

Article 101
Examination of the opposition – Revocation or maintenance of the European patent

1. If the opposition is admissible, the Opposition Division shall examine, in accordance with the Implementing Regulations, whether at least one ground for opposition under Article 100 prejudices the maintenance of the European patent. During this examination, the Opposition Division shall invite the parties, as often as necessary, to file observations on communications from another party or issued by itself.
2. If the Opposition Division is of the opinion that at least one ground for opposition prejudices the maintenance of the European patent, it shall revoke the patent. Otherwise, it shall reject the opposition.
3. If the Opposition Division is of the opinion that, taking into consideration the amendments made by the proprietor of the patent during the opposition proceedings, the patent and the invention to which it relates

a) uppfylli skilyrði samnings þessa skal hún ákveða að staðfesta einkaleyfið í breyttu formi að því tilskildu að skilyrðin, sem kveðið er á um í framkvæmdareglugerðinni, séu uppfyllt;
b) uppfylli ekki skilyrði samnings þessa skal hún fella einkaleyfið úr gildi.

(a) meet the requirements of this Convention, it shall decide to maintain the patent as amended, provided that the conditions laid down in the Implementing Regulations are fulfilled;
(b) do not meet the requirements of this Convention, it shall revoke the patent.

47. 102. gr. fellur niður.

47. Article 102 shall be deleted.

48. Breyta skal 103. gr. þannig að hún orðist svo:

48. Article 103 shall be amended to read as follows:

103. gr.
Birting á nýjum texta evrópska einkaleyfisins.

Ef evrópskt einkaleyfi er staðfest með breytingum skv. a-lið 3. mgr. 101. gr. skal Evrópska einkaleyfastofan birta nýjan texta evrópska einkaleyfisins eins fljótt og unnt er eftir að tilkynning um niðurstöðu andmæla hefur verið birt í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Article 103
Publication of a new specification of the European patent

If a European patent is maintained as amended under Article 101, paragraph 3(a), the European Patent Office shall publish a new specification of the European patent as soon as possible after the mention of the opposition decision has been published in the European Patent Bulletin.

49. Breyta skal 104. gr. þannig að hún orðist svo:

49. Article 104 shall be amended to read as follows:

104. gr.
Kostnaður.

1. Aðilar að andmælameðferðinni skulu hver um sig bera þann kostnað, sem þeir hafa stofnað til, nema andmæladeildin ákveði, af sanngirnisástæðum og í samræmi við framkvæmdareglugerðina, að mæla fyrir um aðra skiptingu kostnaðar.
2. Kveðið skal á um aðferð til að ákveða skiptingu kostnaðar í framkvæmdareglugerðinni.
3. Lokaákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um skiptingu kostnaðar ber að framfylgja í samningsríkjunum með sama hætti og um væri að ræða lokaákvörðun einkamáladómstóls í því ríki þar sem framfylgja ber ákvörðuninni. Aðeins má láta sannreyna hvort slík ákvörðun sé ófölsuð.

Article 104
Costs

1. Each party to the opposition proceedings shall bear the costs it has incurred, unless the Opposition Division, for reasons of equity, orders, in accordance with the Implementing Regulations, a different apportionment of costs.
2. The procedure for fixing costs shall be laid down in the Implementing Regulations.
3. Any final decision of the European Patent Office fixing the amount of costs shall be dealt with, for the purpose of enforcement in the Contracting States, in the same way as a final decision given by a civil court of the State in the territory of which enforcement is to be carried out. Verification of such decision shall be limited to its authenticity.

50. Breyta skal 105. gr. þannig að hún orðist svo:

50. Article 105 shall be amended to read as follows:

105. gr.
Íhlutun af hálfu ætlaðs geranda.

1. Sérhverjum þriðji aðila er heimilt, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, að taka þátt í andmælameðferðinni eftir að andmælafresturinn er útrunninn ef þriðji aðilinn sannar að:
a) hafið sé mál gegn honum vegna brots gegn sama einkaleyfi; eða
b) þriðji aðilinn hafi, eftir að einkaleyfishafi að evrópsku einkaleyfi hefur farið fram á að látið sé af

Article 105
Intervention of the assumed infringer

1. Any third party may, in accordance with the Implementing Regulations, intervene in opposition proceedings after the opposition period has expired, if the third party proves that
(a) proceedings for infringement of the same patent have been instituted against him, or
(b) following a request of the proprietor of the patent to cease alleged infringement, the third party

ætluðu broti, höfðað mál til að fá úrskurð þess efnis að hann brjóti ekki gegn einkaleyfinu.
2. Líta skal á íhlutun, sem tekin er til greina, sem andmæli.

51. Á eftir 105. gr. skal setja inn eftirfarandi nýjar greinar, 105. gr. a, 105. gr. b. og 105 gr. c:

105. gr. a

Beiðni um takmörkun eða ógildingu.

1. Að beiðni einkaleyfishafa er unnt að ógilda evrópskt einkaleyfi eða takmarka það með því að breyta einkaleyfiskröfunum. Beiðnin skal lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Hún telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en gjöld vegna takmörkunar eða ógildingar hafa verið greidd.
2. Ekki er unnt að leggja inn beiðni meðan á andmælameðferð vegna evrópska einkaleyfisins stendur.

105. gr. b

Takmörkun eða ógilding á evrópsku einkaleyfi.

1. Evrópsku einkaleyfastofunni ber að athuga hvort kröfurnar, sem kveðið er á um í framkvæmdareglugerðinni um takmörkun eða ógildingu á evrópsku einkaleyfi, hafi verið uppfylltar.
2. Telji Evrópska einkaleyfastofan að beiðni um takmörkun eða ógildingu á evrópsku einkaleyfi uppfylli þessar kröfur skal hún ákveða að takmarka eða ógilda evrópska einkaleyfið í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni.
3. Ákvörðunin um að takmarka eða ógilda evrópskt einkaleyfi skal gilda um einkaleyfið í öllum þeim samningsríkjum þar sem það hefur verið veitt. Hún skal taka gildi þann dag sem getið er um ákvörðunina í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

105. gr. c

Birting á breyttum texta evrópsks einkaleyfis.

Ef evrópska einkaleyfið er takmarkað skv. 2. mgr. 105. gr. b skal Evrópska einkaleyfastofan birta breyttan texta evrópska einkaleyfisins eins fljótt og unnt er eftir að getið hefur verið um takmörkunina í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

52. Breyta skal 106. gr. þannig að hún orðist svo:

106. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að áfrýja.

1. Áfrýja má ákvörðunum móttökudeildar, rann-

has instituted proceedings for a ruling that he is not infringing the patent.
2. An admissible intervention shall be treated as an opposition.

51. The following new Articles 105a, 105b and 105c shall be inserted after Article 105:

Article 105a

Request for limitation or revocation

1. At the request of the proprietor, the European patent may be revoked or be limited by an amendment of the claims. The request shall be filed with the European Patent Office in accordance with the Implementing Regulations. It shall not be deemed to have been filed until after the limitation or revocation fee has been paid.
2. The request may not be filed while opposition proceedings in respect of the European patent are pending.

Article 105b

Limitation or revocation of the European patent

1. The European Patent Office shall examine whether the requirements laid down in the Implementing Regulations for limiting or revoking the European patent have been met.
2. If the European Patent Office considers that the request for limitation or revocation of the European patent meets these requirements, it shall decide to limit or revoke the European patent in accordance with the Implementing Regulations. Otherwise, it shall reject the request.
3. The decision to limit or revoke the European patent shall apply to the European patent in all the Contracting States in respect of which it has been granted. It shall take effect on the date on which the European Patent Bulletin mentions the decision.

Article 105c

Publication of the amended specification of the European patent

If the European patent is limited under Article 105b, paragraph 2, the European Patent Office shall publish the amended specification of the European patent as soon as possible after the mention of the limitation has been published in the European Patent Bulletin.

52. Article 106 shall be amended to read as follows:

Article 106

Decisions subject to appeal

1. An appeal shall lie from decisions of the

sóknardeilda, andmæladeilda og lögfræðideildar. Meðferð máls stöðvast á meðan.

2. Ákvörðun, sem bindur ekki enda á málsmeðferð gagnvart einum aðila máls, er einungis heimilt að áfrýja ásamt lokaákvörðuninni nema ákvörðunin heimili sérstaka áfrýjun.
3. Með framkvæmdareglugerðinni er unnt að takmarka réttinn til að áfrýja ákvörðunum í tengslum við skiptingu eða ákvörðun kostnaðar við andmælameðferð.

53. Breyta skal 108. gr. þannig að hún orðist svo:

108. gr.
Tímafrestur til áfrýjunar og framsetning hennar.
Leggja skal inn tilkynningu um áfrýjun hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, innan tveggja mánaða eftir að tilkynnt var um ákvörðunina. Tilkynning um áfrýjun telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en áfrýjunargjöld hafa verið greidd. Leggja þarf inn rökstudda greinargerð um áfrýjunina, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tilkynnt var um ákvörðunina.

54. Breyta skal 110. gr. þannig að hún orðist svo:

110. gr.
Athugun á áfrýjunum.
Ef áfrýjun er tæk skal áfrýjunarnefnd athuga hvort unnt sé að taka hana til greina. Athugun á áfrýjun skal gerð í samræmi við framkvæmdareglugerðina.

55. Á eftir 112. gr. skal setja inn eftirfarandi nýja grein, 112. gr. a:

112. gr. a
Beiðni um endurskoðun hjá stóru áfrýjunarnefndinni.
1. Sérhverjum aðila áfrýjunarmála er heimilt að leggja inn beiðni um endurskoðun ákvörðunarinnar hjá stóru áfrýjunarnefndinni ef ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar hefur fallið honum í óhag.
2. Beiðnina má því aðeins leggja inn af þeirri ástæðu að:
a) nefndarmaður í áfrýjunarnefndinni hafi með þátttöku sinni í ákvörðun brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 24 gr., eða átt þátt í ákvörðun þrátt fyrir að honum hafi verið vikið úr sæti með ákvörðun skv. 4. mgr. 24. gr.;
b) í áfrýjunarnefndinni hafi verið maður sem var ekki skipaður í nefndina;

Receiving Section, Examining Divisions, Opposition Divisions and the Legal Division. It shall have suspensive effect.
2. A decision which does not terminate proceedings as regards one of the parties can only be appealed together with the final decision, unless the decision allows separate appeal.
3. The right to file an appeal against decisions relating to the apportionment or fixing of costs in opposition proceedings may be restricted in the Implementing Regulations.

53. Article 108 shall be amended to read as follows:

Article 108
Time limit and form of appeal
Notice of appeal shall be filed, in accordance with the Implementing Regulations, at the European Patent Office within two months of notification of the decision. Notice of appeal shall not be deemed to have been filed until after the fee for appeal has been paid. Within four months of notification of the decision, a statement setting out the grounds of appeal shall be filed in accordance with the Implementing Regulations.

54. Article 110 shall be amended to read as follows:

Article 110
Examination of appeals
If the appeal is admissible, the Board of Appeal shall examine whether the appeal is allowable. The examination of the appeal shall be conducted in accordance with the Implementing Regulations.

55. The following new Article 112a shall be inserted after Article 112:

Article 112a
Petition for review by the Enlarged Board of Appeal
1. Any party to appeal proceedings adversely affected by the decision of the Board of Appeal may file a petition for review of the decision by the Enlarged Board of Appeal.
2. The petition may only be filed on the grounds that:
(a) a member of the Board of Appeal took part in the decision in breach of Article 24, paragraph 1, or despite being excluded pursuant to a decision under Article 24, paragraph 4;

(b) the Board of Appeal included a person not appointed as a member of the Boards of Appeal;

c) brot á undirstöðuatriði 113. gr. hafi átt sér stað;
d) um einhvern annan grundvallarannmarka á málsmeðferð, sem skilgreindur er í framkvæmdareglugerðinni, hafi verið að ræða í áfrýjunarmálinu; eða
e) refsiverð háttsemi samkvæmt skilyrðum í framkvæmdareglugerðinni kynni að hafa haft áhrif á ákvörðunina.

3. Beiðnin um endurskoðun skal ekki stöðva meðferð máls.

4. Beiðnin um endurskoðun skal lögð inn með rökstuddri greinargerð í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Ef byggt er á a–d-lið 2. mgr. skal beiðnin lögð inn innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt var um ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar. Ef byggt er á e-lið 2. mgr. skal beiðnin lögð inn innan tveggja mánaða frá því að refsiverð háttsemi lá ljós fyrir, og undir öllum kringumstæðum ekki seinna en fimm árum eftir að tilkynnt var um ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar. Beiðnin telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en tilskilið gjald hefur verið greitt.

5. Stóru áfrýjunarnefndinni ber að athuga beiðnina um endurskoðun í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Ef beiðnin er tekin til greina ber stóru áfrýjunarnefndinni að leggja ákvörðunina, sem er til endurskoðunar, til hliðar og taka málið upp að nýju fyrir áfrýjunarnefndinni í samræmi við framkvæmdareglugerðina.

6. Hverjum þeim í tilnefndu samningsríki, sem hefur í góðri trú notað eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess að nota uppfinningu, sem er efni birtrar umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis, eftir að ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar liggur fyrir, en áður en tilkynning um úrskurð stóru áfrýjunarnefndarinnar vegna beiðninnar er birtur, er heimilt að halda áfram slíkri notkun í starfsemi sinni eða vegna þarfa hennar án greiðslu.

56. Breyta skal 115. gr. þannig að hún orðist svo:

115. gr.
Athugasemdir þriðja aðila.

Þegar mál er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni eftir birtingu umsóknar um evrópskt einkaleyfi er sérhverjum þriðja aðila heimilt, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, að gera athugasemdir varðandi einkaleyfishæfi þeirrar uppfinningar sem er umsókninni eða einkaleyfinu viðkomandi. Sá aðili skal ekki vera aðili að málinu.

(c) a fundamental violation of Article 113 occurred;
(d) any other fundamental procedural defect defined in the Implementing Regulations occurred in the appeal proceedings; or
(e) a criminal act established under the conditions laid down in the Implementing Regulations may have had an impact on the decision.

3. The petition for review shall not have suspensive effect.

4. The petition for review shall be filed in a reasoned statement, in accordance with the Implementing Regulations. If based on paragraph 2(a) to (d), the petition shall be filed within two months of notification of the decision of the Board of Appeal. If based on paragraph 2(e), the petition shall be filed within two months of the date on which the criminal act has been established and in any event not later than five years from notification of the decision of the Board of Appeal. The petition shall not be deemed to have been filed until after the prescribed fee has been paid.

5. The Enlarged Board of Appeal shall examine the petition for review in accordance with the Implementing Regulations. If the petition is allowable, the Enlarged Board of Appeal shall set aside the decision under review and shall re-open proceedings before the Boards of Appeal in accordance with the Implementing Regulations.

6. Any person who, in a designated Contracting State, has in good faith used or made effective and serious preparations for using an invention which is the subject of a published European patent application or a European patent in the period between the decision of the Board of Appeal under review and publication of the mention of the decision of the Enlarged Board of Appeal on the petition, may without payment continue such use in the course of his business or for the needs thereof.

56. Article 115 shall be amended to read as follows:

Article 115
Observations by third parties

In proceedings before the European Patent Office, following the publication of the European patent application, any third party may, in accordance with the Implementing Regulations, present observations concerning the patentability of the invention to which the application or patent relates. That person shall not be a party to the proceedings.

57. Breyta skal 117. gr. þannig að hún orðist svo:

117. gr.
Aðferðir við öflun gagna.

1. Þegar mál er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni má leggja fram sönnunargögn eða afla þeirra með:
a) aðilaskýrslum;
b) beiðni um upplýsingar;
c) framlagningu gagna;
d) vitnaskýrslum;
e) sérfræðiálitum;
f) skoðun;
g) staðfestum skriflegum yfirlýsingum.
2. Kveðið skal á um málsmeðferð til að afla slíkra sönnunargagna í framkvæmdareglugerðinni.

57. Article 117 shall be amended to read as follows:

Article 117
Means and taking of evidence

1. In proceedings before the European Patent Office the means of giving or obtaining evidence shall include the following:
(a) hearing the parties;
(b) requests for information;
(c) production of documents;
(d) hearing witnesses;
(e) opinions by experts;
(f)inspection;
(g) sworn statements in writing.
2. The procedure for taking such evidence shall be laid down in the Implementing Regulations.

58. Breyta skal 119. gr. þannig að hún orðist svo:

119. gr.
Tilkynning.

Evrópsku einkaleyfastofunni ber að eigin frumkvæði að tilkynna um ákvarðanir, stefnur, tilkynningar og orðsendingar í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Heimilt er að gefa út tilkynningar fyrir milligöngu aðalhugverkastofa í samningsríkjunum ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

58. Article 119 shall be amended to read as follows:

Article 119
Notification

Decisions, summonses, notices and communications shall be notified by the European Patent Office of its own motion in accordance with the Implementing Regulations. Notifications may, where exceptional circumstances so require, be effected through the intermediary of the central industrial property offices of the Contracting States.

59. Breyta skal 120. gr. þannig að hún orðist svo:

120. gr.
Tímafrestir.

Framkvæmdareglugerðin skal mæla fyrir um:
a) fresti sem virða ber þegar mál er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og ekki eru ákveðnir í samningi þessum;
b) hvernig reikna beri fresti og um skilyrði fyrir framlengingu þeirra;

c) lengstu og skemmstu fresti sem Evrópsku einkaleyfastofunni ber að ákveða.

59. Article 120 shall be amended to read as follows:

Article 120
Time limits

The Implementing Regulations shall specify:
(a) the time limits which are to be observed in proceedings before the European Patent Office and are not fixed by this Convention;
(b) the manner of computation of time limits and the conditions under which time limits may be extended;
(c) the minimal and maximal for time limits to be determined by the European Patent Office.

60. Breyta skal 121. gr. þannig að hún orðist svo:

121. gr.
Endurupptaka umsóknar um evrópskt einkaleyfi.

1. Ef umsækjenda tekst ekki að virða frest af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar getur hann beðið um endurupptöku á umsókninni um evrópskt einkaleyfi.

2. Evrópska einkaleyfastofan skal verða við beiðninni að því tilskildu að kröfurnar, sem settar eru fram

60. Article 121 shall be amended to read as follows:

Article 121
Further processing of the European patent application

1. If an applicant fails to observe a time limit vis-à-vis the European Patent Office, he may request further processing of the European patent application.
2. The European Patent Office shall grant the request, provided that the requirements laid down in

í framkvæmdareglugerðinni, hafi verið uppfylltar. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni.
3. Ef orðið er við beiðninni skulu lagalegar afleiðingar þess að virða ekki frestinn ekki koma til framkvæmda.
4. Endurupptaka skal útilokuð að því er varðar fresti skv. 1. mgr. 87. gr., 108. gr. og 4. mgr. 112. gr. a, sem og fresti til að biðja um endurupptöku eða endurveitingu réttinda. Framkvæmdareglugerðin getur útilokað endurupptöku að því er önnur tímamörk varðar.

61. Breyta skal 122. gr. þannig að hún orðist svo:

122. gr.
Endurveiting réttinda.

1. Umsækjandi um evrópskt einkaleyfi eða einkaleyfishafi, sem, þrátt fyrir að hafa gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast, tókst ekki að virða frest af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar, getur, samkvæmt beiðni, fengið rétt sinn endurveittan ef það að virða ekki frestinn leiðir beint til þess að umsókn um evrópskt einkaleyfi eða beiðni verði hafnað, ellegar að umsókn um evrópskt einkaleyfi teljist hafa verið dregin til baka, einkaleyfið sé ógilt, hann missi önnur réttindi eða að leiðir til að fá úrlausn verði honum lokaðar.

2. Evrópska einkaleyfastofan skal verða við beiðninni að því tilskildu að skilyrði 1. mgr. og allar kröfur, sem framkvæmdareglugerðin kveður á um, séu uppfylltar. Að öðrum kosti skal hún hafna beiðninni.

3. Ef orðið er við beiðninni skulu lagalegar afleiðingar þess að virða ekki frest ekki koma til framkvæmda.
4. Endurveiting réttinda skal útilokuð að því er varðar frestinn til að biðja um endurveitingu réttinda. Framkvæmdareglugerðin getur útilokað endurveitingu að því er önnur tímamörk varðar.
5. Hverjum þeim, sem í tilnefndu samningsríki hefur í góðri trú notað eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess að nota uppfinningu, sem er efni birtrar umsóknar um evrópskt einkaleyfi eða evrópsks einkaleyfis, á tímabilinu milli þess að réttindi glatast skv. 1. mgr. og birt er tilkynning um endurveitingu þessara réttinda, er heimilt að halda áfram slíkri notkun í þágu starfsemi sinnar eða vegna þarfa hennar án greiðslna.
6. Ekkert í þessari grein takmarkar rétt samningsríkis til að endurveita réttindi að því er varðar fresti sem kveðið er á um í samningi þessum og gilda gagnvart yfirvöldum í því ríki.

the Implementing Regulations are met. Otherwise, it shall reject the request.
3. If the request is granted, the legal consequences of the failure to observe the time limit shall be deemed not to have ensued.
4. Further processing shall be ruled out in respect of the time limits in Article 87, paragraph 1, Article 108 and Article 112a, paragraph 4, as well as the time limits for requesting further processing or re-establishment of rights. The Implementing Regulations may rule out further processing for other time limits.

61. Article 122 shall be amended to read as follows:

Article 122
Re-establishment of rights

1. An applicant for or proprietor of a European patent who, in spite of all due care required by the circumstances having been taken, was unable to observe a time limit vis-à-vis the European Patent Office shall, upon request, have his rights re-established if the non-observance of this time limit has the direct consequence of causing the refusal of the European patent application, or of a request, or the deeming of the European patent application to have been withdrawn, or the revocation of the European patent, or the loss of any other right or means of redress.
2. The European Patent Office shall grant the request, provided that the conditions of paragraph 1 and any other requirements laid down in the Implementing Regulations are met. Otherwise, it shall reject the request.
3. If the request is granted, the legal consequences of the failure to observe the time limit shall be deemed not to have ensued.
4. Re-establishment of rights shall be ruled out in respect of the time limit for requesting re-establishment of rights. The Implementing Regulations may rule out re-establishment for other time limits.
5. Any person who, in a designated Contracting State, has in good faith used or made effective and serious preparations for using an invention which is the subject of a published European patent application or a European patent in the period between the loss of rights referred to in paragraph 1 and publication of the mention of re-establishment of those rights, may without payment continue such use in the course of his business or for the needs thereof.
6. Nothing in this Article shall limit the right of a Contracting State to grant re-establishment of rights in respect of time limits provided for in this Convention and to be observed vis-à-vis the authorities of such State.

62. Breyta skal 123. gr. þannig að hún orðist svo:

123. gr.
Breytingar.

1. Heimilt er að breyta umsókn um evrópskt einkaleyfi eða evrópsku einkaleyfi, meðan hún eða það er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Í öllum tilvikum ber að gefa umsækjanda a.m.k. eitt tækifæri til þess að breyta umsókninni að eigin vilja.
2. Óheimilt er að breyta umsókn um evrópskt einkaleyfi eða evrópsku einkaleyfi þannig að hún eða það nái til efnis sem er víðara en innihald umsóknarinnar eins og hún var lögð inn.
3. Óheimilt er að breyta evrópsku einkaleyfi þannig að breytingin veiti umfangsmeiri vernd.

62. Article 123 shall be amended to read as follows:

Article 123
Amendments

1. A European patent application or European patent may be amended in proceedings before the European Patent Office, in accordance with the Implementing Regulations. In any case, the applicant shall be given at least one opportunity of amending the application of his own volition.
2. A European patent application or European patent may not be amended in such a way that it contains subject-matter which extends beyond the content of the application as filed.
3. A European patent may not be amended in such a way as to extend the protection it confers.

63. Breyta skal 124. gr. þannig að hún orðist svo:

124. gr.
Upplýsingar um þekkta tækni.

1. Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt, í samræmi við framkvæmdareglugerðina, að biðja umsækjanda að veita upplýsingar um þekkta tækni sem tekið var tillit til við lands- eða svæðisbundna málsmeðferð vegna einkaleyfis og varðar uppfinningu sem umsókn um evrópskt einkaleyfi tekur til.
2. Ef umsækjandi svarar ekki beiðni skv. 1. mgr. á tilskildum tíma telst umsóknin um evrópskt einkaleyfi hafa verið dregin til baka.

63. Article 124 shall be amended to read as follows:

Article 124
Information on prior art

1. The European Patent Office may, in accordance with the Implementing Regulations, invite the applicant to provide information on prior art taken into consideration in national or regional patent proceedings and concerning an invention to which the European patent application relates.
2. If the applicant fails to reply in due time to an invitation under paragraph 1, the European patent application shall be deemed to be withdrawn.

64. 126. gr. fellur niður

64. Article 126 shall be deleted.

65. Breyta skal 127. gr. þannig að hún orðist svo:

127. gr.
Evrópsk einkaleyfaskrá.

Evrópska einkaleyfastofan skal halda evrópska einkaleyfaskrá með þeim upplýsingum sem tilgreint er í framkvæmdareglugerðinni að skuli skráðar. Ekkert skal vera fært í evrópsku einkaleyfaskrána fyrr en umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur birst. Evrópska einkaleyfaskráin skal vera aðgengileg almenningi.

65. Article 127 shall be amended to read as follows:

Article 127
European Patent Register

The European Patent Office shall keep a European Patent Register, in which the particulars specified in the Implementing Regulations shall be recorded. No entry shall be made in the European Patent Register prior to the publication of the European patent application. The European Patent Register shall be open to public inspection.

66. Breyta skal 128. gr. þannig að hún orðist svo:

128. gr.
Aðgengi að gögnum.

1. Ekki skal veita aðgang að gögnum, sem varða umsóknir um evrópskt einkaleyfi, áður en umsóknirnar eru birtar, nema með samþykki umsækjanda.

66. Article 128 shall be amended to read as follows:

Article 128
Inspection of files

1. Files relating to European patent applications which have not yet been published shall not be made available for inspection without the consent of the applicant.

2. Hverjum, sem getur sannað að umsækjandi hafi beitt rétti, er umsókn um evrópskt einkaleyfi felur í sér, gegn sér, er heimilt að fá að skoða gögnin fyrir birtingu umsóknarinnar og án samþykkis umsækjanda.
3. Þegar evrópsk hlutunarumsókn eða ný umsókn um evrópskt einkaleyfi, lögð inn skv. 1. mgr. 61. gr., er birt er hverjum sem er heimilt að skoða gögn fyrri umsóknarinnar áður en umsóknin er birt og án samþykkis umsækjanda.

4. Eftir að umsókn um evrópskt einkaleyfi hefur verið birt er unnt að skoða gögnin, sem varða umsóknina og evrópska einkaleyfið sem af henni leiðir, eftir beiðni, sbr. þó skilyrði þar um í framkvæmdareglugerðinni.
5. Jafnvel áður en umsókn um evrópskt einkaleyfi er birt er Evrópsku einkaleyfastofunni heimilt að láta þriðja aðila í té eða birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í framkvæmdareglugerðinni.

67. Breyta skal 129. gr. þannig að hún orðist svo:

129. gr.
Tímarit Evrópsku einkaleyfastofunnar.
Evrópska einkaleyfastofan gefur út með jöfnu millibili:
a) Einkaleyfatíðindi Evrópsku einkaleyfastofunnar með upplýsingum sem skylt er að birta samkvæmt samningi þessum, framkvæmdareglugerðinni eða samkvæmt fyrirmælum forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar;
b) Fréttabréf Evrópsku einkaleyfastofunnar með tilkynningum og upplýsingum almenns efnis frá forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, auk hvers kyns upplýsinga annarra sem lúta að samningi þessum eða framkvæmd hans.

68. Breyta skal 130. gr. þannig að hún orðist svo:

130. gr.
Upplýsingaskipti.
1. Sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum eða í landslögum skulu Evrópska einkaleyfastofan og aðalhugverkastofa samningsríkis, ef farið er fram á slíkt, láta hvor annarri í té allar nytsamlegar upplýsingar um evrópskar eða landsbundnar umsóknir um einkaleyfi og einkaleyfi og öll mál sem þau varða.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda um upplýsingaskipti sem fara fram samkvæmt samstarfssamningum milli Evrópsku einkaleyfastofunnar og:
a) aðalhugverkastofu í öðrum ríkjum;

2. Any person who can prove that the applicant has invoked the rights under the European patent application against him may obtain inspection of the files prior to the publication of that application and without the consent of the applicant.
3. Where a European divisional application or a new European patent application filed under Article 61, paragraph 1, is published, any person may obtain inspection of the files of the earlier application prior to the publication of that application and without the consent of the applicant.
4. Subsequent to the publication of the European patent application, the files relating to the application and the resulting European patent may be inspected on request, subject to the restrictions laid down in the Implementing Regulations.
5. Even prior to the publication of the European patent application, the European Patent Office may communicate to third parties or publish the particulars specified in the Implementing Regulations.

67. Article 129 shall be amended to read as follows:

Article 129
Periodical publications
The European Patent Office shall periodically publish:
(a) a European Patent Bulletin containing the particulars the publication of which is prescribed by this Convention, the Implementing Regulations or the President of the European Patent Office;
(b) an Official Journal containing notices and information of a general character issued by the President of the European Patent Office, as well as any other information relevant to this Convention or its implementation.

68. Article 130 shall be amended to read as follows:

Article 130
Exchange of information
1. Unless otherwise provided in this Convention or in national laws, the European Patent Office and the central industrial property office of any Contracting State shall, on request, communicate to each other any useful information regarding European or national patent applications and patents and any proceedings concerning them.
2. Paragraph 1 shall apply to the communication of information by virtue of working agreements between the European Patent Office and
(a) the central industrial property offices of other States;

b) milliríkjastofnunar sem hefur það hlutverk að veita einkaleyfi;
c) hverrar annarrar stofnunar sem vera skal.
3. Skilyrði, sem sett eru í 128. gr., skulu ekki gilda um samskipti skv. 1. mgr. og a- og b-liðum 2. mgr. Framkvæmdaráðið getur ákveðið að slík skilyrði gildi ekki um samskipti skv. c-lið 2. mgr., þó að því tilskildu að stofnunin, sem í hlut á, fari með upplýsingarnar, sem látnar eru í té, sem trúnaðarmál þangað til umsóknin um evrópskt einkaleyfi hefur verið birt.

69. Breyta skal 133. gr. þannig að hún orðist svo:

133. gr.
Almennar reglur um fyrirsvar.
1. Að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr. skal enginn skyldaður til að hafa sérmenntaðan fyrirsvarsmann sem kemur fram fyrir hans hönd við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum.
2. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur hvorki aðsetur né aðalstarfsstöð í samningsríki, skal hafa sérmenntaðan fyrirsvarsmann sem kemur fram fyrir hans hönd við alla málsmeðferð samkvæmt samningi þessum nema við innlögn umsóknar um evrópskt einkaleyfi; framkvæmdareglugerðin getur heimilað aðrar undantekningar.
3. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð í samningsríki, getur látið starfsmann sinn, sem þarf ekki að vera sérmenntaður fyrirsvarsmaður en skal hafa heimild samkvæmt framkvæmdareglugerðinni, koma fram fyrir sína hönd við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum. Í framkvæmdareglugerðinni er heimilt að kveða á um hvort, og þá með hvaða skilyrðum, starfsmaður slíks lögaðila geti einnig komið fram fyrir hönd annarra lögaðila sem hafa aðalstarfsstöð sína í samningsríki og eru í fjárhagslegum tengslum við fyrrnefndan lögaðila.
4. Heimilt er að setja sérstök ákvæði í framkvæmdareglugerðina um sama fyrirsvarsmann fyrir aðila sem koma fram sameiginlega.

70. Breyta skal 134. gr. þannig að hún orðist svo:

134. gr.
Fyrirsvar við Evrópsku einkaleyfastofuna.
1. Fyrirsvar fyrir einstaklinga eða lögaðila við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum má aðeins vera í höndum sérmenntaðra fyrirsvarsmanna sem skráðir eru á sérstakan lista sem Evrópska einkaleyfastofan heldur í þessu skyni.
2. Hvern einstakling sem:
a) er ríkisborgari í samningsríki;

(b) any intergovernmental organisation entrusted with the task of granting patents;
(c) any other organisation.
3. The communications under paragraphs 1 and 2(a) and (b) shall not be subject to the restrictions laid down in Article 128. The Administrative Council may decide that communications under paragraph 2(c) shall not be subject to such restrictions, provided that the organisation concerned treats the information communicated as confidential until the European patent application has been published.

69. Article 133 shall be amended to read as follows:

Article 133
General principles of representation
1. Subject to paragraph 2, no person shall be compelled to be represented by a professional representative in proceedings established by this Convention.

2. Natural or legal persons not having their residence or principal place of business in a Contracting State shall be represented by a professional representative and act through him in all proceedings established by this Convention, other than in filing a European patent application; the Implementing Regulations may permit other exceptions.
3. Natural or legal persons having their residence or principal place of business in a Contracting State may be represented in proceedings established by this Convention by an employee, who need not be a professional representative but who shall be authorised in accordance with the Implementing Regulations. The Implementing Regulations may provide whether and under what conditions an employee of such a legal person may also represent other legal persons which have their principal place of business in a Contracting State and which have economic connections with the first legal person.
4. The Implementing Regulations may prescribe special provisions concerning the common representation of parties acting in common.

70. Article 134 shall be amended to read as follows:

Article 134
Representation before the European Patent Office
1. Representation of natural or legal persons in proceedings established by this Convention may only be undertaken by professional representatives whose names appear on a list maintained for this purpose by the European Patent Office.
2. Any natural person who
(a) is a national of a Contracting State,

b) hefur starfsstöð eða atvinnu í samningsríki; og

c) hefur staðist evrópska réttindaprófið;

má skrá á lista yfir sérmenntaða fyrirsvarsmenn.

3. Á eins árs tímabili frá þeim degi, er aðild ríkis að samningi þessum öðlast gildi, getur hver sá einstaklingur mælst til að verða einnig skráður á listann sem:
a) er ríkisborgari í samningsríki;
b) hefur starfsstöð eða atvinnu í samningsríki; og

c) hefur rétt til að koma fram fyrir hönd einstaklinga eða lögaðila í einkaleyfamálum hjá aðalhugverkastofu í því ríki. Þar sem slíkur réttur er ekki bundinn við faglega sérmenntun skal viðkomandi hafa tekið þátt í einkaleyfamálum í því ríki með reglulegu millibili í a.m.k. fimm ár.

4. Skráning tekur gildi við beiðni, að framlögðum vottorðum sem staðfesta að skilyrði skv. 2. eða 3. mgr. séu uppfyllt.
5. Þeir, sem skráðir eru á listann yfir sérmenntaða fyrirsvarsmenn, skulu eiga rétt á að koma fram við alla málsmeðferð samkvæmt samningi þessum.
6. Hver sá sem er á lista skv. 1. mgr. á rétt á að stofna starfsstöð í hverju samningsríki, þar sem málsmeðferð samkvæmt samningi þessum getur farið fram, til að geta komið fram sem sérmenntaður fyrirsvarsmaður, að teknu tilliti til bókunarinnar um miðstýringu sem samningi þessum fylgir. Yfirvöldum í því ríki er einungis heimilt að svipta einstaka menn þessum rétti í einstökum tilvikum þegar beitt er lagaákvæðum sem lúta að verndun almannaöryggis, laga og reglu. Áður en slíkar ráðstafanir eru gerðar skal hafa samráð við forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar.

7. Forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar er heimilt að veita undanþágu frá:
a) skilyrðinu í a-lið 2. mgr. eða a-lið 3. mgr. í sérstökum tilvikum;
b) skilyrði 2. málsl. c-liðar 3. mgr. ef umsækjandi getur sýnt fram á að hann hafi öðlast nauðsynlega sérmenntun með öðrum hætti.

8. Fyrirsvar við málsmeðferð samkvæmt samningi þessum má einnig, auk hinna skráðu sérmenntuðu fyrirsvarsmanna, vera í höndum hvaða starfandi lögfræðings sem hlotið hefur starfsréttindi í samningsríki og hefur starfsstöð í því ríki, að því marki sem hann hefur rétt til þess að koma fram í umræddu ríki sem sérmenntaður fyrirsvarsmaður í einkaleyfamálum. Ákvæði 6. mgr. gilda að breyttu breytanda.

(b) has his place of business or employment in a Contracting State, and
(c) has passed the European qualifying examination,
may be entered on the list of professional representatives.
3. During a period of one year from the date on which the accession of a State to this Convention takes effect, entry on that list may also be requested by any natural person who
(a) is a national of a Contracting State,
(b) has his place of business or employment in the State having acceded to the Convention and
(c) is entitled to represent natural or legal persons in patent matters before the central industrial property office of that State. Where such entitlement is not conditional upon the requirement of special professional qualifications, the person shall have regularly so acted in that State for at least five years.
4. Entry shall be effected upon request, accompanied by certificates which shall indicate that the conditions laid down in paragraph 2 or 3 are fulfilled.
5. Persons whose names appear on the list of professional representatives shall be entitled to act in all proceedings established by this Convention.
6. For the purpose of acting as a professional representative, any person whose name appears on the list referred to in paragraph 1 shall be entitled to establish a place of business in any Contracting State in which proceedings established by this Convention may be conducted, having regard to the Protocol on Centralisation annexed to this Convention. The authorities of such State may remove that entitlement in individual cases only in application of legal provisions adopted for the purpose of protecting public security and law and order. Before such action is taken, the President of the European Patent Office shall be consulted.
7. The President of the European Patent Office may grant exemption from:
(a) the requirement of paragraphs 2(a) or 3(a) in special circumstances;
(b) the requirement of paragraph 3(c), second sentence, if the applicant furnishes proof that he has acquired the requisite qualification in another way.
8. Representation in proceedings established by this Convention may also be undertaken, in the same way as by a professional representative, by any legal practitioner qualified in a Contracting State and having his place of business in that State, to the extent that he is entitled in that State to act as a professional representative in patent matters. Paragraph 6 shall apply mutatis mutandis.

71. Á eftir 134. gr. skal setja inn eftirfarandi nýja grein, 134. gr. a:

134. gr. a

Stofnun sérmenntaðra fyrirsvarsmanna hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

1. Framkvæmdaráðið skal bært til að samþykkja og breyta ákvæðum um:

a) Stofnun sérmenntaðra fyrirsvarsmanna hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, hér eftir kölluð stofnunin;

b) þá menntun og þjálfun sem krafist er til að taka evrópskt réttindapróf og hvernig haga skuli próftöku;

c) agavald sem stofnuninni eða Evrópsku einkaleyfastofunni er heimilt að beita sérmenntaða fyrirsvarsmenn;

d) þagnarskyldu sem hvílir á sérmenntuðum fyrirsvarsmanni og undanþágu frá uppljóstrun þegar mál er til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og um er að ræða samskipti milli sérmenntaðs fyrirsvarsmanns og skjólstæðings hans eða annars aðila.

2. Hver sá sem skráður er á listann yfir sérmenntaða fyrirsvarsmenn skv. 1. mgr. 134. gr. skal verða aðili að stofnuninni.

72. Breyta skal 135. gr. þannig að hún orðist svo:

135. gr.

Beiðni um að landsbundinni málsmeðferð sé beitt.

1. Aðalhugverkastofa í tilnefndu samningsríki skal, að beiðni umsækjanda um evrópskt einkaleyfi eða einkaleyfishafa, beita málsmeðferð, sem á við um veitingu landsbundins einkaleyfis, við eftirtaldar aðstæður:

a) þegar umsókn um evrópskt einkaleyfi telst hafa verið dregin til baka skv. 3. mgr. 77. gr.;

b) í öðrum tilvikum, sem kveðið er á um í landslögum, þar sem umsókn um evrópskt einkaleyfi var synjað eða hún dregin til baka eða telst hafa verið dregin til baka eða þar sem evrópskt einkaleyfi hefur verið ógilt í samræmi við samning þennan.

2. Í því tilviki, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal beiðni um breytingu lögð inn hjá aðalhugverkastofu þar sem umsóknin um evrópskt einkaleyfi var lögð inn. Sú stofa skal framsenda beiðnina beint til aðalhugverkastofu í þeim samningsríkjum sem tilgreind eru í henni, sbr. þó ákvæði um þjóðaröryggi.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal beiðni um breytingu send Evrópsku einkaleyfastofunni í samræmi við framkvæmdareglugerðina.

71. The following new Article 134a shall be inserted after Article 134:

Article 134a

Institute of Professional Representatives before the European Patent Office

1. The Administrative Council shall be competent to adopt and amend provisions governing:

(a) the Institute of Professional Representatives before the European Patent Office, hereinafter referred to as the Institute;

(b) the qualifications and training required of a person for admission to the European qualifying examination and the conduct of such examination;

(c) any disciplinary power exercised by the Institute or the European Patent Office in respect of professional representatives;

(d) the obligation of confidentiality on the professional representative and the privilege from disclosure in proceedings before the European Patent Office in respect of communications between a professional representative and his client or any other person.

2. Any person entered on the list of professional representatives referred to in Article 134, paragraph 1, shall be a member of the Institute.

72. Article 135 shall be amended to read as follows:

Article 135

Request for the application of national procedure

1. The central industrial property office of a designated Contracting State shall, at the request of the applicant for or proprietor of a European patent, apply the procedure for the grant of a national patent in the following circumstances:

(a) when the European patent application is deemed to be withdrawn pursuant to Article 77, paragraph 3;

(b) in such other cases as are provided for by the national law in which the European patent application is refused or withdrawn or deemed to be withdrawn, or the European patent is revoked under this Convention.

2. In the case referred to in paragraph 1(a), the request for conversion shall be filed with the central industrial property office with which the European patent application has been filed. That office shall, subject to the provisions of national security, transmit the request directly to the central industrial property offices of the Contracting States specified therein.

3. In the cases referred to in paragraph 1(b), the request for conversion shall be submitted to the European Patent Office in accordance with the

Hún telst ekki hafa verið lögð inn fyrr en greitt hefur verið gjald fyrir breytingu. Evrópska einkaleyfastofan framsendir beiðnina til aðalhugverkastofu í hverju samningsríki sem tilgreint er í henni.

4. Áhrif vegna umsóknar um evrópskt einkaleyfi skv. 66. gr. falla niður sé beiðni ekki send á tilskildum tíma.

Implementing Regulations. It shall not be deemed to be filed until after the conversion fee has been paid. The European Patent Office shall transmit the request to the central industrial property offices of the Contracting States specified therein.

4. The effect of the European patent application referred to in Article 66 shall lapse if the request for conversion is not submitted in due time.

73. 136. gr. fellur niður

73. Article 136 shall be deleted.

74. Breyta skal 137. gr. þannig að hún orðist svo:

74. Article 137 shall be amended to read as follows:

137. gr.

Formkröfur við breytingu.

1. Ekki má beita formskilyrðum í landslögum, sem víkja frá eða eru strangari en þau sem kveðið er á um í samningi þessum, gagnvart umsókn um evrópskt einkaleyfi sem send er í samræmi við 2. eða 3. mgr. 135. gr.

2. Aðalhugverkastofa, sem fær evrópsku einkaleyfisumsóknina framsenda, má fara fram á að umsækjandi, innan tveggja mánaða hið minnsta:

a) greiði gjald fyrir landsbundna umsókn;
b) leggi inn þýðingu á einu opinberu tungumáli hlutaðeigandi ríkis á frumtexta umsóknarinnar um evrópskt einkaleyfi og, þegar við á, á textanum, eins og honum var breytt meðan á málsmeðferðinni fyrir Evrópsku einkaleyfastofunni stóð, sem umsækjandi vill leggja fram við landsbundna málsmeðferð.

Article 137

Formal requirements for conversion

1. A European patent application transmitted in accordance with Article 135, paragraph 2 or 3, shall not be subjected to formal requirements of national law which are different from or additional to those provided for in this Convention.

2. Any central industrial property office to which the application is transmitted may require that the applicant shall, within not less than two months:

(a) pay the national application fee;
(b) file a translation of the original text of the European patent application in one of the official languages of the State in question and, where appropriate, of the text as amended during proceedings before the Eurosoit pean Patent Office which the applicant wishes to submit to the national procedure.

75. Breyta skal 138. gr. þannig að hún orðist svo:

75. Article 138 shall be amended to read as follows:

138. gr.

Ógilding á evrópskum einkaleyfum.

1. Einungis er heimilt að ógilda evrópskt einkaleyfi, þannig að ógildingin gildi í samningsríki, af eftirfarandi ástæðum, sbr. þó 139. gr.:

a) ef efni evrópsks einkaleyfis er ekki einkaleyfishæft skv. 52.–57. gr;
b) ef evrópska einkaleyfið lýsir ekki uppfinningunni nægilega skýrt og rækilega til þess að kunnáttumaður á viðkomandi sviði geti útfært uppfinninguna;
c) ef efni evrópska einkaleyfisins nær út fyrir innihald umsóknarinnar eins og hún var lögð inn eða, ef einkaleyfi hefur verið veitt á grundvelli hlutunarumsóknar eða nýrrar umsóknar skv. 61. gr., út fyrir innihald fyrri umsóknarinnar eins og hún var lögð inn;
d) ef verndin, sem evrópska einkaleyfið veitir, hefur verið rýmkuð; eða

Article 138

Revocation of European patents

1. Subject to Article 139, a European patent may be revoked with effect for a Contracting State only on the grounds that:

(a) the subject-matter of the European patent is not patentable under Articles 52 to 57;
(b) the European patent does not disclose the invention in a manner sufficiently clear and complete for it to be carried out by a person skilled in the art;
(c) the subject-matter of the European patent extends beyond the content of the application as filed or, if the patent was granted on a divisional application or on a new application filed under Article 61, beyond the content of the earlier application as filed;
(d) the protection conferred by the European patent has been extended; or

e) ef handhafi evrópska einkaleyfisins hefur ekki rétt til þess skv. 1. mgr. 60. gr.

2. Ef ástæður ógildingar eiga aðeins við evrópska einkaleyfið að hluta til skal einkaleyfið takmarkað með samsvarandi breytingu á kröfum og ógilt að hluta til.

3. Þegar mál er til meðferðar hjá valdbærum dómstóli eða yfirvaldi varðandi gildi evrópsks einkaleyfis hefur einkaleyfishafinn rétt til að takmarka einkaleyfið með því að breyta kröfunum. Einkaleyfið með slíkum takmörkunum skal vera grundvöllur málsmeðferðar.

(e) the proprietor of the European patent is not entitled under Article 60, paragraph 1.

2. If the grounds for revocation affect the European patent only in part, the patent shall be limited by a corresponding amendment of the claims and revoked in part.

3. In proceedings before the competent court or authority relating to the validity of the European patent, the proprietor of the patent shall have the right to limit the patent by amending the claims. The patent as thus limited shall form the basis for the proceedings.

76. Breyta skal 140. gr. þannig að hún orðist svo:

140. gr.
Landsbundin smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð.

Ákvæði 66., 124., 135., 137. og 139 gr. skulu gilda um smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð og umsóknir um smáeinkaleyfi og smáeinkaleyfavottorð sem skráð eru eða lögð fram í samningsríkjum þar sem gert er ráð fyrir slíkum einkaleyfum eða vottorðum í lögum.

76. Article 140 shall be amended to read as follows:

Article 140
National utility models and utility certificates

Articles 66, 124, 135, 137 and 139 shall apply to utility models and utility certificates and to applications for utility models and utility certificates registered or deposited in the Contracting States whose laws make provision for such models or certificates.

77. Breyta skal 141. gr. þannig að hún orðist svo:

141. gr.
Árgjöld fyrir evrópskt einkaleyfi.

1. Einungis má krefjast greiðslu árgjalda fyrir evrópskt einkaleyfi fyrir árin eftir það ár sem kveðið er á um í 2. mgr. 86. gr.

2. Árgjöld, sem falla í gjalddaga innan tveggja mánaða frá birtingu tilkynningar um veitingu evrópsks einkaleyfis, teljast hafa verið greidd með tilskildum hætti séu þau greidd innan þess tíma. Óheimilt er að leggja á aukagjald sem kann að vera kveðið á um samkvæmt landslögum.

77. Article 141 shall be amended to read as follows:

Article 141
Renewal fees for a European patent

1. Renewal fees for a European patent may only be imposed for the years which follow that referred to in Article 86, paragraph 2.

2. Any renewal fees falling due within two months of the publication of the mention of the grant of the European patent shall be deemed to have been validly paid if they are paid within that period. Any additional fee provided for under national law shall not be charged.

78. Á eftir 149. gr. skal setja inn eftirfarandi nýja grein, 149. gr. a:

149. gr. a
Aðrir samningar milli samningsríkjanna.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlkað sem takmörkun á réttindum einstakra eða allra samningsríkja til að gera sérstaka samninga um hvert það málefni sem varðar umsóknir um evrópskt einkaleyfi eða evrópsk einkaleyfi sem samkvæmt samningi þessum lúta landslögum, svo sem og sér í lagi:

a) samning um stofnun sameiginlegs evrópsks einkaleyfadómstóls þeirra samningsríkja er eiga að honum aðild;

78. The following new Article 149a shall be inserted after Article 149:

Article 149a
Other agreements between the Contracting States

1. Nothing in this Convention shall be construed as limiting the right of some or all of the Contracting States to conclude special agreements on any matters concerning European patent applications or European patents which under this Convention are subject to and governed by national law, such as, in particular

(a) an agreement establishing a European patent court common to the Contracting States party to it;

b) samning um að koma á fót sameiginlegri stofnun samningsríkjanna, sem eiga aðild að slíkum samningi, sem skila skal, að beiðni innlendra dómstóla eða dómsyfirvalda utan dómstólakerfisins, áliti á málum sem snerta evrópska eða samræmda innlenda löggjöf um einkaleyfi;
c) samning þar sem samningsríkin, sem eiga aðild að slíkum samningi, veita undanþágur að fullu eða að hluta til frá þýðingum á texta evrópskra einkaleyfa skv.65. gr.;
d) samning þar sem samningsríkin, sem eiga aðild að slíkum samningi, kveða á um að þýðingar á evrópskum einkaleyfum skv. 65. gr. megi leggja inn og birta hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

2. Framkvæmdaráðið er bært um að ákvarða að:

a) fulltrúar í áfrýjunarnefndinni eða stóru áfrýjunarnefndinni megi starfa hjá evrópskum einkaleyfadómstól eða sameiginlegri stofnun og taka þátt í máli hjá þeim dómstóli eða stofnun í samræmi við hvers konar slíkan samning;
b) Evrópska einkaleyfastofan leggi sameiginlegri stofnun til það starfsfólk, húsnæði og búnað sem þörf er á til að hún geti innt af hendi skyldur sínar og skal stofnunin bera kostnaðinn, sem til fellur vegna slíkrar stofnunar, að fullu eða að hluta til.

79. Breyta skal X. hluta samningsins þannig að hann orðist svo:

X. HLUTI
Alþjóðlegar umsóknir samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi – EURO-samstarfssamningsumsóknir.

150. gr.

Beiting samstarfssamningsins um einkaleyfi.

1. Beita skal samstarfssamningi um einkaleyfi frá 19. júní 1970, sem hér eftir er nefndur samstarfssamningurinn, í samræmi við ákvæði þessa hluta.
2. Alþjóðlegar umsóknir, sem lagðar eru inn samkvæmt samstarfssamningnum, má taka til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni. Í slíkri málsmeðferð skal beita ákvæðum og reglum samstarfssamningsins en ákvæðum samnings þessa þeim til viðbótar. Ef ákvæðin stangast á skulu ákvæði eða reglur samstarfssamningsins ráða.

151. gr.

Evrópska einkaleyfastofan sem viðtökustofnun.

Evrópska einkaleyfastofan skal gegna hlutverki viðtökustofu í skilningi samstarfssamningsins í samræmi við framkvæmdareglugerðina. Ákvæði 2. mgr. 75. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

(b) an agreement establishing an entity common to the Contracting States party to it to deliver, at the request of national courts or quasijudicial authorities, opinions on issues of European or harmonised national patent law;
(c) an agreement under which the Contracting States party to it dispense fully or in part with translations of European patents under Article 65;
(d) an agreement under which the Contracting States party to it provide that translations of European patents as required under Article 65 may be filed with, and published by, the European Patent Office.

2. The Administrative Council shall be competent to decide that:
(a) the members of the Boards of Appeal or the Enlarged Board of Appeal may serve on a European patent court or a common entity and take part in proceedings before that court or entity in accordance with any such agreement;
(b) the European Patent Office shall provide a common entity with such support staff, premises and equipment as may be necessary for the performance of its duties, and the expenses incurred by that entity shall be borne fully or in part by the Organisation.

79. Part X of the Convention shall be amended to read as follows:

PART X
International Applications under the Patent Cooperation Treaty – EURO-PCT Applications

Article 150

Application of the Patent Cooperation Treaty

1. The Patent Cooperation Treaty of 19 June 1970, hereinafter referred to as the PCT, shall be applied in accordance with the provisions of this Part.
2. International applications filed under the PCT may be the subject of proceedings before the European Patent Office. In such proceedings, the provisions of the PCT and its Regulations shall be applied, supplemented by the provisions of this Convention. In case of conflict, the provisions of the PCT or its Regulations shall prevail.

Article 151

The European Patent Office as a receiving Office

The European Patent Office shall act as a receiving Office within the meaning of the PCT, in accordance with the Implementing Regulations. Article 75, paragraph 2, shall apply mutatis mutandis.

152. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun eða stofnun sem gerir alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi.

Evrópska einkaleyfastofan skal gegna hlutverki alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarstofnunar og stofnunar, sem gerir alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi í skilningi samstarfssamningsins, í samræmi við samning milli stofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar, fyrir umsækjendur sem eru ríkisborgarar eða búsettir í aðildarríki að samningi þessum. Fyrrnefndur samningur milli stofnunarinnar og alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar getur heimilað að Evrópska einkaleyfastofan gegni einnig fyrrnefndu hlutverki fyrir aðra umsækjendur.

Article 152
The European Patent Office as an International Searching Authority or International Preliminary Examining Authority

The European Patent Office shall act as an International Searching Authority and International Preliminary Examining Authority within the meaning of the PCT, in accordance with an agreement between the Organisation and the International Bureau of the World Intellectual Property Organization, for applicants who are residents or nationals of a Contracting State to this Convention. This agreement may provide that the European Patent Office shall also act for other applicants.

153. gr.
Evrópska einkaleyfastofan sem tilnefnd stofa eða valin stofa.

1. Evrópska einkaleyfastofan skal vera:
a) tilnefnd stofa fyrir hvert það aðildarríki að samningi þessum, þar sem samstarfssamningurinn hefur öðlast gildi, sem tilnefnt er í alþjóðlegri umsókn og umsækjandinn óskar eftir að hljóta evrópskt einkaleyfi fyrir; svo og
b) valin stofa ef umsækjandi hefur valið ríki sem tilnefnt er skv. a-lið.

2. Alþjóðleg umsókn, þar sem Evrópska einkaleyfastofan er tilnefnd eða valin stofa og hefur fengið alþjóðlegan umsóknardag, telst jafngilda venjulegri evrópskri umsókn (EURO-samstarfssamningsumsókn).

3. Alþjóðleg birting EURO-samstarfssamningsumsóknar á einu af opinberum tungumálum Evrópsku einkaleyfastofunnar kemur í stað birtingar evrópsku einkaleyfaumsóknarinnar og skal hennar getið í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

4. Ef EURO-samstarfssamningsumsóknin er birt á öðru tungumáli skal leggja inn þýðingu á eitt hinna opinberu tungumála hjá Evrópsku einkaleyfastofunni sem skal birta hana. Bráðabirgðavernd skv. 1. og 2. mgr. 67. gr. gildir frá birtingardegi, sbr. þó 3. mgr. 67. gr.

5. Með EURO-samstarfssamningsumsóknina skal fara sem umsókn um evrópskt einkaleyfi og skal hún teljast hluti af því sem þekkt er á hverjum tíma á viðkomandi sviði skv. 3. mgr. 54 gr. ef skilyrði 3. og 4. mgr. og framkvæmdareglugerðarinnar eru uppfyllt.

6. Alþjóðleg nýnæmisrannsóknarskýrsla, sem samin er fyrir EURO-samstarfssamningsumsókn, eða yfirlýsing í hennar stað, og alþjóðleg birting þeirra, kemur í stað evrópskrar nýnæmisrannsóknarskýrslu og tilkynningar um birtingu hennar í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Article 153
The European Patent Office as designated Office or elected Office

1. The European Patent Office shall be
(a) a designated Office for any Contracting State to this Convention in respect of which the PCT is in force, which is designated in the international application and for which the applicant wishes to obtain a European patent, and
(b) an elected Office, if the applicant has elected a State designated pursuant to (a).

2. An international application for which the European Patent Office is a designated or elected Office, and which has been accorded an international date of filing, shall be equivalent to a regular European application (Euro-PCT application).

3. The international publication of a Euro-PCT application in one of the official languages of the European Patent Office shall take the place of the publication of the European patent application and shall be mentioned in the European Patent Bulletin.

4. If the Euro-PCT application is published in another language, a translation into one of the official languages shall be filed with the European Patent Office, which shall publish it. Subject to Article 67, paragraph 3, the provisional protection under Article 67, paragraphs 1 and 2, shall be effective from the date of that publication.

5. The Euro-PCT application shall be treated as a European patent application and shall be considered as comprised in the state of the art under Article 54, paragraph 3, if the conditions laid down in paragraph 3 or 4 and in the Implementing Regulations are fulfilled.

6. The international search report drawn up in respect of a Euro-PCT application or the declaration replacing it, and their international publication, shall take the place of the European search report and the mention of its publication in the European Patent Bulletin.

7. Semja skal evrópska viðbótarnýnæmisrannsóknarskýrslu vegna hverrar EURO-samstarfssamningsumsóknar skv. 5. mgr. Framkvæmdaráðið getur ákveðið að sleppa megi evrópsku viðbótarnýnæmisrannsóknarskýrslunni eða lækka megi rannsóknargjaldið.

80. 154., 155., 156., 157., 158., 159., 160., 161., 162. og 163. gr. falla niður

81. Breyta skal 164. gr. þannig að hún orðist svo:

164. gr.
Framkvæmdareglugerð og bókanir.

1. Framkvæmdareglugerðin, bókunin um viðurkenningu, bókunin um forréttindi og friðhelgi, bókunin um miðstýringu, bókunin um túlkun á 69. gr. og bókunin um starfsmannamál skulu vera óaðskiljanlegir hlutar samnings þessa.
2. Ef ákvæði samnings þessa stangast á við ákvæði framkvæmdareglugerðarinnar skulu ákvæði samnings þessa hafa forgang.

82. 167. gr. fellur niður

2. gr.
Bókanir.

1. Bókun um túlkun á 69. gr. evrópska einkaleyfasamningsins skal breytt og orðast hún svo:

BÓKUN
um túlkun á 69. GR.

1. gr.
Almennar meginreglur.

Eigi skal túlka 69. gr. þannig að hún þýði að umfang verndar, sem evrópskt einkaleyfi veitir, teljist ná eins langt og skilgreint er í strangri bókstaflegri merkingu orðalagsins, sem notað er í kröfunum, og að lýsingin og teikningarnar séu eingöngu notaðar í þeim tilgangi að eyða margræðni í kröfunum. Eigi skal heldur túlka greinina þannig að kröfurnar séu aðeins til leiðbeiningar og að raunveruleg vernd, sem veitt er, kunni að ná til þess er einkaleyfishafi hefur ætlað með tilliti til lýsingar og teikninga kunnáttumanns á viðkomandi sviði. Þvert á móti ber að túlka greinina þannig að hún skilgreini stöðu milli þeirra ystu marka sem felur bæði í sér sanngjarna vernd fyrir einkaleyfishafann og nægilegt réttaröryggi fyrir þriðja aðila.

2. gr.
Jafngildi.

Í þeim tilgangi að ákvarða umfang verndar, er evr-

7. A supplementary European search report shall be drawn up in respect of any Euro-PCT application under paragraph 5. The Administrative Council may decide that the supplementary search report is to be dispensed with or that the search fee is to be reduced.

80. Articles 154, 155, 156, 157, 158, 159, 160, 161, 162 and 163 shall be deleted.

81. Article 164 shall be amended to read as follows:

Article 164
Implementing Regulations and Protocols

1. The Implementing Regulations, the Protocol on Recognition, the Protocol on Privileges and Immunities, the Protocol on Centralisation, the Protocol on the Interpretation of Article 69 and the Protocol on the Staff Complement shall be integral parts of this Convention.
2. In case of conflict between the provisions of this Convention and those of the Implementing Regulations, the provisions of this Convention shall prevail.

82. Article 167 shall be deleted.

Article 2
Protocols

1. The Protocol on the Interpretation of Article 69 EPC shall be amended to read as follows:

PROTOCOL
on the Interpretation of Article 69

Article 1
General principles

Article 69 should not be interpreted in the sense that the extent of the protection conferred by a European patent is to be understood as that defined by the strict, literal meaning of the wording used in the claims, the description and drawings being employed only for the purpose of resolving an ambiguity found in the claims. Neither should it be interpreted in the sense that the claims serve only as a guideline and that the actual protection conferred may extend to what, from a consideration of the description and drawings by a person skilled in the art, the patentee has contemplated. On the contrary, it is to be interpreted as defining a position between these extremes which combines a fair protection for the patentee with a reasonable degree of certainty for third parties.

Article 2
Equivalents

For the purpose of determining the extent of

ópskt einkaleyfi veitir, ber að taka tilhlýðilegt tillit til atriða sem eru jafngild tilgreindum atriðum í kröfunum.

2. Eftirfarandi bókun skal fylgja evrópska einkaleyfasamningnum og vera óaðskiljanlegur hluti hans:

BÓKUN
um fjölda starfsfólks Evrópsku einkaleyfastofunnar í Haag
(Bókun um fjöld starfsfólks).

Evrópska einkaleyfastofnunin skal tryggja að hlutfall starfsmanna á Evrópsku einkaleyfastofunni, sem ætlað er að starfa í starfsstöðinni í Haag, eins og skilgreint er samkvæmt stofnunaráætluninni árið 2000 og töflu yfir stöður, haldist í aðalatriðum óbreytt. Hver sú breyting á fjölda starfsmanna, sem ætlað er að starfa í starfsstöðinni í Haag og leiðir af sér frávik frá hlutfallinu sem er meira en tíu af hundraði og reynist nauðsynleg fyrir eðlilegan rekstur Evrópsku einkaleyfastofunnar, skal vera háð ákvörðun framkvæmdaráðs stofnunarinnar samkvæmt tillögu forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, að höfðu samráði við ríkisstjórnir sambandslýðveldisins Þýskalands og konungsríkisins Hollands.

3. I. gr. bókunarinnar um miðstýringu skal breytt og orðast hún svo:

BÓKUN
um miðstýringu evrópska einkaleyfakerfisins og hvernig henni verði komið á
(Bókun um miðstýringu).

I. gr.

1.

a) Við gildistöku samningsins skulu samningsríkin, sem eru einnig aðilar að Alþjóðaeinkaleyfastofunni er sett var á stofn með Haag-samningnum frá 6. júní 1947, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Evrópska einkaleyfastofnunin taki, eigi síðar en á þeim degi er segir í 1. mgr. 162. gr. samningsins, við öllum eignum og skuldum og öllu starfsfólki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar. Þetta skal framkvæma samkvæmt samningi milli Alþjóðaeinkaleyfastofunnar og Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar. Framangreind ríki og önnur samningsríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningurinn komi til framkvæmda eigi síðar en dagginn sem vísað er til í 1. mgr. 162. gr. samningsins. Við framkvæmd samningsins skuldbinda aðildarríki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar, sem einnig eru aðilar að samningnum, sig enn fremur til að

protection conferred by a European patent, due account shall be taken of any element which is equivalent to an element specified in the claims.

2. The following Protocol shall be annexed to the European Patent Convention as an integral part thereof:

PROTOCOL
on the Staff Complement of the European Patent Office at The Hague
(Protocol on the Staff Complement)

The European Patent Organisation shall ensure that the proportion of European Patent Office posts assigned to the duty station at The Hague as defined under the 2000 establishment plan and table of posts remains substantially unchanged. Any change in the number of posts assigned to the duty station at The Hague resulting in a deviation of more than ten per cent of that proportion, which proves necessary for the proper functioning of the European Patent Office, shall be subject to a decision by the Administrative Council of the Organisation on a proposal from the President of the European Patent Office after consultation with the Governments of the Federal Republic of Germany and the Kingdom of the Netherlands.

3. Section I of the Protocol on Centralisation shall be amended to read as follows:

PROTOCOL
on the Centralisation of the European Patent System and on its Introduction
(Protocol on Centralisation)

Section I

1.

(a) Upon entry into force of the Convention, States parties thereto which are also members of the International Patent Institute set up by the Hague Agreement of 6 June 1947 shall take all necessary steps to ensure the transfer to the European Patent Office, no later than the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention, of all assets and liabilities and all staff members of the International Patent Institute. Such transfer shall be effected by an agreement between the International Patent Institute and the European Patent Organisation. The above States and the other States parties to the Convention shall take all necessary steps to ensure that that agreement shall be implemented no later than the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention. Upon implementation of the agreement, those Member States of the International Patent Institute which are also parties

binda enda á þátttöku sína í Haag-samningnum.

b) Samningsríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Evrópska einkaleyfastofan taki við öllum eignum og skuldum og öllu starfsfólki Alþjóðaeinkaleyfastofunnar samkvæmt samningnum er um getur í a-lið. Að lokinni framkvæmd þess samnings skal Evrópska einkaleyfastofan taka að sér verkefni Alþjóðaeinkaleyfastofunnar daginn sem samningurinn er lagður fram til undirritunar og þá sérstaklega þau verkefni sem framkvæmd eru gagnvart aðildarríkjum stofunnar, hvort sem þau verða aðilar að samningnum eða ekki, svo og verkefni er stofan hefur tekið að sér að framkvæma við gildistöku samningsins gagnvart ríkjum sem á þeim tíma eru bæði aðilar að Alþjóðaeinkaleyfastofunni og samningnum. Auk þess getur framkvæmdaráð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar falið Evrópsku einkaleyfastofunni frekari störf á sviði nýnæmisrannsókna.

c) Framangreindar skuldbindingar skulu einnig gilda að breyttu breytanda um undirskrifstofuna, sem sett var á stofn samkvæmt Haag-samningnum, með skilyrðum í samningnum milli Alþjóðaeinkaleyfastofunnar og ríkisstjórnar viðkomandi samningsríkis. Ríkisstjórn þessi skuldbindur sig hér með til að gera nýjan samning við Evrópsku einkaleyfastofnunina í stað þess samnings, sem þegar hefur verið gerður við Alþjóðaeinkaleyfastofuna, til að samræma ákvæði um skipulag, rekstur og fjármögnun undirskrifstofunnar ákvæðum bókunar þessarar.

2. Í samræmi við ákvæði III. gr. skulu samningsríkin, fyrir hönd aðalhugverkastofa sinna, afsala sér, í þágu Evrópsku einkaleyfastofunnar, störfum sem alþjóðlegar nýnæmisrannsóknarstofnanir, samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi, frá og með þeim degi sem vísað er til í 1. mgr. 162. gr. samningsins.

3.

a) Setja ber á fót undirskrifstofu Evrópsku einkaleyfaskrifstofunnar í Berlín frá og með þeim degi er um getur í 1. mgr. 162. gr. samningsins. Skal hún rekin undir stjórn útibúsins í Haag.

b) Framkvæmdaráðið ákvarðar skyldustörf, sem undirskrifstofunni í Berlín eru falin, í ljósi almennra sjónarmiða og þarfa Evrópsku einkaleyfastofunnar.

c) Eigi síðar en við upphaf stigvaxandi útvíkkunar starfssviðs Evrópsku einkaleyfastofunnar skulu þau verkefni, sem undirskrifstofunni eru falin, nægja til að gera rannsóknarstarfsfólkinu í

to the Convention further undertake to terminate their participation in the Hague Agreement.

(b) The States parties to the Convention shall take all necessary steps to ensure that all the assets and liabilities and all the staff members of the International Patent Institute are taken into the European Patent Office in accordance with the agreement referred to in sub-paragraph (a). After the implementation of that agreement the tasks incumbent upon the International Patent Institute at the date on which the Convention is opened for signature, and in particular those carried out vis-à-vis its Member States, whether or not they become parties to the Convention, and such tasks as it has undertaken at the time of the entry into force of the Convention to carry out vis-à-vis States which, at that date, are both members of the International Patent Institute and parties to the Convention, shall be assumed by the European Patent Office. In addition, the Administrative Council of the European Patent Organisation may allocate further duties in the field of searching to the European Patent Office.

(c) The above obligations shall also apply mutatis mutandis to the suboffice set up under the Hague Agreement under the conditions set out in the agreement between the International Patent Institute and the Government of the Contracting State concerned. This Government hereby undertakes to make a new agreement with the European Patent Organisation in place of the one already made with the International Patent Institute to harmonise the clauses concerning the organisation, operation and financing of the suboffice with the provisions of this Protocol.

2. Subject to the provisions of Section III, the States parties to the Convention shall, on behalf of their central industrial property offices, renounce in favour of the European Patent Office any activities as International Searching Authorities under the Patent Cooperation Treaty as from the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention.

3.

(a) A sub-office of the European Patent Office shall be set up in Berlin as from the date referred to in Article 162, paragraph 1, of the Convention. It shall operate under the direction of the branch at The Hague.

(b) The Administrative Council shall determine the duties to be allocated to the sub-office in Berlin in the light of general considerations and of the requirements of the European Patent Office.

(c) At least at the beginning of the period following the progressive expansion of the field of activity of the European Patent Office, the amount of work assigned to that sub-office shall be suf-

Berlínarútibúi þýsku einkaleyfaskrifstofunnar, á þeim degi sem samningurinn er lagður fram til undirritunar, kleift að sinna fullu starfi.

d) Sambandslýðveldið Þýskaland skal greiða viðbótarkostnað sem Evrópska einkaleyfastofnunin leggur í við stofnun og vegna viðhalds undirskrifstofunnar í Berlín.

3. gr.
Nýr texti samningsins.

1. Framkvæmdaráði Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar er hér með heimilað, eftir tillögu forstjóra Evrópsku einkaleyfastofunnar, að setja saman nýjan texta evrópska einkaleyfasamningsins. Í nýja textanum skal orðalag ákvæða samningsins samræmt eftir þörfum á hinum þremur opinberu tungumálum. Einnig má endurnúmera ákvæði samningsins í samfelldri röð og breyta tilvísunum í önnur ákvæði samningsins í samræmi við nýju númerin.

2. Framkvæmdaráðið skal samþykkja nýjan texta samningsins með atkvæðum fulltrúa þriggja fjórðu þeirra samningsríkja sem sækja fund og greiða atkvæði. Þegar nýi textinn er samþykktur skal hann verða óaðskiljanlegur hluti þessa endurskoðunarsamnings.

4. gr.
Undirritun og fullgilding.

1. Endurskoðunarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar, af hálfu samningsríkjanna, á Evrópsku einkaleyfastofunni í München til 1. september 2001.
2. Endurskoðunarsamningur þessi skal háður fullgildingu; fullgildingarskjöl skal afhenda ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands til vörslu.

5. gr.
Aðild.

1. Þar til endurskoðunarsamningur þessi gengur í gildi er samningsríkjunum og ríkjum, sem fullgilda eða gerast aðilar að samningnum, heimil aðild að endurskoðunarsamningnum.
2. Aðildarskjöl skal afhenda ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands til vörslu.

6. gr.
Beiting til bráðabirgða.

Beita skal til bráðabirgða 4.–6. og 12.–15. tölul. 1. gr., 2. og 3. tölul. 2. gr., 3. og 7. gr. endurskoðunarsamnings þessa.

7. gr.
Aðlögunarákvæði.

1. Endurskoðaður texti samningsins skal gilda um

ficient to enable the examining staff of the Berlin Annex of the German Patent Office, as it stands at the date on which the Convention is opened for signature, to be fully employed.
(d) The Federal Republic of Germany shall bear any additional costs incurred by the European Patent Organisation in setting up and maintaining the sub-office in Berlin.

Article 3
New Text of the Convention

1. The Administrative Council of the European Patent Organisation is hereby authorised to draw up, at the proposal of the President of the European Patent Office, a new text of the European Patent Convention. In the new text, the wording of the provisions of the Convention shall be aligned, where necessary, in the three official languages. The provisions of the Convention may also be renumbered consecutively and the references to other provisions of the Convention may be amended in accordance with the new numbering.
2. The Administrative Council shall adopt the new text of the Convention by a majority of three quarters of the Contracting States represented and voting. On its adoption, the new text of the Convention shall become an integral part of this Revision Act.

Article 4
Signature and Ratification

1. This Revision Act shall be open for signature by the Contracting States at the European Patent Office in Munich until 1 September 2001.

2. This Revision Act shall be subject to ratification; instruments of ratification shall be deposited with the Government of the Federal Republic of Germany.

Article 5
Accession

1. This Revision Act shall be open, until its entry into force, to accession by the Contracting States to the Convention and the States which ratify the Convention or accede thereto.
2. Instruments of accession shall be deposited with the Government of the Federal Republic of Germany.

Article 6
Provisional Application

Article 1, items 4–6 and 12–15, Article 2, items 2 and 3 and Articles 3 and 7 of this Revision Act shall be applied provisionally.

Article 7
Transitional Provisions

1. The revised version of the Convention shall apply

allar evrópskar einkaleyfaumsóknir, sem lagðar eru inn eftir gildistöku hans, svo og um öll einkaleyfi sem veitt eru á grundvelli slíkra umsókna. Textinn skal ekki gilda um evrópsk einkaleyfi, sem hafa verið veitt þegar við gildistöku hans, né um evrópskar einkaleyfisumsóknir, sem voru til meðferðar á þeim tíma, nema framkvæmdaráð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar hafi ákveðið annað.
2. Framkvæmdaráð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar skal taka ákvörðun skv. 1. mgr. eigi síðar en 30. júní 2001 með atkvæðum fulltrúa þriggja fjórðu þeirra samningsríkja sem sækja fund og greiða atkvæði. Slík ákvörðun skal verða óaðskiljanlegur hluti af endurskoðunarsamningi þessum.

8. gr.
Gildistaka.

1. Endurskoðaður texti evrópska einkaleyfasamningsins skal ganga í gildi tveimur árum eftir að fimmtánda samningsríkið hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til vörslu eða á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals til vörslu af hálfu þess samningsríkis sem stígur þetta skref síðast allra samningsríkja gerist það fyrr.
2. Er endurskoðaður texti samningsins gengur í gildi fellur sá texti, sem gildur hefur verið til þess tíma, úr gildi.

9. gr.
Sending og tilkynningar.

1. Ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands skal gera staðfest afrit endurskoðunarsamnings þessa og senda þau ríkisstjórnum samningsríkjanna og ríkja sem geta orðið aðilar að evrópska einkaleyfasamningnum skv. 1. mgr. 166. gr.

2. Ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands skal tilkynna ríkisstjórnum skv. 1. mgr.:

a) afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals til vörslu;
b) gildistökudag endurskoðunarsamnings þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa heimild og umboð í tilhlýðilegu formi, undirritað endurskoðunarsamning þennan.

GJÖRT í München 29. nóvember 2000 í einu eintaki á ensku, frönsku og þýsku og skulu textarnir þrír vera jafngildir. Þessi upprunalegi texti skal afhentur skjalasafni sambandslýðveldisins Þýskalands til vörslu.

to all European patent applications filed after its entry into force, as well as to all patents granted in respect of such applications. It shall not apply to European patents already granted at the time of its entry into force, or to European patent applications pending at that time, unless otherwise decided by the Administrative Council of the European Patent Organisation.
2. The Administrative Council of the European Patent Organisation shall take a decision under paragraph 1 no later than 30 June 2001, by a majority of three quarters of the Contracting States represented and voting. Such decision shall become an integral part of this Revision Act.

Article 8
Entry into Force

1. The revised text of the European Patent Convention shall enter into force two years after the fifteenth Contracting State has deposited its instrument of ratification or accession, or on the first day of the third month following the deposit of the instrument of ratification or accession by the Contracting State taking this step as the last of all the Contracting States, if this takes place earlier.
2. Upon entry into force of the revised text of the Convention, the text valid until that time shall cease to apply.

Article 9
Transmission and Notifications

1. The Government of the Federal Republic of Germany shall draw up certified true copies of this Revision Act and shall transmit them to the governments of the Contracting States and of the States able to accede to the European Patent Convention under Article 166, paragraph 1.
2. The Government of the Federal Republic of Germany shall notify the governments referred to in paragraph 1 concerning:
(a) the deposit of any instrument of ratification or accession;
(b) the date of entry into force of this Revision Act.

IN WITNESS WHEREOF, the Plenipotentiaries authorised thereto, having presented their Full Powers, found to be in good and due form, have signed this Revision Act.

DONE at Munich this twenty-ninth day of November two thousand in a single original in the English, French and German languages, the three texts being equally authentic. This original text shall be deposited in the archives of the Federal Republic of Germany.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR
um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa.

AÐILDARRÍKI AÐ SAMNINGI ÞESSUM SEM,

SEM SAMNINGSRÍKI AÐ samningnum um veitingu evrópskra einkaleyfa (evrópska einkaleyfasamningnum) frá 5. október 1973,

ÍTREKA vilja sinn til að styrkja samvinnu milli ríkja Evrópu um að vernda einkarétt á uppfinningum,

MEÐ TILLITI TIL ákvæða 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins,

VIÐURKENNA mikilvægi þess að dregið verði úr kostnaði vegna þýðinga á evrópskum einkaleyfum,

LEGGJA ÁHERSLU á þörfina á víðtækum stuðningi til að ná því markmiði,

ERU STAÐRÁÐIN í að leggja mikið af mörkum til að ná fram lækkun kostnaðar,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.
Undanþágur frá kröfum um þýðingar.

1. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum, sem hefur opinbert tungumál sameiginlegt einhverju hinna opinberu tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar, skal falla frá kröfum um þýðingar skv. 1. mgr. 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

2. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum, sem hefur ekki opinbert tungumál sem er sameiginlegt einhverju hinna opinberu tungumála Evrópsku einkaleyfastofunnar, skal falla frá kröfum um þýðingar skv. 1. mgr. 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins ef evrópskt einkaleyfi hefur verið veitt á því opinbera tungumáli Evrópsku einkaleyfastofunnar, sem viðkomandi aðildarríki fyrirskipar, eða þýtt á það tungumál og lagt fram í samræmi við skilyrði 1. mgr. 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

3. Ríkin, sem getið er um í 2. mgr., skulu halda rétti sínum til að krefjast þess að þýðing á einkaleyfiskröfunum á eitt hinna opinberu tungumála ríkisins

AGREEMENT
on the application of Article 65 of the Convention on the Grant of European Patents

THE STATES PARTIES TO THIS AGREEMENT,

IN THEIR CAPACITY as Contracting States to the Convention on the Grant of European Patents (European Patent Convention) of 5 October 1973,

REAFFIRMING their desire to strengthen co-operation between the States of Europe in respect of the protection of inventions,

HAVING REGARD to Article 65 of the European Patent Convention,

RECOGNISING the importance of the objective to reduce the costs relating to the translation of European patents,

STRESSING the need for widespread adherence to that objective,

DETERMINED to contribute effectively to such cost reduction,

HAVE AGREED ON THE FOLLOWING PROVISIONS:

Article 1
Dispensation with Translation Requirements

1. Any State party to this Agreement having an official language in common with one of the official languages of the European Patent Office shall dispense with the translation requirements provided for in Article 65, paragraph 1, of the European Patent Convention.

2. Any State party to this Agreement having no official language in common with one of the official languages of the European Patent Office shall dispense with the translation requirements provided for in Article 65, paragraph 1, of the European Patent Convention, if the European patent has been granted in the official language of the European Patent Office prescribed by that State, or translated into that language and supplied under the conditions provided for in Article 65, paragraph 1, of the European Patent Convention.

3. The States referred to in paragraph 2 shall continue to have the right to require that a translation of the claims into one of their official languages be

skuli lögð fram í samræmi við skilyrði 1. mgr. 65. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.
4. Ekkert í samningi þessum skal túlkað sem takmörkun á rétti aðildarríkjanna að samningi þessum til að falla frá kröfum um þýðingar eða til að beita vægari kröfum um þýðingar en skv. 2. og 3. mgr.

2. gr.
Þýðingar vegna deilumála.
Ekkert í samningi þessum skal túlkað sem takmörkun á rétti aðildarríkja að samningi þessum til að fyrirskipa, rísi deilur vegna evrópsks einkaleyfis, að einkaleyfishafi skuli á eigin kostnað:

a) láta í té, að beiðni ætlaðs geranda, heildarþýðingu á eitt af hinum opinberu tungumálum þess ríkis þar sem ætlað brot er talið hafa átt sér stað,

b) láta í té, að beiðni þar til bærs dómstóls eða dómsyfirvalda utan dómstólakerfisins, meðan á málsókn stendur, heildarþýðingu á opinbert mál viðkomandi ríkis.

3. gr.
Undirritun – fullgilding.
1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra samningsríkja að evrópska einkaleyfasamningnum til 30. júní 2001.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjöl skal afhenda ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands til vörslu.

4. gr.
Aðild.
Aðild að samningi þessum skal, að loknu undirritunartímabili skv. 1. mgr. 3. gr., heimil öllum samningsríkjum að evrópska einkaleyfasamningnum og öllum ríkjum sem eiga rétt á aðild að þeim samningi. Aðildarskjöl skal afhenda ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands til vörslu.

5. gr.
Bann við fyrirvörum.
Engu aðildarríki að samningi þessum er heimilt að gera fyrirvara við hann.

6. gr.
Gildistaka.
1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi fjórða mánaðar eftir að síðasta fullgildingar- eða aðildarskjal átta samningsríkja evrópska einkaleyfasamningsins hefur verið afhent til vörslu, þar á meðal

supplied under the conditions provided for in Article 65, paragraph 1, of the European Patent Convention.
4. Nothing in this Agreement shall be construed as restricting the right of the States parties to this Agreement to dispense with any translation requirement or to apply more liberal translation requirements than those referred to in paragraphs 2 and 3.

Article 2
Translations in Case of Dispute
Nothing in this Agreement shall be construed as restricting the right of the States parties to this Agreement to prescribe that, in the case of a dispute relating to a European patent, the patent proprietor, at his own expense,
(a) shall supply, at the request of an alleged infringer, a full translation into an official language of the State in which the alleged infringement took place,
(b) shall supply, at the request of the competent court or quasi judicial authority in the course of legal proceedings, a full translation into an official language of the State concerned.

Article 3
Signature – Ratification
1. This Agreement shall be open for signature by any Contracting State to the European Patent Convention until 30 June 2001.
2. This Agreement shall be subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Government of the Federal Republic of Germany.

Article 4
Accession
This Agreement shall, on expiry of the term for signature mentioned in Article 3, paragraph 1, be open to accession by any Contracting State to the European Patent Convention and any State which is entitled to accede to that Convention. Instruments of accession shall be deposited with the Government of the Federal Republic of Germany.

Article 5
Prohibition of Reservations
No State party to this Agreement may make reservations thereto.

Article 6
Entry into Force
1. This Agreement shall enter into force on the first day of the fourth month after the deposit of the last instrument of ratification or accession by eight Contracting States to the European Patent Convent-

hinna þriggja ríkja þar sem flest evrópsk einkaleyfi tóku gildi árið 1999.
2. Sérhver fullgilding eða aðild, eftir gildistöku samnings þessa, skal öðlast gildi á fyrsta degi fjórða mánaðar eftir að fullgildingar- eða aðildarskjal hefur verið afhent til vörslu.

7. gr.
Gildistími samningsins.
Samningur þessi skal gilda ótímabundið.

8. gr.
Uppsögn.
Sérhvert aðildarríki að samningi þessum getur sagt samningi þessum upp hvenær sem er eftir að hann hefur verið í gildi í þrjú ár. Tilkynningu um uppsögn skal afhenda ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir móttöku slíkrar tilkynningar. Engin réttindi, áunnin samkvæmt samningi þessum áður en uppsögnin öðlaðist gildi, skulu skerðast.

9. gr.
Gildissvið.
Samningur þessi skal gilda um evrópsk einkaleyfi hafi tilkynning um veitingu verið birt í Einkaleyfatíðindum Evrópsku einkaleyfastofunnar eftir að samningurinn öðlaðist gildi í viðkomandi ríki.

10. gr.
Tungumál samningsins.
Samningur þessi, sem gerður er í einu frumriti á ensku, frönsku og þýsku, skal varðveittur af ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands og skulu textarnir þrír vera jafngildir.

11. gr.
Sendingar og tilkynningar.
1. Ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands skal útbúa löggilt endurrit af samningi þessum og senda ríkisstjórnum allra undirritunarríkja eða aðildarríkja.
2. Ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands skal tilkynna öllum ríkisstjórnum þeirra ríkja sem vísað er til í 1. mgr.:
a) undirritanir;
b) afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals til vörslu;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa;
d) uppsögn sem móttekin er skv. 8. gr. og dagsetninguna er hún öðlast gildi.
3. Ríkisstjórn sambandslýðveldisins Þýskalands skal skrásetja samning þennan hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

ion, including the three States in which the most European patents took effect in 1999.
2. Any ratification or accession after the entry into force of this Agreement shall take effect on the first day of the fourth month after the deposit of the instrument of ratification or accession.

Article 7
Duration of the Agreement
This Agreement shall be concluded for an unlimited duration.

Article 8
Denunciation
Any State party to this Agreement may denounce it at any time once it has been in force for three years. Notification of denunciation shall be given to the Government of the Federal Republic of Germany. The denunciation shall take effect one year after the date of receipt of such notification. No rights acquired pursuant to this Agreement before the denunciation took effect shall thereby be impaired.

Article 9
Scope
This Agreement shall apply to European patents in respect of which the mention of grant was published in the European Patent Bulletin after the Agreement entered into force for the State concerned.

Article 10
Languages of the Agreement
This Agreement, drawn up in a single original in the English, French and German languages shall be deposited with the Government of the Federal Republic of Germany, the three texts being equally authentic.

Article 11
Transmissions and notifications
1. The Government of the Federal Republic of Germany shall draw up certified true copies of this Agreement and shall transmit them to the Governments of all signatory or acceding States.
2. The Government of the Federal Republic of Germany shall notify to the Governments of the States referred to in paragraph 1:
(a) any signature;
(b) the deposit of any instrument of ratification or accession;
(c) the date of entry into force of this Agreement;
(d) any denunciation received pursuant to Article 8 and the date on which it will take effect.
3. The Government of the Federal Republic of Germany shall register this Agreement with the Secretariat of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa heimild og umboð í tilhlýðilegu formi, undirritað samning þennan.

In WITNESS WHEREOF, the Plenipotentiaries authorised thereto, having presented their Full Powers, found to be in good and due form, have signed this Agreement.

Gjört í Lundúnum 17. október 2000, í einu frumriti á ensku, frönsku og þýsku, og skulu allir textar vera jafngildir.

Done at London on 17 October 2000, in one original, in English, French and Germany, each text being equally authentic.

1343. Fyrirspurn [885. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýrnaveiki í seiðaeldi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvenær og hvernig var upplýsingum um að nýrnaveiki hefði verið uppgötvuð í íslenskri seiðaeldisstöð í ágústmánuði 2003 dreift til annarra eldisstöðva og hagsmunaaðila hérlendis?
2. Hvenær var nýrnaveikin tilkynnt formlega til grannlanda sem íslenskar seiðastöðvar flytja afurðir til, svo sem Skotlands og Írlands, og hvernig var staðið að þeim tilkynningum?
3. Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til að komast fyrir þessa sýkingu og hindra að veikin breiðist út?

Skriflegt svar óskast.

1344. Svar [774. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um tillögur Byggðastofnunar um lækkun flutningskostnaðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hverjar voru tillögur Byggðastofnunar um lækkun flutningskostnaðar? Óskað er eftir að tillögurnar verði birtar í heild sinni.

Tillögur Byggðastofnunar voru unnar að beiðni ríkisstjórnarinnar til kynningar á vettvangi hennar. Tillögurnar eru þannig undanþegnar upplýsingarétti skv. 1. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að verða ekki við ósk fyrirspyrjanda um birtingu tillagnanna í heild sinni.

1345. Tillaga til þingsályktunar [886. mál]

um íþróttaáætlun.

Flm.: Gunnar Örlygsson, Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman, Valdimar L. Friðriksson, Magnús Þór Hafsteinsson, Steinunn K. Pétursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa og leggja fram áætlun um markmið og stefnu ríkisins í íþróttamálum til fimm ára. Í áætluninni komi m.a. fram markmið ríkisins hvað varðar eflingu almennings- og afreksíþrótta, hvernig tryggt verði að öll börn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttir innan og utan skóla, og gerð grein fyrir fjáröflun til íþróttamála og fjárstuðningi ríkisins við íþróttastarf í landinu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Að auki verði í áætluninni fjallað um rannsóknir sem ríkið tekur þátt í á sviði íþróttamála.

Áætlunin verði unnin í samstarfi við íþróttahreyfinguna, íþróttakennara og sveitarfélög og lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi.

Greinargerð.

Gildi íþrótta fyrir líkamlega og andlega vellíðan fólks er fyrir löngu viðurkennt. Á síðustu árum hefur áhugi almennings á íþróttum vaxið mikið enda kemur sífellt betur í ljós hvernig þær efla þrek og þrótt ungra sem aldinna. Þá hafa sjónir manna einnig beinst að hlut þeirra í forvörnum gegn vímuefnaneyslu og öðru miður góðu líferni. Þrátt fyrir þetta liggur ekki fyrir skýr stefnumörkun ríkisins í íþróttamálum til lengri tíma. Flutningsmenn telja að ríkinu beri að setja niður skýra stefnu í íþróttamálum og tryggja þannig vöxt íþróttamála.

Mikilvægi þess að ríkið geri áætlanir yfir fyrirhuguð verk í tilteknum málaflokkum hefur sýnt sig og dugar þar að vísa til jafn ólíkra flokka sem jafnréttismála og vegamála þar sem ráðherra yfir hvorum málaflokki er skylt samkvæmt lögum að leggja fram áætlun á hverjum tíma. Með framlagningu áætlana er fólki ekki aðeins gerð grein fyrir hvert ríkið stefnir heldur vekur það einnig umræður. Þá geta einstaklingar og frjáls félagasamtök stuðst við áætlanir ríkisins, t.d. íþróttum, þegar þeir setja sér markmið. Því er mikilvægt að horft sé til lengri tíma en eins árs í senn eins og algengt er hjá ríkinu þar sem fjárlög hvers árs eru látin ráða stefnunni.

Í 1. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998, merkja íþróttir „hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti“. Menntamálaráðherra fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka og meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði, sbr. 2. og 3. gr. íþróttalaga.

Íþróttahreyfingin hefur unnið þarft og óeigingjarnt starf. Ótal dæmi eru um að sjálfboðaliðar hafi lyft grettistaki í íþróttamálum og sama hvar farið er um landið gegna ungmenna- og íþróttafélögin lykilhlutverki í barna- og unglingastarfi. Það er viðurkennt, m.a. í íþróttalögum, að íþróttastarf utan skóla er fyrst og fremst í höndum einstaklinga og félaga þeirra. Það þýðir þó ekki að ríkið komi ekki að þeim málum og beri þar engar skyldur. Framlög ríkisins til íþróttamála utan skóla eru veruleg en það vantar upp á að þar sé fylgt fastri stefnu. Með íþróttáætlun ætti verða auðveldara fyrir ríki, sveitarfélög og íþróttahreyfinguna að setja sér markmið um fé til málaflokksins frá ríkinu og þannig væri tryggt að fjármunir rötuðu þangað sem þeirra er þörf og að sett markmið náist bæði í almennings- og afreksíþróttum.

Í íþróttaáætlun þarf að kveða skýrt á um fjármögnun og styrki ríkisins til íþrótta. Þar verður að sýna fram á að árleg framlög geti tryggt almennan rekstur íþróttahreyfingarinnar auk þess sem gera þarf áætlun yfir styrki til sérsambanda. Einnig er mikilvægt að tekið verði á jöfnun ferðakostnaðar íþróttamanna eftir landsvæðum en í því tilliti má vísa til 135. máls á yfirstandandi löggjafarþingi, sem er tillaga til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga. Þá er æskilegt að skoðaðir verði kostir þess að veita fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna skattaívilnanir.

Margvíslegt gott starf hefur verið unnið í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar á síðustu árum og ljóst að starf þessara aðila þarf að vera samræmt. Því leggja flutningsmenn áherslu á að ráðherra hafi samráð við sveitarfélög og íþróttahreyfinguna við gerð íþróttaáætlunar.

1346. Frumvarp til laga [887. mál]

um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Brynja Magnúsdóttir, Gunnar Birgisson, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „áfengi“ kemur: sterku áfengi.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá er stofnuninni heimilt að dreifa öðru áfengi í heildsölu og smásölu innan lands samkvæmt samningum við birgja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Útsöluverð áfengis er frjálst en þó skal fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt að selja áfengi undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt innkaupsverð að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar eða framleiðsla áfengis í atvinnuskyni er háð leyfi samkvæmt áfengislögum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Um sölu og dreifingu áfengis fer samkvæmt áfengislögum.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á og gera upptækar til ríkissjóðs vörur sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

6. gr.

25. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: Áfengissmásöluleyfi 30.000 kr.

III. KAFLI
Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: smásölu.

8. gr.

Orðin „annað en leyfi til smásölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu sterks áfengis.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu smásöluleyfis:

a. Afgreiðslutími skal ekki vera lengri en til kl. 20.00.
b. Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.
c. Önnur málefnaleg atriði, svo sem um staðsetningu verslunar, aðgengi, afgreiðslutíma, sbr. þó ákvæði a-liðar, merkingar o.fl.

Sveitarstjórn er óheimilt að veita smásöluleyfi fyrirtækjum sem stunda blandaða smásöluverslun aðra en rekstur stórmarkaða eða matvöru- eða nýlenduvöruverslunar, svo sem starfsemi sem fellur undir eftirfarandi ÍSAT-flokka: 50.11.4 (söluturnar), 50.11.5 (söluturnar með ís eða samlokugerð), 50.11.6 (matsöluvagnar) og 52.12 (önnur blönduð smásala). Þá er sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til blaðsöluturna, sbr. ÍSAT-flokk 52.26, og myndbandaleigna, sbr. ÍSAT-flokk 71.40.1.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera dregið sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun auk heildsöludreifingar á tóbaki og tóbaksgerðar.

Lengi framan af var sala áfengis algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2002 reifar stjórnin helstu röksemdina fyrir ríkiseinkasölu, en á bls. 9 í skýrslunni segir: „Forvarnarhlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi". Þá segir að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til að „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis". Þetta verða að teljast afar haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Rétt er að benda á að einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak og hið sama ætti þá væntanlega að gilda um sölu áfengis. Þá verður að spyrja hvort það sé hlutverk ríkisins að hlúa að tiltekinni vínmenningu í landinu með ærnum tilkostnaði. Um rökin gegn ríkiseinkasölu skal í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fastafjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru nú á bókfærðu verði í efnahagsreikningi frá 31. desember 2002 um 1 milljarður kr. en eignir alls ríflega 3,2 milljarðar kr. Eigið fé fyrirtækisins var ríflega 2,1 milljarður kr. Fjármunir sem fengjust með sölu eigna fyrirtækisins mundu nýtast ríkissjóði vel. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til er að aðrir en ríkið fái að sjá um smásölu léttvíns og bjórs eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Þó er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái eitt um sölu sterks áfengis en verði áfram heimilt að dreifa öllu áfengi í heildsölu og smásölu.

Á 123. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis og urðu töluverðar umræður um málið í þinginu. Þá hefur fyrrverandi þingmaður, Vilhjálmur Egilsson, ítrekað lagt fram frumarp til laga um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það hefur ekki náð fram að ganga.

Fróðlegt er að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum

var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og fyrir einungis um 15 árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessum höftum hefur sem betur fer öllum verið aflétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að selja áfengi og tóbak undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt kaupverð dreifingaraðila að viðbættum opinberum gjöldum, svo sem áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, að viðbættum virðisaukaskatti. Er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda af þessari vöru og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð. Hins vegar ætti þetta fyrirkomulag ekki að raska eðlilegri samkeppni á markaðnum fyrir einstakar vörutegundir.

Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum takmörkunum á veitingu smásöluleyfis. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma, svo sem verið hefur, þó þannig að verslanir með áfengi mega ekki vera opnar lengur en til kl. 20.00. Þá er það gert að skilyrði að starfsmenn sem afgreiða áfengi skuli vera a.m.k. 20 ára. Sveitarstjórnum verður eftir sem áður heimilt að binda smásöluleyfi frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslana, aðgengi, merkingar o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði leyft að selja áfengi í tilteknum tegundum verslana. Eru hér einkum hafðir í huga söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar. Leitast er við að skilgreina þessa starfsemi nánar með vísan til ÍSAT-flokkunarkerfisins. Gert er ráð fyrir að áfengissmásalar greiði gjald til ríkissjóðs fyrir leyfi til að selja áfengi í smásölu, líkt og gildir um innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir áfengi.

Lagt er til að heimild ráðherra í 12. gr. áfengislaga til að ákveða hámarksafgreiðslutíma og önnur sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð verði felld brott enda er gert ráð fyrir að ákvörðun um leyfisveitingu færist til sveitarstjórna.

Flutningsmenn telja jafnframt að taka þurfi til skoðunar áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til dæmis með því að lækka áfengisgjald í þremur áföngum, um allt að 50%, fram til ársins 2007.

Áfengisgjald hefur farið lækkandi í nágrannalöndunum að undanförnu en hér á landi hefur gjaldið stöðugt farið hækkandi, nú síðast í desember 2002. Ljóst er að of hátt áfengisverð leiðir til þess að ákveðinn hópur fólks leitar annarra úrræða. Heimabruggun og smygl á áfengi hefur verið vandamál og ljóst er að ákveðin fylgni er milli áfengisverðs og heimabruggunar og smyglaðs áfengis. Samkvæmt könnun sem IBM gerði fyrir Samtök verslunarinnar hafði tæplega fjórðungur landsmanna neytt heimabruggs sl. tólf mánuði og um þriðjungur fólks á aldrinum 20–29 ára. Þá fer markaður fyrir efni til heimavíngerðar ört stækkandi. Ekki þarf að fjölyrða um hættuna sem getur stafað af heimabruggi og fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið slíkt.

Svo virðist sem smygl á sterku áfengi hafi aukist að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni hefur haldlagt sterkt áfengi aukist um 30% á árunum 2002–2003. Árið 2003 er áætlað að haldlagt sterkt áfengi nemi um 1.500 lítrum, létt vín um 700 lítrum og bjór ríflega 800 lítrum. Haldlagt sterkt áfengi nam 1.147 lítrum árið 2002 og hefur magnið því aukist um a.m.k. 350 lítra.

Þá hafa samtök ferðaþjónustunnar bent á að ferðamenn kvarti undan háu áfengisverði hér á landi. Leiða má líkur að því að ferðamannastramur og ráðstefnuhald mundi aukast að einhverju marki með lækkuðu áfengisgjaldi. Ólíklegt verður að telja að heildarneysla áfengis aukist með lækkuðu áfengisgjaldi enda er talið að um 15–30% af heildarneyslunni sé heimabruggað eða smyglað áfengi. Ef áfengisgjaldið yrði lækkað eru verulegar líkur á að neysla á löglega keyptu áfengi mundi aukast á kostnað hins ólöglega. Tekjur ríkissjóðs munu því ekki lækka sem neinu nemur enda verður að gera ráð fyrir að mun meiri hluti af verslun með áfengi flytjist inn í landið, að ekki sé minnst á verulega minni sölu og neyslu á ólöglegu áfengi.

Oft hefur því verið haldið fram að mikil lækkun áfengisgjalds kalli á stóraukna neyslu. Reynslan frá nágrannalöndum okkar sýnir að fólk neytir ekki meira áfengis heldur skýrist aukin sala af því að meira er keypt innan lands en í aðliggjandi löndum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi verði um sjö milljarðar króna. Framlag ríkisins til Forvarnasjóðs skv. 7. gr. laga nr. 95/1996, um gjald af áfengi og tóbaki, er 1% af innheimtu áfengisgjaldi eða um 70 millj. kr. fyrir árið 2004 og að óbreyttum forsendum mundi það lækka um helming. Ef áfengisgjald yrði lækkað væri rétt að hækka framlag til Forvarnasjóðs í samræmi við lækkun áfengisgjalds og við það miðað að hlutfallið verði 2% af innheimtu áfengisgjaldi þegar lækkun hefur að fullu komið til framkvæmda.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hér á landi yrði lækkað um helming yrði það svipað og í Svíþjóð og áfram það langhæsta innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fylgiskjal I.


Samtök verslunarinnar:


Áfengisgjöld á Íslandi í samanburði við ESB-lönd og önnur lönd sem hafa sótt um aðild.


	Sterkt (kr.) lítri 40%	Vín (kr.) lítri 11%	Bjór (kr.) lítri 5%
Austurríki	342	0	22
Belgía	568	46	18
Búlgaría	88	15	3
Bretland	1066	239	81
Danmörk	667	92	40
Eistland	317	65	15
Finnland*	970	207	86
Frakkland	496	3	11
Þýskaland	447	0	8
Grikkland	323	0	12
Holland	609	57	21
Írland	1348	263	85
Ísland	*2646*	*462*	*161*
Ítalía	220	0	15
Kýpur	71	0	19
Lettland	316	49	9

	Sterkt (kr.) lítri 40%	Vín (kr.) lítri 11%	Bjór (kr.) lítri 5%
Litháen	317	42	9
Lúxemborg	356	0	8
Malta	829	0	8
Pólland	369	32	18
Portúgal	302	0	13
Rúmenía	37	6	5
Slóvakía	205	0	8
Spánn	254	0	8
Svíþjóð	1891	208	69
Tékkland	263	0	0,4
Tyrkland	1183	123	54
Ungverjaland	235	2	16

*Tekið er tillit til lækkunar áfengisgjalds 1. mars.







1347. Fyrirspurn [888. mál]

til iðnaðarráðherra um leyfi til rannsókna í Brennisteinsfjöllum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur verið brugðist við umsóknum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um leyfi til rannsókna í Brennisteinsfjöllum?

Skriflegt svar óskast.

1348. Fyrirspurn [889. mál]

til iðnaðarráðherra um leyfi til virkjunar í Skjálfandafljóti.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða forsendur mun ráðherra leggja til grundvallar við val á fyrirtæki til virkjunar í Skjálfandafljóti nú þegar þrjú fyrirtæki sækjast eftir leyfi til virkjunar þar?

Skriflegt svar óskast.

1349. Svar [544. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um sjómannaafslátt.

1. *Hversu margir fengu svokallaðan sjómannaafslátt árin 1994–2003 á hverju ári um sig? Hvað er um marga lögskráningardaga að ræða?*

Upplýsingar um sjómannaafslátt fyrir tekjuárið 2003 liggja ekki enn fyrir.

Sjómannaafsláttur 1994–2002.

Tekjuár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Sjómannaafsláttur, fjöldi	11.178	10.848	11.142	10.268	9.793	9.756	9.380	9.313	8.834
Lögskráningardagar, fjöldi, þús.	1.497	1.454	1.506	1.392	1.275	1.266	1.187	1.087	1.097

2. *Hversu margir vinnudagar voru á þessum tíma teknir til greina vegna:*
   a. *vinnu lögskráðs sjómanns á fiskiskipi,*
   b. *vinnu fiskimanns á eigin fari án lögskráningar,*
   c. *vinnu á varðskipi,*
   d. *vinnu á rannsóknarskipi,*
   e. *vinnu á sanddæluskipi,*
   f. *vinnu á ferju,*
   g. *vinnu á farskipi sem er í förum milli landa,*
   h. *vinnu á farskipi í strandsiglingum innan lands,*
   i. *vinnu hlutaráðins beitningarmanns,*
   j. *annarrar vinnu?*

Heildarfjöldi lögskráningardaga eftir flokkum.

Tekjuár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fiskiskip	797.797	725.283	736.029	699.018	641.705	653.620	621.745	609.937	599.863
Skuttogari	570.016	599.286	643.958	571.659	518.622	500.938	447.917	375.356	400.946
Fiski/farþegaskip	405	552	1.485	1.412	1.397	1.933	2.194	1.525	2.086
Vöruflutningaskip	30.179	29.416	25.353	16.001	10.406	9.620	10.031	2.299	4.317
Efnaflutningaskip	4.034	4.066	4.047	4.040	4.076	4.060	4.012	4.061	2.756
Farþegaskip	15.164	13.730	14.288	17.951	19.233	20.988	23.111	21.595	19.499
Varðskip	16.487	16.362	15.793	17.347	15.605	14.892	16.358	13.766	15.463
Skólaskip	5.950	5.878	5.927	5.890	2.745	642	750	443	417
Rannsóknarskip	14.341	14.473	13.028	13.380	12.970	13.375	14.572	16.090	13.950
Sjómælingaskip	686	613	623	644	781	631	692	544	932
Björgunarskip	5.781	4.979	6.033	5.526	7.550	6.139	5.112	5.574	3.015
Olíuskip	7.613	8.017	7.512	7.602	7.595	6.954	6.762	4.385	2.578
Olíuáfylliskip	306	365	59	0	0	0	0	0	0
Dráttarskip	9.151	10.369	14.151	12.669	12.846	12.782	13.525	13.344	14.507
Lóðs- og tollskip	0	829	1.252	1.338	1.357	1.460	1.464	1.460	1.460
Lóðsskip	8.630	9.787	7.995	8.613	9.079	9.047	9.899	9.481	5.078
Vinnuskip	2.251	2.751	1.090	1.751	1.608	1.794	1.048	383	71
Dýpkunar- og sandskip	3.455	3.938	3.660	4.442	4.348	4.249	4.603	4.571	4.292
Prammi	0	0	0	228	508	1.807	1.868	2.368	5.040

Tekjuár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Víkingaskip	0	0	0	0	0	0	1.073	0	0
Skemmtiskip	4.511	3.716	3.484	2.143	2.360	1.349	240	30	326
Ótilgreint	0	2	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	**1.496.757**	**1.454.412**	**1.505.767**	**1.391.654**	**1.274.791**	**1.266.280**	**1.186.976**	**1.087.212**	**1.096.596**

Rétt er að benda á að lögskráningardagar eru ekki endilega þeir sömu og dagar taldir fram til skatts. Sé þar munur á kann að vera erfitt að túlka það – einkum ef lögskráð er á fleiri en eina tegund skips þar sem sjómannaafsláttur er flokkaður niður á tegund skips. Hver lögskráningardagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49 en þó að hámarki dagafjölda í ári. Ekki er þó hægt að veita sjómannaafslátt fyrir fleiri daga en ráðningartími segir til um. Að auki njóta ákveðnir hópar sjómannaafsláttar þótt þeir séu ekki lögskráðir, svo sem beitningamenn og trillusjómenn.

3. Hver er fjárhæð afsláttar á þessum tíma eftir þeim flokkum sem taldir voru upp í 2. lið?

Heildarfjárhæð sjómannaafsláttar, þús. kr.

Tekjuár	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fiskiskip	710.364	675.609	689.054	657.436	573.980	580.387	569.283	586.348	590.836
Skuttogari	541.586	591.443	634.781	562.765	494.041	473.952	434.329	382.525	412.494
Fiski/farþegaskip	405	564	1.278	1.205	1.133	1.852	1.844	1.533	1.596
Vöruflutningaskip	29.759	29.570	25.666	16.261	9.983	8.990	9.647	2.342	4.517
Efnaflutningaskip	3.736	3.807	3.974	4.052	3.843	3.903	3.983	4.143	2.924
Farþegaskip	14.273	12.799	13.738	17.424	17.452	19.263	22.080	21.739	20.315
Varðskip	15.905	16.078	15.817	16.930	15.082	14.355	15.956	14.149	16.206
Skólaskip	5.853	5.934	6.073	6.035	2.683	627	750	456	442
Rannsóknarskip	13.292	14.144	12.446	12.674	11.868	12.233	13.506	15.533	14.036
Sjómælingaskip	686	627	640	661	763	616	692	560	926
Björgunarskip	5.502	4.598	6.007	5.057	6.988	5.874	4.872	4.791	3.108
Olíuskip	6.671	7.390	6.839	6.945	6.821	6.391	6.272	4.120	2.567
Olíuáfylliskip	306	250	61	0	0	0	0	0	0
Dráttarskip	6.846	8.018	11.220	9.928	9.302	9.405	10.231	10.580	12.650
Lóðs- og tollskip	0	657	1.006	1.006	1.070	956	980	1.009	1.040
Lóðsskip	6.203	7.646	6.252	6.724	6.798	6.915	7.840	7.743	4.231
Vinnuskip	2.086	2.357	957	1.575	1.385	1.479	817	394	75
Dýpkunar- og sandskip	3.023	3.554	3.236	4.190	3.981	3.985	4.528	4.654	4.039
Prammi	0	0	0	234	497	1.726	1.574	2.247	4.601
Víkingaskip	0	0	0	0	0	0	1.073	0	0
Skemmtiskip	4.039	3.419	3.174	1.848	2.129	1.317	240	31	346
Ótilgreint	182.925	136.025	118.173	8.192	87.201	68.380	114.476	144.018	170.487
Samtals	**1.553.460**	**1.524.489**	**1.560.391**	**1.341.142**	**1.257.000**	**1.222.606**	**1.224.972**	**1.208.916**	**1.267.438**

4. Hvernig skiptist afslátturinn á þessum tíma eftir einstökum atvinnufyrirtækjum?
Ekki er unnt að skipta sjómannaafslættinum eftir einstökum atvinnufyrirtækjum.

1350. Fyrirspurn [890. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lúðuveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Íslands.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvernig skiptist árlegur lúðuafli íslenskra skipa í efnahagslögsögu Íslands í tonnum talið samkvæmt afladagbókum á tímabilinu 1985–2003, að báðum árum meðtöldum, á milli eftirfarandi veiðarfæra:
   a. handfæra,
   b. línu, þar með talin haukalóð,
   c. dragnótar,
   d. neta,
   e. botnvörpu?
2. Hvað er vitað um lengdar- og þyngdardreifingu lúðu sem veiddist í fyrrgreind veiðarfæri, sundurliðað eftir veiðarfærum?
3. Hve miklu af lúðu var landað árlega á fyrrgreindu tímabili af ísfisktogurum annars vegar og frystitogurum hins vegar?
4. Í hvaða 15 höfnum hér á landi var landað mestum lúðuafla árlega á þessu tímabili og hve miklu var landað árlega í hverri höfn í kílóum talið?
5. Hvernig þróaðist lúðuafli á sóknareiningu í dragnót annars vegar og í botnvörpu hins vegar á sama tímabili?
6. Hvar voru helstu veiðisvæði lúðu við Ísland á umræddu tímabili?
7. Sjást þess einhver merki að nýliðun hafi batnað í lúðustofninum á undanförnum tveimur árum?

Skriflegt svar óskast.

1351. Fyrirspurn [891. mál]

til samgönguráðherra um lýsingu á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður hins opinbera af rafmagni til lýsingar á Reykjanesbraut síðan farið var að lýsa hana?
2. Hve margir ljósastaurar eru við brautina og hvaða vegalengd ná þeir yfir?
3. Hvaða hlutar brautarinnar eru lýstir?
4. Er áformað að auka lýsingu á Reykjanesbraut við tvöföldun hennar?
5. Hver hefur verið árlegur kostnaður hins opinbera af rafmagni til lýsingar á Vesturlandsvegi síðan farið var að lýsa hann?
6. Hve margir ljósastaurar eru við veginn og hvaða vegalengd ná þeir yfir?
7. Hvaða hlutar vegarins eru lýstir?

8. Er áformað að auka lýsingu á Vesturlandsvegi?

Skriflegt svar óskast.

1352. Fyrirspurn [892. mál]

til utanríkisráðherra um uppbyggingarstarf í Írak.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Til hvaða verkefna hefur fjárveitingum ársins 2004 til neyðaraðstoðar í Írak verið varið? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum og heildarkostnaði við hvert verkefni.
2. Til hvaða verkefna er fyrirhugað að verja því sem óráðstafað er af fjárveitingum ársins 2004?

Skriflegt svar óskast.

1353. Fyrirspurn [893. mál]

til utanríkisráðherra um réttarstöðu íslenskra skipa á svokölluðu Svalbarðasvæði.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Telur ráðherra að íslensk fiskiskip sem veiða undir íslenskum fána, eru skipuð íslenskum áhöfnum og veiða úr kvótahlutdeild sem úthlutað er af íslenskum stjórnvöldum á hinu svokallaða Svalbarðasvæði heyri undir íslenska löggjöf? Hver er rökstuðningurinn fyrir svari ráðherra?

Skriflegt svar óskast.

1354. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

1. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að meta til gangvirðis fjármálagerninga ef þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Ef heimildin er notuð skal meta til gangvirðis skuldbindingar sem tengjast afleiðusamningum eða loforði um afhendingu fjármálagerninga sem enn eru ekki í eigu viðkomandi félags. Einnig má meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast á gangvirði þegar þessar eignir og skuldbindingar uppfylla kröfur um áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna og skulu slíkar eignir og skuldbindingar metnar til gangvirðis eins og krafist er í þeim reikningsskilum.

Ákvæði þetta nær þó ekki til:

1. útlána og viðskiptakrafna viðkomandi félags sem ekki er fyrirhugað að versla með,
2. fjármálagerninga, annarra en afleiðusamninga, sem ætlunin er að eiga fram að gjalddaga,
3. eignarhluta í dótturfélögum,
4. eignarhluta í hlutdeildarfélögum,
5. eignarhluta í samrekstrarfélögum, sbr. 3. mgr. 35. gr.,
6. eigin eignarhluta, skilyrts viðbótarverðs við sameiningu fyrirtækja, sem og annarra fjármálagerninga sem tengjast eigin fé viðkomandi félags,
7. allra annarra fjármálagerninga sem ekki er viðeigandi að færa á gangvirði samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum.

Til fjármálagerninga teljast hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, þ.m.t. afleiður þar sem uppgjörsákvæði byggjast á breytingum á undirliggjandi þáttum á tilteknu tímabili, svo sem vöxtum, gengi gjaldmiðla, verðbréfaverði eða verðbréfavísitölu, eða þær tengjast breytingu á verði tiltekinna vörutegunda, enn fremur framseljanleg skilríki á eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf.

2. gr.

Á eftir 29. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (29. gr. A.)

Mat á fjármálagerningum og skuldbindingum til gangvirðis skv. 29. gr. skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilareglur. Einungis er heimilt að beita slíku mati ef það byggist á áreiðanlegum upplýsingum um gangvirði.

Gangvirði skal ákvarðað með tilliti til:

1. markaðsverðs þeirra fjármálagerninga sem eru á virkum markaði,
2. markaðsverðs undirliggjandi þátta í viðkomandi fjármálagerningi ef viðkomandi fjármálagerningur er ekki skráður á markaði,
3. virðis sem reiknað er út með almennum viðurkenndum matslíkönum eða matsaðferðum fyrir þær eignir sem ekki eru á markaði; slík matslíkön og matsaðferðir skulu gefa góða mynd af markaðsverði.

Ef ekki er hægt að meta þessar eignir eða skuldbindingar til gangvirðis samkvæmt framangreindum aðferðum skal matið byggjast á kostnaðarverði skv. 22. gr.

b. (29. gr. B.)

Á rekstrarreikning skal færa þær breytingar á virði fjármálagerninga og skuldbindinga sem metnar eru í samræmi við 29. gr. A, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 3. tölul. 1. mgr. 20. gr., sbr. þó 2. mgr. Þar með eru taldar breytingar á virði afleiðusamninga og annarra fjármálagerninga sem aflað hefur verið í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum.

Slík breyting skal þó færð beint á gangvirðisreikning sem færður er með eigin fé þegar:

1. í reikningsskilum afleiðusamnings er byggt á að um sé að ræða áhættuvörn í skilningi alþjóðlegra reikningsskilareglna, að því marki sem þær leyfa að verðbreyting sé ekki tekin með í rekstrarreikningi, eða;
2. um er að ræða verðbreytingar á virði fjármálagerninga sem aflað er í þeim tilgangi að selja aftur, eða;
3. verðbreytingar tengjast gengismun sem verður á peningalegum liðum sem eru hluti af nettófjárfestingu félagsins í starfsemi erlendis.

Samræmi skal vera í færslu breytinga á virði fjármálagerninga og skuldbindinga skv. 1. eða 2. mgr. frá einu ári til annars.

Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir verðbreytingunni eru ekki fyrir hendi.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (37. gr. A.)

Veita skal eftirfarandi upplýsingar þegar fjármálagerningar eru metnir til gangvirðis skv. 29. gr. A:

1. helstu forsendur sem liggja að baki matslíkönum og matsaðferðum þegar gangvirði er ákvarðað skv. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. A,
2. breytingar á virði fyrir hvern flokk fjármálagerninga hvort sem breytingin hefur verið færð á rekstrarreikning eða á gangvirðisreikning,
3. umfang og eðli hvers flokks afleiðusamninga, þ.m.t. mikilvægi skilmála og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika framtíðarfjárstreymis, og
4. hreyfingar á gangvirðisreikningi á árinu.

b. (37. gr. B.)

Veita skal eftirfarandi upplýsingar um þá fjármálagerninga, sbr. 29. gr., sem félag hefur ekki metið í ársreikningi sínum til gangvirðis:

1. gangvirði fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga ef hægt er að ákvarða það með einhverri þeirra aðferða sem fram kemur í 29. gr. A, og
2. umfang og eðli gerninganna.

Þegar um er að ræða áhættufjármuni sem eru fjármálagerningar í skilningi 3. mgr. 29. gr. og niðurfærsla í samræmi við 24. gr. hefur ekki farið fram skal upplýsa um bókfært verð og gangvirði einstakra eigna eða flokka eigna. Rökstyðja skal forsendur þess álits að um skammvinna verðlækkun sé að ræða.

Fyrir fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum, sbr. 35. gr., skal jafnframt upplýst um gangvirði einstakra eignarhluta eða eignaflokka.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 52. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Í skýrslunni skal gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu, enda geti breytingar á virði fjármálagerninga haft veruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu. Upplýsa skal sérstaklega með hvaða hætti mat á einstökum liðum í reikningsskilum, svo sem afleiðusamningum, byggist á slíkri markmiðssetningu í áhættustýringu og þeim áhættuþáttum sem

máli geta skipt við mat á eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu. Gera skal grein fyrir markaðsáhættu, þ.e. vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu, sem og útlánaáhættu og lausafjáráhættu í rekstri félagsins.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. og 2. tölul. 2. gr.“ í 2. mgr. 89. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 56/2003, kemur: 1. og 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. A.

6. gr.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/65/EB um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð, sem og banka og annarra fjármálastofnana.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2004 eða síðar.

1355. Frumvarp til laga [203. mál]

um Evrópufélög.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin um Evrópufélög, evrópsk hlutafélög, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Í samræmi við reglugerðina um Evrópufélög (Evrópufélagareglugerðina) eru í lögum þessum sett nánari ákvæði um Evrópufélög. Ná þau ákvæði aðeins til Evrópufélaga sem skráð eru á Íslandi nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Bókhald og ársreikningar.

Evrópufélag, sem skráð er hér á landi, skal færa bókhald og semja ársreikninga samkvæmt lögum um bókhald og lögum um ársreikninga sé eigi kveðið á um annað í Evrópufélagareglugerðinni. Evrópufélag getur fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga um bókhald og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við lög um ársreikninga.

Sé Evrópufélag með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en stundar starfsemi í formi útibús hér á landi skal bókhald og ársreikningur útibúsins vera í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga. Heimild 2. málsl. 1. mgr. gildir einnig um þessi útibú.

3. gr.

Heiti.

Evrópufélagi er skylt að hafa skammstöfunina SE í heiti sínu. Því er auk skammstöfunarinnar heimilt hafa orðið Evrópufélag í heitinu, svo og nota skammstöfunina SE/Ef. Heitið skal greina glöggt frá heiti annars Evrópufélags sem skráð hefur verið í hlutafélagaskrá, sbr. 8. gr.

Nánari ákvæði um heiti Evrópufélags eru í 11. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar og firmalöggjöf.

4. gr.

Aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum gilda um aðild þeirra að félögunum.

II. KAFLI
Stofnun Evrópufélags.

5. gr.

Þátttaka í stofnun Evrópufélags.

Sé eigi kveðið á um annað í Evrópufélagareglugerðinni er hlutafélagi eða einkahlutafélagi, sem hefur aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags ef hlutafélagið eða einkahlutafélagið:

1. er stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu;
2. hefur skráða skrifstofu í ríki skv. 1. tölul. og
3. hefur raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvæði 1. mgr. um hlutafélög og einkahlutafélög gilda einnig um lögaðila í atvinnurekstri skv. 3. mgr. 2. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar varðandi stofnun dótturfyrirtækja Evrópufélags.

6. gr.

Þátttaka fjármálafyrirtækja í stofnun Evrópufélags með samruna.

Fyrirtæki, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, er ekki heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags skv. 1. mgr. 2. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar varðandi stofnun Evrópufélags með samruna ef Fjármálaeftirlitið leggst að lokinni athugun gegn því með tilliti til almannahagsmuna enda geri stofnunin það fyrir útgáfu vottorðs skv. 2. mgr. 25. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun Evrópufélags með samruna.

Fyrirtækið skal leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. Mæli eitthvað gegn því að athugun fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirtækinu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri fyrirtækið þetta ekki skal vísa umsókn þess frá.

Hlutafélagaskrá skal hafna umsókn um leyfi til að hrinda í framkvæmd samrunaáætlun sem gerir ráð fyrir stofnun Evrópufélags með samruna ef Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugað umsókn skv. 2. mgr. eða Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli slíkrar athugunar lagst gegn samrunanum.

Ef eigi er unnt að fallast á umsókn skv. 3. mgr. vegna þess að athugun skv. 2. mgr. stendur yfir og ætla má að henni ljúki innan skamms er umsóknin í bið um allt að sex mánaða skeið.

7. gr.

Útgáfa vottorðs við stofnun Evrópufélags með samruna.

Hlutafélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 2. mgr. 25. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun Evrópufélags með samruna þegar skráin hefur:

1. gefið hlutafélagi leyfi til að hrinda í framkvæmd annaðhvort lögmætri ákvörðun hluthafafundar um að taka þátt í stofnun félagsins með samruna skv. 124. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða
2. ákvörðun stjórnar um sama efni skv. 124. eða 129. gr. sömu laga.

III. KAFLI

Skráning Evrópufélaga o.fl.

8. gr.

Skráningaryfirvald.

Hlutafélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skráir Evrópufélög. Um skráningu félaganna hjá hlutafélagaskrá gilda ákvæði laga um hlutafélög, og eftir atvikum önnur lagaákvæði, m.a. um gjaldmiðil hlutafjár, sbr. 4. gr. og 1. mgr. 67. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar. Um Evrópufélög sem stunda starfsemi á sviði fjármagnsmarkaðar gilda ákvæði laga á því sviði, og eftir atvikum önnur lagaákvæði, við skráningu félaganna eftir því sem við á.

Um gjald fyrir skráningu Evrópufélaga fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða hlutafélög. Um aukatilkynningar o.fl. fer eftir ákvæðum sömu laga. Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um skráningu Evrópufélaga, önnur en almennt gilda um hlutafélög, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur skrár, aðgang að skrá og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráin hefur á tölvutæku formi. Skráin innheimtir gjöld vegna birtingar í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi, svo og gjöld vegna birtingar upplýsinga um skráningu og afskráningu Evrópufélaga í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna, sbr. 14. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar.

9. gr.

Birting tillagna að ýmsum ákvörðunum.

Framkvæmdastjórn í Evrópufélagi með tvíþættri stjórn eða stjórn í Evrópufélagi með einþættri stjórn skal afhenda hlutafélagaskrá tillögur að ákvörðunum skv. 2. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, varðandi flutning skráðrar skrifstofu, 2. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar, varðandi stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, 4. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar, varðandi breytingu starfandi hlutafélags í Evrópufélag, og loks 3. mgr. 66. gr. reglugerðarinnar, varðandi breytingu Evrópufélags í hlutafélag í því EES-ríki þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu. Upplýsingar um skráningu skal án dráttar láta birta á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði. Sé tillaga eigi birt í heild skal greina frá því í tilkynningu hvar nálgast megi tillöguna.

IV. KAFLI

Flutningur skráðrar skrifstofu Evrópufélags.

10. gr.

Réttur Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi.

Fyrirtæki, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, er ekki heimilt að flytja skráða skrifstofu frá Íslandi ef stofnunin leggst gegn flutningnum innan tveggja mánaða frests frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði skv. 6. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar.

Í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu skal fyrirtækið leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins skv. 14. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar varðandi andmæli við flutningi skráðrar skrifstofu. Fjármálaeftirlitið getur einungis lagst gegn flutningnum á grundvelli almannahagsmuna.

Mæli eitthvað gegn því að athugun fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirtækinu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri fyrirtækið þetta ekki skal vísa umsókn þess frá.

11. gr.

Upplýsingar Evrópufélags til kröfuhafa um flutning félagsins.

Ef hluthafafundur Evrópufélags samþykkir skv. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar að flytja skráða skrifstofu félagsins til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu skal félagið tilkynna þekktum kröfuhöfum félagsins ákvörðunina skriflega.

Í tilkynningunni skulu vera upplýsingar um rétt kröfuhafa félagsins á grundvelli 4. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar til að skoða flutningstillöguna auk skýrslu skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Í tilkynningunni skulu enn fremur vera upplýsingar um rétt kröfuhafa skv. 13. gr. laga þessara til að leggjast gegn flutningnum.

12. gr.

Umsókn um flutningsleyfi.

Evrópufélag skal sækja um leyfi til flutnings skráðrar skrifstofu til annars EES-ríkis hjá hlutafélagaskrá. Leggja skal inn umsókn innan mánaðar frá ákvörðun hluthafafundar félagsins.

Umsókn skulu fylgja:

1. tvö afrit fundargerðar frá hluthafafundi þar sem ákvörðun um flutning var tekin;
2. eitt afrit flutningstillögu;
3. eitt afrit skýrslu skv. 3. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar;
4. vottorð frá framkvæmdastjórn í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi, stjórn í Evrópufélagi með einþættu stjórnkerfi eða framkvæmdastjóra Evrópufélags um að þekktum kröfuhöfum félagsins hafi verið veittar upplýsingar skv. 11. gr. og
5. staðfesting frá Fjármálaeftirlitinu varðandi fyrirtæki skv. 10. gr. þess efnis að stofnunin hafi athugað umsókn samkvæmt þeirri grein og ekki lagst gegn flutningi.

Hafi Evrópufélag látið undir höfuð leggjast að láta skjöl skv. 2. mgr. fylgja umsókn eða annað tálmar athugun á umsókn skal hlutafélagaskrá gefa félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri félagið þetta ekki skal hlutafélagaskrá vísa umsókn þess frá.

13. gr.

Meðferð flutningsmáls hjá hlutafélagaskrá.

Hafi hlutafélagaskrá tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 12. gr. til athugunar skal hún gefa út áskorun til kröfuhafa Evrópufélags.

Í áskorun skv. 1. mgr. skal kveða á um það að þeir sem leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu skuli í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði tilkynna það skriflega.

Áskorun skal birt í Lögbirtingablaði. Hlutafélagaskrá skal senda sérstaka tilkynningu um áskorunina til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa félagsins er.

14. gr.

Ef kröfuhafi, sem hefur fengið áskorun skv. 13. gr., leggst gegn því innan tiltekins frests að félagið flytji skráða skrifstofu skal hlutafélagaskrá senda erindið héraðsdómi í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Hafi enginn kröfuhafi lagst gegn flutningnum skal skráin veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

15. gr.

Meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi.

Hafi erindi um flutning skráðrar skrifstofu Evrópufélags til annars EES-ríkis verið sent héraðsdómi skal dómurinn veita flutningsleyfi sýni félagið fram á að þeir kröfuhafar, sem hafa lagst gegn flutningnum, hafi fengið fulla greiðslu á kröfum sínum eða fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra krafna sem hafa orðið til fyrir þann dag sem tilgreindur var skv. 2. mgr. 13. gr. Að öðrum kosti skal dómurinn hafna umsókn félagsins.

Héraðsdómur skal að eigin frumkvæði upplýsa hlutafélagaskrá um niðurstöðu flutningsmáls fyrir dóminum.

16. gr.

Útgáfa vottorðs vegna flutnings.

Hlutafélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 8. mgr. 8. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar varðandi lok gerninga og formsatriða fyrir flutningi þegar:

1. skráin hefur veitt flutningsleyfi skv. 14. gr. eða
2. héraðsdómur hefur veitt flutningsleyfi skv. 15. gr.

V. KAFLI

Skipulag Evrópufélaga.

17. gr.

Evrópufélög með tvíþættu stjórnkerfi.

Um Evrópufélög með tvíþættu stjórnkerfi skv. 39.–42. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Sé eigi kveðið á um annað í reglugerðinni skulu ákvæði laga um hlutafélög, og eftir atvikum annarra laga, um stjórn eða stjórnarmenn, einnig gilda um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnarmenn þessara Evrópufélaga, svo og eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn eftir því sem við á.
2. Auk skyldna samkvæmt ákvæðum Evrópufélagareglugerðarinnar skal eftirlitsstjórn gefa aðalfundi skýrslu með upplýsingum um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna. Um framlagningu og sendingu skýrslunnar til skráðra hluthafa skal fylgja 4. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Í 22. gr. laga þessara er að finna nánari ákvæði um störf eftirlitsstjórnar.

18. gr.

Sé eftirlitsstjórnarmaður valinn sem framkvæmdastjórnarmaður, skv. 3. mgr. 39. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, skal valið eigi vera til lengri tíma en þriggja mánaða.

19. gr.

Evrópufélög með einþættu stjórnkerfi.

Sé eigi kveðið á um annað í Evrópufélagareglugerðinni skulu ákvæði laga um hlutafélög, og eftir atvikum annarra laga, um stjórn og stjórnarmenn, einnig gilda um stjórn eða stjórnarmenn Evrópufélaga með einþættu stjórnkerfi skv. 43.–45. gr. reglugerðarinnar.

20. gr.

Fjöldi manna í stjórnarstofnunum Evrópufélaga.

Sé Evrópufélag með tvíþættu stjórnkerfi skv. 39.–42. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar skulu fæst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn og fæst þrír menn í eftirlitsstjórn.

Sé Evrópufélag með einþættu stjórnkerfi skv. 43.–45. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar skulu fæst þrír menn sitja í stjórn félagsins.

21. gr.

Framkvæmdastjóri Evrópufélags.

Evrópufélag skal hafa framkvæmdastjóra.

Sé félagið með tvíþættu stjórnkerfi skv. 39.–42. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar skal framkvæmdastjórn ráða framkvæmdastjóra. Í því tilviki getur framkvæmdastjórinn ekki átt sæti í eftirlitsstjórn. Sé félagið með einþættu stjórnkerfi skv. 43.–45. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar skal stjórn ráða framkvæmdastjórann.

Nánar er kveðið á um framkvæmdastjóra og verksvið hans í lögum um hlutafélög.

22. gr.

Eftirlit í Evrópufélögum með tvíþættu stjórnkerfi.

Í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi skv. 39.–42. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar skulu bæði eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra. Ákvæði 40. og 41. gr. reglugerðarinnar um eftirlit eftirlitsstjórnar með störfum framkvæmdastjórnar gilda einnig um eftirlit eftirlitsstjórnar og framkvæmdastjórnar með störfum framkvæmdastjórans.

Sérhver eftirlitsstjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar skv. 1. mgr. 40. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar, svo og eftirlit með störfum framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. greinar þessarar. Sérhver framkvæmdastjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum hans.

23. gr.

Eftirlit í Evrópufélögum með einþættu stjórnkerfi.

Ákvæði 22. gr. um eftirlit framkvæmdastjórnar í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi með störfum framkvæmdastjóra og rétt hennar til að fá upplýsingar frá honum gilda um eftirlit stjórnar með framkvæmdastjóra í Evrópufélagi með einþættu stjórnkerfi skv. 43.–45. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Tillöguréttur hluthafa.

Hluthafi hefur án tillits til hlutafjáreignar rétt til að gera kröfu um að eitt eða fleiri ný mál séu tekin á dagskrá hluthafafundar.

Hluthafi, sem vill fá mál tekið fyrir á hluthafafundi, skal gera skriflega kröfu um það til framkvæmdastjórnar Evrópufélags með tvíþættu stjórnkerfi eða stjórnar Evrópufélags með einþættu stjórnkerfi.

Málið skal tekið til meðferðar á hluthafafundi ef krafan hefur borist:

1. í síðasta lagi fimm vikum fyrir hluthafafund, sbr. 88. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða
2. síðar en greinir í 1. tölul. en þó svo snemma að unnt sé að taka málið upp í fundarboð.

25. gr.

Stjórnvald boðar til hluthafafundar.

Sé eigi boðað til hluthafafundar í Evrópufélagi samkvæmt Evrópufélagareglugerðinni, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafundar skal viðkomandi stjórnvald samkvæmt lögum um hlutafélög boða til hluthafafundar skv. 87. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, ef krafa þar að lútandi hefur borist frá framkvæmdastjórnarmanni eða eftirlitsstjórnarmanni í Evrópufélagi með tvíþættu stjórnkerfi, stjórnarmanni í Evrópufélagi með einþættu stjórnkerfi, framkvæmdastjóra, endurskoðanda, skoðunarmanni eða hluthafa.

26. gr.

Ráðstafanir gagnvart Evrópufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum.

Fullnægi Evrópufélag ekki skyldum sínum skv. 7. gr. Evrópufélagareglugerðarinnar um að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa félagsins séu í sama EES-ríki skal hlutafélagaskrá staðfesta með sérstakri ákvörðun að svo sé. Skráin skal síðan gefa félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests.

Fari Evrópufélagið ekki að fyrirmælum skv. 1. mgr. skal viðkomandi stjórnvald skv. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gera kröfu um að félagið sé tekið til skipta.

27. gr.

Málskot.

Ákvörðun hlutafélagaskrár varðandi skráningu Evrópufélags er heimilt að leggja fyrir héraðsdóm innan tveggja mánaða frá ákvörðunardegi. Sama gildir um þá ákvörðun skrárinnar að vísa frá umsókn félagsins um flutningsleyfi, sbr. 12. gr.

Ákvörðun hlutafélagaskrár skv. 1. mgr. 26. gr. um staðsetningu skrifstofa má leggja fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá þeim degi er Evrópufélagið fékk vitneskju um ákvörðunina. Leggja má ákvörðun stjórnvalds skv. 2. mgr. 26. gr. fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá ákvörðunardegi.

Leggja má ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins skv. 6. gr. varðandi samruna og 10. gr. varðandi flutning fyrir héraðsdóm.

28. gr.

Viðurlög.

Ákvæði XVIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi refsingar og o.fl. gilda með samsvarandi hætti um m.a. stjórnendur Evrópufélaga sem skráð eru hér á landi, t.d. ákvæði um viðurlög við vanrækslu tilkynninga til hlutafélagaskrár.

29. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 8. október 2004.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2157/2001

frá 8. október 2001

um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilkoma innri markaðarins og þær efnahagslegu og félagslegu framfarir sem hann leiðir til í gervöllu bandalaginu hafa ekki einungis í för með sér að ryðja verður úr vegi viðskiptahindrunum heldur einnig að laga verður skipulag framleiðslu að aðstæðum í bandalaginu almennt. Í þessu skyni er það grundvallaratriði að félögum, sem ekki eru bundin við að sinna staðbundnum þörfum eingöngu, sé kleift að gera áætlanir um og endurskipuleggja starfsemi sína á bandalagsvísu.

2) Forsenda fyrir slíkri endurskipulagningu er að félög frá mismunandi aðildarríkjum eigi þess kost að sameina krafta sína með samruna. Slíkt má því aðeins koma til framkvæmda að tekið sé tilhlýðilegt tillit til reglnanna um samkeppni sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

3) Endurskipulagning og samvinna félaga frá mismunandi aðildarríkjum hefur í för með sér vandamál af lagalegum, sálrænum og skattalegum toga. Með samræmingu á félagarétti aðildarríkjanna með tilskipunum sem byggjast á 44. gr. sáttmálans má sigrast á sumum þessara vandamála. Slík samræming leysir hins vegar ekki félög, sem búa við ólík réttarkerfi, undan þeirri kvöð að velja félagsform sem lýtur tilteknum landslögum.

4) Lagarammi viðskipta í bandalaginu byggist enn að stórum hluta á innlendum lögum og er af þeim sökum ekki lengur í samræmi við þann efnahagsramma sem þarf að vera um þróun viðskipta ef markmiðin, sem sett eru fram í 18. gr. sáttmálans, eiga að nást. Slíkt ástand er veruleg hindrun í vegi þess að myndaðir séu hópar félaga frá mismunandi aðildarríkjum.

5) Aðildarríkjum ber skylda til að tryggja að ákvæði, sem gilda um Evrópufélög samkvæmt þessari reglugerð, leiði hvorki til mismununar sökum þess að Evrópufélög fái, með óréttmætum hætti, aðra meðferð en hlutafélög né til þess að settar verði óeðlilegar skorður við myndun Evrópufélags eða flutningi skráðrar skrifstofu þess.

6) Nauðsynlegt er að tryggja eins og frekast er kostur að samsvörun sé milli efnahagslegra og lögformlegra eininga fyrirtækja í bandalaginu. Í þessu skyni skal gera ráðstafanir sem gera kleift að stofna félög, sem eru stofnuð og starfa samkvæmt bandalagsreglugerð sem gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar, samhliða stofnun félaga sem lúta tilteknum landslögum.

7) Ákvæði slíkrar reglugerðar munu gera kleift að stofna og stýra félögum með evrópsku sniði sem eru laus við þær hömlur sem spretta af misræmi og takmörkuðu svæðisbundnu gildissviði félagaréttar einstakra landa.

8) Samþykktir fyrir evrópsk hlutafélög (sem hér á eftir eru nefnd „Evrópufélög“) eru meðal þeirra ráðstafana sem ráðið átti að gera fyrir 1992 samkvæmt hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um tilkomu innri markaðarins en fundur leiðtogaráðsins, sem kom saman í Mílanó í júní 1985, samþykkti hana. Fundur leiðtogaráðsins,

([1]) Stjtíð. EB C 263, 16.10.1989, bls. 41 og Stjtíð. EB C 176, 8.7.1991, bls. 1.
([2]) Álit frá 4. september 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 124, 21.5.1990, bls. 34.

sem kom saman í Brussel 1987, setti fram þá ósk að slíkar samþykktir yrðu fljótt að veruleika.

9) Verulega hefur miðað áleiðis við samræmingu innlends félagaréttar eftir að framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu að reglugerð um samþykktir hlutafélaga árið 1970, sem var breytt árið 1975, og má því styðjast við löggjöf um hlutafélög í því aðildarríki þar sem skráð skrifstofa viðkomandi Evrópufélags hefur aðsetur, að því er varðar þau atriði í starfsemi þess sem ekki krefjast samræmdra reglna bandalagsins.

10) Ef höfuðmarkmið þeirra lagareglna, sem gilda um Evrópufélög, eiga að nást er nauðsynlegt, með fyrirvara um hvers konar efnahagslegar þarfir sem kunna að verða til í framtíðinni, að unnt sé a.m.k. að stofna slík félög, bæði til þess að gera félögum í mismunandi aðildarríkjum kleift að sameinast eða stofna eignarhaldsfélög og til þess að gera félögum og öðrum lögaðilum, sem stunda atvinnustarfsemi og starfa á grundvelli laga mismunandi aðildarríkja, kleift að mynda sameiginleg dótturfyrirtæki.

11) Á sama hátt á hlutafélag með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan bandalagsins að geta breyst í Evrópufélag án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, svo fremi að félagið eigi dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki en því þar sem skráð skrifstofa þess er.

12) Innlend ákvæði um hlutafélög, sem bjóða almenningi verðbréf sín til kaups og um verðbréfaviðskipti, skulu einnig gilda um Evrópufélög sem eru stofnuð með því að bjóða verðbréf út á almennum markaði og um Evrópufélög sem óska eftir að nýta sér slík fjármálaskjöl.

13) Evrópufélagið sjálft verður að vera í hlutafélagsformi enda er það formið sem best fellur að þörfum félaga sem starfa á bandalagsvísu, bæði að því er varðar fjármögnun og stjórnun. Til að tryggja að slík félög séu hæfilega stór skal ákveða tiltekna lágmarksfjárhæð þannig að nægilega miklar eignir séu fyrir hendi án þess þó að litlum og meðalstórum fyrirtækjum sé gert erfitt um vik að stofna Evrópufélög.

14) Evrópufélag skal vera undir skilvirkri stjórn og viðeigandi eftirliti. Hafa ber í huga að nú eru við lýði tvenns konar stjórnkerfi fyrir hlutafélög í bandalaginu. Þótt Evrópufélagi eigi að vera frjálst að velja milli kerfanna tveggja ber að greina með skýrum hætti á milli verksviðs þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun og hinna sem bera ábyrgð á eftirliti.

15) Ráði fyrirtæki yfir öðru fyrirtæki sem býr við annað réttarkerfi skulu, samkvæmt reglum, m.a. meginreglum, alþjóðlegs einkamálaréttar, lög þau, sem gilda um undirfyrirtækið, gilda um þau réttindi og skyldur hins ráðandi fyrirtækis sem af þessum reglum leiðir að því er varðar vernd minnihluta hluthafa og þriðju aðila sbr. þó skuldbindingar ráðandi fyrirtækisins samkvæmt lögum í landi þess, t.d. kröfur um að útbúa samstæðureikninga.

16) Með fyrirvara um afleiðingar hugsanlegrar, síðari samræmingar á lögum aðildarríkjanna er ekki þörf, eins og sakir standa, á sérstökum reglum um Evrópufélög á þessu sviði. Af þessum sökum ber að beita reglum, m.a. meginreglum alþjóðlegs einkamálaréttar, hvort sem Evrópufélag fer með yfirráð yfir öðru félagi eða lýtur yfirráðum þess.

17) Tilgreina ber þær reglur sem gilda þegar Evrópufélag lýtur yfirráðum annars fyrirtækis og vísa í því sambandi til gildandi laga þess aðildarríkis um hlutafélög þar sem Evrópufélagið er með skráða skrifstofu.

18) Hverju aðildarríki skal gert að beita hlutafélögum, sem heyra undir lögsögu þess, viðeigandi viðurlögum þegar um er að ræða brot á þessari reglugerð.

19) Í tilskipun 2001/86/EB ([4]) er mælt fyrir um reglur um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og koma þau ákvæði til fyllingar þessari reglugerð, eru óaðskiljanleg viðbót við hana og skal beitt samhliða henni.

20) Þessi reglugerð tekur ekki til laga á öðrum sviðum svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Ákvæði í lögum aðildarríkjanna og bandalagsins gilda því á framangreindum sviðum og á öðrum sviðum sem þessi reglugerð tekur ekki til.

21) Tilskipun 2001/86/EB er ætlað að tryggja rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðun-

([4]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 22.

um sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni, sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi, innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög.

22) Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar svo að hverju aðildarríki gefist ráðrúm til að taka ákvæði tilskipunar 2001/86/EB upp í landslög og koma fyrirfram upp því kerfi sem þarf til að stofna megi og reka Evrópufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess, þannig að unnt sé að beita reglugerðinni og tilskipuninni samhliða.

23) Veita ber félagi, sem hefur aðalskrifstofu utan bandalagsins, leyfi til að taka þátt í stofnun Evrópufélags, að því tilskildu að það sé stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis, að skráð skrifstofa þess sé í viðkomandi aðildarríki og það hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis samkvæmt viðurkenndum meginreglum almennrar áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti frá 1962. Einkum teljast slík tengsl vera fyrir hendi ef félagið hefur starfsstöð í viðkomandi aðildarríki og stýrir rekstri starfsemi sinnar þaðan.

24) Gera ber Evrópufélagi kleift að flytja skráða skrifstofu sína til annars aðildarríkis. Gæta ber hagsmuna minnihluta hluthafa, sem leggjast gegn flutningnum, lánardrottna og annarra rétthafa með fullnægjandi og sanngjörnum hætti. Slíkur flutningur má ekki hafa áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir flutninginn.

25) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á nein þau ákvæði sem kunna að verða felld inn í Brusselsamþykktina frá 1968 eða í aðra texta sem aðildarríkin eða ráðið hafa samþykkt í hennar stað varðandi reglur um lögsögu sem gilda þegar skráð skrifstofa hlutafélags flyst frá einu aðildarríki til annars.

26) Starfsemi fjármálastofnana lýtur reglum samkvæmt sértilskipunum og ákvæði landslaga, sem eru sett til framkvæmdar slíkum tilskipunum og innlendar viðbótarreglur um slíka starfsemi, gilda að fullu um Evrópufélög.

27) Þar eð Evrópufélög eru sérkennandi fyrir bandalagið hafa ákvæði þessarar reglugerðar um raunverulegt aðsetur Evrópufélaga hvorki áhrif á lög aðildarríkjanna né forgang fram yfir aðrar heimildir bandalagsins um félagarétt sem hugsanlega þarf að velja um.

28) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir til að samþykkja þessa reglugerð en þær sem um getur í 308. gr.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, sem raktar eru hér að framan, og þar sem verið er að koma á evrópskum hlutafélögum á evrópskum vettvangi og markmiðin nást þess vegna betur á vettvangi bandalagsins sökum stærðar og umfangs slíkra félaga er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein gengur þessi reglugerð ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

1. Stofna má félag á yfirráðasvæði bandalagsins, í formi evrópsks hlutafélags, Evrópufélags (*Societas Europaea* eða SE), með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Hlutafé Evrópufélags skal skiptast í hluti. Enginn hluthafi skal vera ábyrgur fyrir hærri fjárhæð en hann er skráður fyrir.

3. Evrópufélag skal hafa réttarstöðu lögaðila.

4. Um aðild starfsmanna að Evrópufélagi gilda ákvæði tilskipunar 2001/86/EB.

2. gr.

1. Hlutafélögum, eins og þeim sem um getur í I. viðauka, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að stofna Evrópufélög með samruna að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lögsögu mismunandi aðildarríkja.

2. Hlutafélögum og einkahlutafélögum, eins og þeim sem um getur í II. viðauka, sem stofnuð hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis, með skráðar

skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að standa að stofnun Evrópufélags sem er eignarhaldsfélag, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra:

a) heyri undir lög mismunandi aðildarríkja, eða

b) hafi í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki, sem heyrir undir lög annars aðildarríkis, eða útibú í öðru aðildarríki.

3. Félögum og fyrirtækjum í skilningi 2. mgr. 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum, sem lúta opinberum rétti eða einkarétti og stofnaðir hafa verið samkvæmt lögum aðildarríkis og eru með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, er heimilt að stofna dótturfyrirtæki Evrópufélags með því að skrá sig fyrir hlutum þess að því tilskildu, að a.m.k. tvö þeirra:

a) heyri undir lög mismunandi aðildarríkja, eða

b) hafi í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki, sem heyrir undir lög annars aðildarríkis, eða útibú í öðru aðildarríki.

4. Breyta má hlutafélagi, sem stofnað hefur verið samkvæmt lögum aðildarríkis og með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan bandalagsins, í Evrópufélag hafi það í a.m.k. tvö ár átt dótturfyrirtæki sem heyrir undir lög annars aðildarríkis,.

5. Aðildarríki getur kveðið á um að félagi, sem hefur aðalskrifstofu utan bandalagsins, skuli heimilt að taka þátt í stofnun Evrópufélags, að því tilskildu að það sé stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis, að skráð skrifstofa þess sé í viðkomandi aðildarríki og það hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis.

3. gr.

1. Að því er varðar 1., 2. og 3. mgr. 2. gr. skal litið á Evrópufélag sem hlutafélag sem heyrir undir lög þess aðildarríkis þar sem það hefur skráða skrifstofu.

2. Evrópufélag getur fyrir sitt leyti stofnað dótturfyrirtæki, eitt eða fleiri, með Evrópufélagssniði. Þau ákvæði í lögum aðildarríkisins þar sem dótturfyrirtæki Evrópufélags er með skráða skrifstofu, sem krefjast þess að hluthafar í hlutafélagi séu fleiri en einn, gilda ekki um dótturfyrirtæki Evrópufélaga. Ákvæði í landslögum um framkvæmd tólftu tilskipunar ráðsins (89/667/EBE) frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila ([5]) skulu gilda um Evrópufélög að breyttu breytanda.

4. gr.

1. Hlutafé Evrópufélags skal gefið upp í evrum.

2. Skráð hlutafé skal vera minnst 120 000 evrur.

3. Krefjist lög aðildarríkis að skráð hlutafé félaga, sem sinna tilteknum tegundum starfsemi, sé hærri fjárhæð skulu þau lög gilda um Evrópufélög með skráðar skrifstofur í því aðildarríki.

5. gr.

Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 4. gr. skulu þau ákvæði, sem gilda um hlutafélög í aðildarríkinu þar sem Evrópufélagið er skráð, gilda um hlutafé Evrópufélags, viðhald þess og breytingar á því, ásamt hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum svipuðum verðbréfum.

6. gr.

Í þessari reglugerð merkir „samþykktir Evrópufélagsins“ hvort tveggja stofnsamningur og sjálfar samþykktir Evrópufélagsins þegar þær eru efni sérstaks skjals.

7. gr.

Skráð skrifstofa Evrópufélags skal vera innan bandalagsins og í sama aðildarríki og aðalskrifstofa þess. Auk þess getur aðildarríki lagt þá skyldu á herðar Evrópufélögum, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, að þau staðsetji aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu á sama stað.

8. gr.

1. Flytja má skráða skrifstofu Evrópufélags til annars aðildarríkis í samræmi við 2. til 13. mgr. Slíkur flutningur skal ekki hafa í för með sér slit Evrópufélagsins eða tilurð nýs lögaðila.

Í hóplíftryggingum er unnt, þrátt fyrir ákvæði 86. gr., að semja um að félagið beri ekki ábyrgð á óvinnufærni sem kemur til innan tveggja ára frá því að ábyrgð félagsins hófst og rakin verður til sjúkdóms eða meins sem þátttakandinn hafði á því tímamarki og ætla má að hann hafi vitað um. Hið sama á við um ábyrgð sem tengist meðvátryggðum er ekki hefur af-

hent heilsufarsyfirlýsingu. Ákvæði 1. málsl. skal einnig beita um sérstakar greiðslur sem falla til eftirlifandi vegna andláts þátttakandans, en þó með þeim hætti að ekki má semja um að félagið sé laust undan ábyrgð lengur en eitt ár frá upphafi ábyrgðarinnar.

136. gr.

Réttur til vátryggingarfjárhæðar sem fellur til við andlát þátttakanda.

Í hópvátryggingu, sem ekki hefur framfærslu að markmiði, má semja um að vátryggingartaki öðlist rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Sé tekin hópvátrygging til þess að tryggja líf starfsmanna mega vinnuveitandi og starfsmaður eða stéttarfélag hans semja um hvaða ákvæði um rétt til vátryggingarfjárhæðar við andlát þátttakandans skuli taka inn í vátryggingarsamninginn. Hið sama á við þegar félag eða samtök hafa tekið hóplíftryggingu fyrir félagsmenn sína.

Sé ekki samið um það sem greinir í 1. og 2. mgr. og þátttakandi í hópi hefur ekki tilnefnt rétthafa, sbr. 137. gr., gilda reglur 2.–4. mgr. 100. gr. með sama hætti um erfingja hans.

137. gr.

Tilnefning rétthafa.

Í hópvátryggingu þar sem þátttakendurnir tilkynna sig sjálfir til félagsins með ósk um vátryggingu getur hver þeirra um sig tilnefnt rétthafa.

Hið sama á við í öðrum hópvátryggingum ef ekki er annað ákveðið í vátryggingarsamningi.

Við beitingu reglna 101.–105. gr. skulu ákvæði sem beinast að vátryggingartaka gilda með sama hætti um þátttakendur í hópvátryggingu.

138. gr.

Framsal og veðsetning.

Nú er krafa þátttakanda á hendur félaginu ekki fallin í gjalddaga og getur hann þá ekki framselt rétt sinn. Rétt samkvæmt hóplíftryggingu (höfuðstólstryggingu) má veðsetja, enda sé ekki annað ákveðið í samningnum.

139. gr.

Riftun iðgjaldagreiðslu.

Við beitingu reglna 1. mgr. 111. gr. skal greiðsla iðgjalds fyrir lífeyristryggingu ekki teljast ósanngjörn að því marki sem hún kom eða gat komið til lækkunar við útreikning á tekjuskattsstofni vátryggingartaka.

140. gr.

Skráning vátryggingar.

Við hópvátryggingu er félaginu ekki skylt að skrá þá sem eru þátttakendur í hópnum í líftryggingarskrá nema um það sé samið.

Nú sýnir maður fram á þátttöku í hópi sem nýtur hópvátryggingar þar sem þátttakendur eru ekki skráðir og getur hann þá krafist endurrits úr skránni.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæðum 113.–115. gr. skuli beitt um skrá yfir þátttakendur hópvátryggingar sem haldin er af vátryggingartakanum.

III. HLUTI
Almenn ákvæði.
XX. KAFLI
Ágreiningur o.fl.
141. gr.
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Nú er í lögum þessum tekið fram að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar og er með því átt við úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem starfar samkvæmt samningi milli viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og samþykktum fyrir hana. Formaður nefndarinnar skal fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari skv. 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal kveða upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda, en heimilt er aðilum máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal annast birtingu samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

142. gr.
Útreikningur frests.

Við útreikning á fresti, sem talinn er í dögum, skal ekki telja með þann dag er fresturinn byrjar að líða. Þó skal telja með þann dag sem ráðstöfun er fresturinn varðar fyrst verður gerð eða má síðast vera gerð.

Frestur, sem reiknaður er í vikum, mánuðum eða árum, rennur út á þeim degi í síðustu viku, mánuði eða ári sem eftir nafni sínu eða tölu svarar til þess dags sem hann byrjaði að líða. Ef sá dagur er ekki í þeim mánuði sem um ræðir skal fresturinn renna út á síðasta degi mánaðarins.

Ef frestur til aðgerða rennur út á laugardegi, helgidegi eða degi þegar samkvæmt lögum er frídagur framlengist hann til næsta virka dags þar á eftir.

XXI. KAFLI
Val á löggjöf.
143. gr.
Almenn ákvæði um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Þegar lög þessi eða lög um vátryggingastarfsemi kveða á um að löggjöf ríkis skuli beitt er átt við að réttarreglur þess ríkis gildi, að frátöldum reglum um val á löggjöf um vátryggingarsamninga.

Ef ríki er meira en ein svæðisbundin eining, sem hver um sig hefur eigin réttarreglur um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal litið á hverja svæðisbundna einingu sem eitt ríki þegar ákveðið er hvaða löggjöf skuli beitt.

Ófrávíkjanlegum réttarreglum, sem gilda hér á landi, skal beitt enda þótt löggjöf annars ríkis sé að öðru leyti lögð til grundvallar vátryggingarsamningnum.

Þegar vátrygging er lögboðin gilda um vátryggingarsamninginn ófrávíkjanlegar réttarreglur þess ríkis sem leggur á vátryggingarskylduna.

Ólögfestum alþjóðlegum reglum um val á löggjöf, er eiga við um skuldbindingar samkvæmt samningum, skal því aðeins beitt að þær stríði ekki gegn ákvæðum þessara laga.

144. gr.

Val á löggjöf í líftryggingum.

Lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gilda um vátryggingarsamning um líftryggingu. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er einstaklingur og ekki ríkisborgari þess ríkis þar sem hann hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið lög þess ríkis þar sem ríkisborgararétturinn er.

Þegar vátryggingartaki líftryggingar er lögaðili og skuldbindingin komst á hér á landi en hinn líftryggði hefur að jafnaði aðsetur í öðru ríki eða er ríkisborgari þess ríkis geta aðilar einnig valið löggjöf þess ríkis.

Þegar skuldbindingin komst á annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en 1. og 2. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

145. gr.

Val á löggjöf í öðrum vátryggingum.

Í öðrum frumtryggingum en líftryggingum gildir um vátryggingarsamninginn löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er þegar það er einnig ríkið þar sem vátryggingartakinn hefur að jafnaði aðsetur. Vátryggingafélag eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd og vátryggingartaki geta þó samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélagsins gildi um skuldbindinguna, enda heimili löggjöf þess ríkis slíka samninga, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en þar sem vátryggingartaki hefur að jafnaði aðsetur geta aðilar valið hvort heldur er um vátryggingarsamninginn, löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingaráhættan er eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingartaki hefur með höndum atvinnustarfsemi og vátryggingaráhættan vegna hennar er í fleiri en einu ríki og vátryggingarsamningurinn nær til fleiri en einnar tegundar áhættu geta aðilar valið um löggjöf þessara ríkja eða löggjöf þess ríkis þar sem vátryggingartakinn hefur aðsetur að jafnaði.

Þegar vátryggingaráhættan er annars staðar en á Íslandi og lög þess ríkis leyfa víðtækari samningsrétt en skv. 2. og 3. mgr. geta aðilar valið löggjöf að svo miklu leyti sem löggjöf þess ríkis leyfir.

Þegar áhættan, sem samningurinn tekur til, takmarkast við tjónsatburði sem verða í öðru ríki en því þar sem vátryggingaráhættan er geta aðilar ávallt valið löggjöf þess ríkis þar sem tjónsatburðirnir verða.

Þegar áhætta í vátryggingum er stóráhætta, sbr. 8. gr. laga um vátryggingastarfsemi, geta aðilar ávallt valið þá löggjöf sem beita skal um vátryggingarsamninginn, sbr. þó 3. og 4. mgr. 143. gr.

Hafi aðilar samnings um aðra vátryggingu en líftryggingu ekki samið um val á löggjöf svo að gilt sé og val á löggjöf leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda réttarreglur þess ríkis sem best telst eiga við um samninginn samkvæmt þessari grein. Þegar ekkert annað er tekið fram skal lagt til grundvallar að ríkið þar sem vátryggingaráhættan er eigi best eigi við um samninginn.

Þegar valið hefur verið skv. 7. mgr. en annað ríki meðal þeirra sem til greina geta komið telst eiga betur við um hluta samningsins má velja löggjöf þess ríkis um þann hluta samningsins þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. HLUTI
XXII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

146. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006. Þau skulu gilda um alla nýja vátryggingarsamninga sem gerðir eru frá og með þeim degi, alla vátryggingarsamninga, sem eru endurnýjaðir eða framlengdir frá og með þeim degi, svo og um alla aðra vátryggingarsamninga sem eru í gildi á þeim degi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

147. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Eftirtaldar greinar og málsgreinar í lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, falla úr gildi er lög þessi öðlast gildi: 56. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59.–63. gr.

1359. Nefndarálit [653. mál]

um lokafjárlög fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Breyting skv. 1. gr. frumvarpsins er 1.405 millj. kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og leiðir til hækkunar útgjalda ársins 2001. Afgangsheimildir og umframgjöld sem falla niður skv. 2. gr. eru 6.755,2 millj. kr. Af þessu leiðir að heimildir ársins 2001 eru alls 236.705,4 millj. kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 30. mars 2004.

Magnús Stefánsson, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Birgir Ármannsson.

Birkir J. Jónsson. | Drífa Hjartardóttir.

1360. Svar [676. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um gjaldþrotabeiðnir.

1. *Í hve mörgum tilfellum hefur ríkissjóður sett fram beiðni um gjaldþrot á hendur einstaklingum á árunum 1993–2003, hve oft hefur málið endað með gjaldþroti viðkomandi, hve háar voru skuldirnar sem leiddu til gjaldþrotabeiðni og hver var útlagður kostnaður ríkisins vegna þessara gjaldþrotabeiðna? Hversu háar fjárhæðir fékk ríkissjóður greiddar út úr þeim þrotabúum sem um ræðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum og innheimtuembættum ríkissjóðs.*

Fjármálaráðherra óskaði eftir framangreindum upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins. Í svari Fjársýslunnar kemur fram að tekjubókhaldskerfi ríkisins, TBR, núverandi almennt innheimtukerfi ríkisins, tók við af eldra innheimtukerfi, TBI, í ársbyrjun 2000 og eru því umbeðnar upplýsingar ekki aðgengilegar lengra aftur í tímann. Í nýja kerfinu er unnt að sjá hvað innheimtumenn ríkissjóðs, sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík, hafa sent margar gjaldþrotabeiðnir ár hvert og hvað kröfur að baki beiðnanna hafa verið háar í lok viðkomandi árs, skipt á einstaklinga og lögaðila, sbr. eftirfarandi yfirlit. Fram kemur í yfirlitinu fjöldi mála sem lauk með skiptum á árunum 2000–2003 vegna beiðna sem innheimtumenn ríkissjóðs höfðu sent á fyrri árum, skipt á einstaklinga og lögaðila.

Eins og fram kemur í yfirlitinu voru sendar samtals 722 beiðnir um gjaldþrot einstaklinga á árunum 2000–2003. Staða krafna í árslok samkvæmt sendum beiðnum voru 3.115 millj. kr., sem skiptist í höfuðstól samtals 2.255 millj. kr., vexti 1.156 millj. kr., kostnað 62 millj. kr. og greiðslur samtals 358 millj. kr. Jafnframt var um að ræða 720 skiptalok samkvæmt beiðnum frá fyrri árum.

Ekki var unnt að fá frekari sundurliðun en að framan greinir, svo sem sundurliðun eftir innheimtuembættum ríkissjóðs.

Jafnframt má benda á að í verklagsreglum tollstjórans í Reykjavík frá desember 2000 er sú leiðbeiningarregla fyrir innheimtumenn að almennt skuli ekki krefjast gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga og skiptir í því sambandi ekki máli hvort viðkomandi hafi starfað sem launamaður eða hafi haft með höndum sjálfstæða starfsemi. Þó skal krefjast gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga án tillits til fjárhæða skulda þegar ástæða er til að ætla að með því kunni að verða unnt að draga undir skiptin eignir sem ekki hafa verið innheimtumanni aðgengilegar við fjárnámsgerðina. Jafnframt er unnt að krefjast gjaldþrotaskipta á búum einstaklinga ef um er að ræða mikla skuld á vörslusköttum.

Gjaldþrotabeiðinir sendar frá innheimtumönnum ríkissjóðs (sýslumenn utan Reykjavíkur og tollstjórinn í Reykjavík.)

		Í milljónum kr					Skiptalok á árinu
	Fjöldi sendra	Kröfur í árslok skv. sendum beiðnum					v/beiðna frá fyrri árum
Ár	beiðna	Höfuðstóll	Vextir	Kostn.	Greiðslur	Staða í árslok	Fjöldi
Einstaklingar							
2000	257	694,8	334,0	18,8	-92,0	955,6	18
2001	148	349,9	200,1	7,4	-63,9	493,5	76
2002	162	658,9	337,3	11,9	-120,2	887,9	449
2003	155	551,8	284,7	23,9	-82,1	778,3	177
	722	**2.255,4**	**1.156,1**	**62,0**	**-358,2**	**3.115,3**	**720**
Lögaðilar							
2000	205	467,4	138,2	5,0	-86,3	524,3	16
2001	558	1.608,9	637,2	15,1	-310,8	1.950,4	174
2002	675	2.662,0	908,9	21,6	-530,4	3.062,1	569
2003	917	4.187,5	1.459,3	21,0	-591,2	5.076,6	397
	2355	**8.925,8**	**3.143,6**	**62,7**	**-1.518,7**	**10.613,4**	**1.156**

2. *Í hve mörgum tilfellum hefur ríkissjóður sett fram beiðni um gjaldþrot á hendur fyrirtækjum á árunum 1993–2003, hve oft hefur málið endað með gjaldþroti viðkomandi, hve háar voru skuldirnar sem leiddu til gjaldþrotabeiðni og hver var útlagður kostnaður ríkisins vegna þessara gjaldþrotabeiðna? Hversu háar fjárhæðir fékk ríkissjóður greiddar út úr þeim þrotabúum sem um ræðir? Svar óskast sundurliðað eftir árum og innheimtuembættum ríkissjóðs.*

Eins og áður sagði tók núverandi tekjubókhaldskerfi ríkisins við af eldra kerfi á ársbyrjun 2000 og umbeðnar upplýsingar eru ekki aðgengilegar lengra aftur í tímann.

Eins og sést í yfirlitinu voru sendar samtals 2.355 beiðnir um gjaldþrot lögaðila á árunum 2000–2003. Staða krafna í árslok samkæmt sendum beiðnum voru 10.613 millj. kr., sem skiptist í höfuðstól samtals 8.925 millj. kr., vexti 3.143 millj. kr., kostnað 62 millj. kr. og greiðslur samtals 1.518 millj. kr. Jafnframt var um að ræða 1.156 skiptalok samkvæmt beiðnum frá fyrri árum.

Í verklagsreglum tollstjórans í Reykjavík, frá desember 2000, kemur fram sú almenna regla að krefjast skuli gjaldþrotaskipta á búum lögaðila ef samanlagður höfuðstóll allra skulda hjá innheimtumönnum nemi hærri fjárhæð en einni milljón króna.

1361. Svar [693. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um fjölskylduráð og opinbera fjölskyldustefnu.

1. *Hvenær var opinbert fjölskylduráð stofnað, sbr. III. kafla þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar frá 13. maí 1997 og hvernig hefur það verið skipað?*

Opinbert fjölskylduráð var stofnað árið 1998 og 21. janúar sama ár voru eftirtalin skipuð í ráðið: Herdís Sæmundardóttir formaður, tilnefnd af félagsmálaráðherra, Dögg Pálsdóttir,

tilnefnd af Alþingi, Þráinn Hallgrímsson, tilnefndur af Alþingi, Sigrún Júlíusdóttir, tilnefnd af Háskóla Íslands, og Ólafur H. Sverrisson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi Steinunni Valdísi Óskarsdóttur sem varamann. Ekki hafa verið tilnefndir aðrir varamenn.

Skipunartími ráðsins var ótímabundinn. Ráðið hélt tvo fundi í mars 1998, en í ágúst sama ár lét Herdís af störfum sem formaður en við tók Drífa Sigfúsdóttir. Ólafur H. Sverrisson lét af störfum árið 2000 en við tók Hrannar B. Arnarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Árið 2002 lét Dögg Pálsdóttir af störfum og Soffía Gísladóttir, sem tilnefnd var af Alþingi, hóf störf í ráðinu 1. janúar 2003.

Endurskipað var í fjölskylduráð 24. júlí árið 2002 til 1. ágúst 2004. Ráðið er þannig skipað: Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Sigrún Júlíusdóttir, Soffía Gísladóttir, Þráinn Hallgrímsson og Hrannar B. Arnarsson.

2. *Hafa stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf frá fjölskylduráði vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir til að bæta stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu og í hvaða tilfellum og hvernig hafa stjórnvöld brugðist við ábendingum fjölskylduráðs um úrbætur í fjölskyldumálum?*

Stjórnvöld hafa einkum leitað eftir ráðgjöf frá fjölskylduráði vegna þingmála og þátttöku í fundum og ráðstefnum. Að öðru leyti hefur lítið verið leitað til ráðsins nema af hálfu félagsmálaráðuneytis en nokkrar umræður um verkefni hafa farið fram í samtölum milli ráðherra, starfsmanna ráðuneytisins og formanns og starfsmanns fjölskylduráðs.

Þingmál.

Þingmál verið send fjölskylduráði til umsagnar, bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu en ekki liggur fyrir í hvaða tilfellum tekið var tillit til sjónarmiða ráðsins við vinnslu þingmála. Ber helst að geta eftirfarandi:

130. löggjafarþing.
- Tillaga til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, þskj. 4 — 4. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, þskj. 15 — 15. mál.
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þskj. 1121 — 750. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um sérstakan skattaafslátt vegna barna, þskj. 23 — 23. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, þskj. 47 — 47. mál.
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 88 — 88. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, þskj. 165 — 163. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, þskj. 166 — 164. mál.

127. löggjafarþing.
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 114 — 114. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, þskj. 135 — 135. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um persónuafslátt barna, þskj. 151 — 151. mál.

- Frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, þskj. 391 — 315. mál.
- Frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, þskj. 647 — 391. mál.

126. löggjafarþing.
- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 207 — 197. mál.
- Frumvarp til laga um breyting á barnalögum nr. 20/1992, þskj. 377 — 314. mál.

125. löggjafarþing.
- Frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, þskj. 293 — 241. mál.

Auk framangreindra mála veitti fjölskylduráð umsögn, árið 2000, um erindi frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs, tillögu A 1208/nord „angående børns retstilling og ret til begge forældre“ sem lögð var fram í ráðinu.

Fæðingarorlof, bréf 27. nóvember 2001.

Fjölskylduráð sendi félagsmálaráðherra bréf þar sem m.a. kemur fram: „Fjölskylduráð telur mikilvægt að fylgjast grannt með þróun þessara mála og beinir því til félagsmálaráðherra að kannað sér hvort ástæða sé til, fyrr en seinna, að endurskoða lögin með það fyrir augum að ákveða hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi.“ Ráðið fékk svar frá ráðuneytinu um að efni bréfsins verði haft til hliðsjónar við endurskoðun laganna.

Vefsíða um málefni fjölskyldunnar.

Leitað var til fjölskylduráðs um þátttöku í vinnuhópi um gerð fjölskylduvefs á vegum félagsmálaráðuneytisins árið 2001. Formaður tók þátt í vinnunni og ráðið kom einnig á framfæri ábendingum. Vefnum er ætlað að vera handhægt hjálpartæki fyrir foreldra enda hefur mjög stór hluti þeirra aðgang að netinu. Stefnt er að því að vefurinn verði opnaður á degi fjölskyldunnar þann 15. maí nk.

Dagur fjölskyldunnar 15. maí.

Ráðherra hefur haldið blaðamannafund í samráði við fjölskylduráð í hvert sinn sem ráðið hefur óskað eftir því á degi fjölskyldunnar.

Annað.

Fjölskylduráð hefur meðal annars leitað liðsinnis félagsmálaráðherra til að virkja ráðuneytin til þátttöku í samráðshópi með því að tilnefna tengilið um fjölskyldumál frá ráðuneytunum. Illa gekk að fá sum ráðuneytin til að skipa fulltrúa, þrátt fyrir bréf og ítrekun en fulltrúum í samráðshópnum fjölgaði eftir að þáverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, tók málið upp í ríkisstjórn.

Hinn 29. nóvember 1998 sendi fjölskylduráð félagsmálaráðherra kynningarbréf um hlutverk ráðsins og forgangsröðun ráðsins fyrir árið 1999. En á þeim tíma var ráðið m.a. að kynna verksvið sitt og fjárhagsáætlanir. Ráðið hefur unnið fjárhagsáætlanir og kynnt þær en, eins og flestir sem sækja um fjármuni hjá ríkisvaldinu, yfirleitt fengið lægri upphæð en lagt

var til af hálfu ráðsins hveru sinni. Ráðuneytið hefur frá síðasta ári ekki gjaldfært á ráðið kostnað vegna verkefna sem unnin hafa verið í ráðuneytinu fyrir það.

Bréf til fjármálaráðherra.

Bréf sent til fjármálaráðherra um sérstakt tillit til barnafjölskyldna til að jafna kjör þeirra við aðrar fjölskyldur árið 2000. Fjölskylduráð telur mikilvægt að litið verði á barnabætur sem greiðslur til barna í stað foreldra. Ráðið lagði til að a.m.k. hluti barnabóta verði hvorki tekjuné eignatengdur. Auk þess sem lagt var til að jaðarskattaáhrif barnafjölskyldna verði skoðuð sérstaklega hjá þeim sem tilheyra tekjulágum fjölskyldum, fjölskyldum með miðlungstekjur og fjölskyldum sem eru með ríflega miðlungstekjur.

Samráðsfundir.

Á samráðsfundi með fulltrúum ráðuneytanna vöknuðu spurningar um skatta og tolla og á barnavörur. Ráðinu barst greiðlega minnisblað með upplýsingum um stöðu mála frá fjármálaráðuneyti.

Núverandi félagsmálaráðherra hefur átt tvo fundi með formanni ráðsins um verkefni þess. Á seinni fundinum voru tímasett nokkur mál sem eru í vinnslu hjá ráðuneytinu og fjölskylduráði.

3. *Hefur fjölskylduráð lagt fram tillögur um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar og hafa stjórnvöld brugðist við þeim tillögum?*

Ráðið hefur ekki lagt fram heilstæða stefnu um framkvæmdaáætlanir í málum fjölskyldunnar en kynnt fjölmargar hugmyndir. Ráðið hefur hins vegar sinnt nauðsynlegum undirbúningi til að fara megi í slíka vinnu. Talsvert vantar á að til séu nægilegar upplýsingar um lífsskilyrði fólks, lífsaðstæður og fleiri þætti sem tengjast velferð. Því hafa verið teknar saman upplýsingar um fjölskylduna, haldnir hafa verið fundir og ráðstefnur, gerð könnun o.fl. Fjölskylduráð telur að bæði löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið skorti upplýsingar og almenna vitneskju um hvaða áhrif ýmsar aðgerðir hafa á hag almennings. Fjölskylduráð telur eðlilegt að byrja á að búa til grunn sem sýnir lífsgæði fjölskyldunnar og fá þannig fram stöðuna. Því var lagt í þá miklu vinnu að búa til mælitæki sem mæla á lífsgæði fjölskyldunnar, Fjölskylduvogina. Þegar hún er tilbúin er talið að eðlilegt sé að hefjast handa við aðgerðir til að bæta stöðu fjölskyldunnar og nota Fjölskylduvogina til að mæla hvort þær bæti raunverulega velferð fjölskyldunnar. Ráðherra hefur stutt verkefnið og hefur ráðið fengið fjármuni til að vinna að gerð Fjölskylduvogar auk þess sem starfsmenn ráðuneytisins hafa lagt fram vinnu.

Framkvæmdaáætlanir, hugmyndir.

Árið 2000 setti fjölskylduráð fram eftirfarandi hugmyndir um framkvæmdaáætlanir á sviði fjölskyldumála sem meðal annars voru ræddar á samráðsfundum ráðuneytanna:

I. Almennur hluti – félagsmálaráðuneytið.

Markmið er að hefja til vegs og virðingar uppeldi foreldra á börnum sínum.

Verkefni 1. Fræðsla fyrir foreldra.

Afhenda nýbökuðum foreldrum bækling þar sem áhersla er lögð á skyldur og réttindi foreldra gagnvart börnum sínum.

Verkefni 2. Samverustundir fjölskyldunnar.
Rannsóknir styðja mikilvægi samverustunda, svo sem varðandi skólagöngu barna.

Verkefni 3. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.
Að skapa skilyrði til að ná jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs.
Jafnrétti á heimili og á vinnustöðum.
Taka saman efni um erlendar sem innlendar rannsóknir og kynna þær fyrir foreldrum og aðilum vinnumarkaðarins.
Láta vinna rannsókn á högum barnafjölskylda, tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.
Fjölskyldustefna á vinnustöðum.
Sveigjanleiki í lengd vinnutíma fyrir foreldra ungra barna.
Umburðarlyndi gagnvart fjarveru vegna veikinda barna eða annarra í fjölskyldu.

Verkefni 4. Jafnræði barnafjölskyldna á við aðrar fjölskyldur.
Hærri barnabætur.
Fjölskyldulíf og atvinna.

II. Sérhæfður hluti, á sviði fatlaðra.

Þverfagleg aðstoð við foreldra fatlaðra og/eða langveikra barna, þróa stuðningskerfi til handa foreldrum er börn þeirra greinast langveik eða fötluð. Markmiðið yrði að leiðbeina foreldrum og fræða um stöðu þeirra og barnsins. Mikilvægt að foreldrar fái eitthvað skriflegt í hendurnar samfara leiðsögn.

III. Á sviði jafnréttis, könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Skoða möguleika á að flytja verkefni úr framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum í fjölskylduáætlun. Könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi breyst við slíkar aðgerðir.

VI. Á sviði útlendinga, tilraunaverkefni um stuðningsfjölskyldur.

Stuðningsfjölskylda aðstoðar eina erlenda fjölskyldu sem flytur hingað til lands í eitt ár frá komu þeirra til landsins. Hlutverk stuðningsfjölskyldna væri að kynna fjölskyldunni ýmsa þjónustu, t.d. varðandi skólamál, heilsugæslu, tryggingar o.fl. Fjármögnuð yrðu námskeið fyrir stuðningsfjölskyldur sem þær mundu sækja a.m.k. í upphafi. Mikilvægt er að markmið slíks verkefnis séu skýr og jafnframt að við lok verkefnisins fari fram mat á árangri af því.

Foreldraskólinn.

Á fundi með tengiliðum ráðuneytanna í október 2001 kom fram hugmynd um fjölskylduеða uppeldisskóla. Mögulegt væri að senda foreldrum póst með upplýsingum við hæfi eftir aldri barna. Þetta mætti gera með sama sniði og gert er hjá umferðafræðslu, jafnframt því sem netið og ljósvakamiðlar væru notaðir. Fjölskylduráð fór fram á fjárveitingu til að þróa verkefnið og fara rólega af stað. En þar sem fjárveitingar voru takmarkaðar ákvað ráðið að setja Fjölskylduvogina í forgang.

Fjölskylduráð mun endurskoða starfsáætlun og forgangsröðun verkefna nú í apríl.

4. *Hefur fjölskylduráð átt frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar og veitt leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum og hvernig hafa stjórnvöld stutt fjölskylduráð í þessum efnum?*

Fjölskylduráð hefur átt frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar síðustu árin. Ráðið hefur einnig veitt leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna og stjórnvöld hafa stutt ráðið með ýmsum hætti.

Málþing um fjölskylduna í nútímasamfélagi, 28. janúar 1999.

Haldið var málþing með fulltrúum frá ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum, fulltrúum stéttarfélaga og vinnuveitenda. Fimm framsögumenn fluttu erindi og síðan var rætt var um hvaða mál væri brýnast að taka á gagnvart fjölskyldum, bæði hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði.

Fjölskyldan: Hornsteinn eða hornreka, opin ráðstefna 8. apríl 1999.

Ráðstefna var haldin með tíu framsöguerindum og pallborðsumræðum og skiptist dagskráin í fjóra þætti: Stuðning við foreldra, undirbúning og stuðning fyrir foreldrahlutverkið, foreldra á vinnumarkaði og kynningu stjórnmálaflokkanna á áherslum í fjölskyldumálum.

Fjölskyldustefna sveitarfélaga.

Fjölskylduráð sendi öllum sveitarfélögum bréf 20. ágúst 1999 og vakti athygli þeirra á þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Jafnframt var óskað eftir ábendingum um hvað sveitarfélögin teldu vera brýnustu aðgerðir í málefnum fjölskyldunnar.

Slysalaus dagur 24. ágúst 2000, fréttatilkynning.

Yfirlýsing var send frá ráðinu þar sem fjölskyldur voru hvattar til að taka upp umræðu um aðgát í umferðinni og foreldrar hvattir til að sýna gott fordæmi. Bæði blöð og ljósvakamiðlar tóku málið upp.

Alþjóðlegur dagur fjölskyldunnar, 15. maí.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað 15. maí fjölskyldunni. Á þeim degi hefur fjölskylduráð haldið blaðamannafundi og morgunverðarfundi og vakið athygli á deginum, hvatt sveitarstjórnir til að vinna með þema dagsins og hefur einnig sent frá sér hvatningu (skjáauglýsingar) til fjölskyldna og bent á gildi samverustunda fjölskyldunnar.

Dreifibréf, 8. nóvember 2001.

Kynning á ráðinu, hlutverki þess og verkefnum var sent út til fjölmiðla og hugsanlegra samstarfsaðila.

Verslunarmannahelgi 2001.

Í samstarfi við vímulausa æsku voru birtar auglýsingar með varnaðarorðum til foreldra um helgina.

Útgáfumál — fræðsla og kynning.

Í maí 2001 komu út á vegum fjölskylduráðs tvö rit í ritröð félagsmálaráðuneytisins. Þessi rit voru kynnt á blaðamannafundi á degi fjölskyldunnar 15. maí 2001. „Könnun fjölskylduráðs á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar“ er um niðurstöður

könnunar sem vinna hófst við veturinn eftir að fjölskylduráð var skipað. „Samantekt um málefni fjölskyldunnar“ var liður í að marka opinbera fjölskyldustefnu. Þar voru áætlanir ráðuneytanna á sviði fjölskyldumála teknar saman í eitt rit í fyrsta sinn. Þar má finna heildarsýn yfir þau málefni ráðuneytanna er lúta að fjölskyldunni og þau verkefni sem stjórnvöld unnu að. Bæði ritin má finna á vefsíðu félagsmálaráðuneytisins.

Þá hafa fulltrúar í ráðinu komið fram í ljósvakamiðlunum og skrifað í blöð um málefni fjölskyldunnar. Á næstunni verður t.d. sýndur þáttur í ríkissjónvarpinu um fjölskyldumál en þar er m.a. rætt við formann ráðsins.

Kynningarstarf.

Fjölskylduráð taldi mikilvægt að kynna hlutverk ráðsins fyrir hagsmunaaðilum og var það m.a. gert með eftirfarandi hætti:

Bréf til fjárlaganefndar.

Sent var bréf til fjárlaganefndar 1998 til að kynna ráðið og verkefni þess.

Kynningarbréf til ráðuneyta árið 1999.

Fjölskylduráði var frá upphafi ljóst að þingsályktunin sem það starfar eftir er opin og býður upp á fjölbreytta og mismunandi túlkun. Því hefur frá upphafi verið lögð mikil áhersla á umræðu um vinnulag og hlutverk ráðsins og forgangsröðun verkefna. Einnig fór fram umfangsmikil upplýsinga- og gagnaöflun og rætt var við ýmsa sem vinna að skyldum málefnum. Fyrsta árið var gert átak í að kynna fjölskylduráð.

Merki fjölskylduráðs.

Síðla árs 1998 var boðað til samkeppni um hönnun á merki ráðsins. Alls bárust ellefu tillögur og varð hugmynd Garðars Péturssonar fyrir valinu. Merkið var tekið í notkun árið 1999.

Samstarf og samráð og leiðbeinandi upplýsingar.

Fjölskylduráð hefur leitast við að kynna fjölskyldumálefni, einkum meðal hagsmunaaðila.

Haldnir hafa verið nokkrir samráðsfundir með fulltrúum ráðuneyta en þau ráðuneyti sem tilnefnt hafa fulltrúa eru menntamálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Fyrsti samráðsfundurinn með fulltrúum ráðuneytanna var haldinn 14. mars 2001, þar sem fram kom mikill áhugi á fjölskyldumálum og gagnlegar umræður fóru fram. Á fundi 31. október 2001 var meðal annars rætt um forgangsröðun verkefna. Sameiginleg niðurstaða fundarins var að verkefni sem tengdust barnafjölskyldum ættu að hafa forgang í stefnumótun ríkisvaldsins gagnvart fjölskyldum (svo sem lengingu fæðingarorlofs, leikskólatilboð og heildstæður skóladagur) auk fræðslu og ráðgjafar.

Foreldraskóli — Samstarfssamningur við Miðstöð heilsuverndar barna.

Hinn 19. júní 2003 var skrifað undir samstarfssamning fjölskylduráðs og Miðstöðvar heilsuverndar barna um verkefnið Agi, uppeldi og hegðun. Samningurinn kveður á um að Miðstöð heilsuverndar barna annist gerð námskeiðsgagna, prentun og dreifingu á hefti um aga, uppeldi og hegðun, ásamt því að halda námskeið um efnið. Upphæð samningsins er 800.000 kr. og skal upphæðin greidd í tveimur áföngum eftir nánara samkomulagi um framvindu verkefnisins. Gefinn hefur verið út bæklingur. Fyrsta foreldranámskeiðið verður

20. apríl til 11. maí (fjögur skipti, einu sinni í viku) og fyrsta leiðbeinendanámskeiðið verður haldið 18. og 25. maí. 2004.

Stjórnvöld hafa einkum stutt fjölskylduráð með vinnuframlagi, vinnuaðstöðu og fundarboðun, undirbúning funda og ráðstefna, hafa póstlagt bréf, sent ítrekanir og haft samband við ýmsa aðila fyrir ráðið og unnið með þeim eftir atvikum o.s.frv. Á tímabili var starfsmaður í hálfu starfi fyrir fjölskylduráð en eftir stofnun fjölskyldusskrifstofu hefur starfsemi ráðsins aftur færst til ráðuneytisins.

5. *Hefur fjölskylduráð stuðlað að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna og hvernig hafa stjórnvöld stutt fjölskylduráð í þessum efnum?*

Fjölskylduráð hefur stuðlað að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna eins og fram hefur komið hér að framan. Auk þess vinnur ráðið þessa dagana að einu stærsta rannsóknarverkefni á þessu sviði sem unnið hefur verið á Íslandi.

Könnun fjölskylduráðs á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar.

Fjölskylduráð vann að könnun á viðhorfi sveitarfélaga til fjölskyldunnar árið 2000. Könnuninni var ætlað að vekja sveitarstjórnir til umhugsunar um málefni fjölskyldunnar og fá fram viðhorf þeirra. Fjallað hefur verið um könnunina hér á undan.

Fjölskylduráð hefur sótt um fjárveitingar til að stunda rannsóknir en þar til á síðasta ári hafði ráðið ekki fjármuni til að greiða slíka vinnu. Fjölskylduráð kannaði hins vegar möguleika á að kaupa spurningar í spurningavagni Gallups og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í febrúar 2001. Á síðasta ári bauð fjölskylduráð í samstarfi við Sigrúnu Júlíusdóttur prófessor meistaranemendum í félagsvísindum styrki ef þeir ynnu lokaverkefni um fjölskylduna. Því miður gat engin nemandi nýtt sér þennan möguleika í það sinn.

Fjölskylduvog.

Fjölskylduráð er vinnur að gerð viðtæks mælitækis sem veita mun miklar upplýsingar um stöðu fjölskyldunnar.

Á haustmánuðum 2001 var byrjað að móta hugmynd um Fjölskylduvogina, safn lykiltalna og upplýsinga um stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi, þar sem sjá mætti breytingar yfir tíma en einnig milli landshluta. Fjölskylduvogin var hugsuð þannig að notaðir yrðu mælipættir sem í fyrsta lagi væru mældir reglulega, svo að sjá mætti tilhneigingar yfir tíma, í öðru lagi skráðir eftir landsvæðum, svo að fram kæmi mismunur milli þeirra, og í þriðja lagi væru almennir svo að þeir endurspegluðu alla þjóðina. Þessir þættir eiga að gefa greinargóðar upplýsingar, t.d. um fjárhagslega afkomu fjölskyldna, húsnæðismál, menntun, heilsu og vinnutíma, sem og fjölskyldutíma, lífsstíl og félagslega getu. Þá er æskilegt að með fylgi upplýsingar um þróun, svo sem á stærð fjölskyldna, sambúðarformi, og fjölmenningarlegri samsetningu, og um tilhneigingar. Gert er ráð fyrir að aðilar með fjölbreytta sérþekkingu komi að gerð mælitækisins. Fjölskylduvoginni er ætlað að vera eins konar vísitala á málefni fjölskyldunnar með einni tölulegri útkomu hverju sinni.

Formaður og starfsmaður fjölskylduráðs hafa átt fundi með starfsmönnum Hagstofu Íslands um skráningu gagna sem snúa að fjölskyldunni. Það er mikilvægt að gögn séu í upphafi skráð þannig að þau nýtist sem best við rannsóknir sem snúa að fjölskyldunni. Á fundunum var rætt um óskir ráðsins um bætta skráningu gagna og möguleika til úrbóta. Starfsmenn Hagstofu fóru yfir málið og kváðust tilbúnir til að skoða svigrúm til breytinga ef tök væru á því.

Eftir að málið hafði verið rætt við fjölmarga var ljóst að verulegur áhugi var fyrir verkefninu. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri var fengin til að vinna við gerð Fjölskylduvogarinnar fyrir ráðið. Þessa dagana er fjölskylduráð að lesa yfir lokadrög að Fjölskylduvoginni. Þetta er bæði mjög flókið og tímafrekt verkefni en gert er ráð fyrir að því verði lokið í síðasta lagi næsta vor.

Með gerð Fjölskylduvogar verður farið út í víðtæka söfnun á tiltækum upplýsingum um fjölskylduna en jafnframt verður bætt við rannsóknum til að bæta mælitækið. Þessi vinna hefur eðlilega tekið nokkurn tíma en gert er ráð fyrir gerð vogarinnar ljúki á næsta ári.

Ferlinu við gerð Fjölskylduvogar er skipt í þrjá meginátanga: Hönnunaráfanga sem skiptist í forhönnun og lokahönnun, tilraunaáfanga og framkvæmdaráfanga. Þessa dagana er unnið að lokagerð hönnunaráfangans. Stefnt er að því að halda samráðsfundi áður en hafist verður handa við tilraunaáfangann.

1362. Fyrirspurn [894. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám á framhaldsskólastigi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve margir eru í fjarnámi á framhaldsskólastigi á þessu skólaári, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum innan hvers skóla? Hvernig skiptist nemendafjöldi hverrar námsleiðar hvers skóla eftir landshlutum miðað við lögheimili nemenda?
2. Hve margir sóttu um fjarnám í haust og hve mörgum þurfti að synja um fjarnám, hvort tveggja sundurliðað eftir námsleiðum, skólum og landshlutum miðað við lögheimili umsækjenda?
3. Hver eru áform skólanna um framboð á fjarnámi á næstu árum og hver er spá þeirra um aðsókn?

Skriflegt svar óskast.

1363. Fyrirspurn [895. mál]

til menntamálaráðherra um fjarnám á háskólastigi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve margir eru í fjarnámi á háskólastigi á þessu skólaári, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum innan hvers skóla? Hvernig skiptist nemendafjöldi hverrar námsleiðar hvers skóla eftir landshlutum miðað við lögheimili nemenda?
2. Hve margir sóttu um fjarnám í haust og hve mörgum þurfti að synja um fjarnám, hvort tveggja sundurliðað eftir námsleiðum, skólum og landshlutum miðað við lögheimili umsækjenda?

3. Hver eru áform skólanna um framboð á fjarnámi á næstu árum og hver er spá þeirra um aðsókn?

Skriflegt svar óskast.

1364. Fyrirspurn [896. mál]

til menntamálaráðherra um námslán fyrir skólagjöldum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig sundurliðast útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og sérskólum á síðasta skólaári eftir skólum? Og hvernig sundurliðast fjöldi lánþega eftir skólum, sbr. þskj. 1187?
2. Til hvaða námsleiða var lánað í hverjum skóla og hve há fjárhæð samtals, sundurliðað eftir námsleiðum? Hver var fjöldi lánþega og hvert var meðallánið á hverri námsleið?
3. Hver er talinn verða kostnaður sjóðsins af lánveitingum, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum miðað við núverandi reglur sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

1365. Fyrirspurn [897. mál]

til forsætisráðherra um aðstoðarmenn þingmanna.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær og með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að til framkvæmda komi tillögur sérstakrar nefndar á vegum ráðherra um að þingmenn landsbyggðarkjördæmanna gætu ráðið til sín starfsmenn eftir ákveðnum reglum?

1366. Fyrirspurn [898. mál]

til menntamálaráðherra um tekjur sérskóla af skólagjöldum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar voru tekjur einstakra skóla af skólagjöldum vegna náms á sérskólastigi á síðasta skólaári og hvernig sundurliðast tekjurnar eftir námsleiðum í hverjum skóla?

2. Hve margir nemendur greiddu skólagjöldin og hvernig sundurliðast fjöldinn eftir námsleiðum í hverjum skóla?
3. Hver voru útgjöld skólanna vegna náms þar sem skólagjöld voru innheimt á síðasta skólaári og hvert var hlutfall skólagjaldanna af útgjöldunum, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum?
4. Hver var fjárhæð skólagjaldanna á síðasta skólaári vegna náms á sérskólastigi sem hver nemandi þurfti að greiða og hvað var lagt til grundvallar ákvörðun um fjárhæðina, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum?

Skriflegt svar óskast.

1367. Fyrirspurn [899. mál]

til menntamálaráðherra um tekjur háskóla af skólagjöldum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar voru tekjur einstakra skóla af skólagjöldum vegna náms á háskólastigi á síðasta skólaári og hvernig sundurliðast tekjurnar eftir námsleiðum í hverjum skóla?
2. Hve margir nemendur greiddu skólagjöldin og hvernig sundurliðast fjöldinn eftir námsleiðum í hverjum skóla?
3. Hver voru útgjöld skólanna vegna náms þar sem skólagjöld voru innheimt á síðasta skólaári og hvert var hlutfall skólagjaldanna af útgjöldunum, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum?
4. Hver var fjárhæð skólagjaldanna á síðasta skólaári vegna náms á háskólastigi sem hver nemandi þurfti að greiða og hvað var lagt til grundvallar ákvörðun um fjárhæðina, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum?

Skriflegt svar óskast.

1368. Fyrirspurn [900. mál]

til landbúnaðarráðherra um slátrun alifugla.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mörg alifuglasláturhús hér á landi taka aðra alifugla en hænsn til slátrunar, svo sem aligæsir, aliendur, alidúfur og fasana?
2. Hvernig hyggst ráðherra beita þeirri heimild í reglugerð um alifuglasláturhús „að setja sem skilyrði, að leyfishafa sé skylt að annast slátrun fyrir þá alifuglabændur sem þess óska, enda þótt þeir eigi ekki aðild að viðkomandi sláturhúsi“?

1369. Fyrirspurn [901. mál]

til landbúnaðarráðherra um vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hyggst ráðherra á einhvern hátt beita sér fyrir því að netaveiðum á laxi á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár verði hætt?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir auknum fjárveitingum til fiskrannsókna á þessu merka vatnasvæði?
3. Er ráðherra kunnugt um rannsóknir á hugsanlegri mengun í vatnakerfi Ölfusár og Hvítár? Ef svo er, hvaða niðurstöður hafa slíkar rannsóknir leitt í ljós?

1370. Fyrirspurn [902. mál]

til landbúnaðarráðherra um markaðssetningu lambakjöts innan lands.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hyggst ráðherra með einhverjum hætti stuðla að aukinni markaðssetningu á lambakjöti á innanlandsmarkaði?

1371. Fyrirspurn [903. mál]

til landbúnaðarráðherra um kröfur til sauðfjársláturhúsa.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvaða ástæður eru fyrir því að meiri kröfur eru gerðar til aðbúnaðar í íslenskum sauðfjársláturhúsum en í sláturhúsum innan Evrópusambandsins sem slátra á innanlandsmarkað viðkomandi landa?

1372. Fyrirspurn [904. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðlögun mjólkuriðnaðar að kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra haga undirbúningi að aðlögun mjólkuriðnaðarins að væntanlegum kröfum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO)?

1373. Fyrirspurn [905. mál]

til landbúnaðarráðherra um stefnumótun í mjólkurframleiðslu.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa í kjölfar skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu?

1374. Fyrirspurn [906. mál]

til landbúnaðarráðherra um afkomu mjólkurframleiðenda og verð á mjólkurafurðum til neytenda.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða aðgerðir telur ráðherra líklegastar til að bæta afkomu mjólkurframleiðenda?
2. Hvaða aðgerðir telur ráðherra líklegastar til að skila neytendum hagstæðara verði á mjólkurafurðum?

1375. Fyrirspurn [907. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað ríkisins við starfsnám.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver er áætlaður kostnaður ríkisins við starfsnám eftir einstökum greinum, svo sem nudd, snyrtifræði og iðnhönnun, og hvað þurfa nemendur að greiða af þeim kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

1376. Fyrirspurn [908. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað nemenda við fjarnám og staðnám.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er kostnaður nemenda við fjarnám á þessu skólaári, þ.m.t. ferðakostnaður, sundurliðað eftir skólum og eftir námi á framhaldsskólastigi og háskólastigi?

2. Hver er kostnaður nemenda við staðnám á þessu skólaári, sundurliðað á sama hátt?

Skriflegt svar óskast.

1377. Skýrsla [909. mál]

Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. INNGANGUR

Þegar síðasta skýrsla utanríkisráðherra um alþjóðamál var lögð fyrir Alþingi í mars 2002 var ákveðið að skýrsla með svipuðu sniði skyldi lögð fram á tveggja ára fresti í tengslum við umræður um utanríkismál á vorþingi.

Utanríkisráðherra leggur í ræðu sinni á Alþingi 6. apríl 2004 áherslu á helstu stefnumál ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum og viðfangsefni utanríkisþjónustunnar. Í skýrslu þessari er leitast við að veita enn frekari upplýsingar um störf og starfssvið utanríkisþjónustunnar og stöðu mála á alþjóðavettvangi. Af skýrslunni má vera ljóst að umsvif Íslands á alþjóðavettvangi og verkefni á sviði utanríkismála hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og áratugum og að sjálfsögðu er skýrslan ekki tæmandi.

Skýrslunni er skipt í þrettán kafla og eru kaflarnir um öryggis- og varnarmál, Evrópumál og málefni Sameinuðu þjóðanna viðamestir, sem endurspeglar á rökréttan hátt áherslur Íslands í utanríkismálum. Í viðaukum, sem eru sex talsins, er að finna upplýsingar um þróunarsamvinnu, starfsmenn utanríkisþjónustunnar, stjórnmálasamband og ræðissamband við erlend ríki, fyrirsvar Íslands gagnvart erlendum ríkjum og fyrirsvar erlendra ríkja gagnvart Íslandi, staðsetningu kjörræðismanna Íslands eftir heimsálfum og loks yfirlit yfir hagnýta veftengla.

2. UTANRÍKISÞJÓNUSTAN

2.1. Sendiskrifstofur.

Almennt má segja að stofnun tvíhliða sendiráða hafi setið á hakanum í þau 40 ár sem liðu frá því að sendiráðið í Bonn var stofnað árið 1955 og þar til sendiráðið í Kína var opnað árið 1995. Þær sendiskrifstofur sem voru stofnaðar á þessu 40 ára tímabili eru allar tilkomnar vegna þátttöku Íslands í störfum alþjóðastofnana og tengsla við þær. Var orðið mjög brýnt að bæta úr þessu og stofna sendiráð í ríkjum þar sem Ísland hefur mikilvægra hagsmuna að gæta.

Stofnun sendiskrifstofa frá 1995 til 2002.

Á tímabilinu frá 1995 til ársins 2000 voru stofnaðar fimm sendiskrifstofur: sendiráð í Peking 1995 og Helsinki 1997, fastanefnd hjá Evrópuráðinu 1997, aðalræðisskrifstofa í

Winnipeg 1999 og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Vín 1999. Fastanefndin í Vín er jafnframt fastanefnd hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar í borg og sendiráð í Austurríki. Árið 2000 hafði Ísland 17 sendiskrifstofur starfandi í 14 löndum. Á árunum 2000 til 2002 voru þrjú ný sendiráð opnuð, í Tókýó, Mapútó í Mósambík og í Ottawa. Nánari umfjöllun um stofnun sendiskrifstofa á þessu tímabili má finna í yfirlitsskýrslu utanríkisráðherra árið 2002.

Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðisskrifstofa Íslands í New York hafa í áratugi verið reknar sem ein skrifstofa. Vegna fjölgunar starfsmanna og skipulagsbreytinga hjá fastanefndinni í byrjun þessa árs, í kjölfar ákvörðunar um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, var ákveðið að skilja skrifstofurnar að færa aðalræðisskrifstofuna undan fastanefndinni og gera hana að sjálfstæðri skrifstofu. Í hagkvæmnisskyni eru skrifstofurnar þó báðar enn í sama húsnæði, samnýta aðstöðu og að hluta til starfsmenn.

Sendiskrifstofur.

Alls hefur Ísland nú 20 sendiskrifstofur erlendis. Þar af eru 14 sendiráð í jafnmörgum löndum, en þrjú þeirra, sendiráðin í Brussel, París og Vínarborg gegna jafnframt mjög umfangsmiklum hlutverkum gagnvart alþjóðastofnunum. Þrjár sendiskrifstofur sem eru fyrst og fremst fastanefndir hjá alþjóðastofnunum (fastanefndirnar í New York, Genf og Strassborg) eru einnig sendiráð gagnvart einu eða fleiri ríkjum. Með því að sendiskrifstofur séu bæði tvíhliða sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum, þar sem því verður við komið, er verið að hagræða og spara í utanríkisþjónustunni.

Þess er gætt að sendiskrifstofur séu ekki stærri en nauðsyn krefur í hverju tilviki og ávallt er reynt að halda kostnaði við sendiskrifstofur í lágmarki, bæði með tilliti til reksturs og starfsmannahalds. Í sendiskrifstofunum í Mapútó og Winnipeg er aðeins einn útsendur starfsmaður, aðrir starfsmenn eru staðarráðnir. Í sendiskrifstofunum í Ottawa, Helsinki og Strassborg eru aðeins tveir útsendir starfsmenn, en þær eru einnig mannaðar með staðarráðnum starfsmönnum og í fastanefndinni í Strassborg er jafnan einn starfsnemi.

2.2. Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins.

Samhliða fjölgun sendiráða er nauðsynlegt að efla utanríkisráðuneytið. Þegar skýrsla um alþjóðamál kom út árið 2000 voru starfsmenn ráðuneytisins alls 80 talsins. Þörfinni fyrir fleiri starfsmenn á aðalskrifstofu hefur verið mætt með hagræðingu eftir því sem hægt er og voru starfsmenn ráðuneytisins álíka margir árið 2002 og árið 2000. Á tímabilinu frá 2002 til 2004 fjölgar starfsmönnum hins vegar um þrettán og vegur þar þyngst ráðning fjögurra nýrra starfsmanna í tengslum við setu fulltrúa Íslands í stjórn Alþjóðabankans frá 2003 til 2006. Ísland gegnir nú formennsku í Norðurskautsráðinu, sem lýkur á komandi hausti, og hefur það verkefni kallað á ráðningu tveggja starfsmanna. Fjórir starfsmenn hafa verið ráðnir í þýðingamiðstöð ráðuneytisins, einn í tölvudeild, einn í vefumsjón og einn í skjalasafn.

2.3. Fjárveitingar til utanríkisþjónustunnar.

Fjárveitingar til utanríkisþjónustunnar hafa undanfarin ár numið um eða innan við 1% af heildarútgjöldum í A-hluta ríkisreiknings. Framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa staðið í stað á milli áranna 1998 og 2003, er 0,31% bæði árin. Árið 2001 sker sig nokkuð úr og er skýringin á því stofnkostnaður vegna sendiráðanna í Ottawa og Tókýó.

Eftirfarandi tafla sýnir annars vegar framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af ríkisútgjöldum í A-hluta, samkvæmt ríkisreikningi (og fjár- og fjáraukalögum fyrir árið 2003

og fjárlögum 2004), og hins vegar framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tala fyrir 2003 samkvæmt áætlun). Hér er aðeins talinn kostnaður vegna rekstrar- og stofnkostnaðar sendiskrifstofa og aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Kostnaður vegna annarra þátta sem tilheyra utanríkisráðuneytinu, m.a. þróunarmála, friðargæslu og undirstofnana ráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli, er hér ekki meðtalinn.

	Framlög til utanríkisþjónustunnar millj. kr.	**% af ríkisútgjöldum**	**% af VL**
1998	1.746,8	0,92	0,31
1999	1.627,5	0,82	0,27
2000	2.771,8	1,21	0,42
2001	1.901,4	0,83	0,26
2002	2.263,8	0,85	0,29
2003	2.465,4	0,90	0,31
2004	2.364,0	0,87	

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010 krefst mikillar vinnu og aukins mannafla í ráðuneytinu og fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Við frekari uppbyggingu utanríkisþjónustunnar á næstu árum verður að taka fullt tillit til þessara verkefna, þó að þau séu tímabundin.

2.4. Notkun upplýsingatækni í utanríkisþjónustunni.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabil byggt á reynslu annarra Norðurlandaþjóða hvað varðar fyrirkomulag og uppbyggingu utanríkisþjónustunnar. Á sviði upplýsingatækni hefur þessu þó að vissu leyti verið öfugt farið og hefur íslenska utanríkisþjónustan verið leiðandi um notkun tölvutækni í starfi sínu.

Utanríkisþjónustan hefur nú um nokkurra ára skeið notað svokallað rafrænt málaskrárkerfi sem tengir alla starfsmenn saman í eitt pappírslaust vinnuumhverfi. Þetta kerfi varðveitir öll skjöl á einum stað og eykur hagræði í vinnu og samskiptum starfsmanna, á milli sendiskrifstofa og í samskiptum þeirra við ráðuneytið. Þetta kerfi er án efa með því fullkomnasta sem gerist meðal utanríkisþjónusta og hið eina sinnar tegundar í notkun á Norðurlöndunum.

Þá hefur ráðuneytið nýlega hafið vinnu við tvö verkefni sem byggjast á þeirri þróun sem orðið hefur á sviði fjarskiptatækni og internets. Er þar annars vegar um að ræða nýtingu internettækni til að tengja alla starfsmenn þjónustunnar saman í eitt símkerfi. Nokkur stofnkostnaður fylgir þessu verkefni en á hinn bóginn lækkar árlegur símakostnaður verulega, þar sem aðeins er greitt fyrir innanbæjarsamtal í Reykjavík þegar hringt er til sendiskrifstofa. Hins vegar er um að ræða uppsetningu fjarfundabúnaðar, sem gerir kleift að halda fundi á milli starfsstaða utanríkisþjónustunnar þar sem fundarmenn sjá hverjir aðra á sjónvarpsskjá. Þessi búnaður hefur þegar skilað ráðuneytinu nokkrum sparnaði með fækkun ferðalaga, auk þess sem með tilkomu hans er hægt að halda allfjölmenna samráðsfundi án fyrirvara og mikils kostnaðar.

2.5. Starfsþjálfun í utanríkisþjónustunni.

Á undanförnum árum hefur utanríkisþjónustan í auknum mæli boðið upp á starfsþjálfun fyrir ungt fólk sem er að hefja starfsferil sinn eða framhaldsmenntun, að loknu B.A.- eða B.S.-námi eða sambærilegu námi. Starfsþjálfunin fer að öllu leyti fram hjá sendiráðum og fastanefndum erlendis og stendur yfir í um sex mánuði. Markmið starfsþjálfunar er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að starfsneminn gangi inn í dagleg störf á sendiskrifstofu og verði falin krefjandi verkefni og hefur utanríkisþjónustan því einnig verulegt gagn af þessu fyrirkomulagi.

3. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

Baráttan gegn hryðjuverkum hefur verið í brennidepli alþjóðamála allt frá hryðjuverkunum í Bandaríkjunum þann 11. september 2001. Ekki má þó gleyma því að á seinni hluta síðustu aldar voru ógnarverk framin af hryðjuverkahópum í Evrópu, t.d. af Rauðu herdeildunum í Þýskalandi og Ítalíu og Írska lýðveldishernum í Bretlandi. Þá er talið að samtök baskneskra aðskilnaðarsinna hafi á síðustu 35 árum myrt meira en 800 manns á Spáni. Hryðjuverk framin af þessum og fleiri hópum beindu kastljósinu að mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu gegn slíkri starfsemi.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu á bak við þau og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Ísland var þegar aðili að meiri hluta alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum en lokið var við fullgildingu þeirra samninga sem Ísland var ekki aðili að vorið 2002, þar á meðal alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Jafnframt voru viðeigandi ákvæði umræddra samninga innleidd í íslenskan rétt.

3.1. Baráttan gegn hryðjuverkum.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag í nóvember 2002 var samþykkt að gera varnir gegn hryðjuverkum að forgangsmáli innan bandalagsins. Þá var einnig samþykkt að hugsanlegar árásir með sýkla-, efna- og geislavopnum væru áþreifanleg og viðvarandi hætta sem öll aðildarríki yrðu að bregðast við. Vegna þessa hefur m.a. verið ákveðið að allt hraðlið Atlantshafsbandalagsins verði útbúið með nauðsynlegum varnarbúnaði gegn hugsanlegri notkun þessara vopna og að starfrækt verði sérstök miðstöð í höfuðstöðvum bandalagsins sem sérhæfi sig í þessum málaflokki. Á sama hátt hefur Ísland skuldbundið sig til að tryggja að íslenskir friðargæsluliðar sem fara til starfa innan vébanda bandalagsins eða ESB kunni að fara með varnarbúnað af því tagi sem önnur aðildarríki hafa. Að auki hafa þau samþykkt að auka eigin viðbúnað, eftirlit og almennar varnir gegn mögulegri notkun þessara vopna og tryggja að viðunandi birgðir mótefna séu til reiðu á hverjum tíma til að vernda líf og heilsu almennings.

Hryðjuverkaárásin í Madrid.

Hryðjuverkaárásin í Madrid 11. mars sl. hefur verið fordæmd af samfélagi þjóðanna. Innan Evrópusambandsins hefur víðtækt samráð átt sér stað með það að markmiði að samræma

frekari öryggisaðgerðir til að koma í veg fyrir hryðjuverk, m.a. með stofnun sérstakrar skrifstofu. Atlantshafsbandalagið hefur einnig fordæmt árásina og ákveðið hefur verið að auka flæði trúnaðarupplýsinga milli stofnana bandalagsins og aðildarríkjanna. Jafnframt er búist við jákvæðum viðbrögðum við beiðni gríska stjórnvalda um aðstoð til að tryggja öryggi Ólympíuleikanna sem fram fara í sumar.

Innra öryggi á Íslandi.

Af hálfu utanríkisráðuneytisins er meginhersla lögð á að framfylgja alþjóðlegum stöðlum og öryggiskröfum á Keflavíkurflugvelli með tilliti til farþegaflugs til Bandaríkjanna og innan Evrópu. Fjölgun í sérsveit ríkislögreglustjóra mun efla öryggi á flugvellinum og umhverfis hann. Vopnaleit í farangri og á farþegum, samfara búnaði til gegnumlýsingar á farangri, ásamt hertu öryggiseftirliti í flugstöðinni, á flughlöðum og þjónustusvæði eru allt reglubundnar öryggisráðstafanir sem gripið hefur verið til. Öryggismál á Keflavíkurflugvelli hafa tekið stakkaskiptum í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í september 2001. Ef þörf krefur má auka allan öryggisviðbúnað á Keflavíkurflugvelli og á varnarsvæðunum með litlum fyrirvara.

Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum.

Sameinuðu þjóðirnar gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn hryðjuverkum og hafa staðið að gerð samtals 12 alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum. Ísland hefur fullgilt þá alla.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi leggur skyldur á ríki sem varða bæði refsinæmi þess að fjármagna hryðjuverkastarfsemi og aðgerðir til þess að stöðva flutning fjármuna til hryðjuverkahópa. Ályktunin er bindandi fyrir Ísland, eins og aðrar ályktanir öryggisráðsins sem samþykktar eru á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nefnd á vegum öryggisráðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd ályktunarinnar í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við önnur alþjóðleg og svæðisbundin samtök. Ísland hefur þrívegis skilað skýrslu til nefndarinnar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á Íslandi.

Baráttan gegn hryðjuverkum er reglulega til umræðu í öryggisráðinu. Frá því að hryðjuverkin voru framin í New York hefur öryggisráðið með sérstökum ályktunum fordæmt árásir, t.d. í Kakambala í Keníu, Balí, Moskvu, Bagdad, Istanbúl og nú síðast í Madrid.

Ógnin sem stafar af hryðjuverkahópum er jafnframt til umræðu í ýmsum nefndum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í afvopnunar- og öryggismálanefnd (1. nefnd) hafa aðildarríkin t.d. lagt áherslu á mikilvægi þess að komið verði í veg fyrir að gereyðingarvopn komist í hendur hryðjuverkamanna. Í félags- og mannréttindanefndinni (3. nefnd) hefur verið fjallað um mikilvægi verndunar mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í laganefnd allsherjarþingsins (6. nefnd) hefur undanfarin ár verið reynt að ná samkomulagi um gerð alþjóðasamnings gegn hryðjuverkum sem fæli í sér skilgreiningu á hugtakinu. Þótt vel hafi miðað í viðræðum um samningstexta hefur ekki tekist að ná fullu samkomulagi og lýtur ágreiningurinn bæði að gildissviði slíks samnings og skilgreiningu á hugtakinu „hryðjuverk“. Áhugi er á því meðal aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að boða til alþjóðlegrar ráðstefnu til að fjalla nánar um samstarf í baráttunni gegn hryðjuverkum og skilgreiningu hugtaksins.

Barátta Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) gegn hryðjuverkastarfsemi.

Á vettvangi ÖSE hefur Ísland áréttað mikilvægi starfa stofnunarinnar í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi á grunni samþykktra skjala stofnunarinnar er varða hryðjuverk.

Utanríkisráðherrafundur ÖSE í Maastricht sem haldinn var í desember 2003 tók mikilvægar ákvarðanir til að styrkja og framkvæma stefnu samtakanna, sem áður hafði verið samþykkt í aðgerðaáætlun gegn hryðjuverkum í Búkarest 2001 og áréttuð í yfirlýsingu sem kennd er við Portó árið 2002. Sérstakur vinnuhópur undirbjó tvær ákvarðanir ráðherrafundar ÖSE í Maastricht, annars vegar um aukið öryggi vegabréfa og hins vegar um nýtt samskiptanet stofnunarinnar á sviði hryðjuverkavarna. Vinnuhópurinn var mikilvægur umræðuvettvangur fyrir fastanefndir um starfsemi stofnunarinnar á sviði hryðjuverkavarna. Fastafulltrúi Íslands gegndi formennsku í þessum vinnuhópi ÖSE um framkvæmd skuldbindinga aðildarríkja stofnunarinnar á sviði hryðjuverkavarna. Í kjölfar þessara ákvarðana hefur þegar verið sett á fót samskiptanet, sem mun bæta framkvæmd skuldbindinga, koma í veg fyrir tvíverknað og nýta fjármagn og starfslið á markvissari hátt. Einnig var í mars 2004 haldinn sérfræðingafundur um öryggi vegabréfa í samvinnu við Alþjóðaflugmálastjórnina, en þetta er eitt mikilvægasta atriðið í að gera eftirlit með hugsanlegum hryðjuverkamönnum skilvirkt.

Á ráðherrafundinum í Maastricht var tekin ákvörðun um að efla baráttu stofnunarinnar gegn útbreiðslu léttra eldflauga (Manpads) sem eru alvarleg ógnun gegn öryggi flugvéla og starfsemi flugvalla. ÖSE hefur þegar haft frumkvæði að grunnvinnu í þessum efnum og var haldinn sérstakur fundur sérfræðinga aðildarríkja og ýmissa alþjóðastofnana um hvernig skuli markvisst unnið gegn þessari vá í aðildarríkjum ÖSE. Lögð er áhersla á að aðildarríki stofnunarinnar takmarki útflutning á léttum eldflaugum, auki eftirlit með slíkum vopnum og eyðileggi umframbirgðir af þeim. Einnig má nefna að á vettvangi ÖSE hefur verið samið um skuldbindingar sem miða að því að hefta útbreiðslu og uppræta handvopn. Þetta starf á sér stað innan nefndar ÖSE um öryggismálasamvinnu (FSC).

Í samræmi við tilmæli hryðjuverkanefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (CTC) hefur ÖSE tekið frumkvæði að framkvæmd ályktunar öryggisráðsins nr. 1373 um baráttu gegn hryðjuverkum meðal aðildarríkjanna og fá jafnframt aðrar alþjóðastofnanir til samstarfs og samhæfingar verkefna. Liður í þessu ferli var þriðji fundur hryðjuverkanefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með alþjóðastofnunum, sem haldin var í Vín 11.–12. mars sl., undir forsæti ÖSE og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Vínarskrifstofa Sameinuðu þjóðanna er helsti framkvæmdaaðili samtakanna á sviði hryðjuverkavarna og er þar starfrækt sérstök gagnhryðjuverkadeild.

ÖSE hefur hafist handa við að þróa staðla eða vinnuramma um eftirlit á landamærum m.a. með tilliti til þjálfunar og tækjabúnaðar. Mörg ríki á suðurvæng samtakanna eiga við erfiðleika að stríða í þessum efnum og hefur sérlegur ráðgjafi ÖSE á sviði lögreglumála sinnt þessum verkefnum til þessa. Ef vel tekst til þá mun slíkur stjórnunarrammi þjóna baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og alþjóðlegri glæpastarfsemi. Þetta verkefni er unnið í náinni samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir, svo sem Atlantshafsbandalagið, Evrópusambandið og skrifstofu Sameinuðu þjóðanna gegn glæpastarfsemi, sem hefur aðsetur í Vín. Aðildarríkin eru sammála um að mikilvægt sé að nýta stærstu öryggismálasamtök Evrópu, ÖSE, til að skapa pólitískar skuldbindingar um markvissar aðgerðir gegn hryðjuverkavá og koma þannig til móts við ákall hryðjuverkanefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um aukið átak alþjóðastofnana og einstakra ríkja á sviði hryðjuverkavarna.

3.2. Atlantshafsbandalagið (NATO).

3.2.1. Þróunin undanfarið ár.

Atlantshafsbandalagið hefur eins og kunnugt er farið í gegnum mjög umfangsmiklar breytingar frá lokum kalda stríðsins og á það ekki hvað síst við um allra síðustu ár. Í reynd eru breytingarnar orðnar svo miklar að menn tala gjarnan um hið nýja Atlantshafsbandalag

til að koma því til skila hversu nútíðin er frábrugðin fortíðinni í orði sem og á borði. Atlantshafsbandalagið gegnir áfram því höfuðhlutverki að gæta öryggis aðildarríkja en gegnir því að ýmsu leyti með öðrum hætti en áður í samræmi við mjög breyttan pólitískan veruleika og ógnarmat.

Að formi og uppbyggingu eru þær breytingar helstar að:

a. Aðildarríki eru nú orðin 26 talsins. Hinn 29. mars 2004 bættust sjö ríki í hópinn: Eistland, Lettland, Litháen, Búlgaría, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía. Fleiri ríki hafa lýst áhuga á aðild að Atlantshafsbandalaginu þar á meðal Makedónía, Albanía og Króatía. Öll taka þessi ríki þátt í aðildaráætlun bandalagsins (Membership Action Plan) en hún byggist fyrst og fremst á því að bandalagið gerir mjög miklar kröfur til hugsanlegra aðildarríkja hvað varðar þjóðfélagsþróun, einkum þá er lýtur að þróun lýðræðis og mannréttinda.
b. Innan vébanda bandalagsins hefur um nokkurra ára skeið starfað vettvangur samtals 46 ríkja, Evró-Atlantshafssamstarfsráðið (EAPC). Ráðið myndar rammann utan um samstarf bandalagsins við önnur ríki Evrópu á sviði öryggismála. Aðildarríki ráðsins eiga öll kost á þátttöku í Samstarfi í þágu friðar, samstarfsáætlun sem Atlantshafsbandalagið hleypti af stokkunum fyrir um áratug og hefur reynst mjög vel og er t.d. grunnurinn að þátttöku í heræfingum og almannavarnaæfingum á vegum Atlantshafsbandalagsins sem og samstarfi og þátttöku í friðargæslu á Balkanskaga og í Afganistan.
c. Innan vébanda bandalagsins starfar einnig NATO-Rússlandsráðið (NRC) sem sett var á fót á árinu 2002, en það tók við af samstarfsráði NATO og Rússlands sem stofnað var 1997. Ráðið er samstarfs- og samráðsvettvangur Atlantshafsbandalagsins og Rússlands á sviði öryggismála og fer þar fram umræða um málefni líðandi stundar á pólitíska sviðinu en á vegum ráðsins vinnur einnig nokkur fjöldi vinnuhópa að ýmsum samstarfsverkefnum.
d. NATO-Úkraínu nefndin (NUC) heldur utan um samstarf Úkraínu og Atlantshafsbandalagsins. Samstarfið við Úkraínu, sem hefur lýst áhuga á aðild að Atlantshafsbandalaginu, er álitið það mikilvægt að æskilegt sé að hafa um það sérstakan vettvang.
e. Einhver mikilvægasti samstarfsaðili Atlantshafsbandalagsins er án efa Evrópusambandið. Í árslok 2003 var gert samkomulag um samstarfið sem kveður á um þær leikreglur sem skulu viðhafðar þegar Evrópusambandið tekur að sér aðgerðir á sviði friðargæslu og notar til þess liðsafla og búnað Atlantshafsbandalagsins. Atlantshafsráðið og öryggismálanefnd Evrópusambandsins (Political and Security Committee) hittast reglulega til samráðs til að ræða hin ýmsu mál er varða samstarfið og öryggismál almennt.
f. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur einnig verið haldið uppi samráði og tengslum við Miðjarðarhafsríki (Mediterranean Dialogue) sem ekki eiga aðild að bandalaginu: Alsír, Máritaníu, Marokkó, Túnis, Egyptaland, Jórdaníu og Ísrael.

Ofangreint er sett fram til að varpa ljósi á þá staðreynd hversu víðtækur samstarfsvettvangur Atlantshafsbandalagið er á sviði stjórnmála og öryggismála. Rétt er að hafa í huga að svo til öll aðildarríki Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins hafa sendinefndir í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel árið um kring.

Önnur en nátengd hlið á starfsemi bandalagsins eru aðgerðir þess á sviði friðargæslu á Balkanskaga og í Afganistan.

Atlantshafsbandalagið hefur um 18.500 manna friðargæslulið (KFOR) í Kosóvó-héraði. Héraðið er undir stjórn Sameinuðu þjóðanna en Atlantshafsbandalagið sér um öryggismál í héraðinu í umboði þeirra. Þegar óeirðir brutust þar út í mars 2004 fjölgaði bandalagið í hersveitum í Kosóvó um á þriðja þúsund manns. Í Bosníu og Hersegóvínu er um 11.000 manns

í liðsveitum Atlantshafsbandalagsins (SFOR). Stefnt er að því að Evrópusambandið taki við hlutverki Atlantshafsbandalagsins í Bosníu í árslok 2004. Atlantshafsbandalagið mun þó áfram sinna ákveðnum verkefnum í Bosníu. Evrópusambandið tók við friðargæslu af Atlantshafsbandalaginu í Makedóníu haustið 2003, en Atlantshafsbandalagið verður áfram með takmarkaða viðveru í landinu.

Á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík í maí 2002 var tekin ákvörðun um að nauðsynlegt væri að mæta og takast á við ógnanir við öryggi aðildarríkjanna, hvaðan sem þær stöfuðu. Í samræmi við þessa ákvörðun sem fól í sér grundvallarbreytingu á afstöðu bandalagsins frá því sem verið hafði tók NATO við stjórn alþjóðlegu öryggissveitanna í Afganistan (ISAF – International Security Assistance Force) í ágúst 2002. Verkefnið náði í fyrstu aðeins til Kabúl og nágrennis. Síðar var ákveðið að breikka verkefnið þannig að tiltölulega litlar sveitir (PRT – Provincial Reconstruction Teams) skyldu staðsettar í dreifbýli, til að stuðla þar að stöðugleika og uppbyggingu. Grundvöllurinn að starfi Atlantshafsbandalagsins í Afganistan eru ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og svonefnt Bonn-samkomulag um endurreisn Afganistans.

Friðargæsluaðgerðir bandalagsins eru þannig mjög viðamiklar, en samtals eru um 36.000 manns á Balkanskaga og í Afganistan. Á þessu ári verður fækkað í herliði NATO á Balkanskaga en fjölgað í Afganistan. Spurningin um friðargæslu á vegum bandalagsins í Írak mun efalítið verða til umræðu þegar líður á árið. Það segir sig sjálft að hin víðtæka friðargæsla á vegum bandalagsins er mjög kostnaðarsöm. Aðeins hluti þess kostnaðar er greiddur úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins. Meginreglan er sú að kallað er eftir framlögum aðildarríkja og þau taka að sér ákveðin verkefni á eigin kostnað. Væntingar til þess að aðildarríki taki til hendinni aukast eðlilega eftir því sem verkefnin verða viðameiri.

Ísland hefur lagt fram sinn skerf með þátttöku Íslensku friðargæslunnar á Balkanskaga. Stærsta verkefnið til þessa hefur falist í stjórn flugvallarins í Pristína í Kosóvó, en það verkefni tókust Íslendingar á hendur 1. mars 2003. Ísland mun með hliðstæðum hætti taka við stjórn Kabúl-flugvallar í Afganistan 1. júní 2004. Ísland hefur jafnframt veitt aðstoð við friðargæsluaðgerðir Atlantshafsbandalagsins í formi loftflutninga til Afganistans.

Atlantshafsbandalagið hefur enn fremur stefnt að því að efla hernaðarlegt bolmagn og aðlaga það nýjum tímum. Töluverðar breytingar hafa m.a. verið gerðar á herstjórnarskipulagi bandalagsins. Einnig hefur verið tekin ákvörðun um að setja á stofn sérstaka viðbragðssveit sem hægt er að beita í hernaði með skömmum fyrirvara (NRF – NATO Response Force).

Þegar á heildina er litið hafa orðið mjög umfangsmiklar breytingar á Atlantshafsbandalaginu frá því á tímum kalda stríðsins. Breytingarnar hafa tekið mið af nýjum aðstæðum og beinst að því að bandalagið geti tekist á við ógnir nýrra tíma og þannig haldið áfram að gegna því grundvallarhlutverki að gæta öryggis aðildarríkjanna 26. Bandalagið hefur sýnt það og sannað að það er eina milliríkjastofnunin sem getur tekist á við jafnerfið verkefni og að koma á og viðhalda friði á Balkanskaga. Það verkefni sem Atlantshafsbandalagið hefur tekið að sér í Afganistan er ekki síður vandasamt og viðamikið.

Af ofangreindu má vera ljóst að öll starfsemi bandalagsins hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem áður var. Þetta kallar m.a. á virkari þátttöku og aukin framlög aðildarríkja.

3.2.2. Tengslin við samstarfsríkin.

Samstarfið við Rússland.

Atlantshafsbandalagið hefur átt formlegt samstarf við Rússland í áratug eða frá 1994 þegar Rússar urðu aðilar að Samstarfi um frið (PfP). Þremur árum síðar, 1997, var grund-

vallarskjalið um gagnkvæm samskipti, samstarf og öryggi undirritað og samstarfsráð Atlantshafsbandalagsins og Rússlands stofnað (PJC). Það samkomulag tryggði Rússum áheyrn fyrir sjónarmið sín á tilteknum sviðum. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001 skapaðist tækifæri til og áhugi á að dýpka samstarfið og á utanríkisráðherrafundi haustið 2001 var samþykkt að kanna möguleika á auknu samstarfi um mál er varða öryggis- og varnarhagsmuni aðildarríkjanna og Rússlands.

Hinn nýi samstarfsvettvangur, NATO-Rússlandsráðið (NRC), var samþykktur á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Reykjavík vorið 2002 og staðfestur á leiðtogafundinum í Róm sama ár. Þessi vettvangur er frábrugðinn eldra fyrirkomulagi að því leyti að Rússar sitja nú formlega við borðið til jafns við aðildarríki Atlantshafsbandalagsins.

Meðal málefna sem fjallað er um í samstarfsráðinu má nefna viðbrögð við hryðjuverkum, hættuástandsstjórnun, leiðir til að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna, afvopnunarmál, hermálasamstarf, sameiginlegar friðargæsluaðgerðir og samstarf um leit og björgun á sjó. Þau tæp tvö ár sem liðin eru frá undirritun Rómar-yfirlýsingarinnar hefur hagnýtt samstarf eflst til muna, t.d. að því er varðar tíðni funda og fjölda vinnuhópa, sem eru nú alls 17 talsins.

Á sama tíma hefur verið lögð áhersla á að auka hin pólitísku skoðanaskipti um vandamál sem að steðja hverju sinni. Þannig hefur m.a. umræða um málefni Balkanskaga og Afganistans verið á dagskrá og markmiðið er að auka skoðanaskipti af þessu tagi.

Samstarfið við Úkraínu.

Frá því að samstarfssamningur Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu var undirritaður árið 1997 hafa stjórnvöld í Úkraínu leitað eftir auknu samstarfi við bandalagið. Þau hafa m.a. lýst yfir áhuga á aðild að bandalaginu og í því skyni leitað eftir þátttöku í aðgerðaáætlun um aðild (MAP – Membership Action Plan). Þátttaka í slíkri áætlun hefur hingað til ekki verið álitin tímabær en ekki útilokuð.

Á ráðherrafundinum í Reykjavík í maí 2002 var ákveðið að gefa tengslunum við Úkraínu aukið vægi með auknu samráði og samstarfi, m.a. á sviði pólitískrar umræðu og á vettvangi efnahags- og varnarmála. Á leiðtogafundinum í Prag haustið 2002 var samstarfið útfært nánar, er verkefnaáætlun NATO–Úkraínu (Action Plan) var samþykkt. Í áætluninni er gert ráð fyrir dýpkun og breikkun samstarfsins. Árlega setja stjórnvöld í Úkraínu fram markmið sín með verkefnáætlun sem samþykkt er af samstarfsráði bandalagsins og Úkraínu.

Framgangur stjórnvalda í Úkraínu samkvæmt verkefnaáætlun hefur verið fremur hægur og metnaðarlaus. Aðildarríki bandalagsins hafa gagnrýnt þá þætti þar sem úrbóta er þörf og ber þar helst að nefna þær hindranir sem ríkja á sviði tjáningarfrelsis. Hefur sú gagnrýni aukist með tilliti til forsetakosninganna í Úkraínu í haust. Ljóst er að grannt verður fylgst með framkvæmd þeirra og niðurstöðum þar sem þær munu endurspegla lýðræðisþróunina í landinu.

Evró-Atlantshafssamstarfsráðið (EAPC).

Í samstarfsáætlun Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins (EAPC) 2002–2004 sem samþykkt var á utanríkisráðherrafundi bandalagsins í Reykjavík í maí 2002 er lögð áhersla á samstarf í baráttunni gegn hryðjuverkum og að samráð verði haft um ástandið á Balkanskaga og önnur svæðisbundin öryggismál, svo sem í Suðaustur-Evrópu, á Kákasus-svæðinu og í Mið-Asíu. Einnig er á þessum vettvangi fjallað um stefnumótun Samstarfs í þágu friðar (PfP), friðargæslu, hættuástandsstjórnun, efnahagslegar hliðar varnarmála, vísindasamstarf, umhverfismál, almannavarnir, eftirlit með útbreiðslu léttra handvopna og hreinsun jarðsprengjusvæða.

Samstaða er innan bandalagsins um mikilvægi þessa samstarfs og hefur að undanförnu verið leitast við að koma í veg fyrir að stækkun bandalagsins, nánara samstarf við Rússland og ný verkefni innan bandalagsins dragi úr mikilvægi þess. Með hliðsjón af því voru á leiðtogafundinum í Prag haustið 2002 staðfestar breytingar á samstarfinu og samþykkt að það verði vettvangur fyrir aukið pólitískt og öryggistengt samráð. Enn fremur var samþykkt að tekið skuli meira tillit til sérstakra hagsmuna einstakra ríkja og landsvæða, að verkefni á vettvangi Samstarfs í þágu friðar verði samhæfð og virkari samskipti á hermálasviðinu tryggð.

Með áherslu á hagsmuni einstakra ríkja og svæða varð til nýr rammi innan samstarfsins sem býður upp á aukinn sveigjanleika og sérsniðnar lausnir (Individual Partnership Action Plan (IPAP)). Jafnframt var í Prag samþykkt áætlun um framlag EAPC til baráttunnar gegn hryðjuverkum (PAP-T, Partnership Action Plan against Terrorism) sem m.a. felur í sér aukið samstarf á sviði almannavarna og upplýsingaskipti.

Samstarfsríkin hafa mikilvægu hlutverki að gegna til að tryggja öryggi og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu og leggja nú fram yfir 10% af öllum liðsafla í aðgerðum á vegum Atlantshafsbandalagsins í KFOR, SFOR og ISAF. Áhugi er á að þróa samstarfið frekar og auka umræðu um mikilvæg pólitísk mál og sameiginleg öryggismál.

Miðjarðarhafssamstarfið.

Frá árinu 1994 hefur Atlantshafsbandalagið átt samstarf við nokkur ríki á Miðjarðarhafssvæðinu í því skyni að tryggja betur öryggi á Evró-Atlantshafssvæðinu. Það var m.a. hluti af aðlögun bandalagsins að nýjum aðstæðum í lok kalda stríðsins. Samstarfsríkin eru nú sjö talsins: Alsír, Egyptaland, Ísrael, Jórdanía, Máritanía, Marokkó og Túnis.

Með samstarfinu er stefnt að því að byggja upp traust og efla samskipti á vettvangi öryggismála, m.a. með ráðstefnum og vinnuhópum þar sem fjallað er um viðbrögð við hryðjuverkum, samvinnu á sviði vísinda- og umhverfismála, skipulag almannavarna, hættuástandsstjórnun, landamæraöryggi og umbætur í varnarmálum.

Samstarfið fékk aukið vægi eftir árásina á Bandaríkin 11. september 2001 og árið 2003 var samþykkt að Miðjarðarhafssamstarfið væri eitt af forgangsverkefnum bandalagsins.

Sem liður í þeirri þróun bandalagsins að auka samstarfið við ríki utan bandalagsins er nú til umræðu innan bandalagsins með hvaða hætti unnt sé að auka samstarf við ríki Mið-Austurlanda og þá einnig á mun breiðari landfræðilegum grunni en verið hefur fram til þessa. Ákvarðana um stefnu bandalagsins í þeim efnum er að vænta á leiðtogafundinum í Istanbúl í lok júní 2004.

3.2.3. Stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Samhliða inngöngu Póllands, Tékklands og Ungverjalands í Atlantshafsbandalagið á leiðtogafundi bandalagsins, sem haldinn var í Washington D.C. í apríl 1999, ákváðu leiðtogarnir að endurskoða stækkunarferlið á næsta leiðtogafundi sem var ákveðið að haldinn yrði á árinu 2002. Á þeim fundi, sem fram fór í Prag dagana 21. og 22. nóvember, var niðurstaðan sú að bjóða sjö ríkjum, þ.e. Búlgaríu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen Rúmeníu. Slóvakíu og Slóveníu, til aðildarviðræðna við bandalagið. Að loknum árangursríkum aðildarviðræðum og samþykki þjóðþinga ríkja bandalagsins, sem og ríkjanna sjö, urðu þau fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu þann 29. mars 2004. Á óformlegum utanríkisráðherrafundi bandalagsins, sem haldinn var 2. apríl 2004, var sérstök athöfn í höfuðstöðvunum í Brussel, þar sem ríkin sjö voru boðin velkomin. Leiðtogar bandalagsins munu svo á fundi sínum í Istanbúl í lok júní nk. bjóða nýju aðildarríkin sjö formlega velkomin í hóp aðildarríkja.

Fyrir fundinn í Prag höfðu ríki bandalagsins margítrekað að dyr þess stæðu opnar ríkjum Evrópu, sem óskuðu aðildar og uppfylltu nauðsynleg skilyrði, enda leiddi frekari stækkun til styrkingar bandalagsins sem heildar og eflingar Evrópusamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála. Það er þó ljóst að atburðirnir í Bandaríkjunum þann 11. september 2001 hafa haft mikil áhrif á alla forgangsröðun verkefna innan bandalagsins og jafnframt myndað þann hljómgrunn, sem nauðsynlegur var fyrir þessa síðustu og mestu stækkun bandalagsins í 55 ára sögu þess.

Við stofnun Atlantshafsbandalagsins í apríl 1949 gerðust 12 ríki stofnaðilar. Árið 1952 urðu Grikkir og Tyrkir aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, Sambandslýðveldið Þýskaland árið 1955 og Spánn 1982. Síðasta stækkun bandalagsins er hin fimmta í sögu þess og eru aðildarríkin nú orðin 26 talsins.

Líklegt er að heldur verði reynt að hægja á stækkunarferlinu á næstu árum, bæði vegna þess að stækkun um sjö ný ríki, úr 19 í 26, kallar á aðlögun á vinnubrögðum til að tryggja að stækkunin dragi ekki úr núverandi skilvirkni. Til þess ber einnig að líta, að Albanía, Króatía og Makedónía, sem nú eru þátttakendur í aðgerðaáætlun aðildar, eiga nokkuð langt í land með frekari umbætur. Aðgerðaáætlun er ætlað að auðvelda ríkjum hagnýtan undirbúning aðildarumsóknar, m.a. með bættum aðgangi að stofnunum og starfsmönnum bandalagsins. Það sem um er rætt í því sambandi er einkum að styrkja frekar mannréttindi, svo sem réttindi minnihlutahópa, starfsemi dómstóla og löggæslustörf, og að efla baráttuna gegn glæpum og spillingu.

Það er því líklegast, eins og áður er getið, að heldur verði hægt á stækkunarferlinu á leiðtogafundinum í Istanbúl. Þó er næsta víst að bandalagið mun eftir sem áður ítreka þá stefnu sína, að það verði áfram opið öllum lýðræðisríkjum í Evrópu, sem geta stuðlað að framkvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins, óháð landfræðilegri legu.

3.2.4. Samstarf Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum.

Þeir samningar milli Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála, sem gerðir voru undir lok ársins 2002 og í upphafi 2003, mynda hinn eiginlega ramma þessa samstarfs, sem nefnt hefur verið Berlín-plús („Berlin+"). Þar er m.a. fjallað um aðgang Evrópusambandsins að tækjum og búnaði bandalagsins þegar ESB er ekki þátttakandi í viðkomandi aðgerð.

Á grundvelli þessa samkomulags og reynslu af hagnýtu samstarfi stofnananna tveggja, eins og t.d. á Balkanskaga, er síðan stefnt að því að efla og þróa samstarfið frekar, svo sem á sviði almannavarna og í baráttunni gegn hryðjuverkum. Mikilvægt er að samstarfið takmarkist ekki við umræður um tæknileg mál heldur að það verði á sem breiðustum grunni. Frekara samstarf á að leiða til þess að efla báðar stofnanirnar, en eftir sem áður er gert ráð fyrir að Atlantshafsbandalagið verði áfram hornsteinn sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu aðildarríkjanna.

Í tengslum við undirbúning fyrir leiðtogafund bandalagsins í Istanbúl, sem haldinn verður dagana 28. og 29. júní 2004, hefur sá möguleiki verið ræddur að þar verði samþykkt sérstök yfirlýsing um framtíðarsýn varðandi frekari þróun samstarfsins. Tvennt kæmi til greina í því sambandi, þ.e. að efla samstarfið einungis innan núverandi ramma eða að um leið og núverandi samstarf verði eflt verði það einnig látið ná til fleiri þátta.

Á grundvelli Berlín-plús tók Evrópusambandið við hlutverki Atlantshafsbandalagsins í Makedóníu. Á sama grundvelli er ráðgert að yfirtaka ESB á hlutverki bandalagsins, í tengslum við alþjóðlegu friðargæslusveitirnar í Bosníu og Hersegóvínu (SFOR), fari fram undir

lok ársins 2004. Þó engin formleg ákvörðun hafi enn verið tekin um yfirtökuna á SFOR er óformlegur undirbúningur hafinn og stefnt að formlegri ákvörðun á leiðtogafundinum í Istanbúl. Aukin áhersla á frekari þátttöku Atlantshafsbandalagsins í aðgerðum í Afganistan og hugsanlega einnig í Írak hefur orðið til að flýta fyrir yfirtöku Evrópusambandsins á aðgerðum Atlantshafsbandalagsins á Balkanskaga.

3.2.5. Aðgerðir Atlantshafsbandalagsins á Balkanskaga, í Afganistan og á Miðjarðarhafi.

KFOR og SFOR.

Þegar átök brutust út milli Kosóvó-Serba og Kosóvó-Albana í Kosóvó 17. mars sl., sendi Atlantshafsbandalagið þangað liðsafla frá SFOR (Bosníu og Hersegóvínu), Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu, auk þess sem þýskar og rúmenskar sveitir voru settar í viðbragðsstöðu. Fyrir voru 18.500 manns í KFOR, en liðsaukinn var miðaður við 2.800 manns. Eftir á að koma í ljós hvaða áhrif síðustu atburðir hafa á áður skipulagða fækkun í KFOR niður í 12 þúsund manns sem stefnt var að á árinu.

Vegna ástandsins í héraðinu þarf KFOR að sinna landamæraeftirliti, beita sér gegn þjóðernisöfgahópum og veita Sameinuðu þjóðunum – UNMIK (United Nations Mission in Kosovo) aðstoð í baráttunni gegn landlægri skipulagðri glæpastarfsemi. KFOR aðstoðar UNMIK einnig í eftirliti með starfsemi verndarsveita Kosóvó (Kosovo Protection Corps – KPC) og almennt við að tryggja að lög og reglur séu virtar í héraðinu.

Stöðugleikasveitirnar (SFOR) hafa verið í Bosníu og Hersegóvínu frá því á árinu 1995. Liðsaflinn er 12 þúsund manns. Aðaláhersla er lögð að á tryggja öruggt umhverfi, auk þess að veita yfirvöldum og lögregluliði Evrópusambandsins aðstoð í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Jafnframt hafa 100 af u.þ.b. 120 eftirlýstum stríðsglæpamönnum í landinu ýmist verið handteknir, þeir felldir eða þeir látist af öðrum ástæðum.

Um mitt þetta ár á liðsafli SFOR að vera kominn úr 10.700 niður í 7.000 manns. Miðað er við að Evrópusambandið taki við af SFOR í árslok og þá verður aðeins fámennt lið bandalagsins eftir í Bosníu og Hersegóvínu, væntanlega m.a. til ráðgjafar við endurskipulagningu og endurbætur á herafla landsins og til að hafa hendur í hári stríðsglæpamanna.

Afganistan.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti 20. desember 2001 að komið yrði á fót alþjóðlegum öryggissveitum í Afganistan (International Security Assistance Force – ISAF) til að tryggja öryggi Kabúl og nágrennis. Bretar tóku að sér forustu sveitanna fyrstu sex mánuðina. Síðan tóku Tyrkir við og þar á eftir Hollendingar og Þjóðverjar í sameiningu. Fastaráð Atlantshafsbandalagsins ákvað 16. apríl 2003 að bandalagið tæki að sér forustu fyrir ISAF og var það gert 11. ágúst sama ár.

Starfsemi sveitanna hefur nær eingöngu takmarkast við Kabúl og nágrenni. Þó hafa Bandaríkjamenn, Bretar og Nýsjálendingar verið með sveitir á nokkrum stöðum utan höfuðborgarinnar til aðstoðar staðbundnum stjórnvöldum við öryggis- og friðargæslu og almenna uppbyggingu (Provincial Restructuring Teams (PRT´s)).

Liðsafli alþjóðlegu öryggissveitanna (International Security Assistance Force – ISAF) í Kabúl er 6.300 manns. Fjölgað verður í liðinu við stækkun umdæmis ISAF út fyrir Kabúl, en öryggisráð Sameinuðu þjóðanna veitti slíkt umboð 14. október 2003. Fyrsta skrefið í stækkun umdæmisins var tekið þegar Atlantshafsbandalagið tók formlega við stjórn endurreisnarliðs (Provincial Reconstruction Team – PRT) í Kundús 6. janúar 2004, en þar er um 240 manna lið frá Þýskalandi. Stefnt er að því að endurreisnarlið undir stjórn bandalagsins

verði orðin fimm um mitt næsta sumar og að í hverju þeirra verði um 220 til 250 manns. Hlutverk endurreisnarliða er bæði að tryggja öryggi fulltrúa hjálparstofnana og taka þátt í sjálfu uppbyggingarstarfinu. Með þeim hætti á m.a. að koma á lögum og reglu og tryggja almenningi heilsugæslu, skólagöngu og aðgang að vatni og raforku. Það er nauðsynlegt til að skapa það umhverfi í Afganistan að hægt verði að koma hjólum efnahagslífsins í gang, sem er ein helsta forsenda frekari uppbyggingar og stöðugleika.

Að beiðni Karzai, forseta Afganistans, og Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hefur Atlantshafsbandalagið samþykkt að efla viðbúnað ISAF fram yfir þing- og forsetakosningar í landinu í sumar eða haust.

Sérlegur fulltrúi Atlantshafsbandalagsins í Afganistan var skipaður 19. nóvember 2003. Hikmet Cetin, sem áður var utanríkisráðherra Tyrklands, forseti tyrkneska þingsins, auk þess að gegna ýmsum ráðherraembættum, hefur það hlutverk að aðstoða bráðabirgðastjórnina í Afganistan við framkvæmd Bonn-samkomulagsins og samræma samstarf bandalagsins, afganskra stjórnvalda, Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana sem vinna að uppbyggingu landsins.

Miðjarðarhaf.

Eftirlitsaðgerðir flota Atlantshafsbandalagsins á Miðjarðarhafi (Operation Active Endeavour – OAE) hófust 18. október 2001. Tilgangurinn er að fylgjast með skipaumferð svo koma megi í veg fyrir vopnasmygl og ferðir liðsmanna hryðjuverkahópa, en farið hefur verið um borð í tæplega 50 skip til að kanna farm þeirra. Einnig er skipum veitt fylgd um Gíbraltarsund til að verja þau hugsanlegum hryðjuverkaárásum. Frá upphafi aðgerðanna hafa 420 skip fengið slíka vernd, en alls taka um 2.600 manns þátt í eftirlitsaðgerðunum.

3.2.6. Viðbragðssveitir Atlantshafsbandalagsins (NATO Response Force – NRF).

Bandaríkjamenn kynntu tillögur um stofnun viðbragðssveitanna á óformlegum fundi varnarmálaráðherra bandalagsins í Varsjá 24. september 2002. Aukin varnar-/hernaðargeta bandalagsins mun ráðast töluvert af þeim áhrifum sem NRF er talin koma til með að hafa. NRF tók formlega til starfa 15. október 2003. Sveitirnar eiga að vera að hluta starfhæfar í október 2004 og að fullu árið 2006 og í þeim verður um 21 þúsund manna lið úr flota, flug- og landher aðildarríkjanna. Þátttökuríki skuldbinda sig til að hafa lið til reiðu sex mánuði í senn. Það þýðir í raun ekki að senda þurfi lið á tiltekinn stað til að vera í viðbragðsstöðu. Raunar er frekar um að ræða „liðsafla-pakka", sem hægt er að grípa til með mjög skömmum fyrirvara, en slíkt á ekki að gera nema í undantekningartilfellum. Gengið er út frá því að stofnun NRF og áætlanir Evrópusambandsins á sviði öryggis- og varnarmála verði til að bæta hvort annað upp, en verði ekki í samkeppni, sem þýðir að ríki sem eiga aðild að báðum stofnununum munu verða með eitt lið fyrir þær báðar. Rétt er þó að benda á að ESB stefnir að því að hafa herlið sem geti leyst af hendi svokölluð Petersberg-verkefni, sem einkum lúta að friðargæslu, en NRF á að vera herlið til að beita í átökum.

Viðbragðssveitunum er ætlað að bregðast við með skjótari hætti en annað lið bandalagsins ef átök brjótast út, hvort sem er innan svæðis bandalagsríkja eða utan, og gildir það um allar hugsanlegar aðgerðir sem nauðsynlegt getur verið að grípa til. Þeim er ætlað að bregðast við með fimm til 30 daga fyrirvara eftir því hvers konar ógn steðjar að. Þær eiga að geta verið án aðfanga í allt að mánuð og vera færar um að ráðast inn á fjandsamlegt landsvæði og undirbúa komu stærra herliðs.

Segja má því að NRF sé bæði ætlað a) til smærri aðgerða, þar sem frekari stuðnings er ekki þörf, og b) sem nokkurs konar undanfaralið. Dæmi um slíkar aðgerðir eru flutningur

fólks af hættusvæði, stuðningsaðgerðir vegna mannúðaraðstoðar, friðargæsla og aðgerðir gegn hryðjuverkum.

3.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE).

3.3.1. Mannréttindi, lýðræði og átakavarnir.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu gegnir mikilvægu hlutverki við eflingu öryggis, mannréttinda, lýðræðis og átakavarna í aðildarríkjunum sem eru fimmtíu og fimm talsins. Innan stofnunarinnar fer fram reglubundið samráð á sviði mannréttindamála, lýðræðis, réttinda minnihlutahópa, auk öryggis- og afvopnunarmála. Styrkur ÖSE felst m.a. í því að starf stofnunarinnar að eflingu mannréttinda og lýðræðis fer að miklu leyti fram á vettvangi í aðildarríkjunum. ÖSE starfrækir alls átján sendinefndir í aðildarríkjunum, og hafa þær að meginmarkmiði að vinna með og aðstoða viðkomandi stjórnvöld við styrkingu mannréttinda og lýðræðisþróunar. Þannig beitir stofnunin sér fyrir friðsamlegri lausn deilumála og fyrirbyggjandi aðgerðum, auk þess að afla vitneskju um deilur sem ógnað geta friði í aðildarríkjunum.

Utanríkisráðherrafundur ÖSE í Maastricht í desember 2003 tók mikilvægt skref í þá átt að gera starf stofnunarinnar markvissara. Þar samþykkti ÖSE sérstaka áætlun um viðbrögð við nýjum ógnunum í öryggisumhverfi ríkjanna á nýrri öld. Þar er lögð sérstök áhersla á fyrirbyggjandi starf ÖSE að átakavörnum, eflingu mannréttinda og lýðræðis auk aðgerða til að efla traust í samskiptum ríkja á sviði öryggismála. Með framlagi stofnunarinnar á ofangreindum sviðum, ekki síst með starfi sendinefnda, gegnir ÖSE þýðingarmiklu hlutverki við að tryggja stöðugleika og festa lýðræði í sessi í aðildarríkjunum.

Einnig ber að nefna aðgerðaáætlanir um baráttu stofnunarinnar gegn mansali, gegn hryðjuverkum, baráttu fyrir réttindum Roma-Sinti þjóðernisminnihlutans og loks stefnumörkun á sviði efnahags- og umhverfistengdra öryggismála, sem miðar að því að auka samstarf aðildarríkjanna á sviði umhverfis- og efnahagsmála. Þá hefur ÖSE tekið frumkvæði í að auka pólitískt vægi baráttunnar gegn gyðingahatri, útlendingahræðslu, kynþáttahyggju og öfgakenndri þjóðernishyggju, sem hefur aukist til muna í Evrópu á undanförnum missirum. ÖSE mun standa fyrir þremur stórum ráðstefnum um þessi viðfangsefni á þessu ári.

Almennt má segja að megináherslur Íslands á vettvangi ÖSE séu innan mannréttindastarfs ÖSE og lúti að framlagi stofnunarinnar til eflingar mannréttindum, lýðræði og stöðugleika í aðildarríkjunum. Einnig ber að nefna baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi í þessu sambandi. Ísland hefur jafnframt lagt áherslu á eflingu samstarfs ÖSE og Evrópuráðsins m.t.t. skilvirkni og verkaskiptingar við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda á vettvangi í aðildarríkjunum. Þetta er í fullu samræmi við áhersluatriði á formennskutíma Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins árið 1999, en frá þeim tíma hefur umtalsverðum árangri verið náð í samstarfi stofnananna sem lýtur að fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisreglna í aðildarríkjunum.

3.3.2. Verkefni ÖSE á Balkanskaga.

Umfangsmestu verkefni ÖSE á sviði eflingar mannréttinda og lýðræðis felast í uppbyggingarstarfi stofnunarinnar á Balkanskaga. ÖSE starfrækir sendinefndir í Kosóvó, Bosníu og Hersegóvínu, Króatíu, Makedóníu, Serbíu og Svartfjallalandi og að auki í Albaníu. Endurreisn samfélagsins í Kosóvó á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 er stærsta verkefnið sem ÖSE hefur tekið að sér. Starfsemi ÖSE á Balkanskaga miðast fyrst og fremst að eflingu mannréttinda og lýðræðisþróunar, réttarríkisreglna og að þjálfun dómara auk aðstoðar við frjálsa fjölmiðla svo að dæmi séu nefnd. ÖSE gegnir jafnframt

mikilvægu hlutverki á sviði kosningaeftirlits. ÖSE hefur einnig tekið virkan þátt í framkvæmd Stöðugleikasáttmálans fyrir Suðaustur-Evrópu (Stability Pact), ekki síst á sviði mannréttinda og lýðræðisuppbyggingar á Balkanskaga.

Um það bil eitt þúsund alþjóðlegir starfsmenn starfa á vegum ÖSE á vettvangi, langflestir á Balkanskaga. Stærstu sendinefndir stofnunarinnar eru starfræktar í Kosóvó, Bosníu og Hersegóvínu, Króatíu og Makedóníu. Hlutverk sendinefnda ÖSE er einkum að starfa með og veita þarlendum stjórnvöldum aðstoð við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda og réttarríkisreglna auk frjálsrar fjölmiðlunar. Í Kosóvó má sérstaklega nefna víðtæka þjálfun lögreglumanna á vegum ÖSE, en stofnunin starfrækir lögregluskóla í Kosóvó. Þetta þjálfunar- og fræðslustarf þykir hafa tekist vel og er mikilvægt framlag til stöðugleika á viðkomandi svæðum. Til marks um árangur er fækkun starfsmanna í stóru sendinefndum ÖSE á svæðinu. Ástand mála í Serbíu og Svartfjallalandi sýnir þó að enn eru alvarleg vandamál, sem bíða úrlausnar á svæðinu.

ÖSE starfrækir einnig minni sendinefndir í Moldóvu, Georgíu, Úkraínu, Hvíta-Rússlandi og Kákasus-ríkjunum og einnig hefur stofnunin viðveru í Mið-Asíuríkjunum fimm: Kasakstan, Kirgisíu, Úsbekistan, Tadsjikistan og Túrkmenistan.

3.3.3. Baráttan gegn mansali.

Áætlað er að á annað hundruð þúsund manns verði fórnarlömb mansals í Suðaustur-Evrópu á hverju ári. Í flestum tilfellum er um að ræða konur og stúlkubörn sem þvingaðar eru til vændis og kynlífsþrælkunar á vegum skipulagðra glæpasamtaka. ÖSE telur baráttuna gegn þessari skipulögðu glæpastarfsemi forgangsverkefni, ekki síst á Balkanskaga, en mansal er iðulega nátengt annarri glæpastarfsemi eins og ólöglegri verslun með vopn, eiturlyfjasmygli og fjármögnun hryðjuverka.

ÖSE hefur með markvissum hætti aukið aðgerðir sínar í baráttunni gegn mansali á undanförnum árum. Á utanríkisráðherrafundi ÖSE í Portó var samþykkt sérstök pólitísk yfirlýsing um eflingu starfsemi stofnunarinnar gegn mansali. Á árinu 2003 var samþykkt sérstök aðgerðaáætlun stofnunarinnar gegn mansali og í kjölfarið var tekin ákvörðun um að setja á fót sérstaka skrifstofueiningu ÖSE í Vínarborg sem eingöngu helgi sig baráttunni gegn mansali í aðildarríkjunum.

Á vettvangi ÖSE hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á mannréttindi kvenna og barna, auk baráttunnar gegn mansali. Þessar áherslur Íslands voru áréttaðar af Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra á ráðherrafundi ÖSE í Portó 6.–7. desember 2002. Íslensk stjórnvöld lögðu á árinu 2003 fram fjárframlag sem nam 2,5 millj. kr. til eflingar starfsemi ÖSE gegn mansali í Bosníu og Hersegóvínu. Fyrir þetta fjárframlag var ráðinn innlendur sérfræðingur til sendinefndar ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu til tveggja ára. Starf sérfræðingsins er sérstaklega fólgið í aukinni fræðslu og eflingu vitundar almennings um mansal og ofbeldi gegn konum og börnum í Bosníu og Hersegóvínu. Einnig er það hlutverk hans að sinna samskiptum við frjáls félagasamtök á þessu sviði auk skipulagningar aðstoðar við fórnarlömb mansals og að efla eftirfylgni innlendra stjórnvalda vegna landsáætlunar Bosníu og Hersegóvínu gegn mansali.

Þann 19. mars 2004 stóð utanríkisráðuneytið, í samvinnu við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, fyrir ráðstefnu um hina alþjóðlegu baráttu gegn mansali. Á ráðstefnunni var lögð sérstök áhersla á aðgerðir ÖSE gegn mansali.

3.3.4. Kosningaeftirlit á vegum ÖSE.

Eftirlit með þing- og sveitarstjórnarkosningum í aðildarríkjunum er mikilvægur þáttur í starfi ÖSE á sviði uppbyggingar lýðræðis og mannréttinda. Árið 2002 sendi Ísland annars vegar fulltrúa í kosningaeftirlit vegna sveitarstjórnarkosninga í Kosóvó-héraði og hins vegar vegna þingkosninga og kosninga til forsætisráðs í Bosníu og Hersegóvínu. Þátttaka Íslands í kosningaeftirliti stofnunarinnar var aukin á síðasta ári og tóku íslenskir fulltrúar þátt í kosningaeftirliti vegna þing- og forsetakosninga í Georgíu, forsetakosninga í Aserbaídsjan, þingkosninga í Rússlandi og forsetakosninga í Rússlandi í mars á þessu ári.

3.4. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál Evrópusambandsins (ESB).

Staða Evrópusambandsins í alþjóðastjórnmálum hefur gerbreyst frá stofnun þess, frá því að vera laustengt bandalag helstu iðnríkja Vestur-Evrópu yfir í að vera ríkjasamtök með hnattræna hagsmunagæslu á öllum sviðum. Innan skamms verður Evrópusambandið samband 25 ríkja með 450 milljónir íbúa og fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu alls heimsins. Staða Evrópusambandsins á vettvangi alþjóðastjórnmála mun því styrkjast enn frekar á næstu árum, þar sem ESB mun leggja áherslu á að viðhalda þeim gildum sem það stendur fyrir og leggja sjálfstætt mat á alþjóðlegar aðstæður á hverjum tíma.

Þróun utanríkisstefnu Evrópusambandsins (CFSP) og skyldrar öryggis- og varnarmálastefnu þess (ESDP) hefur verið hröð á undanförnum missirum. Gera má ráð fyrir að samráð og samræming aðildarríkja ESB muni hafa verulega svæðisbundna og jafnvel hnattræna þýðingu. Vaxandi stuðningur er innan sambandsins við sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnu og fram undan eru umtalsverðar breytingar á stofnunum Evrópusambandsins sem munu styrkja öryggismálahlutverk þess. Þar ber fyrst að nefna væntanlegt nýtt embætti sambandsráðherra utanríkismála, en einnig mun nýtt embætti forseta leiðtogaráðsins fá umtalsvert hlutverk í utanríkismálum, ef það verður samþykkt.

Ísland hefur átt náin pólitísk samskipti við Evrópusambandið frá stofnun þess, bæði á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana og milliríkjasamninga sem og í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Utanríkis-, öryggis- og varnarmálastefna ESB hefur skipað þar mikilvægan sess, en þó er rétt að hafa í huga að pólitísk samskipti við ESB eru mun víðtækari. Samráð um ýmis öryggismál á sviði innanríkismála fer vaxandi og hið sama á við um alþjóðlegt samráð um viðskiptamál, umhverfismál, auðlindamál, sjálfbæra þróun, mannréttindamál og hnattvæðingu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

3.4.1. Sameiginleg utanríkisstefna (CFSP).

Með lokum kalda stríðsins sköpuðust forsendur innan Evrópusambandsins til að móta sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum (CFSP). Formleg ákvörðun um að taka upp sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu var tekin á Maastrichtfundinum 1992. Fimm árum síðar, árið 1997, var í Amsterdam ákveðið að stofna til sameiginlegrar varnarmálastefnu (ESDP), sem síðar meir gæti leitt til sameiginlegra varna Evrópusambandsins. Breyttir tímar og aðstæður á Balkanskaga voru þess eðlis að Evrópusambandið lét öryggismál meira til sín taka en áður. Öryggis- og varnarmálasamstarf sambandsins fékk síðan á sig endanlega mynd á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Nice í árslok 2000 og varð þar með mikilvægur þáttur í hinni sameiginlegu utanríkisstefnu þess. Í kjölfar Nice-fundarins var nýjum öryggismálastofnunum ESB, þ.e. stjórnmála- og öryggismálanefnd, hermálanefnd og hermálastarfsliði, komið á fót og hafa þær síðan starfað að samþættingu utanríkis- og öryggismála og forgangsröðun verkefna.

Í fyrstu beindist sameiginleg utanríkisstefna ESB að því að samræma afstöðu aðildarríkjanna til hinna ýmsu mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þessi samræming kom til viðbótar við utanríkismálaverkefni sem þegar voru á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. alþjóðlegir viðskiptasamningar, þróunaraðstoð og rekstur sendiskrifstofa í um 120 ríkjum og alþjóðastofnunum. Samræming í utanríkis- og öryggismálum var efld með ákvæði Amsterdamsamningsins um nýtt embætti háttsetts fulltrúa ESB í utanríkis- og varnarmálum. Val Javier Solana, fyrrverandi framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og utanríkisráðherra Spánar, til starfsins sýndi sterkan vilja sambandsins til aukinnar samræmingar og samheldni í utanríkismálum. Jafnframt var starfslið ESB í utanríkis- og öryggismálum eflt og komið á fót háttsettri embættismannanefnd ESB um utanríkis- og öryggismál. Nefndina sitja sérskipaðir sendiherrar aðildarríkjanna í utanríkis- og öryggismálum sem hafa aðsetur í Brussel.

Ágreiningurinn um Írak jók enn sannfæringu innan sambandsins um að þörf væri á sameiginlegri sýn ESB í utanríkis- og öryggismálum og að efla þyrfti enn betur stofnanaramma sambandsins á sviði utanríkismála. Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel 12. desember 2003 var samþykkt fyrsta heildarstefnumörkun sambandsins í alþjóðamálum þar sem Evrópusambandið leggur sjálfstætt mat á ástand heimsmála og skilgreinir framtíðaráherslur. („A Secure Europe in a Better World: European Security Strategy" Brussels, 12 December 2003 (http://ue.eu.int/pressdata/EN/reports/78367.pdf).) Leiðtogum sambandsins auðnaðist hins vegar ekki að ná endanlegu samkomulagi um fyrirliggjandi drög að stjórnarskrársáttmála, en samkomulag lá fyrir um þann þátt stjórnarskrársáttmálans sem fjallar um sameiginlega utanríkis- og varnarmálastefnu sambandsins (texta stjórnarskrársáttmálans er að finna á eftirfarandi slóð: http://ue.eu.int/igc/index.asp?lang=EN). Í fyrirliggjandi samkomulagi um utanríkis- og öryggismálakafla stjórnarskrárdraganna er einkum tvennt sem er mikilsvert fyrir framtíðarþróun hinnar sameiginlegu utanríkisstefnu ESB. Annars vegar er það embætti forseta leiðtogaráðs ESB sem jafnframt er falið að koma fram fyrir hönd ESB í utanríkismálum. Þessi ráðstöfun kynni að stuðla að aukinni aðkomu leiðtogaráðsins að utanríkismálum. Hins vegar er það stofnun embættis sambandsráðherra utanríkismála. Hlutverk hans er að stýra fundum utanríkisráðsins og framfylgja sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins. Þá er sambandsráðherra utanríkismála ætlað að leggja sitt af mörkum við þróun utanríkisstefnu sambandsins sem og varnarmálastefnu þess.

3.4.2. Sameiginleg varnarmálastefna (ESDP).

Lengst af hefur sameiginleg varnarmálastefna ESB beinst að uppbyggingu sameiginlegs viðbragðsliðs og getu til að takast á við friðargæsluverkefni. Markmið ESB er að hafa á að skipa 60 þúsund manna herliði í svokölluð Petersberg-verkefni, þ.e. friðaraðgerðir og aðgerðir á sviði mannúðarmála og neyðaraðstoðar (þar á meðal björgunaraðgerðir). Það var með hliðsjón af árangri í þessu starfi sem ESB ákvað að yfirtaka verkefni alþjóðalögreglusveita Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Hersegóvínu (IPTF) í ársbyrjun 2003 og jafnframt að taka yfir eftirlitsaðgerð Atlantshafsbandalagsins í Makedóníu vorið 2003, sem í desember sl. var breytt í lögregluaðgerð. Þá tók ESB að sér friðargæslu í Kongó að beiðni Sameinuðu þjóðanna og stendur vilji sambandsins til að taka við friðargæslu NATO í Bosníu (SFOR) á þessu ári.

Á undanförnum missirum hefur umræða um hvernig efla megi sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu ESB verið fyrirferðarmikil. Þessi umræða hefur ekki síst átt sér stað í kringum undirbúning stjórnarskrársáttmála fyrir Evrópusambandið. Í fyrirliggjandi drögum að stjórnarskrársáttmála eru ákvæði sem gefa ESB kost á að efla umtalsvert varnarmálasamstarf þess. Rétt er að taka fram að textinn felur ekki í sér bein ákvæði um sameiginlegar

varnarskuldbindingar. Hann hefur hins vegar að geyma önnur ákvæði sem stuðla skulu að uppbyggingu sameiginlegrar varnarstefnu. Þar á meðal er samstöðuákvæði, sem kveður á um hernaðarlega samstöðu, ef eitt aðildarríkjanna verður fyrir hryðjuverkaárás, náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum. Jafnframt heimilar textinn leiðtogaráðinu að taka ákvörðun um sameiginlegar varnir, en þangað til geti ákveðinn hópur innan sambandsins stofnað til nánari samvinnu sín í milli á sviði varnarmála. Petersberg-markmiðin eru útfærð nánar þannig að auk friðargæslu, aðgerða til að koma á friði og stuðnings við mannúðaraðgerðir er talað um sameiginlegar afvopnunaraðgerðir, hernaðarráðgjöf og stöðugleikaaðgerðir eftir átök. Loks er kveðið á um stofnun sérstakrar varnarmálastofnunar til að stuðla að uppbyggingu hernaðarbolmagns.

3.4.3. Þátttaka samstarfsríkja.

Íslensk stjórnvöld hafa takmarkaða möguleika til áhrifa á sameiginleg utanríkis- eða varnarmál ESB en hafa reynt af fremsta megni að fylgjast með þessari þróun og haldið fram íslenskum hagsmunum og sjónarmiðum þegar tækifæri hafa gefist til.

Á grundvelli EES-samningsins býðst Íslandi að lýsa stuðningi við afstöðu ESB í einstökum utanríkismálum og í flestum tilvikum er fullt samræmi þar á milli, enda yfirleitt um svipuð gildi og hagsmuni að ræða. Utanríkisráðherra á pólitísk skoðanaskipti við Evrópusambandið tvisvar á ári og EES/EFTA-ríkjunum er boðið á samráðsfundi sérfræðinga um einstök utanríkismál nokkrum sinnum á ári.

Um leið og nýjar öryggismálastofnanir ESB voru formfestar á leiðtogafundinum í Nice voru jafnframt teknar ákvarðanir um þátttökurétt umsóknarríkja og evrópskra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins utan ESB. Þær fólust m.a. í því að gert er ráð fyrir reglulegum fundum ráðherra og embættismanna í svonefndum 15+15 og 15+6 hópum. Auk þess gafst ofangreindum samstarfsríkjum kostur á að tilnefna tengiliði gagnvart hermálanefndinni og hermálastarfsliðinu og að leggja af mörkum til framkvæmdar fyrrnefnds meginmarkmiðs ESB. Af Íslands hálfu hafa viðeigandi fundir verið sóttir, tillögur verið gerðar um tilhögun samstarfs og framlagi heitið til meginmarkmiðsins, en eiginleg pólitísk skoðanaskipti um mótun og framkvæmd öryggis- og varnarmálastefnunnar hafa verið af skornum skammti. Með aðild umsóknarríkjanna að ESB hefur þetta samráð breyst í 25+5, þar sem ráðherrum og embættismönnum frá Íslandi, Noregi, Tyrklandi, Búlgaríu og Rúmeníu er boðið á stutta upplýsingafundi um varnarmál nokkrum sinnum á ári. Auk þess á Ísland aðild að reglubundnu samráði ESB og NATO.

Stefna Evrópusambandsins hefur verið að bjóða öðrum ríkjum að taka þátt í friðargæsluverkefnum sem það tekur að sér. Á þetta einkum við um evrópsku NATO-ríkin sem ekki eru í ESB, en einnig hefur Bandaríkjunum, Kanada, Sviss og Rússlandi verið boðin þátttaka. Ísland tók þátt í tveimur fyrstu friðargæsluverkefnum sambandsins, þ.e. lögregluaðgerðinni í Bosníu og Hersegovínu og friðargæslunni í Makedóníu. Þá hefur Ísland lýst yfir áhuga á þátttöku, taki ESB við friðargæslu NATO í Bosníu.

3.5. Afvopnunarmál.

3.5.1. Vettvangur umræðna um afvopnunarmál.

Afvopnunarráðstefnan í Genf (Conference on Disarmament, CD) er meginvettvangur umræðna um afvopnunarmál og vígbúnaðareftirlit, ásamt allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Umræðan um afvopnunar- og öryggismál í 1. nefnd á 57. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2003 einkenndist mjög af áherslum Bandaríkjamanna á endurskoðun starfshátta nefndarinnar. Vestræn ríki voru meðal þeirra sem studdu þann málflutning. Í almennri um-

ræðu nefndarinnar lagði fastafulltrúi Íslands áherslu á að breytinga væri þörf og nefndi hann t.d. möguleika á fækkun ályktana sem árlega koma til umfjöllunar, en þær eru flestar lítið breyttar frá ári til árs. Samþykkt var samhljóða á þinginu að fela aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að taka saman skýrslu um hvernig aðildarríkin telja að hægt sé að gera starf nefndarinnar árangursríkara. Umræður í 1. nefnd allsherjarþingsins hafa enn fremur endurspeglað áhyggjur af útbreiðslu gereyðingarvopna, einkum að hryðjuverkamenn eða ríki þeim vinveitt komist yfir slík vopn.

Frá því afvopnunarráðstefnan náði samkomulagi um efnavopnasamninginn árið 1993 og samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn árið 1996, hefur ekki tekist að ná samkomulagi um dagskrá hennar og gerð nýrra afvopnunarsamninga. Dagskrá ráðstefnunnar er háð samhljóða samkomulagi aðildarríkjanna, sem eru nú 66 að tölu.

3.5.2. Helstu fjölþjóðasamningar um afvopnunarmál.

Samningurinn um að hefta útbreiðslu kjarnavopna, NPT.

Annar undirbúningsfundur vegna fyrirhugaðrar endurskoðunarráðstefnu 2005 um samninginn um að hefta útbreiðslu kjarnavopna (Non-Proliferation Treaty – NPT), sem gekk í gildi 1970, fór fram í Genf 28. apríl – 9. maí 2003. Í yfirlýsingum margra ríkja komu fram áhyggjur af aukinni hættu á útbreiðslu kjarnavopna og annarra gereyðingarvopna, ekki síst að hryðjuverkamenn gætu fengið þau í hendur með áður óþekktum og ógnvænlegum afleiðingum. Næsti undirbúningsfundur verður í New York í lok apríl 2004.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin í Vín (IAEA) hefur eftirlit með framkvæmd samningsins með stoð í svonefndum heildarsamningi um öryggisráðstafanir og viðbótarbókun við hann (Model Additional Protocol) við hvert einstakt aðildarríki. Í september 2003 undirritaði Ísland viðbótarbókunina við heildarsamninginn um öryggisráðstafanir, en viðbótarbókunin heimilar strangara eftirlit stofnunarinnar á vettvangi. Eftirlitshlutverk Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar hefur að undanförnu fengið stóraukið vægi ekki síst vegna vanefnda ríkja á borð við Íran og Norður-Kóreu á skuldbindingum sínum gagnvart stofnuninni. Unnið er að því að ná samningum við stjórnvöld í Norður-Kóreu í svonefndum sex ríkja viðræðum (Bandaríkin, Kína, Japan, Rússland, Suður-Kórea og Norður-Kórea).

Upplýsingar um kjarnavopnaáætlun Íran eru sérstakt áhyggjuefni. Íran hefur ekki sýnt stofnuninni fullan samstarfsvilja um eftirlit með þessari áætlun og er ekki ljóst hver endanleg niðurstaða verður. Íran hefur verið gefinn frestur til loka maí 2004 að gera grein fyrir stöðu mála og áætlunum sínum. Hins vegar hefur einnig átt sér stað jákvæð þróun, því Líbía játaði í lok desember 2003 að hafa með leynd unnið að því að koma sér upp kjarnavopnum, en hefur nú samþykkt eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Leyndar kjarnorkuáætlanir Líbíu og Íran svipta hulunni af svartamarkaðsbraski með kjarnavopnaþekkingu og -tækni og er ljóst að hér er um vandamál að ræða sem endurskoðunarráðstefna samningsins á næsta ári verður að taka á.

Samtals eru 188 ríki aðilar að samningnum um að hefta útbreiðslu kjarnavopna. Nýlega hafa Afganistan, Austur-Tímor og Kúba gerst aðilar að honum. Samkvæmt samningnum teljast fimm ríki ráða yfir kjarnavopnum: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland. Hins vegar eru a.m.k. þrjú önnur ríki sem örugglega ættu að teljast í þessum flokki, en þau eru Indland, Pakistan og Ísrael. Ekkert þeirra þriggja eru aðilar að NPT-samningnum. Frekari takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna er háð því að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gerist aðilar að samningnum og virði að fullu ákvæði hans um að koma sér ekki upp kjarnavopnum. Hin yfirlýsta stefna kjarnorkuveldanna að útrýma kjarnavopnum að fullu er mikilvæg fyrir þróun samningsins og áframhaldandi kjarnorkuafvopnun.

ABM-samningurinn.

Þann 13. júní 2002 tók gildi uppsögn Bandaríkjamanna á tvíhliða samningi við Rússland um almennt bann við uppsetningu gagneldflauga gegn langdrægum eldflaugum (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems – ABM).

Að mati bandarískra stjórnvalda var samningurinn leifar frá kaldastríðsárunum og stóð að þeirra mati í vegi fyrir tilraunum með uppsetningu gagneldflaugakerfis. Rússnesk stjórnvöld höfðu verið mótfallin öllum breytingum á samningnum en lýstu sig síðar reiðubúin til breytinga en án árangurs. Rússum var í mun að halda í meginstoðir hans, annars vegar takmörkun á fjölda gagneldflauga og hins vegar bann við vígbúnaði í himingeimi. Bandarísk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að segja upp ABM-samningnum þar sem það kunni að leiða til nýs vígbúnaðarkapphlaups.

Á sama tíma halda bandarísk stjórnvöld áfram að efla eigin eldflaugavarnir m.a. með tilraunastarfsemi yfir Kyrrahafi. Fjölmörgum Evrópuríkjum hefur verið boðið að taka þátt í þessari undirbúningsvinnu og er stefnt að því að varnarkerfið nái til allra bandamanna þegar fram líða stundir. Fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir fjárveitingu rúmlega 9 milljarða bandaríkjadala til að standa straum af tilraunum og útbyggingu fyrsta hluta eldflaugavarnarkerfisins í Alaska.

Í mars 2003 var undirritaður í Moskvu samningur milli Rússlands og Bandaríkjanna sem kveður á um að hvort ríki fækki kjarnaoddum sínum í 1.700–2.200 á næstu tíu árum og gangi þannig mun lengra en gert var ráð fyrir að samið yrði um í SALT III samningnum. Samningurinn hefur verið staðfestur af löggjafarþingum beggja ríkja. Þessi samningur kveður ekki á um upprætingu þessara vopnakerfa, en samkvæmt honum þarf einungis að taka þau úr notkun. Ekki er heldur komið upp eftirlitskerfi með framkvæmd samningsins.

Samningur um baráttu gegn ólöglegri verslun með handvopn.

Á alþjóðaráðstefnu um baráttu gegn ólöglegri verslun með handvopn (United Nations Conference on the Illicit Trade in Small Arms and Light Weapons in All Its Aspects), sem fram fór í New York í júlí 2001, var fyrsta skrefið stigið í aðgerðum til að stemma stigu við þeirri vá og þeim óstöðugleika sem ólögleg handvopn hafa víða skapað. Skýr tengsl eru oft milli ólöglegrar vopnasölu annars vegar og hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi hins vegar.

Framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á ráðstefnunni skapar skilyrði fyrir bæði alþjóðlega og svæðisbundna samvinnu gegn ólöglegri verslun með handvopn sem gæti síðar leitt til bindandi alþjóðlegra samninga á þessu sviði. Á grundvelli framkvæmdaáætlunarinnar hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkt að stofna starfshóp sem á að hafa að markmiði að semja alþjóðasamning sem auðvelda á ríkjum að bera kennsl á og komast á spor ólöglegra handvopna. Starfshópurinn mun hefja störf í júní 2004.

Samkvæmt ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar á að kalla saman endurskoðunarráðstefnu eigi síðar en 2006 til þess að meta árangur þeirra aðgerða sem samkomulag náðist um.

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBT).

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (Comprehensive Test Ban Treaty – CTBT) er einn af merkari samningum í sögu afvopnunar, en hann kveður á um algert bann við hvers kyns tilraunakjarnasprengjum er tengjast þróun kjarnavopna. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 24. september 1996. Nú hafa 170 ríki undirritað samninginn og 109 ríki fullgilt hann. Ísland staðfesti samninginn þann 26. júní 2000. Mikilvægi samningsins liggur fyrst og fremst í því að samkvæmt honum er kjarnavopnaríkjum bannað

að framkvæma tilraunasprengingar með kjarnavopn jafnframt því sem hann hindrar ríki, sem ekki hafa yfir kjarnavopnum að ráða, að þróa slík vopn með aðstoð tilraunasprenginga. Hann takmarkar því þróun og endurbætur eldri kjarnavopna, kemur í veg fyrir þróun nýrra tegunda vopna og stuðlar þannig að því að markmiðið um útrýmingu kjarnavopna náist. Samningurinn hefur þá sérstöðu að í II. viðauka eru tilgreind 44 ríki, sem verða að fullgilda samninginn áður en hann getur tekið gildi, en það eru þau ríki sem hafa yfir kjarnavopnum eða kjarnaofnum að ráða. Til þessa hafa 32 af umræddum 44 ríkjum fullgilt samninginn, þ.m.t. Rússland, Bretland og Frakkland. Samningurinn gengur ekki í gildi fyrr en eftirfarandi ríki hafa einnig fullgilt hann: Bandaríkin, Kína, Kólumbía, Kongó, Egyptaland, Indland, Indónesía, Íran, Ísrael, Norður-Kórea, Pakistan og Víetnam.

Samningurinn kveður á um að sett verði á laggirnar alþjóðastofnun, Comprehensive Test Ban Treaty Organization (CTBTO), til að annast framkvæmd samningsins, en þar sem hann hefur ekki tekið gildi var komið á fót sérstakri undirbúningsnefnd (Preparatory Commission) í Vínarborg til að vinna að undirbúningi á staðfestingu samningsins. Meginverkefni undirbúningsnefndarinnar hefur verið að þróa alþjóðlegt eftirlitskerfi, sem byggist á neti um 340 eftirlitsstöðva, en slíkt eftirlitskerfi þarf að vera til staðar um leið og samningurinn tekur gildi. Tvær slíkar stöðvar eru á Íslandi, önnur til að mæla jarðhræringar og hin til að mæla geislavirkni. Stöðvarnar eru í Borgarfirði og í Reykjavík og hafa Geislavarnir ríkisins og Veðurstofa Íslands faglega umsjón með þeim. Einnig má nefna að íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Kögun hf. hefur unnið hugbúnað fyrir stofnunina. Á vegum CTBTO er enn fremur verið að þróa eftirlitskerfi, sem fæli í sér eftirlit og skoðun á vettvangi, ef grunsemdir vakna um brot á samningnum.

Í kjölfar alþjóðaráðstefnu sem haldin var í október 1999 í Vín til að hraða endanlegri gildistöku samningsins hafnaði bandaríska öldungadeildin samningnum, þrátt fyrir mikla áherslu Clintons, þáverandi forseta Bandaríkjanna, á framgang málsins. Í nóvember 2001 og september 2003 voru haldnar slíkar alþjóðaráðstefnur til að þrýsta á um fulla gildistöku samningsins, en því miður miðar hægt í þeim efnum. Það er samhljóða álit í fastaráði samningsins í Vínarborg að forsenda þess að samningurinn taki gildi sé staðfesting Bandaríkjanna, enda voru þau í fararbroddi þeirra ríkja sem beittu sér fyrir gerð samningsins og hafa enn fremur ekki gert tilraunir með kjarnavopn síðan 1992. Bandaríkin voru eitt af fyrstu ríkjunum til að skrifa undir samninginn 1996 en hafa nú lýst því yfir að þau muni ekki fullgilda hann að svo stöddu. Í framhaldi af því sóttu Bandaríkin ekki alþjóðaráðstefnuna sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir í New York í nóvember 2001.

Samningurinn um opna lofthelgi (Open Skies).

Samningurinn um opna lofthelgi (Open skies), sem fellur undir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, gekk í gildi 1. janúar 2002 en þá höfðu bæði Rússland og Hvíta-Rússland afhent vörsluríkjum samningsins fullgildingarskjöl sín. Þar með lauk langri biðstöðu, frá 24. mars 1992 þegar samningurinn var undirritaður. Samningurinn felur í sér að núverandi aðildarríki, 28 að tölu, geta á grundvelli tiltekins kvóta flogið eftirlitsflugvélum til hernaðarlegs eftirlits yfir landsvæði annars aðildarríkis. Samkvæmt samningnum má einnig beita flugvélunum til aðgerða til að forða átökum og til stjórnunar á hættutímum. Eftirlitsflugið getur einnig komið að gagni í öðrum tilgangi, svo sem vegna umhverfisverndar. Öll aðildarríkin hafa aðgang að þeim gögnum sem aflað er með eftirlitsfluginu og er samningurinn því ein af stoðum hins víðfeðma kerfis ÖSE um traustvekjandi aðgerðir. Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið verk við að þróa eftirlitið með tilraunaflugi. Aðildarríki samningsins um

opna lofthelgi funda reglulega í Vín og verður haldin sérstök endurskoðunarráðstefna um framkvæmd samningsins á næsta ári.

Samningurinn um hefðbundin vopn í Evrópu (CFE).

Framkvæmd samningsins um hefðbundin vopn í Evrópu hefur gengið mjög vel og fækkunarmörkum náð varðandi þær fimm tegundir vígbúnaðar sem samningurinn tekur til: skriðdreka, brynvarinna ökutækja, stórskotaliðsvopna, herþotna og árásarþyrlna. Í sumum tilvikum hefur jafnvel orðið fækkun umfram samningsskyldur en á móti skortir nokkuð á framkvæmd samningsins hvað varðar sérstakar svæðistakmarkanir. Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl 18.–19. nóvember 1999 var gengið frá samkomulagi um aðlögun samningsins að breyttum aðstæðum. Ljóst er að breyttur samningur mun tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu með verulega minni vopnabúnaði. Sérstök samráðsnefnd (Joint Consultative Group) starfar í Vínarborg og hefur yfirumsjón með framkvæmd samningsins um hefðbundin vopn í Evrópu.

Efnavopnasamningurinn (CWC)

Efnavopnasamningurinn (Chemical Weapons Convention, CWC) sem gekk í gildi 29. apríl 1997 kveður á um algert bann við framleiðslu og notkun efnavopna. Þau aðildarríki efnavopnasamningsins sem búa yfir efnavopnum skulu hafa lokið eyðingu þeirra tíu árum eftir gildistöku samningsins, eða fyrir lok apríl 2007 en þó með mögulegri framlengingu til 2012. Samningurinn mælir einnig fyrir um eyðileggingu tækja og tæknibúnaðar til framleiðslu efnavopna. Efnavopnasamningurinn bannar enn fremur öðrum ríkjum að afla sér þessara vopna. Framkvæmd samningsins hefur gengið hægar en gert var ráð fyrir við gildistöku hans, sem er áhyggjuefni, einkum vegna þess að ýmis efnavopn eru bæði auðveld og ódýr í framleiðslu og gætu enn komist í hendur hryðjuverkamanna. Í samningnum eru mikilvæg eftirlitsákvæði en eftirlit með framkvæmd hans er í höndum Efnavopnastofnunarinnar sem tók formlega til starfa 1997 og hefur aðsetur í Haag. Aðildarríki samningsins eru nú 161 og hafa 21 ríki til viðbótar undirritað en ekki fullgilt hann. Ísland gerðist aðili að efnavopnasamningnum daginn fyrir gildistöku hans, eða 28. apríl 1997.

Fyrsta endurskoðunarráðstefna samningsins var haldin í Haag frá 28. apríl til 9. maí 2003 þar sem samþykkt var samhljóða pólitísk yfirlýsing aðildarríkja. Áttundi fundur aðildarríkja var haldinn í Haag í október 2003.

Lífefnavopnasamningurinn (BWC).

Fimmta endurskoðunarráðstefna lífefnavopnasamningsins (Convention on the Prohibition of the Development, Production and Stockpiling of Bacteriological and Toxin Weapons and on their Destruction, BWC) hófst í Genf í nóvember 2001, var frestað um ár og var framhaldið í Genf í nóvember 2002. Samningurinn bannar framleiðslu og notkun lífrænna vopna og gekk hann í gildi árið 1975. Nú eiga 146 ríki aðild að samningnum. Sautján ríki til viðbótar hafa undirritað en ekki fullgilt hann. Ísland gerðist aðili að lífefnavopnasamningnum 15. febrúar 1973.

Í lokaskjali fimmtu endurskoðunarráðstefnunnar er ákvörðun um að halda fundi aðildarríkja árlega næstu þrjú árin og skal síðan halda sjöttu endurskoðunarráðstefnu samningsins eigi síðar en árið 2006. Í samræmi við framangreint var á árinu 2003 haldinn í Genf fundur aðildarríkja lífefnavopnasamningsins, að undangengnum sérfræðingafundi. Áhersluþættir fundarins voru annars vegar þær ráðstafanir sem aðildarríki þurfa að gera varðandi bönn sem samningurinn fer fram á, þar á meðal breytingar á refsilöggjöf, og hins vegar hvernig aðildar-

ríki skulu standa að öryggisráðstöfunum og umsjón með sjúkdómsvaldandi örverum og eiturefnum.

Á fundinum 2004 verður fjallað um hvernig hægt er að auka alþjóðleg viðbrögð við grunsamlegum sjúkdómsfaröldrum og meintri notkun á lífefnavopnum og hvernig hægt sé að styrkja alþjóðleg viðbrögð við smitsjúkdómum. Fundurinn sem haldinn verður 2005 mun taka fyrir siðareglur sérfræðinga.

Samningur gegn notkun jarðsprengja sem beinast gegn fólki (APM).

Fimmti fundur aðildarríkja samningsins gegn notkun jarðsprengja sem beinast gegn fólki (Convention on the Prohibition of the Use, Stockpiling, Production and Transfer of Anti-personnel Mines and on their Destuction – Ottawa Convention, APM) var haldinn í Bangkok í september 2003. Meginmarkmið samningsins, að koma í veg fyrir framleiðslu jarðsprengna sem beint er gegn fólki, hefur náðst og alþjóðleg viðskipti með þessi vopn hafa algerlega lagst af. Jarðsprengjusamningurinn hefur nú verið fullgiltur af 136 ríkjum og 12 ríki til viðbótar hafa undirritað en ekki fullgilt hann. Ísland gerðist aðili að samningnum 5. maí 1999, en hann gekk í gildi 1. mars 1999.

Ákveðið hefur verið að fyrsta endurskoðunarráðstefna samningsins verði haldin í Naíróbí í Kenía 29. nóvember til 3. desember 2004. Einn undirbúningsfundur hefur verið haldinn í Genf þar sem skipulag og drög að dagskrá fyrstu endurskoðunarráðstefnunnar var til umræðu. Næsti undirbúningsfundur verður haldinn í Genf í lok júní nk.

4. VARNARSAMSTARF ÍSLANDS OG BANDARÍKJANNA


4.1. Tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin.

Þann 11. september 2001 breyttist öryggisumhverfi vestrænna þjóða í einni svipan. Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin sýndu svo ekki var um villst að hryðjuverkaverkamenn og samtök þeirra voru reiðubúin til að leggja allt í sölurnar til að vekja athygli á málstað sínum. Hryðjuverkamönnum al Kaída-samtakanna tókst með samræmdum aðgerðum að myrða um þrjú þúsund manns. Ásetningurinn var slíkur að hryðjuverkamennirnir hikuðu ekki við að taka sitt eigið líf og þúsunda saklausra borgara.

Endurskipulagning herja í Evrópu og Norður-Ameríku fylgdi í kjölfarið auk aðgerða sem miða að því að auka innra öryggi, svo sem með auknu landamæraeftirliti. Markmiðið er að gera heri viðkomandi ríkja betur í stakk búna til að taka þátt í verkefnum á alþjóðlegum vettvangi og tryggja að mögulegt sé að vinna sameiginlega með öðrum herjum, hvort sem það er að verkefnum sem lúta að því að tryggja öryggi, þ.e. beinum hernaðaraðgerðum, eða til að styðja við uppbyggingar- og endurreisnarstarf á átakasvæðum.

Þessar breytingar hafa áhrif á Íslandi. Eftir lok kalda stríðsins var ljóst að viðbúnaður varnarliðsins í Keflavík minnkaði. Ekki var lengur nauðsynlegt að miða viðbúnað hér við þann möguleika að stríðsátök brytust út milli stórveldanna. Við fall Sovétríkjanna voru staðsettar hér 18 F-15 orrustuflugvélar. Þeim var fækkað niður í 12 og síðan niður í fjórar með bókun við varnarsamninginn 1994. Við þá breytingu var það sjónarmið haft að leiðarljósi að nauðsynlegt væri að geta haldið hér uppi virkum loftvörnum og ákveðnum fælingarmætti. Árið 1996 var önnur bókun gerð og sá skilningur staðfestur að hér skyldu vera til staðar að minnsta kosti fjórar orrustuflugvélar til að gæta lofthelgi landsins og tryggja öryggi og eftirlit á íslenska flugstjórnarsvæðinu auk þyrlubjörgunarsveitar sem styður við aðgerðir og björgun.

Með þessum breytingum eftir lok kalda stríðsins má segja að viðbúnaður varnarliðsins taki aðallega mið af öryggisumhverfi Íslands, bæði mikilli skipa- og flugumferð á svæðinu í kringum landið. Í þessu sambandi má nefna að öll Norðurlöndin telja loftvarnir hluta af eðlilegum varnar- og öryggisviðbúnaði. Til dæmis má nefna að Noregur hefur yfir að ráða tæplega 50 orrustuflugvélum, Danmörk og Finnland rúmlega 60 og Svíþjóð um 150. Öll ríkin telja það vera eitt af höfuðmarkmiðum sínum í öryggis- og varnarmálum að tryggja virkan viðbúnað í tengslum við loftvarnir landanna.



Kort: Flugmálastjórn Íslands


Íslenska flugupplýsingasvæðið nær frá 61° norður og upp eftir 00° lengdar að 73° norður og vestur að Grænlandsströnd. Flugstjórn stjórnar einnig flugumferð yfir stærstum hluta Grænlands í fluglagi 200 og ofar (um 20.00 fetum). Um 80 þúsund flug fara á hverju ári um íslenska flugumferðarstjórnarsvæðið, þar af rúmlega 55 þúsund yfirflug og um 23.500 flug til og frá landinu.

Bókunin frá 1996 rann út árið 2001 en hefur verið framkvæmd áfram. Eins og kunnugt er áttu sendinefndir Íslands og Bandaríkjanna viðræður um framtíðartilhögun varna Íslands á síðasta ári. Þann 24. júní 2003 kom sendinefnd til landsins til að ræða um nýja bókun og 12. desember 2003 kom hingað sameiginleg sendinefnd bandarískra utanríkis- og varnarmála-

ráðuneytisins til fundar við utanríkisráðherra. Sá fundur var haldinn í tengslum við fyrirhugaða endurskipulagningu á herafla Bandaríkjamanna í Evrópu.

Stefna Íslands í þeim samningaviðræðum sem fram undan eru um bókun við varnarsamninginn er að tryggja að hér verði áfram trúverðugur varnarviðbúnaður, þar á meðal virkar loftvarnir, og að varnarsamningurinn við Bandaríkin verði áfram einn af hornsteinum í öryggis- og varnarmálastefnu landsins.

Fjöldi liðsmanna á Keflavíkurflugvelli



Heimild: Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins

Varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli fækkaði talsvert í byrjun tíunda áratugarins. Mest var fækkun hermanna en vegna þess að sífellt fleiri hermenn geta komið með fjölskyldur sínar hingað til lands hefur heildarfækkun hermanna og fjölskyldna verið hlutfallslega minni. Gera má ráð fyrir að varnarliðsmönnum muni fækka um 220 manns ef ekki verður framhald á rekstri skipa- og kafbátaleitarflugvéla flotans á Keflavíkurflugvelli og vegna brottflutnings viðhaldsdeildar fyrir flugvélar flotans sem áætluð er á fyrri hluta þessa árs.

Frá upphafi aðildar að Atlantshafsbandalaginu var Ísland hluti af Atlantshafsherstjórn bandalagsins (Allied Command Atlantic – ACLANT) sem staðsett var í Norfolk. Í kjölfar leiðtogafundar bandalagsins í Prag í nóvember 2002 var ákveðið að endurskipuleggja herstjórnir bandalagins. Ein helsta breytingin var að fyrrum Atlantshafsherstjórn bandalagsins í Norfolk var lögð niður og ný stofnun sett á laggirnar sem hefur ábyrgð og umsjón með umbreytingu og aðlögun á hernaðarsviði og hernaðartækni bandalagins (Allied Command Transformation – ACT) og tók hún formlega til starfa 19. júní 2003. Samhliða þessu var herstjórnarforræði vegna Íslands flutt frá Norfolk til Evrópuherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (Supreme Headquarters Allied Powers Europe – SHAPE) í Mons í Belgíu. Undir Evrópuherstjórninni eru síðan tvær svæðisherstjórnir (Allied Forces North/South Europe – AFNORTH og AFSOUTH), annars vegar í Brunssum í Hollandi og hins vegar Napólí á Ítalíu.

Ísland heyrir nú undir svæðisherstjórn AFNORTH í herstjórnarkerfinu en sú herstjórn hefur umsjón með Evrópu norðan Alpafjalla, þar á meðal Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Hollandi, Íslandi, Lúxemborg, Noregi, Póllandi, Tékklandi og Þýskalandi og tilheyrandi hafsvæðum. Svæðisherstjórnin í Brunssum, AFNORTH, sér einnig um skipulagningu og stjórn-

un af hálfu Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegu friðargæsluliði (International Security Assistance Force – ISAF) í Afganistan en bandalagið tók formlega yfir friðargæsluverkefnið í Afganistan í febrúar 2004. Friðargæsluliðið í Afganistan starfar í umboði Sameinuðu þjóðanna.

Breytingar hafa einnig orðið á fyrirkomulagi herstjórnar Bandaríkjanna, en Ísland tilheyrir nú undir Evrópuherstjórn Bandaríkahers (United States European Command – EUCOM) sem hefur aðsetur í Stuttgart. Varnarliðið er nú hluti af herstjórnarskipulagi Evrópu í stað Ameríku áður.

4.2. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

Verkefni sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli hafa vaxið ört síðustu ár. Allt öryggisumhverfi í alþjóðaflugi hefur tekið breytingum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 og hefur aukinn öryggisviðbúnaður í tengslum við flugsamgöngur breytt varanlega öllum öryggismálum í flugi með tilheyrandi kostnaðarauka og fjölgun starfsmanna. Nú er allur farangur sem fer í borð um flugvélar gegnumlýstur í samræmi við reglur sem tóku gildi þann 1. janúar 2003 en fjölga þurfti starfsmönnum sýslumannsembættisins um 20 til að framfylgja þessum nýju reglum um gegnumlýsingu.

Sýslumannsembættið hefur tekið að sér ýmis verkefni á síðustu árum, til dæmis var tollafgreiðsla á hluta af þeirri frakt sem kemur með flugi flutt frá tollstjóranum í Reykjavík til sýslumannsembættisins í byrjun árs 2002. Þessi breyting gerir það að verkum að embættið tollafgreiðir í dag um það bil 20% af öllum vöruinnflutningi til landsins, en fyrir þessa breytingu var umfangið hjá embættinu tæp 3%. Verkefni sem áður tengdust Umsýslustofnun varnarmála hafa verið færð til embættisins, en sú stofnun var lögð niður í lok árs 2002. Vörur þær sem áður voru seldar með milligöngu þeirrar stofnunar eru nú tollafgreiddar af embættinu sem innflutningur á notuðum vörum. Þessi breyting hefur falið í sér mikinn sparnað og aukið eftirlit með innflutningnum. Þá tók sýslumannsembættið yfir hlutverk ráðningardeildar varnarmálaskrifstofu um síðustu áramót þegar ráðningarskrifstofan var sameinuð sýslumannsembættinu í hagræðingarskyni. Allar starfsumsóknir vegna starfa hjá varnarliðinu eru afgreiddar af sýslumannsembættinu.

Áberandi málaflokkur hjá embættinu á liðnu ári var aukinn fjöldi útlendinga sem reyndi með ólögmætum hætti að komast til landsins eða um flugvöllinn til annarra ríkja. Embættið hefur tekið þessi mál föstum tökum og í nokkrum tilvikum tekist að koma í veg fyrir mansal. Með liðsinni embættis ríkissaksóknara hafa og fengist stefnumarkandi niðurstöður í málefnum þeirra er ferðast á fölsuðum vegabréfum. Árangur fíkniefnadeildar tollgæslu var á liðnu ári athyglisverður og má sjá stöðuga aukningu í haldlagningu embættisins á ólöglegum fíkniefnum.

4.3. Skipulags-, byggingar- og umhverfismál.

Á sviði skipulags- og umhverfismála starfar sérstök nefnd, skipulags-, umhverfis- og byggingarnefnd varnarsvæða. Nefndin hefur sama hlutverk og sambærilegar nefndir sveitarfélaga en auk þess hefur hún samráð við varnarliðið og nágrannasveitarfélögin. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja annast heilbrigðiseftirlit innan varnarsvæða undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.


Auk venjubundinna verkefna að skipulags- og byggingarmálum hefur vinna við gerð nýs aðalskipulags fyrir Keflavíkurflugvöll verið eitt umfangsmesta verkefni nefndarinnar. Vegna vaxandi uppbyggingar í flugmálum, aukinnar flugumferðar og nýrra möguleika í loftflutningum hefur þörfin á heildarskipulagi fyrir framtíðarþarfir flugvallarsvæðisins á Keflavíkur-

flugvelli orðið aðkallandi. Allri undirbúningsvinnu við gerð skipulagsins er nú að mestu lokið og stefnt er að því að skipulagið taki gildi á þessu ári.

4.4. Atvinna Íslendinga á varnarsvæðum.

Í lok febrúar sl. störfuðu hjá varnarliðinu 885 Íslendingar. Heildarlaunakostnaður vegna starfa þeirra fyrir varnarliðið á árinu 2003 nam rúmum 56 millj. bandaríkjadala eða sem nemur tæpum 4,3 milljörðum íslenskra króna. Gengislækkun bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu hefur hækkað rekstrarkostnað varnarliðsins umtalsvert á síðustu missirum.

Í nóvember 2004 sagði varnarliðið upp um 100 íslenskum starfsmönnum og sagði jafnframt upp aksturssstyrkjum og aksturspeningum starfsmanna í sparnaðarskyni. Þann 1. mars 2004 rann uppsagnarfrestur út og eru íslenskir starfsmenn varnarliðsins nú um 785 talsins. Uppsagnirnar voru viðbrögð við lækkuðum framlögum bandaríska flotans til varnarliðsins en samkvæmt bandarískum fjárlögum var varnarliðinu gert að spara í rekstri á fjárlagaárinu 2003–2004 um rúmar 14 millj. bandaríkjadala. Þessar sparnaðaraðgerðir beindust ekki einungis gegn flotastöðinni í Keflavík heldur voru þær afleiðing ákvörðunar bandaríska flotans um sparnað á strandstöðvum vegna aukins kostnaðar við endurnýjun flotans og aukins úthalds á skipum flotans í tengslum við aðgerðir í Írak og Afganistan.




Heimild: Starfsmannahald varnarliðsins

Til viðbótar þeim sem starfa hjá varnarliðinu eru starfsmenn verktakafyrirtækja sem vinna við framkvæmdir og endurbætur á vegum varnarliðsins. Að meðaltali hafa starfað um 6–700 Íslendingar í tengslum við verklegar framkvæmdir innan varnarsvæða.

Varnarliðinu ber, að því marki sem unnt er, að ráða íslenska starfsmenn til framkvæmdar varnarsamningsins og skulu slíkar ráðningar fara fram með milligöngu íslenskra stjórnvalda. Til að fullnægja skilyrðum um milligöngu stjórnvalda við ráðningar til varnarliðsins hefur utanríkisráðuneytið um margra áratuga skeið rekið ráðningardeild varnarmálaskrifstofu á Suðurnesjum. Um áramótin var ráðningardeildin sameinuð sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli í hagræðingarskyni, eins og áður segir. Til að tryggja að kaup og kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins fari að íslenskum lögum og venjum hefur frá árinu 1952 verið

starfrækt kaupskrárnefnd varnarsvæða. Reglugerðir nefndarinnar eru endurskoðaðar reglulega af varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og kaupskrárnefnd gerir grein fyrir ákvörðunum í ársskýrslu sinni.



Heimild: Seðlabanki Íslands. Tölur fyrir 2003 eru bráðabirgðatölur

Samfara samdrætti í umsvifum varnarliðsins hafa efnahagsleg áhrif af veru varnarliðsins farið minnkandi á síðustu árum. Þegar umsvifin voru sem mest á níunda áratugnum hafði vera varnarliðsins hér á landi mun meiri efnahagslega þýðingu. Á árinu 1982 námu tekjur af veru varnarliðsins rúmlega 8% af útflutningstekjum þjóðarinnar og um 3% af landsframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands fyrir árið 2003 voru tekjurnar 3,9% af útflutningstekjum þjóðarinnar og 1,5% af landsframleiðslu.

4.5. Verktaka fyrir varnarliðið.

Í maí árið 2001 var, með vísan til erindaskipta sem fylgdi bókun við varnarsamninginn frá 1996, undirritaður samningur um framtíðarfyrirkomulag verktöku vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins hér á landi. Meðal annars var samið um að á tímabilinu 2001–2004 yrði stigvaxandi hluti verklegra framkvæmda varnarliðsins boðinn út. Á árinu 2001 voru 30% verkframkvæmda yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum boðin út, 50% árið 2002, 67% árið 2003 og í lok ársins 2004 verða öll verk fyrir varnarliðið boðin út. Varnarliðið hefur lýst ánægju sinni með útboðin og þann fjárhagslega ávinning sem af þeim hefur leitt fyrir verklegar framkvæmdir varnarliðsins. Forvalsnefnd á vegum utanríkisráðuneytisins hefur séð um forval vegna þeirra verkefna sem boðin eru út á vegum varnarliðsins. Fyrirhugað er að sett verði á laggirnar sameiginleg forvalsnefnd, skipuð fulltrúum íslenskra og bandarískra stjórnvalda, samkvæmt ákvæðum samningsins frá 2001. Þá hefur verið ákveðið að almennt forval fyrir verktöku á vegum varnarliðsins verði auglýst með reglulegu millibili. Íslenskir verktakar sem áhuga hafa á að bjóða í verk geta þá sent inn umsókn um að komast í forvalshóp vegna umræddra verkefna. Sameiginlega forvalsnefndin meti síðan hæfi umsækjenda og þeir sem samþykktir verða hafa tímabundna heimild í eitt eða tvö ár til að bjóða í verk á vegum

varnarliðsins sem þeir hafa tæknilega og fjárhagslega getu til. Þetta mun leiða til mun minni vinnu fyrir bæði íslenska verktaka, varnarliðið og forvalsnefnd þar sem ekki mun þurfa að senda inn forvalsumsóknir fyrir hvert einasta verk sem boðið verður út á vegum varnarliðsins.


4.6. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli annast alla flugumferðarþjónustu á Keflavíkurflugvelli og stjórnar aðflugi og brottflugi fyrir Reykjavíkurflugvöll. Keflavíkurflugvöllur þjónar bæði hernaðarlegu og borgaralegu flugi og hefur varnarliðið annast viðhald á athafnasvæðum flugvéla, þ.e. flugbrautum, flugvélaakbrautum og flugvélastæðum, jafnframt því að sjá um snjóhreinsun og hálkuvarnir á þessum svæðum. Varnarliðið leggur einnig til húsnæði og búnað flugturns auk slökkviliðs á flugvellinum. Flugmálstjórn sér að mestu leyti um snjóhreinsun og hálkuvarnir á flughlaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og fraktflughlaði sem tekið var í notkun í sumarið 2003.


Öryggismál er lykilatriði í starfsemi Flugmálastjórnar. Alþjóðlegar kröfur til flugverndar hafa verið hertar til muna á síðustu árum. Flugmálastjórn hefur þess vegna staðið fyrir umfangsmikilli þjálfun og kennslu í öryggisfræðum fyrir starfsmenn ýmissa embætta og stofnana vegna sprengjuleitar í farangri. Nýlega var haldið námskeið í flugvernd þar sem öllu starfsfólki fyrirtækja í flugrekstri og starfsfólki Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar voru kennd undirstöðuatriði flugverndar.

Flugmálastjórnin er framkvæmdaraðili gatna- og holræsagerðar auk lóðarfrágangs í samræmi við gildandi deiliskipulag á flugþjónustusvæðinu. Stofnunin hefur á undanförnum árum unnið að aðalskipulagi svæðisins. Með aukinni flugumferð, fjölgun farþega og aukningu völuflutninga um flugvöllinn hafa flugþjónustufyrirtæki sóst eftir að byggja upp starfsemi á flugvallarsvæðinu.

Árið 2003 jókst umferð í borgaralegu flugi um Keflavíkurflugvöll um 8,2% miðað við árið á undan en farþegum um flugstöðina fjölgaði úr 1.220 þús. í 1.370 þús. farþega eða um 12 % á milli 2002 og 2003. Örlítill samdráttur var í flugfrakt og pósti og nam hann ríflega 3%. Á meðfylgjandi töflum má sjá fjölda lendinga í borgaralegu flugi á Keflavíkurflugvelli sem og fjölda farþega á árunum 2002–2003:




Heimild: Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli



4.7. Ratsjárstofnun

Ratsjárstofnun annast framkvæmd milliríkjasamninga sem gerðir voru á árunum 1987 og 1988 um viðhald og rekstur á hug- og vélbúnaði fyrir íslenska loftvarnakerfið.

Meginþættir íslenska loftvarnakerfisins sem falla undir stofnunina eru ratsjárstöðvar á fjórum landshornum og hugbúnaðarstöð staðsett í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Stofnunin sér um rekstur, viðhald og endurnýjun búnaðar á þessum stöðvum í náinni samvinnu við Bandaríkjamenn. Langdrægni hverrar ratsjár er um 250 sjómílur í þotuflughæðum.




Kort: Ratsjárstofnun.

Ratsjárnar gera það mögulegt að fylgjast stöðugt með allri flugumferð innan sjónsviðs þeirra. Ratsjárupplýsingarnar eru nýttar af varnarliðinu, Flugmálastjórn Íslands og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.

Ratsjár-, fjarskipta- og tölvubúnaðurinn er í sífelldri endurnýjun. Sem dæmi má nefna að verið er að smíða nýtt gagnasamskiptakerfi sem mun kosta um 24 millj. bandaríkjadala. Þetta er svokallað Link 16 kerfi sem mun gefa Atlantshafsbandalaginu og varnarliðinu aukna möguleika við flugeftirlit og gagnvirka upplýsingastjórnun á svæðinu. Notkun þessa kerfis mun auka öryggi til muna en það á að vera komið í notkun á árinu 2005. Með stöðugri og markvissri endurnýjun íslenska loftvarnakerfisins er tryggt að það sé ætíð svo fullkomið sem frekast er völ á.

Hjá Ratsjárstofnun starfa um 80 manns. Einnig starfa rúmlega 20 Íslendingar á vegum undirverktakans Kögunar við rekstur hugbúnaðarstoðkerfisins í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins greiddi allan byggingarkostnað við endurnýjun mannvirkja og búnaðar íslenska loftvarnakerfisins, en bandarískt flugherinn greiðir rekstrarkostnað. Kostnaður við rekstur Ratsjárstofnunar er um 14 millj. bandaríkjadala á ári.



5. FRIÐARGÆSLA, MANNÚÐARMÁL OG NEYÐARAÐSTOÐ

5.1. Starfsemi Íslensku friðargæslunnar.

Starfsemi Íslensku friðargæslunnar á árunum 2002 og 2003 var í samræmi við sett markmið, en alls voru að störfum 20–25 borgaralegir sérfræðingar á erlendri grund árið 2003 og rúmlega 40 árið 2003, þó mest 25 á hverjum tíma. Um var að ræða þátttöku í friðaraðgerðum á vegum Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) á Balkanskaga auk lögreglumanna er störfuðu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Að auki hefur friðargæslan styrkt störf UNIFEM í Kosóvó frá árinu 1998 með því að útvega jafnréttissérfræðinga til starfa á vegum samtakanna að málefnum kvenna í héraðinu. Reynslan af þessu samstarfi er góð og verður því haldið áfram. Einnig var ákveðið að styrkja friðarviðleitni Norðmanna á Sri Lanka með þátttöku íslenskra friðargæsluliða í sendinefnd þeirra á eyjunni.

Kosningaeftirlit er vaxandi þáttur í starfi Íslensku friðargæslunnar og þá einkum í samstarfi við ÖSE. Á árinu 2002 sendi Ísland fulltrúa í kosningaeftirlit vegna sveitarstjórnarkosninga í Kosóvó-héraði og einnig vegna þingkosninga og kosninga til forsætisráðs í Bosníu og Hersegóvínu. Þátttaka Íslands í kosningaeftirliti stofnunarinnar var aukin 2003 og tóku íslenskir kosningaeftirlitsfulltrúar þátt í kosningaeftirliti vegna þing- og forsetakosninga í

Georgíu, forsetakosninga í Aserbaídsjan og þingkosninga í Rússlandi. Í ár hafa kosningaeftirlitsmenn þegar farið til að fylgjast með forsetakosningum í Rússlandi.

5.1.1. Flugvöllurinn í Pristína.

Samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins var á árinu 2002 ákveðið að Íslenska friðargæslan skyldi taka við yfirstjórn á rekstri flugvallarins í Pristína í Kosóvó af ítalska flughernum. Hópur sérfræðinga, þar á meðal flugumferðarstjórar og slökkviliðsmenn, tóku til starfa á flugvellinum í október 2002, en Ísland tók formlega við stjórn rekstursins við athöfn sem fram fór 3. mars 2003 að viðstöddum utanríkisráðherra. Íslenskir starfsmenn friðargæslunnar á flugvellinum í Pristína voru alls um 15 talsins þegar mest var, auk yfirmanns, en undir stjórn Íslands störfuðu tæplega 200 liðsmenn herja frá 13 öðrum þjóðum. Á þessum tíma hefur rekstur flugvallarins verið færður til samræmis við alþjóðlega staðla og reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Horft hefur verið til framtíðar með þjálfun heimamanna. Um er að ræða rúmlega 50 slökkviliðsmenn og 20 flugumferðarstjóra, sem gert er ráð fyrir að starfi við flugvöllinn þegar heimamenn taka að fullu við rekstri hans. Gengið hefur verið frá samningi við Sameinuðu þjóðirnar um að sveitir þeirra (United Nations Interim Administration Mission in Kosovo, UNMIK) taki við rekstri flugvallarins af Íslendingum frá 1. apríl 2004. Samkvæmt samningnum mun Flugmálastjórn Íslands sjá um að framfylgja alþjóðlegum stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á Pristína-flugvelli um óákveðinn tíma eftir 1. apríl 2004. Nokkrir starfsmenn Flugmálastjórnar verða því við störf í Pristína enn um sinn. Þetta fyrirkomulag er nýmæli í flugsögu Íslands og ef til vill fyrstu skrefin að aukinni útrás á þessu sviði.

Starf Íslendinga í Kosóvó og þá sérstaklega á flugvellinum í Pristína hefur vakið verðskuldaða athygli og íslensk stjórnvöld fengið þakkir fyrir. Heimamenn hafa fagnað þeirri áherslu sem lögð hefur verið á þjálfun þeirra og aðkomu að starfsemi flugvallarins.

5.1.2. Flugvöllurinn í Kabúl.

Við yfirtöku Atlantshafsbandalagsins á friðaraðgerðum í og við Kabúl, höfuðborg Afganistans, voru íslensk stjórnvöld enn á ný beðin um aðstoð við stjórn flugvallarins. Hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að verða við þeirri beiðni og er stefnt að því að Íslendingar taki við stjórn hans 1. júní 2004. Á flugvellinum verða um 500 starfsmenn undir stjórn íslensks flugvallarstjóra en alls er gert ráð fyrir að 15 Íslendingar starfi þar samtímis. Við flugvöllinn eru starfsmannabúðir fyrir 1.100 manns og falla þær einnig undir stjórn Íslendinga. Atlantshafsbandalagið mun greiða allan kostnað af útbúnaði og rekstri flugvallarins, en aðildarríkin munu greiða laun, uppihald og ferðir starfsmanna. Gert er ráð fyrir því að starfstími Íslendinga á flugvellinum verði um þrír mánuðir í hvert sinn, en að verkefnið í heild sinni taki eitt til tvö ár. Ljóst er að þetta verkefni verður mun umfangsmeira en verkefnið í Pristína sem að framan er getið. Undirbúningsþjálfun fyrir þá Íslendinga sem fara til starfa í Kabúl mun fara fram í Noregi.

5.1.3. Efling friðargæslunnar.

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 25. október 2002 var ákveðið að efla starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Gert er ráð fyrir að því markmiði sem sett hafði verið fyrir árið 2008 verði náð 2006 þannig að þá þegar verði heildarfjöldi útsendra starfsmanna á hverjum tíma alls 50 og heildarfjárveiting til starfseminnar nemi alls 550 millj. kr. Þessi ákvörðun var kynnt sérstaklega á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag haustið 2002 sem framlag Íslands

til sameiginlegra skuldbindinga bandalagsins á sviði friðaraðgerða. Atlantshafsbandalagið féllst á að gera ráð fyrir umræddu fyrirkomulagi í aðgerðaáætlunum sínum.

Á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar eru nú um 185 manns. Öryggis- og kynningarnámskeið fyrir alla þátttakendur viðbragðslistans eru haldin 27.–28. mars og 17.–18. apríl 2004.

5.1.4. Mannúðarmál og neyðaraðstoð.

Íslenska friðargæslan hafði milligöngu um að alþjóðasveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar, rústabjörgunarsveitin, var send á vettvang í kjölfar jarðskjálfta í Alsír árið 2003. Í lok febrúar 2004 var sveitin enn fremur send til Marokkó vegna jarðskjálfta þar.

Þegar miklir jarðskjálftar riðu yfir Bam í Íran um jólin 2003 könnuðu Íslenska friðargæslan og Slysavarnarfélagið Landsbjörg hvort þörf væri á að senda rústabjörgunarsveitina til aðstoðar. Að ráði OCHA, samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðaraðstoðarmálum, var ákveðið að sveitin skyldi ekki send á vettvang að þessu sinni. Þess í stað beitti utanríkisráðherra sér fyrir því að fé og hjálpargögn, að andvirði 10 millj. kr., voru send til Íran fyrir milligöngu Rauða kross Íslands.

5.1.5. Samstarf við alþjóðastofnanir.

Á árinu 2003 var undirritaður samstarfssamningur milli matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (World Food Programme – WFP) og Íslensku friðargæslunnar. Samkvæmt samningnum tekur friðargæslan að sér að útvega sérstaka fulltrúa (Reports Officers). Hlutverk þeirra er að taka saman skýrslur um ástand á svæðum þar sem neyðarástand ríkir eða er yfirvofandi.

6. EVRÓPUMÁL

6.1. Almennt.

Undanfarin tvö ár hafa verið viðburðarík í Evrópusamstarfinu. Ber þar hæst stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Stækkunarviðræðurnar voru um margt erfiðar en niðurstaðan sem náðist, og frá verður greint hér á eftir, var ásættanleg og raunar betri en á horfðist um tíma. Þá má segja að stækkunarviðræðurnar hafi beint sjónum manna í Evrópusambandinu í auknum mæli að EES-samstarfinu á ný og fram kom greinilegur vilji allra aðildarríkja til að tryggja áframhald samstarfsins í stækkuðu Evrópusambandi. Í stækkunarviðræðunum var samþykkt að koma á fót nýjum þróunarsjóði EFTA. Sjóðurinn býður upp á aukin tækifæri fyrir samvinnuverkefni íslensks atvinnulífs með nýju aðildarríkjunum á sviðum þar sem íslensk sérþekking er í fyrirrúmi, eins og fiskvinnslu og nýtingu jarðvarma. Í þessum kafla verður greint frá þeim málum sem nú eru efst á baugi í Evrópusamstarfinu. Að venju er af nógu að taka og verður því stiklað á stóru í þessari umfjöllun.

6.2. Verndaraðgerðir gegn innflutningi á eldislaxi.

Framkvæmdastjórn ESB ákvað nýlega að hefja formlega rannsókn á því hvort grípa eigi til verndaraðgerða gegn innflutningi á eldislaxi vegna erfiðrar rekstrarstöðu fiskeldisfyrirtækja á Skotlandi og Írlandi. Kemur ákvörðunin í kjölfar beiðni Breta og Íra um að gripið verði til slíkra aðgerða.

Utanríkisþjónustan hefur fylgst grannt með framvindu þessa máls og haft samráð við landbúnaðarráðuneytið og hagsmunaaðila um viðbrögð íslenskra stjórnvalda. Útflutningur á eldislaxi frá Íslandi til Evrópusambandsins hefur aukist á allra síðustu árum. Þar skiptir

mestu tilkoma fyrirtækisins Sæsilfurs, sem rekur laxeldisstöð í Mjóafirði, en Evrópusambandið er mikilvægasta markaðssvæðið fyrir afurðir þess fyrirtækis. Önnur fiskeldisfyrirtæki sem flytja út á Evrópumarkað eru Salar, sem rekur laxeldisstöð í Berufirði, og Rifós, sem rekur laxeldisstöð í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hugsanlegar verndaraðgerðir á eldislaxi frá Íslandi til Evrópusambandsins kynnu að reynast mikið reiðarslag fyrir þessa atvinnugrein. Hafa ber í huga að fiskeldi hér á landi er enn að slíta barnsskónum og kynni skyndileg lokun markaða eða ákvörðun um að setja innflutningskvóta sem byggðar eru á sögulegum útflutningi að hafa alvarleg áhrif á framtíð greinarinnar.

Ákvæði um beitingu slíkra verndaraðgerða er að finna í reglugerð Evrópusambandsins frá árinu 1994. Þau byggjast á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir. Helstu efnisskilyrði fyrir beitingu verndarráðstafana eru eftirfarandi:

- innflutningur vörunnar á yfirráðasvæði viðkomandi aðila hafi aukist verulega,
- aukinn innflutningur valdi innlendri atvinnugrein alvarlegum skaða eða hætta sé á slíkum skaða.

Á þessari stundu ekki hægt að fullyrða neitt um hvort Evrópusambandið muni ákveða að grípa til slíkra aðgerða eða hver framvinda málsins verður að öðru leyti. Utanríkisþjónustan mun leggja ríka áherslu á að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við Evrópusambandið og kanna hvort finna megi lausn sem kæmi í veg fyrir að hugsanlegar verndaraðgerðir hefðu skaðvænleg áhrif á hagsmuni íslenskra fiskeldisfyrirtækja. Í því skyni hafa fulltrúar stjórnvalda þegar átt fundi með háttsettum embættismönnum framkvæmdastjórnar ESB sem hafa sýnt sjónarmiðum Íslands skilning. Þá hafa íslensk stjórnvöld sent framkvæmdastjórn ítarlega greinargerð um málið til framkvæmdastjórnar. Endanleg ákvörðun um verndaraðgerðir verður væntanlega ekki tekin fyrr en síðar á þessu ári eða jafnvel í byrjun næsta árs.

6.3. Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu samhengi.

Utanríkisráðuneytið hefur með ýmsum hætti leitast við að stuðla að markvissri umræðu um ýmis Evrópumál sem varða hagsmuni Íslands. Má þar nefna að sumarið 2002 var, að frumkvæði utanríkisráðherra, myndaður starfshópur til að fjalla um óvissuþætti varðandi stöðu íslensks landbúnaðar að teknu tilliti til Doha-lotunnar á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og alþjóðavæðingar, þ.m.t. til samrunaþróunarinnar í Evrópu. Í hópnum störfuðu fulltrúar Bændasamtaka Íslands, utanríkisráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember 2003. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að innganga Íslendinga í Evrópusambandið nú, í samanburði við núverandi stuðningskerfi ríkisins við landbúnaðinn, mundi m.a. valda samdrætti og tekjumissi í landbúnaði og afurðastöðvum. Þessu valda einkum breytingar sem gera má ráð fyrir að yrðu á markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og innfluttrar. Stefnuákvarðanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), sem að líkindum koma til framkvæmda eftir 2006, geta hugsanlega kallað á endurskoðun viðhorfa í íslenskum landbúnaðarmálum. Skýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

6.4. Möguleikar sveitarstjórna á Íslandi til áhrifa innan EES.

Utanríkisráðuneytið hefur eftir því sem kostur er fylgst með þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað hjá Evrópusambandinu um málefni sveitarstjórnarstigsins. Árið 2001 kom ráðuneytið á fót sérstökum starfshópi ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga um EES og sveitarfélögin. Starfshópurinn hefur m.a. staðið fyrir tveimur stórum ráðstefnum um EES og sveitarfélögin á árunum 2002 og 2003. Markmiðið með slíku samstarfi ríkis og sveitarfélaga

er að sveitarfélögin geti sem best gætt hagsmuna sinna að því er varðar EES-samninginn, einkum þegar löggjöf er í undirbúningi hjá Evrópusambandinu.

Að tillögu starfshópsins fól utanríkisráðuneytið hópnum í mars 2003 að vinna skýrslu um framtíðartilhögun á samstarfi ríkis og sveitarfélaga um EES-mál. Þar átti og að finna tillögur, sem lagðar yrðu fyrir ríkisstjórn, um hvernig þessu samstarfi yrði best háttað. Starfshópurinn skilaði skýrslunni fyrr á þessu ári og var skýrslan kynnt í ríkisstjórn nú í febrúar. Þar er að finna fjölmargar tillögur um fyrirkomulag á samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Til að mynda er lagt til að ríki og sveitarfélög eigi með sér formlegt og skipulagt samstarf um EES-mál og að utanríkisráðuneytið beiti sér fyrir því að komið verði á sérstakri nefnd á vettvangi EFTA, hliðstæðri héraðanefnd Evrópusambandsins, sem skipuð yrði fulltrúum sveitarfélaga. Enn fremur er lagt til að kannað verði með samstarf ríkis og sveitarfélaga um rekstur skrifstofu til hagsmunagæslu í Brussel svo og aðstöðu fyrir sveitarstjórnarmann í starfsnámi í sendiráði Íslands í Brussel. Þessar tillögur eru nú til skoðunar í utanríkisráðuneytinu og hefur nú þegar verið kallað eftir tilnefningum fulltrúa til setu í starfshópnum. Skýrsluna er að finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

6.5. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins.

Hinn 11. nóvember 2003 undirritaði Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra samning um aðild tíu nýrra ríkja að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi ríki eru Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Malta, Pólland, Slóvenía og Slóvakía. Kemur stækkun EES í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins og mun stækkað EES verða sameiginlegt efnahagssvæði 28 Evrópuríkja með yfir 450 milljónir íbúa.

Aðdragandi stækkunarinnar

Aðdragandi stækkunar ESB og EES má rekja allt aftur til loka kalda stríðsins og endurreisnar lýðræðis í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Eftir að ríkin í austurvegi endurheimtu stjórnarfarslegt sjálfstæði sitt hafa þau lagt á það ríka áherslu að verða fullgildir þátttakendur í samvinnu og samstarfi Evrópuþjóða. Hafa þau litið á aðild að Evrópusambandinu sem mikilvægan áfanga á þeirri leið.

Leiðtogar Evrópusambandsins ákváðu á fundi sínum í Kaupmannahöfn árið 1993 að þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem kysu að sækjast eftir aðild að ESB skyldi vera gefinn kostur á því. Á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn voru jafnframt sett fram helstu skilyrðin fyrir aðild að Evrópusambandinu. Meginskilyrðið er virðing fyrir lýðræði og mannréttindum. Þá þarf ríki sem sækist eftir inngöngu í Evrópusambandið að búa við pólitískan stöðugleika, lýðræði og réttarríki og virða réttindi minnihlutahópa. Enn fremur þarf nýtt aðildarríki að búa við markaðsbúskap og vera í stakk búið til að taka þátt í innri markaðnum. Að lokum þarf nýtt aðildarríki að geta lagt sitt af mörkum til framtíðarþróunar sambandsins. Þessi skilyrði eru jafnan kennd við fyrrgreindan fundarstað leiðtoganna og nefnd „Kaupmannahafnar-skilyrðin".

Á fundi leiðtoga Evrópusambandsins í Lúxemborg árið 1997 var ákveðið að hefja stækkunarferli ESB með formlegum hætti. Ári síðar hófust formlegar aðildarviðræður við Eistland, Pólland, Slóveníu, Tékkland, Ungverjaland og Kýpur. Er þessi hópur ríkja yfirleitt kenndur við leiðtogafundinn í Lúxemborg og kallaður Lúxemborgar-hópurinn. Á leiðtogafundinum í Helsinki árið 1999 var ákveðið að hefja jafnframt samningaviðræður við Búlgaríu, Lettland, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Möltu. Þessi hópur ríkja nefnist Helsinki-hópurinn og hófust viðræður um aðild þessara ríkja um mitt árið 2000. Öll framangreind ríki voru talin uppfylla

hin stjórnarfarslegu skilyrði fyrir aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar var talið vafasamt að Búlgaríu og Rúmeníu tækist að uppfylla efnahagsleg skilyrði aðildar.

Samningaviðræður um aðild umsóknarríkjanna að Evrópusambandinu voru bæði tímafrekar og vandasamar. Eru skýringar þess vafalaust margvíslegar. Í fyrsta lagi má benda á að aldrei áður hefur Evrópusambandið átt í viðræðum um aðild jafnmargra ríkja í einu. Í öðru lagi er rétt að hafa í huga að flest umsóknarríkjanna standa núverandi aðildarríkjum nokkuð að baki í efnahagslegu tilliti og hvað varðar þróun markaðsbúskapar. Hafa ber í huga að við aðild að Evrópusambandinu verður nýtt aðildarríki að taka yfir alla gildandi löggjöf Evrópusambandsins. Í mörgum tilfellum var hins vegar nauðsynlegt að semja um aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart umsóknarríkjunum. Þar sem löggjöf Evrópusambandsins spannar vítt svið og ríkin sem sátu að samningaborðinu hafa ólíkra hagsmuna að gæta var oft vandfundin niðurstaða sem allir gátu sætt sig við. Sum málefni reyndust sérstaklega viðkvæm í þessum samningaviðræðum. Má þar nefna styrkveitingar til umsóknarríkjanna úr byggða- og þróunarsjóðum Evrópusambandsins, þátttöku umsóknarríkjanna í sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins og frjálsa för launþega frá umsóknarríkjunum til núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins.

Samningaviðræðunum lauk síðan á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Kaupmannahöfn í desember 2002 þar sem endanlegt samkomulag náðist um aðild umsóknarríkjanna að Evrópusambandinu, að Búlgaríu og Rúmeníu undanskyldum. Stefnt er að því að ljúka samningum við þau ríki árið 2007. Á grundvelli samkomulagsins sem náðist í Kaupmannahöfn var aðildarsáttmáli við nýju aðildarríkin undirritaður í Aþenu þann 16. apríl 2003 og mun stækkunin koma til framkvæmda hinn 1. maí 2004.

Viðræður um stækkun EES.

EES-samningurinn gerir ráð fyrir að nýjum aðildarríkjum ESB beri einnig að sækja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu skv. 128. gr. EES-samningsins. Af þessum sökum var nauðsynlegt að hefja viðræður um þátttöku nýju aðildarríkjanna í Evrópska efnahagssvæðinu um leið og samkomulag hafði náðst um aðild þeirra að Evrópusambandinu. Hófust þær viðræður í byrjun janúar 2003.

Meginmarkmið þessara viðræðna var að tryggja samhliða stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, þannig að nýju aðildarríkin verði samtímis aðilar að Evrópusambandinu og EES-samningnum. Í því skyni þurfti að semja um nauðsynlegar aðlaganir á EES-samningnum vegna aðildar hinna tíu nýju EES-ríkja að samningnum. Full samstaða var á milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins um að fella skyldi þær aðlaganir, sem samið hafði verið um í aðildarviðræðum Evrópusambandsins við nýju aðildarríkin, inn í EES-samninginn, að svo miklu leyti sem þær vörðuðu efnissvið samningsins.

Helsta samningsmarkmið Íslands í stækkunarviðræðunum var að tryggja að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins leiddi ekki til slakari viðskiptakjara en fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við nýju samningsaðilana höfðu þegar tryggt. Af þeim sökum lögðu Ísland og Noregur áherslu á frekari tollalækkanir vegna viðskipta með sjávarafurðir. Var sú krafa byggð á því að með aðild hinna nýju aðildarríkja að Evrópusambandinu mundu fríverslunarsamningar sem flest þessara ríkja höfðu gert við EFTA-ríkin falla úr gildi, en í þeim samningum var m.a. kveðið á um fulla fríverslun með sjávarafurðir. Lögðu bæði Noregur og Ísland ríka áherslu á að stækkun Evrópska efnahagssvæðisins yrði ekki til að hindra viðskipti með sjávarafurðir til nýju aðildarríkjanna. Sérstaklega hefðu slíkar tollahækkanir komið niður á útflutningi síldarafurða frá Íslandi til nýju aðildarríkjanna.

Af hálfu Evrópusambandsins lagði framkvæmdastjórnin hins vegar áherslu á aukin framlög EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðs EFTA. Í upphafi viðræðnanna krafðist framkvæmdastjórnin margfaldarar hækkunar á framlagi EES/EFTA-ríkjanna til þróunarsjóðsins. EES/EFTA-ríkin mótmæltu þessari kröfu og töldu að engar forsendur væru fyrir slíkum fjárkröfum af hálfu Evrópusambandsins.

Í samningaviðræðunum reyndust þessi tvö málefni erfiðust viðfangs. Eftir þriggja mánaða samningaviðræður, þar sem lengst af bar himin og haf milli aðila, virtist sameiginleg niðurstaða vera í sjónmáli í aprílbyrjun. Þegar til átti að taka hafði þó framkvæmdastjórninni láðst að tryggja sér stuðning hinna nýju samningsaðila við þá niðurstöðu. Það voru sérstaklega fiskinnflutningsþjóðirnar Pólland og Eystrasaltsríkin þrjú sem lýstu yfir óánægju sinni. Eftir tveggja mánaða viðræður þeirra í millum, einkum milli framkvæmdastjórnarinnar og Pólverja, náðist endanlegt samkomulag. Samningaviðræðunum lauk 3. júlí 2003 með áritun samnings um þátttöku nýju samningsaðilanna í EES.

Undirritun stækkunarsamningsins.

Samningur um stækkun EES var hins vegar ekki undirritaður af EFTA-ríkjunum fyrr en 11. nóvember 2003. Fyrir þessari seinkun voru í meginatriðum tvær ástæður. Í fyrsta lagi var ekki gengið frá endanlegum samningsdrögum fyrr en í byrjun júlí vegna ágreinings milli Eystrasaltsríkjanna og Póllands við Evrópusambandið, en sá ágreiningur var okkur óviðkomandi. Af þeim sökum varð að fresta formlegri undirritun samningsins til haustsins. Undirritunin átti síðan að eiga sér stað 14. október í Lúxemborg og raunar undirrituðu nýju aðildarríkin og núverandi aðildarríki Evrópusambandsins þá samninginn, að undanskildu formennskuríkinu Ítalíu. En þegar til kom neitaði ríkisstjórn Liechtenstein að undirrita samninginn þar sem Liechtenstein taldi að Slóvakía og Tékkland hefðu ekki viðurkennt sjálfstæði þjóðarinnar með fullnægjandi hætti.

Þegar afstaða Liechtenstein var okkur ljós töldu Íslendingar og Norðmenn rétt að sýna þessari nánu samstarfsþjóð okkar þann stuðning að bíða með undirritun samningsins þannig að ráðrúm gæfist til þess að setja niður þessa deilu. Hins vegar var ljóst að þessi deila var mjög viðkvæm af hálfu allra aðila. Utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, átti í kjölfarið fundi með utanríkisráðherrum Liechtenstein, Tékklands og Slóvakíu til þess að freista þess að koma í veg fyrir að þessi deila kæmi í veg fyrir stækkun EES. Að lokum féllst Liechtenstein á að undirrita stækkunarsamninginn og var hann því undirritaður af EFTA-þjóðunum þremur 11. nóvember sl. í Vaduz.

Meginefni stækkunarsamnings.

Niðurstaða samningaviðræðnanna gerir ráð fyrir því að stofnaður verði nýr þróunarsjóður EFTA (sem nefnist fjármagnskerfi EES í samningnum). Framlög EFTA-ríkjanna til sjóðsins verða fimmfalt hærri en þau hafa verið síðustu fimm árin. Er þessi niðurstaða fjarri upphaflegum kröfum Evrópusambandsins og verður hún í því ljósi að teljast viðunandi fyrir EES/EFTA-ríkin.

Þá gerir samkomulagið enn fremur ráð fyrir því að Evrópusambandið felli niður tolla á frosnum síldarsamflökum frá Íslandi. Hafa ber í huga að samkvæmt núgildandi fríverslunarsamningum Íslands við nýju samningsaðilana ber þessi afurð ekki tolla. Hins vegar hefði þessi afurð að öllu óbreyttu þurft að bera 15% toll við inngöngu nýju aðildarríkjanna í Evrópusambandið. Samkvæmt tölum útflytjenda frá árinu 2002 flutti Ísland út rúm 21.000 tonn af síldarsamflökum til þessara ríkja. Ef 15% tollur hefði verið greiddur af þeim útflutningi hefði hann numið 200–300 millj. kr. á ári. Þetta er rúmlega 90% af öllum þeim tollum sem

á Ísland hefðu fallið hefðu viðskiptakjör EES-samningsins óbreytt komið í stað þeirra viðskiptakjara sem fríverslunarsamningar EFTA við nýju samningsaðilana mæla fyrir um. Af þeim sökum lagði Ísland ríka áherslu á afnám tolla á þessa afurð. Að lokum féllst Evrópusambandið á þessa kröfu Íslands. Aðildarsamningi EES fylgir því viðbótarbókun við fríverslunarsamning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu frá 1972. Þar er mælt fyrir um að frosin síldarsamflök verði endurflokkuð í tollskrá ESB og munu þau eftir gildistöku samningsins fá sömu tollmeðferð og frosin síldarflök.

Fullgilding stækkunarsamningsins.

Brýnt er að stækkunarsamningur EES verði fullgiltur tímanlega af aðildarríkjum ESB, einkum nýju aðildarríkjunum, þannig að hann taki gildi samhliða stækkunarsamningi ESB hinn 1. maí næstkomandi. Utanríkisþjónustan fylgist náið með fullgildingu aðildarríkjanna og er hvert tækifæri nýtt til að hvetja aðildarríkin til að fullgilda samninginn tímanlega.

Í ljósi þess dráttar sem varð á undirritun samningsins er þó þegar orðið ljóst að nokkur ríki ná ekki að fullgilda hann í tíma. Til að tryggja að stækkun EES taki samt sem áður gildi samtímis stækkun Evrópusambandsins hefur verið gert samkomulag um að samningurinn taki eigi að síður gildi til bráðabirgða hinn 1. maí.

Í kjölfar undirritunar stækkunarsamningsins sl. nóvember lagði utanríkisráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum, sem heimilaði ríkisstjórn að fullgilda stækkunarsamninginn. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi hinn 15. mars sl. með öllum greiddum atkvæðum.

Frjáls för launþega frá nýju EES-ríkjunum.

Samkvæmt ákvæðum stækkunarsamnings EES er EFTA-ríkjum EES heimilt að takmarka frjálsa för launþega frá nýju EES-ríkjunum, að Möltu og Kýpur undanskildum. Eru þessi ákvæði sambærileg heimildum núverandi ESB-ríkja til að takmarka frjálsa för launþega frá þessum sömu ríkjum. Þessum takmörkunum má beita í allt að sjö ár frá því að nýju aðildarríkin fá aðild að Evrópusambandinu og EES-samningnum.

Ríkisstjórnin hefur mótað þá afstöðu að ríkisborgarar nýju EES-ríkjanna skuli ekki njóta frekari aðgangs að íslenskum vinnumarkaði en beinlínis leiðir af ákvæðum stækkunarsamnings EES. Af þeim sökum mun aðgangur launþega frá þessum ríkjum að vinnumarkaði hér á landi sæta takmörkunum fyrstu tvö árin frá stækkun EES. Það kallar hins vegar á breytingar á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Félagsmálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra hafa þegar lagt fram á Alþingi frumvörp vegna nauðsynlegra lagabreytinga af þessum sökum.

Þróunarsjóður EFTA.

Samfara stækkun EES verður nýr þróunarsjóður EFTA settur á laggirnar og munu nýju aðildarríkin, auk Spánar, Grikklands og Portúgals, njóta framlaga úr sjóðnum. Markmið sjóðsins er að styðja við framfarir á fátækari svæðum EES og verður 120 millj. evra úthlutað árlega næstu fimm árin. Af ríkjunum 13 er Pólland stærsti styrkþeginn og verður tæpum helmingi fjárins varið til uppbyggingar þar. Verkefni sem sjóðurinn mun styrkja geta verið á sviði umhverfisverndar, sjálfbærrar þróunar, varðveitingar menningarverðmæta, menntunar og þjálfunar starfsfólks og uppbyggingar opinberrar þjónustu og heilbrigðisþjónustu. Þá geta rannsóknir á þessum sviðum fallið undir styrkhæf verkefni.

Í viðræðunum um stækkun EES lagði Ísland ríka áherslu á að skilgreina styrkhæf verkefni á þeim sviðum sem Íslendingar geta lagt sitt af mörkum, svo sem á sviði orkumála og sjávarútvegs. Ávinningur af þátttöku íslenskra fyrirtækja í verkefnum fjármögnuðum af sjóðnum getur m.a. falist í sölu þjónustu og ráðgjafar sem og tækifærum til að kynna þá þekkingu og vöru sem þau hafa upp á að bjóða. Styrkumsóknir þurfa að koma frá aðilum í því landi sem styrk hlýtur en í samstarfi við innlenda aðila geta íslensk fyrirtæki tekið þátt í styrkhæfum verkefnum. Umsóknir eru samþykktar af stjórnvöldum viðkomandi ríkis áður en þær eru sendar þróunarsjóði EFTA sem endanlega samþykkir styrkveitingu.

Ísland á einn fulltrúa í stjórn þróunarsjóðsins en rekstur sjóðsins er í umsjá EFTA-skrifstofunnar í Brussel. Um verkefni fjármögnuð af sjóðnum gilda reglur um samkeppni, ríkisstyrki og opinber útboð.

6.6. Efst á baugi í EES-samstarfinu.

Á síðasta ári voru teknar 179 ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni sem bættu 297 nýjum gerðum í EES-samninginn. Hér á eftir verður farið yfir helstu mál sem hafa verið til umfjöllunar innan EES að undanförnu. Stór hluti gerða sem teknar eru inn í EES-samninginn eru tæknilegs eðlis og verður ekki fjallað nánar um þær hér.

Þátttaka í stofnunum ESB.

Samningaviðræður um þátttöku EFTA-ríkjanna í stofnunum ESB um öryggi matvæla, flugöryggi og öryggi á sjó skipuðu stóran sess í EES-samstarfinu á árinu.

Samkomulag náðist um þátttöku EFTA-ríkjanna í Siglingaöryggisstofnun Evrópu (European Maritime Safety Agency – EMSA) og var reglugerð um stofnun hennar tekin upp í samninginn í júní 2003. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að aðstoða framkvæmdastjórn ESB við undirbúning löggjafar á sviði siglingaöryggis og í tengslum við aðgerðir til að draga úr mengun sjávar.

Enn er til umræðu þátttaka EFTA ríkjanna í Flugöryggisstofnun Evrópu (European Aviation Safety Authority – EASA) og matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority – EFSA) en samningaviðræður um EASA eru langt á veg komnar.

Markmið Flugöryggisstofnunar Evrópu er að vinna að auknu flugöryggi í Evrópu og tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi. Stofnunin mun m.a. taka við verkefnum sem áður voru hjá Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA). Ísland og Noregur hafa lagt áherslu á að aðkoma þeirra að ákvarðanatöku innan stofnunarinnar verði tryggð að því er varðar mál þar sem þau höfðu áður fullan atkvæðisrétt í Flugöryggissamtökum Evrópu og hafa óskað eftir atkvæðisrétti í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Einnig hafa fjárframlög EFTA-ríkjanna til stofnunarinnar verið til umræðu. Framkvæmdastjórnin hefur lýst sig reiðubúna til að koma til móts við sjónarmið EFTA-ríkjanna að því er varðar fjárframlög til stofnunarinnar en er andvíg því að veita fulltrúum ríkjanna atkvæðisrétt í stjórn stofnunarinnar. EFTA-ríkin hafa málið til skoðunar.

Unnið að upptöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (European Food Safety Authority – EFSA) og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Unnið er að skilgreiningu og túlkun á stöðu EFTA-ríkjanna í starfsemi Matvælaöryggisstofnunarinnar. Stefnt er að því að fella gerðina inn í viðauka I við EES-samninginn. Viðaukinn fjallar um dýraheilbrigði en gildissvið hans er hvað Ísland varðar takmarkað við sjávarafurðir. Framkvæmdastjórnin hefur sett fram kröfu um að Ísland falli hvað þessa gerð varðar frá takmörkun sinni á gildissviðinu, en því hefur verið mótmælt af Íslands hálfu.

Má geta þess að framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að reglugerð um stofnun Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópu (ENISA). Stofnuninni er ætlað að samræma aðgerðir ESB í tengslum við net og upplýsingaöryggi og að stuðla að samræmi varna í netum og upplýsingakerfum. Þátttaka í stofnuninni hefur verið til skoðunar í EFTA-ríkjunum.

Flugvernd.

ESB setti reglugerð um flugvernd í desember 2002 m.a. til að bregðast við hryðjuverkunum í Bandaríkjunum 11. september 2001. Reglugerðin tekur til flugverndar á öllum flugvöllum innan ESB og setur sameiginleg lágmarksskilyrði fyrir öryggi flugfara fyrir utanaðkomandi ógnum auk þess sem kveðið er á um eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar. Reglugerðin er í raun nú þegar framkvæmd í millilandaflugi á Íslandi. Aftur á móti er ljóst að framkvæmd hennar án afbrigða mundi kalla á umfangsmiklar breytingar í innanlandsflugi á tilteknum flugvöllum.

Óskað hefur verið eftir undanþágu frá gildissviði reglugerðarinnar fyrir innanlandsflugvellina í heild sinni og hafa fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar komið hingað til lands til fundar við íslensk stjórnvöld og þeim verið kynntar aðstæður víða um landið. Þessar vettvangsferðir virðast hafa sannfært framkvæmdastjórnina um að rök Íslands væru þess eðlis að hægt væri að fallast á undanþáguna. Beðið er formlegrar afgreiðslu málsins.

Erfðabreyttar lífverur og nýfæði.

Tvær tilskipanir bíða upptöku í EES-samninginn þar sem reynir á tveggja stoða kerfið, annars vegar um markaðssetningu á erfðabreyttum lífverum og vörum úr þeim og hins vegar um markaðssetningu á nýfæði. Í báðum tilskipununum er kveðið á um veitingu markaðsleyfa fyrir vöru í gegnum nefndaferli („comitology"). Umsóknir um markaðsleyfi koma fram í einstökum ríkjum og eru endanlega afgreiddar þar, en kveðið er á um samráðsferli áður. Komi upp ágreiningur í slíku samráðsferli er gert ráð fyrir bindandi ákvörðun framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðsins (með nefndaferli) sem hið lögbæra yfirvald í aðildarríki verður að fara eftir við endanlega afgreiðslu málsins.

Í drögum að aðlögunartexta sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að komi upp ágreiningur varðandi veitingu markaðsleyfis í EFTA-ríki verði málsmeðferðin innan EFTA-stofnananna í samræmi við tveggja stoða kerfið.

Með tilskipuninni um erfðabreyttar lífverur er umfjöllun um umsóknir um markaðssetningu og sleppingu erfðabreyttra lífvera gerð opnari og gagnsærri. Rekjanleiki erfðabreyttra lífvera með merkingum er aukinn. Jafnframt eru gerðar auknar kröfur um upplýsingagjöf til almennings og hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að fá leyfi til markaðssetningar.

Rammatilskipun um vatn.

Rammatilskipun um vatn var samþykkt í ESB í október 2000. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að bæta gæði vatns og koma stjórn á nýtingu vatnsauðlindarinnar.

Tilskipunin varðar EES eingöngu að hluta til þar sem hún inniheldur einnig reglur sem eru utan gildissviðs EES-samningsins, svo sem varðandi náttúruvernd, auðlindanýtingu og skattamál. Framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi mun hafa mikinn kostnað í för með sér. Ísland hefur óskað eftir að tilskipunin verði aðlöguð að íslenskum aðstæðum og að skyldur okkar samkvæmt tilskipuninni miðist við stærð landsins og hvernig byggð er skipulögð, m.a. þannig að tilskipunin taki ekki til svæða þar sem fólksfjöldi er innan ákveðinna marka.

Landbúnaður.

Framkvæmdastjórnin hefur verið upplýst með formlegum hætti um að Ísland sé tilbúið í viðræður um endurskoðun eins og umsamið er skv. 19. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórnin aflar sér nú samningsumboðs. Markmið samninga af hálfu Íslands er að tryggja sem mest frjálsræði í útflutningi hrossa og aukningu lambakjötskvóta.

Orkumál.

Evrópusambandið samþykkti í desember 2002 tilskipun um orkunýtni bygginga. Ísland hefur óskað eftir undanþágu frá tilskipuninni þar sem nánast öll orka sem notuð er til að mæta staðbundinni orkuþörf á Íslandi er komin frá endurnýtanlegum orkulindum. Fram hefur komið skilningur á sérstöðu Íslands en beðið er eftir formlegri afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

Til umfjöllunar hefur enn fremur verið tilskipun ESB um að stuðla að aukinni framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkulindum. Í tilskipuninni eru m.a. sett viðmiðunarmarkmið hvað varðar hlutfall endurnýjanlegra orkulinda í raforkuframleiðslu einstakra ríkja. Tilskipunin skapar grunn að mögulegu ESB-kerfi um græn vottorð, þ.e. upprunavottorð er staðfesta að raforka hafi verið framleidd með endurnýjanlegum orkulindum.

Tilkynningar um vöruflutninga til og frá ESB – 24-tíma reglan.

Framkvæmdastjórn ESB sendi 24. júlí 2003 frá sér samskiptaskjal[1] þar sem m.a. eru lagðar til breytingar á tollalöggjöf ESB sem lúta að eftirliti með flutningi á vörum til og frá aðildarríkjum sambandsins. Megintilgangurinn er að leggja grunninn að betri áhættugreiningu vegna eftirlits með vöruflutningum, m.a. með vísan til hryðjuverkaógnarinnar í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001.

Megininntak breytinganna felst í því að lagt er til að skylt verði að tilkynna um allar vörusendingar sem fluttar eru til og frá tollabandalagi ESB með 24 klst. fyrirvara. Gert er ráð fyrir nokkrum undantekningum frá þessari meginreglu varðandi: a) vörur sem ferðamenn flytja með sér, b) smásendingar, c) land og sjóflutninga þar sem flutningstími er minni en 24 klst. og d) hraðsendingar á vegum viðurkenndra fyrirtækja. Ef ekki er tilkynnt um vöruflutning með tilskyldum fyrirvara er gert ráð fyrir því að flutningur verði eftir sem áður heimill en það gæti haft tafir í för með sér við tollafgreiðslu. Gert er ráð fyrir því að reglurnar öðlist gildi 1. janúar 2005 en með tveggja ára aðlögunartíma vegna nauðsynlegrar útfærslu á tæknilegum atriðum. Á fundum tollanefndar EFTA með fulltrúum framkvæmdastjórnar í nóvember 2003 og mars 2004 hefur komið fram að ríkur vilji er til samstarfs um útfærslu gagnvart EES-ríkjunum sem ekki er óþarflega íþyngjandi og verður áframhaldandi samráð um málið síðsumars.

Aðgerðir gegn mismunun.

Í desember 2003 var tekin upp í samninginn ákvörðun ráðsins um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins um aðgerðir gegn mismunun fyrir árin 2001–2006. Áður hafði ríkisstjórnin komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri nægjanlegur lagagrundvöllur fyrir upptöku tilskipana ESB um aðgerðir gegn mismunun í EES-samningnum þar sem þær byggjast á 13. gr. Amsterdam-sáttmálans sem á sér ekki hliðstæðu í EES-samningnum. Með þátttöku í áætl-

---

[1] COM(2003) 452, Proposal for an amendment to Council Regulation EEC/2913/92, establishing the Community Custom Code.

uninni er EFTA-ríkjunum gert kleift að fylgja eftir tilskipun ESB um aðgerðir gegn mismunun án þess að þær séu teknar upp í EES-samninginn. Við samþykki ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni gáfu EFTA ríkin yfirlýsingu um að þau styddu markmið tilskipananna og jafnframt lýstu þau yfir vilja til að skoða gaumgæfilega hvort aðlaga mætti innlenda löggjöf að ákvæðum þeirra.

Sjötta rannsóknaáætlunin.

Framkvæmd Sjöttu rannsóknaáætlunarinnar sem hófst árið 2003 gengur samkvæmt áætlun. Íslenskir aðilar eru þátttakendur í rúmlega 90 umsóknum og er heildarfjöldi þátttakenda í þeim yfir 120. Af þeim fá um 24 verkefni styrki sem er 28% árangurshlutfall, en almennt er árangurshlutfall tæp 20% þannig að árangur íslenskra þátttakenda er betri en almennt gerist. Sérstaka athygli vekur mikil þátttaka fyrirtækja, en þau eru 40% þátttakenda í umsóknum og 34% þátttakenda í samþykktum verkefnum. Þá koma rannsóknastofnanir vel út og RANNÍS fær góða styrki til samstarfsverkefna við systurstofnanir. Ekki liggur fyrir hversu háum styrkjum þessi verkefni munu skila til íslenskra þátttakenda, en þær upplýsingar sem tiltækar eru benda til að það verði ríflega 500 millj. kr. á næstu þremur árum.

Umræður eru þegar hafnar um næstu áætlun sem hefst í ársbyrjun 2007. Ástæðan er sú að núverandi vísindastjóri vill hafa eins mikil áhrif á hana og kostur er áður en hann fer frá í nóvember á þessu ári og jafnframt nýta þann pólitíska meðbyr sem málaflokkurinn hefur núna, en ESB hefur sett sér það markmið að útgjöld til rannsókna og þróunarmála aukist á næstu árum úr 1,9% af landsframleiðslu ESB í 3% árið 2010. Áformað er að grunnrannsóknir bætist við þau viðfangsefni sem sambandið mun styrkja og auk þess eru tillögur um stóraukna áherslu á geimvísindi og öryggismál. Gert er ráð fyrir verulegri aukningu á fjármagni samhliða þessu og fyrstu hugmyndir benda til meira en helmings hækkunar á fjárveitingu. Fari svo munu útgjöld Íslands vegna EES-samningsins aukast talsvert frá því sem nú er.

Unnið er markvisst að því að koma rannsóknasjónarmiðum Íslands á framfæri. Þannig hefur t.d. áherslum Íslands í vetnismálum verið komið á framfæri með árangursríkum hætti. Í framhaldi af heimsókn vísindastjóra ESB til Íslands í ágúst í fyrra verður lögð sérstök áhersla á næstunni á kynningu á jarðhitarannsóknum. Með stækkun ESB mun áhugi aukast á að efla jarðhitarannsóknir og hefur utanríkisþjónustan haft frumkvæði að því að byggja upp samstarf aðila sem eiga hagsmuna að gæta í þessum málaflokki.

Mennta-, menningar- og æskulýðsmál.

Á þessum vettvangi tekur Ísland þátt í fjölbreytilegu samstarfi á grundvelli EES-samningsins. Að verulegu leyti er þetta samstarf skipulagt innan ramma aðgerðaáætlana á borð við Sókrates-menntaáætlunina, Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlunina, æskulýðsáætlunina „Youth“ og menningaráætlunina „Culture 2000“. Þessar áætlanir í núverandi mynd renna skeið sitt á enda í lok árs 2006. Hér gildir það sama og um rannsóknarmálin, verið er að undirbúa hvað skuli taka við og hefur framkvæmdastjórnin nýverið lagt fram sínar tillögur í þeim efnum. Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir verulegri uppstokkun á núverandi kerfi. Áhersla er lögð á að fella næstu kynslóð menntaáætlana að Lissabon-markmiðunum með kröfuna um símenntun að leiðarljósi. Í ljósi þeirrar pólitísku áherslu sem lagt var upp með í Lissabon um nauðsyn markvissrar uppbyggingar þekkingarþjóðfélagsins gera menn sér vonir um að hugur fylgi máli og að fjárveitingar verði stórauknar til þessa málaflokks. Þannig gera tillögur framkvæmdastjórnarinnar um næstu kynslóð menntaáætlana, ráð fyrir u.þ.b. fjórfaldri aukningu fjármagns til þessa málaflokks.

6.7. Málefni fram undan á vettvangi EES.

Auk þeirra mála sem hér hefur verið fjallað um má nefna nokkur mál sem ætla má að verði áberandi í EES-samstarfinu á næstu missirum.

Efnatilskipanir.

Í október 2003 lagði umhverfismálastjórnardeild framkvæmdastjórnarinnar fram frumvarp að heildstæðri eiturefnalöggjöf ESB (Registration Evaluation and Authorization of Chemicals – REACH). Hér er í uppsiglingu viðamikil löggjöf á vegum ESB sem ætlað er að koma í stað u.þ.b. 40 núgildandi tilskipana og reglugerða varðandi eiturefni og hættuleg efni og kemur í stað gerða sem þegar eru hluti af EES-samningnum.

Grænbók um þjónustu sem hefur almenna þýðingu.

Á síðasta ári gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út svokallaða grænbók um „þjónustu sem hefur almenna þýðingu“ (Services of General Interests). Í grænbókinni er gengið út frá mjög víðtækri skilgreiningu á hugtakinu „þjónusta sem hefur almenna þýðingu“. Í grænbók þessari er að finna fyrsta skrefið að mótun stefnu Evrópusambandsins varðandi þjónustu sem hefur almenna þýðingu. Er þar fjallað um hvort ástæða sé til frekari samræmingar á löggjöf aðildarríkjanna um þær þjónustugreinar sem falla undir þetta hugtak. Íslensk stjórnvöld sendu framkvæmdastjórninni athugasemdir vegna grænbókarinnar þar sem lögð var áhersla á gæta yrði varfærni áður en ákveðið yrði að stíga frekari skref í þessum efnum og sérstaklega yrði að huga að áhrifum slíkrar stefnumótunar á hinar dreifðu byggðir. Enn fremur var í umsögn íslenskra stjórnvalda vegna grænbókarinnar vakin athygli á því að ekki væri óyggjandi að ný löggjöf á þessu sviði mundi falla að öllu leyti undir gildissvið EES-samningsins.

Innri markaðstefna Evrópusambandsins.

Á síðasta ári samþykkti framkvæmdastjórn ESB yfirlýsingu um innri markaðsstefnu ESB fyrir árin 2003–2006. Innri markaðsstefnan felur í sér almenna stefnumörkun í málefnum innri markaðarins til næstu þriggja ára og í henni er að finna lista yfir tillögur framkvæmdastjórnarinnar að aðgerðum á þessu tímabili. Innri markaðsstefnan er stefnumarkandi fyrir Evrópska efnahagssvæðið í heild sinni. Meginhersla innri markaðsstefnunnar er að styrkja kjarna innri markaðarins með því að afnema hindranir í vegi viðskipta með vöru og þjónustu og tryggja að reglum innri markaðarins sé framfylgt. Helstu áherslusvið innri markaðsstefnunnar eru frjáls vöruviðskipti, frjáls þjónustuviðskipti, samgöngumál, skattar, opinber innkaup, bætt viðskiptaumhverfi fyrirtækja, einfaldara regluverk, bætt upplýsingastreymi, stækkun innri markaðarins og innri markaðurinn í alþjóðlegu samhengi.

Innri markaðsstefnan var samþykkt af framkvæmdastjórninni 7. maí 2003 Á fundi ráðherraráðsins 22. september 2003 kallaði ráðið eftir frekari tillögum frá framkvæmdastjórninni til að hrinda stefnunni í framkvæmd. EFTA-ríkin hafa bæði hvert í sínu lagi og sameiginlega undir merki EFTA fjallað um innri markaðsstefnuna.

Tillaga að tilskipun um þjónustustarfsemi.

Framkvæmdastjórn ESB hefur nýlega lagt fram tillögu að tilskipun um þjónustustarfsemi sem stefnir að því að hrinda úr vegi ýmsum hindrunum sem eru á því að innri markaðurinn á sviði þjónustustarfsemi virki í líkingu við það sem hann gerir að því er varðar vörur. Sérstaklega er tekið á skrifræði sem tengist því að fyrirtæki veiti þjónustu milli landa, svo sem í sambandi við skráningar, leyfisveitingar o.fl. Er m.a. kveðið á um skyldu til gagnkvæmrar

viðurkenningar á skráningu og leyfum á milli aðildarríkjanna. Um er að ræða mjög umfangsmiklar tillögur og eru þær til skoðunar innan EFTA-ríkjanna og að hve miklu leyti þær varði EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði komin til framkvæmda árið 2007.

6.8. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Eftirlitsstofnun EFTA birtir tvisvar á ári úttekt sem sýnir frammistöðu EFTA-ríkjanna í upptöku tilskipana Evrópusambandsins í landsrétt. Er það gert í nánu samráði við framkvæmdastjórn ESB og nær samanburðurinn til EES-ríkjanna 18. ESB hefur sett sér þau viðmið að aðildarríki verði með 1,5% gerða útistandandi eða minna. Í frammistöðumati sem birt var í maí 2003 var Ísland í 8.–9. sæti með 1,8% gerða útistandandi, yfir viðmiðunarmörkum ESB, en bætti sig umtalsvert seinni hluta ársins og í niðurstöðum sem birtar voru í byrjun árs 2004 var Ísland í 4. sæti með 1% gerða útistandandi.

6.9. Schengen-samstarfið.

Á undanförnum árum hefur fengist aukin reynsla af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Í dag er Schengen-samstarfið orðið órjúfanlegur hluti af starfsemi ESB á sviði dóms- og innanríkismála. Eigi að síður hefur tekist vel með þátttöku Schengen-ríkjanna tveggja sem standa utan sambandsins og nú er fyrirhugað að þriðja ríkið bætist í þann hóp þar sem viðræður standa nú yfir um þátttöku Sviss í Schengen-samstarfinu. Þá hillir undir að nýju ESB-ríkin tíu verði hluti af Schengen-svæðinu. Innan fárra ára má því vænta að 25 ríki í Evrópu myndi Schengen-svæðið.

Íslandi hefur gengið vel að standa undir skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Dagleg framkvæmd samningsins hér á landi er fyrst og fremst fólgin í landamæraeftirliti, einkum á Keflavíkurflugvelli, og lögreglusamvinnu, t.d. rekstri Schengen-upplýsingakerfisins hér á landi.

Þá er Ísland virkur þátttakandi í mótun þeirra reglna sem varða framkvæmd Schengen með þátttöku sinni í svonefndri samsettri nefnd. Ísland var í formennsku samsettu nefndarinnar síðari hluta ársins 2003 og stýrði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra m.a. fundum dómsmálaráðherra Schengen-ríkjanna í samsettu nefndinni. Innan samsettu nefndarinnar er síaukin áhersla lögð á nánari samvinnu þeirra aðila sem hafa daglegt landamæraeftirlit á sinni könnu. Þannig fær samvinnan smám saman á sig þá mynd að hún felist ekki aðeins í samræmdum reglum, heldur í nánum samskiptum þeirra sem sinna framkvæmd samningsins. Nú í vor hefur verið unnið að því að setja upp sérstaka stofnun sem mun leiða þetta verklega samstarf og munu Íslendingar eiga aðild að henni.

Innan þessa samstarfs hefur einnig verið unnið að því að beita nýjustu tækni til að halda uppi öflugu landamæraeftirliti og til að gera lögreglusamvinnu eins skilvirka og mögulegt er. Má í því sambandi nefna að nú er unnið að því að skrá allar vegabréfsáritanir inn á Schengen-svæðið jafnóðum í sérstakan grunn ásamt upplýsingum um viðkomandi ferðamenn, sem síðan verða bornar saman við handhafa áritana á landamærunum. Einnig er hafin vinna við nýtt Schengen-upplýsingakerfi sem ætlunin er að nýtist lögreglu enn betur í baráttunni gegn glæpum, ekki síst hvers konar smygli á fólki, auk þess sem þetta nýja kerfi er forsenda þess að unnt verði að fjölga notendum í 25.

6.10. Þróun Evrópusambandsins.

Drög að stofnsáttmála ESB.

Í síðustu skýrslu utanríkisráðherra um alþjóðamál var þess getið að aðildarríki ESB hefðu hrundið af stað ráðstefnu um „Framtíð Evrópu“ þar sem áætlað var að taka enn á ný til skoð-

unar stofnsáttmála ESB og aðlaga hann að þeim breytta veruleika sem m.a. fælist í stækkun ESB sem nú kemur til framkvæmda 1. maí 2004. Ráðstefnunni lauk í júní á síðasta ári með sameiginlegri tillögu að nýjum stjórnarskrársáttmála fyrir ESB sem afhent var þjóðarleiðtogum ESB til frekari meðferðar. Sú málsmeðferð hefur hins vegar tafist þar sem ósamkomulag er á milli aðildarríkjanna, einkum um hvert atkvæðavægi einstakra ríkja skuli vera í ráðherraráðinu. Að undanförnu hafa þó líkur aukist á því að lausn verði fundin á þessum ágreiningi innan fárra mánaða.

Eitt af meginmarkmiðum með endurskoðun sáttmálans var að gera hann auðskildari og aðgengilegri hinum almenna borgara. Er það liður í að færa Evrópusambandið nær íbúum ESB-ríkjanna, eins og það er orðað. Segja má að fyrirliggjandi drög að stjórnarskrársáttmálanum séu á margan hátt skýrari og einfaldari en núgildandi ákvæði, t.d. þau ákvæði sem mæla fyrir um valdsvið ESB.

Án efa munu ákvæði stjórnarskrársáttmálans um stofnanir ESB vekja mesta athygli. Er í fyrirliggjandi drögum m.a. lagt til að komið verði á fót embætti samstarfsráðherra utanríkismála sem mun sinna utanríkis- og öryggismálum ESB og stýra fundum utanríkisráðherra ESB. Þá er lagt til að stofnað verði embætti forseta leiðtogaráðsins sem skal stýra fundum leiðtoga ESB og koma fram á alþjóðavettvangi fyrir hönd þeirra. Einnig er tekist á um breytt hlutverk framkvæmdastjórnarinnar eftir stækkun auk þess sem leitast er við að gera ákvörðunarferlið skilvirkara, m.a. með því að mæla fyrir um að fleiri málefni megi afgreiða með meirihlutaákvörðunum. Þá eru lagðar til breytingar á reglum um hvernig meirihlutaákvarðanir skulu teknar í ráðherraráði Evrópusambandsins. Er lagt til að tekin verði upp regla um svonefndan tvöfaldan meiri hluta, en í þeirri reglu felst að tilllaga telst samþykkt njóti hún stuðnings annars vegar meiri hluta aðildarríkjanna og hins vegar aðildarríkja sem hafa ⅗ af íbúafjölda sambandsins. Það er þessi regla sem hefur vakið hvað mestar deilur. Sérstaklega hafa Spánverjar og Pólverjar átt erfitt með að sætta sig við slíka reglu, en þessi ríki hafa hlutfallslega meira vægi samkvæmt þeirri skipan sem Nice-sáttmálinn mælir fyrir um en leiða mundi af þessu fyrirkomulagi.

Tillögur að stjórnarskrársáttmálanum gera einnig ráð fyrir vaxandi hlutverki ESB á sviði utanríkis- og öryggismála, en nánar er vikið að því á öðrum stað í skýrslunni. Hvað Ísland varðar er ástæða til að nefna að breytingar á undirbúningi ákvarðana á sviði Schengen-samstarfsins gera ráð fyrir auknu hlutverki Evrópuþingsins en á þeim vettvangi hefur Ísland ekki áhrif á mótun ákvarðana. Er hér um að ræða áþekka þróun og átt hefur sér stað í EES-samstarfinu þar sem vægi Evrópuþingsins hefur aukist.

Drög að nýjum stjórnarskrársáttmála mæla fyrir um að Evrópusambandið skuli vera lögaðili og að sameina skuli hinar svonefndu þrjár stoðir Evrópusambandsins (undir fyrstu stoð falla málefni innri markaðarins, undir aðra stoð falla utanríkismál og innanríkis- og dómsmál tilheyra þriðju stoðinni). Það kann að valda því að Evrópusambandið samþykki löggjöf sem aðeins að hluta til mundi varða málefni innri markaðarins. Þetta kann að valda vissum erfiðleikum í rekstri EES-samningsins því þetta getur leitt til þess að ESB samþykki gerðir sem falla aðeins að hluta til undir gildissvið EES-samningsins. Í slíkum tilfellum mundu aðeins þau ákvæði slíkra gerða sem beinlínis féllu undir gildissvið EES-samningsins verða tekin upp í samninginn, en önnur ákvæði yrðu ekki bindandi. Þetta kann að skapa vissar lagaflækur og kallar á árvekni af hálfu EFTA-ríkjanna þegar metið er hvort fella skuli nýjar gerðir undir samninginn.

Lissabon-ferlið.

Þátttaka Íslands í því markaðsumhverfi sem skapaðist með EES-samningnum hefur haft mikil áhrif á íslenskt atvinnulíf og samkeppnishæfni vegna samkeppnisreglna EES-samningsins. Evrópusambandið hefur lagt mikla áherslu á samkeppnishæfni fyrirtækja á innri markaðnum og hefur Ísland verið þátttakandi í svonefndri Lissabon-áætlun Evrópusambandsins frá árinu 2000.

Markmiðið með henni er að gera Evrópusambandið að framsæknasta og samkeppnishæfasta þekkingarhagkerfi veraldar árið 2010. Ljóst er að nái áætlunin fram að ganga mun hún auka samkeppni og kaupmátt á EES-svæðinu sem leiðir til meiri verðmætasköpunar og eftirspurnar á útflutningsmörkuðum okkar. Það byggist á því að aðildarríkin geri það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja áætluninni og er stuðst við sérstaka hagvísa til að mæla frammistöðu ríkjanna að því er varðar efnahagsmál, atvinnumál, nýsköpun og rannsóknir, efnahagslegar umbætur, félagslega samheldni og umhverfismál.

Ísland hefur vissulega mikla sérstöðu á sumum sviðum sem áætlunin tekur til. Til að mynda er atvinnuleysi hér lágt og atvinnuþátttaka mikil. Sé frammistaða Íslands skoðuð í samanburði við hin ríkin kemur og í ljós að landsframleiðsla hér á landi hefur verið hærri en að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum auk þess sem við stöndum vel að vígi í útgjöldum til rannsókna- og þróunarmála. Nú á haustdögum 2003, á reglulegum fundi ráðuneyta um EES-mál, var tekin ákvörðun um að ráðuneytin gerðu úttekt á stöðu Íslands í Lissabon-áætlunininni. Slík skýrsla eða úttekt er nú í undirbúningi í ráðuneytinu en í henni verður lagt mat á frammistöðu Íslands í samanburði við önnur aðildarríki EES-samningsins með aðstoð þeirra hagvísa sem eiga við á þeim sviðum sem áætlunin tekur til. Er vonast til að skýrslan verði tilbúin nú með vorinu.

7. SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Frá því í júní árið 2001 er Kofi Annan var einróma endurkjörinn aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna til næstu fimm ára hefur ríkt almenn ánægja með störf hans. Mörg átakamál hafa þó sett svip á starfsemi stofnunarinnar að undanförnu sem erfið hefur reynst aðalframkvæmdastjóranum í starfi hans og raunar Sameinuðu þjóðunum í heild. Nauðsynlegum umbótum á Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra hefur miðað hægt þrátt fyrir að málið hafi verið efst á baugi og að aðalframkvæmdastjórinn hafi unnið ötullega að því. Enn fremur hefur deilan um þróun mála í Írak og átökin þar leitt til ákveðins uppgjörs sem hefur reynst Sameinuðu þjóðunum erfitt. Kofi Annan hefur nú skipað 16 manna hóp valinkunnra aðila til að gera úttekt á helstu ógnum við öryggi í heiminum og tillögur um aðgerðir gegn þeim. Hópurinn mun skila skýrslu til aðalframkvæmdastjórans í lok ársins 2004.

7.1. Virk þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna.

Á þessu ári fer Ísland með formennsku í hópi Norðurlanda innan Sameinuðu þjóðanna. Margir héldu að draga mundi úr norrænu samstarfi innan samtakanna eftir að þrjú Norðurlandanna gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Það hefur ekki gengið eftir og er norræna samstarfið innan Sameinuðu þjóðanna mjög virkt. Norrænu fastafulltrúarnir í New York hittast t.d. alltaf einu sinni í viku til að bera saman bækur sínar. Í ár fara þessir fundir fram undir íslenskri fundarstjórn. Enn fremur hittast fastafulltrúar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna reglulega. Þá hafa norrænir fulltrúar í nefndum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnunum með sér náið samráð.

Ísland er í marsmánuði þessa árs oddviti hóps Vestur-Evrópu og annarra ríkja (WEOG, samtals 30 ríki), en innan hans fer fram samræming vegna framboðsmála til nefnda og ráða Sameinuðu þjóðanna og stofnana á vegum samtakanna.

Á yfirstandandi allsherjarþingi (58. þing) hafa fulltrúar Íslands sem fyrr leitast við að taka þátt í umfjöllun og flytja ræður um málefni sem varða hagsmuni þjóðarinnar í alþjóðasamfélaginu. Hægt er að nálgast ræðurnar á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

7.2. Framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010 var öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna tilkynnt með formlegum hætti um framboð Íslands haustið 2003. Framboð Íslands nýtur stuðnings Norðurlandanna.

Framboðið til öryggisráðsins er eitt stærsta verkefni sem utanríkisþjónusta Íslands hefur tekist á við til þessa. Austurríki og Tyrkland hafa tilkynnt um framboð til öryggisráðsins fyrir sama tímabil þannig að ljóst er að kosningabarátta er óumflýjanleg, enda eru aðeins tvö sæti í boði fyrir fulltrúa vestræna hópsins. Nú þegar hefur talsvert starf verið unnið fyrir undirbúning framboðsins bæði hvað varðar áætlanagerð og með því að leitast við að gera Ísland enn sýnilegra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra.

Einn liður í undirbúningi framboðsins er að stofna til stjórnmálasambands við þau ríki sem hingað til hefur ekki verið stjórnmálasamband við. Stofnun stjórnmálasambands hefur yfirleitt farið fram á milli fastanefnda í New York og felur ekki í sér að ríkin skiptist á sendiherrum. Hins vegar er lagður grunnur að frekari samskiptum og viðskiptum við þessi ríki. Stefnt er að því að ljúka þessu verkefni fyrir lok ársins 2004.

Enn fremur er stefnt að því að nota árið 2004 fyrst og fremst til undirbúnings framboðsins með það fyrir augum að tryggja markvissa og skilvirka kosningabaráttu sem og ábyrga og árangursríka þátttöku í öryggisráðinu.

Hlutverk öryggisráðsins og rökstuðningur við framboð Íslands.

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er öryggisráðinu falin aðalábyrgð á varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Síðan Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum haustið 1946 hafa Íslendingar ásamt öðrum þjóðum verið skuldbundnir til að stuðla að þessum meginmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins.

Í ræðu sinni um utanríkismál á Alþingi síðastliðið haust sagði Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra að framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna væri ekki markmið í sjálfu sér heldur rökrétt framhald af þeirri þróun að tryggja grundvallarutanríkishagsmuni Íslands með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sú þróun felur í sér að Ísland axli þá ábyrgð á alþjóðavettvangi sem vel stæðu og sjálfstæðu ríki ber skylda til gagnvart alþjóðasamfélaginu.

Beinn ávinningur af framboði Íslands til öryggisráðsins er ekki meginmarkmiðið en ljóst er að með framboðinu styrkir Ísland stöðu sína á alþjóðavettvangi og auðveldar gæslu á grundvallarhagsmunum Íslands. Jafnframt styrkir framboðið samningsstöðu íslenskra stjórnvalda í þeim mörgu erfiðu málum sem leysa þarf á alþjóðavettvangi. Með framboðinu gefst einstakt tækifæri til að halda fram megináherslum utanríkisstefnu Íslands og annarra Norðurlanda og smærri ríkja almennt á alþjóðavettvangi. Takist vel til öðlast Ísland virðingu og traust annarra ríkja sem aftur eykur bolmagn Íslendinga til að koma málum á framfæri á alþjóðavettvangi. Jafnframt krefst framboð og seta í öryggisráðinu þess að Íslendingar leitist

við að verða öðrum ríkjum fyrirmynd, einkum á eigin áherslusviðum, og því verður framboðið hvatning til að gera enn betur á þessum sviðum heima fyrir.

Áherslur Íslands og málefnaundirbúningur framboðsins mun nýtast víðar en innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Þannig er víst að framboðið verður til þess að styrkja stöðu EFTA/EES-ríkjanna í því utanríkispólitíska samráði sem þau eiga við Evrópusambandið. Verði vel að verki staðið er mögulegt að nýta þetta einstaka tækifæri í samskiptum Íslands við önnur ríki, jafnt tvíhliða sem marghliða.

Áherslur Íslands.

Í kynningu á öryggisráðsframboðinu verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

Friður og öryggi í heiminum: Ísland mun halda áfram að leggja ríka áherslu á virðingu fyrir grundvallarmannréttindum, eflingu lýðræðis, baráttu gegn fátækt, virðingu fyrir grundvallarreglum þjóðaréttar og þar með viðurlögum við þjóðarmorði og grófum mannréttindabrotum.

Umbætur á starfi öryggisráðsins: Ísland hefur á undanförnum árum lagt áherslu á umbætur í starfi og uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna og stutt umbótaviðleitni Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóra samtakanna. Með þessu starfi hefur Ísland áunnið sér virðingu og traust samstarfsríkjanna, ekki síst með varaformennsku fastafulltrúa Íslands í vinnuhópi um umbætur á starfi öryggisráðsins. Umbætur á starfi ráðsins eru nauðsynlegar og styður Ísland fjölgun sæta í öryggisráðinu, jafnt kjörinna sem fastra ríkja, og að neitunarvaldið verði skilyrt.

Afvopnunarmál: Ísland leggur áherslu á afvopnunarmál og þá sérstaklega á aðgerðir gegn útbreiðslu gereyðingavopna. Sameinuðu þjóðirnar er sú stofnun sem hefur fjallað hvað mest um afvopnunarmál og mikilvægt er að stofnunin setji viðmið og standi vörð um alþjóðlegar skuldbindingar hvað varðar útbreiðslu gereyðingavopna. Stofnunin er einnig mikilvægur vettvangur til skoðanaskipta sem dregið geta úr spennu á milli aðildarríkja.

Enn fremur mun Ísland nýta sér setuna í öryggisráðinu til þess að vinna að hagsmunamálum sem Ísland hefur stutt og barist fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur mikið látið að sér kveða á sviði hafréttar og í umhverfismálum, sérstaklega hvað varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Enn fremur hefur Ísland lagt áherslu á réttindi kvenna. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sl. haust lagði Ísland fram fyrir hönd Norðurlanda ályktun tengda alþjóðasamningnum um afnám hvers kyns misréttis gegn konum. Í samvinnu við önnur Norðurlönd hefur Ísland unnið að því að tryggja framkvæmd fyrirheita um vernd kvenna í átökum og að tryggja þátttöku þeirra í friðarferli að átökum afstöðnum. Þess má að lokum geta að Ísland hefur beitt sér fyrir aðgerðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til að hefta og uppræta mansal líkt og gert hefur verið innan ÖSE og Eystrasaltsráðsins.

7.2.1. Aðild Íslands að ráðum, nefndum og stjórnum.

Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).

Á aðalfundi efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna var samþykkt yfirlýsing þar sem mikilvægi uppbyggingar mannauðs í baráttunni fyrir útrýmingu fátæktar var staðfest. Lögð var áhersla á lykilhlutverk menntunar og heilbrigðis í þessu efni og á nauðsyn þess að samþætta kynjasjónarhornið í allri stefnumörkun og öllum verkefnum til uppbyggingar mannauðs. Ísland var meðflytjandi að tveimur ályktunum: annars vegar ályktun um samþættingu kynjasjónarhornsins og hins vegar ályktun um frumbyggja sem var norræn ályktun.

Ísland hefur boðið sig fram til setu í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) á tímabilinu 2005–2007. Vesturlandahópurinn (WEOG) fær 13 sæti í ECOSOC og verður kosið um fjögur þeirra á 59. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna næsta haust.

Ásamt Íslandi hafa Ástralía, Bretland og Danmörk boðið sig fram. Að öllu óbreyttu mun Ísland taka sæti í ECOSOC í upphafi næsta árs enda liggur fyrir samkomulag innan WEOG um skiptingu sæta í ráðinu til ársins 2021. Í sumar verður aðalfundur ECOSOC haldinn í New York og mun Ísland taka virkan þátt í honum í krafti áheyrnaraðildar. Vafalaust mun það reynast mikilvægur undirbúningur fyrir setu Íslands í ráðinu.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD).

Ísland er nú að ljúka þriggja ára kjörtímabili sínu í nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD). Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi nefndarinnar öll árin og mun halda áfram að fylgjast með starfinu sem áheyrnarfulltrúi eftir að kjörtímabilinu lýkur.

Nefndin var sett á fót til að fylgja eftir ákvörðunum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun og vann hún að undirbúningi leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldinn var í Jóhannesarborg haustið 2002. Á leiðtogafundinum var ákveðið að nefndin skyldi áfram vera vettvangur umræðu um sjálfbæra þróun en að nauðsynlegt væri að styrkja framkvæmdahlutverk hennar. Á 11. fundi nefndarinnar, sem haldinn var í New York 28. apríl – 9. maí 2003, voru samþykktar tillögur til efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) um að starfi nefndarinnar yrði skipað í sérstök tveggja ára umræðuferli sem skiptast í endurskoðunarár annars vegar og í stefnumótunarár hins vegar. Jafnframt var samþykkt tillaga um umræðuefni til næstu 14 ára. Umræðuefnin í fyrsta umræðuferlinu 2004–2005 eru vatn, frárennslismál og byggðaþróun. Efnahags- og félagsmálaráðið samþykkti sumarið 2003 framangreindar tillögur nefndarinnar um sjálfbæra þróun.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW).

Ísland hefur tekið sæti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (The Commission on the Status of Women – CSW) til næstu fjögurra ára. Alls eiga 45 ríki sæti í nefndinni sem fellur undir efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Kvennanefndin kemur saman einu sinni á ári, tvær vikur í senn og er markmið hennar að vinna að jafnrétti karla og kvenna. Í kjölfar kvennaráðstefnunnar í Peking árið 1995 var kvennanefndinni falið að mynda, ásamt efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna og allsherjarþinginu, þríeyki til að vinna að stefnumótun og eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni sem samþykkt var í Peking. Eftir aukaallsherjarþingið árið 2000 sem haldið var í tilefni fimm ára afmælis Peking-ráðstefnunnar var nefndinni jafnframt falið að fylgjast með framkvæmd samþykkta ráðstefnunnar.

Næsta ár verða tíu ár liðin frá kvennaráðstefnunni í Peking. Af því tilefni mun næsti fundur kvennanefndarinnar meta árangur hennar og aukaallsherjarþingsins árið 2000. Áhersla verður lögð á framkvæmd þeirra skuldbindinga sem þar voru samþykktar. Ekki er gert ráð fyrir samningum um nýjar skuldbindingar. Einnig liggur fyrir tillaga frá kvennanefndinni til efnahags- og félagsmálaráðsins um að lagt verði til að haldið verði upp á tíu ára afmæli kvennaráðstefnunnar í Peking með almennri umræðu í allsherjarþinginu.

Undirnefnd mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísland hefur tilkynnt framboð dr. Guðmundar Alfreðssonar, þjóðréttarfræðings og forstöðumanns Raoul Wallenberg-stofnunarinnar í Lundi, til setu í undirnefnd mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna (Sub-Commission on the Promotion and Protection of Human Rights) 2004–2008. Framboðið nýtur stuðnings Norðurlandanna. Utanríkisráðuneytið ásamt fastanefnd Íslands í Genf hefur unnið að kynningu framboðsins og öflun stuðnings við það, en kosið verður á mannréttindaþingi Sameinuðu þjóðanna í apríl 2004.

Undirnefndin er skipuð 26 óháðum sérfræðingum og er hlutverk hennar í megindráttum að takast á hendur rannsóknir, sérstaklega með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (Universal Declaration of Human Rights) að leiðarljósi, og senda tilmæli til mannréttindaráðsins sjálfs. Undirnefndin innir þau verk af hendi sem henni eru falin sérstaklega af efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) og/eða mannréttindaráðinu.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Ísland tók sæti í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2003 og er Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, fulltrúi Íslands. Ísland hefur tvisvar áður átt sæti í stjórninni, síðast 1983–86. Kjörtímabil Íslands stendur til loka alþjóðaheilbrigðisþingsins í maí 2006.

Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, en í framkvæmdastjórninni sitja fulltrúar 32 aðildarríkja. Með aðild að framkvæmdastjórninni fær Ísland tækifæri til þess að hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanir um starfsemi og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Framboð til setu í framkvæmdastjórn Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO).

Magnús Jónsson veðurstofustjóri hefur verið tilnefndur sem frambjóðandi til setu í framkvæmdastjórn Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) sem fulltrúi Evrópusvæðisins og hefur hann samþykkt tilnefninguna. Íslenskur veðurstofustjóri hefur aldrei áður átt sæti í framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Kosið er skriflega og frestur til að skila inn atkvæði rennur út í maí 2004. Utanríkisráðuneytið, sendiráð og fastanefndir vinna að kynningu framboðsins og öflun stuðnings við það í samvinnu við veðurstofustjóra.

7.2.2. Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþingsins.

Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna tengir á mikilvægan hátt löggjafarvaldið við framkvæmd utanríkismála. Það er stefna utanríkisráðuneytisins að viðhalda opnu upplýsingaflæði milli Alþingis og utanríkisþjónustunnar og eru heimsóknir alþingismanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna mikilvægur liður í því.

Eftirfarandi þingmenn sóttu 57. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2002: Árni R. Árnason, Björn Bjarnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Karl V. Matthíasson, Sigríður Ingvarsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir.

58. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2003 sóttu eftirtaldir þingmenn: Dagný Jónsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jón Bjarnason, Jón Gunnarsson, Mörður Árnason og Sólveig Pétursdóttir.

7.2.3. Íslenskir starfsmenn hjá Sameinuðu þjóðunum.

Það er stefna utanríkisráðuneytisins að stuðla að fjölgun íslenskra starfsmanna hjá alþjóðastofnunum. Íslendingar starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra og undirstofnana víða um heim. Á þessu ári hófu tveir íslenskir starfsmenn störf hjá efnahags- og félagsmáladeild Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvum stofnunarinnar í New York, þau R. Hulda Proppé og Broddi Sigurðarson. Jón Ingi Herbertsson starfar í uppýsingadeild Sameinuðu þjóðanna í New York. Íslendingar hafa einnig í auknum mæli lagt fyrir sig störf innan friðargæslu Sameinuðu þjóðanna á eigin vegum, þ.e. ekki sem útsendir starfsmenn Íslensku friðargæslunnar. Af þeim sem inna slík störf af hendi má nefna Steinar Berg Björnsson viðskiptafræðing, sem er yfirmaður rekstrarsviðs friðargæslu Sameinuðu þjóðanna í Síerra Leóne, og Ingibjörgu Ásgeirsdóttur og Snorra Magnússon lögreglumenn sem bæði gegna

ábyrgðarstöðum á sviði öryggismála. Ingibjörg starfar í Síerra Leóne og Snorri er nýkominn til starfa í New York eftir störf í Líberíu.

7.3. Leiðtogafundir Sameinuðu þjóðanna og aðrir stórviðburðir.

7.3.1. Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (World Summit for Sustainable Development, WSSD)

Leiðtogafundurinn var haldinn í Jóhannesarborg 26. ágúst – 4. september 2002 í tilefni af tíu ára afmæli Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun. Megintilgangur hans var að endurnýja skuldbindingar sem gerðar voru í Ríó 1992 og að skilgreina helstu áherslur í umhverfis- og þróunarmálum á komandi áratug. Fundurinn var hinn fjölmennasti af slíkum samkomum sem haldnar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, en hann sóttu yfir 21 þúsund fulltrúar, auk þúsunda annarra gesta sem lögðu leið sína til Jóhannesarborgar í tengslum við fundinn og aðrar ráðstefnur sem haldnar voru á sama tíma. Davíð Oddsson forsætisráðherra var formaður sendinefndar Íslands á fundinum.

Að loknum undirbúningsfundi var leiðtogafundurinn formlega settur 26. september 2002. Þá hófust formlegir samningafundir um framkvæmdaskjalið og pólitíska yfirlýsingu fundarins og skrásetning um 230 samstarfsverkefna sem voru tilkynnt á fundinum. Hundruð kynninga og viðburða af ýmsu tagi fóru fram í tengslum við leiðtogafundinn. Meðal meginviðburða má nefna hringborðsumræður leiðtoga og ráðherra, málþing hagsmunaaðila og umræður um þau fimm svið, sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna taldi að leiðtogafundurinn gæti skilað mestum árangri á, þ.e. á sviði heilbrigðismála, vatns, orku, landbúnaðar og líffræðilegs fjölbreytileika.

Helstu samþykktir fundarins voru annars vegar pólitísk yfirlýsing, Jóhannesarborgar-yfirlýsingin, en hins vegar viðamikil framkvæmdaáætlun um umhverfis- og þróunarmál. Að auki voru kynnt á fundinum yfir 200 samstarfsverkefni ríkja, alþjóðastofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Þjóðarleiðtogar ávörpuðu fundinn á lokadögum hans.

7.3.2. Málþing um alnæmi (HIV/AIDS).

Hinn 22. september 2003 var haldið í New York málþing um alnæmi til að fylgja eftir niðurstöðum 26. aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem haldið var 2001. Niðurstöðuskjal aukaallsherjarþingsins var yfirlýsing um skuldbindingar varðandi alnæmi.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sótti málþingið fyrir hönd Íslands, ásamt Davíð Á. Gunnarssyni, ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Haraldi Briem, sóttvarnalækni. Á málþinginu var fjallað um skuldbindingar og markmið Sameinuðu þjóðanna í baráttunni gegn alnæmisvánni sem hefur lagt að velli yfir tuttugu milljónir manna. Í ræðu sinni lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra áherslu á samstöðu þjóða til að styrkja þau markmið sem sett voru með yfirlýsingu um skuldbindingar í baráttunni gegn alnæmisvandanum. Sagði hann að bæta þyrfti félagslega stöðu fólks, tryggja að meðferð við sjúkdómnum sé aðgengileg fyrir alla, stuðla að þróun lyfja og bólusetningarefna og tryggja fjármagn í baráttunni gegn alnæmi. Þá lýsti ráðherrann því yfir að Ísland mundi standa standa við skuldbindingar samkvæmt yfirlýsingu 26. aukaallsherjarþingsins. Ísland hefur heitið að greiða 15 millj. kr. til alheimssjóðs sem ætlaður er til að berjast gegn alnæmi.

7.3.3. Málþing um fjármögnun þróunar.

Dagana 29.–30. október 2003 var haldið í New York málþing til að fylgja eftir niðurstöðum alþjóðlegrar ráðstefnu um fjármögnun þróunar sem haldin var í Monterrey í Mexíkó

árið 2002. Á málþinginu kom fram eindreginn stuðningur við samþykkt Monterrey-ráðstefnunnar sem þykir skipta miklu máli fyrir framkvæmd hennar. Nokkur árangur þykir hafa náðst við framkvæmd samþykktarinnar. Ljóst er þó að frekari aðgerða er þörf með samstilltu átaki, en sérstaklega þarf að efla þróun í alþjóðlegum viðskiptum.

7.3.4. Leiðtogafundur um upplýsingasamfélagið (WSIS).

Dagana 10.–12. desember 2003 var haldinn í Genf leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðafjarskiptastofnunarinnar (ITU) um upplýsingasamfélagið (World Summit on the Information Society, WSIS). Undirbúningur og þátttaka í fundinum af Íslands hálfu var í höndum menntamálaráðuneytisins og verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Haldnir voru þrír undirbúningsfundir í Genf og einn í París, auk svæðisbundinna undirbúningsfunda og fjölda óformlegra funda. Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, sótti leiðtogafundinn ásamt íslenskri sendinefnd fulltrúa frá menntamálaráðuneyti, forsætisráðuneyti, fastanefnd Íslands í Genf, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Menntamálaráðherra flutti ræðu á allsherjarfundi, auk þess sem hann flutti erindi á sérstökum fundi um fjölmiðla (World Electronic Media Forum, WEMF). Ráðherrann tók einnig þátt í hringborðsumræðum um nýja möguleika í fjarskiptum.

Leiðtogafundinn sóttu um 10 þúsund manns, þar af um 50 þjóðarleiðtogar. Fundurinn samþykkti yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun um upplýsingasamfélagið. Meginviðfangsefni þessara skjala er að bæta aðgengi íbúa fátækari ríkja að upplýsingatækni og auka þátttöku þeirra í upplýsingasamfélaginu. Á meðan á leiðtogafundinum stóð var boðið upp á tæplega 300 hliðarviðburði, svo sem málstofur og ráðstefnur af ýmsu tagi. Auk þessa var mikil vörusýning haldin í ráðstefnuhöll leiðtogafundarins.

Leiðtogafundinum í Genf verður fylgt eftir með öðrum leiðtogafundi í Túnis 16.–18. nóvember 2005.

7.3.5. Ráðstefna um uppbyggingu í Líberíu.

Ráðstefna um uppbyggingu í Líberíu var haldin í New York 5.–6. febrúar 2004 í boði Sameinuðu þjóðanna, ríkisstjórnar Bandaríkjanna og Alþjóðabankans. Fulltrúar 96 ríkja og 45 stofnana tóku þátt í ráðstefnunni. Á ráðstefnunni var fjallað um skipulagningu uppbyggingarstarfs í Líberíu eftir að borgarastyrjöldinni sem þar hefur geisað undanfarin 14–15 ár lauk með undirritun svonefnds Akkra-samnings í ágúst 2003. Kynnt var tveggja ára áætlun um umbætur á stjórnarháttum og stjórnsýslu Líberíu. Lögð var áhersla á að nauðsynlegt væri að nota það tækifæri sem skapast hefur til að efla efnahagslífið og veita mannúðaraðstoð. Meðal þeirra sem ávörpuðu ráðstefnuna voru Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Á ráðstefnunni var því lýst hve illa leikin líberíska þjóðin var á meðan borgarastyrjöldinni stóð, ekki síst vegna mannréttindabrota og brota á alþjóðlegum mannúðarlögum. Víðtækt umboð friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna og framlög alþjóðasamfélagsins muni hins vegar hafa mikil áhrif til batnaðar.

Mörg þeirra ríkja sem tóku þátt í ráðstefnunni lofuðu fjárframlagi til uppbyggingar í Líberíu, m.a. Ísland sem hét framlagi að fjárhæð 1 millj. kr.

7.3.6. Ráðherrafundur ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun (UNCTAD).

Áformað er að halda ellefta ráðherrafund ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun (UNCTAD XI) í Sao Paulo 13.–18. júní 2004. Á slíkum ráherrafundum eru teknar ákvarðanir um forgangsmál ráðstefnunnar næstu fjögur árin, auk þess sem þeir eru vettvangur umræðna um efnahags- og þróunarmál. Að þessu sinni verður meginviðfangsefni fundarins að finna leiðir til að samræma stefnu einstakra ríkja í þróunarmálum og styrkja stefnumótun á alþjóðavettvangi í viðskipta- og efnahagsmálum.

7.4. Mannréttindamál.

Í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem og yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun mannréttindaráðstefnunnar í Vínarborg árið 1993 leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim óháð svæðisbundnum aðstæðum, t.d. stjórnarfari og menningu, félagslegu umhverfi eða trúarbrögðum. Efling mannréttinda er órjúfanlegur hluti af starfi Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar og öryggis. Mannréttindi eru óaðskiljanlegur hluti alþjóðastjórnmála en ekki einkamál hvers ríkis fyrir sig. Ísland mun sem fyrr leggja áherslu á að styðja baráttuna fyrir mannréttindum sem eru samofin baráttunni gegn fátækt, kúgun, ófriði og hryðjuverkum.

Ísland mun einkum halda áfram að leggja ríka áherslu á réttindi kvenna og barna, þ.m.t. samþættingu kynjasjónarmiða. Utanríkisráðherra hefur ávallt gert mannréttindamál að umtalsefni í ræðum sínum á allsherjarþinginu og hafa íslensk stjórnvöld almennt leitast við að taka sem virkastan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði.

7.4.1. Mannréttindi og alþjóðlegir samningar.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Á síðustu tveimur allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lagt fram tvær ályktanir um mannréttindi. Á 57. allsherjarþinginu árið 2002 lagði Ísland í fyrsta sinn fram ályktunartillögu á allsherjarþinginu. Ályktunin fjallaði um pyntingar og aðra ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og byggðist í aðalatriðum á alþjóðasamningnum um sama efni. Danmörk hefur yfirleitt flutt þessa tillögu fyrir hönd Norðurlandanna en vegna formennsku Dana í Evrópusambandinu á þessu tímabili tók Ísland það hlutverk að sér. Allsherjarþingið samþykkti ályktunina einróma. Á 58. allsherjarþinginu árið 2003 lagði Ísland aftur fram ályktun fyrir hönd Norðurlandanna. Ályktunin fjallar um alþjóðasamninginn um afnám alls misréttis gegn konum (CEDAW). Ályktunin var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Jafnréttismál eiga undir högg að sækja á alþjóðavettvangi og er mikilvægt að standa vörð um þær skuldbindingar sem þegar hefur náðst samkomulag um. Síðastliðið haust lögðu Hollendingar fram ályktunartillögu á allsherjarþinginu sem fjallaði um baráttuna gegn hvers kyns ofbeldi gegn konum. Þegar ljóst var að ekki næðist samkomulag nema á kostnað þegar samþykktra skuldbindinga drógu Hollendingar tillöguna til baka. Þess í stað lögðu þeir fram tvær ályktanir. Önnur fjallar um heimilisofbeldi og hin um skýrslu um ofbeldi gegn konum. Fyrri ályktunin er söguleg að því leyti að um er að ræða fyrstu ályktun Sameinuðu þjóðanna um heimilisofbeldi, en það er ein algengasta tegund ofbeldis gegn konum og jafnframt eitt viðkvæmasta viðfangsefnið í þessum málaflokki. Viðkvæmnin er meðal annars vegna þess að sum ríki viðurkenna ekki að vandinn sé til staðar, t.d. að til sé kynferðislegt ofbeldi innan hjónabands. Ísland flutti almennt innlegg fyrir hönd Norðurlandanna varðandi þessa ályktun. Þar var sá skilningur áréttaður að með tilvísun ályktunarinnar í kynferðislegt ofbeldi innan fjölskyldunnar væri meðal annars átt við nauðgun innan hjónabands. Að því er varðar skýrsl-

una um ofbeldi gegn konum, sem aðalframkvæmdastjórinn á að leggja fram á 60. allsherjarþinginu, eru vonir bundnar við að hún greiði fyrir samkomulagi síðar um allsherjarályktun um ofbeldi gegn konum. Ástæðan er sú að ríki sem vilja ganga skemmst í samþykktum á þessu sviði bera oft fyrir sig skorti á upplýsingum til að komast hjá efnislegri umfjöllun. Með umbeðinni skýrslu verður hægt að draga úr slíkum röksemdum sem yfirleitt eru settar fram til málamynda.

Af hálfu Íslands hefur enn fremur verið lögð rík áhersla á að ákvæði Genfarsáttmálanna og viðbótarbókana við þá um vernd særðra og sjúkra, stríðsfanga, óbreyttra borgara og fórnarlamba staðbundinna vopnaðra átaka verði virt. Þess má geta að Ísland er eitt fárra ríkja sem lagt hefur fram fé í sjóð Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum. Norðurlöndin hafa enn fremur eindregið stutt málefni frumbyggja á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Skýrsluskil Íslands á grundvelli mannréttindasamninga.

Aðildarríki að alþjóðlegum mannréttindasamningum eru skuldbundin til að skila reglulega skýrslum til Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd viðkomandi samninga.

Í janúar 2003 gerðu fulltrúar íslenskra stjórnvalda grein fyrir annarri skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um réttindi barnsins. Í maí 2003 gerðu fulltrúar íslenskra stjórnvalda grein fyrir annarri skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um pyntingar og einnig þriðju skýrslu Íslands á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (CESCR).

Á næstunni verður eftirfarandi skýrslum skilað: 17. og 18. skýrslu Íslands á grundvelli alþjóðasamningsins um afnám kynþáttamisréttis, fjórðu skýrslu á grundvelli samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (CCPR) og tveimur skýrslum á grundvelli viðbótarbókunarinnar við samninginn um réttindi barnsins, annars vegar um sölu barna og barnaklám og hins vegar um þátttöku barna í vopnuðum átökum.

Þriðju skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um pyntingar ber að skila í nóvember 2005. Þriðju skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um réttindi barnsins ber að skila í maí 2008 og fjórðu skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi ber að skila í júní 2008.

Embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna í Genf.

Mannréttindamál eru einn allra mikilvægasti hluti af starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur starf þeirra á sviði mannréttinda styrkst enn frekar með sérstöku embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem stofnað var til árið 1993. Starfsemi mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna hefur verið verulega efld hin síðustu ár, auk þess sem öll aðstaða mannréttindaskrifstofunnar hefur verið bætt verulega.

Þrír einstaklingar hafa gegnt embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna frá upphafi og nú síðast (2002–2003) Sergio Vieira de Mello sem lést 19. ágúst 2003 í hörmulegri hryðjuverkaárás á höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í Bagdad. Í lok febrúar á þessu ári var nýr mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna skipaður, kanadíski hæstaréttardómarinn Louise Arbour, sem mun taka við embættinu um mitt ár 2004.

7.4.2. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf (CHR).

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna (Commission on Human Rights – CHR) heldur sex vikna þing í Genf á vori hverju. Í ráðinu eiga 53 ríki sæti hverju sinni, sem kosin eru af efna-

hags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Svíþjóð er nú fulltrúi Norðurlanda í ráðinu.

Dagskrá mannréttindaþingsins er þétt skipuð. Fjallað er um mannréttindi í ákveðnum löndum og landsvæðum, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, pyntingar, brotthvarf og aftökur, tjáningarfrelsi, trúfrelsi og fleira. Einnig er fjallað um kynþáttamisrétti, réttindi minnihlutahópa, réttindi frumbyggja, réttindi kvenna og barna, hryðjuverk, menntun, fátækt, alþjóðavæðingu, stöðu alþjóðlegra mannréttindasamninga og verjendur mannréttinda svo eitthvað sé nefnt. Á vegum mannréttindaráðsins starfa sérstakir fulltrúar sem ætlað er að fylgjast með stöðu mannréttindamála í ríkjum þar sem mannréttindi eru síst virt. Einnig hefur sérstökum fulltrúum ráðsins eða óháðum sérfræðingum verið falið að kanna stöðu mannréttinda í hinum ýmsu málaflokkum óháð landsvæðum. Allir þessir einstaklingar og/eða vinnuhópar skila skýrslum til þingsins.

7.4.3. 59. þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Venja er að forseti mannréttindaþingsins sé kosinn með lófataki en slík var ekki reyndin á þinginu 2003. Bandaríkjamenn fóru fram á kosningu þar sem ekki var einhugur um stuðning við Najat Al-Hajjaji, sendiherra Líbíu í Genf, sem var í framboði til forseta þingsins. Hún var þó kjörin með 33 atkvæðum, 3 voru á móti og 17 sátu hjá.

Það vakti athygli að greidd voru atkvæði um óvenjumargar ályktunartillögur á þinginu 2003, en ætíð er reynt til þrautar að ná samkomulagi án atkvæðagreiðslu. Aldrei hafa verið fluttar og samþykktar fleiri frávísunartillögur (No Action Motion) en á þinginu 2003. Frávísunartillögur eru lagðar fram til þess að koma í veg fyrir að þingið afgreiði viðkomandi ályktunartillögu og samþykki þar með gagnrýni og tilmæli til ákveðinna ríkja um stöðu mannréttindamála. Einnig voru lagðar fram margar breytingartillögur sem í flestum tilfellum voru felldar. Hin svonefnda norður-suður-skipting er ríkjandi á þinginu og ágreiningur á milli þróunar- og iðnríkja setti sem fyrr og í ríkari mæli svip sinn á störf þingsins. Atkvæðagreiðslur á þinginu 2003 báru þessa skýr merki. Sem dæmi má nefna að greidd voru atkvæði um nær allar ályktunartillögur um einstök ríki. Þar sem þróunarríki eru í meiri hluta á mannréttindaþinginu eru iðulega samþykktar ályktunartillögur sem varða sérstakar áherslur þeirra án þess að samið hafi verið um efnislegt innihald við önnur ríki. Ýmis þróunarríki ásaka einnig vestræn ríki og bandamenn þeirra um að efna til átaka í stað umræðna um stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum (landatillögur). Því er haldið fram að vestræn ríki leggi höfuðáherslu á borgaraleg og stjórnmálalaleg réttindi á kostnað félagslegra og efnahagslegra réttinda.

Rúmlega 100 ályktunartillögur og ákvarðanir voru samþykktar á þinginu. Ísland var meðflytjandi að 46 ályktunartillögum um afnám dauðarefsingar, aftökur, baráttu gegn pyntingum, afnám alls ofbeldis gegn konum, réttindi minnihlutahópa, afnám hvers kyns fordóma gagnvart trúarbrögðum, tjáningarfrelsi, réttindi barnsins, mannréttindi fatlaðra, verjendur mannréttinda, alþjóðlega mannréttindasamninga, mannréttindi og hryðjuverk, málefni frumbyggja, fátækt, alnæmi, menntun o.fl. Jafnframt var Ísland meðflytjandi að sérstökum ályktunartillögum um stöðu mannréttinda í Búrúndí, Hvíta-Rússlandi, Írak, Kambódíu, Lýðræðislega lýðveldinu Kongó, Kúbu, Myanmar, Norður-Kóreu, Simbabve, Sierra Leóne, Súdan, Tsjetsjeníu og Túrkmenistan. Tillögurnar voru allar samþykktar nema tillögurnar um Simbabve, Súdan og Tsjetsjeníu.

Ísland var enn fremur meðflytjandi að tillögu Evrópusambandsins um ólöglegt landnám Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum og að tillögu Arabaríkjanna um rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunar og stofnunar sjálfstæðs ríkis. Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Engin ályktunartillaga var lögð fram um stöðu mannréttindamála í Kína, en undanfarin tíu ár hefur kínverska sendinefndin flutt frávísunartillögu. Hin eiginlega ályktunartillaga um stöðu mannréttinda í Kína hefur því aldrei komið til atkvæðagreiðslu.

Ályktunartillaga Evrópusambandsins um stöðu mannréttindamála í Íran var felld á þinginu 2002 með eins atkvæðis mun. Engin tillaga var lögð fram 2003.

Ályktunartillaga Evrópusambandsins um afnám dauðarefsingar var samþykkt með fimm atkvæða mun eins og á þinginu í 2002.

Ályktunartillögur um réttindi barnsins, tjáningarfrelsi og um mannréttindi og hryðjuverk voru samþykkar samhljóða. Ályktunartillaga Norðmanna um verjendur mannréttinda var samþykkt án atkvæðagreiðslu svo og ályktunartillaga Danmerkur um afnám pyntinga.

Á mannréttindaþinginu flutti fulltrúi Íslands ávarp um réttindi barnsins og lagði áherslu á réttindi barna á stofnunum og stöðu barna án umsjár. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin stóðu sameiginlega að ræðum um mannréttindasamninga og verslun með konur og stúlkur. Einnig voru fluttar norrænar ræður um málefni fólks á vergangi og málefni frumbyggja.

7.4.4. 60. þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Sextugasta þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna stendur hófst 15. mars og stendur til 23. apríl 2004. Að þessu sinni náðist heföbundin samstaða um kjör forseta þingsins, Mike Smith, sendiherra og fastafulltrúi Ástralíu í Genf.

Sem fyrr verður fylgst náið með tillöguflutningi í ráðinu og Ísland mun gerast meðflytjandi að þeim ályktunartillögum sem styrkt geta þróun, vernd og virðingu alþjóðlegra mannréttinda og mannréttindasamninga.

7.4.5. Stofnun Alþjóðasakamáladómstólsins (International Criminal Court – ICC).

Hlutverk Alþjóðasakamáladómstólsins er að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Stofnun hans er tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna.

Rómarsamþykktin um Alþjóðasakamáladómstólinn öðlaðist gildi 1. júlí 2002 þegar 60 ríki höfðu fullgilt hana. Fyrsti fundur aðildarríkja samþykktarinnar var haldinn í New York í september sama ár. Fyrstu dómarar Alþjóðasakamáladómstólsins voru kjörnir í febrúar 2003 og jafnframt var á því ári kjörinn aðalsaksóknari við dómstólinn. Dómstóllinn, sem hefur aðsetur í Haag, tók til starfa sama ár. Aðildarríki Rómarsamþykktarinnar eru nú 92 talsins.

7.5. Málefni Mið-Austurlanda.

Málefni Mið-Austurlanda, einkum átökin fyrir botni Miðjarðarhafsins og í Írak, eru áfram í brennidepli alþjóðastjórnmála. Frá því að núverandi uppreisn Palestínumanna hófst í lok september 2000 hefur hvorki verið lát á ofbeldinu né öryggisleysinu á svæðinu. Þær fjölmörgu tillögur sem kynntar hafa verið til lausnar átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs hafa allar runnið út í sandinn. Í raun er staðan enn sú sama og þegar átökin hófust haustið 2000. Á meðan vantraustið milli Ísraelsmanna og Palestínumanna er algert er borin von að friðarhorfur aukist.

Afstaða Íslands til átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs er skýr. Íslensk stjórnvöld hafa gert sér far um að fylgjast náið með þróun mála á svæðinu og utanríkisráðherra kynnti sér ástandið í Mið-Austurlöndum af eigin raun í heimsókn sinni til Ísrael, Palestínu og Jórdaníu vorið 2002 og til Íran í desember 2003.

Vilji Alþingis í þessu máli er einnig skýr eins og hann birtist í þingsályktunum um deilur Ísraela og Palestínumanna, annars vegar frá 18. maí 1989 og hins vegar frá 30. apríl 2002.

Ísland hefur fordæmt ofbeldisverk beggja aðila og krafist þess að deiluaðilar semji um vopnahlé án nokkurra skilyrða og hefji friðarviðræður á grundvelli fyrri samningaviðræðna og Vegvísisins svonefnda (The Roadmap), þar sem skilgreint er hvaða skref skuli stigin til að leysa ágreiningin með friðsamlegum hætti. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti 19. nóvember 2003 ályktun nr. 1515(2003) sem felur í sér formlegan stuðning ráðsins við Vegvísinn.

Ástandið í Mið-Austurlöndum er stöðugt til umfjöllunar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland studdi ályktun allsherjarþingsins frá 21. október 2003 sem fordæmir byggingu aðskilnaðarmúrsins á Vesturbakkanum og skipar Ísraelsmönnum að hætta við framkvæmdirnar. Við atkvæðagreiðslu í allsherjarþinginu 8. desember 2003 um ályktun varðandi álit Alþjóðadómstólsins í Haag um lögmæti múrsins sat Ísland hjá ásamt öðrum Norðurlöndum og aðildarríkjum Evrópusambandsins. Það var afstaða þeirra 73 ríkja sem sátu hjá við afgreiðslu ályktunarinnar að þessi nálgun væri líklegri til að torvelda friðarferlið fremur en liðka fyrir því enda bein orsakatengsl á milli sjálfmorðsárása á ísraelska borgara og byggingar múrsins. Þessi afstaða þýðir ekki að málið sé eingöngu af pólitískum toga og útilokar ekki að ágreiningurinn byggist að einhverju leyti á lagalegum grunni.

Vandséð er hvernig unnt verður að þvinga Ísraelsmenn og Palestínumenn til að leysa ágreiningsefni sín á friðsamlegan hátt ef þeir hafa meiri trú á því að ofbeldi og átök leysi sambýlisvanda þeirra. Blóðsúthellingar undanfarinna ára munu engu breyta um endanlega niðurstöðu því að Ísraelsríki mun standa og stofnun ríkis Palestínumanna er óumflýjanleg. Lausnin á ágreiningsefnum Ísraelsmanna og Palestínumanna getur hvorki orðið hernaðarleg né lagaleg heldur verður hún að vera pólitísk. Íslensk stjórnvöld fordæma morð Ísraelsmanna á Sheikh Ahmed Yassin, andlegum leiðtoga Hamas-samtakanna, þó svo að þau hvorki styðji markmið né aðferðir samtakanna.

Það er afstaða íslenskra stjórnvalda að Ísraelsmenn þurfi að hverfa af hernumdu svæðunum, bæði her og landtökumenn, og fjarlægja aðskilnaðarmúrinn af palestínsku landi. Palestínumenn þurfa að tryggja ábyrga stjórn í eigin landi og koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir á Ísrael um leið og þeir fá svigrúm til að byggja upp efnahagslíf sitt. Tök Ísraelsmanna á efnahagslífi Palestínumanna eru alger enda er efnahagslíf þeirra í rúst. Ástæða er til að hafa sérstakar áhyggjur af mannúðarástandinu á hernumdu svæðunum. Árlegt framlag Íslands til Flóttamannaaðstoðar Palestínumanna (UNRWA) hefur á undanförnum árum verið aukið og er nú tæpar 3 millj. kr.

Rúmt ár er nú liðið frá innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak í mars 2003. Það var ekki auðveld ákvörðun sem íslensk stjórnvöld stóðu þá frammi fyrir. Að vandlega íhuguðu máli ákvað ríkisstjórnin að skipa Íslandi á bekk með hinum viljugu þjóðum. Það var fullljóst að ákvörðunin yrði bæði mjög umdeild og sætti gagnrýni en íslensk stjórnvöld voru viss um að ákvörðunin væri rétt miðað við þáverandi kringumstæður. Ísland átti ekki hernaðarlega aðild að innrásinni í Írak en studdi aðgerðir Bandaríkjanna og Bretlands sem höfðu það að markmiði að koma lögum yfir einn illræmdasta harðstjóra mannkynssögunnar. Í dag er það fyrst og fremst íraska þjóðin sem fagnar falli Saddams Husseins nú þegar hún er smám saman að taka aftur við stjórn landsins.

Það hefur ávallt verið ljóst að ástæður þess að gripið var til hernaðaraðgerða gegn stjórn Saddams Husseins voru margþættar. Hinar sterku vísbendingar um gereyðingarvopn írakskra stjórnvalda réðu miklu þar um en fleira kom til. Allt atferli stjórnar Saddams Husseins var ógnun við alþjóðlegan og svæðisbundinn frið og stöðugleika. Alþjóðasamfélagið gat ekki

lengur búið við þá ógn sem stafaði af stjórn Saddams Husseins nema bíða alvarlega álitshnekki af. Sameinuðu þjóðirnar höfðu staðið í 12 ára skollaleik við stjórnvöld í Írak um tilvist gereyðingarvopna í landinu. Allan þann tíma hunsaði Saddam Hussein vilja alþjóðasamfélagsins í ítrekuðum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Stjórnvöld í Írak torvelduðu sem mest þau máttu störf vopnaeftirlitsmanna Sameinuðu þjóðanna og gerðu þeim ókleift að vinna í landinu í fjögur ár, þ.e. 1998–2002. Rétt er að minna á að Saddam Hussein hóf tvö árásarstríð, þ.e. gegn Íran og Kúveit, og hermenn hans beittu efnavopnum bæði gegn Írönum og eigin þegnum þegar hann lét myrða þúsundir Kúrda í þorpinu Halabaja 1988. Alvarleg og kerfisbundin mannréttindabrot voru framin í Írak þar til ógnarstjórnin féll.

Samfélag þjóðanna stóð frammi fyrir þeirri staðreynd að ábyrgðarlaus einræðisstjórn virti ekki vilja þess. Íröksk stjórnvöld stóðu hvorki við vopnahlésskilmálana frá 1991, að afloknu Flóastríðinu, né hlíttu þau fjölda ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á þeim 12 árum sem liðin voru. Í sögulegri ályktun öryggisráðsins nr. 1441 frá 8. nóvember 2002 var sérstaklega vísað til fyrri ályktana ráðsins um Írak og þarlendum stjórnvöldum gefið lokatækifæri til að sýna fram á að öllum gereyðingarvopnum hefði verið eytt. Það tækifæri var ekki notað með trúverðugum hætti. Síðar hefur reyndar komið í ljós að hættan af gereyðingarvopnaeign Íraka virðist hafa verið orðum aukin en það breytir því ekki að íröksk stjórnvöld nýttu sér ekki það tækifæri sem þeim var gefið með samþykkt ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1441 (2002).

Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um stuðning við innrásina í Írak var hvort tveggja í senn pólitísk og byggð á grundvelli alþjóðalaga. Ákvörðunin var pólitísk vegna þess að trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna var í húfi og hún var lögleg vegna þess að stjórn Saddams Husseins hafði ítrekað brotið ályktanir samtakanna, síðast ályktun nr. 1441(2002) sem samþykkt var samhljóða og fól í sér lokatækifæri til óskilyrtrar samvinnu.

Írakskt samfélag var í sárum eftir ógnarstjórn Saddams Husseins. Ógnin sem stafaði af einræðisstjórninni er horfin og það er því mikilvægt að horfa nú fram á veginn og styðja enduruppbygginguna í Írak og hina grýttu leið Íraka frá einræði til lýðræðis og sjálfstjórnar.

Afnám viðskiptaþvingana Sameinuðu þjóðanna gegn Írak, framlagaráðstefna í Madríd í október 2003, endurreisn atvinnuveganna og lýðræðislegir stjórnarhættir gefa vissulega góð fyrirheit um bjarta framtíð fyrir Íraka og nágranna þeirra, að því gefnu að niðurrifsöflunum takist ekki að ala á sundrungu milli einstakra hópa innan Íraks. Íslensk stjórnvöld vilja vissulega leggja sinn skerf af mörkum og ríkisstjórnin ákvað því í apríl 2003 að veita 300 millj. kr. til enduruppbyggingarinnar í Írak.

Það er ljóst að mörgum ríkjum í Mið-Austurlöndum stendur stuggur af Írak sem lýðræðisríki en víðtækur alþjóðlegur stuðningur virðist þó vera við endurreisnarstarfið. Ljóst er að Sameinuðu þjóðirnar munu fá þar víðtækt hlutverk um leið og öryggisástandið batnar í landinu. Hernámi Íraks mun ljúka 30. júní 2004 þegar Bandaríkin og Bretland afhenda Írökum formlega stjórn landsins.

Fulltrúar í írakska framkvæmdaráðinu hafa nú náð samkomulagi um nýja bráðabirgðastjórnarskrá, þar sem kveðið er á um stofnun sambandsríkis í Írak. Með gerð stjórnarskrárinnar er lagður grunnur að réttarríki í Írak þar sem grundvallarmannréttindi íbúanna eru tryggð. Á grundvelli stjórnarskrárinnar verður síðan boðað til kosninga í Írak eigi síðar en í janúar 2005. Konum verður tryggður a.m.k. fjórðungur þingsæta.

Ólýðræðislegir stjórnarhættir einkenna stjórnarfarið í Mið-Austurlöndum og hafa hefur leitt til misréttis og efnahags- og félagslegrar vanþróunar. Mannréttindi eru víða fótum troðin. Þessar aðstæður eru gróðrarstía ofbeldis og hryðjuverka. Okkur ber að styðja lýðræðis- og umbótaöfl í Mið-Austurlöndum enda eru stjórnarfarslegar umbætur forsenda framfara á

sviði efnahagsmála, félagsmála, menntunar og jafnréttis. Mikilvægt er að bæði Evrópuríkin og Bandaríkin beiti sér til að efla lýðræðisþróunina á svæðinu. Fyrr getum við ekki vænst þess að friður, framþróun og velmegun ríki í Mið-Austurlöndum.

8. SVÆÐISBUNDIN SAMVINNA OG STOFNANIR

8.1. Evrópuráðið.

Stækkun Evrópuráðsins hefur haldið áfram. Undanfarin tvö ár hafa Bosnía og Hersegóvína og Serbía-Svartfjallaland bæst í hópinn og telur Evrópuráðið nú 45 aðildarríki og 800 milljónir Evrópubúa. Einungis tvö Evrópuríki, Hvíta-Rússland og Mónakó, standa nú utan Evrópuráðsins. Stjórnarfar í Hvíta-Rússlandi og einangrun þess á alþjóðavettvangi koma í veg fyrir að aðildarumsókn verði tekin til umræðu. Skilgreining á lýðræðislegri stöðu þjóðþings Mónakó og stjórnskipulegum tengslum við Frakkland hefur tafið aðild þess ríkis. Mónakó stefnir að því að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnskipan sinni þannig að aðild verði mögulega innan tíðar.

Við stækkun Evrópusambandsins í maímánuði 2004 verða Evrópusambandsríkin 25 orðin meirihlutahópur í Evrópuráðinu. Evrópusambandsríkin hafa þó ekki komið fram sem ein heild innan Evrópuráðsins og er ekki fyrirsjáanlegt að svo verði eftir stækkunina. Vegna eðlis starfsemi Evrópuráðsins, sem snýst um mannréttindi, lýðræði og réttarfar með Evrópusamningana og Mannréttindadómstólinn sem þungamiðju, hefur samvinna Norðurlandanna á þessum vettvangi hins vegar verið bæði öflug og áberandi. Umræður standa nú yfir innan Evrópuráðsins um að efna til þriðja leiðtogafundar ráðsins árið 2005 eða síðar til að festa sérsvið, sérstöðu og markmið þess enn á ný í sessi og samstarf og verkaskiptingu við aðrar Evrópustofnanir. Þá er fyrst litið til samstarfsins við Evrópusambandið og mikilvægi þess að sambandið sjálft gerist formlegur aðili að mannréttindasáttmála Evrópu.

Aðlögun ríkja austur- og suðaustur Evrópu að mannréttinda- og lýðræðishefðum Evrópuráðsins er nú sem fyrr meginverkefni stofnunarinnar, en það starf stuðlar einnig að stöðugleika í álfunni. Evrópuráðið er mikilvægur vettvangur fyrir hin nýfrjálsu ríki Evrópu og hefur hraðað uppbyggingu lýðræðislegra stjórnarhátta í þessum ríkjum með markvissum eftirlits- og stoðaðgerðum. Þessi vinna hefur einnig leitt til frekari nálgunar á öðrum pólitískum sviðum. Staðsetning skrifstofa Evrópuráðsins á Balkanskaga og í Kákasus er mikilvægur þáttur í þessu samstarfi á svæðum þar sem enn ríkir óstöðugleiki og pólitískt uppnám. Litið er til þess að Evrópuráðið sé vettvangur allra Evrópuríkja og tengiliður án landamæra eftir stækkanir Evrópusambandsins og NATO.

Undanfarin tvö ár hefur Evrópuráðið einnig lagt áherslu á að endurskoða samninga sína um aðgerðir gegn hryðjuverkum og samstarf í sakamálum með tilliti til skuldbindinga gagnvart mannréttindasáttmálanum. Alvarleg mannréttindabrot samfara mansali hafa verið til ítarlegrar umræðu hjá ráðinu og eru tillögur í undirbúningi, sem stefna að gerð Evrópusamnings gegn mansali, sem styðji enn frekar við aðgerðir Sameinuðu þjóðanna í þessum efnum.

Mannréttindadómstóll Evrópu.

Á undanförnum árum hefur sérstaklega verið stutt við starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu, endurskipulagningu hans og fjármögnun. Mannréttindadómstóllinn gegnir því hlutverki að framfylgja skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum Evrópuráðsins. Dómstóllinn tekur fyrir kærur frá einstaklingum, félagasamtökum og ríkjum um brot á samningsskyldum aðildarríkjanna þegar öll önnur úrræði fyrir innlendum dómstólum hafa verið fullreynd.

Aðildarríkin eru samningsbundin til að hlíta niðurstöðum dómstólsins og fara eftir þeim, en ráðherranefndin fer með eftirlit með því að dómsúrskurðum sé framfylgt. Starfsálag á dómstólinn hefur vaxið gífurlega undanfarin ár og er nú svo komið að hann annar ekki verkefnum sínum við óbreyttar aðstæður. Miklar líkur eru taldar á því að starfsálag Mannréttindadómstólsins eigi enn eftir að margfaldast á næstu árum ef ekki verður gripið til aðgerða. Ísland var meðal þeirra ríkja sem áttu frumkvæði að því að hefja umfjöllun um endurskipulagningu á innri starfsemi dómstólsins og aukinni fjárveitingu til hans þannig að hann gæti betur sinnt hlutverki sínu, enda er dómstóllinn ein meginstoð Evrópuráðsins. Stefnt er að því að utanríkisráðherrar Evrópuráðsins taki ákvörðun um skipulagsbreytingar á dómstólnum á fundi sínum í maímánuði 2004 sem m.a. feli í sér breytingar á stofnsáttmála.

8.2. Norræn samvinna.

Reglulegir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda er aðalvettvangurinn fyrir norræna samvinnu á sviði utanríkismála, en utanríkisráðherrarnir heyra sem kunnugt er ekki undir Norrænu ráðherranefndina. Þrátt fyrir ólíkar áherslur á ýmsum sviðum í gegnum tíðina, t.d. vegna hlutleysisstefnu tveggja Norðurlandanna og aðild þriggja þeirra að Evrópusambandinu, hefur yfirleitt náðst samstaða í þeim milliríkjamálum sem til umfjöllunar hafa verið. Aðrir embættismenn utanríkisráðuneyta Norðurlanda hafa einnig náið og gagnlegt samstarf og samráð varðandi flesta málaflokka sem undir ráðuneytin heyra.

Frá því að Eystrasaltsríkin þrjú endurheimtu sjálfstæði sitt árið 1991 hafa bæði formleg og óformleg samskipti þeirra og Norðurlandanna farið vaxandi, ekki síst á sviði utanríkismála. Undanfarin ár hefur verið haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja einu sinni á ári og samstarf og samráð embættismanna utanríkisráðuneytanna átta eykst stöðugt.

Samstarf á alþjóðavettvangi.

Óhætt er að fullyrða að staða Norðurlandanna á vettvangi Sameinuð þjóðanna er mun sterkari en stærð og fólksfjöldi gefa tilefni til að ætla. Vafasamt er að löndin hefðu getað haft eins mikil áhrif innan samtakanna og raun ber vitni ef þau stæðu ekki saman og kynntu sig oft sem eina norræna heild og málstað sinn sem norrænan. Stuðningur Norðurlanda við Sameinuðu þjóðirnar og hugsjónir þær sem samtökin byggjast á hefur ætið verið mikill. Á Norðurlönd er víða litið sem fyrirmyndar velferðarþjóðfélög og þykir málflutningur þeirra um jafnrétti, jafnræði, frelsi, lýðræði, mannúð og mannréttindi trúverðugur, hvort sem um er að ræða einstaklinga heima fyrir eða þjóðir í samfélagi þjóðanna. Norræn samvinna, samráð og upplýsingamiðlun um málefni Sameinuðu þjóðanna er afar mikilvæg til að viðhalda og efla stöðu Norðurlandanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Tvö af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar á næstu árum varða þátttöku Íslands í starfsemi Sameinuðu þjóðanna, þ.e. framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2009–2010 og formennska Íslands fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í framkvæmdaráði Alþjóðabankans. Norrænt samstarf er sérlega mikilvægt með tilliti til þessara verkefna og málefna sem tengjast þeim eins og fram kemur annars staðar í skýrslu þessari.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Reykjavík í janúar 2004 var m.a. rætt um samstarf og samráð Norðurlanda um Evrópumál í ljósi stækkunar Evrópusambandsins 1. maí 2004. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra lagði m.a. áherslu á mikilvægi þess að viðhalda og styrkja samvinnu og samráð Norðurlanda, ekki einungis um Evrópumál, heldur einnig á sviði utanríkismála almennt. Ráðherra sagði væntanlega stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sögulegan viðburð, ekki aðeins í viðskiptalegu tilliti. Stækkunin

fæli í sér að söguleg og pólitísk skil á milli ríkja og þjóða í Evrópu væru afmáð. Ráðherrarnir voru sammála um að norrænt samráð og samvinna um Evrópumál yrði jafnvel enn mikilvægari með stækkun ESB, ekki síst með tilliti bæði til aukinna möguleika og þarfa á því að koma norrænum gildum og sjónarmiðum á framfæri.

Utanríkisráðherra tók þátt í umræðunni um varnarmál á þingi Norðurlandaráðs í Ósló haustið 2003. Hann lýsti vilja Íslands til virkari þátttöku í norrænu samráði og samstarfi á sviði varnarmála í kjölfar þess að Ísland gerðist aðili að formlegri samræmingu Norðurlanda á sviði friðargæslu (Normi Coordinated Arrangement for Military Peace Support, NORDCAPS) á fundi varnarmálaráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í Reykjavík í september 2003.

Samstarf norrænna sendiráða.

Fulltrúar sendiráða Íslands erlendis eiga yfirleitt mikið og gott samstarf við norræna sendierindreka á staðnum, bæði í höfuðborgum Norðurlandanna sjálfra og annars staðar þar sem norrænar sendiskrifstofur starfa. Sendiráð skiptast á upplýsingum og hafa samráð í ýmsum málum er varða sameiginlega hagsmuni ríkjanna. Óformleg tengsl sendierindreka við embættismenn í stjórnkerfi, stjórnmálamenn og leiðandi aðila í stjórnmála-, viðskipta- og menningarlífi eru mjög mikilvæg, en vegna opinna og vandalausra samskipta sín á milli geta norrænir sendierindrekar oft nýtt sér sambönd hvers annars með góðum árangri. Eins og áður segir er ímynd Norðurlanda yfirleitt mjög jákvæð á alþjóðavettvangi og eru flestar dyr því opnar norrænum sendierindrekum, sérstaklega þegar þeir koma fram sem ein heild. Rétt er að minna á að hið verðmæta samráð milli utanríkisráðuneyta Norðurlanda og sendierindreka Norðurlanda hvar sem þeir starfa, sem farið er að líta á sem sjálfsagðan hlut, byggist að sjálfsögðu á langri hefð og sameiginlegri menningarlegri og sögulegri fortíð. Í breyttum heimi, með breyttum tengslamynstrum, er mikilvægt að sérstaklega sé hlúð að sameiginlegum norrænum verðmætum til þess að viðhalda vitund um og þekkingu á þeim menningarlega og sögulega skyldleika sem er forsenda þeirra nánu formlegu og óformlegu tengsla milli Norðurlandanna sem við búum við.

Eins og fram hefur komið eru náin tengsl, samráð og samvinna milli embættismanna flestra skrifstofa og deilda utanríkisráðuneyta Norðurlanda, auk þess sem norrænir sendierindrekar í erlendum ríkjum eiga yfirleitt gott samstarf með reglulegum fundum. Gagnsemi þessara tengsla fyrir Ísland er ótvíræð. Til að efla þau enn frekar, einkum meðal yngri embættismanna, efndi utanríkisráðuneytið til námsstefnu fyrir unga norræna diplómata í október 2003, en samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneyta Norðurlanda er gert ráð fyrir að slíkar námsstefnur verði haldnar árlega, til skiptis í löndunum fimm. Í stuttu máli má segja að markmiðið sé að vekja og viðhalda áhuga á norrænu samstarfi við upphaf starfsferils ungra diplómata, að kynna land gestgjafans hverju sinni með áherslu á menningarleg, söguleg og pólitísk tengsl Norðurlanda, að styrkja stöðu norrænna tungumála í samstarfi utanríkisráðuneyta Norðurlanda og að efla skilning á mikilvægi norræns samstarfs almennt.

Á ári formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni mun utanríkisráðuneytið leggja sérstaka áherslu á að efla þekkingu og skilning á norrænu samstarfi meðal embættismanna utanríkiráðuneytisinsm m.a. með því að gefa þeim tækifæri til að bæta kunnáttu sína í norrænum tungumálum og þekkingu á málefnum Norðurlanda. Fjöldi starfsmanna hefur þegar sótt námskeið í dönsku sem haldin hafa verið í utanríkisráðuneytinu.

8.3. Eystrasaltsráðið.

Ákveðið hefur verið að Ísland taki að sér formennsku í Eystrasaltsráðinu haustið 2005. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland mun gegna þar formennsku en formennskan stendur í eitt ár. Eystrasaltsráðið var stofnað árið 1992 en Ísland gerðist aðili að því árið 1995. Er því við hæfi að Ísland axli formennskuna þegar tíu ár eru liðin frá aðildinni að ráðinu. Þegar Eystrasaltsráðið var stofnað í mars 1992 í kjölfar umskiptanna í Evrópu eftir hrun Sovétríkjanna var ráðinu ætlað að vera svæðastofnun ríkjanna við Eystrasaltið. Hlutverk þess var að sinna aðkallandi þörf á nánara samstarfi ríkjanna og var markmiðið að efla lýðræðislega þróun og einingu ríkjanna til að skapa hagstætt umhverfi fyrir efnahagsþróun á svæðinu. Þetta hefur tekist eins og að var stefnt og hefur samstarfið einkum komið nýju lýðræðisríkjunum til góða.

Ísland hefur undanfarin ár lagt áherslu á mannréttindi og málefni er snúa að lýðræði og lýðræðisstofnunum á vettvangi ráðsins auk samstarfs er lýtur að málefnum barna og mansali en hér er um svipaðar áherslur að ræða og á vettvangi ÖSE. Ísland gegndi t.d. formennsku í nefnd Eystrasaltsráðsins um málefni barna árið 2002. Í síðustu skýrslu til Alþingis var fjallað um EUROBALTIC samstarfsverkefni Eystrasaltsráðsins, sem m.a. tekur til samstarfs um Neyðarlínu. Hefur því verkefni verið fram haldið og er nú að komast á lokastig á vettvangi ráðsins.

Hafinn er undirbúningur að formennsku Íslands 2005–2006 og er verið að leggja drög að frekari þátttöku í nefndum þeim sem heyra undir nefnd háttsettra embættismanna ráðsins, en þar mun Ísland m.a. gegna formennsku á formennskutímanum. Að öllum líkindum mun leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins verða haldinn á Íslandi í lok formennskutímans 2006.

Svo sem kunnugt er munu fjögur aðildarríki Eystrasaltsráðsins ganga í Evrópusambandið 1. maí næstkomandi en þau eru Pólland, Eistland, Lettland og Litháen. Stækkun Evrópusambandsins mun eðlilega hafa áhrif á starfsemi Eystrasaltsráðsins. Of snemmt er að spá fyrir um framvindu samstarfsins við þessar breyttu aðstæður. Ljóst er að samstarfið í Eystrasaltsráðinu hefur auðveldað þessum ríkjum aðlögun að Evrópusambandinu líkt og aðild þeirra að Evrópuráðinu hefur gert. Samstarfið á vettvangi Eystrasaltsráðsins mun halda áfram þótt áherslurnar muni væntanlega breytast nokkuð. Því má heldur ekki gleyma að þrjú ríki, Ísland, Noregur og Rússland, munu standa utan Evrópusambandsins en Ísland og Noregur eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Eftir stendur Rússland og gefur því augaleið að hlutverk Eystrasaltsráðsins sem samstarfsvettvangur við Rússland verður æ mikilvægara eftir stækkunina en áður hefur verið enda hefur samstarfið í auknum mæli dregið dám af samskiptunum við Rússland og þróuninni þar í landi, m.a. á vettvangi hinnar svokölluðu Norðlægu víddar Evrópusambandsins. Þar kemur m.a. til aukið landamærasamstarf og staða Kaliningrad-héraðsins í Rússlandi, sem verður umlukið Evrópusambandinu eftir 1. maí næstkomandi.

8.4. Barentsráðið.

Barentsráðið er samstarfsvettvangur Norðurlandanna, Rússlands og Evrópusambandsins. Meginmarkmið ráðsins er að efla samvinnu og samstarf að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra svæða sem liggja að Barentshafinu, þ.e. norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og norðvesturhluta Rússlands.

Tíu ára afmæli Barentsráðsins var fagnað í formennskutíð Svíþjóðar (2001–2003) með fundi forsætisráðherra Norðurlanda og Rússlands í janúar 2003 í Kirkenes. Umræður á þeim fundi snerust einkum um þróun efnahagsmála, umhverfismál og kjarnorkuöryggi og heilbrigðis- og félagsmál. Í yfirlýsingu fundarins um framtíðarmarkmið fyrir starfsemi Barentsráðsins er m.a. lögð áhersla á sjálfbæra þróun, bætt samgöngur, bætt landamæraeftirlit til

að liðka fyrir vöruflutningi og um leið koma í veg fyrir ólöglega starfsemi, þ.m.t. mansal, aukna samvinnu um ýmis félagsmál, bætt kjör frumbyggja og eflingu tengsla við önnur svæðasamtök, þ.e. Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið og Norrænu ráðherranefndina. Mikilvægum áfanga var náð í Kirkenes varðandi svonefndar MNEPR-samningsviðræður (Multilateral Nuclear Environmental Programme in the Russian Federation) um hreinsun geislavirks úrgangs í hinum rússneska hluta Barentssvæðisins, sem utanríkisráðherrafundur Barentsráðsins beitti sér fyrir í mars 1999, og var samningurinn undirritaður í Stokkhólmi 21. maí 2003.

Noregur tók við formennsku í Barentsráðinu til tveggja ára (2003–2005) á ráðherrafundi Barentsráðsins sem haldinn var í Umeå 2.–3. október 2003. Í formennskuáætlun sinni leggja Norðmenn einkum áherslu á viðskiptasamvinnu, menntun og þjálfun, dóms- og innanríkismál, slysavarna- og björgunarmál og heilbrigðismál.

Gunnar Snorri Gunnarsson ráðuneytisstjóri sat ráðherrafundinn í Umeå fyrir hönd Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra. Þar var einkum fjallað um styrkingu efnahagslegrar samvinnu á Barentssvæðinu. Af hálfu Íslands var sérstaklega minnt á mikilvægi norðausturssiglingaleiðarinnar í framtíðinni. Æskulýðsmál, menningarmál, ferðamál, heilbrigðismál og umhverfismál á Barentssvæðinu voru einnig til umræðu. Baráttan gegn mansali var sérstaklega rædd og vinnuhópur hefur verið settur á laggirnar til að berjast gegn mansali á Barentssvæðinu.

Næsti ráðherrafundur Barentsráðsins verður haldinn í Noregi haustið 2005.

9. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG EFNAHAGSSAMVINNA

9.1. Almennt.

Alþjóðavæðingin á m.a. rætur sínar í alþjóðlegum viðskiptasamningum sem ríki hafa gert sín í milli á undanförnum áratugum. Óhætt er að segja að alþjóðavæðingin hafi í grundvallaratriðum breytt starfsháttum og uppbyggingu atvinnulífs hér á landi. Sem dæmi má nefna að það færist í vöxt að fyrirtæki selji þjónustu og þekkingu ekki síður en vörur í hefðbundnum skilningi. Aukið frjálsræði í viðskiptum hefur einnig skapað greiðari leiðir til fjárfestinga erlendis. Fyrirtæki notfæra sér þetta með því m.a. að hasla sér völl á mörkuðum þar sem sérþekking þeirra gefur þeim forskot. Er nú svo komið að þjónustuviðskipti vaxa mun hraðar milli landa en vöruviðskipti. Hins vegar er bein fjárfesting Íslendinga erlendis enn lítil á alþjóðlega mælikvarða og sama gildir um erlendar fjárfestingar hér á landi sem vaxa hægar en í öðrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD).

Ljóst er að þegar til lengri tíma er litið er mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf að horfa í vaxandi mæli á stöðu sína í alþjóðlegu samhengi. Nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf geti nýtt sér þau tækifæri sem skapast í kjölfar vaxandi alþjóðavæðingar. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi náið samráð við hagsmunaðila um stefnumótun í þessum efnum.

9.2. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).

Meginhlutverk EFTA er þríþætt: Í fyrsta lagi innbyrðis samskipti EFTA-ríkjanna á grundvelli stofnsamnings samtakanna, í öðru lagi gerð fríverslunarsamninga við lönd utan samtakanna og Evrópusambandsins og í þriðja lagi samstarf þeirra þriggja EFTA-ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Samstarf EFTA-ríkjanna hefur þróast og breyst, m.a. með Vaduz-sáttmálanum sem er endurskoðaður stofnsáttmáli EFTA, en hann tók gildi í júní 2002. Með honum voru kröfur og reglur innri markaðarins að miklu leyti teknar upp milli EES/EFTA-ríkjanna og Sviss. Þannig voru samræmdar ýmsar reglur sem giltu annars vegar milli allra EFTA-ríkjanna og hins vegar milli EFTA-ríkjanna og ESB, m.a. varðandi frjálsa för fólks. Ísland tekur við formennsku í EFTA þann 1. júlí næstkomandi.

EFTA og fríverslunarsamningar.

Á síðustu árum hefur EFTA unnið að því að víkka net fríverslunarsamninga sinna, m.a. með samningum og viðræðum við ríki í Mið-Austurlöndum, Suður-Ameríku og Asíu, en áður hafði verið byggt upp net samninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu, samhliða sams konar neti ESB. Með því að fylgja þeirri þróun sem á sér stað í fríverslunarsamningum innan ESB er tryggt að íslensk fyrirtæki og fyrirtæki annarra EFTA-landa njóti sambærilegra markaðskjara og samkeppnisstöðu í þessum löndum og fyrirtæki innan ESB. Þetta er mikilvægt til þess að skapa þau skilyrði fyrir íslensk fyrirtæki að þau sjái hag sínum best borgið með því að vera staðsett áfram á Íslandi.

Þótt hagsmunir EFTA-ríkjanna innbyrðis séu að mörgu leyti ólíkir hafa þau ávallt náð samstöðu um grundvallaratriði samningsmarkmiða og má nefna sem dæmi að það er grundvallarskilyrði EFTA-ríkjanna að í öllum fríverslunarsamningum verði fríverslun með sjávarafurðir tryggð og raunar með allar iðnaðarvörur sem varða útflutningshagsmuni landanna. Með samningunum leggja ríkin fjögur líka sitt af mörkum við uppbyggingu viðskiptalífs í öðrum heimshlutum, auk þess sem svæðisbundin fríverslun getur auðveldað samninga á alþjóðavettvangi, til dæmis innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Ísland hefur, sem aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), á undanförnum árum gert fríverslunarsamninga við 20 ríki, nú síðast við Chile og gengur sá samningur í gildi á næstu mánuðum. Að auki er nýlokið viðræðum við Líbanon og verður sá samningur undirritaður á ráðherrafundi samtakanna í Sviss í júní 2004. Yfir standa samningaviðræður við fjögur ríki og samtök að auki: Kanada, Túnis, Egyptaland og suðurafríska tollabandalagið. Stefnt er að því að ljúka samningaviðræðum við öll þessi ríki fyrir lok þessa árs.

Líklegt er að samningaviðræður hefjist á næstu árum við ríki á borð við Suður-Kóreu, Mercosur-ríkin,[2] Serbíu og Svartfjallaland, Úkraínu, Flóaráðið,[3] Alsír og Albaníu, en fyrir hendi eru samstarfsyfirlýsingar við flest þessara ríkja. Auk þess er áhugi á að kanna möguleika á gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Japan, Rússland, Kína, Íran og nokkur Asíuríki sem eru hluti af ASEAN-ríkjabandalaginu[4] en eins og áður segir hefur þegar verið samið við Singapúr.

Fyrirséð er hins vegar að við inngöngu átta samningsaðila EFTA-ríkjanna í Evrópusambandið þann 1. maí 2004 fækki fríverslunarsamningum sem því nemur, enda tekur þá við samstarf við ríkin innan EES-samningsins gagnvart Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

Gerð fríverslunarsamninga hefur reynst þeim aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vel sem hafa það sameiginlega markmið að liðka enn betur fyrir viðskiptum en WTO-

---

[2] Mercosur-ríkin eru Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ.

[3] Flóaráðið er samsett af Sádi-Arabíu, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Óman, Katar og Kúvæt.

[4] ASEAN-ríkin eru Brúnei, Kambódía, Indónesía, Laos, Malasía, Myanmar, Filipseyjar, Singapúr, Tæland og Víetnam.

samningarnir segja til um. Evrópuríkin hafa verið í fararbroddi fríverslunarsamvinnu og gert marga fríverslunarsamninga bæði innbyrðis og við ríki í öðrum heimsálfum.

Önnur viðskiptaveldi hafa á síðustu árum í auknum mæli samið um fríverslun við einstök ríki eða ríkjasambönd og þannig fylgt því fordæmi sem Evrópuríkin hafa sett. Bandaríkin hafa gert samninga við fjölda ríkja á undanförnum árum, meðal annars í Mið- og Suður-Ameríku, Ástralíu og Suður-Afríku. Hugmyndir hafa jafnvel verið uppi um að innan nokkurra ára gætu ESB og Bandaríkin gert með sér fríverslunarsamning. Japan hefur einnig gert fríverslunarsamning við Singapúr og er í viðræðum við nokkur önnur Asíulönd innan ASEAN-ríkjabandalagsins. EFTA fylgist grannt með þessari þróun og hefur áhuga á að nýta þau tækifæri sem gefast til að semja um fríverslun.

9.3. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Alþjóðaviðskiptastofnunin og viðskiptahagsmunir Íslands.

Starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ekki síst mikla þýðingu fyrir opin og lítil hagkerfi. Því skiptir máli fyrir Ísland að leitast verði við að laga alþjóðlega viðskiptakerfið að breyttum aðstæðum þannig að það svari sem best þörfum heimsviðskipta og milliríkjaverslunar á hverjum tíma. Endurbættar alþjóðareglur um heimsviðskipti treysta réttarstöðu smærri ríkja sem verða að geta reitt sig á að alþjóðlegar reglur ráði meiru en aflsmunur í milliríkjaverslun. Samningar um frekara frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa jákvæð áhrif á heimsbúskapinn og þar af leiðandi á efnahagsumhverfi og viðskiptakjör Íslands sem önnur lönd. Alþjóðaviðskiptastofnunin gegnir einnig mikilvægu hlutverki við að stuðla að þróun fátækari ríkja og umbreytingu hagkerfa frá miðstýringu í markaðsbúskap. Íslensk stjórnvöld hafa því eindregið stutt að viðræður innan stofnunarinnar fjalli um sem flest svið alþjóðaviðskipta. Rannsóknir sýna einnig að smærri hagkerfi eru oft betur í stakk búin en þau sem stærri eru til að nýta sér þau tækifæri sem aukin alþjóðavæðing hefur í för með sér.

Doha-samningalotan.

Nýrri samningalotu var ýtt úr vör í nóvember 2001 og er sú lota kennd við fundarstaðinn, Doha í Katar. Samningalotunni er ætlað að taka sérstakt mið af hagsmunum þróunarríkja og bæta aðkomu þeirra að alþjóðaviðskiptasamfélaginu. Upphaflega var gert ráð fyrir að ljúka lotunni á þremur árum þannig að nýr samningur gæti tekið gildi í ársbyrjun 2005. Eftir ráðherrafund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Kankún í Mexíkó síðastliðið haust er ólíklegt að sú áætlun standist. Ekki náðist samkomulag á fundinum um ýmsa meginþætti viðræðnanna og má segja að framhald viðræðnanna sé nú í biðstöðu.

Vonir standa til að taka megi upp þráðinn að nýju á þessu ári. Erfiðasta einstaka málið er sem fyrr landbúnaður. Kröfur þróaðri ríkja um samræmingu reglna um fjárfestingar, samkeppni, opinber innkaup og reglur sem miða að því einfalda viðskipti milli ríkja (svokölluð Singapúr-málefni) höfðu einnig fengið dræmar undirtektir þróunarlanda. Enn fremur höfðu komið fram sérstakar kröfur frá þróunarlöndum varðandi meðferð einstakra landbúnaðarafurða.

Yfirmenn utanríkisviðskiptamála bæði í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu hafa lýst eindregnum vilja til hleypa lífi í viðræðurnar á ný. Hefur Bob Zoellick, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, ferðast víða um heim til að ræða við stjórnvöld annarra ríkja í þessum tilgangi og virðist hann hafa hlotið góðar undirtektir. Almennur skilningur virðist ríkja meðal aðildarríkjanna á mikilvægi þessara viðræðna fyrir heimsviðskiptin og er vilji til þess að nýta tímann vel næstu mánuðina þannig að samkomulag takist í helstu málum á fyrri hluta þessa árs. Ólíklegt er að síðari hluti þessa árs nýtist sem skyldi, m.a. vegna forsetakosninga í

Bandaríkjunum auk þess sem ný framkvæmdastjórn tekur við í Evrópusambandinu innan fárra mánaða.

Alþjóðaviðskiptastofnunin er mikilvægur vettvangur til að tryggja íslenska hagsmuni og bæta markaðsaðgang á heimsvísu fyrir íslenskar útflutningsvörur. Einnig nýtast samningaviðræður á vettvangi WTO til að fjalla um málefni á breiðari vettvangi, t.d. ríkisstyrki í sjávarútvegi. Því er ljóst að samningaviðræðurnar skipta miklu fyrir viðskiptahagsmuni Íslands. Í stöðuskjali Íslands vegna Doha-lotunnar sem unnið var í aðdraganda Kankún-fundarins og kynnt var í utanríkismálanefnd Alþingis kemur fram að Ísland á sóknarhagsmuni á flestum þeim sviðum sem fjallað er um í viðræðunum.[5]

Viðræður um landbúnaðarviðskipti eru afgerandi þáttur í Doha-lotunni. Það er mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að vera búinn undir þær breytingar sem niðurstöður samninga gætu kallað á. Í því skyni hafði utanríkisráðuneyti frumkvæði að stofnun vinnuhóps sem hóf störf árið 2002 og eiga sæti í honum fulltrúar hagsmunaaðila, landbúnaðarráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Áfangaskýrsla vinnuhópsins kom út í nóvember 2003 og er þar m.a. fjallað um hugsanleg áhrif þróunar í viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á framtíð landbúnaðarins hér á landi. Vinnuhópurinn mun starfa áfram og fylgjast með þróun þessa sviðs eftir því sem þörf krefur.

Kröfur og sjónarmið þróunarríkjanna hafa haft mikil áhrif á viðræðurnar. Þau eru mikill áhrifavaldur í lotunni, enda felur umboðið frá Doha í sér að sérstök áhersla verði lögð á málefni þróunarlandanna og hagsmuni þeirra. Vefnaðarvörur og ýmsar búvörur eru mikilvæg útflutningsvara fyrir mörg þróunarríkjanna og því má gera ráð fyrir bæði tollalækkunum á slíkum vöruflokkum og takmörkun heimilda til ríkisstyrkja í landbúnaðargeiranum.

Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um stöðu mála í Doha-lotunni á stærstu sviðum lotunnar og þar sem sérstakir íslenskir hagsmunir eru fyrir hendi.

Landbúnaður.

Í viðræðunum um landbúnaðarviðskipti er tekist á um hversu langt eigi að ganga í að knýja fram frekara frelsi með því að draga úr styrkjum til innlends landbúnaðar og styrkjum til útflutnings jafnframt því sem tollar verði lækkaðir á innfluttum landbúnaðarafurðum. Þróunarríki og iðnríki sem hafa útflutningshagsmuni í landbúnaði hafa sett fram kröfur um að iðnríkin taki á sig verulegar skuldbindingar í þá veru. Hvorki sé sanngjarnt né eðlilegt að þau þurfi að keppa við ríkisstyrktar landbúnaðarvörur iðnríkjanna og greiða að auki háa tolla fyrir afurðir sínar og því sé tímabært að viðskipti með landbúnaðarvörur lúti sömu lögmálum og önnur vöruviðskipti. Fyrir ráðherrafundinn í Kankún hófu 20 þróunarríki samstarf um þennan þátt viðræðnanna og er hópur þeirra kallaður G20 („Group of 20" en í þeim hópi eru m.a. Brasilía, Indland, Kína, Suður-Afríka, Argentína, Bólivía, Chile, Egyptaland, Mexíkó, Pakistan, Nígería o.fl.). Þessi ríkjahópur hafði mikil áhrif á ráðherrafundinum í Kankún og mun afstaða þessa hóps, ásamt sjónarmiðum Bandaríkjanna og ESB, skipta miklu um framhaldið. G20-hópurinn hefur krafist þess að iðnríkin gangi fremur langt í frjálsræðisátt en hefur viljað að skuldbindingar þróunarríkja yrðu frekar léttvægar. Bandaríkin og Evrópusambandið náðu samkomulagi um lausn fyrir ráðherrafundinn í Kankún sem gengur skemmra en kröfur G20-hópsins gera ráð fyrir.

Ísland hefur tilheyrt tíu ríkja hópi (G10) ásamt Sviss, Noregi, Liechtenstein, Búlgaríu, Ísrael, Tævan, Máritíus, Suður-Kóreu og Japan. Þessi ríkjahópur hefur lagt áherslu hið fjöl-

---

[5] Stöðuskjal Íslands er birt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

þætta hlutverk landbúnaður í byggðastefnu, umhverfismálum o.fl. og því megi ekki eingöngu taka mið af viðskiptalegum sjónarmiðum. Einnig leggur hópurinn áherslu á að í umbótaferlinu þurfi að tryggja nægjanlegan sveigjanleika enda eru aðstæður til landbúnaðar í einstökum ríkjum mjög mismunandi.

Árangur í viðræðum um landbúnað er lykillinn að því að árangur náist á öðrum sviðum lotunnar. Ljóst er að breitt bil er á milli andstæðra sjónarmiða og að verulegt átak þarf til að takast megi að finna lausn sem er ásættanleg fyrir alla aðila. Bandaríkin hafa leitast við að ná viðræðunum aftur á skrið með því að telja Evrópusambandið á að afnema alla útflutningsstyrki. Ísland, ásamt öðrum ríkjum í G10-hópnum, hefur verið reiðubúið að ganga lengra en ESB hvað afnám útflutningsbóta varðar en viljað rýmri heimildir til að nýta ríkisstyrki í landbúnaði vegna byggðasjónarmiða, umhverfismarkmiða, fæðuöryggis o.fl. Að auki hafa ríkin í G10 talið að fara verði varlega í að setja hámark á tolla enda sé nauðsynlegt að standa vörð um þær greinar sem eru viðkvæmar fyrir erlendri samkeppni af sérstökum ástæðum.

Markaðsaðgangur.

Fyrir mörg þróunarríkjanna kemur ekki til álita að sýna sveigjanleika í viðræðunum um markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur fyrr en árangur næst í landbúnaðarviðræðunum. Þrátt fyrir að landbúnaðarþáttur lotunnar sé mjög mikilvægur og hafi reynst helsti áhrifavaldurinn í viðræðunum, einkum vegna afstöðu þróunarríkjanna, eru meiri hagsmunir í húfi í tengslum við markaðsaðgangsviðræðurnar að því leyti að iðnaðarvörur eru um 80% vöruviðskipta í heiminum en um 10% eru landbúnaðarvörur. Einn helsti ásteytingarsteinninn á þessu sviði hefur verið hversu langt eigi að ganga í tollalækkunum, einkum fyrir þróunarríki. Í tillögum fráfarandi formanns samninganefndarinnar, sem lágu fyrir í aðdraganda Kankún-fundarins, þótti iðnríkjunum að þau þróunarríki sem komin eru vel áleiðis á þróunarbrautinni þyrftu að taka á sig meiri skyldur en fátækustu ríkin ættu hins vegar ekki að þurfa þess. Þróunarríkin leggja hins vegar áherslu á að í umboðinu fyrir samningaviðræðurnar sé gert ráð fyrir sérmeðferð fyrir þróunarríki og gera eigi vægari kröfur til þeirra. Tiltölulega óumdeilt er að ekki verða gerðar kröfur til allra fátækustu ríkjanna um tollalækkanir.

Viðræðurnar um markaðsaðgang hafa, eins og önnur svið viðræðnanna, verið í biðstöðu. Samningaumleitanir milli aðildarríkjanna eru í þann mund að hefjast. Eins og áður segir er þó vart við því að búast að skriður komist á viðræðurnar nema að rofi til í landbúnaðarmálunum. Þess má geta að fastafulltrúi Íslands í Genf hefur nú tekið við formennsku í vinnuhópnum sem fjallar um markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur, þar með taldar sjávarafurðir.

Enn eru innheimtir tollar á ýmsar útflutningsvörur Íslands. Þar eru sjávarafurðir mikilvægastar og Ísland mun leggja áherslu á lækkun tolla fyrir þær. Ýmsar iðnaðarvörur eru einnig mikilvægar, t.d. ál, kísiljárn, lyf, veiðarfæri og vélar og tæki til fiskvinnslu. Ísland hefur verið opið fyrir lausnum sem leggja skyldur á öll ríkin að lækka tollbindingar sínar, en veita þróunarlöndum heimild til takmarkaðri lækkunar, þó þannig að ekki sé hægt að halda háum tollum á einstökum vörum.

Singapúr-málefnin.

Hugsanlegar samningaviðræður um samkeppni, reglur sem miða að því að einfalda viðskipti milli ríkja (viðskiptaliprun), fjárfestingar og opinber innkaup eru málefni sem ESB hefur sett á oddinn í Doha-viðræðunum en hefur einnig verið stutt af ýmsum öðrum ríkjum, m.a. Japan og Íslandi. Þróunarríkin hafa ekki fallist á að hefja viðræður um þessi málefni og bera m.a. fyrir sig að þau eigi þegar fullt í fangi með að standa undir þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla frá síðustu samningalotu (Úrúgvæ-viðræðunum), auk þess að standa í

samningum á hefðbundnum sviðum í Doha-lotunni. Á ráðherrafundinum í Kankún féllst ESB á að falla frá kröfu sinni um tvo málaflokka, fjárfestingar og samkeppni, gegn því að samkomulag næðist um að hefja viðræður um viðskiptaliprun og opinber útboð. Það tókst ekki og átti þessi ágreiningur þátt í því að viðræðurnar sigldu í strand í Kankún. Viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, Bob Zoellick, hefur í viðleitni sinni til að koma viðræðunum af stað á ný leitast við að miðla málum. Hann hefur lagt til við þróunarríkin að fallast á að hefja viðræður eingöngu um viðskiptaliprun. Virðist nokkuð almennur vilji til að fallast á þessa málamiðlun af hálfu þróunarríkjanna en ESB telur að það hafi þegar sýnt nægjanlegan sveigjanleika og tími sé kominn til að önnur aðildarríki geri slíkt hið sama. Staðan er því óljós en mörg aðildarríkjanna telja að nauðsynlegt sé að fá skýra mynd af því hver staða Singapúr-málanna svokölluðu er áður en hægt verður að koma Doha-viðræðunum í farveg á ný.

Hugverk í viðskiptum og aðgangur að lyfjum.

Á fundinum í Doha var samþykkt sérstök yfirlýsing um aðgang þróunarríkja að nauðsynlegum lyfjum og náðist samkomulag um útfærslu hennar í lok ágúst 2003 sem tók þegar gildi. Yfirlýsingin felur m.a. í sér viðurkenningu á rétti aðildarríkja til að veita leyfi til tímabundinnar framleiðslu á lyfjum sem háð eru einkaleyfi fram hjá einkaleyfishafa. Þessi heimild er þó bundin því að neyðarástand ríki og er í því sambandi viðurkenndur réttur ríkja til að meta sjálf hvenær slíkt ástand ríkir. Einnig er viðurkennt að aðildarríki WTO með litla framleiðslugetu í lyfjaiðnaði geti átt í erfiðleikum með að nýta sér tímabundin framleiðsluleyfi, samkvæmt samningnum um hugverk í viðskiptum (TRIPS- samningurinn). Fátækustu ríkjunum, sem nú eru aðilar að WTO, er ekki skylt að framkvæma ákveðna þætti samningsins fyrr en 1. janúar 2016.

Segja má að ástæðan fyrir því að samkomulag náðist loks í ágúst 2003 hafi verið sú að formaður TRIPS-ráðsins lagði fram „yfirlýsingu um sameiginlegan skilning aðildarríkjanna“ samhliða samkomulagstextanum sjálfum. Yfirlýsingin gerði Bandaríkjunum kleift að samþykkja samkomulagstextann. Nauðsynlegt er hins vegar að gera breytingar á texta TRIPS-samningsins fyrir júní 2004 og endurspegla þannig samkomulagið. Nú virðist yfirlýsing formannsins ætla að standa í vegi fyrir því að samkomulag náist fyrir tilsettan tíma um textabreytingarnar vegna mismunandi skilnings aðildarríkjanna á lagalegu gildi yfirlýsingarinnar. Bandaríkin vilja að minnst sé á hana í texta TRIPS-samningsins en Afríkuríkin eru því mótfallin.

Þjónustuviðskipti.

Hinn almenni samningur WTO um þjónustuviðskipti (GATS) gildir um öll þjónustuviðskipti að undanskilinni opinberri þjónustu. Nokkuð mismunandi er á hvaða sviðum þjónustuviðskipta einstök ríki hafa opnað markaði sína og jafnframt hversu langt þau hafa gengið í þeim efnum. Iðnríkin hafa almennt opnað fyrir viðskipti á fleiri sviðum en þróunarríkin og í Úrúgvæ-viðræðunum lagði Ísland fram viðamikla skuldbindingaskrá á flestum sviðum þjónustuviðskipta. Enn fremur tók Ísland á sig frekari skuldbindingar varðandi flutninga á sjó, fjarskiptaþjónustu og fjármálaþjónustu á árunum 1996–1997. Skuldbindingaskrá Íslands ber því glöggt með sér hve opinn markaðurinn er á Íslandi fyrir viðskipti með þjónustu, enda er þjónusta einn helsti vaxtarbroddur í milliríkjaviðskiptum iðnríkja. Hlutfall þjónustu í heildargjaldeyristekjum Íslands hefur undanfarin ár verið á milli 31–36%, en stærstur hluti þjónustuviðskiptanna fer fram á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í yfirstandandi samningaviðræðum hefur Íslands móttekið kröfur frá þremur aðildarríkjum[6] og lagði Ísland fram tilboð sitt í samræmi við þau tímamörk sem sett voru í Doha, fyrir 31. mars 2003. Í tilboði Íslands hefur ekki verið opnað fyrir markaðsaðgang á nýjum sviðum en skráin hefur verið uppfærð til samræmis við núgildandi lög og reglur, svo og með tilliti til krafna fyrrgreindra aðildarríkja til Íslands.

Samningaviðræðurnar um markaðsaðgang fyrir þjónustuviðskipti voru komnar á nokkurt skrið fyrir ráðherrafundinn í Kankún en síðan þá hafa þær verið í lægð eins og aðrar samningaviðræður á vettvangi WTO. Á þessu stigi málsins er erfitt að segja til um hver niðurstaða samningaviðræðnanna gæti orðið, m.a. vegna þess að enn sem komið er hafa einungis 40 aðildarríki lagt fram tilboð sín.[7] Mörg aðildarríkjanna hafa lýst yfir vonbrigðum með þau tilboð sem fram hafa komið, sérstaklega tilboð þeirra ríkja sem höfðu gengið hvað lengst í kröfum um opnun markaða gagnvart öðrum aðildarríkum. Þróunarríki hafa gengið hvað lengst í því að tengja sveigjanleika í samningaviðræðum vegna GATS við árangur á öðrum sviðum lotunnar, einkum landbúnað.

Þróunarríkin með Indland í fararbroddi hafa lagt mesta áherslu á í málflutningi sínum að frekar verði opnað fyrir þann möguleika að einstaklingi eða fyrirtæki sem starfrækir þjónustustarfsemi í heimaríki sínu sé kleift að bjóða þjónustu sína á yfirráðasvæði annars ríkis, t.d. þegar sjálfstætt starfandi ráðgjafi veitir tímabundna þjónustu í öðru ríki en heimalandi sínu. Þess má geta að í flestum tilfellum hafa aðildarríki ekki tekist á hendur skuldbindingar í þá veru, en það þýðir þó ekki að útilokað sé að veita þjónustu með þessum hætti í þeim ríkjum sem hafa ekki undirgengist slíkar skuldbindingar.

Reglur um undirboð og ríkisstyrki, þ.m.t. í sjávarútvegi.

Í Doha-lotunni verður jafnframt samið um að skýra og bæta ákvæði um undirboð og aðgerðir gegn þeim. Enn fremur verða settar skýrari reglur um ríkisstyrki. Ísland ásamt fleiri ríkjum átti frumkvæði að því að ríkisstyrkir í sjávarútvegi yrðu teknir sérstaklega fyrir í þessari viðræðulotu og hafði forustu um þetta málefni í undirbúningi fyrir ráðherrastefnuna í Doha í nóvember 2001. Á það var bent að þegar ríkisstyrkir í sjávarútvegi skaða viðskiptahagsmuni hafa þeir sjálfkrafa þær hliðarverkanir að þeir stuðla að ofveiði og skaða því umhverfið. Ísland hefur leitt hóp aðildarríkja WTO sem kallast „Sporðavinir". Sá hópur telur aðkallandi að semja sérstaklega um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi þar sem þeir trufli viðskipti, stuðli að ofveiði og grafi jafnframt undan aðlögun þróunarríkja að hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi. Fram að þessu hefur athyglin reyndar beinst að öðrum málefnum eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Íslensk stjórnvöld hafa þó fylgt þessu máli eftir en ekki er að vænta mikilla tíðinda af þessum þætti viðræðnanna fyrr en hilla fer undir samkomulag í stærri deilumálum.

Þróunarríkin.

Í þessari samningalotu hefur sérstök áhersla verið lögð á hagsmuni fátækari ríkja en tvö af hverjum þremur aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru þróunarríki. Þróunarríkin hafa því í auknum mæli beitt sér innan stofnunarinnar og í samningaviðræðum á vegum hennar. Þróunarríkin léku lykilhlutverk á ráðherrafundinum í Kankún. Fyrir fundinn lögðu þróunarríkin fram kröfur sem sum hinna iðnvæddu ríkja áttu mjög erfitt með að fallast á,

---

[6] Bandaríkin, Japan og Indland.

[7] ESB-ríkin 15 eru talin sem eitt ríki þar sem þau koma fram sem ein heild á vettvangi WTO.

einkum Bandaríkin og ESB. Eitt erfiðasta málið sem Bandaríkin þurftu að kljást við í aðdraganda Kankún og á fundinum sjálfum var tillaga fjögurra fátækra ríkja (Tsjad, Búrkína Fasó, Benín og Malí) um aukinn markaðsaðgang og lækkun ríkisstyrkja í bómullarframleiðslu, en öll þessi ríki eru að miklu leyti háð framleiðslu á bómull. Bandaríkin veita umtalsverða styrki til framleiðslu á bómull í 17 fylkjum Bandaríkjanna og hefur bómullariðnaðurinn umtalsvert vægi í bandarískum stjórnmálum. Bandarísk stjórnvöld hafa bent á að í Doha-yfirlýsingunni sé ekki að finna heimild til að semja sérstaklega um þetta mál heldur falli það undir landbúnaðarþáttinn í heild sinni. Að auki telja bandarísk stjórnvöld að sett yrði varasamt fordæmi ef slík sérmál yrðu tekin út fyrir viðræður um einstaka málaflokka í viðræðulotunni. ESB hefur hins vegar sýnt þessum málflutningi meiri samúð enda ekki um eins viðkvæm mál að ræða fyrir Evrópusambandsríkin. Þróunarríkin voru hins vegar ósátt við þá umfjöllun sem þessi tillaga fékk á fundinum í Kankún og stuðlaði það að skipbroti fundarins.

Þróunarríkin hafa einnig gert harða hríð að ríkisstyrkjum til sykurframleiðslu, einkum í ríkjum ESB. Stór hluti útgjalda ESB til landbúnaðar rennur til sykurframleiðenda og er ESB einn stærsti útflutningsaðili á sykurmarkaðinum. Ástralía, Brasilía og Tæland, sem eru einnig meðal stærstu útflytjenda á sykri, hafa sameinast gegn ESB og báru fyrr á árinu upp formlega kvörtun við WTO þar sem ESB er sakað um að flytja út þrjár til fjórar milljónir tonna af sykri umfram skuldbindingar sínar innan WTO og að útflutningsstyrkir á sykri séu meira en tvöfalt hærri en skuldbindingar samkvæmt landbúnaðarsamningi WTO leyfa.

Nokkur aðildarríki, þar á meðal Noregur, Nýja-Sjáland og ESB-ríkin hafa lagt til að aðildarríkin felli niður alla tolla á öllum vörum frá vanþróuðustu ríkjunum, líka landbúnaðarvörum (ESB undanskilur nokkrar landbúnaðarvörur, t.d. banana og sykur). Ísland hefur fellt einhliða niður alla tolla á iðnaðarvörum frá þessum ríkjum. Hugmyndin er að vanþróuðustu ríkin bindi alla tolla, en þurfi ekki að taka þátt í því að lækka tolla í þessari lotu. Nokkur þróunarríkjanna hafa lýst yfir áhyggjum af því að samningaviðræðurnar leiði af sér lakari samkeppnisstöðu þeirra vegna almennrar lækkunar á tollum í ríkjum sem veita þróunarríkjum sérmeðferð í dag.

Þess má að lokum geta að Norðurlöndin hafa tekið upp óformlegar viðræður við nokkur Afríkuríki um þróunarmál og viðskipti og á döfinni er að Norðurlöndin haldi ráðstefnu í Afríku í haust með hópi þróunarlanda til að auka gagnkvæman skilning á hagsmunum landanna.

Fyrirhuguð aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Rússnesk stjórnvöld sóttu um aðild að GATT í júní 1993 en í júlí sama ár var vinnunefnd stofnuð um aðildarviðræðurnar. Eftir að Alþjóðaviðskiptastofnunin var sett á laggirnar árið 1995 var nefndinni breytt í aðildarnefnd undir WTO samkvæmt XII. grein Marrakess-samningsins (en svo nefnist stofnsáttmáli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar). Aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni er eitt stærsta verkefni stofnunarinnar og umfangsmestu aðildarviðræður á vettvangi hennar síðan Kína varð aðili. Aðildin er forgangsverkefni Pútíns, forseta Rússlands, og hann hefur óformlega stefnt að því að ná samningum um aðild árið 2005. Breytingarnar sem gerðar voru á ríkisstjórninni fyrir forsetakosningarnar í mars 2004 þykja til þess fallnar að styrkja þessa stefnu enn frekar auk þess sem endurkjör forsetans styrkir hann og stefnu hans enn frekar í sessi.

Stjórnvöldum í Rússlandi hefur gengið vel að standast áætlanir um lagabreytingar og framlagningu lagafrumvarpa sem nauðsynleg eru til að skilyrðum aðildar verði fullnægt þótt vissulega séu erfiðir hjallar eftir og mörg mál bíði úrlausnar enn þá. Þess er vænst að verulegur skriður komist á aðildarferlið á árinu og sett hafa verið metnaðarfull markmið en ljóst

er að meiri árangur þarf að nást ef þetta á verða að veruleika. Mikilvægt er Rússland sitji við sama borð og önnur ríki heims og sé háð sömu alþjóðareglum í milliríkjaviðskiptum enda er landið síðasta stóra hagkerfi heims sem stendur utan stofnunarinnar. Þá er aðild Rússlands að stofnuninni mikilvægur þáttur í umbótaferlinu þar í landi. Því ríkir eindreginn vilji til þess meðal aðildarríkjanna og ekki síst meðal viðskiptaveldanna beggja megin Atlantsála að af aðildinni geti orðið sem fyrst.

Einstök aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þar á meðal Bandaríkin, ESB o.fl., hafa tekið virkan þátt í viðræðunum og leitast við að finna lausn á einstökum álitamálum sem þau telja mikilvæg. Meðal erfiðra og óleystra mála má nefna verðmyndun á orku, hugverkareglur, reglur um viðskiptahindranir, óljósar reglur um heilbrigðis- og sjúkdómavarnir, íhlutun ríkisins í bankageiranum o.fl. Mikið veltur einnig á hvernig málum vindur fram í tvíhliða viðræðum sem ýmis aðildarríki eiga í við Rússa vegna inngöngu þeirra, en mestu máli skiptir að samningar takist við ESB og Bandaríkin. ESB hefur t.d. sett fram umfangsmiklar kröfur í þjónustuviðskiptum og hefur þeim miðað lítið áfram. Sömu sögu er að segja í viðræðum Bandaríkjamanna við Rússa þar sem árangur hefur verið misjafn. Helstu ágreiningsefnin í tvíhliða viðræðunum snúast um landbúnað, þjónustuviðskipti og ýmsar tæknilegar viðskiptahindranir.

Ísland hefur átt í tvíhliða viðræðum við Rússland í vetur og er lögð áhersla á tollalækkanir á fiski og fiskafurðum, auk ýmissa iðnaðarvara sem nýtast til fiskvinnslu og veiða.

Fastafulltrúi Íslands í Genf var í desember 2003 skipaður formaður samningaviðræðnanna um aðild Rússa að WTO.

Afríku-framtak Norðurlandanna.

Ísland hefur ákveðið þátttöku í Afríku-framtaki Norðurlandanna, svonefndu „Africa-initiative", sem er samstarfsverkefni allra Norðurlandanna að frumkvæði danska utanríkisráðuneytisins. Markmið framtaksins er að koma til móts við hagsmuni þeirra Afríkuríkja sem aðild eiga að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Verkefnið er svar við skipbroti ráðherrafundarins í Kankún í september 2003 þar sem glöggt kom fram sú djúpa gjá sem er á milli sjónarmiða iðnríkjanna og þróunarlandanna. Hugmyndin er að Norðurlöndin haldi málþing og ráðherrafund með um 20 þróunarríkjum í Afríku og samtökum þeirra þar sem rætt verður um hvernig efla megi vitund á mikilvægi alþjóðaviðskiptakerfisins og auka skilning á mikilvægi tæknilegra aðgerða í því samhengi.

Markmiðið með þessu framtaki er að koma á framfæri því sjónarmiði að milliríkjaviðskipti séu undirstöðuatriði fyrir hagstæðari efnahagsþróun í Afríku og að auka skilning Afríkuríkja á málefninu. Gert er ráð fyrir eins til tveggja daga málþingi á haustdögum 2004 og ráðherrafundi í lok ársins. Ákveðið er að Ísland beri 1% af heildarkostnaði verkefnisins.

9.4. Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).

Margir þættir þeirra breytinga sem fram hafa farið í efnahagsmálum, peningamálum, skattamálum, fjárlagagerð og stjórnsýslu á Íslandi hafa verið sóttir í smiðju OECD.

Markmið OECD eru þríþætt:

- Að ná sem mestum og varanlegustum hagvexti og sem hæstu atvinnustigi í aðildarríkjunum.
- Að stuðla að almennri efnahagsþróun jafnt í aðildarríkjunum sem utan þeirra.
- Að leggja sitt að mörkum til vaxtar og þróunar heimsviðskiptanna.

Hjá samtökunum starfa um 2.300 manns og nemur árlegur rekstrarkostnaður þeirra um 20 milljörðum kr. Af því greiðir Ísland 0,1% eða 20 millj. kr. á ári.

Unnið er að tæplega 200 verkefnum á vegum stofnunarinnar. Ísland tekur þátt í um 50 þeirra og sækja um 60 sérfræðingar úr íslenskri stjórnsýslu fundi stofnunarinnar sem flestir fara fram í höfuðstöðvum þeirra í París.

Flestir fundir eru sóttir af sérfræðingum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka. Þeir taka einkum þátt í verkefnum sem fjalla um efnahags-, peninga- og fjárfestingarmál. Auk þess tekur Ísland þátt í verkefnum sem fjalla um sjávarútvegsmál, utanríkisviðskipti, landbúnaðarmál, vísinda- og tæknimál, menntamál, umhverfismál og stjórnsýsluumbætur svo fátt eitt sé nefnt.

Umbótaferlið og fjölgun aðildarríkja.

Eitt viðamesta verkefni síðustu ára eru umbætur í rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Tilgangur umbótanna er fyrst og fremst að búa stofnunina undir fjölgun aðildarríkja. Fyrirséð er að þeim geti fjölgað um allt að 15, eða úr 30 í 45.

Síðustu missiri hefur verið unnið að því að ná samstöðu um breytingu á framlagahlutfalli aðildarríkjanna til reksturs stofnunarinnar, en það lá fyrir að Japan mundi lækka einhliða hlutfall sitt ef ekki næðist samstaða um breytingu, sem valdið hefði alvarlegri fjárhagskreppu hjá stofnuninni. Fyrir áramót náðist samstaða um breytingu sem felur í sér að framlag Japans lækkar úr 23% í 21%. Framlag hinna G7-ríkjanna verður óbreytt en framlag annarra OECD-ríkja hækkar. Þannig hækkar framlag Íslands úr 0,100% í 0,165% eða úr 19 millj. kr. í 32 millj. kr. á ári.

Útkljáð er hins vegar hver bera skal kostnaðinn af fjölgun aðildarríkja, nýju aðildarríkin, núverandi aðildarríki eða ríkin öll. Líkleg aðildarríki eru nýju aðildarríki ESB, sem ekki eru þegar orðin meðlimir, þ.e. Eystrasaltsríkin, Slóvenía, Kýpur og Malta, og auk þeirra Rússland, Chile, Brasilía, Argentína, Indland, Ísrael, Kína og Suður-Afríka.

Aðild Íslands að þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC).

Þróunarsamvinnunefnd OECD (Development Aid Committee – DAC) er ein af elstu nefndum stofnunarinnar. Alls átta núverandi aðildarríki OECD eiga ekki aðild að nefndinni, en það eru auk Íslands, Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Slóvakía, Tyrkland, Kórea og Mexíkó. Ástæðan er tiltölulega lágt framlag þessara ríkja til þróunarmála. Íslensk stjórnvöld lýstu áhuga sínum á að gerast aðilar að nefndinni haustið 2003 og í byrjun árs 2004 var slíku aðildarferli ýtt úr vör og er gert ráð fyrir að Ísland gerist fullgildur aðili nefndinni í desember næstkomandi.

Hlutverk OECD eftir fund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Kankún.

Eftir að samningalota Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Doha-lotan, beið skipbrot í Kankún í september 2003 hafa farið fram miklar umræður um hvað OECD geti lagt af mörkum til að koma viðræðunum aftur í gang og aðstoða samningaferlið.

Viðurkennt er að OECD getur leikið lykilhlutverk í því að lotan beri árangur. Stofnunin mun endurmeta forgangsröðun verkefna sinna og einbeita sér að greiningu á málum sem eru mikilvæg fyrir þróunarríkin samfara því að efla samband sitt við þau. Í þessu sambandi má nefna að stofnunin mun meta landbúnaðarstefnu Brasilíu, Kína, Indlands og Suður-Afríku auk útreiknings á heildarstuðningi við landbúnað í þessum ríkjum.

Þá hefur verið ákveðið að gera allsherjargreiningu á fyrirkomulagi milliríkjaviðskipta og leita leiða til að sníða verstu agnúana af núverandi fyrirkomulagi.

Hafin verður athugun á því fyrirkomulagi í þróuðum ríkjum sem hamlar frjálsum viðskiptum með tilteknar vörur sem eru mikilvægar fyrir Afríkuríkin, svo sem sykur. Sykur er ein

mest niðurgreidda landbúnaðarafurð í ESB. Auk þess er talið að fyrirkomulag sykurviðskipta innan ESB hamli mest allra varnaraðgerða viðskiptum með landbúnaðarafurðir innan ESB.

Loks ætlar OECD sér að veita þróunarríkjum sérstaka aðstoð við að aðlaga sig og taka þátt í hinu alþjóðlega efnahagskerfi með þróun nauðsynlegs stofnanafyrirkomulags í þeim efnum.

Sum ríki OECD, þar á meðal Ísland, hafa gerst málsvarar þeirra sjónarmiða að á vettvangi OECD fari fram í fullri samvinnu við þróunarríkin prófun á nýjum leiðum og lausnum sem gætu leitt til samkomulags í Doha-lotunni. OECD er ekki samningsvettvangur og því hægara um vik að ræða þar óformlega um lausnir en á hinum formlega vettvangi í Genf.

9.5. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins var stofnuð árið 1997. Hlutverk hennar er að leysa úr þeim vandamálum sem upp koma í samskiptum fyrirtækja við erlend stjórnvöld, veita íslenskum fyrirtækjum faglega þjónustu á mikilvægum mörkuðum og styrkja íslenska útrás með víðfeðmu neti sendiráða og ræðismanna Íslands á erlendri grundu.

Viðskiptafulltrúar eru nú starfandi í sex af 21 sendiskrifstofu Íslands. Þeir vinna margs konar viðskiptatengd verkefni fyrir fyrirtæki samkvæmt verksamningum, m.a. markaðsskýrslur og upplýsingar um lánstraust fyrirtækja, finna hugsanlega viðskiptaaðila og koma á fundum. Aðrar sendiskrifstofur bjóða upp á slíka þjónustu eftir föngum og veita grunnaðstoð og upplýsingar.

Skipulagsbreytingar Viðskiptaþjónustunnar.

Í kjölfar nýrra laga um útflutningsaðstoð frá 2002 hafa átt sér stað skipulagsbreytingar í starfi Viðskiptaþjónustunnar sem felast í auknu samstarfi við Útflutningsráð og aukinni þátttöku sendiráða í útflutningsaðstoð. Viðskiptafulltrúar koma nú reglulega til Íslands og eru til viðtals hjá Útflutningsráði. Á undanförnu missiri hafa fjórir viðskiptafulltrúar tekið á móti fulltrúum um 90 fyrirtækja og hefur áhugi fyrirtækja aldrei verið meiri. Viðtalstímar sendiherra hafa sömuleiðis verið afar vel sóttir en þeir fara nú fram í húsakynnum Útflutningsráðs, Húsi atvinnulífsins, auk þess sem þeir eru auglýstir á markvissari hátt en áður.

Aukin samvinna við Útflutningsráð hefur styrkt opinbera útflutningsaðstoð og minnkað tvíverknað. Til dæmis er þjónusta viðskiptafulltrúanna nú seld samhliða annarri ráðgjöf sem Útflutningsráð býður upp á og því tryggt að hverju fyrirtæki býðst sú þjónusta sem því hentar best. Skipulagning viðskiptasendinefnda fer nú fram hjá Útflutningsráði í samvinnu við viðkomandi sendiráð, en áður hafði bæði Viðskiptaþjónustan og Útflutningsráð staðið að slíkum viðskiptasendinefndum.

Samningar voru gerðir við nær allar sendiskrifstofur Íslands í þeim tilgangi að gera vinnu þeirra að útflutningsaðstoð hnitmiðaðri og árangursríkari. Verkefnabókhald hefur verið tekið upp, samband við ýmsa tengiliði hefur verið eflt til að auðvelda upplýsingasöfnun og svörun fyrirspurna. Sendiskrifstofur skila áætlun um umfang viðskiptamála þar sem gerð er grein fyrir helstu sýningum og atburðum í viðskiptalífi umdæmisríkja.

Áætlanir og skýrslur sendiráðanna, ásamt umsóknum um fjárveitingar, fara fyrir stýrinefnd Útflutningsráðs og Viðskiptaþjónustunnar sem tryggir að upplýsingar berist einnig frá sendiráðum til Útflutningsráðs. Verkefni eru þannig falin þeim aðila sem best er til þeirra fallinn, hvort sem um ræðir ákveðna deild innan Útflutningsráðs eða utanríkisþjónustunnar. Að auki fjallar stýrinefndin um önnur skipulags- og stefnumál.

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð var efld til muna með nýju lögunum. Í henni situr nú fjöldi hagsmunaaðila úr viðskiptalífinu sem fjallar um hvernig utanríkisráðuneytið og Útflutningsráð geta orðið viðskiptalífinu að liði í

sókn á erlenda markaði. Nefndin hittist fjórum sinnum á ári, einn fundur fór fram í febrúar og annar fer fram í apríl 2004.

10. HAFRÉTTARMÁL

10.1. Hafréttarsamingur Sameinuðu þjóðanna.

Ísland tekur virkan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í hafréttarmálum og leggur þar áherslu á að standa vörð um hafréttarsamninginn, en um er að ræða eina heildstæða alþjóðasamninginn á sviði hafréttar. Hagsmunir Íslands sem strandríkis, sem á mikið undir nýtingu auðlinda hafsins, eru vel tryggðir í hafréttarsamningnum og samningum tengdum honum. Af Íslands hálfu hefur í samræmi við þetta verið lögð á það áhersla á aðildarríkjafundum hafréttarsamningsins og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að vinna beri á grundvelli þessara samninga og að mikilvægt sé að þeir séu fullgiltir og ákvæðum þeirra framfylgt af ríkjum heims. Jafnframt hefur verið lagst gegn tilraunum til að opna að nýju mál sem voru til lykta leidd á hafréttarráðstefnunni, enda fól niðurstaða ráðstefnunnar í sér pakkalausn þar sem einstök ríki fengu sitt fram á sumum sviðum en urðu að gefa eftir á öðrum.

Hinn 10. desember 2002 var í New York minnst 20 ára afmælis hafréttarsamningsins. Í tengslum við athöfnina og í kjölfar hennar fullgiltu ýmis ríki samninginn, m.a. Kanada, og önnur ríki, svo sem Bandaríkin og Danmörk, hafa fullgildingu samningsins til athugunar. Aðildarríki hafréttarsamningsins voru 145 talsins hinn 19. mars 2004.

10.2. Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna.

Úthafsveiðisamningurinn, sem samþykktur var í New York 4. ágúst 1995, öðlaðist gildi 11. desember 2001 þegar 30 ríki höfðu gerst aðilar að honum. Ísland hafði fullgilt samninginn 14. febrúar 1997.

Í úthafsveiðisamningnum er kveðið á um framkvæmd og nánari útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um deilistofna og víðförula fiskstofna, þ.e. stofna sem finnast bæði innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu áðurnefndra fiskstofna. Samningurinn styrkir verulega ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Sérstök réttindi strandríkja eru viðurkennd í samningnum og í honum felast frekari takmarkanir á hefðbundnu frelsi til fiskveiða á úthafinu.

Þegar þýðing úthafsveiðisamningsins er vegin og metin er rétt að hafa í huga að langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að markmiði samningsins verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar á úthafinu víðs vegar í heiminum. Engin ríki eiga meira undir því en ríki á borð við Ísland sem byggja afkomu sína að miklu leyti á fiskveiðum.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að ákvæði samningsins binda einungis þau ríki sem eru aðilar að honum. Hefur Ísland verið í hópi þeirra ríkja sem hvatt hafa til þess að samningurinn verði fullgiltur og ákvæðum hans framfylgt af ríkjum heims. Ástæða er til að fagna því að aðildarríkjum úthafsveiðisamningsins hefur fjölgað verulega á undanförnum missirum. Í desember 2003 fullgiltu Evrópubandalagið og aðildarríki þess samninginn og voru aðildarríki samningsins hinn 19. mars 2004 51 talsins.

10.3. Afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu nágrannalandanna.

Haustið 2002 náðist á fundi Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra og Anfinns Kallsberg, lögmanns Færeyja, í Þórshöfn samkomulag um afmörkun umdeilda hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja. Þar með lauk afmörkun efnahagslögsögu Íslands gagnvart lögsögu nágrannalandanna, en áður hafði verið gengið frá afmörkun efnahagslögsögunnar gagnvart lögsögu Jan Mayen, Grænlands og Bretlands.

Í samkomulaginu milli Íslands og Færeyja felst að nyrðri hluti umdeilda svæðisins, sem liggur norðan 63° 30′ og nemur um tveimur þriðju hlutum af svæðinu í heild, skiptist þannig milli aðila að Ísland fær 60% í sinn hlut en Færeyjar 40%. Syðsti hluti umdeilda svæðisins, sem liggur sunnan 63° 30′ og nemur um þriðjungi af svæðinu í heild, skiptist hins vegar jafnt á milli aðila. Vegna sérstakra aðstæðna á syðsta hluta svæðisins var um það samið að aðilar heimili fiskiskipum hvor annars veiðar á sínum hluta svæðisins og verður því í raun um sameiginlegt nýtingarsvæði landanna tveggja að ræða. Á þessum hluta svæðisins er að finna rækjuhóla sem hvorki er að finna í næsta nágrenni til vesturs né austurs og mundi það gera fiskiskipum beggja aðila erfitt fyrir að stunda rækjuveiðarnar ef aðgangur þeirra að svæðinu yrði takmarkaður.

Gengið verður frá formlegum afmörkunarsamningi, sem mun ná til allrar lögsögulínunnar milli landanna, þegar tæknilegri endurskoðun á grunnlínupunktum hvors lands um sig er lokið.

10.4. Landgrunnsmál.

10.4.1. Afmörkun ytri marka landgrunns Íslands utan 200 sjómílna.

Unnið er að undirbúningi greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Gert er ráð fyrir að verkefnið, sem felur m.a. í sér mælingar á landgrunnssvæðum sem samsvara þrettán-földu landsvæði Íslands, muni taka um fimm ár og að greinargerðinni verði skilað til nefndarinnar árið 2006. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessa er um 700 millj. kr. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á umræddri greinargerð og hefur verið skipaður starfshópur undir forustu þess til að vinna hana.

Samkvæmt hafréttarsamningnum skulu strandríki, sem gera tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna, skila greinargerð um ytri mörk landgrunns síns til landgrunnsnefndarinnar. Nefndin gerir í framhaldi af því tillögur þar að lútandi og skulu mörk landgrunnsins, sem strandríki ákveður á grundvelli þessara tillagna, vera endanleg og bindandi. Frestur Íslands til að skila greinargerð til nefndarinnar er til 13. maí 2009, en eins og áður segir er stefnt að því að skila henni mun fyrr.

Af Íslands hálfu er gert tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna í suðri, þ.e. á Reykjaneshrygg og Hatton Rockall-svæðinu, og í austri, þ.e. í Síldarsmugunni. Landgrunnið var afmarkað til suðurs með reglugerð árið 1985 en afmörkun landgrunnsins til austurs er skemmra á veg komin. Aðeins Ísland gerir kröfu um landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg, en á Hatton Rockall-svæðinu hafa Danmörk, fyrir hönd Færeyja, Bretland og Írland einnig sett fram kröfur um slík réttindi. Í Síldarsmugunni mun Noregur einnig gera kröfu til landgrunnsréttinda út frá Jan Mayen og væntanlega mun Danmörk einnig setja fram kröfu um slík réttindi fyrir hönd Færeyja.

Mörg álitamál eru ríkjandi um túlkun 76. gr. hafréttarsamningsins sem fjallar um ákvörðun ytri marka landgrunnsins og snerta nokkur þeirra kröfur Íslands til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna. Mikilvægt er að Íslendingar geri sig gildandi á þessu mikilvæga sviði hafréttarins og vinni sjónarmiðum sínum fylgi.

Í þessu skyni ákvað Hafréttarstofnun Íslands, sem utanríkisráðuneytið stendur að auk sjávarútvegsráðuneytisins og Háskóla Íslands, að gangast fyrir alþjóðaráðstefnu um afmörkun landgrunnsins í Reykjavík 25.–27. júní 2003 í samvinnu við Hafréttarstofnunina við háskólann í Virginíu. Á ráðstefnunni var einkum fjallað um lagalegar og vísindalegar hliðar ákvörðunar ytri marka landgrunns utan 200 sjómílna. Alls tóku um 170 sérfræðingar frá 50 löndum þátt í ráðstefnunni sem er hin stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið. Meðlimum landgrunnsnefndarinnar, sem eru 21 að tölu, var boðið að sækja ráðstefnuna og þekktist þorri þeirra boðið. Jafnframt styrkti Hafréttarstofnun þátttöku fulltrúa nokkurra þróunarríkja í ráðstefnunni.

Landgrunnsráðstefnan þótti takast afar vel og ljóst er að hún hefur stuðlað að því að efla stöðu Íslands sem ríkis sem á raunverulegt tilkall til landgrunnsréttinda utan 200 sjómílna.

10.4.2. Hatton Rockall-málið.

Haustið 2001 fóru fram í Reykjavík að frumkvæði Íslands óformlegar viðræður allra deiluaðila í Hatton Rockall-málinu, þ.e. Íslands, Bretlands, Írlands og Danmerkur, fyrir hönd Færeyja. Var um að ræða fyrsta fjórhliða fund þeirra aðila sem gera tilkall til landgrunns á Hatton Rockall-svæðinu og markaði fundurinn því tímamót. Viðræðurnar voru gagnlegar og hefur þeim verið fram haldið.

Mikilvægt er að aðilar byrji að leita leiða til að leysa þetta mikilvæga mál, en ekki er við því að búast að viðræður aðila muni leiða til skjótrar niðurstöðu enda er málið afar flókið og erfitt að samræma sjónarmið aðila.

Til þess að lausn náist um afmörkun landgrunns á umdeildum svæðum á borð við Hatton Rockall-svæðið og raunhæft sé að nýta auðlindir þess þarf tvennt að koma til: Annars vegar þurfa hlutaðeigandi ríki að komast að samkomulagi um skiptingu landgrunnsins sín á milli eða um að það verði sameiginlegt nýtingarsvæði. Hins vegar þarf að nást niðurstaða um afmörkun ytri marka landgrunnsins á grundvelli tillagna landgrunnsnefndarinnar.

11. UMHVERFISMÁL OG AUÐLINDAMÁL

11.1. Auðlindir og utanríkismál.

Mikilvægi auðlinda hafsins er samofið íslenskum utanríkishagsmunum. Nýting þeirra hefur lagt grunninn að velferð þjóðarinnar og verið hreyfiafl framfara í landinu. Markmið stjórnvalda hefur annars vegar verið að tryggja full yfirráð yfir auðlindinni og hins vegar að tryggja sjálfbæra nýtingu hennar til framtíðar.

Til að svo megi verða, þurfa stjórnvöld að vera vakandi á verðinum, jafnt heima sem í alþjóðlegu umhverfi. Hnattræn umræða um málefni hafsins hefur aukist og þátttaka íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegu starfi samhliða tekið breytingum. Vaxandi mengun, m.a. vegna aukinna efnahagsumsvifa á hafinu, umræða um fæðuöryggi og margföldun sjávarafla á heimsvísu undanfarna áratugi, hefur stuðlað að aukinni umfjöllun. Ríki heims hafa vaknað til vitundar um að auður hafanna er ekki óþrjótandi, en verður að vakta.

Það er æ algengara að kallað sé eftir því að alþjóðasamfélagið hlutist til um verndun og nýtingu fiskistofna og hafsvæða. Tillögur hafa komið fram um að fela valdi ríkjum æðra eða alþjóðastofnunum stjórnun nýtingar auðlinda hafsins. Þessari þróun verður einungis mætt með því að afla sjónarmiðum Íslands viðurkenningar og fylgis, enda gengur þessi nálgun þvert á grundavallarhugsun íslenskra stjórnvalda um fullveldisrétt ríkja yfir auðlindum sínum og að stjórn auðlindanýtingar sé best borgið í höndum þeirra ríkja sem standi þeim næst.

Sterk rödd Íslands, er heldur á loft meginreglum sjálfbærrar þróunar, er því afar mikilvæg á alþjóðlegum vettvangi, sérstaklega í ljósi þess að afkoma Íslendinga byggist að stærstum hluta á nýtingu náttúrunnar.

Íslendingar hafa löngum státað af nútímalegum og framsýnum sjávarútvegi sem er öðrum ríkjum fyrirmynd. Íslensk stjórnvöld hafa einnig, sérstaklega hin síðari ár, sýnt frumkvæði í málefnum hafanna á alþjóðavettvangi þannig að eftir því hefur verið tekið. Í því sambandi er rétt að benda á Reykjavíkurráðstefnuna um vistkerfisnálgun í nýtingu auðlinda hafsins, sem íslensk stjórnvöld stóðu fyrir í samvinnu við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og stjórnvöld í Noregi, með eftirminnilegum hætti. Þar tókst að beina jákvæðu ljósi að málefnum hafsins en Reykjavíkuryfirlýsingin var eitt merkasta framlag fiskveiðiþjóða heims til umræðunnar um sjálfbæra þróun. Framlag Íslands innan FAO varðandi umhverfismerkingar, úttekt og greiningu á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi og vegna aðgerðaáætlana gegn ólöglegum fiskveiðum, svo eitthvað sé nefnt, stuðlar að því að Ísland afli sér viðurkenningar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar. Hér ber einnig að nefna starf okkar í því að koma á fót reglulegu ferli innan Sameinuðu þjóðanna að skrá og meta mengun sjávar á hnattræna vísu. Stofnfundur ferlisins verður væntanlega haldinn hér á landi síðar á þessu ári.

Ríkisstjórn Íslands hefur falið umhverfis-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytum vinnu að mótun heildarstefnu í málefnum hafsins sem bráðlega verður lögð fyrir ríkisstjórn til samþykktar. Markmið sameiginlegrar nefndar ráðuneytanna er að meta stöðu verndar og nýtingar lifandi auðlinda hafsins í kringum landið og móta heildræna stefnu sem tekur mið af mikilvægi hafsins fyrir Ísland. Henni er jafnframt ætlað að vera aðgengileg fyrir alla þá sem áhuga hafa á málefnum hafsins, auk þeirra sem með beinum hætti taka þátt í hagsmunagæslu Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

11.2. Málefni hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, sem er hinn almenni hnattræni vettvangur fyrir umfjöllun um málefni hafsins og hafréttarmál, eru árlega samþykktar tvenns konar ályktanir á þessu sviði. Annars vegar er um að ræða almenna ályktun um hafið og hafréttarmál, svonefnda „omnibus"-ályktun, og hins vegar fiskveiðiályktun þar sem sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um úthafsveiðisamninginn.

Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á það á allsherjarþinginu að þar beri að fjalla um tiltekin málefni sem séu hnattræns eðlis en ekki mál sem falli undir fullveldisrétt einstakra ríkja eða fjalla beri um á svæðisbundinn hátt. Þannig sé rétt að ræða á allsherjarþinginu um mengun hafsins, enda virði hún engin landamæri og glíma verði við hana með hnattrænum aðgerðum. Verndun og sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins sé hins vegar dæmi um staðbundið eða svæðisbundið málefni. Hefur Ísland staðið gegn tilraunum til hnattrænnar stjórnunar fiskveiða þar sem fiskveiðistjórnun fellur undir fullveldisrétt einstakra ríkja eða er á ábyrgð svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana.

11.3. Svæðasamstarf um auðlindir hafsins.

Íslensk stjórnvöld leggja metnað sinn í að starfa með nágrannaþjóðum á vettvangi svæðastofnana um auðlindir hafsins. Samstarf ríkja með þessum hætti er í anda hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, þar sem ákvarðanir um nýtingu eru teknar með tilliti til vísindalegrar ráðgjafar á vettvangi svæðasamstarfs auk samstarfs og samvinnu við Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES). Því er það nokkurt áhyggjuefni hvernig mál hafa þróast í þeim efnum. Nú er svo háttað að ekki eru í gildi neinir samningur um veiðar úr sameiginlegum stofnum, sem koma til kasta svæðastofnana að hlutast til um. Þrátt fyrir umtalsverða vinnu og fjölda funda

hefur ekki náðst samkomulag um veiðar úr kolmunnastofninum og síldarsamningar eru nú í uppnámi annað árið í röð. Ástæða er til að óttast að sú sátt sem ríkt hefur um stjórnun síldveiðanna frá árinu 1996 sé sprungin vegna óbilgjarnrar afstöðu norskra stjórnvalda sem ætla sér mun stærri hlut í veiðunum.

11.4. Hvalveiðar.

Sá merki árangur náðist haustið 2002 að Ísland varð viðurkenndur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu með fyrirvara um bann ráðsins við hvalveiðum í atvinnuskyni. Þar með styrktum við mjög stöðu okkar í hvalveiðimálum, bæði frá þjóðréttarlegu og pólitísku sjónarmiði.

Starf utanríkisráðuneytisins að því að kynna hvalveiðistefnu Íslands á alþjóðavettvangi hefur skilað mikilvægum árangri og dregið úr þunga þeirrar gagnrýni sem ákvörðunin um vísindaveiðar mætti. Sendiráð Íslands erlendis hafa svarað allri gagnrýni sem borist hefur með tölvupósti og bréfum með því að útskýra hvernig hvalveiðistefnan er óaðskiljanlegur liður í afstöðu Íslendinga til sjálfbærrar nýtingar íslenskra náttúruauðlinda sem liggur til grundvallar efnahagsstefnu okkar og er lykillinn að viðvarandi og vaxandi velsæld í landinu.

11.5. Orkumál og vetnisnýting.

Utanríkisráðuneytið hefur orðið vart við vaxandi velvilja í garð Íslands vegna vistvænnar nálgunar til náttúruauðlinda landsins hvort heldur er til sjávar eða lands. Ráðuneytið telur mikilvægt að nýta þennan velvilja í alþjóðasamskiptum í þágu heildarhagsmuna þjóðarinnar. Þetta á ekki síður við um orkustefnuna en sjávarútvegsmál. Ísland er eina ríkið þar sem allt rafmagn er framleitt með endurnýtanlegum orkugjöfum.

Utanríkisráðuneytið lítur á alþjóðasamstarf á sviði orkumála sem mikilvægt utanríkismál sem er til þess fallið að auka hróður Íslendinga á alþjóðavettvangi. Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi á sviði vetnismála og kynning á Íslandi sem vettvangi fyrir vetnisrannsóknir og tilraunaverkefni styður viðleitni Íslands við að skapa sér sérstöðu á alþjóðavettvangi sem leiðandi talsmaður sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Íslendingar eiga í samstarfi um vetnismál við ríki bæði austanhafs og vestan þar sem sérstaða Íslands á sviði orkumála hefur vakið athygli og var Ísland kosið til sameiginlegrar forustu með Þjóðverjum í framkvæmdanefnd alþjóðlegs vetnissamstarfs, IPHE, sem stofnað var til að frumkvæði Bandaríkjanna í nóvember í fyrra.

Þrátt fyrir þann velvilja sem áhersla Íslands á vetnisvæðingu sem framtíðarmarkmiðs hefur víða mætt hefur utanríkisráðuneytið líka orðið vart við tregðu gegn slíkri þróun, þar á meðal af hálfu olíuríkja, sem telja umræðu um vetni sem orkubera ekki tímabæra. Utanríkisráðuneytið hyggst beita sér á alþjóðavettvangi í samvinnu við önnur ríki sem hafa svipaða stefnu til að vinna sjónarmiðum okkar í vetnismálum brautargengi.

11.6. Norðaustursiglingaleiðin.

Utanríkisráðuneytið er vakandi fyrir þeim áhrifum sem umhverfis- og veðurfarsbreytingar á norðurhveli kunna að hafa á siglingar og flutningaleiðir í okkar heimshluta. Að undanförnu hefur nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins unnið að úttekt á hugsanlegri opnun nýrra siglingaleiða um norðurheimskautssvæðið og þýðingu þeirra fyrir Ísland. Miklir hagsmunir eru í húfi enda mundi slík leið frá Atlantshafi til Kyrrahafsins um Beringssund tengja með beinum hætti hagvaxtarsvæðin í Austur-Asíu og iðnríkin við Norður-Atlantshaf. Slíkt mundi gjörbreyta atvinnulífi á norðurslóðum. Þessi leið er ekki fær til stórfelldra vöruflutninga sem stendur en vísbendingar eru um að hún geti opnast hratt vegna skyndilegra ísbreytinga. Eng-

inn veit hvenær það gæti gerst en þá er nauðsynlegt fyrir Íslendinga að vera vel undirbúnir til að nýta þau tækifæri sem gefast.

11.7. Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu.

Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu í október 2002 til tveggja ára. Í formennskutíð sinni hefur Ísland lagt megináherslu á að efla starfsemi Norðurskautsráðsins á sviðum sem lúta að lífskjörum og lífsskilyrðum fólks á norðurslóðum. Á sama tíma hefur verið stuðlað að áframhaldandi öflugu samstarfi á sviði umhverfismála.

Helstu þættir í formennskuáætlun Íslands eru samantekt skýrslu um mannlíf á norðurslóðum. Hér stendur til að gera úttekt á lífsskilyrðum fólks á svæðinu, benda á bæði það sem vel hefur tekist og snöggu blettina. Samantektin verður kynnt á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins 2004. Áhersla hefur verið lögð á aukna notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni og bætt aðgengi að henni á svæðinu. Skipulögð var alþjóðleg ráðstefna í október 2003 til að fjalla sérstaklega um tvo afmarkaða þætti: fjarlækningar og fjarkennslu. Niðurstöður ráðstefnunnar og tillögur verða felldar að starfsemi Norðurskautsráðsins. Rannsóknastarf á norðurslóðum hefur jafnframt verið sett á oddinn og aukið samstarf aðila sem beita sér á því sviði, t.d. háskóla, fyrirtækja, sveitarfélaga, ríkisvalds og alþjóðastofnana, í því skyni að nýta betur föng og fjármagn. Til að efla þennan þátt verður Vísindavika norðurslóða haldin hér á landi í næsta mánuði en þar koma saman samtök og stofnanir sem sinna alþjóðlegu rannsóknastarfi á norðurslóðum.

Auk þessara þriggja þátta eru önnur viðamikil viðfangsefni á döfinni. Umfangsmikilli skýrslu um mat á áhrifum loftslagsbreytinga verður lokið á íslenska formennskutímabilinu og það mun koma til kasta Norðurskautsráðsins að taka ákvarðanir um viðbrögð og aðgerðir. Ísland leiðir, ásamt Kanada, stórt verkefni um mörkun heildarstefnu sem tekur til málefna hafanna til lengri tíma litið. Auk þessa má nefna að efnt verður til fundar menntamálaráðherra á norðurslóðum til að fjalla um æðri menntun og rannsóknir á svæðinu.

Ísland hefur jafnframt lagt mikla áherslu á kynningu á starfsemi ráðsins út á við og hafa fjölmörg erindi verið flutt á fundum og ráðstefnum á vettvangi alþjóðastofnana og á öðrum vettvangi í þeim tilgangi. Auk þess hefur verið unnið að hlutdeild norðurslóða í framkvæmdaáætlun ESB fyrir Norðlægu víddina 2004–2006 og að auknu samstarfi Norðurskautsráðsins og ESB.

Í formennsku Norðurskautsráðsins hefur Ísland fengið tækifæri til að vera í forsvari fyrir starfsemi ráðsins á alþjóðavettvangi og koma fram fyrir hönd aðildarríkjanna í þeim mikilvægu málum sem ráðið lætur sig varða. Margt bendir til þess að athygli hins alþjóðlega samfélags muni á næstu árum beinast í auknum mæli að þeim viðfangsefnum sem Norðurskautsráðið hefur til umfjöllunar. Þetta á t.d. við um loftslagsbreytingar á norðurslóðum sem vísindamenn telja að feli í sér vísbendingar um það sem gerast mun annars staðar á jörðinni á næstu áratugum.

12. ÞRÓUNARSAMVINNA

Hafin er stefnumótunarvinna á vegum utanríkisráðuneytisins um þróunarmál er tekur til bæði marghliða og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á vormánuðum 2004. Stefnumótunin byggist á skýrslu sem utanríkisráðherra lét gera, „Ísland og þróunarlöndin, álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“. Skýrsluna unnu Jónas H. Haralz og Hermann Örn Ingólfsson.

Í skýrslunni eru viðhorf til þróunarmála rakin, tölulegum upplýsingum gerð skil og staða Íslands sérstaklega skoðuð í því samhengi. Rætt er um marghliða og tvíhliða samvinnu, þróunaraðstoð og viðskipti, þátt frjálsra félagasamtaka og að lokum um skipulag þróunarsamvinnunnar. Ítarlegir viðaukar fylgja skýrslunni, þar á meðal kaflar um starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) og um starf ýmissa alþjóðastofnana.

12.1. Tvíhliða þróunarsamvinna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Framlög úr ríkissjóði til tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum ÞSSÍ hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum, eða úr 170 millj. kr. árið 1997 í 520 millj. kr. árið 2004. Umsvif stofnunarinnar hafa aukist samsvarandi. Aukning fjárframlaga hefur kallað á endurskoðun á starfsemi og starfsháttum stofnunarinnar. Nýtt skipurit og nýjar reglur um réttindi og skyldur starfsmanna stofnunarinnar í þróunarlöndum voru samþykktar árið 2001. Jafnframt voru samdar starfslýsingar fyrir öll starfsheiti. Sömuleiðis hefur nýtt áætlunar- og bókhaldskerfi verið tekið í notkun og öll útgáfustarfsemi ÞSSÍ verið endurskipulögð. Á árinu 2004 verður þannig allt bókhald ÞSSÍ og umdæmisskrifstofa fært frá Fjársýslu ríkisins til stofnunarinnar sjálfrar sem krefst m.a. endurbóta í samskiptatækni á milli aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofa. Í ljósi vilja ríkisstjórnarinnar til þess að halda áfram að auka framlög til þróunarsamvinnu hefur endurskipulagningu verið haldið áfram og hafinn er undirbúningur að vali á nýjum samstarfslöndum. Ný stefna ÞSSÍ í þróunarsamvinnu, þar sem m.a. eru settar reglur, sem fylgja á um val nýrra samstarfslanda, var samþykkt af stjórn stofnunarinnar í marsmánuði 2004. Á sama stjórnarfundi voru einnig samþykktar nýjar verklagsreglur með skýrum ákvæðum um hvernig skuli standa að framkvæmd þróunarverkefna. Jafnréttismál kynja eru mikilvægt áhersluatriði hjá ÞSSÍ eins og sjá má af því, að af fjórum umdæmisstjórum stofnunarinnar eru nú þrjár konur, af sjö verkefnisstjórum fjórar konur og af fjórum starfsmönnum á aðalskrifstofu í stjórnunarstörfum eru tvær konur.

Formlegur samstarfssamningur hefur verið gerður við Háskóla Íslands og á grundvelli hans hefur ýmsum verkefnum, svo sem rannsóknarverkefnum, ráðstefnum og fundum, þegar verið hrundið í framkvæmd. Nú er stefnt að því að gera fleiri slíka samstarfssamninga við aðrar háskóla- og rannsóknastofnanir á Íslandi. Þá hafa verið gerðir samstarfssamningar við Rauða kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Alþýðusamband Íslands, ABC-hjálparstarf og fleiri frjáls félagasamtök. Þróunarsamvinnustofnun hefur einnig hafið þátttöku í samstarfi svonefnds „Nordic +“ hóps, sem skipaður er þróunarsamvinnustofnunum Norðurlandanna fimm auk Hollands, Írlands og Stóra-Bretlands. Þá er hafinn undirbúningur að þátttöku í þróunarsamvinnunefnd (DAC) Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu, OECD.

Bein samvinna við utanríkisráðuneytið, sérstaklega alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins, hefur verið efld og verður unnið að vali nýrra samstarfslanda í samvinnu við ráðuneytið. Þetta aukna samstarf hefur m.a. leitt til þess, að utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að veita umdæmisskrifstofum ÞSSÍ, sem eru ein í hverju samstarfslandanna, stöðu sendiskrifstofa, sem mun auðvelda starfsemi ÞSSÍ að miklum mun (sjá næsta kafla).

Núverandi samstarfslönd ÞSSÍ eru Malaví, Mósambík, Namibía og Úganda. Þó að fiskimál séu enn stór þáttur í verkefnavali ÞSSÍ hefur aðstoð á sviði félagsmála og heilbrigðismála farið ört vaxandi. Þannig voru samanlögð framlög til fræðslumála hæst árið 2002, eða um 32% af samanlögðum útgjöldum til þróunaraðstoðar á vegum ÞSSÍ, en aðstoð til fiskimálaverkefna nam þá 25% heildarútgjaldanna. Í fræðslumálunum er aðaláhersla nú lögð á fullorðinnafræðslu, sem einkum gagnast konum, og viðfangsefni jafnréttismála eru sívaxandi meðal viðfangsefna stofnunarinnar.

Áðurgreind álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslendinga náði til starfsemi ÞSSÍ og var niðurstaða úttektarinnar jákvæð fyrir stofnunina. Í úttektinni var lagt til, að umtalsverð aukning yrði á framlögum til bæði marghliða og tvíhliða þróunaraðstoðar á næstu árum og hefur ríkisstjórnin niðurstöður skýrslunnar nú til umfjöllunar.

Sendiráð Íslands í Mósambík.

Sendiráð Íslands í Mapútó var stofnað fyrir tæpum þremur árum og er það fyrsta íslenska sendiráðið í Afríku. Auk Mósambík annast það sendiráðsstörf í nokkrum öðrum ríkjum í sunnan- og austanverðri Afríku, meðal annars Suður-Afríku, Namibíu, Malaví, Úganda, Kenía og Tansaníu. Tilkoma sendiráðsins er nátengd þróunarsamstarfi Íslands í Afríku og endurspeglar þörfina á því að efla tengslin við ríki Afríku og treysta þróunarsamvinnu í sessi í samstarfsríkjunum.

Verkefni sendiráðsins hafa einkum falist í því að stuðla að framgangi og greiða götu þróunarsamvinnuverkefna Íslands í samskiptum við stjórnvöld samstarfsríkjanna. Jafnframt tekur sendiráðið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi fulltrúa þeirra ríkja og alþjóðastofnana sem eru í þróunarsamvinnu við ríkin í sunnanverðri Afríku. Hér er einkum um að ræða samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna og samráð Norðurlanda og tengdra ríkja.

Þróunarsamstarfið við ríkin í þessum hluta heims er nátengt pólitískum og diplómatískum samskiptum við þessi ríki. Í framhaldi af eða samhliða tvíhliða þróunarsamstarfi koma jafnan pólitísk tengsl milli viðkomandi ríkja enda eru þau til þess fallin að treysta þróunarsamvinnuna í sessi. Stjórnmálasamband er yfirleitt til staðar þegar þróunarsamvinna hefst.

Í því skyni að auðvelda starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og til að greiða götu þróunarsamvinnu Íslands í samstarfsríkjunum hefur verið ákveðið að gera umdæmisskrifstofur ÞSSÍ að sendiskrifstofum, eins og áður er getið. Sem umdæmisskrifstofur heyra þær hins vegar áfram undir ÞSSÍ. Á þennan hátt er að vissu marki verið að fylgja fordæmi annarra Norðurlanda og fleiri vestrænna ríkja. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd. Umdæmisskrifstofur ÞSSÍ í Malaví og Úganda hafa verið eða verða á næstunni tilkynntar gistiríkinu sem sendiráð Íslands og umdæmisstjórarnir sem starfsmenn sendiráða. Sendiherrann gagnvart þessum ríkjum situr hins vegar áfram í Mapútó.

Með þessari nýbreytni er verið að styrkja stöðu umdæmisskrifstofa ÞSSÍ og starfsmanna þeirra gagnvart stjórnvöldum í samstarfsríkjunum, jafnframt því að treysta enn frekar samstarfið á milli utanríkisþjónustunnar og ÞSSÍ. Viðbótarkostnaður vegna þessa fyrirkomulags er óverulegur.

Í byrjun þessa árs fluttu sendiráð Íslands og umdæmisskrifstofa ÞSSÍ í Mapútó í sama húsnæði samhliða því að umdæmisskrifstofan var tilkynnt stjórnvöldum í Mósambík sem hluti af sendiráðinu. Þetta er mun hentugra fyrirkomulag en að þessar tvær íslensku skrifstofur séu alfarið aðskildar.

Það er einnig í verkahring sendiráðsins að stuðla að og greiða fyrir viðskiptum á milli Íslands og umdæmislanda þess. Viðskipti Íslands við þessi ríki hafa yfirleitt verið takmörkuð, að Namibíu og Suður-Afríku frátöldum. Mikil fátækt, lítil kaupgeta og erfitt viðskiptaumhverfi í mörgum ríkjum í sunnanverðri Afríku eru þrándur í götu viðskipta.

12.2. Fjölþjóðleg þróunarsamvinna.

12.2.1. Alþjóðabankinn (IBRD).

Alþjóðabankinn og dótturstofnanir hans, Alþjóðaframfarastofnunin (IDA), Alþjóðalánastofnunin (IFC) og Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin (MIGA) eru lykilstofnanir í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Á síðustu árum hefur Alþjóðabankinn lagt höfuðáherslu á þróunarsamvinnu sem miðar að framgangi þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (Millennium Development Goals). Með þetta í huga leggur bankinn áherslu á tvo þætti í starfsemi sinni. Í fyrsta lagi að stuðla að uppbyggingu mannauðs, m.a. með aðstoð á sviði mennta- og heilbrigðismála, og í öðru lagi með stuðningi við fjárfestingar í innviðum samfélaga og stofnanauppbyggingu sem skal stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi og öflugra einkaframtaki.

Eins og nánar er fjallað um síðar leiðir Ísland nú starf kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans. Þær áherslur sem Alþjóðabankinn vinnur eftir eru mjög í anda þess sem kjördæmið hefur beitt sér fyrir undanfarin ár, þ.e. að hlutverk Alþjóðabankans sé fyrst og fremst að vinna gegn fátækt í heiminum. Því má hins vegar ekki gleyma að 70% jarðarbúa sem búa við sára fátækt er að finna í þróunarlöndum sem ekki teljast í hópi þeirra fátækustu, þ.e. svokölluðum millitekjulöndum. Með þetta í huga þarf Alþjóðabankinn að laga starfsemi sína að þörfum þessara landa, sem oft búa við ágætt stofnanaumhverfi og menntastig, en sökum vanþróaðs fjármálageira, og lélegra samgangna og fjarskipta búa við veikt efnahagslíf sem hamlar almennum framförum.

Alþjóðabankinn er fjárvörsluaðili margra alheimssjóða á sviði þróunarsamvinnu og annarra minni sjóða fyrir afmörkuð verkefni. Má þar nefna sem dæmi Alþjóðaalnæmissjóðinn sem settur var á fót að frumkvæði aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaumhverfissjóðinn (GEF), styrktarsjóð vegna HIPC-átaksins og sjóði vegna enduruppbyggingarinnar í Austur-Tímor, Afganistan og Írak. Íslensk yfirvöld hafa lagt fé í Alþjóðaalnæmissjóðinn og til HIPC-átaksins eins og síðar kemur fram, auk þess sem undirritaður var samningur milli Íslands og Alþjóðabankans um framlag að upphæð 1 millj. bandaríkjadala til enduruppbyggingar í Írak í mars sl.

Alþjóðaframfarastofnunin er sú stofnun Alþjóðabankans sem veitir fátækustu þróunarlöndunum aðstoð í formi mjúkra lána, styrkja og ábyrgða. Starfsemi stofnunarinnar er fjármögnuð til þriggja ára í senn. Á yfirstandandi fjármögnunartímabili, sem nær til 36 mánaða tímabils á árunum 2002–2005, leggur Ísland fram 505 millj. kr. Á árinu 2004 fer fram samningalota um fjármögnun starfseminnar fyrir árin 2005–2008 þar sem hlutverk og ábyrgð Alþjóðaframfarastofnunarinnar með hliðsjón af starfsemi annarra fjölþjóðlegra og tvíhliða stofnana verður m.a. í brennidepli.

Á ársfundi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 2003 flutti fjármálaráðherra, í fjarveru utanríkisráðherra, ræðu fyrir hönd Norðurlanda um málefni Alþjóðabankans.

Formennska Íslands í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Ísland tilheyrir kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðabankanum og skipar kjördæmið sameiginlegan aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans til þriggja ára í senn. Aðalfulltrúinn hefur aðsetur á skrifstofu kjördæmisins í Washington og auk hans starfa þar fulltrúar frá hinum aðildarríkjunum sjö. Þetta fyrirkomulag kallar á afar náið samstarf og samráð á milli kjördæmislandanna, enda talar fulltrúi í stjórn fyrir hönd allra kjördæmislanda.

Samkomulag ríkir á milli kjördæmislandanna um að Norðurlöndin fimm útnefni til skiptis aðalfulltrúa í stjórn bankans. Þann 1. október sl. tók Ísland í fimmta skipti við stöðu aðalfulltrúa kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og mun Þorsteinn Ingólfsson, sendiherra og fyrrverandi fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, sinna þessu mikilvæga starfi til þriggja ára.

Setu í stjórn Alþjóðabankans fylgir að jafnaði það starf að leiða málefnavinnu kjördæmislandanna gagnvart bankanum og mun utanríkisráðuneytið gegna því umfangsmikla hlutverki

til haustsins 2006. Í þessu felst að Ísland ber ábyrgð á að gera drög að skriflegum fyrirmælum um þau málefni er bankinn fjallar um hverju sinni.

Þetta er stærsta verkefni sem utanríkisráðuneytið hefur tekið að sér á sviði þróunarmála og hefur sérstakt svið fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu verið sett á fót innan alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins. Samræmingarhlutverkið krefst aukinnar þekkingar á málefnum þróunarlandanna og margvíslegs samráðs, jafnt við samstarfsfólk í Washington, við önnur kjördæmislönd, við starfsmenn íslenska stjórnkerfisins og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Vandað var til undirbúnings og hefur verkefnið farið vel af stað. Íslensk formennska í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hjá Alþjóðabankanum er mikilvægur liður í aukinni þátttöku Íslands og vaxandi ábyrgð okkar í baráttunni gegn fátækt í heimum.

12.2.2. Aðild Íslands að Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC).

Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) er mikilvægur samráðsvettvangur iðnríkja á sviði þróunarsamvinnu og er hlutverk nefndarinnar einkum að leiða samræmingarvinnu iðnríkja, auk þess að fylgjast með umfangi þróunarsamvinnu og meta árangur hennar.

DAC var sett á fót árið 1960 og gerðist Ísland ekki aðili að nefndinni í upphafi, enda naut Ísland enn tækniaðstoðar frá OECD þegar hún var stofnuð. Enn fremur hafa lágmarksviðmið DAC um framlög til þróunarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu gert Íslandi ókleift að sækja þar um aðild.

Undanfarin ár hafa framlög Íslands til þróunarmála hins vegar aukist jöfnum skrefum og í kjölfar áðurnefndrar álitsgerðar um þróunarsamvinnu Íslands, ákvað utanríkisráðherra að Ísland skyldi sækja um aðild að DAC.

Aðild Íslands að nefndinni mun hafa margvíslega og jákvæða þýðingu fyrir Ísland. Með aðild mun Ísland hafa beinan aðgang að reynslu og upplýsingum annarra stofnana, sem nýtist við mótun stefnu í þróunarsamvinnu og framkvæmd þróunarverkefna. Þá gerir DAC úttekt á þróunarsamvinnu aðildarríkja sinna á fjögurra ára fresti, sem ætti að tryggja enn frekar gæði þeirrar þróunaraðstoðar sem Ísland veitir. Þá mun aðild Íslands að DAC gera þróunarsamvinnu Íslands sýnilegri á alþjóðavettvangi.

Gert er ráð fyrir að aðildarumsókn Íslands verði formlega samþykkt á fundi DAC í desember 2004.

12.2.3. Niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims.

Ísland hefur verið dyggur stuðningsaðili átaks um niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims (Heavily Indebted Poor Countries Initiative – HIPC). Að átakinu standa allar helstu fjölþjóðlegu þróunarsamvinnustofnanir heims, en framkvæmd þess er í höndum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Markmið átaksins er að lækka skuldir fátækustu ríkja heims niður fyrir þau mörk er teljast sjálfbær og mynda þannig svigrúm fyrir aukin útgjöld til málefna er miða að minnkun fátæktar. Reiknað er með að átakið taki til skuldastöðu 38 ríkja, en 27 ríki hafa nú komið til umfjöllunar, og af þeim hafa tíu ríki útskrifast úr átakinu.

Styrktarsjóðurinn (HIPC) var stofnaður til þess að mæta þeim kostnaði sem alþjóðastofnanir bera af átakinu og hefur framlag Íslands í sjóðinn numið 2,75 millj. bandaríkjadala. Búast má við að Ísland haldi áfram stuðning sínum við átakið.

12.2.4. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Í lok árs 2002 lauk þriggja ára setu Íslands í FAO-ráðinu. Í þau þrjú ár stýrði Ísland samstarfi og samráði Norðurlandanna hjá FAO. Skrifstofa fastanefndar var starfrækt í Róm á þessu tímabili, en að því loknu var gerð sú breyting að staða fastafulltrúa Íslands hjá FAO,

sem verið hefur í París, var flutt heim í utanríkisráðuneytið. Stærsta samstarfsverkefni síðustu ára milli Íslands og FAO var ráðstefnan „Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar". Ráðstefnan samþykkti Reykjavíkuryfirlýsinguna, sem var framlag sjávarútvegsríkja til leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldin var í Jóhannesarborg árið 2002. Í yfirlýsingunni eru ítrekaðar skuldbindingar þjóða heims til að stunda fiskveiðar með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Árið 2003 var haldinn fundur í fiskinefnd FAO (COFI) árið 2003. Þar var m.a. rætt um þá jákvæðu umfjöllun sem Reykjavíkuryfirlýsingin fékk í Jóhannesarborg haustið 2002. Á fundinum voru einnig til umræðu umhverfismerkingar sjávarafurða, samstarf FAO við CITES-samninginn um verslun með tegundir í útrýmingarhættu, ríkisstyrkir í sjávarútvegi og ólöglegar fiskveiðar.

12.2.5. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP).

Samstarf utanríkisráðuneytisins við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna hefur verið að aukast undanfarin ár. Allar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna standa að stofnuninni með frjálsum framlögum. Matvælaáætlunin veitir neyðaraðstoð og fæðuhjálp til flóttamanna og annarra í neyð af völdum náttúruhamfara. Framlög íslenskra stjórnvalda til neyðaraðstoðar á vegum stofnunarinnar voru um 240.000 bandaríkjadalir árið 2003. Enn fremur hefur verið gerður samningur á milli íslensku friðargæslunnar og Matvælaáætlunarinnar um stuðning. Samkvæmt þeim samningi getur Matvælaáætlunin beðið um starfsmenn að láni til neyðaraðstoðarverkefna. Íslenska friðargæslan skoðar þessar beiðnir með tilliti til getu og þess fólks sem er á viðbragðslista hennar. Málefnum Matvælaáætlunarinnar er nú sinnt beint frá utanríkisráðuneytinu en var áður hjá fastanefnd Íslands hjá FAO í sendiráði Íslands í París.

12.2.6. Alþjóðasjóðurinn um þróun landbúnaðar (IFAD).

Ísland gerðist formlegur aðili að Alþjóðasjóðnum um þróun landbúnaðar (IFAD) árið 2001. Ísland hefur tekið þátt í samráði Norðurlandanna um málefni sjóðsins frá upphafi aðildar og var í forsvari fyrir því samráði í eitt ár. Því forsvari fyrir Norðurlöndin lauk með því að Ísland hélt ávarp fyrir hönd þeirra á aðalfundi sjóðsins árið 2003.

12.2.7. Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Árið 2003 hélt Jarðhitaskólinn upp á 25 ára starfsafmæli. Frá upphafi hafa nú útskrifast 300 nemendur frá 39 þróunarlöndum eftir sex mánaða sérhæft nám. Frá Sjávarútvegsskólanum, sem hóf starfsemi sína árið 1997, hafa útskrifast alls 62 nemendur frá 19 þróunarlöndum. Í september 2003 voru alls 46 nemendur við nám á Íslandi samtímis á vegum Jarðhitaskólans og Sjávarútvegsskólans.

Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn hafa notið mikils stuðnings stjórnvalda og almennings á Íslandi. Starfsemi skólanna er orðin snar þáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Vorið 2002 þegar íslensk stjórnvöld huguðu að ákveðnum verkefnum sem framlagi Íslands til ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg var ákveðið að tefla fram kennslu í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Gert var ráð fyrir að Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn undirbyggju nokkurra vikna námskeið sem haldin yrðu í völdum þróunarlöndum, einkum í Afríku, í samvinnu við heimamenn, alþjóðastofnanir og einstök iðnríki sem hefðu hug á að taka þátt í verkefnum. Slík námskeið um jarðhita eru í undirbúningi í Afríkulöndum innan fjölþjóðlegs verkefnaramma sem nefnist „Renewable Energy Efficiency Partnership" og ákveðið var að stofna til á ráðstefnunni í Jóhannesarborg. Sjávarútvegsskólinn hóf námskeið í Víetnam árið 2003 sem er hluti af tvíhliða samningi á milli Íslands og Víetnam.

Um nokkurra ára skeið hafa verið til umræðu hugmyndir um breytingu á fyrirkomulagi skólanna hér á Íslandi og samstarfi þeirra við Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó. Utanríkisráðherra tók málið síðast upp á fundi með Hans van Ginkel, rektor Háskóla Sameinuðu þjóðanna, þegar hann kom til Íslands í tilefni 25 ára afmælis og árlegrar setningar Jarðhitaskólans í apríl 2003. Á þeim fundi var staðfestur eindreginn vilji beggja aðila til þess að styrkja tengsl og tryggja stöðu skóladeildanna innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Við það tækifæri skýrði ráðherra frá því að ætlunin væri að skipa sérstakan starfshóp sem falið yrði að meta starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og koma með tillögur að áframhaldandi eflingu skólanna. Starfshópurinn er nú að störfum.

12.2.8. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Markmið Norræna þróunarsjóðsins er að lána fátækustu þróunarríkjunum, í samvinnu við aðra þróunarbanka, til verkefna sem styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir. Lánað var einvörðungu til ríkisstjórna þróunarlandanna þar til árið 2001 þegar reglum sjóðsins var breytt þannig að farið var einnig að lána til einkafyrirtækja. Ekki er gert ráð fyrir því að lán til einkaaðila verði stór hluti heildarútlána sjóðsins. Sjóðurinn var síðast endurfjármagnaður árið 1999 vegna reksturs áranna 2000–2005, en hlutur Íslands í endurfjármögnun sjóðsins hefur verið 1%. Sérstök úttekt er í gangi á starfsemi sjóðsins sem lokið verður árið 2004. Úttekt sem þessi er gerð á fimm ára fresti. Í kjölfar úttektarinnar verður tekin ákvörðun um hvort aukið verður við stofnfé sjóðsins. Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 16, þar af einn Íslendingur.

12.2.9. Stuðningur við frjáls félagasamtök.

Frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í íslenskri þróunarsamvinnu, og hafa stjórnvöld lagt sitt fram við að efla starfsemi þeirra og styrkja. Félagasamtökin njóta útbreidds stuðnings í íslensku samfélagi og eru oft góður kostur í framkvæmd verkefna í þróunarríkjum. Því hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í ýmiss konar samstarfi á sviði þróunarsamvinnu með frjálsum félagasamtökum. Góð reynsla er af slíku samstarfi og eru Rauði kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, ABC-hjálparstarf og Barnaheill dæmi um samstarfsaðila.

Til viðbótar fyrrnefndum samstarfssamningum sem ÞSSÍ hefur gert við nokkur félagasamtök styður ríkisstjórnin félagasamtök að jafnaði um 10–20 millj. kr. árlega. Að auki hefur Rauða krossi Íslands verið gert kleift að afla fjármagns með rekstri spilakassa í samstarfi við önnur íslensk félagasamtök, en hluti þeirra tekna rennur til verkefna í þróunarríkjunum.

13. UPPLÝSINGA- OG MENNINGARMÁL, ÞJÓÐRÆKNI OG KJÖRRÆÐISMENN

13.1. Upplýsinga- og menningarmál.

13.1.1. Auðveldur aðgangur að upplýsingum.

Í upplýsingasamfélagi nútímans er gerð krafa um að hægt sé að nálgast greinargóðar upplýsingar um skipulag, starfsemi og stefnu opinberra stofnana. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því með góðum árangri að auka og bæta upplýsingaþjónustu ráðuneytisins. Markmiðið er að aðgangur að upplýsingum um starfsemi ráðuneytisins og utanríkisþjónustunnar verði auðveldur öllum og starfsemin gegnsæ með þeim fyrirvörum sem augljóslega eru fyrir hendi.

Sérstök skrifstofa upplýsinga-, menningarmála og ræðistengsla var stofnuð árið 1999. Í verkahring hennar er m.a. yfirumsjón með vefsetrum utanríkisþjónustunnar sem eru nú 30

talsins. Mikil áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu vefsetra undanfarin ár og er markmiðið að á þeim sé ávallt að finna greinargóðar upplýsingar um þau málefni sem hæst ber í starfi ráðuneytisins hverju sinni. Með aukinni umfjöllun og bættu upplýsingaflæði á vefsetrum ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands erlendis leitast utanríkisráðuneytið við að varpa ljósi á margþætta starfsemi utanríkisþjónustunnar og beina umræðu um hana í málefnalegan farveg. Aðalvefur utanríkisráðuneytisins er mest sóttur af öllum vefjum stjórnarráðsins og brýnt er að sinna þörfum þeirra fjölmörgu aðila sem þangað leita eftir upplýsingum um utanríkismál Íslands og starfsemi utanríkisþjónustunnar.

Með aukinni þátttöku Íslands í alþjóðastarfi er nauðsynlegt að gefa erlendum aðilum betri kost á að nálgast upplýsingar um utanríkisstefnu landsins og málefni íslensku utanríkisþjónustunnar. Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna leggur utanríkisþjónustunni auknar skyldur á herðar hvað þetta varðar. Gott aðgengi að upplýsingum á ensku er mikilvæg undirstaða hvers kyns kynningar. Vefurinn er öflugt tæki til slíkrar kynningar. Enskur vefur ráðuneytisins verður efldur og aukinn gaumur gefinn að framsetningu upplýsinga- og kynningarefnis á ensku auk þess sem lagt verður í aukna útgáfu á prentuðu efni um stefnu Íslands í utanríkis- og innanríkismálum.

Allar sendiskrifstofur Íslands erlendis reka eigin vefsetur sem byggjast að hluta á sameiginlegum gagnabanka sem inniheldur almennar upplýsingar um Ísland. Fyrir dyrum stendur gagnger endurskoðun og endurbygging á þessum vefsetrum með það fyrir augum að þau megi nýtast sendiskrifstofunum enn betur sem öflug upplýsingatæki.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins rekur eigið vefsetur, www.vur.is, sem hefur að markmiði að veita íslenskum fyrirtækjum upplýsingar og margvíslega fyrirgreiðslu varðandi útflutning. Vefrit viðskiptaskrifstofu, „Stiklur“, hefur verið gefið út um nokkurt skeið og eykur það enn aðgang að upplýsingum um starfsemi ráðuneytisins. Aðrir undirvefir ráðuneytisins eru upplýsingavefur um EES-samninginn og tengd málefni, www.ees.is, og vefur þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins þar sem meðal annars má finna hugtakasafn þýðingamiðstöðvarinnar.

Útgáfa og dreifing á prentuðu efni er og verður stór hluti af upplýsingaþjónustu ráðuneytisins. Sendiskrifstofur Íslands dreifa miklu magni kynningarefnis um land og þjóð. Mikil ásókn er í upplýsingar um Ísland og íslensk málefni hjá sendiskrifstofunum og er þörf á enn frekara upplýsingaefni. Því er stefna ráðuneytisins að auka samvinnu við Ferðamálaráð og aðra aðila varðandi útgáfu og dreifingu, bæði á prentefni og upplýsingaefni á mynddiskum og margmiðlunardiskum.

Utanríkisráðuneytið hefur um langa hríð tekið þátt í útgáfu tölfræðilegra upplýsinga um Ísland annað hvert ár í samvinnu við Hagstofu Íslands. Frá og með árinu 2004 mun ráðuneytið standa árlega að útgáfu bæklingsins „Iceland in Figures“ í samvinnu við Hagstofuna og þannig tryggja að ávallt verði dreift nýjustu tölfræðilegu upplýsingum um Ísland.

13.1.2. Mikilvægi menningarmála í starfi utanríkisþjónustunnar

Eitt af meginhlutverkum utanríkisþjónustunnar er að kynna íslenska menningu erlendis. Þrátt fyrir að utanríkisráðuneytinu sé ekki úthlutað fé í fjárlögum vegna menningarkynninga hafa sendiskrifstofur Íslands erlendis unnið mjög ötullega að því að kynna menningu og listir Íslendinga o.fl. í samstarfi við einstaklinga og stofnanir í viðkomandi landi. Gífurlegt starf liggur að baki einni menningarkynningu og ekki síst í því að afla fjár til þess að af henni geti orðið. Samstarf og samráð utanríkis- og menntamálaráðuneyta hefur verið aukið til muna að undanförnu, einkum hvað varðar fyrirgreiðslu við íslenska listamenn erlendis og sérstök menningarverkefni sendiráðanna. Þess er að vænta að í framtíðinni skapist aukið samstarf

milli ýmissa stofnana og fyrirtækja, sem hagsmuna eiga að gæta erlendis og viðkomandi sendiráða, líkt og tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Faglegt samstarf menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis á sviði lista og menningar hefur aukist á undanförnum missirum. Utanríkisráðuneytið á fulltrúa í stjórn hinnar nýstofnuðu Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og markmiðið er að svo verði einnig ef stofnaðar verða kynningarmiðstöðvar varðandi aðrar listgreinar.

Ráðuneytið hefur átt mikið og gott samstarf við ýmsar menningarstofnanir, svo sem Listahátíð og Höfuðborgarstofu. Einnig hafa ýmsir aðilar, þ.m.t. mörg fyrirtæki, lagt hönd á plóg við menningarkynningar hjá sendiskrifstofum Íslands erlendis. Bókmenntakynningarsjóður hefur og sýnt ómetanlegan stuðning við kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis sem og Kvikmyndamiðstöð Íslands við kynningu á íslenskum kvikmyndum. Ráðuneytið mun hér eftir sem hingað til leitast við að eiga náið og gott samstarf við íslenskar og erlendar menningarstofnanir varðandi menningarkynningar erlendis.

Utanríkisráðuneytið á fulltrúa í nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem skipuleggur norrænar menningarkynningar utan Norðurlanda. Um þessar mundir er að hefjast viðamikil kynning á norrænni menningu á Balkanskaga og haustið 2003 var í Berlín opnuð ein stærsta sýning á norrænni hönnun sem sett hefur verið upp. Áætlað er að sýningin fari milli landa allt til ársins 2006 og mun næst verða opnuð í Mílanó á Ítalíu. Norræn samvinna um menningarverkefni fer víða fram milli norrænna sendiskrifstofa og má í því sambandi nefna samvinnu sendiráðanna í Berlín, en sem kunnugt er hafa norrænu sendiráðin þar yfir að ráða sameiginlegu húsi þar sem nánast stöðugt fara fram norrænar myndlistarsýningar, kvikmyndasýningar, fyrirlestrar og samnorrænar móttökur. Mikill sameiginlegur undirbúningur á sér þar stað milli sendiráðanna.

13.2. Þjóðrækni.

Ekki þarf að fjölyrða um þróun þjóðræknismála á undanförnum árum. Frá opnun aðalræðisskrifstofunnar í Winnipeg árið 1999 hafa samskipti Íslendinga og fólks af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku aukist gífurlega. Samskiptin eru einkum á sviði menningar, ferðamála og fræðslu og verið er að kanna möguleika á viðskiptum.

Alþingi, ríkisstjórn Íslands og utanríkisráðuneytið hafa stutt dyggilega við þessa starfsemi með beinum fjárframlögum og aðstoð við að koma á tengslum félaga, fræðimanna, einstaklinga og stofnana. Ráðherrar í ríkisstjórn hafa lagt áherslu á áhuga Íslands á samskiptunum með því að sækja samkomur fólks af íslenskum ættum í Norður-Ameríku og yrði það þessum málum enn frekar til framdráttar ef þingmenn tækju meiri þátt í því starfi.

Í bígerð eru ótal samvinnuverkefni varðandi samskiptin yfir hafið innan fjölmargra málaflokka. Margt er þó óunnið, en áfram verður haldið á sömu braut. Markmiðið er að auka samskiptin frekar með samstarfi á öllum sviðum þjóðlífsins.

13.3. Samskipti við kjörræðismenn Íslands erlendis.

Fyrir utanríkisþjónustu sem er afar lítil í sniðum er nauðsynlegt að hafa þéttriðið net kjörræðismanna út um allan heim. Um er að ræða einstaklinga sem jafnframt sínum störfum taka að sér umsýslu fyrir viðkomandi ríki án endurgjalds. Kjörræðismenn Íslands eru nú tæplega 300 talsins og hefur að undanförnu markvisst verið leitast við að fjölga ræðismönnum Íslands í Mið-Ameríku og í hinum nýfrjálsu ríkjum Austur-Evrópu.

Til að efla áhuga og þekkingu kjörræðismanna á Íslandi hafa verið haldnar ræðismannaráðstefnur hér á landi með jöfnu millibili. Í tíð núverandi utanríkisráðherra hafa tvær slíkar ráðstefnur verið haldnar, 1995 og 2001.

Ráðuneytið leitast við að vera í sem bestum tengslum við ræðismenn Íslands og sér um að veita þeim ávallt nýjar upplýsingar, fréttir og fyrirgreiðslu. Stefnt er að enn nánara samstarfi við ræðismenn og fjölgun þeirra í samræmi við áherslur utanríkisráðuneytisins hverju sinni.

VIÐAUKI 1
Þróunarsamvinna á vegum ríkisins (ODA).

Í milljónum króna	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**
Styrkir og framlög samtals	***583,1***	***799,3***	***1.102,1***	***1.268,1***	***1.397,7***	***1.644,9***
Beinir styrkir	***462,3***	***668,1***	***977,6***	***1.116,6***	***1.197,2***	***1.424,4***
ÞSSÍ	*228,4*	*298,6*	*479,7*	*439,8*	*468,0*	*520,0*
Sendiráð í Mósambík			*16,5*	*21,0*	*26,4*	*19,1*
Utanríkisráðuneyti – starfsmenn þróunarmála	*7,0*	*7,0*	*14,0*	*21,0*	*21,0*	*21,0*
Jarðhitaskóli Háskóla Sþ.	*44,0*	*50,3*	*51,8*	*63,0*	*67,4*	*67,3*
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sþ.	*23,2*	*30,4*	*36,1*	*48,9*	*54,6*	*52,0*
Sameinuðu þjóðirnar:	*54,7*	*39,0*	*66,1*	*60,0*	*51,3*	*43,8*
þar af til:						
FAO	7,0	7,3	10,1	11,4	9,3	4,4
UNDP	18,3	18,3	21,8	22,4	20,0	18,2
UNICEF	9,5	9,5	9,5	11,6	10,4	9,4
UNIFEM	2,5	2,5	2,5	3,1	2,8	2,5
UNWRA	0,5	0,6	3,1	2,9	3,1	
OCHA	0,7		3,1			
UNFPA	0,6		1,0	1,1	1,0	
UNHCR	10,5		11,0	6,0	4,4	
WFP	0,4	0,4	3,6	1,0		
UNVFVT	0,5	0,4	0,4	0,5	0,3	
UNDAC	3,8					
UNDCP	0,4					
WHO						7,8
ILO						1,4
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	*19,8*	*22,1*	*26,2*	*21,9*		
Alþjóðabankinn – íslenski ráðgjafarsjóðurinn			*13,6*	*15,7*	*11,9*	*14,4*
Alþjóðabankinn – norræn/baltnesk samræmingarvinna					*25,0*	*35,0*
Aðstoð til Bosníu	*31,7*	*16,3*	*1,7*	*1,1*	*4,7*	*35,0*
Enduruppbygging í þr.löndum (borgaral. friðargæsla)		*110,3*	*166,9*	*205,4*	*284,0*	*329,8*
Enduruppbygging í Írak					*102,0*	*198,0*
Flóttamannaaðstoð	*39,0*	*17,0*	*15,0*	*27,5*	*40,3*	*41,3*
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)		*68,0*	*68,5*	*113,7*		*30,0*
Þróunarsjóður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar				*0,9*	*0,9*	*0,9*
Framlög til félagasamtaka:	*13,6*	*5,9*	*21,4*	*14,2*	*12,4*	
þar af til:						
ABC-hjálparstarf		0,9	2,0	2,0		
Alþjóða Rauði krossinn	8,0	4,0	4,2	4,7	4,1	
Barnaheill	0,2		0,2	3,0	3,3	
Indverska barnahjálpin	0,2					
Rauði kross Íslands	5,2		10,5	2,5	5,0	
Hjálparstarf kirkjunnar		1,0	4,5	2,0		
Ýmis framlög og neyðaraðstoð	*0,9*	*3,2*	*0,1*	*62,5*	*27,3*	*16,8*
Stofnfjárframlög	***120,8***	***131,2***	***124,5***	***151,5***	***200,5***	***220,5***
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*79,7*	*95,3*	*95,0*	*95,0*	*160,0*	*160,0*
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	*40,7*	*35,4*	*29,0*	*56,0*	*40,0*	*60,0*

Í milljónum króna	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD)	*0,4*	*0,5*	*0,5*	*0,5*	*0,5*	*0,5*
Hlutfall af landsframleiðslu	**0,09**	**0,12**	**0,15**	**0,16**	**0,17**	**0,19**
Landsframleiðsla (í milljónum króna)	*623.418*	*658.300*	*744.200*	*786.900*	*815.400*	*861.742*

VIÐAUKI 2
Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sendiskrifstofur og umdæmi.

(Mars 2004.)

Samtals eru 212 launaðir starfsmenn í utanríkisþjónustunni, þar af eru 93 í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík og 119 í sendiskrifstofum erlendis. Af þeim síðarnefndu eru 74 útsendir og 45 staðarráðnir. Ólaunaðir kjörræðismenn eru 227. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru samtals 439.

Sendiskrifstofur erlendis (sendiráð, fastanefndir og sendiræðisskrifstofur) eru 20 í 16 löndum. Umdæmislönd þeirra eru:

Berlín
Umdæmislönd: 4 (Þýskaland, Króatía, Sviss og Pólland)
Ræðisskrifstofur: 17
Útsendir starfsmenn: 3
Staðarráðnir: 5
Samtals: 8 + 17 kjörræðismenn

Brussel, sr.
Umdæmislönd: 4 (Belgía, Liechtenstein, Lúxemborg og Marokkó)
Stofnanir: 1 (ESB)
Ræðisskrifstofur: 4
Útsendir starfsmenn: 6
Staðarráðnir: 5
Frá öðrum ráðuneytum: 10
21 samtals + 4 kjörræðismenn

Brussel, fn.
Stofnanir: 3 (NATO, OPCW og VES)
Útsendir starfsmenn: 6
Staðarráðinn: 1
7 samtals

Genf, fn.
Umdæmisland: 1 (Slóvenía)
Stofnanir: 8 (EFTA, WTO, S. þj. – Genf, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO)
Útsendir starfsmenn: 4
Staðarráðnir: 2
Frá öðru ráðuneyti: 1
7 samtals

Helsinki
Umdæmislönd: 4 (Finnland, Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína)
Ræðisskrifstofur: 9
Útsendir starfsmenn: 2
Staðarráðinn: 3
5 samtals + 10 kjörræðismenn

Kaupmannahöfn
Umdæmislönd: 6 (Danmörk, Ísrael, Jórdanía, Rúmenía, Túnis og Tyrkland)
Ræðisskrifstofur: 23
Útsendir starfsmenn: 3
Staðarráðnir: 3
Frá öðrum ráðuneytum: 1
7 samtals + 25 kjörræðismenn

London
Umdæmislönd: 10 (Bretland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Líbanon, Maldíveyjar, Malta, Nepal og Nígería)
Ræðisskrifstofur: 26
Útsendir starfsmenn: 4
Staðarráðnir: 3
Frá öðru ráðuneyti: 1
8 samtals + 27 kjörræðismenn

Mapútó
Umdæmislönd: 9 (Mósambík, Angóla, Kenía, Malaví, Namibía, Sambía, Suður Afríka, Tansanía og Úganda)
Ræðisskrifstofur: 5
Útsendir starfsmenn: 1
Staðarráðnir: 1
2 samtals + 5 ræðismenn

Moskva
Umdæmislönd: 11 (Rússland, Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Hvíta Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Túrkmenistan og Úsbekistan)
Ræðisskrifstofur: 3
Útsendir starfsmenn: 3
Staðarráðnir: 5
8 samtals + 4 kjörræðismenn.

New York, fn. Stofnanir: 1 (S.Þj. – New York). Umdæmislönd: 6 (Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Jamaíka og Kúba) Ræðisskrifstofa: 4 Útsendir starfsmenn: 9 Staðarráðinn: 1 10 samtals, þar af 4 ræðismenn **New York, aðalræðisskr.** Umdæmi: 4 (New York, Connecticut, New Jersey og Rhode Island) Útsendir starfsmenn: 3 **Ottawa** Umdæmislönd: 8 (Kanada, Ekvador, Kostaríka, Kólumbía, Níkaragva, Panama, Perú og Venesúela) Ræðisskrifstofur: 15 Útsendir starfsmenn: 2 Staðarráðnir: 2 4 samtals + 15 kjörræðismenn **Ósló** Umdæmislönd: 7 (Noregur, Alsír, Egyptaland, Katar, Kúveit, Kýpur, Makedónía, Sádi Arabía) Ræðisskrifstofur: 15 Útsendir starfsmenn: 3 Staðarráðnir: 2 5 samtals + 11 kjörræðismenn	**París** Umdæmislönd: 6 (Frakkland, Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn) Stofnanir: 3 (OECD, FAO og UNESCO) Ræðisskrifstofur: 23 Útsendir starfsmenn: 6 Staðarráðnir: 3 9 samtals + 34 kjörræðismenn **Peking** Umdæmislönd: 7 (Kína, Ástralía, Mongólía, Norður-Kórea, Nýja-Sjáland, Suður-Kórea og Víetnam) Ræðisskrifstofur: 6 Útsendir starfsmenn: 3 Staðarráðnir: 4 7 samtals + 7 kjörræðismenn **Stokkhólmur** Umdæmislönd: 7 (Svíþjóð, Albanía, Bangladesh, Búlgaría, Júgóslavía (Serbía Svartfjallaland), Pakistan og Sri Lanka) Ræðisskrifstofur: 10 Útsendir starfsmenn: 3 Staðarráðnir: 2 5 samtals + 10 kjörræðismenn **Strassborg** Stofnun: 1 (Evrópuráðið) Umdæmisland: 1 (Páfagarður) Útsendir starfsmenn: 2 Staðarráðinn: 1 3 samtals.	**Tókýó** Umdæmislönd: 3 (Japan, Filippseyjar og Austur Tímor) Ræðisskrifstofur: 2 Útsendir starfsmenn: 3 Staðarráðnir: 3 6 samtals + 2 kjörræðismenn **Vín** Umdæmislönd: 5 (Austurríki, Bosnía og Hersegóvína, Slóvakía, Ungverjaland og Tékkland) Stofnanir: 3 (ÖSE, IAEA og S.Þj. – Vín) Ræðisskrifstofur: 6 Útsendir starfsmenn: 3 Staðarráðnir: 2 4 samtals + 7 ræðismenn **Washington** Umdæmislönd: 8 (Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile, El Salvador, Gvatemala, Mexíkó og Úrúgvæ) Ræðisskrifstofur: 35 (þar af ein sendiræðisskrifstofa í New York) Útsendir starfsmenn: 7 Staðarráðnir: 2 9 samtals + 43 kjörræðismenn **Winnipeg** Ræðisskrifstofa: 1 Útsendir starfsmenn: 1 Staðarráðinn: 1 2 samtals ... **Utanríkisráðuneytið** Umdæmislönd: 22 93 starfsmenn

VIÐAUKI 3
Stjórnmálasamband og ræðissamband Íslands við erlend ríki.
(Mars 2004.)

I. Stjórnmálasamband (137).

Afganistan	Frakkland	Liechtenstein	Sameinuðu arabísku
Albanía	(Frelsissamtök	Litháen	furstadæmin
Alsír	Palestínu)	Líbanon	San Marínó
Andorra	Gana	Líbía	Sádi Arabía
Angóla	Georgía	Lúxemborg	Serbía og
Antígva og Barbúda	Grenada	Makedónía[1]	Svartfjallaland
Argentína	Grikkland	Malasía	Seychelleseyjar
Armenía	Grænhöfðaeyjar	Malaví	Singapúr
Aserbaídsjan	Gvatemala	Maldíveyjar	Slóvakía
Austurríki	Holland	Malta	Slóvenía
Austur-Tímor	Hvíta-Rússland	Marokkó	Sómalía
Ástralía	Indland	Marshalleyjar	Spánn
Bahamaeyjar	Indónesía	Máritíus	Sri Lanka
Bandaríkin	Írak	Mexíkó	Suður-Afríka
Bangladess	Íran	Moldóva	Suður-Kórea
Barbadoseyjar	Írland	Mongólía	Súdan
Barein	Ísrael	Mósambík	Svasíland
Belgía	Ítalía	Namibía	Sviss
Bosnía og	Jamaíka	Nárú	Svíþjóð
Hersegóvína	Japan	Nepal	Taíland
Botsvana	Jemen	Níger	Tansanía
Brasilía	Jórdanía	Nígería	Tékkland
Bretland	Kambódía	Níkaragva	Túnis
Búlgaría	Kanada	Norður-Kórea	Túrkmenistan
Búrkína Fasó	Katar	Noregur	Tyrkland
Chile	Kenía	Nýja-Sjáland	Ungverjaland
Danmörk	Kirgisía	Óman	Úganda
Dóminíska lýðveldið	Kína	Pakistan	Úkraína
Egyptaland	Kostaríka	Panama	Úrúgvæ
Eistland	Kólumbía	Paragvæ	Úsbekistan
Ekvador	Króatía	Páfagarður	Venesúela
El Salvador	Kúba	Perú	Víetnam
(Evrópusambandið)	Kúveit	Portúgal	Þýskaland
Eþíópía	Kýpur	Pólland	
Filippseyjar	Lesótó	Rúmenía	
Finnland	Lettland	Rússland	

[1] Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.

II. Ræðissamband eingöngu (3).

Hondúras	Mónakó	Tógó

III. Hvorki stjórnmálasamband né ræðissamband (54).

Belís	Gínea-Bissá	Miðbaugs-Gínea	Senegal
Benín	Gvæana	Míkrónesía	Simbabve
Bólivía	Haítí	Palá	Síerra Leóne
Brúnei	Kamerún	Papúa	Súrínam
Burma (Myanmar)	Kasakstan	Rúanda	Sýrland
Búrúndí	Kíribatí	Saír	Tadsjikistan
Bútan	Kongó	Salómonseyjar	Tonga
Djíbútí	Kóngó-Alþýðulýðv.	Sambía	Trinidad og Tóbagó
Dóminíka	Kómoreyjar	Samóa	Tsjad
Erítrea	Laos	Sankti Kristófer og Nevis	Túvalú
Fidjieyjar	Líbería	Sankti Lúsía	Vanúatú
Fílabeinaströndin	Madagaskar	Sankti Vincen og Grenadíneyjar	
Gabon	Malí	Saó Tóme og Prinsípe	
Gambía	Máritanía		
Gínea	Mið-Afríkulýðveldið		

VIÐAUKI 4
Fyrirsvar Íslands við ríki sem Ísland hefur stjórnmála- eða ræðissamband við og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi.
(Fyrirsvar Íslands byggt á forsetaúrskurði frá 11. febrúar 2003.)

Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Afganistan	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Albanía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Alsír	Sr. Ósló	Sr. Stokkhólmi
Andorra	Sr. París	Utanríkisráðuneytið
Angóla	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi
Antígva og Barbúda	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Argentína	Sr. Washington	Sr. Ósló
Armenía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Aserbaídsjan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Austurríki	Sr. Vínarborg	Sr. Kaupmannahöfn
Austur-Tímor	Sr. Tókýó	Utanríkisráðuneytið
Ástralía	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Bahamaeyjar	Fn. New York	Sr. Washington
Bandaríkin	Sr. Washington	Sr. Reykjavík
Bangladess	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Barbadoseyjar	Fn. New York	Sr. London
Barein	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið

Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Belgía	Sr. Brussel	Sr. Ósló
Bosnía og Hersegóvína	Sr. Vínarborg	Sr. Stokkhólmi
Botsvana	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Brasilía	Sr. Washington	Sr. Ósló
Bretland	Sr. London	Sr. Reykjavík
Búlgaría	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Búrkína Fasó	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Chile	Sr. Washington	Sr. Ósló
Danmörk	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Reykjavík
Dóminíska lýðveldið	Fn. New York	Sr. Ósló
Egyptaland	Sr. Ósló	Sr. Ósló
Eistland	Sr. Helskinki	Sr. Ósló
Ekvador	Sr. Ottawa	Utanríkisráðuneytið
El Salvador	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
(Evrópusambandið)	Sr. Brussel	Sr. Ósló
Eþíópía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Filippseyjar	Sr. Tókýó	Sr. London
Finnland	Sr. Helskinki	Sr. Reykjavík
Frakkland	Sr. París	Sr. Reykjavík
Frelsissamtök Palestínu	Utanríkisráðuneytið	Sr. Ósló
Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Gana	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Georgía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Grenada	Fn. New York	Utanríkisráðuneytið
Grikkland	Sr. London	Sr. Ósló
Grænhöfðaeyjar	Utanríkisráðuneytið	Sr. Berlín
Gvatemala	Sr. Washington	Utanríkisráðuneytið
Holland	Sr. London	Sr. Ósló
Hondúras	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Hvíta-Rússland	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Indland	Sr. London	Sr. Ósló
Indónesía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Ósló
Írak	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Íran	Sr. Ósló	Sr. Ósló
Írland	Sr. London	Sr. Kaupmannahöfn
Ísrael	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Ósló
Ítalía	Sr. París	Sr. Ósló
Jamaíka	Fn. New York	Utanríkisráðuneytið
Japan	Sr. Tókýó	Sr. Reykjavík
Jemen	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Jórdanía	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. London
Kambódía	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Kanada	Sr. Ottawa	Sr. Reykjavík
Katar	Sr. Ósló	Sr. London
Kenía	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi

Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Kirgisía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Kína	Sr. Peking	Sr. Reykjavík
Kostaríka	Sr. Ottawa	Sr. London
Kólumbía	Sr. Ottawa	Sr. Stokkhólmi
Alþýðulýðveldið Kórea	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Lýðveldið Kórea	Sr. Peking	Sr. Ósló
Króatía	Sr. Berlín	Sr. Kaupmannahöfn
Kúba	Fn. New York	Sr. Stokkhólmi
Kúveit	Sr. Ósló	Sr. Stokkhólmi
Kýpur	Sr. Ósló	Sr. Stokkhólmi
Lesótó	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Lettland	Sr. Helskinki	Sr. Ósló
Liechtenstein	Sr. Brussel	Utanríkisráðuneytið
Litháen	Sr. Helskinki	Sr. Kaupmannahöfn
Líbanon	Sr. London	Utanríkisráðuneytið
Líbía	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Lúxemborg	Sr. Brussel	Sr. London
Makedónía	Sr. Ósló	Sr. London
Malasía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Malaví	Sr. Mapútó	Sr. London
Maldíveyjar	Sr. London	Utanríkisráðuneytið
Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Malta	Sr. London	Sr. Kaupmannahöfn
Marokkó	Sr. Brussel	Sr. Kaupmannahöfn
Marshalleyjar	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Máritíus	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Mexíkó	Sr. Washington	Sr. Kaupmannahöfn
Moldóva	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Mongólía	Sr. Peking	Sr. London
Mónakó	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Mósambík	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi
Namibía	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi
Nárú	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Nepal	Sr. London	Sr. London
Níger	Utanríkisráðuneytið	Sr. Brussel
Nígería	Sr. London	Sr. Dublin
Níkaragva	Sr. Ottawa	Sr. Stokkhólmi
Noregur	Sr. Ósló	Sr. Reykjavík
Nýja-Sjáland	Sr. Peking	Utanríkisráðuneytið
Óman	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Pakistan	Sr. Stokkhólmi	Sr. Ósló
Panama	Sr. Ottawa	Utanríkisráðuneytið
Paragvæ	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Páfagarður	Fn. Strassborg	Sr. Stokkhólmi
Perú	Sr. Ottawa	Sr. Stokkhólmi

Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Portúgal	Sr. París	Sr. Ósló
Pólland	Sr. Berlín	Sr. Ósló
Rúmenía	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Rússland	Sr. Moskvu	Sr. Reykjavík
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
San Marínó	Sr. París	Utanríkisráðuneytið
Sádi Arabía	Sr. Ósló	Sr. Stokkhólmi
Serbía og Svartfjallaland	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Seychelleseyjar	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Singapúr	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Slóvakía	Sr. Vínarborg	Sr. Ósló
Slóvenía	Fn. Genf	Sr. Kaupmannahöfn
Sómalía	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Spánn	Sr. París	Sr. Ósló
Srí Lanka	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Suður-Afríka	Sr. Mapútó	Sr. Ósló
Súdan	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Svasíland	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Sviss	Sr. Berlín	Sr. Ósló
Svíþjóð	Sr. Stokkhólmi	Sr. Reykjavík
Taíland	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Tansanía	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi
Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Tékkland	Sr. Vínarborg	Sr. Ósló
Tógó	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Túnis	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Stokkhólmi
Túrkmenistan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Tyrkland	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Ósló
Ungverjaland	Sr. Vínarborg	Sr. Ósló
Úganda	Sr. Mapútó	Sr. Kaupmannahöfn
Úkraína	Sr. Helskinki	Sr. Helsinki
Úrúgvæ	Sr. Washington	Sr. Ottawa
Úsbekistan	Sr. Moskvu	Sr. London
Venesúela	Sr. Ottawa	Sr. Ósló
Víetnam	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Þýskaland	Sr. Berlín	Sr. Reykjavík

Land	Fyrirsvar Íslands	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Samantekt	**Fjöldi umdæmislanda sendiskrifstofa Íslands og utanríkisrn.**	**Fjöldi erlendra sendiskrifstofa gagnvart Íslandi**
	Sr. Berlín: 4 Sr. Brussel: 5 Sr. Helsinki: 5 Sr. Kaupmannahöfn: 6 Sr. London: 10 Sr. Mapútó: 8 Sr. Moskvu: 9 Sr. Ottawa: 8 Sr. Ósló: 9 Sr. París: 6 Sr. Peking: 7 Sr. Stokkhólmi: 7 Sr. Tókýó: 3 Sr. Vínarborg: 5 Sr. Washington: 8 Fn. Genf: 1 Fn. New York: 6 Fn. Strassborg: 1 Utanríkisráðuneytið: 32	Berlín: 1 Brussel: 1 Dublin: 1 Helsinki: 1 Kaupmannahöfn: 17 London: 11 Ottawa: 1 Ósló: 29 Reykjavík: 12 Stokkhólmur: 26 Washington: 1 Ráðuneyti: 39
Samtals: 140	**Samtals: 140**	**Samtals: 140**

VIÐAUKI 5
Aðsetur kjörræðismanna Íslands eftir heimsálfum.

	2004	**(2002)**	
Evrópa	143	(141)	**)
Norður-Ameríka (Bandaríkin, Kanada og Mexikó)	55	(46)	
Mið- og Suður-Ameríka og Karíbahaf	20	(18)	*) og **)
Asía	20	(18)	*)
Afríka (sunnan Sahara)	6	(6)	*)
Mið-Austurlönd og Norður-Afríka	9	(6)	*) og **)
Eyjaálfa	4	(4)	**)
Samtals	**257**	**(239)**	

*) Beðið eftir samþykki fyrir nýja ræðismenn í Venesúela, Eþíópíu, Máritaníu, Suður-Afríku (Pretoríu), Pakistan (Islamabad), Indónesíu og Japan.

**) Umsækjendur um ræðismannsstöður í Svíþjóð, Nikaragúa, Pakistan (Karachi og Lahore), Mongólíu og Nýja-Sjálandi.

VIÐAUKI 6
Hagnýtir veftenglar.

Utanríkisráðuneytið: www.utanrikisraduneyti.is
Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins: www.vur.is
Íslenska friðargæslan: www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/fridargaesla/
Þróunarsamvinnustofnun Íslands: www.iceida.is
Flugstöð Leifs Eiríkssonar: www.airport.is
Ratsjárstofnun: www.ratsjarstofnun.is

Atlantshafsbandalagið (NATO): www.nato.int
Barentsráðið (BEAC): www.beac.st
Efnahagsamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD): www.oecd.org/home
Evrópusambandið (ESB): http://europa.eu.int/index_en.htm
Eystrasaltsráðið (CBSS): www.cbss.st
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA): www.efta.int/
Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU): www.unu.edu/index.htm
Norðurskautsráðið: www.arctic-council.org/index.html
Sameinuðu þjóðirnar (UN): www.un.org
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE): www.osce.org

1378. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Frumvarpið byggist m.a. á tillögum samráðshóps um málefni eldri borgara frá nóvember 2002 og tillögum vinnuhóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá maí 2003. Ánægjulegt er að tekið sé mið af vinnu þessara hópa við vinnslu frumvarpsins og komið til móts við brýna þörf fyrir vistunarþjónustu aldraðra, sérstaklega hjúkrunarrými.

Eins og kunnugt er þá er ákvæði um hjúkrunarheimili að finna í tvennum lögum, annars vegar lögum um heilbrigðisþjónustu og hins vegar lögum um málefni aldraðra. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu byggir ríkið sjúkrahús, þ.m.t. hjúkrunarheimili, sem byggð eru í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum til ákveðinna heilbrigðisstofnana. Þá er sveitarfélögum skylt að láta slíkum byggingum í té byggingarlóð og greiða 15% af stofnkostnaði þeirra.

Í lögum um málefni aldraðra er að finna mjög ólík ákvæði en þau kveða á um að aðilar sem hafi áhuga á að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða geti fengið til þess ákveðna styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Til byggingar hjúkrunarheimila samkvæmt þessu ákvæði hafa verið veittir styrkir sem nema 40% af stofnkostnaði en framkvæmdaaðilar hafa fjármagnað 60% kostnaðarins.

Í því frumvarpi sem hér um ræðir á að opna fyrir fjölbreyttari rekstrarform en tíðkast hefur og er með því að mati minni hlutans verið að taka stórt skref til frekari einkareksturs öldrunarþjónustunnar en verið hefur. Að undangengnu útboði verður Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheim-

ili fyrir aldraða sem samþykkt verður að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins. Þessi tilhögun opnar fyrir enn frekari einkarekstur í öldrunarþjónustunni en í fylgiskjali II með frumvarpinu er í raun enginn greinarmunur gerður á rekstri einkaaðila, félaga eða sveitarfélaga við fjármögnun húsnæðis.

Minni hlutinn telur að öldrunarþjónustuna eigi ekki að reka í hagnaðarskyni og á markaðslegum forsendum og því væri réttast að hafa ákvæði um hámarksarð í öldrunarþjónustu einkaaðila eða félaga. Krafa markaðsafla um arð og gróða eiga ekki við í öldrunarþjónustu frekar en á öðrum sviðum heilbrigðismála.

Gagnrýni forsvarsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga á frumvarpið ber að taka alvarlega en þeir hafa m.a. gagnrýnt að það skuli hafa verið unnið án samráðs við þá. Gagnrýnin er enn alvarlegri í ljósi þess að í umboði ríkisstjórnarinnar er nú að störfum verkefnisstjórn á vegum félagsmálaráðherra í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins auk tekjustofnanefndar og sameiningarnefndar sveitarfélaga. Er þessari verkefnisstjórn m.a. ætlað að koma með tillögur um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Einnig er að störfum á vegum heilbrigðisráðherra starfshópur með fulltrúum ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að skoða breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilsugæslu, rekstri sjúkrahúsa, öldrunarþjónustu o.fl. Slík endurskoðun er nauðsynleg og minni hlutinn telur rétt að samræma og skýra verklagsreglur um kostnaðarskiptingu. Þessari endurskoðun er hins vegar ekki lokið og rétt að bíða þess að niðurstöður hennar liggi fyrir. Með hliðsjón af því telur minni hlutinn að halda eigi ákvæðum um kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga í byggingu og rekstri hjúkrunarheimila þessara aðila óbreyttum inni í lögum um heilbrigðisþjónustu, þ.e. að kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga sé áfram 15% á móti 85% hlutdeild ríkisins, en taka það ákvæði ekki einnig upp í lögin um málefni aldraðra á þessu stigi málsins. Þrátt fyrir þann ásetning sem fram kemur í breytingartillögum meiri hlutans um að ekki sé lögboðið framlag sveitarfélaga til byggingar einka- og sjálfseignarstofnana má telja líklegt að mjög mikill þrýstingur verði á sveitarfélögin að greiða a.m.k. 15% byggingarkostnaðar, leigu og rekstrarkostnað allra hjúkrunarheimila í viðkomandi sveitarfélagi ef ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu verða sett inn í lög um málefni aldraðra. Þrýstingur væntanlegra rekstraraðila gæti gert valkost sveitarfélaga að engu. Í samræmi við fyrrgreint leggur minni hlutinn til að 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins falli brott.

Loks er þess að geta að rekstur hjúkrunarheimila er ýmist greiddur af fjárlögum eða samkvæmt daggjaldagreiðslum. Ágreiningur hefur verið milli stofnana og heilbrigðisráðuneytisins um ákvarðanir ráðherra um fjárhæð daggjalda og eðlilegt má því teljast að komið verði á samráðsvettvangi heilbrigðisráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu um fjárhæð daggjalda. Þá leggur minni hlutinn áherslu á að mikilvægt er að tryggja fagþekkingu um málefni aldraðra og því rétt að halda inni ákvæði um að annar fulltrúi ráðherra hafi slíka þekkingu. Þess vegna styður minni hlutinn ekki breytingartillögu meiri hlutans þar sem þessu ákvæði gildandi laga er breytt.

Alþingi, 2. apríl 2004.

Þuríður Backman.

1379. Breytingartillaga [570. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (ÞBack).

3. efnismgr. 2. gr. falli brott.

1380. Svar [711. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um nýtt varðskip.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvenær er væntanlegt nýtt varðskip til landsins og hvað líður smíði þess?

Í stefnuræðu forsætisráðherra sem flutt var á Alþingi 2. október sl. kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að laga starf Landhelgisgæslunnar að nýjum kröfum, ráðast í smíði nýs varðskips og gera áætlun um endurnýjun á flugflota hennar. Stefnan hvað þetta atriði varðar er því skýr og hefur verið unnið á grundvelli hennar. Nýlega lauk sameiginlegri vinnu Ríkiskaupa, Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytisins með dönskum sérfræðingum sem fengnir voru til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur að nýju varðskipi og leggja lokahönd á þarfagreiningu og skilgreiningar í því sambandi. Jafnframt er unnið að undirbúningi málsins í tengslum við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár. Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hvenær nýtt varðskip er væntanlegt en málið er eins og áður sagði í vinnslu.

1381. Svar [801. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um starfsstöð sýslumannsembættisins í Reykjavík í Mosfellsbæ.

1. *Hvað mundi kosta að sýslumannsembættið í Reykjavík hefði starfsstöð í Mosfellsbæ með einum starfsmanni*
   a. *allan daginn,*
   b. *hálfan daginn?*

Samkvæmt útreikningum dómsmálaráðuneytisins gæti aukinn kostnaður ríkissjóðs vegna þessa verið frá 2,3 millj. kr. á ári (miðað við viðveru eins starfsmanns hluta úr degi og ef hægt væri að samnýta móttöku- og aðra aðstöðu með öðrum aðilum) og upp í 6,5 millj. kr. á ári (miðað við starf eins lögfræðings allan daginn og leigu á aðstöðu án samnýtingarmöguleika o.fl.). Þessu til viðbótar mætti gera ráð fyrir stofnkostnaði allt að 1 millj. kr. vegna búnaðarkaupa. Þessi útreikningar eru allir með hefðbundnum fyrirvörum.

2. *Hvers vegna heyrir Mosfellsbær ekki undir sýslumannsembætti í Suðvesturkjördæmi eins og áður og væri mikið mál að breyta núverandi skipan?*

Í lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum, er kveðið á um að landið skiptist í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, en þar er tekið fram að það umdæmi nái yfir Reykjavíkurborg, Seljarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Umdæmi annarra sýslumanna skulu samkvæmt sömu lögum ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna. Lagabreytingu þarf því til að breyta núverandi skipan hvað þetta varðar.

Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 92/1989 (þá lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði) segir um þetta: „Umdæmi lögreglustjóra, tollstjóra og sýslumanns í Reykjavík nær samkvæmt greininni einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps, enda þægilegra fyrir íbúa þessara sveitarfélaga að sækja þjónustu þessara embætta til Reykjavíkur en til Hafnarfjarðar.“ Í þessu sambandi má einnig á það benda að mun hentugra er fyrir íbúa Mosfellsbæjar að lögreglustjórinn í Reykjavík sinni löggæslu í sveitarfélaginu fremur en t.d. sýslumaðurinn í Hafnarfirði eða Kópavogi. Það væri flókið og ruglingslegt fyrir alla aðila að taka upp það fyrirkomulag að Mosfellsbær heyrði undir sýslumann í Suðvesturkjördæmi að öðru leyti en því að löggæslu væri sinnt af lögreglustjóranum í Reykjavík.

1382. Frumvarp til laga [910. mál]

um tónlistarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Hlutverk tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, en markaðs- og kynningardeild veitir styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis.

Menntamálaráðherra úthlutar úr tónlistarsjóði að fengnum tillögum tónlistarráðs, sbr. 3. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar tónlistarráð til þriggja ára í senn. Í ráðinu skulu eiga sæti þrír fulltrúar. Samtónn tilnefnir einn, en tveir eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð.

3. gr.

Tónlistarráð gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við mat á umsóknum er tónlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Ráðið veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Þóknun fulltrúa í tónlistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr tónlistarsjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Menntamálaráðuneytið hefur um langt árabil veitt margvíslega styrki á sviði tónlistar af safnliðum í fjárlögum. Er þar um að ræða ferðastyrki til einstaklinga og hópa, styrki vegna einstakra verkefna innan lands og erlendis sem og tónlistarhátíða innan lands. Þá hefur ráðuneytið veitt starfsstyrki til hljómsveita af sérstökum fjárlagalið. Ráðuneytið hefur haft sér til ráðgjafar tónlistarnefnd sem skipuð hefur verið fulltrúum Félags íslenskra tónlistarmanna, Félags íslenskra hljómlistarmanna og ráðuneytisins.

Við gerð þessa frumvarps hefur menntamálaráðuneytið haft víðtækt samráð við fulltrúa úr íslensku tónlistarlífi. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það fé sem menntamálaráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar til þessara mála renni í tónlistarsjóð og menntamálaráðherra úthluti úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Frumvarpið kveður á um að tónlistarsjóði verði skipt í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild veiti styrki til almennrar tónlistarstarfsemi, svo sem til einstakra tónlistarmanna, hljómsveita, kóra og tónlistarhátíða. Markaðs- og kynningardeild sjóðsins veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist hér á landi og erlendis.

Eins og áður segir er lagt til í frumvarpinu að sérstakt tónlistarráð geri tillögu til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr tónlistarsjóði. Auk þess er gert ráð fyrir að tónlistarráð veiti umsögn um erindi sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni. Tónlistarráð mun þannig veita ráðuneytinu faglega aðstoð og stuðning, auk þess sem með tilkomu sjóðsins og ráðsins er kominn rammi um styrkveitingar ríkisins til þessa málaflokks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með íslenskri tónlist er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum. Um hlutverk tónlistarsjóðs vísast að öðru leyti til almennra athugasemda. Eftir sem áður fer um veitingu starfslauna til tónlistarfólks samkvæmt ákvæðum laga um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um tónlistarráð, bæði skipun þess og hlutverk. Menntamálaráðherra skipar ráðið til þriggja ára í senn og í því eiga sæti þrír fulltrúar. Samtönn, sem eru samtök allra rétthafa tónlistar í landinu, tilnefna einn, en tveir verði skipaðir án tilnefningar og skal

annar þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn verða skipaðir með sama hætti. Þá þykir rétt að kveða á um að ekki verði heimilt að skipa sama mann aðalfulltrúa í tónlistarráð meira en tvö starfstímabil í röð, nánar tiltekið í sex ár. Með því verði tryggð eðlileg endurnýjun í ráðinu.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um það hlutverk tónlistarráðs að það geri tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Við það mat þykir rétt að ráðið hafi heimild til að leita umsagnar fagaðila eftir því sem þörf þykir á. Þá gerir greinin ráð fyrir því að ráðið veiti umsögn um erindi um tónlist sem menntamálaráðuneytið vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðuneytisins um tónlistarmálefni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði tónlistarsjóður og tónlistarráð sem hafi umsjón með stuðningi ríkisins við innlent tónlistarstarf, annað en það sem fer fram á vegum skóla og opinberra stofnana. Markmiðið er að styðja tónlistarsköpun og stuðla að kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar. Gert er ráð fyrir að útgjöld tónlistarsjóðs ráðist af framlögum í fjárlögum hverju sinni og kostnaður við tónlistarráð verði greiddur af fjárveitingu sjóðsins. Menntamálaráðuneytið hefur um árabil veitt styrki til tónlistarstarfsemi af ýmsum safnliðum sem undir ráðuneytið heyra. Samtals eru um 20–30 m.kr. til ráðstöfunar til slíkra verkefna í fjárlögum fyrir árið 2004. Gert er ráð fyrir að það fé renni til hins nýja sjóðs og menntamálaráðherra veiti framvegis úr sjóðnum að fengnum tillögum tónlistarráðs. Þar sem framlög til tónlistarsjóðs ráðast af framlögum í fjárlögum hverju sinni verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs nema Alþingi ákveði annað.

1383. Framhaldsnefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Eins og fram kom í nefndaráliti nefndarinnar um málið barst fjöldi athugasemda við málið og lagði nefndin mikla vinnu í að fara yfir þær. Nefndin taldi rétt að taka afstöðu á ný til nokkurra atriða og hefur að því loknu ákveðið að leggja til frekari breytingar á málinu.

Nefndin lagði til þá breytingu á 16. gr. í þskj. 1076 að felld yrði brott tillaga frumvarpsins um að í stað ábyrgðartryggingar verði þeim sem undir ákvæðið falla heimilt að leggja fram aðrar tryggingar sem Umhverfisstofnun metur fullnægjandi. Við fyrri umfjöllun nefndarinnar leitaði hún upplýsinga um hvaða aðrar tryggingar gætu fallið þarna undir en fékk ekki nægilega skýr svör. Nú hafa nefndinni borist þær upplýsingar að í sambærilegri atvinnustarfsemi erlendis hefur tíðkast að fyrirtæki hafi sameinast um að koma á fót svokölluðum bótasjóðum sem er ætlað það hlutverk að greiða tjón sem verða vegna starfsemi einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina. Nefndin telur rétt að aðilum hér á landi sé gert kleift að velja aðra leið en að taka ábyrgðartryggingu telji þeir það henta betur. Leggur nefndin til að það verði hlutverk Umhverfisstofnunar að meta hvort sú trygging sem viðkomandi aðili leggur fram sé fullnægjandi auk þess sem sett verði frekari ákvæði um það í reglugerð hvaða aðrar tryggingar verði metnar gildar.

Þá kom til umfjöllunar 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um móttöku á olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip eða skipaviðgerðarstöðva. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Hins vegar er lögð til skilgreining á hleðslustöð í 3. gr. frumvarpsins. Það er mat nefndarinnar að óþarfi sé að skilgreina hana sérstaklega og er lagt til að skilgreiningin verði felld brott. Við umfjöllun málsins komu fram ítrekaðar ábendingar um að skilgreiningin væri það víðtæk að hægt væri að skilja hana þannig að gera þyrfti breytingar á aðstöðu í öllum hleðslustöðvum á landinu þótt ekki væri ætlunin að losa þar olíublandaða kjölfestu eða annan olíuúrgang. Í gildandi reglugerð, nr. 715/1995, hefur verið kveðið nánar á um kröfur til móttökustöðva í höfnum og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sami háttur verði hafður á. Leggur nefndin áherslu á að ákvæða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, þar á meðal MARPOL, verði gætt við framkvæmd laganna.

Einnig var rætt um hvernig bregðast ætti við því þegar stór skip stranda hér við land og hvort ástæða væri til að setja ákvæði í frumvarpið sem heimili að gripið verði til aðgerða eins og að dæla úr þeim olíu eða öðrum farmi ef það mætti verða til þess að þau losni af strandstað. Miklir hagsmunir geta verið í húfi og telur nefndin að slíkar aðstæður geti verið fyrir hendi að heimila megi losun í sjó. Það skal þó aðeins gert að vel athuguðu máli og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á viðkomandi heilbrigðisnefndar. Leggur nefndin því til að heimilt verði að veita undanþágu frá ákvæði 8. gr. um losun í sjó en leggur jafnframt mikla áherslu á að þessu ákvæði verði beitt með ýtrustu varúð og aðeins í algerum neyðartilvikum. Jafnframt leggur nefndin til að ráðherra geti bundið heimildina skilyrðum, t.d. um að olía sem heimilað er að losa í sjóinn sé hreinsuð eða að gripið verði til annarra nauðsynlegra aðgerða til mótvægis.

Að síðustu leggur nefndin til að fylgiskjölum I og II verði breytt í viðauka I og II.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Gunnar Birgisson.
Mörður Árnason.		Kjartan Ólafsson.

1384. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr. 6. tölul. falli brott.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „fylgiskjali II“ í n-lið og „fylgiskjal II“ í x-lið 1. mgr. komi (í viðeigandi beygingarfalli): viðauki II.
   b. Í stað orðsins „ábyrgðartryggingu“ í w-lið 1. mgr. komi: ábyrgðir og tryggingar.
3. Við 8. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. Heimilt er að binda undanþáguna skilyrðum, svo sem um að hreinsun fari fram.
4. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 1. og 3. málsl. 1. mgr. komi: a-lið viðauka I.
   b. Á eftir orðunum „taka ábyrgðartryggingu“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda.
5. Við 18. gr. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: a-lið viðauka I; og í stað sömu orða í 2. málsl. 1. mgr. komi: b-lið viðauka I.
6. Við 21. gr. Í stað orðanna „fylgiskjali I“ í 2. mgr. komi: a-lið viðauka I.
7. Fylgiskjal I verður: Viðauki I.
8. Fylgiskjal II verður: Viðauki II.

1385. Fyrirspurn [911. mál]

til utanríkisráðherra um sprengjuleit.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar í Írak og hver hefur árangurinn orðið?
2. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á fyrrverandi æfingasvæði varnarliðsins í Vatnsleysustrandarhreppi og hver hefur árangurinn orðið?
3. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til sprengjuleitar á öðrum stöðum á Íslandi?
4. Telur ráðherra ekki þörf á að efla leit að sprengjum og eyðingu þeirra á þeim stöðum á Íslandi þar sem vitað er að sprengjur kunna að leynast?
5. Hver ber ábyrgð á leit að sprengjum og eyðingu þeirra á gömlum athafna- og æfingasvæðum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli?

1386. Frumvarp til laga [912. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á eldri þjóðvegum skal þess gætt að þeir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni.

2. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í vegáætlun skulu taldir upp þeir veghönnunarstaðlar sem notaðir skulu við vegagerð á því tímabili sem áætlunin nær til.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bættu vegakerfi og auknum hraða hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Gegn þeirri geigvænlegu þróun þarf að vinna með öllum tiltækum ráðum og ekki síst horfa til allra hugsanlegra öryggisþátta við hönnun og lagningu vega. Markmið þessa frumvarps er að lögfesta að ávallt sé þess gætt við gerð þjóðvega að öryggi vegfarenda verði sem best tryggt.

Á undanförnum árum hefur þjóðvegakerfi landsins batnað mikið. Nýir vegir hafa verið byggðir upp sem eru gjörólíkir eldri vegum hvað snertir þægindi og öryggi í notkun. Kröfur þeirra sem nota vegina hafa líka aukist mikið. Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta. Í frumvarpinu felst ekki breyting á íslenskum rétti enda hvílir slík skylda óumdeilanlega á framkvæmdaraðilum á grundvelli óskráðra réttarreglna. Það að ákvæði um þessa skyldu sé sett inn í vegalög getur þó haft áhrif í þá átt að gerðar verði auknar kröfur um þessi atriði.

Flutningsmenn telja að ekki sé hægt að ganga lengra en hér er gert í að skylda framkvæmdaraðila til að mæta ýtrustu kröfum um öryggi við hönnun og lagningu vega. Ávallt verður eitthvert mat að fara fram og má lagatextinn ekki binda hendur framkvæmdaraðila um of. Því er lagt til að þeim verði veitt svigrúm til að framkvæma slíkt mat með tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni. Ákvæði 1. gr. vekur því ekki upp hlutlæga skyldu framkvæmdaraðila, heldur verður ábyrgð þeirra áfram matskennd að einhverju leyti.

Ákvæði 1. gr. er takmarkað við þjóðvegi samkvæmt upptalningu í III. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Áfram munu því óskráðar réttarreglur gilda um gerð annarra vega.

Við vegagerð, eins og aðrar stórar verklegar framkvæmdir, er stuðst við viðurkennda staðla bæði hvað varðar uppbyggingu vega og við mat á nauðsyn öryggisbúnaðar. Þannig er það ekki og má ekki vera háð breytilegum ákvörðunum ráðamanna hvaða kröfur skal gera um slík atriði við gerð vega hverju sinni.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun. Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra.

Alvarlegustu afleiðingar umferðarslysa verða þegar bílar aka hvor framan á annan. Samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa verða þessi slys þegar ökumenn missa stjórn á ökutæki – oft vegna hálku eða snjóa, sofna við stýri eða missa einbeitingu við aksturinn. Því verða þessi óhöpp hvar sem er á þjóðvegum landsins. Í Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða 2+1 vegi með vegrið á milli akstursstefna, en það eru vegir sem auðvelda framúrakstur og hindra árekstra. Þessi útfærsla eykur umferðaröryggi um leið og hún eykur umferðarrýmd veganna. Í Svíþjóð hafa verið lagðir meira en 1.000 km af þessum vegum og hefur banaslysum á þeim fækkað um 90%. Þessar og aðrar upplýsingar koma fram í skýrslu Línuhönnunar hf. sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar og kom út árið 2001. Skýrslan gefur ástæðu til að ætla að svokallaðir 2+1 vegir séu vænlegur kostur við nýbyggingar vega og lagfæringar á eldri vegum hér á landi.

Margt mætti telja til sem þarfnast sérstakrar aðgæslu við hönnun vega og vegagerð. Þekktum slysavöldum frá vegagerð fyrri tíma þarf að útrýma, svo sem einbreiðum brúm, og úrbætur á svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu verður að setja í forgangsröð við gerð samgönguáætlunar.

Þau svæði sem liggja að þjóðvegum landsins þarf að móta með tilliti til öryggis ökumanna ef útafakstur og slys ber að höndum. Háir kantar, skurðir og gil auka líkur á alvarlegum slysum á fólki við útafakstur eða bílveltur. Brattar brekkur, brattar hlíðar, vegir við sjó og vötn og knappar beygjur kalla á vegrið í meira mæli en sett hafa verið upp til þessa.

Alvarlegustu árekstrar í þéttbýli eru á gatnamótum. Hönnun gatnamóta fer eftir umferðarþunga og þar verða öryggissjónarmið að vega þungt í stað þess að meta hönnun að mestu leyti eftir kostnaði mannvirkisins.

Mikið fræðslu- og forvarnastarf er sífellt unnið á sviði umferðaröryggismála og ekki vafi á að allt slíkt skilar árangri. En forvarnir felast ekki eingöngu í fræðslu, heldur einnig og ekki síður í hönnun og gerð þess umhverfis sem umferðinni er búið. Þar verður að tryggja öryggi til hins ýtrasta.


Fylgiskjal.

Línuhönnun:


Úr skýrslu Línuhönnunar, verkfræðistofu, til Vegagerðarinnar.
(Júní 2001.)

Útfærsla 2+1 vegar er í aðalatriðum þannig:

- Tvær akreinar eru í aðra áttina og ein akrein í hina.
- Með u.þ.b. 1–1,5 km millibili er akreinafjöldanum víxlað milli akstursstefna (sjá myndir 1 og 2).
- Til að aðgreina akstursstefnurnar og auka þannig öryggi eru settir víraleiðarar á milli akstursstefna (sjá mynd 1).



Mynd 1: Skýringarmynd 2+1 vegar. Tvær akreinar í aðra áttina, ein í hina. Víxlast á rúmlega 1 km fresti. Víraleiðari aðgreinir akstursstefnur (rautt). Öryggissvæði er milli akstursstefna þegar akreinum fækkar úr tveimur í eina.



Mynd 2: Skýringarmynd 2+1 vegar í Þýskalandi /Meewes et al./

1387. Svar [631. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við Kárahnjúka.

1. *Hefur Vinnueftirlit ríkisins formlega krafist rannsókna, úttekta eða lagfæringa á vanbúnaði eða öðru ástandi sem brotið hefur í bága við lög, reglur og tilkynningar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við Kárahnjúka? Ef svo er, hvaða rannsókna, úttekta og lagfæringa hefur verið krafist?*

Vinnueftirlitið hefur allt frá því að framkvæmdir hófust við Kárahnjúkavirkjun verið með lögboðið eftirlit með verklegum framkvæmdum á virkjunarsvæðinu. Það eftirlit er samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þeim reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Eftirlitið hefur fyrst og fremst beinst að þeim verktökum sem samið hefur verið við um framkvæmdina, þ.e. Impregilo sem aðalverktaka og Arnarfelli sem helsta undirverktaka, en einnig að Landsvirkjun sem verkkaupa.

Við eftirlit á virkjunarsvæðinu hafa starfsmenn Vinnueftirlitsins gert fjölda úttekta og skoðana á vinnuaðstöðu hjá verktökum. T.d. hefur verið um að ræða úttektir og skoðanir á öryggisstjórnun við framkvæmdirnar, aðbúnaðarmálum, öryggismálum, réttindamálum og málum sem varða notkun og geymslu sprengiefna. Við slíkar úttektir og skoðanir hefur Vinnueftirlitið í mörgum tilvikum gert kröfur um úrbætur. Í sumum tilvikum hefur verið gerð krafa um tafarlausar úrbætur en í öðrum tilvikum hafa verið gerðar tímasettar kröfur um úrbætur. Einnig hefur verið um að ræða að verktaki hafi lagt fram tímasetta áætlun um úrbætur ákveðinna atriða.

2. *Hefur ráðherra eða Vinnueftirlit ríkisins veitt verktökum við virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka undanþágur frá kröfum sem gerðar eru í lögum, reglum eða tilkynningum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða viðbótarfresti til úrbóta? Ef svo er, hvaða undanþágur eða viðbótarfresti?*

Vinnueftirlit ríkisins annast stjórnsýslu og eftirlit á því sviði er lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, ná til. Ráðherra hefur þar með hvorki veitt leyfi, undanþágur eða fresti af nokkru tagi.

Vinnueftirlitið hefur ekki gefið verktökum á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka undanþágur frá kröfum sem byggðar eru á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Hins vegar hefur verið gefinn frestur til að bæta úr vanbúnaði og uppfylla kröfur sem gerðar hafa verið. Mest var um slíkt fyrstu vikurnar og mánuðina eftir að framkvæmdir hófust. Aðbúnaður starfsmanna hefur mjög færst til betri vegar frá því sem var í upphafi framkvæmda.

Um vinnuvélaréttindi erlendra starfsmanna við framkvæmdirnar gilda sömu kröfur og gerðar eru til Íslendinga, en tekið hefur verið tillit til tilskipunar ráðsins 92/51/EBE um viðurkenningu starfsréttinda. Erlend réttindi eru tekin gild ef þau eru samkvæmt hliðstæðum kröfum við þær sem hér eru gerðar, en þó er krafist verklegs prófs. Þegar um EES-borgara er að ræða sem æskja réttinda á grundvelli vottorðs um stafsreynslu samkvæmt fyrrgreindri tilskipun er krafist hæfnisprófs þó að starfsvottorð séu fyrir hendi.

3. *Hafa verið tilnefndir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir og stofnaðar öryggisnefndir hjá fyrirtækjum sem starfa við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka í samræmi við lög, reglur og tilkynningar þar að lútandi?*

Á virkjunarsvæðinu er starfandi sérstakt öryggisráð sem í eiga sæti fulltrúar verkkaupa og verktaka, yfirtrúnaðarmaður verkalýðsfélaga og eftirlitsaðilar með öryggismálum á svæðinu. Í ráðinu er fjallað um mál sem varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á virkjunarsvæðinu. Samtals starfa átta manns við öryggisstjórnun og eftirlit á svæðinu.

Starfsmönnum ber að kjósa öryggistrúnaðarmenn og vinnuveitendum að tilnefna öryggisverði fyrir hina ýmsu vinnustaði. Vinnueftirlitið hefur haldið tvö námskeið fyrir þessa aðila og sóttu þau samtals um 30 manns. Hlutverk þeirra er að fylgjast með því að öryggisráðstafanir og aðrar forvarnir séu viðhafðar eftir því sem verkinu vindur fram og skerast í leikinn ef út af ber og eins ef nýjar hættur koma í ljós. Þrátt fyrir þetta hefur kerfisbundið vinnuverndarstarf á virkjunarsvæðinu ekki enn að fullu komist á, en að því er unnið.

4. *Hafa verið gerðar skriflegar áætlanir um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum við Kárahnjúka, sérstakt áhættumat og áætlun um heilsuvernd?*

Á öllu virkjunarsvæðinu skal unnið eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun, sbr. reglugerð 547/1996. Það felur m.a. í sér gerð áhættumats og áætlun um öryggi og heilsuvernd. Impregilo lagði fram í upphafi stefnumarkandi öryggis- og heilbrigðisáætlun sem gildir fyrir vinnusvæði fyrirtækisins við Kárahnjúka. Skort hefur hins vegar á að fullnægjandi áhættumat lægi fyrir þegar hafist er handa við hina ýmsu verkþætti. Vinnueftirlitið hafi gert ítrekaðar kröfur um að úr þessu verði bætt og verktaki heitið að eftir þessum ákvæðum verði farið.

Á virkjunarsvæðinu hafa verið gerðar umfangsmiklar ráðstafanir til að bregðast við slysum og heilsuvá. Fjórar sjúkrastofur eru þar og starfa þar bæði hjúkrunarfræðingar og læknar og gerður hefur verið samningur við Heilbrigðisstofnun Austurlands um heilbrigðisþjónustu. Sjúkrabílar eru á öllum helstu vinnustöðum og komið hefur verið upp lendingaraðstöðu fyrir þyrlur vegna neyðarþjónustu.

5. *Hefur þeim sem hafa með höndum starfsemi við Kárahnjúka verið veitt starfsleyfi skv. 95. gr. laga nr. 46/1980? Ef svo er, með hvaða skilyrðum?*

Áður en framkvæmdir hófust kynnti Landsvirkjun framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun fyrir fulltrúum Vinnueftirlitsins. Allir verkhlutar og verktakar hafa verið tilkynntir til Vinnueftirlitsins samkvæmt III. viðauka reglugerðar 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum, og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Framkvæmd þessara mála er með þeim hætti að sé þessu ákvæði fullnægt öðlist fyrirtækið starfsleyfi eftir fyrstu úttekt á aðstöðu þess á byggingarvinnustað.

6. *Hefur Vinnueftirliti ríkisins verið gert kleift, með auknum fjárveitingum, ráðningu nýrra starfsmanna eða með annarri aðstöðu, að sinna þeim umfangsmiklu verkefnum sem virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka hafa haft og munu hafa í för með sér og stofnuninni er lögskylt að annast?*

Vinnueftirlitinu eru markaðar tekjur af tryggingagjaldi. Hlutdeild stofnunarinnar 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. reglugerð 1036/2003, og voru tekjur stofnunarinnar af þeim tekjustofni samkvæmt ríkisreikningi árið 2002 um 221 millj. kr. Til viðbótar hefur stofnunin sértekjur og aðrar rekstrartekjur. Sameiginlega standa þessar tekjur undir rekstrarkostnaði stofnunarinnar.

Ljóst er að framkvæmdum á Austurlandi fylgja aukin umsvif Vinnueftirlits ríkisins. Ráðinn hefur verið nýr eftirlitsmaður í umdæmi Austurlands vegna framkvæmdanna. Einnig hafa sérfræðingar og aðalskrifstofa Vinnueftirlitsins lagt til umtalsverða vinnu vegna Kárahnjúka.

Fyrrgreindum umsvifum hefur því verið mætt með þeim mörkuðu tekjustofnum stofnunarinnar og sértekjum sem hún hefur til ráðstöfunar, en ekki hefur verið um að ræða sérstakar viðbótarfjárveitingar til Vinnueftirlitsins vegna framkvæmdanna á Austurlandi.

Tekið skal fram að hér að framan er ekki fjallað um vinnusvæði í Fljótsdal við byggingu stöðvarhúss og tengdar framkvæmdir.

1388. Svar [791. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir einstaklingar á aldrinum 18–24 ára hafa fengið dvalarleyfi hérlendis á grundvelli hjúskapar sl. 10 ár? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.

Árið 2000 fengu 25 einstaklingar á aldrinum 18–24 ára dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, árið 2001 voru þeir 36, 26 árið 2002 en 55 árið 2003 og 29 fyrstu þrjá mánuði þessa árs.

Skýringar.

1. Skráning dvalarleyfa á grundvelli hjúskapar til erlendra maka íslenskra ríkisborgara hófst í maí árið 2000 og til eru tölur til og með mars á þessu ári.

Útlendingastofnun hóf ekki skipulagða skráningu leyfa á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara fyrr en við gildistöku laga nr. 41/2000, um breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Þá varð grundvallarbreyting á réttarstöðu erlendra

maka íslenskra ríkisborgara að því leyti að þeir þurftu ekki lengur sérstakt leyfi til atvinnuþátttöku.

Í töflunni er yfirlit yfir útgefin dvalarleyfi til einstaklinga á aldrinum 18–24 ára á grundvelli hjúskapar við íslenskra ríkisborgara.

Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenskra ríkisborgara.

Ár	Alls	18–24 ára	
2004, til 1. mars	100	17	102 við árslok verði þróunin óbreytt út árið
2003	243	48	
2002	100	26	
2001	157	36	
2000	108	25	

2. Skráning dvalarleyfa á grundvelli hjúskapar til erlendra maka útlendinga hófst árið 2003 og hefur verið með rafrænum hætti frá því í október það ár. Tölurnar sem tilgreindar hér eru því frá þeim tíma til og með mars sl. að því er þennan hóp varðar.

Með lögum nr. 96/2002, sem tóku gildi þann 1. janúar 2003, varð mikilsverð breyting á heimildum til fjölskyldusameiningar. Með 13. gr. laganna var lögfest heimild til handa útlendingum sem dveljast löglega í landinu, samkvæmt leyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi, til að fá til sín nánustu aðstandendur, svo sem maka. Fram til loka ársins 2003 hafði Útlendingastofnun ekki yfir að ráða nauðsynlegum tæknibúnaði til að geta haldið rafrænar skrár um fjölda maka útlendinga er hér dveljast enda var ekki ástæða til að halda slíkar skrár samkvæmt eldri lögum. Hafa ber í huga að fyrir gildistöku nýju útlendingalaganna var oftast ekki ástæða til að leggja fram gögn um hjúskap sérstaklega þegar báðir aðilar sóttu um atvinnuleyfi. Með vísan til þessa er ekki unnt að svara fyrirspurninnni til hlítar með svo skömmum fyrirvara sem veittur er, enda má ætla að þau svör yrðu misvísandi og ófullnægjandi í þessu samhengi.

Erlendir makar útlendinga.

Ár	Alls	18–24 ára
2004 til 29. mars	70	12
2003 frá 1. október	45	7

1389. Svar [792. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um hjúskap og dvalarleyfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg mál hafa sl. 10 ár verið til rannsóknar hjá Útlendingastofnun eða lögreglu þar sem rökstuddur grunur er um:

a. hjúskap í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis,

b. nauðungarhjónaband?

Svarið óskast sundurliðað eftir árum.

Á undanförnum árum hefur Útlendingastofnun sent mál 24 einstaklinga til frekari rannsóknar hjá lögreglu. Útlendingastofnun hefur haft til umfjöllunar mál 50–60 einstaklinga á seinustu þremur árum en vegna ágalla á lögum hefur ekki þótt fært að aðhafast frekar í þeim málum. Tölur um heildarfjölda þessara mála eru af þeim sökum ekki að fullu marktækar. Samkvæmt upplýsingum lögreglu hafa þau mál sem Útlendingastofnun hefur vakið athygli á komið til skoðunar lögreglu en fæst hafa farið til eiginlegrar lögregluranns óknar þar sem ekki hefur þótt unnt samkvæmt gildandi lögum að færa sönnur á að um refsivert athæfi geti verið að ræða.

Tvö mál hafa verið tekin til rannsóknar lögreglu þar sem grunur er um að stofnað hafi verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis. Í fyrra tilvikinu var grunur um skipulagða starfsemi en rannsóknin náði til 26 fjölskyldusambanda, sem stafa frá 18 hjónum sem komu til landsins frá sama upprunaríki á sama tíma. Hjúskap 17 þeirra lauk fljótlega eftir komu og hafa viðkomandi gengið í hjúskap með öðrum frá upprunalandinu, sumir oftar en einu sinni og án þess að flytja í raun frá fyrsta maka. Fimm fyrrverandi hjón úr hópnum eignuðust börn saman eftir að hjúskap þeirra lauk og stofnað var til nýrra hjónabanda með öðrum frá upprunaríkinu. Eftir frumrannsókn og skýringar aðilanna á aðstæðum sínum þóttu heimildir ekki vera fyrir hendi til að halda rannsókn áfram eða fylgja henni eftir með saksókn og féll málið niður. Seinna málið kom upp árið 2003 og er enn til rannsóknar hjá lögreglu.

Færst hefur í vöxt að ungt fólk af erlendum uppruna sem telst til annarrar kynslóðar innflytjenda sæki sér maka til upprunalands síns. Þó er Útlendingastofnun einvörðungu kunnugt um eitt tilvik þar sem því var haldið fram að um nauðungarhjónaband væri að ræða. Hér á landi eru enn sem komið er ekki margar kynslóðir innflytjenda en útlendingasamfélagið á Íslandi hefur vaxið gífurlega á síðustu 10 árum. Það má því í raun segja að hér séu aðallega búsettir einstaklingar sem tilheyra fyrstu og annarri kynslóð.

Ekki er unnt að sundurliða fjölda mála í a-lið fyrirspurnarinnar eftir árum nema að takmörkuðu leyti vegna þess að þessum upplýsingum var lengi vel ekki haldið sérstaklega saman. Fjöldi mála þar sem grunur hefur vaknað um misnotkun af þessu tagi hefur hins vegar vaxið umtalsvert á undanförnum missirum.

1390. Svar [847. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um lúðuveiðar Færeyinga við Ísland.

1. *Hve miklum lúðukvóta hefur ráðherra úthlutað Færeyingum árlega sl. fimm ár í krafti tvíhliða samnings þjóðanna frá 1976?*
2. *Hve mikill hefur árlegur lúðuafli Færeyinga verið á þeim tíma?*
3. *Hver hefur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar til ráðherra verið á þessu tímabili varðandi*
   a. *ástand lúðustofnsins,*
   b. *beinar veiðar á lúðu?*
4. *Hefur ráðherra haft hliðsjón af þessari ráðgjöf við úthlutun á lúðukvóta til Færeyinga?*

Lúðukvóti og lúðuafli Færeyinga 1998–2003.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Lúðukvóti	200	150	100	80	80	80
Lúðuafli	167	152	56	59	78	40

Fyrstu tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um takmarkanir á veiðum á lúðu komu fram í skýrslu hennar um aflahorfur fyrir fiskveiðiárið 1998/1999, en þar lagði stofnunin til að bein sókn í lúðustofninn yrði bönnuð. Í skýrslunni sagði að sú lúða sem hefði veiðst í stofnmælingu botnfiska hefði að langstærstum hluta verið þriggja til fimm ára ókynþroska fiskur. Þessir aldurshópar virtust nánast horfnir úr veiðunum sem ótvírætt benti til þess að viðkomubrestur hefði orðið í stofninum. Þetta ástand væri orðið það langvinnt að fyrirsjáanlegt væri að hrygningarstofn og veiðistofn mundu áfram verða í lágmarki á næstu árum. Orðalag þessarar árlegu skýrslu hefur efnislega verið óbreytt síðan.

1391. Svar [742. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg húsbréfalán hefur Íbúðalánasjóður og áður Húsnæðisstofnun ríkisins veitt árlega frá árinu 1995, hver er samanlögð fjárhæð þeirra lána hvert ár og hvernig skiptist sú fjárhæð hlutfallslega á hverju ári eftir því í hvaða sveitarfélagi fasteignirnar eru sem lánað er til kaupa á annars vegar og eftir núverandi kjördæmum hins vegar?*
2. *Hvaða vaxta hefur verið krafist af húsbréfalánum Íbúðalánasjóðs frá árinu 1995?*
1392. Tillaga til þingsályktunar [913. mál]

um úttekt á vegagerð og veggjöldum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Blöndal,
Drífa Hjartardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum, í því skyni auka fjárfestingar í vegagerð og stuðla að uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja.

Greinargerð.

Íslendingar verja umtalsverðu fé til vegagerðar, líklega hlutfallslega meira en flestar aðrar þjóðir. Aðstæður til vegagerðar eru víða erfiðar og ör þéttbýlismyndun hefur kallað á mikla fjárfestingu í innviðum samfélagsins, svo sem í vegagerð. Samgöngukerfið hefur fyrir vikið tekið miklum stakkaskiptum á ótrúlega skömmum tíma.

Samkvæmt samgönguáætlun 2003–2014 verður varið um 71,8 milljörðum kr. til stofnframkvæmda í grunnneti vegakerfisins. Þó er ljóst að mikil þörf er á frekari uppbyggingu og að tugi milljarða króna vantar til þess að uppfylla allar óskir um nýframkvæmdir í vegagerð í landinu. Nútímalífshættir auka kröfur um nýja og fullkomnari vegi. Stórauknir landflutningar kalla á skjótar úrbætur í vegamálum. Enn hefur ekki tekist að rjúfa vetrareinangrun sumra þéttbýlisstaða né leggja uppbyggða nútímalega vegi þar sem þörf er á. Sífellt aukast kröfur um styttingu vega, til þess að auka rekstrarhagkvæmni atvinnulífsins og opna fólki leiðir að sem fjölbreytilegri þjónustu. Þannig er vegagerð snar þáttur í nútímalegri byggðastefnu og forsenda fjölbreyttrar atvinnu og þjónustu.

Þarfir við vegagerð eru margvíslegar og breytast ört. Horfa þarf til grundvallarþarfa eins og að leggja bundið slitlag á vegi út um landið, auka öryggi með breiðari og styrkari vegum, útrýma einföldum brúm, verjast skriðuföllum, stytta leiðir, útrýma snjóaköflum og öðru því sem er snar þáttur í almennri vegagerð um byggðir landsins. Á höfuðborgarsvæðinu er þörf á annars konar vegagerð. Þar eru markmiðin að greiða fyrir umferð, draga úr hávaðamengun og tengja byggðirnar á svæðinu saman með sem greiðustum hætti.

Hvalfjarðargöngin – eina dæmið.

Á undanförnum árum hefur oft verið rætt um að beita nýrri fjármögnunaraðferð við vegagerð til þess að flýta fyrir gerð umferðarmannvirkja. Þar er þá horft til vegagerðar sem einstaklingar og fyrirtæki á þeirra vegum annist og fjármagni en fái heimild til þess að innheimta veggjald í einhverri mynd. Slíkt tíðkast víða erlendis og hefur verið notað við gerð stórra og dýrra samgöngumannvirkja. Þessari aðferð hefur líka verið beitt til þess að hafa áhrif á dreifingu umferðar og er nýlegt dæmi frá Lundúnum líklega þekktast.

Hér á landi hefur slíkum kostum við mannvirkjagerð verið lítt beitt. Hvalfjarðargöngin eru eina samgöngumannvirkið sem gert hefur verið og fjármagnað með veggjöldum á síðari árum. Var sú fjármögnun forsenda þess að farið var í þá framkvæmd á sínum tíma. Þar með var einnig skapað svigrúm til annarrar vegagerðar, sem ekki var unnt að fjármagna með veggjöldum en var borin uppi með fé af vegáætlun. Reynslan hefur sýnt að þörfin fyrir Hvalfjarðargöngin var afskaplega brýn. Frá 1999 til 2002 jókst umferðin um þau um meira en fjórðung.

Mikil þróun.

Fullt tilefni er til þess nú að hyggja sérstaklega að því hvar koma megi við frekari veggjöldum til þess að stuðla að aukinni vegagerð í landinu, ekki síst vegna þess að mikil þróun á sér nú stað varðandi tæknilega möguleika á slíku. Búnaður sem þarf til slíkrar innheimtu verður æ fullkomnari. Með því að stöðugt fleiri þjóðir tileinka sér slíkar fjármögnunarleiðir til vegagerðar verður unnið að því af miklum krafti að fullkomna slíkan búnað og gera hann einfaldari. Innan Evrópu tengist þetta tilraunum manna til þess að fjármagna vegagerð í vaxandi mæli með notendagjöldum af hvers konar tagi.

Hér á landi er vaxandi umræða um þessi mál. Nefna má að stofnað hefur verið einkahlutafélag í Bolungarvík, Leið ehf. – félag um einkafjármögnun vegamannvirkja, sem auk annars heldur úti kröftugri og fróðlegri heimasíðu: www.leid.is. Þangað má sækja almennan fróðleik um vegamál og ekki síst um mál er tengjast veggjöldum og skyldum hlutum. Hefur fyrirtækið meðal annars staðið fyrir skoðanakönnunum um veggjöld og vilja vegfarenda til þess að greiða fyrir afnot af nýjum samgöngumannvirkjum og vegum. Þessar kannanir hafa leitt í ljós verulegan áhuga á slíkri fjármögnun og greinilegan vilja fólks til þess að greiða fyrir vegabætur með umferðargjöldum.

Þingmál á Alþingi.

Mál sem tengjast veggjöldum hafa einatt komið til umræðu á Alþingi. Vitaskuld með beinskeyttustum hætti þegar unnið var að undirbúningi Hvalfjarðarganga. Einnig má tiltaka þingmál sem flutt hafa verið og samþykkt í þessa veru. Hér verða nefnd tvö dæmi.

Fyrir ríflega einum áratug, 7. maí 1993, var samþykkt ályktun á Alþingi (104. mál 116. þings) þar sem sagði meðal annars: „Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni: að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð.“ Flutningsmenn tillögunnar voru Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason og Einar K. Guðfinnsson.

Á árinu 1998 var síðan flutt þingsályktunartillaga (45. mál 123. þings) þar sem sagði: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.“ Flutningsmenn hennar voru Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen og Kristín Halldórsdóttir. Var tillagan síðan samþykkt eilítið breytt 10. mars 1999.

Af þessum dæmum má sjá að áður hafa komið fram hugmyndir um að beita vegtollum. Nú, að fenginni reynslu, vegna brýnnar þarfar á frekari vegagerð og í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur annars staðar í Evrópu, er fullt tilefni til þess að skoða þessi mál að nýju og er það helsta ástæða þess að þingsályktunartillaga þessi er flutt.

Fylgiskjal.

Framlög til vegamála samkvæmt gildandi samgönguáætlun.

3.3 Vegamál.

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur	**42.946**	**45.113**	**46.424**
Framlag úr ríkissjóði	**12.752**	**12.152**	**9.332**
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	**4.600**	**0**	**0**
Ríkistekjur			
Sértekjur			
Tekjur og framlög	**60.298**	**57.265**	**55.756**
Viðskiptahreyfingar			
Lántökur	0	0	0
Afborganir	-1.413	-320	0
Afborganir	0	-500	0
Viðskiptahreyfingar samtals	**-1.413**	**-820**	**0**
Til ráðstöfunar alls	**58.885**	**56.445**	**55.756**
Gjöld			
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn	1.233	1.330	1.400
Upplýsingaþjónusta	313	330	350
Umferðareftirlit	238	250	270
Þjónusta	10.384	10.889	11.496
Almenningssamgöngur	3.920	3.070	2.770
Þar af afborgun lána	-1.253	-240	0
Rannsóknir	426	451	464
Minjar og saga	35	80	100
Rekstrargjöld alls	**15.296**	**16.160**	**16.850**
Viðhald samtals	**9.628**	**10.600**	**11.100**
Stofnkostnaður			
Grunnnet			
Almenn verkefni	1.920	1.740	1.740
Höfuðborgarsvæðið	5.986	7.246	7.762
Stórverkefni	8.100	9.319	8.914
Áður framkvæmt/afborgarnir	-160	-80	0
Orku- og iðjuvegir	417	0	0
Jarðgöng	6.400	5.000	2.000
Landsvegir í grunnneti	120	200	520
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	4.600	0	0
Samtals grunnnet	**27.383**	**23.425**	**20.936**
Utan grunnnets			
Tengivegir	2.115	2.160	2.180
Til brúargerðar	1.158	1.160	1.160
Ferðamannaleiðir	1.050	1.100	1.100
Girðingar	262	300	350
Landsvegir utan grunnnets	397	400	400
Safnvegir	1.178	1.200	1.200

Verðlag fjárlaga fyrir árið 2003, millj. kr. (vísitala vegagerðar 6.940)	1. tímabil 2003–2006	2. tímabil 2007–2010	3. tímabil 2011–2014
Styrkvegir	235	240	260
Reiðvegir	183	200	220
Samtals utan grunnnets	**6.578**	**6.760**	**6.870**
Afborgun skuldar frá 1999	**0**	**-500**	**0**
Stofnkostnaður samtals	**33.961**	**29.685**	**27.806**
Gjöld alls	**58.885**	**56.445**	**55.756**

1393. Fyrirspurn [914. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á íþróttamótum.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Telur ráðherra eðlilegt að mótshöldurum unglingalandsmóts Ungmennafélags Íslands sé gert að greiða lögreglustjóra fyrir gæslu meðan á móti stendur?
2. Hyggst ráðherra skylda alla sem standa fyrir íþróttamótum eða íþróttahátíðum til að greiða fyrir löggæslu?

Skriflegt svar óskast.

1394. Fyrirspurn [915. mál]

til landbúnaðarráðherra um laxveiði í net við strendur landsins.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margar kærur fyrir ólöglega laxveiði í net við strendur landsins voru gefnar út árin 1994–2003, sundurgreint eftir landshlutum?
2. Hvernig er eftirliti með laxveiði í net við strendur landsins háttað?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stöðva með öllu „sjóræningjaveiði“ á laxi við strendur landsins?

Skriflegt svar óskast.

1395. Fyrirspurn [916. mál]

til heilbrigðisráðherra um notkun ljósabekkja.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir strangari reglum um ljósabekkjanotkun ungs fólks með hliðsjón af því að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælst til þess að börn og unglingar yngri en 18 ára stundi ekki ljósaböð vegna hættu á krabbameini í húð?

Skriflegt svar óskast.

1396. Fyrirspurn [917. mál]

til heilbrigðisráðherra um vímuefnavarnir.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu miklu fé var varið af hálfu ráðuneytisins til vímuefnavarna á árunum 1999–2003?
2. Hvaða aðilar hlutu féð og hvernig hefur það nýst að mati ráðuneytisins?
3. Er til langtímastefnumótun hjá ráðuneytinu um vímuefnavarnir?
4. Hyggst ráðherra grípa til einhverra nýrra úrræða í vímuefnavörnum?

Skriflegt svar óskast.

1397. Fyrirspurn [918. mál]

til félagsmálaráðherra um verndaða vinnustaði.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir verndaðir vinnustaðir eru í landinu, sundurgreint eftir landshlutum?
2. Fá verndaðir vinnustaðir fjárveitingar til að finna og þróa ný verkefni? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því?

Skriflegt svar óskast.

1398. Fyrirspurn [919. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslega aðstoð við einstæða foreldra.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir einstæðir foreldrar njóta félagslegrar aðstoðar?
2. Hvers konar félagsleg aðstoð býðst einstæðum foreldrum?
3. Hefur þurft að grípa til aðgerða vegna grunar um að aðstoð sé veitt á röngum forsendum, t.d. að foreldrar skrái sig einstæða þótt þeir séu í sambúð? Hvernig er eftirliti með slíku háttað?

Skriflegt svar óskast.

1399. Fyrirspurn [920. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnumál fatlaðra.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hver er stefna ráðherra í atvinnumálum fatlaðra?
2. Hvaða aðilar veita fötluðum stuðning við að komast út á almennan vinnumarkað?
3. Hver hefur árangurinn orðið af starfi þessara aðila?

Skriflegt svar óskast.

1400. Fyrirspurn [921. mál]

til menntamálaráðherra um mótun stefnu í íþróttamálum.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hefur ráðherra mótað sér stefnu um þátttöku ráðuneytisins í málefnum íþróttahreyfingarinnar á næstu árum?
2. Ef ekki, má vænta þess og þá hvenær?

Skriflegt svar óskast.

1401. Fyrirspurn [922. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttaiðkun námsmanna.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hyggst ráðherra stuðla að því að grunn- og framhaldsskólanemar fái námseiningar fyrir íþróttaiðkun?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjárveitingum til sveitarfélaga til niðurgreiðslu æfingagjalda íþróttaiðkenda á grunnskólastigi?

Skriflegt svar óskast.

1402. Fyrirspurn [923. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við eflingu sérsveitar lögreglunnar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður á þessu ári af samþykki ríkisstjórnarinnar 10. febrúar sl. um eflingu sérsveitar lögreglunnar og hvernig sundurliðast hann á einstaka liði fjárlaga 2004?
2. Telur ráðherra að útgjöld vegna samþykkis ríkisstjórnarinnar rúmist innan ramma fjárlaga 2004 og ef svo er ekki, hvernig verður þeim mætt?

1403. Frumvarp til laga [924. mál]

um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, KHG, BÁ, GunnB, DJ, ÖJ).

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004, sbr. þó ákvæði 3. málsl. 21. gr. laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 1. apríl sl. tóku gildi ný lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004. Gildistökuákvæði frumvarps til laganna miðaði að því að um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl

2004 skyldi fara eftir ákvæðum eldri laga nr. 83/1984, um erfðafjárskatt. Um skipti á dánarbúum þeirra sem andast 1. apríl 2004 og síðar skyldi fara eftir hinum nýju lögum um erfðafjárskatt.

Í meðförum þingsins var sú breyting gerð á gildistökuákvæðinu að nýjum málslið var bætt við greinina þess efnis að um skipti á dánarbúum þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 14/2004. Er þessi nýi málsliður í raun undantekning frá þeirri meginreglu sem að framan greinir þess efnis að dánardægur ráði úrslitum um hvorum lögunum skuli beita. Ætlunin með þessari viðbót var að hún afmarkaðist við þá sem hafa heimild til setu í óskiptu búi. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort heimildar til setu í óskiptu búi er aflað fyrir eða eftir 1. apríl 2004.

Eftir setningu laganna hafa vaknað spurningar um það hvort kveðið sé á um það með nægilega skýrum hætti í lögunum hvaða reglur gildi um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004 í þeim tilvikum sem ekki er heimild til setu í óskiptu búi.

Með bráðabirgðaákvæði því sem hér er lagt til að bætt verði við lögin er leitast við að taka af öll tvímæli hvað varðar lagaskil milli eldri og nýrri laga um erfðafjárskatt. Með frumvarpinu er kveðið á um að lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, gildi um skipti á dánarbúum þeirra sem önduðust fyrir 1. apríl 2004. Gildir það hvort sem þau búskipti eru hafin eða ekki. Frá þessu er þó sú undantekning, sbr. 3. málsl. 21. gr. laga nr. 14/2004, að nýju lögin taka til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi, þótt andlát hafi verið fyrir 1. apríl 2004, fari búskiptin ekki fram fyrr en eftir gildistöku laganna.

1404. Framhaldsnefndarálit [451. mál]

um frv. til l. um rannsókn flugslysa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin ræddi á fundi sínum tvö atriði sem hún fékk fyrirspurnir um eftir að hún hafði mælt fyrir nefndaráliti í 2. umræðu. Það fyrra var verkaskipting innan rannsóknarnefndar flugslysa og samstarf nefndarinnar og forstöðumanns og þá sérstaklega hvað varðar störf á slysavettvangi og skýrslugerð. Það var niðurstaða nefndarinnar að ákvæði frumvarpsins eins og þau eru eftir 2. umræðu séu nægilega skýr hvað þetta varðar og veiti rannsóknarnefndinni jafnframt nokkurt svigrúm til að móta störf sín. Þannig útiloki ákvæði frumvarpsins ekki að nefndarmenn fari á vettvang og taki þátt í rannsókn þó svo að forstöðumaður gegni starfi rannsóknarstjóra.

Síðara atriðið varðar vörslu gagna. Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þannig að rannsóknarnefnd flugslysa verði ekki heimilt að láta loftfar eða hluta þess af hendi nema að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna og annarra, svo sem lögreglu. Nefndin leggur ekki til ákveðin tímamörk varðandi vörslu þessara gagna heldur vill nefndin með breytingunni leggja áherslu á að gögnum verði ekki eytt eða þau látin af hendi nema að vel athuguðu máli.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna og lögreglu, sbr. 2. mgr. 2. gr., sem og annarra, hvenær hún lætur af hendi loftfar eða hluta þess, svo og önnur gögn sem hún hefur tekið í sína vörslu.

Jóhann Ársælsson skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingatillögur við málið.

Kristinn H. Gunnarsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Birkir J. Jónsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1405. Frumvarp til laga [925. mál]

um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 18. gr. gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum er fjallað um nýtingu hlunninda og þar segir: „Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.“

Í athugasemdum við frumvarp til laganna voru þessi ákvæði skýrð svo:

„Hlunnindi ýmiss konar hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu Íslendinga og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðirétthafa til þeirra, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Áður var gert ráð fyrir þeirri breytingu frá 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, að bannað væri, án leyfis varpeiganda, að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli en í lögunum er miðað við ¼ km. Í þessu frumvarpi er miðað við 250 m eins og áður. Í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, þykir rétt að láta ákvæði gildandi laga gilda áfram.“

Augljóslega er með þessu verið að reyna að tryggja, með lögformlegum hætti, að nýting tvenns konar hlunninda, grásleppu og æðarfugls, geti gengið án árekstra. Í langflestum tilvikum gengur það vel. Ríkir oftast góður skilningur og virðing í samskiptum manna í millum. Einnig má þess geta að oft er það svo að æðarræktendur stunda enn fremur grásleppuveiðar. Undantekningar fyrirfinnast þó og því er reynt með löggjöf að semja sanngjarnar leikreglur, líkt og þær sem kveðið er á um í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og vitnað er til hér að framan.

Sú þróun hefur orðið að grásleppuveiðitímabilið hefur hafist fyrr en áður. Á sumum svæðum hefjast grásleppuveiðar nú 1. apríl í stað 15. eða 20. apríl áður og sums staðar enn fyrr. Þetta getur haft það í för með sér að hætta aukist á því að æðarfugl fari í net grásleppuveiðimanna. Tilgangur fyrrgreindra lagaákvæða er einmitt að koma í veg fyrir slíkt. Með því að grásleppuveiðitímabilið hefur færst framar þykir rétt að breyta sömuleiðis lögum sem kveða á um að ekki megi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli og kveða á um að slíkt megi ekki frá 1. apríl í stað 15. apríl eins og nú er.

1406. Svar [610. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um brottfall úr framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert var brottfall úr íslenskum framhaldsskólum á síðasta ári

a. *sundurliðað eftir kynjum og skólum á vorönn og á haustönn, og*
b. *sundurliðað eftir bóknámi og verknámi?*

Brottfall má skilgreina á marga vegu. Þær tölfræðiupplýsingar sem hér eru lagðar fram sýna hlutfall þeirra nemenda sem hurfu frá námi milli skólaáranna 2002 og 2003. Um er að ræða um 15% nemenda en hlutfallstölur fyrir einstaka skóla eru mjög mismunandi, allt frá því að vera engar eða mjög lágar upp í mjög hátt hlutfall. Hér er einungis um að ræða eina leið til að skilgreina brottfall.

Sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi gerir nemendum kleift að hverfa tímabundið frá námi. Nemendur vita að skólinn stendur þeim opinn ef þeir kjósa að snúa sér að námi á nýjan leik. Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi. Nemendum er ljóst að þeir eiga þess kost að fá skólavist aftur þegar þeir sjá ljósari tilgang með náminu eða aðstæður þeirra eru af einhverjum ástæðum betri. Hæpið er að telja alla þá nemendur sem gera hlé á námi sínu hér á landi brottfallsnemendur, enda ljóst að margir þessara nemenda hefja nám að nýju. Síðustu ár hefur t.d. mátt greina hlutfallslega fjölgun nemenda í eldri aldurshópum við nám í framhaldsskólum, sérstaklega í aldurshópnum 20–24

ára en einnig í hópi allra eldri en 20 ára. Það er í raun staðfesting þess sem áður er sagt að brottfall úr námi er oft og tíðum tímabundið.

Ljóst er að atvinnuástand hefur bein áhrif á sókn í skóla. Hér á landi hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið mikil á undanförnum árum. Aðstæður á vinnumarkaði víða erlendis eru hins vegar ólíkar aðstæðum hér á landi. Langvarandi mikið atvinnuleysi í mörgum Evrópulöndum veldur því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er enda hafa nemendur enga möguleika á að fá vinnu. Samanburður milli landa um brottfall getur því verið varasamur.

Eftirfarandi tölfræðiupplýsingar um brottfall eru unnar af Hagstofu Íslands. Þær miðast við brottfall frá hausti 2002 til haustsins 2003 (sjá nánar um vinnuaðferð og skilgreiningu hér á eftir). Þar sem gagnaöflun Hagstofu Íslands um nemendafjölda í framhaldsskólum miðast einungis við fjölda nemenda um miðjan október ár hvert er ekki unnt að greina brottfall eftir önnum.

Brottfall úr framhaldsskólum 2002–2003.

Vinnuaðferð og skilgreining:

Taldir eru saman nemendur í dagskóla á framhaldsskólastigi (sjá aftar) um miðjan október 2002 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og þeir bornir saman við skráða nemendur í öllum skólum (framhaldsskólum, háskólum, sérskólum og tónlistarskólum) um miðjan október 2003. Nemendur haustið 2002 sem ekki eru í námi haustið 2003 voru bornir saman við útskrifaðar nemendur í öllum skólum frá 1.12.2002 til hausts 2003 samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Þeir nemendur sem hvorki hafa útskrifast á þessu tímabili né koma fram í nemendaskrá haustið 2003 teljast vera brottfallnir þetta ár.

Heildarbrottfall.	
Fjöldi nemenda haustið 2002	18.250
Nemendur haustið 2002 sem ekki koma fram í neinum skóla á framhaldsskólastigi og háskólastigi haustið 2003	4.504
Þar af brautskráðir frá 1.12.2002 til hausts 2003	1.747
Brottfallnir nemendur frá hausti 2002	**2.757**
Brottfall í %	**15,1**

Brottfallnir eftir kyni.			
Kyn	**Nem. 2002**	**Brottfall, fjöldi**	**Brottfall %**
Karlar	9.049	1.547	17,1
Konur	9.201	1.210	13,2
Alls	**18.250**	**2.757**	**15,1**
Brottfallnir eftir flokkun náms.			
Flokkun	**Nem. 2002**	**Brottfall, fjöldi**	**Brottfall %**
Bóknám	11.414	1.331	11,7
Starfsnám	6.836	1.426	20,9
Alls	**18.250**	**2.757**	**15,1**

Brottfallnir eftir skólum.			
Skóli	**Nem. 2002**	**Brottfall, fjöldi**	**Brottfall %**
Borgarholtsskóli	952	231	24,3
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	400	91	22,8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	789	124	15,7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	714	124	17,4
Fjölbrautaskóli Vesturlands	593	106	17,9
Fjölbrautaskóli Vesturlands, útibú Stykkishólmi	13	2	15,4
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.196	166	13,9
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	575	55	9,6
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	831	173	20,8
Flensborgarskóli	550	47	8,5
Framhaldsskólinn á Húsavík	129	25	19,4
Framhaldsskólinn á Laugum	118	25	21,2
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	115	37	32,2
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	250	51	20,4
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	36	1	2,8
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	57	4	7,0
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	0	0,0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	23	0	0,0
Iðnnemar á samningi utan skóla	759	197	26,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	519	147	28,3
Iðnskólinn í Reykjavík	1.546	416	26,9
Kvennaskólinn í Reykjavík	511	27	5,3
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	43	4	9,3
Listdansskóli Íslands	6	0	0,0
Menntaskólinn að Laugarvatni	168	22	13,1
Menntaskólinn á Akureyri	632	17	2,7
Menntaskólinn á Egilsstöðum	298	33	11,1
Menntaskólinn á Ísafirði	303	45	14,9
Menntaskólinn í Kópavogi	935	97	10,4
Menntaskólinn í Reykjavík	765	20	2,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	977	58	5,9
Menntaskólinn við Sund	731	36	4,9
Myndlistarskólinn á Akureyri	17	1	5,9
Myndlistarskólinn í Reykjavík	19	0	0,0
Snyrtiskóli Reykjavíkur	25	2	8,0
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	66	13	19,7
Tannsmiðaskóli Íslands	8	3	37,5
Tækniháskóli Íslands	126	19	15,1
Verkmenntaskóli Austurlands	165	45	27,3

Skóli	Nem. 2002	Brottfall, fjöldi	Brottfall %
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.042	248	23,8
Verslunarskóli Íslands	1.045	23	2,2
Vélskóli Íslands	140	16	11,4
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	39	6	15,4
Alls	**18.250**	**2.757**	**15,1**

Athugasemdir: Nemendur á almennri braut eru taldir með nemendum í bóknámi og nemendur í listnámi með nemendum í starfsnámi. Nemendur eru stundum skráðir í fleiri en einn skóla. Þá eru þeir settir í þann skóla sem þeir stunda aðallega nám í í nemendaskrá Hagstofu Íslands. Þó eru nemendur í listaskólum, sem líka stunda nám í öðrum skólum, settir í aðra skóla en listaskóla.

1407. Svar [885. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um nýrnaveiki í seiðaeldi.

1. *Hvenær og hvernig var upplýsingum um að nýrnaveiki hefði verið uppgötvuð í íslenskri seiðaeldisstöð í ágústmánuði 2003 dreift til annarra eldisstöðva og hagsmunaaðila hérlendis?*

Þegar kemur upp smitsjúkdómur á borð við nýrnaveiki, sem bakterían *Renibacterium almoninarum* veldur, ber fisksjúkdómayfirvöldum að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. Í VI. kafla reglugerðarinnar („meðferð sjúkdóma") er skýrt kveðið á um meðferð slíkra mála. Eins og kveðið er á um í reglunum sendi dýralæknir fisksjúkdóma strax formlegar tilkynningar um greiningu sjúkdómsins og jafnframt þær kvaðir sem yfirvöld settu á viðkomandi fyrirtæki í formi dreifingarbanns. Bréf þessi fóru til þeirra sem málið varðar með lögformlegum hætti, þ.e. til framkvæmda- og stöðvarstjóra fyrirtækjanna, héraðsdýralækna viðkomandi héraða, Rannsóknadeildar fisksjúkdóma að Keldum og fisksjúkdómanefndar. Í ráðuneytinu liggja fyrir afrit af öllum tilkynningum og bréfum til aðila sem málið varðar. Það skal undirstrikað að fisksjúkdómanefnd er skipuð sérfræðingum sem skulu vera ráðherra til aðstoðar í hvers kyns málum er lúta að fisksjúkdómum, sbr. 78. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Allar formlegar tilkynningar hafa ávallt verið sendar öllum nefndarmönnum samstundis og smit hefur verið staðfest.

2. *Hvenær var nýrnaveikin tilkynnt formlega til grannlanda sem íslenskar seiðastöðvar flytja afurðir til, svo sem Skotlands og Írlands, og hvernig var staðið að þeim tilkynningum?*

Skýrt skal tekið fram að afurðir, þ.e. í þessu tilfelli hrogn, hafa alls ekki farið frá eldisstöðvum sem eru í dreifingarbanni út fyrir strendur landsins. Í fyrirspurninni er væntanlega skírskotað til Stofnfisks hf. sem um árarаðir hefur flutt laxfiskahrogn til fjölmargra landa. Það skal áréttað að kynbóta- og klakstöð fyrirtækisins er að Kalmanstjörn í Höfnum og er því langt frá þeim seiðastöðvum sem fengu sjúkdóminn á Suðurlandi. Þessi sjúkdómatilfelli hafa því á engan hátt skaðað útflutning á laxahrognum og hefur útflutningur verið líflegur á liðnu missiri.

Samkvæmt reglum ESB og OIE (Alþjóðadýrasjúkdómastofnunin í París) er nýrnaveiki

ekki tilkynningarskyldur sjúkdómur og því liggur í raun engin kvöð á íslenskum yfirvöldum að tilkynna veikina. Þrátt fyrir þessar Evrópu- og alþjóðareglur hefði viðkomandi viðskiptalöndum að sjálfsögðu verið tilkynnt þessi uppákoma með formlegum hætti ef útflutningsstöðvar Stofnfisks hefðu verið settar í formlegt dreifingarbann. Því er einfaldlega ekki til að dreifa í þessu tilfelli. Seiðaeldisstöðin sem hér er fjallað um, þ.e. Hallkelshólar í Grímsnesi, var tekin til reksturs af Stofnfiski í byrjun júlí 2003. Þau laxaseiði sem urðu smitkveikja í þetta sinn, ættuð úr Eystri-Rangá, tilheyrðu fyrri rekstraraðila. Forráðamenn og starfsmenn Stofnfisks hafa unnið afar gott starf við að uppræta veikina og bendir allt til þess núna að tekist hafi að útrýma smiti á Hallkelshólum. Sérstaklega skal tekið fram að seiðastöðin að Hallkelshólum hefur aldrei verið inni í myndinni hvað útflutning afurða varðar.

Þess má einnig geta að nýrnaveiki er útbreiddur sjúkdómur í nágrannalöndum okkar. Engin bóluefni eru til gegn veikinni og engin lækning. Fisksjúkdómayfirvöld bregðast í flestum tilfellum við veikinni á sama hátt og hér hefur tíðkast, það er með dreifingarbanni og niðurskurði, þrifum og sótthreinsun. Nýrnaveiki er nokkuð útbreidd í villtri náttúru hér og fara miklir fjármunir og tími í að verjast því að veikin komist inn í eldisstöðvar. Þrátt fyrir stranga aðgæslu smýgur bakterían öðru hverju fram hjá smitvörnum en hún er lúmsk með eindæmum. Það sem gerir hana erfiða viðfangs er hversu langan meðgöngutíma hún hefur, þ.e. frá því að smit á sér stað og þar til fiskar sýna sjúkdómseinkenni. Þessi eiginleiki getur leitt til þess að smit kemst á flakk innan stöðvar og jafnvel á milli stöðva eins og í þessu tilfelli. Nýrnaveiki hefur af og til skotið upp kollinum í íslensku fiskeldi. Yfirleitt er um einstök og einangruð tilfelli að ræða en þó hefur borið á hálfgerðum faröldrum einstaka ár. Síðasti slíki faraldur átti sér stað fyrir réttum áratug, en 1994 kom veikin upp nánast samtímis í Skagafirði, Tálknafirði, Hvalfirði og á Reykjanesi. Í mörgum tilfellum hefur tekist að uppræta smit með niðurskurði en því er ekki að leyna að veikin hefur komið nokkrum fiskeldisstöðvum í rekstrarþrot á liðnum áratugum.

Í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma fyrir árið 2003 er greinargott yfirlit og greinargerð um helstu fisksjúkdóma hér á landi allt frá árinu 1992. Eftirfarandi er útdráttur úr ársskýrslunni:

Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma í fiskeldi árið 2003.

Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 1992–2003.

Ný sjúkdómatilfelli á ári / fjöldi fiskeldisstöðva.

	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992
Sjúkdómur:												
Hitraveiki	0	0	1•	0	1•	1•	0	0	0	0	1•	0
Kýlaveikibróðir	4°•#	2*°	2*#	0	0	0	1*	0	0	0	1*	3*
Nýrnaveiki	1°	1°	0	0	0	1*	0	0	1*	4*•	1°•	1*
Rauðmunnaveiki	4*°	0	2*°	1°	0	0	2*°	0	0	0	0	0
Vetrarsár	1•	1*	0	0	0	0	0	0	0	1•	0	2*
Vibríuveiki	2#	0	1#	0	0	0	0	0	0	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta 10–25‰). ° Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn).

• Sjókvíaeldi (full selta). # Eldi sjávarfiska (full selta).

Nýrnaveiki (Renibacterium salmoninarum) kom upp sem nýsmit í einni eldisstöð á liðnu ári og átti smitkveikjan rætur að rekja til villtra laxaseiða undan riðlaxi úr Eystri-Rangá sem kreistur var haustið 2001. Öllum seiðum var þegar í stað fargað en í ljós kom í upphafi árs 2004 að smitdreifing hafði átt sér stað í fleiri stöðvar og verður gerð nánari grein fyrir þeirri

þróun í næstu ársskýrslu. Eldra smit var einnig til staðar í einni bleikjueldisstöð en þeim fiski var öllum fargað og smiti útrýmt. Þá fannst dulið smit í fjórum hrygnum úr tveimur laxveiðiám og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota á liðnum áratugum.

Samtals bárust 1.546 sýni úr klakfiskum til nýrnaveikirannsóknar á Keldum árið 2003 og eru niðurstöður eftirfarandi:

Lax: Alls voru rannsökuð 1.330 sýni. Smittíðni var 0,5% í villtum laxi (fjórir af samtals 827) en 0 í eldislaxi (enginn af samtals 503).

Árið 2003 greindust fjórir villtir klaklaxar með nýrnaveikismit (einn úr Ytri-Rangá og þrír úr Eystri-Rangá).

Tíðni nýrnaveikismits í villtum klaklaxi árin 1991–2003.

2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
0,50%	0,60%	0,20%	0,40%	0%	0%	0%	0,40%	1,10%	0,60%	1,00%	3,00%	1,40%

Ekkert smit fannst í eldislaxi frekar en mörg undanfarin ár. Sýni úr eldislaxi bárust úr tveimur stöðvum: Stofnfiski (443) og Rifósi (60).

Bleikja: Rannsökuð voru alls 150 sýni. Smittíðni var 0% í eldisbleikju. Öll sýnin voru úr eldisbleikju sem kom frá þremur stöðvum: Stofnfiski (60), Hólaskóla (30) og Haukamýrargili (60).

Sjóbirtingur: Rannsökuð voru alls sex sýni. Smittíðni var 0% í villtum sjóbirtingi. Öll sýnin voru úr villtum sjóbirtingi úr Affallinu.

Regnbogasilungur: Rannsökuð voru alls 60 sýni. Smittíðni var 0%. Allt var þetta eldisregnbogasilungur kreistur að Laugum á vegum Stofnfisks.

Villtur lax til kreistingar var veiddur úr alls 50 laxveiðiám á síðasta ári.

Fjöldi laxveiðiáa sem klaklax var veiddur úr til nýrnaveikirannsókna árin 1991–2003.

2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
50	49	38	38	40	37	45	38	38	38	50	55	49

Eins og glögglega má sjá á yfirlitinu hér á undan, sem tekið er úr ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma, er árlegt eftirlit með nýrnaveiki gríðarlega umfangsmikið. Reglubundið eftirlit með nýrnaveiki og öðrum sjúkdómum í fiski hefur verið stundað síðan 1985 og eru fisksjúkdómayfirvöld staðráðin í að slaka hvergi á í þeirri baráttu. Þess skal að lokum getið, til að forðast misskilning við lestur yfirlitstöflunnar um sjúkdóma, að aðeins í einni eldisstöð greindist nýrnaveiki sem nýsmit á liðnu ári. Síðan fylgdu þrjár nýjar stöðvar í kjölfarið, en þar kom ekki smit fram fyrr en í upphafi árs 2004, eins og sjá má í bréfum Gísla Jónssonar, dýralæknis fisksjúkdóma.

3. *Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til að komast fyrir þessa sýkingu og hindra að veikin breiðist út?*

Mikilli vinnu er varið í eftirlit og upprætingu smitsjúkdóma í fiskum. Sem undirstofnun landbúnaðarráðuneytisins hefur embætti yfirdýralæknis haldið úti reglubundnu heilbrigðiseftirliti með fiskeldi allar götur síðan 1985. Eftirlitið hvílir á herðum dýralæknis fisksjúkdóma, en honum til aðstoðar eru héraðsdýralæknar um allt land. Fyrstu árin gegndu Árni M. Mathiesen, núverandi sjávarútvegsráðherra, og Lars Hansen þessari stöðu, en síðan vorið 1991 hefur Gísli Jónsson gegnt stöðunni.

1408. Svar [702. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um skatttekjur ríkissjóðs.

1. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?*

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila skipt eftir sveitarfélögum (í millj. kr.).

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	9.387	6.764	39%
Kópavogur	720	473	52%
Seltjarnarnes	48	24	97%
Garðabær	176	165	6%
Hafnarfjörður	599	645	–7%
Bessastaðahreppur	12	11	10%
Mosfellsbær	75	102	–27%
Reykjanesbær	236	259	–9%
Grindavík	195	150	30%
Sandgerði	45	48	–7%
Gerðahreppur	67	19	252%
Vatnsleysustrandarhreppur	6	5	26%
Akranes	84	50	67%
Sveitarfélagið Borgarfjörður	2	1	93%
Borgarbyggð	30	34	–10%
Grundarfjarðarbær	62	28	127%
Stykkishólmur	17	6	185%
Eyja- og Miklaholtshreppur	4	2	77%
Snæfellsbær	121	84	43%
Dalabyggð	4	1	657%
Bolungarvíkurkaupstaður	48	38	27%
Ísafjarðarbær	139	79	75%
Reykhólahreppur	1	1	3%
Tálknafjarðarhreppur	6	3	120%
Vesturbyggð	22	13	71%
Súðavíkurhreppur	3	1	146%
Kaldrananeshreppur	5	1	310%
Bæjarhreppur	1	1	127%
Hólmavíkurhreppur	8	4	104%
Siglufjörður	55	9	508%
Sveitarfélagið Skagafjörður	91	50	82%
Húnaþing vestra	8	6	29%
Blönduós	9	8	17%
Svínavatnshreppur	0	0	213%
Höfðahreppur	3	6	–39%

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Akureyri	495	220	125%
Húsavík	65	119	–45%
Ólafsfjörður	6	15	–59%
Dalvíkurbyggð	30	30	–1%
Grímseyjarhreppur	3	11	–75%
Hríseyjarhreppur	4	1	197%
Eyjafjarðarsveit	2	4	–47%
Hörgárbyggð	2	5	–53%
Svalbarðsstrandarhreppur	3	2	21%
Grýtubakkahreppur	13	4	229%
Skútustaðahreppur	2	3	–25%
Aðaldælahreppur	3	2	69%
Þingeyjarsveit	3	4	–14%
Öxarfjarðarhreppur	9	3	253%
Raufarhafnarhreppur	6	4	78%
Þórshafnarhreppur	10	2	354%
Seyðisfjörður	22	9	146%
Fjarðabyggð	142	13	968%
Skeggjastaðahreppur	4	3	46%
Vopnafjarðarhreppur	7	6	20%
Fellahreppur	2	2	46%
Borgarfjarðarhreppur	3	1	331%
Mjóafjarðarhreppur	1	0	–
Fáskrúðsfjarðarhreppur	2	0	3327%
Búðahreppur	16	6	186%
Stöðvarhreppur	10	7	32%
Breiðdalshreppur	4	6	–32%
Djúpavogshreppur	6	7	–8%
Austur-Hérað	29	29	0%
Sveitarfélagið Hornafjörður	144	38	280%
Vestmannaeyjar	75	65	15%
Árborg	163	192	–15%
Mýrdalshreppur	5	5	17%
Skaftárhreppur	3	4	–21%
Rangárþing eystra	16	10	56%
Rangárþing ytra	40	30	33%
Hraungerðishreppur	7	3	124%
Hrunamannahreppur	12	23	–48%
Hveragerði	39	31	26%
Sveitarfélagið Ölfus	68	78	–12%
Grímsnes- og Grafningshreppur	7	11	–36%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5	4	12%
Bláskógabyggð	14	11	23%
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr. 2003	7	13	–44%
Samtals	**13.805**	**10.127**	**36%**

Heildartekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila skipt eftir hinum nýju kjördæmum (í millj. kr.).

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	9.387	6.764	39%
SV	1.631	1.423	15%
NV	563	351	60%
NA	1.075	601	79%
S	1.150	989	16%
Samtals	**13.805**	**10.127**	**36%**

2. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?*

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga skipt eftir sveitarfélögum.

	Eignarskattur einstaklinga (í millj. kr.)		
Sveitarfélög	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	1.033	1.909	–46%
Seltjarnarnes	84	155	–46%
Vatnsleysustrandarhreppur	3	5	–47%
Kópavogur	205	359	–43%
Garðabær	143	269	–47%
Hafnarfjörður	144	270	–47%
Bessastaðahreppur	12	23	–47%
Reykjanesbær	38	69	–45%
Grindavík	14	26	–47%
Sandgerði	4	6	–37%
Garður, Gerðahreppi	4	8	–48%
Mosfellsbær	45	85	–47%
Akranes	24	43	–44%
Innri-Akranes-, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppur, Leirár- og Melasveit	4	7	–51%
Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðu-, Kolbeinsstaða- og Eyja- og Miklaholtshreppur	22	38	–44%
Stykkishólmur, Helgafellssveit	4	9	–49%
Grundarfjarðarbær	2	4	–37%
Snæfellsbær	6	11	–45%
Dalabyggð	6	12	–50%
Reykhólasveit	2	3	–37%
Bolungarvík	2	5	–51%
Ísafjarðarbær	15	28	–46%
Vesturbyggð	3	4	–32%
Bæjar-, Broddanes- og Hólmavíkurhreppur	4	6	–41%
Húnaþing vestra	5	11	–51%

Sveitarfélög	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Blönduósbær	2	3	-48%
Ás-, Sveinsstaða-, Torfalækjar-, Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppur	6	12	-48%
Skagaströnd, Skagabyggð	1	3	-49%
Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	12	23	-49%
Siglufjörður	2	5	-48%
Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandar- og Arnarneshreppur, Hörgárbyggð	11	22	-49%
Akureyri	62	115	-46%
Dalvíkurbyggð	5	11	-51%
Ólafsfjarðarbær	4	8	-55%
Húsavík	5	9	-49%
Aðaldæla- og Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit	7	13	-50%
Skútustaðahreppur	1	2	-39%
Öxarfjarðar- og Keldunesshreppur	2	3	-52%
Þórshafnar- og Svalbarðshreppur	2	3	-39%
Vopnafjarðarhreppur	2	3	-43%
Austur-Hérað, Norður-Hérað, Fella- og Fljótsdalshreppur	8	17	-50%
Seyðisfjörður	1	3	-49%
Fjarðabyggð	4	8	-53%
Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur	1	2	-58%
Djúpavogshreppur	2	4	-54%
Sveitarfélagið Hornafjörður	10	18	-44%
Hveragerði	6	12	-47%
Þorlákshöfn (Ölfushreppur)	3	7	-54%
Árborg, Gaulverjabæjar-, Hraungerðis-, Villingaholts-, Hrunamanna-, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð	54	93	-42%
Rangárþing ytra, Ásahreppur	9	18	-46%
Rangárþing eystra	10	18	-46%
Mýrdalshreppur	2	4	-47%
Skaftárhreppur	4	7	-44%
Vestmannaeyjar	17	32	-46%
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr.	4	9	-54%
Samtals	**2.086**	**3.847**	**-46%**

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga skipt eftir hinum nýju kjördæmum (í millj. kr.).

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	1.033	1.909	-46%
SV	635	1.166	-45%
NV	121	224	-46%

NA	122	233	–48%
SV	175	316	–45%
Samtals	**2.086**	**3.847**	**–46%**

3. *Hverjar voru heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila samkvæmt álagningarseðlum annars vegar árið 2002 og hins vegar árið 2003, skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, og hver er hlutfallslegur mismunur þeirra til hækkunar eða lækkunar milli áranna?*

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila skipt eftir sveitarfélögum (í millj. kr.).

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	701	1.151	–39%
Kópavogur	72	117	–39%
Seltjarnarnes	5	7	–26%
Garðabær	34	48	–30%
Hafnarfjörður	76	135	–43%
Mosfellsbær	15	13	16%
Reykjanesbær	21	35	–41%
Grindavík	6	13	–52%
Sandgerði	8	29	–71%
Gerðahreppur	4	4	–10%
Akranes	11	24	–52%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	12	4	196%
Skilmannahreppur	27	59	–54%
Borgarbyggð	8	13	–37%
Grundarfjarðarbær	3	6	–47%
Stykkishólmur	2	2	3%
Snæfellsbær	9	10	–9%
Bolungarvíkurkaupstaður	6	8	–27%
Ísafjarðarbær	10	16	–35%
Tálknafjarðarhreppur	1	2	–31%
Vesturbyggð	3	6	–43%
Siglufjörður	2	3	–40%
Sveitarfélagið Skagafjörður	16	28	–42%
Húnaþing vestra	4	7	–41%
Blönduós	3	5	–42%
Höfðahreppur	3	7	–52%
Akureyri	41	62	–34%
Húsavík	4	7	–41%
Ólafsfjörður	5	9	–50%
Dalvíkurbyggð	7	15	–51%
Grýtubakkahreppur	3	4	–34%
Skútustaðahreppur	4	7	–47%
Þingeyjarsveit	2	3	–53%
Öxarfjarðarhreppur	1	1	4%
Seyðisfjörður	1	2	–24%

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Fjarðabyggð	6	9	–33%
Búðahreppur	5	6	–27%
Austur-Hérað	3	4	–18%
Sveitarfélagið Hornafjörður	3	4	–14%
Vestmannaeyjar	13	17	–24%
Árborg	47	87	–46%
Rangárþing ytra	2	3	–42%
Hrunamannahreppur	1	3	–58%
Hveragerði	2	4	–44%
Sveitarfélagið Ölfus	6	8	–23%
Bláskógabyggð	1	3	–51%
Önnur sveitarfélög með < 1 millj. kr. 2003	16	27	–41%
Samtals	**1.236**	**2.036**	**–39%**

Heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti lögaðila skipt eftir hinum nýju kjördæmum (í millj. kr.).

	2003	2002	hlutfall til lækkunar/hækkunar
Reykjavík	701	1.151	–39%
SV	203	321	–37%
NV	97	155	–37%
NA	116	189	–39%
S	119	219	–46%
Samtals	**1.236**	**2.036**	**–39%**

1409. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55. 10. júní 1998.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristin Hugason og Guðríði Margréti Kristjánsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Ólaf Friðriksson og Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis og Gísla Jónsson dýralækni fisksjúkdóma á Keldum.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Umhverfisstofnun, landbúnaðarráðuneyti, embætti yfirdýralæknis, Landssambandi smábátaeigenda, Byggðastofnun, fiskeldisnefnd, Landssambandi veiðifélaga, Hafrannsóknastofnuninni og Veiðimálastofnun.

Í ljósi þeirra umsagna sem nefndinni hafa borist þykir rétt að taka fram að í 12. gr. laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, var kveðið á um það að eldisfiski mætti aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og samkvæmt þeim skilmálum er hann setti. Eftirlitið samkvæmt lögunum var að öðru leyti hjá nýrri stofnun, Fiskistofu.

Lögunum var breytt og þau endurútgefin sem lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarpið að lögin skyldu ekki ná til eftirlits með slátrun eldisfisks þar sem slíkt eftirlit væri á valdsviði embættis yfirdýralæknis en ekki sjávarútvegsráðuneytis. Í athugasemdum við 14. gr. í III. kafla um leyfisveitingar og eftirlit kemur fram að Eftirlitsstofnun EFTA hafi gert athugasemdir við það að leyfi yfirdýralæknis þyrfti til slátrunar eldisfisks og hafi ákvæðið því verið fellt brott. Frá gildistöku laganna hefur því ekki verið skýrt kveðið á um ábyrgð og eftirlit með slátrun eldisfisks í lögum og er frumvarpinu ætlað að taka af öll tvímæli um það.

Á fundum nefndarinnar og í umsögnum hefur komið fram að sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti hafi átt í viðræðum um verkaskiptingu eftirlitsaðila, þ.e. Fiskistofu og Aðfangaeftirlits, einkum varðandi eftirlit með fiskimjöli sem notað er í fóður en skilin milli ráðuneyta eru ekki nægjanlega skýr. Er stefnt að því að greiða úr því sem fyrst.

Með tilliti til þeirrar réttaróvissu sem skapaðist þegar mikill fjöldi eldislaxa slapp úr sláturkví seint á síðasta ári telur nefndin nauðsynlegt að ljúka afgreiðslu þessa máls sem fyrst og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jón Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álit þetta.

Jón Gunnarsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller og Guðlaugur Þór Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 2004.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Þór Hafsteinsson.	Hjálmar Árnason.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

1410. Fyrirspurn [926. mál]

til umhverfisráðherra um eyðingu minka og refa.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær mun nefnd sem ráðherra skipaði um minka- og refaveiðar skila áliti?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir auknum framlögum til refa- og minkaveiða til að standa við ákvæði samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga um eyðingu minka og fækkun refa í villtri náttúru, svo að endurgreiðsla ríkisins verði aftur 50% af greiðslu fyrir skotveiði?
3. Hver ber ábyrgð á því tjóni sem offjölgun refa og minka veldur í íslenskri náttúru?

Skriflegt svar óskast.

1411. Fyrirspurn [927. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að virðisaukaskattur af veiðum á mink og ref verði endurgreiddur?
2. Hvaða rök eru fyrir því að sveitarfélög þurfi að greiða virðisaukaskatt af skotveiði umfram aðra aðkeypta þjónustu, svo sem snjómokstur og sorphirðu?

Skriflegt svar óskast.

1412. Fyrirspurn [928. mál]

til fjármálaráðherra um greiðsluskyldu ríkissjóðs umfram heimildir fjárlaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Til hvaða fjárráðstafana hefur verið gripið á þessu ári sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum ársins og leita þarf heimildar Alþingis fyrir, sbr. 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins frá 1997? Hverjar eru fjárhæðirnar í hverju tilviki og hefur fjárlaganefnd Alþingis verið gerð grein fyrir þeim?
2. Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu, sundurliðað eftir kjarasamningum, og hvernig samræmist sá kostnaður fjárlögum ársins? Hvaða fleiri kjarasamninga er áformað að gera á árinu, hver er hlutur þeirra í heildarlaunakostnaði ríkisins, sundurliðað eftir kjarasamningum, og mun áætlun fjárlaga raskast ef þeir kjarasamningar verða svipaðir þeim sem þegar hafa verið gerðir og ef svo er, hve mikið?
3. Er ástæða til að ætla að útgjöld ríkissjóðs á árinu verði umfram fjárlög ársins vegna nýrra laga sem samþykkt hafa verið á þessu ári? Ef svo er, hvaða lög er um að ræða og hvað er áætlað að útgjöldin verði mikil á árinu í hverju tilviki og hvaða fjárlagaliðir eiga í hlut?
4. Hafa ákvarðanir einstakra ráðherra eða ríkisstjórnarinnar á þessu ári leitt til þess að útgjöld ársins verða fyrirsjáanlega umfram heimildir fjárlaga? Ef svo er, hverjar eru ákvarðanirnar, við hvaða lagaheimildir styðjast þær, hver eru umframútgjöldin í hverju tilviki, hverjir eru fjárlagaliðirnir og hvernig er ráðgert að mæta kostnaðinum?

Skriflegt svar óskast.

1413. Fyrirspurn [929. mál]

til menntamálaráðherra um menningarhús ungs fólks.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

Hefur ráðuneytið hugað að setningu reglugerða eða laga um starfsumhverfi og rekstur menningarhúsa ungs fólks, þ.e. húsa sem opnuð hafa verið með þarfir ungs fólks í huga, svo sem fyrir afþreyingu, námskeið, fundi, tónleika og hjálparúrræði?

1414. Fyrirspurn [930. mál]

til menntamálaráðherra um rekstur menningarhúsa ungs fólks.

Frá Brynju Magnúsdóttur.

1. Hvað eru mörg menningar- og afþreyingarhús fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára starfrækt hér á landi og hvar eru þau?
2. Hvað hafa mörg menningarhús verið starfrækt frá upphafi og hvað er fyrirhugað að húsin verði mörg?
3. Hvernig er rekstur menningarhúsanna fjármagnaður?
4. Hverjir standa að rekstri húsanna?

Skriflegt svar óskast.

1415. Fyrirspurn [931. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskattsskyldu kennslu á námskeiðum.

Frá Láru Stefánsdóttur.

Hver er munurinn á virðisaukaskattsskyldu kennslu á námskeiðum annars vegar þar sem kennari er viðstaddur og hins vegar á námskeiðum á netinu þar sem nemendur stunda sjálfsnám án kennara?

Skriflegt svar óskast.

1416. Fyrirspurn [932. mál]

til menntamálaráðherra um kennsluhugbúnað.

Frá Láru Stefánsdóttur.

Hvaða kennsluhugbúnað á íslensku hefur menntamálaráðuneytið látið vinna sl. fimm ár, sundurliðað eftir heiti hugbúnaðarins og höfundum eða fyrirtæki sem selur hann? Í hvaða kennslugreinum er búnaðurinn hagnýttur, hvaða skólastigi er hann ætlaður og hvað kostaði gerð hans í hverju tilviki?

Skriflegt svar óskast.

1417. Fyrirspurn [933. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um íbúa við Eyjafjörð.

Frá Láru Stefánsdóttur.

Hvernig skiptast íbúar við Eyjafjörð, frá Siglufirði til Grenivíkur, eftir menntun, kyni og aldri miðað við landsmeðaltal annars vegar og höfuðborgarsvæðið hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

1418. Nefndarálit [467. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneyti og Sigurð Ás Grétarsson, Helga Jóhannesson og Ara Guðmundsson frá Siglingastofnun.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Siglingastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Verkefni Siglingastofnunar hafa tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum og er frumvarpinu ætlað að mæta þeim. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þau að Siglingastofnun er falið að annast framkvæmd laga um siglingavernd og birta á heimasíðu sinni alþjóðasamninga, viðauka og kóða sem gefnir eru út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni auk þess sem settar eru skýrari reglur í lög varðandi heimildir stofnunarinnar til tekjuöflunar.

Við umfjöllun málsins urðu töluverðar umræður í nefndinni um notkun orðsins „kóði“ og einnig um heimildina sem felst í frumvarpinu til handa Siglingastofnun að birta alþjóðasamninga, viðauka og kóða á ensku. Það varð þó niðurstaða nefndarinnar að leggja ekki til breytingar á þessu tvennu frá því sem lagt er til í frumvarpinu.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að í stað orðanna „siglinga- og hafnavernd“ í 13. tölul. b-liðar 1. gr. komi siglingavernd. Til meðferðar á þinginu nú er frumvarp til laga um siglingavernd en engin lög eru til um siglinga- og hafnavernd. Því er rétt að breyta orðalagi frumvarpsins til samræmis við það frumvarp sem nú er til meðferðar um siglingavernd.
2. Að við 14. tölul. b-liðar 1. gr. bætist nýr málsliður sem mæli svo fyrir að þeim sem þess óska skuli gefinn kostur á að fá sendar tilkynningar frá Siglingastofnun þegar birtir eru nýir samningar, kóðar eða viðaukar eða þeim breytt á heimasíðunni. Í umsögn um frumvarpið frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða kom fram gagnrýni á að breytingar á alþjóðasamningum, viðaukum og kóðum yrðu aðeins birtar á netinu en ekki tilkynntar þeim sem helst eiga að fara eftir þeim. Nefndin telur rétt að komið verði til móts við þetta sjónarmið.
3. Að upptalning verði sett inn í ákvæðið varðandi sérþjónustu sem Siglingastofnun selur. Nefndin áréttar að hér er ekki um endanlega upptalningu að ræða heldur er aðeins verið að skýra nánar hvað fallið getur undir liðinn.
4. Þá er að lokum lögð til orðalagsbreyting á lokamálsgrein 1. gr. sem óþarft er að skýra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhann Ársælsson skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 14. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Birkir J. Jónsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1419. Breytingartillaga [467. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „siglinga- og hafnavernd“ í fyrri tölulið b-liðar (13. tölul.) komi: siglingavernd.

b. Við síðari tölulið b-liðar (14. tölul.) bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeim sem þess óska skal gefinn kostur á að fá sendar tilkynningar frá Siglingastofnun þegar birtir eru nýir samningar, kóðar eða viðaukar eða þeim breytt á heimasíðunni.
c. 2. tölul. fyrri efnismálsgreinar c-liðar orðist svo: Með sölu á sérhæfðri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. útgáfu starfsleyfa og atvinnuskírteina og veitingu undanþágna til starfa á skipum.
d. Síðari efnismálsgrein c-liðar orðist svo:
Gjöld skv. 1.–3. tölul. 5. mgr. skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal gjaldtaka ekki vera meiri en nemur þeim kostnaði. Kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

1420. Frumvarp til laga [934. mál]

um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

2. gr.

Landsvæði innan eftirgreindra marka og Þingvallavatn skulu vera sérstakt vatnsverndarsvæði, verndarsvæði Þingvallavatns: Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfljótsvatn (markapunktur milli Kaldárhöfða og Efribrúar í Grímsneshreppi) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hornpunkt jarðanna Úlfljótsvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þrívörðuflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes- og Grafningshrepps og Ölfushrepps. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnessýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnessýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Þaðan ræður lína í hápunkt Hagafells og þaðan í hæsta punkt Hlöðufells. Þaðan ræður bein lína í eystri Hrútatind (norðan Miðfjalls), síðan í hæsta punkt Ása og þaðan bein lína í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hornpunkt jarðar Laugarvatns sunnan megin (á Markahryggjum) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og hreppamörk fyrrum Laugardalshrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborg. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfljótsvatn, sbr. kort í fylgiskjali með lögum þessum, sem sýnir mörk verndarsvæðis Þingvallavatns.

Um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eins og mörk hans eru ákveðin í lögum gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn.

3. gr.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Í þessum reglum er heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja, borun eftir vatni, taka jarðefna og vinnsla auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir séu háðar sérstöku leyfi hans. Ráðherra er einnig heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til verndunar samkvæmt lögum þessum.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Getur ráðherra þá ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal birta í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Umhverfisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji ráðherra að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hann bannað hana. Ákvarðanir þessar skal ráðherra taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneytið.

Þrátt fyrir ákvæði laga um lax- og silungsveiði er óheimilt án leyfis umhverfisráðherra að stunda fiskrækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 10.000 kr. og að hámarki 50.000 kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.


6. gr.

Um verndarsvæði samkvæmt lögum þessum fer eftir 64., 69. og 77. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

Fylgiskjal.


Hvítársíða
Þristapajökull
Reykholtsdalur
Fljótadalur
Kaldadalur
Langjökull
Lundareykjadalur
Skorradalur
Skorradalsvatn
Fanntófell
Litla-Björnsfell
Stóra-Björnsfell
Langafell
Hagafell
Hagavatn
Reyðarvatn
Þverfell
Botnsheiði
Hvalfjörður
Hvalfell
Hvalvatn
Botnsdalur
Brynjudalur
Kvígindisfell
Hlöðufell
Lambahraun
Sandvatn
Kálfstindur
Sandfell
Högnhöfði
Skriða
Botnssúlur
Ármannsfell
Þingvallaafréttur
Myrkavatn
Kjóllur
Búrfell
Hrafnabjörg
Hrútagjá
Miðfell
Bjarnarfell
Brúará
Brúarhlöð
Þingvellir
Skálabrekka
Gjábakki
Reyðarbarmur
Laugarvatn
Apavatn
Mjóavatn
Mosfellsheiði
Grafningur
Hengill
Hveragerði
Selfoss
Ölfusá
Brasaborgir
Kaldárhöfði
Ljósafoss
Búrfell
VERNDARSVÆÐI ÞINGVALLAVATNS
Mörk verndarsvæðis Þingvallavatns
Sýslumörk
Sveitarfélagamörk
Bær / bygging
Eyðibýli
100 m hæðarlínur
0 1 2 3 4 5
10
20 km

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við umræður um endurskoðun laga um friðun Þingvalla sem eru frá 1928 og stækkun þess landsvæðis var vakin athygli á nauðsyn þess að tryggja verndun vatnasviðs Þingvallavatns og vatnsins sjálfs, en vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Þar sem hér á landi hafa ekki enn verið sett almenn lög um verndun grunnvatns eða annars nytjavatns voru settar fram hugmyndir um að ný lög um friðun Þingvalla mundu einnig mæla fyrir um friðun eða verndun stærra svæðis en næsta nágrennis Þingvalla. Hér er hins vegar sú leið farin að kveða á um verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess í sérstökum lögum. Slík lagasetning, þar sem kveðið er sérstaklega á um vernd tiltekinna vatna, vatnasviða þeirra og lífríkis, er ekki einsdæmi hér á landi, sbr. t.d. lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði og fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum. Frumvarpið var samið undir forsjá Þingvallanefndar og er með því og frumvarpi til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum leitast við að móta verndarstefnu á þessu svæði til frambúðar.

Rannsóknir vísindamanna á Þingvallasvæðinu og sérstaklega Þingvallavatni og lífríki þess hafa orðið til að beina sjónum manna að mikilvægi þess að friða og vernda þetta landsvæði. Auk náttúrunnar eru orku- og neysluvatnsauðlindir svæðisins mikilvægar fyrir þjóðina. Talið er að á Þingvalla- og Brúarársvæðinu ofan við Brúarfoss, sem alls er um 1.260 ferkílómetrar, sé um þriðjungur af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Þessi aðstaða auk hins sérstaka lífríkis Þingvallavatns hefur leitt til þess að talið hefur verið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að friða og vernda vatnasvið Þingvallavatns og vatnið sjálft. Þessi friðun kæmi til viðbótar friðun á því landi sem lagt er undir helgistað þjóðarinnar á Þingvöllum. Eins og áður sagði hafa almenn lög um vatnsvernd ekki verið sett hér á landi enn sem komið er en talið er brýnt að setja þegar lög sem tryggi verndun vatnasviðs Þingvallavatns. Við setningu almennra laga um vatnsvernd væri kostur á að fella þær lagareglur sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir inn í almenn lög um vatnsvernd.

Með frumvarpinu eru birt eftirfarandi fylgiskjöl:

a. Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess, greinargerð eftir dr. Pétur M. Jónasson prófessor.
b. Kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna sem er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Er það í samræmi við þá verndarhagsmuni sem búa að baki frumvarpinu, þ.e. að tryggja fyrst og fremst verndun vatns og þá einkum grunnvatns.

Um 2. gr.

Sú friðun sem hinu svonefnda verndarsvæði er búin í frumvarpinu tekur mið af því markmiði að tryggja verndun vatns, einkum grunnvatns. Mörk vatnsverndarsvæðisins eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á rennsli grunnvatns í Þingvallavatn og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild. Þessar rannsóknir sýna að grunnvatn af svæðinu norðan Skjaldbreiðar milli hæstu tinda Þórisjökuls og Hlöðufells og inn á Langjökul hefur afrennsli í Þingvallavatn. Nær Þingvallavatni afmarkast aðrennslissvæðið að

mestu af hæstu fjöllum og hryggjum milli þeirra. Sunnan Þingvallavatns liggur aðrennslissvæðið frá hæstu brúnum Hengilsins og tekur verndarsvæðið til þess.

Vatnsverndarsvæðið er afmarkað þannig að norðan Botnssúlna ráða sýslumörk, þ.e. mörk Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu og mörk Árnessýslu og Mýrasýslu að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Að austan ráða beinar línur milli hæstu fjallatinda, þ.e. úr Langjökli er dregin bein lína í hæsta punkt Hagafells og þaðan milli hæstu punkta Hlöðufells, eystri Hrútatinds (norðan Miðfjalls), Ása og í há-Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns.

Innan vatnsverndarsvæðisins, eins og það er afmarkað í frumvarpinu, falla lönd jarðanna Mjóaness, Miðfells, Skálabrekku, Nesja, Villingavatns, Króks og Hagavíkur sem allar eru í einkaeign, svo og lönd jarðanna Nesjavalla og Ölfusvatns, og hluti af landi jarðarinnar Úlfljótsvatns, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, enn fremur lönd jarðanna Kaldárhöfða og Heiðarbæjar, en þær eru eign ríkisins og leigðar ábúendum. Þá tekur verndarsvæðið jafnframt til hluta af landi jarðarinnar Laugarvatns.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpi til laga um þjóðgarðinn er Þingvallanefnd ætlað að tryggja verndun vatns, þar á meðal Þingvallavatns, innan þjóðgarðsins og tryggir það að náð verði markmiðum þeirrar vatnsverndar sem felst í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það innan vatnsverndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn. Í samræmi við það skal umhverfisráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið varðandi þau málefni sem undir það heyra setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Þannig getur hann í slíkum reglum ákveðið að jarðrask og bygging mannvirkja á verndarsvæðinu sé háð leyfi ráðherra, sem gætir verndunarsjónarmiða, auk þess sem fá þyrfti heföbundin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda, þ.m.t. leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Með sama hætti yrði óheimilt að reisa fjallaskála eða önnur mannvirki á verndarsvæðinu utan byggðarinnar nema með leyfi ráðherra en nokkuð hefur verið um að fjallaskálar hafi verið reistir á þessu svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu, olíu og leysiefna.

Rétt þykir að taka skýrt fram að ráðherra er heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg vegna verndunarinnar, en þarna gæti t.d. verið um að ræða ákveðinn frágang mannvirkja til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá mannvirkinu.

Það land sem fellur undir verndarsvæðið er nú að stærstum hluta til nýtt sem upprekstrarland fyrir sauðfé úr Þingvallasveit, Grímsnesi, Grafningi og Laugardal auk þess sem innan svæðisins eru lönd einstakra jarða. Í greininni er tekið fram að friðun á verndarsvæðinu skuli ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft heföbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema umhverfisráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er mælt sérstaklega fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju og urriðastofna sem nú lifa í vatninu. Þingvallavatn er nú á náttúruminjaskrá samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, en sérstakar reglur hafa ekki verið settar á grundvelli þeirra laga til að tryggja frekari

verndun vatnsins. Eins og lýst er í fyrsta kaflanum í fylgiskjali I með frumvarpinu er Þingvallavatn sérstakt m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sá sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Mikilvægt er talið að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað. Í því efni og fyrir lífríki vatnsins að öðru leyti skiptir miklu að vatnshæð sé haldið stöðugri og höfð sé sérstök gát á því hvaða efni kunna að berast í vatnið með frárennsli og fráveitum. Því er lagt til að umhverfisráðherra verði fengnar valdheimildir, auk hinna almennu valdheimilda sem önnur stjórnvöld hafa, til að setja reglur um takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Þetta yrðu þá sérstakar og strangari reglur en almennt gilda um slík mál. Ákvarðanir um bann við losun í Þingvallavatn verður ráðherra að taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og iðnaðarráðuneytið.

Vegna þeirrar sérstöku mengunar- og sjúkdómahættu sem stafar af fiskirækt og fiskeldi er lagt til að bannað verði að stunda slíka starfsemi í eða við Þingvallavatn. Með orðunum „við Þingvallavatn“ er miðað við að slík starfsemi taki vatn, hafi frárennsli eða hafi önnur líffræðileg tengsl við Þingvallavatn.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að farið skuli eftir ákvæðum 64., 69. og 77. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, um verndarsvæði samkvæmt frumvarpinu. Tilgreind ákvæði laganna mæla fyrir um hvaða reglur skuli gilda við sölu jarðar sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá, heimild umhverfisráðherra til að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi og um bótareglur af þeim sökum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Dr. Pétur M. Jónasson:

Um Þingvelli, Þingvallavatn og vatnasvið þess.

Gildi Þingvalla fyrir þjóðina.

Þingvellir eru friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Á Þingvöllum var stofnað árið 930 elsta löggjafarþing á Vesturlöndum og síðan þá hafa Þingvellir verið samofnir sögu þjóðarinnar. Þingvellir eru jafnframt frá náttúrufræðilegu sjónarmiði meðal merkustu staða landsins. Af brún Almannagjár má sjá flestar þær gerðir eldstöðva sem finnast hér á landi, einnig jarðhitasvæðið á Nesjavöllum, og sé nánar að gáð ýmsar menjar um áhrif ísaldarjökulsins á mótun landsins. En frægastir eru Þingvellir þó vegna sigdældarinnar og sprungnanna sem eru hluti af alheimssprungukerfinu. Hér koma saman á einum stað þau margvíslegu náttúru-

fyrirbæri sem örfáir staðir aðrir á jörðinni geta státað af og bera þögul vitni þeim frumöflum sem skópu Ísland í upphafi, en þau eru sprungukerfið, jarðeldar og jökulrof.

Mið-Atlantshafshryggurinn liggur um Þingvallasvæðið og Þingvallasigdældin er líkust því sem menn finna á neðansjávarhryggjum. Þar geta menn því gengið á tindi Atlantshafshryggjarins og skoðað myndanir sem í rauninni eiga heima á botni Atlantshafsins. Þingvallasvæðið er því furðuverk á landi. Á Þingvöllum birtist fjölskrúðugur sköpunarmáttur jarðarinnar þar sem andstæðurnar mætast. Á Þingvöllum sjáum við hvar Ameríkuflekinn hefst við Almannagjá og Evrasíuflekinn austan Hrafnagjár. Á Þingvöllum mætast austur og vestur ekki einungis jarðfræðilega heldur einnig í jurta- og dýraríkinu. Gliðnun meginlandanna skapar ný búsvæði fyrir jurtir og dýr. Þetta má sjá í Þingvallavatni. Það er stærsta veiðivatn landsins, og á 10 þúsund ára ferli þess hafa þróast þar fjórar gerðir af bleikju. Það er einsdæmi á jarðríki.

Þingvallavatn er ein af gersemum Íslands, glitrandi af fegurð. Heiðblátt, djúpt, kalt og tært vatnið kemur alla leið úr Langjökli en við barm þess getur að líta eitt gjöfulasta hverasvæði Íslands. Eldfjöll fjallahringsins birtast í öllum regnbogans litum og endurspeglast í vatninu og auka á unað þess og töfra. Vatnið er miðdepill landslagsins og skapar úr því heild. Blá-skógar með ilm birkiskógarins og litahaf botngróðursins með blágresi, engjarós, undafíflum og maríustökkum, bláberja-, beiti- og krækiberjalyngi, víðikjarri, fjalldrapa og skófum í öllum regnbogans litum ásamt víðáttumiklum sléttum grámosans, sem sífellt breyta um lit, skapar litasinfóníu sem á fáar sér líkar — að ógleymdu litskrúði haustsins þar sem eldrautt bláberjalyngið og heiðgulur víðirinn teygja sig upp fjallshlíðarnar og gefa fjöllunum nýjan svip. Það er því ekki að furða þótt þessi heimur hafi seitt til sín flesta íslenska listmálara til að túlka töfralitina á léreft.

Fáar þjóðir, ef nokkur, þekkja upphaf sögu sinnar betur en Íslendingar. Fáar þjóðir eiga einstæðari eða fegurri ramma um sögu sína þar sem sköpun Íslands er að verki á Þingvöllum.

Vatnasvið Þingvallavatns og Brúarársvæði hið efra búa yfir miklu meiri þjóðarauðlind en flesta hefur órað fyrir. Fyrsta stóra átak þjóðarinnar í orkumálum var að reisa rafstöðvar við Sog. Eitt stærsta háhitasvæði Íslands er Hengilssvæðið sem liggur á barmi Þingvallavatns og fær vatn alla leið úr Langjökli. Vatnasvið Þingvallavatns og Brúarársvæði ofan Brúarfoss hafa að geyma um þriðjung af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Í heimi, sem þjáist af vatnsleysi, er þetta ómetanleg þjóðarauðlind. Það er aðeins spurning um tíma hvenær hún verður nýtt.

Vatnasvið Þingvallavatns. — Undraheimur í mótun.

Þingvallasvæðið er eitt af furðulegustu og sérkennilegustu vatnasvæðum heims. Á hátindi Atlantshafshryggjarins, þar sem meginlönd Evrópu og Ameríku klofna sundur, myndast sigdæld og flekana rekur hvorn í sína átt: Evrópu í austur en Ameríku í vestur.

Þingvallasvæðið er hluti af gosbelti Atlantshafshryggjar, en hann nær norðan úr Íshafi suður fyrir Afríku þar sem hann beygir í austur. Eina eyjan, sem stendur á hátindi hans er Ísland. Sú grein hans sem Þingvallasvæðið er hluti af nær frá Reykjanesi í Langjökul og er 130 km á lengd. Vatnasvið Þingvallavatns er um 75 km að lengd, allt að 25 km að breidd en mjókkar nokkuð til endanna. Flatarmálið er um 1.000 km^2. Þingvallavatn fyllir syðsta hluta sigdældarinnar og yfirborð þess er 100 m yfir sjávarmáli. Vatnið sjálft er 84 km^2 að flatarmáli og því $^1/_{12}$ af vatnasviðinu. Hæstu fjöll í sigdældinni eru Þóris- og Geitlandsjökull (1.350 og 1.400 m.y.s.) en lægst liggur Sandeyjardjúp 14 m fyrir neðan sjávarmál. Hæðarmismunur er því alls um 1.400 m. Vatnasviðið fylgir hæðarlínum á yfirborði en mörk vatnasviðs grunnvatnsins eru nokkuð frábrugðin, einkum að austan og norðan. Hinn velþekkti fjallahringur

afmarkar þó vatnasviðið í megindráttum. Langjökull er að norðan og Henglafjöll (805 m) að sunnan. Vesturkanturinn markast af Mosfellsheiði (410 m), Búrfelli (782 m), Súlum (1.095 m), Kvígindisfelli (786 m) og þaðan í Þóris- og Geitlandsjökul. Að austan liggja vatnaskilin um Lyngdalsheiði (404 m), Laugarvatnsfjall (612 m), Skriðu (1.005 m), Hlöðufell (1.188 m) og Skersli (900 m) norður í Langjökul.

Elstur er vestur- og austurjaðar sigdældarinnar, þ.e. berglögin sem ganga undir Súlur, Búrfell og Kvígindisfell og dyngjur Mosfells- og Lyngdalsheiðar (1 milljón ára).

Frægasta náttúrufyrirbæri Þingvalla er sigdældin sem sýnir 40 m sig í Almannagjá og Hrafnagjá og 300 m í Hestvík. Enn meira er sigið í Súlnabergi eða 400 m en það er á ytri mörkum dældarinnar eins og Drift í Lyngdalsheiði. Þingvallavatn, sem er um 10 þús. ára gamalt, tengir saman hinar ólíku jarðmyndanir og gerir úr svæðinu tignarlega heild. Sigdældin einkennist af mikilli gosvirkni á síðustu ísöld og á nútíma. Þekktir stapar eru Ármannsfell, Hrafnabjörg, Skriða, Hlöðufell og Laugarvatnsfjall er hafa myndast við gos undir jökli sem ekki var þykkari en svo að ofan á kolli þeirra rann hraun. Miðfell og Búrfell eru hins vegar dæmi um gos sem ekki náðu upp úr jöklinum og mynduðu því móbergshrúgald án hraunkolls. Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindur eru móbergshryggir sem mynduðust við sprungugos undir jökli og eru allt að 30 km að lengd.

Þingvallasigdældin er afleiðing samfelldrar gliðnunar jarðskorpunnar um sprungubeltið. Landið sígur innan hennar en móberg og ný hraun hlaðast í hana og jafna upp sigið að nokkru. Áætlað er að við Almannagjá hafi sigið á sl. 10.000 árum numið samtals um 40 m og að gliðnunin hafi verið um 70 m á sama tímabili milli Almannagjár og Heiðargjár. Það þýðir að sigið er um 4 mm á ári en gliðnunin tæplega 7 mm. Sigið verður í lotum sem hraðsig eins og í sambandi við Suðurlandsskjálftana 1789. Þá seig landið í hliðum dældarinnar í Vatnsviki og frá Lambhaga að Almannagjá 1,20 og 1,40 m hvorumegin. Í sigdældinni miðri í Vatnskoti var sigið tvöfalt meira eða 2,80 m. Afleiðingin varð sú að reiðvegurinn vestur með vatninu fór undir vatn og varð ónothæfur. Þá fór og nokkur hluti túna í Vatnskoti og á Þingvöllum undir vatn. Þetta átti sinn þátt í því að Alþingi var lagt niður 1798 og flutt til Reykjavíkur.

Nýtt hraðsig varð á tímabilinu 1973–1977 þegar Almannagjárgeirinn seig um 9 sm. Tún Þingvallakirkju, sem áður var samfelld heild, er nú orðið að hólmum næst vatninu.

Skjaldbreiður er sígilt dæmi um eldfjall af dyngjugerð. Hin stærstu þeirra, eins og Skjaldbreiður og Tröllladyngja, eru meðal mestu hraunmyndana sem verða til í einu gosi, um 17 km^3 að rúmmáli eða sexfalt rúmmál Þingvallavatns og yfir 200 km^2 að flatarmáli.

Yngri gosmyndanir eru Eldborgir í Þjófahrauni sem mynduðu mikil hraun sem runnu á milli Tindaskaga og Hrafnabjarga yfir Skjaldbreiðarhraun að Mjóafelli. Suður af Hrafnabjörgum er dyngja sem úr rann mikið hraunflóð yfir suðurhluta dældarinnar allt suður að Dráttarhlíð og Heiðarbæ. Hraunflóð þetta nær norður á móts við Arnarfell og þekur alls um 200 km^2. Hraunbrúnin þvert yfir vatnið sést gerla á dýptarkortum. Við Miðfell er hraunflóðið um 100 m á þykkt og liggur þar ofan á Lyngdalsheiðarhrauninu. Hraunið olli því að vatnsborð Þingvallavatns stóð um tíma 10 m hærra en það er nú.

Sogið gróf hins vegar farveg í gegnum hraunið við Sogshorn og vatnið lækkaði í núverandi hæð, 100,5 m.y.s. Gróðurleifar hafa fundist undir hrauninu við Sogshorn og voru þær aldursgreindar með geislakolsaðferð sem sýndi að hraunið er um 10.000 ára gamalt. Þetta var fyrsta greining sinnar tegundar á Íslandi og hefur hún nýlega verið endurtekin með sama árangri. Rétt mun áætlað að hraun þeki yfir helming vatnasviðsins (500 km^2). Þá eru meðtalin Hagavíkur- og Nesjahraun sem liggja saman sunnan vatnsins.

Myndun Þingvallavatns.

Við ísaldarlokin fyrir um 12.000 árum lá jökultunga fram Þingvallalægðina niður á móts við suðurenda Úlfljótsvatns. Fyrsti vísirinn að Þingvallavatni var jökullón sem stóð uppi milli jökuls og hlíða í um 165 m hæð yfir sjó eða 65 m ofan við núverandi yfirborð vatnsins. Þá mynduðust hinir efstu hjallar í Grafningi og jökulgarðar sem þeim tengjast.

Við suðausturhorn Þingvallavatns má sjá þrjú þrep malarhjalla til marks um hærri stöðu vatnsins í ísaldarlok. Hið efsta þeirra er í um 65 m hæð yfir núverandi vatnsborði, miðþrepið um 35 m ofar, og neðsta þrepið 10 m ofar. Tvo efri hjallana má tengja ísaldarlokum fyrir um 11–12 þús. árum með jökulruðningi sem sýnir að Þingvallalægðin var að mestu fyllt jökli en jökullón voru við suðurenda hans. Hjallinn í 110 m hæð myndaðist hins vegar allt í kringum vatnið og áður en Sogið gróf farveg sinn gegnum hraunhaftið áðurnefnda. Ölduþrepið í Dráttarhlíð er frá sama tíma.

Þegar ísöld tók að slota fyrir 11.000 árum var Skjaldbreiður enn ekki til og auravötn frá hinum hopandi jökli í norðaustri runnu í Þingvallalægðina. Þegar Skjaldbreiður svo myndaðist fyrir um 10.000 árum tók fyrir streymi jökulvatna niður í Þingvallalægðina og vatnið varð tært. Safnsvæði Þingvallavatns hefur síðan verið Þingvallalægðin sjálf. Skjaldbreiðarhraunin ná einungis suður á móts við Mjóafell. Hraun úr dyngjunni sunnan Hrafnabjarga mynda hins vegar alla norður- og austurströnd vatnsins eins og áður sagði.

Sandey er yngsta gosmyndun svæðisins, um 2.000 ára gömul. Hún liggur á sprungu sem líkast til er hin sama og myndaði Nesjahraun norðaustan í Hengli. Öskulag frá Sandey hefur fundist í jarðvegi austan við vatnið allt austur fyrir Lyngdalsheiði. Sandeyjargosið var síðasta eldvirknin á þessum slóðum.

Í Sturlungu er greint frá því að fornmenn hafi breytt farvegi Öxarár og veitt henni niður í Almannagjá. Engin ástæða er til að efa það en áin hefur á 10.000 ára ferli sínum myndað marga farvegi milli Almannagjár og Skálabrekku. Vellirnir svokölluðu eru einnig myndaðir af Öxará sem þá hefur runnið í farvegi nokkru norðan við núverandi farveg.

Lífríki Þingvallavatns og tengsl þess við umhverfið.

Þingvallavatn og vatnasvið þess eru efalítið ein dýrmætasta gersemi íslenskrar náttúru. Flestir halda að Þingvallavatn sé mjög ófrjótt, eins og eyðimörk, vegna þess hve djúpt það er og kalt og umlukt lítt grónum hraunum. En því fer fjarri að svo sé. Umhverfið og vistkerfi vatnsins vinna vel saman en á mjög sérstæðan hátt. Úrkoma er mikil á svæðinu og 90% af aðrennsli Þingvallavatns renna langar leiðir neðanjarðar eftir sprungum að vatninu að norðanverðu en vatnsmesta bergvatnsá landsins rennur úr því, að mestu leyti um jarðgöng niður í Steingrímsvirkjun. Það vatn, sem rennur í vatnið norðan úr Langjökli, er um 10 ár á leiðinni og rigningin, sem fellur á hraunin ofan vatnsins, skilar sér 2–4 mánuðum síðar í Þingvallavatn. Uppleyst efni verða því meiri í þessu vatni en ætla skyldi og það eykur alla möguleika til gróðurs. „Frjó eru vötn, sem renna undan hraunum“, segir fornt orðtak.

Grunnvatnsrannsóknir sýna enn fremur að hið heita vatn Hengilsins er af sama uppruna. Það virðist fara mjög djúpt undir sprungukerfum vatnsbotnsins, en þau hafa líka verið könnuð.

Gróður er mikill í vatninu og er ⅓ hluti botnsins þakinn gróðri. Enda þótt vatnið sé kalt er magn þörunga mikið. Lággróður er nokkuð mikill úti á 10 m dýpi en kransþörungar (hágróður) verða mjög háir á 10–30 m dýpi og mynda stór gróðurbelti í vatninu sem hafa mikla þýðingu fyrir allt dýralíf, ekki síst fiskinn. Alls eru fundnar um 150 tegundir jurta á botni og sýnir það nokkuð fjölbreytni gróðursins. Um 50 tegundir dýra beita sér á þennan gróður, allt frá fjöruborði og út á mikið dýpi. Fæstum mun ljóst að 120 þús. dýr lifa á hverjum fermetra

í fjöruborðinu en á 114 m dýpi lifa enn 5–10 þús. Dýr þessi mynda fæðu hinnar alþekktu og ljúffengu bleikju sem veiðist í Þingvallavatni. Mikilvæg fæða bleikjunnar er vatnabobbinn, en hann er þýðingarmikill hlekkur í fæðukeðju botnsins.

Lífrannsóknir sýna að tengslin milli umhverfis vatnsins og lífríkis þess eru mjög mikilvæg fyrir jurtir og dýr þar eð fjölbreyttar botnmyndanir skapa fjölda búsvæða. Hraun af mismunandi aldri og gerð skapa óvenjumikla fjölbreytni í búsvæðum vatnsins ásamt gliðnun jarðskorpunnar sem skapar fylgsni fyrir fiska á milli steina og í gjám og gjótum. Einkum má nefna sérkennilegar hraunmyndanir eins og við Vellankötlu og aðrar líkar myndanir austan vatnsins og það lífríki sem tengist þeim. Þar má sérstaklega taka fram hin sérkennilegu tengsl botnafbrigða bleikjunnar við kaldavermsl vatnsins, en þau hrygna um hásumarið. Það er andstætt hrygningu silunga að hausti sem venja er til við hærra hitastig.

Hin nánu tengsl á milli vistfræði vatnsins og jarðfræði umhverfisins skapa vatninu algjöra sérstöðu meðal vatna heimsins. Fara þarf alla leið til Austur-Afríku til að finna hliðstæð vötn sem myndast í sprungum, en það eru hin frægu vötn Tanganyika, Nyasa og Eþíópíuvötnin og í framhaldi þeirra Dauðahafið og hið fræga Genesaretvatn.

Við Þingvallavatn mætast austur og vestur í dýraríkinu. Himbrimi, straumönd, húsönd, bitmý og lítil krabbafló eru vestrænar tegundir allt vestan úr Klettafjöllum með austurmörk á Íslandi. Hins vegar eru flestar aðrar tegundir Evróputegundir með vesturmörk hér eða á Grænlandi.

Hvers vegna er Þingvallavatn svo blátt og tært?

Í vatnsbolnum lifir jurtasvifið um mánaðartíma á vorin áður en það, fullnýtt, hnígur til botns og verður að seti, öðru nafni kísilgúr, á botni. Afleiðingin er að vatnið verður tært yfir sumarmánuðina. Í setinu hefur tekist að lesa helstu öskulög sem fallið hafa á þennan hluta landsins frá landnámstíð. Við getum nefnt landnámslagið frá 871, sem kom úr Torfajökli og Vatnaöldum, Kötlugosin árin 1000, 1500, 1721 og 1918. Enn fremur Heklugosin 1341 og 1693. Ástæðan fyrir því að svifið lifir svo stutt er sú að það deyr af níturþurrð í vatnsbolnum. Jurtasvifið er undirstöðufæða svifkerfisins og telur um 50 tegundir. Fæðukeðjan samanstendur af fleiri liðum. Svifdýrin, aðallega þrjár tegundir smágerðra krabbadýra, lifa á jurtasvifinu, en þau eru hins vegar þýðingarmikil fæðudýr murtunnar. Rándýr kerfisins var urriðinn auk stærstu bleikjanna. Gróðurinn í vatninu framleiðir um 30 þúsund tonn af þurrefni (sykrungum) á ári.

Fiskurinn og vistkerfið. — Fiskurinn og Sogið.

Í Þingvallavatni eru þrjár tegundir fiska: bleikja, urriði og hornsíli.

Í líffræðilegu tilliti hefur vatnið alþjóðlegt gildi þar eð Þingvallavatn er eina þekkta vatnið í heimi þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju (Salvelinus alpinus). Bleikjuafbrigðin má greina í sundur á útliti, fæðu og lifnaðarháttum. Murta lifir á dýrasvifi og skordýrapúpum og ránbleikja lifir á fiski, einkum á hornsíli og bleikjuungviði. Nefnist hún sílableikja. Bæði afbrigðin eru jafnmynnt, straumlínulaga og frekar ljós á lit. Þetta er aðlögun til að eltast við hreyfanlega fæðu sína í sjálfum vatnsbolnum. Murta er lítil, verður aðeins 20–22 cm á lengd og hún verður kynþroska 4–5 ára gömul. Sílableikja er murta sem 23 cm löng gerist fiskæta og stækkar þess vegna í 30–40 cm. Hún verður kynþroska 6 ára gömul. Í leit að hornsílum ferðast hún í hinum miklu gróðurbreiðum meðfram strandlengjunni á 10–30 m dýpi.

Botnafbrigðin lifa á botndýrum strandgrunnsins og skiptast í dverg- og kuðungableikju. Dvergbleikjan verður aðeins 13 cm á lengd og kynþroska 2–4 ára. Kuðungableikjan verður stór og mjög fagur fiskur 55–60 cm á lengd en kynþroska verður hún fyrst 8 ára gömul. Bæði

afbrigðin eru undirmynnt og því er auðvelt fyrir þau að taka fæðu af botninum. Dvergbleikjan lifir góðu lífi í klettasprungum og gjótum á botni. Hér er fæða ríkuleg og hér er hún örugg í fylgsni sínu gegn ránfiskum. Dvergbleikjan má ekki verða of stór til að geta nýtt fylgsni sín og hún er fullkomlega aðlöguð mjög sérstæðu umhverfi. Bæði afbrigðin lifa á sömu fæðu, aðallega á sniglum, sem lifa í breiðum á klettum og grjóti því að þar grær fæða þeirra, þörungarnir, en einnig á rykmýslirfum.

Auk bleikjunnar þreifst til langs tíma víðfrægur urriði (Salmo trutta) í Þingvallavatni. Stærsti og frægasti stofninn tengdist Efra-Sogi þar sem hið tilkomumikla afrennsli Þingvallavatns lá áður fyrr niður í Úlfljótsvatn. Marga aðra stofna urriða var að finna víðar í vatninu, bæði við uppspretturnar sem streymdu um gjár og sprungur í vatnið, en einnig við læki og ár sem falla í vatnið. Stórurriðinn var aðalfiskæta Þingvallavatns og beitti hann sér aðallega á murtuna. Dýralífið í Efra-Sogi var einstakt því að það skapaði fullkomna nýtingu á því lífræna efni sem barst með straumnum ofan úr Þingvallavatni. Urriðaseiði og smáurriði höfðu aðsetur milli steina í sjálfu Soginu og í iðunni ofan Sogs þar sem þau veiddu lífrænt „rek" úr vatninu með því að liggja kyrr og grípa eða sía átu úr straumvatninu án þess að nota orku. Sú sía, sem tálknin mynda, síaði stærstu fæðuagnirnar frá og hafa það aðallega verið krabbadýrin úr svifinu ásamt bitmýslirfum sem voru aðalfæðan.

Bitmýslirfur nærast á þann hátt að spenna út tvo háfa á hausnum þar sem möskvastærðin er $^{1}/_{1000}$ úr millimetra. Bitmýið veiddi því allar minnstu fæðuagnirnar allt niður í bakteríustærð en urriðinn veiddi stóru agnirnar, eins og krabbadýr, í síur sínar á tálknunum sem eru um 1 mm eða þúsund sinnum grófari en hjá bitmýi.

Urriðinn í Efra-Sogi náði fáheyrðri stærð og veiðibækur staðfesta að urriðar milli 20 og 30 pund hafi verið tíðir í veiðinni. Í bókinni Urriðadans eftir Össur Skarphéðinsson er sýnt fram á það með sterkum rökum að hvergi í heiminum hafi verið stórvaxnari urriði en í Þingvallavatni, og einnig að ekkert vatn hafi státað af jafngóðri urriðaveiði og fékkst á haustin við Efra-Sog. Skýringar vísindamanna á hinni miklu urriðaveiði eru einkum þær að í og við Efra-Sog hafi verið hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir hrygningu og uppvöxt á öllum stærðum urriðaseiða og er sérstaklega vísað til botngerðarinnar með breytilegum grófleika malar, mikils og stríðs straums, sem þó var mismunandi vegna fjölbreytileika í stærð botngrjótsins, og síðast en ekki síst gífurlegrar mergðar af bitmýi (Simulium vittatum) sem urriðinn er þekktur fyrir að sækja í. Straumvatn er forsenda fyrir þroska bæði urriðahrogna og bitmýs.

Árið 1959 var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns milli Kaldárhöfða og Dráttarhlíðar þvergirt með miðlunarstíflu og virkjunin í Steingrímsstöð tekin í notkun. Með þessum aðgerðum þurrkaðist árfarvegurinn í Efra-Soginu nánast alveg upp, bitmýið hvarf og urriðinn var sviptur helstu hrygningarstöðvum sínum. Breytingar á vatnsborðinu í kjölfar virkjunarinnar höfðu líka afgerandi áhrif á viðgang annarra urriðastofna í vatninu sem hafa ekki borið barr sitt síðan.

Þjóðhátíðardaginn 1959 urðu enn kaflaskil: Þann dag brast varnargarður fyrir framan inntaksgöngin í Steingrímsstöð og vatnsflaumur með tíföldu magni Sogsins æddi niður í gegnum göngin og út í Úlfljótsvatn. Við þetta rask hurfu líklega síðustu leifar af riðastöðvum urriðans við útfallið sem hefðu getað haldið uppi einhverjum hluta urriðastofnsins við mynni Efra-Sogsins.

Það leikur enginn vafi á því að með virkjun Steingrímsstöðvar og stíflun Efra-Sogs eyðilagðist mikilfenglegt og merkilegt vistkerfi í og við hið náttúrulega útfall milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Erfðafræðirannsóknir benda til þess að urriðinn í Þingvallavatni sé af svokölluðu „fyrsta landnámi" en slíkir stofnar eru á fallandi fæti og fáir eftir í Evrópu. Það eitt er talið ærin ástæða til að viðhalda urriðanum. Jafnframt hafa vísindamenn bent á að vist-

kerfi Sogsins, að urriðanum meðtöldum, hafi átt sinn þátt í árþúsunda þróun hinna sérstæðu bleikjuafbrigða í Þingvallavatni, fjarri íhlutun mannsins. Stíflun Sogsins raskaði þessu náttúrulega ferli. Líklegt er að urriðinn, sem er mikil fiskiæta, hafi virkað sem hemill á stóra murtuárganga og dregið úr mikilli fjölgun smárra fiska og þannig úr sveiflum í stofnstærð og vaxtarhraða. Þetta samspil tegundanna er reyndar tilgáta sem virðist þó mjög sennileg og fær stuðning af aflaskýrslum sem sýna mjög reglulegar sveiflur á tímabilinu 1896 til 1946 en mjög stórar og óreglulegar sveiflur eftir að Soginu var lokað 1959 og til 1988. Síðasta sveifla hefur varað mjög langan tíma eða þar til haustið 1993 þegar murtuveiði hófst að nýju, en á mjög lítilli murtu, aðeins 16 cm (sjá mynd 4).

Hreyfingar á vatnsborði og lífríkið.

Strendur vatnsins eru óvenju fjölskrúðugar, myndaðar af hraunstraumum af ólíkum uppruna, útliti og aldri, frá 2.000 til 150.000 ára gömlum. Útbreiðsla þeirra í vatninu er þekkt frá dýptarkortum.

Hinar mörgu gerðir af strandlengjum skapa fjölda búsvæða fyrir dýr og jurtir. Þær eru undirstaða að auðugu botndýralífi og mikilli veiði.

Þegar stöðuvötn eru virkjuð breytast eðlishættir þeirra og lífríki. Leyfðar vatnsborðsbreytingar í Þingvallavatni við virkjun Steingrímsstöðvar voru 1 m. Fyrsta áratuginn eftir virkjun Þingvallavatns voru þessar leyfilegu vatnsborðsbreytingar nýttar til fulls í þágu raforkukerfisins en síðustu tvo áratugi hafa vatnsborðsbreytingar minnkað. Síðasta áratuginn eru sveiflur á vatnsborði innan við hálfan metra, og undanfarin tvö ár hefur sveiflu vatnsborðsins verið haldið innan við 20 cm eins og fyrr segir.

Meðan vatnsborð var hreyft ört, oft 10 cm á dag svo að dögum skipti, olli það myndun bárugarða sem mynduðust í mismunandi hæð og jurta- og dýralíf gjöreyðilagðist við örar hreyfingar. Afleiðingin var að veiði á kuðungableikju hrapaði mjög. Samvinna líffræðinga og Landsvirkjunar hefur jafnað mjög sveiflur á vatnsborði síðan 1980 og er árangurinn kominn fram í aukinni veiði og feitari fiski. Þetta sýnir hve aðlögunartími lífríkisins er langur á okkar breiddargráðu, þ.e. litlar sveiflur á vatnsborði halda lífi í þörungunum sem kuðungar beita sér á. Hinn upprunalegi fæðuhlekkur endurskapast og veiði kemst í fyrra horf.

Orkulindir vatnasviðsins.

Auk hinnar miklu náttúrufegurðar er Þingvallasvæðið ein mesta auðlind íslensku þjóðarinnar. Hér voru byggð með fyrstu og öruggustu vatnsorkuverum landsins, Ljósafoss-, Írafoss- og Steingrímsstöð, sem gefa af sér 89 MW.

Hengilssvæðið, sem er meðal stærstu háhitasvæða á landinu, mun tryggja hita um langan aldur fyrir Reykjavíkursvæðið. Stærð Nesjavallavirkjunar er 100 MW en hana má auka í 400 MW. Auk þess er þar orka fyrir 80 MW rafmagnsvirkjun. Sýnt hefur verið fram á að vatn Nesjavallavirkjunar kemur alla leið úr Langjökli.

Vatnasvið Þingvallavatns, sem er um 1.000 km^2 að stærð, geymir stærstu neysluvatnslind í byggð á Íslandi. Það gefur af sér 100 m^3 á sek. í Sogið við útfall úr Þingvallavatni, en 110 m^3 á sek. við ármót Hvítár.

Vatnasvið Brúarár ofan við Brúarfoss myndar ásamt Þingvallasvæðinu eina heild sunnan Langjökuls. Það er aðeins 225 km^2 að stærð utan jökuls en gefur af sér mikið vatnsmagn eða 40 m^3 á sek. Vatnasvið Brúarár nær neðanjarðar langt norður undir Langjökul og er því í raun miklu stærra.

Samanlagt gefa þessi tvö vatnasvið því 140 m^3 á sek. Hlutur þessara tveggja svæða er 30% af öllu lindarvatni sem rennur í byggð á Íslandi en það nemur um 400 m^3 á sek., þar af a.m.k. 120 m^3 á sek. sem hreint lindarvatn.

Vatnsforði á höfuðborgarsvæðinu er 10–20 m^3 á sek. en aðeins hluti hans verður nýttur áður en hann rennur til sjávar.

Hið frábæra vatn Þingvalla- og Brúarárvatnasviðsins tryggir því neyslu- og nytjavatn fyrir Reykjavík og Reykjanesskagann fram á næstu öld eða aldir.

Á Reykjanessvæðinu frá Selfossi að austan og að Kjalarnesi að vestan búa 67% þjóðarinnar eða 175.000 manns (Hagstofa Íslands des. 1992). Enn fremur er rétt að minna á að yfir 90% af fólksfjölgun í landinu verður á þessu svæði.

Vatnsnotkun 50-faldaðist í Reykjavík frá 1903 til 1983 og er nú að meðaltali 600 l á mann á dag. Ef við reiknum með að vatnsnotkun 25-faldist aðeins á næstu öld verður vatnsnámið um 30 m^3 á sek. Reynslan sýnir hins vegar að í verstöðvum þar sem fiskþvottur er mikill getur vatnsnotkun tvöfaldast á skömmum tíma. Það er því lífsnauðsynlegt fyrir fiskiðnað, fiskeldi og allan matvælaiðnað á Reykjanesskaganum að hafa aðgang að nægu neyslu- og nytjavatni í framtíðinni. Hafa ber í huga að ársframleiðsla frystra sjávarafurða frá 1942–1985 hefur aukist úr 20 í rúm 140 þús. tonn. Ef fiskeldi tekur nýtt stökk eykst vatnsnotkun enn að mun.

Gróður og jarðvegur.

Gróður er háður mörgum umhverfisþáttum eins og jarðvegi, hæð yfir sjó og loftslagi, þ.e. hita og úrkomu. Jarðvegur vestan og suðvestan vatnsins er víða um 1 m á þykkt. Þetta er mjög léttur jarðvegur og viðkvæmur fyrir uppblæstri.

Hraun mynda yfir helming af öllu flatarmáli vatnasviðsins. Á þeim er þunnt, órofið jarðvegslag með mosa, lyngi, víðirunnum og birki sem stenst vel uppblásturinn.

Mýrlendi er örlítið umhverfis Þingvallavatn, í nánd við Ölfusvatn sunnan Sprænutanga og í hlíðunum vestan Þingvallavatns, ásamt Kringlumýri í Lyngdalsheiði.

Frægastir eru Þingvellir fyrir birkiskóginn en hann er einkennandi fyrir svæðið. Allir þekkja nafnið Bláskógar úr Landnámu Ara fróða. Skilyrði fyrir birkiskóg eru ákjósanleg á svæðinu þar eð birki krefst 7,0–7,5°C hita yfir sumarmánuðina maí til ágúst til að þrífast en meðalhitinn var 9,5°C 1931–1960 og 8,3°C 1961–1980.

Birkiskógurinn nær nú mannhæð eða meira eftir nær 70 ára friðun og einkennist af undurfögrum botngróðri með blágresi, undafiflum, túnfíflum, brennisóley, maríustökkum, hrútaberjum og Jakobsfífli. Hæst er birkið í Þingvallalægðinni sem er rúmlega 100 m.y.s. en birkið grær í allt að 340 m.y.s. í Ármannsfelli. Þar sem birkið nær hæst er gróðursamfélagið blanda af víði, lyngi og fjalldrapa enda glóa fjöllin á haustin í gulum og rauðum litum.

Í Sturlungu segir að Bláskógaheiði hafi náð upp að Hallbjarnarvörðum. Hallbjarnarvörður liggja í 340 m.y.s. og hefur birki líklega náð langleiðina þangað. Hins vegar vex birki nú á dögum aðeins norður með Ármannsfelli að Hofmannaflöt. Mörkin eru því um 13 km sunnar nú og hefur skógurinn þannig dregist verulega saman.

Álitið er að veðurskilyrði hafi farið versnandi frá landnámstíð og fram á 20. öld. Loftslag og sauðfjárbeit hafa valdið miklu foki og rofi á Skjaldbreiðarafrétti, í austurhlíðum Mosfellsheiðar og Hengilssvæðinu. Setmælingar á botni Þingvallavatns hafa sýnt að áfok var tvöfalt á tímabilinu 1918–1983 miðað við tímabilið 1500–1721.

Á Skjaldbreiðarafrétti voru 430 km^2 friðaðir fyrir sauðfjárbeit með þjóðarátakinu 1974. Þar hafa fundist 25 tegundir í hinni svörtu eyðimörk en búast má við að enn fleiri af þeim 250 tegundum sem finnast á vatnasviðinu hasli sér þar völl. Svæðið virðist nú í nokkurri

framför en sandblástursgeirinn ofan Sandvatns og norðan í Skjaldbreið færist þó enn þá í aukana.

Fuglar og spendýr.

Við vatnið lifa 52 tegundir fugla að staðaldri en aðrar 30 koma af og til. Þingvallavatn er djúpt. Í Þingvallavatni er því ekki fyrir hendi sá gróður og það dýralíf á grunnu vatni sem er undirstaða stórra fuglastofna eins og við Mývatn. Endur geta ekki kafað svo djúpt eftir fæðu. Mófugl er algengur á hinum miklu víðáttum. Allir þekkja tindrandi raddir spóans, lóunnar, hrossagauksins og skógarþrastarins. Þá er enn fremur nokkuð af rjúpu.

Allmiklar breytingar hafa orðið á fuglalífi við Þingvallavatn undanfarin 30 ár. Orsakanna má ekki síst leita í því að á fyrri hluta fimmta áratugarins hóf minkurinn innrás sína á svæðið með válegum afleiðingum fyrir viðgang margra fuglategunda sem áttu búsvæði við vatnið. Einnig hefur gengið nokkuð á varpstaði andartegunda og annarra fugla sem eru nátengdir vatnsbakkanum. Það hefur meðal annars leitt til þess að einkennisfugli vatnsins, himbrimanum, hefur fækkað.

Þrjú villt spendýr lifa á Þingvallasvæðinu, en það eru fjallarefur, minkur og hagamús. Fjallarefurinn hefur lifað þarna frá alda öðli og sennilega komist til Íslands á ís. Það virðast vera nokkuð miklar sveiflur á fjölda hans á síðari hluta þessarar aldar samkvæmt veiðiskýrslum. Fæða hans er aðallega fuglar, sérstaklega rjúpa á vetrum, en einnig minkur og lömb. Lömbunum virðist hafa fækkað í fæðu hans eftir að farið var að ala sauðfé meira heima við. Veiðiskýrslur sýna enn fremur að bláum refum hefur fjölgað meðal skotinna dýra, en þeir hafa sloppið úr refabúum á Suðvesturlandi og blandast villta stofninum. Villti stofninn, hinn upprunalegi refur, er því í varnarstöðu.

Minkur var fluttur til landsins 1931 til loðdýraræktar. Fyrstu minkar sluppu út úr minkabúi í Grímsnesi 1932, aðeins 17 km frá vatninu, og hann er nú algengur á Þingvallasvæðinu þar sem 50–200 dýr hafa verið skotin árlega. Minkur lifir aðallega á fiski en einnig fugli, með þeim afleiðingum sem áður er lýst.

Hagamús er mjög algeng á Þingvallavatnssvæðinu. Álitið er að hún hafi flust til landsins með heyi landnámsmanna þegar á 9. eða 10. öld.

Hvaðan er líf á Þingvallasvæðinu ættað?

Næstum allur gróður og allt dýralíf er ættað frá Evrópu en þó eru áberandi tegundir í gróður- og dýraríki vestrænar. Nefna má eyrarós, blástjörnu, friggjargras og grávíði. Úr dýraríkinu koma að vestan: Himbrimi, straumönd, húsönd (sjaldgæf) og bitmý Sogsins. Ein aðalkrabbafló vatnsins er einkennistegund í „Hinum stóru vötnum“ Norður-Ameríku. Einstæð er toppfluga vatnsins — Chironomus islandicus — en hún finnst aðeins á Íslandi, þ.e. hefur myndað nýja tegund fyrir Ísland.

Þróun byggðar og búskapar 1703–1993.

Samkvæmt manntalinu 1703 bjuggu 135 manns á 17 jörðum kringum Þingvallavatn (í Þingvallasveit og hluta af Grafningshreppi). Um aldamótin 1800 var þjóðin mun fámennari en 100 árum áður er fyrsta manntalið fór fram. Ástæðan var sú að 25% þjóðarinnar dóu úr stórubólu 1707–1709 og í móðuharðindunum 1783–1786 fækkaði þjóðinni um 20% vegna horfellis, farsótta og ófrjósemi kvenna af völdum hungurs. Um miðja 18. öldina létust um 10% vegna hungursneyðar. Í Þingvallasveit einni bjuggu 87 manns 1703 og 98 árið 1801. Fjöldinn var 117 árið 1835 og hafði þannig aukist um 20%, en 1870 var talan 145. Harðæri orsakaði flutning úr sveitinni þannig að upp úr aldamótunum 1900 hafði íbúum fækkað í 100

og hélst þessi tala þar til um 1930 en þá fækkaði enn og íbúatalan var 43 árið 1991 (sjá mynd 1).

Fjárbúskapur og veiði hafa alla tíð verið aðalatvinnuvegir við Þingvallavatn. Bæirnir liggja í 100–200 m.y.s. og viðkvæmt beitiland þeirra enn hærra. Fjöldi býla kringum vatnið réðst af því hvernig áraði. Eftir harðindin á 18. öld var fjöldi býla kominn niður í 17 en á köflum höfðu 16 önnur býli verið í byggð þegar vel áraði. Árni Magnússon og Páll Vídalín könnuðu búskap við vatnið á árunum 1706–1711. Þá voru byggðir 17 bæir og fjöldi heimafólks var 135 og hver persóna hafði þá að meðaltali 1 kú og 10 sauðfjár sér til viðurværis.

Búskapur var háður beit allt árið fyrir hross og sauðfé og að nokkru fyrir kýr þar eð tún voru lítil. Búskapur var því háður ýtrustu nýtingu á beitilandi og bústofn var nákvæmlega hinn sami við byrjun og lok 18. aldar. Skepnufjöldi og fjöldi ábúenda fór því eftir beit og túnstærð.

Mynd 2 sýnir fjölda sauðfjár í Þingvallasveit og Grímsnes- og Laugardalshreppi 1711–1810 og 1854–1990. Fjöldi sauðfjár í Þingvallasveit hafði tvöfaldast eftir 1830, þrefaldast 1854 fyrir fjárkláðann og fjórfaldast 1981. Þrátt fyrir fækkun fólks í sveitinni og sauðfjársjúkdóma var fjárstofn Þingvallasveitar að meðaltali 2.000 á ári fyrir tímabilið 1854–1990 en tveir alvarlegir sjúkdómar orsaka miklar sveiflur í bústofni á þessum tíma en þeir eru færilúsin (kláði) sem geisaði 1858–1859 og síðan mæðiveikin 1937–1951. Grímsnesingar hafa löngum beitt Þingvallaafrétt. Fróðlegt er að sjá sveiflur á fjölda sauðfjár í Grímsnesinu. Hreppaaðskilnaður Laugardals og Grímsness kemur fram í skýrslum 1905. Hér eru báðir hreppar meðtaldir til að fá samanburð við tölur frá 1708. Þá var fjárstofn þeirra alls 3.457 fjár. 1854 var stofninn kominn í 7.889 kindur og hafði þannig meira en tvöfaldast frá 1708. Færilúsin (kláði) fór illa með hann því að 1859 var fjöldinn kominn niður í 2.915. Á næstu 20 árum jókst talan upp í tæp 9.000. Þessi fjöldi hélst til 1926 að undanteknum þeim sveiflum sem voru á harðindatímabilinu frá 1883 til 1903. Mikil fjölgun varð á sauðfé með aukinni ræktun frá 1927 til 1938 er mæðiveikin gerði vart við sig og var hún illvíg á svæðinu til 1951. Upp úr 1955 fjölgaði fé ört í 15.000 og hélst sú tala í 30 ár til 1985 en þá fækkaði sauðfé mjög vegna markaðsörðugleika.

Beitarálag á Þingvallaafrétti á síðari helmingi þessarar aldar hefur því um fjórfaldast frá 1708. Fyrir Þingvallasveit er talan um 360% og fyrir Grímsnes og Laugardal um 430%.

Hætt er við að þetta álag, sem sífellt hefur aukist undanfarin 150 ár, sé ein af orsökum þess að áfok í Þingvallavatn hefur tvöfaldast á tímabilinu frá 1918 til 1983 miðað við tímabilið frá 1500 til 1721. Ætla má að beitarálag undanfarinna 150 ára á Þingvallaafrétti hafi verið frá 10–15 þús. fjár.

Sauðfjárbúskapur sem aðalatvinnugrein er nú aðeins stundaður á fjórum jörðum í Þingvallahreppi.

Leiga eða sala á sumarbústaðalöndum er nú viðurkennd búgrein í sveit.

Fjöldi sumarbústaða innan vatnasviðsins er um 600. Enn fremur eru um 200 óbyggðar lóðir.

Veiðibúskapur Þingvallavatns 1706–1993.

Saga veiði við Þingvallavatn nær yfir 300 ára tímabil. Á árunum 1706–1711 var veitt frá 13 bæjum aðallega að vetri til með krókum, hoppungi og dorgi gegnum ís. Vaðmálsnet þekktust en voru aðeins notuð á tveimur bæjum þar eð bátar voru ekki til á vatninu. Sr. Jón Þorkelsson hefur lýst breytingum sem urðu á Þingvallavatni við jarðskjálftana og landsigið 1789. Sum net hans lágu á þurru landi en eftir öðrum þeirra þurfti að vaða. Á síðustu öld keyptu bændur báta á vatnið og net urðu algeng. Hampnet voru notuð í Mjóanesi upp úr

1850, og Feddersen (1885) skrifar að sr. Jens Pálsson hafi látið honum í té net við rannsóknir hans 1884. Murtuveiði hófst um leið og hampnet urðu algeng. Veiðin jókst stórum og hafði mikla þýðingu fyrir bændur. Murta þótti ljúffeng og var seld sem ódýr soðning um Suðurland og Borgarfjarðardali. Kuðungableikja (botnbleikja) og sílableikja ásamt urriða voru seld sem lostæti til Reykjavíkur.

Á tímabilinu frá 1896–1902 var veitt frá 17 bæjum (Bjarni Sæmundsson 1897–1904). Árið 1930 var enn veitt frá 17 bæjum en 1990 var talan komin niður í sex. Net úr hörtvinna voru notuð fram til 1920 en síðar úr bómull, nælon og girni. Öll net voru hnýtt á bæjum þar til nælon og girnisnet komu til sögunnar.

Veiðin hófst ávallt með írekstrarveiði á vorin. Þegar hitastig komst í 3°C fór fiskurinn að ganga á grunnið og oft var hlutur urriðans stór í þeirri veiði.

Veiðiskýrslur Þingvallavatns ná yfir tæp 100 ár, 1896–1987 að undanteknu tímabilinu 1947–1958.

Veiði hefur stöðugt aukist. Framan af voru kuðungableikja og sílableikja aðalþáttur veiðinnar, sérstaklega þegar markaðsverð hækkaði í fyrra stríði í Reykjavík. Bleikjan hélt áfram að vera í góðu verði, ekki síst eftir að samgöngur tóku að batna upp úr 1930. Sérstaklega tók veiðin mikið stökk eftir að niðursuða hófst 1938 og var murtan eftir það aðalstofn veiðinnar. Þegar hringvegurinn var fullgerður 1942 hófst stangaveiði meðfram flestum strandlengjum við suðausturhluta vatnsins ekki síst þeim sem friðaðar höfðu verið frá alda öðli. Mynd 3 sýnir að veiðin jókst jafnt og þétt en miklar voru sveiflurnar, en þó nokkuð reglulegar, á árabilinu 1896 til 1946. Bændur kvörtuðu sáran yfir veiðileysi þegar um aldamótin við Bjarna Sæmundsson. Enn fremur er mjög greinilegt að veiðinni var hætt í Grafningi að mestu upp úr 1930.

Á mynd 4 er veiðin gefin upp eftir vigt. Þar sést að veiðin hefur 8-faldast á 100 árum, úr um 10 tonnum í um 75–80 tonn á ári. Þessar tölur sýna að Þingvallavatn er frábært veiðivatn samanborið við önnur vötn á sömu breiddargráðu með veiði upp á 10 kg á hektara á ári. Á þessari heildarmynd sést greinilega að sveiflurnar gerast mjög miklar og óreglulegar eftir virkjun Sogsins 1959. Virkjunin virðist því hafa haft grundvallaráhrif á veiðina, sérstaklega murtuveiðina.

Hve mikið magn af fiski er í vatninu?

Tilraunaveiði var framkvæmd 1983 og 1984 og sýndi eftirfarandi:

Murta	642 tonn
Sílableikja	36 tonn
Kuðungableikja	22 tonn
Dvergbleikja	9 tonn
Hornsíli	50 tonn
Alls	759 tonn

Heildarmagn af bleikju var því um 700 tonn vegna þess að hornsíli og dvergbleikja eru ekki veidd. Hornsíli er hins vegar nauðsynlegur hlekkur í fæðukeðju sílableikjunnar. Áberandi er hve stofnarnir af kuðunga- og sílableikju eru litlir, nefnilega 22 og 36 tonn. Áætlað er að veiða megi allt að 50% af veiðanlegum murtustofni en sýnt var fram á að aðeins voru veidd 17%. Þessi staðreynd var augljós eftir 1985 þegar murtustofninn var stór en veiddist ekki vegna smæðar fisksins. Enn fremur var áætlað að 20% af veiðanlegri kuðunga- og sílableikju væru veidd. Þetta má kalla lágar tölur en taka þarf tillit til þess að bleikjuafbrigðin

vaxa hægt og verða allt að 18 ára gömul. Á stórum svæðum í vatninu er ekki veitt. Það mun fara nærri lagi að hægt sé að veiða 10% af þeim 700 tonnum sem eru í vatninu.

Fyrir stíflugerð við Sog 1959 var stór og mikill urriðastofn í vatninu. Murta var þýðingarmikil í fæðukeðju urriðans og því má ætla að hann hafi verið um 8% af murtustofni eða 50 tonn.

Á þessari öld hefur veiðin í vatninu margfaldast og hún hefur verið veruleg búbót fyrir margar jarðir en nýting á kuðunga- og sílableikju hefur víða gengið nærri stofni þeirra.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín.
Manntal á Íslandi 1703.

Árni Magnússon og Páll Vídalín.
Jarðabók. 2. bd. Árnessýsla (Grafningur 1706 og Þingvallasveit 1711).
Kaupmannahöfn 1918–1921.
Önnur útgáfa, Reykjavík 1981.

Skýrslur um Landshagi á Íslandi, bd. 1–5.
Hið íslenska bókmenntafélag í Kaupmannahöfn, 1858–1875.


Landshagsskýrslur og Hlunninda 1899–1913.
Reykjavík.

Hagskýrslur Íslands og skýrslur um landbúnað á Íslandi 1703–1991.
Reykjavík.


Ecology of oligotrophic, subarctic Thingvallavatn.
Ritstjóri: Pétur M. Jónasson.
Kaupmannahöfn 1992.

Össur Skarphéðinsson.
Urriðadans.
Reykjavík 1996.


Bjarni Sæmundsson.
Um Fiskirannsóknir 1897. — Andvari 1898, 22: 96–172. Reykjavík.
Fiskirannsóknir 1902. — Andvari 1904, 29: 79–119. Reykjavík.




Mynd 1.
Fjöldi íbúa í Þingvallasveit 1703–1991.



Mynd 2.
Sauðfjáreign í Grímsnesi, Laugardal og Þingvallasveit 1710–1810 og 1850–1990.



Mynd 3.
Árlegar sveiflur í silungsveiði 1898–1946. Reiknað í fjölda fiska.



Mynd 4.
Veiðisveiflur í Þingvallavatni frá 1898–1988. Reikn. eftir vigt.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Skilgreint er sérstakt vatnsverndarsvæði þar sem óheimilt verður að aðhafast nokkuð það sem spillt getur eða mengað yfirborðsvatn eða grunnvatn og umhverfisráðherra verður í þeim tilgangi heimilt að ákveða að einstaka framkvæmdir á verndarsvæðinu skuli háðar sérstöku leyfi hans. Auk þess verður ráðherra heimilt að ákveða takmarkanir á beit og öðrum nytjarétti innan verndarsvæðisins telji hann að sú notkun leiði til þess að vatn á svæðinu spillist. Þá er í frumvarpinu sérstakt ákvæði um verndun lífríkis Þingvallavatns.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

1421. Svar [606. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um kjör öryrkja.

1. *Hverjar voru meðaltekjur 75% öryrkja úr lífeyrissjóðum á mánuði samkvæmt skattframtölum árið 2003 fyrir árið 2002?*

Meðaltekjur 75% öryrkja á mánuði úr lífeyrissjóðum eru 47.943 kr. samkvæmt skattframtölum árið 2003 fyrir tekjuárið 2002.

2. *Hve stór hluti 75% öryrkja naut ekki tekna úr lífeyrissjóði viðkomandi ár?*

75% öryrkjar sem nutu ekki tekna úr lífeyrissjóði samkvæmt skattframtölum árið 2003 fyrir tekjuárið 2002 voru 5.998. Um 53% öryrkja fá greiðslur úr lífeyrissjóði.

3. *Sé þeim öryrkjum sem nutu lífeyristekna skipt í fimm jafnstóra hópa eftir tekjum úr lífeyrissjóði, hverjar voru þá meðaltekjur hvers hóps um sig á mánuði, sbr. upplýsingar fyrir árið 1997 sem er að finna í skýrslu forsætisráðherra um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja á þingskjali 1136 frá 123. löggjafarþingi?*

Eftirfarandi tafla sýnir meðaltekjur öryrkja á mánuði úr lífeyrissjóði á tekjuárinu 2002 skipt í fimm jafn stóra hópa:

I	II	III	IV	V
7.693 kr.	22.181 kr.	37.307 kr.	57.532 kr.	115.000 kr.

1422. Svar [845. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásgeirs Friðgeirssonar um sjálfbæran hagvöxt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var hlutur sjálfbærs hagvaxtar í árlegum hagvexti hér á landi árin 1999–2003?

Bein töluleg mæling á sjálfbærum hagvexti er ekki til hér á landi. Til að hægt sé að framkvæma slíka mælingu þurfa að vera fyrir hendi þjóðhagsreikningar sem tengja landsframleiðsluna ástandi náttúruauðlinda, mannauði og öðrum viðeigandi stærðum á hverjum tíma. Á grundvelli fyrirliggjandi þjóðhagsreikninga er ekki hægt að tilgreina hlut sjálfbærs hagvaxtar í mælanlegum hefðbundnum hagvexti. Hins vegar hefur með efnahagsstefnu sem fylgt er hér á landi verið lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og að sama skapi að viðhalda stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu sem eru grundvallarforsendur fyrir sjálfbærum hagvexti.

1423. Svar [767. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um AVS-rannsóknasjóð í sjávarútvegi.

1. *Hvaða almennu skilyrði eru sett fyrir úthlutun styrkja úr AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi?*

AVS-rannsóknasjóður gerir tillögur til sjávarútvegsráðherra um styrki til rannsóknarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS-rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókna-, þróunar- og háskólastofnunum.

Stjórn sjóðsins forgangsraðar tillögum um styrki til rannsókna í þágu verkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs og bæta samkeppnishæfni sjávarútvegsins, eftir umfjöllun faghópa.

2. *Hversu margir styrkir hafa verið veittir úr sjóðnum frá stofnun hans og hvernig skiptast þeir eftir kjördæmum?*

Á árinu 2003 fól sjávarútvegsráðherra stjórn AVS-rannsóknasjóðs að gera tillögur um ráðstöfun nokkurra fjárlagaliða til verkefna sem ætluð voru til að auka verðmæti sjávarfangs en sjóðurinn hafði ekki sjálfstæðar fjárveitingar það ár.

Á fjárlögum ársins 2004 er í fyrsta sinn að finna sérstaka fjárveitingu til sjóðsins. AVS-rannsóknasjóður hefur auglýst eftir umsóknum um styrki til verkefna á verkefnasviði sjóðsins. Umsóknir eru nú til umfjöllunar faghópa sem starfa á vegum sjóðsins.

3. *Hvaða fjárhæðum eða öðrum verðmætum hefur verið úthlutað úr sjóðnum, sundurliðað eftir einstaklingum annars vegar og fyrirtækjum hins vegar?*

Sjávarútvegsráðherra fól stjórn AVS-rannsóknasjóðs að gera tillögur um ráðstöfun á aflaheimildum sem nema 500 lestum af óslægðum þorski sem ráðstafa skal til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. AVS-rannsóknasjóður auglýsti eftir umsóknum og bárust 18 umsóknir. Eftirtaldir fengu úthlutun:

Úthlutun kvóta til áframeldis 2004.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	tonn
Guðmundur Runólfsson hf.	Þorskeldi	65
Veiðibjallan ehf.	Þorskkvóti til áframeldis	5
Eskja hf.	Almennar skráningar vegna föngunar og vinnslu á áframeldisþorski í sjókvíum	30
Síldarvinnslan hf.	Áframeldi á þorski í Norðfirði, veiðitækni og vinnsla	30
Glaður ehf.	Hringormasýking þorsks í áframeldi	10
Brim fiskeldi ehf.	Áhrif stöðugrar lýsingar á vöxt og kynþroska áframeldisþorsks í sjókvíum	100
Álfsfell ehf.	Lífslíkur og vöxtur þorsks eftir línu- og handfæraveiðar	10
Vopnfiskur ehf.	Þróun og tilraunir á notkun eldisgildru	10
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	Áframeldi í Álftafirði árið 2004	100
Kví ehf.	Tilraunir með sjókvíaeldi á þorski í Klettsvík og veiðar til áframeldis við Vestmannaeyjar	75
Oddi hf.	Áhrif stærðarflokkunar á vöxt í áframeldi	10
Þórsberg hf.	Áhrif stærðarflokkunar á vöxt þorsks í áframeldi	55
Samtals		**500**

1424. Nefndarálit [924. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/2004, um erfðafjárskatt.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skúla Magnússon mag. jur., Steinunni Guðbjartsdóttur hdl. og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er það lagt fram í þeim tilgangi að taka af allan vafa varðandi lagaskil milli yngri og eldri laga um erfðafjárskatt, þ.e. laga nr. 14/2004 og laga nr. 83/1984.

Í 21. gr. laga 14/2004 eru lagaskil miðuð við dánardag arfleifanda. Þannig segir skýrlega að nýju lögin taki til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar auk þeirrar undantekningar að þau eru látin taka til búa þar sem heimild er til setu í óskiptu búi fari skipti á þeim búum fram eftir 1. apríl 2004. Þannig taldi nefndin við yfirferð á frumvarpi til laga um erfðafjárskatt sem samþykkt var sem lög nr. 14/2004 að gagnálykta mætti að hin eldri lög tækju til skipta á búum þeirra sem látist hefðu fyrir 1. apríl með þeirri undantekningu einni að um óskipt bú væri að ræða. Þannig ætti að fara með kröfu um erfðafjárskatt af búum þeirra sem létust fyrir 1. apríl eftir lögum nr. 83/1984, með síðari breytingum, þar sem arfláti hefði látist í tíð eldri laga.

Eftir að lög nr. 14/2004 tóku gildi komu fram spurningar um hvort nægilega skýrt væri kveðið á um þennan skilning í lögunum sjálfum þar sem í 21. gr. laga nr. 14/2004 segir að lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum, falli úr gildi frá sama tíma og nýju lögin taki gildi. Nefndin telur að meginástæða þessarar spurningar sé að í eldri lögunum miðast krafa um erfðafjárskatt ekki við dánardag arfleifanda heldur við lok skipta viðkomandi dánarbús og þá undirritun sýslumanns á erfðafjárskýrslu. Spurningar sem vöknuðu eftir gildistöku laga nr. 14/2004 sneru að greiðslu erfðafjárskatts af búum þeirra sem létust fyrir 1. apríl 2004 þar sem skiptum var ólokið og maki hafði ekki heimild til setu í óskiptu

búi. Erfðafjárskattur á slík bú er innheimtur og miðaður við verðmæti bús við undirritun erfðafjárskýrslu og er mikilvægt að skýrt sé í lögum að þá skuli fara eftir ákvæðum eldri laga þó svo að undirritunin fari fram eftir 1. apríl 2004. Var þeirri spurningu varpað fram, m.a. í fjölmiðlum, hvort túlka mætti 21. gr. laga nr. 14/2004 þannig að engan erfðafjárskatt þyrfti að greiða í undantekningartilvikum. Þessi túlkun er ekki í samræmi við þann vilja sem stóð á bak við ákvæði 21. gr. laga nr. 14/2004, sbr. það sem segir hér framar.

Frumvarpi þessu er því fyrst og fremst ætlað að koma til fyllingar gildistökuákvæði laga 14/2004 og telur nefndin ljóst að hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Í umræðu um málið í nefndinni kom fram athugasemd varðandi orðalag 3. málsl. 21. gr. laga nr. 14/2004 þar sem segir: „Lögin taka einnig til búskipta þeirra er hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna.“ töldu nefndarmenn að þar hefði verið betra að segja í upphafi „lög þessi“ svo að skýrara væri að þar væri átt við lög nr. 14/2004 en ekki eldri lögin. Nefndin telur þó ekki ástæðu til að gera neinar breytingar vegna þessa enda megi vera ljóst af lestri málsliðarins og samhengi hans við greinina í heild sinni að þar sé átt við lög 14/2004 en ekki eldri lögin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétti til að koma fram með og styðja breytingatillögur við frumvarpið.

Alþingi, 16. apríl 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Gunnar Birgisson.	Dagný Jónsdóttir.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon.

1425. Fyrirspurn [935. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af námsefni á netinu.

Frá Láru Stefánsdóttur.

Er munur á virðisaukaskattsskyldu stafræns námsefnis sem birt er á netinu eingöngu og námsefnis sem gefið er út á bók? Stendur til að samræma þetta tvennt ef munur er á?

Skriflegt svar óskast.

1426. Fyrirspurn [936. mál]

til menntamálaráðherra um Menntagátt.

Frá Láru Stefánsdóttur.

1. Hversu mikið efni hefur verið skráð í Menntagátt menntamálaráðuneytisins?
2. Hvað hefur gerð gáttarinnar kostað nú þegar og hver er áætlaður rekstrarkostnaður á ári?
3. Hvað hefur kostað að láta skrá efni í gáttina?
4. Hversu mikið hafa höfundar fengið greitt fyrir efni sitt?

1427. Fyrirspurn [937. mál]

til menntamálaráðherra um kynjahlutföll námsmanna í Háskóla Íslands.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Hvert er hlutfall kynjanna í námi veturinn 2003/2004 í Háskóla Íslands? Í hversu mörgum deildum voru karlar í meiri hluta og í hversu mörgum deildum voru konur í meiri hluta?
2. Hvert var hlutfallið veturinn 1990/1991? Hvert var hlutfallið veturinn 1995/1996?
3. Er unnið að því að auka aðsókn karla að námi í Háskóla Íslands?

1428. Fyrirspurn [938. mál]

til samgönguráðherra um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver er reynslan af reglum sem settar voru með auglýsingu lögreglustjórans í Reykjavík 10. apríl 2003 í framhaldi af ályktun Alþingis um flutning hættulegra efna um Hvalfjarðargöng?
2. Stendur til að endurskoða þessar reglur og takmarka enn frekar þessa flutninga?

1429. Fyrirspurn [939. mál]

til heilbrigðisráðherra um framtíðaruppbyggingu Landspítalans.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Hvað líður undirbúningi framtíðaruppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut? Hefur verið tekin afstaða til ólíkra möguleika á tilhögun framkvæmda og fjármögnunar?

1430. Fyrirspurn [940. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Hefur heilbrigðisráðherra áætlanir um að auka þjónustu sálfræðinga innan heilbrigðiskerfisins og gera hana aðgengilegri, með samningum við sjálfstætt starfandi sálfræðinga og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins og/eða með fjölgun stöðugilda sálfræðinga innan heilsugæslunnar?

1431. Fyrirspurn [941. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við gjafsókn.

Frá Jónínu Bjartmarz.

1. Hvernig hefur kostnaður ríkissjóðs við gjafsókn þróast árin 1998–2003?
2. Hvernig er þróunin miðað við fjölda mála fyrir dómstólum á sama tíma?
3. Hvernig skiptist kostnaður á milli gjafsóknar skv. a-lið og b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991?
4. Hvernig skiptist kostnaður við gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála eftir því hvort byggt er á að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði einkahagi umsækjanda?

1432. Lög [203. mál]

um Evrópufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1355.

1433. Lög [402. mál]

um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1356.

1434. Lög [427. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1354.

1435. Lög [924. mál]

um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 1403.

1436. Fyrirspurn [942. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sölu hrefnukjöts.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

Hvernig hefur verið staðið að sölu hrefnukjöts frá hvalveiðum síðasta sumars, hver er markaðurinn og um hve mikil verðmæti er að ræða?

1437. Skýrsla [943. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar og starfsemi flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum, sbr. 6. gr. laganna. Hún annast rannsókn allra flugslysa, þ.m.t. alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyssins auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefndin gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir fimm menn:

- Þormóður Þormóðsson, B.S. í flugrekstrar- og tæknistjórnun, rannsóknarstjóri flugslysa,
- Þorkell Ágústsson, verkfræðingur, M.Sc., aðstoðarrannsóknarstjóri flugslysa,
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins,
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.,
- Páll Valdimarsson, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.

Þormóður og Þorkell eru ráðnir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír eru skipaðir til fjögurra ára í senn og núverandi skipunartímabil þeirra nær til 1. júlí 2004.

Fjárheimildir og kostnaður.

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2003 samtals 25,8 millj. kr. og greinast þannig: Framlag í fjárlögum er 24,7 millj. kr. Með fjáraukalögum var veitt 5,8 millj. kr. aukafjárheimild. Frá dregst skuld frá fyrra ári sem var 4,7 millj. kr.

Heildarkostnaður við starfsemina var 26,1 millj. kr. og því færast 0,3 millj. kr. sem skuld til næsta árs.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2003.

Á árinu 2003 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í 14 málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 18 öðrum málum frá árinu 2002 með bókun.

Árið 2003 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 454 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnar-

svæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 76 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin 41 atvik, sem skilgreint var sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar. Nefndin lauk rannsókn á fimm þessara mála með útgáfu rannsóknarskýrslu á árinu og 16 málum var lokið með bókun.

Engin slys urðu á mönnum í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka 19 málum frá árinu 2003, en rannsókn þeirra var langt komin og mun þeim ljúka með rannsóknarskýrslu eða bókun á árinu 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti töluvert samstarf við erlenda rannsakendur vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á 12 atvikum er hentu íslensk-skráðar flugvélar erlendis. Sex þessara rannsókna var lokið á árinu en það voru rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku (Havarikommissionen Civil Luftfart) á flugatviki er henti C 404 flugvél Jórvíkur hf. yfir Grænlandi hinn 1. ágúst 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Svíþjóð (Statens Haverikommission) á flugumferðaratviki er B 757 flugvél Flugleiða átti hlut að við Arlanda flugvöll í Stokkhólmi hinn 25. janúar 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Noregi (Havarikommisjonen for Sivil Luftfart) á alvarlegu flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða við Gardermoen flugvöll í Ósló hinn 22. janúar 2002, rannsókn Slysarannsóknastofnunar samgöngumála í Bandaríkjunum (National Transportation Safety Board) á flugatviki er henti B 757 flugvél Flugleiða yfir austurströnd Bandaríkjanna hinn 19. október 2002, rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa á Spáni (Comisión de Investigación de Accidentes) á flugatviki er henti B 747 flugvél Iberia á Madridarflugvelli hinn 14. september 2002 og rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Argentínu (Junta de Investigaciones de Accidentes de Aviación) á flugatviki er henti B 747 flugvél Atlanta við flugvöllinn í Buenos Aires í Argentínu hinn 22. október 2002.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 20 tillögur til úrbóta í öryggisátt í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2003. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var flestum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum 1984–2003.

Ár	Reglu-bundið flug	Flugslys og flug-atvik	Leigu-flug	Flugslys og flug-atvik	Þjónustu-flug	Flugslys og flug-atvik	Verk-flug	Flugslys og flug-atvik	Einka-flug*	Flugslys og flug-atvik	Kennslu-flug	Flugslys og flug-atvik	Svif-flug	Flugslys og flug-atvik	Flug-stundir samtals	Flugslys og flug-atvik samtals
1984	29.500	4	7.000	0	8.700	2	1.500	0	12.200	4	5.400	0	800	0	65.100	10
1985	30.000	1	6.500	0	9.100	1	3.000	0	14.000	7	6.900	5	800	0	70.300	14
1986	33.000	2	6.000	0	9.300	1	3.500	0	14.000	9	7.800	0	800	1	74.400	13
1987	37.200	1	6.900	0	8.800	3	4.000	2	15.500	9	9.200	2	800	1	82.400	18
1988	35.000	4	6.500	0	8.500	1	4.000	2	17.100	11	8.700	1	800	0	80.600	17
1989	33.000	4	4.000	0	6.800	1	2.800	0	16.700	6	9.100	3	800	1	73.200	15
1990	37.900	3	5.400	2	9.100	1	2.200	1	15.100	6	7.800	4	800	2	78.300	19
1991	38.500	0	11.900	0	8.500	0	1.900	0	12.700	10	8.500	0	800	0	82.800	8
1992	36.082	1	5.549	0	6.641	2	2.138	0	11.234	4	6.189	0	800	2	68.633	9
1993	34.517	1	10.320	0	6.825	0	1.751	0	9.510	4	8.237	0	800	1	71.996	6
1994	39.684	1	12.272	0	7.101	1	2.119	1	10.952	5	7.766	1	800	3	80.694	12
1995	41.694	1	13.881	0	10.087	1	2.475	0	13.025	5	6.316	4	800	2	88.278	13
1996	47.682	2	21.464	3	6.159	2	2.131	0	14.106	11	10.750	0	800	0	103.092	18
1997	51.930	3	25.452	2	5.826	2	1.729	4	14.805	7	13.318	2	800	0	113.060	20
1998	60.549	5	34.434	6	6.756	1	2.004	2	10.753	7	16.052	2	930	0	131.480	23
1999	65.847	5	34.885	4	3.481	1	1.730	0	10.995	11	16.843	3	797	0	134.578	24
2000	70.833	9	39.961	3	2.614	2	1.955	0	11.042	11	12.462	8	700	0	139.567	33
2001	66.959	3	45.683	11	2611	1	1.941	1	9.103	2	10.567	2	700	0	137.562	20
2002	56.081	8	52.000	8	1.750	5	1.824	2	10.560	8	9.229	3	750	0	132.192	34
2003		9		14		0		3		6		2		1		32

*Alvarleg flugatvik eru talin hér með frá 1995 og flugumferðaratvik frá 1997.
Tölur um flugstundir fyrir árið 2003 lágu ekki fyrir þegar skýrslan var tekin saman.

1438. Skýrsla [944. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Nefndin var í byrjun árs þannig skipuð:

Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar,

Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur,

Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna,

Pétur Ágústsson skipstjóri,

Pálmi K. Jónsson vélfræðingur.

Frá og með 1. nóvember 2003 var Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur skipaður aðalmaður í rannsóknarnefnd sjóslysa til 31. ágúst 2004 í stað Emils Ragnarssonar sem fékk lausn frá störfum að eigin ósk.

Starfsmenn eru Jón A. Ingólfsson, sem er framkvæmdastjóri nefndarinnar, og Guðmundur Lárusson fulltrúi.

Fjárveiting til nefndarinnar í fjárlögum ársins 2003 var 30,3 millj. kr. Á árunum 1994–2003 var kostnaður við starfsemi nefndarinnar sem hér segir – tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 millj. kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land:

1994	7.705.328 kr.
1995	8.707.209 kr.
1996	8.756.513 kr.
1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.659.880 kr.
2001	20.662.317 kr.
2002	24.791.935 kr.
2003	32.367.836 kr.

Á árinu 2003 var vinnu haldið áfram við uppsetningu á vef nefndarinnar sem reyndist meiri vinna en áætlað var. Í lok ársins var lokið við að setja skýrslur nefndarinnar fyrir árið 2000, 2001 og 2002 inn á vefinn. Áætlað er að allar skýrslur verði komnar inn á vefinn í lok maí 2004 og vefurinn verður þá formlega opnaður. Gert er ráð fyrir að hann verði öflugur þáttur í starfi nefndarinnar í framtíðinni þar sem lokaskýrslur hennar birtast þá jafnóðum og þær eru afgreiddar.

Árið 2003 bárust 134 mál til nefndarinnar og voru það heldur fleiri mál en undanfarin tíu ár en hafði þó fækkað frá árinu 2002 um 15. Þó má segja að um 20–30 mál sem bárust nefndinni séu tilkomin vegna vinnu nefndarinnar við að fá aðila til að sinna tilkynningum um slys til nefndarinnar betur en áður. Að því undanskildu má segja að um meðalár hafi verið að ræða.

Tafla I. Yfirlit um mál sem komið hafa til RNS 1994 - 2003

Eðli mála	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Skip sekkur	10	17	6	7	8	4	10	6	4	7
Skip strandar	28	19	17	10	14	7	14	10	11	7
Árekstur	5	7	11	4	2	8	6	11	7	4
Eldur um borð	14	12	11	7	6	3	8	15	5	3
Leki að skipi	3	1	1	1	0	0	3	1	5	8
Annað	6	3	12	6	10	7	8	8	12	20
Slys á fólki	69	56	65	55	63	56	64	63	103	85
Dauðaslys	4	2	9	5	3	1	3	7	2	2
Samtals:	**139**	**117**	**132**	**95**	**106**	**86**	**116**	**121**	**149**	**136**

Eins og fram kemur í töflu I fækkar málum sem koma til kasta nefndarinnar milli áranna 2002 og 2003 úr 149 í 136, um 9%. Tvö dauðaslys eru skráð á árinu, annað þar sem skipverji fór á milli skips og bryggju og hitt er óskýrt mannslát starfsmanns á þangskurðarpramma í Breiðafirði.

Árið 2003 voru haldnir 11 nefndarfundir og í árslok var búið að afgreiða 84 mál frá því ári, 63 lokaskýrslur og 21 drög að lokaskýrslu, sem send voru út til umsagnar í desember. Einnig var lokið við að afgreiða mál frá árinu 2002 (72 af 149 málum). Samanlagt var því fjallað um og lokið við að afgreiða 156 mál á árinu. Um áramót voru 50 mál óafgreidd frá árinu 2003 og eitt mál frá 2002.

Á árinu fóru starfsmenn og nefndarmenn á þrjá staði úti á landi til kynningar á nefndinni og störfum hennar. Kynningarfundir voru á Eskifirði í janúar, Akureyri í mars og á Ísafirði í maí. Efni fundanna var: a) Upplýsingar um nefndina almennt, nýtt lagaumhverfi og ný vinnubrögð. b) Framtíðarsýn rannsóknarnefndar sjóslysa. c) Sjóslys og rannsóknir. d) Minni fiskibátar farast, 1969–2000. e) Fyrirspurnir og umræða.

Í þessum ferðum voru einnig heimsótt sýslumanns- og lögregluembætti á Eskifirði, Akureyri, Ólafsfirði, Ísafirði og Bolungarvík. Hjá þessum aðilum var sagt frá tilgangi nefndarinnar og farið yfir lög um hana, ásamt því að kynnt var mikilvægi lögreglunnar sem grunnupplýsingagjafa fyrir nefndina. Jafnframt var tilgangur þessara heimsókna að efla samstarf nefndarinnar við þá aðila sem hún á mikið samstarf við um rannsóknir mála, aðallega vettvangsrannsóknir.

Nefndin notaði einnig þessar ferðir til hefðbundinna nefndarstarfa og er fyrirhugað að halda slíkum ferðum áfram á árinu 2004 og hugsanlega á árinu 2005. Ekki liggur fyrir nákvæm áætlun þar um.

Á árinu var lokið viðamikilli rannsókn á björgunarferli sjóslyss sem varð í desember 2001 og var það fyrsta rannsókn nefndarinnar af því tagi. Þetta var gert samkvæmt sérstakri ósk frá samgönguráðuneytinu.

Eins og á undanförnum árum kemur aðeins hluti mála til nefndarinnar, þ.e. af þeim málum sem nefndin ætti að fá til umfjöllunar lögum samkvæmt. Tafla II sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins frá árinu 1994 til 2003. Eins og þar kemur fram varð fækkun á tilkynningum frá árinu á undan, úr 413 í 379 eða um 9%.

Tafla II. Yfirlit um slys á mönnum skv. tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins

1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
473	417	436	388	378	381	361	348	413	379

1439. Frumvarp til laga [945. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

71. gr. a laganna orðast svo:

Í innanlandsflugi og millilandaflugi skulu lendingargjöld greidd af umráðendum loftfara fyrir afnot loftfara af þeim flugvöllum þar sem flugupplýsingaþjónusta er veitt. Tekjur af lendingargjöldum skulu renna til Flugmálastjórnar.

Fyrir lendingu loftfars í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaksmassa eða meiri skal greiða 238 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess fyrir hverja lendingu á flugvöllum sem veita flugupplýsingaþjónustu.

Fyrir hverja lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur skal greiða gjald, 650 kr., fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa þess, en samsvarandi 10 bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfars fyrir hverja lendingu í Reykjavík. Stæðisgjöld skulu innheimt samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá sem ráðherra setur.

Leitar- og björgunarflug, prófflug eftir viðgerð, flug með þjóðhöfðingja og flug loftfara íslenska ríkisins skulu undanþegin gjaldskyldu samkvæmt grein þessari.

Gjalddagar skulu vera 15. hvers mánaðar vegna gjaldskyldra lendinga í þarnæsta mánuði á undan.

Flugmálastjórn er heimilt að krefjast greiðslu gjalda samkvæmt grein þessari fyrir brottför loftfars eða krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjalda.

2. gr.

71. gr. b laganna orðast svo:

Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, öryggisgjald, þar sem slík leit fer fram, til Flugmálastjórnar Íslands. Gjaldið greiðist fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Fjárhæð gjaldsins skal vera 570 kr. fyrir hvern farþega. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal þó greiða 285 kr. Undanþegin gjaldskyldu eru börn yngri en tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Öryggisgjald fyrir farþega sem ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og öllum loftförum sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fyrir brottför loftfars. Heimilt er að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Öryggisgjald fyrir farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Ráðherra er heimilt að setja með gjaldskrá nánari reglur um innheimtu gjaldsins.

3. gr.

X. kafli laganna orðast svo:

a. (86. gr.)

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um allan flutning í loftfari á farþegum, farangri og farmi gegn greiðslu. Hann gildir einnig um ókeypis flutning enda annist flytjandi flutning.

Ákvæði kaflans gilda um innanlandsflug á Íslandi skv. 1. mgr. hver sem flytjandinn er og annað flug skv. 1. mgr. af hálfu flytjenda sem hafa íslenskt flugrekstrarleyfi, hvar sem það er innt af hendi.

Ákvæði þessa kafla gilda einnig um flutning sem framkvæmdur er af íslenska ríkinu, ríkisstofnunum eða öðrum opinberum aðilum þegar þeir stunda flugrekstur skv. 1. mgr.

b. (87. gr.)

Nánar um gildissvið.

Ákvæðin um flutningsskjöl í 89.–93. gr. taka eigi til flutninga sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Ekkert í lögum þessum skal koma í veg fyrir að flytjandi geti neitað gerð flutningssamnings. Hafi flytjandi lofað rýmri rétti en leiðir af ákvæðum þessa kafla skulu þau ekki talin skerða slíkan rétt. Ákvæði kaflans kveða á um lágmarksréttindi.

Gildissvið 125. og 126. gr. er markað sérstaklega í ákvæðunum sjálfum.

c. (88. gr.)

Póstflutningar.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

Við flutning bréfa og böggla er flytjandi einungis ábyrgur gagnvart hlutaðeigandi póstþjónustu í samræmi við þær reglur sem gilda um samband flytjanda og póstþjónustu.

d. (89. gr.)

Farseðill og farangursmiði.

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil eða sameiginlegan farseðil fyrir fleiri en einn farþega þar sem greina skal:

a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

Í stað þess að afhenda farseðil svo sem greinir í 1. mgr. má flytjandi varðveita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. með öðrum hætti. Sé þeirrar heimildar neytt skal flytjandi bjóða farþega skriflega yfirlýsingu um þær upplýsingar sem varðveittar eru.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal flytjandi gefa út farangursmiða fyrir sérhvern innritaðan hluta farangurs.

Nú eru ekki færðar sönnur á annað og telst þá farseðill eða yfirlýsing, sé heimildar skv. 2. mgr. neytt, sönnun um gerð farsamnings og flutningsskilmála.

Farþega skal afhent skrifleg tilkynning um að flutningurinn hlíti ákvæðum Montreal-samningsins eða lögum sem með samsvarandi hætti og samningurinn kunni að takmarka ábyrgð flytjanda á lífs- og líkamstjóni, glötun eða tjóni á farangri og farmi og vegna tafa, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Þrátt fyrir að fyrirmælum þessarar greinar sé ekki fylgt er farsamningur eigi að síður gildur, þ.m.t. ákvæði um takmörkun á ábyrgð.

Ráðherra er heimilt að kveða frekar á um rafræna bókun, útgáfu farseðils og tilkynningu flytjanda skv. 5. mgr. með reglugerð.

e. (90. gr.)

Fylgibréf.

Þegar farmur er fluttur skal afhenda fylgibréf.

Í stað þess að afhenda fylgibréf má flytjandi varðveita skráningu upplýsinga um flutning með öðrum hætti. Ef heimildarinnar er neytt skal flytjandi, ef þess er krafist af sendanda, afhenda sendanda kvittun sem gerir kleift að bera kennsl á farm og greinir þær upplýsingar sem varðveittar eru um flutninginn.

Nú er fylgibréf eigi gefið út eða efni fylgibréfs er eigi það sem mælt er fyrir um, eða fylgibréf hefur glatast, og er þá farmsamningur eigi að síður gildur og háður ákvæðum þessa kafla, þ.m.t. ákvæðum um takmörkun á ábyrgð.

f. (91. gr.)

Efni fylgibréfs.

Fylgibréf farms eða kvittun fyrir farmi skal tilgreina:

a. brottfarar- og ákvörðunarstað,
b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
c. þyngd farms.

Ef um fleiri en eitt stykki farms er að ræða:

a. getur flytjandi farms krafist þess að sendandi gefi út sérstök fylgibréf fyrir hvert og eitt stykki,
b. getur sendandi krafist þess að flytjandi farms gefi úr sérstakar kvittanir þegar sá háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 90. gr.

g. (92. gr.)

Skjal er lýsir eðli farms.

Sendandi kann að verða skyldaður, að kröfu lögreglu, tollyfirvalda eða annarra yfirvalda, til að afhenda skjal sem tilgreinir eðli farms. Ákvæði þessarar greinar leggja engar skyldur eða ábyrgð á flytjanda.

h. (93. gr.)

Útgáfa fylgibréfs.

Sendandi skal gefa út fylgibréf í þremur frumritum. Á fyrsta eintakið skal rita „handa flytjanda“ og skal það undirritað af sendanda. Á annað eintakið skal rita „handa viðtakanda“ og skal það undirritað af sendanda og flytjanda. Þriðja eintakið skal undirritað af flytjanda sem skal afhenda það sendanda eftir viðtöku farms.

Undirritun flytjanda og sendanda mega vera prentaðar eða stimplaðar.

Nú hefur flytjandi gefið út fylgibréfið að beiðni sendanda og skal þá talið að hann hafi gefið það út í umboði sendanda, nema annað sannist.

i. (94. gr.)

Ábyrgð á efni fylgibréfs.

Sendandi ber ábyrgð á því að upplýsingar um farm séu réttar, og að rétt sé yfirlýsing um farm sem hann eða aðrir fyrir hans hönd hafa sett í fylgibréf, eða byggist á gögnum sem sendandi kemur til flytjanda og ætlast er til að flytjandi setji í farmkvittun eða skrái þegar heimildar skv. 2. mgr. 90. gr. er neytt. Sama ábyrgðarregla gildir þegar sá aðili sem kemur fram fyrir hönd sendanda er einnig umboðsmaður flytjanda.

Sendandi skal bera ábyrgð á hvers konar tjóni, sem flytjandi kann að verða fyrir eða aðrir þeir sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart, sakir þess að upplýsingar er sendandi hefur gefið eru ónákvæmar, ófullkomnar eða rangar.

Að öðru leyti en greinir í 1. og 2. mgr. skal flytjandi bera ábyrgð á hvers konar tjóni sem sendandi kann að verða fyrir eða aðrir þeir sem sendandi er ábyrgur gagnvart sakir þess að upplýsingar, sem flytjandi eða aðili fyrir hans hönd setti í farmkvittun eða skráði skv. 2. mgr. 90. gr., reyndust ónákvæmar, ófullkomnar eða rangar.

j. (95. gr.)

Sönnunargildi skjala.

Fylgibréf er gild sönnun fyrir gerð farmsamnings, viðtöku vöru og skilmálum flutnings, uns annað sannast.

Upplýsingar í fylgibréfi eða farmkvittun um þyngd, ummál og umbúðir farms, sem og fjölda stykkja, skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn, rúmtak og ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema að því leyti sem fram kemur í fylgibréfi eða farmkvittun að hann hafi í viðurvist sendanda gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra, eða eiga við um sýnilegt ástand farmsins.

k. (96. gr.)

Réttur til ráðstöfunar farms.

Sendandi hefur, með fyrirvara um þá skyldu að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt farmsamningi, þann ráðstöfunarrétt yfir farmi að hann getur endurheimt hann á brottfarar- eða ákvörðunarstað, að hann getur stöðvað flutninginn, ef lent er á leiðinni, að hann getur látið afhenda farm á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum en þeim sem tilgreindur er í fylgibréfi sem viðtakandi, eða hann getur krafist þess að farmur verði flutt aftur til brottfararstaðar. Ráðstafanir þessar getur sendandi þó því aðeins gert að þær hafi eigi í för með sér tjón fyrir flytjanda eða aðra sendendur og að greiddur sé kostnaður sem af því leiðir að hann neyti þessa réttar.

Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Nú fylgir flytjandi fyrirmælum sendanda um ráðstöfun farms, án þess að krefjast eintaks sendanda af fylgibréfi eða farmkvittun, og er flytjandi þá ábyrgur. Þó skal flytjandi halda rétti sínum til að krefjast bóta af sendanda vegna tjóns sem sá aðili kann að verða fyrir sem hefur eintak sendanda af fylgibréfi eða farmkvittun undir höndum.

Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda skv. 97. gr. hefst. Nú neitar viðtakandi að taka við vöru eða ekki er hægt að ná sambandi við hann, og getur þá sendandi haldið ráðstöfunarrétti sínum.

l. (97. gr.)

Afhending farms.

Með þeirri undantekningu sem um ræðir í 96. gr. getur viðtakandi þegar farmur er kominn á ákvörðunarstað krafist þess að flytjandi láti af hendi við hann fylgibréfið og farm gegn greiðslu þeirra gjalda er hvíla á farminum, enda uppfylli hann öll þau flutningsskilyrði sem greinir í farmsamningi.

Ef ekki er um annað samið er það skylda flytjanda að tilkynna viðtakanda um komu farms án tafar.

Nú viðurkennir flytjandi að farmur hafi glatast eða hann ekki komið fram innan sjö daga frá þeim degi er koma hans var áætluð og getur viðtakandi þá neytt þess réttar sem farmsamningur kveður á um gagnvart flytjanda.

m. (98. gr.)

Réttur sendanda og viðtakanda.

Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig nýtt sér þann rétt sem þeir hafa skv. 96. og 97. gr. gegn því að uppfylla þær skuldbindingar sem farmsamningurinn leggur þeim á herðar. Gildir það hvort sem þeir koma fram fyrir eigin hönd eða annarra.

n. (99. gr.)

Tengsl sendanda og viðtakanda eða sameiginleg tengsl við þriðja aðila.

Ákvæði 96., 97. og 98. gr. varða hvorki tengsl milli sendanda og viðtakanda né sameiginleg tengsl við þriðja aðila sem leiðir rétt sinn frá öðrum hvorum.

Aðeins má víkja frá ákvæðum 96., 97. og 98. gr. að það sé gert með sérstöku ákvæði í fylgibréfi eða farmkvittun.

o. (100. gr.)

Upplýsingaskylda sendanda.

Sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og framvísa þeim skjölum sem nauðsynleg teljast til að afgreiðsla toll- og lögregluyfirvalda eða annarra yfirvalda geti farið fram áður en farmur er afhentur viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á tjóni sem af kann að hljótast skorti slíkar upplýsingar eða skjöl, eða þau reynast ófullkomin eða röng, nema tjónið sé sök flytjanda eða starfsmanna hans.

Á flytjanda hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort upplýsingar eða skjöl séu rétt eða fullnægjandi.

p. (101. gr.)

Gerðardómur.

Aðilar farmsamnings geta tekið fram í samningi að deilur sem upp kunna að koma hvað varðar ábyrgð flytjanda samkvæmt þessum lögum og Montreal-samningnum skuli lagðar til úrlausnar fyrir gerðardómi. Slíkur samningur skal gerður skriflega.

Málsmeðferð gerðardóms skal að vali stefnanda fara fram á einhverju því varnarþingi sem um getur í 115. gr. Gerðardómur skal beita ákvæðum Montreal-samningsins og lögum þessum.

Efni 2. mgr. skal vera hluti sérhvers samnings um að mál skuli lagt í gerð og sérhver áskilnaður í samningi eða samningur sem víkur frá efni þessara málsgreina skal ógildur.

q. (102. gr.)

Ábyrgð flytjanda vegna líf- og líkamstjóns.

Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum slyss sem verður í loftfari, þá farið er í loftfar eða úr því og ber flytjandi þá ábyrgð á því.

Flytjandi ber hlutlæga bótaábyrgð á tjóni hvers farþega sem nemur 100.000 SDR eða lægri tjónsfjárhæð.

Flytjandi skal hins vegar laus úr ábyrgð skv. 1. mgr. vegna hærri tjónsfjárhæða en 100.000 SDR ef hann sannar að:

a. tjónið orsakaðist ekki af gáleysi, vanrækslu eða annarri saknæmri hegðun flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna; eða
b. tjónið orsakaðist að öllu leyti af gáleysi, vanrækslu eða annarri saknæmri hegðun þriðja aðila.

Bótafjárhæðir í tjónstilvikum sem valda örorku eða dauða skulu ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Vextir reiknast samkvæmt ákvæðum IV. kafla. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

r. (103. gr.)

Fyrirframgreiðsla.

Flytjandi skal án tafar og ekki síðar en 15 dögum eftir að ljóst er hver hinn slasaði eða látni er inna af hendi fyrirframgreiðslu til að mæta bráðum fjárhagsþörfum og skal greiðslan taka mið af aðstæðum. Greiðsla þessi skal ekki vera lægri en sem nemur jafnvirði 16.000 SDR í íslenskum krónum vegna hvers farþega sé um dauðsfall að ræða.

Það að inna fyrirframgreiðslu þessa af hendi jafngildir þó ekki viðurkenningu á ábyrgð og kemur til frádráttar við endanlegt uppgjör bóta vegna slyssins. Hún er þó ekki afturkræf, nema í þeim tilvikum sem greinir í 107. gr., þ.e. að flytjandi sannar að farþegi hafi verið valdur eða samvaldur að slysinu eða að sá sem greiðsluna fékk hafi ekki átt lögvarið tilkall til hennar.

s. (104. gr.)

Ábyrgð flytjanda á farangri.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni sem verður ef innritaður farangur glatast, skemmist eða eyðileggst ef tjónsatburðurinn á sér stað í loftfari, eða meðan innritaður farangur er í vörslum flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna. Flytjandi er ekki ábyrgur ef og að því leyti sem tjón á farangri má rekja til eðlislægra galla eða ástands farangurs.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni á óinnrituðum farangri, þar með töldum persónulegum eigum, ef tjón má rekja til sakar hans, starfsmanna hans eða umboðsmanna.

Ef flytjandi viðurkennir að hafa glatað innrituðum farangri, eða innritaður farangur kemur ekki fram innan 21 dags eftir að áætlað var að hann kæmi á áfangastað, er farþega heimilt að neyta þeirra réttinda sem í farsamningi felast.

Sé það ekki sérstaklega tekið fram í lögum þessum merkir „farangur“ bæði innritaður og óskráður farangur.

t. (105. gr.)

Ábyrgð flytjanda á farmi.

Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni sem hlýst af því ef farmur eyðileggst, glatast eða skemmist meðan á loftflutningi stendur.

Flytjandi skal laus úr ábyrgð að hluta eða öllu leyti ef hann sannar að tjón á farmi skv. 1. mgr. hafi orsakast af eftirfarandi ástæðum, einni eða fleiri:

a. eðlislægum ágöllum farms;
b. gölluðum umbúðum farms sem aðrir en flytjandi og starfsmenn hans eða umboðsmenn hafa gengið frá;
c. stríði eða vopnuðum átökum;
d. aðgerðum opinberra yfirvalda varðandi farm við brottför, komu eða viðkomu.

Ábyrgðarregla tekur skv. 1. mgr. ekki til neins konar flutnings á landi, á sjó eða eftir skipgengum vatnaleiðum sem eru utan flugvallar. Ef hins vegar slíkur flutningur á sér stað samkvæmt flutningssamningi, í þeim tilgangi að hlaða, afhenda eða áframsenda farm er tjónsatburður talinn hafa átt sér stað í loftflutningi, nema annað sannist. Ef flytjandi, vegna forfalla, en án samþykkis sendanda, flytur farm með öðrum flutningstækjum en loftförum hluta eða alla leið samkvæmt samningi um loftflutning skal slíkur flutningur vera talinn loftflutningur allt að einu.

u. (106. gr.)

Ábyrgð flytjanda vegna tafa.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum tafa í flutningi á farþegum, farangri og farmi. Þó verður flytjandi ekki talinn bera ábyrgð á tjóni sem orsakast af töfum í flutningi, geti hann sannað að hann og starfsmenn hans og umboðsmenn hafi viðhaft þær aðgerðir sem sanngjarnt getur talist að viðhafðar séu eða að ógerlegt hafi verið að framkvæma slíkar aðgerðir.

v. (107. gr.)

Eigin sök tjónþola.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur að því, og má þá lækka skaðabætur eða fella þær niður.

w. (108. gr.)

Takmarkanir á ábyrgð flytjanda.

Ábyrgð flytjanda á tjóni sem orsakast af töfum í flutningi á farþegum skv. 106. gr. skal takmörkuð við 4.150 SDR vegna hvers farþega.

Ábyrgð flytjanda vegna þess að farangur glatast, eyðileggst, skemmist eða tefst skal takmörkuð við 1.000 SDR vegna hvers farþega, nema farþegi hafi við innritun farangurs sérstaklega tilgreint þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs á ákvörðunarstað og greitt umkrafið aukagjald, og gildir þá hið tilgreinda verðmæti sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir farþega hafi verið minni.

Ábyrgð flytjanda vegna þess að farmur glatast, eyðileggst, skemmist eða tefst skal takmörkuð við 17 SDR á hvert kíló, nema sendandi hafi sérstaklega tilgreint þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farms á áfangastað og greitt umkrafið aukafarmgjald. Gildir þá hið tilgreinda verðmæti sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir sendanda hafi verið minni.

Nú eyðileggst, glatast, skemmist eða tefst farmur eða hluti farms og skal þá aðeins leggja þunga þess farms sem eyðileggst, glatast, skemmist eða tefst til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta varnings sem lækkar verðmæti annarra hluta farms sem sami farangursmiði eða sama fylgibréf eða kvittun tekur til, eða ef slík skjöl voru ekki gefin út, heldur neytt heimildar skv. 2. mgr. 90. gr., og

skal þá við ákvörðun hámarksábyrgðar einnig telja til heildarþunga þann hluta farmsins sem rýrnar í verði.

Ef sannast að flytjandi, starfsmenn eða umboðsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi vitandi að tjón mundi sennilega hljótast af skal eigi beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar. Þetta gildir þó eigi ef flytjandi hefur áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er atburður sá gerðist er tjónið hlaust af eða áður en mál er höfðað boðið sækjanda skriflega skaðabætur sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

x. (109. gr.)

Frestir og fyrning.

Þegar tekið er við innrituðum farangri eða farmi án fyrirvara af hálfu viðtakanda skal talið að farangurinn eða farmurinn hafi verið óskemmdur og í samræmi við fylgibréf eða kvittun þegar heimildar skv. 2. mgr. 89. gr. og 2. mgr. 90. gr. er neytt, uns annað sannast.

Verði tjón ber viðtakanda að tilkynna flytjanda það jafnskjótt og þess verður vart, í síðasta lagi sjö dögum eftir viðtöku ef um innritaðan farangur er að ræða og fjórtán dögum ef um farm er að ræða. Ef um töf er að ræða skal tilkynning hafa borist í síðasta lagi tuttugu og einum degi frá því að farangur eða farmur hefði átt að vera afhentur. Dagur merkir almanaksdagur.

Sérhver tilkynning skal gerð skriflega og með sannanlegum hætti innan áðurnefndra tímafresta.

Nú er tjón eigi tilkynnt áður en liðnir eru tímafrestir þeir sem um getur í 2. mgr. og fellur þá niður sérhver krafa á flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

Réttur til skaðabóta samkvæmt þessum kafla fyrnist ef mál er eigi höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða tvö ár eru liðin frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist.

y. (110. gr.)

Umreikningur sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Með SDR er vísað til sérstakra dráttarréttinda, eins og þau eru skilgreind af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og gengisskráningar Seðlabanka Íslands á þeim við sölu. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við dómsuppsögudag, en uppgjörsdag ljúki máli án dóms.

z. (111. gr.)

Takmarkanir á ábyrgð, ógild ákvæði og frelsi til samningsgerðar.

Flytjanda skal heimilt að taka á sig ríkari flutningsábyrgð en um getur í lögum þessum eða ákveða að alls engar takmarkanir gildi.

Ógildur er áskilnaður eða fyrirvari sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveður á um frekari ábyrgðartakmarkanir en greinir í Montreal-samningnum og lögum þessum. Þá skulu ógildir vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar gerðir áður en tjón verður þar sem aðilar víkja frá ákvæðum Montreal-samningsins eða lögum þessum, þ.m.t. ákvæðum um varnarþing. Slíkur áskilnaður skal vera ógildur, en ógildi slíks áskilnaðar hefur ekki í för með sér ógildi samnings í heild sinni sem skal vera háður ákvæðum Montreal-samningsins og þessara laga.

þ. (112. gr.)

Starfsmenn og umboðsmenn.

Nú eru starfsmenn eða umboðsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir tjón sem á undir Montreal-samninginn eða lög þessi, og skal þeim þá heimilt, geti þeir sannað að þeir hafi framkvæmt störf sín innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær ábyrgðarleysisástæður og takmarkanir á bótaábyrgð sem flytjanda sjálfum er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt ákvæðum Montreal-samningsins og lögum þessum.

Heildarfjárhæð þeirra skaðabóta sem starfsmönnum og umboðsmönnum flytjanda er gert að greiða skal ekki fara fram úr gildandi ábyrgðartakmörkunum.

Að farmtjóni undanskildu skal 1. og 2. mgr. ekki beitt ef sannað er að tjón hafi orðið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi starfsmanna flytjanda eða umboðsmanna hans.

æ. (113. gr.)

Grundvöllur bótakröfu.

Í málssókn á hendur flytjanda til heimtu bóta vegna tjóns sem verður við loftflutninga á farþegum, farangri eða farmi, sem fellur undir gildissvið þessa kafla, verða málsástæður, lagarök og dómsúrlausn aðeins byggð á ákvæðum þessa kafla og á Montreal-samningnum.

ö. (114. gr.)

Endurkröfuréttur gegn þriðja manni.

Ekkert í Montreal-samningnum né lögum þessum skal koma í veg fyrir endurkröfurétt þess aðila sem ábyrgur telst.

aa. (115. gr.)

Varnarþing.

Skaðabótamál samkvæmt lögum þessum verður einungis höfðað fyrir íslenskum dómstól eða fyrir dómstól í ríki sem gerst hefur aðili að Montreal-samningnum.

Skaðabótamál skal höfða að vali stefnanda:

a. á heimilisvarnarþingi flytjanda eða þar sem flytjandi hefur aðalskrifstofu sína eða útibú;
b. þar sem flutningssamningur var gerður, eða
c. á ákvörðunarstað.

Ef um andlát, líkamsmeiðsl eða heilsutjón farþega er að ræða má höfða mál á þeim varnarþingum sem um getur í 2. mgr. eða fyrir dómstól í aðildarríki Montreal-samningsins þar sem farþegi átti aðalaðsetur eða fast aðsetur er slys varð. Það er þó enn fremur háð þeim skilyrðum að flytjandi hafi með höndum flutning farþega í lofti til eða frá því ríki, annaðhvort með sínum eigin loftförum eða loftförum annars flytjanda samkvæmt viðskiptasamningi, og viðsemjandi samningsbundna flytjandans annast flutning í lofti til eða frá þessu ríki annaðhvort frá eigin starfsstöð eða starfsstöð sem hann hefur á leigu frá þriðja flytjanda samkvæmt samningi.

Beita skal eftirgreindum hugtaksskýringum:

a. viðskiptasamningur: samningur, sem ekki er umboðssamningur, gerður milli flytjenda sem varðar sameiginlega þjónustu þeirra að farþegaflutningum í lofti;
b. aðalaðsetur eða fast aðsetur: einn fastur og varanlegur dvalarstaður farþega er slys verður; þjóðerni farþega skal ekki vera ákvörðunarástæða í þessu samhengi.

Leyst skal úr öllum réttarfarságreiningi samkvæmt lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

bb. (116. gr.)

Gagnfær flutningur.

Ef fleiri flytjendur en einn eiga hver á eftir öðrum að annast flutning sem fellur undir ákvæði þessa kafla skal hver flytjandi fylgja ákvæðum hans um flutninginn er hann tekur við farþegum, farangri eða farmi. Skal hver hlutaðeigandi flytjandi talinn aðili að flutningssamningi að því marki sem samningur varðar þann hluta flutnings sem flytjanda ber að annast.

Við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. getur farþegi, eða þeir er taka við réttindum hans, beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist þann hluta flutningsins þar sem tjón eða töf varð, enda hafi sá flytjandi sem annaðist upphafsáfanga flutningsins eigi með beinum samningi tekið á sig víðtækari ábyrgð en hvað varðar eigin flutningsþátt.

Hvað varðar tjón við flutning á farangri eða farmi getur farþegi eða sendandi þó jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist upphafsáfanga flutningsins og sá sem rétt á til afhendingar farangurs eða farms getur jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem tók að sér lokaáfanga flutnings. Aðilar geta að auki beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist flutninginn er tjón varð. Ábyrgir flytjendur bera óskipta ábyrgð gagnvart farþega, sendanda eða viðtakanda.

cc. (117. gr.)

Fjölþátta flutningur.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki og taka ákvæði þessa kafla einungis til þess hluta flutnings sem fram fer í lofti.

Taka má upp í ákvæði samnings um flutning í lofti skilmála er varða aðrar tegundir flutnings.

dd. (118. gr.)

Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en samningsbundnum flytjanda.

Bæði flytjandi sem gert hefur flutningssamninginn (samningsbundinn flytjandi) og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn (flytjandi í raun) skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla, enda framkvæmi flytjandi í raun flutninginn samkvæmt heimild frá samningsbundna flytjandanum. Álitið skal að slík heimild sé fyrir hendi, nema annað sannist.

Ef flytjandi í raun framkvæmir allan eða hluta flutningsins samkvæmt flutningssamningi milli samningsbundins flytjanda og aðila skulu báðir flytjendur, sá raunverulegi og sá samningsbundni, teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Sá flytjandi er gert hefur flutningssamninginn skal talinn flytjandi allan loftflutninginn en sá sem framkvæmir flutninginn í raun skal talinn flytjandi á þeim hluta loftflutningsins er hann annast.

ee. (119. gr.)

Sameiginleg ábyrgð.

Athafnir og athafnaleysi raunverulegs flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem eru innan verksviðs þeirra hvað varðar flutning flytjanda í raun skal fara með sem aðgerðir og aðgerðaleysi samningsbundins flytjanda.

Athafnir og athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem eru innan verksviðs þeirra, og varða flutning flytjanda í raun, skal farið með sem aðgerðir og aðgerðaleysi flytjanda í raun. Allt að einu skal raunverulegur flytjandi ekki ábyrgur umfram þær reglur vegna slíkra athafna og athafnaleysis sem greinir í 102., 108. og 110. gr. Hvers konar samkomulag þar sem samningsbundinn flytjandi tekst á hendur ríkari

ábyrgð en lög þessi leggja honum á herðar, eða samningsbundinn flytjandi fellur frá réttindum eða vörnum sem lög þessi heimila, eða samningsbundinn flytjandi samþykkir sérstaka yfirlýsingu um hagsmuni, sbr. 2. og 3. mgr. 108. gr., skal ekki binda flytjanda í raun, nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

ff. (120. gr.)

Kvartanir og fyrirmæli.

Kvartanir bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt ákvæðum þessa kafla skulu hafa sömu þýðingu hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða hins raunverulega flytjanda. Fyrirmæli þau sem lýst er í 96. gr. skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

gg. (121. gr.)

Ábyrgð starfsmanna og umboðsmanna.

Nú er um að ræða flutning sem framkvæmdur er af raunverulegum flytjanda og er þá starfsmönnum og umboðsmönnum hans og samningsbundins flytjanda heimilt, ef þeir sanna að þeir hafi haldið sig innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær varnir sem flytjanda sjálfum er heimilt að bera fyrir sig, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti að takmörkun á bótaábyrgð verði beitt samkvæmt lögum þessum.

Sé flutningur framkvæmdur af hinum raunverulega flytjanda skulu samanlagðar bætur frá honum, samningsbundna flytjandanum, starfsmönnum og umboðsmönnum ekki verða hærri en sem nemur hæstu upphæð sem hverjum flytjanda yrði samkvæmt lögum þessum gert að inna af hendi. Hver bótaskyldur aðili svarar aðeins til bóta að því hámarki sem fyrir hann gildir.

hh. (122. gr.)

Málshöfðunarreglur.

Sé flutningur framkvæmdur af raunverulegum flytjanda skal bótakröfum beint að vali stefnanda hvort sem er gegn samningsbundnum flytjanda eða flytjanda í raun, saman eða hvorum fyrir sig.

Sé aðeins einum flytjanda stefnt skal sá flytjandi eiga rétt til að krefjast samlagsaðildar annarra flytjenda að málinu, enda sé sú krafa sett fram eigi síðar en í greinargerð. Skal þá sakaukasök eða sakir höfða innan eins mánaðar frá því að krafa um samlagsaðild var sett fram að viðlagðri frávísun aðalsakar.

Mál til heimtu bóta skv. 1. og 2. mgr. skal höfða að vali stefnanda, í aðildarríki Montrealsamningsins, annaðhvort á varnarþingi samningsbundins flytjanda, eins og greinir í 115. gr., eða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun hefur heimilisvarnarþing eða aðalstarfsstöð sína.

ii. (123. gr.)

Áskilnaður eða fyrirvari um ábyrgð.

Ógildur er áskilnaður eða fyrirvari sem miðar að því að leysa samningsbundinn flytjanda eða flytjanda í raun undan ábyrgð eða kveður á um frekari ábyrgðartakmarkanir en greinir í Montreal-samningnum og lögum þessum.

Ekkert í 118.–122. gr. skal hafa áhrif á réttindi og skyldur flytjenda sín á milli, þ.m.t. réttinn til endurkröfu eða skaðabóta.

jj. (124. gr.)

Aukagjald.

Viðbótarfjárhæðin sem flytjandi getur krafist í samræmi við 2. og 3. mgr. 108. gr., þegar farþegi eða sendandi gefur sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi þess að fá farangur eða farm sinn afhentan á áfangastað, skal ákvörðuð samkvæmt gjaldskrá. Hún skal miðuð við þann aukakostnað sem hlýst af því að flytja og tryggja viðkomandi farangur eða farm umfram takmarkanir á bótafjárhæðum í tilvitnuðum ákvæðum. Gjaldskráin skal vera aðgengileg farþegum og sendendum farms.

kk. (125. gr.)

Upplýsingaskylda.

Allir flytjendur sem selja eða annast loftflutninga á Íslandi eða til og frá landinu skulu láta farþegum í té skriflega á öllum sölustöðum, þ.m.t. við símsölu og við sölu á netinu:

a. helstu ákvæði sem gilda um bótaábyrgð á farþegum og farangri þeirra, þ.m.t. mörk bótaábyrgðar á lífs- og líkamstjóni og eyðileggingu, tapi eða skemmdum á farangri, auk tafa,
b. frest til að gera kröfu um bætur og
c. möguleika á því að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur á öllum sölustöðum.

Hvað varðar flytjendur með útgefin flugrekstrarleyfi utan EES og aðildarríkja EFTA tekur ákvæði þetta eingöngu til loftflutnings til, frá og innan Íslands.

Nú býður flytjandi farþegum rýmri bótarétt en lög þessi kveða á um og skal þá þeim aukna rétti lýst.

Ferða- og samningsskilmálar skulu ávallt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flytjanda, hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum hans og við innritunarborð til brottfarar.

Ráðherra skal heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu flytjanda með reglugerð.

ll. (126. gr.)

Bætur vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs.

Flytjendum, sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands, skal skylt að greiða bætur til farþega sem vísað er frá flugi vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs, enda hafi farþegi farseðil í fullu gildi, staðfesta farskráningu með fluginu sem um ræðir og hafi komið til skráningar á tilskildum tíma.

Flytjendum skal ekki skylt að greiða bætur til farþega sem vísað er frá ef farþegi ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða.

Nánar skal kveðið á um bætur vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs og um frávísun farþega, fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþega með reglugerð.

mm. (127. gr.)

Lagaskil.

Í kafla þessum skal flutningur talinn vera milli landa samkvæmt flutningssamningi þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru innan tveggja samningsríkja Montreal-samningsins og gildir það einnig þótt hlé verði á flutningnum eða skipt sé um loftfar. Sé brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæða sama samningsríkis skal flutningurinn talinn vera milli landa ef lenda þarf innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að Montrealsamningnum. Ekki skal flutningur án slíkrar viðkomu teljast millilandaflutningur.

Flutningur, sem framkvæmdur er af mörgum flytjendum hverjum á eftir öðrum, skal talinn óslitinn samkvæmt lögum þessum ef aðilar flutningssamnings hafa litið svo á að um einn og sama flutninginn sé að ræða, hvort sem einn eða fleiri samningar hafa verið um það gerðir og það breytir ekki stöðu flutningssamningsins þótt einn þáttur flutnings eða fleiri hafi alfarið verið innan landsvæðis sama ríkisins.

Með Montreal-samningnum í lögum þessum er átt við samning um alþjóðaloftflutninga sem gerður var í Montreal 28. maí 1999. Skulu ákvæði Montreal-samningsins og lög þessi að öllu leyti ganga framar eftirgreindum reglum sem gilda um loftflutninga milli landa sem aðildarríki Montreal-samningsins eru aðilar að:

a. Varsjársamningnum sem gerður var um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa í Varsjá 12. október 1929,
b. bókun sem undirrituð var Haag 28. september 1955,
c. viðbótarsamningi um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem undirritaður var í Gvadalajara 18. september 1961,
d. bókuninni um breytingar á Varsjársamningnum frá 1929 og Haag-bókuninni frá 1955 sem undirrituð var í Gvatemala 8. mars 1971,
e. viðbótarbókunum nr. 1–3 og 4 sem undirritaðar voru í Montreal 25. september 1975, eða innan yfirráðasvæðis aðildarríkis Montreal-samningsins sem er aðili að einum eða fleiri gerningum sem um getur í a–e-lið hér að framan.

Nú er brottfarar- eða ákvörðunarstaður í ríki sem ekki er aðili að Varsjársamningnum frá 1929 og skal þá ákvæðum kaflans beitt gagnvart slíku flugi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 131. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vátryggingarfjárhæðir skulu tryggja bætur samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

4. og 5. mgr. 139. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Á eftir 145. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn tekur þátt í starfi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) með það m.a. að markmiði að auka öryggi í flugi, draga úr mengun frá flugvélum og koma að sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda í starfi stofnunarinnar.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð, sbr. 1. mgr., sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002, um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, verði innleidd í íslenskan rétt.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I–IV falla brott.

8. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Aðdragandi að gerð frumvarpsins.

Hinn 14. ágúst 2000 skipaði samgönguráðherra starfshóp um endurskoðun loftferðalaga, nr. 60/1998, og um undirbúning fullgildingar alþjóðasamnings um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999 (hér eftir nefndur Montreal-samningurinn). Samhliða vann hópurinn að öðrum reglugerðum varðandi flugrekstur. Í starfshópinn voru skipuð: Kristján Þorbergsson hæstaréttarlögmaður, Ástríður S. Thorsteinsson, héraðsdómslögmaður hjá Flugmálastjórn Íslands, og Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, en hún stýrði jafnframt starfi starfshópsins.

Þau atriði sem starfshópurinn hafði einkum til skoðunar auk Montreal-samningsins voru reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa, viðbótarbókun við Varsjársamninginn frá 1929 og bókunina sem gerð var í Haag 1955, svonefnd Montreal-viðbótarbókun nr. 4 frá 1975, og samningur um reglur til viðbótar við Varsjársamninginn frá 1929, gerður í Gvadalajara 18. september 1961.

II. Þróun reglna um bótaábyrgð flytjanda.

Fjölmargar tilraunir hafa verið gerðar til að breyta Varsjársamningnum frá 1929 með bókunum og viðbótarsamningum eins og rakið verður hér á eftir. Ástæða þessa er sú að þær aðstæður sem flugið bjó við fyrstu árin voru allt aðrar en nú eru ríkjandi. Flugsamgöngur milli landa eru nú mjög öruggur ferðamáti og það viðhorf sem áður ríkti gagnvart lágum bótafjárhæðum er ekki lengur viðtekið. Fæstar tilraunir til að breyta Varsjársamningnum frá 1929 hafa heppnast sem skyldi þar sem sum ríki eru aðilar að þeim bókunum og viðbótarsamningum sem gerðir hafa verið meðan önnur ríki hafa ekki gerst aðilar að þeim. Þetta hefur leitt til ósamræmis milli landa og áfangastaða í reglum um bótaábyrgð flytjanda. Ósamræmið eitt og sér hefur leitt til þess að bætur sem greiddar eru vegna eins og sama flugslyssins geta orðið mjög mismunandi.

Hinn 12. október 1929 var í Varsjá gerður alþjóðasamningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (*Convention pour l'Unification de certaines règles relatives au Transport aèrien international*), hér eftir nefndur Varsjársamningurinn. Samningurinn öðlaðist gildi 13. febrúar 1933. Hann var fullgiltur af Íslands hálfu 21. ágúst 1948 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðaði 19. nóvember 1948. Með lögum nr. 41/1949 um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, var ákvæðum samningsins veitt lagagildi hér á landi.

Varsjársamningurinn var framsækið framlag til sameiningar alþjóðlegs einkamálaréttar og greiddi á sínum tíma úr vanda sem hlotist gat af flóknum lagaskilareglum og ágreiningi um lögsögu sem að öðrum kosti hefði eflaust sett mark sitt á alþjóðlega loftflutninga. Á þeim tíma sem Varsjársamningurinn var saminn var flugið að ryðja sér braut í samkeppni við sjó- og lestarflutninga. Samningurinn tryggði fluginu takmarkaða bótaábyrgð í millilandaflugi sem gerði flugfélögum kleift að tryggja sér örugga afkomu fyrstu starfsárin og ákveðna lagasamræmingu. Í meginatriðum samræmdi Varsjársamningurinn réttarreglur varðandi flutningsskjöl, ábyrgðartakmarkanir og lögsögu. Aðildarríki að Varsjársamningnum frá 1929 voru 1. nóvember 2003 151 að tölu.

Hinn 28. september 1955 var í Haag gerð bókun við Varsjársamninginn (*Protocol to amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air, Signed at Warsaw on 12 October 1929*), hér eftir nefnd Haag-bókunin. Ísland

undirritaði bókunina án fyrirvara um fullgildingu 3. maí 1963 og tók hún gildi hvað Ísland varðaði 1. ágúst 1963, sbr. einnig lög um breytingu á lögum nr. 41/1949, nr. 45/1956. Haag-bókunin einfaldaði mjög reglur Varsjársamningsins frá 1929 um flutningsskjöl og tvöfaldaði þá fjárhæð sem bótaábyrgð flytjanda var takmörkuð við vegna dauða eða líkamstjóns farþega. Aðildarríki Haag-bókunarinnar við Varsjársamninginn voru 134 1. nóvember 2003.

Allt frá 1947 hefur Alþjóðaflugmálastofnunin beitt sér fyrir breytingum og endurbótum á Varsjársamningnum. Sérstakur viðbótarsamningur var gerður í Gvadalajara 18. september 1961, hér eftir nefndur Gvadalajara-viðbótarsamningurinn (*Convention Supplementary to the Warsaw Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Performed by a Person Other than the Contracting Carrier*). Samningurinn fyllti frekar inn í þær eyður sem Varsjársamningurinn frá 1929 og Haag-bókunin höfðu skilið eftir og útvíkkaði gildissvið samningsins til flytjenda í raun, þ.e. til þeirra flytjenda sem ekki eru í beinu samningssambandi við farþega eða sendanda farms. Ástæður þessa eru þær viðskiptavenjur sem flugfélög hafa tekið upp síðan Varsjársamningurinn frá 1929 tók gildi, svo sem blaut- og þurrleiga loftfara, leiguflug, deiling flugnúmera („*code-sharing*“) og „*interlining*“. Gvadalajara-viðbótarsamningurinn tók gildi 1. maí 1964. Í X. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998, voru ákvæði samnings þessa að mestu innleidd en Ísland er ekki aðili að samningnum. Samkvæmt þingsályktunartillögu um fullgildingu viðbótarsamningsins sem lögð er fram samhliða frumvarpi þessu er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningnum. Aðildarríki að Gvadalajara-viðbótarsamningnum voru 82 1. nóvember 2003.

Bókun við Varsjársamninginn frá 1929, svo sem honum var breytt með Haag-bókuninni 1955, var gerð í Gvatemala 8. mars 1971, hér eftir nefnd Gvatemala-bókunin. Þar var í fyrsta skipti sett fram regla um stranga ábyrgð flytjanda án nokkurra varna og algert hámark bóta að fjárhæð rúmlega 100.000 USD (*Protocol to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at The Hague on 28 September 1955*). Gvatemala-bókunin hefur ekki tekið gildi þar sem tilskilinn fjöldi ríkja hefur ekki gerst aðili að henni.

Frekari endurbætur á reglum Varsjársamningsins og Haag-bókunarinnar voru gerðar í Montreal 25. september 1975 þegar gerðar voru fjórar viðbótarbókanir, allar kenndar við Montreal (*Additional Protocol No. 1 to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed At Warsaw on 12 October 1929, Additional Protocol No. 2 to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at the Hague on 28 September 1955, Additional Protocol No. 3 to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at the Hague on 28 September 1955 and at Guatemala City on 8 March 1971 and Additional Protocol No. 4 to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at the Hague on 28 September 1955*).

Montreal-viðbótarbókunin nr. 1 breytti myntviðmiðun Varsjársamningsins frá 1929 úr gulli (Poincarè franka) yfir í sérstök dráttarréttindi, SDR (Special Drawing Rights). Hinn 1. nóvember 2003 voru aðildarríki Montreal-viðbótarbókunarinnar nr. 1 48 talsins og öðlaðist hún gildi 15. febrúar 1996.

Montreal-viðbótarbókun nr. 2 breytti samningnum með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni með hliðstæðum hætti og Montreal-viðbótarbókun nr. 1. breytti upphaflega

samningnum. Hinn 1. nóvember 2003 voru aðildarríki Montreal-viðbótarbókunarinnar nr. 2 49 talsins og öðlaðist hún gildi 15. febrúar 1996.

Montreal-viðbótarbókun nr. 3 breytti Varsjársamningnum með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni og Gvatemala-bókuninni en hefur ekki öðlast gildi þar sem einungis 23 ríki hafa fullgild bókunina. Talið er ólíklegt að Montreal-viðbótarbókunin nr. 3 taki nokkurn tíma gildi þar sem gildistaka hennar er háð því að ríki séu jafnframt aðilar að Gvatemala-bókuninni.

Montreal-viðbótarbókun nr. 4 breytti Varsjársamningnum með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni og mælir fyrir um stranga ábyrgð vegna farmtjóns með takmörkuðum vörnum flytjanda og bótaþak sem jafnframt er órjúfanlegt. Viðbótarbókunin tiltekur einnig ýmis nýmæli, til að mynda rýmri reglur um form fylgibréfa og hækkun á bótamörkum vegna farmtjóns frá Varsjársamningnum og Haag-bókuninni, auk þess að gera flytjendur ábyrga gagnvart póstþjónustu. Montreal-viðbótarbókunin nr. 4 öðlaðist gildi 14. júní 1998. Hinn 1. nóvember 2003 voru aðildarríki hennar 52 að tölu. Samkvæmt þingsályktunartillögu sem lögð er fram samhliða frumvarpi þessu er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að Montreal-viðbótarbókun nr. 4.

Vegna vaxandi óþreyju á alþjóðavettvangi varðandi endurskoðun Varsjársamningsins brugðu einstök ríki, ríkjasamtök og síðar Alþjóðasamtök flugfélaga, IATA, á það ráð að vinna einhliða að endurbótum á „Varsjárkerfinu“.

Sú afstaða Bandaríkjanna árið 1965 að segja upp Varsjársamningnum setti ábyrgðarreglur í flugi í mikla óvissu. Ástæða þessa var sú að Bandaríkin töldu þær bótafjárhæðir sem tilgreindar eru í Varsjársamningnum með áorðnum breytingum vegna Haag-bókunarinnar of lágar. Til að koma til móts við afstöðu Bandaríkjanna var gerður sérstakur samningur meðal flugfélaga innan Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, við bandarísk stjórnvöld um hærri bætur vegna dauða eða líkamstjóns farþega 75.000 USD vegna flugs til og frá bandarísku yfirráðasvæði (*Montreal Intercarrier Agreement*) að meðtöldum greiðslum vegna kostnaðar vegna lögsóknar. Upphæðin án kostnaðar vegna lögsóknar var tiltekin 58.000 USD. Þessi samningur sem undirritaður var í Montreal og tók gildi 16. maí 1966 varð til þess að Bandaríkin drógu uppsögn sína á Varsjársamningnum til baka. Samningurinn breytir ekki Varsjársamningnum beinlínis heldur er staðfesting á ákveðnum skilningi á orðalagi og beitingu ákvæða hans milli samningsaðila. Þrátt fyrir það má álykta sem svo að hann hafi raskað skipan þeirri á alþjóðavísu sem Varsjárkerfinu var ætlað að viðhalda.

Árið 1974 ákváðu ríkisstjórnir nokkurra Evrópuríkja að þrýsta á ríkisflugfélög sín að ganga að óformlegum samningi, líkum Montreal-samningnum frá 1966. Maltasamningurinn, sem undirritaður var 1. júlí 1976, leiddi til þess að nokkur evrópsk flugfélög í áætlunarflugi viku frá hámarksbótum samkvæmt Varsjársamningnum 1929 og settu sér nýtt og hærra hámarksbótaþak í skilmálum sínum varðandi alþjóðlega loftflutninga, að frátöldu flugi til og frá Bandaríkjunum. Fleiri flugfélög í óreglubundnu flugi fylgdu í kjölfarið og breyttu skilmálum sínum einnig.

Árið 1988 gengu Ítalir fram fyrir skjöldu og settu löggjöf sem setti bótaþak vegna dauða eða líkamstjóns farþega í flugi til og frá ítölsku yfirráðasvæði í 100.000 SDR.

Í nóvember 1992 samþykktu japönsk flugfélög breytingar á skilmálum sínum, með samþykki yfirvalda, sem miðuðu að strangri ábyrgð flytjanda án varna vegna tjóns allt að 100.000 SDR og fyrir hærri fjárhæðir (án nokkurra takmarkana) skyldi sakarlíkindareglan gilda. Skilmálabreytingarnar tóku einungis gildi fyrir japönsk flugfélög.

Á ársþingi Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, í Kuala Lumpur í október 1995 samþykktu aðildarflugfélög samning sín á milli þar sem þau sammæltust um að afsala sér þeim vörnum

sem kveðið er á um í 20. gr. Varsjársamningsins upp að 100.000 SDR og þeim hámarksbótum sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. samningsins vegna dauða eða líkamstjóns farþega (*IATA Intercarrier Agreement on Passenger Liability, Signed 31 October 1995*). IATA-samningurinn tók gildi 13. febrúar 1997 og hafa 123 flugfélög undirritað hann. Talið er að hann sé nú í gildi fyrir u.þ.b. níutíu flugfélög um heim allan.

Evrópubandalagið fylgdi frumkvæði japanskra flugfélaga og IATA seint á árinu 1995 og setti fram drög að reglugerð um bótaábyrgð flugfélaga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð vegna slysa tók gildi 17. október 1998. Í meginatriðum leggur reglugerðin flugfélögum með útgefin flugrekstrarleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins á herðar hlutlæga bótaábyrgð upp að 100.000 SDR vegna dauða eða líkamstjóns farþega svipað og í skilmálum japönsku flytjendanna og í samningi IATA. Gildissvið reglugerðarinnar er ekki eingöngu gagnvart millilandaflugi eins og Varsjársamningurinn heldur tekur hún til flugs innan EES-svæðisins og utan þess hvar sem er í heiminum hjá þeim flugfélögum sem eru með útgefin flugrekstrarleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá kveður reglugerðin á um skyldu flugrekanda til greiðslu fyrirframbóta til aðstandenda vegna andláts farþega að upphæð 15.000 SDR og leggur sérstakar skyldur á herðar flugfélögum um tilkynningar og upplýsingar til farþega. Við setningu laga um loftferðir, nr. 60/1998, var tekið tillit til reglugerðar ráðsins nr. 2027/97, enda þótt reglugerðin hafi á þeim tíma ekki enn öðlast gildi.

Með vísan til þess sem að framan greinir um þá þróun sem orðið hefur á alþjóðavettvangi á bótareglum í alþjóðlegu flugi er ljóst að Varsjársamningurinn og bókanir, viðbótarbókanir og viðbótarsamningar mynda ekki heildstæðan samning heldur í raun bótakerfi sem vandratað er um. Þá hafa einhliða aðgerðir Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, og einstakra ríkja og lagasetning einstakra ríkja eða ríkjasamtaka flækt kerfið enn frekar. Margar þessara einhliða breytinga hafa lagalega séð sameiginlegan ágalla þar sem þær miða allar að breytingum á túlkun á ákvæðum Varsjársamningsins um takmörkun á bótaábyrgð (1. mgr. 22. gr.) en breyta ekki efnislega ákvæðum samningsins. Þessar einhliða aðgerðir tengjast því Varsjársamningnum 1929, eða eftir atvikum með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni 1955 og Montreal-viðbótarbókuninni nr. 4, en hafa enga sjálfstæða þýðingu að þjóðarétti. Varsjársamningurinn sjálfur stendur óhaggaður því honum verður ekki breytt nema með fulltingi aðildarríkja í samræmi við meginreglur þjóðaréttar.

III. Montreal-samningurinn árið 1999.

Frekari vinna að endurbótum á Varsjárkerfinu hófst fyrir alvöru í kjölfar ályktunar 31. þings Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um að ráðið skyldi halda áfram endurskoðun sinni á Varsjársamningnum. Vinnuhópur aðildarríkja vann drög að nýjum alþjóðasamningi sem vísað var til laganefndar (*Legal Committee*) innan stofnunarinnar. Fyrstu drög að nýjum alþjóðasamningi laganefndar ritaði V. Poonosamy frá Mauritius með aðstoð vinnuhópsins og lögfræðideildar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á vormánuðum 1997. Eftir að drögin höfðu verið send út til umsagnar aðildarríkja var ákveðið að reyna leysa frekari álitaefni með stofnun sérstakrar vinnunefndar (*Special Working Group on the Modernization and Consolidation of the Warsaw „System"*) til að vinna að frekari endurbótum á drögunum. Á fundi ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í júní 1998 var svo ákveðið að boða til diplómatískrar ráðstefnu að ári í þeim tilgangi að útbúa og undirrita nýjan alþjóðasamning um bótaábyrgð flugfélaga. Hinn 28. maí 1999 var í Montreal gerður samningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag.

Montreal-samningurinn tók formlega gildi 4. nóvember 2003 gagnvart þeim ríkjum sem höfðu fullgilt hann.

Helstu efnisatriði Montreal-samningsins:

Montreal-samningurinn byggist að mestu á þeirri þróun sem þegar hefur orðið í heiminum um bótaábyrgð flytjenda og byggist á sama orðalagi og Varsjársamningurinn frá 1929 með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni frá 1955. Ákvæði Montreal-samningsins samtvinna til að mynda ákvæði Gvadalajara-viðbótarsamningsins frá 1961 um flytjanda í raun og samningsbundinn flytjanda og Montreal-viðbótarbókunarinnar nr. 4 frá 1975 um farmtjón, reglur um bótaábyrgð flytjanda vegna lífs- og líkamstjóns farþega samkvæmt IATA Intercarrier samningnum frá 1995 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Þá er texti hins nýja samnings saminn og ritaður á hinum sex opinberu tungumálum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ensku, frönsku, arabísku, kínversku, rússnesku og spænsku, og hafa allir sex textarnir sama gildi. Í þessu felst réttarbót frá Varsjársamningnum 1929, sem einungis var gerður á frönsku á grundvelli hugtakanotkunar þeirrar er tíðkaðist í réttarfari meginlands Evrópu (civil law).

Montreal-samningurinn einfaldar mjög reglur um útgáfu farmiða og fylgibréfa. Nýmæli er útgáfa sameiginlegra farseðla fyrir hóp farþega, til að mynda í leiguflugi eða þjónustuflugi (air taxi operations), og sérstaklega er gert ráð fyrir möguleika á útgáfu rafrænna farseðla og fylgibréfa. Í stað kvittunar fyrir farangri kemur farangursmiði sem ætlað er að gefinn sé út fyrir hvern hlut innritaðs farangurs.

Tiltekin er hámarksfjárhæð bóta vegna tafa á flutningi farþega. Bótaábyrgð flytjanda verður takmörkuð við 4.150 SDR. Flytjandi ber ábyrgð á tjóni, nema hann sanni að hann hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða ógerlegt hafi verið að koma í veg fyrir það. Jafnframt eru settar takmarkanir á bótum vegna innritaðs farangurs

Sérstöku varnarþingi hefur verið bætt við þau fjögur sem fyrir voru samkvæmt Varsjársamningnum 1929 og Haag-bókuninni frá 1955. Fimmta varnarþingið heimilar farþega að höfða mál á hendur flytjanda í því landi þar sem farþeginn hefur búsetu eða dvalarstað að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Nýmæli er krafa um að aðildarríki skyldi flytjendur sína til að viðhalda fullnægjandi vátryggingu sem tekur til bótaábyrgðar þeirra samkvæmt samningnum. Slíkt ákvæði er nú fyrir í gildandi lögum um loftferðir.

Nýmæli er einnig að samningurinn tiltekur skyldu flytjanda til fyrirframgreiðslu í kjölfar flugslyss til aðstandenda krefjist landslög þess. Samningurinn tekur ekki afdráttarlausa afstöðu til skyldu flytjanda til að inna af hendi fyrirframgreiðslu en lætur löggjafanum í því ríki sem fullgilti samninginn það eftir að ákvarða hvort slíkri skyldu skuli komið á. Slík ákvæði eru þegar í íslenskri löggjöf.

Sérstaklega tiltekur samningurinn að bætur samkvæmt samningnum, hvernig svo sem mál er höfðað, samkvæmt Montreal-samningnum, innan og utan samninga, samkvæmt ákvæðum skaðabótaréttar eða á öðrum forsendum, skuli ekki greiddar refsibætur (punative) eða bætur sem stefna að sama marki. Slíkar bætur þekkjast ekki að íslenskum rétti. Þær eru hins vegar vel þekktar í þeim ríkjum sem byggjast á „Common Law“ kerfinu.

IV. Breytingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97.

Innan Evrópubandalagsins hófst vinna í kjölfar undirritunar bandalagsins á Montreal-samningnum við að gera nauðsynlegar breytingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um

bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa með það fyrir augum að fullgilda hinn nýja alþjóðasamning. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa mun því taka gildi þegar Montreal-samningurinn hefur tekið gildi fyrir öll aðildarríki bandalagsins. Jafnframt ætlar bandalagið sjálft að fullgilda samninginn.

Reglugerð nr. 889/2002 kveður ítarlegar á um nokkur atriði en Montreal-samningurinn frá 1999. Reglugerðin kveður á um hærri fjárhæð vegna fyrirframgreiðslu bóta en var í reglugerð EB nr. 2027/97 eða 16.000 SDR í stað 15.000 SDR. Þá er lögð sú skylda á flytjanda að tryggja að farþegar hafi aðgang að upplýsingum um bótaábyrgð flytjanda, frest til að hafa uppi kröfu og möguleika þeirra til að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur. Sérstök kynningarauglýsing fyrir flytjendur er sett fram í viðauka við reglugerðina í þessu skyni.

Auk kröfunnar um upplýsingamiðlun til farþega er lögð sú skylda á flytjendur að láta hverjum farþega í té skriflegar upplýsingar um mörk bótaábyrgðar til að stuðla að því að farþegar geti keypt sér viðbótartryggingar telji þeir þess þörf, til að mynda hvað varðar tafir eða verðmæti farangurs. Ákvæði reglugerðarinnar um að veita farþegum skriflegar upplýsingar taka ekki einungis til flytjenda með útgefin flugrekstrarleyfi innan EES-svæðisins heldur til allra flytjenda sem annast eða selja loftflutninga innan svæðisins.

V. Aðrar breytingar á loftferðalögunum.

Auk þess sem í þessu frumvapi eru lagðar til mjög veigamiklar breytingar vegna Montreal-samningsins eru í 1. og 2. gr. þess lagðar til breytingar á gjaldtöku. Nánar tiltekið er farið fram á hækkun lendingargjalda og í stað vopnaleitargjalds er tekið upp öryggisgjald sem ætlað er að standa undir fjölbreyttum og víðtækari kostnaði vegna hryðjuverkaógnarinnar.

Rekstur Keflavíkurflugvallar fyrir utan Flugstöð Leifs Eríksson hf. er að stærstum hluta fjármagnaður með innheimtu lendingargjalda af loftförum sem lenda á flugvellinum sem greidd eru af umráðendum loftfaranna. Skv. 71. gr. a gildandi loftferðalaga, nr. 60/1998, eru 7,05 bandaríkjadalir greiddir fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa. Lendingargjaldið hefur ekki hækkað frá árinu 1979, enda hefur upphæð þessi nægt til rekstrar flugvallarins fram til ársins 2003. Rekstrargrundvöllur hans hefur hins vegar breyst á þann veg að nauðsynlegt er að leiðrétta upphæð lendingargjaldanna, einkum vegna breytinga á raungengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal og aukinna afborgana vegna nauðsynlegrar stækkunar á flughlöðum. Önnur helsta breytingin sem frumvarpið felur því í sér er að upphæð lendingargjaldsins á millilandaflugvöllum fyrir utan Reykjavík er breytt úr 7,05 bandaríkjadölum í 650 kr., en það felur í sér 143 kr. hækkun miðað við að gengi bandaríkjadals sé 72 kr. Nauðsynlegt er að tilgreina upphæðina í íslenskum krónum en ekki bandaríkjadölum til að hindra tekjusveiflur vegna gengisbreytinga, enda eru flest útgjöld millilandaflugvallanna í íslenskum krónum.

Öllum ætti að vera ljóst að í kjölfar hinna hörmulegu atburða sem kenndir eru við 11. september 2001 hefur þurft að grípa til mjög róttækra ráðstafana til þess að bregðast við þeirri alþjóðlegu ógn sem af hryðjuverkasmtökum leiðir. Ísland fer ekki varhluta af þessu því fá lönd eru jafnháð öruggum flugsamgöngum. Þær alþjóðlegu ráðstafanir sem grípa verður til verða sífellt strangari og umfangsmeiri. Engum sem nú ferðast með flugvélum ætti að koma það á óvart. T.d. þarf að framkvæma miklu umfangsmeiri leit á farþegum sem leið eiga um flugvöll/flugstöð, ásamt leit í handfarangri, en áður. Sama á við um framkvæmd stöðugrar sprengjuleitar í farangri sem fer í lestarrými flugvéla, leit á starfsmönnum flugrekenda og flugvalla/flugstöðva, öryggiseftirlit og vopnaða gæslu í og við flugstöð og á flugvelli, veit-

ingu aðgangsheimilda og aðgangstækja og flugverndareftirlit farms, boðsendinga, pósts, flugvista og rekstrarvara svo það helsta sé rakið. Í frumvarpinu er því lagt til að öryggisgjald verði 570 kr. og hækki því um 270 kr. frá núverandi vopnaleitargjaldi til að standa straum af kostnaðaraukningu vegna þess mikilvæga verkefnis að tryggja sama flugöryggi á Íslandi og best gerist annars staðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lendingargjald vegna lendinga á millilandaflugvöllum fyrir utan Reykjavíkurflugvöll verði 650 kr. á hver 100 kg. Er þetta gert m.a. til þess að leiðrétta misvægi í núverandi gjaldtöku vegna lágs gengis dollars. Kostnaður flugvallanna er að stórum hluta í íslenskum krónum og því eðlilegt að gjaldtakan taki mið af því.

Um 2. gr.

Lagt er til að öryggisgjald hækki um 270 kr. á farþega frá núverandi vopnaleitargjaldi og verði 570 kr. á fullorðinn farþega en 285 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Tillagan er sett fram vegna verulega aukinna alþjóðlegra krafna um flugvernd og öryggi farþega í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001.

Um 3. gr.

Um a-lið (86. gr.).

Þegar gildissvið ákvæða X. kafla er markað er nauðsynlegt að hafa í huga þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins. Lögfesting ákvæða kaflans er skilyrði þess að íslenska ríkið geti fullgilt Montreal-samninginn frá 1999 og gengið er út frá því að svo verði gert þegar það skilyrði kemur fram. Aðrar grundvallarheimildir á þessu sviði eru reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/1997 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa. Þá fyrri leiddu Íslendingar í landsrétt sinn með lögum um loftferðir, nr. 60/1998, en upptaka þeirrar seinni er hluti frumvarps þessa. Skyldu til lögleiðingar ákvæða þessara reglugerða leiðir af EES-samningnum. Þannig munu þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar gagnvart þeim þjóðum sem næstar okkur standa verða efnislega hinar sömu og hér er lagt til að leiddar verði í landsrétt.

Í 1. mgr. er innleidd 1. mgr. 1. gr. Montreal-samningsins. Frekar er fjallað um gildissvið ákvæða kaflans og Montreal-samningsins í 87. gr. og í 127. gr. Þar sem 2. mgr. greinarinnar útvíkkar gildissvið kaflans einnig til innanlandsflugs er gildissvið 1. mgr. ekki bundið við millilandaflug eingöngu svo sem Montreal-samningurinn mælir fyrir um.

Sérstaklega er í 2. mgr. kveðið á um flug aðila sem hafa íslenskt flugrekstrarleyfi. Þessa reglu leiðir af 1. mgr. 4. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa. Bótaábyrgð íslenskra flugrekenda er því samkvæmt ákvæðum kaflans og Montreal-samningsins hvar svo sem brottfarar- og ákvörðunarstaður er í heiminum.

Í 3. mgr. greinarinnar er sérstaklega vikið að flugrekstri opinberra aðila, sbr. 1. mgr. 2. gr. Montreal-samningsins. Ekki er með þeim ákvæðum raskað fyrirmælum laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands, um loftferðastarfsemi þar sem mælt er fyrir um að stofnunin skuli starfrækja loftför til nauðsynlegra framkvæmda á starfssviði sínu. Þá starfrækir Flugmálastjórn Íslands einnig loftfar til nauðsynlegra mælinga og stillinga á leiðsögu- og aðflugsbúnaði vegna eigin starfsemi, auk þess sem stofnunin hefur veitt erlendum flugmálayfirvöldum þjónustu með loftfari sínu. Báðar þessar stofnanir hafa á hinn bóginn samhliða þessari starf-

semi talið nauðsynlegt að stunda í nokkrum mæli loftflutninga á farþegum, farangri og farmi gegn endurgjaldi sem eru flutningaflug samkvæmt viðtekinni hugtaksbeitingu á sviði loftferða og er í frumvarpinu tekið af skarið með að flutningaflug á vegum opinberra aðila skal falla undir gildissvið ákvæða kaflans.

Um b-lið (87. gr.).

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar samsvarar 51. gr. Montreal-samningsins og 34. gr. Varsjársamningsins, með áorðnum breytingum Haag-bókunarinnar, og 2. mgr. 87. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Ákvæði 2. mgr. 87. gr. samsvarar 27. gr. Montreal-samningsins og 33. gr. Varsjársamningsins, með áorðnum breytingum Haag-bókunarinnar. Af ákvæðinu leiðir að flytjanda er heimilt að neita að gera flutningssamning og honum er heimilt að afsala sér þeim vörnum sem lögin kveða á um eða setja skilyrði sem ekki brjóta í bága við ákvæði laganna. Allt að einu kveða ákvæði laganna á um lágmarksréttindi sem flytjandi getur ekki samið sig undan.

Sérstaklega er áréttað um gildissvið 125. og 126. gr. þar sem gildissvið þeirra er víðtækara en kaflans í heild.

Um c-lið (88. gr.).

Ákvæði greinarinnar byggjast á 2. gr. Montreal-samningsins. 2. mgr. 88. gr. er nýmæli þar sem í Varsjársamningnum frá 1929 og Haag-bókuninni frá 1955 var ekki kveðið á um bótaábyrgð flytjanda gagnvart póstþjónustu vegna bréfa og böggla. Með ákvæðum þessarar greinar er vísað til þess að við póstsendingar með flugi stofnast ekki til beins samningssambands milli þess sem senda vill póst og flytjanda, heldur er samningssambandið milli póstþjónustufyrirtækisins og flytjandans. Það samningssamband er síðan jafnframt undanþegið ákvæðum kaflans með fyrirmælum seinni málsgreinarinnar, en vísað til samnings flytjanda og hlutaðeigandi póstþjónustufyrirtækis. Um réttindi og skyldur slíkra rekstraraðila er fjallað í lögum nr. 18/2002, um póstþjónustu.

Almennt um d–p-lið (89.–101. gr.).

Ákvæði greinanna fjalla um útgáfu, form og efni farseðils, farangursmiða og fylgibréfs og ábyrgð og réttindi þeirra aðila sem um ræðir. Mikil einföldun hefur orðið á formsatriðum hvað varðar útgáfu farseðils, farangursmiða og fylgibréfs í Montreal-samningnum frá Varsjársamningnum og Haag-bókuninni. Samkvæmt Varsjársamningnum og Haag-bókuninni var takmörkun á bótaábyrgð flytjanda tengd ákveðnum formskilyrðum um efni og útgáfu farseðils og tilkynningar til farþega. Í þeim tilvikum sem eitthvað skorti á varðandi form og efni farseðils eða fylgibréfs hafði það þær afleiðingar fyrir flytjanda að hann gat ekki borið fyrir sig viðeigandi ábyrgðartakamarkanir og ábyrgð hans varð ótakmörkuð. Ábyrgð flytjanda vegna lífs- og líkamstjóna sætir ekki sérstökum fjárhæðatakmörkunum samkvæmt Montrealsamningnum eins og nánar greinir í 102. gr. en er takmörkuð vegna tafa og farangurs- og farmtjóns. Meginreglur Montreal-viðbótarbókunarinnar nr. 4 eru fyrirmynd ákvæðanna um fylgibréf farms og bótareglna um farmtjón og takmarka bótaábyrgð flytjanda við sérstakt hámark sem er ófrávíkjanlegt.

Um d-lið (89. gr.).

Greinin samsvarar 3. og 9. gr. Montreal-samningsins.

Heimilt er að gefa út farseðil fyrir fleiri en einn farþega sem er nýmæli. Slík heimild gæti til að mynda nýst flytjendum í leigu- og þjónustuflugi.

Þá er einnig heimilt að gefa út farmiða með öðrum hætti en skriflega, svo sem rafrænt. Slík heimild er fyrir hendi í 125. gr. gildandi laga um loftferðir þar sem samgönguráðherra er heimilt að gera undantekningu frá nokkrum ákvæðum laganna um útgáfu farseðils, farangursmiða og flugfarmbréfs með reglugerð þar sem m.a. yrði tekið tillit til möguleika á

rafrænni skráningu. Réttaráhrif þeirrar undanþágu eru hins vegar ekki þau sömu og ráðgert er í d-lið 3. gr. (89. gr.) frumvarpsins þar sem rafrænn farseðill er lagður að jöfnu við hefðbundinn farseðill. Samkvæmt gildandi lögum falla allar ábyrgðartakmarkanir niður við útgáfu rafræns farseðils í samræmi við ákvæði Varsjársamningsins með áorðnum breytingum samkvæmt Haag-bókuninni. Samkvæmt frumvarpinu og Montreal-samningnum mundu hins vegar ábyrgðartakmarkanir flytjanda hvað varðar tafir, farangur og farm haldast þrátt fyrir að farseðill eða fylgibréf farms sé á rafrænu formi.

Sé heimildar neytt til útgáfu farseðils á rafrænu formi skal flytjandi bjóða yfirlýsingu til farþega um þær upplýsingar sem varðveittar eru. Þó varðar það ekki ógildi farsamnings sé efni farseðils ábótavant eða yfirlýsing ekki gefin út. Eftir sem áður haldast þær takmarkanir á ábyrgð flytjanda sem kveðið er á um í kaflanum.

Farangursmiði skal gefinn út vegna þess farangurs sem skráður er inn („checked in"), sbr. 3. mgr. 3. gr. Montreal-samningsins. Þrátt fyrir að flytjanda láist að kynna farþega skilmála sína um takmarkanir á ábyrgð skal farsamningurinn gildur og takmarkanir þær sem eru á ábyrgð flytjanda haldast.

Um e-lið (90. gr.).

1. og 2. mgr. greinarinnar samsvara 1. og 2. mgr. 4. gr. Montreal-samningsins og 3. mgr. hennar samsvarar og 9. gr. Montreal-samningsins.

Hér er notað orðið „fylgibréf" sem þýðing á „air waybill" í 4. gr. Montreal-samningsins en ekki „flugfarmskírteini" eins og kveðið var á um í lögum nr. 41/1949, sbr. lög nr. 46/1956, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, eða „flugfarmbréf" eins notað er í lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Ástæða þess að orðið fylgibréf er tekið fram yfir eldri þýðingar á sama hugtaki eru eftirfarandi: Farmskírteini eru almennt talin til viðskiptabréfa. Þau eru kvittun fyrir móttöku vöru, skilríki sem kveður á um móttöku vöru í ákveðnu magni og ástandi. Í farmskírteini felst jafnframt loforð farmflytjanda um að flytja vöru og sönnun um tilvist farmsamnings. Þá er farmskírteini einnig loforð farmflytjanda um að láta vöruna af hendi á ákvörðunarstað gegn framvísun farmskírteinis. Vegna eiginleika farmskírteinis sem ígildi farms getur farmur almennt gengið kaupum og sölum meðan vara er í flutningi. Fræðimenn skilgreina fylgibréf á þann hátt að það gegni aðeins tveimur hlutverkum farmskírteinis, þ.e. að vera kvittun fyrir móttöku farms og loforð um flutning.

Fylgibréf eru ekki ígildi farms. Fylgibréf eru gefin út til tiltekins farmsamningshafa og eru sem slík illa fallin til framsals. Fylgibréf eru því ekki viðskiptabréf. Kostur þeirra er einna helst fólginn í því að móttakandi farms þarf ekki lengur að framvísa eintaki af frumriti farmskírteinis til að fá farm afhentan, heldur nægir að hann sanni deili á sér.

Fylgibréf má gera framseljanleg með því að tekið sé fram í efni þeirra að þau séu framseljanleg og gefin út í vissum eintakafjölda. Ekkert í Montreal-samningnum eða ákvæðum þessa frumvarps kemur í veg fyrir að fylgibréf sé gert framseljanlegt sé það ósk samningsaðila.

Þá er orðið farmsamningur notað hér í stað orðsins „flutningssamningur" samkvæmt gildandi lögum um loftferðir.

Fylgibréf má gefa út á rafrænu formi, en svipuð heimild er nú þegar fyrir hendi í gildandi loftferðalögum þrátt fyrir að réttaráhrif heimildar gildandi laga og frumvarpsins séu ólík eins og lýst er í athugasemdum með 89. gr. hér á undan. Sé heimildin nýtt, þ.e. rafrænt fylgibréf skráð, skal flytjandi, ef sendandi óskar þess, gefa honum kvittun. Kvittunin skal innihalda upplýsingar um vöru og greina þær upplýsingar sem varðveittar eru um flutninginn.

Um f-lið (92. gr.).

Greinin samsvarar 5. og 8. gr. Montreal-samningsins um efni fylgibréfs eða kvittun fyrir farmi. 1. mgr. greinarinnar samsvarar efnislega gildandi a- og b-lið 93. gr. laga um loftferðir að c-liðnum undanskildum sem er nýmæli. 2. mgr. samsvarar efnislega 92. gr. gildandi laga.

Um g-lið (92. gr.).

Greinin er nýmæli og rætur sínar í 6. gr. Montreal-samningsins.

Um h-lið (93. gr.).

Ákvæðið samsvarar 7. gr. Montreal-samningsins og 92. gr. gildandi laga.

Um i-lið (94. gr.).

Í 1. og 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um ábyrgð sendanda á að upplýsingar um farm í fylgibréfi séu réttar, sbr. einnig 100. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. er kveðið á um ábyrgð flytjanda gagnvart sendanda eða öðrum þeim sem sendandi er ábyrgur gagnvart ef upplýsingar sem flytjandi skráir reynast ónákvæmar, ófullkomnar eða rangar. Greinin samsvarar 10. gr. Montreal-samningsins og kemur í stað 95. gr. loftferðalaga.

Um j-lið (95. gr.).

Greinin kveður á um sönnunargildi skjala varðandi farm. Hafa verður í huga þann greinarmun sem gerður er á milli annars vegar upplýsinga sem varða þyngd, ummál, umbúðir farms, fjölda stykkja og yfirlýsingar í fylgibréfi sem skulu taldar réttar þar til annað sannast og hins vegar annarra upplýsinga um magn, rúmtak vöru eða ástand farms. Slíkar upplýsingar gilda ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema flytjandi hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest með áritun á fylgibréf eða upplýsingar varða sýnilegt ástand vöru.

Greinin samsvarar 12. gr. Montreal-samningsins og 96. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998.

Um k-lið (96. gr.).

Í greininni er kveðið á um rétt sendanda til ráðstöfunar farms enda hafi hann fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt farmsamningi. Greinin samsvarar 12. gr. Montreal-samningsins og 97. gr. gildandi laga.

Um l-lið (97. gr.).

Réttur sendanda skv. k-lið 3. gr. (96. gr.) frumvarpsins fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst samkvæmt þessari grein. Í því tilviki sem viðtakandi neitar viðtöku fylgibréfs, farms eða ekki næst til hans heldur sendandi rétti sínum. Skv. 98. gr. á viðtakandi rétt á að fá farm afhentan gegn greiðslu þeirra gjalda er hvíla á farminum enda uppfylli hann önnur þau flutningsskilyrði sem farmsamningur kann að greina. Í 1. mgr. 97. gr. er orðið flutningsskilyrði notað um „conditions of carriage“ eða flutningsskilmála. Í því tilviki sem farmur kemur ekki á áfangastað á tilskildum tíma getur viðtakandi neytt þess réttar sem farmsamningur kveður á um gagnvart flytjanda.

Greinin samsvarar 13. gr. Montreal-samningsins og 98. og 99. gr. gildandi laga.

Um m-lið (98. gr.).

Í greininni er kveðið á um rétt sendanda og viðtakanda, hvort sem þeir koma fram fyrir eigin hönd eða annarra, til að nýta sér þau réttindi sem kveðið er á um í 96. og 97. gr. enda hafi þeir uppfyllt þær skuldbindingar sem farmsamningurinn leggur þeim á herðar. Ákvæðið samsvarar 14. gr. Montreal-samningsins en samsvarandi ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Um n-lið (99. gr.).

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar fjallar um samband sendanda og viðtakanda gagnvart þriðja aðila. Ákvæði 96.–98. gr. varða hvorki tengsl þeirra á milli né sameiginleg tengsl við þriðja aðila. Ákvæðið samsvarar 1. mgr. 15. gr. Montreal-samningsins og er nýmæli.

Í 2. mgr. er tiltekið að því aðeins megi víkja frá ákvæðum 96.–98. gr. að það sé gert með sérstöku ákvæði í fylgibréfi eða farmkvittun. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 15. gr. Montreal-samningsins og 100. gr. gildandi laga.

Um o-lið (100. gr.).

Ákvæðið samsvarar 16. gr. Montreal-samningsins og 101. gr. gildandi laga.

Um p-lið (101. gr.).

Á síðustu árum hefur málsmeðferð fyrir gerðardómi rutt sér til rúms sem fljótvirkari og hagkvæmari leið til úrlausnar deilumála. Í Montreal-samningnum er í 34. gr. sérstaklega kveðið á um þann möguleika að aðilar farmsamnings geti samið um það fyrir fram að deilur sem upp kunna að koma skuli lagðar til úrlausnar fyrir gerðardómi. Slíkir samningar skulu gerðir skriflega. Málsmeðferð skal fara fram að vali stefnanda á einhverju af þeim fjórum varnarþingum sem nefnd eru í 115. gr.

Greinin samsvarar 34. gr. Montreal-samningsins og 1. mgr. 127. gr. gildandi laga.

Um q-lið (102. gr.).

1. mgr. greinarinnar samsvarar 17. gr. Montreal-samningsins, en 2. og 3. mgr. samsvara 21. gr. hans. Þessi ákvæði geyma kjarna þeirrar skipunar sem IATA-flugfélögin sammæltust um í Kuala Lumpur árið 1995, lögleidd var reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/1997 og hefur hún nú verið tekin upp í Montreal-samninginn frá 1999. Reglan hefur þar með verið gerð að alþjóðlegri lagareglu en kjarni hennar er að flugrekandi ber hreina hlutlæga ábyrgð á hverju lífs- og líkamstjóni sem farþegar hans verða fyrir ef tjónsfjárhæðin er 100.000 SDR eða lægri. Sé tjónið meira gildir sakarlíkindareglan, þ.e. flytjandinn er ábyrgur, nema hann sanni að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar hegðunar aðila sem hann ber ábyrgð á, eða hann sanni að það verði rakið til saknæmrar hegðunar þriðja aðila. Eigin sök farþega kemur þó jafnan til skoðunar. Sjá frekari umfjöllun í athugasemd við v-lið 3. gr. (107. gr.) frumvarpsins. Ekkert hámark, svo sem var í Varsjársamningnum, er sett á bótafjárhæðir vegna lífs- og líkamstjóna, en þær látnar ráðast af ákvæðum skaðabótalaga.

Þá skulu vextir reiknast samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga um vexti og verðtryggingu en sá kafli geymir sérreglur um vexti af skaðabótakröfum. Samkvæmt ákvæðum 110. gr. frumvarpsins umreiknast fjárhæðir í SDR í íslenskar krónur á dómsuppsögudegi, en vert er að árétta að í því felst ekki að tjónsfjárhæðir hafi verið færðar upp til annars verðlags en gilti á þeim degi sem tjónið varð. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 verður því ekki beitt af þeim ástæðum einum að tjónsfjárhæðir reiknast í SDR.

Um r-lið (103. gr.).

Regla um fyrirframgreiðslu vegna lífs- og líkamstjóna sem ætlað er að mæta bráðri fjárþörf og taka mið af aðstæðum kom fyrst inn í loftferðalög með lögum nr. 60/1998. Ástæðan var lögleiðing efnis reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa, sem hefur nú verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002. Það leiðir af ákvæðum breytingarreglugerðarinnar að lágmarksfjárhæð vegna dauðaslyss er hækkuð um 1.000 SDR. Montreal-samningurinn skyldar aðildarríkin ekki til að lögleiða ákvæði um fyrirframgreiðslu. Í 28. gr. hans er þó vikið að framangreindri reglu en öðrum aðildarríkum en þeim sem bundin eru af henni látið það eftir að taka afstöðu til þess hvort þau vilja innleiða hana.

Um s-lið (104. gr.).

Flytjandi ber hlutlæga ábyrgð á tjóni sem innritaður farangur kann að verða fyrir meðan hann er í vörslu flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna. Ábyrgð flytjanda vegna tjóns á handfarangri er hins vegar almenn sakarábyrgð. Hvort tveggja sætir svo takmörkunum samkvæmt ákvæðum 108. gr., nema stórfelldri sök sé til að dreifa, en þá getur flytjandi ekki bor-

ið fyrir sig ábyrgðartakmörkunina. Sem endranær kemur þó eigin sök tjónþola jafnframt til skoðunar. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 17. gr. Montreal-samningsins.

Um t-lið (105. gr.).

Í greininni er lagt til að lögfest verði regla 18. gr. Montreal-samningsins um ábyrgð flytjanda vegna tjóns á farmi. Í 108. gr. er svo að finna sérstaka takmörkun á þessari ábyrgð. Sérstaða ábyrgðartakmörkunarinnar lýsir sér í því að þrátt fyrir að stórfelld sök sannist á flytjanda, starfsmenn hans eða umboðsmenn afnemur það ekki ábyrgðartakmörkunina hvað farmtjón varðar sem er önnur regla en gildir um tafir og farangur. Upphafleg fyrirmynd reglunnar um ábyrgð vegna farmtjóna er í viðbótarbókun nr. 4 frá 1975 í Montreal.

Um u-lið (106. gr.).

Hér er sett fram regla 19. gr. Montreal-samningsins um ábyrgð flytjanda á tjóni sem orsakast af því að tímaáætlun flytjanda stenst ekki. Er flytjandi seldur undir sakarlíkindareglu sem felur í sér ábyrgð hans á tjóni af völdum tafa, nema hann sanni að viðhafðar hafi verið aðgerðir sem sanngjarnt getur talist að viðhafðar séu, eða það sannast að ógerlegt hafi verið að framkvæma slíkar aðgerðir til að koma í veg fyrir tafir. Ábyrgð á töfum er svo takmörkuð við tiltekna fjárhæð samkvæmt ákvæðum 108. gr. Sú ábyrgðartakmörkun er nýmæli.

Um v-lið (107. gr.).

Ákvæði þessarar greinar um eigin sök byggjast á 20. gr. Montreal-samningsins og 106. gr. gildandi laga. Eigin sök tjónþola kemur samkvæmt ákvæðum greinarinnar til skoðunar, óháð því hvaða ábyrgðarreglu X. kafla er um að ræða og óháð því hvaða hagsmunir hafa beðið tjón.

Um w-lið (108. gr.).

Svo sem fram kemur í 102. gr. eru ekki settar ábyrgðartakmarkanir á tjónsfjárhæðir í lífs-, heilsu- og líkamstjónum, en um þær fer samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga. Ákvæði þessarar greinar geyma á hinn bóginn heimildir til handa flytjanda til að bera fyrir sig ábyrgðartakmarkanir vegna tafa, tjóns á farangri og tjóns á farmi. Þær reglur eru sóttar í 22. gr. Montreal-samningsins. Heimild til ábyrgðartakmörkunar vegna tafa og tjóns á farangri fellur niður ef stórfelld sök sannast, en slíkt hefur ekki þýðingu þegar tjón á farmi er annars vegar, en að því er einnig vikið í athugasemdum við 112. gr. Sérregla er sett um málskostnað fyrir dómi í lokamálsgrein þessarar greinar frumvarpsins og styðst hún við auðsæ rök. Hún leiðir til þess að hvor eða hver málsaðila ber sinn málskostnað við þær aðstæður sem lýst er.

Um x-lið (109. gr.).

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um þá tímafresti sem tilteknum rétthöfum ber að virða vilji þeir halda fram kröfum á hendur flytjanda. Gerð er sú krafa til rétthafa að þeir hefjist handa án dráttar og tryggi sér sönnun fyrir kröfugerð sinni og að hún sé sett fram innan tilgreindra tímamarka. Þessar reglur byggjast á 31. gr. Montreal-samningsins. Þá er tekin upp í lokamálsgrein þessarar greinar regla 35. gr. samningsins um fyrningu bótaréttar á tveimur árum sem er sérregla á þessu sviði.

Um y-lið (110. gr.).

Í 23. gr. Montreal-samningsins er kveðið á um að umreikningur miðist við dómsuppsögu og er þeirri reglu fylgt hér. Ljúki máli án dóms er lagt að umreikningur skuli miðaður við skráð sölugengi Seðlabanka Íslands á uppgjörsdegi.

Um z-lið (111. gr.).

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til reglur 25. og 26. gr. Montreal-samningsins verði lögfestar. Að efni þessarar greinar er einnig vikið í 49. gr. samningsins. Reglurnar árétta að um lágmarksréttarvernd er að ræða sem óheimilt er að skerða, hvort heldur með eða án

atbeina farþega. Á hinn bóginn er heimilt að veita farþegum rýmri rétti en lögin kveða á um. Að þessu er einnig vikið í 2. mgr. 87. gr.

Um þ-lið (112. gr.).

Í ákvæðum þessarar greinar er starfsmönnum og umboðsmönnum áskilinn sami réttur til varna og flytjanda, að því tilskildu þó að saknæmisstig hátternis þeirra verði hvorki talið jafngilda stórfellu gáleysi né ásetningi. Sérregla er þó sett um tjón á farmi. Hún lýtur að því að ábyrgðartakmörkun flytjanda er sett undir sérstakt bótaþak, sbr. 3. mgr. 108. gr., sem ekki verður farið upp fyrir jafnvel þótt svo alvarlegt saknæmisstig sannist sem hér er lýst. Þessi sérregla um órjúfanlegt bótahámark í farmflutningum í lofti byggist á ákvæðum Montreal-viðbótarbókunar nr. 4. Reglan var svo tekin upp í 30. gr. Montreal-samningsins frá 1999.

Um æ-lið (113. gr.).

Ábyrgðarreglur X. kafla eru sérreglur á sviði loftflutninga og þeim er ætlað að vera tæmandi á því sviði, þ.e. ekki er rúm fyrir beitingu annarra viðurkenndra ábyrgðarreglna úr skaðabótaréttinum samhliða þeim reglum sem kaflinn geymir, hvort heldur um er að ræða aðrar bótareglur innan eða utan samninga. Þetta ákvæði byggist á 29. gr. Montreal-samningsins. Við beitingu reglunnar verður þó að hafa ákvæði 86. gr. um gildissvið í huga, þ.e. henni verður að sjálfsögðu ekki beitt, nema tilvik þau sem til úrlausnar eru falli undir gildissvið kaflans. Í umfjöllun um gildissvið er athygli vakin á því að Varsjársamningurinn er enn þá í gildi og því a.m.k. fræðilegur möguleiki á því að íslenskir dómstólar kunni að standa frammi fyrir að þurfa að byggja úrlausn á ákvæðum hans, í upprunalegri útgáfu eða með síðari breytingum, eins og vikið er að í umfjöllun um 86. gr. og 127. gr. Síðasti málsliður 29. gr. Montreal-samningsins mælir fyrir um bann við svonefndum refsibótum (punitive damages) sem ekki þekkjast í íslenskum rétti. Ekki þykir því ástæða til að fjalla sérstaklega um slíkar bætur í ákvæðinu.

Um ö-lið (114. gr.).

Það er meginregla í íslenskum skaðabótarétti að þótt fleiri en einum skaðabótaskyldum aðila sé til að dreifa er samaðild sjaldnast réttarfarsskilyrði þegar mál er höfðað. Í þessu felst að ekki er skylt að höfða málið á hendum öllum þeim sem ábyrgð kunna að bera. Tjónþoli getur almennt snúið sér að þeim einum sem hann kýs. Sá eða þeir sem þannig þurfa að svara til ábyrgðar kunna hins vegar að eiga endurkröfurétt á samábyrgðaraðila sína, en meginregla íslensks skaðabótaréttar er að tjónþoli þarf ekki að eiga aðild þar að fremur en hann kýs. Með ákvæðum þessarar greinar sem byggjast á 37. gr. Montreal-samningsins er áréttað að ekkert í samningnum né í lögum þessum skal talið leiða til þess að endurkröfuréttur aðila sem svara þarf til bóta, á hendur samábyrgum aðilum eða öðrum, verði talinn skertur eða hindraður.

Um aa-lið (115. gr.).

Meginreglur íslensks réttarfars um varnarþing eru í V. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Reglur 115. gr. koma þeim reglum til viðbótar. Heimilisvarnarþingsreglan er aðalvarnarþingsreglan samkvæmt íslenskum rétti og hún er einnig nefnd fyrst í ákvæðum greinarinnar sem byggjast á 33. gr. Montreal-samningsins og koma í stað 113. gr. gildandi loftferðalaga. Auk þess sem þessar reglur eru hluti af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands er nauðsynlegt að bæta þeim við almennar íslenskar varnarþingsreglur vegna eðlis millilandaflugs og þeirra reglna sem frumvarpið geymir að öðru leyti um slíkt flug.

Regla 3. mgr., sem er nýmæli en samkvæmt henni má höfða mál á varnarþingi þar sem farþegi á aðalaðsetur eða fast aðsetur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem svo eru talin í málsgrein þessari og nánar skýrð í 4. mgr. greinarinnar, á rót sína að rekja til 33. gr. Montreal-samningsins. Útfærsla á hinu svonefnda fimmta varnarþingi í Montreal-samningnum er ekki sú sama og sett var fram í Gvatemala-bókuninni frá 1971. Samkvæmt Gvatemala-

bókuninni var farþega mögulegt að höfða mál þar sem hann var heimilisfastur eða búsettur ef flytjandinn hafði staðfestu þar. Í Montreal-samningnum er miðað við að flytjandi hafi með höndum flutning til og frá því landi þar sem farþegi hefur aðalaðsetur eða fast aðsetur er slys varð og frá starfsstöð annaðhvort í eigin eigu eða sem tekin hefur verið á leigu frá öðrum flytjanda samkvæmt samningi.

Um bb-lið (116. gr.).

Með ákvæðum þessarar greinar er m.a. réttarstaðan í svonefndu tengiflugi skýrð. Til að komast til áfangastaðar er iðulega nauðsynlegt að gera samning við fleiri en einn flytjanda, með því að sá flytjandi sem annast upphafsáfanga ferðar flýgur ekki til lokaáfangastaðar. Upphafsflytjandinn er þá gjarnan umboðsaðili flytjenda sem annast einn eða fleiri áfanga í ferðinni og frá samningi um þá áfanga gengur hann þá fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þetta fyrirkomulag byggist á svonefndu „interlining" fyrirkomulagi flugfélaga sem komið er á fyrir tilstilli Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA. Þegar svo hagar til ábyrgist flytjandinn þó aðeins þann hluta flutnings sem hann sjálfur annast, nema hann hafi með beinum hætti gengist við víðtækari ábyrgð. Það gerir hann til að mynda með því að deila með umbjóðendum sínum fluginu og númerum þess („code-sharing"), en um þá stöðu er samningsbundni flytjandinn felur öðrum flytjanda að annast flutninginn fyrir sig er fjallað í 118. gr.

Ákvæði 3. mgr. tiltekur nokkra útvíkkun á hinni almennu reglu um það gegn hvaða flytjanda kröfu verður beint hvað varðar farangur og farm.

Greinin samsvarar 36. gr. Montreal-samningsins og 30. gr. Varsjársamningsins um „successive carriage". Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt frá gildandi 115. gr. laganna. Orðið „gagnfær" í fyrirsögn ákvæðisins er tekið upp eftir 117. gr. gildandi siglingalaga, nr. 34/1985, um sams konar flutning sjóleiðis.

Um cc-lið (117. gr.).

Ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi 122. gr. og 38. gr. Montreal-samningsins um „combined carriage" og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um dd-lið (118. gr.).

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 116. og 117. gr. gildandi laga um loftferðir og 39. og 40. gr. Montreal-samningsins. Ákvæðið skilgreinir ábyrgð flytjanda sem gerir flutningssamning en felur síðan öðrum flytjanda samningsframkvæmdina, þ.e. felur öðrum flytjanda að annast í raun flutninginn að hluta eða öllu leyti. Tekið er á þeirri aðstöðu að samningsaðili sem er flugrekandi kann að annast lítinn eða jafnvel engan hluta þess flutnings sem hann hefur lofað, vegna samninga við annan eða aðra flytjendur. Allt að einu ábyrgist samningsbundni flytjandinn allan flutninginn, en flutningsaðilar í raun þann hluta sem þeir annast. Ábyrgð þeirra og samningsbundna flytjandans er sameiginleg og óskipt svo sem nánar er lýst í næstu ákvæðum kaflans.

Um ee-lið (119. gr.).

Með ákvæðum þessarar greinar er mælt fyrir um að ábyrgð samningsbundna flytjandans og raunverulegs flytjanda skuli vera óskipt og sameiginleg gagnvart farþega. Þá eru flytjendur þessir gerðir ábyrgir fyrir starfsmönnum og umboðsmönnum viðsemjanda síns. Samábyrgð þessi raskar þó ekki grundvelli bótareglnanna og samningsbundni flytjandinn getur ekki án samþykkis viðsemjanda síns gert bótaskyldu hans þungbærari en leiðir af ákvæðum laganna í sérsamningum við farþega, né getur hann í sérsamningum við farþega svipt flugrekanda í reynd þeim rétti til varna sem honum er búinn með ákvæðum laganna. Ákvæðið er efnislega samhljóða 118. gr. gildandi laga um loftferðir og 41. gr. Montreal-samningsins.

Um ff-lið (120. gr.).

Ákvæðið byggir á 42. gr. Montreal-samningsins og er efnislega samhljóða 119. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um gg-lið (121. gr.).

Starfsmönnum og umboðsmönnum sem stefnt yrði til bótagreiðslu er með 1. mgr. tryggður sami réttur til varna og flytjanda þeim sem þeir starfa fyrir. Takmörkun bótaábyrgðar er hins vegar því háð að hátterni þeirra verði hvorki talið ásetningur né stórfellt gáleysi svo sem fram kemur í 108. gr. Í seinni málsgreininni er áréttað að samábyrgðarreglur raska ekki grundvelli bótakerfa, þ.e. þær auka ekki bótarétt. Ákvæðið samsvarar 43. gr. og 44. gr. Montreal-samningsins og 120. gr. gildandi laga um loftferðir.

Um hh-lið (122. gr.).

Í greininni er lýst þeim reglum sem gilda um það gegn hvaða flytjendum er heimilt að beina dómkröfum og kveðið á um viðbrögð við því ef aðeins einum af fleiri ábyrgum flytjendum er stefnt. Sett er sú sérregla að stefnanda er skylt að viðlagðri frávísun aðalsakar að höfða samlagssök gegn þeim viðsemjanda stefnda um flutninginn sem ekki er stefnt setji stefndi fram kröfu þar um. Með þessum ákvæðum eru 45. og 46. gr. Montreal-samningsins lögleiddar. Hin sérstaka réttarfarsregla er í 2. mgr. 45. gr. samningsins orðuð á þá lund að sé mál aðeins höfðað gegn einum flytjanda beri honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn verði meðaðili að málinu og skulu reglur þess dómstóls sem fer með lögsögu í málinu gilda um málsmeðferð. 45. gr. Montreal-samningsins samsvarar VII. gr. Gvadalajara-samningsins.

Um ii-lið (123. gr.).

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 47. gr. Montreal-samningsins. Ákvæði 2. mgr. samsvarar 48. gr. Montreal-samningsins.

Um jj-lið (124. gr.).

Ákvæði greinarinnar samsvarar 5. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.

Um kk-lið (125. gr.).

8. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa tiltekur breytta skipan á upplýsingagjöf til farþega. Annars vegar skulu flytjendur sem selja loftflutninga á Íslandi gera farþegum kleift að nálgast samantekt upplýsinga, m.a. um bótaábyrgð flytjanda og fleiri atriði. Hins vegar er um að ræða beina upplýsingaskyldu þeirra flytjenda sem annast og selja loftflutninga til og frá Íslandi og innan Íslands á sömu atriðum. Síðarnefnda skyldan tekur einnig til erlendra flytjenda. Tilgangur ákvæðisins er að upplýsa farþega á einfaldan hátt um bótaábyrgð flytjanda og þær bótatakmarkanir sem fyrir hendi eru og m.a. gera þeim kleift að ákveða hvenær viðbótarvátryggingarverndar er þörf. Ákvæðið kemur í stað 2.–4. mgr. 127. gr. gildandi laga.

Um ll-lið (126. gr.).

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi tiltekur þær bætur sem farþegar kunna að eiga rétt á sé þeim vikið frá borði vegna umframskráningar í flugið. Þessar bætur eru tilkomnar vegna þeirra viðskiptahátta flugfélaga að yfirbóka flug þar sem mjög oft verða einhver afföll af þeim farþegum sem eiga bókað flug. Í þeim tilvikum sem allir farþegar sem bókað eiga flug koma til innritunar og ekki er nægilegur fjöldi sæta til skiptanna kemur til þess að farþegum sem áttu bókað flug er vísað frá vegna umfram-

skráningar. Bótunum er ætlað að bæta farþega þá röskun sem verður á högum hans við þetta. Þar sem fyrirhuguð er umtalsverð breyting á núverandi reglugerð, þ.m.t. útvíkkun gildissviðs ákvæða um óreglubundið flug og tiltekin réttindi farþega í kjölfar niðurfellingar flugs eða langra tafa, er ákvæðið ekki bundið umframskráningu eingöngu. Í 3. mgr. 125. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um frávísun farþega, svo sem í hvaða röð farþegum sé vísað frá borði og hverjir eigi forgang til sætis, fyrirkomulag bótagreiðslna og fleiri atriði er tengjast fyrirgreiðslu til handa farþegum vegna niðurfellingar flugs og langra tafa.

Um mm-lið (127. gr.).

Montreal-samningurinn sem slíkur gildir um millilandaflug, sbr. 1. gr. samningsins þar sem gildissvið hans er markað. Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er skýringarregla um hvað teljist millilandaflug skv. 2. mgr. 1. gr. samningsins. Á þá skýringu kann að reyna í málum annarra flytjenda en íslenskra í millilandaflugi því í frumvarpi þessu er gengið miklu lengra en að láta ákvæði þess einskorðast við millilandaflug eins og samningurinn skilgreinir það. Svo sem fram kemur í 2. mgr. 86. gr. gilda ákvæði hans um íslenskt innanlandsflug. Jafnframt eru íslenskir flugrekendur seldir undir þessi ákvæði, hvar svo sem þeir inna flutningaflug af hendi, sbr. 2. mgr. 86. gr.

Samkvæmt 55. gr. Montreal-samningsins er gert ráð fyrir að Montreal-samningurinn gangi framar öllum öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sama efni milli þeirra aðildarríkja sem hann hafa fullgilt. Hinn 4. nóvember 2003 tók Montreal-samningurinn gildi fyrir þau þrjátíu aðildarríki sem hann hafa fullgilt. Montreal-samningurinn mun því gilda varðandi millilandaflug til og frá yfirráðasvæði þeirra til ríkja sem hann hafa fullgilt. Varðandi flug til og frá yfirráðasvæði ríkja sem ekki hafa fullgilt Montreal-samninginn verður Varsjárkerfið hins vegar enn í gildi. Við slíkar aðstæður verður því að horfa til þeirra samninga, samningsauka og viðbótarsamninga sem hvort ríki um sig hefur fullgilt og hvaða alþjóðlegu skuldbindingar þau eiga sameiginlegar. Hvað Ísland varðar er þá horft til ákvæða laga nr. 41/1949 en upphaflegi Varsjársamningurinn frá 1929 er fylgiskjal með þeim lögum, sem og Haag-bókunarinnar frá 1955, sbr. lög nr. 41/1949, með áorðnum breytingum með lögum nr. 46/1956. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 41/1949, með áorðnum breytingum, þar sem lögfest eru ákvæði Montreal-viðbótarbókunar nr. 4 frá 1975 og Gvadalajara-viðbótarsamningsins frá 1961 og eru bókunin og samningurinn birt sem fylgiskjöl með lögunum.

Í 4. mgr. greinarinnar er sérstaklega kveðið á um það tilvik þegar ríki þar sem brottfarareða ákvörðunarstaður er hefur ekki fullgilt Varsjársamninginn frá 1929.

Um 4. gr.

Ákvæðið felur aðeins í sér einföldun á framsetningu krafna sem eru um vátryggingarfjárhæðir.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum er eftirlitsgjald, lendingargjald og vopnaleitargjald skilgreint sem sértekjur Flugmálastjórnar. Í 12. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, eru sértekjur skilgreindar sem tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum. Vopnaleitargjald, eftirlitsgjald og lendingargjald getur ekki flokkast sem sala á vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum heldur er um að ræða skatttekjur sem renna til stofnanna. Í fjárlögum eru þessi gjöld nú þegar flokkuð sem ríkistekjur í séryfirliti 4, Aðrar rekstrartekjur stofnana. Það er því talið rétt að fella niður þessar málsgreinar úr lögunum þar sem þær stangast á við viðurkennda skilgreiningu á lögunum um fjárreiður ríkisins.

Um 6. gr.

Hin nýja Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) mun taka yfir ýmis verkefni, bæði lagalegs og tæknilegs eðlis, sem hafa verið í höndum Flugöryggissamtaka flugmálastjórna Evrópu (JAA). Þegar haft er í huga að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) mun verða sjálfstæður lögaðili sem mun hafa verulega þýðingu við undirbúning og framkvæmd löggjafar þykir eðlilegt að hennar verði getið sérstaklega í lögum um loftferðir og að fyrir hendi sé skýr lagaheimild Flugmálastjórnar Íslands til að eiga aðild að henni. Meginhlutverk stofnunarinnar er að vinna að auknu flugöryggi í Evrópu og tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi á þessu svæði. Að auki ber stofnuninni að stuðla að frjálsri og opinni samkeppni, skilvirku vottunarferli og alþjóðlegri samræmingu. Það er grundvallaratriði fyrir Ísland og íslensk stjórnvöld að taka sem víðtækastan þátt í starfi þeirrar stofnunar sem á endanum mun móta og framfylgja flugöryggisreglum í Evrópu til að tryggja hagsmuni íslenskra flugrekenda og allra handhafa íslenskra flugskírteina.

Með ákvæði þessu er samgönguráðherra falið að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 í íslenskan rétt en það er nauðsynlegt vegna tvíeðlis íslensks réttar sem gerir greinarmun á þjóðarétti og landsrétti gagnvart borgurunum.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

I. Samningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Montreal 28. maí 1999.

II. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð vegna slysa.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM SAMRÆMINGU TILTEKINNA REGLNA VARÐANDI LOFTFLUTNINGA MILLI LANDA	CONVENTION FOR THE UNIFICATION OF CERTAIN RULES FOR INTERNATIONAL CARRIAGE BY AIR
AÐILDARRÍKI SAMNINGS ÞESSA SEM	THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION
VIÐURKENNA mikilvægt framlag með samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, hér eftir nefndur „Varsjársamningurinn“, og öðrum skyldum gerningum til þess að samræma reglur um einkamálarétt á sviði flugmála;	RECOGNIZING the significant contribution of the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air signed to Warsaw on 12 October 1929, hereinafter referred to as the „Warsaw Convention“, and other related instruments to the harmonization of private international air law;
VIÐURKENNA nauðsyn þess að færa til nútímahorfs og steypa saman Varsjársamningnum og skyldum samningum;	RECOGNIZING the need to modernize and consolidate the Warsaw Convention and related instruments;

VIÐURKENNA mikilvægi þess að tryggð sé vernd hagsmuna neytenda með tilliti til flutninga milli landa loftleiðis og nauðsyn réttlátra bóta sem eru byggðar á meginreglunni um endurheimt;

ÁRÉTTA að æskilegt er að þróun reksturs á sviði flutninga milli landa loftleiðis sé með skipulegum hætti og að flæði farþega, farangurs og farms sé jafnt í samræmi við meginreglur og markmið Samþykktar um alþjóðleg flugmál sem var gerð í Chicago 7. desember 1944;

ERU FULLVISS um að sameiginlegar ráðstafanir ríkja til þess að samræma frekar og skrá skipulega tilteknar reglur um flutninga milli landa loftleiðis með nýjum samningi er vísasta leiðin til þess að ná fram réttlátum jöfnuði með tilliti til ólíkra hagsmuna;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

I. Kafli
Almenn ákvæði
1. gr. – Gildissvið

1. Samningur þessi gildir um allan flutning í loftfari á farþegum, farangri og farmi milli landa gegn greiðslu. Hann gildir jafnt um ókeypis flutninga með loftförum sem flugrekandi framkvæmir.

2. Í samningi þessum merkir flutningur milli landa flutning þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður, samkvæmt samningi milli viðkomandi aðila og hvort sem hlé verður á flutningi eða áframsending á sér stað eða ekki, eru annaðhvort innan landsvæða tveggja aðildarríkja eða innan landsvæðis eins aðildarríkis ef um er að ræða umsaminn viðkomustað innan landsvæðis annars ríkis, jafnvel þó að það ríki sé ekki aðildarríki. Flutningur milli tveggja staða innan landsvæðis eins samningsaðila, án þess að um umsaminn viðkomustað innan landsvæðis annars ríkis sé að ræða, er ekki flutningur milli landa í skilningi samnings þessa.

3. Flutningur, sem nokkrir flytjendur framkvæma hver á eftir öðrum, telst, að því er samning þennan varðar, einn óslitinn flutningur ef viðkomandi aðilar hafa litið svo á að um eitt verkefni sé að ræða, hvort sem samið hafði verið um það í einum samningi eða röð samninga, og slíkur flutningur telst vera milli landa jafnvel þótt framkvæma eigi einn samning eða röð samninga alfarið innan landsvæðis sama ríkis.

4. Samningur þessi gildir einnig um flutninga, samanber í V. kafla, með fyrirvara um þá skilmála sem þar er getið.

RECOGNIZING the importance of ensuring protection of the interest of consumers in international carriage by air and the need for equitable compensation based on the principle of restitution;

REAFFIRMING the desirability of an orderly development of international air transport operations and the smooth flow of passengers, baggage and cargo in accordance with the principles and objectives of the Convention on International Civil Aviation, done at Chicago on 7 December 1944;

CONVINCED that collective State action for further harmonization and codification of certain rules governing international carriage by air through a new Convention is the most adequate means of achieving an equitable balance of interests;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Chapter 1
General Provisions
Article 1 – Scope of Application

1. This Convention applies to all international carriage of persons, baggage or cargo performed by aircraft for reward. It applies equally to gratuitous carriage by aircraft performed by an air transport undertaking.
2. For the purposes of this Convention, the expression international carriage means any carriage in which, according to the agreement between the parties, the place of departure and the place of destination, whether or not there be a break in the carriage or a transhipment, are situated either within the territories of two States Parties, or within the territory of a single State Party if there is an agreed stopping place within the territory of another State, even if that State is not a State Party. Carriage between two points within the territory of a single State Party without an agreed stopping place within the territory of another State is not international carriage for the purposed of this Convention.
3. Carriage to be performed by several successive carriers is deemed, for the purposed of this Convention, to be one undivided carriage if it has been regarded by the parties as a single operation, whether it had been agreed upon under the form of a single contract or of a series of contracts, and it does not lose its international character merely because one contract or a series of contracts is to be performed entirely within the territory of the same State.
4. This Convention applies also to carriage as set out in Chapter V, subject to the terms contained therein.

2. gr. – Flutningar sem ríki framkvæma og flutningur póstsendinga

1. Samningur þessi gildir um flutninga, sem ríki framkvæma eða lögformlegar opinberar stofnanir, að því tilskildu að þeir rúmist innan þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í 1. gr.
2. Að því er varðar flutning pósts skal viðkomandi flytjandi aðeins skaðabótaskyldur gagnvart hlutaðeigandi póststjórn í samræmi við gildandi reglur um tengsl flytjenda og póststjórna.

3. Ákvæði samnings þessa gilda ekki um flutning pósts nema að því leyti sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

II. kafli

Skjalahald og skyldur aðila að því er varðar flutning farþega, farangurs og farms

3. gr. – Farþegar og farangur

1. Þegar um ræðir farþegaflutninga skal afhenta einstaklingsbundinn eða sameiginlegan farseðil sem inniheldur upplýsingar um:
a) brottfarar- og ákvörðunarstað;

b) séu brottfarar- og ákvörðunarstaður innan landsvæðis eins aðildarríkis og einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, að minnsta kosti einn slíkan viðkomustað;

2. Í stað þess að afhenda farseðil, sem um getur í 1. mgr., er heimilt að beita annarri aðferð sem gerir kleift að varðveita þær upplýsingar sem koma fram í 1. mgr. Ef slíkri annarri aðferð er beitt skal flytjandinn bjóða farþega að afhenda honum skriflega yfirlýsingu um þær upplýsingar sem eru varðveittar samkvæmt fyrrnefndri aðferð.
3. Flytjandi skal afhenda farþega farangursmiða fyrir hvern farangurshluta sem er innritaður.

4. Afhenda skal farþega skrifleg tilkynningu þess efnis að þar sem samningur þessi er í gildi gildi hann um og kunni að takmarka ábyrgð flytjenda að því er varðar líf- eða líkamstjón og ábyrgð vegna eyðileggingar eða hvarfs eða tjóns á farangri og vegna tafa.
5. Þótt ákvæðum málsgreinanna hér að framan sé eigi fylgt hefur það engin áhrif á tilvist eða gildi flutningssamningsins sem ákvæði samnings þessa gilda engu að síður um, meðal annars ákvæði um takmörkun ábyrgðar.

4. gr. – Farmur

1. Þegar farmur er fluttur skal afhenda fylgibréf.

Article 2 – Carriage Performed by State and Carriage of Postal Items

1. This Convention applies to carriage performed by the State or by legally constituted public bodies provided it falls within the conditions laid down in Article 1.
2. In the carriage of postal items, the carrier shall be liable only to the relevant postal administration in accordance with the rules applicable to the relationship between the carriers and the postal administrations.
3. Except as provided in paragraph 2 of this Article, the provisions of this Convention shall not apply to the carriage of postal items.

Chapter II

Documentation and Duties of the Parties Relating to the Carriage of Passengers, Baggage and Cargo

Article 3 – Passengers and Baggage

1. In respect of carriage of passengers, an individual or collective document of carriage shall be delivered containing:
(a) an indication of the places of departure and destination;
(b) if the places of departure and destination are within the territory of a single State Party, one or more agreed stopping places being within the territory of another State, an indication of at least one such stopping place.
2. Any other means which preserves the information indicated in paragraph 1 may be substituted for the delivery of the document referred to in that paragraph. If any such other means is used, the carrier shall offer to deliver to the passenger a written statement of the information so preserved.

3. The carrier shall deliver to the passenger a baggage identification tag for each piece of checked baggage.
4. The passenger shall be given written notice to the effect that where this Convention is applicable it governs and may limit the liability of carriers in respect of death or injury and for destruction or loss of, or damage to, baggage, and for delay.
5. Non-compliance with the provisions of the foregoing paragraphs shall not affect the existence or the validity of the contract of carriage, which shall, nonetheless, be subject to the rules of this Convention including those relating to limitation of liability.

Article 4 – Cargo

1. Inspect of the carriage of cargo, an air waybill shall be delivered.

2. Heimilt er að varðveita greinargerð um fyrirhugaðan flutning með öðrum hætti sem getur komið í stað þess að afhenda sendanda farmkvittun sem gerir kleift að bera kennsl á sendinguna og heimilar aðgang að þeim upplýsingum sem koma fram í þeirri greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem fyrr greinir.

5. gr. – Efni fylgibréfs eða farmkvittunar

Í fylgibréfi eða farmkvittun fyrir farmi komi eftirfarandi fram:

a) brottfarar- og ákvörðunarstaður;

b) ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis eins aðildarríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, að minnsta kosti einn slíkur viðkomustaður; og

c) þyngd sendingar.

6. gr. – Farmgerðarskjal

Heimilt er að krefjast þess, ef nauðsyn ber til, að sendandi fullnægi þeirri formkröfu tollyfirvalda, lögreglu og líkra opinberra yfirvalda að afhenda skjal þar sem fram kemur um hvers kyns farm er að ræða. Að því er varðar flytjandann hefur ákvæði þetta enga skyldu eða skuldbindingu í för með sér eða ábyrgð sem má rekja til hennar.

7. gr. – Lýsing fylgibréfs

1. Sendandi skal fylla út fylgibréfs í þremur frumeintökum.

2. Fyrsta eintakið skal merkt „handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Annað eintakið skal merkt „handa viðtakanda“ og skal sendandi og flytjandi undirrita það. Flytjandinn skal undirrita þriðja eintakið og afhenda sendanda eftir að farmi hefur verið veitt viðtaka.

3. Heimilt er að prenta eða stimpla undirritun flytjanda og sendanda.

4. Útfylli flytjandinn fylgibréf, að beiðni sendanda, skal litið svo á að flytjandinn hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema færðar séu sönnur á annað.

8. gr. – Skjöl um böggla í mörgum stykkjum

Ef um fleiri en eitt stykki er að ræða:

a) getur farmflytjandi krafist þess að sendandi fylli út aðskilin fylgibréf;

b) getur sendandi krafist þess að flytjandinn afhendi aðskildar farmkvittanir þegar sá annar háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

2. Any other means which preserves a record of the carriage to be performed may be substituted for the delivery to the consignor a cargo receipt permitting identification of the consignment and access to the information contained in the record preserved by such other means.

Article 5 – Contents of Air Waybill or Cargo Receipt

The air waybill or the cargo receipt shall include:

(a) an indication of the places of departure and destination;

(b) if the places of departure and destination are within the territory of a single State party, one or more agreed stopping places being within the territory of another State, an indication of at lest one such stopping place; and

(c) an indication of the weight of the consignment.

Article 6 – Document Relating to the Nature of the Cargo

The consignor may be required, if necessary, to meet the formalities of customs, police and similar public authorities to deliver a document indicating the nature of the cargo. This provision creates for the carrier no duty, obligation or liability resulting therefrom.

Article 7 – Description of Air Waybill

1. The air waybill shall be made out by three consignor in three original parts.

2. The first part shall be marked „for the carrier“; it shall be signed by the consignor. The second part shall be marked „for the consignee“; it shall be signed by the consignor and by the carrier. The third part shall be signed by the carrier who shall hand it to the consignor after the cargo has been accepted.

3. The signature of the carrier and that of the consignor may be printed or stamped.

4. If, at the request of the consignor, the carrier makes out the air waybill, the carrier shall be deemed, subject to proof to the contrary, to have done so on behalf of the consignor.

Article 8 – Documentation for Multiple Packages

When there is more than one package:

(a) the carrier of cargo has the right to require the consignor to make out separate air waybills;

(b) the consignor has the right to require the carrier to deliver separate cargo receipts when the other means referred to in paragraph 2 of Article 4 are used.

9. gr. – Kröfum um skjalagerð ekki fullnægt

Þrátt fyrir að ákvæðum 4. til 8. gr. sé ekki fylgt hefur það engin áhrif á tilvist og gildi flutningssamnings sem ákvæði samnings þessa gilda engu að síður um, meðal annars ákvæði um takmörkun ábyrgðar.

10. gr. – Ábyrgð á veittum upplýsingum í skjölum

1. Sendandi er ábyrgur fyrir því að upplýsingar og yfirlýsingar um farm, sem hann færir inn í fylgibréf eða eru færðar inn fyrir hans hönd, séu réttar; það sama gildir um upplýsingar og yfirlýsingar um farm sem hann lætur flytjandanum í té eða eru látnar flytjanda í té fyrir hans hönd og færa á inn í farmkvittun eða greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2.mgr. 4. gr. Fyrrnefnd atriði gilda einnig þegar sá aðili, sem kemur fram fyrir hönd sendanda, er einnig umboðsmaður flytjandans.
2. Sendandi skal gera flytjanda skaðlausan vegna alls tjóns sem flytjandinn verður fyrir, eða annar aðili sem flytjandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem sendandi lætur í té eða eru látnar í té fyrir hans hönd, eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.
3. Flytjandinn skal, með fyrirvara um ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, gera sendanda skaðlausan vegna alls tjóns sem sendandinn verður fyrir, eða annar aðili sem sendandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem flytjandinn færir inn, eða eru færðar inn fyrir hans hönd, í farmkvittun eða greinargerð, sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2. mgr. 4. gr., eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.

11. gr. – Sönnunargildi skjala

1. Fylgibréf eða farmkvittun gildir að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir því að samningur hafi verið gerður, því að við farmi hafi verið tekið og fyrir þeim flutningsskilyrðum sem þar um getur.
2. Yfirlýsingar í fylgibréfi eða farmkvittun um þyngd, mál og umbúðir farms sem og stykkjafjölda gilda að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir þeim atriðum sem eru tilgreind. Yfirlýsingar um magn, rúmtak eða ástand vöru gilda hins vegar ekki sem sönnunargagn gegn flytjanda, nema að því leyti sem fram kemur í fylgibréfi eða farmkvittun að hann hafi, í viðurvist sendanda, gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra eða þær eiga skylt við sýnilegt ástand farmsins.

Article 9 – Non-compliance with Documentary Requirements

Non-compliance with the provisions of Articles 4 to 8 shall not affect the existence or the validity of the contract of carriage, which shall, nonetheless, be subject tot the rules of this Convention including those relating to limitation of liability.

Article 10 – Responsibility for particulars of Documentation

1. The consignor is responsible for the correctness of the particulars and statements relating to the cargo inserted by it or on its behalf in the air waybill or furnished by it or in its behalf to the carrier for insertion in the cargo receipt or for insertion in the record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 4. The foregoing shall also apply where the person acting on behalf of the consignor is also the agent of the carrier.

2. The consignor shall indemnify the carrier against all damage suffered by it, or by any other person to whom the carrier is liable, by reason of the irregularity, incorrectness or incompleteness of the particulars and statements furnished by the consignor or on its behalf.
3. Subject to the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article, the carrier shall indemnify the consignor against all damage suffered by it, or by any other person to whom the consignor is liable, by reason of the irregularity, incorrectness or incompleteness of the particulars and statements inserted by the carrier or on its behalf in the cargo receipt or in the record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 4.

Article 11 – Evidentiary Value of Documentation

1. The air waybill or the cargo receipt is prima facie evidence of the conclusion of the contract, of the acceptance of the cargo and of the conditions of carriage mentioned therein.
2. Any statements in the air waybill or the cargo receipt relating to the weight, dimensions and packing of the cargo, as well as those relating to the number of packages, are prima facie evidence of the facts stated; those relating to the quantity, volume and condition of the cargo do not constitute evidence against the carrier except so far as they both have been, and are stated in the air waybill or the cargo receipt to have been, checked by it in the presence of the consignor, or relate to the apparent condition of the cargo.

12. gr. – Réttur til að ráðstafa farmi

1. Sendandi hefur, með fyrirvara um þá skyldu að fullnægja öllum skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, rétt til þess að ráðstafa farmi með því að fjarlægja hann í flughöfn sem er brottfarar- eða ákvörðunarstaður eða með því að stöðva flutning hans á leiðinni hvar sem lent er eða krefjast þess að hann verði afhentur á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim viðtakanda sem var upphaflega tilnefndur eða með því að krefjast þess að hann sé endursendur til flughafnar sem er brottfararstaður. Sendandi skal ekki fara með fyrrnefndan ráðstöfunarrétt þannig að flytjandinn eða aðrir sendendur verði fyrir tjóni og skal endurgreiða útlagðan kostnað sem hlýst af því að þessum rétti er beitt.
2. Sé ógerlegt að fara að fyrirmælum sendanda skal flytjandinn tilkynna honum það án tafar.

3. Fari flytjandinn að fyrirmælum sendanda um ráðstöfun farms án þess að krefjast þess að sá hluti fylgibréfs eða farmkvittunar fyrir farmi, sem þeim síðarnefnda er afhentur, sé lagður fram mun flytjandinn verða skaðabótaskyldur, með fyrirvara um rétt hans til bóta frá sendanda, fyrir öllu tjóni sem hver sá aðili, sem löglega hefur yfir að ráða fyrrnefndum hluta fylgibréfsins eða farmkvittunarinnar fyrir farmi, kann að verða fyrir af þeim sökum.
4. Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 13. gr. Neiti viðtakandi því að taka við farmi eða ekki er unnt að ná sambandi við hann endurheimtir sendandi samt sem áður ráðstöfunarrétt sinn.

13. gr. – Afhending farms

1. Viðtakanda ber, nema sendandi hafi haldið fram rétti sínum skv. 12. gr., réttur til að gera kröfu, við komu farms til ákvörðunarstaðar, um að flytjandinn afhendi honum farminn gegn greiðslu tilhlýðilegra gjalda og eftir að hann hefur fullnægt flutningsskilyrðum.
2. Flytjanda ber skylda til þess að tilkynna viðtakanda án tafar um komu farms, nema samið sé um annað.
3. Viðurkenni flytjandi að farmur hafi glatast eða sé farmur ókominn sjö dögum eftir þann dag sem von var á honum getur viðtakandi haldið fram þeim rétti gagnvart flytjandanum sem flutningssamningurinn kveður á um.

14. gr. – Réttur sendanda og viðtakanda nýttur

Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig nýtt sér allan þann rétt sem þeim ber skv. 12. og 13. gr., hvor

Article 12 – Right of Disposition of Cargo

1. Subject to its liability to carry out all its obligations under the contract of carriage, the consignor has the right to dispose of the cargo by withdrawing it at the airport of departure or destination, or by stopping it in the course of the journey on any landing, or by calling for it to be delivered at the place of destination or in the course of the journey to a person other than the consignee originally designated, or by requiring it to be returned to the airport of departure. The consignor must not exercise this right of disposition in such a way as to prejudice the carrier or other cinsigno4rs and must reimburse any expenses occasioned by the exercise of this right.

2. If it is impossible to carry out the instructions of the consignor, the carrier must so inform the consignor forthwith.
3. If the carrier carries out the instructions of the consignor for the disposition of the cargo without requiring the production of the part of the air waybill or the cargo receipt delivered to the latte, the carrier will be liable, without prejudice to its right of recovery from the consignor, for any damage which may be caused thereby to any person who is lawfully in possession of that part of the air waybill or the cargo receipt.
4. The right conferred on the consignor ceases at the moment when that of the consignee begins in accordance with Article 13. Nevertheless, if the consignee declined to accept the cargo, or cannot be communicated with, the consignor resumes its right of disposition.

Article 13 – Delivery of the Cargo

1. Except when the consignor has exercised its right under Article 12, the consignee is entitled, on arrival of the cargo at the place of destination, to require the carrier to deliver the cargo to it, on payment of the charges due and on complying with the conditions of carriage.
2. Unless it is otherwise agreed, it is the duty of the carrier to give notice to the consignee as soon as the cargo arrives.
3. If the carrier admits the loss of the cargo, or id the cargo has not arrived at the expiration of seven days after the date on which it ought to have arrived, the consignee is entitled to enforce against the carrier the rights which flow from the contract of carriage.

Article 14 – Enforcement of the Rights of Consignor and Consignee

The consignor and the consignee can respectively enforce all the rights given to them by Articles 12

í eigin nafni, hvort sem þeir gæta eigin hagsmuna eða hagsmuna annarra, að því tilskildu að þeir sinni þeim skyldum sem þeim ber samkvæmt flutningssamningi.

15. gr. – Tengsl sendanda og viðtakanda eða gagnkvæm tengsl þriðju aðila

1. Ákvæði 12., 13. og 14. gr. hafa hvorki áhrif á tengsl sendanda og viðtakanda þeirra á milli né gagnkvæm tengsl þriðju aðila sem sækja rétt sinn annaðhvort til sendanda eða viðtakanda.

2. Ákvæðum 12., 13. og 14. gr. má aðeins breyta með sérstöku ákvæði í fylgibréfi eða farmkvittun.

16. gr. – Formkröfur tollyfirvalda, lögreglu eða annarra opinberra yfirvalda

1. Sendanda er skylt að láta í té þær upplýsingar og framvísa þeim skjölum sem eru nauðsynleg til þess að uppfylla formkröfur tollyfirvalda, lögreglu og annarra opinberra yfirvalda áður en unnt er að afhenda viðtakanda farm. Sendandi er skaðabótaskyldur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem hlýst af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða ólögmæt, nema tjónið sé af völdum flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna.
2. Flytjanda ber ekki skylda til þess að kanna hvort fyrrnefndar upplýsingar eða skjöl séu rétt eða fullnægjandi.

III. kafli
Ábyrgð flytjanda og takmörk skaðabóta

17. gr. – Farþegi lætur lífið eða meiðist – tjón á farangri

1. Flytjandi er skaðabótaskyldur, láti farþegi lífið eða verði fyrir líkamstjóni, aðeins ef slysið, sem olli líf- eða líkamstjóni, varð um borð í loftfari eða þegar farið var um borð eða frá borði.

2. Flytjandi er skaðabótaskyldur, eyðileggist innritaður farangur eða glatist eða skemmist, aðeins ef sá atburður, sem olli eyðileggingunni, hvarfinu eða skemmdunum, varð um borð í loftfarinu eða meðan innritaður farangur var í vörslu flytjandans. Flytjandinn er samt sem áður ekki skaðabótaskyldur ef og að því marki sem tjónið má rekja til innbyggðs annmarka, eiginleika eða ágalla farangurs. Flytjandinn er skaðabótaskyldur ef um er að ræða óinnritaðan farangur, þar með talið persónulega muni, sé tjónið vegna mistaka hans eða starfsmanna hans eða umboðsmanna.

and 13, each in its own name, whether it is acting in its own interest or in the interest of another, provided that it carries out the obligations imposed by the contract of carriage.

Article 15 – Relations of Consignor and Consignee or Mutual Relations of Third Parties

1. Articles, 12, 13 and 14 do not affect either the relations of the consignor and the consignee with each other or the mutual relations of third parties whose rights are derived either from the consignor or from the consignee.
2. The provisions of Articles 12, 13 and 14 can only be varied by express provision in the air waybill or the cargo receipt.

Article 16 – Formalities of Customs, Police or Other Public Authorities

1. The consignor must furnish such information and such documents as are necessary to meet the formalities of customs, police and any other public authorities before the cargo can be delivered to the consignee. The consignor is liable to the carrier for any damage occasioned by the absence, insufficiency or irregularity of any such information or documents, unless the damage is due to the fault of the carrier, its servants or agents.
2. The carrier is under no obligation to enquire into the correctness or sufficiency of such information or documents.

Chapter III
Liability of the Carrier and Extent of Compensation for Damage

Article 17 – Death and Injury of Passengers – Damage to Baggage

1. The carrier is liable for damage sustained in case of death or bodily injury of a passenger upon condition only that the accident which caused the death or injury took place on board the aircraft or in the course of any of the operations of embarking or disembarking.
2. The carrier is liable for damage sustained in case of destruction or loss of, or of damage to, checked baggage upon condition only that the event which caused the destruction, loss or damage took place on board the aircraft or during any period within which the checked baggage was in the charge of the carrier. However, the carrier is not liable if and to the extent that the damage resulted from the inherent defect, quality or vice of the baggage. In the case of unchecked baggage, including personal items, the carrier is liable if the damage resulted from its fault or that of its servants or agents.

3. Gangist flytjandi við því að innritaður farangur hafi glatast eða komi innritaður farangur ekki fram að tuttugu og einum degi liðnum frá þeim degi er hann hefði átt að koma fram getur farþegi haldið fram þeim rétti gagnvart flytjandanum sem flutningssamningurinn kveður á um.
4. „Farangur“ merkir í samningi þessum, nema annað sé tilgreint, bæði innritaðan og óinnritaðan farangur.

18. gr. – Tjón á farmi

1. Flytjandi er skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem verður þegar farmur eyðileggst eða glatast eða skemmist, aðeins ef sá atburður, sem olli því tjóni sem þannig varð, átti sér stað meðan á flutningi loftleiðis stóð.
2. Flytjandinn er samt sem áður ekki skaðabótaskyldur færi hann sönnur á, og að því marki sem hann gerir svo, að eyðilegging eða hvarf eða tjón á farmi hafi orsakast af einni eða fleiri eftirtalinna ástæðna:

a) eðlislægum ágöllum, eiginleikum eða göllum farmsins;
b) gölluðum umbúðum farmsins sem aðrir en flytjandinn eða starfsmenn hans eða umboðsmenn hafa gengið frá;
c) stríði eða vopnuðum átökum;
d) aðgerðum opinberra yfirvalda í tengslum við komu, brottför eða umflutning farmsins.

3. Undir flutning loftleiðis, í skilningi 1. mgr. þessarar greinar, fellur sá tími sem farmur er í vörslu flytjanda.
4. Flutningur loftleiðis nær ekki til neinskonar flutnings á landi, á sjó eða innlendum vatnaleiðum sem fer fram utan flughafnar. Ef hins vegar slíkur flutningur á sér stað samkvæmt samningi um flutning loftleiðis, í þeim tilgangi að hlaða, afhenda eða áframsenda farm, er litið svo á, nema færðar séu sönnur á annað, að tjón sé vegna atburðar sem átti sér stað meðan á flutningi loftleiðis stóð. Ákveði flytjandi, án samþykkis sendanda, að annar flutningsmáti sé viðhafður allan þann tíma meðan á flutningi stendur eða hluta þess tíma í stað þess sem samningur milli aðila gerði ráð fyrir að yrði flutningur loftleiðis er litið svo á að slíkur flutningur með öðrum hætti eigi sér stað meðan á flutningi loftleiðis stendur.

19. gr. – Tafir

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni af völdum tafa á flutningi farþega, farangurs eða farms í lofti. Þó verður flytjandi ekki talinn bera ábyrgð á tjóni sem orsakast vegna tafa geti hann fært sönnur á að hann

3. If the carrier admits the loss of the checked baggage, or if the checked baggage has not arrived at the expiration of twenty-one days after the date on which it ought to have arrived, the passenger is entitled to enforce against the carrier the rights which flow from the contract of carriage.
4. Unless otherwise specified, in this Convention the term „baggage“ means both checked baggage and unchecked baggage.

Article 18 – Damage to Cargo

1. The carrier is liable for damage sustained in the event of the destruction or loss of, or damage to, cargo upon condition only that the event which caused the damage so sustained took place during the carriage by air.
2. However, the carrier is not liable if and to the extent it proves that the destruction, or loss of, or damage to, the cargo resulted from one or more of the following:

(a) inherent defect, quality or vice of that cargo;

(b) defective packing of that cargo performed by a person other than the carrier or its servants or agents;
(c) an act of war or armed conflict;
(d) an act of public authority carried out in connection with the entry, exit or transit of the cargo.

3. The carriage by air within the meaning of paragraph 1 of this Article comprises the period during which the cargo is in the charge of the carrier.
4. The period of the carriage by air does not extend to any carriage by land, by sea or by inland waterway performed outside an airport. If, however, such carriage takes place in the performance of a contract for carriage by air, for the purpose of loading, delivery or transhipment, any damage is presumed, subject to proof to the contrary, to have been the result of an event which took place during the carriage by air. If a carrier, without the consent of the consignor, substitutes carriage by another mode of transport for the whole or part of a carriage intended by the agreement between the parties to be carriage by air, such carriage by another mode of transport is deemed to be within the period of carriage by air.

Article 19 – Delay

The carrier is liable for damage occasioned by delay in the carriage by air of passengers, baggage or cargo. Nevertheless, the carrier shall not be liable for damage occasioned by delay if it proves that it and

og starfsmenn hans og umboðsmenn hafi viðhaft allar þær aðgerðir, sem sanngjarnt getur talist að viðhafðar séu, í því skyni að afstýra tjóni eða það hafi verið ógerlegt fyrir hann eða þá að framkvæma slíkar aðgerðir.

its servants and agents took all measures that could reasonably be required to avoid the damage or that it was impossible for it or them to take such measures.

20. gr. – Hreinsun af áburði

Færi flytjandi sönnur á að sá aðili, sem krefst skaðabóta, eða sá aðili, sem hann sækir rétt sinn til, hafi valdið tjóninu eða stuðlað að því með vanrækslu eða öðrum ólögmætum athöfnum eða athafnaleysi skal bera sakir af flytjandanum, að hluta til eða að fullu, með tilliti til ábyrgðar hans gagnvart krefjanda, að því marki sem slík vanræksla eða ólögmæt athöfn eða athafnaleysi olli tjóninu eða stuðlaði að því. Geri annar aðili en farþegi bótakröfu vegna líf- eða líkamstjóns farþega skal á sama hátt bera sakir af flytjandanum, að hluta til eða að fullu, með tilliti til ábyrgðar hans, að því marki sem hann færir sönnur á að vanræksla eða ólögmæt athöfn eða athafnaleysi farþegans olli tjóninu eða stuðlaði að því. Þessi grein gildir um öll ákvæði sem fjalla um ábyrgð í samningi þessum, þar á meðal 1. mgr. 21. gr.

Article 20 – Exoneration

If the carrier proves that the damage was caused or contributed to by the negligence or other wrongful act or omission of the person claiming compensation, or the person from whom he or she derives his or her rights, the carrier shall be wholly or partly exonerated from its liability to the claimant to the extent that such negligence or wrongful act or omission caused or contributed to the damage. When by reason of death or injury of a passenger compensation is claimed by a person other than the passenger, the carrier shall likewise be wholly or partly exonerated from its liability to the extent that it proves that the damage was caused or contributed to by the negligence or other wrongful act or omission of that passenger. This Article applies to all the liability provisions in this convention, including paragraph 1 of Article 21.

21. gr. – Bætur vegna líf- eða líkamstjóns

1. Flytjandi getur ekki útilokað eða takmarkað ábyrgð sína vegna tjóns skv. 1. mgr. 17. gr. sem er 100 000 SDR eða minna vegna hvers farþega.

2. Flytjandi skal ekki skaðabótaskyldur vegna tjóns skv. 1. mgr. 17. gr., að því leyti sem það er meira en 100 000 SDR vegna hvers farþega, færi flytjandinn sönnur á það:

a) að tjónið varð ekki vegna vanrækslu eða annarrar ólögmætrar athafnar eða athafnaleysis flytjandans eða starfsmanna hans eða umboðsmanna;
b) að tjónið varð einvörðungu vegna vanrækslu eða annarrar ólögmætrar athafnar eða athafnaleysis þriðja aðila.

Article 21 – Compensation in Case of Death or Injury of Passengers

1. For damages arising under paragraph 1 of Article 17 not exceeding 100 000 Special Drawing Rights for each passenger, the carrier shall not be able to exclude or limit its liability.
2. The carrier shall not be liable for damages arising under paragraph 1 of Article 17 to the extent that they exceed for each passenger 100 000 Special Drawing Rights if the carrier proves that:
(a) such damage was not due to the negligence or other wrongful act or omission of the carrier or its servants or agents; or
(b) such damage was solely due to the negligence or other wrongful act or omission of a third party.

22. gr. – Mörk ábyrgðar í tengslum við tafir, farangur og farm

1. Þegar um ræðir tjón vegna tafa, eins og tilgreint er í 19. gr. og að því er varðar farþegaflutninga, skal ábyrgð viðkomandi flytjanda vegna hvers farþega takmörkuð við 4 150 SDR.
2. Þegar um ræðir flutning farangurs skal ábyrgð viðkomandi flytjanda vegna eyðileggingar, hvarfs, tjóns eða tafa takmörkuð við fjárhæð sem nemur 1 000 SDR vegna hvers farþega, nema farþegi hafi, þegar innritaður farangur var afhentur flytjandanum, gefið sérstaka yfirlýsingu um hagsmuni sína sem tengdir eru afhendingu á ákvörðunarstað og greitt

Article 22 – Limits of Liability in Relation to Delay, Baggage and Cargo

1. In the case of damage caused by delay as specified in Article 19 in the carriage of persons, the liability of the carrier for each passenger is limited to 4 150 Special Drawing Rights.
2. In the carriage of baggage, the liability of the carrier in the case of destruction, loss , damage or delay is limited to 1 000 Special Drawing Rights for each passenger unless the passenger has made, at the time when the checked baggage was handed over to the carrier, a special declaration of interest in delivery at destination and has paid a supplementary

aukagjald sé þess krafist. Ef svo ber undir ber flytjandanum að greiða fjárhæð sem er jafnhá uppgefinni fjárhæð eða lægri, nema hann færi sönnur á að fjárhæðin sé hærri en raunverulegir hagsmunir farþega sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað.

3. Þegar um ræðir flutning farms skal ábyrgð viðkomandi flytjanda vegna eyðileggingar, hvarfs, tjóns eða tafa takmörkuð við fjárhæð sem nemur 17 SDR fyrir hvert kílógramm, nema sendandi hafi, þegar böggull var afhentur flytjandanum, gefið sérstaka yfirlýsingu um hagsmuni sína sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað og greitt aukagjald sé þess krafist. Ef svo ber undir ber flytjandanum að greiða fjárhæð, sem er jafnhá uppgefinni fjárhæð eða lægri, nema hann færi sönnur á að fjárhæðin sé hærri en raunverulegir hagsmunir sendanda sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað.

4. Ef hluti farms eyðileggst, hverfur, skemmist eða tefst eða gripur í honum skal sá þungi, sem miðað er við þegar ákveðin er sú fjárhæð sem ábyrgð flytjandans er takmörkuð við, einungis vera heildarþungi þess bögguls, eins eða fleiri, sem um ræðir. Hafi eyðilegging, tjón á eða tafir hluta farms eða grips í honum engu að síður áhrif á verðgildi annarra böggla, sem sama fylgibréf eða sama farmkvittun gildir um eða, hafi þau ekki verið gefin út, sama greinargerð, sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skal einnig miða við heildarþunga slíks eða slíkra böggla þegar mörk ábyrgðar eru ákveðin.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef sönnur eru færðar á að tjónið sé vegna athafnar eða athafnaleysis flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna sem er framinn eða viðhaft í því skyni að valda tjóni eða sem rekja má til kæruleysis og viðkomandi hefði mátt vita að tjón myndi sennilega hljótast af slíkri athöfn eða athafnaleysi; sá fyrirvari er þó á að þegar um ræðir slíka athöfn eða athafnaleysi starfsmanns eða umboðsmanns séu einnig færðar sönnur á að umræddur starfsmaður eða umboðsmaður hafi verið að verki á vettvangi starfs síns.

6. Þau mörk, sem mælt er fyrir um í 21. gr. og í þessari grein, skulu ekki koma í veg fyrir að dómstóllinn úrskurði aukinheldur, í samræmi við lög sín, um kostnað vegna málflutnings og annan málskostnað, allan eða að hluta, sem stefnandi hefur lagt í, þar með talda vexti. Ákvæðið hér að framan gildir ekki ef dæmdar skaðabætur, að undanskildum kostnaði vegna málflutnings og öðrum málskostnaði, eru ekki hærri en sú fjárhæð sem flytjandinn hefur boðið stefnanda skriflega innan sex mánaða frá þeim degi

sum if the case so required. In that case the carrier will be liable to pay a sum not exceeding the declared sum, unless it proves that the sum is greater than the passenger's actual interest in delivery at destination.

3. In the carriage of cargo, the liability of the carrier in the case of destruction, loss, damage or delay is limited to a sum of 17 Special Drawing Rights per kilogramme, unless the consignor has made, at the time when the package was handed over to the carrier, a special declaration of interest in delivery at destination and has paid a supplementary sum if the case so requires. In that case the carrier will be liable to pay a sum not exceeding the declared sum, unless it proves that the sum is greater than the consignor's actual interest in delivery at destination.

4. In the case of destruction, loss, damage or delay of part of the cargo, or of any object contained therein, the weight to be taken into consideration in determining the amount to which the carrier's liability is limited shall be only the total weight of the package or packages concerned. Nevertheless, when the destruction, loss, damage or delay of a part of the cargo, or of an object contained therein, affects the value of other packages covered by the same air waybill, or the same receipt or, if they were not issued, by the same record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 4, the total weight of such package or packages shall also be taken into consideration in determining the limit of liability.

5. The foregoing provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not apply if it is proved that the damage resulted from an act or omission of the carrier, its servants or agents done with intent to cause damage or recklessly and with knowledge that damage would probably result; provided that, in the case of such act or omission of a servant or agent, it is also proved that such servant or agent was acting within the scope of its employment.

6. The limits prescribed in Article 21 and in this Article shall not prevent the court from awarding, in accordance with its own law, in addition, the whole or part of the court costs and of the other expenses of the litigation incurred by the plaintiff, including interest. The foregoing provision shall not apply if the amount of the damages awarded, excluding court costs and other expenses of the litigation, does not exceed the sum which the carrier has offered in writing to the plaintiff within a period of six months from the date of the occurrence causing the damage,

er sá atburður varð sem leiddi til tjónsins eða áður en lögsókn er hafin, ef það gerist síðar.

23. gr. – Umreikningur eininga gjaldmiðla

1. Líta ber svo á að með þeim fjárhæðum sem gefnar eru upp í SDR í samningi þessum sé átt við sérstök dráttarréttindi samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Umreikningur fjárhæða í innlenda gjaldmiðla skal, þegar um ræðir málarekstur fyrir dómstólum, fara fram miðað við verðgildi slíkra gjaldmiðla í sérstökum dráttarréttindum daginn sem dómur er kveðinn upp. Reikna ber út í SDR-verðgildi innlends gjaldmiðils aðildarríkis, sem á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, samkvæmt matsaðferðinni sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beitir, svo gott sem daginn sem dómur er kveðinn upp, vegna meðferðar hans og yfirfærslu. Reikna ber út í SDR-verðgildi innlends gjaldmiðils aðildarríkis, sem ekki á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, með þeim hætti sem það aðildarríki ákveður.

2. Þau ríki, sem eiga ekki aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ef löggjöf þeirra heimilar ekki að ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar sé beitt, geta, engu að síður, lýst því yfir, samhliða fullgildingu eða aðild eða hvenær sem er eftir það, að ábyrgð flytjanda, sem mælt er fyrir um í 21. gr., sé takmörkuð við 1 500 000 einingar gjaldmiðla vegna hvers farþega í málarekstri fyrir dómstóli á landsvæðum þeirra, 62 500 einingar gjaldmiðla vegna hvers farþega að því er varðar 1. mgr. 22. gr., 15 000 einingar gjaldmiðla vegna hvers farþega með tilliti til 2. mgr. 22 gr. og 250 einingar gjaldmiðla fyrir hvert kílógramm með tilliti til 3. mgr. 22. gr. Fyrrnefnd eining gjaldmiðils svarar til 65,5 millígramma gulls að hreinleika 900/1000. Heimilt er að umreikna þessar fjárhæðir í viðeigandi innlendan gjaldmiðil í rúnnuðum tölum. Umreikningur þessara fjárhæða í innlendan gjaldmiðil skal gerður samkvæmt lögum viðkomandi ríkis.

3. Útreikningurinn, sem um getur í síðasta málslið 1. mgr. þessarar greinar, og umreikningurinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skulu gerðir þannig að fram komi, í innlendum gjaldmiðli viðkomandi aðildarríkis og eins og frekast er unnt, hið sama raunverulega verðgildi, að því er varðar fjárhæðirnar í 21. og 22. gr., og myndi fást ef ákvæðum þriggja fyrstu málsliða 1. mgr. þessarar greinar yrði beitt. Aðildarríkin skulu tilkynna vörsluaðilanum um hvaða reikningsaðferð er beitt samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eða um niðurstöðu umreikninganna í 2. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á, er þau afhenda skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða

or before the commencement of the action, if that is later.

Article 23 – Conversion of Monetary Units

1. The sums mentioned in terms of Special Drawing Right in this convention shall be deemed to refer to the Special Drawing Right as defined by the International Monetary Fund. Conversion of the sums into national currencies shall, in case of judicial proceedings, be made according to the value of such currencies in terms of the Special Drawing Right at the date of the judgement. The value of a national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a State Party which is a member of the International Monetary Fund, shall be calculated in accordance with the method of valuation applied by the International Monetary Fund, in effect at the date of the judgement, for its operations and transactions. The value of a national currency, in terms of the Special Drawing Right, of a State Party which is not a Member of the International Monetary Fund, shall be calculated in a manner determined by that State.

2. Nevertheless, those States which are not Members of the International Monetary Fund and whose law does not permit the application of the provisions of paragraph 1 of this Article may, at the time of ratification or accession or at any time thereafter, declare that the limit of liability of the carrier prescribed in Article 21 is fixed at a sum of 1 500 000 monetary units per passenger in judicial proceedings in their territories; 62 500 monetary units per passenger with respect to paragraph 1 of Article 22; 15 000 monetary units per passenger with respect to paragraph 2 of Article 22; and 250 monetary units per kilogramme with respect to paragraph 3 of Article 22. This monetary unit corresponds to sixty-five and a half milligrammes of gold of millesimal fineness nine hundred. These sums may be converted into the national currency concerned in round figures. The conversion of these sums into national currency shall be made according to the law of the State concerned.

3. The calculation mentioned in the last sentence of paragraph 1 of this Article and the conversion method mentioned in paragraph 2 of this Article shall be made in such manner as to express in the national currency of the State Party as far as possible the same real value for the amounts in Articles 21 and 22 as would result of the application of the first three sentences of paragraph 1 of this Article States Parties shall communicate to the depositary the manner of calculation pursuant to paragraph 1 of this Article, or the result of the conversion in paragraph 2 of this Article as the case may be, when depositing an instrument of ratification, acceptance, approval of

samþykki samnings þessa eða aðild að honum og í hvert sinn er breyting verður á hvorri sem er.

24. gr. – Endurskoðun takmarka

1. Vörsluaðili skal, á fimm ára fresti og með fyrirvara um ákvæði 25. gr. samnings þessa og 2. mgr. hér að aftan, endurskoða mörk ábyrgðar sem mælt er fyrir um í 21., 22. og 23. gr. og skal fyrsta endurskoðun fara fram í lok fimmta árs frá þeim degi er samningur þessi öðlaðist gildi eða, öðlist samningurinn ekki gildi innan fimm ára frá þeim degi er hann liggur fyrst frammi til undirritunar, áður en fyrsta árið, sem hann er í gildi, er á enda með skírskotun til verðbólgustuðuls sem svarar til uppsafnaðs verðbólguhraða síðan síðasta breyting var gerð eða, ef um fyrstu breytingu er að ræða, síðan samningurinn öðlaðist gildi. Mæling verðbólguhraða, sem nota á til þess að ákvarða verðbólgustuðulinn, skal vera vegið meðaltal árlegra hækkunar- eða lækkunarstiga neysluverðsvísitölu þeirra aðildarríkja sem eiga þá gjaldmiðla sem mynda sérstöku dráttarréttindin sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

2. Leiði endurskoðunin, sem um getur í málsgreininni hér að framan, í ljós að verðbólgustuðullinn hafi farið yfir tíu af hundraði skal vörsluaðili tilkynna aðildarríkjum um að mörkum ábyrgðar verði breytt. Allar þess háttar breytingar skulu koma til framkvæmda sex mánuðum eftir að aðildarríkjunum er tilkynnt um þær. Bóki meirihluti aðildarríkjanna andmæli sín innan þriggja mánaða eftir að þeim er tilkynnt um breytingar skulu þær ekki koma til framkvæmda og vörsluaðili vísa málinu til fundar aðildarríkjanna. Vörsluaðili skal án tafar tilkynna öllum aðildarríkjum um það þegar breytingar koma til framkvæmda.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal ávallt beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu þó að þriðjungur aðildarríkjanna láti í ljós ósk sína í þá veru og með því skilyrði að verðbólgustuðullinn, sem um getur í 1. mgr., hafi farið upp fyrir 30 af hundraði síðan síðasta breyting var gerð eða síðan samningur þessi öðlaðist gildi, sé ekki um fyrri breytingu að ræða. Endurskoðun, þar sem stuðst er við þá aðferð, sem er lýst í 1. mgr. þessarar greinar, mun síðar meir fara fram á fimm ára fresti, í fyrsta sinn í lok fimmta árs frá dagsetningu endurskoðunar samkvæmt þessari málsgrein.

25. gr. – Skilmálar um takmörk

Flytjanda er heimilt að fastsetja að í flutningssamningi sé fyrirvari um hærri mörk ábyrgðar en kveðið er á um í samningi þessum eða alls engin mörk ábyrgðar.

or accession to this Convention and whenever there is a change in either.

Article 24 – Review of Limits

1. Without prejudice to the provisions of Article 25 of this Convention and subject to paragraph 2 below, the limits of liability prescribed in Articles 21, 22 and 23 shall be reviewed by the Depositary at five-year intervals, the first such review to take place at the end of the fifth year following the date of entry into force of this Convention, or if the Convention does not enter into force within five years of the date it is first open for signature, within the first year of its entry into force, by reference to an inflation factor which corresponds to the accumulated rate of inflation since the previous revision or in the first instance since the date of entry into force of the Convention. The measure of the rate of inflation to be used in determining the inflation factor shall be the weighted average of the annual rates of increase or decrease in the Consumer Price Indices of the States whose currencies comprise the Special Drawing Right mentioned in paragraph 1 of Article 23.

2. If the review referred to in the preceding paragraph concludes that the inflation factor has exceeded 10 per cent, the Depositary shall notify States Parties of a revision of the limits of liability. Any such revision shall become effective six months after its notification to the States Parties. If within three months after its notification to the States Parties a majority of the States Parties register their disapproval, the revision shall not become effective and the Depositary shall refer the matter to a meeting of the States Parties. The Depositary shall immediately notify all States Parties of the coming into force of any revision.

3. Notwithstanding paragraph 1 of this Article, the procedure referred to in paragraph 2 of this Article shall be applied at any time provided that one-third of the States Parties express a desire to that effect and upon condition that the inflation factor referred to in paragraph 1 of this Article will take place at five-year intervals starting at the end of the fifth year following the date of the reviews under the present paragraph.

Article 25 – Stipulation on Limits

A carrier may stipulate that the contract of carriage shall be subject to higher limits of liability than those provided for in this Convention or to no limits of liability whatsoever.

26. gr. – Ógild samningsákvæði

Öll samningsákvæði, þar sem tilhneiging er til þess að leysa flytjanda undan ábyrgð eða ákveða lægri mörk en mælt er fyrir um í samningi þessum, skulu ógild þó að í ógildingu allra slíkra samningsákvæða felist ekki ógilding alls samningsins sem ákvæði samnings þessa gilda eftir sem áður um.

27. gr. – Frelsi til samningsgerðar

Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir að flytjandi geti neitað að gera flutningssamninga, að hann geti afsalað sér vörnum samkvæmt samningi þessum eða að hann mæli fyrir um skilyrði sem ganga ekki gegn ákvæðum hans.

28. – Fyrirframgreiðslur

Leiði flugslys til líf- eða líkamstjóns farþega skal viðkomandi flytjandi, kveði innlend lög í landi hans um það, inna af hendi fyrirframgreiðslu án tafar til einstaklings eða einstaklinga, sem ber réttur til þess að krefjast skaðabóta, í því skyni að koma til móts við aðkallandi efnahagslegar þarfir slíkra einstaklinga. Í slíkum fyrirframgreiðslum felst ekki viðurkenning ábyrgðar og heimilt er að vega þær á móti fjárhæðum sem flytjandinn greiðir síðar sem skaðabætur.

29. gr. – Grundvöllur bótakrafna

Að því er varðar flutning farþega, farangurs og farms er einungis unnt að höfða skaðabótamál, án tillits til málsástæðna og hvort sem það er reist á samningi þessum eða flutningssamningi eða skaðabótarétti eða á öðru, með hliðsjón af skilyrðum og þeim mörkum ábyrgðar, sem eru sett fram í samningi þessum, án tillits til þess hverjir hafa rétt til þess að höfða mál og hver réttur hvers og eins er. Með slíkri málshöfðun skal eigi unnt að fá dæmdar skaðabætur til fælingar eða aðrar bætur sem eru ekki eiginlegar skaðabætur.

30. gr. – Starfsmenn, umboðsmenn – Uppsöfnun krafna

1. Sé mál höfðað gegn starfsmanni eða umboðsmanni flytjanda vegna tjóns, sem samningur þessi fjallar um, skal fyrrnefndum starfsmanni eða umboðsmanni heimilt að bera fyrir sig þær ábyrgðarleysisástæður og takmarkanir á ábyrgð sem flytjanda sjálfum er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, geti þeir sannað að þeir hafi framkvæmt störf sín innan verksviðs síns.

2. Heildarfjárhæð, sem unnt er að fá flytjanda, starfsmenn hans eða umboðsmenn dæmda til þess að greiða í fyrrnefndu tilviki, skal vera innan fyrrnefndra marka.

Article 26 – Invalidity of Contractual Provisions

Any provision tending to relieve the carrier of liability or to fix a lower limit than that which is laid down in this Convention shall be null and void, but the nullity of any such provision does not involve the nullity of the whole contract, which shall remain subject to the provisions of this Convention.

Article 27 – Freedom to Contract

Nothing contained in this Convention shall prevent the carrier from refusing to enter into any contract of carriage, from waiving any defences available under the Convention, or from laying down conditions which do not conflict with the provisions of this Convention.

Article 28 – Advance Payments

In the case of aircraft accidents resulting in death or injury of passengers, the carrier shall, if required by its national law, make advance payments without delay to a natural person or persons who are entitled to claim compensation in order to meet the immediate economic needs of such persons. Such advance payments shall not constitute a recognition of liability and may be offset against any amounts subsequently paid as damages by the carrier.

Article 29 – Bases of Claims

In the carriage of passengers, baggage and cargo, any action for damages, however founded, whether under this Convention or in contract or in tort of otherwise, can only be brought subject to the conditions and such limits of liability as are set out in this Convention without prejudice to the question as to who are the persons who have the right to bring suit and what are their respective rights. In any such action, exemplary or any other non-compensatory damages shall not be recoverable.

Article 30 – Servants, Agents – Aggregation of Claims

1. If an action is brought against a servant or agent of the carrier arising out of damage to which the convention relates, such servant or agent, if they prove that they acted within the scope of their employment, shall be entitled to avail themselves of the conditions and limits of liability which the carrier itself is entitled to invoke under this Convention.

2. The aggregate of the amounts recoverable from the carrier, its servants and agents, in that case, shall not exceed the said limits.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki nema með tilliti til flutnings farms ef sannað er að tjónið hafi orðið vegna athafnar eða athafnaleysis starfsmannanna eða umboðsmannanna sem er framinn eða viðhaft í því skyni að valda tjóni eða sem rekja má til gáleysis og viðkomandi hefði mátt vita að tjón myndi sennilega hljótast af slíkri athöfn eða athafnaleysi.

31. gr. – Kvörtun borin fram í tæka tíð

1. Taki aðili, sem afhenda ber innritaðan farangur eða farm, við farangri eða farmi án þess að bera fram kvörtun gildir það að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir því að hann hafi verið afhentur í góðu ástandi og í samræmi við farseðil eða greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti og um getur í 2. mgr. 3. gr. og 2.mgr. 4. gr.
2. Verði tjón ber viðtakanda að bera fram kvörtun við flytjandann jafnskjótt og þess verður vart og eigi síðar en sjö dögum eftir að tekið er við innrituðum farangri og fjórtán dögum ef um farm er að ræða. Ef um töf er að ræða skal bera fram kvörtun áður en tuttugu og einn dagur er liðinn frá því að farangur eða farmur var til taks fyrir viðtakanda.

3. Kvartanir skal bera fram eða senda skriflega og áður en liðnir eru þeir tímafrestir sem að framan greinir.
4. Sé krafa ekki borin fram áður en liðnir eru þeir tímafrestir sem að framan greinir fær málshöfðun ekki staðist gegn flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

32. gr. – Andlát skaðabótaskylds aðila

Falli skaðabótaskyldur aðili frá fær málshöfðun staðist, samkvæmt skilmálum samnings þessa, gegn þeim sem fer með dánarbú hans lögum samkvæmt.

33. gr. – Lögsaga dómstóla

1. Skaðabótamál skal höfða, að vali stefnanda, á landsvæði eins aðildarríkis samnings þessa, annað hvort fyrir dómstóli þar sem flytjandinn á lögheimili eða þar sem hann hefur aðalskrifstofu sína eða útibú, sem gerði samninginn fyrir hans hönd, eða fyrir dómstóli á ákvörðunarstað.

2. Heimilt er, að því er varðar skaðabætur vegna líf- eða líkamstjóns farþega, að höfða mál fyrir einum þeirra dómstóla sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða á landsvæði aðildarríkis samnings þessa þar sem farþeginn hafði aðalaðsetur og fasta búsetu þegar slysið varð og þangað og þaðan sem flytjandinn framkvæmir farþegaflutninga í lofti, annaðhvort

3. Save in respect of the carriage of cargo, the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not apply if it is proved that the damage resulted form an act or omission of the servant or agent done with intent to cause damage or recklessly and with knowledge that damage would probably result.

Article 31 – Timely Notice of Complaints

1. Receipt by the person entitled to delivery of checked baggage or cargo without complaint is pima facie evidence that the same has been delivered in good condition and in accordance with the document of carriage or with the record preserved by the other means referred to in paragraph 2 of Article 3 and paragraph 2 of Article 4.
2. In the case of damage, the person entitled to delivery must complain to the carrier forthwith after the discovery of the damage, and, at the latest, within seven days from the date of receipt in the case of checked baggage and fourteen days from the date of receipt in the case of cargo. In the case of delay, the complaint must be made at the latest within twenty-one days from the date on which the baggage or cargo have been placed at his or her disposal.
3. Every complaint must be made in writing and given or dispatched within the times aforesaid.

4. If no complaint is made within the times aforesaid, no action shall lie against the carrier, save in the case of fraud on its part.

Article 32 – Death of Person Liable

In the case of the death of the person liable, an action for damages lies in accordance with the terms of this Convention against those legally representing his or her estate.

Article 33 – Jurisdiction

1. An action for damages must be brought, at the option of the plaintiff, in the territory of one of the States Parties, either before the court of the domicile of the carrier or of its principal place of business, or where it has a place of business through which the contract has been made or before the court at the place of destination.
2. In respect of damage resulting from the death or injury of a passenger, an action may be brought before one of the courts mentioned in paragraph 1 of this Article, or in the territory of a State Party in which at the time of the accident the passenger has his or her principal and permanent residence and to or from which the carrier operates services for the

með sínum eigin loftförum eða loftförum annars flytjanda samkvæmt viðskiptasamningi, og þar sem fyrrnefndur flytjandi stjórnar starfsemi sinni á sviði farþegaflutninga í lofti frá starfsstöð sem hann leigir eða á sjálfur eða annar flytjandi sem hann hefur viðskiptasamning við.

3. Að því er varðar 2. mgr. merkir:
a) „viðskiptasamningur" samning, sem ekki er umboðssamningur, gerður milli flytjenda og varðar sameiginlega þjónustu sem þeir veita á sviði farþegaflutninga í lofti;
b) „aðalaðsetur og föst búseta" eitt fast og varanlegt heimili sem farþegi hefur þegar slys verður. Þjóðerni farþega skal ekki vera ákvörðunarástæða í þessu samhengi.

4. Leysa skal úr öllum réttarfarságreiningi samkvæmt lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

34. gr. – Gerðardómur

1. Aðilum að samningi um flutning farms er heimilt, samkvæmt ákvæðum samnings þessa, að mæla fyrir um að deila, sem snýst um ábyrgð flytjanda samkvæmt samningi þessum, skuli lögð fyrir gerðardóm til úrlausnar. Slíkt samkomulag skal vera skriflegt.
2. Gerðardómsmeðferð skal, að vali kröfuhafa, fara fram innan einhverrar þeirrar lögsögu sem um getur í 33. gr.
3. Gerðardómsmaður eða gerðardómurinn skal beita ákvæðum samnings þessa.
4. Líta ber svo á að ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar séu hluti af sérhverju gerðardómsákvæði eða -samkomulagi og sérhver áskilnaður í slíku gerðardómsákvæði eða samkomulagi, sem brýtur í bága við fyrrnefnd ákvæði, skal ógildur vera.

35. gr. – Frestur til málshöfðunar

1. Réttur til að höfða skaðabótamál fellur niður sé mál ekki höfðað innan tveggja ára frá komu loftfars til ákvörðunarstaðar eða frá þeim degi er loftfarið skyldi koma þangað eða frá þeim degi er flutningur stöðvaðist.

2. Beita ber lögum þess ríkis, þar sem skaðabótamál er höfðað, þegar ákveða á aðferð til þess að reikna út fyrrnefndan frest.

36. gr. – Gagnfær flutningur

1. Ef fleiri flytjendur en einn eiga hver á eftir öðrum að framkvæma flutning, sem fellur undir skilgreininguna sem er sett fram í 3. mgr. 1. gr., skal hver flytjandi fylgja reglunum, sem eru settar fram í samningi þessum, er hann tekur við farþegum,

carriage of passengers by air, either on its own aircraft, or on another carrier's aircraft pursuant to a commercial agreement, and in which that carrier conducts its business of carriage of passengers by air from premises leased or owned by the carrier itself or by another carrier with which it has a commercial agreement.
3. For the purposes of paragraph 2,
(a) „commercial agreement" means an agreement, other than an agency agreement, made between carriers and relating to the provision of their joint services for carriage of passengers by air;
(b) „principal and permanent residence" means the one fixed and permanent abode of the passenger at the time of the accident. The nationality of the passenger shall not be the determining factor in this regard.
4. Questions of procedure shall be governed by the law of the court seised of the case.

Article 34 – Arbitration

1. Subject to the provisions of this Article, the parties to the contract of carriage for cargo may stipulate that any dispute relating to the liability of the carrier under this Convention shall be settled by arbitration. Such agreement shall be in writing.

2. The arbitration proceedings shall, at the option of the claimant, take place within one of the jurisdictions referred to in Article 33.
3. The arbitrator or arbitration tribunal shall apply the provisions of this Convention.
4. the provisions of paragraphs 2 and 3 of this Article shall be deemed to be part of every arbitration clause or agreement, and any term of such clause or agreement which is inconsistent therewith shall be null and void.

Article 35 – Limitation of Actions

1. The right to damages shall be extinguished if an action is not brought within a period of two years, reckoned from the date of arrival at the destination, or from the date on which the aircraft ought to have arrived, or from the date on which the carriage stopped.
2. The method of calculating that period shall be determined by the law of the court seised of the case.

Article 36 – Successive Carriage

1. In the case of carriage to be performed by various successive carriers and falling within the definition set out in paragraph 3 of Article 1, each carrier which accepts passengers, baggage or cargo is subject to the rules set out in this Convention and is

farangri eða farmi og skal litið á hann sem einn aðila að flutningssamningnum að því marki sem samningurinn varðar þann hluta flutningsins sem honum ber að framkvæma.
2. Ef um slíkan flutning er að ræða getur farþegi, eða þeir sem taka við rétti hans til skaðabóta, einungis beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist flutninginn þegar slysið eða töfin varð, enda hafi sá flytjandi, sem annaðist upphafsáfanga flutningsins, eigi tekið á sig ábyrgð á flutningnum á leiðarenda með sérstökum samningi.
3. Að því er varðar farangur eða farm getur farþegi eða sendandi þó jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda. sem annaðist upphafsáfanga flutningsins, og sá sem rétt á til afhendingar farangurs eða farms getur jafnan beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem tók að sér lokaáfanga flutningsins og að auki geta aðilar beint kröfum sínum að þeim flytjanda sem annaðist flutninginn þegar eyðilegging, hvarf, tjón eða töf varð. Flytjendur þessir eru ábyrgir, sameiginlega eða hver fyrir sig, gagnvart farþega eða gagnvart sendanda eða viðtakanda.

37. gr. – Endurkröfuréttur á hendur þriðju aðilum

Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir að aðili, sem á rétt á skaðabótum samkvæmt ákvæðum hans, eigi endurkröfurétt á hendur hvaða þriðja aðila sem er.

IV. kafli

Fjölhátta flutningur

38. gr. – Fjölhátta flutningur

1. Þegar um ræðir fjölhátta flutning, sem fer fram að nokkru leyti með loftfari og að nokkru leyti með öðru flutningstæki, skulu ákvæði samnings þessa, með fyrirvara um 4. mgr. 18. gr., einungis taka til þess hluta flutnings sem fer fram í lofti, að því tilskildu að sá flutningur í lofti, sem um er að ræða, fullnægi skilmálum 1. gr.
2. Þegar um ræðir fjölhátta flutninga skal ekkert í samningi þessum koma í veg fyrir að aðilar setji skilmála inn í viðeigandi skjal um flutning í lofti sem eiga við um aðrar tegundir flutnings, að því tilskildu að ákvæðum samnings þessa sé hlítt að því er varðar flutning í lofti.

V. kafli

Flutningur loftleiðis sem annar en samningsbundni flytjandinn framkvæmir

39. gr. – Samningsbundinn flytjandi – flytjandi í raun

Ákvæði þessa kafla gilda þegar aðili (hér á eftir nefndur „samningsbundinn flytjandi“) gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning, samkvæmt ákvæð-

deemed to be one of the parties to the contract of carriage in so far as the contract deals with that part of the carriage which is performed under its supervision.
2. In the case of carriage of this nature, the passenger or any person entitled to compensation in respect of him or her can take action only against the carrier which performed the carriage during which the accident or the delay occurred, save in the case where, by express agreement, the first carrier has assumed liability for the whole journey.
3. As regards baggage or cargo, the passenger or consignor will have a right of action against the first carrier, and the passenger or consignee who is entitled to delivery will have a right of action against the last carrier, and further, each may take action against the carrier which performed the carriage during which the destruction. loss, damage or delay took place. these carriers will be jointly and severally liable to the passenger or to the consignor or consignee.

Article 37 – Right of Recourse against Third Parties

Nothing in this Convention shall prejudice the question whether a person liable for damage in accordance with its provisions has r right of recourse against any other person.

Chapter IV

Combined Carriage

Article 38 – Combined Carriage

1. In the case of combined carriage performed partly by air and partly by any other mode of carriage, the provisions of this Convention shall, subject to paragraph 4 of Article 18, apply only to the carriage by air, provided that the carriage by air falls within the terms of Article 1.

2. Nothing in this convention shall prevent the parties in the case of combined carriage from inserting in the document of air carriage conditions relating to other modes of carriage, provided that the provisions of this Convention are observed as regards the carriage by air.

Chapter V

Carriage by Air Performed by a Person other than the Contracting Carrier

Article 39 – Contracting Carrier – Actual Carrier

The provisions of this Chapter apply when a person (hereinafter referred to as „the contracting carrier“) as a principal makes a contract of carriage governed

um samnings þessa, við farþega eða sendanda eða við aðila, sem er í fyrirsvari fyrir farþegann eða sendandann, og annar aðili (hér á eftir nefndur „flytjandi í raun") framkvæmir allan eða hluta flutnings í umboði samningsbundna flytjandans en er ekki, að því er slíkan hluta varðar, flytjandi sem framkvæmir gagnfæran flutning í skilningi samnings þessa. Gera skal ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða nema sannað sé hið gagnstæða.

40. gr. – Ábyrgð samningsbundins flytjanda og flytjanda í raun hvors um sig

Framkvæmi flytjandi í raun allan eða hluta flutnings, það er flutning sem samningur þessi gildir um samkvæmt flutningssamningnum sem um getur í 39. gr., skulu ákvæði samnings þessa gilda um bæði samningsbundna flytjandann og flytjandann í raun, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla, hinn fyrrnefnda að því er varðar allan flutninginn sem fjallað er um í flutningssamningnum og hinn síðarnefnda einungis að því er varðar þann flutning sem hann framkvæmir.

41. gr. – Sameiginleg ábyrgð

1. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun og starfsmanna hans og umboðsmanna sem er innan verksviðs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi samningsbundna flytjandans að því er varðar flutning sem flytjandinn í raun framkvæmir.
2. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna sem er innan verksviðs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi flytjandans í raun, að því er varðar flutning sem flytjandinn í raun framkvæmir. Engin slík athöfn eða athafnaleysi skal samt sem áður gera flytjandann í raun skaðabótaskyldan umfram þær fjárhæðir sem um getur í 21., 22., 23. og 24. gr. Allir sérsamningar þar sem samningsbundni flytjandinn tekst skyldur á herðar sem samningur þessi kveður ekki á um eða fellur frá réttindum eða vörnum sem samningur þessi heimilar eða sérhver yfirlýsing um hagsmuni sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað, sem fjallað er um í 22. gr., skulu ekki binda flytjanda í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

42. gr. – Viðtakandi kvartana og fyrirmæla

Kvartanir, bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt samningi þessum, skulu hafa sömu þýðingu hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða flytjanda í raun. Fyrirmæli, sem um getur í 12. gr., skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

by this Convention with a passenger or consignor or with a person action on behalf of the passenger or consignor, and another person (hereinafter referred to as „the actual carrier") performs, by virtue of authority from the contracting carrier, the whole or part of the carriage, but is not with respect to such part a successive carrier within the meaning of this Convention. Such authority shall be presumed in the absence of proof to the contrary.

Article 40 – Respective Liability of Contracting and Actual Carriers

If an actual carrier performs the whole or part of carriage which, according to the contract referred to in Article 39, is governed by this Convention, both the contracting carrier and the actual carrier shall, except as otherwise provided in this Chapter, be subject to the rules of this Convention, the former for the whole of the carriage contemplated in the contract, the latter solely for the carriage which it performs.

Article 41 – Mutual Liability

1. The acts and omissions of the actual carrier and of its servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the contracting carrier.
2. The acts and omissions of the contracting carrier and of its servants and agents acting within the scope of their employment shall, in relation to the carriage performed by the actual carrier, be deemed to be also those of the actual carrier. Nevertheless, no such act or omission shall subject the actual carrier to liability exceeding the amounts referred to in Articles, 21, 22, 23 and 24. Any special agreement under which the contracting carrier assumes obligations not impose d by this Convention or any waiver of rights or defences conferred by this Convention or any special declaration of interest in delivery at destination contemplated in Article 22 shall not affect the actual carrier unless agreed to by it.

Article 42 – Addressee of Complaints and Instructions

Any complaint to be made or instruction to be given under this Convention to the carrier shall have the same effect whether addressed to the contracting carrier or to the actual carrier. Nevertheless, instructions referred to in Article 12 shall only be effective if addressed to the contracting carrier.

43. gr. – Starfsmenn og umboðsmenn

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, er öllum starfsmönnum eða umboðsmönnum hans eða samningsbundna flytjandans, heimilt, ef þeir sanna að þeir hafi haldið sig innan verksviðs síns, að bera fyrir sig þær ábyrgðarleysisástæður og takmarkanir á ábyrgð sem þeim flytjanda, sem þeir eru stafsmenn eða umboðsmenn hjá, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti sem kemur í veg fyrir að unnt sé að skírskota til marka ábyrgðar samkvæmt samningi þessum.

44. gr. – Uppsöfnun skaðabóta

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, skulu samanlagðar bætur frá honum, samningsbundna flytjandanum og frá starfsmönnum og umboðsmönnum þeirra, sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns, ekki verða hærri en sem nemur hæstu fjárhæð sem annaðhvort samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun yrði gert að inna af hendi samkvæmt samningi þessum, en engum aðila, sem um er getið, skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

45. gr. – Viðtakandi krafna

Stefnandi getur, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfum sínum, að eigin vali, hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hverjum fyrir sig.

Sé málið einvörðungu höfðað gegn öðrum fyrrnefndra flytjenda ber honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn komi einnig að meðferð þess fyrir rétti og fer slík málsmeðferð og áhrif slíkrar aðkomu eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

46. gr. – Viðbótarlögsaga

Höfða skal skaðabótamál, sem er fjallað um í 45. gr., að vali stefnanda á landsvæði einhvers aðildarríkis samnings þessa, annaðhvort fyrir dómstóli sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum, eins og kveðið er á um í 33. gr., eða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun á lögheimili eða hefur aðalskrifstofu sína.

47. gr. – Ógilding samningsákvæða

Öll samningsákvæði, sem miða að því að leysa samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun undan ábyrgð samkvæmt þessum kafla eða að því að ákvarða lægri ábyrgðarmörk en þau sem gilda samkvæmt þessum kafla, skulu ógild, en í ógildingu sérhvers slíks ákvæðis felst ekki ógilding samningsins

Article 43 – Servants and Agents

In relation to the carriage performed by the actual carrier, any servant or agent of that carrier or of the contracting carrier shall, if they prove that they acted within the scope of their employment, be entitled to avail themselves of the conditions and limits of liability which are applicable under this Convention to the carrier whose servant or agent they are, unless it is proved that they acted in a manner that prevents the limits of liability from being invoked in accordance with this Convention.

Article 44 – Aggregation of Damages

In relation to the carriage performed by the actual carrier, the aggregate of the amounts recoverable from that carrier and the contracting carrier, and from their servants and agents acting within the scope of their employment, shall not exceed the highest amount which could be awarded against either the contracting carrier or the actual carrier under this Convention, but none of the persons mentioned shall be liable for a sum in excess of the limit applicable to that person.

Article 45 – Addressee of Claims

In relation to the carriage performed by the actual carrier, an action for damages may be brought, at the option of the plaintiff, against that carrier or the contracting carrier, or against both together or separately.

If the action is brought against only one of those carriers, that carrier shall have the right to require the other carrier to be joined in the proceedings, the procedure and effects being governed by the law of the court seised of the case.

Article 46 – Additional Jurisdiction

Any action for damages contemplated in Article 45 must be brought, at the option of the plaintiff, in the territory of one of the States Parties, either before a court in which an action may be brought against the contracting carrier, as provided in Article 33, or before the court having jurisdiction at the place where the actual carrier has its domicile or its principal place of business.

Article 47 – Invalidity of Contractual Provisions

Any contractual provision tending to relieve the contraction carrier or the actual carrier of liability under this Chapter or to fix a lower limit than that which is applicable according to this Chapter shall be null and void, but the nullity of any such provision of this Chapter.

í heild sem ákvæði samnings þessa gilda um eftir sem áður.

48. gr. – Innbyrðis tengsl samningsbundins flytjanda og flytjanda í raun

Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur flytjendanna gagnvart hverjum öðrum, þar með talinn endurkröfurétt og rétt til skaðleysisbóta, með fyrirvara um ákvæði 45. gr.

VI. kafli

Önnur ákvæði

49. gr. – Tilskilið gildissvið

Ógild skulu vera hvers konar ákvæði í flutningssamningi og hvers konar sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa varðandi þau lög sem fara skal eftir eða varðandi lögsögu.

50. gr. – Vátrygging

Aðildarríki samnings þessa skulu skylda flytjendur sína til þess að viðhalda fullnægjandi vátryggingu sem vegur upp ábyrgð þeirra samkvæmt samningi þessum. Aðildarríki samnings þessa getur krafið flytjanda, sem er með starfsemi á landsvæði þess, um að hann leggi fram gögn því til staðfestingar að hann viðhaldi fullnægjandi vátryggingu sem vegur upp ábyrgð hans samkvæmt samningi þessum.

51. gr. – Flutningur við óvenjulegar aðstæður

Ákvæði 3. til 5. gr. og 7. og 8. gr. um skjalahald í flutningum gilda ekki þegar um ræðir flutning við óvenjulegar aðstæður utan venjulegs rekstrarsviðs flytjanda.

52. gr. – Merking daga

Orðið „dagar“ merkir í samningi þessum almanaksdaga en ekki virka daga.

VII. kafli

Lokaákvæði

53. gr. – Undirritun, fullgilding og gildistaka

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Montreal 28. maí 1999 af hálfu þátttökuríkja alþjóðlegu ráðstefnunnar um flugrétt sem var haldin í Montreal 10. til 28. maí 1999. Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll ríki í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal uns hann öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 6. mgr. þessarar greinar.

Article 48 – Mutual Relations of Contracting and Actual Carriers

Except as provided in Article 45, nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the carriers between themselves, including any right of recourse or indemnification.

Chapter VI

Other Provisions

Article 49 – Mandatory Application

Any clause contained in the contract of carriage and all special agreements entered into before the damage occurred by which the parties purport to infringe the rules laid down by this Convention, whether by deciding the law to be applied, or by altering the rules as to jurisdiction, shall be null and void.

Article 50 – Insurance

States Parties shall require their carriers to maintain adequate insurance covering their liability under this Convention. A carrier may be required by the State Party into which it operates to furnish evidence that it maintains adequate insurance covering its liability under this convention.

Article 51 – Carriage Performed in Extraordinary Circumstances

The provisions of Articles 3 to 5, 7 and 8 relating to the documentation of carriage shall not apply in the case of carriage performed in extraordinary circumstances outside the normal scope of a carrier's business.

Article 52 – Definition of Days

The expression „days“ when used in this Convention means calendar days, not working days.

Chapter VII

Final Clauses

Article 53 – Signature, Ratification and Entry into Force

1. This Convention shall be open for signature in Montreal on 28 May 1999 by States participating in the International Conference on Air Law held at Montreal from 10 to 28 May 1999. After 28 May 1999, the Convention shall be open to all States for signature at the Headquarters of the International Civil Aviation Organization in Montreal until it

2. Samningur þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðisbundinna stofnana á sviði efnahagslegs samruna. Í samningi þessum merkir „svæðisbundin stofnun á sviði efnahagslegs samruna“ stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og er réttbær til þess að fara með tiltekin mál sem samningur þessi fjallar um og hefur fullt umboð til þess að undirrita samning þennan, fullgilda hann, staðfesta eða samþykkja eða gerast aðili að honum. Vísun til „aðildarríkis“ eða „aðildarríkja“ í samningi þessum annars staðar en í 2. mgr. 1. gr., b-lið 1. mgr. 3. gr., b-lið 5. gr., 23., 33. og 46. gr. og b-lið 57. gr. gildir jafnt um svæðisbundna stofnun á sviði efnahagslegs samruna. Að því er varðar 24. gr. gildir vísun til „meirihluta aðildarríkjanna“ og „þriðjungs aðildarríkjanna“ ekki um svæðisbundna stofnun á sviði efnahagslegs samruna.

3. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu af hálfu ríkja og svæðisbundinna stofnana á sviði efnahagslegs samruna sem hafa undirritað hann.

4. Öllum ríkjum og svæðisbundnum stofnunum á sviði efnahagslegs samruna, sem undirrita ekki samning þennan, er heimilt að staðfesta eða samþykkja samning þennan eða gerast aðili að honum hvenær sem er.

5. Afhenda ber skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild Alþjóðaflugmálastofnuninni til vörslu sem er hér með tilnefnd vörsluaðili samningsins.

6. Samningur þessi tekur gildi milli þeirra ríkja, sem hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, á sextugasta degi eftir að þrítugasta skjalið þess efnis hefur verið afhent vörsluaðila. Skjal, sem stofnun á sviði efnahagslegs samruna afhendir til vörslu, er ómeðtalið að því er varðar þessa málsgrein.

7. Samningur þessi tekur gildi, að því er varðar önnur ríki og aðrar stofnanir á sviði efnahagslegs samruna, sextíu dögum eftir þann dag er skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild var afhent til vörslu.

8. Vörsluaðili skal tilkynna öllum undirritunaraðilum og aðildarríkjum án tafar um:

a) sérhverja undirritun samnings þessa og dagsetningu hennar;
b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild og dagsetningu hennar;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa;

enters into force in accordance with paragraph 6 of this Article.

2. This Convention shall similarly be open for signature by Regional Economic Integration Organisations. for the purpose of this Convention, a „Regional Economic Integration Organisation“ means any organisation which is constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of certain matters governed by this Convention and has been duly authorized to sign and to ratify, accept, approve or accede to this Convention. A reference to a „State Party“ or „States Parties“ in this Convention, otherwise than in paragraph 2 of Article 1, paragraph 1(b) of Article 3, paragraph (b) of Article 5, Articles 23, 33, 46 and paragraph (b) of Article 57, applies equally to a Regional Economic Integration organisation. For the purpose of Article 24, the references to „a majority of the States Parties“ and „one-third of the States Parties“ shall not apply to a Regional Economic Integration Organisation.

3. This Convention shall be subject to ratification by States and by Regional Economic Integration Organisations which have signed it.

4. Any State or Regional Economic Integration organisation which does not sign this convention may accept, approve or accede to it at any time.

5. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the International Civil Aviation Organization, which is hereby designated the Depositary.

6. This Convention shall enter into force on the sixtieth day following the date of deposit of the thirtieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Depositary between the States which have deposited such instrument. An instrument deposited by a Regional Economic Integration Organisation shall not be counted for the purpose of this paragraph.

7. For other States and for other Regional Economic Integration Organisations, this Convention shall take effect sixty days following the date of deposit of the instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

8. The Depositary shall promptly notify all signatories and States Parties of:

(a) each signature of this Convention and date thereof;
(b) each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession and date thereof;
(c) the date of entry into force of this Convention;

d) dagsetningu gildistöku breyttra marka ábyrgðar sem eru ákveðin samkvæmt samningi þessum;

e) sérhverja uppsögn skv. 54. gr.

54. gr. – Uppsögn

1. Öllum aðildarríkjum er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn skal taka gildi eitthundrað og áttatíu dögum eftir þann dag er vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögn.

55. gr. – Tengsl við aðra gerninga samkvæmt Varsjársamningnum

Samningur þessi gengur framar öllum reglum sem gilda um flutninga milli landa loftleiðis:

1. milli aðildarríkja samnings þessa í krafti þess að þau séu almennt aðilar að:

a) samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929 (hér á eftir nefndur Varsjársamningurinn);

b) bókuninni um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929, sem var gerð í Haag 28. september 1955, (hér á eftir nefnd Haag-bókunin);

c) samningnum um samræmingu tiltekinna reglna um flutninga milli landa loftleiðis sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi framkvæmir, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem undirritaður var í Gvadalajara 18. september 1961, (hér á eftir nefndur Gvadalajara-samningurinn);

d) bókuninni um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eins og henni var breytt með bókuninni sem var gerð í Haag 28. september 1955 og undirrituð var í Gvatemalaborg 8. mars 1971 (hér á eftir nefnd Gvatemalaborgarbókunin);

e) 1. til 3. viðbótarbókun og 4. Montreal-bókun um breytingu á Varsjársamningnum, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni, eða Varsjársamningnum, eins og honum var breytt með bæði Haag-bókuninni og Gvatemala-borgarbókuninni sem voru undirritaðar í Montreal 25. september 1975 (hér á eftir nefndar Montreal-bókanirnar); eða

2. innan landsvæðis hvaða einstaka aðildarríkis samnings þessa sem er í krafti þess að viðkomandi

(d) the date of the coming into force of any revision of the limits of liability established under this Convention;

(e) any denunciation under Article 54.

Article 54 – Denunciation

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Depositary.

2. Denunciation shall take effect one hundred and eighty days following the date on which notification is received by the Depositary.

Article 55 – Relationship with other Warsaw Convention Instruments

This Convention shall prevail over any rules which apply to international carriage by air:

1. between States Parties to this Convention by virtue of those States commonly being Party to

(a) the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 (hereinafter called the Warsaw Convention);

(b) the Protocol to Amend the Convention for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929, Done at The Hague on 28 September 1955 (hereinafter called The Hague Protocol);

(c) the Convention, Supplementary to the Warsaw Convention, for the Unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Performed by a Person Other than the Contracting Carrier, signed at Guadalajara on 18 September 1961 (hereinafter called the Guadalajara Convention);

(d) the Protocol to Amend the Convention for the unification of Certain Rules Relating to International Carriage by Air Signed at Warsaw on 12 October 1929 as Amended by the Protocol Done at The Hague on 28 September 1955 Singed at Guatemala City on 8 March 1971 (hereinafter called the Guatemala City Protocol);

(e) Additional Protocol Nos. 1 to 3 and Montreal Protocol No. 4 to amend the Warsaw Convention as amended by The Hague Protocol or the Warsaw Convention as amended by both The Hague Protocol and the Guatemala City Protocol Signed at Montreal on 25 September 1975 (hereinafter called the Montreal Protocols); or

2. within the territory of any single State Party to this Convention by virtue of that State being Party to

ríki sé aðili að einum eða fleiri gerningum sem um getur í a- til e-lið hér að framan.

56. gr. – Ríki þar sem fleiri en eitt réttarkerfi eiga við

1. Ráði ríki yfir tveimur eða fleiri landsvæðum þar sem ólík réttarkerfi eiga við um málefni, sem samningur þessi fjallar um, er því heimilt að lýsa því yfir, við undirritun hans, fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða þegar það gerist aðili að honum, að samningur þessi skuli gilda á öllum landsvæðum þess eða einvörðungu á einu þeirra eða fleirum og er því enn fremur heimilt að gera breytingar á þeirri yfirlýsingu með því að senda aðra yfirlýsingu hvenær sem það kýs.

2. Tilkynna ber um hverja slíka yfirlýsingu til vörsluaðila og taka skýrt fram á hvaða landsvæðum samningurinn gildir.

3. Að því er varðar aðildarríki samnings þessa sem gefið hefur út slíka yfirlýsingu:

a) skal líta svo á að vísanir í 23. gr. til „innlendra gjaldmiðla“ eigi við gjaldmiðil viðkomandi landsvæðis þess ríkis; og

b) að vísanir í 28. gr. til „innlendra laga“ eigi við lög viðkomandi landsvæðis þess ríkis.

57. gr. – Fyrirvarar

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan með þeirri undantekningu að aðildarríki hans er hvenær sem er heimilt að lýsa því yfir, í tilkynningu til vörsluaðila, að samningur þessi gildi ekki um:

a) flutninga milli landa loftleiðis sem það aðildarríki framkvæmir og rekur sjálft millilíðalaust í öðrum tilgangi en viðskiptalegum eða í þeim tilgangi að gegna hlutverki sínu og skyldum sem fullvalda ríki; og/eða

b) flutning farþega, farms og farangurs fyrir hernaðaryfirvöld þess með loftfari, sem er skráð í því aðildarríki eða tekið á leigu af því, þar sem slík yfirvöld hafa tekið frá allt flutningsrými eða það hefur verið gert fyrir þeirra hönd.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal hinn 28. maí 1999 á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textar jafngildir. Samningur þessi skal varðveittur í skjalasafni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og skal vörsluaðili senda öllum aðildarríkjum samnings þessa og öllum aðildarríkjum Varsjársamningsins, Haag-bókunarinnar, Gvadalajara-samningsins,

one or more of the instruments referred to in subparagraphs (a) to (e) above.

Article 56 – States with more than one System of Law

1. If a State has two or more territorial units in which different systems of law are applicable in relation to matters dealt with in this Convention, it may at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession declare that this Convention shall extend to all its territorial units or only to one or more of them and may modify this declaration by submitting another declaration at any time.

2. Any such declaration shall be notified to the Depositary and shall state expressly the territorial units to which the Convention applies.

3. In relation to a State Party which has made such a declaration:

(a) references in Article 23 to „national currency“ shall be construed as referring to the currency of the relevant territorial unit of that State; and

(b) the reference in Article 28 to "national law" shall be construed as referring to the law of the relevant territorial unit of that State.

Article 57 – Reservations

No reservation may be made to this Convention except that a State Party may at any time declare by a notification addressed to the Depositary that this Convention shall not apply to:

(a) international carriage by air performed and operated directly by that State Party for non-commercial purposes in respect to its functions and duties as a sovereign State; and/or

(b) the carriage of persons, cargo and baggage for its military authorities on aircraft registered in or leased by that State Party, the whole capacity of which as been reserved by or in behalf of such authorities.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, having been duly authorized, have signed this Convention.

DONE at Montreal on the 28th day of May of the year one thousand nine hundred and ninety-nine in the English, Arabic, Chinese, French, Russian and Spanish languages, all texts being equally authentic. This Convention shall remain deposited in the archives of the International Civil Aviation Organization, as well as to all States Parties to the Warsaw

Gvatemalaborgarbókunarinnar og Montreal-bókananna staðfest afrit af honum.

Convention, the Hague Protocol, the Guadalajara Convention, the Guatemala City Protocol, and the Montreal Protocols.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 889/2002
frá 13. maí 2002
um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97
um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa.
(Texti sem varðar EES.)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),
með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),
að höfðu samráði við svæðanefndina,
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Mikilvægt er að tryggja farþegum, sem lenda í flugslysum, hæfilegar bætur innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum.
2. Nýr samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa var samþykktur í Montreal 28. maí 1999 en í honum eru settar nýjar víðtækar reglur um bótaábyrgð ef slys ber að höndum við millilandaflutninga í lofti og koma þær í stað reglnanna í Varsjársamningnum frá 1929 og síðari breytinga á honum ([4]).
3. Varsjársamningurinn mun gilda áfram við hlið Montreal-samningsins um óákveðinn tíma.
4. Montreal-samningurinn kveður á um fyrirkomulag ótakmarkaðrar bótaábyrgðar ef flugfarþegar láta lífið eða verða fyrir líkamstjóni.
5. Bandalagið hefur undirritað Montreal-samninginn og þar með gefið í skyn þá ætlun sína að verða aðili að samningnum með því að fullgilda hann.
6. Nauðsynlegt er að breyta reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 frá 9. október 1997 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa ([5]) í því skyni samræma hana ákvæðum Montreal-

---

[1] Stjtíð. EB C 337 E, 28. nóvember 2000, bls. 68 og Stjtíð. EB C 213 E, 31. júlí 2001, bls. 298.
[2] Stjtíð. EB C 123, 25. apríl 2001, bls. 47.
[3] Álit Evrópuþingsins frá 5. apríl 2001 (Stjtíð. EB C 21, 24. janúar 2002, bls. 256), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2001 (Stjtíð. EB C 58 E, 5. mars 2002, bls. 8) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 2002.
[4] Stjtíð. EB L 194, 18. júlí 2001, bls. 38.
[5] Stjtíð. EB L 285, 17. október 1997, bls. 1.

samningsins þannig að til verði samræmt kerfi varðandi bótaábyrgð að því er varðar millilandaflutninga í lofti.

7. Þessi reglugerð og Montreal-samningurinn auka vernd farþega og vandamanna þeirra og ekki skal vera hægt að túlka hann svo að vernd þeirra rýrni miðað við gildandi löggjöf þann dag sem þessi reglugerð er samþykkt.
8. Á innri loftflutningamarkaði er ekki lengur greint á milli innanlandsflugs og millilandaflugs og því er við hæfi að umfang og eðli bótaábyrgðar sé hið sama í innanlandsflugi og millilandaflugi í bandalaginu.
9. Í samræmi við dreifræðisregluna er æskilegt að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins til að setja fram samræmdar reglur fyrir öll flugfélög í bandalaginu.
10. Kerfi ótakmarkaðrar bótaábyrgðar ef flugfarþegar láta lífið eða verða fyrir líkamstjóni er viðeigandi innan öruggra og nútímalegra loftflutningakerfa.
11. Flugfélög í bandalaginu ættu ekki að geta borið fyrir sig 2. mgr. 21. gr. Montreal-samningsins nema þau geti sannað að tjónið hafi ekki orðið vegna gáleysis, óréttmætra aðgerða eða vanrækslu flugfélagsins, starfsmanna þess eða fulltrúa.
12. Samræmd bótaábyrgð vegna taps á, skemmda á eða eyðileggingar á farangri og vegna skemmda sem verða vegna tafa, sem gildir um öll ferðalög með flugfélögum í bandalaginu, mun tryggja einfaldar og skýrar reglur bæði fyrir farþega og flugfélög og gera farþegum kleift að ákveða hvenær þörf er á aukatryggingu.
13. Mismunandi fyrirkomulag bótaskyldu á mismunandi flugleiðum væri óhagkvæmt fyrir flugfélög í bandalaginu og ruglingslegt fyrir farþega þeirra.
14. Æskilegt er að létta af þeim sem verða fyrir slysi og vandamönnum þeirra skammtímafjárhagsáhyggjum á tímabilinu sem fylgir strax í kjölfar slyssins.
15. Í 50. gr. Montrealsamningsins er gerð sú krafa að aðilar sjái til þess að flugfélög hafi nægjanlegar tryggingar og að nauðsynlegt sé að taka mið af 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ([6]) þegar farið er að þessu ákvæði.
16. Æskilegt er að allir farþegar fái grunnupplýsingar um gildandi bótaskyldureglur þannig að þeir geti, gerist þess þörf, keypt viðbótartryggingar áður en ferð hefst.
17. Nauðsynlegt mun reynast að endurskoða fjárhæðir í þessari reglugerð í því skyni að taka tillit til verðbólgu og endurskoðunar á takmörkunum bótaábyrgðar í Montreal-samningnum.
18. Að svo miklu leyti sem frekari reglna er þörf við framkvæmd Montreal-samningsins á þeim sviðum sem ekki falla undir reglugerð (EB) nr. 2027/97 er það á ábyrgð aðildarríkjanna að gera slíkar ráðstafanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2027/97:

1. Eftirfarandi komi í stað titils reglugerðarinnar:
   „Reglugerð (EB) nr. 2027/97 um bótaábyrgð flugfélaga að því er varðar flutninga í lofti á farþegum og farangri þeirra.“
2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

---

[6] Stjtíð. EB L 240, 24. ágúst 1992, bls. 1.

„*1. gr.*

Með þessari reglugerð er hrint í framkvæmd viðeigandi ákvæðum Montreal-samningsins að því er varðar flutninga í lofti á farþegum og farangri þeirra og mælt fyrir um viðbótarákvæði. Með reglugerðinni er gildissvið þessara ákvæða víkkað þannig að þau taki til flutninga í lofti innan eins aðildarríkis.“

3. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„*2. gr.*

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. „flugfélag“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi;
b. „flugfélag í bandalaginu“: flugfélag sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem gefið er út af einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92;
c. „bótakröfuhafi“: farþegi eða hver sá sem samkvæmt gildandi lögum getur krafist bóta vegna farþega;
d. „farangur“: bæði skráður og óskráður farangur í skilningi 4. mgr. 17. gr. Montrealsamningsins nema annað sé tilgreint;
e. „SDR“: sérstök dráttarréttindi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir;
f. „Varsjársamningurinn“: samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929 eða Varsjársamningurinn eins og honum var breytt í Haag 28. september 1955, enn fremur viðbótarsamningur við Varsjársamninginn sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961;
g. „Montreal-samningurinn“: samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Montreal 28. maí 1999.

2. Þau hugtök í þessari reglugerð, sem ekki eru skilgreind í 1. mgr., hafa sömu merkingu og í Varsjársamningnum.“

4. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

1. Bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu, að því er varðar farþega og farangur þeirra, skal ráðast af öllum ákvæðum Montreal-samningsins um bótaábyrgð.

2. Líta skal svo á að tryggingaskyldan, sem sett er fram í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92, að svo miklu leyti sem hún varðar bótaábyrgð vegna farþega, þýði að flugfélag í bandalaginu skuli hafa tryggingu að því marki að tryggt sé að allir einstaklingar, sem eiga rétt á bótum, fái alla upphæðina sem þeir eiga rétt á í samræmi við þessa reglugerð.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„*3. gr. a.*

Viðbótarfjárhæðin, sem flugfélög í bandalaginu geta krafist í samræmi við 2. mgr. 22. gr. Montrealsamningsins, þegar farþegi gefur sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi þess að fá farangur sinn afhentan á áfangastað, skal ákvörðuð samkvæmt gjaldskrá sem miðuð er við þann aukakostnað sem hlýst af því að flytja og tryggja viðkomandi farangur umfram farangur sem metinn er til jafns við eða undir marki bótaábyrgðarinnar. Gjaldskráin skal vera aðgengileg farþegum samkvæmt beiðni.“

6. Ákvæði 4. gr. falli niður.

7. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

1. Flugfélag í bandalaginu skal tafarlaust, og eigi síðar en fimmtán dögum eftir að ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt til bóta, inna af hendi fyrirframgreiðslu sem

nægir til þess að standa straum af brýnustu fjárþörf og stendur í réttu hlutfalli við orðinn skaða.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal fyrirframgreiðsla ekki vera lægri upphæð en sem nemur jafngildi 16 000 SDR í evrum á hvern farþega ef um dauðsfall er að ræða.

3. Fyrirframgreiðsla felur ekki í sér viðurkenningu á bótaábyrgð og getur komið til frádráttar bótum sem kunna að verða greiddar síðar samkvæmt bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu en hins vegar er hún óafturkræf nema í þeim tilvikum sem um getur í 20. gr. Montreal-samningsins eða ef sá sem fékk bæturnar átti ekki tilkall til bóta.“

8. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

1. Öll flugfélög skulu, við sölu loftflutninga í bandalaginu, tryggja að farþegar hafi aðgang að samantekt helstu ákvæða sem gilda um bótaábyrgð vegna farþega og farangurs þeirra, þ.m.t. upplýsingar um stefnufrest til að gera kröfur um bætur og um möguleikann á því að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur á öllum sölustöðum, þ.m.t. símasölu og á Netinu. Til að uppfylla þessa upplýsingakröfu skulu flugfélög í bandalaginu nota kynningarauglýsinguna sem fylgir í viðaukanum. Slíka samantekt eða kynningarauglýsingu er ekki hægt að nota sem grundvöll bótakröfu né til túlkunar á ákvæðum þessarar reglugerðar eða Montreal-samningsins.

2. Til viðbótar við kröfur um upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. skulu öll flugfélög, að því er varðar loftflutninga sem veittir eru eða keyptir í bandalaginu, láta hverjum farþega í té skriflegar upplýsingar um:

- mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugi að því er varðar dauðsfall eða líkamstjón, sé um slík mörk að ræða,
- mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugferð að því er varðar eyðileggingu, tap eða skemmdir á farangri, og viðvörun um að flugfélaginu skuli tilkynnt við innskráningu ef verðgildi farangurs er yfir þeirri fjárhæð eða hann sé fulltryggður af farþega áður en ferð hefst,
- mörk bótaábyrgðar flugfélagsins í viðkomandi flugi vegna skemmda sem verða vegna tafar.

3. Í öllum flutningum með flugfélögum í bandalaginu skulu mörkin, sem sett eru í samræmi við upplýsingakröfurnar í 1. og 2. mgr., vera þau sem ákveðin eru í þessari reglugerð nema flugfélag í bandalaginu setji að eigin frumkvæði hærri mörk. Að því er varðar flutninga með flugfélögum utan bandalagsins skulu 1. og 2. mgr. einungis gilda um flutninga til eða frá bandalaginu eða innan þess.“

9. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

Eigi síðar en þremur árum eftir að reglugerð (EB) nr. 889/2002 [*] kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal einkum kanna nauðsyn þess að endurskoða fjárhæðirnar, sem um getur í viðeigandi greinum Montreal-samningsins, í ljósi hagþróunar og tilkynninga frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

---

[*] Stjtíð. EB L 140, 30. maí 2002, bls. 2.“

10. Eftirfarandi viðauki bætist við:
„VIÐAUKI
Bótaábyrgð flugfélaga vegna farþega og farangurs þeirra.
Með þessari kynningarauglýsingu eru teknar saman reglur um bótaábyrgð sem flugfélög í bandalaginu fara að samkvæmt löggjöf bandalagsins og Montreal-samningnum.

Bætur vegna dauðsfalls eða líkamstjóns.
Engar fjárhagslegar takmarkanir gilda um bótaábyrgð vegna líkamstjóns farþega eða dauðsfalls. Flugfélag getur ekki andæft bótakröfum vegna tjóna að hámarki 100 000 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands). Ef um hærri fjárhæð er að ræða getur flugfélagið varið sig gegn bótakröfu með því að sanna að það hafi ekki valdið skaðanum af gáleysi eða af öðrum orsökum.

Fyrirframgreiðslur.
Láti farþegi lífið eða verði fyrir líkamstjóni skal flugfélag inna af hendi fyrirframgreiðslu til að standa straum af brýnustu fjárþörf innan fimmtán daga frá því ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt til bóta. Fyrirframgreiðsla skal ekki vera lægri upphæð en sem nemur 16 000 SDR í evrum (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands) ef um dauðsfall er að ræða.

Seinkun á flutningi farþega.
Ef flutningi farþega seinkar ber flugfélag bótaábyrgð nema það hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið eða ógerlegt hafi verið að gera slíkar ráðstafanir. Bótaábyrgð vegna seinkunar á flutningi farþega er takmörkuð við 4 150 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli viðkomandi lands).

Seinkun á flutningi farangurs.
Ef flutningi farangurs seinkar ber flugfélag bótaábyrgð nema það hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónið eða ógerlegt hafi verið að gera slíkar ráðstafanir. Bótaábyrgð vegna seinkunar á flutningi farangurs er takmörkuð við 1 000 SDR (upphæð nálguð í gjaldmiðli viðkomandi lands).

Eyðilegging, tap eða skemmdir á farangri.
Flugfélagið er bótaskylt vegna eyðileggingar, hvarfs eða tjóns á farangri að hámarki 1 000 SDR (upphæð námunduð í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands). Ef um skráðan farangur er að ræða er flugfélagið bótaskylt jafnvel þó að það hafi ekki valdið skaðanum nema farangurinn hafi verið gallaður. Ef um óskráðan farangur er að ræða er flugfélagið einungis bótaskylt ef það hefur valdið skaðanum.

Hærri mörk vegna farangurs.
Farþegi getur notið góðs af hærri bótaábyrgð með því að gefa sérstaka yfirlýsingu, í síðasta lagi við innritun, og gegn greiðslu viðbótargjalds.

Kvartanir vegna farangurs.
Ef farangur hefur skemmst, týnst eða eyðilagst skal farþeginn senda flugfélaginu skriflega kvörtun eins fljótt og auðið er. Þegar um skemmdir á skráðum farangri er að ræða skal farþeginn senda skriflega kvörtun innan sjö daga og innan 21 dags ef um

seinkun er að ræða, í báðum tilvikum frá og með þeim degi að farþeginn fékk farangurinn í hendur.

Bótaábyrgð flugfélags sem gerði flutningssamning og flytjanda í reynd.

Ef flytjandi í reynd og flugfélagið, sem gerir flugsamninginn, eru ekki einn og sami aðili á farþeginn rétt á að senda kvörtun til eða gera bótakröfu á hvorn aðila sem er. Ef heiti eða kóði flugfélags er á farseðli er viðkomandi flugfélag það flugfélag sem gerði flutningssamninginn.

Frestur til málshöfðunar.

Öll málshöfðun fyrir dómstólum vegna bótakrafna skal hafin innan tveggja ára frá komu loftfars eða frá þeim degi þegar loftfar hefði átt að koma.

Grundvöllur upplýsinganna.

Montreal-samningurinn frá 28. maí 1999, sem kemur til framkvæmda í bandalaginu með reglugerð (EB) nr. 2027/97 (eins og henni er breytt með reglugerð (EB) nr. 889/2002) og með innlendri löggjöf aðildarríkjanna, er lagður til grundvallar þeim reglum sem lýst er hér að framan.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar hún tekur gildi eða frá og með degi gildistöku Montreal-samningsins, hvort sem síðar verður.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX *forseti.*	J. PIQUÉ I CAMPS *forseti.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum um loftferðir. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á fjárhæðum lendingargjalda í millilandaflugi þannig að í stað 7,05 bandaríkjadala fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfars skulu greiddar 650 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg. Í öðru lagi er lagt til að í stað vopnaleitargjalds verði tekið upp öryggisgjald sem verði 570 kr. fyrir hvern farþega yfir tólf ára og 285 kr. fyrir far-

þega á aldrinum tveggja til tólf ára. Í þriðja lagi er lögð til innleiðing alþjóðasamnings um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999. Samkvæmt því eru lagðar til breytingar á X. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir. Í fjórða lagi er lagt til að flugmálayfirvöldum verði heimilað að gerast aðilar að Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA). Loks er í fimmta lagi lagt til að fellt verði úr gildi ákvæði í 139. gr. gildandi laga um að eftirlitsgjald, lendingargjald og vopnaleitargjald sé skilgreint sem sértekjur Flugmálastjórnar. Flokkun tekna fer eftir tilmælum ríkisreikningsnefndar og erlendum stöðlum þar um.

Kostnaður Flugmálastjórnar Íslands af frumvarpinu er áætlaður 4–5 m.kr. á ári vegna aðildar EASA og skiptist kostnaðurinn í útgjöld vegna ferða og fundarhalda, sex funda á ári, og aðildargjöld til EASA og verður þeim kostnaði mætt með tekjum Flugmálastjórnar. Í fjárlögum 2004 er gert ráð fyrir að tekjur af vopnaleitargjaldi verði 148 m.kr. og er gert ráð fyrir að þær tekjur aukist um u.þ.b. 170 m.kr. með nýju öryggisgjaldi. Í fjárlögum 2004 er áætlað að tekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs verði 458,5 m.kr. og er gert ráð fyrir að þær hækki í u.þ.b. 500 m.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að aukning tekna af lendingargjaldi og öryggisgjaldi verði u.þ.b. 220 m.kr. miðað við forsendur fjárlaga 2004 um fjölda farþega og fjölda lendingartonna.

1440. Frumvarp til laga [946. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Meðan Ísland er aðili að samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá hinn 12. október 1929, eins og honum hefur verið breytt með bókuninni gerðri í Haag 28. september 1955, viðbótarsamningnum um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961, og viðbótarbókun nr. 4 sem gerð var í Montreal 25. september 1975 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955, skulu ákvæði framangreindra samninga, viðbótarsamninga og bókana sem birt eru sem fylgiskjal með lögum þessum hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Við lögin bætast tvö ný fylgiskjöl, svohljóðandi:

a. (II.)

SAMNINGUR
um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn.

RÍKIN SEM UNDIRRITAÐ HAFA SAMNING ÞENNAN OG

GERA SÉR GREIN FYRIR að Varsjársamningurinn inniheldur ekki sérstök ákvæði um loftflutninga milli landa sem aðili, sem er ekki aðili að flutningssamningnum, framkvæmir,

TELJA að því sé æskilegt að setja ákvæði sem gilda í slíkum tilvikum,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

I. gr.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „Varsjársamningur“ merkir samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eða Varsjársamninginn, eins og honum var breytt í Haag 1955, eftir því hvor þeirra gildir um flutning samkvæmt samningi sem um getur í b-lið;

b) „samningsbundinn flytjandi“ merkir aðila sem gerir, sem ábyrgðaraðili, flutningssamning, samkvæmt ákvæðum Varsjársamningsins, við farþega eða sendanda eða við aðila sem er í fyrirsvari fyrir farþegann eða sendandann;

c) „flytjandi í raun“ merkir aðila, annan en samningsbundna flytjandann, sem framkvæmir þann flutning, sem fjallað er um í b-lið, allan eða að hluta í umboði samningsbundna flytjandans en er ekki, að því er slíkan hluta varðar, flytjandi sem framkvæmir gagnfæran flutning í skilningi Varsjársamningsins.

Gera skal ráð fyrir að um slíkt umboð sé að ræða nema sannað sé hið gagnstæða.

II. gr.

Framkvæmi flytjandi í raun flutning allan eða að hluta, það er flutning sem Varsjársamningurinn gildir um samkvæmt samningnum sem um getur í b-lið I. gr., skulu ákvæði Varsjársamningsins gilda um bæði samningsbundna flytjandann og flytjanda í raun, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, hinn fyrrnefnda að því er varðar allan flutning sem fjallað er um í flutningssamningnum og hinn síðarnefnda einungis að því er varðar þann flutning sem hann framkvæmir.

III. gr.

1. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun og starfsmanna hans og umboðsmanna á vettvangi starfs þeirra sé einnig athöfn eða athafnaleysi samningsbundna flytjandans, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir.

2. Líta ber svo á að athöfn eða athafnaleysi samningsbundins flytjanda og starfsmanna hans og umboðsmanna, sem er innan verksviðs þeirra, sé einnig athöfn eða athafnaleysi flytjanda í raun, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir. Engin slík athöfn eða athafnaleysi skal, samt sem áður, gera flytjanda í raun skaðabótaskyldan umfram þau mörk sem um getur í 22. gr. Varsjársamningsins. Allir sérsamningar þar sem samningsbundni flytjandinn tekst skyldur á herðar sem Varsjársamningurinn kveður ekki á um eða fellur frá réttindum sem samningur þessi heimilar eða sérhver yfirlýsing um hagsmuni sem tengjast afhendingu á ákvörðunarstað, sem fjallað er um í 22. gr. fyrrnefnds samnings, skulu ekki binda flytjanda í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

IV. gr.

Kvartanir, bornar fram við flytjanda eða fyrirmæli honum gefin samkvæmt Varsjársamningnum, skulu hafa sömu þýðingu, hvort sem þeim er beint til samningsbundna flytjandans eða flytjanda í raun. Fyrirmæli, sem um getur í 12. gr. Varsjársamningsins, skulu hins vegar því aðeins gild að þeim sé beint til samningsbundna flytjandans.

V. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, hafa allir starfsmenn eða umboðsmenn hans eða samningsbundna flytjandans, geti þeir sannað að þeir hafi framkvæmt störf sín innan verksviðs síns, rétt til að bera fyrir sig þær takmarkanir á ábyrgð sem þeim flytjanda, sem þeir eru starfsmenn eða umboðsmenn hjá, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt samningi þessum, nema sannað sé að þeir hafi hagað sér með þeim hætti sem samkvæmt Varsjársamningnum kemur í veg fyrir að unnt sé að skírskota til marka ábyrgðar.

VI. gr.

Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, skal heildarfjárhæð, sem unnt er að fá þann flytjanda og samningsbundna flytjandann og starfsmenn þeirra og umboðsmenn, sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns, dæmda til þess að greiða, ekki vera hærri en hæsta bótafjárhæð sem unnt er að dæma annaðhvort samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun til þess að greiða samkvæmt samningi þessum, en engum aðila, sem um er getið, skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

VII. gr.

Stefnandi getur, að því er varðar flutning sem flytjandi í raun framkvæmir, beint bótakröfum sínum, að eigin vali, hvort sem er gegn flytjanda í raun eða samningsbundna flytjandanum, saman eða hvorum fyrir sig. Sé málið einvörðungu höfðað gegn öðrum fyrrnefndra flytjenda ber honum réttur til þess að krefjast þess að hinn flytjandinn komi einnig að meðferð þess fyrir rétti og fer slík málsmeðferð og áhrif slíkrar aðkomu eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað.

VIII. gr.

Höfða skal skaðabótamál, sem er fjallað um í VII. gr. samnings þessa, að vali stefnanda, annaðhvort fyrir dómstóli sem heimilt er að höfða mál fyrir gegn samningsbundna flytjandanum, eins og kveðið er á um í 28. gr. Varsjársamningsins, eða fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem flytjandi í raun á lögheimili eða hefur aðalskrifstofu sína.

IX. gr.

1. Öll samningsákvæði, sem miða að því að leysa samningsbundna flytjandann eða flytjanda í raun undan ábyrgð samkvæmt samningi þessum eða að því að ákvarða lægri ábyrgðarmörk en þau sem gilda samkvæmt samningi þessum, skulu ógild, en í ógildingu sérhvers slíks ákvæðis felst ekki ógilding samningsins í heild sem ákvæði samnings þessa gilda um eftir sem áður.

2. Að því er varðar flutning, sem flytjandi í raun framkvæmir, á málsgreinin hér á undan ekki við um samningsákvæði sem fjalla um hvarf eða tjón sem rekja má til eðlislægs ágalla, eiginleika eða ágalla þess farms sem er fluttur.

3. Ógild skulu vera hvers konar ákvæði í flutningssamningi og hvers konar sérsamningar sem gerðir eru áður en tjón verður og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa

varðandi þau lög sem fara skal eftir eða varðandi lögsögu. Þegar um er að ræða flutning farms skal þó heimilt að semja um gerðardómsákvæði, samanber þó ákvæði samnings þessa, enda fari gerðardómsmeðferðin fram innan einhverrar lögsögu sem um getur í VIII. gr.

X. gr.

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur flytjendanna tveggja hvors gagnvart öðrum, með fyrirvara um ákvæði VII. gr.

XI. gr.

Samningur þessi skal, fram til þess dags er hann öðlast gildi í samræmi við ákvæði XIII. gr., liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem þann dag er aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða einhverra sérstofnana þeirra.

XII. gr.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.
2. Afhenda ber skjöl um fullgildingu ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu.

XIII. gr.

1. Jafnskjótt og fimm undirritunarríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu samnings þessa til vörslu öðlast hann gildi þeirra í milli á nítugasta degi eftir þann dag er fimmta skjalið um fullgildingu er afhent.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju því ríki, sem fullgildir hann eftir það, á nítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu til vörslu.

2. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal láta skrá samning þennan hjá Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðaflugmálastofnuninni jafnskjótt og hann öðlast gildi.

XIV. gr.

1. Samningur þessi skal, eftir að hann hefur öðlast gildi, liggja frammi til aðildar af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra.

2. Ríki fær aðild að samningi þessum með því að ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna er afhent aðildarskjal sem tekur gildi frá og með nítugasta degi frá þeim degi er slík afhending fer fram.

XV. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að segja upp samningi þessum með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna.

2. Uppsögn skal taka gildi sex mánuðum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við tilkynningu um uppsögn.

XVI. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt, jafnhliða fullgildingu samnings þessa eða aðild að honum eða hvenær sem er eftir það, að lýsa því yfir, með tilkynningu til ríkisstjórnar Sameinuðu mexíkósku ríkjanna, að gildissvið samnings þessa skuli ná til allra þeirra landsvæða þar sem það fer með samskipti við önnur ríki.

2. Gildissvið samningsins skal ná til þeirra landsvæða, sem eru talin upp í fyrrnefndri tilkynningu, níutíu dögum eftir þann dag er ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna tekur við slíkri tilkynningu.

3. Hverju aðildarríki er heimilt, í samræmi við ákvæði XV. gr., að segja upp samningi þessum sérstaklega fyrir hvert þeirra landsvæða, þar sem það fer með samskipti við önnur ríki, eða öll þeirra.

XVII. gr.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

XVIII. gr.

Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna skal tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra um:

a) sérhverja undirritun samnings þessa og dagsetningu hennar;
b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu eða aðild og dagsetningu hennar;
c) dagsetningu gildistöku samnings þessa í samræmi við 1. mgr. XIII. gr.;
d) viðtöku sérhverrar tilkynningar um uppsögn og viðtökudag hennar;
e) viðtöku sérhverrar yfirlýsingar eða tilkynningar, sem er gefin út skv. XVI. gr., og viðtökudag hennar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Gvadalajara hinn 18. september 1961 á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir þrír gildir. Ef um ósamræmi er að ræða skal franski textinn ráða, en Varsjársamningurinn frá 12. október 1929 var gerður á frönsku. Ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna mun láta gera opinbera þýðingu á texta samningsins á rússnesku.

Afhenda ber samning þennan ríkisstjórn Sameinuðu mexíkósku ríkjanna til vörslu, en samningurinn mun liggja frammi til undirritunar hjá henni í samræmi við ákvæði XI. gr., og skal fyrrnefnd ríkisstjórn senda Alþjóðaflugmálastofnuninni og öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra staðfest afrit af honum.

b. (III.)

MONTREAL-BÓKUN nr. 4
um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975.

RÍKISSTJÓRNIRNAR SEM UNDIRRITAÐ HAFA BÓKUN ÞESSA OG

ÁLÍTA að æskilegt sé að breyta samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem var undirritaður í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með Haag-bókuninni frá 28. september 1955,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

I. KAFLI
BREYTINGAR Á SAMNINGNUM

I. gr.

Samningurinn, sem er breytt með ákvæðum þessa kafla, er Varsjársamningurinn eins og honum var breytt í Haag 1955.

II. gr.

Í 2. gr. samningsins falli 2. mgr. brott og eftirfarandi komi í stað hennar:

„2. Að því er varðar flutning pósts skal viðkomandi flytjandi aðeins skaðabótaskyldur gagnvart hlutaðeigandi póststjórn í samræmi við gildandi reglur um tengsl flytjenda og póststjórna.

3. Ákvæði samnings þessa gilda ekki um flutning pósts nema að því leyti sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.“

III. gr.

Í II. kafla samningsins falli III. hluti (5. til 16. gr.) brott og eftirfarandi komi í stað hans:

„III. hluti – Flugfarmskírteini

5. gr.

1. Afhenda ber flugfarmskírteini þegar um farmflutning er að ræða.

2. Heimilt er að varðveita greinargerð um fyrirhugaðan flutning með öðrum hætti sem getur, samþykki sendandi það, komið í stað þess að afhenda flugfarmskírteini. Ef slíkri annarri aðferð er beitt skal flytjandinn, æski sendandi þess, afhenda sendanda móttökukvittun fyrir farminum sem gerir kleift að bera kennsl á sendinguna og heimilar aðgang að þeim upplýsingum sem koma fram í þeirri greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem fyrr greinir.

3. Þó ekki sé unnt, á umflutnings- og ákvörðunarstöðum, að beita þeirri aðferð annarri, sem gerði kleift að varðveita greinargerðina um flutning sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, veitir það ekki sendanda rétt til þess að neita að taka við farmi til flutnings.

6. gr.

1. Sendandi skal fylla út flugfarmskírteini í þremur frumeintökum.

2. Fyrsta eintakið skal merkt „handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Annað eintakið skal merkt „handa viðtakanda“ og skal sendandi og flytjandi undirrita það. Flytjandinn skal undirrita þriðja eintakið og afhenda sendanda eftir að farmi hefur verið veitt viðtaka.

3. Heimilt er að prenta eða stimpla undirritun flytjanda og sendanda.

4. Útfylli flytjandinn flugfarmskírteinið, að beiðni sendanda, skal litið svo á að flytjandinn hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema færðar séu sönnur á annað.

7. gr.

Ef um fleiri en eitt stykki er að ræða:

a) getur farmflytjandi krafist þess að sendandi fylli út aðskilin flugfarmskírteini;
b) getur sendandi krafist þess að flytjandinn afhendi aðskildar móttökukvittanir fyrir farmi þegar sá annar háttur er hafður á sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

8. gr.

Flugfarmskírteinið og móttökukvittun fyrir farmi skulu innihalda upplýsingar um:

a) brottfararstað og ákvörðunarstað;
b) séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæðis eins samningsaðila og einn eða fleiri umsamdir áningarstaðir innan landsvæðis annars ríkis, að minnsta kosti einn slíkan áningarstað; og
c) þyngd sendingar.

9. gr.

Þrátt fyrir að ákvæðum 5. til 8. gr. sé ekki fylgt hefur það engin áhrif á tilvist og gildi farmsamnings sem ákvæði samnings þessa gilda engu að síður um, meðal annars ákvæði um takmörkun bótaábyrgðar.

10. gr.

1. Sendandi er ábyrgur fyrir því að upplýsingar og yfirlýsingar um farm, sem hann færir inn í flugfarmskírteini eða eru færðar inn fyrir hans hönd, séu réttar; það sama gildir um upplýsingar og yfirlýsingar um farm sem hann lætur flytjandanum í té eða eru látnar flytjanda í té fyrir hans hönd og færa á inn í móttökukvittun fyrir farmi eða greinargerð sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Sendandi skal gera flytjanda skaðlausan vegna alls tjóns sem flytjandinn verður fyrir, eða annar aðili sem flytjandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem sendandi lætur í té eða eru látnar í té fyrir hans hönd, eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.

3. Flytjandinn skal, með fyrirvara um ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, gera sendanda skaðlausan vegna alls tjóns sem sendandinn verður fyrir, eða annar aðili sem sendandinn er ábyrgur gagnvart, sakir þess að upplýsingarnar og yfirlýsingarnar, sem flytjandinn færir inn, eða eru færðar inn fyrir hans hönd, í móttökukvittun fyrir farmi eða greinargerð, sem er varðveitt með öðrum hætti sem um getur í 2. mgr. 5. gr., eru ólögmætar, rangar eða ófullkomnar.

11. gr.

1. Flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi gildir að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir því að samningur hafi verið gerður, því að við farmi hafi verið tekið og fyrir þeim flutningsskilmálum sem þar um getur.

2. Yfirlýsingar í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi um þyngd, mál og umbúðir farms sem og stykkjafjölda gilda að órannsökuðu máli sem sönnun fyrir þeim atriðum sem eru tilgreind. Yfirlýsingar um magn, rúmtak eða ástand vöru gilda hins vegar ekki sem sönnunargagn gegn flytjanda, nema að því leyti sem fram kemur í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi að hann hafi, í viðurvist sendanda, gengið úr skugga um sannleiksgildi þeirra eða þær eiga skylt við sýnilegt ástand farmsins.

12. gr.

1. Sendandi hefur, með fyrirvara um þá skyldu að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt farmsamningi, rétt til þess að ráðstafa farmi með því að fjarlægja hann í flughöfn sem er brottfararstaður eða ákvörðunarstaður eða með því að stöðva flutning hans á leiðinni hvar sem lent er eða krefjast þess að hann verði afhentur á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim viðtakanda sem var upphaflega tilnefndur eða með því að krefjast þess að hann sé endursendur til flughafnar sem er brottfararstaður. Hann skal ekki fara með fyrrnefndan ráðstöfunarrétt þannig að flytjandinn eða aðrir sendendur verði fyrir tjóni og skal endurgreiða útlagðan kostnað sem hlýst af því að þessum rétti er beitt.

2. Sé ógerlegt að fara að fyrirmælum sendanda skal flytjandinn tilkynna honum það án tafar.

3. Fari flytjandinn að fyrirmælum sendanda um ráðstöfun farms án þess að krefjast þess að sá hluti flugfarmskírteinis eða móttökukvittunar fyrir farmi, sem þeim síðarnefnda er afhentur, sé lagður fram mun hann verða skaðabótaskyldur, með fyrirvara um rétt hans til bóta

frá sendanda, fyrir öllu tjóni sem hver sá aðili, sem löglega hefur yfir að ráða fyrrnefndum hluta flugfarmskírteinisins eða móttökukvittunarinnar fyrir farmi, kann að verða fyrir af þeim sökum.

4. Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 13. gr. Neiti viðtakandi því að taka við farmi eða ekki er unnt að ná sambandi við hann endurheimtir sendandi samt sem áður ráðstöfunarrétt sinn.

13. gr.

1. Viðtakanda ber, nema sendandi hafi haldið fram rétti sínum skv. 12. gr., réttur til að gera kröfu, við komu farms til ákvörðunarstaðar, um að flytjandinn afhendi honum farminn gegn greiðslu tilhlýðilegra gjalda og eftir að hann hefur fullnægt skilyrðum um flutning.

2. Flytjanda ber skylda til þess að tilkynna viðtakanda án tafar um komu farms, nema samið sé um annað.

3. Viðurkenni flytjandi að farmur hafi glatast eða sé farmur ókominn sjö dögum eftir þann dag sem von var á honum getur viðtakandi haldið fram þeim rétti gagnvart flytjandanum sem farmsamningurinn kveður á um.

14. gr.

Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig nýtt sér allan þann rétt sem þeim ber skv. 12. og 13. gr., hvor í eigin nafni, hvort sem þeir gæta eigin hagsmuna eða hagsmuna annarra, að því tilskildu að þeir sinni þeim skyldum sem þeim ber samkvæmt farmsamningi.

15. gr.

1. Ákvæði 12., 13. og 14. gr. hafa hvorki áhrif á tengsl sendanda og viðtakanda þeirra á milli né gagnkvæm tengsl þriðju aðila sem sækja rétt sinn annaðhvort til sendanda eða viðtakanda.

2. Ákvæðum 12., 13. og 14. gr. má aðeins breyta með sérstöku ákvæði í flugfarmskírteini eða móttökukvittun fyrir farmi.

16. gr.

1. Sendanda er skylt að láta í té þær upplýsingar og framvísa þeim skjölum sem eru nauðsynleg til þess að uppfylla formkröfur tollyfirvalda og lögreglu áður en unnt er að afhenda viðtakanda farm. Sendandi er skaðabótaskyldur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem hlýst af því að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða ólögmæt, nema tjónið sé af völdum flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna.

2. Flytjanda ber ekki skylda til þess að kanna hvort fyrrnefndar upplýsingar eða skjöl séu rétt eða fullnægjandi.“

IV. gr.

Ákvæði 18. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„18. gr.

1. Flytjandi er skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem verður þegar skráður farangur eyðileggst eða glatast eða skemmist, aðeins ef sá atburður, sem olli því tjóni sem þannig varð, átti sér stað meðan á loftflutningi stóð.

2. Flytjandi er skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem verður þegar farmur eyðileggst eða glatast eða skemmist, aðeins ef sá atburður, sem olli því tjóni sem þannig varð, átti sér stað meðan á loftflutningi stóð.

3. Flytjandinn er samt sem áður ekki skaðabótaskyldur færi hann sönnur á að eyðilegging, hvarf eða tjón á farmi hafi orsakast einvörðungu af einni eða fleiri eftirtalinna ástæðna:
a) innbyggðum annmarka, eiginleika eða ágalla farmsins;
b) gölluðum umbúðum farmsins sem aðrir en flytjandinn eða starfsmenn hans eða umboðsmenn hafa gengið frá;
c) stríði eða vopnuðum átökum;
d) aðgerðum opinberra yfirvalda í tengslum við komu, brottför eða umflutning farmsins.

4. Undir loftflutning, í skilningi málsgreina þessarar greinar hér að framan, fellur sá tími sem farangur eða farmur er í vörslu flytjanda, í flughöfn eða um borð í loftfari eða, þegar um er að ræða lendingu utan flughafnar, á hvaða stað sem er.

5. Loftflutningur nær ekki til nokkurs flutnings á landi, á sjó eða ám sem fer fram utan flughafnar. Fari hins vegar slíkur flutningur fram sem liður í framkvæmd samnings um loftflutninga, vegna fermingar, afhendingar eða umfermingar, er litið svo á, nema færðar séu sönnur á annað, að tjón sé vegna atburðar sem átti sér stað meðan á loftflutningi stóð.“

V. gr.

Ákvæði 20. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„20. gr.

Flytjandi skal ekki skaðabótaskyldur, þegar um ræðir flutning farþega og farangurs og þegar tjón verður vegna tafa á flutningi farms, færi hann sönnur á að hann og starfsmenn hans og umboðsmenn hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjónið eða að þeir hafi ekki með nokkru móti getað gert slíkar ráðstafanir.“

VI. gr.

Ákvæði 21. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„21. gr.

1. Þegar um ræðir flutning farþega og farangurs og færi flytjandi sönnur á að sá aðili, sem verður fyrir tjóni, hafi valdið tjóninu eða stuðlað að því með vanrækslu getur dómstóllinn, í samræmi við lög viðkomandi lands, sýknað flytjandann eða lækkað skaðabæturnar.

2. Þegar um ræðir flutning farms og færi flytjandi sönnur á að sá aðili, sem krefst skaðabóta, eða sá aðili, sem hann sækir rétt sinn til, hafi valdið tjóninu eða stuðlað að því með vanrækslu eða öðrum ólögmætum verknaði eða aðgerðarleysi skal bera sakir af flytjandanum, að hluta til eða að fullu, með tilliti til bótaábyrgðar hans gagnvart krefjanda, að því marki sem slík vanræksla eða ólögmætur verknaður eða aðgerðarleysi olli tjóninu eða stuðlaði að því.“

VII. gr.

Í 22. gr. samningsins:
a) falli orðin „og farms“ brott í a-lið 2. mgr.
b) skal eftirfarandi málsgrein skotið inn á eftir a-lið 2. mgr.:

„b) Þegar um ræðir flutning farms skal bótaábyrgð viðkomandi flytjanda takmörkuð við fjárhæð sem nemur 17 SDR fyrir hvert kílógramm, nema sendandi hafi, þegar böggull var afhentur flytjandanum, gefið sérstaka yfirlýsingu um hagsmuni sína af afhendingu á ákvörðunarstað og greitt aukagjald sé þess krafist. Ef svo ber undir ber flytjandanum að greiða fjárhæð, sem er jafnhá uppgefinni fjárhæð eða lægri, nema hann færi sönnur á að fjárhæðin sé hærri en raunverulegir hagsmunir sendanda af afhendingu á ákvörðunarstað.“

c) verði b-liður 2. mgr. c-liður 2. mgr.
d) skal eftirfarandi málsgrein skotið inn á eftir 5. mgr.:

„6. Líta ber svo á að með þeim fjárhæðum sem gefnar eru upp í SDR í þessari grein sé átt við sérstök dráttarréttindi samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Umreikningur fjárhæða í innlenda gjaldmiðla skal, þegar um ræðir málarekstur fyrir dómstólum, fara fram miðað við verðgildi slíkra gjaldmiðla í sérstökum dráttarréttindum daginn sem dómur er kveðinn upp. Reikna ber út í SDR-verðgildi innlends gjaldmiðils samningsaðila, sem á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, samkvæmt matsaðferðinni sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beitir, svo gott sem daginn sem dómur er kveðinn upp, vegna meðferðar hans og yfirfærslu. Reikna ber út í SDR-verðgildi innlends gjaldmiðils samningsaðila, sem ekki á aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, með þeim hætti sem það aðildarríki ákveður.

Þau ríki, sem eiga ekki aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ef löggjöf þeirra heimilar ekki að ákvæðum b-liðar 2. mgr. 22. gr. sé beitt, geta, engu að síður, lýst því yfir, samhliða fullgildingu eða aðild eða hvenær sem er eftir það, að bótaábyrgð flytjanda í málarekstri fyrir dómstóli á landsvæðum þeirra sé takmörkuð við 250 einingar gjaldmiðla fyrir hvert kílógramm. Fyrrnefnd eining gjaldmiðils svarar til 65,5 millígramma gulls að hreinleika $^{900}/_{1000}$. Heimilt er að umreikna þessar fjárhæðir í viðeigandi innlendan gjaldmiðil í rúnnuðum tölum. Umreikningur þessara fjárhæða í innlendan gjaldmiðil skal gerður samkvæmt lögum viðkomandi ríkis.“

VIII. gr.

Ákvæði 24. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„24. gr.

1. Að því er varðar flutning farþega og farangurs er einungis unnt að höfða skaðabótamál, án tillits til málavaxta, með hliðsjón af skilyrðum og þeim mörkum bótaábyrgðar, sem eru sett fram í samningi þessum, án tillits til þess hverjir hafa rétt til þess að höfða mál og hver réttur hvers og eins er.

2. Að því er varðar flutning farms er einungis unnt að höfða skaðabótamál, án tillits til málavaxta og hvort sem það er reist á samningi þessum eða farmsamningi eða skaðabótarétti eða á öðru, með hliðsjón af skilyrðum og þeim mörkum bótaábyrgðar, sem eru sett fram í samningi þessum, án tillits til þess hverjir hafa rétt til þess að höfða mál og hver réttur hvers og eins er. Fyrrnefnd mörk bótaábyrgðar jafngilda hámarksbótaábyrgð og er óheimilt að fara fram yfir þau óháð því hvaða aðstæður leiddu til bótaábyrgðar.“

IX. gr.

Ákvæði 25. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„25. gr.

Að því er varðar flutning farþega og farangurs gilda mörk bótaábyrgðar, sem eru tilgreind í 22. gr., ekki ef sönnur eru færðar á að tjónið sé vegna verknaðar eða aðgerðarleysis flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna sem er framinn eða viðhaft í því skyni að valda tjóni eða sem rekja má til kæruleysis og viðkomandi hefði mátt vita að tjón mundi sennilega hljótast af slíkum verknaði eða aðgerðarleysi; sá fyrirvari er þó á að þegar um ræðir slíkan verknað eða aðgerðarleysi starfsmanns eða umboðsmanns séu einnig færðar sönnur á að hann hafi verið að verki á vettvangi starfs síns.“

X. gr.

Í 25. gr. A í samningnum falli 3. mgr. brott og eftirfarandi komi í stað hennar:

„3. Að því er varðar flutning farþega og farangurs gilda ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki ef sönnur eru færðar á að tjónið sé vegna verknaðar eða aðgerðarleysis flytjandans, starfsmanna hans eða umboðsmanna sem er framinn eða viðhaft í því skyni að valda tjóni eða sem rekja má til kæruleysis og viðkomandi hefði mátt vita að tjón mundi sennilega hljótast af slíkum verknaði eða aðgerðarleysi.“

XI. gr.

Eftirfarandi grein skal skotið inn á eftir 30. gr. samningsins:

„30. gr. A

Ekkert í samningi þessum skal koma í veg fyrir að aðili, sem á rétt á skaðabótum samkvæmt ákvæðum hans, eigi endurkröfurétt á hendur hvaða þriðja aðila sem er.“

XII. gr.

Ákvæði 33. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„33. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 5. gr. skal ekkert í samningi þessum koma í veg fyrir að flytjandi geti annaðhvort neitað að gera flutningssamninga eða sett reglur sem ganga ekki gegn ákvæðum hans.“

XIII. gr.

Ákvæði 34. gr. samningsins falli brott og eftirfarandi komi í stað þeirra:

„34. gr.

Ákvæði 3. til 8. gr., að báðum meðtöldum, um flutningsskjöl gilda ekki þegar um ræðir flutning við óvenjulegar aðstæður utan venjulegs rekstrarsviðs flytjanda.“

II. KAFLI
GILDISSVIÐ SAMNINGSINS MEÐ ÁORÐNUM BREYTINGUM

XIV. gr.

Varsjársamningurinn, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með bókun þessari, skal gilda um flutninga milli landa, eins og þeir eru skilgreindir í 1. gr. samningsins, að því tilskildu að brottfarar- og ákvörðunarstaðir, sem um getur í þeirri grein, séu annaðhvort á landsvæðum tveggja aðila að bókun þessari eða innan landsvæðis eins aðila að bókun þessari þar sem um umsaminn áningarstað á landsvæði annars ríkis er að ræða.

III. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

XV. gr.

Að því er varðar aðila að bókun þessari skal skilja og túlka Varsjársamninginn, eins og honum var breytt í Haag 1955, og bókun þessa saman sem eina gerð sem skal bera yfirskriftina *Varsjársamningurinn eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975.*

XVI. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja fram til þess dags er hún öðlast gildi í samræmi við ákvæði XVIII. gr.

XVII. gr.

1. Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu af hálfu undirritunarríkja.

2. Fullgilding bókunar þessarar af hálfu ríkis, sem er ekki aðili að Varsjársamningnum, eða af hálfu ríkis, sem er ekki aðili að Varsjársamningnum, eins og honum var breytt í Haag 1955, skal hafa ígildi aðildar að Varsjársamningnum, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975.

3. Skjöl um fullgildingu skulu afhent ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands til vörslu.

XVIII. gr.

1. Jafnskjótt og þrjátíu undirritunarríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu bókunar þessarar tekur hún gildi milli þeirra á nítugasta degi eftir að þrítugasta skjalið um fullgildingu hefur verið afhent til vörslu. Hún tekur gildi fyrir hvert og eitt ríki, sem fullgildir hana eftir það, á nítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu til vörslu.

2. Jafnskjótt og bókun þessi tekur gildi skal ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands skrá hana hjá Sameinuðu þjóðunum.

XIX. gr.

1. Öllum ríkjum, sem hafa ekki undirritað bókun þessa, skal heimilt að gerast aðilar að henni eftir að hún hefur öðlast gildi.

2. Aðild ríkis, sem er ekki aðili að Varsjársamningnum, eða ríkis, sem er ekki aðili að Varsjársamningnum, eins og honum var breytt í Haag 1955, að bókun þessari skal hafa ígildi aðildar að Varsjársamningnum, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975.

3. Aðild fer fram með því að afhenda ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands aðildarskjal til vörslu og tekur gildi á nítugasta degi eftir afhendingu.

XX. gr.

1. Hverjum aðila að bókun þessari er heimilt að segja bókun þessari upp með tilkynningu til ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Póllands.

2. Uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag er ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands tekur við tilkynningu um uppsögn.

3. Að því er varðar aðila að bókun þessari skal ekki á neinn hátt líta á uppsögn Varsjársamningsins af hálfu einhvers þeirra í samræmi 39. gr. hans eða Haag-bókunarinnar í samræmi við XXIV. gr. hennar sem uppsögn Varsjársamningsins, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975.

XXI. gr.

1. Einungis er heimilt að gera eftirfarandi fyrirvara við bókun þessa:

a) ríki getur hvenær sem er lýst því yfir, með tilkynningu til ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Póllands, að Varsjársamningurinn, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975, gildi ekki um flutning fólks, farangurs og farms fyrir hernaðaryfirvöld þess með loftfari, sem er skráð í því ríki, þar sem slík yfirvöld hafa tekið frá allt flutningsrými eða það hefur verið gert fyrir þeirra hönd; og

b) hvaða ríki sem er getur lýst því yfir, jafnhliða fullgildingu Montreal-viðbótarbókunar nr. 3 frá 1975 eða aðild að henni eða hvenær sem er eftir það, að það sé óbundið af ákvæðum Varsjársamningsins, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975, að því marki sem þau fjalli um flutning farþega og farangurs. Fyrr-

nefnd yfirlýsing tekur gildi níutíu dögum eftir þann dag er ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands tekur við henni.

2. Hverju því ríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við næstu málsgrein hér að framan, er hvenær sem er heimilt að draga slíkan fyrirvara til baka með því að tilkynna ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands það.

XXII. gr.

Ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands skal tilkynna öllum aðildarríkjum Varsjársamningsins eða þess samnings með áorðnum breytingum, öllum ríkjum sem undirrita bókun þessa eða gerast aðilar að henni og Alþjóðaflugmálastofnuninni án tafar um dagsetningu hverrar undirritunar, þann dag er hvert skjal um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu, þann dag er bókun þessi öðlast gildi og aðrar viðeigandi upplýsingar.

XXIII. gr.

Að því er varðar aðila að bókun þessari, sem eru einnig aðilar að samningnum um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem var undirritaður í Gvadalajara 18. september 1961 (hér á eftir nefndur Gvadalajara-samningurinn), skal í öllum vísunum til „Varsjársamningsins“ í Gvadalajara-samningnum felast vísun til Varsjársamningsins, eins og honum var breytt í Haag 1955 og með Montreal-bókun nr. 4 frá 1975, þegar bókun þessi gildir um flutning samkvæmt samningnum sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. Gvadalajara-samningsins.

XXIV. gr.

Séu tvö eða fleiri ríki aðilar bæði að bókun þessari og Gvatemalaborgarbókuninni frá 1971 eða að Montreal-viðbótarbókun nr. 3 frá 1975 gilda eftirfarandi reglur þeirra í milli:

a) ákvæðin, sem leiðir af því fyrirkomulagi sem komið er á með bókun þessari og fjalla um farm og póstsendingar, skulu ganga framar en ákvæðin sem leiðir af því fyrirkomulagi sem komið var á með Gvatemalaborgarbókuninni frá 1971 eða með Montreal-viðbótarbókun nr. 3 frá 1975;
b) ákvæðin, sem leiðir af því fyrirkomulagi sem komið er á með Gvatemalaborgarbókuninni frá 1971 eða með Montreal-viðbótarbókun nr. 3 frá 1975 og fjalla um farþega og farangur, skulu ganga framar en ákvæðin sem leiðir af því fyrirkomulagi sem komið er á með bókun þessari.

XXV. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar fram til 1. janúar 1976 í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og eftir það, uns hún öðlast gildi í samræmi við XVIII. gr., í utanríkisráðuneyti Alþýðulýðveldisins Póllands. Alþjóðaflugmálastofnunin skal tilkynna ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Póllands án tafar um sérhverja undirritun og dagsetningu hennar meðan bókunin liggur frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Montreal hinn 25. september 1975 á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir fjórir gildir. Ef um ósamræmi er að ræða skal franski textinn ráða, en Varsjársamningurinn frá 12. október 1929 var gerður á frönsku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á X. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Í því frumvarpi er lagt til að lögfestur verði Montreal-samningurinn gerður 1999 um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að lögfestur verði annars vegar samningur um reglur til viðbótar við Varsjársamninginn frá 1929, gerður í Gvadalajara 18. september 1961, og hins vegar viðbótarbókun við Varsjársamninginn frá 1929 og Haag-bókunina frá 1955, svonefnd Montreal-bókun nr. 4 frá 1975. Jafnframt er lagt til að Montreal-bókunin nr. 4 annars vegar og Gvadalajara-viðbótarsamningurinn hins vegar verði birt í fylgiskjölum með lögunum. Ástæða þessa eru lagaskil milli annars vegar Montreal-samningsins frá 1999 og annarra samninga sem mynda Varsjárkerfið svonefnda.

Samkvæmt 55. gr. Montreal-samningsins er gert ráð fyrir að Montreal-samningurinn gangi framar öllum öðrum alþjóðlegum samningum sem gerðir hafa verið um sama efni milli þeirra aðildarríkja sem hann hafa fullgilt. Hinn 4. nóvember 2003 tók Montreal-samningurinn gildi fyrir þau þrjátíu aðildarríki sem þá höfðu fullgilt hann. Montreal-samningurinn mun því gilda varðandi millilandaflug til og frá yfirráðasvæði þeirra til ríkja sem hann hafa fullgilt.

Varðandi flug til og frá yfirráðasvæði ríkja sem ekki hafa fullgilt Montreal-samninginn verður Varsjárkerfið hins vegar enn í gildi. Við slíkar aðstæður verður því að horfa til þeirra samninga, samningsauka og viðbótarsamninga sem hvort ríki um sig hefur fullgilt og hvaða alþjóðlegu skuldbindingar þau eiga sameiginlegar. Hvað Ísland varðar er þá horft til ákvæða laga nr. 41/1949 en upphaflegi Varsjársamningurinn frá 1929 er fylgiskjal með þeim lögum, sem og Haag-bókunarinnar frá 1955, sbr. lög nr. 41/1949, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 46/1956. Eftir lögfestingu framangreindrar viðbótarsamnings og bókunar yrði einnig horft til þeirra með sama hætti.

Frekari umfjöllun um forsögu og efni framangreinds viðbótarsamnings og bókunar er að finna í greinargerð með áðurnefndu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftferðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði annars vegur samningur um reglur til viðbótar við Varsjársamninginn frá 1929, gerður í Gvadalajara 18. september 1961, og hins vegar viðbótarbókun við Varsjársamninginn frá 1929 og Haag-bókunina frá 1955, svonefnd Montreal-bókun nr. 4 frá 1975. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 30/1998, með síðari breytingum, þar sem lagt er til að lögfestur verði Montreal-samningurinn frá 1999 um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1441. Frumvarp til laga [947. mál]

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal sérstakan skatt, flugvallaskatt, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Flugvallaskattur skal vera 382 kr. fyrir hvern farþega.

Undanþegin skattskyldu eru börn innan tveggja ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli eða ígildi hans milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða helming skattsins.

Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar innan lands, enda vari viðdvöl samkvæmt áætluninni ekki lengur en sex klukkustundir.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi skal greiða sérstakt gjald, varaflugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi frá Íslandi til annarra landa. Varaflugvallagjald skal vera 598 kr. fyrir hvern farþega.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan tveggja ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli eða ígildi hans milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á innheimtu flugvallaskatts og varaflugvallagjalds hvílir á skráðum umráðendum í loftfaraskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara.

Flugvallaskatts og varaflugvallagjalds skal getið í verði farseðils eða í skriflegri yfirlýsingu sé farsamningur rafrænn.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Flugvallaskatt og varaflugvallagjald vegna farþega sem fluttir eru með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fulltrúum

Flugmálastjórnar fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá yfir farþega með því og hverjir eru gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. eða greiða hálft gjald samkvæmt sömu ákvæðum. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélaga á flugvelli. Heimilt skal að afhenda skrána á rafrænu formi.

5. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Flugvallaskatt og varaflugvallagjald vegna farþega sem ferðast með áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða Flugmálastjórn eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Ákvæði 8. gr. um afhendingu skrár yfir fjölda farþega gilda einnig um áætlunarflug samkvæmt þessari grein.

6. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „flugvallagjaldi“ í 1. og 2. mgr. 11 gr. laganna kemur: flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af flugvallaskatti skal varið til framkvæmda í flugmálum, reksturs flugvalla, rannsókna og sérstakra tímabundinna verkefna í flugöryggismálum samkvæmt samgönguáætlun. Tekjum af varaflugvallagjaldi skal varið til að fjármagna viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi.

9. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæð varaflugvallagjalds skv. 6. gr. skal endurskoða á tveggja ára fresti til þess að gjaldið endurspegli raunkostnað við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla. Einnig skal á sama tíma endurskoða grundvöll gjaldtökunnar með hliðsjón m.a. af breytingum sem kunna að hafa orðið á innlendu og alþjóðlegu lagaumhverfi flugmála og breytingum á gjaldtöku í samkeppnislöndum Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með dómi EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003 var kveðið upp úr um að óheimilt er að hafa mismunandi farþegaskatta eftir því hvort flogið er með loftfari innan lands eða frá Íslandi til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Í kjölfar umrædds dóms er frumvarp þetta lagt fram.

Samgönguráðuneytið óskaði eftir sérstöku áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar lagaprófessors við Háskólann í Reykjavík við gerð þessa frumvarps. Í því kemur fram „að í dómi EFTA-dómstólsins, dómum dómstóls EB, röksemdum í rökstuddu áliti ESA og röksemdum stofnunarinnar undir rekstri málsins felist eftirtalin atriði:

1. Heimilt er að leggja á farþega gjöld hvort heldur er í innanlandsflugi eða millilandaflugi til að mæta sérstökum kostnaði sem leiðir af veitingu þjónustu sem þeir njóta sem flugfarþegar, þannig að samræmist 36. gr. EES-samningsins. Skilyrði er að gjaldið sé lagt á þá sem njóta þjónustunnar og samhengi sé milli kostnaðar við þjónustuna og fjárhæðar gjaldsins.
2. Einnig er heimilt að hafa gjöldin mismunandi há eftir því hvort um innanlandsflug eða millilandaflug er að ræða, enda sé samsvörun milli mismunandi gjalda og mismunandi þjónustu sem þeir njóta sem gjaldið greiða og mismunurinn sé hóflegur og í samræmi við muninn á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita þjónustuna. Af þessu meginsjónarmiði tel ég leiða að heimilt ætti að vera að leggja tiltekin gjöld á þá sem ferðast í millilandaflugi sem ekki eru lögð á farþega í innanlandsflugi, enda verði farþegar í millilandaflugi aðnjótandi þjónustu sem þeir njóta ekki er ferðast í innanlandsflugi.“

Höfð var hliðsjón af þessum og öðrum ábendingum Davíðs Þórs við gerð frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi flugvallagjald verði nefnt flugvallaskattur og verði upphæð hans 382 kr. á hverja brottför frá flugvöllum á Íslandi. Skattur þessi er hinn sami hvert sem ferðinni kann að vera heitið, hvort sem það er innan lands eða til útlanda. Jafnframt verði tekin upp þjónustugjöld í formi varaflugvallagjalds og miðað við að sú gjaldtaka standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Aðstæður á Íslandi eru nokkuð sérstakar. Á 103 ferkílómetrum lands búa 288 þúsund íbúar. Þéttleiki byggðar er 4,7 íbúar/km^2 ef hálendið er undanskilið því um 40% landsins eru óbyggilegt hálendi. Sé landið allt meðtalið er þéttleiki byggðar aðeins 2,8 íbúar/ km^2. Þessar tölur er einstakar fyrir land í Evrópu.

Þörfin fyrir varaflugvelli á Íslandi fyrir millilandaflug tekur mið af því að mjög langt er til næstu flugvalla í nágrannalöndunum. Þannig er næsti flugvöllur, sem er nothæfur fyrir stórar þotur, í Glasgow í Skotlandi. Flugtími þangað er hátt í tvær klukkustundir. Fjöldi varaflugvalla hér á landi ræðst einkum af því að hve veðurfar er breytilegt eftir landshlutum. Þegar veðuraðstæður eru erfiðar á suðvesturhluta landsins eru miklar líkur til þess að fært sé að lenda á Egilsstöðum eða Akureyri. Þegar slæmt flugveður er á norðan- og austanverðu landinu og framangreindir flugvellir eru lokaðir af þeirri ástæðu er undantekningarlítið ágætt veður til flugs á suðvesturlandi. Við þessar aðstæður er Reykjavíkurflugvöllur notaður sem varaflugvöllur. Þetta kerfi varaflugvalla fyrir millilandaflug eykur því mjög áreiðanleika og öryggi í flugi til og frá landinu.

Það er mat samgönguráðuneytisins að varaflugvallakerfið sé nauðsynlegt til þess að haldið verði upp áreiðanlegu og öruggu millilandaflugi og kerfið sé þannig nauðsynlegur þáttur í þjónustu við þá sem ferðast í millilandaflugi. Á hinn bóginn er ljóst að fjárfesting, þjónusta og opnunartími varaflugvallanna er langt umfram þörf innanlandsflugsins og miðast við varaflugvallarhlutverk þeirra fyrir stórar flugvélar. Varaflugvellir skipta að sjálfsögðu miklu máli fyrir flugrekendur. Þeir auka til muna hagræði vegna þess að flugvélar sem lenda á Íslandi þurfa ekki að bera með sér eins miklar varabirgðir af eldsneyti. Má í þessu sambandi nefna að þessar varabirgðir geta verið allt að 2 tonnum minni vegna þess varaflugvellir eru til staðar á landinu fyrir Keflavíkurflugvöll. Varaflugvellir auka einnig almennt öryggi í flugi yfir Atlantshafið milli Evrópu og Ameríku. Flugrekendur tveggja hreyfla véla sem fljúga yfir Norður-Atlantshaf þurfa að skipuleggja flugleið sína þannig að vélarnar séu ætíð innan 120–180 mínútna drægis frá opnum flugvelli vegna öryggiskrafna. Flugrekendur með hæstu öryggisstaðla miða við 120 mínútna drægi. Varaflugvellir á Íslandi gegna mikilvægu hlutverki í þeim tilvikum. Þetta er þessum flugrekendum þó að kostnaðarlausu.

Samgönguráðuneytinu er ljóst að varaflugvallagjaldið þurfi að endurspegla þann sérstaka viðbótarkostnað sem hlýst af því að reka þessa þrjá flugvelli sem varaflugvelli í millilandaflugi sem annars félli ekki til ef þeir væru eingöngu ætlaðir til innanlandsflugs. Kostnaðargrunnurinn sem til grundvallar er lagður byggist á fjárfestingarkostnaði á varaflugvöllum 1988–2002 framreiknað til nóvember 2002 og rekstrarkostnaður varaflugvalla miðast við árið 2002. Um er að ræða heildarfjárfestingu í byggingum, brautum og tækjum undanfarin 15 ár og er hver þáttur metinn og viðbótarkostnaður vegna varaflugvallarhlutverksins áætlaður mjög nákvæmlega á hverjum velli fyrir sig. Það sama á við um rekstrarkostnaðinn. Þá er rekstur flugbrauta, bygginga og slökkviþjónustu og aðflugs- og turnþjónustu skoðaður sérstaklega sem og annar kostnaður sem talist getur með. Sá viðbótarkostnaður sem er umfram það sem krafist er vegna innanlandsflugsins er metinn eins nákvæmt og kostur er. Við ákvörðun á fjárhæð gjaldsins er það sjónarmið látið gilda að ljóst sé að ekki sé tekið tillit til almenns kostnaðar við rekstur flugvallar og þar með kostnaðar við almenna þjónustu sem þeir farþegar njóta einnig sem ekki greiða gjaldið (þ.e. farþegar í innanlandsflugi). Um er að ræða hreinan viðbótarkostnað sem alls ekki hefði verið stofnað til ef ekki væri um að ræða varaflugvelli sem eru í allt öðrum gæðaflokki. Þetta er mikilvægt þar sem þessir þrír flugvellir þjóna í reynd fyrst og fremst innanlandsflugi þótt þeir gegni vissulega einnig hlutverki sem millilandaflugvellir og varaflugvellir í millilandaflugi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð núgildandi flugvallagjalds verði 382 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast hvort sem er innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Almennt er litið á núgildandi flugvallagjald sem skatt og er því lagt til að í stað þess að tala um „flugvallagjald“ verði í lögunum talað um „flugvallaskatt“.

Í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003 er lagt til að flugvallaskatturinn verði sá sami hvort sem flogið er innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Er lagt til að skatturinn verði 382 kr. Með þessu fellur í reynd niður sérstök heimild í gildandi lögum um að farþegar til Færeyja og Grænlands greiði hið sama og farþegar innan lands.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um undanþágu frá skattskyldunni. Byggist það undanþáguákvæði á núgildandi undanþáguákvæði frá flugvallagjaldi í lögum nr. 31/1987. Samkvæmt viðtekinni venju er skatturinn helmingi lægra fyrir börn innan 12 ára aldurs og er felldur niður fyrir börn yngri en tveggja ára. Skráðar áhafnir loftfara eru jafnframt undanþegnar skattinum. Sama gildir um áningar- og skiptifarþega sem eru yfirleitt undanþegnir gjaldskyldu af þessu tagi.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að tekið verði upp sérstakt þjónustugjald til að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi. Þrír flugvellir á Íslandi, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, mynda varaflugvallakerfi fyrir millilandaflug sem einkum fer um Keflavíkurflugvöll. Þessu kerfi hefur verið komið upp vegna þess að í sérhverri flugferð verður flugstjóri að tilgreina varaflugvöll, sem er innan flugdrægis viðkomandi loftfars eftir að aðflugi hefur verið hætt að aðalflugvelli. Jafnframt þurfa veðurskilyrði á varaflugvellinum að vera fullnægjandi ef til hans þarf að grípa. Slíkur flugvöllur verður að vera þannig búinn að hann fullnægi þörfum loftfarsins hvað varðar lengd og burðarþol flugbrauta og allan tækjabúnað á jörðu niðri. Auk þess þarf þjónustu á flugvellinum að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru vegna alþjóðlegrar flugumferðar og stærðar-

flokks loftfara. Af þessari ástæðu hefur verið komið upp sérstakri varaflugvallarþjónustu fyrir flug til og frá landinu á framangreindum þremur flugvöllum landsins sem er fyrst og fremst nýtt af millilandaflugi um Keflavíkurflugvöll. Þessi ráðstöfun hefur kallað á miklar fjárfestingar umfram það sem nauðsynlegt hefði verið vegna þarfa innanlandsflugsins. Egilsstaðaflugvöllur var t.d. gagngert byggður upp sem varaflugvöllur með flugbraut sem hefur burðarþol til að taka á móti stærstu breiðþotum. Þá er tækjabúnaður mun meiri en krafist er vegna innanlandsflugsins, t.d. slökkvibúnaður og snjóruðningstæki. Rekstur þessara þriggja flugvalla er einnig mun kostnaðarsamari en sambærilegra flugvalla sem eingöngu eru notaðir fyrir innanlandsflug, m.a. vegna þess að þar er vakt allan sólarhringinn. Tekjur af þessum varaflugvallarrekstri eru nánast engar ef frá eru talin lendingargjöld sem greidd eru af örfáum lendingum stórra millandaflugvéla á ári hverju. Hins vegar er þessi rekstur til mikilla hagsbóta fyrir flugrekendur í millilandaflugi sem að öðrum kosti þyrftu að velja varaflugvöll í Skotlandi með tilheyrandi skerðingu á arðhleðslu vegna kröfu um aukið eldsneyti og raski á flugáætlunum.

Samkvæmt greininni byggist varaflugvallagjaldið á því að viðbótarkostnaður, sem hlýst af því að byggja upp, viðhalda og reka framangreinda flugvelli til þess að þjóna þessu hlutverki, sé endurheimtur með þessu gjaldi sem leggst á brottfararfarþega í millilandaflugi. Upphæð gjaldsins á farþega, 598 kr., er fundin með því að deila fjölda farþega árið 2002 upp í viðbótarkostnað þess árs vegna varaflugvallarþjónustunnar. Þess ber að geta að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárhæð varaflugvallagjaldsins verði endurskoðuð á tveggja ára fresti til þess að gjaldið endurspegli sem best á hverjum tíma viðbótarkostnað við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla. Við ákvörðun fjárhæðar gjaldsins var því ekki tekið tillit til almenns kostnaðar við rekstur þessara flugvalla heldur eingöngu litið til þess kostnaðarauka sem hlýst af því að reka þessa þrjá flugvelli sem varaflugvelli (sem annars félli ekki til ef þeir væru eingöngu ætlaðir til innanlandsflugs). Með þessu móti er gjaldtakan í beinum tengslum við þann kostnað sem til fellur við að veita millilandafarþegum og vöruflutningaflugi þá þjónustu sem í alþjóðlegu varaflugvöllunum felst. Er því í frumvarpinu litið á varaflugþvallagjaldið sem ígildi þjónustugjalds en ekki skatt þar sem þessi beinu tengsl eru á milli upphæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem því er ætlað að standa undir.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um undanþágu frá gjaldskyldunni. Byggist það undanþáguákvæði á núgildandi undanþáguákvæði frá flugvallagjaldi í lögum nr. 31/1987. Samkvæmt viðtekinni venju er þetta gjald helmingi lægra fyrir börn innan 12 ára aldurs og er fellt niður fyrir börn yngri en tveggja ára. Skráðar áhafnir loftfara eru jafnframt undanþegnar gjaldskyldu. Sama gildir um áningar- og skiptifarþega sem eru yfirleitt undanþegnir gjaldskyldu af þessu tagi.

Um 3. gr.

Greinin byggist á núgildandi 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. laganna og þarfnast ekki skýringar.

Um 4.–7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Greinin byggist á 12. gr. núgildandi laga en ákvæðið um tekjur af varaflugvallagjaldi er nýmæli. Þar sem litið er á varaflugvallagjaldið sem þjónustugjald en ekki skatt verður sú gjaldtaka að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til töku þjónustugjalda. Þannig endurspeglar

varaflugvallagjaldið þann sérstaka viðbótarkostnað sem hlýst af því að reka varaflugvelli í millilandaflugi. Tekjum af varaflugvallagjaldi skal því eingöngu varið til að fjármagna þann viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi. Jafnframt er nýmæli að lagt er til að heimilt sé að ráðstafa tekjum af flugvallaskatti einnig til rannsókna og sérstakra verkefna í flugöryggismálum en ekki eingöngu til framkvæmda eins og nú er raunin.

Um 9. gr.

Til þess að varaflugvallagjaldið endurspegli sem best raunkostnað er lagt til að endurskoða beri fjárhæð gjaldsins á tveggja ára fresti. Auk þess er lagt til að á sama hátt verði farið yfir sjálfan grundvöll gjaldtökunnar.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. október 2004 til að gefa aðilum sem þau varða, t.d. flugrekendum, færi á að aðlaga kerfi sín að breyttri skattheimtu og gjaldtöku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá því í desember 2003 þar sem kveðið var upp úr um að óheimilt væri að innheimta mismunandi farþegaskatta eftir því hvort flogið var með loftfari innan lands eða frá Íslandi til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Með frumvarpinu er lagt til að flugvallagjald verði nefnt flugvallaskattur og verði upphæð skattsins 382 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast með flugi innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Með frumvarpinu er einnig lagt til að tekið verði upp nýtt gjald, varaflugvallagjald, til að fjármagna rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi. Varaflugvallagjaldið skal vera 598 kr. fyrir hvern farþega. Gjaldið á að endurspegla þann kostnaðarauka sem hlýst af því að reka þrjá flugvelli sem varaflugvelli í millilandaflugi. Samkvæmt áætlun Flugmálastjórnar byggðri á farþegafjölda 2003 er gert ráð fyrir að tekjur af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi verði um 670 m.kr. Verði frumvarpið að lögum verður því ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð, en samsetning flugvallagjaldsins samkvæmt núgildandi lögum breytist.

1442. Frumvarp til laga [948. mál]

um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Þegar Norðurlandasamningur um almannatryggingar, sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1993.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR
um almannatryggingar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa, frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) gekk í gildi, beitt ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig gagnvart þeim sem flytja á milli norrænu landanna,

sem gerðu með sér Norðurlandasamning um almannatryggingar 15. júní 1992 til viðbótar við fyrrgreinda reglugerð en með honum skuldbinda Norðurlöndin sig til að beita ákvæðum reglugerðarinnar að verulegu leyti einnig gagnvart tilteknum hópum manna sem reglugerðin tekur ekki beint til, þ.e. þeim sem eru ekki eða hafa ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar eða eru ekki ríkisborgarar í landi sem er aðili að EES-samningnum,

sem vísa m.a. til 8. gr., 36. gr. og b-liðar 2. mgr. 46. gr. b, 63. gr. og 70. gr. framangreindrar reglugerðar,

sem vilja laga samninginn að þeirri þróun sem orðið hefur á framangreindri reglugerð og á löggjöf norrænu landanna um almannatryggingar,

sem hafa hliðsjón af reglugerð ráðsins um að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og láta ákvæði þeirra taka til þeirra ríkisborgara þriðju landa sem falla ekki undir ákvæðin einungis á grundvelli ríkisfangs síns,

sem vísa til þess að ákvæðum 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal beitt gagnvart ríkisborgara þriðja lands þegar hann hefur lagalegan rétt til að dveljast og starfa þar, svo og að leita sér atvinnu í norrænu landi eftir að hann hefur skráð sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun,

sem hafa komið sér saman um sérákvæði fyrir Danmörku samkvæmt fylgiskjali með þessum samningi,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar og er hann svohljóðandi:

I. HLUTI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „norrænt land“ merkir
hvert og eitt samningslandanna ásamt sjálfsstjórnarsvæðunum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum að því marki sem þessi svæði hafa samþykkt að samningurinn skuli gilda fyrir þau,
2. „reglugerðin“ merkir
reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
3. „framkvæmdareglugerðin“ merkir
reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
4. „grunnlífeyrir“ merkir
almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma sem lokið er, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, þar á meðal þann almenna lífeyri eða viðbótarlífeyri sem greiddur er þeim sem fær lítinn eða engan starfstengdan lífeyri,
5. „starfstengdur lífeyrir“ merkir
almennan lífeyri sem fer einungis til þeirra sem hafa verið á vinnumarkaði samkvæmt innlendri löggjöf,
6. „búseta“ merkir
að maður sé búsettur í norrænu landi samkvæmt þjóðskrá þess ef ekki eru sérstakar ástæður til annars.

2. Önnur hugtök í þessum samningi hafa sömu merkingu og þau hafa í reglugerðinni, framkvæmdareglugerðinni eða í innlendri löggjöf norrænu landanna.

2. gr.

Efnislegt gildissvið.

Þessi samningur gildir um alla löggjöf sem tekur til efnislegs gildissviðs reglugerðarinnar.

3. gr.

Persónulegt gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um alla einstaklinga sem falla undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar.

2. Samningur þessi gildir einnig um eftirtalda einstaklinga sem falla ekki undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar:

a. einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf í norrænu landi,

b. aðstandendur eða eftirlifendur sem rekja rétt sinn til einstaklinga sem um getur í a-lið.

4. gr.

Rýmkun gildissviðs reglugerðarinnar.

Ef ekki er annars getið í þessum samningi skal rýmka gildissvið reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar þannig að reglugerðirnar taki til allra þeirra sem falla undir þennan samning og eru búsettir í norrænu landi.

II. HLUTI

Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.

5. gr.

Einstaklingar utan vinnumarkaðar.

1. Að því er varðar einstaklinga sem eru ekki eða hafa ekki verið launþegar eða sjálfstætt starfandi í skilningi reglugerðarinnar er löggjöfinni í því norræna landi þar sem þeir eru búsettir beitt.

2. Maki og börn undir 18 ára aldri, sem fylgja launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi frá einu norrænu landi til annars, skulu, þegar ákvæði d-liðar 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 14. gr. a og 17. gr. reglugerðarinnar hafa í för með sér að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fellur áfram undir löggjöf í fyrrnefnda landinu, einnig falla áfram undir löggjöf þess lands eins og þau sem fylgja honum væru áfram búsett þar.

6. gr.

Einstaklingar á vinnumarkaði.

Við beitingu ákvæða í II. bálki reglugerðarinnar telst einnig starf við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni lands sem starf í því landi.

III. HLUTI

Sérákvæði um rétt til bóta.

1. kafli.

Veikindi og meðganga og fæðing.

7. gr.

Greiðsla vegna kostnaðar við heimferð.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar en fær aðstoð meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að vegna veikindanna verður viðkomandi að nota dýrari ferðamáta en hann ella mundi gera.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þá meðferð sem hann þarfnast.

2. kafli.
Bætur vegna örorku, elli og andláts.

8. gr.

Lágmarksbúsetutími til að öðlast rétt til grunnlífeyris.

1. Einstaklingur, sem er ekki eða hefur ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar, á því aðeins rétt á grunnlífeyri frá norrænu landi að hann hafi öðlast rétt til slíks lífeyris í því landi á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu þar.

2. Ekki er hægt að uppfylla skilyrði 1. mgr. með vísan til búsetu- og tryggingatímabila í öðrum löndum.

3. Tímabil, sem leiðir til lífeyrisréttar í öðru landi og reglugerðin eða þessi samningur gildir um, skal ekki reikna með þegar sannreyna á hvort skilyrði um búsetu skv. 1. mgr. hafi verið fullnægt.

9. gr.

Grunnlífeyrir á grundvelli búsetu í landi sem er aðili að EES-samningnum.

Einstaklingur á rétt á grunnlífeyri sem hann hefur öðlast í norrænu landi á meðan hann er búsettur í landi sem er aðili að EES-samningnum. Hið sama á við um búsetu í Færeyjum og á Grænlandi að því marki sem samningurinn á við um þessi svæði.

10. gr.

Samkomulag skv. b-lið 2. mgr. 46. gr. b í reglugerðinni.

Hafi skilyrðum fyrir því að lífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra trygginga- eða búsetutímabila, sem hefðu komið til hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu tekið tillit til hluta ætlaðra tímabila. Sá hluti er ákveðinn á grundvelli raunverulegra trygginga- eða búsetutímabila sem eru notuð við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tímabila í landinu og samanlagðra raunverulegra tímabila í löndunum.

11. gr.

Tiltekin tímabil fyrir 1994.

Hafi einstaklingur öðlast rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi á grundvelli búsetu í landinu fyrir 1. janúar 1994 og á sama tíma öðlast rétt til starfstengds lífeyris í öðru norrænu landi skal grunnlífeyrir fyrir þetta tímabil eingöngu koma frá síðarnefnda landinu. Hafi einstaklingur á þessu tímabili öðlast samtímis rétt til starfstengds lífeyris frá fleiri norrænum löndum, og þar af hafi eitt þeirra verið búsetuland hans, skal grunnlífeyrir einungis koma frá síðastnefnda landinu.

3. kafli.
Atvinnuleysisbætur.

12. gr.

Undanþágur frá tilteknum kröfum um að tímabilum sé lokið.

Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um atvinnuleysisbætur eða hafi fengið atvinnuleysisbætur í því norræna landi þar sem sótt er um bætur. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða atvinnuleysisbætur greiddar innan fimm ára frá þeim degi sem sótt var um atvinnu hjá opinberri vinnumiðlun og, ef við á, um félagaskráningu hjá viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

IV. HLUTI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Framkvæmdarákvæði.

Þar til bær stjórnvöld skulu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

14. gr.

Samskiptastofnun.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í hverju norrænu landi skal vera samskiptastofnun sem tilnefnd er af þar til bæru stjórnvaldi.

15. gr.

Afsal endurgreiðslna.

1. Ef ekki er samið um annað milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.

2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi skv. c-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að fara til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem ástand hans krefst.

16. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnir hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni að þær hafi staðfest samninginn.

2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og þing Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um viðtöku þessara tilkynninga og hvenær samningurinn öðlast gildi.

17. gr.

Uppsögn samningsins.

1. Óski einn aðili eftir að segja samningnum upp skal hann afhenda danska utanríkisráðuneytinu skriflega tilkynningu þess efnis og skal ráðuneytið gera öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp haldast áfram þau réttindi sem fengin eru á grundvelli hans.

18. gr.
Eldri ákvæði.

1. Við gildistöku samnings þessa fellur Norðurlandasamningurinn frá 15. júní 1992 um almannatryggingar úr gildi. Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bótafjárhæða sem greiddar eru við gildistöku samningsins.

2. Grunnlífeyrir til ríkisborgara í norrænu landi, sem fram til 31. desember 1993 var greiddur samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamningsins frá 5. mars 1981 um almannatryggingar eða samkvæmt innlendri löggjöf í einu eða fleiri landanna og er áfram greiddur frá gildistöku þessa samnings samkvæmt ákvæðum hans, skal reiknaður samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða þessum samningi ef rétthafi sækir um grunnlífeyri frá öðru norrænu landi.

3. Umsóknir um bætur sem eru lagðar fram eftir gildistöku þessa samnings skulu afgreiddar samkvæmt þessum samningi einnig þegar um er að ræða bætur fyrir tímabil fyrir gildistökuna.

19. gr.
Undirritun.

Frumtexti samnings þessa skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Karlskrona hinn 18. ágúst 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

FYLGISKJAL

Sérákvæði fyrir Danmörku varðandi 4. gr.

Að því er varðar
- 7. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar
- 69. og 70. gr. reglugerðarinnar
- grunnlífeyri í 8. og 9. gr. samningsins

skal beiting reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar einungis taka til ríkisborgara í norrænu landi og því gilda 8. og 9. gr. samningsins aðeins fyrir norræna ríkisborgara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ákvæði Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 fái lagagildi hér á landi þegar samningurinn hefur öðlast gildi. Skv. 1. mgr. 16. gr. samningsins öðlast hann gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnirnar hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni um að þær hafi staðfest samninginn. Við gildistöku samningsins falla úr gildi lög nr. 46/1993. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Samstarf Norðurlanda á sviði almannatrygginga á sér langa sögu. Samstarfið tók nokkrum breytingum þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) öðlaðist gildi, en reglur þess samnings um almannatryggingar gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi. Með samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar, sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992, var samstarf Norðurlanda á sviði almannatrygginga endurskoðað með tilliti til EES-samningsins. Norðurlandasamningurinn frá 1992 náði fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki féllu undir almannatryggingareglur EES, þ.e. þeirra norrænu ríkisborgara sem ekki voru í starfi svo og afmarkaðs hóps ríkisborgara landa utan EES. Enn fremur hafði samningurinn að geyma nokkrar reglur á almannatryggingasviðinu sem gengu lengra en EES-reglurnar og náðu til allra, ekki einvörðungu til þeirra sem EES-reglurnar náðu ekki til.

Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar, sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003, kemur í stað Norðurlandasamningsins frá 1992. Með samningnum er samstarf Norðurlanda lagað að þeirri þróun sem orðið hefur á löggjöf Evrópubandalagsins um almannatryggingar sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á löggjöf norrænu ríkjanna um almannatryggingar.

Samningurinn er um margt byggður á sama grunni og samningurinn frá 1992. Sem fyrr nær samningurinn fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki falla undir almannatryggingareglur EES. Helsta nýmælið er fólgið í breytingum á réttindum ríkisborgara ríkja sem ekki eru aðilar að EES-samningnum. Samkvæmt samningnum skulu reglur hans um lífeyri almannatrygginga, fjölskyldubætur og atvinnuleysisbætur einnig taka til ríkisborgara landa utan EES sem búa á Norðurlöndunum og/eða flytja milli þeirra, að Danmörku undanskilinni. Sérákvæði er varða Danmörk er að finna í fylgiskjali með samningnum. Þá er sem fyrr um margt vísað til viðkomandi reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar og samræmi við EES-reglur um almannatryggingar hefur verið skoðað sérstaklega. Sem fyrr hefur samningurinn einnig að geyma norrænar reglur sem ganga lengra en EES-reglur um almannatryggingar, en í samningnum er óbreytt það ákvæði í samningnum frá 1992 að dvalarland stendur straum af aukakostnaði við heimferð einstaklings sem veikist eða slasast meðan á dvöl stendur í öðru norrænu landi, þegar ferðamátinn heim verður dýrari en til stóð vegna veikindanna, t.d. vegna aukakostnaðar við sjúkrabörur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

Með frumvarpinu er lagt til að Norðurlandasamningur um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 fái lagagildi hér á landi þegar samningurinn hefur öðlast gildi. Með samningnum er samstarf Norðurlanda lagað að þeirri þróun sem orðið hefur á löggjöf Evrópubandalagsins um almannatryggingar sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á löggjöf norrænu ríkjanna um almannatryggingar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki talið að það muni hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1443. Svar [654. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvernig hefur ríkisstjórnin hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. II. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Öll tölfræði kyngreind.

Með bréfi dags. 24. október 2000 fór forsætisráðuneytið þess á leit við Hagstofu Íslands að hún annaðist þetta verkefni í umboði ráðuneytisins. Um framvindu verkefnisins vísast því til þess sem fram kemur í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi, þskj. 1290, 732. mál, og svar ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn á yfirstandandi löggjafarþingi, þskj. 1159, 659. mál.

Kannað verður hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Forsætisráðherra skipaði í nóvember 2000 nefnd sem falið var að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin lauk störfum í september 2002 og skilaði forsætisráðherra skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Meginniðurstöður nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Vilji stjórnvalda til að gæta að jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun er greinilegur. Hann birtist meðal annars í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna, 1998–2001 og 2002–2004.
- Vinna við opinbera stefnumótun tekur í auknum mæli mið af jafnrétti kynjanna en þó er hægt að sjá dæmi þess að ekki er alltaf nægilega hugað að jafnréttissjónarmiðum við opinbera stefnumótun og stundum alls ekki.
- Misjafnt er hvort eða að hve miklu leyti forsendur eru fyrir hendi til samþættingar jafnréttissjónarmiða á hinum ýmsu sviðum. Þekking á jafnréttismálum og aðferðum samþættingar eru meðal þeirra forsendna sem að mati nefndarinnar skortir víða þar sem stefnumótun fer fram. Úr því þarf að bæta.
- Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna gegna veigamiklu hlutverki við að gæta jafnréttis við opinbera stefnumótun. Starf þeirra er í mótun og er staða þeirra missterk eftir ráðuneytum, starfsreynsla og menntun misjöfn, starfshlutfall þeirra óvíða skilgreint og þeir hafa ekki fengið nógu skýrt og afmarkað verksvið.
- Kynjahlutföll meðal æðstu embættismanna ríkisins eru ójöfn. Hlutfall kvenna í hópi forstöðumanna ráðuneyta og ríkisstofnana er 18,7% um mitt ár 2002 en hefur hækkað úr 14,4% frá árinu 2001. Í 19 stöður hafa verið ráðnar 12 konur og sjö karlar. Verður það að teljast jákvæð þróun. Athygli vekur þó að á vegum sjö ráðuneyta gegnir engin kona embætti forstöðumanns í stofnunum sem undir þau heyra.
- Kynjahlutföll í ráðum, stjórnum og nefndum á vegum ríkisins eru misjöfn eftir ráðuneytum. Í helmingi ráðuneyta verða þau að teljast viðunandi en alls óviðunandi í þremur ráðuneytum. Þróunin í átt til jafns hlutfalls í nefndum hefur verið hröð í þeim ráðuneytum sem hafa náð að nálgast 40–60% markið.

- Á vegum sveitarfélaga er víða unnið metnaðarfullt starf í jafnréttismálum. Í stærstu sveitarfélögunum starfa virkar jafnréttisnefndir og jafnréttisfulltrúar og settar hafa verið jafnréttisáætlanir en mörg minni sveitarfélög uppfylla ekki lagaskyldu um slíkt. Víða er öðrum nefndum, svo sem félagsmálaráðum, falin verkefni jafnréttisnefnda og verður það að teljast eðlilegt í minni sveitarfélögum en leiðir óhjákvæmilega til þess að áherslan á jafnréttismál verður minni.
- Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga, ráðuneyta og opinberra stofnana eru mikilvægar. Um þriðjungur ráðuneyta hefur sett sér jafnréttisáætlanir eins og lög gera ráð fyrir, um þriðjungur er með þær í mótun og um þriðjungur ráðuneyta hefur ekki sett sér jafnréttisáætlun. Ekki er tryggt að slíkar áætlanir hafi bein áhrif á almenna stefnumótun. Þær eru oft eingöngu stefnuyfirlýsingar þar sem hnykkt er á ákvæðum jafnréttislaga þótt í sumum tilvikum fylgi þeim aðgerðaáætlanir. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er aðgerðaáætlun sem tvímælalaust hefur áhrif á stefnumótun.

Nefndin lagði einnig fram tillögur um eftirfarandi úrbætur:

- Aukin áhersla verði lögð á fræðslu um jafnréttismál og samþættingu fyrir alla opinbera starfsmenn sem með einum eða öðrum hætti bera ábyrgð á stefnumótunarvinnu, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga.
- Nauðsynlegt er að auka vægi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Skilgreina þarf starfshlutfall og samræma hlutverk og verksvið þeirra betur. Þá er mikilvægt að öll ráðuneytin setji sér jafnréttisáætlanir og fylgi þeim eftir með viðeigandi aðgerðum.
- Þeim tilmælum verði beint til Sambands íslenskra sveitarfélaga að það veiti sveitarfélögum hvatningu til að þau megi uppfylla lagaskyldur varðandi skipan jafnréttisnefnda og gerð og eftirfylgni jafnréttisáætlana. Í því sambandi er mikilvægt að Sambandið geti verið bakhjarl Jafnréttisstofu sem sinnir fræðslu og ráðgjöf fyrir sveitarfélögin.
- Lagt er til að jafnréttisgátlisti, þar sem svara þarf nokkrum spurningum er varða stöðu kvenna og karla, verði gefinn út í formi bæklings og að hvatt verði til notkunar hans við alla opinbera stefnumótun. Jafnréttisgátlistinn, sem nefndin hefur samið, verði kynntur hjá forsvarsmönnum ráðuneyta og stofnana sem undir þau heyra svo og öðrum starfsmönnum sem koma að stefnumótun, enn fremur sveitarstjórnum og framkvæmdaaðilum þeirra. Jafnréttisgátlistinn verði látinn fylgja öllum skipunarbréfum hópa og nefnda sem koma að opinberri stefnumótun.
- Nefndin telur ávinning af því að fá þriðja aðila, einkaaðila eða óháða stofnun, til að meta árangur framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Skýrsluna má nálgast á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/jafnretti_kynjanna.pdf

Kostnaður.

Heildarkostnaður við störf nefndarinnar var 1.195.000 kr.

Jafnrétti hjá ríkisstofnunum.

Gerð árangursstjórnunarsamninga og frágangur erindisbréfa er á ábyrgð einstakra ráðuneyta. Lausleg athugun fjármálaráðuneytis bendir til þess að afar misjafnt sé hvernig þetta markmið hefur verið nálgast. Almennar tilvísanir í lög eru fátíðar í árangursstjórnunarsamningum og er það með ráði gert þar sem leitast hefur verið við að hafa þessa samninga stutta og sértæka fyrir viðkomandi stofnun. Í erindisbréfum forstöðumanna stofnana er á hinn bóginn almennt vísað til starfsmannalaga og í erindisbréfum margra ráðuneyta er sérstaklega minnt á þá skyldu forstöðumanna að virða jafnrétti kynjanna.

Kostnaður.

Enginn sértilgreindur kostnaður var vegna athugunar fjármálaráðuneytis.

Konur og efnahagsmál – konur og efnahagsleg völd.

Forsætisráðherra skipaði í október 2000 nefnd þriggja sérfræðinga sem skyldi leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Nefndin lauk störfum í febrúar 2004 og skilað forsætisráðherra skýrslu um störf og niðurstöður nefndarinnar. Nefndin stóð fyrir gerð umfangsmikillar launakönnunar í samvinnu við Jafnréttisráð Íslands, en niðurstöður hennar voru kynntar í september 2002. Einnig kom nefndin að gerð viðhorfskönnunnar um viðhorf Íslendinga til jafnréttismála og var hún unnin í samvinnu við Rannsóknarstofu í kynjafræðum við Háskóla Íslands og framkvæmd af IMG-Gallup. Könnunin var jafnframt styrkt af félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Að síðustu tók nefndin saman ýmsar tölur sem varpa ljósi á hlut kvenna í íslensku efnahagslífi. Kannanirnar og talnasamantektin gefa vísbendingar um áhrif kvenna í íslensku efnahagslífi.

Launakönnunin náði til stórs hluta íslenskra launþega. Mjög margir þættir voru kannaðir til að skilja hvers vegna konur hafa að jafnaði lægri laun en karlar. Meginniðurstaða launakönnunarinnar var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir sambærileg störf. Könnunin sýnir að skýra má 21–24% af þessum launamun með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna (ólík niðurstaða fékkst eftir því hvort miðað var við að „konur fengju greitt eins og karlar í sama starfi" eða „karlar fengju greitt eins og konur í sama starfi"). Það sem eftir stendur (7,5–11% launamunur) stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla. Föst dagvinnulaun karla eru t.d. 4–5% hærri en ella ef þeir eru í sambúð eða hjúskap en sambúð hefur lítil áhrif á laun kvenna.

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar styrkja þessa niðurstöðu. 65% karlkyns svarenda starfa á vinnustöðum þar sem karlar eru í miklum meiri hluta og 64% kvenkyns svarenda starfa á vinnustöðum þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Samkvæmt viðhorfskönnuninni unnu 57% kvenkyns svarenda hjá hinu opinbera en 22% karla.

Atvinnutekjur kvenna eru um 60% af atvinnutekjum karla. Íslenskar konur eru þó mjög virkar á vinnumarkaði en vinna heldur styttri vinnudag en karlar á vinnustað en meira en þeir heima við. Um 35% kvenna vinna í skólum eða á heilbrigðisstofnunum. Árið 2002 voru konur fjórðungur sjálfstætt starfandi manna hér á landi og meðal kjörinna fulltrúa og stjórnenda voru konur tæp 30%. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands var um 7% (sumarið 2003).

Árið 2001 voru konur framkvæmdastjórar í 18% íslenskra fyrirtækja og stjórnarformenn í 36% þeirra. En ef litið var á fyrirtæki þar sem skattskyld laun fóru yfir 100 millj. kr. voru konur um 4% framkvæmdastjóra. Í fræðslustarfsemi voru þó 43% framkvæmdastjóra konur, í heilbrigðis- og félagsþjónustu 35%, en í annarri samfélagsþjónustu voru 39% framkvæmdastjóra konur. Þessi svið heyra einkum undir hið opinbera. Forstöðumenn ríkisstofnana og ráðuneyta eru hins vegar langflestir karlar, eða um 80%.

Fáar konur sitja í opinberum úthlutunarnefndum sem veita fé til uppbyggingar íslensks atvinnulífs og konur fá lítinn hluta þess fjármagns sem veitt er úr opinberum sjóðum til styrktar atvinnuuppbyggingu. Engin kona er bankastjóri og fyrir utan tvær konur í stjórn Seðlabanka Íslands sitja engar konur í bankaráðum. Viðhorfskönnunin sýnir að helmingur karla og 67% kvenna telja að konur hafi ekki jafn góðan aðgang að fjármagni til fyrirtækjareksturs og karlar.

Kynskiptur vinnumarkaður endurspeglar að einhverju leyti þá staðreynd að námsval kynjanna er kynbundið. Konur eru í meiri hluta þeirra sem ljúka námi frá háskólum, en karlar sækja einkum í iðn- og tæknigreinar.

Viðhorfskönnunin sýnir að umönnun barna og heimilisstörf eru að miklu leyti í höndum kvenna jafnvel þótt flestir telji að feður eigi ekki síður en mæður að sjá um uppeldi barna sinna. Þó halda margir karlar og eldra fólk að mæður séu hæfari en feður til að annast uppeldi barna. Viðhorfskönnunin sýnir jafnframt að 79,4% aðspurðra eru ánægðir með fæðingarorlofslögin frá 2000. Þeir sem hafa átt rétt á fæðingarorlofi eftir að lögin tóku gildi eru aðeins hlynntari lögunum (84%) en þeir sem ekki áttu rétt á fæðingarorlofi (76%).

71% kvenna sem tóku þátt í viðhorfskönnuninni hafði ekki sóst eftir aukinni ábyrgð og 63% kvenna hafði ekki sóst eftir launahækkun. Sama gildir um karla því 71% karla hafði heldur ekki sóst eftir aukinni ábyrgð og 64% karla hafði ekki sóst eftir launahækkun. Helst eru það konur með hærri laun en 250 þús. kr. á mánuði sem eru líklegar til að hafa sóst eftir meiri ábyrgð og hærri launum. En karlar með sambærileg laun eru ólíklegri en karlar með lægri laun til að hafa beðið um launahækkun og aukna ábyrgð.

Samkvæmt viðhorfskönnuninni telja langflestir að það sé jákvætt að konum fjölgi í stjórnunarstörfum. Könnun á meðal stjórnenda leiðir í ljós að konur þykja almennt góðir stjórnendur.

Viðhorfskönnunin sýnir að ákvarðanir um fjárfestingar heimilisins eru í flestum tilvikum teknar sameiginlega af sambýlisfólki. Ef börn yngri en 18 ára eru í heimili er langalgengast að sambúðarfólk hafi sameiginlegan bankareikning, að öllu eða einhverju leyti, eða 77%.

54,9% svarenda telja sig að öllu leyti fjárhagslega sjálfstæða og 36,4% telja sig að mestu leyti fjárhagslega sjálfstæða. 6% karla og 11% kvenna telur sig að litlu eða engu leyti fjárhagslega sjálfstæð. En 28% þeirra sem eru heimavinnandi, öryrkjar og atvinnulausir telja sig vera að litlu eða engu leyti fjárhagslega sjálfstæð.

Skýrsluna má nálgast á vef forsætisráðuneytisins á slóðinni:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnhasleg_vold_kvenna/EVKskyrsla.pdf

Kostnaður.

Samtals áfallin kostnaður 1.540.400 kr.

Nefndin hélt 24 fundi og á þóknananefnd eftir að úrskurða um nefndarlaun.

Sé óskað ítarlegri skýringa við hvert verkefni er vakin athygli á skýrslum félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lagðar hafa verið fram á Alþingi:

Þskj. 1433, 745. mál 126. löggjafarþings,
þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings,
þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings.

1444. Svar [655. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur forsætisráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 1. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum.

Forsætisráðherra skipaði í september 1997 nefnd til að endurskoða kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin lauk störfum í október 1998 og í framhaldi af því lagði forsætisráðherra fram skýrslu um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis á 123. löggjafarþingi (þskj. 141, 141. mál). Í skýrslu þessari er m.a. að finna álit Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands undir yfirskriftinni: Jafn réttur karla og kvenna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna (merkt fylgiskjal 7).

Kostnaður.

Kostnaður vegna úttektar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands var 100.000 kr.

1.2. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið hefur um nokkurra ára skeið aflað tölfræðilegra upplýsinga um þróun upplýsingasamfélagsins og eru þær upplýsingar m.a. greindar eftir kyni. Nú hefur Hagstofan tekið að sér að afla reglubundið þessara upplýsinga um þróun upplýsingasamfélagsins. Árið 2000 skipulagði verkefnisstjórnin, í samvinnu við ýmsa aðila, fjölsótta ráðstefnu um konur og upplýsingatækni. Yfirmarkmið ráðstefnunnar var að stuðla að fjölgun kvenna í störfum í upplýsingaiðnaði og aukinni þátttöku kvenna í mótun upplýsingasamfélagsins. Í september 2003 skipaði forsætisráðherra nefnd til að vinna að endurskoðun stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið og koma með nýjar tillögur. Með nefndinni vann samráðshópur með fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila í samfélaginu og samráðsnefnd í málefnum upplýsingasamfélagsins sem skipuð er fulltrúum allra ráðuneyta. Stefnumótunarnefndin leitaði einnig eftir sjónarmiðum fjölmargra annarra aðila. Farið var yfir tölfræðilegar upplýsingar sem fyrir lágu og fjallað um þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Niðurstaða nefndarinnar var að hin stafræna gjá væri ekki á milli kynjanna, heldur á milli kynslóða. Helsti kynjamunurinn er greinanlegur í því að karlar sækja frekar en konur í nám sem tengist upplýsingasamfélaginu. Menntamálaráðuneytið hefur unnið að því að hvetja stúlkur til að sækja meira inn á námsbrautir sem tengjast þessu efni, en það er ekki talið heyra undir forsætisráðuneytið að sinna því. Því var ekki talið nauðsynlegt að þróa frekar stefnu um upplýsingasamfélagið á grundvelli kynjasjónarmiða. Hagstofan heldur þó áfram að safna upplýsingum og birta þær.

Kostnaður.

Kostnaður vegna ráðstefnunnar Konur og upplýsingasamfélagið hinn 14. apríl 2000 var 223.000 kr.

Vinna við öflun tölfræðilegra upplýsinga var partur af annarri starfsemi upplýsingasamfélagsins og því var kostnaður við þá vinnu ekki sértilgreindur.

Varðandi kostnað Hagstofunnar við öflun tölfræðilegra upplýsinga um þróun upplýsingasamfélagsins vísast í svar ráðherra Hagstofu Íslands á þskj. 1159, 659. mál.

1.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Að beiðni forsætisráðuneytisins vann Þjóðhagsstofnun skýrslu um könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni. Skýrslan var gefin út af félagsmálaráðuneytinu og ber titilinn „Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni".

Skýrsluna má nálgast á vef félagsmálaráðuneytisins á slóðinni:
http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Jafnretti.pdf.

Kostnaður.

Þegar Þjóðhagsstofnun vann skýrslur sem þessa fyrir ráðuneytin var ekki innheimt sérstaklega fyrir slíka vinnu heldur litið svo á að skýrslugerð af þessu tagi væri eðlilegur hluti af starfsemi stofnunarinnar. Þar af leiðandi liggur ekki fyrir sértilgreindur kostnaður í bókhaldi Þjóðhagsstofnunar við gerð skýrslunnar.

1.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er. Hinn 1. ágúst 2003 voru konur 30% fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Í allflestum tilvikum er svo staðið að skipun í nefndir, stjórnir og ráð að flestir hljóta skipun samkvæmt tilnefningu þriðja aðila eða eru kosnir til slíkrar setu. Því er stefnt að því að þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

Kostnaður.

Enginn sértilgreindur kostnaður hefur verið hjá ráðuneytinu vegna vinnu við að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum.

1.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnrétti eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Unnið er að því að koma á tengiliðum jafnréttismála í öllum undirstofnun ráðuneytisins. Þess má þó geta að í Seðlabanka Íslands hefur verið starfandi jafnréttisnefnd um nokkurra ára skeið. Flestar undirstofnanir ráðuneytisins eru það smáar í sniðum (færri en 25 starfsmenn) að þeim ber ekki skylda til samkvæmt jafnréttislögum að setja sér jafnréttisáætlanir.

Jafnréttisnefnd forsætisráðuneytisins var skipuð 1. mars 2003 og sitja í henni þrír fulltrúar ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er jafnframt formaður nefndarinnar. Jafnréttisnefndin skal ásamt jafnréttisfulltrúa leggja áherslu á það að framfylgja ákvæðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, innan ráðuneytisins. Auk þess skal nefndin vinna með jafnréttisfulltrúa að þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið sem hlutverk jafnréttisfulltrúa.

Forsætisráðuneytið hefur ekki lokið við að semja eigin jafnréttisáætlun en starfar samkvæmt starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Í árslok 2003 stóðu jafnréttis-

fulltrúar ráðuneytanna fyrir skoðanakönnun um viðhorf starfsmanna Stjórnarráðs Íslands til jafnréttismála. Könnunin var liður í gerð jafnréttisáætlana og markmiðasetningar í jafnréttismálum ráðuneyta. IMG Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar í samvinnu við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar er að finna í fréttatilkynningu á vef forsætisráðuneytisins: http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/1271.

Kostnaður.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins sinnir því starfi samhliða öðrum daglegum störfum og því enginn kostnaður sérgreindur vegna starfa hans. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins er ólaunuð. Kostnaður vegna þeirra ráðstefna og námskeiða sem jafnréttisfulltrúi hefur sótt er talinn eðlilegur hluti af endurmenntun starfsmanns samkvæmt starfsmannastefnu og því ekki sértilgreindur.

Heildarkostnaður af sameiginlegri könnun um stöðu jafnréttismála meðal starfsmanna stjórnarráðsins var um 1,3 millj. kr. og var hlutur forsætisráðuneytisins 70.625 kr.

Sé óskað ítarlegri skýringa við hvert verkefni er vakin athygli á skýrslum félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lagðar hafa verið fram á Alþingi:

126. löggjafarþing, þskj. 1433, 745. mál,
127. löggjafarþing, þskj. 1290, 732. mál,
130. löggjafarþing, þskj. 1332, 874. mál.

1445. Svar [761. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um hundaræktarbúið í Dalsmynni.

1. *Á hvaða lagagrundvelli byggjast kröfur um úrbætur í átta liðum og frestur til að uppfylla þær fyrir hundaræktarbúið í Dalsmynni?*

Hinn 16. febrúar 2004 birtist í Fréttablaðinu grein þar sem fram komu ábendingar um illa meðferð á hundum í hundaræktarbúinu að Dalsmynni í Mosfellsbæ. Í 2. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, er kveðið á um að dýralæknar skuli standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Þá segir í 31. gr. reglugerðar um embætti yfirdýralæknis nr. 782/1999, um helstu störf og starfsskyldur héraðsdýralækna: „Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða."

2. *Hefur verið farið að ákvæðum stjórnsýslulaga við meðferð málsins?*

Samkvæmt reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni, nr. 499/1997, heyrir eftirlit með hundabúinu í Dalsmynni undir Umhverfisstofnun. Í 11. grein reglugerðarinnar segir að við framkvæmd eftirlits hjá þeim aðilum sem stunda dýrahald í atvinnuskyni skuli slíkt eftirlit framkvæmt að óvörum, ásamt embættisdýralækni. Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdýralæknum í Reykjavík hefur hann aldrei verið kallaður til við eftirlitsferðir Umhverfisstofnunar að Dalsmynnisbúinu né í nokkru öðru máli er varðar dýravernd. Vera kann að samkvæmt túlkun stjórnsýslulaga hefði héraðsdýralæknirinn átt að halda að sér höndum í umræddu máli og bíða eftir því að vera kallaður til við eftirlit Umhverfisstofnunar. Hefði hann gert það,

hefði það hins vegar verið í andstöðu við skyldur hans samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, og vissulega ekki í þágu dýraverndar.

1446. Svar [633. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um eftirlit með vinnubúðum og öðrum vistarverum við Kárahnjúka.

1. *Hvaða byggingar- og skipulagsnefndir og byggingar- og skipulagsfulltrúar hafa farið með byggingar- og skipulagsmál og haft eftirlit með byggingu vinnubúða og annarra íverustaða starfsmanna við Kárahnjúka og hvernig hefur eftirliti verið háttað?*
2. *Hafa verið gefin út formleg leyfi fyrir byggingunum og hefur farið fram úttekt á þeim fullgerðum í því skyni að ganga úr skugga um hvort þær fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar?*

Byggingar- og skipulagsnefndir og byggingar- og skipulagsfulltrúi Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps fara með byggingar- og skipulagsmál á svæðinu. Staðfest hefur verið deiliskipulag fyrir vinnubúðir við Kárahnjúka. Við undirbúning deiliskipulagsins kom fram að í tengslum við þau mannvirki sem ekki væru háð byggingarleyfi sveitarstjórnar, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, fælist hlutverk byggingarfulltrúa aðallega í eftirliti með því að staðsetning mannvirkja væri í samræmi við deiliskipulag. Var gefið út svokallað stöðuleyfi fyrir byggingum en bygging vinnubúða er ekki háð byggingarleyfi, sbr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, þar sem ekki er um varanlegar húsbyggingar að ræða. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að byggingarfulltrúi hafi eftirlit með að staðsetning einstakra vinnubúða sé í samræmi við deiliskipulag. Ekki fer hins vegar fram úttekt á vegum byggingarfulltrúa á fullbyggðum byggingum sem ekki eru byggingarleyfisskyldar. Skipulagsstofnun hefur hins vegar við umfjöllun um vinnubúðir vegna Kárahnjúkavirkjunar bent á að einstök mannvirki á deiliskipulagssvæðinu kunni að vera byggingarleyfisskyld og að um hlutverk og ábyrgð byggingarfulltrúa og sveitarstjórnar varðandi þau fari samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Samkvæmt framanrituðu hefur byggingarfulltrúi aðeins komið að staðsetningu þessara bygginga samkvæmt deiliskipulagi og gefið út stöðuleyfi og litið eftir frágangi þeirra. Skipulagi hefur verið framfylgt. Leyfisútgáfa og eftirlit er að öðru leyti í höndum Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) skv. reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.

3. *Hefur ráðherra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið haft afskipti af heilbrigðiseftirliti með starfsmannabústöðum, starfsmannabúðum, matstöðum og öðrum vistarverum starfsmanna við Kárahnjúka? Ef svo er, hvaða afskipti eru það?*

Umhverfisstofnun er sú stofnun ráðuneytisins sem fer með þessi málefni og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti. Stofnunin hefur ekki haft bein afskipti af veitingu starfsleyfa og eftirliti á virkjanasvæðinu með vinnubúðum og öðrum vistarverum við Kárahnjúka. Fulltrúar frá stofnuninni hafa farið í vettvangsferðir til að skoða aðbúnað í starfsmannabúðum og mötuneytum og frágang fráveitna á svæðinu í samráði við HAUST. Stofnunin hefur verið í sambandi við fulltrúa HAUST og þannig fengið upplýsingar um og fylgst með störfum heilbrigðiseftirlitsins á svæðinu. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum nr.

7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. HAUST gefur út starfsleyfi fyrir starfsmannabústaði, starfsmannabúðir og matstaði starfsmanna samkvæmt reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, og hefur eftirlit með þeim.

Afskipti HAUST af vinnu við virkjanaframkvæmdir eru allmikil. Sem dæmi má nefna að frá áramótum hafa verið farnar 13 dagsferðir í eftirlit, auk þess sem fundað hefur verið með aðalverktakanum og fulltrúum verkkaupa. Öll skýrslugerð og bréfaskriftir eru utan þess.

Samskipti Umhverfisstofnunar og HAUST vegna framkvæmda á virkjanasvæðinu hafa verið tvenns konar: Annars vegar hefur Umhverfisstofnun fylgst með störfum HAUST og hins vegar hefur HAUST leitað til stofnunarinnar vegna álitamála. HAUST hefur sérstaklega leitað til Umhverfisstofnunar ef og þegar komið hefur til þess að beita hefur þurft þvingunarúrræðum.

Umhverfisráðuneytið hefur fundað með HAUST og Umhverfisstofnun, síðast á Egilsstöðum 24. mars sl. Þar var m.a. farið yfir mál er varða starfsmannabúðir, vinnubúðir og mötuneyti. Hvað varðar starfsmannabúðir kom fram að ræstingarrými vantar og þrif á húsunum ábótavant, þar sem slitfletir eru ekki í lagi. Unnið er að lausn málsins. Vinnubúðir og mötuneyti voru hins vegar fullnægjandi samkvæmt reglum.

1447. Svar [825. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um hlunnindi af sel.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er nýting þeirra bænda á sel sem hafa hlunnindi af selveiðum á jörðum sínum?*
2. *Hversu margir bændur veiða sel á jörðum sínum og hvað er gert við veiðina?*
3. *Hversu marga seli hafa bændur veitt árlega?*
4. *Hverjar eru tekjur þeirra af:*
   a. *skinnum,*
   b. *kjöti,*
   c. *öðru?*

Svarið óskast sundurliðað eftir því hvort um útsel eða landsel er að ræða og eftir árum undanfarin tíu ár.

Nýting á sel felst aðallega í sölu á skinnum og lítilsháttar af kjöti, spiki og hreifum.

Um 30 bændur stunda nú selveiðar árlega og fer þeim heldur fækkandi.

Flest skinnanna af þeim útsel (haustkópum) sem veiddur er fara til sútunar hjá Skinnaiðnaði á Akureyri og eru keypt af handverksfólki til frekari vinnslu. Talsvert af kjöti, spiki og hreifum af þessum kópum fer til manneldis og er það heldur vaxandi. Auk þessa hefur Hringormanefnd greitt fyrir veidda fullorðna útseli.

Skinn af landsel (vorsel) hafa verið nýtt af handverksfólki innan lands og er Eggert Jóhannsson feldskeri þeirra umsvifamestur. Meiri hluti vorkópaskinnanna fer þó til útflutnings. Kjöt, hreifar og spik er nýtt í litlum mæli en það fer þó vaxandi.

Undanfarin ár hafa verið veiddir 200–300 haustkópar af útsel.

Síðastliðin 15 ár hefur landselskópur (vorselur) verið veiddur á ný eftir hlé sem varð á veiðunum frá 1980 til 1990. Ef miðað er við fjölda skinna sem koma á markað eru veiddir u.þ.b. 250–500 kópar á ári. Fullorðinn landselur er ekki veiddur.

Verð á skinnum af haustkópum var 4.000 kr. stykkið til bænda og á vorkópaskinnum 4–5.000 kr.

Í ráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um tekjur bænda af sölu á selkjöti og öðrum afurðum sela.

1448. Svar [657. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur félagsmálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 3. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Gerð verður grein fyrir hverju verkefni fyrir sig eins og þau koma fram í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Staða verkefnis: Sjá lið 3.1 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002, og í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.

Kostnaður: Enginn.

3.2. Fræðsla um jafnréttismál.

Staða verkefnis: Sjá lið 3.2 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.

Kostnaður: 560.000 kr.

3.3. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Staða verkefnis: Sjá lið 3.2 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.

Kostnaður: 23.414.601 kr.

3.4. Tilraunaverkefni um starfsmat.

Staða verkefnis: Sjá lið 3.4 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.

Kostnaður: 12.360.150 kr.

3.5. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Staða verkefnis: Sjá lið 3.3 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.

Kostnaður: Enginn.

3.6. Konur í hlutastörfum.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.4 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: Enginn.

3.7. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.
Staða verkefnis: Sjá lið 7.3 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: Sjá svar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um lið 7.3.

3.8. Lánatryggingasjóður kvenna.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.8 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.
Kostnaður: 2.363.000 kr.

3.9. Konur og atvinnuleysi.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.9 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1433, 745. mál 126. löggjafarþings, 2000–2001, og lið 3.9 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.
Kostnaður: 7.655.000 kr.

3.10. Konur og atvinnuleit.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.8 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: Enginn.

3.11. Ný stétt vinnukvenna (aðfluttar konur).
Staða verkefnis: Sjá lið 3.11 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.
Kostnaður: Enginn.

3.12. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.9 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 25 millj. kr., af þeirri fjárhæð greiddi félagsmálaráðuneytið 80%.

3.13. Starfsmenntun í atvinnulífinu.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.10 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 15.500.000 kr.

3.14. Konur sem flóttamenn.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.14 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002 og lið 3.11 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: Enginn.

3.15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.12 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 534.000 kr.

3.16. Jafnréttisráðgjafi.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.16 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002, og lið 3.7 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 17.250.071 kr.

3.17. Könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.17 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1290, 732. mál 127. löggjafarþings, 2001–2002.
Kostnaður: Enginn.

3.18. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.13 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 747.000 kr.

3.19. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.14 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1332, 874. mál 130. löggjafarþings, 2003–2004.
Kostnaður: 6.411.266 kr.

3.20. Nefndir og ráð.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.20 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1433, 745. mál 126. löggjafarþings, 2000–2001.
Kostnaður: Enginn.

3.21. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.
Staða verkefnis: Sjá lið 3.21 í III. kafla í skýrslu félagsmálaráðherra, þskj. 1433, 745. mál 126. löggjafarþings, 2000–2001.
Kostnaður: Enginn.

1449. Svar [717. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um miðlun upplýsinga á flugvöllum.

1. *Hvaða reglur gilda um upplýsingamiðlun á innanlandsflugvöllum og alþjóðaflugvöllum hér á landi til að auðvelda aðgengi fatlaðra farþega?*

Ekki gilda sérstakar íslenskar reglur um aðgengi fatlaðra að flugstöðvum, að byggingarreglugerðum undanskildum. Flugmálastjórn hefur tekið upp skuldbindingar ECAC og

Evrópusambandsins um aðgengi fatlaðra að flugvöllum og flugstöðvum. Þær ná til flugvallarmannvirkja í Keflavík og Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Umferð á öðrum flugvöllum er þannig að auðvelt er að veita fötluðum einstaklingsbundna aðstoð. Í skuldbindingunum er sérstakur viðauki sem gildir um þarfir hreyfihamlaðs fólks:

„*Viðauki.*
Sérstakur sáttmáli til að mæta þörfum hreyfihamlaðs fólki.

Tilgangur þessa skjals er að bæta aðgengi hreyfihamlaðs fólks í loftferðum með því að stuðla að skilningi á þörfum þeirra og að þeim sé mætt, og að öryggi þeirra og virðing sé virt. Skjal þetta er grundvöllur starfsreglna sem flugvellir kunna að setja sér. Við gerð starfsreglna mun verða tekið tillit til viðeigandi ákvæða Vettvangs evrópskra flugmálastjórna (the European Civil Aviation Conference (ECAC)), skjal nr. 30 (5. kafli), og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (the International Aviation Organization – ICAO)(Viðauki 9).

Skilgreining á hreyfihömlun.

Hreyfihamlaður telst hver sá sem hefur takmarkaða hreyfigetu vegna líkamlegrar fötlunar (tauga- eða stoðkerfi), þroskaheftis, aldurs eða sérhverrar annarrar tegundar fötlunar við notkun samgöngutækja, og þörf er sérstakrar eða aðlögunar þjónustu sem stendur öllum farþegum til boða.

Grundvallarþættir.

- Hreyfihamlaðir hafa sama rétt og aðrir á ferðafrelsi og valfrelsi. Þetta á jafnt við um loftferðir og aðra þætti daglegs lífs.
- Flugvellir og þeir sem veita tengda þjónustu bera ábyrgð á því að þörfum hreyfihamlaðra sé mætt. Á sama hátt bera hreyfihamlaðir ábyrgð á því að skilgreina þarfir sínar eftir réttum leiðum og á réttum tíma.
- Upplýsingar verða að vera fyrir hendi til að gera hreyfihömluðum kleift að skipuleggja og fara ferða sinna.
- Ekki ber að líta á hreyfihömlun sem sjúkdóm, og þar af leiðir skal ekki fara fram á læknisvottorð við hreyfihamlaða vegna fötlunar þeirra sem skilyrði ferðar.
- Leitað mun ráðgjafar samtaka hreyfihamlaðra um málefni er tengjast þeim.
- Starfsfólki mun veitt viðeigandi þjálfun í því að skilja og mæta þörfum hreyfihamlaðra.
- Eftirlit og öryggisskoðanir skulu vera þannig að þær misbjóði ekki virðingu hreyfihamlaðra.
- Gera verður hreyfihömluðum kleift að viðhalda sjálfsbjargargetu sinni eins og kostur er.
- Kostnað þess að mæta þörfum hreyfihamlaðra skal ekki færa yfir á herðar hreyfihamlaðra.

Innra skipulag á flugvöllum.

Hver flugvöllur mun tryggja að innra skipulag þar sé í samræmi við þarfir hreyfihamlaðs fólks og að sá hluti þjónustunnar sé fullnægjandi.

Ofangreint á m. a. við um eftirfarandi atriði:

- Aðgengi að flutningi á jörðu niðri bæði við komu að og brottför frá flugvelli.
- Bílastæði, að náð sé í farþega og þeir sóttir, og samgöngur tryggðar.
- Upplýsingar séu veittar bæði hljóð- og myndrænt.“

2. *Er sérstakt tillit tekið til fatlaðra farþega sem eiga við samskiptafötlun að stríða, svo sem heyrnarskerðingu og/eða sjónskerðingu, og ef svo er, hvernig er það gert?*

Starfsmenn flugrekenda aðstoða fatlað fólk við að komast úr og í loftfar. Í Reykjavík og í Keflavík er kallað út í flug auk þess sem upplýsingar birtast á skjá. Á öðrum flugvöllum eru upplýsingar ekki birtar á skjá en starfsmenn flugrekenda aðstoða fólk eftir því sem þörf er á. Þá má benda á að Flugfélag Íslands mun setja á heimasíðu sína upplýsingar um aðstoð þá sem fötluðum er veitt.

Við bókun kemur í ljós hvort um fatlaðan farþega er að ræða. Tekið er tillit til fatlaðra í samræmi við skjalsviðauka 9 í Chicago-sáttmálanum, um alþjóðaflug, frá 1944.

1450. Nefndarálit [572. mál]

um till. til þál. um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Ármannsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, verði falið að efla enn frekar samstarf landanna um veiðar úr sameiginlegum fiskstofnum og stuðla að samningum sem tryggi áfram sjálfbæra nýtingu þeirra. Tillagan byggist á ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 2/2003 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 14.–16. ágúst 2003.

Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 20. apríl 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1451. Nefndarálit [869. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdísi Ellertsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Elvu Ósk Wiium og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og vátryggingafélaga.

Markmið tilskipunar 2003/51/EB er að tryggja að samræmi sé milli tilskipana Evrópusambandsins um reikningsskil og alþjóðlega reikningsskilastaðla, svo og gerð og framsetningu á skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda og þar er mælt fyrir um strangari kröfur um samræmi skýrslna við bestu viðteknu starfsvenjur. Þá verður fleiri félögum gert kleift að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í reikningsskilum sínum.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að lagafrumvarp verði lagt fram á haustþingi 2004.

Guðmundur Árni Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 20. apríl 2004.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

1452. Tillaga til þingsályktunar [949. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta Norðurlandasamning um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samstarf Norðurlanda á sviði almannatrygginga á sér langa sögu. Samstarfið tók nokkrum breytingum þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) öðlaðist gildi, en reglur þess samnings um almannatryggingar gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi. Með samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar, sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992, var samstarf Norðurlanda á sviði almannatrygginga endurskoðað með tilliti til EES-samningsins, sbr. lög nr. 46/1993 þar sem ákvæði samningsins eru lögfest. Norðurlandasamningurinn frá 1992 náði fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki féllu undir almannatryggingareglur EES, þ.e. þeirra norrænu ríkisborgara sem ekki voru í starfi svo og afmarkaðs hóps ríkisborgara landa utan EES. Enn fremur hafði samningurinn að geyma nokkrar reglur á almannatryggingasviðinu sem gengu lengra en EES-reglurnar og náðu til allra, ekki einvörðungu til þeirra sem EES-reglurnar náðu ekki til.

Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar, sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003, kemur í stað Norðurlandasamningsins frá 1992. Með samningnum er samstarf Norðurlanda lagað að þeirri þróun sem orðið hefur á löggjöf Evrópubandalagsins um almannatryggingar sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu og á löggjöf norrænu ríkjanna um almannatryggingar.

Samningurinn sem telur 19 greinar er um margt byggður á sama grunni og samningurinn frá 1992. Sem fyrr nær samningurinn fyrst og fremst til einstaklinga sem ekki falla undir almannatryggingareglur EES. Helsta nýmælið er fólgið í breytingum á réttindum ríkisborgara ríkja sem ekki eru aðilar að EES-samningnum. Samkvæmt samningnum skulu reglur hans um lífeyri almannatrygginga, fjölskyldubætur og atvinnuleysisbætur einnig taka til ríkisborgara landa utan EES sem búa á Norðurlöndunum og/eða flytja milli þeirra, að Danmörku undanskilinni. Sérákvæði er varða Danmörk er að finna í fylgiskjali með samningnum. Þá er sem fyrr um margt vísað til viðkomandi reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar og samræmi við EES-reglur um almannatryggingar hefur verið skoðað sérstaklega. Sem fyrr hefur samningurinn einnig að geyma norrænar reglur sem ganga lengra en EES-reglur um almannatryggingar, en í samningnum er óbreytt það ákvæði í samningnum frá 1992 að dvalarland stendur straum af aukakostnaði við heimferð einstaklings sem veikist eða slasast meðan á dvöl stendur í öðru norrænu landi, þegar ferðamátinn heim verður dýrari en til stóð vegna veikindanna, t.d. vegna aukakostnaðar við sjúkrabörur.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. samningsins öðlast hann gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnirnar hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni um að þær hafi staðfest samninginn. Við gildistöku samningsins fellur úr gildi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finn-

lands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992.

Samhliða framlagningu þingsályktunartillögu þessarar leggur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003. Samkvæmt frumvarpinu fá ákvæði samningsins lagagildi hér á landi þegar hann öðlast gildi að því er Ísland varðar. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið á um að lög nr. 46/1993 um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar frá 15. júní 1992 falli samtímis úr gildi.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR
um almannatryggingar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa, frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) gekk í gildi, beitt ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, einnig gagnvart þeim sem flytja á milli norrænu landanna,

sem gerðu með sér Norðurlandasamning um almannatryggingar 15. júní 1992 til viðbótar við fyrrgreinda reglugerð en með honum skuldbinda Norðurlöndin sig til að beita ákvæðum reglugerðarinnar að verulegu leyti einnig gagnvart tilteknum hópum manna sem reglugerðin tekur ekki beint til, þ.e.a.s. þeim sem eru ekki eða hafa ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar eða eru ekki ríkisborgarar í landi sem er aðili að EES-samningnum,

sem vísa m.a. til 8. gr., 36. gr. og b-liðar 2. mgr. 46. gr. b, 63. gr. og 70. gr. framangreindrar reglugerðar,

sem vilja laga samninginn að þeirri þróun sem orðið hefur á framangreindri reglugerð og á löggjöf norrænu landanna um almannatryggingar,

sem hafa hliðsjón af reglugerð ráðsins um að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og láta ákvæði þeirra taka til þeirra ríkisborgara þriðju landa sem falla ekki undir ákvæðin einungis á grundvelli ríkisfangs síns,

sem vísa til þess að ákvæðum 69. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal beitt gagnvart ríkisborgara þriðja lands þegar hann hefur lagalegan rétt til að dveljast og starfa þar, svo og að leita sér atvinnu í norrænu landi eftir að hann hefur skráð sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun,

sem hafa komið sér saman um sérákvæði fyrir Danmörku samkvæmt fylgiskjali með þessum samningi,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar og er hann svohljóðandi:

I. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
1) „norrænt land“ merkir
hvert og eitt samningslandanna ásamt sjálfsstjórnarsvæðunum Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum að því marki sem þessi svæði hafa samþykkt að samningurinn skuli gilda fyrir þau,
2) „reglugerðin“ merkir
reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
3) „framkvæmdareglugerðin“ merkir
reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, með því orðalagi sem í gildi er milli norrænu landanna á hverjum tíma,
4) „grunnlífeyrir“ merkir
almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma sem lokið er, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, þar á meðal þann almenna lífeyri eða viðbótarlífeyri sem greiddur er þeim sem fær lítinn eða engan starfstengdan lífeyri,
5) „starfstengdur lífeyrir“ merkir
almennan lífeyri sem fer einungis til þeirra sem hafa verið á vinnumarkaði samkvæmt innlendri löggjöf,
6) „búseta“ merkir
að maður sé búsettur í norrænu landi samkvæmt þjóðskrá þess ef ekki eru sérstakar ástæður til annars.
2. Önnur hugtök í þessum samningi hafa sömu merkingu og þau hafa í reglugerðinni, framkvæmdareglugerðinni eða í innlendri löggjöf norrænu landanna.

2. gr.

Efnislegt gildissvið.

Þessi samningur gildir um alla löggjöf sem tekur til efnislegs gildissviðs reglugerðarinnar.

3. gr.

Persónulegt gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um alla einstaklinga sem falla undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar.
2. Samningur þessi gildir einnig um eftirtalda einstaklinga sem falla ekki undir persónulegt gildissvið reglugerðarinnar:
a) einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf í norrænu landi
b) aðstandendur eða eftirlifendur sem rekja rétt sinn til einstaklinga sem um getur í a-lið.

4. gr.

Rýmkun gildissviðs reglugerðarinnar.

Ef ekki er annars getið í þessum samningi skal rýmka gildissvið reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar þannig að reglugerðirnar taki til allra þeirra sem falla undir þennan samning og eru búsettir í norrænu landi.

II. HLUTI
ÁKVÆÐI UM HVAÐA LÖGGJÖF SKULI BEITA

5. gr.

Einstaklingar utan vinnumarkaðar.

1. Að því er varðar einstaklinga sem eru ekki eða hafa ekki verið launþegar eða sjálfstætt starfandi í skilningi reglugerðarinnar er löggjöfinni í því norræna landi þar sem þeir eru búsettir beitt.
2. Maki og börn undir 18 ára aldri, sem fylgja launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi frá einu norrænu landi til annars, skulu, þegar ákvæði d-liðar 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 14. gr. a og 17. gr. reglugerðarinnar hafa í för með sér að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fellur áfram undir löggjöf í fyrrnefnda landinu, einnig falla áfram undir löggjöf þess lands eins og þau sem fylgja honum væru áfram búsett þar.

6. gr.

Einstaklingar á vinnumarkaði.

Við beitingu ákvæða í II. bálki reglugerðarinnar telst einnig starf við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni lands sem starf í því landi.

III. HLUTI
SÉRÁKVÆÐI UM RÉTT TIL BÓTA

1. kafli.
Veikindi og meðganga og fæðing.

7. gr.

Greiðsla vegna kostnaðar við heimferð.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar en fær aðstoð meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að vegna veikindanna verður viðkomandi að nota dýrari ferðamáta en hann ella mundi gera.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þá meðferð sem hann þarfnast.

2. kafli.
Bætur vegna örorku, elli og andláts.

8. gr.

Lágmarksbúsetutími til að öðlast rétt til grunnlífeyris.

1. Einstaklingur, sem er ekki eða hefur ekki verið í starfi hjá öðrum eða starfað á eigin vegum í skilningi reglugerðarinnar, á því aðeins rétt á grunnlífeyri frá norrænu landi að hann hafi öðlast rétt til slíks lífeyris í því landi á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu þar.
2. Ekki er hægt að uppfylla skilyrði 1. mgr. með vísan til búsetu- og tryggingatímabila í öðrum löndum.
3. Tímabil, sem leiðir til lífeyrisréttar í öðru landi og reglugerðin eða þessi samningur gildir

um, skal ekki reikna með þegar sannreyna á hvort skilyrði um búsetu samkvæmt 1. mgr. hafi verið fullnægt.

9. gr.

Grunnlífeyrir á grundvelli búsetu í landi sem er aðili að EES-samningnum.

Einstaklingur á rétt á grunnlífeyri sem hann hefur öðlast í norrænu landi á meðan hann er búsettur í landi sem er aðili að EES-samningnum. Hið sama á við um búsetu í Færeyjum og á Grænlandi að því marki sem samningurinn á við um þessi svæði.

10. gr.

Samkomulag samkvæmt b-lið 2. mgr. 46. gr. b í reglugerðinni.

Hafi skilyrðum fyrir því að lífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra trygginga- eða búsetutímabila, sem hefðu komið til hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu tekið tillit til hluta ætlaðra tímabila. Sá hluti er ákveðinn á grundvelli raunverulegra trygginga- eða búsetutímabila sem eru notuð við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tímabila í landinu og samanlagðra raunverulegra tímabila í löndunum.

11. gr.

Tiltekin tímabil fyrir 1994.

Hafi einstaklingur öðlast rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi á grundvelli búsetu í landinu fyrir 1. janúar 1994 og á sama tíma öðlast rétt til starftengds lífeyris í öðru norrænu landi skal grunnlífeyrir fyrir þetta tímabil eingöngu koma frá síðarnefnda landinu. Hafi einstaklingur á þessu tímabili öðlast samtímis rétt til starfstengds lífeyris frá fleiri norrænum löndum, og þar af hafi eitt þeirra verið búsetuland hans, skal grunnlífeyrir einungis koma frá síðastnefnda landinu.

3. kafli.

Atvinnuleysisbætur.

12. gr.

Undanþágur frá tilteknum kröfum um að tímabilum sé lokið.

Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um atvinnuleysisbætur eða hafi fengið atvinnuleysisbætur í því norræna landi þar sem sótt er um bætur. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða atvinnuleysisbætur greiddar innan fimm ára frá þeim degi sem sótt var um atvinnu hjá opinberri vinnumiðlun og, ef við á, um félagaskráningu hjá viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

IV. HLUTI

ÖNNUR ÁKVÆÐI

13. gr.

Framkvæmdarákvæði.

Þar til bær stjórnvöld skulu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

14. gr.

Samskiptastofnun.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í hverju norrænu landi skal vera samskiptastofnun sem tilnefnd er af þar til bæru stjórnvaldi.

15. gr.

Afsal endurgreiðslna.

1. Ef ekki er samið um annað milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.
2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi skv. c-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að fara til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem ástand hans krefst.

16. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þriðja mánaðar frá því að allar ríkisstjórnir hafa tilkynnt dönsku ríkisstjórninni að þær hafi staðfest samninginn.
2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar öðlast samningurinn gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og þing Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.
3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um viðtöku þessara tilkynninga og hvenær samningurinn öðlast gildi.

17. gr.

Uppsögn samningsins.

1. Óski einn aðili eftir að segja samningnum upp skal hann afhenda danska utanríkisráðuneytinu skriflega tilkynningu þess efnis og skal ráðuneytið gera öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.
2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.
3. Sé samningnum sagt upp haldast áfram þau réttindi sem fengin eru á grundvelli hans.

18. gr.

Eldri ákvæði.

1. Við gildistöku samnings þessa fellur Norðurlandasamningurinn frá 15. júní 1992 um almannatryggingar úr gildi. Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bótafjárhæða sem greiddar eru við gildistöku samningsins.
2. Grunnlífeyrir til ríkisborgara í norrænu landi, sem fram til 31. desember 1993 var greiddur samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamningsins frá 5. mars 1981 um almannatryggingar eða samkvæmt innlendri löggjöf í einu eða fleiri landanna og er áfram greiddur frá gildistöku

þessa samnings samkvæmt ákvæðum hans, skal reiknaður samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða þessum samningi ef rétthafi sækir um grunnlífeyri frá öðru norrænu landi.
3. Umsóknir um bætur sem eru lagðar fram eftir gildistöku þessa samnings skulu afgreiddar samkvæmt þessum samningi einnig þegar um er að ræða bætur fyrir tímabil fyrir gildistökuna.

19. gr.

Undirritun.

Frumtexti samnings þessa skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Karlskrona hinn 18. ágúst 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

FYLGISKJAL

Sérákvæði fyrir Danmörku varðandi 4. gr.

Að því er varðar
- 7. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar
- 69. og 70. gr. reglugerðarinnar
- grunnlífeyri í 8. og 9. gr. samningsins

skal beiting reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar einungis taka til ríkisborgara í norrænu landi og því gilda 8. og 9. gr. samningsins aðeins fyrir norræna ríkisborgara.

1453. Tillaga til þingsályktunar [950. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi er að mestu samhljóða samningi aðila frá árinu 2003. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2004 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2005. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2004.

Enn fremur er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Þá er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2004.

Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2004. Þar með er nú kveðið á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2004 í einum samningi og ekki þörf á að aðilar geri með sér sérstakan samning um heimildir til veiða á norsk-íslenskri síld í lögsögu hvors annars.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 30. mars 2004 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2004. Er þar um óbreyttar veiðiheimildir frá árinu 2003 að ræða.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 25. mars 2004

Hr. lögmaður
Jóannes Eidesgaard
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2004 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2004 til apríl 2005. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2004. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2004. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2004 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2004."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 30. mars 2004

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Reykjavík
Ísland

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett hin 25. mars 2004, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2004.
Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2004.

1. gr.
Partarnir fara fyri 20. juni 2004 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2004 til apríl 2005. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.
Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.
Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2004/2005 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.
Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2004. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2004. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2004 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.

7. gr.

Hvør partur fyri sig skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2004."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Jóannes Eidesgaard
løgmaður

1454. Nefndarálit [780. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands, Ólaf Búa Gunnlaugsson frá Háskólanum á Akureyri og Stefaníu Katrínu Karlsdóttur frá Tækniháskóla Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Há-

skóla Íslands, hjúkrunarfræði-, heimspeki-, lyfjafræði-, raunvísinda og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Félagi prófessora og Félagi háskólakennara.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrenns lags breytingar á gildandi háskólalögum. Í fyrsta lagi er lagt til að skipaðar verði sérstakar dómnefndir til þriggja ára í senn til að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Þessi skipan kæmi í stað núverandi tilhögunar þar sem sérstök dómnefnd er skipuð í hvert sinn sem ráðning fer fram innan veggja Háskóla Íslands. Í öðru lagi er lagt til að háskólaráði verði veitt heimild til að undanþiggja auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings. Í þriðja lagi er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um að við yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar verði starfsmönnum hennar boðin sambærileg störf innan háskólans og þeir höfðu áður. Samningaviðræður standa nú yfir um samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að háskólarektor hafði farið þess á leit við menntamálaráðherra að sá hluti frumvarpsins sem tekur til dómnefnda yrði ekki afgreiddur á Alþingi að svo stöddu. Þetta gerði rektor á grundvelli samþykktar háskólaráðs sem taldi að málið hefði ekki hlotið þá umfjöllun innan háskólans sem nauðsynleg væri og að taka þyrfti það fyrir á háskólafundi. Að höfðu samráði við deildarforseta einstakra deilda háskólans sendi háskólarektor nefndinni síðan tillögu að breytingu á frumvarpinu sem var í aðalatriðum þess efnis að í stað þess að kveðið væri skilyrðislaust á um að rektor skipaði dómnefndir til að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans væri honum jafnframt heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir. Í dómnefndirnar sem skipaðar eru á þennan hátt skal tilnefndur einn maður af háskólaráði, sem er jafnframt formaður nefndarinnar, og annar af menntamálaráðherra, sem er varaformaður nefndarinnar. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera sérfræðingur, tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem starfið er við hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Rektor er heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn, fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir. Háskólaráð tilnefnir þá einn mann í hverja dómnefnd og menntamálaráðherra annan. Skal sá sem tilnefndur er af háskólaráði vera formaður dómnefndar og sá sem tilnefndur er af menntamálaráðherra varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Þriðji nefndarmaðurinn er sérfræðingur, tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Dagný Jónsdóttir.	Valdimar L. Friðriksson.	Kolbrún Halldórsdóttir.

1455. Nefndarálit [817. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands, Pál Skúlason og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Búa Gunnlaugsson frá Háskólanum á Akureyri og Stefaníu Katrínu Karlsdóttur frá Tækniháskóla Íslands. Umsögn barst um málið frá kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum varðandi ráðningar kennara, sérfræðinga og fræðimanna við Kennaraháskóla Íslands. Lagt er til að háskólanum verði heimilað að ráða fólk til tiltekinna starfa án auglýsingar og að heimilt verði að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Hér er um að ræða undantekningu frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um að tímabundin ráðning megi ekki vera til lengri tíma en tveggja ára. Nefndin leggur áherslu á að þessari heimild verði beitt þröngt, en undir hana getur m.a. fallið starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum, störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi, starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna hans sjálfs sem styrkþega, samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir og sérstök tímabundin kennarastörf sem eru kostuð af utanaðkomandi aðilum.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráða megi kennara við háskólann í hlutastarf og tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans, en slíkar heimildir er nú að finna í lögum um Háskóla Íslands og eðlilegt þykir að ríkisháskólarnir hafi allir sömu stöðu hvað þetta varðar. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild háskólaráði til handa til að setja nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna. Slíkt ákvæði er nú að finna í sérlögum um aðra ríkisháskóla.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ísólfur Gylfi Pálmason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Dagný Jónsdóttir.	Valdimar L. Friðriksson.	Kolbrún Halldórsdóttir.

1456. Nefndarálit [818. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Ólaf Búa Gunnlaugsson frá Háskólanum á Akureyri, Pál Skúlason og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands, og Stefaníu Katrínu Karlsdóttur frá Tækniháskóla Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Háskólanum á Akureyri og félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Með frumvarpinu er lagt til að háskólanum verði heimilað að ráða fólk til tiltekinna starfa án auglýsingar og að heimilt verði að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Hér er um að ræða undantekningu frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um að tímabundin ráðning megi ekki vera til lengri tíma en tveggja ára. Nefndin leggur áherslu á að þessari heimild verði beitt þröngt, en undir hana getur m.a. fallið starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum, störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi, starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna hans sjálfs sem styrkþega, samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir og sérstök tímabundin kennarastörf sem eru kostuð af utanaðkomandi aðilum.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráða megi kennara við háskólann í hlutastarf og tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans, en slíkar heimildir er nú að finna í lögum um Háskóla Íslands og eðlilegt þykir að ríkisháskólarnir hafi allir sömu stöðu hvað þetta varðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ísólfur Gylfi Pálmason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Dagný Jónsdóttir.	Valdimar L. Friðriksson.	Kolbrún Halldórsdóttir.

1457. Nefndarálit [819. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Stefaníu Katrínu Karlsdóttur frá Tækniháskóla Íslands, Pál Skúlason og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands og Ólaf Búa Gunnlaugsson frá Háskólanum á Akureyri. Umsögn barst um málið frá Tækniháskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að háskólanum verði heimilað að ráða fólk til tiltekinna starfa án auglýsingar og að heimilt verði að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Hér er um að ræða undantekningu frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um að tímabundin ráðning megi ekki vera til lengri tíma en tveggja ára. Nefndin leggur áherslu á að þessari heimild verði beitt þröngt, en undir hana getur m.a. fallið starf háskólakennara eða sérfræðings sem byggist á rannsóknarstyrkjum, störf nemenda sem eru í rannsóknartengdu framhaldsnámi, starf vísindamanns sem byggist á sérstökum tímabundnum styrk til rannsókna hans sjálfs sem styrkþega, samvinnuverkefni háskólamanns og annars aðila um sérstakar tímabundnar rannsóknir og sérstök tímabundin kennarastörf sem eru kostuð af utanaðkomandi aðilum.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ráða megi kennara við háskólann í hlutastarf og tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans, en slíkar heimildir er nú að finna í lögum um Háskóla Íslands og eðlilegt þykir að ríkisháskólarnir hafi allir sömu stöðu hvað þetta varðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason, Mörður Árnason og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Gunnar Birgisson, *form., frsm.*	Kjartan Ólafsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Dagný Jónsdóttir.	Valdimar L. Friðriksson.	Kolbrún Halldórsdóttir.

1458. Nefndarálit [736. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarpið er lagt fram vegna fyrirhugaðrar stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins 1. maí 2004. Hin nýju ríki sem bætast við hópinn samkvæmt aðildarsamningi EES, sbr. lög nr. 8/2004, um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum, eru: Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Samkvæmt samningnum gerast þessi tíu ríki aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Í frumvarpinu er lagt til að beitt verði aðlögunarheimildum aðildarsamnings EES þannig að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, taki ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara hinna nýju ríkja að undanskildum Möltu og Kýpur, fyrr en 1. maí 2006. Það leiðir af frestun á gildistöku framangreindra reglugerðarákvæða að ákvæði a-liðar 14. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, taka ekki gildi fyrr en 1. maí 2006 að því er varðar ríkisborgara ríkjanna átta.

Frumvarpið tengist náið 749. máli, frumvarpi til laga um breyting á lögum um útlendinga, sem verið hefur til meðferðar hjá allsherjarnefnd á þessu löggjafarþingi og mælir m.a. fyrir um að sett verði samsvarandi frestunarákvæði í lög nr. 96/2002, um útlendinga, hvað varðar dvalarleyfi. Nefndin telur æskilegt að þessi tvö mál fylgist að í umræðum á þinginu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Valdimar L. Friðriksson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaform., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Pétur H. Blöndal.
Birkir J. Jónsson.	Gunnar Örlygsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Helgi Hjörvar.		Jóhanna Sigurðardóttir.

1459. Svar [789. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um umferðarslys.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið slysatíðni í umferðaróhöppum á eftirtöldum vegum ár hvert á tímabilinu 1988–2004:*
   a. *á Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Njarðvíkur,*
   b. *á Suðurlandsvegi frá Rauðavatni um Hellisheiði að Selfossi,*
   c. *á veginum frá Litlu kaffistofunni um Þrengsli til Þorlákshafnar,*
   d. *á Vesturlandsvegi,*
   e. *á Hvalfjarðarvegi,*
   f. *í Hvalfjarðargöngum?*
2. *Hver hefur verið tíðni dauðaslysa á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hversu margir einstaklingar hafa hlotið varanleg örkuml og örorku eftir umferðarslys þar?*
3. *Hve oft hefur orðið árekstur fleiri en tveggja bifreiða á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hve oft hefur orðið árekstur fleiri en fimm bifreiða?*
4. *Hver hefur verið árleg umferð ökutækja um hvern þessara vega á fyrrgreindu tímabili?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflum. Tíðni slysa er miðuð við fjölda slysa á hverja milljón ekinna kílómetra. Að öðru leyti er vísað til taflnanna.

Hverri leið tilheyrir sérstök lína í töflunum. Í sumum tilfellum hafa orðið breytingar á lengd leiðanna.

Í fyrri töflunni eru upplýsingar um ársdagsumferð (ÁDU) á hverju tilteknu ári. Þá eru upplýsingar um heildarslysatíðni, tíðni banaslysa og tíðni slysa með miklum meiðslum.

Í seinni töflunni eru upplýsingar um fjölda slysa þar sem annars vegar fleiri en tveir og hins vegar fleiri en fimm bílar lentu í árekstri.

Tafla 1. Slysatíðni o.fl. í umferðaróhöppum á nokkrum vegaköflum frá 1988 til 2002.

		Tíðni slysa																	
	Tímabil	Slys	Bana-slys	Mikil meiðsl	ÁDU 2002	ÁDU 2001	ÁDU 2000	ÁDU 1999	ÁDU 1998	ÁDU 1997	ÁDU 1996	ÁDU 1995	ÁDU 1994	ÁDU 1993	ÁDU 1992	ÁDU 1991	ÁDU 1990	ÁDU 1989	ÁDU 1988
Hringvegur frá Biskupstungnabraut vestan Selfoss að Þorlákshafnarvegi við Hveragerði	1988–2002	1,01	0,01	0,05	5.495	5.325	4.970	4.690	4.443	4.088	3.998	3.673	3.686	3.693	3.525	3.643	3.332	3.200	3.530
Hringvegur frá Þorlákshafnarvegi við Hveragerði að Þrengslavegi í Svínahrauni	1988–2002	0,94	0,01	0,06	5.000	4.820	4.500	4.270	4.040	3.639	3.629	3.474	3.320	3.311	3.246	3.290	3.121	3.000	3.040
Hringvegur frá Þrengslavegi að Breiðholtsbraut	1988–2002	0,83	0,01	0,05	7.227	6.967	6.504	6.172	5.839	5.260	5.245	5.021	4.799	4.881	4.785	4.850	4.601	4.422	4.481
Þrengslavegur frá Hringvegi í Svínahrauni að Þorlákshafnarvegi í Ölfusi	1988–2002	1,63	0,01	0,11	1.073	1.073	978	929	873	821	763	728	659	798	771	796	728	616	645
Þorlákshafnarvegur frá Þrengslavegi í Ölfusi að Þorlákshöfn	1988–2002	0,77	0,04	0,00	1.259	1.259	1.147	1.090	1.072	1.062	1.067	1.090	1.086	932	899	930	850	725	603
Hringvegur frá Úlfarsfelli að Þingvallavegi	1988–2002	1,04	0,01	0,08	15.557	15.342	14.298	13.601	12.326	10.726	10.396	9.815	9.514	9.181	9.028	8.720	8.016	7.539	7.509
Hringvegur frá Þingvallavegi að Eyrarfjallsvegi	1988–1997	0,67	0,03	0,05	-	-	-	-	-	2.546	2.681	2.595	2.558	2.458	2.524	2.386	2.103	1.982	1.992
Hringvegur um Hvalfjörð frá Eyrarfjallsvegi að Akranesvegi	1988–1997	1,02	0,01	0,06	-	-	-	-	-	1.866	1.841	1.670	1.710	1.702	1.695	1.590	1.372	1.281	1.288
Hringvegur frá Þingvallavegi að syðri enda Hvalfjarðarganga	1999–2002	1,11	0,03	0,03	5.116	4.954	4.503	4.221	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hringvegur um Hvalfjarðargöng	1999–2002	0,75	0,00	0,00	3.660	3.557	3.241	2.938	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hvalfjarðarvegur frá Hringvegi við Blikdalsá að Hringvegi á Lambhagamelum	1999–2002	1,81	0,00	0,18	240	257	215	258	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Reykjanesbraut frá Krýsuvíkurvegi að Víknavegi	1988–2002	0,77	0,01	0,06	7.461	7.463	7.280	6.890	6.332	5.872	5.664	5.449	5.263	5.001	5.103	5.226	4.894	4.789	4.974

Tafla 2. Fjöldi árekstra tveggja eða fleiri bíla og fleiri en fimm bíla á nokkrum vegarköflum frá 1988 til 2002.

	Tímabil		2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990	1989	1988
Hringvegur frá Biskupstungnabraut vestan Selfoss	1988–2002	> 2	3	2	2	1	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1
að Þorlákahafnarvegi við Hveragerði		> 5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hringvegur frá Þorlákshafnarvegi við Hveragerði	1988– 2002	> 2	5	2	2	3	1	4	0	1	0	3	3	2	5	1	0
að Þrengslavegi í Svínahrauni		> 5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Hringvegur frá Þrengslavegi að Breiðholtsbraut	1988–2002	> 2	7	9	3	6	2	3	1	1	3	5	5	3	8	5	1
		> 5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þrengslavegur frá Hringvegi í Svínahrauni að	1988–2002	> 2	3	0	2	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Þorlákshafnarvegi í Ölfusi		> 5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þorlákshafnarvegur frá Þrengslavegi í Ölfusi að	1988–2002	> 2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þorlákshöfn		> 5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hringvegur frá Úlfarsfelli að Þingvallavegi	1988–2002	> 2	4	12	6	1	4	3	5	4	5	3	4	3	2	1	1
		> 5	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	0	1	0	0
Hringvegur frá Þingvallavegi að Eyrarfjallsvegi	1988–2002	> 2	-	-	-	-	-	3	2	0	2	0	0	1	2	0	1
		> 5	-	-	-	-	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hringvegur um Hvalfjörð frá Eyrarfjallsvegi að	1988–2002	> 2	-	-	-	-	-	1	1	2	4	2	6	5	1	1	3
Akranesvegi		> 5	-	-	-	-	-	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Hringvegur frá Þingvallavegi að syðri enda	1999–2002	> 2	3	8	1	4	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hvalfjarðarganga		> 5	0	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hringvegur um Hvalfjarðargöng	1999–2002	> 2	0	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
		> 5	0	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hvalfjarðarvegur frá Hringvegi við Blikdalsá að	1999–2002	> 2	2	0	0	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hringvegi á Lambhagamelum		> 5	0	0	0	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Reykjanesbraut frá Krýsvíkurvegi að Víknavegi	1999–2002	> 2	4	7	4	2	3	2	1	2	2	1	2	3	5	4	3
		> 5	0	1	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1460. Svar [891. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um lýsingu á Reykjanesbraut og Vesturlandsvegi.

1. *Hver hefur verið árlegur kostnaður hins opinbera af rafmagni til lýsingar á Reykjanesbraut síðan farið var að lýsa hana?*

Lýsing við Reykjanesbraut var sett upp 1996. Kostnaður Vegagerðarinnar af lýsingunni var 9.872.820 kr. árið 2003.

2. *Hve margir ljósastaurar eru við brautina og hvaða vegalengd ná þeir yfir?*
3. *Hvaða hlutar brautarinnar eru lýstir?*

Fjöldi staura frá kafla 41-14, Hafnarfjarðarvegi, til kafla 41-22, að Flugstöð, er 713 stk. að meðtöldum staurum við gatnamót. Lengd kaflans er alls 40,18 km.

4. *Er áformað að auka lýsingu á Reykjanesbraut við tvöföldun hennar?*

Áformað er að auka lýsingu brautarinnar við tvöföldun hennar en hönnun veglýsingarinnar er ekki lokið fyrir tvöföldunina.

5. *Hver hefur verið árlegur kostnaður hins opinbera af rafmagni til lýsingar á Vesturlandsvegi síðan farið var að lýsa hann?*

Kostnaður Vegagerðarinnar við að lýsa Vesturlandsveg árið 2004 verður 5.093.736 kr. sé miðað við rauntölur janúarmánaðar þessa árs.

Samkvæmt upplýsingum Orkuveitu Reykjavíkur, sem upphaflega stóð fyrir lýsingunni, hefur sá hluti vegarins sem liggur innan borgarmarka Reykjavíkur verið lýstur lengi. Þegar Ártúnsbrekkan var tekin í notkun í núverandi mynd á árunum 1993 til 1996 var öll lýsing þar endurnýjuð. Sé miðað við Vesturlandsveg í gegnum Mosfellsbæ hófst lýsing hans upp úr 1980.

6. *Hve margir ljósastaurar eru við veginn og hvaða vegalengd ná þeir yfir?*
7. *Hvaða hlutar vegarins eru lýstir?*

Fjöldi staura á köflum 1-f2, Nesbraut, að 1-f4, Þingvallavegi, er 298 stk. að meðtöldum staurum við gatnamót. Samtals er lengd kaflans 8,43 km.

8. *Er áformað að auka lýsingu á Vesturlandsvegi?*

Við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi að Skarhólabraut verður veglýsing aukin.

1461. Tillaga til þingsályktunar [951. mál]

um sívinnslu við skil skattframtala.

Flm.: Valdimar L. Friðriksson, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Lára Stefánsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að sívinnslu við skil á skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur. Núverandi fyrirkomulag verði með öllu aflagt og í stað þess komi jöfn skil skattframtala febrúar til nóvember ár hvert.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur skattkerfi landsins tölvuvæðst á sviði framtalsgerðar og skattskila. Hefur tekist vel til með öryggi kerfisins og má segja að nú sé vinnuumhverfið gerbreytt nema hvað varðar fyrirkomulag á framtalsskilum. Þar eru enn í gildi vinnureglur löngu liðins tíma handvinnslu og árstíðabundinna starfshátta. Sjálfstæðir atvinnurekendur í landinu eru um 17–18 þúsund talsins, án þess að taldir séu með svokallaðir lögaðilar, þ.e. hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög. Endurskoðendum og bókurum er ætlað að ljúka uppgjörs- og framtalsvinnu fyrir þessa 17–18 þúsund aðila á 60 vinnudögum frá mars til maíloka. Á sama tíma þarf að vinna uppgjör og framtöl lögaðila en þeirri vinnu þarf að vera lokið í september ár hvert.

Afleiðing þessa úrelta fyrirkomulags er sú að ekki tekst að ljúka framtalsgerð fyrir einstaklinga með rekstur á tilskildum tíma og er því skattur áætlaður á allt að 25% þessara aðila með afleiðingum sem eru mikil og alvarleg óþægindi, ásamt verulegum kostnaði. Því er bæði tímabært og nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi skattskila og taka upp jöfn skil atvinnurekstrarframtala frá febrúar til nóvember ár hvert og hverfa alfarið frá núverandi skipulagi.

Núverandi fyrirkomulagi fylgir gífurlegt álag á endurskoðendur og bókara, sérstaklega á tímabilinu mars–maí. Síðan fá skattstofurnar bylgjuna yfir sig og eru fram á haust að komast fram úr þeirri vinnu sem þær eiga að inna af hendi lögum samkvæmt.

Það sem vinnst við það að taka upp sívinnslu er fyrst og fremst eftirfarandi:

Jöfn vinnsla uppgjörs og framtala ætti að tryggja vandaðri framtalsgerð og skapa eðlilegt vinnuumhverfi, en nú er það með öllu óviðunandi og engum bjóðandi. Síðast en ekki síst leiða jöfn skil framtala til þess að hægt verður að taka upp reglubundið og skipulegt skatteftirlit sem síðan tryggir öruggari og betri skattskil.

Sá sem hefur mestan ávinning af því að taka upp nútímavinnubrögð við framtalsskil er ríkissjóður, þannig að sú breyting eða þróun sem hér er lögð til felur í sér marga mjög jákvæða þætti til hverrar áttar sem litið er. Komið hefur fram bæði í ræðu og riti hjá fjármálaráðherra, ríkisskattstjóra, skattstjórum landsins, endurskoðendum og bókurum að þessir aðilar vilja taka upp sívinnslu í skattskilum og falla frá núverandi fyrirkomulagi sem er í raun löngu orðið úrelt og því sem næst ónothæft.

1462. Svar [846. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um framboð náms í hótel- og matvælagreinum.

1. *Hvaða nám í hótel- og matvælagreinum er nú boðið upp á í:*
   a. *Menntaskólanum í Kópavogi,*
   b. *Verkmenntaskólanum á Akureyri,*
   c. *öðrum skólum?*

a. Menntaskólinn í Kópavogi

Skólinn hefur haft heimild til að starfrækja eftirtaldar brautir:
Bakaraiðn (BA9) – Samningsbundið iðnnám, 60 einingar
Framreiðsla (FR9) – Samningsbundið iðnnám, 65 einingar
Kjötiðn (KÖ9) – Samningsbundið iðnnám, 60 einingar
Matreiðsla (MA9) – Samningsbundið iðnnám, 65 einingar
Grunndeild matvælagreina
Matartæknínám – fullorðinsfræðsla
Matsveinanám
Sérdeild – heimilisbraut

b. Verkmenntaskólinn á Akureyri

Skólinn hefur haft heimild til að starfrækja eftirtaldar brautir:
Grunndeild matvælagreina (GN), 83 einingar.
Matartæknibraut (MT), 120 einingar.
Matartæknibraut – fullorðinsfræðsla, 80 einingar.
Nýverið fékk skólinn heimild fyrir eftirtaldar brautir:
Framreiðsla (FR9)
Matreiðsla (MA9)

c. Aðrir skólar

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Skólinn hefur haft heimild til að starfrækja matreiðslubraut.

2. *Er fyrirhugað að auka námsframboð í þessum greinum? Ef svo er, í hvaða greinum og í hvaða skólum?*

Starfsgreinaráð matvæla- og veitingagreina hefur lagt fram tillögu að heildarnámskrá fyrir matvæla- og veitingagreinar sem er í athugun og verður innan tíðar sett á heimasíðu menntamálaráðuneytisins til kynningar. Gert er ráð fyrir sameiginlegu grunnnámi í eina önn og síðan sérnámi á fjórum meginsviðum, þ.e. bakaraiðn, framreiðslugreinum, kjötiðnaðargreinum og matreiðslugreinum. Námskráin ber í sér þau nýmæli að nám í þremur seinast töldu greinaflokkunum er þrepaskipt þannig að nemendur geta útskrifast samkvæmt skilgreindum námslokum til tiltekinna starfa fyrr en áður og haldið áfram námi á næsta námsþrepi til flóknari starfa án nokkurra eða umtalsverðra tafa. Þannig á nemandi sem innritast á námsbraut í framreiðslu að geta útskrifast sem aðstoðarþjónn eftir u.þ.b. eins árs nám, farið út á vinnumarkaðinn og komið inn í námið aftur eða haldið beint áfram og lokið sveinsprófi í framreiðslu. Í kjötiðngreinum er um að ræða tvær útgönguleiðir fyrir utan nám til sveinsprófs

í kjötiðnaði, þ.e. fyrir kjötskurðarmenn og slátrara. Í matreiðslugreinum leggur starfsgreinaráð til að verði fimm útgönguleiðir, þ.e. nám til sveinsprófs í matreiðslu, nám til lögverndaðra starfsréttinda í matartækni, auk náms fyrir smurbrauðsmenn, aðstoðarkokka og matsveina á skipum.

3. *Hvaða kröfur þarf að uppfylla til að hefja kennslu í hótel- og matvælagreinum?*

Ráðuneytið gerir þær kröfur til framhaldsskóla sem hefja vill kennslu í hótel- og matvælagreinum að í skólanum sé viðunandi aðstaða bæði er varðar tæki og búnað til kennslunnar. Einnig að skólinn hafi á að skipa kennurum með réttindi til kennslunnar. Síðan þarf skólinn að fara eftir námskrá menntamálaráðuneytisins er varðar kennslu og námsmat.

4. *Eru einhver lágmarksviðmið um fjölda nemenda? Ef svo er, hver eru þau og í hvaða greinum?*

Ráðuneytið gerir samkvæmt reiknilíkani kröfur um ákveðinn nemendafjölda í áföngum. Þetta eru þó kröfur um heildarnýtingu í öllum áföngum viðkomandi skóla og því getur skólinn verið með fámenna áfanga í einstaka greinum ef hann er með fjölmenna áfanga í öðrum greinum. Gert er ráð fyrir 25 nemendum í bóklegum greinum og 12 nemendum í verklegum og fagbóklegum greinum.

5. *Eru einhverjar breytingar fyrirhugaðar varðandi kjarnaskóla í þessum greinum?*

Menntaskólinn í Kópavogi er kjarnaskóli í þessum greinum. Ekki liggja fyrir neinar tillögur um breytingar varðandi kjarnaskóla.

1463. Nefndarálit [683. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar H. Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af svokölluðum tvíorkubifreiðum, þ.e. bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Gunnar Birgisson.	Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármannsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	

1464. Nefndarálit [755. mál]

um frv. til l. um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti. Skriflegar umsagnir bárust nefndinni frá nokkrum aðilum og gerðu þeir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Meginefni frumvarpsins er að heimila fjármálaráðherra að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda. Í umræðum í nefndinni kom fram að það væru helst verkefni í Eystrasaltsríkjunum sem þessi lán rynnu til og að góð reynsla væri af lánum til slíkra verkefna. Nefndin fellst á það með fjármálaráðuneyti að ekki verði séð að málið leiði til aukins kostnaðar eða aukinna skuldbindinga fyrir ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Gunnar Birgisson.	Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármannsson.	Össur Skarphéðinsson.	Einar Már Sigurðarson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	

1465. Fyrirspurn [952. mál]

til iðnaðarráðherra um Landsvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver hafa verið framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins frá upphafi, sundurliðað eftir eigendum og árum?
2. Hvernig skiptast framlög hvers eiganda hverju sinni í fjárframlög og eignarhluta í framlögðum eignum og hverjar voru þær eignir, sundurliðað eftir árum?
3. Hverjar hafa verið arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals, sundurliðað eftir árum, og hvernig hafa þær arðgreiðslur verið reiknaðar og greiddar?
4. Hvaða ábyrgðir hafa eigendur Landsvirkjunar gengist í og hvað hefur fyrirtækið greitt fyrir þær, sundurliðað eftir eigendum og árum?
5. Hvernig hefur Marshall-aðstoðin, sem Bandaríkjamenn veittu Íslendingum um miðja síðustu öld, nýst til þess að mynda eign einstakra eigenda í Landsvirkjun? Hver voru fjárframlög eigenda Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar, sundurliðað eftir eigendum, virkjunum og árum fram að því að virkjanirnar runnu inn í Landsvirkjun? Hver er fjárhæðin talin vera miðað við núverandi eigið fé Landsvirkjunar og einnig miðað við áætlað markaðsvirði fyrirtækisins?

Óskað er eftir því að allar fjárhæðir verði reiknaðar á núverandi verðlagi.

Skriflegt svar óskast.

1466. Fyrirspurn [953. mál]

til viðskiptaráðherra um brunatryggingar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Telur ráðherra að lög um brunatryggingar tryggi húseigendum bætur frá tryggingafélagi sem eru í samræmi við brunabótamat þegar um altjón er að ræða og síðan endurbyggingu hinnar tryggðu eignar?

1467. Fyrirspurn [954. mál]

til dómsmálaráðherra um Hæstarétt.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Er ráðherra að undirbúa frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um Hæstarétt og ef svo er, hverjar eru helstu breytingarnar?

1468. Fyrirspurn [955. mál]

til viðskiptaráðherra um löggjöf um hringamyndun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvað líður undirbúningi að löggjöf um hringamyndun?

1469. Fyrirspurn [956. mál]

til iðnaðarráðherra um framlög til eignarhaldsfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því, í framhaldi af kaupum ríkissjóðs á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja að andvirði 150 millj. kr., að ríkissjóður verji fé til kaupa á hlutafé í eignarhaldsfélögum sem Byggðastofnun á hlut í fyrir hönd ríkissjóðs?

1470. Fyrirspurn [957. mál]

til fjármálaráðherra um kaup á hlutafé í eignarhaldsfélögum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Í hvaða skyni kaupir ríkissjóður hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja fyrir 150 millj. kr.?
2. Við hvaða reglur, svo sem um val á verkefni, fjárhæð hverju sinni, staðsetningu og áhættu verkefnis, er stuðst við ákvörðun um kaup á hlutabréfum í eignarhaldsfélögum?
3. Er áformað að kaupa hlutafé í öðrum eignarhaldsfélögum fyrir sambærilegar upphæðir, svo sem þeim sem Byggðastofnun á hlut í fyrir hönd ríkissjóðs?

1471. Fyrirspurn [958. mál]

til forsætisráðherra um störf nefndar um endurreisn Þingvallaurriðans.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað er að frétta af störfum nefndar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa 3. mars 1998 og gera átti tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns?

Skriflegt svar óskast.

1472. Fyrirspurn [959. mál]

til félagsmálaráðherra um erlenda starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu margir erlendir starfsmenn hafa verið á Kárahnjúkasvæðinu frá því að framkvæmdir hófust?
2. Hversu margir þeirra hófu strax við komu störf á vinnuvélum eða ökutækjum þar sem krafist er meiraprófs eða annarra starfsréttinda án afskipta Vinnueftirlitsins?
3. Hversu margir þeirra höfðu tilskilin réttindi er þeir hófu störf á svæðinu og hversu margir hafa tekið próf á vegum Vinnueftirlitsins? Óskað er sundurgreiningar á vinnuvélaprófum og meiraprófum.
4. Hversu margir hinna erlendu starfsmanna hafa sinnt störfum þar sem krafist er starfsréttinda iðnaðarmanna?
5. Hversu margir hinna erlendu starfsmanna, sem hafa verið skráðir inn í landið vegna Kárahnjúkaframkvæmdanna, hafa komið hingað sem iðnaðarmenn?
6. Hversu margir hinna erlendu iðnaðarmanna höfðu tilskilda starfsmenntun?
7. Hversu margir hinna erlendu starfsmanna hafa komið frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins?

Skriflegt svar óskast.

1473. Nefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Þorstein Tómasson og Hólmgeir Björnsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Umsagnir bárust frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Vísinda- og tækniráði, tækninefnd, Bændasamtökum Íslands, Félagi umboðsmanna vörumerkja- og einkaleyfa, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, erfðanefnd landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landvernd.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ítarlegri og skýrari ákvæði um hugverkarétt á sviði plöntukynbóta, svokallaðan yrkisrétt, sem felur í sér einkarétt til hagnýtingar á yrki í atvinnuskyni. Ástæður þessara breytinga má rekja til innleiðingar á hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/44 frá 6. júlí 1998, um lögvernd uppfinninga í líftækni, sem varða plöntuyrki. Tilskipunin var að mestu innleidd á yfirstandandi þingi með breytingum á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, nema ákvæði um plöntuyrki. Um efni þeirra er í flestum tilvikum vísað til ákvæða reglugerðar Evrópuráðsins um vernd plöntuafbrigða nr. 2100/94/EB, og tekur frumvarpið mið af því. Þá eru einnig lagðar til breytingar í frumvarpinu sem tengjast umsókn Íslands um aðild að alþjóðasamningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru þær að skilgreiningar á grundvallarhugtökum verða samræmdar reglum aðildarríkja Evrópusambandsins og þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum og verða því ítarlegri. Þá eru tekin upp ákvæði um undanþágu frá greiðslu nytjaleyfisgjalds fyrir smábændur samkvæmt nánari skilgreiningu í frumvarpinu og ítarlegri reglur um nauðungarleyfi.

Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu varðandi skilyrði fyrir veitingu nauðungarleyfis, þ.e. varðandi samanburð á hagsmunum milli einkaleyfishafa og yrkishafa, og eru þær gerðar með hliðsjón af áðurnefndum breytingum á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og til samræmis við tilskipunina og norræna einkaleyfalöggjöf. Nauðungarleyfið sem um ræðir er víxlleyfi milli einkaleyfishafa og yrkisréttarhafa, sem þýðir að ef yrkishafi fer fram á að fá nauðungarleyfi á einkaleyfi samkvæmt lögum um einkaleyfi vegna hagnýtingar á yrkisrétti sínum fær einkaleyfishafi nauðungarleyfi á yrkisréttinum á móti eða hlut í hagnaði. Nefndin telur því nauðsynlegt að samræma reglur laganna á þann hátt að nauðungarleyfi á yrkisrétti samkvæmt frumvarpi þessu skuli aðeins veitt ef einkaleyfishafi sýnir fram á að uppfinningin sé tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við verndaða yrkið.

Þá leggur nefndin til breytingar á hugtökum. Lagt er til að í stað orðsins uppskeruefni, sem er þýðing á hugtaki í reglugerð (e. harvested material of the variety, d. udbytte af sorten) komi orðið uppskera og í stað hugtaksins stofnþættir yrkis komi yrkishlutar.

Loks leggur nefndin til að bætt verði ákvæði við frumvarpið þar sem fram kemur að það sé til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 98/44/EB, um lögvernd uppfinninga í líftækni, þ.e. ákvæðum um plöntuyrki. Ákvæði frumvarpsins sem byggjast á tilskipuninni eru skilgreiningar í 2. gr., 9. gr. sem kveður á um undanþágu smábænda frá greiðslu nytjaleyfisgjalds, en þeir eru nánar skilgreindir í reglugerð EB um vernd plöntuafbrigða, og loks ákvæðin í 10. gr. um nauðungarleyfi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Jón Bjarnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Dagný Jónsdóttir.
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.		Önundur Björnsson, með fyrirvara.

1474. Nefndarálit [829. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Óskar Pál Óskarsson.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið auk þess sem það var rætt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, 785. máli, og gafst nefndinni þannig færi á að ræða það við fjölda gesta.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við efni málsins en leggur áherslu á að það verði rætt í þinginu með framangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. apríl 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaform., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Guðjón Guðmundsson.
Birkir J. Jónsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Helgi Hjörvar.	Valdimar L. Friðriksson.	Gunnar Örlygsson.

1475. Nefndarálit [816. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir skriflegar umsagnir sem henni bárust.

Efni frumvarpsins einskorðast við hækkun hámarksbóta atvinnuleysistrygginga sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997. Lagt er til að fjárhæð hámarksbóta í lagaákvæðinu verði hækkuð úr 2.752 kr. í 4.096 kr. á dag. Hámarksbótum atvinnuleysistrygginga hefur nokkrum sinnum verið breytt frá því sem segir í núgildandi ákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna með auglýsingu félagsmálaráðherra og hafa frá 1. janúar 2004 verið 3.681 kr. Hækkun hámarksbóta er því 11,3%.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við kjarasamning Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins, sem undirritaður var 7. mars sl., en þá lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir þeirri hækkun atvinnuleysisbóta sem frumvarpið kveður á um.

Í 2. málsl. 2. gr. frumvarpsins segir að atvinnuleysisbætur skuli greiddar í samræmi við efni frumvarpsins frá og með 1. mars 2004 þó svo að frumvarpið hafi ekki verið lagt fram

fyrr en eftir þann dag. Hækkunin nær því til hvers atvinnuleysisdags frá og með 1. mars 2004 en bætur vegna atvinnuleysisdaga fyrir 1. mars 2004 standa óbreyttar. Nefndin felst á þessa afturvirku hækkun bótanna þar sem hún ívilnar bótaþegum og er í samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í frumvarpinu er ekki mælt fyrir um greiðslu vaxta eða verðbóta á þá hækkun atvinnuleysisbóta sem greidd verður út eftir á vegna atvinnuleysisdaga frá 1. mars 2004 og til gildistöku laganna verði frumvarpið samþykkt sem lög og kemur hækkunin því til útborgunar án slíkra greiðslna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson undirrita álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Auk hækkunar hámarksbóta sem kveðið er á um í frumvarpinu leggja þau ásamt Ögmundi Jónassyni og Valdimar L. Friðrikssyni til að greidd verði desemberuppbót á atvinnuleysisbætur.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara um framangreinda breytingartillögu.

Valdimar L. Friðriksson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaform., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Helgi Hjörvar, með fyrirvara.		Gunnar Örlygsson, með fyrirvara.

1476. Breytingartillaga [816. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar, Valdimar L. Friðrikssyni, Gunnari Örlygssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Við bætist ný grein, 2. gr., er orðist svo:
   Á eftir 2. mgr. 7. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Á bætur sem greiddar eru vegna atvinnuleysis í desember skal greiða 30% uppbót.
2. Við bætist ný grein, 3. gr., er orðist svo:
   Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 7. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. a komi: 5. mgr. 7. gr.

1477. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „stofnþættir yrkis“ í 3. efnismgr. kemur: yrkishlutar.
   b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 4. efnismgr. kemur: skv. a-lið 2. mgr.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „uppskeruefni“ í 4. tölul. kemur: uppskera.
3. Við 10. gr. Við 2. efnismgr. bætist: í samanburði við verndaða yrkið.
4. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 11. gr. og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2001/94.

1478. Frumvarp til laga [960. mál]

um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í Stjórnartíðindum skal birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli og samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.

2. gr.

A-deild Stjórnartíðinda.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna.

3. gr.

B-deild Stjórnartíðinda.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga sem tilkynnt hafa verið á árinu og heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, er heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna.

4. gr.

C-deild Stjórnartíðinda.

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti.

Heimilt er að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

5. gr.

Vafamál um hvar birta skuli.

Vafamál um það hvar birta skuli atriði þau er í 1.–4. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, ákveður dómsmálaráðherra.

6. gr.

Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út.

Skylt er stjórnvöldum að fá útgefanda handrit af hverju því sem afgreitt hefur verið og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

Dómsmálaráðherra kveður á um gjöld fyrir auglýsingar er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Heimild til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað skuli, að hluta eða í heild, eingöngu gefin út og dreift á rafrænan hátt, enda séu öryggi og áreiðanleiki birtra upplýsinga tryggð.

Haga skal útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þannig að vél- og hugbúnaður sem flestra nýtist. Verði útgáfa Stjórnartíðinda eða Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska geta keypt Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd, gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags.

8. gr.

Réttaráhrif birtingar.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Óbirt fyrirmæli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt, ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 22. september 2000 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Nefndinni var meðal annars falið að endurskoða gildandi lög þar að lútandi með tilliti til möguleika á rafrænni birtingu samhliða eða í stað hefðbundinnar birtingar. Í nefndina voru skipaðir Benedikt Bogason héraðsdómari, formaður nefndarinnar, Eygló Halldórsdóttir, ritstjóri Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, og Skúli Magnússon, þá lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Einnig tóku sæti í nefndinni Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytisins, Nökkvi Bragason deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðingur, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin hóf starf sitt með því að undirbúa rafræna birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs á netinu. Í því skyni var útbúinn sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs sem var opnaður á netinu 1. febrúar 2002. Upp frá því hafa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað verið aðgengileg á slóðinni www.lagabirting.is samhliða hinni prentuðu útgáfu. Að því marki sem eldri tölublöð hafa verið til í rafrænu formi hafa þau einnig verið birt á netinu. Þannig er nú öll tölublöð Lögbirtingablaðsins frá ársbyrjun 2001 að finna á framangreindri vefsíðu.

Góð reynsla af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á netinu varð til þess að heimilað var með lögum nr. 165/2002 að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa það eingöngu út á rafrænu formi, þó þannig að þeir sem þess óska geti keypt rafræna útgáfu blaðsins prentaða. Á grundvelli þessarar heimildar er ráðgert að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs í júní 2004 og gefa blaðið eingöngu út á rafrænu formi eftir það.

Að fenginni tæplega þriggja ára reynslu af rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs þykir tímabært að leggja til að lögfest verði sams konar heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi. Samhliða hafa gildandi lög verið endurskoðuð í því skyni að uppfæra þau og taka upp nokkur atriði sem til þess eru fallin að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga í senn skilvirkari og ódýrari, án þess að á nokkurn hátt sé slakað á þeim kröfum sem gera ber til réttaröryggis við miðlun upplýsinga af þessu tagi. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru samkvæmt þessu eftirfarandi:

1. Lagt er til að heimilað verði að gefa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað eingöngu út á rafrænu formi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.
2. Lagt er til að birting á EES-reglum og öðrum þjóðréttarreglum, sem leiða þarf í landsrétt, verði gerð skilvirkari en nú er.
3. Lagt er til að heimilað verði í undantekningartilvikum að birta þjóðréttarreglur á erlendu máli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
4. Lagt er til að tekið verði af skarið um gildistöku birtra fyrirmæla í lögum og að kveðið verði sérstaklega svo á að birt fyrirmæli skuli binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

Að öðru leyti felur frumvarpið í sér einföldun á orðalagi og efnisskipan, eða skýringar á atriðum sem hafa verið talin felast í gildandi lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum. Sérstaklega er ástæða til að árétta að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta túlkun dómstóla á efnisreglu gildandi 7. gr. laga nr. 64/1943 og 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, á þá leið að óbirtum reglum í settum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum verði ekki beitt. Verða tvö fyrstgreindu atriðin nú reifuð nánar, en að öðru leyti er vísað til skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

II.

Eitt af ófrávíkjanlegum skilyrðum réttarríkis er að lög séu birt eða séu með einhverjum hætti aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim. Þannig er það forsenda þess að menn geti fylgt þeim réttarreglum sem gilda um háttsemi þeirra að þeir viti hverjar þessar reglur eru. Þannig stuðlar formleg birting laga á veigamikinn hátt að réttaröryggi í samfélaginu. Birting laga þjónar einnig því mikilvæga hlutverki að gera almenningi kleift að ganga úr skugga um að handhafar ríkisvalds, ekki síst dómarar, fari að lögum í starfsemi sinni.

Krafan um að lögin séu aðgengileg þeim sem eiga að fara eftir þeim á í sjálfu sér við um allar heimildir réttarins. Til dæmis er það eitt af skilyrðum fyrir því að venja hljóti löghelgan sem réttarvenja að hún sé almennt kunn. Einnig styðst úgáfa dóma Hæstaréttar við þau rök að í þessum gögnum komi fram fordæmi sem nauðsynlegt sé að birta opinberlega. Þörfin á formlegri birtingu er sérstaklega brýn þegar um er að ræða settar reglur, enda eru slíkar reglur oft íþyngjandi. Er því ekki að undra þótt lög hafi verið kunngerð hér á landi með einhverjum hætti allt frá upphafi allsherjarríkis.

Allt þar til lög nr. 11 frá 24. ágúst 1877, um birting laga og tilskipana, tóku gildi 1. ágúst 1878 voru lög birt með upplestri þeirra í heyranda hljóði á Alþingi og síðar í Landsyfirréttinum sem stofnaður var þegar Alþingi var lagt niður árið 1800. Auk þess tíðkaðist sérstök lýsing laga á þingum í héruðum sem þó varð ekki lögboðin fyrr en með konungsbréfi 7. desember 1827 sem lögleiddi danska tilskipun um þetta efni frá 8. október 1824. Í 10. gr. stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 kom fram að konungur annaðist um að lögin yrðu birt og þeim fullnægt. Ekki virðist þetta ákvæði þó hafa verið skilið svo að breyta þyrfti þeirri framkvæmd á birtingu sem þá tíðkaðist og var það ekki fyrr en með lögunum frá 1877 að birting laga og tilskipana í prentuðu riti, Stjórnartíðindum fyrir Ísland, varð skuldbindandi í stað þeirrar kynningar í heyranda hljóði sem áður hafði tíðkast. Ákvæði laganna giltu um birtingu laga allt þar til sett voru lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem að stofni til eru gildandi lög um efnið.

Með lögum nr. 64/1943 var reglum um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs skipað í ein heildarlög, en útgáfa Lögbirtingablaðs hafði hafist árið 1908 í samræmi við lög nr. 32/1907. Með lögum nr. 64/1943 voru í fyrsta sinn sett afdráttarlaus ákvæði um hvenær beita mætti lögum. Í athugasemdum við frumvarpið, sem varð að lögum nr. 64/1943, sagði að með

þessu væri skorið úr ágreiningi fræðimanna um þessi efni, með því að sumir telji rétt að beita óbirtum fyrirmælum gagnvart þeim sem þekki þau. Orðrétt sagði svo í athugasemdum við frumvarpið: „Aðalatriðið virðist vera það, að fyrirmælin séu birt með þeim hætti, að almenningur geti aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það verði allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrr. Með því skapast mest réttaröryggi.“ (Alþt. 1943, A-deild, þskj. 70, bls. 225.) Þessi ummæli í frumvarpinu hafa í engu misst gildi sitt. Ef undanskildir eru tveir dómar Hæstaréttar frá sjötta áratug 20. aldar (H 1950:316 og H 1951:240) hefur það verið staðföst/samfelld afstaða íslenskra dómstóla að óbirtum reglum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum verði ekki beitt og gildi þá einu hvort um þær var kunnugt .

Helstu breytingar á lögum nr. 64/1943 voru fólgnar í stofnun C-deildar Stjórnartíðinda samkvæmt lögum nr. 22/1962, þar sem birta skyldi samninga Íslands við önnur ríki, svo og auglýsingar um gildi þeirra. Með lögum nr. 95/1994 og lögum nr. 63/2001 var lögunum breytt sérstaklega til að auðvelda birtingu reglna sem stafa frá Evrópska efnahagssvæðinu. Að lokum var lögunum breytt með lögum nr. 165/2002 til þess að heimila rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs.

III.

Samkvæmt 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal birta lög, en um birtingarháttu og framkvæmd laga skal fara að landslögum. Eins og áður segir hefur efnislega sambærilegt ákvæði verið í stjórnlögum allt frá því að sett var stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands árið 1874. Regla ákvæðisins hefur aðeins verið talin eiga við um sett lög Alþingis og ræðst því birting stjórnvaldsfyrirmæla alfarið af almennum lögum.

Ákvæði 27. gr. stjórnarskrárinnar kveður ekki á um tiltekið form við birtingu laga, t.d. að lög skuli birt í prentuðu riti eins og nú tíðkast. Verður það best ráðið af því að við gildistöku stjórnarskrárinnar um hin sérstaklegu málefni Íslands árið 1874 tíðkaðist enn ekki að birta lög með bindandi hætti á prenti. Í 27. gr. stjórnarskrárinnar felst því aðeins að birta skuli lög, en löggjafanum er látið eftir að ákveða hvernig það skuli gert. Við mat á því hvernig standa skuli að birtingu laga verður að taka tillit til þeirra grunnraka umræddrar reglu stjórnarskrárinnar að lögin skuli vera aðgengileg öllum þeim sem eftir þeim eiga að fara. Birting laga verður því að vera með þeim hætti að allir geti með sanngirni kynnt sér lögin. Miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður verður að telja þessum kröfum fullnægt með birtingu í prentuðu riti, Stjórnartíðindum, sem unnt er að kaupa á viðráðanlegu verði eða fá aðgang að á almenningsbókasöfnum. Með þróun upplýsingatækninnar kemur til skoðunar hvort þessi nýja tækni geti leyst af hólmi prenttækninа við birtingu laga og þá að hvaða skilyrðum uppfylltum.

Um nokkurt skeið hefur tíðkast að birta lög og stjórnvaldsfyrirmæli á rafrænum upplýsingaveitum á vegum ríkisins. Hér má einkum nefna vef Alþingis og réttarheimildavef stjórnarráðsins. Þessar upplýsingaveitur hafa eingöngu þjónað því hlutverki að auðvelda aðgengi að settum réttarheimildum sem nokkurs konar aukabirting þeirra. Engin réttaráhrif hafa hins vegar verið tengd birtingu á þessum veitum. Þess vegna verður því að gera skýran greinarmun á eiginlegri rafrænni birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla, þar sem útgáfa með rafrænum miðli markar upphaf þess tímamarks þegar beita má reglum, annars vegar og hins vegar rafrænni birtingu sem hefur eingöngu upplýsingagildi um reglur sem þegar hafa verið birtar á bindandi hátt annars staðar. Með eiginlegri rafrænni birtingu laga eru almenn réttaráhrif birtingar laga tengd við birtingu með rafrænum miðli í stað hinnar prentuðu útgáfu sem tíðkast hefur og leysti upplestur á þingum af hólmi.

Ljóst er að rafræn birting laga og annarra settra réttarreglna getur haft ýmsa kosti í för með sér, einkum þá að auðvelda aðgengi að þeim og stuðla að sparnaði og hagræðingu þegar

fram í sækir. Með hliðsjón af þeim megintilgangi birtingar að tryggja að lögin séu aðgengileg þannig að réttaröryggi sé tryggt þarf þó ýmsum skilyrðum að vera fullnægt svo að rafræn birting komi til álita.

Fyrst er að nefna að almenningur verður að hafa aðgang að nauðsynlegum vél- og hugbúnaði til að nálgast hinar rafrænu heimildir. Af þessum sökum er mikilvægt að fyrirkomulag rafrænnar birtingar taki mið af því að búnaður sem flestra nýtist og er sérstaklega á því hnykkt í frumvarpinu. Er það sama löggjafarstefna og mörkuð var með lögum nr. 51/2003, um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993, í þágu rafrænnar meðferðar stjórnsýslumála. Birtingu ætti því almennt ekki að haga þannig að almenningur þurfi að leggja út sérstakan kostnað við öflun á viðeigandi hug- eða vélbúnaði. Einnig er það skilyrði að almenningur hafi nægilega kunnáttu (tölvulæsi) til að umgangast það kerfi sem notað er til birtingar. Samkvæmt niðurstöðum kannana sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið gengst reglulega fyrir til að mæla tölvueign og netnotkun landsmanna voru einkatölvur á 83,2% íslenskra heimila árið 2002, en 92% af þessum tölvum voru tengdar netinu. Samkvæmt þessu eru 77,9% íslenskra heimila með tengingu við netið. Auk þess eru nettengdar tölvur á flestum almenningsbókasöfnum. Aðgengi almennings að netinu er því gott og full ástæða til að gera lög aðgengileg á netinu. Ef lagt er til grundvallar að almenningur eigi þess ávallt kost að fá prentað það sem birt er rafrænni birtingu kemur ekki að sök þótt hluti þjóðarinnar geti af einhverjum ástæðum, enn sem komið er, ekki nýtt sér upplýsingatæknina til þess að kynna sér birt lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Þótt tekin sé upp rafræn birting laga er því ekki gengið gegn áskilnaði 27. gr. stjórnarskrárinnar ef þeim, sem ekki geta nýtt sér upplýsingatæknina, er gert kleift að nálgast lögin með hefðbundnum hætti, þ.e. í prentuðu formi. Í frumvarpinu er í samræmi við þetta gert ráð fyrir því að enda þótt útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verði eingöngu rafræn skuli þeir, sem þess óska, áfram eiga þess kost að kaupa það sem birt er rafrænt á prenti.

Í annan stað gefur rafræn birting laga tilefni til ýmissa álitaefna frá tæknilegu sjónarhorni. Ljóst er að rafræn birting laga verður fortakslaust að vera svo örugg að ekki fari á milli mála hvaða lög gildi og hafi gilt í landinu á hverjum tíma. Í þessu felst í fyrsta lagi að það kerfi sem notað er til birtingar verður að vera traust þannig að raunverulegt aðgengi almennings sé tryggt. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að lög verða bindandi eftir að þau hafa verið birt, eftir atvikum gerð aðgengileg á rafrænan hátt. Má því enginn vafi vera á að almenningur hafi í raun mátt kynna sér efni laganna með aðstoð upplýsingatækni á ákveðnu tímamarki. Í öðru lagi verður kerfi til birtingar að vera þannig úr garði gert að þær upplýsingar sem þar birtast séu örugglega réttar með tilliti til villna eða jafnvel íhlutunar óviðkomandi aðila. Jafnt almenningur sem hið opinbera verður að geta treyst þeim upplýsingum sem miðlað er í rafrænum Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði. Æskilegt er að hægt sé að fá staðfestingu um að upplýsingar séu réttar svo að mögulegt sé að framvísa þeim áfram, t.d. rafrænt. Af þessu leiðir að vandlega þarf að huga að villuleysi vél- og hugbúnaðar, vörnum gegn innbrotum og smitun, vistun gagnagrunns og öryggi húsnæðis, aðgengi að grunninum, svo aðeins einhver atriði séu nefnd. Í þriðja lagi verður kerfið að vera þannig úr garði gert að það geti geymt varanlega gögn þannig að unnt sé að framvísa þeim til notenda um ótiltekna framtíð. Þessi tæknilegu atriði er ekki ástæða til að fjalla nánar um hér, enda ekki löggjafarmálefni í sjálfu sér. Hins vegar er vakin athygli á því að rafræn útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verður ekki að fullu tekin upp nema gengið hafi verið úr skugga um að öryggi sé fyllilega tryggt.

Að því er varðar rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs koma nokkur fleiri atriði til skoðunar. Við rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs þarf þannig að gæta reglna um persónuvernd, en þær

upplýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði kunna að teljast viðkvæmar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum. Einnig þarf við útgáfu Lögbirtingablaðs að tryggja að tiltekin útgáfa verði aðgengileg öllum á sama tíma, enda kunna í Lögbirtingablaði að birtast auglýsingar sem hafa þýðingu fyrir samkeppnisstöðu manna, t.d. auglýsingar um sölu eigna, útboð eða stöður. Að því er varðar rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs má að öðru leyti vísa til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 165/2002 (128. löggjafarþing 2002–2003, þskj. 389, 352. mál).

IV.

Almennt er viðurkennt að reglur þjóðaréttar verði jafnan ekki sjálfkrafa hluti íslensks réttar, enda þótt finna megi einstök tilvik úr réttarframkvæmd þar sem vikið virðist frá þessu meginviðhorfi (sbr. t.d. H 1990:2 og H 1992:172). Reglur þjóðaréttar verður því að leiða í lög með þeim aðferðum sem íslensk stjórnskipun gerir ráð fyrir. Á þetta jafnt við um reglur EES-samningsins og aðrar reglur þjóðaréttar. Séu þessar reglur ekki leiddar í lög á viðhlítandi hátt kann ríkið að teljast brotlegt gagnvart skyldum sínum að þjóðarétti, enda þótt ekki verði byggður réttur á þessum reglum fyrir íslenskum dómstólum. Af þessu leiðir meðal annars að þær reglur, sem ætlað er að innleiða EES-gerð, verður að birta á fullnægjandi hátt í samræmi við meginreglu 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Áður en lög nr. 63/2001, um breytingu á lögum nr. 64/1943, voru sett, taldist ekki fullnægjandi að birta þjóðréttarreglur, sem taka bar upp í landsréttinn, eingöngu í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt því bar að birta þær reglur, sem þetta átti við um, jafnhliða birtingu í C-deild í A- eða B-deild. Með lögum nr. 63/2001 var þessu breytt með tilliti til EES-gerða, sem unnt er að innleiða með svonefndri tilvísunaraðferð, á þann veg að í stjórnvaldsfyrirmælum, sem sett eru til að veita þeim gildi, nægir nú að vísa til birtingar viðkomandi gerðar eða gerða í C-deild eða EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Í frumvarpinu er lagt til að þessi heimild haldi gildi sínu en við inntak hennar aukið á þann hátt að hún taki auk EES-gerða til annarra þjóðréttarskuldbindinga, sem taka á upp í landsrétt á sams konar hátt, og gildi ekki einvörðungu um þær sem innleiða má með stjórnvaldsfyrirmælum heldur einnig þær sem taka þarf upp í lög.

V.

Allt frá gildistöku EES-samningsins og setningu laga nr. 91/1994 hafa EES-gerðir ekki verið birtar í C-deild Stjórnartíðinda heldur sérstöku blaði, EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nú Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Með lögum nr. 63/2001 var lögfest heimild til að vísa til birtingar í þessu blaði þegar EES-gerðir voru innleiddar með svokallaðri tilvísunaraðferð í stjórnvaldsfyrirmælum. Ekki þurfti því að taka EES-gerð upp sem fylgiskjal með stjórnvaldsfyrirmælum sem kváðu á um að tiltekin gerð skyldi öðlast gildi á Íslandi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að þessi heimild nái einnig til innleiðingar með settum lögum, en ekki stjórnvaldsfyrirmæla einvörðungu. Í settum lögum, þar sem vísað er til EES-gerða og þær látnar öðlast gildi án þess að þær séu teknar upp í lagatextann eða umritaðar, yrði því heimilt að vísa til birtingar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Um nánari skýringar á þessu fyrirkomulagi má vísa til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 63/2001 (Alþt. 2000–2001, A-deild, bls. 3606–3611). Rétt er að árétta að þetta hagræði við birtingu EES-gerða við lögleiðingu þeirra hefur engin áhrif á mat á því hvernig gerðir verða efnislega teknar rétt upp í íslenskan rétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að í Stjórnartíðindum skuli birta öll lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samninga við önnur ríki og auglýsingar um gildi þeirra. Um efni A-, B- og C-deildar Stjórnartíðinda er svo nánar kveðið á í 2.–4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um efni Lögbirtingablaðs. Ákvæðið er efnislega sambærilegt við 3. gr. gildandi laga að því frátöldu að sleppt er tilvísun til vörumerkja sem nú eru birt í sérstöku blaði, ELS-tíðindum, sbr. lög um vörumerki, nr. 45/1997, með síðari breytingum. Þá er lagt til að afnumin verði heimild til að birta auglýsingar og tilkynningar einstakra manna í Lögbirtingablaðinu, enda hafa einkaaðilar nú fjölmarga aðra möguleika sem gera nýst í því skyni. Með þessu móti verður efni blaðsins helgað auglýsingum og tilkynningum frá hinu opinbera, enda fyrst og fremst vettvangur fyrir það sem stjórnvöld birta almenningi.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er að finna efnislega sambærilega reglu og í 1. gr. laga nr. 64/1943 en orðalag er einfaldað og uppfært.

Í 2. mgr. er heimilað að vísa til birtingar í C-deild Stjórnartíðinda þegar settar eru reglur til að lögleiða þjóðréttarreglur með svokallaðri tilvísunaraðferð. Ef þjóðréttarreglur eru umritaðar í lög liggur það í hlutarins eðli að inntak þeirra hlýtur að endurspeglast í þeim lagatexta sem birtur er í A-deild Stjórnartíðinda. Þegar um EES-gerðir er að ræða felst í ákvæðinu að heimilt er að vísa til birtingar þeirra í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, ef þær verða á annað borð innleiddar með tilvísunaraðferðinni. Er þetta sambærilegt fyrirkomulag og gilt hefur um innleiðingu EES-gerða með tilvísunaraðferð í stjórnvaldsfyrirmælum skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. lög nr. 63/2001.

Um 3. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að umferðaröryggismálefni færist fljótlega á árinu 2004 frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og mun því umferðaröryggisáætlun framvegis verða á ábyrgð samgönguráðherra.

Á árinu 2004 er stefnt að því að Umferðarráð og umferðaröryggisnefnd vinni að endurskoðaðri umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 og gefin verði út ný ítarleg skýrsla um málaflokkinn. Að því er stefnt að í henni verði sundurliðuð framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Fjármálaráðuneyti.

Þál. 39/127 um umfang skattsvika, skattsniðgöngu og dulda efnahagsstarfsemi, frá 3. maí 2002 – þskj. 1488.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Leggja skal mat á hvernig þau hafi þróast frá árinu 1993 eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið af þessum sökum.

Jafnframt er markmiðið að greina helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar. Leggja skal fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.

Í þessu skyni skal skipa starfshóp, m.a. með aðild ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, sem skila skal niðurstöðum fyrir 1. júlí 2003.

Fjármálaráðherra skipaði starfshóp í samræmi við þingsályktunartillögu nr. 39/127 frá 3. maí 2002 með skipunarbréfi, dags. 16. júlí 2002. Í starfshópinn voru skipaðir Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík, formaður, Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri. Með starfshópnum hafa starfað sérfræðingar í fjármálaráðuneytinu. Starfshópurinn hefur fundað reglulega frá hausti 2002.

Hlutverk starfshópsins er í fyrsta lagi að athuga hvernig skattsvik, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi hafa, frá því að nefnd sem kannaði umfang skattsvika skilaði skýrslu á árinu 1993, þróast eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið af þessum sökum. Í öðru lagi að athuga helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar. Í skipunarbréfi kemur fram að starfshópurinn skuli leita upplýsinga og ábendinga hjá aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Viðfangsefni þessa starfshóps er að mörgu leyti víðfeðmara en fyrri sambærilegra starfshópa þar sem verkefni hans lýtur ekki eingöngu að skattsvikum heldur einnig skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Nefndin frá 1993 afmarkaði t.d. umfjöllun sína um skattsvik við refsiverð brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt, virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjald.

Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað í íslensku samfélagi frá útkomu síðustu skýrslu er snerta viðfangsefni starfshópsins. Þannig hafa frjálsir fjármagnsflutningar og frjálsari viðskipti milli landa aukist frá því sem áður var. Hefur sú þróun kallað á ný athugunarefni fyrir skattyfirvöld sem gefa þarf gaum. Hefur starfshópurinn því kannað þennan þátt sérstaklega.

Starfshópurinn hefur aflað ýmissa gagna bæði innanlands og utan. Í samanburði við aðrar þjóðir hefur einkum hefur verið litið til annarra þjóða á Norðurlöndum. Hafa nefndinni m.a. borist skýrslur og gögn úr sambærilegum úttektum sem unnar hafa verið þar. Þá hafa fulltrúar

starfshópsins sótt seminar um skattsniðgöngu og skattsvik sem haldið var í Ósló nú í vor á vegum ríkisskattstjóraembætta Norðurlandanna.

Starfshópurinn hefur óskað eftir ábendingum og athugasemdum frá ýmsum innlendum aðilum, svo sem hagsmunasamtökum og opinberum stofnunum. Þá hefur verið framkvæmd könnun á vegum Gallups þar sem könnuð var afstaða manna til skattsvika og þátttaka í slíkum brotum. Er könnunin sambærileg fyrri könnunum sem gerðar hafa verið og verður hún birt í lokaskýrslu starfshópsins.

Þar sem erfiðlega hefur gengið að afla gagna hefur vinna hópsins tafist. Í skýrslu sambærilegrar nefndar, sem lauk störfum á árinu 1993, voru skattsvik m.a. metin með samanburði úr þjóðhagsreikningum eftir mismunandi uppgjörsaðferðum, annars vegar framleiðsluuppgjöri og hins vegar ráðstöfunaruppgjöri. Mismunur þessara tveggja aðferða gaf vísbendingu um þær tekjur sem ekki eru taldar til skatts. Í fyrrnefndri skýrslu frá 1993 voru framangreindar upplýsingar birtar vegna áranna 1975–1992. Starfshópurinn hefur nú undir höndum samsvarandi tölur vegna áranna 1993–1997 sem birtar verða í lokaskýrslu starfshópsins. Vegna breyttra aðferða við úrvinnslu framangreindra gagna hefur starfshópnum hins vegar ekki tekist að afla sambærilegra gagna vegna áranna 1998 til og með 2002.

Starfshópur sem stefnir að því að ljúka störfum sem allra fyrst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Þál. 31/127 um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi, frá 3. maí 2002 – þskj. 1479.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verður hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameins hér á landi.

Ráðuneytið ritaði Landlæknisembættinu bréf dagsett 19. júlí 2002 þar sem farið var fram á það við landlækni að hann gerði umbeðnar tillögur. Ráðuneytinu var þá kunnugt að landlæknir hafði skipað starfshóp snemma árs 2000 til þess að gera tillögur að leiðbeiningum um skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi.

Landlæknir svaraði ráðuneytinu með bréfi dagsettu 15. júlí 2003. Bréfinu fylgdi greinargerð frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um kostnað og ábata af krabbameinsskimun í ristli og endaþarmi sem gerð var í nóvember 2002.

Hópur sá, sem starfaði á vegum Landlæknisembættisins, skilaði mjög ítarlegri greinargerð um skipulag ristilkrabbameinsleitar þar sem lagt er til að komið verði á laggirnar leit sem yrði skipulögð eftir svipuðum aðferðum og nú eru notaðar við leit að leghálss- og brjóstakrabbameini. Kostnaðarmat fylgdi einnig en árlegur heildarkostnaður vegna leitarinnar var talinn vera tæpar 120 millj. kr.

Tillögur landlæknis hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu. Um mjög umfangsmikla aðgerð er að ræða sem mörg nágrannalönd hafa ekki tekið endanlega afstöðu til. Ráðuneytið er því með tillögu landlæknis til frekari skoðunar og á meðan er fylgst með þróun þessara mála hjá nágrannalöndum og á alþjóðlegum vettvangi.

Þál. 32/127 um óhefðbundnar lækningar, frá 3. maí 2002 – þskj. 1480.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálastungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. *Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.*
2. *Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.*
3. *Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.*
4. *Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.*

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003.

Í framhaldi af ályktun Alþingis um úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd sem falið var að vinna að könnun og tillögugerð í anda þingsályktunarinnar.

Nefndin var skipuð í lok árs 2002 og sitja í henni Guðmundur Sigurðsson læknir, formaður nefndarinnar, Ástríður Svava Magnúsdóttir nuddari, Dagný E. Einarsdóttir hómópati, Einar Magnússon, yfirlyfjafræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Haraldur Ólafsson prófessor, Nanna Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur, Sólveig Guðmundsdóttir, yfirlögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf í byrjun árs árið 2003. Nefndinni var ætlað að skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála og var henni skilað með bréfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu dagsettu 3. október 2003 til forseta Alþingis þar sem þess var farið á leit að skýrslunni yrði dreift til þingmanna. Skýrsla heilbrigðisráðherra var lögð fyrir Alþingi 6. október 2003. Nefndin gerir ráð fyrir að skila lokaskýrslu á fyrsta ársfjórðungi árið 2004.

Sjá: http://www.althingi.is/altext/130/s/0097.html

Þál. 36/127 um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, frá 3. maí 2002 – þskj. 1484.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd er hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku

ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana. Jafnframt verði gert árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.

Á undanförnum mánuðum hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið unnið að gerð heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana og starfar innan ráðuneytisins hópur sem hefur það hlutverk að annast undirbúning og gagnasöfnun vegna verkefnisins.

Leitað var til erlends sérfræðings um aðstoð við þetta verkefni hvað varðar skipulag og efnistök.

Hefur vinnuhópurinn haft samstarf við félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg og rætt hefur verið við helstu sérfræðinga ríkisins á sviði árangursmats og meðferðar.

Í haust var unnið að ítarlegri gagnasöfnum með landskönnun um meðferðarstofnanir þar sem m.a. er ætlunin að safna upplýsingum um árangursmat eins og það er framkvæmt, aðstöðu og veitta þjónustu. Ráðinn hefur verið starfsmaður í hlutastarf til að sinna þessu verkefni.

Gert er ráð fyrir að vinnuhópurinn ljúki störfum í byrjun sumars. Að þeim loknum mun ráðuneytið móta tillögur um stefnu í málaflokknum. Einnig má benda á svar heilbrigðisráðherra frá 18. febrúar 2004 við munnlegri fyrirspurn frá Alþingi á þskj. 784.

Sjá: http://www.althingi.is/altext/130/02/l18143825.sgml

Þál. 37/127 um aukin rétt foreldra vegna veikinda barna, frá 3. maí 2002 – þskj. 1485

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2002.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar um málefni langveikra barna, sem samþykkt var í febrúar árið 2000, er kveðið á um nefnd sem „...hefði það hlutverk að tryggja betur en nú rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna veikinda barns." Ákveðið var að sú nefnd yrði á forræði félagsmálaráðuneytisins og er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir formaður þeirrar nefndar. Fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er Ingibjörg Georgsdóttir, barnalæknir hjá Tryggingastofnun ríkisins, og hefur hún kynnt ráðherra framgang nefndarstarfa. Jafnframt eru í nefndinni fulltrúar menntamálaráðuneytisins og vinnumarkaðarins, fulltrúar frá samtökum um málefni langveikra barna o.fl. Vísast í frekari upplýsingar til félagsmálaráðuneytisins varðandi þessa nefnd.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er reiðubúið að veita frekari upplýsingar um framgang þessarar þingaályktunar sé þess óskað.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Þál. 30/127 um stefnu í byggðamálum 2002–2005, frá 3. maí 2002 – þskj. 1470.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. *Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.*
b. *Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.*
c. *Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.*
d. *Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.*
e. *Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.*

Skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 var dreift á 130. löggjafarþingi. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Sjá: http://idnadarraduneyti.is/utgefid-efni/skyrslur/nr/1322

Þál. 34/127 um vistvænt eldsneyti á Íslandi, frá 3. maí 2002 – þskj. 1482.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Nefndin taki m.a. afstöðu til álagningar á eldsneyti og fjalli um uppbyggingu innviða, framtíðarskipulag eldsneytismála, stuðning við tilraunir og áhrif vistvæns eldsneytis á íslenskt efnahagslíf. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum, frá iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og fyrirtækinu Íslenskri nýorku ehf. Tillögur nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. nóvember 2002.

Hinn 11. apríl 2002 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka nefnd fulltrúa ráðuneyta orkumála, umhverfismála, fjármála, samgangna og sjávarútvegs til að vinna að heildstæðri úttekt og mótun stefnu á orkumálum samgangna hér á landi. Megintilgangur þessarar vinnu er að ráðuneytin fái yfirsýn yfir stöðu og framvindu í orkumálum samgangna og geti mótað stefnu hér á landi í þessu efni til framtíðar.

Ráðuneytið taldi eðlilegt að fela þessari nefnd að vinna að þeirri stefnumörkun um vistvænt eldsneyti sem felst í þingsályktunartillögunni þar eð verksvið nefndarinnar er nokkru víðtækara en felst í efni hennar.

Þá hafa fulltrúar Íslenskrar nýorku og Orkustofnunar setið fundi nefndarinnar.

Eins og efni tillögunnar ber með sér er hér um að ræða afar umfangsmikið verkefni. Nefndin hefur kynnt sér þróun í notkun vistvæns eldsneytis og þá einkum notkun vetnis sem orkubera. Þá hefur nefndin unnið að úttekt á skattlagningu ökutækja og eldsneytis og rætt um stefnumörkun í þeim efnum með tilliti til aukinnar notkunar vistvænna bifreiða og eldsneytis í náinni framtíð.

Stefnt er að því að nefndin skili tillögum sínum til ráðherra á fyrri hluta árs 2004.

Þál. 33/127 um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, frá 3. maí 2002 – þskj. 1481.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera nauðsynlegar forathuganir til þess að hægt sé að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði. Stefnt verði að því að nauðsynlegum rannsóknum í þágu verkefnisins verði lokið fyrir haustið 2003.

Því miður eru nauðsynlegar rannsóknir og áætlanagerð vegna virkjunar Hvalár skammt á veg komnar en unnið er þó markvisst að nauðsynlegum vatnamælingum á svæðinu. Orkustofnun hefur þó unnið að frumáætlunum fyrir virkjun Hvalár á síðustu 2–3 árum í tengslum við starf nefndar sem skipuð var til að gera úttekt á virkjunarkostum á Vestfjörðum. Engin sérstök fjárveiting hefur fengist til að vinna að nauðsynlegum rannsóknum vegna framkvæmdar þingsályktunarinnar en nokkuð hefur verið unnið fyrir hluta af fjárveitingu Orkustofnunar til rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hvalá var þó ekki tekin með í 1. áfanga áætlunarinnar, meðal annars vegna skorts á upplýsingum um náttúrufar. Hins vegar er að því stefnt að Hvalá verði tekin með í öðrum áfanga rammaáætlunar. Áætlað hefur verið að nauðsynlegar rannsóknir og áætlanagerð vegna þessa verkefnis kosti um 25 millj. kr.

Þál. 35/127 um sjóðandi lághitasvæði, frá 3. maí 2002 – þskj. 1483.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að beita sér fyrir samvinnu við sveitarfélög og Byggðastofnun um könnun á svæðum með sjóðandi lághita. Rannsóknirnar beinist að því að finna ný sjóðandi lághitasvæði en einnig skal bent á leiðir til að nýta betur orku þegar þekktra svæða í krafti nýrrar tækni.

Á síðasta ári hefur mikið verið unnið að svokölluðu bergsprunguverkefni á vegum Orkustofnunar er telja má að sé grunnur fyrir rannsóknir og áætlanagerð um sjóðandi lághita. Áherslur hafa einkum beinst að gerð sprungukorta fyrir Borgarfjörð og efri hluta Árnessýslu. Þetta verkefni er kostað af orkufyrirtækjum og Orkustofnun sameiginlega.

Í framhaldi af samþykkt ofangreindrar þingsályktunar óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því að Orkustofnun gerði tillögu um nauðsynlegar rannsóknir vegna sjóðandi lághita til að unnt yrði að vinna að framkvæmd hennar. Fjárveiting fékkst ekki til verkefnisins á árinu 2003 en líkur eru á því að úr því geti ræst á árunum 2004 og 2005 og verkefninu yrði þá væntanlega lokið eigi síðar en á árinu 2006.

Jafnhliða fyrirhuguðum rannsóknum er ráðgert að Orkustofnun, í samvinnu við Byggðastofnun og viðkomandi sveitarfélög, muni vinna að úttekt á reynslu sem fengist hefur af nýtingu á sjóðandi lághita og möguleikum á aukinni nýtingu hans. Við þessa vinnu verður höfð hliðsjón af nýjustu tækni við nýtingu slíkra svæða sem leitt getur til betri nýtingar orkunnar og þeim atvinnumöguleikum sem kunna að felast í aukinni nýtingu þessara jarðhitasvæða.

Landbúnaðarráðuneyti.

Þál. 26/127 um landgræðsluáætlun 2003–2014, frá 30. apríl 2002 – þskj. 1448.

Alþingi ályktar að á næstu 12 árum skuli fjármagn veitt til landgræðslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Fjármagni þessu skal varið til landgræðsluaðgerða samkvæmt eftirfarandi áætlun.

Þingsályktuninni fylgja töflur yfir áætlun um fjáröflun og kostnaðaráætlun skipt niður á tvö tímabil, 2003–2014 og 2003–2006.

Sjá: http://www.althingi.is/altext/127/s/1448.html

Um áætlunina.

Markmið landgræðsluáætlunar eru fjölþætt. Henni er ætlað að herða sóknina gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs og jafnframt að styrkja byggðir og bæta landkosti með hag allrar þjóðarinnar að leiðarljósi.

Meginähersla verður lögð á eftirfarandi:

1. Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar.
2. Gróðurvernd og stjórn landnýtingar.
3. Uppgræðslu lands.
4. Ýmis önnur atriði, svo sem a) varnir gegn landbroti vegna ágangs fallvatna; b) upplýsingaöflun; c) rannsóknir og þróun; d) fræðslu og ráðgjöf; e) kolefnisbindingu.

Framkvæmd ályktunarinnar.

Á árinu 2003 var unnið í anda þingsályktunarinnar. Hefðbundnum landgræðsluaðgerðum var beitt á þeim svæðum sem landgræðslan hefur unnið á um lengri eða skemmri tíma. Geta má tveggja nýmæla:

a) *Landbótasjóður* tók til starfa. Auglýst var eftir styrkumsóknum í hinn nýja sjóð til skilgreindra landgræðsluverkefna. Á árinu 2003 voru veittir 18 styrkir úr Landbótasjóði. Ætlunin var að úthluta enn frekari styrkjum á árinu 2004 en þar sem fjárveitingar eru mun minni en áætlunin gerði ráð fyrir mun það hafa áhrif á styrkveitingar þessa árs.
b) *Nýtt héraðssetur á Egilsstöðum* var opnað á árinu 2003 í samræmi við þingsályktunina og er það til viðbótar við önnur setur í hinum landsfjórðungunum. Með þeim er verið að færa frumkvæði og ákvörðunarvald nær þeim sem standa næst landgræðsluverkefnunum.

Í landgræðsluáætluninni er sérstaklega fjallað um ýmis stoðverkefni í landgræðslu, s.s. fræöflun, sjálfbæra landnýtingu, gagnaöflun, áætlanagerð, rannsóknir, þróun, fræðslu og ráðgjöf. Að þeim var unnið á árinu 2003.

Fræöflun: Til að mæta aukinni fræþörf var leitað í auknum mæli til bænda um framleiðslu á fræi af helstu landgræðslutegundum. Jafnframt var þróuð frærækt af nýjum landgræðslutegundum.

Sjálfbær landnýting: Unnið var með sveitarstjórnum að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á afréttum landsins. Bændum og samtökum búfjáreigenda var veitt aðstoð og ráðgjöf við beitarskipulag og mat á hóflegri nýtingu lands.

Gagnaöflun og áætlanagerð: Unnið var að skrá um öll svæði Landgræðslunnar og verkefni, sem unnin eru á hennar vegum, í gagnagrunni sem er aðgengilegur starfsmönnum og almenningi. Unnið var að bókhaldi um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Áhersla var lögð á gerð samræmds gagnagrunns um vistkerfi, ástand lands og landgræðslustarfið. Gerðar voru áætlanir um aðgerðir á landgræðslusvæðum.

Rannsóknir og þróun: Unnið var að rannsóknum og þróun á sviði uppgræðslu, vistheimtar og ástandi lands. Alls var unnið að 15 stærri verkefnum m.a. um tegundir til landgræðslu, uppgræðslutækni, mat á ástandi gróðurs og jarðvegs, árangri landgræðsluaðgerða og áhrif beitar á gróður og jarðveg. Tekið var þátt í vísindastarfi Evrópusambandsins á sviði landgræðslu og gróðureyðingar.

Fræðsla og ráðgjöf: Unnið var að gerð fræðsluefnis um landgræðslustarfið og verndun vistkerfa. Samstarf var við skóla og aðra aðila um gerð fræðsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla um landgræðslu og gróðurvernd. Námskeið voru haldin um landlæsi og beitarstjórn fyrir landnotendur. Samstarf var við menntastofnanir landbúnaðarins um fræðslu á sviði landgræðslu og landnýtingar. Leiðbeint var fjölda áhugamanna, félaga og félagasamtaka í ferðum þar sem unnið var að landbótum.

Samgönguráðuneyti.

Þál. 27/127 um flugmálaáætlun árið 2002, frá 2. maí 2002 – þskj. 1463.

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

Flugmálastjórn fer með framkvæmd þingsályktunar um flugmálaáætlun. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 2002, þskj. 695, sem dreift var á haustþingi 2003. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Sjá: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mnr=472

Þál. 28/127 um vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frá 2. maí 2002 – þskj. 1464.

Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 2000–2004 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

Vegagerðin fer með framkvæmd þingsályktunar um vegáætlun. Vísað er til skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2002, þskj. 1135, sem dreift var á vorþingi 2003. Þar er að finna umbeðnar upplýsingar um framkvæmd þingsályktunarinnar.

Sjá: http://www.althingi.is/altext/128/s/1135.html

Utanríkisráðuneyti.

Þál. 1/127 um samning um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða, frá 12. desember 2001 – þskj. 556.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958.

Ísland gerðist aðili að samningnum 24. janúar 2002 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 24. apríl 2002.

Þál. 2/127 um samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 2002, frá 12. desember 2001 – þskj. 557.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 sem gerðir voru í London 9. nóvember 2001:

1. *Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002.*
2. *Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.*
3. *Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norskíslenska síldarstofninum á árinu 2002.*
4. *Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002.*
5. *Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002.*

Framangreindum samningum, sem giltu aðeins fyrir árið 2002, var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2002. Þeir voru staðfestir af Íslands hálfu 21. desember 2001 en þeim var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 4/127 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frá 4. febrúar 2002 – þskj. 735.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001 frá 18. maí 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999, um urðun úrgangs.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 25. febrúar 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. apríl 2002.

Þál. 5/127 um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, frá 8. mars 2002 – þskj. 948.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. desember 1997 og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 9. desember 1999.

Samningarnir voru fullgiltir af Íslands hálfu 15. apríl 2002 og öðluðust þeir gildi að því er Ísland varðar 15. maí 2002.

Þál. 6/127 um fullgildingu samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu, frá 20. mars 2002 – þskj. 1027.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 3. maí 2002 og öðlaðist hann gildi 1. september 2002.

Þál. 7/127 um fullgildingu samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu, frá 20. mars 2002 – þskj. 1028.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Makedóníu sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 3. maí 2002 og öðlaðist hann gildi 1. ágúst 2002.

Þál. 8/127 um fullgildingu samnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu, frá 20. mars 2002 – þskj. 1029.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 30. apríl 2002 og öðlaðist hann gildi 1. september 2002.

Þál. 9/127 um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, frá 10. apríl 2002 – þskj. 1179.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu sem undirritaður var í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 22. apríl 2002 og öðlaðist hann gildi 1. júní 2002.

Þál. 10/127 um aðild að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1296.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasamþykktinni 28. maí 2002 en hún hefur enn ekki öðlast gildi.

Þál. 11/127 um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1297.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni sem gerður var 22. maí 2001.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 29. maí 2002 en hann hefur ekki enn öðlast gildi.

Þál. 12/127 um aðild að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunni, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1298.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu sem gerð voru í Róm 10. mars 1988.

Ísland gerðist aðili að samningnum og bókuninni 28. maí 2002 og öðluðust þau gildi að því er Ísland varðar 26. ágúst 2002.

Þál. 13/127 um aðild að Kyótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1299.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerð var 10. desember 1997.

Ísland gerðist aðili að bókuninni 23. maí 2002 en hún hefur ekki enn öðlast gildi.

Þál. 15/127 um breytingu á bókun 26 við EES-samninginn (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA), frá 20. apríl 2002 – þskj. 1315.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 10. júní 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 2003.

Þál. 16/127 um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn (öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum o.fl.), frá 20. apríl 2002 – þskj. 1316.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 10. júní 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2002.

Þál. 17/127 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (umhverfismál), frá 20. apríl 2002 – þskj. 1317.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Ákvörðunin var staðfest af Íslands hálfu 10. júní 2002 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 2002.

Þál. 18/127 um samning um vörslu kjarnakleyfra efna, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1318.

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 3. mars 1980.

Ísland gerðist aðili að samningnum 18. júní 2002 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 18. júlí 2002.

Þál. 19/127 um samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu 2002, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1319.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 24. janúar og 28. febrúar 2002.

Samningurinn, sem gildir aðeins fyrir árið 2002, öðlaðist gildi til bráðabirgða 28. febrúar 2002. Hann var staðfestur af Íslands hálfu 3. maí 2002 en honum var ekki veitt formlegt gildi.

Þál. 23/127 um samning um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, frá 20. apríl 2002 – þskj. 1323.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl sem samþykktar voru í Washington 17. nóvember 2000.

Breytingarnar voru staðfestar af Íslands hálfu 12. júní 2002 en þær hafa ekki enn öðlast gildi.

Þál. 25/127 um deilur Ísraels og Palestínumanna, frá 30. apríl 2002 – þskj. 1446.

Alþingi lýsir áhyggjum sínum af því ófriðarástandi sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og fordæmir það ofbeldi sem þar á sér stað. Alþingi leggur áherslu á að öryggi óbreyttra borgara sé tryggt og alþjóðleg mannréttindi virt og telur brýnt að send verði eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum á svæðið í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405(2002).

Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna, að deiluaðilar semji um vopnahlé og að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra í samræmi við nýjustu ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi vísar til ályktunar sinnar frá 18. maí 1989, ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397(2002), 1402(2002) og 1403(2002) um leið og það lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Ísrael og Palestínumenn leysi úr ágreiningsefnum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykkta Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðherra kynnti þingsályktunina fyrir Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísrael, í Jerúsalem 29. maí 2002 og Yasser Arafat, forseta heimastjórnar Palestínumanna, í Ramallah 31. maí 2002.

1492. Svar [746. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar og Sigurjóns Þórðarsonar um úrskurðarnefndir.

1. *Hversu margar sjálfstæðar og óháðar úrskurðarnefndir eru starfandi á vegum ríkisins, hvað heita þær og hver eru verkefni þeirra?*

Litið er svo til að átt sé við nefndir sem lögum samkvæmt er falið úrskurðarvald um stjórnvaldsákvarðanir, en þó skipað til hliðar við hið almenna stjórnkerfi á þann hátt að vera undanskildar þeim stjórnunar- og eftirlitsheimildum sem almennt eru fólgnar í yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytin hafa látið í té, eru starfræktar 42 slíkar nefndir og eru heiti þeirra og verkefni talin hér á eftir ásamt upplýsingum um lagagrundvöll starfrækslu þeirra.

Forsætisráðuneyti.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Verkefni: Leysir úr ágreiningsmálum um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum á grundvelli upplýsingalaga.

Lagagrundvöllur: V. kafli upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Óbyggðanefnd.

Verkefni:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Lagagrundvöllur: III. kafli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Bótanefnd.

Verkefni: Tekur ákvörðun um greiðsluskyldu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Lagagrundvöllur: IV. kafli laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Mannanafnanefnd.

Verkefni:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem teljast heimil skv. 5. og 6. gr. laga um mannanöfn og er hún nefnd mannanafnaskrá.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.
3. Að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Lagagrundvöllur: VIII. kafla laga um mannanöfn, nr. 45/1996.

Matsnefnd eignarnámsbóta.
Verkefni: Sker úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.
Lagagrundvöllur: 2. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Nefnd um dómarastörf.
Verkefni: Nefndin setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara og að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Nefndin tekur á móti kvörtunum varðandi slík mál og getur í áliti sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu. Þá getur nefndin einnig veitt dómara áminningu fyrir vanrækslu í starfi eða ámælisvert framferði hans utan starfs eftir að slíkri kvörtun hefur verið beint til nefndarinnar af hálfu forstöðumanns dómstóls eða dómsmálaráðherra.
Lagagrundvöllur: IV. kafli laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Úrskurðarnefnd um áfengismál.
Verkefni: Úrskurðar um ágreining sem rís vegna ákvarðana sem sveitarstjórn tekur samkvæmt áfengislögum.
Lagagrundvöllur: VIII. kafla áfengislaga nr. 75/1998.

Áfrýjunarnefnd ágreinings á kirkjulegum vettvangi.
Verkefni: Niðurstöðum úrskurðarnefndar skv. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar má skjóta til áfrýjunarnefndar.
Lagagrundvöllur: 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Félagsmálaráðuneyti.
Kærunefnd barnaverndarmála.
Verkefni: Fjallar samkvæmt kæru um úrskurði og ákvarðanir barnaverndarnefnda og um tilteknar ákvarðanir Barnaverndarstofu.
Lagagrundvöllur: 6. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Kærunefnd húsnæðismála.
Verkefni: Sker úr ágreiningi um ákvarðanir stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda sveitarfélaga.
Lagagrundvöllur: IX. kafli laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.
Verkefni: Fjallar samkvæmt kæru um ákvarðanir úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta um bætur og missi þeirra.
Lagagrundvöllur: 17. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu.
Verkefni: Fjallar samkvæmt kæru um ákvarðanir félagsmálanefnda sveitarstjórna.
Lagagrundvöllur: XVII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.
Verkefni: Úrskurðar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof.
Lagagrundvöllur: 5. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Fjármálaráðuneyti.
Kjaradómur.
Verkefni: Ákveður laun og önnur kjör forseta Íslands, alþingismanna, ráðherra, hæstaréttardómara, héraðsdómara, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og umboðsmanns barna.
Lagagrundvöllur: Lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992.

Kjaranefnd.
Verkefni: Að ákveða laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem kjaradómur fjallar um, lögreglumanna, tollvarða og fangavarða. Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör prófessora, sem gegna því starfi að aðalstarfi.
Lagagrundvöllur: Lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992.

Kærunefnd útboðsmála.
Verkefni: Leysir úr kærum vegna ætlaðra brota á lögum um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim.
Lagagrundvöllur: Lög um opinber innkaup, nr. 94/2001.

Ríkistollanefnd.
Verkefni: Fer með æðsta úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um ágreining innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum.
Lagagrundvöllur: 37. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Yfirfasteignamatsnefnd.
Verkefni: Annast yfirmat fasteigna.
Lagagrundvöllur: 33. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Yfirskattanefnd.
Verkefni: Fer með æðsta úrskurðarvald á stjórnsýslustigi í skattamálum.
Lagagrundvöllur: Lög um yfirskattanefnd, nr. 30/1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Úrskurðarnefnd almannatrygginga.
Verkefni: Úrskurðar í ágreiningsmálum um bætur almannatrygginga.
Lagagrundvöllur: 7. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Úrskurðarnefnd um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.
Verkefni: Úrskurðar í ágreiningsmálum um framkvæmd fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða.
Lagagrundvöllur: 28. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975.

Úrskurðarnefnd um tæknifrjóvgun.
Verkefni: Úrskurðar í ágreiningsmálum um framkvæmd tæknifrjóvgunar.
Lagagrundvöllur: 3. mgr. 3. gr. laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996.

Iðnaðarráðuneyti.
Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda
Verkefni: Úrskurðar um ágreining í vörumerkja- og einkaleyfamálum.
Lagagrundvöllur: 63. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997.

Úrskurðarnefnd raforkumála.
Verkefni: Úrskurðar í kærum á ákvörðunum Orkustofnunar um gjaldskrár eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitna.
Lagagrundvöllur: 30. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Landbúnaðarráðuneyti.
Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum.
Verkefni: Framkvæmir yfirmat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda.
Lagagrundvöllur: Ábúðarlög nr. 64/1976, sbr. 21/2000.

Yfirmatsnefnd um lax- og silungsveiði.
Verkefni: Framkvæmir yfirmat samkvæmt ýmsum ákvæðum laganna.
Lagagrundvöllur: Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Úrskurðarnefnd um greiðslumark o.fl.
Verkefni: Leysir úr ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýla, skráningu, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar.
Lagagrundvöllur: Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

Ullarmatsnefnd.
Verkefni: Sker úr ágreiningi um ullar og gærumat.
Lagagrundvöllur: Lög um flokkun og mat á gærum og ull, nr. 57/1990.

Menntamálaráðuneyti.
Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna
Verkefni: Úrskurðar um úrskurði stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
Lagagrundvöllur: 5. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.
Verkefni: Úrskurðar í kærumálum nemenda við ríkisháskóla eða háskóla, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra.
Lagagrundvöllur: 5. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, og rg. nr. 73/1999.

Útvarpsréttarnefnd.
Verkefni: Veitir útvarpsleyfi og hefur eftirlit með framkvæmd útvarpslaga.
Lagagrundvöllur: 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Samgönguráðuneyti.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Verkefni: Úrskurðar í kærum á ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Lagagrundvöllur: 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Úrskurðarnefnd siglingamála.

Verkefni: Úrskurðar í kærum á ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands.

Lagagrundvöllur: 13. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Úrskurðarnefnd vegna álagningar gjalds af ólöglegum sjávarafla.

Verkefni: Úrskurðar um álagningu sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla.

Lagagrundvöllur: 6. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útgerðarmanna.

Verkefni: Ákveður fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa.

Lagagrundvöllur: II. kafli laga um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998.

Umhverfisráðuneyti.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála.

Verkefni: Úrskurðar um ágreining í skipulags- og byggingarmálum.

Lagagrundvöllur: 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnarmála.

Verkefni: Úrskurðar um ágreining um framkvæmd laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga.

Lagagrundvöllur: 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Utanríkisráðuneyti.

Kaupskrárnefnd.

Verkefni: Úrskurðar um ráðningarkjör, launakjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins þar sem varnarliðið er ekki aðili að kjarasamningum.

Lagagrundvöllur: 6. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, og reglugerð um kaupskrárnefnd varnarsvæða nr. 284/1999.

Kærunefnd kaupskrárnefndar.

Verkefni: Úrskurðar að uppfylltum skilyrðum um niðurstöðu kaupskrárnefndar varnarsvæða.

Lagagrundvöllur: 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, og 14. gr. reglugerðar um kaupskrárnefnd varnarsvæða nr. 284/1999.

Skaðabótanefnd.

Verkefni: Úrskurðar um skaðabótakröfur íslenskra aðila á hendur varnarliðinu.

Lagagrundvöllur: 2. tölul. 12. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir

þeirra, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Viðskiptaráðuneyti.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Verkefni: Úrskurðar í kærum á ákvörðunum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.
Lagagrundvöllur: 9. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Kærunefnd vegna ákvarðana Fjármálaeftirlits.

Verkefni: Úrskurðar í kærum á ákvörðunum Fjármálaeftirlits.
Lagagrundvöllur: 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

2. *Hver var heildarkostnaður ríkisins af starfsemi þessara úrskurðarnefnda árin 2002 og 2003?*

Heildarkostnaður ríkisins af starfsemi framangreindra úrskurðarnefnda var:

árið 2002	316.148.225 kr.
árið 2003	336.625.320 kr.

1493. Nefndarálit [750. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið Guðmund Thorlacius frá fjármálaráðuneyti og Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra á sinn fund. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Fjármálaeftirlitinu, Sambandi íslenskra sparisjóða og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að sparisjóðum verði heimilt að sækja um samsköttun með dótturfélögum sínum. Í öðru lagi er tillaga um að kveðið verði skýrar á um heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til að láta færa mann til skýrslugjafar ef ítrekaðri kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt. Í þriðja lagi er lagt til að til áréttingar verði tiltekið að fjárhæðir barnabóta og vaxtabóta, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 og við ákvörðun bóta á því ári vegna tekna og eigna á árinu 2003.

Meiri hlutinn leggur til að breytingar verði gerðar á 2. gr. frumvarpsins þannig að ákvæðið verði samhljóða sams konar ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Í fyrsta lagi að orðið „ítrekaðri“ verði fellt brott. Er það gert til að koma í veg fyrir að ákvæðið torveldi framkvæmd. Ætla má að orðið gæti skapað vafa um það hvenær lögreglu verði skylt að færa aðila til skýrslugjafar, þ.e. hvort það sé þegar kvaðningu hefur ekki verið sinnt tvisvar eða oftar. Því er lagt til að kveðið verði afdráttarlaust á um það að ef kvaðningu hefur ekki verið sinnt sé lögreglu skylt að færa viðkomandi til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra.

Í öðru lagi er lagt til að lögreglu verði einungis heimilt að færa aðila til skýrslugjafar ef

kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt án lögmætra forfalla. Þetta er til samræmis við ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála.

Til umræðu kom í nefndinni hvort nota ætti orðið „maður“ í stað orðsins „aðili“ í ákvæðinu. Niðurstaðan varð sú að nota síðarnefnda orðið til samræmis við lög um meðferð opinberra mála.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Við 5. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa aðila til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Dagný Jónsdóttir.
Gunnar Birgisson.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1494. Lög [204. mál]

um vátryggingarsamninga.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1358.

1495. Lög [451. mál]

um rannsókn flugslysa.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1357 með þessari breytingu:

15. gr. hljóðar svo:

Rannsóknarnefnd flugslysa ákveður að teknu tilliti til rannsóknarhagsmuna sinna og lögreglu, sbr. 2. mgr. 2. gr., sem og annarra, hvenær hún lætur af hendi loftfar eða hluta þess, svo og önnur gögn sem hún hefur tekið í sína vörslu.

Gögn úr flugritum og upptökur ber að varðveita varanlega á tryggilegan hátt.

1496. Lög [162. mál]

um varnir gegn mengun hafs og stranda.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1136 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. *Besta fáanleg tækni:* Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með „fáanlegri tækni“ er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með „bestu“ er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.
2. *Bráðamengun:* Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.
3. *Fljótandi efni:* Vökvar með lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/sm^2 við 37,8°C.
4. *Flutningur olíu, hættulegra efna og eiturefna:* Flutningar á efnum sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um sjóflutninga á hættulegum varningi, IMDG-kóðann, um sjóflutninga á hættulegum efnum í farmgeymum skipa, IBC-kóðann, um flutning á olíu í farmgeymum skipa, eða ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum, þ.e. þeim efnum sem falla undir viðauka I, II og III í MARPOL-samningnum, þegar þau eru flutt sem farmur í skipum, og efnum sem flokkuð eru sem hættuleg á landi.
5. *Hafnarsvæði:* Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum.
6. *Kjölfestuvatn:* Vatn, ásamt uppleysanlegum efnum og gruggi, sem er tekið um borð í skip í því skyni að stjórna styrk, halla, kjölristu, stöðugleika eða álagi skips.
7. *Losun:* Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:
   a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
   b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
   c. að kasta í hafið óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu.
8. *Lýsi og grútur:* Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum og niðurbrotsefni þeirra.
9. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
10. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginnar að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnsins og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

11. *Mengunartjón:* Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
12. *Netlög:* Sjávarbelti 115 m frá stórstraumsfjöruborði.
13. *Olía:* Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.
14. *Olíuflutningaskip:* Skip sem er smíðað eða breytt og aðallega er ætlað til að flytja olíu í lausu í farmrýmum, þ.m.t. fjölnota skip og sérhvert efnaflutningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka II við MARPOL-samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.
15. *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur:* Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.
16. *Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.
17. *Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
18. *Skipaviðgerðarstöð:* Aðstaða þar sem skip eru tekin á land, svo sem slippur eða flotkví.
19. *Skolp frá skipum:* Frárennsli eða annar fljótandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.
20. *Sorp frá skipum:* Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum, svo og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur.
21. *Strönd:* Svæði milli hæstu og lægstu sjávarstöðu.
22. *Umhverfi:* samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
23. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.
24. *Varp:* Þegar efnum eða hlutum er vísvitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sökkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.
25. *Vöktun:* Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

6. gr. hljóðar svo:

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, í reglugerðir almenn ákvæði um:

a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu

landhelginnar, þ.m.t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
b. takmörkun á olíumagni í fráveituvatni sem heimilt er að leiða til sjávar,
c. bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur þar sem slíkt hefur verið skilgreint,
d. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
e. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,
f. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
g. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og ákvæði um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
h. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
i. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
j. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
k. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,
l. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
m. takmörkun eða bann við losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að koma í veg fyrir að framandi lífverur berist til landsins,
n. bann eða takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í viðauka II með lögum þessum,
o. varp efna og hluta í hafið,
p. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
q. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
r. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög þessi,
s. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til erlendrar frumútgáfu efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
t. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar, upplýsingaskyldu og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
u. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
v. bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
w. ábyrgðir og tryggingar vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun í samræmi við ákvæði gildandi laga,
x. umskipun efna, sbr. viðauka II, innan mengunarlögsögu Íslands,
y. önnur sambærileg atriði.

Í reglugerðum sem ráðherra setur samkvæmt lögum þessum er heimilt að vísa í gildandi staðla.

Leita skal umsagnar aðila atvinnulífsins og landssamtaka um umhverfisvernd áður en reglugerðir eru settar.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og

ef við á Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

8. gr. hljóðar svo:

Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Olíumagn blöndu við útrás skal að hámarki vera 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar. Olíublandað fráveituvatn sem losað er í sjó skal leitt um olíuskilju sem uppfyllir gildandi staðla.

Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

Óheimilt er að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í hafið innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu, þ.m.t. plastílát, kaðla og net.

Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarsvæðum og innan netlaga. Um losun skolps utan netlaga fer samkvæmt reglugerð settri skv. 6. gr.

Ráðherra er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og ef við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. Heimilt er að binda undanþáguna skilyrðum, svo sem um að hreinsun fari fram.

16. gr. hljóðar svo:

Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans, sé mengunin af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I. Þessi ábyrgð tekur til tjóns sem nemur allt að 1 milljón SDR. Þeir sem flytja olíu, eiturefni eða hættuleg efni eða stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I skulu taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, svo sem nánar er tilgreint í reglugerð og skal vátryggingarfjárhæðin nema sömu fjárhæð. Nánari ákvæði um vátrygginguna og gildissvið skulu sett í reglugerð. Um skaðabótaábyrgð umfram þessi mörk fer eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.

Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir, sbr. 14. gr.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

18. gr. hljóðar svo:

Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í a-lið viðauka I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I og mælt er frekar fyrir um í reglugerð.

Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð við bráðamengun.

21. gr. hljóðar svo:

Höfnum og svæðisráðum er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi á grunni gjaldskrár sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við starfsemi á vegum hafna vegna mengunar innan hafnarsvæða og við starfsemi svæðisráða vegna mengunar. Gjaldskráin skal lögð til grundvallar við uppgjör við Umhverfisstofnun vegna starfa á vegum svæðisráðs og hafna og afnota á mengunarvarnabúnaði í eigu hafna þegar stofnunin ber fjárhagslega ábyrgð á aðgerðum. Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár í viðkomandi skipi eða fasteign.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá ákvæði um leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Umhverfisstofnun skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í eitt ár eftir gjalddaga í viðkomandi skipi eða fasteign þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

Um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Viðaukar hljóða svo:

Viðauki I.

A. Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.

15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m^3.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.
33. Sláturhús.
34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
36. Flugvellir.
37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.

B. Þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi hafs og strandar.

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.
2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.
3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.
4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.
5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Viðauki II.

Listi yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.

5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

1497. Lög [576. mál]

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 867.

1498. Frumvarp til laga [570. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skulu skipaðir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Samstarfsnefndin skal hafa sérstakan ritara og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

1. Byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr., og byggingar stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., en þó ekki til byggingar íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
2. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða, sbr. 2. og 3. tölul. 13. gr. og 14. gr., að frátöldum íbúðum í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
3. Viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila.

4. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.
5. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Þá er Framkvæmdasjóði aldraðra heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins, að undangengnu útboði. Skilyrði fyrir greiðslu húsaleigu er að ekki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra skv. 2. mgr. eða annar styrkur frá ríkinu til að byggja hjúkrunarheimilið. Húsaleiga sem greidd er með þessum hætti telst ígildi stofnkostnaðar. Heimilt er að gera undanþágu frá útboði skv. 1. málsl. þegar sérstaklega stendur á og talið er að útboð muni ekki leiða til lægri húsaleigukostnaðar fyrir ríki og sveitarfélög.

Þegar ríki og sveitarfélög standa saman að uppbyggingu hjúkrunarheimila skal þátttaka sveitarfélaga ekki vera minni en sem nemur 15% af stofnkostnaði og skal eignarhlutur vera í sömu hlutföllum og skipting stofnkostnaðar. Þátttaka sveitarfélaga í greiðslu leigu fyrir hjúkrunarheimili skv. 3. mgr. skal ekki vera minni en sem nemur 15% af leigunni. Taki sveitarfélag þátt í stofnkostnaði eða greiðslu leigu vegna byggingar annarra hjúkrunarheimila skal samþykki þess fyrir greiðsluþátttöku liggja fyrir áður en framkvæmda- og rekstrarleyfi er gefið út. Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag.

Framlög skv. 2. mgr. og húsaleiga skv. 3. mgr. eru ekki veitt nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16. gr. Umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu fylgja sérstök skilmálablöð.

3. gr.

Í stað orðanna „skv. 16. og 17. gr.“ í 3. tölul. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: skv. 16. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Skulu umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu fylgja sérstök skilmálablöð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi, sbr. 1. mgr., fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skal fylgja umsögn og þarfagreining þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Þá skal fylgja greinargerð um fjármögnun, eigendur og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

c. 4. mgr. orðast svo:

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi vegna meiri háttar breytinga á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu, uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og um afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um það hvort breytingarnar hafi áhrif á umfang

starfseminnar og hvort þær leiði til fjölgunar eða fækkunar vistmanna. Þá skulu fylgja upplýsingar um fjármögnun breytinganna.

d. 5. mgr. orðast svo:
Ráðherra veitir framkvæmda- og rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.

e. Fyrirsögn á undan greininni verður: *Framkvæmda- og rekstrarleyfi.*

5. gr.

17. gr. laganna og fyrirsögn á undan greininni falla brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1499. Frumvarp til laga [467. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að annast framkvæmd laga um vitamál og laga um köfun.

b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
13. Að annast framkvæmd laga um siglingavernd.
14. Að birta á heimasíðu sinni íslenska og/eða enska útgáfu alþjóðasamninga á sviði siglinga sem Ísland er aðili að. Jafnframt skal stofnunin birta á heimasíðu sinni enska útgáfu af viðaukum og kóðum sem þeim samningum fylgja og öðrum samningum sem varða flutning á hættulegum efnum með skipum og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Viðaukar þessir og kóðar skulu uppfærðir jafnóðum og breytingar verða á þeim. Þeim sem þess óska skal gefinn kostur á að fá sendar tilkynningar frá Siglingastofnun þegar birtir eru nýir samningar, kóðar eða viðaukar eða þeim breytt á heimasíðunni.

c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Siglingastofnun Íslands aflar sér tekna á eftirfarandi hátt:
1. Með innheimtu gjalda sem kveðið er á um í sérlögum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar, þ.m.t. útgáfu starfsleyfa og atvinnuskírteina og veitingu undanþágna til starfa á skipum.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna.

Gjöld skv. 1.–3. tölul. 5. mgr. skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal gjaldtaka ekki vera meiri en nemur þeim kostnaði. Kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1500. Fyrirspurn [969. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysi ungs fólks í Reykjavík.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvaða úrræði eru í boði fyrir ungt atvinnulaust fólk í Reykjavík (16–25 ára) á vegum stofnana félagsmálaráðuneytisins?
2. Hefur verið gripið til sérstakra aðgerða í atvinnumálum þessa aldurshóps í Reykjavík og þá hverra? Ef ekki, hvenær stendur til að gera átak í atvinnumálum þessa aldurshóps og hvað á þá að gera?
3. Hefur verið gerð sérstök athugun á vegum ríkisins á stöðu ungra Reykvíkinga (16–25 ára) af erlendum uppruna hvað varðar atvinnu og brottfall úr framhaldsskólum? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar úr þeirri athugun? Ef ekki, stendur þá til að athuga þennan hóp sérstaklega í þessu ljósi?
4. Hefur verið gerð einhver athugun á stöðu ungs fólks á aldrinum 16–18 ára sem hefur flosnað upp í námi og átt í erfiðleikum á atvinnumarkaði? Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöðurnar? Ef ekki, stendur til að gera sérstaka athugun á högum þessa hóps?
5. Kæmi til greina að félagsmálaráðuneytið yrði samstarfsaðili að rekstri sérstakrar vinnumiðlunar fyrir ungt fólk (16–25 ára) sem Reykjavíkurborg hefur stofnað?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Þessi fyrirspurn er borin fram í tilefni af orðum félagsmálaráðherra í ræðu á ársfundi Vinnumálastofnunar 26. september 2003. Þar sagði ráðherra að í undirbúningi væri „sérstakt átak í atvinnumálum ungs fólks“ og að koma ætti „á fót staðbundnum samstarfsverkefnum aðila vinnumarkaðarins, menntastofnana, sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar“.

1501. Fyrirspurn [970. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rekstur skólaskips og fræðslu til ungmenna um fiskveiðar og rannsóknir á lífríki sjávar.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvaða kostnaður í rekstri skólaskipsins Drafnar hefur fylgt ungmennafræðslu?
2. Hverjir hafa komið að verkefninu og fjármagnað það?

3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ungmennafræðslunni verði haldið áfram?
4. Mun ráðherra leggja til að Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrki verkefnið eða fjármagni það að öllu leyti?
5. Er það vilji ráðherra að Hafrannsóknastofnun hætti þátttöku í fræðslunni og ef svo er, hvers vegna?
6. Hver á að taka við verkefninu og hvar verður fræðslan veitt?

1502. Nefndarálit [786. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald útgerða til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði lagt af. Frumvarp þetta ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, sbr. 787. mál yfirstandandi löggjafarþings, þar sem lagt er til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september nk. er hluti af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna að taka upp veiðigjald. Ákvörðun stjórnarflokkanna um upptöku veiðigjalds var kynnt sem niðurstaða af sáttaleit þeirra í deilunum um stjórn fiskveiða.

Þessar deilur hafa skekið þjóðina og þennan mikilvæga atvinnuveg árum saman. Umræður um sjávarútvegsmál í aðdraganda síðustu kosninga sýndu svo að ekki varð um villst að þessi tilraun stjórnarflokkanna til að ná betri friði um málið hefur gersamlega mistekist. Foringjum stjórnarflokkanna er nú orðið vel ljóst að veiðigjaldsleiðin er ekki leið til sátta við þjóðina um málið. Meðhöndlun þeirra á þeim tveim frumvörpum sem nú eru til meðferðar á Alþingi er til marks um þetta. Sjávarútvegsráðherra gerði við fyrstu umræðu málanna í þinginu því engin skil hvaða fjárhæðir gætu komið í ríkissjóð í formi veiðigjalds í stað þeirra gjalda sem nú á að leggja af. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd að fá fram upplýsingar um það atriði.

Nefndarmenn fengu því engar upplýsingar um hvaða áhrif glataðar tekjur vegna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og af veiðieftirlitsgjaldi hafa á heildargreiðslur sjávarútvegsins vegna þjónustu hins opinbera og þar með afkomu ríkissjóðs.

Verði frumvarpið um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að lögum má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 millj. kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 92 millj. kr. innheimtu. Verði frumvarpið um afnám veiðieftirlitsgjaldsins að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af veiðieftirlitsgjaldi um 270 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 millj. kr. fyrir árið 2004.

Heildarniðurstaða niðurfelldra gjalda sjávarútvegsins til ríkissjóðs vegna þessara tveggja frumvarpa er þess vegna 782 millj. kr. á árinu 2004 en engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur af veiðigjaldi fyrir þetta ár. Ljóst er þó að veiðigjaldið verður lagt á samkvæmt lögum þar um, sbr. lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þessi vinnubrögð eru forkastanleg og sérlega bagaleg í ljósi þess að stjórnarflokkarnir völdu leið

sem gerir veiðigjaldið háð afkomu útgerða þannig að minni hlutinn hafði ekki forsendur til að meta hver fjárhæð þess gæti orðið.

Minni hlutinn telur þess vegna að forsendur skorti til að Alþingi geti tekið afstöðu til frumvarpsins og leggur til að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umræðu og að 3. umræða fari ekki fram fyrr en upplýsingar um heildarfjárhæð veiðigjalds á þessu ári liggja fyrir.

Alþingi, 20. apríl 2004.

Jóhann Ársælsson, frsm. Jón Gunnarsson. Lára Stefánsdóttir.

1503. Nefndarálit [787. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að veiðieftirlitsgjald falli niður frá 1. september nk. Einnig er lagt til að innheimt verði sama gjald vegna flutnings á sóknardögum milli skipa og innheimt er fyrir flutning á aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild.

Frumvarp þetta ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, sbr. 786. mál yfirstandandi löggjafarþings, þar sem lagt er til að gjald útgerða til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði lagt niður, er hluti af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna að taka upp veiðigjald. Ákvörðun stjórnarflokkanna um upptöku veiðigjalds var kynnt sem niðurstaða af sáttaleit þeirra í deilunum um stjórn fiskveiða.

Þessar deilur hafa skekið þjóðina og þennan mikilvæga atvinnuveg árum saman. Umræður um sjávarútvegsmál í aðdraganda síðustu kosninga sýndu svo að ekki varð um villst að þessi tilraun stjórnarflokkanna til að ná betri friði um málið hefur gersamlega mistekist. Foringjum stjórnarflokkanna er nú orðið vel ljóst að veiðigjaldsleiðin er ekki leið til sátta við þjóðina um málið. Meðhöndlun þeirra á þeim tveim fyrrnefndu frumvörpum sem nú eru til meðferðar á Alþingi er til marks um þetta. Sjávarútvegsráðherra gerði við fyrstu umræðu málanna í þinginu því engin skil hvaða fjárhæðir gætu komið í ríkissjóð í formi veiðigjalds í stað þeirra gjalda sem nú á að leggja af. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hlutans við meðferð málsins í sjávarútvegsnefnd að fá fram upplýsingar um það atriði.

Nefndarmenn fengu því engar upplýsingar um hvaða áhrif glataðar tekjur vegna veiðieftirlitsgjalds og þróunarsjóðsgjalds hafa á heildargreiðslur sjávarútvegsins vegna þjónustu hins opinbera og þar með afkomu ríkissjóðs.

Verði frumvarpið að lögum lækka tekjur ríkissjóðs af veiðieftirlitsgjaldi um 270 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 335 millj. kr. fyrir árið 2004.

Verði frumvarpið um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að lögum má gera ráð fyrir að innheimta á þróunarsjóðsgjaldi á aflamark lækki um 510 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir 650 millj. kr. innheimtu fyrir árið 2004. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins vegna þróunarsjóðsgjalds á skip lækki um 2 millj. kr. frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir

92 millj. kr. innheimtu. Heildarniðurstaða niðurfelldra gjalda sjávarútvegsins til ríkissjóðs vegna þessara tveggja frumvarpa er þess vegna 782 millj. kr. á árinu 2004 en engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur af veiðigjaldi fyrir þetta ár. Ljóst er þó að veiðigjaldið verður lagt á samkvæmt lögum þar um, sbr. lög nr. 85/2002, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þessi vinnubrögð eru forkastanleg og sérlega bagaleg í ljósi þess að stjórnarflokkarnir völdu leið sem gerir veiðigjaldið háð afkomu útgerða þannig að minni hlutinn hafði ekki forsendur til að meta hver fjárhæð þess gæti orðið.

Minni hlutinn telur þess vegna að forsendur skorti til að Alþingi geti tekið afstöðu til frumvarpsins og leggur til að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umræðu og að 3. umræða fari ekki fram fyrr en upplýsingar um heildarfjárhæð veiðigjalds á þessu ári liggja fyrir.

Alþingi, 20. apríl 2004.

Jóhann Ársælsson, frsm. Jón Gunnarsson. Lára Stefánsdóttir.

1504. Svar [591. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um fangelsis- og refsimál.

1. Hver er stefna dómsmálaráðuneytis í fangelsis- og refsimálum?

Almennt er það að segja að ráðuneytið leggur megináherslu á að stofnanir þess hafi aðstöðu til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin með lögum og reglugerðum. Hlutverk refsivörslukerfisins er í stystu máli að sjá til þess að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákveðin af dómstólum, að sjálfsögðu að teknu tilliti til reglna um reynslulausn og náðanir. Fram hjá þessu meginhlutverki refsivörslukerfisins verður ekki horft og ekkert við því að segja að hegning komi illa við þann sem henni er beittur. Það breytir þó vitaskuld ekki því að ekki er sama hvernig farið er með fanga og ráðuneytið er vissulega þeirrar skoðunar að aðbúnaður þeirra og viðurgerningur verði að vera með sæmilegum hætti, eins og ætlast má til í fangelsi. Jafnframt því telur ráðuneytið æskilegt að refsifangar sem vilja snúa líferni sínu til betri vegar fái aðstoð til þess ef þeir þurfa hennar með. Þannig hefur kennsla á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands skilað góðum árangri í fangelsinu á Litla-Hrauni og vafalítið orðið til þess að hjálpa mörgum föngum og opna þeim ýmsa möguleika þegar úr fangelsinu hefur komið. Ráðuneytið telur það kennslustarf ákaflega mikilvægt. Fangelsisyfirvöld hafa átt afar farsælt samstarf við félagasamtökin Vernd en í húsi félagsins í Reykjavík, þar sem allt að 20 manns geta dvalið í senn, hafa mjög margir fangar lokið síðustu mánuðum afplánunar sinnar og þar með hafa viðbrigðin orðið minni við endanlega lausn. Þá er nokkuð um að fangar hafi lokið afplánun sinni á meðferðarstofnunum vegna áfengis- eða vímuefnavanda. Reynt er að tryggja föngum vinnu við hæfi og eftir getu þeirra og gera þeim kleift að nýta tómstundir með uppbyggilegum hætti. Ráðherra hefur beitt sér fyrir því að útivistartími fanga verði aukinn, það er að segja sá tími sem þeir geta verið utan húss en innan fangelsismarka, enda telur ráðuneytið að það geti orðið til þess að minnka líkur á einhæfni og iðjuleysi í fangavistinni. Þetta er í samræmi við óskir sem fulltrúar trúnaðarráðs fanga settu fram á fundi með ráðherra síðastliðið haust og síðan hefur verið unnið að þessu máli og lengri útivistartími fanga mun taka gildi nú í sumar.

2. *Hvaða markmið hefur ráðuneytið sett sér í þessum málaflokki?*

Ráðuneytið hefur vitaskuld það markmið að refsivörslukerfið hafi áfram aðstöðu og tæki, þar á meðal lagaumhverfi, til að sinna hlutverki sínu með öruggum hætti, þannig að hvorki halli á þjóðfélagslega nauðsyn þess að refsidómum sé fullnægt né brotið á grundvallarréttindum fanga. Vitaskuld skiptir verulegu máli að húsakostur sé í sæmilegu horfi og undanfarin ár hefur verið unnið að bættum húsakosti fanga. Síðumúlafangelsið var lagt niður árið 1996 og ári síðar var reist ný bygging fyrir almenna afplánun á Litla-Hrauni. Þá hefur verið unnið að hönnun gæsluvarðhaldsfangelsis og verið tryggð lóð undir það á Hólmsheiði í Reykjavík. Ekki hefur hins vegar fengist fjárveiting til þeirrar framkvæmdar, en áfram verður unnið að málinu. Með nýju fangelsi opnast nýir möguleikar í afplánun og auðveldara verður að deila föngum skynsamlega milli fangelsa og aðstaða öll verður betri, bæði fyrir fangana sjálfa og þá sem erindi eiga við þá.

3. *Hvernig birtast þau í núverandi skipulagningu málaflokksins?*

Ráðuneytið hefur ekki breytt skipulagi málaflokksins í verulegum atriðum á síðustu missirum. Nýlega var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp að nýjum lögum um fullnustu refsinga en í ljósi athugasemda sem bárust við það ákvað ráðherra að kalla frumvarpið inn til skoðunar að nýju. Ekki liggur fyrir hver niðurstaða þeirrar skoðunar verður eða hvers efnis frumvarpið verður þegar það verður að nýju lagt fyrir Alþingi. Mikilvægt er að reglur, sem gilda um fangelsismál og bæði fangar og fangelsisyfirvöld þurfa að hlýða, hafi trygga og skýra lagastoð svo að enginn þurfi að velkjast í vafa um rétt sinn og skyldur. Tryggja verður að fangelsisyfirvöld geti sinnt því meginhlutverki sínu að framfylgja refsidómum og að öryggi bæði fanga og starfsmanna sé tryggt, og jafnframt að fangar fái tækifæri til að snúa lífi sínu til betri vegar og fái aðstoð til þess með þeim hætti að samrýmst geti dómi þeirra og refsivist.

1505. Svar [661. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 7. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Verkefnum þeim sem getið er í III. kafla þingsályktunartillögunnar sem fyrirspyrjendur vísa til voru ítarlega gerð skil í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002, þskj. 1290, 732. mál. Hér á eftir munu því helstu atriði í kafla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í þeirri framkvæmdaáætlun tekin upp og kostnaður tilgreindur. Þess má geta að nýjum verkefnum var bætt í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fyrir 127. löggjafarþing og féllu önnur niður. Þá er einnig vakin athygli á því að félagsmálaráðherra hefur lagt fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni fylgir skýrsla um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun fyrir árin 2002–2004.

7.1. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Nefnd um atvinnurekstur kvenna lauk störfum árið 1998 og birtust niðurstöður hennar og tillögur í skýrslunni *Atvinnurekstur kvenna*. Í skýrslunni er yfirgripsmikill fróðleikur og upplýsingar um stöðu kvenna í atvinnurekstri, fyrirtækjaumhverfi þeirra og sérstakar stuðningsaðgerðir þeim til handa sem gripið hefur verið til hér á landi.

Megintillögur nefndarinnar voru annars vegar að komið yrði á fót miðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem hlut kvenna væri sérstakur gaumur gefinn og hins vegar að til kæmi stuðningur stjórnvalda við félag eða „tengslanet" kvenatvinnurekenda, sem hefði það að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstöðu þeirra.

Í mars 1999 tók Impra, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja, til starfa innan Iðntæknistofnunar og er þar um að ræða þjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla. Þar er lögð sérstök áhersla á að veita ráðgjöf konum sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur. Undanfarin ár hafa verið haldin námskeið, Brautargengi, á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur fyrirtækja.

Ráðherra skipaði starfshóp í byrjun janúar 1999 sem hafa skyldi forgöngu um stofnun félags fyrir konur í atvinnurekstri. Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) var stofnað í apríl 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær. Félagið nýtur aðstoðar starfsmanns hjá Impru sem sér m.a. um útgáfu fréttabréfs, uppfærslu félagatals, innheimtu félagsgjalda og aðstoð við rekstur félagsins.

Kostnaður við þetta verkefni fólst í þóknunum tveggja nefnda. Nefndarmenn í nefnd um atvinnurekstur kvenna fengu alls greiddar 1.925 einingar fyrir störf sín og nefndarmenn í starfshópi um stofnun félags fyrir konur í atvinnurekstri 143 einingar. Þóknun fyrir hverja einingu er nú 1.258 kr. Auk þessa kom til launakostnaður vegna starfsmanna ráðuneytisins og prentunarkostnaður sem rúmaðist innan fjárhagsramma ráðuneytisins án sérstakra fjárveitinga á fjárlögum.

7.2. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

Verkefninu, sem laut að könnun á kyngreindum upplýsingum í iðnaði, var ekki lokið.

7.3. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Ráðuneytið tekur sérstaklega mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna. Einnig er vísað í 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð og stjórnir.

Kostnaður við verkefnið er óverulegur.

7.4. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið.

Ráðherra var falið af ríkisstjórninni árið 1995 að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Nefndin skilaði áliti og níu starfshópar er með henni unnu ári síðar. Eitt af meginmarkmiðunum er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn óæskilegum félagslegum áhrifum, svo sem auknu misrétti, og sjá til þess að jafnrétti sé tryggt. Í þessu felst m.a. að auka fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu og hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því. Þá er mjög mikilvægt að bæði kynin komi að mótun og uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðar. Ráðu-

neytið tekur ásamt fleirum þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna. Með þátttöku sinni vill ráðuneytið hvetja fleiri stúlkur til náms í greinum upplýsingatækninnar. Markmið átaksins er annars vegar að undirbúa kvennemendur sem ljúka námi frá Háskóla Íslands undir forustustörf á framtíðarstarfsvettvangi þeirra og hins vegar að jafna kynjaskiptingu nemenda í deildum Háskólans. Með þessu vill Háskóli Íslands, með stuðningi samstarfsaðila að verkefninu, leggja sitt af mörkum til að jafna hlutdeild kynjanna í þekkingar- og upplýsingasamfélagi nýrrar aldar. Víða við háskóla erlendis hefur verið ráðist í áþekk verkefni til að tryggja þátttöku kvenna á þeirri upplýsingatækniöld sem framundan er og auka fjölbreytileika vísindanna með jafnara námsvali kynjanna.

Beinn kostnaður við verkefnið var 800 þús. kr. styrkur til átaksverkefnis Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu.

7.5. Fjölgun kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur beitt sér fyrir rannsóknum á þætti kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Með tilkomu lektors í kynjafræðum og prófessors í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum við Háskóla Íslands opnast möguleikar á samstarfi um rannsóknir, svo sem um þátt kvenna í stjórnun fyrirtækja. Einnig verða meistaranámsnemendur hvattir til að velja verkefni á þessu sviði.

Kostnaður við verkefnið er óverulegur.

7.6. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, ásamt Íslandsbanka, Morgunblaðinu og Deloitte & Touche, ýttu úr vör sérstöku átaki til stuðnings atvinnurekstri kvenna árið 2000 með verkefninu Auður í krafti kvenna. Háskólinn í Reykjavík annast framkvæmd verkefnisins og er markmiðið að það skili mælanlegum árangri sem felist í fjölgun og vexti fyrirtækja í eigu kvenna. Hlutverk verkefnisins er að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Boðið er upp á ýmis námskeið fyrir konur um rekstur og stjórnun fyrirtækja. Má þar nefna svonefnda frumkvöðlaauði, fjármálaauði, leiðtogaauði og framtíðarauði. Um 800 konur hafa nú þegar sótt námskeiðin.

Kostnaður ráðuneytisins vegna þessa verkefnis var óverulegur.

7.7. Átak til atvinnusköpunar.

Eftir að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður hættu starfsemi tók iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti alfarið við rekstri Átaks til atvinnusköpunar. Er það stefna ráðuneytisins að sameina stuðningsaðgerðir sínar við atvinnulífið undir yfirstjórn átaksins sem styður verkefni jafnt frá konum sem körlum. Þær forsendur sem gengið er út frá við veitingu styrkja úr verkefninu eru einkum tvenns konar: Annars vegar eru veittir styrkir til verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir aðra aðila sem veita sambærilega fyrirgreiðslu. Hins vegar er um að ræða sérstök skilgreind átaksverkefni ráðuneytisins sem ætlað er að hafa víðtæk áhrif en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki. Þá hefur Átak til atvinnusköpunar sérstaklega aðstoðað fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í alþjóðlegu samstarfi með því að styrkja þau til að sækja svokölluð fyrirtækjastefnumót sem haldin eru reglulega víðs vegar um Evrópu.

Ekki liggur fyrir greining á því að hve miklu leyti kostnaður við verkefnið tengist framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum.

7.8. Þátttaka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnuverkefnum.

a. Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni.

Byggðastofnun hefur haft þetta verkefni með höndum og m.a. skilað skýrslu um hvernig styrkir úr opinberum sjóðum sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

Kostnaður lýtur eingöngu að gerð þessarar skýrslu innan Byggðastofnunar.

b. Lánatryggingasjóður kvenna.

Lánatryggingasjóður kvenna er samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum sem veitt eru umsækjendum um lánatryggingu úr Lánatryggingasjóði kvenna.

Framlög til sjóðsins fram til ársins 2000, alls 30 millj. kr., skiptust á milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Framlag iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis var 6 millj. kr.

7.9. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun og árið 2001 tók jafnréttisnefnd til starfa. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og er skipuð til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna, kjörnir af starfsmönnum, og tveir fulltrúar ráðuneytanna, tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnrétti kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytinu. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í málefnum er varða jafnrétti. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir.

Kostnaður við verkefnið var óverulegur.

1506. Þingsályktun [869. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1327.

1507. Þingsályktun [572. mál]

um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu sameiginlegra fiskstofna.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 862.

1508. Frumvarp til laga [780. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda um kennara- og sérfræðingsstörf. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem starfið er við hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Rektor er heimilt að skipa dómnefndir til þriggja ára í senn fyrir hvert af meginfræðasviðum háskólans eða einstakar deildir eða stofnanir. Háskólaráð tilnefnir þá einn mann í hverja dómnefnd og menntamálaráðherra annan. Skal sá sem tilnefndur er af háskólaráði vera formaður dómnefndar og sá sem tilnefndur er af menntamálaráðherra varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Þriðji nefndarmaðurinn er sérfræðingur, tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun, sem skipaður er sérstaklega til þess að fara með hvert ráðningarmál. Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi.

b. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Háskólaráð getur mælt svo fyrir í reglunum að undanþiggja megi auglýsingu störf sem byggjast á sérstökum tímabundnum styrkjum, störf sem tengjast sérstökum tímabundnum verkefnum, störf sem nemendur gegna við háskólann samhliða rannsóknartengdu framhaldsnámi og störf við háskólann sem tengjast tilteknu starfi utan hans á grundvelli samstarfssamnings.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við yfirtöku Háskóla Íslands á verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar skal rektor Háskóla Íslands bjóða starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar störf við sambærileg verkefni innan háskólans og þeir höfðu hjá Norrænu eldfjallastöðinni. Sameiginlegar reglur háskólans gilda um störf sem boðin eru samkvæmt þessu ákvæði. Heimilt er þó að bjóða starf án þess að fyrir liggi hæfnismat dómnefndar skv. 12. gr., enda megi telja augljóst að viðkomandi uppfylli hæfniskröfur sem að lágmarki eru gerðar til háskólakennara og sérfræðinga. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1509. Frumvarp til laga [613. mál]

um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. apríl.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist við ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Lög þessi taka til yrkja allra ættkvísla og tegunda plantna, þ.m.t. blendinga ættkvísla og tegunda.

Í lögum þessum er hugtakið yrki notað um plöntuhópa sömu tegundar eða undirtegundar samkvæmt nákvæmustu þekktu flokkun grasafræðinnar sem, óháð því hvort öllum skilyrðum fyrir vernd samkvæmt lögunum er fullnægt, er unnt:

a. að skilgreina með þeim einkennum sem birta tiltekna arfgerð eða samsetningu arfgerða,
b. að aðgreina frá öðrum flokkum plantna með að minnsta kosti einu af fyrrnefndum einkennum og
c. að líta á sem einingu með tilliti til möguleika til fjölgunar án þess að einkenni þeirra breytist.

Plöntuhópar samanstanda af heilum plöntum eða plöntuhlutum ef með hlutunum má rækta heilar plöntur, hvort tveggja í lögum þessum nefnt yrkishlutar.

Birting eiginleika skv. a-lið 2. mgr. getur verið stöðug eða breytileg milli sams konar stofnþátta yrkis að því tilskildu að breytileiki ráðist einnig af arfgerð eða samvali arfgerða.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Yrkisrétt má veita ef yrki er:

1. greinilega sérstætt, þ.e. ef unnt er að greina það með skýrum hætti frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr.,
2. nægilega einsleitt, þ.e. ef afgerandi einkenni þess eru nægilega einsleit með tilliti til þeirrar fjölbreytni sem búast má við miðað við fjölgunaraðferð hverju sinni,
3. stöðugt, þ.e. ef einkenni þess sem máli skipta eru óbreytt eftir endurtekna fjölgun eða ef um er að ræða sérstaka fjölgunarhringrás við lok hverrar slíkrar hringrásar,
4. nýtt, þ.e. ef efniviður til fjölgunar þess eða uppskera af því hefur ekki á umsóknardegi yrkisréttar, með samþykki yrkishafa, verið selt eða boðið til sölu á almennum markaði ellegar með öðrum hætti framselt til hagnýtingar í atvinnuskyni:
   a. hér á landi lengur en eitt ár,
   b. erlendis lengur en fjögur ár, þó í sex ár sé um tré eða vínvið að ræða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Tímabilið reiknast frá innlagnardegi fyrstu umsóknar og skal ekki telja umsóknardag til þess tímabils.

b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Yrkishafi hefur frest í tvö ár frá því að forgangsréttartímabilinu lýkur eða sama tíma frá höfnun eða afturköllun umsóknar hafi henni verið hafnað eða hún afturkölluð til að láta yrkisréttarnefnd í té nauðsynlegar upplýsingar, skjöl eða efni sem þörf er á við rannsókn á umsókninni, sbr. III. kafla.

4. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að yrkisréttur hefur verið veittur þeim sem ekki á rétt til hans nema hann sé yfirfærður til þess sem á slíkan rétt.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Yrkisréttur nær til þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum. Yrkisréttur gildir einnig um:

a. yrki sem eru í öllum aðalatriðum komin af vernduðu yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum,
b. yrki sem ekki verða með vissu greind frá verndaða yrkinu skv. 2. gr.,
c. yrki sem ekki er unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun verndaða yrkisins.

Yrki telst í skilningi a-liðar 1. mgr. komið af öðru yrki í öllum aðalatriðum þegar:

a. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, og heldur þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins,
b. það verður með vissu greint frá upphafsyrkinu skv. 2. gr.,
c. það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í aðgerðinni við að fá það fram, upphafsyrkinu í þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.

Í reglugerð er heimilt að tilgreina mögulegar leiðir til að fá fram yrki skv. 1. og 2. mgr.

6. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis nýta stofnþætti yrkis eða uppskeru af hinu verndaða yrki með eftirfarandi hætti:

a. framleiða eða fjölga,
b. undirbúa til fjölgunar,
c. bjóða til sölu,
d. markaðssetja eða selja,
e. flytja út,
f. flytja inn,
g. safna birgðum í þeim tilgangi sem greinir í a–f-lið.

Ákvæði 1. mgr. gildir aðeins um uppskeru af yrki sem fengist hefur með hagnýtingu á efniviði til fjölgunar þess hafi yrkishafi ekki:

a. heimilað þá hagnýtingu og
b. haft tök á að nýta réttindi sín skv. 1. mgr.

Heimilt er að kveða á um í reglugerð að í sérstökum tilvikum geti ákvæði 1. mgr. einnig átt við um afurðir sem fengnar eru beint úr uppskeru annarra en yrkishafa. Það á þó aðeins við að afurðirnar hafi verið fengnar með óheimilli notkun á hinu verndaða yrki, enda hafi rétthafinn ekki með góðu móti átt þess kost að neyta réttar síns. Að svo miklu leyti sem

ákvæði 1. mgr. gilda um afurðir sem fengnar eru beint úr uppskeru hins verndaða yrkis skulu þær einnig teljast til uppskeru samkvæmt lögum þessum.

Beiting yrkisréttar má ekki brjóta í bága við ákvæði sem sett hafa verið á grundvelli almannaheilla, siðferðis eða almannaöryggis, til verndar heilsu og lífi manna, dýra og plantna, vegna umhverfisverndar, verndar hugverkaréttar í iðnaði eða viðskiptum, eða til að tryggja samkeppni í verslun eða landbúnaðarframleiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki rétt bænda sem kveðið er á um í 18. gr. a.

7. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist við ný grein, 17. gr. a, svohljóðandi:

Yrkishafi getur bundið samþykki sitt fyrir nýtingu yrkis skilyrðum, þar á meðal um greiðslu hæfilegs nytjaleyfisgjalds.

Sá sem í atvinnuskyni fjölgar yrki, selur efnivið til fjölgunar þess eða nýtir yrki með öðrum hætti skal veita yrkishafa nauðsynlegar upplýsingar vegna innheimtu nytjaleyfisgjalds.

Þau skilyrði sem yrkishafi setur skv. 1. mgr., m.a. um gjaldtöku, skulu aðeins eiga við um þá notkun og það framboð sem getur í 1. mgr. 17. gr. Skilyrðin skulu vera sanngjörn og allir framleiðendur njóta sambærilegra kjara.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: notkun til kynbóta, þ.e. til að þróa ný yrki og, nema þegar ákvæði 1. og 2. mgr. 16. gr. eiga við, notkun sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þegar um slík ný yrki er að ræða.
b. Orðin „til fjölgunar“ í 4. tölul. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Efniviður skv. 1. mgr. merkir:
   a. hvers kyns efnivið til fjölgunar, þ.m.t. heilar plöntur og plöntuhluta,
   b. uppskeru,
   c. allar afurðir sem unnar eru beint úr uppskeru.

9. gr.

Á eftir 18. gr. laganna bætist við ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Til að vernda landbúnaðarframleiðslu er bændum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 17. gr., að nota uppskeru af eigin landi til ræktunar á yrkjum af tilgreindum tegundum á eigin landi enda sé ekki um að ræða blendingsyrki eða samsett yrki. Með eigin landi er bæði átt við eignarland og land sem bændur hafa umráð yfir til búsetu og landbúnaðar og annars konar ræktunar samkvæmt samningum við landeigendur.

Landbúnaðarráðherra ákveður í reglugerð hvaða tegundir falla undir ákvæði 1. mgr. og með hvaða skilyrðum.

Óheimilt er að krefja bændur um nytjaleyfisgjald fyrir nýtingu yrkis skv. 1. mgr. ef framleiðsla þeirra á nytjajurtum skv. 2. mgr. fer fram á landi sem ekki getur gefið af sér meira en 92 tonna uppskeru af korntegundum en magn annarra nytjajurta miðast við sömu stærð lands. Öðrum bændum er skylt að greiða yrkishafa nytjaleyfisgjald en landbúnaðarráðherra getur ákveðið að það skuli vera lægra en greitt er á sama svæði fyrir hagnýtingu fjölgunarefnis af sama yrki.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

10. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum og í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni getur sá sem vill hagnýta yrkið farið fram á nauðungarleyfi, fyrir dómstólum, svo framarlega sem ekki eru haldbær rök fyrir vanrækslu yrkishafa.

Einkaleyfishafi sem ekki getur nýtt uppfinningu sína án þess að brjóta á eldri yrkisrétti getur gegn sanngjörnu gjaldi farið fram á nauðungarleyfi til að hagnýta verndaða yrkið. Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef einkaleyfishafi sýnir fram á að uppfinningin sem tekur til yrkisins sé tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við verndaða yrkið.

Hafi yrkishafi fengið nauðungarleyfi til að nýta einkaleyfisverndaða uppfinningu skv. 1. mgr. 46. gr. a laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, hefur einkaleyfishafi rétt á að fá nauðungarleyfi með sanngjörnum skilmálum til að hagnýta verndaða yrkið.

Ákvæði 49. og 50. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi samkvæmt þessari grein. Dómstóll getur skyldað yrkishafa til að leggja fram nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins til nauðungarleyfishafa.

11. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2001/94.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1510. Lög [736. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1096.

1511. Svar [722. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um breiðbandið og leigulínugjaldskrá Landssímans.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru helstu ástæður þess að breiðbandið er ekki komið á landsbyggðinni, t.d. á Ísafirði og Akureyri þar sem innanbæjarlagnir eru að mestu leyti tilbúnar?*
2. *Er leigulínugjaldskrá Landssímans í endurskoðun? Ef svo er, hvenær má vænta þess að ný gjaldskrá verði gefin út?*

Fyrirspurninni var beint til samgönguráðherra en til skýringar er rétt að taka fram að varsla hlutabréfs ríkisins í Landssímanum er nú hjá fjármálaráðuneytinu. Samgönguráðuneytið fer eftir sem áður með stjórnsýsluþátt fjarskiptamála. Ráðuneytið leitaði til Landssímans eftir svörum við fyrirspurninni og bárust eftirfarandi svör.

1. Síminn hefur í tæp tíu ár látið leggja ljósleiðara og/eða koaxstrengi samhliða hefðbundnum koparparstrengjum þegar lagt hefur verið í ný hverfi og þar sem lagnir hafa verið endurnýjaðar eða lagnaleiðir opnast af öðrum ástæðum. Þetta hefur verið gert vegna þess að gert er ráð fyrir því hjá fyrirtækinu að í framtíðinni verði þörf fyrir meiri gagnaflutning í íbúðahverfum en hægt er að anna með parstrengjum. Enn þá nægja parstrengirnir þó til að uppfylla þarfir allra venjulegra heimila fyrir gagnaflutning en Síminn býður breiðbandsþjónustu með ADSL-tækni á parstrengjum fyrir allt að 2 Mb/s flutning. Á síðasta áratug hafa nýbyggingar og önnur uppbygging verið mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu og því hefur mun meira verið lagt af ljósleiðurum þar en annars staðar á landinu.

Á höfuðborgarsvæðinu, og raunar á Húsavík líka, hefur ljósleiðaranetið verið notað til dreifingar á sjónvarpsefni en aðeins um 20% mögulegra notenda hafa gerst áskrifendur að sjónvarpsefninu. Það er ekki rétt að lagnir séu að mestu tilbúnar á Ísafirði og Akureyri. Búið er að leggja strengi í um 40 % íbúða á Ísafirði og um 25% á Akureyri en ekki hefur verið fjárfest í neinum tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til að hefja útsendingar á sjónvarpsefni á þessum stöðum. Ekki er við óbreyttar aðstæður áætlað að hefja útsendingar á fleiri stöðum enda skortir allar fjárhagslegar forsendur til þess, a.m.k. á meðan áhugi almennings er ekki meiri þar sem útsendingar eru þegar hafnar.

2. Síminn hefur nýlega lækkað gjaldskrá fyrir mjög bandbreið sambönd, þ.e. 155 Mb/s og meira. Þetta var gert í framhaldi af mikilli aukningu á samböndum milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar í tengslum við Farice-sæstrenginn. Gjaldskrá yfir gagnaflutning um ATM- og IP-net Símans var einfölduð og verð lækkað um allt að 50% 1. apríl sl. Samhliða verðbreytingunni var á 40 stöðum á landinu, þar sem ADSL-þjónustan er aðgengileg, boðið sama verð á IP-fyrirtækjatengingum með ósamhverfum hraða allt að 2 Mb/s, en um 92% þjóðarinnar hafa möguleika á að fá ADSL-þjónustu Símans. Jafnframt er annars konar tengileið á samhverfum hraða, allt að 2 Mb/s, möguleg um ATM- og IP-net Símans. Frá 1. apríl er slík tegning í boði á sama verði á 20 stöðum í landinu, eða hjá 84% landsmanna. Verðlækkunin var möguleg vegna verðlækkunar á leigulínum í heildsölu og þess hve góðar viðtökur landsmanna hafa verið á ADSL-þjónustu Símans. Fyrir fyrirtæki sem eru utan þessara staða, en á stöðum þar sem íbúar eru 150 eða fleiri, eru ákvæði landsbyggðarbrúar enn þá í gildi. Sam-

kvæmt þeim greiðir Síminn fyrir 2 Mb/s stofnlínu inn í næstu þjónustustöð. Þetta samkomulag var gert við samgönguráðuneytið fyrir nokkrum árum.

Til viðbótar við svör Landssímans er rétt að upplýsa að samkomulag var gert við Landssímann um að tryggja 2 Mb gagnaflutningsþjónustu um ATM-net fyrirtækisins, eða með öðrum jafngildum hætti, til allra þéttbýliskjarna með 150 íbúa eða fleiri. Samkomulagið var undirritað í mars 2001. Í því var ákvæði um að verð fyrir tengingu innan sama svæðis yrði það sama um allt land. Einnig tókust samningar um að setja þak á tengigjald á milli svæða og lækka það.

Þá var einnig í samkomulaginu ákvæði um uppbyggingu ADSL-þjónustu eða annarrar jafngildrar þjónustu í öllum stærri þéttbýliskjörnum þannig að hún næði til 75–80% þjóðarinnar fyrir mitt ár 2003. Þetta hefur gengið framar vonum og ADSL-þjónusta er í boði til yfir 92% landsmanna, eins og fram hefur komið.

Að lokum er rétt að geta samkomulags sem bændasamtökin gerðu við Landssímann um ISDN+-samband í sveitum. Það dugar víðast þar sem ADSL-er ekki boðið og er mikilvæg viðbót við fyrri þjónustu.

1512. Svar [893. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um réttarstöðu íslenskra skipa á svokölluðu Svalbarðasvæði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra að íslensk fiskiskip sem veiða undir íslenskum fána, eru skipuð íslenskum áhöfnum og veiða úr kvótahlutdeild sem úthlutað er af íslenskum stjórnvöldum á hinu svokallaða Svalbarðasvæði heyri undir íslenska löggjöf? Hver er rökstuðningurinn fyrir svari ráðherra?

Um veiðar íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands almennt gilda m.a. lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Hvað varðar veiðar utan lögsögu Íslands úr svonefndum íslenskum deilistofnum, þ.e. fiskstofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar, gilda ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt, sbr. og ákvæði 5. gr. fyrrgreindra laga nr. 151/1996 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 50/2002. Jafnframt geta ýmis önnur lög og reglugerðir gilt um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu Íslands eftir því um hvaða hafsvæði er að ræða.

Að því er varðar hafsvæðin við Svalbarða er almennt litið svo á að gildissvið samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 einskorðist ekki við landhelgi Svalbarða, sem norsk stjórnvöld færðu nýverið út í 12 sjómílur, heldur falli jafnframt þar undir hafsvæðin utan landhelginnar, þ.e. landgrunn Svalbarða og 200 sjómílna lögsaga hans. Noregur getur samkvæmt því farið með fullveldisréttindi á umræddum svæðum á grundvelli samningsins um Svalbarða og lúta þau þeim takmörkunum sem í ákvæðum samningsins felast, einkum jafnræðisreglu hans. Norskum stjórnvöldum er því m.a. heimilt að setja reglur um veiðar í landhelgi og 200 sjómílna lögsögu Svalbarða á grundvelli og í samræmi við ákvæði Svalbarðasamningsins, þ.m.t. jafnræðisreglu hans.

1513. Svar [914. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um löggæslu á íþróttamótum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Telur ráðherra eðlilegt að mótshöldurum unglingalandsmóts Ungmennafélags Íslands sé gert að greiða lögreglustjóra fyrir gæslu meðan á móti stendur?*
2. *Hyggst ráðherra skylda alla sem standa fyrir íþróttamótum eða íþróttahátíðum til að greiða fyrir löggæslu?*

Samkvæmt 34. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er lögreglustjóra heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Það er háð mati lögreglustjóra hverju sinni hvort binda eigi útgáfu skemmtanaleyfis þessu skilyrði, byggt m.a. á mati á löggæsluþörf vegna umræddrar skemmtunar, samsetningu gesta, staðháttum og venjubundnum viðbúnaði lögreglu í umræddu umdæmi o.s.frv.

Íþróttamót kalla almennt ekki á útgáfu skemmtanaleyfis af hálfu lögreglustjóra og því skortir lagaheimild til þess að krefjast þess að þeir sem standa fyrir íþróttamótum greiði kostnað við löggæslu sem af slíku mótshaldi skapast. Kalli viðburður, hvort svo sem um íþróttamót eða annað er að ræða, á útgáfu skemmtanaleyfis hefur löggjafinn hins vegar, sbr. framangreint, heimilað lögreglustjóra að binda útgáfu slíks leyfis því skilyrði að löggæslukostnaður verði greiddur. Ljóst er að slíkt verður einungis gert ef umræddur viðburður kallar á aukinn viðbúnað lögreglu sem er umfram það sem venjulegt getur talist og hefur það verið sérstaklega áréttað í umburðarbréfum dómsmálaráðuneytisins til allra lögreglustjóra, síðast í umburðarbréfi dags. 30. maí 2003. Því er ljóst að ef haldin er skemmtun, t.d. dansleikur, í tengslum við íþróttamót, unglingalandsmót eða sambærilega samkomu, er lögreglustjórum rétt og eðlilegt að krefja þann sem stendur fyrir skemmtun um greiðslu þess kostnaðar sem óhjákvæmilega hlýst af skemmtuninni, að uppfylltum öðrum skilyrðum í lögum og reglum.

1514. Svar [892. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um uppbyggingarstarf í Írak.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Til hvaða verkefna hefur fjárveitingum ársins 2004 til neyðaraðstoðar í Írak verið varið? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum og heildarkostnaði við hvert verkefni.*
2. *Til hvaða verkefna er fyrirhugað að verja því sem óráðstafað er af fjárveitingum ársins 2004?*

Ríkisstjórnin ákvað hinn 8. apríl 2003 að verja 300 millj. kr. í neyðar- og mannúðaraðstoð og stuðning við uppbyggingarstarf í Írak. Þar af hefur 40 millj. verið ráðstafað til Alþjóðanefndar Rauða krossins (ICRC), fyrir milligöngu Rauða kross Íslands, til neyðaraðstoðar í Írak og 7 millj. kr. til Rauða kross Íslands til að standa straum af kostnaði við störf þriggja sendifulltrúa Rauða krossins í Írak. Einnig var 10 millj. kr. ráðstafað til Hjálparstarfs kirkjunnar og 7 millj. kr. til Barnaheilla til mannúðaraðstoðar í Írak. Enn fremur var 18 millj. kr.

ráðstafað til Matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (WFP) til aðstoðar í Írak. Á vegum Íslensku friðargæslunnar í samstarfi við dönsk stjórnvöld fóru tveir sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar til starfa í Suður-Írak til að leita að sprengjum og gera þær óvirkar. Kostnaður við verkefnið nam 9 millj. kr.

Á Madrid-ráðstefnunni um enduruppbyggingu Íraks í október 2003 hétu íslensk stjórnvöld því að leggja fram 1 millj. dollara til enduruppbyggingarsjóðs Alþjóðabankans fyrir Írak og 500 þús. dollara til enduruppbyggingarsjóðs Sameinuðu þjóðanna fyrir Írak.

Í framhaldi af samningi sem Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Jean-Francois Rischard, varaforseti Alþjóðabankans, undirrituðu 4. mars 2004 greiddu íslensk stjórnvöld 1 millj. dollara (um 70 millj. kr.) inn í enduruppbyggingarsjóð Alþjóðabankans, sem ætlað er að fjármagna verkefni til uppbyggingar heilbrigðisgeirans í Írak.

Ógreiddir eru 500 þús. dollarar (um 36 millj. kr.) í enduruppbyggingarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir Írak, sem heitið var á Madrid-ráðstefnunni. Það fer eftir öryggisástandinu í Írak og starfsemi Sameinuðu þjóðanna þar hvenær þessi greiðsla verður innt af hendi.

Í bígerð er einnig að styðja stoðtækjaverkefni í Írak í samvinnu við Össur hf., ef heppilegur samstarfsaðili finnst. Hér er um tveggja til þriggja ára verkefni að ræða sem gæti kostað allt að 1,5 millj. dollara (um 108 millj. kr.). Framvinda þessa verkefnis ræðst hins vegar af tryggum samstarfsaðila og öryggisástandinu í Írak.

1515. Svar [640. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um laxveiðiár á Austurlandi.

1. *Hefur ráðherra kynnt sér afstöðu landeigenda og veiðiréttarhafa sem hafa áhyggjur af samblöndun og jafnvel sjúkdómafaraldri í laxveiðiám á Austurlandi vegna strokulaxa frá laxeldisfyrirtæki þar eystra?*

Þegar upp komu hugmyndir um aukningu á laxeldi í sjókvíum hér við land árið 2000, kynnti landbúnaðarráðherra sér hugmyndir aðila í fiskeldi og sömuleiðis áhyggjur eigenda veiðiréttar, vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skipuð var samráðsnefnd undir forystu Sveinbjarnar Eyjólfssonar, aðstoðarmanns ráðherra, sem skyldi gera tillögur um staðsetningu kvíaeldis. Skyldi hópurinn taka tillit til þátta sem snertu sambýli kvíaeldis og villtra laxastofna við tillögugerð varðandi staðsetningu. Í nefndinni sátu, auk formanns, veiðimálastjóri, framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar, dýralæknir fisksjúkdóma, framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands, formaður Landssambands veiðifélaga og formaður Landssambands fiskeldisstöðva.

Ekki var einhugur í nefndinni varðandi nauðsynlegar aðgerðir og því skilaði formaður nefndarinnar áliti í eigin nafni í nóvember 2000, þar sem eftirfarandi var lagt til:

- Að fiskeldiskafli lax- og silungsveiðilaganna yrði styrktur með nauðsynlegum breytingum strax á yfirstandandi þingi og að stofnaður yrði starfshópur til að vinna heildarlöggjöf um fiskeldi,
- að strax yrði samin reglugerð um rekstrarleyfi í fiskeldi,
- að veiðimálastjóri veitti rekstarleyfi fyrir eldi á laxi af norskum uppruna í kvíum á völdum stöðum á Austfjörðum
- að rekstrarleyfi veiðimálastjóra yrðu til fimm ára,
- að rekstrarleyfi veiðimálastjóra yrðu bundin umfangsmiklum skilyrðum um vöktun og

rannsóknir á nánasta umhverfi, sbr. rannsóknaáætlun sem veiðimálastjóri ynni í samráði við hagsmunaaðila,
- að stærð rekstrarleyfa veiðimálastjóra tæki mið af þeirri staðreynd að mjög lítið er vitað um áhrif eldis á umhverfið,
- að rekstrarleyfi veiðimálastjóra yrðu háð umsögn dýralæknis fisksjúkdóma hvað varðar stærð, stofna og eftirlit,
- að ekki yrðu veitt leyfi fyrir frekara eldi í Faxaflóa fyrr en lokið væri tilraun Silungs í Stakksfirði,
- að landinu yrði svæðaskipt hið fyrsta með tilliti til hvar stunda mætti fiskeldi og hvernig,
- að forræði yfir sjávarsvæðum yrði skilgreint hið fyrsta.

Þegar var hafist handa á vegum ráðuneytisins að framkvæma þau atriði sem lögð voru til og hefur eftirfarandi þegar verið gert:

1. Í ársbyrjun 2000 var gefin út reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, sem tryggði enn frekar öryggi villtra laxastofna gagnvart fiskeldi. Um var að ræða endurskoðun á reglugerð nr. 401/1988, með sama nafni.
2. Í mars 2001 veitti embætti veiðimálastjóra sjókvíastöðvum í Mjóafirði og Berufirði 400 lesta bráðabirgðarekstarleyfi til þriggja ára, sem skyldu endurnýjuð í kjölfar lagabreytinga. Í leyfin voru sett viðamikil skilyrði um örmerkingar á 10% þeirra seiða sem sett yrðu í kvíar og að gerðar yrðu ýmsar rannsóknir á nærliggjandi svæðum, m.a. með tilliti til strokulaxa. Mun slík krafa um örmerkingar á hluta af eldislaxi í kvíum, vera sú eina meðal þjóða innan vébanda Atlantshafslaxverndunarstofnunarinnar, NASCO. Samkvæmt nýjum lögum voru sambærileg leyfi veitt 99 lesta kvíastöðvum í Eyjafirði, Seyðisfirði og Tálknafirði. Sjókvíastöð í Tálknafirði hefur hins vegar ekki hafið starfsemi.
3. Um mitt ár 2001 var laxeldiskafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, breytt með lögum nr. 83/2001, sem styrkti mjög alla stjórnsýslu og eftirlit varðandi fiskeldi og bætti við fjölmörgum reglugerðarheimildum tengdum slíku eldi.
4. Skömmu eftir staðfestingu fyrrgreindra laga setti ráðherra reglur sem takmörkuðu eldi frjórra laxa við afmörkuð svæði við Vestfirði, Eyjafjörð, Öxarfjörð og Austfirði (auglýsing nr. 226/2001, um friðunarsvæði þar sem eldi frjórra laxa í sjókvíum er óheimilt.). Sjókvíaeldi er því ekki heimilað í nágrenni helstu laxveiðisvæða landsins.
5. Í fjárlögum 2003 voru embætti veiðimálstjóra veittir fjármunir til að stórefla eftirlit með eldisstöðvum, sem unnið er í samræmi við 97. gr. laga um lax- og silungsveiði. Einnig er til staðar öflugt sjúkdómaeftirlit í eldisstöðvum á vegum dýralæknis fisksjúkdóma.
6. Í árslok 2003 gekk í gildi reglugerð nr. 1011/2003, um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum. Er þetta fyrsta reglugerðin meðal aðildarlanda NASCO sem gerir slíkar kröfur til fiskeldisstöðva varðandi eldiskvíar og þann búnað sem notaður er og krefst auk þess innra eftirlits í eldisstöðinni, sem tekin er úr reglulega af opinberum aðilum.
7. Á alþjóðavettvangi hefur innan vébanda NASCO verið unnið að því að ná fram ýmsum ályktunum og samþykktum sem miða að því að draga úr óæskilegum áhrifum fiskeldis á villta laxastofna. Ber þar hæst svokallaða Williamsburg-ályktun, sem samþykkt var á síðasta ársfundi samtakanna í Edinborg.

Eins og hér kemur fram hefur verið unnið mikið starf til að tryggja eins og kostur er að sjókvíaeldi á kynbættum eldislaxi valdi ekki tjóni á villtum laxastofnum með erfðablöndun eða dreifingu smitsjúkdóma. Nokkur umræða mun hafa farið fram milli ráðuneyta um forræði yfir sjávarsvæðum en niðurstöður liggja enn ekki fyrir.

2. *Hefur ráðherra látið kanna hversu mikill fjárhagslegur skaði landeigenda og veiðiréttarhafa getur orðið ef lax í austfirskum ám smitast?*
3. *Hyggst ráðherra bæta landeigendum og veiðiréttarhöfum þar eystra fjárhagslegan skaða þeirra ef allt fer á versta veg?*

Ekki hefur verið talin ástæða til að óttast að laxar sem sleppt er úr sjókvíum og smiti villtan lax í veiðiám á Austfjörðum, enda er mun algengara að lax úr villtu umhverfi beri smit í eldisstofna. Því er ekki tímabært að meta slíkan skaða.

Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að til þess komi að greiða þurfi skaðabætur.

1516. Nefndarálit [749. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur, Kristrúnu Kristinsdóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Georg Kr. Lárusson frá Útlendingastofnun, Pál Hreinsson, Þórð Sveinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd, Jóhann R. Benediktsson, sýslumann á Keflavíkurflugvelli, Steinar Adolfsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Margréti Heinreksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Maríu S. Gunnarsdóttur og Guðrúnu Hannesdóttur frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Toshiki Toma, prest innflytjenda, Svavar B. Jónsson frá Mannréttindasamtökum innflytjenda, Anh-Dao Tran og Tatjönu Latinovic frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Hope Knútsson frá fjölmenningarráði, Árna Gunnarsson frá Flóttamannaráði og Kötlu Þorsteinsdóttur og Einar Skúlason frá Alþjóðahúsi. Umsagnir bárust um málið frá fjölmenningarráði og Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Toshiki Toma, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Hagstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu innflytjenda á Íslandi, Flóttamannaráði Íslands, Ingibjörgu Hafstað fyrir hönd ýmissa félaga og einstaklinga, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Útlendingastofnun, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Rauða krossi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Persónuvernd, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Lögmannafélagi Íslands, Andlegu þjóðarráði Baháía á Íslandi, Rótum (félagi áhugafólks um menningarfjölbreytni), ríkissaksóknara, Alþýðusambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Alþjóðahúsi, kirkjuráði og Kvenréttindafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er ætlunin að nýta aðlögunarheimildir samnings um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur gildi 1. maí 2004 þannig að frjáls för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum, að undanskildum Möltu og Kýpur, tekur ekki gildi fyrr en tveimur árum síðar, þ.e. 1. maí 2006. Þá er að finna í frumvarpinu tillögur til lagabreytinga sem eru tilkomnar vegna ábendinga frá þeim stofnunum og aðilum sem sjá að jafnaði um framkvæmd laganna. Þannig er lagt til að reynt verði að koma í veg fyrir að hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis geti orðið grundvöllur að útgáfu slíks leyfis. Gert er ráð fyrir því að ákveðnum aldursskilyrðum verði bætt inn í lögin, annars vegar því að maki skuli vera orðinn eldri en 24 ára til að geta fengið dvalarleyfi sem aðstandandi og hins vegar að ættmenni útlendings eða maka að feðgatali sem eru á þeirra

framfæri verði að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda. Fyrri aldursmörkin byggjast að hluta til á verndarsjónarmiðum, að vernda þá sem minna mega sín gegn þrýstingi til að ganga í málamyndahjónaband en einnig að vernda þá sem búa við þá menningarhefð að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Seinni aldursmörkin miðast við að fólk geti alla jafna framfleytt sér á eigin vegum fram að 67 ára aldri. Í frumvarpinu er að finna heimild til handa Útlendingastofnun að krefjast rannsóknar á erfðaefni þegar vafi leikur á að umsækjendur um dvalarleyfi aðstandenda séu í raun ættmenni útlendings. Jafnframt er lagt til að núgildandi leitarheimildir lögreglu verði útvíkkaðar þannig að þær nái einnig til þess þegar rökstuddur grunur leikur á að stofnað hafi verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að útlendingur fái dvalarleyfi hér á landi. Þá er lagt til í frumvarpinu að börn flóttamanna sem fæðst hafa eftir að foreldrar þeirra fá stöðu flóttamanna hér á landi fái sömu réttarstöðu. Einnig er lagt til að heimilt verði að veita EES-borgurum búsetuleyfi í samræmi við almennar reglur laganna, en samkvæmt núgildandi lögum geta þeir eingöngu fengið dvalarleyfi sem er ekki í samræmi við þá stefnu laganna að EES-útlendingar hafi rýmri rétt hér á landi en aðrir útlendingar. Loks er lagt til að refsiákvæðum laganna verði breytt. Bæði eru lagðar til orðalagsbreytingar og viðbætur við það sem telst vera refsiverð háttsemi. Þannig er lagt til að það verði gert refsivert að afla eða reyna að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar til málamynda og að hafa fölsuð vegabréf eða skilríki í fórum sínum.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum.

Töluvert var rætt um 24 ára regluna, þ.e. að erlendur maki íslensks ríkisborgara þurfi að vera orðinn 24 ára til að geta fengið dvalarleyfi sem aðstandandi, en eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu byggist hún á sambærilegri reglu í dönsku útlendingalögunum. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að eftir sem áður hefur viðkomandi útlendingur möguleika á því að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi á eigin forsendum og hjúskapur með Íslendingi eða útlendingi búsettum hér á landi mundi í samræmi við framkvæmd laganna hingað til skipta verulegu máli við mat á því hvort veita ætti slíkt leyfi. Þá er með þessari reglu að sjálfsögðu ekki verið að breyta lögbundnum hjúskaparaldri hér á landi sem er 18 ár.

Með hinu aldursskilyrðinu sem sett er í frumvarpinu, 66 ára reglunni svokölluðu, er gert ráð fyrir að komið verði í veg fyrir að aðstandendur íslensks ríkisborgara noti dvalarleyfi aðstandenda sem hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Það sama á við þessa reglu og 24 ára regluna sem áður var nefnd, að viðkomandi útlendingur getur að sjálfsögðu alltaf sótt um dvalar- og atvinnuleyfi á eigin forsendum og við mat á því hvort veita ætti slíkt leyfi yrði eftir sem áður litið til þeirra þátta sem tengja viðkomandi við landið, svo sem þess hvort hann ætti fjölskyldu hér á landi og hafi hugsanlega tryggingu fyrir framfærslu sinni og öðrum nauðsynlegum skilyrðum dvalarleyfis á grundvelli fjölskyldutengslanna.

Miklar umræður spunnust um ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Í því er annars vegar gert ráð fyrir að lögregla hafi heimild til að leita á viðkomandi útlendingi, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á þegar rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda eða ekki með vilja beggja. Hins vegar er gert ráð fyrir því að við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hafi Útlendingastofnun heimild til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi fyrir aðstandendur skv. 1. mgr. 13. gr. laganna eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni, og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr. laganna.

Varðandi leitarheimildina bendir meiri hlutinn á að slík heimild hefur verið í lögum um útlendinga frá gildistöku þeirra 1. janúar 2003. Þannig hefur heimild skv. 3. mgr. 29. gr. laganna náð til þeirra tilvika þar sem rökstuddur grunur leikur á að útlendingur haldi eftir eða

leyni upplýsingum um hver hann er eða haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er einungis verið að útvíkka heimildina þannig að hún nái einnig til tilvika þar sem rökstuddur grunur leikur á að stofnað hafi verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis. Meiri hlutinn leggur áherslu á að um leit á útlendingi eða á heimili hans eða hirslum fer ætíð eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Þannig þarf dómsúrskurður ávallt til að koma til að hægt sé að ráðast í slíka leit, nema samþykki viðkomandi liggi fyrir eða rannsóknarhagsmunir þoli ekki bið eftir úrskurði dómara. Til að gera þetta ákvæði algerlega afdráttarlaust leggur meiri hlutinn til breytingu þess efnis að við bætist að leit skuli ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. 29. gr. laganna falli brott, en þau vísa til þess að við leit skuli fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar um breytingartillögur við málið.

Varðandi þá heimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir að Útlendingastofnun verði veitt til að krefjast rannsóknar á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni tekur meiri hlutinn fram að hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða. Útlendingastofnun getur aldrei þvingað fram töku lífsýnis á grundvelli ákvæðisins og því er hverjum útlendingi frjálst að hafna því að gangast undir töku lífsýnis og rannsókn erfðaefnis í framhaldi af því. Rétt er að geta þess að rannsókn á erfðaefni mun fyrst og fremst gagnast í þeim tilgangi að útiloka blóðskyldleika fólks. Meiri hlutinn telur rétt að gera ákvæði um þessa heimild Útlendingastofnunar skýrara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu þannig að enginn vafi leiki á rétti útlendings til að hafna því að gangast undir töku lífsýnis. Meiri hlutinn telur ákvæðið í þessari mynd geta verið í þágu umsækjanda þar sem honum er gert kleift að sýna fram á skyldleika þegar tiltæk gögn eru ófullnægjandi. Meiri hlutinn bendir einnig á að mikilvægt er að gera ráð fyrir þeim möguleika í framkvæmd að erfðaefni gagnist ekki í þessum tilgangi þar sem upp geta komið tilvik þar sem um ættleiðingu, tæknifrjóvgun o.s.frv. er að ræða. Meiri hlutinn telur æskilegt að sett verði ákvæði í reglugerð á grundvelli laganna um framkvæmd lífsýnatöku, varðveislu lífsýna, skiptingu kostnaðar við rannsóknir og önnur atriði þessu tengd.

Þau ákvæði frumvarpsins sem tengjast svokölluðum málamyndahjúskap hafa sætt töluverðri gagnrýni. Einkum hefur það verið gagnrýnt að í greinargerð við frumvarpið er það nefnt sem vísbending um að um málamyndahjúskap geti verið að ræða að aðilar hafi ekki búið saman fyrir stofnun hjúskapar, hjónin skilji ekki tungu hvors annars, mikill aldursmunur sé á þeim, þau þekki ekki til einstakra atriða eða atvika úr lífi hvors annars fyrir giftingu eða fyrri hjónabönd. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þessi tilvik eru eingöngu nefnd í dæmaskyni, en þau tilvik þar sem grunur getur vaknað um málamyndahjúskap verða að sjálfsögðu aldrei tæmandi talin. Þá ítrekar meiri hlutinn að við mat á því hvort stofnað hafi verið til málamyndahjúskapar verður að sjálfsögðu alltaf litið til allra þátta sem máli skipta og það mundi t.d. ekki vekja grunsemdir ef menningar- eða trúarlegt siðgæði hjóna eða annars þeirra væri þannig að ekki þætti við hæfi að pör byggju saman fyrir stofnun hjúskapar. Meiri hlutinn telur hins vegar til bóta að nánar verði skilgreint hvað átt er við með hugtakinu málamyndahjúskapur, svo sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu.

Í 16. gr. frumvarpsins er í h-lið gert ráð fyrir því að það verði gert refsivert að hafa í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun. Ýmsir hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að þarna sé verið að veitast gegn flóttamönnum sem kunna að koma hingað til lands á fölsuðum vegabréfum. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur er lagt til að þessu ákvæði verði bætt við lögin til að auðvelda baráttuna gegn mansali og því að verið

sé að koma fólki milli landa á fölskum forsendum á annan hátt eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt gildandi lögum er refsivert að framvísa fölsuðum vegabréfum, t.d. við landamæraeftirlit eða annað eftirlit lögreglu. Í þeim tilvikum þar sem fölsuð vegabréf hafa fundist á fólki, án þess að hafa verið framvísað, hefur ekki verið unnt að refsa viðkomandi fyrir að hafa fölsuð vegabréf í vörslum sínum. Dæmi eru um að fjöldi slíkra vegabréfa hafi fundist í fórum sama einstaklings. Breytingunni er á engan hátt beint gegn pólitískum flóttamönnum, enda væri þá með sama hætti hægt að segja að gildandi ákvæði um það að notkun falsaðra vegabréfa sé refsiverð væri sama marki brennd. Flóttamenn hafa hvorki verið ákærðir né dæmdir hér á landi fyrir notkun falsaðra vegabréfa og er það skýrt í augum meiri hlutans að það sama verður uppi á teningnum hvað varðar vörslu þeirra. Ákvæði frumvarpsins er eingöngu beint gegn þeim sem stunda skipulegan innflutning á fólki, mansal og slík afbrot.

Við meðferð málsins í nefndinni bárust athugasemdir um að ákvæði frumvarpsins um vegabréf brytu í bága við skyldu ríkja samkvæmt ákvæðum Palermo-samningsins um aðgerðir gegn skipulegri alþjóðlegri glæpastarfsemi, en þar er kveðið á um að aðildarríki skuli vernda og aðstoða fórnarlömb mansals. Því var haldið fram í umsögnum að með lögfestingu ákvæða frumvarpsins yrðu slík fórnarlömb í raun látin sæta refsingu en ekki veitt vernd eins og vera bæri. Við skoðun nefndarinnar á réttmæti þessara athugasemda kom í ljós að Ísland hefur staðfest Palermo-samninginn, en ekki fullgilt hann. Þessir samningar hafa því ekki skuldbindingargildi fyrir íslenska ríkið eða þegna þess. Verði það gert er fyrirsjáanlegt að gera þurfi breytingar á íslenskri löggjöf, en í henni er nú þegar kveðið á um að ýmis háttsemi sem getur tengst smygli á fólki sé refsiverð, svo sem að framvísa fölsuðum vegabréfum á landamærum. Þessu þyrfti að breyta við fullgildingu samningsins. Sú breyting sem frumvarpið felur í sér breytir engu um þessa stöðu, þ.e. breytingar á löggjöfinni verða nauðsynlegar ef tekin verður ákvörðun um fullgildingu samningsins hvort sem frumvarpið sem nú liggur fyrir verður að lögum eða ekki. Hins vegar er ljóst eins og áður er rakið að ákvæði þessu er á engan hátt beint gegn þeim einstaklingum sem Palermo-samningurinn á að vernda.

Sérstaklega var rætt um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þar sem gildistöku tiltekinna ákvæða laganna varðandi EES-útlendinga er frestað um tvö ár gagnvart aðildarríkjum hinna nýju ríkja í Evrópusambandinu, að undanskildu ríkjunum Möltu og Kýpur. Ríkisborgarar þeirra aðildarríkja njóta því ekki ívilnana samkvæmt samningnum um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðinsins fyrr en 1. maí 2006. Nefndinni bárust ábendingar um að með mörgum ákvæðum frumvarpsins væri í raun verið að herða skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindum ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja samningsins um stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta væri í andstöðu við ákvæði samningsins sem kvæði á um að ekki mætti herða skilyrðin fyrir dvalar- og atvinnuréttindum frá því sem gilti á undirritunardegi hans. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að VI. kafli útlendingalaga hefur að geyma sérreglur um útlendinga sem falla undir EES-samninginn. Svo er einnig með reglugerðina um útlendinga. Ákvæði frumvarpsins miða ekki að því að gera neinar breytingar á kaflanum um EES-útlendinga, en í honum er m.a. að finna sérstök ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur sem eru mun víðtækari en almennu ákvæðin. Að umsömdum aðlögunartíma liðnum, þ.e. 1. maí 2006, munu borgarar allra hinna nýju aðildarríkja EES falla undir ákvæði þessa kafla að öllu leyti, en frá og með 1. maí nk. falla þessir aðilar þó að mestu leyti undir VI. kafla útlendingalaga að frátöldu ákvæði a-liðar 36. gr. laganna og ákveðnum takmörkunum varðandi 35. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Loks bendir meiri hlutinn á að tímabært sé að huga að því að útgáfa atvinnuleyfa verði færð frá Vinnumálastofnun til Útlendingastofnunar og telur að mikið hagræði yrði að því að

færa þennan málaflokk á eina hendi. Ein af grundvallarforsendum þess að útlendingur geti fengið dvalarleyfi hér á landi er að hann geti sýnt fram á sjálfstæða framfærslu, en hún fæst að jafnaði með atvinnuþátttöku. Óheimilt er að gefa út dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku nema atvinnuleyfi liggi fyrir og sömuleiðis er óheimilt að gefa út atvinnuleyfi nema dvalarleyfi hafi verið gefið út. Það yrði því vera til mikillar einföldunar ef sama stofnunin hefði þessi mál með höndum. Lagalega er það órökrétt að tvær stofnanir hafi þessi verkefni með höndum, en þessi tvískipting á milli stofnana um útgáfu leyfa til dvalar annars vegar og atvinnu hins vegar þekkist hvergi í heiminum nema á Íslandi og í Finnlandi. Meiri hlutinn beinir því til hlutaðeigandi stjórnvalda að beita sér sem fyrst fyrir breytingum í þá veru sem hér hefur verið lýst.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru þessar:

1. Lagt er til að hugtakið málamyndahjúskapur verði skilgreint í lagatextanum sjálfum sem hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis og ákvæði 2. og 7. gr. þar sem fjallað er um málamyndahjúskap samræmd að þessu leyti.
2. Þá leggur meiri hlutinn til að við ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um heimild til leitar verði bætt ákvæði um að leit skuli ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum til að taka af allan vafa í þessum efnum. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. 29. gr. laganna falli brott, en þau vísa til þess að við leit skuli fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Meiri hlutinn telur rétt að skýra enn frekar meginreglu núgildandi laga að dómsúrskurð þurfi fyrir húsleit og leggur því til framangreindar breytingar.
3. Loks leggur meiri hlutinn til að orðalagi í 7. gr. frumvarpsins, sem fjallar um heimild Útlendingastofnunar til að krefjast þess að umsækjandi um dvalarleyfi eða ættmenni hans láti í té lífsýni til að staðfesta skyldleika, verði breytt þannig að ljóst sé að viðkomandi hafi ætíð heimild til að hafna því að gangast undir töku lífsýnis.

Jónína Bjartmarz skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem hún mun gera grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og stendur ekki að áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Jónína Bjartmarz, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.		Sigurður Kári Kristjánsson.

1517. Breytingartillögur [749. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, PHB, JBjart, BÁ, SKK).

1. Við 2. gr. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
   Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna.
2. Við 7. gr.
   a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. falla brott.
   b. Efnismálsliður a-liðar orðist svo: Sama gildir ef rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða ekki með vilja beggja, sbr. 3. mgr. 13. gr.
   c. B-liður orðist svo: Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 8. mgr., svohljóðandi:
      Leit skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum.
      Við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hefur Útlendingastofnun heimild til að fara fram á að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr., ef fyrirliggjandi gögn í því efni eru ekki talin veita fullnægjandi sönnun um skyldleikann.

1518. Nefndarálit [855. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn fagnar því að eitt af meginmarkmiðum laga um fæðingarorlof hefur náðst, þ.e. að feður taki fæðingarorlof í auknum mæli. Frá árinu 2001 hefur hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof aukist úr 30% í 80%. Eftir að lögin komu að fullu til framkvæmda á árinu 2003 fengu 4.432 karlar greitt úr Fæðingarorlofssjóði og 5.149 konur. Ljóst er að stjórnvöld hafa vanmetið stóraukna þátttöku karla í fæðingarorlofi við lagabreytingu árið 2001 og því vanmetið útgjaldaþörf sjóðsins. Minni hlutinn gagnrýnir þá leið sem lögð er til í frumvarpinu til að styrkja stöðu sjóðsins en samkvæmt henni á megnið af auknu fjármagni til sjóðsins að koma úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Sömuleiðis gagnrýnir minni hlutinn að ekki séu leiðréttir ýmsir augljósir gallar á lögunum og að gerðar séu ýmsar breytingar sem eru til þess fallnar að skerða greiðslur í fæðingarorlofi umfram það þak sem sett er á hámarksgreiðslur.

Þak á fæðingarorlofsgreiðslur.

Vissulega eru fyrir því sterk rök að setja þak á hámarksgreiðslur og líta til þess að það orki mjög tvímælis að greiða allt að 1.800.000 kr. á mánuði í fæðingarorlof eins og gert hefur verið frá setningu laganna. Ekki síst ber að líta til þess að drjúgur hluti fjármögnunarinnar kemur úr Atvinnuleysistryggingasjóði en hámarksgreiðslur í atvinnuleysi eru innan við 90 þús. kr. á mánuði eftir þá hækkun sem verkalýðshreyfingin knúði í gegn í kjarasamningum. Auk þess þarf stór hluti karla og kvenna í fæðingarorlofi að sætta sig við mjög lágar greiðslur, einkum námsmenn, öryrkjar og atvinnulausir. Á árinu 2003 fóru 195 manns yfir það þak sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði á hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, þar af 178 karlar og 17 konur. Þegar litið er til tekjudreifingar þessa hóps voru 88 karlar og tíu konur með tekjur á bilinu 600–700 þús. kr. árið 2003. Fjörutíu karlar og fjórar konur voru með tekjur á bilinu 700–800 þús. kr. Tvær konur voru með meira en 1 millj. kr. í mánaðartekjur og þrettán karlar. Fyrir liggur að þak við 600 þús. kr. mánaðartekjur sparar Fæðingarorlofssjóði lítið. Gert er ráð fyrir 150 millj. kr. sparnaði að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem grípa á til en stjórnvöld telja að einhver brögð séu að því að foreldrar leitist við að hafa áhrif á tekjur sínar til að fá hærri fæðingarorlofsgreiðslur.

Þakið skiptir engum sköpum fyrir fjárhagslega afkomu sjóðsins, en ýmsum hefur misboðið hversu háar greiðslur fámennur hópur getur fengið úr þessum sameiginlega sjóði landsmanna. Sjónarmið þeirra sem ekki vilja að sett sé þak á fæðingarorlofsgreiðslur á líka fullan rétt á sér, en þá er höfðað til jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði og við töku fæðingarorlofs. Ýmsir óttast að þakið geti leitt til þess að karlar með tekjur yfir 600 þús. kr. á mánuði muni síður taka fæðingarorlof en konur muni gera það þrátt fyrir verulega tekjuskerðingu. Þar sem konur væru líklegri til að nýta sér fæðingarorlofsrétt sinn og vera þar með frá vinnu gæti það síðan haft áhrif á jafnrétti kvenna við veitingar hálaunastarfa og möguleika þeirra til starfsframa í hærra launuðum störfum. Ástæða er þó til að nefna að ekki fengust upplýsingar um í hvaða störfum þeir 195 einstaklingar eru sem voru í fæðingarorlofi á sl. ári með tekjur yfir 600 þús. kr. og því erfitt að alhæfa um áhrif breytinganna á ráðningarmál og veitingar hálaunastarfa.

Flestir umsagnaraðilar fallast á að þak verði sett á fæðingarorlofsgreiðslur. BHM hefur þó gagnrýnt þakið mjög en ASÍ, BSRB og SÍB leggjast ekki gegn því að þak verði sett á hámarksgreiðslur. SÍB leggur áherslu á að hámarksfjárhæðin fylgi almennum launabreytingum. Þeir sem gagnrýna þakið telja að með því glatist sá tilgangur jafnréttislaganna að stuðla að því að sem flestir feður – tekjuháir sem tekjulágir – sinni fjölskylduábyrgð á öllum stigum í ríkari mæli en hingað til. Aðrir líta svo á að þessi þáttur sé ofmetinn og fæðingarorlof hafi ekki ráðandi áhrif á ákvörðun æðstu stjórnenda fyrirtækja um ráðningu starfsmanna, hvort sem umsækjandi er karl eða kona. Minni hlutinn óttast frekar að þakið verði fyrsta skrefið til að skerða fæðingarorlofsgreiðslur meira, tilhneiging verði hjá stjórnvöldum að lækka þakið í sparnaðarskyni og láta fjárhæðir ekki breytast í takt við launavísitölu. Minni hlutinn mun því flytja breytingartillögu til að fyrirbyggja geðþóttaákvarðanir stjórnvalda við fjárlagaafgreiðslu þannig að þakið og gólf fæðingarorlofsgreiðslna haldi í við launaþróun. Að öllu samanlögðu mælir minni hlutinn með þeirri leið að þak verði sett á hámarksfjárhæð fæðingarorlofsgreiðslna í trausti þess að það sé ekki fyrsta skrefið til frekari lækkunar á greiðslunum.

Fjármögnun gagnrýnd.

Minni hlutinn gagnrýnir mjög hvernig staðið er að því að styrkja stöðu Fæðingarorlofssjóðs. Með því að flytja fjármagn í verulegum mæli úr Atvinnuleysistryggingasjóði er stöðu

sjóðsins teflt í mikla tvísýnu auk þess sem þetta takmarkar mjög eða nánast útlokar að óbreyttu að hægt sé að bæta stöðu atvinnulausra. Í því sambandi skal bent á að félagsmálaráðherra hefur sett á fót nefnd með aðilum vinnumarkaðarins sem hefur það verkefni að gera tillögur um úrbætur í málefnum atvinnulausra, m.a. að skoða tekjutengingu atvinnuleysisbóta. ASÍ, BSRB og SÍB hafa harðlega gagnrýnt breytingu á fjármögnunarfyrirkomulagi Fæðingarorlofssjóðs og telja að fjárhagslegum forsendum Atvinnuleysistryggingasjóðs sé stefnt í voða.

Verulegur munur er á mati ASÍ og þeirri spá sem fulltrúar félagsmálaráðuneytisins kynntu í félagsmálanefnd um áhrifin af því að færa umtalsverðar fjárhæðir frá Atvinnuleysistryggingasjóði í Fæðingarorlofssjóð. Samkvæmt spá um afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs er gert ráð fyrir að hann verði rekinn með 300–700 millj. kr. halla á ári. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að atvinnuleysi minnki og verði 2,5% árið 2007 og engar frekari breytingar verði gerðar á réttindum í sjóðnum. ASÍ spáir því að atvinnuleysi muni ekki minnka á næsta ári heldur verði það áfram 3,5%. Sömuleiðis leiðir ASÍ líkur að því að þegar árið 2005 verði halli sjóðsins ekki 677 millj. kr. heldur verði hann 1,5–1,8 milljarðar kr. og eigið fé komið niður fyrir 6 milljarða en í spá stjórnvalda er gert ráð fyrir að eigið fé sjóðsins verði 7,8 milljarðar árið 2005. Frávikin felast í því að ASÍ spáir meira atvinnuleysi á næstu árum en stjórnvöld og munar þar allt að 0,5% á ári. ASÍ spáir því að eiginfjárstaða sjóðsins fari niður í 3,8 milljarða kr. árið 2007 þegar allar líkur séu á að atvinnuleysi aukist verulega í kjölfar samdráttar í framkvæmdum við Kárahnjúka.

Í umsögn ASÍ er lagt til að í stað þess að rýra tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og stjórnvöld áforma verði hlutur hans óbreyttur og tekjuþörf Fæðingarorlofssjóðs mætt með þeim hluta tryggingagjaldsins sem ekki er sérstaklega varið til trygginga er tengjast vinnumarkaðnum og starfsemi tengdri honum.

Í umsögn Samtaka atvinnulífsins kemur fram að fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs og tilfærslur á tryggingagjaldi frá Atvinnuleysistryggingasjóði valdi áhyggjum. Samtök atvinnulífsins óttast að sú fjármögnun sem skilin er eftir fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð muni ekki reynast nægjanleg. Í umsögn Verslunarráðs Íslands kemur fram að ekki séu færð rök fyrir þeirri fullyrðingu að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé það sterk að óhætt sé að lækka greiðslur inn í þann sjóð.

ASÍ og BSRB gagnrýna þær breytingar sem gerðar eru á fjármögnunarfyrirkomulagi Vinnueftirlits ríkisins. Gjald til Vinnueftirlitsins af tryggingagjaldi er samkvæmt lögum allt að 0,08%, en sá gjaldstofn hefur þó ekki verið fullnýttur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi tekjustofn Vinnueftirlitsins falli niður og renni þess í stað til að bæta stöðu Fæðingarorlofssjóðs en fjárhagsrammi stofnunarinnar verði ákvarðaður í fjárlögum hverju sinni. ASÍ bendir á að mikilvægt sé að efla og treysta starfsemi Vinnueftirlitsins en ljóst sé að nýlegar breytingar á vinnuverndarlögunum, ný og aukin verkefni stofnunarinnnar, almennar kröfur um aukið vinnuverndarstarf og þegar hafnar og fyrirhugaðar stórframkvæmdir geri auknar kröfur til stofnunarinnar og kalli á aukið fjármagn til starfseminnar. Upplýst var í nefndinni að félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra hefðu sameiginlega ákveðið að við þessa breytingu verði fjármagn ekki skert til Vinnueftirlitsins.

Áhrifin af hertum reglum.

Eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila, einkum ASÍ, BSRB, BHM og SÍB, var breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við. Lagt er til í frumvarpinu að viðmiðunartímabilið verði lengt, miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári í stað þess

að miðað sé við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Einnig er lagt til að greiðslur úr sjóðnum verði miðaðar við upplýsingar úr skattkerfinu og fæðingarorlofsgreiðslur verði því tengdar eldri tekjum samkvæmt skattframtölum á viðmiðunartímabilinu.

Ljóst er að lengt viðmiðunartímabil getur leitt til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum og áætla ASÍ, BSRB og BHM að í mörgum tilvikum geti hlutfall fæðingarorlofs af tekjum á viðmiðunartímabilinu farið úr 80% af tekjum niður í allt að 70% í mörgum tilvikum. Ástæðan er sú að miðað verður við tekjur í tvö tekjuár á undan fæðingarári og því taka fæðingarorlofsgreiðslur að verulegu leyti mið af 2–3 ára gömlum tekjum. Þannig getur viðmiðunartímabilið orðið nálægt þremur árum því að ein helsta breytingin sem lögð er til á fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið og því miðað við heil tekjuár í stað 12 mánaða samfellds tímabils. Þannig verða fæðingarorlofsgreiðslur þess sem fæðir barn í lok þessa árs miðaðar við tekjuárin 2002 og 2003, en t.d. ekki þær tekjur sem viðkomandi hafði á árinu þegar barnið fæðist. Þessar tekjur, sem nálgast að vera þriggja ára gamlar, eru ekki uppfærðar miðað við launavísitölu eða verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu. Það leiðir til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum sem ASÍ metur 5–7% en BHM meira en 10% í ýmsum tilvikum.

ASÍ segir þetta alvarlegasta ágallann á þeim sparnaðartillögum sem er að finna í frumvarpinu og BSRB segir að ljóst sé að þetta muni skerða greiðslur úr sjóðnum vegna launaskriðs sem stöðugt eigi sér stað. Eftir því sem viðmiðunartímabilið nær lengra aftur í tímann, þeim mun lægri verða greiðslur úr sjóðnum. Í umsögn BHM segir að rofið sé samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi.

Minni hlutinn tekur undir að þarna eru á ferðinni verulegir ágallar á frumvarpinu. Ef þak fæðingarorlofsgreiðslna hækkar ekki í samræmi við launavísitölu getur það leitt til verulegrar skerðingar á greiðslunum. Hlutfall greiðslna miðað við laun skerðist þá en það getur stefnt markmiðum fæðingarorlofslaganna í tvísýnu. Þegar orlofsgreiðslurnar eru komnar í 70% af tekjum og stefna jafnvel neðar getur afleiðingin orðið að feður fari síður í fæðingarorlof. Hér gæti því verið um afturhvarf til fortíðar að ræða og geldur minni hlutinn varhuga við þessu. Breytingin á viðmiðunartímanum gæti þó verið til hagsbóta fyrir þá sem hafa verið í vinnu og með góðar tekjur fyrsta viðmiðunarárið en verða atvinnulausir á seinna ári viðmiðunartímans. Minni hlutinn telur rétt að bregðast við þeim ágalla sem skert getur greiðslur með því að leggja til að tekjur á viðmiðunartímanum verði færðar upp til samræmis við launavísitölu þegar fæðingarorlof er tekið. Sömuleiðis leggur minni hlutinn til að ef einstaklingar í fæðingarorlofi hafa verið atvinnulausir á viðmiðunartímanum og því einungis haft atvinnuleysisbætur sér til framfærslu en aftur á móti haft tekjur á fæðingarári barnsins sé heimilt í útreikningum fæðingarorlofsgreiðslna að taka tillit til þess. Minni hlutinn freistaði þess mjög að ná samkomulagi við meiri hlutann um að flytja þessar breytingartillögur en án árangurs.

Samkvæmt frumvarpinu verður felld út heimild til að taka til greina starfstíma foreldris í öðru EES-ríki þótt foreldri hafi unnið hér á landi í minnsta kosti einn af síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. ASÍ hefur gagnrýnt þessa breytingu og telur það mikið álitamál hvort heimilt sé og sanngjarnt að hætta að taka tillit til starfs í öðrum löndum. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og veltir því upp hvort eðlilegt sé í því alþjóðaumhverfi sem við búum við að reisa slíkar girðingar. Sú staða getur vissulega komið upp að rof verði á sex mánaða samfelldum tíma á vinnumarkaði, sem er skilyrði fyrir greiðslum fæðingarorlofs, ef viðkomandi vinnur erlendis stuttan tíma af þessum sex mánuðum sem krafa er gerð um. Þar með glatar hann þá rétti sínum til fæðingarorlofs og á einungis rétt á fæðingarstyrk.

Lífeyrir og umönnunargreiðslur skertar.

Við meðferð málsins í félagsmálanefnd ræddi nefndin ágalla á núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem snertir lífeyrisþega og þá sem rétt eiga til umönnunargreiðslna. Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laganna á foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi ekki rétt til umönnunargreiðslna vegna sama barns eða sömu fæðingar. Sama gildir um lífeyrisgreiðslur, þannig að réttur öryrkja til lífeyrisgreiðslna fellur niður í fæðingarorlofi. Hér er á ferðinni mikið óréttlæti sem verður að leiðrétta. Þannig geta t.d. tekjur öryrkja í mörgum tilvikum skerst svo þegar þeir fara í fæðingarorlof að hlutfall fæðingarorlofsgreiðslna af lífeyrisgreiðslum, sem falla niður, getur farið niður í 60–65%, sem er lægra hlutfall af fyrri tekjum en aðrir fá sem fara í fæðingarorlof.

Í svari sem fram kom á Alþingi við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fæðingarorlof á 128. löggjafarþingi (80. mál) kemur fram að 112 börn fædd á árunum 2001 og 2002 hafi fengið umönnunarmat. Telja megi nokkuð ljóst að í tilvikum 36 barna sem fæddust á árinu 2001 og tíu barna sem höfðu fæðst á árinu 2003 þegar svarað var hefðu umönnunarbætur verið greiddar frá fæðingu ef umönnunargreiðslur og fæðingarorlof mætti greiða saman en það er bannað samkvæmt núgildandi lögum. Erfiðara þótti að meta að hve miklu leyti beinar greiðslur féllu niður vegna hinna barnanna 66, þar sem misjafnt er í hvaða umönnunarflokk börnin eru metin og í sumum tilvikum er ekki um beinar greiðslur að ræða heldur aðeins rétt til svokallaðra umönnunarkorta. Engin rök mæla með því að foreldrar sem eignast börn sem þurfa sérstakrar umönnunar við samkvæmt mati verði án þeirra greiðslna í fæðingarorlofi, enda eðli máls samkvæmt um að ræða viðbótarútgjöld þessara foreldra vegna barns sem að einhverju leyti fæðist vanheilt.

Minni hlutinn flytur breytingartillögu um að fella niður ákvæði 33. gr. sem kveður á um að réttur til umönnunargreiðsla og lífeyris geti ekki farið saman við fæðingarorlof.

Misrétti í orlofstöku.

Félagsmálaráðuneytið hefur túlkað fæðingarorlofslögin þannig að foreldrar eigi rétt á orlofsgreiðslum samkvæmt 7. gr. laga um orlof vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi. Þetta var staðfest á 128. löggjafarþingi í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur þar að lútandi. Í framhaldi af því komst úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að greiða orlofslaun í fæðingarorlofi.

Framkvæmdin hefur því verið með þeim hætti að foreldrar á almenna vinnumarkaðnum fá ekki greitt orlof fyrir þann tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi en aftur á móti fá opinberir starfsmenn orlofið greitt. Hér er um mikla mismunun að ræða og fráhvarf frá því meginmarkmiði fæðingarorlofslaganna að jafna rétt foreldra á almenna og opinbera vinnumarkaðnum til fæðingarorlofs og réttindi í tengslum við það. Búast má við að 12–14 þúsund manns hafi orðið af orlofsgreiðslum vegna þessa frá því að nýju fæðingarorlofslögin tóku gildi og a.m.k. 700 millj. kr. hafi verið hafðar af þeim. ASÍ hefur stefnt Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa. Ljóst er að mikil réttaróvissa ríkir í málinu og þótt minni hlutinn sé sammála túlkun félagsmálaráðuneytisins, sem úrskurðarnefndin hnekkti síðan, þ.e. að núgildandi lög kveði á um rétt allra til að fá greitt orlof fyrir fæðingarorlofstímabilið, þá sé rétt að eyða óvissunni. Staðreyndin er sú að meðan þessi mismunur ríkir er hætta á að feður hætti frekar við að nýta sér fæðingarorlofsrétt sinn en ella. Auk þess er það brot á öllu jafnræði að fæðingarorlof foreldra á almenna vinnumarkaðnum sé í reynd allt að þremur vikum skemmra en fæðingarorlof foreldra á opinbera vinnumarkaðnum.

Minni hlutinn vill því nota þetta tækifæri sem hér gefst til að flytja breytingartillögu og taka upp efnisatriði í frumvarpi Ögmundar Jónassonar um þetta efni sem liggur fyrir félagsmálanefnd.

Aðrar ábendingar.

Í ítarlegri umsögn um frumvarpið lagði Tryggingastofnun ríkisins til ýmsar breytingar. Ekki gafst mikill tími til að fara yfir þær. Minni hlutinn taldi fulla ástæðu til að skoða þær nánar en því hafnaði meiri hlutinn.

Félag einstæðra foreldra og Jafnréttisstofa vöktu athygli á að taka þyrfti á rétti einstæðra foreldra. Réttur til fæðingarorlofs er ekki framseljanlegur milli foreldra og því getur sú staða komið upp hjá börnum einstæðra foreldra að þau njóti einungis fæðingarorlofs í sex mánuði. Ekki er gert ráð fyrir því að mæður ófeðraðra barna geti nýtt sér orlof sem faðir hefði annars átt rétt á. Benti Félag einstæðra foreldra á að á árinu 2002 hefðu ófeðruð börn á aldrinum 0–18 ára verið alls 148. Minni hlutinn telur að mjög varlega verði að fara í að heimila móður að nýta allan réttinn á níu mánaða fæðingarorlofstímabili þannig að ekki verði stefnt í hættu þeim markmiðum að báðir foreldrar nýti sér þann rétt sem lögin heimila. Engu að síður er full ástæða til að staða þessara barna verði skoðuð, einkum þegar um ófeðruð börn er að ræða. Leggur minni hlutinn til að félagsmálaráðherra láti skoða málið og mat verði lagt á áhrif þess að auka rétt þessa hóps.

Breytingartillögur.

Minni hlutinn styður meginefni frumvarpsins að því gefnu að eftirfarandi breytingartillögur nái fram að ganga:

1. Þak og gólf viðmiðunarfjárhæða breytist á hverjum tíma í samræmi við launavísitölu.
2. Tekjur viðmiðunartímabils tekna vegna greiðslna í fæðingarorlofi taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu á tímabilinu.
3. Heimilt sé að taka tillit til tekna á fæðingarári barns ef einstaklingur í fæðingarorlofi hefur verið tekjulaus á viðmiðunartímabilinu, t.d. vegna atvinnuleysis.
4. Orlof greiðist að loknu fæðingarorlofstímabili.
5. Umönnunar- og lífeyrisgreiðslur verði samrýmanlegar fæðingarorlofsgreiðslum.

Minni hlutinn telur að margar fyrrgreindra breytinga skipti sköpum um hvort markmið fæðingarorlofslaganna ná fram að ganga. Það veltur því á framgangi þeirra hvort minni hlutinn styður frumvarpið í heild sinni, en hann mun láta á tillögurnar reyna við 2. umræðu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann sammála þessu áliti og stendur einnig að framangreindum breytingartillögum.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Helgi Hjörvar. Valdimar L. Friðriksson.

Gunnar Örlygsson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:
I. Umsögn Bandalags háskólamanna. (15. apríl 2004.)
II. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (19. apríl 2004.)
III. Umsögn Samtaka atvinnulífsins. (21. apríl 2004.)
IV. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins. (16. apríl 2004.)
V. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (20. apríl 2004.)

1519. Nefndarálit [855. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurjón Örn Þórsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, aðstoðarmann fjármálaráðherra, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ingólf V. Gíslason frá Jafnréttisstofu, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Hallveigu Thordarson frá Tryggingastofnun ríkisins, Gissur Pétursson og Sigurð P. Sigmundsson frá Vinnumálastofnun, Gísla Tryggvason frá BHM, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Ragnar Ingimundarson og Jens Andrésson frá BSRB, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Ingimund Svein Pétursson frá Félagi einstæðra foreldra og Baldvin Ólafsson frá Félagsstofnun stúdenta.

Nefndinni barst fjöldi skriflegra umsagna, þar á meðal frá flestum framangreindum aðilum og komu þær allar að gagni við umfjöllun nefndarinnar um málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, auk breytinga á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu Fæðingarorlofssjóðs. Lagðar eru til breytingar á fjármögnun sjóðsins sem felast í hækkun þess hluta tryggingagjalds sem rennur í sjóðinn, tengingu við tekjuárið og að sett er þak við 480.000 kr. á mánuði á þær greiðslur sem hver einstaklingur getur fengið greiddar úr sjóðnum.

Meiri hlutinn telur eðlilegt að helstu ákvæði laga nr. 95/2000 komi til endurskoðunar nú þegar nokkur reynsla er komin á framkvæmd þeirra. Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafa verið meiri en ráð var fyrir gert við gildistöku laganna og því miður hafa reglurnar reynst of opnar í einstaka tilfellum sem hefur torveldað framkvæmd og auðveldað einstaklingum að krefja sjóðinn um hærri greiðslur en að var stefnt með lögunum.

Hin mikla ásókn í sjóðinn er jákvæð og þá sérstaklega hvað varðar fjölda feðra sem á grundvelli laganna hafa valið að taka fæðingarorlof. Það er þó því miður þannig að aukin ásókn þýðir aukin útlát hjá sjóðnum og nú eru greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði meiri en hann getur staðið undir til langs tíma. Við því verður að bregðast á ábyrgan hátt þannig að gætt sé að fjárhagslegri stöðu sjóðsins en jafnframt að ekki sé raskað um of því markmiði laganna að tryggja barni samveru við báða foreldra á fyrstu mánuðum ævinnar. Þessu telur meiri hlutinn að verði náð með þeim tillögum sem gerðar eru í frumvarpinu um hámark mánaðarlegra

greiðslna úr sjóðnum sem sett er tiltölulega hátt, skýrari reglum en nú eru í lögunum um hvernig leiðrétta megi greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, bættri upplýsingaöflun og auknu eftirliti, sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins, auk hækkunar þess hlutfalls sem renna skal í Fæðingarorlofssjóð af almennu tryggingagjaldi, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Sú tenging sem lögð er til í frumvarpinu milli greiðslu fæðingarorlofs og skattkerfisins er jákvæð að mati meiri hlutans. Auðveldara verður fyrir einstaklinga að gera sér grein fyrir rétti sínum og um leið eru takmarkaðir þeir möguleikar sem einstaklingar geta haft til að gefa upp í umsókn til Fæðingarorlofssjóðs annað en raunverulegar tekjur. Meiri hlutinn fellst á að lenging viðmiðunartímabilsins úr 12 mánuðum í tvö tekjuár muni leiða til aukins jafnvægis milli inn- og útstreymis úr Fæðingarorlofssjóði. Erfiðara verður fyrir einstaklinga að stjórna þeim tekjum sem þeir sýna til viðmiðunar á greiðslum úr sjóðnum og tengingin við tekjuárið leiðir einnig til þess að allar upplýsingar verða skýrari.

Í 7. mgr. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig hámarksgreiðslur og lágmarksgreiðslur geta tekið breytingum á milli ára eftir þróun launa, verðlags og efnahagsmála auk þess sem ráðherra er veitt heimild til að breyta fjárhæðunum til hækkunar við ákveðnar aðstæður. Með þessu er tryggt að fjárhæðir sem settar eru niður í frumvarpinu standi ekki í stað óháð breytingum á vinnumarkaði.

Meiri hlutinn gerir ekki aðrar athugasemdir við II. og III. kafla frumvarpsins en þær sem þegar er sagt frá.

Meiri hlutinn telur að með því að mæla svo fyrir að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2005 sé þess gætt að skerða ekki rétt einstaklinga til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði á afturvirkan hátt.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á 1. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins að réttur til fæðingarorlofs verði miðaður við raunverulegan fæðingardag barns í stað áætlaðs fæðingardags.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað orðanna „áætlaðan fæðingardag“ í 1. málsl. og lokamálslið 1. efnismgr. komi: fæðingardag.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara er varðar 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 21. apríl 2004.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaform., frsm.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
Birgir Ármannsson.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

1520. Svar [915. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um laxveiði í net við strendur landsins.

1. *Hversu margar kærur fyrir ólöglega laxveiði í net við strendur landsins voru gefnar út árin 1994–2003, sundurgreint eftir landshlutum?*

Í þessu tilfelli er rétt að benda á að brot gagnvart lax- og silungsveiðilöggjöfinni eru kærð til sýslumannsembætta eða lögreglustjóra. Embætti veiðimálastjóra hefur því ekki heildstætt yfirlit um þær kærur sem lagðar eru fram og hvernig þær skiptast eftir árum og milli landshluta. Því væri veruleg vinna í því fólgin að taka slíkt saman en líklegt er að árlegar kærur á landsvísu séu á bilinu 10–15, sem þó gefur engan veginn rétta mynd af brotum. Ekki er óalgengt að veiðieftirlitsmenn taki upp ólögleg net og geri upptæk þar sem þau eru ekki merkt eiganda eins og lög gera ráð fyrir. Í einstaka tilfellum fá aðilar áminningu frá eftirlitsmanni og kæra er því ekki lögð fram. Eftirlitsmenn telja að heldur hafi dregið úr ólöglegum veiðum á laxi eftir að eftirlit var eflt upp úr 1990. Jafnframt hefur dregið úr slíkum brotum t.d. við Vesturland eftir að dró úr hafbeitarstarfsemi í þeim landshluta um 1996.

2. *Hvernig er eftirliti með laxveiði í net við strendur landsins háttað?*

Embætti veiðimálastjóra ræður yfir sumarið sérstaka eftirlitsmenn á landsvísu til að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Þessir aðilar ferðast vítt og breitt um landið og fylgjast með því að ekki séu ólögleg laxanet við ströndina og að lögleg net séu í samræmi við reglur nr. 261/1996, um netaveiði göngusilungs í sjó. Einnig eru sérstakir veiðieftirlitsmenn á vegum veiðifélaga í Árnessýslu og Borgarfirði sem fylgjast með strandlengjunni á sínu svæði auk þess sem þeir fylgjast með netalögnum í fersku vatni. Þessir aðilar hafa síðan samstarf sín á milli þegar einstaka mál koma upp.

Það hefur óneitanlega valdið veiðieftirlitsmönnum nokkrum erfiðleikum að netaveiðar á bleikju í sjó eru heimilar þrátt fyrir að laxveiðar í sjó séu alfarið bannaðar. Lax veiðist ætíð að nokkru marki í silunganet ef þau eru lögð í gönguleið laxins og eftirlitsmenn geta ekki kært viðkomandi aðila fyrir lögbrot nema laxinum hafi verið landað. Eðlilegast væri því að takmarka netaveiði á silungi í sjó á þeim tíma sem laxinn gengur.

Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungveiði, hefur veiðimálastjóri heimild til að banna silungsveiðar á vissum árstíma samkvæmt beiðni veiðiréttareigenda, sem jafnframt verða ábyrgir fyrir bótakröfum. Þetta er mjög áhrifarík leið til að draga úr áhrifum silungsveiðinnar á laxastofna og gefnar hafa verið út nokkrar slíkar reglugerðir, sem m.a. má finna á heimasíðu embættis veiðimálastjóra www.veidimalastjori.is:

- Auglýsing nr. 300/1998, um bann við veiði göngusilungs í Hvalfirði.
- Auglýsing nr. 283/1979, um bann við veiði göngusilungs á Eyjafirði.
- Auglýsing nr. 355/1984, um bann við veiði göngusilungs í sjó í Ólafsfirði.
- Reglur nr. 418/2003 um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa og Skjálfanda.

Ljóst er að fleiri slíkar reglur verða gefnar út sem hafa það að meginmarkmiði að takmarka blóraveiði á laxi í silunganet og gilda því tímabundið yfir megingöngutíma laxins.

Ljóst er að ólögleg laxveiði fer ekki eingöngu fram í lögleg bleikjunet við strendur landsins. Grunur hefur leikið á því að lax sé að einhverju marki veiddur í ýsunet yfir sumarið og staðfest hefur verið að lax af ýmsum stærðum sé veiddur í flotvörpu, t.d. í síld- og makrílveiðum. Slík veiði fer fram í órafjarlægð frá heimkynnum laxins í fersku vatni og getur í raun talist alþjóðlegt vandamál sem mikið hefur verið rætt á alþjóðafundum um Atlantshafslax.

3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að stöðva með öllu „sjóræningjaveiði" á laxi við strendur landsins?*

Landbúnaðarráðherra mun hér eftir sem hingað til styðja að öflugt eftirlit sé með því, að lax sé ekki veiddur í sjó eins og mælt er fyrir um í landslögum. Hins vegar þurfa aðrir aðilar einnig að koma að því máli, til að tryggt sé að ekki sé um blóraveiði á laxi að ræða í veiðum á sjávarfiskum í lagnet eða flotvörpur, eins og áður var vikið að.

1521. Nefndarálit [387. mál]

um till. til þál. um að athuga réttarstöðu íslenskrar tungu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Íslenskri málnefnd, Útlendingastofnun, Orðabók Háskólans og Þór Vilhjálmssyni.

Með tillögunni er lagt til að forsætisráðherra verði falið að setja á fót nefnd sem hafi það verkefni að athuga réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Nefndinni verði jafnframt falið að gera grein fyrir réttarstöðu þjóðtungna og annarra mála í grannríkjum Íslands og að skoða sérstaklega stöðu íslensks táknmáls og tungumála nýbúa hér á landi.

Nefndin telur málið allrar athygli vert og mikilvægt að ráðist verði í þá vinnu sem tillagan gerir ráð fyrir. Örar breytingar í alþjóðasamfélagi kalla á að réttarstaða þjóðtungunnar verði skýrð og skerpt, en margar þjóðir jafnt innan sem utan Evrópu hafa nú verulegar áhyggjur af stöðu þjóðtungna sinna. Þá skipta óskir heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra um viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem móðurmáli sínu einnig verulegu máli í þessum efnum þar sem ljóst þarf að vera hver réttarstaða íslenskunnar er svo að komið geti til álita að gera íslenska táknmálið jafnrétthátt íslensku.

Með vísan til framangreinds leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Dagný Jónsdóttir, frsm.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Katrín Júlíusdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Mörður Árnason.	Sigurður Kári Kristjánsson.

1522. Skýrsla [971. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Hinn 19. maí 2001 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi, en hún hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 99/2001. Í þingsályktuninni segir að samgönguráðherra skuli fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

II. Aðdragandi.

Í byrjun ársins 2000 ákvað samgönguráðherra að hefja vinnu við að gera langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að halda utan um verkið og var hún skipuð eftirfarandi fulltrúum, aðalmönnum og varamönnum: Frá samtökum sjómanna Guðjón Ármann Einarsson og Halldór A. Guðmundsson, frá samtökum útgerðarmanna Guðfinnur Johnsen og Örn Pálsson, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg Hilmar Snorrason og Gunnar Tómasson, frá Siglingastofnun Íslands Jón Bernódusson og Ari Guðmundsson og frá samgönguráðuneyti Helgi Jóhannesson formaður og Jósef H. Þorgeirsson varaformaður.

Langtímaáætlunin var unnin í samráði við hagsmunaaðila og kynnt á fundum siglingaráðs. Undirbúningur verksins fór fram innan Siglingastofnunar Íslands sem réð til sín tímabundið Ingimund Valgeirsson verkfræðing til að vinna að verkefninu. Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is/oryggi2000, var kynning á verkefninu og var öllum sem láta sig öryggismál sjómanna varða gefinn kostur á að koma eigin sjónarmiðum að. Til að geta betur metið leiðir sem þarf að fara til að bæta öryggi sjófarenda almennt var óskað eftir athugasemdum og tillögum frá sjómönnum, útgerðum og öllum sem málið varðar. Tekin voru saman ýmis sjónarmið sem fram hafa komið í skýrslum og almennri umræðu, svo sem í blöðum, tímaritum og á ráðstefnum. Sérsniðnar spurningar um öryggismál voru sendar til útgerðarfyrirtækja og sjómanna. Svör bárust frá um 120 starfandi sjómönnum og auk þess komu fram ýmsar aðrar skriflegar og munnlegar athugasemdir. Teknar voru saman upplýsingar úr þeim tilkynningum um slys á sjómönnum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins árið 1999. Skoðaðar voru nýlegar sjóslysaskýrslur og rætt var við ýmsa aðila sem hafa góða þekkingu á ákveðnum sviðum öryggismálanna.

Þegar athugasemdir og tillögur lágu fyrir kom í ljós að af ýmsu var að taka. Nauðsynlegt var að meta athugasemdir og velja úr og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og umfangi. Í sumum athugasemdunum fólst talsverð gagnrýni á ákveðna aðila og sjálfsagt er hægt að grafast fyrir um hvort hún er á rökum reist en varast þarf að dæma heildina út frá einstaka tilvikum innan hvers málaflokks. Þegar áðurnefnd atriði höfðu verið skoðuð og metin dró verkefnisstjórn út atriði varðandi öryggismálin og tengd málefni sem skoða ætti sérstaklega.

III. Tilgangur og markmið.

Tilgangur með þingsályktun um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda og að unnið verði eftir sérstakri áætlun í þeim málum

á árunum 2001 til og með 2003. Markmið áætlunarinnar er að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra, sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt er að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004.

Á árinu 2004 verður lagt mat á hvort markmið um fækkun slysa hafi gengið eftir.

IV. Fjármögnun.

Í þingsályktun Alþingis um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er gert ráð fyrir að veittar verði til hennar 10 millj. kr. á árinu 2001, 15 millj. kr. á árinu 2002 og 20 millj. kr. á árinu 2003, alls 45 millj. kr. á tímabilinu öllu.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 var ekki kveðið á um sérstaka fjárveitingu til áætlunarinnar á árinu 2001. Í ákvæði til bráðabirgða með lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem samþykkt voru á Alþingi 20. maí 2001 kom eftirfarandi fram: „Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.“

Vegna þessa ákvæðis skrifaði samgönguráðuneytið bréf, dags. 15. maí 2001, til undanþágunefndar sem starfar samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og vakti athygli nefndarinnar á nefndu ákvæði til bráðabirgða. Í bréfi ráðuneytisins kom þetta m.a. fram: „Í ljósi þessara breytinga telur ráðuneytið rétt að engar greiðslur eigi sér stað úr sjóðnum fram til 1. júlí nk. og að innheimt verði gjald fyrir veittar undanþágur til og með 30. júní nk. Svo fljótt sem verða má eftir þann tíma skal ganga frá uppgjöri sjóðsins og andvirði hans afhent Siglingastofnun Íslands til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.“ Undanþágunefnd lauk uppgjöri undanþágusjóðs með bréfi til samgönguráðuneytis, dags. 23. nóvember 2001. Andvirði sjóðsins 1. júlí 2001 þegar hann var lagður niður reyndist vera 6.086.234 kr. og barst sú fjárveiting Siglingastofnun í desember 2001. Það sem upp á vantaði að 10 millj. kr. fjárveitingu væri náð til verkefnisins ráðstafaði samgönguráðuneytið af fjárlagaliðnum 10.190.1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna.

Fjárveiting til áætlunarinnar árið 2002, 15 millj. kr., var ákveðin í fjárlögum fyrir það ár.

Fjárveiting fyrir árið 2003 var 15 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2003 sem er lækkun um 5 millj. kr. frá því sem kveðið var á um í samþykkt áætlunarinnar á Alþingi 19. maí 2001, þ.e. 15 millj. kr. í stað 20 millj. kr.

V. Framkvæmd áætlunarinnar.

Samgönguráðuneytið fól Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 25. maí 2001 að annast framkvæmd áætlunarinnar, en í bréfinu segir m.a.:

„Ráðuneytið felur Siglingastofnun hér með að fara með framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí sl. Ráðuneytið leggur áherslu á að nú þegar verði hafist handa við að koma verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Sérstök athygli er vakin á því að samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miði í átt að settu marki.

Ráðuneytið telur rétt að verkefnisstjórn sem vann að málinu komi jafnframt að framkvæmd hennar til að stéttarfélög sjómanna, útgerðir og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafi

þar aðkomu og ábyrgð og verði hlutverk hennar að hafa ákveðið eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma.“

Eins og áður er komið fram skipaði samgönguráðherra verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að undirbúa og gera tillögur að langtímaáætlun. Verkefnisstjórn skilaði tillögum sínum til samgönguráðherra með bréfi dags. 19. desember 2000, sem urðu grunnur að tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi í byrjun árs 2001.

Siglingastofnun Íslands hefur, í samvinnu við verkefnisstjórn, gert sérstaka framkvæmdaáætlun um að koma einstökum verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Með bréfi dags. 21. desember 2001 óskaði Siglingastofnun Íslands eftir staðfestingu samgönguráðherra á þeirri framkvæmdaáætlun og staðfesti samgönguráðherra hana með bréfi dags. 19. febrúar 2002. Vegna þeirra tafa sem urðu við fjármögnun áætlunarinnar fyrir árið 2001 dróst að setja sum verkefni af stað, en reynt var að vinna upp þá seinkun á árunum 2002 og 2003. Meðfylgjandi er staðfest framkvæmdaáætlun sem hefur að geyma yfirlit um einstök verkefni áætlunarinnar, markmið þeirra, stöðu mála, ábyrgð og umsjón, fjármögnun, tímaramma, forgangsröðun og framvindu hvers verkefnis miðað við 15. mars 2004.

Í maí 2003 var skipuð ný verkefnisstjórn og hagsmunaaðilar eiga nú hver sinn fulltrúa, auk þess sem Landhelgisgæsla á nú þar fulltrúa. Í verkefnisstjórn eru Unnur Sverrisdóttir, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, sem jafnframt er formaður, Hilmar Snorrason frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Sigurður Steinar Ketilsson frá Landhelgisgæslu, Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Halldór A. Guðmundsson frá Vélstjórafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Guðfinnur G. Johnsen frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna og Eyþór H. Ólafsson frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

VI. Samgönguáætlun 2003–2014.

Í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem samþykkt var á Alþingi 13. mars 2003 og birt í A-deild Stjórnartíðinda 93/2003 er kveðið á um að unnið verði áfram samkvæmt sérstakri áætlun um öryggi sjófarenda og að öryggismál sjófarenda verði hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002, og að byggt verði áfram á þeim hugmyndum sem lágu að baki langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

Lagt er til að á tímabilinu 2003–2006 verði varið 75 millj. kr. til framkvæmdar áætlunarinnar, þ.e. 15 millj. kr. árið 2003, 20 millj. kr. á ári á árunum 2004, 2005 og 2006. Í fjárlögum fyrir árið 2004 er miðað við að 15 millj. kr. verði varið til langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda á því ári.

Miðað er við að framkvæmd þessarar áætlunar verði með sama hætti og framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003, þ.e. að Siglingastofnun annist framkvæmd áætlunarinnar samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun og að verkefnisstjórn komi að málinu með sama hætti og áður.

Útgjöld til langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda.

Verkefni	2003 millj. kr.	2004 millj. kr.	2005 millj. kr.	2006 millj. kr.
Menntun og þjálfun sjómanna verði efld með ýmsum hætti	1,5	3,0	3,0	3,0
Átak í öryggismálum farþegaskipa og farþegabáta	1,0	2,5	3,0	3,5
Átaksverkefni í fræðslu og áróðri	3,0	4,0	4,0	4,0
Gerð fræðsluefnis og leiðbeininga	4,5	3,0	3,0	3,0
Söfnun og miðlun upplýsinga milli sjómanna og aðila í landi	1,0	0,5	0,5	0,5
Úrbætur í stöðugleikamálum skipa og báta	1,0	1,0	1,0	1,0
Verkefni tengd innleiðingu öryggis- og gæðastjórnunarkerfa	0,7	0,5	0,5	0,5
Kynning á lögum og reglum um öryggisatriði og aukið eftirlit	0,5	0,5	0,5	0,5
Rannsóknir, úttektir á sviði öryggismála og öryggismál almennt	1,8	5,0	4,5	4,0
Samtals	**15,0**	**20,0**	**20,0**	**20,0**

Framkvæmdaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001–2003.

1.1 Samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum STCW og STCW-F
1.2 Endurmenntun skipstjórnarmanna
1.8 Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er

Markmið

Að nám í íslenskum sjómannaskólum sé samræmt kröfum alþjóðasamþykkta. Að nám, þjálfun og endurmenntun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé skipulagt þannig að það skili viðkomandi einstaklingi sem mestu, bæði í sjómannsstarfinu og í mati á náminu/þekkingunni innan almenna skólakerfisins og til annarra starfa í þjóðfélaginu. Að auka möguleika sjómanna á að afla sér menntunar samhliða starfi sínu.

Staða mála

Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar hefur unnið að endurskoðun námskráa fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarmenntun. Vorið 2001 voru sett lög nr. 76/2001, um áhafnir farþega- og flutningaskipa, sem grundvallast á STCW-samþykktinni. Þingsályktun um fullgildingu á STCW-F var samþykkt á Alþingi 24. apríl 2002, en það er alþjóðasamningur um menntun og þjálfun, vaktstöður og skírteini áhafna á fiskiskipum (STCW-F). Ísland fullgilti samninginn 28. maí 2002. Til að flýta fyrir gildistöku samningsins stendur Alþjóðasiglingamálastofnunin nú fyrir kynningu á þessari samþykkt um sjómenn á fiskiskipum meðal aðildarríkja sinna og leitaði stofnunin til Siglingastofnunar Íslands um að útbúa kynningarefni fyrir sérstök námskeið um þetta efni. Slíkt námskeið var haldið í Suður-Kóreu í desember 2002 og í Tanzaníu í mars 2003 og þar var starfsmaður Siglingastofnunar einn fyrirlesara.

Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá. Lög nr. 76/2001 gera kröfu um að þeir yfirmenn sem ekki hafa farið á sjó í fimm ár fari á endurmenntunarnámskeið vegna endurnýjunar atvinnuréttinda.

Framboð á fjarnámi í ýmsum skólum hefur aukist síðustu ár og hafa sjómenn átt þess kost að stunda þannig nám. Notkun gervihnattasambands og farsíma gerir þetta mögulegt fyrir sjómenn sem eru á sjó en kostnaður við gagnaflutning er mjög hár við þessar aðstæður. Mikilvægt er að sjómenn hafi kost á fjarnámi á sem flestum sviðum og að kostnaði þeirra við það sé haldið í lágmarki.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd

Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Sjómannaskólar hafi yfirumsjón með öllu skipulögðu námi, þjálfun og endurmenntun sjómanna, og stuðli að fjarnámi fyrir sjómenn á sem flestum sviðum.

Samstarfsaðilar

Menntamálaráðuneyti, starfsgreinaráð, sjómannaskólar, samgönguráðuneyti, hagsmunasamtök sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Vinna að þessum verkefnum sé fjármögnuð af menntamálaráðuneyti og viðkomandi stofnunum.
Langtímaáætlun styrki fjarnám sjómanna um:
0,4 millj. kr. árið 2001,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Samstarfsaðilar vinni að útfærslu þessara mála og Siglingastofnun Íslands verði virkari í skipulagningu sjómannamenntunar.

Námskrár sjómannaskóla þurfa að vera endurskoðaðar reglulega með tilliti til tækniframfara og alþjóðasamþykkta. Jafnframt skal stuðla að öflugri verklegri þjálfun og símenntun allra sjómanna.

Áætlanir verði gerðar um fjarnám sérstaklega ætlað sjómönnum.

Tímasetningar
Þess er vænst að sjómannamenntun sé metin og endurskoðuð reglulega í framtíðinni. Jafnframt sé þörf fyrir endurmenntun metin árlega og í boði séu viðeigandi námskeið og þjálfun fyrir sjómenn.

Lög og reglugerðir
Lög um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa, nr. 76/2001, 3. og 5. gr.
Reglugerð um nám til skipstjórnarréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna, nr. 531/2001.
Lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996.
Lög um slysavarnaskóla sjómanna, nr. 33/1991.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, með síðari breytingum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 14, 15, 18, 20 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem miðar að því að víkka gildissvið laganna og láta þau taka til allra skipa. Með frumvarpinu eru leidd í lög nauðsynleg ákvæði vegna alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, vaktstöður og skírteini sjómanna á fiskiskipum, þ.e. STCW-F. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um endurmenntun skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna vegna alþjóðasamþykktarinnar. Samhliða frumvarpinu mun utanríkisráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á alþjóðasamþykktinni (STCW-F).

Siglingastofnun er að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til alþjóðlegra krafna STCW og hefur lokið því fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands.

Siglingastofnun er einnig að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til endurmenntunarnámskeiða samkvæmt STCW, sjá ákvæði 5. gr. laga nr. 76/2001. Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá.

Siglingastofnun Íslands mun leita eftir tillögum sjómannaskóla um fjarnám fyrir sjómenn.
Mars 2003.
Siglingastofnun hefur farið yfir námskrár fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Slysavarnaskóla sjómanna með tilliti til alþjóðlegra krafna STCW og komu í ljós nokkrir minni háttar ágallar sem hafa verið lagfærðir.

Sjómannaskólarnir hafa jafnframt útbúið námskrár fyrir endurmenntunarnámskeið sem Siglingastofnun hefur tekið út með tilliti til alþjóðasamninga um það efni. Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninganna þurfa skólarnir jafnframt að búa sig undir gæðavottun sem á að eiga sér stað fyrir 1. ágúst 2004.
Mars 2004.
Samkvæmt lögum nr. 76/2001 eiga nám og kennsla í sjómannaskólum og útgáfa Siglingastofnunar á STCW alþjóðlegum atvinnuskírteinum að vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi og er það í samræmi við STCW-alþjóðasamþykktina sem gerir jafnframt kröfu um úttektir óháðra aðila til að staðreyna að svo sé. Nú er unnið að slíkri gæðavottun. Tilkynna á til IMO um niðurstöður þessara úttekta og stefnir IMO að því að tilkynna vorið 2005 um niðurstöður þeirra á fundi MSC (Maritime Safety Committee).

1.2 Fræðsla og þjálfun í stöðugleika
3.1 Stöðugleikamál skipa og báta, hættur samfara ofhleðslu

Markmið
Að námskeið og fræðsla um stöðugleika smábáta séu sem aðgengilegust fyrir sjómenn um land allt og boðið verði upp á fjarnám á þeim vettvangi.

Staða mála
Samkvæmt rannsóknarnefnd sjóslysa hafa sjóslys oft verið rakin til ófullnægjandi þekkingar skipstjórnarmanna á stöðugleika eigin skipa (á einkum við um smábáta). Siglingastofnun hefur gert fræðsluefni og staðið fyrir átaksverkefnum í fræðslu um stöðugleika skipa, einnig eru í boði í Stýrimannaskólanum í Reykjavík sérstök námskeið í stöðugleika smábáta. Talin er þörf á að efla þessa fræðslu til muna.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Samstarfsaðilar
Stýrimannaskóli, Slysavarnaskóli sjómanna, Landssamband smábátaeigenda og tryggingafélög.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun kosti gerð fræðsluefnis og styrki námskeiðahald:
1,0 millj. kr. árið 2001,
1,5 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.
Jafnframt verði aflað viðbótarfjármagns hjá styrktaraðilum, svo sem með auglýsingum.

Framkvæmd
Gert verði fræðsluefni á myndbandi og DVD og bæklingur sem dreift verði til smábátasjómanna. Jafnframt verði haldið uppi áróðri í fjölmiðlum, svo sem fréttabréfum og boðið verði upp á verkleg námskeið í stöðugleika sem víðast. Samstarfsaðilar skilgreina og skipuleggja þetta verkefni nánar.

Tímasetningar
Gerð fræðsluefnis verði lokið fyrir ágúst 2002. Í framhaldi af því verði hafin áróðursherferð sem standi yfir í um tvo mánuði og verði síðan endurtekin að vori 2003. Námskeið verði í boði meðan áróðursherferðir standa yfir.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 11, 13, 14 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að fræðsluefni um stöðugleika verði útbúið og er undirbúningur þeirrar vinnu hafinn (tengist lið 4.1).
Mars 2003.
Á árinu 2002 var unnið að endurgerð bæklings um kynningu á stöðugleika fiskiskipa sem Siglingamálastofnun ríkisins gaf út árið 1988. Mikil eftirspurn hefur verið eftir honum og hann mikið notaður, einkum af nemendum sjómannaskóla og á smábátanámskeiðum. Hann verður væntanlega gefinn út vorið 2003 og dreift endurgjaldslaust í öll skip á íslenskri skipaskrá og stefnt er að því að hann verði aðgengilegur á heimasíðu um öryggismál.

Fullbúið er fræðslumyndband um stöðugleika fiskiskipa sem Siglingastofnun hefur þýtt og endurútgefið með leyfi frá samtökum útgerðarmanna við Norður-Kyrrahaf (NPFVOA). Myndbandið getur komið að góðum notum við kennslu í stöðugleika fiskiskipa. Ákveðið er að fjölfalda myndbandið á DVD og dreifa því um borð í öll íslensk skip og jafnframt hafa það aðgengilegt á heimasíðu um öryggismál sjómanna.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Þar eru verkefni sem tengjast stöðugleika skipa:

„Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum. Ákvörðun um sjósókn er háð ýmsum þáttum. Veður

og sjólag skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum skipt höfuðmáli. Til að varast að fiskiskip verði fyrir áföllum eða hvolfi er brýnt að þekkja tengslin milli stöðugleika skipsins og hæfni þess til að bregðast við áhrifum frá umhverfinu. Beiting slíkrar þekkingar gæti fallið undir áhættustjórnun. Fyrsta skrefið í slíkri áhættustjórnun er að íhuga ásættanlegt áhættustig. Að mati Siglingastofnunar ber að veita sjómönnum á fiskiskipum leiðbeiningar sem ættu að minnsta kosti að fela í sér ráðgjöf svo að halda megi áhættunni innan marka. Í leiðbeiningunum ætti einnig að benda á vænlegustu úrræðin til að draga úr hættu á að skipi hvolfi. Enn sem komið er hefur tengslunum milli stöðugleika skips og hæfni þess til að standast áhrif frá umhverfinu verið gefinn lítill gaumur. Áhersla hefur verið lögð á löggjöf um lágmarksstöðugleika án þess að taka mið af áhrifum frá umhverfinu. Þetta hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að sjómenn treysta um of á sjóhæfni skipa sinna, stundum með hörmulegum afleiðingum. Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila hafa leitt til einfaldari útfærslu á stöðugleikagögnum fyrir fiskiskip og þróuð hafa verið tengsl milli hreyfistöðugleika skipa og áhættumats á brotöldum sem fyrir liggur í upplýsingakerfi stofnunarinnar. Til að gera vinnu um borð í fiskiskipum öruggari er grundvallaratriði að draga úr veltingi eins og hægt er. Þetta er gert m.a. með andveltigeymi og í þróun er búnaður til að hámarka nýtingu andveltigeyma með samhæfingu við hleðslu- og stöðugleikaforrit og stöðugleikamæli (RT-stöðugleikavakt) sem þegar er í notkun í nokkrum skipum.

Siglingastofnun mun, í samvinnu við verkfræðistofur, gera hleðslu- og stöðugleikagögn og gögn um vöktun á stöðugleika aðgengileg og notendavæn svo að upplýsingar um stöðugleika skips liggi ljósar fyrir stjórnanda þess á hverjum tíma. Þessi búnaður mun geta hámarkað nýtingu andveltigeyma. Siglingastofnun mun halda áfram að þróa upplýsingakerfi um veður og sjólag og vinna m.a. að ölduspám fyrir hafnir, grunnsævi og rastir og viðvörunarkerfi fyrir aftakaveður og sjávarflóð."

Mars 2004.

Í júní 2003 gaf Siglingastofnun Íslands út fræðslurit um stöðugleika fiskiskipa. Á árinu 1988 kom út fyrsta útgáfa ritsins og birtist það nú í þriðja sinn. Ritið hefur notið vinsælda meðal sjómanna og annarra sem láta sig varða öryggismál fiskiskipa. Endurskoðun ritsins hefur verið unnin í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Efni ritsins hefur verið aukið lítils háttar og samræmt breytingum sem hafa verið gerðar á reglum um stöðugleika þilfarsfiskiskipa. Jafnframt hefur hugtökum og skammstöfunum verið breytt til samræmis við fyrirmynd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Ritinu var dreift ókeypis um borð í öll íslensk skip. Auk þess má nálgast ritið hjá Siglingastofnun Íslands, á heimasíðu stofnunarinnar og á sérstökum vef um öryggismál sjómanna.

Í lok ársins 2002 komu út 2 DVD-diskar, en á þeim var m.a. fræðslumyndband um stöðugleika fiskiskipa sem útbúið var með leyfi frá samtökum útgerðarmanna við Norður-Kyrrahaf (NPFVOA). Myndbandið getur komið að góðum notum við kennslu í stöðugleika fiskiskipa. Þessari mynd hefur verið dreift um borð í öll íslensk skip.

Myndirnar sem vitnað er til að framan voru fjölfaldaðar á DVD-diska og voru þeir sendir til allra íslenskra skipa. Myndirnar eru 26, bæði stuttmyndir frá árinu 2002 og eldri myndir sem settar hafa verið á stafrænt form að fengnu leyfi útgefanda. Myndirnar eru á tveimur geisladiskum og er lengd myndanna

samtals tæpar 6 klst. Í byrjun árs 2004 var lokið gerð myndarinnar „Öryggi smábáta á fiskveiðum". Myndin er fyrsta fræðslumyndin þar sem öryggismál smábáta eru tekin sérstaklega til umfjöllunar. Myndin er gerð af Lífsmynd og er 26 mínútur að lengd. Hún verður fjölfölduð innan tíðar og send um borð í alla smábáta sem skráðir eru á íslenska skipaskrá ásamt myndum sem nú eru í undirbúningi og fjalla um hið sjálfvirka tilkynningarkerfi skipa (STK) og um sjóstýrðan losunarbúnað.

Lækningabók sjófarenda:
Í maí 2003 kom út *Lækningabók sjófarenda.* Bókin er hin fjórða af sínu tagi sem gefin er út hérlendis, en fyrri bækur voru: *Farmannabók. Lækningakver fyrir farmenn og aðra sjómenn* sem landlæknisembættið og Þórður Þórðarson læknir stóðu að árið 1938, *Lækningabók handa sjómönnum* sem læknarnir Benedikt Tómasson og Ólafur Jóhannsson sömdu og gefin var út að tilhlutan landlæknisembættisins árið 1967 og að síðustu *Lækningabók fyrir sjófarendur* sem Siglingamálastofnun ríkisins gaf út árið 1982 í samvinnu við landlæknisembættið og var hún að verulegu leyti sniðin eftir bókinni frá 1967. Bókin er þýðing á *Søfartsstyrelsens lægebog* sem siglingastofnun Dana gaf út og er einnig notuð við kennslu í slysahjálp og lækningum í dönsku sjómannaskólunum. Bókin er samin af læknum með sérþekkingu á heilbrigðismálum sjómanna og víðtækt samráð var haft við helstu hagsmunaaðila í dönskum sjávarútvegi og starfandi sjómenn, bæði í fiski- og kaupskipaflota. Samgönguráðuneytið hefur gefið út reglugerð nr. 931/2003 sem kveður á um að í lyfjakistu allra íslenskra skipa sem eru 15 metrar eða lengri skuli vera Lækningabók sjófarenda. Bókin er til sölu hjá Siglingastofnun og kostar kr. 4.500.

Fræðslupésar:
Á árinu 2003 voru gefnir út þrír fræðslupésar, þ.e. um öryggi í höfnum, öryggi farþega í skipum og öryggi smábáta á veiðum. Upplag hvers um sig var 20.000 eintök. Búið er að dreifa þeim til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess voru þeir sendir út með fréttablöðum samtaka útgerða og sjómannasamtaka. Þá má nálgast hjá samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sjómannaskólum, tryggingafélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneytinu. Þeir eru hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera um borð í öllum fiskiskipum 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna er jafnframt hægt að nálgast þá og aðrar upplýsingar um öryggismál sjómanna.
Unnið er að gerð fræðslupésa um sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa (STK), vinnuöryggi í fiskiskipum, vinnuöryggi í flutningaskipum, öryggi kafara, öryggi skemmtibáta og áhættumat í fiskiskipum.

Vinnuvistfræði sjómanna:
Unnið er að gerð fræðslurits um vinnuvistfræði sjómanna og er stefnt að því að það komi út vorið 2004 og því verði dreift endurgjaldslaust til allra sjómanna.

Málfundir um öryggismál sjómanna út um land:
Málfundir um öryggismál sjómanna voru haldnir á árinu 2003 í Grindavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum og Reykjavík undir yfirskriftinni „Öryggismál sjómanna. Hver er staðan í dag?" Sjómenn, útgerðarmenn og aðrir sem láta sig öryggi sjómanna varða voru hvattir til að mæta og koma sjónarmiðum sínum að. Dagskrá fundanna var með sama hætti alls staðar og í lok fundanna talaði staðkunnugur sjómaður á hverjum stað og fjallaði um öryggismál sjómanna. Efni erindanna má nálgast á heimasíðu Siglingastofnunar. Á fundunum var gert ráð fyrir tíma í fyrirspurnir og umræður. Þeir voru fjölsóttir og komu þar ýmsar hugmyndir og tillögur um öryggismál sjómanna. Siglingastofnun hefur unnið úr þessum tillögum og hefur í framhaldi af því gert tillögur til siglingaráðs um ýmsar aðgerðir í framhaldi af þessum fundum, þar á meðal um ýmsar reglugerðarbreytingar sem gerðar verða á árinu 2004.

4.6 Merkingar á hættusvæðum í skipum
4.7 Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar

Markmið
Að auka öryggi í skipum með betri merkingum/viðvörunum um áhættu og betri aðgangi að leiðbeiningum um öryggistæki og öryggisráðstafanir.

Staða mála
Víða í skipum leynast hættur sem nauðsynlegt er að merkja og/eða benda á til að vekja athygli skipverja á hættunni. Mikilvægt er að merkja vel öll hættusvæði í skipum.

Kröfur um leiðbeiningar um notkun öryggisbúnaðar í skipum eru ekki uppfylltar í öllum tilvikum og þrýsta þarf á seljendur búnaðar og útgerðir um að leiðbeiningarnar séu aðgengilegar fyrir áhafnir skipa.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að hættusvæði í skipum séu merkt, að útbúin séu viðeigandi viðvörunarspjöld og að leiðbeiningar um meðferð öryggistækja séu aðgengilegar um borð í skipum.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, stéttarfélög sjómanna, LHG, Slysavarnaskóli sjómanna, Vinnueftirlitið, söluaðilar öryggisbúnaðar.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 2 millj. kr. af fjárframlagi ársins 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir til að bæta úr merkingum og aðgengi áhafna skipa að leiðbeiningum, og sér til þess í samvinnu við málsaðila að merkingar og leiðbeiningar sem vantar séu gerðar og settar upp í skipum. Merkingar verða að þola það álag sem þær verða fyrir á hverju svæði þar sem þær eru settar upp, t.d. það að límmiðar endast stutt á vinnusvæðum í skipum.

Tímasetningar
Verkefnum ljúki á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.
Reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 11, 14 og 20.
Listi Slysavarnaskóla sjómanna um aðgengilegt og æskilegt fræðsluefni.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003 og 2004.
Gerð hefur verið tillaga að leiðbeiningum, viðvörunarspjöldum og merkingum sem þyrftu að vera til.

5.1 Slysa- og óhappaskráning í skipum
5.2 Sérstakt eyðublað í skip fyrir athugasemdir um öryggismál sjófarenda
5.5 Skráningarkerfi fyrir „næstum því slys og óhöpp“

Markmið
Að auka þekkingu á orsökum slysa og óhappa í íslenskum skipum og stuðla að bættri vitneskju um ástand öryggismála sjófarenda hverju sinni þannig að unnt sé að vinna markvisst að úrbótum.

Staða mála
Slysaskráningu hefur verið ábótavant og hingað til hafa upplýsingar um slys og orsakir þeirra ekki verið nægilega aðgengilegar þannig að óljóst hefur verið hvernig skuli standa að úrbótum í öryggismálum sjófarenda hér við land. Áhafnir mættu standa betur að skráningu slysa og óhappa í eigin skipum þannig að útgerðum gefist kostur á að bæta úr þeim atriðum sem aflaga hafa farið. Ábendingar sjófarenda um atriði sem þarfnast lagfæringar hafa ekki fengið formlega meðhöndlun hjá opinberum aðilum og því oft „týnst í kerfinu“. Nauðsynlegt er að bæta úr þessum atriðum og stuðla að meiri upplýsingasöfnun um þessi mál.

Virkja ber sjófarendur í að benda á það sem betur má fara víðs vegar við landið.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Rannsóknarnefnd sjóslysa hafi forgöngu um að fyrirkomulag slysa- og óhappaskráningar sé skilgreint. Siglingastofnun skilgreini fyrirkomulag vegna athugasemda um öryggismál sjófarenda.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, Tryggingastofnun, landlæknisembættið, Slysaskrá Íslands, tryggingafélög, útgerðir og stéttarfélög sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Verkefnið verði kostað af fjárveitingum rannsóknarnefndar sjóslysa.

Framkvæmd
Komið verði upp gagnagrunni þar sem unnt verði að skrá öll slys og óhöpp sem verða á íslenskum skipum og þegar þörf er á verði upplýsingum miðlað aftur til útgerða og áhafna skipa, svo sem þegar alvarleg slys eða mörg sambærileg hafa orðið. Samhliða verði sendar út tillögur að úrbótum ef unnt er.

Fyrirkomulag vegna ábendinga sjófarenda um atriði sem bæta þarf úr verði skipulagt, skráningu athugasemda verði komið á og meðhöndlun upplýsinga verði með formlegum hætti.

Stuðlað verði að því að slysa- og óhappaskráning sé tekin upp í öllum skipum, úrbætur séu gerðar af áhöfnum og útgerðum og að upplýsingum sé miðlað til annarra sambærilegra skipa.

Leggja þarf áherslu á að slys og óhöpp séu skráð í skipsbækur.

Tímasetningar
Fyrirkomulag skráninga verði ákvarðað 2002 og unnið verði samkvæmt skipulagi eftir að það liggur fyrir.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.
Reglugerð nr. 133/2001, um rannsókn sjóslysa.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 10, 16, 19 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003 og 2004.
Rannsóknarnefnd sjóslysa vinnur að gerð eyðublaðs fyrir slysa- og óhappaskráningu í skipum sem skal útfylla og senda til nefndarinnar þegar slys eða atvik verða.

5.3 Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast
5.4 Ákvörðun þarf að taka um siglingaleiðir olíuskipa

Markmið
Að treysta öryggi skipa sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Að minnka líkur á mengunarslysum við strendur Íslands.

Staða mála
Í nýjum mælingum hafa verulegar skekkjur komið fram í sumum sjókortum sem gerð voru eftir gömlum handlóðsmælingum. Mikilvægt er að siglingaleiðir við landið séu kortlagðar og úrelt kort séu endurnýjuð og gefin út.

Nefnd sem skipuð var til að móta reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu skilaði skýrslu í byrjun árs 2001. Mikilvægt er að ákvarðanir séu teknar um siglingaleiðir olíuskipa þannig að öryggi þeirra sé tryggt á siglingu við landið og komið sé í veg fyrir mengunarslys.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Landhelgisgæsla og Siglingastofnun geri áætlun um mælingar og útgáfu sjó- og hafnarkorta. Hollustuvernd ríkisins hafi frumkvæði að áhættugreiningu vegna siglinga skipa er flytja hættulegan farm.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Landhelgisgæsla, Sjómælingar, Hollustuvernd ríkisins, kaupskipaútgerðir, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 0,6 millj. kr. árið 2002 og 0,8 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og viðkomandi samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir ráðuneytum sem gætu óskað fjármagns í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.
Skýrsla um niðurstöður nefndar um takmörkun siglinga við suðvesturströnd Íslands, janúar 2001.
Ráðstafanir til leiðarstjórnunar skipa við suðvesturströnd Íslands, skýrsla byggð á skýrslu DNV, febrúar 2001.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi um öryggi siglinga og öryggisþjónustu við skip. Umhverfisráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands á tiltæk kort með dýptarmælingum við hafnir vegna framkvæmda við þær. Unnið er að því að setja þessi kort á netið.

Undirbúningur að áhættumati á siglingaleiðum er hafinn hjá Siglingastofnun.
Mars 2003.
Á Alþingi er til umfjöllunar frumvarp til laga um vaktstöð siglinga, en með því er m.a. verið að innleiða tilskipun EB 2002/59 sem fjallar m.a. um leiðarstjórnunarkerfi og siglingaleiðir.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Þar eru verkefni sem tengjast siglingaleiðum skipa:

„*Siglingaleiðir.* Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir. Þessi skýrsla verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa, auk þeirra aðila sem unnið hafa að reiknilíkani um sjávarföll. Jafnframt verður unnið að setningu reglna um takmörkun siglinga um líffræðilega mikilvæg hafsvæði.

Unnið er að könnun á hugsanlegum ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og lands með ferjulægi við Bakkafjöru. Gerðir hafa verið öldufarsreikningar á siglingaleiðinni og samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnbreytingum. Gert er ráð fyrir að mælingarnar fari fram yfir sumar, haust, vetur og á vorin á tímabilinu 2002–2006."
Mars 2004.
Lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, tóku gildi 3. apríl 2003.
Á heimasíðu Siglingastofnunar eru tiltæk kort með dýptarmælingum við hafnir.

5.6 Aðgengi skipverja að upplýsingum um ástand skips
5.7 Sérstök heimasíða um öryggismál sjómanna
5.8 Upplýsingum dreift á netinu, með WAP-tækni og textavarpi

Markmið
Að allt aðgengi sjómanna að nauðsynlegum upplýsingum sem tengjast öryggi þeirra á sjó sé aukið.

Staða mála
Upplýsingar um ástand skipa, stöðugleika, athugasemdir skoðunarmanna, réttindamál áhafna o.s.frv. hafa ekki verið sérlega aðgengilegar fyrir áhafnir viðkomandi skipa. Nauðsynlegt er að þessar upplýsingar verði mun aðgengilegri en nú fyrir útgerðir, áhafnir og eftirlitsaðila, og jafnvel ætti að vera hægt að skoða þær á netinu.

Upplýsingar um öryggismál sjómanna almennt þyrftu að vera aðgengilegar á netinu og þar þyrfti að vera hægt að sækja og fylla út sem flest eyðublöð er varða sjófarendur.

Upplýsingakerfi SÍ um veður og sjólag er til bóta fyrir sjófarendur og skoða þarf möguleika á dreifingu upplýsinga sem víðast, svo sem í textavarpi sjónvarps og með nettengingu farsíma.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Veðurstofa, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkisútvarpið o.fl.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um:
0,7 millj. kr. árið 2001,
0,4 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við viðkomandi samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2001–2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 10 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að setja upp sérstaka heimasíðu um öryggismál sjófarenda. Útbúin hafa verið drög að veftré fyrir síðuna og verður hún opnuð síðar á árinu 2002.
Unnið er að gerð nýrrar skipaskrár og er stefnt að því að upplýsingar um ástand skips verði aðgengilegar.
Mars 2003.
Unnið er að því að setja inn efni á heimasíðu um öryggismál sjófarenda og hefur það verk tafist en nú er stefnt að því að hún verði opnuð formlega um mitt ár. Siglingastofnun hefur tekið í notkun nýtt tölvukerfi fyrir skipaskrá og er verið að uppfæra það kerfi í ljósi þeirrar reynslu sem komin er og í framhaldi af því verður skoðað að hvaða marki hún verður opnuð og gerð aðgengileg með rafrænum hætti.
Mars 2004.
Búið er að opna heimasíðu um öryggismál sjómanna (www.sigling.is/oryggismal).

5.9 Úrbætur séu gerðar á farsímasambandi við land.
5.10 Skilgreind verði neyðarsímsvörun í 112 fyrir sjómenn

Markmið
Að öryggi skipa og báta á siglingu við landið verði aukið.

Staða mála
Víða nærri landi er farsímasamband lélegt og bæta þarf úr því á þeim svæðum þar sem það er mest aðkallandi með tilliti til öryggis sjófarenda.
Smábátasjómenn nota oft farsíma til að láta vita ef hætta steðjar að og því þyrfti að athuga hvort skilgreina ætti símanúmerið 112 þannig að sú neyðarsímsvörun gæti tekið við neyðarhringingum frá sjómönnum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Landhelgisgæsla, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landssíminn, Gufunes, Neyðarlínan, lögregla.

Áætluð fjármögnun
Verður fjármagnað af fjárlögum hverju sinni.

Framkvæmd
Vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð frumvarps til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip.
Mars 2003.
Fjarskiptaþjónusta við skip er til umfjöllunar með frumvarpi til laga um vaktstöð siglinga á Alþingi.
Mars 2004.
Lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, tóku gildi 3. apríl 2003.

5.11 Veðurstöðvum sé fjölgað við land
5.12 Úrbætur vegna NAVTEX-sendinga

Markmið
Að bæta upplýsingasöfnun um veður við landið og bæta upplýsingastreymi um veður til skipa á hafsvæðum umhverfis allt land.

Staða mála
Veðurstöðvar þurfa að vera sem víðast við land og forgangsraða þarf uppsetningu þeirra eftir óskum sjófarenda.
Mikilvægt er að úrbætur séu gerðar á skilyrðum fyrir NAVTEX-sendingar norður og austur af landinu.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Hafnasvið og vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun geri áætlun um nauðsynlegar úrbætur vegna veðurupplýsinga til skipa á siglingu hér við land.

Samstarfsaðilar
Veðurstofa Íslands, Landssíminn, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Lagt er til að fjár til þessara verka verði óskað sérstaklega í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 og síðari ára.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir viðkomandi ráðuneytum sem gætu óskað eftir fjármagni í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip þar sem m.a. verður fjallað um NAVTEX-sendingar.
Mars 2003.
Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um vaktstöð siglinga, þar sem m.a. er fjallað um Navtex-þjónustu við skip. Brýnt er orðið að taka í notkun langbylgjusendi fyrir Navtex svo hægt verði að þjónusta hafsvæðið fyrir austan land.
Mars 2004.
Tekið hafa gildi lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

7.1 Gögn/ábendingar um stöðugleika séu á íslensku og stöðluð
7.2 Sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu smábáta (sbr. 4.7 og 14.1)
7.3 Merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á rúmsjó (sbr. 4.7)
7.4 Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3)
Skipuleggja þyrfti öryggisviku í kringum alþjóðasiglingadaginn í september.

Markmið
Að upplýsingar um stöðugleika allra íslenskra skipa og báta séu til og að þær séu aðgengilegar og augljósar skipstjórnarmönnum viðkomandi skipa.

Staða mála
Siglingastofnun varðveitir stöðugleikagögn fyrir öll íslensk þilfarsskip og vinnur að uppfærslu þeirra. Mikilvægt er að nákvæmar upplýsingar um stöðugleika liggi fyrir á hverjum tíma, svo sem vegna breytinga á skipum. Siglingastofnun og rannsóknarnefnd sjóslysa hafa lagt til ýmsar tillögur til úrbóta í stöðugleikamálum íslenskra skipa og þörf er á að hrinda mörgum þeirra í framkvæmd.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun tryggi að stöðugleiki skipa sé þekktur og stuðli að því að áhafnir þeirra viti hvaða annmarkar eru á stöðugleika eigin skips.

Samstarfsaðilar
Útgerðir.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki úrbætur í stöðugleika skipa og báta um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,6 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi framkvæmd úrbóta þannig að unnt sé að ljúka öllum nauðsynlegum verkefnum fyrir árslok 2003. Dæmi um atriði sem þarf að skoða:
- Reglur um hallaprófun allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.
- Reglur um hvernig gengið sé frá stöðugleikagögnum.
- Reglur um vatnsþétta niðurhólfun skips neðan og ofan aðalþilfars.
- Gögn/ábendingar um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð.
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta – sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu (sbr. 4.7 og 14.1).
- Reglur um stöðugleikaprófun opinna báta.
- Dyr og lúgur sem ekki má opna á rúmsjó á að merkja sérstaklega (sbr. 4.7).
- Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3).
- Hleðslumerki á bátum með mestu lengd allt að 15 metrum (sbr. 13).
- (Ábyrgð vélaverkstæða, skipasmiðja og dráttarbrauta vegna breytinga á skipum.)

Tímasetningar
Öllum nauðsynlegum verkefnum verði lokið á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.
Reglur um stöðugleika báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 11 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Innan Siglingastofnunar er verið að vinna að breytingum á reglugerð nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem felur það í sér að gildissvið reglugerðarinnar verður rýmkað í skip 15 metrar og lengri og taki einnig til gamalla skipa.
Unnið er að gerð fræðsluefnis um stöðugleikamál.

Hjá Siglingastofnun er verið að þróa stöðugleikagögn skipa með það að markmiði að gera þau einfaldari í notkun fyrir skipstjórnarmenn. Jafnframt er stefnt að því að tengja þau upplýsingakerfi stofnunarinnar um veður og sjólag og verða þau aðgengileg skipstjórnarmönnum þar.
Mars 2004.
Nýlega tók gildi reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004, sem tekur til allra nýrra og gamalla fiskiskipa yfir þessum stærðarmörkum.

Siglingastofnun Íslands hefur gefið út fræðslurit um stöðugleika fiskiskipa. Á árinu 1988 kom út fyrsta útgáfa ritsins og birtist það nú í þriðja sinn. Ritið hefur notið vinsælda meðal sjómanna og annarra sem láta sig varða öryggismál fiskiskipa. Endurskoðun ritsins hefur verið unnin í samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Efni ritsins hefur verið aukið lítils háttar og samræmt breytingum sem hafa verið gerðar á reglum um stöðugleika þilfarsfiskiskipa. Jafnframt hefur hugtökum og skammstöfunum verið breytt til samræmis við fyrirmynd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Ritinu var dreift ókeypis um borð í öll íslensk skip. Auk þess má nálgast ritið hjá Siglingastofnun Íslands, á heimasíðu stofnunarinnar og á sérstökum vef um öryggismál sjómanna.

Ekki er enn lokið þróun stöðugleikagagna skipa með það að markmiði að gera þau einfaldari í notkun fyrir skipstjórnarmenn. Jafnframt er stefnt að því að tengja þau upplýsingakerfi stofnunarinnar um veður og sjólag og verða þau aðgengileg skipstjórnarmönnum þar. Stefnt er að því að koma þessu verkefni í framkvæmd á árinu 2004.

11.1 Gæðastjórnunarkerfi séu notuð við skoðanir og eftirlit með skipum.
11.2–11.4 Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð í öllum farþegaskipum og farþegabátum, við eftirlit með öryggi í höfnum, séu tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum o.fl.

Markmið
Að bæta skilvirkni og einsleitni opinbers eftirlits, sem og eftirlit einkaaðila með öryggisatriðum á stöðum sem þeir bera ábyrgð á.

Staða mála
Siglingastofnun hefur undanfarin ár unnið að gæðastjórnunarkerfi fyrir stofnunina sem stuðla á meðal annars að einsleitari skoðun eftirlits í öllum umdæmum. Mikilvægt er að þeirri vinnu miði vel áfram. Öryggisstjórnunarkerfi hafa verið að sanna gildi sitt við notkun á mörgum sviðum og því ætti að reyna notkun þeirra á öllum sviðum öryggismála sjófarenda.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að skilgreina kröfur til öryggisstjórnunarkerfa.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa, SÍK, LÍÚ, hafnir og hafnasamlög og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki vinnu að gerð öryggisstjórnunarkerfa á ýmsum sviðum um:
0,1 millj. kr. árið 2001,
0,2 millj. kr. árið 2002,
1,2 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun ljúki vinnu við gerð gæðastjórnunarkerfis sem nær yfir starfsemi stofnunarinnar og skoðanir allra gerða skipa fyrir árslok 2003.

Siglingastofnun skilgreini kröfur til öryggisstjórnunarkerfa í skipum og höfnum á árinu 2002 og 2003.

Tímasetningar
Sjá framkvæmd.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir

Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 14, 16, 19 og 20.

Framvinda verkefnis

Mars 2002.

Unnið er að gerð gæðastjórnunarkerfa innan sjómannaskóla samkvæmt lögum nr. 76/2001. Siglingastofnun mun hafa eftirlit með að nám og kennsla í sjómannaskólum uppfylli kröfur alþjóðasamþykkta, þar á meðal kröfur um gæðastjórnunarkerfi.

Siglingastofnun er að leggja lokahönd á gerð gæðastjórnunarkerfis fyrir stofnunina sem m.a. á að leiða til einsleitari skipaskoðana og unnið er að öryggishandbók fyrir hafnir.

Mars 2003.

Unnið er að því að breyta reglugerð um öryggi fiskiskipa, nr. 26/2000, þannig að hún nái til gamalla og nýrra skipa yfir 15 m að lengd. Með því næst heildstæð mynd á reglugerðarumhverfið tengt fiskiskipum. Þetta hefur leitt til þess að unnið er nú að því að endurskoða skoðunarskýrslur og handbækur samkvæmt þessum breytingum og einnig er unnið að nýsmíðaskýrslum og handbókum. Jafnframt er þetta til skoðunar í tengslum við væntanlega gildistöku nýrra laga um eftirlit með skipum sem taka eiga gildi 1. janúar 2004 en þar er m.a. annars kveðið á um breytta tíðni skoðana.

Siglingastofnun hefur nú fjárfest í Focal-gæðahandbókarkerfi og er nú t.d. mun auðveldara að halda utan um skoðunarhandbækur og skoðunarskýrslur. Einnig var fjárfest í innri og ytri úttektarkerfum og kvartanakerfi sem er liður í gæðastjórnunarkerfum.

Mars 2004.

Nýlega tók gildi reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004. Reglugerðin leysir af hólmi reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, en hún var sett með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/70/EB frá 11. desember 1997 um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri, með síðari breytingum. Ávinningur með útgáfu þessarar nýju reglugerðar er m.a. sá að nú verða í fyrsta sinn til heildstæðar reglur um smíði og búnað allra fiskiskipa, nýrra sem gamalla, sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Með því móti verður regluumhverfið einfaldað og féllu 8 reglugerðir úr gildi frá sama tíma. Helsta breytingin sem felst í nýju reglugerðinni er sú að gildissviðið er aukið og gildir hún fyrir öll ný og gömul fiskiskip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd en eldri reglugerð (26/2000) tók aðallega til nýrra fiskiskipa sem eru 24 metrar eða lengri að skráningarlengd. Við samningu reglugerðarinnar var höfð hliðsjón af eldri reglugerðum um smíði og búnað gamalla fiskiskipa og reynt að tryggja að kröfurnar til gamalla fiskiskipa séu sambærilegar þeim sem gerðar hafa verið til gamalla skipa.

Hinn 1. mars 2004 var fyrirkomulagi skipaskoðunar breytt þegar skipaskoðun Siglingastofnunar var flutt til einkarekinna skoðunarstofa skipa og búnaðar, sem nú annast skoðun skipa ásamt flokkunarfélögum. Með setningu nýrra laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, var Siglingastofnun Íslands heimilað að fela aðilum á almennum markaði framkvæmd skipaskoðunar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og kom sú breyting til framkvæmda 1. mars eins og áður sagði. Með þessu nýja fyrirkomulagi verða stjórnvaldslegar aðgerðir aðskildar frá tæknilegu eftirliti og er markmið breytinganna m.a. að ná fram hagkvæmni, betra og árangursríkara eftirliti og einfaldari þjónustu. Tæknilegt eftirlit með skipum verður framvegis í höndum viðurkenndra skoðunarstofa og flokkunarfélaga sem starfa í samræmi við reglugerðir nr. 94/2004 og 142/2004.

Hlutverk Siglingastofnunar Íslands verður að annast útgáfu skipsskírteina, hafa eftirlit með starfsemi skoðunarstofa skipa og búnaðar og vinna að samstarfsverkefnum með skoðunarstofum, meðhöndla og skrá ágreiningsmál sem upp kunna að koma, hafa eftirlit með flokkunarfélögum, hafa eftirlit með starfsleyfum fyrir hvers konar atvinnustarfsemi, hafa markaðseftirlit með skemmtibátum, framkvæma skyndiskoðanir (átaksverkefni) og gera úttektir á öryggisstjórnun (ISM-úttektir). Auk þess mun stofnunin hafa með höndum lokaúttekt á allri nýsmíði, eftirlit með nýsmíði fiskiskipa 15–24 metrar, eftirlit með innflutningi á skipum og flutningi á hættulegum varningi, sinna hafnarríkiseftirliti og sjá um útgáfu allra skírteina sem varða skipið.

Í tengslum við breytt fyrirkomulag skipaskoðunar sem tók gildi 1. mars 2003 hefur samgönguráðuneytið staðfest og gefið út Skoðunarhandbók skipa og báta, sbr. auglýsingu nr. 200/2004. Í handbókinni greinir nánar frá framkvæmd skoðunar á skipum og bátum og búnaði þeirra. Við útgáfu starfsleyfis til skoðunar

stofa skipa og búnaðar er þeim afhent eintak af bókinni. Siglingastofnun Íslands annast fjölföldun, dreifingu og endurskoðun bókarinnar.

13.1 Efla þarf skilvirkni og samstarf eftirlitsaðila
13.2 Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum
13.5 Reglubundnar athuganir á æfingahaldi og starfsþjálfun í skipum
13.6 Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt eftir
13.7 Skilvirkara eftirlit með aðbúnaði í skipum

Markmið
Að stuðla að því að samstarf eftirlitsaðila sé eflt þannig að skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti aukist og að meiri áhersla verði lögð á eftirfylgni með að lög og reglur séu virt.

Staða mála
Eftirlit um borð í skipum er á höndum margra aðila, SÍ, LHG, flokkunarfélaga, Póst- og fjarskipta-stofnunar, Hollustuverndar, Fiskistofu og einkaaðila. Mikilvægt er að allt eftirlit sé metið með tilliti til möguleika á aukinni samvinnu eftirlitsaðila þannig að hagkvæmni eftirlits og þjónusta við útgerðir skipa verði bætt. Eftirlit með öryggisatriðum þarf að bæta og fylgja þarf betur eftir að ástand skipa, búnaðar og áhafna sé samkvæmt lögum og reglum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir er stuðla að bættu eftirliti og virðingu fyrir lögum og reglugerðum.

Samstarfsaðilar
SÍ, LHG, flokkunarfélög, Póst- og fjarskiptastofnun, Hollustuvernd, Fiskistofa, Vinnueftirlitið.

Áætluð fjármögnun
Verkefni verði kostuð af eftirlitsaðilum en langtímaáætlun styrki þau um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að eftirlitsaðilar geri samkomulag um samstarf sem stuðli að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með búnaði og áhöfnum skipa. Samstarfsaðilar skipuleggi fyrirkomulag eftirlits og skyndiskoðana í skipum og við þá vinnu sé stuðst við ábendingar í þingsályktunartillögu um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda og ábendingar rannsóknarnefndar sjóslysa. Dæmi um atriði sem fylgja þarf eftir:
- Æfingahald og starfsþjálfun í skipum sé samkvæmt reglum.
- Öryggisráðstafanir við hífingar séu í samræmi við reglur.
- Aðbúnaður áhafna sé samkvæmt kröfum, svo sem loftræsting, hávaði, titringur.
- Skráning í skipsbækur sé samkvæmt lögum.
- Hleðslumerki séu á öllum fiskiskipum með mestu lengd allt að 15 metrum.
- Unnið sé samkvæmt þeim reglum sem gilda um vinnuöryggi almennt um borð í skipum.
- Frágangur stiga í lestum og landganga sé samkvæmt reglum.
- Öryggisatriði í höfnum séu samkvæmt reglum.
- Sigling, sjóbúnaður og viðhald skipa sé samkvæmt reglum þar að lútandi.

Tímasetningar
Vinna að þessum atriðum hefjist í byrjun árs 2002 og verði viðhaldið á komandi árum. Samkomulag um samstarf eftirlitsaðila liggi fyrir í lok ársins 2002.

Lög og reglugerðir
Öll lög og reglugerðir er varða öryggi sjófarenda.

Forgangsröð: A.

Framvinda verkefnis
Mars 2002, 2003.
Gert er ráð fyrir að með notkun gæðastjórnunarkerfis Siglingastofnunar við eftirlit með skipum verði bætt úr flestum þessara atriða.

14.1 Auka þarf og festa í sessi samstarf Íslendinga og nágrannaþjóða í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna
14.2 Upplýsingum um ýmsar rannsóknir sem verið er að vinna að eða hafa verið gerðar ætti að safna saman á einn stað þannig að aðilar viti hver af öðrum
14.4 Rannsóknir á stjórnun stöðugleika fiskiskipa

Markmið
Að efla rannsóknir, þróun og hönnun á ráðstöfunum er aukið gætu öryggi sjómanna og stuðla að samstarfi sem víðast á þeim vettvangi. Að stuðla að því að upplýsingum um rannsóknir sé miðlað milli rannsóknaraðila til að efla samstarf og koma í veg fyrir tvíverknað.

Staða mála
Oft koma upp hugmyndir að lausnum er gætu stuðlað að auknu öryggi sjómanna, en oft vilja þær falla í dvala vegna tíma- eða fjárskorts. Einnig hafa verið unnar margar rannsóknir er tengjast öryggismálum sjómanna víða um heim, en talsvert vantar að upplýsingar um þessar rannsóknir séu aðgengilegar þannig að hætta er á að verið sé að endurtaka sömu hlutina margoft. Með því að safna saman og miðla upplýsingum um rannsóknir ásamt því að styrkja þær fjárhagslega er hægt að efla rannsóknarstarf til muna.

Siglingastofnun hefur unnið að rannsóknum á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila. Ágætt væri að þessir aðilar héldu áfram með rannsóknirnar.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum og fjármagni vænleg verkefni.

Samstarfsaðilar
Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma:

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til upplýsingasöfnunar og samstarfsverkefna:
0,9 millj. kr. árið 2002,
1,4 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum í rannsóknum, þróun og hönnun og samþykki styrkveitingu til vænlegra verkefna. Auglýsa mætti þennan styrk til að hvetja hugvitsmenn til að koma með tillögur að úrlausnum í öryggismálum sjómanna. Dæmi um verkefni:
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta.
- Vaktafyrirkomulag í skipum.
- Öryggisbúnaður við línuveiðar smábáta.
- Öryggi vegna vinnu við toghlera og á togþilförum.
- Landgangar fyrir minni tvíþilja fiskiskip.
- Fjarlækningabúnaður og lækningatæki.

Upplýsingum um rannsóknar- og þróunarverkefni sem varða öryggismál sjómanna verði safnað saman á heimasíðu Siglingastofnunar. Auglýsa þarf þessa söfnun sem víðast.

Tímasetningar
Ákvörðun um ráðstöfun fjár til verkefna skal liggja fyrir á fyrri hluta ársins 2002.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 10, 11, 13, 21 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Borist hafa eftirfarandi erindi um rannsóknarverkefni:
1. Rannsókn á svefni, svefnmynstri og heilsu sjómanna.
2. Undirbúningur að verkefni um áhættu- og nertigreiningu.
3. Stöðugleikaforrit fyrir skip og báta.

Mars 2003.
Langtímaáætlun hefur styrkt rannsókn á svefngæðum og álagstíðni sjómanna.

Siglingastofnun hefur útbúið rannsóknaráætlun í tengslum við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Kostnaður við rannsóknir og þróun árið 2003 er áætlaður 40 millj. kr., en 50 millj. kr. á ári 2004–2006. Í þingsályktunartillögunni er gerð ítarleg grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknum á sviði Siglingastofnunar.

Þar kemur fram að með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Unnið verður að frumáætlunum vegna endurbóta á höfnum og innsiglingum samkvæmt verkefnum á samgönguáætlun. Helstu rannsóknarverkefni sem ráðgerð eru á árunum 2003–2006 eru:

Hafnar- og strandrannsóknir.
Öldufarsrannsóknir við hafnir.
Öldufarsrannsóknir við suðurströndina. Nú er unnið að rannsóknum á öldufari og straumum og áhrifum þess á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við Suðvesturland.
Siglingaleiðir. Stefnt verður að mælingum á stöðugleika skipa á siglingaleiðum. Unnin verður skýrsla um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður við núverandi leiðir.
Áhættumat minni fiskiskipa í hættulegum öldum, sjá 1.2. og 3.1.
Sjávarföll og sjávarflóð.
Rannsóknir sem tengjast öryggi sjófarenda. Árlegur kostnaður fyrsta árið er áætlaður 5 millj. kr. en síðar 10 millj. kr. á ári. Á síðari tímabilum áætlunarinnar verður aukin áhersla lögð á að vinna úr niðurstöðum rannsókna á sjóslysum og kappkostað að lærdómur, sem af þeim má draga, skili sér inn í reglur um öryggi skipa og áhafna. Helstu verkefni eru:
Vatnsþéttleiki skipa
- Vatnsþétt niðurhólfun skipa.
- Loftræsting og loftskipti milli lokaðra rýma skipsins.
- Stöðugleiki skips í löskuðu ástandi – lekastöðugleiki.
- Hönnunarforsendur á lokunarbúnaði opa á vatnsþéttum þiljum.

Hleðsla og ofhleðsla smábáta.
Loftflæði til aðalvéla skipa.
Hávaðarannsóknir.
Mars 2004.
Í byrjun árs 2003 hafði fyrirtækið Varðeldur samband við Siglingastofnun Íslands og lagði fram hugmyndir að svokölluðum fangalínulosara sem er tæki sem sett er á fangalínu og losar hana frá gúmmíbjörgunarbátum með tveimur handtökum, annars vegar er hlíf tekin af tækinu og hins vegar er togað í handfang undir hlífinni sem losar gúmmíbjörgunarbátinn frá fangalínunni. Siglingastofnun, að fenginni umsögn verkefnisstjórnar langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, ákvað að styrkja fyrirtækið til að fullgera fangalínulosarann og lagði fyrirtækið fram lokaskýrslu sína til verkefnisstjórnarinnar í lok ágúst 2003. Í framhaldi á verkefninu um fangalínulosarann kom Varðeldur einnig fram með hugmyndir af uppblásturskerfi fyrir gúmmíbjörgunarbáta í framhaldi af sjóslysi þar sem skipsmenn áttu í erfiðleikum með að opna gúmmíbjörgunarbátinn.

Rannsóknir Siglingastofnunar Íslands:
Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta fyrir 11,0 millj. kr. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Unnið var áfram við í líkanið af Þorlákshöfn og að frumathugunum og frumtillögum fyrir höfn í Arnarfirði fyrir kalkþörungaverksmiðju.

Lögð var sérstök áhersla á verkefni sem tengjast suðurströnd Íslands og var við það miðað að framlög til rannsókna yrðu aukin um 10 millj. kr. á ári þess vegna. Unnið var að öldufarsrannsóknum við suðurströndina, einkum í tengslum við öldufar á mögulegum siglingaleiðum frá Vestmannaeyjum upp á Bakkafjöru. Unnið var að öldufarsreikningum vegna leiðastjórnunarverkefnis, sem miðar að afmörkun á siglingaleiðum olíu- og flutningaskipa, með kortlagningu á öldu á siglingaleiðum fyrir Suðvesturlandi. Einnig var hafinn undirbúningur að öldufarsreikningum fyrir Hornafjarðarós og Breiðamerkursand, en síðara verkefnið er unnið í samvinnu við Vegagerðina.

Í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur við Vestmannaeyjar sem lokið var við í mars 2003 voru unnar rannsóknir og tillögur um hugsanlegt ferjulægi á Bakkafjöru ásamt frumkostnaðarmati og tillögum að frekari rannsóknum.

Í tengslum við rannsóknir á öryggi skipa á siglingaleiðum var á árinu 2003 þróaður búnaður sem getur mælt krafta vegna hröðunar þriggja grunnhreyfinga skipa á rúmsjó. Þessar hreyfingar eru velta, dýpa og lyfting. Þessum búnaði var komið fyrir í tveimur skipum, gámaflutningaskipinu ms Arnarfelli sem siglir reglulega fyrir Suðvesturland og varðskipinu Ægi sem mun sigla um Reykjaneshrygg til að hægt verði að gera samanburð á kröftum á skip og hreyfingum skipa eftir siglingaleiðum fyrir Reykjanes.

Haldið var áfram að fylgjast með og kanna botnbreytingar á Grynnslunum framan við Hornafjarðarós, haldið áfram vinnu við stafrænan gagnagrunn um sjávardýpi í Breiðafirði, uppsetningu sjávarfallalíkans og þróun reklíkans fyrir olíu og rek hluta, hreyfistöðugleika skipa og framsetningu stöðugleikagagna og smíði og þróun andveltugeyma skipa, vatnsþéttleika skipa sem tekur mið af niðurhólfum skipa, loftræstingu milli vatnsþéttra hólfa og vinnusvæða svo og ástandsgreiningu nokkurra flokka valinna fiskiskipa og hafinn var undirbúningur að alþjóðlegri ráðstefnu um hafið, náttúruöflin og glímu mannanna við þessi öfl sem haldin verður á Höfn.

Í tengslum við lokaskýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur við Vestmannaeyjar var unnin rannsóknaskýrsla um tillögur að ferjulægi á Bakkafjöru sem birt var með þeirri skýrslu. Á árinu var birt grein á vegum innlendra og erlendra aðila á alþjóðaráðstefnunni Coastal Structures 2003 í Portland í Oregon sem haldin var á vegum ameríska verkfræðingafélagsins ASCE, „Sirevåg Berm Breakwater, design, construction and experience after design storm". Á árinu kom út skýrsla alþjóðlegrar vinnunefndar um bermugarða á vegum PIANC. Siglingastofnun tók virkan þátt í vinnu nefndarinnar. Skýrslan heitir „State-of-the-art of designing and constructing berm breakwaters". Forsíðu skýrslunnar prýðir mynd af bermugarðinum í Sirevåg í Noregi sem hannaður var af starfsmönnum Siglingastofnunar.

14.3 Nauðsynlegt er að gerðar séu reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum

Markmið

Að stuðla að því að fyrirkomulag og ástand öryggisbúnaðar sé eins gott og mögulegt er hverju sinni.

Staða mála

Mörg atriði varðandi staðsetningu og frágang björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum þarfnast skoðunar. Nauðsynlegt er að gera reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar og kynna fyrir málsaðilum niðurstöður og úrbótatillögur.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd

Siglingastofnun hafi forgöngu um að kannanir, úttektir og prófanir fari fram.

Samstarfsaðilar

Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma.

Framkvæmd

Setja þarf ákvæði í reglur þannig að hægt sé að standa vel að öllum könnunum, úttektum og prófunum, ásamt ákvæðum ef þörf er á að krefjast breytinga á fyrirkomulagi öryggisbúnaðar. Dæmi um atriði sem þarfnast skoðunar:

- Staðsetning björgunarbáta með losunar- og sjósetningarbúnaði.
- Frágangur gúmmíbjörgunarbáta í skipum.
- Staðsetning neyðarhandtalstöðva.
- Stærðir og gerð björgunarbúninga sem valdir eru í einstök skip.
- Staðsetning björgunarvesta og björgunarbúninga.
- Gerð, staðsetning, uppfærsla og kynning neyðaráætlana og öryggisplana.
- Fyrirkomulag neyðarútganga í skipum.
- Staðsetning og fyrirkomulag handslökkvitækja í skipum.
- Stöðugleiki opinna báta.
- Hálkuvarnir í skipum og á bryggjum og skóbúnaður sjómanna.
- Vinnuaðstæður við toghlera, í rennum, við frystitæki og í lestum.
- Aðstæður við landgöngu úr skipum.
- Öryggisbúnaður og aðstæður almennt í höfnum.

Tímasetningar
Verkefni verði unnin eftir því sem fjárhagur leyfir árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 11, 12, 13 og 16.

Framvinda verkefnis
Mars 2003.
Úttektir í höfnum.
Unnið hefur verið að því að kortleggja þær kröfur sem gerðar er til hafna, t.d. með reglum um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000, með síðari breytingum. Búið er að setja upp skoðunarskýrslu og skoðunarhandbók fyrir úttektarmenn Siglingastofnunar og einnig geta þær hafnir sem þess óska notað þau gögn fyrir innri úttektir hafnanna sjálfra.

Í samvinnu við Grundarfjarðarhöfn og fleiri hafnir er unnið að öryggishandbók sem á að vera fyrsti vísir að gæðahandbók hafnarinnar. Þar er að finna, skipurit innra eftirlits, reglugerðir, lýsingu á björgunar- og öryggisbúnaði, upplýsingar um starfsfólk, neyðaráætlun, öryggisplan, skoðunarskýrslu og skoðunarhandbók, endurmenntun og aðrar upplýsingar.

Siglingastofnun hefur tekið út tvær hafnir með tilliti til öryggis þeirra, þ.e. Grundarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn, og er stefnt að því að búið verði að taka út allar hafnir í árslok 2004.
Mars 2004.
Fræðslupési.
Í mars 2003 var gefinn út fræðslupésinn „Öryggi í höfnum“, sem fjallar um öryggismál í höfnum, forvarnir og fyrstu viðbrögð við slysum. Búið er að dreifa honum til allra skipa á íslenskri skipaskrá með fréttablaði Siglingastofnunar. Auk þess var hann sendur öllum höfnum landsins og liggur þar frammi. Pésinn er hluti af þjálfunarhandbók sem á að vera um borð í öllum fiskiskipum 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Á vefsíðu um öryggismál sjómanna er jafnframt hægt að nálgast hann og aðrar upplýsingar um öryggismál sjómanna.

Í samvinnu við Siglingastofnun Íslands hefur fyrirtækið Merking ehf. hafið framleiðslu á varúðarskiltum fyrir hafnir. Um er að ræða stöðluð skilti með upplýsingum um þær öryggisráðstafanir sem gerðar hafa verið í viðkomandi höfn. Siglingastofnun hefur gert úttektir á höfnum með tilliti til öryggis þeirra og er stefnt að því að búið verði að taka út allar hafnir í árslok 2004.

1523. Skýrsla [972. mál]

samgönguráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. Almennt.

Skýrsla um stöðu umferðaröryggismála sem nú er lögð fyrir Alþingi er í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 20. apríl 2002, um stefnumótun um aukið umferðaröryggi. Í ályktuninni segir m.a.: „Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.“

Eins og kunnugt er tók samgönguráðherra við umferðaöryggismálum um áramótin 2003–2004 og er þessi skýrsla lögð fram í hans nafni. Engu að síður er þetta skýrsla fyrir síðasta árið sem málaflokkurinn var undir umsjón dómsmálaráðherra og er samkomulag á milli

ráðherranna um þetta fyrirkomulag. Í skýrslunni er einkum fjallað um stöðu umferðaröryggismála eins og hún var í árslok 2003 og hvernig miðað hefur í átt að settu markmiði.

Með fyrrnefndri þingsályktun ályktaði Alþingi að stefnt skyldi að fækkun banaslysa og annarra alvarlegra umferðarslysa um 40% fyrir árslok árið 2012 þannig að þau yrðu færri en 120 á ári í lok tímabilsins. Þessu takmarki skyldi náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings.

Með umferðaröryggisáætlun sem gekk í gildi árið 2002 er sett það markmið að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum verði innan við 120 á ári í lok ársins 2012. Einnig er sett það metnaðarfulla langtímamarkmið að fjöldi þeirra sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum verði innan við 52 á ári fyrir árið 2025. Framtíðarsýnin er sú að enginn látist eða slasist alvarlega í umferðarslysi á Íslandi. Til að þessu takmarki verði náð þarf ýmsar aðgerðir og markvisst fræðslustarf til að breyta hugsunarhætti og viðhorfum til umferðaröryggismála.

Umferðaröryggisáætlun 2002–2012 leggur áherslu á nokkra meginþætti. Þessir eru helstir:

- Skipan umferðaröryggisstarfsins.
- Öruggari hraði.
- Bílbelti – öryggisbúnaður.
- Öruggari ökumenn – ökunám, endurmenntun og ökupróf.
- Áfengi, lyf – þreyta.
- Öruggari vegir, götur og umhverfi vega.
- Auknar forvarnir – löggæsla, fullnusta og upplýsingar.

1.1 Umferðaröryggisnefnd.

Með vísan til ályktunar Alþingis 20. apríl 2002 skipaði dómsmálaráðherra árið 2002 sérstaka umferðaröryggisnefnd til þriggja ára sem ætlað er að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Skal hún ásamt umferðarráði leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu í þjóðfélaginu um bætta umferðarmenningu og leita allra tiltækra leiða til þess að stemma stigu við alvarlegum umferðarslysum. Skal að því stefnt að sem flestir aðilar sem koma að umferðaröryggismálum með einhverjum hætti setji sér skýr markmið og vinni samkvæmt þeim. Í umferðaröryggisnefnd sitja stjórnarmenn í umferðarráði, þau Óli H. Þórðarson, formaður og framkvæmdastjóri umferðarráðs, og er hann formaður nefndarinnar, Sandra Baldvinsdóttir lögfræðingur, varaformaður umferðarráðs, og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Einnig sitja í nefndinni þau Ellen Ingvadóttir, löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur, fulltrúi dómsmálaráðuneytis, Gunnar Felixson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, fulltrúi Sambands íslenskra tryggingafélaga, Jón F. Bjartmarz yfirlögregluþjónn, fulltrúi ríkislögreglustjórans, Kristján V. Rúriksson verkfræðingur, fulltrúi Umferðarstofu, Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar, fulltrúi Vegagerðarinnar, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1.2 Framkvæmdastjórn umferðaröryggisáætlunar.

Úr hópi nefndarmanna í umferðaröryggisnefnd skipaði dómsmálaráðherra einnig fimm manna framkvæmdastjórn umferðaröryggisáætlunar. Hlutverk stjórnarinnar skal vera að gera starfs- og framkvæmdaáætlun um framgang umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Skal hún í umboði dómsmálaráðuneytis, þ.e. samgönguráðuneytis hér eftir, kalla eftir upplýsingum um aðgerðir frá helstu aðilum sem sinna umferðaröryggisstarfi og gera í framhaldi af því athugasemdir ef þörf krefur. Skal að því stefnt að aðilar setji sér skýr markmið um aðgerðir sem stuðla að auknu umferðaröryggi og vinni síðan samkvæmt þeim. Á þann hátt leggi hver og einn fram sinn skerf til öruggari umferðar svo ná megi meginmarkmiðum þingsályktunarinnar. Jafnframt er stjórninni ætlað að vinna að tillögugerð til ráðuneytisins um þær breytingar á umferðarlögum og reglugerðum sem hún telur að stuðli að öruggari umferð í landinu. Stjórnina skipa: Jón F. Bjartmarz, Rögnvaldur Jónsson og stjórnarmenn umferðarráðs, þau Sandra Baldvinsdóttir, Runólfur Ólafsson og Óli H. Þórðarson, sem er formaður framkvæmdastjórnarinnar.

2. Staða.

Árið 2003 létust 23 í 20 umferðarslysum hér á landi. Árið 2002 létust 29 í 22 slysum og 164 slösuðust alvarlega. Skráningu slysa er ekki lokið fyrir árið 2003, en samkvæmt bráðabirgðatölum hefur fjöldi alvarlega slasaðra verið mjög svipaður og árið 2002 og er áætluð tala 161. Samkvæmt því hefur það markmið umferðaröryggisáætlunar náðst, þriðja árið í röð, að fjöldi alvarlega slasaðra og látinna sé innan viðmiðunarmarka.


2.1 Látnir og alvarlega slasaðir 1991–2003.

Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991–2003, samanburður milli ára.

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Samtals
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	161*	184*

* Áætluð tala. Skráningu er ekki endanlega lokið fyrir árið 2003.

Mynd 1. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra 1991–2003 og markmið umferðaröryggisáætlunar.



Heimild: Umferðarráð/Umferðarstofa.

2.2 Látnir í umferðarslysum árið 2003, skipting.

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni.

2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
Karl	15	65,22%
Kona	8	34,78%

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri.

2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
0–14	2	8,70%
15–24	5	21,74%
25–34	3	13,04%
35–44	1	4,35%
45–54	1	4,35%
55–64	4	17,39%
65+	7	30,43%

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi.


2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
janúar–mars	3	13,04%
apríl–júní	3	13,04%
júlí–september	12	52,17%
október–desember	5	21,74%

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli.

2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
Dreifbýli	17	73,91%
Þéttbýli	6	26,09%

Heimild: Umferðarstofa.

Mynd 2. Þróun fjölda látinna í umferðarslysum í dreifbýli, sem hlutfall af heildarfjölda látinna árin 1971–2001 og 2002–2003.



Heimild: Umferðarráð/Umferðarstofa.

Samkvæmt mynd 2 er ljóst að þróunin er sú að mun fleiri látast nú í umferðarslysum í dreifbýli en í þéttbýli. Þetta er umhugsunarvert m.a. í ljósi þess að meiri hluti aksturs fer fram í þéttbýli. Ökuhraði hefur hins vegar aukist á undanförnum árum, eins og sést á mynd 5, og má án efa að hluta til rekja skýringar á þessari breytingu til þeirrar staðreyndar, og að slysum í þéttbýli hefur fækkað meira en slysum í dreifbýli.

Tafla 6. Flokkun látinna.

2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
Ökumenn	11	47,83%
Farþegar	9	39,13%
Gangandi	3	13,04%

Tafla 7. Tegund banaslysa.

2003	Fjöldi látinna	Hlutfall
Árekstur	9	39,13%
Útafakstur	10	43,48%
Ekið á hús	1	4,35%
Ekið á gangandi	3	13,04%

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum.

2003	Fjöldi slysa	Fjöldi látinna
Reykjavík	2	2
Reykjanes	6	7
Vesturland	3	3
Norðurland vestra	4	5
Austurland	3	4
Suðurland	2	2

Heimild: Umferðarstofa.

3. Aðgerðir og verkefni á árinu 2003.

3.1 Lög og reglur um umferðarmál á árinu 2003.

Í janúar lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, en tilefni frumvarpsins var innleiðing tilskipunar 2000/26/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja. Markmið tilskipunarinnar er einkum að auðvelda tjónþola að fá bætur vegna umferðarslyss í öðru aðildarríki ESB. Tilskipunin er einnig viðbót við fjölþjóðlegt samstarf um „græna kortið". Meginefni tilskipunarinnar er:

- að hvert vátryggingafélag skuli tilnefna tjónsuppgjörsfulltrúa í hinum aðildarríkjunum þannig að tjónþoli geti lagt bótakröfu sína fram í heimalandi sínu hjá tjónsuppgjörsfulltrúa erlends vátryggingafélags,
- að í hverju aðildarríki skuli vera tjónsuppgjörsaðili sem geti fjallað um bótakröfu frá tjónþola sem falli undir tilskipunina,
- að í hverju aðildarríki skuli vera upplýsingamiðstöð til að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um það ökutæki sem valdið hefur tjóni og hvernig háttað er vátryggingu þess.

Frumvarpið fól einnig í sér, í samræmi við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, svonefnds Vaduz-samnings, að ákvæði tilskipana um ökutækjatryggingar skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES, þ.e. Sviss. Frumvarpið varð að lögum nr. 26/2003 og er þar m.a. að finna ákvæði um meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis, um tjónsuppgjörsmiðstöð og um upplýsingamiðstöð.

Í desember lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum. Með frumvarpinu er miðað að bættu umferðaröryggi og má þar einkum nefna ákvæði um öryggis- og verndarbúnað barna. Þá miðar frumvarpið að bættu eftirliti með aksturs- og hvíldartíma og að innheimtu gjalda í stað sekta vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar. Einnig er lagt til í frumvarpinu að svipting ökuréttar vegna ölvunar við akstur taki mið af áfengismagni í blóði og svipting vegna ítrekunar ölvunar við akstur verði lengd. Þá er gert ráð fyrir að svokölluð vélknúin hlaupahjól verði talin til reiðhjóla, en vafi hefur leikið á skilgreiningu slíkra tækja og hvaða reglur ættu að gilda um þau í umferðinni, enda um nýja tegund farartækja að ræða. Lagt er til að ekki megi aka vélknúnum hlaupahjólum á akbrautum, en ella mundi skapast augljós hætta af notkun þeirra.

Forsætisráðherra lagði fram frumvarp í desember um yfirstjórn umferðarmála sem miðaði að því að yfirstjórn málaflokksins hyrfi frá dómsmálaráðherra til samgönguráðherra. Frumvarpið varð að lögum nr. 132/2003 sem tóku gildi 1. janúar 2004.

Þann 27. maí var gefin út ný reglugerð nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatryggingar. Hún var sett í framhaldi af lögum nr. 26/2003, um breytingu á umferðarlögum, sem áður er getið.

Sama dag var gefin út reglugerð nr. 391/2003 til breytinga á reglugerð nr. 267/1993, um notkun erlendra ökutækja. Reglugerðinni var breytt að því er varðar ábyrgðartryggingar og var sú breyting gerð í tengslum við reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Reglugerð nr. 501/1997, um ökuskírteini, var breytt tvisvar á árinu. Dómsmálaráðherra gaf 7. janúar út reglugerð nr. 4/2003, um breytingu á reglugerð um ökuskírteini. Sú breyting varðaði akstursmat sem felst í því að áður en fullnaðarskírteini er gefið út eða bráðabirgðaskírteini er endurnýjað skuli ökumaður fara í akstursmat. Í akstursmati felst að kannað er hvort mat ökumanns á eigin aksturshæfni, aksturshættum og öryggi í umferðinni er í samræmi við raunverulega getu hans. Með reglugerðarbreytingunni var nýjum viðauka, VIII. viðauka, bætt við reglugerðina og fjallar hann nánar um markmið, tilhögun og umsjón með akstursmati.

Þann 20. nóvember undirritaði dómsmálaráðherra reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini. Reglugerðarbreytingin, sem er nr. 862/2003, var m.a. gerð vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2000/56/EB. Meðal breytinga sem gerðar voru má nefna ákvæði þar sem áréttað var að uppfylla þurfi skilyrði fullnaðarskírteinis áður en ökumenn geti fengið aukin ökuréttindi, ákvæði um viðurkenningu á réttindum til farþegaflutninga í atvinnuskyni, breytingar á II. viðauka um lágmarkskröfur um líkamlegt og andlegt hæfi til að stjórna vélknúnu ökutæki, breytingar á III. viðauka um ákvæði um ökutæki sem notuð eru til ökukennslu og við verkleg próf og breytingar á VII. viðauka um táknölur, m.a. um nánari skilyrði í ökuskírteinum.

Þann 15. apríl gaf dómsmálaráðherra út nýja reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Reglugerðin er nr. 308/2003. Henni var síðan breytt 6. október með reglugerð nr. 749/2003 vegna innleiðingar á tilskipun 2002/51/EB og með reglugerð nr. 871/2003 sem gefin var út 20. nóvember og var vegna innleiðingar á tilskipun 2000/53/EB.

Þann 6. október var gefin út ný reglugerð um skráningu ökutækja sem er nr. 751/2003. Reglugerðin var m.a. sett til innleiðingar á tilskipun 2000/53/EB og með nýju reglugerðinni var reglugerð nr. 78/1997 um sama efni felld úr gildi.

Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528/1998, var breytt með reglugerð nr. 858/2003 sem gefin var út 20. nóvember. Reglugerðin var m.a. sett til innleiðingar á tilskipun 2002/7/EB.

Dómsmálaráðherra setti nýja reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms, nr. 554/2003. Reglugerðin var gefin út 9. júlí og leysti hún af hólmi reglugerð nr. 393/1992.

Þann 6. október gaf dómsmálaráðherra út reglugerð nr. 750/2003, um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000. Reglugerðinni var breytt vegna innleiðingar á tilskipun 2003/28/EB.

Þann 4. júlí var gefin út auglýsing nr. 547/2003, um ökutækjatryggingar, m.a. um vátryggingafjárhæðir ábyrgðartrygginga ökumanna vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og slysatrygginga ökumanna og hámark eigin áhættu vátryggingartaka samkvæmt nánari reglum reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Dómsmálaráðherra gaf 18. febrúar út auglýsingu um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppnum fyrir árið 2003. Auglýsingin er nr. 129/2003.

3.1.1 Nýjar reglur um akstursmat – ungir ökumenn.

Þróunarvinna á sviði ökunáms og ökuprófa hér á landi síðustu árin hefur verið unnin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna og tilrauna erlendis. Þannig hefur markvisst verið unnið að lengingu ökunámsins með innleiðingu æfingaaksturs með leiðbeinanda og meiri dreifingu námsins. Aukin áhersla hefur verið lögð á viðhorfsmótun ökumannsins en ekki eingöngu á þjálfun í leikni í akstri bifreiðar.

Reglur um akstursmat í umferðarlögum tóku gildi 1. janúar 2003 með lögum nr. 83/2002 og breytingum á reglugerð um ökuskírteini, nr. 4/2003. Samkvæmt reglunum þarf ökumaður, sem er með bráðabirgðaskírteini, að fara í akstursmat áður en hann fær bráðabirgðaskírteinið endurnýjað eða fær fullnaðarskírteini.

Hugmyndin um akstursmat er byggð á kenningum um stigskipt nám umferðarhegðunar sem skýrir hvernig góður ökumaður mótast og settar voru fram í skýrslu vinnuhóps á vegum Evrópusambandsins (2000) um aðgerðir sem geta dregið úr umferðarslysum ungra ökumanna. *(DAN-report, Results of EU-project: Description and Analysis of Post Licensing Measures for Novice Drivers (G. Bartl ed.), KfV, Austurríki 2000.)*

Akstursmat felur í sér mat á aksturshættum og endurskoðun á öryggi ökumanns í umferðinni. Allir nýir ökumenn þurfa að fara í akstursmat áður en þeir endurnýja bráðabirgðaskírteinið. Hafi nýliðinn ekki fengið refsipunkta í punktakerfi fyrir umferðarlagabrot í eitt ár samfellt getur hann fengið fullnaðarskírteini. Hann getur þannig fengið fullnaðarskírteini við 18 ára aldur ef allt hefur gengið vel hjá honum í umferðinni. Hér er þannig um verðlaunakerfi en ekki refsikerfi að ræða.

Ef gildistími bráðabirgðaskírteinis rennur út áður en þessu skilyrði er fullnægt (að vera refsipunktalaus undanfarið ár) fær hann bráðabirgðaskírteini endurútgefið eftir að hafa farið í akstursmat. Sá sem er alltaf að brjóta eitthvað af sér í umferðinni gæti þannig þurft að endurnýja bráðabirgðaskírteini sitt á tveggja ára fresti og fara í akstursmat í hvert skipti.

Ein algengasta orsök umferðarslysa ungra ökumanna er ofmat á eigin getu og hæfni í akstri. Tilgangur akstursmats er að stemma stigu við þessu ofmati og koma að raunhæfara sjálfsmati. Þeir þættir sem athugaðir eru sérstaklega í fari ökumanns eru þeir sem snúa að athygli hans í umferðinni og öryggi gagnvart öðrum ökumönnum, sem og eigin öryggi. Í þeim þáttum sem nýliðinn virðist ofmeta eigin hæfni aðstoðar ökukennarinn hann við að finna góð ráð til þess að bæta öryggi hans.

Akstursmatið á samkvæmt þessari hugmyndafræði að vera jákvæð kennslustund í öruggum akstri, tillitssemi og varnarakstri svo draga megi sem mest úr áhættu í umferðinni. Ökumaður kemur með því hugarfari að læra og laga aksturshætti sína. Hann þarf ekki að undirbúa sig að neinu leyti né leggja sig fram um að „sýna“ öruggan akstur. Hann verður að sýna hinn venjulega akstur svo leggja megi mat á hvað hann geti lagað. Akstursmatið er ákveðið ferli sem ökumaður gengur í gegnum. Akstursmat er því ekki hugsað sem ökupróf heldur vinna með sjálfsmat ökumanns og viðhorf hans til aksturs.

Ökukennarar, sem hafa fengið sérstaka þjálfun, sjá um akstursmat. Akstursmatið fer fram á eigin bíl ökumannsins og tekur um 50 mínútur. Umferðarstofa gekkst á árinu 2003 fyrir námskeiðum fyrir ökukennara sem annast akstursmat. Námskeiðin, sem taka átta kennslustundir, voru haldin í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Haldin voru níu námskeið sem 157 ökukennarar sóttu.

Árið 2000 samdi umferðarráð við Spöl hf. um að ökunemar fengju að aka með ökukennara sínum um Hvalfjarðargöng án greiðslu. Hugmyndin með þessari tilhögun er sú að efla öku-nám og stuðla að þjálfun ökunema við sem fjölbreyttastar aðstæður. Um síðustu áramót höfðu 4.126 ferðir verið farnar um göngin í þessu skyni.

Tafla 9. Akstur ökunema um Hvalfjarðargöng.

	2000	2001	2002	2003
janúar		157	79	65
febrúar		87	101	74
mars		106	86	101
apríl		107	71	79
maí		128	98	105
júní		102	107	104
júlí		139	152	109
ágúst	146	99	108	107
september	139	104	175	110
október	118	64	117	70
nóvember	121	65	111	93
desember	77	37	61	47
Samtals	**601**	**1.195**	**1.266**	**1.064**

3.1.2 Sektir.

Nýjar reglur um sektir tóku gildi í júlí 2001, sbr. reglugerð nr. 575/2001, um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt reglugerðinni voru sektir hækkaðar verulega, sérstaklega fyrir svokölluð hættubrot, t.d. vegna hraðaksturs og ölvunaraksturs. Var í því sambandi vísað til þess að rannsóknir hefðu sýnt að háar sektir virtust hafa veruleg áhrif á hegðun ökumanna.

Erfitt er að meta nákvæmlega hvort árangur hefur náðst með þessari ráðstöfun. Aðrir þættir hafa þar umtalsverð áhrif. Ljóst er þó, samkvæmt upplýsingum um fjölda alvarlega slasaðra framar í þessari skýrslu, að fjöldi þeirra er innan marka umferðaröryggisáætlunar. Hækkun sekta er þar án efa lóð á vogarskál.

Málum sem lögreglustjórum er heimilt að ljúka skv. 115. gr. og 115. gr. a laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, ásamt síðari breytingum, eru afgreidd á tvennan hátt. Annars vegar er heimilt að ljúka málum með sektarboði og hins vegar með sektargerð sem sakborningur gengst undir með undirritun sinni. Ákveði lögreglustjóri að gefa kost á að ljúka máli með greiðslu sektar og niðurstaða færist ekki í sakaskrá sendir hann sakborningi greiðsluseðil með sektarboði.

Ákveði lögreglustjóri hins vegar að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með sektargerð sendir hann honum boð um að mæta og viðkomandi verður að samþykkja með undirskrift.

Til frekari skýringar má segja að minni málum sé lokið með sektarboði en stærri málum, þar sem viðurlög eru ekki meiri en svo að lögreglustjórar mega ljúka málum með lögreglustjórasátt, sé lokið með sektargerð.

Eftirfarandi töflur sýna annars vegar útsend sektarboð og hins vegar útsendar sektargerðir. Þegar litið er til sektarboða má sjá að þeim fækkaði um rúmlega 10% á árinu 2003 eftir tæplega 11% fjölgun árið á undan. Athygli vekur að á sama tíma og útsendum sektarboðum fækkar hækkar hlutfall greiddra sektarboða og hlutfall afgreiddra sektarboða af gjaldföllnum. Þegar litið er til þróunar í fjölda útsendra sektargerða má sjá að öfugt við útsend sektarboð fjölgaði þeim lítillega, eða um rúmlega 3%, eftir rúmlega 9% fækkun árið á undan.

Tafla 10. Útsend sektarboð og hlutfall greiddra og afgreiddra sektarboða 1999–2003.

Ár	Útsend sektarboð	Greidd sektarboð %	Afgreidd af gjaldföllnum sektarboðum í %
1999	35.933	76,7	93,0
2000	36.687	75,0	93,0
2001	38.080	77,4	92,0
2002	42.193	76,6	93,0
2003	37.823	80,2	94,2


Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

Tafla 11. Útsendar sektargerðir og hlutfall greiddra og afgreiddra sektargerða 1999–2003.

Ár	Útsendar sektargerðir	Greiddar sektargerðir %	Afgreiddar af gjaldföllnum sektargerðum %
1999	3.183	63,9	91,1
2000	3.836	61,1	89,6
2001	3.123	55,7	89,1
2002	2.839	56,1	89,1
2003	2.929	58,6	87,0

Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

Mynd 3. Fjöldi útsendra sektarboða og sektargerða 1999–2003.




Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

3.2. Ökuhraði.

Ökuhraði á þjóðvegunum er enn þá alltof mikill. Eins og sést á mynd 5 hefur hraði aukist frá árinu 1993 og haldist nokkuð óbreyttur. Þó má greina lækkun hjá þeim sem hraðast aka á árunum 2002 og 2003. Hafa ber í huga að lækka þarf meðalhraðann um 5–7 km/klst. til þess að ná því takmarki að fleiri en 85% ökumanna aki undir leyfðum hraða. Leyfð frávik, samkvæmt reglugerð um sektir, eru 10 km/klst. meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Ætla má að þetta leiði m.a. til þess að hraðamörk eru hér ekki virt sem skyldi.


Mynd 4. Fjöldi hraðakstursbrota og annarra umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá lögreglu 1999–2003.



Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

*Bráðabirgðatölur.

Mynd 5. Þróun hraða á þjóðvegum 1990–2003.



3.3 Ölvunarakstur.

Tafla 12. Fjöldi kærða, handtekinna og sakborninga í ölvunarakstursbrotum.

	1999	2000	2001	2002	2003*
Grunaðir um ölvun við akstur	2.066	2.587	2.180	1.950	1.894

* Tölur fyrir árið 2003 eru bráðabirgðatölur.

Tafla 13. Fjöldi kærða, handtekinna og sakborninga í ölvunarakstursmálum sem voru mældir.

	1999	2000	2001	2002	2003*
Undir mörkum	160	289	174	186	217
0,5–0,609‰	103	159	133	124	126
0,61–0,759‰	196	222	186	185	160
0,76–0,909‰	146	183	177	157	120
0,91–1,109‰	212	258	215	205	207
1,11–1,199‰	71	108	101	88	86
1,20‰+	814	971	900	780	726
Alls	**1702**	**2.190**	**1.886**	**1.725**	**1.642**

Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

**Í 252 tilvikum hafði niðurstaða blóðsýnis ekki borist eða áfengispróf var ekki framkvæmt.*

Tafla 14. Hlutfall kærðra, handtekinna og sakborninga í ölvunarakstursmálum sem voru mældir.


	1999	2000	2001	2002	2003*
Undir mörkum	9,4	13,2	9,2	10,8	13,2
0,5–0,609‰	6,1	7,3	7,1	7,2	7,7
0,61–0,759‰	11,5	10,1	9,9	10,7	9,7
0,76–0,909‰	8,6	8,4	9,4	9,1	7,3
0,91–1,109‰	12,5	11,8	11,4	11,9	12,6
1,11–1,199‰	4,2	4,9	5,4	5,1	5,2
1,20‰+	47,8	44,3	47,7	45,2	44,2
Alls	**100**	**100**	**100**	**100**	**100**

Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

**Í 252 tilvikum hafði niðurstaða blóðsýnis ekki borist eða áfengisprófvar ekki framkvæmt.*

Eins og fram kemur í töflu 13 hefur brotum vegna ölvunar við akstur fækkað síðustu ár. Erfitt er að meta hvort þessi fækkun sé tilkomin vegna minni áherslu lögreglu á þennan málaflokk eða hvort um raunverulega fækkun brota sé að ræða. Benda má á að eitt af markmiðum ríkislögreglustjórans er að auka áherslu á eftirlit lögreglu með ölvunarakstri og því hæpið að álykta að lögregla leggi minni áherslu á þennan málaflokk. Þetta er þó erfitt að mæla og því mikilvægt að leita annarra leiða til að meta tíðni ölvunaraksturs í samfélaginu. Ein leið er að spyrja almenning um það hvort viðkomandi hafi ekið undir áhrifum áfengis. Slíkar rannsóknir gefa vísbendingar um að á hverju ári aki tæplega 10% 18–75 ára ökumanna einu sinni eða oftar undir áhrifum áfengis (Gallup 2001: Rannsókn á áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga. Reykjavík: Áfengis og vímuvarnaráð Íslands). Þá kemur fram í nýlegri rannsókn að 25% framhalds- og háskólanema, 17–30 ára, segjast hafa ekið einu sinni eða oftar undir áhrifum áfengis en einungis 4% segjast hafa verið teknir af lögreglu (Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen 2004: Akstursheğun ungmenna).

Mynd 6. Hlutfall kærðra, handtekinna og sakborninga í ölvunarakstursmálum sem voru mældir, greint eftir sektarstigi.



Heimild: Ríkislögreglustjórinn.

*Bráðabirgðatölur.

3.4 Bílbelti og öryggisbúnaður fyrir börn.

Árvekni, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Umferðarstofa gerðu könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum eins og mörg undanfarin ár. Þá kom í ljós að 5,9% barna notuðu engan öryggisbúnað, 12,3% notuðu eingöngu bílbelti, sem er ekki fullnægjandi, en 81,7% barna voru í öryggisbúnaði sem hæfði stærð þeirra og aldri.

Umferðarfulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu gerðu viðamiklar kannanir víða um land á notkun bílbelta. Þar kom í ljós að 92% ökumanna á þjóðvegum utan þéttbýlis voru með bílbelti spennt og 80% ökumanna í þéttbýli.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp þar sem til viðbótar því að fólki sé skylt að nota bílbelti í akstri er skerpt á reglum um að börn skuli nota viðurkenndan öryggisbúnað, svo sem öryggisbelti, barnabílstól eða annan búnað sem sérstaklega er ætlaður börnum.

4. Verkefni ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja og félagasamtaka.

4.1 Ráðuneyti og stofnanir.

4.1.1 Dómsmálaráðuneyti.

Dómsmálaráðuneytið, samgönguráðuneytið frá 1. janúar 2004, er aðili að „High-Level Group" sem er æðsta stofnun Evrópusambandsins sem fer með umferðaröryggismál. Mikilvægt er að Íslendingar séu virkir þátttakendur í þessu starfi en hagur okkar er ótvíræður vegna þeirra rannsókna og upplýsinga sem við fáum aðgang að með aðild að þessari stofnun.

Dómsmálaráðuneytið, samgönguráðuneytið frá 1. janúar 2004, tekur jafnframt þátt í nefnd framkvæmdastjórnar ESB um ökuskírteini. Nefndin fjallar um allt sem snertir laga- og reglusetningu varðandi ökupróf og ökukennslu, afturköllun og skilyrði til þess að mega öðlast ökuskírteini, heilbrigðisskilyrði ökumanna og ýmsa aðra tæknilega þætti viðvíkjandi ökuskírteinum, sem og helstu umhverfisþáttum umferðar.

4.1.2 Umferðarstofa.

Störf Umferðarstofu á sviði umferðaröryggismála á árinu 2003 byggðust í meginatriðum á markmiðum umferðaröryggisáætlunar til ársins 2012. Aðgerðir til að draga úr ökuhraða, koma í veg fyrir ölvunarakstur og til að auka notkun öryggisbúnaðar í bílum skipuðu þar einna stærstan sess. Birtar voru nýstárlegar útvarps- og sjónvarpsauglýsingar þar sem áhersla var lögð á þessa þrjá þætti.

Umferðarfulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu voru starfandi um þriggja mánaða skeið. Þeir unnu mikið að því að vekja athygli á mikilvægi aukins umferðaröryggis á heimavettvangi, könnuðu notkun bílbelta o.fl. Í könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum sem gerð var í aprílmánuði í samstarfi við Árvekni og Slysavarnafélagið Landsbjörg kom í ljós að 5,9% barna voru laus í bílum og 12,3% barna voru einungis í bílbelti sem telst ekki vera fullnægjandi öryggisbúnaður. Notkun öryggisbúnaðar fyrir börn hefur aukist ár frá ári en leggja þarf áherslu á rétta notkun.

Endurskoðun fræðsluefnis umferðarskólans Ungir vegfarendur hófst á árinu og var byrjað á að endurnýja efni fyrir þriggja ára börn. Framhald verður á þeirri endurskoðun á árinu 2004.

Umferðarskóli fyrir 5 og 6 ára börn fór fram á árinu með hefðbundnum hætti. Vegna breyttra aðstæðna í grunnskólum stóð fræðslan í einn dag á hverjum stað í stað tveggja eins og áður var. Aðsókn að skólanum var mjög góð eins og mörg undanfarin ár.

Dreift var skipulega fræðsluefni til erlendra ökumanna sem aka á Íslandi. Er það efni á sex erlendum tungumálum.

Slysaskráning Umferðarstofu hefur verið efld og nálgast það markmið innan skamms að ná til dagsins í dag.

Umferðarstofa hefur innleitt stefnumiðað árangursmat (Balanced Score Card) sem miðar að því að mæla virkni í starfseminni og árangur hennar.

4.1.3 Umferðarráð.

Eftir að verkefni stofnunarinnar umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. voru sameinuð í nýrri stofnun, Umferðarstofu, 1. október 2002 hefur eðlilega orðið mikil breyting á stöðu ráðsins. Áður naut ráðið þess að stofnun með sama nafni vann að margháttuðum verkefnum á sviði umferðaröryggismála þannig að nafn þess var fólki tamt þegar umferðarmálefni voru til umræðu. Á þessu hefur eðlilega orðið breyting og fulltrúar í umferðarráði hafa því á fundum sínum talsvert rætt um framtíðartilhögun á starfsháttum ráðsins.

Í umferðarráði sitja 22 fulltrúar frá hinum ýmsu aðilum í þjóðfélaginu, sem láta sig umferð og umferðaröryggi varða, og kemur ráðið saman nokkrum sinnum á ári og fjallar á fundum sínum um margvísleg umferðaröryggismál. Á dagskrá fundanna árið 2003 var m.a.: Vegagerðin og umferðaröryggismálin, Reykjanesbraut, hraðatakmarkarar í fólksbifreiðir og drög að frumvarpi til breytinga á umferðarlögum. Stjórn umferðarráðs kemur reglulega saman milli funda ráðsins. Meginhlutverk umferðarráðs er að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Það skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

4.1.4 Ríkislögreglustjórinn.

Mikil áhersla var lögð á skipulegt samstarf umferðardeildar ríkislögreglustjórans við lögreglustjóraembættin og Vegagerðina um umferðareftirlit á árinu 2003. Samstarf við Vegagerðina beinist aðallega að eftirliti með stórum ökutækjum, bæði vöruflutningabifreiðum og hópbifreiðum. Þar er litið eftir frágangi og þyngd farms, að fylgt sé ákvæðum um hvíldartíma ökumanna og að atvinnurekstrarleyfi séu í gildi. Umferðardeildin kemur að skipulagi lögregluliðanna við umferðareftirlit á þjóðvegum og leggur til sérfræðiþekkingu og sérbúin ökutæki. Hefur deildin yfir að ráða hraðamyndavélum og myndbandsupptökutækjum tengdum radarmælum en við þann búnað var aukið á árinu. Þá starfrækir umferðardeildin sérbúna lögreglubifreið með öndunarsýnamæli sem notaður er við sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum. Bifreiðin var notuð víða um land eftir óskum embættanna eða fyrir fram gerðu skipulagi umferðardeildarinnar. Reglur um töku öndunarsýna og starfræksla mælitækjanna var endurskoðuð á árinu. Umferðareftirlit er öflugast á þjóðvegum yfir sumarmánuðina og sérstök áhersla er lögð á eftirlitið fyrstu helgina í júlímánuði og verslunarmannahelgina þegar umferð á þjóðvegum er í hámarki.

4.1.5 Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Verkefni rannsóknarnefndarinnar árið 2003 voru rannsóknir banaslysa í umferðinni og mun nefndin birta skýrslu og niðurstöður sínar á komandi vori. Að auki sinnti nefndin sérverkefnum um alvarleg umferðarslys á gatnamótum og þátt farþega í umferðarslysum, en Rannsóknarráð umferðaröryggismála styrkti þessi verkefni.

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys í umferðinni 2002 sem kom út á árinu er ítarleg umfjöllun og gagnrýni á rannsóknir lögreglu á alvarlegum umferðarslysum. Nefndin fylgdi gagnrýninni og viðbrögðum við henni eftir á árinu, m.a. í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra. Meginmarkmið þeirrar vinnu er að koma ábendingum á framfæri við lögreglu-

stjóra og þá sem rannsaka umferðarslys um hvað má betur fara í rannsóknunum. Samræma þarf vinnubrögð á landinu öllu og koma bíltæknirannsóknum í fastari skorður. Meðal þess sem nefndin vann að í tilraunaskyni, í tengslum við bættar rannsóknir umferðarslysa, var aðferð við að reikna út hraða ökutækja út frá ummerkjum á vettvangi og afmyndun ökutækja.

Þá varði rannsóknarnefndin nokkrum tíma í stefnumótun og áætlanagerð. Meðal þess sem lagt er til er að starfsemi nefndarinnar verði bundin í lög, að fjárveiting til nefndarinnar verði aukin og að nefndin rannsaki fleiri slys en banaslys í umferðinni. Sérstaklega er þá horft til flokksins „öll alvarleg umferðarslys“. Þessar tillögur og fleiri hafa verið kynntar dómsmálaráðuneyti og verða kynntar samgönguráðuneyti árið 2004.

4.1.6 Lögregluskóli ríkisins.

Kennsla í grunnnámi Lögregluskóla ríkisins tekur mið af markmiðum umferðaröryggisáætlunar og í náminu árið 2003 kynntust nemendur þeim rækilega með því að lykilaðilar málaflokksins komu áhersluatriðum á framfæri. Hlutfall málaflokksins í kennslu skólans er svipað og undanfarin ár. Á námskeiðum í framhaldsdeild Lögregluskólans voru umferðarmál tekin til skoðunar á símenntunarnámskeiðum, á námskeiði fyrir rannsóknarlögreglumenn og fjallað var rækilega um umferðarfræðslu í skólum á tveimur námskeiðum um forvarnir og grenndarlöggæslu þar sem fjallað var um nýtt kennsluefni sem skólinn hefur látið útbúa. Lögreglumenn fengu þá í fyrsta sinn samræmt kennsluefni til að nota í umferðarfræðslu í grunnskólum og lærðu að nota það. Þá unnu nemendur í stjórnunarnámi Lögregluskólans, sem haldið er í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, verkefni þar sem þeir rannsökuðu ársskýrslur rannsóknarnefndar umferðarslysa og skiluðu greinargerðum um þær. Umsjónarmaður umferðarfræðikennslu skólans hefur nú í tvö ár verið ráðgjafi rannsóknarnefndar umferðarslysa og les hann gögn með nefndinni. Af sjálfu leiðir að mikill fróðleikur fæst við það um gæði lögreglurannsókna í málaflokknum sem skilar sér inn í kennslu, bæði í grunndeild og framhaldsdeild. Til stóð á árinu að ljúka við gerð kennsluefnis um rannsóknir umferðarslysa en af ýmsum orsökum er því ólokið enn, en efnið er í vinnslu.

4.1.7 Samgönguráðuneyti.

Í árslok sl. árs, í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar, var hafinn undirbúningur að flutningi umferðarmála frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Allt fram til þessa árs hefur Vegagerðin haft umsjón með framkvæmd vega- og umferðarmála er varða samgönguráðuneytið. Samgönguráð hefur hins vegar yfirumsjón með gerð þingsályktunar um samgönguáætlun sem er annars vegar stefnumótandi langtímaáætlun til tólf ára og hins vegar ýtarleg framkvæmdaáætlun fyrir framkvæmdir og aðgerðir fyrstu fjögurra áranna. Í gildandi samgönguáætlun er fjallað sérstaklega um öryggismál samgangna og er eitt fjögurra meginmarkmiða áætlunarinnar öryggi í samgöngum. Sett er fram það áform að vinna að því að fækka alvarlegum slysum í umferðinni um 40% til ársins 2012 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2002–2012 sem Alþingi hefur samþykkt. Í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2003–2014 eru tilgreindar nokkrar aðgerðir til þess að ná markmiði um öryggi í samgöngum. Þær eru m.a. að efla rannsóknir á sviði umferðaöryggismála, stuðla að ábyrgari hegðun með aukinni fræðslu og áróðri, gera umhverfi vega og gatna öruggara og að vinna að enn virkara samstarfi við lögreglu, Umferðarstofu, umferðarráð og sveitarfélög til þess að auka umferðaröryggi. Þá er í þingsályktunartillögunni að finna tillögur um margar framkvæmdir sem flestar stuðla að auknu umferðaröryggi, svo sem að fækka einbreiðum brúm. Vísað er til samgönguáætlunarinnar til nánari skýringa um aðgerðir í umferðaröryggismálum og til svars Vegagerðarinnar um framvindu þeirra. Þá má þess geta að unnið er að endurskoð-

un fjögurra ára samgönguáætlunar, en áætlað er að leggja fram þingsályktunartillögu í haust um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

4.1.8 Vegagerðin.

Vegagerðin gaf út stefnu sína í umferðaröryggismálum í október 2001. Hún vinnur eftir umferðaröryggisáætlun sem er samhljóða markmiðum stjórnvalda um fækkun alvarlega slasaðra og látinna. Aðgerðir Vegagerðarinnar miða að þessu markmiði og er lögð áhersla á að forgangsraða þannig að árangur verði sem mestur.

Á árinu 2003 voru veittar 140 millj. kr. til lagfæringa á svartblettum og til eftirlits með þunga ökutækja og hvíldartíma ökumanna, ásamt almennri löggæslu í samvinnu við ríkislögreglustjórann.

Unnið var að lagfæringum á 27 hættulegum stöðum samkvæmt áætlun. Meðal annars voru sett upp viðvörunarljós við sjö einbreiðar brýr og sett upp vegrið á ellefu stöðum, þar af var sett upp 3,2 km vegrið á Vestfjörðum og um einn kílómetri á Kjalvegi við Kolkustíflu. Einnig voru lagfærðir sex hættulegir staðir og sett upp lýsing á þremur stöðum.

Haldið var námskeið fyrir þá sem sinna umferðaröryggisrýni og nú er allstór hópur manna sem getur tekið að sér að rýna hönnunargögn hvað viðkemur umferðaröryggi.

Lokið var gerð margra nýrra vegarkafla á árinu sem bæta eiga umferðaröryggi. Má þar nefna mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Stekkjarbakka í Reykjavík, nýja brú og veg um Þjórsá, nýjan veg á Tjörnesi og veg um Mývatnsheiði. Byggðar voru tvíbreiðar brýr eða lögð ræsi í staðinn fyrir einbreiðar brýr á 27 stöðum. Þar af var útrýmt sjö einbreiðum brúm á hringveginum.

Haldið var áfram að setja upp mælitæki við þjóðvegina sem gefa upplýsingar um umferð, veður og færð.

4.1.9 Rannsóknarráð umferðaröryggismála.

Rannum, sem er samstarfsvettvangur Vegagerðarinnar, Rauða kross Íslands, umferðarráðs, Landspítala – háskólasjúkrahúss og 13 annarra aðila, veitti á árinu 2003 samtals um 16 millj. kr. til 19 rannsóknarverkefna á sviði umferðaröryggismála. Verkefnin voru fjölbreytt og tengjast umferðaröryggismálum frá nokkrum sjónarhornum. Nokkur áhersla hefur verið lögð á stöðu umferðarfræðslumála á grunnskóla- og leikskólastigi og lauk viðamiklum rannsóknum á því sviði á árinu 2003. Umferðaröryggismál voru einnig skoðuð út frá hegðun ökumanna og hvaða þættir geta haft áhrif á umferðaröryggi, svo sem vindafar, umferðareftirlit lögreglu og fleira. Ýmsir fleiri þættir sem tengjast slysum og umferðaröryggi voru skoðaðir. Samstarf innan Rannum hófst árið 2000 og mun standa yfir í fimm ár. Að þeim tíma liðnum verður starfsemin metin og ákvörðun um framhald tekin. Á þessum þremur árum hafa verið veittir styrkir til alls 60 verkefna, að upphæð 63 millj. kr.

4.1.10 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, eru slysavarnir eitt af sjö forgangsmarkmiðum. Í áætluninni eru þau markmið sett að slysum og dauðaslysum fækki um 25% til ársins 2010. Slysavarnaráð og aðrar stofnanir ráðuneytisins vinna nú skipulega að framgangi þessara markmiða.

Þann 1. júlí 2003 tók Lýðheilsustöð til starfa og meðal starfa hennar er vinna að slysavörnum.

4.1.11 Slysavarnaráð.

Slysavarnaráði ber samkvæmt lögum nr. 18/2003 að stuðla að fækkun slysa og sjá til þess að slys séu skráð með samræmdum hætti. Landlæknisembættið og slysavarnaráð hafa um nokkurt skeið haft frumkvæði að samræmdri skráningu slysa með þróun og gerð gagnabankans Slysaskrár Íslands. Markmið samræmdrar slysaskráningar er að auðvelda slysarannsóknir og efla forvarnir með betra yfirliti yfir fjölda slysa, orsakir þeirra og afleiðingar. Síðastliðið ár voru skráningaraðilar í Slysaskrá Íslands fjórir, Vinnueftirlit ríkisins, slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, Tryggingamiðstöðin og ríkislögreglustjórinn. Voru niðurstöður skráningar þeirra birtar á vefsíðu Landlæknisembættisins (http://www.landlaeknir.is/template1.asp?pageid=40). Á árinu var enn fremur unnið að fjölgun skráningaraðila. Viðræður voru hafnar við tvö tryggingafélög og eitt sjúkrahús á landsbyggðinni og skráningarkerfi heilsugæslustöðva aðlagað svo unnt væri að skrá og senda upplýsingar til Slysaskrár Íslands.

4.1.12 Umhverfisráðuneyti.

Ráðuneytið hefur ekki með beinum hætti gripið til aðgerða til þess að auka umferðaröryggi vegfarenda á árinu 2003, en þar sem augljós tengsl eru á milli skipulagsmála og umferðaröryggismála óskaði ráðuneytið eftir því við Skipulagsstofnun að hún greindi ráðuneyti frá aðgerðum stofnunarinnar í þessum málaflokki. Svar Skipulagsstofnunar er eftirfarandi: „Skipulagsstofnun hefur ekki unnið að sértækum aðgerðum varðandi umferðaröryggi en sá þáttur er meðal þess sem stofnunin horfir til við afgreiðslu svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Í nóvember 2003 gaf Skipulagsstofnun út „Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, ferli og aðferðir“ og á árinu var unnið að leiðbeiningariti um gerð deiliskipulags sem ráðgert er að komi út á þessu ári.“

4.1.13 Landbúnaðarráðuneyti.

Í janúar 2001 kynnti landbúnaðarráðherra lokaskýrslu vegsvæðanefndar 1998–2001, „Þjóðvegir og búfé“. Hún markaði tímamót því að um tillögur hennar náðist nær einróma samstaða um aðgerðir til að auka umferðaröryggi á þjóðvegum vegna umferðar búfjár á vegsvæðum. Þótt landbúnaðarráðuneytið hafi ekki unnið að þessum málum í kjölfar skýrslunnar hefur að nokkru verið unnið í anda hennar á nokkrum stöðum á landinu, einkum á árinu 2003. Unnið hefur verið að uppsetningu samfelldra girðinga með þjóðvegi 1 í Mýrdal og slíkt hið sama undirbúið í Húnaþingi vestra, samkvæmt sérstökum samningum sem Vegagerðin hefur gert við viðkomandi sveitarfélög. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur leitað eftir slíku samkomulagi og áhugi er á að gera markvissar úrbætur á öðrum löngum vegarköflum, t.d. í Flóanum og í Eyjafirði.

Sú framkvæmd sem þó hefur sennilega skilað mestum árangri á liðnu ári er friðun þjóðvegar 1 frá höfuðborgarsvæðinu austur í Hveragerði sem er mikilvægur liður í friðun Suðurlandsvegar á Hellisheiði og Þrengslavegar í Ölfusi fyrir lausagöngu búfjár. Að framkvæmdum standa Vegagerðin og viðkomandi sveitarfélög. Auk samfelldrar girðingar var komið á reglubundinni vörslu í anda tillagna vegsvæðanefndar. Felst hún í því að sérstakir vörslumenn fara reglubundið með girðingunni, loka hliðum, gera við bilanir og handsama kindur sem komist hafa í gegn. Árangur er greinilegur því lítið sem ekkert hefur verið keyrt á búfé á þessum stöðum síðan. Til samanburðar má geta að á undanförnum árum hefur að jafnaði verið ekið á um 20 kindur hvert sumar á Suðurlandsvegi, á kaflanum um Fóelluvötn, Sauðadali (Litla kaffistofan) og Svínahraun, en enga sumarið 2003. Þetta er gott dæmi um miklar framfarir sem auka mjög umferðaröryggi á þessu svæði. Sumarið 2004 er áformað að friða

Suðurlandsveg frá Hverageröi austur fyrir Ingólfsfjall, og þar með Biskupstungnabraut inn að Sogsbrú við Þrastalund.

4.2 Sveitarfélög.

4.2.1 Reykjavíkurborg.

Á vegum Gatnamálastofu var unnið fyrir rúmlega 50 millj. kr. á 17 stöðum til að auka umferðaröryggi í gatnakerfinu (endurbætur vástaða). Á árinu var einnig leyfður hámarkshraði lækkaður í 30 km/klst. („30 km hverfi") í 13 hverfum með hefðbundnum aðgerðum (hliðum og hraðahindrunum). Kostnaður var um 60 millj. kr. Samkvæmt lauslegri áætlun er gert ráð fyrir, að lokið verði við að lækka leyfðan hámarkshraða í íbúðarhverfum borgarinnar í 30 km/klst. á árinu 2006. Tekið var upp samstarf við sjö grunnskóla um skipulag og gerð öruggari gönguleiða skólabarna. Með hliðsjón af þeim hugmyndum sem fram komu á fundum með skólunum voru gönguleiðir skólabarna endurbættar. Kostnaður var um 25 millj. kr.

4.2.2 Seltjarnarneskaupstaður.

Á árinu 2003 var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum gatna. Einnig var fjölgað 30 km hraðamerkingum á götur í íbúðarhverfum. Þá var áfram unnið að almennu viðhaldi og lagfæringum á gatna- og göngustígakerfinu sem auka á öryggi vegfarenda. „Öryggi barna, allra ábyrgð" er verkefni sem unnið hefur verið að tvisvar á ári, að haustlagi og síðla vetrar. Um er að ræða samstarf við Mýrarhúsaskóla, foreldrafélag skólans, íþrótta- og æskulýðsráð og slysavarnadeild kvenna á Seltjarnarnesi um hvernig örva megi börn til þess að ganga frá heimili sínu í skólann á morgnana. Í tengslum við verkefnið var áletruðum borðum komið fyrir við fjölfarnar götur til að vekja athygli vegfarenda á verkefninu. Slysavarnadeild kvenna, Kiwanisklúbburinn og Björgunarsveitin Ársæll hafa undanfarin ár unnið að umferðaröryggismálum á Seltjarnarnesi. Samkvæmt upplýsingum lögreglu hefur í gegnum árin verið fátt um alvarleg óhöpp í bæjarfélaginu og ekki hægt að benda á sérstaka staði með hárri slysatíðni.

4.2.3 Kópavogsbær.

Helstu aðgerðir til að auka umferðaröryggi í Kópavogi 2003 voru þær að á árinu var lokið við lagfæringar á svartblettum samkvæmt fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun sem gerð var á grundvelli úttektar á umferðaröryggi í Kópavogi í apríl árið 1999. Á síðasta ári var hafin vinna við nýja úttekt á umferðaröryggi í bæjarfélaginu. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður gerð ný framkvæmdaáætlun um lagfæringar á svartblettum í bænum. Á árinu var jafnframt haldið áfram framkvæmdum vegna 30 km hverfa. Stefnt er að því að allar húsagötur í Kópavogi verði með 30 km hámarkshraða á árinu 2005.

4.2.4 Garðabær.

Garðabær hefur rekið færanlegt hraðaviðvörunartæki sem segir ökumönnum til um akstursþraða þeirra en skráir hann ekki. Unnið er að úttekt á umferðarslysum í bænum nokkur undanfarin ár á grundvelli lögregluskýrslna og stefnt að því að ljúka úttekt á hægri forgangi á árinu 2004. Á árinu var gert sérstakt átak í að skipta gangbrautum yfir aðalgötur í bæjarfélaginu. Enn fremur hefur verið lögð áhersla á gerð göngustíga í bænum til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

Á árinu voru teknar ákvarðanir um gerð tveggja nýrra hringtorga í tengslum við aðgerðir til þess að auka umferðaröryggi í Garðabæ. Ákveðið var í skipulagi að á gatnamótum Bæjarbrautar og Arnarnesvegar verði hringtorg sem kemur í stað umferðarljósa. Möguleiki er að

tengja Fífuhvammsveg inn á hringtorgið sem kemur þannig í stað tveggja T-gatnamóta með umferðarljósum þar sem orðið hefur verulegur fjöldi umferðarslysa á undanförnum árum. Enn fremur hefur verið gert deiliskipulag vegna nýs grunnskóla á Grundum, en þar er sérstaklega tekið á aðkomu og umferðarmálum með tillögu að hringtorgi á Vífilsstaðavegi og undirgöngum undir veginn fyrir gangandi vegfarendur. Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar hefur farið fram sérstök athugun á lausnum varðandi gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar. Í því sambandi er leitast við að taka tillit til gangandi vegfarenda eins og unnt er í svo stórum og umferðarmiklum gatnamótum.

4.2.5 Hafnarfjarðarbær.

Árið 2000 var samþykkt áætlun um gerð 30 km hverfa í Hafnarfirði og hefur síðan verið unnið markvisst að uppbyggingu þeirra. Helstu verkefni síðasta árs voru að Suðurbærinn var gerður að 30 km hverfi, sett voru upp gönguljós við Einarsreit, umferðaröryggi var bætt í Hamrabergi, gerðar nýjar hraðahindranir ásamt ýmsum lagfæringum á gatnakerfinu. Á síðasta ári tók Hafnarfjörður þátt í evrópskri umferðarviku (European Mobility Week), en efnt hefur verið til umferðarviku í Hafnarfirði allt frá árinu 1999 með víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í bænum.

4.2.6 Reykjanesbær.

Vinnu við að framfylgja samþykktu umferðaskipulagi Reykjanesbæjar, sem samþykkt var árið 2001, var framhaldið á árinu 2003. Helstu aðgerðir voru þessar:

Við endurnýjun Hafnargötunnar var lögð áhersla á að ná umferðarhraða niður sem mest til að auka öryggi vegfarenda. Tekið var fullt tillit til þessa í hönnun götunnar, til dæmis verða gangbrautir upphækkaðar, hringtorg gert á gatnamótum Hafnargötu og Aðalgötu, ásamt því að lýsing og merkingar voru og verða endurbættar mikið.

Öryggi vegfarenda við alla skóla hefur verið aukið með því að lækka leyfðan hámarkshraða í 30 km/klst. á götum við skólana, upphækkun gangbrauta á helstu leiðum skólabarna og með betri merkingum. Á árinu 2004 verður þessu verkefni lokið og verður þá umhverfi allra skóla með þessum hætti.

Settar hafa verið upp færanlegar hraðahindranir þar sem þörf hefur verið hverju sinni.

Lögð hefur verið áhersla á að draga úr umferðahraða á aðalinnkomuleiðum í Reykjanesbæ þannig að steyptur hefur verið kantsteinn beggja vegna götunnar sem þrengir götukassann. Dregur það verulega úr umferðahraða þeirra er aka inn í bæjarfélagið.

4.2.7 Mosfellsbær.

Á árinu 2003 var staðfest nýtt aðalskipulag fyrir Mosfellsbæ árin 2002–2024. Í því er sérstaklega tekið á umferðaröryggismálum og stefnt að því að hönnun gatna í nýjum hverfum taki mið að því meginmarkmiði að umferðarhraði skuli háður nábýli við íbúðarhverfi og skóla og stofnanir. Þannig skulu nemendur á leið í skóla ekki þurfa að fara yfir götur þar sem hámarkshraði er meiri en 30 km/klst. Á árinu 2003 var samþykkt aðgerðaráætlun um staðsetningu á hraðahindrunum og 30 km hverfum í Mosfellsbæ. Framkvæmdir í samræmi við aðgerðaráætlunina munu hefjast á árinu 2004 og gert ráð fyrir þeim á næstu fjórum árum. Áfram hefur verið unnið að bættu aðgengi fyrir fatlaða í gatnakerfinu. Hraðamerkingar hafa verið málaðar á götur til að vekja enn frekar athygli á hámarkshraðareglum.

4.2.8 Akraneskaupstaður.

Helstu aðgerðir til að auka umferðaröryggi í bæjarfélaginu árið 2003 voru þessar:

Hraðatakmarkandi aðgerðir: Hraðahindranir voru settar upp á tveimur stöðum sem jafnframt eru gangbrautir.

Yfirborðsmerkingar gatna: Yfirborðsmerkingar gatna voru bættar og auknar frá árinu 2002. Sérstök áhersla var lögð á merkingar gangbrauta og merkingar sérstaklega yfirfarnar fyrir skólabyrjun á haustdögum.

Aðgerðir við skóla: Bætt var aðstaða við Grundaskóla (grunnskóli) vegna aksturs barna úr og í skóla.

4.2.9 Ísafjarðarbær.

Unnið var að ýmsu á árinu er varðar aukið öryggi vegfarenda. Alltaf er eitthvað gert í merkingum gatna og í uppsetningu nýrra umferðarmerkja. Einnig er hafin vinna við endurskoðun reglugerðar um umferð í bænum. Þá hefur verið lögð aukin áhersla á snjómokstur gangstétta og gönguleiða, einkum á milli Grunnskólans á Ísafirði og íþróttahúss, ásamt stórauknum hálkuvörnum gatna og gangstétta.

Lokið var við miklar framkvæmdir á Flateyri þar sem lagt var bundið slitlag á nokkrar götur ásamt gangstéttum. Á Suðureyri var lokið framkvæmdum við tvær götur með bundnu slitlagi og gangstéttum. Á Ísafirði var haldið áfram lagningu göngustígs er tengir saman hverfi innan bæjarins. Þá var einnig nokkuð unnið að uppsetningu götulýsingar í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar.

4.2.10 Sveitarfélagið Skagafjörður.

Í tengslum við vinnu við gerð aðalskipulags fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð er markvisst unnið að flokkun gatnakerfisins og skráningu á óhöppum og slysum. Í undirbúningi er að gera öll íbúðarsvæði í þéttbýli að „30 km svæðum“, en það hefur ekki enn komið til framkvæmda. Helstu úrbætur á gatnakerfinu hvað varðar umferðaröryggi hafa falist í betri merkingu gatna og gatnamóta og bættri aðkomu að bílastæðum. Þá er yfir vetrartímann stöðugt aukinn snjómokstur og hreinsun á gangstéttum og gangbrautum til að stuðla að auknu öryggi gangandi vegfarenda.

4.2.11 Akureyrarbær.

Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr umferðarhraða í íbúðarhverfum með skilgreiningu 30 km hverfa og framkvæmdum þar að lútandi. Ný íbúðarhverfi eru hönnuð sem slík. Í árslok 2003 var 30 km hámarkshraði í um helmingi bæjarins með viðeigandi „hliðum“, skiltum o.s.frv. Handstýrð gangbrautarljós, gangbrautarvarsla og/eða sérstök lýsing gangbrauta er alls staðar sem þurfa þykir. Hvatt er til „mjúkaksturs“ (vistaksturs) í svokölluðum visthópum, í anda sjálfbærrar þróunar, sbr. m.a. kafla umhverfisráðuneytis og Ökukennarafélags Íslands í Skýrslu um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2002. Öll þessi atriði eru í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag bæjarins þar sem eru skýr markmið um aukið umferðaröryggi bæjarbúa.

4.2.12 Fjarðabyggð.

Á undanförnum árum hefur verið lögð sérstök áhersla á að bæta öryggi gangandi vegfarenda og þá sérstaklega skólabarna og hestamanna. Það hefur verið gert með því að bæta og fjölga gangstéttum og gangstígum, gera göngubrýr yfir vatnsföll, bæta gangbrautarmerkingar, færa gangstéttir frá akbrautum, skilgreina og afmarka betur bifreiðastæði, bæta gatna-

lýsingu, gera reiðvegi, gera gatnamót hornrétt, afmarka þau og lýsa upp, fjölga hraðahindrunum og bæta hraðamerkingar og gatnamálun.

Af einstökum framkvæmdum má telja upp tengingu hjáleiðar fyrir þyngri umferð á Reyðarfirði, þrengingu og afmörkun gatnamóta Bleiksárhlíðar við Strandgötu á Eskifirði, afmörkun og hornrétta tengingu gatnamóta Skólavegar og Nesgötu Norðfirði, lagfærð gatnamót Kvíabólsstígs og Egilsbrautar á Norðfirði, ný gatnamót milli Naustahvamms og Norðfjarðarvegar og Leiruvegar og Norðfjarðarvegar á Norðfirði ásamt götulýsingu, bætta götulýsingu á nokkrum stöðum til að bæta öryggi gangandi og hestamanna, átak í gerð reiðvega í Norðfjarðarsveit auk þess sem öll gatnamót að sveitabæjum í Norðfjarðarsveit hafa verið lýst upp.

4.2.13 Vestmannaeyjabær.

Helstu aðgerðir til að auka umferðaröryggi í Vestmannaeyjabæ árið 2003 voru eftirfarandi: Unnið var að því að auka öryggi gangandi vegfarenda með því að leggja áherslu á betri stíga og lýsingu þeirra. Unnið var að því að lagfæra umferðarmerkingar þar sem það átti við. Víða um bæinn var unnið að lagfæringum á götum, ýmist með því að lagfæra holur og leggja yfirlag, hraðatakmarkandi aðgerðir á stöku stað, vandað var til yfirborðsmerkinga gatna o.fl. Samstarf milli bæjarins við verktaka og lögreglu var bætt vegna merkinga við vinnusvæði og annarra umferðaröryggismála.

4.2.14 Sveitarfélagið Árborg.

Í Sveitarfélaginu Árborg var á árinu 2003 unnið að endurskoðun umferðarskipulags fyrir þéttbýli Selfoss. Í tillögu að nýju umferðarskipulagi er tekið á ýmsum öryggisþáttum, svo sem ökuhraða. Í því skyni er götum skipt í tvo flokka: götur með ökuhraðanum 30 km/klst og götur með ökuhraðanum 50 km/klst. Í tillögunni er einnig ákveðið hvar skulu vera hraðahindranir, þrengingar, hlið, gangbrautir, hringtorg og umferðarljós, allt gert í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi akandi og gangandi vegfarenda. Þessi tillaga að nýju umferðarskipulagi hefur verið til umfjöllunar í umferðarnefnd. Einnig hefur tillagan verið kynnt hagsmunaaðilum, þ.e. fulltrúum lögreglu og ökukennara, á sérstökum fundi. Fyrirhugað er að auglýsa tillöguna og hafa hana til sýnis fyrir almenning í þeim tilgangi að almenningur geti gert athugasemdir við hana. Auk þessa hefur verið gert stórt átak í umferðarmerkingum, sett upp ný umferðarmerki og eldri umferðarmerki endurnýjuð. Einnig voru gerð tvö hringtorg og ein hraðahindrun í þeim tilgangi að greiða fyrir umferð og auka öryggi.

4.3. Vátryggingafélög.

4.3.1 Samband íslenskra tryggingafélaga.

Mörg undangengin ár hafa Samband íslenskra tryggingafélaga og bifreiðatryggingafélögin innan vébanda þess unnið að ýmsum forvarnamálum í umferðinni, oft undir formerkjum Fararheilla. Áhersla Fararheilla hefur löngum verið lögð á baráttu gegn ölvunarakstri, á betri umferðarmannvirki og gagnaöflun ýmiss konar til að byggja undir margvíslega fræðslu og áróður með það að markmiði að auka öryggi í umferðinni. Á árinu 2002 beindi Fararheill athyglinni sérstaklega að notkun ökumanna á farsíma í umferðinni og hefur frá því lög voru sett um notkun handfrjáls símabúnaðar við akstur gert nokkrar kannanir á slíkri notkun til nota í áróðri gegn notkun farsíma í akstri án handfrjáls búnaðar. Loks má nefna að Samband íslenskra tryggingafélaga rekur ásamt umferðarráði upplýsingaskilti á Suðurlandsvegi í Svínahrauni um fjölda látinna í umferðinni. Á skiltinu er jafnframt hvatning um notkun öryggisbelta.

4.3.2 Sjóvá-Almennar tryggingar.

Helstu verkefni félagsins á sviði umferðaröryggismála á árinu 2003 voru þessi: Námskeið ungra ökumanna: Haldin voru milli 30 og 40 námskeið um land allt. Um 1.000 manns koma árlega á námskeiðin og hafa athuganir félagsins sýnt að árangur er mjög góður eða allt að þrefalt lægri tjónatíðni hjá hópnum en hjá þeim sem ekki koma á námskeið. Fyrirtækjanámskeið: Heimsótt voru 20 fyrirtæki sem eru í viðskiptum við félagið og haldin námskeið fyrir ökumenn þeirra. Það fyrirtæki sem best stóð sig fækkaði tjónum um 67% milli ára. Félagið verðlaunar „Fyrirtæki ársins í umferðarmálum". Akstur krefst athygli: Samstarfsverkefni sem miðar að því að ökumenn sýni fulla athygli í akstri. Stormviðvörun: Sjóvá-Almennar vara ákveðin fyrirtæki við ef vont veður er í aðsigi. Það hefur skilað miklum árangri, einkum hjá Flytjanda. Samstarf við bílaleigur: Félagið hefur átt aðild að útgáfu bæklings fyrir erlenda ökumenn og staðið að gerð myndbands ásamt Hertz og Toyota sem sýnt var í fyrrasumar í vélum Flugleiða. Ökuskólar: Félagið hefur undanfarin ár boðið ökuskólum þá þjónustu að fjalla um tryggingar og tjón samkvæmt námskrá. Skólakynningar: Félagið heimsækir mjög marga grunnskóla og framhaldsskóla og er með kynningu sem tengist umferðinni. Í grunnskólum eru það aðallega valhópar í umferðarfræðslu sem nýta þessa kynningu. Leiktu þér heima: Sjóvá-Almennar stóðu fyrir hugmyndasamkeppni um umferðarmál meðal 16–20 ára unglinga. Farið var í samstarf við Popp-tíví (70 mínútur) og var þátttaka mjög góð. Fræðsla á heimasíðu: Margmiðlunardiskur félagsins hefur verið settur á heimasíðu þess. Þar má einnig finna ýmsa fræðslumola úr umferðinni. Fjöldamargt annað er gert af hálfu félagsins til að skapa aukið umferðaröryggi og má þar meðal annars nefna veltibílinn sem hefur verið mikið á ferðinni.

4.3.3 Tryggingamiðstöðin hf.

Aðkoma Tryggingamiðstöðvarinnar að umferðaröryggismálum á árinu 2003 var með hefðbundnum hætti. Í beina styrki til ýmissa samtaka sem láta sig umferðaröryggi varða og félagið er í samvinnu með, svo sem Slysavarnafélagsins Landsbjargar, lögreglu, lögreglufélaga o.fl., var varið a.m.k. 4 millj. kr. Þar að auki varði félagið í almennan forvarnaáróður þar sem forvarnir vegna umferðar eru í bland, u.þ.b. 2 millj. kr.

Þá var endurskinsmerkjum dreift á hefðbundinn hátt og haldnir fræðslufundir með ýmsum hópum sem teljast til áhættuhópa í umferðinni. Þá má geta styrkja til margra frjálsra félagasamtaka sem láta sig umferðarmál varða, auk forvarnaáróðurs á heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar með netverslun þar sem seldar eru ýmsar öryggisvörur á lágmarksverði.

4.3.4 Vátryggingafélag Íslands.

Vátryggingafélag Íslands mun halda áfram með umferðarfundi í öllum framhaldsskólum landsins auk þess sem haldnir eru reglulegir umferðarfundir í húsakynnum félagsins fyrir almenning. Á fundunum er fjallað um afleiðingar umferðarslysa með sérstakri skírskotun til ungs fólks. Reynslan hefur sýnt að tjóns- og slysatíðni meðal þeirra sem sótt hafa fundina er fjórðungi lægri en meðal þeirra sem ekki hafa mætt. Félagið dreifir einnig tímaritinu STANZ þar sem efnið samanstendur af viðtölum við þolendur, gerendur, fagmenn og aðstandendur þeirra sem hafa reynslu af umferðarslysum. Upplag þess er um 10.000 eintök á tveggja ára tímabili. Á þessu ári er reiknað með að um 4000 ungmenni á aldrinum 15–25 ára mæti á umferðarfundi félagsins. Vátryggingafélag Íslands leigir út eina öruggustu barnabílstóla sem völ er á í heiminum í dag auk þess sem félagið heimsækir eldri borgara og þungaflutningabílstjóra með fræðslu um umferðaröryggismál. Vátryggingafélag Íslands mun á árinu 2004 standa að útsendingu á útvarpsþætti um öryggismál og forvarnir á Útvarpi Sögu. Þar verður

m.a. fjallað um umferðaröryggismál. Félagið starfrækir öryggisverslun þar sem seldar eru öryggisvörur, m.a. handfrjáls símabúnaður og endurskinsvesti, auk þess sem tvisvar á ári eru gefnar út VÍS-fréttir sem fjalla m.a. um málefni tengd umferð.

4.4 Ýmis félagasamtök.

4.4.1 Bindindisfélag ökumanna.

Meginmarkmið í áróðri félagsins árið 2003 var ökuhraði, bílbeltanotkun og ölvunarakstur. Félagið stóð fyrir verkefni sem nefnist „Akstur krefst athygli“ í samstarfi við Umferðarstofu, Flytjanda, Bylgjuna og Sjóvá-Almennar. Það miðaðist fyrst og fremst við að auka öryggi flutningabílstjóra í akstri. Félagið stóð fyrir kynningu á akstri í dreifbýli í fyrrasumar. Ungu fólki á aldrinum 16–20 ára var boðið að kynnast slíkum akstri. Þátttakendur fengu að prófa að aka á möl og missa stjórn á bílnum og var þeim leiðbeint hvernig bregðast eigi við. Þetta verkefni var í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg og Sjóvá-Almennar. Veltibíllinn, sem er í eigu Bindindisfélags ökumanna, umferðarráðs og Sjóvá-Almennra, hefur mikið verið notaður við áróður fyrir aukinni notkun bílbelta. Félagar í Bindindisfélaginu hafa séð um rekstur bílsins auk þess sem félagið hefur fjármagnað kaup á bifreið til að draga veltibílinn um landið. Veltibíllinn hefur mikið verið notaður og á árinu 2003 hafa um 20.000 manns farið veltu. Fyrir jólin hefur félagið jafnan bent á mikilvægi þess að aka ekki undir áhrifum áfengis. Þá hefur ölvunarakstur aukist yfir sumarið og félagið brugðist við því með því að benda á þessa hættu á þeim tíma líka.

Félagið hefur nýtt heimasíðu sína (www.brautin.is) til að vekja athygli á ýmsum þáttum auk þess sem athyglisverðar greinar um umferðarmál koma reglulega á síðuna.

4.4.2 Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Félagið kannaði á árinu ástand viðgerðra tjónabíla sem höfðu skemmst umtalsvert í umferðartjónum. Dæmi voru um óviðunandi viðgerðir, m.a. höfðu hlutar yfirbygginga verið „ólöglega“ réttir í stað þess að skipta þeim út fyrir nýja og í sumum tilvikum vantaði öryggispúða. Vakin var athygli á þessum niðurstöðum og í kjölfarið fór fram talsverð umræða um öryggi tjónabíla. Tryggja þarf að illa viðgerðir og varasamir tjónabílar komist ekki í umferð og að farið sé að þeim reglum sem þegar eru í gildi.

Umferðaröryggismál eru umfangsmikill efnisþáttur í FÍB-blaðinu og öðrum útgáfum félagsins sem dreift er í 19.000 eintökum, fjórum sinnum á ári.

Árlega heldur félagið námskeið um akstur erlendis þar sem sérstaklega er fjallað um umferðarmenningu og -reglur meðal grannþjóða. Á hverjum vetri sendir félagið erlendum systurfélögum upplýsingar frá umferðarráði/Umferðarstofu um þær hættur sem vegfarendur standa frammi fyrir við akstur á Íslandi.

4.4.3 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Stærsta einstaka verkefni félagsins 2003 var starfsemi sex umferðarfulltrúa yfir sumartímann. Þeir unnu m.a. að aukinni beltanotkun, öruggari hraða, bættu umhverfi vega, öruggari ökumönnum, auknu öryggi með fellihýsi og akstri án áfengis. Þetta var unnið með fræðslu, könnunum, vera sýnilegir, með innkomu í fjölmiðla o.fl.

Félagið og félagseiningar þess gerðu árlega könnun um öryggisbúnað barna í bílum ásamt fleiri aðilum, en nokkur af verkefnum félagsins eru unnin í samvinnu við aðra. Slysavarnadeildir félagsins vinna margar gott starf í sínum heimabæ, gefa t.d. endurskinsmerki, eru með hjóladag, gefa hjálma, gera kannanir o.fl.

Fræðsluefni sem til er hjá félaginu og er aðgengilegt fyrir alla:

Félagið hefur unnið að námsefni í lífsleikni fyrir 4., 5. og 6. bekk sem byggist upp á sex þemaheftum og er eitt þeirra um umferðina. Þetta námsefni verður gefið í alla grunnskóla í febrúar 2004.

Ýmsir bæklingar eru til hjá félaginu, svo sem um öryggi ferðamanna þar sem m.a. er komið inn á umferðina, um reiðhjól og um hlaupahjól, línuskauta og hjólabretti.

Ýmislegt annað forvarnaefni hefur verið gert í formi áróðurs.

4.4.4 Ökukennarafélag Íslands.


Ökukennarafélagið hefur sem fyrr haft á boðstólum kennsluefni fyrir öll stig ökunáms. Síðla árs 2003 var gefin út ný kennslubók í tveimur bindum, Bifreiðatækni 1 og 2, til notkunar í námi til aukinna ökuréttinda. Þá hefur verið unnið að undirbúningi að því að gefa út kennslubók til almennra ökuréttinda á margmiðlunardiski, í samstarfi við norska aðila. Áætlað er að diskurinn verði tilbúinn fyrri hluta árs 2004.

Áfram hefur verið unnið að markaðssetningu vistakstursnámskeiða fyrir ökumenn. Nokkuð hefur áunnist og hafa nokkur fyrirtæki sem stunda fólksflutninga sent ökumenn sína á námskeið. Forráðamenn fyrirtækjanna og ökumennirnir sjálfir telja að námskeiðin hafi skilað miklum árangri, m.a. í auknu umferðaröryggi. Er litið svo á að árangurinn sé afleiðing af vistakstursþugsun ökumanns.

Félagið hefur áfram reynt að vinna því brautargengi að aksturskennslusvæði verði gert og tekið í notkun, sambærilegt og hin Norðurlöndin hafa haft sem lið í ökunámi um langt árabil.

Fylgiskjal I.


Samanburður á fjölda látinna í umferðinni miðað við 100.000 íbúa í nokkrum viðmiðunarlöndum 1970–2002.



Heimild: IRTAD-International Road Traffic and Accident Database (Alþjóðlegur grunnur með upplýsingum um umferð og slys á vegum). Gagnagrunnurinn er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Fylgiskjal II.

Samanburður á fjölda látinna í umferðinni miðað við 1 billjón ekna kílómetra í nokkrum viðmiðunarlöndum síðan 1970.



Traffic deaths per 1 billion vehicle kilometres in individual representations since 1970

Heimild: IRTAD-International Road Traffic and Accident Database (Alþjóðlegur grunnur með upplýsingum um umferð og slys á vegum). Gagnagrunnurinn er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Viðauki.

Umferðaröryggisáætlun 2002–2012.
Hvað hefur náð fram að ganga af tillögum starfshóps sem vann að áætluninni?

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Skipan umferðaröryggisstarfsins							
Breytt viðhorf og aukin vitund til umferðaröryggismála, þ.m.t. hjá stjórnmálamönnum	✓					●	
Stjórnsýsla umferðaröryggis-starfs gerð skýrari	✓			✓	●		
Umferðaröryggisnefnd sem í sitji m.a. þingmenn	✓			✓	●	●	
Framkvæmdaáætlun sem fjár-veitingar fylgi	✓						●
Framkvæmdanefnd fylgi málum eftir	✓				●		
Umferðarráð verði eflt, m.a. með umferðaröryggisgjaldi af bifreiðatryggingum	✓			✓			●
Rannsóknarnefnd umferðarslysa verði efld	✓					●	
Ábyrgð veghaldara verði aukin		✓		✓			●
Stofnaður verði eftirlits- og þróunarsjóður lögreglu		✓		✓			●
Viðurlög – hækkun sekta, önnur úrræði – refsipunktar	✓			✓			●
Lögregluumdæmum verði fækkað		✓		✓		●	
Strandsiglingar auknar – álag á vegi minnkað			✓				●
Öruggari hraði							
Aukin vitund meðal ökumanna – gjörbreytt viðhorf til samferða-manna		✓				●	
Átak í árróðri, hraðakstur er glæpur	✓				●	●	
Auka hraðamerkingar á þjóð-vegum		✓				●	
Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegi		✓					●
Minni ökuhraði mikið breyttra bifreiða		✓		✓			●

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Merki um hámarkshraða á bifreiðum sem ekki má aka á almennum hámarkshraða		✓		✓			●
Hraðamerkingar inn og út úr þéttbýli samræmdar um allt land		✓					●
Hámarkshraði í þéttbýli samræmdur um allt land		✓					●
Gera tilraunir með minni leyfilegan hámarkshraða að vetri til		✓					●
Fjölga 30 km svæðum í þéttbýlisstöðum		✓				●	
Auka almennt eftirlit með ökumönnum og leggja meiri áherslu á þjóðvegaeftirlit að sumarlagi	✓						●
Stórauka notkun á hraðamyndavélum		✓				●	
Setja upp umferðargreina		✓			●	●	
Vegagerðin, ríkislögreglustjóri og umferðarráð geri árangurssamning og hefji aðgerðir að ástralskri fyrirmynd	✓				●	●	
Minnka frávik frá leyfðum hámarkshraða	✓						●
Radarvarar verði bannaðir í bifreiðum	✓			✓			●
Bílbelti – öryggisbúnaður							
Aukin vitund fólks um mikilvægi öryggisbúnaðar		✓				●	
Sérátak í fræðslu um öryggisbúnað	✓				●	●	
Auka notkun endurskinsmerkja og fatahönnuðir hvattir til að hafa endurskin á utanyfirflíkum	✓						●
Hækka sektir þegar öryggisbúnaður er ekki notaður	✓			✓			●
Öryggisbelti í allar hópbifreiðir og settar umgengnisreglur fyrir farþega í hópbifreiðum		✓		✓		●	●
Allir sem hjóla noti hjálm	✓			✓			●
Allir á bifhjólum noti hjálm og klæðist hlífðarfatnaði			✓	✓		●	●
Auka umfjöllun um öryggisbúnað fyrir börn og efla fræðslu þar um í skólum		✓				●	

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Ökumönnum boðið upp á hjólbarðahreinsun	✓						●
Allir noti grófmynstraða hjól-barða að vetrarlagi	✓			✓			●
Skoðun ökutækja sé vönduð og eftirlit með skoðunarstöðvun markvisst	✓				●	●	
Sem flestum verði gert kleift að kaupa fjórhjóladrifinn bíl		✓		✓			●
Aðflutningsgjöld af öryggis-búnaði verði lækkuð		✓		✓	●	●	
Eftirlit með notkun öryggis-búnaðar verði aukið	✓						●
Fækka undanþágum frá skyldu-notkun bílbelta, m.a. þegar stutt leið er ekin og meðal leigu-bifreiðastjóra	✓			✓			●
Öruggari ökumenn							
Auka vitund um mikilvægi vandaðs ökunáms		✓				●	
Auka undirbúning leiðbeinenda í æfingaakstri – efla almenna endurmenntun ökumanna		✓					●
Fella niður heimild til æfinga-aksturs með leiðbeinanda á dráttarvél og létt bifhjól	✓			✓			●
Bæta þjálfun í varnarakstri og áhættuskynjun í námi til al-mennra ökuréttinda			✓				●
Koma upp æfingasvæðum með hálkubrautum o.fl.			✓			●	
Koma á stigskiptum öku-réttindum og akstursmati til almennra ökuréttinda		✓		✓	●		
Taka upp sérhæfða sálfræðilega greiningu á ökuhæfni fyrir áhættuhópa.		✓					●
Efla læknisskoðun og endur-skoða læknisvottorð þeirra sem öðlast aukin ökuréttindi	✓						●
Bjóða meðferð og námskeið sem valkost fyrir endurtekin um-ferðarlagabrot		✓		✓			●

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Efla endurmenntun og mat á ökuhæfni eldri borgara til að viðhalda öryggi þeirra	✓						●
Endurskipuleggja nám til annarra réttindaflokka sem taki mið af námi til almennra ökuréttinda	✓					●	
Athuga möguleika á aukinni þátttöku framhaldsskóla í bóklegri kennslu til almennra ökuréttinda			✓				●
Efla kennslu og þjálfun ökunema sem teljast til nýbúa	✓						●
Setja námskrár og bjóða réttindanám og próf fyrir millistærðir ökutækja (undirflokkana C1 og D1)		✓				●	
Stuðla að símenntun hins almenna ökumanns	✓						●
Endurskoða lágmarksaldur til aksturs stærri ökutækja – endurskilgreina starfshæfnisvottorð	✓			✓		●	
Breyta hæfnisprófi þannig að það nái aðeins til verklegra þátta	✓			✓			●
Bæta prófaðferðir í almennu ökuprófi	✓					●	
Tölvuvæða skrifleg próf		✓					●
Koma upp tryggu eftirlitskerfi með framkvæmd ökuprófa	✓				●		
Áfengi, lyf og þreyta							
Auka vitund meðal ökumanna um áhrif áfengis, lyfja og þreytu		✓				●	
Taka upp 0,2‰ kröfu til ökumanna 21 árs og eldri		✓		✓			●
Taka upp 0‰ kröfu til ökumanna undir 21 árs aldri		✓		✓			●
Taka upp áfengismeðferð sem viðurlög eða valkost í baráttunni gegn ölvunarakstri		✓		✓			●
Innleiða notkun áfengislása „alkóhóllása“ með öðrum úrræðum gegn ölvunarakstri			✓	✓			●
Setja leiðbeinandi reglur fyrir lækna um hvenær magn og tegund lyfs gerir akstur óheimilan	✓						●

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Koma á og lögleiða öruggar aðferðir til að greina neyslu ávana- og fíkniefna hjá ökumönnum	✓			✓		●	
Efla kynningu á áhrifum svefnsjúkdóma og syfju á ökumenn og hvernig tryggja megi öryggi í akstri	✓						●
Koma á notkun „syfjugreinitækja“ fyrir þá ökumenn sem haldnir eru svefnsjúkdómum		✓					●
Setja víðtækari reglur um aksturs- og hvíldartíma sem nái til allra atvinnubílstjóra		✓				●	
Koma fyrir greiðulínum/kantörðum við vegi þar sem hætta er á svefni við akstur		✓					●
Efla læknisrannsóknir verðandi ökumanna m.t.t. þeirrar ábyrgðar sem réttindaflokkar segja til um		✓					●
Endurskoða læknisvottorð vegna veitingar ökuleyfis og setja reglur um varðveislu þeirra	✓						●
Halda uppi stöðugum áróðri gegn ölvunarakstri sem og akstri undir áhrifum annarra efna	✓				●	●	
Öruggari vegir							
Auka vitund hönnuða o.fl. um mikilvægi umferðaröryggis á öllum sviðum		✓				●	
Auka vitund ökumanna um að aka þarf með aðgát hvernig sem vegurinn er	✓					●	●
Auka ábyrgð veghaldara		✓		✓			●
Gera áætlun um lagfæringar á umhverfi vega			✓			●	
Gera sérstakt átak í að verja vegi gegn búfénaði		✓		✓		●	
Gera áætlun um reið-, göngu- og hjólreiðastíga	✓						●
Auka aðskilnað bílaumferðar og umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda			✓				●
Endurskoða reglur um merkingar vega og gatna	✓					●	
Stækka umferðarmerki		✓				●	

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Herða reglur um merkingar á vinnusvæðum	✓					●	
Auka sýnileika vegmerkinga, svo sem með tíðari merkingum		✓					●
Gera hönnunarstaðal fyrir vegi í þéttbýli og dreifbýli		✓					●
Gera þjónustustaðla sem gilda bæði í þéttbýli og dreifbýli	✓					●	
Setja reglugerð um lágmarks-kröfur til hönnunar vega og gatna		✓		✓			●
Auka hraðaminnkandi aðgerðir, svo sem hringtorg		✓				●	
Einn aðili samræmi og ákveði leyfðan hraða á þjóðvegum	✓			✓			●
Veghaldarar setji upp kassa fyrir hraðamyndavélar	✓						●
Gera framkvæmdaáætlun um eyðingu svartbletta	✓					●	
Farið verði yfir hönnun allra umferðarmannvirkja með tilliti til umferðaröryggis	✓						●
Skoða áhrif lagabreytinga um samfléttun umferðar, T-reglu og fjórhliða stöðvunarskyldu		✓		✓			●
Stuðla að auknu bili milli bifreiða með reglum um lágmarksbil með tilliti til hraða	✓			✓			●
Bæta aðstöðu lögreglu við eftirlit á vegum og fjölga öruggum áningarstöðum		✓				●	●
Auknar forvarnir – löggæsla, fullnusta og upplýsingar							
Auka vitund vegfarenda um mikilvægi þess að fara eftir umferðarreglum		✓				●	
Umferðarlöggæsla gerð markvissari	✓					●	●
Lögregla setji sér raunhæf mælanleg markmið	✓					●	●
Tækniframfarir í löggæslu nýttar í auknum mæli	✓					●	
Efla umferðarráð og almenna umferðarfræðslu	✓					●	●
Samningar gerðir um samstarf lögreglu, Vegagerðarinnar og umferðarráðs	✓				●		

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Hluti sekta fari til lögreglu	✓			✓			●
Afsláttur lögreglusekta verði 30% ef greitt er á vettvangi og 15% ef greitt er innan 30 daga	✓			✓			●
Virkja aðila til víðtæks samstarfs	✓					●	
Efla umferðaröryggisnefndir og störf umferðaröryggisfulltrúa	✓					●	●
Efla og endurskoða markmið Útvarps umferðarráðs	✓					●	
Efla fræðslustarf tryggingafélaga	✓					●	
Einfalda málsmeðferð við fullnustu viðurlaga við umferðarlagabrotum	✓			✓			●
Fylgst verði markvisst með árangri aðgerða		✓				●	
Skerpa verkreglur vegna ölvaðra ökumanna	✓			✓		●	●
Setja vinnureglur um merkingar á bifreiðum sem skildar hafa verið eftir á slysstað	✓					●	
Bifreiðaskoðunarmenn komi á vettvang alvarlegra slysa	✓					●	
Reglur um ökurita, hraðatakmarka og hvíldartíma ökumanna endurmetnar	✓			✓		●	
Umferðarfræðsla verði skyldunámskeið í skólum og í kennaranámi		✓		✓			●
Úttekt gerð á heildarskipulagi á viðbúnaði (trauma system) á Íslandi	✓				●	●	
Aðrar tillögur starfshópsins							
Leita leiða til þess að auka ábyrgðartilfinningu tryggingartaka, m.a. með breytingum á bónuskerfi		✓					●
Almenningssamgöngur verði efldar		✓				●	
Skipa starfshóp til þess að skoða málefni breyttra bifreiða m.t.t. umferðaröryggis	✓			✓			●
Setja reglur um árekstravarnir á hliðum stórra bifreiða	✓			✓			●
Bann við framúrakstri verði gert ákveðnara		✓		✓			●

	Tímaáætlun aðgerða				Staða í ársbyrjun 2004		
	Framkvæmd strax	Framkvæmd næstu 2–3 ár	Framkvæmd langtíma-áætlun	Breyting á lögum/reglu-gerðum	Fram-kvæmt	Í vinnslu	Ólokið
Vinnuvélar í almennri umferð verði skráðar og ábyrgðartryggðar		✓		✓			●
Hertar verði reglur og eftirlit með frágangi farms	✓			✓	●	●	
Flutninga- og sendibifreiðir megi ekki aka með vörulyftu í láréttri stöðu	✓			✓	●		
Allir eftirvagnar verði skráningarskyldir	✓			✓			●
Aukið aðhald með að dökkar filmur séu ekki í bílrúðum	✓			✓	●	●	
Hljóðmerki neyðarþjónustubifreiða megi ekki nota í öðrum tilgangi	✓			✓			●

Skýringar:

Í umferðaröryggisáætlun 2002–2012 er viðfangsefnum, sem lagt er til að verði unnið að á tímabilinu, skipt upp í kafla, sbr. áhersluatriði áætlunarinnar. Þegar skoðað er í ársbyrjun 2004 hvað áunnist hefur, hvað er í vinnslu og hverju er ólokið, geta mál verið á mismunandi stigi. Þeim getur verið lokið, hluta af þeim lokið en mál áfram í vinnslu, þau geta verið á vinnslustigi en ekki lokið og ýmsar tillögur hafa ekkert verið í vinnslu, m.a. vegna breyttra aðstæðna.

Staðan eftir fyrstu tvö árin er þessi:

	Atriði	%
Framkvæmt	17	11,3
Í vinnslu	57	38,0
Ólokið	76	50,7
	150	**100**

1524. Frumvarp til laga [973. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla,** með tíu nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist greinatala í VII.–XI. kafla, sem verða VIII.–XII. kafli, samkvæmt því:

a. (57. gr.)

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við

bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

b. (58. gr.)

Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla gilda um félög skv. 1. mgr. 1. gr. laga þessara.

c. (59. gr.)

Orðskýringar.

Í kafla þessum merkir:

1. *Verðbréf:* Verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.
2. *Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

d. (60. gr.)

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar.

Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er átt við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Ráðherra birtir í reglugerð þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið af framkvæmdastjórn ESB skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

e. (61. gr.)

Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings.

Félag sem hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns.

Félagi sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er skylt að beita þeim bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings.

f. (62. gr.)

Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings.

Félag sem hefur hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings síns, hvort sem félagið gerir samstæðureikning eða ekki.

Félagi sem gerir ekki samstæðureikning og hefur eingöngu önnur verðbréf en hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings síns.

g. (63. gr.)

Heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Félagi er heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna. Heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt þessari grein er óháð því hvort félagið gerir samstæðureikning eða hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Félag sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 1. mgr. skal beita þeim bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings.

h. (64. gr.)

Nánar um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Félag sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skal fylgja þeim að fullu. Þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og ákvæði annarra kafla laga þessara mæla fyrir um sama atriði ganga alþjóðlegir reikningsskilastaðlar framar þegar félag beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, gilda ákvæði annarra kafla laga þessara.

i. (65. gr.)

Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Ársreikningaskrá hefur eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

j. (66. gr.)

Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, m.a. um eftirlit með beitingu þeirra.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félagi sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og hefur eingöngu skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Skylda félags skv. VII. kafla til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings tekur gildi fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar.

3. gr.

Við lögin bætist fylgiskjal, svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1606/2002

frá 19. júlí 2002

um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

---

[1] Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 285.
[2] Stjtíð. EB C 260, 17.9.2001, bls. 86.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráðið áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu verði komið á og ákvað að veita frest til 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfi reikningsskila félaga sem eru skráð í kauphöllum.

2) Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins skal þess krafist að félög, sem eru skráð í kauphöllum, beiti einu safni afar vandaðra alþjóðlegra reikningsskilastaðla þegar þau semja samstæðureikningsskil sín. Enn fremur er mikilvægt að reikningsskilastaðlar sem félög í bandalaginu, sem eru aðilar að fjármálamörkuðum, fara eftir séu alþjóðlega viðurkenndir og eigi við alls staðar í heiminum. Þetta felur í sér aukna samræmingu reikningsskilastaðla, sem eru nú í notkun á alþjóðavettvangi, og lokatakmarkið er að setja fram eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

3) Tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([4]), tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([5]), tilskipun ráðsins 86/635/ EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([6]) og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga ([7]) beinast einnig að félögum innan bandalagsins sem eru skráð í kauphöllum. Kröfur um upplýsingar í reikningsskilum, sem settar eru fram í þessum tilskipunum, geta ekki tryggt mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna frá öllum félögum í bandalaginu, sem skráð eru í kauphöllum, en það er nauðsynlegt skilyrði fyrir uppbyggingu óskipts fjármagnsmarkaðar sem er árangursríkur, hnökralaus og skilvirkur. Því er nauðsynlegt að bæta við lagarammann um félög sem skráð eru í kauphöllum.

4) Markmiðið með þessari reglugerð er að stuðla að því að fjármagnsmarkaðurinn sé skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Annar mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðarins á þessu sviði er að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með þessari reglugerð er stuðlað að frjálsum flutningi fjármagns á innri markaðnum og því að félög í bandalaginu standi jafnt að vígi í samkeppni að því er varðar fjármagn á fjármagnsmörkuðum í bandalaginu og einnig á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

5) Til þess að fjármagnsmarkaðir í bandalaginu séu samkeppnishæfir er mikilvægt að samræma staðlana, sem notaðir eru í Evrópu til að semja reikningsskil, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem nota má um heim allan í viðskiptum yfir landamæri eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamarkaði.

6) Framkvæmdastjórnin birti, 13. júní 2000, orðsendingu sína um „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: leiðin fram á við" en í henni er lagt til að öll félög í bandalaginu, sem eru skráð í kauphöllum, gangi frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e.a.s. alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS-staðlana), í síðasta lagi 2005.

7) IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASC) en tilgangur hennar er að þróa eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í framhaldi af endurskipulagningu Alþjóðareikningsskilanefndarinnar var ein af fyrstu ákvörðunum nýja ráðsins 1. apríl 2001 að breyta nafni þess í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og að því er varðar ókomna alþjóðlega reikningsskilastaðla að auðkenna þá sem IFRS-staðla í stað IAS-staðla. Notkun þessara staðla skal, alls staðar þar sem því verður við komið og að því gefnu að þeir tryggi mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna í bandalaginu, vera skyldubundin hjá öllum félögum í bandalaginu sem skráð eru í kauphöllum.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2002.

([4]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

([5]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

([6]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

([7]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

8) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([8]) og taka skal tilhlýðilegt tillit til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar á Evrópuþinginu 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu.

9) Við samþykki á notkun á alþjóðlegum reikningsskilastaðli í bandalaginu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að hann uppfylli grunnskilyrði í framangreindum tilskipunum ráðsins, þ.e.a.s. að notkun hans gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstri fyrirtækja, og skal þá skoða þessa meginreglu í ljósi téðra tilskipana ráðsins án þess þó að gera ráð fyrir að farið sé að fullu og öllu að öllum ákvæðum þeirra. Í öðru lagi að hann þjóni hagsmunum almennings í Evrópu í samræmi við niðurstöður ráðsins 17. júlí 2000 og að síðustu að hann uppfylli grundvallarskilyrði um gæði upplýsinga sem nauðsynleg eru til þess að reikningsskil komi notendum að gagni.

10) Tækninefnd um reikningsskil skal veita framkvæmdastjórninni stuðning og sérfræðiálit þegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru metnir.

11) Það ferli sem leiðir til samþykktar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum skal gera kleift að bregðast skjótt við nýjum stöðlum, sem fyrirhugaðir eru, og einnig að helstu aðilar, sem hlut eiga að máli, fái rætt, hugleitt og skipst á upplýsingum um alþjóðlega reikningsskilastaðla, einkum innlendar stofnanir sem ákveða reikningsskilastaðla, eftirlitsyfirvöld á sviði verðbréfa, banka og trygginga, seðlabankar, m.a. Seðlabanki Evrópu, fagfólk á sviði endurskoðunar og reikningsskila og þeir sem nota og semja reikninga. Með ferlinu er stuðlað að því að skilningur, að því er varðar samþykkta alþjóðlega reikningsskilastaðla, sé á einn og sama veg í bandalaginu.

12) Í samræmi við meðalhófsregluna eru ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þar sem sett eru fram skilyrði um að eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla sé notað fyrir félög skráð í kauphöllum, nauðsynlegar til þess að ná því markmiði að skapa skilvirka og kostnaðarhagkvæma fjármagnsmarkaði í bandalaginu og stuðla þannig að tilkomu innri markaðarins.

13) Í samræmi við sömu meginreglu er nauðsynlegt, að því er varðar ársreikninga, að aðildarríkin hafi það val að heimila eða krefjast þess af félögum skráðum í kauphöllum að þau semji reikningana í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða og einnig að rýmka þessa heimild eða leyfi og láta hana/ það ná til annarra félaga að því er varðar samningu samstæðureikninga og/eða ársreikninga.

14) Í því skyni að auðvelda skoðanaskipti og gera aðildarríkjunum kleift að samræma stöðu sína skal framkvæmdastjórnin tilkynna stýrinefndinni um reikningsskil reglulega um verkefni sem unnið er að, umræðuskjöl, sérstakar skýrslur og drög að stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út og um tæknivinnu sem fylgir í kjölfarið og er í höndum tækninefndar um reikningsskil. Einnig er brýnt að stýrinefndinni um reikningsskil sé snemma tilkynnt um það ef framkvæmdastjórnin hyggst ekki leggja til að alþjóðlegur reikningsskilastaðall verði samþykktur.

15) Í umfjöllun sinni um, og í nánari skýringum á, afstöðu sem taka skal varðandi hvers kyns skjöl sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út í tengslum við þróun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS og SIC-IFRIC) skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að mikilvægt er að forðast samkeppni sem er evrópskum félögum, sem starfa á heimsmarkaðnum, í óhag og, að svo miklu leyti sem unnt er, til sjónarmiða fulltrúa í stýrinefndinni um reikningsskil. Framkvæmdastjórnin mun eiga fulltrúa í þeim nefndum sem heyra undir Alþjóðareikningsskilaráðið.

16) Forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum er að koma á viðeigandi og ströngu kerfi til að framfylgja gildandi reglum. Aðildarríkjum er skylt, skv. 10. gr. sáttmálans, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórnin hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja þessum stöðlum.

([8]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

17) Auk þess er nauðsynlegt að gefa aðildarríkjunum færi á að slá beitingu tiltekinna ákvæða á frest til 2007 í tilviki félaga, sem eru skráð í kauphöllum bæði í bandalaginu og á skipulegum mörkuðum í þriðju löndum, sem þegar nota annað safn alþjóðlega viðurkenndra staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína og einnig fyrir þau félög sem hafa einungis aflað fjár á almennum skuldabréfamarkaði. Engu að síður hefur það úrslitaþýðingu að í síðasta lagi 2007 muni eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS-staðla, gilda um öll félög í bandalaginu sem eru skráð á skipulegum markaði í bandalaginu.

18) Í því skyni að gera aðildarríkjunum og félögum kleift að koma í framkvæmd nauðsynlegum aðlögunum vegna notkunar alþjóðlegra reikningsstaðla er nauðsynlegt að beita vissum ákvæðum aðeins á árinu 2005. Setja skal viðeigandi ákvæði um það þegar félög beita IAS-stöðlunum í fyrsta sinn eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Slík ákvæði skulu samin á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja alþjóðlega viðurkenningu á þeim lausnum sem teknar eru upp.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að taka upp og beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í bandalaginu í því augnamiði að samræma fjárhagsupplýsingar, sem félög sem getið er í 4. gr. setja fram, til að tryggja mikið gagnsæi og samanburðarhæfi reikningsskila og þar með skilvirka starfsemi fjármagnsmarkaðar bandalagsins og innri markaðarins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „alþjóðlegir reikningsskilastaðlar" IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

3. gr.

Samþykki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og notkun þeirra

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða notkun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna í bandalaginu.

2. Einungis er unnt að samþykkja alþjóðlegu reikningsskilastaðlana ef þeir:

— ganga ekki þvert á meginregluna, sem sett er fram í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 83/349/EBE, og þeir þjóna hagsmunum almennings í Evrópu,

— uppfylla skilyrðin um skiljanleika, mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfi sem nauðsynlegt er að sé til staðar í þeim fjárhagsupplýsingum sem þarf til að taka ákvarðanir varðandi efnahag og til að meta hvernig stjórnendum félags tekst til með stjórnun.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, eigi síðar en 31. desember 2002, í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., að hve miklu leyti unnt er að nota þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla í bandalaginu sem til staðar eru við gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skulu birtir í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.

4. gr.

Samstæðureikningar félaga sem eru skráð í kauphöllum

Fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar skulu félög, sem lúta lögum aðildarríkis, semja samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr., ef heimilt er, á uppgjörsdegi þeirra, að eiga viðskipti með verðbréf þeirra á skipulögðum markaði í einhverju aðildarríki, í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([9]).

5. gr.

Val í tengslum við ársreikninga og félög sem ekki eru skráð í kauphöllum

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess:

a) að félögin, sem um getur í 4. gr., semji ársreikninga sína,

b) að önnur félög en þau sem um getur í 4. gr. semji samstæðureikninga sína og/eða ársreikninga sína,

í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem

([9]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

6. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stýrinefndar um reikningsskil sem nefnist hér á eftir „nefndin".

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

Skýrslur og samræming

1. Framkvæmdastjórnin skal, með reglulegu millibili, hafa samráð við nefndina um stöðu verkefna Alþjóðareikningsskilaráðsins sem unnið er að og öll skjöl tengd þeim, sem gefin eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu um reikningsskil, í því skyni að samræma afstöðuna til og auðvelda umræður varðandi samþykkt staðla sem gætu átt sér stað í kjölfar þessara verkefna og skjala.

2. Framkvæmdastjórnin skal skila skýrslu til nefndarinnar tímanlega ef hún hyggst ekki leggja til að staðallinn verði samþykktur.

8. gr.

Tilkynning

Þegar aðildarríki gera ráðstafanir skv. 5. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

9. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að skilyrði 4. gr. gildi einungis um þau fjárhagsár sem hefjast í janúar 2007 eða síðar gagnvart félögum:

a) ef skuldabréf þeirra eru eingöngu á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE, eða
b) ef verðbréf þeirra eru boðin almenningi í löndum utan bandalagsins og þau hafa, í þeim tilgangi, notað alþjóðlega viðurkennda staðla allt frá fjárhagsári sem hófst áður en þessi reglugerð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

10. gr.

Upplýsingar og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvernig beitingu þessarar reglugerðar miðar og skila skýrslu um það til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir 1. júlí 2007.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	T. PEDERSEN
forseti.	*forseti.*

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og skulu gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með ályktun sinni 23. febrúar 2004 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Forsaga.

Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráð Evrópusambandsins áherslu á að brýnt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu yrði komið á og

ákvað að veita frest til ársins 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar ESB í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfni reikningsskila félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamörkuðum innan aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórn ESB birti 13. júní 2000 skýrslu sína „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: Leiðin fram á við“ (e. The EU's Financial Reporting Strategy: The Way Forward). Í henni er lagt til að öllum félögum innan ESB, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríkjum ESB, verði skylt að gera samstæðureikningsskil sín í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e. alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla, e. International Accounting Standards), í síðasta lagi árið 2005.

IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASC – International Accounting Standards Committee). Nafni nefndarinnar hefur nú verið breytt í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB – International Accounting Standards Board) og ókomnir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar verða auðkenndir sem IFRS-staðlar (e. International Financial Reporting Standards) í stað IAS.

Evrópuþingið og ráðið samþykktu 19. júlí 2002 reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins er þess krafist samkvæmt reglugerðinni að félög sem eru með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkjanna beiti einu heildstæðu safni alþjóðlegra reikningsskilastaðla við gerð samstæðureikningsskila sinna. Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 1606/2002 er að auka samanburðarhæfni reikningsskila innan ESB og þar með gegnsæi á innri markaðnum. Með reglugerðinni er stefnt að því að fjármagnsmarkaðurinn verði skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðar á sviði fjármálaþjónustu er að vernda hagsmuni fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með reglugerðinni er jafnframt stuðlað að frjálsum fjármagnsflutningum á innri markaðnum og bættri samkeppnishæfni félaga innan aðildarríkja ESB varðandi fjármagn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Til þess að fjármagnsmarkaðir innan ESB séu samkeppnishæfir við alþjóðlega fjármagnsmarkaði er mikilvægt að samræma þá reikningsskilastaðla sem notaðir eru innan ESB alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem nota má um heim allan í alþjóðlegum viðskiptum eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum.

Almennt um efni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í samræmi við reglugerðina eru í frumvarpi þessu jafnframt sett fram nánari ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og verður sérstakur kafli í lögum um ársreikninga. Við innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi öðlast texti hennar lagagildi í heild sinni. Af bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) leiðir að reglugerð (EB) nr. 1606/2002 hefur víðtækara gildissvið en samkvæmt beinu orðalagi hennar. Reglugerðin tekur samkvæmt orðalagi sínu til aðildarríkja ESB, en eftir að hún var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hinn 14. mars 2003 tekur hún til allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í þessu sambandi átt við þá reikningsskilastaðla sem IASC hefur þróað og gefið út og þá

reikningsskilastaðla sem síðar verða gefnir út af IASB og framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt með formlegum hætti og birt samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Að auki inniheldur reglugerð (EB) nr. 1606/2002 ákvæði sem hverju aðildarríki er heimilt að útfæra með ákveðnum hætti í löggjöf sinni. Skv. a-lið 5. gr. reglugerðarinnar er hverju aðildarríki heimilt að leyfa eða krefjast þess að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum nái einnig til ársreikningsgerðar félaganna, en grunnskyldan samkvæmt reglugerðinni nær aðeins til samstæðureikninga. Jafnframt er aðildarríkjum heimilt skv. b-lið 5. gr. reglugerðarinnar að leyfa eða krefjast þess að önnur félög, þ.e. félög sem ekki eru með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, beiti stöðlunum við gerð samstæðureikninga og/eða ársreikninga. Í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er síðan heimild fyrir aðildarríkin til að fresta gildistöku skyldu skv. 4. gr. reglugerðarinnar, um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga, gagnvart tilteknum félögum, fram til reikningsárs sem hefst í janúar 2007 eða síðar. Annars vegar er þar um að ræða félög sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES og hins vegar félög sem eru með verðbréf skráð á verðbréfamörkuðum utan EES, og þau hafa í þeim tilgangi notað aðra alþjóðlega viðurkennda staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína allt frá reikningsári sem hófst fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Heimildarákvæði 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að þeim félögum sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Heimildarákvæði a-liðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að félögum sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga sinna, hvort sem félögin gera samstæðureikninga eða ekki, en skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga hefst þó ekki fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Félögum sem eingöngu hafa önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna, nema í þeim tilfellum sem viðkomandi félög eru móðurfélög og gera þar af leiðandi samstæðureikninga. Meginröksemdin að baki því að heimila félögum að bíða til 2009 með að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna er sú að tillit er tekið til þeirra félaga sem ekki gera samstæðureikninga. Fyrir slík félög kann skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum strax fyrir hvert reikningsár, sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar, að vera íþyngjandi og hafa í för með sér aukinn kostnað. Með tilliti til þess að skammur tími er fram að reikningsári 2005 og að um er að ræða lítinn hluta þeirra viðskipta sem eiga sér stað á verðbréfamarkaði hérlendis þykir rétt að veita félögum þessum aukið svigrúm til að aðlaga sig breyttu umhverfi reikningsskila, sem beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur í för með sér.

Með því að gera kröfu um að félög með skráð hlutabréf, sem eingöngu gera eigin ársreikning, beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín er þeim félögum gert að standa jafnfætis félögum sem gera samstæðureikninga, að því er varðar möguleika fjárfesta til að meta fjárhagslega afkomu félagsins og gæti slíkt átt þátt í að gera viðkomandi félag að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti. Lögð er áhersla á það sjónarmið fjárfesta að þeir megi treysta því að félög, sem lúta íslenskum lögum og hafa hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, geri reikningsskil sín eftir sömu reglum. Óæski-

legt teljist að fjárfestirinn þurfi að afla sérstakra upplýsinga um uppgjörsaðferðir eða hvort viðkomandi félag geri samstæðureikning eða ekki. Með því að gera kröfu um að sömu reikningsskilaaðferðum skuli beitt við gerð ársreiknings og samstæðureiknings er tryggt ákveðið samræmi í fjárhagslegum upplýsingum og aðstaða fjárfesta er bætt.

Ljóst er að ákvæði frumvarps þessa um skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ganga lengra en ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Í því sambandi er rétt að fram komi að tvö ólík sjónarmið voru aðallega uppi hvað þetta varðar. Annars vegar var það sjónarmið að hagsmunir fjárfesta væru í fyrirrúmi, að þeir ættu kröfu á að öll reikningsskil skráðra félaga væru gerð samkvæmt sömu reglum. Hins vegar kom það sjónarmið fram að ekki væri ástæða til að gera ríkari kröfur í lögum en reglugerð (EB) nr. 1606/2002 sjálf gerði. Slíkt gæti leitt til kostnaðarauka fyrir þau félög sem um ræðir, auk þess sem skipulegur verðbréfamarkaður gæti sett sínar eigin reglur varðandi þá aðila sem fá verðbréf sín skráð. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið um samræmi í reikningsskilum skráðra félaga og um vernd hagsmuna fjárfesta þótti vega þyngra. Varðandi skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna er þó ein mikilvæg undantekning; félögum sem ekki gera samstæðureikning og hafa eingöngu önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður ekki gert skylt að beita stöðlunum við gerð ársreikninga sinna. Megináherslan er lögð á þau félög sem hafa skráð hlutabréf, enda viðskipti með hlutabréf almennust hér á landi. Ekki þykir rétt að gera sömu kröfur til félaga sem eingöngu hafa aðrar tegundir verðbréfa skráð hvað varðar skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga.

Þeim félögum sem ekki hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín, hvorki við gerð samstæðureiknings né ársreiknings, heldur verður þeim heimilt að beita stöðlunum samkvæmt eigin ákvörðun.

Samkvæmt frumvarpi þessu mun félögum verða skylt og/eða heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við reikningsskil sín með eftirfarandi hætti:

	Notkun IAS/IFRS við gerð samstæðureikninga	*Notkun IAS/IFRS við gerð ársreikninga*
Félög með skráð hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.
Félög sem eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.	SKYLDA frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar, ef félagið gerir samstæðureikning. HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.
Félög sem ekki hafa verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES.	HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Stöðlunum skal þá beitt bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar.	HEIMILD frá reikningsári sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Stöðlunum skal þá beitt bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar.

Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er upphaf skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga miðað við „reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.“ Í þessu felst að reglan tekur gildi 1. janúar 2005 og tekur til félaga sem gera reikningsskil vegna uppgjörstíma sem hefst eftir það tímamark. Þannig væri skráðu félagi, sem hefði reikningsárið 1. janúar til 31. desember, skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings síns fyrir reikningsárið 1. janúar 2005 til 31. desember 2005. Á sama hátt væri skráðu félagi, sem hefði reikningsárið 1. ágúst til 31. júlí, skylt að beita stöðlunum við gerð samstæðureiknings síns fyrir reikningsárið 1. ágúst 2005 til 31. júlí 2006. Lagt er til í frumvarpi þessu að sama orðalag verði notað við tímasetningar í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins varðandi útfærslu á heimildarákvæðum 5. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Ber því að leggja sama skilning í ákvæði frumvarps þessa, sem miða við reikningsár sem hefjast „1. janúar 2007 eða síðar“ og „1. janúar 2009 eða síðar“ og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Orðalag þetta er að finna í enskum frumtexta alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna og verður einnig að finna í íslenskri þýðingu á þeim. Danir, sem nýverið samþykktu lög er útfæra heimildarákvæði 5. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, nota einnig sama orðalag. Um er að ræða sérfræðilega orðnotkun sem hefur unnið sér sess á sviði alþjóðlegra reikningsskila.

Skylda skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga hvílir á félögum sem lúta lögum aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins og hafa verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES. Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar ESB er hugtakið *félag* (e. company) í 4. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 ekki eingöngu bundið við hlutafélög, heldur tekur hugtakið einnig til sameignarfélaga og annarra félagsforma sem stunda atvinnurekstur í hagnaðarskyni. Í 2. mgr. 48. gr. Rómarsáttmálans (2. mgr. 34. gr. EES-samningsins) segir: „Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.“ Þessi skilgreining endurspeglast í gildissviði eftirtalinna tilskipana Evrópusambandsins, sem sækja lagastoð sína í g-lið 2. mgr. 44. gr. Rómarsáttmálans, er vísar til skilgreiningar 2. mgr. 48. gr. sáttmálans:

- fjórða tilskipun ráðsins nr. 78/660/EB um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda),
- sjöunda tilskipun nr. 83/349/EB, um samstæðureikningsskil,
- tilskipun nr. 86/635/EB um reikningsskil banka og annarra fjármálastofnana og
- tilskipun nr. 91/674/EB, um reikningsskil vátryggingafélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (57. gr.).

Með ákvæði þessu, sem verður 57. gr. laganna, er reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, veitt lagagildi hér á landi.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð með upptöku í EES-samninginn, skulu þau félög, sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES, beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar nær aðeins til samstæðureikningsskila félaga

með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES. Það er ekki skilyrði skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 að félag hafi verðbréf sín skráð á skipulegum verð bréfamarkaði í aðildarríki, hvers lögum félagið lýtur, heldur er nægjanlegt að félagið hafi verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í einhverju aðildarríkja EES. Um skyldu félaga til að semja samstæðureikninga fer samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga. Heimild er í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að fresta gildistöku þessa ákvæðis gagnvart tilteknum félögum og verður gerð nánari grein fyrir útfærslu á þeirri heimild í athugasemdum við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Um b-lið (58. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 58. gr. laganna, er kveðið á um gildissvið þess kafla sem samkvæmt frumvarpi þessu verður nýr VII. kafli í lögum um ársreikninga. Í frumvarpi þessu er kveðið nánar á um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, m.a. um útfærslu á heimildarákvæðum 5. og 9. gr reglugerðarinnar og taka ákvæði frumvarpsins aðeins til þeirra félaga sem falla undir gildissvið 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga.

Um c-lið (59. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 59. gr. laganna, er að finna orðskýringar.

Í 1. tölul. segir að með *verðbréfum* sé átt við verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti. Lög nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, byggjast á skilgreiningu tilskipunar 93/22/EB, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, á hugtakinu verðbréf (e. securities). Í a-lið 2. tölul. 2. gr. laga nr. 33/2003 er hugtakið verðbréf skilgreint þannig að um sé að ræða hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf. Samkvæmt lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, falla hins vegar afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé utan verðbréfahugtaksins. Sé skylda eða undanþága frá skyldu samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa bundin við ákveðnar tegundir verðbréfa er slíkt tekið sérstaklega fram, t.d. í 1. mgr. f-liðar, sem verður 62. gr., varðandi hlutabréf og í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis varðandi skuldabréf.

Í 2. tölul. segir að með *skipulegum verðbréfamarkaði* sé átt við markað með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er með skipulegum markaði (e. regulated market) átt við skipulegan verðbréfamarkað í skilningi 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EB, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Er þar um að ræða kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði samkvæmt skilgreiningu 2. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem byggjast á tilskipun 93/22/EB.

Um d-lið (60. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 60. gr. laganna, er gerð grein fyrir þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) sem ber að leggja til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og hvernig staðlarnir öðlist gildi.

Í 1. mgr. er skilgreint hvaða alþjóðlegu reikningsskilastaðla ber að leggja til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002. Skv. 2. gr. reglugerðarinnar er með *alþjóðlegum reikningsskilastöðlum* átt við IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB). Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eru það eingöngu þeir al-

þjóðlegu reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt, í samræmi við þá málsmeðferð sem fram kemur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem lagðir verða til grundvallar. Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eru talin upp þau skilyrði sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) þurfa að uppfylla til að hljóta samþykki framkvæmdastjórnar ESB og hvernig samþykktir staðlar öðlast gildi. Almennt má vænta þess að langflestir þeir staðlar sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út eða þær breytingar sem gerðar verða á eldri stöðlum muni uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Að mati Evrópusambandsins er þó nauðsynlegt að viðhafa þessa formlegu málsmeðferð áður en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) verða lagðir til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, m.a. til að hafa yfirsýn yfir regluverkið og til að fyrirbyggja að staðlar, sem uppfylla ekki þau skilyrði sem talin eru upp í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, taki gildi innan ESB (EES eftir upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn). Ákvæði 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 stuðla að því að aðildarríki EES beiti öll samsvarandi stöðlum og gera mögulegt það samræmi í reikningsskilum sem stefnt er að með reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

Í 2. mgr. segir að ráðherra birti í reglugerð þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla sem samþykktir hafi verið af framkvæmdastjórn ESB skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er kveðið á um að samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skuli birtir í heild sinni í Stjórnartíðindum EB (e. Official Journal) sem reglugerð framkvæmdastjórnar ESB á öllum opinberum tungumálum aðildarríkja ESB. Þar sem kveðið er á um að ráðherra setji reglur um þá staðla sem lagðir verða til grundvallar er átt við að ráðherra veiti viðkomandi gerð Evrópusambandsins gildi hér á landi með setningu reglugerðar. Með reglugerð (EB) nr. 1725/2003 frá 29. september 2003 voru gefnir út og birtir í Stjórnartíðindum EB þeir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og lagðir verða til grundvallar 1. janúar 2005. Reglugerð (EB) nr. 1725/2003 mun því verða innleidd hér á landi með setningu reglugerðar.

Breytingar á samþykktum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nýir staðlar (IFRS) sem Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) gefur út verða ekki lagðir til grundvallar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 fyrr en að undangengnu formlegu samþykki ESB og með birtingu reglugerðar í Stjórnartíðindum EB, þar sem breyttir eða nýir staðlar eru birtir í heild sinni.

Um e-lið (61. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 61. gr. laganna, er kveðið á um skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna.

Í 1. mgr. er tekið fram að félögum með skráð verðbréf beri að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna. Rétt þykir að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga komi einnig skýrt fram í greininni, þó að hér sé um endurtekningu að ræða á ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber þeim félögum, sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 tekur til allra félaga sem hafa verðbréf sín skráð og gera samstæðureikning og er óundanþæg, sbr. þó ákvæði 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem heimilar aðildarríkjum að fresta skyldu tiltekinna félaga til

reikningsárs sem hefst í janúar 2007 eða síðar, og gerð verður grein fyrir að aftan í athugasemdum við 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tekið fram að félögum sem sé skylt skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga beri einnig að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna. Gildir þetta bæði um félög með skráð hlutabréf og skráð skuldabréf. Eins og fram kemur í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins tekur skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga ekki gildi fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar á grundvelli g-liðar, sem verður 63. gr. laganna. Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum einnig við gerð ársreikninga er umfram það sem leiðir beint af reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sem tekur samkvæmt efni sínu aðeins til samstæðureikninga. Skv. a-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríkjum þó heimilt að krefjast þess að skráð félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga sinna. Að baki 2. mgr. búa sjónarmið um að samræmi skuli vera í heildarreikningsskilum þeirra félaga sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna.

Um f-lið (62. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 62. gr. laganna, er gerð grein fyrir því hvaða félögum verði gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga sinna.

Samkvæmt a-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríkjum heimilt að leyfa eða krefjast þess að skráð félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna.

Í 1. mgr. er kveðið á um að félag sem hefur hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES skuli beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreiknings síns, hvort sem félagið gerir samstæðureikning eða ekki. Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings skv. 1. mgr. tekur til þeirra félaga sem hafa hlutabréf sín skráð. Félögum sem gera samstæðureikninga og hafa eingöngu önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður þó einnig gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna á grundvelli 2. mgr. e-liðar, sem verður 2. mgr. 61. gr. laganna. Af 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins leiðir að skylda skráðra hlutafélaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð ársreikninga tekur gildi fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar, á grundvelli g-liðar, sem verður 63. gr. laganna.

Í 2. mgr. er tekið fram að félögum sem ekki gera samstæðureikninga og hafa eingöngu skráð önnur verðbréf en hlutabréf sé ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta verða ekki gerðar sömu kröfu til þessara félaga og þeirra félaga sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um g-lið (63. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 63. gr. laganna, er kveðið á um heimild félaga til beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna.

Samkvæmt a- og b-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 er aðildarríki heimilt að kveða á um í löggjöf sinni að félögum skuli heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð reikningsskila sinna.

Í 1. mgr. er tekið fram að félögum sé heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð reikningsskila sinna. Heimild þessi er veitt þeim félögum sem falla undir gildissvið 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga og er óháð því hvort félögin geri samstæðureikning eða hvort félögin hafi verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES. Félögum sem ekki eru með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður ekki gert skylt samkvæmt frumvarpi þessu að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð reikningsskila sinna, hvorki við gerð samstæðureikninga né ársreikninga. Hér eiga síður við sjónarmið um vernd fjárfesta og þörf innri markaðarins fyrir samræmdar upplýsingar um fjárhagslega afkomu þeirra félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Skv. 1. mgr. verður félögum sem ekki eru á markaði þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) samkvæmt eigin ákvörðun. Þess má vænta að það verði fyrst og fremst félög yfir ákveðinni stærð sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum sem kjósi að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en þó gætu önnur sjónarmið einnig haft þar áhrif. Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi kann að gera slíka kröfu til ákveðinna félaga og beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla kann í þeim tilvikum að auka samkeppnishæfni félaganna á alþjóðavísu. Jafnframt má gera ráð fyrir því að félög sem ekki eru á markaði en hyggjast sækja um skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði kjósi í einhverjum tilvikum að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum áður en félögin fá verðbréf sín skráð. Að sama skapi gæti skipulegur verðbréfamarkaður sett sínar eigin reglur um skilyrði fyrir skráningu verðbréfa, t.d. að félag hafi beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir eldra reikningsár.

Í 2. mgr. er kveðið á um að félag sem kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 1. mgr. skuli beita þeim bæði við gerð samstæðureiknings og ársreiknings. 2. mgr. tekur samkvæmt efni sínu til móðurfélaga sem gera samstæðureikninga. Að baki 2. mgr. búa sjónarmið um að samræmi skuli vera í heildarreikningsskilum félaga. Af 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins leiðir að skylda þeirra félaga sem kjósa að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum til að beita stöðlunum einnig við gerð ársreikninga tekur ekki gildi fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Félögum verður þó heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Um h-lið (64. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 64. gr. laganna, er gerð nánari grein fyrir beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IAS/IFRS) og um skil gagnvart ákvæðum annarra kafla laga um ársreikninga.

Í 1. mgr. er tekið fram að þeim félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS), hvort sem er á grundvelli skyldu eða heimildar, beri að fylgja stöðlunum í einu og öllu. Krafa þessi leiðir beint af ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Félög geta því ekki valið að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að hluta og ákvæðum laga um ársreikninga að því er varðar önnur atriði og þannig hugsanlega fengið út hagrædda mynd af fjárhagslegri afkomu sinni. Gerð er skýr krafa um að félög haldi sig innan einnar og sömu reikningsskilaaðferðar. Þeim félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ber því að fylgja öllum þeim reglum sem fram koma í stöðlunum. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS), sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt, og ákvæði laga um ársreikninga mæla fyrir um sama atriði, þá gangi alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir framar þegar félög beita þeim.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði annarra kafla laga um ársreikninga gildi við gerð reikningsskila samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) að því leyti sem ekki

er kveðið á um tiltekið atriði í stöðlunum. Núgildandi lög um ársreikninga taka til ýmissa atriða sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) gera ekki og hafa að geyma ýmsar grunnreglur. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) hafa t.d. ekki að geyma reglur varðandi skýrslu stjórnar, um endurskoðun reikninga og um birtingu og skil reikningsskila. Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum eru ákvæði annarra kafla laga um ársreikninga stöðlunum til fyllingar. Félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín ber því áfram að fylgja þeim ákvæðum annarra kafla laga um ársreikninga sem ekki er tekið efnislega á í stöðlunum.

Um i-lið (65. gr.).

Í ákvæði þessu, sem verður 65. gr. laganna, er kveðið á um að ársreikningaskrá hafi eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Skv. 1. mgr. 78. gr. núgildandi laga nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. og 9. gr. reglugerðar nr. 319/2003, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, skal ársreikningaskrá gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Samkvæmt frumvarpi þessu mun vægi eftirlitshlutverks ársreikningaskrár verða aukið frá því sem verið hefur. Með þessu er lögð áhersla á að heildareftirlit með ársreikningum og samstæðureikningum sé í höndum eins aðila, sem hafi eftirlitshlutverk gagnvart öllum félögum hér á landi sem falla undir gildissvið 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, hvort sem um er að ræða félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða almennum ákvæðum laga um ársreikninga og einnig hvort sem félögin eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki. Þessi skipan kallar á breytingar á núverandi skipulagi ársreikningaskrár, þar sem tryggja þarf sjálfstæði eftirlitsaðilans, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Gert er ráð fyrir að endurmat fari fram á framkvæmd eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningum félaga. Skipta má eftirlitsþættinum í flokka eftir áherslum. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að þeim félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, en þar þarf að gera ráð fyrir mun ítarlegri eftirlitsframkvæmd en gagnvart óskráðum félögum. Leggja þarf áherslu á að endanlegt fyrirkomulag eftirlitsþáttarins sé hagkvæmt í alla staði.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með reikningsskilum fjármálafyrirtækja, en það er einn grunnþátta í starfsemi þess. Huga þarf að verkaskiptingu ársreikningaskrár og Fjármálaeftirlitsins í tilfelli fjármálafyrirtækja, til að forðast skörun. Enn fremur þarf að hafa í huga að Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands hafa mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með gegnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði og hagsmunum fjárfesta. Reikningsskil skráðra félaga tengjast því mjög hlutverki Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands.

Í 16. lið inngangsorða reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 segir að forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum sé að koma á viðeigandi og ströngu eftirlitskerfi til að framfylgja gildandi reglum. Skv. 3. gr. EES-samningsins (10. gr. Rómarsáttmálans) er aðildarríkjum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Framkvæmdastjórn ESB hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, CESR (e. Committee of European Securities Regulators), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS). CESR er sjálfstæð nefnd, sem stofnuð var á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB hinn 6. júní 2001. Hlutverk CESR er að stuðla að samvinnu og samræmingu meðal eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, veita framkvæmdastjórn ESB sérfræðiaðstoð á sviði fjármálamarkaða og stuðla að skilvirkri upptöku löggjafar ESB á því sviði í aðildarríkjunum. CESR gefur út grunnreglur um innleiðingu og

framkvæmd reikningsskilastaðlanna og er Fjármálaeftirlitið, sem er aðili að CESR, skuldbundið til að koma slíkum grunnreglum til framkvæmda hérlendis.

Í reglugerð (EB) nr. 1606/2002 er talað um þörf fyrir sérstakt eftirlitskerfi, að því er varðar reikningsskil skráðra félaga. CESR gaf út í mars 2003 *Staðal nr. 1 um fjárhagslegar upplýsingar – Eftirlit með stöðlum um fjárhagslegar upplýsingar í Evrópu (e. Standard No. 1 on Financial Information – Enforcement of Standards on Financial Information in Europe).* Jafnframt birti CESR í október 2003 drög að staðli nr. 2 (e. *Draft Standard No. 2 on Financial Information – Coordination of Enforcement Activities),* en sá staðall hefur ekki enn verið gefinn út í sinni endanlegu mynd. Hvernig þessu eftirliti verður í framkvæmd háttað, á eftir að útfæra á samræmdan hátt meðal aðildarríkjanna. Það mun þannig verða nánar skilgreint, áður en félögum verður skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, að hvaða marki verði nauðsynlegt að setja sérstakar reglur til að uppfylla kröfur hinna samræmdu staðla CESR um eftirlit með reikningsskilum. Að sama skapi verði þá metið hvernig eftirlitið verði fjármagnað.

Forsenda þess að virkt eftirlit sé fyrir hendi samkvæmt skilgreiningu CESR er m.a. að eftirlitsaðilinn sé sjálfstæður. Lögð er sérstök áhersla á tiltrú markaðarins og almennings á eftirlitsaðilanum. Samkvæmt þessu er ljóst að gera þarf breytingar á skipulagi ársreikningaskrár, svo þessu markmiði CESR verði náð, og er það forsenda fyrir þeirri skipan sem fram kemur í frumvarpi þessu. Endanlegar tillögur um þær breytingar sem þarf að gera í þessu sambandi liggja ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir að settar verði reglur varðandi ákvarðanir félaga um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, umfram það sem leiðir af skyldu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og frumvarpi þessu, þannig að þær ákvarðanir verði bundnar ákveðnum tímamörkum. Samkvæmt því verði félög að halda sig við ákveðna reikningsskilaaðferð í tilskilinn lágmarkstíma og verði þeim því ekki heimilt að skipta um reikningsskilaaðferð frá einu ári til annars. Er slíkt í samræmi við það meginsjónarmið sem liggur að baki reglugerð (EB) nr. 1606/2002 og frumvarpi þessu, að sem mest samræmi ríki við gerð reikningsskila innan EES.

Áhersla er lögð á að hér á landi sé einn aðili, ársreikningaskrá, sem hafi með höndum umsjón með skráningu og eftirliti með skráðum og óskráðum félögum. Slíkt fyrirkomulag er talið einfaldara og hagkvæmara en ef sérstakur eftirlitsaðili fylgdist með reikningsskilum þeirra félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í frumvarpinu er hins vegar ekki kveðið nánar á um framkvæmd eftirlitsins og hvort dagleg framkvæmd eftirlitsins í heild eða að hluta kunni að verða falin öðrum aðilum á ábyrgð ársreikningaskrár. Líklegt má teljast að eftirlit með reikningsskilum kalli á einhverja fjölgun starfsmanna. Þar sem nánari útfærsla á framkvæmd eftirlitsins og ákvörðun um hversu ítarlegt það skuli vera liggur ekki fyrir er á þessu stigi ekki hægt að segja endanlega til um þetta.

Á þessu stigi er ekki gerð tillaga um viðurlagaheimildir í tengslum við eftirlitið né hvernig eftirlitið verði fjármagnað. CESR hefur lagt ríka áherslu á að eftirlit með reikningsskilum skráðra félaga og með viðskiptum á verðbréfamarkaði almennt verði framkvæmt með samræmdum hætti meðal aðildarríkjanna. Hér á landi verður því unnið að tillögum um framkvæmd eftirlits með hliðsjón af þeirri sameiginlegu stefnu sem mörkuð verður innan EES á næstu missirum og þeim reglum sem settar verða hjá EES-ríkjunum.

Um j-lið (66. gr.).

Með ákvæði þessu, sem verður 66. gr. laganna, er ráðherra veitt lagaheimild til að setja nánari reglur um framkvæmd beitingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á framkvæmd ákvæða frumvarps þessa verði ákveðin með reglugerð. Atriði

sem þarf að útfæra nánar með reglugerð eru t.d. nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessu, sem verður nýtt bráðabirgðaákvæði laganna, er kveðið á um gildistöku skyldu annarra skráðra félaga en þeirra sem falla beint undir 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Í 1. mgr. er lögfest sú heimild sem aðildarríkin hafa skv. a-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 til að ákveða að félögum, sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, verði ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Heimild þessi á eingöngu við um skuldabréf. Meginhersla er lögð á að samstæðureikningar þeirra félaga sem hafa hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði séu gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, enda eru markaðsviðskipti almennust með hlutabréf. Sjálfsagt er talið að nýta þetta heimildarákvæði reglugerðarinnar, enda ekki talin þörf á að gera jafnríkar kröfur til þeirra félaga sem eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði. Er þetta í samræmi við sjónarmið annarra Norðurlandaþjóða um reglur á þessu sviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um að félögum verði ekki skylt skv. VII. kafla að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið þykir rétt að gefa félögunum svigrúm til að aðlaga sig breyttum reikningsskilaaðferðum og er þá fyrst og fremst tekið tillit til þeirra félaga sem ekki gera samstæðureikninga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni taka lög þessi gildi 1. janúar 2005 og gilda um reikningsskil fyrir hvert það reikningsár sem hefst frá og með þeim tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er leidd í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS/IFRS-staðla. Að auki eru í frumvarpinu sett fram nánari ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og er meðal annars gert ráð fyrir að ársreikningaskrá annist eftirlit með reikningsskilum þeirra félaga sem beita stöðlunum við gerð reikningsskila sinna.

Á vettvangi ESB hefur stefna um samræmda framkvæmd eftirlits með beitingu staðlanna verið í mótun en er ekki lokið. Meðal atriða sem á eftir að útfæra af ESB er hversu ítarlegt eftirlitið eigi að vera og hver skuli bera kostnað af eftirlitinu. Líklegt má teljast að aukið

eftirlitshlutverk ársreikningaskrár kalli á einhverja fjölgun starfsmanna. Þar sem nánari útfærsla á framkvæmd eftirlitsins liggur ekki fyrir er á þessu stigi þó ekki hægt að fullyrða um hversu mikil sú fjölgun þarf að vera. Hugsanlegur kostnaðarauki ætti að rúmast innan núverandi fjárheimilda fjármálaráðuneytisins.

1525. Frumvarp til laga [974. mál]

um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.
b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.
c. Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum a- og b-liðar sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.
d. Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í a- og b-lið. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði a- eða b-liðar. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 60 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum.
e. Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum a- og b-liðar ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samkeppnisstofnun skal láta útvarpsréttarnefnd í té álit skv. c-lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem lögin taka til skulu hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna að þeim tíma liðnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi. Frumvarpið er reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútímalýðræðisþjóðfélagi. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Í frumvarpinu er byggt á því að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni.

Frumvarpið er í samræmi við tillögur nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 19. desember 2003 til að kanna hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Í 6. kafla skýrslu nefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, er sett fram sú skoðun að rétt sé að gera vissar breytingar á lögum til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlamarkaði á fjölbreytni í fjölmiðlum.

Í skýrslunni kemur fram það viðhorf að æskilegt sé að löggjafinn bregðist við aðstæðum á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Er sú skoðun m.a. byggð á því að á íslenska ríkinu hvíli þjóðréttarleg skylda til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Eru færð rök fyrir því í skýrslunni að íslenskur fjölmiðlamarkaður hafi, þegar litið sé til eignarhalds og eignatengsla sérstaklega, ýmis þau einkenni sem talin eru óheppileg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem byggt er á í skýrslunni. Um þetta segir nánar í skýrslunni:

> Af mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstól Evrópu, leiðir að tryggja ber fjölbreytni í fjölmiðlun. Á þeim grundvelli hefur ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkt tilmæli R (99) 1 [...], þar sem settar eru fram hugmyndir að mismunandi leiðum að þessu markmiði. Á íslenska ríkinu hvílir því sú þjóðréttarskylda að leita leiða til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.
>
> Nefndin tekur þó fram að af 10. gr. mannréttindasáttmálans og framangreindum tilmælum verða í sjálfu sér ekki leiddar sértækar kröfur um það hvaða leiðir ríki skuli fara til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Sé stuðst við þá mælikvarða sem koma fram í þessum skuldbindingum og tilmælum og þá sem notast hefur verið við í öðrum löndum virðist eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl vera með þeim hætti að ástæða sé til að draga megi í efa að fjölbreytni í fjölmiðlum, í þeim skilningi sem það hugtak er notað í greinargerðinni, sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið.
>
> Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði, að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni. Einkum á þetta við samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu víðtækar skyldur um

fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla.

Í framangreindum tilmælum Evrópuráðsins er sérstaklega bent á að hafa megi umtalsverð áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins með úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Í kafla 6.4.3. í skýrslu nefndarinnar er tekið undir þetta og bent á að ná megi þeim markmiðum, sem að framan er lýst, með því að setja í útvarpslög heimildir til að binda leyfi til útvarpsreksturs skilyrðum um eignarhald á þeim fyrirtækjum, sem slík leyfi geta fengið og haldið þeim, um tengsl þeirra við fyrirtæki í öðrum rekstri óskyldum útvarpsrekstri og við fyrirtæki í öðrum fjölmiðlarekstri, einkum dagblaðaútgáfu. Þar eð útvarpsrekstur er þegar bundinn leyfum, sem veitt eru tímabundið og háð ýmsum skilyrðum, er í frumvarpinu lagt til að þessi leið verði farin að því er útvarp varðar, bæði hljóðvarp og sjónvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hugtakið *fyrirtæki* er hér notað í sömu merkingu og í samkeppnislögum þar sem það tekur til einstaklinga, félaga, opinberra aðila og annarra, sem stunda atvinnurekstur, sbr. 4. gr. laga nr. 8/1993. Þá er hugtakið *fyrirtækjasamstæða* sömuleiðis notað í sömu merkingu og í 4. gr. samkeppnislaga og í 2. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 þegar um félög er að ræða sem falla undir gildissvið þeirra laga.

Samkvæmt a-lið er lagt til að útvarpsréttarnefnd verði óheimilt að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er lagt til að nefndinni verði óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Við mat á því hvort fyrirtæki telst vera markaðsráðandi vísast til almennra sjónarmiða í samkeppnisrétti, sbr. einkum samkeppnislög nr. 8/1993, með síðari breytingum. Þá er lagt til að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Með þessu móti er þess gætt að takmarkanir á eignarhaldi setji ekki þessum fyrirtækjum ótilhlýðilegar skorður og raski ekki rekstrargrundvelli þeirra meira en eðlilegt getur talist í þágu markmiðsins um fjölbreytni í fjölmiðlun. Loks er lagt til að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis, enda er það tvímælalaust í þágu sama markmiðs.

Í b-lið er tekið fram að ákvæði a-liðar eigi einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geti til yfirráða. Með þessu er vísað til þess að á milli fyrirtækja geti verið margvísleg tengsl sem þó séu ekki með þeim hætti að þau teljist mynda fyrirtækjasamstæðu eins og það hugtak er skilgreint í samkeppnislögum og lögum um hlutafélög. Eru þá m.a. höfð í huga atriði á borð við þau sem vísað er til í 28. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Í c- og d-lið er kveðið á um upplýsingaskyldu umsækjanda um útvarpsleyfi og útvarpsleyfishafa gagnvart útvarpsréttarnefnd. Þar eru útvarpsréttarnefnd fengnar víðtækar heimildir til þess að krefjast hvers kyns upplýsinga sem hún telur að máli skipti við mat á því hvort skilyrðum skv. a- og b-lið sé fullnægt. Þá er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd leiti eftir faglegu áliti Samkeppnisstofnunar á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sem lög þessi taka til sé í markaðsráðandi stöðu.

Auk þess er nefndinni heimilað í d-lið að afturkalla leyfi ef þær breytingar verða á eignarhaldi leyfishafa eða öðrum skilyrðum skv. a- og b-lið að í bága fari við ákvæði þar að lútandi. Það liggur í hlutarins eðli að sömu sjónarmið eiga við hvort heldur umsækjandi hefur áður haft útvarpsleyfi eða ekki.

Í e-lið er veitt heimild til að víkja frá skilyrðum a- og b-liðar þegar um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps, enda þykir ekki ástæða til að setja þessi skilyrði við þær aðstæður.

Samkvæmt 35. gr. útvarpslaga er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, sbr. nú reglugerð um útvarpsstarfsemi, nr. 53/2003. Er við það miðað að ráðherra geti í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða viðbót við samkeppnislög sem leiðir af álitsumleitan útvarpsréttarnefndar skv. c-lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í skýrslu þeirri sem birt er sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu er gerð ítarleg grein fyrir stöðunni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Ljóst er að fyrirvaralaus gildistaka laga þessara getur haft nokkra röskun í för með sér fyrir þá aðila sem þar starfa og ekki uppfylla kröfur laganna. Af þeim sökum og með vísan til meðalhófs þykir rétt að ætla þeim nokkurn tíma til að laga sig að breyttum starfsskilyrðum og þykja tvö ár hæfilegur tími í því skyni.

Fylgiskjal I.

Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi.

1. Inngangur

Með bréfi dagsettu 19. desember 2003 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að skoða reglur um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Samkvæmt skipunarbréfinu er verkefni nefndarinnar að skila greinargerð til menntamálaráðherra um það hvort tilefni sé til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndinni er einnig falið að semja frumvarp að slíkri löggjöf, verði það niðurstaða ráðherra að hennar sé þörf.

Í nefndinni eiga sæti Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, sem jafnframt er formaður, Guðmundur Heiðar Frímannsson, deildarstjóri kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins. Ragnar Karlsson, fjölmiðlafræðingur á Hagstofu Íslands, hefur enn fremur aðstoðað nefndina, einkum við öflun og úrvinnslu tölfræðilegra gagna. Þá hefur nefndin notið aðstoðar menntamálaráðuneytisins við gagnaöflun.

Grunnforsendan að baki verkefni nefndarinnar er hið almenna viðhorf um mikilvægi fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi, þar sem skoðana- og tjáningarfrelsi ríkir. Fjölmiðlar gegna

lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi, eins og nánar er rakið hér á eftir. Fjölmiðlar eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Af þessu mikilvæga hlutverki fjölmiðla sprettur sú krafa í lýðræðisþjóðfélagi að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og öflugum fjölmiðlum.

Við störf sín hefur nefndin því byggt á þeirri grundvallarforsendu að íslensk löggjöf eigi að vera til þess fallin að vernda þessa hagsmuni. Nefndin telur að um þetta markmið geti tæpast verið ágreiningur þótt ólík viðhorf kunni að vera uppi um það hvaða leiðir séu best til þess fallnar að markmiðinu verði náð.

Samkvæmt orðalagi skipunarbréfsins er umboð nefndarinnar takmarkað við það að meta hvort tilefni sé til að setja reglur um *eignarhald á fjölmiðlum*. Setning beinna reglna um eignarhald í þröngum skilningi er þó aðeins ein þeirra leiða sem farnar hafa verið í öðrum löndum, til að vernda þá hagsmuni sem að framan eru raktir. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að hægt er að fara ýmsar aðrar leiðir til að ná sömu eða svipuðum markmiðum. Nefndin hefur því tekið þá afstöðu að eðlilegt sé að fjalla einnig um aðrar leiðir sem til greina koma en lagasetningu um eignarhaldið sem slíkt, enda kunni slíkar leiðir að einhverju eða öllu leyti að vera til þess fallnar að standa vörð um fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði.

Greinargerðin er þannig upp byggð að fyrst er í 2. kafla farið almennum orðum um hlutverk fjölmiðla. Enn fremur er gerð grein fyrir því fjölmiðlahugtaki sem lagt er til grundvallar greinargerðinni. Er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé í þessari greinargerð að afmarka það við dagblöð og útvarp (hljóðvarp og sjónvarp).[1] Er það nánar rökstutt hér á eftir. Þá er í kaflanum gerð grein fyrir mismunandi viðmiðunum eða mælikvörðum sem til greina kemur að beita þegar svonefnd markaðshlutdeild fjölmiðils eða fjölmiðlafyrirtækis er mæld.

Í 3. kafla er lýst stöðunni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Tekur sá hluti greinargerðarinnar einkum til útbreiðslu einstakra fjölmiðla og stöðu þeirra á markaði. Þá er þar enn fremur vikið að eignarhaldi fjölmiðla, sbr. og einnig viðaukar.

Þá er í 4. kafla gerð grein fyrir lagaumhverfi fjölmiðla á Íslandi. Þar er fyrst gerð grein fyrir ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar sem verndar tjáningarfrelsi og raktar þær skuldbindingar sem í því ákvæði verða taldar felast og varða efni þessarar greinargerðar. Þá er gerð grein fyrir efni annarrar íslenskrar löggjafar sem varðar efni greinargerðarinnar.

Í 5. kafla er gerð grein fyrir alþjóðlegri og erlendri löggjöf um fjölmiðlamarkaðinn. Skiptist sá kafli í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar er þar gerð grein fyrir alþjóðlegum skuldbindingum sem varða efni greinargerðarinnar og hins vegar er fjallað um löggjöf í einstökum löndum.

Í lokakaflanum, 6. kafla, eru síðan settar fram hugmyndir og tillögur nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar voru sett fram þau tilmæli ráðherra að nefndin lyki störfum fyrir 1. mars 2004. Þótt orðalagið fæli aðeins í sér tilmæli að þessu leyti, sem ekki reyndist unnt að verða við, hefur nefndin engu að síður túlkað tilmælin svo að hraða bæri starfi nefndarinnar sem kostur væri.

Þegar vinna við greinargerðina hófst kom í ljós að viðfangsefni hennar er umfangsmikið og þær leiðir sem til greina koma varða mörg og ólík réttarsvið. Þá er viðfangsefnið um sum atriði flókið og krefst að nokkru sérþekkingar á einstökum sviðum lögfræði og viðskipta, auk þekkingar á ýmsum tæknilegum hliðum fjölmiðlunar, sem sækja verður úr ólíkum áttum. Er

---

[1] Þegar notað er orðið útvarp er átt við bæði sjónvarp og hljóðvarp. Þetta er í samræmi við hugtakanotkun í útvarpslögum, nr. 53/2000, sbr. 1. gr. laganna.

óhjákvæmilegt að greinargerðin beri þess nokkur merki að nefndinni hefur verið markaður fremur þröngur tímarammi. Nefndarmenn telja þó að í henni sé haldið til haga flestum þeim þáttum sem nauðsynlegt er að komi til skoðunar þegar pólitískar ákvarðanir eru teknar um framhaldið. Nefndin bendir jafnframt á að við frekari lagalega og tæknilega útfærsla einstakra hugmynda og tillagna, sem settar eru fram í lokakafla greinargerðarinnar, gæti þurft að skoða einstök atriði frekar en hér er gert og ekki er hægt að útiloka að við þá vinnu komi upp álitamál sem nefndin hefur ekki séð fyrir og ekki tekið sérstakt tillit til.

2. Um fjölmiðla og hlutverk þeirra

2.1. Hlutverk fjölmiðla

Ísland er lýðræðisþjóðfélag og fjölmiðlar á Íslandi starfa í lýðræðisumhverfi. Lýðræði nútímans einkennist af tvennu umfram annað: meirihlutareglu og réttindum þegnanna. Lýðræðisríki nútímans styðjast flest við frjálsan markað en á honum leitast ríkisvaldið að setja almennar leikreglur en vera ekki beinn þátttakandi í atvinnustarfsemi.

Hlutverk einstaklinga í lýðræðisskipaninni er mikilvægt og sameiginlegur vilji þeirra á að móta þær ákvarðanir sem teknar eru. Í fulltrúalýðræði eins og því íslenska birtist vilji kjósenda ekki beint í opinberum ákvörðunum heldur óbeint í ákvörðunum þeirra fulltrúa sem almenningur kýs á Alþingi. En ábyrgð almennings er fyrst og fremst fólgin í því að vega þá og meta sem bjóða sig fram í kosningum og velta fyrir sér þeim ákvörðunum sem teknar eru, átta sig á forsendum þeirra og afleiðingum. Sumir kjósa að reyna að hafa áhrif á þessar ákvarðanir með greinaskrifum í blöð eða reyna að hafa áhrif á þingmenn eða það andrúmsloft sem ríkir í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í nútímalýðræðisríki. Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þá skemmta þeir, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar. Þeir eru farvegur fyrir skoðanir yfirvalda, hagsmunahópa og almennings. Þeir veita yfirvöldum á hverjum tíma aðhald; stjórnvöldum jafnt sem öðrum valdastofnunum samfélagsins. Að auki móta fjölmiðlar á margvíslegan hátt menningu þess hóps þar sem þeir starfa. Fjölmiðlar eru mikilvæg uppspretta upplýsinga fyrir almenning í nútímanum. Það stuðlar að lýðræðislegri umræðu og gagnsæjum stjórnarháttum að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum upplýsingum í gegnum fjölmiðla. Þetta má vissuleg orða svo að fjölmiðlar eru spegill samfélagsins á hverjum tíma, en um leið eru þeir mótunarafl með því einu að veita sumum málum athygli en ekki öðrum og með því að halda fram skoðunum um tiltekin mál.

Aðhaldshlutverk fjölmiðla snýr ekki aðeins að stjórnvöldum og kjörnum fulltrúum heldur einnig að hagsmunasamtökum og félögum, þar á meðal fyrirtækjum í atvinnulífinu. Það er lýðræðisleg skylda fjölmiðla að birta þær upplýsingar um störf þessara aðila sem þeir vita sannar og réttar óháð því hvort þær koma sér vel eða illa fyrir þá sem um er fjallað. Það er í þágu almannahagsmuna að fjölmiðlar séu sem óháðastir í störfum sínum þannig að ekki leiki grunur á að ákvörðun um birtingu upplýsinga og umfjöllun um einstök mál ráðist af tengslum fjölmiðlanna við valda- eða hagsmunaöfl í samfélaginu.

Það liggur ákveðinn skilningur á hugtakinu fjölmiðill í því sem sagt hefur verið hér á undan. Fjölmiðill er stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði.[2] Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur

---

[2] Sjá um þetta efni Pál Sigurðsson. *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna.* Reykjavík, 1997. Bls. 17–21.

gert það á pappír sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á netinu.

Í þessari greinargerð er fyrst og fremst miðað við dæmigerða fjölmiðla, dagblöð, útvarp og sjónvarp. Ástæður til þess eru tvær. Sú fyrri er að þetta eru mikilvægustu fjölmiðlarnir sem hafa mest áhrif. Sú síðari er að í þeim gögnum sem nefndin skoðaði er ævinlega miðað við fjölmiðla í þessum dæmigerða skilningi. Þótt greinargerð þessi sé þannig takmörkuð við þessa miðla er auðvitað ljóst að aðrir miðlar eru mikilvægur hluti af heildarmyndinni og hafa áhrif á mat á því hvort og að hvaða marki rétt er og eðlilegt að setja reglur sem takmarka eignarhald á þeim þremur tegundum fjölmiðla sem greinargerðin fjallar um. Að þessu er nánar vikið í 6. kafla.

2.2. Mælikvarðar á hlutdeild á markaði

Til að meta áhrif eignarhalds fjölmiðla og mikilvægi þess verður að nota einhverja viðmiðun um stöðu fjölmiðils á markaði.

Það er eðlilegt að líta fyrst til fjárhagslegra mælikvarða. Sá augljósasti er *velta fyrirtækis*. Hlutdeild væri þá metin sem hlutfall af áætlaðri heildarveltu fjölmiðlamarkaðarins á Íslandi. Þær spurningar sem koma upp við að meta stöðu fyrirtækis á fjölmiðlamarkaði út frá veltu eru þær sömu og þegar unnið er samkvæmt samkeppnislögum. Um það er fjallað síðar í greinargerðinni.

Annar mælikvarði fjárhagslegrar ættar er *hlutdeild á auglýsingamarkaði*. Magn auglýsinga í fjölmiðli má hafa til marks um stöðu á markaði og tekjur af auglýsingum eru mikilvægari tekjustofn íslenskra fjölmiðla nú en áskriftargjöld. Árið 2001 voru 60% tekna íslenskra dagblaða af auglýsingum.[3] Vandinn við að nota auglýsingar sem mælikvarða er sá að magn þeirra þarf ekki að segja rétta sögu af áhrifum fjölmiðils á viðhorf og skoðanir fólks. Auglýsingar eru taldar geta haft mótandi áhrif á smekk fólks og viðhorf og þeim er beitt í stjórnmálabaráttu. En venjan er sú að líta svo á að samfellt mál sé mikilvægara fyrir skoðanamyndun fólks þar sem fram koma röksemdir og niðurstöður. Auglýsingar virðast því ótryggur mælikvarði á áhrif fjölmiðils.

Annar mælikvarði á útvarps- og sjónvarpsstöðvar gæti verið að telja leyfi sem útvarpsstöð hefur til að senda út hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrá. En þessi mælikvarði er gallaður. Fjölmiðlafyrirtæki með eina útvarpsstöð gæti hæglega verið mun öflugra en fyrirtæki með fjórar eða fimm. Ef fleiri hlusta á þessa einu en allar hinar þá hefur hún einfaldlega meiri áhrif.

Sá mælikvarði sem virðist komast næst því að mæla áhrif fjölmiðla er mælingar á hlustun og áhorfi þegar um útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) er að ræða en mælingar á lestri þegar um dagblöð er að ræða. Í þeim gögnum sem nefndin hefur aflað sér er víða mælt með því að nota þennan mælikvarða[4] og telur nefndin að hann sé til þess fallin að gefa nákvæma mynd af áhrifum fjölmiðla hér á landi.

---

[3] Hagstofa Íslands. 2003. *Fjölmiðlun og menning*. Reykjavík, Hagstofa Íslands. Bls. 114, tafla 7.19.

[4] Sjá skýrsluna *Media Diversity in Europe*. Sjá grein 94 og 32. Þessi skýrsla var unnin á af ráðgjafanefnd um fjölbreytni í fjölmiðlun og samþykkt af stjórnarnefnd Evrópuráðsins um fjölmiðla. Hún er frá desember 2002.

2.3. Hvaða efni fjölmiðils skiptir mestu máli?

Það er eðlilegt að spurt sé hvort tiltekið efni í fjölmiðlum er mikilvægara en annað þegar verið er að fjalla um eignarhald fjölmiðla. Skiptir það máli hvers konar efni fjölmiðill dreifir þegar eignarhald er skoðað?

Í þessari greinargerð er skoðað hlutverk fjölmiðla í íslensku lýðræðisþjóðfélagi og hvort eignarhald skipti máli fyrir þetta hlutverk. Efni íslenskra fjölmiðla er fjölbreytilegt. Það má flokka í fréttir, samfélagsumræðu, menningarefni, afþreyingarefni, tónlist, barna- og unglingaefni og auglýsingar. Almennt virðist óvarlegt að ályktа að einhver þessara efnisflokka sé algerlega laus við það að geta haft áhrif á skoðanir og viðhorf hlustenda eða áhorfenda á eigin umhverfi og samfélagi. Það virðist því ekki ástæða til að gera skarpan greinarmun á flokkum efnis þegar hugað er að hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi þótt hægt sé að rökstyðja að sumir efnisflokkar séu mikilvægari en aðrir í því samhengi.

2.4. Niðurstaða

Fjölmiðill er stofnun eða fyrirtæki sem aflar, vinnur og dreifir upplýsingum. Í þessari greinargerð er miðað við dæmigerða fjölmiðla og þá sem alla jafnan hafa mest áhrif í umræðu um þjóðfélagsmál í víðum skilningi, þ.e. dagblöð, útvarp og sjónvarp. Fjölmiðlar eru sennilega mikilvægasta upplýsingalind almennings í lýðræðissamfélögum samtímans. Mæling á hlustun, áhorfi og lestri er heppileg leið til að meta stöðu fjölmiðla á markaði. Fjölbreyttir fjölmiðlar í eigu margra tryggja að fram komi fjölbreytt sjónarhorn og ólíkar skoðanir sem efla lýðræðislega umræðu og veita stjórnvöldum og öðrum áhrifastofnunum aðhald. Margbreytileg fjölmiðlun stuðlar að menningarlegri fjölbreytni. Fjölmiðlar hafa skyldur gagnvart almenningi til að greina satt og óvilhallt frá atburðum og málefnum. Samkeppni og fjölbreytni stuðla að gæðum og áreiðanleika efnis í fjölmiðlum.

3. Þróun og staða á íslenskum fjölmiðlamarkaði

3.1. Blaðamarkaður: framboð og eftirspurn

Lengi vel var einkenndist þróun á blaðamarkaði hér á landi af hægfara breytingum. Undir lok síðustu aldar varð breyting þar á. Á undanförnum einum og hálfum áratug eða svo hefur blaðamarkaðurinn hér á landi gengið í gegnum svipaðar kárínur og blaðamarkaðir víðast á Vesturlöndum hafa mátt þola um lengri tíma, sem m.a. birtist í blaðadauða og fækkun útgefinna titla, þverrandi blaðasölu og samþjöppun eignarhalds.

Dagblöðin, sem flest voru öðrum þræðinum formleg eða óformleg flokksmálgögn, voru tiltölulega föst í sessi fram undir 1990. Formleg tengsl blaðanna við stjórnmálaflokka hafa rofnað og tilvera þeirra er nú fyrst og fremst háð frammistöðu þeirra á markaði og viðtökum lesenda.[5] Í kjölfar fækkunar blaða á undanförnum árum hefur orðið vart skýrrar samþjöppunar í eignarhaldi á dagblaðamarkaði.[6]

Þessar breytingar eru ekki einasta bundnar við dagblaðútgáfuna heldur einnig útgáfu annarra blaða. Innan héraðsfréttablaðaútgáfu hefur samþjöppunar orðið vart að því leyti að blöðum í samkeppni hefur fækkað, og útgáfa almennra vikublaða hefur lagst af fyrir nokkru (nánar, sjá Ragnar Karlsson, 2004).

---

[5] Síðasta blaðið sem taldist flokksmálgagn var *Austurland*, málgagn Alþýðubandalagsins í fyrrverandi Austurlandskjördæmi, en útgáfu þess var hætt árið 2000.

[6] Sjá m.a. nánar um þetta og þróun á íslenskum blaðamarkaði hjá Guðjóni Friðrikssyni, 2000, Ragnari Karlssyni, 2004, og Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2004.

3.1.1. Dagblöð og önnur blöð

Um þessar mundir eru gefin út þrjú dagblöð hér á landi, en þetta eru *Dagblaðið Vísir* (stofnað 1981) (hér eftir nefnt til styttingar DV), *Fréttablaðið* (stofnað 2001) og *Morgunblaðið* (stofnað 1913). DV og Fréttablaðið eru í eigu Fréttar ehf., dótturfélags Norðurljósa hf., en Árvakur hf. gefur út Morgunblaðið. Fréttablaðinu hefur þá sérstöðu í sögu íslenskra dagblaða að vera dreift frítt til lesenda. DV og Morgunblaðið eru seld í áskrift og lausasölu. Fréttablaðið og Morgunblaðið koma út alla daga vikunnar en DV sex daga í viku. DV og Morgunblaðinu er dreift á landsvísu. Fréttablaðið er daglega borið í hús á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri og á nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum, auk þess sem blaðið er lagt fram til dreifingar víða um land (Verslunarráð Íslands, 2004). Má því heita að blaðinu sé dreift á landsvísu.

Á einum 17 þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið koma út, eftir því sem næst verður komist, 23 staðar- og héraðsfréttablöð sem gefin eru út vikulega. Níu blaðanna eru seld og 14 er dreift á endurgjalds (sjá frekar um staðar- og héraðsfréttablöð hjá Birgi Guðmundssyni, 2003, og Ragnari Karlssyni, 2004).[7]

Að auki koma út um þessar mundir tvö svokölluð sérefnisfréttablöð, en það eru *Fiskifréttir*, sem eru útgefnar vikulega, og *Viðskiptablaðið*, sem kemur út tvisvar í viku. Útgefandi Viðskiptablaðsins er Framtíðarsýn ehf. sem gefur Fiskifréttir út á vegum samnefnds dótturfélags, Fiskifrétta ehf.

3.1.2. Dagblaðamarkaðurinn: fækkun titla og útbreiðsla

Dagblöðum hefur fækkað um helming frá því á níunda áratugi síðustu aldar. Mestallan níunda áratuginn og fram yfir 1990 komu út sex dagblöð í senn. Síðan hefur blöðunum fækkað niður í þrjú. Fyrst til að heltast úr lestinni var *Þjóðviljinn* (í ársbyrjun 1992), því næst sameinuðust *Tíminn* og *Dagur* fyrst sem *Dagur-Tíminn*, síðar útgefið sem Dagur; því næst rann *Alþýðublaðið* inn í Dag 1997. Útgáfu Dags var hætt árið 2001. Á sama tíma hefur aðeins eitt nýtt dagblað hafið útkomu, en Fréttablaðið hóf göngu sína í apríl 2001.

Nokkur nýlunda er að Fréttablaðinu. Blaðið er fyrsta dagblaðið sem sett er fót hér á landi frá grunni síðan *Dagblaðið* var stofnað 1975. Í annan stað er blaðið einstakt á meðal þeirra fjölmörgu dagblaða sem sett hafa verið á fót í stórborgum Evrópu og Norður Ameríku og víðar undanfarin áratug. Öll hafa þessi blöð það sameiginlegt að vera dreift án endurgjalds á fjölförnum samgöngustöðum. Fréttablaðið er eina almenna endurgjaldslausa dagblaðið sem kunnugt er um sem borið er beint út í hús og sem jafnframt er dreift á landsvísu (sbr. Bakker, 2002; Ragnar Karlsson, 2004; Vogel, 2001; Wadbring, 2003).

Þrátt fyrir fækkun titla og talsverðan samdrátt í útbreiðslu seldra dagblaða hefur samanlögð útbreiðsla aukist frá 2001 með tilkomu Fréttablaðsins, jafnt hvort mælt er í heildarupplagi, útbreiðslu á 1.000 íbúa eða á heimili. Útbreiðsluþróun á dagblaðamarkaði 1980–2003 er sýnd í töflu 1.

[7] Ríflega helmingur héraðs- og staðarfréttablaðanna er einnig aðgengilegur á netinu.


Tafla 1. Útbreiðsla dagblaða 1980–2003

	1980	*1985*	*1990*	*1995*	*1997*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*	*Breyting 1980–2003*
Útbreiðsla í þús. eint.	88	92	96	98	92	90	149	152	156	+68
Seld blöð	88	92	96	98	92	90	79	76	70	-18
Endurgjaldslaus blöð							70	76	86	+86
Útbreiðsla á 1.000 íbúa	385	381	375	365	339	322	520	528	537	+152
Seld blöð	385	381	375	365	339	322	275	263	242	-143
Endurgjaldslaus blöð							245	265	295	+295
Útbreiðsla á heimili	1,3	1,1	1,1	1,0	0,9	0,9	1,4	1,5	1,5	+,2
Seld blöð	1,3	1,1	1,1	1,0	0,9	0,9	0,8	0,7	0,7	-,5
Endurgjaldslaus blöð							0,7	0,7	0,8	+,8

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Útbreiðsla DV 2003 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum.
Heimildir: Ragnar Karlsson 2004, Verslunarráð Íslands, 2003–2004.

Fréttablaðið er langsamlega útbreiddasta dagblaðið, borið daglega út í 85.610 eintökum, auk þess sem hluti upplagsins liggur frammi á greiðasölustöðum víðsvegar um land, eða tæp 12.000 eintök á dag (Verslunarráð Íslands, 2004). Morgunblaðið seldist daglega í 52.321 eintökum á síðari hluta árs 2003, útbreiðsla blaðsins hefur lítillega dregist saman upp á síðkastið. Útbreiðsla DV hefur verið á hröðu undanhaldi síðustu ár, en samkvæmt mati út frá fjölmiðlakönnunum má gera ráð fyrir að jafnaðardreifing blaðsins hafi verið í kringum 18.000 eintök á síðasta ári. Samanlögð útbreiðsla blaða Fréttar ehf., dótturfélags Norðurljósa hf., er um 66% á móti 34% hlutdeild Árvakurs hf.[8] Útbreiðsla dagblaða á árabilinu 1985–2003 er sýnd á mynd 1.

Mynd 1. Upplag dagblaða 1985–2003



Skýring: Útbreiðsla DV 2003 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum.
Heimildir: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirt gögn og Verslunarráð Íslands, 2004.

[8] Rétt er að hafa hugfast að ekki er alls kostar sanngjarnt að bera saman dreifingu blaða sem borin eru út frítt til lesenda og seldra blaða.


Fækkun dagblaða hefur leitt til þess að þau blöð sem eftir eru standa sterkar að vígi en áður og geta boðið lesendum sínum upp á betri þjónustu og aukið efnisval. Þetta kemur m.a. ljóslega fram í stórauknu síðuframboði dagblaða á síðustu árum, sem og í aukinni útgáfutíðni blaða (sjá töflu 2 og mynd 2).

Tafla 2. Dagblöð eftir útbreiðslu 1985–2003

	1985	*1990*	*1995*	*1997*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Fjöldi blaða eftir útbreiðslu í þús. eintaka								
Allt að 5.000 eintök	1	2	2	–	–	–	–	–
5.001 til 10.000	3	2	1	1	1	–	–	–
10.001 til 25.000	–	–	–	–	–	1	1	1
25.001 til 50.000	2	1	1	1	1	–	–	–
50.001 til 75.000	–	1	1	1	1	2	1	1
75.001 til 100.000*	–	–	–		–	–	1	1
Útbreiðsla á blað að jafnaði í þús. eintaka	15	16	20	31	30	50	51	52
Seld blöð, eingöngu						39	38	35
Miðgildi í þús. eintaka	7	5	5	32	28	55	54	52

Skýringar: Dagblöð útgefin í lok árs. Útbreiðsla DV 2003 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum.
* Endurgjaldslaust blað, Fréttablaðið.
Heimildir: Hagstofa Íslands, 2003; Ragnar Karlsson, 2004; Verslunarráð Íslands, 2003–2004.

Mynd 2. Vikulegur síðufjöldi dagblaða að jafnaði 1990–2003



Skýring: Blöð útgefin fjórum sinnum í viku og oftar sem gefin voru út við árslok og eða hófu útkomu á árinu. Ekki er hér tekið tillit til mismunandi brots blaða. Í sumum tilfella er síðufjöldi áætlaður út frá hálfs mánaðar tímabili í febrúar og nóvember ár hvert. Aukablöð og fylgirit eru meðtalin.
Heimildir: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.


3.1.3. Markaðshlutdeild og lestur dagblaða

Í evrópskum og alþjóðlegum samanburði geta Íslendingar talist duglegir blaðalesendur. Dagleg útbreiðsla dagblaða á mann var á meðal þess mesta sem gerðist innan Evrópu 2002, eða u.þ.b. 390 eintök af seldum eintökum á hverja 1.000 íbúa (WAN, 2003). Blaðalestur er

einnig mikill í samanburði við það sem gengur og gerist innan álfunnar. Dagblöð eru hér lesin daglega að jafnaði af um átta af hverjum tíu á aldrunum 12–80 ára og 96% segjast lesa dagblöð a.m.k. einu sinni í viku (ÍM Gallup, október 2003).

Fréttablaðið er eðlilega lesið af flestum, enda með mesta útbreiðslu. Að jafnaði lásu 69% á aldrinum 12–80 ára blaðið í febrúar sl., en lestur blaðsins hefur nánast staðið í stað frá því í júní 2003. Daglegur lestur Morgunblaðsins hefur dregist nokkuð saman á undanförnum árum, sem er að nokkru óháð samkeppni frá Fréttablaðinu. Daglegur lestur blaðsins mældist 56% í febrúar sl og hafði þá aukist lítillega á nýjan leik frá því að hann mældist minnstur í ágúst 2003. DV hefur misst hlutdeild í lestri nánast óslitið síðan 1993, þá mældist daglegur lestur blaðsins 51% en 17% í febrúar í ár (sjá mynd 3).

Mynd 3. Daglegur lestur dagblaða eftir titlum 1992–2002, %



Heimild: Félagsvísindastofnun, 1992–1998; ÍM Gallup 1999–2004.

3.2. Hljóðvarpsmarkaður: framboð og eftirspurn


Fjölbreytni er mikil á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er fjölda stöðva, en síður þegar litið er til dagskrár þeirra. Fyrir utan dagskrárrásir Ríkisútvarpsins er efni og dagskráherslur nær allra einkareknu stöðvanna sniðið að tiltölulega afmörkuðum hópi hlustenda, með tilliti til aldurs og áhugamála. Endurnýjun er mikil á hljóðvarpsmarkaði. Á það jafnt við um rekstraraðila og stöðvarnar sjálfar. Margar stöðvar hafa staldrað stutt við og breytingar á efni og dagskrártilhöfðun einkarekinna stöðva eru algengar. Mikillar samþjöppunar gætir á þessum markaði þegar litið er til eignarhalds og markaðshlutdeildar einstakra stöðva. Um þessar mundir sendir 21 hljóðvarpsstöð út reglulega. Þar af eru 15 stöðvar í einkaeigu og sex dagskrárrásir á vegum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.

3.2.1. Hljóðvarpsstöðvar

Hljóðvarpsstöðvum hefur fjölgað nær samfellt frá árinu 1986 að telja og fram undir seinustu ár. Flestar voru stöðvarnar 26 árið 2001, en þeim hefur lítillega fækkað síðan. Fjöldi

hljóðvarpsstöðva sem sendi reglulega út á árunum 1986–2003 er sýndur á mynd 4.[9] Árið 2003 voru 17 hljóðvarpsstöðvar í einkaeigu, auk þess sem Ríkisútvarpið hafði á að skipa sex dagskrárrásum að svæðisútvarpi meðtöldu.

Mynd 4. Hljóðvarpsstöðvar 1982–2003




Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglubundið út eigin dagskrá á árinu, auk stöðva og dagskrárrása Ríkisútvarpsins, hljóðvarps (Rásar 1 og Rásar 2 og svæðisútvarpsstöðva). Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Síðan einkaréttur Ríkisútvarpsins til hljóðvarpsútsendinga var afnumin um áramótin 1985/1986 hefur 41 einkarekin stöð hafið reglulegar útsendingar. *Bylgjan* er fyrsta og elsta starfandi hljóðvarpstöðin í einkaeigu, en hún hóf útsendingar í ágúst 1986. Sjö stöðvar, eða nærri helmingur, af þeim 15 hljóðvarpsstöðvum sem nú eru starfandi hófu útsendingar eftir 1999 (sjá mynd 5).

---

9 Hér er átt við stöðvar sem sendu reglulega út eigin dagskrá á árinu og höfðu langtímaleyfi til hljóðvarps. Viðstöðulaust endurvarp hljóðvarps er því ekki meðtalið, eins og endurvarp Norðurljósa á *BBC World Service* og endurvarp tónlistarrása *Music Choice* á Breiðvarpi. Sama gildir um *Langbylgju* og stuttbylgjusendingar Ríkisútvarpsins. Skóla- og æskulýðsstöðvum er einnig sleppt hér.

Mynd 5. Stofnár einkarekinna hljóðvarpsstöðva starfræktra í mars 2004



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum. Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva sem voru starfræktar í mars 2004 og sendu út eigin dagskrá. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.
* Upphaflega *Steríó*; ** Upphaflega *Barnarásin*; *** Upphaflega *Íslenska stöðin*.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Á vegum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps eru nú starfræktar tvær rásir sem senda út á landsvísu, *Rás 1* og *Rás 2*, auk fjögurra svæðisútvarpsstöðva, *Svæðisútvarps Vestfjarða, Svæðisútvarps Norðurlands, Svæðisútvarps Austurlands* og *Svæðisútvarps Suðurlands.*[10] Auk Bylgjunnar, sem áður er nefnd, eru einkareknar hljóðvarpsstöðvar um þessar mundir *FM 957, Kiss, Létt, Lindin, Mix, Radíó Reykjavík, Skonrokk, Stjarnan, Útvarp Boðun, Útvarp Kántríbær, Útvarp Latabæjar, Útvarp Saga, Útvarp Vestmannaeyja* og *X-ið*. Bylgjan og FM 957 senda út til alls landsins. Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við sunnan- og vestanvert landið, eða einstök þéttbýlissvæði og næsta nágrenni þeirra.[11] Yfirlit yfir hljóðvarpsstöðvar starfandi í mars 2004 er birt í töflu 3.

Tafla 3. Hljóðvarpsstöðvar í mars 2004

	Staðsetning	*Útsendingarsvæði**	*Dagskrársnið***	*Fjármögnun*
Ríkisútvarpið				
Rás 1	Reykjavík	Landið	Almennt	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Rás 2	Reykjavík/ Akureyri	Landið	Dægur- og samfélagsmál og dægurtónlist	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Svæðisútvarp Vestfjarða	Ísafjörður	Vestfirðir	Landshlutamál	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Svæðisútvarp Norðurlands	Akureyri	Norðurland	Landshlutamál	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Svæðisútvarp Austurlands	Egilsstaðir	Austurland	Landshlutamál	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun

[10] Svæðisútvarp Suðurlands hóf útsendingar síðla árs 2003. Nokkur undangengin ár hafði *Útvarp Suðurlands*, stöð í einkaeigu, annast svæðisútvarp fyrir Suðurland samkvæmt sérstökum samningi við Ríkisútvarpið. Útvarp Suðurlands hætti útsendingum vorið 2003.

[11] Dagskrá margra einkastöðvanna og beggja landsrása Ríkisútvarpsins er einnig send viðstöðulaust út á netinu og nást þessar stöðvar því í raun hvar sem er.

	Staðsetning	*Útsendingarsvæði**	*Dagskrársnið***	*Fjármögnun*
Svæðisútvarp Suðurlands	Selfoss	Suðurland	Landshlutamál	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Einkareknar stöðvar				
Bylgjan	Reykjavík	Landið	Dægur- og samfélagsmál og dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
FM 957	Reykjavík	Landið	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Kiss	Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Létt	Reykjavík	Faxaflói	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Lindin	Reykjavík	Faxaflói, Ísafjörður, Norðurland eystra, Höfn og Vestmannaeyjar	Trúarlegt	Framlög
Mix	Reykjavík	Reykjavík	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Skonrokk	Reykjavík	Faxaflói	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Stjarnan	Reykjavík	Faxaflói, Akureyri og Selfoss	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Radíó Reykjavík	Reykjavík	Faxaflói	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Útvarp Boðun	Reykjavík	Reykjavík	Trúarlegt	Framlög
Útvarp Latabæjar	Reykjavík	Faxaflói	Barnatónlist	Auglýsingar, kostun
Útvarp Kántríbær		Húnaflói, Skagafjörður	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun
Útvarp Saga	Reykjavík	Faxaflói, Húsavík	Dægur- og samfélagsmál	Auglýsingar, kostun
Útvarp Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar	Staðarmál/almennt	Auglýsingar, kostun
X-ið	Reykjavík	Faxaflói	Dægurtónlist	Auglýsingar, kostun

Skýringar: Einkareknar hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu út eigin dagskrá í mars 2004, ásamt Ríkisútvarpi, hljóðvarpi. Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Faxaflói merkir hér höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og sunnanvert Snæfellsnes. Húnaflói merkir hér Húnavatnssýslur og Strandir að hluta.

* Samkvæmt upplýsingum stöðvanna og útvarpsréttarnefndar.

** Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun dagskrár.

Heimildir: Byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands, upplýsingum stöðvanna og útvarpsréttarnefndar.

Rás 1 sendir út almenna dagskrá í tali og tónum. Rás 2 telst dægurmálaútvarp með ríka áherslu á dægur- og samfélagsmál, auk tónlistarflutnings. Dagskrá svæðisútvarpsstöðvanna einskorðast að mestu leyti við fréttir úr viðkomandi landsfjórðungi, auk þess sem þær leggja báðum landsrásunum til efni og þætti. Tvær af hverjum þremur einkareknum stöðvum eru tónlistarstöðvar. Allar eru þær sérhæfðar í flutningi dægurtónlistar af einu eða öðru tagi. Bylgjan og Útvarp Saga teljast til dægurmálastöðva. Bylgjan sendir út blandaða dagskrá, með áherslu á dægur- og samfélagsmál, auk tónlistar, en Útvarp Saga er svonefnt talmálsútvarp með samfélags- og dægurmálaumfjöllun. Staðarmál einkenna dagskrá Útvarps Vestmannaeyja. Lindin og Útvarp Boðun eru trúarlegar stöðvar.

Fyrir utan svæðisútvarpstöðvarnar, Útvarp Kántríbæ og Útvarp Vestmannaeyja eru aðrar stöðvar sendar út frá höfuðborginni. Að vísu er Rás 2 einnig starfrækt á Akureyri, en dagskrárstjórn hennar var flutt norður á Akureyri í hitteðfyrra þótt dagskrárgerð hennar fari að mestu leyti enn fram syðra. Aðsetur svæðisstöðva Ríkisútvarpsins er á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi.

Einkarekið hljóðvarp á landsbyggðinni hefur alla tíð átt erfitt uppdráttar. Af þeim níu stöðvum sem hafa verið settar á fót utan höfuðborgarsvæðisins eru aðeins tvær starfandi, en þetta eru Útvarp Kántríbær á Skagaströnd og Útvarp Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum. Hljóðvarp á vegum einkaaðila hefur ekki verið sú lyftistöng fyrir fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ýmsir bundu vonir við þegar útvarpsrekstur var gefin frjáls fyrir hartnær tveimur áratugum síðan.[12]

[12] Sbr. umræður á Alþingi 1985 um breytta skipan útvarps í aðdraganda afgreiðslu útvarpslaga 1986.

Starfsemi stöðva Ríkisútvarpsins er fjármögnuð með afnotagjöldum, auk sölu á auglýsingatímum og með kostun.[13] Einkareknar stöðvar eru fjármagnaðar með sölu auglýsinga í dagskrá og kostun, nema trúarlegu stöðvarnar, Lindin og Útvarp Boðun, sem reknar eru að mestu leyti fyrir frjáls framlög og með sjálfboðavinnu.

3.2.2. Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva

Þar til nýlega hefur rekstraraðilum hljóðvarps farið fjölgandi. Algengt er að rekstraðailar staldri stutt við á þessum markaði. Á undanförnum árum hefur gætt skýrrar tilhneigingar til samþjöppunar er viðkemur eignarhaldi einkarekins hljóðvarps (sjá töflu 4). *Fínn miðill ehf.* var mest allan tíunda áratuginn umsvifamestur einkaaðila í hljóðvarpsrekstri, en fyrirtækið rak um skeið sex útvarpsstöðvar. Á miðju ári 2000 eignuðust *Norðurljós hf.* ráðandi hlut í fyrirtækinu, er það keypti bandaríska fjölmiðlafyrirtækið *Saga Communications Inc.* út úr Fínum miðli. Ellefu hljóðvarpsstöðvar voru um skeið starfræktar á vegum dótturfélaga Norðurljósa, Fíns miðils ehf. og *Íslenska útvarpsfélagsins ehf.*

Rekstraaðilar hljóðvarps í einkaeigu eru átta talsins nú. Sex þeirra starfrækja eina stöð hver: *Bjarni Jónasson* (Útvarp Vestmannaeyja), *Boðunarkirkjan* (Útvarp Boðun), *Hallbjörn Hjartarson* (Útvarp Kántríbær), *Lindin – kristilegt útvarp* sem rekur samnefnda stöð, *Radíó Reykjavíkur – Nesradíó ehf.* (Radíó Reykjavík) og *Útvarp Saga ehf.* sem á samnefnda stöð.[14] Sjö stöðvar eru nú í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf. (dótturfélags Norðurljósa hf.), en það eru Bylgjan, og tónlistarstöðvarnar FM 957, Létt, Skonrokk, Stjarnan, Útvarp Latabæjar og X-ið. *Pýrit fjölmiðlun ehf.* er í forsvari fyrir tvær stöðvar, Kiss og Mix.

Tafla 4. Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva 1986–2003

			Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva							
	Fjöldi stöðva	*Fjöldi rekstrar-aðila*	*Ein*	*Tvær*	*Þrjár*	*Fjórar*	*Fimm*	*Sex*	*Sjö*	*Níu*
1986	2	2	2	–	–	–	–	–	–	–
1990	8	7	6	1	–	–	–	–	–	–
1995	11	9	7	2	–	–	–	–	–	–
2000	19	10	7	1	–	1	–	1	–	–
2001	21	12	10	1	–	–	–	–	–	1
2002	20	11	9	1	–	–	–	–	–	1
2003	17	10	8	1	–	–	–	–	1	–

Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin samsetta dagskrá á árinu. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

3.2.3. Dagskrárframboð hljóðvarps

Útsendingartími


Frá því að einkarekið hljóðvarp kom til skjalanna árið 1986 hefur útsendingartími hljóðvarps stórlega aukist (sjá mynd 6). Senditíminn hefur u.þ.b. ellefufaldast, úr 13.000 stundum á ári í 134.000 stundir 2003. Einkareknar stöðvar sendu út tæplega 119.000 stundir á móti tæplega 16.000 stundum í Ríkisútvarpinu. Stundir í hljóðvarpi á landsvísu hafa tvöfaldast frá

[13] Afnotagjald hljóðvarps er innifalið í afnotagjaldi sjónvarps, en það nemur 30% af afnotagjaldi fyrir sjónvarp í lit.

[14] Útvarp Saga var þar til nýverið í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf., dótturfélags Norðurljósa hf.

því í byrjun tíunda áratugarins er aðeins útsendingar Rásar 1 og Rásar 2 náðu til landsins alls. Samanlagður útsendingartími þeirra fjögurra stöðva sem sendu út á landsvísu árið 2003 var rétt um 33.000 stundir.

Mynd 6. Útsendingartími hljóðvarps 1986–2003



Skýringar: Að skóla- og æskulýðsstöðvum frátöldum. Útsendingartími einkarekinna stöðva árið 2003 er áætlaður að hluta.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Útsendar stundir og útsendingardagar hljóðvarpsstöðva sem senda reglulega út um þessar mundir er sýndur í töflu 5. Flestar stöðvar senda út 24 tíma á sólarhring, sjö daga vikunnar. Svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins senda út fjóra til fimm virka daga í viku. Daglegur útsendingartími svæðisstöðvanna er næsta takmarkaður. Útvarp Vestmannaeyja sendir að jafnaði út þrjá daga í viku, þrjár stundir í senn hvern dag sem stöðin sendir út.

Tafla 5. Útsendingartími hljóðvarpsstöðva í mars 2004

	Útsendar klst. í viku að jafnaði	*Útsendar klst. á dag að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Rás 1	126:00*	18:00*	7
Rás 2	168:00	24:00	7
Svæðisútvarp Vestfjarða	2:20	0:35	4
Svæðisútvarp Norðurlands	2:55	0:35	5
Svæðisútvarp Austurlands	2:20	0:35	4
Svæðisútvarp Suðurlands	2:20	0:35	4
Bylgjan	168:00	24:00	7
FM 957	168:00	24:00	7
Kiss*	168:00	24:00	7
Létt	168:00	24:00	7
Lindin	168:00	24:00	7
Mix	168:00	24:00	7
Útvarp Vestmannaeyja	9:00	3:00	3
Radíó Reykjavík	168:00	24:00	7
Skonrokk	168:00	24:00	7
Stjarnan	168:00	24:00	7
Útvarp Boðun	168:00	24:00	7

	Útsendar klst. í viku að jafnaði	*Útsendar klst. á dag að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Útvarp Kántríbær	168:00	24:00	7
Útvarp Latabæjar	168:00	24:00	7
Útvarp Saga	168:00	24:00	7
X-ið	168:00	24:00	7

Skýringar: Einungis stöðvar með langtímaleyfi sem sendu út á árinu eigin dagskrá, ásamt dagskrárrásum Ríkisútvarps, hljóðvarps. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
* Reiknað út frá útsendingartíma árið 2003.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Dagskrárefni og dagskráráherslur

Mikill fjöldi einkarekinna hljóðvarpsstöðva og stóraukinn útsendingartími gæti við fyrstu sýn bent til mikillar fjölbreytni hljóðvarpsefnis sem hlustendum stendur til boða. Frá því að einkaaðilum var heimilað að hasla sér völl í hljóðvarpi hefur tónlistarútvarp verið mest áberandi í framboði stöðva. Ekki ber svo að skilja að áhersla á tónlist í hljóðvarpi sé einhver nýlunda. Tónlist hefur verið meginuppistaðan í dagskrá hljóðvarps allar götur frá því að reglulegur útvarpsrekstur hófst um 1920 í vestan hafs og austan.[15] Flutningur tónlistar í hljóðvarpi árið 2002 var um 80% af öllu útsendu efni. Hlutur tónlistar af dagskrá einkahljóðvarpsstöðva var 76% samanborið við 45% í samanlagðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Rík áhersla á tónlist í dagskrá hljóðvarps stafar m.a. af því að dagskrárgerðarkostnaði er haldið í lágmarki. Sama gildir einnig um svo nefnt talmálsútvarp (sbr. Hendy, 2000).

Einkareknar stöðvar má gróflega flokka í dægurmála-, tónlistar, trúarlegar- og staðarstöðvar eftir dagskrárefni og efnistilhöfðun þeirra. Tafla 6 sýnir fjölda stöðva og útsendingartíma samkvæmt þessari flokkum 1996–2003. Um það bil tvær af hverjum þremur stöðvum flokkast sem tónlistarstöðvar og nam útsendingartími þeirra um tveimur þriðju hlutum af heildarútsendingartíma einkareknu stöðvanna árið 2002. Fjöldi stöðva og útsendingartími í öðrum flokkum stöðva eftir dagskrársniði er mun takmarkaðri.

Tafla 6. Einkareknar hljóðvarpsstöðvar eftir dagskrársniði 1996–2003

	Alls	*Dægurmála-stöðvar**	*Tónlistar-stöðvar***	*Trúarstöðvar*	*Staðarstöðvar****
Stöðvar					
1996	11	2	5	1	3
1997	15	2	8	1	4
1998	18	1	10	2	5
1999	18	1	10	2	5
2000	19	1	11	2	5
2001	21	1	13	3	4
2002	20	1	14	3	2
2003	17	2	11	2	2

[15] Þannig var þetta einnig í árdaga hljóðvarps hér á landi. Á árunum 1936–1940 var tónlist að jafnaði hátt í helmingur af samanlögðum útsendingartíma Ríkisútvarpsins (Hagstofa Íslands, 2003, geisladiskur, t. 12.18.).

	Alls	*Dægurmála-stöðvar**	*Tónlistar-stöðvar***	*Trúarstöðvar*	*Staðarstöðvar****
Útsendingartími					
1996	78.042	17.568	41.910	8.784	9.780
1997	93.298	10.416	60.744	8.760	13.378
1998	108.730	8.760	71.280	10.224	18.466
1999	133.190	8.760	87.600	17.520	19.310
2000	131.120	8.784	85.803	17.568	18.965
2001	117.147	8.760	77.832	20.448	10.107
2002	133.888	16.790	87.052	20.620	9.426
2003	119.100	17.520	80.448	17.520	3.612

Skýring: Stöðvar með langtímaleyfi sem sendu eigin dagskrá reglubundið út á árinu.
* Stöðvar sem leggja áherslu á dægur- og samfélagsmál og sendu út tónlist innan við 70 af hundraði af heildarútsendingartíma á árinu og geta ekki talist til staðarstöðva, ásamt talmálsútvarpi.
** Stöðvar sem sendu út tónlist og tónlistardagskrá í a.m.k. 70 af hundraði af heildarútsendingartíma á árinu og geta hvorki talist til trúarstöðva né staðarstöðva.
*** Staðbundnar stöðvar sem áherslu leggja á staðarmál og ekki geta talist hreinar tónlistarstöðvar.
**** Áætlað, m.a. út frá skiptingu efnis 2002.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Eins og getið er um að framan senda þrjár stöðvar út til landsins alls almenna dagskrá og umfjöllun um dægur- og samfélagsmál, þ.e. tvær dagskrárrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, auk Bylgjunnar. Skipting dagskrár stöðvanna eftir helstu efnisflokkum árið 2003 er sýnd í töflu 7. Dagskrá Rásar 1 er mun fjölbreyttari en dagskrá hinna stöðvanna. Hátt í helmingur af útsendingartíma stöðvarinnar er dagskrárefni sem gróflega má flokka sem upplýsingu og menningu samanborið við þriðjung á Rás 2 og fjórðung á Bylgjunni. Undir upplýsingu og menningu falla m.a. fréttir og fréttatengt efni, umræðuþættir og menningarmálaumfjöllun. Skemmtiefni, svo sem viðtalsþættir, spurningaleikir, leikrit og upplestur, er langfyrirferðarmest á Rás 1 af stöðvunum þremur, eða nærri ríflega ein og hálf klukkustund af hverjum tíu stundum. Dagskrárgerð fyrir börn er aðeins að finna á rásum Ríkisútvarpsins. Einungis Bylgjan og Rás 2 senda út íþróttir í formi beinna lýsinga af íþróttakappleikjum.[16] Tónlist er langsamlega fyrirferðarmest á Bylgjunni, eða um tvær af hverjum þremur útsendum stundum, á móti tæpum tveimur af hverjum þremur stundum á Rás 2 og um þriðjungi af dagskrártíma Rásar 1.

Tafla 7. Dagskrá almennra stöðva og dægurmálastöðva sem senda út á landsvísu eftir meginflokkum efnis 2003

	*Upplýsing og menning***	*Skemmti-efni****	*Tónlist*	*Íþróttir*	*Börn og unglingar*	*Annað*****	*Alls*
Stundir á ári							
Bylgjan*	2.015	88	5.869	88	–	700	8.760
Rás 1	2.874	1.009	2.174	–	99	292	6.448
Rás 2	2.800	76	5.576	69	98	141	8.760
Hlutfallsleg skipting, %							
Bylgjan*	23	1	67	1	–	8	100
Rás 1	45	16	34	–	2	4	100
Rás 2	32	1	64	1	1	2	100

Skýringar: Um skilgreiningu á efnisflokkum sjá Hagstofu Íslands, 2003: 234–37. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Skipting efnis m.v. 2002.
** M.a. fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir og þættir um samfélags- og dægurmál.
*** M.a. afþreying og skemmtun hvers konar, leikrit og upplestur.
**** Auglýsingar, dagskrárkynningar og óflokkað efni.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

[16] Íþróttum eru að auki gerð skil í fréttatímum stöðvanna.

Ólíkum dagskráráherslum stöðvanna má lýsa eins og gert í töflu 8. Rás 1 og Rás 2 leggja ríkari áherslu en Bylgjan á efni sem flokka má til upplýsingar. Bylgjan ásamt Rás 2 leggur ríkari rækt en Rás 1 við afþreyingu, svo sem tónlist, viðtalsþætti, skemmtiþætti og umfjöllun um dægurmál.

Tafla 8. Dagskráráherslur almennra stöðva og dægurmálastöðva sem senda út á landsvísu

	Bylgjan	*Rás 1*	*Rás 2*
Upplýsing*	++	+++	++
Afþreying**	+++	++	+++
Íþróttir	+	–	+
Börn og unglingar	–	+	+

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár eftir efni stöðvanna. Tákn merkja: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ rík áhersla.
* Fréttir, veður og þættir um þjóðfélagsmál, listir og vísindi.
** Aðallega tónlist, auk viðtals-, skemmti- og dægurmálaþátta og annars afþreyingar- og skemmtiefnis.

Aðrar stöðvar leggja megináherslu á sérhæft efni, svo sem tónlist og trúarlegt efni, og er dagskrá þeirra mun einhlítari en dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Bylgjunnar.[17]

3.2.4. Markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva

Hljóðvarpsnotkun er almenn hér á landi. Hátt í níu af hverjum tíu á aldrinum 12–80 ára hlusta á hljóðvarp daglega (ÍM Gallup, mars 2004). Að jafnaði hlustaði hver einstaklingur rúma fjóra tíma á hljóðvarp á dag (4 klst. og 8 mín.) eða talsvert lengur en menn voru að jafnaði fyrir framan sjónvarpið. Þess ber að gæta að mestur hluti af hljóðvarpsnotkuninni, hér sem annars staðar á Vesturlöndum, fer fram samtímis annarri daglegri iðju (svo sem í bílnum til og frá vinnu, í vinnunni, við húsverkin, heimalærdóminn o.s.frv.) (sjá t.d. Alasuutari, 1997; Hendy, 2000).

Samkvæmt fjölmiðlakönnun ÍM Gallup viku í mars 2004 náði Rás 2 eyrum flestra hlustenda, eða rétt um 40% að jafnaði á dag og 63% yfir vikuna. Litlu færri hlustuðu á Bylgjuna, eða 37% á dag og 62% yfir vikuna. Rás 1 fylgdi þar næst í kjölfarið, en 28% stilltu á stöðina daglega og um 48% yfir vikuna. Hlustendur annarra stöðva voru mun færri.[18]


Hlutdeild Ríkisútvarpsins í heildarhlustun hefur minnkað umtalsvert á umliðnum árum, mælt sem hlutfall af samanlögðum þeim tíma sem hljóðvarpsnotendur hlustuðu á hljóðvarp í könnunarviku. Mynd 7 sýnir hlutfallslega skiptingu milli Ríkisútvarpsins og einkastöðva í heildarhlustun 1991–2004, eða eins langt aftur og samfelldar og að mestu sambærilegar kannanir ná. Samanlögð hlutdeild tveggja landsrása Ríkisútvarpsins mældist 73% í október 1991, en var komin niður í 48% þegar lægst var 1998 og 1999. Síðan þá hefur hlutfallsleg skipting á hlustun milli einkarekinna stöðva og Ríkisútvarpsins mælst tiltölulega stöðug. Í mars 2004 mældist hlutdeild einkastöðva 48% á móti 52% hlut Ríkisútvarpsins.

---

[17] Fréttum frá fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar eru varpað út á samtengdum rásum á nokkrum stöðva Íslenska útvarpsfélagsins, sem og á Útvarpi Sögu.

[18] Í könnunarviku í nóvember 2003 hlustuðu að jafnaði daglega og yfir vikuna 15% og 32% á FM 957, 9% og 22% á Létt, 9% og 19% á Skonrokk, 9% og 19% á X-ið, 5% og 14% á Íslensku stöðina og 6% og 12% á Kiss (ÍM Gallup, 2004). Ekki er kunnugt um aðrar stöðvar þar sem hlustun á þær var ekki mæld í könnuninni.

Mynd 7. Hlutdeild Ríkisútvarpsins og einkarekinna stöðva í heildarhlustun á hljóðvarp 1991–2004, %



* Þ.e. Rás 1 og Rás 2.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1991–1998; ÍM Gallup, 1999–2004.

Mynd 8 sýnir hlutdeild stöðva í heildarhlustun í mars 2004. Langsamlega var mest hlustað á Rás 2, Bylgjuna og Rás 1 (í þessari röð). Samanlagður hlutur þessara þriggja stöðva var 76%. Hlutdeild annarra stöðva mælist miklum mun minni.


Mynd 8. Hlutdeild stöðva í heildarhlustun á hljóðvarp í mars 2004, %



* Nú Mix.
Heimild: ÍM Gallup, 2003.

Hljóðvarpsmarkaðurinn skiptist að mestu upp á milli tveggja aðila, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins ehf., dótturfélags Norðurljósa hf. Mynd 9 sýnir hlutdeild stöðva eftir rekstraraðilum. Í nóvember 2003 mældist samanlögð hlutdeild Ríkisútvarpsins og Norðurljósa 96%, þar af var hlutur Íslenska útvarpsfélagsins 44% á móti 52% hlut Ríkisútvarpsins. Pýrit-fjölmiðlun hafði 4% hlutdeild í hlustuninni. Stöðvar annarra aðila voru ekki mældar (um þróun á hlustun hljóðvarpsstöðva, sjá nánar hjá Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2004).

Mynd 9. Heildarhlustun á hljóðvarp eftir rekstraraðilum í mars 2004, %



Skýringar: Dagbókarkönnun í mars 2004. Ríkisútvarpið = Rás 1 og Rás 2; Íslenska útvarpsfélagið = Bylgjan, FM 957, Létt, Skonrokk og X-ið; Pýrit = Íslenska stöðin og Kiss. Sléttaðar hlutfallstölur.
Heimild: ÍM Gallup, 2003.

Forvitnilegt er að skoða hlutdeild stærstu stöðva og skiptingu milli hlutdeildar hljóðvarpsstöðva í opinberri eigu og einkarekinna stöðva í norrænum samanburði eins og gert er í töflu 9. Með fyrirvörum um samanburðarhæfni á upplýsingum milli landa dreifist hlustunin í ríkari mæli á milli stöðva hér á landi en víðast hvar á Norðurlöndum, mælt sem hlutdeild stöðva í heildarhlustun. Hlutdeild einnar og tveggja stöðva með mesta hlustun er nokkru lægri hér en að meðaltali á Norðurlöndum. Hlutdeild Ríkisútvarpsins er nokkru lægri en meðaltal opinberra stöðva í hinum löndunum – að sama skapi mælist hlutur einkastöðva nokkru hærri hér en að meðaltali. Aðeins í Finnlandi var hlutur einkastöðva hærri en hér. Hér er að vísu um upplýsingar frá 2002 að ræða, en ekki er ástæða er til að gera ráð fyrir að þetta hafi breyst svo neinu nemi.

Tafla 9. Hljóðvarp á Norðurlöndum 2002 – hlutdeild í hlustun

	Hlutdeild stöðvar með mesta hlustun, %	*Hlutdeild tveggja stöðva með mestu hlustun, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*
Danmörk	38	59	67	33
Finnland	37	52	51	49
Ísland	28	55	55	45
Noregur	48	76	59	41
Svíþjóð	46	55	64	36
Meðaltal	39	59	59	41

Skýring: Meðaltal = óvegið meðaltal.
Heimildir: Harrie, 2003: 85–7.


3.3. Sjónvarpsmarkaður: framboð og eftirspurn

Íslenskur sjónvarpsmarkaður er fjölbreyttur þegar litið er til fjölda sjónvarpsstöðva og að teknu tilliti til smæðar íslensks þjóðfélags. Um þessar mundir eru tíu sjónvarpsstöðvar starfræktar hér á landi, auk þess sem sjónvarpsnotendum víðs vegar um landið stendur til boða viðstöðulaust endurvarp á dagskrá erlendra sjónvarpstöðva. Samþjöppun verður að teljast mikil á þessum markaði, hvort heldur er með tilliti til markaðshlutdeildar einstakra stöðva eða eignarhalds.

3.3.1. Sjónvarpsstöðvar

Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986 hafa 13 einkareknar sjónvarpsstöðvar hafið útsendingar (sjá mynd 10).[19] Stöð 2 er fyrsta og elsta starfandi einkarekna sjónvarpsstöðin, en útsendingar hófust í október 1986. Allt til ársins 1992 var Stöð 2 eina starfandi einkarekna sjónvarpsstöðin en það ár hóf kristilega sjónvarpsstöðin Omega reglulegar útsendingar. Þrjár nýjar stöðvar bættust við árið 1995 er Sjónvarp Hafnarfjarðar og Stöð 3 voru sett á fót og Sýn hóf reglulegar útsendingar eftir að hafa sent út óreglulega um nokkurt skeið. Síðan hafa átta aðrar einkareknar sjónvarpsstöðvar verið stofnaðar, þar af hafa þrjár hafið starfsemi síðan 2000. Fjórar stöðvar hafa hætt starfsemi frá 1997, eða um þriðjungur allra stöðva sem settar hafa verið á fót frá því að sérleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsendinga var afnumið.

Mynd 10. Einkareknar sjónvarpsstöðvar 1986 – mars 2004



Skýring: Upplýsingar vísa aðeins til stöðva með langtímaleyfi og sem sendu reglulega út á tímabilinu eigin dagskrá.
* Upphaflega Áttan.
** Upphaflega eingöngu viðstöðulaust endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva. Reglulegar útsendingar á eigin dagskrá, meðfram endurvarpi, hófust 2002.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

---

[19] Að auki hafa nokkrir aðilar sent út sjónvarpsefni um styttra eða lengra skeið. Eiginleg dagskrárgerð þessara stöðva var þó næsta takmörkuð. Þeirra á meðal eru *Austfirska sjónvarpsfélagið, Eyfirska sjónvarpsfélagið* og *Sjónvarpsfélag Neshrepps utan Ennis* sem starfræktar voru seinni hluta níunda áratugarins og laust fram yfir 1990. Auk þess sem stöðvarnar sendu út eigin dagskrá um tíma endurvörpuðu þær viðstöðulaust út dagskrá Stöðvar 2.

Auk *Sjónvarps* Ríkisútvarpsins senda níu einkareknar sjónvarpstöðvar reglulega út, en það eru *Aksjón, Bíórásin, Fjölsýn, Omega, Popp tíví, Skjár 1, Stöð 2, Stöð 3* og *Sýn* (sjá töflu 10).[20] Þar með er ekki sagt að öll heimili hafi aðgang að öllum stöðvunum. Útsendingarsvæði flestra stöðva er staðbundið og takmarkast annaðhvort við ákveðna landshluta eða einstaka þéttbýliskjarna.[21] Sjónvarpið, Skjár 1, Stöð 2 og Sýn teljast senda út á landsvísu, en útsendingar þeirra ná til allra landshluta og meira en níu af hverjum tíu heimilum.[22] Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við suðvesturhorn landsins[23] eða einstök bæjarfélög. Allar stöðvarnar, að undanskildum tveimur, eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið í Reykjavík.

Tafla 10. Sjónvarpsstöðvar í mars 2004

	Staðsetning	*Útsendingarsvæði**	*Opin/lokuð dagskrá*	*Dagskrársnið***	*Fjármögnun*
Ríkisútvarpið					
Sjónvarpið	Reykjavík	Landið	Opin	Almennt	Afnotagjöld, auglýsingar, kostun
Einkareknar stöðvar					
Aksjón	Akureyri	Akureyri	Opin	Staðarmál/leikið efni	Auglýsingar, kostun
Bíórásin	Reykjavík	Faxaflói	Lokuð	Kvikmyndir	Áskriftir
Fjölsýn	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar	Lokuð	Staðarmál	Áskriftir, kostun
Omega	Reykjavík	Faxaflói og lágsveitir Suðurlands	Opin	Trúmál	Framlög
Popp tíví	Reykjavík	Faxaflói	Opin	Dægurtónlist/ skemmtun/ afþreying	Auglýsingar, kostun
Skjár 1	Reykjavík	Landið	Opin	Almennt	Auglýsingar, kostun
Stöð 2	Reykjavík	Landið	Lokuð	Almennt	Áskriftir, auglýsingar, kostun
Stöð 3	Reykjavík	Faxaflói	Lokuð	Leikið efni	Áskriftir, auglýsingar
Sýn	Reykjavík	Landið	Lokuð	Íþróttir/leikið efni	Áskriftir, auglýsingar, kostun

Skýringar: Einkareknar sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem senda út eigin dagskrá, ásamt Ríkisútvarpinu, sjónvarpi. Faxaflói merkir hér höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland og sunnanvert Snæfellsnes.
* Samkvæmt upplýsingum stöðvanna og útvarpsréttarnefndar.
** Megineinkenni dagskrár miðað við efni og tilhöfðun dagskrár.
Heimildir: Byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands, upplýsingum stöðvanna og útvarpsréttarnefndar.

Helmingur stöðvanna er áskriftarstöðvar og er efni þeirra því ekki aðgengilegt öðrum en áskrifendum.[24] Fjöldi áskrifenda að einstökum stöðvum er ekki gefinn upp. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar er allt að helmingur heimila með áskrift að innlendu áskriftarsjónvarpi. Áskrifendur að Stöð 2 eru langflestir, en samkvæmt fjölmiðlakönnun ÍM Gallup í október 2003 voru 45% aðspurðra með áskrift að stöðinni. Á sama tíma var hlutfall áskrif-

---

[20] Hér eru aðeins taldar stöðvar með langtímaleyfi og sem senda út reglulega eigin dagskrá. Stöð 2+ sem sendir út dagskrá Stöðvar 2 með klukkutíma seinkun verður að teljast fremur til endurvarps en eiginlegrar sjónvarpsstöðvar og er henni því sleppt hér.

[21] Í raun er hægt að ná útsendingu Sjónvarpsins og Popp tíví hvar sem er þar sem dagskrár þeirra eru sendar viðstöðulaust út á netinu. Auk þess er hægt er að horfa á netinu á þætti Stöðvar 2 sem sendir eru út í opinni dagskrá, „Ísland í bítið" og fréttir.

[22] Útsendingar Sjónvarpsins hafa náð til alls þorra landsmanna frá því í kringum 1970, Stöð 2 hefur sjónvarpað á landsvísu síðan 1993, Sýn síðan 1999 og Skjár 1 frá því á árinu 2001.

[23] Bíórásin er send út á landsvísu á dreifikerfi Sýnar á næturnar eftir að dagskrá þeirrar síðarnefndu lýkur.

[24] Undantekning er morgunsjónvarp Stöðvar 2, „Ísland í bítið", daglegur frétta- og dægurmálaþáttur, „Ísland í dag", ásamt fréttum og veðri, og þjóðmálaþátturinn „Silfur Egils".

enda að Sýn 26%. Áskrifendur annarra stöðva sem hlutfall af heimilum og mannfjölda er umtalsvert lægra.

Sjónvarpsstöðvunum má skipta upp í almennar stöðvar og sérefnisstöðvar eftir dagskrársniði og efnistilhöfðun. Sjónvarpið, Skjár 1 og Stöð 2 teljast hér almennar stöðvar en þær bjóða upp á tiltölulega fjölbreytt efni og dagskrá þeirra er ætlað að höfða til sem flestra.[25] Aðrar stöðvar geta kallast sérefnisstöðvar, en dagskrá þeirra er einsleitari að efni en almennu stöðvanna. Dagskrá sérefnisstöðvanna er ýmist sniðin að áhugamálum tiltölulega afmarkaðs hóps áhorfenda (íþróttir á Sýn, trúmál á Omega og dægurtónlist, skemmtun og afþreying á Popp tíví) eða hefur skýra staðarskírskotun (Aksjón á Akureyri og Fjölsýn í Vestmannaeyjum).

Starfsemi einkareknu stöðvanna, að Omega undanskilinni, er fjármögnuð með sölu auglýsingatíma, kostun og áskriftargjöldum. Rekstur Omega, líkt og kristilegu hljóðvarpsstöðvanna, er kostaður með frjálsum framlögum. Auk tekna af birtingu auglýsinga og kostun nýtur Sjónvarpið lögboðinna afnotagjalda.

3.3.2. Endurvarp erlends sjónvarps

Sjónvarpáhorfendur víðs vegar um landið eiga einnig kost á að ná útsendingum fjölda erlendra sjónvarpsstöðva með áskrift að viðstöðulausu endurvarpi sem sent er út ýmist í loftnet eða um þráð. Útsendingarsvæði endurvarpsstöðvanna takmarkast að mestu við suðvesturhorn landsins (*Breiðvarp* Landssímans og *Fjölvarp* Norðurljósa) eða einstök byggðarlög og þéttbýlissvæði.[26]

Í upphafi árs 2003 sendu átta endurvarpsstöðvar út 51 erlenda sjónvarpsstöð, auk þess sem margar endurvörpuðu einnig merki innlendra sjónvarpsstöðva. Flestar voru stöðvarnar á Breiðvarpinu, eða 41, en að jafnaði sendi hvert endurvarp út 13 stöðvar að meðaltali.[27] Flestar stöðvanna voru á ensku, 34 talsins eða 67%, og norrænar stöðvar voru sjö. Tíu stöðvar voru á öðrum málum, þar af voru fimm á þýsku og tvær á frönsku.

Um 35% heimila eiga kost á að tengjast endurvarpi um þráð og 65–70% heimila geta náð sendingum endurvarps í loftnet af þeim ríflega 100.000 heimilum sem eru í landinu. Áskrifendur að endurvarpi eru vitanlega færri en fjöldi þeirra heimila sem kost eiga á að ná endurvarpi segir til um. Árið 2002 voru áskrifendur að viðstöðulausu endurvarpi hátt í 19.000, eða um fimmta hvert heimili. Þar við bætist að fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva stendur sjónvarpsáhorfendum til boða í áskrift í um gervihnött með þar til gerðum móttökubúnaði. Ætla má að allt að 6% heimila hafi aðgang að útlendu sjónvarpi um gervihnött, ýmist í gegnum eigin móttökubúnað eða sameiginlega móttöku eins og í fjölbýlishúsum.

3.3.3. Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva

Fjölgun sjónvarpsstöðva hefur haft í för með sér að rekstraraðilum hefur fjölgað, en um leið hefur gætt samþjöppunar á eignarhaldi stöðva (sjá töflu 11). Rekstraraðilar sjónvarpsstöðva í einkaeigu eru fimm talsins í dag. Af þeim níu einkareknu sjónvarpsstöðvum sem eru starfræktar um þessar mundir eru fimm í eigu Norðurljósa hf, en þetta eru Bíórásin, Popp

---

[25] Fjölbreytni efnis á Skjá 1 er einhlítari en á hinum tveimur stöðvunum. Stöðin sendir ekki út fréttir, íþróttir, né efni sem sérstaklega er ætlað börnum.

[26] Þetta eru *Fjölsýn* í Vestmannaeyjum, *Kapalvæðing* í Reykjanesbæ, *Sunna* á Selfossi, *Sjónhorn* á Höfn í Hornafirði, *Sjónvarpsfélag Skagastrandar* á Skagaströnd og *Villa vídeó* í Ólafsvík, auk nokkurra annarra smærri kerfa fyrir endurvarp erlends sjónvarps.

[27] Fjöldi útlendra sjónvarpstöðva á Breiðvarpi var 44 í marsmánuði 2004.

tíví, Stöð 2, Stöð 3 og Sýn. Eftir að *Íslenska sjónvarpsfélagið hf.* lagði nýverið niður Skjá 2 sem hóf útsendingar í okóber á sl. ári reka fjórir aðilar eina stöð hver. Auk Íslenska sjónvarpsfélagsins sem rekur Skjá 1, eru þetta *Aksjón ehf.* sem rekur samnefnda stöð á Akureyri, *Eyjasýn ehf.* í Vestmannaeyjum sem starfrækir Fjölsýn og *Kristniboðskirkjan* rekur Omega.[28]

Tveir framantalinna aðila starfrækja einnig viðstöðulaust endurvarp erlends sjónvarps, en það eru Norðurljós hf. með Fjölvarp og Eyjasýn ehf. með Fjölsýn. Aðrir rekstraraðilar endurvarps eru m.a. *Landssími Íslands hf.* sem rekur Breiðvarpið.

Tafla 11. Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva 1986–2003

			Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva				
	Fjöldi stöðva	*Fjöldi rekstraraðila*	*Ein*	*Tvær*	*Þrjár*	*Fjórar*	*Fimm*
1986	1	1	1	–	–	–	–
1990	1	1	1	–	–	–	–
1995	5	4	3	1*	–	–	–
2000	8	5	4	–	–	1**	–
2001	8	5	4	–	–	1**	–
2002	8	5	4	–	–	1**	–
2003	10	5	3	1***	–	–	1****

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin dagskrá á árinu. Íslenska útvarpsfélagið ehf., rekstraraðili Stöðvar 2, og Sýn ehf. sem var rekstraraðili Sýnar þar til nýlega, teljast hér sem einn og sami aðili vegna náinna eignatengsla í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga.

* Stöð 2 og Sýn; ** Stöð 2, Sýn, Bíórásin og Popp tíví; *** Skjár 1 og Skjár 2; **** Stöð 2, Sýn, Bíórásin, Popp tíví og Stöð 3.

Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.


3.3.4. Dagskrárframboð sjónvarps

Útsendingartími

Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva. Á mynd 11 er sýndur árlegur útsendingartími sjónvarps 1987–2003 eftir nokkrum flokkum stöðva. Frá 1987, fyrsta heila starfsári Stöðvar 2, nífaldaðist samanlagður árlegur útsendingartími, eða úr ríflega 5.800 klukkustundum í tæpar 53.700 stundir. Þar af sendu einkareknar stöðvar út yfir níu af hverjum tíu klukkustundum. Útsendingartími þeirra fjögurra stöðva sem sendu út á landsvísu var ríflega 24.000 stundir árið 2002, eða um 45% af heildarútsendingartíma allra stöðvanna.

[28] Síðan 2003 hefur Kristniboðskirkjan einnig sent út viðstöðulaust sjónvarp um gervihnött á sérstakri stöð er nefnist *Gospel Channel Europe.* Merki stöðvarinnar næst víðast hvar innan Evrópu.

Mynd 11. Útsendingartími sjónvarps 1987–2003



Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Tafla 12 sýnir útsendingartíma og útsendingardaga sjónvarpsstöðva starfræktar árið 2003. Allar stöðvarnar sendu út sjö daga vikunnar, nema Fjölsýn sem sendi út þrjá daga í viku að jafnaði. Meira en helmingur stöðvanna sendi út allan sólarhringinn eða fast að því. Útsendingartími staðarsjónvarpsstöðvanna er langtum mun takmarkaðri en annarra stöðva.

Tafla 12. Útsendingartími sjónvarpsstöðva 2003


	*Útsendar klst. í viku að jafnaði**	*Útsendar klst. á dag að jafnaði**	*Útsendingardagar í viku að jafnaði**
Ríkisútvarpið			
Sjónvarpið	74	11	7
Einkareknar stöðvar			
Aksjón	7	1	7
Bíórásin	168	24	7
Fjölsýn**	9	3	3
Ómega	168	24	7
Popp tíví	168	24	7
Skjár 1	168	24	7
Skjár 2***	168	24	7
Stöð 2	143	20	7
Stöð 3	31	4	7
Sýn	72	10	7

* Miðað er við þá daga sem útsendingar stóðu yfir.
** Áætlaður útsendingartími.
*** Útsendingar Skjás 2 lögðust af 11. janúar 2004.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Aukinn fjöldi útsendra stunda stafar að hluta til af lengdum daglegum útsendingartíma flestra stöðva. Lenging útsendingartímans hefur leitt til þess að hlutfall endursýninga af útsendri dagskrá hefur stórlega aukist á undanförnum árum. Lætur nærri að sex af hverjum tíu dagskrártímum stöðvanna sé endursýnt efni.

Mynd 12 sýnir hlutfallslega skiptingu milli frumsýnds og endursýnds efnis árið 2003 af dagskrá stöðva sem senda út á landsvísu. Hlutfall endursýnds efnis af útsendri dagskrá er umtalsvert lægra í Sjónvarpinu en á hinum stöðvunum þótt endursýningum hafi fjölgað á allra síðustu árum samfara lengingu daglegs útsendingartíma stöðvarinnar. Ekki er allskostar sanngjarnt að leggja að jöfnu hlutfall endursýninga í Sjónvarpinu og stöðva sem senda út allan sólarhringinn eða fast að því. Engu að síður voru frumsýndar stundir fleiri í Sjónvarpinu en á dagskrá hinna stöðvanna hverrar um sig.[29]

Mynd 12. Frumsýningar og endursýningar sem hlutfall af dagskrá sjónvarps á landsvísu 2003, %



Skýring: Hlutfall af útsendum stundum á árinu að frátöldum auglýsingum, uppfyllingum og dagskrárkynningum.
* Hlutfall frumsýnds og endursýnds efnis af dagskrá að frátalinni ókynntri tónlist. Skipting frumsýnds og endursýnds efnis á Skjá 1 vísar til ársins 2002.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Hlutfall endursýninga á staðarstöðvunum var frá því að vera hverfandi á Fjölsýn í um helmingur af útsendingartíma Aksjónar. Dagskrá sérefnisstöðvanna Bíórásarinnar og Omega samanstendur að stórum hluta af endursýningum. Á síðast ári voru á Popp tíví um fjórar af hverjum tíu dagskrárstundum frumsýnt efni, að ókynntri tónlist frátalinni.

Dagskrárefni

Ríkisútvarpinu eru samkvæmt lögum lagðar á herðar ríkari skyldur varðandi dagskrá en einkareknum útvarpsstöðvum. Þetta endurspeglast að nokkru í mismunandi efni og dagskrársamsetningu Sjónvarpsins og einkareknu stöðvanna.

Tafla 13 sýnir árlega dagskrá stöðva sem senda út á landsvísu skipt eftir nokkrum meginflokkum efnis árið 2002.[30] Sjónvarpið og Stöð 2 senda hlutfallslega meira út af efni sem gróf-

---

29 Sjónvarpið sendi út 2.646 klukkustundir af frumsýndu efni árið 2003 samanborið við 2.306 stundir á Stöð 2 og um 970 stundir á Sýn. Upplýsingar um skiptingu frumsýnds og endursýnds efnis á Skjá 1 árið 2003 eru ekki fyrirliggjandi, en 2002 sýndi stöðin 1.317 stundir af frumsýndu efni.

30 Skilgreining dagskrárefnis er með nokkuð ólíkum hætti milli sjónvarpsstöðvanna. Því er hér um nálgaða skiptingu efnis að ræða.

lega má flokka til upplýsingar og menningar. Hlutfall þessa efnisflokks er talsvert hærra í Sjónvarpinu en á Stöð 2 þótt útsendir tímar séu talsvert fleiri á síðarnefndu stöðinni. Svipaða sögu er að segja um efni sem sérstaklega er ætlað börnum og unglingum, en útsendingartímar þessa efnisflokks eru tæplega helmingi fleiri á Stöð 2 en í Sjónvarpinu. Hlutur leikins efnis og skemmtiefnis er hæst á Stöð 2. Sýn sker sig frá hinum stöðvunum hvað varðar hátt hlutfall íþrótta. Svipað er að segja um Skjá 1 varðandi hlut tónlistar, en næturdagskrá stöðvarinnar og útsendingar fyrri hluta dags samanstanda af tónlistarmyndböndum. Að öðru leyti samanstendur dagskrá Skjás 1 nær eingöngu af leiknu efni og skemmti- og lífsstílsþáttum.

Tafla 13. Dagskrá sjónvarpsstöðva sem senda út á landsvísu eftir meginflokkum efnis 2002

	*Upplýsing og menning**	*Leikið efni og skemmtiefni*	*Tónlist*	*Íþróttir*	*Börn og unglingar*	*Annað***	*Alls*
Stundir á ári							
Sjónvarpið	1.070	1.316	50	544	486	383	3.850
Skjár 1	70	3.249	4.884	–	–	541	8.744
Stöð 2	1.389	4.136	92	305	814	569	7.304
Sýn	145	1.461	34	1.619	30	385	3.674
Hlutfallsleg skipting, %							
Sjónvarpið	28	34	1	14	13	10	100
Skjár 1	1	37	56	–	–	6	100
Stöð 2	19	57	1	4	11	8	100
Sýn	4	40	1	44	1	10	100

Skýringar: Fyrir skilgreiningu á efnisflokkum sjá Fjölmiðlun og menningu 2003, 2003: 264–68. Nálgaðar tölur fyrir efnisskiptingu á Stöð 2 og Sýn að hluta. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* M.a. fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir.
** Auglýsingar, uppfyllingar, dagskrárkynningar, stúfar og óflokkað efni.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Uppistaða dagskrár staðarsjónvarpsstöðvanna eru staðarfréttir og umræða ásamt leiknu efni (á Aksjón) og íþróttaviðburðum (á Fjölsýn). Dagskrá Bíórásarinnar samanstendur nær eingöngu af leiknu efni, dagskrá Popp tíví af skemmtiefni og tónlist og Omega af trúarlegu efni í tali og tónum.

Uppruni dagskrár

Allar götur frá því að sjónvarp innlendra aðila hófst árið 1966 hefur eitt helsta einkenni þess verið óvenjuhátt hlutfall erlends efnis af útsendri dagskrá. Fullyrða má að sjónvarpið hafi veitt „erlendum menningarstraumum inn í þjóðlífið af slíkum þunga að naumast verður jafnað til nokkurs sem á undan er gengið“ (Þorbjörn Broddason, 2002: 42). Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp í gegnum árin þráfaldlega vermt svo gott sem botnsætið hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá og gildir þá einu hvort um er að ræða samanburð á efni stöðva í almannaþjónustu eða einkarekinna stöðva (sjá t.d. De Bens, Kelly og Bakke, 1992; Nordenstreng og Varis, 1974; NORDICOM, 2001; Sepstrup, 1989; Varis 1985).

Ef aðeins er miðað við uppruna leikins efnis er samanburðinn jafnvel enn óhagstæðari fyrir íslenskt sjónvarp (De Bens og de Smaele, 2001; EAO, 2003; NORDICOM, 2001). Ástæða þessa er auðvitað sú að framleiðsla leikins efnis er kostnaðarsöm og regluleg framleiðsla slíks efnis ofviða íslensku sjónvarpi. Innlend dagskrárgerð hefur mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði og framleiðslu efnis sem ekki er eins frekt á mannafla og fjármuni og leikið efni og krefst ekki umtalsverðrar for- og eftirvinnslu, svo

sem viðtals- og skemmtiþætti hvers konar, gestakomur í sjónvarpssal og upptökur og beinar útsendingar, svo sem frá íþróttakeppnum og kappleikjum.

Undanfarin ár hefur framboð innlends efnis í sjónvarpi margfaldast með fjölgun stöðva og samkeppni þeirra á milli um áhorfendur og auglýsendur. Fjölmiðlakannanir hafa í gegnum árin sýnt að íslenskir áhorfendur taka íslensku efni með þökkum og hefur innlent efni þráfaldlega notið óskoraðra vinsælda á meðal áhorfenda (Félagsvísindastofnun, 1992–1998; ÍM Gallup, 1999–2003). Tafla 14 tilgreinir skiptingu innlends og erlends efnis á sjónvarpsstöðvum sem sendu út á landsvísu á árabilinu 1987–2002. Árið 2002 stóðu um 4.900 klukkustundir af innlendu efni sjónvarpsáhorfendum til boða á þeim fjórum stöðvum sem sendu út á landsvísu samanboðið við innan við 700 stundir árið 1987 á meðan Sjónvarpið var eina stöðin sem sendi út á landsvísu.


Tafla 14. Innlent og erlent efni sjónvarps á landsvísu 1987–2002

	Stöðvar sem sendu út landsvísu	*Stundir á ári*			*Hlutfallsleg skipting, %*	
		Alls	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
1987	1	1.768	668	1.100	38	62
1990	1	2.483	817	1.666	33	67
1995	2	7.357	1.824	5.533	25	75
2000	3	12.770	3.548	9.222	28	72
2001	4	15.145	4.052	11.093	27	73
2002	4	16.803	4.858	11.945	29	71

Skýring: Útsendar stundir á ári að frádregnum auglýsingum, fjarsöluþáttum, uppfyllingu og dagskrárkynningum.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Þrátt fyrir að íslenskri dagskrárgerð hafi vaxið nokkuð fiskur um hrygg á síðustu árum hefur aukningin ekki haldið í við lengingu heildarútsendingartímans (sjá mynd 13). Á 15 ára tímabili, 1987–2002, hefur dagskrárframboð innlends efnis í sjónvarpi á landsvísu sexfaldast á sama tíma og erlent efni hefur nær tífaldast að vöxtum.

Mynd 13. Vísitala innlends og erlends efnis í sjónvarpi á landsvísu 1987–2002 (1987=100)



Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Á síðustu árum hefur framboð innlends efnis í tímum talið aukist umtalsvert á öllum stöðvum. Reyndar hefur dregið úr framboði innlends efnis Skjás 1 upp á síðkastið. Tafla 15 sýnir skiptingu dagskrár eftir uppruna árið 2002 á stöðvum sem sendu út á landsvísu. Ef litið er til einstakra stöðva sendi Stöð 2 út nokkru fleiri tíma af innlendu efni en Sjónvarpið, en þar vegur morgunsjónvarp stöðvarinnar, „Ísland í bítið", langsamlega þyngst af einstökum innlendum dagskrárlið stöðvarinnar. Sökum styttri útsendingartíma er hlutfall innlends efnis hærra hjá Sjónvarpinu, eða 41% á móti 25% á Stöð 2. Vægi innlends efnis á Skjá 1 og Sýn er talsvert lægra en á dagskrá hinna stöðvanna.[31]

Tafla 15. Uppruni efnis í sjónvarpi á landsvísu 2002

	Innlent	*Erlent*	*Norrænt*	*Breskt*	*Evrópskt, annað*	*Banda-rískt*	*Önnur lönd og heims-svæði*	*Fjölþjóð-legt og óskilgreint*	*Alls*
Stundir á ári									
Sjónvarpið	1.415	2.044	82	354	175	917	125	390	3.460
Skjár 1*	797	2.522	–	100	–	2.422	–	–	3.319
Stöð 2	1.661	5.074	80	657	288	3.409	327	313	6.735
Sýn	984	2.305	30	544	174	1.162	94	302	3.289
Hlutfallsleg skipting, %									
Sjónvarpið	41	59	2	10	5	27	4	11	100
Skjár 1*	24	76	–	3	–	73	–	–	100
Stöð 2	25	75	1	10	4	51	5	4	100
Sýn	30	70	1	17	5	35	3	9	100

Skýringar: Útsendar stundir á ári að frádregnum auglýsingum, fjarsöluþáttum, uppfyllingu og dagskrárkynningum. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Að frádreginni tónlist.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Síðan innlent sjónvarp var innleitt fyrir hartnær fjórum áratugum síðan hefur bandarískt efni ávallt skipað háan sess í dagskránni. Frá einstökum löndum er breskt efni næst fyrirferðarmest. Efni frá öðrum löndum og heimssvæðum er hverfandi á dagskrá allra stöðvanna, þ.m.t. frá Norðurlöndunum. Skjár 1 hefur nokkra sérstöðu hvað þetta varðar, en nærfellt allt erlent efni er bandarískt. Athyglisvert er að uppruni erlends efnis hjá Sjónvarpinu er keimlíkur og á hinum tveimur stöðvunum, Stöð 2 og Sýn (um uppruna sjónvarpsefnis á landsstöðvunum, sjá nánar hjá Ragnari Karlssyni o.fl., 2000).

Bandarískt efni skipar enn hærri sess í dagskrá annarra stöðva, Aksjónar, Omega og Popp tíví. Sama á við um Stöð 3. Efni frá öðrum löndum er hverfandi á dagskrá allra þeirra.

Dagskráráherslur

Upplýsingar um fjölda útsendra stunda eftir efni og uppruna gefa ekki tilefni til bollaleggingar um gæði dagskrár stöðvanna, eða hvert framlag þeirra er til upplýstrar samfélagslegrar umræðu og almennrar menningarlegrar þróunar eins og kveðið er á um í útvarpslögum að stöðvarnar skuli stuðla að. Samanburður á dagskrá stöðvanna sýnir ljóslega að dagskráráherslur þeirra eru ólíkar.

Mismunandi dagskráráherslum þeirra stöðva sem senda út á landsvísu má lýsa eins og gert er í töflu 16.

---

[31] Þátturinn er sendur daglega út frá 6.58 til 9.00 á morgnana virka daga og endursýndur síðar að morgni sama dags.

Tafla 16. Dagskráráherslur sjónvarpsstöðva sem senda út á landsvísu

	Sjónvarpið	*Skjár 1*	*Stöð 2*	*Sýn*
Upplýsing	++	–	++	–
Afþreying	+++	+++	+++	++
Íþróttir	++	–	–	+++
Börn og unglingar	++	–	++	–
Innlent efni	++	+	++	–

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár eftir efni stöðvanna. Tákn merkja: – engin eða hverfandi lítil áhersla; + nokkur áhersla; ++ talsverð áhersla; +++ rík áhersla.

Sjónvarpið og Stöð 2 skera sig nokkuð frá hinum stöðvunum hvað snertir áherslu á efni sem flokkast getur undir upplýsingu og afþreyingu. Báðar stöðvar leggja svipaða áherslu á sýningar á efni fyrir börn og innlendu efni. Í lögum er skýrt kveðið skýrt á um að Ríkisútvarpið skuli veita sem fjölbreyttasta dagskrá til fræðslu og skemmtunar, hvort heldur er í hljóðvarpi eða sjónvarpi (*Lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, 3. gr.*).

Jafnvel þótt ekki sé kveðið sérstaklega á í lögum um efni einkastöðva hefur Stöð 2 alla tíð lagt áherslu á upplýsingu, efni fyrir börn og innlenda dagskrá (sjá t.d. um þetta í Ragnari Karlssyni o.fl., 2000: 136). Reyndar hefur fréttatími stöðvarinnar verið flaggskip hennar frá upphafi eins og sést ekki hvað síst á því að þetta hefur verið sá einstaki dagskrárliður stöðvarinnar sem mest hefur verið horft á í gegnum árin (Félagsvísindastofnun, 1991–1998; ÍM Gallup, 1999–2003).

Skjár 1 leggur mesta áherslu á afþreyingarefni og að nokkru á innlent efni þótt þess gæti minna á dagskrá stöðvarinnar nú en áður. Dagskráráhersla Sýnar er alfarið á íþróttir ásamt afþreyingu. Efnisframboð annarra stöðva er miklum mun takmarkaðra en stöðva sem senda út á landsvísu.

3.3.5. Markaðshlutdeild sjónvarpsstöðva

Sjónvarp er sá fjölmiðill sem flestir notfæra sér daglega. Ríflega níu af hverjum tíu einstaklingum á aldrinum 12–80 ára horfa eitthvað á sjónvarp á degi hverjum, eða nokkru fleiri en hlusta á daglega á hljóðvarp eða glugga í dagblöð. Þrátt fyrir stóraukið framboð sjónvarpsefnis og fjölgun sjónvarpsstöðva hefur áhorf aðeins aukist lítillega síðustu árin. Einstaklingar á aldrinum 12–80 ára verja daglega að meðaltali ríflega tveimur og hálfri klukkustund fyrir framan sjónvarpið (152 mínútur í október 2003). Þetta er álíka mikill tími og mælist á meðal Norðurlandabúa og víða í Vestur-Evrópu, en talsvert minni en algengt er víðast í Austur- og Suður-Evrópu, sem og í Bandaríkjunum og Japan (IP, 2003: 26).[32]


Samkvæmt fjölmiðlakönnun ÍM Gallup viku í október 2003 horfðu daglega að jafnaði 68% fólks á aldrinum 12–80 ára á Sjónvarpið, á Stöð 2 44%, á Skjá 1 37%, á Popp tíví 7% og á Sýn 7%. Uppsafnað áhorf yfir könnunarvikuna var 96% á Sjónvarpið, á Stöð 2 73%, litlu færri horfðu á Skjá 1, eða 72%, á Sýn horfðu 21% og 20% sáu Popp tíví. Ekki er kunnugt um áhorf á aðrar stöðvar.

Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins til sjónvarpsútsendinga var afnuminn og fram undir síðustu ár hefur sjónvarpsmarkaðurinn skipst upp á milli Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Mynd

[32] Varnagla verður að slá við slíkum samanburði vegna ólíkra aðferða við mælingar á fjölmiðlanotkun. Áhorf hefur tilhneigingu til að mælast talsvert hærri í dagbókarkönnunum eins og framkvæmdar eru hér á landi en með viðstöðulausri rafrænni mælingu (á ensku sk. Peoples Meter eða 24 hour recall system) sem er við lýði víðast hvar í nágrannalöndunum (sjá t.d. Menneer, 1995 og Nordström, 1995).

14 sýnir áhorf á sjónvarpsstöðvar 1993–2003 sem hlutfall af þeim tíma sem sjónvarpsáhorfendur vörðu við að horfa á sjónvarp í viku.[33]

Mynd 14. Hlutdeild sjónvarpsstöðva í heildaráhorfi 1993–2003, %



Skýring: Aðrar stöðvar: Stöð 3 1995–1997; Sýn 1996–2003 og Popp tíví 2000–2003.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998, og ÍM Gallup, 1999–2003.

Samfara fjölgun sjónvarpsstöðva hefur dregið jafnt og þétt úr samanlagðri hlutdeild Sjónvarpsins og Stöðvar 2 í áhorfi[34], eða frá því að vera að jafnaði vel yfir 80% um miðbik síðasta áratugar og niður í ríflega 73% í október 2003. Hlutdeild Sjónvarpsins lækkaði úr 59% í nóvember 1993 í 43% í október 2003. Á sama tíma lækkaði áhorf á Stöð 2 úr 40% niður í 29%.


Tilkoma Skjás 1 hefur raskað því tvíveldi sem ríkti á sjónvarpsmarkaði milli Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Á skömmum tíma hefur Skjár 1 orðið þriðja stærsta stöðin og siglir nú fast á hæla Stöðvar 2 hvað áhorf varðar. Frá því í október 1999 og þar til í sama mánuði í fyrra jókst hlutdeild stöðvarinnar í áhorfi úr 2% í 21%. Mun minna er horft á aðrar stöðvar, Popp tíví og Sýn. Samanlögð hlutdeild þessara stöðva reyndist sjö af hundraði í október í fyrra (um þróun á áhorfi sjónvarpsstöðva sjá nánar hjá Þorbirni Broddasyni og Ragnari Karlssyni, 2004).

Séu þessar niðurstöður heimfærðar upp á rekstraraðila, eins og sýnt er á mynd 15, sést greinilega hvernig tilkoma Skjás 1 hefur breytt því tvíveldi sem lengi vel ríkti á markaði milli Sjónvarps Ríkisútvarpsins og stöðva Norðurljósa og fyrirrennara þess, Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar hf. Samfara vexti og viðgangi Skjás 1, sem er í eigu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., hefur dregið jafnt og þétt úr áhorfi á stöðvar Norðurljósa. Á sama tíma hefur áhorf á Sjónvarpið staðið í stað. Í október í fyrra var samanlögð hlutdeild stöðva Norðurljósa

[33] Aðeins hlutfall af áhorfi á þær stöðvar sem spurt var í könnun, en ekki allt sjónvarpsáhorf.
[34] Þ.e. hlutfall af samanlögðum tíma sem sjónvarpsnotendur verja fyrir framan sjónvarpið að jafnaði á dag í könnunarviku.

(Stöð 2, Sýn og Popp tíví) 37% á móti 54% í október 1999 (Stöð 2 og Sýn). Hlutdeild Sjónvarpsins var óbreytt milli ára, eða 43%.


Mynd 15. Hlutdeild rekstraraðila sjónvarps í heildaráhorfi 1993–2003, %



Skýringar: Sjónvarpið = Ríkisútvarpið; Norðurljós = Stöð 2, ásamt Stöð2+ í október 2003, Sýn og Popp tíví; Íslenska sjónvarpsfélagið = Skjár 1.
* Norðurljós og fyrrirennarar þess, Íslenska útvarpsfélagið hf. og Sýn ehf.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998, og ÍM Gallup, 1999–2003.

Stóraukið framboð sjónvarpsefnis samfara fjölgun sjónvarpsstöðva á undanförnum árum hefur aðeins að óverulegu leyti dregið úr hlutdeild Sjónvarpsins í áhorfi gagnvart einkastöðvunum (sjá mynd 16). Allan tíunda áratuginn lækkaði hlutdeild Sjónvarpsins jafnt og þétt, en undanfarin ár hefur hún að mestu haldist óbreytt. Samanlögð hlutdeild einkastöðvanna árið 1993 var 41% en í október 2003 var hún 57%.

Mynd 16. Hlutdeild Sjónvarpsins og einkarekinna stöðva í heildaráhorfi 1993–2003, %



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998, og ÍM Gallup, 1999–2003.

Í samanburði við það sem almennt gerist í löndum Evrópu og víðar í iðnríkjunum er hlutdeild stöðva með mest áhorf tiltölulega hátt hér á landi, eins og lesa má út úr töflu 17.[35] Að hluta til má rekja þetta til þess að fjöldi stöðva er minni hér en almennt gerist í fjölmennari löndum. Hlutdeild stöðvar með mest áhorf og þeirra tveggja stöðva sem mælast með mest áhorf reyndist árið 2002 aðeins hærri í þremur ríkjum en á Íslandi. Hlutdeild sjónvarps í opinberri eigu annars vegar, og samanlögð hlutdeild einkarekinna stöðva hins vegar, mælist nálægt meðaltali Evrópulandanna og er að mestu sambærileg við það sem gerist í mörgum nágrannalandanna.

Tafla 17. Sjónvarp í Evrópu 2002 – hlutdeild í áhorfi

	Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einkarekinna stöðva, %*
Austurríki	32	54	54	46
Belgía (flæmski hlutinn)	27	53	36	64
Belgía (vallónski hlutinn)	23	42	21	79
Bretland	27	52	49	51
Danmörk	36	64	71	29
Finnland	37	61	45	55
Frakkland	32	54	43	56
Grikkland	22	42	13	87
Holland	18	34	37	63
Írland	29	42	44	56
Ísland	41	71	41	59
Ítalía	24	47	47	53
Lúxemborg	13	24	13	87
Noregur	39	71	42	58

[35] Ákveðinn varnagla verður að setja við þennan samanburð vegna mismunandi aðferða við að mæla sjónvarpsáhorf. – Sjá nmgr. 32.

	Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einkarekinna stöðva, %*
Portúgal	31	62	28	72
Spánn	25	46	33	67
Sviss (þýskumælandi hlutinn)	26	34	34	66
Sviss (frönskumælandi hlutinn)	26	43	30	70
Sviss (ítölskumælandi hlutinn)	24	38	29	71
Svíþjóð	26	52	43	57
Þýskaland	15	29	43	57
Búlgaría	36	72	36	64
Eistland	20	40	20	80
Hvíta-Rússland	53	72	67	33
Króatía	58	79	90	10
Lettland	23	38	19	81
Litháen	24	46	13	87
Makedónía	25	50	32	68
Pólland	26	47	48	52
Rúmenía	34	50	39	61
Rússland	30	50	53	47
Serbía og Svartfjallaland	22	43	36	64
Slóvakía	41	60	26	74
Slóvenía	29	53	35	65
Tékkland	44	66	30	70
Tyrkland	15	30	7	93
Ungverjaland	31	62	19	81
Úkranía	24	46	4	96
Evrópa, meðaltal	29	51	36	64
Vestur-Evrópa, meðaltal	26	48	38	62
Mið- og Austur-Evrópa, meðaltal	32	53	34	66
Evrópa, miðgildi	27	50	36	64
Japan	22	39	20	80
Bandaríkin	12	24	< 3	>97

Skýring: Meðaltal = óvegið meðaltal.
Heimild: IP (2003).

3.4. Tekjur fjölmiðlamarkaða

Fréttablöð

Tekjur af blaðaútgáfu hafa dregist nokkuð saman á síðustu árum sem rekja má jöfnum höndum til samdráttar í sölu og auglýsingatekjum. Samanlagðar tekjur af blaðsölu og auglýsingum dagblaða og vikublaða námu 4.495 milljónum króna árið 2002, og höfðu þá lækkað úr 5.208 milljónum króna síðan 2000, eða um 14 af hundraði, reiknað á verðlagi ársins 2003 (sjá töflu 18).

Tafla 18. Tekjur dagblaða og vikublaða 1990–2002

	1990	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*
Millj. kr.					
Tekjur, alls	...	4.050	5.208	4.730	4.495
Dagblöð	3.924	3.592	4.699	4.273	4.005
Önnur fréttablöð	...	459	509	457	490
Sala	...	1.907	1.935	1.864	1.708
Dagblöð	1.930	1.695	1.757	1.710	1.579
Önnur fréttablöð	...	212	178	154	130
Auglýsingar	...	2.143	3.273	2.866	2.787
Dagblöð	1.994	1.897	2.942	2.563	2.426
Önnur fréttablöð	...	246	331	303	360

	1990	1995	2000	2001	2002
Hlutfallsleg skipting, %					
Tekjur, alls					
Dagblöð	...	89	90	90	89
Önnur fréttablöð	...	11	10	10	11
Sala					
Dagblöð	...	89	91	92	92
Önnur fréttablöð	...	11	9	8	8
Auglýsingar	...				
Dagblöð	...	89	90	89	87
Önnur fréttablöð	...	11	10	11	13

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2003. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.


Langsamlega mestur hluti tekna af blaðaútgáfu rennur til dagblaðanna. Hlutur dagblaða í tekjum blaðaútgáfunnar hefur að mestu staðið í stað, eða verið nálægt 90 af hundraði af heildartekjum.

Hljóðvarp

Frá því að einkarekstur hljóðvarpsstöðva var heimilaður hafa tekjur af hljóðvarpsstarfsemi aukist umtalsvert. Reyndar hefur nokkurs samdráttar gætt á þessum markaði frá árinu 2000 og tekjur hljóðvarps hafa lækkað að raunvirði. Hljóðvarpstekjur, þ.e. auglýsingar og kostun, ásamt afnotagjöldum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps, jukust um 38% milli áranna 1986–2002, eða úr rúmum milljarði króna í tæpar 1.500 milljónir króna, reiknað á verðlagi ársins 2003. Þar af vó þyngst tekjuaukning Ríkisútvarpsins, hljóðvarps í afnotagjöldum, en afnotagjöld nær tvöfölduðust á árabilinu. Á sama tíma hækkuðu auglýsingatekjur hljóðvarps aðeins um níu af hundraði. Hljóðvarpstekjur einkarekinna stöðva samanstanda einungis af auglýsingum og kostun.

Hlutdeild hljóðvarpstekna Ríkisútvarpsins sem hlutfall af tekjum hljóðvarpsstöðva á árabilinu 1986–2002 er sýnd á mynd 17. Frá 1986 að telja og fram undir allra síðustu ár hefur eðlilega dregið úr hlutdeild Ríkisútvarpsins á þessum markaði.

Mynd 17. Tekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarpsstöðva 1986–2002, %



* Ásamt afnotagjöldum.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Frekari samanburður á tekjum hljóðvarps í einkaeigu og Ríkisútvarpsins á árabilinu 1990–2002 er sýndur í töflu 19. Árið 1990 námu tekjur af hljóðvarpsstarfsemi 1.234 milljónum króna samanborið við 1.494 milljónir króna árið 2002. Allan tíunda áratuginn dró nánast jafnt og þétt úr hlutdeild Ríkisútvarpsins á þessum markaði, hvort heldur er miðað við hljóðvarpstekjur í heild eða einungis tekjur af auglýsingum og kostun.

Tafla 19. Tekjur hljóðvarps 1990–2002

	1990	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*
Millj. kr.					
Tekjur, alls	1.234	1.227	1.625	1.567	1.494
Einkareknar stöðvar	193	261	551	513	414
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	1.041	966	1.074	1.055	1.080
Afnotagjöld RÚV*	658	610	667	681	707
Auglýsingar/kostun, alls*	575	617	958	887	786
Einkareknar stöðvar	193	261	551	513	414
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	383	356	407	374	372
Hlutfallsleg skipting, %					
Tekjur, alls					
Einkareknar stöðvar	16	21	34	33	28
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	84	79	66	67	72
Auglýsingar/kostun, alls*					
Einkareknar stöðvar	34	42	58	58	53
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	66	58	42	42	47

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2003. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árin 1990 og 1995.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Síðustu ár hefur Ríkisútvarpið aukið hlutdeild sína á þessum markaði á kostnað einkarekinna stöðva. Árið 2000 var hlutur einkarekinna stöðva í heildartekjum hljóðvarps kominn í 34% úr 16% árið 1990. Hlutdeild þeirra í tekjum af auglýsingum og kostun hækkaði úr 34% árið 1990 í 58% til ársins 2000. Síðan hefur hlutur einkastöðva lækkað talsvert. Árið 2002 báru einkastöðvar 28% úr býtum af heildartekjum hljóðvarps og 53% af auglýsingum og kostun.

Sjónvarp

Sjónvarpsmarkaðurinn hér á landi velti tæpum sex milljörðum króna árið 2002, hér mælt í samanlögðum tekjum af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun. Lætur nærri að tekjur sjónvarps séu um það bil fjórfaldar á við tekjur hljóðvarps, og u.þ.b. fimmtungi hærri en samanlagðar tekjur af útgáfu dagblaða og vikublaða. Frá því að einkarekstur sjónvarps hófst árið 1986 og til og með árinu 2002 hafa tekjur sjónvarps að meðtöldu endurvarpi meira en þrefaldast, eða farið úr tæpum 1.500 milljónum króna í 5.740 milljónir króna, reiknað á verðlagi ársins 2003. Nokkuð hefur hægt á þessum vexti á síðari árum, en frá 1990 til 2002 jukust tekjur sjónvarps um 70%. Milli 2001 og 2002 varð lítils háttar samdráttur í tekjum, líkt og í öðrum greinum fjölmiðlunar, sem rekja má að stórum hluta til samdráttar í auglýsingatekjum fjölmiðla samfara almennum slaka í efnahagslífinu.

Yfirlit yfir þróun sjónvarpstekna árin 1990–2002 er að finna í töflu 20. Tekjuaukningin á tímabilinu hefur einkum orðið í áskriftartekjum einkasjónvarpsstöðva, en þær hafa ríflega tvöfaldast á árabilinu á meðan afnotagjöld Sjónvarps hafa aðeins lítillega hækkað. Áskriftir og afnotagjöld eru um 73% af tekjum sjónvarps, þar af um 72% af tekjum einkastöðva og um 75% af tekjum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Tekjur einkastöðva af auglýsingum og kostun

u.þ.b. fjórfölduðust frá 1990 til 2002 á sama tíma og um lítils háttar tekjuaukningu var að ræða hjá Sjónvarpinu.

Tafla 20. Tekjur sjónvarps 1990–2002


	1990	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*
Millj. kr.					
Tekjur, alls	3.347	3.599	5.551	6.158	5.740
Einkareknar stöðvar	1.639	1.944	3.652	4.327	3.866
Ríkisútvarpið, sjónvarp	1.709	1.655	1.899	1.831	1.875
Afnotagjöld/áskriftir, alls	2.686	2.820	3.777	4.180	4.219
Einkareknar stöðvar	1.370	1.600	2.444	2.819	2.804
Ríkisútvarpið, sjónvarp	1.316	1.220	1.333	1.361	1.416
Auglýsingar/kostun, alls	661	779	1.774	1.978	1.521
Einkareknar stöðvar*	269	344	1.208	1.508	1.062
Ríkisútvarpið, sjónvarp	392	435	565	470	459
Hlutfallsleg skipting, %					
Tekjur, alls					
Einkareknar stöðvar	49	54	66	70	67
Ríkisútvarpið, sjónvarp	51	46	34	30	33
Afnotagjöld/áskriftir, alls					
Einkareknar stöðvar	51	57	65	67	66
Ríkisútvarpið, sjónvarp	49	43	35	33	34
Auglýsingar/kostun, alls					
Einkareknar stöðvar*	41	44	68	76	70
Ríkisútvarpið, sjónvarp	59	56	32	24	30

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2003, ásamt tekjum endurvarps. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árin 1990 og 1995.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

Árið 2002 námu tekjur einkarekinna stöðva 67% af heildartekjum sjónvarps samanborið við tæplega helming teknanna árið 1990. Hlutdeild einkastöðvanna í tekjum af afnotagjöldum/áskriftum nam 66% árið 2002 samanborið við 51% árið 1990 og 70% tekna af auglýsingum og kostun sjónvarps árið 2002 féll í hlut einkastöðvanna samanborið við 41% árið 1990. Hlutdeild einkarekinna stöðva í tekjum af sjónvarpsstarfsemi jókst samfellt fram til ársins 2001. Síðan hafa þær dregist lítillega saman. Milli 2001 og 2002 lækkaði hlutdeild einkastöðvanna í heildartekjum úr 70% í 67% sem rekja má að miklu leyti til samdráttar í tekjum af auglýsingum og kostun.

Hlutfallsleg skipting tekna einkarekinna sjónvarpsstöðva og Sjónvarps Ríkisútvarpsins sýnd yfir lengra tímabil í mynd 18, eða á árabilinu 1986–2002. Líkt og myndin ber með sér juku einkareknu stöðvarnar hlut sinn nær samfellt fram til ársins 2002.

Mynd 18. Tekjur Ríkisútvarpsins, sjónvarps sem hlutfall af heildartekjum sjónvarpsstöðva 1986–2002, %



Skýring: Ásamt tekjum af viðstöðulausu endurvarpi sjónvarps.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003, og áður óbirtar upplýsingar.

3.5. Helstu fyrirtæki á sviði fjölmiðlunar: samþjöppun eignarhalds

Samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verður að teljast mikil. Gildir þá einu hvort horft er til eignarhalds eða stöðu einstakra aðila á markaði. Vissulega má rekja þetta að miklu leyti til smæðar íslenska markaðarins, en einnig að einhverju leyti til breytinga á eignarhaldi fjölmiðla. Sama á einnig við um flest svið tengdra markaða og í afþreyingariðnaði, svo sem í tímarita- og bókaútgáfu, útgáfu og dreifingu hljóðrita, og kvikmynda og í dreifingu og sölu tölvuleikja og leikjatölva.

Hér á eftir er lítillega gerð grein fyrir helstu einkaaðilum sem eru í fjölmiðlarekstri um þessar mundir og hvernig eignarhaldi og umsvifum þeirra er háttað. Ekki verða hér gefnar upp tölur um markaðshlutdeild aðila, enda eru upplýsingar þar að lútandi ekki opinberar. Nánari upplýsingar um eignarhald og umsvif fyrirtækja í fjölmiðlun og skyldum rekstri er að finna í viðauka I.

Í töflu 21 er dregin upp mynd sem sýnir hvernig ítökum helstu fyrirtækja í fjölmiðlastarfsemi og skyldum greinum er háttað um þessar mundir. Líkt og yfirlitið ber með sér er aðeins eitt af þessum fyrirtækjum sem hefur ítök á fleiri en tveimur sviðum, auk netmiðlunar, en það eru Norðurljós hf. Fyrirtækið ber ægishjálm yfir aðra aðila hvað rekstrarlegt umfang og veltu viðkemur. Velta Norðurljósa var hátt í tvöföld á við veltu Árvakurs hf. og Ríkisútvarpsins, og nær tólfföld á við veltu Íslenska sjónvarpsfélagsins. Þar við bætist að Norðurljós eru á öllum þeim mörkuðum sem tilgreindir eru í töflu ýmist sem annar stærsti á markaði eða með markaðsráðandi stöðu.

Tafla 21. Ítök helstu fyrirtækja í fjölmiðlun og afþreyingariðnaði

	Velta 2002 í millj. kr.	*Blöð*	*Tíma-rit*	*Hljóð-varp*	*Sjón-varp*	*Kvikmyndir: dreifing, sýningar-hald*	*Myndbönd og diskar: útgáfa, dreifing*	*Tónlist: útgáfa, dreifing*	*Tölvu-leikir: dreifing*	*Net-miðlun**
Norðurljós**	5.510	.	(.)	.	.	.	.	.	.	.
RÚV	2.976			.	.					.
Árvakur	2.899	.	(.)							.
Íslenska sjónvarpsfélagið	476				.					.

Skýring: . táknar starfsemi fyrirtækis í fjölmiðlun og skyldri starfsemi á eigin vegum eða í gegnum dóttur- og hlutdeildarfyrirtæki. (.) táknar minni háttar umsvif og/eða hverfandi lítinn eignarhlut í öðrum félögum í viðkomandi grein fjölmiðlunar/afþreyingariðnaði.

* Upplýsingar eiga við efnisveitur á netinu, svo sem netmiðla og útsendingar hljóðvarps og sjónvarps yfir netið. Netverslanir og vörulistar eru ekki meðtaldir.

** Ásamt dótturfélögum.

*** Fiskifréttir ehf. er dótturfélag Framtíðarsýnar ehf. og eru félögin því talin sem eitt og sama félagið hér.

Heimildir: Frjáls verslun 2003, 8. tbl. (300 stærstu, sérhefti); Ragnar Karlsson 2004; Þorbjörn Broddason og Ragnar Karlsson, 2004.

Hér á eftir skal stuttlega gerð grein fyrir hverju af þeim fyrirtækjum sem tilgreind eru í töflu 21.

Árvakur hf. hefur um áratuga skeið verið útgefandi Morgunblaðsins. Árvakur gefur einnig út *Lesbók Morgunblaðsins* og síðan nýlega *Tímarit Morgunblaðsins,* ásamt öðrum fylgiritum. Félagið starfrækir einnig fréttavefmiðilinn *mbl.is,* sem hefur verið fjölsóttasti vefmiðill landsins frá upphafi samræmdra vefmælinga. Félagið velti 5.510 milljónum króna árið 2002.

Eigendur Árvakurs eru 17 talsins, félög og einstaklingar. Fjórir hluthafar eru með 10% hlut og stærri, en það eru Útgáfufélagið Valtýr ehf. (30,3%) sem er í eigu afkomenda fyrrum ritstjóra blaðsins, Valtýs Stefánssonar, Haraldur Sveinsson (10,0%), Garðar Gíslason ehf. (10,0%) og Johnson ehf. (10,0%). Aðrir hluthafar eiga minni hlut.

Sem stendur á Árvakur hf. ekki hlutdeild í öðrum félögum í fjölmiðlun og skyldum rekstri. Félagið á óverulegan hlut í kerfishugbúnaðarfyrirtækinu *Anza hf.* (0,1%).[36]

Íslenska sjónvarpsfélagið hf. var stofnað 1998. Fyrirtækið rekur nú sjónvarpsstöðina Skjá 1. Velta félagsins var 476 milljónir króna árið 2002. Hluthafar í félaginu eru 43. Helstu eigendur félagsins eru Fjárfestingarfélagið Brattabrú ehf. (23,28%), Mega ehf. (20,74%) og Fjölmiðlafélagið hf. (11,74%). Eignarhlutdeild einstakra annarra hluthafa er innan 10%.

Íslenska sjónvarpsfélagið á ekki beina eignarhlutdeild í öðrum félögum, né er um að ræða að önnur félög í fjölmiðlun og skyldum rekstri eigi hlut í Íslenska sjónvarpsfélaginu. Hins vegar eru eignatengsl milli ýmissa hluthafa félagsins við Framtíðarsýn hf. sem gefur út Viðskiptablaðið og er móðurfélag Fiskifrétta ehf. sem gefur út samnefnt vikublað, í gegnum ýmsa einstaka hluthafa beggja félaga.

Félagið hefur gert ýmsar tilraunir til að hasla sér völl víðar í fjölmiðlun og í afþreyingariðnaði. Um skeið átti og rak félagið Japis ehf., fyrirtæki í hljómplötuútgáfu, innflutning og smásölu, og Kvikmyndafélagið Nýja Bíó ehf., auk þess sem félagið tengdist um tíma rekstri


[36] Árvakur hefur á undanförnum árum haft ýmsa tilburði í frammi til að fjárfesta í öðrum greinum fjölmiðlunar. Félagið var á meðal stofnenda og aðalhluthafa í *Íslenska sjónvarpinu hf.* sem rak áskriftarsjónvarpsstöðina *Stöð 3* frá því í nóvember 1995 og fram í febrúar 1997 er útsendingum var hætt (Guðjón Friðriksson, 2000: 292–93). Nokkru áður hafði Árvakur átt þátt í stofnun *Ísfilm hf.*, ásamt ýmsum öflugum aðilum í atvinnulífi og stjórnkerfi. Félaginu var m.a. ætlað að undirbúa og standa að sjónvarpsrekstri þegar einkaréttur Ríkisútvarpsins til sjónvarps yrði afnuminn. Ekkert varð úr þeim áformum.

SkjáVarps hf., auglýsinga- og skjámiðlun um sjónvarp, og þjónustugátt á netinu, Íslandsneti hf. Í október á sl. ári hóf félagið útsendingar á áskriftarsjónvarpi, Skjá 2, sem sent var út um þráð á Breiðvarpinu. Ekki reyndist rekstrargrundvöllur fyrir stöðinni og var útsendingum því hætt í byrjun þessa árs.

Norðurljós hf. eru langumsvifamesta fyrirtæki á fjölmiðla- og afþreyingarmarkaði hér á landi. Félagið var stofnað 1998 og er í dag móðurfélag fjölmiðlafyrirtækjanna Fréttar ehf., Íslenska útvarpsfélagsins ehf. og Skífunnar ehf. Öll þessi félög eru aflarið í eigu Norðurljósa hf. Að auki eiga Norðurljós 18,7% hlut í Femin ehf., sem m.a. rekur fréttavefinn *visir.is,* og vefsetrið *femin.is.* Velta samstæðunnar á sl. ári var 5.415 milljónir króna.

Norðurljós standa ekki sjálf í fjölmiðlarekstri, heldur óbeint í gegnum lóðrétt og lárétt eignarhald um dótturfélög og hlutdeildarfélög (sjá mynd 19 og viðauka III). Þannig tengist félagið með beinum og óbeinum hætti í gegnum lárétt og lóðrétt eignarhald í dagblaðaútgáfu, prentun, vefmiðlun, blaða- og póstdreifingu, útgáfu, innflutningi og dreifingu hljóðrita, innflutningi, útgáfu og dreifingu myndbanda og mynddiska, dreifingu kvikmynda og rekstri kvikmyndahúsa, innflutningi og dreifingu á tölvuleikjum og leikjatölvum, rekstri hljóðupptökuvera, auk þess sem það rekur fjölmargar smásöluverslanir á sviði afþreyingarmiðla.

Mynd 19. Lárétt og lóðrétt umsvif og eignarhald Norðurljósa hf. í fjölmiðlun og afþreyingariðnaði



Skýring: Einfölduð mynd.

Stærsti einstaki hluthafi í Norðurljósum hf. er Baugur Group hf., með 29,9% hlut. Eignarhlutur Baugs Group hf. er þó stærri, þar sem á félagið hlutdeild í öðrum félögum sem eiga í Norðurljósum (sjá viðauka III). Aðrir sem eiga stærri hlut en 10% eru þessir: Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar hf., (15%), Fons eignarhaldsfélag ehf. (11,6%) og Kaldbakur hf. (11,4%).

Eignatengsl annarra aðila í fjölmiðlun og afþreyingariðnaði í Norðurljósum eru engin, ef frá er talinn hverfandi lítill hlutur Sam-félagsins ehf. upp á 0,0004%.

4. Íslensk löggjöf

Í samræmi við verkefni nefndarinnar er athyglinni í þessu yfirliti um réttarstöðuna á Íslandi einkum beint að þeim ákvæðum íslenskra laga sem mæla fyrir um réttindi og skyldur þeirra sem reka fjölmiðla og reglum sem beint eða óbeint eru til þess fallnar að hafa áhrif á stöðu fjölmiðla á markaði.

4.1. Stjórnarskráin[37]

Nauðsynlegur bakgrunnur þess verkefnis sem nefndinni er falið er 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Eftir þær breytingar sem gerðar voru á henni með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, segir þar:

> Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.
> Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.
> Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðisheföum.

Ákvæði greinarinnar hefur að markmiði að standa vörð um skoðana- og tjáningarfrelsi í landinu. Ágreiningslaust er að skoðana- og tjáningarfrelsi er ein af nauðsynlegum undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Í eldra stjórnarskrárákvæði um þetta efni var eftir orðum ákvæðisins eingöngu vísað til prentfrelsis. Við endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskráinnar, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, þótti ekki rétt að einskorða ákvæðið við prentfrelsi. Var það talið skjóta skökku við í nútímaþjóðfélagi, þegar kostur væri margra ólíkra miðla þar sem menn geta tjáð skoðanir sínar. Er bent á að við endurskoðun stjórnarskráinnar var lögð sérstök áhersla á mikilvægi ljósvakamiðla í þessu sambandi.

Í 1. mgr. 73. gr. er að finna þá grundvallarreglu, að allir menn séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að mæla fyrir um nokkrar takmarkanir á réttindum skv. 1. mgr.

Í 2. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um rétt manna til að tjá skoðanir sínar og sannfæringu. Þótt þetta sé að sjálfsögðu víðtækur grundvallarréttur eru settar vissar skorður við óskoruðum rétti manna í þessum efnum.

Grunnreglan um tjáningarfrelsi kemur fram í upphafi 2. mgr., en þar er mælt fyrir um að hver maður eigi rétt á að láta í ljósi hugsanir sínar. Orðalag ákvæðisins vísar til réttar til að tjá sig í rituðu og mæltu máli. Rétturinn er óháður því hvaða miðill er notaður til tjáningar. Þá tekur ákvæðið enn fremur til réttar manna til að tjá sig með hvers kyns öðrum hætti, svo sem í formi listrænnar tjáningar eða látbragðs.

Vegna efnis þessarar greinargerðar er vakin sérstök athygli á orðalagi grunnreglunnar í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem vísað er til réttar manns á að *láta í ljós* hugsanir sínar. Ekki er hér minnst berum orðum á hvort ákvæðið verndi einnig rétt manns til að taka við tjáningu frá öðrum og miðla skoðunum þeirra áfram þótt þær verði ekki taldar hugsanir hans sjálfs í bókstaflegum skilningi. Um þetta segir orðrétt í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995:

> Við athugun á ákvæðum um tjáningarfrelsi í mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi má sjá nokkuð annan blæ á orðalaginu að þessu leyti. Þannig segir í upphafi 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans að sérhver

---

[37] Sjá hér fyrst og fremst athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, *Alþingistíðindi* A 1995, 119. löggjafarþing – 1. mál. Enn fremur Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, einkum bls. 568–588, og Pál Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997, bls. 51–96.

maður eigi rétt til tjáningarfrelsis, en tekið er síðan fram að sá réttur nái m.a. einnig til frelsis til að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum. Í 2. mgr. 19. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi segir í byrjun að allir skuli eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, en í kjölfarið er tekið fram að í þessum rétti felist frelsi til að leita, taka við og miðla vitneskju og hugmyndum. Þegar að er gáð má þó sjá að í raun er ekki svo stórfelldur munur á 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins og þessum ákvæðum því samkvæmt þeim telst réttur manna til að taka við upplýsingum, vitneskju eða hugmyndum frá öðrum og miðla slíku síðan áfram aðeins vera hluti af tjáningarfrelsinu. Má ganga út frá að þessir nánar skilgreindu þættir tjáningarfrelsis felist einnig í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins [2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar] þótt þeir séu ekki taldir þar upp með sambærilegum hætti og í áðurnefndum ákvæðum alþjóðasamninga, enda er almennt ekki gengið jafnlangt í greinum frumvarpsins og gert er í samningunum í viðleitni til að skilgreina til hlítar einstök hugtök.

Í umfjöllun um mannréttindasáttmála Evrópu hér á eftir í kafla 5.1.1 er nánar vikið að þýðingu sáttmálans við skýringu 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að grunnreglan um rétt manna til að tjá sig sæti ýmiss konar undantekningum. Sama á raunar við um síðari hluta fyrri málsliðar 2. mgr. 73. gr. þar sem kveðið er á um að menn verði að ábyrgjast hugsanir, sem þeir hafa látið í ljósi, fyrir dómi. Þó er tekið af skarið í síðari málslið 2. mgr. 73. gr. um að undantekningarnar megi ekki vera af þeim toga að þær feli í sér ritskoðun og aðrar sambærilegar fyrir fram tálmanir á tjáningarfrelsi. Þær takmarkanir sem heimilar teljast eftir ákvæðinu koma því fram sem viðbrögð eftir að tjáning hefur átt sér stað, sbr. t.d. málsókn í meiðyrðamáli vegna ummæla sem þegar hafa fallið.

Í niðurlagi fyrri málsliðar 2. mgr. 73. gr. er látið í ljós með sama hætti og áður var gert í 72. gr. stjórnarskrárinnar, að þótt menn njóti réttar til að tjá hugsanir sínar verði þeir að ábyrgjast þær eftir á fyrir dómi. Þá er beinlínis tekið fram í 3. mgr. 73. gr. að með lögum sé unnt að setja tjáningarfrelsi skorður í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Að öðru leyti skal þess getið að telja má að upptalningin í 3. mgr. á ástæðum, sem geti réttlætt að meginreglunni um tjáningarfrelsi verði vikið til hliðar með lögum, endurspeglar að mestu leyti óskráðar reglur sem lengi hafa verið taldar gilda. Í því sambandi er vakin athygli á að í 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eru talin upp atriði sem geta með sama hætti leitt til þess að víkja megi frá meginreglu greinarinnar um tjáningarfrelsi og er að ýmsu leyti gert ráð fyrir rýmri heimildum þar til frávika en koma fram í 73. gr. stjórnarskrárinnar.

4.2. Útvarpslög, nr. 53/2000 (útvl.)

Þegar talað er um útvarp í lögunum er átt við bæði *sjónvarp* og *hljóðvarp,* sbr. a-lið, 1. mgr. 1. gr. Rekstur útvarps er háður leyfi útvarpsréttarnefndar, sbr. 6. gr. útvl. Í 3. og 4. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um skilyrði leyfisveitingar. Þar segir:

> *3. mgr.:* Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði.

4. mgr.: a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju.

c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.

d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.

f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa.[38] Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.

h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

Nánari ákvæði um framkvæmd laganna er að finna í reglugerð um útvarpsstarfsemi nr. 50/2002. Reglugerðin er sett með stoð í 35. gr. laganna og er þar um sumt að finna ítarlegri ákvæði um leyfisveitingar og réttindi og skyldur leyfishafa, þótt meginefni hennar feli raunar í sér endurtekningu á ákvæðum þeim sem þegar er að finna í lögunum.

Ákvæði 4. og 5. gr. reglugerðarinnar hafa þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar. Þar segir:

4. gr.: Útvarpsréttarnefnd veitir lögaðilum eða einstaklingum tímabundið leyfi til starfsrækslu útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi og þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðvar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

Heimilt er að binda útvarpsleyfi við afmörkuð svæði.

Heimilt er að veita útvarpsleyfi til útsendinga á öðrum tungumálum en íslensku ef sérstaklega stendur á svo sem í þeim tilgangi að sinna þörfum útlendinga sem hér dveljast um lengri eða skemmri tíma.

---

[38] Sjá einnig 2. mgr. 8. gr. reglugerðar um útvarpsstarfsemi nr. 50/2003.

Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila.

5. gr.: Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps sjö ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma sé um það sótt.

Upphaf leyfistíma miðast við útgáfudag leyfis. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.

Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

Ástæða er til að vekja hér einnig athygli á 8. gr. reglugerðarinnar, sem hefur að geyma ákvæði sem varða skilmála útvarpsleyfis. Þar segir:

Nú er leyfi til útvarps veitt og skal þá m.a. tekið fram í skilmálum leyfisins hver sé handhafi útvarpsleyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóðvarps eða sjónvarps, hvort útvarpað verði um þráð eða þráðlaust, við hvaða svæði og útsendingartíma leyfi afmarkist, hversu lengi leyfi gildi og hvert vera skuli auðkenni eða kallmerki útvarpsstöðvar. Þá skal enn fremur koma fram hvort heimilt sé að útvarpa á öðrum tungumálum en íslensku. Þá skal koma fram í leyfisskilmálum hvort útvarpsleyfi sé veitt á grundvelli yfirlýsts tilgangs umsækjanda að beita sér fyrir tilteknum málstað.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa.

Í leyfisskilmálum skal enn fremur tekið fram að leyfið sé að öðru leyti háð ákvæðum útvarpslaga, ákvæðum reglugerðar þessarar og eftir því sem við á ákvæðum annarra reglugerða sem settar verði á grundvelli útvarpslaga.

Útvarpsleyfisgjald er ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Í leyfisskilyrðunum, eins og þeim er lýst í tilvitnaðri grein laganna og í reglugerðinni, er ekki sérstaklega með beinum hætti vísað til takmarkana er varða eignarhald á fjölmiðlum eða markaðshlutdeildar þess er sækir um útvarpsleyfi. Það eru einkum 2. mgr. í heild og a- og h-liðir 4. mgr. 6. gr. úvl. sem skipta máli fyrir þessa greinargerð.

Í 3. mgr. 6. gr. úvl., sbr. og 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur skýrt fram að miðað er við að leyfi til útvarps séu tímabundin. Í 3. kafla um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði er að finna upplýsingar um úthlutun leyfa, leyfistíma o.fl.

Samkvæmt a-lið 4. mgr. 6. gr. úvl. er sett það skilyrði að leyfishafi skuli hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild annarra aðila er vísað til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Í samræmi við þetta verður ekki gerður munur á íslenskum aðilum og öðrum aðilum á EES-svæðinu. Um lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 verður fjallað hér á eftir, en samkvæmt þeim gilda ekki sérstakar hömlur á fjárfestingu erlendra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum hér á landi, aðrar en þær sem varða tilkynningarskyldu o.þ.h.

Ákvæði h-liðar 4. mgr. 6. gr. úvl. var nýmæli í útvarpslögunum sjálfum. Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 610/1989, sem sett hafði verið á grundvelli eldri útvarpslaga, var aftur á móti mælt fyrir um að leyfi til útvarps yrðu ekki framseld. Talið var eðlilegra, eins og fram kemur í skýringum í greinargerð, að ákvæðið væri í almennum lögum og auk þess að það yrði nánar útfært. Þótti m.a. öruggara að kveða skýrt á um það að útvarpsleyfi féllu úr gildi við gjaldþrot

útvarpsleyfishafa. Sú regla er í raun í eðlilegu samræmi við framsalsbannið. Ákvæði þessi eru endurtekin í 4. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 50/2002 án þess að nokkru sé bætt við þau efnislega.

Í framkvæmd hefur verið litið svo á að í reglu h-liðar 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga felist ekki að útvarpsleyfi falli niður þó að fyrirtæki (félög), sem reka útvarp, sameinist eða breytingar verði á eignarhaldi að félagi sem fengið hefur útvarpsleyfi. Þó er bent á það í skýringum í greinargerð að í slíkum tilvikum geti reynt á reglur samkeppnislaga um samruna félaga, sbr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Í kafla 4.5 hér á eftir er fjallað nánar um þessar reglur.

Í 9. gr. úvl. er einnig að finna mikilvægt ákvæði sem skiptir máli fyrir efni þessarar greinargerðar. Þar segir:

> Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar.

Í þessu ákvæði er ítrekuð sú grundvallarstefna íslenskra útvarpslaga að útvarpsstöðvar skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að mismunandi sjónarmið í umdeildum málum komi fram. Frá þessu eru þó undantekningar þegar útvarpsleyfi hefur verið veitt aðila sem hefur þann yfirlýsta tilgang að berjast fyrir tilteknum málstað.

Ákvæðið er vissulega í samræmi við hið mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar hafa í lýðræðislegu þjóðfélagi og samræmist vel þeim grunnforsendum um hlutverk og skyldur fjölmiðla sem lagðar eru til grundvallar í þessari greinargerð. Ákvæði þetta er þó almenns eðlis og verður ekki sagt að það leggi sértækar skyldur á herðar leyfishafa í þessum efnum. Þannig er vandséð að því verði beitt til að mæla svo fyrir að tilteknum sjónarmiðum í pólitískum eða menningarlegum efnum skuli gerð skil í dagskrá, eða eftir atvikum til að leggja á herðar leyfishafa þær skyldur að hleypa tilteknum aðilum inn í dagskrá sína til að tala fyrir tilteknum málstað. Fremur virðist felast í því sú skylda að útvarpsleyfishafi og dagskrárgerðarmenn hafi þessi grundvallarsjónarmið í huga í störfum sínum og rekstri.

Hér skiptir einnig máli ákvæði um rétt til andsvara í 11. gr. úvl. Þar segir:

> Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara á viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til.

Í þessu ákvæði er kveðið á um rétt til andsvara. Ákvæðið á rót sína að rekja til aukinnar verndar andsvarsréttar í tilskipun 97/36/EB, sem breytti 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Hér er að sjálfsögðu um mikilvægan rétt að ræða sem skiptir máli varðandi það hlutverk fjölmiðla að tryggja að ólíkar skoðanir komi fram í umdeildum málum, auk þess sem aðilar sem telja að á sig hafi verið hallað í fjölmiðlaumræðu fá tækifæri til að rétta sinn hlut.

Í 12. gr. útvarpslaganna, sbr. og 4. og 5. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 50/2002, er að finna ákvæði um kærur vegna 9. og 11. gr. Þar kemur fram að telji einhverjir að útvarpsstöð hafi

ekki uppfyllt skilyrði 9. og 11. gr. gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá á þann hátt sem þeir vilja við una geti þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndinni ber þá, eins fljótt og við verður komið, að fella úrskurð um kæruefni og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila. Úrskurður nefndarinnar verður borinn undir dómstóla samkvæmt almennum reglum.

Nefna má nokkur önnur ákvæði útvarpslaga sem þýðingu geta haft fyrir þessa greinargerð og sem túlka má svo að þau setji störfum fjölmiðla skorður eða eftir atvikum leggi á þá skyldur í þágu almannhagsmuna, þ.m.t. þeirra hagsmuna sem fjallað er um í greinargerð þessari.

Má þar fyrst nefna skyldur þær sem felast í 10. gr. úvl., sbr. og 20. gr. reglugerðar nr. 50/2002, varðandi dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þar kemur fram að sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk.

Ákvæði þetta tengist 7. gr. útvarpslaganna um sýningu evrópskra verka. Reglur um þetta er að finna í 5. gr. tilskipunar 89/552/EBE (með síðari breytingum með tilskipun 97/36/EB) að því er sjónvarp varðar. Ber að taka ákvæði um þetta efni inn í lögin, enda ætlast til að íslenskar sjónvarpsstöðvar fari eftir því þó að formlega sé um stefnuyfirlýsingu að ræða. Sjónvarpsstöðvar eiga síðan að gefa skýrslu um framkvæmd sína á þessu fyrirmæli.

Ákvæðinu er ætlað að vera hvatning fyrir ný framleiðslufyrirtæki á sviði sjónvarpsefnis, einkum hvatning til stofnunar lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja. Markmiðið er að skapa tækifæri og aukna möguleika á að koma á framfæri skapandi hæfileikafólki og fjölga störfum til handa þeim sem vinna að menningarmálum. Í greinargerð með frumvarpi til útvarpslaga er að finna ítarlegar athugasemdir við þessa grein, markmið hennar og framkvæmd. Meðal þess sem þar er fjallað um er hugtakið *óháður/sjálfstæður framleiðandi.* Unnið hefur verið að slíkri skilgreiningu á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Varðar sú vinna m.a. tengsl milli framleiðanda efnis og fjölmiðlafyrirtækisins.

Þessi atriði snerta efni þessarar greinargerðar að því leyti að kröfur um að tiltekinn hluti dagskrárefnis sé evrópsk framleiðsla og komi frá *sjálfstæðum* framleiðendum eru til þess fallnar að vinna gegn lóðréttri samþjöppun. Þannig hefur í Finnlandi verið miðað við að framleiðandi sjónvarpsefnis teljist vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hluta hlutafjár í félaginu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki meira en helming hlutafjárins, enda hafi framleiðandinn á seinustu þremur árum ekki framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Í íslensku lögunum er ekki að finna slíkar skilgreiningar.

Þá skulu nefndar reglur um takmarkanir á auglýsingatíma útvarps og sjónvarpsstöðva. Þær koma aðallega fram í 17. og 18. gr. úvl., sbr. 12.–18. gr. reglugerðar nr. 50/2002, sem rétt er að gera stuttlega skil. Fram kemur í 1. mgr. 17. gr. að almennt skuli auglýsingar fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða. Frá þessu er þó gerðar nokkrar undantekningar sem fram koma í 3. mgr. 17. gr.

Almennt bann er þó við því að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum (nema þeir séu lengri en 30 mín.) eða dagskrá fyrir börn.

Þá gilda skv. 18. gr. takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi. Fram kemur að í sjónvarpsdagskrám skuli hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó megi

auka þetta hlutfall í 20% ef um er að ræða svokallaða fjarsölu. Í ákvæðinu er síðan að finna nánari útlistanir á því hvað telst til auglýsinga í þessu sambandi og hvað ekki.

Að lokum má nefna ákvæði um vernd barna. Í 14. gr. úvl., sbr. og 21. gr. reglugerðar nr. 50/2002, kemur fram að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Þá er mælt svo fyrir að dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skuli jafnframt einungis sýnt á þann hátt, að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum, að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

Í 5. mgr. 6. gr. úvl. kemur fram að útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og að nefndin hafi að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. laganna.

4.3. Lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000 (rúvl.)

Hlutverk og staða Ríkisútvarpsins samkvæmt íslenskum lögum hefur mikla þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar og við mat á því hvort ástæða sé til að setja sérstakar reglur um eignarhald á fjölmiðlum í því skyni að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Skv. 1. gr. rúvl. annast Ríkisútvarpið útvarp í samræmi við ákvæði laganna og skv. 2. gr. rúvl. er Ríkisútvarpið sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

Það eru einkum 3. og 4. gr. rúvl. sem hafa þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar. Þær hljóða svo:

> *3. gr.:* Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
>
> Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
>
> Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.
>
> Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.
>
> Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

4. gr.: Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir tíðni og útgeislað afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Þjónusta Ríkisútvarpsins skal í engu minnkuð frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.

Þessi ákvæði leggja víðtækar skyldur á Ríkisútvarpið sem varða tjáningarfrelsi, hlutleysi í umfjöllun, vernd íslenskrar menningar og tungu og pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni. Ákvæðin eru mun ítarlegri, sértækari og fjölþættari en samsvarandi ákvæði í útvarpslögunum. Réttur til innheimtu afnotagjalda styrkir mjög stöðu Ríkisútvarpsins og sjálfstæði, auk þess sem Ríkisútvarpið er fullur þátttakandi á auglýsingamarkaði.

Nefndin er sammála um að mikla þýðingu hafi fyrir efni þessarar greinargerðar, að gefa gaum að hlutverki og stöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði, enda er ljóst að styrking og efling ríkisútvarps er ein þeirra leiða sem koma til greina til að hamla gegn neikvæðum áhrifum samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlamarkaði. Um þetta er nánar fjallað í lokakafla greinargerðarinnar þar sem fram koma hugmyndir og tillögur nefndarinnar.

4.4. Lög um prentrétt, nr. 57/1956

Útgáfa dagblaða er ekki leyfisskyld eins og rekstur útvarps. Fá ákvæði er að finna í lögum um réttindi og skyldur blaðaútgefenda. Helst er að nefna lög um prentrétt, nr. 57/1956, en þar er að finna nokkur ákvæði sem vekja má athygli á hér og hafa þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar.

Í 9. gr. kemur m.a. fram að blöð og tímarit samkvæmt lögunum teljist rit sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Dagblöð falla þar með undir gildissvið laganna. Í 1. mgr. 10. gr. segir að útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út á Íslandi, skuli vera lögráða og hafa lögheimili á Íslandi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi. Enn fremur segir í 2. mgr. að ritstjóri blaðs eða tímarits skuli vera lögráða og hafa lögheimili á Íslandi og forræði á búi sínu. Þá segir í 3. mgr. að ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skuli ráðinn ritstjóri er fullnægi skilyrðum 2. mgr.

Um ábyrgð á efni blaða og annarra rita sem falla undir gildissvið laganna segir í 13. gr. að hver sá sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða

tímarits beri refsi- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.

Almennar reglur um ábyrgð á efni blaða eða tímarita er aðallega að finna í 15. gr. Þessar reglur fela í sér að höfundur ber refsi- og fébótaábyrgð á efni rits, ef hann hefur nafngreint sig. Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgð, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá sem annast hefur prentun þess eða letrun. Í 17. gr. segir að hafi ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, verið dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, megi samkvæmt ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins.

Í 18. gr. er að finna ákvæði um leiðréttingarskyldu útgefanda (ritstjóra) sem er hliðstætt 11. gr. úvl. um andsvarsrétt. Skv. 1. mgr. 18. gr. er útgefanda (ritstjóra) blaðs eða tímarits skylt að birta í ritinu endurgjaldslaust leiðréttingu við frásögn eða tilkynningu um málshöfðun út af frásögn sem birst hefur í ritinu ef sá krefst þess sem hlotið getur verulegt fjártjón eða miska af frásögninni óbreyttri. Í 2. mgr. er síðan að finna ákvæði um fresti og efni leiðréttingar. Í 19. gr. er einnig að finna nánari ákvæði um framkvæmd að þessu leyti og rétt útgefanda til að synja um birtingu leiðréttingar. Ekki er í þessum tilfellum gert ráð fyrir að unnt sé að skjóta ágreiningi til kærunefndar með hliðstæðum hætti og á við um útvarpslög. Í 20. gr. er aftur á móti gert ráð fyrir því að vilji aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) geti hann höfðað mál á hendur útgefanda (ritstjóra) til þess að fá hann skyldaðan með dómi til birtingarinnar.

Í 22. gr. er kveðið á um það þegar höfundi eða útgefanda (ritstjóra) hefur verið dæmd refsing, ummæli ómerkt eða fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti að það megi ákveða í dómi, eftir kröfu þess sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.

Megintilgangur þess að rekja hér ákvæði laga um prentrétt er að vekja athygli á lögunum, m.a. með það í huga að þar kunni að vera vettvangur til að setja frekari ákvæði sem gætu haft það að markmiði að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar á markaði fyrir prentmiðla. Verður nánar vikið að þessu í 6. kafla.

4.5. Samkeppnislög, nr. 8/1993

Gildandi samkeppnislög eru frá árinu 1993, nánar tiltekið nr. 8/1993. Í frumvarpi að þeim lögum var tilurð laganna skýrð með vísan til vaxandi þýðingar virkrar samkeppni í því skyni að vinna að sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og stuðla að efnahagslegum framförum, sbr. og markmiðsyfirlýsingu 1. gr. laganna. Önnur meginástæðan fyrir setningu laganna var aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og þeim skuldbindingum sem af þeirri aðild leiða. Öndvert við stærstan hluta af íslenskri löggjöf, sem sækir fyrirmynd sína í norræna lagahefð, er samkeppnislöggjöfin því sett að samevrópskri fyrirmynd og fordæmi fyrir beitingu laganna eru ekki síst sótt í smiðju Evrópuréttarins. Með lögum nr. 107/2000 voru gerðar verulegar breytingar á nokkrum þeim helstu ákvæðum laganna sem hér koma við sögu og miðast öll umfjöllun nefndarinnar við lögin í þeirri mynd sem þau eru eftir umræddar breytingar á árinu 2000.

Í stuttu máli má segja að á sviði samkeppnisréttar sé greint á milli fjögurra tegunda samkeppnishamla, en það eru svokallaðir *láréttir samningar, lóðréttir samningar, misnotkun á markaðsyfirráðum* og þær samkeppnishömlur sem leitt geta af *samruna fyrirtækja.*

Við samkeppnishömlum er á sviði samkeppnisréttar brugðist með tveimur mismunandi aðferðum. Annars vegar *misbeitingarreglu,* sem felur það í sér að samkeppnishömlur eru ekki fyrir fram bannaðar, heldur er við það miðað að unnt sé að grípa inn í einstök tilvik séu

samkeppnishömlur taldar skaðlegar. Hins vegar er um svokallaða *bannreglu* að ræða sem í meginatriðum bannar fyrir fram allar tegundir samkeppnishamla. Með lagabreytingunum sem áttu sér stað á árinu 2000 má segja að í íslenskri samkeppnislöggjöf hafi síðarnefnda fyrirkomulagið í meginatriðum orðið ofan á.

Þá skiptir það veigamiklu máli að skilgreina *markaðsyfirráð* eða *markaðsráðandi stöðu* sem ekki sætir einhlítu mati frá einu sviði til annars. Grundvallaratriði samkeppnisréttarins felst svo í skilgreiningu þeirra *markaða* sem um er að ræða, þ.e. *vörumarkaðarins* þar sem innbyrðis staðgengi vara skiptir lykilmáli, og svo *landfræðilega markaðarins* sem miðað er við í hverju tilviki. Er raunar augljóst að markaðsskilgreiningar geta haft mikla þýðingu við mat á samkeppnishömlum á fjölmiðlamarkaði. Má í dæmaskyni nefna álitaefni sem rísa vegna eignarhalds sama aðila á mismunandi fjölmiðlum og svo í annan stað fjölmiðla sem „dreift" er án tillits til landfræðilegra marka. Má raunar þegar benda á að séreðli fjölmiðla fellur ekki að öllu leyti að þeirri tilhögun hefðbundins markaðar sem samkeppnisreglur taka öðru fremur mið af.

Að markmiðsyfirlýsingu 1. gr. samkeppnislaga slepptri er ástæða til þess að víkja að nokkrum þýðingarmiklum skilgreiningum í 4. gr. laganna. Í því samhengi sem hér er til skoðunar sýnast eftirfarandi skilgreiningar fyrst og fremst hafa þýðingu:

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Samruni samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar: a) tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast, b) fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki, c) eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða, d) fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.

Yfirráð samkvæmt lögum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur: a) haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækisins, eða b) notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Þau beinu ákvæði laganna sem hafa síðan þýðingu í því samhengi sem hér er skoðað eru í IV. kafla laganna sem fjallar um bann við samkeppnishömlum og V. kafla laganna sem fjallar um eftirlit með samkeppnishömlum. Verður nú nánar vikið að ákvæðum þessara kafla og í þeirri röð sem þau koma fyrir.

Í 10. gr. samkeppnislaga er nú að finna allsherjarbannreglu við hvers konar samráði, hverju nafni sem það nefnist, milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr samkeppni. Eru engin mál litin jafnalvarlegum augum á sviði samkeppnisréttar og samráðsmál (cartel). Á hinn bóginn útheimta brot á 10. gr. alla jafna aðkomu tveggja eða fleiri fyrirtækja. Í lögskýringargögnum með frumvarpinu kemur þó fram að bann ákvæðisins taki til samninga eða samstilltra aðgerða milli tengdra fyrirtækja, nema fyrirtækin myndi eina efnahagslega einingu.[39] Um slíkt er að ræða ef dótturfyrirtæki eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu hefur ekki raunverulegt frelsi til þess að ákveða aðgerðir sínar á markaði. Í þessu felst að eðli sambandsins milli móðurfyrirtækis og tengdra fyrirtækja ræður því hvort fyrirtækin falla undir bannreglu ákvæðisins. Sé samband hins vegar þannig að móðurfélag hefur boðvald yfir dótturfélagi, þ.e. er í raun ígildi deildar innan móðurfélagsins, er um eina efnahagslega einingu að ræða. Í skilningi samkeppnisréttarins eru samningar milli þessara aðila ekki samningar milli sjálfstæðra keppinauta heldur frekar innri ráðstafanir sama fyrirtækis. Ef dótturfélag á hinn bóginn nýtur raunverulegs sjálfstæðis í markaðsstarfi sínu getur samstarf þess við móðurfélagið fallið undir bannregluna.

Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt altækt bann við misnotkun markaðsráðandi fyrirtækis, eins eða fleiri, á stöðu sinni. Ef litið er til fjölmiðlamarkaðarins í þessu sambandi yrði við mat á markaðsstöðu fyrirtækis litið til fyrrgreindrar skilgreiningar 4. gr. og sem fyrr segir bæri að afmarka annars vegar þann vöru- og þjónustumarkað sem um er að ræða og hins vegar hinn landfræðilega markað. Til nánari skýringa skal nefnt að við skilgreiningu á vöru- eða þjónustumarkaði ræður innbyrðis staðganga vöru/þjónustu hvort þær teljist til sama vöru- eða þjónustumarkaðar. Til þess að meta staðgöngu er almennt talið að m.a. verði að hafa hliðsjón af eiginleikum vöru, eða þjónustu, verði hennar og til hvaða nota hún er ætluð. Við skilgreiningu á landfræðilegum markaði sem viðskipti viðkomandi fyrirtækis taka til hefur m.a. verið litið til tegundar umræddrar vöru eða þjónustu og eðlis hennar, neysluvenja o.fl.

Í 2. mgr. 11. gr. er síðan að finna eftirfarandi dæmi um það í hverju umrædd misnotkun geti falist: a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir, b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns, c) viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt, d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju. Árétta ber þó að upptalningin í 2. mgr. 11. gr. er ekki tæmandi.

Í 1. mgr. 12. gr. laganna er tekið fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.–19. gr. Þá er tekið fram í 2. mgr. 12. gr. að bannið nái einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

Í 13. gr. samkeppnislaga er svokölluð minniháttarregla sem felur í megindráttum í sér frávik frá bannreglu 10. gr. ef markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja er undir þeim mörkum sem þar eru tilgreind. Ekki er ástæða til að rekja það ákvæði frekar hér.

Athygli er aftur á móti vakin á 14. gr. samkeppnislaga sem mælir fyrir um heimildir samkeppnisyfirvalda til þess að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess hluta reksturs

---

[39] Sjá dóm dómstóls EB frá 24. október 1996 í máli nr. C-73/95P, Viho Europe BV gegn framkvæmdastjórninni.

opinberra fyrirtækja eða fyrirtækja sem starfa í skjóli opinberra leyfa, sem á í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Markmiðið með þessu er að sporna við því að samkeppnishlutinn sé niðurgreiddur af þeim hluta rekstrarins sem ekki keppir á frjálsum markaði. Í þessu samhengi hlýtur Ríkisútvarpið og eftir atvikum ríkisfjölmiðlar almennt að koma til skoðunar en þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði hefur margoft verið gagnrýnd af forsvarsmönnum einkarekinna fjölmiðla.[40]

Í 16. gr. er síðan gerð grein fyrir heimiluðum undanþágum frá 10. gr., sbr. að sínu leyti minniháttarregla 13. gr. Samkvæmt því getur samkeppnisráð veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.: a) stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir, b) veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst, c) leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð, og d) veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða. Samkeppnisráð getur sett skilyrði fyrir undanþágu. Þá getur ráðið dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar, sbr. nánar ákvæði greinarinnar.

Þá er komið að 17. gr. laganna sem er allmikið breytt frá upphaflegu horfi, sbr. 9. gr. laga nr. 107/2000. Í upphaflegri mynd heimilaði 17. gr. samkeppnisyfirvöldum afar víðtækt svigrúm til aðgerða gegn hvers kyns athöfnum sem brytu í bága við lögin. Í breytingunum frá árinu 2000 felst í fyrsta lagi að almenn heimild skv. 17. gr. til íhlutunar vegna samninga og athafna fyrirtækja, sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, er felld brott. Þess í stað er samkeppnisráði í a-lið ákvæðisins veitt almenn heimild til þess að stöðva hegðun sem brýtur í bága við bannreglur laganna og grípa til viðeigandi aðgerða til að skapa á ný skilyrði fyrir virka samkeppni. Í b-lið ákvæðisins er sérstaklega vikið að athöfnum opinberra aðila og í c-lið er hnykkt á víðtæku gildissviði reglunnar.

Eftir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 107/2000 hljóðar 17. gr. svo:

> Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn:
> samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr.,
> athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna,
> aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.
>
> Aðgerðir samkeppnisráðs geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Aðgerðir geta m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

Tvenns konar spurningar vakna varðandi skýringu 17. gr. Í fyrsta lagi hvenær getur samkeppnisráð gripið til aðgerða og í öðru lagi til hvers konar aðgerða getur ráðið gripið.

Að því er fyrrnefnda atriðið varðar er það einkum tvennt sem skiptir mestu fyrir efni þessarar greinar. Skv. a-lið 1. mgr. 17. gr. getur misnotkun markaðsráðandi stöðu, sbr. 11.

---

[40] Sjá vegna þessa ákvörðun samkeppnisráðs nr. 39/2001 og úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 3/2002.

gr., orðið tilefni til aðgerða og skv. c-lið 1. mgr. 17. gr. getur samkeppnisráð gripið til aðgerða vegna *aðstæðna* sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Það er einkum c-liður sem er athyglisverður í þessu sambandi. Augljóst er að með tilvísun til 11. gr. í a-lið 1. mgr. 17. gr. eru hafðar í huga aðstæður þar sem fyrirtæki hefur gerst brotlegt og má jafnvel hugsa sér að markaðsráðandi fyrirtæki hafi ítrekað gerst brotlegt. Aftur á móti virðist skv. c-lið ekki nauðsynlegt að fyrir liggi tiltekið brot þar sem í orðalaginu felst almenn tilvísun til „aðstæðna" á markaði sem skaðlegar séu samkeppni.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000 er vikið að þessu orðalagi c-liðar 1. mgr. 17. gr. Þar er m.a. bent á að orðalag þetta, sem kemur fyrir strax í lögunum frá 1993, hafi komið inn með breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar. Taldi nefndin að samkeppnisráð þyrfti að hafa heimild til „... að bregðast við, ekki vegna einhverra tiltekinna sérstakra ákvarðana í fyrirtæki sem lægju fyrir, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafa gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á að gripið væri til aðgerða."[41] Ekki er að finna frekari útlistanir á því hvers konar aðstæður geta fallið hér undir og raunar er erfitt að gera tæmandi grein fyrir því. Má orða það almenna sjónarmið að hér séu hafðar í huga þær aðstæður þegar yfirburðastaða einstaks fyrirtækis eða einstakra fyrirtækja á markaði er slík að í henni sem slíkri eða eftir atvikum í einstökum athöfnum þeirra felist því sem næst sjálfkrafa samkeppnishömlur.

Síðari spurningin varðar það til hvers konar aðgerða samkeppnisráð getur gripið. Orðalag 2. mgr. 17. gr. er býsna opið og opnar leið fyrir samkeppnisráð til að skerast í leikinn með ýmsum hætti. Þar sem aðstæður geta verið svo margvíslegar verða úrræðin sem falla undir 17. gr. seint tæmandi talin. Eðli málsins samkvæmt hljóta þau þó að takmarkast við að gefa fyrirmæli sem fela í sér að hið bannaða samráð eða hin bannaða hegðun fyrirtækis skuli stöðvuð og enn fremur fyrirmæli um tiltekna hegðun til að uppræta raunveruleg eða möguleg samkeppnishamlandi áhrif af broti eða aðstæðum, sbr. fyrrnefndan c-lið 1. mgr. 17. gr. Í athugasemdum við 17. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 8/1993 er að finna upptalningu á mögulegum úrræðum samkvæmt greininni. Þar segir: „Ráðið getur bannað fyrirtæki að nota ákveðna skilmála eða samningsákvæði, t.d. ákvæði um að samningsaðili skuli ekki hafa vörur frá keppinautum á boðstólum. Íhlutun getur falist í fyrirmælum til fyrirtækis um að selja ákveðnum aðila sem vill kaupa framleiðslu þess. Þá getur samkeppnisráð mælt fyrir um á hvaða verði fyrirtæki eða fyrirtækjahópar skuli selja vörur sínar eða þjónustu. Þessi heimild kemur einkum til greina þegar samkeppni er ófullnægjandi. Hin ófullnægjandi eða takmarkaða samkeppni getur átt sér ýmsar orsakir. Fyrirtækin, sem í hlut eiga, kunna að hafa komið málum svo fyrir með því að viðhafa ýmiss konar samkeppnishindranir. Fyrirtæki kann að vera markaðsráðandi sökum eðlis þess sviðs sem það starfar á, svo sem veitufyrirtæki og ýmis önnur þjónustufyrirtæki fyrir almenning. Loks getur fyrirtæki verið einrátt á markaði sökum þess að hið opinbera eða löggjafinn hefur séð svo til." Lögð er áhersla á að aðstæður geti verið svo fjölbreytilegar að slík upptalning mögulegra og heimilla úrræða geti ekki verið tæmandi. Að öðru leyti vitna ákvarðanir samkeppnisráðs best um fjölbreytileik þeirra úrræða sem til greina kemur að beita.

---

[41] Orð þessi komu fram í ræðu Steingríms J. Sigfússonar í umræðu um nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar, sbr. B-mál 1992. 116. löggjafarþing. 68. fundur 9. mál: samkeppnislög frv. 8/1993.

Í þessu sambandi er sérstaklega áhugaverð ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1998 þar sem fjallað var um breiðband Landssíma Íslands.[42] Í hluta II B 7 í ákvörðuninni ræðir samkeppnisráð um möguleg úrræði vegna sterkrar stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði, einkum Breiðbands Landssímans. Af þeirri umfjöllun verður ljós sú afstaða samkeppnisyfirvalda að þau telja, án tillits til tiltekinna brota, stöðu Landssímans í raun ógna samkeppni og erfitt sé að samræma hana markmiðum samkeppnislaga.

Í ákvörðuninni segir m.a. orðrétt:

> Eins og áður sagði telur samkeppnisráð að þær aðstæður sem skapast hafa og eru að skapast á fjarskiptamarkaði geti haft skaðleg áhrif á samkeppni og stríði þar með gegn markmiði og tilgangi samkeppnislaga. Ljóst er að þau skaðlegu áhrif sem hér um ræðir eru alger yfirburðastaða Landssíma Íslands á markaði fyrir sölu aðgangs að grunnfjarskiptavirkjum.

Í ákvörðuninni segir samkeppnisráð jafnframt að samkeppnislög hafi að geyma „óvenju skýrar heimildir" til að grípa til aðgerða gegn röskun á samkeppni sem ekki stafar af tilteknum aðgerðum. Lítur samkeppnisráð svo á að í 17. gr. sé að finna heimildir til að grípa til hvers konar ráðstafana sem unnt er að sýna fram á með rökum að séu nauðsynlegar til að tryggja virka samkeppni, nema skýr ákvæði sérlaga eða ákvæða stjórnarskrár mæli fyrir um annað. Samkvæmt þessu lítur samkeppnisráðið svo á að lögin vitni um þá skoðun löggjafans að samkeppnisráði væri nauðsynlegt að hafa tiltölulega frjálsar hendur um mat á því hvenær aðgerða væri þörf og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa í hverju tilfelli svo bregðast mætti við aðstæðum sem geta haft skaðleg áhrif á samkeppni á tilteknum markaði. Samkvæmt þessu er hvorugt talið upp með tæmandi hætti í 17. gr., þau atvik sem geta valdið því að samkeppnisráð grípi til aðgerða né þær aðgerðir sem ráðið getur gripið til.

Síðan segir orðrétt í ákvörðun samkeppnisráðs:

> Hins vegar er ljóst, að samkeppnisráð, sem og önnur stjórnvöld, verða að gæta almennra reglna stjórnsýsluréttarins við ákvarðanatöku sína, þ.á.m. meðalhófsreglu. Samkvæmt henni ber ávallt að beita þeim úrræðum sem minnst eru íþyngjandi fyrir þann eða þá sem sæta verða þeim ákvörðunum sem teknar eru, að því gefnu að úrræðin dugi til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt. Svo sem rakið hefur verið hér að framan er það skoðun samkeppnisráðs, að verði þær aðstæður sem fyrir hendi eru á fjarskiptamarkaðnum látnar afskiptalausar muni Landssíminn styrkja verulega þá yfirburðastöðu sem fyrirtækið hefur nú þegar. Þá hafa verið rakin þau úrræði sem til greina þykja koma. Ganga þau mislangt í að skerða athafnafrelsi Landssímans. Við mat á þeim úrræðum sem til greina kemur að beita verður samkeppnisráð að hafa til hliðsjónar og vega saman, hagsmuni Landssímans af því að fyrirtækið ráði starfrækslu fjarskiptakerfa sinna og hagsmuni keppinauta Landssímans, viðskiptavina og neytenda af virkri samkeppni á markaðnum. Í því sambandi verður sérstaklega að huga að þeim þjóðhagslega mikilvægu hagsmunum sem löggjafinn hefur ákveðið að vernda beri með ákvæðum samkeppnislaga. Ef niðurstaða þessa mats sýnir að markmiði samkeppnislaga verði ekki náð með öðru og vægara móti en því að t.d. Landssíma Íslands verði skipt upp eða fyrirtækið skyldað til að stofna

---

[42] Umræddur hluti ákvörðunarinnar varðar aðeins hugleiðingar samkeppnisráðs um möguleg úrræði síðar án þess að þær séu hluti af ákvörðun samkeppnisráðs um þau ágreiningsefni sem uppi voru í málinu.

sérstakt fyrirtæki utan um breiðband sitt er ótvírætt að heimilt er að grípa til slíkra aðgerða. Þessi niðurstaða styrkist og af þeim markmiðum sem lýst er í greinargerð með frumvarpi til fjarskiptalaga nr. 143/1996, sem fyrr er frá greint og af viðeigandi ákvæðum EES-samningsins.

Sú niðurstaða samkeppnisráðs að það hafi ótvíræðar heimildir til að mæla fyrir um skiptingu Landssímans er athyglisverð. Þótt aðstæður á fjarskiptamarkaði kunni sumpart að vera þess eðlis að nauðsyn kallaði á slík úrræði í ríkara mæli en á öðrum sviðum, sýnist að í þessum viðhorfum samkeppnisráðs felist, að eigi sambærileg lýsing við um markaðsaðstæður á dagvörumarkaði eða byggingavörumarkaði, hafi samkeppnisráð heimild til að mæla fyrir um að fyrirtæki sem starfa á þeim sviðum verði skipt upp eða fyrirtæki, eftir atvikum, stofni sérstök fyrirtæki um tiltekna þætti rekstursins.

Ekki reyndi á þessi viðhorf í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Við áfrýjun málsins til nefndarinnar var m.a. gerð krafa um að þessi hluti ákvörðunar yrði felldur úr gildi. Var því haldið fram að umfjöllun um stöðu mála á fjarskiptamarkaði og hugsanlegar íhlutunaraðgerðir samkeppnisyfirvalda væru þess eðlis að væri ígildi stjórnvaldsákvörðunar. Taldi áfrýjandi, Landssími Íslands, að hann hefði ekki, að því er þetta varðaði, notið andmælaréttar eins og honum bar. Lögformlegra sjónarmiða hefði því ekki verið gætt við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar og bæri því að ómerkja ákvörðunina í heild sinni. Þótt umræddur hluti ákvörðunarinnar væri ekki tekinn upp í ákvörðunarorð samkeppnisráðs taldi áfrýjandi að hin afdráttarlausa afstaða sem fælist í niðurstöðu samkeppnisráðs væri svo íþyngjandi að óhjákvæmilegt hefði verið að gæta andmælaréttar. Þá taldi Landssíminn að auki að sú yfirlýsing samkeppnisráðs, að til álita gæti komið að greina breiðbandið frá Landssímanum, væri verulega íþyngjandi fyrir fyrirtækið og samkeppnisráði hefði verið skylt að láta áfrýjanda njóta andmælaréttar. Áfrýjunarnefndin hafnaði að fella úr gildi þessi ummæli. Var talið að í þeim fælust ekki bindandi ákvörðun samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga heldur einungis hugleiðingar samkeppnisráðs. Bindandi ákvörðun samkeppnisráðs síðar yrði að undirbúa eins og lög stæðu til.[43] Samkvæmt þessu hefur áfrýjunarnefndin ekki fjallað efnislega um þessi viðhorf samkeppnisráðs. Verður því að telja að nokkur óvissa ríki um hver yrðu afdrif þessara viðhorfa samkeppnisráðs á þeim vettvangi. Þá hefur ekki reynt á þessi viðhorf fyrir íslenskum dómstólum.

Ekki verður fram hjá því horft að lögskýringar samkeppnisráðs að því er varðar heimildir til að mæla fyrir um uppskiptingu fyrirtækja eru ekki óumdeildar. Vakin er athygli á að undir orðið „skipting“ eins og það er notað í fyrirsögn greinarinnar geta fallið ýmis úrræði sem ganga mismunandi langt. Ef miðað er við úrræði sem lengst ganga, þ.e. bókstafleg skipting fyrirtækis í fleiri sjálfstæðar einingar, sýnist út frá almennum lagaviðhorfum að gera verði þá kröfu að beiting svo íþyngjandi úrræða hvíli á ótvíræðri lagastoð. Hafa verður í huga að slíkt úrræði felur í raun í sér, þegar lengst er gengið, að fyrirtæki er nánast leyst upp og ný stofnuð á grunni þess. Þetta er að sjálfsögðu til þess fallið að hafa veruleg áhrif á verðmæti fyrirtækis, skipulag þess og starfsemi. Þá geta slíkar aðgerðir haft bein áhrif á hagsmuni ótiltekins fjölda hluthafa, t.d. þegar um er að ræða almenningshlutafélög. Skilyrði um skýrar lagaheimildir til að grípa til svo íþyngjandi aðgerða er tæpast fullnægt eins og samkeppnislögin eru nú. Vafasamt verður að telja að íslenskir dómstólar teldu sig, út frá almennum lagaviðhorfum, hafa nægilega skýrar heimildir til að mæla fyrir um slíkt úrræði. Án efa er var-

[43] Sjá nánar úrskurð áfrýjunarnefndarinnar í máli 13/1998. Sjá slóðina: *http://www.samkeppni.is.*

legra að mæla fyrir um þess konar úrræði í lögum með skýrari hætti áður en gripið er til þess.

Á hinn bóginn sýnist á grundvelli framangreindra lagaákvæða ekki unnt að útiloka að til greina komi að samkeppnisráð geti gripið til skyldra úrræða sem þjóna svipuðu markmiði, en ganga ekki jafnlangt; úrræða sem hafa ekki með jafnafgerandi hætti áhrif á verðmæti fyrirtækis, grundvallarskipulag þess og starfsemi. Má þar nefna fyrirmæli um að fyrirtæki verði gert að hætta tilteknum þáttum starfseminnar, t.d. þar sem fyrirtæki nýtir sér efnahagslegan styrk sinn til að hindra samkeppni á sviðum sem ekki varða meginstarfsemi þess.[44] Hér gætu einnig komið til fyrirmæli um að selja tilteknar eignir, svo sem hlutafé í öðrum félögum o.s.frv., án þess að það varði beint meginatriði í starfsemi þess, hafi veruleg áhrif á verðmæti fyrirtækis eða grundvallarskipulag. Sennilegt er að samkeppnisráð geti gripið til þess konar úrræðis til að hafa áhrif á aðstæður á markaði.

Í 18. gr. samkeppnislaga er meginboð laganna um samruna fyrirtækja að finna. Með lagabreytingunum árið 2000 voru samrunareglur 18. gr. styrktar en eftir dóm Hæstaréttar í svokölluðu Flugleiðamáli á árinu 1998[45] var óljóst að hvaða marki unnt væri að breyta samrunareglu laganna í þeim tilvikum þegar markaðsráðandi fyrirtæki eykur markaðsyfirráð sín með yfirtöku keppinauta. Beindust lagabreytingarnar 2000 ekki síst að því að skapa svigrúm til aðgerða undir þeim kringumstæðum. Þar sem telja verður að 18. gr. samkeppnislaga sé sérstaklega þýðingarmikil við mat nefndarinnar á tiltækum úrræðum til þess að sporna við fákeppni og einokun á fjölmiðlamarkaði er greinin hér í framhaldinu tekin upp í heild. Ákvæði 18. gr. hljóðar svo:

> Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur ráðið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.
>
> Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans.
>
> Tilkynna skal Samkeppnisstofnun um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst. Í tilkynningunni skal veita upplýsingar um samrunann og um þau fyrirtæki sem honum tengjast. Samkeppnisráð setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu, þar á meðal um markaði sem samruninn hefur áhrif á og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum hans.

---

[44] Hér má t.d. nefna þann möguleika að ráðandi verslunarkeðju á dagvörumarkaði yrði bannað að selja bækur þar sem hún verður uppvís af því að nota efnahagslegan styrk sinn til að hindra samkeppni í bóksölu með t.d. undirboðum, enda hafi önnur mildari úrræði ekki skilað árangri. Leggja ber áherslu á að þetta er eingöngu nefnt í dæmaskyni sem mögulegt úrræði og engin afstaða er tekin til þess hvort skilyrði væru til að beita þess konar úrræði við þær markaðaðstæður sem nú ríkja á Íslandi.

[45] Hrd. 1998/1300.

Samkeppnisstofnun skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga ef hún telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar Samkeppnisstofnun berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppnisstofnun skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur samkeppnisráð ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send viðkomandi fyrirtækjum.

Til þess að tryggja að hugsanleg ákvörðun skv. 1. mgr. nái að fullu fram að ganga getur samkeppnisráð gripið til íhlutunar í samruna til bráðabirgða. Íhlutun getur falist í banni til bráðabirgða gegn því að láta samruna koma til framkvæmda þar til endanleg niðurstaða samkeppnisyfirvalda á athugun á samrunanum liggur fyrir eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

Ákveði samkeppnisráð að ógilda samruna getur ráðið, samhliða ákvörðun á grundvelli 1. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

Samrunareglur gegna því mikilvæga hlutverki að koma í veg fyrir að samkeppnislegri gerð markaða sé breytt, með samruna eða yfirtöku, á þann hátt að samkeppni hverfi eða minnki til muna. Líta verður þá til þess að fyrir fram bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu kemur ekki í veg fyrir samkeppnishömlur sem stafa af samruna. Í samruna felst að einn eða fleiri keppinautar hverfa af markaðnum. Í 1. mgr. 18. gr. er lögfest sú meginheimild samkeppnisyfirvalda að ógilda eða setja samruna skilyrði.

Í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 107/2000 um breytingar á samkeppnislögum kemur fram að heimilt sé að ógilda eða setja samruna skilyrði þegar hann leiðir til þess að markaðsráðandi staða fyrirtækis styrkist. Í því sambandi verði að hafa í huga að samkeppni sé þegar takmörkuð af þeirri ástæðu að fyrirtæki er markaðsráðandi. Öll samþjöppun til viðbótar með fækkun keppinauta á viðkomandi markaði sé til þess fallin að raska samkeppni enn frekar og valda neytendum tjóni. Með breytingunni sé 18. gr. samræmd þeim samrunareglum sem gilda í aðildarríkjum EES-samningsins og víðar. Í öðru lagi er tekið fram að unnt sé að beita ákvæðinu þegar svo kölluð fákeppnis- eða sameiginleg markaðsráðandi staða (e. *oligopolistic* eða *joint dominance*) verður til við samruna eða þegar slík staða styrkist. Sé þetta einnig í samræmi við samrunareglur EES-samningsins, sbr. og löggjöf fjölmargra annarra ríkja. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir síðan orðrétt:

Við mat á því hvort sameiginleg markaðsráðandi staða verður til við samruna verður að athuga hvernig líklegt er að viðkomandi markaður þróist. Í því sambandi verður að taka til athugunar hvort samruninn sem um ræðir leiðir til þess að samkeppni á markaðnum verði raskað af samrunafyrirtækjunum auk eins eða fleiri fyrirtækja til viðbótar. Þetta getur orðið við það að efnahagsleg tengsl myndist á milli fyrirtækjanna sem gera þeim kleift að móta sameiginlega eða samræmda markaðsstefnu og starfa að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina eða neytenda. Þar sem mikil samþjöppun er á tilteknum mörkuðum getur orðið töluverð hætta á því að fyrirtæki taki gagnkvæmt tillit hvert til annars og fákeppni, markaðurinn er t.d. gagnsær og vörurnar eða þjónustan sem boðin er á viðkomandi markaði er einsleit. Fyrirtækin geta m.a. við þær aðstæður vitað með nokkurri vissu hver viðbrögð keppinauta verða við tilteknum markaðsaðgerðum. Þetta hefur þau áhrif að fyrirtækin hafa ekki lengur nauðsynlegt samkeppnislegt að-

hald heldur leiða markaðsaðstæður til þess að þau verða samstíga í markaðshegðun, t.d. takmarka þau framboð á vöru eða þjónustu til þess að geta hækkað söluverð með það að leiðarljósi að samræmd markaðshegðun leiði til hámörkunar sameiginlegs hagnaðar. Hér liggur til grundvallar sú kenning hagfræðinnar að tengsl séu á milli annars vegar stærðar og fjölda fyrirtækja á markaðnum og hins vegar þess hvaða líkur eru á samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja, án þess að endilega sé um að ræða ólögmætt samráð, t.d. um verðhækkanir. Er þessari breytingu ætlað að vinna gegn frekari myndun fákeppnismarkaða hér á landi.[46]

Í 2. mgr. laganna eru heimildir til inngrips í samruna síðan takmarkaðar við það að sameiginleg heildarvelta nemi a.m.k. 1 milljarði króna, svo sem það er nánar útfært í lagagreininni.[47] Að öðru leyti lýtur efni 18. gr. fyrst og fremst að þeim frestum sem gilda í samrunamálum.

Um samkeppnislög skal þess loks getið að í XI. kafla þeirra er að finna fyrirmæli um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl., samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem mögulega en þó ólíklega gætu haft þýðingu í þessu samhengi.

Að samkeppnislögum verður að öðru leyti vikið í niðurstöðum nefndarinnar í 6. kafla og þeirri spurningu velt upp hvort að framangreind úrræði samkeppnislaga nægi að óbreyttu til þess að sporna við óæskilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði og hvort mögulegt sé og æskilegt að breyta gildandi ákvæðum og/eða setja í lög ný sérákvæði sem sniðin eru að þeim sértæku markmiðum sem felast í fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði til verndar skoðana- og tjáningarfrelsi í landinu eða hvort fara beri aðrar leiðir að því marki.

4.6. Fjarskiptalög, nr. 81/2003

Gildandi fjarskiptalög eru nr. 81 frá árinu 2003. Miklar breytingar hafa orðið á þessu sviði á liðnum árum. Lögbundinn einkaréttur ríkisins til þess að reka almenna talsímaþjónustu var afnuminn 1998 og með eldri fjarskiptalögum, nr. 107/1999, áttu sér stað mestu grundvallarbreytingar á því réttarsviði frá upphafi. Þau lögmál sem á þessu sviði gilda hafa um margt verið talin önnur en þau lögmál sem gilda um aðra atvinnustarfsemi. Kemur þar ekki síst til, að til skamms tíma var um að ræða einkarétt ríkisins, ekki aðeins hér á landi, heldur jafnframt í helstu samburðarlöndum okkar í Evrópu. Það hefur m.a. leitt til þess að ekki hefur verið talið tækt að fella ákveðna þætti fjarskiptaþjónustu undir samkeppnislöggjöfina.

Í þessu nýja umhverfi er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað hlutverk eftirlitsaðila sem hefur það hlutverk að móta samkeppnismarkað á sviði þar sem ríkisrekstur og einokun hefur lengst af viðgengist. Langtímamarkmiðið er aftur á móti óumdeilanlega það, að á fjarskiptamarkaði þurfi ekki sértækar aðgerðir til eftirlits með markaðnum.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 81/2003 er vikið að þróun mála þessara fyrstu ára í breyttu umhverfi. Þar kemur m.a. fram að vöxtur hafi orðið í háhraða internetnotkun. Reglur sem skyldi fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á talsímamarkaði til að leigja fjarskiptafyrirtækjum heimtaugar hafi komið af stað framboði á bandbreiðum tengingum fyrir fyrirtæki og heimili sem byggist á DSL-tækni. Með notkun DSL sé hægt að hraða internet-samskiptum og notendur geta betur nýtt sér nýja þjónustu á netinu, svo sem hljóm- og myndflutning. Þá geri reglur um númeraflutning og fast forval not-

---

[46] Alþt. 1999, þskj. 770.

[47] Sú takmörkun var ekki í upphaflegri gerð frumvarpsins en kom inn í meðförum þingsins.

endum auðveldara fyrir að skipta um þjónustuveitanda. Auk þess séu væntingar uppi vegna stafræns gagnvirks sjónvarps og innleiðingar þriðju kynslóðar farsíma.[48]

Þróun mála á þessu réttarsviði er afar hröð og þegar á árinu 2002 var orðið ljóst að hin nýja fjarskiptalöggjöf ESB kallaði á breytta löggjöf hér á landi. Í greinargerð með tilvitnuðu frumvarpi eru tekin saman helstu markmið nýrrar löggjafar:

> Frá því að lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskiptastarfsemi var afnuminn hafa höfuðmarkmið fjarskiptalaga einkum verið tvenns konar, annars vegar að efla virka samkeppni og hins vegar að tryggja að allir landsmenn eigi kost á ákveðinni lágmarksfjarskiptaþjónustu. Sérstök fjarskiptalöggjöf er talin nauðsynleg til að þeim markmiðum verði náð. Til að stuðla að því að fjarskiptamarkaðurinn þróist í átt til almenns samkeppnismarkaðar og tryggja fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn eru eftirfarandi breytingar m.a. lagðar til á gildandi lögum: 1. Ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi en í staðinn munu fjarskiptafyrirtæki starfa eftir almennum heimildum. 2. Við mat á því hvort fyrirtæki hafi umtalsverða markaðshlutdeild er beitt reglum samkeppnisréttarins um mat á markaðsráðandi stöðu í stað þess að miða við 25% markaðshlutdeild eins og gert er í núgildandi lögum. 3. Staðfestur er formlegur samruni fjarskipta og útvarps sem leiðir til þess að reglur um dreifingu útvarps er að finna í frumvarpinu. 4. Heimild er veitt til þess að gera dreifingu ákveðinna útvarpsdagskráa að skyldu. 5. Ítarlegri ákvæði en áður eru um vernd notenda fjarskiptaþjónustu. 6. Tryggður er réttur notenda til lágmarksþjónustu í talsíma- og gagnaflutningi í alþjónustu auk þess sem stefnt er að því að bæta fyrirkomulag jöfnunarsjóðs sem annast greiðslur fyrir alþjónustu sem ekki stendur undir sér. 7. Skilmálar um aðgang að netum og þjónustu eru endurskoðaðir. 8. Settar eru markvissari reglur um samnýtingu á aðstöðu.[49]

Lögin sjálf eru allviðamikil, alls 76 greinar, auk ákvæða til bráðabirgða. Í mörgum atriðum snerta þau, þó í flestum tilvikum með óbeinum hætti, viðfangsefni nefndar þessarar. Engar forsendur eru til þess að taka saman heildstætt yfirlit yfir lögin. Hér á eftir verður því einungis drepið á helstu skilgreiningar og efnisreglur sem þýðingu geta haft fyrir mat nefndarinnar og jafnframt atriði sem varða þá tækni sem löggjöfin gerir ráð fyrir.

Í I. kafla laganna er markmiðum þeirra lýst á þá leið að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti á Íslandi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Jafnframt að íslenska ríkinu beri að tryggja eftir því sem unnt sé að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu.

Í II. kafla laganna, nánar tiltekið 3. gr. þeirra, eru skilgreiningar á helstu hugtökum réttarsviðsins. Til glöggvunar er nauðsynlegt er að taka hér upp helstu skilgreiningar:

1. *Aðgangur:* Að veita öðru fjarskiptafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, aðstöðu eða fjarskiptaþjónustu samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu. [...]
2. *Almennt talsímanet:* Fjarskiptanet sem er notað til að bjóða almenna talsímaþjónustu. Netið gerir flutning milli nettengipunkta mögulegan, bæði á tali og öðrum tegundum boðskipta, svo sem faxi og gögnum.

---

[48] Alþt. 2002, þskj. 960.
[49] Alþt. 2002, þskj. 960.

3. *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet sem er notað að öllu eða mestu leyti til að bjóða almenna fjarskiptaþjónustu.
4. *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
5. *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
6. *Breiðskjársjónvarpsþjónusta:* Sjónvarpsþjónusta sem samanstendur að öllu leyti eða hluta til af dagskrárefni sem er framleitt til þess að sýna í breiðskjárformi með mynd í fullri hæð. [...]
7. *Fjarskiptafyrirtæki:* Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
8. *Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild:* Fjarskiptafyrirtæki sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild.
9. *Fjarskiptanet:* Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp. [...]
10. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
11. *Fjarskipti:* Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum. [...]
12. *Notandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu. [...]
13. *Samruni:* Um skilgreiningu á samruna fer eftir samkeppnislögum.
14. *Samtenging:* Efnisleg og rökvís tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu. [...]
15. *Skilyrt aðgangskerfi:* Sérhver tæknileg ráðstöfun eða fyrirkomulag sem veitir aðgang að lokaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu. [...]
16. *Þróaður stafrænn sjónvarpsbúnaður:* Aðgangskassi sem tengist sjónvarpstæki eða stafrænt sjónvarpstæki sem getur tekið á móti stafrænni gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.

Það skal áréttað að í lögunum er sendikerfi fyrir útvarp talið til fjarskiptaneta.

Í III. kafla laganna er að finna nánari útlistun á heimild fyrirtækja til fjarskiptastarfsemi, þ.e. til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, og þeim lögbundnu skilyrðum sem þau þurfa að uppfylla.

Í IV. kafla er fjallað um úthlutun *tíðna* og *númera* og er það hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að fengnum umsóknum að úthluta slíkum réttindum til þeirra fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu skv. almennri heimild, sbr. 7. gr. laganna, þar sem jafnframt er að finna frekari útlistun þessa. Taka þessar reglur m.a. mið af því að tíðnir eru takmörkuð auðlind og það er því takmörkunum háð hversu margir geti boðið fram ákveðna þjónustu. Tíðnum er m.a. úthlutað fyrir sjónvarps- og útvarpsútsendingar.

Í 8. gr. er síðan að finna athyglisverð fyrirmæli sem varða þá stöðu sem upp kemur þegar fjarskiptafyrirtæki tekur þátt í samruna. Póst- og fjarskiptastofnun geti undir þeim kringumstæðum fellt réttindi þess til tíðninotkunar úr gildi að fullu eða að hluta til eða breytt skil-

yrðum réttinda ef hætta er á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlað eða forsendur fyrir veitingu tíðniréttinda eru að öðru leyti verulega breyttar eða brostnar.[50] Kemur fram í athugasemdum við greinina í frumvarpi að útvarpsstöðvar geti fallið undir þetta ákvæði ef þær reka sjálfar dreifikerfi og hafa tíðniheimild.

Í 3. mgr. 8. gr. er á hinn bóginn vikið að þeirri stöðu sem uppi er þegar slíku fyrirtæki er skipt upp í tvö eða fleiri fyrirtæki. Í 9. gr. laganna er fjallað um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að takmarka fjölda úthlutana á réttindum til þess að nota ákveðnar tíðnir við nánar tilgreindar aðstæður, m.a. til þess að tryggja skilvirka notkun tíðna og örva samkeppni. Í 10. gr. er síðan heimild fyrir stofnunina til þess að setja frekari skilyrði fyrir notkun tíðna og númera. Málsmeðferðarreglur miða að gagnsæi og jafnræði, sbr. t.d. 11. gr., og m.a. gert ráð fyrir því að útvarpsrásir geti verið boðnar út. Loks er í IV. kafla laganna vakin athygli á fyrirmælum 12. gr., þar sem mælt er fyrir um sérstaka heimild til þess að breyta skilyrðum fyrir þegar úthlutuðum réttindum.

Í V. kafla fjarskiptalaga, 16.–18. gr., er fjallað um þær markaðsskilgreiningar sem Póst- og fjarskiptastofnun skal leggja til grundvallar mati sínu. Svo sem fram kom hér að framan er með lögunum horfið frá því viðmiði eldri laga að 25% markaðshlutdeild teljist umtalsverð og fyrirtæki sem hafi þá stöðu beri sérstakar skyldur samkvæmt ýmsum ákvæðum laganna. Í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á vettvangi Evrópuréttarins inniheldur V. kafli endurskoðaða skilgreiningu á hugtakinu *umtalsverð markaðshlutdeild* þar sem fyrst og fremst er tekið mið af meginreglum samkeppnisréttarsins, sbr. fyrirmæli samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Vegna þýðingar þessa fyrir starf nefndarinnar eru hér tekin upp í heild ákvæði 17. og 18. gr. laganna:

17. gr. *Framkvæmd markaðsgreiningar.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af 16. gr. greina viðkomandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar við á skal gera greininguna í samstarfi við Samkeppnisstofnun.

Markaðsgreiningin skal vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skv. 18. gr. Ef samkeppni telst virk skulu ekki lagðar kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Ef virk samkeppni ríkir ekki á viðkomandi markaði skal útnefna fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á þeim markaði í samræmi við 18. gr. Leggja má á þau kvaðir samkvæmt lögum þessum eða viðhalda eða breyta kvöðum sem þegar hafa verið lagðar á.

18. gr. *Umtalsverð markaðshlutdeild.*

Fyrirtæki telst hafa umtalsverða markaðshlutdeild ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulega leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þegar fyrirtæki eitt sér eða með öðrum hefur umtalsverða hlutdeild á tilteknum markaði getur það einnig talist hafa umtalsverða hlutdeild á tengdum markaði ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaðnum til að auka markaðsstyrk sinn á hinum.

---

[50] Sjá til samanburðar 18. gr. samkeppnislaga.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari sundurliðun markaða skv. 16. gr., um greiningu á stöðu markaða og um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki, eitt eða fleiri saman, hafi umtalsverða markaðshlutdeild samkvæmt þessari grein.

Í VI. kafla laganna er fjallað um svokallaða alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu. Sýnast ákvæði þessa kafla ekki skipta máli í því sambandi sem hér er til skoðunar.

Í VII. kafla laganna er síðan fjallað um samtengingu neta og þjónustu og aðgang þar að lútandi. Kaflinn skiptist þannig að fyrstu þrjár greinarnar, 24.–26. gr., fjalla um skyldur sem hvíla jafnt á öllum fyrirtækjum án tillits til markaðshlutdeildar, í 27. gr. er almennt ákvæði um kvaðir sem leggja má á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild í kjölfar markaðsgreiningar, 28.–32. gr. fjalla um tilteknar tegundir kvaða sem leggja má á, sbr. 27. gr., 33.–35. gr. eru sérreglur um ákveðnar tegundir aðgangs og 36. gr. gildir um fyrirtæki sem njóta sérleyfis eða verndar. Samandregið má segja að ákvæði kaflans miði öðru fremur að því að skapa samkeppnisréttarlega aðstöðu fyrir ný fjarskiptafyrirtæki til að hefja starfsemi á markaðnum.

Ákvæði VIII. kafla fjarskiptalaganna sem fjallar um skilmála og gjaldskrár þarfnast ekki sérstakrar skoðunar í þessu samhengi og sama gildir um IX. kaflann sem fjallar um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sem og X. kafla laganna sem fjallar um talsímaþjónustu.

Í XI. kafla laganna er síðan fjallað um stafrænt útvarp sem nær bæði til dreifingar á hljóðvarpi og sjónvarpi. Er ekki lengur gerður greinarmunur á fjarskiptanetum og þjónustu eftir því hvort um er að ræða útvarpsþjónustu eða aðra fjarskiptaþjónustu. Ákvæði laganna hér að lútandi tala fyrir sig sjálf, en þau eru svofelld:

55. gr. *Skylda til að flytja útvarpsdagskrá.*

Leggja má á aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, skyldur til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur skulu einungis lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

56. gr. *Skilyrt aðgangskerfi.*

Skilyrtur aðgangur að stafrænni hljóð- og sjónvarpsþjónustu skal fullnægja reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur á grundvelli skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær kveði m.a. á um tæknilega eiginleika og skyldur til þess að veita aðgang.

57. gr. *Staðlar í gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal beina því til fyrirtækja sem starfrækja stafræna gagnvirka sjónvarpsþjónustu fyrir almenning eða selja þróaðan stafrænan sjónvarpsbúnað að þau noti opna staðla fyrir forritatengsl í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

58. gr. *Kröfur vegna stafræns útvarps í almennum fjarskiptanetum.*

Almenn fjarskiptanet sem sett eru upp til þess að dreifa stafrænni sjónvarpsþjónustu skulu vera fær um að dreifa breiðskjársjónvarpsþjónustu og dagskrám. Fjarskiptafyrirtæki sem taka við og dreifa breiðskjárþjónustu eða dagskrám skulu viðhalda breiðskjárforminu.

Ákvæði XII. kafla sem fjallar um fjarskiptabúnað og lýtur fyrst og fremst að ýmsum tæknilegum atriðum og útfærslum og útheimtir ekki frekari skoðun, sem og ákvæði XIII. kafla sem fjallar um réttindi til að starfa við fjarskiptavirki; ákvæði XIV. kafla sem fjallar um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja og XV. kafla sem tekur til fjarskipta á hættutímum. Í viðurlagaákvæðum XVI. kafla er síðan gerð grein fyrir úrræðum Póst- og fjarskiptastofnunar þegar brotið er gegn reglum um almennar heimildir og réttindi fjarskiptafyrirtækja eða gegn ákvæðum laga og reglugerða um fjarskipti.

4.7. Fjárfestingar erlendra aðila, sbr. lög nr. 34/1991

Í 3. gr. laganna kemur meginreglan fram. Þar segir að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi, með þeim takmörkunum sem í lögunum eða sérlögum greinir, og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

Í lögunum er ekki mælt fyrir um sérstakar takmarkanir á fjárfestingu í fjölmiðlafyrirtækjum. Verður því litið svo á að ekki gildi sérstakar hömlur á fjárfestingum erlendra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á Íslandi samkvæmt þessum lögum. Skiptir þá ekki máli hvort þeir eiga staðfestu á EES-svæðinu eða ekki.

Rétt er þó að vekja athygli á sérreglum útvarpslaga um úthlutun útvarpsleyfa, sbr. 4. mgr. 6. gr. úvl., sem binda úthlutun útvarpsleyfa við aðila á EES-svæðinu. Samkvæmt því er óheimilt að veita erlendum aðila utan svæðisins útvarpsleyfi. Nefna má í þessu sambandi að í eldri útvarpslögum frá 1995 var óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar. Sama gilti um félag eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila var meiri en 10%. Þessi síðastnefnda regla hefur verið afnumin. Samkvæmt gildandi lögum virðist nú ekki lengur skipta máli hvort félag er að hluta eða jafnvel öllu leyti í eigu útlendinga ef það telst íslenskur lögaðili.

Vakin er athygli á að í lögum um prentrétt, sem framar eru rakin, er gert ráð fyrir að útgefandi blaðs eða tímarits sé íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi eða „íslenskur ópersónulegur aðili“, eins og segir í lögunum. Jafnframt skuli ritstjóri blaðs eða tímarits vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða. Ekki er að fullu ljóst hvað við er átt með orðalaginu „íslenskur ópersónulegur aðili“, en ætla má að átt sé við fyrirtæki sem eru að meiri hluta til í eigu íslenskra ríkisborgara, heimilisfastra hér á landi, eða önnur fyrirtæki sem fullnægja þessu skilyrði.

4.8. Siðareglur Blaðamannafélags Íslands

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands eru frá 1991. Í reglunum er m.a undirstrikuð persónuleg ábyrgð blaðamanns á öllu sem hann gerir í starfi sínu. Honum ber að vanda upplýsingaöflun sína og úrvinnslu og framsetningu sína svo sem kostur er og sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Honum ber að forðast allt sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Samkvæmt 4. gr. siðareglnanna telst það alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga, að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Í 5. gr. er tekið fram að blaðamanni beri að varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Honum ber fyrst og fremst að gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar. Blaðamanni ber að hafa eigin sannfæringu að leiðarljósi í skrifum sínum og gæta þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu

efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli. Siðareglurnar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

4.9. Ýmis lög og reglur

Að endingu þykir þó rétt að nefna tvennt sem kann að hafa óbeina þýðingu fyrir efni þessarar greinargerðar. Í fyrsta lagi reglur íslenskra laga sem lúta að vernd æru manna og fjölmælum. Reglur þessar tengjast að nokkru ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og reglum í lögum um prentrétt sem fyrr eru raktar og varða ábyrgð útgefanda, ritstjórna, höfunda o.s.frv. á birtu efni. Ákvæði sem að þessu lúta er einnig finna í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. XXV. kafla þeirra. Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um þessar reglur.[51]

Af hálfu nefndarinnar hefur gildandi íslensk löggjöf að öðru leyti verið yfirfarin og gætt að því hvort í öðrum lögum sé að finna ákvæði, sem með einum eða öðrum hætti varða það svið sem nefndinni er ætlað að fjalla um og greina. Í því skyni hefur nefndin m.a. hugað að ákvæðum í lögum nr. 62/1978, um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi, höfundalögum, nr. 73/1972, lögum um Menningarsjóð, nr. 79/1993, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þessi heildarskoðun gefur ekki tilefni til sértækrar umfjöllunar um önnur lög en þau sem þegar hefur verið fjallað um í köflunum hér að framan.

Að lokum er þess að geta að dæmi eru þess að fjölmiðlar á Íslandi hafi sett sér innri reglur um samskipti blaða- og fréttamanna annars vegar og ritstjórnar/dagskrárstjórnar hins vegar. Þessar reglur hafa ekki verið gerðar opinberar og nefndin hefur ekki falast eftir þeim. Í 6. kafla er bent á þá leið að fjölmiðlafyrirtæki verði skylduð til að setja sér slíkar reglur.

5. Alþjóðaskuldbindingar og erlend löggjöf

5.1. Alþjóðaskuldbindingar

5.1.1. Evrópuráðið

Evrópuráðið hefur látið til sín taka þau málefni sem eru til umfjöllunar í þessari greinargerð. Grundvöllur þess er 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), en sú grein fjallar um vernd tjáningarfrelsis. Mannréttindasáttmáli Evrópu er ekki aðeins skuldbindandi fyrir íslenska ríkið að þjóðarétti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1954, heldur er hann einnig bindandi að landsrétti, enda hefur hann verið lögfestur, sbr. lög nr. 62/1994.[52]

Frá því að sáttmálinn var lögfestur hefur hann jafnframt haft afgerandi þýðingu við skýringu og beitingu íslensku stjórnarskrárinnar. Má því reikna með að sú túlkun á 10. gr. MSE sem fram hefur komið í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu muni hafa úrslitaþýðingu við skýringu ákvæðis 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Það er því mikilvægt fyrir efni þessarar greinargerðar að gera grein fyrir þeim skuldbindingum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið felast í 10. gr. MSE, enda má gera ráð fyrir að sambærilegar

---

[51] Heildstæða umfjöllun um þessi atriði er m.a. finna hjá Páli Sigurðssyni: Fjölmiðlaréttur (1997), bls. 171–237.

[52] Sjá einnig 19. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og enn fremur 19. gr. Alþjóðasamnings um stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi.

skyldur verði taldar felast í ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallað er um í kafla 4.1 hér að framan.

Ákvæði 10. gr. MSE hljóðar svo:

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

Ákvæði 1. mgr. mælir fyrir um rétt allra manna til tjáningarfrelsis, sbr. 1. málsl. Þá felst í 2. málsl. réttur til upplýsinga um almannahagi. Þótt fjölmiðlar séu ekki nefndir berum orðum í 1. og 2. málsl. hafa ákvæðin verið skýrð þannig að í þeim felist einnig frelsi til að tjá sig í útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og á prenti (m.a. í dagblöðum) enda sé það mikilvægt, m.a. til að tryggja aðgengi annarra að upplýsingum og ólíkum sjónarmiðum.[53] Leggja ber áherslu á að ákvæðið bannar ekki að ríki setji reglur um að rekstur útvarps og kvikmyndafyrirtækja skuli háður leyfum. Í 2. málsl. er því með jákvæðum hætti, eins og í 1. málsl., vísað til þeirra grundvallarréttinda einstaklinga, að tjá sig án afskipta stjórnvalda.

Í 2. mgr. 10. gr. MSE er mælt fyrir um lögmætar takmarkanir á tjáningarfrelsi vegna mikilvægra þjóðfélagshagsmuna, sbr. nánar upptalningu í ákvæðinu. Fjölmiðlar eru ekki sérstaklega nefndir í 2. mgr. Engu að síður hefur Mannréttindadómstóll Evrópu fjallað um hlutverk þeirra í dómum sínum. Hefur dómstóllinn t.a.m. skýrt 2. mgr. 10. gr. MSE þannig að í henni felist réttur ríkis til að setja starfsemi fjölmiðla vissar skorður í því skyni að varðveita fjölbreytni þeirra (plural, culturally diverse broadcasting offer). Þetta væri m.ö.o. markmið sem gæti réttlætt takmarkanir á réttindum til að útvarpa.[54]

Dómstóllinn hefur í fleiri dómum, með skírskotun til 10. gr. sáttmálans, lagt áherslu á þörfina fyrir að varðveita fjölbreytni í fjölmiðlun. Sem dæmi er nefnt *Jersild*-málið.[55] Í dóminum er lögð áhersla á mikilvægi ljósvakamiðla í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í *Piermont*-málinu[56] er lögð áhersla mikilvægi fjölmiðla og á nauðsyn fjölbreytni, umburðarlyndis og opinnar umræðu (openness). Þá er í fleiri dómum lögð áhersla á það hlutverk prentmiðla að veita stjórnvöldum aðhald og standa vörð um þá hagsmuni almennings sem hér um ræðir.[57] Þetta hefur verið orðað svo að ríki beri á endanum ábyrgð á því að fjölbreytni í fjölmiðlun sé til staðar, sbr. *Lentia*-málið.

Af þessum dómum og fræðiskoðunum um skýringu 10. gr. sáttmálans leiðir að í ákvæðinu eru taldar felast vissar skyldur fyrir ríki til að grípa til ráðstafana til að vernda fjölbreytni

---

[53] *Lentia Informationsverein.* Dómur 24.11.1993.
[54] *Lentia Informationsverein.* Dómur 24.11.1993.
[55] Dómur 23. september 1994.
[56] Dómur 27. apríl 1995.
[57] Hér má nefna: *Bladet* Tromsø-málið. Dómur 20. maí 1999; *Fressoz og Roire*-málið. Dómur 21. janúar 1999; *Oberschlick*-málið. Dómur 1. júlí 1997; *Janowski*-málið. Dómur 21. janúar 1999.

skoðana sem fram koma í fjölmiðlum og ef nauðsynlegt er, að grípa til sérstakra aðgerða í því skyni.

Af þessu leiðir, sé það mat íslenskra yfirvalda að aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu með þeim hætti að pólitísk og menningarleg fjölbreytni sé ekki tryggð, að þjóðréttarleg skylda hvílir á ríkisvaldinu til að gera beinar ráðstafanir í þeim tilgangi að tryggja hana. Af þeim lögskýringaraðferðum sem mótaðar hafa verið af Hæstarétti Íslands um áhrif mannréttindasáttmálans á skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar, og skýringum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 verður sú ályktun dregin að þessa skyldu leiði jafnframt af ákvæðum 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Á þeim lagagrundvelli sem lagður er í 10. gr. MSE og nánar hefur verið útfærður í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur Evrópuráðið samþykkt sérstök tilmæli (*Recommendation* No. R (99) 1) til aðildarríkjanna sem að þessu lúta.[58]

Í almennum skýringum við tilmælin er áréttað það sjónarmið, að efni þeirra tengist þeirri skuldbindingu Evrópuráðsins að stuðla að og tryggja tjáningarfrelsi og viðhalda menningarlegri fjölbreytni í Evrópu. Á þeim grundvelli sé talið réttlætanlegt að settar séu fram leiðbeiningar og tilmæli til aðildarríkjanna í þessu efni. Bent er á að réttarkerfi aðildarríkjanna og aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu afar mismunandi. Því sé markmiðið með tilmælunum aðeins að lýsa á óskuldbindandi hátt mismunandi leiðum sem gagnlegt getur verið fyrir aðildarríkin að skoða þegar þau taka ákvarðanir sem miða að því að varðveita fjölbreytni og hamla gegn neikvæðum áhrifum samþjöppunar á sviði fjölmiðlunar.

Þá er leitast við að skýra hvað átt er við með *fjölmiðlafjölbreytni* (media pluralism). Segir að átt sé við fjölbreytni í framboði fjölmiðla, sem fram komi m.a. í mörgum og ólíkum sjálfstæðum fjölmiðlum (structural pluralism) og fjölbreytni í tegundum fjölmiðla og innihaldi fjölmiðlaefnis, að því er varðar sjónarmið og skoðanir, sem aðgengileg séu almenningi.[59] Í tilmælunum er leitast við að tryggja þessi markmið, þ.e. fjölbreytni í uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins og því efni sem þeir miðla til almennings. Þá er áréttað að mikilvægustu efnisþættir hugtaksins sé annars vegar pólitísk fjölbreytni og hins vegar menningarleg.

Meginatriði tilmælanna eru þessi:

a) *Reglur um eignarhald.* Lagt er fyrir aðildarríkin að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun í hættu, hvort heldur á landsvísu eða svæðisbundið. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Í dæmaskyni er nefnd leyfileg hámarksmarkaðshlutdeild, þar sem mælikvarði á markaðshlutdeild er annað hvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla (lestur/áhorf/hlustun). Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Fyrirtækjum sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði verði ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði.

---

[58] Sjá Council of Europe. Committee of Ministers. Recommendation No. R (99) 1 of the Committee of Ministers to Member States on Measures to promote Media Pluralism. Adopted by the Committee of Ministers on 19 January 1999 at the 656th meeting of the Ministers' Deputies. Þá fylgir tilmælunum Explanatory Memorandum to Recommendation No. R (99) 1 of the Committee of Ministers to Member States on Measures to promote Media Pluralism.

[59] Í greinargerð þessari er ávallt miðað við þessa skýringu þegar orðið *fjölbreytni* er notað.

Bent er á að auki, að við leyfisveitingar til einkaaðila geti yfirvöld haft sérstaklega í huga að auka fjölbreytni í fjölmiðlun.

Jafnframt er bent á að aðildarríkin geti hugað að þeim möguleika að koma á fót sérstakri stofnun (fjölmiðlastofnun) sem hafi heimildir til að grípa til aðgerða gegn samruna eða samþjöppun, eða öðrum aðgerðum sem hafa með sambærilegum hætti neikvæð áhrif á fjölbreytni í fjölmiðlun. Á sama hátt komi til greina að veita þeim stofnunum sem fyrir eru slíkar heimildir. Sé það ekki gerlegt megi huga að því að samkeppnisyfirvöld verði skylduð til að hafa í huga þörfina fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun þegar þau hafa til meðferðar mál sem varða samruna eða samþjöppun fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði.

Aðildarríki skuli einnig meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun (vertical), þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar, þegar hætta er á að hún geti leitt til fábreytni.

Í skýringum við tilmælin er fjallað um þá mælikvarða sem unnt sé að nota við ákvörðun takmörkunar á eignarhaldi. Fram kemur sú skoðun að mælikvarðar sem miða við útbreiðslu (áhorf/hlustun/lestur) séu gagnlegastir til þess að vernda markmiðið um fjölbreytni. Á hinn bóginn séu mælikvarðar sem miða við hlutafjáreign eða veltu á undanhaldi, enda hafi reynslan sýnt að fyrirtækjum er tiltölulega auðvelt að fara kringum viðmiðanir og takmarkanir sem lúta að því.

Því er jafnframt haldið fram að 30% útbreiðsla á markaði séu viðunandi mörk, þegar sjónvarp, hljóðvarp og dagblöð eiga í hlut. Þá er í bland við þessar reglur talið viðunandi að setja beinar skorður við eignarhaldi sem miði við 10%. Þessi samsetning er talin tryggja að lágmarki fjóra miðla í hverjum geira fjölmiðlunar fyrir sig og a.m.k. 10 þátttakendur á markaðnum í heild. Þó er lögð áhersla á að þetta verði að ráðast af aðstæðum á fjölmiðlamarkaði í hverju landi fyrir sig, auk þess sem taka verði tillit til viðskiptasjónarmiða.

b) *Tækninýjungar.* Mælt er með að aðildarríki styðji við og styrki þróun nýjunga í fjölmiðlun með það í huga að gripið verði til ráðstafana til að tryggja fjölmiðlafjölbreytni og tryggja sanngjarnan aðgang þjónustuaðila og framleiðenda efnis að fjarskiptakerfum (networks) og enn fremur almennings að nýrri samskipta- og fjarskiptatækni. Sérstök áhersla er lögð á þetta atriði til að stuðla að framþróun stafræns sjónvarps.

c) *Efni fjölmiðla.* Varðandi efni og innihald fjölmiðla er mælst til að ríki hugi að því að gera ráðstafanir til að tryggja aðgengi almennings að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi pólitísk og menningarleg sjónarmið, um leið og gerðar eru ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði ritstjórna (dagskrárstjórna) fjölmiðlafyrirtækja. Í því efni beri einnig að meta gildi og árangur þeirra ráðstafana sem fjölmiðlarnir sjálfir hafa gert til að tryggja þetta.

Varðandi hljóðvarp og sjónvarp er sérstaklega mælst til þess að ríki hugi að því að styðja við og styrkja framleiðslu og útsendingar á fjölbreyttu dagskrárefni af hálfu fyrirtækja sem starfa á því sviði. Slíkar ráðstafanir geta t.d. falið í sér að gerðar yrðu kröfur til þeirra sem hafa útvarpsleyfi, að tiltekinn hluti af dagskrárefni, sérstaklega fréttir og aðrir liðir í dagskrá, sem fjalla um samfélagsleg málefni samtímans, séu framleiddir af leyfishafa sjálfum. Þá er enn fremur bent á þá mögulegu leið að aðila, sem hefur yfirburðastöðu á markaði, verði gert að heimila öðrum útsendingaraðilum að senda út á tíðnisviði hins fyrrnefnda (frequency sharing). Þá er mælst til þess að hugað sé að því að setja reglur sem hafi það að markmiði að varðveita þann fjölbreytileika sem felst í staðarútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) (local radio), að því gættu að miðstýring dagskrárefnis leiði ekki til fábreytni.

Varðandi prentmiðlana er mælst til þess að ríki stuðli að því að þeir miðlar hafi aðgang að fjölbreytilegum upplýsingaveitum í efnisöflun sinni. Hér er verið að vísa til þess að rík

tilhneiging sé til þess að dagblöð noti sömu fréttamiðlarana og fréttaflutningur dagblaða hafi tilhneigingu til að vera einsleitur, þótt dagblöðin kunni að vera mörg.

d) *Ábyrgð eigenda og/eða ritstjórna/dagskrárstjórna.* Mælst er til þess að ríki hvetji fjölmiðlafyrirtæki til að styrkja sjálfstæði ritstjóra (fréttastjóra) og blaða- eða fréttamanna í sínum röðum, m.a. með því að þeir setji sér innri reglur þar um.

e) *Ríkisútvarp.* Mælst er til þess að ríki viðhaldi almenningsútvarpi (public service)[60] og skapi slíkum fyrirtækjum tækifæri og svigrúm til að þróast og til að nýta sér þær nýjungar og möguleika sem felast í bættri fjarskipta- og útvarpstækni.

Bent er á að athuga megi möguleika á því að þróa leiðir til auka áhrif almennings á innihald dagskrárefnis ríkisútvarpsstöðva. Þetta mætti gera með því t.d. að koma á fót ráðgjafanefndum almennings um efni dagskrár, þannig að dagskrá endurspegli þarfir og kröfur mismunandi hópa samfélagsins.

Þá er mælt með því að ríki skilgreini leiðir til að tryggja viðeigandi og örugga fjármögnun almenningsútvarps, sem geti falist í opinberri fjármögnun, með tekjum af rekstri eða öðrum hætti.

Að því er varðar stafræna tækni (digitisation) er mælst til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um „flutningsskyldu" (must-carry rule) veitufyrirtækja (networks). Bent er á að sambærilegar reglur gætu átt við um aðrar dreifingaraðferðir.

f) *Opinber fjárstuðningur við fjölmiðla.* Í því skyni að tryggja og auka fjölbreytni er mælst til þess að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum, einkum svæðisbundnum miðlum, sérstakan fjárstuðning. Í því sambandi megi huga að því að styðja við miðla sem gefa út eða senda út efni á tungumálum minnihlutahópa.

Saman við þetta, eða einn sér, getur stuðningur við samningu, framleiðslu eða dreifingu útvarpsefnis sem felur í sér mikilvægt framlag til fjölbreytni komið til álita. Þá kæmi til greina að styðja við áform um stofnun nýrra fjölmiðlafyrirtækja eða aðstoða og styrkja aðila í fjölmiðlun, sem eiga við rekstrarörðugleika að stríða eða þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum eða tækninýjungum.

Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af því tagi sem að framan greinir sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings.

g) *Rannsóknir.* Mælst er til þess að aðildarríki styðji við rannsóknir og þróun á sviði fjölmiðlunar og samþjöppunar, sérstaklega að því er varðar áhrif nýrrar fjarskiptatækni og -þjónustu á þessum sviðum.[61]

5.1.2. Aðrar þjóðréttarskuldbindingar

Aðrar alþjóðlegar skuldbindingar en þær sem þegar hafa verið raktar geta skipt máli fyrir þessa greinargerð. Má þar nefna alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 og nr. 28/1993. Í 19. gr. sáttmálans er mælt fyrir um rétt manna til að ráða skoðunum sínum og rétt til að láta í ljós skoðanir sínar. Ákvæði þessi gefa þó ekki tilefni til ítarlegrar umfjöllunar hér.

---

[60] Íslenska ríkisútvarpið telst almenningsútvarp í þessum skilningi.

[61] Sjá einnig tilmæli: R (74) 43 on press concentration.

5.2. Reglur í einstökum löndum

Í þessum kafla er lýst réttarstöðunni í einstökum löndum. Gefið er mjög almennt yfirlit um réttarstöðuna í Noregi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Nefndin er sammála um að ekki hafi sérstaka þýðingu að gera ítarlega grein fyrir reglum og framkvæmd þeirra í einstökum löndum. Reglur í einstökum löndum eru mjög ólíkar og spretta af ólíkum aðstæðum. Lýsingin þjónar því fyrst og fremst því markmiði að vekja athygli á þeim ólíku leiðum sem til greina koma, fremur en að unnt sé að nota regluverk einstakra landa sem fyrirmynd hér á landi.

5.2.1. Noregur

Í Noregi eru í gildi lög um eignarhald á fjölmiðlum frá 1997 (*Lov om erverv i dagpresse og kringkasting No. 53 13. 6. 1997*). Hugmyndin að baki þeim er að stuðla að uppbyggingu eignarhalds á fjölmiðlamarkaði sem eflir tjáningarfrelsi og tryggir fjölbreytni í fjölmiðlun. Með þessu stefnir norska ríkið m.a. að því að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 1. gr. kemur fram að tilgangur laganna sé að efla tjáningarfrelsi, raunhæf úrræði og tækifæri til að tjá skoðanir og fjölbreytni fjölmiðla. Á grundvelli laganna er komið á fót sérstakri stofnun, sem hefur það hlutverk að fylgjast með eignarhaldi á fjölmiðlum (*Eierskapstilsynet*). Stofnunin hefur skv. 9. gr. laganna heimildir til að grípa inn í viðskipti með eða framsal á fyrirtækjum, eða hlutum í þeim, á sviði dagblaða (dagpresse) og útvarpsfyrirtækja (kringkasting) ef þau leiða til þess að eitt fyrirtæki eða í samvinnu við önnur hefur eða mun öðlast *verulega eignarhlutdeild á fjölmiðlamarkaði* (betydelig eierstilling i mediamarkedet) á landsvísu eða svæðisbundið, þannig að það fari gegn markmiðum laganna. Skiptir þá ekki máli hvort framsal á sér stað fyrir kaup, skipti, gjöf, leigu, erfðir, búskipti, nauðungarsölu o.s.frv. Lögin fela í sér heimild til að banna viðskiptin, banna afhendingu á eignarhlutum sem þegar hefur verið samið um framsal á eða til stendur að framselja og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að tilgangurinn með banninu náist, eða setja viðskiptum skilyrði sem nauðsynleg teljast til að markmiðum laganna verði náð. Getur stofnunin m.a. beitt dagsektum í þessu skyni, sbr. 12. gr. Áður en stofnunin tekur ákvörðun ber henni að leita annarra úrræða, sem hafa minni röskun í för með sér. Skv. 8. gr. er hægt að skjóta ákvörðunum stofnunarinnar til sérstakrar kærunefndar. Lögin taka ekki eingöngu til fyrirtækja í fjölmiðlun, heldur einnig til fyrirtækja sem eiga eignarhlut í fjölmiðlafyrirtækjum.

Í lögunum er ekki vísað beint til tiltekinnar hámarkshlutdeildar. Á hinn bóginn kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að stofnunin geti ekki haft afskipti af viðskiptum með fyrirtæki í dagblaðaútgáfu ef þau leiða ekki til þess að eitt fyrirtæki eða í samvinnu við önnur nái 20% af markaði miðað við upplag og þar sem þau leiða ekki til aukinnar svæðisbundinnar eignasamþjöppunar í blaðaútgáfu eða útvarpi. Aðili sem hefur 30% eignarhlutdeild á landsvísu á fjölmiðlamarkaði eða meira, er talinn hafa verulega eignarhlutdeild. Ef um svæðisbundna fjölmiðla er að ræða eru engin slík takmörk og sérhver viðskipti með svæðisbundna fjölmiðla eru metin út frá stöðu á viðkomandi markaði og með hliðsjón af markmiðum laganna. Ekki gilda sérstakar reglur um lárétt eignatengsl (cross-ownership), þ.e. þegar sami aðili á fleiri en eina tegund fjölmiðla.

Við undirbúning laganna komu fram hugmyndir um að binda hámarkseign við tiltekna prósentu. Meiri hluti nefndarinnar gerði tillögu um 30%, en minni hlutinn um 50%. Menn-

ingarmálaráðuneytið setti aftur á móti fram tillögu um orðalagið sem varð ofan á, þ.e. *verulegur eignarhlutur*. Í athugasemdum ráðuneytisins kom fram að höfð væru í huga u.þ.b. 30% sem viðmiðun.[62]

Ekki kom fram nein veruleg andstaða við áformin um þessa lagasetningu hjá stærstu stjórnmálaflokkunum á norska Stórþinginu, nema Hægriflokknum. Þá kom fram andstaða af hálfu nokkurra stórra fjölmiðlafyrirtækja, bæði á sviði dagblaða og ljósvakamiðlunar.[63]

Við framkvæmd laganna hefur fyrst og fremst reynt á viðskipti með svæðisbundin dagblöð. Hefur stofnunin gert athugasemdir í nokkrum málum og jafnvel bannað viðskiptin þegar þau hafa haft í för með sé of mikla samþjöppun á viðkomandi svæði. Í reglum, sem stofnunin vinnur eftir, er miðað við að fjölmiðlamarkaði sé skipt í þrennt: dagblöð, sjónvarp og útvarp. Miðað er við að um verulegan hlut sé að ræða þegar aðili hefur náð 1/3 hlutdeild á einhverju þessara þriggja sviða. Lögin hafa ekki að geyma skýrar reglur um láréttt eignatengsl (multieierskap/krysseierskap), en litið er svo á að unnt sé að fara niður fyrir 1/3 mörkin, ef viðkomandi á eignarhluti í fleiri fjölmiðlafyrirtækjum á öðrum sviðum. Um þetta gilda þó ekki fastar reglur og talið að þetta verði að meta í hverju tilviki með tilliti til heildaraðstæðna á viðkomandi markaði.[64]

Fram hafa komið hugmyndir um að slaka á reglunum í Noregi. Þær fela í sér eftirfarandi: (i) að lögin gildi ekki um svæðisbundna fjölmiðla; (ii) að miðað verði við 49% eignarhlutdeild á fjölmiðlamarkaði á landsvísu; (iii) að lögin taki einnig til láréttra eignatengsla, rafrænna miðla og til samstarfssamninga milli fyrirtækja í fjölmiðlun. Fyrsta atriðið, um að fella svæðisbundna (lokal) fjölmiðla undan gildissviði laganna, virðist eiga talsverðan stuðning meðal flokka á Stórþinginu og enn fremur hugmyndir um að hækka mörkin í 49%. Hefur núverandi ráðherra menningarmála lýst því yfir að lögin verði tekin til endurskoðunar.

Reglurnar í Noregi hafa helst verið gagnrýndar fyrir það að vera mjög matskenndar og veita yfirvöldum mikið svigrúm til að meta atvik í hverju máli fyrir sig. Af því hefur þótt leiða nokkra óvissu um réttarstöðuna.

5.2.2. Danmörk

Engar takmarkanir gilda um eignarhald á dagblöðum, aðrar en þær sem leiðir af almennum samkeppnisreglum. Þannig taka samkeppnisreglur til samráðs fyrirtækja í fjölmiðlum, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja með sama eða svipuðum hætti og annarra fyrirtækja.

Fyrirtæki (félög) sem eru í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri mega ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp (sjónvarp og hljóðvarp).

Þeir sem hafa leyfi til að reka sjónvarp eða hljóðvarp verða að hafa þann rekstur sem sitt eina markmið.

Engar takmarkanir eru annars á láréttum eignatengslum eða eignarhaldi útlendinga.

5.2.3. Finnland

Varðandi dagblöð gilda engar takmarkanir á eignarhaldi eða útbreiðslu aðrar en þær sem leiða má af almennum samkeppnisreglum.

---

[62] Johann Roppen: Regulering av eierskap i Norske media. Innlegg (papaer) lagt fram på 15. Nordiske konferense for Media of Kommunikasjonsforking. Reykjavík 11–13. ágúst 2001 (http://www2.hivolda.no).

[63] Sama heimild.

[64] Anders Huitfeldt: Mediaeierskapsloven – en gjennomgang av loven, behovet for regulering og alternativerne. Foredrag holdt for landsstyret til Norsk Journalistlag 17. september 2003.

Engar beinar lögmæltar takmarkanir gilda um eignarhald fyrirtækja í sjónvarps- og hljóðvarpsrekstri. Í greinargerð með finnsku útvarpslögunum kemur fram það viðhorf, að við úthlutun leyfa sé lögð áhersla á að hindra að eignasamþjöppun í fjölmiðlun ógni tjáningarfrelsi. Af þessu leiðir að þetta er sjónarmið sem haft er í huga þegar útvarpsleyfi eru gefin út.

Ef breytingar verða á hlutafjáreign í fyrirtækjum sem hafa útvarpsleyfi sem leiða til þess að nýir eigendur fái ráðandi hlut, falla leyfin úr gildi.

Engar lögmæltar reglur gilda til að koma í veg fyrir lárétt eignarhald, en mikil tregða hefur verið til þess af hálfu ríkisstjórnar að veita útvarpsleyfi til dagblaðaútgáfu og til fyrirtækja á fjarskiptamarkaði.

Engar sérstakar hömlur eru á eignarhaldi erlendra aðila.

Finnska ríkið hefur stutt við útgáfu dagblaða til verndar tjáningarfrelsi og í þeim tilgangi að stuðla að fjölbreyttum fjölmiðlum. Mjög hefur dregið úr þessum styrkjum síðustu árin. Eins og staðan er nú, er aðeins um að ræða útgáfustyrki til stjórnmálaflokka.

5.2.4. Svíþjóð

Varðandi dagblöð gilda engar takmarkanir utan þær sem leiðir af almennum samkeppnisreglum.

Sænska menningarmálaráðuneytið lagði fram frumvarp að lögum um eignarhald á fjölmiðlum, en það náði ekki fram að ganga.[65]

Í leyfisbréfi til TV4 til að reka sjónvarp er sett það skilyrði að ekki megi verða breytingar á eignarhaldi eða áhrifum á TV4 sem leiða til þess að samþjöppun eignarhalds aukist. Í lagaframkvæmd er því augljóslega litið svo á að unnt sé að binda leyfi slíkum skilyrðum.

Erlendir aðilar innan ESB/EES geta átt eignarhlut í dagblaðaútgáfum.

5.2.5. Bretland

Tiltölulega stutt er síðan miklar breytingar voru gerðar á lögum í Bretlandi. Fyrir efni þessarar greinargerðar er fróðlegt að skoða löggjöfina í Bretlandi bæði fyrir og eftir breytingarnar, enda varpa þær ljósi á þá þróun sem orðið hefur.

Eldri reglur

a. *Dagblöð.* Þeir sem gáfu út dagblað í meira en 500.000 eintökum urðu að fá samþykki yfirvalda viðskipta- og iðnaðarráðuneytis til að kaupa aðrar útgáfur. Ef sambærilegar reglur ættu að gilda á Íslandi væri upplagið líklega í kringum 3.000 eintök. Fjarri lagi virðist að sambærilegar reglur gætu gilt Íslandi.
b. *Sjónvarp.* Hin almennu mörk á landsvísu miðuðust við 15% áhorf. Við mælingar þessar var tekið tillit til þess að hlutur almenningssjónvarps (ríkissjónvarps) var 1/3. Af þessu leiddi að einkafyrirtæki mátti hafa um 30% af markaði fyrir einkarekið sjónvarp.
c. *Útvarp.* Sami aðili mátti eingöngu eiga eina útvarpsstöð sem nær til landsins alls eða ef hann á fleiri máttu þær ekki fara yfir 15% samanlagt af markaðnum í heild. Notað var tiltekið punktakerfi við útreikninga á markaðshlutdeild, þar sem tekið var mið af hlustun o.fl.
d. *Reglur um lárétt eignarhald.* Þessar reglur gerðu ráð fyrir að aðili, sem hefur yfir að ráða meiru en 20% af upplagi dagblaða á landsvísu, gæti ekki átt eignarhluti í sjónvarps-

[65] Sou:1999:30.

eða hljóðvarpsstöðvum sem ná til landsins alls. Þessi regla kom m.a. í veg fyrir kaup Rupert Murdoch á sjónvarpsstöðvum í Bretlandi.
e. Sami aðili mátti að hámarki hafa 3 *útvarpsleyfi* á sama svæði.
f. Svæðisbundnar reglur um lárétt eignarhald sem mæla svo fyrir að þeir sem eiga meira en 20% dagblaðaútgáfu á tilteknu svæði geti ekki fengið leyfi til sjónvarpssendinga á sama svæði.

Nýjar reglur

Reglur þessar er að finna í *Communication Act* 17. júlí 2003.

Sett er á laggirnar sérstök stofnun, OFCOM, sem sameinar stofnanir sem fyrir voru, þ.e. The Independent Television Commission, Radio Authority, Office of Telecommunications, Broadcasting Standards Commission og Radiocommunications Agency.

1. Lögð er af reglan um 15% af sjónvarps- og hljóðvarpsmarkaði.
2. Reglum um lárétt eignarhald var breytt þannig, að heimilað er að dagblaðaútgáfa og handhöfn sjónvarpsleyfa fari saman að vissu marki. Sá sem ræður yfir meira en 20% af upplagi dagblaða getur átt allt að 20% í félagi sem hefur sjónvarpsleyfi (um er að ræða svokölluð Channel 3 leyfi).
3. Samsvarandi 20% regla gildir um svæðisbundin dagblöð og svæðisbundið sjónvarp (Channel 3).
4. Svæðisbundnar takmarkanir á eignarhaldi hljóðvarpsstöðva skulu tryggja að það séu a.m.k. þrír eigendur fjölmiðla (dagblað, hljóðvarps eða sjónvarps) til viðbótar við BBC og a.m.k. tveir aðskildir eigendur auglýsingaútvarps til viðbótar við BBC.
5. Slakað á reglum um leyfi til sjónvarpsreksturs í London.
6. Frumvarp til laganna, sem hafði að geyma þessar tilslakanir frá fyrri reglum, mætti mikilli mótspyrnu í breska þinginu. Fram hefur komið það sjónarmið að við framkvæmd laganna beri að leggja ríka áherslu á að ná fram fjölbreytni með því að tryggja fjölbreytni í eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja.

5.2.6. Frakkland

Sami aðili má ekki hafa yfir að ráða meira en 30% af upplagi dagblaða á landsvísu.

Varðandi útvarp eru sett þau mörk að það sendi ekki meira út en svo að það nái til 150 milljóna hlustenda. Það svarar til þess að sami aðili geti að hámarki haft yfir að ráða fjórum rásum sem ná til landsins alls.

Fyrir jarðlægt sjónvarp gilda eftirfarandi takmörk:

a. Enginn má eiga meira en 49% í einu fyrirtæki sem hefur leyfi til sjónvarpssendinga, ekki meira en 15% í því næsta og ekki meira en 5% í því þriðja.
b. Hvert félag má aðeins eiga eina sjónvarpsstöð sem hefur leyfi til sjónvarpssendinga á landsvísu.
c. Enginn má eiga meira en 50% af svæðisbundnu eða héraðssjónvarpsfélagi.

Að því er varðar gervihnattasjónvarp gilda þær takmarkanir að enginn má eiga meira en í 50% í einu félagi, 33,3% í öðru og ekki meira en 5% í því þriðja.

Takmarkanir gilda á landsvísu að því er varðar lárétt eignarhald. Þær fela í sér að enginn geti átt meira en tvennt af eftirfarandi:

a. Sjónvarpsstöðvar sem til samans ná til meira en fjögurra milljóna íbúa.
b. Útvarpsstöðvar sem ná til meira en 30 milljóna íbúa.
c. Kapalsjónvarpsleyfi sem til samans ná til meira en 6 milljón íbúa.
d. Dagblað sem er meira en 20% af heildarupplagi dagblaða.

Takmarkanir á láréttu eignarhaldi á svæðisbundnum fjölmiðlum, sem fela í sér að enginn geti átt meira en tvennt af eftirfarandi:

a. Eina eða fleiri sjónvarpsstöðvar sem senda jarðlægt.
b. Útvarpsstöðvar sem til samans ná til meira en 10% af hlustendum.
c. Eitt eða fleiri kapalsjónvarpsleyfi.
d. Eitt eða fleiri dagblöð.

Enginn erlendur aðili utan ESB/EES-svæðisins má eiga meira en 20% í fjölmiðlafyrirtæki.

5.2.7. Þýskaland

Kaup og samruni á fjölmiðlafyrirtækjum eiga undir samkeppnislöggjöfina. Samkeppnisyfirvöld nota aðrar og lægri viðmiðanir við mat á verðmæti fyrirtækja þegar fjölmiðlafyrirtæki á í hlut en annars gilda.

Um sjónvarp gildir sú regla, að enginn má hafa meira en 30% af áhorfi.

Framkvæmd reglna um eignarhald heyrir undir lögsögu einstakra sambandslanda, utan þeirra takmarkana á landsvísu sem eiga við sjónvarpsstöðvar sem falla undir lögsögu stofnunar sem er sameiginleg stofnun fyrir sambandslöndin (KEK).

Einstök sambandslönd hafa til viðbótar sínar eignarhaldsreglur.

Enginn sérstök höft eru á eignarhaldi útlendinga í fjölmiðlafyrirtækjum.

5.2.8. Bandaríkin

Kaup fyrirtækja og samruni á dagblaðamarkaði eiga að meginstefnu til undir samkeppnislöggjöfina. Bandarísku samkeppnislögin eru tiltölulega ströng og hafa að geyma víðtækar heimildir til handa yfirvöldum, sem einnig geta mælt fyrir um að skipta skuli upp starfandi fyrirtækjum. Tilhneiging er til að beita lögunum af mikilli varfærni þegar fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut. Samkvæmt réttarframkvæmd geta stór svæðisbundin dagblöð ekki átt minni héraðsblöð á sama svæði.

Sérstök lög (Newspaper Preservation Act) hafa að geyma undantekningar frá þessari reglu og opna fyrir þann möguleika að blöð sem standa veikari fótum í samkeppnislegu tilliti megi vera í samstarfi við samkeppnisaðila, svo lengi sem samkeppni á ritstjórnarsviði er enn við lýði. Þessi regla hefur sætt mikilli gagnrýni þar sem ekki liggja fyrir neinar skýrar viðmiðanir um það hvenær ritstjórnarleg samkeppni er til staðar í tilfellum þar sem fjárhagslegur samruni hefur orðið.

Fyrir sjónvarp gilda þær takmarkanir á landsvísu að það má ekki hafa yfir 35% af áhorfinu (publikumsandel).

Fyrir kapalsjónvarp gildir sú regla að enginn einn aðili má hafa yfir 30% af áhorfi.

Sú regla gildir að sami aðili má ekki eiga meira en 20 AM-stöðvar og 20 FM-stöðvar á landsvísu.

Um lóðrétt (vertical) eignarhald í kapalsjónvarpi gildir sú regla að rekstraraðili kapalkerfisins má ekki eiga meira en 40% af rásunum sem kerfið ber.

Mjög nákvæmar reglur gilda um eignarhald á fleiri en einni héraðshljóðvarpsstöð innan sama héraðs.

Að meginstefnu til getur sami aðili eingöngu átt eina sjónvarpsstöð á tilteknu svæði. Sami aðili getur þó átt tvær ef í héraði eru a.m.k. átta sjálfstæð fyrirtæki.

Svæðisbundnar takmarkanir um lárétt eignarhald sem banna að sami aðili eigi bæði sjónvarpsstöð og hljóðvarpsstöð á sama svæði.

Svæðisbundnar lóðréttar takmarkanir sem banna að aðili sem á kapalsjónvarpsstöð á tilteknu svæði megi eiga sjónvarpsstöð.

Enginn erlendur aðili má eiga meira en 25% af hlutafé í útvarpsfyrirtæki.

Fram hafa komið eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum í Bandaríkjunum:

1. Að yfirvöld sem hafa með þessi málefni að gera yfirfari reglurnar annað hvert ár til að meta hvort reglunum sé að einhverju leyti ofaukið.
2. Í stað 35% hámarksáhorfs komi 45%.
3. Rýmka eigi reglur um lárétt eignarhald á stórum og meðalstórum fyrirtækjum á svæðisbundnum mörkuðum.

Þessar hugmyndir mættu mikilli andstöðu og hafa ekki náð fram að ganga.

6. Hugmyndir og tillögur nefndarinnar

6.1. Staðan á íslenskum fjölmiðlamarkaði – samandregið

Vísað er til 3. kafla hér að framan þar sem finna má tölfræðilegar upplýsingar um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði að því er varðar dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp. Þá er í viðauka að finna upplýsingar um eignarhald á helstu fjölmiðlafyrirtækjum á Íslandi. Fyrir efni þessarar greinargerðar skipta eftirtalin meginatriði mestu máli:

1. *Hljóðvarp.* Miðað við upplýsingar fyrir árið 2003 er staðan þessi: Ríkisútvarpið rekur sex hljóðvarpsrásir. Þar af taka tvær, Rás 1 og Rás 2, til landsins alls, en fjórar eru reknar sem svæðisstöðvar. Þá voru reknar á árinu 2003 sautján hljóðvarpsstöðvar í einkaeigu (nú fimmtán). Að því er varðar rekstraraðila einkarekinna stöðva hefur þróunin orðið sú hin síðari ár að þeim hefur fækkað. Af þeim einkastöðvum sem starfa rekur Íslenska útvarpsfélagið ehf. sjö. Aðrar hljóðvarpsstöðvar skiptast á átta aðila. Markaður fyrir hljóðvarpshlustun í tíma skiptist þannig að rásir ríkisútvarpsins hafa samtals 52%, þar sem Rás 1 og Rás 2 gnæfa yfir aðrar stöðvar, en einkastöðvar 48%. Af einkareknu stöðvunum hafa stöðvar í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf. 44% af markaðnum í heild.

2. *Sjónvarp.* Ríkisútvarpið rekur eina sjónvarpsstöð. Einkareknar stöðvar eru samtals níu, en þar af eru fimm í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf. Í meginatriðum má segja að sjónvarpsáhorf skiptist á milli þriggja aðila. Skipting milli þeirra sem áhorfsupplýsingarnar taka til, miðað við tölur frá því í október 2003, er sú að Ríkisjónvarpið hefur 43%, Skjár 1 21% og sjónvarpsstöðvar í eigu Íslenska útvarpsfélagsins ehf. samtals 37%.[66]

3. *Dagblöð.* Þrjú dagblöð koma út fimm sinnum í viku eða oftar, þ.e. Fréttablaðið, en 69% landsmanna lesa það daglega, Morgunblaðið lesa 56% og DV með 17%. Ef miðað er við það upplag blaðanna sem dreift er af blaðberum er Fréttablaðið með 85.610 eintök (55%), Morgunblaðið er með 52.321 eintak (34%) og DV 18.000 (áætlað) (12%). Þessar tölur eru miðaðar við febrúar 2004.

Upplýsingar um eignarhald og eignatengsl á íslenskum fjölmiðlamarkaði er að finna í viðauka við greinargerðina eins og fyrr segir og vísast til hans. Um þau er að öðru leyti þetta að segja:

a. Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun sem er alfarið í eigu ríkisins. Ríkisútvarpið hefur 51,8% af markaði fyrir hljóðvarp og 43% af markaði fyrir sjónvarp.

b. Norðurljós hf. eiga Íslenska útvarpsfélagið ehf. sem rekur stöðvar sem hafa 44% af hlustun fyrir hljóðvarp og 37% af áhorfi fyrir sjónvarp. Þá eiga Norðurljós Frétt ehf. sem gefur út Fréttablaðið sem er útbreiddasta blað landsins með daglegan 69% lestur og DV sem lesið er af 17% landsmanna daglega. Stærsti einstaki hluthafi í Norðurljósum hf. er Baugur Group hf. sem á 29,9%. Baugur Group hf. er einnig umsvifamikið fyrirtæki í öðrum atvinnu-

---

[66] Hér er aðeins miðað við áhorf á Stöð 2, Stöð 2+, Popp tíví og Sýn.

rekstri á Íslandi og hafði t.d. á árinu 2000 um 70% markaðshlutdeild á matvörumarkaði í Reykjavík og um 51% á landinu öllu, auk þess sem fyrirtækið hefur mikilla hagsmuna að gæta á öðrum sviðum íslensks viðskiptalífs. Þá er bent á að Baugur Group hf. á 22,8% í Femin ehf. sem rekur vefina femin.is og visir.is. Meðal annarra stærri hluthafa í Norðurljósum hf. eru Grjóti ehf. (11,4%) og Kaldbakur hf. (8%), en Baugur Group hf. er hluthafi í báðum þessum félögum. Einnig er vakin athygli á að Kári Stefánsson á 15% í Norðurljósum hf., en hann er jafnframt forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og einn af eigendum.

c. Árvakur hf. gefur út Morgunblaðið og rekur einnig vefinn mbl.is. Helstu hluthafar í Árvakri hf. eru Útgáfufélagið Valtýr ehf. (30,3%), Haraldur Sveinsson (10%), Garðar Gíslason (10%), Johnson ehf. (10%). Aðrir eiga minna. Af upplýsingum, sem nefndinni hafa borist, verður ekki ráðið að Árvakur eigi eignarhluti í öðrum félögum í fjölmiðlarekstri. Þannig verður ekki séð að bein eignatengsl séu milli Árvakurs hf., eða einstakra hluthafa í Árvakri hf., og annarra íslenskra fjölmiðlafyrirtækja sem upplýsinga hefur verið aflað um.

d. Íslenska sjónvarpsfélagið hf. rekur Skjá 1. Stærstu hluthafar þar eru Fjárfestingarfélagið Brattabrú ehf. (23,28%), Mega ehf. (20,74%) og Fjölmiðlafélagið hf. (11,74%). Aðrir eiga minna. Ekki verður séð af upplýsingum sem nefndin hefur aflað að bein eignatengsl séu milli Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og annarra fyrirtækja eða félaga í fjölmiðlarekstri. Þó er bent á að formaður stjórnar Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. er jafnframt formaður stjórnar Framtíðarsýnar hf., sem gefur út vikublöðin Viðskiptablaðið og Fiskifréttir. Þá eru tveir aðrir stjórnarmenn sameiginlegir í þessum félögum. Þótt greinargerð þessi fjalli ekki um markað fyrir vikublöð og tímarit að öðru leyti verður ekki fram hjá því litið að þetta er dæmi um náin tengsl tveggja sjálfstæðra félaga á ólíkum sviðum fjölmiðlunar. Í því sambandi er bent á að bæði tímaritin sem nefnd voru eru útbreidd og mikilvæg á því sviði sem þau fjalla um.

Nefndin telur að sé eingöngu horft til fjölda miðla og litið fram hjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin missiri verið á margan hátt jákvæð. Er í því sambandi bent á að haldið er úti þremur dagblöðum á landsvísu sem hafa markverða útbreiðslu, þ.e. Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og DV.

Þá verður að telja að skipting markaðar fyrir sjónvarp á þá þrjá aðila sem allir hafa marktæka stöðu á markaði sé ásættanleg þegar höfð er í huga smæð markaðarins.

Þegar aðeins er tekið tillit til þeirra hljóðvarpsstöðva sem eru mældar skiptist markaður fyrir hljóðvarp í meginatriðum milli tveggja aðila, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins ehf. Þetta getur eftir atvikum talist viðunandi staða á jafnlitlum markaði, enda skiptist þetta nú á milli 15 útvarpsstöðva. Á landsvísu er skiptingin í grófum dráttum á þrjár stöðvar, þ.e. Rás 1 (21%), Rás 2 (31%) og Bylgjuna (24%).[67] Þótt markaður fyrir hljóðvarp geti talist fjölbreyttur þegar hafður er í huga fjöldi stöðva og smæð markaðarins virðist þó sem fjölbreytni sé í minna lagi ef aðeins er horft til eignarhalds, einkum ef miðað er við þá erlendu og alþjóðlegu mælikvarða sem nefndir hafa verið í þessari greinargerð og taldir hafa verið við hæfi í fjölmennari ríkjum. Er í því sambandi bent á að markaðurinn á landsvísu skiptist í meginatriðum aðeins milli Ríkisútvarpsins og eins einkaaðila. Samkvæmt því er ljóst að Íslenska útvarpsfélagið ehf. hefur algjöra yfirburðastöðu á einkamarkaði fyrir hljóðvarp.

Þegar litið er til eignarhalds og eignatengsla sérstaklega er aftur á móti ljóst að heildarmarkaður fyrir dagblöð, sjónvarp og hljóðvarp hefur ýmis þau einkenni sem talin eru óheppi-

---

[67] Tölur þessar eru frá því í mars 2004.

leg út frá þeim alþjóðlegu viðmiðunum sem hér er stuðst við og taldar hafa verið eiga við í öðrum löndum. Í því sambandi komu þessi atriði til skoðunar:

a) Fyrirtæki/félög sem hafa sterk ítök á mikilvægum sviðum íslensks atvinnulífs eru einnig ráðandi á fjölmiðlamarkaði. Hér er einkum vísað til sterkar stöðu Baugs Group hf. á matvörumarkaði, auk þess sem félagið hefur ítök á öðrum sviðum viðskiptalífs í landinu. Þá er enn fremur vísað til eignatengsla milli Baugs Group hf. og Norðurljósa hf., en síðarnefnda félagið er umfangsmikið á fjölmiðlamarkaði í heild í gegnum 100% eignarhlut sinn í Frétt ehf. og Íslenska útvarpsfélaginu ehf., eins og rakið hefur verið. Þessar athugasemdir geta einnig að nokkru átt við um hlut Kára Stefánssonar í Norðurljósum hf. en hann er jafnframt forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar hf., sem er stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða í rekstri alls óskyldum fjölmiðlarekstri.

b) Þá er einnig vísað til þess að Norðurljós hf. hafa mjög sterk ítök bæði á dagblaðamarkaði og á markaði fyrir ljósvakamiðla, sbr. tengsl við Frétt ehf. og Íslenska útvarpsfélagið ehf. Á Íslandi er staðan sú að eitt félag, Norðurljós hf., hefur yfir að ráða því dagblaði landsins sem mest er lesið, þ.e. Fréttablaðinu, auk þess sem það ræður DV sem hefur markverða útbreiðslu á markaði. Þá ræður fyrirtækið yfir um 37% af áhorfi á sjónvarp og tæplega 44% af hlustun á hljóðvarp. Þá er að geta eignarhalds Norðurljósa hf. á Skífunni ehf., en það fyrirtæki er umsvifamikið í útgáfu og innflutningi og dreifingu hljóðrita, innflutningi, útgáfu og dreifingu myndbanda og mynddiska, dreifingu kvikmynda og rekstri kvikmyndahúsa, innflutningi og dreifingu á tölvuleikjum og leikjatölvum, rekstri hljóðupptökuvera, auk þess sem það rekur smásöluverslanir á afþreyingarmiðla.

Hafa ber í huga að hér hefur verið lýst stöðunni á íslenskum markaði eins og hún er þegar greinargerð þessi er rituð, og komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun. Er þá gengið út frá því, eins og rakið hefur verið, að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi, og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra.

Af mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstól Evrópu, leiðir að tryggja ber fjölbreytni í fjölmiðlun. Á þeim grundvelli hefur ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkt tilmæli R (99) 1 sem rakin eru hér að framan, þar sem settar eru fram hugmyndir að mismunandi leiðum að þessu markmiði. Á íslenska ríkinu hvílir því sú þjóðréttarskylda að leita leiða til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.

Nefndin tekur þó fram að af 10. gr. mannréttindasáttmálans og framangreindum tilmælum verða í sjálfu sér ekki leiddar sértækar kröfur um það hvaða leiðir ríki skuli fara til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Sé stuðst við þá mælikvarða sem koma fram í þessum skuldbindingum og tilmælum og þá sem notast hefur verið við í öðrum löndum virðist eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl vera með þeim hætti að ástæða sé til að draga megi í efa að fjölbreytni í fjölmiðlun, í þeim skilningi sem það hugtak er notað í í greinargerðinni, sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið.

Það er því skoðun nefndarinnar að af framangreindum viðhorfum Evrópuráðsins og almennum viðhorfum um vernd pólitískrar og menningarlegrar fjölbreytni leiði að það hljóti að teljast afar æskilegt að löggjafinn bregðist við þessu með lagasetningu, einkum þannig að settar verði reglur sem miði að því að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar sem þegar er til staðar á fjölmiðlamarkaði og einnig til að hamla frekari samþjöppun á þessum markaði í framtíðinni. Einkum á þetta við samþjöppun á markaði fyrir einkarekna fjölmiðla, enda hvíla á Ríkisútvarpinu víðtækar skyldur um fjölbreytni í framboði dagskrárefnis og framsetningu þess sem ekki eiga við um einkarekna fjölmiðla.

6.2. Þýðing erlendrar löggjafar

Hér að framan í 5. kafla er gefið mjög almennt yfirlit yfir löggjöf í nokkrum löndum. Hefur þótt rétt að fjalla á almennan hátt um meginatriði löggjafar í þessum löndum með það að markmiði fyrst og fremst að varpa ljósi á mismunandi leiðir sem koma til greina í þessum efnum, fremur en að hægt sé að velja eitt landanna sem fyrirmynd við setningu reglna á Íslandi. Enda er það svo, þegar að er gáð, að löggjöf hvers lands tekur í ríkum mæli mið af aðstæðum í viðkomandi landi, svo sem því heildarlagaumhverfi sem hún verður til í og þeim sértæku aðstæðum sem henni var ætlað að taka á þegar hún var sett. Þá eru aðstæður á fjölmiðlamarkaði mjög ólíkar, að því er varðar íbúafjölda landanna, legu þeirra og fjölda fjölmiðla. Af þessum ástæðum er mjög erfitt að finna fyrirmynd sem að öllu leyti hentar íslenskum aðstæðum. Þær hugmyndir og tillögur, sem settar eru fram í þessari greinargerð, hljóta því óhjákvæmilega að taka fyrst og fremst mið af aðstæðum á Íslandi.

Yfirlitið um réttarstöðuna í öðrum löndum sýnir einnig að reglurnar eru oft flóknar og erfiðar í framkvæmd, auk þess sem reglur sæta tíðri endurskoðun vegna breyttra viðhorfa og pólitískra áherslna. Þá eru einnig settar nánari stjórnsýslureglur um framkvæmd laganna, auk þess sem löggjöfin mótast ríkulega í framkvæmd. Af því leiðir að nákvæm mynd af réttarstöðunni í öðrum löndum fæst ekki nema með mun ítarlegri rannsókn en nefndin hefur haft tök á að framkvæma. Lýsingin á réttarstöðunni í einstökum löndum felur því óhjákvæmilega í sér mikla einföldun á málefni sem er í eðli sínu mun flóknara. Þrátt fyrir það hefur vonandi tekist að búa til sannferðuga mynd af réttarstöðunni í öðrum löndum og varpa með því ljósi á þær ólíku leiðir sem unnt er að fara í þessu efni.

6.3. Kostir samþjöppunar

Við mat á þeim úrræðum, sem til greina kemur að mæla fyrir um til að hamla gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði, er óhjákvæmilegt annað en að líta til smæðar íslenska markaðarins. Nefndin telur að forðast beri að reglur séu með þeim hætti að þær setji fyrirtækjum í fjölmiðlun ótilhlýðilegar skorður og raski rekstrargrundvelli þeirra. Gæta verði þess að reglur verði ekki svo hamlandi að þær vinni í reynd gegn þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að vernda með því að fyrirtækin verði svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur eru til þess fallnar að vinna gegn því markmiði að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum sem vettvangi fyrir ólík viðhorf til pólitískra og menningarlegra málefna.

Tryggja verður íslenskum fyrirtækjum aðstæður þar sem þau fá þrifist og eflst. Frá viðskiptalegu sjónarmiði verður því heldur ekki neitað að því stærri og öflugri sem innlend fyrirtæki eru, því minni hætta er t.d. á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila. Þá er það einnig forsenda þess að þau hafi burði til þess að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta sjónarmið skiptir máli varðandi eflingu innlendrar menningar sem mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu, sem nú þegar er mjög áberandi í íslenskum fjölmiðlum, einkum sjónvarpi.

6.4. Leiðir sem koma til greina

Tilmæli Evrópuráðsins og reglur einstakra landa sýna að ólíkar leiðir koma til greina og unnt er að nálgast viðfangsefnið úr mismunandi áttum og á mismunandi stigum fjölmiðlunar. Í eftirfarandi köflum eru settar fram hugmyndir og tillögur nefndarinnar. Nauðsynlegt er að hafa í huga við lestur þeirra að þær þarfnast allar ítarlegri tæknilegrar útfærslu en tök eru á að setja fram hér. Er við það miðað á þessu stigi að þær geti orðið grundvöllur að pólitískri ákvörðun um það hvaða leiðir skuli farnar.

6.4.1. Traust almenningsútvarp (ríkisútvarp)

Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Nefndarmenn deila því almenna viðhorfi að takmarka beri afskipti ríkisins af fyrirtækjarekstri og atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta sinnt. Engu að síður telur nefndin eðlilegt að leggja til að hugað verði að því að tryggja stöðu Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings. a) Í fyrsta lagi má vísa til framangreindra tilmæla Evrópuráðsins R (99) 1 þar sem mælt er með því að þessi leið sé farin. b) Í öðru lagi er bent á þetta sem æskilega leið til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegri fjölbreytni í lýðfrjálsu þjóðfélagi og þar með til að mæta skyldum ríkisins í þessum efnum. Er bent á að því er gjarnan haldið fram að einkareknir fjölmiðlar hafi tilhneigingu til að vera mun einsleitari í dagskrá en almenningsútvarp til að mæta kröfum þorra neytenda um skemmtun og létta afþreyingu. Slíkt efni verði þá jafnvel uppistaðan í dagskrá miðils, gjarnan á kostnað upplýstrar og málefnalegrar umræðu um mikilvæg samfélagsleg málefni, einkum þeirra miðla sem byggja rekstur sinn á auglýsingum og kostun. c) Í þriðja lagi má benda á að yrði þessi leið ein fyrir valinu fæli hún ekki í sér neina beina reglusetningu sem beindist gegn einkareknum fjölmiðlum. Hún samræmist þar með að því leyti vel meginreglum um frelsi markaðarins, að öðru leyti en því að almenningsútvarpi yrði tryggður hluti markaðarins en einkaaðilar skipti honum að öðru leyti á milli sín í frjálsri samkeppni. d) Í fjórða lagi sýnist vera hægt að hrinda slíkum áformum í framkvæmd að mestu án breytinga á gildandi lögum.

6.4.2. Samkeppnislög

Í 5. kafla hér að framan er lýst ákvæðum samkeppnislaga. Ljóst er að ákvæði laganna eiga við um fjölmiðlafyrirtæki með sama hætti og sömu takmörkunum og um önnur fyrirtæki. Sú spurning vaknar því hvort í þeim felist að óbreyttu nægilegar heimildir til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Í þeim sérfræðilegu gögnum sem nefndin hefur aflað er þessari spurningu ávallt svarað neitandi.

Rökin gegn því að láta hefðbundin samkeppnisleg úrræði nægja felast einkum í því að sjónarmiðin sem búa að baki samkeppnislögum og framkvæmd þeirra lúta að fjárhagslegum hagsmunum og stöðu fyrirtækja og að neytendasjónarmiðum. Þar sé almennt ekki rúm fyrir hin sértæku sjónarmið um pólitíska og menningarlega fjölbreytni sem búi að baki kröfunni um fjölbreytta fjölmiðla.[68] Yfirleitt er álitið að óheppileg áhrif samþjöppunar á fjölmiðlamarkaði komi fram áður en almennum þröskuldum samkeppnislaga er náð. Er í því sambandi

[68] Reglugerð ráðsins nr. 4069/89, desember 1989. Þar er sérstaklega áréttað að markaðsleg nálgun nægi ekki. Niðurstaða skýrslunnar er sú að eftirlit með samruna fjölmiðlafyrirtækja nægi ekki til að tryggja fjölmiðlafjölbreytni. Yfirmaður samkeppnismála hjá ESB hefur enn fremur haldið þessum sjónarmiðum á lofti.

lögð megináhersla á hlutverk fjölmiðla sem mikilvægasta vettvangsins fyrir lýðræðislega umræðu í frjálsu þjóðfélagi.

Af þessum sökum hafa einstök ríki farið þá leið að setja sérstök ákvæði í samkeppnislög sem taka til fjölmiðla, þar sem miðað er við aðra og lægri þröskulda en hefðbundið er í samkeppnisrétti. Nefndin leggur til að skoðað verði hvort sú leið sé fær hér á landi og á það bæði við um dagblöð og útvarp. Við nánari útfærslu á mögulegum breytingum á samkeppnislögum af þessu tilefni verði einkum hugað að eftirtöldum möguleikum:

1. Fyrirtækjum (félögum) í dagblaðaútgáfu og hljóðvarps- og sjónvarpsrekstri verði gert að veita nákvæmar upplýsingar um eignarhald á þeim og fyrirtækjum og félögum sem eiga í fyrirtækjum í fjölmiðlarekstri. Enn fremur verði allar breytingar á eignarhaldi tilkynningarskyldar.
2. Samkeppnisyfirvöldum verði fengnar heimildir til að banna slíkar breytingar leiði þær til samþjöppunar á eignarhaldi eða breytinga á gerð fjölmiðlamarkaðarins, sem séu til þess fallnar að hamla gegn markmiðinu um fjölbreytni, eða eftir atvikum setja breytingum skilyrði. Gert verði ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld geti einnig gripið til ráðstafana sem stuðla að því að eignabreytingar, sem átt hafa sér stað, gangi til baka ef þær hafa farið fram án þess að tilkynnt hafi verið um þær og þær verða taldar leiða til samþjöppunar sem hætta er á að geti dregið úr fjölbreytni. Eiga hér við áþekk sjónarmið og um ólöglegan samruna.
3. Samkeppnisyfirvöldum verði með sama hætti fengnar heimildir til að setja skorður við því að fyrirtæki í öðrum rekstri eignist hlut í fjölmiðlafyrirtæki. Hér mætti eftir atvikum miða við virkan eða ráðandi hlut, allt eftir því hversu strangar reglur vilji væri til að setja, eða eftir atvikum binda þetta við tiltekna prósentu. Er þá ónefndur sá möguleiki að banna slík eignatengsl með öllu.

Reglur þessar gætu eftir atvikum einnig tekið til samráðs og samstilltra aðgerða fjölmiðlafyrirtækja sem eru til þess fallnar að hamla því að fjölbreytni fái þrifist á fjölmiðlamarkaði.

Tæknileg útfærsla slíkra reglna og aðlögun þeirra að gildandi samkeppnislögum getur verið flókin og kallar á ítarlegri athugun þeirra sjónarmiða sem þarf að gæta að við markaðsgreiningu og mat á stöðu fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði, en þau eru um margt önnur en eiga við í hefðbundnum samkeppnisrétti.

Jafnframt er þess að geta að þótt tillögur sem lúta að samkeppnislögum séu einkum settar fram með það í huga að þær verði felldar inn í samkeppnislög er mögulegt að fella þær í sérstakan lagabálk sem taki eingöngu til fjölmiðla. Inn í slíka löggjöf mætti einnig flétta þær tillögur sem lúta að úthlutun leyfa og lýst er í næsta kafla. Þetta á ekki síst við ef talið yrði heppilegt að setja á fót sérstaka fjölmiðlastofnun, en slíkar reglur mætti þá fella í sérstök heildarlög um fjölmiðlamarkaðinn. Nefndin bendir þó á að með því að fela verkefnin Samkeppnisstofnun fáist betri trygging fyrir því að viðskiptaleg sjónarmið fái það vægi sem nauðsynlegt er að þau hafi þegar fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut, þótt jafnframt þurfi að gæta hinna sértæku sjónarmiða sem eiga við um fjölmiðla.

6.4.3. Leyfisveitingar

Í tilmælum Evrópuráðsins er sérstaklega bent á að ein leiðin til að hafa áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins sé með reglum um úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Nefndin er sammála þessu og telur, þegar tekið er tillit til aðstæðna á íslenskum fjölmiðlamarkaði, að þetta sé sú leið sem helst beri að skoða. Ástæða er til að gera greinarmun á dagblöðum annars vegar og útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) hins vegar.

a) Dagblöð

Útgáfa dagblaða er ekki háð opinberum leyfum samkvæmt íslenskum lögum. Þá gilda engar sérstakar takmarkanir um útbreiðslu dagblaða, upplag, eignarhald á útgáfufyrirtækjum eða annars konar reglur. Ekki er lagt til hér að farin verði sú leið að gera útgáfu dagblaða leyfisskylda sem slíka, enda engin hefð fyrir því hér á landi. Á hinn bóginn er vakin á því athygli að þær breytingar á samkeppnislögum, sem hér er lagt til að hugað verði að, tækju jafnframt til dagablaðaútgáfu. Þar með yrði skylt að upplýsa samkeppnisyfirvöld um eignarhald á fyrirtækjum í dagblaðaútgáfu og breytingar sem kunna að verða á því. Enn fremur yrði gert ráð fyrir að stofnunin gæti gripið til þeirra ráðstafana sem greindar eru í kaflanum hér að framan. Auk þessara breytinga er sett fram sú hugmynd að dagblöð verði skylduð til að setja sér innri starfsreglur eða siðareglur, sbr. nánar kafla 6.4.7 hér á eftir sem miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum.

Að því er varðar reglur til að takmarka það að sami aðili eigi bæði dagblaðaútgáfu og fyrirtæki í útvarpsrekstri sýnist mega taka á þeirri stöðu með leyfisveitingum til útvarps, sbr. nánar það sem rakið er hér síðar.

b) Útvarp

Útvarpsrekstur er háður leyfum, eins og áður er fram komið. Sambærilegar reglur gilda í öðrum löndum. Samkvæmt íslensku lögunum eru leyfisveitingar háðar ýmsum skilyrðum. Nefndin leggur til að þessi ákvæði verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlafyrirtækjum hamli ekki gegn fjölbreytni í fjölmiðlun.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um skilyrði sem lúta beinlínis að eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja. Þó er bent á að ákvæði h-liðar 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga snertir þetta óbeint þar sem mælt er svo fyrir að útvarpsleyfi falli niður sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta. Enn fremur eru settar skorður við framsali leyfanna sem slíkra. Nefndin leggur til að skoðað verði rækilega hvort ekki megi setja frekari skilyrði í útvarpslög um útgáfu útvarpsleyfa sem lúti að eignarhaldi fyrirtækjanna sem sækja um leyfi og stuðla þar með að fjölbreytni. Er sérstaklega haft í huga að leyfi til útvarpsrekstrar eru ávallt tímabundin og hér gæti því, til lengri tíma litið, verið um að ræða stjórntæki sem unnt væri að beita til að stýra uppbyggingu markaðarins þannig að hún samræmdist betur markmiðunum um fjölmiðlafjölbreytni.

Nefndin bendir á að tvær mismunandi aðferðir koma til greina í þessu sambandi. Í fyrsta lagi að setja almennt og matskennt ákvæði í útvarpslög sem geri ráð fyrir að við úthlutun og endurnýjun útvarpsleyfa, sem og áframhaldandi gildi þeirra, séu tengd tiltekin skilyrði sem lúta að eignarhaldi þeirra lögaðila og einstaklinga sem hafa útvarpsleyfi eða sækja um slíkt leyfi. Í öðru lagi að fara þá leið að setja nákvæmari ákvæði sem að þessu lúta, sem taka á tilteknum aðstæðum með skýrari hætti og eftir atvikum banna þær eða setja þeim tilgreindar skorður.

1. Nánar fæli fyrri leiðin í sér að sett yrði *almennt* ákvæði í útvarpslög með því að bæta við 6. gr. laganna ákvæði sem mælir svo fyrir að leggja beri fyrir útvarpsréttarnefnd að hafa í huga þörfina fyrir fjölbreytni þegar útvarpsleyfum er úthlutað, bæði varðandi eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og dagskrána sjálfa. Í slíku ákvæði mætti nánar leggja fyrir útvarpsréttarnefnd að hafa í huga fjölda þeirra útvarpsleyfa sem umsækjandi hefur fyrir, útbreiðslu þeirra útvarpsstöðva sem hann rekur og síðast en ekki síst hvort aðili eða fyrirtæki honum tengd eru jafnframt í blaðaútgáfu eða annars konar rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri. Þá verði útvarpsréttarnefnd fengnar heimildir til að fella leyfi úr gildi ef breytingar verða á eignarhaldi á fyrirtækjum sem hafa útvarpsleyfi sem talið er að

gætu haft í för með sér að markmiðinu um fjölbreytni yrði ógnað. Enn fremur verði lagt fyrir útvarpsréttarnefnd að meta hvort frekari leyfisúthlutanir gætu leitt til samþjöppunar á markaði eða hvort tiltekin eignatengsl við fyrirtæki í óskyldum rekstri væru til þess fallin að veita ótilhlýðilegan aðgang að dagskrá fjölmiðla, sem gæti haft óæskileg áhrif á fjölbreytni. Miðað yrði við að slík almenn regla fæli það í sér að útvarpsréttarnefnd gæti synjað um leyfi á þessum forsendum. Hér yrði að sjálfsögðu að gæta að almennum málsmeðferðarreglum og enn fremur yrði að gera ráð fyrir að unnt væri að skjóta ákvörðun útvarpsréttarnefndar til æðra stjórnvalds og/eða dómstóla.

2. Síðari leiðin fæli í sér að ákvæðin yrðu sértækari og nákvæmari og fælu þannig í sér minna svigrúm til mats. Þau gætu m.a. lotið að eftirtöldum atriðum:
   a. Banni við því að aðili í rekstri sem ekki tengist fjölmiðlun geti átt ráðandi eða virkan eignarhlut í félagi (fyrirtæki) sem sækir um útvarpsleyfi, eða eftir atvikum að setja hámark á slík eignatengsl. Hér undir getur einnig fallið atvinnurekstur sem hefur viss tengsl við fjölmiðlarekstur, svo sem varðandi útgáfu á mynd- og tónlistarefni, dreifingu á kvikmyndum, myndböndum og hljómdiskum.
   b. Banni við því að fyrirtæki í dagblaðaútgáfu, eða fyrirtæki sem hefur tiltekin eignatengsl við dagblaðaútgáfu, geti jafnframt fengið leyfi til útvarpsrekstrar. Í stað fortakslauss banns væri hugsanlegt að setja nákvæmari reglur um það hversu náin og mikil slík tengsl mættu vera. Þessi atriði komi til skoðunar bæði þegar sótt er um nýtt leyfi og þegar sótt er um endurnýjun á gildandi leyfum.
   c. Banni við því að sami aðili hafi leyfi til að reka bæði sjónvarp og hljóðvarp. Afdráttarlaust bann við þessu er hugsanlegt, en einnig að þetta verði metið þannig að aðili nái ekki umtalsverðri útbreiðslu í báðum tegundum miðla. Hér mætti skilgreina mörk, t.d. þannig að aðili sem á 20% eða meira í fyrirtæki í sjónvarpsrekstri, sem hefur meira en 30% útbreiðslu, geti ekki fengið leyfi til að reka hljóðvarp (og öfugt). Reglur þessar miði þannig við að sami aðili geti ekki haft umtalsverða markaðshlutdeild í bæði hljóðvarps- og sjónvarpsrekstri. Þessi atriði komi til skoðunar bæði þegar sótt er um nýtt leyfi og þegar sótt er um endurnýjun á gildandi leyfum.
   d. Takmarka mætti með beinum hætti fjölda leyfa til sama aðila til að útvarpa (hljóðvarpa eða sjónvarpa) á sama svæði. Þetta atriði komi til skoðunar bæði við úthlutun nýrra leyfa og þegar gildandi leyfi renna út og sótt er um endurnýjun þeirra.
   e. Lagt er til að athugaður verði sá möguleiki að setja strangari reglur um framsal leyfa og lúti þær jafnframt að heimildum útvarpsréttarnefndar til að synja um endurútgáfu leyfis eða fella leyfi úr gildi verði tilteknar breytingar á eignarhaldi fyrirtækis eða félags sem rekur fjölmiðil. Þannig yrði beinlínis tekið fram að hvers konar framsal leyfis, hvort sem er fyrir kaup, skipti, gjöf, leigu, erfðir, búskipti, nauðungarsölu o.s.frv. hefði í för með sér að leyfi félli niður. Sambærilegar reglur gildi varðandi breytingar á eignarhaldi fyrirtækja eða félaga sem hafa útvarpsleyfi, m.a. vegna samruna fyrirtækja. Þær gætu m.a. falið í sér að verði breytingar á eignarhaldi og yfirráðum fyrirtækis eða félags sem hefur útvarpsleyfi falli leyfið eða leyfin einfaldlega úr gildi. Við mat á því hvort þau yrðu endurnýjuð giltu sjónarmiðin sem að framan eru rakin.

Báðar þessar leiðir hafa kosti og galla. Kostur fyrri leiðarinnar er sá að hún veitir stjórnvöldum svigrúm til mats eftir því sem hagar til á markaði hverju sinni og hvert einstakt tilvik er metið út frá sjónarmiðum um að viðhalda fjölbreytni. Á hinn bóginn er ókosturinn sá að nokkur óvissa er um raunverulega réttarstöðu aðila. Kostur síðari leiðarinnar er að með henni yrði leitast við að setja tiltölulega skýrar reglur þar sem tilteknar aðstæður koma einfaldlega

í veg fyrir úthlutun leyfa eða eftir atvikum leiða til þess að þau falla niður. Gallinn gæti verið sá að með of ströngum reglum að þessu leyti yrði hamlað gegn eðlilegri þróun á fjölmiðlamarkaði þar sem nauðsynlegan sveigjanleika skorti.

Nefndin ræddi nokkuð um það með hvorri leiðinni skyldi mælt en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um þetta atriði.

Ástæða er til að rifja upp að í löndum þeim sem nefnd eru að framan gilda víða reglur af þessu tagi og mætti sækja fyrirmyndir þangað við nánari útfærslu.

6.4.4. Sérstakar reglur um eignarhald á fjölmiðlum og útbreiðslu

Nefndin bendir á að í ýmsum löndum hafa verið sett sérstök lög eða lagaákvæði sem kveða með beinum hætti á um takmarkanir varðandi eignarhald á fjölmiðlum. Þetta kemur einnig til álita en á því eru vankantar af ástæðum sem raktar verða hér á eftir. Eftirtalin atriði skipta máli í þessu sambandi:

a. Í greinargerð um réttarstöðuna í öðrum löndum í 5. kafla kemur fram að í einstökum löndum hafa verið settar beinar reglur um eignarhald eða hámark á útbreiðslu. Af þeim sést að slíkar reglur geta lotið að ólíkum atriðum. Þannig er í sumum löndum að finna reglur sem mæla fyrir um að fyrirtæki megi ekki fara yfir tiltekna hámarksstærð sem miðast við hlutdeild á markaði (útbreiðslu). Með slíkum reglum er hamlað gegn samþjöppuninni sjálfri og eftir atvikum komið í veg fyrir að hún gangi lengra en heppilegt er talið.

   Í alþjóðlegri umræðu eru viðmiðanir um ⅓ af markaði miðað við útbreiðslu oft nefndar og gildir það jafnt um dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp.[69] Þegar hugað er að því hvort slíkar takmarkanir gætu átt við á Íslandi verður að sjálfsögðu að hafa í huga smæð markaðarins, en af því leiðir að alls ekki er augljóst að þær gætu átt við, m.a. af viðskiptalegum ástæðum.

   Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi er ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu afturvirkar. Með afturvirkni er hér átt við að í þeim þyrfti að gera ráð fyrir að heimilt yrði samkvæmt reglunum að gefa fyrirmæli um að uppbygging á íslenskum fjölmiðlamarkaði yrði brotin upp og fyrirtækjum gert að laga sig að þeim takmörkunum sem beinar reglur um takmarkanir á eignarhaldi kynnu að fela í sér. Slíkt fæli augljóslega í sér inngrip hins opinbera í ríkjandi markaðsaðstæður, sem gæti orðið fyrirtækjum þungbært og kostnaðarsamt, auk þess sem álitamál gætu risið um þær skorður sem ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar og atvinnufrelsi kynnu að setja í þessu efni. Af þessum ástæðum yrði því fyrst og fremst að horfa til áhrifa þeirra til framtíðar. Nefndin bendir þó á að sömu markmiðum má ná með því að leita leiða til að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu markaðarins í framtíðinni í gegnum leyfisveitingar til útvarpsrekstrar og þannig stuðla að heppilegri uppbyggingu hans til lengri tíma.

b. Í sumum löndum gilda takmarkanir að því er varðar lárétt eignarhald, þ.e. þegar sami aðili á fleiri en eina tegund fjölmiðla eða á hlut í fyrirtækjum sem reka aðra miðla. Slíkar reglur geta falið í sér bann við því að sami aðili eigi fleiri en eina tegund fjölmiðils (útvarp/sjónvarp/dagblað) eða eftir atvikum setji skorður við beinum eignatengslum milli aðila á ólíkum sviðum fjölmiðlunar. Um reglur af þessu tagi eiga við sambærileg

---

[69] Sbr. t.d. skýringar við tilmæli R (99) 1: Explanatory Memorandum to Recommendation No. R (99) 1 of the Committee of Ministers to member States on Measures to promote Media Pluralism.

sjónarmið og rakin eru hér að framan og þess er ekki að vænta að viðunandi árangur næðist nema í þeim fælust heimildir til beinna afskipta af núverandi aðstæðum á markaði með það að markmiði að breyta þeim og brjóta upp eignatengsl. Þótt setja mætti sérstakar reglur um eignarhald að þessu leyti telur nefndin að sömu markmiðum mætti ná með því að freista þess að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu markaðarins að þessu leyti í framtíðinni í gegnum leyfisveitingar til útvarpsrekstrar.

c. Í löggjöf einstakra landa eru þekkt dæmi um að þess sé freistað að setja skorður við lóðréttum eignatengslum, þ.e. þegar sami aðili framleiðir efni, miðlar því og dreifir með öðrum hætti. Dæmi um lóðrétt eignatengsl sem ástæða er til að benda á í þessu sambandi er rekstur Árvakurs hf. á prentsmiðju, sem m.a. prentar Morgunblaðið. Önnur dæmi af þessu tagi er sú staða þegar sami aðili ræður yfir ljósvakamiðlum og dreifikerfi sem hann notar til að koma efni þeirra á framfæri. Vitaskuld kemur til greina að setja reglur sem að þessu lúta, en aðstæður á íslenskum markaði að gefi sérstakt tilefni til þess.

   Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á að þróun stafræns útvarps er til þess fallin að hamla gegn þeirri tegund lóðréttrar samþjöppunar sem felst í því að sami aðili ræður ljósvakamiðli og dreifikerfi. Áform um uppbyggingu kerfis fyrir stafrænt sjónvarp, sbr. kafla 6.4.5, gera ráð fyrir að efni útvarpsstöðva yrði dreift í gegnum dreifikerfi í eigu sjálfstæðs aðila. Með því væri a.m.k. skorið á tengslin milli miðilsins sjálfs og dreifikerfisins, sem er notað til að koma efni hans á framfæri, en tilhneigingar hefur gætt í öðrum löndum til að stemma stigu við slíkum tengslum varðandi kapalsjónvarp.

d. Í löggjöf einstakra landa virðist sjaldgæft að beinar takmarkanir séu á því að eignatengsl séu milli fjölmiðlafyrirtækja og fyrirtækja í öðrum rekstri. Á hinn bóginn verður ekki ráðið af þeim gögnum sem nefndin hefur aflað að það sé þekkt í öðrum löndum að aðili sem hefur hliðstæð umsvif í viðskiptalífi annarra landa og Baugur Group hf. hefur á Íslandi fari jafnframt með ráðandi hlut í jafnöflugu fjölmiðlafyrirtæki og Norðurljósum hf. Þó gildir sú regla í Danmörku að fyrirtæki í rekstri óskyldum fjölmiðlarekstri megi ekki eiga ráðandi hlut í félagi sem hefur leyfi til að reka útvarp. Þá er það skilyrði að aðili sem er handhafi útvarpsleyfis hafi eingöngu þann rekstur með höndum. Þótt mögulegt sé að setja beinar reglur sem að þessu lúta er þó ljóst, sé miðað við aðstæður á Íslandi eins og þær eru nú, að markmiðum slíkra reglna til skemmri tíma yrði ekki náð nema þær yrðu afturvirkar í þeim skilningi sem rakinn er að framan. Nefndin telur því haganlegt að leitað verði leiða til að stýra slíkri þróun til lengri tíma í gegnum úthlutun leyfa til útvarpsrekstrar.

6.4.5. Uppbygging og þróun stafræns sjónvarps

Allmiklar umræður hafa orðið hér á landi um innleiðingu stafræns hljóðvarps og sjónvarps.[70] Í niðurstöðum í greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar um málið kemur fram sú skoðun að Íslendingar geti ekki leitt hjá sér að innleiða stafrænt sjónvarp.

Talið er að stafrænt sjónvarp bjóði upp á margra kosti umfram núverandi kerfi. Þessir eru helst nefndir: a) Aukin flutningsgeta hverrar rásar og betri nýting í dreifi- og flutningskerfum. b) Betri nýting á tíðnisviðum. c) Betri mynd- og hljóðgæði. d) Lægri kostnaður við

---

[70] Hér má m.a. nefna: Greinargerð um stafrænt sjónvarp á Íslandi: *Undirbúningur og innleiðing.* Júní 2002. Unnin af Póst- og fjarskiptastofnun. *Greinargerð starfshóps um stafrænt sjónvarp á Íslandi.* Unnin fyrir samgönguráðuneytið í apríl 2003. Sbr. einnig minnisblað Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra dags. 13. febrúar 2004 um stefnu stjórnvalda í málefnum stafræns sjónvarps.

dreifingu. e) Auðveldari samruni við önnur fjarskiptakerfi og meiri möguleikar að því er varðar upplýsingasamfélagið. f) Auðveldari innkoma nýrra efnisframleiðenda á markaðinn. g) Auknir möguleikar á gagnvirkni. h) Auknir möguleikar á færanlegu sjónvarpi innanhúss og/eða þráðlausri móttöku.

Í greinargerðinni er lögð áhersla á að stjórnvöld verði að taka afstöðu til þess hvort og að hvaða marki þau vilja leggja uppbyggingu stafræns sjónvarps lið. Í greinargerðinni er núverandi fyrirkomulagi sjónvarpsstöðva á Íslandi lýst sem „lóðréttu", þ.e. þjónusta sem fyrirtækin veita er alla leið úr myndveri yfir til endanotanda í gegnum eigið dreifikerfi. Með tilkomu stafræns sjónvarps gefist kostur á að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að nálgunin verði „lárétt", þ.e. sjónvarpsstöðvar sérhæfi sig í að framleiða efni en dreififyrirtæki dreifi efni margra sjónvarpsstöðva til neytandans í gegnum dreifikerfi sem nær til landsins alls eða því sem næst. Þá er lögð áhersla á að við útfærslu stafræns sjónvarps þurfi að taka afstöðu til tveggja meginatriða. Annars vegar fyrirkomulags dreifikerfis og hins vegar fyrirkomulags svonefnds aðgangskerfis.

Í niðurstöðum í greinargerð starfshóps samgönguráðuneytisins kemur eftirfarandi fram:

Lagt er til að stofnað verði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsenda slíks fyrirtækis er að allir stærri seljendur sjónvarpsefnis mundu nýta hið nýja dreifingarkerfi og að samstaða næðist um slíkt fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á að með nýju fyrirkomulagi yrði nýjum aðilum gert auðveldara að komast inn á markaðinn.

Einnig skoðaði starfshópurinn hvort tengja beri umfjöllun um útsendingu stafræns sjónvarps og stofnun sameiginlegs dreifingarfyrirtækis við afruglarakerfi sjónvarpsstöðvanna.

Að lokum er bent á að í nýrri stefnu stjórnvalda í málefnum stafræns sjónvarps hefur samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, lagt til að slíkt sjálfstætt dreifingarfyrirtæki í eigu aðila á fjölmiðlamarkaði verði stofnað. Hlutverk þess verði að byggja upp dreifingarkerfi fyrir stafrænt sjónvarp og hljóðvarp. Meginmarkmiðið er að auka fjölbreytni og bæta aðgengi neytenda að sjónvarpsefni.

Nefndin hefur fylgst með þessum ráðagerðum og bendir á að þessi markmið stjórnvalda séu að öllu leyti í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins R (99) 1 sem fyrr er getið, en þar er einmitt lagt til að ríki hugi sérstaklega að því að leggja slíkum áformum lið. Nefndin tekur undir þessar ráðagerðir og hvetur til þess að þeim verði framfylgt.

6.4.6. Eignarhald erlendra aðila

Í 4. kafla hér að framan kemur fram að engar sértækar takmarkanir gildi að því er varðar eignarhald útlendinga á fjölmiðlafyrirtækjum, sbr. þó skilyrði um úthlutun útvarpsleyfa. Nefndin leggur til að hugað verði að því að settar verði reglur sem setji skorður við eignarhaldi útlendinga utan EES-svæðisins á fjölmiðlafyrirtækjum. Hefur nefndin einkum í huga að of sterk ítök erlendra aðila geti hamlað gegn markmiðum sem lúta að vernd íslenskrar menningar og fjölbreytni.

6.4.7. Sjálfstæði blaða- og fréttamanna

Lagt er til að sett verði í lög um prentrétt ákvæði sem skyldi fyrirtæki í dagblaðaútgáfu til að setja sér innri reglur sem miði að því að tryggja sjálfstæði blaðamanna og ritstjóra gagnvart eigendum og enn fremur reglur um stöðu blaðamanna gagnvart ritstjórn. Sambærileg ákvæði verði enn fremur sett í útvarpslög sem tryggi sjálfstæði frétta- og dagskrárgerðarmanna gagnvart eigendum fyrirtækja í útvarpsrekstri. Enn fremur verði gert ráð fyrir að

menntamálaráðherra[71] semji leiðbeiningarreglur sem að þessu lúta og að hann staðfesti reglur sem fjölmiðlafyrirtæki vilja setja sér.

Þótt vissir örðugleikar hljóti jafnan að vera á því að framfylgja slíkum reglum er mögulegt að þær gætu verið blaðamönnum og ritstjórum nokkur vernd gagnvart afskiptum og aðgerðum eigenda vegna umfjöllunar þeirra fyrrnefndu um almenn málefni sem eigendur telja andstæða viðskiptalegum hagsmunum sínum. Jafnframt er vakin athygli á að þetta er ein af þeim leiðum sem Evrópuráðið mælir með að séu skoðaðar til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun.

6.4.8. Úrræði sem lúta að dagskrá

Í gildandi útvarpslögum og í lögum um Ríkisútvarpið eru ýmis ákvæði sem leggja sértækar skyldur á leyfishafa varðandi dagskrá. Í tilmælum Evrópuráðsins er mælst til þess að þessir möguleikar verði skoðaðir. Slíkar reglur gætu t.d. lotið að því að tiltekinn hluti dagskrár skyldi vera innlendur, aðgengi annarra aðila að dagskrá, einkum í því skyni að koma fram sjónarmiðum í tengslum við kosningar eða umræður um mikilvæg þjóðfélagsleg málefni o.fl. Slíkar reglur eru að nokkru leyti fyrir hendi, en á þeim mætti vissulega skerpa.

Nefndin setur þó ekki fram beinar tillögur hvað þetta varðar, enda sammála um að varlega beri að fara í þessu efni þar sem strangar og ítarlegar reglur af þessu tagi fyrir einkarekna fjölmiðla geti unnið gegn markmiðum um fjölbreytni og sett þeim óeðlilegar skorður.

Nefndin telur engu að síður ástæðu til að benda á þá möguleika sem hér eru fyrir hendi og vekur sérstaklega athygli á að í títtnefndum tilmælum Evrópuráðsins er með því mælt að þessar leiðir verði skoðaðar.

6.4.9. Ríkisstyrkir

Í tilmælum Evrópuráðsins er mælst til þess að hugað verði að þeim möguleika að styðja við fjölmiðlafyrirtæki með skattaívilnunum, beinum ríkisstyrkjum o.fl. Ýmis skilyrði eru lögð til grundvallar, svo sem að ritstjórnarstefna sé sjálfstæð, miðill sé ekki rekinn í hagnaðarskyni o.fl. Nefndin leggur þetta þó ekki til.

6.4.10. Fjölmiðlastofnun

Í tilmælum R (99) 1 er mælst til þess að aðildarríki Evrópuráðsins meti hvort það teljist fýsilegur kostur að setja á fót sérstaka stofnun sem hafi með höndum opinber málefni er lúta að starfsemi fjölmiðla, eignarhaldi o.fl.

Nefndin hefur rætt þennan valkost og telur ekki rétt á þessu stigi að leggja þetta beinlínis til. Byggist það á því sjónarmiði að fyrst beri að leita leiða til að nýta þær opinberu stofnanir sem þegar hafa verið settar á fót og kanna hvort þær geta leyst af hendi þau nýju og/eða breyttu verkefni sem breytingar á löggjöf á sviði fjölmiðlunar hefðu í för með sér. Leiðir það líklega til minni kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Tillögur þær og hugmyndir, sem settar eru fram hér að framan, miða við að verkefni þessi verði falin Samkeppnisstofnun og/eða útvarpsréttarnefnd. Engu að síður verður ekki fram hjá því litið að það gæti haft ýmsa kosti í för með sér frá faglegu sjónarmiði að setja á fót sérstaka stofnun sem hefði þessi verkefni með höndum.

Að því er slíka stofnun varðar virðist þá helst koma til greina að byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið með útvarpsréttarnefnd, en kostirnir eru einkum þessir:

---

[71] Sbr. þó það sem síðar segir um hlutverk sérstakrar fjölmiðlastofnunar.

Hin sértæku sjónarmið um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og þörfin fyrir fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði falla ekki alls kostar vel að þeim grundvallarsjónarmiðum sem samkeppnislög eru annars byggð á. Með því að fela sérstakri stofnun slík verkefni væri farin greiðari leið að því að byggja upp sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Slík stofnun yrði vettvangur fyrir öflun upplýsinga um alla þætti fjölmiðlunar á Íslandi og um stöðuna á þeim markaði, að því er varðar útbreiðslu fjölmiðla, eignarhald fjölmiðlafyrirtækja, tölfræði um útbreiðslu fjölmiðla og samsetningu dagskrár o.fl. Enn fremur hefði stofnunin hlutverk að því er varðar úthlutun leyfa, eftirlit með því að reglum yrði fylgt og valdheimildir til að banna eignatilfærslur sem gætu leitt til óæskilegrar samþjöppunar og eftir atvikum til að setja þeim skilyrði. Einnig má minna á að minni hætta er á að álitamál kæmu upp varðandi lögsögu stofnana, einkum samkeppnisyfirvalda annar vegar og útvarpsréttarnefndar hins vegar, en augljóslega þarf að gæta að slíkum sjónarmiðum við tæknilega útfærslu á mögulegum lagabreytingum ef verkefni þau sem kynnu að leiða af breyttum lögum yrðu falin Samkeppnisstofnun og útvarpsréttarnefnd.

Reykjavík, 2. apríl 2004

Davíð Þór Björgvinsson
Guðmundur Heiðar Frímannsson
Karl Axelsson
Pétur Gunnarsson

Heimildir

Alasuutari, Pertti (1997) „Why Does the Radio Go Unnoticed?“, *Nordicom Review*, special issue, Radio Research in Denmark, Finland, Norway and Sweden, 18(1): 161–71.

Bakker, Piet (2002) „Reinventing Newspapers: Readers and Markets of Free Dailies“, s. 77–86 í *Media Firms: Structures, Operations, and Performance.* R.G. Picard. ritstj. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.

Birgir Guðmundsson (2003) „Héraðsfréttablöð á nýrri öld.“ Háskólinn á Akureyri, apríl 2003.

Council of Europe. Committee of Ministers. Recommendation No. R (99) 1 of the Committee of Ministers to member States on Measures to promote Media Pluralism. Adopted by the Committee of Ministers on 19 January 1999 at the 656th meeting of the Ministers' Deputies. Þá fylgir tilmælunum Explanatory Memorandum to Recommendation No. R (99) 1 of the Committee of Ministers to member States on Measures to promote Media Pluralism.

De Bens, Els, Mary Kelly og Marit Bakke (1992) „Television Content: Dallasification of Culture?“, s. 75–100 í *Dynamics of Media Politics: Broadcast and Electronic Media in Western Europe* K. Siune o.fl., ritstj. London: Sage.

De Bens, Els og Hedwig de Smaele (2001) „The Inflow of American Television Fiction on European Broadcasting Channels Revisited“, *European Journal of Communication* 16(1): 51–75.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna um stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar verði felld brott. Til samræmis eru lagðar til breytingar á ákvæði laganna um hlutverk forstöðumanns stofnunarinnar.

Við umfjöllunina kom fram að stjórn stofnunarinnar hefði m.a. haft það hlutverk að vera tengiliður milli stofnunarinnar og samvinnunefndar um málefni norðurslóða sem lögin fjalla einnig um. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að þessi tengsl haldist áfram og telur hann að svo geti orðið ef forstöðumaður stofnunarinnar á sæti í samvinnunefndinni en í henni eiga sæti fulltrúar stofnana og samtaka sem sinna norðurslóðarannsóknum á Íslandi. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu þeirra fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 506/1997, um samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Fram kom hjá fulltrúa umhverfisráðuneytisins að það telji rétt að forstöðumaðurinn eigi sæti í samvinnunefndinni og til standi að breyta umræddri reglugerð á þá leið verði frumvarpið samþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarsson.
Guðjón Hjörleifsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	

1530. Nefndarálit [877. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Elínu Guðmundsdóttur frá Umhverfisstofnun.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna verði aðlöguð tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna. Hluti sæfiefna fellur ekki undir gildissvið gildandi laga og er lagt til að gildissvið þeirra verði rýmkað að þessu leyti. Einnig er lagt til að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi fyrir markaðssetningu sæfiefna hér á landi.

Frumvarpið felur það í sér að skráningu á ákveðinni tegund efna er breytt þannig að efni sem ekki hafa verið skráningarskyld verða það með samþykkt frumvarpsins. Með tilskipuninni er áhættumat og skráning efna sem falla undir hana samræmd á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig mun gilda gagnkvæm viðurkenning innan svæðisins sem felur það í sér að þegar efni hefur verið viðurkennt í einu aðildarríki verður að viðurkenna það í öðrum aðildarríkjum.

Fram kom við umfjöllun nefndarinnar að heildarendurskoðun laganna stendur yfir og leggur nefndin áherslu á að henni ljúki sem fyrst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Mörður Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Brynja Magnúsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.

1531. Breytingartillögur [855. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Valdimar L. Friðrikssyni, Helga Hjörvar, Gunnari Örlygssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Við 4. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, er verði 2. málsl., og orðist svo: Við útreikning á meðaltali heildarlauna skv. 1. málsl. skal taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi foreldri verið tekjulaust að hluta á þeim tveimur tekjuárum sem meðaltal heildarlauna er miðað við er heimilt að taka tillit til tekna sem foreldri aflar á fæðingarári barns.
2. Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 7. mgr. 4. gr., 1. málsl. 2. mgr. b-liðar 8. gr. og 1. málsl. 2. mgr. b-liðar 9. gr. komi: launavísitölu.
3. Við bætist ný grein, er verði 5. gr., og orðist svo:
   Í stað 3. mgr. 14. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Orlofslaun skv. 7. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, fyrir þann tíma sem foreldri er í fæðingarorlofi greiðir Fæðingarorlofssjóður til foreldris við lok fæðingarorlofs.
   Ákvæði 1.–3. mgr. skulu jafnframt gilda um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr.
4. Á eftir 10. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
   2. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:
   Foreldri sem fær greiddar lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar heldur þeim greiðslum óskertum þann tíma sem það er í fæðingarorlofi og á rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja því sambærilegan rétt og ef staða þess á vinnumarkaði væri önnur, sbr. 13. gr. Þannig verða samanlagðar greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og úr Fæðingarorlofssjóði 80% af meðaltali launa og þessara greiðslna á viðmiðunartímabili, sbr. 2. mgr. 13. gr. Sama gildir ef foreldri fær umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns eða sömu fæðingar. Foreldri sem fær greiðslur í fæðingarorlofi skv. 18. gr. heldur óskertum lífeyrisgreiðslum eða sjúkradagpeningum samkvæmt lögum um almannatryggingar á sama tíma. Kveðið skal nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í sérstakri reglugerð sem ráðherra setur.

1532. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Á eftir 9. gr. komi ný gr. svohljóðandi:
   Í stað orðanna „2. mgr. 17. gr. samræmist 6. mgr. sömu greinar“ í 19. gr. laganna kemur: 1. mgr. 17. gr. a samræmist 3. mgr. sömu greinar.

2. Á eftir 10. gr., er verði 11. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 17. gr.“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: 1. mgr. 17. gr. a.

1533. Breytingartillaga [785. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvar og Katrínu Júlíusdóttur.

B-liður 9. gr. orðist svo: Í stað orðanna „Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70%“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið allt að 90%.

1534. Nefndarálit [749. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mjög alvarlegar athugasemdir hafa borist allsherjarnefnd um framlagt frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002. Fjölmargir umsagnaraðilar efast um að frumvarpið standist friðhelgisákvæði og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Persónuvernd telur t.d. að brýnt sé að taka til nánari athugunar og eftir atvikum endurskoðunar þau ákvæði frumvarpsins sem vega að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að fjöldinn allur af ákvæðum frumvarpsins standist ekki stjórnarskrá og mannréttindaákvæði.

Fjölmenningarráð, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rætur, félags áhugafólks um menningarlega fjölbreytni, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, Félag Víetnama, Félag Nígeríumanna á Íslandi, Félag foreldra tvítyngdra barna, Félag víetnamskra kvenna og prestur innflytjenda gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og hafa hvatt stjórnvöld til að endurskoða frumvarpið vandlega með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa og breyta því með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, alþjóðlegra sáttmála og reglna um mannréttindi og einstaklingsfrelsi. Kirkjuráð og Biskupsstofa hvetja einnig eindregið til að gengið sé tryggilega úr skugga um að frumvarpið skerði ekki mannréttindi einstaklinga.

Sjaldgæf samstaða myndaðist milli ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna, þar á meðal ungliðahreyfinga ríkisstjórnarflokkanna, en þær lögðust allar gegn frumvarpinu með víðtækri undirskriftasöfnun.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega vinnubrögð við samningu frumvarpsins en ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila. Dómsmálaráðherra virðist vera að nýta sér fyrirhugaða

stækkun EES-svæðisins, sem þarf að lögfesta fyrir 1. maí nk., til alls kyns breytinga á lögum um útlendinga sem fela í sér gjörbreytingar á réttindum útlendinga og íslenskra aðstandenda þeirra.

Minni hlutinn leggur til að veigamiklir þættir frumvarpsins verði felldir brott en rétt er að taka fram að ýmislegt jákvætt má finna í því, má þar t.d. nefna 4. gr., 11. gr., 13. gr., a-, b- og g-lið c-liðar og d-lið 16. gr.

A-liður 2. gr.

Með a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreiningu 13. gr. laganna á hugtakinu „nánustu aðstandendur“ verði breytt. Greinin gerir nánustu aðstandendum íslenskra ríkisborgara og ríkisborgara annarra ríkja sem dveljast löglega í landinu kleift að fá dvalarleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Lagt er til að til þess að teljast „nánasti aðstandandi“ þurfi maki að hafa náð 24 ára aldri og ættmenni að feðgatali á framfæri umsækjanda að hafa náð 67 ára aldri.

Hvað varðar skilyrðið um 24 ára aldur maka er einungis vísað til þess í greinargerð að það sé „meðal annars“ á grundvelli þess að rétt sé að vernda óskilgreindan hóp fyrir nauðungarhjónaböndum. Rökin fyrir breytingunni eru að hér séu rík verndarsjónarmið sem byggjast á reynslu nágrannaríkjanna þar sem algengt sé meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Fyrirmynd þessa ákvæðis frumvarpsins er fengin úr dönskum lögum sem þó voru afskaplega umdeild þegar þau voru sett.

Hið afdráttarlausa skilyrði um 24 ára aldur maka snertir fjölda annarra einstaklinga en þá sem kynni að hafa verið ráðstafað í hjónaband gegn vilja sínum. Ákvæðið mun því á hverju ári hafa margvísleg áhrif á tugi Íslendinga sem vilja sameinast maka sínum á grundvelli hjónabands.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar kemur fram að árið 2003 fengu 55 einstaklingar á aldrinum 18–24 ára dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, árið 2002 voru þeir 26, 36 árið 2001 og 25 einstaklingar árið 2000 en 29 fyrstu þrjá mánuði þessa árs.

Þau rök hafa verið færð fram að þrátt fyrir ákvæðið gæti maki yngri en 24 ára ávallt sótt um hefðbundið atvinnu- og dvalarleyfi eftir öðrum lagaákvæðum. Hins vegar er alveg ljóst að frumvarpið skerðir þann rétt sem erlendir makar Íslendinga undir 24 ára aldri hafa enda munu eldri erlendir makar Íslendinga ekki búa við slíka skerðingu. Í því felst ójafnræði og óréttlæti. Í 7. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, mega einstaklingar stofna til hjúskapar á Íslandi frá 18 ára aldri og ekki er réttlætanlegt að skerða réttindi fólks á aldrinum 18–24 sérstaklega með þessum hætti. Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands kemur fram að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi túlkað 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þannig að í réttinum til að stofna til hjúskapar felist einnig rétturinn til að búa saman.

Að mati minni hlutans er hér um að ræða óréttláta mismunun. Jafnframt hefur verið bent á óhagræðið sem slíkt ákvæði hefur fyrir ung pör, hvað þá ef börn eru til staðar. Alþjóðahúsið bendir í umsögn sinni á að til að fá hefðbundið atvinnuleyfi þurfi útlendingur að afla sér leyfis áður en komið er til landsins í fyrsta sinn. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum fær maki undir 24 ára aldri ekki dvalarleyfi skv. 13. gr. laga um útlendinga og ákvæðið getur því valdið tímabundnum aðskilnaði hjóna. Auk þessa er óvíst um þörf fyrir slíkt ákvæði, einkum ef miðað er við þau rök sem koma fram í frumvarpinu.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur lýst sig andsnúna þessu ákvæði og vísar m.a. í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Fjölmargir aðrir eru sömuleiðis andsnúnir því og má þar nefna Alþjóðahús, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fjölmenningarráð, Samtök kvenna af

erlendum uppruna á Íslandi, Félag Víetnama, Félag Nígeríumanna á Íslandi, Félag foreldra tvítyngdra barna, Félag víetnamskra kvenna, Rætur, félags áhugafólks um menningarlega fjölbreytni, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra og prest innflytjenda. Minni hlutinn leggur því til að skilyrðið um 24 ára aldur verði fellt brott.

Minni hlutinn telur að skilyrðið um að ættmenni að feðgatali þurfi að hafa náð 67 ára aldri til að geta sótt um dvalarleyfi fyrir aðstandanda sé óþarft og að það byggist á misskilningi. Ákvæðið er augljóslega byggt á íslenskum aðstæðum en eftirlaunaaldur er í íslenskri almannatryggingalöggjöf skilgreindur við 67 ára aldur, sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993. Frumvarpið tekur ekki mið af þeim mismunandi aðstæðum sem kunna að ríkja að þessu leyti hjá öðrum ríkjum. Í ákvæðinu er fjallað um foreldra og afa og ömmur viðkomandi en minni hlutinn telur að ákvæðið hindri þetta fólk, sem getur vel verið yngra en 67 ára, í að flytjast til landsins til að njóta samvista við börn sín og barnabörn.

Samkvæmt frumvarpinu er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að ættmenni að feðgatali fari á þennan hátt hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað. Í umsögn Alþjóðahúss er hins vegar bent á að núverandi löggjöf tryggir að ekki er hægt að fara þá leið inn á vinnumarkaðinn. Núgildandi lög kveða á um að ættmenni innflytjenda þurfi að sækja um atvinnuleyfi ef þeir hyggjast fá sér vinnu. Til þess að atvinnurekandi fái leyfi til að ráða ríkisborgara utan EES-svæðisins til vinnu þarf hann að auglýsa starfið á svæðinu í þrjár vikur, stéttarfélag að gefa umsögn og Vinnumálastofnun að meta atvinnuástand hér á landi.

Þrátt fyrir orðin „og á þeirra framfæri“ í lögunum hefur ákvæðið verið túlkað svo að ættmenni, jafnt sem aðrir einstaklingar eldri en 18 ára, þurfi að sýna fram á sjálfstæða framfærslu hvort sem þeir eru aðstandendur Íslendinga eða ekki. Ekki hefur dugað að afkomendur sem hafa þessa einstaklinga á framfæri sýni fram á nægar tekjur. Ákvæði þetta þyrfti að gera ráð fyrir því að viðkomandi umsækjandi geti verið á framfæri afkomanda og þurfi ekki að sýna fram á sjálfstæða framfærslu, því slíkt er ógerningur í flestum tilfellum.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggst gegn þessari breytingu á 13. gr., m.a. með vísan til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, og sama gildir um fjölmarga aðra umsagnaraðila. Minni hlutinn leggur því til að skilyrðið um 67 ára aldur falli brott.

B-liður 2. gr.

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er stefnt að því að stemma stigu við nauðungarhjónaböndum og því að stofnað sé til málamyndahjónabanda í þeim tilgangi einum að útvega útlendingi dvalarleyfi á Íslandi. Er lagt til að það varði missi réttar til dvalarleyfis ef uppvíst verður um slíkar aðstæður.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn þeirri leið, sem lögð er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins, að kveða á um öfuga sönnunarbyrði viðkomandi einstaklinga þegar „rökstuddur grunur“ er um málamyndahjónaband eða nauðungarhjónaband í skilningi laga um útlendinga. Vandmeðfarið er að meta hvenær grunur er rökstuddur og ekki síður hvenær viðkomandi einstaklingum tekst að sýna fram á annað „með óyggjandi hætti“. Útlendingastofnun er í frumvarpinu falið vald til að meta þessi atriði.

Í umsögn Persónuverndar er það talið vera mikið álitaefni hvort „rökstuddur grunur“ einn og sér geti talist nægilega áreiðanlegur grundvöllur, samkvæmt almennum sjónarmiðum, þegar teknar eru ákvarðanir um svo mikilvæg réttindi sem hér um ræðir, þ.e. landvistarleyfi einstaklings í sama landi og maki hans býr. Persónuvernd leggst því gegn lögfestingu þessa ákvæðis.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að þetta ákvæði um öfuga sönnunarbyrði takmarki persónufrelsi og friðhelgi einkalífs með of víðtækum og almennum hætti og skapi hættu á því að mörg hjónabönd sem ekkert er athugavert við verði talin falla undir ákvæðið. Laganefndin bendir sömuleiðis á að til að ná þeim tilgangi að stemma stigu við málamyndahjónaböndum og nauðungarhjónaböndum sé nægilegt að kveða á um refsinæmi þess. Er það þá metið fyrir dómstólum hvort háttsemin telst sönnuð. Telur laganefnd í umsögn sinni ekki rétt að kveða á um missi réttar til dvalarleyfis fyrr en eftir að slík háttsemi hefur verið sönnuð eftir meginreglum opinbers réttarfars, m.a. þeirri grundvallarreglu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, að maður skuli teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið og leggst gegn þessu ákvæði. Hann telur hins vegar að hjúskapur sem stofnað er til í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða hjúskapur sem hefur ekki verið stofnað til með vilja beggja aðila skuli ekki veita viðkomandi rétt til dvalarleyfis og leggur til breytingartillögu við b-lið 2. gr.

Minni hlutinn gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þær vísbendingar um málamyndahjónabönd sem tilteknar eru í athugasemdum við frumvarpið og telur þær ekki vera í samræmi við raunveruleikann.

5. gr.

Oft skortir talsvert á að útlendingum séu veittar nægilegar upplýsingar um hvernig beri að fara að endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfa. Dæmi eru um að fólk búi og vinni í landinu í góðri trú um að pappírar þeirra séu í lagi þegar annað kemur á daginn. Ekki má heldur gleyma því að algengt er að atvinnurekendur taki að sér að sjá um dvalar- og atvinnuleyfi erlendra starfsmanna sinna.

Á meðan enn skortir talsvert á að grundvallarupplýsingum sé komið til útlendinga og lög kveða á um að atvinnuleyfi útlendinga sé í höndum atvinnurekanda er ekki eðlilegt að vísa útlendingum úr landi vegna mistaka í tengslum við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa.

Minni hlutinn telur ekki rétt að vísa útlendingi úr landi dvelji hann ólöglega í landinu af gáleysi og leggur til breytingartillögu við 5. gr. frumvarpsins.

A-liður 7. gr.

Minni hlutinn sér ekki ástæðu til setja sérstaka húsleitarheimild í lög um útlendinga á þann hátt sem frumvarpið ber með sér. Úrræði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, ættu að duga vel gagnvart brotum á lögum um útlendinga jafnt sem öðrum lögum.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þess vegna ber að fara mjög varlega þegar kemur að skerðingu þessara réttinda.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að rökstyðja gagnsemi húsleitar í umræddu skyni, eigi að lögtaka sérstakt ákvæði um slíka skerðingu á rétti fólks til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í frumvarpinu kemur ekki fram með hvaða hætti húsleit eigi að geta leitt í ljós hvort til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda eða ekki. Persónuvernd leggst gegn samþykki þessa ákvæðis og telur rétt að metið sé til hlítar hvort raunverulega sé þörf á þeirri réttindaskerðingu sem ákvæði 7. gr. kveða á um.

Eigi hins vegar að festa slíkt sérstakt húsleitarákvæði í lög um útlendinga telur minni hlutinn það lykilatriði að kveðið sé skýrt á um að dómsúrskurður þurfi að liggja fyrir áður en ráðist er í húsleit. Orðalag frumvarpsins býður upp á margvíslega túlkun hvað þetta varðar og hafa bæði Persónuvernd og Alþjóðahúsið lýst yfir áhyggjum af því.

B-liður 7. gr.

Minni hlutinn mælist til að b-liður 7. gr. frumvarpsins verið felldur brott. Sé vilji fyrir því hjá umsækjanda dvalarleyfis að leggja fram lífsýni ætti honum að vera það leyfilegt. Í Finnlandi getur útlendingur sjálfur lagt fram niðurstöðu slíkrar rannsóknar ef hann getur ekki lagt fram fæðingarvottorð t.d. vegna ástands í heimalandinu. Slíkt fyrirkomulag verður að teljast nú þegar vera löglegt og leyfilegt í ljósi þeirrar sönnunarbyrði sem hvílir á viðkomandi umsækjanda um skyldleika við aðstandenda hér á landi.

Hins vegar leggst minni hlutinn gegn því að Útlendingastofnun fái heimild til að fara fram á að umsækjandinn gangist undir lífsýnatöku. Slíka heimild í lögum handa Útlendingastofnun er hægt að túlka gegn viðkomandi umsækjanda ef hann neitar að gangast undir lífsýnatöku, hefur ekki efni á henni eða ekki tækifæri til lífsýnatöku í heimalandi sínu. Sönnunarbyrði um skyldleika hvílir á viðkomandi umsækjanda og það er þekkt í réttarfari að þögn og samstarfsleysi viðkomandi getur verið túlkuð honum í óhag.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að of langt sé gengið inn á svið friðhelgi einkalífs og fjölskyldu með þessu ákvæði. Persónuvernd leggst einnig gegn samþykkt ákvæðisins og telur nauðsynlegt að metið sé hvort raunverulega sé ástæða til að lögfesta þá skerðingu á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem lögð er til. Þá telur Persónuvernd einnig nauðsynlegt að metið verði hvort yfirleitt sé réttlætanlegt í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu að lögfesta heimild um töku lífsýna í þessu skyni.

Bent hefur verið á margvíslega annmarka varðandi þetta ákvæði. Feðrunarreglur geta leitt til þess að maður sem ekki er í raun kynfaðir barns verði engu að síður formlega álitinn faðir í lagalegum skilningi við fæðingu þess og upp frá því, sbr. Pater est regluna sem m.a. gildir hér á landi. Einnig má benda á vandkvæði þessa ákvæðis hvað varðar kjörbörn, tæknifrjóvganir, rangt feðruð börn og fórnarlömb nauðgana.

Minni hlutinn telur sömuleiðis margt vera óljóst um framkvæmdina á slíku ákvæði. Samkvæmt frumvarpinu er Útlendingastofnun falið vald til að kveða á um þessa rannsókn og ekki er kveðið á um það í frumvarpinu hvaða skilyrði þurfa að liggja til grundvallar þess að krafist verði rannsóknar á erfðaefni. Sömuleiðis segir ekkert í frumvarpinu um hvernig skuli fara með lífsýnið eða hver skuli framkvæma töku þess og komu fram áhyggjur í máli fulltrúa Persónuverndar frammi fyrir nefndina um þetta atriði. Alþjóðahúsið og fleiri aðilar hafa sömuleiðis miklar áhyggjur af framkvæmd þessa ákvæðis.

Hjá fulltrúum dómsmálaráðuneytisins kom fram að gert væri ráð fyrir, á þessu stigi, að viðkomandi umsækjandi greiddi sjálfur fyrir lífsýnatökuna og sæi sjálfur um að lífsýni væri tekið. Minni hlutinn telur slíkt fyrirkomulag vera algjörlega ósættanlegt enda er ljóst að í mörgum löndum er ekki boðið upp á slíkar lífsýnatökur og kostnaður gæti hæglega orðið flestum umsækjendum óyfirstíganlegur.

Jafnframt telur minni hlutinn að þegar settar eru slíkar íþyngjandi reglur eigi ríkið sjálft að bera kostnað sem af þeim hlýst, enda ákveður Útlendingastofnun sjálf hvenær á að grípa til þessara aðgerða og hvenær ekki. Fram kom á fundi nefndarinnar með fulltrúa Útlendingastofnunar að ekki komi upp mörg mál af þessum toga hjá stofnuninni og þess þá heldur álítur minni hlutinn að ekki eigi að setja inn svo íþyngjandi reglu sem þessa. Í máli fulltrúa Útlendingastofnunar kom fram að um gæti verið að ræða eitt tilfelli á tveggja ára fresti.

Hvað varðar önnur lönd má nefna að í Finnlandi er það einstaklingsins að ákveða að leggja fram lífsýni verði skyldleiki ekki sannaður með öðrum hætti, eins og áður kom fram. Í finnsku lögunum er jafnframt kveðið sérstaklega á um hvar sýnin skuli tekin og hvernig og hvar þau skuli geymd. Jafnframt greiðir hið opinbera allan kostnað við sýnatökuna. Í Noregi er ekki að finna ákvæði eins og er í frumvarpinu en á heimasíðu útlendingastofnunar í Noregi

kemur fram að Norðmenn bjóða þennan valkost sé erfitt að nálgast nauðsynleg gögn. Norska ríkið greiðir einnig allan þann kostnað sem viðkomandi verður fyrir.

Minni hlutinn telur einnig að ákvæðið sé alls ekki nógu skýrt. Hæglega má skilja það þannig að Útlendingastofnun hafi lagalegan rétt til að krefjast lífsýnatöku úr viðkomandi umsækjanda og ættmennum hans, jafnvel án dómsúrskurðar. Í umsögn Persónuverndar koma fram alvarlegar athugasemdir við þetta. Sé hins vegar ekki tilgangur ákvæðisins að fá Útlendingastofnun slíka heimild þarf að gera ákvæðið miklu skýrara en það er núna. Minni hlutinn leggst hins vegar alfarið gegn slíkri heimild og telur að framlagning lífsýnis eigi ætíð vera val viðkomandi og að hans eigin frumkvæði.

Með vísan til 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu tekur minni hlutinn undir það álit laganefndar Lögmannafélags Íslands að inngrip í friðhelgi einkalífs samkvæmt ákvæðinu og sú framkvæmd þess sem þar er kveðið á um, sé ekki í nægilegu samhengi við hagsmunina sem stefnt er að því að vernda.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að hælisleitandi eigi ekki rétt á skipun talsmanns þegar kærð er ákvörðun skv. d- og e-liðum 1. mgr. 46. gr. laga um útlendinga um að taka umsókn um hæli ekki til meðferðar hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum eiga slíkir hælisleitendur rétt á aðstoð talsmanns. Þótt synjun á að taka umsókn til meðferðar hér á landi byggist á alþjóðlegum samningum geta risið ýmis álitaefni í tengslum við slíka ákvörðun, svo sem varðandi það hvort ákvæði viðkomandi alþjóðasamninga og/eða undanþáguákvæði 2. mgr. 43. gr. laganna eiga við.

Hælisleitandi kann að hafa gildar og ríkar ástæður fyrir því að sækja hér um hæli fremur en í öðrum löndum sem hann hefur komið til á ferðaleið sinni eða fengið útgefna vegabréfsáritun hjá. Gæta verður þess að íslensk yfirvöld hafa ávallt heimild til að taka hælisumsókn til efnislegrar meðferðar þó að ákvæði d- og e-liðar nefndrar greinar kunni að eiga við umsækjanda. Getur það varðað umsækjanda miklu að fá sérfræðiaðstoð við slíkar aðstæður, sérstaklega þegar litið er til þess að kæra frestar ekki framkvæmd framsendingar hans til annars lands. Í umsögn Rauða krossins kemur fram að ef talsmanns nýtur ekki við er hælisleitandi sviptur öllum raunhæfum úrræðum til að fá hnekkt ákvörðun stjórnvalds,

Þá er sérstaklega bent á 2. mgr. 46. gr. laganna, um mat á endursendingu flóttamanns, en þar stendur að ekki skuli endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Samkvæmt laganefnd Lögmannafélags Íslands skerðir það mjög réttaröryggi hælisleitenda að fella niður réttaraðstoð til þeirra af þessum ástæðum.

Minni hlutinn leggst gegn því að hælisleitendur verði sviptir þessum réttindum.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er heimild lögreglu til að leggja hald á fjármuni til greiðslu fjárkröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu viðkomandi samkvæmt 56. gr. laganna. Heimild lögreglu til haldlagningar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála tengist rannsókn á refsiverðum verknaði. Fjármunir sem útlendingur kann að hafa á sér þurfa ekki á nokkurn hátt að tengjast refsiverðum verknaði en fjárkrafa sem stofnast til handa íslenska ríkinu vegna kostnaðar við brottför útlendings er almenn fjárkrafa. Einnig er sérstaklega kveðið á um það að slík krafa sé aðfararhæf. Mjög varhugavert er að þessi heimild sé sett í lög þar sem henni er einungis ætlað að tryggja greiðslu á kröfu er lýtur almennum reglum fjármunaréttar-

ins. Með ákvæðinu er íslenska ríkinu veitt hagræði fram yfir aðra kröfuhafa útlendings til að fá fullnægju kröfu sinnar.

Í frumvarpinu kemur ekki fram að skilja eigi eitthvað eftir af fjármunum handa viðkomandi en það getur haft bagalegar afleiðingar fyrir viðkomandi. Að mati Rauða krossins kann heimild þessi að orka mjög tvímælis. Minni hlutinn mælist til að þetta ákvæði verði fellt brott enda ekki miklir hagsmunir ríkisins í húfi.

Um 16. gr.

Minni hlutinn vill fella brott núverandi b-lið 2. gr. frumvarpsins en leggur í staðinn til í breytingartillögu að í þeim lið verði tryggt refsinæmi málamyndahjónabanda og nauðungarhjónabanda.

Í h-lið 16. gr. frumvarpsins er lagt til að gert verði refsivert að hafa í vörslum sínum falsað vegabréf, fölsuð skilríki eða falsaða vegabréfsáritun. Eðli málsins samkvæmt koma ákveðnir hópar fólks yfirleitt ólöglega yfir landamæri og þá oft með fölsuð ferðaskilríki.

Það er í andstöðu við 31. gr. flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland fullgilti 1. mars 1956, að ákæra í öllum málum vegna falsaðra skilríkja, án þess að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna flóttamanna. Þessi regla er undirstrikuð í leiðbeiningarreglum UNHCR til ríkja um málefni flóttamanna. Minni hlutinn telur að setja beri í lagatextann sjálfan fyrirvara um að þetta ákvæði eigi ekki að ná til flóttamanna.

Þann 13. desember 2000 var af Íslands hálfu undirritaður Palermó-samningur Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og viðauki við samninginn um mansal. Ákvæði h-liðar 16. gr. frumvarpsins gengur gegn samningnum um að refsa skipuleggjendum mansals en vernda fórnarlömbin. Fórnarlömb mansals eru oft með fölsuð ferðaskilríki. Minni hlutinn telur því að það beri að gera fyrirvara í lagatextanum varðandi fórnarlömb mansals sem kunna að hafa fölsuð skilríki í vörslum sínum.

Að lokum leggur minni hlutinn til að breytingartillögur Atla Gíslasonar á 1. mgr. 11. gr. og við 15. gr. laganna verði samþykktar.

Kolbrún Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Ágúst Ólafur Ágústsson, frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Gunnar Örlygsson.

1535. Breytingartillögur [749. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (ÁÓÁ, BH, GÖg, GÖrl).

1. Við 2. gr.
   a. a-liður falli brott.
   b. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
      Hafi verið stofnað til hjúskapar í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða hafi ekki verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja aðila veitir það ekki rétt til dvalarleyfis.
2. 5. gr. orðist svo: Í stað orðanna „hann hefur brotið“ í a-lið 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: hann dvelur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi í landinu, hefur brotið.
3. 7. gr. falli brott.
4. 8. gr. falli brott.
5. 15. gr. falli brott.
6. Við h-lið 16. gr. bætist: þetta gildir þó ekki um flóttamann eða fórnarlamb mansals sem hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, falsað skilríki eða falsaða vegabréfsáritun.

1536. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Einnig komu á fund með nefndinni Karl Steinar Guðnason, Sigurður Thorlacius, Kristján Guðjónsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Kristinn H. Gunnarsson og Margrét Einarsdóttir frá tryggingaráði. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Heilsugæslustöðinni Hveragerði, landlæknisembættinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Læknafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins og siglinganefnd Tryggingastofnunar ríkisins.

Með frumvarpinu er m.a. brugðist við athugasemdum sem fram komu í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingnefndar á þingskjali 1389 í 359. máli á 127. löggjafarþingi. Við meðferð þess máls lagði nefndin til breytingar á hlutverki tryggingaráðs þannig að reglusetningarvald væri fært frá tryggingaráði til ráðherra í tilteknum málaflokki og hvatti jafnframt til þess að hlutverk og staða tryggingaráðs yrði endurskoðað í heild. Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæði þar sem tryggingaráði var falið að setja reglur verði felld brott en ráðherra þess í stað falið að setja reglugerðir. Einnig er lagt til að ákvarðanataka í ýmsum málum verði færð frá tryggingaráði til Tryggingastofnunar. Þá er lagt til að svokölluð siglinganefnd Tryggingastofnunar verði lögð niður. Auk þess eru lagðar til ýmsar lagfæringar á lögunum sem að mati meiri hluta nefndarinnar eru til bóta.

Í tillögum frumvarpsins sem varða tryggingaráð felst að hlutverk þess verði framvegis fyrst og fremst bundið við eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar en skv. 6. gr. almannatryggingalaga skal ráðið hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Meiri hlutinn telur rétt að reglusetningarvaldið sé fært frá tryggingaráði til ráðherra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir enda telur meiri hlutinn að þær valdheimildir eigi að vera í höndum ráðherra. Með hliðsjón af hinni umfangsmiklu og fjölbreyttu starfsemi Tryggingastofnunar telur meiri hlutinn æskilegt að hún starfi undir sérstakri stjórn og leggur meiri hlutinn til að komið verði á beinu stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar. Leggur meiri hlutinn til að í 2. gr. laganna verði kveðið á um að ráðherra fari með yfirstjórn almannatrygginga, sbr. 1. gr. laganna, og Tryggingastofnunar ríkisins en að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á sínum störfum gagnvart ráðherra. Áfram er byggt á því að stofnunin annist framkvæmd almannatrygginga samkvæmt lögunum. Þá gildi áfram ákvæði 7. gr. laganna um að ef ágreiningur rísi um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögunum leggi sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á 3. gr. laganna sem felur það í sér að ráðherra skipi fimm manna stjórn að afloknum hverjum alþingiskosningum, einn þeirra skuli skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður, og jafnmarga skal skipa til vara. Þannig verði horfið frá þeirri skipan mála að Alþingi kjósi í ráð eða stjórn við stofnunina. Meiri hlutinn leggur til að í 5. gr. laganna verði kveðið á um að forstjóri verði áfram skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Er þetta ákvæði óbreytt frá frumvarpinu að öðru leyti en því að í stað tryggingaráðs kemur stjórn Tryggingastofnunar. Lítur meiri hlutinn svo á að stjórnin eigi að hafa tillögurétt en ráðherra er ekki bundinn af tillögu stjórnar.

Meiri hlutinn leggur til að í 4. gr. laganna verði fjallað um hlutverk stjórnar Tryggingastofnunar. Í tillögum meiri hlutans felst að verkefni hennar verði hefðbundin verkefni stjórnar, það er að vera æðsta vald innan stofnunarinnar um rekstur hennar og skipulag. Er lagt til að hún staðfesti skipulag stofnunarinnar og geri árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun. Þá leggur meiri hlutinn til að stjórninni verði falið að marka stofnuninni langtímastefnu. Eðlilegt er að mati meiri hlutans að samráð verði við forstjóra og eftir atvikum aðra starfsmenn um þennan þátt og telur meiri hlutinn að til greina komi að forstjóri leggi tillögu að langtímastefnumörkun fyrir stjórnina. Einnig er lagt til að stjórnin hafi eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Lagt er til að stjórnin tilnefni fulltrúa Tryggingastofnunar í samninganefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. 39. gr. almannatryggingalaga, og fulltrúa í nefnd skv. 35. gr. laganna. Loks leggur meiri hlutinn til að formaður stjórnar skuli reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og gera honum viðvart ef hann telur að starfsemi og þjónusta sé ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög.

Lagt er til að í 6. gr. laganna verði fjallað um hlutverk, starfssvið og ábyrgð forstjóra Tryggingastofnunar. Byggjast tillögur meiri hlutans á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í 1. mgr. er áfram gert ráð fyrir að forstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir en jafnframt leggur meiri hlutinn til að tekið verði fram að hann annist daglegan rekstur. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setji forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind eru helstu markmið í rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar. Tillögur meiri hlutans miða að því að koma á beinu stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar og með þessu móti hefur ráðherra ríkari áhrif á stefnumótun hjá stofnuninni. Í 3. mgr. er lagt til að fjallað sé um ábyrgð forstjóra.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en meiri hlutinn telur rétt að gefa örlítið svigrúm til að aðlaga starfsemi stofnunarinnar að framangreindum breytingum. Er lagt til að stjórn Tryggingastofnunar verði skipuð í fyrsta sinn 1. júlí 2004 en að fram að þeim tíma haldi tryggingaráð umboði sínu. Jafnframt er lagt til að núverandi forstjóra verði sett erindisbréf ekki síðar en 1. júlí. Breytingarnar hafa ekki áhrif á skipunartíma núverandi forstjóra stofnunarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að siglinganefnd verði lögð niður. Ýmis rök komu fram við umfjöllun málsins sem mæla með því að hún starfi áfram. Ráðherra skipar fimm menn í nefndina og sitja nú í henni fimm læknar. Telur meiri hlutinn að góð reynsla sé af starfi siglinganefndar og hefur fyrirkomulagið sem hún hefur unnið eftir reynst vel. Það er mat meiri hlutans að mál fái faglega umfjöllun með gildandi fyrirkomulagi. Leggur hann því til að nefndin starfi áfram en með þeirri breytingu að hún sæki umboð sitt til forstjóra í stað ráðherra áður. Þá vill meiri hlutinn geta þess að við umfjöllunina vakti athygli hennar ójöfn kynjahlutföll í nefndinni en allir nefndarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, eru karlar. Meiri hlutinn telur ástæðu til að vekja athygli Tryggingastofnunar á ákvæðum jafnréttislaga og hvetur til þess að ákvæða þeirra sé gætt við skipun í siglinganefnd svo sem ber að gera við skipun í nefndir og ráð á vegum ríkisins. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem er fylgiskjal með frumvarpinu kemur fram að útgjöld Tryggingastofnunar vegna starfs nefndarinnar hafi numið um 1,3 millj. kr. á síðasta ári. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er gert ráð fyrir að sama fjárhæð verði notuð til kaupa á ráðgjöf sérfræðilækna sem kallaðir yrðu til ráðgjafar í stað siglinganefndar þegar þess gerðist þörf. Má því gera ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar vegna þessa þáttar starfseminnar verði óbreytt óháð því hvor leiðin verði farin. Er lagt til að siglinganefnd verði heimilt að ákveða hvort sjúklingur fari til meðferðar erlendis eða sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti honum meðferð á sjúkrahúsi hér á landi.

Þá kom fram ábending um að í 14. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga vantar orðin „og tekjutryggingarauka“ á eftir orðinu „tekjutrygging“. Vísað er til 11. gr. laganna og á hún fyrst og fremst við um búsetuákvæðin þannig að tekjutrygging er reiknuð út í samræmi við árafjölda sem búseta hér á landi hefur varað. Fullar bætur greiðast við 40 ára búsetu hér á landi en bætur skerðast ef búsetan er styttri en 40 ár á aldursbilinu 16–67 ára. Búsetureglan á við um elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu og ætlunin var að hún tæki einnig til tekjutryggingaraukans en láðst hefur að kveða á um það í greininni. Kom fram við umfjöllun málsins að framkvæmd Tryggingastofnunar hefur verið með þeim hætti en úrskurðarnefnd almannatrygginga breytti þeirri framkvæmd enda ekki mælt fyrir um það í 14. mgr. 17. gr. Leggur meiri hlutinn til breytingu á greininni til samræmis við framangreint.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Dagný Jónsdóttir.

1537. Breytingartillögur [341. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar
(JBjart, DrH, PHB, SAÞ, DJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðast svo:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn almannatrygginga, sbr. 1. gr., og Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingastofnun annast framkvæmd almannatrygginga samkvæmt lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins eftir hverjar alþingiskosningar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni starfsreglur og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna orðast svo:
   Stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. gr., skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka stofnuninni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og að rekstur stofnunarinnar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Þá skal stjórnin tilnefna fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í samninganefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. 39. gr., og fulltrúa í nefnd skv. 35. gr.
   Formaður stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við fjárlög.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   5. gr. laganna orðast svo:
   Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar.
5. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laganna orðast svo:
   Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.
   Ráðherra setur forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins.
   Forstjóri ber ábyrgð á að Tryggingastofnun ríkisins starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 2. mgr. Forstjóri ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

6. Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 11. gr. og orðist svo:
   Á eftir orðunum „um tekjutryggingu“ í 14. mgr. 17. gr. laganna kemur: og tekjutryggingarauka.
7. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   35. gr. laganna orðast svo:
   Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á viðurkenndri læknismeðferð erlendis á sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp hér á landi og greiðir þá Tryggingastofnun ríkisins kostnað við meðferðina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina.
   Innan Tryggingastofnunar ríkisins skal skipa nefnd sem ákveður hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi og hvar sjúkratryggður skuli njóta meðferðar erlendis. Í nefndina skal skipa fjóra sérgreinalækna og aðra fjóra til vara sem hafa góða yfirsýn yfir þá heilbrigðisþjónustu sem í boði er á Íslandi. Auk þess á fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Nú velur sjúkratryggður meðferð á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir Tryggingastofnun ríkisins þá aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað.
   Í stað úrræðis sem getið er um í 1. mgr. og með sömu skilyrðum og þar greinir er nefndinni heimilt að ákveða að sérgreinalæknar sem starfa erlendis veiti sjúklingi meðferð á sjúkrahúsi hér á landi og greiðir stofnunin þá launa- og ferðakostnað sérfræðingsins.
   Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.
8. Við 23. gr. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „tryggingaráði“ í síðari málslið 2. mgr. 1. tölul. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
9. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laganna skal stjórn Tryggingastofnunar ríkisins skipuð í fyrsta skipti 1. júlí 2004. Frá sama tíma fellur niður umboð tryggingaráðs sem nú situr. Ráðherra skal jafnframt setja núverandi forstjóra erindisbréf, sbr. 6. gr. laganna, ekki síðar en 1. júlí 2004.

1538. Svar [963. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um ófeðruð börn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg börn, þ.e. 18 ára og yngri, eru ófeðruð hér á landi?*
2. *Fjölgaði ófeðruðum börnum hlutfallslega á árunum 1983–2003?*
3. *Njóta einstæðar mæður ófeðraðra barna meiri félagslegrar aðstoðar en aðrir einstæðir foreldrar?*

Um ákvörðun á faðerni barns fer eftir barnalögum. Efni 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar, um fjölda ófeðraðra barna hér á landi, fellur því ekki undir félagsmálaráðuneyti heldur dómsmálaráðuneyti og verður að vísa fyrirspurnum um það til þess ráðuneytis.

Réttur einstæðra mæðra með ófeðruð börn til félagslegrar aðstoðar frá ríki og sveitarfélagi er sá sami og einstæðra mæðra þegar faðir barnanna er látinn.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir móður í þessari aðstöðu barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og mæðralaun samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.

Félagsþjónusta sveitarfélaga veitir einstaklingum, þar á meðal einstæðum mæðrum, fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, (12. gr., sbr. 19.–22. gr. laganna) og reglum hvers sveitarfélags um fjárhagsaðstoð. Í þeim reglum er teflt saman tekjum einstaklings annars vegar og útgjöldum hins vegar og fjárþörf heimilisins reiknuð samkvæmt því. Við þann útreikning vegna umsóknar einstæðrar móður skiptir ekki máli af hvaða ástæðum móðir er einstæð, heldur er einungis litið til tekna og útgjaldaþarfa heimilisins.

Einstæð móðir á, eins og aðrir sem á þurfa að halda, rétt á félagslegri ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsleg ráðgjöf er víðtæk og tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála o.fl. Jafnframt veitir félagsþjónustan aðstoð í húsnæðismálum.

1539. Nefndarálit [870. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Guðjónsson og Bjarna J. Bogason frá embætti ríkislögreglustjóra og Hörð Jóhannesson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Í frumvarpinu er lagt til að tæknideild lögreglunnar í Reykjavík verði styrkt og að hún taki við samanburðarrannsóknum sem hingað til hafa verið gerðar við tæknideild ríkislögreglustjóra. Jafnframt varðveiti tæknideild lögreglunnar í Reykjavík fingrafarasafn og ljósmyndasafn lögreglu og haldi því við. Hlutverk tæknideildar ríkislögreglustjóra verði hins vegar að hafa eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, annast erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, halda skrá yfir horfið fólk og hafa umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.

Við breytinguna sem ráðgerð er í frumvarpinu munu 1,5 stöðugildi færast frá ríkislögreglustjóra yfir til tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík. Tæknideildin í Reykjavík hefur hingað til þótt afar öflug og vakið athygli bæði hér á landi og erlendis fyrir starfsaðferðir sínar. Nefndin telur því ljóst að með breytingunni muni deildin eflast enn frekar og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Birgir Ármannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Jónína Bjartmarz.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	

1540. Nefndarálit [876. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun umsýsluþóknunar á umbúðir úr ólituðu plastefni.

Endurvinnslan hefur það hlutverk að taka við umbúðum til endurvinnslu og hefur einkarétt á þeirri starfsemi sem fellur undir lögin. Hækkunin er lögð til að beiðni fyrirtækisins til að tryggja rekstrargrundvöll þess. Í gögnum sem nefndin kallaði eftir vegna frumvarpsins kemur fram að allar umbúðategundir Endurvinnslunnar hafa skilað lítils háttar hagnaði nema ólitað plast þar sem vantar töluvert upp á. Ólitað plast telst frekar auðseljanlegt og nýtist í endurvinnslu og er því umhverfisvænt að því leyti. Hækkunin sem lögð er til er 0,40 kr. á hverja umbúðaeiningu. Lögin byggjast á því að hver gjaldflokkur standi undir sér. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst getur þurft að breyta skilagjaldi til að bregðast við því. Atbeina Alþingis er þörf við hækkunina enda telst skilagjaldið vera skattur.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Mörður Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Brynja Magnúsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.

1541. Breytingartillaga [750. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við frumvarpið bætist ný grein, 4. gr., svohljóðandi:

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslur þeirra, sem þiggja elli- eða örorkulífeyri eða örorkustyrk frá Tryggingastofnun ríkisins, til viðbótarlífeyrissparnaðar að hámarki 4% af heildarlífeyris- eða styrkgreiðslum vegna greiðslna sem greiddar eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að greitt sé reglulega í viðbótarlífeyrissparnað.

1542. Nefndarálit [652. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Tilgangur þess frumvarps sem hér um ræðir er að leggja niður stjórn sem samkvæmt lögum skal skipuð Stofnun Vilhjálms Stefánssonar til fjögurra ára í senn. Hlutverk stjórnarinnar er samkvæmt lögunum að fjalla um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar í samráði við forstöðumann.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að hér sé um að ræða framhald á því markvissa verki í umhverfisráðuneytinu að „afnema lagaákvæði um stjórnir stofnana umhverfisráðuneytisins“ í framhaldi af samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem tiltekið er að forstöðumaður eða forstjóri beri ábyrgð á störfum og rekstri opinberrar stofnunarinnar.

Minni hlutinn telur engin rök hafa komið fram sem mæli með að afnema ákvæði laga um stjórn við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Hér er ekki um að ræða opinbera stofnun með eiginlegt stjórnsýsluvald heldur fræða- og rannsóknastofnun með mikilvægt hlutverk við að stilla saman strengi í rannsóknum og stefnumótun á sínu sviði innan lands og á alþjóðavettvangi. Tengsl stofnunarinnar við ráðuneytið, og forstöðumannsins við ráðherrann, eru því með allt öðrum hætti en tíðkast í flestum öðrum stofnunum ráðuneytisins. Að þessu leyti líkist stofnunin meira ýmsum stofnunum sem vistaðar eru hjá menntamálaráðuneytinu og hafa margar sérstaka stjórn. Þetta sjónarmið kemur ágætlega fram í umsögn Níelsar Einarssonar, forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, um frumvarpið Hann segir „... reynslan af stjórninni hefur verið góð og á meðan hún hafði til þess umboð tók hún virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og styrkti á margan hátt faglegan grundvöll hennar. Að vissu leyti er mikilvægt lítilli stofnun, með vítt starfssvið, að geta leitað til stjórnar með ráðgjöf, hugmyndavinnu og ákveðna aðkomu að verkefnum.“ Svipuð viðhorf koma fram í umsögn Elsu B. Friðfinnsdóttur, starfandi formanns síðast skipaðrar stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, sem segir m.a. að forstöðumanni sé „ótvíræður styrkur að faglegum og rann-

sóknabundnum tengslum stjórnarmanna“ og telur breytingartillögur í frumvarpinu „ekki til bóta fyrir störf og vöxt Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar“.

Álit minni hlutans er að stofnuninni sé heillavænlegast að búa áfram að ráðgjöf og hjálp frá stjórninni, sem einnig er í lögunum ætlað að tengja saman stofnunina og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, en formaður stjórnarinnar er jafnframt formaður nefndarinnar. Sú viðleitni umhverfisráðherra að laga stjórnsýslu ráðuneytisins að áðurnefndum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er eðlileg og hrósverð en verður að kreddu þegar ekki er tekið tillit til séreðlis og hagsmuna þeirrar stofnunar sem um er að ræða. Rétt er að taka fram að samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er kostnaður við stjórnarstörfin óverulegur.

Minni hlutinn telur ámælisvert að ráðherra skuli ekki hafa skipað nýja stjórn samkvæmt lögum þegar umboð hinnar fyrstu rann út árið 2001. Ráðherrum ber sem kunnugt er að fara að lögum. Vegna þessara glapa hefur heldur ekki fengist sú reynsla af starfi stjórnar sem þörf hefði verið á við umfjöllun um frumvarpið, en hitt er einnig alvarlegt að um leið lagðist niður starf samvinnunefndarinnar þar sem formaðurinn var umboðslaus.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið **verði fellt.**

Bryndís Hlöðversdóttir tók þátt í meðferð málsins og styður álit þetta.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 2004.

Mörður Árnason, frsm.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

1543. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Meiri hlutinn gerir eina breytingartillögu við frumvarpið um brottfall liðarins 1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu.

Alþingi, 16. mars 2004.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Bjarni Benediktsson.		Drífa Hjartardóttir.

1544. Breytingartillaga [326. mál]

við lokafjárlög fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, ArnbS, BJJ, BjarnB, DrH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	60,1	-60,1	0,0

1545. Svar [843. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um meðferð á barnaníðingum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er ráðherra sammála því viðhorfi forstjóra Barnaverndarstofu að heimildir verði settar í hegningarlög til að hægt sé að dæma barnaníðinga til meðferðar?*
2. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir slíkri lagabreytingu?*

Í fyrirspurninni mun vera vísað til viðtals við Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, í Fréttablaðinu 31. mars sl. Í fyrirsögn viðtalsins segir að 15–20% þeirra sem fremja kynferðisbrot gegn börnum séu með ólæknandi barnagirnd. Bragi telur það vera til bóta að unnt væri að dæma kynferðisbrotamenn sem brjóta gegn börnum til meðferðar og bendir m.a. á lagaheimild til að dæma drykkjusjúka afbrotamenn í meðferð því til stuðnings.

Ekkert almennt ákvæði er í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sem heimilar að dæma sakborning til meðferðar. Þau ákvæði almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um meðferð eru öll háð tilteknum skilyrðum.

Í 16. gr. laganna eru ákvæði um að hafi sá sem verk vann verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar, og ástand hans sé ekki á eins háu stigi og í 15. gr. getur, skuli honum refsað fyrir brotið ef læknir telur að refsing geti borið árangur.

Í 57. gr. hegningarlaganna er m.a. fjallað um sérstök skilyrði skilorðs og meðal þeirra sérstöku skilyrða er að aðili neyti ekki áfengis eða deyfilyfja á skilorðstíma og að aðili gangist undir dvöl á hæli ákveðinn tíma til að venja hann af notkun áfengis eða deyfilyfja

Þá er meðferð skv. 65. gr. laganna háð því að brot sé framið undir áhrifum áfengis. Ákvæðið er í VII. kafla laganna, sem m.a. fjallar um öryggisráðstafanir, en mönnum hefur verið gert að sæta öryggisgæslu ef þeir eru sýknaðir samkvæmt ákvæðum 15. gr. eða læknir telur refsingu ekki geta borið árangur samkvæmt ákvæðum 16. gr.

Ekki hefur reynt mikið á ákvæði 65. gr. hegningarlaganna í dómaframkvæmd. Þó ber þess að geta að dómar þar sem 65. gr. laganna hefur komið til álita eru ekki allir á einn veg. Er þannig ekki ljóst af dómaframkvæmd hvort ákvæði 65. gr. eigi við um þá sem dæmdir eru sýknir saka vegna 15. gr. laganna eða hvort ákvæði 16. gr. eigi við og viðkomandi verði gert

að sæta öryggisgæslu eða hvort ákvæðið er sjálfstætt og óháð ákvæðum 15. og 16. gr. og geti átt almennt við um brot sem framin eru undir áhrifum áfengis.

Álitaefnið hvort til greina komi að dæma brotamenn í einum brotaflokki til meðferðar kallar á sömu sjónarmið varðandi aðra brotaflokka, svo sem manndráp, líkamsárásir, rán, frelsissviptingu, brennubrot, fíkniefnabrot, þjófnaði, fjársvik o.s.frv. og athugun á því hvort meðferð brotamanna almennt geti fækkað brotum. Enn fremur hvort meðferð almennt eigi að vera einstaklingsbundin eða mismunandi eftir brotaflokkum. Þá má velta upp því sjónarmiði hvaða áhrif það hefði að brotamaður sem dæmdur hefði verið til meðferðar og sætt slíkri meðferð, gerist sekur um ítekuð brot eftir viðkomandi dóm og meðferð og hvort rétt sé að dæma mann til meðferðar á ný ef meðferð samkvæmt fyrri dómi bar ekki árangur. Einnig verður að liggja fyrir hvort meta þurfi í hverju tilviki fyrir sig hvort viðkomandi sakborningur sé hæfur til að gangast undir meðferð og hvaða áhrif slík álitsgerð hafi á framgang máls hverju sinni. Almennt er reynt að hraða rannsókn og málsmeðferð kynferðisbrotamála eins og kunnugt er. Álitsgerð sálfræðinga eða geðlækna um ástand og meðferðarhorfur gerenda kynferðisbrota getur mögulega haft áhrif á rannsóknarferli málsins.

Eins og áður segir er því haldið fram að talsverður hluti gerenda sé ólæknandi; að meðferð mundi ekki skila árangri. Slík atriði hljóta að koma til skoðunar. Varla er rétt að dæma mann til meðferðar nema hún sé talin geta borið árangur.

Í skýrslu dómsmálaráðherra um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarrúrræði þeim til handa, sem gerð var samkvæmt beiðni Guðrúnar Ögmundsdóttur og fleiri þingmanna og lögð var fyrir Alþingi á þessu löggjafarþingi á þskj. 1058, kemur fram að dæmdum kynferðisbrotamönnum er boðið upp á einstaklingsbundna meðferð hjá sálfræðingi á meðan afplánun fer fram. Meðferðin byggist á hugrænni atferlismeðferð og er sniðin að þörfum hvers og eins. Markmiðið með meðferðinni er annars vegar að beina kynferðislegum áhuga einstaklings á nýjar brautir og hins vegar að koma í veg fyrir ítrekun brota. Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um hversu margir hafa gengist undir slíka meðferð, né heldur hefur árangur slíkrar meðferðar verið metinn með skipulegum hætti.

Enn fremur kemur fram í skýrslunni að sakhæfir gerendur innan 18 ára aldurs fá meðferð á vegum barnaverndaryfirvalda. Barnaverndarstofa býður upp á langtímameðferðarúrræði í þessu skyni.

Þar sem árangur sálfræðimeðferðar kynferðisbrotamanna hefur ekki verið metinn með skipulegum hætti, en slík athugun yrði tæpast gerð nema á löngum tíma, og með hliðsjón af því að talið er að töluvert hlutfall gerenda sé haldið því sem nefnt er ólæknandi barnagirnd, hefur ekki verð talin ástæða til að breyta hegningarlögum á þann hátt að tekið yrði að dæma slíka brotamenn til meðferðar. Þar að auki er vandmeðfarið að veita slíkar heimildir vegna eins brotaflokks en ekki annarra.

Dómsmálaráðuneytið mun leita eftir viðræðum við Barnaverndarstofu og aðra sérfróða aðila um frekari athugun á þessum málum.

1546. Nefndarálit [949. mál]

um till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Hildi Sverrisdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta Norðurlandasamning um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 en samningurinn kemur í stað Norðurlandasamningsins frá 1992.

Stefnt er að því að lögfesta samninginn hér á landi og hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þegar lagt fram frumvarp þess efnis (þskj. 1442, 948. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Magnús Stefánsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	

1547. Nefndarálit [950. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 25. og 30. mars 2004.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2004/2005 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2004 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2004 auk ákvæðis um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2004. Samningurinn kveður því á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil.

Nefndin vekur athygli á því að áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2004, en þar er um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá fyrra ári. Nefndin telur rétt að benda á að endurskoða þarf samsetningu botnfiskafla með tilliti til aflahlutdeildar og áréttar nefndin ábendingar sínar frá 16. mars síðastliðnum (þskj. 1147, 482. mál) um slæmt ástand lúðustofnsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Magnús Stefánsson.		Guðjón A. Kristjánsson.

1548. Nefndarálit [785. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Þegar breytingar eru gerðar á húsnæðislöggjöfinni er grundvallaratriði að þær tryggi betur hag almennra neytenda, þ.e. bæði kaupenda og seljenda húsnæðis. Þær breytingar sem felast í þessu frumvarpi eru endurskipulagning á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með því að taka upp peningalánakerfi í stað húsbréfa og húsnæðisbréfa. Bankarnir hafa fagnað þeirri breytingu að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp peningalán enda gengur breytingin mjög í átt til þess sem bankarnir hafa sjálfir lagt til. Ástæða er til að benda á að hér er verið að taka enn eitt skrefið í átt til einkavæðingar á Íbúðalánasjóði.

Umsagnaraðilar hafa yfirleitt tekið undir að þessi breyting geti verið jákvæð en tilgangur hennar á að vera að auka hagkvæmni fjármögnunar og skapa grundvöll fyrir trausta verðmyndun á frum- og eftirmarkaði. Til þess er litið að endurskipulagning á skuldabréfaútgáfunni muni stuðla að frekari lækkun á langtímavöxtum í framtíðinni en vextir hafa lækkað verulega að undanförnu. Vísbendingar eru nú um að vextir fari hækkandi og hægt er að draga það í efa að tímasetning þessara kerfisbreytinga sé rétt. Óljóst er hvernig háttað verður áhættugreiningu og áhættustýringu og hafa komið í ljós ýmsir óvissuþættir í því sambandi við meðferð málsins í nefndinni.

Ein helsta gagnrýni sem fram hefur komið snýr að heimild til uppgreiðslu lána og ljóst að ýmsir telja hana mikinn flöskuháls í þessu nýja kerfi. Ljóst er að vaxtaáhætta Íbúðalánasjóðs eykst verulega eftir því sem meiri líkur eru á uppgreiðslu af hendi lántakenda, sem gæti orðið ef mikið misvægi skapast í vöxtum á nýjum lánum og gömlum.

Óvissa um framkvæmdina.

Þó minni hlutinn sé jákvæður gagnvart þessari kerfisbreytingu eru ýmis framkvæmdaratriði sem full ástæða er til að gera athugasemdir við og hafa áhyggjur af, auk þess sem gagnrýna verður hversu stuttan tíma nefndin hafði til að fjalla um málið.

Lánskjör og afföll.

Alls er óvíst hver vaxtaáhættan af nýjum íbúðabréfum verður fyrir Íbúðalánasjóð. Vaxtakjörin ráðast í útboði hverju sinni að viðbættu vaxtaálagi sem skapar mikla óvissu um hver lánskjör kaupenda og seljenda húsnæðis verða og ljóst að vaxtaálag á lántakendur verður meginstýritækið til að verja Íbúðalánasjóð. Vextir geta líka orðið breytilegir frá einu útboði til annars og þar með lánskjörin, sem leitt getur til þess að skekkja verðmyndun á fasteignamarkaði, sérstaklega ef mikill munur verður á vaxtakjörum á sambærilegum íbúðum. Fulltrúi félags fasteignasala sem mætti á fund nefndarinnar tók undir þessi sjónarmið.

Einnig hefur ljóslega komið fram í umfjöllun nefndarinnar að það er rangt sem haldið hefur verið fram að með upptöku peningalánakerfisins séu afföll úr sögunni. Fram kom í nefndinni að í stað þess að afföllin komi fram strax á markaði komi þau fram í vaxtaálagi. Vextirnir verða einfaldlega hærri með hliðsjón af ávöxtunarkröfunni og dreifast á allan lánstímann. Fram kom hjá forstöðumanni Hagfræðistofnunar HÍ að óvissan sem í dag felst í afföllum verði að óvissu um hvaða vaxtakjör muni bjóðast. Áhættan verði nákvæmlega eins og verið hefur þegar fólk muni standa frammi fyrir því að Íbúðalánasjóður bjóði út skuldabréf í nýja peningalánakerfinu. Í Morgunblaðinu 3. janúar sl. segir forstöðumaðurinn eftirfarandi: „Vaxtakjör verða ákvörðuð í útboði og gagnvart fólki verður áhættan eins varðandi það að vaxtakjörin í hinu nýja kerfi geta breyst eins og afföllin í dag.“

Afföll sem nú koma fram á markaði, og skiptast oft milli kaupenda og seljenda, munu þannig lenda á lántakanda í nýju kerfi og koma fram í hærri vöxtum og dreifast á allan lánstímann.

Á undanförnum tveimur árum hafa orðið verulegar vaxtalækkanir og það vekur upp spurningar af hverju þær hafi ekki komið fram svo nokkru nemi í lánskjörum viðbótarlána og húsbréfavöxtum. Athyglisvert er að þótt vextir úr útboði húsnæðisbréfa vegna viðbótarlána, sem eru peningalán, hafi verið 4,76% á sl. ári hafa vextir engu að síður verið 5,6% á árinu 2003. Í nýjasta útboði vegna húsnæðisbréfa voru vaxtakjörin um 4,28% en engu að síður lækkuðu vaxtakjör þessara peningalána einungis úr 5,6% í 5,3%. Þannig er munur á útboðskjörum og vaxtakjörum viðbótarlána tæplega 1%, sem sjóðurinn reiknar sér í vaxtaálag nú, en vaxtaálag á húsbréfum hefur verið 0,35% og kjörin á þessum peningalánum því hærri en á húsbréfum.

Þetta vekur upp spurningar um hvort vaxtaálagi verði ótæpilega beitt í nýju kerfi til að auka hagnað og eigið fé Íbúðalánasjóðs, en í nýjum útboðum húsnæðisbréfa er krafan 3,73%. Fram hefur einnig komið hjá forsvarsmönnum Íbúðalánasjóðs að ef ekki hefðu verið uppi hugmyndir um að ráðast í þessa kerfisbreytingu hefðu húsbréfavextir lækkað þegar á síðasta ári í 3,5–4%, sennilega nær 4%. Þannig hefðu húsbréfavextir með vaxtaálagi sem nú er 0,35% orðið um 4–4,35% þegar á síðasta ári í stað 5,1% nú. Fram hefur líka komið hjá greiningardeild Landsbankans að fyrirhuguð áform um breytingar á húsnæðislánakerfinu sem legið hafa fyrir frá áramótum hafi leitt til töluverðrar óvissu og haft áhrif á hærri ávöxtunarkröfu húsbréfa en ella og aukið muninn á milli hús- og húsnæðisbréfa.

Ekki er því hægt að slá því föstu, eins og gert er, að húsnæðislánin verði við þessa breytingu hagkvæmari fyrir lántakendur, ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem er um vaxtaálagsgreiðslur og framkvæmdina á uppgreiðsluákvæðunum. Ljóst er þó að vextir húsbréfa og viðbótarlána hafa verið mun hærri en nauðsyn var á og á lántakendur því lagðir mun hærri vextir en ella. Athyglisvert er í þessu sambandi að eigið fé og hagnaður Íbúðalánasjóðs hefur aukist verulega eða um nálægt 3 milljarða kr. á sl. tveimur árum. Þetta skapar tortryggni um að það verði ekki forgangsverkefni að gæta hagsmuna kaupenda og seljenda húsnæðis við ákvörðun um vaxtakjör í nýju lánakerfi.

Í áliti nefndar um endurskipulagningu á útgáfumálum Íbúðalánasjóðs frá október 2003 sem fylgir frumvarpinu kemur fram að ekki verði lánað út umfram fjármögnun. Þetta þýðir að ef útboð mistekst gæti það þýtt lengri bið eftir lánum.

Viðbótargjaldtökur á lántakendur – óvissa um nýbyggingarlán.

Minni hlutinn vekur athygli á því álitaefni hvenær þeir sem sækja um lán til nýbygginga fái lánin greidd út. Í núverandi kerfi er láninu skipt í þrennt. Fyrsti hluti lánsins kemur við fokheldi, annar hlutinn þegar íbúð eða hús er tekið út af byggingarfulltrúa og þriðji hlutinn þegar framkvæmdum er að fullu lokið. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið hafa verið uppi hugmyndir um að greiða lán til nýbygginga í nýju kerfi með eingreiðslu þegar framkvæmdum eru að fullu lokið. Verði það niðurstaðan gæti það verið mjög íþyngjandi fyrir þá sem fá lán til nýbygginga sem á framkvæmdatímanum þyrftu að leggja í verulegan fjármagnskostnað með skammtímalántökum. Minni hlutinn gagnrýnir það harðlega ef svo verður staðið að málum. Þetta bætist við fleiri óvissuþætti um framkvæmdina í þessu nýja kerfi.

Ástæða er til að vekja athygli á því að til viðbótar núgildandi heimildum er kallað eftir enn frekari gjaldtöku og álagsheimildum. Núgildandi ákvæði kveða á um að heimilt sé að áskilja vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Þessi álög eru nú 0,35%. Til viðbótar þessu er lagt til að heimilt verði að áskilja vaxtaálag vegna vaxtaáhættu sjóðsins auk álags vegna fjármagnskostnaðar af uppgreiddum lánum. Síðan má ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa, eins og kemur fram í 12. gr. frumvarpsins. Þessi grein hefur sætt mikilli gagnrýni aðila eins og ASÍ, BSRB, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands.

Uppgreiðsluákvæðin harðlega gagnrýnd.

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að hætta sjóðsins af uppgreiðslum fyrir tímann geti verið veruleg þar sem fjármögnunin er föst og bundin út líftíma fasteignaveðbréfsins. Nefnir bankinn eftirfarandi sem dæmi um áhrif: Ef fimmtungur af 300 milljarða kr. stofni sem bæri 5,1% vexti væri greiddur upp fyrir tímann og hægt væri að endurfjárfesta þann hluta með 3,5% vöxtum yrði árlegt gat í fjármögnun tæplega 1 milljarður kr. Orðrétt segir síðan í umsögn bankans: „Tæplega verður séð að Íbúðalánasjóður hafi bolmagn til að mæta slíkum hræringum, jafnvel þótt gripið yrði til einhverra aðgerða.“ Full ástæða er til að taka undir þessar viðvaranir Seðlabanka en í umsögninni kemur jafnframt fram eftirfarandi: „Ef upp kæmi sú staða að samkeppni við Íbúðalánasjóð þrýsti niður vöxtum fasteignafjármögnunar gæti sjóðurinn lent í vanda. Lántakendur hans skuldbreyttu í ódýrari lán en skildu sjóðinn eftir með óbrúað gat sem ekki yrði með góðu móti fjármagnað með vaxtahækkun, þar sem hærri vextir sjóðsins leiddu til minni áhuga lántaka og hugsanlegs flótta úr sjóðnum. Ef sjóðurinn færi síðan að í samræmi við ætlan frumvarpsins og gripi til uppgreiðsluálags mundu vaxtakjör leiða til þess að lánveitingar stöðvuðust alfarið.“

Alþýðusamband Íslands mótmælir 11. og 12. gr. frumvarpsins þar sem heimild sjóðsins til innköllunar húsbéfa er afnumin, en 12. gr. veitir ráðherra heimild til að ákveða greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfa og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa. Í umsögn ASÍ er nefnt sem dæmi að ef vextir lækki almennt á markaði úr t.d. 5,25% í 4,25% eins og gerst hefur sl. mánuði væri ráðherra heimilt

að taka upp uppgreiðsluálag sem væri allt að 12,3% af eftirstöðvum lánsins. Það þýðir að uppgreiðsluálag yrði tæplega 1 millj. kr. af 8 millj. kr. láni.

Hjá fulltrúa ASÍ sem mætti á fund nefndarinnar komu líka fram áhyggjur af víðtækum heimildum ráðherra til gjaldtöku. ASÍ styður frumvarpið að því gefnu að tekið sé tillit til þess að heimilt sé að skuldari geti greitt upp skuldir sínar án sérstakra álaga. Orðrétt segir í umsögn ASÍ. „Það á að vera réttur hvers lántakanda að fá að greiða skuldir sínar hvort heldur er hraðar eða að öllu leyti án þess að verða skattlagður sérstaklega vegna þess. ... Að öllu samanlögðu styður ASÍ samþykkt þessa frumvarps að því gefnu að tekið verði tillit til sjónarmiða þess varðandi heimild skuldara til þess að greiða upp skuldir sínar án sérstakra álaga.“ BSRB hefur líka fyrirvara við að ráðherra geti ákveðið aukaþóknun ef lántakandi ákveður að hraða greiðslum eða greiða að fullu ÍLS-veðbréf.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leggja áherslu á að þetta ákvæði verði endurskoðað og benda á að tekið verði upp almennt 1–2% uppgreiðslugjald af lánum sem komi fram í skilmálum við lántöku. Telja þeir að 1–2% uppgreiðslugjald muni aldrei dekka alla vaxtaáhættu sjóðsins en með því væri sjóðurinn að skapa sér ákveðna vörn gegn vaxtaáhættu.

Óljóst er hve mikið muni reyna á uppgreiðsluákvæðið. Það fer eftir því hvort verulegur vaxtamunur verður frá einu útboði til annars og hve mikill vaxtamunur verður almennt á húsnæðislánum. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að í ákvörðun um vaxtakjör útlána verði m.a. gert ráð fyrir álagi vegna uppgreiddra lána og mun vaxtaáhætta sjóðsins vegna uppgreiðslu endurspeglast í vaxtaákvörðun sjóðsins. Því til viðbótar kemur heimild til ráðherra til að áskilja að uppgreiðsla verði aðeins heimil gegn greiðslu þóknunar sem jafni að hluta eða öllu leyti mismun á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegra íbúðabréfa.

Gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði beitt þegar hefðbundnar áhættustýringaraðferðir nægja ekki til að verja sjóðinn. Auk þess sem þessi heimild gæti leitt til mörg hundruð þúsund króna gjaldtöku, eins og áður er getið, gæti heimildin mismunað lántakendum vegna uppgreiðslu. Þeir sem fyrstir nýttu sér uppgreiðslu, áður en gripið yrði til þessara aðgerða, þyrftu ekki að greiða sérstaklega fyrir uppgreiðslu meðan þeir sem á eftir kæmu þyrftu að greiða mjög háar fjárhæðir fyrir uppgreiðslu. Þessi staða gæti hæglega komið upp ef vextir lækkuðu hratt og vaxtakjör íbúðalána yrðu mjög mismunandi, svo og ef samkeppni yrði veruleg í útlánum til húsnæðisfjármögnunar.

Ástæða er til að halda því til haga að í húsbréfakerfinu hefur nokkuð verið um uppgreiðslur en lántakendur geta nýtt sér að greiða upp húsbréf eða aukaafborganir án gjaldtöku eða vaxtaálags. Hér er því um að ræða breytingu sem er lántakendum verulega í óhag og tekur minni hlutinn undir það sjónarmið ASÍ að það hljóti að vera réttur skuldara að greiða upp skuldir sínar án sérstakrar skattlagningar. Árin 1999–2003 voru uppgreiðslur í húsbréfakerfinu um 18 milljarðar kr. og samtals 34 milljarðar kr. á þessu tímabili ef litið er til húsnæðislánakerfisins í heild.

Erlendir fjárfestar.

Ein meginröksemdin fyrir þessari kerfisbreytingu er að íbúðabréfin verði aðlaðandi fjárfestingarkostur fyrir erlenda fjárfesta. Kaup erlendra fjárfesta á húsbréfum hafa aukist verulega á síðustu missirum, eftir að flokkar húsbréfa voru stækkaðir og tekin upp rafræn eignaskráning, en talið er að erlendir fjárfestar eigi um 100 milljarða kr. af rúmlega 300 milljarða kr. húsbréfum eða um þriðjung. Í því sambandi er ástæða til að hugleiða hvort kostir íbúðabréfa gagnvart erlendum fjárfestum séu ofmetnir í samanburði við áhuga þeirra á húsbréfum.

Ljóst er þó að með því að skrá hin nýju íbúðabréf hjá alþjóðlegum greiðslumiðlurum verða bréfin eftirsóknarverðari en ella fyrir erlenda fjárfesta sem leiðir vonandi til lækkunar langtímavaxta. Það er einnig jákvætt að heimilt er að koma á fót aðalmiðlarakerfi og veita verðbréfalán til aðalmiðlara til þess að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

Í svari Seðlabankans við spurningu um hvaða áhrif það hafi ef erlendir fjárfestar fara skyndilega af markaðnum og innleysa bréfin kemur fram að mest af fjárfestingu erlendra aðila hafi til þessa verið varið fyrir gengisbreytingu. Skyndilegur viðsnúningur væri líklegur til að leiða til verulega hærri vaxta og gengi krónunnar gæti fallið í kjölfarið, bæði vegna beinna áhrifa og síðar vegna afleiddra áhrifa. Seðlabankinn segir í svari sínu að erlendir fjárfestar séu kvikari en innlendir og hafi síður aðra hagsmuni að verja í íslensku efnahagslífi en ávöxtun fjárfestingar sinnar í íbúðabréfum. Í þessu sambandi má líka benda á að fram kom hjá Seðlabankanum í október sl. að við breyttar aðstæður gætu erlendir fjárfestar ákveðið fyrirvaralaust að losa á markað mikið magn skuldabréfa á stuttum tíma eins og gerst hefur í öðrum löndum. Þetta gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan gjaldeyris-, skuldabréfa- og peningamarkað og þar með fjármálalegan og efnahagslegan stöðugleika. Einnig kom fram að aukin kaup erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum væru líkleg til að auka heildarskuldbindingar þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Samkvæmt fulltrúum lífeyrissjóðanna sem mættu á fund nefndarinnar hefði það veruleg áhrif t.d. á ávöxtunarkröfuna ef erlendir aðilar færu í einhverjum mæli af markaðnum.

200–300 milljarðar kr. á skiptimarkað.

Við þessa endurskipulagningu á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs er hugmyndin að flýta fyrir því að íbúðabréfin verði markaðshæf með þeim hætti að eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa verður boðið að skipta þeim fyrir íbúðabréf og að skiptin verði gerð í skiptiútboðum. Fram hefur komið hjá fulltrúum Íbúðalánasjóðs að áformað er að skipta á allt að 300 milljarða kr. húsnæðis- og húsbréfum af 420 milljarða kr. heildarútgáfu þessara bréfa sem nái fram að ganga fyrir 1. júlí nk. Óvíst er hvaða áhrif þetta mun hafa á markaðinn. Lífeyrissjóðirnir hafa verið umsvifamiklir í þessum kaupum en húsbréf eru um 45% af eignasafni sjóðanna. Í umsögn lífeyrissjóðanna kemur fram mikil gagnrýni á þá túlkun Íbúðalánasjóðs á ákvæðum laga að sjóðurinn hafi heimild til aukaútdráttar á húsbréfum. Fulltrúar lífeyrissjóðanna telja aftur á móti að heimild til aukaútdráttar húsbréfa sé bundin þeirri takmörkun að hún sé aðeins heimil til að jafna fjárstreymi hjá stofnuninni vegna aukaafborgana eða uppgreiðslu skuldara fasteignaveðbréfa. Önnur heimild til aukaútdráttar umfram það sé ekki fyrir hendi. Lagaheimild til aukaútdráttar verði því að skýra þannig að aukaafborgun af fasteignaveðbréfi eða uppgreiðslu fasteignaveðbréfs veiti heimild til aukaútdráttar í þeim húsbréfaflokki er umrætt fasteignaveðbréf tilheyrir, en öðrum ekki. Þessari túlkun lífeyrissjóðanna er Íbúðalánasjóður ekki sammála og telur sig hafa heimild til aukaútdráttar. Lýstu fulltrúar lífeyrssjóðanna því í nefndinni að ef stjórnvöld mundu knýja á um aukaútdrátt kæmi til greina að fara dómstólaleiðina. Nefndinni hefur ekki gefist tími til að leggja sjálfstætt mat á hvor túlkunin er rétt í málinu, en ljóst er að ef Íbúðalánasjóður beitir aukaútdrætti í stórum flokkum getur það haft veruleg áhrif á eignasafn lífeyrissjóðanna.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að í tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðanna um eignastöðu á móti skuldbindingum hefur ekki verið tekið tillit til aukaútdrátta og metur t.d. tryggingafræðingur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að ef það verði gert geti það haft veruleg áhrif á endurmat húsbréfa. Í greinargerð greiningardeildar Landsbankans frá febrúar sl. kemur fram að ef lífeyrissjóðirnir lenda í aukaútdrætti að einhverju ráði muni það hafa þær afleiðingar að líftími eignasafna þeirra styttist og þar með mun tryggingafræðileg

staða þeirra versna til muna, en fram kemur einnig að það geti haft mikla þýðingu fyrir þjóðarbúið.

Ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að þessum skiptum eða hvernig þau verða verðlögð.

Eiginfjárkrafa.

Þeirri breytingu á húsnæðiskerfinu sem lögð er til í frumvarpinu er fagnað mjög af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja en þessi endurskipulagning samræmist þeim hugmyndum sem þau hafa lagt fram um breytingu á húsnæðislánakerfinu á þá leið að það verði fært til bankanna. Meðan frumvarpið hefur verið í skoðun hjá nefndinni hafa þessir aðilar kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna Íbúðalánasjóðs sem samtökin telja að raski eðlilegri samkeppni á lánamarkaði.

Með líkum hætti og krafist er eiginfjárhlutfalls í bönkunum leggur Fjármálaeftirlitið til að settar verði reglur um ákveðið eiginfjárhlutfall fyrir Íbúðalánasjóð. Telur eftirlitið eðlilegt að byggja slíkt hlutfall á sömu reglum og gilda fyrir viðskiptabanka og önnur fjármálafyrirtæki. Ástæða er til að óttast að þessi krafa kalli fyrr en seinna á gjaldtöku eða áhættuálag sem lántakendur verði að standa undir.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að viðmið eiginfjárhlutfalls verði fyrst um sinn ákveðin í reglugerð. Ljóst er að þessi krafa um eiginfjárhlutfall með sama hætti og er hjá bönkum ýtir enn undir að verið sé að stefna húsnæðislánunum inn í bankakerfið. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að skýrt sé kveðið á um það með hverjum það eigi að hafa eftirlit, þ.e. hver verkefni eftirlitsins eigi að vera, og nefnir í því sambandi að kveðið verði á um skilyrði sem miða að traustum og heilbrigðum rekstri, stjórnun, innri endurskoðun, eftirlitskerfi með áhættum og fyrir fjárhagslegan styrkleika eins og kröfu um eigið fé.

Hækkun hámarkslána og bætt staða leigjenda.

Félagsmálaráðherra lofaði því að í upphafi þessa þings yrði sett fram áætlun um hvernig hrinda ætti í framkvæmd hækkun á lánshlutfalli húsnæðislána í 90%. Var því m.a. lýst að fyrsta skrefið yrði tekið 1. desember 2003 um að hækka lánshlutfallið í 90% sem að fullu ætti að vera komið til framkvæmda á árinu 2007. Ekkert liggur enn fyrir um hvernig staðið verði að framkvæmdinni og skákað í því skjóli að leita hafi þurft umsagnar Eftirlitsstofnunar EFTA. Það er auðvitað hreinn undansláttur í málinu enda telja sérfræðingar engar líkur á að stofnunin mótmæli framgangi málsins. Framsóknarflokkurinn taldi þó enga ástæðu til að kanna álit þeirrar stofnunar á málinu áður en kjósendum var lofað hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæðum lána. Ástæða er til að stíga skref í átt til þessarar hækkunar á lánshlutfalli með því að heimila að þeir sem eru að kaupa sér íbúð í fyrsta sinn fái allir hækkun á lánshlutfalli í 90% þegar 1. júlí. Það hefur óveruleg áhrif á stöðu Íbúðalánasjóðs því að stór hluti þeirra sem er að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn fær þegar 90% lán.

Minni hlutinn gagnrýnir líka að ekkert hefur verið gert til að bæta stöðu leigjenda og tekur undir með ASÍ um að það sé algjört forgangsverkefni hjá stjórnvöldum að endurskoða félagslega íbúðakerfið, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á húsaleigu á undanförnum árum og sívaxandi fjölda þeirra sem eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum.

Niðurlag.

Minni hlutinn átelur hve lítill tími gafst til að ræða málið í nefndinni og fara betur yfir ýmis gagnrýnisatriði sem fram hafa komið og hér hefur verið lýst. Minni hlutinn er jákvæður

gagnvart þessari kerfisbreytingu en gagnrýnir að ekki hafi gefist meiri tími til að fara yfir ýmis óvissuatriði varðandi framkvæmdina, bæði sem snúa að kjörum lántakenda, mati á vaxtaáhættu sjóðsins og áhrifum á lána- og peningamarkaðinn. Mikil óvissa ríkir líka um hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lánskjörin, t.d. ýmis viðbótargjöld sem lögð verða á lántakendur eins og heimild til stórfelldrar gjaldtöku vegna uppgreiðsluákvæðis í 12. gr. frumvarpsins.

Minni hlutinn mun styðja þau ákvæði frumvarpsins sem eru til bóta, greiða atkvæði gegn uppgreiðsluákvæði 12. gr. en vísa að öðru leyti ábyrgðinni á framkvæmdinni til stjórnarmeirihlutans.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Helgi Hjörvar.	Katrín Júlíusdóttir.

Gunnar Örlygsson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Seðlabanka Íslands. (20. apríl 2004.)
II. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (15. apríl 2004.)
III. Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða. (15. apríl 2004.)
IV. Umsögn Hagfræðistofnunar HÍ. (20. apríl 2004.)
V. Umsögn BSRB. (19. apríl 2004.)
VI. Umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. (15. apríl 2004.)

1549. Fyrirspurn [976. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðakostnað vegna tannréttinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður endurskoðun reglna um greiðslu ferðakostnaðar vegna sérfræðiþjónustu tannréttingalækna, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi í 53. máli?
2. Hvernig hyggst ráðherra taka á endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga barna og unglinga á Austurlandi svo að þau beri ekki meiri kostnað en þau sem búa í landshlutum þar sem tannréttingaþjónusta er veitt?

Skriflegt svar óskast.

1550. Nefndarálit [205. mál]

um till. til þál. um eflingu umferðaröryggis á þjóðvegum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Ferðamálaráð Íslands, Ferðaþjónusta bænda hf., Félag hópferðaleyfishafa, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Landspítali – háskólasjúkrahús, Landvari – félag íslenskra vöruflytjenda, lögreglan í Reykjavík, ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landssamband björgunarsveita, Trausti – félag sendibílstjóra, Tryggingamiðstöðin hf., Umferðarstofa, Vátryggingafélag Íslands hf. og Vegagerðin sendu nefndinni umsagnir um málið.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nefnd verði skipuð til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum og er tilgreint nánar hvaða atriði skuli helst skoða.

Samgöngunefnd vekur athygli á að þegar eru starfandi nokkrir aðilar á vegum ríkisins sem hafa það að markmiði að efla umferðaröryggi en nefndin telur að starf þeirra sé almennara en það sem í tillögunni er gert ráð fyrir að kannað verði. Mikilvægt er að stöðugt sé hugað að eflingu umferðaröryggis og þá ekki síst á þjóðvegum landsins en þar verða flest alvarleg umferðarslys.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við tillögugreinina:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: samgönguráðherra.
b. Í stað dagsetningarinnar „1. september 2004“ í 3. mgr. komi: 1. mars 2005.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Einar Már Sigurðarson.	Jóhann Ársælsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1551. Nefndarálit [277. mál]

um till. til þál. um stofnun sædýrasafns á höfuðborgarsvæðinu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust um það frá Ferðamálasamtökum Íslands, Verslunarráði Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar og Hafrannsóknastofnuninni.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að kanna kosti og hagkvæmni þess að byggt verði upp veglegt sædýrasafn á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur að möguleg staðsetning eigi að vera einn þeirra þátta sem skoðaðir eru þegar kannaðir eru kostir og gallar þess að byggja veglegt sædýrasafn sem þjónað geti bæði leikum og lærðum. Því telur nefndin ekki rétt að takmarka könnunina við höfuðborgarsvæðið og einnig telur nefndin rétt að veittur sé lengri tími til könnunarinnar en gert er ráð fyrir í tillögunni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.

   Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um stofnun sædýrasafns.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Einar Már Sigurðarson.	Jóhann Ársælsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1552. Frumvarp til laga [749. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að víkja frá þessu ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Um gildistíma dvalarleyfis sem gefið er út vegna komu flóttamannahópa gilda sérreglur, sbr. 51. gr.

Umsókn um dvalarleyfi skv. 1. mgr. skal hafa verið samþykkt áður en útlendingur kemur til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki og samvistarmaki eldri en 24 ára, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali eldri en 66 ára og á þeirra framfæri.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir hann þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef rökstuddur grunur er um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna.

3. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er að synja til bráðabirgða útlendingi inngöngu í landið innan þess frests. Sú ákvörðun sætir ekki kæru.

4. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: níu.

5. gr.

Í stað orðanna „hann hefur brotið“ í a-lið 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: hann dvelur ólöglega í landinu, hefur brotið.

6. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: á grundvelli samnings milli Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Orðin „eftir því sem við á“ í 3. mgr. falla brott.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir ef rökstuddur grunur leikur

á að til hjúskapar hafi verið stofnað í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis eða ekki með vilja beggja, sbr. 3. mgr. 13. gr.

c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 8. mgr., svohljóðandi:

Leit skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum.

Við ákvörðun um veitingu dvalarleyfis hefur Útlendingastofnun heimild til að fara fram á að umsækjandi um dvalarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. eða ættmenni hans gangist undir rannsókn á erfðaefni og töku lífsýnis í því skyni, til að staðfesta að um skyldleika sé að ræða skv. 2. mgr. 13. gr., ef fyrirliggjandi gögn í því efni eru ekki talin veita fullnægjandi sönnun um skyldleikann.

8. gr.

Á eftir orðunum „greinir í 2. málsl.“ í 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: þegar kærð er synjun, sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr., á meðferð umsóknar um hæli.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: eða búsetuleyfi hér á landi.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Dvalarleyfi og búsetuleyfi.*

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Um skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis EES-útlendings gilda ákvæði 15. gr.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skilyrði dvalarleyfis og búsetuleyfis.*

11. gr.

Orðin „að jafnaði“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna falla brott.

12. gr.

E-liður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: krefja má annað ríki, sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli samnings Íslands, Noregs og ráðs Evrópusambandsins frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi, Noregi eða í aðildarríki Evrópusambandsins, um að taka við.

13. gr.

Við 1. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um barn flóttamanns sem er fætt eftir komu hans til landsins.

14. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 51. gr. laganna bætist: til þriggja ára sem ekki er háð takmörkunum.

15. gr.

Við 1. mgr. 56. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir um fjármuni til greiðslu á kröfu vegna kostnaðar við brottför og gæslu samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. E-liður 2. mgr. orðast svo: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki eða.
b. F-liður 2. mgr. orðast svo: af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar útlending við að koma ólöglega hingað til lands eða annars ríkis eða.
c. Við 2. mgr. bætast tveir nýir stafliðir er orðast svo:
   g. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aflar eða reynir að afla dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar skv. 3. mgr. 13. gr. eða
   h. hefur í vörslum sínum falsað vegabréf, fölsuð skilríki eða falsaða vegabréfsáritun.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að standa að skipulagðri starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis, hvort sem starfsemin er rekin í hagnaðarskyni eða ekki.

17. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna tekur ekki gildi fyrir ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Til sama tíma gilda ákvæði 1. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES-útlendings til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er í atvinnuleit og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins ekki um launþega frá þessum ríkjum.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

1553. Lög [446. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 630.

1554. Lög [467. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum..

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1499.

1555. Lög [570. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1498.

1556. Lög [613. mál]

um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1509 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „2. mgr. 17. gr. samræmist 6. mgr. sömu greinar“ í 19. gr. laganna kemur: 1. mgr. 17. gr. a samræmist 3. mgr. sömu greinar.

11. gr. hljóðar svo:
20. gr. laganna orðast svo:
Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum og í þeim mæli og með þeim hætti sem nauðsynlegt er til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni getur sá sem vill hagnýta yrkið farið fram á nauðungarleyfi, fyrir dómstólum, svo framarlega sem ekki eru haldbær rök fyrir vanrækslu yrkishafa.
Einkaleyfishafi sem ekki getur nýtt uppfinningu sína án þess að brjóta á eldri yrkisrétti getur gegn sanngjörnu gjaldi farið fram á nauðungarleyfi til að hagnýta verndaða yrkið. Nauðungarleyfi skal aðeins veita ef einkaleyfishafi sýnir fram á að uppfinningin sem tekur til yrkisins sé tæknilega mikilvægt framfaraspor og hafi verulegan ábata í för með sér í samanburði við verndaða yrkið.
Hafi yrkishafi fengið nauðungarleyfi til að nýta einkaleyfisverndaða uppfinningu skv. 1. mgr. 46. gr. a laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, hefur einkaleyfishafi rétt á að fá nauðungarleyfi með sanngjörnum skilmálum til að hagnýta verndaða yrkið.
Ákvæði 49. og 50. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi samkvæmt þessari grein. Dómstóll getur skyldað yrkishafa til að leggja fram nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins til nauðungarleyfishafa.

12. gr. hljóðar svo:
Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 17. gr.“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: 1. mgr. 17. gr. a.

13. gr. hljóðar svo:

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2001/94.

14. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1557. Lög [755. mál]

um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1130.

1558. Lög [780. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1508.

1559. Lög [817. mál]

um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1245.

1560. Lög [818. mál]

um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1246.

1561. Lög [819. mál]

um breytingu á lögum nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1247.

1562. Lög [683. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1012.

1563. Frumvarp til laga [569. mál]

um siglingavernd.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stjórn siglingaverndarmála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglingaverndarmála en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Gildissvið og markmið.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

a. farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
b. flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
c. færanlega borpalla.

Lög þessi gilda um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum, innlendum og erlendum, sem stunda millilandasiglingar er þjónað.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Siglingavernd:* Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd:
   a. *skipavernd:* forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   b. *hafnavernd:* forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   c. *farmvernd:* forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
2. *Tilnefnt stjórnvald:* Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktar um siglingavernd í höfnum og skipum.
3. *Hafnaraðstaða:* Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd.
4. *Áhættumat:* Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum.
5. *Verndaráætlun:* Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm.
6. *Verndarfulltrúi:* Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.
7. *Vástig:* Segir til um hvert hættuástandið er þegar beita skal verndarráðstöfunum svo sem nánar er kveðið á um í alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd.
8. *Verndaryfirlýsing:* Samkomulag um siglingavernd milli skips og hafnaraðstöðu. Í samkomulaginu skal m.a. tilgreina verndarráðstafanir og ábyrgð hvors aðila um sig.

4. gr.

Siglingastofnun Íslands, ásamt tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, útgerðarfélögum og höfnum sem falla undir lög þessi, fer með framkvæmd siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að annast einstaka þætti siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands ber m.a. ábyrgð á að:

a. staðfesta áhættumat útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og áhættumat hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
b. staðfesta verndaráætlanir útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og verndaráætlun hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
c. staðfesta skipan verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerða og hafnaraðstöðu,

d. staðfesta skipan eftirlitsaðila og gefa út skírteini til eftirlitsmanna,
e. hafa eftirlit með virkni verndaráætlana íslenskra skipa og hafnaraðstöðu,
f. gefa út ferilskrá íslenskra skipa,
g. halda skrá um íslensk skip og hafnir sem hafa viðurkenndar verndaráætlanir.

Áður en Siglingastofnun Íslands staðfestir áhættumat og verndaráætlun skv. 3. mgr. skal hún leita umsagnar ríkislögreglustjóra. Siglingastofnun skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Siglingastofnun annast öll samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina um siglingavernd, þ.m.t. að senda lögboðnar tilkynningar o.s.frv.

Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í skipum og í höfnum. Þegar ógn steðjar að ákveður hann hækkun vástigs um borð í skipum eða í höfnum að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu nema þegar um bráðatilvik er að ræða, þá tekur hann ákvörðun einn. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum ákveður ríkislögreglustjóri hvenær hann tekur við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum um lögregluaðgerðir.

Siglingastofnun Íslands er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að leita til ríkislögreglustjóra um athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil til þess að grundvalla mat um hæfi til þess að vinna með trúnaðarupplýsingar um öryggismál í starfi í þágu siglingaverndar.

Landhelgisgæslan hefur eftirlit með að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi.

Útgerðarfélög sem gera út skip undir íslenskum fána og falla undir lög þessi bera ábyrgð á að lögboðnum verndarráðstöfunum sé fullnægt og að í hverju skipi liggi fyrir verndaráætlun með nákvæmum leiðbeiningum um viðbrögð við yfirvofandi vá.

Höfn sem rekur hafnaraðstöðu sem fellur undir lög þessi ber ábyrgð á því að lögboðnum ráðstöfunum um hafnavernd sé fullnægt og að í verndaráætlun liggi fyrir nákvæmar leiðbeiningar um viðbrögð við yfirvofandi vá.

II. KAFLI
Skipavernd.

5. gr.

Útgerðarfélög skulu útbúa áhættumat og verndaráætlun fyrir hvert íslenskt skip sem fellur undir lög þessi og tilnefna verndarfulltrúa fyrir skipið og útgerðarfélagið. Áhættumatið, verndaráætlunina og skipan verndarfulltrúans skal leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og Landhelgisgæslu.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd leggst að höfn sem starfar samkvæmt lögum þessum getur verndarfulltrúi hafnaraðstöðu krafist þess að skipstjóri eða verndarfulltrúi skips undirriti verndaryfirlýsingu.

III. KAFLI
Hafnavernd.

6. gr.

Höfn sem kýs að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til ráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., leggst að höfn sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd getur verndarfulltrúi skips óskað eftir verndaryfirlýsingu. Ef hafnaryfirvöld og verndarfulltrúi skips koma sér saman um gerð verndaryfirlýsingar skal Siglingastofnun Íslands eða annar aðili sem hún tilnefnir samþykkja hana.

Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og tollyfirvalda.

Að fengnu samþykki Siglingastofnunar Íslands getur höfn falið rekstraraðilum hafnaraðstöðu framkvæmd og eftirlit með að kröfum skv. 1. mgr. um siglingavernd sé framfylgt. Ef kröfum 1. mgr. er ekki fullnægt að mati Siglingastofnunar Íslands getur höfn rift samningum við rekstraraðila án frekari fyrirvara.

IV. KAFLI
Farmvernd.

7. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd verndarráðstafana, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi, eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík skal upplýsa og leiðbeina hafnaryfirvöldum um kröfur farmverndar við gerð áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Leit.

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum, í farangri skemmtiferðaskipa, á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um leit í farmi sem tollstjórar annast.

Hægt er að synja þeim mönnum sem neita öryggisleit samkvæmt þessari grein um aðgang að hafnaraðstöðu og skipi sem lög þessi ná yfir.

9. gr.

Gjöld.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. gjöld fyrir staðfestingar, eftirlit og útgáfu skráa skv. 4. gr. og námskeið sem haldin eru í samræmi við ákvæði laga þessara. Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

Hafnir skulu innheimta sérstakt gjald, siglingaverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn. Gjald þetta skal taka mið af magni og eðli vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi á hafnaraðstöðu, svo sem girðingum, vöktun, leit og lokun svæða.

Hafnir skulu innheimta gjald fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda og/eða dvalartíma við hafnaraðstöðu í rekstri þeirra. Gjald þetta skal standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar skipi, svo sem vöktun og lokun svæða.

Hafnir skulu innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi. Gjald þetta skal standa undir kostnaði þeirra af siglingavernd í farþegaflutningum, svo sem vegna móttökuaðstöðu, öryggisleitar, vöktunar og búnaðar.

Höfnum, sem annast tilfallandi framkvæmd siglingaverndar, er heimilt að innheimta þann kostnað sem þær verða fyrir samkvæmt reikningi hverju sinni. Með tilfallandi framkvæmd siglingaverndar er átt við ráðstafanir vegna einstakra koma og brottfara skipa sem falla undir lög þessi, svo sem vegna afgreiðslu farþega- og flutningaskipa. Gjaldið sem innheimt er hverju sinni skal standa undir þeim kostnaði sem hlýst af þeim ráðstöfunum sem gripið er til, svo sem uppsetningu móttökuaðstöðu, öryggisleit, tímabundinni lokun svæða o.s.frv.

Komi fram beiðni um aukna þjónustu við framkvæmd siglingaverndar, t.d. aukna löggæslu, aukna vakt í skipi o.s.frv., er þeim sem beiðnin beinist að heimilt að innheimta útlagðan kostnað samkvæmt reikningi hverju sinni.

Gjaldtaka samkvæmt grein þessari skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda þeirra sem kveðið er á um í grein þessari.

10. gr.

Málskotsréttur.

Ákvarðanir sem Siglingastofnun Íslands tekur samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til samgönguráðherra. Kæra skal vera skrifleg og fer um meðferð hennar samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

11. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um hlutverk Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila.

Undir skipavernd fellur m.a. að setja reglur um skyldur útgerðarfélags, áhættumat fyrir skip, leit, verndaráætlun skips, skrár sem færa skal og varðveita um borð í skipi, verndarfulltrúa útgerðarfélags, verndarfulltrúa skips, útgáfu skírteina fyrir skip og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar.

Undir hafnavernd fellur m.a. að setja reglur um áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, verndarfulltrúa hafnar, útgáfu skírteina fyrir hafnaraðstöðu, kennslu, þjálfun og æfingar vegna hafnaverndar.

12. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

13. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru innleiddar í íslenskan rétt þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þess hluta alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS frá 1974) sem fjallar um siglingavernd.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2004.

1564. Svar [620. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um kostnað við atvinnuleysisbætur.

Vinnumálastofnun, sem fer með daglegan rekstur atvinnuleysistryggingasjóðs, var falið að undirbúa svör við fyrirspurninni og setja fram dæmi um kostnaðarauka sjóðsins miðað við mismunandi bótahlutafall. Í útreikningum stofnunarinnar er byggt á heildarfjölda greiddra atvinnuleysisdaga árið 2003, en þeir voru samtals 1.159.806. Greiðslur á dag voru 3.574 kr. miðað við fullan bótarétt. Að jafnaði var bótaréttur einstaklinga 86,48%. Að auki er 6% mótframlag í lífeyrissjóð. Heildarfjárhæð bóta samkvæmt þessu var um 3,8 milljarðar kr. á sl. ári (1.159.806 x 3.574 x 86,48% x 1,06). Þessar upplýsingar eru nýttar sem grunnur að útreikningum á áhrifum á heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta ef bætur væru tengdar fyrri tekjum að einhverju leyti. Þar sem upplýsingar um tekjur einstaklinga liggja ekki fyrir í gögnum Vinnumálastofnunar er við útreikningana stuðst við upplýsingar frá kjararannsóknarnefnd um heildarlaun einstakra starfsstétta:

Heildarlaun einstakra starfsstétta 2003.

	Meðaltal árið 2003	75% af tekjum	75% af tekjum á dag
Stjórnendur	425.875	319.406	14.740
Sérfræðingar	389.100	291.825	13.467
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	342.725	257.044	11.862
Skrifstofufólk	211.625	158.719	7.324
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	212.725	159.544	7.362
Iðnaðarmenn	289.600	217.200	10.023
Verkafólk	211.600	158.700	7.323

Að auki er stuðst við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald 2003 vegna viðmiðunarlauna bænda og sjómanna. Með hliðsjón af samsetningu hópsins á atvinnuleysisskrá voru áætlaðar á þá eftirfarandi meðaltekjur:

Áætlaðar meðaltekjur bænda og sjómanna.

	Meðaltal árið 2003	75% af tekjum	75% af tekj. á dag
Sjómenn	223.500	167.625	7.735
Bændur	146.500	109.875	5.070

Að öllu jöfnu er við útreikninga af þessu tagi gengið út frá því að líklegt sé að þeir sem verða atvinnulausir hafi að jafnaði haft lægri laun en heildarhópurinn enda atvinnuleysi að jafnaði meira meðal yngra fólks eða fólks með minni starfsreynslu sem jafnframt er tekjulægra en þeir eldri eða þeir sem hafa meiri starfsreynslu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði hjá kjararannsóknarnefnd og þar af leiðandi hefur ekki verið tekið tillit til þeirra við þessa útreikninga.

Atvinnulausir skiptust þannig á starfsstéttir árið 2003:

Hlutfallsleg skipting atvinnulausra á starfsstéttir.

Stjórnendur	4%
Sérfræðingar	4%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	9%
Skrifstofufólk	8%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	28%
Sjómenn	4%
Bændur	1%
Iðnaðarmenn	7%
Verkafólk	35%
Samtals	**100%**

Gengið er út frá framangreindum forsendum við útreikninga á því hverjar atvinnuleysisbætur hefðu orðið ef þær hefðu verið tengdar tekjum hins atvinnulausa svo sem spurt er um. Á það ber að leggja áherslu að um er að ræða útreikninga sem byggjast á tilteknum forsendum. Þeir fela í sér mat á sennilegri niðurstöðu fremur en hárnákvæma útreikninga.

1. *Hver hefði kostnaðurinn verið á liðnu ári ef atvinnuleysisbætur hefðu numið 75% af fyrri tekjum hins atvinnulausa en þó aldrei verið lægri en bæturnar voru á sl. ári og aldrei hærri en 375.000 kr.?*

Niðurstaða: Heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hefðu hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 9,023 milljarða kr., eða um u.þ.b. 137%. Aukningin nemur um 5,223 milljörðum kr.

2. *Hver hefði kostnaðurinn verið ef slíkar bætur hefðu verið greiddar*
   a. *fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis,*
   b. *fyrsta mánuðinn,*
   en eftir það hefðu atvinnuleysisbæturnar verið óbreyttar frá því sem þær voru á árinu?

Niðurstaða:

A-liður. Um 35% atvinnuleysisdaga eru innan þriggja mánaða frá fyrsta degi atvinnuleysis. Samkvæmt því hefðu heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 5,637 milljarða, eða um u.þ.b. 48%. Aukningin nemur um 1,838 milljörðum kr.

B-liður. Um 15% atvinnuleysisdaga eru innan mánaðar frá fyrsta degi atvinnuleysis. Samkvæmt því hefðu heildargreiðslur vegna atvinnuleysisbóta hækkað úr um 3,8 milljörðum kr. í um 4,603 milljarða, eða um u.þ.b. 21%. Aukningin nemur um 803 millj. kr.

Hér er í báðum tilfellum miðað við að hver einstaklingur komi einu sinni á skrá og njóti því aðeins tekjutengdra bóta í eitt skipti. Spurningin er hvort reikna skuli tekjutengdar bætur aftur ef einstaklingur fær bætur aftur eftir að hafa farið tímabundið af skrá.

3. *Hvaða áhrif hefðu mismunandi útfærslur, sbr. 2. tölul., haft á prósentuhlutfall tryggingagjalds?*

Niðurstaða: Tekjustofn (atvinnutryggingagjald) Atvinnuleysistryggingasjóðs er 0,80% af tryggingagjaldi, sem er 5,73%. Samkvæmt forsendum fjárlaga 2004 er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði 3.634 millj. kr.

Ef kostnaður vegna atvinnuleysisbóta hækkar um 137%, sbr. 1. tölul., þyrfti að hækka tekjustofn sjóðsins í 1,90% og þar með tryggingagjaldið í 6,83%.

Samkvæmt forsendum í a-lið 2. tölul. yrði að hækka tekjustofninn í 1,20% og tryggingagjaldið þar með í 6,13%.

Samkvæmt b-lið 2. tölul. yrði hækkunin að vera í 0,97% og tryggingagjaldið þar með að hækka í 5,90%.

1565. Svar [890. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um lúðuveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist árlegur lúðuafli íslenskra skipa í efnahagslögsögu Íslands í tonnum talið samkvæmt afladagbókum á tímabilinu 1985–2003, að báðum árum meðtöldum, á milli eftirfarandi veiðarfæra:*
   a. *handfæra,*
   b. *línu, þar með talin haukalóð,*
   c. *dragnótar,*
   d. *neta,*
   e. *botnvörpu?*
2. *Hvað er vitað um lengdar- og þyngdardreifingu lúðu sem veiddist í fyrrgreind veiðarfæri, sundurliðað eftir veiðarfærum?*
3. *Hve miklu af lúðu var landað árlega á fyrrgreindu tímabili af ísfisktogurum annars vegar og frystitogurum hins vegar?*
4. *Í hvaða 15 höfnum hér á landi var landað mestum lúðuafla árlega á þessu tímabili og hve miklu var landað árlega í hverri höfn í kílóum talið?*
5. *Hvernig þróaðist lúðuafli á sóknareiningu í dragnót annars vegar og í botnvörpu hins vegar á sama tímabili?*
6. *Hvar voru helstu veiðisvæði lúðu við Ísland á umræddu tímabili?*
7. *Sjást þess einhver merki að nýliðun hafi batnað í lúðustofninum á undanförnum tveimur árum?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér með svar hennar.

1. liður.

Skráning lúðuafla í afladagbækur við línu-, botnvörpu-, neta- og handfæraveiðar hófst árið 1991. Slík skráning fyrir dragnót hófst hins vegar fyrr, en var í fyrstu eingöngu bundin við veiðar í Faxaflóa. Skráður afli eftir veiðarfærum í afladagbókum er sýndur í 1. töflu.

Rétt er að vekja athygli á því að skráningu er ábótavant á tegundum sem veiðast sem meðafli í mjög litlum mæli. Þetta á við um lúðu sem í flestum tilfellum er mjög lítið hlutfall af þeim afla sem skipið veiðir og skráning verður gloppótt. Það er helst við línuveiðar sem hlutur lúðu getur verið umtalsverður hluti aflans, enda er skráning þar betri. Skráning er þannig misgóð eftir veiðarfærum. Þetta þýðir að ekki er hægt að nota gögn um lúðu í afladagbókum til að áætla skiptingu afla eftir veiðarfærum, það gæfi ranga mynd af skiptingunni.

Upplýsingar um afla eftir veiðarfærum er hins vegar að finna í löndunargögnum, því við löndum á afla er veiðarfærið skráð og þau gögn eru birt í ritinu Útvegur. Landaður lúðuafli eftir veiðarfærum, samkvæmt þessu, á umræddu árabili er sýndur í 2. töflu. Með samanburði á þessum tveimur töflum má sjá að á árunum 1991–2003 var að meðaltali um 62% lúðuafla á línu skráður í afladagbækur, 22% botnvörpuaflans, 26% dragnótaaflans og 12% handfæraaflans. Þetta er þó mjög breytilegt eftir árum. Þetta sýnir glöggt vandamálið við notkun þessara gagna úr afladagbókum.

1. tafla. Lúðuafli skráður í afladagbækur fyrir línu, botnvörpu, dragnót, net og handfæri árin 1985–2003, tonn.

Ár	Lína	Botnvarpa	Dragnót	Net	Handfæri
1985			135,2		
1986			65,8		
1987			37,6		
1988			57,6		
1989			35,8		
1990			25,6		
1991	577,7	179,4	10,2	3,2	2,5
1992	221,0	51,9	5,5	1,8	0,5
1993	183,4	99,5	45,7	7,7	0,4
1994	234,6	64,2	60,7	4,3	0,2
1995	239,2	246,3	52,1	1,8	0,2
1996	134,4	143,2	44,0	2,6	0,0
1997	156,3	41,0	18,2	4,1	0,1
1998	145,7	50,5	17,2	3,0	0,0
1999	132,7	30,1	24,3	2,8	0,1
2000	105,5	18,2	24,6	22,5	0,8
2001	173,4	17,7	24,8	7,3	0,6
2002	198,3	42,2	31,0	5,6	0,5
2003	116,2	14,0	22,5	4,6	1,2

2. tafla. Lúðuafli eftir veiðarfærum árið 2003, tonn. Upplýsingar úr Útvegi, samkvæmt Fiskistofu.


Ár	Lína	Botnvarpa	Dragnót	Rækjuvarpa	Humarvarpa	Net	Handfæri
1985	219	1.032	228	48	130	29	4
1986	265	1.015	124	39	166	55	7
1987	238	877	148	45	167	42	10
1988	239	968	138	20	105	29	15
1989	362	615	109	23	63	27	37
1990	761	674	49	35	40	37	27
1991	1.087	648	41	22	33	25	21
1992	441	593	48	34	13	22	16
1993	553	564	116	38	18	51	13
1994	414	437	184	64	32	41	11
1995	335	347	126	23	20	25	6
1996	265	310	178	3	28	40	7
1997	194	279	115	0,5	20	29	4
1998	189	199	77	1	7	26	4
1999	226	196	111		6	25	3
2000	164	201	85		6	34	3
2001	229	184	94		23	51	2
2002	265	220	115		30	50	2
2003	201	177	141		43	65	3

2. liður.

Erfitt hefur reynst að ná sýnum úr lönduðum lúðuafla. Það er breytilegt frá einu ári til annars úr hvaða veiðarfærum sýni nást og það gerir allan samanburð erfiðan. Ef allar mælingar eru teknar saman eftir veiðarfærum fæst mynd af meðaltalslengdardreifingu, þannig er samanburður á lengdardreifingu lúðu eftir veiðarfærum helst mögulegur, sjá 1. mynd. Hlutfall stórlúðu er hæst í mælingum af línu (efst á 1. mynd) en mældir fiskar (N) eru ekki margir, 279 lúður. Mælingar úr botnvörpu sýna að mest af lúðunni sem þar veiðist er á lengdarbilinu 41–60 sm, en nokkuð er þó af stærri lúðu.

Umfangsmestu mælingar á lúðu í gagnagrunni Hafrannsóknastofnunarinnar er úr stofnmælingu botnfiska (SMB) og gefa þær mikilsverðar upplýsingar um lengdardreifingu og magn lúðu á grunnslóð. Lengdardreifing lúðunnar í þessum gögnum er einkum á bilinu 31–60 sm. Mælingar á lúðu úr dragnót eru að stórum hluta úr Faxaflóa, en hlutfallsleg skipting lengdarflokka er nánast sú sama og fram kemur í mælingum í SMB af grunnslóðinni allri. Mælingar úr humarvörpu eru nær eingöngu úr leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar, en í þeim er notað sams konar humarvarpa og veiðiskipin nota. Í humarvörpu veiðist hlutfallslega mest af lúðu á lengdarbilinu 51–90 sm.

1. mynd. Lengdardreifing lúðu eftir veiðarfærum.



3. liður.

Á Hafrannsóknastofnuninni eru ekki til gögn sem svara þessum lið fyrirspurnarinnar og því var leitað til Fiskistofu. Niðurstöður eru sýndar í 3. töflu. Rétt er að taka fram, að ekki til óbreytanlegar flokkur skipa sem heitir frystitogarar (og reyndar óljós mörk milli togara og báta líka). Þess vegna varð að svara þessari spurningu með því að keyra út afla sem landað var frystum og tína síðan burt þau skip sem ekki voru af þessum flokki, t.d. línuskip sem frysta afla um borð. Hins vegar ræður Fiskistofa ekki yfir gögnum á tölvutæku formi til að svara svona spurningum nema aftur til ársins 1991. Munur sem kemur fram milli dálkanna „Samtals" í 3. töflu og „Botnvarpa" í 2. töflu felst í því að togbátar eru ekki taldir með í 3. töflu.

3. tafla. Lúðuafli vinnsluskipa og ísfisktogara 1991–2003*). Magn í kg upp úr sjó (óslægt). Fiskistofa 20. apríl 2004.

Ár	Vinnsluskip	Togarar – ísfiskur	Samtals
2003	73.793	44.718	118.511
2002	135.070	69.054	135.070
2001	75.233	48.161	123.394
2000	88.560	67.885	156.445
1999	69.504	77.924	147.428
1998	81.623	79.054	160.677
1997	137.024	114.454	251.478
1996	111.963	125.610	237.573
1995	99.297	169.741	269.038
1994	101.336	245.535	346.871
1993	137.659	311.604	449.263
1992	152.833	340.619	493.452
1991	183.525	341.019	524.544

*) Afli samkvæmt upplýsingum frá kaupendum aflans. Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur.

4. liður.

Á Hafrannsóknastofnuninni eru ekki til gögn um þennan þátt, því var leitað til Fiskistofu. Niðurstöður eru sýndar í 4. töflu. Rétt er að benda á að skráning afla eftir löndunarhöfnum hófst fyrst þegar skráningarkerfið Lóðs var settur á laggirnar 1. september 1992. Fyrir þann tíma var aflinn skráður eftir vinnslustað. Þar sem óskað var eftir upplýsingum um lúðuafla eftir löndunarhöfnum varð að sækja upplýsingarnar í Lóðskerfið og þær ná aðeins aftur til ársins 1993.

4. tafla. Lúðuafli íslenskra skipa eftir löndunarhöfnum 1993–2003. Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum. Magn upp úr sjó (óslægt) í kg.

Löndunarhöfn	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Reykjavík	313.238	361.224	75.609	58.113	63.190	43.677	64.705	55.450	75.582	59.506	51.097
Erlendis			114	129.829	131.542	136.854	103.122	70.629	95.888	79.626	114.712
Grindavík	35.319	35.028	41.887	48.337	52.646	47.013	93.955	80.018	88.349	84.839	65.719
Hafnarfjörður	66.387	62.528	58.540	62.560	44.956	43.721	16.723	18.217	17.419	92.997	40.745
Sandgerði	46.032	71.743	59.544	63.973	37.518	29.812	35.682	46.652	36.477	27.393	26.358
Þorlákshöfn	31.749	44.224	49.362	60.349	40.311	13.844	17.185	25.731	36.558	43.613	68.882
Vestmannaeyjar	38.428	19.945	28.110	45.296	35.703	20.678	21.988	12.271	90.135	58.652	19.672
Keflavík	42.550	33.355	21.180	68.952	27.674	15.842	24.426	17.420	24.070	15.397	12.864
Ólafsvík	47.867	41.913	20.535	23.816	18.194	21.699	23.372	17.614	20.038	18.666	16.359

Löndunarhöfn	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Hornafjörður	14.067	14.374	23.434	34.808	23.406	14.135	7.411	10.993	15.864	31.142	42.497
Akureyri	40.658	37.563	24.202	11.820	23.665	20.445	21.428	13.697	7.146	11.578	4.156
Patreksfjörður	14.682	22.974	24.425	35.680	16.463	11.917	18.125	12.815	11.503	25.645	17.688
Rif	23.692	31.181	23.130	17.605	14.097	9.835	16.997	10.018	17.060	15.532	22.698
Ísafjörður	18.085	30.680	22.326	14.727	12.472	22.580	12.241	9.359	10.719	8.476	10.172
Akranes	30.975	16.320	15.817	17.030	10.775	7.434	14.323	20.932	8.019	14.587	11.085
Grundarfjörður	20.698	23.403	16.158	7.231	14.773	4.172	9.587	10.407	9.426	11.163	14.428
Bolungarvík	6.978	11.410	6.568	6.039	13.002	5.049	9.810	8.899	6.249	10.040	13.385
Flateyri	2.852	20.724	7.668	11.570	6.451	4.510	4.869	2.778	6.107	6.891	12.541
Stykkishólmur	18.099	14.028	13.012	7.114	5.609	1.940	2.678	2.135	3.236	3.224	7.170
Ólafsfjörður	29.356	4.928	4.988	2.735	3.300	4.904	3.733	2.852	5.038	6.472	5.796
Tálknafjörður	6.063	20.273	11.501	8.302	3.672	1.399	3.878	3.611	2.472	4.885	7.089
Skagaströnd	13.366	12.537	10.353	4.944	6.562	4.190	1.862	2.261	3.681	5.438	5.332
Suðureyri	4.069	9.098	6.388	7.537	6.504	2.721	3.593	2.544	3.896	2.254	4.206
Neskaupstaður	7.174	7.720	4.055	3.625	4.600	5.281	3.235	3.054	4.113	4.110	3.927
Þingeyri	4.389	6.155	1.498	2.875	737	463	1.879	5.990	6.412	5.036	5.097
Sauðárkrókur	1.119	906	1.368	822	811	4.712	3.938	9.811	4.750	5.033	3.989
Djúpivogur	3.054	2.827	871	561	355	1.404	5.397	4.865	3.719	5.490	3.297
Bíldudalur	1.225	8.331	3.296	4.357	2.432	1.685	2.826	1.403	1.065	2.994	1.074
Fáskrúðsfjörður	4.574	3.001	4.035	5.906	2.786	2.627	788	1.441	836	2.093	2.235
Vopnafjörður	2.158	3.623	2.935	2.652	1.235	2.532	2.363	2.416	1.604	2.023	2.144
Dalvík	5.292	3.752	980	1.367	2.352	2.325	1.781	2.577	1.014	294	1.396
Arnarstapi	3.607	4.226	2.058	1.797	1.302	1.456	1.300	866	1.427	1.027	3.847
Stöðvarfjörður	3.127	2.559	1.837	1.723	1.674	1.944	1.355	183	1.004	3.367	2.582
Húsavík	4.505	4.611	4.153	1.039	2.097	30	184	310	374	869	2.711
Hólmavík	2.340	3.685	3.692	1.177	1.105	615	2.205	2.020	1.261	888	627
Eskifjörður	3.056	1.509	1.948	3.670	1.585	1.060	1.323	1.164	650	466	122
Reyðarfjörður	4.319	2.232	2.922	2.288	3.567	552	230		105	87	
Breiðdalsvík	2.819	1.615	648			61		2	127	4.731	919
Seyðisfjörður	2.694	973	624	247	147	76	221	1.465	610	2.017	1.332
Þórshöfn	989	1.507	1.673	903	371	136	11	13	65	224	371
Súðavík	2.443	2.451	940	60							
Drangsnes	234		75	54		336	549	1.370	882	867	1.357
Raufarhöfn	2.469	1.565	261	571	365	20	10	11	26	9	179
Hrísey	3.340	1.416	158	29	7				96		
Siglufjörður	905	1.640	1.360			170	123	73	61	10	116
Kópavogur								114	2.432	601	339
Grímsey	31	262	1.550	273	232	231	31	39	95	46	248
Grenivík	1.742	414	433	48	79	7			5	37	13
Árskógssandur	189					223	46	481	612	95	116
Hvammstangi	325	422	3	326				126	76	143	261
Bakkafjörður	49	436	236	244	24		84	33	6	23	60
Norðurfjörður	246	82	120	73	176	55	7	8	203	45	19
Garður	274	627									
Kópasker	316	80	67	207	98	13				81	21
Borgarfjörður eystri			64	13	25	14	35	17	16	62	480
Vogar	55	484	4	167							
Hofsós		130		66		20		91	107	8	11
Haukabergsvaðall	159			97		24				79	
Brjánslækur			141								
Hafnir	88										
Noregur										20	
Hauganes									2	8	
Hjalteyri				7							
Samtals	**934.516**	**1.008.945**	**608.856**	**785.611**	**640.647**	**516.443**	**561.614**	**497.246**	**628.687**	**680.899**	**633.541**

5. liður.


Eins og kom fram í svörum við 1. lið þarf að gæta varúðar við notkun afladagbóka þegar unnið er með tegundir eins og lúðu. Skráning lúðuafla í afladagbækur við botnvörpuveiðar hófst árið 1991, hins vegar eru til eldri gögn fyrir dragnót.

Hvað varðar afla á sóknareiningu í botnvörpu þá er hægt að skoða hana út frá ýmsum sjónarhornum. Hér eru farnar tvær leiðir: Sú fyrri er að nota fyrir hvert ár alla skráða togtíma samkvæmt afladagbókum á móti öllum þeim afla sem fram kemur í afladagbókum (lína „cpue1" á 2. mynd). Í þeirri seinni eru teknir allir skráðir togtímar botnvörpu á móti heildarafla ársins af lúðu úr botnvörpu samkvæmt Útvegi (lína „cpue2" á 2. mynd). Það ber nokkuð á milli þessara tveggja leiða, einkum fyrstu ár tímabilsins. Þótt nokkur misbrestur sé á skráningu lúðuafla í afladagbækur fyrir botnvörpu er ekki ástæða til að ætla að slíkt gildi um togtíma. Því eru gild rök fyrir því að seinni leiðin (cpue2) gefi sannari mynd af þróun afla á sóknareiningu. Þau gögn sýna að afli á sóknareiningu minnkar stöðugt allt til ársins 2000 en þá var hann um helmingur þess sem hann var árið 1991. Eftir lítils háttar aukningu árið 2002 var afli á sóknareiningu með því lægsta árið 2003, sbr. 2. mynd.


Þegar sams konar útreikningar eru notaðir fyrir dragnót, sbr. 3. mynd, sést að ferlar línanna tveggja eru samsíða, sem þýðir að báðar leiðir sýna sömu þróun. Þar sést einnig að mesta fallið í afla á sóknareiningu er frá 1985–1990, þ.e. áður en botnvörpugögnin koma til sögunnar. Samkvæmt afla á sóknareiningu í dragnót hefur lúða á grunnslóð verið í samfelldri lægð allt frá árinu 1990.

Hér er rétt að benda á að öruggustu gögnin um þróun lúðustofnsins á Íslandsmiðum eru að líkindum vísitölur úr stofnmælingu botnfiska (SMB), en þau ná allt frá árinu 1985, sjá 4. mynd. Þessi gögn sýna að vísitala lúðu féll hratt frá árinu 1985 til 1990, hækkaði örlítið 1993 og 1994, en hefur verið í lægð síðan.


2. mynd. Lúðuafli á sóknareiningu í botnvörpu. Afli skráður í afladagbækur (cpue1) og allur landaður afli úr botnvörpu (cpue2) á móti heildartogtíma.



3. mynd. Lúðuafli á sóknareiningu í dragnót. Afli skráður í afladagbækur (cpue1) og allur landaður afli úr dragnót (cpue2) á móti heildarfjölda kasta.



4. mynd. Vísitala lúðu í stofnmælingu botnfiska (SMB) eftir tveimur lengdarflokkum.



6. liður.

Til að svara þessum lið fyrirspurnarinnar er aftur leitað í afladagbækur, en eins og fyrr hefur komið fram, hófst skráning lúðu ekki almennt fyrr en 1991. Hér var valin sú leið að teikna kort sem sýnir staðsetningu lagna/toga/kasta þar sem lúðuafli var skráður í viðkomandi veiðarfæri. Stærð hringjanna á kortunum eru í réttu hlutfalli við skráðan afla í viðkomandi færslu í afladagbók veiðarfærisins. Til þess að teikna eina skýra mynd fyrir hvert veiðarfæranna línu, botnvörpu og dragnót, voru valin átta ár. Valin voru tvö fyrstu árin sem gögnin ná yfir (1991 og 1992), tvö síðustu árin (2002 og 2003) og síðan annað hvert ár þar á milli.


Við línuveiðar eru helstu veiðisvæðin í djúpköntunum, allt frá Víkurálsvæðinu og suður á Reykjaneshrygg og síðan allt austur á Stokksnesgrunn, sjá 5. mynd. Á grunnslóðinni kemur fram nokkur lúðuafli á línu, einkum í Faxaflóa, Breiðafirði og fyrir Vestfjörðum.

Hvað varðar veiðisvæði í botnvörpu verður að hafa í huga áðurnefnt skráningarvandamál. Í afladagbókum kemur nokkuð reglulega fram lúðuafli í botnvörpu undan Vestfjörðum og vestur af Víkurálnum (grálúðuslóð). Einnig við djúpkantana undan Austur- og Suðausturlandi, sbr. 6. mynd.


Samkvæmt afladagbókum er lúðuafli í dragnót einkum við Vestfirði, á Breiðafirði, Faxaflóa og Hafnaleir, einnig við Ingólfshöfða, sbr. 7. mynd.

7. liður.


Engar vísbendingar hafa komið fram um betri nýliðun í lúðustofninn. Eins og fram kom á 4. mynd var vísitala lúðu 60 sm og minni mjög lág í síðustu stofnmælingu botnfiska nú í mars sl.



5. mynd. Lúðuafli á línu



6. mynd. Lúðuafli í botnvörpu



7. mynd. Lúðuafli í dragnót

1566. Nefndarálit [335. mál]

um till. til þál. um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála og í greinargerð er sérstaklega bent á þörf fyrir akfæra vegarslóða að þeim stöðum á strönd Íslands sem teljast mjög varasamir. Mikilvægi þess að haft sé vakandi auga fyrir leiðum til að efla öryggi sjómanna er ótvírætt. Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys verða við erfiðar aðstæður.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Einar Már Sigurðarson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Jóhann Ársælsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1567. Lög [749. mál]

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1552.

1568. Svar [802. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um refa- og minkaveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklu fé, á verðlagi mars 2004, hefur verið varið árlega á tímabilinu 1995–2004 til veiða á*
   a. *ref,*
   b. *mink?*
2. *Hvernig hefur stofnstærð refs og minks þróast á þessu tímabili?*

Heildarkostnaður ríkis og sveitarfélaga við veiðar á ref og mink frá 1995 til 2004 á verðlagi ársins 2004 eru um 765 millj. kr. og skiptist þannig að til refaveiða hafa farið um 460 millj. kr. og til veiða á mink rúmlega 300 millj. kr.

Kostnaður við refaveiðar hefur árlega verið á bilinu 40 til 60 millj. kr., sbr. meðfylgjandi töflu. Árlegur kostnaður er breytilegur og fer eftir því hvað margir refir eru veiddir.

Kostnaður við veiðar á mink hefur farið vaxandi á þessu tímabili og hefur vaxið úr rúmum 20 millj. kr. árið 1995 upp í um 45 millj. kr. á síðasta ári. Kostnaður milli ára er breytilegur og miðast við fjölda veiddra minka og að hluta til þann tíma sem fer í veiðarnar.

Kostnaður við veiðar, millj. kr.

Ár	Refur	Minkur	Samtals
2003	56,5	45,2	101,7
2002	58,3	40,6	98,9
2001	57,0	41,0	98,0
2000	54,3	35,4	89,7
1999	57,3	31,2	88,5
1998	46,7	31,6	78,3
1997	40,9	30,0	70,9
1996	48,8	27,6	76,4
1995	40,2	22,2	62,4
Samtals	**460,0**	**304,8**	**764,8**

Á þessu tímabili hefur áætluð stærð refastofnsins vaxið úr um það bil 3.000 refum upp í rúm 7.500 dýr haustið 2001. Þess verður að geta að meiri óvissa er í áætlaðri stofnstærð árið 2001 en árið 1995 sem orsakast af þeirri aðferðarfræði sem notuð er við mat á stærð stofnsins.

Refastofninn.

Ár	Áætluð stofnstærð
2001	7.600
2000	5.600
1999	4.800
1998	4.750
1997	4.000
1996	3.700
1995	3.000

Upplýsingar um stærð minkastofnsins liggja ekki fyrir og ekki er mögulegt að gefa yfirlit yfir þróun stofnsins á þessu tímabili vegna skorts á upplýsingum. Í niðurstöðum nefndar um minkastofninn sem nýlega skilaði tillögum til umhverfisráðuneytisins um aðgerðir gegna stofninum er giskað á að stofninn sé allt að 35.000 dýr að hausti en jafnframt bent á að nefndar hafi verið hærri tölur.

1569. Svar [758. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

1. *Hver er að mati ráðherra reynslan af starfi eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar, áður Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins, vegna framkvæmda á svæðum úti um land?*

Reynslan af starfi eftirlitsráðgjafa er góð. Þeir hafa sinnt sínu starfi vel og haft góða þekkingu á náttúru landsins. Flestir hafa gegnt starfi eftirlitsráðgjafa í fjölda ára og eru komnir með mikla reynslu og þekkingu á hlutaðeigandi svæðum. Með þessu fyrirkomulagi hefur reynst kleift að samnýta sérfræðikunnáttu eftirlitsfulltrúanna og staðþekkingu. Samstarf eftirlitsráðgjafa við framkvæmdaraðila hefur oftast verið með ágætum, þó með örfáum undantekningum eins og kemur fyrir í mannlegum samskiptum.

2. *Hvernig hefur verið háttað samstarfi Umhverfisstofnunar og eftirlitsráðgjafanna?*

Á síðasta ári ákvað Umhverfisstofnun að fyrirfram yrði ákveðið hvaða eftirliti ráðgjafarnir sinntu. Aðrar áherslubreytingar tengdust þeim skipulagsbreytingum sem urðu við stofnun Umhverfisstofnunar og samþættingar verkefna sem áður voru hjá Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins. Samskipti við Landsvirkjun vegna virkjanaframkvæmda á Austurlandi voru beint við stofnunina sökum umfangs og eðlis framkvæmdanna og óska framkvæmdaraðila. Einnig minnkuðu eftirlitsverkefni eftirlitsráðgjafa í þeim tilvikum sem hagkvæmara þótti að nýta aðra starfskrafta stofnunarinnar.

3. *Er fyrirhuguð breyting á starfi og hlutverki eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar og ef svo er, í hverju er breytingin fólgin og hver eru markmið hennar?*

Með stærri stofnun, fleiri viðfangsefnum og fleiri starfsmönnum sem koma að eftirliti skapast meira svigrúm fyrir Umhverfisstofnun til að sinna sjálf eftirlitinu og gera það hagkvæmara. Stefnt verður að því að nýta sem best fastráðna starfsmenn Umhverfisstofnunar úti á landi. Nú hafa t.d. þjóðgarðarnir tvo fasta starfsmenn hver, í stað eins áður og því skapast svigrúm fyrir stofnunina til að láta fastráðna starfsmenn sinna eftirliti í meira mæli en áður. Vegagerðin hefur breytt skipulagi sínu og getur það kallað á breytingar á eftirlitssvæðunum. Miðað við núverandi uppbyggingu Umhverfisstofnunar verða þau svæði sem eftirlitsráðgjafar þjóna væntanlega færri þar sem stefnt er að því að nýta starfsstöðvar Umhverfisstofnunar á landsbyggðinni við eftirlitsverkefni. Þær eru nú á Akureyri og Egilsstöðum og í þjóðgörðunum í Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi.

Ætlunin er að leggja meiri áherslu á að nýta staðkunnáttu eftirlitsráðgjafanna á hönnunar- og undirbúningsstigi framkvæmda þannig að bæði liggi fyrir skoðun starfmanna stofnunarinnar og eftirlitsráðgjafa þegar gerðar verða athugasemdir við útfærslu framkvæmda. Enn fremur er stefnt að auknu samstarfi við Vegagerðina í hverju umdæmi vegna vegafram-

kvæmda. Á grundvelli þess er ætlunin að meta hver eftirlitsþörfin er, hvernig eftirlitið þarf að fara fram og hvernig best sé að skipta því milli eftirlitsráðgjafa og Umhverfisstofnunar. Þessar hugmyndir eru í mótun og hafa ekki verið formlega kynntar.

Eftirlitsráðgjafar starfa sem verktakar og eru þannig milliliður í samskiptum Umhverfisstofnunar og framkvæmdaraðila en það hefur í sumum tilfellum hægt á afgreiðslu mála. Úr því þarf að bæta.

1570. Svar [962. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um Samkeppnisstofnun.

1. *Hefur á síðustu tíu árum verið gerð úttekt á starfsemi Samkeppnisstofnunar og ef svo er, hver var niðurstaðan?*

Embætti ríkisendurskoðanda annast árlega endurskoðun á reikningum Samkeppnisstofnunar en á síðustu tíu árum hefur ekki verið gerð stjórnsýsluúttekt á stofnuninni. Hins vegar hefur viðskiptaráðuneytið farið þess á leit við ríkisendurskoðanda að slík stjórnsýsluúttekt fari fram á Samkeppnisstofnun eins og á öðrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra. Það er gert með hliðsjón af almennum sjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti. Samkvæmt upplýsingum ríkisendurskoðanda er slík endurskoðun á dagskrá stofnunarinnar.

2. *Hyggst ráðherra grípa til ráðstafana til að auka afkastagetu Samkeppnisstofnunar?*

Dagleg stjórn Samkeppnisstofnunar er í höndum forstjóra hennar og hefur ráðherra ekki afskipti af starfsemi eða skipulagi hennar umfram það sem felst í að tryggja henni fjármagn til rekstrarins. Ráðherra hefur marglýst yfir nauðsyn þess að efla starfsemi Samkeppnisstofnunar og hefur beitt sér fyrir því á undanförnum árum. Þannig hafa fjárveitingar til stofnunarinnar aukist úr 118,7 millj. kr. árið 2000 í 157,3 millj. kr. á fjárlögum ársins 2004. Sífellt er unnið að því að reyna að styrkja sem best starfsemi stofnunarinnar en ákvarðanir um aukin fjárframlög til hennar eru í höndum Alþingis. Á næstunni má gera ráð fyrir að ný verkefni verði færð til Samkeppnisstofnunar og mun viðskiptaráðherra sérstaklega beita sér fyrir því í ríkisstjórn að fjárframlög til þeirra verkefna verði tryggð.

1571. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga ársins 2000 er hið þriðja í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2000. Í þessu nefndaráliti hefur lítinn tilgang að fjalla um stöðu einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2000 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er þrjár greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þessara útgjalda. Stofnunin hefur því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Að mati 1. minni hluta þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

Önnur grein frumvarpsins sýnir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 sem falla niður. Samkvæmt þessari grein eru veittar „viðbótarfjárheimildir" að fjárhæð 26,6 milljarðar kr. Stærstu liðirnir eru lífeyrisskuldbindingar að upphæð 17,5 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna að upphæð 7,4 milljarðar kr. Engar skýringar eru gefnar á þessum frávikum eins og fjárreiðulögin gera þó ráð fyrir.

Þriðja grein frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2000 þar með staðfestur. Í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu frá 18. febrúar sl. er fjallað um fjárheimildir í árslok 2000. Þar kemur fram að samkvæmt BÁR (Bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins) nam staða fjárheimilda í árslok 4,1 milljarði kr. Í BÁR hefur svokölluðum beinum breytingum, alls að fjárhæð 26,8 milljörðum kr., verið bætt við fjárheimildir ársins. Síðan segir orðrétt: „Þessar fjárheimildir eiga sér ekki stoð í lögum og eins og fram kom hér á undan er það mat fjármálaráðuneytisins að bakfæra eigi allar slíkar heimildir." Fram kemur að vegna þessa er samsvarandi heimildastaða í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2000 755,3 millj. kr. lægri en staðan í BÁR. Víðar er ósamræmi á milli stöðu heimilda samkvæmt ríkisreikningi ársins 2000 og frumvarps til lokafjárlaga ársins 2000. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra. Spyrja má hvort eðlilegt sé að samþykkja ríkisreikning óbreyttan að fengnum þessum upplýsingum.

Fjármálaráðuneytið tekur þannig undir þá gagnrýni sem birtist í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 þar sem stofnunin gerir fyrirvara um réttmæti fjárheimilda sem birtast í reikningnum. Að mati stofnunarinnar endurspegla þær fjárheimildir sem tilgreindar eru þar ekki þær heimildir til útgjalda sem Alþingi hefur samþykkt eða sem heimilar eru skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Með frumvarpinu fylgir yfirlit yfir flutning á fjárheimildum á milli ára, þ.e. bæði skuldum og inneignum. Skuldir sem fluttar eru milli ára nema 4,4 milljörðum kr. en inneignir 7,5 milljörðum kr. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þann vanda sem þessi flutningur á milli ára hefur skapað. Þetta hefur m.a. leitt til þess að

ekki er tekið á fjárhagsvanda fjölmargra stofnana heldur er hann látinn óleystur ár eftir ár. Þetta er ekki í samræmi við anda fjárreiðulaganna þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að þessir flutningar tengist flutningi einstakra verkefna á milli ára en ekki hallarekstri, sem byggist oft og tíðum á röngum grunni. Á slíkum vandamálum á að taka í fjárlögum og upplýsa þingið um ástæður hallarekstrarins.

Á sama hátt má gagnrýna uppsöfnun fjárheimilda. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar er þetta gagnrýnt og bent á að það geti ekki talist eðlilegt að rekstur skili afgangi ár eftir ár. Í slíkum tilfellum þurfi að fara fram mat á því hvort rekstrargrunnur hlutaðeigandi stofnunar hafi verið ofáætlaður. Að mati 1. minni hluta á þetta einnig við um stofnanir sem búa við sífelldan hallarekstur, í þeim tilfellum þarf að meta hvort rekstrargrunnurinn sé vanáætlaður.

Meðan frumvarp til lokafjárlaga fylgir ekki ríkisreikningi hefur efnisleg umfjöllun lítinn tilgang. Það er ámælisvert að ákvæði fjárreiðulaga um frumvarp til lokafjárlaga skuli ekki enn um sex árum frá gildistöku laganna hafa náðst. Samþykkt frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2000 hefur lítinn tilgang þar sem það er ekki í samræmi við ríkisreikning. Ljóst virðist að minnsta kosti að 3. gr. frumvarpsins getur Alþingi ekki samþykkt þar sem ekki er hægt að staðfesta ríkisreikning fyrir árið 2000 þegar fyrir liggur að hann er talnalega rangur.

Alþingi, 3. maí 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Jón Gunnarsson.

Helgi Hjörvar.

1572. Breytingartillögur [569. mál]

við frv. til l. um siglingavernd.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðjóni Hjörleifssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóhanni Ársælssyni, Birki J. Jónssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „alþjóðasamþykktar um siglingavernd“ í 2. tölul. komi: siglingaverndar.
   b. Í stað orðsins „skips“ í 8. tölul. komi: skipa.
2. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

1573. Svar [831. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Byndísar Hlöðversdóttur um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert til að skapa skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, eins og kveðið er á um í þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997?

Utanríkisráðherra lagði fram á 125. löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samhliða lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Samþykktin var formlega fullgilt 22. júní 2000 fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.

1574. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að taka ákvörðun um framtíðarhlutverk tryggingaráðs. Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt hefur tryggingaráð varla nokkurt hlutverk lengur án þess þó að ráðið hafi formlega verið lagt niður.

Tryggingaráð hafði veigamikið hlutverk á meðan það setti reglur um ýmsar bætur almannatrygginga en hafði jafnframt úrskurðarvald um afgreiðslu Tryggingastofnunar á erindum. Hugmyndir um nauðsyn á aðskilnaði milli þeirra sem reglurnar settu og þeirra sem úrskurðuðu um réttmæti afgreiðslu samkvæmt sömu reglum leiddu til þess að sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga fékk úrskurðarhlutverkið.

Nú er lagt til að heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um ýmsar bætur falli endanlega niður og í staðinn setji ráðherra reglugerðir. Hér er um eðlilega breytingu að ræða en þó verður jafnframt að telja eðlilegt að tryggingaráð eða stjórn stofnunarinnar, sem sett verður á laggirnar ef breytingartillögur meiri hlutans ná fram að ganga, muni m.a. hafa það hlutverk að leggja til við ráðherra nauðsynlegar reglugerðarsetningar eða breytingar þótt endanlegt vald verði að sjálfsögðu í höndum ráðherra.

Tryggingastofnun er ákaflega stór ríkisstofnun hvort sem horft er til starfsmannafjölda eða veltu. Sömuleiðis gegnir Tryggingastofnun lykilhlutverki í velferðarkerfi þjóðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingaráð starfi áfram, en hlutverk ráðsins er engan veginn skýrt og það orðalag 6. gr. almannatryggingalaga að ráðið skuli hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar er óljóst.

Fyrsti minni hluti telur nauðsynlegt að stofnun sem hefur það umfang sem Tryggingastofnun hefur heyri undir stjórn með skýrar starfsreglur, eins og meiri hlutinn leggur til, þannig að enginn velkist í vafa um vald- og verksvið hennar.

Fyrsti minni hluti tekur að mestu undir hugmyndir meiri hlutans um skipan stjórnar en telur þó nauðsynlegt að opnað verði á hugmyndir, sem áður hafa komið fram hjá þingmönnum Samfylkingarinnar, um að þeir sem þjónustu Tryggingastofnunar njóta og starfsmenn hennar hafi áheyrnarfulltrúa í stjórninni. Lagt er til að Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hvort til tveggja ára með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn stofnunarinnar tilnefni einnig einn áheyrnarfulltrúa. Með því yrðu boðleiðir styttar milli stjórnar annars vegar og notenda þjónustu og starfsmanna hins vegar.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Jón Gunnarsson, frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Brynja Magnúsdóttir.

1575. Breytingartillögur [341. mál]

við brtt. á þskj. 1537 [Almannatryggingar og félagsleg aðstoð].

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (JGunn, ÁÓÁ, BrM).

1. Við 2. tölul. Á eftir 2. efnismálsl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna hvort um sig einn áheyrnarfulltrúa til tveggja ára í senn með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins eða samtök þeirra tilnefna einnig einn áheyrnarfulltrúa með sömu réttindi.
2. Við 9. tölul. 2. efnismgr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laganna skal skipa stjórn Tryggingastofnunar ríkisins í fyrsta sinn 1. janúar 2005. Fram að þeim tíma skal umboð tryggingaráðs sem nú situr halda gildi sínu. Ráðherra skal jafnframt setja núverandi forstjóra erindisbréf, sbr. 6. gr. laganna, ekki síðar en 1. janúar 2005.

1576. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Frá 2. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Tryggingastofnun ríkisins gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í velferðarkerfi Íslendinga. Þjónusta Tryggingastofnunar grundvallast á lögum um almannatryggingar, um félagslega aðstoð, um fæðingar- og foreldraorlof, um heilbrigðisþjónustu og um sjúklingatrygg-

ingu. Í staðtölum almannatrygginga 2002 kemur fram að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála það ár námu tæpum 47 milljörðum kr. sem er tæplega fimmtungur af heildarútgjöldum ríkissjóðs ef stuðst er við þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna. Vegna hins þýðingarmikla hlutverks er mikilvægt að skýr ákvæði séu í lögum um starfsemi stofnunarinnar og skipulag.

Annar minni hluti telur rétt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fari með yfirstjórn og ábyrgð almannatrygginga en Tryggingastofnun annist framkvæmdina, jafnframt að ráðherra skipi forstjóra sem annist daglegan rekstur og beri ábyrgð gagnvart ráðherra.

Tryggingaráð sem skipað er af Alþingi hefur gegnt mikilvægu hlutverki í starfi Tryggingastofnunar og þjónustu við sjúklinga. Það hafði um árabil það hlutverk að setja reglur og úrskurða um réttindi sjúklinga. Nú hafa þessi verkefni verið tekin af tryggingaráði, setning reglugerða hefur verið falin ráðherra og úrskurðir sjálfstæðri nefnd og er það fyrirkomulag endanlega staðfest í frumvarpinu. Hlutverk tryggingaráðs hefur því orðið veigaminna en áður en eftir stendur mikilvægt eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar og því að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

Vegna hins þýðingarmikla hlutverks sem Tryggingastofnun hefur í velferðarkerfinu telur 2. minni hluti mikilvægt að gæta þess að öll pólitísk sjónarmið ásamt faglegri þekkingu komi fram innan eftirlits og ráðgjafaráðs Tryggingastofnunar og því sé rétt að Alþingi kjósi fulltrúa í tryggingaráð líkt og í útvarpsráð og í stjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er á ábyrgð stjórnmálaflokkanna að gæta þess að hinir pólitísku fulltrúar séu fullgildir til setu í tryggingaráði, þ.e. búi yfir þekkingu eða reynslu á sviði stofnunarinnar.

Annar minni hluti telur að hlutverk tryggingaráðs eigi að vera að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar og að gæta þess að hún starfi í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma eins og verið hefur. Samkvæmt skipuriti Tryggingastofnunar heyrir endurskoðunardeild um innri málefni stofnunarinnar undir tryggingaráð og telur 2. minni hluti rétt að halda þeirri skipan svo að ráðið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þetta fyrirkomulag skerðir á engan hátt eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar eða heilbrigðisráðuneytisins en eftirlitshlutverkin skarast að hluta. Vegna umfangs og hlutverks stofnunarinnar er að mati 2. minni hluta mikilvægt að hafa gott innra eftirlit og getur það vegið þyngra en skörun við eftirlitshlutverk annarra stjórnsýslustofnana.

Á Norðurlöndunum er stjórnsýsla almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar með mismunandi hætti en löndin eiga það sameiginlegt að fulltrúar í stjórnum þessara stofnana eru pólitískt kjörnir en ekki skipaðir af ráðherra.

Fulltrúar í tryggingaráði hafa búið yfir mikilli þekkingu og langri reynslu sem hefur ásamt mismunandi pólitískum sjónarmiðum nýst stofnuninni vel. Þessa auðlind á að nýta betur, m.a. með því að ráðið verði forstjóra og heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um t.d. reglur og síðast en ekki síst sé fulltrúi neytenda og gæti hagsmuna þeirra.

Með breytingartillögum meiri hlutans er vald og áhrif flutt frá Alþingi til ráðherra. Með þessari breytingu er enn verið að styrkja stöðu framkvæmdarvaldsins undir þeim formerkjum að með því sé stjórnsýslan gerð skilvirkari.

Annar minni hluti styður þann hluta frumvarpsins sem lýtur að skipan tryggingaráðs og stjórnsýslulegri stöðu Tryggingastofnunar ríkisins.

Alþingi, 28. apríl 2004.

Þuríður Backman.

1577. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Borghildi Erlingsdóttur og Lilju Aðalsteinsdóttur frá Einkaleyfastofu.

Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi hugvitsmanna, Kennaraháskóla Íslands, áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Einkaleyfastofunni, Iðntæknistofnun, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Vísinda- og tækniráði, Háskólanum á Akureyri og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta heimildir til að gefa ELS-tíðindi út á rafrænan hátt og þar á meðal á netinu. Einkaleyfastofa sér um að birta almenningi allar tilkynningar varðandi umsóknir og skráningar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar í ELS-tíðindum og hefur birt þau á netinu samhliða hinni prentuðu útgáfu frá árinu 2001. Hægt er að nálgast öll tölublöð ELS-tíðinda frítt á netinu frá október 1990.

Samkvæmt frumvarpinu verða ELS-tíðindin þó einungis gefin út á netinu og miðast réttaráhrif birtingar við tilgreindan útgáfudag þegar þeim er dreift á netinu.

Á fundum nefndarinnar kom fram að nú kostar hvert eintak ELS-tíðinda í lausasölu 300 kr. hjá Einkaleyfastofunni en prentun þeirra verður hætt. Hins vegar verður þó áfram hægt að nálgast útprentað eintak eða einstaka hluta þess gegn greiðslu og verða ákvæði um kostnað sett í reglugerð. Nefndin leggur áherslu á að gjaldið fyrir útprentun og sendingu verði hóflegt og endurspegli þann kostnað sem Einkaleyfastofan hefur af þjónustunni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu þessa máls.
Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kristján L. Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Björgvin G. Sigurðsson.

1578. Fyrirspurn [977. mál]

til landbúnaðarráðherra um Fiskræktarsjóð.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hver hefur árlegur rekstrarkostnaður Fiskræktarsjóðs verið sl. fimm ár?
2. Hverjir voru helstu kostnaðarliðir í rekstri á þessum tíma og hvernig skiptast þeir?
3. Hverjir hafa skipað stjórn sjóðsins sl. fimm ár?
4. Hverjir hafa fengið styrki úr sjóðnum sl. fimm ár?
5. Hve hátt hlutfall styrkja fór til stofnana ríkisins eða verkefna sem þær tengdust og hve hátt hlutfall fór til annarra?
6. Hvernig er umsýslu sjóðsins háttað?
7. Hvernig ávaxtar sjóðurinn höfuðstól sinn?

Skriflegt svar óskast.

1579. Svar [716. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um styrki til menningar heyrnarlausra.

1. *Hvað hefur menntamálaráðuneytið veitt mikið fé í leiklist heyrnarlausra síðustu tíu árin?*

Árið 2000 var Draumasmiðjunni veittur verkefnastyrkur að fjárhæð 1,5 millj. kr. til að setja upp barnaleikrit sem einnig var leikið á táknmáli. Á umræddu tímabili hefur ráðuneytið veitt ýmsa styrki sem tengjast leiklist heyrnarlausra, þ.e. námskeiðum, ferðum á erlendar hátíðir og ráðstefnur, þýðingum verka á táknmál o.s.frv. Þessir styrkir hafa numið 100–300 þús. kr. á ári.

2. *Hefur ráðherra veitt fé til táknmálstúlkunar á barnaleikriti eða öðru leikriti og ef svo er, hversu mikið?*

Í skjalasafni ráðuneytisins er ekki að finna umsóknir um styrki til táknmálstúlkunar á leikritum ef frá er talin umsókn um þýðingu á barnaleikritinu Benedikt búálfi yfir á táknmál. Í því tilviki var veittur styrkur að fjárhæð 150 þús. kr. árið 2002.

3. *Hefur ráðherra veitt fé til eflingar táknmálsleikhúsi og ef svo er, hversu mikið?*
4. *Hefur ráðherra með einhverjum hætti stuðlað að því að leiklist heyrnarlausra fái að dafna til jafns við almenna leiklist?*

Ráðuneytið hefur ekki beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum til að efla táknmálsleikhús eða leiklist heyrnarlausra og ekki hafa komið fram óskir eða áætlanir þar að lútandi sem ráðuneytið hefur þurft að taka afstöðu til.

5. *Hefur ráðherra veitt fé vegna táknmálsins í tengslum við Listahátíð eða aðrar opinberar samkomur, leiksýningar eða annað sem tengist menningu hvers konar og ef svo er, hversu mikið?*

Vísað er til svara hér á undan. Fjárveitingar ráðuneytisins eða Alþingis til listviðburða, hátíða eða annarra menningarviðburða eru að öllu jöfnu til viðburðanna í heild en ekki sérgreindar fyrir einstök atriði, þætti eða hluta framkvæmdar. Ráðuneytið hefur ekki fjárheimildir til að kosta tálknmálstúlkun á einstökum viðburðum eða samkomum.

1580. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga ársins 2001 er hið fjórða í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2001. Í þessu nefndaráliti hefur lítinn tilgang að fjalla um stöðu einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2001 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum né heldur um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Frumvarpið er þrjár greinar. Sú fyrsta fjallar um breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga. Hvergi er að finna í lögum um fjárreiður ríkisins ákvæði sem heimilar að fjárheimildum stofnana sé breytt með þessum hætti. Líta verður svo á að í fjárlögum sé veitt tiltekin útgjaldaheimild og síðan sýnd áætluð fjármögnun þessara útgjalda. Stofnunin hefur því ekki heimild til að fara út fyrir þann útgjaldaramma sem settur er í fjárlögum þótt ríkistekjur aukist. Það væri aðeins réttlætanlegt ef kostnaðarauki stofnunar stæði í réttu hlutfalli við tekjuaukann. Að mati 1. minni hluta þarf að lögfesta þessa framkvæmd og setja um hana skýrar reglur.

Önnur grein frumvarpsins sýnir afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2001 sem falla niður. Samkvæmt þessari grein eru veittar „viðbótarfjárheimildir" að fjárhæð 6,8 milljarðar kr. Stærsti liðurinn eins og undanfarin ár er afskriftir skattkrafna að upphæð 1,6 milljarðar kr. Engar skýringar eru gefnar á þessum frávikum eins og fjárreiðulögin gera þó ráð fyrir.

Þriðja grein frumvarpsins kveður á um að lögin taki þegar gildi og yrði ríkisreikningur fyrir árið 2001 þar með staðfestur. Eins og fram kemur í nefndaráliti 1. minni hluta um frum-

varp til lokafjárlaga fyrir árið 2000 er víða ósamræmi milli frumvarpsins og ríkisreiknings. Þetta ósamræmi heldur áfram milli ára meðan ekki hefur verið tryggt samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra.

Með frumvarpinu fylgir yfirlit yfir flutning á fjárheimildum á milli ára, þ.e. bæði skuldum og inneignum. Skuldir sem fluttar eru milli ára nema 5,7 milljörðum kr. en inneignir 9,1 milljarði kr. 1. minni hluti fjárlaganefndar hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um þann vanda sem þessi flutningur á milli ára hefur skapað. Þetta hefur m.a. leitt til þess að ekki er tekið á fjárhagsvanda fjölmargra stofnana heldur er hann látinn óleystur ár eftir ár. Þetta er ekki í samræmi við anda fjárreiðulaganna þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að þessir flutningar tengist flutningi einstakra verkefna á milli ára en ekki hallarekstri, sem byggist oft og tíðum á röngum grunni. Á slíkum vandamálum á að taka í fjárlögum og upplýsa þingið um ástæður hallarekstrarins. Meta þarf m.a. hvort rekstrargrunnurinn sé vanáætlaður. Á sama hátt má gagnrýna uppsöfnun fjárheimilda, t.d. þegar rekstur skilar afgangi ár eftir ár. Í slíkum tilfellum þarf að fara fram mat á því hvort rekstrargrunnur hlutaðeigandi stofnunar hafi verið ofáætlaður.

Meðan frumvarp til lokafjárlaga fylgir ekki ríkisreikningi hefur efnisleg umfjöllun lítinn tilgang. Það er ámælisvert að ákvæði fjárreiðulaga um frumvarp til lokafjárlaga skuli ekki enn um sex árum frá gildistöku laganna hafa náðst. Samþykkt frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2001 hefur lítinn tilgang þar sem það er ekki í samræmi við ríkisreikning. Ljóst virðist að minnsta kosti að 3. gr. frumvarpsins getur Alþingi ekki samþykkt þar sem ekki er hægt að staðfesta ríkisreikning fyrir árið 2001 þegar fyrir liggur að hann er talnalega rangur vegna ósamræmis frá árinu 2000.

Alþingi, 4. maí 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Jón Gunnarsson.

Helgi Hjörvar.

1581. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson og Karl Alvarsson frá samgönguráðuneyti, Þorleif Þór Jónsson frá Samtökum atvinnulífsins, Baldvin Sigurpálsson og Ómar Jóhannsson frá Landssambandi sendibifreiðastjóra, Stein Sigurðsson frá Félagi hópferðaleyfishafa, Óla H. Þórðarson frá umferðarráði, Fjólu Gunnarsdóttur frá Löggildingarstofu, Herdísi L. Storgaard frá Árvekni, Jón Rögnvaldsson og Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni, Grétar Jónasson frá Landssambandi lögreglumanna, Þorgrím Sigurðsson frá lögreglunni í Reykjavík og Erlend Baldursson frá Fangelsismálastofnun.

Málið er fyrsta umferðarlagamálið sem samgöngunefnd afgreiðir frá því að málaflokkurinn færðist frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis og þar með á milli fagnefnda þingsins. Nefndin tók málið til allítarlegrar skoðunar og í umræðum með gestum og í skriflegum umsögnum komu fram mjög mikilvægar upplýsingar sem sumar hverjar urðu grundvöllur að tillögum nefndarinnar um breytingar á frumvarpinu. Þá komu einnig fram athugasemdir sem nefndin vill að teknar verði til skoðunar þó svo að hún geri ekki tillögur um lagabreytingar vegna þeirra á þessu stigi.

Þar ber fyrst að nefna að nefndin hefur farið fram á við samgönguráðuneyti að ákvæði reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins verði tekin til athugunar og skoðað hvort ekki sé rúm til að taka tillit til þess þegar ökumenn lenda í vanda við flutninga vegna veðurs. Við umræður í nefndinni kom fram að til stendur að taka til endurskoðunar þær reglur sem gilda um þetta á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin leggur áherslu á að reynt verði að finna leiðir til að taka tillit til þess þegar landflutningar tefjast um margar klukkustundir vegna skyndilegra veðurbreytinga eða ófærðar.

Við umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins bentu umsagnaraðilar á að tilefni sé til að taka til skoðunar reglur um barnabílstóla. Í máli gesta kom fram að alloft séu leiðbeiningar sem fólk fær við kaup á bílum og öryggisbúnaði fyrir börn ófullnægjandi. Þá kemur fyrir að fólk noti barnabílstóla sem passa ekki í viðkomandi bíla en eftirlit og leiðbeiningar um slíkt skortir. Nokkur vilji var í nefndinni til að taka tillit til þessara ábendinga með breytingartillögum en eftir nánari umfjöllun var ákveðið að skoða þetta frekar í samvinnu við ráðuneyti og fleiri aðila enda er mikilvægt að vandað verði til verka og allar breytingar á þessu sviði verði kynntar vel.

Þá kom fram á meðan nefndin hafði málið til athugunar að Reykjavíkurborg hefur ekki talið sér heimilt fyrr en nú að sekta bifreiðar sem lagt er ólöglega í stæði merkt fötluðum á einkalóðum. Nefndin telur að athuga verði réttarreglur hvað þetta varðar svo að öllum vafa verði eytt enda er alvarlegt ef fólk leggur í slík stæði í trausti þess að það verði ekki sektað og beinir nefndin því til ráðherra að taka málið til skoðunar.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

1. Að orðinu „farartæki“ í c-lið a-liðar 1. gr. verði breytt í „ökutæki“ til samræmis við annan texta í lögunum. Einnig eru hraðamörk vegna hlaupahjóla sett 8–15 km á klst., m.a. vegna athugasemda Löggildingarstofu sem taldi að tæki sem gerð væru fyrir akstur undir 8 km ættu að falla undir leikfangastaðla og reglugerð um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, nr. 408/1994. Þá er vert að geta þess að tilskipun Evrópusambandsins 2002/24/EB, um tegundarviðurkenningar fyrir tveggja eða þriggja hjóla ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, nær ekki til þessara hlaupahjóla þar sem sérstaklega er tekið fram í c-lið a-liðar 1. gr. frumvarpsins að slíkum farartækjum megi ekki aka á akbrautum.
2. Að í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ komi „ráðherra“ enda hefur framkvæmd umferðarlaga nú verið færð frá dómsmálaráðherra til samgönguráðherra.
3. Að notað verði orðið „öryggispúði“ í stað „loftpúði“. Orðið loftpúði er í reglugerð um gerð og búnað ökutækja notað um tiltekinn hluta fjaðrabúnaðar í stórum bifreiðum og því getur valdið ruglingi að nota það einnig um uppblásanlega púða inni í bifreiðum.
4. Að orðið „viðurkenndan“ komi fyrir framan orðið „hlífðarhjálm“ í 6. gr. og þannig lögð áhersla á að þeir hlífðarhjálmar sem notaðir eru uppfylli lágmarksstaðla og kröfur sem gerðar eru til slíkra persónuhlífa samkvæmt reglugerðum sem um þær gilda.

5. Að lokamálsliður b-liðar 8. gr. falli brott. Í nefndinni spannst töluverð umræða um 8. gr. frumvarpsins og áhrif hennar. Eftir þá umræðu telur nefndin að mikilvægt sé að taka til heildarendurskoðunnar refsingar við ölvunarakstri og m.a. hvort ekki megi fjölga eða breyta úrræðum í einhverjum tilfellum. Nefndin mun ræða þetta frekar við samgönguráðuneyti.
6. Að gerðar verði breytingar á 106. gr. laganna sem færi endurveitingu ökuréttar til þeirra sem hafa verið sviptir honum í lengri tíma en þrjú ár frá ráðuneyti til ríkislögreglustjóra sem aftur getur falið lögreglustjórum framkvæmdina. Samkvæmt gildandi 106. gr. umferðarlaga er ráðherra heimilt að veita manni, sem sviptur hefur verið ökurétti um lengri tíma en þrjú ár, ökuréttinn að nýju. Ef viðkomandi hefur verið sviptur ökurétti ævilangt getur endurveiting þó ekki átt sér stað fyrr en að fimm árum liðnum. Þá er kveðið á um það í lögunum að einungis skuli heimila endurveitingu að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

   Í reynd hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að þegar svipting hefur staðið í tilgreindan tíma hefur endurveiting verið heimiluð nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákveðnar reglur hafa skapast við framkvæmd endurveitinga, t.d. ef umsækjandi hefur brotið af sér á sviptingartímanum og ekið án réttinda hefur sviptingartíminn lengst við hvert brot um þrjá mánuði, þó ekki lengur en eitt ár. Einnig hefur verið skoðuð sakaskrá og eftir atvikum málaskrá lögreglu auk þess sem leitað hefur verið umsagnar lögreglustjóra í umdæminu þar sem viðkomandi býr. Afgreiðsla þessara mála felst helst í að afla sakarvottorðs og leita umsagna hjá lögreglustjóra. Flest málanna snúast eingöngu um tímasetningar. Í undantekningartilvikum reynir á álitamál eins og brotaferil varðandi brot erlendis og mat á endurveitingu vegna þess.

   Þar sem stærstur hluti þessara mála er hrein afgreiðslumál þykir eðlilegra að með þau sé farið eins og aðra afgreiðslu hjá lögreglu, t.d. útgáfu ökuskírteina. Ríkislögreglustjóri heldur málaskrá og hefur upplýsingar um ökuferil viðkomandi umsækjanda frá sviptingu. Þrátt fyrir að framkvæmd endurveitinga færist til ríkislögreglustjóra er gert ráð fyrir að úrvinnsla málanna fari fram hjá lögreglustjórum með svipuðum hætti og gert er við veitingu ökuskírteina. Með þessu fyrirkomulagi verður stjórnsýsla þessara mála mun skilvirkari

   Þá er gert ráð fyrir að umsækjandi um endurveitingu geti kært synjun lögreglustjóra til ráðuneytisins telji hann gengið á rétt sinn. Með þessu verða til tvö stjórnsýslustig við meðferð þessara mála sem eykur réttaröryggi borgaranna. Að lokum er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um nýja málsmeðferð.
7. Að ný grein bætist við frumvarpið þar sem fram komi að með lögunum séu innleiddar tvær EB-tilskipanir, tilskipun ráðsins 2002/24/EB, IV. viðauki, og tilskipun 2003/20/EB.
8. Að sú grein sem nefndin gerir tillögu um að bætist við frumvarpið varðandi endurveitingu ökuréttar taki gildi 1. september 2004 þó svo að önnur ákvæði öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þuríður Backman sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu en áskilur sér rétt til að koma fram með og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 29. apríl 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

1582. Breytingartillögur [464. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. C-liður a-liðar orðist svo: Lítil vél- eða rafknúin ökutæki, sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.
2. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í efnismgr. 3. gr., b-lið 4. gr., 7. efnismgr. 5. gr. og a-lið 9. gr. komi: ráðherra.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „loftpúða“ í 3. efnismgr. komi: öryggispúða.
4. Við 6. gr. Á undan orðinu „hlífðarhjálm“ komi: viðurkenndan.
5. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „1.000 milligrömm“ í a-lið komi: 1,00 milligramm.
   b. Lokamálsliður b-liðar falli brott.
6. Við bætist ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóri.
   b. Orðin „en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra“ í 2. mgr. falla brott.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Heimilt er að skjóta synjun ríkislögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til ráðherra með kæru. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um endurveitingu ökuréttar.
7. Við 10. gr. er verði 11. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:
   a. Í stað tilvísunarinnar „skv. 1. mgr. 108. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr.
   b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Gjald vegna vanrækslu á skoðun skv. g-lið 1. mgr. 108. gr. hvílir á eiganda eða umráðamanni ökutækis.

c. 3.–5. málsl. 1. mgr. verða 2. mgr.
d. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 3. mgr.

8. Við bætist ný grein er verði 12. gr. og orðist svo:
Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2002/24/EB, IV. viðauka, og til innleiðingar á tilskipun 2003/20/EB.

9. Við 11. gr. er verði 13. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 9. gr. sem öðlast gildi 1. september 2004.

1583. Svar [839. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um EES-reglur um bifreiðar.

1. *Hvernig gengur að taka upp hér á landi reglur þær sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um upphækkun og aðrar breytingar á jeppum, sendibílum og vörubílum?*

Settar hafa verið samræmdar reglur um heildargerðarviðurkenningu bifreiða á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa reglurnar verið innleiddar hér á landi. Hvert land getur þó sett eigin reglur um einstakar bifreiðar og breytingar á þeim ef þær falla undir heildargerðarviðurkenningu Evrópska efnahagssvæðisins. Ekki má fara með slíkar bifreiðar til annarra landa nema þær séu skoðaðar sérstaklega í viðkomandi landi.

2. *Hvernig er eftirliti háttað með öryggi breyttra bifreiða?*

Hér á landi skal samkvæmt gildandi reglum um gerð og búnað ökutækja færa bifreið sem breytt er til sérstakrar skoðunar í skoðunarstöð. Við skoðun er sannreynt að breytingar séu í samræmi við heimildir í reglugerð en einnig þarf að liggja fyrir að allir hlutir í stýrisbúnaði sem hefur veið breytt hafi verið athugaðir af Iðntæknistofnun, einkum með tilliti til styrkleika. Að öðru leyti gilda sömu reglur um reglubundna skoðun breyttra bifreiða og annarra bifreiða.

1584. Nefndarálit [948. mál]

um frv. til l. um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Hildi Sverrisdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem gerður var í Karlskrona 18. ágúst 2003 verði lögfest hér á landi en hann kemur í stað Norðurlandasamnings sama efnis frá 15. júní 1992, sbr. lög nr. 46/1993. Lagt er til að þau lög falli úr gildi við samþykkt frumvarpsins.

Leitað hefur verið heimildar Alþingis til að staðfesta samninginn og er tillaga þess efnis til umfjöllunar á Alþingi (þskj. 1452, 949. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.	Dagný Jónsdóttir.

1585. Fyrirspurn [978. mál]

til menntamálaráðherra um nám í fótaaðgerðafræði.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hyggst ráðherra leita umsagnar landlæknis og heilbrigðisráðuneytis um fyrirliggjandi tillögu að námskrá fyrir nám í fótaaðgerðafræði?
2. Hyggst ráðherra gangast fyrir því að slíku námi verði komið á hér á landi og ef svo er, hvenær má vænta þess?

1586. Fyrirspurn [979. mál]

til félagsmálaráðherra um vernd ungmenna gegn kynferðisofbeldi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað vinnu stjórnvalda við vernd barna og ungmenna gegn kynferðisofbeldi?
2. Eru uppi áform um að hækka kynferðislegan lögaldur ungmenna sem lið í slíkri vernd?
3. Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við þörf fyrir neyðarvistun ungmenna, nú þegar Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu hefur verið lokað?

1587. Fyrirspurn [980. mál]

til viðskiptaráðherra um niðurstöðu Samkeppnisstofnunar í máli tryggingafélaganna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirra ummæla forsvarsmanna Sjóvár – Almennra og Vátryggingafélags Íslands að hvorki hafi verið tilefni til umfangsmikillar rannsóknar Sam-

keppnisstofunar á meintu samráði tryggingafélaganna né að sekta þau og að ekki hafi verið um verðsamráð eða samstilltar aðgerðir tryggingafélaganna að ræða?
2. Er ástæða til að ætla að vegna fjárskorts Samkeppnisstofnunar og skorts á mannafla hafi tekið svo langan tíma að fá niðurstöðu í meint samráð tryggingafélaganna?
3. Telur ráðherra ástæðu til endurskoðunar á samkeppnislögum í ljósi þess að samkeppnisyfirvöld töldu ekki ástæðu til að beita fjársektum við brotum tryggingafélaganna vegna þess hve langan tíma rannsóknin tók?
4. Hvert er álit ráðherra á því að Samkeppnisstofnun geti ekki sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti sökum fjárskorts og mun ráðherra beita sér fyrir auknum framlögum til stofnunarinnar á þessu eða næsta ári?
5. Hver var kostnaður Samkeppnisstofnunar við rannsóknina í heild og sundurliðað eftir árum?
6. Hver var aðkeyptur sérfræðikostnaður við rannsóknina í heild og sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1588. Skýrsla [981. mál]

forsætisráðherra um fátækt á Íslandi.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Félagsmálaráðherra óskaði eftir því í byrjun árs 2003 að stofnaður yrði starfshópur ráðuneyta til að skoða fátækt á Íslandi. Kanna átti sérstaklega skilgreiningar á fátækt, þá hópa sem fallið gætu undir skilgreiningarnar og benda á leiðir til úrbóta. Í starfshópinn voru skipuð þau Fjóla Agnarsdóttir, fjármálaráðuneyti, Gunnar Haraldsson, forsætisráðuneyti, Ingibjörg Broddadóttir, félagsmálaráðuneyti og Magnús Skúlason, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Hópurinn hittist 17 sinnum á tímabilinu.

Eftirfarandi skýrsla er afrakstur vinnu starfshópsins. Skýrslunni er skipt í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er fjallað um skilgreiningar á fátækt. Í öðrum kafla skýrslunnar eru skoðaðir nánar þeir hópar sem falla kunna undir slíkar skilgreiningar og er umræðunni fyrst og fremst beint að öryrkjum, atvinnulausum og þeim sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum. Í þriðja kaflanum er fjallað um hvar skórinn kreppir helst og fjallað um nokkrar leiðir til úrbóta. Notast var við þau tölulegu gögn sem lágu fyrir í janúar 2004.

I. Skilgreiningar á fátækt

Fátækt hefur aðallega verið skilgreind á þrjá vegu og endurspeglast í því hvernig fátækt er mæld. Í flestum vestrænum löndum hefur verið tekin upp hlutfallsleg (eða afstæð) aðferð við að mæla fátækt. Sú aðferð byggist á þeirri hugmynd að sá teljist fátækur sem ekki býr við þau lífskjör sem eru einkennandi fyrir það samfélag sem hann lifir í. Önnur aðferð er að skoða hve mikið fé einstaklingur eða fjölskylda þarf til þess að kaupa það sem nauðsynlegt telst til að lifa mannsæmandi lífi. Þriðja aðferðin byggist á huglægu mati fólks, þ.e. að láta fólk meta sjálft hvort það sé fátækt. Allar hafa þessar aðferðir og skilgreiningar kosti og galla sem hér verður fjallað nánar um.

Miklu skiptir í allri þessari umræðu að skoða nánar hvernig sá hópur fólks, sem telst fátækur, er samsettur. Til hvaða úrræða skuli gripið ræðst að miklu leyti af þessari samsetningu, t.d. ef stór hluti hans er námsfólk, einstæðir foreldrar, atvinnulausir, o.s.frv.

Hlutfallsleg fátækt

Hér á landi og víðast á Vesturlöndum hafa flestar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á fátækt, byggt á því að skilgreina þá fátæka sem hafa samkvæmt ákveðnum skilgreiningum minna ráðstöfunarfé en gengur og gerist í þjóðfélaginu. Þennan mælikvarða má útfæra með ólíkum hætti. Annars vegar má miða við meðaltekjur sem eru einkennandi fyrir þjóðfélagið og hins vegar má miða við miðtekjur. Yfirleitt er svonefnd fátæktarlína dregin þannig að undir henni lenda þeir sem teljast hafa innan við helming af meðal- eða millitekjum, eftir því hvor viðmiðunin er notuð. Þá er ekki óalgengt að fátæktarlínan sé dregin ofan við aðra tíund tekjudreifingarinnar en sé sú skilgreining notuð eru 20% hverrar þjóðar ávallt undir fátæktarmörkum.

Það að notast við hlutfallslega fátækt hefur þann kost að auðvelt er að bera saman aðstæður milli landa. Auk þess er hún ágætur mælikvarði á tekjudreifingu þó svo að tekjudreifing og fátækt þurfi ekki endilega að vera tengdar. Vel má hugsa sér samfélag þar sem tekjudreifing er ójöfn en þar sem þeir sem minnst bera úr býtum búa engu að síður við góðan efnahag.

Helsti ókostur þessarar aðferðar er hins vegar sá að ekki er tekið tillit til aðstæðna og hvar fátæktarlínan er dregin styðst ekki við vísindaleg rök. Einnig skiptir litlu þótt tekjur allra í þjóðfélaginu hækki þá fækkar fátækum ekki. Eina leiðin til að koma í veg fyrir fátækt er því, samkvæmt þessari aðferð, að jafna tekjur allra. Þetta er afleiðing þess að í raun er það tekjujöfnunin ein en ekki tekjustigið sem skiptir máli í þessu samhengi.

Í eftirfarandi töflum má sjá tekjudreifingu þjóðarinnar á verðlagi 2002, hjá einstaklingum, einstæðum foreldrum og fólki í hjúskap og sambúð. Þeim sem hafa tekjur er einfaldlega skipt niður í tíundir og eru þá jafnmargir í hverjum hóp, eða 10% í hverjum. Tölurnar í töflunni tákna meðaltekjur hvers hóps á ári. Í töflu 1 er litið til tekjudreifingar einstaklinga 20 ára og eldri. Yngra fólk en tvítugt er ekki tekið með í þessum útreikningum þar sem til þess hóps teljast námsmenn og aðrir þeir sem eru ekki komnir út á vinnumarkaðinn.

Tafla 1 Heildartekjur einstaklinga, 20 ára og eldri, meðaltal, þús.kr., á verðlagi 2002

Tekjuár	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Fj. í tíund
1995	101	254	400	581	792	994	1.262	1.598	2.070	3.395	7.800
1996	108	278	438	627	834	1.052	1.343	1.702	2.209	3.598	7.881
1997	104	292	466	667	875	1.114	1.426	1.814	2.355	3.874	8.088
1998	109	310	493	711	930	1.211	1.559	1.988	2.590	4.236	8.284
1999	137	378	594	820	1.065	1.377	1.745	2.196	2.825	4.647	8.043
2000	148	421	675	925	1.211	1.548	1.928	2.381	3.005	4.836	7.894
2001	167	460	729	1.006	1.339	1.703	2.095	2.554	3.202	5.073	7.624
2002	157	451	725	1.016	1.356	1.721	2.116	2.586	3.241	5.198	7.392

Neðstu þrjár tekjutíundirnar samsvara mánaðartekjum sem eru lægri en lægstu umsamin laun og bætur. Því verður að ætla að í þeim hópum sé fólk sem hefur ekki stundað fulla vinnu allt árið, stundað nám eða verið í hlutastarfi o.þ.h. Með sama hætti kann að vera að í efstu tíundum sé fólk sem hefur haft tímabundið háar tekjur.

Í töflu 2 er litið til heildartekna einstæðra foreldra eldri en 20 ára.

Tafla 2 Heildartekjur einstæðra foreldra, 20 ára og eldri, meðaltal, þús.kr., á verðlagi 2002

Tekjuár	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Fj. í tíund
1995	192	500	736	929	1.101	1.285	1.495	1.753	2.120	3.197	692
1996	198	513	755	944	1.125	1.321	1.556	1.826	2.243	3.392	705
1997	182	507	762	964	1.167	1.366	1.608	1.899	2.325	3.507	757
1998	186	533	798	1.016	1.245	1.475	1.752	2.098	2.581	3.942	776
1999	186	545	832	1.080	1.330	1.586	1.882	2.243	2.761	4.280	804
2000	181	549	848	1.131	1.407	1.694	2.003	2.359	2.873	4.470	840
2001	217	636	929	1.204	1.491	1.789	2.109	2.480	2.996	4.508	876
2002	224	658	965	1.240	1.515	1.824	2.134	2.519	3.073	4.679	899

Eins og sjá má af þessum tölum ber að túlka þær varlega og ber að hafa sömu fyrirvara um neðstu tekjutíundirnar og hvað varðar töflu 1.

Í töflu 3 er litið til tekjudreifingar hjóna og sambýlisfólks.

Tafla 3 Heildartekjur hjóna eða sambýlisfólks, 20 ára og eldri, meðaltal, þús.kr., á verðlagi 2002

Tekjuár	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Fj. í tíund
1995	925	1.838	2.371	2.831	3.245	3.669	4.149	4.714	5.544	7.939	4.739
1996	952	1.899	2.492	2.994	3.438	3.892	4.406	5.007	5.880	8.347	4.800
1997	951	1.959	2.617	3.165	3.659	4.143	4.676	5.328	6.251	9.268	4.969
1998	975	2.088	2.853	3.459	3.996	4.537	5.133	5.863	6.933	10.273	4.933
1999	1.020	2.203	3.041	3.690	4.256	4.823	5.452	6.213	7.349	11.073	4.946
2000	1.065	2.279	3.163	3.843	4.430	5.013	5.647	6.414	7.558	11.326	5.044
2001	1.100	2.372	3.309	4.024	4.633	5.235	5.902	6.717	7.905	11.677	5.082
2002	1.088	2.383	3.322	4.038	4.658	5.282	5.974	6.827	8.046	11.897	5.136

Sé litið til töflu 3 kemur í ljós að tekjumismunurinn milli þeirra sem eru í efstu tíundunum og þeirra sem eru í neðstu tíundunum hefur aukist nokkuð milli áranna 1995 og 2000, en hins vegar er ekki merkjanleg mikil breyting á misvægi milli annarra tíunda.

Altæk fátækt

Það má ef til vill segja að altæka leiðin liggi beinast við enda hefur hún verið notuð í ýmsum löndum Evrópu og í Ameríku til að meta fátækt. Reynt er að meta hvað teljist til nauðsynja og hvað þær kosti. Þeir sem hafa lægri upphæð úr að spila en sem þessu nemur teljast fátækir. Þessi aðferð hefur þann kost að leitast er við að mæla fátækt en ekki aðeins dreifingu tekna og hún er að sumu leyti auðveld í framkvæmd. Hins vegar hefur hún þann galla að erfitt getur reynst að ákvarða hvað telst til lífsnauðsynja og hvað ekki. Slíkt mat er oft og tíðum mjög huglægt og getur auk þess verið ólíkt frá einum einstaklingi til annars. Annar augljós ókostur er að erfitt er að bera saman ástand í ólíkum löndum og á ólíkum svæðum.

Huglæg fátækt

Sú aðferð að fara eftir því hvort fólki finnst það sjálft vera fátækt hefur þann kost að hún getur verið auðveld í framkvæmd auk þess sem fátækt getur að einhverju leyti tengst huglægu ástandi. Ókostirnir eru þeir að erfitt er að bera saman ástand í ólíkum löndum auk þess

sem oft og tíðum er frekar verið að mæla óánægju með kjör eða óhamingju frekar en efnislega fátækt.

Alþjóðlegur samanburður

Alþjóðlegur samanburður er erfiður þrátt fyrir að sambærilegum aðferðum sé beitt. Eitt helsta vandamálið er að taka tillit til ólíkrar fjölskyldugerðar, svo sem fjölda fólks í heimili. Reynt hefur verið að taka tillit til slíkra þátta með því að útbúa jafngildismælikvarða. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að eitthvert hagræði fylgi fjölgun heimilismanna. Dæmi um slíkan kvarða er sá sem notaður hefur verið af OECD

$$W = H/(1+0,7(Nf - 1)+ 0,5\ Nb))$$

þar sem W er reiknuð fjárhagsleg velferð einstaklings, H samanlagðar tekjur heimilismanna, Nf er fjöldi fullorðinna og Nb er fjöldi barna. Hér er gert ráð fyrir að sá fyrsti fullorðni hafi vægið 1 en þeir næstu fullorðnu vægið 0,7 en börn hafi hálft vægi. Sem dæmi má taka tvo einstaklinga. Annar heldur heimili með einum öðrum fullorðnum og tveimur börnum en hinn heldur heimili einn. Hafi sá sem heldur heimili einn 100.000 kr. ráðstöfunartekjur á mánuði þarf hinn, samkvæmt reglunni að hafa 270.000 kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði til að hver og einn á því heimili sé jafnvel settur og sá sem heldur heimili einn. Sé ekki miðað við fyrrnefnt hagræði þyrfti fjögurra manna heimilið að hafa 400.000 kr. á mánuði í ráðstöfunartekjur til að jafna fjárhagslega velferð þess sem býr einn.

Þetta dæmi er sett hér fram einungis í þeim tilgangi að sýna fram á erfiðleika við að bera saman einstaklinga sem búa við ólíka fjölskyldustærð og -gerð. Formúlur sem þessar eru yfirleitt mjög næmar fyrir breytingum á stikum (e. parameters). Ólík aldursdreifing getur einnig valdið því að samanburður milli landa verður ónákvæmur.

Eitt er að bera saman fátækt milli landa en annað að bera saman þær aðgerðir sem ýmsar þjóðir hafa gripið til að jafna og bæta kjör hinna verst settu í þjóðfélögunum. Ísland hefur nokkra sérstöðu miðað við þau lönd sem við berum okkur alla jafna saman við. Atvinnuleysi hefur verið viðvarandi vandamál á Norðurlöndunum og mörgum öðrum Evrópulöndum. Hér á landi er atvinnuleysið hins vegar mun minna auk þess sem árstíðabundnar sveiflur í atvinnuleysi eru mun meiri. Þetta gerir það að verkum að fyrir suma hópa er fátækt ekki langvarandi vandamál heldur tímabundið.

II. Fátækt á Íslandi

Íslendingar eru meðal þeirra þjóða sem hafa einna hæstu þjóðartekjur á mann. Við þetta bætist að sé litið til tekjuskiptingar miðað við önnur lönd er hún með því sem jafnasta sem þekkist. Aðrir velferðarmælikvarðar, svo sem útgjöld til heilbrigðismála sýna einnig að velferðarkerfið virðist með því besta sem þekkist. Engu að síður er ljóst að til eru þeir hópar sem eiga erfitt með að láta enda ná saman og lifa mannsæmandi lífi.

Frá alda öðli hefur framfærsla fátækra verið á hendi hreppanna og seinna sveitarfélaganna. Sú regla er enn í gildi og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga byggist á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Samkvæmt lögunum er markmið félagsþjónustu að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar, m.a. með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.

Ýmis líknarfélög veita mat, húsaskjól og fjárhagsaðstoð. Ekki hefur farið fram rannsókn á umfangi þessarar aðstoðar.

Matargjafir og hjálp þar sem gefinn er matur og föt þarf ekki að segja mikið um umfang fátæktar. Breytt viðhorf í þjóðfélaginu og breytt neyslumynstur getur haft þar áhrif.

Í þessum kafla verður sjónum einkum beint að þeim hópum fólks sem leita aðstoðar sveitarfélaga, almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs Í töflu 4 má sjá hvað þeir hafa til ráðstöfunar sem fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði, frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem frá greiðslur frá Félagsþjónustunni í Reykjavík. Önnur sveitarfélög hafa svipaðar viðmiðunarreglur og Reykjavík hvað varðar mat á fjárþörf. Allar fjárhæðir í töflunni miða við janúar 2004. Tekið skal fram að hér er verið að líta til ráðstöfunartekna, þ.e. þeirrar fjárhæðar sem eftir stendur þegar búið er að draga frá skatta og gjöld og bæta við barnabótum.

Tafla 4

Janúar 2004	**Tryggingar-stofnun**	**Atvinnuleysis-tr. sjóður**	**Félags-þjónustan í Reykjavík**
Tekjur			
Einhleypur án barna	101.936	79.767	77.083
Einhleypur m. 1 barn 1	117.961	82.958	77.083
Einhleypur m. 2 börn 2	138.654	86.149	77.083
Hjón án barna	160.830	159.535	123.333
Hjón m. 1 barn 1	192.880	165.916	123.333
Hjón m. 2 börn 2	224.930	172.297	123.333
Ráðstöfunartekjur			
Einhleypur án barna	90.105	74.529	74.840
Einhleypur m. 1 barn	140.374	111.885	110.491
þ.a. barnabætur	*18.399*	*19.449*	*19.626*
þ.a. meðlag	*16.025*	*16.025*	*16.025*
Einhleypur m. 2 börn	188.899	146.205	143.388
þ.a. barnabætur	*32.188*	*35.863*	*36.498*
þ.a. meðlag	*32.050*	*32.050*	*32.050*
Hjón án barna	153.773	149.058	123.333
Hjón m. 1 barn	197.545	164.942	136.540
þ.a. barnabætur	*12.082*	*12.121*	*13.207*
Hjón m. 2 börn	237.598	178.916	148.647
þ.a. barnabætur	*20.445*	*22.333*	*25.314*

1) Barn undir 7 ára aldri. 2) 1 barn undir 7 ára og 1 barn eldri en 7 ára.

Þó svo að margir eigi erfitt með að ná endum saman má nánast fullyrða að einungis þeir sem kröppust hafa kjörin leiti til sveitarfélaganna með fjárhagsaðstoð. Starfshópurinn komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að til að fá sem gleggsta mynd af því hverjir glíma helst við fátækt á Íslandi væri fróðlegt að athuga þennan tiltekna hóp. Með því að skoða samsetningu hans og þróun síðustu ára má ætla að nokkuð skýr mynd fáist af kjörum þeirra sem höllustum fæti standa.

Starfshópurinn leggur áherslu á að fleiri hópar fólks búa að öllum líkindum við fátækt svo sem foreldrar sem eru á vinnumarkaði en hafa lágar tekjur sem eru þó ofan við viðmiðunar-

mörkin sem sveitarfélögin setja sér við mat á fjárþörf. Í þessari skýrslu er hins vegar einungis fjallað um þennan skilgreinda hóp sem fær framangreindar greiðslur.

Hverjir hljóta fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna?

Upplýsingar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á hverjum tíma geta gefið nokkra vísbendingu um fjárhagsaðstæður þeirra fjölskyldna sem búa við lökust kjörin. Þessar tölulegu upplýsingar eru hins vegar ekki fullnægjandi hvorki til að meta ástæður fátæktar né afleiðingar hennar. Ástæðurnar geta verið afar margvíslegar og sumar augljósar eins og lág laun, lágar bætur eða heilsubrestur, aðrar flóknari eins og samspil hinna ýmsu bóta og erfiðari við að eiga eins og misnotkun fíkniefna og skortur á ráðdeild. Afleiðingar fátæktar geta verið margþættar og haft til dæmis áhrif á uppeldisskilyrði barna, heilsu fólks og almenna þátttöku í samfélaginu.


Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga til fjölskyldna og einstaklinga sem ekki geta séð sér og sínum farborða. Sveitarfélögin setja sér reglur um þessa aðstoð og fjalla þær flestar annars vegar um rétt til lágmarksfjárhagsaðstoðar og er miðað við ákveðið lágmark og hins vegar um ýmsar heimildir til að veita aðstoð vegna sérstakra aðstæðna eða erfiðleika. Aðferðin við að reikna út fjárþörf er tiltölulega einföld, tekjur eru lagðar saman, þar með taldar almannatryggingar, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur o.s.frv., og þær dregnar frá ákveðnu lágmarksviðmiði. Sveitarfélagið greiðir síðan viðkomandi það sem upp á vantar.

Sveitarfélögin nota tvenns konar reglur til að reikna út fjárhæð aðstoðarinnar en grunnforsendan, sem nefnd er hér að framan, gildir þó í báðum tilvikum, þ.e. ákveðið lágmarksviðmið sem talið er að hver fjölskylda þurfi til framfærslu. Allir sem náð hafa 18 ára aldri eru sjálfstæðir umsækjendur fjárhagsaðstoðar enda lýkur framfærsluskyldu foreldra við 18 ára aldur þó svo að hægt sé að sækja um menntunarframlag til meðlagsskylds foreldris til 20 ára aldurs ef ungmenni stundar nám. Meirihluti sveitarfélaganna tekur mið af fjölskyldustærðinni í heild, það er foreldrum/foreldri og börnum. Fjárþörf fjölskyldunnar er fundin með því að leggja saman allar tekjur og greiðslur, þar með taldar greiðslur vegna barna svo sem barnabætur og meðlög og þær dregnar frá viðmunarfjárhæðinni. Reykjavíkurborg og nokkur önnur sveitarfélög miða einungis við framfærsluþörf hinna fullorðnu í fjölskyldu en samhliða eru allar bætur og greiðslur vegna barna ekki taldar til tekna. Rétt er að taka fram að sveitarfélög veita ekki fjárhagsaðstoð vegna skulda.

Stærsti hluti fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga rennur til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa tekjur undir þessum ákveðnu viðmiðum. Rétt er þó að nefna að einnig er veitt fjárhagsaðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika eða áfalla til að greiða fyrir ráðgjöf t.d. hjá félagsráðgjöfum og sálfræðingum og vegna tannlæknakostnaðar. Í Reykjavík nemur lágmarksviðmiðið 77 þús. kr. til einstaklinga og 123 þús. kr. til sambýlisfólks, miðað við janúar 2004. Þessi fjárhæð hjá öðrum sveitarfélögum er á milli 65 og 85 þúsund kr. á mánuði til einstaklinga og hækkar svo eftir stærð fjölskyldu. Fjárhæðin fyrir einstakling miðar víða við grunnbætur almannatrygginga (81.396 kr. á mánuði) eða atvinnuleysisbætur (fullar bætur eru 79.767 kr. á mánuði). Allar tekjur og aðrar greiðslur dragast frá þessum upphæðum eins og áður er sagt.

Húsnæðiskostnaður, sem líklega er þyngsti einstaki útgjaldaliður heimilanna, er víðast ekki talinn með enda ekki reiknað með húsaleigubótum inni í tekjum þegar fjárþörf er metin. Fjölmennasti aldurshópurinn, sem fær fjárhagsaðstoð, er á aldrinum 25 til 39 ára.

Mynd 1




Heimild: Hagstofa Íslands. Landshagir 2003.

Árið 1993 fengu alls 4.770 heimili fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna, árið 1994 voru heimilin orðin 5.400 og náði hámarki árið 1995 þegar 6.016 heimili fengu aðstoð. Síðan fór heimilunum fækkandi og fengu 4.925 heimili fjárhagsaðstoð árið 2001. Ekki liggja fyrir nýrri heildartölur yfir allt landið en þessar tölur hafa hækkað milli áranna 2001 og 2002 hjá Reykjavíkurborg og Kópavogi.

Fjölskyldugerð þeirra sem fá fjárhagsaðstoð

Á mynd 2 má sjá skiptingu þeirra sem hljóta fjárhagsaðstoð eftir fjölskyldugerð.

Mynd 2



Heilmild: Hagstofa Íslands. Landshagir 2003

Fjölmennasti hópurinn, sem fær fjárhagsaðstoð, eru einstæðir, barnlausir karlar og hefur svo verið um alllangt skeið. Þetta hlutfall karla er enn hærra í Reykjavík þar sem þeir hafa verið um 40% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð. Sums staðar á landsbyggðinni og til dæmis í Kópavogi eru einstæðar mæður fjölmennasti hópurinn sem nýtur fjárhagsaðstoðar. Hafa ber

í huga að bak við alla hópa nema einhleypa eru fleiri en einn fjölskyldumeðlimur og þessi mynd gefur ekki til kynna hversu há fjárhæð rennur til hvers hóps um sig.


Fjárhagsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

Á starfsárinu 2002 til 2003 voru afgreiddar 2.446 umsóknir um fjárhagsaðstoð. Fjöldi umsókna jókst um 31% milli áranna 2002 og 2003. Öryrkjar eru 54% þeirra sem leita eftir aðstoð hjá kirkjunni, aðrir hópar eru atvinnulausir sem eru 15% af hópnum og 13% þeirra sem sækja um aðstoð hafa lágar tekjur. Helstu ástæður beiðna um aðstoð eru miklar skuldir fólks, t.d. vegna húsnæðis og leikskólagjalda. Há húsaleiga er ein meginorsökin og „reynast leigugreiðslur erfiðar þeim sem njóta lægstra bóta, leigja jafnvel herbergi en þurfa samt að greiða um 40% af tekjum í leigu.“ Margir þurfa að leita aðstoðar í framhaldi af veikindum og lyfja- og lækniskostnaður reynist þeim ofviða.[1]

Atvinnustaða þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda

Þegar litið er til atvinnustöðu þeirra sem leita sér fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna sést að atvinnulausir fylla stærstan flokkinn hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík.

Mynd 3



Heimild: Félagsþjónustan í Reykjavík 2002

[1] Hjálparstarf kirkjunnar. Starfsskýrsla 2002–2003.


Svo virðist sem fjöldi öryrkja, sjúklinga, nema og ellilífeyrisþega sé nokkuð stöðugur milli ára en fjöldi atvinnulausra fylgir að sjálfsögðu atvinnuleysinu.

Langtíma- eða skammtímavandi

Sé litið til þess hve lengi fjárhagsaðstoð er veitt sést að flestir þiggja slíka aðstoð í nokkuð skamman tíma, þ.e. í 1–3 mánuði á ári. Það virðist benda til að í mörgum tilfellum sé um að ræða tímabundinn vanda þar sem fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna hjálpar fólki til að brúa bilið yfir erfiðleikatímabil, svo sem vegna atvinnumissis eða veikinda.

Á mynd 4 sést hver skiptingin hefur verið í Reykjavík. Um 10–15% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eiga líklega við langtímavanda að stríða og þurfa að leita til Félagsþjónustunnar í 10–12 mánuði á ári. Á myndinni kemur ekki fram hve stór hluti leitar aðstoðar oftar en einu sinni.

Mynd 4



Heimild: Félagsþjónustan í Reykjavík 2002

Húsnæðismál og greiðsluvandi heimilanna

Húsnæðiskostnaður vegur þungt í útgjöldum flestra heimila og ekki síst hjá þeim sem höllustum fæti standa. Sveitarfélögin bjóða flest upp á einhver úrræði í húsnæðismálum en svo virðist sem eftirspurninni eftir slíku húsnæði sé ekki nægjanlega sinnt. Stjórnvöld hafa komið til móts við efnaminni leigjendur íbúðarhúsnæðis þar sem húsaleigubætur eru nú tekjutengdar og ekki skattlagðar. Má nefna að margar fjölskyldur og einstaklingar lenda í fjárhagsvandræðum vegna húsnæðiskaupa, t.a.m. þegar fólk lækkar í launum eða missir vinnuna.

Í úttekt sem Íbúðalánasjóður gerði fyrir starfshópinn á þróun greiðsluerfiðleika kemur fram að ekki sé beint orsakasamhengi á milli fjölda greiðsluerfiðleikamála og fátæktar á Íslandi. Rökin, sem nefnd eru fyrir því, eru þau að það sé ekki síður fólk með millitekjur sem hefur orðið fyrir tekjulækkun sem sækir um greiðsluerfiðleikaaðstoð. Æ fleiri leita sér þó aðstoðar en á sama tíma er hlutfall þeirra lána sem eru í vanskilum í sögulegu lágmarki á árunum 2001 og 2002. Það má því ætla að færri séu í vanskilum en oftast áður en fleiri leiti aðstoðar. Þetta mætti ef til vill túlka sem svo að fólk sé ábyrgara en oft áður í fjármálum sínum.

Húsaleiga á almennum markaði er hátt hlutfall þeirra greiðslna sem fólk fær frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Tryggingastofnun ríkisins og sveitarfélögum. Meðalleigufjárhæð á almennum vinnumarkaði í Reykjavík á árinu 2002 nam 52.081 kr. á mánuði en leiga hjá Félagsbústöðum nam 31.476 kr. Þessar fjárhæðir eru fengnar frá þeim sem fá greiddar húsaleigubætur. Hjá þeim sem hafa lægsta ráðstöfunarfé, sbr. töflu 4 hér að framan, kann húsaleiga að reynast mörgum ofviða.

Atvinnulausir

Stærsti hópur þeirra, sem leitar fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum, eru atvinnulausir. Það er því ljóst að ástand á vinnumarkaði hefur mikið að segja varðandi aðstöðu þessa hóps þrátt fyrir að bætt atvinnuástand bæti ekki vanda allra.


Atvinnuleysi hér á landi hefur verið mun minna en gengur og gerist í flestum nágrannalöndum okkar. Annað einkenni atvinnuleysis hér á landi er að í flestum tilvikum er um að ræða tímabundið atvinnuleysi og skýrist það að hluta til af miklum árstíðarsveiflum í framboði atvinnutækifæra.

Engin merki virðast vera um að þetta sé að breytast að nokkru marki. Þá er athyglisvert að hlutfall þeirra sem eru atvinnulausir lengur en í 6 mánuði hefur lækkað á undanförnum árum. Árið 1995 var þetta hlutfall 28,4% en árið 2002 var það 19,4%.

Fullar atvinnuleysisbætur nema nú 79.767 kr. ef miðað er við 21,67 virkan dag í mánuði (3.681 kr. á dag). Með hverju barni eru greiddar 147 kr. á dag eða 3.185 kr. á mánuði. Frá þessum fjárhæðum dregst 4% lífeyrisjóðsgjald og nema bæturnar þá 76.577 kr. á mánuði og 3.058 kr. með hverju barni. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að atvinnuleysisbætur hér á landi eru ekki miðaðar við að vera varanlegt úrræði gegn atvinnuleysi. Atvinnuleysisbætur hafa frekar verið hugsaðar til að brúa bil sem myndast þegar fólk missir vinnuna og er að leita sér að annarri vinnu. Hér á landi hefur jafnan verið mun minna atvinnuleysi en í nágrannalöndunum. Þar sem yfirleitt hefur verið sæmilegt framboð atvinnutækifæra hefur þessi háttur verið hafður á. Stefna stjórnvalda hefur frekar miðað að því að tryggja næga atvinnu en að leysa vanda atvinnulausra með greiðslu atvinnuleysisbóta. Þannig má segja að hvati hafi verið í kerfinu til atvinnuleitar. Vanda þeirra sem af ýmsum sökum, félagslegum eða heilsufarslegum, eiga óhægt um vik að finna sér atvinnu við hæfi hefur verið reynt að leysa með öðrum hætti, t.d. í gegnum tryggingakerfið.

Á mynd 5 má sjá útgjöld til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna annars vegar og tölur um heildar atvinnuleysi hins vegar. Á henni má sjá töluverða fylgni milli atvinnuleysis og ásóknar í félagslega aðstoð.

Mynd 5




Heimild: Hagstofa Íslands.

Öryrkjar

Næststærsti hópurinn, sem leitar sér fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, eru öryrkjar. Örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað mjög á síðasta áratug en árið 1991 voru þeir 5.056 en árið 2001 voru þeir 9.780. Örorkulífeyrisþegar eru þeir sem metnir eru með meira en 75% örorku en það er hámarksörorka. Þeir fá örorkulífeyri og tekjutryggingu sem er tekjutengd. Á sama tíma hefur örorkustyrkþegum fækkað mikið en þeir hafa 50 – 65% örorkumat. Þeir voru 1.670 árið 1991 en 893 árið 2001.

Ein skýring á þessari miklu fjölgun öryrkja er sú að örorkumat breyttist 1. September 1999 þannig að einungis læknisfræðilegt mat er lagt til grundvallar örorku. Fram að þeim tíma gat það haft áhrif á örorkumat ef einstaklingur var í vinnu og hafði tekjur, þá var hann ekki metinn öryrki. Nú er ekki tekið tillit til þess heldur eingöngu til heilsufarslegs ástands.

Mynd 6



Heimild: Staðtölur almannatrygginga 2001.

Hinn 1. janúar 2003 tóku gildi lög um breytingu á almannatryggingalögum sem fela í sér lækkun á skerðingarhlutfalli tekjutryggingarauka lífeyrisþega.

Skerðingarhlutfallið lækkaði úr 67% í 45% og nær þessi breyting bæði til aldraðra og öryrkja. Þá var tekjutrygging og tekjutryggingaauki hækkuð með samþykkt reglugerðar nr. 823/2002 um 1.600 m.kr. og á árinu 2004 um 1.090 m.kr.

Fullar bætur einstaklings, sem býr einn, eru nú 101.936 kr. á mánuði. Einstaklingur með eitt barn fær 117.961 kr. og einstaklingur með tvö börn fær 138.654 kr. Fullar bætur hjóna, sem bæði eru öryrkjar en án barna, eru 160.830 kr. Hjón með eitt barn fá 192.880 kr. og hjón með tvö börn 224.930 kr.

Með samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Öryrkjabandalags Íslands frá 25. mars sl. hækkar grunnlífeyrir öryrkja frá 1. janúar 2004. Er með samkomulaginu komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar á unga aldri en gert er ráð fyrir allt að tvöfaldri hækkun grunnlífeyris til þeirra sem yngstir verða öryrkjar. Grunnlífeyrir er nú 21.249 kr. sem getur þá hækkað í 42.498 kr. fyrir yngstu öryrkja. Kostnaður vegna þessa samkomulags er áætlaður um 1.000 m.kr. á ári. Í viðauka er tafla yfir upphæðir aldurstengdra örorkuuppbóta frá 1. janúar 2004.

Barnabætur

Barnabætur á Íslandi eru tvíþættar. Annars vegar tekjutengdar barnabætur sem eru háðar fjölda barna og hjúskaparstöðu og hins vegar ótekjutengdar barnabætur. Ótekjutengdar barnabætur eru greiddar með börnum yngri en 7 ára. Með tekjutengingu barnabóta er verið að færa barnabætur til tekjulægri fjölskyldna í stað þess að þær séu almennar tilfærslur til allra barnafjölskyldna.

Töluverðar breytingar hafa orðið á barnabótakerfinu á undanförnum árum. Barnabætur voru að fullu tekjutengdar frá árinu 1997. Á árinu 2000 voru aftur gerðar breytingar á barnabótakerfinu. Helstu breytingar voru að eignaskerðing barnabóta var felld niður og skerðingarhlutfall tekna lækkaði um 2% á tveimur árum. Ótekjutengdar barnabætur voru teknar upp fyrir börn yngri en 7 ára. Samanlagt nam áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs vegna þessara breytinga um 2 milljörðum króna.

Kjör einstæðra foreldra

Tæplega 22% barna á Íslandi (0–17 ára) búa hjá einum fullorðnum. Talsverður munur er á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað þetta varðar. Þannig búa 25% barna á höfuðborgarsvæðinu hjá einum fullorðnum en hlutfallið er 29% í Reykjavík. Þetta eru alls 11.235 börn og búa 93% þeirra hjá mæðrum sínum. Börnum einstæðra foreldra fjölgar jafnt og þétt, þau voru 16% allra barna árið 1995 og 20% árið 1999. Ein meginniðurstaða rannsóknar á högum barnafjölskyldna, sem gerð var árið 1994, var sú að einstæðir foreldrar búa um margt við lakari aðstæður en giftir og skapar það börnum í þeim fjölskyldum mun óhagstæðari stöðu.[2] Skýrsla félagsmálaráðherra um kjör einstæðra foreldra, sem lögð var fyrir Alþingi 1999–2000, benti til svipaðrar niðurstöðu. Þar kom m.a. fram að 58% einstæðra foreldra ættu fasteign meðan 90% hjóna og sambúðarfólks með börn ættu fasteign í árslok 1997. Þá er rétt að benda á að húsnæðiskostnaður einstæðra foreldra er hlutfallslega mikill þar sem þeir eru að greiða fyrir húsnæði með einum tekjum ásamt greiðslum með börnum en húsnæðisþörfin er svipuð og hjá hjónum og sambýlisfólki svo og greiðslubyrðin.

III. Leiðir til úrbóta

Barnafólk

Af þeim sem leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga er barnafólk, ekki síst einstæðar konur með börn, nokkuð stór hópur. Fátækt kemur ekki síður niður á börnum en foreldrum og er líklegt að börn fátækra foreldra hafi færri tækifæri en önnur t.d. til þátttöku í íþróttum, tónlistarnámi og ýmsu öðru sem telst eðlilegur hluti af leik og starfi barna í nútímasamfélagi og getur verið kostnaðarsamt.

Af þessum sökum hefur stundum verið nefnt að breytingar á barnabótakerfinu gætu verið æskilegar til að koma fátækum barnafjölskyldum til hjálpar. Í því skyni taldi starfshópurinn forvitnilegt að skoða nánar hvernig barnabætur koma fátækari fjölskyldum til góða og hvort fýsilegt væri að breyta því á einhvern hátt. Nánar tiltekið var athugað hvaða áhrif það hefði að hækka skerðingarmörk barnabótanna en komið hefur fram í umræðunni að skerðingarmörk barnabóta séu of lág og komi því illa við þá fátækustu. Í viðauka eru tvær töflur þar sem sýnd eru áhrif hækkunar á skerðingarmörk tekna. Hækkunin hefur ekki mikil áhrif á ráðstöfunartekjur tekjulægstu hópanna. Hafa verður í huga að slíkar aðgerðir hafa áhrif á fleiri en þá tekjulægstu og þar með meiri kostnað í för með sér sem kemur ekki fátækum barnafjölskyldum sérstaklega til góða.

Skattar

Almennt virðist ljóst að breytingar á skattkerfinu séu ekki vænlegar til að breyta kjörum þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Kostnaðurinn er mikill fyrir ríkissjóð en lítill ábati fyrir hvern og einn, auk þess sem flestar breytingar koma öðrum en þeim fátæku mest til góða.

Lægstu launin

Þegar horft er til launamanna er ljóst að þeir hafa kröppust kjörin sem lægst hafa launin. Meginhlutverk stjórnvalda í þessu efni er að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi kaupmáttaraukningu lægstu launa í þjóðfélaginu.

---

[2] Sigrún Júlíusdóttir *et al.* 1995.

Atvinnumál

Hafa verður í huga að umbætur í atvinnumálum og hagvexti eru viðfangsefni sem stjórnvöld eru stöðugt að vinna að. Svo virðist sem farsælasta leiðin til að bæta hag þeirra verst settu sé að tryggja lausn vanda þeirra sem glíma tímabundið við fátækt vegna atvinnuleysis með nægu starfsframboði. Hvað varðar þá sem fylla þennan hóp til lengri tíma þarf líklega að leita annarra úrræða.

Barnabætur

Starfshópurinn leggur til að kannaður verði möguleiki á að endurskoða barnabótakerfið með það fyrir augum að styðja betur við fátækar barnafjölskyldur. Hér þarf þó að huga að jaðaráhrifum slíkra breytinga. Eins og áður er fram komið hefur úttekt starfshópsins á barnabótakerfinu með þeim hætti að hækka skerðingamörkin ekki sýnst fýsileg leið til bæta kjör þeirra, sbr. töflur í viðauka. Það mætti hins vegar taka heildarkerfið til athugunar og athuga hvort annars konar barnabætur – annað kerfi – geti komið þessum hópi til góða.

Mál sem snúa að sveitarfélögum

Eins og fram kemur í þessari skýrslu er félagslega kerfið á Íslandi þannig uppbyggt að hin raunverulega neyðarhjálp fyrir fátæka er á hendi sveitarfélaganna. Sveitarfélögin gætu gert ýmislegt annað til að létta undir með fátækum og þá sérstaklega efnalitlum barnafjölskyldum. Má í því sambandi nefna tvennt. Í fyrsta lagi mætti tekjutengja leikskólagjöld og létta þannig undir með fátæku barnafólki en leikskólagjöld eru veigamikill þáttur í útgjöldum slíkra heimila. Þannig er foreldrunum einnig gefinn aukinn kostur á því að stunda hvort sem er nám eða vinnu. Gjöld vegna hinnar svokölluðu skóladagvistar eru tekjutengd að einhverju marki hjá a.m.k. hluta sveitarfélaganna. Í öðru lagi má nefna að íþrótta- og tómstundastarf barna og unglinga hefur eflst mjög á síðastliðnum áratugum. Slík þróun er mjög jákvæð en kostnaður heimilanna hefur vaxið að sama skapi. Miklu skiptir að börn frá efnaminni heimilum fái tækifæri til að taka virkan þátt í slíku starfi. Sveitarfélög gætu komið að niðurgreiðslu slíkra gjalda hvort sem er beint eða með samningum við íþróttafélög og aðra sem vinna uppbyggilegt starf með börnum.

Mikilvægt er, þrátt fyrir það sem að framan er sagt, að gæta þess að það barnastarf, sem fram fer á vegum sveitarfélaganna, sé foreldrum ekki of kostnaðarsamt en t.d. grunnskólinn hefur alla tíð verið ókeypis. Leikskólinn er nú talinn fyrsta skólastigið og er ekki óeðlilegt að hugsa sér að þátttaka í því skólastigi sé ókeypis en greitt verði fyrir fæði og annað sem ekki tengist beint námi og leik. Ljóst er, að slíkar aðgerðir auka útgjöld sveitarfélaga og þarf því að standa undir þeirri útgjaldaaukningu með tekjuöflun eða samdrætti í annarri þjónustu.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið einblínt á þá hópa sem oftast eru nefndir í umræðu um fátækt hér á landi og leita helst til þeirra aðila sem veita fjárhagsaðstoð. Eins og skýrt kemur fram hefur fjárhagsaðstoð hér á landi löngum verið á höndum sveitarfélaga og því eðlilegt að stór hluti skýrslunnar beinist að þeirri samhjálp sem sveitarfélögin veita. Hlutverk ríkisins hefur frekar snúið að almennum umbótum svo sem að viðhalda atvinnu í landinu, kaupmætti launa og bótakerfi almannatrygginga.

Umræða um fátækt á Íslandi hefur ávallt valdið nokkrum deilum og sýnist sitt hverjum um ástandið á hverjum tíma. Í því sambandi skiptir miklu að ávallt liggi fyrir upplýsingar um raunverulega stöðu þeirra sem við kröppust kjör búa.

Rit sem stuðst var við

Félagsþjónustan í Reykjavík, 2002.
Hjálparstarf Kirkjunnar, Starfsskýrsla 2002–2003.
Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. Barnafjölskyldur, samfélag – lífsgildi – mótun, Félagsmálaráðuneytið, 1995.
Staðtölur almannatrygginga, 2001.

Viðauki

Barnabætur

Skerðingarmörk tekna fyrir einstætt foreldri fyrir tekjuárið 2002 eru 704.459 kr. og hjón eða sambýlisfólk 1.408.916 kr. Meðfylgjandi töflur sýna áhrif breytinga við hækkun á skerðingarmörkum tekna.

Einstæðir foreldrar

Áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs vegna hækkunar skerðingarmarka tekna í 800.000 krónur nemur um 170 milljónir króna, vegna hækkunar í 900.000 krónur um 400 milljónir króna og hækkun í 1.000.000 krónur um 630 milljónir króna.

Tafla V-1 sýnir tekjutengdar barnabætur fyrir einstæða foreldra og er miðað við álagningu 2003. Fyrstu tveir dálkarnir sýna barnabætur miðað við ákveðnar tekjur. Hinir dálkarnir sýna viðbót við barnabæturnar miðað við hækkun skerðingarmarka. Um er að ræða árlegar barnabætur.

Tafla V-1. Tekjutengdar barnabætur einstæðra foreldra.

		Hækkun skerðingarmarka		
Í kr.		800.000	900.000	1.000.000
Tekjur	**Einstæðir foreldrar með eitt barn**			
840.000	196.216	2.866	1.200	0
960.000	192.616	2.866	3.000	1.800
1.080.000	189.016	2.866	3.000	3.000
1.200.000	185.416	2.866	3.000	3.000
	Einstæðir foreldrar með tvö börn			
840.000	396.242	6.688	2.800	0
960.000	387.842	6.688	7.000	4.200
1.080.000	379.442	6.688	7.000	7.000
1.200.000	371.042	6.688	7.000	7.000
	Einstæðir foreldrar með þrjú börn			
840.000	598.979	8.599	3.600	0
960.000	588.179	8.599	9.000	5.400
1.080.000	577.379	8.599	9.000	9.000
1.200.000	566.579	8.599	9.000	9.000

Einstæðir foreldrar með fjögur börn				
840.000	804.427	8.599	3.600	0
960.000	793.627	8.599	9.000	5.400
1.080.000	782.827	8.599	9.000	9.000
1.200.000	772.027	8.599	9.000	9.000

Hjón eða sambýlisfólk

Tafla V-2 sýnir sams konar útreikning fyrir hjón eða sambýlisfólk.

Tafla V-2. Tekjutengdar barnabætur hjóna eða sambýlisfólks.

		Hækkun skerðingarmarka		
Í kr.		1.600.000	1.800.000	2.000.000
Tekjur		**Hjón með eitt barn**		
840.000	112.115	5.733	2.400	0
960.000	104.915	5.733	6.000	3.600
1.080.000	97.715	5.733	6.000	6.000
1.200.000	90.515	5.733	6.000	6.000
		Hjón með tvö börn		
840.000	244.407	13.376	5.600	0
960.000	227.607	13.376	14.000	8.400
1.080.000	210.807	13.376	14.000	14.000
1.200.000	194.007	13.376	14.000	14.000
		Hjón með þrjú börn		
840.000	382.120	17.198	7.200	0
960.000	360.520	17.198	18.000	10.800
1.080.000	338.920	17.198	18.000	18.000
1.200.000	317.320	17.198	18.000	18.000
		Hjón með fjögur börn		
840.000	525.255	17.198	7.200	0
960.000	503.655	17.198	18.000	10.800
1.080.000	482.055	17.198	18.000	18.000
1.200.000	460.455	17.198	18.000	18.000

Töflur V-3 og V-4 sýna yfirlit yfir þróun barnabóta frá 1988 á verðlagi 2003.

Tafla V-3. Þróun barnabóta frá 1988 – einstætt foreldri

Þróun barnabóta frá 1988[1] – einstætt foreldri

	Á verðlagi 2003						Skerðing af tekjuskattsstofni			
Tekju-ár	Fyrsta barn	Umfram eitt barn	Börn < 7 ára	Barnabóta-auki	Skerðingar-mörk tekna	Skerðingar-mörk eigna	Fyrsta barn	Annað barn	Þriðja barn	Hvert barn umfr. þrjú
1988	140.453	140.453	46.817	121.019	1.193.868	9.279.611	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1989	135.504	135.504	45.167	113.773	1.098.523	8.816.857	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1990	129.204	129.204	43.067	107.175	1.047.459	8.586.428	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1991	97.673	103.851	42.330	130.946	1.069.511	8.547.324	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1992	94.938	100.940	41.148	138.578	776.211	8.519.942	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1993	91.846	97.654	39.809	133.306	755.263	8.290.015	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1994	92.637	98.490	40.147	134.645	760.646	8.349.086	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1995	91.272	97.040	39.558	132.390	747.910	8.209.292	6,0%	11,0%	15,0%	0,0%
1996	89.262	94.903	38.687	129.475	731.439	8.028.511	6,0%	11,0%	15,0%	0,0%
1997	214.854	220.395	38.001	-	718.458	7.886.020	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
1998	216.621	222.207	38.313	-	724.366	7.950.875	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
1999	214.659	220.195	37.965	-	717.805	7.878.852	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
2000	215.812	221.379	38.169	-	735.677	-	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
2001	208.367	213.742	36.852	-	724.091	-	4,0%	8,0%	10,0%	0,0%
2002	204.288	209.557	36.130	-	718.548	-	3,0%	7,0%	9,0%	0,0%
2003	205.288	210.584	36.308	-	722.070	-	3,0%	7,0%	9,0%	0,0%

1) Fram að árinu 1997 voru barnabætur að frádregnum barnabótaauka ótekjutengdar. Frá og með 2001 eru barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára ótekjutengdar.

Tafla V-4. Þróun barnabóta frá 1988 – hjón eða sambýlisfólk

Þróun barnabóta frá 1988[1] - hjón

	Á verðlagi 2003						Skerðing af tekjuskattstofni			
Tekju-ár	Fyrsta barn	Umfram eitt barn	Börn < 7 ára	Barnabóta-auki	Skerðingar-mörk tekna	Skerðingar-mörk eigna	Fyrsta barn	Annað barn	Þriðja barn	Hvert barn umfr. þrjú
1988	46.817	70.228	46.817	121.019	1.790.802	12.372.815	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1989	45.167	67.752	45.167	113.773	1.648.681	11.755.810	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1990	43.067	64.603	43.067	107.175	1.572.043	11.448.570	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1991	13.008	40.352	42.330	130.946	1.604.267	11.396.432	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1992	12.643	39.223	41.148	127.838	1.552.422	11.358.981	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1993	12.232	37.947	39.809	122.976	1.510.528	11.052.437	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1994	12.335	38.275	40.147	124.211	1.521.291	11.131.190	7,0%	6,0%	5,0%	4,0%
1995	12.155	37.713	39.558	122.131	1.495.819	10.944.814	6,0%	11,0%	15,0%	0,0%
1996	11.887	36.882	38.687	119.441	1.462.879	10.703.793	6,0%	11,0%	15,0%	0,0%
1997	128.998	153.549	38.001	-	1.436.916	10.513.820	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
1998	130.059	154.812	38.313	-	1.448.733	10.600.289	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
1999	128.881	153.410	37.965	-	1.435.609	10.504.266	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
2000	129.574	154.235	38.169	-	1.471.352	-	5,0%	9,0%	11,0%	0,0%
2001	125.104	148.914	36.852	-	1.448.180	-	4,0%	8,0%	10,0%	0,0%
2002	122.653	145.998	36.130	-	1.437.094	-	3,0%	7,0%	9,0%	0,0%
2003	123.254	146.713	36.308	-	1.444.139	-	3,0%	7,0%	9,0%	0,0%

1) Fram að árinu 1997 voru barnabætur að frádregnum barnabótaauka ótekjutengdar. Frá og með 2001 eru barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára ótekjutengdar.

Öryrkjar

Tafla V-5

Aldurstengdar örorkuuppbætur frá 1. jan. 2004:		
		Upph. í kr.
18 og 19 ára	100%	21.249
20 og 21 árs	95%	20.187
22 og 23 ára	90%	19.124
24 og 25 ára	85%	18.062
26 og 27 ára	80%	16.999
28 og 29 ára	70%	14.874
30 og 31 árs	60%	12.749
32 og 33 ára	50%	10.625
34 og 35 ára	40%	8.500
36 og 37 ára	30%	6.375
38 og 39 ára	20%	4.250
40 til og með 43 ára	10%	2.125
44 til og með 48 ára	5%	1.062
49 til og með 59 ára	2,25%	531
60 til og með 66 ára	1,50%	319

1589. Fyrirspurn [982. mál]

til utanríkisráðherra um upptöku gerða í EES-samninginn.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hafa Norðmenn nýtt stjórnarskrárákvæði um aukinn meiri hluta við innleiðingu þeirra gerða sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í sameiginlegu EES-nefndinni, eftir að hún var sett á fót? Ef svo er, hve margar gerðir voru taldar þurfa aukinn meiri hluta og hverjar eru þær?
2. Ef um slíkar gerðir er að ræða, hver var afstaða íslenskra stjórnvalda til upptöku þeirra og á hvaða lagagrunni var byggt? Er ástæða til þess að ætla að óvissa sé um lagastoð þessara gerða, þar sem engin ákvæði eru í íslensku stjórnarskránni sambærileg við hin norsku? Ef svo er, hvaða afleiðingar getur það haft?

Skriflegt svar óskast.

1590. Fyrirspurn [983. mál]

til utanríkisráðherra um Íslandsskýrslu GRECO-hóps Evrópuráðsins gegn spillingu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru meginatriði í Íslandsskýrslu GRECO-hóps Evrópuráðsins frá 2001 gegn spillingu?
2. Hefur Ísland verið gagnrýnt á vettvangi alþjóðasamtaka Transparency International fyrir að ekki séu lög hér á landi um fjármál stjórnmálaflokka eða að engar reglur gildi sem tryggi gagnsæi í fjármálum þeirra? Ef svo er, hvernig hafa stjórnvöld brugðist við?

Skriflegt svar óskast.

1591. Fyrirspurn [984. mál]

til utanríkisráðherra um sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða ríki hafa undirgengist og fullgilt sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og hver ekki?
2. Ef Ísland er ekki meðal þeirra ríkja sem hafa undirgengist og fullgilt sáttmálann, hver er skýringin á því?
3. Hvaða ákvæði er að finna í sáttmálanum um gagnsæi í fjárreiðum stjórnmálaflokka og í stjórnsýslunni?

Skriflegt svar óskast.

1592. Fyrirspurn [985. mál]

til utanríkisráðherra um ráðherrayfirlýsingu Evrópuráðsins um setningu reglna gegn spillingu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Tekur ráðherra undir tilmæli ráðherrafundar Evrópuráðsins frá apríl 2003 þar sem lagt er til að ríki tryggi að framlög til stjórnmálaflokka séu opinber, sérstaklega framlög umfram tiltekna lágmarksfjárhæð, og setji þak á einstakar greiðslur til stjórnmálaflokka? Ef ekki, hver er ástæða þess?

Skriflegt svar óskast.

1593. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 75/1998.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Önnu Elísabetu Ólafsdóttur frá Lýðheilsustöð og Ingimund Einarsson og Egil Stephensen frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Umsagnir bárust um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Sýslumannafélagi Íslands, Nemendafélagi Fjölbrautaskóla Vesturlands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Iðnnemasambandi Íslands, Lýðheilsustöð, Vímulausri æsku, foreldrahúsi, Verslunarráði Íslands, Landssambandi lögreglumanna og Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu er lagt til að aldursmörk til kaupa og neyslu á léttvíni og bjór verði lækkuð úr 20 árum í 18 ár. Þeir sem eru yngri en 20 ára mega þó eftir sem áður ekki kaupa né neyta áfengis sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22%.

Á undanförnum áratugum hafa réttindi og skyldur ungs fólks verið samræmd að miklu leyti þannig að þau miðist við 18 ára aldur. Þannig má nefna að rétturinn til að ganga í hjónaband hefur miðast við 18 ár frá árinu 1972, lögræði hefur miðast við 18 ár frá árinu 1979, kosningarréttur hefur miðast við 18 ára frá árinu 1984 og sjálfræðisaldur var færður úr 16 árum í 18 ár árið 1998. Nefndin lítur svo á að í ljósi framangreindra breytinga í þjóðfélaginu varðandi réttindi og skyldur 18 ára einstaklinga skjóti það skökku við að þessir einstaklingar geti ekki tekið ákvörðun um kaup og neyslu léttvíns og bjórs.

Nefndin bendir á að til að frumvarpið nái tilgangi sínum þarf einnig að breyta ákvæði 28. gr. laganna á þann veg að hægt verði að gera upptækt sterkt áfengi, þ.e. áfengi sem er yfir 22% að vínandastyrkleika, sem er í vörslu 18 og 19 ára ungmenna.

Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp sem miðar að því að auka framlag til Forvarnasjóðs úr 1% af áfengisgjaldi í 2% (164. mál). Allnokkur umræða fór fram um tengsl málanna í nefndinni, en ekki fékkst samhljóða niðurstaða um seinna málið meðal nefndarmanna. Í tengslum við þá breytingu að lækka áfengiskaupaaldur á léttvíni og bjór úr 20 árum í 18 ár beinir nefndin því hins vegar til stjórnvalda hvort tilefni sé til að kanna hvernig þeim fjármunum sem veittir eru til forvarna er varið og hvort þörf sé á að auka fjárveitingar til þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „Þó“ í 2. efnismálsl. 1. gr. komi: Þá.
2. 2. gr. orðist svo:
   C-liður 3. mgr. 28. gr. laganna orðast svo: áfengi sem ungmenni yngri en 18 ára hafa undir höndum og áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% og ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með þeim fyrirvara að nauðsynlegt sé að auka fjárveitingar til forvarna eins og lagt var til í 164. máli.

Alþingi, 6. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1594. Nefndarálit [961. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE).

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 um rekstrarform Evrópufélaga er í samræmi við meginreglur um hlutafélög og tekur því að litlu leyti tillit til sérkenna samvinnufélaga. Með innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög, gefst kostur á að stofna evrópskt samvinnufélag samkvæmt ákveðnum meginreglum sem fram koma í reglugerðinni og tilskipun um aðild starfsmanna að félaginu. Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp þess efnis verði lagt fram á haustþingi 2004.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1595. Svar [931. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um virðisaukaskattsskyldu kennslu á námskeiðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er munurinn á virðisaukaskattsskyldu kennslu á námskeiðum annars vegar þar sem kennari er viðstaddur og hins vegar á námskeiðum á netinu þar sem nemendur stunda sjálfsnám án kennara?

Skattskyldusvið virðisaukaskatts er skilgreint mjög víðtækt í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Nær skattskyldan til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, og til allrar vinnu og þjónustu sem ekki er sérstaklega undanþegin í 3. mgr. lagagreinarinnar. Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á hverjum þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selur eða afhendir vöru eða verðmæti ellegar innir af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna er rekstur skóla og menntastofnana, svo og öku-, flug- og danskennsla, undanþeginn virðisaukaskatti. Við túlkun þess hvað telst til undanþeginnar kennslu- og menntastarfsemi í skilningi ákvæðisins er fyrst og fremst litið til þess hvort námsgrein hafi unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu. Þá hefur einnig verið miðað við að nám sem felur í sér faglega mennun eða endurmenntun sé undanþegið virðisaukaskatti, en með faglegri menntun eða endurmenntun er átt við kennslustarfsemi sem miðar að því að viðhalda eða auka þekkingu nemenda eingöngu vegna atvinnu þeirra, jafnvel þótt námsgreinin hafi ekki unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu. Í öðrum tilvikum er starfsemi sem ekki hefur unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu skattskyld, svo sem námskeið sem í eðli sínu eru tómstundafræðsla. Öku-, flug- og danskennsla er þó sérstaklega undanþegin. Þá ber að geta þess að fræðsla og kynning sem felur í sér auglýsingar eða ráðgjöf er ávallt skattskyld.

Það er mat ríkisskattstjóra að fjarkennsla á internetinu, sem felst í stöðugum samskiptum nemenda og kennara, eins eða fleiri, sem fylgjast með framvindu námsins hjá hverjum nemanda, sé undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, að því leyti sem kennslan er á sviði sem ákvæðið tekur til, sbr. framansagt. Þegar hins vegar um er að ræða sölu á námskeiðum/kennslu á gagnvirkum vef, á þann veg að engin samskipti eiga sér stað á milli kennara og nemanda, er það álit ráðuneytisins og ríkisskattstjóra að ekkert undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laganna taki til þeirrar þjónustu og því beri að innheimta virðisaukaskatt. Slík sala fellur undir 1. mgr. 14. gr. laganna og ber 24,5% virðisaukaskatt.

1596. Svar [927. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum.

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að virðisaukaskattur af veiðum á mink og ref verði endurgreiddur?*

Almenna reglan er sú að sveitarfélög þurfa að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu. Hins vegar njóta sveitarfélög endurgreiðslna vegna kaupa á tiltekinni vinnu og þjónustu. Endurgreiðsluheimildir þessar eru tilgreindar á tæmandi hátt í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 12 gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Eru þær m.a. vegna sorphirðu, snjómoksturs og kostnaðar sem stafar af náttúruhamförum. Einnig vegna vinnu sérfræðinga, svo sem verkfræðinga, löggiltra endurskoðenda og viðskiptafræðinga, og þjónustu vaktstöðva samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Þessar endurgreiðsluheimildir eru að vissu leyti brot á meginreglum virðisaukaskatts en eiga sér sögulegar skýringar og eiga rót sína að rekja til ráðstafana í söluskattslögunum til að jafna samkeppnisstöðu.

Á síðustu árum hefur fremur verið stefnt að því að fækka umræddum endurgreiðsluákvæðum en ekki fjölga þeim.

Með hliðsjón af framansögðu hefur ráðherra ekki í hyggju að beita sér fyrir því að virðisaukaskattur af veiðum á mink og ref verði endurgreiddur.

2. *Hvaða rök eru fyrir því að sveitarfélög þurfi að greiða virðisaukaskatt af skotveiði umfram aðra aðkeypta þjónustu, svo sem snjómokstur og sorphirðu?*

Sem fyrr segir er almenna reglan sú að sveitarfélög þurfa að greiða virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu, sbr. meginreglur virðisaukaskattslaganna. Allar undanþágur frá meginreglunni um skattskyldu eru til þess fallnar að veikja virðisaukaskattskerfið og grafa undan því. Fjölgun undanþágna hefur í för með sér skaðleg fordæmisáhrif en með fleiri undanþágum fjölgar þeim sem telja sig einnig eiga að njóta undanþágu. Hinar tilteknu endurgreiðsluheimildir sveitarfélaga eiga sér sögulegar skýringar úr tíð söluskattsins. Sé vilji til fulls samræmis í þessum efnum væri eðlilegra að afnema gildandi undanþágur frekar en að fjölga þeim.

1597. Svar [935. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um virðisaukaskatt af námsefni á netinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er munur á virðisaukaskattsskyldu stafræns námsefnis sem birt er á netinu eingöngu og námsefnis sem gefið er út á bók? Stendur til að samræma þetta tvennt ef munur er á?

Í VI. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eru ákvæði um skatthlutfall. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. er almennt skatthluttfall virðisaukaskatts 24,5% en samkvæmt 2. mgr. 14. gr. ber sala á tilteknum vörum og þjónustu 14% virðisaukaskatt og eru undantekningarnar þar taldar tæmandi upp í sjö töluliðum.

Samkvæmt 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. virðisaukaskattslaganna ber sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, þ.m.t. hljóðbóka, 14% virðisaukaskatt. Þá kemur fram að með hljóðbók sé átt við lesið efni sem gefið er út á miðli sem nýtist til hlustunar. Samkvæmt þessu bera bækur, þar á meðal námsbækur, 14% virðisaukaskatt.

Sala á aðgangi að námsefni á netinu til lestrar á gagnvirkum vef ber aftur á móti 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt 1. mgr. 14. gr. virðisaukaskattslaganna, enda ljóst að slík sala getur ekki fallið undir neinar þær undantekningar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 14. gr. virðisaukaskattslaganna.

Samkvæmt framansögðu má sjá að allar bækur, þ.m.t. hljóðbækur, bera 14% virðisaukaskatt, en ekki eingöngu námsbækur. Hið sama má segja um efni sem selt er á netinu, þ.e. slík sala ber 24,5% virðisaukaskatt, óháð því hvort slíkt efni telst til námsefnis eður ei.

Ráðuneytið telur að erfitt gæti verið að samræma þær reglur sem gilda um sölu námsefnis á netinu eingöngu og þess námefnis sem gefið er út í bókarformi. Ástæða þess er sú að í gildandi reglum er ekki gerður greinarmunur á efni seldra bóka, þ.e. sama virðisaukaskattshlutfall gildir óháð efni bókar. Hið sama gildir um sölu efnis á netinu, þ.e. allt selt efni á netinu, þar á meðal námsefni, ber sama virðisaukaskattshlutfall. Ekki verður séð að hægt sé með góðu móti að aðgreina það efni sem selt er á netinu sem námsefni og annað efni. Auk þess yrði eftirlit með slíkri aðgreiningu afar erfitt í framkvæmd.

Benda má á að ef námsefni er gefið út á geisladiskum eða CD ROM ber að innheimta 24,5% virðisaukaskatt af sölu á disknum. Þetta er óháð því þótt innihald geisladisksins sé það sama og í tiltekinni bók. Það er því formið en ekki innihaldið sem ræður skatthlutfallinu. Undanþágan í 6. tölul. 2. mgr. 14. gr. virðisaukaskattslaganna er afmörkuð við „bók“ í skilningi ákvæðisins.

1598. Svar [832. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um útlán lífeyrissjóða.

1. *Eru dæmi þess að lífeyrissjóðir láni út fé á vöxtum sem eru lægri en markaðsvextir og jafnvel lægri en vextir af sambærilegum ríkistryggðum skuldabréfum og ef svo er, hvaða lífeyrissjóðir eiga í hlut?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu nema vextir hjá 10 stærstu lífeyrissjóðunum sem bjóða sjóðfélagalán á bilinu 5,0%–6,7% og eru meðaltalsvextir um 5,5%. Vaxtakjör á sjóðfélagalánum taka í flestum tilfellum mið af húsbréfavöxtum að viðbættu álagi og eru vextirnir yfirleitt breytilegir og endurskoðast reglulega af stjórnum sjóðanna. Eitt þekkt dæmi er um að lífeyrissjóður láni á vöxtum sem eru lægri en vextir af ríkistryggðum skuldabréfum, þ.e. Lífeyrissjóður verkfræðinga en samkvæmt heimasíðu sjóðsins eru sjóðfélögum boðin lán á 3,5% vöxtum.

2. *Hvaða áhrif hefur slík ráðstöfun til langs tíma á*
   a. *tryggingafræðilega stöðu sjóðanna,*
   b. *stöðu lífeyrisþega sjóðanna,*
   c. *skuldbindingar Tryggingastofnunar ríkisins?*

Tryggingafræðileg staða sjóðanna.

Við mat á áhrifum fjárfestingarráðstafana einstakra lífeyrissjóða er eðlilegt að horfa til fjárfestingarstefnu og ávöxtunar og áhættu af fjárfestingum í heild, fremur en afmarkaðra þátta. Þannig getur sjóðfélagalánum á lágum vöxtum verið ætlað að stuðla að áhættudreifingu á móti öðrum áhættumeiri fjárfestingum. Slík ráðstöfun getur haft áhrif séu lán til einstaklinga endurmetin í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998. Sé lánað með lágum vöxtum gefur núvirðing á skuldabréfum miðað við 3,5% raunávöxtunarkröfu í tryggingafræðilegri úttekt lítið sem ekkert umframvirði eigna.

Áhrif á stöðu lífeyrisþega sjóðanna.

Góð langtímaávöxtun eigna stuðlar að bættum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal lágmarkstryggingarvernd, sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds, fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri. Stjórn lífeyrissjóðs mótar fjárfestingastefnu á grundvelli 37. gr. lífeyrissjóðslaganna og reglna nr. 966/2001, um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu sem leiðir til þess að lífeyrissjóðurinn uppfylli lágmarksréttindaákvæði 4. gr. lífeyrissjóðslaganna.

Áhrif á skuldbindingar Tryggingastofnunar ríkisins.

Erfitt er, ef ekki útilokað, að segja til um áhrif lánveitinga lífeyrissjóða á skuldbindingar almannatrygginga Tryggingastofnunar ríkisins. Þannig er um flókið samspil að ræða milli greiðslna frá Tryggingastofnun, sem í sumum tilvikum eru tekjutengdar, annars vegar og greiðslna frá lífeyrissjóðum hins vegar. Þá verða áhrif lánveitinga á afkomu lífeyrissjóða ekki metin með góðu móti.

3. *Stenst slík ráðstöfun 1. málsl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða?*

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 er að finna ákvæði um í hvaða verðbréfum lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta og hvaða almennra skilyrða skuli gætt við fjárfestingar lífeyrissjóða. Þau almennu skilyrði eru að fé lífeyrissjóðs sé ávaxtað á þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 er lífeyrissjóði meðal annars heimilað að fjárfesta í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign samkvæmt nánari skilyrðum. Lán til sjóðfélaga, sem veitt eru samkvæmt sérstökum reglum sjóðsins um slík lán, falla þar undir. Þó ætla verði stjórnum lífeyrissjóða nokkurt svigrúm til að ákvarða kjör slíkra lána, verða þær á hverjum tíma að geta rökstutt að 36. gr. laganna sé fylgt. Í því efni ber þeim m.a. að horfa til ávöxtunar viðkomandi lífeyrissjóðs, að hvaða marki sé þörf áhættudreifingar á móti öðrum eignum og hver áhætta mismunandi eignaflokka er.

Í árslok 2003 voru sjóðfélagabréf um 11% af hreinni eign lífeyrissjóða (Hagtölur SÍ). Lítil vanskil af sjóðfélagabréfum lífeyrissjóðanna benda til að þau séu í heild áhættulítil.

4. *Hver hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis laganna?*

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi hans, sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Stjórninni ber m.a. að móta fjárfestingarstefnu, sbr. VII. kafla laganna. Við lífeyrissjóð skal endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili annast innra eftirlit, sbr. 34. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, sbr. IX. kafla laganna.

5. *Hver gæti verið ábyrgð sjóðstjórnar?*

Eitt af meginhlutverkum stjórnar lífeyrissjóðs er samkvæmt lögum nr. 129/1997 að móta fjárfestingastefnu sem leiðir til þess að lífeyrissjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæði 4. gr. um lágmarkstryggingavernd og ákvæði 39. gr. um að skuldbindingar og eignir lífeyrissjóðs skuli ávallt vera í jafnvægi.

Ábyrgð stjórna lífeyrissjóða er ekki skilgreind í lögum. Ætla má að stjórnarmenn séu samkvæmt almennum reglum skyldir til að bæta lífeyrissjóði tjón sem þeir valda sjóðnum í störfum sínum hvort sem slíkt væri unnið af ásetningi eða gáleysi.

1599. Svar [907. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað ríkisins við starfsnám.

Fyrispurnin hljóðar svo:

Hver er áætlaður kostnaður ríkisins við starfsnám eftir einstökum greinum, svo sem nudd, snyrtifræði og iðnhönnun, og hvað þurfa nemendur að greiða af þeim kostnaði?

Framlög ríkisins til starfsnáms byggjast á reiknuðum kostnaði við þá námsáfanga (greinar) sem falla undir hverja námsbraut um sig. Áfangar eru misstórir, talið í einingum, hver eining áfanga samsvarar að jafnaði tveimur kennslustundum á viku í eina önn. Hver nemandi hefur að jafnaði 17 til 18 einingar undir á önn, 35 á ári. Allir áfangar aðalnámskrár eru skilgreindir hvað varðar nemendafjölda (hópstærðir), húsnæði, búnað og stundafjölda. Framlögin hreyfast síðan með nemendafjölda (nýtingu) og geta einnig breyst eftir stærð skóla og fjarlægð frá Reykjavík. Á verðlagi fjárlaga 2004 leikur einingaverð mismunandi áfanga á bilinu 11.900 (venjulegt bóknám) til 35.600 (verklegt tækjavætt nám í efsta flokki).

Framlög til hönnunarbrautar á borð við þá sem starfrækt er í Iðnskólanum í Hafnarfirði (HÖ, 80 einingar) eru 1,4 millj. kr. á nemanda eða 362 þús. kr. á önn (fjórar annir).

Almennt geta efnis- og innritunargjöld hæst orðið 58.500 kr. á ári, eða sem svarar til 1.670 kr. á einingu en lægst um 240 kr. á einingu nemenda í 35 eininga námi á ári. Munur þessara gjalda liggur í misdýrum efnum sem unnið er með í áfanganum. Lægstu gjöld taka einungis til lágmarksdreifingar á efni svo sem námsvísis, stundatöflu o.þ.h.

Framlög vegna snyrtifræðibrautar (SN8, 101 eining) eru 2,2, millj. kr. á nemanda eða 437 þús. kr. á önn (fimm annir). Gjöld nemenda eru í samræmi við almennu regluna.

Framlög vegna grunnnáms og sérgreina (fjórar annir) námsbrautar fyrir nuddara (NN, 66 af 98 einingum brautarinnar í heild) eru 958 þús. kr. á nemanda eða 239 þús. kr. á önn. Nemendur greiða sjálfir fyrir verklega námið, 190 þús kr. á önn í tvær annir.

Nákvæm yfirlit um framlög á hvern áfanga framagreindra brauta fylgir.

Snyrtifræði, fimm anna nám. Framlag á grein á gefnum forsendum (meðalnýtingarkrafa).

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fer-metrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstr-ar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sér-tekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á náms-grein á nem-anda
BÓK103	BOK25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
DAN102	HÆG 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
DAN202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
EÐL123	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
EFN103	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
EFN223	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
ENS102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ENS202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ENS302	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
FOS102	VEL 12 / 9,2952 2A	4	345	6,4	26,4	4,8	26,2	26,4	429,2	14,3	23,1	46,2
FOS201	VEL 12 / 9,2952 2A	2	173	3,2	13,2	2,4	13,1	13,2	214,6	7,1	23,1	23,1
FÖR102	VEL 12 / 9,2952 3A	4	345	7,8	32,3	9,7	34,8	35,1	457,3	14,3	24,6	49,2
FÖR202	VEL 12 / 9,2952 3A	4	345	7,8	32,3	9,7	34,8	35,1	457,3	14,3	24,6	49,2
FÖR302	VEL 12 / 9,2952 3A	4	345	7,8	32,3	9,7	34,8	35,1	457,3	14,3	24,6	49,2
HAS102	VEL 12 / 9,2952 2B	4	345	6,4	26,4	9,1	29,3	29,6	439,8	14,3	23,7	47,3
HAS201	VEL 12 / 9,2952 2B	2	173	3,2	13,2	4,6	14,7	14,8	219,9	7,1	23,7	23,7
HBF102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
HUÐ101	FBL 15 / 11,619 2B	2	173	3,5	14,6	4,8	16,1	16,2	224,3	0,3	19,3	19,3
ÍSL102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL302	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍÞR101	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR111	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR201	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR211	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR221	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
LÍF103	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
LOL103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
LOL203	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
LSS103	VEL 12 / 9,2952 2B	6	518	9,6	39,6	13,7	44,0	44,4	659,6	21,4	23,7	71,0
LSS204	VEL 12 / 9,2952 2B	8	691	12,8	52,8	18,2	58,7	59,1	879,5	28,6	23,7	94,6
MYN152	LIS 15 / 11,619 2A	4	345	7,1	29,2	5,3	29,0	29,2	438,1	5,8	18,9	37,7
NÆR102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fermetrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstrar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sértekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á námsgrein á nemanda
SÁL103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	20,6	86,2	15,7	85,4	86,1	791,5	1,5	13,6	40,9
SÁL112	bok 25 / 19,365 1A	4	345	18,9	79,2	14,3	78,4	79,1	596,3	1,0	15,4	30,8
SIÐ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	24,0	100,9	18,1	99,9	100,7	665,0	1,0	17,2	34,3
SKY101	BOK 25 / 19,365 2B	2	173	15,8	66,5	13,9	67,2	67,7	388,0	0,5	20,0	20,0
SNV101	VEL 12 / 9,2952 2A	2	173	9,9	41,5	7,4	41,0	41,3	303,8	7,1	32,7	32,7
SNY105	VEL 12 / 9,2952 2B	10	863	56,1	235,7	52,6	240,7	242,6	1.634,9	35,7	35,2	175,9
SNY204	VEL 12 / 9,2952 2B	8	691	50,2	211,2	46,1	214,8	216,6	1.379,3	28,6	37,1	148,4
SNY304	VEL 12 / 9,2952 2B	8	691	55,6	233,8	50,0	237,2	239,1	1.450,7	28,6	39,0	156,1
STO101	VEL 12 / 9,2952 2B	2	173	15,2	64,1	13,5	64,9	65,4	380,5	7,1	40,9	40,9
STÆ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	60,0	253,2	44,9	250,0	252,1	1.145,6	1,0	29,6	59,2
STÆ122	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	65,1	274,9	48,7	271,5	273,7	1.214,2	1,0	31,4	62,7
TJÁ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	70,3	296,7	52,6	293,0	295,4	1.282,9	1,0	33,1	66,2
TÖL103	TÖL 15 / 11,619 2B	6	518	75,8	319,5	62,9	320,1	322,7	1.543,3	0,9	44,3	132,8
VAX101	VEL 12 / 9,2952 3A	2	173	25,5	107,5	20,9	107,5	108,4	517,0	7,1	55,6	55,6
		202	**17.439**	**886**	**3.715**	**766**	**3.747**	**3.778**	**29.445**	**285**		**2.185**

Framlag á hvern nemanda brautar	2.185,13 þús. kr.
Hver önn	437,03 þús. kr.
Meðalverð á einingu	24,28 þús. kr.

Framlag vegna hvers ársstarfs í kennslu skiptist þannig:
Kennsluskylda er 24 vikustundir og launastikan 246.129 kr. (mánaðarlaun)

Vegna dagvinnu (þús. kr.)	2.266	(80% greidd í dagvinnu)
Vegna yfirvinnu	620	(20% greidd í yfirvinnu)
Vegna kennslutengdra starfa	476	(16,5% ofan á kennsluna)
Vegna launatendra gjalda	659	(19,6% ofan á öll laun)
Alls	**4.021**	

Hönnunarbraut (HÖ), fjögurra anna nám. Framlag á hverja grein á gefnum forsendum (meðalnýtingarkrafa).

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fer-metrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstrar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sér-tekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á náms-grein á nem-anda
BÓK103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
DAN102	HÆG 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
DAN202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
DAN212	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
EÐL102	RAU 20 / 15,492 2B	4	345	8,2	33,9	10,4	36,8	37,1	463,6	0,8	15,0	29,9
EÐL202	RAU 20 / 15,492 2B	4	345	8,2	33,9	10,4	36,8	37,1	463,6	0,8	15,0	29,9
EFI102	FBL 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	0,6	18,6	37,1
EFN102	RAU 20 / 15,492 2B	4	345	8,2	33,9	10,4	36,8	37,1	463,6	0,8	15,0	29,9
ENL102	FBL 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	0,6	18,6	37,1
ENS102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
FÉL102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
FHT102	LIS 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	5,8	18,6	37,1
FHT202	LIS 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	5,8	18,6	37,1
GRT106	LIS 15 / 11,619 2A	12	1.036	21,2	87,7	16,0	87,0	87,7	1.314,3	17,3	18,9	113,1
HÖH103	LIS 15 / 11,619 2A	6	518	10,6	43,9	8,0	43,5	43,8	657,2	8,6	18,9	56,6
HÖH203	LIS 15 / 11,619 2A	6	518	10,6	43,9	8,0	43,5	43,8	657,2	8,6	18,9	56,6
ÍSL102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍÞR101	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR111	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR201	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR211	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
LIH102	FBL 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	0,6	18,6	37,1
MAH103	FBL 15 / 11,619 1A	6	518	9,8	40,5	7,7	40,4	40,7	647,3	0,9	18,6	55,7
MÁH103	VEL 12 / 9,2952 3A	6	518	11,7	48,4	14,6	52,2	52,7	685,9	21,4	24,6	73,8
SMH103	VEL 12 / 9,2952 2B	6	518	9,6	39,6	13,7	44,0	44,4	659,6	21,4	23,7	71,0
SMH203	VEL 12 / 9,2952 2B	6	518	9,6	39,6	13,7	44,0	44,4	659,6	21,4	23,7	71,0
STÆ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
STÆ122	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
TÖL103	TÖL 15 / 11,619 2B	6	518	10,6	43,9	14,4	48,2	48,6	673,0	0,9	19,3	57,9
MÁH204	VEL 12 / 9,2952 3A	8	691	15,6	64,6	19,5	69,6	70,2	914,6	28,6	24,6	98,4

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fer-metrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstrar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sér-tekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á náms-grein á nem-anda
PLH104	VEL 12 / 9,2952 2B	8	691	12,8	52,8	18,2	58,7	59,1	879,5	28,6	23,7	94,6
TRH104	VEL 12 / 9,2952 3A	8	691	15,6	64,6	19,5	69,6	70,2	914,6	28,6	24,6	98,4
		160	**13.813**	**344**	**1.430**	**322**	**1.462**	**1.474**	**1.8501**	**214**	**571,4**	**1.447**

Framlag á hvern nemanda brautar	1.447,28 þús. kr.
Hver önn	361,82 þús. kr.
Meðalverð á einingu	18,09 þús. kr.

Framlag vegna hvers ársstarfs í kennslu skiptist þannig:

Kennsluskylda er 24 vikustundir og launastikan 246.129 kr. (mánaðarlaun)

Vegna dagvinnu (þús. kr.)	2.266	(80% greidd í dagvinnu)
Vegna yfirvinnu	620	(20% greidd í yfirvinnu)
Vegna kennslutengdra starfa	476	(16,5% ofan á kennsluna)
Vegna launatendra gjalda	659	(19,6% ofan á öll laun)
Alls	**4.021**	

Námsbraut fyrir nuddara, sex anna nám. Framlag á hverja grein á gefnum forsendum (meðalnýtingarkrafa).

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fer-metrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstr-ar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sér-tekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á náms-grein á nem-anda
DAN102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
DAN202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
EFN103	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
ENS102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ENS202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL202	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
ÍSL212	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
LÍF103	RAU 20 / 15,492 2B	6	518	12,3	50,9	15,7	55,1	55,6	695,3	1,2	15,0	44,9
NÁM101	BOK 25 / 19,365 1A	2	173	4,3	17,8	3,3	17,7	17,9	229,5	0,5	11,9	11,9
SAG103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
SÁL103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
SIÐ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
STÆ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
TJÁ102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
VÉL101	TÖL 15 / 11,619 2B	2	173	3,5	14,6	4,8	16,1	16,2	224,3	0,3	19,3	19,3
ÍÞR101	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR111	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR201	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
ÍÞR211	BOK 25 / 19,365 5A	2	173	14,9	62,2	10,4	61,0	61,5	367,7	0,5	19,0	19,0
LÍB101	FBL 15 / 11,619 1A	2	173	3,3	13,5	2,6	13,5	13,6	215,8	0,3	18,6	18,6
LOL103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
LOL203	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
NÆR102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
SJÚ103	FBL 15 / 11,619 1A	6	518	9,8	40,5	7,7	40,4	40,7	647,3	0,9	18,6	55,7
SJÚ202	FBL 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	0,6	18,6	37,1
SKY101	BOK 25 / 19,365 2B	2	173	4,6	19,3	5,6	20,7	20,9	239,2	0,5	12,4	12,4
VFF102	FBL 15 / 11,619 1A	4	345	6,5	27,0	5,1	26,9	27,1	431,5	0,6	18,6	37,1
BÓK103	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6
HBF102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	8,6	35,7	6,7	35,5	35,8	459,0	1,0	11,9	23,7
HBF203	BOK 25 / 19,365 1A	6	518	12,9	53,5	10,0	53,2	53,7	688,5	1,5	11,9	35,6

Áfangi	Flokkun greina, hópviðmið, nýtingarkrafa og stofulykill	Stundir á hóp	Framlag til kennslu, þús kr.	Reiknað húsnæði, fer-metrar	Til viðhalds / leigu, 3,55% af stofnkostnaði reiknaðs húsnæðis	Til búnaðar, 4,16% af stofnkostnaði búnaðar	Til annarra starfsm, 3,05% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Til annars rekstrar, 3,07% af stofnkostnaði búnaðar og húsnæðis	Framlög alls, þús. kr.	Sér-tekjur	Á hverja einingu, þús kr.	Á náms-grein á nem-anda
REF101	VEL 12 / 9,2952 2B	2	173	7,2	30,2	7,5	31,4	31,7	273,4	7,1	29,4	29,4
VAL101	BOK 25 / 19,365 1A	2	173	17,1	72,2	12,9	71,4	72,0	401,1	0,5	20,7	20,7
V1X102	BOK 25 / 19,365 1A	4	345	49,7	209,7	37,3	207,1	208,8	1.008,2	1,0	26,0	52,1
		134	**11.569**	**377**	**1.572**	**305**	**1.572**	**1.585**	**16.602**	**37**	**513,1**	**958**

Framlag á hvern nemanda	
brautar	957,72 þús. kr.
Hver önn	239,43 þús. kr.
Meðalverð á einingu	14,29 þús. kr.

Framlag vegna hvers ársstarfs í kennslu skiptist þannig:

Kennsluskylda er 24 vikustundir og launastikan 246.129 kr. (mánaðarlaun)

Vegna dagvinnu (þús. kr.)	2.266	(80% greidd í dagvinnu)
Vegna yfirvinnu	620	(20% greidd í yfirvinnu)
Vegna kennslutengdra starfa	476	(16,5% ofan á kennsluna)
Vegna launatendra gjalda	659	(19,6% ofan á öll laun)
Alls	**4.021**	

1600. Svar [669. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve oft undanfarin þrjú ár og á yfirstandandi ári hefur ráðherra nýtt heimild skv. 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins um greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum?*
2. *Hvenær voru þessar greiðslur ákveðnar?*
3. *Hvenær var fjárlaganefnd gerð grein fyrir þessum ákvörðunum?*

Svar óskast sundurliðað eftir árum og ráðuneytum.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er heimilt að inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum vegna ófyrirséðra atvika. Gera skal fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að með heimildagrein fjárlaga, nú liður 7.1 í 6. gr., hefur verið heimilað að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest á Alþingi sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Þá er skv. 34. gr. fjárreiðulaga heimilt að haga launagreiðslum samkvæmt kjarasamningum, séu slíkir samningar gerðir og þeir fela í sér frekari launaútgjöld en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga fyrir komandi ár er eðli málsins samkvæmt ekki hægt að sjá fyrir öll atvik sem kunna að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Einna skýrustu dæmin um þetta eru útgjöld vegna tjóna sem kunna að verða hjá ríkisaðilum vegna náttúruhamfara eða kostnaður eða bætur sem falla á ríkissjóð samkvæmt niðurstöðum dómsmála. Annað glöggt dæmi um þetta eru lög sem Alþingi afgreiðir eftir setningu fjárlaga og hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, t.d. aukinn bótarétt í almannatryggingakerfinu. Þá má nefna að niðurstaða kjarasamninga getur leitt til hærri launakostnaðar hjá ríkisstofnunum almennt en reiknað hefur verið með í fjárlögum, eins og reyndar er sérstaklega gert ráð fyrir í 34. gr. fjárreiðulaganna. Einnig getur verið um að ræða tilvik þar sem mörk á milli þess sem kann að vera ófyrirséð og fyrirséð eru ekki glögg, t.d. ef spurn eftir tiltekinni þjónustu á vegum ríkisins eykst mjög hratt eða verðlags- og gengisforsendur raskast frá því sem ætlað var við undirbúning fjárlaga.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir slíkum ófyrirséðum útgjöldum með fjárheimildum á óskiptum fjárlagaliðum. Sem dæmi má taka lið *09-989 Launa- og verðlagsmál* með fjárheimild samkvæmt árlegu mati til að mæta útgjöldum sem kunna að leiða af breytingum á launakjörum í starfsemi ríkisins eftir afgreiðslu fjárlaga. Annar slíkur liður er *09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum,* þ.e. heimildum skv. 6. gr. fjárlaga, en jafnan er mikil óvissa um það við setningu fjárlaga í hvaða mæli heimildarákvæðin verði nýtt á árinu. Þá eru í fjárlögum ýmsir slíkir óskiptir fjárlagaliðir fyrir einstaka málaflokka flestra ráðuneyta til að mæta ófyrirséðum útgjöldum innan ársins, t.d. vegna tilfallandi rekstrarmála eða óvenju mikilla veikinda starfsmanna. Einstakir ráðherrar og ríkisstjórnin í heild hafa einnig árlegar fjárheimildir til ráðstöfunar í ýmis minni háttar rekstrarmál, styrki og sérverkefni sem taka þarf ákvörðun um á árinu.

Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum gilda fyrir fjárlagaárið í heild. Einnig geta verið nýttar afgangsfjárheimildir frá fyrri árum í samræmi við ákvæði fjárreiðulaganna. Þótt fram komi

ný útgjaldamál eða rekstrarhalli stofnunar innan ársins er því fyrir hendi fjárheimild fram að þeim tíma sem leitað er eftir auknum heimildum með frumvarpi til fjáraukalaga.

Af framangreindum ástæðum er fremur fátítt að þær aðstæður skapist að greiðslur úr ríkissjóði séu gerðar samkvæmt heimildinni í 33. gr. fjárreiðulaganna, þ.e. að ganga verði frá greiðslu sem fyrir fram er vitað að verði umfram heimildir fjárlaga.

Í þessu sambandi er bent á að þrátt fyrir ákvæði fjárreiðulaga verður heimild Alþingis til að breyta útgjöldum fjárlaga með fjáraukalögum ekki takmörkuð. Um þetta atriði er nokkuð fjallað í Stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schram, en þar segir m.a. að almenn lög eða afstaða stjórnvalda geti ekki takmarkað stjórnarskrárbundnar valdheimildir Alþingis sem handhafa fjárveitingavaldsins.

Hér er litið svo á að samkvæmt orðanna hljóðan snúi fyrirspurnin að beinum greiðslum úr ríkissjóði á fjárlagaárinu en ekki að gjaldfærðum skuldbindingum sem bókfærast í reikningsskilum á rekstrargrunni en koma ekki til greiðslu fyrr en síðar, t.d. áfallin vaxtagjöld af lánum eða hækkanir á lífeyrisskuldbindingum.

Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir þau tilefni þar sem komið hefur til útgreiðslu óvæntra útgjalda sem ekki voru fyrirséð eða gert ráð fyrir í fjárlögum og stafa ekki af kjarasamningum eða hagrænum og kerfislægum breytingum á forsendum fjárlaga eða ekki var fyrir hendi fjárheimild fyrir slíkum frávikum þegar frumvarp til fjáraukalaga er lagt fyrir. Tekið er fram að ekki er haldið sérstakt yfirlit yfir þau tilvik þar sem grípa þarf til greiðslu úr ríkissjóði til verkefna þar sem fjárheimild er ekki fyrir hendi og var því sérstaklega farið yfir efni fjáraukalaga síðustu þriggja ára og tilefnin metin.

Á yfirstandandi ári hefur ekki komið til þess að grípa hafi þurft til fjárráðstafana skv. 33. gr. fjárreiðulaga. Þó er ljóst að hækkun atvinnuleysisbóta og meira atvinnuleysi en áætlað var í fjárlögum mun að óbreyttu leiða til þess að sækja þarf um auknar útgjaldaheimildir hjá Alþingi. Fjárheimildir sjóðsins verða þó ekki uppurnar fyrr en í byrjun október miðað við þær forsendur.

Árið 2003 var ákveðið að veita 300 millj. kr. til neyðar- og mannúðaraðstoðar og uppbyggingarstarfs í Írak í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í apríl það ár og varð sú greiðsla ekki öll innt af hendi á árinu. Einnig var brugðist við jarðskjálftum í Alsír með því að sendar voru björgunarsveitir þangað, en beiðni um aðstoð barst 23. maí 2003, kostnaður var 6 millj. kr. Loks var 1.500 millj. kr. aukafjárveiting í fjáraukalögum 2003 vegna endurákvörðunar tekjutryggingar til öryrkja í kjölfar hæstaréttardóms þar um. Sú fjárveiting kom í frumvarpið í meðförum Alþingis enda var dómurinn kveðinn upp 16. október það ár. Skipting á ráðuneyti er: Utanríkisráðuneyti 306 millj. kr., heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 1.500 millj. kr.

Árið 2002 var farið fram á 50,2 millj. kr. fjárveitingu vegna heimsóknar forseta Kína sumarið 2002 og forsætisráðherra Víetnam um haustið. Farið var fram á 80 millj. kr. fjárveitingu til hjálpargagnaflugs til Afganistan í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í janúar og mars 2002. Í kjölfar dóms Hæstaréttar var farið fram á 91 millj. kr. til að standa undir dagpeningagreiðslum, vaktaálagi og ferðakostnaði lögreglumanna sem sóttu nám í Lögregluskólanum. Þá var veitt 23 millj. kr. fjárheimild vegna tryggingabóta til flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni í samræmi við ákvæði kjarasamnings flugmanna. Skipting á ráðuneyti er: Æðsta stjórn 6,8 millj. kr., forsætisráðuneyti 20,7 millj. kr., utanríkisráðuneyti 80 millj. kr. og dómsmálaráðuneyti 136,7 millj. kr.

Árið 2001 var veitt 1.245 millj. kr. aukafjárveiting vegna leiðréttingar á tekjutryggingu örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega fyrir tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, sbr. lög nr. 2/2001. Einnig var veitt 150 millj. kr. fjárveiting til að gera upp og bæta ýmislegt

tjón vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000. Loks voru í meðförum fjárlagafrumvarps hjá Alþingi samþykktar 100 millj. kr. fjárveitingar til að efla toll- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar hryðjuverkanna 11. september 2001, einnig vegna öryggisráðstafana í sendiráðum og til lögreglunnar. Skipting á ráðuneyti er: Utanríkisráðuneyti 100 millj. kr., fjármálaráðuneyti 150 millj. kr., heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 1.245 millj. kr.

Framangreindar breytingar hafa ýmist verið kynntar fjárlaganefnd með framlagningu frumvarps til fjáraukalaga ár hvert, eða bréflega í meðförum frumvarpsins fyrir Alþingi. Þá eru reglulega haldnir fundir í ríkisfjármálanefnd þar sem helstu frávik og óvænt útgjöld sem kunnugt er um eru kynnt. Í nefndinni eiga sæti formaður og varaformaður fjárlaganefndar, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins og tveir skrifstofustjórar þess ráðuneytis.

1601. Svar [928. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um greiðsluskyldu ríkissjóðs umfram heimildir fjárlaga.

1. *Til hvaða fjárráðstafana hefur verið gripið á þessu ári sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum ársins og leita þarf heimildar Alþingis fyrir, sbr. 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins frá 1997? Hverjar eru fjárhæðirnar í hverju tilviki og hefur fjárlaganefnd Alþingis verið gerð grein fyrir þeim?*

Ekki hefur reynt á ófyrirséða greiðsluskyldu úr ríkissjóði á þessu ári. Þó er nú gert ráð fyrir að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði 680 millj. kr. umfram áætlanir vegna meira atvinnuleysis en spáð var í forsendum fjárlaga.

2. *Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs við þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu, sundurliðað eftir kjarasamningum, og hvernig samræmist sá kostnaður fjárlögum ársins? Hvaða fleiri kjarasamninga er áformað að gera á árinu, hver er hlutur þeirra í heildarlaunakostnaði ríkisins, sundurliðað eftir kjarasamningum, og mun áætlun fjárlaga raskast ef þeir kjarasamningar verða svipaðir þeim sem þegar hafa verið gerðir og ef svo er, hve mikið?*

Aðeins hefur verið gerður einn kjarasamningur á árinu og er hann við Starfsgreinasambandið og felur í sér að 14 kjarasamningar eru felldir saman í einn og skal atkvæðagreiðslu vera lokið fyrir 25. maí. Gera má ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir sem reka hjúkrunarheimili geri hliðstæða samninga. Kostnaður við samninginn umfram forsendur fjárlaga til viðkomandi stofnana er áætlaður á bilinu 100–150 millj. kr. að ótöldum kostnaði við samninga sjálfseignarstofnana. Til að mæta þeim kostnaði og síðari kjarasamningum er óskipt fjárveiting á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytisins sem nemur 520 millj. kr.

Á þessu ári er áætlað að gerðir verði 65 kjarasamningar. Ólokið er gerð samninga við lyfjafræðinga, sjómenn, flugmenn, iðnaðarmenn og verkstjóra en samningar við þessa hópa eru þegar útrunnir. Um mánaðamótin ágúst–september renna út samningar við skipstjórnarmenn, bryta og vélstjóra. Framangreindar starfsstéttir vega ekki þungt í launaútgjöldum ríkissjóðs og ættu að rúmast innan fjárheimilda í fjárlögum. Kjarasamningar við stéttarfélög opinberra starfsmanna renna út í lok nóvember að undanskyldum samningum við flugumferðarstjóra, lögreglumenn, lækna og sjúkraflutningamenn sem renna allir út á næsta ári. Samning-

arnir ná yfir stærstan hluta launaútgjalda ríkisins og vega því þungt, en þar sem þeir renna út í lok ársins er ekki að vænta að kostnaðarauki árið 2004 verði teljandi.

3. *Er ástæða til að ætla að útgjöld ríkissjóðs á árinu verði umfram fjárlög ársins vegna nýrra laga sem samþykkt hafa verið á þessu ári? Ef svo er, hvaða lög er um að ræða og hvað er áætlað að útgjöldin verði mikil á árinu í hverju tilviki og hvaða fjárlagaliðir eiga í hlut?*

Aðeins ein lög sem hafa verið afgreidd á þessu ári, um breytingu á lögum um Siglingastofnun vegna siglingaverndar, hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að þau lög hafi 60 millj. kr. útgjaldaauka í för með sér. Þar af falla 30 millj. kr. til hjá ríkislögreglustjóra, um 10 millj. kr. hjá Landhelgisgæslu Íslands og 10 millj. kr. hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Loks verður kostnaðarauki hjá Siglingastofnun 10 millj. kr. og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum. Samtals má því gera ráð fyrir 50 millj. kr. útgjöldum á þessu ári umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum.

4. *Hafa ákvarðanir einstakra ráðherra eða ríkisstjórnarinnar á þessu ári leitt til þess að útgjöld ársins verða fyrirsjáanlega umfram heimildir fjárlaga? Ef svo er, hverjar eru ákvarðanirnar, við hvaða lagaheimildir styðjast þær, hver eru umframútgjöldin í hverju tilviki, hverjir eru fjárlagaliðirnir og hvernig er ráðgert að mæta kostnaðinum?*

Ríkisstjórnin hefur tekið nokkrar ákvarðanir sem hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs á þessu ári. Fyrirhugað er að sækja um heimildir vegna þeirra í fjáraukalögum fyrir árið 2004 sem verða lögð fram í byrjun október í haust. Annars vegar eru ákvarðanir sem teknar voru til að greiða fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og koma fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 7. mars sl. og hins vegar eru nokkrar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar vegna aðkallandi verkefna.

Kostnaðar vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er samtals áætlaður 425 millj. kr. árið 2004 og færist á Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar af eru 330 millj. kr. vegna sérstakrar hækkunar atvinnuleysisbóta umfram forsendur fjárlaga og 95 millj. kr. til eflingar á starfsmenntasjóðum verkafólks. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara þess á leit við Alþingi að í fjárauklalögum fyrir árið 2004 fái eftirfarandi verkefni samtals 303 millj. kr. fjárveitingu:

1. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður til að ljúka framkvæmdum við Þjóðminjasafn Íslands, samtals 100 millj. kr.
2. Fjölgun lögreglumanna í Reykjavík um tíu frá miðju ári, samtals 35 millj. kr.
3. Flutningur í þágu öryggissveita Atlantshafsbandalagsins á þyrlum og öryggisbúnaði frá Hollandi til Afganistans, samtals 30 millj. kr.
4. Fundur Sameinuðu þjóðanna haldinn á Íslandi vegna stofnunar reglulegs ferlis til að meta ástand hafanna, samtals 33 millj. kr.
5. Verkefni Norrænu eldfjallastöðvarinnar færð til Háskóla Íslands frá og með 1. júlí 2004, samtals 15 millj. kr., sbr. frumvarp um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.
6. Samþykkt að gera viðbótarsamning um TETRA-fjarskiptakerfið sem felur í sér allt að 77 millj. kr. árlegan kostnað.
7. Að tillögu fjárlaganefndar hefur ríkisstjórnin samþykkt að fara fram á 13 millj. kr. fjárveitingu sem skiptist þannig: Til Snorrastofu, 6 millj. kr. fjárveiting sem felld var niður í fjárlögum 2004 en átti að vara lengur. Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd, 6 millj. kr. þar sem fyrir mistök var aðeins gert ráð fyrir 1 millj. kr. til verkefnisins í fjárlögum 2004.

Loks verði 1 millj. kr. varið til að standa undir kostnaði við fjarnám í opinberri stjórnsýslu hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Samtals nema framangreind verkefni 728 millj. kr. og verður gerð tillaga um að þau fái brautargengi í fjáraukalögum fyrir árið 2004. Útgjöldin hafa verið kynnt í ríkisfjármálanefnd þar sem sæti eiga formaður og varaformaður fjárlaganefndar ásamt þremur embættismönnum fjármálaráðuneytisins. Farið er fram á útgjöldin í samræmi við ákvæði stjórnarskrár um að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis og að önnur lög geti ekki takmarkað það vald.

1602. Frumvarp til tollalaga. [986. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til starfsemi ríkisins við tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.
Orðskýringar.

Aðflutningsgjöld: Tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru við innflutning.

Aðkomufar: Far sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu tollafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum.

Far: Skip eða flugfar.

Far í utanlandsferðum: Far sem flytur ótollafgreidda vöru frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vöru til útlanda.

Farartæki: Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.

Farmenn: Skipverjar og flugliðar sem eru í áhöfn skipa eða flugvéla.

Ferðamenn: Farþegar sem koma til landsins frá útlöndum með skipum eða flugvélum

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Gagnaflutningsnet: Almennt gagnaflutningsnet sem notar viðurkenndan alþjóðlegan staðal og fullnægir skilyrðum ráðherra að öðru leyti.

Ráðherra: Fjármálaráðherra, nema annað sé tekið fram.

Rammaskeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsniðið er þannig að unnt sé í tölvu að lesa það og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ráðherra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SÞ-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem um ræðir í lögum þessum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Skjalasending milli tölva (SMT): Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

SMT-tollafgreiðsla: Rafræn tollafgreiðsla með skjalasendingum milli gagnavinnslukerfa tölva sem fylgja ákveðnum stöðlum.

Tollabinding: Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherrayfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.

Tollafgreiðsla vöru: Þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru til nota innan lands eða til útflutnings.

Tollhöfn: Staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar tollstjóra, sbr. 43. gr.

Tollkvóti: Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 6. gr.

Tollmiðlari: Lögaðili sem hefur leyfi tollstjórans í Reykjavík til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda.

Tollskjöl: Tollskýrsla og önnur skjöl sem leggja ber fram við tollafgreiðslu eftir því sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Tollur: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

Tollverð: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

Tollverðir: Til tollvarða teljast þeir sem skipaðir eru til tollgæslustarfs skv. 3. og 4. mgr. 49. gr.

Tölvukerfi tollyfirvalda: Vél- og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.

Umflutningur: Flutningur vöru innan lands undir tolleftirliti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

VEF-tollafgreiðsla: Rafræn tollafgreiðsla í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda.

Vara eða sending: Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

Vörsluhafi: Einstaklingur eða lögaðili sem fer með vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Vörsluábyrgð: Ábyrgð á vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. KAFLI
Tollsvæði ríkisins.

3. gr.
Tollsvæði.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf mílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Til tollsvæðis telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

III. KAFLI
Tollskyldir aðilar.

4. gr.
Almenn tollskylda.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 5. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

5. gr.
Takmörkuð tollskylda.

Eftirtaldir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. Sendiráð, sendiræðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiræðismenn erlendra ríkja.
2. Kjörræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.
3. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum.

Ráðherra setur nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem um ræðir í 2. og 3. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

IV. KAFLI
Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

6. gr.
Tollskyldar vörur og tollskrá.

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 15.–17. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá samkvæmt viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 146. gr. laga þessara eða 84. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmist slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum IIA, IIB og IIC með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 140.–144. gr. og viðbótartolla skv. 145. gr. laga þessara, sbr. 86. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

7. gr.

Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:
   a. Fylgifé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgifé ekki flutt úr viðkomandi fari.
   b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
   c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:
   a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
   b. Varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð.
3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
4. Búslóð manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, véruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.
5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.
8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:
   a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 10.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 10.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 10.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.
   b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra.
   c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.

9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.
11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:
    a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.
    b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
    c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

   Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

   Þau ríki sem skilgreind eru sem fátækustu þróunarríki heims eru talin upp í viðauka V með lögum þessum.
2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:
   a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.
   b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verktakar, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
   c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
   d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.
   e. Af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda.

   Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.
3. Af landbúnaðarvörum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og sendar eru tímabundið hingað til lands til aðvinnslu samkvæmt nánari skilyrðum þessa töluliðar. Vörurnar skulu endursendar úr landi að lokinni aðvinnslu eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Landbúnaðarráðherra getur veitt lögaðilum, sem stunda umfangsmikla fullvinnslu í atvinnuskyni á innfluttum landbúnaðarvörum til endurútflutnings, heimild til tímabundins innflutnings landbúnaðarvara samkvæmt þessum tölulið.

Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa töluliðar skal innflytjandi greiða toll af vörunni eins og mælt er fyrir um í viðauka I við lög þessi.

Leyfishafi skal greiða kostnað við tolleftirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulið.

Landbúnaðarráðherra skal afturkalla leyfi skv. 2. mgr. þessa töluliðar fari leyfishafi ekki að fyrirmælum um framkvæmdina.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tímabundins innflutnings til aðvinnslu samkvæmt þessum tölulið, m.a. um það hverjir geti sótt um undanþágu, aðgreiningu innflutts hráefnis til vinnslu fullunninna vara fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings, nýtingarhlutfall hráefnis við vinnslu, lágmarkskröfur um bókhald leyfishafa og upplýsingagjöf leyfishafa til landbúnaðarráðherra og tollyfirvalda. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

4. Af bifreiðum, bifhjólum og tengivögnum sem skráðir eru erlendis og fluttir til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa töluliðar um allt að þrjá mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, enda sýni viðkomandi fram á að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki, að hann hafi ekki búsetu hér á landi og hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Uppfylli innflytjandi ekki skilyrði 2. mgr. þessa töluliðar, þess efnis að hann hafi ekki launaða atvinnu og reki ekki fyrirtæki hér á landi, getur tollstjóri þó eigi að síður framlengt tímabilið í samræmi við ákvæði 2. mgr. gegn greiðslu tolls af sem nemur 1/60 hluta af tollverði viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem leyfi er framlengt. Tollstjóri getur heimilað greiðslu gjalda með skuldaviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð.

Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og uppfylla frekari skilyrði sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt þessum tölulið skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutæki í innbyggðum eldsneytisgeymum þess án greiðslu aðflutningsgjalda. Jafnframt skal eiganda eða umráðamanni heimilt, ef ökutæki bilar eða verður fyrir tjóni, að flytja inn varahluti í ökutækið tollfrjálst.

5. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum sem send eru hingað til lands til notkunar um stuttan tíma, þó ekki lengur en í tólf mánuði, og endursend eru þegar að notkun lokinni. Tollur skal í slíkum tilvikum reiknaður af leiguverði fyrir tækin í stað hefðbundins tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir má reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem 1/60 hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð sem tækið er hér á landi.

6. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.
7. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands áður en þær eru afhentar viðtakanda.
8. Af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
9. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.
10. Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.
11. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.
12. Af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.
13. Af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.
14. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

9. gr.

Vara send til útlanda til aðvinnslu.

Nú er vara send til útlanda til aðvinnslu og hún breytir ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af aðvinnslukostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Breyti vara sem send er utan til aðvinnslu svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýr hlutur skal greiða af henni toll eftir tollskrá eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

10. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar.

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar og hún breytir ekki svo eðli sínu við viðgerðina að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða af henni toll eftir tollskrá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu notaðir hlutar í vöru, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar erlendis, tollafgreiddir með þeim

hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar, hann flokkist í sama tollskrárnúmer, hafi sams konar viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegum eiginleikum og sá hlutur sem sendur var til viðgerðar, auk þess sem gætt skal að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

11. gr.

Vara send til útlanda til viðgerðar á ábyrgðartíma.

Vara sem á ábyrgðartíma er send utan til viðgerðar vegna galla skal við innflutning undanþegin tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur fyrir að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Ákveði erlendur seljandi gallaðrar vöru að afhenda nýja vöru í stað þess að framkvæma viðgerð á gallaðri vöru skal tollurinn falla niður af hinni nýju vöru að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hin gallaða vara skal vera í ábyrgð samkvæmt lögbundinni eða samningsbundinni skyldu seljanda á þeim tíma sem hún er send utan eða henni fargað undir tolleftirliti. Ekki skal farga gallaðri vöru fyrr en að fenginni skriflegri staðfestingu seljanda um að hann muni afhenda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu og óski ekki eftir að fá hina gölluðu vöru í hendur.
2. Seljandi staðfesti að vöruskipti fari fram vegna lögbundinnar eða samningsbundinnar ábyrgðar sinnar á galla og hann kjósi að senda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu, kaupanda að kostnaðarlausu, á ábyrgðartíma.
3. Ný vara flokkist í sama tollskrárnúmer og hin gallaða vara sem hún kemur í staðinn fyrir, hafi sama viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegu eiginleikum og hin gallaða vara hafði við innflutning.

Tollstjóri getur heimilað innflutning vöru skv. 2. mgr., án greiðslu aðflutningsgjalda, áður en hin gallaða vara hefur verið flutt úr landi eða henni fargað undir tolleftirliti, sbr. 1. tölul. 2. mgr., að því tilskildu að innflytjandi leggi fram fjártryggingu til greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sbr. 38. gr. laganna. Hin gallaða vara skal flutt úr landi eða henni fargað undir tolleftirliti innan 60 daga frá tollafgreiðslu vöru sem kemur í stað gallaðrar vöru. Að öðrum kosti skal gengið að fjártryggingu.

12. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu tolls skv. 10. og 11. gr. laga þessara.

13. gr.

Tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar.

Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert áranna 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 65. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærri en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fóðurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 65. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum. Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vöru á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.

14. gr.

Tollkvótar sem fjármálaráðherra úthlutar.

Fjármálaráðherra úthlutar tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum að því leyti sem vörur falla ekki undir viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela nefnd skv. 87. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum að gera tillögu um úthlutun tollkvóta skv. 1. mgr.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun á tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XXII. kafla. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

V. KAFLI
Tollverð og tollverðsákvörðun.

15. gr.

Tollverð.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 16. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem
   a. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,

b. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörurnar eða
c. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.

2. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
3. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 16. gr.
4. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 17. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila, háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.
2. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.
3. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
4. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórni eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
5. Annar þeirra stjórni beint eða óbeint hinum.
6. Þriðji aðili stjórni beint eða óbeint báðum.
7. Báðir saman stjórni beint eða óbeint þriðja aðila.
8. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar, persónur eða lögaðilar, sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

16. gr.

Tollverðsákvörðun.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 15. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

1. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:
   a. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
   b. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
   c. Pökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
2. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
   a. Efnivara, hluta, parta og þess háttar sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
   b. Verkfæra, forma, móta og þess háttar sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
   c. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
   d. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdrátta sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.
3. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er

greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.

4. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

1. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
2. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
3. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

17. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 15. gr. og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 16. gr.

Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 15. gr. og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Skipting kostnaðar.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 16. gr., sem til verða þegar vörur eru sendar í einu farmskrárnúmeri sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað nema innflytjandi leggi fram sundurliðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld vegna einstakra vörutegunda.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, sem unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

19. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti tollyfirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

20. gr.

Tollafgreiðslugengi.

Ráðherra ákveður með reglugerð það tollafgreiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Þar skal jafnframt kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar engrar skráningar gengis nýtur og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu. Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands þegar vara er tekin til tollmeðferðar, enda fari tollafgreiðsla fram innan tiltekins frests. Þó skal heimilt að ákveða að tollafgreiðslugengi gildi í fyrir fram ákveðinn tíma, enda verði breytingar á skráðu viðmiðunargengi minni en 5%, eða miða við það viðmiðunargengi myntar sem skráð er af Seðlabankanum og í gildi er þegar gjöld eru greidd.

Seðlabanki Íslands skal gefa út opinbert viðmiðunargengi erlendrar myntar.

VI. KAFLI
Tollflokkun.

21. gr

Tollflokkun vöru.

Inn- og útflytjendur skulu færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar í viðauka I við lög þessi.

Leiki vafi á um tollflokkun vöru eða óski inn- eða útflytjandi eftir staðfestingu tollstjóra á tollflokkun vöru getur hann leitað eftir bindandi áliti tollstjóra á tollflokkun vörunnar, sbr. 22. gr.

22. gr.

Bindandi álit um tollflokkun.

Ef óskað er bindandi álits um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra. Tollstjóri tekur ákvörðun um tollflokkun vöru samkvæmt þessari grein sem er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tollyfirvöldum, nema hún sé afturkölluð af tollstjóra eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 126. gr.

Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún lýtur að vöru sem þegar hefur verið tollafgreidd eða vöru sem er í sendingu sem flutt hefur verið til landsins. Sama gildir ef beiðni reynist augljóslega vera tilefnislaus.

Með beiðni um bindandi álit skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati tollstjóra getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en tekin er ákvörðun um tollflokkun.

Tollstjóri skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari tollstjóra skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji tollstjóri að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal tollstjóri svara beiðni innan 30 daga. Afrit af svari tollstjóra ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum skal sent tollstjóranum í Reykjavík sem skotið getur ákvörðuninni til ríkistollanefndar.

VII. KAFLI
Aðflutningsskýrsla og aðrar skýrslugjafir.

23. gr.
Skilafrestur aðflutningsskjala.

Innflytjandi skal láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru, sbr. 24. og 26. gr., áður en vara er afhent til notkunar innan lands eða sett í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu. Tollskjöl skulu þó látin tollstjóra í té ekki síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins nema vöru hafi verið ráðstafað í tollvörugeymslu eða á frísvæði.

24. gr.
Rafrænar aðflutningsskýrslur.

Tollmiðlarar skulu senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum á milli tölva þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara (SMT-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur tollstjóri krafist þess að honum séu látnar í té skriflegar aðflutningsskýrslur vegna vara sem þarfnast sérstaks eftirlits.

Innflytjendur, sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu senda viðkomandi tollstjóra þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðsla) eða í gegnum veftengingu við vefsetur tollyfirvalda (VEF-tollafgreiðsla).

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal ráðherra ákveða með reglugerð að þeir sem ná ekki tilteknum lágmarksfjölda innfluttra sendinga á ári geti látið tollyfirvöldum í té skriflegar aðflutningsskýrslur skv. 26. gr.

Innflytjendum samkvæmt þessari grein er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðslu).

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form rammaskeytis fyrir aðflutningsskýrslu.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig tæknilegri útfærslu SMT- og VEF-tollafgreiðslu skuli háttað.

25. gr.
Leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

SMT- og VEF-tollafgreiðsla er háð leyfi frá tollstjóranum í Reykjavík.

Leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er veitt þeim aðilum sem um getur í 1. og 3. mgr. 24. gr., enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1. Þeir hafi tilskilin leyfi eða skráningu til viðkomandi atvinnustarfsemi, svo sem leyfi til þess að vera tollmiðlari skv. XI. kafla laga þessara, skráða verslun, sbr. lög nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978, vinnsluleyfi, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eða önnur leyfi sem krafist er.
2. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og séu á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá. Ef um einstaklinga er að ræða sem stunda atvinnurekstur skulu þeir að minnsta kosti hafa framkvæmt þann lágmarksfjölda tollafgreiðslna sem tilgreindur er í reglugerð, sbr. 4. mgr. 24. gr.
3. Þeir hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína og verið skráðir skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og fyrirmælum settum samkvæmt þeim.
4. Þeir séu ekki í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.

5. Tollstjórinn í Reykjavík hafi samþykkt þann hugbúnað sem umsækjandi hyggst nota til samskipta við tollyfirvöld, nema þegar sótt er um VEF-tollafgreiðslu.
6. Þeir hafi á að skipa starfsliði með fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um tollmeðferð vara.

26. gr.

Skriflegar aðflutningsskýrslur.

Aðrir en þeir sem um getur í 1. og 3. mgr. 24. gr., sbr. 4. mgr. 24. gr., skulu afhenda viðkomandi tollstjóra skriflegar aðflutningsskýrslur.

Innflytjendum skv. 1. mgr. er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollyfirvöldum með rafrænum skjalasendingum á milli tölva.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form aðflutningsskýrslna.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem sett eru skv. 3. mgr. um form þeirra.

27. gr.

Einfaldaðar aðflutningsskýrslur.

Ráðherra getur í reglugerð heimilað einfaldaðar skýrslugjafir vegna póstsendinga og vara sem ekki eru á farmskrá. Ráðherra getur jafnframt heimilað einfaldari skýrslugjafir vegna vara sem njóta tollfríðinda við innflutning skv. 5., 7. og 8. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form aðflutningsskýrslna skv. 1. mgr.

28. gr.

Skýrslugjafir ferðamanna og farmanna.

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu ótilkvaddir gera tollgæslu grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins.

Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilin tollafgreiðsluhlið, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollafgreiðsluhlið og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslu grein fyrir.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

29. gr.

Fylgigögn með aðflutningsskýrslum.

Eftirtalin skjöl skulu liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu skv. 24. og 26. gr. eftir því sem við á. Þegar um SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er að ræða skulu fylgigögn varðveitt með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 30. gr. Viðeigandi fylgigögn skulu afhent tollstjóra í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er skrifleg:

1. *Vörureikningur:*

   Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. er tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskipta-

reikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.

2. *Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl:*
   Farmbréf eða undirfarmbréf, reikningur fyrir flutningskostnað, reikningur fyrir umbúðakostnað, pökkunarlisti, niðurstaða efnagreiningar og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu, magn og verð hennar. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleiri en einu eintaki og tollstjóra er heimilt að halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollstjóra er heimilt að taka afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.
3. *Tollverðsskýrsla:*
   Tollverðsskýrsla í þeim tilvikum þegar það verð sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi er ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 15. gr. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum. Tollverðsskýrslu skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað.
4. *Upprunasannanir:*
   Frumrit viðeigandi upprunasönnunar í þeim tilvikum þegar sett er fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru með vísan til fríverslunarsamnings sem Ísland á aðild að.

Ráðherra getur sett nánari reglur um form og efni aðflutningsskýrslu og fylgiskjala.

30. gr.

Varðveisla aðflutningsskýrslna og fylgigagna vegna rafrænnar tollafgreiðslu.

Tollmiðlari skal varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Tollmiðlari skal halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem hann sendir tollstjóra eða móttekur frá tollstjóra. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau og prenta á læsilegan hátt ef þess er óskað. Tollmiðlari skal að auki varðveita viðeigandi skrifleg gögn, sbr. 29. gr., sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu í þrjá mánuði frá tollafgreiðsludegi. Tollmiðlari skal, eftir því sem við á, afhenda bókhaldsskyldum innflytjanda, sbr. 2. mgr., eða tollstjóra, sbr. 3. mgr., öll skrifleg gögn að loknum geymslutíma.

Innflytjandi sem annast sjálfur rafræna tollafgreiðslu skal varðveita öll tölvutæk gögn með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Hann skal jafnframt varðveita öll viðeigandi skrifleg gögn, sbr. 29. gr., í samræmi við ákvæði laga um bókhald og reglugerða settra samkvæmt þeim, að loknum þriggja mánaða geymslutíma tollmiðlara skv. 1. mgr. Á það við bæði í þeim tilvikum þegar innflytjandi annast sjálfur rafræna tollafgreiðslu og þegar hann veitir tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir sína hönd gagnvart tollstjóra. Varðveislutími gagna skal vera sex ár frá tollafgreiðsludegi.

Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.

31. gr.

Upplýsingaskylda.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort verð eða

önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind. Tollstjóri hefur aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

Öllum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er hann fer fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

32. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna skýrslugjafar samkvæmt þessum kafla. Þar skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfum til SMT- og VEF-tollafgreiðslu, tryggingar fyrir aðflutningsgjöldum á greiðslufresti, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, greiðslu kostnaðar vegna gagnaflutnings og gjaldtöku vegna þessarar tollmeðferðar, varðveislu gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tolleftirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

VIII. KAFLI

Ábyrgð á upplýsingum með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum.

33. gr.

Ábyrgð innflytjanda.

Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.

Sá sem undirritar og lætur tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar.

Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar.

34. gr.

Ábyrgð tollmiðlara.

Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.

Tollmiðlara er skylt að fá í hendur öll viðeigandi fylgigögn skv. 29. gr. áður en hann sendir tollstjóra rammaskeyti vegna SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjanda.

Tollmiðlara ber skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgigögn sem umbjóðandi hans leggur fram til grundvallar aðflutnings- eða útflutningsskýrslu fullnægi ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Telji hann svo ekki vera skal hann kalla eftir þeim gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu af stað til tollstjóra með rammaskeyti í þeim tilvikum þegar fylgigögn, sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, uppfylla skilyrði laga þessara með ótvíræðum hætti.

IX. KAFLI
Tollmeðferð vöru.

35. gr.
Upphaf tollmeðferðar.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika á við:

1. Tollstjóri hefur tekið við aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem skulu látin í té vegna tollmeðferðar vöru, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum laga þessara til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru þegar í stað. Aðflutningsskýrsla, sem send er með rammaskeyti, telst vera móttekin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi tollyfirvalda.
2. Tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
3. Tollstjóri hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld nauðungarsölu eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru nauðungarsölu ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar tolli eða öðrum gjöldum sem innheimt eru vegna innflutnings, sbr. 135. og 136. gr.

36. gr.
Almenn og sérstök tollmeðferð.

Almenn tollmeðferð vöru felur í sér afhendingu aðflutningsskýrslu og annarra tollskjala, greiðslu aflutningsgjalda eða skuldfærslu þeirra og veitingu afhendingarheimildar tollstjóra.

Sérstök tollmeðferð vöru felur í sér afhendingu vöru, án greiðslu aðflutningsgjalda eða skuldfærslu þeirra, í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar vara er flutt inn á grundvelli ákvæða 7. og 8. gr.
2. Þegar ákvörðun um tollverð er frestað, sbr. 37. gr.
3. Þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram eða neyðarleyfi er veitt, sbr. 38. og 39. gr.

37. gr.
Frestun ákvörðunar um tollverð.

Reynist við tollafgreiðslu nauðsynlegt að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru samkvæmt ákvæðum 8.–11. gr. eða önnur atriði sem lög þessi taka til skal innflytjanda engu að síður heimilt að leysa til sín vöruna, að því tilskildu að hann setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna, tollstjóri telji ekki ástæðu til að halda vörunni vegna endanlegrar ákvörðunar um þau atriði sem upplýsingar skortir um eða ágreiningur er um og ákvæði annarra laga séu því ekki til fyrirstöðu.

38. gr.
Bráðabirgðatollafgreiðsla.

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 29. gr. tekur til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollstjóri veita heimild til afhendingar vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollstjóri tiltekur. Við ákvörðun tryggingar getur tollstjóri lagt allt að 25% álag á áætluð aðflutningsgjöld. Ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda má tollstjóri ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Neyðarleyfi.

Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar, enda sé afhending þeirra brýn. Er farmflytjandi ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda vegna vörusendingar ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

X. KAFLI
Skipulag tollyfirvalda.

40. gr.

Æðsti yfirmaður tollamála.

Fjármálaráðherra er æðsti yfirmaður tollamála í landinu. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollamálefni í umboði ráðherra með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þessum.

Ráðherra hefur eftirlit með því að tollstjórar ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar tollskjöl aðila og gögn varðandi þau og krefja tollstjóra skýringa á öllu því er varðar framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkistollanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

41. gr.

Tollumdæmi.

Á landinu skulu vera níu tollumdæmi:

1. Reykjavíkurumdæmi.
2. Vesturlandsumdæmi.
3. Vestfjarðaumdæmi.
4. Norðurlandsumdæmi.
5. Austurlandsumdæmi.
6. Suðurlandsumdæmi.
7. Vestmannaeyjaumdæmi.
8. Reykjanesumdæmi.
9. Suðvesturumdæmi.

Mörk tollumdæma skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn tollstjóra og sýslumanna.

Ekki má fækka tollumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

42. gr.

Tollstjórar og umboðsmenn þeirra.

Tollstjórar eru: Tollstjórinn í Reykjavík í Reykjavíkurumdæmi, sýslumaðurinn í Stykkishólmi í Vesturlandsumdæmi, sýslumaðurinn á Ísafirði í Vestfjarðaumdæmi, sýslumaðurinn á Akureyri í Norðurlandsumdæmi, sýslumaðurinn á Seyðisfirði í Austurlandsumdæmi, sýslumaðurinn á Selfossi í Suðurlandsumdæmi, sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum í Vestmannaeyjaumdæmi, sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli í Reykjanesumdæmi og sýslumaðurinn í Hafnarfirði í Suðvesturumdæmi.

Sýslumenn í hverju tollumdæmi skulu vera umboðsmenn tollstjóra í því umdæmi. Hjá sýslumönnum skal vera tollafgreiðslustaður.

43. gr.

Tollhafnir.

Tollhöfn er staður, höfn eða flugvöllur, þar sem heimilt er að ferma og afferma för og geyma og tollafgreiða vörur úr þeim án sérstakrar heimildar tollyfirvalda.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera. Við þá ákvörðun skal ráðherra taka mið af þörfum atvinnulífs á viðkomandi stöðum. Ráðherra skal um önnur atriði leita umsagnar tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi sbr. 3. mgr.

Í umsögn tollstjóra skal gerð úttekt á því hvort eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til fermingar og affermingar fara.
2. Í tollhöfn skal vera fullnægjandi aðstaða til tolleftirlits.
3. Í tollhöfn skulu vera fullnægjandi geymsluhús, geymslusvæði og önnur aðstaða til vörslu á ótollafgreiddum vörum.

Ráðherra getur með sama hætti afturkallað ákvörðun um að tiltekin höfn skuli vera tollhöfn ef ekki er talin þörf á tollhöfn á viðkomandi stað eða skilyrði 3. mgr. eru ekki lengur uppfyllt.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum skulu sveitarfélög og hafnarstjórnir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra.

44. gr.

Hlutverk tollstjóra.

Hlutverk tollstjóra í sínu umdæmi er:

1. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
2. Eftirlit á landamærum með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara til og frá landinu.
3. Eftirlit með flutningi og geymslu á ótollafgreiddum varningi innan lands.
4. Uppljóstran brota gegn lögum þessum, stöðvun ólögmætrar háttsemi og eftirfylgni mála í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum þessum, lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum.
5. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfsemi tollyfirvalda.
6. Önnur verkefni sem þeim eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eða sem leiðir af venju.

Ráðherra mælir nánar fyrir um starfsemi tollstjóra.

45. gr.

Sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík.

Auk þeirra verkefna sem tollstjórum eru falin skv. 44. gr. skal tollstjórinn í Reykjavík annast eftirtalin verkefni sem lúta að samræmingu tollframkvæmdar:

1. Þróun og rekstur tölvu- og upplýsingakerfa sem notuð eru af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum.
2. Gerð samskiptareglna fyrir innflytjendur, útflytjendur, farmflytjendur og aðra sem senda tollyfirvöldum upplýsingar vegna tollafgreiðslu um gagnaflutningsnet.
3. Ákvörðun um form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og um atriði sem skal tilgreina þar.

4. Miðlun upplýsinga til annarra tollstjóra um ákvarðanir skv. 1.–3. tölul., miðlun annarra upplýsinga sem snerta starfsemi tollyfirvalda með einum eða öðrum hætti og eftirlit með að ákvörðunum verði fylgt í starfsemi tollyfirvalda.
5. Alþjóðasamskipti á sviði tollamála að svo miklu leyti sem ráðherra ákveður.
6. Aðstoð og stuðningur við aðra tollstjóra í störfum á sviði tollamála til að tryggja samræmda tollframkvæmd milli umdæma.
7. Skipulag áhættugreiningar á sviði tollamála á landsvísu.
8. Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

46. gr.

Ríkistollanefnd.

Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokkun og annað sem lög þessi mæla fyrir um.

Um kærur til ríkistollanefndar fer eftir ákvæðum 126. gr.

47. gr.

Samvinna tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir.

Tollstjóri skal aðstoða lögreglu og ákæruvald við störf þess vegna brota á lögum þessum.

Tollyfirvöld og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast tollheimtu og tollgæslu, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir.

48. gr.

Tengsl við þjóðarétt.

Tollyfirvöld skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

49. gr.

Veiting starfa hjá tollyfirvöldum.

Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti.

Ráðherra skipar ríkistollanefnd. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera formaður og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum.

Tollstjóri skipar tollverði til að gegna stöðu aðaldeildarstjóra, deildarstjóra og yfirtollvarðar til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar jafnframt aðra tollverði til fimm ára í senn. Tollstjóri ræður aðra starfsmenn við embætti sitt. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins eða hlotið sambærilega menntun. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

Tollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 3. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

XI. KAFLI
Tollmiðlarar.

50. gr.
Starfsemi tollmiðlara.

Tollmiðlara er heimilt að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda og hafa með höndum eftirtalda þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu vöru:

1. Ráðgjöf við gerð tollskjala, svo sem tollflokkun og útreikning aðflutningsgjalda.
2. Tollskýrslugerð vegna inn- og útflutnings.
3. Beiðni um tollafgreiðslu vöru.
4. Greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda.

51. gr.
Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Ráðherra veitir starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.

Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi fríverslunarsamtaka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í ríki sem er aðili að öðrum hvorum áðurnefndra samninga. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
3. Daglegur stjórnandi tollmiðlunar skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Starfsmenn tollmiðlara, sem annast gerð tollskýrslna og samskipti við tollyfirvöld vegna þeirra, skulu hafa sótt sérstakt námskeið hjá Tollskóla ríkisins til þess að öðlast fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara, þar á meðal tollflokkun, tollskýrslugerð, meðferð ótollafgreiddra vara, ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og upplýsingum sem veittar eru tollyfirvöldum, og reglum um greiðslufrest aðflutningsgjalda.
5. Umsækjandi skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.
6. Tollmiðlara er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða setja aðra tryggingu jafngilda að mati ráðherra. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.
7. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

Ráðherra skal halda skrá yfir tollmiðlara. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollmiðlun, kalla sig tollmiðlara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi tollmiðlun ekki veitt þjónustu sem henni er heimilt samkvæmt lögum þessum, samfellt í tólf mánuði.

52. gr.

Skyldur tollmiðlara.

Starfsmenn tollmiðlara skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Verði tollmiðlari þess var að umbjóðandi hans leggi vísvitandi fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn skal hann þegar í stað tilkynna um það til tollstjóra.

53. gr.

Eftirlit með tollmiðlurum.

Tollmiðlarar lúta eftirliti tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjóranum í Reykjavík ber að tilkynna ráðherra um ætluð brot tollmiðlara á lögum þessum eða öðrum lögum sem varða tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi tollmiðlara uppfylli hann ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

XII. KAFLI

För í utanlandsferðum, skýrslugjafir farmflytjenda, ferming og afferming o.fl.

54. gr.

Tilkynning um komu og brottför fara í utanlandsferðum.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollstjóra komu fars inn á tollsvæði ríkisins og brottför með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórn skal tilkynna tollstjóra um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Landhelgisgæslan skal veita tollstjóra upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmenn hafna og skipaðir leiðsögumenn svo og starfsmenn flugvalla skulu gefa tollstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa og flugfara.

Ráðherra getur sett nánari reglur um tilkynningar samkvæmt þessari grein.

55. gr.

Fyrsta og síðasta viðkoma í tollhöfn.

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu og síðustu viðkomu hér á landi í tollhöfn. Skal ferming eða afferming aðkomufars fara þar fram og mönnum hleypt þar frá borði eða teknir um borð.

56. gr.

Undantekningar.

Þegar sérstaklega stendur á getur tollstjóri veitt leyfi til þess að far hafi fyrstu eða síðustu viðkomu á tollsvæði ríkisins utan tollhafnar. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjóri setur fyrir undanþágunni, m.a. varðandi fermingu og affermingu fars, og greiða allan kostnað sem af henni leiðir.

Fari, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er ekki skylt að hafa fyrstu viðkomu í tollhöfn hér á landi en stjórnandi farsins skal til-

kynna tollstjóra komu fars svo fljótt sem verða má og ástæður þess að leitað var hafnar í skyndi.

Fiskiskipi sem siglir með afla til útlanda beint af veiðum er ekki skylt að hafa viðkomu í tollhöfn við upphaf ferðar. Skipstjóra er skylt að gefa tollstjóra upplýsingar, með hæfilegum fyrirvara, um fyrirhugaða siglingu með afla til útlanda.

57. gr.

Tollafgreiðslustaður fars.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollstjóra sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og skipstjóra hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugvélar skulu afgreiddar þar á flugvelli sem tollgæslan ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

58. gr.

Fyrirmæli um að skip megi eingöngu hafast við í tollhöfnum.

Tollstjóra er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðis ríkisins nema í tollhöfnum.

59. gr.

Skylda stjórnanda fars til að aðstoða tollgæslu.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæslu allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrými svo og geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Ef tollgæsla óskar að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

60. gr.

Meðferð forða.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd og öðrum lagafyrirmælum fullnægt um innflutning.

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram hæfilegan forða sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli skv. 169. gr. hafa verið rofin eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæsla hefur gefið leyfi til þess.

Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins. Stjórnandi fars skal afhenda tollstjóra skrána við komu til landsins.

Tollstjóra er heimilt að undanþiggja skemmtiferðaskip, sem koma hingað til lands, ákvæðum 2. mgr. og 4. mgr.

61. gr.

Farmskrá.

Allar vörur, sem far hefur meðferðis frá útlöndum, skulu færðar á farmskrá. Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæslu og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Þó er ekki áskilið að upplýsingar um forða fars og farangur farþega og áhafnar séu skráðar á farmskrá.

Tilgreina skal í farmskrá tollhöfn sem er ákvörðunarstaður vöru.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um framskrá samkvæmt þessari grein, m.a. þær vörur sem færðar skulu í skrána, breytingar og leiðréttingar skrárinnar og ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

62. gr.

Hættuleg efni.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að tilteknar hættulegar vörur, svo sem eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

63. gr.

Geymsla bannvöru.

Ef vara er flutt til landsins andstætt fyrirmælum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, sem banna innflutning hennar, skal tollstjóri mæla fyrir um hvar og með hvaða hætti hún skuli geymd þar til ákvörðun hefur verið tekin um frekari meðhöndlun hennar af þar til bærum stjórnvöldum, svo sem um förgun eða flutning úr landi.

64. gr.

Leyfi til affermingar fars.

Afferming fars er háð eftirliti tollstjóra og má ekki hefjast nema með leyfi hans. Slíkt leyfi skal ekki veitt fyrr en aðkomuskýrsla, farmskrá og önnur þau skjöl sem lög og reglur áskilja hafa verið afhent tollstjóra.

65. gr.

Afferming fars í neyð.

Afferming fars er heimil án leyfis tollstjóra ef neyð steðjar að og afferming er nauðsynleg til þess að takmarka tjón á farmi fars. Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæslu um affermingu strax og auðið er og tilgreina ástæður hennar.

66. gr.

Skrá yfir affermdar vörur.

Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars skylt að láta tollstjóra í té nákvæma skrá yfir vörur sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning ekki framkvæmd getur tollgæsla látið gera hana á kostnað farmflytjanda.

67. gr.

Skrá um vöntun og skemmdir á vörum.

Að lokinni affermingu í hverri höfn ber stjórnanda aðkomufars að afhenda tollstjóra skrá yfir vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við affermingunа. Tollstjóri getur látið fara fram rannsókn á vöntun og skemmdum vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðun gjalda af henni.

68. gr.

Ferming fars.

Ferming fars er háð eftirliti tollstjóra og má ekki hefjast nema með leyfi hans að undanskildum afla sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé vara flutt í far án samþykkis tollstjóra ber stjórnanda fars að afferma það aftur ef tollstjóri telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni.

69. gr.

Far frá innanlandshöfn.

Tollstjóri getur ákveðið að með far sem kemur frá innanlandshöfnum eða af veiðum skuli farið sem aðkomufar að því er tolleftirlit varðar.

70. gr.

Aðstaða til tolleftirlits í flugstöð eða tollhöfn.

Eigendum eða umráðamönnum fara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, er skylt að leggja tollstjóra til án endurgjalds nægilegt húsrými eða aðra aðstöðu til tolleftirlits með farþegum, áhöfnum og vörum, sé þess krafist.

71. gr.

Úrræði tollstjóra sinni stjórnandi fars ekki skyldum sínum.

Hafi farmskrá og önnur gögn samkvæmt ákvæðum þessa kafla ekki verið afhent tollstjóra er honum heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnaskrá og önnur viðeigandi skjöl. Tollstjóra ber að skila stjórnanda fars skjölum þessum þegar viðeigandi gögn hafa verið afhent tollstjóra.

72. gr.

Herskip og herflugvélar.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa og herflugvéla sem leita hér hafnar. Stjórnendum þeirra er þó skylt að gera tollstjóra fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku eru för skv. 1. mgr. undanþegin innsiglun vista, birgða og annars varnings um borð.

Áður en tollskyldar vörur eru fluttar úr fari sem um ræðir í 1. mgr. ber stjórnanda fars að afhenda tollstjóra skrá yfir vörurnar. Tollstjóri hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með þeim vörum og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

XIII. KAFLI

Meðferð og varsla ótollafgreiddrar vöru.

73. gr.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á eftirtöldum geymslusvæðum:

1. Afgreiðslugeymslum farmflytjenda og viðurkenndra tollmiðlara, sbr. 91.–94. gr.
2. Tollvörugeymslum, sbr. 95.–100. gr.
3. Tollfrjálsum forðageymslum, sbr. 101.–106. gr.
4. Tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, sbr. 107.–111. gr.
5. Frísvæði, sbr. 112.–116. gr.

Óheimilt að geyma ótollafgreiddar vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til geymslu ótollafgreiddrar vöru utan geymslusvæða skv. 1. mgr. Leyfi skal veitt með skriflegum hætti eða með rammaskeyti á milli tölva. Tollstjóri getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg. Leyfishafi skal greiða allan kostnað sem hlýst af nauðsynlegu eftirliti með vörunni.

Tollstjóra er heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda eða innflytjanda til geymslu eða tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

74. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt þessum kafla.

75. gr.

Athafnasvæði og húsnæði til geymslu ótollafgreiddra vara.

Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skal vera afmarkað rými, hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar og undir lás leyfishafa. Skal það vera að öllu leyti með þeim hætti að það henti til tryggrar vörslu þeirra vara sem þar eiga að vera.

Tollstjóri skal viðurkenna athafnasvæði og húsnæði sem ætlað er til geymslu ótollafgreiddra vara og eru breytingar á því óheimilar nema að fengnu leyfi hans.

Leyfishafi geymslusvæðis ábyrgist að geymslusvæðið uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði sem sett eru um ásigkomulag þess.

Ef geymslusvæði er ekki í fullkomnu ásigkomulagi og leyfishafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur getur tollstjóri látið bæta úr ágöllum á kostnað leyfishafa eða svipt hann rétti til þess að nota húsnæðið eða svæðið.

Meðferð vara á geymslusvæðum.

76. gr.

Einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur er óheimil nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Iðnaður og aðvinnsla á vörum er óheimil á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

77. gr.

Hættuleg efni.

Tollstjóri getur sett sérstök skilyrði fyrir geymslu hættulegra efna á geymslusvæðum, t.d. um eftirlit, geymslustað eða meðferð þeirra að öðru leyti, eða bannað geymslu þeirra á geymslusvæðum ef nauðsyn ber til.

Ábyrgð vörsluhafa.

78. gr.

Farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða skv. 73. gr. bera ábyrgð á að geymsla og flutningur ótollafgreiddrar vöru sé í samræmi við ákvæði þessa kafla.

79. gr.

Skráning vöru inn á geymslusvæði.

Við flutning vara á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr. skal leyfishafi skrá þær á nafn innflytjanda sendingar og tilgreina heiti og tegund vara í sendingu ásamt magni, þyngd og verðmæti þeirra. Leyfishafi skal jafnframt skrá númer sendingar.

Aðflutningsgjöld af sendingu miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum 1. mgr., sbr. þó ákvæði 90. gr. um umframmagn vöru.

80. gr.

Afhending vöru út af geymslusvæði til notkunar innan lands.

Þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu er óheimilt að láta þær af hendi án leyfis tollstjóra. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

81. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Farmflytjendur, leyfishafar geymslusvæða skv. 73. gr. og eftir atvikum umboðsmenn erlendra aðila, sem flytja vörur hingað til lands, ábyrgjast greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem þeir hafa afhent eða tekið í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara.

Um áætlun aðflutningsgjalda í þeim tilvikum sem um ræðir í 1. mgr. fer eftir ákvæðum 123. gr.

Gera má fjárnám í eignum þeirra sem bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. 1. og 2. mgr. fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði án undangengins dóms eða dómsáttar.

82. gr.

Afhending vöru úr fari eða afgreiðslugeymslu.

Áður en vara er flutt úr fari eða afgreiðslugeymslu í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða frísvæði, sbr. 2.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr., skal leyfishafi tilkynna tollstjóra í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er um fyrirhugaðan flutning. Sama gildir þegar vara er afhent úr vörslu farmflytjanda í afgreiðslugeymslu tollmiðlara eða annars farmflytjanda. Eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst með sannanlegum hætti skal tollstjóri lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða fars.

83. gr.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru milli geymslusvæða.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á milli geymslusvæða skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr. án sérstaks leyfis tollstjóra. Vörsluhafi skal tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en flutningur á sér stað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að flytja vöru úr tollfrjálsri forðageymslu eða tollfrjálsri verslun á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur nema að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra.

84. gr.

Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa.

Flutningur ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur, sbr. 83. gr., hefur í för með sér yfirfærslu ábyrgðar frá einum vörsluhafa til annars í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar vara er afhent úr vörslu leyfishafa afgreiðslugeymslu skv. 1. tölul. 1. mgr. 73. gr. yfir í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða frísvæði skv. 2.–5. tölul. 73. gr. og leyfishafi viðkomandi geymslusvæðis hefur staðfest móttöku hennar.
2. Þegar vara er afhent úr vörslu leyfishafa tollvörugeymslu og frísvæðis skv. 2. og 5. tölul. 73. gr. í vörslu leyfishafa tollvörugeymslu, tollfrjálsrar forðageymslu, tollfrjálsrar verslunar eða frísvæðis skv. 2.–5. tölul. 73. gr. og leyfishafi viðkomandi geymslusvæðis hefur staðfest móttöku hennar.

Til sönnunar á yfirfærslu vörsluábyrgðar samkvæmt þessari grein skal farið eftir reglum 85. og 86. gr. eftir því sem við á.

85. gr.

Geymsluband.

Við flutning á ótollafgreiddum vörum á milli geymslusvæða, sem ekki eru á ábyrgð sama leyfishafa, skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast geymsluband: Skal leyfishafi geymslusvæðis á sendingarstað gefa út fylgibréf með vörunni á eyðublað sem tollstjórinn í Reykjavík lætur útbúa. Fylgibréfið skal vera í þríriti. Leyfishafi geymslusvæðis sem afhendir ótollafgreidda vöru til leyfishafa geymslusvæðis skv. 2. og 5. tölul. 1. mgr. 73. gr. skal halda eftir einu eintaki fylgibréfsins árituðu af viðkomandi leyfishafa geymslusvæðis á ákvörðunarstað um móttöku vöru til flutnings. Annað eintak tilheyrir leyfishafa þess geymslusvæðis sem tekur á móti ótollafgreiddri vöru til geymslu. Þriðja eintakið skal sent tollstjóra á sendingarstað með áritun um að flutningi sé lokið.

Áritað eintak leyfishafa geymslusvæðis sem afhendir ótollafgreidda vöru er sönnun þess að vörsluábyrgð hans sé lokið.

Vara á geymslubandi skal afhent á nýtt geymslusvæði eigi síðar en innan 24 tíma frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði.

86. gr.

Tollband.

Við flutning á ótollafgreiddum vörum í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli skal farið eftir eftirfarandi formreglum um flutning er kallast tollband: Tollstjóri á sendingarstað skal gefa út fylgibréf (tollseðil) með vörunni til ákvörðunarstaðar. Fylgibréfið skal vera í tvíriti. Eitt eintak tilheyrir leyfishafa geymslusvæðis sem afhendir vöru til flutnings til áðurnefndra staða. Annað eintak tilheyrir tollstjóra á ákvörðunarstað. Bæði eintökin skulu árituð af tollstjóra um að vara hafi verið afhent til flutnings. Þau skulu einnig árituð af tollstjóra þegar vara er afhent á ákvörðunarstað.

Eintak fylgibréfs, sem hefur verið áritað af tollstjóra, er sönnun leyfishafa geymslusvæðis um að vörsluábyrgð hans sé lokið.

Vara á tollbandi skal afhent á nýtt geymslusvæði eigi síðar en innan 24 tíma frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði.

Vöntun og umframbirgðir.

87. gr.

Vörutalning.

Tollstjóri getur hvenær sem er gert vörutalningu á geymslusvæðum.

Leyfishafi geymslusvæðis skal gæta þess að meðferð og varsla vara á geymslusvæði sé jafnan með þeim hætti að aðgengilegt sé að framkvæma þar vörutalningu. Er hann skyldur til að gefa tollstjóra hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir um vörur á geymslusvæðinu og veita hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf tollstjóra.

Leyfishafi skal hafa ábyrgðarmann viðstaddan vörutalningu.

88. gr.

Sýnileg vöntun.

Tollstjóri skal lækka, fella niður eða endurgreiða toll ef fram kemur sýnileg vöntun í vörusendingu, í heild eða að hluta, við affermingu fars. Vöruvöntun telst sýnileg komi vörusending ekki fram við affermingu eða ef ljóst er af ytri umbúðum að um vöntun er að ræða.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

89. gr.

Leynd vöntun.

Komi fram vöntun í vörusendingu, sem ekki var sýnileg við affermingu fars, í heild eða að hluta, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1. mgr. 73. gr. eða geymd er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 73. gr. er leyfishafa skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð er skv. 79. gr., að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld, nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skal færa sönnur á vöntun í vörusendingu og fresti til þess að tilkynna tollstjóra um vöntun í vörusendingu.

90. gr.

Umframbirgðir.

Leyfishafi geymslusvæðis skal skrá allar umframbirgðir á geymslusvæði samkvæmt ákvæði 79. gr. um leið og hann verður þeirra var. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra um allar skráningar samkvæmt þessari grein.

Komi fram, við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, vörumagn umfram það magn sem skráð er inn á hlutaðeigandi geymslusvæði skv. 79. gr. er leyfishafa geymslusvæðis skylt að greiða toll af þeim birgðum.

Afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara.

91. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–8. tölul. 1. mgr. 95. gr. getur tollstjórinn í Reykjavík heimilað farmflytjendum, sem flytja vörur til og frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur á

milli tollumdæma innan lands, að reka afgreiðslugeymslur fyrir ótollafgreiddar vörur. Tollstjóranum í Reykjavík er heimilt að veita tollmiðlurum leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu að uppfylltum sömu skilyrðum.

Þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. og ekki reka afgreiðslugeymslur í eigin nafni skulu eiga nægan aðgang að geymslum sem reknar eru á grundvelli leyfis skv. 1. mgr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal halda skrá yfir leyfishafa skv. 1. mgr. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja afgreiðslugeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt úr gildi hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

92. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Tollstjórinn í Reykjavík getur afturkallað starfsleyfi skv. 91. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

93. gr.

Geymslutími.

Vörur, sem settar hafa verið í afgreiðslugeymslu, skal tollafgreiða innan sex mánaða frá komu flutningsfars vöru til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði. Ef sérstaklega stendur á getur tollstjóri heimilað, að fengnu samþykki leyfishafa, að vörur skuli tollafgreiða innan 18 mánaða frá komu flutningsfars til landsins.

94. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í afgreiðslugeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í afgreiðslugeymslu úr fari eða milli afgreiðslugeymslna. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í afgreiðslugeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Tollvörugeymslur.

95. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Að fenginni skriflegri umsókn getur ráðherra veitt leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn. Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri tollvörugeymslu, en leyfishöfum sjálfum er óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar aðvinnslu á vörum, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru að öðru leyti sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa hlotið dóm vegna brota á tollalögum fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi fríverslunarsam-

taka Evrópu eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í ríki sem er aðili að öðrum hvorum áðurnefndra samninga. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

3. Daglegur stjórnandi geymslusvæðis skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða setja aðra tryggingu jafngilda að mati ráðherra. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.
5. Leyfishafi skal setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem fyrirtækið kann að verða ábyrgt fyrir vegna starfseminnar. Við ákvörðun á fjárhæð tryggingarinnar skal m.a. höfð hliðsjón af umfangi starfseminnar og gjöldum af þeim vörum sem ætla má að geymdar verði í geymslunni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.
6. Geymslusvæði skal hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 75. gr. og liggja vel við affermingu og eftirliti. Upplýsingar um staðsetningu geymslusvæðis og mannvirki tengd því skulu liggja fyrir. Gengið skal þannig frá geymslum að þær verði auðveldlega settar undir lás tollgæslunnar ef nauðsyn ber til vegna tolleftirlits.
7. Leyfishafa geymslusvæðis er skylt að láta tollgæslunni í té fullnægjandi aðstöðu á geymslusvæðinu til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.
8. Vél- og hugbúnaður fyrir birgðabókhald skal þannig úr garði gerður að unnt sé á hverjum tíma að staðreyna viðtökudag sendingar, magn í sendingu, staðsetningu hennar, meðferð og ráðstöfun. Jafnframt skal tryggt að tollstjóri eigi ætíð aðgang að birgðabókhaldi geymslusvæðis. Vél- og hugbúnaður skal samþykktur af tollstjóranum í Reykjavík. Tollstjóra er heimilt að gera að skilyrði að tollyfirvöld hafi beinlínuaðgang að upplýsingum úr birgðabókhaldi.
9. Leyfishafi skal hafa á að skipa starfsfólki sem hefur fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um meðferð ótollafgreiddra vara. Sýnt skal fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna starfseminnar verði með traustum hætti.
10. Hagkvæmniútreikningur vegna reksturs geymslunnar skal liggja fyrir.
11. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollvörugeymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

96. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 95. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

97. gr.

Geymslutími.

Heimilt er að geyma vörur í tollvörugeymslu án tímatakmarkana.

98. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollvörugeymslu.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu úr fari eða afgreiðslugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja í tollvörugeymslu, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur í tollvörugeymslu ef þær eru ætlaðar til nota við aðvinnslu sem heimil er í geymslunni samkvæmt ákvæðum 100. gr.

Heimilt er að flytja innlenda framleiðsluvöru til útflutnings í tollvörugeymslu þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Í þessum tilvikum skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollvörugeymslu.

99. gr.

Tollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu.

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni umsókn leyfishafa tollvörugeymslu, að heimila geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvörugeymslu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tollafgreiddar vörur skulu ávallt vera aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætti í tollvörugeymslu.
2. Tollafgreiddar vörur skulu jafnframt vera aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætti í birgðabókhaldi tollvörugeymslu. Tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja vél- og hugbúnað tollvörugeymslu til þess að tryggja að þessu skilyrði sé fullnægt.
3. Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja fullnægjandi tolleftirlit.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað leyfi samkvæmt þessari grein uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.

Ráðherra getur kveðið nánar á um skilyrði heimildar skv. 1. mgr. með reglugerð.

100. gr.

Aðvinnsla í tollvörugeymslu.

Iðnaðarframleiðsla er óheimil í tollvörugeymslu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óveruleg aðvinnsla á vörum heimil í tollvörugeymslu, svo sem skipting sendinga, einföld umpökkun, merking, samsetning, prófun og þrif.

Tollstjóri sker úr ef óljóst er hvort aðvinnsla falli undir 2. mgr.

Tollstjóra er heimilt að takmarka aðvinnslu skv. 2. mgr. ef það telst nauðsynlegt vegna tolleftirlits.

Tollfrjálsar forðageymslur.

101. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr. getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar forðageymslur í tollhöfn þar sem geyma má vistir, útbúnað og annan forða fyrir för í utanlandsferðum auk varnings sem boðinn er til sölu um borð.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa forðageymslu.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

102. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 101. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

103. gr.

Geymslutími.

Heimilt er að geyma vörur í tollfrjálsri forðageymslu án tímatakmarkana.

104. gr.

Vörur sem flytja má í tollfrjálsa forðageymslu.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla.
3. Innlendar framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa forðageymslu.

105. gr.

Flutningur vara úr tollfrjálsri forðageymslu

Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins selja og flytja vörur sem hæfilegan birgðaforða í far sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis til neyslu eða sölu í því fari. Ef sérstaklega stendur á t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, má tollstjóri heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innan lands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

Við mat á því hvað telst hæfilegur forði skal tollstjóri taka mið af stærð skips og gerð þess, fjölda farþega og stærð áhafnar og lengd ferðar.

Ráðherra getur sett nánari reglur samkvæmt þessari grein með reglugerð.

106. gr.

Forði sendur í veg fyrir far.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda til annarra tollhafna í veg fyrir skip og önnur farartæki í utanlandsferðum ef fylgt er þeim skilyrðum sem tollstjóri setur um flutninginn. Tollstjóri getur undanskilið tiltekna vöruflokka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

107. gr.

Starfsleyfi.

Að uppfylltum skilyrðum 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr. og að fenginni skriflegri umsókn getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum eða höfnum.

Leyfi skv. 1. mgr. nær jafnframt til reksturs tollfrjálsrar birgðageymslu fyrir vörur til sölu í verslun leyfishafa.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollfrjálsa verslun.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

108. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 107. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

109. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja í tollfrjálsa verslun.

Í tollfrjálsa verslun má setja eftirtaldar vörur:

1. Ótollafgreiddar vörur.
2. Tollafgreiddar vörur þegar endurgreiðsla tolls er heimil skv. 6. tölul. 1. mgr. 8. gr.
3. Innlendar framleiðsluvörur. Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt í tollfrjálsa verslun.

110. gr.

Geymslutími.

Heimilt er að geyma vörur í tollfrjálsri verslun án tímatakmarkana.

111. gr.

Sala úr tollfrjálsri verslun.

Eingöngu er heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsri verslun. Sala skal eingöngu heimil gegn framvísun brottfararspjalds.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað leyfishafa að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun. Slík verslun skal sérstaklega afmörkuð og eingöngu aðgengileg fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálsri verslun skv. 2. mgr.

Frísvæði.

112. gr.

Frísvæði.

Að fenginni skriflegri umsókn og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 95. gr. laga þessara getur ráðherra heimilað lögaðilum að reka frísvæði þar sem ótollafgreiddar vörur og innlendar framleiðsluvörur hljóta aðvinnslu umfram þá aðvinnslu sem heimil er í tollvörugeymslu, sbr. 100. gr.

Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri frísvæðis. Leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að stunda iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu á frísvæðinu.

Ráðherra skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja frísvæði.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

113. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað starfsleyfi skv. 112. gr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

114. gr.

Vörur sem heimilt er að flytja á frísvæði.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á frísvæði úr fari, afgreiðslugeymslu eða tollvörugeymslu. Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja á frísvæði enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Tollafgreiðsla vöru er háð því að innflutningsleyfi vegna hennar liggi fyrir.

Heimilt er að flytja innlendar vörur á frísvæði ef þær eru ætlaðar til nota við iðnaðarframleiðslu sem heimil er á frísvæðinu.

Þegar heimil er endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar við útflutning vöru skv. 85. gr. eða 85. gr. A laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiðsla verðjöfnunargjalda eða greiðsla verðjöfnunar heimil þegar vara hefur verið flutt á frísvæði.

115. gr.

Geymslutími.

Heimilt er að geyma vörur á frísvæði án tímatakmarkana.

116. gr.

Tollverðsákvörðun.

Aðflutningsgjöld af vöru á frísvæði, sem tekin er til tollmeðferðar vegna afhendingar hennar til notkunar innan lands, miðast við tollverð hennar eins og það er ákveðið samkvæmt reglum um tollverð og tollverðsákvörðun við upphaf tollmeðferðar hennar, sbr. 35. gr.

Tollverð vöru á frísvæði sem flutt er til útlanda er það sem greitt er eða greiða ber fyrir hana samkvæmt ákvæðum V. kafla.

XIV. KAFLI
Álagning, kærur o.fl.

117. gr.
Álagning aðflutningsgjalda.

Tollstjórar annast álagningu tolla og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru. Álagning aðflutningsgjalda skal byggð á þeim upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu og viðeigandi fylgigögnum skv. VII. kafla. Þó skal tollstjóri leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests skv. 23. gr. skal tollstjóri áætla tollverð vöru skv. 123. gr.

118. gr.
Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu fyrir tollafgreiðslu.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla ásamt fylgigögnum hefur verið látin tollstjóra í té og áður en afhendingarheimild er veitt að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt, undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á.

Áskorun skv. 1. mgr. getur hvort sem er verið skrifleg eða rafræn, á því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests skv. 1. mgr. leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 123. gr.

119. gr.
Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu.

Tollstjóri skal endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld, ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð fyrir tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr. 122. gr.

120. gr.
Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir skriflega tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu eða fylgigögnum, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu, skal tollstjóri endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgigögnum.

Tollstjóra er heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld á grundvelli 1. mgr. vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 122. gr. um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té réttar og fullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgigögnum er þó eigi heimilt að endurákvarða honum aðflutningsgjöld nema vegna sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Hafi heimild verið veitt til tímabundins innflutnings vöru skal tollstjóra þó heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld í 60 daga talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld vegna sendinga, sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 122. gr. um fyrirhugaða endurákvörðun, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru.

121. gr.

Aðrar endurákvarðanir.

Komi í ljós eftir tollafgreiðslu vöru að tollstjóra hafi verið látnar í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar en fjárhæð aðflutningsgjalda er engu að síður rétt ákvörðuð skal tollstjóri tilkynna innflytjanda um fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsskjölum. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgigögnum.

Um endurákvarðanir skv. 1. mgr. gilda ákvæði 122. gr. eftir því sem við á.

122. gr.

Málsmeðferðarreglur við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Ef fyrirhuguð er endurákvörðun tollstjóra skv. 119.–121. gr. skal tollstjóri senda innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun með sannanlegum hætti.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tollstjóri lýsa í meginatriðum þeim atvikum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar.

Tollstjóri skal veita innflytjanda a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningardegi tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til þess að tjá sig skriflega um efni máls og leggja fram viðbótargögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp.

Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi.

123. gr.

Heimildir tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda.

Í þeim tilvikum þegar tollstjóra ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda skal hann áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og gögnum Hagstofu Íslands yfir innfluttar vörur.

124. gr.

Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.

Verði innflytjandi þess var innan sex ára talið frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, voru rangar eða ófullnægjandi skal hann leggja fram beiðni hjá tollstjóra um viðeigandi leiðréttingar, sbr. 2. mgr.

Beiðni skv. 1. mgr. um leiðréttingu skal afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu ásamt viðeigandi fylgigögnum. Ákvæði VII. kafla um skriflegar skýrslugjafir gilda um leiðréttar aðflutningsskýrslur samkvæmt þessari málsgrein.

Innflytjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Tollstjóri kveður upp úrskurð vegna beiðni um leiðréttingu innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 125. gr.

125. gr.

Kærur til tollstjóra.

Nú telur tollskyldur aðili ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum til tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur þegar verið tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgigögn séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varðar vanreifun frávísun kæru.

Úrskurða skal svo fljótt sem verða má og eigi síður en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og innflytjanda skal bent á heimild til þess að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 126. gr. Úrskurður skal sendur innflytjanda með sannanlegum hætti. Samrit úrskurðar skal þegar í stað sent tollstjóranum í Reykjavík.

126. gr.

Kærur til ríkistollanefndar.

Tollskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 119.–121. gr., sbr. 122. gr., úrskurði tollstjóra um leiðréttingu skv. 124. gr., kæruúrskurði skv. 125. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 22. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga frá póstlagningardegi úrskurðar eða ákvörðunar.

Tollstjórinn í Reykjavík getur skotið úrskurðum annarra tollstjóra um endurákvörðun skv. 119.–121. gr., sbr. 122. gr., úrskurðum þeirra um leiðréttingu skv. 124. gr., kæruúrskurðum þeirra skv. 125. gr. og ákvörðunum þeirra skv. 22. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun. Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kæruna til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Tollstjórinn í Reykjavík skal koma fram gagnvart ríkistollanefnd fyrir hönd tollyfirvalda.

Nefndin skal tafarlaust senda tollstjóranum í Reykjavík endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi tollstjórinn í Reykjavík skotið úrskurði eða ákvörðun annars tollstjóra til nefndarinnar skv. 2. mgr. skal nefndin tafarlaust senda innflytjanda endurrit kæru ásamt gögnum sem henni fylgdu. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga málinu til skýringar.

Ríkistollanefnd er heimilt að kveðja sérfróða menn sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl. eftir því sem við á.

Nefndin skal úrskurða um kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 60 dögum eftir að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflutningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 60 daga frá lokum málflutnings. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir.

Kæra til ríkistollanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrr en dómur er genginn.

XV. KAFLI
Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður.

127. gr.
Gjalddagi aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem ráðstafað hefur verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr., falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands enda sé flutningsfar þegar komið til landsins. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi heimilað lengri geymslutíma í afgreiðslugeymslu, sbr. 93. gr. Í þeim tilvikum skulu aðflutningsgjöld falla í gjalddaga við lok þess frests sem tollstjóri tiltekur. Um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar greiðslufrestur er veittur fer eftir ákvæði 2. mgr. 129. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum sem ráðstafað hefur verið í tollvörugeymslu eða á frísvæði falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands. Sama gildir um þær vörur sem óskast tollafgreiddar úr tollfrjálsum forðageymslum og tollfrjálsum verslunum til notkunar innan lands.

Ef neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar uppgjör aðflutningsgjalda skal eiga sér stað samkvæmt ákvörðun tollstjóra, sbr. 38. og 39. gr. Ef tímabundinn tollfrjáls innflutningur er heimilaður skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar leyfi til tímabundins innflutnings fellur úr gildi. Aðflutningsgjöld skulu ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á tollafgreiðsludegi.

Ef um hraðsendingu er að ræða skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sjö dögum eftir tollafgreiðslu sendingar.

Ef vara er afhent úr vörslu farmflytjanda eða af geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur án tilskilins leyfis tollstjóra skulu aðflutningsgjöld þegar gjaldfelld.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 5. mgr. og vara hefur verið í vörslu farmflytjanda, tollmiðlara eða innflytjanda samkvæmt sérstöku leyfi tollstjóra, sbr. 3. mgr. 73. gr., skal gjalddagi vera komudagur flutningsfars og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á þeim degi. Ef vara hefur verið flutt í tollvörugeymslu eða á frísvæði skal gjalddagi vera þegar tollstjóra barst tilkynning skv. 82. gr. og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á þeim degi, nema sannað sé með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að óheimil afhending vöru til notkunar innan lands hafi átt sér stað síðar.

Ef aðflutningsgjöld innflytjanda eru endurákvörðuð skv. 119. eða 120. gr., sbr. 122. gr., fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga á tollafgreiðsludegi vöru.

128. gr.

Réttur til greiðslufrests.

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skulu njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn í atvinnuskyni.

Óheimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum.

129. gr.

Uppgjörstímabil og gjalddagi við skuldfærslu.

Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember, nema annað sé ákveðið í lögum.

Gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

130. gr.

Synjun um heimild til skuldfærslu.

Tollstjóri skal synja þeim sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda um frekari greiðslufrest á aðflutningsgjöldum ef hann gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Jafnframt er tollstjóra heimilt að synja um frekari greiðslufrest ef sá sem hans nýtur gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma.

Ef bú innflytjanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búsins skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

131. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

132. gr.

Vextir.

Dráttarvextir skulu reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda gilda ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

133. gr.

Greiðslustaður.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari sem

hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Ef ótollafgreidd vara er framsend í annað tollumdæmi skal þó greiða aðflutningsgjöld í því tollumdæmi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal sá sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda greiða aðflutningsgjöld til tollstjóra í því umdæmi þar sem hann á lögheimili.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum og hraðsendingum skulu greidd hjá tollmiðlara sem annast póstflutninginn eða hraðsendinguna.

XVI. KAFLI
Innheimta og ábyrgð.

134. gr.
Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru.

Nú kemur tollmiðlari fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd innflytjanda vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð tollmiðlara fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda, enda hafi tollmiðlari haft heimild innflytjanda til þess, nema tollmiðlari hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningsskjölum væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 34. gr.

135. gr.
Fullnusta aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, eru tryggð með lögveði í innfluttri vöru. Lögveðsréttur er óháður grandleysi eigenda og helst þrátt fyrir eigendaskipti.

Tollstjóri getur krafist nauðungarsölu á uppboði á ótollafgreiddri vöru án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 136. gr., til lúkningar á gjaldföllnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Tollstjóri getur jafnframt boðið vöru til sölu á almennum markaði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að selja vöru nauðungarsölu vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta eyðileggja hana á kostnað innflytjanda.

Verði vara ekki seld nauðungarsölu má gera fjárnám til tryggingar greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta, sekta og kostnaðar hjá innflytjanda eða tollmiðlara án undangengins dóms eða sáttar.

136. gr.
Nauðungarsala á uppboði og uppgjör söluandvirðis.

Tollstjóra er heimilt að halda uppboð á ótollafgreiddum vörum til lúkningar á gjaldföllnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði.

Tollstjóri skal fá birta auglýsingu um uppboð skv. 1. mgr. á eign með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal tollstjóri tilkynna innflytjanda vöru bréflega um hvar og hvenær uppboð fer fram. Verði tilkynningu ekki við komið vegna þess að innflytjandi er ekki þekktur eða finnst ekki stendur það ekki í vegi fyrir uppboði.

Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Aðflutningsgjöld greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir sölukostnaði vörunnar. Sé söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji

eigandi ekki þess sem afgangs er samkvæmt framangreindu innan árs frá söludegi rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd nauðungarsölu með uppboði.

XVII. KAFLI
Stöðvun tollafgreiðslu.

137. gr.

Tollstjóri skal stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending inniheldur er háður skilyrðum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt. Sama gildir ef innflutningur er háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað.

138. gr.

Tollstjóra er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda:

1. sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað,
2. sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests.

Stöðvun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans vegna þeirra atvika sem um getur í 1. mgr.

139. gr.

Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni rétthafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan rétthafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

1. að rétthafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,
2. að rétthafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,
3. að rétthafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta rétthafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða þann kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að tíu virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði rétthafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi rétthafi eigi innan framagreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að framlengja framangreindan frest um tíu virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum fullnægjandi gögn þess efnis að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna rétthafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjá

virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri rétthafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákvörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti rétthafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert rétthafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.

XVIII. KAFLI
Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

140. gr.
Álagning undirboðs- og jöfnunartolla.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur og þess háttar erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.

Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðskjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

141. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram:

1. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
2. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   a. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   b. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

142. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

143. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en tólf mánaða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 135. gr.

144. gr.

Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

1. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.
2. Þegar vara, sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna og þess háttar, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
3. Þegar loforð um að hætta innflutningi, sem fellur undir 1.–3. mgr. 140. gr., hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til vöru sem flutt hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármálaráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 140. gr.

145. gr.

Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

1. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,
2. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað,

skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 6. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollbindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.

146. gr.

Verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur.

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 135. gr.

XIX. KAFLI
Útflutningur.

147. gr.

Skylda til að skila útflutningsskýrslu.

Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara eða sending er flutt úr landi, senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara.

148. gr.

Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga geta sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum sem láta má tollstjóra í té eftir að útflutningur hefur átt sér stað.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning skv. 1. mgr.

149. gr.

Útflutningsskilyrðum skal fullnægt í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá þessu ákvæði.

150. gr.

Aflaskýrslur íslenskra veiðiskipa.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi taki skipið ekki höfn áður en það flytur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

151. gr.

Ákvæði laga þessara um innflutning gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

XX. KAFLI
Uppruni vöru.

152. gr.

Upprunareglur.

Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru. Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

1. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.
2. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.
3. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluaðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að tollyfirvöld veiti innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni er lögð fram. Slíku áliti má skjóta til ríkistollanefndar.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum og vörunum skulu fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð við upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Ef útflytjandi framleiðsluvara er annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. og 3. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið er af ráðherra.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. og 3. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. um útfluttar vörur til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn og eru þá atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem

útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

XXI. KAFLI
Tollgæsla.

153. gr.
Handhafar tollgæsluvalds.

Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum tollyfirvalda tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.

Skipshafnir varðskipa fara með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfanum.

Skyldur tollgæslu og framkvæmd tollgæslustarfa.

154. gr.
Almennar reglur.

Tollvörðum ber að sýna árvekni í starfi og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

Tollvörðum ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

155. gr.
Einkennismerki tollgæslu.

Við framkvæmd starfa sinna skulu tollverðir að jafnaði vera einkennisklæddir og ávallt bera á sér og sýna ef með þarf einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands“ auk nafns þeirra og stöðu, ásamt mynd. Þá geta tollverðir dregið tollfánann að húni til að sýna að tollgæsla sé að störfum.

Tollfáninn er tjúgufáni með silfurlituðu upphafstéi (T) í efri stangarreit miðjum.

Ráðherra setur nánari reglur um einkennisfatnað og skilríki tollvarða með reglugerð.

156. gr.
Frjáls og óhindraður aðgangur tollgæslu.

Tollgæslu er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli.

157. gr.

Valdbeiting.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt ef brýna nauðsyn ber til að nota handjárn og gasvopn við skyldustörf. Ráðherra skal að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra setja reglur um hvaða tollvörðum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, um notkun hans og þjálfun tollvarða.

158. gr.

Heimild til að fela lögreglu og landhelgisgæslu tollgæslustörf.

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum.

Tollstjóri getur falið starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tollgæslu.

159. gr.

Heimild til að fela tollvörðum löggæslustörf.

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli tollverðir gegna löggæslustörfum jafnframt öðrum tollgæslustörfum.

Handtaka, leit og hald á munum.

160. gr.

Handtaka.

Tollvörðum er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður um brot gegn lögum þessum og yfirheyra eða fá hann lögreglunni í hendur.

161. gr.

Leit í förum og farartækjum.

Tollgæslu er heimilt að leita alls staðar í förum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er heimilt að leita í farartækjum sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslu er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem hún hefur grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

162. gr.

Leit í vörum sem fluttar eru til landsins.

Tollgæslu er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur sem fluttar eru til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollgæslu eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit fer fram og þeim framvísað þar til skoðunar.

Tollgæslu er heimilt að taka farangur farþega og áhafnar í sínar vörslur til skoðunar síðar. Getur aðili sem farangur tilheyrir krafist þess að farangurinn verði innsiglaður þar til skoðun fer fram. Skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látin í té fullnægjandi kvittun ef hann óskar þess.

163. gr.

Leit á geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Tollgæslu er heimil umferð til eftirlits og rannsóknar hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Tollgæsla skal hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru í vörugeymslum og á geymslusvæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollvörðum heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

164. gr.

Húsleit í framhaldi af beinni eftirför.

Tollgæslu er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur. Framkvæma má leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

165. gr.

Leit á mönnum.

Tollgæslu er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, förum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum, förum, húsum eða svæðum þar sem tollvörðum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

Leit eða líkamsrannsókn á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun æðsta tollvarðar sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana að svo mikilli tillitssemi sem unnt er og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins.

Sá sem leita skal á getur krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt til að vera viðstatt þegar leit fer fram.

Nákvæm leit á manni skal framkvæmd af persónu af sama kyni.

166. gr.

Leit á ólögráða einstaklingum.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða vegna aldurs skal þá þegar hafa samband við forsjáraðila hans og fulltrúa barnaverndarnefndar, í því umdæmi þar sem leit skal fara fram, og gefa þeim kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram.

Ef fyrirhuguð er leit á einstaklingi sem er ólögráða af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr. skal þá þegar gera lögráðamanni viðvart og gefa honum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddur þegar leit fer fram.

167. gr.

Hald á munum.

Tollgæsla skal leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir, vegna brota á lögum þessum eða öðrum lögum.

168. gr.

Málsmeðferðarreglur laga um meðferð opinberra mála.

Um leit, hald á munum, handtöku og aðra málsmeðferð gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála nema öðruvísi sé kveðið á um í þessum kafla.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og aðrar skýrslutökur gilda ákvæði 191.–193. gr.

Innsigli og aðrar takmarkanir.

169. gr.

Innsigli.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslu fyrir farmrými og vistageymslur fara og farartækja, vörugeymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur er heimilt að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum fara og farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tollgæslu aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslu á þeim stöðum þar sem innsiglun eða læsing kemur ekki að haldi.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið getur tollstjóri krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli og læsingar tollgæslu má enginn nema tollvörður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari eða farartæki á leið milli staða á tollsvæðinu.

170. gr.

Far einangrað.

Tollgæsla getur kvíað af far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Tollgæsla getur ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara frá borði eða stíga um borð á ákveðnum stað eða á ákveðnum tíma. Einnig getur tollgæsla ákveðið, í samráði við hafnar- eða flugvallaryfirvöld, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað sem hentugastur þykir til eftirlits hverju sinni.

Skylda til að aðstoða tollgæslu og hlýða fyrirmælum.

171. gr.

Skylda til að aðstoða tollgæslu.

Ef nauðsyn ber til getur tollgæsla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu tollgæslu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og tollverðir.

172. gr.

Skylda til að framvísa ótollafgreiddum vörum og aðstoða við tollskoðun.

Farþegum og áhöfn fars er skylt að skýra ótilkvaddir frá tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins, opna töskur og aðrar umbúðir þegar tollgæsla óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir.

Innflytjendum og vörsluhöfum ótollafgreiddrar vöru er skylt að aðstoða við tollskoðun með því að framvísa vöru að beiðni tollgæslu, opna umbúðir, loka þeim aftur að skoðun lok-

inni og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Sinni innflytjandi eða vörsluhafi ekki skyldu sinni til að aðstoða við tollskoðun er tollstjóra heimilt að fela tollvörðum eða öðrum starfsmönnum tollstjóra að vinna verkið eða ráða menn til starfsins og innheimta hjá innflytjanda eða vörsluhafa þóknun er nemur kostnaði.

Stjórnendum fara og farartækja er skylt að veita tollgæslu alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslu sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

173. gr.

Bann við að tálma tollgæslu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni tollgæslustörfum eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollgæslan gefur í því skyni að vinna að framkvæmd laga þessara.

XXII. KAFLI
Refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð.
Refsiábyrgð og refsingar.

174. gr.

Refsa skal fyrir þau brot á lögunum er falla undir verknaðarlýsingar ákvæða í kafla þessum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Brotin varða refsingu ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Gera má lögaðila fésekt, einum sér eða ásamt einstaklingum honum tengdum, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum ákvæðum kaflans. Sama gildir um greiðsluábyrgð lögaðila á sekt sem fyrirsvarsmanni hans eða öðrum starfsmönnum kann að vera gerð.

175. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, sem varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, er varðar sömu refsingu, ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós við tollskoðun að um borð í fari er vara sem ekki er færð á farmskrá eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð grein fyrir og skal þá eigandi hennar sæta sektum. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn skal refsa stjórnanda farsins eða lögaðila þeim sem ber ábyrgð á farinu, óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans.

Það varðar sektum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

176. gr.

Hver sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, þótt hann viti eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Meðferð ávinnings af brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

177. gr.

Hver sem veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn til tollmeðferðar samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum sem að lágmarki nema tvöföldum en að hámarki tíföldum tolli af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Álag á toll skv. 89. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Tollmiðlari sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf eða veitir rangar eða villandi upplýsingar við tollskýrslugerð vegna inn- eða útflutnings, beiðnir um tollafgreiðslu vöru eða við greiðslu aðflutningsgjalda skal sæta refsingu skv. 1. mgr.

Hafi brot gegn 1. eða 2. mgr. verið framið með ásetningi um tollsvik varðar það auk sekta fangelsi allt að sex árum ef brotið er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.

178. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða teljist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga.

Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í 1. mgr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og má þá gera viðkomandi leyfishafa sekt ef hann er einstaklingur og hefur ekki sýnt nægilega varkárni um meðferð eða vörslu skjalanna. Sama gildir um forsvarsmann lögaðila ef lögaðilinn er leyfishafi.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

179. gr.

Sá sem rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða fjarlægja það.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar rofið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, skal vörsluhafi vörunnar eða annar ábyrgðarmaður hennar sæta sektum ef kenna má vanrækslu hans eða starfsfólks hans um brotið. Sama gildir ef vörsluhafi hefur látið undir höfuð leggjast að tilkynna tollyfirvöldum um brotið strax og hann varð þess var eða hefur vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara yrði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

180. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum.

Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja þær vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu refsingu varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja vörur út af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu ef hann hefur sýnt af sér gáleysi við vöruflutninginn.

181. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, hafi maður misnotað leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í 7. eða 8. gr. eða öðrum reglum settum samkvæmt lögum þessum.

182. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum svo sem skylt er eða skjölin eru ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða öðrum reglum settum samkvæmt þeim, eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Sömu refsingu varðar það stjórnanda fars ef við komu þess frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða ekki er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

Einnig má gera lögaðila sekt fyrir brot gegn ákvæði þessu, óháð því hvort brotið verði rakið til saknæms verknaðar starfsmanns lögaðilans, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af því.

183. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu refsingu varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

184. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða, aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálsa í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

185. gr.

Ef maður tálmar tollvörðum í því að sinna skyldustörfum sínum við tollgæslu eða óhlýðnast fyrirmælum sem tollverðir gefa við framkvæmd tollgæslustarfa, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, nema brotið varði þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Önnur viðurlög.

186. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem flutt hefur verið ólöglega til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, eða á annan hátt farið með vöruna andstætt ákvæðum þessa kafla, óháð því hver eigandi vörunnar er og án tillits til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörsluhafi vörunnar hafi komist yfir hana á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Verði ekki upplýst hver hinn seki er skal varan að liðnum 30 dögum frá því að hún var flutt inn eða fannst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

Eignaupptöku er heimilt að beita þótt refsiábyrgð verði ekki komið fram.

187. gr.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brot. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef sannað þykir að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða skyni nota átti farartækið. Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

188. gr.

Farartæki sem notað hefur verið eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnanda farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja við nauðungarsölu til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar eða áskorunar til eiganda og með þeim hætti sem segir í 135. gr.

Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar skv. 1. mgr.

189. gr.

Heimilt er að svipta mann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða ítrekað brot á ákvæðum þessa kafla.

Nú hefur maður öðlast starfsleyfi samkvæmt lögum þessum til þess að vera tollmiðlari, reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur eða til að stunda önnur sambærileg störf, og má þá svipta hann leyfinu ef hann hefur brotið gegn refsiákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt stórfellda vanrækslu í starfi sínu. Um tímalengd sviptingar og endurskoðun ákvörðunar fer eftir ákvæðum 68. gr. og 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Rannsókn, málsmeðferð og fyrning.

190. gr.

Tollstjórar annast rannsókn brota gegn refsiákvæðum þessa kafla. Skulu þeir hvenær sem þess gerist þörf hefja rannsókn út af rökstuddum grun eða vitneskju um refsivert brot. Hafi tollstjóri utan Reykjavíkur rökstuddan grun um að stórfellt brot gegn lögunum hafi verið framið skal hann þegar tilkynna það til tollstjórans í Reykjavík sem veitir þá aðstoð við rannsóknina er þurfa þykir.

Lögreglu er skylt að veita tollstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar með því að færa mann til skýrslugjafar hjá tollstjóra ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

Um heimildir tollgæslumanna til valdbeitingar, handtöku, leitar, haldlagningar og innsiglunar gilda ákvæði 157. gr. og 160.–170. gr.

Um rannsókn, yfirheyrslu grunaðra manna og aðrar skýrslutökur fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

191. gr.

Ef ætlað brot gegn refsiákvæðum þessa kafla varðar einnig við önnur sérrefsilög eða tengist brotum gegn öðrum sérrefsilögum, þar á meðal áfengislögum, skulu tollstjórar annast rannsókn máls eins og segir í 190. gr. nema ríkissaksóknari telji hentara að fela lögreglu rannsóknina að hluta eða að öllu leyti.

Ef grunur vaknar við tolleftirlit eða tollrannsókn að um fíkniefnabrot eða brot gegn almennum hegningarlögum sé að ræða skal tollstjóri þegar tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra sem tekur ákvörðun um framhald rannsóknarinnar.

Beiðni erlendra tollyfirvalda um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi yfirvöld annast skal senda til tollstjórans í Reykjavík. Telji tollstjórinn í Reykjavík að íslenskum tollyfirvöldum beri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum að veita umbeðna aðstoð annast hann rannsókn málsins nema rannsókn þess heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein.

Tollstjóra ber að hafa samvinnu við lögreglu og ákæruvald um rannsókn mála þegar tilefni er til þess eða eftir því er óskað af hálfu lögreglustjóra. Á sama hátt ber lögreglustjóra að hafa samvinnu við tollyfirvöld um rannsókn mála ef sérstaklega reynir á sérþekkingu tollgæslu eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tollamálum. Heimilt er að kveða nánar á um samskiptin með reglugerð.

192. gr.

Um saksókn og málsmeðferð vegna brota gegn refsiákvæðum þessa kafla skal farið að hætti opinberra mála.

Tollstjóra er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning eða önnur brot gegn ákvæðum þessa kafla ef brot er skýlaust sannað og ætla má að það varði ekki hærri sekt en 300.000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollstjóri undir því skilorði er nú var sagt eða 4. mgr. 186. gr. ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 300.000 kr.

Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans.

Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem dómsmálaráðherra setur, en m.a. skulu ákvæði 19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brota.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

193. gr.

Sektir fyrir brot á refsiákvæðum þessa kafla og andvirði upptækrar vöru skulu renna í ríkissjóð.

194. gr.

Sök samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrnist á fimm árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum tollstjóra eða lögreglustjóra enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar. Um upphaf og stöðvun fyrningarfrests fer að öðru leyti eftir ákvæðum 82. gr. almennra hegningarlaga.

XXIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

195. gr.

Þagnarskylda.

Tollvörðum og öðrum starfsmönnum tollstjóra ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja, þ.m.t. hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir. Einnig tekur þagnarskylda til upplýsinga er varða starfshætti tollstjóra, þ.m.t. fyrirhugaða tollrannsókn og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tollstjóra eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

196. gr.

Samþykki Alþjóðatollastofnunin breytingar á tollnafnaskrá stofnunarinnar eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga til hagskýrslugerðar.

Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirkt gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og annað sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins eða fara frá landinu með póstsendingum í einu númeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.

197. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollstjóri getur heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

198. gr.

Ráðherra setur reglur um skil tollstjóra á upplýsingum til Hagstofu Íslands úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum, að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

199. gr.

Ráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

200. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

201. gr.

Ákvæði laga þessara um flokkun vara, álagningu, innheimtu, lögveð, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

XXIV. KAFLI
Gjaldtökuheimildir.

202. gr.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld vegna þjónustu tollstjóra í eftirfarandi tilvikum:

1. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan almenns afgreiðslutíma. Gjald þetta skal standa undir launakostnaði vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma.
2. Tollafgreiðslugjald vegna tollafgreiðslu skipa og flugvéla utan tollhafna skv. 56. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði til og frá tollafgreiðslustað.
3. Bráðabirgðatollafgreiðslugjald sem skal standa straum af kostnaði við tolleftirlit vegna bráðabirgðatollafgreiðslu skv. 38. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu leyfis til bráðabirgðatollafgreiðslu og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
4. Neyðarleyfisgjald sem skal standa straum af kostnaði við tolleftirlit vegna útgáfu neyðarleyfis skv. 39. gr. Gjald þetta skal miðast við kostnað af útgáfu neyðarleyfis og aksturskostnað í tengslum við skoðun vöru.
5. Tjónamatsgjald vegna mats tollstjóra á vörum sem orðið hafa fyrir skemmdum, vöntun eða rýrnun. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar matsins.
6. Förgunargjald vegna eyðileggingar vöru að beiðni eiganda vörunnar, farmflytjanda eða leyfishafa geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur. Gjaldið skal standa straum af kostnaði við förgun vöru og aksturskostnaði vegna förgunar.
7. Fylgdargjald vegna kostnaðar af tollgæslu við flutning á ótollafgreiddum vörum. Gjaldtaka þessi er heimil þegar tollstjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka gæslu eða þegar þess er sérstaklega óskað að tollgæsla sé viðstödd flutning ótollafgreiddra vara, affermingu eða fermingu fara, innsetningu ótollafgreidds varnings á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur o.fl. Gjaldið skal standa straum af aksturskostnaði og launakostnaði vegna fylgdar.

8. Eftirlitsgjald vegna tolleftirlits með fullvinnslu á landbúnaðarvörum sem fluttar eru til landsins tímabundið til fullvinnslu og endurútflutnings skv. 3. tölul. 8. gr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði og ferðakostnaði starfsmanna tollstjóra vegna tolleftirlits og kostnaði af aðkeyptri sérfræðiþjónustu við tolleftirlit.
9. Tollalínugjald vegna upplýsinga- og gagnamiðlunar úr tölvukerfi tollstjóra (tollalínu). Gjald þetta skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu m.a. úrvinnslu gagna og flutning þeirra um upplýsingaveitur.
10. Innsiglisgjald vegna vinnu við að innsigla vörur eða rjúfa innsigli skv. 169. gr. Gjaldið skal standa straum af aksturskostnaði til og frá þeim stað þar sem innsiglun eða rof innsiglis fer fram.

Ákvæði 1. og 2. tölul. taka hvorki til erlendra herskipa eða herflugvéla né skipa eða flugfara í opinberri eigu sem ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja hvorki vörur né farþega gegn greiðslu. Sama gildir ef far leitar hafnar samkvæmt ákvörðun stjórnvalda, vegna neyðar, slysa, sjúkdóma manna um borð eða annars ófarnaðar.

Gjaldtaka tollstjóra skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

Tollstjóra er heimilt að gera langtímasamning skv. 1. mgr. fyrir notkun þjónustu.

203. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Frá sama tíma falla úr gildi tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Viðaukar I–IV við þau lög, með áorðnum breytingum, verða þó viðaukar I–IV við lög þessi.

Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Viðauki V.

Samkvæmt skilgreiningu nefndar um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál sem starfar á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun teljast eftirtalin 49 ríki fátækustu þróunarríki heims: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búrkína Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíribatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Máritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Senegal, Síerra Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Á árinu 2001 fól fjármálaráðherra sérstakri nefnd að endurskoða gildandi tollalög. Þeirri vinnu lauk snemma árs 2004 með því að nefndin skilaði ráðherra drögum að frumvarpi til tollalaga. Í tollalaganefnd áttu sæti Jóna Björk Guðnadóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, formaður, Lilja Sturludóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollgæslusviðs tollstjórans í Reykjavík, og Guðrún Sigtryggsdóttir, forstöðumaður laga- og innheimtusviðs tollstjórans í Reykjavík. Ritari nefndarinnar var Svana M. Davíðsdóttir, lögfræðingur hjá tollstjóranum í Reykjavík. Jónatan Þórmundsson, prófessor

í refsirétti við Háskóla Íslands vann kafla frumvarpsins um refsingar og málsmeðferð í samvinnu við tollalaganefnd.

Gildandi tollalög eru nr. 55/1987, með síðari breytingum. Um er að ræða lagabálk sem hvílir á gömlum merg þar sem hann var byggður á þrennum eldri lögum sem fjölluðu um tollamálefni. Skal þar fyrst telja lög nr. 43/1960, um tollvörugeymslur o.fl., lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og loks lög nr. 120/1976, um tollskrá o.fl. Við setningu gildandi tollalaga árið 1987 var markmiðið að búa til ein heildarlög sem tækju til allra meginþátta tollakerfisins. Var áðurnefndum þrennum lögum því steypt saman í ein heildarlög í því skyni að hafa í einum lagabálki ákvæði sem snerta tollmeðferð og tollheimtu við innflutning og útflutning á vörum. Á þeim 17 árum sem liðin eru frá gildistöku núgildandi tollalaga hafa miklar breytingar orðið í starfsumhverfi tollyfirvalda sem kalla á heildarendurskoðun laganna. Gerð er grein fyrir þessum breytingum hér á eftir.

Frá því að gildandi tollalög tóku gildi hefur hlutfall tolla af skatttekjum ríkissjóðs farið lækkandi. Árið 1986 voru tollar 8% af skatttekjum ríkissjóðs. Tíu árum síðar hafði hlutfallið lækkað í 3% og árið 2003 var hlutfallið komið niður í 1%. Ástæða lækkunarinnar er að gjaldtaka í formi tolla hefur verið á undanhaldi, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Auk tolla eru ýmis gjöld lögð á og innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum. Þau eru eftirfarandi:

1. Tollar samkvæmt tollalögum, nr. 55/1987.
2. Virðisaukaskattur samkvæmt virðisaukaskattslögum, nr. 50/1988.
3. Almenn vörugjöld samkvæmt lögum um vörugjald, nr. 97/1987.
4. Vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
5. Áfengisgjald og tóbaksgjald samkvæmt lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.
6. Úrvinnslugjald samkvæmt lögum nr. 162/2002.
7. Skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plasti samkvæmt lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.
8. Höfundarréttargjald á bönd, diska, plötur o.fl. samkvæmt höfundalögum, nr. 73/1972,
9. Flutningsjöfnunargjald á sement samkvæmt lögum nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.
10. Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur samkvæmt lögum nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.
11. Eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum samkvæmt lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
12. Eftirlitsgjald af fóðri, áburði og sáðvöru samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.
13. Eftirlitsgjald vegna innflutnings plantna samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Þau aðflutningsgjöld sem skila ríkissjóði mestum tekjum auk tolla eru ýmis vörugjöld, áfengisgjald og ýmis smærri aðflutningsgjöld.

Frá því að gildandi tollalög tóku gildi 1987 hefur íslenskt viðskiptaumhverfi breyst mikið. Aukinn hraði í viðskiptum í kjölfar örra framfara á sviði tölvutækni og stórauknar samgöngur til annarra landa hafa leitt til þess að viðskiptalífið krefst aukinnar skilvirkni í því skyni að vöruviðskipti milli Íslands og annarra landa gangi greiðlega fyrir sig. Tollyfirvöld hafa á undanförnum árum brugðist við kröfum viðskiptalífsins með nýjum lausnum og í því sambandi má nefna að Ísland tók fyrst Norðurlanda upp rafræna tollskýrslugerð (SMT-tollaf-

greiðslu) árið 2000. Með því varð bylting í vinnuaðferðum tollyfirvalda sem leiddi m.a. af sér styttri tollafgreiðslutíma en áður. Jafnframt hafði breytingin í för með sér að breyta varð aðferðum við tolleftirlit þar sem tollskýrslur eru í sumum tilfellum ekki skoðaðar fyrr en eftir að vara hefur verið tollafgreidd. Endurskoðun tollalaga miðar að því að vöruviðskipti milli Íslands og annarra landa verði sem greiðust en um leið verði búið svo um hnútana að tollyfirvöld geti sinnt því hlutverki sínu að tryggja eftirlit með því að ólöglegur varningur berist ekki til landsins jafnframt því að álagning aðflutningsgjalda sé rétt.

Þar til á allra síðustu árum hefur hefðbundið hlutverk tollgæslunnar verið að hafa eftirlit með innflutningi til landsins en nýverið hefur alþjóðasamfélagið sett fram kröfur um að tollgæslan annist einnig eftirlit með útflutningi. Árásir hryðjuverkamanna á borgirnar New York og Washington 11. september 2001 urðu til þess að yfirvöld í Bandaríkjunum, Evrópusambandið og ýmsar alþjóðastofnanir hafa lagt aukna áherslu á eftirlit tollyfirvalda með útflutningi til þess að tryggja vernd skipa og flugvéla, áhafna, farþega, farms, hafnarsvæða og flugvalla í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hryðjuverk og greina vopn og annan hættulegan varning í farmi skipa og flugvéla. Gera má ráð fyrir að þetta breytta umhverfi leiði í náinni framtíð til verulegra breytinga á starfsemi íslenskra tollyfirvalda varðandi eftirlit með vörum til útflutnings.

Þótt ljóst væri í upphafi endurskoðunar tollalaga að huga þyrfti að fjölmörgum þáttum við endurskoðunina var óljóst hversu víðtækar breytingar yrðu lagðar til og hvort samið yrði frumvarp til breytinga á tollalögum eða frumvarp til nýrra tollalaga. Eftir því sem störfum nefndarinnar vatt fram kom æ betur í ljós að best færi á að sett yrðu ný tollalög, enda lá fyrir að lögð yrðu til mörg nýmæli og fjölmargar breytingar á gildandi lögum. Þegar fyrir lá að lagt yrði fram frumvarp til nýrra tollalaga þótti ástæða til að huga sérstaklega að uppbyggingu frumvarpsins, með það fyrir augum að gera það eins aðgengilegt og skýrt og unnt væri. Sú athugun leiddi til uppstokkunar á greina- og kaflaskipan frumvarpsins, miðað við gildandi tollalög, og þykir hin nýja framsetning mun gleggri en hin eldri. Miðast framsetning frumvarpsins við það að unnt sé að fylgja ferli vöru eftir frá því að hún berst til landsins þar til hún er tollafgreidd og ekki lengur háð eftirliti tollyfirvalda. Þannig er leitast við að hafa fremst í frumvarpinu þau atriði sem fyrst koma til athugunar við innflutning vöru, síðan er fjallað um það sem næst ber að skoða í ferlinu og svo koll af kolli. Þar sem efni frumvarpsins er mjög yfirgripsmikið er ekki unnt að halda þessari meginlínu algerlega hreinni þar sem í frumvarpinu eru einnig ákvæði um skipulag tollyfirvalda, veitingu starfa hjá tollyfirvöldum og margt fleira.

Mörg nýmæli er að finna í frumvarpi þessu. Viðamesta breytingin felst í tillögum um verulega fækkun tollumdæma, úr 26 í níu umdæmi. Um það efni er vísað til athugasemda við X. kafla frumvarpsins. Þá má nefna önnur mikilvæg nýmæli, svo sem ákvæði um starfsemi tollmiðlara sem aðallega er að finna í XI. kafla frumvarpsins, einföldum kæruleiða í tollamálum, sbr. XIV. kafla, og breytta tilhögun rannsóknar tollamála og aukinn hlut tollstjóra í þeim efnum, sbr. XXII. kafla. Loks er rétt að geta sérstaks ákvæðis um heimildir tollstjóra til innheimtu þjónustugjalda, þar sem safnað er í eitt ákvæði öllum gjaldtökuheimildum tollstjóra. Helstu nýmæli frumvarpsins eru reifuð stuttlega í næsta kafla í athugasemdum þessum en síðan verður vikið að einstökum köflum og greinum frumvarpsins.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna mörg nýmæli. Rétt þykir að gefa yfirlit yfir þau helstu til glöggvunar en umfjöllun um þau er einnig að finna í athugasemdum við hvern kafla og ein-

stakar greinar, eftir því sem við á. Nýmælanna er hér getið í sem næst þeirri röð sem þau koma fyrir í frumvarpinu.

1. *Heimild til að fella niður toll af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda.*

Mjög hefur færst í vöxt að ýmis erlend fyrirtæki og stofnanir komi hingað til lands til funda- og ráðstefnuhalds. Lagt er til að slíkum aðilum verði gert kleift að koma með tæki og búnað til landsins vegna slíkra funda. Undir heimildina geta t.d. fallið vörur eins og dúkar og borðbúnaður sem t.d. ber merki fyrirtækisins eða stærri tæki og öryggisbúnaður til að gæta að öryggi ráðstefnugesta. Þá getur verið um að ræða gjafir til starfsmanna eða annarra ráðstefnugesta sem þeir taka með sér úr landi að fundi loknum.

2. *Heimild til að fella niður toll af vöru vegna galla.*

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að fella niður toll af gallaðri vöru í ábyrgð sem flutt hefur verið úr landi til viðgerðar séu færðar sönnur á að viðgerð sé eiganda vörunnar að kostnaðarlausu og ábyrgð falin í upphaflegu tollverði vörunnar. Sama á við ef erlendur seljandi gallaðrar vöru í ábyrgð ákveður að senda nýja vöru í stað gallaðrar vöru. Þá getur kaupandi gallaðrar vöru með ákveðnum skilyrðum flutt inn án tolla nýja vöru í stað þeirrar gölluðu áður en hin gallaða vara hefur verið send úr landi eða henni fargað. Breyttir viðskiptahættir með lausafé milli landa (netviðskipti o.fl.) kalla á rýmri reglur en nú gilda að þessu leyti. Örar tækniframfarir og fjöldaframleiðsla kalla einnig á rýmkun þessara reglna, sér í lagi vegna þess að rafeindatæki eru oft þess eðlis að ekki svarar kostnaði að gera við þau og kýs framleiðandi þá gjarnan að senda kaupanda nýjan söluhlut í stað gallaðs.

3. *Skylda inn- og útflytjenda til að tollflokka vöru í tollskjölum samkvæmt almennun reglum um túlkun tollskrárinnar.*

Í gildandi tollalögum er ekki að finna sérstaka grein sem leggur með beinum hætti þessa skyldu á herðar inn- og útflytjendum heldur hefur mátt leiða hana af ákvæðum sem skylda þá til þess að fylla tollskjöl út með fullnægjandi hætti. Meginreglu þessari hefur verið fylgt í framkvæmd þótt hún hafi ekki verið orðuð með skýrum hætti í tollalögum fram að þessu en rétt þykir að það verði gert.

4. *Frestur til að láta tollstjóra í té aðflutningsskjöl styttur úr tólf mánuðum í sex mánuði.*

Rökin fyrir breytingunni eru þau að æskilegt er að fá viðeigandi upplýsingar um vörur í afgreiðslugeymslu (almennri geymslu farmflytjanda og tollmiðlara) sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars til landsins. Dæmi eru um að vörur sem eigendur hirða ekki um dagi uppi í slíkum geymslum sem getur leitt til þess að nauðsynlegt reynist að bjóða vörurnar upp til fullnustu aðflutningsgjalda. Í einhverjum tilvikum hefur þurft að farga vörum sem seldust ekki á uppboði. Veldur þetta óhagræði og kostnaði bæði fyrir tollyfirvöld og farmflytjendur. Með því að stytta skilafrest aðflutningsskjala er þess vænst að álagning og innheimta aðflutningsgjalda verði markvissari og minna verði um að vörur safnist upp í geymslum farmflytjenda.

5. *Samræmingarhlutverk tollstjórans í Reykjavík.*

Í frumvarpinu er í tveimur greinum fjallað um hlutverk tollstjóra. Í fyrra ákvæðinu eru skilgreind helstu verkefni tollstjóra. Í síðara ákvæðinu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem tollstjórinn í Reykjavík annast fyrir landið allt. Með þessu er m.a. leitast við að draga

fram með skýrum hætti mikilvægt stefnumótunar- og samræmingarhlutverk tollstjórans í Reykjavík í tollamálum á landsvísu.

6. *Tollmiðlarar.*

Í frumvarpinu er tekið upp nýtt hugtak, tollmiðlari, yfir þá aðila sem taka að sér í atvinnuskyni að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda. Sett eru fram ítarleg ákvæði um starfsemi tollmiðlara og starfsemi þeirra gerð leyfisskyld. Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda aukist verulega. Samkvæmt ákvæðum núgildandi tollalaga bera þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda ábyrgð á því að upplýsingar sem veittar eru tollyfirvöldum séu réttar og fullnægjandi að öllu leyti. Jafnframt bera umboðsmaður innflytjanda og innflytjandi sjálfur óskipta ábyrgð (sólidaríska) á greiðslu aðflutningsgjalda. Tollmiðlarar gegna þess vegna veigamiklu hlutverki við tollmeðferð vöru og er mikilvægt að kveða á um réttindi þeirra og skyldur með skýrari hætti en nú er gert í tollalögum.

7. *Skylda tollmiðlara til að kalla eftir gögnum.*

Í frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um að tollmiðlara er skylt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum sem liggja skulu til grundvallar aðflutningsskýrslu áður en hann sendir rammaskeyti í tölvukerfi tollyfirvalda vegna SMT-tollafgreiðslu. Frá því að SMT-tollafgreiðsla var tekin upp árið 2000 hefur verið gengið út frá þessari reglu í framkvæmd en texti núgildandi laga hefur ekki verið fyllilega skýr að þessu leyti.

8. *Geymsla gagna sem liggja til grundvallar rafrænni aðflutningsskýrslu.*

Þegar rafræn tollafgreiðsla fer fram er mikilvægt að skrifleg gögn sem veita upplýsingar um þau atriði sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu séu varðveitt með öruggum hætti. Í frumvarpinu eru dregnar skýrar línur varðandi það hverjir geyma hvaða gögn á hverjum tíma og hversu lengi. Það nýmæli er lagt til að tollmiðlari varðveiti viðeigandi skrifleg gögn í þrjá mánuði frá tollafgreiðsludegi. Þetta er lagt til í því skyni að gera tollstjórum hægara um vik að nálgast gögnin og annast lögboðna tollendurskoðun. Til þess að lágmarka óhagræði tollmiðlara af geymslu gagna er lagt til að geymslutími sé þrír mánuðir en eftir þann tíma hefur tollstjóri aðgang að viðkomandi gögnum hjá bókhaldsskyldum innflytjanda, sem er skylt að geyma gögnin í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Þegar tollmiðlari annast rafræna tollafgreiðslu fyrir aðila sem ekki er bókhaldsskyldur er honum skylt að afhenda tollstjóra öll skrifleg gögn er varða tollafgreiðsluna að loknum þriggja mánaða geymslutíma.

9. *Skilgreining farmskrár lögfest.*

Í frumvarpinu er að finna lagaákvæði sem hefur að geyma nýmæli sem með almennum hætti gerir grein fyrir farmskrá og skyldu til að skrá vörur sem koma frá útlöndum á farmskrá. Rétt þykir að skilgreining farmskrár komi fram í tollalögum en svo er ekki í núgildandi lögum.

10. *Fækkun tollumdæma.*

Í frumvarpinu er lagt til að tollumdæmi á landinu verði níu talsins í stað 26 umdæma samkvæmt gildandi lögum. Er þessi fækkun lögð til vegna þess að á undanförnum árum hefur mikil breyting orðið á starfsumhverfi tollstjóra sem krefst síaukinnar sérhæfingar á ýmsum sviðum. Markmið breytingarinnar er að ná fram aukinni sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollyfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu.

11. *Ótvíræður aðgangur tollstjóra að starfsstöðvum tollskyldra aðila.*

Í frumvarpinu er sett fram heimild tollstjóra til ótvíræðs aðgangs að gögnum tollskyldra aðila og aðgangs að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum. Þá er tollstjóra jafnframt veitt heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta við tolleftirlit. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt.

12. *Skipun tollvarða í höndum tollstjóra.*

Sú breyting er lögð til í frumvarpinu að tollstjórar skipi aðaldeildarstjóra og deildarstjóra í tollgæslu. Samkvæmt gildandi lögum fer ráðherra með þetta hlutverk en eðlilegt þykir að tollstjóri skipi sína starfsmenn.

13. *Skylda Landhelgisgæslu til að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í ferðum til og frá landinu.*

Sú skylda er lögð á herðar Landhelgisgæslunnar að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið. Landhelgisgæslan sinnir nú þegar upplýsingagjöf til lögreglu um komu og brottför skipa í utanlandsferðum í þeim tilgangi að hafa eftirlit með ferðum fólks til og frá landinu. Tollstjóri hefur eftirlit með inn- og útflutningi á vörum og hefur því verulega hagsmuni af því að fá upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um komu og brottför skipa til að geta sinnt því eftirliti. Þykir eðlilegt að lögfesta ákvæði þar sem mælt er fyrir um að Landhelgisgæslan skuli láta tollstjóra umræddar upplýsingar í té. Ákvæðið felur í sér staðfestingu á núverandi framkvæmd þar sem tollstjórinn í Reykjavík hefur nú þegar aðgang að upplýsingum frá Landhelgisgæslu um komu og brottför skipa.

14. *Ótvíræð heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður.*

Í frumvarpinu er mælt fyrir um ótvíræða heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða vöru sem hætta stafar af eða aðrar ástæður mæla með sérstökum öryggisráðstöfunum varðandi geymslu hennar.

15. *Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.*

Í frumvarpinu er viðamikill kafli um geymslu á ótollafgreiddum vörum. Ákvæðin í þessum kafla frumvarpsins hafa tekið talsverðum breytingum frá samsvarandi ákvæðum í gildandi tollalögum. Í kaflanum er leitast við að færa hugtakanotkun til samræmis við þær málvenjur sem myndast hafa í tollframkvæmdinni. Helstu nýmæli sem sett eru fram í kaflanum eru eftirfarandi:

a. Lögfest er sú regla að við flutning vöru á frísvæði, í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu eða tollfrjálsa verslun skuli skrá vöruna inn á geymslusvæðið með nánar tilgreindum hætti. Við skráningu skal tilgreina nafn innflytjanda og skráningarnúmer, heiti og tegund vöru auk magns, þyngdar og verðmætis vöru. Þessi háttur hefur verið viðhafður í tíð núgildandi tollalaga en rétt þykir að kveða á um þessa skráningu í tollalögum.
b. Sett eru fram ákvæði um flutning ótollafgreiddra vara og skyldu þeirra sem reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur að tilkynna flutninginn. Í ákvæðunum er gerður greinarmunur annars vegar á flutningi úr fari eða afgreiðslugeymslu yfir á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur og hins vegar á flutningi á milli geymslusvæða

annarra en afgreiðslugeymslna. Í fyrrnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að tollstjóri gefi til kynna innan 24 klukkustunda frá því að tilkynning um fyrirhugaðan flutning berst, hvort flutningur sé heimill eða varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að flutningur sé heimill án sérstaks leyfis tollstjóra en sú skylda er lögð á herðar leyfishafa geymslusvæðis að tilkynna tollstjóra um flutninginn áður en hann fer fram til þess að tollyfirvöld geti nálgast vöruna vegna tolleftirlits ef þörf krefur.

c. Mælt er fyrir um nákvæmar reglur um vörsluábyrgð leyfishafa viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur. Jafnframt eru settar fram nákvæmar formreglur um með hvaða hætti vörsluábyrgð flyst á milli leyfishafa geymslusvæða við flutning ótollafgreiddrar vöru frá einu geymslusvæði til annars.
d. Fjallað er með nákvæmum hætti um greiðsluskyldu aðflutningsgjalda þegar vörur vantar í vörusendingu í fari eða á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Einnig er mælt fyrir um hvernig fara skal með birgðir á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sem eru umfram þær birgðir sem skráðar eru í geymsluna. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi tollalögum.
e. Leyfilegum geymslutíma ótollafgreiddra vara á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur er breytt í tveimur tilvikum. Geymslutími í afgreiðslugeymslu (geymslu farmflytjanda og tollmiðlara) er styttur úr einu ári í sex mánuði. Geymslutími í tollvörugeymslu er lengdur úr þremur árum í ótímabundinn geymslutíma.
f. Skýrt er kveðið á um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta öðlast starfsleyfi til að reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.
g. Heimilt verður að geyma saman tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslu. Í gildandi tollalögum er ekki gert ráð fyrir blöndun tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í tollvörugeymslum.
h. Gert er að skilyrði að kaupandi framvísi brottfararspjaldi þegar kaup eru gerð í tollfrjálsri verslun við brottför úr landi.
i. Sett er fram lagaákvæði sem heimilar rekstur tollfrjálsrar komuverslunar í fríhöfn og allur vafi þar með tekinn af um lagagrundvöll fyrir rekstri komuverslunar.

16. *Áætlun aðflutningsgjalda.*

Í frumvarpinu er sett fram viðmiðunarregla er veitir tollstjóra leiðbeiningar um hvernig honum ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda í þeim tilvikum lögin leggja slíka skyldu á hann. Ber honum að áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og meðaltalstölum Hagstofu yfir innfluttar vörur. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í sambærileg ákvæði í skattalögum.

17. *Viðmiðunarreglur um magn forða í skip eða flugvél í millilandaferðum.*

Í frumvarpinu er ákvæði sem felur í sér leiðbeiningar til tollstjóra þegar hann metur hver telst hæfilegur forði fars í millilandaferðum. Nauðsynlegt þykir að tollalög hafi að geyma viðmiðun um þetta atriði þar sem dæmi eru um að tollstjóri hafi afgreitt svo ríflegt magn áfengis og tóbaks um borð að fullvíst hefur verið talið að varningnum yrði smyglað inn í landið aftur eða inn í annað viðkomuland skipsins. Sett eru fram ákveðin viðmið, þ.e. stærð skips, gerð þess, fjöldi farþega, stærð áhafnar og lengd ferðar. Ólík viðmið skulu sett um hæfilegan forða eftir því hvort um er að ræða farþegafar eða annars konar far, svo sem fiski-

skip. Þá skal litið sérstaklega til þess hvort hlutaðeigandi far er að staðaldri í förum á milli Íslands og annarra landa. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að til þess að far geti keypt tollfrjálsan forða þarf það að eiga viðkomu í erlendri höfn.

18. *Einfaldaðar útflutningsskýrslur.*

Sett er fram ákvæði sem heimilar að þeir sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga, t.d. netverslun, geti sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum. Með þessu er tekið tillit til þess að nokkur íslensk fyrirtæki hafa sett á fót póstverslun með ýmsar vörur og selt til einstaklinga erlendis með góðum árangri. Atvinnustarfsemi af þessu tagi er vaxtarbroddur í verslun hér á landi sem rétt er að taka tillit til í tollalögum. Oftast er um litlar og ódýrar sendingar að ræða og er fyrirtækjunum hagræði að því að geta skilað útflutningsskýrslum fyrir ákveðið tímabil, t.d. á tveggja mánaða fresti, þrátt fyrir að útflutningur hafi þegar átt sér stað. Engin gjöld eru greidd af vörum við útflutning en mikilvægt er fyrir stjórnvöld að fá upplýsingar um verslunartölur vegna útflutnings.

19. *Stöðvun tollafgreiðslu.*

Í frumvarpinu eru tvö ákvæði sem kveða á um rétt tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu í ákveðnum tilvikum. Í gildandi lögum eru ekki nægilega skýr ákvæði um þetta atriði. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að tollstjóri skuli stöðva tollafgreiðslu sendingar ef inn- eða útflutningur vöru er samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum háður skilyrðum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt eða háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að í eftirlitshlutverki tollstjóra með inn- og útflutningi felist að honum beri að stöðva inn- og útflutning sem ekki fullnægir settum reglum. Þetta hlutverk tollstjóra hefur ekki verið orðað með beinum hætti í tollalögum. Þá er í frumvarpinu einnig mælt fyrir um heimild tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað og til innflytjanda sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests. Stöðvun tollafgreiðslu skal þá koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans.

20. *Heimild tollstjóra til að leiðrétta smávægilegar villur í aðflutningsskýrslum.*

Lagt er til að lögfest verði heimild tollstjóra til þess að leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té. Til þess að leiðrétting sé heimil verður hún að vera smávægileg og óyggjandi. Það kemur ekki til þess að tollstjóri leiðrétti augljósar og smávægilegar villur í rafrænum aðflutningsskýrslum enda sá háttur hafður á að skýrsla er ekki lesin inn í tölvukerfi tollyfirvalda og móttekin fyrr en tiltekin grundvallaratriði liggja fyrir. Komi til leiðréttingar rafrænna aðflutningsskjala er litið svo á að ekki geti verið um smávægilega villu að ræða og ber tollstjóra því að skora á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma.

21. *Heimild tollstjóra til endurákvörðunar án þess að það hafi í för með sér breytingu á álagningu aðflutningsgjalda.*

Kveðið er á um heimild tollstjóra til að leiðrétta rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskjölum sem honum hafa verið látin í té þrátt fyrir að leiðréttingar leiði ekki til breyttrar ákvörðunar aðflutningsgjalda. Slík endurákvörðunarheimild er ekki í gildandi lögum. Það er afar mikilvægt að afla eins áreiðanlegra upplýsinga og mögulegt er um inn- og

útfluttar vörur, þar á meðal réttra upplýsinga um tollflokkun vöru. Upplýsingar úr tölvukerfi tollyfirvalda eru notaðar við ýmsar greiningar á inn- og útfluttum vörum, í hagtölum og verslunarskýrslum og fleira. Einnig geta aðflutningsgjöld á vörum í tilteknum tollskrárnúmerum breyst og þá er mikilvægt að lagt hafi verið fyrir innflytjanda að tollafgreiða vöruna í réttu tollskrárnúmeri til að tryggja rétta álagningu gjalda í framtíðinni.

22. *Leit á ólögráða einstaklingum.*

Kveðið er á um sérstakar reglur um leit tollgæslu á ólögráða einstaklingum. Eftir hækkun lögræðisaldurs barna úr 16 árum í 18 ár og með auknum ferðalögum á milli landa má telja næsta víst að færst hafi í vöxt að börn og ungmenni sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri séu á ferð án foreldra eða forsjáraðila sinna. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega í frumvarpinu um réttarstöðu barna við leit. Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmi tollgæsla líkamsleit á barni, þ.e. ólögráða einstaklingi yngri en 18 ára, skuli þá þegar hafa samband við þann sem fer með forsjá barnsins og fulltrúa barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem leit skal fara fram og gefa báðum aðilum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram. Ef um er að ræða leit á einstaklingi sem er ólögráða af öðrum orsökum en vegna ungs aldurs skal þá þegar gefa lögráðamanni kost á að vera viðstaddur leit.

23. *Bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu.*

Lagt er til að lögfest verði bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu. Slíkt brot getur varðað sektum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

24. *Einföldun kæruleiða.*

Í frumvarpinu er lagt til að allir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi tollalögum sæta sumir úrskurðir tollstjóra málskoti til fjármálaráðuneytis en aðrir eru kæranlegir til ríkistollanefndar. Með breytingunni eru kæruleiðir tollalaga einfaldaðar verulega til hagsbóta fyrir þá sem vilja nýta sér heimild til stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds. Ríkistollanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og verður úrskurðum hennar ekki skotið til ráðherra.

25. *Afbrigðileg refsiákvæði afnumin.*

Ýmsar breytingar eru gerðar á þeim kafla gildandi laga sem fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Öll refsiákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinæmi verknaðar auk annarra skilyrða refsiábyrgðar. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg refsiákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. um hlutræna refsiábyrgð einstaklinga, öfuga sönnunarbyrði og óskipta (sólidariska) refsiábyrgð.

26. *Hlutur tollstjóra aukinn í rannsókn á refsiverðum brotum.*

Í frumvarpinu er lögð til ný tilhögun á rannsóknar- og málsmeðferðarákvæðum tollalaga og hlutur tollstjóra aukinn í rannsókn á refsiverðum brotum. Ákvæði frumvarpsins um málsmeðferð gegna þríþættu markmiði: Í fyrsta lagi að auka hlut tollyfirvalda í rannsókn refsiverðra tollalagabrota og tengdra sérrefsilagabrota með það að markmiði að tollstjórar annist að meginstefnu til rannsókn slíkra brota. Í öðru lagi að skapa skýrari heildarmynd í tollalögum af rannsóknaraðgerðum og málsmeðferð tollyfirvalda með nýjum samþættum ákvæðum í tollalögum auk tilvísana til laga um meðferð opinberra mála þar sem við á. Í þriðja lagi að skerpa skilin milli tollyfirvalda, lögreglu og ákæruvalds en jafnframt að efla samvinnu milli þessara aðila.

27. *Aðstoð lögreglu við að færa mann til skýrslugjafar.*

Lagt er til í frumvarpinu að lögreglu verði gert skylt að veita tollstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar með því að færa mann til skýrslugjafar hjá tollstjóra ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

28. *Álag á toll dregið frá sektafjárhæð.*

Það nýmæli er tekið upp í refsikafla frumvarpsins að gert er ráð fyrir að hafi álag verið lagt ofan á tollverð samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins skuli álag á toll dregið frá sektarfjárhæð. Sambærilegt ákvæði er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

29. *Beiðnir erlendra tollyfirvalda um aðstoð í tollamálum.*

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að beiðnum erlendra tollyfirvalda um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi tollyfirvöld annast skuli beina til tollstjórans í Reykjavík. Fer tollstjórinn í Reykjavík með rannsókn málsins nema rannsóknin heyri undir lögreglu. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að tollstjórinn í Reykjavík annast samskipti og aðstoð við erlend tollyfirvöld berist beiðnir um aðstoð við rannsókn tollamála samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er almennt ákvæði sem afmarkar gildissvið laganna. Þá eru orðskýringar í 2. gr.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni nær gildissvið ákvæða frumvarpsins til tollheimtu og tolleftirlits. Með orðinu tollheimta er ekki einvörðungu vísað til innheimtu tolls samkvæmt tollskrá heldur einnig til innheimtu annarra aðflutningsgjalda, sbr. skilgreiningu hugtaksins „aðflutningsgjöld“ í 2. gr. Með orðinu „tolleftirlit“ er vísað til eftirlits með því að ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla um inn- og útflutning sé fylgt. Ákvæðin geta komið fram í tollalögum eða öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem um bann eða takmarkanir á inn- eða útflutningi tiltekinna vara. Tolleftirlit samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skiptist í tollgæslu og annað tolleftirlit. Fjallað er um sérstakar heimildir handhafa tollgæsluvalds í XXI. kafla frumvarpsins. Með öðru tolleftirliti er átt við hefðbundna tollendurskoðun, eftirlit með þeim er njóta réttar til rafrænnar tollafgreiðslu o.s.frv., þegar beiting tollgæsluheimilda XXI. kafla frumvarpsins er óþörf.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í kaflanum er aðeins eitt ákvæði er afmarkar tollsvæði ríkisins.

Um 3. gr.

Grein þessi er samhljóða 26. gr. gildandi tollalaga.

Um III. kafla.

Kaflinn ber heitið Tollskyldir aðilar. Í kaflanum er tilgreint hvenær almenn tollskylda myndast. Þá eru taldir upp aðilar sem bera takmarkaða tollskyldu, þ.e. skulu í tilteknum tilvikum ekki greiða toll af innfluttum vörum.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi tollalaga. Smávægilegar breytingar eru gerðar á orðalagi.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. gildandi tollalaga.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvaða vörur eru tollskyldar. Flest ákvæði kaflans varða frávik frá tollskyldu. Í 7. gr. er mælt fyrir um hvaða vörur skuli vera tollfrjálsar og í 8. gr. er fjallað um tilvik þar sem heimiluð er niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls. Í 9.–12. gr. er fjallað um sérstök frávik frá tollskyldu þegar vara er send úr landi til aðvinnslu eða viðgerðar. Loks eru í kaflanum ákvæði um tollkvóta.

Um 6. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. gildandi tollalaga.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að lagt er til að í 4. tölul. komi orðið „búslóð“ í stað orðsins „heimilismunir“ til samræmis við málvenju. Þá er lagt til að verðmæti tollfrjálsra gjafa verði hækkað úr 7.000 kr. í 10.000 kr. í a-lið 8. tölul.

Um 8. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. gildandi tollalaga í flestum atriðum. Í b-lið 2. tölul. kemur orðið „verktakar“ í stað orðanna „verkfræðingar, iðnaðarmenn“. Þykir rétt að vísa til verktaka í ákvæðinu en ekki til einstakra starfsstétta. Þá er gert ráð fyrir að nýr stafliður, e-liður, bætist við 2. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að tollur falli niður af tækjum og öðrum búnaði sem fluttur er tímabundið hingað til lands vegna fundahalda, ráðstefna eða hátíðahalda. Er þetta talið nauðsynlegt þar sem mjög hefur færst í vöxt að fulltrúar ýmissa erlendra fyrirtækja og stofnana komi hingað til lands til funda- og ráðstefnuhalds. Lagt er til að slíkum aðilum verði gert kleift að koma tímabundið með tæki og búnað til landsins vegna slíkra funda. Vörur þessar geta verið allt frá því að vera dúkar og borðbúnaður sem t.d. ber merki fyrirtækisins eða stærri tæki og öryggisbúnaður til að gæta að öryggi ráðstefnugesta. Þá getur verið um að ræða gjafir til starfsmanna eða annarra ráðstefnugesta sem þeir taka með sér úr landi að fundi loknum. Einnig er lagt til að orðunum „tollfrjálsa forðageymslu eða frísvæði“ verði bætt inn í upptalningu í 6. tölul. Ekki er um breytingu að ræða frá gildandi rétti þar sem tollalög hafa verið skýrð á þann veg að heimilt sé að fella niður eða endurgreiða toll af vörum sem seldar eru í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði. Lagt er til að kveðið verði á um þetta atriði með afdráttarlausum hætti.

Þá hefur röð töluliða breyst lítillega þannig að vísun í 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt til tollalaga sé rétt.

Um 9.–12. gr.

Ákvæði 9.–12. gr. koma í stað 7. gr. gildandi tollalaga. Skv. 7. gr. þeirra gildir sú regla að sé vara send til útlanda til viðgerðar skal aðeins greiða toll af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins. Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða toll af nýju vörunni eftir tollskrá. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar reglur verði áfram meginreglur en lagt er til að rýmkaðar verði reglur um tollfrelsi ef vara í ábyrgð er send utan til viðgerðar og seljandi gerir við vöruna eða sendir nýja vöru í stað þeirrar gölluðu.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. og 10. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 7. gr. gildandi tollalaga sem tekur til vara sem sendar eru utan til viðgerðar eða aðvinnslu. Lagt er til að fjallað verði um aðvinnslu hlutar sem sendur er utan í sérstakri grein, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Í 7. gr. gildandi laga er fjallað um viðgerð sem eitt form aðvinnslu. Í frumvarpinu er litið á viðgerð sem þá aðgerð sem til þarf til þess að koma hlut í upphaflegt ástand. Um viðgerð hlutar er fjallað sérstaklega í 10. og 11. gr. frumvarpsins. Í 9. gr. er hins vegar fjallað um aðrar aðgerðir en þær sem lúta að viðgerð hlutar, svo sem þvott, bleikjun, litun og málmhúðun.

Um 10. gr.

Í greininni eru almennar reglur um greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er send úr landi til viðgerðar en í 11. gr. er sérregla um vörur í ábyrgð sem eru sendar utan til viðgerðar. Ákvæði 10. gr., eins og þau birtast í frumvarpinu, komu fyrst inn í tollalög með lögum nr. 55/1987 og í greinargerð með þeim kom fram að rétt þætti að taka tillit til örra breytinga við framleiðslu á tölvum og öðrum rafeindabúnaði og skipulagi viðgerðarþjónustu. Þannig væru rafeindahlutir sendir í sérstakar þjónustumiðstöðvar til viðgerðar sem síðan senda notaðan hlut um hæl í stað hlutar sem er til viðgerðar, gegn ákveðnu þjónustugjaldi. Þessi háttur er hafður á til þess að forðast stöðvun atvinnutækja um lengri eða skemmri tíma á meðan hlutur er til viðgerðar í útlöndum. Þótt aðstæður hafi breyst töluvert frá því að gildandi tollalög tóku gildi og nú séu nýir hlutir en ekki notaðir yfirleitt sendir í stað gallaðra eða bilaðra hluta og slík þjónusta er iðulega innifalin í ábyrgð framleiðanda á vörunni þykir rétt að halda heimild 4. mgr. 7. gr. núgildandi tollalaga í tollalögum, sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. 11. gr. fjallar hins vegar um hluti sem eru sendir utan til viðgerðar á ábyrgðartíma.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að vara sem send er utan til viðgerðar vegna galla skuli við innflutning undanþegin tolli séu færðar fullnægjandi sönnur á að mati tollstjóra að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð falin í upphaflegu tollverði vörunnar. Í 2. mgr. er erlendum seljanda gallaðrar vöru gefinn kostur á að afhenda nýja vöru í stað gallaðrar vöru og skal tollur þá falla niður að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum 3. mgr. Skilyrðum þessum er ætlað að tryggja að ný vara sé í raun afhent vegna ábyrgðarskuldbindinga hins erlenda seljanda og nýja varan hafi alla sömu eiginleika og upphaflega varan átti að hafa og enga að auki. Það er meginregla að gölluð vara skuli send utan til hins erlenda seljanda en ef ljóst er að það svarar ekki kostnaði eða seljandi telur það óþarft af öðrum ástæðum er seljanda heimilt að fallast á að vörunni verði fargað undir tolleftirliti þannig að sýnt þyki að hin nýja vara komi algerlega í stað þeirrar gölluðu. Í 3. mgr. er lagt til að kaupandi gallaðrar vöru geti flutt inn nýja vöru í stað þeirrar gölluðu áður en gallaða varan hefur verið send úr landi eða henni fargað gegn því að hann leggi fram

fjártryggingu til greiðslu aðflutningsgjalda. Hin gallaða vara skal flutt úr landi eða henni fargað innan 60 daga frá tollafgreiðslu vöru sem kemur í stað gallaðrar vöru. Að öðrum kosti skal gengið að fjártryggingunni. Þessi heimild er m.a. lögð til vegna þarfa atvinnulífsins um að nýr hlutur komi í stað gallaðs með hraði. Tveir mánuðir eru taldir nægilegt ráðrúm fyrir kaupandann til þess að ljúka málinu með því að flytja gölluðu vöruna úr landi eða farga henni.

Nýmæli 11. gr. er sett fram vegna þess að breyttir viðskiptahættir með lausafé milli landa (netviðskipti o.fl.) kalla á rýmri reglur en nú gilda að þessu leyti samkvæmt tollalögum. Örar tækniframfarir og fjöldaframleiðsla kalla einnig á þessa rýmkun reglna, sér í lagi vegna þess að rafeindatækni nú á dögum er með þeim hætti að oft svarar ekki kostnaði að gera við söluhlut sem er gallaður og kýs framleiðandi þá gjarnan að senda kaupanda nýjan söluhlut í stað gallaðs.

Fyrirmynd að 11. gr. frumvarpsins er sótt í 152.–158. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. A gildandi tollalaga.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. B gildandi tollalaga.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði er skilgreina tollverð og lúta að því hvernig tollverð vöru er ákvarðað. Þá er í síðasta ákvæði kaflans mælt fyrir um tollafgreiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru yfir í íslenskar krónur. Ákvæði kaflans eru efnislega óbreytt frá sambærilegum ákvæðum í gildandi tollalögum. Þó hefur númerakerfi tölulíða og stafliða verið breytt í samræmi við uppsetningu annarra ákvæða frumvarpsins.

Um 15. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi tollalaga.

Um 16. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. gildandi tollalaga.

Um 17. gr.

Grein þessi er samhljóða 10. gr. gildandi tollalaga.

Um 18. gr.

Grein þessi er samhljóða 11. gr. gildandi tollalaga.

Um 19. gr.

Grein þessi er samhljóða 12. gr. gildandi tollalaga.

Um 20. gr.

Grein þessi er samhljóða 13. gr. gildandi tollalaga.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði er mæla fyrir um skyldu inn- og útflytjenda til að tollflokka vöru. Þá er fjallað um bindandi álit um tollflokkun vöru ef vafi leikur á um hana.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. skyldar inn- og útflytjendur til þess að tollflokka vöru í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar. Í gildandi tollalögum er ekki að finna sérstaka grein sem leggur með beinum hætti þessa skyldu á herðar inn- og útflytjendum heldur hefur mátt leiða þá skyldu þeirra af ákvæðum sem skylda þá til þess að fylla tollskjöl út með fullnægjandi hætti. Rétt þykir að þessi regla sé orðuð með nákvæmari hætti í tollalögum. Jafnframt þykir rétt að vísa til almennra reglna um túlkun tollskrárinnar í þessu sambandi. Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar hafa lagagildi og eru birtar í tollskrá sem er í viðauka I við tollalög.

Í 1. mgr. er allur vafi tekinn af um að það eru inn- og útflytjendur eða eftir atvikum umboðsmenn þeirra sem bera ábyrgð á réttri tollflokkun vöru. Þeir eiga þess þó kost að leita bindandi álits tollstjóra um tollflokkun viðkomandi vöru, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Grein þessi er samhljóða 142. gr. gildandi tollalaga. Sífellt verður mikilvægara að innflytjendur leiti bindandi álits vegna tollflokkunar vöru vegna þess að með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu er vara oft tollafgreidd áður en tollendurskoðun fer fram og getur tollstjóri því í mörgum tilvikum ekki komið athugasemdum að um tollflokkun vöru fyrr en eftir að vara hefur verið tollafgreidd. Þá skal í þessu samhengi tekið fram að það er innflytjandi sem ber ábyrgð á réttri tollflokkun vöru, sbr. 21. gr., og því er mjög mikilvægt að hann leiti bindandi álits í fleiri tilvikum en færri. Að fengnu bindandi áliti eru tollyfirvöld og fyrirspyrjandi bundin af því áliti, nema það sé afturkallað af tollstjóra eða því breytt eftir kæru til ríkistollanefndar. Á meðan bindandi álit er í gildi er fyrirspyrjandi í góðri trú um tollflokkun. Álit er eingöngu bindandi fyrir tollyfirvöld á meðan viðkomandi vara er óbreytt. Breytist samsetning eða eiginleikar vöru með einhverjum hætti er nauðsynlegt fyrir fyrirspyrjanda að leita álits tollstjóra að nýju.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir. Samkvæmt frumvarpinu er meginregla að vöru skuli tollafgreiða með rafrænum hætti. Þess vegna er ákvæðum um SMT- og VEF-aðflutningsskýrslur ætlaður staður á undan reglum um skriflegar aðflutningsskýrslur. Í gildandi tollalögum er eitt ákvæði um SMT-tollafgreiðslu og þá þætti sem henni koma við. Í frumvarpinu er þeirri grein skipt upp og afmarkaðir hlutar hennar staðsettir í viðeigandi köflum frumvarpsins. Jafnframt eru í frumvarpinu ný ákvæði um VEF-tollafgreiðslu.

Um 23. gr.

Lagt er til að frestur innflytjanda til að láta tollstjóra aðflutningsskjöl í té styttist úr tólf mánuðum í sex mánuði til samræmis við geymslutíma vöru í afgreiðslugeymslu skv. 93. gr. Æskilegt er að tollstjóri fái viðeigandi upplýsingar um vörur í afgreiðslugeymslu sem fyrst

og eigi síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars til landsins. Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að vörur dagi uppi í geymslum farmflytjenda og hefur það leitt til þess að nauðsynlegt hefur reynst að bjóða vörurnar upp til fullnustu aðflutningsgjalda. Í einhverjum tilvikum hefur þurft að farga vörum. Veldur þetta óhagræði og kostnaði bæði fyrir tollyfirvöld og farmflytjanda. Með því að stytta skilafrest aðflutningsskjala er þess vænst að álagning og innheimta aðflutningsgjalda verði markvissari og minna verði um að vörur sem eigendur hirða ekki um safnist upp í geymslum farmflytjenda.

Um 24. gr.

Kveðið er á um hverjum er skylt að láta tollyfirvöldum í té tollskjöl með rafrænum hætti. Skv. 1. og 3. mgr. er tollmiðlurum, þ.e. þeim sem hafa atvinnu af því að koma fram fyrir hönd innflytjenda við tollafgreiðslu vöru, og öðrum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, skylt að afhenda aðflutningsskjöl með rafrænum hætti. Í 2. og 4. mgr. koma fram undantekningar frá þessari meginreglu. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tollstjóri geti gert kröfu um skriflega aðflutningsskýrslu þegar vörur eru fluttar inn sem þarfnast sérstaks eftirlits, svo sem ýmsar landbúnaðarvörur, notaðir bílar og notuð landbúnaðartæki. Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar aukins eftirlits við tollafgreiðslu og skila skriflegrar aðflutningsskýrslu geta verið margvísleg, svo sem heilbrigðissjónarmið og krafa um aukið eftirlit með hágjaldavöru. Þá er í annan stað lagt til að þeir sem flytja inn tiltölulega fáar sendingar á ári geti skilað inn skriflegum skýrslum. Þeir eiga þá um tvo kosti að velja. Þeir geta leitað til tollmiðlara og fengið honum umboð til að annast rafræna tollafgreiðslu fyrir sína hönd eða skilað sjálfir inn skriflegri skýrslu. Það er mikilvægt að þeir sem annast rafræna tollafgreiðslu hafi nægilega þekkingu á öllum þeim atriðum sem hún byggist á og þess vegna þykir nauðsynlegt að setja skilyrði um lágmarksfjölda sendinga á ári til þess að innflytjandi geti hlotið leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, sbr. 2. tölul 2. mgr. 25. gr.

Mælt er fyrir um ýmis tækniatriði varðandi SMT- og VEF-tollafgreiðslu í 14. gr. gildandi tollalaga. Í 7. mgr. er lagt til að þessi atriði verði skilgreind með reglugerð.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er kveðið á um að leyfi til rafrænnar tollafgreiðslu (SMT- og VEF-tollafgreiðslu) sé háð leyfi tollstjórans í Reykjavík. Rétt þykir að ákvarða lágmarksskilyrði fyrir leyfum til SMT- og VEF-tollafgreiðslu í lögum. Skilyrðunum er ætlað að tryggja að umsækjandi sé raunverulega í atvinnurekstri og hafi nægilega þekkingu á tollamálum til þess að geta framkvæmt rafræna tollafgreiðslu.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 20. gr. gildandi tollalaga. Þó hafa heimildir tollgæslunnar til skoðunar á farangri verið færðar í XXI. kafla frumvarpsins um tollgæslu. Þá hefur orðinu „ótilkvaddir“ verið bætt inn í 1. mgr. greinarinnar til áhersluauka þannig að ljóst sé að farþegar og farmenn skuli að eigin frumkvæði upplýsa tollgæslu um tollskyldan varning sem þeir hafa í fórum sínum við komu til landsins. Í 2. mgr. er lagt til að notað verði hugtakið tollafgreiðsluhlið í stað hugtaksins tollafgreiðsla til samræmis við viðteknar málvenjur um rautt og grænt hlið.

Um 29. gr.

Í greininni eru talin upp helstu fylgiskjöl með aðflutningsskýrslu. Í núgildandi tollalögum eru þessi skjöl talin upp í fleiri en einu ákvæði. Skýrara þykir að telja þau öll upp í einu og sama ákvæðinu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni er eingöngu fjallað um varðveislu fylgigagna vegna rafrænna aðflutningsskýrslna. Í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er gerð skriflega eru viðeigandi fylgigögn afhent tollstjóra um leið og aðflutningsskýrsla, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

Þegar rafræn tollafgreiðsla fer fram er mikilvægt að skrifleg gögn sem veita upplýsingar um þau atriði sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu séu varðveitt með öruggum hætti. Í greininni eru dregnar skýrar línur varðandi það hverjir geyma hvaða gögn á hverjum tíma og hversu lengi.

Í 1. mgr. er það nýmæli lagt til að tollmiðlari varðveiti skrifleg fylgigögn í þrjá mánuði frá tollafgreiðsludegi. Þetta er lagt til í því skyni að gera tollstjórum hægara um vik að nálgast gögnin og annast lögboðna tollendurskoðun. Til þess að lágmarka óhagræði tollmiðlara af geymslu fylgigagna þykir rétt að hafa geymslutíma þeirra ekki lengri en þrjá mánuði en eftir þann tíma hefur tollstjóri aðgang að viðkomandi gögnum hjá innflytjanda sem er skylt að geyma gögnin í sex ár frá tollafgreiðsludegi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þegar tollmiðlari annast rafræna tollafgreiðslu fyrir aðila sem ekki er bókhaldsskyldur sé honum skylt að afhenda tollstjóra öll skrifleg gögn er varða tollafgreiðsluna að loknum þriggja mánaða geymslutíma.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 2. og 3. mgr. 24. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að bætt er við 1. mgr. heimild tollstjóra til ótvíræðs aðgangs að gögnum tollskyldra aðila og aðgangs að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum. Þá er tollstjóra jafnframt veitt heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta við tolleftirlit. Fyrirmynd breytinga ákvæðisins er sótt til 2. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, og 3. mgr. 38. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Um heimild tollstjóra til haldlagningar gagna vegna tollrannsóknar er vísað til 167. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla er fjallað sérstaklega um ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum. Annars vegar er fjallað um ábyrgð innflytjanda á slíkri skýrslugjöf og hins vegar um ábyrgð tollmiðlara á skýrslugjöf fyrir hönd innflytjanda.

Um 33. gr.

Ákvæðið er nýmæli þar sem mælt er fyrir um ábyrgð innflytjanda á skýrslugjöf við innflutning vöru á hvaða formi sem upplýsingarnar eru veittar. Samsvarandi ákvæði er í 16. gr. gildandi tollalaga. Greinin skýrir sig sjálf.

Um 34. gr.

Í greininni er mælt fyrir um ábyrgð tollmiðlara á upplýsingagjöf til tollstjóra. Um slíka ábyrgð er fjallað í 3. mgr. 16. gr. núgildandi laga. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að tollmiðlara er skylt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum sem liggja skulu til grundvallar aðflutningsskýrslu áður en hann sendir rammaskeyti í tölvukerfi tollyfirvalda vegna SMT-tollafgreiðslu. Frá því að SMT-tollafgreiðsla var tekin upp árið 2000 hefur verið gengið út frá þessari reglu í framkvæmd en texti 3. mgr. 16. gr. núgildandi laga hefur ekki verið nægilega skýr að þessu leyti.

Um IX. kafla.

IX. kafli frumvarpsins ber heitið tollmeðferð vöru. Í kaflanum er skilgreindur sá tímapunktur þegar tollmeðferð vöru hefst. Þá er mælt fyrir um hvað teljist vera almenn tollmeðferð vöru og sérstök tollmeðferð vöru.

Um 35. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. mgr. 1. gr. núgildandi tollalaga. Orðalagi hefur verið breytt lítillega. Með orðalaginu „að láta tollstjóra í té aðflutningsskjöl“ er átt við afhendingu tollskjala, hvort sem er með rafrænum hætti eða með afhendingu skriflegrar aðflutningsskýrslu. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 1. gr. núgildandi tollalaga er fellt brott vegna þess að 2. tölul. 2. mgr. 35. gr. frumvarpsins nær yfir efni hans.

Um 36. gr.

Ákvæði 36. gr. er nýmæli þar sem í 1. mgr. er sett fram skilgreining á almennri (venjulegri) tollmeðferð vöru. Í ákvæðinu er leitast við að færa í orð þá meginreglu að almenn tollmeðferð vöru felist í afhendingu aðflutningsskýrslu og annarra tollskjala, greiðslu aðflutningsgjalda eða skuldfærslu þeirra auk veitingu afhendingarheimildar tollstjóra vegna vörunnar. Sama meginregla gildir samkvæmt gildandi lögum. Í 2. mgr. eru talin upp í þremur töluliðum tilvik þar sem vikið er frá almennri tollmeðferð vöru undir yfirheitinu „sérstök tollmeðferð vöru“.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 21. gr. gildandi tollalaga.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um bráðabirgðatollafgreiðslu. Greinin er að mestu samhljóða 1. mgr. 21. gr. núgildandi tollalaga. Heimild tollstjóra til að áætla og innheimta kostnað er felld brott. Tollstjóra er samkvæmt greininni heimilt við ákvörðun fjárhæðar tryggingar að áætla aðflutningsgjöld með 25% álagi. Vera má að aðflutningsgjöld af vörunni reynist önnur en áætlað var við bráðabirgðatollafgreiðslu og er álaginu ætlað að koma í veg fyrir að framlögð trygging reynist of lág.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 21. gr. núgildandi tollalaga að öðru leyti en því að felld er brott skylda farmflytjanda til að taka tryggingu fyrir kaupverði og aðflutningsgjöldum. Hvorki þykir rétt að farmflytjandi sé skyldur til að taka tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs vöru né að hann sé skyldur til að taka tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Rétt þykir að farm-

flytjandi og eigandi vörusendingar hafi samningsfrelsi um hvernig viðskiptum þeirra er háttað að þessu leyti.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru á einum stað ákvæði er varða skipulag tollyfirvalda og æðstu stjórn. Mörg nýmæli eru í þessum kafla.

Sú grundvallarbreyting er lögð til í kaflanum að tollumdæmum er fækkað úr 26 í níu. Einnig fækkar tollstjórum í sama hlutfalli. Gert er ráð fyrir að eftirtaldir sýslumenn verði tollstjórar: Tollstjórinn í Reykjavík í Reykjavíkurumdæmi, tollstjórinn í Stykkishólmi í Vesturlandsumdæmi, tollstjórinn á Akureyri í Norðurlandsumdæmi, tollstjórinn á Seyðisfirði í Austurlandsumdæmi, tollstjórinn á Selfossi í Suðurlandsumdæmi, tollstjórinn í Vestmannaeyjum í Vestmannaeyjaumdæmi, tollstjórinn á Keflavíkurflugvelli í Reykjanesumdæmi og tollstjórinn í Hafnarfirði í Suðvesturumdæmi. Mælt er fyrir um að mörk tollumdæma verði ákveðin með reglugerð en í töflu hér á eftir má sjá hvernig gert er ráð fyrir að tollumdæmi skiptist. Sýslumenn í hverju tollumdæmi verða umboðsmenn tollstjóra.

Tollafgreiðslustaðir verða hjá umboðsmönnum tollstjóra, þ.e. hjá embættum sýslumanna. Verður því engin breyting á þjónustustigi á einstökum stöðum á landinu. Tollverðir verða áfram hjá þeim embættum sýslumanna þar sem atvinnulífið kallar eftir þjónustu þeirra en í öðrum tilvikum munu lögreglumenn ganga í störf tollvarða með sama hætti og tíðkast hefur um árabil. Breytingin felur hins vegar í sér að yfirstjórn tollamála heyrir undir færri tollstjóra en nú, sem gerir yfirstjórn tollamála á landsvísu markvissari. Þá verða úrskurðir í kærumálum kveðnir upp hjá tollstjórum. Mikilvægt er að úrskurðarvaldið verði hjá stjórnvaldi sem hefur sérþekkingu á málaflokknum. Eins og málum er nú háttað er í sumum tollumdæmum nánast engin starfsemi á sviði tollamála og sérþekking á þessu sviði því afar takmörkuð. Innheimta opinberra gjalda, svo sem tekjuskatts og eignarskatts, verður áfram hjá sýslumönnum enda fjalla tollalög ekki um þann þátt í starfsemi þeirra.

Miklar breytingar á starfsumhverfi tollstjóra á undanförnum árum kalla á fækkun og stækkun tollumdæma. Ein stærsta breytingin er að rafræn tollafgreiðsla var tekin upp fyrir nokkrum árum. Rafræn tollafgreiðsla felur í sér mikið hagræði fyrir inn- og útflytjendur þar sem þeir geta skilað rafrænum tollskýrslum í tölvukerfi tollyfirvalda. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er að dregið hefur úr beinu eftirliti við tollafgreiðslu vöru og byggist tolleftirlit nú að mestu á skipulagðri tollendurskoðun. Tollendurskoðun felur í sér endurskoðun tollafgreiðslu eftir að hún hefur farið fram. Tollendurskoðun krefst aukinnar sérhæfingar tollstarfsmanna, m.a. aukinnar þekkingar á bókhaldi fyrirtækja og er brýnt að fjölga sérhæfðum tollendurskoðendum á landsbyggðinni.

Önnur viðamikil breyting á starfsumhverfi tollstjóra er aukin áhersla alþjóðasamfélagsins á varnir gegn hryðjuverkum og útflutningseftirlit í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hryðjuverk. Munu tollstjórar í náinni framtíð þurfa að takast á við viðamikil verkefni vegna alþjóðaskuldbindinga Íslands á þessu sviði. Nú er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til laga um siglingavernd sem felur tollstjórum að annast farmvernd, sem er einn þáttur í siglingavernd er miðar að því að tryggja vernd skipa og hafna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tollyfirvöldum verði falið veigamikið hlutverk við framkvæmd farmverndar en með farmvernd er átt við fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar farms til að koma í veg fyrir hryðjuverk og aðra ógn sem stafar af ólögmætum aðgerðum. Síaukin áhersla á eftirlit með innflutningi fíkniefna til landsins kallar einnig á styrka stjórn tollgæslu að því leyti.

Breytt starfsumhverfi kallar á aukna sérhæfingu hjá tollstjórum. Tollendurskoðun, fíkniefnaeftirlit og eftirlit með öðrum ólöglegum inn- og útflutningi kallar á að áhættugreiningu

verði beitt við eftirlitið. Tilgangur áhættugreiningar er að finna og takast á við áhættuþætti vegna inn- og útflutnings, t.d. ólöglegan innflutning og undanskot aðflutningsgjalda. Í frumvarpinu er tollstjóranum í Reykjavík falið að annast skipulag áhættugreiningar á landsvísu en með fækkun og stækkun tollumdæma er talið að skipulag og stjórn þeirrar vinnu hjá einstökum tollstjórum verði markvissari. Þá er mikilvægt að tryggja samræmda túlkun og beitingu réttarreglna um allt land en dæmi eru um að misræmi hafi myndast í tollframkvæmd milli einstakra tollumdæma. Með fækkun tollstjóra er hægara um vik að samræma tollframkvæmdina. Einnig er mikilsvert að auka sveigjanleika í nýtingu mannafla til að auðvelda með skjótum og öruggum hætti tímabundna tilfærslu tollstarfsmanna um landið þegar mæta þarf auknu álagi á einum stað með liðsauka frá öðrum. Samkvæmt framansögðu er tilgangurinn með fækkun tollumdæma að ná fram frekari sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollyfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu.

Við undirbúning frumvarpsins var gerð ítarleg úttekt á því hvort rétt væri að fækka tollumdæmum og þar með tollstjórum með tilliti til umfangs tollamála í hverju umdæmi. Afar mismunandi er hversu mikið umfang tollamála er í einstökum tollumdæmum. Tölulegar upplýsingar um starfsemi tollyfirvalda í mismunandi tollumdæmum sýna glögglega að í sumum umdæmum er mikil starfsemi á sviði tollamála en í öðrum er engin eða afar lítil starfsemi á þessu sviði. Rétt þykir að miða við að tollstjórar verði á þeim stöðum þar sem umfang tollamála er mest í hverju umdæmi. Í strjálbýlu landi er þó ekki unnt að taka eingöngu tillit til málafjölda og er því einnig tekið tillit til landfræðilegrar legu umdæma og samgangna. Eru umdæmin því misstór landfræðilega og málafjöldi í hverju umdæmi mismikill.

Eftirfarandi tölulegar upplýsingar um hlutfall afgreiddra aðflutningsskýrslna, skipa- og flugafgreiðslna eftir tollumdæmum miðað við landið allt árið 2002 gefa mynd af skiptingu tollamála á mismunandi landssvæðum.

Aðflutningsskýrslur:

Á landsvísu voru 97% aðflutningsskýrslna lagðar fram í þremur tollumdæmum, þar af 66% í Reykjavík, 19% á Keflavíkurflugvelli og 12% í Hafnarfirði. Tollstjórar á Akureyri, Keflavík og Selfossi afgreiddu 1% aðflutningsskýrslna hver um sig. Aðrir tollstjórar afgreiddu minna en 1% aðflutningsskýrslna hver.

Skipaafgreiðslur:

Skipaafgreiðslur voru flestar í Reykjavík eða 891 talsins, 492 í Hafnarfirði og 367 á Eskifirði. Í Búðardal, á Hvolsvelli og í Vík voru engin skip tollafgreidd.

Flugafgreiðslur:

Tollafgreiðsla flugvéla fór fram á sex stöðum á landinu árið 2002. Flestar flugafgreiðslur fóru fram á Keflavíkurflugvelli, alls 17.680. Í Reykjavík voru 2.105 flugvélar tollafgreiddar, á Akureyri 238, á Seyðisfirði 45, á Hornafirði 33, á Ísafirði 22 og í Vestmannaeyjum tvær flugvélar.

Eftirfarandi tafla sýnir tölulegar upplýsingar frá árinu 2002 um umfang tollamála samkvæmt gildandi umdæmaskipan og samkvæmt þeirri umdæmaskipan sem lögð er til í frumvarpinu. Tekið er fram að frá árinu 2002 hefur tollamálum fjölgað umtalsvert í umdæmi tollstjórans á Eskifirði vegna mikilla vöruflutninga til Austurlands vegna virkjana- og stóriðjuframkvæmda. Á Eskifirði starfa nú tveir tollverðir.

Tillögur um fækkun tollumdæma.
(Ýmsar kennitölur miðað við árið 2002.)

Fjöldi	Sérhæfðir tollverðir	Skipa-afgreiðslur	Flug-afgreiðslur	Aðflutn.-skýrslur
1. Reykjavíkurumdæmi (2)	**55**	**1.120**	**2.105**	**197.938**
- Tollstjórinn í Reykjavík *	55	891	2.105	196.688
- Akranes að meðtöldum Grundartanga		*229*	*0*	*1.250*
2. Vesturlandsumdæmi (4)	**0**	**6**	**0**	**181**
- Stykkishólmur *		6	0	88
- Borgarnes		0	0	77
- Búðardalur		0	0	0
- Patreksfjörður		0	0	16
3. Vestfjarðarumdæmi (2)	**1**	**62**	**22**	**299**
- Ísafjörður *	*1*	*62*	*22*	*255*
- Bolungarvík		0	0	44
4. Norðurlandsumdæmi (7)	**2**	**377**	**238**	**4.606**
- Akureyri *	*2*	*146*	*238*	*3.531*
- Hólmavík		1	0	23
- Blönduós		0	0	119
- Sauðárkrókur		13	0	369
- Siglufjörður		56	0	223
- Húsavík		161	0	311
- Ólafsfjörður		0	0	30
5. Austurlandsumdæmi (3)	**2**	**638**	**78**	**1.209**
- Seyðisfjörður *	*1*	*223*	*45*	*571*
- Eskifjörður	1	367	0	550
- Höfn		48	33	88
6. Suðurlandsumdæmi (3)	**1**	**77**	**0**	**1.705**
- Selfoss *	*1*	*77*	*0*	*1.703*
- Hvolsvöllur		0	0	1
- Vík		0	0	1
7. Vestmannaeyjaumdæmi (1)	**2**	**271**	**2**	**571**
8. Keflavíkurflugvöllur (2)	**37**	**250**	**17.680**	**58.328**
- Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugv.	35	0	17.680	56.613
- Sýslumaðurinn í Keflavík	*2*	*250*	*0*	*1.715*
9. Suðvesturumdæmi (2)	**3**	**492**	**0**	**35.012**
- Hafnarfjörður	*3*	*492*	*0*	*35.009*
- Kópavogur		0	0	3
Samtals (26)	**103**	**3.293**	**20.125**	**299.849**
*** Umrædd 9 sýslumannsembætti**	**100**	**2.168**	**20.092**	**295.029**
Hlutfall af heild, %	***97,1***	***65,8***	***99,8***	***98,4***

Samanburður á skipulagi tollumdæma á Norðurlöndum var gerður við undirbúning frumvarpsins og í ljós kom að tollumdæmi hér á landi eru margfalt fleiri en annars staðar á Norðurlöndum en þar hefur þróunin síðustu ár verið sú að tollumdæmum hefur verið fækkað verulega. Þá er málafjöldi í hverju tollumdæmi hér á landi að sama skapi margfalt minni en annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi var tollumdæmum fækkað úr tíu í sex á síðasta ári og í Svíþjóð var landið allt gert að einu tollumdæmi á síðasta ári. Í Danmörku eru tollumdæmi átta og í Finnlandi eru tollumdæmi fimm talsins.

Í X. kafla frumvarpsins eru einnig ákvæði er skilgreina hlutverk einstakra stofnana hjá tollyfirvöldum, svo sem hlutverk ráðherra, hlutverk tollstjóra og hlutverk ríkistollanefndar. Að þessu leyti eru ekki lagðar til efnislegar grundvallarbreytingar á ákvæðum gildandi tollalaga en leitast er við í frumvarpinu að tilgreina hlutverk tollstjóra með skýrari hætti með því að telja upp í einni grein helstu verkefni tollstjóra. Þá er kveðið skýrar á um samræmingar-

hlutverk tollstjórans í Reykjavík á landsvísu en gert er í gildandi lögum. Er það m.a. gert með því að telja upp sérstök verkefni tollstjórans í Reykjavík í sérstöku ákvæði.

Sú breyting er lögð til í kaflanum að tollstjórar skipi deildarstjóra og aðaldeildarstjóra í tollgæslu í stað ráðherra samkvæmt gildandi lögum.

Fjallað er um tollhafnir í kaflanum. Gert er ráð fyrir að hugtakið aðaltollhöfn verði fellt brott úr tollalögum.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæði greinarinnar afmarkar tollumdæmin á landinu. Tollumdæmi eru samkvæmt gildandi lögum 26 talsins, jafnmörg stjórnsýsluumdæmum sýslumanna. Tollstjóri er í hverju umdæmi og er hann jafnframt sýslumaður og lögreglustjóri í umdæminu. Í Reykjavík eru þó aðskilin embætti tollstjóra, lögreglustjóra og sýslumanns.

Með 1. mgr. er lögð til veruleg fækkun tollumdæma. Lagt er til að þau verði níu talsins. Um athugasemdir er vísað að öðru leyti til athugasemda við X. kafla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tollumdæmi skuli ákveðin með reglugerð.

3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um að sýslumenn í hverju tollumdæmi skuli vera umboðsmenn tollstjóra í því umdæmi. Hjá sýslumönnum skal vera tollafgreiðslustaður. Í þessu felst að tollafgreiðsla og önnur þjónusta á sviði tollamála skal fara fram hjá sýslumönnum sem ekki eru tollstjórar. Annast sýslumenn slíka þjónustu í umboði tollstjóra.

Um 43. gr.

Í gildandi tollalögum er höfnum skipt í þrjá flokka: aðaltollhafnir, tollhafnir og aðrar hafnir. Skv. 1. gr. gildandi tollalaga er aðaltollhöfn staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Aðaltollhafnir eru taldar upp í 1. mgr. 28. gr. laganna. Tollhöfn er samkvæmt lögunum staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar. Samkvæmt gildandi lögum er staðsetning tollhafna ákveðin með reglugerð, sbr. 2. mgr. 28. gr. tollalaga. Í framkvæmd hefur lítill sem enginn munur verið á starfsemi tollyfirvalda í aðaltollhöfnum og tollhöfnum. Þess vegna er lagt til í 43. gr. frumvarpsins að höfnum verði eingöngu skipt í tvo flokka: tollhafnir og aðrar hafnir.

Í 1. mgr. er kveðið á um að tollhöfn skuli vera staður, höfn eða flugvöllur þar sem heimilt er að ferma og afferma för og geyma og tollafgreiða vörur úr þeim, án sérstakrar heimildar tollyfirvalda.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða staðir skuli vera tollhafnir. Gert er ráð fyrir að ráðherra taki mið af þörfum atvinnulífs við staðsetningu tollhafna. Þykir rétt að styrkja starfsemi tollstjóra á þeim stöðum þar sem atvinnulíf byggist á inn- og útflutningi vöru og ferðalögum fólks á milli landa. Önnur sjónarmið geta einnig komið til skoðunar, svo sem jöfn dreifing tollhafna um landið til þess að tryggja sem besta þjónustu við fólk og fyrirtæki á landinu.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi hliðsjón af þeim atriðum sem talin eru upp í 3. mgr. 43. gr. þegar hann metur hvort staður eigi að hljóta tollhafnarréttindi. Kveðið er á um að ráðherra skuli leita umsagnar viðkomandi tollstjóra um þessi atriði. Þau lúta öll að aðstöðu við meðferð ótollafgreiddra vara og eru sett fram til þess að tryggja að tollmeðferð og tollafgreiðsla fari fram með sem öruggustum hætti. Í þessu sambandi er rétt að tollstjóri leggi mat á allar aðstæður á viðkomandi stað og dragi ályktanir um hvernig tolleftirliti verði komið við á staðnum. Miða ákvæðin að því að geymslustaðir verði öruggari en nú.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti með sama hætti, þ.e. með reglugerðarbreytingu, afturkallað tollhafnarréttindi hafnar eða flugvallar ef ekki er talin þörf á tollhöfn á viðkomandi stað eða skilyrði 3. mgr. eru ekki lengur uppfyllt. Ákvæðið er að mestu samhljóða ákvæði 4. mgr. 28. gr. núgildandi tollalaga. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti afturkallað tollhafnarréttindi hafnar eða flugvallar ef þarfir atvinnulífs kalla ekki á tollhöfn á staðnum, þrátt fyrir að aðstaða sé fullnægjandi að öðru leyti.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 3. mgr. 28. gr. gildandi tollalaga.

Um 44. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk tollstjóra í umdæmi sínu.

1.–3. tölul. 1. mgr. eru að mestu samhljóða 3. mgr. 31. núgildandi laga ef frá er talið að í gildandi lögum er mælt fyrir um að tollstjórar skuli hafa eftirlit með fólki sem ferðast yfir landamæri. Með tilkomu Schengen-samstarfsins fer lögreglan með það eftirlit.

Í 4. tölul. 1. mgr. er kveðið á um rannsóknarhlutverk tollstjóra og skyldu hans til þess að stöðva ólögmæta hegðun ef því er að skipta. Þá er einnig kveðið á um skyldu tollstjóra til þess að fylgja málum eftir. Hér er m.a. til vísað heimilda tollstjóra til að rannsaka mál skv. XXII. kafla frumvarpsins eða til að afgreiða það með öðrum hætti, t.d. að ljúka því með sektargerð skv. 192. gr. eða vísa því til lögreglu til frekari meðferðar skv. 191. gr.

Í 5. tölul. 1. mgr. er kveðið á um skyldu tollstjóra til samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir að því marki sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eru því ekki til fyrirstöðu.

Loks kemur fram í 6. tölul. 1. mgr. skylda tollstjóra til þess að annast önnur verkefni sem honum eru falin í ýmsum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða byggjast á venju.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að mæla nánar fyrir um hlutverk tollstjóra í reglugerð.

Um 45. gr.

Í 45. gr. er kveðið á um sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík. Í greininni er fjallað um þau verkefni sem honum eru falin umfram þau verkefni sem tollstjórum eru falin í 44. gr. Gert er ráð fyrir að hjá tollstjóranum í Reykjavík verði til staðar fagþekking varðandi tollaframkvæmdina fyrir landið allt.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík annist þróun og rekstur tölvukerfis tollyfirvalda ásamt öðrum upplýsingakerfum sem tollyfirvöld nýta í starfsemi sinni. Það er mikilvægt að hann veiti öðrum tollstjórum viðeigandi upplýsingar um uppbyggingu og notkun tölvukerfis tollyfirvalda, sbr. 4. tölul. greinarinnar. Með tölvukerfi tollyfirvalda er átt við tölvukerfi sem notað er til að halda utan um álagningu og innheimtu opinberra gjalda sem tollstjórum er falið að innheimta. Með öðrum upplýsingakerfum er m.a. átt við kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn sem nota má til áhættugreiningar.

Í 3. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli ákveða form tollskjala og eyðublaða, rafrænna og skriflegra, sem notuð eru við tollframkvæmdina og atriði sem skal tilgreina þar. Í mörgum tilvikum er mælt fyrir um í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða

atriði skuli koma fram á slíkum eyðublöðum. Í 15. gr. gildandi tollalaga er kveðið á um að ráðherra gefi út eyðublöð vegna tollframkvæmdarinnar og tók ráðherra við því hlutverki af ríkistollstjóra eftir að embætti hans var fellt niður. Í framkvæmd hefur ráðherra falið tollstjóranum í Reykjavík útgáfu slíkra eyðublaða. Rétt þykir að skýrt komi fram í lögum að tollstjórinn í Reykjavík hafi þetta hlutverk.

Í 4. tölul. er kveðið á um upplýsingahlutverk tollstjórans í Reykjavík gagnvart öðrum tollstjórum. Meðal sérstakra verkefna tollstjórans í Reykjavík samkvæmt ákvæðinu má nefna að hann skal veita öðrum tollstjórum nauðsynlegar upplýsingar um tölvukerfi tollyfirvalda og skyld atriði. Þá skal tollstjórinn í Reykjavík tilkynna öðrum tollstjórum um útgáfu eyðublaða, semja verklagsreglur um tollframkvæmdina á landsvísu o.s.frv. Þá er kveðið á um það að tollstjórinn í Reykjavík fylgist með því að umræddum ákvörðunum og verklagsreglum sé fylgt í framkvæmd.

Með alþjóðasamskiptum í 5. tölul. er átt við samskipti innan alþjóðasamtaka, svo sem Alþjóðatollastofnunarinnar, en einnig er embætti tollstjórans í Reykjavík ætlað að vera tengiliður tollyfirvalda í samstarfi íslenskra tollyfirvalda við tollyfirvöld í öðrum ríkjum. Dæmi um slíkt samstarf er samstarf tollyfirvalda á Norðurlöndum á ýmsum sviðum. Einnig er átt við milliríkjasamstarf við rannsókn og meðferð einstakra mála vegna tollalagabrota hér á landi eða erlendis, sbr. 3. mgr. 191. gr. frumvarpsins.

Í 6. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli veita öðrum tollstjórum á landinu aðstoð og stuðning á sviði tollamála þegar eftir því er leitað. Stuðningur eða aðstoð tollstjórans í Reykjavík getur falist í upplýsingamiðlun einni eða veitingu liðstyrks. Þar getur komið til aðstoð sérhæfðra tollvarða eða sérhæfðra tollstarfsmanna, t.d. í málefnum fríverslunarsamninga og tollskrár.

Í 7. tölul. er kveðið á um að tollstjórinn í Reykjavík skuli vinna að áhættugreiningu fyrir landið allt í samvinnu við aðra tollstjóra eftir því sem þurfa þykir. Inntak áhættustjórnunar (e. risk management) er að finna, greina og takast á við áhættuþætti, einkum ólöglegan innflutning til landsins og undanskot aðflutningsgjalda, til þess að draga úr líkum á að þeir valdi tjóni eða hafi skaðleg áhrif í þjóðfélaginu. Tollstjóranum í Reykjavík er falið það hlutverk að hafa yfirumsjón með áhættugreiningu á landvísu. Afar mikilvægt er að greina áhættuþætti á hverjum tíma og skipuleggja tolleftirlit á grundvelli þeirra. Það er einnig mikilvægt að allar ákvarðanir um þróun tölvukerfis tollyfirvalda byggist á traustri þarfa- og áhættugreiningu. Við greiningu áhættuþátta er nauðsynlegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi samráð við aðra aðila, t.d. lögreglu, yfirvöld landbúnaðarmála, svo sem landbúnaðarráðuneyti eða yfirdýralækni, heilbrigðisyfirvöld, svo sem Lyfjastofnun, eða SÁÁ, siglingayfirvöld og flugmálayfirvöld.

Í 8. tölul. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík starfræki Tollskóla ríkisins. Skólinn var fram til ársins 2001 starfræktur af ríkistollstjóra. Í byrjun árs 2001 tók tollstjórinn í Reykjavík við rekstri skólans, sbr. 35. gr. gildandi tollalaga. Tollskólinn annast grunnmenntun tollvarða og annarra tollstarfsmanna. Tollskólinn getur einnig staðið fyrir símenntunarnámskeiðum fyrir starfandi tollverði og aðra tollstarfsmenn og námskeiðum fyrir tollmiðlara og inn- og útflytjendur. Nánar verður kveðið á um starfsemi skólans í reglugerð.

Um 46. gr.

Ákvæði greinarinnar er í höfuðatriðum samhljóða 38. gr. gildandi laga. Í greininni er vísað til 126. gr. frumvarpsins en þar er sú breyting gerð frá gildandi rétti að ákvarðanir tollstjóra sem samkvæmt gildandi tollalögum sæta kæru til fjármálaráðuneytis verði kæranlegar til ríkistollanefndar.

Um 47. gr.

Í greininni er mælt fyrir um samvinnu tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir. Mikilvægt er að tollyfirvöld og önnur stjórnvöld vinni saman að verkefnum sem tengjast starfsemi tollyfirvalda. Í þessu sambandi má nefna samstarf við lögreglu, ákæruvaldið og skattyfirvöld. Er þetta samstarf í sumum tilvikum lögbundið, sbr. 4. tölul. 9. gr. og 26. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Í 1. mgr. er sérstaklega mælt fyrir um að tollstjóri skuli aðstoða ákæruvaldið við störf þess. Ákvæðið tengist m.a. 1. mgr. 191. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að ríkissaksóknari geti falið lögreglu að annast rannsókn máls telji hann það hentugra.

Í 2. mgr. er lögfest ákvæði um gagnkvæma samvinnu tollyfirvalda við önnur stjórnvöld varðandi verkefni á sviði tollgæslu og tollheimtu. Það getur verið samstarf við skattyfirvöld, flugmálayfirvöld, hafnaryfirvöld, landhelgisgæslu, félagsmálayfirvöld, heilbrigðisyfirvöld, menntamálayfirvöld og lögregluyfirvöld. Slík samvinna getur verið á ýmsum sviðum, t.d. á sviði forvarna. Mikilvægt er að þessir aðilar vinni saman að forvörnum til þess að sem bestur árangur náist. Með forvörnum er hér átt við baráttu gegn neyslu og ólöglegum innflutningi á áfengi og ólöglegum vímuefnum og hvers kyns aðrar afbrotavarnir.

Um 48. gr.

Í greininni er kveðið sérstaklega á um að tollyfirvöld skuli í störfum sínum virða þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gerst aðili að. Hér eru einkum hafðir í huga stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu, með síðari breytingum, samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, ýmsir fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að, ásamt skuldbindingum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (e. World Trade Organisation) og Alþjóðatollastofnunarinnar (e. World Customs Organisation. Áður Alþjóðatollasamvinnuráðið, e. Customs Co-operation Council). Þá skulu tollyfirvöld virða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og lúta að vernd mannréttinda, svo sem lög um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem lögfestu hér á landi Evrópuráðssamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum. Einnig koma til álita mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þá má nefna Vínarsamninginn um stjórnmála- og ræðismannssamband frá 24. apríl 1963 og Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt síðari viðauka. Loks má hér geta Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987, sbr. lög nr. 15/1990.

Ákvæði 48. gr. þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að minna á tilvist þessara laga og sáttmála og undirstrika mikilvægi þeirra.

Um 49. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um veitingu starfa hjá tollyfirvöldum. Í núgildandi tollalögum er fjallað um þessi málefni í þremur greinum: 31., 38. og 39. gr. Í frumvarpinu er ákvæðum um þetta efni steypt saman í eina grein til þess að auðveldara verði að glöggva sig á þeim reglum sem um skipun og ráðningu gilda. Sú breyting er lögð til að tollstjórar skipi aðaldeildarstjóra og deildarstjóra í tollgæslu. Samkvæmt gildandi lögum fer ráðherra með þetta hlutverk en eðlilegt þykir að tollstjóri skipi starfsmenn sína.

Um XI. kafla.

Ákvæði kaflans eru nýmæli. Kaflinn ber heitið „Tollmiðlarar“ sem er nýtt hugtak í tollalögum. Kaflinn hefur að geyma ákvæði er varða afmarkaðan þátt í starfsemi flutningsmiðlara og er lagt til að sá þáttur starfsemi þeirra verði nefndur tollmiðlun.

Á undanförnum árum, sérstaklega með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu, hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda, sem oft eru kallaðir flutningsmiðlarar, aukist verulega. Svo dæmi sé tekið önnuðust slíkir umboðsmenn gerð 56% allra tollskýrslna sem afgreiddar voru árið 2002. Samkvæmt ákvæðum núgildandi tollalaga bera þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda ábyrgð á því að upplýsingar sem veittar eru tollyfirvöldum séu réttar og fullnægjandi að öllu leyti, sbr. 16. gr. gildandi laga. Jafnframt ber umboðsmaður innflytjanda og innflytjandi sjálfur óskipta (sólidariska) ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 111. gr. laganna. Þessir umboðsaðilar gegna þess vegna veigamiklu hlutverki við tollmeðferð vöru eins og málum er nú háttað og er mikilvægt að kveða á um réttindi þeirra og skyldur með skýrari hætti en gert er í gildandi tollalögum. Því er lagt til í frumvarpinu að starfsemi þeirra verði háð leyfi fjármálaráðherra til þess að tryggja megi faglega þjónustu og trausta starfsemi þessa mikilvæga hlekks í inn- og útflutningsferlinu.

Í kaflanum er kveðið á um að fjármálaráðherra veiti starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ástæða þess að hugtakið „tollmiðlari“ er lagt til er sú að hugtakið „flutningsmiðlari“, sem notað er í daglegu tali, tekur samkvæmt málvenju til þátta sem ekki er talin ástæða til að gera leyfisskylda samkvæmt tollalögum. Sem dæmi má nefna að flutningsmiðlun tekur til starfsemi sem sér um skipulag flutnings vöru heimshorna á milli, annast framkvæmd vöruflæðis af einum stað á annan og metur hvaða leiðir og aðferðir eru hagkvæmastar við flutning vörunnar miðað við forsendur umbjóðandans. Flutningsmiðlarinn tekur þannig að sér að vera milliliður á milli flutningsfyrirtækis og eiganda farms. Á síðari árum hefur flutningsmiðlun tekið á sig flóknari mynd en áður og flutningsmiðlanir í dag kappkosta að bjóða fram heildarlausnir fyrir umbjóðendur sína, þar á meðal vörugeymslu, öflun aðfanga, birgðahald og dreifingu og tollmiðlun eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Tollmiðlun er samkvæmt framansögðu aðeins einn afmarkaður þáttur í starfsemi flutningsmiðlara og eini þátturinn í starfsemi þeirra sem er leyfisskyldur samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 50. gr.

Í 50. gr. er kveðið á um starfsemi tollmiðlara. Lagt er til að sú starfsemi sem talin er í greininni verði háð starfsleyfi fjármálaráðherra, sbr. 51. gr. frumvarpsins. Þjónusta tollmiðlara við umbjóðendur getur verið fólgin í einfaldri ráðgjöf um ýmis atriði í tengslum við gerð tollskýrslna. Veitt þjónusta tollmiðlara er þó yfirleitt víðtækari. Í flestum tilvikum kemur tollmiðlari fram fyrir hönd inn- eða útflytjenda gagnvart tollyfirvöldum með því að annast tollskýrslugerð og framlagningu tollskjala. Í einhverjum tilvikum annast tollmiðlari greiðslu aðflutningsgjalda fyrir hönd innflytjanda með þeim hætti að aðflutningsgjöld eru skuldfærð á nafn tollmiðlarans. Í öllum þessum tilvikum veitir tollmiðlarinn sérhæfða þjónustu gegn gjaldi og þess vegna er talið nauðsynlegt að gera starfsleyfi fjármálaráðherra að skilyrði fyrir því að viðkomandi sé heimilt að veita þá þjónustu sem ákvæðið tekur til, hvort sem hún er fólgin í einfaldri ráðgjöf eða umfangsmeira fyrirsvari.

Um 51. gr.

Tollmiðlari ber ríka ábyrgð samkvæmt gildandi tollalögum og sú ábyrgð er gerð skýrari í ákvæðum þessa frumvarps. Þess vegna er talið rétt að binda starfsleyfi tollmiðlara þeim

skilyrðum sem talin eru upp í greininni. Vísað er til þess sem áður sagði í athugasemdum við 50. gr. um rök til þess að gera starfsemi tollmiðlara háða leyfi ráðherra.

Í 1. tölul. 2. mgr. er kveðið á um að umsækjandi skuli vera lögaðili, þ.e. félag starfrækt á viðurkenndu félagaformi.

Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn tollmiðlara skulu a.m.k. vera tveir. Í ákvæðinu eru sett fram ítarleg almenn hæfisskilyrði um stjórnarmenn í samræmi við ákvæði um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um það efni. Til viðbótar þykir rétt að gera þá kröfu til stjórnarmanna að þeir hafi ekki gerst sekir um brot á tollalögum og fíkniefnalöggjöf. Verður að telja þau hæfisskilyrði sem hér eru sett fram eðlileg um stjórnendur tollmiðlara sem annast mikilvægt hlutverk við tollafgreiðslu vöru.

Í 3. tölul. er kveðið á um að daglegur stjórnandi uppfylli skilyrði 2. tölul. um hæfi stjórnarmanna. Með orðunum „daglegur stjórnandi“ er átt við þann sem er hæstráðandi í fyrirtækinu í daglegum rekstri þess, t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri.

Í 4. tölul. er það gert að skilyrði að starfsmenn tollmiðlara hafi haldgóða þekkingu á tollalögum og viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum á sviði tollamála. Mikilvægt er að starfsmenn tollmiðlara kunni skil á lögum og reglum sem gilda um tollafgreiðslu vöru og tengd atriði.

Í 5. tölul. er áskilið að sýnt þyki að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti. Í þessu tilliti er m.a. óskað eftir upplýsingum um bókhalds- og skjalavörslukerfi umsækjanda.

Í 6. tölul. er kveðið á um að tollmiðlari skuli setja tryggingu fyrir tjóni sem hann kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Gert er ráð fyrir að tollmiðlari geti uppfyllt áskilnað um fullnægjandi tryggingar með samningi við vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi eða með öðrum þeim hætti sem ráðherra metur fullnægjandi. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð. Tollmiðlari innir af hendi mikilvægt hlutverk við tollafgreiðslu vöru. Í frumvarpinu hefur ábyrgð tollmiðlara verið gerð skýrari en verið hefur og nánar er kveðið á um réttindi hans og skyldur í frumvarpinu en í núgildandi tollalögum. Þess vegna þykir rétt að áskilja tryggingu til grundvallar starfsleyfi. Nánari ákvæði um fyrirkomulag tryggingar og viðmiðanir við ákvörðun fjárhæðar hennar skulu sett í reglugerð.

Í 7. tölul. er mælt fyrir um að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg. Eðli máls samkvæmt skulu fylgja henni viðeigandi gögn til staðfestingar því að umsækjandi uppfylli skilyrði 1.– 6. tölul. fyrir veitingu starfsleyfis.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fjármálaráðherra haldi skrá yfir tollmiðlara. Jafnframt er mælt fyrir um að öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá sé óheimilt að kalla sig tollmiðlara eða gefa með öðrum hætti til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt greininni. Mikilvægt er að inn- og útflytjendur geti nálgast upplýsingar um það hverjir hafi starfsleyfi til tollmiðlunar með öruggum hætti. Eingöngu þeim sem hafa starfsleyfi samkvæmt þessari grein er veitt heimild til þess að nota orðið tollmiðlari í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir hættu á ruglingi og einnig að aðilar sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. til þess að stunda þá starfsemi sem 51. gr. tekur til villi á sér heimildir. Ákvæði 3. mgr. stuðlar að því að skapa nægilegt traust þeirra sem hyggjast leita sérfræðiþjónustu tollmiðlara í tengslum við inn- og útflutning vöru.

Í 4. mgr. er kveðið á um að starfsleyfi falli sjálfkrafa niður hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis. Eðlilegt þykir að ákvæði af þessu tagi sé sett enda nauðsynlegt að á hverjum tíma sé tryggt að öruggar upplýsingar liggi fyrir um þá leyfishafa sem raunverulega starfa sem tollmiðlarar. Jafnframt er óeðlilegt að

aðilar geti geymt starfsleyfi ótímabundið og hafið síðar starfsemi á grundvelli þess, jafnvel þegar langt er um liðið frá leyfisveitingu og óvíst er hvort leyfishafi uppfyllir í raun kröfur sem þá eru gerðar til leyfishafa.

Um 52. gr.

Ákvæði 1. mgr. 52. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að verði tollmiðlari þess var að umbjóðandi hans leggi vísvitandi fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn skuli hann þegar í stað tilkynna það til tollstjóra. Meginreglan samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 34. gr., er að tollmiðlara ber að leggja sjálfstætt mat á þau gögn sem umbjóðandi hans leggur fyrir hann til grundvallar tollskýrslu. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu af stað til tollstjóra með rammaskeyti í þeim tilvikum þegar hann telur að fylgigögn, sem liggja til grundvallar aðflutnings- eða útflutningsskýrslu, uppfylli skilyrði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Í þessari grein er lögð skylda á herðar tollmiðlara sem gengur lengra en þær skyldur sem hann ber skv. 34. gr. frumvarpsins. Honum er gert skylt að gera tollstjóra viðvart í þeim tilvikum þegar umbjóðandi hans hefur vísvitandi, að hans mati, lagt fyrir hann röng eða ófullnægjandi gögn. Í þeim tilvikum sem hér er um rætt hefur tollmiðlari grun um að framlögð gögn séu röng eða ófullnægjandi en getur hins vegar ekki sannreynt það með óyggjandi hætti. Í þessum tilvikum þykir rétt að sú skylda sé lögð á herðar honum að gera tollstjóra viðvart þannig að til þess bær yfirvöld geti kannað málið til hlítar.

Um 53. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XII. kafla.

Ákvæði kaflans fjalla um tollmeðferð vara í förum í utanlandsferðum, skýrslugjafir farmflytjenda, fermingu og affermingu fara o.fl. Flest ákvæði kaflans byggjast á ákvæðum gildandi tollalaga eða gildandi lagaframkvæmd. Í kaflanum er nýtt ákvæði er mælir fyrir um skyldu Landhelgisgæslunnar til að veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum. Þá er í kaflanum nýtt ákvæði er lögfestir skilgreiningu farmskrár.

Um 54. gr.

Ákvæði 1. mgr. 54. gr. er að mestu samhljóða 1. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga. Aukið er við skyldu stjórnanda fars til tilkynna tollstjóra um brottför fars.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga.

Í 3. mgr. 54. gr. er nýmæli þar sem segir að Landhelgisgæslan skuli veita tollstjórum upplýsingar um komu og brottför skipa í utanlandsferðum svo fljótt sem við verður komið. Skv. 5. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, skal stjórnandi skips á leið til landsins tilkynna Landhelgisgæslunni um komu a.m.k. 24 klst. áður en siglt er inn í íslenska landhelgi. Staðfestingu á brottför úr höfn skal tilkynna Landhelgisgæslunni a.m.k. sex klst. fyrir brottför. Reglugerðin er sett með stoð í lögum um útlendinga, nr. 96/2002. Tilkynningarskylda skipa til Landhelgisgæslunnar samkvæmt þeim lögum og áðurnefndri reglugerð helgast af eftirliti lögreglu með komu og för fólks til og frá landinu. Tollstjóri hefur eftirlit með inn- og útflutningi á vörum og hefur því verulega hagsmuni af því að fá upplýsingar frá Landhelgisgæslunni um komu og brottför skipa til að geta sinnt því eftirliti. Þykir eðlilegt að lögfesta ákvæði þar sem mælt er fyrir um að Landhelgisgæslan skuli láta tollstjóra í té þessar upplýsingar. Ákvæði 3. mgr. 54. gr. felur í sér staðfestingu á núverandi framkvæmd þar sem toll-

stjórinn í Reykjavík hefur nú þegar aðgang að upplýsingum frá Landhelgisgæslu um komu og brottför skipa. Í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um beina tilkynningarskyldu heldur skyldu til að veita upplýsingar. Þannig er því haldið opnu hvernig umrædd upplýsingagjöf fer fram en hún getur verið í formi aðgangs tollstjóra að tölvukerfi Landhelgisgæslunnar um upplýsingar um komu og brottför skipa.

Ákvæði 4. mgr. 54. gr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 3. mgr. 52. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 52. gr., þar sem starfsmönnum hafna og flugvalla og skipuðum leiðsögumönnum er gert skylt að gera tollstjóra viðvart um brot eða fyrirhuguð brot á tollalögum, er fellt brott. Enda þótt ákvæðið sé ekki tekið upp í frumvarpið þykir sú almenna skylda hvíla á þessum aðilum og öðrum stjórnvöldum og stofnunum að tilkynna réttum yfirvöldum um fyrirhuguð eða hafin brot á tollalöggjöfinni, sbr. 47. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um samvinnu tollstjóra við önnur stjórnvöld og stofnanir.

Í 5. mgr. 54. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu vegna komu og brottfarar skipa og flugvéla til landsins.

Um 55. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. mgr. 51. gr. gildandi tollalaga með þeirri undantekningu að hugtakið „aðaltollhöfn“ er fellt niður. Hugtakið „tollhöfn“ er látið taka yfir þau tilvik þar sem talað er um aðaltollhöfn í gildandi lögum. Um þetta atriði er vísað til athugasemda við 43. gr. frumvarpsins.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. 56. gr. er mælt fyrir um að stjórnandi fars geti leitað eftir sérstakri heimild tollstjóra til þess að hafa fyrstu eða síðustu viðkomu á tollsvæði ríkisins utan tollhafnar. Gert er ráð fyrir að umferð skipa og flugvéla í millilandaferðum fari að mestu leyti í gegnum tollhafnir. Þó er gert ráð fyrir því að unnt sé að sækja heimild til tollstjóra til viðkomu utan tollhafnar þegar sérstaklega stendur á. Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 29. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 7. mgr. 51. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða síðari málsgrein 59. gr. gildandi laga.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 51. gr. núgildandi laga.

Um 58. gr.

Greinin er samhljóða 6. mgr. 51. gr. núgildandi laga.

Um 59. gr.

Ákvæði 1. mgr. 59. gr. er samhljóða 2. mgr. 53. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 5. mgr. 51. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Í greininni eru ýmis ákvæði um meðferð forða fars. Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 55. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 55. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að 2. mgr. 55. gr. gildandi laga verði felld brott vegna þess að hún þykir óþörf þegar litið er til almennar heimildar tollgæslu til innsiglunar í 169. gr. frumvarpsins. Þá hefur framkvæmdin verið með þeim hætti að stjórnandi fars heldur skrá yfir forða fars en tollgæsla annast ekki slíka skráningu. Tollgæslan yfirfer hins vegar og staðfestir

skráningu stjórnanda fars og er þess vegna mælt fyrir um að skráin sé afhent tollstjóra við komuna til landsins, sbr. 4. mgr. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að 4. mgr. 55. gr. núgildandi laga, þar sem mælt er fyrir um að setja megi í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars svo og venjulegan farangur áhafnar, verði felld niður vegna þess að þessum atriðum þykir gerð viðeigandi skil í 7. gr. frumvarpsins. Varðandi hæfilegan forða fars og farangur áhafnar vísast til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um tollfrelsi hæfilegra vista og annarra nauðsynja í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega. Einnig er vísað til a-liðar 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. þar sem kveðið er á um tollfrelsi venjulegs farangurs áhafnar fars. Það er mælt fyrir um að ráðherra kveði nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt tilvitnuðum greinum í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, líkt og gert er í 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga.

3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 55. gr. núgildandi tollalaga.

4. mgr. er í aðalatriðum samhljóða 3. mgr. 55. gr. núgildandi laga. Sú viðbót er gerð að tekið er fram að stjórnanda fars sé skylt að afhenda tollstjóra skrá yfir vörur í forða fars. Þessi breyting er lögð til samræmis við núverandi framkvæmd tollgæslunnar.

Í 5. mgr. er lagt til að tollstjóri geti undanþegið skemmtiferðaskip ákvæðum 2. og 4. mgr. þessarar greinar. Það gildir óháð því hvort þau taka eða setja í land farþega eða vöru. Ákvæðið er því nokkuð rýmra en samsvarandi ákvæði 5. mgr. 62. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæðið er heimildarákvæði til þess að tryggja að tollstjóri geti beitt almennum reglum telji hann það nauðsynlegt. Einnig er lagt til að orðin „enda greiði þau kostnað af tolleftirliti um borð“ verði felld brott. Ekki þykir rétt að greiðsla kostnaðar af tolleftirliti um borð sé skilyrði undanþágu samkvæmt málsgreininni. Þykir rétt að tollstjóri meti hverju sinni hvernig tolleftirliti verði best fyrir komið.

Um 61. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli sem með almennum hætti gerir grein fyrir farmskrá og skyldu til að skrá vörur sem koma frá útlöndum á farmskrá. Ákvæðið er byggt á 34. gr. reglugerðar nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit, en rétt þykir að skilgreining farmskrár komi einnig fram í tollalögum. Svo er ekki í núgildandi tollalögum. Varðandi hæfilegan forða fars og farangur áhafnar vísast til b-liðar 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., sbr. athugasemdir við 105. gr. Varðandi farangur ferðamanna og farmanna er vísað til 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins og reglugerðarheimildar 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um farmskrá í reglugerð, svo sem nánari reglur um þær vörur sem færðar skulu í skrána, reglur um breytingar og leiðréttingar skrárinnar og ábyrgð á þeim upplýsingum sem þar koma fram, með svipuðum hætti og nú er gert í áðurnefndri reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 54. gr. núgildandi tollalaga.

Um 62. gr.

Ákvæði 62. gr. er að hluta til samhljóða 2. mgr. 29. gr. núgildandi laga. Tilvísun til vara sem njóta tollívilnana hefur verið felld niður þar sem ekki þykir ástæða til að einskorða tollafgreiðslu þeirra vara sem tollívilnana njóta við ákveðna staði. Hins vegar getur reynst nauðsynlegt að beina hættulegum efnum um eina tiltekna tollhöfn vegna þess að sérstakra öryggisráðstafana getur verið þörf við meðhöndlun þeirra og vörslu.

Um 63. gr.

Ákvæði 63. gr. er nýmæli. Þykir ástæða til að mæla fyrir um ótvíræða heimild tollstjóra til að ákveða hvar og hvernig geymslu vöru skuli háttað þegar innflutningur hennar er bannaður. Í sumum tilvikum getur verið um að ræða vöru sem hætta stafar af eða aðrar ástæður mæla með sérstökum öryggisráðstöfunum varðandi geymslu hennar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 64. gr.

Ákvæði 64. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 56. gr. núgildandi tollalaga. Að auki er í greininni upptalning helstu gagna sem þurfa að liggja fyrir áður en kemur að affermingu fars. Upptalningin er ekki tæmandi þar sem það kann að leiða af ýmsum öðrum lögum að leyfi eða vottorð vegna vöru skuli afhent tollstjóra fyrir affermingu fars, t.d. má nefna lög um innflutning dýra og lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Um 65. gr.

Ákvæði 65. gr. er í meginatriðum samhljóða 2. mgr. 56. gr. núgildandi tollalaga. Það felur í sér undantekningu frá meginreglu 64. gr. um að eingöngu megi afferma far að fengnu leyfi tollstjóra. Leitast er við að setja ákvæðið fram með skýrari hætti en gert er í gildandi tollalögum. Þá er lagt til að stjórnanda fars beri að tilkynna í þessum tilvikum um nákvæmar ástæður affermingarinnar til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort skilyrðum affermingar án leyfis tollstjóra sé fullnægt. Slíkur áskilnaður er ekki gerður í gildandi lögum.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 56. gr. núgildandi tollalaga.

Um 67. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 60. gr. núgildandi tollalaga.

Um 68. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 58. gr. núgildandi tollalaga.

Um 69. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 57. gr. núgildandi tollalaga.

Um 70. gr.

Ákvæði 70. gr. er í meginatriðum samhljóða 1. mgr. 61. gr. gildandi tollalaga. Þó hafa áherslur breyst lítillega. Ákvæðið veitir tollstjóra heimild til þess að krefjast þess að eigendur og umráðamenn skipa og flugvéla leggi tollstjóra til fullnægjandi aðstöðu til tolleftirlits án endurgjalds. Ákvæðinu er eingöngu ætlað að koma til móts við þarfir tollstjóra til þess að hafa aðstöðu til tolleftirlits með farþegum og áhöfnum fara og affermingu og fermingu vara. Þegar vöru hefur verið komið fyrir í geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur skv. XIII. kafla frumvarpsins gilda ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 95. gr. um aðstöðu tollstjóra. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. gildandi tollalaga er fellt brott þar sem það er talið óþarft.

Um 71. gr.

Í 71. gr. er mælt fyrir um úrræði tollstjóra til þess að knýja á um skil á viðeigandi gögnum, svo sem farmskrá og skrá yfir vörur sem fluttar hafa verið úr eða í skip í hverri tollhöfn fyrir

sig, skrá yfir forða fars og skrá yfir vöntun og skemmdir á vörum, sem komið hafa í ljós við affermingu. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 5. mgr. 53. gr. núgildandi tollalaga.

Um 72. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. 72. gr. eru efnislega samhljóða 1.–3. mgr. 62. gr. núgildandi tollalaga. Ákvæði 4. mgr. 62. gr. gildandi laga er fellt brott þar sem það er talið óþarft.

Um XIII. kafla.

Í ákvæðum kaflans eru lagðar til umtalsverðar breytingar á ákvæðum tollalaga um meðferð og vörslu ótollafgreiddra vara. Um þetta efni er fjallað í 63.–96. gr. gildandi tollalaga. Í tilvitnuðum ákvæðum gildandi laga er mælt fyrir um að ráðherra og eftir atvikum tollstjórar veiti leyfi til reksturs eftirtalinna geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur: geymslur fyrir farmflytjendur skv. 64. gr. laganna, tollfrjáls svæði (frísvæði) skv. IX. kafla laganna og tollvörugeymslur skv. VIII. kafla laganna. Hugtakið „tollvörugeymsla“ er notað í gildandi lögum sem yfirheiti almennra tollvörugeymslna skv. 73. og 74. gr., tollfrjálsra forðageymslna skv. 75.–78. gr. og tollfrjálsra verslana skv. 79. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sami háttur verði viðhafður við veitingu leyfa til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur, þ.e. að veitingarvaldið hvíli hjá ráðherra og tollstjórum í einhverjum tilvikum. Hins vegar eru lagðar til umtalsverðar breytingar á framsetningu ákvæða um vörslu ótollafgreiddra vara og hugtakanotkun er breytt að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem skapast hefur á undanförnum árum við útgáfu leyfa til reksturs almennra tollvörugeymslna og frísvæða. Geymslusvæðin eru skilgreind í upphafsákvæði XIII. kafla frumvarpsins undir yfirheitinu „geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur“. Þá er lagt til að hugtakið „tollvörugeymsla“ breyti um merkingu þannig að það nái eingöngu yfir þær geymslur sem kallast almennar tollvörugeymslur í gildandi tollalögum til samræmis við málvenju. Í daglegu tali og framkvæmd hefur hugtakið tollvörugeymsla nær eingöngu verið notað yfir almennar tollvörugeymslur. Jafnframt er lagt til að hugtakið „afgreiðslugeymsla“ verði tekið upp sem heiti yfir geymslur farmflytjenda og tollmiðlara.

Uppbyggingu kaflans er breytt á þann veg að almennum ákvæðum, sem eiga í grundvallaratriðum við um öll þau geymslusvæði sem talin eru í 73. gr. frumvarpsins, er raðað í nokkra kafla. Fyrst koma þrír undirkaflar á eftir almennum ákvæðum 73.–75. gr. og á undan sérstökum undirköflum um einstök geymslusvæði. Þessir almennu kaflar eru: Kafli um meðferð vara á geymslusvæðum, kafli um ábyrgð vörsluhafa og loks kafli um vöntun og umframbirgðir. Næst koma sérstakir undirkaflar sem hafa að geyma sérákvæði um einstakar tegundir geymslusvæða. Þessir kaflar eru: Kafli um afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara (91.–94. gr.), kafli um tollvörugeymslur (95.–100. gr.), kafli um tollfrjálsar forðageymslur (101.–106. gr.), kafli um tollfrjálsar verslanir (107.–111. gr.) og loks kafli um frísvæði (112.–116. gr.). Þessi uppbygging kaflans er einkum valin til þess að forðast endurtekningar en þykir jafnframt vera til skýringarauka.

Að öðru leyti eru lagðar til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi einstakra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur:

a. *Afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara.* Lagt er til að sérstök ákvæði um afgreiðslugeymslur farmflytjenda og tollmiðlara komi í stað ákvæða 64. gr. gildandi tollalaga, þar sem mælt er fyrir um að eigendur eða umráðamenn faratækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur innan lands, skuli hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur. Í þeirri grein er mælt fyrir um að tollstjórar viðurkenni geymslu- og afgreiðslustaði samkvæmt greininni en

nokkuð hefur skort á að sá háttur hafi verið viðhafður. Í framkvæmd hefur að einhverju marki tíðkast að geyma ótollafgreiddar vörur á stöðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra samkvæmt greininni. Í frumvarpinu er leitast við að setja ákvæðin fram með skýrari hætti en nú í þeim tilgangi að óyggjandi sé að þeim sem hyggjast reka geymslur af þessu tagi ber að sækja um leyfi til reksturs þeirra til tollstjóra. Þá er lagt til að heitið „afgreiðslugeymslur“ verði notað um þessar geymslur.

b. *Tollvörugeymslur.* Á undanförnum árum hafa verið gefin út fleiri leyfi til reksturs frísvæða en almennra tollvörugeymslna. Það á rót að rekja til þess að reglur um geymslu og meðferð vöru á frísvæðum eru rýmri og sveigjanlegri en samsvarandi reglur um tollvörugeymslur. Heimildir til aðvinnslu vöru eru rýmri á frísvæðum auk þess sem geymslutími vöru á frísvæðum er ótakmarkaður. Þá eru heimildir til þess að tollafgreiða sendingu í hlutum (smátt og smátt) mun rýmri á frísvæðum en í almennum tollvörugeymslum. Þess skal þó getið að þau leyfi til reksturs frísvæða, sem hafa verið gefin út, eru takmörkuð við geymslu og aðvinnslu á vörum, skv. 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 527/1991, um frísvæði, sem fjalla um einfalda aðvinnslu, svo sem skiptingu sendinga, umpökkun, samsetningu, blöndun, prófun og þrif.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að atvinnulífið þarfnast reglna sem bjóða upp á ákveðinn sveigjanleika við birgðahald og dreifingu vara. Það er til hagsbóta fyrir atvinnulífið að innflytjendur geti geymt vörur á viðeigandi geymslusvæði, undirbúið þær til dreifingar og fengið þær tollafgreiddar að teknu tilliti til þarfa markaðarins hverju sinni. Þá er einnig mikilvægt frá sjónarhóli markaðarins að unnt sé að geyma ótollafgreiddar vörur án tímatakmarkana á geymslusvæði.

Að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð við útgáfu leyfa til reksturs frísvæða og tollvörugeymslna er lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er nú, þar á meðal einfaldrar aðvinnslu, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skiptingar sendingar, umpökkunar, samsetningar, blöndunar, prófunar og þrifa. Rökin að baki tillögunni eru m.a. þau að rétt þykir að nota hugtakið „tollvörugeymsla“ yfir það geymslusvæði sem almennt er notað við geymslu á ótollafgreiddum vörum í öllum venjulegum tilvikum. Ákvæði frumvarpsins gera með öðrum orðum ráð fyrir að ákvæði núgildandi tollalaga um almennar tollvörugeymslur verði afnumin og í stað þeirra komi ný ákvæði um tollvörugeymslur sem samsvara gildandi ákvæðum tollalaga og reglna um frísvæði í flestum atriðum að því undanskyldu að iðnaður og verslun með vörur verður með öllu óheimil í tollvörugeymslu. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að hugtakið „frísvæði“ verði eingöngu notað yfir afmarkað svæði þar sem heimilt er að stunda iðnaðarstarfsemi með ótollafgreiddar vörur.

c. *Tollfrjálsar forðageymslur.* Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að rekstur tollfrjálsra forðageymslna verði með svipuðum hætti og nú er tíðkaður. Þó er lagt til að aðrir en skipa- og flugfélög geti sótt um leyfi til þess að reka tollfrjálsa forðageymslu en í núgildandi lögum er heimildin bundin við skipa- og flugfélög.

d. *Tollfrjálsar verslanir.* Ákvæði um tollfrjálsar verslanir í frumvarpinu eru áþekk þeim sem nú gilda um rekstur tollfrjálsra verslana. Þó er gert ráð fyrir því að sérstaklega verði kveðið á um heimild til reksturs tollfrjálsrar komuverslunar í tollalögum en slíkt ákvæði er ekki í gildandi tollalögum þrátt fyrir að áratuga löng hefð sé fyrir rekstri slíkrar verslunar. Þá er kveðið á um að skýr skil skuli gerð á milli brottfarar- og komuverslunar með þeim hætti að kaup í brottfararverslun verða einvörðungu heimil gegn framvísun brott-

fararspjalds og vöruúrval í komuverslun verður takmarkað við ákveðna vöruflokka sem tilgreindir verða í reglugerð.

e. *Frísvæði.* Eins og áður sagði er lagt til að leyfi til reksturs frísvæðis verði eingöngu veitt þeim er hyggjast starfrækja eiginlega iðnaðarstarfsemi.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar XIII. kafla.

Um 73. gr.

Greinin er almennt ákvæði sem fjallar um þá staði þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. eru tæmandi talin geymslusvæði þar sem heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur að lokinni affermingu fars. Upptalning skilgreindra geymslusvæða er tekin upp í fyrsta ákvæði XIII. kafla frumvarpsins en ákvæðinu er ætlað að veita yfirsýn yfir geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Sambærilegt yfirlitsákvæði er ekki í gildandi tollalögum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að óheimilt sé að geyma vörur utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr. Samsvarandi ákvæði er í 65. gr. gildandi tollalaga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að tollstjóri geti veitt sérstakar undanþágur frá meginreglu 2. mgr. um að óheimilt sé að geyma vörur utan viðurkenndra geymslusvæða. Leyfi skal veitt með skriflegum eða rafrænum hætti. Þetta ákvæði svarar til 65. gr. gildandi tollalaga. Í almennum athugasemdum við XIII. kafla frumvarpsins kemur fram að tíðkast hafi að nokkru marki í tíð gildandi tollalaga að geyma ótollafgreiddar vörur utan viðurkenndra geymslusvæða án samþykkis tollstjóra. Reynslan hefur leitt í ljós að afar erfitt er að hafa eftirlit með vörum sem geymdar eru utan viðurkenndra geymslusvæða. Þess vegna er gert ráð fyrir að leyfi tollstjóra til þess að geyma vörur utan skilgreindra geymslusvæða verði eingöngu veitt í undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður mæla með því, svo sem þegar sérstakar aðstæður eru nauðsynlegar við geymslu eða meðhöndlun vöru.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 1. mgr. 63. gr. núgildandi tollalaga.

Um 74. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 75. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 2. og 4. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga.

Um 76. gr.

Í greininni eru settar fram nokkrar meginreglur um meðferð vöru á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. er tekið fram að einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði er óheimil nema annað sé tekið fram. Ákvæðið samsvarar 84. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að í upptalningu þeirra atriða sem óheimil eru er bætt sýningu á vörum á geymslusvæði. Tilgangur banns við sýningu er að koma í veg fyrir umferð óviðkomandi fólks á geymslusvæði í þeim tilgangi að sýna eða skoða varning sem þar er geymdur. Gengið er út frá þeirri meginreglu að aðgang að svæðinu hafi aðeins starfsmenn geymslusvæðis, starfsmenn tollstjóra eða þeir sem þangað eiga sérstaklega erindi til að flytja þangað vörur eða sækja. Undantekning frá banni við sýningu og neyslu varnings á geymslusvæði er eðli máls samkvæmt gerð í verslunum fyrir ótollafgreiddar vörur (fríhöfnum).

Í 2. mgr. er sett fram meginregla um að iðnaður og önnur aðvinnsla á vörum á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sé óheimil nema annað sé tekið fram í frumvarpinu. Tvær

mikilvægar undantekningar eru gerðar frá meginreglunni. Annars vegar er gert ráð fyrir að einföld aðvinnsla, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skipting sendinga, umpökkun, samsetning, blöndun, prófun og þrif, verði heimil í tollvörugeymslu. Hins vegar veita reglur frumvarpsins um frísvæði mikilvæga undantekningu frá meginreglu 2. mgr. 76. gr.

Um 77. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 78.–86. gr.

Ákvæði 78.–86. gr. tilheyra undirkafla er ber heitið Ábyrgð vörsluhafa. Þar er fjallað um vörsluábyrgð farmflytjenda, leyfishafa geymslusvæða og viðurkenndra flutningsaðila fyrir ótollafgreiddar vörur. Hugtakið „vörsluábyrgð“ kemur ekki fyrir í núgildandi tollalögum. Hugtakið hefur þó verið notað í framkvæmd sem samheiti yfir þær skyldur sem þessir aðilar bera samkvæmt tollalögum. Hugtakið þykir lýsandi og þess vegna er lagt til að það verði notað í tollalögum sem yfirheiti um skyldur sem hvíla á þeim sem hafa ótollafgreiddar vörum í sinni vörslu.

Í kaflanum er jafnframt kveðið skýrar að orði um heimildir til flutnings og framkvæmd við flutning vörsluábyrgðar frá einum vörslumanni til annars. Nokkuð hefur borið á því í tíð gildandi laga að ótollafgreiddar vörur hafi verið afhentar úr vörslu eins vörsluaðila til annars án þess að viðeigandi sannanir liggi fyrir um afhendinguna og staðsetningu vöru. Það hefur þess vegna oft og tíðum verið vandkvæðum háð að ákveða að hverjum krafa um greiðslu aðflutningsgjalda skuli beinast. Í frumvarpinu er þess vegna lagt á herðar vörslumanns ótollafgreiddar vöru að sanna að vara hafi verið afhent öðrum vörslumanni. Um þessi atriði er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Um 78. gr.

Í greininni er tekið fram að farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða og viðurkenndir flutningsaðilar fyrir ótollafgreiddar vörur beri ábyrgð á því að meðferð þeirra við geymslu og flutning ótollafgreiddrar vöru sé í samræmi við ákvæði XIII. kafla frumvarpsins. Með ákvæðinu er lögð áhersla á vörsluábyrgð þeirra aðila sem hafa fengið heimild til þess að hafa vörslur ótollafgreiddra vara.

Um 79. gr.

Ákvæði 1. mgr. 79. gr. er nýmæli þar sem tekið er fram að við flutning vöru á frísvæði, tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu eða tollfrjálsa verslun skuli skrá vöruna inn á geymslusvæðið með nánar tilgreindum hætti. Við skráningu skal tilgreina nafn innflytjanda og skráningarnúmer. Þá skal tilgreina heiti og tegund vöru auk þess sem tilgreina skal magn, þyngd og verðmæti vöru. Þessi háttur hefur verið viðhafður í framkvæmd en rétt þykir að kveða á um þetta atriði í tollalögum. Þessi skráning er afar mikilvæg vegna þess að aðflutningsgjöld af vörusendingu miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, sbr. 2. mgr. Jafnframt er rétt skráning afar mikilvæg í ljósi ákvæða 89. og 90. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að komi fram vöntun eða umframmagn í vörusendingu eftir að sendingunni hefur verið komið fyrir á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skuli gripið til tiltekinna úrræða. Við þær aðstæður getur tollstjóri í ákveðnum tilvikum innheimt aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð var inn á geymslusvæðið samkvæmt fyrirmælum 79. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld af vörusendingu skuli miðast við það vörumagn sem tilgreint er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Greinin á sér fyrirmynd í 1. mgr. 85. gr. gildandi tollalaga en þar kemur fram að aðflutningsgjöld miðist við það vörumagn sem sett var í tollvörugeymslu. Í frumvarpinu er sú orðalagsbreyting gerð að aðflutningsgjöld miðast við skráð vörumagn, með þeim undantekningum sem leiðir af sérreglum um umframmagn vöru. Efnisbreyting er ekki fólgin í ákvæðinu að öðru leyti en því að vísað er í sérreglur 90. gr. um skráningu umframbirgða á geymslusvæði sem eru nýmæli.

Um 80. gr.

Í 80. gr. er kveðið á um að þeim sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu er óheimilt að afhenda þær til notkunar innan lands án leyfis tollstjóra. Ákvæðið á eðli málsins samkvæmt ekki við um vörur í tollfrjálsum verslunum, þar sem sala á ótollafgreiddum vörum er heimil, eða tollfrjálsum forðageymslum, þar sem afhending eða sala á ótollafgreiddum vörum um borð í för í millilandaferðum er heimil. Greinin á sér fyrirmynd í 66. gr. gildandi tollalaga.

Um 81. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að þeir sem flytja vörur til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða til eigin nota séu tollskyldir. Þessir aðilar bera ábyrgð á að upplýsingar sem þeir gefa tollstjóra með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum séu réttar og skulu jafnframt standa skil á tollum og öðrum aðflutningsgjöldum af tollskyldum vörum. Þá er í 4. gr. gert ráð fyrir að unnt sé að leggja tollskyldu á aðra en innflytjendur vöru. Þannig er mælt fyrir um í 1. mgr. 81. gr. að farmflytjendur og leyfishafar geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur verði ábyrgir fyrir greiðslu tolla af vörum sem þeir hafa afhent eða tekið í notkun án þessa að farið hafi verið að ákvæðum frumvarpsins, m.a. um meðferð og vörslur ótollafgreiddra vara. Með öðrum orðum flyst tollskyldan yfir á þessa aðila þegar atvik eru með þeim hætti sem segir í ákvæðinu. Er ábyrgðin lögð á þessa aðila vegna þess að þeir hafa stöðu sinnar vegna heimild til þess að meðhöndla og geyma ótollafgreiddar vörur og ber þeim, sem fagaðilum við meðferð ótollafgreiddra vara, að tryggja að meðferð þeirra sé í hvívetna í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að í þeim tilvikum þegar vara er afhent eða tekin í notkun án viðeigandi afhendingarheimildar fari um áætlun aðflutningsgjalda eftir 123. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. 81. gr. kveður á um heimild til aðfarar án undangengins dóms eða sáttar fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði í eignum þeirra sem eru tollskyldir skv. 1. mgr. Ákvæðið, sem samsvarar 67. gr. núgildandi tollalaga, þarfnast ekki skýringa.

Um 82.–86. gr.

Í 82. og 83. gr. eru sett fram ákvæði um flutning ótollafgreiddra vara og skyldu þeirra sem með þær höndla um að tilkynna flutninginn. Í ákvæðunum er gerður greinarmunur annars vegar á flutningi úr fari eða afgreiðslugeymslu yfir á önnur geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur og hins vegar á flutningi á milli geymslusvæða annarra en afgreiðslugeymslna. Í fyrrnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að tollstjóri gefi til kynna innan 24 klukkustunda frá því að tilkynning um fyrirhugaðan flutning berst hvort flutningur sé heimill eða varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Í síðarnefnda tilvikinu er gert ráð fyrir að flutningur sé heimill án sérstaks leyfis tollstjóra en sú skylda er lögð á herðar leyfishafa geymslusvæðis að tilkynna tollstjóra um flutninginn áður en hann fer fram til þess að tollstjóri geti nálgast vöruna vegna tolleftirlits ef þörf krefur. Rökin fyrir þeim mun sem gerður er í þessum tveimur tilvikum eru

að þörf er talin á því að tollstjórar fái hæfilegt ráðrúm til að kyrrsetja vöru í fari eða afgreiðslugeymslu. Sá gríðarlegi hraði sem tíðkast nú í viðskiptum, vegna tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu, kallar á þetta ákvæði þar sem hraðinn hefur í sumum tilvikum leitt til þess að tollstjórum hefur ekki gefist tími til að tollskoða vöru áður en hún er afhent viðtakanda. Þykir það enn frekar mæla með slíkri reglu að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um vöruna á meðan hún er í fari eða í afgreiðslugeymslu. Ekki þykir þörf á því að takmarka frjálst flæði á vörum milli annarra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur enda liggja nákvæmar upplýsingar fyrir um vöruna þegar hún er komin inn í slíkar geymslur, sbr. ákvæði 79. gr.

Ákvæði 84.–86. gr. eru nýmæli í tollalögum þar sem settar eru fram nákvæmar reglur um vörsluábyrgð leyfishafa viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur og reglur um með hvaða hætti vörsluábyrgð flyst á milli leyfishafa geymslusvæða við flutning ótollafgreiddrar vöru frá einu geymslusvæði til annars. Þess ber að geta að í flestum tilvikum eru ótollafgreiddar vörur ekki fluttar á milli geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur en í sumum tilvikum reynist slíkur flutningur nauðsynlegur. Í 71. gr. gildandi tollalaga er kveðið á um að sá sem annast flutning ótollafgreiddrar vöru beri ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni. Sú áherslubreyting er lögð til í frumvarpinu að flutningsaðilar beri ekki vörsluábyrgð. Þykir rétt að leyfishafi geymslusvæðis beri ábyrgð á þeim verktaka sem hann fær til að annast flutning hinnar ótollafgreiddu vöru þar til vörunni hefur með sannanlegum hætti verið skilað á annað viðurkennt geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Þykir eðlilegt að þeir sem sérhæfa sig í meðferð ótollafgreiddra vara og hafa sett tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem þeir kunna að verða ábyrgir fyrir vegna starfsemi sinnar geti valið um hvort þeir flytja vöruna sjálfir eða fela þriðja aðila sem ekki er sérhæfður í slíkum flutningum að flytja vöruna. Að sama skapi þykir óeðlilegt að leyfishafi geymslusvæðis sem er sérhæfður í meðferð ótollafgreiddra vara geti falið flutningsaðila, t.d. leigubílstjóra eða sendibílsstjóra, sem ekki er sérhæfður í meðferð ótollafgreiddra vara, að annast flutning ótollafgreiddra vara, og með því losnað undan ábyrgð sinni á vörslu vörunnar og þar með greiðslu aðflutningsgjalda af henni ef hún glatast eða fer forgörðum. Jafnframt þykir óeðlilegt að verktaki sem tekur að sér flutning ótollafgreiddrar vöru á milli viðurkenndra geymslusvæða, án þess að vera sérhæfður flutningsaðili fyrir slíkar vörur, geti orðið ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni. Af þessum sökum þykir rétt að leyfishafi geymslusvæðis beri ábyrgð á flutningi ótollafgreiddra vara sem hann lætur framkvæma fyrir sig með þessum hætti.

Um 82. gr.

Ákvæði 82. gr. frumvarpsins er nýmæli.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að rekstraraðili geymslusvæðis skuli tilkynna tollstjóra í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er um fyrirhugaðan flutning vöru á geymslusvæði með sannanlegum hætti. Ekki er kveðið á um tiltekið form tilkynningar en þó er gert ráð fyrir að þorri tilkynninga berist tollstjóra með rafrænum hætti eftir ákveðnum samskiptareglum sem tollstjórinn í Reykjavík setur, sbr. 2. tölul. 45. gr. Tollstjóri skal eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Tollstjóra er veittur mjög skammur frestur til þess að ákveða hvort hann telur þörf á að kyrrsetja vöru til frekari skoðunar og það skal gert með sérstakri tilkynningu til rekstraraðila geymslusvæðis. Þarfir viðskiptalífsins krefjast þess að flutningur vöru gangi hratt og örugglega fyrir sig og þess vegna er lagt til að tollstjóri veiti heimild til flutnings vöru á tilgreind geymslusvæði eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning barst honum með sannanlegum hætti. Með því fyrirkomu-

lagi tilkynninga sem mælt er fyrir um í ákvæðinu er leitast við að koma til móts við þarfir viðskiptalífsins um hraða og skilvirkni í viðskiptum og kröfu tollyfirvalda um ráðrúm til að sinna eftirlitshlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

2. mgr. er samhljóða 2. málsl. 81. gr. núgildandi tollalaga.

Um 83. gr.

Í 1. mgr. 83. gr. er mælt fyrir um heimild til flutnings ótollafgreiddra vara á milli viðurkenndra geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur án sérstaks leyfis tollstjóra. Þó er mælt fyrir um að vörsluhafi skuli tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en hann fer fram. Leyfi tollstjóra er ekki áskilið fyrir flutningnum en tilgangur tilkynningar er að gera tollstjóra kunnugt um staðsetningu vöru ef hann telur ástæðu til að skoða hana vegna tolleftirlits. Ákvæðið er í grundvallaratriðum samhljóða 1. mgr. 69. gr. gildandi tollalaga. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að vörsluábyrgð flyst ekki frá einum leyfishafa geymslusvæðis til annars við tilkynningu samkvæmt þessari grein. Til þess að vörsluábyrgð verði flutt á milli leyfishafa geymslusvæða þurfa skilyrði 84. gr. um yfirfærslu ábyrgðar vörsluhafa að vera uppfyllt.

Í 2. mgr. er kveðið á um undantekningu frá meginreglu 1. mgr. um frjálsan flutning ótollafgreiddra vara milli viðurkenndra geymslusvæða en í 2. mgr. kemur fram að óheimilt sé að flytja ótollafgreidda vöru úr tollfrjálsri forðageymslu eða tollfrjálsri verslun nema að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra. Helgast þessi undantekning af því að tollfrjálsar forðageymslur og tollfrjálsar verslanir eru hugsaðar sem endastöðvar í flutningskeðju ótollafgreiddra vara og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum.

Um 84. gr.

Ákvæði 84. gr. er nýmæli. Settar eru fram skýrar reglur um yfirfærslu vörsluábyrgðar frá einum leyfishafa geymslusvæðis til annars við flutning ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða. Gert er ráð fyrir að móttakandi vöru staðfesti móttöku hennar með formlegum hætti til sönnunar á yfirfærslu vörsluábyrgðar. Um form slíkrar staðfestingar er fjallað í 85. og. 86. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölul. 1. mgr. kemur fram að yfirfærsla vörsluábyrgðar á sér stað þegar vara er afhent úr vörslu farmflytjanda í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa birgðageymslu slíkrar verslunar eða á frísvæði. Í 2. tölul. er kveðið á um að yfirfærsla á vörsluábyrgð eigi sér stað þegar leyfishafi tollvörugeymslu eða frísvæðis afhendir ótollafgreidda vöru til annars leyfishafa tollvörugeymslu, tollfrjálsrar forðageymslu, tollfrjálsrar verslunar eða frísvæðis.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um sönnun á yfirfærslu vörsluábyrgðar samkvæmt ákvæðinu fari eftir formreglum 85. gr. um geymsluband og 86. gr. um tollband. Slík sönnun er skilyrði þess að vörsluábyrgð verði flutt á milli aðila, þ.e. það er lagt á þann sem ber vörsluábyrgð að sýna fram á að hann hafi fært vörsluábyrgð sína yfir á annan til þess bæran vörsluaðila, fyrr verður hann ekki laus undan vörsluábyrgð vegna hlutaeigandi vöru.

Um 85. gr.

Ákvæði 1. mgr. 85. gr. er nýmæli. Þar er mælt fyrir um að við flutning á ótollafgreiddum vörum á milli geymslusvæða, sem ekki eru á ábyrgð sama leyfishafa, skuli leyfishafi geymslusvæðis á sendingarstað gefa út fylgibréf með vörunum á eyðublað sem tollstjórinn í Reykjavík lætur útbúa.

Lagt er til að sá háttur sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, til sönnunar á flutningi ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða, beri heitið „geymsluband“. Heitið þykir lýsandi vegna þess að sú aðferð sem ákvæðið tiltekur veitir sönnun fyrir flutningi vara á milli geymslusvæða. Hugtakið „tollband“ hefur lengi verið notað í framkvæmd þrátt fyrir að það komi ekki fram í lögum. Með því er vísað til þeirrar formlegu framkvæmdar við flutning ótollafgreiddar vöru innan lands, einkum til tollfrjálsra verslana á Keflavíkurflugvelli og varnarliðsins, sem viðhöfð er til þess að unnt sé að tryggja sönnun um staðsetningu hennar og það hver beri ábyrgð á vörslu hennar. Tilvitnuð framkvæmd á sér stoð í 66. gr. gildandi tollalaga og 51. og 53. gr. reglugerðar nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum. Eins og áður segir er lagt til að hugtakið „geymsluband“ verði notað um flutning vara á milli geymslusvæða til samræmis við hugtakið „tollband“. Jafnframt er lagt til að tollbandshugtakið verði fært í lög, sbr. 86. gr. frumvarpsins, en þar er mælt fyrir um flutning vöru í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu og varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Eins og áður segir hefur tollbandshugtakið einkum verið notað í tengslum við flutning vöru í tollfrjálsar verslanir og á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að hugtakið verði einnig notað við flutning vöru í tollfrjálsa forðageymslu en allt eru þetta endastöðvar í flutningakeðju ótollafgreiddrar vöru og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum. Í þeim tilvikum þegar ótollafgreidd vara fer á tollbandi er það tollstjóri á sendingarstað en ekki leyfishafi geymslusvæðis sem gefur út fylgibréf með vörunni til ákvörðunarstaðar.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að sönnun um flutning skuli vera á formi fylgibréfs (tollseðils) sem fylgir vörusendingu frá sendingarstað til ákvörðunarstaðar og er loks sent til tollstjóra á sendingarstað til að gefa til kynna að flutningi sé lokið.

Í 2. mgr. er tekið fram að áritað eintak leyfishafa geymslusvæðis um móttöku sé sönnun þess að vörsluábyrgð þess sem lét ótollafgreidda vöru af hendi sé lokið. Tilgangur 1. og 2. mgr. greinarinnar er að tryggja að vörsluhafi ótollafgreiddrar vöru geti sýnt fram á að hann hafi afhent ótollafgreidda vöru til aðila sem er til þess bær að taka við henni, þ.e. annar leyfishafi tollvörugeymslu eða frísvæðis. Sá tekur við vörsluábyrgðinni með áritun á fylgibréfið.

Í 3. mgr. 85. gr. er kveðið á um að vara á geymslubandi skuli afhent á annað geymslusvæði innan 24 klukkustunda frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði. Er ákvæðið sett fram til áréttingar um að flutningur ótollafgreiddrar vöru skuli taka eins skamman tíma og kostur er. Gert er ráð fyrir að þessi tímafrestur nægi í öllum tilvikum nema þegar óviðráðanlegar aðstæður valda töfum á flutningi.

Um 86. gr.

Ákvæði 1. mgr. 86. gr. frumvarpsins er nýmæli í tollalögum sem mælir fyrir um form sönnunar á flutningi í „tollfrjálsa endastöð“, þ.e. í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í þessu sambandi er vísað til umfjöllunar um tollband í athugasemdum við 85. gr. Eins og áður segir er lagt til að hugtakið „tollband“ verði einnig notað við flutning ótollafgreiddrar vöru á tollfrjálst svæði, í tollfrjálsa forðageymslu og á varnarsvæðið en allt eru þetta endastöðvar í flutningskeðju ótollafgreiddra vara og ekki er gert ráð fyrir að ótollafgreiddar vörur fari þaðan á önnur geymslusvæði nema í undantekningartilvikum. Í þeim tilvikum þegar ótollafgreidd vara er flutt á tollbandi er það tollstjóri á sendingarstað en ekki leyfishafi geymslusvæðis sem gefur út fylgibréf með vörunni til ákvörðunarstaðar. Tollstjóri á ákvörðunarstað staðfestir afhendingu sendingar á tollfrjálst svæði, í tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið.

Í 2. mgr. er tekið fram að eintak fylgibréfs (tollseðils) sem áritað hefur verið af tollstjóra um móttöku vöru á ákvörðunarstað er sönnun vörslumanns eða leyfishafa geymslusvæðis um að vörsluábyrgð þess sem lét ótollafgreidda vöru af hendi sé lokið. Tilgangur 1. og 2. mgr. 86. gr. er að tryggja að vörsluhafi ótollafgreiddrar vöru geti sýnt fram á að hann hafi afhent ótollafgreidda vöru þar til bærum aðila.

Í 3. mgr. er kveðið á um að vara á tollbandi skuli afhent á annað geymslusvæði innan 24 klukkustunda frá því að hún var flutt af fyrra geymslusvæði. Er ákvæðið sett fram til áréttingar um að flutningur ótollafgreiddrar vöru skuli taka eins skamman tíma og kostur er. Gert er ráð fyrir að þessi tímafrestur nægi í öllum tilvikum nema þegar óviðráðanlegar aðstæður valda töfum á flutningi.

Um 87. gr.

Í greininni er fjallað um vörutalningar (birgðatalningar) tollstjóra á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur.

Í 1. mgr. 87. gr. er kveðið á um að tollstjóri geti hvenær sem er framkvæmt vörutalningu á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Vörutalning er mikilvægur þáttur í eftirlitsstörfum tollstjóra. Hún er nauðsynleg til þess að tollstjóri geti kannað ástand mála á geymslusvæðum og haft eftirlit með því hvort vöruskráning, meðferð og varsla ótollafgreiddra vara sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 80. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. leggur þær skyldur á herðar leyfishafa geymslusvæðis að gera geymslusvæðið þannig úr garði að það sé aðgengilegt fyrir tollstjóra þannig að framkvæma megi vörutalningu á svæðinu. Þá er leyfishafi skyldur til þess að gefa tollstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar, m.a. upplýsingar úr birgðabókhaldi í samræmi við ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins, og aðstoða tollstjóra við talninguna. Ákvæði 2. mgr. 87. gr. er að mestu samhljóða 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 80. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar leyfishafa geymslusvæðis að hafa ábyrgðarmann viðstaddan vörutalningu tollstjóra. Tilgangur ákvæðisins er annars vegar að veita leyfishafa geymslusvæðis rétt til þess að hafa fulltrúa sinn viðstaddan talninguna og þar með rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd talningarinnar ef ástæða þykir til. Hins vegar er tilgangur ákvæðisins að tryggja að tollstjóri hafi við framkvæmd talningar aðgang að aðila sem getur gefið þær upplýsingar sem tollstjóri óskar eftir og aðstoðað að öðru leyti við vörutalningu eftir því sem þurfa þykir.

Um 88. gr.

Í 88. og 89. gr. er fjallað um vöntun á ótollafgreiddum vörum í vörusendingu. Í frumvarpinu er annars vegar gert ráð fyrir að vöntun geti verið sýnileg við affermingu fars og hins vegar er gert ráð fyrir að um leynda vöntun geti verið að ræða, þ.e. vöntun sem ekki er sýnileg við affermingu. Mælt er fyrir um rýmri reglur til niðurfellingar aðflutningsgjalda þegar unnt er að staðreyna vöntun með nokkuð óyggjandi hætti strax við affermingu fars. Þá þykja líkur hníga í þá átt að vöntun hafi komið til utan tollsvæðis ríkisins. Þegar vöntun kemur síðar fram þykir hins vegar rétt að gera auknar kröfur um sönnun vöntunar, þ.e. sönnun þess að vöntun hafi komið til utan tollsvæðis ríkisins. Þess vegna er lagt til að fjallað verði um hvora tegund vöntunar í sinni greininni þar sem skilyrði niðurfellingar aðflutningsgjalda eru ekki hin sömu í þessum tilvikum.

Í 1. mgr. 88. gr. er kveðið á um að þegar vöntun er sýnileg við affermingu fars skuli tollstjóri lækka, fella niður eða endurgreiða toll eftir því sem við á hverju sinni. Í ákvæðinu er

tekið fram að vöruvöntun telst sýnileg komi vörusending ekki fram við affermingu fars eða ef sýnilegt er af ytri umbúðum að vörur vantar í sendingu við affermingu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti með reglugerð mælt fyrir um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Um þetta efni er nú fjallað í reglugerð nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda, með síðari breytingum.

Um 89. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er sett fram ákvæði um leynda vöntun í vörusendingu en með leyndri vöntun er átt við aðra vöntun en þá sem skilgreind er í 88. gr., þ.e. vöntun í vörusendingu, sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr. eða geymd með leyfi tollstjóra utan slíkra svæða sbr. 2. mgr. 73. gr., og vöntunarinnar mátti ekki verða vart við affermingu flutningsfars. Þegar vöntun er skilgreind sem leynd vöntun ber að greiða aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð er á geymslusvæði, sbr. 79. gr. frumvarpsins, en þar er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld miðist við það vörumagn sem skráð er inn á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að aðflutningsgjöld skuli innheimt með 20% álagi en þá er átt við að 20% leggist ofan á útreiknuð aðflutningsgjöld sem greiða átti af þeim vörum sem voru ekki til staðar á geymslusvæði. Þetta nýmæli er lagt til vegna þess að talsvert hefur borið á því við vörutalningar tollstjóra að vörur vanti á geymslusvæði. Rétt þykir að leggja til að aðflutningsgjöld séu innheimt með álagi í ljósi þess aukna frelsis við meðferð og vörslur ótollafgreiddra vara sem ákvæði frumvarpsins boða. Lagt er til að auknu frelsi fylgi ábyrgð með þessum hætti. Samsvarandi ákvæði um vöntun er í 85. gr. gildandi tollalaga en þó eru lagðar aðrar áherslur í frumvarpinu þar sem vöntun er skipt upp í sýnilega og leynda vöntun en það er ekki gert í gildandi lögum. Auk þess eru skilyrði niðurfellingar vegna vöntunar sett fram með nákvæmari hætti í frumvarpinu.

Þá er í 1. mgr. 89. gr. gerð undantekning frá greiðsluskyldu leyfishafa geymslusvæðis vegna vöntunar með þeim hætti að heimilt er að fella niður, lækka eða endurgreiða toll eftir atvikum ef leyfishafinn sýnir fram á að vöntunin sé til komin áður en varan var flutt inn á tollsvæði ríkisins, sbr. meginreglu 6. gr. frumvarpsins um að tollur skuli greiddur samkvæmt tollskrá af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls skv. 1. mgr. Um þetta efni er fjallað í reglugerð nr. 760/2000, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda, með síðari breytingum.

Um 90. gr.

Í gildandi tollalögum er ekki kveðið á um hvernig skuli fara með birgðir á geymslusvæðum fyrir ótollafgreiddar vörur sem eru umfram þær birgðir sem skráðar hafa verið inn á geymslusvæðið. Ákvæði 1. mgr. 90. gr. er nýmæli um hvernig fara skal með umframbirgðir á geymslusvæði, þ.e. birgðir sem eru umfram þær birgðir sem eru skráðar í geymsluna í samræmi við fyrirmæli 79. gr. frumvarpsins. Leyfishafa geymslusvæðis er gefinn kostur á því að skrá umframbirgðir í birgðabókhald um leið og hann verður þeirra var. Með þeirri skráningu felst yfirlýsing um innflutning aukins vörumagns og aðflutningsgjöld eru lögð á eftir almennum reglum. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að leyfishafi geymslusvæðis skuli tilkynna tollstjóra um slíka skráningu. Komi umframbirgðir hins vegar fram við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði skal leyfishafi geymslusvæðis greiða aðflutningsgjöld af umfram-

birgðunum. Skyldan til þess að greiða aðflutningsgjöldin er lögð á leyfishafa geymslusvæðis vegna þess að ekki hefur verið gerð grein fyrir vörunni með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 79. gr. frumvarpsins. Það er á valdi leyfishafa geymslusvæðis að halda rétta skráningu á geymslusvæði og lagt er til að hann beri ábyrgð samkvæmt því.

Um 91.–94. gr.

Í 1. mgr. 64. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um að eigendur eða umráðamenn fyrirtækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur á milli tollhafna innan lands, skuli hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslustöðum fyrir slíkar vörur og skuli þeim haldið þar aðgreindum frá öðrum varningi. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um að geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skuli viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra. Framkvæmd hjá tollstjórum hefur ekki að öllu leyti verið samræmd og hafa ótollafgreiddar vörur í einhverjum tilvikum verið geymdar á stöðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra. Þess vegna er lagt til að geymslur farmflytjenda eins og þær eru oft nefndar eða geymslur skv. 64. gr. núgildandi tollalaga verði starfræktar á grundvelli sérstaks leyfis tollstjórans í Reykjavík. Lagt er til að tollstjórinn í Reykjavík veiti leyfi til reksturs þessara geymslusvæða á landsvísu þannig að samræmd framkvæmd við veitingu leyfa verði tryggð. Jafnframt er lagt til að í stað þess að kalla nefnd geymslusvæði „geymslur farmflytjenda“ verði þau kölluð „afgreiðslugeymslur“, m.a. vegna þess að tollmiðlarar geta einnig fengið leyfi til þess að reka þessa tegund geymslusvæðis. Þá þykir heitið lýsandi vegna þess að ótollafgreiddar vörur eru að jafnaði ekki geymdar um langa hríð á þessum geymslusvæðum heldur afgreiddar til notkunar innan lands eða til varanlegrar geymslu á öðrum geymslusvæðum.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. 91. gr. er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík veiti leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Vísað er til 95. gr. um þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu slíks leyfis. Þeir sem geta fengið leyfi til reksturs afgreiðslugeymslu eru farmflytjendur, sem flytja vörur frá útlöndum, og tollmiðlarar.

Í 2. mgr. 91. gr. er kveðið á um að ef farmflytjendur og tollmiðlarar reka ekki afgreiðslugeymslur í eigin nafni skuli þeir eiga aðgang að geymslum sem þessum. Ákvæðið á að nokkru leyti fyrirmynd í 64. gr. gildandi tollalaga en kveðið er fastar að orði í frumvarpinu varðandi skilyrði fyrir veitingu leyfis til reksturs afgreiðslugeymslu.

Um athugasemdir við 3. mgr. er vísað til athugasemda við 2. mgr. 95. gr. eftir því sem við á. Um athugasemdir við 4. mgr. er vísað til athugasemda við 2. og 3. mgr. 95. gr. eftir því sem við á.

Um 92. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 93. gr.

Ákvæði greinarinnar um geymslutíma ótollafgreiddra vara í afgreiðslugeymslu fela í sér nokkrar breytingar frá samsvarandi ákvæði í gildandi tollalögum þar sem fram kemur að aðflutningsgjöld skuli falla í eindaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars, sbr. 103. gr. tollalaga og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum. Ástæða þykir til að stytta þennan tíma vegna þess að á meðan vara er til vörslu í

geymslu farmflytjanda liggja engar upplýsingar fyrir um hana aðrar en þær sem koma fram í farmskrá. Þá hefur borið á því að vörur hafi dagað uppi í geymslum farmflytjenda. Því er lagt til að vörum skuli ráðstafað úr afgreiðslugeymslu innan sex mánaða talið frá komudegi flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði. Það er mikilvægt að sem gleggstar upplýsingar um vöruna og innflytjanda hennar liggi fyrir fyrr en nú er. Ástæða þess er m.a. að ýmsar breytingar á högum innflytjanda geta átt sér stað á einu ári á meðan eingöngu ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um hina ótollafgreiddu vöru.

Tollstjóri getur samkvæmt beiðni eiganda vörunnar heimilað að undantekning verði gerð frá sex mánaða frestinum ef sérstaklega stendur á og leyfishafi geymslusvæðis samþykkir að geyma hinar ótollafgreiddu vörur lengur. Geymslutími ótollafgreiddra vara í afgreiðslugeymslu skal þó aldrei verða lengri en 18 mánuðir frá komudegi flutningsfars. Þótt áhersla sé lögð á það í frumvarpinu að stytta geymslutíma í afgreiðslugeymslu þykir rétt að leggja til að unnt sé að veita undanþágur frá sex mánaða frestinum ef sérstaklega stendur á. Það er fyrirséð að slíkir frestir verði einkum veittir vegna vara sem henta illa til geymslu í tollvörugeymslu, svo sem bifreiða og stærri tækja. Þá er lagt til að leyfishafi geymslusvæðis verði hafður með í ráðum þegar beiðni um aukinn geymslutíma er til skoðunar vegna þess að hann hefur verulegra hagsmuna að gæta vegna útleigu á geymslurými.

Um 94. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvaða vörur er heimilt að flytja í afgreiðslugeymslu. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Í 1. mgr. 95. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn að uppfylltum viðeigandi skilyrðum. Í ákvæðinu eru nokkur nýmæli.

Í fyrsta lagi er kveðið á um að heimild ráðherra til þess að veita leyfi til reksturs tollvörugeymslu sé bundin við tollhafnir, sbr. 43. gr. Ákvæði frumvarpsins fela ráðherra að ákveða staðsetningu tollhafna með reglugerð og um það atriði er vísað til athugasemda við 43. gr.

Í öðru lagi er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs tollvörugeymslu með nákvæmari hætti en gert er í núgildandi tollalögum. Handhafar starfsleyfis eru vörslu-hafar ótollafgreiddra vara og bera ríkar skyldur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þess vegna þykir rétt að binda starfsleyfi þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1.–11. tölul. 1. mgr.

Í 1. tölul. er kveðið á um að umsækjandi skuli vera lögaðili, þ.e. félag starfrækt á viðurkenndu félagaformi.

Í 2. tölul. er fjallað um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn umsækjanda skulu vera a.m.k. tveir. Þá eru sett fram ítarleg almenn hæfisskilyrði um stjórnarmenn. Fyrirmynd ákvæðisins er að hluta til sótt í ákvæði um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um það efni. Að auki þykir rétt að gera þá kröfu til stjórnarmanna að þeir hafi ekki gerst sekir um brot á tollalögum og fíkniefnalöggjöf. Verður að telja þau hæfisskilyrði sem hér eru sett fram eðlileg um stjórnendur tollvörugeymslu, sem annast mikilvægt hlutverk við vörslu og meðferð ótollafgreiddra vara.

Í 3. tölul. er kveðið á um að daglegur stjórnandi uppfylli skilyrði 2. tölul. um hæfi stjórnarmanna. Með orðunum „daglegur stjórnandi“ er átt við þann sem er hæstráðandi í fyrirtækinu í daglegum rekstri þess, t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri.

Í 4. tölul. er kveðið á um að leyfishafi skuli setja tryggingu fyrir tjóni sem hann kann að baka viðskiptavinum sínum í starfseminni. Gert er ráð fyrir að handhafi leyfis til reksturs tollvörugeymslu uppfylli áskilnað um fullnægjandi tryggingar með samningi við vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi eða með öðrum þeim hætti sem ráðherra metur fullnægjandi. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.

Í 5. tölul. er mælt fyrir um að leyfishafi skuli setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem hann kann að verða ábyrgur fyrir vegna starfseminnar. Kveðið er á um að nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skuli sett í reglugerð. Rétt er að miða við umfang geymslusvæðis og eðli þeirrar vöru sem þar er geymd þegar viðmið eru sett um fjárhæð tryggingar. Til dæmis þykir rétt að gera kröfu um hærri tryggingu þegar þær vörur sem í hlut eiga bera há aðflutningsgjöld.

Í 6. tölul. er kveðið á um að geymslusvæði skuli hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 75. gr. Greinin er að öðru leyti að mestu samhljóða 2. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga.

7. tölul. er efnislega samhljóða 3. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga.

Í 8. tölul. er kveðið á um þau atriði sem þurfa að vera tryggð við hönnun og útfærslu á birgðabókahaldi fyrir tollvörugeymslur. Í töluliðnum er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík skuli staðfesta birgðabókhald umsækjanda. Sá áskilnaður er gerður vegna þess að tollstjórinn í Reykjavík hefur yfirumsjón með rekstri tölvukerfa sem notuð eru við tollafgreiðslu, sbr. 1. tölul. 45. gr., og er þess vegna fær um að meta hvort tölvukerfi umsækjenda uppfylli skilyrðin sem tiltekin eru. Nefnd skilyrði eru sett til þess að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir varðandi inn- og útflutta vöru eftir atvikum og til þess að unnt sé að framfylgja ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti, m.a. um álagningu aðflutningsgjalda og frest til greiðslu þeirra.

Í 9. tölul. er það gert að skilyrði að starfsmenn umsækjanda hafi haldgóða þekkingu á tollalögum og viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum á sviði tollamála. Það er mikilvægt að starfsmenn umsækjanda kunni skil á lögum og reglum sem gilda um tollafgreiðslu vöru, vörslu hennar og tengd atriði. Það er áskilið að sýnt sé fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna sé traust.

Í 10. tölul. er áskilið að hagkvæmniútreikningar vegna reksturs geymslusvæðis liggi fyrir. Í hagkvæmniútreikningum skal sýnt fram á rekstrargrundvöll fyrir tollvörugeymslu. Í reglugerð um frísvæði, nr. 527/1991, er áskilið að hagkvæmnisútreikningur fylgi umsókn um starfsleyfi til reksturs frísvæðis. Rétt þykir að slíkar upplýsingar liggi einnig fyrir vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir tollvörugeymslur. Sambærilegar kröfur eru gerðar í löggjöf ESB, sbr. 510. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

11. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fjármálaráðherra haldi skrá yfir þá sem veitt hefur verið leyfi til að reka tollvörugeymslur. Jafnframt er mælt fyrir um að öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá sé óheimilt að reka tollvörugeymslu. Það er mikilvægt að inn- og útflytjendur geti nálgast upplýsingar um það hverjir hafi leyfi til að annast geymslu ótollafgreiddra vara.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að leyfi er veitt falli starfsleyfi niður. Sama á við ef leyfishafi hefur ekki veitt þjónustu, sem starfsleyfi tekur til, samfellt í tólf mánuði. Eðlilegt þykir að ákvæði af þessu tagi sé sett enda nauðsynlegt að á hverjum tíma sé tryggt að öruggar upplýsingar liggi fyrir um þá leyfishafa sem raunverulega starfa samkvæmt leyfi yfirvalda til að annast geymslu ótollafgreiddra vara. Jafnframt væri óeðlilegt ef aðilar gætu geymt starfsleyfi ótímabundið og hafið síðar starfsemi

á grundvelli þess, jafnvel þegar langt væri liðið frá leyfisveitingu og óvíst hvort leyfishafi uppfyllti í raun kröfur sem þá væru gerðar til leyfishafa.

Um 96. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 97. gr.

Í 3. mgr. 74. gr. gildandi tollalaga er mælt fyrir um að vörur megi geyma í allt að þrjú ár í almennri tollvörugeymslu. Hins vegar er geymslutími á frísvæðum ótakmarkaður, sbr. 95. gr. tollalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 527/1991 um frísvæði.

Í 90. gr. er lagt til að heimilað verði að geyma vörur í tollvörugeymslu án tímatakmarkana. Nær öll geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, sem starfrækt eru á grundvelli gildandi tollalaga, eru rekin sem frísvæði. Eins og áður hefur komið fram er það lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er í dag. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að geyma vörur án tímatakmarkana í tollvörugeymslu en rýmri reglur um geymslutíma eru afar mikilvægar séð frá sjónarhóli atvinnulífsins. Um þetta efni er að öðru leyti vísað til almennra athugasemda við XIII. kafla frumvarpsins.

Um 98. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvaða vörur heimilt er að flytja í tollvörugeymslu. Ákvæðið á að hluta til samsvörun í 2. mgr. 74. gr. gildandi tollalaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 99. gr.

Ákvæði 99. gr. frumvarpsins er nýmæli. Þar er lagt til að heimilt verði að geyma tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur í sama rými í tollvörugeymslu að fengnu leyfi fjármálaráðherra og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Ákvæði gildandi tollalaga gera ekki ráð fyrir að tollafgreiddar vörur séu geymdar í tollvörugeymslu en viðskiptalífið hefur kallað eftir slíkri heimild. Birgðahald fyrirtækja hefur í auknum mæli færst inn á frísvæðin og þess vegna er mikilvægt að unnt sé að geyma tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur á einum stað. Slíkt fyrirkomulag leiðir einnig til aukins hagræðis við dreifingu á vörum til kaupenda. Sölufyrirtæki gera kröfur um ákveðinn sveigjanleika við birgðahald og dreifingu vara í því augnamiði að unnt sé að geyma vörur á viðeigandi geymslusvæði, undirbúa þær til dreifingar og fá þær tollafgreiddar á þeim tíma sem hentar markaðnum hverju sinni. Vegna þessa hafa komið til sögunnar nýjar tegundir vöruhúsa, svokölluð vöruhótel, sem annast lagerhald og vörudreifingu fyrir hönd sölufyrirtækjanna. Með því að fela vöruhótelum birgðahald og vörudreifingu geta fyrirtæki í einhverjum tilvikum lækkað kostnað og aukið hagkvæmni í rekstri sínum. Til þess að vöruhótelum sé fært að veita slíka þjónustu þarf að vera mögulegt að geyma ótollafgreiddar og tollafgreiddar vörur í sama rými, undir ströngu eftirliti tollyfirvalda. Eftirlit með geymslusvæðum fyrir tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur er vandasamara en eftirlit með hefðbundnum geymslusvæðum og þess vegna eru lögð til eftirtalin skilyrði fyrir því að heimilað verði að tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur séu geymdar á sama geymslusvæði. Skilyrði þessi eru talin upp í þremur töluliðum:

1. tölul. mælir fyrir um að tollafgreiddar vörur skuli ávallt aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætti í tollvörugeymslu. Gert er ráð fyrir að tollstjóri meti sem eftirlitsaðili hvenær aðgreining er fullnægjandi.

2. tölul. mælir fyrir um skýra aðgreiningu á tollafgreiddum og ótollafgreiddum vörum í birgðabókhaldi geymslunnar. Þá er mælt fyrir um að tollstjórinn í Reykjavík samþykki vél- og hugbúnað tollvörugeymslu að þessu leyti.

3. tölul. kveður á um að ráðherra geti sett frekari skilyrði fyrir því að heimilað verði að tollafgreiddar og ótollafgreiddar vörur verði geymdar á sama geymslusvæði. Slík skilyrði hafa þann tilgang að tryggja fullnægjandi tolleftirlit. Skilyrði 99. gr. eru því ekki tæmandi talin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti afturkallað leyfi samkvæmt ákvæðinu, að tillögu tollstjórans í Reykjavík, uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra geti kveðið nánar á um skilyrði fyrir geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvörugeymslu með reglugerð.

Fyrirmynd 99. gr. er að nokkru leyti sótt í 524. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992.

Um 100. gr.

Í 1. mgr. 100. gr. kemur fram sú meginregla að iðnaðarframleiðsla er óheimil í tollvörugeymslu. Sama regla gildir samkvæmt gildandi tollalögum.

Í 2. mgr. 100. gr. er kveðið á um undantekningu frá meginreglu 1. mgr. en þar er veitt heimild til óverulegrar aðvinnslu á vörum í tollvörugeymslu. Með óverulegri aðvinnslu er átt við ýmsar aðgerðir, svo sem skiptingu í smærri einingar, einfalda umpökkun, merkingu vara, t.d. með íslenskum leiðbeiningum eða innihaldslýsingu, samsetningu vöruhluta, prófun vöru og þrif. Í frumvarpinu er því lagt til að reglur um tollvörugeymslur verði rýmkaðar að þessu leyti frá því sem nú er. Það er með öðrum orðum lagt til að aðvinnsla í tollvörugeymslum verði með þeim hætti sem nú tíðkast á frísvæðum. Með þessu móti er unnt, til hagræðis fyrir atvinnulífið, að undirbúa vörur til dreifingar með lágmarksaðvinnslu í tollvörugeymslu. Um þetta efni er vísað að öðru leyti til almennra athugasemda við XIII. kafla frumvarpsins.

Í 3. mgr. 100. gr. er mælt fyrir um að tollstjóri skeri úr ef óljóst er hvort aðvinnsla vöru falli undir ákvæði 2. mgr.

Í 4. mgr. 100. gr. er tekið fram að tollstjóra er heimilt að takmarka aðvinnslu skv. 2. mgr. ef hann telur það nauðsynlegt vegna tolleftirlits.

Um 101. gr.

Í 101. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollfrjálsra forðageymslna í tollhöfnum þar sem geyma má vistir, útbúnað og annan forða fyrir skip og flugvélar í utanlandsferðum auk varnings sem boðinn er til sölu um borð. Ákvæðið á samsvörun í 75. gr. gildandi tollalaga en þar er sú takmörkun gerð að einungis skipaútgerðir og flugfélög sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli annarra landa geta fengið starfsleyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu. Lagt er til að ákvæðið verði rýmkað með þeim hætti að lögaðilar geti fengið leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu að uppfylltum þeim skilyrðum sem talin eru upp í 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda með 95. gr. varðandi tilgreind skilyrði. Í ljósi örra breytinga í viðskiptalífinu, svo sem varðandi rekstrarform og eignarhald á skipum og flugvélum í millilandaferðum, og þeirrar þróunar sem hefur orðið við geymslu ótollafgreiddra vara þykir ekki rétt að binda leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu eingöngu við skipaútgerðir og flugfélög sem eiga farartæki að staðaldri í millilandaferðum. Rekstri slíkra fyrirtækja hefur í auknum mæli verið skipt upp í smærri einingar vegna hagræðis og sérstök fyrirtæki sinna þá eftir atvikum birgðahaldi fyrir skip og flugfélög. Í frumvarpinu er tekið mið af þessari þróun og rétt þykir að rýmka laga-

rammann þannig að fleiri aðilar geti sótt um leyfi til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu. Til þess að gæta jafnræðis þykir rétt að binda heimild til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu við tiltekin fagleg skilyrði án tillits til þess hvort umsækjandi er eigandi að förum sem eru í millilandaferðum að staðaldri.

Um 102. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 103. gr.

Í 103. gr. er tekinn af allur vafi um að heimilt er að geyma vörur í tollfrjálsri forðageymslu án tímatakmarkana. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 104. gr.

Í 104. gr. er mælt fyrir um þær vörur sem heimilt er að flytja í tollfrjálsa forðageymslu. Ákvæðið er efnislega í samræmi við 76. gr. gildandi tollalaga. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 105. gr.

Í 1. mgr. 105. gr. er kveðið á um hvert flytja megi vörur úr tollfrjálsri forðageymslu. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 77. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. 105. mgr. er nýmæli sem felur í sér leiðbeiningu til tollstjóra þegar hann metur hvað telst hæfilegur forði fars. Nauðsynlegt þykir að tollalög hafi að geyma skýr fyrirmæli um þetta atriði en svo er ekki í gildandi lögum. Sett eru fram ákveðin viðmið, þ.e. stærð skips, gerð þess, fjöldi farþega, stærð áhafnar og lengd ferðar. Ólík viðmið skulu sett um hæfilegan forða eftir því hvort um er að ræða farþegafar eða annars konar far, svo sem fiskiskip eða far í farþegaflutningum. Þá skal litið sérstaklega til þess hvort hlutaðeigandi far er að staðaldri í förum á milli Íslands og annarra landa. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að til þess að far geti keypt tollfrjálsan forða þarf það að eiga viðkomu í erlendri höfn. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra getir sett nánari reglur samkvæmt ákvæðinu, þar á meðal um hæfilegan forða, sbr. 3. mgr.

Um 106. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. núgildandi tollalaga.

Um 107. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar (fríhafnar) í nánar tilgreindum höfnum og flugvöllum. Ákvæðið er að mestu samhljóða 79. gr. núgildandi tollalaga. Þess ber þó að geta að í gildandi tollalögum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að reka tollfrjálsa verslun. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að fjármálaráðherra hafi slíkan rekstur með höndum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að umsækjandi um starfsleyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar sé lögaðili. Til þess að leyfi verði veitt er gert ráð fyrir að umsækjandi uppfylli skilyrði 1.–3. og 6.–9. tölul. 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins. Eru það sömu skilyrði og sett eru til reksturs tollfrjálsrar forðageymslu skv. 101. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda með 95. gr. varðandi tilgreind skilyrði.

Um 108.–110. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 111. gr.

Í 1. mgr. 111. gr. er kveðið á um að eingöngu sé heimilt að selja farþegum og áhöfnum millilandafara á leið úr landi vörur úr tollfrjálsum verslunum. Ákvæðið er að þessu leyti samhljóða 2. mgr. 79. gr. gildandi tollalaga. Í stað áskilnaðar um að fyrirskipa megi að varningur úr tollfrjálsri verslun skuli afhentur ferðamanni eða farmanni í lokuðum umbúðum er lagt til að varningur verði eingöngu seldur úr tollfrjálsri verslun gegn framvísun brottfararspjalds til sönnunar á því að kaupandi eigi sæti í flugvél eða skipi á leið til útlanda. Þetta ákvæði er í samræmi við framkvæmd í mörgum erlendum flughöfnum. Ákvæði síðasta málsliðar 2. mgr. 79. gr. gildandi tollalaga um póstverslun úr fríhöfn er fellt brott. Nýmæli 129. gr. frumvarpsins um póstverslun úr landi gildir um þetta atriði.

2. mgr. 111. gr. er nýmæli í tollalögum þar sem lagt er til að kveðið verði á um að ráðherra geti heimilað leyfishafa tollfrjálsrar verslunar að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsum verslunum. Með lögfestingu ákvæðisins er tekinn af allur vafi um að heimilt er að reka tollfrjálsa komuverslun í fríhöfnum eins og tíðkast hefur hér á landi um árabil. Rekstur tollfrjálsrar komuverslunar er undantekning frá meginreglu 1. mgr. 111. gr. þar sem kveðið er á um að tollfrjálsar vörur skuli aðeins seldar farþegum og áhöfnum á leið úr landi. Þess vegna er tekið fram í ákvæðinu að slíkar verslanir skuli sérstaklega afmarkaðar og eingöngu aðgengilegar fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins.

Í 3. mgr. 111. gr. er kveðið á um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða vörur er heimilt að selja í tollfrjálsri komuverslun skv. 2. mgr. Þar sem að 2. mgr. felur í sér undantekningu frá meginreglu er gert ráð fyrir að takmarkaður fjöldi vörutegunda verði seldur í komuverslun.

Um 112. gr.

Í 1. mgr. 112. gr. er mælt fyrir um að ráðherra veiti leyfi til reksturs frísvæðis að uppfylltum sömu skilyrðum og sett eru fyrir veitingu leyfis til reksturs tollvörugeymslu í 1.–11. tölul. 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins.

Ákvæði um frísvæði eru í IX. kafla gildandi tollalaga. Í greinargerð með lögunum var tekið fram að gert væri ráð fyrir að hægt yrði að koma upp tollfrjálsum svæðum hér á landi þar sem aðstæður þættu sérstaklega henta og skapa þar með möguleika til ýmissar atvinnustarfsemi í tengslum við dreifingu og aðvinnslu á ótollafgreiddum vörum. Gert var ráð fyrir að tilgangur frísvæðis væri einkum tvíþættur, aðvinnsla á vörum og geymsla vöru til dreifingar til annarra landa. Reglugerð nr. 527/1991, um frísvæði, var sett til nánari útfærslu á ákvæðum tollalaga um frísvæði. Á undanförnum árum hafa verið gefin út fleiri leyfi til reksturs frísvæða en almennra tollvörugeymslna eins og fram kemur í almennum athugasemdum við XIII. kafla frumvarpsins. Ástæða þess er að reglur um geymslu og meðferð vara á frísvæðum eru rýmri og sveigjanlegri en samsvarandi reglur um tollvörugeymslur. Þess skal þó getið að þau leyfi til reksturs frísvæða, sem hafa verið gefin út, eru takmörkuð við geymslu og aðvinnslu á vörum skv. 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 527/1991, um frísvæði, en þar er fjallað um einfalda aðvinnslu, svo sem skiptingu sendinga, umpökkun, samsetningu, blöndun, prófun og þrif. Frá 1987 hefur ekkert leyfi til reksturs frísvæðis verið gefið út án þessarar takmörkunar, þ.e. ekkert eiginlegt frísvæði hefur verið starfrækt. Að teknu tilliti til þeirrar framkvæmdar sem hefur verið viðhöfð við útgáfu leyfa til reksturs frísvæða og tollvörugeymslna er lagt til í frumvarpinu að ákvæði um tollvörugeymslur verði rýmkuð í þá veru að þau nái til starfsemi frísvæða eins og hún er í dag, þar á meðal einfaldrar aðvinnslu, sem ekki telst til iðnaðar, svo sem skipting sendingar, umpökkunar, samsetningar, blöndunar, prófunar og þrifa. Þá er hins vegar lagt til að ákvæði um frísvæði verði áfram í tollalögum en tilgangur

frísvæðis verði einungis fólginn í því að veita fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu ýmiss konar varnings eins og tækja, véla, varahluta og ýmissa annarra fullbúinna vara sem síðan verða fluttar á innanlandsmarkað eða á erlenda markaði. Gert er ráð fyrir að aðvinnsla á frísvæði verði þá umfangsmeiri en sú aðvinnsla sem heimil er í tollvörugeymslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Með öðrum orðum er lagt til að leyfi til reksturs frísvæðis verði eingöngu veitt þeim er hyggjast starfrækja eiginlega iðnaðarstarfsemi á frísvæði. En aðrar vörur, þ.e. vörur sem ekki eru ætlaðar til aðvinnslu á frísvæði, verði geymdar í tollvörugeymslu.

Um 113. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 114. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þær vörur sem heimilt er að flytja á frísvæði. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 115. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Í 116. gr. kemur fram að miða ber ákvörðun aðflutningsgjalda við tollverð þeirrar vöru sem afhent er af frísvæði til notkunar innan lands eða þeirrar vöru sem flutt er til útlanda. Gert er ráð fyrir að í flestum tilvikum sé um að ræða vöru sem framleidd er á frísvæðinu úr efnivörum sem fluttar voru inn á frísvæðið til iðnaðarframleiðslu.

Um XIV. kafla.

Í XIV. kafla frumvarpsins er fjallað um álagningu aðflutningsgjalda, endurákvörðun þeirra, kærur o.fl. Kaflinn er að mestu byggður á samsvarandi kafla í gildandi tollalögum. Nokkur nýmæli eru í kaflanum. M.a. eru málskotsleiðir tollalaga einfaldaðar. Lagt er til að allir úrskurðir tollstjóra sæti kæru til ríkistollanefndar. Samkvæmt gildandi tollalögum sæta sumir úrskurðir tollstjóra málskoti til fjármálaráðuneytis en aðrir eru kæranlegir til ríkistollanefndar. Þykir þessi breyting til hagsbóta fyrir þá sem vilja nýta sér heimild til stjórnsýslukæru til æðra stjórnvalds.

Um 117. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 117. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 117. gr. er nýmæli þar sem mælt er fyrir um að álagning skuli byggð á upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu og viðeigandi fylgigögnum. Í þessu sambandi er vísað til VII. kafla frumvarpsins þar sem fjallað er um þær upplýsingar sem eiga að koma fram í aðflutningsskjölum. Í 3. málsl. 1. mgr. 117. gr. er þó mælt fyrir um heimild til handa tollstjóra til þess að leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té. Málsliðurinn kemur að hluta til í stað 3. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga en þó er lagt til að skylda tollstjóra til þess að gera innflytjanda viðvart um breytingar samkvæmt ákvæðinu gildi ekki samkvæmt hinu nýja ákvæði. Til þess að leiðrétting sé heimil verður hún að vera smávægileg og óyggjandi og þess vegna þykir rétt til hagræðis fyrir tollstjóra að umrædd tilkynningarskylda verði felld brott. Leiði leiðrétting til gjaldabreytinga eða að öðru leyti til breytinga á réttarstöðu innflytjanda telst

hún ekki smávægileg. Fer þá um leiðréttingu eða endurákvörðun eftir öðrum ákvæðum XIV. kafla eftir því sem við á. Það kemur ekki til þess að tollstjóri leiðrétti augljósar og smávægilegar villur í rafrænum aðflutningsskýrslum. Sá háttur er hafður á að skýrsla er ekki lesin inn í tölvukerfi tollyfirvalda og móttekin fyrr en tiltekin grundvallaratriði liggja fyrir. Þess vegna þykir óþarfi að geta sérstakrar heimildar til handa tollstjóra til leiðréttingar augljósra og smávægilegra villna þegar rafrænar aðflutningsskýrslur eru annars vegar. Komi til leiðréttingar rafrænna aðflutningsskjala er lagt til að tollstjóri skori á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma í samræmi við ákvæði 2. mgr. 118. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gengið út frá að útreikningur aðflutningsgjalda við álagningu hvíli á herðum tollstjóra. Í framkvæmd hefur sú verið raunin enda þótt 2. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga mæli fyrir um að ráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu. Jafnframt er kveðið á um í 1. málsl. 3. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga að tollstjóra sé heimilt að leiðrétta augljósar villur í útreiknaðri aðflutningsskýrslu. Sá háttur hefur verið viðhafður að aðflutningsgjöld eru reiknuð í tölvukerfi tollyfirvalda og þess vegna er lagt til að tilvitnuð ákvæði núgildandi tollalaga verði felld brott.

2. mgr. 117. gr. er að hluta til efnislega samhljóða 4. mgr. 97. gr. gildandi tollalaga.

Áætlun aðflutningsgjalda er undanfari nauðungarsölu.

Um 118. gr.

Í frumvarpinu er fjallað um leiðréttingar aðflutningsskýrslna, sem hafa verið látnar tollstjóra í té, í tveimur greinum. Í 118. gr. er fjallað um leiðréttingu skýrslu fyrir tollafgreiðslu og í 124. gr. er fjallað um leiðréttingu skýrslu eftir tollafgreiðslu.

Í 118. gr. er mælt fyrir um heimildir tollstjóra til þess að skora á innflytjanda eða umboðsmann hans að leiðrétta aðflutningsskýrslu og/eða fylgigögn hennar fyrir tollafgreiðslu. Ákvæðið á jöfnum höndum við um skriflegar og rafrænar aðflutningsskýrslur. Ekki þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um leiðréttingar aðflutningsskjala af hálfu innflytjanda eða umboðsmanns hans fyrir tollafgreiðslu vegna þess að eftir að viðeigandi upplýsingar hafa verið lesnar inn í tölvukerfi tollyfirvalda er sendingin tollafgreidd að því gefnu að ekki sé gerð athugasemd af hálfu tollstjóra. Þá þykir ekki nauðsynlegt að setja sérstakt ákvæði um leiðréttingu skriflegra aðflutningsskýrslna fyrir tollafgreiðslu vegna þess að hin innflutta vara er undir tolleftirliti og því mögulegt að ganga úr skugga um réttmæti nýrra upplýsinga, sbr. einnig skyldu innflytjanda til þess að veita réttar upplýsingar um hina innfluttu vöru, sbr. 33. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 118. gr. er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 98. gr. gildandi tollalaga. Þó er kveðið skýrar á um að heimildir tollstjóra samkvæmt ákvæðinu gilda frá því að aðflutningsskýrsla er látin tollstjóra í té uns afhendingarheimild tollstjóra er veitt, með öðrum orðum uns vara er tollafgreidd. Um heimildir tollstjóra til þess að taka mál vegna tollafgreiddrar sendingar til meðferðar á ný er vísað til 119.–121. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 118. gr. er mælt fyrir um að áskorun geti hvort sem er verið á skriflegu eða rafrænu formi. Raunin er sú að fjöldi rafrænna aðflutningsskýrslna er margfalt meiri en þeirra skriflegu og ástæða þykir til að taka af allan vafa um að rafrænar áskoranir, sem sendar eru í gegnum tölvukerfi tollyfirvalda, jafngilda skriflegum. Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form áskorana.

3. mgr. 118. gr. er samhljóða 2. og 3. málsl. 1. mgr. 98. gildandi tollalaga.

Um 119. gr.

Í 119. og 120. gr. frumvarpsins er fjallað um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Fyrri greinin lýtur að rafrænum aðflutningsskjölum og hin síðari að skriflegum aðflutningsskjölum. Ástæða þykir til þess að fjalla um þessi tilvik hvort í sinni grein vegna þess að aðstæður tollstjóra til þess að endurskoða upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru eru mismunandi eftir því hvort tollafgreiðslan var rafræn eða skrifleg. Þegar skrifleg aðflutningsskjöl eru látin tollstjóra í té hefur tollstjóri aðflutningsskýrslu ásamt fylgigögnum undir höndum og er þess vegna hægt um vik að endurskoða aðflutningsskjöl til grundvallar tollafgreiðslu innan tiltekins frests. Endurskoðun tollstjóra vegna rafrænnar tollafgreiðslu fer hins vegar fram með þeim hætti að framkvæmdar eru úrtaksathuganir á innfluttum sendingum, annaðhvort slembiúrtaksathuganir eða úrtaksathuganir á grundvelli áhættugreiningar eða annarra forsendna. Af þeirri ástæðu þykir rétt að heimildir tollstjóra nái til sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda. Samsvarandi ákvæði er í 3. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að vísa til þess að sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskjöl með skjalasendingum á milli tölva ber ríka ábyrgð á því að rétt og fullnægjandi gögn liggi að baki hinni rafrænu tollafgreiðslu, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Lagt er til að sex ára fresturinn verði orðaður með lítillega breyttum hætti þannig að fresturinn verði talinn til baka frá þeim degi þegar tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun berst innflytjanda og nái til þeirra sendinga sem voru tollafgreiddar á því tímabili.

Um 120. gr.

Í 120. gr. er kveðið á um heimildir tollstjóra til endurákvörðunar aðflutningsgjalda í tilvikum þar sem skrifleg aðflutningsskjöl hafa verið látin honum í té.

Innflytjandi ber ábyrgð á því að tollstjóra séu afhent rétt og fullnægjandi aðflutningsskjöl, sbr. VIII. kafla frumvarpsins. Þess vegna er lagt til að orðalag ákvæðisins verði afdráttarlausara en orðalag samsvarandi ákvæðis í 99. gr. gildandi tollalaga. Orðin „gögn sem byggja mátti á rétta ákvörðun aðflutningsgjalda“ í 2. mgr. 99. gr. gildandi laga veita nokkurt svigrúm fyrir innflytjanda til þess að víkja sér undan ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum á grundvelli þess að tollstjóri hefði átt að sjá að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar fram. Það þykir rétt að afnema svigrúm til mats og miða eingöngu við það hvort réttar og fullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar fram með vísan til VII. og VIII. kafla frumvarpsins um skýrslugjafir til tollstjóra og ábyrgð innflytjanda og tollmiðlara á upplýsingagjöf til tollstjóra. Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um að ekki skipti máli í þessu sambandi hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu og fylgigögnum. Samsvarandi ákvæði er í 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga.

Í 2. mgr. 120. gr. er kveðið á um frest til endurákvörðunar í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. Til skýringar er vísað til athugasemda við 119. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 120. gr. kemur fram að hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar lagt fram réttar og fullnægjandi upplýsingar verða honum ekki endurákvörðuð aðflutningsgjöld nema vegna þeirra sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Þó eru í nokkrum atriðum lagðar aðrar áherslur í 3. mgr. 120. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er líkt og í 1. mgr. gert ráð fyrir hlutlægu mati á hvort réttar og fullnægjandi upplýsingar hafi verið

lagðar fram í því augnamiði að meta hvort endurákvörðun verði komið við. Í öðru lagi er lagt til að tollstjóri hafi 60 daga frest til þess að hefja endurákvörðun, þ.e. 60 dagar mega líða frá tollafgreiðsludegi sendingar eða frá ákvörðun aðflutningsgjalda, þegar um tímabundinn innflutning er að ræða, uns tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun vegna sendingarinnar berst innflytjanda. Skv. 2. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun innan 60 daga frá því að hann heimilaði afhendingu vöru eða ákvarðaði aðflutningsgjöld þegar um tímabundinn innflutning er að ræða. Ástæða þykir til að leggja til einföldun á þeirri reglu og veita tollstjóra 60 daga frest til þess að hefja endurákvörðun.

Í 4. mgr. 120. gr. er gerð undantekning frá meginreglu 3. mgr. en þar er mælt fyrir um að endurákvörðun sé heimil þrátt fyrir að 60 daga fresturinn sé liðinn hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Sú staða er m.a. uppi þegar innflytjandi hefur áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi álit um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu. Sambærilegt ákvæði er í 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga.

Um 121. gr.

Í greininni er fjallað um aðrar endurákvarðanir af hálfu tollstjóra en þær sem lúta að endurákvörðun aðflutningsgjalda. Ákvæðið er nýmæli. Í gildandi tollalögum er ekki heimild til handa tollstjóra til þess að gera breytingar á aðflutningsskjölum ef breytingarnar leiða ekki til endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Það er afar mikilvægt að afla eins áreiðanlegra upplýsinga og mögulegt er um inn- og útfluttar vörur, þar á meðal réttra upplýsinga um tollflokkun vöru. Upplýsingar úr tölvukerfi tollyfirvalda eru notaðar við ýmsar greiningar á inn- og útfluttum vörum, í hagtölum og verslunarskýrslum og fleira. Einnig geta aðflutningsgjöld á vörum í tilteknum tollskrárnúmerum breyst og þá er mikilvægt að lagt hafi verið fyrir innflytjanda að tollafgreiða vöruna í réttu tollskrárnúmeri. Þess vegna er kveðið á um að tollstjóri leiðrétti rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskjölum sem honum hafa verið látin í té þrátt fyrir að leiðréttingar leiði ekki til breyttrar ákvörðunar aðflutningsgjalda. Endurákvarðanir tollstjóra samkvæmt þessari grein eru ekki bundnar við sama frest og gildir skv. 119. og 120. gr. frumvarpsins.

Um 122. gr.

Í 122. gr. frumvarpsins er fjallað um málsmeðferðarreglur við undirbúning fyrirhugaðs úrskurðar tollstjóra um endurákvörðun skv. 119.–121. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 3. mgr. 99. gr. tollalaga.

Um 123. gr.

Í greininni er fjallað um áætlun aðflutningsgjalda. Ákvæðið er nýmæli. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í sambærileg ákvæði í skattarétti en þó ber að gæta að þeirri sérstöku aðstöðu sem skapast þegar vara er afhent undan tolleftirliti án þess að afhendingarheimild tollstjórans hafi verið veitt og óyggjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um vöruna.

Á nokkrum stöðum í frumvarpinu er sú skylda lögð á tollstjóra að hann áætli aðflutningsgjöld, sbr. 2. mgr. 81. gr. og 2. mgr. 117. gr. Í ákvæðinu eru tollstjóra veittar leiðbeiningar við áætlun aðflutningsgjalda. Forsendur til grundvallar áætlun geta verið afar mismunandi en það er meginregla samkvæmt ákvæði 123. gr. frumvarpsins að tollverð vöru skuli áætla svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar. Þegar áætlun er framkvæmd á grundvelli 2. mgr. 117. gr. frumvarpsins er vara yfirleitt

enn til staðar undir tolleftirliti og í þeim tilvikum er auðvelt að meta gerð og eiginleika vöru. Hins vegar eru forsendur óljósari í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr, sbr. 1. mgr. 81. gr. frumvarpsins þar sem vara hefur verið afhent undan tolleftirliti án tilskilins leyfis tollyfirvalda. Í þeim tilvikum reynist nauðsynlegt að hafa hliðsjón af öllum þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöru, þar á meðal farmskrá. Ef ekki er unnt að byggja á framlögðum gögnum getur reynst nauðsynlegt að byggja á meðaltalstölum hagstofu yfir innfluttar vörur.

Um 124. gr.

Í 124. gr. er fjallað um leiðréttingu aðflutningskýrslu eftir tollafgreiðslu að kröfu innflytjanda. Í greinargerð með 99. gr. gildandi tollalaga kom fram að lagt væri til með greininni að tiltekinn yrði ákveðinn frestur, allt að 60 dagar fyrir hvorn aðila til þess að krefjast leiðréttingar. Tilvitnuð ummæli í greinargerð gera ráð fyrir að bæði tollstjóri og innflytjandi eða umboðsmaður innflytjanda eftir atvikum geti krafist leiðréttingar upplýsinga í aðflutningsskjölum. Hins vegar er eingöngu mælt fyrir um skyldu tollstjóra til þess að endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld í samræmi við ákvæði greinarinnar. Þykir ástæða til að kveða skýrt á um rétt innflytjanda til þess að koma fram með leiðréttingar á framlögðum aðflutningsskjölum eða viðbætur við þau eftir tollafgreiðslu vöru í sérstakri grein. Með þeim hætti er tekinn af allur vafi um þetta atriði. Að auki er lagt til að frestur innflytjanda til þess að koma að leiðréttingum á aðflutningsskjölum samsvari heimildum tollstjóra til endurákvörðunar gjalda, sbr. 119. og 120. gr. frumvarpsins og 99. gr. gildandi tollalaga. Það er afar mikilvægt að réttar og fullnægjandi upplýsingar liggi til grundvallar tollafgreiðslu vöru. Þess vegna er innflytjendum ekki einungis veittur réttur til þess að leggja fram beiðni um leiðréttingu aðflutningsskjala heldur er einnig lögð á þá sú skylda að koma fram með leiðréttingar verði þeir þess varir að upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru hafi verið rangar eða ófullnægjandi.

Í 2. mgr. 124. gr. er mælt fyrir um að beiðni um leiðréttingu skuli afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu. Jafnframt er kveðið á um að leiðréttingarskýrslan skuli uppfylla kröfur um nauðsynlegar upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgigögnum. Það er mælt fyrir um að beiðni um leiðréttingu rafrænnar skýrslu skuli lögð fram með skriflegri skýrslu vegna þess að við ákvörðun þess hvort leiðrétting skuli heimil er nauðsynlegt að leggja mat á öll gögn málsins og aðstæður við tollafgreiðslu.

Í 3. mgr. 124. gr. er kveðið á um að innflytjandi beri sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda. Beiðni um leiðréttingar samkvæmt þessari grein lúta að aðflutningsskjölum vegna innfluttra vara sem hafa verið tollafgreiddar, þ.e. afhentar til notkunar innan lands. Það er ómögulegt að ganga úr skugga um réttmæti nýrra upplýsinga með óyggjandi hætti þegar vara hefur verið afhent undan tolleftirliti. Af því leiðir að gera verður strangar kröfur til sönnunar innflytjanda þegar beiðni um leiðréttingu er lögð fram með stoð í þessu ákvæði. Nýr reikningur verður til dæmis ekki lagður fram nema atvik og gögn málsins eins og þau lágu fyrir við tollafgreiðslu styðji að um rangar upplýsingar hafi verið að ræða.

Um 125. gr.

Í 125. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um kæruheimild innflytjanda til tollstjóra. Ákvæðið er að mestu samhljóða 100. gr. gildandi tollalaga. Þó er gert ráð fyrir því að þær ákvarðanir tollstjóra sem sæta kæru til fjármálaráðherra skv. 102. gr. gildandi tollalaga sæti kæru til tollstjóra og ríkistollanefndar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Orðalagi ákvæðisins er

breytt lítillega þannig að ljóst sé að kæruheimild innflytjanda til tollstjóra tekur til allra ákvarðana tollstjóra um fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, þar á meðal ákvarðana tollstjóra um synjun niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls á grundvelli 3., 5. og 6. gr. núgildandi tollalaga, sbr. 5., 7. og 8. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 126. gr.

Í 126. gr. frumvarpsins er fjallað um kæruheimildir til ríkistollanefndar, sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Verður úrskurðum hennar ekki skotið til ráðherra. Ákvæðið samsvarar 101. gr. gildandi tollalaga. Þó er lagt til að fleiri ákvarðanir verði kæranlegar til ríkistollanefndar. Um þær ákvarðanir er vísað til skýringa við 125. gr. frumvarpsins.

Frestur nefndarinnar til þess að kveða upp úrskurð skv. 9. mgr. er lengdur úr 30 dögum í 60 daga, m.a. vegna þess að gera má ráð fyrir að fleiri málum verði skotið til nefndarinnar verði ákvæði frumvarpsins að lögum.

Auk framangreindra breytinga er í 5. mgr. 126. gr. sú breyting gerð frá ákvæði 4. mgr. 101. gr. gildandi laga að það er með skýrum hætti kveðið á um skyldu ríkistollanefndar til þess að senda innflytjanda endurrit kæru tollstjórans í Reykjavík.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um XV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um álagningu og gjalddaga aðflutningsgjalda, greiðslufrest og greiðslustað.

Um 127. gr.

Í greininni er kveðið á um gjalddaga aðflutningsgjalda. Öllum ákvæðum tollalaga um gjalddaga er safnað saman í þessa grein. Sú breyting er gerð frá ákvæðum gildandi laga að eingöngu er notað hugtakið gjalddagi aðflutningsgjalda en ekki eindagi. Ástæða þess er að í íslensku lagamáli hefur almennt ekki verið venja að greina milli hugtakanna gjalddagi og eindagi, en hvort tveggja táknar það tímamark sem verður að vera liðið til þess að um vanefnd á greiðsluskyldu geti verið að ræða. Hugtakið gjalddagi er í frumvarpinu notað um réttan greiðslutíma aðflutningsgjalda, þ.e. þann tíma þegar tollstjóri getur fyrst krafist þess að sá sem skuldar aðflutningsgjöld inni greiðslu sína af hendi.

Ákvæði 1. mgr. 127. gr. felur í sér meginreglu um gjalddaga aðflutningsgjalda. Greinin samsvarar 1. mgr. 103. gr. gildandi tollalaga. Þó er fellt brott ákvæði þess efnis að gjalddagi aðflutningsgjalda skuli vera afhendingardagur aðflutningsskýrslu ásamt tilskildum gögnum. Gjalddagi aðflutningsgjalda samkvæmt frumvarpsákvæðinu er tollafgreiðsludagur vöru enda sé flutningsfar þegar komið til landsins, þ.e. skip hafi tekið höfn eða flugvél hafi lent. Skv. 93. gr. frumvarpsins er geymslutími í afgreiðslugeymslu styttur úr einu ári í sex mánuði og þess vegna er mælt fyrir um að aðflutningsgjöld skuli í síðasta lagi falla í gjalddaga sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins.

Öllum ákvæðum tollalaga um gjalddaga, meginreglum og undantekningum, er safnað saman í 127. gr. að því undanskildu að fjallað er um gjalddaga skuldfærðra aðflutningsgjalda í 2. mgr. 129. gr. frumvarpsins. Þess vegna þykir rétt að vísa til 2. mgr. 129. gr. í 1. mgr. 127. gr.

Í 2. mgr. 127. gr. er mælt fyrir um að gjalddagi aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslu eða á frísvæði sé tollafgreiðsludagur þeirra. Ákvæðið samsvarar 2.

mgr. 103. gr. gildandi tollalaga en þó er lagt til að gjalddagi aðflutningsgjalda verði tollafgreiðsludagur vöru en ekki sá dagur þegar beiðni um úttekt hennar ásamt tilskildum gögnum er lögð fram.

Í 3. mgr. 127. gr. er mælt fyrir um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt eða tímabundinn tollfrjáls innflutningur heimilaður. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, en rétt þykir að kveðið verði á um gjalddaga í þessum tilvikum í tollalögum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Í 4. mgr. 127. gr. er mælt fyrir um gjalddaga aðflutningsgjalda af hraðsendingum. Gjalddagi aðflutningsgjalda af hraðsendingum er samkvæmt gildandi rétti ákveðinn í 8. gr. reglugerðar um tollafgreiðslu hraðsendinga, en rétt þykir að mælt verði fyrir um hann í tollalögum.

5. mgr. 127. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 105. gr. gildandi tollalaga.

6. mgr. 127. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 105. gr. gildandi tollalaga.

7. mgr. 127. gr. samsvarar 2. mgr. 108. gr. gildandi tollalaga.

Um 128. gr.

Ákvæði 128.–131. gr. frumvarpsins koma í stað 109. gr. gildandi tollalaga.

Í 1. mgr. 128. gr. er mælt fyrir um að aðilar sem eru skráðir á virðisaukaskattsskrá njóti greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Ákvæðið kemur í stað 1. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga. Það hefur verið litið svo á að aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá og gera upp virðisaukaskatt innan lands miðað við tveggja mánaða eða skemmri uppgjörstímabil uppfylli skilyrði 1. mgr. 109. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum. Aðrir aðilar á virðisaukaskattsskrá geta fengið greiðslufrests á aðflutningsgjöldum ef þeir leggja fram tryggingu, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að sú útfærsla á skilyrði 1. mgr. 109. gr. sem kemur fram í reglugerðinni verði tekin upp í tollalög og ákvæðið víkkað þannig að allir sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá eigi rétt á greiðslufresti á aðflutningsgjöldum. Það er jafnframt sett sem skilyrði fyrir greiðslufresti á aðflutningsgjöldum að sá sem hans óskar sé í skilum við ríkissjóð. Sambærilegt ákvæði er í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en rétt þykir að umrætt skilyrði sé tiltekið með skýrum hætti í tollalögum.

Í 2. mgr. 128. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram, svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum. Þessi fyrirvari er settur í reglugerð nú. Rétt þykir að taka hann upp í tollalög. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um 129. gr.

Í 1. mgr. 129. gr. er sett fram meginregla um uppgjörstímabil skuldfærðra aðflutningsgjalda. Þau uppgjörstímabil sem mælt er fyrir um eru þau sömu og gilda skv. 1. tölul. 4. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þau uppgjörstímabil gilda nema annað sé ákveðið í öðrum lögum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Skv. 3. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga ákveður ráðherra uppgjörstímabil og eindaga lánaðra aðflutningsgjalda í reglugerð. Rétt þykir að kveðið verði á um þessi atriði í tollalögum.

Í 2. mgr. 129. gr. er sett fram meginregla um gjalddaga skuldfærðra aðflutningsgjalda. Gjalddagi er ákveðinn 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils líkt og nú er, sbr. 1. tölul. 4. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Meginreglan gildir nema annað sé ákveðið í öðrum lögum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Um 130. gr.

Í 1. mgr. 130. gr. frumvarpsins er annars vegar mælt fyrir um að tollstjóri skuli loka fyrir frekari skuldfærslu hjá þeim sem nýtur greiðslufrests ef sá gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Synjun á greiðslufresti samkvæmt ákvæðinu gildir á meðan vanskil vara. Hins vegar er tollstjóra veitt heimild til þess að synja aðila um frekari greiðslufrest ef hann gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en rétt þykir að kveðið verði á um þessi atriði í tollalögum.

Ákvæði 2. mgr. 130. gr. frumvarpsins samvarar 3. málsl. 2. mgr. 109. gr. gildandi tollalaga.

Um 131. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd ákvæða frumvarpsins um skuldfærslu aðflutningsgjalda.

Um 132. gr.

Í 132. gr. frumvarpsins er sett fram almenn regla um vexti.

Í 1. mgr. 132. gr. er mælt fyrir um að dráttarvextir skuli reiknaðir á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga eins og hann er skilgreindur í hverju tilviki, sbr. ákvæði 127. gr. frumvarpsins. Ákvæðið kemur í stað ákvæða í gildandi tollalögum um útreikning dráttarvaxta í einstökum tilvikum, t.d. 7. mgr. 99. gr., 2. mgr. 105. gr., 3. mgr. 108. gr. og 3. mgr. 109. gr. laganna.

Ákvæði 2. mgr. 132. gr. er samhljóða 6. mgr. 99. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðið er sett fram sem almenn regla en líkur eru á að einkum komi til kasta ákvæðis um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda í tengslum við 119.–122. gr. frumvarpsins um endurákvörðun aðflutningsgjalda og aðrar leiðréttingar.

Um 133. gr.

Ákvæði 1. mgr. 133. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 1. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 2. mgr. 133. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 3. mgr. 133. gr. kemur í stað 2. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga. Lagt er til að aðflutningsgjöld verði greidd hjá þeim tollmiðlara sem annast flutning póst- eða hraðsendingar til landsins. Sendingar af þessu tagi eru í auknum mæli keyrðar á starfsstöð eða heim til viðtakenda þeirra. Þess vegna er mælt fyrir um að greiða skuli aðflutningsgjöld hjá tollmiðlara án þess að staðsetning sé nánar tilgreind. Í því felst að viðtakandi póst- eða hraðsendingar getur m.a. greitt aðflutningsgjöld á pósthúsi eða annarri starfsstöð tollmiðlara. Tollmiðlari sem fengið hefur leyfi til þess að miðla póst- og/eða hraðsendingum annast innheimtu aðflutningsgjalda fyrir hönd tollstjóra, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. 106. gr. gildandi tollalaga er fellt brott þar sem 1. mgr. 133. gr. frumvarpsins tekur yfir efni þess.

Um XVI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og innheimtu aðflutningsgjalda, þar á meðal nauðungarsölu til fullnustu aðflutningsgjalda.

Um 134. gr.

Ákvæði 1. mgr. 134. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga að öðru leyti en því að hugtakið viðtakandi er ekki tekið upp í frumvarpsákvæðið. Ekki hefur verið gerður greinarmunur á innflytjanda og viðtakanda vöru í framkvæmd og þess vegna er lagt til að eingöngu verði mælt fyrir um ábyrgð innflytjanda.

Ákvæði 2. mgr. 134. gr. samsvarar 2. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga. Gert er ráð fyrir óskiptri (sólidarískri) ábyrgð innflytjanda og tollmiðlara á greiðslu aðflutningsgjalda. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að ábyrgð annarra umboðsmanna innflytjanda en tollmiðlara falli brott.

Ákvæði 134. gr. frumvarpsins er ekki tæmandi um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda er t.d. lögð á leyfishafa geymslusvæðis vegna sérstakra atvika, sbr. 78. gr. frumvarpsins.

Um 135. gr.

Ákvæði 1. mgr. 135. gr. er í aðalatriðum efnislega samhljóða 3. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga. Þó er ekki gert ráð fyrir því að sektir verði tryggðar með lögveði í ótollafgreiddri vöru. Þá er áréttíng í 3. mgr. 113. gr. gildandi tollalaga um að eigandi hafi ekki heimild til þess að taka vöru í sína vörslu fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Það þykir óþarfi að geta þess í þessu samhengi vegna þess að um er að ræða meginreglu samkvæmt frumvarpinu og gildandi tollalögum.

Fyrri málsliður 2. mgr. 135. gr. er í aðalatriðum efnislega samhljóða 4. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga. Þá er tekið fram í 3. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga að haldsréttur farmflytjanda standi ekki í vegi fyrir því að tollstjórar geti krafist nauðungarsölu á ótollafgreiddum vörum án undanfarandi fjárnáms eða áskorunar til eiganda til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Lögveð í ótollafgreiddri vöru gengur framar haldsrétti farmflytjanda samkvæmt almennum reglum veðréttar. Tilvitnaður fyrirvari er talinn óþarfur og hann er þess vegna felldur niður. Í síðari málslið 2. mgr. er mælt fyrir um að tollstjóri geti boðið vöru til sölu á almennum markaði. Sambærilegt ákvæði í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 7. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 4. mgr. er að mestu samhljóða 5. mgr. 111. gr gildandi tollalaga. Þó verður ekki gert fjárnám samkvæmt greininni hjá öðrum umboðsmönnum innflytjanda en tollmiðlara þar sem ábyrgð þeirra á greiðslu aðflutningsgjalda verður felld niður í 2. mgr. 134. gr. frumvarpsins.

Um 136. gr.

Í 136. gr. frumvarpsins eru sérreglur um nauðungarsölu á uppboði.

Í 1. mgr. 136. gr. er tollstjóra veitt heimild til þess að halda uppboð á ótollafgreiddum vörum til lúkningar á gjaldföllnum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði. Í ákvæð-

inu er gert ráð fyrir að tollstjóri meti hvenær nauðsyn standi til þess að halda uppboð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Í 2. mgr. eru settar fram reglur um auglýsingar uppboðs og tilkynningar til innflytjenda vara sem eru settar á uppboð. Tekið er fram í ákvæðinu að innflytjendum skuli sendar sérstakar tilkynningar um uppboð á ótollafgreiddum vörum. Felst í breytingunni staðfesting á núverandi framkvæmd að þessu leyti. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 8. mgr. 111. gr. núgildandi tollalaga að því frátöldu að heimild tollstjóra til þess greiða fyrir geymslu vöru í einn mánuð frá komu til landsins er felld brott. Þessari heimild hefur ekki verið beitt í framkvæmd.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um XVII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um heimild tollstjóra til að stöðva tollafgreiðslu í þremur greinum. Ákvæði 137. og 138. gr. eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í 131. gr. gildandi tollalaga en þar er kveðið á um að ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt tollalögum, reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu. Ástæða þykir til þess að mæla nánar fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti stöðvun tollafgreiðslu kemur til greina til að knýja mann til að fullnægja skyldum sínum. 139. gr. er sérákvæði um stöðvun tollafgreiðslu ef grunur vaknar um að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum.

Um 137. gr.

Í 137. gr. er mælt fyrir um að tollstjóri skuli stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending innheldur er samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum háður skilyrðum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt eða háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað. Í ýmsum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er mælt fyrir um að innflytjanda vöru beri að afla leyfa stjórnvalda til innflutnings vöru eða sýna fram á að vara fullnægi ákveðnum skilyrðum. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að í eftirlitshlutverki tollstjóra með inn- og útflutningi felist að honum beri að stöðva inn- og útflutning sem ekki fullnægir settum reglum. Þetta hlutverk tollstjóra hefur ekki verið orðað með beinum hætti í tollalögum. Greinin á jafnt við um inn- og útflutning, sbr. 151. gr. frumvarpsins.

Um 138. gr.

Í 138. gr. er mælt fyrir um að tollstjóra sé heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað og til innflytjanda sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests. Stöðvun tollafgreiðslu skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans. Greinin á jafnt við um inn- og útflutning, sbr. 151. gr. frumvarpsins. Greinin er nýmæli í tollalögum.

Um 139. gr.

139. gr. er samhljóða 50. gr. A gildandi tollalaga. Ákvæðið kom inn í tollalög með 6. gr. laga nr. 87/1995. Vísað er til athugasemda með þeim lögum um greinina.

Um XVIII. kafla.

Í XVIII. kafla frumvarpsins, nánar tiltekið í 140.–146. gr., er fjallað um undirboðs- og jöfnunartolla. Ákvæði kaflans eru öll óbreytt frá XII. kafla, 115.–120. gr. A, núgildandi tollalaga, að öðru leyti en því að röðun töluliða og stafliða hefur verið breytt í einstökum greinum til samræmis við uppsetningu annarra greina frumvarpsins.

Um 140. gr.

Greinin er samhljóða 115. gr. gildandi tollalaga.

Um 141. gr.

Greinin er samhljóða 116. gr. gildandi tollalaga.

Um 142. gr.

Greinin er samhljóða 117. gr. gildandi tollalaga.

Um 143. gr.

Greinin er samhljóða 118. gr. gildandi tollalaga.

Um 144. gr.

Greinin er samhljóða 119. gr. gildandi tollalaga.

Um 145. gr.

Greinin er samhljóða 120. gr. gildandi tollalaga.

Um 146. gr.

Greinin er samhljóða 120. gr. A gildandi tollalaga.

Um XIX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um útflutning. Ákvæði kaflans samsvara flest 121. gr. gildandi tollalaga. Eitt ákvæði í kaflanum er nýmæli sem fjallar um einfaldaðar útflutningsskýrslur.

Um 147. gr.

Ákvæði 147. gr. samsvarar 1. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga.

Um 148. gr.

Ákvæði 148. gr. er nýmæli sem mælir fyrir um að þeir sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga, t.d. netverslun, geta sótt um leyfi tollstjórans í Reykjavík til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum. Með ákvæðinu er tekið tillit til þess að nokkur íslensk fyrirtæki hafa sett á fót póstverslun með ýmsar vörur og selt til einstaklinga erlendis með góðum árangri. Atvinnustarfsemi af þessu tagi er vaxtarbroddur í verslun sem rétt er að taka tillit til í tollalögum. Þar sem oftast er um litlar og ódýrar sendingar að ræða er hagræði af því fyrir slík fyrirtæki að geta skilað útflutningsskýrslum fyrir ákveðið tímabil, t.d. á tveggja mánaða fresti, þrátt fyrir að útflutningur hafi þegar átt sér stað. Engin gjöld eru greidd af vörum við útflutning en mikilvægt er fyrir stjórnvöld að fá upplýsingar um verslunartölur vegna útflutnings.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verður á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning. Í reglugerðinni má gera ráð fyrir

að mælt verði fyrir um til hvaða vara heimild til einfaldaðra útflutningsskýrslna skal ná, hámarksverðmæti hverrar sendingar, form og efni einfaldaðrar útflutningsskýrslu, lengd uppgjörstímabils einfaldaðra útflutningsskýrslna og varðveislu fylgigagna vegna þeirra.

Um 149. gr.

Ákvæði 149. gr. mælir fyrir um að útflutningsskilyrðum skuli fullnægt í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda. Ákvæðið samsvarar 3. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að fellt er niður skilyrði um að greiða skuli útflutningsgjöld í tollumdæmi þar sem vara er flutt í far til útlanda. Engin gjöld eru greidd við útflutning og er þetta skilyrði því óþarft.

Um 150. gr.

Greinin er samhljóða 3. mgr. 121. gr. gildandi tollalaga.

Um 151. gr.

Í 151. gr. er kveðið á um að önnur ákvæði laganna en þau sem eru í XIX. kafla gildi um útflutning að breyttu breytanda ef ekki er mælt fyrir um annað í kaflanum.

Um XX. kafla.

Í kaflanum er ein grein er fjallar um reglur um uppruna vöru.

Um 152. gr.

Ákvæði 152. gr. er samhljóða 122. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að 6. mgr. 122. gr. er felld brott þar sem hún þykir óþörf. Um athugasemdir með greininni er vísað til 9. gr. laga nr. 87/1995 og 37. gr. laga nr. 69/1996.

Um XXI. kafla.

XXI. kafli frumvarpsins ber heitið Tollgæsla. Í kaflanum er að finna reglur um heimildir til þess að framfylgja ákvæðum laganna og samskipti tollgæslu og borgaranna. Einnig er fjallað um ýmis réttindi og skyldur tollgæslumanna.

Flest ákvæðin eru hliðstæð ákvæðum sem er að finna í gildandi tollalögum eða eiga sér hliðstæðu í lögreglulögum og taka því öll ákvæði kaflans mið af gildandi réttarframkvæmd.

Um 153. gr.

Ákvæði 153. gr. ber yfirskriftina Handhafar tollgæsluvalds. Hugtakið tollgæsluvald er ekki notað í gildandi tollalögum og hefur ekki verið notað í öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Fræðilega er hugtakið tollgæsluvald ein tegund opinbers valds sem stjórnvöld fara með. Tollgæsluvald telst til réttarvörsluvalds eins og lögregluvald, sbr. 9. gr. lögreglulaga, og fullnustuvald sýslumanna, enda felst í tollgæsluvaldi valdbeitingarheimild ef þörf krefur. Með tollgæsluvaldi er nánar átt við vald sem tollgæslunni einni er falið til þess að gefa fyrirskipanir og til þess að grípa til aðgerða gagnvart þegnunum með valdbeitingu ef nauðsynlegt er.

Skv. 1. mgr. 153. gr. fara tollverðir með tollgæsluvald. Tollverðir eru þeir starfsmenn tollyfirvalda sem hafa það hlutverk að tryggja að ekki sé brotið gegn ákvæðum tollalaga eða eftir atvikum annarra laga og fara með rannsókn brota í ákveðnum tilvikum. Með orðinu „tollvörður“ í ákvæðinu er einnig átt við þá sem gegna stöðum yfirmanna í tollgæslu, svo sem deildarstjóra, aðaldeildarstjóra o.s.frv. Jafnframt fara þeir með tollgæsluvald sem gegna

stöðum æðstu yfirmanna hjá tollstjórum, tollstjóri og löglærðir fulltrúar hans, en þeir hafa það starfssvið að stjórna, skipuleggja og aðstoða við rannsókn máls. Skrifstofufólk og annað starfsfólk tollstjóra sem ekki gegnir tollgæslustörfum fer ekki með tollgæsluvald. Tollgæsluvald fylgir samkvæmt framansögðu eingöngu nánar tilteknum störfum hjá tollyfirvöldum.

Skv. 2. mgr. 153. gr. er fjármálaráðherra heimilt að fela öðrum starfsmönnum tollyfirvalda tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum. Undir þetta gætu fallið sérfróðir rannsóknarmenn, t.d. viðskiptafræðingar og endurskoðendur. Tekið er fram að framsal tollgæsluvalds samkvæmt þessari málsgrein er eingöngu heimilt þegar um er að ræða sérstök verkefni er vara í afmarkaðan tíma.

Í 3. mgr. 153. gr. er kveðið á um að ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og lögreglumenn fari með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu skv. 1. mgr. 158. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við 1. og 3. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skipshafnir varðskipa fari með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu að beiðni tollstjóra skv. 2. mgr. 158. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er í samræmi við 2. og 3. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að aðrir þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fari með tollgæsluvald á meðan þeir sinna þeim starfa. Ákvæðið er í samræmi við 4. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga og 171. gr. frumvarpsins. Sambærileg lagaákvæði er gera ráð fyrir aðstoð borgaranna við löggæslu eru 9. gr. og 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, 127. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 154. gr.

Í 1. mgr. 154. gr. er lýst almennum skyldum handhafa tollgæsluvalds.

Í 1. málsl. 2. mgr. er gengið út frá því að tollgæsla gæti ávallt fyllsta hlutleysis og réttsýni við rannsókn mála. Er þetta í samræmi við 31. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Þá er í 2. og 3. málsl. 2. mgr. sett fram almenn regla um framkvæmd starfa tollgæslunnar sem byggð er á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem felur í sér að stjórnvöld verða að gæta hófs í meðferð valds sem þau fara með. Skulu tollverðir eða aðrir handhafar tollgæsluvalds á grundvelli þessarar reglu ávallt velja vægasta mögulega úrræði við valdbeitingu. Þá verður eðlilegt samræmi að vera á milli óhagræðis sem valdbeiting leiðir af sér og markmiðs valdbeitingar. Tollgæsla skal jafnan beita vægasta úrræði sem völ er á ef það nægir til að náð verði því markmiði sem að er stefnt og valdbeiting verður að vera hófleg miðað við þá almannahagsmuni sem í húfi eru. Meðalhófsreglan gildir um alla starfsemi tollstjóra en rétt þykir að árétta hana sérstaklega í þeim kafla frumvarpsins sem fjallar um starfsemi tollgæslu þar sem tollgæslu eru veittar meiri heimildir til valdbeitingar en öðrum starfsmönnum tollstjóra. Í 12. gr. stjórnsýslulaga segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Fyrirmynd að 154. gr. frumvarpsins er að finna í 1. og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Um 155. gr.

Í ákvæði 155. gr. er mælt fyrir um skilríki tollvarða, einkennisfatnað og tollfánann. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga. Í ákvæðinu er mælt

fyrir um að tollverðir skuli að jafnaði vera einkennisklæddir við störf sín og skuli ávallt bera á sér sérstök skilríki við framkvæmd starfa sinna. Einnig geta þeir dregið tollfánann að húni til að sýna fram á að tollgæsla sé við störf. Sú áherslubreyting er gerð að tollverðir skulu ávallt bera á sér skilríki við störf sín. Eðlilegt er að í skilríkjum sé tilgreindur gildistími til þess að tryggja að ekki séu í umferð skilríki manna sem látið hafa af störfum en bera með sér að vera enn í gildi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra setji reglugerð um einkennismerki tollgæslu, sbr. reglugerð nr. 905/2001, um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslu.

Um 156. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 157. gr.

Ákvæði 1. mgr. 157. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga sem heimilar tollgæslumönnum að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef nauðsyn krefur. Sú áherslubreyting er gerð í frumvarpinu frá gildandi lögum að valdbeitingarheimildin er með skýrum hætti bundin því skilyrði að aldrei má ganga lengra í beitingu hennar en nauðsynlegt reynist hverju sinni. Áherslubreytingin er í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Ákvæði 2. mgr. 157. gr. er samhljóða 4. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 158. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Um 159. gr.

Ákvæði 159. gr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 32. gr. gildandi tollalaga.

Um 160. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 161. gr.

Ákvæði 161. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 43. gr. gildandi tollalaga.

Um 162. gr.

Ákvæði 1. mgr. 162. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 45. gr. gildandi tollalaga. Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 49. gr. gildandi laga.

Um 163. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 164. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 42. gr. gildandi tollalaga.

Um 165. gr.

Ákvæði 1.–4. mgr. 165. gr. er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 44. gr. gildandi tollalaga sem hefur verið brotin upp í fleiri málsgreinar í þeim tilgangi að auðveldara verði að glöggva sig á efni greinarinnar.

Um 166. gr.

Í 166. gr. er kveðið á um sérstakar reglur er gilda um leit tollgæslu á ólögráða einstaklingum. Ákvæðið er nýmæli.

Eftir hækkun lögræðisaldurs barna úr 16 árum í 18 ár og með auknum ferðalögum á milli landa má telja næsta víst að færst hafi í vöxt að börn og ungmenni sem ekki hafa náð sjálfræðisaldri séu á ferð án foreldra eða forsjáraðila sinna. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega í frumvarpinu um réttarstöðu barna við leit. Litið er svo á að börn undir 18 ára aldri ferðist milli landa með leyfi forsjáraðila sinna og að í því felist ákveðið samþykki foreldris eða annars forsjáraðila fyrir því að hafa megi almenn reglubundin opinber afskipti af börnum sem ferðast ein án þess að leitað sé samþykkis í hverju tilviki. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að leit í farangri, sem oft byggist á slembiúrtaki eða öðru fyrir fram skilgreindu úrtaki, falli ekki undir sérreglu 166. gr. um leit á börnum og öðrum ólögráða einstaklingum. Talin er ástæða til að setja sérreglur um líkamsleit á börnum og öðrum ólögráða einstaklingum þar sem slík leit hlýtur ávallt að skoðast sem umtalsvert inngrip í friðhelgi einstaklings og þykir ástæða til að gæta sérstaklega réttinda barna og annarra ólögráða einstaklinga í þessu samhengi.

Í 1. mgr. 166. gr. er mælt fyrir um að framkvæmi tollgæsla líkamsleit á barni, þ.e. ólögráða einstaklingi yngri en 18 ára, skuli þá þegar hafa samband við þann sem fer með forsjá barns og fulltrúa barnaverndarnefndar í því umdæmi þar sem leit skal fara fram og gefa báðum aðilum kost á að koma á staðinn án tafar og vera viðstaddir þegar leit fer fram. Er talið nauðsynlegt að hvetja báða þessa aðila til að vera viðstaddir þegar leit fer fram þar sem fyrirsjáanlegt er að í einhverjum tilvikum getur foreldri ekki verið viðstatt leit á ólögráða barni sínu vegna þess að barnið er fjarri dvalarstað foreldris.

Í 2. mgr. 166. gr. er mælt fyrir um reglur um framkvæmd líkamsleitar á einstaklingum sem eru 18 ára og eldri en eru ólögráða af öðrum ástæðum. Er þá mælt fyrir um að gefa skuli lögráðamanni kost á að vera viðstaddur leit.

Um 167. gr.

Ákvæði 167. gr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 168. gr.

Ákvæði 168. gr. þarfnast ekki skýringa. Fyrirmynd ákvæðisins er að miklu leyti sótt til 2. málsl. 46. gr. gildandi tollalaga.

Um 169. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 47. gr. gildandi tollalaga. Í 2. mgr. 169. gr. er þó sú breyting gerð að tollstjóranum í Reykjavík er falið það hlutverk að ákveða gerð innsigla í stað fjármálaráðherra.

Um 170. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 48. gr. gildandi tollalaga.

Um 171. gr.

Í 171. gr. er að finna ákvæði sem heimilar tollgæslu að kveðja sér til aðstoðar hvern fullgildan mann ef nauðsyn ber til.

Ákvæðið svarar til 4. mgr. 41. gr. gildandi tollalaga og 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Í 1. mgr. 171. gr. er lögfestur fyrirvari þess efnis að manni verður ekki gert skylt að sinna kvaðningu tollgæslu ef hætt þykir á að hann stofni lífi, heilbrigði, velferð eða öðrum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu með því.

Í 2. mgr. 171. gr. er kveðið á um að þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. hafi tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu. Þá er jafnframt áréttað að þeir njóti verndar sem tollverðir. Er m.a. átt við vernd samkvæmt ákvæðum XII. kafla almennra hegningarlaga og 173., sbr. 185. gr. frumvarpsins.

Í lögreglulögum er mælt fyrir um að brot gegn samsvarandi ákvæði varði fésektum. Ekki þykir ástæða til að brot gegn 171. gr. frumvarpsins varði refsingu.

Um 172. gr.

Í 171. gr. frumvarpsins er almennt ákvæði sem leggur þá skyldu á að aðstoða tollgæslu. Þrátt fyrir að slíkt almennt ákvæði sé tekið upp í frumvarpinu þykir ástæða til að tíunda í 172. gr. ákveðnar skyldur farþega og áhafna í millilandaförum, skyldur innflytjenda og vörsluhafa ótollafgreiddra vara og skyldur stjórnenda fara og farartækja varðandi aðstoð við tollgæslu og hlýðni við fyrirmælum hennar. Í þessum tilvikum má helst gera ráð fyrir að reyni á aðstoð borgara við tollgæslu og skyldu til hlýðni við tollgæslu. Ekki er um tæmandi talningu tilvika að ræða.

1. mgr. 172. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 49. gr. gildandi tollalaga.

2. mgr. 172. gr. er að mestu samhljóða 25. gr. gildandi tollalaga.

3. mgr. 172. gr. er efnislega samhljóða 3. og, 4. mgr. 43. gr. gildandi tollalaga.

Um 173. gr.

Í gildandi tollalögum er ekki að finna almennt ákvæði sem mælir fyrir um bann við að tálma tollgæslu við skyldustörf eða óhlýðnast fyrirmælum tollgæslu. Í 173. gr. er kveðið á um að enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni tollgæslustörfum eða óhlýðnist fyrirmælum sem tollgæslan gefur í því skyni að vinna að framkvæmd tollalaga. Fyrirmynd 173. gr. er sótt til 19. og 21. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Í 185. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um refsingar við því að óhlýðnast fyrirmælum þessa ákvæðis. Brot gegn ákvæðinu varðar aðeins fésektum.

Um XXII. kafla.

XXII. kafli frumvarpsins fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Kaflinn skiptist í þrjá undirkafla: Refsiábyrgð og refsingar, Önnur viðurlög og Rannsókn, málsmeðferð og fyrning.

Fyrsti undirkafli XXII. kafla ber heitið refsiábyrgð og refsingar. Öll refsiákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinæmi verknaðar auk annarra skilyrða refsiábyrgðar. Verknaðarlýsingarnar eru sérgreindar í samræmi við kröfur stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um skýrleika refsiheimilda. Því er lagt til að 135. gr. gildandi tollalaga, sem hefur ekki að geyma sérgreinda verknaðarlýsingu, verði felld niður. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg ákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. um hlutræna refsiábyrgð einstaklinga, öfuga sönnunarbyrði og óskipta (sólidariska) refsiábyrgð.

Annar undirkafli XXII. kafla ber heitið Önnur viðurlög. Þar er fjallað um refsikennd viðurlög, upptöku eigna og réttindasviptingu, vegna brota gegn ákvæðum kaflans.

Síðasti undirkafli XXII. kafla ber heitið Rannsókn, málsmeðferð og fyrning. Í gildandi

tollalögum ber sambærilegur kafli heitið Málsmeðferð. Breytingin á heiti undirkaflans endurspeglar hvort tveggja í senn, nýja tilhögun á rannsóknar- og málsmeðferðarákvæðum tollalaga og aukinn hlut tollyfirvalda í rannsókn á refisverðum brotum. Ákvæði kaflans gegna þríþættu markmiði: Í fyrsta lagi að auka hlut tollyfirvalda í rannsókn refsiverðra tollalagabrota og tengdra sérrefsilagabrota með það að markmiði að tollstjórar annist að meginstefnu til rannsókn slíkra brota. Í öðru lagi að skapa skýrari heildarmynd í tollalögum af rannsóknaraðgerðum og málsmeðferð tollyfirvalda með nýjum samþættum ákvæðum í tollalögum auk tilvísana til laga um meðferð opinberra mála þar sem við á. Í þriðja lagi að skerpa skilin milli tollyfirvalda, lögreglu og ákæruvalds en jafnframt að efla samvinnu milli þessara aðila.

Um 174. gr.

Í 174. gr. er valin sú leið til einföldunar og samræmingar að lögfesta sérstakt ákvæði um almenn skilyrði refsiábyrgðar vegna brota á tollalögum. Af ákvæðinu leiðir að refsiverð eru einungis brot gegn ákvæðum XXII. kafla, nema þau varði einnig við ákvæði annarra laga, t.d. almennra hegningarlaga. Gert er ráð fyrir að ákvæði III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um tilraun til afbrota, afturhvarf frá tilraun og hlutdeild í brotum gildi um refsiverð tollalagabrot skv. XXII. kafla, nema öðruvísi sé sérstaklega kveðið á í öðrum ákvæðum kaflans, t.d. með sjálfstæðum hlutdeildarákvæðum.

Í 2. mgr. 174. gr. er lögð til hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða, þ.e. að brot varða ekki refsingu nema þau séu framin af ásetningi eða gáleysi. Ef frávik eru heimiluð frá grundvallarreglunni um saknæmi þarf að taka það skýrt fram í einstökum refsiákvæðum.

Í 3. mgr. 174. gr. er heimilað að byggja á refsiábyrgð lögaðila, svo fremi að kveðið sé á um hana í öðrum ákvæðum kaflans. Ef ekki er sérstaklega kveðið á um skilyrði lögaðilaábyrgðar í viðkomandi refsiákvæði, svo sem um inntak og einkenni lögaðila sem hins refsiábyrga aðila, um hinn persónulega geranda og hvort saknæmiskröfur verða til hans gerðar, ber að styðjast við hin almennu ákvæði í 19. gr. b og 19. gr. c í almennum hegningarlögum. Á sama hátt þarf að taka fram hverju sinni ef ætlast er til að lögaðili sé ábyrgur fyrir greiðslu fésekta sem fyrirsvarsmaður eða annar starfsmaður hefur unnið til með dómi eða annarri sektarákvörðun.

Um 175. gr.

1. og 2. mgr. 175. gr. eru óbreyttar frá 1. og 2. mgr. 123. gr. gildandi tollalaga, að öðru leyti en því að refsiviðurlög eru nú einnig tilgreind í ákvæðinu. Tilgreining refsiviðurlaga er í 1. mgr. 124. gr. núgildandi laga. Skilgreining á ólöglegum innflutningi (smygli) var ákvörðuð með lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969, og er vísað til athugasemda við 60. gr. þeirra að því leyti. Um upptöku smyglvarnings er fjallað síðar í kaflanum.

Í 3. mgr. 175. gr. er sú breyting gerð frá gildandi lögum að felld er niður óskýr ráðagerð löggjafans um hlutræna refsisábyrgð stjórnanda fars (varaábyrgð) þegar smyglvarningur finnst í fari en eigandi varningsins finnst ekki. Dómstólar hafa þegar hafnað þessu ákvæði sem ófullnægjandi refsiheimild, sbr. dóm Hæstaréttar frá 27. janúar 2000, nr. 442/1999. Lagt er til að aðalrefsiábyrgðin hvíli á eiganda vöru ef hann finnst og fullnægir sannanlega refsiskilyrðum, m.a. saknæmisskilyrðum. Ef eigandi vöru finnst ekki er gefinn kostur á valkvæðri ábyrgð stjórnanda fars ef unnt er að sanna á hann refsivert gáleysi, eða refsiábyrgð lögaðila, t.d. útgerðar eða flugfélags, óháð sönnun um saknæmi manns sem starfar á farinu eða hjá lögaðilanum.

4. mgr. 175. gr. er samhljóða 4. mgr. 123. gr. gildandi laga. Ákvæðið var fyrst lögfest með 60. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Enda þótt ákvæðið, samkvæmt orðanna

hljóðan, lúti ekki að sérgreindu athafnaleysi í tengslum við tiltekna ólöglega starfsemi eða aðsteðjandi hættu er litið svo á að ákvæðið hafi gildi t.d. í tilvikum þar sem skipstjórnarmaður lætur undir höfuð leggjast að sinna tilskildu eftirliti í skipi sínu lögum samkvæmt eða hann hefur vitneskju um smyglstarfsemi skipverja án þess þó að eiga nokkurn þátt í henni.

Um 176. gr.

Ákvæði 176. gr. kemur í stað tveggja greina í gildandi tollalögum, 124. og 125. gr.

1. mgr. 176. gr. samsvarar 2. mgr. 124. gr. gildandi laga. Samkvæmt ákvæðinu getur endurgjaldslaus afhending og móttaka smyglvarnings verið refsiverð.

2. mgr. 176. gr. er samhljóða 4. mgr. 125. gr.

Fyrirvarinn í 1. mgr. 124. gr. gildandi tollalaga „nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum“ er felldur brott. Slíkur fyrirvari er óþarfur þar sem það er verkefni ákæruvalds og dómstóla að kanna hvort verknaður feli í sér fleiri en eitt afbrot (concursus idealis) sem kunna að varða við refsiákvæði í fleiri en einum lögum. Einnig getur átt sér stað að sama afbrotið varði við fleiri en eitt refsiákvæði þannig að dómstólar þurfi að skera úr um hvort (hvert) þeirra eigi við eða hvort báðum (öllum) verði beitt.

1. og 2. mgr. 125. gr. núgildandi tollalaga eru felldar brott þar sem í 174. gr. frumvarpsins er tilvísun til III. kafla almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild. 3. mgr. 125. gr. er einnig felld brott þar sem óheppilegt er að slá því föstu að almenn hegningarlög skuli ganga framar tollalögum. Slíkt mat heyrir undir ákæruvald og dómstóla.

Um 177. gr.

Ákvæði 177. gr. frumvarpsins kemur í stað þriggja fyrstu málsgreinanna í 126. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðið er einfaldað með hliðsjón af almenna ákvæðinu í 174. gr. frumvarpsins.

Nokkrar breytingar eru gerðar á saknæmisskilyrðum. Gáleysisheimild í 1. og 2. mgr. 177. gr. er rýmkuð, sbr. 174. gr. frumvarpsins, þannig að venjulegt gáleysi nægir sem saknæmisskilyrði í 1. mgr. 177. gr. í stað stórfellds gáleysis í 1. mgr. 126. gr. gildandi laga. Venjulegt gáleysi nægir einnig í 2. mgr. 177. gr. sem er ný málsgrein um refsiábyrgð tollmiðlara. Í refsihækkunarákvæði 3. mgr. er ásetningur áskilinn sem saknæmisskilyrði. Þá er tekið fram að refsihækkunarákvæðið eigi við ef brot er ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti. Ítrekun er þannig tilgreind sem dæmi um miklar sakir. Önnur dæmi um miklar sakir geta verið ef brot lýtur að verulegum fjárhæðum eða verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti.

Í 1. mgr. 177. gr. er tekið fram að sektir skuli nema að lágmarki tvöföldum en að hámarki tíföldum tolli af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Regla þessi er sú sama og í 1. mgr. 126. gr. gildandi laga. Það nýmæli er tekið upp að gert er ráð fyrir að hafi álag verið lagt ofan á tollverð samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins skuli álag á toll dregið frá sektarfjárhæð. Sambærilegt ákvæði er í 109. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 90/2003.

2. mgr. 177. gr. er nýmæli þar sem fjallað er sérstaklega um refsiábyrgð tollmiðlara. Gildir ákvæðið um sams konar athafnir og fjallað er um í 1. mgr. ákvæðisins. Tekið er fram að refsiverðar athafnir í verknaðarlýsingu geta bæði tengst innflutningi eða útflutningi eftir því sem við á.

3. mgr. 126. gr. gildandi tollalaga er felld brott á þeim forsendum að ekki er talið ráðlegt að veita smyglbrotum skv. 175. gr. frumvarpsins forgang eins og gert er í 3. mgr. 126. gr.

gildandi laga. Brot gegn 177. gr. frumvarpsins eru sérhæfðari en smyglbrot og varða þyngri refsingum. Þykir því eðlilegra að 177. gr. frumvarpsins tæmi sök gagnvart 175. gr.

Um 178. gr.

Ákvæði 178. gr. samsvarar þremur síðustu málsgreinum 126. gr. gildandi tollalaga.

Þær breytingar eru gerðar að einstaklingi verður eingöngu gerð refsing fyrir saknæma hegðun, sbr. 174. gr. og 2. mgr. 178. gr. frumvarpsins. Sjálfstætt ákvæði um refsiábyrgð lögaðila er í 3. mgr. 178. gr. Með því er felld niður heimild í 6. mgr. 126. gr. gildandi tollalaga til að gera lögaðila og fyrirsvarsmanni hans óskipta (sólidariska) sekt.

Um 179. gr.

Ákvæði 179. gr. svarar að miklu leyti til 128. gr. gildandi tollalaga. Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á ákvæðinu. Þannig eru verknaðarlýsingar 1. og 3. mgr. 128. gr. gildandi laga sameinaðar í 1. mgr. 179. gr. frumvarpsins.

Refsihámark ákvæðisins er hækkað úr sex mánaða fangelsi í eins árs fangelsi.

Með 2. mgr. 179. gr. er horfið frá öfugri sönnunarbyrði. Orðalag ákvæðisins áskilur gáleysi vörsluhafa vöru eða annars ábyrgðarmanns, annaðhvort gáleysi um eigin verk eða gáleysi sem fólgið er í eftirlitsskorti eða leiðbeiningarskorti gagnvart starfsfólki. Vanræksla vörslumanns um viðeigandi ráðstafanir eftir brotið fela í sér saknæmt athafnaleysi eftir því sem lýst er í ákvæðinu.

Um 180. gr.

180. gr. er að mestu samhljóða 129. gr. gildandi tollalaga. Fáeinar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar.

Skýrt er tekið fram í lok 3. mgr. 180. gr. að stjórnanda farartækis verður ekki refsað samkvæmt þeirri málsgrein nema hann hafi sýnt af sér gáleysi við flutning vöru út af varnarsvæðum.

Um 181. gr.

Ákvæði 181. gr. er nokkuð breytt frá gildandi ákvæði 130. gr. tollalaga. Lagt er til að tilgreint verði í ákvæðinu að það eigi eingöngu við misnotkun á leyfum, ívilnunum eða tollfríðindum skv. 7. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 182. gr.

Ákvæði 182. gr. frumvarpsins svarar til 132. gr. gildandi tollalaga. Í ákvæðinu er fjallað um refsiábyrgð stjórnenda, eigenda eða umráðamanna skipa og flugvéla í millilandaferðum.

Í 1. mgr. 182. gr. eru refsimörk ákvæðisins rýmkuð á þann veg að brot getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum í stað sekta eingöngu í gildandi lögum.

Rétt þykir að fella niður 2. mgr. 132. gr. gildandi laga sem fjallar um greiðslu kostnaðar af rannsókn eða eftirliti vegna vanrækslu.

Bætt er við ákvæði um refsiábyrgð lögaðila í 3. mgr. 182. gr. frumvarpsins.

Um 183. gr.

Ákvæði 183. gr. er óbreytt frá 133. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að hámark fangelsisrefsingar er stytt úr sex árum í tvö ár til samræmis við refsimörk annarra ákvæða kaflans.

Um 184. gr.

Ákvæði 184. gr. er efnislega samhljóða 127. gr. núgildandi tollalaga.

Um 185. gr.

Greinin er nýmæli í tollalögum þar sem lagt er til að lögfest verði ákvæði um refsingu við því að tálma tollvörðum í því að sinna skyldustörfum sínum við tollgæslu eða óhlýðnast tollvörðum við skyldustörf. Þykir rétt að lögfesta refsiákvæði um brot gegn banni við að tálma eða óhlýðnast tollgæslu við skyldustörf. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 19. og 21. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og 106. gr. hegningarlaga. Um athugsemdir með ákvæðinu er að öðru leyti vísað til athugasemda með 173. gr. frumvarpsins.

Um 186. gr.

Í 186. gr. er fjallað um eignaupptöku og svarar ákvæðið til 1., 2., 5. og 6. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga.

Ákvæði 1. mgr. 186. gr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 136. gr. gildandi laga. Felld eru niður orðin „eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim“. Ekki þykir ástæða til að vísa til stjórnvaldsfyrirmæla í refsiákvæði þar sem slík fyrirmæli geta ekki gengið lengra en lagaákvæði og ekki er ástæða til að ganga skemmra í stjórnvaldsfyrirmælum en lagaákvæðið gerir.

2. mgr. 186. gr. er samhljóða 2. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga.

3. mgr. 186. gr. er samhljóða 6. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga að öðru leyti en því að í stað orðanna „innan 30 daga“ kemur að „að liðnum 30 dögum“.

4. mgr. 186. gr. er samhljóða 5. mgr. 136. gr. gildandi tollalaga. Samkvæmt ákvæðinu er eignarupptaka heimil þótt sökunautur sé ósakhæfur eða ef sök er fyrnd.

Um 187. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. og 4. mgr. 136. gr. núgildandi tollalaga.

Um 188. gr.

188. gr. er samhljóða 137. gr. núgildandi tollalaga.

Um 189. gr.

Í 189. gr. er fjallað um réttindasviptingu sem viðurlög við brotum á þessum kafla.

1. mgr. 189. gr. er efnislega samhljóða 138. gr. gildandi tollalaga. Orðalagi hefur verið breytt lítillega. Notað er orðalagið „ítrekað“ í stað „margítrekað“. Rétt þykir að vísa um upphaf og lengd sviptingartíma til 68. gr. hegningarlaga og um endurveitingu réttinda til 68. gr. a sömu laga.

Ákvæði 2. mgr. 189. gr. er nýmæli. Í ákvæðinu er tiltekið að svipta megi mann tilteknu starfsleyfi sem hann hefur öðlast samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hafi leyfishafinn brotið gegn refsiákvæðum þessa kafla eða með öðrum hætti sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi. Gert er ráð fyrir að sérhvert refsivert brot gegn ákvæðum XXII. kafla frumvarpsins heimili leyfissviptingu; enn fremur alvarleg vanrækslubrot, þótt þau falli ekki undir refsiverð brot gegn lögunum, ef leyfishafi hefur sýnt af sér stórfellda vanrækslu í starfi. Vanræksla verður að vera í beinum tengslum við starf leyfishafans og þarf að vera stórfelld, t.d. stórfellt gáleysi, alvarlegar afleiðingar eða ítrekuð vanræksla.

Þau starfsleyfi sem 2. mgr. 189. gr. tekur til eru starfsleyfi sem tollmiðlari skv. 52. gr., leyfi til að reka afgreiðslugeymslu skv. 91. gr., leyfi til að reka tollvörugeymslu skv. 95. gr.,

leyfi til að reka tollfrjálsa forðageymslu skv. 101. gr., leyfi til að reka tollfrjálsa verslun skv. 107. gr. og leyfi til að reka frísvæði skv. 112. gr. Ekki er tæmandi talning starfsleyfa í 2. mgr. 189. gr., sbr. orðalagið „eða til að stunda önnur sambærileg störf". Ákvæðið fjallar ekki um afturköllun leyfa ef leyfishafar fullnægja ekki lengur skilyrðum til að öðlast starfsleyfi. Um afturköllun starfsleyfis í slíkum tilvikum er vísað til eftirfarandi greina frumvarpsins: 3. mgr. 53. gr. um afturköllun leyfis til að starfa sem tollmiðlari, 92. gr. um afturköllun leyfis til að reka afgreiðslugeymslu, 96. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollvörugeymslu, 102. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollfrjálsa forðageymslu, 108. gr. um afturköllun leyfis til að reka tollfrjálsa verslun og 113. gr. um afturköllun leyfis til að reka frísvæði.

Um 190. gr.

Ákvæði 1. mgr. 190. gr. byggist í ýmsum atriðum á 1. mgr. 50. gr. gildandi laga. Aðalmunurinn er fólginn í því að í 1. mgr. 50. gr. er samkvæmt orðanna hljóðan gert ráð fyrir rannsókn lögreglu sem aðalreglu, en rannsókn tollstjóra fremur sem víkjandi hlutverki. Hér er hins vegar lagt til að aðalreglan verði sú að tollstjórar annist rannsókn refsiverðra brota gegn tollalögum. Talið er rétt að áskilja ætíð rökstuddan grun sem grundvöll að tollrannsókn. Annað gildir um almennt tolleftirlit.

Sérhæfing og reynsla við tollrannsóknir er mest hjá starfsliði tollstjórans í Reykjavík. Jafnframt fer hann með samræmingarhlutverk á landsvísu varðandi tollframkvæmdina og þykir því eðlilegt að hann fái tilkynningar um stórfelld tollalagabrot frá öðrum tollstjórum, hvar sem þau eru framin á landinu. Jafnframt er mikilsvert að tollstjórinn í Reykjavík veiti þá aðstoð við rannsóknir utan Reykjavíkur sem þurfa þykir hverju sinni. Er ákvæði 1. mgr. 190. gr. að þessu leyti í samræmi við 45. gr. frumvarpsins sem felur tollstjóranum í Reykjavík að tryggja samræmda tollframkvæmd um land allt og að veita öðrum tollstjórum aðstoð og stuðning í störfum þeirra.

Ákvæði 2. mgr. 190. gr. er nýmæli í tollalögum þar sem kveðið er á um skyldu lögreglu til að veita tollstjóra aðstoð við að færa mann til skýrslugjafar vegna rannsóknar máls ef kvaðningu þess efnis hefur ekki verið sinnt án lögmætra forfalla. Með þessu er girt fyrir þann möguleika að tollskyldur aðili geti komið sér hjá því að mæta til skýrslugjafar hjá tollstjóra. Ákvæðið er sambærilegt úrræðum sem til staðar eru í lögum þegar kveðja þarf mann til skýrslugjafar hjá lögreglu eða þegar tryggja þarf að maður mæti við aðfarargerð.

Löggæslu- og rannsóknarheimildir tollgæslumanna sem vísað er til í 3. mgr. 190. gr. er einkum að finna í eftirfarandi greinum frumvarpsins: 157. gr. (valdbeiting),160. gr. (handtaka), 161.–166. gr. (leit og skoðun), 167. gr. (haldlagning), 168. gr. (rannsókn og yfirheyrsla) og 169. gr. (innsiglun).

Ákvæði 4. mgr. 190. gr. vísar til laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, varðandi framkvæmd tollrannsókna, yfirheyrslur grunaðra manna og aðrar skýrslutökur m.a. um þá skyldu rannsóknara að gæta ákvæða 32. gr. laganna.

Um 191. gr.

Í 191. gr. eru nokkur nýmæli er varða annars vegar verkaskiptingu tollstjóra og lögreglustjóra við rannsókn brota og hins vegar samvinnu lögregluyfirvalda, tollyfirvalda og ákæruvalds.

Ákvæði 1. mgr. 191. gr. er nýmæli sem gerir ráð fyrir því sem meginreglu að tollstjórar annist rannsókn tollalagabrota þótt þau varði jafnframt við önnur sérrefsilög, þ.e. í tilvikum þegar um eitt brot er að ræða sem varðar við tvö eða fleiri refsiákvæði. Sama á við þegar tollalagabrot tengist öðrum sérrefsilagabrotum, þ.e. í tilvikum þegar um er að ræða tvö eða

fleiri brot sem varða við tvö eða fleiri refsiákvæði. Áfengislagabrot eru sérstaklega tiltekin í ákvæðinu. Brot á áfengislögum tengjast oft brotum á tollalögum og þykir eðlilegt að tollstjórar fari með rannsókn brota gegn áfengislögum þegar þau tengjast brotum á tollalögum. Samkvæmt gildandi rétti er rannsóknarvald tollstjóra einskorðað við tollalagabrot en rannsókn áfengislagabrota er í höndum lögreglu, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. febrúar 2002, nr. 355/2001. Þykir óheppilegt að haga rannsókn þessara brotategunda með svo ólíkum hætti og nú er gert.

Það nýmæli er jafnframt í 1. mgr. 191. gr. að ríkissaksóknara er falið vald til þess að fela lögreglu, að hluta eða að öllu leyti, rannsókn sérrefsilagabrota er tengjast tollalagabroti ef hann telur hentugra, t.d. vegna umfangs brotanna eða vegna rannsóknartækja sem lögregla hefur yfir að ráða.

Í 2. mgr. 191. gr. er gengið út frá því að rannsókn hegningarlagabrota og allra fíkniefnabrota, hvort sem þau varða við hegningarlög eða sérlög, sé í höndum lögreglustjóra eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála. Lögreglustjóri getur eftir atvikum falið tollstjóra rannsóknina eða hluta hennar ef það þykir hentugra, t.d. vegna rannsóknarhagsmuna. Um þetta efni er einnig vísað til athugasemda við 3. mgr. sem fjallar um samvinnu lögreglu- og tollyfirvalda.

Í 3. mgr. 191. gr. er kveðið svo á að beiðnum erlendra tollyfirvalda, um aðstoð við rannsókn mála sem hlutaðeigandi tollyfirvöld annast, skuli beina til tollstjórans í Reykjavík. Fer tollstjórinn í Reykjavík með rannsókn málsins nema rannsóknin heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein. Með ákvæðinu er tekinn af allur vafi um að tollstjórinn í Reykjavík annast samskipti og aðstoð við erlend tollyfirvöld berist beiðnir um aðstoð við rannsókn tollamála samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði. Sem dæmi um slíkar alþjóðlegar skuldbindingar má nefna bókun 11 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Í 4. mgr. 191. gr. er kveðið á um gagnvirka samvinnu tollyfirvalda og lögregluyfirvalda auk ákæruvalds. Bersýnilega er tilefni til samvinnu tollstjóra við lögregluyfirvöld ef við tolleftirlit eða tollrannsókn vaknar grunur um hegningarlagabrot, t.d. fölsun eða rangfærslu skjala. Á sama hátt ber lögreglustjóra að hafa samvinnu við tollstjóra um rannsókn hvers konar brota ef sérstaklega reynir á sérþekkingu tollgæslu eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tollamálum. Rétt þykir að veita heimild til að setja frekari reglur um þessa samvinnu í reglugerð.

Um 192. gr.

Ákvæði 192. gr. svarar til 139. gr. gildandi tollalaga. Ákvæðinu hefur verið breytt nokkuð.

Í 1. mgr. 192. gr. er kveðið á um að með saksókn og málsmeðferð vegna brota á refsiákvæðum XXII. kafla skuli fara að hætti opinberra mála. Með hliðsjón af 148. gr. frumvarpsins, um breytt hlutverk tollstjóra við rannsókn mála og verkaskiptingu milli tollstjóra og lögreglustjóra, er það einungis saksókn og eftirfarandi málsmeðferð sem fer að öllu leyti að hætti opinberra mála samkvæmt lögum nr. 19/1991.

2.–5. mgr. 192. gr. eru samhljóða 2.–5. mgr. 139. gr. gildandi tollalaga, að undanskildum smávægilegum orðalagsbreytingum.

Um 193. gr.

Ákvæði 193. gr. er efnislega óbreytt frá 140. gr. núgildandi tollalaga.

Um 194. gr.

Með 194. gr. er lagt til að lögfest verði sérstakt fyrningarákvæði með fimm ára fyrningarfresti um öll brot gegn ákvæðum XXII. kafla. Er ákvæðið nokkru víðtækara en jafnframt sértækara en almenna ákvæðið í 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga sem tiltekur brot fólgin í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum o.fl. Sama viðmið er notað í 194. gr. um rof sakarfyrningarfrests og í 6. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um XXIII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ýmsum ákvæðum sem ekki heyra undir aðra kafla í frumvarpinu. Uppbygging og efni kaflans er í samræmi við XV. kafla gildandi tollalaga. Þó hefur nokkrum ákvæðum XV. kafla gildandi laga verið fundinn staður í öðrum köflum frumvarpsins til samræmis við efni þeirra. Þá er 144. gr. gildandi laga felld brott þar sem hún er óþörf, sbr. lög nr. 79/1980, um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda, og 8. gr. laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands.

Um 195. gr.

Í 195. gr. er kveðið á um þagnarskyldu tollvarða og annarra starfsmanna tollstjóra. Orðalagi hefur verið breytt verulega frá samsvarandi ákvæði í 141. gr. gildandi tollalaga. Í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er almennt ákvæði um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna. Vegna eðlis starfa tollvarða og annarra starfsmanna tollstjóra þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði í tollalögum um þetta efni. Ákvæðið tekur til allra starfsmanna tollstjóra.

Þagnarskyldan tekur jafnt til upplýsinga sem viðkomandi fær í starfi sínu og vegna þess. Í 2. mgr. er áréttað að þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Atriði sem þagnarskylda tekur til eru greind í fjórum liðum:

1. Upplýsingar um einkahagi manna sem geta varðað viðkvæm mál og eðlilegt er og sanngjarnt að leynt fari.
2. Upplýsingar um hvers konar viðskiptamálefni einstaklinga og fyrirtækja, þ.m.t. hvers kyns vitneskja sem ráða má beint eða óbeint af samritum af sölu- og vörureikningum eða af öðrum skjölum sem látin eru tollstjóra í té.
3. Upplýsingar er varða starfshætti tollstjóra, svo sem fyrirhugaðar rannsóknaraðgerðir. Í þessu sambandi er bent á að mikilvægt er að haldið sé leyndum upplýsingum um vissa þætti í starfsemi tollstjóra og um skipulagningu og útfærslu einstakra aðgerða, t.d. tollrannsóknar.
4. Aðrar upplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum tollstjóra eða eðli máls.

Þagnarskylda starfsmanna tollstjóra kemur ekki í veg fyrir að öðrum starfsmönnum tollstjóra, starfsmönnum lögreglu eða starfsmönnum ákæruvalds verði veittar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna starfa þeirra.

Í 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna ákvæði sem lýsir brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna refsivert.

Um 196. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 143. gr. gildandi tollalaga. Í 1. mgr. er orðið „tollasamvinnuráðið“ fellt brott en í staðinn kemur Alþjóðatollastofnunin. Í 3. mgr. er fjallað um heimild ráðherra til að sameina smásendingar í eitt tollskrárnúmer til einföldunar á toll-

afgreiðslu. Bætt er við málsgreinina orðunum „eða fara frá landinu“ til að taka af allan vafa um að einföldun tollafgreiðslu á jafnt við innflutning og útflutning. Breyting þessi er gerð til samræmis við nýmæli 148. gr. frumvarpsins um einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Um 197. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 145. gr. gildandi tollalaga. 2. mgr. er felld brott þar sem eðlilegt er að kveðið sé á um gjaldtökuheimildir tollstjóra í lögum. Um heimild tollstjóra til innheimtu þjónustugjalda er fjallað í 202. gr. frumvarpsins.

Um 198. gr.

Greinin er samhljóða 146. gr. gildandi tollalaga.

Um 199. gr.

Greinin er samhljóða 147. gr. gildandi tollalaga.

Um 200. gr.

Ákvæðið er samhljóða 148. gr. gildandi tollalaga.

Um 201. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 150. gr. gildandi tollalaga. Í stað orðsins „lögvernd" kemur lögveð.

Um XXIV. kafla.

Kaflinn inniheldur eingöngu eitt ákvæði þar sem safnað er saman öllum heimildum tollstjóra lögum samkvæmt til innheimtu þjónustugjalda vegna starfa tollstarfsmanna sem ekki teljast til almenns tolleftirlits. Um þetta efni er fjallað á víð og dreif í gildandi tollalögum en það þykir til skýringarauka að fjalla um gjaldtökuheimildir þessar á einum stað í lögunum.

Um 202. gr.

Í greininni er tollstjórum veitt heimild til að innheimta ýmis þjónustugjöld, talin upp í 10 töluliðum, vegna þjónustu sem tollstjóri veitir en telst ekki vera hluti af almennu tolleftirliti tollstjóra. Miðast fjárhæð gjalda við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem veitt er.

Flest þeirra gjalda sem talin eru upp í 1. mgr. eiga sér fyrirmynd í núgildandi tollalögum og eru nú þegar innheimt í samræmi við gildandi lagaheimildir. Til þess að gera frumvarpið eins aðgengilegt og skýrt og unnt er að þessu leyti er sett fram eitt ákvæði sem telur upp þau þjónustugjöld sem tollstjórar hafa heimild til að innheimta. Nýmæli eru eftirfarandi.

Förgunargjald skv. 6. tölul. sem skal standa straum af kostnaði við eyðileggingu vöru að beiðni eiganda. Ákvæðið á eingöngu við þegar eigandi eða vörsluhafi vöru óskar eftir að vöru verði fargað undir tolleftirliti. Dæmi um slíkt tilvik er þegar eigandi vöru óskar þess að vöru verði fargað undir tolleftirliti í stað þess að hún verði endursend úr landi, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Einnig getur verið að leyfishafi geymslusvæðis fyrir ótollafgreiddar vörur óski eftir að vöru verði fargað sem dagað hefur uppi á geymslusvæði hans.

Fylgdargjald skv. 7. tölul. vegna kostnaðar af tollgæslu við flutning á ótollafgreiddum vörum þar sem tollstjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka gæslu eða þegar þess er sérstaklega óskað að tollgæsla sé viðstödd flutning ótollafgreiddra vara, affermingu eða ferm-

ingu fara, innsetningu ótollafgreidds varnings á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur o.fl. Dæmi um kostnað samkvæmt þessum tölulið er þegar talið er nauðsynlegt að tollgæsla fylgi ótollafgreiddri vöru við flutning hennar á milli staða. Fyrirmynd slíks ákvæðis er að finna í 34. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Þá er í sumum tilvikum óskað viðveru tollgæslu þegar gámar eru opnaðir. Opinberar eftirlitsstofnanir, t.d. Fiskistofa, óska í sumum tilvikum eftir viðveru tollgæslu við opnum gáma. Þá óska eigendur hágjaldavöru, svo sem áfengis, stundum eftir viðveru tollgæslu við opnum gáma við innsetningu vöru í tollvörugeymslu til að tryggja að sýnt sé fram á að vöru á farmskrá vanti eða hún hafi orðið fyrir skemmdum.

Felld er niður heimild í gildandi tollalögum til að innheimta sérstakt tolleftirlitsgjald af skemmtiferðaskipum.

Tekjur allra tollstjóraembætta á árinu 2003 af þjónustugöldum voru um 40 millj. kr.

Um 203. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til tollalaga.

Núgildandi tollalög eru frá árinu 1987. Frá þeim tíma hafa orðið margs konar breytingar á íslensku viðskiptalífi og verkefnum og tækni á sviði tollamála. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á tollalögunum og er ætlað að laga þau að þessu breytta umhverfi. Þótt margs konar nýmæli og breytingar komi fram í frumvarpinu er engu að síður að stærstum hluta um það að ræða að ákvæði laganna verði felld betur að núverandi starfsháttum tollyfirvalda þannig að ekki er gert ráð fyrir að neinar verulegar breytingar verði þar á. Helsta breytingin að þessu leyti snýr að skipulagi tollyfirvalda eftir umdæmum þar sem lagt er til að þeim verði fækkað úr 26 í 9 í því skyni að gera yfirstjórnina markvissari á landsvísu. Tollstjórar verða þá einnig níu talsins. Þeir sýslumenn sem ekki gegna hlutverki tollstjóra verða umboðsmenn hans í viðkomandi umdæmi. Eftir sem áður er fyrirhugað að tollafgreiðslustaðir, eftirlit og þjónusta verði með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Tollverðir verði staðsettir á þeim stöðum þar sem þeirra er helst þörf en lögreglumenn geti gegnt þessu starfi sýslumanna í öðrum tilvikum. Er því ekki ástæða til að ætla að þessi skipulagsbreyting hafi umtalverð áhrif á rekstrarkostnað tollgæslunnar á hverjum stað. Hins vegar má gera ráð fyrir að útgjöld færist á milli stofnana í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi er miðað við að öll tollgæsla færist frá sýslumanninum í Keflavík til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli en um 13 m.kr. fjárheimild er sérgreind til þeirra verkefna í fjárlögum ársins 2004. Í annan stað er gert ráð fyrir að tollafgreiðsla fyrir Akranes og Grundartangahöfn færist frá sýslumanninum í Borgarnesi til tollstjórans í Reykjavík og að sýslumaðurinn í Stykkishólmi verði tolltjóri Vesturlandsumdæmis. Sérgreind fjárveiting til tollgæslu hjá sýslumanninum í Borgarnesi er 13,6 m.kr. í fjárlögum ársins 2004 og lauslega áætlað má gera ráð fyrir að við þessa breytingu færist um tveir þriðju hlutar fjárheimildarinnar til tollstjórans í Reykjavík og um einn þriðji til sýslumannsins í Stykkishólmi.

1603. Skýrsla [987. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2003 (flugmálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

2. FLUGMÁLAÁÆTLUN

2.1 Fjármál.

Þar sem endurskoðað bókhald Flugmálastjórnar fyrir árið 2003, ásamt reikningsuppgjöri ársins, liggur ekki fyrir ber að skoða allar fjármunahreyfingar sem fram koma í skýrslunni í því ljósi.

Tekjur og framlög.


Markaðar tekjur.

Flugvallagjald. Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna af flugvallagjaldi árin 1997–2003:

Tafla 1 Þróun tekna af flugvallagjaldi árin 1997-2003 (millj. kr.)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Flugvallagjald, utanlandsflug	436	495	547	647	618	587	698
Flugvallagjald, innanlandsflu	62	69	72	68	53	51	52
Samtals:	**498**	**564**	**619**	**715**	**671**	**638**	**750**

Mynd 1 Tekjur af flugvallagjaldi



Eins og taflan og myndin sýna hafa tekjur af flugvallagjaldi ársins 2003 ekki verið jafnháar frá árinu 1997. Þá ber einnig að geta þess að gjaldskrá fyrir flugvallagjald hefur ekki hækkað á umræddu tímabili.

Afgreiðslugjald. Tekjur af afgreiðslugjöldum vegna skráninga loftfara, útgáfu skírteina og endurnýjun lofthæfisskírteina urðu á árinu 2003 12,5 millj. kr.

Framlög úr ríkissjóði.

Á árinu 2003 var framlag ríkissjóðs til flugmálastjórnar 979 millj. kr. Þá ber að geta þess að heimild fékkst fyrir millifærslu á umframtekjum flugvallagjalds ársins 2003 til reksturs að upphæð 104,7 millj. kr.

Ríkistekjur.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun ríkistekna:

Tafla 2 Sundurliðun ríkistekna árið 2003 (þús. kr.)

Lendingargjöld	71.108
Prófgjöld vegna þjónustu flugöryggissviðs	7.100
Eftirlitsgjöld loftfara	105.246
Eftirlitsgjöld flugrekenda	10.894
Samtals:	**194.348**

Sértekjur.

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu. Þessar tekjur eru vegna reksturs á B-hluta Flugmálastjórnar, en uppgjör liggur ekki fyrir. Tekjurnar eru áætlaðar í fjárlögum og samgönguáætlun árið 2003 1.377,6 millj. kr.

Aðrar sértekjur. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun annarra sértekna:

Tafla 3 Sundurliðun annarra sértekna árið 2003 (þús. kr.)

Önnur verksala	408.366
Aðrar þjónustutekjur	113.882
Námskeiðsgjöld	102.384
Flugvélaleiga	45.807
Húsaleiga	14.512
Önnur leigusala	12.990
Vaxta og fjármunatekjur	17.967
Ýmis vörusala	6.925
Sala eigna	805
Annað	401
Samtals:	**724.039**

Gjöld.

Rekstur og þjónusta.

Yfirstjórn. Rekstrarútgjöld yfirstjórnar hækka um 9,4% milli áranna 2002 og 2003. Launagjöld hækka um aðeins 0,8%, en önnur rekstrarútgjöld hækka nokkuð, eða um 23,2%, sem skýrist af því að á árinu 2003 var kostnaður vegna viðhalds á flugturnsbyggingunni í Reykjavík, að upphæð 23,1 millj. kr., bókfærður á yfirstjórn.

Tafla 4 Rekstur yfirstjórnar 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2003	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	164.337	163.090	0,8%
Önnur rekstrargjöld	125.056	101.520	23,2%
Samtals	**289.393**	**264.610**	**9,4%**
Tekjur	219.523	246.885	-11,1%
Gjöld umfram tekjur	69.870	17.725	294,2%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur lækkað um 11,1% milli ára og hafa því gjöld umfram tekjur hækkað verulega frá fyrra ári.

Flugumferðarþjónusta innan lands. Útgjöld flugumferðarsviðs hækkuðu um 10,6% á milli ára. Laun lækkuðu um 2,1%, en önnur rekstrargjöld hækkuðu um 73,7% vegna þjónustu flugumferðarþjónustunnar í Kosovo og aukins reksturs ATS-skólans, en á móti hækkuðu tekjur þjónustunnar verulega frá fyrra ári.

Tafla 5 Rekstur flugumferðarsviðs 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2003	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	348.512	356.162	-2,1%
Önnur rekstrargjöld	124.575	71.706	73,7%
Samtals	**473.087**	**427.868**	**10,6%**
Tekjur	356.489	310.597	14,8%
Gjöld umfram tekjur	116.598	117.271	-0,6%

Eins og taflan sýnir hafa gjöld umfram tekjur lækkað um 0,6% milli áranna 2002 og 2003.

Eftirlit og öryggismál. Á undanförnum árum hafa umsvif flugöryggissviðsins aukist jafnt og þétt, vegna krafna um aukið eftirlit ásamt meiri gæðakröfum. Laun og launatengd gjöld hækka um 9,9% á milli ára, en önnur rekstrargjöld aðeins um 0,7%.

Tafla 6 Rekstur flugöryggissviðs 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld	2003	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	93.047	84.627	9,9%
Önnur rekstrargjöld	76.301	75.742	0,7%
Samtals	**169.348**	**160.369**	**5,6%**
Tekjur	138.411	112.129	23,4%
Gjöld umfram tekjur	30.937	48.240	-35,9%

Eins og taflan sýnir hafa rekstrarútgjöld hækkað á milli áranna 2002 og 2003 um 5,6%, en tekjur hafa hækkað verulega, eða um 23,4%. Rekstrarafkoma ársins 2003 er því verulega betri, miðað við fyrra ár.

Alþjóðaflugþjónusta. Eins og áður er getið liggur ekki fyrir uppgjör ársins 2003 vegna alþjóðaflugþjónustunnar og þar af leiðandi framlag Íslands til þjónustunnar, en útgjöldin eru áætluð í fjárlögum ársins og samgönguáætlun, samtals 1.475,1 millj. kr.

Flugvalla- og flugleiðsöguþjónusta. Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Engu að síður er nauðsynlegt að viðhalda mannvirkjum á þeim flugvöllum þar sem áætlunarflug hefur lagst af. Þannig hafa önnur rekstrargjöld ekki lækkað í takt við þróunina. Á árinu 2003 hækkuðu önnur rekstrargjöld um 7,2% frá árinu áður, en laun og launatengd gjöld hækkuðu aðeins um 2,6%, sem skýrist af fækkun starfsmanna þeirra flugvalla sem áður voru áætlunarflugvellir.

Tafla 7 Rekstur flugvalla-og flugleiðsögusviðs 2003 og 2002 (þús. kr.)

Gjöld	2003	2002	Breyting
Laun og launatengd gjöld	340.643	331.867	2,6%
Önnur rekstrargjöld	617.789	576.411	7,2%
Samtals	**958.432**	**908.278**	**5,5%**
Tekjur	216.484	204.782	5,7%
Gjöld umfram tekjur	741.948	703.496	5,5%

Eins og sést á töflunni hafa tekjur hækkað á milli ára um 5,7%. Gjöld umfram tekjur hafa því hækkað um 5,5% milli áranna 2002 og 2003.

Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir rekstrarafkomu fimm stærstu áætlunarflugvallanna, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvallar. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman í einni niðurstöðutölu í töflum 18 og 19.

Reykjavíkurflugvöllur. Rekstur Reykjavíkurflugvallar lækkaði um 4,5% milli áranna 2002 og 2003, eða um 13,1 millj. kr. Heildarútgjöldin urðu 5 millj. kr. undir áætlun, eða sem nemur 1,8%. Tekjur flugvallarins hækkuðu um 1,5% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2003:

Tafla 8 Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2003 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	157.573	162.631	-5.058	-3,1%
Flugumferðarsvið	122.000	122.000	0	0,0%
Samtals	**279.573**	**284.631**	**-5.058**	**-1,8%**

Rekstur flugvalla- og flugleiðsögusviðs varð 3,1% lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Rekstur aðflugsþjónustu var samkvæmt áætlun.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum hinna ýmsu verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2002 og 2003:

Tafla 9 Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árin 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	45.864	45.099	765	1,7%
Snjómokstur	11.553	15.516	-3.963	-25,5%
Slökkviþjónusta	71.473	72.192	-719	-1,0%
Vélaverkstæði	18.144	19.471	-1.327	-6,8%
Trésmíðaverkstæði	10.539	10.073	466	4,6%
Flugturn	122.000	130.362	-8.362	-6,4%
Samtals	**279.573**	**292.713**	**-13.140**	**-4,5%**
Tekjur				
Lendingargjöld	39.593	39.787	-194	-0,5%
Leigutekjur	9.194	9.873	-679	-6,9%
Verksala og þjónusta	16.583	14.738	1.845	12,5%
Samtals	**65.370**	**64.398**	**972**	**1,5%**
Gjöld umfram tekjur	214.203	228.315	14.112	-6,2%
Hlutfall tekna af gjöldum	23,4%	22,0%		
Framlag á hvern farþega kr.	617	696	-79	-11,3%

Taflan sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 214,2 millj. kr. og lækkuðu um 6,2% frá fyrra ári. Hlutfall tekna af gjöldum er 23,4%, sem er nokkur hækkun frá árinu áður. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2003 er 617 kr. á móti 696 kr. árið á undan og er það 11,3% lækkun, en farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði um 5,7% milli ára, sem skýrir þessa lækkun að hluta.

Akureyrarflugvöllur. Rekstrarniðurstaða Akureyrarflugvallar fyrir árið 2003 er sú að flugvöllurinn fór 13,2 millj. kr. fram úr rekstraráætlun ársins, eða 9,7%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2003 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við rekstraráætlun ársins:

Tafla 10 Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2003 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	107.238	94.000	13.238	14,1%
Flugumferðarsvið	42.100	42.100	0	0,0%
Samtals	**149.338**	**136.100**	**13.238**	**9,7%**

Eins og taflan sýnir kostaði rekstur Akureyrarflugvallar tæpar 149 millj. kr. á árinu 2003 án fjármagns- og stofnkostnaðar. Heildarútgjöld flugvallarins á árinu 2003 voru 7,0 millj. kr. hærri en árið á undan, eða 4,9%.

Næsta tafla sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 2002 og 2003, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlag á hvern farþega sem um flugvöllinn fóru árið 2003:

Tafla 11 Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árin 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	107.238	97.285	9.953	10,2%
Rekstur flugturns	42.100	45.033	-2.933	-6,5%
Samtals	**149.338**	**142.318**	**7.020**	**4,9%**
Tekjur				
Lendingargjöld	16.195	12.003	4.192	34,9%
Leigutekjur	2.303	2.704	-401	-14,8%
Verksala og þjónusta	2.375	1.551	824	53,1%
Samtals	**20.873**	**16.258**	**4.615**	**28,4%**
Gjöld umfram tekjur	128.465	126.060	2.405	1,9%
Hlutfall tekna af gjöldum	14,0%	11,4%		
Framlag á hvern farþega kr.	747	803	-56	-7,0%

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 128 millj. kr. á árinu 2003, samanborið við 126 millj. kr. árið 2002 og er hækkunin aðeins 1,9% sem skýrist af því að tekjur hækkuðu um 28,4% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2003 14,0%, samanborið við 11,4% á árinu 2002. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 747 kr. sem er nokkur lækkun frá árinu áður, eða 7,0%.

Egilsstaðaflugvöllur. Heildarrekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar á árinu 2003 urðu aðeins 1,0 millj. kr. hærri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir, eða 1,4%. Rekstur flugvallarins kostaði á árinu rúmar 74,5 millj. kr. og hefur því hækkað um 2,6 millj. kr. frá árinu áður, eða um 3,6%. Tekjur flugvallarins hækkuðu nokkuð, eða um 19,8%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2003 og samanburð við rekstraráætlanir ársins:

Tafla 12 Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2003 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	55.995	54.000	1.995	3,7%
Flugumferðarsvið	18.515	19.464	-949	-4,9%
Samtals	**74.510**	**73.464**	**1.046**	**1,4%**

Eins og fram kemur í töflunni hækkaði starfsemi flugvalla- og flugleiðsögusviðs um 3,7% umfram rekstraráætlun, en flugumferðarsviðs vegna aðflugsþjónustu lækkaði hins vegar um 4,9%.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2002 og 2003, ásamt framlagi á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu.

Tafla 13 Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árin 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	55.995	53.336	2.659	5,0%
Rekstur flugturns	18.515	18.587	-72	-0,4%
Samtals	**74.510**	**71.923**	**2.587**	**3,6%**
Tekjur				
Lendingargjöld	6.896	5.906	990	16,8%
Leigutekjur	1.212	1.203	9	0,7%
Verksala og þjónusta	688	231	457	197,8%
Samtals	**8.796**	**7.340**	**1.456**	**19,8%**
Gjöld umfram tekjur	65.714	64.583	1.131	1,8%
Hlutfall tekna af gjöldum	11,8%	10,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	773	1.009	-236	-23,4%

Í töflunni kemur fram að rekstrarútgjöld hækkuðu milli ára um tæpar 2,6 millj. kr., eða 3,6%. Einnig sýnir taflan að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 1,8% frá árinu 2002, en hlutfall tekna af gjöldum er 11,8% árið 2003, á móti 10,2% á árinu 2002. Framlag á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu lækkar verulega, eða úr 1.009 kr. á fyrra ári í 773 kr. árið 2003, eða um 23,4%. Þetta skýrist af verulegri fjölgun farþega á árinu 2003 frá fyrra ári, eða um 33,7%.

Vestmannaeyjaflugvöllur. Rekstrarafkoma Vestmannaeyjaflugvallar varð ekki eins góð á árinu 2003 og á fyrra ári. Rekstrarútgjöldin hækkuðu um 9,0% milli ára, eða tæpar 5 millj. kr. Bæði stjórnunarsviðin voru yfir rekstraráætlun, sem nemur 6,3%.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2002 ásamt samanburði við áætlanir:

Tafla 14 Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2003 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	33.887	30.457	3.430	11,3%
Flugumferðarsvið	24.000	24.000	0	0,0%
Samtals	**57.887**	**54.457**	**3.430**	**6,3%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar 57,9 millj. kr.

Tekjur flugvallarins á árinu 2003 lækkuðu hins vegar um 22% frá árinu áður, eða úr 4,7 millj. kr. í 3,7 millj. kr. Skýringin er minni farþegaflutningar um flugvöllinn frá árinu áður, eða sem nemur 8,5%.

Í næstu töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum áranna 2002 og 2003, ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

Tafla 15 Útgjöld og tekjur Vestm.eyjaflugvallar árin 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	33.887	29.835	4.052	13,6%
Rekstur flugturns	24.000	23.272	728	3,1%
Samtals	**57.887**	**53.107**	**4.780**	**9,0%**
Tekjur				
Lendingargjöld	1.671	2.404	-733	-30,5%
Leigutekjur	1.430	1.416	14	1,0%
Verksala og þjónusta	590	915	-325	-35,5%
Samtals	**3.691**	**4.735**	**-1.044**	**-22,0%**
Gjöld umfram tekjur	54.196	48.372	5.824	12,0%
Hlutfall tekna af gjöldum	6,4%	8,9%		
Framlag á hvern farþega kr.	1.204	987	217	22,0%

Eins og taflan sýnir hafa heildarrekstrarútgjöld á árinu 2003 hækkað frá fyrra ári um 9,0%. Taflan sýnir einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur lækkað úr 8,9% árið áður í 6,4% á árinu 2003 og að framlag á hvern farþega er 1.204 kr. á móti 987 kr. árið 2002, sem er 22,0% hækkun.

Ísafjarðarflugvöllur. Mjög góður árangur varð í rekstri Ísafjarðarflugvallar á árinu 2003. Eins og sjá má á töflunni hér að aftan voru heildarútgjöld flugvallarins samkvæmt rekstraráætlun.

Tafla 16 Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2003 (þús kr.)

Rekstrarsvið	**Útgjöld**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Flugvalla- og flugleiðsögusvið	34.787	35.050	-263	-0,8%
Flugumferðarsvið	8.629	8.395	234	2,8%
Samtals	**43.416**	**43.445**	**-29**	**-0,1%**

Tafla 17 Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árin 2003 og 2002 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2003**	**2002**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	34.787	34.183	604	1,8%
Rekstur flugturns	8.629	7.801	828	10,6%
Samtals	**43.416**	**41.984**	**1.432**	**3,4%**
Tekjur				
Lendingargjöld	3.252	3.196	56	-1,7%
Leigutekjur	1.706	1.706	0	0,0%
Verksala og þjónusta	806	641	165	-20,5%
Samtals	**5.764**	**5.543**	**221**	**4,0%**
Gjöld umfram tekjur	37.652	36.441	1.211	3,3%
Hlutfall tekna af gjöldum	13,3%	13,2%		
Framlag á hvern farþega kr.	941	934	7	0,7%

Eins og töflurnar sýna er rekstur Ísafjarðarflugvallar á árinu 2003 mjög vel viðunandi, þegar rekstrarútgjöld eru borin saman við áætlanir. Heildarrekstrarkostnaður flugvallarins á árinu 2003 varð 43,4 millj. kr. á móti 41,9 millj. kr. árið 2002 og hefur því hækkað um 1,4 millj. kr., eða 3,4%. Tekjur flugvallarins hækkuðu um 4% milli ára. Hlutfall tekna af gjöldum er eins og árið áður. Framlag á hvern farþega hækkaði um 0,7% milli ára, eða úr 934 kr. árið 2002 í 941 kr. árið 2003.

Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti. Rekstrarútgjöld annarra áætlunarflugvalla í grunnneti urðu 2,2% lægri en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2003. Um er að ræða 7 flugvelli og urðu heildarrekstrarútgjöld þeirra 67,3 millj. kr., en rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir útgjöldum að upphæð 68,7 millj. kr., sem er 1,4 millj. kr. undir áætlunum.

Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar og urðu 4,9 millj. kr. á árinu 2003. Því var hlutfall tekna af gjöldum ekki nema 7,3% og framlag á hvern farþega sem um flugvellina fóru var að jafnaði 1.162 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2003:

Tafla 18 Aðrir áætlunarflugvellir í grunnneti, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2003

(Þús.kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2003	Áætlun árið 2003	Tekjur árið 2003	Gjöld umfram tekjur	Hlutf.tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Hornafjörður	18.005	17.166	1.400	16.605	7,8%	1.973
Sauðárkrókur	10.961	12.435	813	10.148	7,4%	1.209
Bíldudalur	8.837	8.638	553	8.284	6,3%	1.997
Grímsey	6.585	6.300	1.134	5.451	17,2%	1.238
Þórshöfn	7.260	8.439	512	6.748	7,1%	4.265
Þingeyri	5.267	4.865	499	4.768	9,5%	4.303
Bakki	10.355	10.900	0	10.355	0,0%	404
Samtals	**67.270**	**68.743**	**4.911**	**62.359**	**7,3%**	**1.162**

Aðrir áætlunarflugvellir utan grunnnets. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarafkomu þeirra tveggja áætlunarflugvalla utan grunnnets:

Tafla 19 Aðrir áætlunarflugv. utan grunnnets, ýmsar rekstrarupplýsingar árið 2003

(Þús.kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2003	Áætlun árið 2003	Tekjur árið 2003	Gjöld umfram tekjur	Hlutf.tekna af gjöldum	Framlag á farþega
Vopnafjörður	6.761	6.566	545	6.216	8,1%	3.544
Gjögur	5.209	5.263	394	4.815	7,6%	10.490
Samtals	**79.240**	**80.572**	**5.850**	**73.390**	**7,4%**	**4.985**

Eins og taflan sýnir er framlag með hverjum farþega óheyrilega hátt, en flugvellirnir hafa mjög litla flutninga, og eru í fullum rekstri.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld ársins 2003, borið saman við rekstraráætlanir sama árs:

Tafla 20 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2003 (þús kr.)

Gjöld	2003	Áætlun	Mismunur
Aðrir flugvellir	26.770	27.565	-2,9%
Lendingarstaðir	7.638	6.555	16,5%
Samtals	**34.408**	**34.120**	**0,8%**

2.2 Sundurliðun einstakra gjaldaliða.

2.2.1 Viðhald.

Yfirborð brauta og hlaða. Undir þennan lið fellur allt yfirborðsviðhald flugbrauta og flughlaða sem hefur bundið slitlag, þ.e. malbik, klæðing og yfirborðsmerkingar.

Helstu verkefni vegna malbiks voru viðgerðir á flugbrautunum á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík. Helstu verkefni vegna klæðingar voru yfirlög með „Ralumac" á flugbraut 07-25 í Vestmannaeyjum og flughlaðið á Ísafirði ásamt viðgerðum á flugbrautinni á Bíldudal. Þá voru flugbrautirnar á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Bíldudal og Vestmannaeyjum málaðar og nokkrar stopplínur á flugbrautunum í Reykjavík.

Tafla 21 Sundurliðun viðhalds borin saman við bókfærðan kostnað 2003

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2003	Bókfærður kostn. 2003
Yfirborð brauta og hlaða	36,0	21,2
Byggingar og búnaður	9,0	1,2
Ýmis verk v/flugleiðsögu og tæknibúnaða	7,0	0,0
Tækjasjóður	75,0	16,0
Samtals:	**127,0**	**38,4**

Alls voru fjárveitingar samkvæmt samgönguáætlun ársins 2003 36 millj. kr., en bókfærður kostnaður á árinu nam 21,2 millj. kr.

Byggingar og búnaður. Undir þennan lið fellur allt meiri háttar viðhald bygginga sem gert er sjaldnar en árlega. Fjárveitingar ársins voru 9 millj. kr., en framkvæmt var fyrir 1,2 millj. kr. Á Egilsstöðum stóð til viðhald á gluggum og svalahandriðum, en verkið fór ekki af stað á árinu 2003, þar sem ekki tókst að ljúka undirbúningi, þannig að verkið yrði unnið við hagstæð veðurskilyrði. Þá átti einnig að skipta um klæðningu á veggjum á flugskýli nr. 3 í Reykjavík og mála gafla. Bæði þessi verk verða unnin á árinu 2004.

Ýmis verk vegna flugleiðsögu og tæknibúnaðar. Engin verk sem falla undir þennan lið voru unnin á árinu 2003, en verið er að skoða möguleika á því að kaupa upptökutæki fyrir þá áætlunarflugvelli sem ekki hafa slík tæki. Fjárveitingar ársins voru 7 millj. kr.

Tækjasjóður. Fjárveitingar til tækjasjóðs á árinu 2003 voru 75 millj. kr. Sjóðurinn skuldaði frá fyrra ári um 26 millj. kr. en ýmis tæki og búnaður var keyptur fyrir 16 millj. kr. á árinu 2003, eins og sést á eftirfarandi töflu:

Tafla 22 Sundurliðun tækjasjóðs (þús.kr.)

Reykjavík, björgunarbátur	375.434
Egilsstaðir, björgunarbátur	433.343
Gjögur, vagn	1.217.892
Akureyri, slökkvibifreið	3.608.302
Bakki, slökkvibifreið	230.903
Egilstaðir, slökkvibifreið	1.260.130
Hornafjörður, brautarbifreið	818.044
Vestmannaeyjar, snjótönn	497.837
Akureyri, sláttuþyrla	311.250
Radíódeild, þjónustubifreið	3.430.413
Egilsstaðir, björgunarflekar	450.000
Grímsey, slökkvibifreið	441.212
Ýmis björgunarbúnaður	1.254.381
Önnur tæki og búnaður	1.709.129
Samtals:	**16.038.270**

2.2.2 Stofnkostnaður.

2.2.2.1 Grunnnet.

Reykjavíkurflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Haldið var áfram vinnu við fegrun og snyrtingu umhverfis á flugvallasvæðinu og lokið var við nýja girðingu ásamt fjarstýrðum hliðum umhverfis flugvöllinn, en sú framkvæmd hefur staðið yfir í áföngum á undanförnum árum. Ýmis önnur minni háttar verk voru unnin á árinu 2003 við flugbrautir og hlöð. Kostnaður við þessi verkefni varð á árinu 16,6 millj. kr. Fjárveiting ársins 2003 var hins vegar 89,5 millj. kr., en ráðgert hafði verið að endurbyggja flughlað sunnan flugskýlis nr. 1 á árinu, en þeirri framkvæmd var frestað og hluti af fjárveitingunni notaður til endurbyggingar flugbrautarinnar í Grímsey, þar sem þannig var hægt að ná fram hagstæðari framkvæmd með stærri áfanga.

Byggingar. Á árinu 2003 voru keyptar tvær húseignir á flugvallasvæðinu, annars vegar húsnæði sem áður hafði hýst Flugskóla Helga Jónssonar og hins vegar flugstöð Íslandsflugs og mun hún verða nýtt sem flugskólamiðstöð og fyrir annan flugrekstur. Fyrirhuguð var bygging nýrrar tækja- og sandgeymslu á árinu 2003 og er hönnun að mestu lokið, en byggingarframkvæmdir hafa tafist vegna skipulagsmála og færast því framkvæmdir yfir á árið 2004. Fjárveitingar vegna bygginga voru á árinu 131 millj. kr., en kostnaður ársins varð 35,5 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Reistur var á árinu nýr aðflugsstefnusendir LLZ-GP fyrir flugbraut 13 og varð kostnaður 23,6 millj. kr. Til að geta komið aðflugsljósum vegna flugbrautar 19 inn í hönnun og hugsanlega væntanlegt útboð á færslu Hringbrautar var nauðsynlegt að fá samþykki Reykjavíkurborgar og skipulagsnefndar fyrir ljósunum, þurfti að vinna ýmis gögn fyrir nefndina, en sú vinna kostaði um 2,2 millj. kr. Þá voru einnig sett upp brautarljós á flugbraut 06-24, en kostnaður á árinu varð 6 millj. kr. Áfram var unnið að gerð hindranakorta fyrir flugvöllinn. Heildarkostnaður við þessi verkefni varð á árinu 2003 32,1 millj. kr., en fjárveiting var 22 millj. kr.

Akureyrarflugvöllur.

Byggingar. Á árinu 2003 var keypt eldra flugskýli sunnan slökkvistöðvar sem nota á fyrir tækjageymslu. Kostnaður við kaupin, breytingar og endurbætur varð 31,4 millj. kr. Þá voru gerðar ýmsar breytingar í flugstöðinni vegna aðskilnaðar farþega í innanlands- og utanlandsflugi ásamt nýju farangursfæribandi í komusal. Unnið var áfram að gerð nýs deiliskipulags fyrir flugvöllinn. Fjárveiting vegna þessa liðar var á árinu 46 millj. kr., en kostnaður á árinu nam 37,2 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var á árinu við hönnun endurbóta á flugbrautarljósum flugvallarins og til þess varið 1,3 millj. kr.

Egilsstaðaflugvöllur.

Byggingar. Á árinu 2001 var keypt eldra flugskýli af Flugfélagi Austurlands til að nota fyrir geymslu snjóruðningstækja. Ýmsar breytingar og endurbætur þurfti að gera og lauk þeim á árinu 2003. Kostnaður varð 5,4 millj. kr.

Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki.

Byggingar. Hafinn var undirbúningur að byggingu nýrrar flugstöðvar á Bakkaflugvelli á árinu 2003 og nam kostnaður 0,8 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Í undirbúningi eru kaup og uppsetning á nýjum aðflugshallaljósum á Vestmannaeyjaflugvelli. Á árinu 2003 var fjárveiting til þessa verkefnis 20 millj. kr., en framkvæmdir frestast til ársins 2004.

Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri.

Flugbrautir og hlöð. Á Þingeyrarflugvelli var á árinu unnið að athugunum á valkostum sem til staðar eru vegna lengingar flugbrautarinnar og er sérstaklega verið að skoða þá út frá flugtæknilegum sjónarmiðum. Tveir sjálfstæðir vinnuhópar eru að meta þessa valkosti, annar á vegum Flugmálastjórnar og hinn á vegum Flugfélags Íslands. Vinnuhóparnir munu síðan koma sér saman um eina niðurstöðu. Ljóst er að verulegur kostnaðarmunur er á þeim valkostum sem til staðar eru. Fram hafa farið dýptar- og botnlagarannsóknir vegna lengingar út í sjó, gerð hafa verið hæðarlínukort byggð á loftljósmyndum af svæðinu og unnin forhönnun á valkostum.

Á Ísafjarðarflugvelli hefur verið unnið við rannsóknir, mælingar og hönnun á endurbótum öryggissvæða flugbrautarinnar til að geta gert raunhæfa kostnaðaráætlun. Reyna á að bæta öryggissvæðin eins og kostur er innan skynsamlegra marka, en ljóst er að þau geta aldrei uppfyllt staðla vegna landfræðilegra aðstæðna. Fjárveiting til þessara verkefna var á árinu 2003 12,5 millj. kr., en kostnaður 5,7 millj. kr.

Byggingar. Á árinu 2002 var hafinn undirbúningur að byggingu nýs flugturns á Ísafjarðarflugvelli, en framkvæmdir við 1. áfanga hófust árið 2003. Flugturninn var fullbúinn að utan í árslok og mun framkvæmdum ljúka á árinu 2004. Kostnaður á árinu 2003 varð 15,8 millj. kr., en fjárveiting ársins 14,5 millj. kr.

Bíldudalsflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var á árinu við rannsóknir, mælingar og hönnun á endurbótum á öryggissvæðum flugbrautarinnar. Kostnaður varð 1,9 millj. kr. og fjárveiting 3 millj. kr.

Grímseyjarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2003 var hafin endurbygging flugbrautarinnar í Grímsey og lauk 1. áfanga verksins í árslok. Gert er ráð fyrir að verkinu muni ljúka á árinu 2004. Þar með verður Grímseyjarflugvöllur í hópi þeirra flugvalla sem eru með bundið slitlag. Kostnaður

ársins varð 89,5 millj. kr., en fjárveiting 41 millj. kr. Eins og fyrr er getið var á árinu 2003 lánuð fjárveiting til þessa verkefnis frá Reykjavíkurflugvelli.

Tafla 23 Sundurliðun stofnkostnaðar borin saman við bókfærðan kostnað 2003

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2003	Bókfærður kostn. 2003
1	**Reykjavíkurflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	89,5	16,6
	2. Byggingar	131,0	35,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	22,0	32,1
	Samtals	**242,5**	**84,2**
1	**Akureyrarflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,8
	2. Byggingar	46,0	37,2
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9,0	1,3
	Samtals	**55,0**	**39,3**
1	**Egilsstaðaflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0
	2. Byggingar	8,5	5,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**8,5**	**5,4**
11	**Vestmannaeyjaflugvöllur/Bakki**		
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,8
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	20,0	0,0
	Samtals	**20,0**	**0,8**
11	**Ísafjarðarflugvöllur/Þingeyri**		
	1. Flugbrautir og hlöð	12,5	5,7
	2. Byggingar	14,5	15,8
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**27,0**	**21,5**
11	**Hornafjarðarflugvöllur**		
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,1
	Samtals	**0,0**	**0,1**
11	**Bíldudalsflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	3,0	1,9
	2. Byggingar	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**3,0**	**1,9**
111	**Grímseyjarflugvöllur**		
	1. Flugbrautir og hlöð	41,0	89,5
	2. Byggingar	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0
	Samtals	**41,0**	**89,5**
	Samtals áætlunarflugvellir í grunnneti	**397,0**	**242,7**

2.2.2.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Áætlunarflugvellir utan grunnnets eru tveir, þ.e. Gjögur- og Vopnafjarðarflugvellir. Engar fjárveitingar og framkvæmdir voru á þessum flugvöllum á árinu 2003.

2.2.2.3 Aðrir flugvellir.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Gerðar voru ýmsar endurbætur á öðrum flugvöllum og lendingarstöðum á árinu 2003 og varð kostnaður 4,5 millj. kr., þó mestur vegna Húsafellsflugvallar.

Æfingaflugvöllur. Unnið var að rannsóknum, frumhönnun og kostnaðaráætlun vegna endurbóta á gömlu malarflugbrautinni á Sandskeiði með það í huga að hún verði nothæf allt árið og verði með bundnu slitlagi. Áætlaður kostnaður við 800 metra flugbraut er 17 millj. kr.

Tafla 24 Sundurliðun annarra flugvalla borin saman við bókfærðan kostnað 2003

Flokkur	Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2003	Bókfærður kostn. 2003
1V, V og V1	Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	0,0	4,5
	Æfingaflugvöllur	14,0	0,7
	Samtals:	**14,0**	**5,2**

2.2.2.4 Ýmis stofnkostnaður, búnaður og verkefni.

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2003 var þessi kostnaður 10,0 millj. kr.

Tafla 25 Sundurliðun búnaðar og verkefna borin saman við bókfærðan kostnað 2003

Staður/verkefnaflokkur (millj. kr.)	Þingsályktun 2003	Bókfærður kostn. 2003
Flugstjórnarmiðstöð	10,0	10,0
Leiðarflug	8,0	0,7
GPS/AIS/upplýsingaþjónusta	15,0	8,1
Flugprófunarbúnaður	0,0	1,3
Veðurupplýsingakerfi	10,0	5,6
Flugvernd og öryggismál	44,0	58,5
EGNOS	0,0	6,3
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	8,0	0,0
Önnur verkefni	37,0	0,8
Stjórnunarkostnaður	18,0	18,0
Samtals:	**150,0**	**109,3**

Leiðarflug. Undirbúningur fyrir endurnýjun á fjarskiptabúnaði í Bláfjöllum er langt kominn. Kostnaðaráætlun og fjárveiting er 8 millj. kr.

GPS/AIS/upplýsingaþjónusta. Unnið var á árinu 2003 við uppbyggingu á gæðakerfi fyrir upplýsingaþjónustuna. Aðflugshönnuðir hafa sótt námskeið í RNAV/GNSS vegna GPS-aðflugs. Einnig er verið að kaupa stafræn kort frá Landmælingum Íslands vegna aðflugskortagerðar. Kostnaður á árinu 2003 varð 8,1 millj. kr., en fjárveiting 15 millj. kr.

Flugprófunarbúnaður. Á árinu 2003 var varið 1,3 millj. kr. til kaupa á nýjum flugprófunarbúnaði.

Veðurupplýsingakerfi. Verið er að vinna nýtt veðurupplýsingakerfi fyrir Bakkaflugvöll sem mun taka við af eldra kerfi. Einnig hefur verið unnið að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Fyrir valinu varð búnaður frá finnska fyrirtækinu VAISALA. Búið er að setja upp þennan búnað fyrir Reykjavíkurflugvöll. Kostnaður vegna þessa verkefnis var á árinu 2003 5,6 millj. kr., en fjárveiting 10 millj. kr.

Flugvernd og öryggismál. Gerð var aðstaða með tækjum í flugstöð Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli, til að koma fyrir vopnaleitarbúnaði til leitar í lestarfarangri. Einnig voru gerðar breytingar á vopnaleitarrými, þar sem fram fer leit á farþegum og handfarangri þeirra. Keyptar voru vélar til leitar í handfarangri og lestarfarangri. Þá voru smíðuð ný færibönd til að færa farangur að og frá flugvélum, ásamt tilheyrandi stjórnbúnaði.

Á Akureyrarflugvelli voru gerðar margs konar breytingar á flugstöðinni vegna Schengenkrafna og til að koma fyrir vopnaleitarbúnaði og tryggja ferli vopnaleitar. Keyptur var búnaður til leitar í handfarangri og lestarfarangri, málmleitarhlið og handleitartæki. Einnig voru smíðuð ný færibönd til að færa farangur að og frá flugvélum, ásamt tilheyrandi stjórnbúnaði.

Þá voru einnig gerðar ýmsar breytingar á flugstöðinni á Egilsstaðaflugvelli vegna sömu krafna og á Akureyri og keyptur sami búnaður.

Á Reykjavíkurflugvelli var sett upp aðgangsstýrikerfi fyrir flugvallarsvæðið innan girðingar. Heildarkostnaður vegna flugverndar og öryggismála nam á árinu 2003 58,5 millj. kr. Fjárveiting ársins var 44 millj. kr.

EGNOS. Uppsetningu EGNOS RIMS viðmiðunarstöðva lauk að mesti leyti á árinu 2003 og standa nú yfir prófanir fram eftir árinu 2004, en þá er búist við að kerfið verði samþykkt til almennrar notkunar.

2.3 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 breyttist flokkun flugvalla frá fyrri þingsályktunum um flugmálaáætlun. Flugvellir eru nú flokkaðir á eftirfarandi hátt: 1. Flugvellir í grunnneti. 2. Áætlunarflugvellir utan grunnnets. 3. Aðrir flugvellir utan grunnnets.

2.3.1 Flugvellir í grunnneti.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir í grunnneti: Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja/Bakka-, Ísafjarðar/Þingeyrar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3.2 Áætlunarflugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru áætlunarflugvellir utan grunnnets: Vopnafjarðar- og Gjögurflugvöllur.

2.3.3 Aðrir flugvellir utan grunnnets.

Eftirfarandi eru aðrir flugvellir utan grunnnets: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs-, Siglufjarðar-, Blönduóss-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

Aðrir lendingarstaðir eru: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Dagverðará, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Djúpivogur, Grundarfjörður, Gunnarsholt, Heröubreiðarlindir, Hólmavík, Króksstaðamelar, Hveravellir, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Melgerðis-

melar, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Vík og Þórsmörk.

2.3.4 Flokkun flugvalla eftir alþjóðlegum staðli.

Flugvellir eru einnig flokkaðir eftir staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt viðauka 14. Þar er miðað við brautarlengdir og flugvélagerðir eins og sést í eftirfarandi töflu:

Tafla 26 Flokkun flugvalla samkvæmt viðmiðun ICAO, viðauka 14.


Viðmiðun 1		Viðmiðun 2		
Flokkur	**Flugbrautarlengd**	**Flokkur**	**Vænghaf**	**Breidd milli aðalhjóla**
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m.	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1200 m	B	15 m að 24 m	4,5 m að 6 m
3	1200 m að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m að 65 m	9 m að 14 m

2.4 Þróun flutninga.

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt og náði hámarki árið 1999, en hefur síðan farið fækkandi. Á árunum 1982–2003 var aukningin um 30%. Á árinu 2003 fjölgaði farþegum frá árinu áður um 7%. Þróunin hefur orðið sú að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega, enda ferðatíðni meiri, að undanskildum Ísafjarðarflugvelli, en þar hefur farþegum sem fara um flugvöllinn fækkað um 10% frá árinu 1982. Á móti hefur farþegum fækkað sem notuðu minni flugvellina, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár.

Myndin hér að aftan sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi 1982–2003:

Mynd 2 Farþegaflutningar í innanlandsflugi 1982-2003



Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hefur fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík, Blönduósi og Siglufirði var hætt, þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur einnig bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Einnig hefur aðsemiskrafa flugrekenda nú á allra síðustu árum leitt til þessarar þróunar, sbr. að hætt hefur verið áætlunarflugi til Húsavíkur.

Eins og fram kemur í töflu 28 halda fjórir stærstu áætlunarflugvellirnir ríflega hlutfalli sínu í farþegaflutningunum, ásamt Grímseyjarflugvelli, þegar árin 1982 og 2003 eru borin saman. Aðrir flugvellir halda í horfinu, eða farþegum hefur fækkað mjög mikið.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvelli í grunnneti og utan grunnnets árin 1982 annars vegar og 2003 hins vegar:

Tafla 27 Áætlunarflugvellir í grunnneti, farþegaflutningar 1982 og 2003

Flugvellir	1982	Hlutfall	2003	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	258.595	50,7%	346.796	46,7%	34,1%
Akureyri	105.932	20,8%	172.002	23,2%	62,4%
Vestmannaeyjar	29.218	5,7%	45.156	6,1%	54,5%
Egilsstaðir	39.000	7,6%	85.231	11,5%	118,5%
Ísafjörður	44.013	8,6%	40.060	5,4%	-9,0%
Hornafjörður	13.212	2,6%	8.414	1,1%	-36,3%
Sauðárkrókur	11.375	2,2%	8.392	1,1%	-26,2%
Bíldudalur	2.672	0,5%	4.148	0,6%	55,2%
Grímsey	1.783	0,3%	4.403	0,6%	146,9%
Þórshöfn	2.053	0,4%	1.582	0,2%	-22,9%
Þingeyri	2.449	0,5%	1.108	0,1%	-54,8%
Bakki	0	0,0%	25.615	3,4%	0,0%
Samtals	**510.302**	**100,0%**	**742.907**	**100,0%**	**45,6%**

Tafla 28 Áætlunarflugvellir utan grunnnets, farþegaflutn. 1982 og 2003

Flugvellir	1982	Hlutfall	2003	Hlutfall	Breyting
Vopnafjörður	3.721	81,2%	1.754	79,3%	-52,9%
Gjögur	863	18,8%	459	20,7%	-46,8%
Samtals	**4.584**	**100,0%**	**2.213**	**100,0%**	**-51,7%**

Á árinu 1998 hófust skráningar á farþegum sem fóru um Bakkaflugvöll í Austur-Landeyjum, en verulegt leiguflug fer um flugvöllinn frá Vestmannaeyjum, eða um og yfir 25.000 farþegar á ári.

Þegar þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi frá árinu 1982 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftirfarandi í ljós:

Tafla 29 Farþegaflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2003	Hlutfall	Breyting
Vesturland	7.328	1,3%	0	0,0%	-100,0%
Vestfirðir	66.077	11,5%	45.801	6,1%	-30,7%
Norðurland v.	20.897	3,7%	8.419	1,1%	-59,7%
Norðurland e.	130.431	22,8%	180.242	24,1%	38,2%
Austurland	59.925	10,5%	95.427	12,8%	59,2%
Suðurland	29.218	5,1%	70.771	9,5%	142,2%
Reykjavík	258.595	45,2%	346.796	46,4%	34,1%
Samtals	**572.471**	**100,0%**	**747.456**	**100,0%**	**30,6%**

Eins og taflan sýnir er hlutfallslega mest fjölgun farþega um flugvellina á Suðurlandi, þ.e. Vestmannaeyja- og Bakkaflugvöll. Norðurland eystra og Austurland halda ríflega sínu hlutfalli, en farþegaflutningar um flugvelli á Vestfjörðum eru á undanhaldi, enda hefur verið nokkur fólksfækkun í landshlutanum á undanförnum árum.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun flutninganna eftir flugvallaflokkum:


Tafla 30 Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar

Flugvellir	1982	Hlutfall	2003	Hlutfall	Breyting
Áætlunarflugv. I	403.527	70,2%	604.029	80,8%	49,7%
Áætlunarflugv. II	118.736	20,7%	134.475	18,0%	13,3%
Áætlunarflugv. III	22.484	3,9%	6.616	0,9%	-70,6%
Áður áætlunarflugv.	29.830	5,2%	2.336	0,3%	-92,2%
Samtals	**574.577**	**100,0%**	**747.456**	**100,0%**	**30,1%**

Eins og sést á töflunni fara 80,8% farþegaflutninganna um áætlunarflugvelli í flokki I, en það eru Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur. Aðeins 0,9% fara um áætlunarflugvelli í flokki III.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á myndinni hér að aftan. Lítil breyting varð milli áranna 2002 og 2003.

Mynd 3 Vöru- og póstflutningar með innanlandsflugi 1982-2003



Á eftirfarandi töflu sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1982 eftir landshlutum:

Tafla 31 Vöru- og póstflutningar eftir landshlutum


Flugvellir	1982	Hlutfall	2003	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	1.066	12,6%	311	10,4%	-70,8%
Norðurland	2.325	27,5%	711	23,7%	-69,4%
Austurland	1.219	14,4%	393	13,1%	-67,8%
Suðurland	229	2,7%	139	4,6%	-39,3%
Reykjavík	3.604	42,7%	1.448	48,2%	-59,8%
Samtals	**8.443**	**100,0%**	**3.002**	**100,0%**	**-64,4%**

Fylgiskjal I

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

Fjárveitingar til flugmálaframkv., stofnkostnaður og viðhald 1988-2003 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (mars 2004, sem er 289,5)

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	671.840
1989	272.000	545.697
1990	325.000	547.657
1991	349.000	543.494
1992	374.000	574.088
1993	393.000	598.493
1994	395.000	579.587
1995	355.000	559.728
1996	332.000	457.903
1997	400.000	440.206
1998	415.000	467.663
1999	485.000	528.599
2000	691.000	741.489
2001	837.000	934.483
2002	932.100	972.407
2003	688.000	697.395
Samtals	**7.524.600**	**9.860.729**




Fylgiskjal II

Eftirfarandi tafla sýnir stofnkostnað einstakra flugvalla árin 1988-2003:

Stofnkostnaður flugvalla 1988-2003 (þús. kr.)
Flugvellir í grunnneti og utan grunnnets eru áætlunarflugvellir.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (289,5 í mars 2004)

Staður	1988-99	2000	2001	2002	2003	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	537.512	737.822	832.644	323.620	85.384	2.516.982	31,7%
Akureyri	593.594	88.934	37.608	4.291	39.745	764.172	9,6%
Egilsstaðir	1.560.657	3.978	8.130	0	5.502	1.578.267	19,9%
Vestmannaeyjar	432.158	54.678	1.552	12.744	0	501.133	6,3%
Bakki	0	2.483	60.549	2.285	808	66.124	0,8%
Ísafjörður	375.875	1.706	5.198	2.802	19.897	405.478	5,1%
Þingeyri	52.576	0	0	225	1.959	54.760	0,7%
Hornafjörður	225.643	9.518	2.154	548	118	237.981	3,0%
Sauðárkrókur	225.304	0	0	0	0	225.304	2,8%
Grímsey	98.773	0	0	385	90.744	189.902	2,4%
Bíldudalur	151.656	13.162	0	0	1.943	166.761	2,1%
Þórshöfn	253.785	0	880	718	0	255.383	3,2%
Flugvellir í grunnneti	**4.507.533**	**912.281**	**948.716**	**347.618**	**246.100**	**6.962.248**	**87,8%**
Vopnafjörður	58.823	1.060	0	830	0	60.713	0,8%
Gjögur	53.637	3.653	0	0	0	57.290	0,7%
Flugv. utan grunnnets	**112.460**	**4.713**	**0**	**830**	**0**	**118.004**	**1,5%**
Aðrir flugvellir	740.016	0	0	0	0	740.016	9,3%
Lendingarstaðir	81.865	6.587	11.109	3.713	4.724	107.998	1,4%
Aðrir flugv. lendingarst.	**821.881**	**6.587**	**11.109**	**3.713**	**4.724**	**848.014**	**10,7%**
Samtals	**5.441.874**	**923.581**	**959.826**	**352.161**	**250.824**	**7.928.266**	



Fylgiskjal III

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárfestingar til einstakra flugvalla 1988-2003, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

Fjárfestingar á flugvöllum 1988-2003.
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988-2003.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (289,5 í mars 2004).

Staður	Fjárhæð í þús. kr.	Fjöldi farþega	Framlag á hvern farþega
Reykjavík	2.516.982	5.636.513	447
Akureyri	764.172	2.346.446	326
Vestmannaeyjar	501.133	1.156.541	433
Egilsstaðir	1.578.267	954.633	1.653
Ísafjörður	405.478	783.141	518
Hornafjörður	237.981	253.756	938
Húsavík	216.838	182.084	1.191
Sauðárkrókur	225.304	193.113	1.167
Patreksfjörður	80.962	59.549	1.360
Bíldudalur	166.761	94.278	1.769
Grímsey	189.902	57.012	3.331
Norðfjörður	68.232	31.367	2.175
Vopnafjörður	60.713	49.181	1.234
Siglufjörður	53.919	44.235	1.219
Þórshöfn	255.383	30.676	8.327
Hólmavík	80.212	10.062	7.973
Gjögur	57.290	10.266	5.578
Þingeyri	54.760	33.297	1.644
Raufarhöfn	18.179	9.174	1.982
Kópasker	32.406	4.507	7.185
Flateyri	19.707	30.741	641
Mývatn	70.584	33.519	2.106
Bakki	66.124	121.496	544
Borgarfjörður eystri	24.082	1.491	16.163
Ólafsfjörður	406	6.012	68
Breiðdalsvík	7.451	3.068	2.427
Blönduós	21.569	11.247	1.917
Stykkishólmur	646	6.885	94
Rif	55.755	14.024	3.977
Samtals	**7.831.197**	**12.168.314**	**644**

Fylgiskjal IV.


Þróun flutninga 1995–2003.


Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega,- vöru- og póstflutninga milli áranna 1995 og 2003. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrrgreindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar, Vestmannaeyja og Egilsstaða.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa minnkað verulega frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar.


Áætlunarflugvellir í grunnneti:


Reykjavíkurflugvöllur







Akureyrarflugvöllur







Egilsstaðaflugvöllur







Vestmannaeyjaflugvöllur







Bakkaflugvöllur







Ísafjarðarflugvöllur







Þingeyrarflugvöllur







Hornafjarðarflugvöllur







Sauðárkróksflugvöllur







Grímseyjarflugvöllur







Bíldudalsflugvöllur






Þórshafnarflugvöllur







Áætlunarflugvellir utan grunnnets:


Vopnafjarðarflugvöllur





Gjögursflugvöllur





1604. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Sigbjörn Gunnarsson frá Skútustaðahreppi, Ólínu Arnkelsdóttur frá Aðaldælahreppi, Jóhann G. Reynisson frá Þingeyjarsveit, Snorra Baldursson og Helga Torfason frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Árna Bragason frá Umhverfisstofnun og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn, Davíð Egilson frá Umhverfisstofnun og Gísla Má Gíslason prófessor. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Landgræðslu ríkisins, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Líffræðistofnun Háskólans, Eyþingi, Veiðimálastofnun, Veiðimálastjóra, Bændasamtökum Íslands, Laxárfélaginu, Kísiliðjunni við Mývatn, Landssambandi veiðifélaga, Þingeyjarsveit, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skútustaðahreppi, Náttúrustofu Norðausturlands, Húsavíkurbæ, Veiðifélagi Laxár og Krákár, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, SUNN, Halldóri Valdimarssyni, Hótel Reynihlíð og Stangaveiðifélaginu Flúðum.

Frumvarpið byggist í meginatriðum á frumvarpsdrögum sem ráðherraskipuð nefnd samdi og skilaði ráðherra snemma árs 2002. Frumvarpið felur í sér að verndun Mývatns og Laxár verði áfram bundin í sérlög en þó með þeim hætti að ákvæði þeirra nái einkum til verndunar vatnsins og árinnar. Frá því að gildandi lög voru sett hefur lagaumhverfi á sviði náttúruverndar og umhverfismála breyst mikið, m.a. með setningu skipulags- og byggingarlaga, laga

um mat á umhverfisáhrifum og náttúruverndarlaga. Meginreglan er sú að um verndun og friðlýsingu svæða fari samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, þar sem er að finna ítarleg ákvæði um friðlýsingu náttúruminja. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár, umsjón verndarsvæðisins og gerð verndaráætlunar auk ákvæða um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi hafa verið miklar deilur um ákvæði til bráðabirgða III. 2. apríl sl. barst formanni nefndarinnar hins vegar bréf undirritað af forstjóra Landsvirkjunar og formanni stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Í bréfinu kom fram sameiginleg ósk þeirra um að ákvæði til bráðabirgða III yrði fellt brott úr frumvarpinu. Telur nefndin rétt að verða við þessari ósk og leggur til að ákvæði til bráðabirgða III verði fellt brott. Nefndin bindur vonir við að farsæl niðurstaða verði á þessu máli.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði verndaráætlun sem nái til Skútustaðahrepps, auk Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, að ósi árinnar við Skjálfandaflóa ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin. Þetta er sama svæði og fellur undir gildissvið gildandi laga og er verndaráætluninni ætlað að vera stefnumótandi fyrir náttúru- og umhverfisvernd á svæðinu. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I skal gerð hennar lokið fyrir 1. janúar 2006. Við umfjöllun málsins kom fram að vinna við verndaráætlunina er hafin.

Þá er lagt til með ákvæði til bráðabirgða II að Umhverfisstofnun skuli þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falli undir 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins en mikilvægt sé að vernda vegna mikilvægis þeirra. Jafnframt er lagt til í 2. mgr. ákvæðisins að umhverfisráðherra skuli við gildistöku laganna tilkynna landeigendum og öðrum tilgreindum aðilum hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa. Nefndinni var greint frá því að listi yfir þessi svæði getur legið fyrir innan tveggja til þriggja mánaða. Við umfjöllun málsins var lýst áhyggjum af því að lagt er til að dregið verði úr vernd ákveðinna svæða og því millibilsástandi sem skapast frá því að frumvarpið verður að lögum þar til friðlýsingu samkvæmt ákvæðinu er lokið en gert er ráð fyrir að þau svæði sem friða á fari í friðlýsingarferli samkvæmt náttúruverndarlögum. Fram kom hjá fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu að gert væri ráð fyrir að þau svæði sem ætti að friða færu í friðlýsingarferli lögum samkvæmt. Einnig kom fram að ef fara ætti í framkvæmdir á svæðinu sem ekki liggja fyrir upplýsingar um í skipulagi færi um það samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og eftir atvikum lögum um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur áherslu á að ekki verði farið í framkvæmdir á þeim svæðum sem listi skv. 2. mgr. ákvæði til bráðabirgða II nær til nema í fullu samráði við umhverfisráðuneytið. Þá leggur nefndin til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. september nk. svo að nægilegt svigrúm gefist til að vinna lista samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Að síðustu leggur nefndin áherslu á að við birtingu laganna verði kort í fylgiskjölum I og II prentuð í lit og með fleiri örnefnum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004.
2. Ákvæði til bráðabirgða III falli brott.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur að lagaskilunum og nauðsyn þess að verndaráætlun fyrir svæðið sem ekki fellur undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins sé tilbúin við gildistöku laganna. Einnig telur hún mikilvægt að umhverfisráðherra beri að hafa samráð við Umhverfisstofnun varðandi framkvæmdir á þeim

svæðum áður en friðlýsingu er lokið. Áskilur hún sér rétt til að flytja breytingartillögu varðandi þessi atriði við umfjöllun málsins.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Mörður Árnason.
Brynja Magnúsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.	Guðmundur Hallvarðsson.

1605. Nefndarálit [790. mál]

um frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sólveigu Guðmundsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Harald Briem sóttvarnalækni og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Persónuvernd. Málið var sent til umsagnar og bárust svör frá Tryggingastofnun ríkisins, Læknafélagi Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Með frumvarpinu er lagt til að sóttvarnalækni verði heimilt að halda sérstaka skrá um sýklalyfjanotkun hér á landi. Markmiðið með henni er að koma á vöktun á nýgengi og algengi ónæmra sýkla og nýta hana til að kanna hvort tengsl eru milli notkunar á sýklalyfjum og myndunar ónæmis. Lagt er til að tilhögun skráningar verði útfærð nánar í reglugerð.

Við umfjöllun málsins kom fram að gert er ráð fyrir að upplýsingar í skrá sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun eigi að byggjast á upplýsingum úr lyfjagagnagrunni landlæknis. Skýrt er kveðið á um í 27. gr. lyfjalaga hverjir geta fengið upplýsingar úr lyfjagagnagrunni og er sóttvarnalæknir ekki meðal þeirra. Nefndin lítur svo á að kveða verði á um slíka heimild í lögum og leggur til breytingu á frumvarpinu þar sem sóttvarnalækni verði veitt sérstök heimild til að fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunninum þótt skrá hans um sýklalyfjanotkun muni ekki byggjast á persónugreinanlegum upplýsingum. Upplýsingarnar sem sóttvarnalæknir fær afhentar mega ekki vera persónugreinanlegar.

Þá er gert ráð fyrir að sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sendi sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er í rekstri þeirra. Fram kom í máli sóttvarnalæknis að þær upplýsingar sem hann þyrfti væri magn sem afgreitt væri úr apóteki skipt eftir deildum. Leggur nefndin til að kveðið verði á um þessa skyldu heilbrigðisstofnana í lögunum og leggur til breytingu á 3. og 9. gr. laganna þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Þuríður Backman.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Jón Gunnarsson.	Brynja Magnúsdóttir.

1606. Breytingartillögur [790. mál]

við frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingancfnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr liður, b-liður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.
2. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
   Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.

1607. Nefndarálit [910. mál]

um frv. til l. um tónlistarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Bjarna Daníelsson frá Íslensku óperunni, Daniel Pollock frá Félagi um Tónlistarþróunarmiðstöð og Björn Th. Árnason og Kjartan Ólafsson frá Samtóni. Umsagnir bárust um málið frá Jónatan Garðarssyni, Félagi um Tónlistarþróunarmiðstöð, Tónminjasetri Íslands, Íslensku óperunni, Samtóni, Berjadögum, Listvinafélagi Vestmannaeyja, Tónhátíð í Þjórsárveri, Steinunni Birnu Ragnarsdóttur, Eddu útgáfu, Félagsheimilinu Þjórsárveri og Listvinafélagi Vestmannaeyja.

Með frumvarpinu er ráðgert að settur verði á fót tónlistarsjóður sem hafi það hlutverk að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og verkum þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild. Tónlistardeild hafi það hlutverk að veita styrki til almennrar tónlistarstarfsemi og markaðs- og kynningardeild veiti styrki til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis. Þá verði sett á fót tónlistarráð sem skipað verði til þriggja ára í senn og geri tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Ráðgert er að Alþingi veiti árlega fé í fjárlögum í tónlistarsjóð.

Nefndin vekur athygli á að styrkir til tónlistarstarfsemi hafa hingað til að verulegu leyti verið veittir af ýmsum safnliðum fjárlaga sem heyra undir menntamálaráðuneyti. Með lögfestingu ákvæða frumvarpsins mun það fé hér eftir renna í tónlistarsjóð.

Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins taka jafnt til þeirrar tónlistar sem er flutt, framleidd eða samin af Íslendingum. Þannig yrði það talið nægjanlegt að einn framangreindra þátta væri uppfylltur til að um íslenska tónlist væri að ræða í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að skipan tónlistarráðs og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 10. maí 2004.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Guðrún Inga Ingólfsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Mörður Árnason, með fyrirvara.

1608. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson, Þórhall Vilhjálmsson og Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Ernu Guðmundsdóttur, Sjöfn Ingólfsdóttur og Jens Andrésson frá BSRB, Halldóru Friðjónsdóttur og Gísla Tryggvason frá BHM, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Óskar Bjartmarz og Grétar Jónasson frá Landssambandi lögreglumanna, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Magnús M. Norðdahl frá ASÍ. Þá barst nefndinni fjöldi umsagna.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann formlega fyrir brot á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem í starfi felast. Þá verður slík áminning ekki lengur skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Á sama hátt er lagt til að fellt verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir, vegna háttsemi sem svarar til 21. gr. gildandi laga, að honum hafi áður verið veitt formleg áminning.

Við meðferð málsins kom í ljós að gera þyrfti frekari breytingar á lögunum þar sem láðst hafði að taka tillit til þess að vísað er í 21. gr. laganna í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 21. gr. laganna falli brott. 1. minni hluti gerir því tillögur til breytinga til samræmis við framangreint.

Þá leggur 1. minni hluti til að gerð verði breyting á 3. gr. frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að ný grein bætist við frumvarpið er verði 3. gr. Þar er lagt til að í stað orðanna „áminningu skv. 21. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna komi: skriflega áminningu.
2. Lagt er til að gerð verði breyting á 3. gr. frumvarpsins er verði 4. gr. þannig að felld verði brott sú tillaga að ákvarðanir skv. IX. kafla laganna teljist ekki ákvarðanir í skilningi stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þess í stað er lagt til að í 44. gr. laganna verði kveðið á um að gefa skuli starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar ef þær eiga rætur að rekja til þess að hann hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laganna eða þeim fyrirmælum sem um starf hans gilda. Slík fyrirmæli geta t.d. verið í ýmsum sérlögum sem gilda um tilteknar starfsstéttir og í almennum og einstökum fyrirmælum stjórnvalda um framkvæmd starfsins, svo sem í stjórnvaldsfyrirmælum, erindisbréfum og einstökum starfslýsingum. Með breytingunni og öðrum ákvæðum frumvarpsins stendur óbreytt sú fyrri tillaga að ekki verður skylt að veita starfsmanni áminningu áður en forstöðumaður ákveður að segja starfsmanni upp störfum skv. 43. gr. laganna. Forstöðumanni væri slíkt engu að síður heimilt ef um minni háttar vanrækslu væri að ræða.

   Ljóst er að rekstur ríkisins hefur tekið umtalsverðum breytingum á liðnum árum og mörk milli viðfangsefna hins opinbera og einkaaðila eru ekki eins ljós og áður. Þá hefur verið stefnt að því að samræma réttindi og skyldur starfsmanna á vinnumarkaði. Ljóst er að skil milli reksturs hins opinbera og einkaaðila þurfa í þessu samhengi heildarskoðunar við.

Samkvæmt breytingartillögunni mun málsmeðferð við uppsögn starfsmanns ráðast af því hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða honum er sagt upp störfum af öðrum ástæðum. Til annarra ástæðna teljast málefnalegar ástæður sem starfsmanni verður almennt ekki kennt um, svo sem að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar eða þörf sé fyrir starfsmenn með aðra kunnáttu eða reynslu. Sé um að ræða aðrar ástæður uppsagnar en brot á starfsskyldum er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um þær áður en uppsögn tekur gildi. Jafnframt er lagt til að ekki verði skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar hafi hann brotið starfsskyldur sínar sé það augljóslega óþarft. Dæmi um slíkt væri að öll málsatvik teldust tryggilega upplýst eða afstaða starfsmanns lægi fyrir í málinu. Ákvæðið útilokar ekki að forstöðumaður geti þegar málsatvik teljast tryggilega upplýst gefið starfsmanni færi á að segja upp starfi sínu, enda sé honum um leið gerð grein fyrir rétti sínum til þess að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en ákvörðun um hana er tekin.

Þótt almennt sé litið svo á að forstöðumaður geti leyst starfsmann undan vinnuskyldu sinni, án þess að slíkt hafi áhrif á kjör hans samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi, þykir rétt að taka fram að forstöðumaður geti í þeim tilvikum þegar starfsmaður hefur brotið starfsskyldur leyst hann undan vinnuskyldu sinni á meðan mál hans er leitt til lykta. Dæmi um slíkt væri að starfsmaður hefði brotið starfsskyldur sínar með þeim hætti að honum væri ekki vært að sinna starfi sínu vegna alvarlegs trúnaðarbrests. Á meðan starfsmaður væri laus undan vinnuskyldu sinni gæfist forstöðumanni færi á að kanna málið frekar og gefa honum kost á að skýra mál sitt áður en ákvörðun um uppsögn yrði tekin.

3. Loks er lagt til að ný grein bætist við frumvarpið er verði 5. gr. Þar er lagt til að 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna verði breytt þannig að í stað tilvísunar í 21. gr. verði vísað í 44. gr., sbr. breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. maí 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Gunnar Birgisson.

Dagný Jónsdóttir.

1609. Breytingartillögur [307. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, BÁ, GunnB, DJ).

1. Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „áminningu skv. 21. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna kemur: skriflega áminningu.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   44. gr. laganna orðast svo:
   Hafi starfsmaður brotið starfsskyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða þeim fyrirmælum sem um starf hans gilda skal gefa honum kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi nema slíkt sé augljóslega óþarft.
   Nú er til skoðunar hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar, sbr. 1. mgr., og getur forstöðumaður þá leyst hann undan vinnuskyldu sinni þar til hann hefur tekið endanlega ákvörðun um uppsögn hans.
3. Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: 44. gr.

1610. Nefndarálit [734. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur, Atla Frey Guðmundsson og Þóru Margréti Hjaltested frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Fjólu Guðjónsdóttur og Tryggva Axelsson frá Löggildingarstofu, Halldór Árnason og Ágúst Þór Jónsson frá ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, Guðrúnu Rögnvaldsdóttur frá Staðlaráði Íslands, Gústaf A. Skúlason frá Samtökum atvinnulífsins, Helga Sigurðsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Grundvöllur frumvarpsins er ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003 frá 31. janúar 2003 um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB, um öryggi vöru.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útvíkka gildissvið laganna til þjónustuviðskipta þó svo að það sé ekki hluti af framangreindri tilskipun. Þetta telur meiri hlutinn ekki vera tímabært. Svo vel megi takast við setningu grunnreglna um öryggi þjónustuviðskipta þarf að kynna slíkar hugmyndir vel fyrir þjónustuveitendum og gæta þess vel að ekki verði lagðar of þungar byrðar á atvinnulífið. Meiri hlutinn leggur því til að gildissvið laganna verði ekki útvíkkað á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þ.e. að fella þjónustuviðskipti undir lögin, heldur verði sá möguleiki skoðaður frekar, m.a. í samráði við þjónustuaðila hér á landi.

Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, en þær eru:

1. Að gildissvið laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu verði ekki útvíkkað á þann hátt sem gert er í frumvarpinu hvað varðar þjónustuviðskipti. Lagt er til að orðið „þjónusta“ verði fellt út á viðeigandi stöðum í frumvarpinu, en þó ekki alls staðar því að gildandi lög taka til þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti og sömuleiðis verði felld brott ákvæði sem hafa þann tilgang að útvíkka gildissvið laganna á framangreindan hátt.
2. Að breytt verði skilyrðum 9. gr. hvað varðar þann tíma sem framleiðandi þarf að geyma

gögn varðandi framleiðslu sína þannig að sá tími miðist við skilyrði bókhaldslaga í stað líftíma vörunnar.

3. Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar.

Ögmundur Jónasson undirritar álit þetta með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 7. maí 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1611. Breytingartillögur [734. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, KHG, GunnB, DJ, BÁ, ÖJ).

1. Við 1. gr.
   a. A-liður falli brott.
   b. Í stað orðanna „til notkunar“ í b-lið komi: eða notkunar.
   c. 1. málsl. efnismálsgreinar c-liðar orðist svo: Ákvæði 8. og 9. gr. laga þessara taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru.
   d. Í stað orðsins „gild“ í 2. málsl. c-liðar komi: gilda.
2. 2.–4. gr. falli brott.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „án áhættu“ í 1. málsl. a-liðar komi: hættulaus.
   b. Í stað orðsins „samsetningar-“ í 1. tölul. a-liðar komi: samsetningarleiðbeiningar.
   c. B-liður falli brott.
4. Við 8. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.
5. Við 9. gr.
   a. 1. málsl. 1. efnismálsgreinar orðist svo: Framleiðanda vöru er skylt að upplýsa um hættu sem kann að fylgja notkun hennar ef hættueiginleikarnir eru ekki augljósir og gera varúðarráðstafanir til að takmarka hættuna.
   b. Síðari málsliður 5. efnismgr. orðist svo: Skjöl skulu aldrei geymd skemur en skylt er að geyma skjöl samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga.
   c. Í stað tilvísunarinnar „í 1. og 2. mgr.“ í 6. efnismgr. komi: í 1., 2. og 4. mgr.

d. 7. efnismgr. orðist svo:
Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu ekki flytja út frá Íslandi vöru til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi hún verið tekin af markaði vegna hættu sem neytendum stafar af henni.
e. 8. efnismgr. falli brott.

6. Við 10. gr. A- og c-liður falli brott.
7. Við 18. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að krefjast þess að vara sem getur verið hættuleg við tiltekin skilyrði eða tiltekna notkun sé merkt með upplýsingum á íslensku um þá hættu.
8. Við 20. gr. Í stað orðanna „og tilnefndir aðilar“ komi: og tilnefndra aðila.

1612. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson, Þórarin Þorgeirsson og Sigríði Ómarsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Ragnar Þ. Jónasson frá Kauphöll Íslands, Magnús M. Norðdahl frá ASÍ, Andra V. Sigurðsson, KB banka, Hafliða Kristjánsson, KB banka, Guðbjörgu Bjarnadóttur, Landsbanka, og Hermann Jónasson, Landsbanka, frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigþrúði Ármann frá Verslunarráði Íslands og Hrafn Magnússon og Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Þær breytingar sem felast í frumvarpinu varða annars vegar innleiðingu á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja EB, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en hins vegar eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna er leggja skyldur á herðar erlendum aðilum sem óska eftir að starfa á íslenskum markaði og 36. gr. laganna er varðar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga.

Við meðferð málsins spannst nokkur umræða um rök með og á móti því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða séu skráð í kauphöll og um túlkun á 36. gr. laganna varðandi þetta efni. Eftir að hafa hlýtt á mál gesta ákvað nefndin að leggja ekki til efnislegar breytingar á frumvarpinu er tækju sérstaklega á þessu eða breyttu gildandi framkvæmd. Nefndin mælist þó til þess að fjármálaráðherra taki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Að lokinni umfjöllun um málið og fundi með gestum ákvað nefndin að leggja til nokkrar breytingar á 4. gr. frumvarpsins sem flestar eru lagðar til vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum um málið auk þess að leggja til að við frumvarpið bætist ný grein er kveði sérstaklega á um innleiðingu framangreindrar EB-tilskipunar. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til:

1. Að gerðar verði eftirtaldar breytingar á 4. gr. frumvarpsins:
Lagt er til að b-lið verði breytt og nýjum tölulið, 8. tölul., bætt við 1. mgr. 36. gr. laganna. Ákvæðum þess töluliðar er ætlað að taka til hlutdeildarskírteina eða hluta

annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en þeirra sem falla undir 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. gildandi laga. Mismunandi tegundir og rekstrarform erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, annarra en UCITS-sjóða, þ.e. sjóða sem uppfylla skilyrði tilskipunar 85/611/EB, hafa valdið nokkrum erfiðleikum við að meta undir hvaða töluliði 1. mgr. 36. gr. laganna fjárfestingar í sjóðunum skuli falla, þ.e. hvort 6., 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. gildandi laga eigi við. Jafnframt hafa lífeyrissjóðir vegna erlendra sjóða átt erfitt með að fullnægja áskilnaði 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. um að horft skuli í gegnum sjóð vegna annarra takmarkana 36. gr. Með hliðsjón af framangreindu er talið eðlilegt að það gildi aðrar og þrengri takmarkanir um fjárfestingar í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en í UCITS-sjóðum og fjárfestingarsjóðum samkvæmt lögum nr. 30/2003, auk þess sem ekki yrði horft í gegnum þá eins og á aftur á móti við um sjóði skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. Er því lagt til að um alla aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem falla undir 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. gildi ein sambærileg regla og að þeir lúti sömu takmörkunum og gilda um hlutabréf. Jafnframt mundu fjárfestingar lífeyrissjóða í fjárfestingarsjóðum samkvæmt lögum nr. 30/2003, sem fullnýta fjárfestingarheimildir samkvæmt lögunum, m.a. til lántöku og skortsölu, falla þar undir.

Lagt er til að c–e-lið 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að þeir liðir mæli aðeins fyrir um breytingar sem gera þarf á millivísunum í 36. gr. laganna vegna þeirra breytinga sem gerðar eru með frumvarpinu og þeirra sem nefndin leggur til.

Þá er lagt til að nýir málsliðir bætist við 4. mgr. 36. gr. laganna þar sem kveðið er á um að samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. eins og hún mun hljóða, verði frumvarpið samþykkt með þeim breytingum sem nefndin leggur til, skuli ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Þá skuli eignir lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þar sem segir „opinberu eftirliti“ í ákvæðinu er átt við sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem starfa samkvæmt sérstökum lögum er skilgreina t.d. fjárfestingarheimildir, skipulag og upplýsingaskyldu sjóðs og lúta opinberu eftirliti vegna þessara þátta.

Enn eru lagðar til breytingar á 5. mgr. 36. gr. laganna til viðbótar þeim sem lagðar eru til í frumvarpinu. Meginefni þeirrar breytingar sem nefndin leggur til er að samkvæmt tillögunni er lífeyrissjóði eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. breytingartillögur um nýjan 8. tölul., og eigi meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans.

Loks er lögð til breyting á orðalagi e-liðar frumvarpsins.

2. Að bætt verði við ákvæði sem kveði skýrt á um að með lögunum sé innleidd tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli landa.
3. Að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða er veiti lífeyrissjóðum tíma til að aðlaga fjárfestingar sínar að hluta þeirra krafna sem felast í breytingum á 5. mgr. 36. gr. Verði frumvarpið samþykkt með þeim breytingum sem nefndin leggur til munu tveir nýir málsliðir, 3. og 6. málsl., bætast við 5. mgr. 36. gr. laganna og þar eru gerðar auknar kröfur til lífeyrissjóða um að dreifa eign sinni á fleiri en einn fjárfestingarkost. Eðlilegt er að þeir lífeyrissjóðir fái ráðrúm til að bregðast við þeirri takmörkun sem í ákvæðinu felst og því leggur nefndin til að í bráðabirgðaákvæðinu verði þeim veittur frestur til 1. janúar 2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Össur Skarphéðinsson.
Einar Már Sigurðarson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

1613. Breytingartillögur [480. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
   a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinunum eða hlutunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
   b. Á eftir 7. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
   c. Í stað „1., 2. og 5.–8.“ í 2. mgr. kemur: 1., 2. og 5.–9.
   d. Í stað „1., 2., 5., 6. og 8.“ í 3. mgr. kemur: 1., 2., 5., 6., 8. og 9.
   e. Í stað „2., 5., 6., og 8.“ í 4. mgr. kemur: 2., 5., 6., 8. og 9.
   f. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
   g. 5. mgr. orðast svo:
      Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. málsl. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóði er

óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánum sama banka eða sparisjóðs.

h. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (5. gr.)

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

b. (6. gr.)

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

1614. Nefndarálit [856. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti, Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóra verkefnis um eflingu sveitarstjórnarstigsins, og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meginefni frumvarpsins má skipta í tvo þætti. Annars vegar er miðað að því að bæta gildandi ákvæði laganna hvað varðar skipan manna í nefndir og ráð og rýmka heimildir sveitarstjórna til að ábyrgjast lán til stofnana og fyrirtækja í eigu þeirra. Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði sem taka til atkvæðagreiðslna um sameiningu sveitarfélaga sem fram munu fara vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem félagsmálaráðherra hefur skipað.

Frumvarpið er unnið í félagsmálaráðuneytinu sem hefur við undirbúning þess haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri fulltrúa sveitarstjórna auk samráðs við verkefnisstjórn um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Nefndin leggur áherslu á hve mikilvægt það er að vel takist til við sameiningu sveitarfélaga og að flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga skaði ekki stöðu sveitarfélaga.

Sveitarfélög greiða allan kostnað við sameiningu sveitarfélaga. Í kostnaðaráætlun með frumvarpinu kemur fram að áætlaður kostnaður við sameiningarkosningar árið 2005 sé á bilinu 20–50 millj. kr. Í frumvarpinu er bent á að sveitarfélög geta sótt um aðstoð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar og í umræðum um málið í nefndinni kom fram hjá fulltrúum félagsmálaráðuneytis að fyrir liggi vilyrði sjóðsins fyrir allt að 28,5 millj. kr. styrk við verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins á árunum 2003–2005.

Nefndin leggur áherslu á að við undirbúning sameiningarkosninga sem fram eiga að fara í maí 2005 verði reynt að halda öll tímamörk sem m.a. koma fram í athugasemdum við frum-

varpið þannig að íbúum gefist góður tími til að kynna sér sameiningartillögur. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að áður en ráðist er í sameiningarkosningar þurfi línur að vera skýrar varðandi flutning verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við aðalatriði frumvarpsins og leggur til að það verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, en þær eru:

1. Að 3. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að ný málsgrein komi í stað 2. og 3. mgr. Tillaga nefndarinnar miðar fyrst og fremst að því að tryggja minni hluta sveitarstjórna rétt til að skipta um fulltrúa í nefndum og ráðum til jafnvægis við rétt meiri hluta. Tillagan byggist að verulegu leyti á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem send var nefndinni um málið og athugasemdum sem þar komu fram.
2. Að hlutfalli sem kveðið er á um í 6. gr. og c-lið 7. gr. verði breytt í ⅔ til samræmis við ákvæði gildandi laga.
3. Að breytt verði orðalagi 1. mgr. a-liðar 7. gr. Þar er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur horft til þess að félagsmálaráðherra hefur þegar skipað sameiningarnefnd vegna átaksverkefnis um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem unnið er í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir og Gunnar Örlygsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að styðja breytingartillögur við málið.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en áskilur sér þó rétt til að leggja fram og styðja breytingartilllögur við málið.

Alþingi, 6. maí 2004.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðjón Hjörleifsson.
Birkir J. Jónsson.	Pétur H. Blöndal.	Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.
Helgi Hjörvar, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Gunnar Örlygsson, með fyrirvara.

1615. Breytingartillögur [856. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði

endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

b. 3. mgr. falli brott.

2. Við 6. gr. Í stað hlutfallstölunnar „⅗“ komi tvívegis: ⅔.
3. Við 7. gr.
   a. 1. mgr. a-liðar orðist svo:

      Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.

   b. Í stað orðanna „tillaga varðar“ í 1. mgr. b-liðar komi: tillögur varða.
   c. Í stað hlutfallstölunnar „⅗“ í 4. mgr. c-liðar komi tvívegis: ⅔.
   d. Í stað orðanna „þessari grein“ í 5. mgr. c-liðar komi: þessu ákvæði.
4. Við 8. gr.
   a. Á eftir orðunum „Ákvæði 7. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. bætist við: laga þessara.
   b. Í stað orðanna „ákvæðum til bráðabirgða II–IV“ í síðari málslið 2. mgr. komi: b–d-lið 7. gr. (ákvæðum til bráðabirgða II–IV).

1616. Nefndarálit [946. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Ástríði S. Thorsteinsson frá Flugmálastjórn Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur um reglur til viðbótar við Varsjársamninginn frá 1929, gerður í Gvadalajara 18. september 1961, og einnig viðbótarbókun við Varsjársamninginn frá 1929 og Haag-bókunina frá 1955, svonefnd Montreal-bókun nr. 4 frá 1975. Í frumvarpinu er lagt til að Montreal-bókunin og Gvadalajara-viðbótarsamningurinn verði birt í fylgiskjölum með lögunum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða þingmáli 945, sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, og finna má í þingskjali 1439. Í því frumvarpi er lagt til að lögfestur verði Montreal-samningurinn frá 1999 um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa. Jafnframt hefur utanríkisráðherra lagt fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings, 883. mál, þskj. 1341. Vegna þess hvernig þessi mál tengjast telur samgöngunefnd rétt að málin fylgist sem mest að í meðförum þingsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Birkir J. Jónsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðjón Hjörleifsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	Einar Már Sigurðarson.
Jóhann Ársælsson.		Einar Karl Haraldsson.

1617. Svar [709. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um stækkun og byggingu heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður stækkun heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði? Eru uppi áform um byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar á þessu ári?

Bygging nýrrar heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði hefur verið mjög ofarlega í forgangsröð framkvæmda ráðuneytisins um tíma. Að mati ráðuneytisins var ekki ráðlegt að stækka bygginguna við Sólvang frekar en nú er orðið.

Af hálfu ráðuneytisins var unnin útboðslýsing á húsnæði fyrir heilsugæslustöð sem tekið yrði á leigu í miðbæ eða suðurbæ Hafnarfjarðar. Ætlunin er að þar geti starfað sex læknar ásamt öðru starfsliði og stöðin þjónað um tíu þúsund manns. Auglýsing um útboðið var birt 7. mars sl. og var frestur til að svara auglýsingunni til 6. apríl sl.

Alls bárust fjórar umsóknir þar sem boðið var fram húsnæði í miðbæ Hafnarfjarðar, á Hvaleyrarholti og í hinu nýja Vallahverfi. Innan ráðuneytisins er nú verið að skoða þá kosti sem boðnir voru og þeir frekar metnir með tilliti til hentugleika. Það fer síðan eftir því hver af kostunum verður valinn hvenær unnt verður að hefja rekstur stöðvarinnar því í öllum tilvikum sem buðust þarf að innrétta húsnæðið sérstaklega fyrir starfsemi stöðvarinnar og í tveimur tilvikanna var boðið húsnæði í óbyggðum húsum. Reynt verður eftir fremsta megni að hraða ferlinu svo unnt verði að taka húsnæði í notkun hið fyrsta.

1618. Nefndarálit [974. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Davíð Þór Björgvinsson, Guðmund Heiðar Frímannsson, Karl Axelsson og Pétur Gunnarsson úr nefnd menntamálaráðherra um

eignarhald á fjölmiðlum, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Sigurð G. Guðjónsson og Skarphéðin B. Steinarsson frá Norðurljósum ehf., Floyd Abrams og Filip van Elsen, Gunnar Jónsson hrl., Ragnar Hall hrl., Gísla Hall hdl. og Margréti Einarsdóttur hdl. á vegum Norðurljósa ehf., Kjartan Gunnarsson, Ástráð Haraldsson, Bessý Jóhannsdóttur, Björn Inga Hrafnsson, Einar Karl Haraldsson, Kristínu Pétursdóttur og Láru V. Júlíusdóttur frá útvarpsréttarnefnd, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Markús Örn Antonsson og Þorstein Þorsteinsson frá Ríkisútvarpinu, Einar Pál Tamimi frá Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, Stefán Geir Þórisson hrl., Hrafnkel V. Gíslason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Magnús Hreggviðsson frá Fróða hf., Örn Valdimarsson frá Framtíðarsýn hf., Benedikt Jóhannesson frá Útgáfufélaginu Heimi ehf., Magnús Kristinsson frá Lindinni – kristilegu útvarpi, Magnús Ragnarsson frá Íslenska sjónvarpsfélaginu ehf., Harald Sveinsson frá Árvakri, Hauk Gíslason frá Útvarpi Latabæ, Írisi Gunnarsdóttur frá femin.is, Róbert Marshall og Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Ástu Stefánsdóttur, Emilíu Sighvatsdóttur, Arnar Björnsson og Viktor Jónsson frá starfsmannafélögum Norðurljósa ehf., Henry Birgi Gunnarsson og Kristján Hjálmarsson frá starfsmannafélagi Fréttar ehf., Sigurð Líndal prófessor, Björgu Thorarensen prófessor og Ragnhildi Helgadóttur lektor.

Nefndin sendi frumvarpið út til umsagnar fjölmargra aðila. Svör bárust frá Bandalagi íslenskra listamanna, Ríkisútvarpinu, Rafiðnaðarsambandi Íslands, starfsmannafélagi Fréttar ehf., starfsmannafélagi Morgunblaðsins, stjórn Árvakurs hf., Páli Þórhallssyni, Eyjasýn ehf., Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stefáni Geir Þórissyni, Þorbirni Broddasyni, Sigurði Líndal, starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Samtóni, Verslunarráði Íslands, Ólafi Þ. Harðarsyni, Útgáfufélaginu Heimi ehf., Alþýðusambandi Íslands, Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., Samtökum auglýsenda, Bandalagi háskólamanna, Félagi bókagerðarmanna, lögfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst, Norðurljósum, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands og Samkeppnisstofnun. Þá bárust nefndinni gögn frá Póst- og fjarskiptastofnun og lögmönnum Norðurljósa ehf.

Markmið frumvarpsins er að sporna við því að samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum hamli gegn æskilegri fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun og skapa þeim nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði til að geta haft jákvæð áhrif og veitt stjórnvöldum og atvinnulífi heilbrigt aðhald í nútímalýðræðisríki.

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í þágu stjórnarskrárvarins skoðana- og tjáningarfrelsis í landinu. Af því sprettur krafan um fjölbreytni í fjölmiðlun, þar á meðal eignarhaldi þeirra. Í niðurstöðu skýrslu sem liggur frumvarpi þessu til grundvallar kemur fram að veruleg samþjöppun hafi orðið á eignarhaldi fjölmiðla hér á landi og reyndar svo mikil að hún eigi sér fáar hliðstæður. Í frumvarpinu er á grundvelli þessarar niðurstöðu og með hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins um eflingu fjölmiðlafjölbreytni lagt til að leitast verði við að hafa æskileg áhrif á gerð og uppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins með því að auka nokkuð við skilyrði fyrir því að geta fengið og haldið leyfi til að reka útvarp. Við val á þessari leið var m.a. haft í huga að beinar takmarkanir á eignarhaldi gætu á hinn bóginn falið í sér inngrip af því tagi sem stjórnarskrárvarin vernd eignarréttar og atvinnufrelsis reisir ákveðnar skorður við.

Við meðferð málsins í nefndinni hefur verið fjallað um hvort frumvarpið samrýmist mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Einkum hafa þrenn stjórnskipulega varin mannréttindi verið nefnd til sögunnar: Eignar- og atvinnuréttindi skv. 72. gr., tjáningarfrelsi skv. 73. gr. og atvinnufrelsi skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Að sínu leyti hefur um grundvöll sömu réttinda verið vísað til ákvæða 10. gr. (tjáningarfrelsi) og 1. gr. 1. samningsviðauka (vernd eignarréttar) mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. jafnframt lög nr. 62/1994.

Atvinnufrelsi er verndað skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, með þeim fyrirvara að því megi setja skorður með lögum þegar almannahagsmunir krefjast. Samkvæmt hefðbundnum sjónarmiðum í stjórnskipunarrétti er viðtekið að skýra þennan fyrirvara svo að hann veiti löggjafanum verulegt svigrúm til að meta hvaða almannahagsmunir koma til greina í þessu skyni. Það er mat meiri hlutans að vernd lýðræðislegrar umræðu og fjölbreytni hennar séu á meðal þeirra hagsmuna sem augljóst er að löggjafanum sé heimilt að leggja slíkum takmörkunum til grundvallar. Í þessu sambandi má rifja upp að löggjafinn hefur áður talið sig hafa rúmar heimildir til þess að setja heimildum til reksturs ljósvakamiðla skorður. Í því tilliti er skemmst að minnast afnáms einkaréttar ríkisins þar að lútandi. Hann var afnuminn með lögum árið 1986 án þess að nein stjórnskipuleg krafa lægi því til grundvallar. Í dómi Hæstaréttar frá 1987, sem birtur er í dómasafni réttarins frá því ári á bls. 748 o.áfr., var stjórnskipulegt gildi eldri útvarpslaga staðfest og þar með rúmar heimildir löggjafans til að setja því veigamiklar skorður hverjum sé heimill rekstur ljósvakamiðla. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar verið breytt með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. Þær breytingar sem þá voru gerðar á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verða ekki taldar hafa falið í sér neina rýmkun á heimildum í þessu sambandi. Því stendur eftir sú ályktun meiri hlutans að ætla verði löggjafanum eðlilegt svigrúm til þess að bregðast við þeirri vá sem almannaheill stafar af óeðlilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði hér á landi.

Meiri hlutinn telur á hinn bóginn standa veigameiri rök til að huga vel að því hvort ákvæði frumvarpsins kunni með einhverjum hætti að ganga á svig við fyrirmæli um tjáningarfrelsi í 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Svo sem fyrr getur hagaði lengst af þannig til að rekstur ljósvakamiðla var undirorpinn einkarétti ríkisins eða allt til ársins 1986. Á árinu 1987 gekk áðurnefndur dómur í Hæstarétti þar sem reyndi m.a. á það hvort umrætt fyrirkomulag eldri útvarpslaga bryti í bága við þágildandi tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Svo var ekki talið vera. Óumdeilt er að með 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 var tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar rýmkað frá því sem áður var. Ekki fæst þó séð að með stjórnarskrárbreytingunni hafi sérstaklega verið hugað að því að rýmka rétt til starfrækslu ljósvakamiðla. Í athugasemdum við 3. mgr. 11. gr. frumvarps þess er síðar varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 sagði m.a. svo um heimildir fyrir því að setja tjáningarfrelsi skorður:

> „Með þessu er þó ekki fyllilega unnt að útiloka að tjáningarfrelsi geti sætt takmörkunum sem standi ekki fjarri mörkum ritskoðunar í fyrrnefndum skilningi. Þannig má benda á að í núgildandi lögum er mælt fyrir um að leyfi stjórnvalda þurfi til að hafa með höndum útsendingar í útvarpi eða sjónvarpi, en með áskilnaði í lögum um slíkt leyfi er á vissan hátt gert ráð fyrir að maður verði knúinn til að afla sér fyrir fram opinberrar heimildar til að mega tjá sig. Með réttu er þó ekki unnt að fella þetta undir tálmun á tjáningarfrelsi, sambærilega við ritskoðun, enda er ekki ætlast til að viðkomandi afli fyrir fram heimildar stjórnvalda til að mega láta tiltekin orð falla."

Þá er það óumdeilt að gildandi stjórnarskrárákvæði gengur lengra í vernd tjáningarfrelsis en samsvarandi ákvæði í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í 3. málsl. 1. mgr. þeirrar greinar er raunar sérstaklega tekið fram að tjáningarfrelsisvernd sáttmálans hindri ekki einstök ríki í því að gera útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum að starfa samkvæmt sérstöku leyfi. Í þessu sambandi má hafa í huga dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 24. nóvember 1993 þar sem látið var reyna á einkarétt austurríska ríkisins til reksturs útvarps. Þar taldi dómstóllinn ríkiseinokun á útvarpsrekstri ekki útilokaða ef til þess stæðu málefnaleg rök. Á hinn bóg-

inn væri ríkiseinokun mest íþyngjandi af öllum þeim leiðum sem fara mætti til þess að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Þau rök voru þó ekki talin vera fyrir hendi í því máli. Allt að einu má draga þá ályktun af þessu máli að stjórnvöldum verða viðurkenndar afar rúmar heimildir til þess að tryggja málefnaleg markmið um fjölbreytni í fjölmiðlun, þar á meðal heimildir til að takmarka þau réttindi sem tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu er að öðru jöfnu ætlað að vernda. Í þessu ljósi miðar fyrirliggjandi frumvarp sannarlega að því að bregðast við óæskilegri þróun á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Þar hefur óumdeilanlega verið gríðarleg eignasamþjöppun sem til lengri tíma litið er líkleg til að grafa undan ákveðnum grundvallarstoðum lýðræðislegrar stjórnskipunar og skaða meginmarkmið lýðræðisþjóðfélags um fjölbreytni í fjölmiðlun, sbr. eindregnar niðurstöður þar að lútandi í skýrslu þeirri sem frumvarpið er byggt á. Ljóst þykir að hin mjög svo sérstaka og raunar einstaka eignasamþjöppun sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði hér á landi á tiltölulega skömmum tíma heimilar stjórnvöldum að grípa til þeim mun veigameiri aðgerða til þess að snúa þeirri öfugþróun við. Að öllu þessu virtu verður að ætla að það sé í fullu samræmi við þær stjórnskipunarhefðir sem hér hafa skapast að ætla löggjafanum ríflegt svigrúm til þess að meta til hversu viðamikils inngrips skuli koma. Sé enn vísað til þeirrar óvenjulegu eignasamþjöppunar sem hér hefur sannarlega orðið er það samdóma álit meiri hlutans að í fyrirliggjandi frumvarpi sé sannarlega ekki lengra gengið en þörf er á til þess að ná því yfirlýsta og málefnalega markmiði sem að er stefnt.

Þá telur meiri hlutinn ástæðu til að benda sérstaklega á þá staðreynd að útvarpsleyfi hafa alltaf verið veitt tímabundið allt frá þeim grundvallarbreytingum sem gerðar voru með útvarpslögum, nr. 68/1985. Meiri hlutinn vísar því á bug að í þeirri tímabindingu felist ekki skýr takmörkun gagnvart þeim aðilum sem fengið hafa slíkum leyfum úthlutað. Engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að þeir geti vænst þess að fá á ný úthlutað leyfi að óbreyttum lagaskilyrðum þegar eldra leyfi rennur út eða njóti með einhverjum hætti til þess lögvarins réttar. Að þessu athuguðu telur meiri hlutinn ekki vafa undirorpið að sú skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að ætla umsækjendum um útvarpsleyfi að undirgangast ný, breytt og eftir atvikum þrengri skilyrði um eignarhald eftir gildistöku laganna, fái að öllu leyti staðist þá vernd sem eignarréttarvörðum atvinnuréttindum er að öðru leyti búin af 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu.

Með tilliti til þeirrar verndar sem 72. gr. stjórnarskrárinnar býr eignarréttindum þeirra aðila sem starfa samkvæmt gildandi útvarpsleyfum, þ.m.t. atvinnuréttindum þeirra, þykir eðlilegt að ætla þessum aðilum rúman aðlögunarfrest sem talið er eðlilegt að geti numið allt að tveimur árum. Þrátt fyrir þann ríflega aðlögunartíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir þykir smæð fjölmiðlamarkaðar hér á landi og sérstakar aðstæður að öðru leyti ekki geta útilokað að umrædd breyting kunni að koma svo hart niður á einhverjum aðilum að þeir nái ekki að laga sig að breyttu lagaumhverfi á þessum tíma og bíði eftir atvikum af því fjárhagslegt tjón. Í því tilviki kann að koma til bótaskyldu íslenska ríkisins sem þá grundvallaðist beinlínis á fyrirmælum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar en dómafordæmi eru fyrir því að almennar takmarkanir eignarréttar geti í einstaka tilviki komið svo harkalega niður á tilteknum aðilum að bótaskylda sé viðurkennd. Á slíkt getur þó aldrei reynt fyrr en að liðnum þeim tíma sem frumvarpið ætlar til aðlögunar, enda hafi aðilar þá gripið til allra eðlilegra ráðstafana til ráðstöfunar eignarhlut sem ekki er í samræmi við ákvæði laganna eða leitast við að takmarka tjón sitt eins og kostur er.

Fram hafa komið sjónarmið um að frumvarpið kunni að stríða gegn skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Af þessu tilefni telur

meiri hlutinn ástæðu til að benda á að á vettvangi Evrópusambandsins hefur farið fram nokkur umræða um eignarhald á fjölmiðlum með tilliti til kröfunnar um fjölmiðlafjölbreytni. Í desember 1992 gaf framkvæmdastjórn sambandsins út skýrslu um fjölbreytni og eignarhald á fjölmiðlum og í framhaldi af því samdi framkvæmdastjórnin árið 1996 drög að tilskipun sem miðaði að því að samræma reglur á þessu sviði. Ekkert samkomulag varð hins vegar um þessi drög og samkvæmt upplýsingum sem meiri hlutinn hefur aflað bendir ekkert til þess að svo verði í nánustu framtíð. Engar sameiginlegar reglur gilda því um eignarhald á fjölmiðlum í Evrópusambandinu – og þar með ekki á Evrópska efnahagssvæðinu heldur – og ekki heldur reglur sem með beinum hætti takmarka svigrúm aðildarríkjanna til að binda útvarpsleyfi skilyrðum sem lúta að eignarhaldi á þeim fyrirtækjum sem slík leyfi má veita.

Þessu til viðbótar er ástæða til að benda á að Evrópudómstóllinn hefur í nokkrum dómum vikið að álitaefnum um mörk tjáningarfrelsis og takmarkana á frelsi fjölmiðla. Dómstóllinn hefur m.a. tekið svo til orða:

> „Dómurinn telur, í ljósi 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ríkir almannahagsmunir búi að baki kröfunni um fjölbreytni í hljóðvarpi og sjónvarpi sem réttlæti takmarkanir á fjórfrelsisreglunum. Ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmálans tryggir þannig ekki aðeins rétt fjölmiðla heldur felur einnig í sér skyldu til að tryggja fjölbreytni skoðana og menningar í þágu virks lýðræðis og frelsi til upplýsinga fyrir alla. Fjölbreytni er þannig grundvallarregla í evrópskri fjölmiðlastefnu.“ (Sbr. Gouda-mál ECR 1991, bls. 4007; mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Hollandi ECR 1991 I, bls. 4069; Omroep-mál ECR 1993 I, bls. 487, og TV 10-mál ECR 1994 I, bls. 4795, og Familiapress-mál ECR 1997, I-3689.)

Telja má víst að sömu sjónarmið verði lögð til grundvallar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins komi álitaefni af þessu tagi til kasta þessara stofnana. Í öllum þessum dómum er byggt á því að aðildarríki hafi svigrúm til að setja starfsemi fjölmiðla takmarkanir út frá kröfunni um pólitíska og menningarlega fjölbreytni.

Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að víkja hér að einstökum ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti en því sem hér fer á eftir. Í 1. málsl. a-liðar 1. gr. frumvarpsins segir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Auk þeirra skýringa sem gefnar eru í athugasemdum við frumvarpið leggur meiri hlutinn áherslu á að hér sé átt við það að útvarpsrekstur skuli vera yfirlýstur megintilgangur fyrirtækis sem leitar eftir slíku leyfi, en til viðmiðunar í því sambandi má hafa að meira en 50% af starfsemi og rekstri fyrirtækisins sé helgað útvarpsrekstri, hvort sem litið er til veltu, umfangs starfsemi eða annars. Jafnframt má í tilviki hlutafélaga taka mið af skráðum tilgangi þeirra, sbr. ákvæði hlutafélagalaga þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að skipan útvarpsréttarnefndar verði breytt á þann hátt að í stað þess að Alþingi kjósi sjö menn í nefndina verði hún skipuð þremur mönnum, sem ráðherra skipar, þar af meiri hlutann samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir að nefndin verði sjálfstæð og óháð í störfum sínum og að ákvarðanir hennar feli í sér fullnaðarúrlausn mála innan stjórnsýslunnar, sbr. 6. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Samhliða því sem auknar kröfur eru gerðar til eftirlits af hálfu nefndarinnar er jafnframt lagt til að allir nefndarmenn og varamenn þeirra skuli uppfylla sams konar kröfur og gerðar eru til starfsgengis héraðsdómara í því skyni að tryggja enn frekar hlutlægni í störfum nefndarinnar.
2. Í öðru lagi er lagt til að takmörkun við að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu skuli aðeins

taka til fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu sem veltir yfir tveimur milljörðum króna á ári, enda þykir einna helst ástæða til að takmarka heimildir markaðsráðandi fyrirtækja til að eiga hluti í fyrirtækjum í útvarpsrekstri ef saman fer töluverður fjárhagslegur styrkur og umsvif til viðbótar við hina markaðsráðandi stöðu. Þó er lagt til að þeim markaðsráðandi fyrirtækjum eða fyrirtækjasamstæðum sem takmörkunin tekur til sé heimiluð takmörkuð fjárfesting sem þó fari ekki yfir 5% af eign í fyrirtækinu. Telur meiri hlutinn að með þessum breytingum sé að fullu komið til móts við sjónarmið um meðalhóf við lagasetningu þessa.

3. Í þriðja lagi er lagt til að áréttað verði að takmörkun á því að sami aðili gefi út dagblað og sé í útvarpsrekstri taki berum orðum til þess ef umsækjandi um útvarpsleyfi er sjálfur útgefandi dagblaðs, jafnvel þótt takmörkun skv. 1. málsl. a-liðar 1. gr. ætti að leiða til sömu niðurstöðu.
4. Í fjórða lagi er lagt til að hámarksfrestur sem útvarpsréttarnefnd getur veitt til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðum laganna verði lengdur úr 60 dögum í 120 daga, m.a. til að gefa lánastofnunum tækifæri til að losa sig við hlut í fjölmiðlafyrirtæki sem þær komast yfir með því að leysa til sín veð ef viðkomandi lánastofnun kynni að teljast markaðsráðandi fyrirtæki á einhverju sviði í skilningi laganna.
5. Í fimmta lagi er lagt til að tekið verði upp ákvæði er heimilar útvarpsleyfishafa að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um að eignarhlutur sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum laganna að mati útvarpsréttarnefndar skuli seldur. Gangi salan ekki eftir innan mánaðar er jafnframt lagt til að viðskiptaráðherra skuli þá gera ráðstafanir til að fela óháðu verðbréfafyrirtæki að annast söluna. Hér er um að ræða sams konar fyrirkomulag og lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, gera ráð fyrir þegar fjárfestingar útlendinga í íslenskum atvinnurekstri fara í bága við ákvæði laganna. Þykir ákvæði af þessu tagi nauðsynlegt til að verjast því að óvinveittur aðili sem ekki uppfyllir skilyrði útvarpslaga kaupi sig inn í útvarpsfyrirtæki til þess eins að eyðileggja rekstrargrundvöll slíks fyrirtækis. Komi til þess að viðskiptaráðherra feli verðbréfafyrirtæki að annast söluna skal það fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð. Þegar verðbréfafyrirtækið hefur selt eignarhlutinn er eigandi hans bundinn við söluna. Meðan þessu fer fram er eðlilegt að útvarpsréttarnefnd fresti afturköllun leyfis.
6. Í sjötta lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda þegar þau meta hvort fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu. Ljóst er að niðurstaða um þetta skiptir verulegu máli um heimildir viðkomandi fyrirtækis til að eignast hlut í fyrirtæki sem stundar útvarpsrekstur. Af þeim sökum er eðlilegt að fullkomið réttaröryggi sé tryggt, að rannsókn standist ýtrustu kröfur og andmælaréttar sé gætt, sem og möguleika til að fá niðurstöðu um þetta endurskoðaða fyrir óháðum og sérfróðum aðila á þessu sviði.
7. Bent hefur verið á að aðlögunartíminn sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir nýtist ekki að fullu þeim sem hafa útvarpsleyfi sem rennur út á þessum tíma á sama hátt og öðrum. Í þágu jafnræðis í þessu tilliti er lagt til að gildistaka frumvarpsins verði færð fram sem þessu nemur eða til 1. júní 2006. Í samræmi við þessa breytingu er lagt til að efnisákvæði bráðabirgðaákvæðisins sé flutt í gildistökuákvæðið að breyttu breytanda.
8. Þá eru lagðar til breytingar lagatæknilegs eðlis á ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með áðurtöldum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Jónína Bjartmarz.

Birgir Ármannsson. Sigurður Kári Kristjánsson.

1619. Breytingartillögur [974. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, ArnbS, JBjart, BÁ, SKK).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000:
   a. 2. mgr. orðast svo:
      Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.
   b. Á eftir 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:
      a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þetta á þó ekki við ef ársvelta markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu á síðastliðnu reikningsári eða eftir atvikum síðastliðnum 12 mánuðum er undir tveimur milljörðum kr. Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.
      b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum 4. mgr. sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.

Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði 4. mgr. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 120 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum laganna innan framangreindra tímamarka skal leyfishafa vera heimilt að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um sölu viðkomandi eignarhlutar. Viðskiptaráðherra skal þá með úrskurði skylda hlutaðeigandi til að selja þann eignarhlut sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum 4. mgr. innan mánaðar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum 4. mgr. ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. Við 2. gr. Við bætist fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Telji Samkeppnisstofnun að fyrirtæki kunni að vera í markaðsráðandi stöðu skal hún birta því greinargerð um málið sem nefnist frumathugun. Skal þar lýst helstu staðreyndum máls, meginskýringum Samkeppnisstofnunar og helstu niðurstöðum. Aðila skal veittur hæfilegur frestur til andmæla og skriflegra athugasemda og til að koma að gögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um álitsgjöf Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar sætir kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. laga þessara.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

   Við gildistöku laganna skulu þeir sem lögin taka til hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera, þar á meðal um eignarhald.

   Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla 1. gr. laganna.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

1620. Nefndarálit [945. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Jóhann Guðmundsson og Þorstein Egilsson frá samgönguráðuneyti, Ástríði S. Thorsteinsson frá Flugmálastjórn, Kristin Árnason, Grétar Má Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Björn Inga Knútsson, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli, og Jóhann Benediktsson,

sýslumann á Keflavíkurflugvelli, Sigurð Helgason og Guðjón Arngrímsson frá Flugleiðum og Jón Karl Ólafsson frá Íslandsflugi.

Umsagnir um málið bárust frá Flugmálastjórn, Samtökum ferðaþjónustunnar, Icelandair, Flugfélagi Íslands, Byggðastofnun, Flugfélagi Vestmannaeyja og Vegagerðinni.

Málið var rætt í nefndinni í samhengi við þingmál 946, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðsamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum, og þingmál 947, frumvarp til laga um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum, en nefndin gefur álit um hvert mál fyrir sig.

Í frumvarpinu er annars vegar að finna breytingar á gjaldtöku samkvæmt loftferðalögum og hins vegar viðamiklar breytingar á lögunum vegna Montreal-samningsins frá 1999.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lendingargjöldum í millilandaflugi þannig að þau verði 650 kr. í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur en 10 bandaríkjadalir fyrir lendingu millilandaflugs í Reykjavík. Lendingargjald í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur er samkvæmt gildandi lögum 7,05 bandaríkjadalir og hefur verið svo um langa hríð. Þörf fyrir breytingar er m.a. að finna í niðursveiflu á gengi bandaríkjadals sem hefur komið illa við rekstur flugvalla þar sem kostnaður er í íslenskum krónum. Nefndin fellst á að þörf sé fyrir hækkun lendingargjalda í millilandaflugi að teknu tilliti til aukinna umsvifa og fjárfestinga á Keflavíkurflugvelli auk áhrifa af fyrrgreindum breytingum á raungengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal. Nefndin telur þó réttara að lendingargjöld verði áfram ákveðin í bandaríkjadölum þar sem það fellur betur að alþjóðlegu hlutverki millilandaflugvalla auk þess sem meira samræmi er þá í greininni þar sem lendingargjald vegna millilandaflugs í Reykjavík er ákveðið í bandaríkjadölum. Nefndin leggur til að lendingargjald í millilandaflugi utan Reykjavíkur verði 8,15 bandaríkjadalir.

Lendingargjald í innanlandsflugi helst óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp öryggisgjald í stað vopnaleitargjalds og það ákveðið 570 kr. Kröfur um eftirlit og öryggi í flugi hafa stóraukist á undanförnum árum, sérstaklega eftir voðaatburðina í Bandaríkjunum 11. september 2001. Jafnframt hefur tækni á þessu sviði fleygt fram og ríkar kröfur eru gerðar til alþjóðaflugvalla um að þeir fylgi þeirri þróun með endurnýjun tækjabúnaðar og þjálfun. Til að tryggja öryggi í flugi og á flugvöllum fer nú fram víðtækara öryggiseftirlit en felst í vopnaleit. Að þessu virtu fellst nefndin á að réttara sé að tala um „öryggisgjald“ en „vopnaleitargjald“ og leggur hún til að það verði 620 kr. fyrir hvern farþega sem er eldri en tólfa ára enda telur nefndin sýnt að 570 kr. öryggisgjald sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu standi ekki undir kostnaði sem fellur til við að tryggja öryggi á íslenskum millilandaflugvöllum þannig að þeir geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru í flugi á alþjóðavísu.

Í umsögnum frá Icelandair, Flugfélagi Íslands og Samtökum ferðaþjónustunnar er gagnrýndur aðskilnaður sem er á milli rekstrar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í umsögnunum er bent á að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi verið rekin með miklum hagnaði undanfarið en að sá hagnaður nýtist ekki til að halda niðri kostnaði sem notendur Keflavíkurflugvallar eru krafðir um. Þessir aðilar fara í umsögnum sínum fram á að stjórnvöld leiti leiða til að samræma betur heildarstarfsemina á Keflavíkurflugvelli, þ.e. rekstur flugvallarins og flugstöðvarinnar, auk samræmingar í stjórnsýslu Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar í Keflavík. Nefndin ræddi þetta nokkuð og komst að þeirri niðurstöðu að þessar athugasemdir geti ekki haft áhrif á þetta frumvarp enda sé þess gætt að hafa þau gjöld, sem kveðið er á um í 1. og 2. gr., ekki of há og með breytingu á lendingargjaldi sé m.a. verið að mæta breytingum á gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni. Nefndin telur

þó fulla ástæðu til að taka þessar athugasemdir til frekari skoðunar og mun hún gera það á næstu mánuðum.

Í 3. gr. frumvarpsins eru fjölmörg ákvæði er öll varða breytingar sem gera þarf á lögunum vegna Montreal-samningsins frá 1999 sem tók gildi 4. nóvember 2003 gagnvart þeim ríkjum sem höfðu fullgilt hann. Samgönguráðherra skipaði starfshóp um endurskoðun loftferðalaga 14. maí 2000 og byggjast ákvæði 3. gr. frumvarpsins á vinnu þess hóps. Skipuð í þann starfshóp voru Kristján Þorbergsson hæstaréttarlögmaður, Ástríður S. Thorsteinsson, héraðsdómslögmaður hjá Flugmálastjórn Íslands, og Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur hjá samgönguráðuneyti. Samgöngunefnd gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði 3.–8. gr. en gerir tillögur um tvær orðalagsbreytingar.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að lendingargjald fyrir loftfar í millilandaflugi sem lendir á flugvelli utan Reykjavíkur verði 8,15 bandaríkjadalir en ekki 650 kr. eins og lagt er til í frumvarpinu.
2. Að orðalag 2. gr. verði gert skýrara með orðunun „vopna- og öryggisleit“ í stað „slík leit“ í 1. málsl. 1. efnismgr. og að öryggisgjald fyrir farþega sem orðnir eru tólf ára verði 620 kr. í stað 570 kr. svo sem lagt er til í frumvarpinu.
3. Að orðalagi 1. og 4. mgr. kk-liðar 3. gr. verði breytt lítillega.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Guðjón Hjörleifsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.

1621. Breytingartillögur [945. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Í stað fjárhæðarinnar „650 kr.“ í 3. efnismgr. komi: 8,15 bandaríkjadali.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „slík leit“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: vopna- og öryggisleit.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „570 kr.“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: 620 kr.

3. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „á netinu“ í 1. málsl. 1. mgr. kk-liðar komi: upplýsingar um.
   b. 4. mgr. kk-liðar orðist svo:
      Ferða- og samningsskilmálar skulu ávallt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flytjanda, hjá umboðsaðilum hans, ferðaskrifstofum og við innritunarborð til brottfarar.

1622. Svar [710. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um hjúkrunarheimilið Sólvang í Hafnarfirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hyggst ráðherra gera til að koma til móts við óskir til margra ára um stækkun hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði?

Frá því að lög um málefni aldraðra og framkvæmdasjóð aldraðra voru sett um 1980 hefur verið reynt að sinna óskum Sólvangs um fé til endurbóta og hefur þetta oftast tekist, oft með nokkrum myndarbrag. Sem kunnugt er urðu fyrir nokkrum árum þær breytingar á starfseminni að nú telst Sólvangur hjúkrunarheimili fyrir aldraða samkvæmt lögum. Þessi stofnun þarf því að sækja árlega um fé til framkvæmda samkvæmt árlegri auglýsingu frá ráðuneytinu. Forstöðumenn Sólvangs hafa reglulega kynnt ráðuneytinu hugmyndir sínar um slíkar framkvæmdir.

Í áætlun ráðuneytisins „Áætlun um uppbyggingu öldrunarþjónustu 2002–2007“ er gert ráð fyrir að ný 30 rýma hjúkrunarálma bætist við Sólvang á árinu 2006. Ljóst er að áætlun af þessum toga er þó háð fjárveitingum Alþingis hverju sinni.

1623. Svar [838. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um mismunandi rekstur heilsugæslustöðva.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er munurinn á útreikningi rekstrarþátta og þar með ríkisframlögum til nýrrar einkarekinnar heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi og hefðbundinna heilsugæslustöðva?

Á árinu 2002 var ákveðið að bjóða út rekstur nýrrar heilsugæslustöðvar í Salahverfi í Kópavogi. Meginmarkmið útboðsins var að tryggja íbúum hverfa heilsugæslustöðvarinnar í Salahverfi greiðan aðgang að heilsugæslunni, að tryggja samfellda, aðgengilega og heildræna þjónustu í hverfunum og að stuðla að frekari hagkvæmni og skilvirkni í rekstri heilsugæslunnar. Fimm tilboð bárust í rekstur stöðvarinnar og var tilboði Salusar ehf. tekið og gengið til samninga við fyrirtækið. Tilboð Salusar hljóðaði upp á 610 millj. kr. eða um 130 millj. kr. undir efri mörkum kostnaðaráætlunar. Við útreikning kostnaðarmats var miðað við

rekstrarkostnað heföbundinna heilsugæslustöðva í Reykjavík og tekið mið af kjarasamningum við starfsfólk á þeim tíma. Kostnaðarmatið var á bilinu 620 millj. kr. til 740 millj. kr. Neðri mörk kostnaðarmats gera ráð fyrir afkastaaukningu en efri mörk miða við óbreytt afköst. Samningurinn um rekstur stöðvarinnar er til átta ára með kosti á framlengingu til fjögurra ára.

Greiðslur ríkisins eru að hluta til afkastatengdar, en boðið var út einingagjald, skráningagjald, fastagjald og skólagjald. Einingagjald er bundið afköstum á heilsugæslustöðinni og greiðslur fyrir skráningagjald miðast við fjölda skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðina. Fastagjald á að standa undir símaþjónustu og öðrum rekstrarkostnaði og greiðsla skólagjalds miðast við fjölda ársverka skólahjúkrunarfræðinga en gert er ráð fyrir fjölgun barna í skólum í hverfum heilsugæslustöðvarinnar á samningstímanum.

Í nýju heilsugæslustöðinni er veitt nánast öll þjónusta heföbundinna heilsugæslustöðva, svo sem almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, vitjanir, lækningarannsóknir, heilsuvernd, svo sem ungbarna- og mæðravernd, heilsugæsla í skólum, ónæmisvarnir, unglingaráðgjöf o.fl., sbr. 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Heimahjúkrun verður þó áfram rekin miðlægt frá Heilsugæslunni í Kópavogi. Faglegt eftirlit er lögum samkvæmt á hendi landlæknisembættisins en fjárhagslegt eftirlit á vegum ráðuneytisins.

Fjárframlög til reksturs heföbundinna heilsugæslustöðva eru ákveðin á fjárlögum hvers árs. Við ákvörðun fjárframlaga er tekið mið af umfangi heilsugæslustöðvanna, íbúafjölda og annarra þátta er varða reksturinn. Fjárframlög til heföbundinna heilsugæslustöðva eru ekki afkastatengd. Faglegt eftirlit er á hendi landlæknisembættisins en ráðuneytið sér um fjárhagslegt eftirlit.

1624. Svar [916. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um notkun ljósabekkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Mun ráðherra beita sér fyrir strangari reglum um ljósabekkjanotkun ungs fólks með hliðsjón af því að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælst til þess að börn og unglingar yngri en 18 ára stundi ekki ljósaböð vegna hættu á krabbameini í húð?

Þekktar hafa verið í rúman áratug vísindalegar rannsóknir um að útfjólublair geislar yllu sortuæxlum og fleiri gerðum af húðkrabbameini en útfjólublúa geisla er að finna bæði í ljósabekkjum og í sólargeislum. Geislar af þessum toga geta einnig valdið hrukkum, æðasliti og litabreytingum í húð en áhyggjurnar beinast einkum að því að sortuæxlum í húð hefur fjölgað verulega á undanförnum árum.

Reikna má með því að á árinu 2004 muni um 80 manns greinast með sortuæxli, þar af um 50 svokölluð ífarandi sortuæxli sem er alvarlegra form þessara æxla en staðbundin form þeirra. Tíðni húðæxla í heild hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum og hefur sortuæxlunum fjölgað mest en þau eru alvarlegasta tegund húðkrabba og algengasta krabbamein hjá konum á aldrinum 15–34 ára. Vegna þessa hefur verið gert sérstakt átak í að fræða almenning um þessa hættu.

Fyrir um það bil tveimur árum átti sér stað fræðsluátak á vegum Landlæknisembættisins, þar sem þessum upplýsingum var ítarlega komið á framfæri. Þá hafa húðlæknar vakið athygli

á þessum vanda með árlegum „blettadögum“ þar sem fólki býðst að koma til þeirra sér að kostnaðarlausu og láta skoða grunsamlega bletti á húð.

Í mars sl. var áberandi fræðsluátak á vegum Geislavarna ríkisins, Landlæknisembættisins, Krabbameinsfélagsins og Félags íslenskra húðlækna sem sameiginlega birtu áberandi auglýsingu í dagblöðum sem beindist einkum að ungu fólki og foreldrum þess. Síðustu ár hefur orðið algengara að fermingarbörn, einkum stúlkur, hafi stundað ljósabekki í miklum móð fyrir fermingar eða fengið slíka meðferð í fermingargjöf. Gekk því fræðsluátakið út á að hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að hafa þetta í huga fyrir fermingar. Óbeinar vísbendingar eru um að átakið hafi að miklum hluta skilað sér.

Að svo stöddu eru ekki uppi áform um strangari lög eða reglugerðir en áfram verður fylgst af kostgæfni með þróun þessara mála svo að grípa megi til frekari aðgerða teljist þess þörf.

1625. Nefndarálit [947. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Jóhann Guðmundsson og Þorstein Egilsson frá samgönguráðuneyti, Ástríði S. Thorsteinsson frá Flugmálastjórn, Kristin Árnason, Grétar Má Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Björn Inga Knútsson, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli og Jóhann Benediktsson, sýslumann á Keflavíkurflugvelli, Sigurð Helgason og Guðjón Arngrímsson frá Flugleiðum og Jón Karl Ólafsson frá Íslandsflugi.

Umsagnir um málið bárust frá Flugmálastjórn, Samtökum ferðaþjónustunnar, Icelandair, Flugfélagi Íslands, Byggðastofnun, Flugfélagi Vestmannaeyja og Vegagerðinni.

Málið var rætt í nefndinni í samhengi við þingmál 946, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum, og þingmál 945, frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum, en nefndin gefur álit um hvert þessara mála fyrir sig.

Með frumvarpi þessu er brugðist við dómi EFTA-dómstólsins frá 12. desember 2003 þar sem dæmt var að með því að viðhalda gildandi ákvæðum um flugvallagjald í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, þar sem hærra gjald er lagt á farþega sem ferðast frá landinu til annarra EFTA-landa en á farþega í innanlandsflugi, bryti Ísland gegn skyldum sínum skv. 36. gr. EES-samningsins og grein 3(1) í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugvéla að flugleiðum innan bandalagsins.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað flugvallagjalds samkvæmt gildandi lögum komi flugvallaskattur sem verði 382 kr. á hverja brottför á flugvelli á Íslandi og jafnhár hvort sem um innanlands- eða millilandaflug er að ræða. Þá verði lagt á sérstakt þjónustugjald til að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi sem skal greiða vegna hvers manns sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Gjald þetta er ákveðið í 2. gr. frumvarpsins 598 kr. en skal endurskoðað á tveggja ára fresti, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Við undirbúning frumvarpsins leitaði samgönguráðuneyti eftir sérstöku áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar lagaprófessors um framangreindan dóm EFTA-dómstólsins og túlkun viðeigandi réttarreglna. Við gerð frumvarpsins hefur m.a. verið tekið tillit til niðurstaðna hans.

Nefndin fellst á þau sjónarmið sem frumvarpið byggist á og fram koma í athugasemdum með því.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 8. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 8. gr. Orðin „Tekjum af“ í 1. og 2. málsl. falli brott.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara og áskilur sér rétt til að styðja breytingartillögur.

Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson og Einar Karl Haraldsson undirrita álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingar við málið.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Birkir J. Jónsson.
Guðjón Hjörleifsson, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.

1626. Svar [964. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um umskurð kvenna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur heilbrigðisráðuneytið upplýsingar um í hve mörgum tilfellum umskurður hefur verið framkvæmdur á konum hér á landi?

Umskurður mun vera aldagömul hefð víða um heim án þess að uppruni sé í raun þekktur. Eftir því sem best er vitað mun í engum trúarbrögðum mælt fyrir um umskurð og hann hvorki nefndur í Biblíunni, Kóraninum né öðrum trúarritum en þrátt fyrir þetta á umskurður sér stað stað jafnt meðal kaþólskra, mótmælenda, múslíma og annarra trúflokka. Hins vegar er ekki óalgengt að umskurður sé réttlættur á trúarlegum forsendum.

Talið er að um 130 milljónir kvenna og stúlkna hafi verið umskornar í um 30 löndum, einkum Afríkulöndum. Alvarlegir fylgikvillar hafa oft fylgt í kjölfarið, sumir lífshættulegir,

enda ekki óalgengt að aðgerðin sé framkvæmd án sóttvarna og deyfinga við frumstæðar aðstæður. Dánartíðni mun vera veruleg.

Engar tiltækar upplýsingar eru til um að þessar aðgerðir séu eða hafi verið framkvæmdar hér á landi. Aðgerðin getur ekki talist til heilbrigðisþjónustu, heldur hlýtur hún að falla undir líkamlegt ofbeldi og um það gilda viðeigandi lög, refsilöggjöf ekki síst. Réttur stúlkna gegn þessu ofbeldi er varinn í stjórnarskrá, lögum um réttindi sjúklinga, barnaverndarlögum, mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og víðar.

Umskurður á stúlkum telst ekki vera læknisverk og því er lækni óheimilt að framkvæma hann samkvæmt læknalögum. Ef læknir framkvæmir slíka aðgerð gæti hann þurft að sæta viðurlögum samkvæmt læknalögum og samkvæmt refsilöggjöf. Ef annar aðili en læknir framkvæmir umskurð á stúlku hér á landi teldist það líkamsmeiðing í skilningi refsilöggjafar. Ekki er þó vitað um slík tilvik hér á landi. Ljóst má vera að umskurður á stúlkum er algjörlega óheimill hér á landi.

1627. Svar [917. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um vímuefnavarnir.

1. *Hversu miklu fé var varið af hálfu ráðuneytisins til vímuefnavarna á árunum 1999–2003?*

Ráðstöfun fjár til vímuefnavarna er nær samhljóða fjárhæð Forvarnasjóðs sem var eftirfarandi á árunum 1999–2003:

	1999	2000	2001	2002	2003
Forvarnasjóður (millj. kr.)	**55,00**	**70,60**	**80,30**	**82,50**	**77,10**
• Rekstur	7,00	7,20	7,40	7,90	8,10
• Forvarnasjóður – 1% af áfengisgjaldi	48,00	53,40	63,40	69,00	69,00
• Viðbót fjárlagan. + leiðr. vegna gjalda		10,00	9,50	5,6	–
Þar af ráðstafað til verkefna, rannsókna	(65%)	(68%)	(71%)	(61%)	(59%)
og áfangaheimila (m. kr.)	**35,85**	**48,12**	**57,05**	**50,30**	**45,27**
• Verkefni	25,85	36,50	40,95	40,30	25,27
• Áfangaheimili	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00

Til viðbótar framlögum úr Forvarnasjóði var á umræddu tímabili ráðstafað af safnliðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem hér segir:

	1999	2000	2001	2002	2003
Styrkir af safnliðum ráðuneytis (millj. kr.)	2,7	2,6	2,6	3,2	3,5

2. *Hvaða aðilar hlutu fé og hvernig hefur það nýst að mati ráðuneytisins?*

Áfengis- og vímuefnavarnaráð annaðist úthlutanir úr Forvarnasjóði á árunum 1999–2003. Lýðheilsustöð var stofnuð 1. júlí 2003 og tók þá við umsjón með Forvarnasjóði. Fé er ráðstafað úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir úthlutanir styrkja úr Forvarnasjóði árin 1999–2003. Eftirfarandi er yfirlit yfir styrki veitta af safnliðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Ákvarðanir

um þá styrki eru annars vegar teknar af fjárlaganefnd Alþingis og hins vegar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Af safnliðum heilbrigðisráðuneytis 1999–2003.	
Viðtakandi	**Fjárhæð (þús. kr.)**
Stórstúka Íslands	2.000
Samtals 1999:	**2.000**
Vímulaus æska	2.200
Stórstúka Íslands	400
Samtals 2000:	**2.600**
Vímulaus æska	1.900
Bindindissamtökin	400
Samtals 2001:	**2.300**
Vímulaus æska	2.000
Götusmiðjan	500
Gamla apótekið, Ísafirði	500
Bindindissamtökin	200
Samtals 2002:	**3.200**
Vímulaus æska	2.000
Gamla apótekið, Ísafirði	1.500
Samtals 2003:	**3.500**

Úthlutað er úr Forvarnasjóði samkvæmt bestu fyrirliggjandi upplýsingum og niðurstöðum nýjustu rannsókna. Þess er gætt að jafnvægi ríki milli landshluta í styrkveitingum. Áfengis- og vímuvarnaráð hefur haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem lúta að grasrótarstarfi í sveitarfélögum, starfi foreldra og ungmenna og starfsemi innan heilsugæslu, skóla og leikskóla. Einnig verkefni sem tengjast tómstundastarfi og varða eftirlit og löggæslu á sviði vímuvarna. Samvinna um verkefni og mótframlög annarra hefur verið álitinn kostur.

Auk verkefna sem talin eru upp á meðfylgjandi listum hefur hluta af Forvarnasjóði verið varið til rannsókna sem lagðar eru til grundvallar við forvarnastarf, m.a. ESPAD 1999 (European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs), Ungt fólk 2000, Ungt fólk í framhaldsskólum 2000, Ungt fólk utan framhaldsskóla 2001 og könnun á áfengis- og vímuefnaneyslu meðal almennings 2001. Þá hefur áfengis- og vímuvarnaráð annast umfangsmikla gagnasöfnun á afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi – *Áfengi og önnur vímuefni – ýmsar tölulegar upplýsingar.* Rekstur og innra starf áfengis- og vímuvarnaráðs, þar á meðal laun fjögurra starfsmanna og fulltrúa í áfengis- og vímuvarnaráði, útgáfa og auglýsingar hafa verið greiddar af Forvarnasjóði.

Að mati Lýðheilsustöðvar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hefur tekist vel til á undanförnum árum við val á verkefnum og við eftirfylgni. Framlög hafa nýst vel og skilað sér í öflugu forvarnastarfi.

Vel er fylgst með framkvæmd verkefna. Verkefnisstjórum er m.a. gert að skila skýrslum um framvindu og niðurstöður. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á að meta verkefni sem njóta hárra fjárframlaga úr sjóðnum með tilliti til framkvæmdar og árangurs. Tvö stór verkefni hafa verið metin á þennan hátt: Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðis- og tryggingamála-

ráðuneytisins og *Ísland án eiturlyfja*. Lýðheilsustöð vinnur nú að því að koma á fót vottuðu gæða- og verkefnastjórnunarkerfi.

3. Er til langtímastefnumótun hjá ráðuneytinu um vímuefnavarnir?

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 koma fram langtímamarkmið í heilbrigðismálum, en áfengis- og vímuefnavarnir eru meðal forgangsverkefna í heilbrigðisáætluninni. Með hliðsjón af Evrópumarkmiðum sem miða að því að árið 2015 verði búið að draga verulega úr skaðvænlegum áhrifum af neyslu vanabindandi efna eins og áfengis og ávanalyfja hafa verið sett fram íslensk markmið um áfengis- og vímuvarnir. Íslensku markmiðin til ársins 2010 á svið áfengis- og vímuefnavarna eru:

- Áfengisneysla á hvern íbúa verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.
- Neysla ólöglegra ávanalyfja verði minnkuð a.m.k. um 25% og dánartíðni vegna þeirra lækki um a.m.k. 50%.

Langtímastefnumótun í vímuefnamálum og þar með vímuefnavörnum er nú til endurskoðunar í ráðuneytinu og tengist yfirgripsmikilli vinnu nefndar, sem ásamt starfsmanni, hefur verið að störfum frá því í vetur við að kortleggja það sem til er af upplýsingum, aðstoð og úrræðum á þessu sviði í landinu og hvert beri að stefna til betri nýtingar á þeim. Nefndinni er ætlað að gera tillögur til úrbóta, sem byggjast munu á þessari vinnu og er henni ætlað að ljúka störfum á árinu.

4. Hyggst ráðherra grípa til einhverra nýrra úrræða í vímuefnavörnum?

Leitað er bestu og nýtilegustu upplýsinga um stefnur annarra þjóða í samræmi við verkefni framangreindrar vinnunefndar. Þá eru ýmis rannsóknarverkefni í gangi, sem kanna ágæti ýmissa vímuvarnaverkefna og þangað er einnig litið eftir niðurstöðum. Þegar niðurstöður af vinnu nefndarinnar og tillögur hennar liggja fyrir mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveða hverra nýjunga sé helst þörf í vímuefnavörnum.

Fylgiskjal.

Styrkir úr Forvarnasjóði 1999–2003.

Forvarnasjóður 1999 – úthlutanir samkvæmt auglýsingu í maí 1999	Kr.
Börn eru líka fólk – námskeið fyrir börn í áhættuhópum Vímulaus æska	1.500.000
Forvarnaverkefnið „Hættu áður en þú byrjar“ Lögreglan í Reykjavík, Hvítasunnukirkjan á Íslandi – Marita, Félagsþjónustan í Reykjavík	1.500.000
Fyrirmyndarforeldrar/foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Fíkniefnafræðsla í framhaldsskólum Jafningjafræðslan	1.000.000
Kynning á útivistarreglum Forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, *Ísland án eiturlyfja*, Vímulaus æska, Heimili og skóli, Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíknivarnir	1.000.000
Vímuvarnaskólinn Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, forvarnadeild SÁÁ og Rauði kross Íslands	1.000.000
Auglýsingaátak gegn unglingadrykkju SAMFÉS / Ísland án eiturlyfja	1.000.000

Bindindismótið í Galtalækjarskógi Sumarheimili templara	1.000.000
Forvarnir í samstarfi við ungmenna- og íþróttafélög í sveitarfélögum Fjölmennt	1.000.000
Lífsstíll ungs fólks, breyttar áherslur – tilraunaverkefni Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	500.000
Foldaskóli – vímulaus grunnskóli – tilraunaverkefni Foldaskóli	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ árið 2000 – vímulaus fjölskyldu- og íþróttahátíð Ungmennafélag Íslands	500.000
Reykjanesbær á réttu róli – alhliða forvarnir í bænum Reykjanesbær	500.000
Fræðsla um hass og amfetamín Forvarnadeild SÁÁ og fræðsludeild lögreglustjórans í Reykjavík	500.000
Sæludagar 1999 – vímulaus fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgi Skógarmenn KFUM	500.000
„Rusfri diil“ Íslenskir ungtemplarar	500.000
VOFF – verkefnið, leiklist og námskeið tengd vímuvörnum Kompaníið – Upplýsinga- og þjónustumiðstöð ungs fólks á Akureyri	400.000
Landsmót skáta Bandalag íslenskra skáta	350.000
Hátt uppi án vímu – hvatning til „jákvæðrar áhættuhegðunar“ Bandalag íslenskra skáta	300.000
Unglingar í áhættuhópi og foreldrar þeirra Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann – SÁÁ	300.000
Vefsíða um áfengis- og fíkniefnamál Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	300.000
Verum saman – verkefni fyrir 10–12 ára börn og foreldra þeirra Komið og dansið	300.000
Ferðastyrkur AA-samtökin (úthlutað af ráðherra)	300.000
Verkefni til að bæta skemmtanahald í framhaldsskólum Komið og dansið	200.000
Breytt viðhorf til ölvunar Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	200.000
Foringjanámskeið skáta Bandalag íslenskra skáta	100.000
Efling foreldrarölts SAMFOK – samtök foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum í Reykjavík	100.000
Efling foreldrarölts SAMKÓP	100.000
Tilvera í Grundarfirði – samfélagsverkefni Hópur foreldra í Stykkishólmi	100.000
Ísland án eiturlyfja Ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga	4.800.000
Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins	6.500.000
Fjölskyldumiðstöðin Reykjavíkurdeild RK, félagsmálaráðuneytið, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3.000.000
Samtals:	**30.850.000**

Forvarnasjóður 2000 – úthlutanir samkvæmt auglýsingu 30. janúar 2000	Kr.
Forvarnalykill – fræðsluefni og námskeið fyrir foreldra, skóla og börn Samfok	500.000
Útivistarátak Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Rvík og samstarfsn. Rvík um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
Auglýsinga- og hvatningarherferð Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Rvík og samstarfsn. Rvík um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
SÁÁ Foreldrar í vanda, auka þekkingu foreldra á vímuefnum og áhrifum þeirra	500.000
Fjölskylduráðgjöf Vímulausrar æsku og foreldrahópsins Vímulaus æska	500.000
„Börn eru líka fólk" – námskeið fyrir börn í áhættuhópum og foreldra þeirra Vímulaus æska	1.000.000
„PMT"-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	1.000.000
Sterkur og viðbúinn – aðstoð við foreldra barna í ákveðnum áhættuhópum Stórstúka Íslands	500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda Vímulaus grunnskóli/Fjölskyldumiðstöð	3.000.000
Foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Forvarnir í vímu- og fíkniefnamálum. Forvarnir í umferðinni – fræðsla til barna í 8–10. bekk grunnskóla Lögreglan á Blönduósi	100.000
„Ég get"– fjallað um lífssýn, þjálfun hugarfars, styrkingu sjálfsmyndar o.fl. Fjölmennt ehf.	1.000.000
Gerð myndbands fyrir framhaldsskóla Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson/Menntaskólinn Kópavogi	500.000
„Hættu áður en þú byrjar" Marita, Félagsþjónustan og lögreglan í Reykjavík	1.500.000
Vörn gegn vímu – „Ég er húsið mitt" Krossgötur	500.000
Forvarnir í grunnskólum Vímuvarnaskólinn SÁÁ	500.000
Forvarnir í leikskólum, þróunarverkefni FRÆ	500.000
Tilvera í Lífsleikni fyrir 8.–10. bekk grunnskóla Tilvera í Grundarfirði	200.000
Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli Samfés	1.000.000
VALUR án vímu Knattspyrnudeild VALS	300.000
Orkudagar 2000 Félagsmiðstöðin Þrykkjan, Hornafjarðarbæ og Orkuverið	200.000
Bindindismótið Galtalæk Sumarheimili templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2000 UMFÍ	500.000

Aukið hópastarf á vegum Miðbæjarstarfsins Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Unglingamóttaka, þróunarverkefni Heilsug.st. Akureyri	300.000
Heilsuefling í skólum – verkefni til þriggja ára Heilsuefling – landlæknisembættið	1.000.000
Fræðsla og forvarnir í Borgarbyggð Borgarbyggð	100.000
Handbók fyrir heimili og skóla FRÆ	2.000.000
Sveitarfélagaverkefnið SÁÁ	2.500.000
Ráðstefna um fíknir Götusmiðjan	500.000
Betra líf Félagsmiðst. Bústaðir	500.000
Loftskipið – frístundir án vímu UMFÍ	1.000.000
Vímuefnalaust kaffi- og menningarhús unga fólksins VÁ VEST	300.000
Ráðstefna um ofbeldi ungmenna árið 2000 Barnageðlæknafélag Íslands	200.000
Sjóliðaverkefnið Haftindur Karel Karelsson	1.000.000
Ísland án eiturlyfja	4.800.000
Samtals:	**32.500.000**
Aðrar ráðstafanir árið 2000	
Úthlutun ráðherra:	
Gamla apótekið – heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 8/8´00	500.000
Akureyri – dóms- og kirkjumálaráðherra	500.000
Samtals:	**1.000.000**
Áfangaheimili:	
Byrgið	1.800.000
Samhjálp	1.800.000
Dyngjan	2.500.000
Risið	2.500.000
Takmarkið	700.000
Fjólan	700.000
Samtals:	**10.000.000**
Önnur verkefni (skv. áætlun):	
Rannsóknir	5.000.000
Laun og rekstur	16.000.000
Auglýsingar, kynning	1.000.000
Gagnasafn og vefur	2.100.000
Annað	3.000.000
Samtals:	27.100.000
Alls:	**70.600.000**

Forvarnasjóður 2001 – úthlutun samkvæmt auglýsingu 7. janúar 2001	Kr.
Ísland án eiturlyfja	4.800.000
Fjölskylduráðgjafar og námskeiðahald Vímulaus æska	2.000.000
„Hættu áður en þú byrjar" – eftirfylgni. Fundir með foreldrum og nemendum. „Hættu áður en þú byrjar" – fræðsla fyrir 9. bekk Marita, Félagsþjónustan og lögreglan í Reykjavík	2.000.000
Upplýsingar, fræðsla og ráðgjöf í vímuvörnum FRÆ	2.000.000
Fræðsla og fjölskylduráðgjöf Götusmiðjan	1.500.000
„PMT"-aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf. Samstarfsverkefni Stofnanir í Hafnarfirði: skólaskrifstofa, félagsþjónusta og heilsugæslan	1.500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda Fjölskyldumiðstöð	1.500.000
Íslenskir ungtemplarar	1.500.000
Gamla apótekið Ísafirði	1.500.000
Innleiðing uppbyggingarstefnu í Grafarvogi Miðgarður	1.300.000
Foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Námskeið fyrir foreldra. Auka líkur á að börn skjólstæðinga SÁÁ njóti þess bata sem foreldrar þeirra ná SÁÁ	1.000.000
Forvarnalykill SAMFOKS Samfok	1.000.000
„Láttu ekki hafa þig að fífli". Gerð auglýsingamyndbands o.fl. Samfés	1.000.000
Heilsuefling í skólum – verkefni til þriggja ára Heilsuefling – landlæknisembættið	1.000.000
Jafningjafræðslan Þróun forvarna meðal ungs fólks	1.000.000
Átak í forvörnum í Skagafirði Skagafjörður	1.000.000
Bindindismótið Galtalæk Sumarheimili templara	1.000.000
Landsmót Egilsstöðum 2001 UMFÍ	1.000.000
Auglýsinga- og hvatningarherferð Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Rvík og samstarfsn. Rvík um afbrota- og fíkniefnavarnir	700.000
„Gleði, gleði, gleði" – Verkefni fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskóla og 1. bekk framhaldsskóla KSS – kristileg skólahreyfing	700.000
„Íþróttir efla kjark og þol" – forvarnaverkefni í samvinnu við grunnskóla í hverfi Vals Valur, knattspyrnudeild	700.000
Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2002 í Stykkishólmi UMFÍ	500.000

„Að allt árið" – samþætt vímuvarnastarf fyrir 1.–10. bekk og Orkudagar 2001 Félagsmiðstöðin Þrykkjan Hornafjarðarbæ	500.000
Sæludagar KFUM í Vatnaskógi KFUM – Skógarmenn	500.000
Námskeið fyrir foreldra barna með hegðunarraskanir Foreldrafélag misþroska barna og Eirð	500.000
Útivistarátak Ísland án eiturlyfja, lögreglan í Rvík og samstarfsn. Rvík um afbrota- og fíkniefnavarnir	500.000
Forvarnastarf í grunnskólum Vímuvarnaskólinn	500.000
Þú átt val, gerð myndbands fyrir framhaldsskóla Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson/Menntaskólinn Kópavogi	500.000
Föstudagsbræðingur á Geysi – kakóbar „ung list" Hitt húsið	500.000
Tún, menningar- og félagsaðstaða fyrir ungt fólk Húsavíkurkaupstaður	500.000
Hópastarf v/eineltis, sjálfsvarnanámskeið og fræðsla v/götustarfs Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Fjölskylduklúbbar Bindindissamtökin IOGT	500.000
Unglingamóttaka, unglingar 14–20 ára Heilsugæslustöðin Sólvangur	500.000
Vímuvarnafulltrúi, samstarfsverkefni Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar	500.000
Vímuvarnastefna íþróttafélaga Íþróttabandalag Reykjavíkur	400.000
Skrefi á undan – fræðsluefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum Bindindissamtökin IOGT	400.000
Nemendur í Kópavogsskóla, foreldrar þeirra og aðrir íbúar á þjónustusvæði Kópavogsskóla Menningarmiðstöð Kópavogsskóla	300.000
Forvarnastarf í Borgarbyggð Borgarbyggð	250.000
„Verum saman dönsum saman" – foreldrar og börn Komið og dansið	200.000
Samtals:	**39.250.000**
Úthlutun til rannsókna 2001 (september):	
Dagbókin, undirbúningur að rannsóknarverkefni um ferli(mynstur) í högum og heilsu ungs fólks Guðberg K. Jónsson og Héðinn Unnsteinsson, Geðrækt	500.000
Ölvunarakstur í Reykjavík: Forvarnir sem byggjast á forspá um síendurtekin brot Jón Friðrik Sigurðsson, Fangelsismálastofnun	450.000
Áhættuhegðun ungs fólks: Langtímarannsókn Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Samtals:	**1.700.000**
Áfangaheimili:	
Byrgið	1.500.000
Dyngjan	2.500.000
Fjólan	700.000
Krossgötur	400.000

Risið	2.500.000
Samhjálp	700.000
Takmarkið	1.000.000
Vernd fangahjálp	700.000
Samtals:	**10.000.000**

Forvarnasjóður – úthlutun styrkja 2002	**Kr.**
Ísland án eiturlyfja (lokaframlag)	2.500.000
Námskeið í listum og lífsleikni Undirbúningshópur um listir og lífsleikni, Götusmiðjan og Foreldrahús	1.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum Saman-hópurinn	1.500.000
„Láttu ekki hafa þig að fífli“ Samfés	1.000.000
„PMT“-foreldraþjálfun Skólaskrifstofa – félagsþjónustan og heilsugæslan í Hafnarfirði	1.000.000
Börn eru líka fólk Vímulaus æska	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk – Eftirfylgd, markhópur 10. bekkur Forvarnafélagið „hættu áður en þú byrjar“	1.000.000
Fjölskylduhátíð í Galtalækjarskógi 35 ára Bindindismótið Galtalækjarskógi	1.000.000
Fjölskyldumiðstöð–fjölskylduráðgjöf Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
Fjölþjóðakvöld: Ævintýraferðir, hópastarf og fagleg ráðgjöf Miðborgarstarf KFUM & K	1.000.000
Foreldrasamningur Heimili og skóli	1.000.000
Gerð myndar um raunveruleika fíkniefnaneyslu á Íslandi (með „hættu áður en þú byrjar“) Samhjálp	1.000.000
Jafningjafræðslan Hitt húsið–jafningjafræðslan	1.000.000
Landsmót skáta 2002 Bandalag íslenskra skáta	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ Stykkishólmi 2002 UMFÍ	1.000.000
Uppbyggingarstefna, forvarnaleið fyrir íbúa Grafarvogs Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi	1.000.000
Menntasmiðja unga fólksins Menntasmiðjan á Akureyri	900.000
Efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík TÚN menningar- og kaffihús ungs fólks á Húsavík	800.000
Hópastarf Hins hússins Hitt húsið	800.000
Upplýsinga-, menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk í Skagafirði Samstarfshópur um forvarnir Sauðárkróki	800.000
Forvarnir í leikskóla – hvernig byggjum við upp einstaklinga sem ánetjast síður fíkniefnum Áhugahópur leikskólakennara	750.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk Biskupsstofa	750.000

Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Fjölskylduráðgjöf Vímulaus æska	500.000
Forvarnir í leikskólum Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	500.000
Húsráð Gamla apóteksins: leiðsögn og stuðningur Gamla apótekið, Ísafirði	500.000
Íslandsleikhús Gamla apótekið, Ísafirði	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2002 Skógarmenn KFUM	500.000
„Vímuvarnir í eigin hópi" – samstarfsverkefni æskulýðsmiðstöðva og vinnuhópa Fjarðabyggð	500.000
Árangursvottun ungs fólks í félagsmiðstöðvastarfi Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Heilsuefling í skólum Heilsuefling/Landlæknisembættið	500.000
Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefni Miðstöð heilsuverndar barna	500.000
Reykjanesbær á réttu róli Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	500.000
Tveggja hæða strætisvagn KFUM og KFUK í Reykjavík	500.000
ÞÚ ÁTT VAL – myndband Menntaskólinn í Kópavogi	500.000
Agi til forvarna Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
Læra fyrir lífið Akraneskaupstaður	400.000
Víma á vettvangi – gerð myndbands Akureyrarbær, íþrótta- og tómstundadeild	400.000
Forvarnalykill SAMFOKS SAMFOK Reykjavík	300.000
Forvarnastarf foreldra í Kópavogi SAMKÓP	300.000
Forvarnir í Borgarbyggð Borgarbyggð	300.000
Heimur/trúnaðarsími Gamla Apótekið Ísafirði	300.000
Íþróttanámskrá knattspyrnudeildar, forvörn í fyrirrúmi Knattspyrnudeild Hauka	300.000
Landnemar Unglingaathvarfið Keilufelli	300.000
Forvarnanámskeið – öflugt sjálfstraust Vímulaus æska	250.000
Langtímaáhrif stelpnahópa, vinna til forvarna Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk Heilsugæslan á Seltjarnarnesi	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk Heilsugæslan í Kópavogi	200.000

Lífsleikni og forvarnir á Raufarhöfn Grunnskólinn á Raufarhöfn	100.000
Unglingar án vímuefna Heppuskóli Hornafirði	100.000
Samtals:	**33.900.000**
Ráðherraúthlutun:	
AA-samtökin	471.000
Samtals:	**34.371.000**
Áfangaheimili:	
Dyngjan, áfangaheimili	2.500.000
Risið, líknarfélag	2.500.000
Takmarkið, líknarfélag	1.000.000
Vernd, fangahjálp	1.000.000
Byrgið, Rockville	800.000
Fjólan	700.000
Samhjálp, stoðbýli	700.000
Krossgötur	400.000
SÁÁ, áfangaheimili	400.000
Samtals:	**10.000.000**
Rannsóknastyrkir:	
Sigrún Aðalbjarnardóttir	500.000
Hildigunnur Ólafsdóttir	500.000
Ragný Þóra Guðjohnsen	200.000
Guðberg Jónsson	250.000
Samtals:	**1.450.000**
Samtals úthlutun:	**45.821.000**
Úthlutun í nóvember	
Samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og áfengis- og vímuvarnaráðs (er í undirbúningi)	3.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum skv. samkomulagi við heilbrigðisráðherra	1.100.000
Samtals:	**4.500.000**
Samtals alls:	**50.321.000**
Úthlutun úr Forvarnasjóði 2003	
Öflugt sjálfstraust, Börnin okkar – eineltisverkefni, Börn eru líka fólk – forvarnaverkefni og fjölskylduráðgjöf Vímulaus æska	2.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum Saman-hópurinn, félag um forvarnir	1.500.000
Jafningjafræðslan Jafningjafræðsla Hins hússins	1.000.000
Þjónustumiðstöð fyrir fjölskyldur barna með athyglisbrest með/án ofvirkni og þroska- og hegðunarvanda Foreldrafélag misþroska barna	1.000.000
Foreldrasamningur Heimili og skóli	1.000.000

PMT-foreldrafærni, samstarfsverkefni stofnana í Hafnarfirði Skólaskrifstofa, heilsugæslan Sólvangur og félagsþjónustan	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk, eftirfylgd fyrir nemendur í 10. bekk, „Ekki prófa, ekki einu sinni“, fræðsla fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra Forvarnafélagið Hættu áður en þú byrjar	1.000.000
Fjölþjóðakvöld á kaffihúsi Miðborgarstarf KFUM &K og Þjóðkirkjan	1.000.000
Bindindismótið í Galtalækjarskógi 2003 Sumarheimili Templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2003 Ungmennafélag Íslands	1.000.000
Forvarnaverkefnið „Þú?“ Námsmannahreyfingin á Íslandi	900.000
Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ – átak í forvörnum Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	800.000
Uppbyggingarstefnan – forvarnir fyrir íbúa í Grafarvogi Fjölskylduþjónustan Miðgarði	750.000
Áhættuhegðun ungs fólks, langtímarannsókn Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Fjölskyldumiðstöð – fjölskylduráðgjöf Fjölskyldumiðstöð	600.000
Félagsstarf og útihátíðir á vegum SÁÁ SÁÁ	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2003 Skógarmenn KFUM Vatnaskógi	500.000
Menntasmiðja unga fólksins Menntasmiðjan á Akureyri	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Menntasmiðja unga fólksins Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	500.000
Agi til forvarna Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
Handbók fyrir stjórnendur fyrirtækja Líknarfélagið Risið	400.000
Tveggja hæða strætisvagn KFUM og KFUK	400.000
Nýnemaferðir Hins hússins Hitt Húsið	300.000
Heilbrigður menntaskóli fyrir vestan Menntaskólinn á Ísafirði	300.000
„Verum saman“, grunnskólar í Rvík og nágrenni, framhaldsskólaskemmtanir og lífsdans KOMIÐ OG DANSIÐ	300.000
Geymslan, ungmenni í Skagafirði 15–25 ára Átak í forvörnum í Skagafirði	300.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk Biskupsstofa	300.000
Mannauðsvirkjun Framhaldsskólinn á Húsavík	300.000
Gamla Apótekið – Svæðaráð Gamla Apótekið	300.000

Lestin – hópastarf Hins hússins Hitt húsið	300.000
Vottunarkerfið Þor Samfés, samtök félagsmiðstöðva	300.000
Stofnun kaffi- og menningarhúss Forvarnanefnd Hafnarfjarðar	300.000
Unglingamóttaka Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	300.000
Fjölskyldur á uppleið Heilsugæslan í Árbæ og félagsþjónustan í Reykjavík	300.000
TÚN, efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík TÚN menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk á Húsavík	300.000
„Byrgjum brunninn – virkjum samfélagið“ Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar	250.000
Íslandsleikhús 2003, unglingar í efstu bekkjum grunnskóla Íslandsleikhús	250.000
Forvarnir í Borgarbyggð Borgarbyggð	250.000
Forvarnaáætlun og foreldrafræðsla Félagsmála- og fjölskyldusvið Vestmannaeyja	250.000
„Árla skal að auðnu hyggja“ Félagsmálasvið Mosfellsbæjar	250.000
Vinnuheiti „Á fætur!“ Vesturgarður, fjölskyldu- og skólaþjónusta	200.000
Foreldraskóli Félagsmiðstöðin Vitinn, Hafnarfirði	200.000
Foreldrar eru besta forvörnin Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar	200.000
„Þegar pabbi og mamma drekka“ Hrósa ehf f.h. Róda	200.000
Gildi íþrótta í forvörnum Knattspyrnudeild Hauka	200.000
Námskeiðið „Foreldrar og uppeldi – að bregðast við áður en skaðinn verður“ Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	200.000
Fjölskylduklúbbar Bindindissamtökin IOGT	200.000
Betri sjálfsmynd – betri líðan Akureyrarbær, félagssvið	200.000
Lífsleikni – leið til lausnar Ártúnsskóli	200.000
Starfsfólk, leikskólabörn og foreldrar leikskólabarna í þremur leikskólum Fjölskylduráðgjöf Stefáns Jóhannssonar	200.000
Vinahópur í unglingadeild Hólabrekkuskóli	200.000
Forvarnastarf á Biskupsstofu og hjá tollstjóra. Fermingarbörn 2003 Tollstjórinn í Reykjavík og Biskupsstofa	200.000
„Sterkur og viðbúinn“ Ungmennahreyfing IOGT	200.000
Forvarnir í fjölmenningarlegum skóla Kópavogsskóli	200.000
„Þú átt val“, fræðslukver í tengslum við myndband Menntaskólinn í Kópavogi	200.000

„Byrgjum brunninn“ Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	200.000
Þórshöfn án fíkniefna Forvarnahópur Þórshafnar	200.000
Mikilvægi foreldra í forvarnastarfi. Foreldrafélag Víðistaðaskóla	150.000
Námskeið fyrir foreldra og börn 6–16 ára Frístundamiðstöðin Gufunesbæ	150.000
Fræðsla fyrir 8. ,9. og 10. bekk grunnskóla og foreldra Grunnskólinn á Blönduósi	150.000
„Líf eða dauði“, ljósmyndamaraþon KFUM&K á Akureyri	150.000
Danskennsla fyrir 5.–7. bekk grunnskóla Kolfinna Sigurvinsdóttir og Hulda Sverrisdóttir	150.000
Forvarnir meðal unglinga Sveitarfélagið Árborg	150.000
Þýðing texta myndbandsins „Þú átt val“ á ensku Menntaskólinn í Kópavogi	150.000
„Flott án fíknar“ Lindaskóli, Kópavogi	150.000
Ungt fólk 16–18 ára Jafningafræðslan í Fjölbraut Vesturlands	150.000
Langtímaáhrif stelpnahópavinnu til forvarna Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	150.000
SOS! Hjálp fyrir foreldra Félags- og skólaþjónustan Út-Ey Dalvík	120.000
LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS, 8.–10. bekkur grunnskóla Listauki ehf., Vestmannaeyjum	50.000
Samtals:	**29.770.000**
Vertu til Samstarfsverkefni ÁVVR og Sambands íslenskra sveitarfélaga	4.500.000
Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
Samtals:	**35.270.000**
Áfangaheimili:	
Dyngjan	2.500.000
Krossgötur	400.000
Risið	2.500.000
SÁÁ Eskihlíð 3	400.000
SÁÁ Miklubraut 1	400.000
Skjöldur	1.000.000
Stoðbýlið Samhjálp	700.000
Takmarkið	1.000.000
Vernd fangahjálp	1.100.000
Áfangaheimili samtals :	10.000.000
Úthlutun samtals:	**45.270.000**

1628. Skýrsla [988. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi skólaárin 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Inngangur.

Í 46. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli á þriggja ára fresti gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum landins. Fyrsta skýrslan sem gerð var í samræmi við fyrrnefnt lagaákvæði tók til skólaáranna 1996/1997, 1997/1998 og 1998/1999 og var hún lögð fram á vorþingi árið 2000. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir nær til skólaáranna 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002. Í henni er að finna margvíslegar upplýsingar um skólastarf á framhaldsskólastigi, svo sem um fjölda skóla, nemenda og kennara, skiptingu nemenda á námsbrautir, brautskráningar, námskrár, mat á skólastarfi og fjárveitingar til framhaldsskóla. Rétt er að benda á að vegna fyrirliggjandi gagna miðast upplýsingar í skýrslunni í sumum tilvikum við almanaksárin 1999–2001 og í einhverjum tilvikum einnig við árið 2002. Tölfræðilegar upplýsingar í skýrslunni eru að mestu fengnar frá Hagstofu Íslands en menntamálaráðuneytið vann úr upplýsingunum.

Ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999. Námskráin var gefin út í heftum fyrir einstakar greinar eða greinaflokka, auk almenns hluta. Námskrár í einstökum starfsgreinum teljast hluti aðalnámskrár. Endurskoðun á þeim hluta námskrárinnar sem snýr að starfsnámi er þó ekki að fullu lokið en gefnar hafa verið út námskrár í allmörgum starfsgreinum og greinaflokkum. Starfsgreinaráð sem skipuð eru skv. 28. gr. laga um framhaldsskóla gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um innihald námskráa í einstökum starfsgreinum og starfsgreinaflokkum. Lokið var við námskrár fyrir fyrsta og annað ár sérdeilda framhaldsskóla á tímabilinu sem skýrslan nær til. Unnið var að gerð nýrrar aðalnámskrár fyrir grunnskóla samhliða gerð aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla og með því stefnt að samfellu milli þessara skólastiga.

Í október árið 2000 var stofnuð námskrárdeild í menntamálaráðuneytinu til að vinna að stöðugri þróun og endurskoðun námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.

Á grundvelli laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, voru á tímabili því sem skýrsla þessi nær til settar nokkrar reglugerðir, svo sem reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla og reglugerð um reiknilíkan (sjá nánar 1. kafla og viðauka I). Reglugerð um samræmd stúdentspróf var gefin út í desember 2002 og endurútgefin í mars 2003. Er sú reglugerð því utan tímaramma skýrslunnar.

Í mars 2002 skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn til að athuga hvort forsendur væru fyrir styttingu námstíma til stúdentsprófs, hvaða leiðir væru færar og hver áhrif breytingarinnar yrðu. Verkefnisstjórnin starfaði ásamt sérstökum verkefnisstjóra þangað til í desember 2002 og skilaði skýrslu sem ráðuneytið gaf út sumarið 2003.

Í samræmi við ákvæði framhaldsskólalaga hefur á undanförnum árum verið lögð aukin áhersla á upplýsingaöflun og eftirlit með skólastarfi af hálfu menntamálaráðuneytisins. Í fyrsta lagi hefur menntamálaráðuneytið gert samning við Hagstofu Íslands um öflun tölfræðilegra upplýsinga um skólahald. Menntamálaráðuneytið vinnur úr hluta þessara upplýsinga og dreifir þeim. Í öðru lagi lætur ráðuneytið gera úttektir á einstökum framhaldsskólum eða

tilteknum þáttum skólastarfs. Í þriðja lagi fara að frumkvæði ráðuneytisins fram úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla í samræmi við ákvæði framhaldsskólalaga.

Vorið 2002 hófust úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla í samræmi við 23. gr. framhaldsskólalaga. Voru þá gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 14 framhaldsskóla. Verkinu var haldið áfram haustið 2002 og því lauk vorið 2003. Gerð er grein fyrir niðurstöðum síðar í skýrslunni.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur mikil áhersla verið lögð á notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Má í því sambandi benda á áherslur í nýjum námskrám og sérstakar fjárveitingar til málaflokksins á fjárlögum frá 1999–2003. Rann fjárveitingin m.a. til menntunar kennara á sviði upplýsingatækni, þróunar kennsluhugbúnaðar og tækjakaupa, auk þess sem hluta fjárins var varið til að þróa aðferðir við notkun upplýsingatækni í skólum. Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001–2003, *Forskot til framtíðar*, var gefin út árið 2001. Framtíðarsýn ráðuneytisins felst í því að nýta kosti netsins sem upplýsingaveitu fyrir skólastarf. Í tengslum við kynningu á verkefnaáætluninni var opnaður vefurinn menntagatt.is.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum og rektorum undir forsæti menntamálaráðherra, skal skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla fjalla um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræma störf þeirra. Nefndin kemur saman tvisvar á ári, á vor- og haustmissiri.

Á tímabilinu 1999–2002 hefur aðsókn í þann nýja valkost á framhaldsskólastigi sem fjarnám er aukist mikið. Einnig hefur dreifnám sem lýsa má sem samspili staðbundins náms og fjarnáms verið að þróast. Í samræmi við heimild í 35. gr. laga um framhaldsskóla hafa verið stofnaðar níu símenntunarmiðstöðvar og starfa þær í öllum landshlutum.

Á því tímabili sem skýrsla þessi nær til hafa niðurstöður reiknilíkans, í samræmi við 39. gr. laga um framhaldsskóla, verið grundvöllur tillagna til fjárlaga og skólasamnings milli hvers framhaldsskóla og menntamálaráðuneytis. Skólasamningarnir kveða á um samskipti skóla og ráðuneytis vegna m.a. fjárframlaga, námsframboðs, markmiða í starfi og upplýsingagjafar.

1. Aðalnámskrá og reglugerðir.

Ný aðalnámskrá 1999.

Ný aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999. Hún leysti af hólmi námskrá handa framhaldsskólum frá 1990 og skyldi vera komin til fullrar framkvæmdar í öllu starfi framhaldsskóla eigi síðar en fimm árum frá gildistöku. Með heimild í 1. gr. auglýsingar um gildistöku aðalnámskrár sóttu flestir framhaldsskólanna um eins árs frestun á framkvæmd námskrárinnar til menntamálaráðuneytisins. Ákvæði almenns hluta aðalnámskrár tóku þó að mestu leyti gildi í öllum framhaldsskólum skólaárið 1999/2000, en í almenna hlutanum er að finna lýsingu á hlutverki og markmiðum framhaldsskóla, uppbyggingu náms og námsleiðum auk ákvæða um umgjörð skólahaldsins og réttindi og skyldur aðila.

Bakgrunnur aðalnámskrár.

Aðalnámskrá er ígildi reglugerðar. Þar er að finna nánari útfærslu á þeirri menntastefnu sem birtist í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og túlkun á einstökum ákvæðum þeirra svo og stefnuriti menntamálaráðherra frá 1998, *Enn betri skóli*, sem var grundvöllur endurskoðunar aðalnámskrár. Í þessum gögnum er skýrt kveðið á um hlutverk aðalnámskrár og hvaða þætti hún skuli innihalda. Enn fremur er þar fjallað um uppbyggingu náms á fram-

haldsskólastigi og ýmis stefnumið sem hafa skal í heiðri. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi:

Nám á sérhverri námsbraut skal taka mið af skilgreindum lokamarkmiðum viðkomandi brautar og lýsingar á markmiðum og námskröfum skulu vera eins skýrar og kostur er. Áhersla skal lögð á valfrelsi nemenda og ábyrgð á eigin námi, m.a. með því að nemendur geti að hluta byggt upp nám sitt með hliðsjón af framtíðaráformum með vali á kjörsviðsgreinum og frjálsu vali á stúdents- og listnámsbrautum. Til skulu vera skilgreindar leiðir til frekara náms af öllum starfsnámsbrautum. Efla skal persónuþroska nemenda og undirbúning þeirra undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, m.a. með því að byggja upp nýja skyldunámsgrein, lífsleikni, í grunn- og framhaldsskólum. Kveðið er á um markvissa notkun upplýsingatækni. Allir nemendur framhaldsskóla skulu eftir því sem kostur er læra að beita upplýsingatækni sem verkfæri í námi sínu. Í námskránni er einnig skilgreind ný námsbraut í upplýsinga- og tæknimennt sem starfrækt var í tilraunaskyni í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti frá haustinu 1999 til loka vormissiris 2002. Úttekt á þessu tilraunaverkefni liggur fyrir (2002), sjá vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.

Námskrárvinnan 1997–1999.

Námskrárnar sem tóku gildi árið 1999 voru afrakstur um þriggja ára átaksverkefnis í menntamálaráðuneytinu sem miðaði að gagngerri og samfelldri endurskoðun námskráa almennra greina og listgreina í grunn- og framhaldsskólum í framhaldi af nýjum lögum fyrir bæði skólastig. Vinnan fór fram í vinnuhópum sem skipaðir voru til tímabundinna starfa undir yfirumsjón verkefnisstjórnar. Vinna við námskrárgerð í starfsnámi fór aftur á móti fram í samstarfi ráðuneytis og starfsgreinaráða sem skipuð voru árið 1998, sbr. kaflann Námskrárgerð í starfsnámi hér á eftir.

Aðalnámskrá framhaldsskóla var gefin út í heftum fyrir einstakar greinar eða greinaflokka, auk almenns hluta. Útgefin námskrárhefti voru eftirfarandi: Almennur hluti, íslenska, erlend tungumál, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsgreinar, listir, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt og íþróttir. Enn fremur var gefinn út viðauki með skilgreiningum á tveggja eininga áföngum í ensku, dönsku og stærðfræði, svo og námskrá fyrir fyrstu tvö ár sérdeilda framhaldsskóla.

Námskrárgerð í starfsnámi.

Á árinu 1998 voru skipuð 14 starfsgreinaráð til fjögurra ára á grundvelli 28. gr. laga um framhaldsskóla og luku þau fyrsta starfstímabilinu vorið 2002.

Samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla skulu starfsgreinaráðin m.a. skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Í samræmi við þetta hafa starfsgreinaráð á tímabilinu unnið að skýrslugerð til undirbúnings ritun námskráa og eiginlegri námskrárgerð sem hér segir: Undirbúningsskýrslur voru unnar um nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum (mars 1999), uppeldis- og tómstundagreinum (júní 1999), sjávarútvegs- og siglingagreinum (í tveimur hlutum, apríl 1999 og 2000), byggginga- og mannvirkjagreinum (nóvember 1999), björgunar-, öryggis- og löggæslugreinum (desember 2000), hönnunar- og handverksgreinum (september 2001) og matvæla- og veitingagreinum (febrúar 2002).

Þessar námskrár komu út á tímabilinu: Heildarnámskrár fyrir nám í málmiðngreinum og nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; námskrár fyrir nám á félagsliðabraut, framhaldsnám sjúkraliða, nám í rafvirkjun og rafvélavirkjun, nám á íþróttabraut, og nám í snyrtifræði. Á sama tíma var í endurskoðun nám á eftirtöldum námsbrautum: Heildarnámskrá fyrir bygg-

inga- og mannvirkjagreinar, meistaranám í bíliðngreinum, nám á sjúkraliðabraut, í netagerð og leiðsögunám. Nýtt nám var í undirbúningi á eftirtöldum námsbrautum: Námsbraut fyrir hjúkrunar- og móttökuritara, félagsmála- og tómstundabraut, námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum og námsbraut í hársnyrtiiðn. Einnig var í undirbúningi gerð yfirlitsskýrslna vegna náms í farartækja- og flutningsgreinum og fjármála- og verslunargreinum.

Á tímabilinu hefur verið lögð aukin áhersla á þann þátt starfsnáms sem fer fram á vinnustað. Menntamálaráðherra skipaði sérstakan vinnuhóp á árinu 2001 sem ætlað var að fjalla um fyrirkomulag vinnustaðanáms og fjármögnun þess. Hópurinn skilaði tillögum til ráðherra árið 2002 og á grundvelli þeirra ákvað ríkisstjórnin að ráðist skyldi í tilraun um nám og kennslu á vinnustað sem ætlað er að leiða í ljós hvernig tilhögun þessa hluta starfsnáms verður best fyrir komið og hvernig tryggja má fjármögnun vinnustaðanáms til frambúðar. Samhliða þessu hafa starfsgreinaráð í æ ríkara mæli beint sjónum sínum að námi og kennslu á vinnustað og hafa a.m.k. tvö þeirra skilað ítarlegum greinargerðum um vinnustaðakennslu til menntamálaráðuneytisins.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla og er menntamálaráðherra jafnframt til ráðuneytis um stefnumörkun í starfsmenntamálum. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn.

Námskrárdeild.

Námskrárdeild var stofnuð í menntamálaráðuneytinu í október árið 2000. Deildin vinnur að þróun og endurskoðun námskráa fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla, fylgist með framkvæmd námskráa, hefur frumkvæði að breytingum á þeim, tekur við tillögum að nýjum námskrám og breytingum á gildandi námskrám og leggur mat á þær. Deildin annast kynningu á námskrám, svarar fyrirspurnum um námskrármálefni og úrskurðar um álitaefni í samvinnu við aðrar deildir í skrifstofu menntamála. Deildin er samstarfsaðili ráðuneytisins við starfsgreinaráð, samtök kennara og aðra sem áhuga hafa á námskrármálum eða hafa hagsmuna að gæta á því sviði.

Eftirfylgni aðalnámskrár.

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um hvernig menntamálaráðuneytið fylgir eftir framkvæmd aðalnámskrár:

Þróun upplýsingatækni í skólastarfi: Líta má á átakið í þessum málaflokki sem gert var á árunum 1999–2002 sem sérstakan stuðning við framkvæmd aðalnámskrár. Má þar nefna starf sérstakra þróunarskóla í upplýsingatækni, fé til endurmenntunar kennara og almennan stuðning við þróunarstarf skóla.

Námsefni/þróunarverkefni: Við styrkveitingar úr sjóðum til námsefnisgerðar og þróunarstarfs hafa verkefni tengd framkvæmd námskrár oft notið forgangs, svo sem á sviði lífsleikni, sögu og ýmis konar starfsnáms.

Skólasamningar: Í samningum ráðuneytisins og einstakra framhaldsskóla er skilgreint námsframboð hvers skóla auk upplýsinga um þróunarverkefni. Í samningaferlinu skapast tækifæri til að fylgjast með framkvæmd aðalnámskrár í einstökum skólum.

Fundir og ráðstefnur: Ráðuneytið hefur staðið fyrir nokkrum atburðum af þessu tagi á tímabilinu þar sem beint og óbeint hefur verið fjallað um mál er tengjast framkvæmd aðalnámskrár.

Kannanir: Menntamálaráðuneytið hefur gert könnun á framkvæmd náms í lífsleikni í grunn- og framhaldsskólum svo og könnun á fyrirkomulagi og framkvæmd almennra námsbrauta.

Breytingar á almennum hluta aðalnámskrár.

Fljótlega eftir gildistöku aðalnámskrár kom í ljós þörf fyrir breytingar á almennum hluta námskrárinnar. Stærsta breytingin tekur til skilgreiningar á viðbótarnámi til stúdentsprófs af tveggja, þriggja og fjögurra ára starfsnámsbrautum sem birt var með auglýsingu nr. 54/2002. Með breytingunni er leitast við að jafna stöðu bóknáms- og starfsnámsnemenda þannig að hinir síðarnefndu eigi greiðari leið til frekara náms. Aðrar breytingar beinast einkum að því að skýra betur ýmis ákvæði um meðferð mála og hlutverk og ábyrgð einstakra aðila. Stefnt er að endurútgáfu almenns hluta aðalnámskrár á árinu 2004.

Reglugerðir.

Á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 voru á tímabilinu 1999–2002 settar tíu reglugerðir og örfáum reglugerðum breytt (sjá viðauka I þar sem er að finna lista yfir þessar reglugerðir). Verður hér gerð örstutt grein fyrir nokkrum þeirra.

Í tengslum við kjarasamninga fjármálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands í janúar 2001 voru settar tvær reglugerðir, annars vegar um starfslið og skipulag framhaldsskóla og hins vegar um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla frá árinu 2000 kveður á um inntökuskilyrði á einstakar brautir framhaldsskólans. Inntökuskilyrðin miðast við árangur á samræmdum prófum grunnskóla og skólaeinkunnir við lok grunnskóla. Inntökuskilyrðunum er ætlað að stuðla að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að stunda nám á viðkomandi námsbraut.

Reglugerð um jöfnun námskostnaðar var sett árið 2002 og kvað á um rétt nemenda til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu. Þessi reglugerð var felld úr gildi með setningu nýrrar reglugerðar um námsstyrki árið 2003.

Reglugerð um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla var sett árið 1999. Um reiknilíkanið er fjallað nánar í 7. kafla.

2. Skólar.

Fjöldi, stærð og gerð framhaldsskóla.

Framhaldsskólar flokkast í fjölbrautaskóla, iðnskóla, menntaskóla og sérskóla. Þessi flokkun er þó ekki nema að hluta lýsandi fyrir námsframboð skólanna. Í viðauka II með skýrslunni er að finna lista yfir framhaldsskóla eftir landshlutum.

Frá fyrri skýrslu hefur framhaldsskólum fækkað um tvo: Bændaskólinn á Hvanneyri var gerður að háskóla 1999 og Framhaldsskólinn á Skógum hætti starfsemi við lok vormissiris 1999. Enginn nýr framhaldsskóli var stofnaður á tímabilinu 1999–2001 og hélst fjöldi framhaldsskóla óbreyttur á tímabilinu, eða 35 (sjá töflu 2.2). Ekki eru taldir með skólar þar sem mestur hluti námsframboðs var flokkaður á háskólastigi en einnig var boðið upp á nám á framhaldsskólastigi, svo sem Tækniskóli Íslands (frumgreinadeild), Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Við Fjölbrautaskóla Vesturlands og Menntaskólann á Ísafirði hafa verið starfrækt útibú. Eru nemendur þeirra taldir með þeim framhaldsskólum sem þau tilheyra. Af 35 framhaldsskólum heyra tveir undir landbúnaðarráðuneytið, Bændaskólinn á Hólum og Garðyrkjuskóli ríkisins.

Tafla 2.1 sýnir framhaldsskóla flokkaða eftir stærð, miðað við fjölda dagskólanemenda. Skólaárið 2001/2002 voru sjö af 35 skólum með 100 nemendur eða færri, þar af sex með 50 nemendur eða færri. Í þessum skólum var rúmt 1% allra nemenda. Sama skólaár voru sjö skólar með 800 eða fleiri nemendur í dagskóla. Í þessum sjö skólum voru um 45% allra nemenda í þeim 35 framhaldsskólum sem um ræðir. Tæp 17% nemendanna voru í þremur skólum

í flokknum 801–1.000 nemendur. Í níu skólum með 101–400 nemendur voru á sama tíma rúm 9% nemenda. Í 12 skólum með nemendafjölda á bilinu 401–800 voru tæp 45% allra nemenda skólaárið 2001/2002.

Fjölmennustu framhaldsskólar landsins á tímabilinu sem skýrslan nær til voru Iðnskólinn í Reykjavík með tæplega 1.600 nemendur í dagskóla haustið 2001, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti með tæplega 1.200 nemendur, og Menntaskólinn í Kópavogi og Verzlunarskóli Íslands með rúmlega 1.000 nemendur sama haust. Auk þess starfræktu þrír fyrstu skólarnir kvöldskóla (öldungadeildir). Fámennustu skólarnir haustið 2001, með 50 eða færri nemendur á framhaldsskólastigi, voru Bændaskólinn á Hólum, Garðyrkjuskóli ríkisins, Tannsmiðaskóli Íslands, Listdansskóli Íslands, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

Tafla 2.1. Fjöldi skóla eftir stærð skólaárin 1999/2000–2001/2002.

Nemendafjöldi*	Fjöldi skóla** 1999/2000	2000/2001	2001/2002
50 og færri	7	7	6
51–100	2	1	1
101–200	4	5	6
201–400	5	3	3
401–600	6	6	5
601–800	3	7	7
801–1000	4	2	3
Fleiri en 1000	4	4	4
Alls	**35**	**35**	**35**

* Eingöngu er miðað við fjölda dagskólanemenda.
** Ekki eru meðtaldir skólar, þar sem nemendur eru að meiri hluta til í námi sem flokkast á öðru skólastigi, svo sem Tækniskóli Íslands. Nemendur í útibúum einstakra skóla eru taldir með móðurskólum.
Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Rúmur helmingur framhaldsskóla var á höfuðborgarsvæðinu eða 18. Á Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi eystra voru fjórir framhaldsskólar á hverju svæði (sjá töflu 2.2). Á öðrum landsvæðum var einn framhaldsskóli nema á Norðurlandi vestra þar sem voru tveir framhaldsskólar.

Tafla 2.2. Fjöldi framhaldsskóla eftir landsvæðum 1999–2001.

Landsvæði	Fjöldi skóla
Reykjavík	14
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	4
Suðurnes	1
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	4
Austurland	4
Suðurland	4
Alls	**35**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Fjöldi einkaskóla á framhaldsskólastigi er nutu fjárframlaga á fjárlögum hélst óbreyttur á tímabilinu. Þeir voru: Verzlunarskóli Íslands, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskólinn í Reykjavík. Árið 2001 hlaut Snyrtiskóli Íslands viðurkenningu menntamálaráðuneytisins til að kenna snyrtifræði til sveinsprófs.

Kvöldskólar (öldungadeildir, meistaraskólar) voru starfræktir í 12 framhaldsskólum skólaárið 2001/2002, þar af voru sex á höfuðborgarsvæðinu. Hafði þeim fækkað um fjóra frá skólaárinu 1999/2000 (sjá töflu 2.3). Fjölmennustu kvöldskólarnir haustið 2001 voru við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Menntaskólann við Hamrahlíð og Iðnskólann í Reykjavík (á bilinu 400–800 nemendur). Þeim framhaldsskólum sem buðu upp á fjarnám hafði hins vegar fjölgað úr tveimur í sjö á tímabilinu sem skýrslan nær til. Langflestir stunduðu fjarnám við Verkmenntaskólann á Akureyri. Tæplega 500 nemendur voru þar í fjarnámi haustið 2001.

Tafla 2.3. Kvöldskólar og fjarnám við framhaldsskóla skipt eftir landsvæðum 1999/2000–2001/2002.

	1999/2000		2000/2001		2001/2002	
	Kvöldskóli	**Fjarnám**	**Kvöldskóli**	**Fjarnám**	**Kvöldskóli**	**Fjarnám**
Reykjavík	4	0	4	0	5	2
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	3	0	1	0	1	0
Suðurnes	1	0	1	1	1	1
Vesturland	1	0	0	0	0	0
Vestfirðir	1	0	1	0	1	0
Norðurland vestra	1	1	0	0	0	1
Norðurland eystra	1	1	1	1	1	1
Austurland	2	0	2	0	2	1
Suðurland	2	0	1	0	1	1
Alls	**16**	**2**	**11**	**2**	**12**	**7**

Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Á tímabilinu 1998–2002 voru stofnaðar níu símenntunarmiðstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins, en starfræksla þeirra byggist á ákvæði í framhaldsskólalögunum um heimild framhaldsskóla til að eiga aðild að stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa. Símenntunarmiðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir, settar á stofn að frumkvæði heimamanna á hverjum stað. Þeim er ætlað að stuðla að bættu aðgengi íbúa á landsbyggðinni að fullorðinsfræðslu og tryggja jafnrétti til náms óháð búsetu.


Markmið símenntunarmiðstöðvanna er fyrst og fremst að miðla menntun til íbúa á viðkomandi svæðum, bæði almennu námi, ýmiss konar starfstengdu námi og háskólanámi. Þeim er ætlað að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem taki mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga á svæðinu. Starfsemi símenntunarmiðstöðvanna getur verið nokkuð mismunandi vegna þess að starfsemi hverrar stöðvar miðast við þarfir íbúanna á viðkomandi svæði.

Með starfssemi símenntunarmiðstöðvanna sameinast ekki aðeins framhaldsskólar, launþegasamtök, atvinnurekendur og sveitarfélög á svæðunum, heldur einnig háskólar á Íslandi. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að auknum tengslum á milli byggðar, atvinnulífs og skólastofnana, þ.m.t. háskólastofnana, sem bjóða fjarnám.

Skólatími.


Í gildandi lögum um framhaldsskóla er ákvæði þess efnis að árlegur skólatími skuli vera níu mánuðir og að kennsludagar skuli ekki vera færri en 145. Kjarasamningar samtaka kennara og fjármálaráðuneytis gera ráð fyrir 175 kennslu- og prófadögum á árlegum níu mánaða starfstíma. Hagstofa Íslands hefur árlega kannað fjölda kennslu- og prófadaga í framhaldsskólum, en vegna verkfalls framhaldsskólakennara á skólaárinu 2000/2001 og ólíkra aðferða skólanna við að bæta nemendum skertan kennslutíma var ákveðið að birta ekki fjölda kennslu- og prófadaga fyrir það skólaár. Meðalfjöldi reglulegra kennsludaga skólaárið 2001/2002 var 145. Á sama skólaári var 30–31 degi varið til prófahalds og annars námsmats í þrettán framhaldsskólum. Í sjö skólum var 25 dögum eða færri varið til prófahalds eða annars námsmats. Myndir 2.1 og 2.2 sýna fjölda reglulegra kennsludaga og fjölda daga sem varið var til prófahalds og annars námsmats eftir fjölda framhaldsskóla á skólaárunum 1999/2000 og 2001/2002.

Mynd 2.1. Fjöldi reglulegra kennsludaga skólaárin 1999/2000 og 2001/2002.



Skýringar: Reglulegir kennsludagar eru dagar sem nemendur sækja skóla samkvæmt stundaskrá undir skipulegri leið sögn kennara.
Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Mynd 2.2. Fjöldi daga í prófahald og annað námsmat skólaárin 1999/2000 og 2001/2002.



Heimild: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

3. Nemendur.

Fjöldi nemenda.

Fjöldi nemenda í dagskólum framhaldsskólanna hefur haldist svipaður undanfarin ár og var á því tímabili sem skýrsla þessi nær til um 18 þúsund að hausti öll árin. Meðtaldir eru nemendur í starfsþjálfun sem ekki eru skráðir í skóla. Fjöldi skráðra kvenna og karla var mjög jafn (sjá töflu 3.1). Séu nemendur í kvöldskólum (öldungadeildum) og fjarnámi framhaldsskólanna taldir með var heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi yfir 20 þúsund haustin 1999, 2000 og 2001, mest 20.740 haustið 2001. Í þessum heildartölum voru konur nokkru fleiri en karlar (sjá töflu 3.3).

Skipting nemenda eftir námsbrautum, kyni og aldursflokkum.

Haustin 1999, 2000 og 2001 voru flestir dagskólanemendur skráðir á raungreinabrautir, iðn- og tæknibrautir og félagsfræðabrautir. Á fyrsta námsári í framhaldsskóla er brautaskipting ekki orðin skýr og voru nemendur því fjölmennir á almennum brautum. Nemendum á almennum brautum fækkaði þó umtalsvert frá hausti 1999 sem mun stafa af breyttri skráningu nemenda (sjá töflu 3.1). Nemendur á almennum námsbrautum voru yfirleitt nemendur sem ekki höfðu valið sér námsbraut, voru í almennu bóknámi, t.d. nemendur á fyrsta ári í bekkjakerfi menntaskóla, eða nemendur skráðir á almenna námsbraut samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Fáir nemendur voru á heilsugæslubrautum og uppeldis- og íþróttabrautum og þeim fór fækkandi á tímabilinu 1999–2001.

Tafla 3.1. Fjöldi nemenda í dagskólum eftir námsbrautum og kyni, að hausti 1999, 2000, og 2001.


	1999			2000			2001		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Almennar brautir	3.156	1.554	1.602	2.273	1.183	1.090	2.261	1.157	1.104
Málabrautir	1.474	307	1.167	1.612	346	1.266	1.465	303	1.162
Listabrautir	873	212	661	863	187	676	882	196	686
Uppeldis- og íþróttabrautir	469	190	279	343	139	204	321	135	186
Félagsfræðabrautir	2.579	905	1.674	2.847	1.065	1.782	3.061	1.141	1.920
Viðskipta- og hagfræðabrautir	1.805	1.006	799	1.765	913	852	1.888	878	1.010
Raungreinabrautir	3.156	1.597	1.559	3.814	1.950	1.864	3.791	1.890	1.901
Iðn- og tækni-brautir	3.072	2.790	282	3.022	2.760	262	3.269	2.900	369
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	967	378	589	996	402	594	1.008	415	593
Heilsugæslubrautir	410	22	388	344	20	324	345	13	332
Alls	**17.961**	**8.961**	**9.000**	**17.879**	**8.965**	**8.914**	**18.291**	**9.028**	**9.263**

Skýringar: Iðnnemar á samningi eru meðtaldir. Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni þannig að stundi nemandi nám í tveimur skólum telst hann aðeins í öðrum þeirra. Fjöldatölur miðast við allt nám á framhaldsskólastigi.
Heimildir: Landshagir 2001 og 2002.

Í töflu 3.1 og á mynd 3.1 má sjá að á tímabilinu 1999–2001 var kynjaskipting ójöfn á mörgum námsbrautum framhaldsskólans, t.d. á iðn- og tæknibrautum, þar sem hlutfall kvenna var mjög lágt, og á heilsugæslubrautum og málabrautum þar sem hlutfall karla var

mjög lágt. Lítill munur var hins vegar á hlutfalli kvenna og karla að meðaltali á raungreina-brautum og viðskipta- og hagfræðibrautum.

Mynd. 3.1. Hlutfall kynja að meðaltali á námsbrautum dagskóla 1999-2001.



Heimildir: Landshagir 2001, Landshagir 2002 og menntamálaráðuneytið.

Tafla 3.2 sýnir skiptingu dagskólanemenda eftir námsbrautum og aldursflokkum. Taflan sýnir m.a. að nemendur 20 ára og eldri á iðn- og tæknibrautum voru rúm 52% nemendanna að meðaltali öll skólaárin. Á þessum brautum var að meðaltali rúmt 21% nemenda 25 ára og eldri á tímabilinu 1999–2001.

Tafla 3.2. Fjöldi nemenda í dagskóla eftir námsbrautum og aldursflokkum, að hausti 1999, 2000 og 2001.

	1999					2000					2001				
	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri
Almennar brautir	3.156	1.994	712	162	288	2.273	1.087	712	214	260	2.261	1.065	718	204	274
Málabrautir	1.474	141	1.081	235	17	1.612	335	1.038	226	13	1.465	277	922	252	14
Listabrautir	873	108	322	274	169	863	77	344	274	168	882	75	342	296	169
Uppeldis- og íþróttabrautir	469	66	267	115	21	343	40	197	89	17	321	42	179	80	20
Félagsfræðabrautir	2.579	319	1.642	530	88	2.847	534	1.660	577	76	3.061	421	1.888	641	111
Viðskipta- og hagfræðabrautir	1.805	400	1.089	243	73	1.765	371	1.072	241	81	1.888	335	1.059	352	142
Raungreinabrautir	3.156	419	2.391	299	47	3.814	871	2.510	369	64	3.791	951	2.426	381	33
Iðn- og tæknibrautir	3.072	319	1.152	916	685	3.022	314	1.087	960	661	3.269	322	1.263	1.036	648
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	967	78	244	393	252	996	63	293	405	235	1.008	49	269	444	246
Heilsugæslubrautir	410	20	119	109	162	344	22	70	92	160	345	8	73	80	184
Alls	**17.961**	**3.864**	**9.019**	**3.276**	**1.802**	**17.879**	**3.714**	**8.983**	**3.447**	**1.735**	**18.291**	**3.545**	**9.139**	**3.766**	**1.841**

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 3.1.
Heimildir: Landshagir 2001 og 2002.

Sé miðað við heildarfjölda nemenda í dagskólum, kvöldskólum og fjarnámi á framhaldsskólastigi 1999–2001 kemur í ljós að fjölmennustu námsbrautirnar voru þær sömu og í dagskóla einum (sjá töflur 3.1. og 3.3).

Tafla 3.3. Heildarfjöldi nemenda í dagskólum, kvöldskólum og fjarnámi, skipt eftir námsbrautum og kyni, að hausti 1999, 2000 og 2001.

	1999			2000			2001		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Almennar brautir	3.839	1.762	2.077	3.038	1.403	1.635	3.041	1.400	1.641
Málabrautir	1.572	321	1.251	1.697	363	1.334	1.527	315	1.212
Listabrautir	975	231	744	972	208	764	965	214	751
Uppeldis- og íþróttabrautir	506	198	308	370	147	223	347	140	207
Félagsfræðabrautir	3.050	1.041	2.009	3.246	1.168	2.078	3.481	1.275	2.206
Viðskipta- og hagfræðabrautir	2.023	1.061	962	1.959	956	1.003	2.146	926	1.220
Raungreinabrautir	3.289	1.649	1.640	3.939	2.013	1.926	3.889	1.929	1.960
Iðn- og tækni-brautir	3.549	3.234	315	3.517	3.212	305	3.786	3.362	424
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	1.057	394	663	1.068	415	653	1.081	427	654
Heilsugæslubrautir	528	26	502	450	24	426	477	23	454
Alls	**20.388**	**9.917**	**10.471**	**20.256**	**9.909**	**10.347**	**20.740**	**10.011**	**10.729**

Heimildir: Landshagir 2001 og 2002.

Skólasókn árganga 16–19 ára.

Á tímabilinu 1999–2001 hófu 89–90% 16 ára ungmenna nám í framhaldsskólum að hausti (miðað við 15. október) og er það sama hlutfall og næstu ár á undan (sjá töflu 3.4). Tafla 3.4 sýnir einnig að hlutfall þeirra sem voru við nám í hverjum árgangi 17–19 ára er umtalsvert lægra en við 16 ára aldur. Þó má lesa þá þróun úr töflunni að frá 1999–2001 hækkar almennt hlutfall árganganna 17–19 ára við nám í framhaldsskólum miðað við næsta ár á undan. Hlutfall kvenna í öllum árgöngunum 16–19 ára var hærra en karla (sjá töflu 3.4). Tölurnar í töflu 3.4 benda til töluverðs brottfalls þar sem meiri hluti námsbrauta á framhaldsskólastigi er skipulagður sem fjögurra ára nám. Ekki er unnt að fullyrða mikið um námsframvindu út frá tölunum, þ.e. hve hátt hlutfall t.d. 19 ára nemenda var komið að námslokum.

Tafla 3.4. Hlutfallsleg skólasókn árganga 16–19 ára í dagskóla eftir kyni að hausti 1999, 2000 og 2001.

	1999			2000			2001		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
16 ára	89	87	91	90	88	91	89	88	90
17 ára	76	72	79	77	74	81	80	78	82
18 ára	67	63	72	67	64	71	70	67	74
19 ára	61	57	65	62	59	65	65	60	70

Skýringar: Nemendur í reglubundnu námi frá og með fyrsta ári framhaldsskólastigs, innan lands og utan.
Heimildir: Landshagir 2001 og 2002.

Tafla 3.5 sýnir að hlutfallsleg skólasókn nemenda sem hófu nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla, skólaárin 1999/2000–2001/2002 er nokkuð misjöfn eftir landsvæðum lögheimilis, eða allt frá 80% í 92% skólaárið 2001/2002.

Tafla 3.5. Hlutfallsleg skólasókn 16 ára nemenda* í dagskólum eftir landsvæðum lögheimilis, 1999/2000–2001/2002.

	Fæðingarár 1983 skólaár 1999/2000	Fæðingarár 1984 skólaár 2000/2001	Fæðingarár 1985 skólaár 2001/2002
Reykjavík	90	90	90
Höfuðborgarsv. utan Rv.	93	91	92
Suðurnes	79	80	80
Vesturland	86	90	86
Vestfirðir	90	88	89
Norðurland vestra	92	89	86
Norðurland eystra	85	89	90
Austurland	89	91	89
Suðurland	91	90	87
Alls	**89**	**90**	**89**

* Nemendur fæddir 1983–1985 með lögheimili á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Fjöldi nemenda er talinn um miðjan október á hverju skólaári. Lögheimili miðast við þjóðskrá 1. desember ár hvert.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Nemendur í kvöldskólum og fjarnámi.

Heildarfjöldi nemenda í kvöldskólum og fjarnámi hefur haldist nokkuð svipaður á tímabilinu frá hausti 1999 til hausts 2001. Umtalsverð fjölgun var þó í fjarnámi en nemendum í kvöldskólum fækkaði (sjá töflu 3.6). Konur voru í meiri hluta þeirra sem stunda nám í kvöldskólum og fjarnám eða að meðaltali um 60% nemenda á tímabilinu.

Tafla 3.6. Fjöldi nemenda í kvöldskólum og fjarnámi eftir námsbrautum og kyni að hausti 1999, 2000 og 2001.

	1999						2000						2001					
	Kvöldskóli			Fjarnám			Kvöldskóli			Fjarnám			Kvöldskóli			Fjarnám		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Almennar brautir	516	157	359	167	51	116	442	130	312	323	90	233	441	134	307	339	109	230
Málabrautir	98	14	84	0	0	0	85	17	68	0	0	0	60	10	50	2	2	0
Listabrautir	102	19	83	0	0	0	106	21	85	3	0	3	81	18	63	2	0	2
Uppeldis- og íþróttabrautir	34	8	26	3	0	3	25	7	18	2	1	1	23	5	18	3	0	3
Félagsfræðabrautir	432	133	299	39	3	36	366	100	266	33	3	30	364	124	240	56	10	46
Viðskipta- og hagfræðabrautir	185	46	139	33	9	24	166	38	128	28	58	23	232	47	185	26	1	25
Raungreinabrautir	114	49	65	19	3	16	83	45	38	23	6	17	69	28	41	29	11	18
Iðn- og tæknibrautir	476	444	32	1	0	1	507	458	49	7	6	1	499	444	55	18	18	0
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	67	5	62	23	11	12	121	8	113	26	10	16	127	8	119	27	9	18
Heilsugæslubrautir	108	4	104	10	0	10	118	8	110	8	0	8	104	10	94	28	0	28
Alls	**2.132**	**879**	**1.253**	**295**	**77**	**218**	**2.019**	**832**	**1.187**	**453**	**121**	**332**	**2.000**	**828**	**1.172**	**530**	**160**	**370**

Skýringar: Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni, þannig að stundi nemandi nám í tveimur skólum telst hann aðeins í öðrum þeirra.
Skipting á námsbrautir fylgir sömu reglu og í Landshögum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á árinu 1999 hófst tilraunaverkefni um fjarnám á framhaldsskólastigi í Grundarfirði í samvinnu menntamálaráðuneytisins, sveitarstjórnar í Grundarfirði, Verkmenntaskólans á Akureyri og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Verkefnið felur í sér að nemendur í Grundarfirði sem lokið hafa grunnskólaprófi geta stundað nám á fyrstu tveim önnum framhaldsskóla. Tilraunin hefur síðan verið haldið áfram og hefur reynslan af henni verið nýtt við undirbúning nýs framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi.

Sérkennsla.

Sérkennsla í framhaldsskólum er ætluð fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 19. gr. gildandi laga um framhaldsskóla og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, nr. 372/1998.

Nám í sérdeildum var skilgreint sem tveggja ára nám til ársins 2000. Þá var námið lengt í þrjú ár og árið 2001 var ákveðið að nám í sérdeildum yrði fjögurra ára nám. Sérdeildir eru nú starfræktar við 17 framhaldsskóla.

Tafla 3.7 sýnir fjölda nemenda sem nutu sérkennslu eða einstaklingskennslu á skólaárunum 1999/2000–2001/2002. Þjónusta við fatlaða nemendur hefur aukist á tímabilinu, eins og auknar fjárveitingar benda til (sjá töflu 7.3), og fjöldi nemenda stóraukist.

Tafla 3.7. Fjöldi nemenda í sérkennslu 1999/2000–2001/2002.

	1999/2000	2000/2001	2001/2002
Nemendur í sérdeildum	130	159	230
Nemendur með einstaklingsaðstoð	55	124	128
Nemendur í sérkennslu alls	**185**	**283**	**358**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Sérstök íslenskukennsla.

Í 20 gr. laga um framhaldsskóla er ákvæði um rétt þeirra nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Lagaákvæðið tekur einnig til nemenda sem dvalist hafa langdvölum erlendis svo og til heyrnarlausra nemenda. Í reglugerð um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum, nr. 329/1997, er nánar kveðið á um íslenskukennslu þessara nemenda. Í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla frá 1999 er fjallað um íslensku sem annað tungumál, íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenskt táknmál.

Brautskráningar.

Á skólaárunum 1999/2000–2001/2002 voru brautskráningar úr framhaldsskólum að meðaltali 4.612 (sjá töflu 3.8). Stærstur hluti þessara brautskráninga voru stúdentspróf, en þar er hlutfall kvenna miklu hærra en karla. Sveinspróf voru að meðaltali 568 á skólaári og fór aðeins fjölgandi á tímabilinu. Hlutfall kvenna af þeim sem luku sveinsprófi var mjög lágt eða að meðaltali tæp 20%. Önnur framhaldsskólapróf voru próf af ýmsum styttri námsbrautum, svo sem verslunarpróf, lokapróf af uppeldisbrautum, heilsugæslubrautum og íþróttabrautum og próf í tækniteiknun.

Tafla 3.8. Fjöldi brautskráninga eftir kyni, námsbrautum og prófgráðu, skólaárin 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.

	1999/2000			2000/2001			2001/2002			Hlutfall kynja að meðaltali	
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Námsbrautir	**4.352**	**2.180**	**2.172**	**4.579**	**2.312**	**2.267**	**4.905**	**2.399**	**2.506**	**49,8**	**50,2**
Almennar brautir	106	60	46	235	114	121	269	145	124	53,0	47,0
Málabrautir	335	61	274	343	61	282	288	46	242	17,3	82,7
Listabrautir	122	23	99	139	25	114	163	32	131	18,8	81,2
Uppeldis- og íþróttabr.	96	28	68	95	32	63	63	22	41	32,6	67,4
Félagsfræðabrautir	564	176	388	535	163	372	566	166	400	30,3	69,7
Viðskipta- og hagfræðabr.	694	345	349	710	310	400	938	384	554	44,7	55,3
Raungreinabrautir	797	377	420	745	382	363	796	386	410	49,0	51,0
Iðn- og tæknibrautir	1.010	904	106	1.202	1.083	119	1.177	1.066	111	90,0	10,0
Búsýslubrautir, matvæla-brautir, þjónustuiðnir	471	196	275	432	136	296	529	143	386	33,4	66,6
Heilsugæslubrautir	157	10	147	143	6	137	116	9	107	6,1	93,9
Prófgráður											
Burtfararpróf úr iðn	542	420	122	576	460	116	560	445	115	79,0	21,0
Sveinspróf	537	433	104	578	465	113	588	460	128	79,7	20,3
Stúdentspróf	2.190	845	1.345	2.160	840	1.320	2.246	885	1.361	39,0	61,0
Önnur framhaldsskólapróf	1.083	482	601	1.254	547	707	1.511	609	902	42,8	57,2
Iðnmeistarapróf*	115	91	24	82	58	24	94	70	24	74,8	25,2

Skýringar: Gögnum er safnað frá framhaldsskólum um nemendur sem útskrifast úr dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi í lok hvers missiris.
Upplýsingar um sveinspróf eru frá menntamálaráðuneytinu. Sami nemandi getur útskrifast af fleiri en einni námsbraut á sama ári.
* Iðnmeistarapróf er flokkað á háskólastigi af Hagstofu Íslands og af menntamálaráðuneytinu.
Heimildir: Landshagir 2001 og 2002 og Hagstofa Íslands.

Hlutfall brautskráðra stúdenta af tölu tvítugra hækkaði á tímabilinu 1999/2000–2001/2002 úr rúmum 46% í rúm 49%. Öll skólaárin var hlutfall brautskráðra kvenna miklu hærra en karla og hæst síðasta skólaárið eða 62% (sjá töflu 3.9).

Tafla 3.9. Brautskráðir stúdentar í hlutfalli af tölu tvítugra skólaárin 1999/2000–2001/2002.

	Alls	Karlar	Konur
1999/2000	46,4	35,4	57,8
2000/2001	47,9	36,5	59,9
2001/2002	49,3	37,5	62,0

Heimildir: Landshagir 2002 og Hagstofa Íslands.

Í töflu 3.10 má sjá hlutfall útskrifaðra nemenda af innrituðum fæddum 1980–1982 skólaárin 1999/2000–2001/2002 með einhver lokapróf úr framhaldsskólum, skipt eftir landsvæðum lögheimilis. Miðað er eingöngu við nemendur sem hófu nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Taflan sýnir að þetta hlutfall var að meðaltali hæst á höfuðborgarsvæðinu ef frá er talið lögheimili erlendis. Næsthæst var hlutfallið á Norðurlandi eystra og Suðurlandi en lægst á Suðurnesjum og Vestfjörðum. Bent er á að nemendurnir hafa haft mislangan tíma til að ljúka námi, þ.e. nemendur fæddir 1980 lengstan, eða 6 ár.

Tafla 3.10. Hlutfall (%) útskrifaðra skólaárin 1999/2000–2001/2002 af innrituðum nemendum fæddum 1980–1982, skipt eftir landsvæðum lögheimilis.

	Fæðingarár		
	1980	1981	1982
Reykjavík	58,5	49,7	41,9
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjav.	54,7	54,2	36,3
Suðurnes	41,9	34,6	30,3
Vesturland	46,2	48,8	34,1
Vestfirðir	42,8	42,5	34,5
Norðurland vestra	45,7	52,7	34,7
Norðurland eystra	51,9	48,5	34,1
Austurland	48,0	48,4	33,2
Suðurland	48,9	52,7	33,2
Lögheimili erlendis	128,6	57,1	50,0
Samtals	**53,0**	**49,7**	**37,1**

Skýringar: Hver nemandi er aðeins talinn einu sinni, þ.e. þegar hann útskrifast síðast á tímabilinu. Alls útskrifuðust 5.462 nemendur 6.414 sinnum. Eingöngu eru teknir með nemendur sem fóru beint í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi. Athuga ber að landsvæðið þar sem nemendur búa þegar þeir útskrifast er borið saman við landsvæði þar sem þeir bjuggu þegar þeir voru 16 ára. Þess vegna er hlutfallið hærra en 100% hjá nemendum með lögheimili erlendis fæddum 1980 (þ.e. sjö höfðu lögheimili erlendis við 16 ára aldur en níu við útskrift). Athygli er vakin á því að einhver fjöldi úr elsta árgangnum (fædd 1980) hefur útskrifast af styttri námsbrautum fyrir árið 1999. Sá fjöldi er því ekki meðtalinn hér, nema þeir einstaklingar sem hafa útskrifast aftur á umræddu tímabili.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 3.11 sýnir kynjahlutfall útskrifaðra nemenda sem fæddir voru á árunum 1980–1982 og útskrifuðust skólaárin 1999/2000–2001/2002. Hlutfall útskrifaðra kvenna er umtalsvert hærra en karla.

Tafla 3.11. Samtals hlutfall (%) útskrifaðra skólaárin 1999/2000–2001/2002 af innrituðum nemendum fæddum 1980–1982, skipt eftir kyni.

	Fæðingarár		
	1980	**1981**	**1982**
Karlar	46,5	52,5	30,2
Konur	59,6	57,1	44,2
Alls	**43,0**	**49,7**	**37,1**

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 3.10.
Heimild: Hagstofa Íslands.

4. Mat.

Námsmat.

Almennt námsmat skal samkvæmt 24. gr. gildandi laga um framhaldsskóla vera í höndum kennara. Skal matið byggjast á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Í fyrrnefndri lagagrein er einnig ákvæði um að stúdentspróf skuli samræmd í tilteknum greinum. Lagaákvæði um samræmd stúdentspróf kemur til framkvæmda skólaárið 2003/2004 og hefur menntamálaráðuneytið gefið út reglugerð um samræmd stúdentspróf og framkvæmd þeirra.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi og kveður ráðherra á um samræmingu og framkvæmd sveinsprófa með reglugerð. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um sveinspróf, nr. 525/2000, skipar menntamálaráðherra sveinsprófsnefndir til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

Menntamálaráðherra er heimilt samkvæmt 24. gr. framhaldsskólalaga að ákveða með reglugerð að lokapróf í tilteknum greinum af öðrum námsbrautum skuli vera samræmd að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs ef um starfsnám er að ræða.

Sjálfsmat.

Í 23. gr. framhaldsskólalaga er kveðið á um að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í lögunum er einnig ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði hófust á vormissiri 2002 með því að gerðar voru úttektir á sjálfsmatsaðferðum 14 framhaldsskóla. Var við það miðað að úttektunum yrði lokið á þremur missirum, þ.e. á vormissiri 2003. Í undirbúningi að framkvæmd úttektanna voru gerðar tilraunaúttektir á tveimur framhaldsskólum haustið 2001. Tilgangurinn með tilraunaúttektunum var fyrst og fremst að prófa matstækið (spurningalista á rafrænu formi) sem ráðuneytið hafði hannað vegna úttektanna. Við úttektirnar er sjónum einkum beint að stöðu sjálfsmats, sjálfsmatskerfi og framkvæmd sjálfsmats í skólanum.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla voru unnar af utanaðkomandi aðilum sem menntamálaráðuneytið réð að undangenginni auglýsingu. Var miðað við að úttektir á hverjum skóla væru í höndum tveggja til þriggja einstaklinga sem saman hefðu menntun og reynslu á sviði sjálfsmats, gæðastjórnunar og skólastarfs á framhaldsskólastigi.

Helstu niðurstöður úttektanna á sjálfsmatsaðferðum 14 framhaldsskóla á vormissiri 2002 voru að átta skólar höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat, eða 57%. Af þeim hafði kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í einum skóla en í sjö skólum á tilteknum þáttum skólastarfs. Í töflu 4.1 má sjá samantekt á niðurstöðum þegar lagt var mat á sjálfsmatsaðferðir skólanna. Sjálfsmatsaðferðir þriggja skóla af 14 töldust fullnægjandi, hjá fimm skólum fullnægjandi að hluta og ófullnægjandi hjá sex skólum.

Tafla 4.1. Sjálfsmatsaðferðir skólanna teljast:

	Fjöldi skóla	Hlutfall
Fullnægjandi	3	21%
Fullnægjandi að hluta	5	36%
Ófullnægjandi	6	53%
Samtals	**14**	**100%**

Ytra mat.

Í 2. gr. reglugerðar um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa, nr. 139/1997, er kveðið á um að menntamálaráðherra geti látið fara fram úttekt á starfi framhaldsskóla. Slík úttekt getur miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Skoðaðir eru ýmsir þættir í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennsla, samskipti, samstarf, námsárangur, skólaandi og tengsl við samfélagið utan skólans.

Á því tímabili sem skýrsla þessi fjallar um hafa verið gerðar heildarúttektir á tveimur framhaldsskólum: Menntaskólanum á Ísafirði árið 2000 og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi árið 2002. Voru úttektir á þessum tveimur skólum gerðar í kjölfar auglýsingar frá ráðuneytinu þar sem auglýst var eftir skólum sem áhuga hefðu á því að gerð yrði heildarúttekt á starfsemi þeirra. Einnig var á vegum ráðuneytisins gerð úttekt á tilraunanámi í bílgreinum árið 2000.

Upplýsingar um einstakar úttektir er að finna á vef menntamálaráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is).

Norræn könnun á viðhorfi til skólastarfs.

Norræn könnun um viðhorf til grunn- og framhaldsskóla var gerð á tímabilinu febrúar–maí árið 2000. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í skýrslunni *Nordisk skolbarometer – Attityder till skolan år 2000* eða *Mælistika á norræna skóla – viðhorf til skólans árið 2000*, sem Norræna ráðherranefndin gaf út árið 2001.

Markmiðið með könnuninni var að afla sambærilegra upplýsinga alls staðar að af Norðurlöndunum um viðhorf almennings til ýmissa þátta skólastarfs. Á þann hátt reyndist mögulegt að bera saman afstöðu fólks eftir löndum sem og innan hvers lands fyrir sig. Könnunin náði til foreldra barna í grunn- og framhaldsskólum og þeirra sem ekki eiga börn í skólum. Svörun hér á landi var 70%. Hverju landi fyrir sig var heimilt að bæta við spurningum sem tengdust skólamálum viðkomandi lands sérstaklega.

Meðal niðurstaðna í könnuninni með tilliti til Íslands var að Íslendingar leggja meiri áherslu en hinar þjóðirnar á að skólarnir eigi að bera meiri ábyrgð á einstaklings- og félagsþroska nemendanna en nú tíðkast. Þeir hafa enn fremur meiri áhuga á því en hinar þjóðirnar að nemendur afli upplýsinga sjálfir og að þeir læri að vinna saman í hópum. Einnig leggja þeir mikla áherslu á að alþjóðleg tengsl skóla verði efld. Íslenskir foreldrar eru ánægðastir

með fjárframlög til ýmissa þátta í skóla barna þeirra. Íslendingar taka undir þá skoðun í meira mæli en aðrir að kennarastarfið njóti lítillar virðingar.

Helstu niðurstöður úr íslenskum hluta könnunarinnar með tilliti til framhaldsskólans miðað við þá sem tóku afstöðu voru eftirfarandi:

Of lítil samfella er í námi milli grunn- og framhaldsskóla. 70% voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu.

Það á hvorki að lengja skólaárið í grunnskólum né í framhaldsskólum úr 9 mánuðum í 10 mánuði. 64% voru mjög eða frekar ósammála því að lengja skyldi skólaárið í grunnskólum og 67% voru mjög eða frekar ósammála því að lengja skyldi skólaárið í framhaldsskólum.

Bóklegt nám til stúdentsprófs á að taka 3 ár og það eiga að vera samræmd stúdentspróf í nokkrum námsgreinum. Að mati 60% á bóklegt nám til stúdentsprófs að taka 3 ár og 66% voru mjög eða frekar sammála því að hafa skyldi samræmd stúdentspróf í nokkrum námsgreinum.

Matshópur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar bar ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar, en einnig var starfandi undirhópur skipaður fulltrúum hvers lands. Menntamálaráðuneytið átti fulltrúa í báðum þessum hópum. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist framkvæmd könnunarinnar hér á landi.

5. Starfsfólk.

Kennarar og leiðbeinendur.

Framhaldsskólakennurum fjölgaði um 109 frá skólaárinu 1999/2000 til skólaársins 2001/2002 eða um 7%. Í mars 2002 voru 73% kennara í framhaldsskólum landsins með kennsluréttindi en 27% án kennsluréttinda (sjá töflu 5.1). Á sama tíma var hæst hlutfall kennara með kennsluréttindi í Reykjavík, eða tæpt 81%, og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og á Norðurlandi eystra um 73%. Lægst var hlutfall réttindakennara á Vestfjörðum, rúm 35%, og á Norðurlandi vestra tæpt 41%. Sé hins vegar miðað við fjölda stöðugilda í mars 2002 voru tæp 79% kennslu í framhaldsskólum á landinu öllu í höndum réttindakennara og rúmt 21% í höndum leiðbeinenda (sjá töflu 5.2). Þá voru rúm 45% stöðugilda á Vestfjörðum í höndum réttindakennara, rúm 47% á Norðurlandi vestra og rúm 85% í Reykjavík. Sjá má í töflu 5.3 að konum fjölgaði hlutfallslega meðal kennara í framhaldsskólum á tímabilinu og voru konur orðnar næstum jafnmargar og karlar í mars 2002 eða 615 á móti 635 körlum.

Tafla 5.1 Fjöldi og hlutfall kennara og leiðbeinenda 2000–2002, skipt eftir landsvæðum.

	Febrúar 2000					Mars 2001					Mars 2002				
	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu
Reykjavík	551	80,3	135	19,7	686	590	77,9	167	22,1	757	619	80,8	147	19,2	766
Höfuðborgarsv. utan Reykjavíkur	148	71,8	58	28,2	206	166	75,4	54	24,5	220	169	73,2	62	26,8	231
Suðurnes	37	64,9	20	35,1	57	29	53,7	25	46,3	54	32	56,1	25	43,9	57
Vesturland	34	62,9	20	37,1	54	33	63,5	19	36,5	52	34	68,0	16	32,0	50
Vestfirðir	8	22,9	27	77,1	35	11	28,2	28	71,8	39	12	35,3	22	64,7	34
Norðurland vestra	24	47,1	27	52,9	51	29	50,0	29	50,0	58	22	40,7	32	59,3	54
Norðurland eystra	157	78,1	44	21,9	201	151	75,5	49	24,5	200	151	72,6	57	27,4	208
Austurland	44	59,5	30	40,5	74	40	57,1	30	42,9	70	41	55,4	33	44,6	74
Suðurland	78	67,2	38	32,7	116	75	65,2	40	34,8	115	80	69,6	35	30,4	115
Landið allt	**1.081**	**73,0**	**399**	**27,0**	**1.480**	**1.124**	**71,8**	**441**	**28,2**	**1.565**	**1.160**	**73,0**	**429**	**27,0**	**1.589**

Skýringar: Nokkrir einstaklingar sem ekki er vitað hvort hafa réttindi eru ekki taldir með.

Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Tafla 5.2. Fjöldi og hlutfall stöðugilda* eftir landsvæðum 2000–2002.

	Febrúar 2000					Mars 2001					Mars 2002				
	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi alls	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi alls	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi alls
	Stöðu-gildi	%	Stöðu-gildi	%		Stöðu-gildi	%	Stöðu-gildi	%		Stöðu-gildi	%	Stöðu-gildi	%	
Reykjavík	674	84,8	120	15,2	794	668	84,3	124	15,7	792	691	85,4	118	14,6	809
Höfuðborgarsv. utan Reykjav.	195	76,8	59	23,2	254	194	80,8	46	19,2	240	196	79,7	50	20,3	246
Suðurnes	51	71,8	20	28,2	71	36	59,0	25	41,0	61	43	60,6	28	39,4	71
Vesturland	44	66,7	22	33,3	66	41	68,3	19	31,7	60	41	70,7	17	29,3	58
Vestfirðir	12	40,0	18	60,0	30	12	44,4	15	55,6	27	14	45,2	17	54,8	31
Norðurland vestra	31	55,4	25	44,6	56	35	60,3	23	39,7	58	24	47,1	27	52,9	51
Norðurland eystra	178	83,2	36	16,8	214	159	83,7	31	16,3	190	152	79,2	40	20,8	192
Austurland	49	67,1	24	32,9	73	42	64,6	23	35,4	65	42	61,8	26	38,2	68
Suðurland	100	78,7	27	21,3	127	87	77,7	25	22,3	112	86	75,4	28	24,6	114
Landið allt	**1.334**	**69,4**	**351**	**30,6**	**1.685**	**1.274**	**79,4**	**331**	**20,6**	**1.605**	**1.289**	**78,6**	**351**	**21,4**	**1.640**

* Fjöldi stöðugilda reiknaður út frá heildarkennslumagni. Inn í þessum tölum eru allir þeir starfsmenn, þ.m.t. stjórnendur, sem koma að kennslu sem og allt vinnuframlag þeirra þó að það snúi ekki að kennslu. Nokkrir einstaklingar sem ekki er vitað hvort hafa réttindi eru ekki taldir með.

Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Stjórnendur.

Í töflu 5.3 má m.a. sjá fjölda og kynjahlutfall stjórnenda í framhaldsskólum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Hlutfall kvenna meðal skólameistara lækkaði á tímabilinu úr 26% í 19%. Á sama tíma hækkaði hlutfall kvenna meðal aðstoðarskólameistara úr 11% í 19%. Meðal stjórnenda á kennslusviði var hlutfall kvenna 42–44% á tímabilinu.

Tafla 5.3. Fjöldi og hlutfall starfsfólks eftir kyni skólaárin 1999/2000, 2000/2001 og 2001/2002.

	1999/2000					2000/2001					2001/2002				
	Karlar		Konur			Karlar		Konur			Karlar		Konur		
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls
Skólameistarar	25	74	9	26	34	27	75	9	25	36	29	81	7	19	36
Aðstoðarskólameistarar	25	89	3	11	28	26	93	2	7	28	22	81	5	19	27
Stjórnendur á kennslusviði	206	58	152	42	358	186	56	144	44	330	190	57	143	43	333
Framhaldsskólakennarar	637	54	547	46	1.184	619	52	571	48	1.190	635	51	615	49	1.250
Sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn	23	56	18	44	41	24	65	13	35	37	18	53	16	47	34
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni	19	20	78	80	97	18	17	88	83	106	17	16	91	84	108
Skrifstofustörf og tölvuvinna	31	23	105	77	136	33	25	101	75	134	39	27	105	73	144
Starfsfólk við rekstur húsnæðis	74	24	237	76	311	77	25	226	75	303	88	27	233	73	321
Annað starfsfólk	6	60	4	40	10	8	38	13	62	21	1	20	4	80	5


Skýringar: Tölur fyrir skólaárið 1999/2000 miðast við febrúar 2000. Tölur fyrir skólaárið 2000/2001 og 2001/2002 miðast við marsmánuð. Um fjölda skólastjóra: Skólarnir eru 35 talsins, en ekki er starfandi skólastjóri við Tannsmíðaskóla Íslands. Skólaárin 2000/2001 og 2001/2002 voru skólastjórar 36 sem skýrist af leyfum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Annað starfsfólk.

Fjöldi starfsfólks við önnur störf en kennslu, svo sem við skrifstofustörf, bókasafn og rekstur hélst svipaður á tímabilinu 1999/2000–2001/2002 eða um 600 manns. Í þessum störfum eru konur yfirleitt í miklum meiri hluta, nema í flokknum sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn. Sjá töflu 5.3 og mynd 5.1.

Mynd 5.1. Starfsfólk framhaldsskóla eftir starfsheitum skólaárið 2001/2002.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldur starfsfólks við kennslu.

Mynd 5.2 sýnir aldursdreifingu framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í mars 2001. Tæp 41% kennara og leiðbeinenda voru 50 ára og eldri en einungis tæp 26% 39 ára og yngri, þar af aðeins 6% 29 ára og yngri. Aldurshópurinn 40–49 ára var 34%.

Mynd 5.2. Aldur starfsfólks við kennslu í mars 2001.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Endurmenntun kennara.

Endurmenntunarnefnd framhaldsskólakennara er skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Hið íslenska kennarafélag tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands einn fulltrúa og menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar er að ákveða framboð á endurmenntun fyrir framhaldsskólakennara í samráði við faggreinafélög kennara og menntamálaráðuneytið. Nefndin ákveður einnig hvernig skipta skuli því fé sem veitt er á fjárlögum til endurmenntunar framhaldsskólakennara á hverju ári (sjá 7. kafla um fjárveitingar til endurmenntunar). Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd endurmenntunarnámskeiða fyrir framhaldsskólakennara.

Tafla 5.4 sýnir fjölda þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum kennara og leiðbeinenda í framhaldsskólum. Annars vegar er um að ræða þátttöku í faggreinanámskeiðum sem haldin eru innan lands og í sumum tilvikum utan lands (svo sem fyrir kennara í erlendum tungumálum) og hins vegar í námi samhliða kennslu. Þátttaka í faggreinanámskeiðum hefur á tímabilinu 2000–2002 minnkað um rúm 34% en í endurmenntunarnámskeiðum í heild um tæp 47%. Skýring gæti að nokkru leyti verið sú að í kjarasamningum framhaldsskólakennara 2001 var fellt út ákvæði um stigagjöf fyrir námskeiðsþátttöku sem gat hækkað laun.


Tafla 5.4. Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 2000–2002.

	Faggreinanámskeið			Nám samhliða kennslu			Þátttaka
	Karlar	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**alls**
2000	216	342	558	53	76	129	687
2001	175	270	445	86	84	170	615
2002	165	201	366	8	19	27	366
Alls	**556**	**813**	**1.369**	**147**	**179**	**326**	**1.668**

Heimild: Endurmenntunarstofnun HÍ.


Á mynd 5.3 kemur fram að hærra meðalhlutfall kvenna en karla sótti faggreinanámskeiðin og nám samhliða starfi á tímabilinu 2000–2002. Mynd 5.4 sýnir skiptingu þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum eftir námsgreinum.

Mynd 5.3. Endurmenntun kennara. Hlutfall kynja á endurmenntunarnámsskeiðum 2000-2002.



Heimild: Endurmenntunarstofnun HÍ

Mynd 5.4. Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 2000-2002, eftir greinum.



Skýringar: "Annað" tekur til sérsniðinna námskeiða.
Heimild: Endurmenntunarstofnun HÍ.

Námsorlof.

Námsorlof kennara og skólameistara voru 24 á árunum 1999–2001. Í tengslum við kjarasamninga framhaldsskólakennara og fjármálaráðuneytis árið 2001 fjölgaði námsorlofum kennara um fimm og var því heildarfjöldi námsorlofa orðinn 29 árið 2002 (sjá töflu 5.5). Orlofunum fimm er ætlað að koma til móts við óskir einstakra skóla um endurmenntun kennara. Um þau er sótt í nafni skólanna sjálfra en aðrar umsóknir um námsorlof eru einstaklingsbundnar.

Tafla 5.5. Fjöldi námsorlofa 1999–2002.

	1999	2000	2001	2002
Kennarar	23	23	23	23
Skólameistarar	1	1	1	1
Skólar				5
Alls	**24**	**24**	**24**	**29**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Laun framhaldsskólakennara og leiðbeinenda.

Í töflu 5.6 má sjá meðaltal mánaðarlauna kennara árin 1999, 2000, 2001 og 2002, þ.e. dagvinnulaun, yfirvinnulaun, önnur laun og heildarlaun. Fram kemur m.a. að meðaltal heildarmánaðarlauna kennara á árinu 2002 var rúmar 304 þúsund krónur og höfðu meðallaunin hækkað um rúm 44% frá árinu 1999 þegar þau voru um 211 þúsund. Á sama tímabili hækkaði meðaltal dagvinnulauna kennara um rúm 70%. Meðaltalshlutfall yfirvinnu í heildarlaunum var tæp 26% á árinu 2002 en tæp 37% árið 1999.

Tafla 5.6. Meðaltal mánaðarlauna kennara 1999, 2000 og 2001 (kr.).

	1999			2000		
	Allir	**Karlar**	**Konur**	**Allir**	**Karlar**	**Konur**
Dagvinnulaun	130.180	131.303	128.840	135.191	136.615	133.530
Yfirvinnulaun	77.070	92.303	58.895	85.488	104.722	63.043
Önnur laun	3.844	3.798	3.898	1.329	1.329	1.106
Heildarlaun	**211.094**	**227.405**	**191.632**	**221.905**	**242.666**	**197.678**

	2001			2002		
	Allir	**Karlar**	**Konur**	**Allir**	**Karlar**	**Konur**
Dagvinnulaun	206.783	209.309	203.923	221.612	224.006	218.920
Yfirvinnulaun	87.909	110.237	62.632	78.980	97.623	58.025
Önnur laun	4.058	4.060	4.055	4.192	4.132	4.260
Heildarlaun	**298.749**	**323.607**	**270.610**	**304.784**	**325.761**	**281.205**

Skýringar: Greidd laun frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og/eða Ríkisbókhaldi til félaga í kennarafélögum í framhaldsskólum þ.e. HÍK og KÍ, þ.m.t. skólameistarar og skólastjórnendur. Ársmeðaltölin eru vegin meðaltöl hvers mánaðar.
Heimild: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

6. Aðstaða.

Húsnæði framhaldsskóla.

Gagnger breyting varð á viðhaldi og umsýslu húsnæðis framhaldsskóla á árunum 2000–2002. Fasteignir ríkisins hafa yfirtekið viðhald flestra skólanna og fyrir liggja leigusamningar milli hvers skóla og Fasteigna ríkisins og fela þeir í sér tiltekna leiguupphæð fyrir tiltekinn fermetrafjölda húsnæðis. Þetta á þó ekki við um Menntaskólann í Reykjavík, Menntaskólann að Laugarvatni og Sjómannaskólahúsið sem menntamálaráðuneytið annast enn viðhald á.

Jafnframt hefur færst í vöxt að framhaldsskólar, hvort heldur ríkisreknir eða einkareknir, séu í húsnæði í eigu annarra en ríkisins. Þetta hefur alltaf átt við um Verzlunarskóla Íslands, um Iðnskólann í Hafnarfirði frá vorönn 2000 og frá hausti 2003 samnýtir Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu húsnæði með sveitarfélaginu Hornafirði (Nýheimar).

Á móti þeirri leigu (eða viðhaldsupphæð) sem skólarnir greiða fá þeir fjárframlag sem reiknað er á grundvelli starfsemi skólanna. Góð nýting í nemendafjölda og fjölda kennslustunda gefur skólunum hærra framlag en þeim sem hafa slaka nýtingu. Þannig liggja fyrir á hverju fjárlagaári raunstærðir húsnæðis og reiknaðar stærðir.

Í töflu 6.1 er tekið inn allt, eða næstum allt, húsnæði framhaldsskóla sem ríkið rekur eða hefur samið um leigugreiðslur fyrir. Álitamál er orðið hvort aðgreina skuli starfs- eða verknámshúsnæði frá bóknámshúsnæði og tilgreina mötuneytishúsnæði sérstaklega. Mörk slíks húsnæðis og starfsemi fara dofnandi. Slík skipting er því felld niður í töflunni. Enn er þó greint milli heimavistarhúsnæðis og annars húsnæðis enda er greidd mismunandi leiga fyrir hvort.

Tafla 6.1. Húsnæði framhaldsskóla 2000–2002 (m^2).

	2000	2001	2002
Almennt skólahúsnæði	167.536	169.021	170.031
Heimavistir	20.004	20.450	16.111
Samtals	**187.540**	**189.471**	**186.142**

Skýringar: Fyrirsjáanleg stækkun eða minnkun húsnæðis skólanna kemur stundum fram á skrám árið áður en breytingin verður í raun. Þannig er lækkunin á heildartölunni 2002 að miklu leyti vegna fyrirsjáanlegs flutnings heimavistar Menntaskólans á Akureyri yfir í einkarekstur.
Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Nýbyggingar.

Nýtt húsnæði var tekið í notkun við eftirtalda framhaldsskóla 1999–2002:

Árið 1999: Menntaskólinn í Reykjavík (1.145 m^2), nýtt húsnæði fyrir raungreinastofur; Fjölbrautaskóli Vesturlands (260 m^2), viðbygging vegna verknámsaðstöðu og almennra kennslustofa en jafnframt voru lausar kennslustofur (110 m^2) teknar úr notkun; Verkmenntaskólinn á Akureyri (1.120 m^2), áttundi áfangi, tréiðnadeild; Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (2.000 m^2), nýbygging, en árið 1997 var fyrsti áfangi nýbyggingarinnar (2.200 m^2) tekinn í notkun.

Árið 2000: Ekkert nýtt húsnæði tekið í notkun.

Árið 2001: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (1.485 m^2), nýbygging.

Árið 2002: Menntaskólinn í Kópavogi (150 m^2), lausar kennslustofur en jafnframt var kennsluálma-norður (800 m^2) rifin. Minnkun húsnæðis bætist upp á árinu 2003 með byggingu nýrrar norðurálmu fyrir almenna bóklegra kennslu og kennslu einhverfra og verður sú helmingi stærri en hin gamla; Flensborgarskólinn í Hafnarfirði (400 m^2), leiguhúsnæði; Fjölbrautaskóli Vesturlands (160 m^2), viðbygging við bókasafn; Verkmenntaskólinn á Akureyri (1.100 m^2), níundi áfangi, matvæla- og listnámsbrautir.

Skólasöfn.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skulu vera skólasöfn við alla framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið hefur safnað upplýsingum um starfsemi skólasafna síðan 1992 og birt í *Ársskýrslu skólasafna í framhaldsskólum.* Í ársskýrslum 1999/2000–2000/2001 sem aðgengilegar eru á vefsíðu ráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is) er að finna upplýsingar um skólasöfn allra framhaldsskóla (að undanteknum örfáum sérskólum) m.a. um bókakost, margmiðlunardiska, tímaritaáskrift, afgreiðslutíma og fjárveitingar til safnanna. Skólaárið 2000/2001 höfðu öll skólasöfnin tölvuskráð safnkost sinn og nánast öll höfðu eignast margmiðlunardiska, þ.e. CD-ROM diska með gagnasöfnum. Þessir diskar voru hátt í 900. Þá hefur verið undirritaður samningur við fyrirtækið Bell & Howell um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum. Samningurinn felur í sér aðgang að 19 gagnasöfnum á ýmsum sviðum og 3.500 rafrænum tímaritum nokkur ár aftur í tímann og til dagsins í dag. Samningur þessi opnar ný svið í upplýsinga- og fræðslumálum.

Tölvur.

Árið 2000 hófst undirbúningur að tilraun með notkun fartölva og þráðlauss nets í framhaldsskólum. Stuðlað var að samningum milli skóla og fyrirtækja um kaup á búnaði og skipulögð námskeið fyrir kennara um notkun fartölva og breytta kennsluhætti. Þróunarskólar í upplýsingatækni fengu styrk til að hefja tilraunir með þessa tækni. Áfram var stutt við þessa skóla á árinu 2001.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um tölvueign framhaldsskóla en samkvæmt upplýsingum frá 21 framhaldsskóla voru 6,7 nemendur um hverja tölvu á árinu 2002.

Upplýsingakerfi framhaldsskóla.

Inna.is er upplýsingakerfi sem hannað hefur verið á vegum menntamálaráðuneytisins og er í notkun í flestum framhaldsskólum landsins. Hlutverk kerfisins er að auðvelda stjórnun og skipulag framhaldsskólanna, varðveita upplýsingar um nám og námsframvindu og auðvelda stjórnun námsframboðs. Í Innu er unnt að nálgast grunnupplýsingar um alla framhaldsskóla og námsframboð þeirra. Kerfið er auk þess öflugt stjórnunar- og upplýsingatæki fyrir hvern skóla. Öll skráning, vinnsla og miðlun þessara upplýsinga í skólum fer fram á netinu. Árið 2003 var opnað fyrir aðgang nemenda að kerfinu þar sem þeir geta fengið upplýsingar um stundatöflur og námsferil.

Fjarskiptanet.

Á tímabilinu sem skýrsla þessi nær til var hafinn undirbúningur að því að tengja saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á um 40 stöðum á landinu með FS-háhraðaneti. Netið byggist á svokallaðri IP-tækni sem nýtir sveigjanleika netsins fyrir flutning á texta, hljóði og mynd. Á FS-netinu er hægt að bjóða margvíslega þjónustu er tengist starfsemi framhaldsskólanna, svo sem fjarkennslu, fjarfundi, hugbúnaðarþjónustu og háhraðaaðgang að netinu.

Menntagátt.

Menntagátt Íslands er ætlað að vera farvegur fyrir fjölbreytta þjónustu fyrir nemendur, kennara, foreldra og aðra sem tengjast menntun. Á vefnum verður þjónusta við efnismiðlun, samskipti og nýsköpun. Gagnagrunnur með námskrám menntamálaráðuneytisins mun gegna viðamiklu hlutverki í þjónustunni. Slóðin er menntagatt.is.

7. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs.

Reiknilíkan, árangursstjórnun og skólasamningar.

Í 39. grein laga um framhaldsskóla er ákvæði þess efnis að í reglugerð skuli settar fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Drög að reiknilíkani höfðu verið lögð á árinu 1994 og var þeim beitt við áætlun rekstrarliða næstu ár á eftir. Við undirbúning fjárlaga 1998 var líkanið látið ná til kennslukostnaðar til viðbótar og hefur svo verið síðan þótt reglugerðin væri ekki sett fyrr en 1999 (nr. 335/1999).

Hlutverk reiknilíkansins er að tryggja jafnræði skóla til fjárveitinga í samræmi við stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu náms. Líkanið skal tryggja eftir því sem frekast er unnt faglegt starf skólanna um leið og það skal stuðla að aðhaldi í meðferð fjármuna vegna kennslu og rekstrar. Í gerð líkansins skulu felast möguleikar til þess að auka eða draga úr stuðningi við tiltekin markmið skólastarfs með samræmdum hætti um leið og unnt verði með hliðstæðum hætti að taka tillit til sérstakra aðstæðna.

Reiknilíkanið tekur til fjárveitinga vegna kennslu, kennslutengdra starfa, annarra starfa í skólum og rekstrarþátta sem skólar geta óhindrað fært á milli fjárlagaliða. Forsendur reiknilíkansins eru hinar sömu fyrir alla skóla en greinast í tvennt; annars vegar þær sem hafa sama tölugildi fyrir alla skóla en hins vegar sérstakar forsendur fyrir hvern skóla. Þannig hefur t.d. síðustu árin verið tekið aukið tillit til tækjaþarfar verkmenntaskóla og sérstakra aðstæðna lítilla skóla í dreifbýli.

Reiknilíkanið tekur ekki nema óbeint til kvöldskóla og heimavista. Til sérkennslu er sérstök fjárveiting. Frá árinu 1998 hafa niðurstöður reiknilíkansins í senn verið grundvöllur tillagna til fjárlaga hvers árs og samnings milli hvers skóla og menntamálaráðuneytis, svokallaðs skólasamnings. Skólasamningarnir kveða á um samskipti skóla og ráðuneytis um námsframboð, sérstök verkefni, markmið í starfi, árlega skýrslu og upplýsingagjöf. Þá er einnig kveðið á um árlegt uppgjör á grundvelli rauntalna í stað áætlunartalna fjárlagafrumvarps og fjárlaga.

Samkvæmt framhaldsskólalögunum skal skólanefnd hvers framhaldsskóla árlega gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára og er áætlunin háð samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt skal skólanefnd í upphafi hvers árs gera fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári.

Endurskoðað reiknilíkan fyrir skiptingu fjárframlaga til framhaldsskóla var unnið á árunum 2001–2002 og tekið í notkun við fjárlagafrumvarp fyrir 2003. Það fellur því utan efnis þessarar skýrslu.

Útgjöld til framhaldsskólastigs.

Framlög hins opinbera til framhaldsskóla hækkuðu talsvert frá árinu 1999 til ársins 2002. Þau voru á árinu 2002 1,56% af vergri landsframleiðslu en voru 1,42% á árinu 1999 (sjá töflu 7.1) Árið 2000 voru þau hins vegar 1,31%. Í krónum talið nemur hækkunin tæpu 41% á tímabilinu. Kostnaður hins opinbera á hvern nemanda hækkaði frá árinu 1999 til ársins 2002 úr 397 þús. í 552 þús. Í töflu 7.1 eru útgjöld heimila til framhaldsskólastigs talin nema 0,11% af vergri landsframleiðslu öll árin og eru það áætlaðar tölur.

Tafla 7.1. Útgjöld til framhaldsskólastigs 1999–2002.

	1999	2000	2001*	2002*
Útgjöld hins opinbera í millj. kr.	8.673	8.684	11.246	12.189
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,42%	1,31%	1,51%	1,56%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	482	486	613	659
Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.	7.148	6.953	9.433	10.202
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,17%	1,05%	1,27%	1,31%
Kostnaður ríkisins á nemanda í þús.kr.	397	389	514	552
Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.	1.525	1.739	1.813	1.987
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,25%	0,26%	0,24%	0,26%
Kostnaður sveitarfélaga á nemanda í þús. kr.	84	97	99	107
Útgjöld heimila í millj. kr.	641	749	803	867
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,11%	0,11%	0,11%	0,11%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	35	42	44	47
Verg landsframleiðsla	609.413	662.433	745.188	778.960
*Fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi***	17.961	17.860	18.334	18.478

* Tölur fyrir 2001 og 2002 eru bráðabirgðatölur þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.

** Um er að ræða fjölda nemenda á framhaldsskólastigi í dagskólum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 7.2 er að finna upplýsingar um fjárveitingar til þeirra framhaldsskóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skv. fjárlögum, fjárheimildum og niðurstöðutölum ríkisreikninga 1999–2001. Taflan sýnir mikla útgjaldaaukningu hjá einstökum skólum á tímabilinu, einkum milli áranna 2000 og 2001. Á árinu 2001 námu útgjöld vegna framhaldsskólastigsins 34,4% af útgjöldum menntamálaráðuneytisins.

Tafla 7.2. Framlög til reksturs framhaldsskóla* í þús. kr. samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og ríkisreikningi 1999, 2000 og 2001.**

	1999			2000			2001		
	Fjárlög	Fjárheim.	Ríkisreikn.	Fjárlög	Fjárheim.	Ríkisreikn.	Fjárlög	Fjárheim.	Ríkisreikn.
Borgarholtsskóli	193.400	192.303	213.664	219.400	186.064	221.937	258.000	324.000	357.000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	219.200	242.787	244.660	252.300	249.846	226.106	269.000	378.000	327.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	246.900	274.078	244.068	218.300	236.305	213.650	227.000	321.000	311.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	197.200	215.437	232.021	203.400	177.780	215.354	209.000	237.000	298.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	132.000	128.562	149.957	138.100	118.973	156.911	149.000	171.000	191.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	422.900	424.552	516.046	430.500	344.840	443.103	463.000	555.000	630.000
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	163.400	169.356	177.480	175.200	174.932	177.897	182.000	253.000	260.000
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	198.700	208.358	239.223	235.600	201.251	237.302	224.000	261.000	330.000
Flensborgarskóli	182.700	192.776	211.374	192.600	166.771	189.494	192.000	225.000	238.000
Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu	31.700	35.106	34.627	34.000	33.663	35.513	41.000	51.000	51.000
Menntaskólinn á Ísafirði	82.700	92.128	105.411	103.300	91.851	100.109	109.000	137.000	130.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	54.500	59.645	58.095	59.100	56.855	56.746	58.000	73.000	75.000
Framhaldsskólinn á Laugum	39.000	40.887	46.043	52.400	46.297	50.438	50.000	61.000	61.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	75.000	95.553	86.981	86.800	96.128	83.506	88.000	133.000	115.000
Húsavíkurskólinn á Hallormsstað	12.500	14.364	14.365	12.900	12.900	12.900	13.000	17.000	17.000
Húsavíkurskólinn í Reykjavík	14.700	17.938	18.011	15.200	15.127	15.127	16.000	18.000	18.000
Iðnskólinn í Hafnarfirði	113.400	127.748	121.885	176.500	170.587	172.133	205.000	265.000	267.000
Iðnskólinn í Reykjavík	542.900	601.972	578.202	596.200	604.916	603.156	640.000	875.000	831.000
Kvennaskólinn í Reykjavík	144.600	157.318	155.548	157.700	158.161	153.377	167.000	222.000	209.000
Listdansskóli Íslands	22.500	17.576	38.381	28.300	15.406	53.269	35.000	17.000	66.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	63.100	62.704	69.765	70.700	61.017	65.021	71.000	84.000	98.000
Menntaskólinn á Akureyri	183.100	187.366	198.413	194.400	176.547	177.585	202.000	265.000	284.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	91.200	105.870	103.169	94.700	99.112	95.517	100.000	139.000	150.000
Menntaskólinn í Kópavogi	294.500	284.046	362.986	315.700	239.997	362.141	333.000	341.000	503.000
Menntaskólinn í Reykjavík	241.200	272.974	241.705	245.000	265.489	227.810	241.000	344.000	322.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	298.600	352.335	326.977	308.600	347.943	311.165	334.000	504.000	472.000
Menntaskólinn við Sund	223.800	234.755	246.425	225.700	191.507	213.269	226.000	272.000	276.000
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	43.600	39.399	41.827	35.000	32.086	36.587	43.000	49.000	50.000
Verkmenntaskóli Austurlands	62.000	83.688	69.710	76.000	90.344	85.709	85.000	114.000	108.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	326.500	371.911	404.984	369.500	350.658	379.118	391.000	505.000	557.000
Verslunarskóli Íslands	249.400	367.836	367.836	288.500	354.000	354.000	366.000	460.000	460.000
Vélskóli Íslands	85.400	97.413	83.451	97.600	105.294	71.445	73.000	104.000	100.000

* Eingöngu framhaldsskólar sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

** Fjárveitingar til hvers skóla sem samþykktar hafa verið af menntamálaráðuneyti á viðkomandi ári.

Skýringar: Þegar kostnaður er hærri samkvæmt reikningi en samkvæmt fjárheimildum lækka heimildir næsta ár á eftir sem nemur mismuninum.

Sérkennsla.

Fjárframlög til sérkennslu hækkuðu mikið á árunum 1999–2002, eins og tafla 7.3 sýnir. Hækkunin var að stórum hluta vegna lengingar á námi í sérdeildum úr tveimur árum í fjögur.

Tafla 7.3. Fjárframlög til sérkennslu 1999/2000–2001/2002.

1999/2000	109 millj. kr.
2000/2001	187 millj. kr.
2001/2002	278 millj. kr.

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Endurmenntun.

Í töflu 7.4 má sjá fjárveitingar til endurmenntunar framhaldsskólakennara. Endurmenntunarsjóður framhaldsskólakennara var efldur sérstaklega árið 1999 til að auka framboð á námskeiðum í upplýsingatækni. Um 400 framhaldsskólakennarar sóttu þá námskeið í upplýsingatækni sem sjóðurinn styrkti. Einnig voru þróunarskólar í upplýsingatækni styrktir sérstaklega til að halda sérstök námskeið fyrir kennara sína og kennara í öðrum framhaldsskólum. Endurmenntunarsjóður framhaldsskólakennara var áfram styrktur vegna upplýsingatækni árin 2000, 2001 og 2002. Haldin voru sérstök námskeið fyrir framhaldsskólakennara í notkun fartölvu í kennslu árin 2000, 2001 og 2002.

Tafla 7.4. Fjárframlög til endurmenntunar 1999–2002.

1999	45 millj. kr.
2000	38 millj. kr.
2001	38 millj. kr.
2002	33 millj. kr.

Skýringar: Framlög sem endurmenntunarnefnd framhaldsskóla ráðstafar til námskeiðahalds.
Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Framkvæmd nýrrar skólastefnu.

Á fjárlögum árin 1999–2002 var veitt umtalsvert fjármagn til eftirfylgni nýrra aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Árið 1999 voru veittar 61,9 millj. kr., árið 2000 63,8 millj. kr., árið 2001 65,5 millj. kr. og árið 2002 37,7 millj. kr.. Samtals námu þessar fjárveitingar 228,9 milljónum króna. Framangreint fjármagn skiptist milli grunn- og framhaldsskólastigs. Fjármagnið var nýtt m.a. til endurmenntunar kennara og annars starfsfólks, námsefnisgerðar og skólanámskrárgerðar.

Á fjárlögum frá 1999 hafa verið sérstakar fjárveitingar til upplýsingasamfélagsins. Mikill hluti þessa fjármagns hefur verið nýttur vegna notkunar upplýsingatækni í skólastarfi á grunn- og framhaldsskólastigi. Í framhaldsskólum má m.a. nefna sérstakar fjárveitingar til verkefna eins og endurmenntunar kennara, þróunarskóla í upplýsingatækni og kennsluhugbúnaðar.

Framlög til upplýsingasamfélagsins hafa verið eftirfarandi frá 1999–2002. Athuga ber að aðeins hluti þessa fjármagns rann til framhaldsskóla:

1999: 135 millj. kr.: helstu verkefni: endurmenntun kennara, gerð kennsluhugbúnaðar, uppbygging tækjabúnaðar, þróunarverkefni.

2000: 136 millj. kr: kennaramenntun, kennsluhugbúnaður, uppbygging fjarkennslu, sérnám á háskólastigi, þróunarverkefni.

2001: 141 millj. kr: kennaramenntun, kennsluhugbúnaður, nýtt bókasafnskerfi, fjarkennsla, varðveisla og miðlun rafrænna gagna, mennta- og námskrárvefir.

2002: 117,5 millj. kr: kennaramenntun, kennsluhugbúnaður, nýtt bókasafnskerfi, tækjabúnaður, varðveisla og miðlun rafrænna gagna, mennta- og námskrárvefir.

8. Annað.

Þróunarsjóður framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu.

Á grundvelli 45. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, veitir Alþingi árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu. Sérstakar reglur gilda um úthlutun úr sjóðnum og sér ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Með þróunarstarfi er átt við tilraunir og nýbreytni í skipulagningu náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi.

Á árunum 1999, 2000, 2001 og 2002 voru veittir styrkir til 189 verkefna. Verkefnin taka til margs konar nýbreytni í skólastarfi, svo sem þróunar nýrra námsbrauta, mats á skólastarfi, námsmats, nýtingar upplýsingatækni í námi og kennslu og til eflingar fullorðinsfræðslu. Heildarstyrkveitingar á tímabilinu 1999–2002 námu 76.470 þús. kr. og greinast sem hér segir:

Tafla 8.1. Styrkveitingar úr þróunarsjóði framhaldsskóla 1999–2002.

	1999	2000	2001	2002
Heildarstyrkveiting í þús. kr.	21.280	20.000	17.500	17.690
Fjöldi styrkta verkefna	43	54	49	43

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Upplýsingar um styrkveitingar úr þróunarsjóði framhaldsskóla til einstakra skóla og verkefna er að finna á vefsíðu menntamálaráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is).

Styrkir til námsefnisgerðar.

Menntamálaráðuneytið veitir árlega styrki til útgáfu og gerðar námsefnis í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Styrkirnir eru veittir að undangenginni auglýsingu. Hlutverk styrkjanna er að bæta úr skorti á námsefni í ýmsum námsgreinum, auka framboð á námsefni á íslensku og bæta gæði þess. Nefnd skipuð af menntamálaráðherra metur umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun. Úthlutað hefur verið til viðfangsefnisins sem hér segir:

Tafla 8.2. Styrkir til námsefnisgerðar 1999–2002.

1999	16.000 þús. kr.
2000	26.700 þús. kr.
2001	25.100 þús. kr.
2002	22.700 þús. kr.

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Þróunarskólar í upplýsingatækni.

Í janúar 1999 var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytisins og sex skóla, þriggja framhaldsskóla og þriggja grunnskóla, um þátttöku í þriggja ára þróunarverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Hlutverk skólanna

var að vinna að þróun upplýsingatækni í kennslu og námi. Lögð var áhersla á breytt hlutverk kennarans með aukinni notkun upplýsingatækni í kennslu og miðlun reynslu af verkefnum sem unnið var með. Í verkefninu sem lauk árið 2002 tóku þátt eftirtaldir framhaldsskólar: Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi og Menntaskólinn á Akureyri. Úttekt hefur verið gerð á tilraunaverkefninu (sjá vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is).

Umsýsla námssamninga og framkvæmd sveinsprófa.

Öll umsýsla námssamninga og framkvæmd sveinsprófa í löggiltum iðngreinum hefur verið flutt úr menntamálaráðuneytinu. Ráðuneytið hefur samið við félög, stofnanir og fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um að annast staðfestingu námssamninga í löggiltum iðngreinum og að skipuleggja og halda sveinspróf. Reynslan af þessum flutningi verkefna úr ráðuneytinu til aðila atvinnulífsins hefur gefið góða raun og virðist fyrirkomulagið mælast vel fyrir meðal iðnnema, meistara og fyrirtækja.

Alþjóðlegt samstarf.

Íslenskir framhaldsskólar hafa í vaxandi mæli tekið þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á undanförnum árum. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu urðu Íslendingar fullgildir aðilar að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði menntamála og vísinda. Sókrates- og Leonardo-áætlanirnar frá 1995 veittu íslenskum framhaldsskólum möguleika á þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum milli skóla í Evrópu, kennara- og nemendaskiptum og námskeiðum, einkum innan Comeniusar- og Lingua-hluta Sókratesáætlunarinnar. Algengast er að evrópsku samstarfsverkefnin standi yfir í þrjú ár. Hefur þessi þátttaka staðið síðan, og frá árinu 2000 innan annars hluta Sókrates- og Leonardo-áætlananna en þær ná til ársins 2007.

Árið 2001 tók menntamálaráðuneytið þátt í samstarfi Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um evrópskt tungumálaár.

Ísland á aðild að svokallaðri Kaupmannahafnaryfirlýsingu, sem undirrituð var af fulltrúum 31 ríkis í Evrópu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í nóvember 2002. Með henni takast löndin á hendur það verkefni að auka samstarf í starfsmenntamálum sín á milli og gera menntun og prófskírteini skýrari og gagnsærri í þeim tilgangi að ryðja úr vegi hindrunum fyrir auknu flæði námsmanna og launafólks innan Evrópu. Með yfirlýsingunni er og stefnt að því að auka aðgengi fólks að námi, opna menntakerfið fyrir umheiminum, auka gæði starfsmenntunar og leita leiða til að meta óformlegt nám. Menntamálaráðuneytið hefur m.a. brugðist við þeirri hvatningu sem í yfirlýsingunni felst með því að hefja undirbúning að vinnslu sérstakrar heimasíðu sem helguð verður viðurkenningu á starfsmenntun.

Norræna ráðherranefndin hefur síðan á árinu 1991 veitt fé til nemendaskipta milli framhaldsskóla á Norðurlöndunum gegnum Nordplus-junior-áætlunina. Nemendaskiptin standa yfir í 2–8 vikur. Árlega hafa átta til fimmtán íslenskir framhaldsskólar fengið styrki til nemendaskipta.

Menntamálaráðuneytið er aðili að evrópska skólanetinu en að því standa 22 ráðuneyti ýmissa Evrópuþjóða, auk Evrópusambandsins og stofnana í einkaeign. Hafa íslenskir framhaldsskólar unnið til verðlauna í samkeppni um notkun upplýsingatækni sem evrópska skólanetið stóð fyrir árið 2001 og 2002. Ísland er einnig aðili að norræna skólanetinu sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og tekur þátt í samstarfi Norðurlandanna, Hollands og Kanada um upplýsingatækni í menntun, ICT-League.

Á árinu 1997 hófu Íslendingar þátttöku í fjölþjóðlega umhverfisfræðsluverkefninu Globe. Nálægt hundrað lönd og yfir 10.000 skólar eru þátttakendur. Þrír íslenskir framhaldsskólar taka þátt í verkefninu og átta grunnskólar. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning jarðarbúa á umhverfinu og glæða áhuga nemenda, kennara og vísindamanna um allan heim á því að leggja sitt af mörkum við að bæta umhverfisskilyrði á jörðinni. Verkefnið felst í því að mæla ákveðna umhverfisþætti, skrá niðurstöður inn á gagnabanka Globe og vinna svo úr niðurstöðum.

Á alþjóðlegri ráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000 var samþykkt yfirlýsing um menntun fyrir alla. Markmið yfirlýsingarinnar er í sex liðum og bar hverju aðildarlandi UNESCO að skilgreina hvernig þau hygðust ná þeim markmiðum fyrir árið 2015. Menntamálaráðuneytið stýrði vinnu við þetta verkefni og gaf árið 2002 út skýrslu um afrakstur vinnu þeirrar nefndar sem vann að verkefninu. Í skýrslunni er fjallað um stöðu mála hér á landi og gerðar tillögur um aðgerðir.

Haustið 2000 undirrituðu menntamálaráðherrar Íslands og Danmerkur samning um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Um er að ræða þriggja ára samning sem gildir frá 2001–2003. Samningurinn var gerður í framhaldi af fimm ára samstarfsverkefni landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi sem dönsk stjórnvöld fjármögnuðu. Í samningnum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara að Kennaraháskóla Íslands, ráðningu tveggja danskra farkennara til starfa í grunnskólum landsins, styrki til námsferða háskólanema í dönsku og verkefni á sviði endurmenntunar kennara og námsefnisgerðar. Fjárveitingar Dana til verkefnisins nema tveimur milljónum danskra króna árlega en árlegt fjárframlag Íslendinga nemur fimm milljónum íslenskra króna. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins.

Vika símenntunar.

Í framhaldi af útkomu skýrslunnar *Símenntun – afl á nýrri öld* árið 1998 sem menntamálaráðuneytið gaf út skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn um símenntun til að fylgja eftir tillögum í skýrslunni með tilliti til fimm ára áætlunar um símenntun og endurmenntun. Verkefnisstjórnin hefur m.a. staðið fyrir viku símenntunar sem hefur verið haldin árlega fyrri hluta septembermánaðar hér á landi síðan árið 2000. Hugmyndina að viku símenntunar má rekja til 30. aðalráðstefnu UNESCO árið 1999 en þar var samþykkt að hvetja aðildarlöndin til að halda árlega „adult learners week" frá og með árinu 2000 í tenglum við alþjóða læsisdaginn 8. september. Markmiðið með vikunni er m.a. að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og kynna fjölbreytt menntunartilboð á sviði fullorðinsfræðslu og endurmenntunar. Tekist hefur að virkja fjölmarga aðila til þátttöku, svo sem fyrirtæki, stofnanir, stjórnendur þeirra og starfsmenn. Fyrir hönd menntamálaráðuneytisins hefur MENNT séð um skipulagningu og framkvæmd vikunnar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar. Aðrir formlegir samstarfsaðilar hafa auk þess m.a. verið Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, BSRB, BHM og starfsmenntaráð fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins.

Ráðstefnur og málþing.

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir málþingi um lesskimun og lestrarörðugleika í júní árið 2000. Á málþinginu sem var mjög fjölsótt var fjallað um ýmsa þætti lesskimunar og lestrarörðugleika, svo sem skilgreiningar á lestrarörðugleikum, aðferðir við að meta sértæka lestrarörðugleika og úrræði fyrir nemendur. Markmið með málþinginu var að fá fram ólík sjónarmið og safna upplýsingum um stöðu þessara mála hér á landi þannig að hægt sé að

fylgja eftir með markvissum hætti markaðri stefnu í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Snemma á árinu 2002 efndi menntamálaráðuneytið til málþings um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Var málþingið liður í undirbúningi ráðuneytisins að vinnu við athugun á möguleikum þess að stytta námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú.

Menntamálaráðuneytið hefur árlega frá 1999 staðið fyrir ráðstefnum um upplýsingatækni í skólastarfi á öllum skólastigum. Á þessum ráðstefnum hefur ráðuneytið kynnt stefnu sína í notkun upplýsingatækni í skólastarfi og kynnt hafa verið þróunarverkefni á þessu sviði. Á ráðstefnunum hafa auk þess verið sýningar á tækja- og hugbúnaði. Ráðstefnurnar hafa verið fjölsóttar. UT-ráðstefnu 2002 sóttu t.d. 1.100 manns. Á UT-ráðstefnunni árið 2001 var m.a. kynnt verkefnaáætlun ráðuneytisins í rafrænni menntun, *Forskot til framtíðar*, og í tengslum við hana opnaður vefurinn menntagatt.is.

Í nóvember 1999 var haldin hér á landi norræn ráðstefna um gæðamat í skólum sem norræna ráðherranefndin stóð að á formennskuári Íslands í nefndinni. Ráðstefnuna sóttu um 200 fulltrúar alls staðar að af Norðurlöndunum. Markmiðið með ráðstefnunni var að skapa vettvang fyrir fræðimenn og skólafólk til að miðla reynslu og þekkingu á sviði gæðamats í skólum.

Forvarnastarf í framhaldsskólum.

Í desember 1996 samþykkti ríkisstjórnin að efla forvarnir gegn notkun áfengis, tóbaks og annarra ávana- og fíkniefna. Menntamálaráðuneytið hefur unnið að forvörnum í framhaldsskólum í samræmi við þá stefnu. Hefur Fræðslumiðstöð í fíknivörnum frá 1997 verið falið að hafa umsjón með skipulagningu og framkvæmd forvarnastarfs í framhaldsskólum í samvinnu við ráðuneytið. Felst starf fræðslumiðstöðvarinnar m.a. í því að aðstoða skólana við að koma sér upp forvarnaáætlun, halda námskeið fyrir starfsfólk og fræðslu- og upplýsingafundi fyrir forvarnafulltrúa sem starfa í skólum.

Heilsuefling í skólum á Íslandi.

Heilsuefling í skólum er þriggja ára þróunarverkefni sem menntamálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og landlæknisembættið stóðu að á tímabilinu 1999–2002. Verkefnið náði til nokkurra leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Áhersla var lögð á að allir í skólasamfélaginu ynnu að heilsueflingarmarkmiðum sem skólarnir fléttuðu inn í daglegt skólastarf í þeim tilgangi að vinna að andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan nemenda. Sérstök áhersla var lögð á geðheilbrigði til að draga úr líkum á áhættuhegðun, svo sem neyslu tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna, einelti og sjálfsvígum. Sérstakir skóladagar voru tileinkaðir bættri heilsu allra, auk þess sem haldin voru námskeið, ráðstefnur o.fl.

Viðauki I.

Reglugerðir.

Framhaldsskólalögin kveða á um setningu allmargra reglugerða. Eftirtaldar reglugerðir voru gefnar út á grundvelli framhaldsskólalaganna á tímabilinu 1999–2001:

Reglugerð um jöfnun námskostnaðar, nr. 576/2002.

Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla, nr. 5/2001.
Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 6/2001.
Reglugerð um skipun starfsgreinaráða, nr. 475/2001.

Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 98/2000.
Reglugerð um brottfall reglugerðar nr. 648/1999 um löggiltar iðngreinar, nr. 240/2000.
Reglugerð um sveinspróf, nr. 525/2000.

Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 108/1999.
Reglugerð um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla, nr. 335/1999.
Reglugerð um löggiltar iðngreinar, nr. 940/1999.

Viðauki II.

Framhaldsskólar 1999–2001, skipt eftir landsvæðum.

Reykjavík
Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Iðnskólinn í Reykjavík
Kvennaskólinn í Reykjavík
Listdansskóli Íslands
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Tannsmíðaskóli Íslands
Verzlunarskóli Íslands
Vélskóli Íslands

Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Menntaskólinn í Kópavogi

Suðurnes
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vesturland
Fjölbrautaskóli Vesturlands

Vestfirðir
Menntaskólinn á Ísafirði

Norðurland vestra
Bændaskólinn á Hólum (heyrir undir landbúnaðarráðuneytið)
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Norðurland eystra
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri

Austurland
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands

Suðurland
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Garðyrkjuskóli ríkisins (heyrir undir landbúnaðarráðuneytið)
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Menntaskólinn að Laugarvatni

1629. Nefndarálit [974. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Inngangur.

Við meðferð nefndarinnar komu fram athugasemdir sem fela í sér alvarleg álitamál um hvort frumvarpið standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og var þar einkum vísað til mannréttindaákvæða, atvinnufrelsis, tjáningarfrelsis, eignarréttar og jafnræðisreglu.

Frumvarpið felur í sér alvarlega íhlutun í fjölmiðlamarkaðinn, gengur mun lengra en nauðsynlegt er í lýðræðissamfélagi og brýtur í bága við meðalhófsreglu íslenskra laga.

Frumvarpið gæti reynst samkeppnishamlandi í stað þess að tryggja samkeppni, dregið úr aðgengi fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni og nýrra aðila að markaðnum.

Frumvarpinu virðist beint gegn einni tiltekinni sjónvarpsstöð þrátt fyrir að orðalag þess sé klætt í almennan búning.

Við meðferð málsins hefur:

ekki verið litið til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum, einkum reglna um staðfesturétt, þjónustufrelsi, fjármagnsflutninga og reglna um lögfræðilega vissu og bann við afturvirkni,

ekki verið tekið tillit til mannréttindasáttmála Evrópu eða samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi,

ekki verið gefið svigrúm fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og menntamálanefnd til að ljúka athugun á málinu samkvæmt beiðni allsherjarnefndar,

ekki verið gefinn nægilegur tími fyrir umsagnaraðila til að senda nefndinni umsagnir um málið,

engin skoðun farið fram á heildarumhverfi fjölmiðlunar og dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis eða á áhrifum frumvarpsins á rekstrarumhverfi starfandi fjölmiðla,

ekkert mat farið fram á því hvort og þá hvernig frumvarpið geti náð uppgefnu markmiði sínu, þ.e. að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði; sterk rök hafa komið fram um hið öndverða, þ.e. verði frumvarpið að lögum muni draga úr fjármagni til innlendrar dagskrárgerðar sem getur haft neikvæð áhrif á íslenska menningu og fjölbreytni í fjölmiðlum,

ekki komið fram nægilegur rökstuðningur um nauðsyn þess að breyta lögum í þá veru sem frumvarpið gerir ráð fyrir þrátt fyrir að ljóst sé að það muni hafa í för með sér verulega íþyngjandi áhrif á fyrirtæki og einstaklinga,

ekki gefist tóm til að ræða efni og áhrif breytingartillagna sem meiri hlutinn lagði fram eða kostur á að leita umsagna um þær.

Örskammur umsagnarfrestur og óhófleg áhersla meiri hlutans á flýtimeðferð málsins í nefndinni hefur falið í sér óvirðingu gagnvart þingi og þjóð og komið í veg fyrir lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu.

Breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram af hálfu meiri hluta allsherjarnefndar eyða ekki þeirri óvissu sem ríkir um framkomin álitamál.

Málsmeðferð.

Hinn 19. desember sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd til að kanna hvort tilefni væri til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndin skyldi skila ráðherra skýrslu 1. mars 2004 en skýrslugerðin dróst fram í apríl enda kom í ljós að málið var gríðar-

lega umfangsmikið. Skýrslu nefndarinnar var beðið með nokkurri eftirvæntingu en þegar hún var tilbúin í byrjun apríl var hún ekki gerð opinber og henni var haldið leyndri fyrir Alþingi í tvær vikur. Skýrslan var fyrst gerð opinber samhliða því að forsætisráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum 28. apríl sl. Fyrsta umræða um málið fór fram 3. maí og var málinu vísað til allsherjarnefndar daginn eftir. Samkvæmt venju var málið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar en frestur til að gefa umsögn var nánast enginn, aðeins tæpir tveir sólarhringar.

Nefndinni bárust um 30 umsagnir og erindi um málið en fram kom í mörgum þeirra að umsagnaraðilar töldu sig ekki geta tekið efnislega afstöðu til málsins með svo skömmum fyrirvara enda málið mjög flókið og skýrsla fjölmiðlanefndarinnar sem fylgdi frumvarpinu ein og sér ríflega 100 bls. Nefndin kallaði fyrir sig fjölmarga sérfræðinga og hagsmunaaðila til að ræða efni frumvarpsins og vöruðu þeir nánast allir við því að Alþingi lögfesti frumvarpið. Flestir umsagnaraðilar töldu verulegar líkur á að það bryti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, grundvallarreglur EES-samningsins og þjóðréttarskuldbindingar Íslands, m.a. ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningafrelsi.

Af þessum sökum fór minni hlutinn formlega fram á að aflað yrði lögfræðilegrar álitsgerðar frá Lagastofnun Háskóla Íslands og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík til að hægt væri að leggja hlutlægt mat á þær alvarlegu athugasemdir sem fram voru komnar. Meiri hlutinn hafnaði því alfarið að leita álits þessara óvilhöllu aðila og keyrði málið áfram með hraði þrátt fyrir þau varnaðarorð sem fjölmargir sérfræðingar í stjórnskipunar- og Evrópurétti höfðu uppi. Engar skýringar hafa fengist á því hvers vegna meiri hlutanum lá svo mikið á að afgreiða málið úr allsherjarnefnd. Nefndin fékk vart eina viku til að fara yfir málið, þrátt fyrir að efni þess varðaði grundvallarréttindi íslenskra borgara og fyrirtækja og réttindi fyrirtækja og einstaklinga á öllu EES-svæðinu. Þá bendir minni hlutinn á að málið var sent til umsagnar til efnahags- og viðskiptanefndar og menntamálanefndar en málið varðar málefnasvið þessara tveggja nefnda. Meiri hlutinn ákvað að grípa fram fyrir hendurnar á þessum tveimur fagnefndum og afgreiða málið áður en þeim gæfist tóm til að senda allsherjarnefnd umsagnir sínar eins og beðið hafði verið um. Slík vinnubrögð eru einsdæmi í sögu Alþingis.

Sértækt gildissvið.

Íslenskur markaður er mjög lítill sem hefur í för með sér ákveðnar takmarkanir fyrir rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu. Rekstrarafkoma fyrirtækja í fjölmiðlum hefur með örfáum undantekningum verið algerlega óviðunandi, hvort sem litið er til ljósvakamiðla eða prentmiðla. Til þess að unnt sé að framleiða innlent dagskrárefni og halda uppi öflugum fréttaflutningi er fjölmiðlum nauðsynlegt að hafa trausta fjárhagslega bakhjarla en hingað til hafa þeir ekki verið á hverju strái. Verði frumvarpið að lögum er hætta á að aðgangur fjölmiðlafyrirtækja að fjármagni verði takmarkaður verulega.

Í tengslum við vinnslu frumvarpsins hefur ríkisstjórnin ekki látið fara fram skoðun á samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðlafyrirtækja og ekkert hefur verið fjallað um stóra hluta sjónvarpsmarkaðarins, svo sem útsendingar um breiðband, um tölvur, ljósleiðara, gervihnetti o.fl., en þessi tækni er í mjög örri þróun og á eftir að hafa veruleg áhrif á dreifingu sjónvarpsefnis í framtíðinni. Eins og staðan er nú er ekki skortur á leiðum til að dreifa sjónvarpsefni á Íslandi en hins vegar er takmörkuð framleiðsla á slíku efni í landinu.

Frumvarpið virðist vera klæðskerasaumað utan um eitt fyrirtæki á markaðnum. Þrátt fyrir að frumvarpið sé almennt orðað er ljóst að efnisákvæðum þess er eingöngu beint að einum aðila, Norðurljósum hf. Þetta lýtur að orka mjög tvímælis, ekki síst í ljósi þess að í umræðum um málið kom ítrekað fram að markmið ríkisstjórnarinnar með lagasetningunni var ekki að

setja almennar reglur um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum heldur koma böndum á eignarhald tiltekinna aðila á ljósvakamarkaðnum og stöðva umræðu í fjölmiðlum sem m.a. fól í sér gagnrýni á ríkisstjórnina. Slíkt markmið felur í sér kröfur um ritskoðun af hálfu stjórnvalda sem samrýmist engan veginn lýðræðislegum stjórnarháttum.

Norðurljós hf. sendu allsherjarnefnd ítarlega greinargerð um rekstrarskilyrði fjölmiðlafyrirtækja. Þá gerðu fulltrúar fyrirtækisins nefndinni grein fyrir því hverjar yrðu afleiðingar lögfestingar þessa frumvarps. Um síðustu áramót réðust Norðurljós hf. í verulega endurskipulagningu á rekstri sínum og öfluðu nýrra fjárfesta til að fá nýtt fjármagn inn í félagið. Öll áform fyrirtækisins í þessa veru virðast sett í uppnám vegna þeirra snöggu og umfangsmiklu breytinga sem ríkisstjórnin hefur nú boðað á fjölmiðlamarkaðnum.

Tilmæli Evrópuráðsins.

Athygli vekur í greinargerð með frumvarpinu, skýrslu fjölmiðlanefndarinnar og áliti meiri hlutans að ofuráhersla er lögð á tilmæli Evrópuráðsins frá 1999 um fjölbreytni í fjölmiðlun. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ágætur grunnur til upplýstrar umræðu um framtíðarskipulag fjölmiðlamarkaðarins á Íslandi en eru ekki skuldbindandi að þjóðarétti sem slík þótt stjórnvöldum sé falið að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra. Í samþykktum Evrópuráðsins felast leiðbeiningar til aðildarríkja ráðsins um það hvernig tryggja megi fjölbreytni í fjölmiðlun. Það er hins vegar misskilningur sem fram hefur komið í máli fjölmargra stjórnarliða að með tilmælum Evrópuráðsins takist íslenska ríkið á hendur þjóðréttarlegar skuldbindingar.

Tilmæli Evrópuráðsins um fjölmiðla eru hluti af heildstæðu ferli sem hefur staðið yfir í meira en áratug og m.a. leitt af sér fjölmargar ábendingar um það hvernig megi tryggja gagnsæi, fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun. Þessa þróun hafa íslensk stjórnvöld látið sig engu varða hingað til og hljómar því óneitanlega hjákátlega að heyra ráðherra skyndilega tjá sig um þjóðréttarlegar skyldur í þessu sambandi.

Í grein sem Páll Þórhallsson, lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins, skrifaði í Morgunblaðið 2. maí sl. kemur fram gagnrýni á túlkun ríkisstjórnarinnar á tilmælum Evrópuráðsins. Þar vekur hann athygli á vissum annmörkum á íslenskum fjölmiðlamarkaði sem lúta einkum að því að Ríkisútvarpið sé enn ekki nógu sjálfstætt og stýring og eftirlit með handhöfum útvarpsleyfa sé í lágmarki. Þá segir hann að samþjöppun eignarhalds veki athygli en mæti samt skilningi enda þurfi verulega fjármuni til að reka alhliða sjónvarpsstöð.

Tekið er undir það sjónarmið sem kemur fram í grein Páls að þegar ríkið herði mjög skilyrði fyrir útgáfu útvarpsleyfa verði að rökstyðja hvers vegna aðrar og vægari leiðir hafi ekki verið færar til að ná sömu markmiðum. Þetta hefur ríkisstjórninni ekki tekist að rökstyðja. Sem dæmi um vægari úrræði sem grípa mætti til má nefna að beita mætti ákvæðum gildandi samkeppnislaga og eins kæmi til álita að gera breytingar á lögunum til að gera þau að virkara tæki í þessu skyni. Þá er ástæða til að vekja athygli á að frumvarpið tekur á engan hátt á því að tryggja gagnsæi í eignarhaldi eða stuðla að ritstjórnarlegu sjálfstæði sem er þó brýnt úrlausnarefni.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Fjölmargir sérfræðingar í stjórnskipunarrétti komu fyrir nefndina og bentu á að efni frumvarpsins væri sértækt, íþyngjandi og afturvirkt og mundi væntanlega brjóta fjölmörg ákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Í umsögnum kom fram að efni frumvarpsins sé andstætt meðalhófsreglu, þ.e. að ekki skuli gengið lengra í að skerða stjórnarskrárvarin réttindi með lagasetningu en nauðsynlegt er til að ná lögmætu markmiði. Minni hlutinn bendir á að markmið frumvarpsins sé þar að auki mjög óljóst og ekki verði ráðið af greinargerðinni með frum-

varpinu hvað fyrir löggjafanum hefur vakað með lagasetningunni. Enginn þeirra fjölmörgu sérfræðinga sem tjáðu sig um frumvarpið fyrir nefndinni treystu sér til að fullyrða að frumvarpið stæðist stjórnarskrá.

Álitaefnin varða jafnræðisreglu, vernd eignarréttar, atvinnufrelsi, tjáningarfrelsi, afturvirkni og meðalhófsreglu. Ekki var leitað álits óvilhallra aðila á þessum álitaefnum þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hlutans þar um. Meiri hlutinn hafnaði því að fá lögfræðiálit Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Lagastofnunar Háskóla Íslands um stjórnarskrárþátt frumvarpsins. Slík málsmeðferð og samþykkt frumvarpsins felur í sér fullkomið skeytingarleysi gagnvart grundvallarlögum íslenska ríkisins og þeim eið sem þingmenn hafa undirritað gagnvart stjórnarskránni.

EES-réttur.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993. Af skýrslu fjölmiðlanefndar er ljóst að ekki var rannsakað hvort tillögur sem lagðar eru til í skýrslunni samrýmast ákvæðum EES-samningsins. Formaður nefndarinnar hefur opinberlega lýst því yfir að nefndinni hafi ekki unnist tími til að kanna EES-réttinn. Rökstuddar fullyrðingar hafa komið fram hjá sérfræðingum á sviði Evrópuréttar um að frumvarpið feli í sér brot á reglum EES um staðfesturétt, þjónustufrelsi, frjálsa fjármagnsflutninga, lögfræðilega vissu og afturvirkni. Meiri hlutinn hafnaði því að fá álit Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Lagastofnunar Háskóla Íslands um þessi álitaefni.

Samkeppnislög.

Að mati Samkeppnisstofnunar felst í frumvarpinu að verulegar hömlur eru settar á eignarhald og viðskiptafrelsi á fjölmiðlamarkaði. Stofnunin telur að einstök ákvæði frumvarpsins séu samkeppnishamlandi og fari í bága við markmið samkeppnislaga. Stofnunin telur að ekki verði annað séð en frumvarpið takmarki mjög aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Einnig megi færa fyrir því rök að í því felist óhæfilegar hindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri.

Stofnunin bendir jafnframt á að frumvarpið vinni gegn markmiði samkeppnislaga þar sem það hindri að nýir aðilar hefji útvarps- og sjónvarpsrekstur og dragi úr fjölbreytni í fjölmiðlum hér á landi.

Samkeppnisstofnun telur að markmiðinu megi ná með vægari úrræðum svo sem með því að beita gildandi samkeppnislögum eða gera á þeim nauðsynlegar úrbætur til að vinna gegn óhæfilegri samþjöppun eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Minni hlutinn tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í umsögn Samkeppnisstofnunar og telur að ekki hafi verið tekin af öll tvímæli um það í vinnu nefndarinnar að frumvarpið vinni gegn markmiðinu um fjölbreytni og muni í raun leiða til aukinnar fábreytni.

Niðurstaða.

Í ljósi alls framangreinds leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.**

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 10. maí 2004.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ágúst Ólafur Ágústsson.

Sigurjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Samkeppnisstofnunar.
(10. maí 2004.)

Með bréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 4. maí sl., sem barst Samkeppnisstofnun í lok vinnudags 5. maí er óskað umsagnar stofnunarinnar um 974, mál, eignarhald á fjölmiðlum. Á fundi starfsmanns Samkeppnisstofnunar hjá nefndinni 7. maí var ósk um skriflega umsögn ítrekuð. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur einnig óskað eftir umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarpið.

Vegna skamms frests til að skila umsögn hefur stofnunin ekki haft tök á að rannsaka ítarlega samkeppnislegar afleiðingar frumvarpsins ef það verður að lögum eða áhrifin á störf Samkeppnisstofnunar. Líta ber á eftirfarandi umsögn stofnunarinnar í því ljósi.

I. Afleiðingar frumvarpsins fyrir samkeppni.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum í því skyni að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna. Þessu markmiði skal náð m.a. með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í athugasemdum við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar segir að meginmarkmið þess sé að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum, og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi.

Markmið samkeppnislaga og frumvarpsins eru því ekki fyllilega þau sömu. Hugsunin að baki samkeppnislögunum lýtur að því að virk samkeppni í viðskiptum tryggi bestu nýtingu framleiðsluþáttanna sem leiði síðan af sér bættan hag viðskiptalífsins og alls almennings. Að baki frumvarpinu virðist búa sú hugsun að með takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum verði best tryggð fjölbreytni fjölmiðlanna.

Til að tryggja þá takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum sem að er stefnt með frumvarpinu eru þar settar skorður við útgáfu útvarpsleyfis í a- og b-liðum 1. gr. frumvarpsins sem Samkeppnisstofnun hefur tölusett hér að neðan. Útvarpsleyfi má samkvæmt frumvarpinu ekki veita fyrirtæki sem eftirfarandi á við um:

1. fyrirtæki sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri,
2. fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta,

3. fyrirtæki sem er að fjórðungi í eigu annars fyrirtækis eða samanlagt að fjórðungi í eigu fyrirtækja í sömu fyrirtækjasamstæðu,
4. fyrirtæki sem á hlut í útgefanda dagblaðs eða er að hluta eða öllu leyti í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu sem á hlut í útgefanda dagblaðs og
5. fyrirtæki sem er í öðrum nánum tengslum en samstæðutengslum sem leitt geta til yfirráða.

Að mati Samkeppnisstofnunar felast í ofangreindum töluliðum 1. gr. frumvarpsins verulegar hömlur á eignarhaldi og viðskiptafrelsi á fjölmiðlamarkaði. Það er og mat stofnunarinnar að einstök ákvæði séu samkeppnishamlandi og fari í bága við markmið samkeppnislaga. Eins og áður segir skal stuðlað að markmiði samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Ekki verður annað séð en að ákvæði framangreindra töluliða sem felast í frumvarpinu takmarki mjög aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Þá má færa fyrir því rök að í þeim felist einnig óhæfilegar hindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri. Skal þetta nú skýrt nánar.

Bann við að fyrirtæki eigi í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi. Bann við að eiga meira en 25% hlut.

Eins og nefnt var gerir frumvarpið ráð fyrir að óheimilt verði að veita útvarpsleyfi til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig verður bannað að veita fyrirtæki slíkt leyfi sem er að fjórðungi í eigu annars fyrirtækis eða samanlagt að fjórðungi í eigu fyrirtækja í sömu fyrirtækjasamstæðu. Að mati Samkeppnisstofnunar munu þessi ákvæði með augljósum hætti takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Þannig kemur ákvæðið t.d. í veg fyrir að fyrirtæki sem starfar á tilteknum markaði auki starfsemi sína og hefji samkeppni við keppinauta sem fyrir eru t.d. á útvarpsmarkaði. Einnig hamlar ákvæðið verulega fjárfestingarmöguleikum fyrirtækja í útvarpsrekstri og dregur þar með úr frelsi í atvinnurekstri. Ákvæðin fara því gegn markmiði samkeppnislaga.

Að mati Samkeppnisstofnunar fæst ekki séð að þessi ákvæði séu nauðsynleg til þess að tryggja markmið frumvarpsins Þvert á móti virðast þau vinna gegn markmiði þess þar sem þau t.d. hindra að nýir aðilar hefji útvarps- og sjónvarpssrekstur og auki þar með fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi. Vakin er athygli á því að í skýrslu nefndar menntamálaráðherra sem fylgir frumvarpinu kemur fram að sjaldgæft sé í erlendri löggjöf að settar séu takmarkanir við að fyrirtækjum í óskyldum rekstri sé veitt útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun leggur því til að ákvæðið verði fellt brott úr frumvarpinu.

Bann við að fyrirtæki sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækis sé veitt útvarpsleyfi.

Í frumvarpinu segir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Hér er fyrst að líta til þess að í samkeppnislögum er markaðsráðandi staða skilgreint lögfræðilegt hugtak, sbr. 4. gr. laganna. Skilgreining laganna og hagfræðileg rök leiða til þess að markað þarf að skilgreina út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar þarf að líta á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Af þessu leiðir að markaður í skilningi samkeppnislaga getur verið tiltölulega smár að viðskiptalegu umfangi og svæðisbundinn. Fyrirtæki sem skilgreind eru sem markaðsráðandi geta því á sama hátt verið tiltölulega lítil í íslensku viðskiptalífi. Í málum sem rekin hafa verið fyrir samkeppnisyfirvöldum eru dæmi um að heildarvelta á skilgreindum samkeppnislegum vöru- eða þjónustumarkaði hafi numið undir 100 milljónum króna og dæmi eru um að svæðisbundinn markaður hafi

verið tiltekið sveitarfélag og nágrenni þess. Jafnframt verður hér að hafa í huga landfræðilega legu landsins og hlutfallslega smæð íslenska markaðarins. Þessi atriði leiða til þess að markaðsráðandi staða er algengari hér á landi en ella. Nefna má til skýringar dæmi um fyrirtæki sem samkeppnisyfirvöld hafa talið vera í markaðsráðandi stöðu á tilteknum mörkuðum. Rétt er að hafa í huga að þó fyrirtæki hafi í tilteknu máli verið talin markaðsráðandi er ekki sjálfgefið að þau séu það enn. Aðstæður kunna að hafa breyst á viðkomandi markaði.

- Landssíminn (markaðsráðandi á ýmsum fjarskipta- og tengdum mörkuðum).
- Icelandair (tiltekið áætlunarflug til og frá Íslandi).
- Flugfélag Íslands (innanlandsflug).
- Farmasía (sala á tiltekinni gervitannarót (tannplantar)).
- Baugur (smásala á matvöru).
- Skífan (heildsala og dreifing á hljómdiskum).
- Harpa (lagning iðnaðargólfa).
- Austurleið (akstur á leiðinni Selfoss – Hvolsvöllur).
- Eimskip (sjóflutningar til og frá Íslandi).
- Internet á Íslandi (skráning svæðisbundna rótarlénsins .is).
- Knattspyrnusamband Íslands (sala á aðgöngumiðum á landsleiki í knattspyrnu).
- Danól (sala á tilteknu íblöndunarefni til brauðframleiðslu).

Hér verður einnig að líta til þess að í samkeppnisrétti er til hugtakið sameiginleg markaðsráðandi staða. Það felur í sér að við sérstakar aðstæður þar sem ákveðin skilyrði eru til staðar á fákeppnismörkuðum geta samkeppnisyfirvöld komist að þeirri niðurstöðu að tvö eða fleiri sjálfstæð fyrirtæki séu sameiginlega í markaðsráðandi stöðu. Í samrunamáli er varðaði Mjólkurfélag Reykjavíkur og Fóðurblönduna komust samkeppnisyfirvöld að þeirri niðurstöðu að fyrirtækin tvö væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á fóðurvörumarkaði. Í máli sem varðaði fyrirhugaðan samruna Landsbankans og Búnaðarbankans var komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptabankarnir væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Þá er vel hugsanlegt að á fleiri fákeppnismörkuðum hér landi séu stærstu fyrirtækin þar í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Samkvæmt orðalagi frumvarpsins væri að mati Samkeppnisstofnunar öllum fyrirtækjum sem eru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta óheimilt að eiga hlut í fyrirtæki sem hefði útvarpsleyfi. Það kunna að vera öll stærstu fyrirtækin á þeim mörkuðum þar sem aðstæður eru með fyrrgreindum hætti.

Afdráttarlaust orðalag ákvæðisins í frumvarpinu sem útilokar úthlutun útvarpsleyfis til fyrirtækis sem að hluta eða öllu leyti er í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta takmarkar þátttöku fjölda fyrirtækja hér á landi í útvarpssrekstri. Tekur þessi hindrun jafnt til stórra fyrirtækja og lítilla og meðalstórra sem teljast markaðsráðandi á viðkomandi markaði. Að mati Samkeppnisstofnunar er ljóst að það getur haft jákvæð áhrif á samkeppni á fjölmiðlamarkaði ef markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri t.d. tekur þátt í stofnun nýs keppinautar í útvarpsrekstri. Jafnframt getur fjárfesting markaðsráðandi fyrirtækja í útvarpsfyrirtækjum styrkt þau í samkeppni við önnur fyrirtæki á þeim markaði, ekki síst gagnvart Ríkisútvarpi sem í krafti m.a. lögbundinna tekjustofna hefur óhjákvæmilega mjög styrka stöðu. Verði ákvæði þetta að lögum mun það vinna gegn innkomu nýrra keppinauta inn á markaðinn og takmarka samkeppni. Fer það því gegn markmiði samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun fær ekki séð að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til þess til að tryggja markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlun. Jafnvel má leiða að því líkur að ákvæðið stuðli frekar að einsleitni í eignarhaldi þar eð þeim fyrirtækjum kann að fækka að óþörfu, miðað við tilgang frumvarpsins, sem þátt geta tekið í eignarhaldi og þar með rekstri

fjölmiðla. Þannig fæst ekki séð hvernig það getur takmarkað fjölbreytni og aukið samþjöppun að markaðsráðandi fyrirtæki taki þátt í því að stofna nýjan fjölmiðil. Ekki fæst heldur séð að það geti takmarkað fjölbreytni að markaðsráðandi fyrirtæki styrki með eignarhlut sínum möguleika lítils fjölmiðils að keppa við stærri fyrirtæki, m.a. þau sem njóta ríkisaðstoðar eða eru í markaðsráðandi stöðu. Þvert á móti eru slíkar aðgerðir til þess fallnar að auka fjölbreyttni og draga úr samþjöppun. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að ákvæði samkeppnislaga leggja bann við hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppnislög eiga því að koma í veg fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki í óskyldum rekstri nýti styrk sinn með óeðlilegum hætti á fjölmiðlamarkaði.

Umrætt ákvæði virðist byggja á þeirri forsendu að það sé í eðli sínu óæskilegt að markaðsráðandi fyrirtæki komi að rekstri útvarpsfyrirtækja. Ekki er fullkomlega ljóst á hvaða grunni þetta er talið óheppilegt. Eins og leiðir af framangreindu getur aðkoma markaðsráðandi fyrirtækja að fjölmiðlarekstri bæði aukið fjölbreytni og minnkað samþjöppun. Ef ástæða þessa ákvæðis er sú að hætta sé talin á því að markaðsráðandi fyrirtæki hafi of mikil áhrif á umhverfi sitt með rekstri hljóðvarps eða sjónvarps hefði verið heppilegra að mati Samkeppnisstofnunar að takmarka ákvæðið við eignarhlut í markaðsráðandi útvarpsfyrirtæki eða fyrirtæki sem hefur verulegt áhorf eða hlustun. Engin sérstök samfélagsleg áhrif leiða af eignarhlut markaðsráðandi fyrirtækis í útvarpsfyrirtæki sem slíku heldur leiða áhrifin, ef einhver eru, af stöðu viðkomandi fjölmiðils á markaðnum.

Samkeppnisstofnun leggur því til að ákvæðið verði fellt á brott úr frumvarpinu eða því breytt þannig að dregið sé úr þeirri röskun á samkeppni sem leiðir af því í óbreyttri mynd.

Bann við að fyrirtæki tengd útgefanda dagblaðs sé veitt útvarpsleyfi.

Í frumvarpinu eru ekki settar skorður við því að fyrirtæki eigi eða eignist hlut í dagblaði og gilda því almenn samrunaákvæði samkeppnislaga um slíkt eignarhald og umfang þess. Í frumvarpinu er hins vegar algjörlega tekið fyrir það að fyrirtæki sem á eða eignast einhvern hlut í dagblaði geti átt hlut í fyrirtæki sem hefur útvarpsleyfi. Samkeppnisstofnun fær ekki séð að svo afdráttarlaus aðgreining eignarhalds á útgáfu dagblaðs annars vegar og fyrirtækis með útvarpsleyfi hins vegar sé nauðsynleg til að tryggja markmið frumvarpsins Ná megi markmiðinu með vægari hömlum svo sem því að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem lýtur virkum yfirráðum aðila sem hefur (hafa) jafnframt virk yfirráð í útgefanda dagblaðs. Með óbreyttu orðalagi felast í ákvæði frumvarpsins aðgangshindranir að markaði sem að mati Samkeppnisstofnunar fara gegn markmiði samkeppnislaga.

II. Hugsanleg áhrif frumvarpsins á störf Samkeppnisstofnunar.

Að framan er vikið að skilgreiningu markaða og mati á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja í samkeppnismálum. Í mörgum tilvikum þegar unnið er að rannsókn mála sem lúta að meintum samkeppnishömlum er það eitt af meginverkefnum Samkeppnisstofnunar að afla upplýsinga og skilgreina markaði og stöðu þeirra fyrirtækja sem starfa á viðkomandi mörkuðum. Oft takast málsaðilar og stofnunin hraustlega á um skilgreininguna enda skiptir niðurstaða hennar sköpum um það hvort t.d. samruni fyrirtækja er látinn óátalinn eða hvort fyrirtæki telst hafa brotið samkeppnislög ef um meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu er að ræða.

Samkeppnisstofnun gefur sér þá forsendu að stofnunin muni starfa á hefðbundinn hátt, í samræmi við bæði samkeppnis- og stjórnsýslulög, við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu þegar útvarpsréttarnefnd leitar álits stofnunarinnar ef frumvarpið verður að lögum. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að undirstrika að í hverju einstöku samkeppnismáli er nauðsynlegt að skilgreina viðkomandi samkeppnismarkað og

stöðu fyrirtækja á markaðnum. Þó að fyrirtæki hafi áður verið talið markaðsráðandi þarf að meta það á ný þegar nýtt mál er til skoðunar, enda kunna aðstæður að hafa breyst á viðkomandi markaði. Það kann því að fela í sér umfangsmikla vinnu hjá Samkeppnisstofnun að inna álitsgerðir af hendi fyrir útvarpsréttarnefnd þegar nefndin leitar til stofnunarinnar um mat á markaðsstöðu fyrirtækja. Vakin er athygli á því að við óbreytt mannahald hjá Samkeppnisstofnun gæti orðið óheppilegur dráttur á niðurstöðum stofnunarinnar þegar skera þarf úr um markaðsráðandi stöðu þeirra sem sem við á, sbr. frumvarpið.

Virðingarfyllst,
Samkeppnisstofnun

Guðmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn Sigurðar Líndals.
(7. maí 2004.)

I. Inngangur.

Mér hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis dagsett 4. maí 2004 þar sem þess er farið á leit að ég gefi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993. Þess var óskað að svar bærist ekki síðar en 7. maí 2004. Tekið skal fram, að bréfið barst mér ásamt frumvarpinu um kl. 11.30 þann 5. maí, þannig að ég hef einungis haft um það bil 1½ dag til að vinna verkið auk þess sem ég hef verið í öðrum verkefnum undanfarna daga. En þrátt fyrir þetta tel ég rétt og skylt að veita umsögn þótt mér sé ljóst að hún hljóti að vera ófullkomin af framangreindum ástæðum.

II. Efni 1. gr. a–c frumvarpsins.

Í 1. gr. a frumvarpsins eru talin þau skilyrði sem sá verður að fullnægja til þess að geta fengið útvarpsleyfi.

Samkvæmt því er óheimilt að veita eftirtöldum fyrirtækjum leyfi til útvarps:

1. Fyrirtæki með rekstur sem að meginmarkmiði er óskyldur fjölmiðlarekstri.
2. Fyrirtæki sem að hluta eða öllu leyti eru í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta.
3. Fyrirtæki þar sem annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut.
4. Fyrirtæki þar sem fyrirtæki eða *önnur*[1] fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut.
5. Fyrirtæki þar sem það eða *önnur* fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga hlut í útgáfu dagblaðs.

Þá segir í b-lið að framangreindar reglur eigi einnig við ef milli fyrirtækja séu önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða. Hér er höfð í huga 3. mgr. 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sjá einnig t.d. 28. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti.

---

[1] Viðbótin „önnur“ er í samræmi við minn skilning á ákvæðinu og gerir ákvæðið skýrara.

Í c-lið segir meðal annars að við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa sé í markaðsráðandi stöðu skuli leita álits Samkeppnisstofnunar.

III. Tryggja takmarkanir á eignarhaldi fjölbreytni fjölmiðla á Íslandi?

Þegar tekin er afstaða til reglna sem takmarka eiga eignarhald á fjölmiðlum verður að hafa í huga að mjög strangar takmarkanir henta illa hér á landi vegna þess hversu smár markaðurinn er og málsvæðið lítið. Allur samanburður við margfalt fjölmennari ríki um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði er því villandi. Fjölmiðlanefnd hefur vakið athygli á þessu í skýrslu sinni og bent á að ótilhlýðilegar skorður raski rekstrargrundvelli fjölmiðlafyrirtækja; þess verði að gæta að reglur hamli ekki svo að þær vinni gegn þeim hagsmunum sem vernda á með því að fyrirtæki verði ekki svo lítil að þau fái ekki þrifist. Slíkar reglur geti unnið gegn því markmiði, að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum. Þá verði að tryggja íslenskum fyrirtækjum aðstæður til að þrífast og jafnframt bent á, að því öflugri sem innlend fyrirtæki séu því minni hætta sé á yfirtöku eða uppkaupum erlendra aðila og því líklegra sé að þau hafi burði til að standa undir innlendri dagskrárgerð. Þetta skipti máli um eflingu innlendrar menningar til mótvægis gegn erlendri fjöldamenningu sem nú þegar sé mjög áberandi, einkum í sjónvarpi. (Sjá hér fjölmiðlaskýrslu, kafla 6.3).

Því hefur verið haldið fram að hvergi í nálægum löndum sé viðlíka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og hér á landi. En hér er verið að stilla upp ósambærilegum hlutum. Við Íslendingar erum í alþjóðlegri samkeppni, þurfum að verja menningararfleifð okkar, hlú að henni og sækja fram á grundvelli hennar. Eins og fjölmiðlanefnd bendir á verða íslensk fjölmiðlafyrirtæki að vera tiltölulega stór á innlendan mælikvarða og því fylgir óhjákvæmilega nokkur samþjöppun og hún reisir einnig skorður við fjölda slíkra fyrirtækja. Þá verður að hafa í huga að lítil og veikburða fjölmiðlafyrirtæki eru miklu líklegri til að verða leiksoppar hagsmunaafla en þau sem stærri eru og standa styrkum fótum fjárhagslega.

Þegar þetta er haft í huga hlýtur það að vera nokkurt álitamál hvort fortakslaust eigi að vera óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi sem hefur annan rekstur en fjölmiðlarekstur að meginmarkmiði, sbr. 1. tölul. hér að framan. Rökin eru augljóslega þau að með slíkum rekstri geti fyrirtæki aflað sér óeðlilegra áhrifa. Á hinn bóginn er mjög ólíklegt að íslensk fyrirtæki hafi burði til að reka sjónvarpsstöð sem fullnægi kröfum útvarpslaga nr. 53/2000 og tvísýnt að áróðursstöð aflaði fyrirtæki trausts eða velvildar. Er til dæmis líklegt að fyrirtæki eins og Flugleiðir eða Burðarás færi að hætta fjármunum sínum í slíkan rekstur? Ætli væri ekki nærtækara að kaupa auglýsingar af þeim fjölmiðlafyrirtækjum sem fyrir eru? Og svo er ljóst að fyrirtæki geta sameinast um stöð á löglegan hátt þar sem fjórðungsskipti eru.

Ég teldi rétt að nefndin skoðaði hvort þetta ákvæði væri nauðsynlegt og þá með það að leiðarljósi að reglur eiga ekki að vera fleiri og ýtarlegri en nauðsynlegt er.

Allt of langt er gengið í því að lýsa fortakslaust óheimilt að veita fjölmiðlafyrirtæki útvarpsleyfi sem markaðsráðandi fyrirtæki á hlut í og skipti þá ekki máli hversu lítill sá hlutur er, sbr. 2. tölul. Ef á annað borð telst nauðsynlegt að koma í veg fyrir að slík fyrirtæki hafi áhrif á fjölmiðlunarstarfsemi væri eðlilegra að setja slíku eignarhaldi einhverjar skorður. Óbreytt ákvæði frumvarpsins hljóta að þrengja mjög kosti fjölmiðlafyrirtækja til að afla sér áhættufjár.

Um liði 3–4 er í sjálfu sér fátt að segja. Ekkert mælir gegn því að einhver takmörk séu sett fyrir eignarhaldi eins aðila, en álitamál er hversu langt skal ganga. Hér ætti að koma til skoðunar hvort 25% markið sé of lágt og er þá sérstaklega haft í huga, hvort þessi takmörk kunni að þrengja um of kosti fjölmiðlafyrirtækja til að afla áhættufjár.

Um lið 5 er það að segja að vandfundin eru rök fyrir því að óheimilt verði að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamsteypu eiga hlut í útgáfufyrirtæki dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamsteypu. Þar sem slíkur samrekstur virðist geta stuðlað að hagkvæmni sýnist álitamál hvort skera beri á slík tengsl svo sem gert er. – Þetta þyrfti að skoða betur.

Niðurstaðan af því sem hér hefur verið rakið er sú, mjög ólíklegt sé að með framangreindum reglum verði því yfirlýsta markmiði náð, að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði, þannig að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum og þær séu vænlegar til að tryggja skoðana- og tjáningarfrelsi, en að því verður nánar vikið hér á eftir.

IV. Standast lög samkvæmt óbreyttu frumvarpi gagnvart stjórnarskrá?

Hér koma fyrst til athugunar ákvæði 1. gr. a–b. Eins og þegar hefur verið rakið fela þau í sér að mjög er þrengt að fjárhagslegu sjálfstæði fjölmiðlafyrirtækja, þar sem þeim eru sett veruleg takmörk að afla áhættufjár. Þá vakna spurningar um það hvort slíkt reisi ekki tjáningarfrelsi skorður og kunni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar, einkum 3. mgr. sem hljóðar svo:

> Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Í öllum mannréttindaskrám er lögð mikil áhersla á vernd tjáningarfrelsis, þannig að allar takmarkanir ber að túlka þröngt og gjalda varhug við hverju einu sem setur því skorður, þar á meðal fjárhagslegar.

Einnig kemur til álita hvort ekki sé með ákvæðum frumvarpsins þrengt að atvinnufrelsi umfram það sem heimilað er í 75. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

> Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Hér eru settar svo miklar hömlur á atvinnustarfsemi manna á sviði fjölmiðlunar að mjög tvísýnt er að þær samrýmist ákvæði greinarinnar.

Hér má einnig huga að 72. gr. um friðhelgi eignarréttar þar sem lagðar eru víðtækar hömlur á rétt manna til að ráðstafa eignum sínum, sem er ein meginheimild eignarréttarins.

Þetta er nauðsynlegt að skoða vandlega áður en frumvarpið verður afgreitt.

Sérstakan gaum verður að gefa ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar svo:

> Þeir sem lögin taka til skulu hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.
>
> Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna að þeim tíma liðnum.

Samkvæmt útvarpslögum má veita leyfi til hljóðvarps til 5 ára lengst, en leyfi til sjónvarps lengst til 7 ára í senn. Í framangreindu ákvæði er heimild til að stytta leyfistímann, ef leyfishafi hefur ekki innan tveggja ára fullnægt þeim hörðu skilyrðum um breytt eignarhald sem mælt eru í a-lið 1. gr. og áður eru rakin. Þótt lögin séu að formi til framvirk eru þau í reynd afturvirk þar sem þau raska með ófyrirsjáanlegum hætti forsendum sem lagðar hafa verið til

grundvallar við rekstur fjölmiðlafyrirtækja. Í áfangaskýrslu Auðlindanefndar sem birt var í mars 1999 er ritgerð eftir undirritaðan og Þorgeir Örlygsson, nú dómara við EFTA- dómstólinn í Strassborg, þar sem fjallað er um vernd atvinnuréttinda í fjölþjóðlegum mannréttindasáttmálum og þar rakin dómaframkvæmd mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu og enn fremur Evrópudómstólsins. Þar er niðurstaðan sú að atvinnuréttindi manna njóti verndar sem eignarréttindi eða eignarréttarígildi. Sérstaklega er tekið fram að lögmætar væntingar þess sem hefur leyfi til atvinnustarfsemi njóti verndar 1. gr. viðauka 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Leyfishafi megi gera ráð fyrir, að sér sé almennt heimil starfsemi sín til frambúðar sér til efnahagslegs ávinnings. Þessi réttindi njóti þó takmarkaðri verndar en hefðbundin eignarréttindi. Eignarréttindi megi skerða ef það sé til almannaheilla, enda sé gætt hæfilegs jafnvægis milli einstaklingshagsmuna og almannahagsmuna, sanngjarnt jafnvægi sé milli tilgangs og meðals, nánar tiltekið að meðalhófs sé gætt, þannig að ekki sé gengið lengra en þörf krefur hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á það hvort réttindum hafi verið úthlutað með tilteknum skilyrðum, t.d. fyrirvara um afturköllun eða breytingu, og jafnframt hvort breyting eða afturköllun er framkvæmd með þeim hætti að sá sem þolir skerðingu fái svigrúm til að laga starfsemi sína að breyttum reglum (sjá bls. 143).

Í stuttu máli það öryggi í atvinnustarfsemi sem bundið er við réttmætar væntingar nýtur stjórnskipulegrar verndar sem eignarréttindi. Þessu raskar bráðabirgðaákvæðið og fer þannig í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Þótt hér hafi verið vitnað til erlendra dómstóla gilda nákvæmlega sömu meginreglur hér á landi. Að svo stöddu verður að vísa til yfirlitsrita um íslenskan stjórnskipunarrétt og einstakra ritgerða um það efni.

Eins og fyrr er tekið fram breytir bráðabirgðaákvæðið forsendum, skerðir öryggi við atvinnustarfsemi með því að rjúfa þann tíma sem útvarpsleyfishafar höfðu til starfsemi sinnar og raska því lagaumhverfi sem ekki verður betur séð en leyfishafar hafi mátt treysta að héldist óbreytt að minnsta kosti út leyfistímann. Þannig urðu lögin afturvirk þótt formlega væru framvirk. Nú segir fjölmiðlanefndin í áliti sínu, kafla 6.4.4 (bls. 86):

> Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi er ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu afturvirkar.

Með afturvirkni og röskun á því öryggi sem er forsenda þess unnt sé að starfrækja atvinnufyrirtæki hefur verið brotið gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Haft hefur verið eftir formanni fjölmiðlanefndar að frumvarpið eins og það er sé ekki afturvirkt og fari ekki í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Ef rétt er hermt kemur það á óvart, ekki síst þegar höfð eru í huga framangreind ummæli í skýrslunni. Rétt væri að nefndin innti formanninn og aðra nefndarmenn nánar eftir þessu þannig að leiðrétta mætti hugsanlegar missagnir.

Ef reynslan verður sú að frumvarpið – ef að lögum yrði óbreytt – snerti einungis eitt fyrirtæki með sérstökum hætti umfram önnur, jafnvel svo að það biði verulega hnekki, er það sérstakt athugunarefni hvort lög sem í reynd hefðu þessi áhrif, þótt orðalag þeirra væri almennt, samrýmdust 72. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að ekki yrði unnt að líta svo á að þau fælu í sér almennar takmarkanir, heldur svo sérstakar, að þau fælu í sér eignaupptöku þegar til framkvæmda kæmi. Þá er álitaefnið hvort dómstólar breyttu þeim í eignarnámslög og þau stæðust sem slík, en bætur yrðu dæmdar. Þar sem hætt væri við að tjón snerti svo marga og yrði svo gríðarlegt að enginn vegur væri að meta það er hitt miklu líklegra að lögunum yrði vikið til hliðar. En þetta er ástæða til að skoða nánar.

V. Vald útvarpsréttarnefndar.

Í 1. gr. frumvarpsins, lið c-d eru ákvæði um útvarpsréttarnefnd. Henni er í frumvarpinu fengið mikið vald.

Með umsóknum um útvarpsleyfi eiga að fylgja upplýsingar sem gera nefndinni kleift að *meta* hvort tilteknum skilyrðum sé fullnægt og hún telur nauðsynlegar. Í d-lið er svo mælt að útvarpsleyfishöfum sé skylt að tilkynna útvarpsréttarnefnd allar breytingar á eignarhaldi eða öðrum framangreindum skilyrðum, sbr. a-b lið 1. gr. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé markaðsráðandi skal leita álits Samkeppnisstofnunar. Það mat er þó ekki alltaf einfalt. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum fara í bága við a-b-lið laganna, en leyfishafi fær allt að 60 daga frest til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum laganna.

Þá er tekið fram í e-lið að útvarpsréttarnefnd *geti* vikið frá framangreindum skilyrðum í 1. gr. a–b um svæðisbundið hljóðvarp.

Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði á þá leið að Samkeppnisstofnun skuli láta útvarpsréttarnefnd í té álit skv. c-lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Í þessu ákvæði segir:

> Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.

Ekki er gott að átta sig á þessari tilvísun og væri æskilegt að nefndin athugaði hvort þetta mætti gera skýrara.

Sérstaklega verður að huga að ákvæði til bráðabirgða, þar sem útvarpsréttarnefnd skal vera *heimilt* að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún *telur* að hafi ekki innan tveggja ára frá gildistöku laganna lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera.

Það sem hér hefur verið rakið um valdsvið og réttarstöðu útvarpsréttarnefndar sýnir að henni eru fengnar víðtækar heimildir til að taka afdrifaríkar ákvarðanir sem sumar hverjar eru háðar mati og túlkun á reglum sem gefa ekki afdráttarlaust svar. Nefndin er vissulega bundin af stjórnsýslulögum og eftirliti umboðsmanns Alþingis auk þess sem málum verður skotið til dómstóla. En áður en þessir öryggisventlar virka er skaðinn skeður og fjárútlát ríkissjóðs ef til vill í augsýn.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi, sbr. 6. mgr. 6. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 sem merkir að þeir sæta ekki stjórnsýslukæru til ráðherra og vekur það spurningar um lagalega, siðferðilega og pólitíska ábyrgð ráðherra þegar Alþingi hefur framselt hluta framkvæmdavalds til nefndar sem starfar samkvæmt sérstöku umboði Alþingis. Telja má að Alþingi geti afturkallað umboð nefndarmanna ef þeir brjóta gegn góðum stjórnarháttum. Annars er staða slíkra stjórnvaldsnefnda liður í stjórnskipulegu álitaefni sem gefa þarf gaum.

VI. Afgreiðsla málsins.

Eins og getið var í upphafi hef ég fengið afar skamman tíma til að svara erindi nefndarinnar og svo er um fleiri. Engar trúverðugar skýringar hafa verið gefnar á þessum mikla hraða við að afgreiða mikilvægt mál þar sem að auki eru fjölmörg álitaefni. Í skýrslu fjölmiðlanefndar segir í kafla 6.1 meðal annars:

> Nefndin telur að sé eingöngu horft til fjölda miðla og litið framhjá eignarhaldi hafi þróunin undanfarin misseri verið á margan hátt jákvæð. Er í því sambandi bent á að haldið er úti þremur dagblöðum á landsvísu sem hafa markverða útbreiðslu, þ.e. Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og DV. (bls.79).

Um eignarhaldið segir nefndin þetta meðal annars:

> Hafa ber í huga að hér hefur verið lýst stöðunni á íslenskum markaði eins og hún er þegar greinargerð þessi er rituð, og komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi ýmis einkenni samþjöppunar sem talin eru óæskileg út frá markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun. Er þá gengið út frá því, eins og rakið hefur verið, að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi sem vettvangur fyrir ólík viðhorf til stjórnmála og menningar í víðum skilningi og sem vettvangur fyrir öflun upplýsinga og miðlun þeirra.

Síðan segir:

> Sé stuðst við þá mælikvarða sem koma fram í þessum skuldbindingum og tilmælum og þá sem notast hefur verið við í öðrum löndum virðist eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og eignatengsl vera með þeim hætti að ástæða sé til að draga megi í efa að fjölbreytni í fjölmiðlun, í þeim skilningi sem það hugtak er notað í greinargerðinni, sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið (bls. 79–80).

Ég legg hér sérstaka áherslu á orðin „til lengri tíma litið“ og dreg þá ályktun af þeim að huga beri að skipan mála á fjölmiðlamarkaði þegar horft sé til framtíðar, en ekki sé þörf á jafn bráðum aðgerðum og hér virðist stefna í.

Sigurður Líndal.

Fylgiskjal III.

Umsögn Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík.

(7. maí 2004.)

Fyrir liggur að allsherjarnefnd Alþingis hefur sent beiðni af ofangreindu tagi bæði til lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Evrópuréttarstofnunar hans. Verður að draga þá ályktun af framangreindu að þess sé í raun óskað að Evrópuréttarstofnunin fjalli um hugsanlega snertifleti frumvarpsins og Evrópuréttarins, þar á meðal EES-réttar, á meðan almennari umfjöllun gæti komið í hlut lagadeildarinnar. Hefur Evrópuréttarstofnun HR farið yfir málið á þeim grundvelli.

Framangreind beiðni allsherjarnefndar Alþingis er dagsett 4. maí 2004 og barst Evrópuréttarstofnun HR þann 5. maí. Óskað var svars eigi síðar en 7. maí. Ljóst er að þessi tímarammi hefur sniðið Evrópuréttarstofnun HR mjög þröngan stakk og að á umræddum tíma var ekki hægt að gera viðeigandi efnisréttarlegum álitaefnum Evrópu- og EES-réttarins forsvaranleg skil. Þannig hefur Evrópuréttarstofnunin nálgast málið með þeim hætti að skoða á hvaða reglur Evrópu/EES réttarins gæti helst reynt í samhengi framkomins frumvarps. Þær reglur sem helst koma til álita eru eftirfarandi:

1. Reglur ESB og EES réttar um staðfesturétt.
2. Reglur ESB og EES réttar um þjónustufrelsi.
3. Meginreglur ESB og EES réttarins.

• Reglur um tjáningarfrelsi

• Reglur um eignarrétt
• Reglur um lögfræðilega vissu og afturvirkni
4. Afleidd löggjöf ESB sem er hluti EES réttar:
• Tilskipanir 2002/20/EC og 2002/21/EC er varða útvarpsleyfi.
• Tilskipun 89/552/EEC um samræmingu útsendingarstarfsemi sjónvarps (Television without Frontiers).

Niðurstaða könnunar Evrópuréttarstofnunar HR á þeim réttarreglum sem tilgreindar eru hér að ofan er sú, að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarp það sem fyrir liggur samræmist að öllu leyti ofangreindum reglum. Áreiðanleikastig niðurstöðunnar er vissulega í samræmi við þann stutta fyrirvara sem stofnunin hefur haft til að skoða málið, en það er engu að síður mat hennar að tvímælis geti orkað frá sjónarhóli EES skuldbindinga Íslands að lögtaka frumvarpið án frekari skoðunar á þessum atriðum.

Einar Páll Tamimi, forstöðumaður
Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Umsögn stjórnar Árvakurs hf.

(6. maí 2004.)

Vegna frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, ásamt fylgiskjali, greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi, vill stjórn Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, taka fram eftirfarandi.

Stjórnin getur fallist á greiningu nefndarinnar um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þá niðurstöðu hennar að hún hafi einkenni samþjöppunar. Stjórn Árvakurs hf. er sammála því að hamlað verði gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar.

Stjórnin telur hins vegar framkomið lagafrumvarp ganga of langt og fela í sér óþarflega röskun á starfsumhverfi fjölmiðlafyrirtækja í ljósvakamiðlun.

Stjórnin mótmælir jafnframt harðlega því að gert skuli ráð fyrir í frumvarpinu að útgefendum dagblaða verði óheimilt að fara með útvarpsleyfi. Stjórnin telur að þær takmarkanir sem í þessu felast fyrir starfsemi dagblaðanna séu óviðunandi. Þar sem framkomið lagafrumvarp virðist á hinn bóginn ekki snerta útgefendur dagblaða beint með öðrum hætti telur stjórnin ekki ástæðu til að tjá sig um efni frumvarpsins umfram það sem að framan greinir.

Hvað meðferð þessa mikilvæga máls í heild sinni varðar, átelur stjórn Árvakurs hf. hversu skammur tími virðist ætlaður til umræðu um það, sem leiðir til alvarlegrar óvissu um farsælar lyktir þess og hugsanleg áhrif til lengri tíma litið.

F.h. stjórnar Árvakurs hf.

Haraldur Sveinsson, form.

Stefán P. Eggertsson, varaform.

Fylgiskjal V.

Umsögn Útgáfufélagsins Heims hf.

(7. maí 2004.)

Allsherjarnefnd hefur óskað eftir umsögn Útgáfufélagsins Heims um frumvarp til laga um fjölmiðla. Fresturinn til umsagnar er afar skammur og því hvorki hægt að reifa málið til hlítar né setja fram fullmótaðar tillögur til úrbóta. Engu að síður er málið svo mikilsvert að þess er freistað að draga fram nokkur meginatriði.

Útgáfufélagið Heimur hf.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri.

Staðan á markaðinum

Tilefni frumvarpsins er einkum það að hér á landi hafa aðstæður að undanförnu breyst með þeim hætti að einn aðili, Norðurljós, hefur náð fram yfirburðahlutdeild. Af vef Norðurljósa má fá eftirfarandi upplýsingar um stærð fyrirtækisins:

Íslenska útvarpsfélagið rekur sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2, Sýn, Popptíví, Bíórásina og Fjölvarpið, útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957, Létt 96,7, Skonrokk, X-ið og Stjörnuna. Hjá fyrirtækinu starfa 300 manns. Áætluð velta Íslenska útvarpsfélagsins í ár er 3,5 milljarðar.

Frétt gefur út Fréttablaðið, DV og vikuritið Birtu og rekur auk þess Póstdreifingu og Vísi.is. Hjá fyrirtækinu starfa um 135 manns auk 1.300 blaðbera. Áætluð velta Fréttar í ár er 2,1 milljarður kr.

Skífan rekur hljómplötuútgáfu og verslanir undir nafni Skífunnar, Hljóðfærahúsið og kvikmyndahúsin Smárabíó, Regnbogann og Borgarbíó, hljóðverin Stúdíó Sýrland og Grjótnámuna og hefur nú tekið yfir rekstur sjö BT-verslana, þriggja Office1 verslana og Sony Center. Hjá fyrirtækinu starfa 260 manns. Áætluð velta Skífunnar í ár er 4,5 milljarðar kr.

Starfsemi Skífunnar fellur að mestum hluta utan þess sviðs sem hefðbundið er talið falla undir fjölmiðlun. Því er eðlilegt að miða við að fjölmiðlavelta Norðurljósa sé áætluð 5,6 milljarðar kr.

Helstu samkeppnisaðilar Norðurljósa eru tveir, Ríkisútvarpið og Morgunblaðið. Það vekur athygli að ekkert er minnst á Ríkisútvarpið í þessu frumvarpi.

Ríkisútvarpið rekur sjónvarp og tvær útvarpsrásir. Hjá fyrirtækinu starfa um x manns. Áætluð velta RÚV í ár er 3,0 milljarðar kr. Ríkisútvarpið starfar eftir sérstökum lögum og um það gildir skylduáskrift. Það hefur auk þess tekjur af auglýsingum. Þessi staða RÚV skapar fyrirtækinu algera sérstöðu á íslenskum markaði. Því væri líklega eðlilegt að skipta fjölmiðlamarkaðinum í tvennt, ríkismarkað og frjálsan markað.

Önnur fyrirtæki á markaðinum eru *Árvakur*, útgefandi Morgunblaðsins, áætluð velta 2,8 milljarðar kr., *Íslenska sjónvarpsfélagið*, sem rekur Skjá 1, áætluð velta 0,5 milljarðar kr. Vikublöð og tímarit eru gefin út af Fróða, áætluð velta 1,0 milljarðar kr. og *Framtíðarsýn* og *Útgáfufélagið Heimur* með áætlaða veltu um 0,25 milljarða kr. hvort félag.

Áætla má að aðrir aðilar á þessum markaði að frátalinni bókaútgáfu séu í heild með veltu upp á 1,0 milljarð kr. Er þá átt við fyrirtæki sem reka eitt eða fá blöð eða útvarpsstöðvar.

Áætluð heildarvelta á dagblaða- og ljósvakamiðlamarkaði er tæplega 12 milljarðar kr. en um 9 milljarðar kr. ef velta Ríkisútvarpsins er frátalin. Norðurljós eru langstærst á markaðinum, annars vegar með um 47% af heildarmarkaði ljósvaka og dagblaða en um 63% ef einung-

is er tekinn frjálsi markaðurinn. Hlutdeild RÚV af heildarmarkaði ljósvaka og prentmiðla er 25% og Árvakurs um 24%. Þetta má sjá í eftirfarandi töflu:

	Áætluð velta 2004	*Hlutd. í frjálsu*	*Hlutdeild í ljósv. og dagbl.*	*Hlutd. af öllu*
Norðurljós (Dagblöð og ljósvaki)	5,6	63%	47%	39%
Árvakur	2,8	31%	24%	19%
Íslenska sjónvarpsfél.	0,5	6%	4%	3%
Alls frjáls ljósvaki og dagblöð	8,9	100%	75%	62%
RÚV	3,0		25%	21%
Alls ljósvaki og dagblöð	11,9		100%	83%
Fróði	1,0			7%
Framtíðarsýn	0,25			2%
Heimur	0,25			2%
Önnur félög	1,0			7%
Heildarvelta	14,4			100%

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að „[m]eginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi."

Tilefni frumvarpsins er væntanlega fyrst og fremst sú sterka staða sem Norðurljós hafa náð á skömmum tíma og kemur fram í tölunum hér að framan.

Þau þrjú sjónarmið sem einkum hafa heyrst um stöðuna á fjölmiðlamarkaði eru:

a) Markaðsráðandi aðili getur misnotað aðstöðu sína með villandi eða einhliða fréttaflutningi.
b) Markaðsráðandi aðili getur með niðurgreiðslu á hallarekstri spillt rekstrargrunni annarra á markaðinum.
c) Ríkisútvarpið hefur með sérstöðu sinni með skyldubundnum afnotagjöldum forgjöf umfram aðra miðla.

Þessi atriði verða skoðuð hér á eftir.

a. Markaðsráðandi aðili getur misnotað aðstöðu sína í fréttaflutningi

Um þetta atriði er fjallað í grein eftir Stefán Jón Hafstein í Morgunblaðinu 29. apríl síðastliðinn en þar segir meðal annars:

„Hver er staðan sem þarf að breyta?

Það er staðreynd að yfirburðastærð Baugsveldisins á íslenskum neytendamarkaði færir Norðurljósum umtalsvert forskot í krafti viðskiptasambanda til að afla auglýsinga. Baugsmiðlarnir búa við samkeppnisforskot gegn öðrum miðlun vegna eigendatengsla. Það skekkir stöðu annarra miðla og gerir nýjum samkeppnisaðilum erfitt að ráðast inn á markaðinn. Þá er staða ritstjóra Fréttablaðsins, sem einnig er eigandi í samsteypunni og stjórnarmaður í Norðurljósum vægast sagt umdeilanleg og umhugsunarefni þeim samtökum blaðamanna sem berjast gegn frumvarpinu. „Sjálfstæði" ritstjórnar sem svona er skipuð er augljóslega ekki hafin yfir tortryggni." Stefán Jón Hafstein, Morgunblaðið, fimmtudaginn 29. apríl, 2004 – **Frjálshyggjan gefst upp!**

Þetta sjónarmið kemur einnig fram í grein eftir Jón Ásgeir Jóhannesson í Morgunblaðinu 9. janúar 2004:

„Einn þáttur samþjöppunar í íslensku viðskiptalífi sem mikið hefur verið rætt um að undanförnu er sú ógn sem kunni að stafa af eignarhaldi mínu eða félaga mér tengdra í fjöl-

miðlum. Forsætisráðherra og ýmsir aðrir áhrifamenn hafa lýst áhyggjum sínum af því að fréttaflutningur í tveimur dagblöðum og einni sjónvarpsstöð sé nú ofurseldur vilja eins aðila. *Ég deili með þeim áhyggjum af því hvað gæti hlotist af slíku fyrirkomulagi og sé ástæðu til að leita leiða til að forða vandræðum í því efni.*“ Jón Ásgeir Jóhannesson, Morgunblaðið, miðvikudaginn 7.1.2004 – **Eignarhald fjölmiðla og hagsmunir samfélagsins.**

b. Markaðsráðandi aðili getur grafið undan öðrum með hallarekstri

Þetta atriði er mikilsvert vegna þess að með því að skekkja aðstæður á samkeppnismarkaði, jafnvel um skamma stund, geta fjársterkir aðilar kippt grunninum undan samkeppnisaðilum sínum. Alþekkt er að rekstur fjölmiðlafyrirtækja almennt hefur verið mjög erfiður undanfarin ár og til dæmis hafa bæði Fréttablaðið og DV farið í gegnum gjaldþrot á undanförnum tveimur árum og Norðurljós átt við mikla rekstrarerfiðleika að etja. Einnig hefur verið tap á flestum ef ekki öllum öðrum fjölmiðlafyrirtækjum árið 2003.

Það verður hins vegar að skoða hvort að ekki eru þegar þær aðstæður á fjölmiðlamarkaði að núverandi lög taki til þeirra.

Því má ekki gleyma að rekstur ljósvakamiðla er háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Af þeirri ástæðu er rétt að rifja upp 14. gr. samkeppnislaga: „Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Þar sem sjónvarpsrásir eru takmörkuð auðlind háð opinberu leyfi gæti þessi grein átt við hér. Rekstur ljósvakamiðla og dagblaða er nú þegar aðskilinn innan Norðurljósa og því ætti að vera auðvelt að fylgjast með því að fjármagn flæði ekki þarna á milli, en lagagreinin virðist gefa tilefni til sérstaks eftirlits samkeppnisyfirvalda.

Einnig er ljóst að markaðshlutdeild Norðurljósa er þegar orðin svo stór miðað við framangreindar tölur að spyrja má hvort hún ein og sér kalli ekki á aðgerðir samkeppnisyfirvalda. Sé aðeins litið á frjálsu miðlana er hlutdeildin 63% á ljósvaka og dagblaðamarkaði. Vissulega má benda á það að markaðurinn hér á landi er lítill miðað við alþjóðamælikvarða og fyrirtækin eru öll að koma úr rekstrartapi. Hins vegar er hagræði af samrekstri ljósvakamiðla og dagblaða lítið og ólíklegt að aðskilnaður breyti grundvallarforsendum í rekstri.

Í 18. gr. samkeppnislaga segir: „Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur ráðið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma.“

Hér verður að líta fyrst og fremst til þess að fyrirtækin sem hér um ræðir eru að miðla íslensku efni og því ekki að vænta alþjóðlegrar samkeppni á því sviði.

Það er athyglisvert að það virðist vefjast fyrir yfirmönnum samkeppnismála hér á landi hvaða fyrirtæki eru markaðsráðandi. Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar segir samkvæmt Fréttablaðinu 5. maí síðastliðinn að „enginn úrskurður liggi fyrir hjá Samkeppnisstofnun sem segi að Hagar, dótturfyrirtæki Baugs, sé markaðsráðandi. Hann taldi þó líklegt að Hagar teldust markaðsráðandi þótt hann vildi ekki fullyrða það. Hann sagði að í mörgum tilfellum væri flókið að leggja það mat því hægt væri að túlka markaðinn á svo mismunandi hátt.“

Þetta er sérstætt í ljósi þess að Hagar hafa tekið við rekstri Baugs hér á landi. Í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 18/1999, **Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf.** segir á bls. 8:

„Að mati samkeppnisráðs var Baugur í markaðsráðandi stöðu fyrir yfirtökuna."

Á vef Baugs, baugur.is, má lesa eftirfarandi: „Í október 2003 var nafni Baugs Ísland ehf. breytt í Haga hf. Ástæða nafnbreytingarinnar er einföld, en 1. mars 2003 var Baugi Group skipt upp í tvær einingar, annars vegar Baugur Group og hins vegar Baugur Ísland sem hvor um sig starfa sjálfstætt og hafa ólík markmið og viðfangsefni. Ljóst er að nöfnin eru einfaldlega of lík og til þess fallin að valda misskilningi hjá almenningi og fjárfestum, bæði hérlendis og erlendis. Við skiptingu fyrirtækisins varð ekki aðeins reikningslegur aðskilnaður, heldur einnig rekstrarlegur og því enn mikilvægara að greina félagið á Íslandi frá forvera þess. Yfirtöku Hagar hf. (áður Baugur Ísland ehf.) allan verslunarrekstur Baugs Group hf. á Íslandi og á Norðurlöndum sem og þann hluta eigna og skulda Baugs Group hf. sem tengjast verslunarrekstri á Íslandi og á Norðurlöndunum og miðast reikningslegur aðskilnaður við þann tíma."

Vakin er athygli á þessu í ljósi þess að Samkeppnisstofnun er falið ábyrgðarmikið hlutverk samkvæmt lagafrumvarpinu. Það verður að vera hafið yfir allan vafa að þær stofnanir sem falin er framkvæmd laga skilji vel grundvallarleikreglur á markaðinum og tapi sér ekki í orðhengilshætti yfir nafnbreytingum á fyrirtækjum eða einstökum þáttum í starfsemi þeirra.

Umræðan hér að framan bendir til þess að núverandi löggjöf taki mörgu leyti til þeirrar stöðu sem komin er upp á fjölmiðlamarkaðinum og ekki sé þörf á nýrri löggjöf þess vegna. Hins vegar er ljóst að mikilvægt er að hægt sé að treysta því að stofnanir ríkisins taki á þeim málum sem upp koma og að allir séu þar jafnir.

c. Staða ríkisútvarpsins

Frumvarpið tekur með engum hætti á stöðu RÚV. Nauðsynlegt er að heildstæð fjölmiðlalöggjöf fjalli einnig um þennan aðila sem hefur sérstöðu á markaðinum og hefur að sumu leyti sinn eigin markað. Margir hafa haft horn í síðu afnotagjalda og talið að lausnin fælist í því að færa útvarpið yfir á föst fjárlög. Slíkt væri glapræði því að þar með hyrfi kostnaðurinn augum almennings, þó svo að hann væri óbreyttur. Með afnotagjöldum á einstaklinga er þó ákveðið keyri á forráðamenn RÚV að laga sig að raunverulegum tekjum eins og fyrirtæki almennt þurfa að gera.

Um þetta fyrirtæki eða stofnun mætti skrifa miklu lengra mál, en í ljósi þess hve knappur tími er til að skila umsögn verður þetta að nægja að sinni.

Aðrar leiðir

Hér að framan eru leiddar líkur að því að fjölmiðlalögin séu óþörf hvað varðar samkeppnisþáttinn. Á samkeppnisyfirvöldum hvílir hins vegar skylda til þess að fjalla um málið og þau virðast ekki ætla að hafa frumkvæði í málinu. Hluti vandans kann því að liggja í stjórnsýslunni.

Um aðrar leiðir má benda á eftirfarandi kafla úr grein Páls Þórhallssonar lögfræðings úr Morgunblaðinu 2. maí síðastliðinn:

„Ef menn telja að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sé slík ógnun við frjálst upplýsingastreymi og skoðanamyndun að tafarlausra aðgerða sé þörf væri ein leið að koma strax á fót sjálfstæðri stjórnsýslustofnun sem leysti útvarpsréttarnefnd af hólmi. Hún gæti þegar í stað byrjað eftirlit á grundvelli ákvæðis gildandi laga um að útvarpsstöðum beri að hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og „stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum". Eftir því sem gildandi leyfi renna út væri svo hægt að skilgreina betur, áður en þau eru auglýst aftur, til hvers nákvæmlega er ætlast af leyfishöfum, varðandi til dæmis vægi frétta og innlendrar dagskrárgerðar. Það mætti hugsa sér að sett yrði jafnframt sem skilyrði að innri reglur tryggðu sjálfstæði fréttastjórnar gagnvart eigendum.

Þessi leið væri í góðu samræmi við það sem helst gerist erlendis og engin hætta á að brotið væri gegn stjórnarskránni eða Mannréttindasáttmála Evrópu. Að auki þyrfti auðvitað að hafa nákvæmt eftirlit með því að almennar samkeppnisreglur séu ekki brotnar í krafti markaðsráðandi stöðu og ítaka á auglýsingamarkaði. Eins þyrfti auðvitað að skoða betur þann möguleika að setja almennar reglur sem giltu um alla fjölmiðla til að koma í veg fyrir að einn aðili legði undir sig of stóran hluta af skoðanamótandi fjölmiðlum."

Páll Þórhallsson, Morgunblaðið, sunnudaginn 2. maí, 2004 – **Helgar tilgangurinn meðalið?** Höfundur starfar sem lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins.

Reyndar hafa áhyggjur manna ekki beinst að því að ekki komist að ólík sjónarmið heldur miklu frekar að fréttaflutningurinn sé litaður af hagsmunum og skoðunum eigendanna. Í þessu sambandi má benda á ummæli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í fyrrnefndri Morgunblaðsgrein þar sem hann bendir á leiðir til úrbóta:

„1. Fréttastjórar á hverjum hinna þriggja fjölmiðla hafa þann starfa að reka óháða fréttastofu sem gætir hlutleysis og réttlætis í fréttaflutningi. Það ber þó að hafa það í huga að hlutverk fréttastofu er að flytja fréttir en ekki breiða út hugmyndir sínar um hlutleysi eða réttlæti.

2. Stofnað verði fjölmiðlaráð sem vakir yfir fréttaflutningi fjölmiðlanna þriggja og gæti þess að hann sé innan hlutleysis- og réttlætismarka. Fjölmiðlaráðið yrði skipað þremur mönnum tilnefndum af félagasamtökum og óvilhöllum stofnunum; til dæmis Neytendasamtökunum, Háskóla Íslands og Blaðamannafélagi Íslands.

3. Ritstjórnir fjölmiðlanna þriggja, Fréttablaðsins, DV og Stöðvar 2/Bylgjunnar, verði með öllu óháðar hver annarri. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja fjölbreytni í afstöðu og umfjöllun. Möguleg samlegðaráhrif af sameiningu fyrirtækjanna verða að nást í gegnum aðra rekstrarliði."

Jón Ásgeir Jóhannesson, Morgunblaðið, miðvikudaginn 7.1.2004 – **Eignarhald fjölmiðla og hagsmunir samfélagsins.**

Þessi sjónarmið helsta eiganda Norðurljósa ættu menn að skoða vel. Staðan nú er þannig að mikið vantraust er á því að miðlarnir séu óháðir eigendum sínum eins og sjá má í grein Stefáns Hafsteins hér að ofan. Aðgerðir af því tagi sem hér er vísað til mega því ekki vera bundnar geðþóttaákvörðun eiganda heldur yrðu þær að eiga sér stoð í lögum. Því má telja eðlilegt að löggjafinn myndi binda slíkar reglur í lög.

Niðurstaða

Af ofangreindu má draga eftirfarandi ályktanir:

1. Ástæða er til þess að grípa til aðgerða á fjölmiðlamarkaði til þess að eyða efa um það að eigendur markaðsráðandi fjölmiðla hafi áhrif á ritstjórnir þeirra og fréttaflutning.
2. Sterkar líkur benda til þess að nú þegar hafi skapast staða á markaðinum þar sem Norðurljós séu markaðsráðandi aðili og Samkeppnisstofnun ætti að grípa inn í. Líklegt er að stofnunin ætti að skilja að ljósvaka- og dagblaðarekstur.
3. Fyrirliggjandi tillögur um lagabreytingar virðast því óþarfar til þess að bregðast við núverandi samþjöppun, ef Samkeppnisstofnun sinnir sínu hlutverki.
4. Ólíklegt er að aðskilnaður ljósvakamiðla og dagblaðaútgáfu leiði einn og sér til gjaldþrots. Hins vegar er ljóst að rekstur fjölmiðla almennt er erfiður við núverandi aðstæður.
5. Rétt væri að huga að því að lögfesta einhvers konar fjölmiðlaráð sem ætti að tryggja það að ritstjórnir markaðsráðandi fjölmiðla séu óháðar eigendum.
6. Nauðsynlegt er að fest séu í lög ákvæði sem tryggja að Ríkisútvarpið skekki ekki samkeppnisaðstöðu á fjölmiðlamarkaði og að rekstur þess verði eins og rekstur venjulegs

fyrirtækis á samkeppnismarkaði. Sá árangur myndi til dæmis nást með því að selja fyrirtækið.

Fylgiskjal VI.

Umsögn Verslunarráðs Íslands.

(7. maí 2004.)

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Verslunarráð hefur haft þá skoðun að reglur um viðskiptalífið eigi að vera almennar, gegnsæjar og eins einfaldar og tilefni gefst til. Einungis þannig er hægt að tryggja jafnræði meðal atvinnugreina og mestu hagkvæmni á hverjum tíma.

Markmið frumvarpsins er að tryggja fjölbreytta og sjálfstæða fjölmiðla. Sú leið sem valin er felst í því að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með ýmsum hætti. Verslunarráð dregur í efa að ofangreint frumvarp sé til þess fallið að ná markmiðum sínum.

Verslunarráð telur að fjölmiðlafyrirtæki lúti samkeppnisreglum eins og önnur fyrirtæki. Verslunarráð furðar sig á því að eftir síauknar heimildir samkeppnisyfirvalda og ítarlegri samkeppnisreglur þá telji menn nú að þær almennu samkeppnisreglur nái ekki til fyrirtækja í fjölmiðlun.

Verslunarráð telur að með frumvarpinu sé gengið miklu mun lengra en nauðsynlegt er telji menn brýnt að kveða á um eignarhald á fjölmiðlum í löggjöf.

Verslunarráð gerir eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins:

Að mati ráðsins er ákvæði 1. gr. a. afar íþyngjandi og til þess fallið að hefta raunverulega þróun á fjölmiðlamarkaði.

Fyrirtæki í öðrum rekstri:

Íslensk fyrirtæki hafa svo áratugum skiptir verið mikilvæg kjölfesta fjölmiðlunar hérlendis á markaði sem hefur einkennst af meiri ríkisumsvifum en í flestum nágrannalöndum okkar. Verslunarráð telur ekki að fjölbreytni útvarps og sjónvarps stafi ógn af eignarhaldi fyrirtækja í annars konar rekstri. Þvert á móti mætti ætla að aðkoma fyrirtækja á ýmsum sviðum að fjölmiðlun gæti leitt til meiri fjölbreytni.

Fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu:

Verslunarráð telur ekki rétt að meina fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu þátttöku í útvarpsrekstri. Þrátt fyrir umtalsverð ríkisumsvif og algera fjárhagslega yfirburði ríkisstöðvanna hefur mikil gróska verið í einkafjölmiðlum og vel á annan tug öflugra fyrirtækja hafa lagt fé í þá. Verði nýtt frumvarp að lögum verður flestum þessara fyrirtækja gert erfitt að fjárfesta í starfsemi af þessu tagi vegna markaðshlutdeildar sinnar á öðrum sviðum. Á eins litlum markaði og sá íslenski er liggur ljóst fyrir að fjölmörg fyrirtæki geta talist markaðsráðandi á sínum sviðum, jafnvel lítil fyrirtæki. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir aðkomu samkeppnisyfirvalda við mat á því hvort fyrirtæki teljist markaðsráðandi en í ljósi ákvarðana samkeppnisyfirvalda undanfarin ár má ætla að túlkun þeirra á hugtakinu verði afar víðtæk.

25% eignarhlutur:

Verslunarráð telur þessa reglu afar íþyngjandi og takmarka mjög möguleika á einkarekstri í fjölmiðlun. Þá dregur Verslunarráð í efa að raunhæft sé að einblína svo mjög á eignarhaldið

sem slíkt. Því má velta fyrir sér hvort að eignarhald fyrirtækis í fjölmiðli hafi endilega meiri áhrif í skilningi frumvarpsins heldur en t.a.m. lánveitingar fyrirtækisins til fjölmiðilsins. Verslunarráð telur engin rök til þess að takmarka eignarhald á fjölmiðlum með þessum hætti.

Útvarpsleyfi/útgáfa dagblaðs:

Verslunarráð telur að þær takmarkanir sem settar eru á möguleika fyrirtækja til að eiga bæði ljósvakamiðla og dagblöð séu óskynsamlegar og komi í veg fyrir að fyrirtæki á þessum markaði fái að þróast í samræmi við breytta tíma.

Verslunarráð telur að 1. gr. frumvarpsins sé ekki til þess fallin að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði en geti hins vegar dregið úr gegnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.

Í greinargerð með frumvarpinu koma ekki fram hugmyndir um hvert skipulag fjölmiðlamarkaðarins kemur til með vera tveimur árum eftir að frumvarpið verður að lögum. Vangaveltur um slíkt hljóta þó að teljast mikilvægar við svo viðamikla skipulagsbreytingu og hér er lögð til.

Verslunarráð telur að upplýsingar um afleiðingar frumvarpsins séu ófullnægjandi, bæði hvað varðar fyrirkomulag á fjölmiðlamarkaðinum og einnig hvað snertir hugsanlega skaðabótakröfu núverandi fjölmiðlafyrirtækja á hendur ríkinu.

Í greinargerð frá fjármálaráðuneyti kemur fram að verði frumvarpið að lögum hafi það óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs, og það þó verkefni útvarpsréttarnefndar aukist nokkuð. Verslunarráð dregur þessa spá ráðuneytisins í efa. Utanríkisráðherra hefur þegar lýst því í sjónvarpsviðtali (Kastljós 28/4/04) að verkefni samkeppnisyfirvalda muni aukast nái frumvarpið fram að ganga og aðspurður sagði hann meira fjármagn þurfa til Samkeppnisstofnunar.

Verslunarráði þykir það ótrúverðugt að kostnaður vegna frumvarpsins liggi ekki nú þegar fyrir.

Að lokum vill Verslunarráð ítreka afstöðu sína til ríkisrekstrar á fjölmiðlamarkaði. Ef menn telja að íslensk fjölmiðlun glími við vanda þá er sá vandi ekki fólginn í hlutafjárþátttöku fyrirtækja í einkafjölmiðlum heldur í algerri yfirburðastöðu ríkisfjölmiðla. Verði ofangreint frumvarp að lögum er hætt við að afleiðing einokunar RÚV komi enn frekar í ljós og stoðir einkarekstrar í fjölmiðlum veikist. Verslunarráð leggur á það áherslu að samkeppni á fjölmiðlamarkaði verður ekki nægilega tryggð fyrr en ríkið dregur sig úr rekstri á þessu sviði. Ríkisútvarpið hindrar einkaaðila í að komast inn á fjölmiðlamarkaðinn, bæði með því að vera í beinni samkeppni um dagskrárefni (sem ekki virðist vera í neinu samræmi við lögbundið hlutverk Ríkisútvarpsins) og einnig með harðri samkeppni á auglýsingamarkaði. Verslunarráð hefur lengi hvatt til þess að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að ríkið dragi sig úr rekstri þess.

Verslunarráð hvetur til þess að eignarhald á Ríkisútvarpinu verði skoðað með það að leiðarljósi að ríkið hverfi frá rekstrinum í einhverjum mæli.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráð Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.

(7. maí 2004.)

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, 974. mál.

Í upphafi er rétt að vekja athygli á því að Alþýðusambandinu barst frumvarpið, með ósk um umsögn, þann 6. maí. Þar var þess óskað að umsögn bærist eigi síðar 7. maí, eða rétt rúmum einum sólarhring síðar. Það er því ljóst að mjög takmarkaður tími hefur gefist til að skoða einstök efnisatriði frumvarpsins og möguleg áhrif, yrði það að lögum. Umsögn ASÍ hlýtur því eðli máls samkvæmt að einskorðast við grundvallaratriði, um leið og við leggjum áherslu að það málefni sem er til umfjöllunar er einkar mikilvægt og þarfnast því mun ítarlegri skoðunar og umræðu áður en ákvarðanir verða teknar. Slík umræða á jafnframt að hafa það að markmiði að ná sem víðtækastri samstöðu um efni málsins.

Alþýðusamband Íslands telur að mikilvægt sé að hefja víðtæka og vandaða umræðu um endurskoðun á löggjöf um stöðu og starfsemi fjölmiðla hér á landi. Inntak slíkrar umræðu á að vera að meta þörf fyrir fjölmiðlalöggjöf sem hefur að markmiði að treysta og efla vandaðan og sjálfstæðan fréttaflutning fjölmiðla, tjáningarfrelsið, fjölbreytni, gagnrýna umræðu og frjáls skoðanaskipti í landinu. Mikilvægi fjölmiðla, í sínum ólíku myndum, hefur sjaldan eða aldrei verið meira fyrir lýðræðið en einmitt nú.

Fjölmargir þættir koma til álita við endurskoðun löggjafar um fjölmiðla. Það gildir um eignarhald og yfirráð yfir fjölmiðlum og óæskilega samþjöppun á því sviði. Það gildir einnig um frelsi og sjálfstæði fréttastofa og ritstjórna og þær aðstæður sem starfsmönnum á fjölmiðlum eru almennt búnar. Það gildir jafnframt um samspil framangreindra þátta og margra annarra sem hér koma til álita.

Um framangreind sjónarmið er að því er best verður séð víðtæk samstaða, þvert á stjórnmálaflokka, viðhorf og hagsmuni í íslensku samfélagi.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er um margt mjög umdeilanlegt. Bent hefur verið á að alls óvíst sé að frumvarpið, verði það að lögum, verði til að efla starfsemi fjölmiðla hér á landi, auka fjölbreytni og lýðræðislega umræðu. Þvert á móti má færa rök fyrir því að sú nálgun sem er að finna í frumvarpinu geti leitt til þveröfugrar niðurstöðu. Í annan stað hefur verið bent á að efni frumvarpsins, eins og það er nú, gangi gegn ákvæðum og markmiðum stjórnarskrár lýðveldisins um tjáningar- og atvinnufrelsi. Í þriðja lagi hefur því verið haldi fram að efni frumvarpsins gangi gegn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist á þessu sviði.

Framangreind álitaefni ásamt fjölmörgum öðrum sem er að finna í fjölmiðlafrumvarpinu, kalla á vandaða og víðtæka umræðu um grundvallaratriði og útfærslu þeirra í löggjöf. Þar má engu til spara, hvorki tíma né lýðræðislega umræðu. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að hafa í huga að frumvarpið, verði það að lögum, getur haft mikil og neikvæði áhrif á atvinnu og hagi hundruða starfsmanna fjölmiðla sem eru starfandi hér á landi í dag. Sú staðreynd leggur enn ríkari skyldur á alla aðila að vanda til verka og að ákvörðun verði ekki tekin nema að vel yfirveguðu ráði.

Í ljósi þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið sett fram, leggur Alþýðusamband Íslands til að afgreiðslu þess frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi verði frestað. Jafnframt leggur Alþýðusambandið áherslu á að efnt verði til víðtækrar umræðu um stöðu og starfsumhverfi fjölmiðla hér á landi í framtíðinni, með þátttöku þeirra aðila sem starfa við fjölmiðla, stjórnmálamanna, fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, almannaheillasamtaka og annarra sem láta sig

málið varða, með það að markmið að skapa sem víðtækasta sátt um niðurstöðuna. Um inntak slíkrar umræðu vísast til þess sem fram kemur hér á undan. Alþýðusambandi Íslands er bæði ljúft og skylt að taka þátt í slíkri umræðu, enda varðar niðurstaða hennar hagsmuni félagsmanna þess með beinum og óbeinum hætti.

Virðingarfyllst,
F.h. Alþýðusambands Íslands,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn aðalfundar Bandalags háskólamanna.
(7. maí 2004.)

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. í gær, 6. maí 2004, varðandi umsögn um 974. mál, frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993. Eftirfarandi er umsögn aðalfundar Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið sem innan við sólarhringsfrestur er gefinn til þess að gefa en BHM barst boð allsherjarnefndar Alþingis um umsögn í gærkvöldi.

Málið var tekið fyrir á milli boðaðra dagskrárliða á aðalfundi – en aðalfundur BHM, sem haldinn er á tveggja ára fresti, var haldinn í dag, 7. maí 2004. Að tillögu fundarstjóra var málið sett í ad hoc nefnd sem skipuð var á fundinum, en í henni sátu eftirfarandi aðalfundarfulltrúar: Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Helgi Gestsson, fulltrúi Félags háskólakennara á Akureyri, Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Stéttarfélags lögfræðinga, Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, og Sigurjón Valdimarsson, formaður Félags tækniháskólakennara.

Nefndin ræddi málið á sérstökum fundi og lét í kjölfarið semja eftirfarandi umsögn sem dreift var á meðal um 100 aðalfundarfulltrúa og borin upp til atkvæða í heild sinni. Var umsögn þessi, svo breytt, samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum eftir umræður.

II

Bandalag háskólamanna tjáir sig að jafnaði ekki um þjóðfélagsmál nema málið tengist réttindum og kjörum félagsmanna aðildarfélaga BHM eða að um sé að ræða grundvallaratriði varðandi þjóðfélagsskipan eða lýðræði. Mat aðalfundur BHM samhljóða í sérstakri atkvæðagreiðslu að hér væri um að ræða slíkt grundvallaratriði og lætur BHM því málið til sín taka.

III

Aðalfundur BHM telur meðferð málsins í ríkisstjórn, fyrir Alþingi og með þessum skamma fresti til umsagnar um málið ekki boðlega og ekki standast leikreglur lýðræðisins. BHM telur rétt að stofnanir bandalagsins og aðrar þjóðfélagsstofnanir fái lengri frest til þess að fjalla um svo veigamikið mál – bæði frumvarpið sjálft og þá ítarlegu skýrslu sem fylgir sem fylgiskjal með frumvarpinu. Gerir bandalagið ráð fyrir að geta veitt frekari efnislega umsögn um málið

í haust þegar gefist hafa nokkrar vikur eða mánuðir til rökstuddrar umfjöllunar í stofnunum BHM.

IV

Þrátt fyrir afar skamman og gagnrýnisverðan frest til þess að gefa umsögn um málið telur aðalfundur BHM sér fært að ályktа eftirfarandi um málið efnislega.

Að því er hina pólitísku hlið málsins varðar telur aðalfundur BHM eðlilegt að rætt verði almennt um hvort nauðsyn sé frekari löggjafar um eignarhald og hringamyndun á Íslandi – en ekki aðeins á tilteknum sviðum, svo sem á sviði fjölmiðlunar eins og í þessu tilviki. Í þeirri umræðu – hjá þingi og þjóð – þarf að fara fram altæk umræða um það efni og fagleg umræða um stöðu fjölmiðla og áhrif á Íslandi.

Varðandi lagalega hlið málsins telur aðalfundur BHM að verndarhagsmunir, er lúta að frelsi til fjölmiðlunar, séu aðrir og meiri en þegar rætt er um framboð á vöru og þjónustu almennt; verndarhagsmunir almennt lúta einkum að því að samkeppni stuðli að fjölbreytni og góðu verði fyrir neytendur. Verndarhagsmunir á sviði fjölmiðlunar lúta hins vegar fremur að frjálsri tjáningu, skoðanamyndun og áhrifum á þjóðfélagsþróun. Að því sögðu telur aðalfundur BHM vafa leika á því að frumvarp það sem hér er til umsagnar standist stjórnarskrána (stjskr.).

Í fyrsta lagi vísar aðalfundur BHM til 1. mgr. 65. gr. stjskr. þar sem jafnræðisregla er skráð. Áður en jafnræðisregla var skráð í stjskr. 1995 var henni beitt af Hæstarétti í máli er beindist einmitt að félagsmönnum aðildarfélaga BHMR eins og samtökin nefndust þá (H 1992:1962). Taldi meiri hluti (5:2) Hæstaréttar að áunninn réttur yrði ekki skertur með svo sértækum hætti eins og þar var reynt. Telur aðalfundur BHM álitamál hvort lög – eins og frumvarp þetta hefur verið rökstutt – teljist nægilega almenns eðlis til þess að standast jafnræðisreglu stjskr.

Í öðru lagi vísar aðalfundur BHM til 73. gr. stjskr. sem mælir nú fyrir um tjáningarfrelsi en ekki einungis prentfrelsi eins og áður var. Þar segir að ritskoðun og „aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi“ megi aldrei í lög leiða. Telur aðalfundur BHM vafa leika á að með frumvarpi þessu séu uppfyllt skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjskr. fyrir skorðum á tjáningarfrelsi.

Í þriðja lagi telur aðalfundur BHM álitamál hvort skilyrði 1. mgr. 75. gr. fyrir skerðingu á atvinnufrelsi teljist uppfyllt með því að „almannahagsmunir“ krefjist þess sem lagt er til í frumvarpinu.

Loks telur aðalfundur BHM í fjórða lagi að sá skammi frestur (2 ár) sem veittur er til þess að laga sig að kröfum frumvarpsins, verði það að lögum, valdi því að frumvarpið teljist að líkindum svo afturvirkt og harkalegt gagnvart tilteknum aðilum að vafasamt sé hvort það samræmist eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjskr. – enda sé meginreglan sú að þá skuli lagafrumvarp mæla fyrir um bótaskyldu og málsmeðferð við mat á bótum.

Ekki hefur gefist tækifæri til þess að meta af hálfu aðalfundar BHM hvort frumvarpið standist alþjóðlegar eða yfirþjóðlegar skuldbindingar og hvetur BHM því enn til þess að Alþingi gefi ráðrúm til þess að það verði kannað til hlítar.

Aðalfundur BHM 7. maí 2004 mælir eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. aðalfundar BHM 7. maí 2004,

Gísli Tryggvason, framkvæmdarstjóri BHM.

Fylgiskjal IX.

Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
(7. maí 2004.)

5. maí sl. barst BSRB til umsagnar frumvarp til laga um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum. Óskað var eftir að svar bærist eigi síðar en 7. maí.

Frumvarp sem felur í sér tillögur um grundvallarbreytingar á íslenskum fjölmiðlamarkaði krefst ítarlegrar skoðunar. Á þessum skamma tíma sem gefinn er næst ekki að setja málið í skoðun og umræðu innan samtakanna eins og nauðsynlegt er þegar um jafn viðmikið mál er að ræða.

BSRB telur að þetta mál þurfi ítarlega skoðun og umræðu og eru samtökin reiðubúin að leggja sitt af mörkum verði tekin ákvörðun um að skjóta því á frest.

F.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir.

Fylgiskjal X.

Umsögn Þorbjarnar Broddasonar.
(7. maí 2004.)

Með bréfi þessu sendi ég umbeðna umsögn um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög.

Jafnvel þótt ég leitist við að koma þar að því helsta sem mér þykir skipta máli þá liggur mér ýmislegt fleira á hjarta um málið, auk þess sem eitthvað sem kemur fram í umsögninni kynni að kalla á skýringar.

Ég vil því lýsa mig fúsan að ganga á fund allsherjarnefndar ef hún svo óskar.

Með bestu kveðju
Þorbjörn Broddason.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000 og samkeppnislögum, nr. 8/1993.

Í upphafi skal tekið fram að hin mikla samþjöppun sem blasir við á ýmsum sviðum viðskipta og sem nú gætir mjög á vettvangi einkarekinna fjölmiðla, hlýtur að vera umhugsunarefni öllu lýðræðissinnuðu fólki. Þetta ástand kallar á opna og upplýsta umræðu og eiga stjórnvöld þakkir skildar fyrir það frumkvæði að láta taka saman mjög fróðlega greinargerð um eignarhald á fjölmiðlum sem mun, ásamt öðrum gögnum, reynast hinn þarfasti grundvöllur umræðunnar. Að þessu sögðu skal því bætt við að fátt eða ekkert bendir til þess að þörf sé á skyndilöggjöf til að bregðast við ástandinu. Við höfum allt að vinna og engu að tapa á yfirvegaðri málsmeðferð. Í því sambandi er full ástæða til að hugleiða eftirfarandi varnaðarorð

sem finna má í inngangi ofannefndrar greinargerðar: „Er óhjákvæmilegt að greinargerðin beri þess nokkur merki að nefndinni hefur verið markaður fremur þröngur tímarammi.“

Tíunda grein mannréttindasáttmála Evrópu er ofarlega í huga þeirra sem tjá sig um eignarhald á fjölmiðlum um þessar mundir. Hún er sögð marka rammann fyrir fjölbreytni á vettvangi fjölmiðlanna í álfunni, enda leggi hún einstökum ríkjum þá ótvíræðu skyldu á herðar að vernda og efla margradda fjölmiðlun. Þessa umræddu grein mannréttindasáttmálans má túlka á þann veg að hún fjalli ekki einungis um frelsi einstakra fjölmiðla, heldur um skylduna að tryggja fjölbreytni skoðana og viðhorfa og varðveita margleitni menningarinnar í þágu lýðræðis og frjáls flæðis upplýsinga til alls almennings.

Í núgildandi útvarpslögum, sem eru að stofni til frá árinu 1985, er útvarpsréttarnefnd falin framkvæmd mikilvægra verkefna. Gat svo virst í upphafi sem nefndin hefði allrúmt umboð til að móta starfssvið sitt. Í 3. mgr. 6. gr. laganna segir:

> „Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði.“

Ég hef litið svo á að í þessu orðalagi fælist heimild til nefndarinnar að móta almenn skilyrði fyrir leyfum, þar með talið um fjölda leyfa á hverjum stað á hverjum tíma. Á þetta hefur þó nær aldrei reynt vegna þess að stefna nefndarinnar var frá upphafi mótuð í anda afskiptaleysis og óheftrar samkeppni. Eftirfarandi var haft eftir fyrsta (og nær eina) formanni nefndarinnar (Morgunblaðið, 19. júlí 1987):

> „Útvarpsfrelsi byggist á sömu forsendum og prentfrelsi og annað tjáningarfrelsi. Það orkar því mjög tvímælis hvort sérstök lög þurfi um þessa tegund tjáningar. Þetta tel ég að eigi að taka til endurskoðunar þegar útvarpslögin falla úr gildi í lok ársins 1988. Almenn prent- og meiðyrðalöggjöf ætti að ná yfir ábyrgð á efni og einungis þyrfti að setja reglur um úthlutun tíðnisviða.“

Framkvæmdin hefur nær undantekningarlaust verið í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu því útvarps- og sjónvarpsleyfi hafa verið afhent öllum sem hafa vildu. Útvarpsréttarnefnd hefur því í raun haldið á lofti fána stjórnleysis nær óslitið í tæpa tvo áratugi. Þessi stefna – eða stefnuleysi – á sinn þátt í þeirri stöðu sem nú blasir við í íslenskum fjölmiðlum, jafnvel þótt margir aðrir skýringarþættir komi einnig við sögu. Skýrt dæmi um erfiðleika sem útvarpsréttarnefnd átti þátt í að skapa snemma á ferli sínum (vissulega með atbeina ráðherra úr tveim ólíkum ríkisstjórnum) er „Málefni Sýnar hf.“ eins og það heitir í ársskýrslu útvarpsréttarnefndar 1992–1994. Þetta fyrirtæki hafði orðið sér úti um eftirsóknarverða senditíðni fyrir sjónvarp og ógnaði árið 1991 stöðu Stöðvar 2 sem greip til þess örþrifaráðs að kaupa Sýn hf. þrátt fyrir bágan eigin fjárhag og enga þörf fyrir aðra rás á þessum tíma. Í skýrslu útvarpsréttarnefndar 1992–1994 er þannig sagt frá (þess ber að geta að 1991 til 1993 var útvarpsréttarnefnd undir stjórn hins formannsins sem kemur við sögu hennar):

> „Í samningi sem gerður var samhliða útvarpsleyfi Sýnar hf. dags. 25. júlí 1991 var sett það skilyrði að innan tveggja ára hefði eignarhlutur Íslenska útvarpsfélagsins hf. minnkað úr 70% í 20%.“
>
> Í júlí 1993 leitaði Útvarpsréttarnefnd eftir upplýsingum um hvort að ofangreind skilyrði hefðu verið uppfyllt. Samkvæmt upplýsingum frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. var 80% hlutafjár í Sýn hf. selt til þriggja einstaklinga og þar með átti Íslenska útvarpsfélagið hf. 20% hlutafjár eins og kveðið er á í ofangreindum samningi. Útvarpsleyfi Sýnar hf. rennur út 25. júlí 1996.“

Kaupendur hlutafjárins voru þrír lögfræðingar sem voru í stjórn Íslenska útvarpsfélagsins, en seljandi mun hafa átt endurkauparétt innan tiltekins árafjölda. Þessi tilraun útvarpsréttarnefndar til að efla fjölbreytni og sjálfstæði í ljósvakanum rann þannig út í sandinn. Nokkrum árum síðar keypti Stöð 2 annan keppinaut, Stöð 3, fyrir háar upphæðir til þess eins að losna við hann af markaðnum. Spyrja má hvort þessi viðskipti öll hafi ekki farið í bága við h. lið 3. málsgreinar 6. greinar útvarpslaganna sem hefst þannig:

„Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila ...“

Hafi því ekki verið að heilsa hefði Alþingi verið í lófa lagið að skýra orðalag í þessari grein til að styrkja valdsvið útvarpsréttarnefndar. Ekki er um seinan að bæta úr þessu og mætti til dæmis fara í smiðju hjá Finnum með þetta atriði og önnur. Þar gildir sú sáraeinfalda regla að verði breytingar á hlutafjáreign í fyrirtækjum sem hafa útvarpsleyfi sem leiða til þess að nýir eigendur fái ráðandi hlut, falla leyfin úr gildi (grg. fjölmiðlanefndar). Aðra einfalda reglu hafa Finnar sett sér sem ég tel til mikillar fyrirmyndar og er á þá leið þeir einir mega neyta atkvæðisréttar í útgáfuhlutafélagi sem skrá hluti sína opinberlega (um þetta má lesa í stórgóðri bók, World Press Trends 2003).

Í upphafi athugasemda sem fylgja frumvarpinu, sem hér er til umræðu, er kveðið fast að orði um lykilhlutverk fjölmiðla í nútímalýðræðisþjóðfélagi:

„Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi. Þeir eru því mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis.“

Ekkert er ofsagt þarna. Frumvarpið er sagt byggt á því að íslensk löggjöf eigi að vernda aðgang almennings að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum. Verði frumvarpið að lögum óbreytt er eigi að síður hætt við að skammtímaafleiðingar þess verði ekki aðeins þveröfugar, heldur jafnframt svo róttækar að aldrei muni reyna á megin frumvarpsins til að ná því markmiði „að fjölbreytni í fjölmiðlum sé nægilega tryggð hér á landi til lengri tíma litið“ svo aftur sé vitnað til athugasemda við frumvarpið.

Nefnd um eignarhald á fjölmiðlum kastar fram mörgum hugmyndum að leiðum til að ná fram þeim markmiðum sem hún hefur að leiðarljósi. Í frumvarpinu er valin ein þessara leiða og er hún ein sér, eins og hún birtist þar, alvarlegum annmörkum háð. Hér skulu nefndir tveir; annars vegar er ekki tekið á gegnsæi eignarhalds, en það tel ég brýnasta skrefið og hið fyrsta sem ætti að stíga. Í öðru lagi getur ákvæðið um fortakslausa útilokun fyrirtækja með markaðsráðandi stöðu af einhverju tagi frá eignarhlut í ljósvakamiðlum valdið miklum erfiðleikum við fjármögnun útvarps- og sjónvarpsreksturs.

Niðurstaðan gæti orðið sú að fátæklegra verði um að litast á vettvangi íslenskra fjölmiðla; þeir verði færri og veikari eftir en áður og starfsfólk þeirra óöruggara um sinn hag. Ef ég hugsa mér að litið sé yfir sviðið svo sem ári eftir samþykkt laganna freistast ég til að grípa til klisjukenndrar samlíkingar: Uppskurðurinn heppnaðist en sjúklingurinn dó. Gjaldþrot eins eða fleiri einkarekinna fjölmiðla í kjölfar þeirrar uppstokkunar, sem frumvarpið krefst, hefur ekki endilega í för með sér eflingu þeirra miðla sem eftir lifa. Vaxandi atvinnuleysi í starfsgreininni spillir starfsanda og skapar óvissu, einnig meðal þeirra sem enn halda vinnu sinni. Vissulega getur þessi svartsýni mín orðið sér til skammar, en ég hef ekki síst í huga að nú lifa 15 einkareknar hljóðvarpsstöðvar af 41 sem stofnuð hefur verið frá árinu 1986; ekki færri en fjögur dagblöð hafa kvatt okkur á fáum árum; fjórar sjónvarpsstöðvar hafa hætt starfsemi frá 1997; allir fjölmiðlar Norðurljósasamsteypunnar römbuðu á barmi gjaldþrots til skamms tíma og Ríkisútvarpið er rekið með stöðugum halla. Loks dylst engum að Morgunblaðsmenn eiga á brattann að sækja þessi misserin.

Á fundi í Reykjavík miðvikudaginn 5. maí lýsti bandarískur lögfræðingurinn Floyd Abrams því að hin fyrirhugaða löggjöf sem hér er til umræðu muni skapa Íslendingum algera sérstöðu meðal þjóða heims (hann notaði alþjóðlega lýsingarorðið „*unique*“ í þessu sambandi) nái hún fram að ganga. Satt mun það vera, en Abrams láðist hins vegar að geta þess (enda ekki inntur eftir því) að núverandi útvarpslöggjöf (eða framkvæmd hennar) skapar Íslendingum líklega jafnmikla sérstöðu með þeim losarabrag sem nú viðgengst. Með samþykkt frumvarpsins færumst við því öfganna á milli.

Undir lok títtnefndrar greinargerðar um eignarhald á fjölmiðlum reifa höfundarnir hugmynd um fjölmiðlastofnun. Fljótt á litið virðist ekki sérlega brýnt að koma á laggirnar einni stofnuninni enn í ríkisapparatinu, en ef þar væri safnað saman verkefnum sem þegar er sinnt, eða nauðsynlegt verður að sinna í kjölfar endurskoðunar á útvarpslögum og samkeppnislögum, jafnframt því að annast söfnun, varðveislu, greiningu og úrvinnslu á staðtölulegum fróðleik sem Hagstofa Íslands hefur sinnt með miklum ágætum til þessa, gæti Fjölmiðlastofnun hreinlega haft sparnað í för með sér. Þar mundi einnig vera sinnt ýmsum nauðsynlegum erlendum samskiptum og Fjölmiðlastofnun gæti tengst rannsóknaheiminum með skipulegum hætti og þannig haft milligöngu um fjölmiðlafræðilegar rannsóknir þar sem meðal annars yrði svarað spurningum um innihald, notkun og áhrif fjölmiðlanna af því tagi sem varpað hefur verið fram í hita umræðnanna undanfarnar vikur. Kennsla og rannsóknir á sviði fjölmiðlafræða og blaðamennsku eru af eðlilegum ástæðum mjög að sækja í sig veðrið og sér þess stað í Háskóla Íslands, Kennaraháskólanum og Háskólanum á Akureyri. Allir þessir skólar gætu lagt Fjölmiðlastofnun lið og notið góðs af tilveru hennar.

Hvað ber að gera?

- Flýtum okkur hægt.
- Göngum úr skugga um að leiðirnar séu í samræmi við markmiðin.
- Víkkum sjónarhornið; lítum á stöðu blaðanna, Ríkisútvarpsins og nýrra miðla.
- Tryggjum með löggjöf algert gegnsæi eignarhalds á öllum fjölmiðlum.
- Tryggjum með löggjöf að útvarpsleyfi falli sjálfkrafa niður við eigendaskipti, hvað sem öðru líður.
- Eflum þekkingu á fjölmiðlum.

Fylgiskjal XI.

Umsögn Stefáns Geirs Þórissonar, hrl.

Eignarhald á fjölmiðlum og EES-samningurinn

Er ég fór að skoða skýrslu nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum vakti það undrun mína að ekkert var minnst á EES-samninginn og möguleg áhrif hans á málefnið. Á fundi sem Lögfræðingafélag Íslands hélt sl. fimmtudag bar ég fram fyrirspurn til formanns nefndarinnar, þar sem ég spurðist fyrir um af hverju ekkert væri fjallað um EES-reglur í skýrslunni. Í kjölfarið birtist við mig stutt viðtal í Fréttablaðinu. Ég varð strax var við að fólk átti erfitt með að skilja viðtalið, enda málið ekki einfalt. Ég tel því rétt að gera tilraun til að bæta úr með stuttri blaðagrein.

EES-samningurinn samanstendur í grundvallaratriðum af meginmáli samningsins, bókunum og viðaukum. Tveir síðarnefndu hlutarnir fela í sér gríðarlega breytingu á íslenskum rétti

í formi aðlögunar að regluverki Evrópusambandsins, sem tekur sífelldum breytingum. Meginmál EES-samningsins hefur síðan að geyma reglur sem virðast einfaldar á yfirborðinu. Til að skilja þær til hlýtar er hins vegar nauðsynlegt að skoða þúsundir dómafordæma Evrópudómstólsins og nokkra dóma EFTA-dómstólsins sem eiga það sameiginlegt að skýra skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Ekki síst fyrir þá sök gerbreytti EES-samningurinn íslenskum rétti og aðferðafræði lögfræðinnar. Mér hefur virst að kollegar mínir margir líti þetta furðuverk hornauga og vilji jafnvel sem minnst af þessum reglum vita.

Svokallaðar frelsisreglur eru grunnreglur samkvæmt samningnum. Upprunalega hugmyndin með slíkum reglum í Evrópusambandinu var að afnema hindranir á viðskipti t.d. vöru og þjónustu milli aðildarríkjanna. Þá fólu reglurnar í sér frelsi til að „flytja“ atvinnustarfsemi milli aðildarríkjanna með heimild til að stofnsetja atvinnurekstur hvar sem er innan Sambandsins. Grunnhugsunin með reglunum var að efla viðskiptafrelsi milli aðildarríkjanna á þeirri grundvallarforsendu að bann var lagt við allri mismunun á grundvelli þjóðernis. Evrópudómstóllinn í Lúxemborg hefur í áranna rás túlkað þessar reglur og þróað. Dómstóllinn hefur í túlkunum sínum á þessum reglum gengið inn á brautir sem höfundum hinna upprunalegu samninga um Evrópubandalagið hefði líklega ekki órað fyrir. Skýrustu dæmin um þetta er að finna í dómum dómstólsins sem fjalla um grundvallarreglur um frelsi í vöru- og þjónustuviðskiptum og reglurnar um stofnsetningu. Fjölmörg dómafordæmi eru t.d. til, þar sem dómstóllinn hefur metið hvort löggjöf aðildarríkis samrýmist þjónustufrelsisákvæðum Rómarsamningsins, þegar löggjöfin er til þess fallin að banna eða hindra á annan hátt frelsi aðila sem veitir sambærilega þjónustu í öðru aðildarríki. Þetta hefur dómstóllinn gert í fjölda tilvika jafnvel þó landslöggjöfin feli ekki í sér neins konar mismunun á grundvelli þjóðernis. Áhersla dómstólsins hefur þannig í auknum mæli verið fólgin í að leggja mat á hvort mögulega sé verið að hindra aðgang að þeim markaði sem um ræðir. Evrópudómstóllinn hefur þannig í raun tekið sér vald til að endurskoða málefni sem a.m.k. einhverjir ráðamenn aðildarríkjanna hafa talið að féllu utan valdsviðs Evrópubandalagsins, við lítinn fögnuð ráðamanna þeirra. Ég tel að stutt reifun á nýlegum dómi Evrópudómstólsins sé til þess fallin að varpa ljósi á þetta. Hinn 11. september 2003 var kveðinn upp dómur í máli Associacno Nacional de Operadores de Máquinas Recreativas (Anomar) o.fl. gegn portúgalska ríkinu. Portúgölsk lög áskilja ríkinu réttinn til að hagnýta og reka spilavíti og aðra fjárhættuspilastarfsemi. Ríkið veitir síðan leyfi til reksturs spilavíta og annarrar fjárhættuspilastarfsemi á ákveðnum svæðum sem tilgreind eru í lögunum. Þannig var um að ræða hefðbundið leyfisveitingakerfi. Samtök rekstraraðila spilavíta í Portúgal og 8 portúgölsk fyrirtæki sem starfa á sama sviði höfðuðu mál gegn portúgalska ríkinu þar sem þau töldu sig eiga rétt á að reka spilavíti utan þeirra svæða sem lögin kváðu á um. Það var mat dómstólsins, að hin portúgölsku lagaákvæði væru líkleg til að hindra það, að aðilar í öðrum aðildarríkjum sem eru í sambærilegum rekstri veittu þjónustuna í Portúgal, þannig að í bága færi við 49. gr. Rómarsamningsins um frjáls þjónustuviðskipti. Niðurstaða dómstólsins réðist síðan af því að almannahagsmunir voru taldir réttlæta takmörkunina sem fólst í lögunum.

Grunnreglur þjónustufrelsisreglnanna og stofnsetningarréttarins eru sambærilegar að því leyti sem reynt er að skýra þær hér að framan. Frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum felur í sér mjög víðtækar takmarkanir á því viðskiptafrelsi sem EES-samningurinn kveður á um samkvæmt ofangreindu. Með vísan til þeirra röksemda sem fram koma hér að ofan, fela þær í sér takmarkanir sem telja verður að brjóti gegn ákvæðum EES-samningsins um stofnsetningarrétt, jafnvel þó þær feli ekki í sér mismunun á grundvelli þjóðernis. Ýmis sjónarmið almannahagsmuna geta síðan mögulega réttlætt takmarkanir af þessu tagi, svo sem samkeppnissjónarmið, menningarsjónarmið og þörfina á að viðhalda fjölbreytni á fjölmiðla-

markaði. Þegar slík sjónarmið eru metin verður þó að hafa í huga meðalhófsregluna, þ.e. takmarkanirnar mega ekki ganga lengra en nauðsyn ber til. Vart fæst séð að þær takmarkanir sem frumvarpið kveður á um þurfi að ganga jafnlangt og raun ber vitni, til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með lögunum.

Evrópudómstóllinn hefur í fjölda dóma fjallað um frelsi til að senda og taka á móti sjónvarpsútsendingum og í nokkrum dómum hefur dómstóllinn fjallað um lög aðildarríkjanna um eignarhald á fjölmiðlum, sbr. t.d. dóma dómstólsins frá 18. júní 1991 í Elliniki Radiophonia Tiloraii – Anonimi Etairia gegn Dimotiki Etairia Plirofrissis og Sotirios Kouvelas annars vegar og hins vegar frá 5. júní 1997 í VT4 gegn Vlaamse Gemeenschap.

Þá má geta þess að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur í langan tíma verið að skoða hvort rétt sé að setja samræmdar reglur um eignarhald á fjölmiðlum og hefur mikil umræða átt sér stað um málið á vettangi Evrópusambandsins. Árið 1992 var samin ítarleg skýrsla undir heitinu Fjölbreytni og samþjöppun fjölmiðla á innri markaðnum. Í skýrslunni kom m.a. fram að ólík löggjöf aðildarríkjanna um eignarhald á fjölmiðlum skapaði vandamál fyrir þróun innri markaðarins. Viðleitni framkvæmdastjórnarinnar í þessum efnum leiddi til þess að fyrir nokkrum árum voru í tvígang samin drög að tilskipun um eignarhald á fjölmiðlum, sem aðildarríkin hafa enn ekki náð samkomulagi um. Að sjálfsögðu gæti slík tilskipun mögulega leitt til þess að löggjöf allra EES-ríkjanna breytist stórkostlega.

Ekkert af þessum atriðum eru reifuð í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar þó tilefni hafi verið til. Frumvarpið ber einnig með sér að ekkert tillit virðist hafa verið tekið til EES-samningsins, er það var samið.

Fylgiskjal XII.

Páll Þórhallsson:

Helgar tilgangurinn meðalið?

(Morgunblaðið 2. maí 2004.)

Það hefur verið mikið vitnað undanfarna daga til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. (99) 1 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Það má örugglega segja að þau voru allmerkur áfangi í mótun evrópskrar fjölmiðlastefnu en vissulega verður að skoða þau í samhengi við það sem á undan fór og eftir hefur komið. Enn fremur verður að hafa í huga að stefnumótun Evrópuráðsins á þessu sviði undanfarna áratugi hefur verið margþætt og er fjölbreytni fjölmiðla einungis eitt af mörgum umfjöllunarefnum. Önnur eru til dæmis frelsi blaðamanna, höfundarréttur, aðgerðir gegn kynþáttahatri í fjölmiðlum og valdmörk ríkisins gagnvart fjölmiðlum bæði í sambandi við sjálfstætt almenningsútvarp og úthlutun útvarpsleyfa. Tilmæli og ályktanir ráðherranefndarinnar eru oft mörg ár í undirbúningi enda ekki alltaf auðvelt að ná samkomulagi yfir fjörutíu ríkja í málaflokki sem varðar grundvallarleikreglur í lýðræðisríkjum.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi í lagalegum skilningi en þau geta haft þýðingu við skýringu á Mannréttindasáttmála Evrópu og dæmi eru um að Mannréttindadómstóllinn vitni í þau sem vísbendingu um evrópsk viðmið á tilteknu sviði. Tilmælin hafa einnig sannað gildi sitt þegar ráðgjöf er veitt til nýfrjálsra ríkja Mið- og Austur-Evrópu. Kemur sér vel að hafa texta í bakhöndinni með pólitískt vægi sem útlistar meginreglur til

dæmis um frelsi fjölmiðla sem þykja sjálfsagðar í rótgrónum lýðræðisríkjum en nýnæmi þar eystra. Samtök sem berjast fyrir frelsi og sjálfstæði fjölmiðla vitna jöfnum höndum í dóma Mannréttindadómstólsins og tilmæli Evrópuráðsins þegar gagnrýndir eru stjórnarhættir í ríkjum þar sem lýðræðið er enn ekki burðugt.

En Evrópuráðið beinir auðvitað sjónum sínum ekki einungis í austurátt. Því var til dæmis vel tekið ekki alls fyrir löngu að Lúxemborg ákvað að senda lagafrumvarp um fjölmiðla til Evrópuráðsins til umsagnar til að tryggja að það stæðist kröfur ráðsins og væri æskilegt að fleiri Vestur-Evrópuríki gerðu slíkt hið sama.

Gamalt viðfangsefni.

En víkjum þá aftur að fjölbreytni fjölmiðla sem hefur verið viðfangsefni Evrópuráðsins í áratugi. Snemma á áttunda áratugnum beindist athyglin að fækkun dagblaða vegna fjárhagsörðugleika og samruna í mörgum Evrópulöndum. Ráðherranefnd Evrópuráðsins brást við með samþykkt ályktunar nr. (74) 43 um samþjöppun á dagblaðamarkaði. Þar segir í formála að ráðherranefndin trúi því að fréttir og skoðanir eigi að koma úr ýmsum áttum enda sé það afar mikilvægt fyrir rétt almennings til upplýsinga sem tryggður er með 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu. Ef dagblöðum sem hafa eigin ritstjórn fækki eða ef raunhæf yfirráð yfir þeim safnist á fáar hendur þá geti það hugsanlega vegið að rétti almennings á grundvelli 10. greinar. Að sama skapi er vísað til þess að aðstæður séu mjög misjafnar milli landa af landfræðilegum ástæðum, vegna sögu, hefða og efnahagsástands. Þær aðgerðir sem mælt var með voru einkum í formi styrkja til veikburða dagblaða en jafnframt tekið fram að ríkisstjórnir aðildarríkjanna hefðu að sjálfsögðu lokaorðið um hvort gripið yrði til slíks.

Tuttugu árum síðar samþykkti Evrópuráðið tilmæli nr. (94) 13 um aðgerðir til að stuðla að gagnsæi fjölmiðla. Tekið er fram í skýringum að gagnsæi á markaði þessum sé mikilsvert skilyrði til að tryggja og efla fjölbreytni. Vísað er til þess að þróun á fjölmiðlamarkaði geri það að verkum að það verði æ erfiðara að greina hverjir séu í aðstöðu til að hafa áhrif á efni þeirra í krafti eignarhalds eða viðskiptatengsla. Því sé brýnt að auka gagnsæi og gera þannig almenningi kleift að meta gildi upplýsinga út frá því hvaða hagsmunir kunni að búa að baki og stjórnvöldum að framfylgja lögum á þessu sviði til dæmis að því er varðar hömlur við samþjöppun.

Útvarp í almannaþágu.

Samhliða þessu beindist athygli Evrópuráðsins í vaxandi mæli að útvarpsmálum og hvert ætti að vera hlutverk ríkisins á tímum þar sem ríkiseinokun var víðast hvar aflétt og einkarekstur leyfður. Svarið er að finna í tilmælum nr. (96) 10 um hvernig tryggja beri sjálfstæði útvarps í almannaþágu. Þar segir að útvarp í almannaþágu (líkt og Ríkisútvarpið) eigi að geta gegnt lykilhlutverki sem þáttur í fjölbreyttri fjölmiðlun þar sem það sé aðgengilegt öllum og bjóði upp á fjölbreytta dagskrá á sviði upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar. Nauðsynlegt sé að tryggja að slík stofnun sé sjálfstæð og óháð. Til dæmis skuli eftirlitsnefndir (líkt og útvarpsráð á Íslandi) ekki hafa fyrirfram eftirlit með dagskrá og þeir sem sitja í slíkum nefndum skuli skipaðir á gagnsæjan og lýðræðislegan hátt og þess sé gætt að sem heild gæti slík nefnd almannahagsmuna.

Evrópuráðið hefur einnig beint sjónum að hlutverki stjórnvalda sem fara með úthlutun útvarpsleyfa og lagt áherslu á að komið verði á fót sjálfstæðum stjórnvöldum sem hafin séu yfir pólitísk átök. Í tilmælum nr. (2000) 23 um sjálfstæði og hlutverk stjórnvalda á útvarpssviðinu segir þannig að setja beri reglur sem tryggi að þeir sem eiga sæti í opinberum eftirlitsnefndum

sem hafi með höndum úthlutun útvarpsleyfa séu ekki undir áhrifum frá pólitískum öflum né séu þeir í slíkum tengslum við fjölmiðafyrirtæki að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Þar segir enn fremur að skilgreina beri með skýrum hætti í lögum hver séu helstu skilyrði fyrir því að fyrirtæki öðlist útvarpsleyfi og fái það endurnýjað. Í skýringum með tilmælunum segir að útgáfa útvarpsleyfa sé venjulega eitt helsta verkefni stjórnvalda á þessu sviði. Í því felist mikil ábyrgð vegna þess að val á rekstraraðilum ráði úrslitum um jafnvægi og fjölbreytni á þessu sviði fjölmiðlunar. „Jafnvel þótt rásum eigi eftir að fjölga mjög vegna stafrænnar tækni, þá er sem stendur að vissu leyti skortur á rásum til sjónvarpsútsendinga og þess vegna er nauðsynlegt í almannaþágu að úthluta þeim til þeirra aðila sem bjóða besta þjónustu. Að auki gefur úthlutun leyfa færi á að tryggja að útvarpsfyrirtæki þjóni tilteknum almannahagsmunum eins og vernd ungmenna og fjölbreytni," segir þar enn fremur.

Dómaframkvæmd varðandi útvarpsleyfi.

Allnokkur dómaframkvæmd liggur fyrir hjá Mannréttindadómstólnum um rétt þeirra sem sækja um slík útvarpsleyfi. Stefnumarkandi dómur var kveðinn upp 24. nóvember 1993 í máli Informationsverein Lentia gegn Austurríki þar sem kærandi lét reyna á einkarétt ríkisins til útvarpsrekstrar. Þar segir að aðildarríkjunum sé heimilt að stýra útvarpsmálum, einkum af tæknilegum ástæðum. En einnig megi gera leyfisveitingu háða því til dæmis hvert sé eðli og tilgangur stöðvar og hverjir séu mögulegir áhorfendur/hlustendur. Ríkiseinokun sé til þess fallin að stuðla að gæðum og jafnvægi í dagskrá og er jafnramt minnt á að ríkið hafi skyldum að gegna við að tryggja fjölbreytni einkum og sér í lagi varðandi sjónvarp vegna útbreiðslu þess.

Tekið er fram að ríkiseinokun sé mest íþyngjandi af öllum þeim leiðum sem fara megi til að tryggja þau markmið sem að er stefnt. Þess vegna verði hún ekki réttlætt nema ríkar ástæður komi til. Dómstóllinn hafnaði því að slíkar ástæður væru fyrir hendi. Reynsla annarra ríkja, jafnvel fámennra ríkja, sýndi að til væru minna íþyngjandi aðferðir eins og að binda leyfi því skilyrði að dagskrá væri fjölbreytt eða veita einkaaðilum með einhverjum hætti aðgang að starfsemi opinberrar stöðvar. Þá hélt austurríska stjórnin því fram að markaður þar í landi væri of smár fyrir margar stöðvar þannig að hætta væri á samþjöppun og „einkaeinokun". Dómstóllinn hafnaði þessu enda sýndi reynsla annarra ríkja að opinberar stöðvar og einkastöðvar gætu þrifist hlið við hlið.

Athyglisverður er dómur í máli Demuth gegn Sviss frá 5. nóvember 2002. Einstaklingur kvartaði undan því að hafa ekki fengið úthlutað leyfi til að reka kapalsjónvarpsstöð helgaða bílum, akstri og umferðarmálum. Samkvæmt svissneskum lögum mátti einungis úthluta útvarpsleyfum til þeirra sem byðu upp á alhliða dagskrá. Kærandi tapaði reyndar málinu fyrir Mannréttindadómstólnum en röksemdir dómsins eru eigi að síður athyglisverðar.

Fram kemur að dómstóllinn lítur enn sem fyrr á að leyfisveitingakerfi eins og það sem er við lýði í Sviss geti stuðlað að gæðum og jafnvægi í dagskrá og sé því sem slíkt réttlætanlegt. „Með tilliti til hinna miklu áhrifa á almenning mega stjórnvöld freista þess að koma í veg fyrir einhliða framboð einkasjónvarpsstöðva." Þá tók dómstóllinn fram að ákvörðunin um að veita ekki leyfi hefði ekki verið fortakslaus og útilokaði ekki slíka leyfisveitingu í eitt skipti fyrir öll.

Ályktanir.

Af ofangreindu má draga eftirfarandi ályktanir:

1. Takmarkanir á því hverjir geta sótt um útvarpsleyfi eru íhlutun í tjáningarfrelsi og teljast ekki heimilar nema þær uppfylli skilyrði 2. mgr. 10. gr. MSE. Það þýðir að þær verða að

vera byggðar á lögum, þjóna lögmætu markmiði og vera það sem kallað er „nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi“.

2. Fjölbreytni í fjölmiðlun er lögmætt markmið sem réttlætt getur stjórnun útvarpsmála umfram tæknileg atriði. Heimilt er til dæmis að setja skilyrði um að sjónvarpsstöð bjóði upp á alhliða dagskrá.
3. Ríki sem herðir mjög skilyrði fyrir því að veitt séu útvarpsleyfi verður að rökstyðja hvers vegna aðrar vægari leiðir voru ekki færar til að ná sömu markmiðum. Er þá gjarnan litið til reynslu annarra landa af svipaðri stærð. Einnig yrði tekið til skoðunar á grundvelli jafnræðisreglna hvers vegna sumir megi sækja um leyfi en aðrir ekki og hvort sú mismunun sé málefnaleg.
4. Reglur mega ekki vera það fortakslausar að þær útiloki með öllu að tilteknir aðilar geti fengið útvarpsleyfi. Þótt ekki komi það fram í ofangreindum dómum má velta því fyrir sér hvort reglur, sem víða er að finna í útvarpslögum ríkja um að tilteknir aðilar eins og stjórnmálaflokkar og trúfélög geti ekki sótt um leyfi, standist samt ekki út frá því sjónarmiði að þessir aðilar séu líklegir til að bjóða upp á mjög einhliða dagskrá.

Íslensk útvarpspólitík.

Skýrsla fjölmiðlanefndarinnar tók á fjölmiðlageiranum í heild og er hægt að vísa til hennar varðandi mismunandi leiðir til að stemma stigu við samþjöppun á markaðnum. Þær eru þó fæstar jafn róttækar og frumvarp ríkisstjórnarinnar. Frumvarp ríkisstjórnarinnar varðar hins vegar einungis skipan útvarpsmála og er vert að víkja örfáum orðum að þeim málaflokki.

Þegar íslensk útvarpspólitík eins og hún birtist í útvarpslögunum og framkvæmd þeirra er borin saman við það sem gerist erlendis er eitt og annað sem vekur athygli.

1. Ríkisútvarpið er enn ekki nógu sjálfstætt. Kemur þar sjálfsagt margt til. Eitt af því er að ríkisstjórnarmeirihluti hverju sinni skipar meiri hluta útvarpsráðs á meðan víðast hvar erlendis, sbr. einnig tilmæli Evrópuráðsins nr. (96) 10, hefur verið fundið fyrirkomulag sem tryggir að slík ráð gæti almannahagsmuna en ekki hagsmuna ríkisstjórnar eða stjórnarflokka. Það þætti til dæmis ekki góð latína á Evrópuvettvangi að pólitískt skipað útvarpsráð fjallaði um umsóknir um stöður fréttamanna.
2. Stýring og eftirlit með handhöfum útvarpsleyfa er í lágmarki. Stofnanir sambærilegar útvarpsréttarnefnd erlendis hafa gjarnan á að skipa öflugu starfsliði sem undirbýr útboð leyfa, hefur eftirlit með reglum til dæmis um auglýsingar og takmarkanir á sýningu ofbeldisefnis, safnar upplýsingum um markaðinn og óskir neytenda. Þessar stofnanir hafa með sér samtök á Evrópuvísu, European Platform of Regulatory Authorities (www.epra.org), þar sem skipst er á skoðunum um framkvæmd reglna sem eru í raun svipaðar frá einu landi til annars vegna tilskipunar ESB um sjónvarp án landamæra og samsvarandi sáttmála Evrópuráðsins. Íslendingar eru ein af fáum Evrópuþjóðum sem ekki sækja þessa fundi og ber það kannski vott um að menn hafa allt of lengi kært sig kollótta um þennan markað, þau vandamál sem upp koma við stýringu hans og það jafnvægi sem þarf að finna milli ólíkra hagsmuna.
3. Samþjöppun eignarhalds vekur auðvitað athygli líka en utan frá séð mætir það samt skilningi. Í erlendum skýrslum hefur verið talað um að það þurfi marga milljarða króna á ári til að reka alhliða sjónvarpsstöð og það sér hver maður að færri ráða við slíkt hjá smáþjóð heldur en hjá milljónaþjóðum. Þeir sem búa við samþjöppunina virðast heldur ekki sammála um að fjölbreytni efnis og þá einkum fréttaefnis sé neitt minni en áður.

Brýnar úrbætur.

Brýnustu úrbæturnar frá mínum bæjardyrum séð væru því þær að efla stjórnsýslu útvarpsmála til þess að tryggja að þeir mikilsverðu almannahagsmunir sem útvarpslögin kveða á um séu ekki fyrir borð bornir.

Ef menn telja að samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sé slík ógnun við frjálst upplýsingastreymi og skoðanamyndun að tafarlausra aðgerða sé þörf væri ein leið að koma strax á fót sjálfstæðri stjórnsýslustofnun sem leysti útvarpsréttarnefnd af hólmi. Hún gæti þegar í stað byrjað eftirlit á grundvelli ákvæðis gildandi laga um að útvarpsstöðum beri að hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og „stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum". Eftir því sem gildandi leyfi renna út væri svo hægt að skilgreina betur, áður en þau eru auglýst aftur, til hvers nákvæmlega er ætlast af leyfishöfum, varðandi til dæmis vægi frétta og innlendrar dagskrárgerðar. Það mætti hugsa sér að sett yrði jafnframt sem skilyrði að innri reglur tryggðu sjálfstæði fréttastjórnar gagnvart eigendum.

Þessi leið væri í góðu samræmi við það sem helst gerist erlendis og engin hætta á að brotið væri gegn stjórnarskránni eða Mannréttindasáttmála Evrópu. Að auki þyrfti auðvitað að hafa nákvæmt eftirlit með því að almennar samkeppnisreglur séu ekki brotnar í krafti markaðsráðandi stöðu og ítaka á auglýsingamarkaði. Eins þyrfti auðvitað að skoða betur þann möguleika að setja almennar reglur sem giltu um alla fjölmiðla til að koma í veg fyrir að einn aðili legði undir sig of stóran hluta af skoðanamótandi fjölmiðlum.

Fylgiskjal XIII.

Umsögn Norðurljósa hf. ásamt álitsgerð fimm lögmanna.

(10. maí 2004.)

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis var Norðurljósum og dótturfélögum þess gefinn kostur á að koma að umsögn sinni um fyrirliggjandi frumvarp um breyting á útvarpslögum og samkeppnislögum. Með bréfi Norðurljósa 5. þ.m. var leitað eftir framlengingu á fresti til 17. maí en á það hefur ekki verið fallist af nefndinni en þess í stað var með tölvupósti þeim eindregnu tilmælum beint til umsagnaraðila að þeir skiluðu 10. maí, fimm dögum eftir að óskað var umsagnar.

Ljóst er að efni fyrirliggjandi frumvarps beinist að rekstri Norðurljósa og dótturfélaga þess, þó svo að það sé klætt í búning hins almenna. Félagið hefur ítrekað leitað eftir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnvöld vegna umfjöllunar um lagasetningu á fjölmiðla. Stjórnvöld hafa hins vegar ekki leitað eftir því fyrr en með bréfi dags. 4. þ.m. og þá með afar þröngum tímamörkum. Félagið harmar þetta og telur að með þessari málsmeðferð sé hugsanlega brotinn réttur á því og öllum þeim sem hagsmuni hafa af rekstrinum. Þrátt fyrir þessa annmarka á málsmeðferð stjórnvalda og Alþingis hefur félagið tekið saman umsögn um málið. Mikilvægt er hins vegar að geta þess að með rýmri tíma hefði verið hægt að skoða og meta alla þætti málsins og þá sérstaklega fjárhagsleg áhrif og afleiðingar sem samþykkt frumvarpsins kynni að hafa á rekstur Norðurljósa og dótturfélaga þess.

Norðurljós fólu Lögmönnum Mörkinni að taka saman álitsgerð varðandi frumvarpið. Fjallar álitsgerðin fyrst og fremst um lögfræðileg álitaefni. Fylgir hún með bréfi þessu og er

hluti umsagnar Norðurljósa. Norðurljós hafa líka áður sent öllum alþingismönnum umsögn lögmannanna Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur.

Í bréfi þessu verður hins vegar fyrst og fremst fjallað um rekstrarleg atriði eftir því sem kostur er á svo stuttum tíma sem gefinn er til umsagnar. Þá verður nokkuð fjallað almennt um afstöðu til lagasetningar á fjölmiðla.

I.

Rekstrarumhverfi fjölmiðla á Íslandi hefur mótast af sterkri stöðu Ríkisútvarpsins. Á það sérstaklega við eftir að einkaréttur ríkisins á rekstri ljósvakamiðla var afnuminn. Allur almenningur er þvingaður til að greiða Ríkisútvarpinu útvarpsgjald að viðlögðum viðtækjamissi, auk þess er stofnunin fyrirferðarmikil á auglýsinga- og kostunarmarkaði. Með ábyrgð ríkissjóðs hefur Ríkisútvarpið getað mætt samkeppni einkarekinna fjölmiðla. Á þetta hefur ítrekað verið bent en án aðgerða stjórnvalda. Á sama tíma og Ríkisútvarpið undirbýður keppinauta sína á auglýsingamarkaði fær það heimild til að hækka útvarpsgjaldið. Þegar ríkisvaldið hefur synjað Ríkisútvarpinu um hækkun útvarpsgjalds eins og gerðist á árinu 2002 þegar ríkisvaldið var að reyna að ná markmiðum sínum varðandi hjöðnun verðbólgu bætti það Ríkisútvarpinu upp tekjutapið með 150 milljóna króna eingreiðslu. Einkareknir fjölmiðlar sem ekki töldu sig geta hækkað áskriftir sínar á sama tíma fengu engar bætur frá hinu opinbera. Var þó innlegg þeirra til hjöðnunar verðbólgu ekki minna. Á þessu ári hefur útvarpsgjaldið verið hækkað tvisvar og afleiðingin er líklega helst sú að það veðri til að dragi úr kaupum almennings á áskriftum að öðrum ljósvakafjölmiðlum.

Flestir fjölmiðlar sem hafa verið settir á stofn undanfarin ár hafa verið veikburða í rekstri sínum og oftar en ekki orðið gjaldþrota. Þetta er þó varla lögmál enda má sjá af rekstri Árvakurs útgáfufélags Morgunblaðsins, að ef traustir hluthafar eru bakhjarlar rekstursins getur hann gengið svo áratugum skiptir. Það var í ljósi þess sem núverandi eigendur Norðurljósa komu að rekstri Fréttar ehf. fyrir um einu og hálfu ári síðan og að rekstri Íslenska útvarpsfélagsins fyrir um hálfu ári síðan. Viðskiptahugmyndin var sú að forða félögunum frá gjaldþroti, endurfjármagna rekstur þeirra og koma rekstrinum svo í hendur nýrra eigenda með skráningu í Kauphöll Íslands. Með samstarfi við lánardrottna Norðurljósa var þessum hugmyndum komið í framkvæmd. Allir lögðu sitt af mörkum. Nýir hluthafar í Norðurljósum lögðu fram einn milljarð króna í reiðufé, sem nýtt hlutafé, og fjármálastofnanir endursömdu um lán félagsins sem öll voru í vanskilum frá miðju ári 2003. Gert var ráð fyrir að skrá félagið í Kauphöll Íslands á næsta ári og að núverandi hluthafar myndu þá minnka hlutaeign sína eða hverfa alveg úr hluthafahópi félagsins.

Norðurljós eru móðurfélag þriggja dótturfélaga. Stærsti hluti skulda er í móðurfélaginu en á móti er eignarhlutur í dótturfélögunum þar sem reksturinn er sem skilar móðurfélaginu arði til greiðslu lána og arðs til hluthafa. Ástæða þess að félagið er skipulagt með þessum hætti er margþætt. Í fjölmiðlafyrirtæki er brýnt að varðveita sjálfstæði ritstjórna og tekjuöflunar með sölu áskrifta eða auglýsinga. Var það skoðun nýrra eigenda Norðurljósa að það væri best gert með því að hver hluti væri sjálfstæður en ætti viðskipti sín á milli með hefðbundnum hætti eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þannig voru ritstjórnir blaðanna og fréttastofa ljósvaka ekki sameinaðar né heldur auglýsingasöludeildir. Sameiginlegt hagræði er annars vegar að finna í ýmsum nýjungum sem eru að verða á sviði fjölmiðlunar um netið og vegna annarra tækniframfara og hins vegar í því að geta með kerfisbundnum hætti náð að skapa fjölbreyttara vinnuumhverfi fyrir starfsmenn samstæðunnar með því t.d. að gefa þeim tækifæri á að færast til í starfi. Stærsta hagræðið af uppbyggingu félagsins var hins vegar að hafa breiddina, og stærðina til að gera félagið skráningarhæft í kauphöll. Það er öllum ljóst að til

að hægt sé að skrá fyrirtæki í kauphöll þarf það að vera yfir ákveðnum stærðarmörkum að rekstrarumfangi og hafa stöðugleika. Þannig væri fyrirtæki sem eingöngu væri í ljósvakarekstri eða eingöngu í dagblaðaútgáfu ekki skráningarhæft sökum einhæfni og smæðar. Saman gæti það hins vegar gengið og með Skífunni sem þriðju stoð væri markmiðinu náð þó það síðastnefnda ætti að öðru leyti lítið skylt við fjölmiðla.

Með samþykki frumvarpsins verður ekkert af þeim áformum að skrá fjölmiðlafyrirtæki í kauphöll hér á landi. Starfsmenn og tryggir viðskiptavinir félaga Norðurljósa, svo sem M-12 félagar Íslenska útvarpsfélagsins geta því ekki eignast hlut í félagi sem þeir hafa staðið dyggilega að baki. Þá verður að telja að Íslenska útvarpsfélagið muni búa við svo mikla réttaróvissu varðandi leyfisveitingar að ekki komi til þess að fjárfestar og lánardrottnar muni við það una. Frumvarpið, ef að lögum verður, kemur í veg fyrir dreifða eignaraðild að alvöru fjölmiðlafyrirtæki hér á landi.

II.

Heildarvaxtaberandi skuldir Norðurljósa nema um 5.700 m.kr. Eins og fyrr segir er stærstur hluta þeirra í móðurfélaginu en rekstur og eignir í dótturfélögum. Til að skipta félaginu upp þarf því að skipta skuldum móðurfélagsins á milli dótturfélaganna með einhverjum hætti. Látið hefur verið að því liggja að í opinberri umræðu að undanförnu að það sé hægðarleikur. Slíkar fullyrðingar eru rangar og settar fram af þekkingarleysi. Skuldirnar eru við nokkra lánardrottna og þyrftu þeir að koma sér saman um hvernig skuldirnar myndu skiptast milli dótturfélaganna og taka þá tillit til núverandi forgangsraðar skuldanna og svo hversu álitleg þeir sjái einstök dótturfélög sem lántaka til framtíðar litið. Má í þessu sambandi nefna að í lok síðasta árs var álitið að Íslenska útvarpsfélagið væri mjög góður og traustur lántakandi, þar sem félagið hefði yfir að ráða tíðnum sem nota mætti til útvarps (sjón- og hljóðvarps) og engar takmarkanir væru eða hefðu verið á útgáfu útvarpsleyfa hér á landi frá því er einkarekin ljósvakamiðlun var gefin frjáls árið 1985. Með fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar ljóst að stjórnvöld eru reiðubúin til að breyta þessari mikilvægu forsendu rekstrarins með afgerandi hætti sem leiðir til þess að lánveitendur munu breyta mati sínu á útvarpsrekstri til tjóns fyrir lántaka.

Þá er þess jafnframt að geta að í flestum lánasamningum er gjaldfellingarákvæði sem snúa m.a. að því að heimilt er að gjaldfella lán ef meiri háttar breyting verður á rekstrarumhverfi, breyting verður á eignarhaldi eða til sölu eigna kemur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að breyting verði á öllum þessum þáttum og munu eigendur félagsins og starfsmenn þá eiga allt sitt undir lánveitendum um hvernig megi vinna sig út úr þeirri stöðu.

III.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að því verði settar umtalsverðar takmarkanir hverjir megi eiga fjölmiðlafyrirtæki. Þá er afturvirkni í frumvarpinu sem kveður á um að núverandi eigendur Norðurljósa skuli sumir hverjir selja sig út úr félaginu innan tveggja ára. Með þessu er vegið að hagsmunum núverandi hluthafa því þeim er gert skylt að selja en jafnframt takmarkað hverjir eru til þess hæfir að kaupa hlutaféð.

IV.

Umræða um hvort nú þurfi að setja eigi lög um starfsemi fjölmiðla hér á landi hefur ekki farið fram með þeim hætti sem sæmir lýðræðisríkjum. Slík umræða er hins vegar nauðsynleg, þar sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands tryggir fjölmiðlum grundvallarréttindi, sem almenni löggjafinn getur ekki skert nema aðrir og meiri almannahagsmunir, almenningsþörf eða

almannaheill kalli á. Ekkert slíkt er í húfi. Fjölmiðlum er ætlað að veita aðhald eins og margoft hefur verið bent á, hvort sem það er atvinnulíf eða stjórnmálamenn.

Að undanförnu hafa einstakir stjórnmálamenn rökstutt þá afstöðu sína að setja þurfi lög sem takmarka athafnafrelsi fjölmiðla með því að vitna í skrif einstakra dagblaða um ráðherra í ríkisstjórn. Fjölmiðlar eru bundnir af margháttuðum reglum um það hversu langt megi ganga í umfjöllun í fjölmiðlum um einstaklinga og lögaðila. Þeir sem telja umfjöllun fjölmiðla ranga eða meiðandi hafa ekki gert neitt til að leita réttar síns að þessu leyti t.d. með málskoti til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands eða dómstóla, sem stjórnvöld hafa ítrekað sagt á undanförnum vikum að einstaklingar og lögaðilar verði að leita til vilji þeir ekki una gerðum eða ákvörðunum ríkisvaldsins. Umfjöllun í fjölmiðlum um stjórnmálamenn, einstaklinga og atvinnufyrirtæki sem kann að vera óþægileg er hluti tjáningarfrelsisins sem ekki má takmarka með leyfisveitingum. Atvinnufyrirtækjum, stjórnmálamönnum og einstaklingum er tryggður réttur að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þeim fjölmiðli sem þeir telja ganga á hlut sinn. Hins vegar vill svo undarlega til að nokkrir hérlendir stjórnmálamenn kjósa að setja þá fjölmiðla sem þá gagnrýna í talbann eða gera lítið úr þeim með uppnefnum og reyna með því og árásum á blaðamenn viðkomandi miðla að gera þá ótrúverðuga. Bush forseta Bandaríkjanna og félögum hans í Íraksstríðinu liði örugglega mun betur í dag, ef hinir frjálsu fjölmiðlar heimalanda þeirra birtu ekki myndir af hrottaskap herliðs þeirra í Írak gagnvart föngum þar í landi.

Fjölmiðlar eiga tilvist sína undir þeim trúverðugleika sem þeir hafa að mati lesenda eða áhorfenda. Reglur settar af ríkisvaldinu eiga þar ekki að koma nærri. Ekkert opinbert eftirlit getur komið að notum þar. Fjölmiðlar sjálfir kunna hins vegar að setja sér reglur sem er til þess fallin að auka á traust neytenda sinna. Möguleiki er á að koma á samskiptareglum ritstjórna við lesendur með því t.d. að gera þeim sem telja á sig hallað í umfjöllun fjölmiðils auðveldara að fara fram á leiðréttingu eða annarri úrlausn sinna mála. Í fjölmiðlasögu Íslendinga eru fjölmörg dæmi um að fjölmiðlar sem hafa miðlað upplýsingum með hlutlausum og yfirveguðum hætti og gætt að því að öll helstu sjónarmið komist að, hafa haldið trausti lesenda og áhorfenda. Ekki er þörf á opinberri ritskoðun.

Með alveg sama hætti og afskipti stjórnmálamanna eða ríkisvaldsins eiga ekki að vera á frjálsum fjölmiðlum, má færa fyrir því rök að fyrirtæki séu í erfiðri stöðu þegar kemur að trúverðugleika fjölmiðla sem þau eiga aðild að. Grundvallarmunur er þó þar á og leiðir hann af þeirri staðreynd að ef úr trúverðugleika fjölmiðla í eigu einkaaðila dregur þá bitnar það á fjárhagslegri afkomu eigendanna. Opinber afskipti lúta ekki þessum sömu lögmálum. Einkaaðilar sem standa í fjölmiðlarekstri verða því að gæta þess að viðhalda trúverðugleika, að öðrum kosti minnkar eða hverfur eftirspurn eftir þeim. Opinber rekstur hefur sjaldnast áhyggjur af slíku.

Á meðal þess sem hefur verið til skoðunar hjá forsvarsmönnum Norðurljósa er að setja í samþykktir félagsins ákvæði um hámarkseign einstakra hluthafa. Þá hefur verið til skoðunar að koma á fót starfi umboðsmanns lesenda og áhorfenda með öðrum fjölmiðlum. Þannig setji fjölmiðlar sér sjálfir gegnsæjar reglur sem öllum séu ljósar. Að setja slíkt hins vegar undir væng ríkisvaldsins er eingöngu til að draga úr trúverðugleika og hlutleysi fjölmiðla. Aðeins þeir sem dásama opinber afskipti geta haldið öðru fram. Það er afstaða stjórnar félagsins að atriði sem þessi eigi að setja inn í eigin reglur félagsins áður en það er sett á markað og allir upplýstir um það. Breytingar eru einnig á valdi félagsins sjálfs en þá með þeim möguleika að það hafi áhrif á trúverðugleika og þar með traust þeirra sem nota viðkomandi fjölmiðla sér til upplýsingar.

V.

Frumvarpið hefur þegar sett í uppnám öll áform Norðurljósa um stafræna uppbyggingu sjónvarps- og hljóðvarps. Stafrænar útsendingar átti að hefja á Faxaflóasvæðinu þann 9. október næstkomandi á 18 ára afmæli Íslenska útvarpsfélagsins. Með stafrænni tækni er hægt að nýta hverja, rás til útsendinga á 4 til 8 dagskrám. Væru allar 16 MMDS rásir Íslenska útvarpsfélagsins gerðar stafrænar samtímis þýddi það að íbúum frá Akranesi til Grindavíkur og jafnvel á stærstum hluta Suðurlands gæfist kostur á að velja milli allt að 130 dagskrárrása. Að stórum hluta byggir stafrænt sjónvarp á endurvarpi erlendra sjónvarpsstöðva; sjónvarpsstöðva, þar sem eignarhaldið er allt annað en á Norðurljósum, enda leyfa aðstæður hér á landi ekki íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum að standa í mikilli innlendri dagskrárgerð. Endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva hlýtur að tryggja fjölbreytni, enda bjóða Norðurljós þá upp á sjónvarpsefni fyrir allan almenning, sem framleitt er af ólíkum aðilum í eigu fjölbreytts hóps fjölmiðla- og framleiðslufyrirtækja um víða veröld; sjónvarpsefni, sem þeir einir njóta nú, sem hafa komið sér upp móttökubúnaði fyrir erlent gervihnattasjónvarp, sem því miður felur oftar en ekki í sér margháttuð lögbrot af hálfu seljenda og notenda búnaðar og áskriftar að gervihattastöðvum, einkum að því er varðar sölu á aðgangi að dagskrám Sky og annarra evrópskra greiðslusjónvarpsstöðva.

Menntamálaráðherra, ráðherra útvarpsmála, hefur ekki látið skoða samkeppnisumhverfi íslenskra ljósvakamiðla. Fjölmiðlaskýrslan fjallar ekkert um sjónvarpsstarfsemi Landssímans eða Landsvirkjunar í gegnum fyrirtæki sín Fjarska og Íslandsmiðil. Landssíminn dreifir nú þegar dagskrám um 40 erlendra sjónvarpsstöðva um ljósleiðarakerfið sitt í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Húsavík undir heitinu Breiðvarp. Landssíminn þarf ekki útvarpsleyfi til þessarar starfsemi og honum eru engar takmarkanir settar um fjölgun rása eða dagskrá sem í boði geta verið, nema þá fjárhagslegar. Þær gætu þess vegna verið um þrjúþúsund, sem er sá fjöldi sjónvarpsdagskráa sem ná má frá gervihattastöðvum með tilheyrandi búnaði hér á landi. Starfsemi Landssímans á þessu sviði hefur hins vegar leitt til árekstra við sjónvarpsstarfsemi Íslenska útvarpsfélagsins t.d. í Hafnarfirði, þar sem Landssíminn neitar að flytja Fjölvarp Íslenska útvarpsfélagsins á breiðbandi sínu í Hafnarfirði og útilokar þar með alla samkeppni varðandi dreifingu erlendra gervihnattarása, þar sem íbúum þeirra hverfa er breiðband Landssímans nær til er óheimilt að setja loftnet á hús sín af skipulagsástæðum.

Landssíminn hyggst á næstu árum nýta sér ADSL-tækni til að dreifa sjónvarpi um koparlagnir sínar sem ná til 99,9% heimila í landinu. Landssímanum er jafnframt skylt að veita öðrum aðgang að þessu kerfi til fjarskipta. Til flutnings gagna, sem flytja hljóð og mynd, þarf ekki útvarpsleyfi því ekki er verið að dreifa útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, með rafsegulöldum. Hér er og verður á ferðinni gagnaflutningur í skilningi fjarskiptalaga. Sams konar starfsemi getur hitt fjarskiptafyrirtækið Og Vodafone tekið upp. Í reynd er það svo að þessi tvö fjarskiptafyrirtæki hafa í framtíðinni miklu meira um það að segja að þjóðin hafi aðgang að upplýsingum, sé upplýst, en hefðbundin útvarpsfyrirtæki.

Fjarski hefur byggt upp stafrænt sjónvarpskerfi á Faxaflóasvæðinu, sem með litlum tilkostnaði má stækka þannig að það nái til Akureyrar og annarra þéttbýlisstaða svo sem Egilsstaða. Í tilraunaskyni hefur Fjarski dreift erlendum gervihnattadagskrám um kerfi sitt en skort innlenda dagskrá til að dreifa. Ítrekað hefur verið leitað eftir því við Íslenska útvarpsfélagið að það flytji dagskrár stöðva sinna á kerfi Fjarska. Af því hefur ekki orðið þar sem það hefur verið talið of dýrt.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fjárfest í ljósleiðurum og fjarskiptabúnaði til gagnaflutnings, sem getur flutt sjónvarpsmerki mynd og hljóð en vantar efni. Hugmyndir munu þó uppi um að koma á laggirnar myndveitu einkum í formi Video On Demand.

Íslenskt sjónvarpsefni fyrir allar þessa dreifingaraðila, sem eru eins og rakið hefur verið opinberar stofnanir, verður ekki til, ef koma á í veg fyrir frjálst flæði fjármagns inn í ljósvakamiðla, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með vísan til alls sem að framan greinir telur stjórn Norðurljósa frumvarp um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum hreina tímaskekkju og til þess eins fallið að koma í veg fyrir þróun og frekari uppbyggingu öflugra einkarekinna fjölmiðla hér á landi.

Virðingarfyllst
f.h. stjórna Norðurljósa og dótturfélaga.

Skarphéðinn Berg Steinarsson *Sigurður G. Guðjónsson.*

Bréf til Norðurljósa hf. ásamt álitsgerð frá Lögmönnum Mörkinni
(9. maí 2004.)

Efni: Álitsgerð varðandi frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Við höfum í dag lokið við álitsgerð um ofangreint lagafrumvarp, sem unnin var samkvæmt beiðni stjórnar félagsins, og fylgir hún með bréfi þessu. Að vinnu við álitsgerðina komu fimm lögmenn skrifstofu okkar. Rétt þykir að vekja athygli á lokaorðum álitsgerðarinnar hér, en þau eru svohljóðandi:

> Við teljum ástæðu til að taka hér fram, að umsögn þessi er unnin á tíma sem okkur þótti alltof skammur til verkefnisins en helgast af þeirri einkennilegu áherslu sem lögð er á að ljúka meðferð frumvarpsins á Alþingi fyrir lok þings á þessu vori. Líklegt er þess vegna að margvísleg atriði hafi orðið út undan, þótt við höfum reynt að tína hér til margvísleg lögfræðileg álitamál og freistað þess að gera þeim skil. Við teljum að full ástæða hefði verið til að fara miklu nánar út í það hvers konar reglur kynni að vera rétt að setja um þetta svið hér á landi, reglur sem tækju hæfilegt tillit til allra aðstæðna á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Mjög lítið ráðrúm hefur gefist til að gaumgæfa ýmsar afleiðingar slíkrar lagasetningar, t.d. með tilliti til hugsanlegs tjóns sem af henni gæti leitt. Til samanburðar við þann mikla flýti sem meðferð þessa máls sætir á Alþingi á þessu vori má nefna að undirbúningur lagasetningar um þetta efni tók fjögur ár í Noregi. Mun þokkaleg sátt hafa tekist um efni löggjafarinnar þar, sem er mun rýmri en sú sem lögð er til í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Engu að síður liggur fyrir að Norðmenn hyggjast rýmka löggjöf sína frekar, svo sem fram kemur í skýrslu nefndar menntamálaráðherra.

Virðingarfyllst
f. h. Lögmanna Mörkinni ehf.

Ragnar Halldór Hall hrl.

ÁLITSGERÐ

Nokkur álitaefni varðandi frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.
(Tekið saman að beiðni Norðurljósa hf.)

1. Um greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi og aðdraganda að gerð lagafrumvarpsins.

1.1 Verkefni og starfshættir nefndarinnar

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var verkefni hennar "að skila greinargerð til menntamálaráðherra um það hvort tilefni sé til að setja sérstaka löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum. Nefndinni er einnig falið að semja frumvarp að slíkri löggjöf, verði það niðurstaða ráðherra að hennar sé þörf". Greinargerð nefndarinnar er fylgiskjal með frumvarpinu og því hefur verið haldið fram að efni frumvarpsins sé byggt á tillögum og ábendingum sem þar komi fram.

Nefndin var skipuð af menntamálaráðherra án þess að öðrum væri gefinn kostur á að tilnefna menn til setu í henni, og henni ætlaður mjög skammur tími til að ljúka verkefni sínu. Nefndinni tókst ekki að ljúka greinargerð sinni innan gefinna tímamarka og víkja nefndarmenn að þessu í inngangi greinargerðar innar, sjá bls. 6 í frumvarpinu. Þar segir m. a.:

> *Þegar vinna við greinargerðina hófst kom í ljós að viðfangsefni hennar [nefndarinnar] er umfangsmikið og þær leiðir, sem til greina koma, varða mörg og ólík réttarsvið. Þá er viðfangsefnið um sum atriði flókið og krefst að nokkru sérþekkingar á einstökum sviðum lögfræði og viðskipta, auk þekkingar á ýmsum tæknilegum hliðum fjölmiðlunar, sem sækja verður úr ólíkum áttum. Er óhjákvæmilegt að greinargerðin beri þess nokkur merki að nefndinni hefur verið markaður fremur þröngur tímarammi. ..... Nefndin bendir jafnframt á að við frekari lagalega og tæknilega útfærslu einstakra hugmynda og tillagna, sem settar eru fram í lokakafla greinargerðarinnar, gæti þurft að skoða einstök atriði frekar en hér er gert og ekki er hægt að útiloka að við þá vinnu komi upp álitamál sem nefndin hefur ekki séð fyrir og ekki tekið sérstakt tillit til.*

Nefndin lauk skýrslu sinni 2. apríl 2004 og skilaði henni til menntamálaráðherra. Í stað þess að gera efni hennar þá strax kunnugt var því haldið í þagnargildi þar til hún var kynnt á ríkisstjórnarfundi þremur vikum síðar og þá jafnframt skýrt frá því að forsætisráðherra hefði unnið frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum sem byggt væri á niðurstöðum nefndarinnar. Þetta er afar óheppilegt, því að vegna hins þrönga tímaramma sem nefndinni var settur kaus hún að eiga ekki fundi með eða viðræður við fulltrúa neins þeirra aðila sem starfa á fjölmiðlamarkaði hér á landi.

1.2. Efni greinargerðarinnar

Okkur er ekki unnt að fara í ítarlega umfjöllun um efni greinargerðarinnar í álitsgerð þessari svo sem vert væri. Efni hennar er afar víðtækt, eins og nefndarmenn hafa bent á, og takmarkast ekki við lögfræði. Ýmsar aðrar greinar félagsvísinda og hagfræði tengjast þessu efni. Að því er lögfræði varðar er þar komið inn á ýmis réttarsvið í innlendum rétti, þjóðarrétti og réttarkerfi nokkurra nágrannalanda okkar. Umfjöllun um ýmsa slíka þætti er fróðleg svo langt sem hún nær, en að okkar áliti er hún þó mjög yfirborðskennd. Sem dæmi eru gildandi lagareglum einstakra ríkja, t.d. í Danmörku, Noregi og Bretlandi, gerð skil á u.þ.b. tveimur blaðsíðum. Í samanburðarlögfræði nægir svo gróf umfjöllun engan veginn til mögulegt sé að draga lögfræðilegar ályktanir af. Meðal þess sem skoða þyrfti eru mismunandi stjórnarfar og lýðræðisheföir, ólíkar markaðsaðstæður, samkeppnishæfni fjölmiðla o.s.frv., ef eitthvert gagn ætti að vera af samanburðinum.

Í skýrslunni er lagt til að Ríkisútvarpið verði styrkt sérstaklega. Eftirtektarvert er hve lítið er fjallað um Ríkisútvarpið í greinargerðinni. Nánast engin umfjöllun er um þýðingu og áhrif Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði og hver áhrif tilvist þess og löggjafar um það séu fyrir frjálsa samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Undanfarin ár hefur tilvist Ríkisútvarpsins einkum verið réttlætt með vísan til almannaöryggis annars vegar og menningarhlutverks hins vegar. Í ljósi fyrirhugaðrar lagasetningar vaknar sú spurning hvort ekki séu hæg heimatökin hjá stjórnvöldum til að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun, t.d. með nánari reglum um skyldu Ríkisútvarpsins í þessum efnum eða með því að breyta rekstrarformi þess, telji ráðamenn hentara að stuðla að beinni samkeppni á raunverulegum einkamarkaði.

1.3 Tilurð lagafrumvarpsins - frumkvæði forsætisráðherra

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir m. a. að frumvarpið sé

> *reist á almennt viðurkenndum viðhorfum um mikilvægi fjölmiðla fyrir skoðana- og tjáningarfrelsi í nútíma lýðræðisþjóðfélagi. Þeir gegna lykilhlutverki sem vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi.*

Í ljósi þessara viðhorfa vekur meðferð skýrslunnar og tilurð lagafrumvarpsins tortryggni, þar sem ekki verður betur séð en að ætlunin sé að knýja fram lögfestingu frumvarpsins án þess að ráðrúm gefist til nauðsynlegrar umfjöllunar um málefnið í þjóðfélaginu og án þess að alþingismenn eða aðrir hafi tök á að gaumgæfa mögulegar afleiðingar slíkrar lagasetningar. Verður nánar vikið að þessum þætti síðar.

Frumkvæði forsætisráðherra að lagasetningunni vekur einnig sérstaka athygli. Eins og áður greinir var tekið fram í skipunarbréfi nefndarinnar að henni væri falið að semja frumvarp að "slíkri löggjöf", yrði það niðurstaða ráðherra að hennar væri þörf. Í umræðum um skýrsluna á Alþingi 28. apríl sl. kom það viðhorf menntamálaráðherra skýrt fram, að brýn þörf væri á lagasetningunni. Verður því ekki betur séð en að forsætisráðherra hafi hér tekið fram fyrir hendurnar á menntamálaráðherra og þeim sem hún hafði ætlað að vinna verkið.

Þetta frumkvæði forsætisráðherra hefur ekki verið skýrt sérstaklega og þess vegna er ekki vitað, hvort það stafar af því að nefndarmenn hafi ekki orðið sammála um það hvert efni slíks frumvarps skyldi vera. Ummæli á bls. 85 í frumvarpinu benda óneitanlega í þessa átt, en þau eru í kafla um einn viðkvæmasta þátt málsins, þ. e. leyfisveitingar (kafli 6.4.3). Þar er gerð grein fyrir tveim leiðum sem nefndin telur koma til greina við setningu reglna um úthlutun leyfa til að reka fjölmiðla, einkum hljóðvarp og sjónvarp. Nefndin segir á tilvitnuðum stað:

> *Nefndin ræddi nokkuð um það með hvorri leiðinni skyldi mælt, en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um það atriði.*

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er lögð áhersla á mikilvægi þess að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum til að einstaklingar geti notið tjáningar- og skoðanafrelsis. Ekki skal dregið úr mikilvægi þessara sjónarmiða hér. Hins vegar þykir skjóta nokkuð skökku við þegar þeir sem fyrir slíku mæla leggja slíkt ofurkapp sem hér er gert á að knýja fram lagasetningu af þessu tagi án þess að ráðrúm gefist til að kanna allar hliðar málsins. Þessi málsmeðferð virðist vera í mótsögn við framangreindar ábendingar nefndarinnar um nauðsyn þess að skoða útfærsluleiðir í málinu vandlega. Fram hefur komið hjá formanni nefndarinnar á opinberum vettvangi, að nefndarmenn hafi ávallt litið svo á að greinargerð nefndarinnar væri fyrst og fremst hugsuð sem grundvöllur opinnar og almennrar umræðu um viðfangsefnið.

1.4 Tilmæli frá Evrópuráðinu

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra er tekið fram að Evrópuráðið hafi samþykkt tilmæli til aðildarríkja þess um að þau hlutist til um setningu laga til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Á íslenska ríkinu hvíli þess vegna skyldur að þjóðarétti til að setja slíkar reglur, þótt tilmælin sem slík séu ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Við teljum þessa áherslu harla sérstæða, enda er öllum ljóst að þess háttar tilmæli frá Evrópuráðinu leggja engar slíkar skyldur á íslenska ríkið.

Við teljum einnig ástæðu til að benda á að því fer fjarri að íslenska ríkið hafi séð ástæðu til að bregðast við öllum slíkum tilmælum frá Evrópuráðinu. Við

bendum í því sambandi á Recommendation 1516 (2001) frá Evrópuráðinu sem fjallar um fjármál stjórnmálaflokka. Þar segir m. a.:

> *A number of scandals linked to the financing of political parties in several Counsil of Europe member states in all parts of Europe over recent years has demonstrated that this issue must be addressed as a matter of urgency in order to prevent the loss of citizens' interest in the political life of their respective countries.*
>
> *In order to maintain and increase the confidence of citizens in their political systems, Council of Europe member states must adopt rules governing the financing of political parties and electoral campaigns.*

Hér er setning reglna um fjármál stjórnmálaflokka skilgreind sem "a matter of urgency", en ekki verður séð að íslensk stjórnvöld hafi talið ástæðu til að bregðast við þeim tilmælum.

Athyglisvert er að bera saman tilmæli Evrópuráðsins um setningu reglna um fjármál stjórnmálaflokka annars vegar og um setningu reglna til að tryggja fjölbreytni (pluralism) í fjölmiðlun hins vegar. Í hinum síðarnefndu er þetta orðað þannig:

"(The Committe of Ministers) recommends that the governments of the member States:

i. *examine the measures contained in the appendix to this recommendation and consider the inclusion of these in their domestic law or practice where appropriate, with a view to promoting media pluralism;*

ii. *evaluate on a regular basis the effectiveness of their existing measures to promote pluralism and/or anti-concentration mechanisms and examine the possible need to revise them in the light of economic and technological developments in the media field."*

Í viðaukanum sem vísað er til eru ýmsar leiðir nefndar, sem geti stuðlað að fjölbreytni, en það er alfarið lagt í hendur hverrar þjóðar að meta hverjar þeirra, ef einhverjar, komi til greina. Orðalag, sem viðhaft er, er að aðildarríki skuli *"consider"*, *"examine the possibility"*, *"should pay particular attention to"*, *"may consider"*. Kjósi ríki að setja takmarkanir af einhverju tagi á eignarhald eru um það sérstök varnaðorð viðhöfð í tilmælunum. Oðrétt segir:

> *If thresholds are introduced, member States should take into consideration the size of the media market and the level of resources available in it. Companies which have reached the permissible*

thresholds in a relevant market should not be awarded additional broadcasting licences for that market.

Einnig skal vakin athygli á að í tilmælunum eru nefndar fjölmargar aðrar leiðir en reglur um eignarhald sem möguleg úrræði. Dæmi:

- Ný tækni – nýjir miðlar.
- Reglur/aðferðir sem tryggi fjölbreytt efni og að mismunandi stjórnmálalegar og menningarlegar skoðanir komist að.
- Reglur/aðferðir sem tryggja sjálfstæði ritstjóra og blaðamanna.
- Rekstur opinbers fjölmiðils.
- Opinber stuðningur við fjölmiðla.
- Vísindarannsóknir.

Það vekur nokkra athygli að hér á landi hefur þessum álitaefnum verið veittur tiltölulega lítill gaumur. Nýleg dæmi um það eru þegar Fréttablaðið og síðar DV urðu gjaldþrota. Við minnumst ekki frá þeim tíma þeirrar "viðurkenndu orðræðu", sem nú hefur verið vísað til, eða að talið hafi verið að þjóðréttarlegar skuldbindingar leiddu til þess að stjórnvöldum teldist þá skylt að tryggja áframhaldandi fjölmiðlun. Gera verður ráð fyrir að tilefnið hafi verið til staðar, því að fyrir utan þessi dagblöð var einungis Morgunblaðið starfandi! Þessar hugleiðingar má ekki skilja svo að við séum talsmenn opinberrar íhlutunar. Tilgangurinn er að benda á það sem virðist vera ósamræmi í stjórnarathöfnum og lagasetningu þegar viðfangsefnið "fjölbreytni í fjölmiðlun" er annars vegar.

Hér er ekki ráðrúm til ítarlegri umfjöllunar um téða skýrslu nefndar menntamálaráðherra, en vitaskuld verður þó fjallað um einstök atriði hennar í köflunum hér á eftir. Ekki verður þó hjá því komist að benda á að fjölmargar aðrar leiðir eru til sem notast mætti við til að ná markmiðinu um að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun hér á landi í þeim skilningi sem í það hugtak er lagður í tillögum Evrópuráðsins um setningu slíkra reglna. Reglur um takmörkun á eignarhaldi eru einungis ein leið af mörgum og ættu því aðeins að koma til álita að fyrst hafi menn komist að rökstuddri niðurstöðu um að á skorti í fjölbreytni í fjölmiðlun. Sú skoðun er hér látin í ljós að það skorti miklu nánari umfjöllun í skýrslunni um kosti og galla einstakra leiða og hverjar henti á íslenskum markaði. Íslenskar aðstæður hafa margvísleg sérkenni. Bent hefur verið á smæð íslensks markaðar, sem er augljós en afgerandi við mat á rekstargrundvelli fjölmiðla. Á hátíðarstundum fjalla ráðamenn um mikilvægi þess, á tímum alþjóða- og hnattvæðingar, að gætt sé að íslenskri menningu og tungu. Þar gegna íslenskir fjölmiðlar veigamiklu hlutverki. Þröngar, ítarlegar og hamlandi reglur um starfsemi fjölmiðla hljóta að veikja þá í þessu hlutverki. Þetta hlýtur að þurfa að skoða þegar metin er þörf fyrir ítarlegar reglur um eignarhald á fjölmiðlum.

Í kynningu á efni greinargerðar nefndarinnar hefur formaður hennar ítrekað komist svo að orði, að það sé "viðurkennd orðræða" að ríkinu beri að setja

reglur um eignarhald á fjölmiðlum til að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu, en sú fjölbreytni verði ekki tryggð með vinunandi hætti án þess að komið verði í veg fyrir óeðlilega samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum. Lögð skal áhersla á að eitt er að taka ákvörðun um setja lög um eignarhald á fjölmiðlum og annað að ákveða innihald slíkra laga. Við teljum að greinargerð nefndarinnar sé þarft innlegg í slíka umræðu, svo langt sem hún nær, en öll umfjöllun um efni hennar hefur runnið saman við umfjöllun um lagafrumvarpið. Aðrar tækar leiðir að sama markmiði hafa vart fengist ræddar. Og það er alveg ljóst í okkar huga, að það er ekki "viðurkennd orðræða" í samfélaginu að rétt sé að lögfesta efni þessa lagafrumvarps.

1.5 Þjóðréttarlegar samningsskuldbindingar

Ástæða er til að benda á það sérstaklega, að formaður nefndar menntamálaráðherra hefur opinberlega lýst því yfir að nefndinni hafi ekki unnist tími til að kanna það sérstaklega hvort ákvæði frumvarpsins kynnu að fara í bága við skuld-bindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Er það enn til marks um að ekki hafi verið nægilega vandað til undirbúnings frumvarpsins. Því verður vart trúað að hin "viðurkennda orðræða" um nauðsyn lagasetningarinnar sé nú metin þannig, að menn séu komnir í slíkt tímahrak með lagasetninguna að ekki sé hægt að gefa sér tíma til að fara yfir þetta mikilvæga atriði. Tveir belgískir sérfræðingar á þessu sviði, sem Norðurljós hf. leituðu álits hjá um þetta atriði - annar þeirra fór á fund allsherjarnefndar Alþingis við meðferð frumvarpsins - velktust ekki í vafa um að frumvarpið færi í bága við efni EES-samningsins og færðu fram afar sterk rök máli sínu til stuðnings. Það hafa íslenskir sérfræðingar á þessu sviði einnig gert. Við fjöllum um ákveðin álitaefni sem þessu tengjast síðar í þessari álitsgerð. Því er þó slegið hér föstu að engar þjóðréttarlegar skuldbindingar séu fyrir hendi sem gera hina fyrirhuguðu lagasetningu nauðsynlega.

2 Norðurljós hf., staða og starfsumhverfi

Hér verður stiklað á stóru um tilurð Norðurljósa hf. og um þýðingu fyrirhugaðrar lagasetningar fyrir ráðgerðar breytingar í starfseminni. Jafnframt verða hér rakin nokkur atriði til að varpa ljósi á það samkeppnisumhverfi sem félagið starfar í og vakin sérstök athygli á tilfinnanlegum skorti á heildarsýn stjórnvalda yfir þann markað sem fyrirhuguð lagasetning beinist að.

Norðurljós hf. urðu til í júlí 1999 sem eignarhaldsfélag um alla hluti í Íslenska útvarpsfélaginu hf. (Stöð 2, Bylgjunni og Stjörnunni) og Skífunni hf. Félagið varð til við skuldsetta yfirtöku sem fjármögnuð var með láni að fjárhæð 60 milljónir Bandaríkjadala frá erlendum og íslenskum bönkum; J.P. Morgan, Chase, ABN Amro, de NIB, Staal bank og Landsbanka Íslands hf.

Norðurljós hf. urðu jafnframt eigandi 34,8% hlutar í fjarskiptafélaginu TALi hf, sem hóf rekstur GSM-símaþjónustu á árinu 1998 í samkeppni við Landssíma Íslands hf. Fjárfestingin í TALi var á vegum Íslenska útvarpsfélagins hf. og fjármögnuð með sölu á um 35% hlut sinn í Frjálsri fjölmiðlun ehf. fyrir liðlega 300 milljónir króna. Frjáls fjölmiðlun hf. var þá útgefandi dagblaðanna DV og Dags. Hlutina í Frjálsri fjölmiðlun ehf. hafði Íslenska útvarpsfélagið hf. keypt af Sveini Eyjólfssyni og Eyjólfi Sveinssyni í febrúar 1995 fyrir um 175 milljónir. Af þeim kaupum spruttu nokkrar umræður á Alþingi 13. sama mánaðar, sem ekki er sérstök ástæða til að rekja hér og nú. Eins og sést af samanburði kaup- og söluverðs í Frjálsri fjölmiðlun ehf. ávaxtaði Íslenska útvarpsfélagið hf. þessa fjármuni vel og gat með því fé lagt grunn að nýju félagi í fjarskiptum hér á landi, TALi; félagi sem án efa hefur fært Íslendingum meiri lækkun á gjöldum fyrir símaþjónustu en nokkurn gat órað fyrir.

Norðurljós hf. seldu hlut sinni í TALi hf. í nóvember 2002 fyrir 1,5 milljarð króna. Kaupin voru gerð að frumkvæði Landsbanka Íslands hf. fyrir Kenneth Peterson, þáverandi eiganda Norðuráls, sem þá hafði eignast ráðandi hlut í Halló-Frjálsum fjarskiptum hf. og Íslandssíma hf., sem líkt og tal höfðu bæði GSM-leyfi og leyfi til almennra fjarskipta. Söluverðið gekk allt inn á lán Norðurljósa frá 1999, sem með því komst í skil. Lánið hafði verið í vanskilum allt frá miðju ári 2001. Við kaupin á hlutum Norðurljósa hf. í TALi hf. gat Kenneth Peterson og viðskiptabanki hans hér á landi fækkað símafyrirtækjum á Íslandi úr fjórum í tvö, Landssíma Íslands hf. og Íslandssíma hf. Sú samþjöppun fyrirtækja á sviði fjarskiptaþjónustu virtist ekki vekja ugg í brjósti ráðherra eða þingmanna, enda setti Alþingi ný fjarskiptalög í júlí árið 2003 sem innleiða þá meginreglu að fjarskipti skuli vera frjáls hverjum sem vill, burt séð frá því hver hann er, í hvaða atvinnugrein hann er og hvort hann er þar eða annars staðar markaðsráðandi. Lög um fjarskipti taka mið af reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Öll þessi viðskipti voru möguleg þar sem fjölmiðlar líkt og önnur fyrirtæki hér á landi búa við réttarreglur sem tryggja þeim að geta flutt fé sitt milli ólíkra atvinnugreina og haft af því hag. Því er þetta rakið hér í þessu samhengi, að engu er líkara en að frumvarp það sem hér er til umræðu sé lagt fram í þeirri trú að frjálst flæði fjármagns frá aðilum atvinnulífsins inn í fjölmiðla muni draga úr fjölbreytni fjölmiðlanna. Þetta er gert án nokkurrar rannsóknar á líklegum áhrifum slíkra reglna á fjölmiðlamarkaðinn hér á landi. Öllum er frjálst að stofna fjölmiðla, hvort heldur er ljósvaka- eða prentmiðla nema hvorttveggja sé. Rétt er að geta þess að leyfi til rekstrar ljósvakamiðla hafa víðast hvað verið réttlætt með því að um takmarkaða auðlind sé að ræða. Tíðnisviðið beri takmarkaðan fjölda útsendinga. Á Íslandi hefur aldrei verið skortur á tíðnum eða öðrum leiðum til hljóð- eða myndmiðlunar. Skortur er hins vegar á aðilum til að fjárfesta í ljósvakamiðlum. Frumvarpið, verði það að lögum, gerir það að verkum að næsta vonlaust verður að finna aðila sem mega fjárfesta í ljósvakamiðlum.

Frumvarpið gerir það líka að verkum að Norðurljós hf. verða ekki skráð í Kauphöll Íslands um mitt næsta ár eins og stjórnendur félagsins höfðu áður ákveðið. Starfsmenn og tryggir viðskiptavinir félaga samstæðunnar, svo sem M-12 félagar Íslenska útvarpsfélagsins hf. geta því ekki eignast hlut í félagi sem þeir hafa staðið dyggilega að baki. Frumvarpið, ef að lögum verður, mun þess vegna koma í veg fyrir dreifða eignaraðild að fyrirtækinu sem allir eigendur þess hafa stefnt að.

Fjármögnunarsamningar félagsins innihalda einnig heimildir lánveitendum til handa til að segja upp lánasamningum, verði frumvarpið að lögum. Þykir líklegt að slíkar heimildir verði nýttar, enda augljóst að með lögfestingu frumvarpsins verður fjárhagsgrundvelli undir starfseminni raskað mjög verulega.

Frumvarpið hefur þegar sett í uppnám öll áform Norðurljósa hf. um stafræna uppbyggingu sjónvarps- og hljóðvarps. Stafrænar útsendingar átti að hefja á Faxaflóasvæðinu 9. október næstkomandi á 18 ára afmæli Íslenska útvarpsfélagsins hf. Með stafrænni tækni er hægt að nýtja hverja rás til útsendinga á 4 til 8 dagskrám. Væru allar 16 MMDS rásir Íslenska útvrpsfélagsins hf. gerðar stafrænar samtímis þýðir það að íbúum Íslands frá Akranesi til Grindavíkur og jafnvel á stærstum hluta Suðurlands gæfist kostur á að velja milli allt að 130 dagskrárrása. Að stórum hluta byggist slíkt sjónvarp á óslitnu endurvarpi erlendra sjónvarpsstöðva; stöðva, þar sem eignarhaldið er allt annað en á Norðurljósum hf., enda leyfa aðstæður hér á landi ekki íslenskum fjölmiðlafyrirtækjum að standa í mikilli innlendri dagskrárgerð. Endurvarp dagskráa erlendra sjónvarpsdagskráa hlyti að tryggja fjölbreytni, enda byðu Norðurljós hf. þá upp á sjónvarpsefni fyrir allan almenning sem framleitt er af mismunandi aðilum í eigu fjölbreytts hóps fjölmiðla- og framleiðslufyrirtækja um víða veröld. Hér er um að ræða efni, sem þeir einir njóta nú, sem hafa komið sér upp móttökubúnaði fyrir erlent gervihnatta-sjónvarp, en notkun þess búnaðar byggist oft á tíðum á lögbrotum seljenda slíks búnaðar og þeirra sem hann nota án þess að skeyta um einkaleyfisrétt Norðurljósa hf. á dreifingu efnis sem þessi tæki geta veitt móttöku frá erlendum dreifingaraðilum.

Engin athugun hefur verið gerð af hálfu opinberra aðila á samkeppnisumhverfi íslenskra ljósvakamiðla í tengslum við fyrirhugaða lagasetningu. Í greinargerð nefndar menntamálaráðherra er ekkert fjallað um sjónvarpsstarfsemi Landssíma Íslands hf, Landsvirkjunar í gegnum dótturfyrirtæki, Fjarska og Íslandsmiðil. Landssími Íslands hf. dreifir nú þegar dagskrám um 40 erlendra sjónvarpsstöðva um ljósleiðarakerfi sitt í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Húsavík. Landssíminn hyggst á næstu árum nýta sér ADSL-tækni til að dreifa sjónvarpi um koparlagnir sínar sem ná til 99,9% heimila í landinu. Fjarski hefur byggt upp stafrænt sjónvarpskerfi á Faxaflóasvæðinu en skort innlenda dagskrá til að dreifa um kerfið. Orkuveita Reykjavíkur fjárfestir nú í ljósleiðurum og fjarskiptabúnaði sem á að geta flutt sjónvarpsmerki, mynd og hljóð. Útvarpslög taka ekki til sjónvarpsstarfsemi þessa opinberu fyrirtækja.

3 Efnisatriði lagafrumvarpsins.

3.1 Yfirlit

Í 1. gr. er mælt fyrir um að bæta skuli nýrri málsgrein á eftir 3. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga nr. 53/2000 og er hún í fimm stafliðum, a-e. Meginefni þeirra er eftirfarandi:

a. Óheimilt verður að veita leyfi til útvarps, ef tilgreind atriði um rekstur eiganda, markaðshlutdeild eða eignarhlutfall teljast vera fyrir hendi.
b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækjanna eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl, sem leitt geta til yfirráða.
c. Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar svo unnt sé að meta skilyrðin í a- og b-lið. Jafnframt er kveðið á um að leita skuli álits Samkeppnisstofnunar um það hvort fyrirtæki eða samstæða fyrirtækja sé í markaðsráðandi stöðu.
d. Skylt verður að tilkynna breytingar á eignarhaldi og öðrum skilyrðum. Útvarpsréttarnefnd verður heimilað að afturkalla útvarpsleyfi við tilgreindar aðstæður, en hún getur einnig veitt allt að 60 daga frest til úrbóta.
e. Mælt fyrir um heimild til að víkja frá skilyrðum a- og b-liðar ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að Samkeppnisstofnun skuli láta útvarpsréttarnefnd í té álit samkvæmt c-lið.

Í 3. gr. er kveðið á um að lögin skuli þegar öðlast gildi.

Í ákvæði til bráðabirgða er þeim sem lögin taka til veittur tveggja ára aðlögunartími og útvarpsréttarnefnd veitt heimild til að afturkalla útvarpsleyfi þeirra, sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna að þeim tíma liðnum.

3.2 Nánar um helstu atriði frumvarpsins.

Það efni frumvarpsins, sem hér skiptir höfuðmáli, er efni a- og b-liða 1. mgr. og ákvæðis til bráðabirgða.

Í a-lið er kveðið á um, að óheimilt sé að veita leyfi til útvarps ef einhver fimm tilgreindra áðstæðna telst vera fyrir hendi, þ.e.

- ef fyrirtækið hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri.
- ef fyrirtækið er að hluta til eða öllu leyti í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu, sem er markaðsráðandi á einhverju sviði viðskipta.

- ef fyrirtækið er í eigu annars fyrirtækis að meira en 25%
- ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því,
- ef fyrirtækið eða annað fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.

Í b-lið segir að ákvæði a-liðar eigi einnig við ef önnur náin samstæðutengsl eru á milli fyrirtækja sem leitt geti til yfirráða. Er í skýringum í greinargerð tekið fram að m.a. séu höfð í huga atriði sem vísað sé til í 28. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003. - Hér er einnig vert að benda á, að í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að miðað sé við að ráðherra geti með reglugerð samkvæmt heimild í 35. gr. útvarpslaga sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

Í ákvæði til bráðabirgða er eins og fyrr greinir kveðið á um að þeir, sem lögin taka til, en fyrir liggur að það er einungis um að ræða Norðurljós hf. og dótturfélög þess, skuli hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Í 2. mgr. segir svo: „Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra, sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna að þeim tíma liðnum.“ Í þessu ákvæði virðist felast, að þótt hin nýju skilyrði gildi við úthlutun útvarpsleyfa skuli lögin samt sem áður eiga við um þá sem fengið hafa úthlutað leyfum, þannig að ef þeir hafi ekki aðlagað sig að lögunum hafi útvarpsréttarnefnd heimildir til að afturkalla leyfin þótt þau hafi átt að gilda til lengri tíma.


4. Almennar reglur/sértæk réttaráhrif.

4.1 Hlutafé og eigendur þess

Reglur frumvarpsins eru almennar í þeim skilningi, að þær taka til allra sem þær geta átt við um og mæla fyrir um skilyrði fyrir úthlutun útvarpsleyfa í framtíðinni með almennum hætti.

Á hinn bóginn er ljóst, að miðað við núverandi ástand er fyrirtækið Norðurljós hf. og dótturfélög þess eini aðilinn á landinu sem lögin taka beint til. Ákvæði frumvarpsins eru þess vegna sértæk í þeim skilningi, því að útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef leyfishafi hefur ekki lagað sig að lögunum innan tveggja ára frestsins. Af þessu leiðir að umfjöllun hér tekur einkum mið af Norðurljósum hf., hluthöfum í því og dótturfélögum þess.

Af yfirliti um hluthafa í Norðurljósum hf. og öðrum félögum í sömu félagasamstæðu, sem er að finna á bls. 113 í frumvarpinu, má ráða hvernig reglur a-liðar 1. gr. frumvarpsins hafa áhrif á félagið.



Af yfirliti þessu má auðveldlega sjá eftirfarandi:

- Íslenska útvarpsfélagið hf. er dótturfélag fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu, sem er að hluta til í eigu fyrirtækis sem ýmsir telja að hafi markaðsráðandi stöðu (matvörumarkaður), þ.e. Baugur Group hf., sem á 29.9% í móðurfélaginu.
- Móðurfélag Íslenska útvarpsfélagsins hf. er Norðurljós hf, sem annað fyrirtæki, Baugur Group hf., á meira en 25% í.
- Fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga meira en 25% hlut í Íslenska útvarpsfélaginu hf.
- Norðurljós hf. er móðurfélag Fréttar ehf. sem gefur út tvö dagblöð.

Af þessu sést að fjögur af fimm skilyrðum, sem tilgreind eru í a-lið 1. gr. frumvarpsins, eiga við um Íslenska útvarpsfélagið hf. eða þá samstæðu sem félagið tilheyrir. Ekki er heldur útilokað að staða annarra hluthafa í Norðurljósum hf., t. d. Kaldbaks hf. eða Kára Stefánssonar, kunni einnig að vera ósamþýðanleg reglum frumvarpsins, en um það höfum við ekki nægilegar upplýsingar.

4.2 Útvarps- (hljóðvarps- og sjónvarps-) leyfi og gildistími þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. má leyfi, sem útvarpsréttarnefnd veitir til hljóðvarps lengst vera til fimm ára í senn og til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Af upplýsingum í greinargerð nefndar menntamálaráðherra má sjá, að leyfi hafa almennt verið veitt til hámarkstíma. Þau leyfi sem veitt hafa verið dótturfélög-

um Norðurljósa, hf., eru einkum þessi (hér eru einungis tilgreind leyfi sem helst skipta máli og leyfishafar, en nokkurrar ónákvæmni/misræmis gætir um þetta í upplýsingum sem fram koma í greinargerð nefndarinnar):

Útvarpsleyfi (hljóðvarp).

Leyfishafi	*Dagskrá*	*Gildir til.*
Íslenska útvarpsfélagið hf.	Barnaútvarpið	21. 10. 2005
" " " "	Bylgjan	31. 12. 2004
Sýn hf.	X-ið	25. 8. 2009

Sjónvarpsleyfi.

Íslenska útvarpsfélagið hf.	Stöð 2	25.8.2007
" " " "	Stöð 3	9.10.2010
" " " "	Bíórásin	30.12.2005
Sýn hf.	Sýn	27.7.2008

Ítrekað skal að þetta eru einungis helstu leyfi og handhafar þeirra, en ónákvæmni gætir um það hvernig þetta er upplýst í greinargerð nefndar menntamálaráðherra. Það hefur ekki sérstaka þýðingu að leiðrétta þetta hér.

4.3 Áhrif frumvarpsins á starfsemi sem reist er á gildandi leyfum

Verði frumvarpið lögfest nú á vorþingi verður umtalsverður tími eftir af gildistíma eins útvarpsleyfis og þriggja sjónvarpsleyfa þegar aðlögunartími samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu rennur út.

Jafnframt sýnist ljóst að þau leyfi sem renna út á umræddum tveggja ára aðlögunartíma muni ekki fást endurnýjuð að óbreyttu, svo sem verið hefði annars.

4.4 Er slík lagasetning almenn eða sértæk?

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að efni frumvarpsins taki aðeins til eins fyrirtækis í landinu þótt lagatextinn sé almennt orðaður. Þetta og aðdragandi lagasetningarinnar bendir ótvírætt til þess að markmið laganna sé í reynd að leysa upp ákveðinn hluta Norðurljósa hf. eða félagið í heild sinni ef svo ber undir. Það er vel þekkt í stjórnmálaheiminum að stjórnmálamenn reyni stundum að takmarka tjáningarfrelsi þeirra fjölmiðla sem þeim hafa þótt of gagnrýnir á verk þeirra. Þekkt dæmi eru um að þess hafi verið freistað að klæða slíkar takmarkanir í búning almennra reglna þótt augljóst hafi verið að efni þeirra varðaði aðeins tiltekinn eða tiltekna fjölmiðla. Um þetta eru til þekktir bandarískir dómar í málum þar sem lög, sem beindust í raun að tilteknum fyrirtækjum, hafa verið talin brjóta gegn tjáningarfrelsisákvæðum bandarísku stjórnarskrárinnar.

Hér skal skal fyrstan telja dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna í máli **Grosjean gegn American Press Co.** Dómurinn er frá árinu 1936 og snerist um lögmæti sérstaks skatts, sem lagður var á í Louisiana-fylki á dagblöð, sem dreift var vikulega í meira en 20000 eintökum. Af 163 dagblöðum í fylkinu voru einungis 13, sem var dreift í 20000 eintökum. Vildi svo til að 12 þeirra höfðu haldið uppi harðri gagnrýni á stjórnarhætti fylkisstjórans, sem margir töldu að einkenndust af miklum einræðistilburðum. Í dóminum þótti sýnt að fylkisstjórinn hefði átt frumkvæði að lagasetningunni. Var komist að niðurstöðu um að lagasetningunni væri í raun beint að tilteknum fjölmiðlafyrirtækjum þó svo lagatextinn væri orðaður með almennum hætti. Taldist þetta brjóta gegn tjáningarfrelsisákvæði 1. viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar. Eftirfarandi úr forsendum dómsins er athyglisvert og við teljum það eiga sérstakt erindi í umræðu um lagafrumvarpið sem hér er til umfjöllunar:

> **The newspapers, magazines, and other journals of the country, it is safe to say, have shed and continue to shed, more light on the public and business affairs of the nation and any other instrumentality of publicity; and since informed public opinion is the most potent of all restraints upon misgovernment, the suppression or abridgement of the publicity afforded by a free press cannot be regarded otherwise than with grave concern. The tax here involved is bad not because it takes money from the pockets of the appellees. If that were all, a wholly different question would be presented. It is bad because, in the light of its history and of its present setting, it is seen to be a deliberate and calculated device in the guise of a tax to limit the circulation of information to which the public is entitled in virtue of the constitutional guaranties. A free press stands as one of the great interpreters between the government and the people. To allow it to be fettered is to fetter ourselves.**

Annar bandarískur dómur á erindi í þessa umræðu, dómur áfrýjunardómstóls fyrir Washington D.C. frá 1988 í máli **News America Publishing, Inc.**, fyrirtæki í eigu fjölmiðlarisans Rupert Murdoch, **gegn fjölmiðlanefnd Bandaríkjanna** ("Federal Communications Commission", hér skammst. FCC). Í málinu reyndi á reglur sem bönnuðu sama aðila að reka ljósvakamiðil og dagblað án undan-þágu fjölmiðlanefndarinnar (Cross-Ownership Rule). Þess skal getið að síðan þá hafa þessar reglur verið á undanhaldi m.a. í Bandaríkjunum. Fyrirtæki Murdochs átti dagblöðin New York Post og Boston Herald, auk þess sem hann var eigandi Fox sjónvarpsfyrirtækisins, sem rak svæðisbundnar sjónvarps-stöðvar bæði í New York og Boston. Murdoch hafði tilskildar undanþágur fjölmiðlanefndarinnar og var sá eini á markaði, sem reglurnar snertu, en starfsemin var háð undanþágunum. Murdoch er þekktur fyrir íhaldssemi í stjórnmálaskoðunum og Boston Herald hafði haldið uppi harðri gagnrýni á Edward Kennedy, demókrata og öldungadeildarþingmann Massachusettes. Er komið var að lokum gildistíma undanþáganna voru, fyrir tilstuðlan þingmannsins, sett lög, sem girtu fyrir undanþágur, þ.m.t. endurnýjun þeirra sem áður höfðu verið veittar. Murdoch taldi nýju lögin brjóta gegn tjáningarfrelsisákvæði í 1. viðauka stjórnarskrárinnar og var mál þetta rekið í tilefni af því. Kennedy og aðrir þingmenn sem stóðu að lagasetningunni bentu

á að lögunum væri ekki beint gegn Murdoch, heldur væri um að ræða lög sem hefðu almennt gildi og giltu um alla. Á þetta féllst dómurinn ekki og var m.a. vísað til fyrrnefnda hæstaréttardómsins frá 1936. Niðurstaða dómsins var að reglurnar væru í reynd sértækar þótt orðalag þeirra væri almennt - þær beindust að einu tilteknu fjölmiðlafyrirtæki. Eftirfarandi kafli úr forsendum dómsins lýsir vel viðhorfi og aðferðafræði dómsins:

> **[The rule] strikes at Murdoch with the precision of a laser beam. We must now inquire how well its aim corresponds with the legitimate public purpose.**

5. Fara reglur frumvarpsins í bága við stjórnskipunarlög og/eða alþjóðlega samninga, sem skuldbindandi eru fyrir Ísland?

5.1 Inngangur

Við mat á því hvort ákvæði frumvarpsins, ef það yrði að lögum óbreytt, færi í bága við ákvæði stjórnskipunarlaga og/eða alþjóðlega samninga, sem hafa skuldbindingargildi hér á landi, ber fyrst að taka það almenna atriði til skoðunar, hvort markmið laganna sé lögmætt. Markmiðinu er lýst í upphafi athugasemda með frumvarpinu þannig:

> *Meginmarkmið frumvarps þessa er að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi.*

Því er ekki haldið fram í greinargerð nefndar menntamálaráðherra að hin efnislega umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum sé ekki fjölbreytt eða að ekki sé fjölbreytt úrval á fjölmiðlamarkaði, einkum ljósvakamarkaði, sérstaklega með hliðsjón af stærð markaðarins. Við teljum hins vegar að dómstólar mundu varla telja sig bæra til þess að endurskoða slíkt mat löggjafans. Á hinn bóginn er ljóst að dómstólar eiga mat um það hvort löggjafinn hafi gætt réttra sjónarmiða við lagasetninguna og hvort ákvæði laganna kunni að skerða hagsmuni, sem varðir eru af einstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar eða túlkun á henni. Má segja að þessi afstaða eigi sér stoð í forsendum ýmissa dóma þar sem slík álitaefni hafa verið til umfjöllunar, sbr. t.d. **Hrd. 1998, bls. 4076** (veiðileyfadómur) og **Hrd. 2000, bls. 1534** (kvótadómur).

Hér á eftir verður farið yfir álitaefni um hvort reglur frumvarpsins fari í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með síðari breytingum, þ.e. VII. kafla hennar. Fyrst þykir þó rétt að fara stuttlega yfir það hvort reglur frumvarpsins séu í samræmi við eða geti talist efnislega sambærilegar við lagareglur um sama efni í öðrum ríkjum. Því næst munum við gera grein fyrir mikilvægum sjónarmiðum um gildi meðalhófsreglu í stjórnskipunarrétti og þar á eftir fjalla um einstök ákvæði VII. kafla stjórnarskrárinnar sem við teljum skipta hér máli. Loks munum við draga saman nokkur atriði um það hvort efni

frumvarpsins telst samþýðanlegt skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

5.2 Gilda efnislega hliðstæðar reglur annars staðar á Vesturlöndum?

Norðurljós hf. hafa leitað til erlendra sérfræðinga um tjáningarfrelsi og löggjöf um eignarhald á fjölmiðlum bæði í Bandaríkjunum og í Evrópusambandinu. Félagið efndi til opins fundar um þetta málefni í Reykjavík 5. maí 2004, þar sem lögmennirnir Floyd Abrams frá Bandaríkjunum og Filip Van Elsen frá Belgíu fluttu afar fróðleg erindi um þau álitaefni sem fyrirhuguð lagasetning snýst um. Þessir sérfræðingar fóru daginn eftir á fund allsherjarnefndar Alþingis og kynntu skoðanir sínar á efni hins íslenska lagafrumvarps, sem þeir höfðu kynnt sér mjög ítarlega.

Það er skoðun hinna erlendu sérfræðinga að efnisreglur frumvarpsins yrðu einsdæmi á Vesturlöndum ef þær verða lögfestar. Hvergi í þessum heimshluta væri að finna slíkar lagareglur. Ef slíkar reglur yrðu lögfestar t. d. í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Bretlandi eða Bandaríkjunum mundi það leiða til lokunar á flestum einkareknum sjónvarpsstöðvum sen eitthvað kveður að í þessum löndum. Þannig kom t. d. fram að fjögur stærstu sjónvarpsfyrirtæki í Bandaríkjunum (TV-Networks), sem allar sjónvarpa gjaldfrjálst til allra fylkja í Bandaríkjunum, eru hver um sig í eigu fyrirtækja sem ugglaust yrðu talin markaðsráðandi ef íslensk mælistika yrði lögð á þau og hvert þeirra hefur annars konar rekstur að meginmarkmiði:

- NBC er í eigu General Electric, sem er stærsta fyrirtækjasamstæða heimsins og fjárfestir aðeins í markaðsráðandi fyrirtækjum
- ABC er í eigu The Walt Disney Company
- CBS er í eigu Viacom
- Fox er í eigu fjölskyldufyrirtækis Rupert Murdoch

Floyd Abrams gerði jafnframt grein fyrir því að ákveðins misskilnings virtist gæta í umfjöllun hér á landi um takmarkanir á því að sami aðili ræki dagblöð og sjónvarpsstöðvar í Bandaríkjunum. Þetta sagði hann ekki vera rétt. Rétt væri hins vegar að meginreglan væri sú að sama fyrirtækið mætti ekki reka bæði dagblöð og sjónvarpsstöðvar á sama svæði. Frá þessu væru þó fjölmargar undantekningar. Bannið leiddi ekki til þess að sami aðili mætti ekki eiga í fyrirtæki með ljósvakarekstur og dagblaðarekstur.

Hinir erlendu sérfræðingar töldu augljóst að takmarkanir þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir mundu draga úr fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði hvar sem er í heiminum í stað þess að tryggja hana. Töldu þeir að nánast í hvaða ríki sem er mundu slíkar reglur aðeins leiða til þess að stöðvar í eigu opinberra aðila yrðu nánast einar eftir á markaðinum.

Við látum í ljós þá skoðun, að verði frumvarpið að lögum og látið verði reyna á gildi þeirra fyrir dómstólum hljóti íslenska ríkið að bera sönnunarbyrði um það að reglur laganna séu að efni til sambærilegar við samkynja reglur annars staðar. Það tengist raunar álitaefnum varðandi meðalhófsregluna sem fjallað verður um hér á eftir.

5.3 Beiting meðalhófsreglunnar í stjórnskipunarrétti.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun það hafa veruleg áhrif á hagsmuni Norðurljósa hf., hluthafa félagsins, kröfuhafa, starfsmanna og annarrra sem hafa hagsmuni af tilveru þess og dótturfélaga. Til skoðunar þarf að taka hvort ákvæði laganna brjóta í heild eða að hluta í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, friðhelgi eignarréttarins samkvæmt 72. gr. hennar, tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. og atvinnufrelsisákvæði 75. gr.

Fullyrða má að löggjafanum sé heimilt að setja lög, sem skerða ýmis réttindi sem almennt kunna að vera varin af stjórnarskrá, að því gefnu að tilgangur slíkrar löggjafar sé lögmætur. Löggjafinn verður að gæta meðalhófs við slíka lagasetningu, þ.e. fara að í samræmi við meðalhófsreglu stjórnskipunarréttarins. Meðalhófsreglan hefur fyrst og fremst verið til umfjöllunar sem mikilvæg grundvallarregla í stjórnsýslurétti, fyrst sem ólögfest meginregla er síðar var lögfest með 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.[1] Enginn vafi leikur þó á því, að meðalhófsreglan gildir einnig í íslenskum stjórnskipunarrétti. Var fyrst um það fjallað af dr. Gauki Jörundssyni árið 1992, sem reyndar mun hafa gefið reglunni nafn, og síðar hefur gildi hennar birst í mörgum dómum Hæstaréttar.[2] Enginn vafi þykir lengur leika á því að beita beri reglunni í stjórnskipunarrétti, einkum þegar sett eru lög sem skerða kunna stjórnarskrárvarin réttindi.[3]

Meðalhófsreglunni er einnig beitt af Mannréttindadómstóli Evrópu við túlkun ákvæða sem heimila með vissum skilyrðum takmarkanir eða skerðingar á réttindum sem varin eru af Mannréttindasáttmála Evrópu og/eða einstökum ákvæðum í samningsviðaukum (hér eftir í heild nefnt MSE).

Flestar þeirra reglna VII. kafla stjórnarskrárinnar, sem vísað er til að ofan, eiga sér samsvörun í ákvæðum MSE (þ.e. með samningsviðaukunum) sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem birtur er í lagasafni og fleiri alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Þess skal sérstaklega getið, að þótt MSE og samningsviðaukarnir hafi verið lögfestir með almennum lögum, hefur „í dómaframkvæmd

---

[1] Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin, skýringarrit, bls. 147-148 og sami höfundur, Meðalhófsregla stjórnsýslulaga, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 504-505.
[2] Gaukur Jörundsson, Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti, Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar, bls. 207-225.
[3] Sjá t.d. Björg Thorarensen, Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 51-105, sjá hér t.d. í niðurstöðukafla á bls. 99, og Hörður Einarsson, Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar, bls. 55-57.

Hæstaréttar [verið] rík tilhneiging til að gera ákvæðum hans hærra undir höfði en leitt verður af formlegri stöðu laganna.“ Hefur ákvæðum sáttmálans verið beitt til hliðar við ákvæði stjórnarskrárinnar til að undirbyggja staðhæfingar um gildi grundvallarreglna, sem njóta stjórnskipulegrar verndar.[4] Af framangreindum ástæðum verður hér fjallað saman um reglur tilgreindra ákvæða stjórnarskrárinnar og efnislega sambærilegra ákvæða í MSE og öðrum alþjóðlegum samningum um mannréttindi og vernd þeirra, sem teljast eiga við.

Hvert er þá inntak hinnar ólögfestu meðalhófsreglu í stjórnskipunarrétti? Kjarna reglunnar er lýst í 12. gr. stjórnsýslulaga, sem er svohljóðandi:

> *Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.*

Inntaki reglunnar í stjórnskipunarrétti hefur til samræmis við þetta verið lýst svo:

> *Markmið þeirrar takmörkunar á réttindum sem um ræðir verður að vera lögmætt, og skerðingin verður aðeins framkvæmd samkvæmt beinni lagaheimild. Skerðingin verður að vera nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og má ekki ganga lengra en þörf krefur til þess að hinu lögmæta markmiði verði náð.*[5]

M.ö.o. felur reglan í sér skyldu fyrir löggjafann til að velja vægasta úrræðið sem að gagni getur komið til þess að ná því markmiði sem að er stefnt.[6]

Matið á því hvað sé nauðsynleg skerðing og hvenær hún gangi of langt er afstætt. Þannig hefur verið talið að persónuleg réttindi eins og frelsi, friðhelgi, tjáningarfrelsi og önnur einstaklingsréttindi njóti meiri verndar en fjárhagsleg réttindi eins og eignarréttur og atvinnufrelsi, þótt þessi fjárhagslegu réttindi hafi býsna sterka stöðu samkvæmt íslensku stjórnarskránni.[7]

Talið hefur verið, að af íslenskri dómaframkvæmd megi draga þá ályktun, að staða meðalhófsreglunnar hafi styrkst mjög mikið í íslenskum stjórnskipunarrétti eftir þær breytingar sem gerðar voru á stjórnarskránni með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, og sýnileg áhrif hennar hafi m.a. komið fram í eftirtöldum tilvikum:[8]

---

[4] Davíð Þór Björgvinsson, Beiting Hæstaréttar Íslands á lögum um Mannréttindasáttmála Evrópu, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 155-185, hér bls. 183 og 185.
[5] Björg Thorarensen, Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 67 og Hörður Einarsson, Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar, bls. 56.
[6] Gaukur Jörundsson, Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti, Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar, bls. 223.
[7] Gaukur Jörundsson, Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti, Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar, bls. 224.
[8] Björg Thorarensen, Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 100-102.

- Í fyrsta lagi við mat á því hvort mismunun sé ólögmæt, þ.e. hvort meðalhófs hafi verið gætt við ráðstafanir sem farið gætu í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. t.d. **Hrd. 1998, bls. 4976** og **Hrd. 2000, bls. 1534**.

- Í öðru lagi við mat á því, hvort almannahagsmunir krefjist þess í raun að hömlur séu settar á atvinnufrelsi manna, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Hefur í þessu sambandi einnig verið vísað til skýringar í athugasemdum með breytingum á atvinnufrelsisákvæðinu sem gerð var árið 1995.[9] Hér hefur verið vísað til **Hrd. frá 20. febrúar 2003**, svonefnt einkadansmál, þar sem réttindin voru greinilega þess eðlis að ekki þótti nauðsyn ríkrar verndar.

- Í þriðja lagi við mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við takmarkanir á friðhelgi einkalífs og skoðana og tjáningarfrelsi, sbr. **Hrd. 15. mars 2001** (um opnun póstsendinga) og **Hrd. 1999, bls. 781** um áfengisauglýsingar.

- Í fjórða lagi hefur vægi reglunnar aukist við það markmið breytinganna á stjórnarskránni 1995 að færa efni og framsetningu mannréttindaákvæða VII. kafla hennar til samræmis við ákvæði MSE.

- Í fimmta lagi verður sú ályktun dregin af dómaframkvæmd að það sé ekki skilyrði beitingar meðalhófsreglunnar í stjórnskipunarrétti að réttindi þau sem skerðingu sæta njóti verndar mannaréttindaákvæða stjórnarskrár eða MSE. Sjá um þetta **Hrd. 1999, bls. 1916** (hnefaleikadómur).

5.4 Meðalhófsreglan sem lögskýringarregla og sem sjálfstæð efnisregla til verndar mannréttindum

Meðalhófsreglan, sem eins og fyrr segir er ólögfest í stjórnskipunarrétti, hefur fyrst og fremst verið talin lögskýringarregla, sem beitt er þegar lagt er mat á það, hvort skerðingar sem löggjafinn hefur talið þjóna lögmætu markmiði og vera í þágu almannahagsmuna, hafi gengið lengra en nauðsynlegt var í lýðræðisþjóðfélagi, þ.e. hvort valið hafi verið vægasta úrræðið, sem að gagni kæmi til að þjóna hinu lögmæta markmiði.[10]

Reglan er þó ekki eingöngu lögskýringarregla. Bent hefur verið á að í íslenskri réttarframkvæmd hafi henni verið beitt sem sjálfstæðri efnisreglu við mat á því

[9] Alþingistíðindi 1994-95, A-deild, bls. 2108-2109.
[10] Gaukur Jörundsson, Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti, Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar, bls. 223.

hvort löggjöf samrýmdist stjórnarskrá.[11] Þetta er t. d. gert í **Hrd. 1999, bls. 781** þar sem um það var deilt hvort bann við áfengisauglýsingum samrýmdist ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. MSE um tjáningafrelsi. Í forsendum Hæstaréttar er því slegið föstu hvert sé markmið 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998, er bannar auglýsingar á áfengi, og að það sé lögmætt markmið. Féllst rétturinn ekki á að beiting 20. gr. áfengislaga gegn auglýsingum sem fela í sér hvatningu til að kaupa áfengi feli í sér brot á téðum ákvæðum um vernd tjáningarfrelsis.

Hér er einnig rétt að geta um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu: **Case of Informationsverein Lentia and Others v. Austria** (Lentia-málið), appl. 13914/1988. Þar var látið reyna á lögmæti austurrískra lagareglna sem viðhéldu opinberri einokun á sjónvarpsmarkaði. Sérstök undanþága var í lögunum, en umsókn L um slíka undanþágu til reksturs sjónvarpsstöðvar var hafnað. Í dómi MDE segir m. a.:

> **The Contracting States enjoy a margin of appreciation in assessing the need for an interference, but this margin of appreciation goes hand in hand with European supervision, whose extent will vary according to circumstances. In cases such as the present one, where there has been an interference with the exercise of the rights and freedoms guaranteed in paragraph 2 of Article 10 (art. 10-1), the supervision must be strict because of the importance - frequently stressed by the Court of the rights in question. The necessity for any restriction must be convincingly established.**

Samkvæmt þessu var komist að niðurstöðu um að reglurnar uppfylltu ekki skilyrðin og þær því taldar brjóta gegn tjáningarfrelsisákvæði MSE.

5.5 Sönnunarbyrði um hvort meðalhófs hafi verið gætt

Verði frumvarpið að lögum og látið reyna á stjórnskipulegt gildi þeirra fyrir dómstólum mun vafalítið koma til sérstakrar skoðunar hver beri sönnunarbyrði um það hvort meðalhófs hafi verið gætt við lagasetninguna eða ekki. Þykir því rétt að reifa hér nokkur sjónarmið um það atriði.

Almennt má segja að sá sem í dómsmáli heldur fram tiltekinni staðhæfingu hafi sönnunarbyrði um réttmæti hennar. Þetta er þó ekki algild regla. Í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um það sem kallað er frjálst sönnunarmat dómara. Það mat er raunar ekki alveg "frjálst", um það hafa myndast ýmsar venjur í dómaframkvæmd. Fjölmörg dæmi eru um að dómstólar hafi ákveðið hvernig sönnunarbyrði sé í einstökum málum. Við teljum líklegt að sá sem vildi hnekkja ákvæðum laganna yrði að leiða líkur að því að hægt hefði verið að ná markmiðum með lagasetningunni með vægari reglum. Nái hann að gera þetta sennilegt teljum við yfirgnæfandi líkur á því að lagt yrði á ríkið að sýna

[11] Björg Thorarensen, Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 101.

fram á að sú leið sem valin var og þær skerðingar sem felast í lögunum hafi verið það minnsta sem hægt var að komast af með svo að settu marki væri náð. Viðsnúning sönnunarbyrði af þessu tagi má sjá í ýmsum dómum Hæstaréttar, t. d. **Hrd. 1998, bls. 4076 (veiðileyfamálið).**

> **V krafðist þess að ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins um að synja honum um leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni yrði felld úr gildi. Fyrir lá að réttur til veiðileyfa var bundinn við skip. Voru veiðileyfi einungis veitt skipum, sem verið höfðu að veiðum á tilteknu ári, 1985, eða nýjum skipum sem komið höfðu í stað þeirra. Aðrir áttu þess ekki kost að fá veiðileyfi. Ekki var dregið í efa að nauðsynlegt væri að takmarka fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu til verndar fiskistofnum við landið. Það var hið lögmæta markmið með löggjöf, annars vegar um það hverjir skyldu eiga rétt til að fá veiðileyfi og hins vegar um það hverjir skyldu fá úthlutað aflaheimildum. Á hinn bóginn var um það deilt hvort reglur laganna um veiðileyfi samrýmdust ákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum atvinnufrelsis-ákvæðum hennar. Hæstiréttur byggði niðurstöður sínar í málinu á beitingu meðalhófsreglunnar. Í forsendum réttarins segir m.a. „Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til að verjast hrun fiskistofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun, sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990 um úthlutun veiðiheimilda. Stefndi [íslenska ríkið] hefur ekki sýnt fram á, að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskistofna við Ísland. [...] Þegar allt er virt verður ekki fallist á að til frambúðar sé heimilt að gera þann greinarmun á mönnum, sem hér hefur verið lýst. Hið umdeilda ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 er því að þessu leyti í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði, sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt 1. mgr. 75. gr. hennar.“ (Undirstrikað hér.)**

Hrd. 15. mars 2001 (mál nr. 354/2000).

> **Deilt var um um hvort tollayfirvöldum væri heimilt að opna allar póstsendingar í því skyni að ná vörureikningum til að ákvarða mætti virðisaukaskatt af vörunni. H hafði flutt inn bækur í nokkrum sendingum og taldi að tollyfir-völdum væri óheimilt að viðhafa reglubundna skoðun og opnun bókasendinga og taldi það skerðingu á friðhelgi einkalífs síns. Tollyfirvöld vísuðu um rétt sinn til 45. gr. tollalaga, sem heimilar þeim að rannsaka allar vörur sem fluttar eru til landsins. Hæstiréttur taldi að tollmeðferð á sendingum H hefði ekki brotið gegn 65. og 73. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar var talið að hún gengi gegn ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og meðalhófsreglu hennar. Taldi Hæstiréttur að skattheimtusjónarmið hefðu ráðið því að póstsendingar til E voru opnaðar. Afskipti af póstsendingum, sem varðar væru af reglum um friðhelgi einkalífs, þyrftu að eiga sér skýra og ótvíræða lagastoð „og ríka réttlætingu“. Jafnframt segir í forsendum dóms Hæstaréttar: „Þótt stefndi [tollstjórinn í Reykjavík] hafi rúmar heimildir að lögum til skoðunar á innfluttum varningi hefur hann ekki sýnt fram á það við þessar aðstæður, að nauðsynlegt hafi verið að opna reglubundið og fyrirvaralaust póstsendingar að utan að viðtakendum fornspurðum til að ná því lögmæta markmiði að innheimta aðflutningsgjöld og ekki hafi verið kostur á öðrum aðferðum í því skyni.“ (Undirstrikað hér).**

Í því tilviki sem hér liggur fyrir er ljóst, að ýmsar færar leiðir eru reifaðar í greinargerð nefndar menntamálaráðherra, til þess að ná yfirlýstum markmiðum

lagasetningarinnar. Við bendum í því sambandi á ummæli í greinargerð nefndar menntamálaráðherra á bls. 81 í frumvarpinu, sem eru í kafla 6.4 um leiðir sem nefndin telur koma til greina til að ná markmiðum löggjafar um eignarhald á fjölmiðlum:

> *Nefndin leggur fyrst til að hugað verði að stöðu Ríkisútvarpsins, með það að markmiði að tryggja því trausta stöðu til frambúðar á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ástæðan fyrir því að þetta er nefnt fyrst er að sú leið felur ekki í sér neina beina íhlutun í málefni einkamarkaðar fyrir fjölmiðla, þótt sterkt ríkisútvarp þrengi auðvitað svigrúm einkaaðila til vaxtar á sama markaði. Trygg staða og umtalsverð hlutdeild Ríkisútvarpsins á markaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp er þannig til þess fallin að nokkru leyti að hafa samsvarandi áhrif og beinar takmarkanir á eignarhaldi þar sem vaxtarmöguleikum einkafyrirtækja í útvarpsrekstri eru settar skorður og dregið úr líkum á því að einn aðili nái slíkri stærð á markaði að ógnað verði markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun.*

Við setjum reyndar spurningarmerki við réttmæti þess að styðjast við hugtök eins og "einkamarkaður fyrir fjölmiðla á útvarps- og sjónvarpsmarkaði" hér á landi, þar sem skylduáskrift er að Ríkisútvarpinu. Meðan svo er getur að okkar áliti ekki verið rökrétt að tala um einkamarkað fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar.

Hvað sem því líður, miðað við hagsmuni Norðurljósa hf., hluthafa félagsins, kröfuhafa, starfsmanna og annarra, teljum við einsýnt að sjónarmið sem meðalhófsreglan byggist á hafi ekki verið höfð að leiðarljósi við val á leiðum til að ná þeim markmiðum. Af þessu öllu drögum við þá ályktun af framangreindum dómum, að íslenska ríkið þyrfti, ef á reyndi fyrir dómi, að sanna að ekki hefðu verið færar aðrar og vægari leiðir til að ná hinum lögmætu markmiðum sem lýst er í upphafi athugasemda með frumvarpinu. Jafnframt teljum við afar ósennilegt að íslenska ríkinu mundi takast sú sönnun. Kemur þar ýmislegt til. Áður var getið sannfærandi upplýsinga erlendra sérfræðinga þess efnis að ákvæði frumvarpsins gangi mun lengra en þeir hafi séð í löggjöf nokkurs annars ríkis á Vesturlöndum. Þar við bætast eftirtektarverð ummæli í greinargerð nefndar menntamálaráðherra á bls. 88 í frumvarpinu:

> *Sé litið til aðstæðna á markaði á Íslandi er ljóst að markmiðum beinna reglna um takmarkað eignarhald eða útbreiðslu yrði ekki náð að öllu leyti nema þær yrðu afturvirkar. Með afturvirkni er hér átt við að í þeim þyrfti að gera ráð fyrir að heimilt yrði samkvæmt reglunum að gefa fyrirmæli um að uppbygging á íslenskum fjölmiðlamarkaði yrði brotin upp fyrirtækjum gert að laga sig að þeim takmörkunum sem beinar reglur um takmarkanir á eignarhaldi kynnu að fela í sér. Slíkt fæli augljóslega í sér inngrip hins opinbera í ríkjandi markaðsaðstæður, sem gæti orðið fyrirtækjum þungbært og kostnaðarsamt, auk þess sem*

álitamál gætu risið um þær skorður sem ákvæði stjórnarskrár um vernd eignarréttar og atvinnufrelsi kynnu að setja í þessu efni. Af þessum ástæðum yrði því fyrst og fremst að horfa til áhrifa þeirra til framtíðar. Nefndin bendir þó á að sömu markmiðum má ná með því að leita leiða til að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu markaðarins í framtíðinni í gegnum leyfisveitingar til útvarpsrekstrar og þannig stuðla að heppilegri uppbyggingu hans til lengri tíma. (undirstr. hér).

Þessi ummæli sýna svo ekki verður um villst, að nefndin telur að ná megi markmiðum lagasetningarinnar með annars konar og vægari reglum en þeim sem frumvarpið inniheldur.

5.6 Álitaefni um afturvirkni ákvæða frumvarpsins

Í stjórnarskránni er ekki almennt ákvæði um bann við afturvirkni laga. Slíkt ákvæði er þó í 2. mgr. 77. gr. en gildissvið þess er takmarkað með þeim hætti að það bannar eingöngu að skattar séu lagðir á með afturvirkum hætti. Er ákvæðið orðað svo, að engan skatt megi leggja á, nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Það er rótgróin lögskýringarregla að lögum verði ekki beitt afturvirkt nema það sé beinlínis tekið fram í þeim, ef um er að ræða ákvæði sem skerði réttindi eða aðra hagsmuni borgaranna. Í þessari lögskýringareglu felst m. a. að í vafatilvikum yrði lögum ekki beitt með afturvirkum hætti.[12]

Þótt ekkert ákvæði stjórnarskrárinnar banni almennt afturvirkni laga, er hugsanlegt að það geti haft þýðingu við skýringu á því hvort lög fari í bága við stjórnarskrárvarin réttindi, hvort lög teljast vera afturvirk eða ekki. Löggjafinn hefur því ekki með öllu frjálsar hendur um að ákveða í lögum að þau eigi að vera afturvirk.[13] Á þetta ekki síst við um réttindi sem felast í jafnræði, friðhelgi eignarréttar og atvinnufrelsi. Nauðsynlegt er því að taka afstöðu til þess, hvort reglur frumvarpsins, ef það verður að lögum, teljast afturvirkar eða ekki.

Fyrst þarf að svara því grundvallaratriði, hvenær telja beri lög afturvirk. Af skrifum um afturvirkni laga má draga þá ályktun, að lög beri að telja afturvirk þegar þau taka til tilvika, sem gerðust fyrir gildistöku þeirra eða tilvika, sem eiga upptök sín í atvikum er áttu sér stað að nokkru eða öllu fyrir þann tíma.[14] Almennt er litið svo á, að þegar breytt er eldri reglum um það hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að geta öðlast atvinnuréttindi eða starfsleyfi þannig að skilyrði eru hert, að rétt sé að ákveða um leið að þeir sem þegar hafa öðlast slík réttindi haldi þeim þrátt fyrir gildistöku nýju laganna. Ætti þetta því

[12] Ármann Snævarr, Almenn lögfræði, bls. 323.
[13] Ármann Snævarr, Almenn lögfræði, bls. 329-330.
[14] Ármann Snævarr, Almenn lögfræði, bls. 317.

fremur að eiga við ef atvinnuleyfi eða starfsréttindi eru tímabundin. Fjölmörg dæmi eru um þetta í íslenskri löggjöf. Af þessu verður sú ályktun dregin, að fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar, sem breytir réttarstöðu þeirra sem fengið hafa leyfi til hljóðvarps- og sjónvarpsútsendinga er gilda í lengri tíma en tvö ár eftir gildistöku laganna, feli í sér afturvirkni. Ástæðan er auðvitað sú að ákvæðið heimilar að felld séu úr gildi leyfi sem veitt voru miðað við tilteknar forsendur, að uppfylltum lagaskilyrðum, til ákveðins tíma.

5.7 Fara ákvæði frumvarpsins í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi?

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

> *Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.*
> *Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.*

Í öllum helstu mannréttindasamningum, sem Ísland er aðili að eru ákvæði sem ætlað er að tryggja jafnræði og jafnrétti. Í sumum tilvikum er afnám misréttis beinlínis markmið slíkra samninga.[15] Ákvæðin eru mismunandi og ekki sérstök ástæða til að tíunda þau, önnur en ákvæði 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (hér eftir skammstafað SBSR). Það ákvæði er svohljóðandi:

> *Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnamálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.*

SBSR hefur ekki verið lögfestur á Íslandi, en er birtur í Lagasafni. Ákvæði hans hafa mikla þýðingu. Hefur það verið orðað svo: „Það er viðurkennd regla í íslenskri réttarframkvæmd og fræðikenningum að leitast eigi við að skýra ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar.“[16] Hefur þetta verið nefnt skýringarreglan.

Jafnræðisregla 26. gr. SBSR er víðtæk, mun víðtækari en jafnræðisregla 14. gr. MSE. Með hinni almennu yfirlýsingu, sem í henni felst, nær vernd gegn

---

[15] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 469-470.
[16] Davíð Þór Björgvinsson, Beiting Hæstaréttar Íslands á lögunum um Mannréttindasáttmála Evrópu, Lögberg, rit Lagastofnunar H.Í., bls. 158.

mismunun til allra sviða þjóðlífsins, hvort sem réttindin eru efnahagsleg, menningarleg, félagsleg eða annars eðlis.[17] Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar er líka víðtækari en ætla mætti af orðum hennar einum, því hún hefur verið skýrð svo að atriðin sem þar eru talin upp og bannað er að byggja mismunun á, séu ekki tæmandi. Er reyndar gefið undir fótinn með slíka skýringu í niðurlagi 1. mgr.[18] Er líka ljóst af 26. gr. SBSR að hún er jafnræðisreglu 65. gr. til fyllingar.

Hér er miðað við að réttur til jafnræðis sé ekki aðeins einstaklingsbundinn, heldur njóti lögaðilar, svo sem rekstraraðilar og sjálfseignarstofnanir, einnig réttarverndar samkvæmt jafnræðisreglum eins og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Hvenær telst þá vera brotið gegn jafnræði? Það hefur verið talin ólögmæt mismunun og brot á jafnræði, ef ómálefnaleg sjónarmið sem lúta að persónulegum högum manns eru látin hafa þau áhrif að hann njóti lakari réttar en aðrir menn í sambærilegri stöðu.[19] Við mat á því, hvort mismunun er talin lögmæt eða ekki hefur Mannréttindadómstóll Evrópu talið að eftirfarandi atriði þyrftu að vera öll fyrir hendi:

> *Að staðreyndir málsins leiði í ljós að farið hafi verið á mismunandi hátt með tvö tilvik. (Þau þurfa ekki að vera algerlega sambærileg.)*
> *Að ekkert sérstakt markmið réttlæti þessa mismunun, þ.e. engin hlutlæg og eðlileg sjónarmið liggi henni til grundvallar þegar tekið er mið af þeim afleiðingum sem mismununin hefur.*
> *Að ekki sé eðlilegt samræmi á milli þess markmiðs sem mismunun stefnir að og þeirra aðferða, sem notaðar eru til að ná markmiðinu.*[20]

Dómstólar hafa reist niðurstöður á jafnræðisreglunni, sem talin var ólögfest grundvallarregla í stjórnskipunarrétti áður en henni var bætt inn í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995.[21] Einn dóma Hæstaréttar hefur sérstaka þýðingu hér, þ.e.:

Hrd. 1992, bls. 1962.

> **Deilt var um hvort bráðabirgðalög, sem breyttu kjarasamningi flestra aðildarfélaga BHMR (nú BHM) og tóku af 4.5% launahækkun, sem Félagsdómur hafði áður staðfest að félagsmenn í samflotsfélögum BHMR ættu rétt á. Aðdragandi bráðabirgðalaganna var sérstakur að því leyti, að þegar Félagsdómur hafði dæmt að greiða skyldi hina tilgreindu launahækkun var það gert í júlí og ágúst 1990. Önnur samtök launþega á vinnumarkaði settu fram kröfur um sömu launahækkanir og lýstu samtök vinnuveitenda því að þau yrðu að fallast á þær kröfur. Ekki var þó kjarasamningum þessara aðila breytt til samræmis við**

[17] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 473.
[18] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 474.
[19] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 476.
[20] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 476.
[21] Alþingistíðindi 1994-95, A-deild, bls. 2085.

þessa afstöðu samtaka vinnuveitenda. Þegar þessar yfirlýsingar samtaka vinnuveitenda á almennum markaði lágu fyrir taldi ríkisstjórnin markmiðum um að stemma stigu við verðbólgu stefnt í hættu og að þar með væru svonefndir þjóðarsáttarsamningar settir í uppnám. Með bráðabirgðalögum voru bannaðar aðrar launahækkanir en þær sem tilgreindar voru í þeim lögum, en þær voru í samræmi við þjóðarsáttarsamningana. Lögin voru almenn í þeim skilningi að þau tóku til allra, en sérstök í þeim skilningi að þau höfðu einungis bein áhrif á kjarasamninga þá sem samflotsfélögin höfðu gert, en félagsmenn þeirra voru um 3% af heildarmannafla á vinnumarkaði. Með bráðabirgðalögunum voru þannig teknar af launahækkanir sem ákveðnar höfðu verið samkvæmt kjarasamningi samflotsfélaganna, m.a. 4.5% launahækkun sem komin var til framkvæmda. Hæstiréttur sagði að haga yrði almennri lagasetningu „í samræmi við þá jafnræðisreglu, sem hér á við og víða er byggt á í stjórnarskrá Íslands, meðal annars í ákvæðum hennar um álögur á þegnana og skerðingu réttinda þeirra, ef til þess þarf að koma.“ (Undirstr. hér). Taldi Hæstiréttur að á það hefði skort að því er varðar þá 4,5% launahækkun sem um ræddi og félagsmenn í samflotsfélögum hefðu þá þegar öðlast. Hefðu lögin að því leyti falið í sér ólögmæta mismunun. Voru félagsmönnum dæmdar fjárhæðir sem svöruðu til þessarar hækkunar þar til sömu hækkanir komu til samkvæmt bráðabirgðalögunum.

Af þessum dómi má m.a. draga þær ályktanir, að lög kunna að fara í bága við jafnræðisreglu þótt þau séu almenn, ef réttaráhrif þeirra skerða hagsmuni einstakra hópa umfram aðra án þess að fyrir því séu fullnægjandi rök. Enn þarf að koma að því álitaefni, hvort gætt hafi verið meðalhófs við samningu frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar, sbr. framangreint. Verður vikið nánar að þessu síðar. Í ljósi niðurstöðu þessa dóms verður að telja að sterk rök standi til þess að reglur frumvarpsins teljist, ef þær verða að lögum, fela í sér ólögmæta mismunun milli þeirra sem eru þátttakendur á fjölmiðlamarkaði án þess að sú mismunun byggist á haldbærum rökum.

5.8 Fara ákvæði frumvarpsins í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar?

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði um friðhelgi eignarréttar, svohljóðandi:

> *Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.*
> *Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.*

Ákvæði um vernd eignarréttar er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka MSE, svohljóðandi:[22]

[22] Í skrifum þessum er í öllum tilvikum stuðst við íslenska þýðingu á ákvæðum alþjóðlegra samninga, sem er að finna í ritinu: Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að, útgefið af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, 2003.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.
Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreina á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynlegt til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Ákvæði 72. gr. um friðhelgi eignarréttar er það ákvæði stjórnarskrárinnar, sem oftast hefur reynt á í dómaframkvæmd á Íslandi. Þess ber að geta, að fyrir löngu hefur orðið almenn samstaða um það meðal fræðimanna, að hugtakið eign og eignarréttur séu notuð í mjög víðtækri merkingu í þessari grein.[23] Vernd eignarréttar samkvæmt 72. gr. tekur því til hvers konar fjármunaréttinda, bæði eignarréttinda og kröfuréttinda. Á hinn bóginn var lengi litið svo á, að það væri skilyrði verndar að um einkaréttarleg réttindi sé að ræða, en ekki opinbers réttar eðlis. Á þessum skilsmun er ekki byggt lengur, a.m.k. alls ekki fyrirvaralaust. Þannig er litið svo á, að menn verði ekki sviptir rétti samkvæmt einkaleyfi eða sérleyfi, sem þeim hefur verið úthlutað af hinu opinbera vegna þess að sá eignaréttur, sem menn öðlast við slíka úthlutun njóti verndar.[24] Þetta á þeim mun frekar við sem við slíka úthlutun eru tengdir mikilvægir fjárhagslegir hagsmunir. Verður að telja lýsingar fræðimanna, þótt komnar séu til ára sinna og því að líkindum þrengri en gera mætti ráð fyrir í nýrri skrifum, séu ótvírætt á þann veg að mikilvæg fjárhagsleg réttindi tengd einkaleyfum sem úthlutað er af hálfu hins opinbera njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar.[25] Þetta virðist vera almenn afstaða í íslenskum rétti. Þannig var t.d. í **Hrd. 1993, bls. 1217** deilt um það hvort binda mætti atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs á tilteknum svæðum við ákveðinn hámarksaldur, svo sem gert hafði verið með lögum. Ekki var um það deilt í málinu, að atvinnuréttindi til leigubifreiðaaksturs væru þess eðlis að þau nytu verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur taldi á hinn bóginn, að heimilt hafi verið að setja lög með þeim hætti sem gert var.

Samkvæmt þessu nýtur sá réttur sem felst í því að hafa leyfi til hljóðvarps og sjónvarps án nokkurs vafa verndar samkvæmt 72. gr. Sjálfstætt njóta einnig önnur eignarréttindi sem stofnað hefur verið til í skjóli slíkra leyfa verndar ákvæðisins, hvort sem það eru eignarréttindi (lausafé eða fasteignir) eða kröfuréttindi.

Þá þarf að huga að því, hvaða skerðingar eru heimilar á eignarréttindum bótalaust og hvaða skerðingar eru óheimilar.

---

[23] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 546.
[24] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 550.
[25] Sjá hér einkum; Gaukur Jörundsson, Stjórnskipuleg vernd aflahæfis, atvinnuréttinda og atvinnufrelsis, Úlfljótur, 3. tbl. 1968, bls. 161-189, hér einkum bls. 172-173. Gaukur Jörundsson vísar einnig til fræðimanna, sem henn telur að gangi langt í þessum efnum, þ.m.t. Bjarna Benediktssonar, í Ágripi af stjórnlagafræði, II, bls. 106.

Viðurkennt er að vernd eignarréttar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki alger, heldur geti löggjafinn með lögum kveðið á um ýmsar skerðingar á eignarréttindum, án þess að það skapi bótarétt samkvæmt 72. gr. Álitaefnið er hvar mörkin eru milli heimilla skerðinga annars vegar og skerðinga sem eru óheimilar og leiða til skaðabótaskyldu ríkisins hins vegar. Þær skerðingar á eignarréttindum sem talið hefur verið að löggjafanum sé heimilt að mæla fyrir um, án þess að það teljist eignarnám eða veiti af öðrum ástæðum rétt til skaðabóta eru:[26]

- Í fyrsta lagi hefur verið talið heimilt að setja lög sem fela í sér almennar takmarkanir á eignarétti, einkum ef einungis er um að ræða almennar takmarkanir á umráðarétti, afnotarétti eða ráðstöfunarrétti eignar. Hér er t.d. um ræða setningu laga um friðun t.d. um verndun kjarrs og skóga, friðun fugla, takmarkanir á veiðum einstakra fisktegunda o.fl. Lög um aðflutningsbann á áfengi voru á sínum tíma ekki talin veita þeim er höfðu haft vínveitingaleyfi rétt til skaðabóta.

- Í öðru lagi hefur verið talið heimilt að takmarka eignarrétt með því að leggja á skatta, bæði á tekjur og eignir, enda séu skattalög ekki afturvirk.

- Í þriðja lagi hefur verið talið að ákvæði í lögum um eignaupptöku vegna tiltekinna refsiverðra brota, svo sem smygls, ólögmætrar meðferðar á skotvopnum eða annars konar refsing fyrir framið afbrot. Eru um þetta ákvæði í 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

- Í fjórða lagi hafa reglur um fésektir ekki verið taldar slíkar skerðingar að þær fari í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar.

- Í fimmta lagi hafa reglur um neyðarrétt heldur ekki verið taldar fara í bága við 72. gr., hvorki samkvæmt almennu reglunni í 13. gr. almennra hegningarlaga, né í lögum um brunavarnir, sbr. nú 21. gr. laga nr. 75/2000.

Ljóst er að heimildir eins og þessar eiga ekkert skylt við heimildir til að fella niður leyfi til útvarps- og sjónvarpsútsendinga með þeim verðmætamissi sem af slíku getur hlotist.

Þá vaknar sú spurning hvort hugsanlega felist heimild til eignarnáms í reglum frumvarpsins. Því verður að svara neitandi, enda eru engin ákvæði í frumvarpinu um bætur fyrir þær skerðingar á eignarrétti sem kunna að hljótast af því að þau yrðu samþykkt. Ekki er því hægt að líta svo á að í reglum frumvarpsins, sé gert ráð fyrir eignarnámi.[27]

---

[26] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 555-560.

[27] Sama skoðun kemur fram í grein Sigurðar Líndal, Dómstólar og fjölmiðlalög, Fréttablaðið 4. maí 2004.

Hér er því niðurstaða okkar sú að ákvæði frumvarpsins sem mæla fyrir um afturköllun útvarpsleyfa (hljóðvarps- og sjónvarps) feli í sér óheimilar skerðingar á eignarréttindum, sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar.

5.9 Ákvæði frumvarpsins og reglur um tjáningarfrelsi

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar eru reglur um tjáningarfrelsi og vernd þess. Greinin hljóðar svo:

> *Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.*
> *Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.*

Í 10. gr. MSE eru reglur um tjáningarfrelsi, sem eru samkvæmt orðum sínum nokkru víðtækari en 73. gr. Téð ákvæði MSE hljóðar svo:

> *Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.*
> *Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almenningsheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.*

Það hefur sérstaka þýðingu að benda á það hér, að það verður leitt af 1. mgr. 10. gr. MSE, að starfsemi útvarps- og sjónvarpsfyrirtækja falli undir tjáningarfrelsisákvæðið og þá vernd, sem hún veitir. Telja verður að gildissvið 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar sé hið sama að þessu leyti.[28] Er nú almennt viðurkennt að bæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. MSE vernda tjáningarfrelsi í víðtækum skilningi þess orðs. Tekur verndin bæði til efnis hins skrifaða eða talaða orðs eða tákna og einnig til þess að ekki megi grafa undan aðstöðu einstaklinga eða lögaðila til þess að koma skoðunum sínum eða annarra á

[28] Hörður Einarsson, Tjáningafrelsi og fjölmiðlar, bls. 20-21 og bls. 60 og áfram.

framfæri. Tekur vernd tjáningafrelsis þannig einnig til miðlunar upplýsinga frá öðrum, þ.e. einnig þess sem nefnt er fjölmiðlun.[29]

Hér bendum við sérstaklega á þekktan **dóm Mannréttindadómstóls Evrópu: Case of Delmuth v. Switzerland,** appl. 38743/97, en þar var ágreiningur um rétt manns til að reka útvarpsstöð með tilteknu efni metinn á grundvelli þess hvort brotið hefði verið gegn 10. gr. MSE.

Tjáningarfrelsið er með allra mikilvægustu mannréttindum. Um er að ræða svonefnd einstaklingsbundin réttindi, þótt lögaðilar njóti einnig frelsis til tjáningar. Þrátt fyrir mikilvægi þessara mannréttinda er heimilað í 3. mgr. 73. gr. að setja tjáningarfrelsinu skorður. Draga má skilyrði þar að lútandi saman þannig:

- Í fyrsta lagi verður það aðeins gert með lögum.
- Í öðru lagi verður það aðeins gert í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra.
- Í þriðja lagi verða þær skorður sem settar eru að teljast nauðsynlegar í lýðræðisríki.

Ljóst er að tjáningarfrelsi verður ekki takmarkað með öðrum hætti en felst í þessum skilyrðum. Hér er um undantekningarreglur að ræða, sem samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum verður að skýra þröngri lögskýringu.

Sé gert ráð fyrir því að tjáningarfrelsinu séu settar skorður með lögum verður sú lagasetning því aðeins bindandi að hún teljist taka til þessara tilgreindu markmiða og lögin útfærð í samræmi við áskilnað meðalhófsreglunnar.

Þrátt fyrir þetta hefur það ekki verið talið ólögmæt skerðing, þótt lög séu sett um að fjölmiðlar, t.d. útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) starfi eingöngu á grundvelli sérstakra leyfa. Er þetta beinlínis tekið fram í 10. gr. MSE. Af þessu leiðir að útvarpslög og þau skilyrði, sem nú eru sett í 6. gr. þeirra og ekki hafa verið talin ganga of langt, fela ekki í sér ólögmætar takmarkanir á tjáningarfrelsi. Öðru máli gegnir að okkar áliti um reglur frumvarpsins, einkum hinar sérstöku skerðingar sem er að finna í bráðabirgðaákvæði þess. Við fáum ekki séð að þær takmarkanir á tjáningarfrelsi séu settar til að ná fram einhverju þeirra markmiða sem tilgreind eru í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Annað álitaefni er, hvort takmarkanir þær sem mælt er fyrir um í frumvarpinu teljast nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Og til viðbótar þarf að kanna hvort þær samrýmist meðalhófsreglunni.

---

[29] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 573.

Þegar lagt er mat á það hvort takmarkanir á tjáningarfrelsi sem mælt er fyrir um í frumvarpinu teljist nauðsynlegar og hvort meðalhófsreglunnar sé þar gætt, verður að hafa í huga það sem rakið er í greinargerð nefndar menntamálaráðherra, að ráðherraráð Evrópuráðsins hafi á árinu 1999 sett tilmæli R (99) þar sem settar eru fram hugmyndir um mismunandi leiðir til þess að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun. Á Íslandi hvílir engin skylda til þess að verða við þessum tilmælum, en segja má þó, svo sem gert er í greinargerð nefndarinnar að á íslenska ríkinu hvíli skylda til þess að meta það hvort ástæða sé til að fara að einhverju leyti að tilmælunum. Tilmælin eru sett fram í sjö stafliðum og eru rakin í greinargerð nefndarinnar á bls. 70-72 í frumvarpinu.

Því verður ekki móti mælt, að ákvæði frumvarpsins ganga í mörgum atriðum lengra í átt til takmörkunar á tjáningarfrelsi en efni tilmælanna gefur tilefni til. Við teljum ótvírætt að það sé hvorki nauðsynlegt né í samræmi við lýðræðishefðir. Jafnframt teljum við að efni þess sé til þess fallið að valda stórkostlegu tjóni þeim aðilum sem efni frumvarpsins beinist gegn, en engin leið er að átta sig á mögulegu umfangi slíks tjóns á þeim skamma tíma sem ætlaður er til umfjöllunar um frumvarpið á Alþingi. Er í því sambandi áréttað að ákvæði frumvarpsins skerða eingöngu hagsmuni Norðurljósa hf., dótturfélaga þeirra og hagsmuni þeirra sem þeim tengjast. Hér er því niðurstaðan sú, að ákvæði frumvarpsins, einkum og sér í lagi ákvæði til bráðabirgða, séu andstæð 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. MSE.

5.10 Ákvæði frumvarpsins og atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar. Lagaáskilnaðarregla 75. gr.

Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði sem verndar atvinnufrelsi. Það er svohljóðandi:

> *Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.*

Vernd atvinnufrelsis tengist vernd eignarréttar, einkum þegar um er að ræða opinber leyfi til að stunda tiltekna starfsemi. Hafa réttindi samkvæmt slíkum leyfum og fjárfestingar vegna þeirra verið talin njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar, sbr. framangreint. [30] Er almennt litið svo á að sú vernd sem 72. gr. veitir eignarréttindum sé ríkari en sú vernd sem 75. gr. veitir atvinnufrelsi og að réttarleg þýðing síðarnefnda ákvæðisins sé ekki mikil.[31] Svipað viðhorf var lengst af til sambærilegs ákvæðis í dönsku stjórnarskránni, en yngri fræðimenn hafa þó viljað gera reglunni hærra undir höfði.[32] Ekki er

[30] Sbr. og Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 606.
[31] Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 608-609.
[32] Sjá t.d. Páll Hreinsson, Lagaáskilnaðarregla atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar, Líndæla, bls. 399-421, hér bls. 400 og bls. 409.

víst að þetta sé að öllu leyti rétt lengur. Verði réttindi, sem felast í leyfi til útvarps ekki talin eignarréttindi hefur sérstaka þýðingu að ræða ákvæði 75. gr. um vernd atvinnufrelsis. Afar ólíklegt er þó, að þessi réttindi teljist ekki njóta verndar 72. gr. Auk þess má sjá þess dæmi í dómum að vísað sé til beggja ákvæðanna, sbr. **Hrd. 2000, bls. 1621** (Stjörnugríssmálið).

5.11 Eru ákvæði frumvarpsins samþýðanleg samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993?

Samningurinn um hið evrópska efnahagssvæði var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993. Af skýrslu nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi er ljóst að ekki var rannsakað hvort þær tillögur sem lagðar eru til í skýrslunni samrýmist ákvæðum EES samningsins, enda hefur formaður nefndarinnar opinberlega lýst því yfir að nefndinni hafi ekki unnist tími til að kanna það sérstaklega. Það er því ljóst að ekki hefur verið rannsakað hvort frumvarpið kunni að fela í sér brot á EES samningnum.

Við teljum miklar líkur á því að grundvallaratriði í frumvarpinu feli í sér brot á ákvæði EES samningsins um staðfesturétt og frjálsa fjármagnsflutninga. Því er afar mikilvægt að áður en frumvarp þetta verður afgreitt frá allsherjarnefnd verði rannsakað til hlítar hvort að umrædd frumvarp feli í sér brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES samningnum. Að mati okkar væri eðlilegt að leita álits Eftirlitsstofnunar EFTA eða a.m.k. sérfræðinga á sviði evrópuréttar til að fá úr þessu skorið.

Þau ákvæði EES samningsins, sem við álítum að kunni að vera brotið gegn með fyrirhugaðri lagasetningu, eru einkum ákvæði 31. gr. EES samningsins um staðfesturétt og ákvæði um fjármagnsflutninga, sbr. 40. og 41. gr. samningsins.

5.11.1 Takmarkanir á staðfesturétti

Kveðið er á um staðfesturétt í 31. gr. EES samningsins en þar segir:

> *1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.*
> *Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla.*
> *2. Í VIII.–XI. viðauka eru sérstök ákvæði um staðfesturétt.*

Þetta ákvæði hefur að geyma efnislega sömu reglu og felst í 43. gr. Rómarsáttmálans. Afleiddur réttur EB sem varðar staðfesturétt er tekinn inn í EES samninginn með 31. gr. og er því ljóst að sömu reglur gilda um staðfesturétt á Evrópska efnahagssvæðinu og innan Evrópusambandsins.[33] Óumdeilt er þess vegna að túlkun Evrópudómstólsins á 43. gr. Rómarsáttmálans hefur fordæmisgildi fyrir túlkun 31. gr. EES samningsins, sbr. 6. gr. EES samningsins og 2. mgr. 3. gr. ESE samningsins.[34]

Í staðfesturétti EES samningsins og Rómarsáttmálans felst réttur allra ríkisborgara svæðisins og félaga til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki í öðru aðildarríki með sömu skilyrðum og gilda um ríkisborgara og félög þess ríkis.[35] Á síðari árum hefur verið staðfest að í staðfesturéttinum felist ekki aðeins bann aðildarríkja við að setja reglur sem fela í sér mismunun á grundvelli þjóðernis heldur feli hann jafnframt í sér bann við að settar séu reglur sem takmarka frelsi til staðfestu.[36] Þannig geta lög sem aðildarríkin setja og fela í sér takmarkanir á staðfesturétti brotið í bága við 43. gr. Rómarsáttmálans, sbr. og 31. gr. EES samningsins, jafnvel þó að takmarkanirnar gildi jafnt um ríkisborgara þess ríkis sem setti lögin og ríkisborgara annarra aðildarríkja.

Þessu til staðfestingar má benda á nokkra dóma Evrópudómstólsins og EFTA dómstólsins.

Í dómi Evrópudómstólsins í Klopp-málinu[37] krafðist þýskur lögmaður sem hafði skrifstofu í Þýskalandi viðurkenningar á rétti sínum til að setja upp útibú í París. Honum hafði verið neitað um að stofna lögmannsstofu í París á þeirri forsendu að hann uppfyllti ekki það skilyrði fransks lagaákvæðis að lögmaður skyldi aðeins hafa eina skrifstofu. Þetta ákvæði gilti jafnt um innlenda og erlenda lögmenn og fól því ekki í sér neina mismunun, hvorki beina né óbeina, á grundvelli þjóðernis. Dómstóllinn taldi engu að síður að umrætt ákvæði færi í bága við þágildandi 52. gr. Rómarsáttmálans, núverandi 43. gr. Tilgangur franska löggjafans með umræddu ákvæði var að tryggja hlýðni lögmanna við franskar siðareglur starfsstéttarinnar og að tryggja nauðsynlegt samband milli lögmanns og skjólstæðings og dómstóla. Evrópudómstóllinn sagði að heimilt væri að setja reglur til að ná þessu markmiði en setja yrði sem minnst takmarkandi reglur til að ná markmiðinu. Taldi dómstóllinn að framangreindar reglur væru of íþyngjandi og fælu í sér meiri takmörkun á staðfesturétti en nauðsynlegt væri. Því brytu umræddar reglur í bága við 52. gr. Rs., sbr. núgildandi 43. gr. Rs og 31. gr. EES samningsins.

---

[33] Sá munur er þó á framangreindum reglum um staðfesturétt að Ísland hefur á grundvelli EES samningsins ákveðnar undanþágur á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.
[34] Þetta er einnig staðfest í dómi EFTA dómstólsins í máli E-5/00 frá 14. júní 2001.
[35] Stefán Már Stefánsson, Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið, Reykjavík 2000, bls. 459.
[36] Sama heimild, bls. 462.
[37] Dómur Evrópudómstólsins frá 12. júlí 1984, mál 107/83.

Af þessum dómi leiðir að aðildarríkin mega ekki setja reglur sem takmarka staðfesturétt meira en nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum. Þessu til stuðnings má einnig nefna dóm Evrópudómstólsins í Gebhard-málinu[38]. Í dóminum segir að lög, sem takmarka með einhverjum hætti eitt af svokölluðu fjórfrelsi Rómarsáttmálans megi:

a) ekki fela í sér mismunun á grundvelli þjóðernis,

b) slík skilyrði verði að vera vel rökstudd með tilvísun til mikilvægra þjóðfélagsþarfa,

c) þau verði að vera til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt og

d) þau megi ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.[39]

Þessu til stuðnings má einnig nefna dóma Evrópudómstólsins í Stanton-málinu[40] og Daily Mail-málinu[41].

Dómur EFTA dómstólsins í máli E-5/00 frá 14. júní 2001 er einnig mikilvægur í þessu sambandi. Atvik málsins voru þau að austurrískur ríkisborgari sótti um leyfi til að stofna og reka tannréttingarstofu í Liechtenstein. Honum var synjað um leyfi á þeim forsendum að hann mætti ekki fá slíkt leyfi fyrr en hann hefði hætt starfsemi sinni í Austurríki, þar sem einungis væri heimilt að eiga og reka eina slíka stofu samkvæmt lögum Liechtenstein, óháð landfræðilegri staðsetningu stofanna. Í dómsmáli, sem Austurríkismaðurinn höfðaði, óskaði hann eftir ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins, þar sem hann taldi að umrædd regla bryti í bága við 31. gr. EES samningsins. Í niðurstöðu EFTA dómstólsins kom fram að í þessari reglu fælist hvorki bein né óbein mismunun á grundvelli þjóðernis. Því yrði að taka til skoðunar hvort sú takmörkun sem fælist í lögunum á staðfesturétti fæli engu að síður í sér brot á 31. gr. EES samningsins þar sem hún gengi of langt. Rökstuðningur stjórnvalda Liechtenstein fyrir þessum takmörkunum var sá að ákvæðið væri nauðsynlegt til að tryggja þjóðfélagslegar þarfir landsins. Ef mönnum væri heimilt að stofna og reka fleiri en eina tannréttingarstofu mundi það leiða til aukins framboðs af slíkri þjónustu og þar með aukinnar eftirspurnar sem þýddi stóraukinn kostnað fyrir ríkið. Tilgangur löggjafarinnar væri því að stuðla að ákveðnu jafnvægi í framboði og eftirspurn eftir tannréttingum. Niðurstaða EFTA dómstólsins var sú að þessi

---

[38] Mál C-55/94.

[39] Orðrétt segir í dóminum: "*It follows, however, from the Court's case-law that national measures liable to hinder or make less attractive the exercise of fundamental freedoms guaranteed by the Treaty must fulfil four conditions: they must be applied in a non-discriminatory manner; they must be justified by imperative requirements in the general interest; they must be suitable for securing the attainment of the objective which they pursue; and they must not go beyond what is necessary in order to attain it [...]*"

[40] Dómur Evrópudómstólsins frá 7. júlí 1988, mál 143/87.

[41] Dómur frá 27. september 1988, mál 81/87.

rök ríkisstjórnar Liechtenstein réttlættu ekki að setja framangreind lög þar sem þau fælu í sér svo víðtækar takmarkanir á staðfesturétti. Sú leið sem var farin til að stuðla að framangreindu markmiði væri hvorki nauðsynleg né nægjanleg til að tryggja framangreind markmið. Efnislegi mælikvarðinn, sem stuðst var við við mat á því hvort lögin stæðust 31. gr. EES samningsins, var hinn sami og í Klopp-málinu. Orðrétt segir:

> *Non-discriminatory national measures liable to hinder or make less attractive the exercise of fundamental freedoms guaranteed by the EEA Agreement, such as the single practice rule at issue in the present case, can be justified only if they fulfil the following conditions: they must be justified by overriding reasons based on the general interest: they must be suitable for securing the attainment of the objective which they pursue; and they must not go beyond what is necessary in order to attain that objective[..]*[42]

Frumvarpið,sem hér er til umsagnar, felur í sér afar víðtækar takmarkanir á staðfesturétti einstaklinga og félaga. Eins og nánar er rakið annars staðar í þessari umsögn felst m.a. í því að markaðsráðandi fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu verður alfarið bannað að stofna fyrirtæki á sviði hljóðvarps og sjónvarps eða eignast minnsta eignarhlut í slíkum fyrirtækjum. Einnig er öllum öðrum fyrirtækjum, félögum og einstaklingum sem stunda atvinnurekstur í raun bannað að stofna slík fyrirtæki nema í samstarfi við aðra aðila, þar sem þau mega ekki eiga meira en 25% í þeim. Jafnframt er fyrirtækjum sem eiga hlut í dagblaði, hvort sem það er hér á landi eða annars staðar, óheimilt að stofna fyrirtæki á sviði sjónvarps og hljóðvarps og öfugt.

Þessar reglur setja afar miklar hömlur á heimildir einstaklinga og fyrirtækja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að stofna fjölmiðlafyrirtæki hér á landi, raunar svo miklar að færustu sérfræðingar telja þær miklu strangari en gerist annars staðar á byggðu bóli á Vesturlöndum.

Samkvæmt athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er markmið frumvarpsins að sporna við því að eignarhald á fjölmiðlafyrirtækjum og samþjöppun á fjölmiðlamarkaði hamli gegn æskilegri fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi. Við teljum eins og áður er rakið að erfitt verði fyrir íslenska ríkið að rökstyðja að svo miklar takmarkanir á staðfesturétti hafi verið nauðsynlegar til að ná þessu markmiði og að þær standist þá mælistiku, sem Evrópudómstóllinn og Eftadómstóllinn hafa lagt til grundvallar við túlkun á reglna um staðfesturétt. Miðað við fyrirliggjandi gögn blasir við okkur takmarkanirnar verði taldar andstæðar 31. gr. EES samningsins.

[42] Sjá hér einnig dóma EFTA dómstólsins í málum E-4/00 og E-6/00 frá 14. júlí 2001.

5.11.2 Takmarkanir á frjálsum fjármagnsflutningum

Ákvæði um frjálsa fjármagnsflutninga er að finna í 4. kafla EES samningsins, auk tilskipunar 88/361/EBE. Frjálsir fjármagnsflutningar fela í sér tvenns konar frelsi. Í fyrsta lagi frelsi til að yfirfæra fjármagn almennt séð og fjárfesta og hins vegar frelsi til að greiða í tengslum við vöruviðskipti og aðra þætti fjórfrelsisins.

Um fyrra atriðið er er ákvæði í 40. gr. samningsins en þar segir:

> *Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.*

Kveðið er á um seinna atriðið í 41. gr. samningsins en þar segir:

> *„Gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila innan ramma ákvæða samnings þessa skulu lausar við öll höft.*

Samkvæmt 56-60. gr. Rómarsáttmálans leikur enginn vafi á því að allar takmarkanir á sviði fjármagnsflutninga eru bannaðar, ekki einungis þær sem fela í sér mismunun á grundvelli þjóðernis heldur stefna ákvæðin mun lengra í frjálsræðisátt.[43] Það er því ljóst að innan Evrópusambandsins hvíla miklar takmarkanir á rétti aðildarríkja til að setja reglur sem takmarka fjármagnsflutninga innan ríkja sinna. Reglur Rómarsáttmálans og EES samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga eru ekki að öllu leyti hinar sömu eftir þær breytingar sem gerðar voru á ákvæðum Rómarsáttmálans um frjálsa fjármagnsflutninga með Maastrichtsamningnum. Þó er ljóst að 40. og 41. gr. EES samningsins, auk tilskipunar 88/361/EBE takmarka mjög verulega möguleika aðildarríkjanna til að setja höft á heimildir til frjálsra fjármagnsflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta leiðir bæði af orðalagi ákvæðanna og dómi EFTA-dómstólsins í máli E-1/00, Lánasýsla ríkisins gegn Íslandsbanka-FBA hf. Í málinu reyndi á það hvort lagaákvæði sem fól í sér að greiða skyldi hærra ábyrgðargjald vegna lána sem nyti ríkisábyrgðar sem aflað væri erlendis heldur en lána sem nyti ríkisábyrgðar og aflað væri hér á landi, stæðist ákvæði 40. gr. EES samningsins. Í dóminum sagði m.a.: *„Það er ein af meginreglum EES-samningsins að fjármagnsflutningar skuli vera frjálsir. [..] Með 40. gr. EES-samningsins og tilskipuninni eru afnumin höft á fjármagnsflutningum milli aðildarríkja samningsins."* Í dóminum er ekkert fjallað um hvort umrætt lagaákvæði feli í

[43] Stefán Már Stefánsson, Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið, bls. 506.

sér mismunun á grundvelli þjóðernis en hins vegar taldi dómstóllinn að umrædd regla fæli í *„sér takmörkun á frjálsum fjármagnsflutningum"* og bryti því í bága við 40. gr. EES samningsins. Þessi dómur sýnir svo ekki verður um villst að litið er svo á að 40. gr. EES samningsins leggi miklar hömlur á aðildarríki í setningu reglna sem takmarkar frjálsa fjármagnsflutninga. Þetta mun vera eini dómurinn sem hefur fallið hjá EFTA dómstólnum á þessu sviði.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi felur í sér verulegar hömlur á frelsi til frjálsra fjármagnsflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, rétt eins og lýst var hér að framan um staðfesturétt. Við teljum þess vegna afar ólíklegt að umrætt frumvarp, ef að lögum verður, verði talið standast ákvæði 40. og 41. gr. EES samningsins.

Niðurstöður og lokaorð

Hér að framan hefur verið komist að eftirtöldum niðurstöðum:

1. Verulega skortir á að undirbúningur fyrirhugaðrar lagasetningar geti talist fullnægjandi og nauðsynlegar athuganir hafa ekki verið gerðar á fjölmörgum þáttum til þess að skynsamleg og upplýst umræða gæti átt sér stað um hana. Greinargerð nefndar menntamálaráðherra er innlegg í þá umræðu, en því fer fjarri að hún taki til allra nauðsynlegra þátta slíkrar umræðu.

2. Efni frumvarpsins er sértækt, þ. e. lagasetningin lýtur aðeins að starfsemi eins fyrirtækis þótt orðalag frumvarpsins sé almennt.

3. Reglur frumvarpsins ganga miklu lengra en annars staðar þekkist og fela í sér mun harðari tök opinberra aðila á viðkomandi markaði en nauðsynlegt getur talist til að ná þeim markmiðum með lagasetningunni sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu.

4. Efni frumvarpsins er andstætt meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar um að ekki skuli með almennri lagasetningu gengið lengra í skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda en hægt sé að komast af með til að ná lögmætu markmiði.

5. Efni frumvarpsins brýtur gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

6. Efni frumvarpsins felur í sér afturvirka skerðingu á eignarréttindum sem brýtur gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

7. Efni frumvarpsins brýtur gegn ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og vernd þess, sbr. einnig 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

8. Efni frumvarpsins er ósamþýðanlegt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Við teljum ástæðu til að taka hér fram, að umsögn þessi er unnin á tíma sem okkur þótti alltof skammur til verkefnisins en helgast af þeirri einkennilegu áherslu sem lögð er á að ljúka meðferð frumvarpsins á Alþingi fyrir lok þings á þessu vori. Líklegt er þess vegna að margvísleg atriði hafi orðið útundan, þótt við höfum reynt að tína hér til margvísleg lögfræðileg álitamál og freistað þess að gera þeim skil. Við teljum að full ástæða hefði verið til að fara miklu nánar út í það hvers konar reglur kynni að vera rétt að setja um þetta svið hér á landi, reglur sem tækju hæfilegt tillit til allra aðstæðna á fjölmiðlamarkaði hér á landi. Mjög lítið ráðrúm hefur gefist til að gaumgæfa ýmsar afleiðingar slíkrar lagasetningar, t. d. með tilliti til hugsanlegs tjóns sem af henni gæti leitt. Til samanburðar við þann mikla flýti sem meðferð þessa máls sætir á Alþingi á þessu vori má nefna að undirbúningur lagasetningar um þetta efni tók fjögur ár í Noregi. Mun þokkaleg sátt hafa tekist um efni löggjafarinnar þar, sem er mun rýmri en sú sem lögð er til í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Engu að síður liggur fyrir að Norðmenn hyggjast rýmka löggjöf sína frekar, svo frem fram kemur í skýrslu nefndar menntamálaráðherra.

Reykjavík 9. maí 2004

Gestur Jónsson hrl.
Gísli Guðni Hall hdl.
Gunnar Jónsson hrl.
Margrét Einarsdóttir hdl.
Ragnar Halldór Hall hrl.

1630. Svar [723. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Landssímann.

1. *Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu, GSM-farsímaþjónustu og NMT-farsímaþjónustu?*

Í reglugerð nr. 960/2001, um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, sem sett var hinn 18. desember 2001, með stoð í 5. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, er mælt fyrir um það hvenær viðhafa skuli bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á ákveðnu sviði almennrar fjarskiptaþjónustu eða almennra fjarskiptaneta skuli aðgreina kostnað í bókhaldi í samræmi við reglugerðina. Reglur um bókhaldslega aðgreiningu gilda einnig um fjarskiptafyrirtæki sem stunda jafnframt aðra leyfisskylda starfsemi. Auk þess gilda reglurnar, að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, fyrir önnur fyrirtæki sem stunda eingöngu fjarskiptastarfsemi ef þau reka net og veita þjónustu, ef þau veita mismundi tegundir fjarskiptaþjónustu eða ef Póst- og fjarskiptastofnun telur sérstakar ástæður knýja á um bókhaldslega aðgreiningu. Í reglugerðinni er síðan mælt fyrir um fjárhagslegan aðgreiningu fjarskiptafyrirtækja á grundvelli reglugerðarinnar ef Póst- og fjarskiptastofnun hefur mælt fyrir um slíka aðgreiningu á grundvelli laga nr. 107/1999, um fjarskipti, og laga nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi farið fram á það við Landssímann að hann viðhafi fjárhagslegan aðskilnað í umræddri starfsemi.

2. *Telur Landssíminn sig ekki lengur bundinn af ákvörðunum samkeppnisráðs í nokkrum málum, t.d. 30/1994, 11/1997 og 21/1998, um að reikningshald tiltekinna rekstrareininga Landssíma Íslands hf. og forvera hans skuli vera sjálfstætt og reikningsskil í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga?*

Landssími Íslands hefur með höndum fjarskiptastarfsemi og skylda starfsemi á samkeppnismarkaði. Félagið er hlutafélag að einkarétti og er sem slíkt skráð á íslenskum hlutabréfamarkaði og ganga hlutabréf í félaginu kaupum og sölum í Kauphöll Íslands. Þrátt fyrir að íslenska ríkið eigi ráðandi hlut í Landssímanum hefur ríkið sem eigandi ekki áhrif á daglega stjórn hans né svarar fyrir stefnu hans, heldur kýs til þess sérstaka stjórn sem svarar fyrir stefnu félagsins og tekur ákvarðanir um málefni þess og ber á því stjórnunarlega ábyrgð. Í krafti stærðar og markaðsráðandi stöðu félagsins hvílir á því margvísleg lagaskylda samkvæmt fjarskiptalögum, samkeppnislögum, lögum um verðbréfaviðskipti og fleiri lögum. Í lögum er jafnframt mælt fyrir um eftirlitsskyldu ýmissa aðila gagnvart félaginu. Sem dæmi má nefna hefur Kauphöll Íslands eftirlit með aðilum sem skráðir eru á verðbréfamarkaði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd fjarskiptamála á Íslandi samkvæmt fjarskiptalögum auk þess sem stofnuninni ber að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Samkeppnisyfirvöld hafa með höndum að framfylgja bannreglum samkeppnislaga, að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum og stuðla að auknu gagnsæi markaðarins. Þrátt fyrir að ráðuneytið telji ekki eðlilegt að það svari fyrir stefnu eða ákvarðanir Landssímans í einstökum málum er þó ljóst að fyrirtækið hefur talið sig bundið af ákvörðunum samkeppnisyfirvalda og annarra eftirlitsstofnana sem beint hefur verið til þess og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að framangreindir aðilar hafi gert athugasemdir við núver-

andi framkvæmd Landssímans á umræddum ákvörðunum samkeppnisyfirvalda. Í þessu sambandi má jafnframt benda á að Ríkisendurskoðun, sem er endurskoðandi Landsímans, hefur áritað reikninga félagsins og verður að teljast að í þeirri áritun felst m.a. viðurkenning á því að félagið hagi reikningsskilum sínum í samræmi við góðar reikningsskilavenjur og meginreglur laga um ársreikninga eins og spurt er um.

1631. Nefndarálit [477. mál]

um till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu L. Árnadóttur og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson og Helga Torfason frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Franz Árnason frá Norðurorku og Íslenskri orku ehf., Albert Albertsson frá Hitaveitu Suðurnesja og Guðjón Guðmundsson og Reyni Sveinsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Björn Erlendsson, Jón Lárusson og Eyvind Gunnarsson fyrir hönd eigenda Selskarðs, Úlfar Ármannsson frá Landeigendafélagi Álftaness, Pál Hreinsson prófessor, Árna Bragason frá Umhverfisstofnun, Aðalstein Sigurgeirsson frá Skógrækt ríkisins og Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun.

Ákveðið var að senda tillöguna fjölmörgum aðilum til umsagnar og bárust svör frá Landmælingum Íslands, Veðurstofu Íslands, Kolbeinsstaðahreppi, Hafrannsóknastofnuninni, Grýtubakkahreppi, Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands, Borgarfjarðarhreppi, Eyjafjarðarsveit, Austurlandsskógum, Eyþingi, Orkuveitu Húsavíkur, Skjólskógum á Vestfjörðum, Skorradalshreppi, Skagafjarðarveitum, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Hornafirði, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, landeigendum við Geysi, Ferðamálasamtökum Suðurnesja, Fljótsdalshreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Húsavíkurbæ, Kópavogsbæ, Líffræðifélagi Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Suðurlandsskógum, Veiðimálastofnun, Norðurorku og Íslenskri orku, Reykjavíkurborg, Vegagerðinni, Bláskógabyggð, Grindavíkurkaupstað, Hitaveitu Suðurnesja, Reykjanesbæ, Samtökum ferðaþjónustunnar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabæ, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rafmagnsveitum ríkisins, Samorku, Bændasamtökum Íslands, Landsvirkjun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjarðabyggð, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Orkuveitu Reykjavíkur, Vestmannaeyjabæ, Landvernd, Orkustofnun, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Bessastaðahreppi, Akureyrarkaupstað, Skipulagsstofnun, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Ásahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Vestmannaeyjabæ og Náttúrustofu Suðurlands.

Náttúruverndaráætlunin er lögð fram skv. 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þar sem segir að umhverfisráðherra skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fram á Alþingi. Náttúruverndaráætlun samkvæmt ákvæði þessu er nú lögð fram í fyrsta sinn og lýsir nefndin ánægju sinni með þennan mikilvæga áfanga í náttúruvernd hér á landi. Með tillögunni er lagður grundvöllur að nýjum vinnubrögðum við mat á því hvaða svæði í náttúru landsins beri að vernda og fjölbreytni við það mat er aukið. Áætlunin markar fyrsta skrefið í átt að því að koma á fót verndun svæða hér á landi með skipulögðum hætti sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunni um náttúru

Íslands og hins vegar á faglegu mati á verndargildi svæðanna. Í endanlegum tillögum Umhverfisstofnunar er fjallað um 75 svæði sem talin er ástæða til að skoða með verndun í huga. Við val svæða var stuðst við aðferðir við svæðisbundna náttúruvernd sem byggist á því að uppfylla skyldur Íslands á alþjóðavettvangi, m.a. með því að byggja upp skipulagt net verndarsvæða. Tillögunum var ekki forgangsraðað og ekki sett fram tímasett framkvæmdaáætlun. Af svæðunum 75 voru valin fjórtán sem gerð er tillaga um að vernda að þessu sinni. Drög að náttúruverndaráætluninni voru kynnt á umhverfisþingi sem haldið var í október sl. Miklar umræður urðu um áætlunina en helst var gagnrýnt að erfitt væri að taka afstöðu til friðlýsingar tiltekinna svæða fyrr en afmörkun þeirra og friðlýsingarskilmálar lægju fyrir. Engin mörk eru sett fram í tillögugreininni sjálfri. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að hafa það í huga þegar friðlýsingarferlið er skoðað því ferlið byggist á samráði við þá sem friðlýsingin varðar. Minnir nefndin á að ferlið hefst með áætlun um friðun á ákveðnu svæði sem svo þróast á grundvelli mats á því hvað æskilegt er talið að verði verndað og hvað ekki er talin þörf á að vernda sérstaklega.

Í tillögunni er lagt til að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði áfram unnið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Í VII. kafla náttúruverndarlaga er kveðið á um undirbúning og framkvæmd friðlýsingar. Litið hefur verið svo á að með friðlýsingu sé verið að takmarka eignarréttindi manna. Náttúruverndarlögin kveða á um að strax í upphafi sé haft fullt samráð við þá sem málið varðar. Þau gera ráð fyrir því að sjónarmið eiganda lands sem fyrirhuguð friðlýsing snertir komi fram í friðlýsingarferlinu þar sem gert er ráð fyrir að drög að friðlýsingarskilmálum séu lögð fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Framhald málsmeðferðar fer eftir því hvort samkomulag um friðlýsingu næst. Við umfjöllun málsins kom fram að við friðlýsingu hefur jafnan verið leitað eftir afstöðu landeigenda og ekki verið friðlýst í andstöðu við vilja þeirra. Friðlýsingartillögur þær sem hér koma fram fela í sér að mislangt er gengið í friðun. Á sumum svæðanna beinist friðunin fyrst og fremst að búsvæðum fugla en á öðrum svæðum að ríkari vernd. Bendir nefndin á að í friðlýsingarferlið er innbyggt að kallað er eftir sjónarmiðum og afstöðu þeirra sem málið varðar og telur nefndin afar mikilvægt að unnið verði að friðlýsingu í fullri sátt.

Við umfjöllunina var bent á að eðlilegt hefði verið að samflétta gerð tillögu til náttúruverndaráætlunar gerð áætlunar um aðra landnýtingu og er í því samhengi einkum nefnd nýting sjálfbærra innlendra orkulinda. Kom fram að víða skarast hugmyndir um orkunýtingu og náttúruvernd og bent á að verndun væri ein tegund nýtingar og orkuvinnsla önnur. Náttúruverndaráætlun byggist samkvæmt náttúruverndarlögum fyrst og fremst á sjónarmiðum um vernd náttúruminja sem ástæða þykir til að friðlýsa. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að í hinu langa ferli sem friðlýsing er sé tekin afstaða til landnýtingar á því svæði sem til umfjöllunar er að því marki sem það er mögulegt miðað við þekkingu á svæðinu. Þau sjónarmið komu fram að það sé vandkvæðum bundið að taka endanlega afstöðu til tillögunnar fyrr en skýrari afmörkun svæðanna og friðlýsingarskilmálar liggi fyrir. Í viðauka með tillögunni eru sett fram mörk hvers svæðis. Nefndin leggur áherslu á að mörkin eru sett fram með fyrirvara og líta ber á þau sem tillögur sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar. Þá minnir nefndin á að það sem verið er að vernda er aðalatriði áætlunarinnar. Með tillögunni hefur farið fram ákveðin forgangsröðun landsvæða og með friðlýsingu á að reyna að koma í veg fyrir landnotkun sem geti ógnað eða spillt tilgreindum náttúruverðmætum. Margir umsagnaraðilar bentu á að í flestum tilvikum geti farið saman hefðbundin nýting lands og friðun. Nefndin tekur undir það og leggur áherslu á að skynsamleg nýting lands geti vel átt samleið

með friðunaraðgerðum, hvort sem um er að ræða orkunýtingu eða aðra nýtingu, svo sem ræktun lands eða ferðaþjónustu. Þá kom ítrekað fram við umfjöllunina að umsagnaraðilar lögðu ríka áherslu á að við áframhaldandi vinnu við friðun yrði haft fullt samráð við heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Nefndin hvetur til þess að svo verði, ekki síst þegar metið er að hvaða marki friðun og nýting fari saman. Nefndin leggur áherslu á að náttúrustofur taki þátt í mati á svæðum í viðkomandi landshluta. Þar er til staðar fagleg og staðbundin þekking sem nýst gæti við friðlýsingarferlið og ekki síður að því loknu.

Við umfjöllunina kom fram að þekking á fuglasvæðum í landinu er góð og því fært að setja fram heildaráætlun um friðun þeirra. Yfirsýn yfir önnur svæði, t.d. jarðhitasvæði og skóglendi, væri ekki fullnægjandi. Kom fram að þörf væri á því að verja meira fé til rannsókna en jafnframt kom fram að vinna við gerð vistgerðarkorta væri hafin á Náttúrufræðistofnun. Telur nefndin að þar sé um að ræða vinnu sem gæti nýst mjög vel og gefið góða yfirsýn. Í þessu samhengi minnir nefndin á að víða um landið hafa orkufyrirtækin rannsakað náttúru landsins. Má nefna að umfangsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar á Reykjanessvæðinu og mikil reynsla er af jarðhitavinnslu þar en auðlindir þess hafa verið virkjaðar í fjölda ára. Telur nefndin að nýta beri þær rannsóknir við mat á verndargildi svæða. Þá kom fram hjá nokkrum umsagnaraðilum að miklum fjármunum hefur verið varið í rannsóknir á jarðhita við Öxarfjörð með nýtingu í huga og nær jarðhitasvæðið, eins og það er skilgreint á viðnámskortum, yfir um helming þess svæðis sem fyrirhugað er að vernda. Í tillögunni er gert ráð fyrir að náttúruverndaráætlunin nái til Öxarfjarðar vegna verndar fuglasvæða og er tiltekið að fjölbreytni fuglalífs sé mikil á svæðinu. Auk Reykjaness og Öxarfjarðar hafa orðið sterk viðbrögð við áformum um friðlýsingu við Geysi og fjörurnar á höfuðborgarsvæðinu, Álftanes – Skerjafjörð. Færð eru fram sterk rök fyrir því að friða Geysi en nefndin telur eðlilegt að við friðun sé rannsakað hversu umfangsmikið vatnsverndarsvæðið þarf að vera. Forsendur friðunar á svæðinu Álftanes – Skerjafjörður eru fyrst og fremst vegna verndunar fugla en hluti svæðisins hefur verið á náttúruminjaskrá. Vegna athugasemda sem borist hafa um framangreind svæði telur nefndin ástæðu til að ítreka þá skoðun sína hvað þau varðar að friðun þarf ekki að koma í veg fyrir skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda á þessum svæðum. Það er hins vegar alveg ljóst að mati nefndarinnar að með áætluninni er svæðum sem vernda skal forgangsraðað og því verður í ríkara mæli litið til verndarsjónarmiða við nýtingu þeirra en verið hefur.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunarinnar hefur verið lauslega áætlaður fyrir svæðin fjórtán. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 148 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 32 millj. kr. að lokinni friðlýsingu allra fjórtán svæðanna. Áætlanir um kostnað við framkvæmdir við Vatnajökulsþjóðgarð liggja ekki fyrir. Þá kom fram að í kostnaðarmatinu er ekki gert ráð fyrir hugsanlegum kaupum á landi ef þess verður þörf til að ljúka friðlýsingu einstakra svæða. Nefndin leggur áherslu á að tryggja verði nægilegt fjármagn til framkvæmdar náttúruverndaráætlunar. Einnig bendir hún á nauðsyn þess að gert verði ráð fyrir fjármagni til áframhaldandi rannsókna á náttúru og gerð náttúrufarskorta og til fræðslu um svæðin.

Nefndin ræddi hver staða náttúruverndaráætlunarinnar yrði. Tillagan gerir ráð fyrir að hún nái til tiltekins tíma, þ.e. til ársins 2008. Í henni felst hins vegar stefnumótandi ákvörðun Alþingis um þau svæði sem tillagan tekur til. Hún er stýritæki sem ber að leggja til grundvallar við friðun þar sem ákveðin landsvæði eru sett í forgang fram yfir önnur. Á undanförnum árum hefur verið unnið að friðlýsingu ýmissa svæða, ýmist að beiðni umhverfisráðuneytis, sveitarfélaga eða félagasamtaka. Þau helstu eru Vatnajökull, Hekla, Krossanesborgir við Akureyri, Gerpissvæðið, Orravatnsrústir, Snæfells- og Vesturöræfi, Þingey og Skuldaþingey í Skjálfandafljóti og Hraun í Öxnadal. Leggur nefndin áherslu á að þar sem friðlýsing er á lokastigi

sé rétt að ljúka vinnu við hana þannig að niðurstaða fáist sem allra fyrst á þessum svæðum. Náttúruverndaráætlun skal unnin eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og markar áætlunin upphaf þess að ákveðnum svæðum í landinu sé tryggð vernd með skipulögðum hætti. Mörg þeirra njóta vissulega annarrar verndar, t.d. hverfisverndar samkvæmt skipulags- og bygginarlögum eða bæjarverndar í aðalskipulagi. Að mati nefndarinnar dregur það ekki úr gildi þess að þau séu jafnframt friðlýst.

Nefndin leggur ríka áherslu á að einn helsti ávinningurinn með náttúruverndaráætluninni sé skýrari stefnumörkun en áður við náttúruvernd hér á landi á grundvelli faglegra sjónarmiða og mælir með því að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 6. maí 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Gunnar Birgisson.	Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.

1632. Fyrirspurn [989. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um ófeðruð börn.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu mörg börn, þ.e. 18 ára og yngri, eru ófeðruð hér á landi?
2. Fjölgaði ófeðruðum börnum hlutfallslega á árunum 1983–2003?

Skriflegt svar óskast.

1633. Fyrirspurn [990. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og ef svo er, hverjar?
2. Stendur til að hækka framfærsluna?
3. Stendur til að hækka frítekjumarkið?

1634. Fyrirspurn [991. mál]

til heilbrigðisráðherra um lækningatæki.

Frá Einari Karli Haraldssyni.

Hvenær má vænta þess að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd laga um lækningatæki sem tóku gildi 16. maí 2001?

1635. Breytingartillaga [307. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. gr. orðist svo:

21. gr. laganna orðast svo:

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

1636. Svar [976. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um ferðakostnað vegna tannréttinga.

1. *Hvað líður endurskoðun reglna um greiðslu ferðakostnaðar vegna sérfræðiþjónustu tannréttingalækna, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi í 53. máli?*

Eins og skýrt var frá í svari ráðherra við fyrirspurn í 53. máli fór ráðuneytið þess á leit við tryggingaráð, sem hefur samkvæmt almannatryggingalögum forræði á málinu, að ráðið endurskoðaði reglur um ferðakostnað á þann veg að þeir sem búa á landsbyggðinni og þurfa á tannréttingum að halda yrðu jafnsettir þeim sjúklingum á landsbyggðinni sem þurfa að leita sér almennrar læknisþjónustu út fyrir eigið hérað með tilliti til endurgreiðslu ferðakostnaðar.

Í svari Tryggingastofnunar, dags. 12. janúar 2004, var skýrt frá afgreiðslu tryggingaráðs á þann veg að tryggingaráð hefði samþykkt að vísa málinu aftur til heilbrigðisráðuneytisins í ljósi framkomins frumvarps um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (þskj. 415, 341. mál) sem felur í sér breytt hlutverk tryggingamálaráðherra og tryggingaráðs. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um að þær heimildir sem tryggingaráð hafði til að setja reglur verði fluttar til ráðherra. Það verði því ráðherra sem framvegis setji reglur

um endurgreiðslu ferðakostnaðar sjúklinga en ekki tryggingaráð. Það er ekki fyrr en málið hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi að hægt er að að endurskoða ferðakostnaðarreglur sjúklinga af hálfu ráðuneytisins.

2. *Hvernig hyggst ráðherra taka á endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga barna og unglinga á Austurlandi svo að þau beri ekki meiri kostnað en þau sem búa í landshlutum þar sem tannréttingaþjónusta er veitt?*

Ekki er hægt að haga almennum ferðakostnaðarreglum þannig að greiðslur vegna ferðakostnaðar renni til sérstakra svæða. Ferðakostnaðarreglur verða að vera almenns eðlis og ná til allra landsmanna. Auknir fjármunir, sem ráðherra hefur sagst í fyrri svörum munu leita eftir vegna aukinna útgjalda vegna ferðakostnaðar, renna því ekki óskiptir til íbúa tiltekinna svæða, þótt enginn sé þar tannréttingalæknir. Gera má t.d. ráð fyrir því að Vestfirðingar og Norðlendingar þurfi einnig að sækja þessa þjónustu um langan veg þótt hægt sé að fá hana á Ísafirði og á Akureyri. Ferðakostnaðarreglur gera þó ráð fyrir því að alla jafna sé þjónustan sótt til þess staðar sem næst liggur.

Eins og fram kemur í svari við 1. lið lagði ráðuneytið til við tryggingaráð að ferðakostnaðarreglum yrði breytt á þann hátt að þeir sem búa á landsbyggðinni og þurfa á tannréttingum að halda verði jafnsettir almennum sjúklingum á landsbyggðinni með tilliti til endurgreiðslu ferðakostnaðar. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir öðru en að ráðuneytið muni breyta reglunum á þann veg þegar ráðherra fær tök á því samkvæmt væntanlegum lögum þar um frá Alþingi.

1637. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um uppfinningar starfsmanna.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Árna Vilhjálmsson hrl., Árna B. Björnsson, Geir Guðmundsson og Hrafnkel Eiríksson frá Stéttarfélagi verkfræðinga, Jóhann Hjartarson og Þóri Haraldsson frá Íslenskri erfðagreiningu hf. og Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs, Háskólanum á Akureyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Hafrannsóknastofnuninni, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Háskóla Íslands, Rannsóknamiðstöð Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga, Samtökum iðnaðarins og Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Með frumvarpinu er stefnt að því að setja almennar reglur um uppfinningar starfsmanna sem taka bæði tillit til hagsmuna atvinnurekenda og starfsmanna þannig að þeir þurfi ekki að semja sín á milli um öll atriði.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpinu væri einnig ætlað að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að marka sér stefnu í þessum málum. Samkvæmt gildandi lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, á uppfinningamaður allan rétt til uppfinningar. Því er tæknileg óvissa um

réttarstöðu þegar uppfinning er gerð í starfi þar eð í athugasemdum við frumvarp til laga um einkaleyfi var tekið fram að þau mundu ekki taka til uppfinninga starfsmanna.

Nefndin ræddi málið á nokkrum fundum og voru ófrávíkjanleg ákvæði frumvarpsins sérstaklega rædd. Skoðað var hvort leggja ætti til að sett yrði almenn regla til leiðbeiningar um það hvernig sanngjarnt endurgjald yrði metið. Varð niðurstaðan sú að þar sem reglurnar ættu að vera almennar væri ekki rétt að fastsetja sérstaka reglu enda geta verið mjög mismunandi sjónarmið uppi um það hvað teljist sanngjarnt og ekki víst að sama reglan henti í öllum tilvikum. Það getur farið eftir því hver starfsemin er og hvort um er að ræða fyrirtæki, rannsóknastofnun, opinbera stofnun eða háskóla.

Með tilliti til þess að orðið er mun algengara að fyrirtæki, sérstaklega í hátæknigeiranum, ráði til sín starfsmenn beinlínis til rannsókna- og þróunarstarfa og til að vinna að, koma fram með uppfinningar og fullgera þær telur nefndin rétt að leggja til breytingar á 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins sem hafa að geyma ófrávíkjanleg ákvæði.

Fyrra ákvæðið varðar rétt starfsmanns til þess að sækja um einkaleyfi á uppfinningu. Nefndin leggur áherslu á að starfsmaðurinn geti ekki fyrir fram afsalað sér réttinum til að sækja um einkaleyfi fram að þeim tíma þegar atvinnurekandi metur hvort hann vill neyta framsalsréttar síns. Þessi réttur starfsmannsins á hins vegar ekki við þegar atvinnurekandi og starfsmaður hafa samið um að víkja frá ákvæðum 3. gr. um rétt starfsmanns til uppfinningar og 4. gr. um framsal réttar til atvinnurekanda.

Hvað snertir 7. gr. er talið eðlilegt að í þeim tilvikum þegar starfsmaður er ráðinn sérstaklega til að vinna að uppfinningum, eins og gert er í hátæknigreinum, megi semja svo um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmanns eingöngu en verði ekki háð mati á óvissuþáttum síðar, t.d. verðmæti uppfinningar.

Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingar á 8. gr. frumvarpsins sem einungis eru málfarslegar.

Að auki telur nefndin rétt að gera gildistökuákvæðið skýrara í samræmi við athugasemdir sem koma fram í greinargerð. Nefndin vill taka fram að ákvæði laganna gilda gagnvart uppfinningum sem koma fram eftir gildistökuna og að ófrávíkjanleg ákvæði laganna geti hrundið samningum sem gerðir hafa verið fyrir gildistökuna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku. Sérákvæði gilda þó um starfsmenn sem ráðnir eru til að vinna að uppfinningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu máls þessa.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 3. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kristján L. Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Björgvin G. Sigurðsson.

1638. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til l. um uppfinningar starfsmanna.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. Síðari málsliður 3. mgr. orðist svo: Starfsmaðurinn getur ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi nema vikið hafi verið frá ákvæðum 3. og 4. gr. með samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns sem ráðinn er til að vinna að uppfinningum.
2. Við 7. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef starfsmaðurinn er ráðinn til að vinna að uppfinningum má semja um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmannsins einvörðungu.
3. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til fyrr.
4. Við 9. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin taka einungis til uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Ófrávíkjanleg ákvæði laganna skulu gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra, sbr. þó sérákvæði um ráðningu starfsmanna til að vinna að uppfinningum.

1639. Nefndarálit [883. mál]

um till. til þál. um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Ástríði Scheving Thorsteinsson frá Flugmálastjórn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem er viðbót við Varsjársamninginn, sem gerður var í Gvadalajara 18. september 1961 (Gvadalajara-samningurinn) og Montreal-bókun nr. 4 um breytingar á samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eins og honum var breytt með bókuninni sem gerð var í Haag 28. september 1955, undirrituð í Montreal 25. september 1975 (Montreal-bókun nr. 4), og til fullgildingar á samningi um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999 (Montreal-samningurinn).

Í Varsjársamningnum frá 1929 er m.a. kveðið á um ábyrgð og skuldbindingar flytjanda og um réttindi farþega og sendanda auk þess sem þar eru reglur um bætur fyrir lífs- eða líkamstjón farþega en Gvadalajara-samningnum er m.a. ætlað að einfalda kerfið samkvæmt Varsjársamningnum og gera réttarstöðu neytenda skýrari. Með Montreal-bókuninni er ýmsum form-

skilyrðum breytt, þær einfaldaðar og kveðið skýrar á um afleiðingar skorts á gögnum eða upplýsingum og um bótarétt. Montreal-samningurinn frá 1999 miðar fyrst og fremst að því að færa Varsjársamninginn til nútímahorfs og koma á einsleitara bótakerfi í flugsamgöngum og fjallar hann um réttindi og skyldur aðila, bótarétt, formreglur, upplýsingagjöf o.fl. Í samningnum felst einnig að staða farþega er bætt, m.a. með betri bótarétti en tíðkast samkvæmt Varsjársamningnum.

Aðild Íslands að samningunum og bókuninni kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur samgönguráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum (þskj. 1440, 946. mál), og lögum um loftferðir, nr. 60/1998 (þskj. 1439, 945. mál), sem hefur verið meðferðar í samgöngunefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1640. Nefndarálit [884. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerð um endurskoðun samningsins og samningi um beitingu 65. gr. samningsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ástu Valdimarsdóttur frá Einkaleyfastofu, Kristrúnu Heimisdóttur frá Samtökum iðnaðarins, Örn Guðmundsson frá Pharmaco og Gunnar Örn Harðarson frá A&P Árnason.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í München 5. október 1973, gerð um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerð var í München 29. nóvember 2000 og samningi um beitingu 65. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa sem gerður var í Lundúnum 17. október 2000.

Með evrópska einkaleyfasamningnum frá 1973 var Evrópsku einkaleyfastofnuninni komið á fót og rekur hún undirstofnun, Evrópsku einkaleyfastofuna. Samningurinn gerir það mögulegt að sækja um evrópskt einkaleyfi á grundvelli einnar umsóknar í öllum aðildarríkjum samningsins samtímis. Samningurinn var endurskoðaður 29. nóvember 2000 og með Lundúnasamningnum 17. október 2000 var kveðið sérstaklega á um beitingu 65. gr. einkaleyfasamningsins, einkum með það fyrir augum að draga úr kostnaði við þýðingar á evrópskum einkaleyfum. Áhrif aðildar Íslands að samningunum verða m.a. þau að allt umsóknarferli um einkaleyfi verður einfaldara og ódýrara en áður hefur tíðkast.

Aðild Íslands að samningunum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum (þskj. 1122, 751. mál), en iðnaðarnefnd hefur haft málið til meðferðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform., frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1641. Nefndarálit [751. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Ástu Valdimarsdóttur og Lilju Aðalsteinsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Þá hafa borist umsagnir um málið frá Einkaleyfastofunni, Samtökum iðnaðarins, Pharmaco hf., A & P Árnasyni ehf., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Verslunarráði Íslands, Byggðastofnun, Háskóla Íslands, Orkustofnun, Sigurjónssyni og Thor ehf. og Faktor einkaleyfaskrifstofu ehf.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um einkaleyfi, annars vegar vegna væntanlegrar aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum og hins vegar vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi og samræmingar við þróun framkvæmdar á alþjóðavettvangi. Umsóknir um evrópskt einkaleyfi verða því mótteknar af Evrópsku einkaleyfastofunni og skulu lagðar inn þar eða hjá Einkaleyfastofunni sem tekur við umsóknum hér á landi.

Á fundum nefndarinnar voru áhrif þessara breytinga á íslenskt atvinnulíf rædd en telja verður að þau séu mjög jákvæð og bæti almennt viðskiptaumhverfi og samkeppnisstöðu fyrirtækja hér. Markmiðið með evrópska einkaleyfasamningnum er að styrkja samvinnu um vernd uppfinninga og er unnið að því með því að veita einkaleyfi á grundvelli sameiginlegrar málsmeðferðar. Ljóst er að það er ótvíræður kostur að geta með einni umsókn í evrópska einkaleyfakerfinu sótt um einkaleyfi í hverju þeirra 28 ríkja sem eru aðilar að samningnum. Þá er upplýst að kostnaðurinn við það að fá einkaleyfi er talinn samsvara því að fá einkaleyfi í þremur ríkjum.

Nokkuð var rætt um áhrif aðildar samningsins á iðnaðinn og þá sérstaklega samheitalyfjaiðnaðinn en samkvæmt íslenskum einkaleyfalögum hafa íslensk lyfjafyrirtæki hingað til notið rúmra heimilda til framleiðslu samheitalyfja. Aðildin getur haft einhver neikvæð áhrif þar sem að fjölgun getur orðið á einkaleyfum lítilla erlendra lyfjaframleiðenda hér á landi. Á móti

kemur að Evrópusambandið er um þessar mundir að reka formlega smiðshöggið á frjálslegri reglur um þróun og skráningu samheitalyfja, svonefnd Bolar-ákvæði, sem munu hafa jákvæð áhrif. Í þeim felst sambærilegt svigrúm og íslenskur samheitalyfjaiðnaður hefur hingað til haft. Gert er ráð fyrir að þær reglur verði teknar upp á Evrópska efnahagssvæðinu fljótlega og er stefnt að því að jákvæðra áhrifa þeirra muni gæta hér á landi um svipað leyti og ef af aðild að evrópska einkaleyfasamningnum verður. Upplýst var fyrir nefndinni að ekki hefði verið tekin formleg ákvörðun um málið hjá Evrópusambandinu og telur nefndin því eðlilegt að bíða með að breyta reglum.

Þá var rætt um það nýmæli frumvarpsins að afnema þá takmörkun gildandi laga varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir að um fyrstu læknisfræðilega notkun þurfi að vera að ræða. Kom fram að uppfylla þyrfti öll sömu skilyrði og ef um fyrstu notkun væri að ræða, þ.e. að uppfinningin væri ný og hefði nýja virkni og því unnt að fá einkaleyfi fyrir henni („second medical use"). Samkvæmt því væri hægt að fá einkaleyfi á þekktu efni sem hægt væri að nota í læknisfræðilegum tilgangi ef fundin yrði einhver ný notkun á því. Má nefna sem dæmi lyf sem var notað sem flogaveikilyf en seinna uppgötvað að það var mjög gott verkjalyf og var því veitt einkaleyfi sérstaklega fyrir þeirri notkun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og varða þær málsfarsleg atriði og lagfæringar á þýðingu evrópska einkaleyfasamningsins. Þá er lagt til að gildistökuákvæði laganna sem varða samninginn og þær breytingar sem gerðar voru á honum árið 2000 miðist við birtingu auglýsingar ráðherra um að samningurinn og breytingarnar hafi öðlast gildi að því er Ísland varðar. Loks telur nefndin rétt að taka fylgiskjölin upp í lögin með sérstakri grein þar sem þau eiga að vera hluti laganna.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 3. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kristján L. Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Björgvin G. Sigurðsson.

1642. Breytingartillögur [751. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Inngangsmálsliður 1. efnismgr. orðist svo: Einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag umsóknar þegar.

b. 1. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: telja má af umsóknargögnum að umsóknin sé um einkaleyfi.
c. Inngangsmálsliður 3. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: a.m.k. eitt eftirtalinna atriða er í umsóknargögnum.
d. A-liður 3. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: lýsing uppfinningar.
e. Í stað orðsins „veitingu“ í 2. og 3. efnismgr. komi: ákvörðun.

2. Við 5. gr. Í stað orðanna „kröfum einkaleyfis“ 1. mgr. a-liðar (40. gr. a) komi: einkaleyfiskröfum.
3. Við 8. gr. Efnismálsgrein d-liðar orðist svo:
Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar skv. 31. gr. Ákvæðin eiga einnig við um slíkar umsóknir þegar umsækjandi hefur glatað rétti af þeirri ástæðu að frestir hafa ekki verið virtir gagnvart viðtökuyfirvöldum, yfirvöldum sem framkvæma alþjóðlega nýnæmisrannsókn eða forathugun á einkaleyfishæfi eða Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO).
4. Við 9. gr.
a. Í stað orðanna „er viðtökuaðili umsóknar“ í 3. mgr. a-liðar (75. gr.) komi: tekur við umsóknum.
b. 1. mgr. c-liðar (77. gr.) orðist svo:
Evrópskt einkaleyfi öðlast aðeins gildi hér á landi ef umsækjandi, innan tilskilins frests samkvæmt reglugerð frá þeim degi sem Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða tekið ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu, uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
1. leggur inn hjá Einkaleyfastofunni íslenska þýðingu á einkaleyfiskröfum ásamt íslenskri eða enskri þýðingu á öðrum hlutum einkaleyfisins hafi evrópskt einkaleyfi verið veitt eða staðfest í breyttri útgáfu á þýsku eða frönsku,
2. greiðir Einkaleyfastofunni tilskilið gjald fyrir útgáfu.
c. 1. málsl. 2. mgr. c-liðar (77. gr.) orðist svo: Einkaleyfisgögn, hvort sem þau liggja fyrir í rafrænu formi eða á pappír, eru öllum aðgengileg.
d. Í stað orðsins „tilkynnt“ í 1. mgr. g-liðar (81. gr.) komi: birt tilkynningu um.
e. Í stað orðanna „Frá því að umsókn fær umsóknardag hjá Evrópsku einkaleyfastofunni hefur hún“ í 1. mgr. h-liðar (82. gr.) komi: Frá því að Evrópska einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag hefur umsókn.
f. Í stað orðanna „kröfum umsóknar eins og hún var birt“ í 1. mgr. i-liðar (83. gr.) komi: umsóknarkröfum eins og þær voru birtar.
g. Í stað orðanna „kröfum umsóknar“ í 2. mgr. i-liðar (83. gr.) komi: umsóknarkröfum.
h. Í stað orðanna „umsóknin hefur ekki verið“ í 1. mgr. o-liðar (88. gr.) komi: hún var ekki.
i. P-liður (89. gr.) orðist svo:
Ákvæði 9., breyttrar 60. og 131. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, svo og ákvæði bókunar með samningnum um lögsögu og viðurkenningu dómsúrskurða varðandi rétt til að fá veitt evrópskt einkaleyfi (bókun um viðurkenningu), skulu hafa lagagildi hér á landi. Ákvæðin skulu fylgja lögunum og teljast hluti þeirra.
j. Q-liður (89. gr. a) orðist svo:
Ákvæði laga þessara er lúta að varðveislu líffræðilegs efnis eiga ekki við um evrópskt einkaleyfi.

5. Á eftir 9. gr. kemur ný grein svohljóðandi:
Við lögin bætast tvö ný fylgiskjöl, svohljóðandi:

a. (I.)

ÁKVÆÐI 9., 60. OG 131. GR. EVRÓPSKA EINKALEYFASAMNINGSINS

9. gr.
Ábyrgð.

Um samningsbundna ábyrgð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar skulu þau lög gilda sem við eiga um hlutaðeigandi samning.

Um ábyrgð stofnunarinnar utan samninga vegna tjóns sem hún veldur eða starfsmenn Evrópsku einkaleyfastofunnar í starfi sínu gilda ákvæði laga sambandslýðveldisins Þýskalands. Ef útibúið í Haag eða undirskrifstofa eða starfsmenn þar valda tjóni gilda ákvæði laga þess samningsríkis þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

Kveða skal á um persónulega ábyrgð starfsmanna Evrópsku einkaleyfastofunnar gagnvart stofnuninni í starfsreglum þeirra eða ráðningarskilmálum.

Þeir dómstólar, sem fara með lögsögu til að leysa úr deilum skv. 1. og 2. mgr., eru:

a. að því er varðar deilur skv. 1. mgr., valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi nema kveðið sé á um dómstóla annars ríkis í samningi milli aðilanna;
b. að því er varðar deilur skv. 2. mgr., annaðhvort valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi eða valdbærir dómstólar í ríkinu þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

60. gr.
Réttur til evrópsks einkaleyfis.

Rétt til evrópsks einkaleyfis á uppfinningamaðurinn eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Ef uppfinningamaðurinn er launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum ríkisins þar sem launþeginn starfar aðallega en ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki launþeginn starfar aðallega skal beita lögum ríkisins þar sem atvinnurekandinn hefur starfsstöð sem launþeginn tengist.

Hafi tveir eða fleiri einstaklingar komið fram með uppfinningu, óháðir hvor eða hver öðrum, skal sá eiga rétt til evrópsks einkaleyfis sem fyrst sækir um hann, að því gefnu að fyrsta umsókn hafi verið birt.

Í máli hjá Evrópsku einkaleyfastofunni skal litið svo á að umsækjanda sé heimilt að fara með réttinn til evrópsks einkaleyfis.

131. gr.
Samstarf um framkvæmd og löggjöf.

Sé eigi kveðið á um annað í samningi þessum eða landslögum skulu Evrópska einkaleyfastofan og dómstólar eða yfirvöld í samningsríkjunum aðstoða hvert annað, þegar um er beðið, með upplýsingaskiptum eða með því að heimila skoðun gagna. Skilyrði, sem sett eru í 128. gr., gilda ekki um skoðunina þegar Evrópska einkaleyfastofan heimilar dómstólum, embættum saksóknara eða aðalhugverkastofum að skoða gögn.

Þegar dómstólar eða önnur valdbær yfirvöld í samningsríkjunum taka við bréflegum beiðnum um skýrslutöku frá Evrópsku einkaleyfastofunni skulu þau leita nauðsynlegra upplýsinga eða gera aðrar lagalegar ráðstafanir fyrir Evrópsku einkaleyfastofuna að svo miklu leyti sem þau fara með lögsögu.

b. (II.)

BÓKUN UM LÖGSÖGU OG UM VIÐURKENNINGU DÓMSÚRSKURÐA VARÐANDI RÉTT TIL AÐ FÁ VEITT EVRÓPSKT EINKALEYFI (BÓKUN UM VIÐURKENNINGU)

I. KAFLI
Lögsaga.

1. gr.

Dómstólar samningsríkja skulu, í samræmi við 2.–6. gr., hafa lögsögu til að skera úr um kröfur gegn umsækjanda þar sem tilkall er gert til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra samningsríkja sem tilnefnd eru í umsókninni.

Í bókun þessari nær hugtakið dómstólar yfir þau yfirvöld sem að landslögum í samningsríki hafa lögsögu til að skera úr um kröfur þær er um getur í 1. mgr. Hverju samningsríki ber að tilkynna Evrópsku einkaleyfastofunni hver þau yfirvöld eru sem slík lögsaga er veitt og ber Evrópsku einkaleyfastofunni að veita öðrum samningsríkjum upplýsingar þar um.

Í bókun þessari á hugtakið samningsríki við hvert það samningsríki sem ekki hefur beitt 167. gr. samningsins til að útiloka að bókunin eigi við.

2. gr.

Nú hefur umsækjandi um evrópskt einkaleyfi aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu samningsríkjanna og skal þá, með fyrirvara um 4. og 5. gr., mál gegn honum rekið fyrir dómstólum þess samningsríkis.

3. gr.

Nú hefur umsækjandi um evrópskt einkaleyfi aðsetur eða aðalstarfsstöð utan samningsríkjanna, en aðilinn, sem gerir tilkall til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi, hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu samningsríkjanna, og skulu þá, með fyrirvara um 4. og 5. gr., dómstólar þess ríkis einir hafa lögsögu.

4. gr.

Nú er sótt um evrópskt einkaleyfi á grundvelli uppfinningar sem launþegi hefur gert og skulu þá, með fyrirvara um 5. gr., dómstólar þess samningsríkis, þar sem landslög ákvarða réttinn til evrópsks einkaleyfis skv. 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. samningsins, ef þeim er til að dreifa, einir hafa lögsögu í dómsmálum milli launþegans og atvinnurekanda hans.

5. gr.

Nú hafa málsaðilar í deilu um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gert með sérsamning, annaðhvort skriflega eða munnlega með skriflegri staðfestingu þess efnis að dómstóll eða dómstólar í tilteknu samningsríki eigi að skera úr þess háttar deilu og skal þá dómstóll eða dómstólar þess ríkis einir hafa lögsögu.

Séu málsaðilar launþegi og atvinnurekandi hans gildir 1. mgr. þó því aðeins að slíkur samningur sé heimill að landslögum þeim sem gilda um starfssamninginn þeirra á milli.

6. gr.

Í þeim málum sem hvorki falla undir ákvæði 2.–4. gr. né 1. mgr. 5. gr. hafa dómstólar sambandslýðveldisins Þýskalands einir lögsögu.

7. gr.

Þegar kröfur þær sem um getur í 1. gr. eru bornar upp fyrir dómstól í samningsríki skal hann að eigin frumkvæði úrskurða hvort honum beri lögsaga skv. 2.–6. gr. eða ekki.

8. gr.

Fari svo að mál sé höfðað á grundvelli sömu kröfu og milli sömu málsaðila fyrir dómstólum í fleiri en einu samningsríki ber dómstóli, þar sem málið er síðar upp borið, að eigin frumkvæði að afsala sér lögsögu til þess dómstóls þar sem það var borið upp fyrr.

Fari svo að brigður séu bornar á lögsögu dómstólsins, þar sem málið var fyrr upp borið, ber dómstólnum, þar sem það var borið upp síðar, að fresta málsmeðferð þar til fyrri dómstóllinn kveður upp fullnaðarúrskurð.

II. KAFLI

Viðurkenning.

9. gr.

Nú hefur verið kveðinn upp í einhverju samningsríki fullnaðarúrskurður um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra samningsríkja sem tilnefnd eru í umsókninni um evrópskt einkaleyfi og skal þá, með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr., viðurkenna þann úrskurð án þess að til þurfi að koma nokkur sérstök málsmeðferð í öðrum samningsríkjum.

Málskot er óheimilt um réttmæti úrskurðar, sem viðurkenna ber, og lögsögu dómstólsins sem kvað hann upp.

10. gr.

1. mgr. 9. gr. á ekki við ef:

a. umsækjandi um evrópskt einkaleyfi, sem hefur ekki haft uppi mótmæli gegn kröfu, sýnir fram á að málsskjalið, sem réttarhöldin voru hafin með, hafi ekki verið kynnt honum eins og vera ber og í tæka tíð fyrir hann til að hafa uppi varnir; eða
b. umsækjandi sýnir fram á að úrskurðurinn fari í bága við annan úrskurð, kveðinn upp í samningsríki í máli milli sömu málsaðila, og hafi þau málaferli hafist fyrr en hin þar sem úrskurðurinn, sem ber að viðurkenna, var kveðinn upp.

11. gr.

Í samskiptum samningsríkja skulu ákvæði bókunar þessarar ganga framar hverjum þeim ákvæðum annarra samninga um lögsögu eða viðurkenningu dómsniðurstaðna sem kunna að vera gagnstæð þeim.

Bókun þessi skal engu breyta um framkvæmd nokkurra samninga milli samningsríkis og ríkis sem óbundið er af bókuninni.

6. Við 10. gr.

a. Í stað orðanna „og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili að honum“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: og ráðherra birtir auglýsingu um að samningurinn hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi; og í stað orðanna „og birt er auglýsing um að Ísland hafi gerst aðili

að breytingunum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: og ráðherra birtir auglýsingu um að breytingarnar hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi.

b. 2. mgr. orðist svo:

Ef annað er ekki tiltekið í 3. mgr. gilda lög þessi um einkaleyfisumsóknir þar sem umsóknardagur hefur verið ákvarðaður fyrir gildistöku laga þessara, sem og einkaleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laga þessara.

7. Fylgiskjöl I og II falli brott.

1643. Skýrsla [992. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2003 (siglingamálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Inngangur.

Með lögum nr. 71 8. maí 2002 er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og reksturs stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti.

Hins vegar kveða lögin á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðað eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á með sama hætti og fjárlögin. Þessi áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Lögin gera enn fremur ráð fyrir því að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

Stefnumótun.

Í samgönguáætlun áranna 2003–2014 eru sett fram og sérstaklega sundurliðuð tiltekin meginmarkmið. Í gildandi fjögurra ára áætlun er mælt fyrir um að unnið skuli að ákveðnum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir meginmarkmiðin, sem eru:

- greiðari samgöngur (flytjanleiki samgöngukerfisins),
- hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna,
- umhverfislega sjálfbærar samgöngur,
- öryggi í samgöngum.

Þá liggur fyrir verkefnaáætlun samgönguráðuneytisins áranna 2003–2007 en þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem samgönguráðherra vill að unnið sé að á næstu missirum.

Markmið Siglingastofnunar.

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem vinnur að öryggi sjófarenda og aukinni hagkvæmni í sjósókn. Með sérfræðiþekkingu og skilvirkri miðlun upplýsinga um málefni hafna og siglinga þjónar Siglingastofnun stjórnvöldum, sjófarendum og útgerðarmönnum.

Siglingastofnun Íslands er virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.

Stofnunin leggur áherslu á að tryggja að sérfræðiþekking og reynsla starfsmanna leggi góðan grunn að opinberum kröfum um málefni sjávar og sjófarenda. Á sama hátt stendur stofnunin öruggan vörð um að þessar kröfur séu uppfylltar.

Siglingastofnun vinnur einnig að því að tryggja að sjónarmið íslenskra útgerðarmanna og sjófarenda fái hljómgrunn í alþjóðlegu samstarfi, þannig að sérhæfð þekking og reynsla af íslenskum aðstæðum endurspeglist í alþjóðlegum reglum um siglingamál.

Fjármál (fjárhæðir í millj. kr.)	Samgöngu-áætlun 2003	Fjárlög og fjár-aukalög 2003	Rauntölur 2003
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Skipagjald	63,9	63,9	63,9[1]
Vitagjald	103,5	103,5	103,5[2]
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs[3]	213,2	106,6	106,6
Markaðar tekjur alls	**380,6**	**274,0**	**274,0**
Framlag úr ríkissjóði	1.465,5	1.578,0	1.291,0
Sértekjur	124,5	124,5	183,4
Aðrar ríkistekjur	1,3	1,3	1,2
Tekjur og framlög alls	**1.971,9**	**1.977,8**	**1.749,6**
Viðskiptahreyfingar	–120,1	–120,1	–120,1
Til ráðstöfunar	1.851,8	1.857,7	1.629,5
Gjöld			
Rekstur og þjónusta:			
Yfirstjórn	186,1	199,1	268,0
Vitar og leiðsögukerfi	105,0	105,0	107,4
Skipaskoðun	115,0	115,0	141,3
Vaktstöð siglinga	158,1	172,5	175,7
Áætlun um öryggi sjófarenda	15,0	15,0	19,3
Hafnir, líkantilraunir og grunnkort	17,5	17,5	11,0
Rannsóknir og þróun	40,0	40,0	27,3
Minjar og saga	5,0	5,0	3,0
Rekstrargjöld alls	**641,7**	**669,1**	**753,0**
Stofnkostnaður			
Tæki og búnaður	20,7	20,7	7,7
Vitar og leiðsögukerfi	11,5	11,5	16,6
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	1.116,1	1.090,6	816,1
Áður framkvæmt/afborganir	–120,1	–120,1	–120,1
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	52,5	52,5	41,3

[1] Tölur fyrir árið 2003 liggja ekki fyrir.

[2] Tölur fyrir árið 2003 liggja ekki fyrir.

[3] Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs var í samgönguáætlun 213,2 millj. kr. en var lækkað í fjáraukalögum um 106,6 millj. kr. Þjónustusamningur um öryggismál var felldur út úr siglingamálaáætlun.

Fjármál (fjárhæðir í millj. kr.)	Samgöngu-áætlun 2003	Fjárlög og fjár-aukalög 2003	Rauntölur 2003
Lendingarbætur	3,8	7,8	7,0
Ferjubryggjur	6,5	6,5	0,4
Sjóvarnargarðar	102,5	102,5	90,9
Hafnabótasjóður, framlag	16,6	16,6	16,6
Stofnkostnaður alls	**1.210,1**	**1.188,6**	**876,5**
Gjöld alls	**1.851,8**	**1.857,7**	**1.629,5**

Rekstur og þjónusta.

Inngangur.

Siglingamálaáætlun nær til allra verkefna sem löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun Íslands að annast. Þá er bæði átt við verklegar framkvæmdir og rekstur. Siglingamálaáætlun kemur í stað þriggja þingsályktana sem Siglingastofnun hefur verið falin framkvæmd á og tekur að auki til allra annarra rekstrarverkefna sem eru á forræði stofnunarinnar. Þingsályktanir þær sem hér er átt við voru samþykktar 19. maí 2001 og eru um hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Siglingamálaáætlun sú sem hér er fjallað um og nær til áranna 2003–2006 tekur mið af fyrri áætlunum og ákvörðunum sem þær fólu í sér. Hún er síðan hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum nr. 71 8. maí 2002.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að öryggi sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um hlutverk, skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð.

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Í hafnaráði sitja:

Nafn	*Tilnefning*
Sigríður Finsen, formaður	samgönguráðherra
Brynjar Pálsson	samgönguráðherra
Eyrún Ingibjörg Steinþórsdóttir	samgönguráðherra
Björn Magnússon	Hafnasamband sveitarfélaga
Ólafur M. Kristinsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Friðrik J. Arngrímsson	Samtök atvinnulífsins

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Árið 2003 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Daði Jóhannesson, formaður	samgönguráðherra
Guðmundur Hallvarðsson	samgönguráðherra
Ásbjörn Óttarsson	samgönguráðherra
Guðjón Ármann Einarsson	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Ingólfur Sverrisson	Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði
Friðrik J. Arngrímsson	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Örn Pálsson	Landssamband smábátaeigenda
Ólafur J. Briem	Samband íslenskra kaupskipaútgerða
Sævar Gunnarsson	Sjómannasamband Íslands
Hilmar Snorrason	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Helgi Laxdal Magnússon	Vélstjórafélag Íslands

Innra skipulag og starfshættir SÍ.

Sú aðferðafræði sem nefnd er árangursstjórnun tengist viðamiklum endurbótum á opinberri stjórnsýslu víða um heim undanfarna áratugi. Hér á landi má rekja upphaf hennar til fjármálaráðuneytisins sem birti árið 1993 bækling undir nafninu „Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri" og var honum ætlað að skýra stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisrekstri. Í formála segir að kjarni þeirrar stefnu sé að „dreifa valdi, auka ábyrgð og flytja ákvarðanir sem næst vettvangi og ná með því hagkvæmari rekstri og betri þjónustu." Í framhaldi af því var m.a. gerð tilraun með svonefnda samningsstjórnun og síðar verkefnavísa. Árið 1997 var svo hafist handa við breytingar undir merki árangursstjórnunar. Hún er í raun og veru einföld aðferðafræði sem felst í síendurteknu ferli markmiðssetningar, mælinga og viðbragða við frávikum. Með því að endurtaka þetta ferli er stöðugt leitast við að bæta árangur af starfi einstakra stofnana. Bæði er stefnt að aukinni skilvirkni og því að ná þeim áhrifum á þjóðfélagið sem sóst er eftir. Allt stefnir þetta að því að bæta ríkisreksturinn og meta hvernig til hefur tekist.

Samgönguráðuneytið og SÍ undirrituðu 29. desember 2000 slíkan árangursstjórnunarsamning. Hann tók gildi 1. janúar 2001 og er ætlað að gilda í fimm ár eða til ársloka 2005. Undirbúningur að gerð samningsins hafði staðið frá ársbyrjun 1998, en áður hafði gilt samningsstjórnunarsamningur við Vita- og hafnamálastofnun tímabilið 1. janúar 1995 til 31. desember 1997.

Í ljósi þess að senn verða liðin 10 ár frá því að SÍ tók til starfa og brátt þarf að huga að endurnýjun framangreinds samnings var ákveðið snemma árs 2003 að nauðsyn bæri til að skipulegrar athugunar á starfsháttum og verkefnum SÍ. Þetta var ekki síður talið tímabært í ljósi nýrrar lagasetningar um ýmsa þætti í starfseminni, merkra þingsályktana, m.a. um samgönguáætlun, og ekki síst flutnings nýrra verkefna til stofnunarinnar.

Settur var á laggirnar starfshópur sem hefur leitt þetta verk og er nú lokið viðamiklu stöðumati þar sem farið hefur verið ofan í það umhverfi sem stofnunin vinnur í, bæði hið ytra sem knýr á um breytingar og hið innra, þ.e. þá starfsemi og mannauð sem í stofnuninni býr. Farið hefur fram sjálfsgreining á stofnuninni með tiltekinni aðferðafræði undir formerkjum samhæfðs árangursmats og tóku þátt í henni yfirstjórn og fjölmargir starfsmenn aðrir. Þá var gerð

starfsmannakönnun sem og viðskiptamannakönnun, auk þess sem flestir starfsmenn SÍ ræddu um stöðu og framtíð stofnunarinnar á skipulegum vinnustofufundum.

Með framangreindum hætti var lagður vandaður grunnur að traustu stöðumati sem verður verkefni ársins 2004 ásamt með mótun framtíðarsýnar og skipulegu þroskaferli í takt við þá meginstrauma og stefnur sem lagðar hafa verið um þróun ríkisrekstrarins.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Siglingastofnun tók þátt í undirbúningi ýmissa lagafrumvarpa sem samgönguráðuneytið lagði fram á Alþingi 2002–2003. Frumvörpin fjölluðu m.a. um skráningu skipa, Siglingastofnun Íslands, vinnutíma sjómanna, vaktstöð siglinga, eftirlit með skipum, rannsókn sjóslysa og hafnir.

Innan Siglingastofnunar var á árinu 2003 unnið að undirbúningi ýmissa reglugerða, t.d. um asdik-búnað skipa, úrskurðarnefnd siglingamála, farþega- og flutningaskip, undanþágunefnd, mönnunarnefnd, hafnarríkiseftirlit, skráningu á afli aðalvéla skipa og um skoðanir á skipum og búnaði þeirra. Auk þess var á árinu 2003 unnið að gerð ýmissa reglugerða sem settar voru í upphafi árs 2004 í tengslum við breytt fyrirkomulag skipaskoðunar, svo sem reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, öryggi fiskiskipa 15 metra og lengri að mestu lengd og viðurkenningu flokkunarfélaga.

Siglingastofnun tók þátt í undirbúningi ýmissa lagafrumvarpa sem samgönguráðuneytið lagði fram á Alþingi 2002–2003.

Hér á eftir er listi yfir lög og reglugerðir sem sett hafa verið á árinu 2003 á sviði siglinga:

Lög:

Lög um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, nr. 10/2003.
Lög um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, nr. 29/2003.
Lög um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna, nr. 31/2003.
Lög um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.
Lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.
Lög um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, nr. 57/2003.
Lög um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985, nr. 59/2003.
Hafnalög, nr. 61/2003.

Reglugerðir:

Reglur um breytingu á reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa, nr. 553/1975, með síðari breytingum, nr. 189/2003.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 26/2000, með síðari breytingum, nr. 190/2003.
Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa, nr. 310/2003.
Reglugerð um úrskurðarnefnd siglingamála, nr. 402/2003.
Reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003.
Starfsreglur fyrir undanþágunefnd, nr. 417/2003.
Reglugerð um mönnunarnefnd skipa, nr. 420/2003.
Reglugerð um hafnarríkiseftirlit með sjóflutningum, nr. 589/2003.
Reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 610/2003.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. 365/1998, 921/2003.

Reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 1017/2003.

Gjaldskrá:

Gjaldskrá fyrir hafnir, nr. 193/2003.
Gjaldskrá fyrir hafnir, nr. 398/2003.
Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, 1001/2003.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar.

Á vettvangi IMO hefur frá árinu 1999 sérstakur starfshópur unnið að því í að samræma kröfur um smíði og búnað fiskiskipa við kröfur Torremolinos-bókunarinnar frá 1993. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu um málið í september árið 2001. Í umfjöllun um lokaskýrsluna var ákveðið að fela sex undirnefndum á vegum IMO að fjalla nánar um málið á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2004.

Siglingastofnun tók einnig þátt í vinnuhópi á vegum IMO sem vinnur að nýjum reglum um smíði og búnað skipa sem sigla á Norður-Íshafssvæðinu.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um rannsóknir og þróun og hafnarríkiseftirlit.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar í takt við samræmda stefnu stjórnvalda, sbr. t.d. upplýsingalög og almenn gjaldtökufyrirmæli. Fylgst er grannt með þróun rafrænnar stjórnsýslu og þeim áhrifum sem hún hefur á starfsemi SÍ.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréf hennar *Til sjávar* mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fréttabréfið kom út fjórum sinnum árið 2003, en áskrift að því er ókeypis. Því er dreift til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu er að finna greinar og fréttir um það helsta sem er að gerast á vettvangi stofnunarinnar. Haldið er úti öflugri heimasíðu sem birtist með nýju og breyttu fyrirkomulagi árið 2003. Þar eru auk stöðugs fréttaflutnings settar fram ítarlegar upplýsingar um alla þætti starfseminnar á skipulegan og greinargóðan hátt. Þar má nefna laga- og reglugerðaskrá, upplýsingar um veður og sjólag, útgáfuskrár, gjaldskrár, eyðublöð og flest það annað sem auðvelda má almenningi og viðskiptavinum samband við stofnunina.

Hér að framan var minnst á upplýsingar um veður og sjólag, sem byggjast á afar víðfeðmu og merkilegu gagnasafni, sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Sértæk söfnun upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands, sem og áralöng athugun á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til rauntímafræðslu um veður til fiskimanna og annarra sæfarenda við strendur landsins. Nytsemi upplýsinganna birtist ekki síður í nýtingu þeirra við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Þá heldur stofnunin rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærri mælt stafna á milli. Hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna

og nýtist í margs konar tilgangi, vegna eftirlits með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna, svo sem leiðir af eðli máls, afar ítarlegt og margþætt safn teikninga og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnamannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða af fleiri en einni ástæðu sem sótt er í af hafnarstjórnum, skipseigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Landskerfi bókasafna og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur.

Vitar og leiðsögukerfi.

Siglingastofnun annast uppbyggingu og rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu og rekstri hafnarvita og innsiglingarmerkja. Til að reka vita- og leiðsögukerfi við Ísland fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt íslenskum vitalögum er lagt á íslensk skip og erlend skip sem taka íslenska höfn. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með búnaði og viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2003 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Unnið var að viðhaldi á 18 vitabyggingum ásamt nokkrum sjómerkjum. Farið var í 70 vita til eftirlits og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar. Tveir ljósvitar og þrír radarsvarar voru rafvæddir með sólarorku.

Rekstur upplýsingakerfis Siglingastofnunar um veður og sjólag gekk vel á árinu. Kerfið gefur sjófarendum kost á nýjum upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundarfresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í síma.

Skipaskoðun.

Skipaskrá.

Á hverju ári gefur Siglingastofnun út skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Útgáfan er samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Fyrsta janúar 2004 voru samtals 2.365 skip á skrá og brúttótonnatala þeirra var 233.403 brúttótonn. Annað árið í röð fækkaði skipum í íslenska skipastólnum. Fækkunin nam samtals 43 skipum.

Á aðalskipaskrá 1. janúar 2004 voru 1.128 þilfarsskip og brúttótonnatala þeirra var 226.081. Opnir bátar voru samtals 1.237 og brúttótonnatala þeirra var 7.322.

Tölurnar í töflunni hér á eftir eru miðaðar við 1. janúar ár hvert.

Fjöldi og stærð í brúttótonnum	2002	2003	2004
Þilfarsskip	1.136	1.135	1.128
Brúttótonn	230.748	235.775	226.081
Opnir bátar	1.329	1.273	1.237
Brúttótonn	7.745	7.473	7.322
Heildarfjöldi	**2.465**	**2.408**	**2.365**
Heildarbrúttótonnatala	**238.493**	**243.249**	**233.403**

Flokkuð skip.

Viðurkennd flokkunarfélög hafa heimild til að gera þær skoðanir á skipum sem eru í flokki hjá þeim og falla undir alþjóðasamninga, svo sem MARPOL og SOLAS. Hinn 1. janúar 2003 voru 154 skip hjá flokkunarfélögum.

Flokkunarfélag	2002	2003	2004
Bureau Veritas (BV)	9	9	9
Germanischer Loyd (GL)	6	7	7
Loyd's Register of Shipping (LR)	60	59	56
Det Norske Veritas (NV)	94	87	82
Samtals	**169**	**162**	**154**

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu atvinnuréttindaskírteina, þjónustu við mönnunar- og undanþágunefndir sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2003 voru gefin út 92 alþjóðaatvinnuskírteini, STCW-skírteini, tvö atvinnukafaraskírteini, þrjú skírteini hafnsögumanns og þrjú leiðsögumannsskírteini. Skipasviðið gaf einnig út starfsleyfi til farþegaflutninga og var 41 slíkt leyfi gefið út árið 2003, átta starfsleyfi fyrir bátaleigur og fjögur leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Skipaskoðun.

Skoðunarsvið Siglingastofnunar sinnir lögbundnu eftirliti stofnunarinnar með skipum. Aðalskrifstofa sviðsins er í Kópavogi en sjö umdæmisskrifstofur eru um land allt. Árið 2003 voru gerðar samtals rúmlega sex þúsund skoðanir.

Aðalskoðun skips skiptist í árlega búnaðar- og vélskoðun, bolskoðun sem gerð er annað hvert ár og öxulskoðun á fjögurra ára fresti. Aðrar skoðanir eru t.d. skyndiskoðanir, skoðanir á fjarskiptatækjum, brunavarnakerfum, hallaprófanir, rafmagnsskoðanir, skoðanir vegna nýsmíði o.fl. Mjög mismunandi er hvað felst í hverri skoðun fyrir sig og hvort um er að ræða skoðun á opnum bátum eða þilfarsskipum.

Fjöldi skipaskoðana eftir umdæmum.

	Bolskoðun	Búnaðar-skoðun	Vélskoðun	Öxul-skoðun	Annað	Samtals
Kópavogur	409	665	487	227	211	1.999
Ólafsvík	134	230	215	85	49	713
Ísafjörður	205	377	284	138	62	1.066
Akureyri	237	401	334	118	75	1.165
Fáskrúðsfjörður	106	212	197	50	15	580
Vestmannaeyjar	79	103	74	22	15	293
Keflavík	87	154	140	48	30	459
Samtals	**1.257**	**2.142**	**1.731**	**711**	**457**	**6.275**

Undirbúningur að breyttu fyrirkomulagi skipaskoðunar.

Árið 2001 var ákveðið að hefja endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993. Hagsmunaaðilar komu að þeirri vinnu og var eitt meginmarkmiðið að einfalda og samræma skoðanir og eftirlit í skipum. Með nýjum lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, var grunnur lagður að nýju fyrirkomulagi skipaskoðunar.

Við undirbúning breytinganna hefur sérstaklega verið gætt að því að fylgja regluverki því sem gildir á EES-svæðinu í þessu sambandi, þ.e. að tryggja að íslenskar sérreglur á þessu sviði brytu ekki á nokkurn hátt í bága við reglur á svæðinu um skipaskoðun og voru m.a. haldnir fundir með Eftirlitsstofnun EFTA af því tilefni.

Á vegum samgönguráðuneytis, Siglingastofnunar og fulltrúa nefndar um einföldun opinberra eftirlitsreglna voru við undirbúning þessa máls haldnir fjölmargir fundir þar sem hagsmunaaðilum var boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum. Haldnir voru opnir kynningarfundir á vegum Siglingastofnunar og jafnframt hefur Siglingastofnun kynnt þessi mál í fréttabréfi sínu, *Til sjávar,* auk þess að kynna þetta á vefsíðu stofnunarinnar. Samgönguráðuneytið hefur einnig gert hið sama. Málið hefur enn fremur verið kynnt og er til umfjöllunar í siglingaráði.

Hagsmunaaðilum sem teljast þiggjendur þjónustunnar var boðið að taka þátt í vinnuhópi Siglingastofnunar sem og öllum hagsmunaaðilum í siglingaráði.

Við undirbúning breytinganna hefur verið haft að leiðarljósi að ekki verði dregið úr öryggi skipa og áhafna frá því sem nú er heldur allt gert til þess að tryggja öryggi og að öryggismál verði í betra horfi en áður.

Nýju lögin um eftirlit með skipum og viðeigandi reglugerð tryggja að skoðun á öryggisbúnaði skipa fari ætíð fram árlega og er því ekki verið að slaka á kröfum um öryggi skipa og áhafna þeirra.

Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit sinnti Siglingastofnun Íslands að venju eftirliti með erlendum skipum árið 2003.

Alls komu til landsins 300 skip árið 2003. 75 skip frá 26 þjóðlöndum voru skoðuð eða 25% eins og fyrrnefnt samkomulag segir til um. Gerðar voru 113 athugasemdir og aðrar 188 teknar út samkvæmt ábendingum annarra aðildarríkja. Tvö skip voru sett í farbann, annað frá Spáni, hitt frá Noregi.

Eitt af markmiðum Parísarsamkomulagsins er að koma í veg fyrir siglingar skipa sem ekki uppfylla alþjóðakröfur um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti áhafna og atvinnuréttindi þeirra sem og mengun frá skipum. Siglingum þessara svokölluðu undirmálsskipa hefur fækkað til muna eftir að skipum var bannað að koma til hafnar aðildarríkja Parísarsamkomulagsins eftir að hafa ítrekað verið sett í farbann.

Ein skoðunarherferð var á vegum hafnarríkiseftirlitsins á öryggisstjórnun í farþegaskipum.

Rannsókn sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun samkvæmt reglugerð nr. 133/2002 að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi töflur byggjast á upplýsingum frá rannsóknarnefnd sjóslysa og Tryggingastofnun.

Dauðaslys á fiskiskipum 1995–2003.

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Skip<12 m	1	2	1	2	1			
Skip 12–24 m	3					3	2	
Skip>24 m	5					4		
Samtals	**9**	**2**	**1**	**2**	**1**	**7**	**2**	**1**[4]

Fiskiskip sem fórust 1996–2003.

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Skip<12 m	4	6	3	3	8			4
Skip 12–24 m	2	1			1	1	3	
Skip>24 m	2	2			1	2	1	3
Samtals	**8**	**9**	**3**	**3**	**10**	**3**	**4**	**7**[5]

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1995–2003.

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
459	434	460	378	381	361	348	413	379

Vaktstöð siglinga.

Markmið laganna um vaktstöð siglinga er að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Til að ná því er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands setji á fót vaktstöð siglinga, sbr. lög nr. 41/2003.

Stofnunin setti á fót vinnuhóp um framtíðarfyrirkomulag vaktstöðvar sem skilaði af sér áliti til samgönguráðherra 30. júní 2003, sbr. minnisblað þess efnis dagsett sama dag. Tillögur stofnunarinnar voru til umfjöllunar í ráðuneytinu í framhaldi af því en á haustdögum eftir fund samgönguráðherra og dómsmálaráðherra var ákveðið að ráðuneytin skiptust á verkefnum og fólst skiptingin m.a. í því að er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið muni hafa með rekstur vaktstöðvar siglinga að segja.

Samkomulag um útfærslu verkaskiptingar milli ráðuneytanna og stofnunarinnar liggur ekki endanlega fyrir en unnið er með samkomulagsdrög sem búist er við að skrifað verði undir í byrjun árs 2004. Samkomulagsdrögin gera ráð fyrir eftirfarandi verkaskiptingu:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið tekur við rekstri vaktstöðvar siglinga, þ.e. vöktun móttöku og miðlun upplýsinga skv. 2. gr. laga nr. 41/2003, og felur stofnunum á vegum þess að leysa þau verkefni sem vaktstöðinni eru falin samkvæmt sömu lögum. Verkefni vaktstöðvar siglinga, sbr. 2. gr., skulu útfærð í sérstökum þjónustusamningi hliðstæðum núgildandi þjónustusamningi milli Siglingastofnunar Íslands og Landssíma Íslands. Heimilt er að færa vaktstöðinni fleiri verkefni en um getur í 2. gr. laga um vaktstöð siglinga og skulu þau verkefni útfærð í áðurnefndum þjónustusamningi.

Siglingastofnun Íslands fer með stjórnsýslulega ábyrgð og samskipti við stjórnvöld er varða verkefni vaktstöðvar, sbr. lög nr. 41/2003. Í því felst að stofnunin hefur með höndum fjárhagslegt og faglegt eftirlit með vaktstöðinni og sinnir alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði,

---

[4] Ekkert dauðaslys var fiskiskipum á sjó eða skipum skráðum á skipaskrá en einn maður fórst á Breiðafirði við vinnu á þangskurðarpramma. Auk þess féll einn sjómaður milli skips og bryggju á Seyðisfirði.

[5] Tvö af skipunum voru dregin til hafnar.

t.a.m. samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina og Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Reiknað er með að í framhaldi af undirritun samkomulags verði unnið að gerð ítarlegs þjónustusamnings milli Siglingastofnunar og dómsmálaráðuneytis um þá þjónustu sem vaktstöðinni er ætlað að sinna. Sá þjónustusamningur yrði í anda þess samnings sem stofnunin hefur haft við Landssíma Íslands.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda 2001–2003 er á hendi Siglingastofnunar í samvinnu við verkefnisstjórn, en í henni sitja fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu, Siglingastofnunar og samgönguráðuneytis.

Á árinu 2003 var unnið að ýmsum málum á sviði öryggismála í samræmi við áætlunina. Gefnar voru út bækurnar „Lækningabók sjófarenda“ og „Stöðugleiki fiskiskipa“. Þrír fræðslupésar um öryggismál sjófarenda voru gefnir út, en þeir fjalla um öryggi í höfnum, öryggi farþega í skipum og öryggi smábáta á fiskveiðum. Útgefið fræðsluefni og myndbönd eru aðgengileg á sérstökum vef um öryggismál sjómanna, sem nálgast má á heimasíðu Siglingastofnunar.

Í undirbúningi eru ýmiss konar mál sem lúta að sjómannamenntun, öryggisfræðslu, lækningahandbók, starfi öryggisfulltrúa um borð í skipum og öryggisstjórnunarkerfi.

Á gildistíma langtímaáætlunar, þ.e. á tímabilinu frá 2001–2003, var varið 40 millj. kr. til verkefna samkvæmt henni, þ.e. 10 millj. kr. árið 2001, 15 millj. kr. árið 2002 og 2003.

Fræðast má frekar um framkvæmd áætlunarinnar árið 2003 í sérstakri skýrslu sem samgönguráðherra lagði fyrir Alþingi í apríl 2004, en öryggismál sjófarenda verða í framtíðinni hluti af samgönguáætlun samkvæmt lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002.

Þjónustusamningar um öryggismál.

Á ársfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem haldinn var á Akureyri í maí 2001, voru undirritaðir fimm samstarfsamningar milli félagsins og samgönguráðuneytisins. Grundvöllur samningsgerðarinnar var að ráðuneytið keypti tiltekna þjónustu af félaginu og jafnframt að Siglingastofnun mundi fyrir hönd verkkaupa annast almennt eftirlit með framkvæmdinni. Viðaukasamningur var gerður vegna málsins í apríl 2002.

Með vísan til ákvæða í téðum samningum um upplýsingaskyldu félagsins og eftirlitshlutverk stofnunarinnar þá var seinni hluta árs 2003 dregið saman efni um starfsemi ársins 2002. Það var síðan sett í sérstaka greinargerð stofnunarinnar. Gögn vegna starfseminnar árið 2002 bárust haustið 2003 og eru þau grundvöllur greinargerðarinnar um starfsemina fyrir það ár.

Á ríkisstjórnarfundi í nóvember 2003 var samþykkt breytt verkaskipting milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Í þessu fólst m.a. flutningur forræðis, framkvæmdar og eftirlits með þeim samningum sem hér er um fjallað. Í samræmi við þetta tekur dómsmálaráðuneytið við samningum um sjálfvirka tilkynningarskyldu, um björgunarbátasjóði og um þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum frá og með 1. janúar 2004. Þar sem upplýsingar vegna ársins 2003 berast ekki fyrr en um mitt ár 2004 og þau gögn eiga að undirbyggja eftirlit og ákvarðanatöku vegna þessara samninga mun dómsmálaráðuneytið taki saman greinargerð um framkvæmd 2003 og leggja á ráðin með 2005. Samningurinn um Slysavarnaskóla sjómanna verður áfram á ábyrgð samgönguráðuneytisins og Siglingastofnunar.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta fyrir 11,0 millj. kr. Í rannsóknunum felst gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum.

Áfram var unnið að líkani af Þorlákshöfn. Í tilraunum í líkaninu kom fram að hönnunarálag á fremri hluta nýja garðsins er litlu minna en á núverandi Suðurvarargarð. Því var ljóst að stórgrýti, allt að 30 tonnum, þyrfti í nýja garðinn til þess að hann stæðist svipað ölduálag og er á núverandi „dolos"-garði. Gerð var sérstök athugun á kyrrð við ytri enda Miðgarðs og möguleikum flutningaskipa til að snúa innan hafnar.

Unnið var áfram að frumathugunum á hafnargerð vegna kalkþörungaverksmiðju í Arnarfirði og frumtillögum að mannvirkinu.

Slysavarnir í höfnum.

Kannaðar voru slysavarnir í eftirtöldum höfnum árið 2003: Arnarstapahöfn, Bakkafjarðarhöfn, Bíldudalshöfn, Blönduóshöfn, Brjánslækjarhöfn, Búðahöfn, Drangsneshöfn, Hofsóshöfn, Hólmavíkurhöfn, Hvammstangahöfn, Norðurfjarðarhöfn, Ólafsvíkurhöfn, Patreksfjarðarhöfn, Raufarhöfn, Reykjaneshöfn, Reykjavíkurhöfn, Rifshöfn, Sauðárkrókshöfn, Siglufjarðarhöfn, Skagastrandarhöfn, Tálknafjarðarhöfn, Þorlákshöfn, Þórshöfn.

Farið var yfir lausan slysavarnabúnað í höfnunum svo sem björgunarhringi, björgunarnet, krókstjaka og fleira og ástand hans kannað. Einnig var gætt að ásigkomulagi innsiglingarmerkja og innsiglingarljósa. Þá var gætt að bryggjustigum og lýsingu stiga, kannað hvort kanttré og bryggjukantar væru málaðir og hvort innbára við stiga væri máluð.

Rannsóknir og þróun.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum og þróun fyrir 27,3 millj. kr. Í þeim fólst öflun grunnupplýsinga af ýmsu tagi með mælingum og öðrum rannsóknum til að stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum og vali á lausnum við mannvirkjagerð.

Unnið var að öldufarsrannsóknum við suðurströnd Íslands, einkum í tengslum við öldufar á siglingaleiðum frá Vestmannaeyjum upp að Bakkafjöru. Unnið var að öldufarsreikningum og kortlagningu öldu á siglingaleiðum fyrir Suðvesturlandi vegna leiðastjórnunarverkefnis sem miðar að því að afmarka siglingaleiðir olíu- og flutningaskipa á þessum slóðum. Einnig var hafinn undirbúningur að öldufarsreikningum fyrir Hornafjarðarós og Breiðamerkursand, en það verkefni er unnið í samvinnu við Vegagerðina. Lögð var sérstök áhersla á verkefni sem tengjast suðurströnd Íslands og var við það miðað að framlög til rannsókna verði aukin um 10 millj. kr. á ári til að standa straum af kostnaði við slík verkefni.

Í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur við Vestmannaeyjar sem lokið var við í mars 2003 voru birtar rannsóknir og tillögur að hugsanlegu ferjulægi á Bakkafjöru ásamt frumkostnaðarmati og tillögum að frekari rannsóknum.

Á fjölþjóðlegri ráðstefnu bandarískra verkfræðingafélagsins ASCE í Portland í Oregon í Bandaríkjunum er bar heitið Costal Structures 2003 var birt grein sem unnin var í samvinnu við erlenda og innlenda aðila. Titill hennar er: „Sirevåg Berm Breakwater. Design, Construction and Experience after Design Storm."

Út kom á árinu 2003 skýrsla alþjóðlegrar vinnunefndar um bermugarða á vegum PIANC. Siglingastofnun tók virkan þátt í vinnu nefndarinnar. Skýrslan ber heitið: „State-of-the-art-of Designing and Constructing Berm Breakwaters." Forsíðu skýrslunnar prýðir mynd af bermugarðinum í Sirevåg í Noregi sem hannaður var af starfsmönnum Siglingastofnunar.

Í tengslum við rannsóknir á öryggi skipa á siglingaleiðum var á árinu 2003 þróaður búnaður sem getur mælt krafta vegna hröðunar þriggja grunnhreyfinga skipa á rúmsjó, þ.e. veltu, dýfu og lyftingar. Þessum búnaði var komið fyrir í tveimur skipum; gámaflutningaskipi sem siglir reglulega fyrir Suðvesturlandi og mun sigla bæði innri og ytri leið fyrir Reykjanes, og varðskipi sem mun sigla nokkrum sinnum um Reykjaneshrygg til að hægt verði að gera samtímasamanburð á kröftum og hreyfingum skipa eftir siglingaleiðum fyrir Reykjanes.

Haldið var áfram að fylgjast með og kanna botnbreytingar á Grynnslunum fyrir framan Hornafjarðarós.

Unnið var að stafrænum gagnagrunni fyrir sjávardýpi í Breiðafirði. Haldið var áfram að setja upp sjávarfallalíkan og að þróa líkan fyrir rek olíu og hluta á sjó.

Enn fremur var unnið að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa og framsetningu stöðugleikagagna og smíði og þróun andveltugeyma skipa ásamt rannsóknum á vatnsþéttleika skipa.

Hafinn var undirbúningur að alþjóðlegri ráðstefnu um hafið, náttúruöflin og glímu mannanna við þessi öfl.

Minjar og saga.

Siglingastofnun Íslands er meðvituð um áratuga og um sumt aldagamla sögu sína. Þar hefur um margt verið lagður grunnur að byggingarsögu- og verktæknilegri framþróun í landinu, merkileg mannvirki reist, oft við erfiðar aðstæður, og aðstæður skapaðar til almennrar hagsældar með leiðsögu og öruggri landtöku.

Síðla árs 2002 kom gaf stofnunin út bókina *Vitar á Íslandi – leiðarljós á landsins ströndum.* Tilefnið var 125 ára afmæli Reykjanesvita, en bygging hans markaði upphaf ljósvitavæðingar landsins. Til verksins var ráðinn sagnfræðingur, sem að vitasögunni frágenginni hófst handa við ritun sögu hafnagerðar á Íslandi. Verkið er viðamikið, en gagnasöfnun er í fullum gangi og gert er ráð fyrir að verkinu ljúki síðla árið 2005. Þá bíður skrásetningar saga annarra verkefna sem SÍ fæst við, svo sem skipaeftirlits og almennra öryggismál sæfarenda.

Vitaafmælisins var einnig minnst með athöfn í Gróttuvita 1. desember 2003, en þann dag árið 1878 var kveikt á Reykjanesvita nýreistum. Þar var tilkynnt um friðun sjö vita í samvinnu við menntamálaráðuneytið og húsfriðunarnefnd.

Tæki og búnaður.

Árið 2003 var fjárfest í tækjum og búnaði fyrir 7,7 millj. kr. Hér er aðallega um að ræða skrifstofutæki svo sem tölvur og ljósritunarvélar.

Vitar og leiðsögukerfi.

Á árinu var unnið að undirbúningi á uppsetningu sjálfvirks auðkenniskerfis skipa, AIS. Keyptar voru fjórar grunnstöðvar og var ein sett upp hjá Siglingastofnun í Kópavogi og hefur hún verið í tilraunarekstri.

Hafnir.

Hér er að finna stuttorðar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2003 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I—VII. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla um framkvæmdir í höfnum sem ekki voru ríkisstyrktar.

Akranes.

Dýpkun við aðalhafnargarð Akraneshafnar, sem hófst í október 2002, lauk í mars 2003. Í verkinu fólst dýpkun í 8,5 til 10,0 m dýpi við Aðalhafnargarð. Verkið var unnið af Hagtaki hf. og tókst vel.

Boðin var út í apríl endurbygging Aðalhafnargarðs sem fólst í rekstri stálþils framan við steypt ker. Hagtak hf. reyndist lægstbjóðandi með 66,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst í lok apríl og því lauk í ágúst. Þilið er um 180 m langt og dýpi er 10,0 m. Framkvæmdin tókst vel.

Ferjubryggjan á Akranesi var klædd með harðviði. Verkið fólst í því að loka bili á milli steyptra kerja með klæðningu úr harðviði. Samið var við trésmiðjuna Kjöl um verkið sem hófst í júlí og lauk í september. Framkvæmdin tókst vel og þykir aðstaða fyrir smábáta vera til fyrirmyndar eftir þessa breytingu.

Í október var boðin út vinna við að steypa þekju og leggja raf- og vatnslagnir við nýtt stálþil á Aðalhafnargarði og bárust 7 tilboð. Samið var við Skófluna hf. sem bauð 75,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Alls verða steyptir um 3.200 m^2 af þekju. Kostnaður vegna undirbúnings féll á verkið á árinu en verktakareikningar koma allir á árinu 2004.

Framkvæmdakostnaður: 124,7 millj. kr.

Borgarbyggð.

Á hafnaáætlun 2003 voru ætlaðar 6,0 millj. kr. til að fylla að gömlu bryggjunni í Borgarnesi þar sem hún var talin orðin hættuleg. Undirbúningur hófst en framkvæmd verksins var frestað til næsta árs.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Snæfellsbær.

Rifshöfn: Þar var unnið að þili á Norðurgarði samkvæmt hafnaáætlun. Verkið fólst í því að keyra út um 80 m langa fyllingu/garð og ramma við hann um 94 m langt stálþil, koma fyrir stálþilsfestingum, steypa kant með pollum á þilið og fylla að því. Einnig var innifalið í verkinu að fjarlægja gömlu staurabryggjuna og dýpka við nýju bryggjuna eins og hægt var með gröfu. Sú dýpkun er þó hvorki endanleg né fullnægjandi.

Verkið var boðið út í október 2002 og tilboð opnuð 12. nóvember 2002. Lægstbjóðandi var Ísar ehf. í Hafnarfirði. Störf að þessum verkhluta hófust í desember 2002 og lauk í júní 2003. Vinna við þekju og lagnir verður boðin út vorið 2004. Einnig er eftir að bjóða út raflagnir og lýsingu.

Í fjárlögum voru 24 millj. kr. ætlaðar til verksins og einnig voru 24 millj. kr. ætlaðar í endurbyggingu trébryggjunnar. Að fengnu samþykki Siglingastofnunar voru þessi fjárframlög sameinuð í framkvæmdina við þilið á Norðurgarði þar sem séð varð að fjárframlagið sem ætlað var til þess verks væri ekki nægjanlegt. Heildarkostnaður við verkið um áramót 2003/2004 var um 40 millj. kr.

Dýpkun við stálþil á Norðurgarði var boðin út í júní 2003 og tilboð opnuð 15. júlí. Innifalið í þessu útboði var einnig dýpkun milli Norðurtangabryggju og trébryggju í Ólafsvík. Lægsta tilboðið barst frá Hagtaki hf. sem bauð 41.978.000 kr. með vsk. Í fjárlögum voru 12,6 millj. kr. ætlaðar til dýpkunar í Rifshöfn. Tilboð verktaka var upp á 6,6 millj. kr. en raunkostnaður varð 7,0 millj. kr.

Dýpkunartæki voru flutt til Rifshafnar í lok júlí og vinna við dýpkunina við Norðurþil hófst 5. ágúst. Dýpkað var í –4,0 m. Fjarlægðir voru 5.565 m^3 efnis við Norðurþilið. Þar sem nægilegt fé var til ráðstöfunar var ákveðið að nýta það til frekari dýpkunarframkvæmda sem fólust í eftirfarandi:

Eftir að dýpkun lauk í Ólafsvík var ákveðið að dýpka við Austurþilið á Rifshöfn með því að breikka nýtanlegt svæði við þennan kant þar sem aðkoman hafði alltaf verið mjög þröng. Fjarlægðir voru við Austurþilið 10.670 m^3. Einnig voru fjarlægðir 10.890 m^3 af sandi við svonefndan „sandfangara“ við innsiglinguna í höfnina. Þetta var gert þar sem sandfangarinn hafði fyllst og var hættur að stöðva sandburðinn út í innsiglingarrennuna. Verkinu er lokið og varð kostnaður við þessar viðbótardýpkanir um 14,0 millj. kr.

Ólafsvík: Dýpkun í Ólafsvík var boðin út ásamt dýpkunarframkvæmdum í Rifshöfn eins og fyrr sagði. Verkið í Ólafsvík hófst um 20. ágúst og lauk 25. september. Verkið var unnið af Hagtaki hf. Í því fólst að dýpkað var í –5,0 m. Fjarlægt var bæði laust og fast efni. Ekki reyndist nauðsynlegt að sprengja þar sem hægt var að losa allt fasta efnið með „ripper“. Í fjárlögum voru 48,5 millj. kr. ætlaðar til dýpkunar í Ólafsvík. Tilboð verktaka hljóðaði upp á 35,4 millj. kr. og varð það raunkostnaður við verkið.

Unnið var að lengingu flotbryggju í Ólafsvík samkvæmt hafnaáætlun. Árið 2003 var unnið að raflögnum og lýsingu við flotbryggjuna sem er við enda stálþilsins við Suðurgarð. Er verkinu að fullu lokið og varð heildarkostnaður við það um 8,43 millj. kr.

Arnarstapi: Þar fór fram lenging grjótgarðs og viðgerð og var verkið unnið samkvæmt hafnaáætlun. Verkið var komið á lokastig og var á árinu 2003 unnið að því að koma fyrir lýsingu og innsiglingarljósi á enda grjótgarðsins. Var smíðað mastur sem fest var á enda grjótgarðsins og á það festir ljóskastarar sem lýsa niður á garðinn og auk þess innsiglingarljós. Einnig var festur tengikassi á staurinn. Þá var lögð ídráttarlögn fyrir rafstreng frá hafnarhúsinu í tengikassann á mastrinu og dregið í hana.

Heildarkostnaður við verkið var um áramótin 2003/2004 um 67,3 millj. kr.

Á Arnarstapa var enn fremur lagður steinsteyptur vegur niður brekkuna að höfninni, um 100 m að lengd, og var verkið unnið samkvæmt hafnaáætlun. Kantar voru steyptir báðum megin og sett niðurföll. Vegagerðin sá um að lækka efri hluta vegarins með því að fleyga ofan af klöppinni þar og fjarlægja efnið og bar kostnað af því. Þorgeir Árnason var verktaki við steypuvinnuna en Stafnafell ehf. sá um jarðvegsvinnuna, þar á meðal gróf- og fínjöfnun efnis undir steypuna og alla aðra undirbyggingu.

Framkvæmdakostnaður í Snæfellsbæjarhöfnum 2003: 81,3 millj. kr.

Grundarfjörður.

Þar var unnið að lengingu Stórubryggju, steypt þekja og komið fyrir vatns- og raflögnum. Verkið var unnið samkvæmt hafnaáætlun. Heildarframkvæmdakostnaður við verkið var um áramótin 2003/2004 um 190 millj. kr.

Allri vinnu við þekju og lagnir lauk á árinu 2002 en eftir var uppgjör við verktakann, Almennu umhverfisþjónustuna, sem fram fór vorið 2003, eftir skoðun á þekjunni. Að svo búnu var verktakanum greitt það fé sem eftir var að inna af hendi samkvæmt verksamningi.

Raflagnir og lýsing á hafnarsvæði voru boðin út í september 2002. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Kristmund Harðarson rafverktaka í Grundarfirði. Tilboð hans hljóðaði upp á 3.340.000 kr. Verktaki átti að skila verkinu 20. janúar 2003 og stóðst það.

Kostnaður við raflagnir á árinu 2003 nam um 1,56 millj. kr. Þar af var heimtaugargjald 1,25 millj. kr.

Gerð grjótvarnar við Stórubryggju lauk árið 2002 en eftir var að greiða fyrir grjótið sem unnið var úr námu í landi Grundarfjarðarbæjar. Þetta er eini kostnaðurinn sem féll á grjótvarnarverkið árið 2003.

Gerð öldudempandi fláa í Grundarfirði var boðin út í september 2003, en engin tilboð bárust. Var í framhaldi af því haft samband við nokkra verktaka og þeir beðnir um að gera tilboð í verkið. Aðalbreyting á skilmálum var þá sú að verktími var lengdur verulega. Lægsta tilboðið, 4.401.714 kr. sem var 81% af kostnaðaráætlun hönnuða, barst frá Tígri ehf. í Súðavík. Fyrirtækið hyggst hefja framkvæmdir í janúar 2004.

Í verkinu felst að sprengja brott eða fleyga um 2,5 m stall sem er á milli Litlu- og Stórubryggju. Stallurinn er nú frá kóta +1,0 m til –1,5 m. Einnig á að þykkja grjótvörnina og síkka þannig að hún nái niður á 1,5 m dýpi. Stallurinn olli verulegri ókyrrð milli bryggjanna og er gert ráð fyrir að þessi aðgerð muni draga úr henni.

Í fjárlögum ársins 2003 voru 5,6 millj. kr. ætlaðar til að steypa upptökubraut. Ákveðið var að fresta þessum framkvæmdum til næsta árs.

Í fjárlögum ársins 2003 voru ætlaðar 2,0 millj. kr. til að setja stig á flotbryggju og koma upp lýsingu við stiga á eldri bryggjurnar. Ákveðið var að fresta þessum framkvæmdum til næsta árs.

Framkvæmdakostnaður: 5,6 millj. kr.

Stykkishólmur.

Í Stykkishólmi var unnið að lengingu stálþils í Súgandisey samkvæmt hafnaáætlun. Verkið var boðið út í september 2003 og samið við lægstbjóðanda, sem var skipasmíðastöðin Skipavík hf. í Stykkishólmi. Samningsupphæð var 8.283.600 kr.

Í verkinu felst að lengja stálþilið við ferjulægi Baldurs í Súgandisey um 30 m og einnig er 10 m gafl. Steyptur verður kantur á þilið og komið fyrir pollum og þybbum.

Eftir er að steypa þekju við þilið og leggja vatnslagnir og ídráttarrör fyrir raflagnir og enn fremur er öll raflagnavinna eftir. Í fjárlögum 2003 voru ætlaðar 9,9 millj. kr. í þekju og lagnir en tekin var ákvörðun um að fresta verkinu til ársins 2004.

Kostnaður við verkið var orðinn um 16 millj. kr. í lok árs 2003.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir 7,0 millj. kr. til hönnunar og undirbúnings lagfæringa á dráttarbrautinni í Skipavík en í október 2003 lagði Stykkishólmsbær erindi fyrir samgönguráðuneyti þar sem óskað var eftir samþykki ráðuneytisins við sölu bæjarins á dráttarbrautinni til Skipavíkur hf. Ráðuneytið féllst á þessa málaleitan og féll þar með niður styrkhæfni framkvæmda við dráttarbrautina.

Áætlað var að dýpka í Stykkishólmshöfn og fjarlægja um 5.000 m^3 efnis. Verkið var í fjárlögum og voru ætlaðar til þess 7,7 millj. kr. Í stað þess að bjóða verkið út var samið við Skipavík um að dýpka með gröbbun við nýja stálþilið í Súgandisey og við bátabryggjuna. Samtals voru fjarlægðir um 1.080 m^3 og varð kostnaður rúmar 2,5 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 5,2 millj. kr.

Dalabyggð.

Aðstæður við gömlu bryggjuna í *Búðardal* hafa verið skoðaðar og kostnaðaráætlun gerð um viðgerð hennar en framkvæmdir munu ekki hefjast fyrr en árið 2004. Kostnaður vegna undirbúnings féll á verkið árið 2003 en verktakareikningar berast allir á árinu 2004.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Vesturbyggð.

Patreksfjörður: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir dýpkunarframkvæmdum og lagfæringum á innsiglingu en heimamenn frestuðu framkvæmdum. Einnig var á áætlun að hefja undirbúning að fyrsta áfanga endurbyggingar stálþils en því verki var einnig slegið á frest.

Bíldudalur: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir því að unnið yrði að lengingu flotbryggju en heimamenn frestuðu því verki. Lítils háttar var unnið að undirbúningi hafnaraðstöðu fyrir kalkþörungaverksmiðju sem áform eru um að reisa við Bíldudalshöfn.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Bolungarvík.

Dýpkun hafnar og innsiglingar sem áformuð var á Bolungarvík árið 2003 var frestað. Verkefnið er í umhverfismati.

Framkvæmdakostnaður: 1,0 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Á *Flateyri* lauk endurbyggingu hafnarkants með ýmsum frágangi. Kostnaður varð 1,2 millj. kr.

Ísafjörður: Unnið var að endurbyggingu Ásgeirsbakka. Í verkinu fólst að brjóta kant og þekju, taka upp lagnir, skera ofan af gömlu þili við stagbita, reka nýtt þil um 100 m langt, ganga frá stögum, fylla upp í þilið og ganga frá lögnum að hluta til.

Verkið var boðið út og bárust þrjú tilboð sem opnuð voru 22. júlí 2003. Lægst var tilboð Guðlaugs Einarssonar ehf. í Hafnarfirði sem bauð 37.823.180 kr. sem nam 95,6% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins. Stálþil og stálþilsfestingar voru keyptar hjá Guðmundi Arasyni ehf.

Verktaki hóf störf 22. september 2003. Samkvæmt verkáætlun á verkinu að ljúka 15. janúar 2004 en ljóst þykir að það muni eitthvað dragast, m.a. vegna tafa af völdum veðurs og vegna þess að tími hefur farið í að fást við gamlar olíu- og frárennslislagnir sem ekki var vitað um þegar verkið var hannað.

Til Ísafjarðarhafnar voru keyptar fimm innsiglingarbaujur frá Finnlandi og komu starfsmenn hafnarinnar þeim fyrir á viðeigandi stöðum á innsiglingarleiðinni inn á Pollinn.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að ljúka frágangi lagna og steypa þekju við stálþilsbakka í Sundahöfn og einnig að endurbyggja flotbryggju þar. Hvorutveggja var frestað.

Framkvæmdakostnaður í höfnum Ísafjarðarbæjar 2003: 43,1 millj. kr.

Súðavík.

Byggð var furubryggja við Suðurgarð, 31,5 m að lengd. Upphaflega var gert ráð fyrir 15 m langri léttbyggðri viðlegubryggju en heimamenn óskuðu eftir að hún yrði stækkuð í 30 m fullsterka bryggju. Var það gert og því þurfti að endurhanna bryggjuna.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 29. janúar 2003. Sex tilboð bárust, þeirra lægst var tilboð Íslenskra verktaka ehf. sem hljóðaði upp á 7.888.252 kr. og nam 72% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins.

Verkið fól í sér að byggð var trébryggja 7 m á breidd, 31 m á lengd, dýpi við hana er 4,0 m. Ljósamastur, rafbúnaður og tenglar voru settir upp og garðurinn lagfærður og breikkaður.

Aukaverk fólust í því að Rafsjá ehf. í Bolungarvík lagði raflagnir, G.S. trésmíði í Súðavík smíðaði töflukassa og rafbrunn og Tígur ehf. í Súðavík jafnaði yfirborð og breikkaði garðinn.

Til verksins voru keyptir 22 m^3 af fúavörðum furustaurum og 58 m^3 af fúavörðu söguðu timbri frá Svíþjóð. Boltaefni kom frá Sandblæstri og málmhúðun ehf. á Akureyri.

Verkið hófst 24. febrúar og því lauk 22. maí 2003 og var afhent verkkaupa fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kostnaður varð 12,2 millj. kr.

Þvergarður á Suðurgarði var einnig styrktur. Kostnaður varð 0,1 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 12,3 millj. kr.

Norðurfjörður.

Steypt var yfir þekju á gömlu bryggjunni. Verkið hófst í júníbyrjun og því lauk í endaðan júlí. Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að steypt yrði 250 m^2 þekja en við lokahönnun

verksins kom á daginn að þörf var fyrir mun stærri þekju, eða 333 m^2, m.a. vegna kröfu ferskfiskseftirlits. Hafnarsjóðurinn steypti á sinn kostnað 70 m^2 til viðbótar og nær þá steypuþekjan alveg að plani framan við fiskverkunarhús.

Endurnýjaðar voru lagnir í bryggjunni og settir nýir pollar. Vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á verkinu varð kostnaður við það umtalsvert hærri en gert var ráð fyrir í samgönguáætlun.

Boðin var út dýpkun norðan við gömlu bryggjuna ásamt sjóvörn við Gjögur. Eitt tilboð barst, frá Tígri ehf. í Súðavík, og nam það 60% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verktaki notaði brotfleyg til að losa klöpp á 10 x 10 m svæði efst við bryggjuna, gróf síðan upp efni niður á 2 m dýpi og setti efnið ofan við veg sem liggur að nýju bryggjunni. Verkið var unnið í október og nóvember og tókst framkvæmd þess ágætlega.

Framkvæmdakostnaður: 5,5 millj. kr.

Drangsnes.

Samið var við Króla ehf. um kaup og uppsetningu á 3 x 20 m flotbryggjueiningu frá SF MARINA í Svíþjóð. Hafnarsjóðurinn keypti auk þess 3 „fingur" til að setja á bryggjuna. Nýju flotbryggjunni var komið fyrir framan við timburflotbryggjuna sem fyrir er. Uppsetningu var lokið í ágúst.

Lokið var uppgjöri vegna slitlags við bryggju í Kokkálsvík en það verk var unnið árið 2002.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

Skagaströnd.

Lokið var við uppsetningu á upplýsingakerfi fyrir sjófarendur sem samið var um við M&T undir lok ársins 2003. Kostnaður varð 1,2 millj. kr.

Að fenginni umsögn hafnaráðs féllst Siglingastofnun á þá beiðni hafnarstjórnar Höfðahrepps að meta upptökubraut fyrir smábáta styrkhæfa, en þetta verkefni var ekki á samgönguáætlun. Heimilað var að verja til verksins fjárveitingu sem ónotuð var frá síðasta ári, en því sem kann að vanta á hlut ríkisins í framkvæmdinni var vísað til endurskoðunar á samgönguáætlun.

Upptökubrautinni var valinn staður vestan við slippinn, um 25 m frá mjölskemmu. Samið var við Víðimelsbræður ehf. um að keyra út fyllingu undir brautina og Trésmiðju Helga Gunnarssonar ehf. um uppsteypu.

Brautin var tekin í notkun í desember, en uppgjöri var ekki að fullu lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 2,4 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Í júní 2003 var boðin út dýpkun í innsiglingu og við Norðurgarð. Eitt tilboð barst, frá Björgun ehf., og var það 79% af áætluðum kostnaði verkhönnuðar. Verksamningur var gerður við Björgun ehf. 12. júlí og hófst verkið skömmu síðar með dýpkunarskipinu Perlunni. Því lauk í síðari hluta september.

Efninu var að mestum hluta dælt á land og notaði Vegagerðin það í uppfyllingu við Strandveg sem færður var fram á um 600 m kafla. Alls var dýpkað á um 45.000 m^2 svæði. Meðfram nýja þilinu við Norðurgarð var dýpkað 25 m breitt svæði í 8,5 m dýpi og þar fyrir framan var dýpkað í 8,0 m dýpi. Heildarmagn dýpkunar var um 38.000 m^3.

Unnið var að frágangi við stálþilið á Norðurgarði. Rafsjá hf. lauk samningsverki við raflagnir í bryggjuna og Króksverk hf. annaðist malbikun á þekju sem ólokið var frá síðasta ári.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að ónotuð fjárveiting í árslok 2002 yrði 11,1 millj. kr. en reyndist 1,6 millj. kr. lægri. Er það meginskýringin á því að nokkuð vantaði upp á hluta ríkisins í framkvæmdum ársins.

Framkvæmdakostnaður: 16,4 millj. kr.

Siglufjörður.

Byggð var harðviðarbryggja – Roaldsbryggja – við Síldarminjasafnið. Tilboð voru opnuð í júlí 2003. Fjögur tilboð bárust og reyndist tilboð Guðlaugs Einarssonar ehf. úr Hafnarfirði, að upphæð 3.254.600 kr., lægst, en það nam aðeins 45% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verkið fólst í því að byggja 51 m langa furubryggju á staurum, áfasta við steyptan landvegg, út frá vegfyllingu fyrir framan Síldarminjasafnið.

Verkinu lauk í byrjun október 2003.

Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj. kr.

Jafnframt byggingu Roaldsbryggju var boðin út bygging harðviðarbryggju í smábátahöfn. Tilboð Guðlaugs Einarssonar var lægst, 4.784.100 kr., sem nam 61% af kostnaðaráætlun, og var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli þess. Verkið hófst í byrjun nóvember en var ekki lokið við áramót vegna tafa á afhendingu staura.

Framkvæmdakostnaður: 12,9 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Dýpkað var í Ólafsfjarðarhöfn þar sem lausu efni var dælt með dýpkunarskipi ofan af móhellulagi í innsiglingu, hafnarmynni, innri og ytri höfn og í átt að vesturhöfn. Í heild var dælt upp 27.195 m^3 efnis.

Verki lauk í desember 2002, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002.“ Uppgjör fór fram að lokinni úttektarmælingu í mars 2003.

Undirbúningur fór fram að rekstri stálþils á Ólafsfirði sem boðið verður út árið 2004. Í desember 2003 voru um 80 tonn af stálþilsplötum og um 16,5 tonn af stálþilsfestingum keypt fyrir 7.091.108 kr. Kostnaður vegna undirbúnings, rannsókna og hönnunar árið 2003 var 725.263 kr.

Norðurgarður var styrktur á um 60 m kafla. Ekki fór fram útboð heldur var samið við Árna Helgason ehf. á grundvelli einingarverðs frá fyrri hluta verksins. Bætt var á garðinn um 2.500 m^3 af stórgrýti.

Dalvík: Þar var gerð viðhaldsdýpkun í hafnarmynni. Verkið var ekki boðið út heldur var samið um það við Björgun ehf. á grundvelli einingarverðs frá dýpkun í Ólafsfirði. Gert var ráð fyrir að dæla upp um 4.000 m^3 á var samið um 327 kr. á hvern m^3. Dæling hófst í janúar og var verkið tekið út í mars.

Samkvæmt ákvörðun heimamanna var tveimur verkefnum á Dalvík, sem voru á hafnaáætlun, frestað. Var um að ræða styrkingu grjótvarnar á Suðurgarði og endurbyggingu timburbryggju á Suðurgarði. Í stað þessara verka var heimilað að flýta framkvæmdum við Loðnulöndunarkant og smábátaaðstöðu en framkvæmdir við þessi verk hófust þó ekki árið 2003.

Vinnu við ferjuaðstöðu á Árskógssandi lauk.

Vinnu við ferjuaðstöðu í Hrísey lauk.

Framkvæmdakostnaður: 15,4 millj. kr.

Grímsey.

Hinn 31. júlí 2003 voru opnuð tilboð í dýpkun í Húsavíkurhöfn, höfnina í Flatey á Skjálfanda og Grímseyjarhöfn. Lægsta heildartilboðið átti Sæþór ehf. og var gerður verksamningur við fyrirtækið að upphæð 5.524.372 kr. Verkið hófst 1. september og því lauk í byrjun október 2003. Í því fólst að flytja 2.875 m^3 efnis brott af dýpkunarsvæði fyrir framan kerið

á Norðurgarðinum og á ferju- og löndunarsvæði upp með honum. Einnig var hreinsað í innri höfn.

Þekja á Aðalhafnargarði var endurbyggð. Verkið var boðið út og tilboð opnuð 30. júlí 2003. Lægstbjóðandi var Steypustöð Dalvíkur sem bauð 4.945.200 kr. sem var 100,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við fyrirtækið. Í samningsverkinu fólst að endursteypa 300 m^2 þekju og 47 m skjólvegg og endurnýja kanttré og polla. Aukaverk urðu nokkur. Þau fólust í því að bætt var við þekju 301 m^2 og skvettmúr var endurnýjaður. Þá var timburbryggja sem liggur að steyptu þekjunni of lág og var hækkuð um 20 cm. Verkið hófst 1. september og því lauk 3. nóvember 2003.

Framkvæmdakostnaður: 14,3 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri: Dýpkað var við slippsporin í fiskihöfninni á Akureyri í mars og slippsporin hreinsuð í júní. Verk þetta hafði verið boðið út árið 2001 og unnið árið 2002 að hluta til, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002". Verki þessu lauk árið 2003 af Slippstöðinni ehf. og Björgun ehf. og var samið við fyrirtækin á grundvelli einingarverðs frá fyrri áfanga verksins.

Unnið var að öðrum áfanga þekju og lagna við vesturbakka Fiskihafnar. Verkið var boðið út og í því fólst m.a. að steypa upp ljósamastursbús og ganga frá því, leggja ídráttarlagnir fyrir vatn og rafmagn, tengja vatnið og setja upp þrjá úttaksbrunna fyrir vatn og tvo fyrir rafmagn. Enn fremur að jafna fyllingu og steypa 1.260 m^2 þekju. Verkið var boðið út að undanteknum raflagnaþættinum en um hann var samið við Rafeyri ehf. á Akureyri að undangenginni verðkönnun. Samningsverð við Rafeyri ehf. var 2.490.376 kr. Tveir aðilar buðu í útboðsverkið. Lægra tilboðið var frá Elinn ehf. á Sauðárkróki að upphæð 15.269.650 kr. sem nam 89,8% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verkið var unnið á tímabilinu 14. júlí til 9. október 2003.

Dýpkað var í *Krossanesi* þar sem efni var dælt ofan af föstum botni. Verkið var boðið út ásamt dýpkun í Ólafsfjarðarhöfn. Tilboð voru opnuð 15. nóvember 2002. Þrjú tilboð bárust og lægst reyndist tilboð Björgunar ehf. að upphæð 3.269.880 kr. sem nam 69,1% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verktakinn hóf dýpkunina 24. janúar 2003 og lauk henni í mars. Var alls dælt á um 7.600 m^2 svæði. Efni það sem upp kom var lélegt og var því að mestu hent. Viðbótarverk fólst í dýpkun á milli nýja þilsstæðisins og núverandi bryggju á um 1.400 m^2 svæði. Lokauppgjör fór fram 10. júlí að undangenginni dýptarmælingu.

Í nóvember 2002 voru boðin út í einu lagi gerð fyrirstöðugarðs vegna stálþils í Krossanesi og framkvæmdir við ósa Glerár vegna garðs fyrir nýja skolpdælustöð í Sandgerðisbót við Akureyri. Alls bárust níu tilboð, hið lægsta þeirra frá Norðurtaki á Sauðárkróki. Var gerður verksamningur við fyrirtækið að upphæð 5.193.200 kr. Verkið hófst 6. desember 2002 og því lauk í byrjun febrúar 2003. Í því fólst að byggður var fyrirstöðugarður um 120 m að lengd og um 7.800 m^3 að rúmmáli. Grjót í garðinn var sótt í grjótnámu Akureyrarbæjar.

Framkvæmdir við stálþil í Krossanesi voru boðnar út og tilboð opnuð 6. ágúst 2003. Í útboðsverkinu felst að gera skurð fyrir stálþil niður í kóta –13,6 m frá kóta –10,0 m. Reka skal 98 tvöfaldar stálplötur, alls 123 m að lengd og steypa kant með pollum, stigum og fríholtum. Lægst tilboð í verkið barst frá Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. sem bauð 37.941.420 kr. er svaraði til 73% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst ekki fyrr en í byrjun árs 2004.

Hjalteyri: Þar var „sandfangari" lengdur um 60 m. Verkið var ekki boðið út heldur samið við G.V. gröfur á Akureyri um að vinna verkið sem gert var í desember 2003 en kostnaður kom allur fram eftir áramótin. Þetta verk var unnið í stað viðhaldsdýpkunar sem áætluð var.

Framkvæmdakostnaður: 61,2 millj. kr.

Húsavík.

Lokaúttekt á brimvarnargarði á Böku fór fram í janúar 2003, en verkið var unnið á árunum 2001–2002, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir“ fyrir þessi ár. Ekki hefur enn verið samið um kröfur verktaka vegna aukins magns og lengri verktíma.

Hinn 31. júlí 2003 voru opnuð tilboð í dýpkun í Húsavíkurhöfn, Grímsey og Flatey á Skjálfanda. Tvö tilboð bárust, hið lægra frá Sæþóri ehf. að upphæð 65.424.000 kr. sem nam 107,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við Sæþór ehf. á grundvelli tilboðsins.

Verkið á Húsavík hófst ekki fyrr en eftir áramót. Í því felst dýpkun á um 4.000 m^2 svæði og gerð þilskurðar við Bökugarð. Dýpkun innan smábátahafnar var unnin sem aukaverk.

Dýpkun í *Flatey* á Skjálfanda var unnin í október 2003. Þetta verk var ekki á áætlun en heimild fékkst til að vinna það sem viðbótarverk við dýpkunina á Húsavík. Í verkinu fólst að hreinsa Flateyjarhöfn sem nánast var orðin full af þara. Áformað var að fjarlægja um 4.000 m^3 af efni úr höfninni en það varð allmiklu meira og nam greiðsla fyrir viðbótardýpkun 500.000 kr.

Framkvæmdakostnaður: 28,7 millj. kr.

Raufarhöfn.

Lokið var leiðréttingum á uppgjöri við hafnarsjóð vegna Löndunarbryggju, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2001.“

Dýpkun á Raufarhöfn og Þórshöfn var boðin út í sameiginlegu útboði og voru tilboð opnuð 12. mars 2002, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002“. Lægst var tilboð Sæþórs ehf. og var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli þess.

Í verkinu felst dýpkun á 60.153 m^2 svæði í innsiglingu og upp að nýjum stálþilskanti við Löndunarbryggju. Verkinu er ekki lokið og er áformað að verktakinn ljúki því vorið 2004.

Aukaverk fólust í því að sett voru þrjú legufæri í sunnanverða innsiglingu til að afmarka kantinn. Einnig voru sett legufæri og ljósdufl utarlega í innsiglingarrennu þar sem hún beygir til austurs. Gengið var frá öldumæliskapli.

Komið var fyrir upplýsingakerfi fyrir sjófarendur á árinu er kostaði 1,8 millj. kr. og gerð viðlega fyrir björgunarskip fyrir 1,9 millj. kr. Viðlega björgunarskips var ekki á áætlun en heimilað var að ráðast í það verk í stað þess að leggja slitlag á smábátagarð, en því var frestað.

Framkvæmdakostnaður: 34,6 millj. kr.

Þórshöfn.

Lokið var uppgjöri vegna lengingar Hafskipabryggju, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2001 og 2002“.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir byggingu 135 m langs stálþils austan Nýjubryggju og 40 m trébryggju inn að stálþilinu. Við hönnun verksins var ákveðið að gera þá breytingu að bryggjan yrði öll höfð úr stálþili. Með því fæst betri nýting þar sem gaflar stálþilsins, sem ella hefðu gengið inn í grjótfláann, nýtast sem viðlega. Viðlegukantur verður alls um 190 m auk 25 m gafls sem nýta má til viðlegu að hluta. Stálþil og festingar voru boðin út í febrúar, alls 462 tonn af stáli.

Hinn 26. júní 2003 voru opnuð tilboð í rekstur stálþils og fyllingu í þil á Þórshöfn. Alls bárust sex tilboð, hið lægsta frá Gáma- og tækjaleigu Austurlands að upphæð 44.828.580 kr. sem nam 72,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Gerður var verksamningur við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess.

Í verkinu felst að lengja Nýjubryggju um 100 m til austurs með stálþili sem hannað er fyrir 9,0 m dýpi, síðan er 37 m þil til norðurs hannað fyrir 6 m dýpi og loks um 53 m með 4,0 m dýpi. Fylling að þili er alls um 17.400 m^3, enn fremur á að steypa 209 m langan kant með pollum og stigum. Verkið hófst í ágúst 2003 og átti að vera lokið 31. október 2003 en stendur enn. Dælingu efnis í þilið er lokið og er ljóst að efni í það er til muna meira en upphaflega var reiknað með. Vinna er hafin við að steypa kant.

Aukaverk fólust í því að þilgafl var lengdur um sjö plötur til að fá aukna viðlegu. Þá voru flotbryggja og landstöpull flutt og unnið við grjótkant og fyllingu í smábátalægi.

Dýpkun innsiglingar og innan hafnar fór fram á Þórshöfn. Verkið var boðið út ásamt dýpkun á Raufarhöfn og voru tilboð opnuð 12. mars 2002, sbr. „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002". Í verkinu fólst að fjarlægðir voru 43.260 m^3 efnis í innsiglingunni og innan hafnar. Gerð grjótfláa við tengibraut milli Hafskipabryggju og Bátabryggju reyndist til muna ódýrari en reiknað hafði verið með. Aukaverk fólust í að dýpkunarsvæði VIII var stækkað og 3.000 m^3 efnis fjarlægðir þaðan. Einnig var hreinsað meðfram Löndunarbryggju og á dýpkunarsvæði II var dýpkað úr 6,5 m dýpi í 7,5 m og í 8,0 m út frá Hafskipabryggju. Auk dýpkunar sá Sæþór ehf. um að rífa olíubryggju samkvæmt tilboði.

Framkvæmdakostnaður: 163,7 millj. kr.

Bakkafjörður.

Greitt var heimtaugargjald vegna raflagnar að Löndunarbryggju og gengið frá uppgjöri við Mælifell vegna framkvæmda á árinu 2002. Lokið var dýptarmælingu og frágangi innsiglingarljósa vegna dýpkunar, sjá „Skýrslu samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2002".

Sjafnarbryggja var lengd um 20 m. Verkið var boðið út og tilboð opnuð í júlí 2002. Alls bárust fjögur tilboð í verkið, hið lægsta frá Mælifelli ehf. á Vopnafirði sem bauð 3.539.000 kr., en sú upphæð nam 98% af kostnaðaráætlun hönnuða. Gerður var verksamningur við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins.

Verkið fólst í því að lengja Sjafnarbryggju, sem er gömul furubryggja, um 10 m til beggja enda. Timbur var keypt í gegnum Ríkiskaup fyrir 1,8 millj. kr. Boltaefni var keypt af Sandblæstri og málmhúðun ehf. á Akureyri fyrir 260.000 kr.

Vegna tafa sem urðu á afhendingu timburs dróst verkbyrjun fram í september 2003 en verkinu lauk í byrjun nóvember það ár.

Framkvæmdakostnaður 2003: 2,4 millj. kr.

Vopnafjörður.

Gerð brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma hófst í byrjun júní 2003. Í verkinu felst að byggður verður um 350 m langur brimvarnargarður milli Miðhólma og Skiphólma, að mestu á 8–9 m dýpi. Efnis í hann verður aflað með vinnslu grjóts og kjarna í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga. Garðurinn verður byggður upp úr þremur grjótflokkum og sprengdum kjarna. Í hann fara um 124.200 m^3 af efni, þar af eru um 56.400 m^3 grjót og um 67.800 m^3 eru sprengdur kjarni. Hönnun og gerð útboðsgagna fór fram á Siglingastofnun Íslands, að hluta til á forsendum sem aflað var í líkantilraunum og með námurannsóknum á vegum jarðfræðistofunnar Stapa.

Verkið var boðið út og bárust í það átta tilboð sem opnuð voru 29. apríl 2003. Hæsta tilboðið nam 143,7% af kostnaðaráætlun hönnuða en lægstbjóðandi, Suðurverk hf., bauð 122.191.000 kr. sem var 81,0% af kostnaðaráætlun og var gengið til samninga við fyrirtækið eftir að úrslit útboðs lágu fyrir.

Verktaki hóf störf í júníbyrjun 2003 og hefur því miðað ágætlega. Um áramót var garðurinn kominn út í Miðhólma, búið að grjótverja neðansjávar að utan og innan og tengja garðinn

við Skiphólma og byrjað að byggja garðkrónu næst Skiphólma. Áformað er að verkinu ljúki 31. janúar 2004.

Í upphafi verks var ákveðið að frumkvæði heimamanna að breyta legu brimvarnargarðsins lítillega þannig að bogar garðsins urðu krappari og garðurinn meira S-laga en upphafleg hönnun gerði ráð fyrir. Tenging garðsins við Skiphólma var unnin í nánu samráði við heimamenn.

Framkvæmdakostnaður: 101,9 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Áfram var unnið að byggingu ferjuhafnar samkvæmt verksamningum sem gerðir voru á síðasta ári. Fékk ferjuhöfnin heitið Strandarbakki við vígslu 31. júlí 2003.

Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. lauk sínu samningsverki að mestu í febrúar. Það fólst í að steypa kantbita á stálþilið sem verktakinn byggði á síðasta ári, en dýpkun lauk ekki fyrr en í maí 2003. Samið var við Gáma- og tækjaleiguna um tæplega 8.300 m³ viðbótardýpkun við gamla ferjulægið, sem nú nefnist Bjólfsbakki. Mest af því efni var tekið fram undan nýju brúnni á Fjarðará, en í vatnavöxtum sem urðu í ánni í nóvember 2002 barst fram töluvert af efni sem settist til innst við Bjólfsbakkann.

Meginástæðan fyrir því að dýpkun dróst svo á langinn var að dýpkunarskipið Skandia var fengið til að dæla á land mestum hluta þess burðarlagsefnis sem notað var í vegi, götur og plön. Ekki fékkst leyfi til að taka burðarlagsefnið úr námu við ós Sörlastaðaár eins og útboðsgögn gerðu ráð fyrir og varð því að ráði að dæla efninu úr sjó framan við ósinn.

Dýpkunarskipið Skandia dældi auk þess á land efni í uppfyllingu fyrir Seyðisfjarðarkaupstað milli nýja ferjulægisins og lands. Flatarmál lands sem sveitarfélagið aflar sér með uppfyllingu á leirunni framan við ós Fjarðarár er alls um 6 hektarar. Að auki er hafnarmannvirki ferjulægisins um 0,5 hektarar.

Malarvinnslan hf. vann að byggingu þjónustuhúss og landgangs, lagnavinnu við stálþilsbakkann, gerð ekjurampa, þekjusteypu, girðingu umhverfis tollsvæði og malbikun svæða innan tollgirðingar samkvæmt tveimur verksamningum sem gerðir voru í ágúst 2002.

Þjónustuhúsið var orðið fokhelt í ársbyrjun og þegar ný Norröna kom í reynslusiglingu þ. 22. apríl voru hús, landgangur og ekjurampur komin það vel á veg að hægt var að afgreiða ferjuna. Reglulegar siglingar Norrönu hófust svo 15. maí og voru upp frá því vikulega til 11. september.

Forúttekt innan húss á þjónustuhúsi var gerð 14. maí en lokaúttekt fór fram 4. nóvember, samtímis heildarúttekt á verki. Grunnflötur þjónustuhúss er 750 m² en heildar gólfflatarmál 1.000 m², þar af landgangur frá lyftuturni að ferju 73 m². Landgangurinn er í um 11 m hæð yfir bryggjuþekju, áfastur við lyftuturn en hvílir á tjökkum við útenda og hægt að hreyfa þar upp/niður um 1,7 m frá láréttri stöðu. Heildargreiðsla til verktaka vegna þjónustuhúss og landgangs varð 145.628.590 kr. að meðtöldum viðbótar- og aukaverkum.

Steypu á bryggjuþekju stálþilsbakka var lokið og aðrir verkhlutar þekjuverks langt komnir 31. júlí, en þá var haldin vígsluhátíð ferjuhafnar. Frágangi tollgirðinga, malbikaðra svæða og lóðar þjónustuhúss var síðan að mestu lokið 10. september þegar forúttekt var gerð. Lokaúttekt fór fram 4. nóvember og var þá enn ólokið ýmsum frágangi sem samkomulag er um að verktaki ljúki á næsta ári.

Steypt bryggjuþekja er 20 m breið, 3.867 m² að flatarmáli, og malbikað svæði innan tollgirðingar alls 5.130 m². Lengd fastra tollgirðinga er 238 m og lausar girðingar við aðkomubílastæði eru 200 m. Malbikuð bílastæði við þjónustuhús eru 1.043 m² og þöku- og hellulögð lóð 682 m².

Heildargreiðsla til verktaka vegna gatna, bílastæða, lóðar þekju og lagna, að meðtöldum viðbótar- og aukaverkum, varð 134.426.514 kr. Þar af var hafnargerðarþátturinn, bryggja og sérbúnaður vegna ferju, 62.555.099 kr. Afgangur upphæðarinnar skiptist milli Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna bílaplana, gatna og frárennslislagna, 45.803.979 kr., og Vegagerðarinnar, 26.067.436 kr., vegna þjóðvega í þéttbýli.

Framkvæmdakostnaður 2003: 184,3 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Gengið var frá uppgjöri við Gáma- og tækjaleigu Austurlands vegna dýpkunar, sbr. framkvæmdaskýrslu síðasta árs. Ekki tókst að dýpka eins og til stóð því dæluskipið Skandia réð ekki við hörð sandlög og grjótrastir sem voru í botni innst á dýpkunarsvæðinu. Sem aukaverk tók verktakinn að sér að dæla upp efni í Viðfirði og losa í stæði undir skjólgarði norðan hafnar. Alls voru settir um 17.000 m^3 af efni undir skjólgarðinn.

Gengi var frá garðsendaljósum á skjólgarðinn sem byggður var við fiskihöfnina árið 2002. Lokið var frágangi lagna vegna lengingar Togarabryggju.

Mjóifjörður: Lokið var uppsetningu á flotbryggjum sem samið var um við Einar Dalberg Einarsson árið 2002.

Reyðarfjörður: Hafinn var undirbúningur að byggingu stóriðjuhafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði. Boraðar voru rannsóknarholur við bryggjustæði til að ákvarða staðsetningu bryggjunnar. Í mars var gengið frá hafnarsamningi milli Fjarðaráls sf. og hafnasjóðs Fjarðabyggðar um uppbyggingu og rekstur Mjóeyrarhafnar. Byrjað var á hönnun 380 m stálþilsbakka sem gerður var fyrir 14,3 m dýpi og á að geta tekið á móti 80.000 brúttótonna skipum.

Verkfræðistofan Hönnun gerði árið 2001 tillögu að matsáætlun og sendi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um það hvort fyrirhuguð hafnargerð á Mjóeyri væri umhverfismatsskyld. Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá því í ágúst 2001 kemur fram að verksmiðjuhöfnin á Mjóeyri er ekki matsskyld framkvæmd.

Eskifjörður: Þar var sett stálþil við bræðslu Eskju ehf. Verkið var boðið út og tilboð opnuð í síðari hluta júnímánaðar 2003. Alls bárust fjögur tilboð í verkið. Lægst reyndist tilboð Ísars ehf. í Hafnarfirði, að upphæð 25.799.200 kr. sem var 68,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Keypt var stálþilsefni og festingar í gegnum Ríkiskaup fyrir um 25 millj. kr.

Í verkinu fólst að reka niður 110 m langt stálþil við bræðslu Eskju ehf. og dýpka fyrir framan það í 10 m dýpi. Fergja þurfti svæðið við þilið áður en framkvæmdir hófust til að framkalla sig. Vegna þessa var ekið á staðinn talsverðu af efni úr Eskifjarðará og sá fyrirtækið R.H. gröftur á Eskifirði um þá framkvæmd. Fyrirtækið Björgun ehf. í Reykjavík var undirverktaki við dýpkun. Alls var dælt upp um 22.000 m^3 af efni sem notað var í landfyllingu bak við þilið. Ekki var steyptur kantur á þilið að sinni vegna hættu á sigi og verður beðið með það til næsta árs þegar þekja verður steypt. Settir voru pollar til bráðabirgða á þilið.

Framkvæmdakostnaður: 53,9 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Byggð var harðviðarbryggja við loðnuverksmiðju. Verkið var boðið út og tilboð opnuð í maí 2002, sbr. framkvæmdaskýrslu ársins 2002. Verkið hófst í júlí 2002 og því lauk í janúarlok 2003.

Heildarkostnaður við verkið varð 40.205.216 kr.

Framkvæmdakostnaður ársins 2003: 12,6 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Framkvæmdir við endurbyggingu Bæjarbryggju hófust á árinu. Útboð á boltaefni og harðviði fór fram og bryggjusmíðin var boðin út í september. Samið var við Elinn hf. á Sauðárkróki sem reyndist lægstbjóðandi. Verktakinn hóf störf í október en verkinu lauk ekki á árinu.

Sett var grjótvörn utan á gömlu bryggjuna. Verkið var boðið út og tilboð opnuð í aprílbyrjun 2003. Fjögur tilboð bárust. Lægst reyndist tilboð Guðjóns Sverrissonar frá Egilsstöðum að upphæð 16.449.801 kr. sem var 79% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Í verkinu fólst að lengja grjótvörn um 25 m út fyrir gömlu bryggjuna. Tilgangurinn með framkvæmdinni var að verja bryggjuna fyrir sjógangi og skapa meiri kyrrð á viðlegu innan hennar.

Grjót til verksins var tekið úr námu við Hvalsnes. Verkinu lauk í júlílok 2003.

Framkvæmdakostnaður: 19,8 millj. kr.

Djúpivogur.

Lokið var uppgjöri vegna þekju sem steypt var árið 2002, sbr. framkvæmdaskýrslu þess árs.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Hornafjörður.

Unnið var að venjubundinni viðhaldsdýpkun innan hafnar með dæluprammanum Soffíu. Dælt var upp um 25.000 m^3. Uppgjöri vegna verksins lauk ekki fyrir áramót.

Í ágúst var boðin út dýpkun á Grynnslunum utan við Hornafjarðarós. Ekkert tilboð barst í verkið og varð niðurstaðan sú að fresta framkvæmdum um sinn.

Hafinn var undirbúningur að endurbyggingu Krosseyjarbakka sem á að koma til framkvæmda samkvæmt samgönguáætlun árið 2009.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Í mars var í samræmi við hafnaáætlun boðin út gerð þekju á Ískant og Suðurkant og tilboð opnuð í apríl 2003. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda sem var Almenna byggingarfélagið ehf. í Hafnarfirði. Samningsverð var 26.300.000 kr.

Innifalið í útboðsverki var að steypa 3.620 m^3 þekju, leggja ídráttarrör fyrir rafmagn, koma fyrir vatnsbrunnum og steypa upp ljósamasturshús.

Sú breyting var gerð að þekjan var stækkuð í 4.070 m^3 og verulegur aukakostnaður hlaust af því að skipta um jarðveg undir þekju og rífa upp malbik og brunna við Ísstöð.

Verkið hófst í seinni hluta maí og lauk um miðjan október. Ýmsum frágangi lauk þó ekki fyrr en í desember og þá var gert upp við verktaka. Endanlegu uppgjöri verksins var ekki lokið um áramót.

Gerð stálþils á Norður- og Austurkanti Friðarhafnar var boðin út í mars og tilboð opnuð í aprílbyrjun. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf., á Reyðarfirði á grundvelli tilboðs fyrirtækisins að upphæð 39,5 millj. kr.

Stálþil og festingar komu til landsins í apríllok og kostuðu um 30,0 millj. kr.

Innifalið í verkinu var að reka niður 113 stálþilsplötur í nyrðri hluta Friðarhafnar, sem er um 142 m langur bryggjukantur, ásamt því að koma fyrir stálþilsfestingum og steypa kant með pollum á þilið. Nýja þilið var rammað niður um 1,5 m framan við gamalt þil því hér var um endurnýjun að ræða. Einnig var skipt um jarðveg á efsta 1,5 m laginu á öllu baklandi þilsins.

Lagt var rafmagn á Nausthamarsbryggju og var það gert í samræmi við hafnaáætlun. Verkið var boðið út í apríl 2003 og gengið frá samningi við lægstbjóðanda, sem var raftækjavinnustofan Geisli í Vestmannaeyjum, í sama mánuði. Tilboðsupphæð var tæpar 8,5 millj. kr.

Í verkinu fólst að dregið var í ídráttarrör, gengið frá tengingum og innstungum í rafmagnskassa út við kant og einnig tengingum og öðrum frágangi í töfluskápum í tveimur ljósamasturshúsum.

Heildarkostnaður við endurbyggingu Nausthamarsbryggju var um áramótin 2003/2004 kominn í 231,8 millj. kr.

Í samræmi við hafnaáætlun var unnið að ýmiss konar frágangi á smábátaaðstöðunni. Að mestu leyti fólust verkin í raflögnum og lýsingu en einnig var gengið frá vatnslögnum. Verkinu er ekki lokið þar sem eftir er að stilla flotbryggjurnar og inna af hendi lokagreiðslu fyrir það til verktaka. Einnig er eftir að kaupa og setja upp björgunarstiga.

Um áramótin 2003/2004 nam heildarkostnaður vegna smábátaaðstöðu um 27,0 millj. kr.

Að vanda sá Vestmannaeyjahöfn um dýpkun í höfninni með eigin dýpkunartæki. Dýpkað var við Nausthamarsbryggju og Friðarhafnarbryggju austanverða. Samtals voru fjarlægðir tæplega 10.000 m^3. Kostnaður við það nam 1,7 millj. kr.

Í nóvember var boðin út dýpkun í höfn og innsiglingu. Lægstbjóðandi var Sæþór ehf. og var gerður verksamningur við fyrirtækið. Verkið var ekki hafið um áramót en byrjað var á hönnun og undirbúningi við vesturkant Friðarhafnar sem á að vinna árið 2004 samkvæmt samgönguáætlun.

Eins og á síðasta ári var öllum framkvæmdum við þurrkví frestað.

Framkvæmdakostnaður: 122,8 millj. kr.

Sveitarfélagið Ölfus.

Unnið var að viðgerð á svokallaðri tunnu í innsiglingunni í *Þorlákshöfn*. Samið var við Sjóverk ehf. um framkvæmdina í október 2002.

Í verkinu felst að setja nýja stálstaura utan um gömlu tréstaurana og bolta þá í gjarðir sem halda gömlu staurunum. Setja á blikkhettur á gömlu staurana til að koma í veg fyrir að þeir frostspringi meira en orðið er.

Verkinu var ekki lokið um áramótin og stefnt að verklokum í mars eða apríl 2004.

Umfangsmikil endurbygging hafnarinnar í Þorlákshöfn hófst árið 2003 með byggingu svonefnds Austurgarðs sem er um 760 m langur brimvarnargarður af bermugerð. Auk sjálfrar byggingar garðsins fólst í verkinu vinnsla á grjóti og kjarna í námu á Hafnarsandi norðan Þorlákshafnar. Heildarmagn efnis í garðinn er um 230.000 m^3 sem skiptist í um 120.000 m^3 af grjóti og um 110.000 m^3 af kjarna.

Hönnun mannvirkisins og gerð útboðsgagna fór fram hjá Siglingastofnun Íslands. Hönnunarforsendur voru að hluta til fengnar með líkantilraunum og úr skýrslum um námurannsóknir frá jarðfræðistofunni Stapa.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 19. ágúst 2003. Fimm tilboð bárust, hið lægsta frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. að upphæð 216.762.250 kr. sem nam 89,9% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við fyrirtækið á grundvelli þessa tilboðs.

Verkið hófst í byrjun nóvember 2003 og er áætlað að því ljúki í desember 2004. Ekki hafa orðið neinar umtalsverðar breytingar á verkinu eða áætluðum framgangi þess.

Framkvæmdakostnaður 2003: 33,4 millj. kr.

Grindavík.

Fjarlægður var stór steinn og nokkrir minni sem fundust í þeim hluta innsiglingarinnar til Grindavíkur sem dýpkaður var árið 1997. Verkið var unnið af Sjóverki ehf. í febrúar og kostaði 1,2 millj. kr. Verkið var fjármagnað með ónotaðri fjárveitingu til skjólgarða en þeir urðu talsvert ódýrari en áætlað var, sbr. framkvæmdaskýrslu síðasta árs.

Lokið var uppgjöri vegna framkvæmda við skjólgarða á síðasta ári.

Framkvæmdakostnaður 2003: 2,2 millj. kr.

Sandgerði.

Lenging stálþils á Norðurgarði var á samgönguáætlun en var frestað að ósk heimamanna. Lítillega var unnið að frágangi raflagna við nýja stálþilið en annarri lagnavinnu og þekjusteypu slegið á frest.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Reykjanesbær: Brimvarnargarðurinn í Njarðvíkurhöfn var lengdur um 60 m og berma byggð utan á eldri hluta hans. Hönnun garðsins og gerð útboðsgagna fór fram á Verkfræðistofu Suðurnesja undir umsjón Brynjólfs Guðmundssonar.

Verk þetta felur í sér tvo aðskilda verkþætti sem boðnir eru út í einu útboði. Sá verkþáttur sem fellur undir styrkhæfa hafnargerð felst í styrkingu og lengingu á öldubrjóti við Njarðvíkurhöfn ásamt efnisvinnslu til þeirrar framkvæmdar í grjótnámi á lóð fyrirhugaðrar stálröraverksmiðju í Helguvík. Annar verkþátturinn felst í lækkun lands á lóð þeirri í Helguvík, þar sem áformað er að stálröraverksmiðja rísi, niður í uppgefinn kóta og efnisvinnslu og gerð sjóvarnar í Reykjanesbæ ásamt landfyllingum, en þar er ekki um styrkhæfa hafnargerð að ræða.

Verkið var boðið út í lokuðu útboði og tilboð opnuð 10. febrúar 2003. Þeir sex verktakar sem gafst kostur á að bjóða skiluðu allir tilboðum. Lægst var tilboð ÍAV, 75.965.134 kr., í Njarðvíkurgarðinn og 245.732.825 kr. í lóðagerð í Helguvík, alls 321.697.959 kr. sem nam 58,7% af kostnaðaráætlun hönnuða. Var gerður verksamningur við fyrirtækið um framkvæmdirnar á grundvelli tilboðs þess.

Í samningsverkinu felst að brimvarnargarðurinn í Njarðvíkurhöfn verður lengdur um 60 m og byggð berma utan á eldri hluta hans. Í garðinn fara um 56.500 m^3 af efni, þar af um 37.400 m^3 af grjóti og um 19.100 m^3 af kjarna.

Verkið hófst í mars 2003 og var langt komið í árslok.

Framkvæmdakostnaður: 60,7 millj. kr.

Hafnarframkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem voru ekki ríkisstyrktar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á þeirra vegum á framfæri við Siglingastofnun.

Grundartangi.

Unnið var að undirbúningi að stækkun Grundartangahafnar, m.a. með hönnun á 250 m stálþili og þekju. Kostnaður var um 2,0 millj. kr.

Áætlað er að framkvæmdir við stækkun hafnarinnar hefjist á síðari hluta ársins 2004.

Hafnarfjörður.

Unnið var að uppfyllingu á nýju hafnarsvæði í Suðurhöfninni.

Framkvæmdakostnaður um 20 millj. kr.

Sjóvarnargarðar.

Innri-Akraneshreppur: Í samræmi við samgönguáætlun var gerð sjóvörn á um 400 m kafla í fjörunni neðan við bæjarhús á Innra-Hólmi II. Ábúendur þar önnuðust framkvæmdina.

Dalabyggð: Í *Búðardal* verður gerður 150 m langur sjóvarnargarður vestan við frystihúsið. Verkið mun felast í að endurraða og styrkja núverandi sjóvörn. Samið hefur verið við Gilbert Elíasson um framkvæmdina. Lokið var við vinnslu efnis í námu árið 2003 og verður sjóvarnargarðurinn lagður árið 2004.

Kostnaður vegna undirbúnings féll á verkið á árinu 2003 en verktakareikningar bárust allir á árinu 2004.

Ísafjarðarbær: Sjóvarnargarður við Brimnesveg á *Flateyri* var endurbyggður og lengdur. Um 140 m voru endurbyggðir og um 50 m var nýbygging. Verkið var unnið af Græði sf. á Flateyri og var samningsverð 5.712.700 kr. Verktakinn hóf störf 30. október 2002 og var ráðgert að ljúka verkinu fyrir áramótin en vegna mikillar bleytu varð að fresta verklokum þar til í janúar 2003.

Súðavík: Gerð 100 m langs sjóvarnargarðs, sem hófst haustið 2002, lauk í janúar 2003, en verktakinn, Tígur ehf., hafði fengið heimild til að fresta verkinu fram yfir áramótin.

Árneshreppur. Gjögur: Leitað var tilboða í sjóvörn við Gjögur hjá Norðurtaki ehf. á Sauðárkróki og Tígri ehf. í Grundarfirði. Tilboð barst aðeins frá Tígri ehf. og var það um 40% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Gerður var verksamningur við Tígur ehf. og gerði fyrirtækið sjóvarnargarða fyrir framan tvö sumarhús á Gjögri, alls um 70 m að lengd.

Blönduósbær: Boðnar voru út sameiginlega sjóvarnir á Blönduósi, Skagaströnd og í Kálfshamarsvík og við Víkur í Skagabyggð. Samið var við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. sem buðu 13.252.100 kr. í öll verkin og var það 93% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Gerð sjóvarnar á Blönduósi lauk ekki fyrir áramót.

Skagaströnd: Endurbyggður var elsti hluti sjóvarnar meðfram Fjörubraut, tæplega 200 m kafli frá sjóvörn sem gerð var 1998 við Hólanes og suður fyrir hús rækjuvinnslunnar að sjóvörn sem byggð var 1995. Verkið hófst í október og því lauk í byrjun desember.

Skagabyggð: Gerð var sjóvörn framan við útihús á bænum Víkum, alls um 110 m að lengd, og sjóvörn í Kálfshamarsvík var lengd um 80 m. Verkið var unnið í september.

Húsavík: Gerður var sjóvarnargarður á um 170 m kafla norðan Haukamýrarlækjar og á um 70 m kafla sunnan lækjarins. Í hann fóru um 1.050 m^3 af grjóti og um 745 m^3 af kjarna. Var samið við Ístak hf. um að vinna verkið þegar fyrirtækið hafði lokið vinnu við brimvarnargarð á Böku. Samningsverð í verksamningi var 5.400.000 kr.

Framkvæmdakostnaður: 5.520.368 kr.

Dalvík: Haldið var áfram sjóvarnarverkefni sem unnið hefur verið að á undanförnum árum. Samið var við Dalverk ehf. um verkið án útboðs, enda var um lítið verk að ræða, og fyrirliggjandi kostnaðartölur frá fyrri verkáföngum. Samningsverð var 1.900.000 kr. Í verkinu fólst að endurraða og byggja um 150 m langan sjóvarnargarð sunnan hafnar. Þetta var gert á tímabilinu ágúst til október 2003.

Árborg: Á *Stokkseyri* var gerður sjóvarnargarður við Kaðlastaði að Hraunsá. Um er að ræða 1.200 m langan sjóvarnargarð í framhaldi af eldri sjóvörn við byggðina í samræmi við sjóvarnaráætlun. Sjóvörnin er byggð ofan á og framan við gamla sjóvarnargarðinn án þess að raska honum. Við Hraunsá verður útbúin þrenging til að minnka innrennsli.

Verkið var boðið út í nóvember og bárust 12 tilboð. Samið var við lægstbjóðanda, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., sem bauð 67,2% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verkið hófst í lok desember 2002 og því lauk í apríl 2003. Tókst framkvæmdin í alla staði vel.

Framkvæmdakostnaður: 25,8 millj. kr.

Á *Stokkseyri* var sjóvarnargarður á milli Íragerðis og Hásteinsvegar styrktur og endurgerður á 130 m kafla. Grjótgarðurinn skemmdist í sjávarflóði árið 1990. Þá var einungis endurraðað grjóti í honum en styrkingar var þörf. Samið var við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um framkvæmd verksins sem unnið var í mars og tókst vel.

Framkvæmdakostnaður: 3,1 millj. kr.

Á *Eyrarbakka* var sjóvarnargarður milli gömlu bryggjunnar og samkomuhússins styrktur á um 30 m kafla á áfangaskilum.

Samið var við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. um framkvæmdina sem gerð var í mars og tókst með ágætum.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Grindavík: Þar var um að ræða 4 minni verk, við Hraun, Litlubót, Húsatóftavöll og hús Stofnfisks við Húsatóftir, sem unnin voru saman sem eitt væri af Suðurverki ehf.

Undirbúningur verksins hófst með grjótvinnslu haustið 2002. Heildarlengd sjóvarnargarða er 530 m.

Framkvæmdakostnaður: 8,4 millj. kr.

Sjóvarnir á Reykjanesi: Í september 2003 var boðið út verkið „Sjóvarnir á Reykjaneskaga" sem fól í sér gerð sjóvarna við Efri-Brunnastaði á Vatnsleysuströnd, við Auðna á Vatnsleysuströnd og á Garðskaga, að hluta til í Gerðahreppi og að hluta í Sandgerðisbæ, alls um 500 m á lengd og um 3.520 m^3 að rúmmáli. Verkið var boðið út. Þrjú tilboð bárust og lægstbjóðandi reyndist ABLtak ehf. sem bauð 8.519.660 kr. er nam 67% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkinu var ekki lokið um áramótin 2003/2004.

Framkvæmdakostnaður árið 2003: 4.811.000 kr.

Boðnar voru út sjóvarnir í Reykjanesbæ sem hluti af mun stærra verki sem fólst í losun á klöpp í Helguvík og gerð sjóvarnargarða, sbr. það sem ritað er um Njarðvíkurgarð í þessari skýrslu. Samið var um að Reykjaneshöfn mundi vinna verkið og var samningsverð 23.800.000 kr.

Verkið hófst í mars 2003 og við áramót var lokið tveimur áföngum af fimm.

Bessastaðahreppur: Gerð var sjóvörn við Gestshús. Tilboð voru opnuð í september 2003. Einungis eitt tilboð barst, frá Borgarvirki ehf. að upphæð 3.917.590 kr. er nam 96% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verkið fólst í byggingu um 150 m langs sjóvarnargarðs í fjörunni neðan við Gestshús á Álftanesi. Því lauk um miðjan desember 2003.

Framkvæmdakostnaður: 4.121.307 kr.

Seltjarnarnes: Samið var við Borgarvirki ehf. um framhald á sjóvörn við Kotgranda á Seltjarnarnesi, en fyrri hlutinn var byggður árið 2002. Samningsupphæð var 5.467.176 kr. Alls fóru um 1.100 m^3 af kjarna í garðinn og um 1.600 m^3 af flokkuðu grjóti. Lengd sjóvarnargarðsins er um 240 m. Verkið hófst í byrjun september og því lauk í október.

Tafla 1. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Kostn.* jan.–júní	Kostn. júlí–des.	**Heildar-kostn.**	Ríkishl. jan.–júní	Ríkishl. júlí–des.	**Ríkishl. alls**
1. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir								
Akranes	Dýpkun við aðalhafnargarð	75%	23,7	1,4	**25,1**	17,8	1,0	**18,8**
	Stálþil aðalhafnargarði	60%	75,1	20,0	**95,1**	45,1	12,0	**57,1**
	Endurnýjun skipalyftu	12,5%	0,3		**0,3**			
	Klæðning á austurhlið ferjubryggju	60%		3,8	**3,8**		2,3	**2,3**
	Þekja og lagnir aðalhafnargarði	60%		0,4	**0,4**		0,3	**0,3**
Borgarnes	Bryggjurif, fylling	60%	0,1		**0,1**	0,1		**0,1**
Snæfellsbær	Rifshöfn, Norðurþil	60%	22,6	1,6	**24,2**	13,6	1,0	**14,6**
	Arnarstapi, breikkun þekju	60%		5,1	**5,1**		3,0	**3,0**
	Rifshöfn, dýpkun við stálþil Norðurgarði	75%	0,4	19,8	**20,2**	0,3	14,9	**15,2**
	Arnarstapi, lenging grjótgarðs	75%	0,8	0,1	**0,9**	0,6	0,1	**0,7**

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Kostn.* jan.–júní	Kostn. júlí–des.	**Heildar-kostn.**	Ríkishl. jan.–júní	Ríkishl. júlí–des.	**Ríkishl. alls**
	Ólafsvík, lenging á flotbryggjum	60%	0,1	0,2	**0,3**	0,1	0,1	**0,2**
	Ólafsvík, dýpkun	75%	0,8	29,8	**30,6**	0,6	22,3	**22,9**
Grundar-fjörður	Lenging Stórubryggju, stálþil	60%	3,1	0,1	**3,2**	1,9	0,1	**2,0**
	Lenging Stórubryggju, grjótvörn	75%		2,0	**2,0**		1,5	**1,5**
	Öldudempandi flái	75%		0,4	**0,4**		0,3	**0,3**
Stykkis-hólmur	Stálþil næst Brúarbás, Súgandisey	60%	2,3	0,3	**2,6**	1,4	0,2	**1,6**
	Dýpkun í höfn við Súgandisey	75%	2,6		**2,6**	2,0		**2,0**
Búðardalur	Gamla bryggjan endurbyggð	60%		0,1	**0,1**		0,1	**0,1**
Vesturbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn	60%		0,1	**0,1**		0,1	**0,1**
Bolungarvík	Dýpkun hafnar og innsiglingar	75%	0,8	0,2	**1,0**	0,6	0,1	**0,7**
Ísafjörður	Flateyri, endurbygging hafnarkants	60%	0,9	0,3	**1,2**	0,6	0,2	**0,8**
	Ísafjörður, endurbyggja flotbryggju	60%		0,1	**0,1**			
	Ísafjörður, endurbygging Ásgeirsbakka	60%	1,4	37,8	**39,2**	0,8	22,7	**23,5**
	Ísafjörður, endurnýjun dufla	75%	1,2	1,4	**2,6**	0,9	1,0	**1,9**
Súðavík	Viðlegubryggja við Suðurgarð	60%	10,9	1,3	**12,2**	6,5	0,8	**7,3**
	Suðurgarður, þvergarður styrking	75%		0,1	**0,1**			
Norðurfjörður	Endurbygging þekju á gömlu bryggju	60%	0,3	4,2	**4,5**	0,2	2,5	**2,7**
	Dýpka upp með gömlu bryggjunni	75%		1,0	**1,0**		0,7	**0,7**
Drangsnes	Kokkálsvík, slitlag við bryggjur	60%	0,1		**0,1**	0,1		**0,1**
	Kokkálsvík, flotbryggja	60%		3,4	**3,4**		2,1	**2,1**
Skagaströnd	Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	75%		1,2	**1,2**		0,9	**0,9**
	Upptökubraut fyrir smábáta	60%		1,2	**1,2**		0,7	**0,7**
Skagafjörður	Sauðárkrókur, dýpkun og snúningssvæði	75%	0,6	13,7	**14,3**	0,5	10,2	**10,7**
	Sauðárkrókur, stálþil Norðurgarði.	60%		2,1	**2,1**		1,3	**1,3**
Siglufjörður	Smábátahöfn, viðlegubryggja	60%	0,4	8,2	**8,6**	0,2	4,9	**5,1**
	Dýpkun í smábátahöfn	75%		0,1	**0,1**		0,1	**0,1**
	Roaldsbryggja við Síldarminjasafn	60%	0,4	3,8	**4,2**	0,2	2,3	**2,5**
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Ólafsfjörður, togarabryggja stálþil	**60%**	–0,4	8,3	7,9	–0,2	5,0	**4,8**
	Árskógssandur, ferjuaðstaða	75%	0,2		**0,2**	0,2		**0,2**
	Hrísey, ferjuaðstaða	75%	0,3		**0,3**	0,2		**0,2**
	Ferjuaðstaða gr. af Vegagerðinni		–4,8		**-4,8**	–3,1		**-3,1**
	Ólafsfjörður, dýpkun	75%	5,4	0,3	**5,7**	4,1	0,2	**4,3**
	Dalvík, viðhaldsdýpkun	75%	1,9		**1,9**	1,4		**1,4**
	Ólafsfjörður, styrking grjótgarðs	75%	3,9	0,1	**4,0**	2,9	0,1	**3,0**
	Ólafsfjörður, loðnulöndunarkantur	60%		0,2	**0,2**		0,1	**0,1**
Grímsey	Endurbygging fremsta hluta hafnargarðs	60%	0,2	8,5	**8,7**	0,1	5,1	**5,2**
	Dýpkun við hafnargarðinn	75%		5,6	**5,6**		4,2	**4,2**
Hafnasamlag Norðurlands	Akureyri, dýpkun við Krossanes, 2. áfangi	**75%**	5,7	0,5	6,2	4,3	0,4	**4,7**
	Akureyri. Fiskihöfn, Vesturbakki stálþil	60%	0,3	16,8	**17,1**	0,2	10,1	**10,3**
	Akureyri, fiskihöfn dýpkun	75%	5,5	0,1	**5,6**	4,1		**4,1**
	Akureyri, stálþil Krossanesi, 2. áf.	60%	9,4	21,3	**30,7**	5,7	12,8	**18,5**
	Sverrisbryggja endurbyggð	60%		1,6	**1,6**		1,0	**1,0**
Húsavík	Brimvarnargarður við Böku	75%	1,5	13,9	**15,4**	1,1	10,4	**11,5**
	Bökugarður, stálþil	60%	4,0	1,0	**5,0**	2,4	0,6	**3,0**
	Flatey, dýpkun	75%		6,5	**6,5**		4,9	**4,9**
	Húsavík, dýpkun	75%		1,8	**1,8**		1,3	**1,3**
Raufarhöfn	Löndunarbryggja við bræðslu leiðr.	60%	2,4		**2,4**	1,4		**1,4**

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Kostn.* jan.–júní	Kostn. júlí–des.	**Heildar-kostn.**	Ríkishl. jan.–júní	Ríkishl. júlí–des.	**Ríkishl. alls**
	Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	75%		1,8	**1,8**		1,4	**1,4**
	Dýpkun innsiglingarrennu, merking	75%	0,5	28,0	**28,5**	0,4	21,0	**21,4**
	Viðlega fyrir björgunarskip	60%		1,9	**1,9**		1,1	**1,1**
Þórshöfn	Bryggjurif	60%	2,0		**2,0**	1,2		**1,2**
	Grjótfláí	60%	1,6	0,2	**1,8**	1,0	0,1	**1,1**
	Hafskipabryggja, lenging	60%	1,9	0,2	**2,1**	1,2	0,1	**1,3**
	Dýpkun innsiglingar og hafnar	75%	71,5	14,4	**85,9**	53,6	10,8	**64,4**
	Stálþil	60%	21,7	50,2	**71,9**	13,0	30,1	**43,1**
Bakkafjörður	Lenging Sjafnarbryggju	60%	0,2	2,1	**2,3**	0,1	1,3	**1,4**
	Lenging löndunarbryggju	60%		0,1	**0,1**		0,1	**0,1**
Vopna-fjarðarhöfn	Löndunarbryggja, stálþil, lagnir	60%	3,6	0,8	**4,4**	2,2	0,5	**2,7**
	Dýpkun innsiglingar og merking	75%	1,8	0,4	**2,2**	1,3	0,3	**1,6**
	Brimvarnargarður	75%	13,7	81,6	**95,3**	10,3	61,2	**71,5**
Seyðis-fjarðarhöfn	Ferjulægi, stálþil	60%	35,5	17,8	**53,3**	21,3	10,7	**32,0**
	Sérbúnaður við ferjulægi	75%	102,5	21,4	**123,9**	76,9	16,0	**92,9**
	Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn	75%	7,0	0,1	**7,1**	5,3	0,1	**5,4**
Fjarðabyggð	Neskaupstaður, skjólgarður	75%	0,2		**0,2**	0,1		**0,1**
	Neskaupstaður, dýpkun	75%	23,4	0,7	**24,1**	17,6	0,5	**18,1**
	Neskaupstaður, lenging togarabryggju	60%	0,3	0,2	**0,5**	0,2	0,1	**0,3**
	Reyðarfjörður, stóriðja stálþilsbakki	60%		4,4	**4,4**		2,6	**2,6**
	Mjóifjörður, flotbryggja og frágangur	60%	1,1	0,1	**1,2**	0,6		**0,6**
	Eskifjörður, stálþil við bræðslu	60%	6,8	47,0	**53,8**	4,1	28,2	**32,3**
	Reyðarfjörður, stóriðja dýpkun	75%		5,9	**5,9**		4,4	**4,4**
Fáskrúðs-fjörður	Stækkun loðnulöndunarbryggju	60%	0,9	0,3	**1,2**	0,5	0,2	**0,7**
	Endurbygging Bæjarbryggju	60%	0,2	11,2	**11,4**	0,1	6,7	**6,8**
Stöðvar-fjörður	Grjótvörn utan á gömlu bryggju	75%	13,0	6,8	**19,8**	9,7	5,1	**14,8**
Djúpivogur	Löndunarkantur, stálþil Gleðivík	60%	0,1	0,5	**0,6**	0,1	0,3	**0,4**
Horna-fjarðarhöfn	Grynnslin	75%	0,4	0,3	**0,7**	0,3	0,2	**0,5**
	Endurbygging Krosseyjarbakka	60%		2,3	**2,3**		1,4	**1,4**
Vestmanna-eyjar	Friðarhöfn, Norður-/austurkantur endurb. stálþil	60%	31,8	34,5	**66,3**	19,1	20,7	**39,8**
	Nausthamarsbryggja, endurbygging	60%	0,6	8,5	**9,1**	0,4	5,1	**5,5**
	Dýpkun, pyttur	75%	0,1	1,6	**1,7**	0,1	1,2	**1,3**
	Smábátaaðstaða, landstöplar, lýsing	60%	1,3	3,0	**4,3**	0,8	1,8	**2,6**
	Friðarhöfn, stálþil vestur	60%		0,3	**0,3**		0,2	**0,2**
	Friðarhöfn–Ísk./Suðurkantur	60%	10,9	30,2	**41,1**	6,5	18,1	**24,6**
Þorlákshöfn	Tunna á garðsenda	75%	4,3		**4,3**	3,2		**3,2**
	Svartaskersgarður	75%	7,3	21,8	**29,1**	5,5	16,4	**21,9**
Grinda-víkurhöfn	Skjólgarðar	75%	1,0		**1,0**	0,8		**0,8**
	Dýptarmælingar hreinsun	75%	1,2		**1,2**	0,9		**0,9**
Sandgerði	Norðurgarður, lenging stálþils	60%	0,5		**0,5**	0,3		**0,3**
Reykjanes-höfn	Njarðvík, grjótgarður	75%	18,8	41,9	**60,7**	14,1	31,4	**45,5**
Af óskiptu fé				0,3	**0,3**		0,3	**0,3**
Alls ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir			**572,1**	**694,3**	**1.266,4**	**391,7**	**465,4**	**857,4**

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Kostn.* jan.–júní	Kostn. júlí–des.	**Heildar-kostn.**	Ríkishl. jan.–júní	Ríkishl. júlí–des.	**Ríkishl. alls**
II. Ferjubryggjur								
	Arngerðareyri	100%						**0,3**
	Æðey	100%						**0,1**
	Alls ferjubryggjur							**0,4**
III. Lendingarbætur								
	Haukabergsvaðall	100%						**0,5**
	Grunnavík	100%						**0,2**
	Selvík	100%						**0,2**
	Drangey	100%						**4,0**
	Lagarfljótsormurinn	100%						**1,1**
	Papey	100%						**1,0**
	Alls lendingarbætur							**7,0**

* Kostnaður janúar til júní 2003 er með virðisaukaskatti.

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Heildarkostnaður	**Ríkishluti**
Innri-Akraneshreppur	1,0	0,9
Snæfellsbær	–0,1	–0,1
Dalabyggð	0,1	0,1
Reykhólar	–0,1	–0,1
Vesturbyggð	0,3	0,2
Ísafjarðarbær	2,8	2,4
Súðavíkurhreppur	2,4	2,0
Árneshreppur	3,1	2,7
Blönduósbær	0,5	0,4
Höfðahreppur	4,6	4,0
Skagabyggð	4,3	3,7
Dalvíkurbyggð	2,2	1,9
Grímseyjarhreppur	–0,2	–0,2
Húsavíkurbær	5,5	4,8
Vopnafjarðarhreppur	0,2	0,2
Fjarðabyggð	–0,3	–0,3
Árborg	29,5	25,8
Ölfus	–0,1	–0,1
Grindavíkurbær	8,6	7,5
Reykjanesbær	18,2	15,9
Við Leiru	3,1	2,7
Gerðahreppur	1,0	0,9
Vatnsleysustrandarhreppur	5,5	4,8
Hafnarfjarðarbær	0,4	0,3
Bessastaðahreppur	5,9	5,2
Seltjarnarnesbær	5,7	5,0
Rannsóknir	0,3	0,3
Samtals millj. kr.	**104,4**	**90,9**

Tafla III. Kostnaður við rannsóknarverkefni 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort:	
Reykjavík	0,2
Ólafsvík	0,1
Snæfellsbær	0,1
Bíldudalur	0,3
Seyðisfjörður	0,3
Eskifjörður	0,2
Þorlákshöfn, líkantilraunir	8,2
Reykjanesbær	0,3
Samtals	**11,0**
Rannsóknir og þróun:	
Rannsóknir, óskipt	2,3
Fræðigreinar	1,1
Stjórnvaldsverkefni	1,0
Háskólasetrið á Höfn	0,2
Norðausturleið	0,1
Brimvarnargarðar	0,3
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	4,3
Hreyfistöðugleiki fiskiskipa	0,2
Vatnsþéttileiki skipa	1,2
Sjávarföll, sjávarflóð	1,1
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	0,9
Andveltigeymar skipa	3,7
Rannsóknir við suðurströndina:	
Ferjulægi við Bakkafjöru	4,1
Hornafjarðarós	0,7
Rof við Vík í Mýrdal	0,4
Siglingaleiðir	5,7
Samtals	**27,3**
Kostnaður við rannsóknarverkefni samtals:	**38,3**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2002		Ríkishluti framkvæmda 2003	Fjárveiting 2003	Staða ríkissjóðs í árslok 2003	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes		24,8	78,4	68,1		14,5
Borgarnes		0,1	0,1	3,5		3,5
Snæfellsbær		18,6	56,6	53,1		15,1
Grundarfjörður		5,8	3,8	7,2		9,2
Stykkishólmur		3,7	3,6	9,9		10,0
Búðardalur		1,0	0,1	0,6		1,5
Reykhólahöfn		0,5				0,5
Vesturbyggð		18,3	0,1			18,2
Tálknafjörður		0,2				0,2

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2002		Ríkishluti fram-kvæmda 2003	Fjárveiting 2003	Staða ríkissjóðs í árslok 2003	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Bolungarvík		28,9	0,7	15,4		43,6
Ísafjarðarbær		29,6	26,3	51,4		54,7
Súðavík		3,6	7,3	1,8	1,9	
Norðurfjörður			3,4	3,1	0,3	
Drangsnes	1,9		2,2	5,0		0,9
Hólmavík		2,6				2,6
Húnaþing vestra		0,1				0,1
Blönduós		0,9				0,9
Skagaströnd		1,9	1,6			0,3
Skagafjörður		9,5	12,0	0,1	2,4	
Siglufjörður	2,1		7,7	20,5		10,7
Hafnasamlag Eyjafjarðar		23,6	10,9	40,5		53,2
Grímsey	2,6		9,4	9,9	2,1	
Hafnasamlag Norðurlands		26,6	38,6	30,4		18,4
Húsavík		11,5	20,7	97,0		87,8
Kópasker		2,1				2,1
Raufarhöfn		57,5	25,3			32,2
Þórshöfn		43,4	111,1	116,4		48,7
Bakkafjörður	0,6		1,5	2,0	0,1	
Vopnafjörður		9,1	75,8	102,4		35,7
Borgarfjörður eystri						
Seyðisfjörður		54,6	130,3	98,0		22,3
Fjarðabyggð		63,2	58,6	7,8		12,4
Fáskrúðsfjörður	5,2		7,5	18,7		6,0
Stöðvarfjörður	0,4		14,8	17,3		2,1
Breiðdalsvík		0,2		6,4		6,6
Djúpivogur	0,8		0,4	2,0		0,8
Hornafjarðarbær		4,4	1,9	16,4		18,9
Vestmannaeyjar		53,2	74,0	137,7		116,9
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn		31,5	25,1	76,9		83,3
Grindavík	158,8		1,7	93,0	67,5	
Sandgerði		27,3	0,3	-25,5		1,5
Garður						
Reykjaneshöfn	5,5		45,5	50,2	0,8	
Óskipt		11,0	0,3	5,9		16,5
Samtals:	**177,9**	**570,3**	**857,6**	**1.143,1**	**75,1**	**752,9**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar hafnir	1.143,1
Lendingarbætur	7,8
Ferjubryggjur	6,5
Samtals fjárveitingar	**1.157,4**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 2003 (fjárhæðir í millj. kr).

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-335)	
Ríkishluti	
Óskipt	0,1
Innri-Akraneshreppur	0,9
Snæfellsbær	0,6
Dalabyggð	2,0
Reykhólahreppur	0,9
Vesturbyggð	5,7
Ísafjarðarbær	0,9
Blönduós	6,0
Skagabyggð	5,5
Höfðahreppur	3,0
Dalvíkurbyggð	4,7
Grýtubakkahreppur	0,6
Húsavík	4,9
Vopnafjörður	0,2
Fjarðabyggð	0,5
Vestmannaeyjar	4,5
Árborg	11,3
Sveitarfélagið Ölfus	5,5
Grindavík	0,5
Sandgerði	0,2
Gerðahreppur	2,6
Vatnsleysustrandarhreppur	6,8
Bessastaðahreppur	4,1
Seltjarnarnes	5,1
Fjárheimildir* fluttar frá hafnargerð í Sandgerði til sjóvarna á eftirtöldum stöðum:	
Árneshreppur	2,1
Reykjanesbær	20,8
Vatnsleysustrandarhreppur	2,6
Samtals	**102,6**

*Fjáraukalög 2003.

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2003 (fjárhæðir í millj. kr.).

Styrkir:	
a) Styrkir til nýframkvæmda	
Arnarstapi	1,1
Stykkishólmur	2,0
Suðureyri	2,0
Bolungarvík	3,1
Súðavík	0,5
Norðurfjörður	0,7
Drangsnes	0,8

Styrkir:	
Grímsey	2,5
Hjalteyri	0,1
Þórshöfn	27,7
Bakkafjörður	0,5
Vopnafjörður	20,5
Seyðisfjörður	20,6
Fáskrúðsfjörður	1,3
Stöðvarfjörður	3,4
Breiðdalsvík	1,6
Djúpivogur	0,4
b) Tjónastyrkir	
Engum tjónastyrkjum úthlutað.	
Styrkir alls	**88,8**
Lán:	
Engin lán veitt á árinu	
Lán alls	**0,0**

1644. Fyrirspurn [993. mál]

til forsætisráðherra um vatnsmiðlun úr Þingvallavatni.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Telur ráðherra ekki tímabært að horfið verði frá því að Landsvirkjun nýti Þingvallavatn sem miðlunarlón fyrir virkjanir í Soginu með hliðsjón af því að þjóðgarður á Þingvöllum kann innan skamms að verða settur á heimsminjaskrá UNESCO?

Skriflegt svar óskast.

1645. Fyrirspurn [994. mál]

til iðnaðarráðherra um vatnsborðssveiflur í Þingvallavatni.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um yfirborðssveiflur í Þingvallavatni?
2. Hver setur þær og á hvaða reglugerðum og lagaheimildum byggjast þær?
3. Hvaða stofnun á að hafa eftirlit með því að Landsvirkjun hlíti reglunum?

4. Hvernig er því eftirliti háttað?
5. Hversu oft hafa vatnsborðsmælar verið óvirkir og hve lengi á sl. tíu árum?
6. Hafa yfirborðssveiflur í Þingvallavatni verið umfram leyfilegar heimildir Landsvirkjunar og ef svo er, hversu oft hefur það gerst?
7. Hvert yrði fjárhagslegt tap Landsvirkjunar ef hætt yrði að nota Þingvallavatn sem miðlunarlón? Óskað er ítarlegs rökstuðnings.

Skriflegt svar óskast.

1646. Svar [888. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um leyfi til rannsókna í Brennisteinsfjöllum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið brugðist við umsóknum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um leyfi til rannsókna í Brennisteinsfjöllum?

Á miðju ári 2000 barst iðnaðarráðuneyti erindi frá Hitaveitu Suðurnesja þar sem farið var fram á rannsóknarleyfi til jarðhitarannsókna í Brennisteinsfjöllum. Á sama tíma barst ráðuneytinu sams konar erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur. Í báðum tilvikum óskuðu umsækjendur eftir rannsóknarleyfi með fyrirheit um nýtingarleyfi.

Þetta var í fyrsta sinn sem tveir aðilar sóttu um rannsóknarleyfi á sem næst sama tíma frá því lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, voru sett. Í þeim lögum er ekki kveðið á um það að ekki megi veita tveimur hæfum aðilum rannsóknarleyfi á sama svæði og á sama tíma. Ráðuneytið hefur litið svo á að túlka beri lög nr. 57/1998 svo að heimilt sé að veita fleiri en einum aðila rannsóknarleyfi á sama svæðinu. Ráðuneytið telur að í slíkum tilvikum þurfi sérstaklega að tryggja að þær framkvæmdir eða rannsóknir sem leyfishafar hyggjast fara í séu ekki ósamrýmanlegar. Hins vegar verður að telja afar ólíklegt að tveir aðilar skuli samtímis standa að dýrum rannsóknum á sama jarðhitasvæðinu án þess að hafa fengið fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að veita fleiri en einum aðila fyrirheit um forgang til nýtingar á sama svæði. Þar sem lög nr. 57/1998 mæla ekki fyrir um hvernig gert skuli upp á milli umsækjenda taldi ráðuneytið ekki unnt að veita öðrum umsækjandanna fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi. Var því beiðni um fyrirheit um forgang til nýtingar fyrir Hitaveitu Suðurnesja annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar hafnað í júní 2002. Ráðuneytið benti hins vegar umsækjendum á þann möguleika að þeir sameinuðust um rannsóknir á svæðinu og fengju tilskilin leyfi til þess ásamt fyrirheiti um forgang að nýtingu.

Í lok janúar 2003 sóttu fyrrgreind fyrirtæki sameiginlega um leyfi til að rannsaka umfang, magn og afkastagetu jarðhitasvæða í Brennisteinsfjöllum. Þar var farið fram á að fyrirtækjunum verði sameiginlega veitt nýtingarleyfi á svæðinu ef árangur rannsókna reynist jákvæður. Í apríl 2003 var óskað eftir umsögnum Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga um umsókn fyrirtækjanna um rannsóknarleyfi í samræmi við ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Orkustofnun og sveitarfélögin tóku jákvætt í að

rannsóknarleyfi yrði veitt, en umhverfisráðuneyti taldi að ekki ætti að svo komnu máli að veita Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur rannsóknarleyfi og fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Á fundi með umhverfisráðuneyti 26. ágúst 2003 var farið yfir forsendur fyrir áliti ráðuneytisins, en árið 2000 hafði ráðuneytið ekki lagst gegn því að rannsóknarleyfi yrði veitt, þó með ströngum skilyrðum. Á fundinum kom fram að undirstofnanir ráðuneytisins hefðu gert nokkrar athugasemdir um að upplýsingar vantaði, m.a. hvað varðaði aðkomuvegi að svæðinu, staðsetningu borplana, og auk þess kom ósk um að beðið yrði eftir niðurstöðum rammaáætlunar. Á fundi með orkufyrirtækjunum í september 2003 var ákveðið að freista þess að afla þeirra gagna og upplýsinga sem talið hafði verið að á skorti í umsókn fyrirtækjanna um rannsóknarleyfi. Þá voru niðurstöður rammaáætlunar kynntar í lok nóvember 2003 þar sem fram kom að virkjun í Brennisteinsfjöllum telst í þeim flokki virkjana er næst minnst umhverfisáhrif hafa.

Þegar framangreind viðbótargögn berast iðnaðarráðuneyti mun umsagnaraðilum lögum samkvæmt kynnt þau gögn og þeim gefið tækifæri á að tjá sig um þau. Komi ekki fram verulegar efnislegar og rökstuddar athugasemdir mun iðnaðarráðuneytið í framhaldi af því gefa út leyfi til jarðhitarannsókna í Brennisteinsfjöllum.

1647. Svar [795. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Dagnýjar Jónsdóttur um áhrif gengisþróunar á lyfjaverð.

1. *Hvaða áhrif hefur gengisþróun haft á lyfjakostnað sjúkratrygginga frá upphafi árs 2003? Má greina lækkun lyfjaverðs í kjölfar hagstæðrar gengisþróunar?*


Eftirfarandi töflur sýna hvernig lyfjakostnaður sjúkratrygginga árið 2003 skiptist eftir skráðum gjaldmiðlum í lyfjaverðskrá:

Gjaldmiðill	Greiðslur TR 2003	Hlufallsleg skipting
IKR	2.393.536.338	40,3%
DKK	1.655.232.428	27,9%
EUR	676.103.028	11,4%
GBP	532.215.262	9,0%
SEK	233.903.048	3,9%
USD	170.260.367	2,9%
CHF	114.541.713	1,9%
NOK	112.883.225	1,9%
FRF	20.347.743	0,3%
DEM	17.206.094	0,3%
FIM	13.919.301	0,2%
IEP	7.847	0,0%
Samtals	5.940.156.394	100,0%


Margir gjaldmiðlarnir hafa háa fylgni við evru og má því einfalda töfluna:


Gjaldmiðill	Greiðslur TR 2003	Hlufallsleg skipting
IKR	2.393.536.338	40,3%
EUR	2.844.144.427	47,9%
GBP	532.215.262	9,0%
USD	170.260.367	2,9%
Samtals	5.940.156.394	100,0%


Eftirfarandi mynd sýnir hvernig gengisbreytingar hafa áhrif á hámarksverð lyfja í smásölu milli mánaða frá janúar 2003 til apríl 2004:



Eftirfarandi myndir sýna þróun á verðskrárgengi helstu innflutningsmynta lyfja frá janúar 2003 til maí 2004:







Að meðaltali var lyfjakostnaður sjúkratrygginga um 495 millj. kr. á mánuði árið 2003. Lækkun um 1% í lyfjaverði vegna hagstæðrar gengisþróunar þýðir um 5 millj. kr. lækkun á lyfjareikningi TR. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga væri um 30 millj. kr. hærri ef gengi gjaldmiðla hefði haldist óbreytt frá janúar 2003.

Hafa ber í huga að um 40% lyfjakostnaðar TR eru föst í íslenskum krónum og sveiflast þar af leiðandi ekki mánaðarlega í takt með innflutningsgjaldmiðlunum. Nauðsynlegt er því einnig að skoða í þessu samhengi hvaða áhrif verðbreytingar milli mánaða, sem heimilaðar eru af lyfjaverðsnefnd, hafa haft á lyfjakostnað sjúkratrygginga.

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif heimilaðra verðbreytinga á skráðum lyfjum á útgjöld TR, þ.e. verðbreytinga annarra en gengisbreytinga.

Árið 2003			Lyf seld í apótekum			Lyfjakostnaður sjúkratrygginga		
Verðbreytingar	Dags.	Fjöldi vnr.	Fyrir	Eftir	Mismunur	Fyrir	Eftir	Mismunur
Hækkar	01.01.2003	14	23.367.113	25.862.732	2.495.619	6.327.075	6.594.054	266.979
	01.02.2003	26	106.678.283	123.425.766	16.747.483	30.368.688	36.680.703	6.312.015
	01.03.2003	27	35.443.425	50.121.847	14.678.422	21.371.140	29.646.584	8.275.444
	01.04.2003	9	6.425.458	6.557.458	132.000	5.564.724	5.669.530	104.805
	01.05.2003	5	29.640.906	30.191.118	550.212	27.347.367	27.852.812	505.444
	01.06.2003	12	145.567.339	159.942.634	14.375.295	47.658.157	51.904.092	4.245.935
	01.07.2003	11	31.991.009	34.709.352	2.718.343	29.302.061	31.823.486	2.521.425
	01.09.2003	46	683.294.309	733.244.427	49.950.118	543.375.708	583.076.849	39.701.140
	01.10.2003	1	18.430.144	19.773.888	1.343.744	18.063.441	19.380.449	1.317.008
	01.11.2003	3	12.247.604	13.718.765	1.471.161	7.757.951	8.675.526	917.575
	01.12.2003	2	5.435.752	5.480.048	44.296	4.268.292	4.303.074	34.782
Hækkar alls		156	1.098.521.342	1.203.028.035	104.506.693	741.404.604	805.607.158	64.202.553
Lækkar	01.01.2003	14	79.582.050	75.927.099	-3.654.951	45.391.968	43.304.080	-2.087.888
	01.02.2003	5	0	0	0	0	0	0
	01.05.2003	1	0	0	0	0	0	0
	01.06.2003	12	10.759.549	10.232.291	-527.258	1.707.363	1.642.606	-64.757
	01.07.2003	10	78.710.768	74.366.669	-4.344.099	46.977.028	44.751.877	-2.225.151
	01.09.2003	53	434.542.419	409.403.902	-25.138.517	340.364.367	322.179.018	-18.185.349
	01.10.2003	2	841.163	727.379	-113.784	401.421	347.738	-53.684
	01.11.2003	9	3.000.954	2.906.100	-94.854	2.667.957	2.587.932	-80.025
	01.12.2003	1	0	0	0	0	0	0
Lækkar alls		107	607.436.903	573.563.440	-33.873.463	437.510.104	414.813.250	-22.696.854
Samtals		263	1.705.958.245	1.776.591.475	70.633.230	1.178.914.708	1.220.420.408	41.505.700

Árið 2004			Lyf seld í apótekum			Lyfjakostnaður sjúkratrygginga		
Verðbreytingar	Dags.	Fjöldi vnr.	Fyrir	Eftir	Mismunur	Fyrir	Eftir	Mismunur
Hækkar	01.02.2004	3	18.010.098	19.572.631	1.562.533	120.278	130.710	10.433
	01.03.2004	4	1.442.145	1.847.394	405.249	796.784	1.023.699	226.916
Hækkar alls		7	19.452.243	21.420.025	1.967.782	917.061	1.154.410	237.348
Lækkar	01.01.2004	1	3.285.906	3.149.328	-136.578	3.253.106	3.117.891	-135.215
	01.02.2004	3	10.309.134	8.442.967	-1.866.167	2.234.224	1.829.783	-404.441
	01.03.2004	11	88.147.140	78.866.548	-9.280.592	63.946.447	57.163.132	-6.783.315
Lækkar alls		15	101.742.180	90.458.843	-11.283.337	69.433.776	62.110.806	-7.322.971
Samtals		22	121.194.423	111.878.868	-9.315.555	70.350.838	63.265.215	-7.085.623

Útreikningar eru byggðir á magntölum 2003 og upphæðir mældar á ársgrundvelli.

Árið 2003 hækkuðu heimilaðar verðbreytingar lyfjaverðsnefndar lyfjareikning TR um 41,5 millj. kr. á ársgrundvelli. Verðbreytingar fyrstu þrjá mánuði ársins leiða hins vegar til lækkunar á lyfjareikningi TR um 7 millj. kr. á ári.

2. *Er munur á því hvernig verð skráðra lyfja annars vegar og óskráðra hins vegar hefur þróast á þessu tímabili?*

Lyf á undanþágulista Lyfjastofnunar eru öll skráð í íslenskum krónum í verðskrá og verð þeirra sveiflast því ekki með gengi milli mánaða.

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif heimilaðra verðbreytinga á undanþágulista Lyfjastofnunar á lyfjaútgjöld TR:

			Lyf seld í apótekum			Lyfjakostnaður sjúkratrygginga		
Verðbreytingar	Dags.	Fjöldi vnr.	Fyrir	Eftir	Mismunur	Fyrir	Eftir	Mismunur
Hækkar	01.07.2003	4	2.433.880	3.155.740	721.860	2.256.092	2.959.099	703.007
	01.02.2004	11	5.689.958	6.603.470	913.512	5.478.755	6.360.967	882.212
	01.03.2004	1	346.294	685.425	339.131	226.431	448.179	221.748
Hækkar alls		16	8.470.132	10.444.635	1.974.503	7.961.278	9.768.244	1.806.966
Lækkar	01.02.2004	1	0	0	0	0	0	0
	01.03.2004	1	13.321.542	9.028.284	-4.293.258	12.706.832	8.611.682	-4.095.150
Lækkar alls		2	13.321.542	9.028.284	-4.293.258	12.706.832	8.611.682	-4.095.150
Samtals		18	21.791.674	19.472.919	-2.318.755	20.668.110	18.379.927	-2.288.183

Útreikningar eru byggðir á magntölum 2003 og upphæðir mældar á ársgrundvelli.

1648. Svar [796. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Dagnýjar Jónsdóttur um bólgueyðandi lyf.

1. *Hvernig hefur lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast frá upphafi árs 1999?*

Rafrænar upplýsingar Tryggingastofnunar um kostnað sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja ná ekki lengra aftur en til ársins 2002. Hins vegar má ætla að lyfjanotkun og lyfjakostnaður þjóðarinnar samkvæmt gögnum frá „Icelandic Drug Market“ umreiknað til hámarksverðs í smásölu gefi nokkuð góða mynd af þróun í lyfjakostnaði sjúkratrygginga. Eftirfarandi töflur sýna notkun og kostnað bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja hér á landi. Í töflu 1 má sjá notkun umræddra lyfja í skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa hér á landi 1994–2003. Tafla 2 sýnir heildarverðmæti lyfjanna á hámarksverði í smásölu og í töflu 3 er kostnaður sjúkratrygginga af þessum lyfjum fyrir árin 2002 og 2003. Úr töflum 1 og 2 má lesa að frá 1999 fjölgar dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa um 46% en kostnaðurinn hefur hins vegar margfaldast um ríflega 2,3. Frá 2002 til 2003 fjölgar skömmtunum um 14%, heildarkostnaðurinn eykst um 16% og kostnaður sjúkratrygginga eykst um 11%.

Tafla 1. Notkun bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja, skilgreindir dagskammtar á hverja 1.000 íbúa.

Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Breyting 2002 milli 2003
M01AB Edikssýruafbrigði og skyld efni	8,8	9,6	11,9	13,8	16,7	20,0	19,3	18,3	18,6	18,3	-2%
M01AC Oxíkamafbrigði	2,4	2,4	2,0	1,7	1,7	1,4	1,4	1,1	0,8	0,7	-17%
M01AE Própíónsýruafleiður	22,3	24,4	24,9	23,7	23,9	24,8	25,5	27,7	32,3	37,4	16%
M01AH Coxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0	7,3	9,0	12,8	43%
M01AX Önnur bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	0,0	0,3	1,0	1,3	1,5	1,6	1,2	0,7	0,5	0,4	-8%
Samtals	**33,5**	**36,7**	**39,8**	**40,5**	**43,8**	**47,8**	**51,3**	**55,0**	**61,2**	**69,6**	**14%**

Tafla 2. Heildarverðmæti í millj. kr. á hámarksverði í smásölu.
Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	Breyting milli 2002 og 2003
M01AB Edikssýru-afbrigði og skyld efni	75,2	77,0	93,2	107,5	129,5	154,2	149,7	163,5	157,7	163,2	4%
M01AC Oxíkamafbrigði	21,1	18,4	14,2	11,8	11,9	10,3	10,1	8,5	6,1	5,4	-11%
M01AE Própíónsýru-afleiður	96,7	97,8	98,6	94,9	97,1	106,7	127,8	154,7	196,8	229,6	17%
M01AH Coxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	101,8	198,1	204,8	256,6	25%
M01AX Önnur bólgu-eyðandi lyf og gigtarlyf	0,0	2,9	10,4	12,1	13,8	14,3	9,0	5,6	3,9	3,7	-3%
Samtals	**192,9**	**196,1**	**216,5**	**226,2**	**252,3**	**285,6**	**398,4**	**530,4**	**569,3**	**658,6**	**16%**

Tafla 3. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga.
Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	2002	2003	Breyting milli ára, kr.	Breyting milli ára, %
M01AB Edikssýruafleiður og skyld efni	30.781.370	28.298.096	-2.483.274	-8%
M01AC Oxíkamafbrigði	3.009.581	2.735.773	-273.808	-9%
M01AE Própíónsýruafleiður	13.095.766	12.390.039	-705.727	-5%
M01AH Coxíb	148.263.909	173.185.936	24.922.026	17%
M01AX Önnur bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	3.203.045	2.605.998	-597.048	-19%
Samtals	**198.353.671**	**219.215.841**	**20.862.169**	**11%**

2. *Hvaða tegundum bólgueyðandi lyfja hefur mest verið ávísað hérlendis á þessu tímabili? Svarið óskast sundurliðað eftir hlutdeild einstakra lyfjaheita frá ári til árs.*

Í töflum 1, 2 og 3 hér að framan er lyfjunum skipt niður eftir lyfjaflokkum. Þar kemur fram að coxíb-lyf komu á markaðinn hér á landi árið 2000, neysla þeirra hefur farið ört vaxandi á þessu fjögurra ára tímabili þannig að 2003 er neyslan komin í 13 dagskammta á hverja 1.000 Íslendinga og kostaði þjóðarbúið 257 millj. kr. Þar af greiddi Tryggingastofnun 173 millj. kr., eða ríflega 67% af heildarkostnaði þjóðarbúsins af lyfjunum. Í magni vega coxíb-lyfin einungis um 18% í heildarnotkun landsmanna á bólgueyðandi lyfjum, hlutur þeirra í heildarkostnaði er hins vegar um 39%. Kostnaður Tryggingastofnunar liggur að langstærstum hluta í coxíb-lyfjum, sbr. töflu 3, eða sem nemur 79% af heildarkostnaði stofnunarinnar við lyfjaflokkinn, þar næst koma edikssýruafleiður og skyld efni, þ.e. lyf eins og Voltaren, sem valda um 13% af heildarkostnaðinum. Þá er að nefna própíónsýruafleiður sem valda um 6% af heildarkostnaði TR, en í þeim flokki eru einkum lyf sem seld eru í lausasölu eins og Ibufen og Naproxen og því eðlilegt að kostnaður TR vegna þeirra sé ekki mikill. Um 54% af heildarnotkun landsmanna á bólgueyðandi lyfjum, mælt í skilgreindum dagskömmtum á hverja 1.000 íbúa, liggur í própíónsýruafleiðum, en sú neysla vegur hins vegar aðeins um 25% í heildarkostnaði þjóðarbúsins við lyfjaflokkinn, sbr. töflur 1 og 2.

Nánari sundurliðun á töflum 1 og 2 kemur fram í töflum 1.b og 2.b hér á eftir.

Tafla 1.b. Notkun bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja, skilgreindir dagskammtar á hverja 1.000 íbúa. Nánari sundurliðun.

Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AB01 Indómetacín	3,0	2,9	2,4	1,9	1,7	1,5	1,4	1,2	1,1	1,0
M01AB02 Súlindak	0,2	0,2	0,2	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
M01AB05 Díklófenak	4,3	4,8	7,2	9,5	12,8	16,0	15,9	15,4	16,1	16,0
M01AB15 Ketórólak	0,1	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
M01AB55 Díklófenak í blöndum	1,1	1,6	1,9	2,1	2,0	2,2	1,8	1,5	1,3	1,0
Samtals edikssýruafbrigði og skyld efni	*8,8*	*9,6*	*11,9*	*13,8*	*16,7*	*20,0*	*19,3*	*18,3*	*18,6*	*18,3*
M01AC01 Píroxíkam	0,5	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,2	0,3	0,2	0,2
M01AC02 Tenoxíkam	1,9	2,0	1,6	1,4	1,4	1,1	1,0	0,7	0,5	0,4
M01AC05 Lornoxíkam*							0,2	0,1	0,0	
Samtals oxíkamafbrigði	*2,4*	*2,4*	*2,0*	*1,7*	*1,7*	*1,4*	*1,4*	*1,1*	*0,8*	*0,7*
M01AE01 Íbúprófen	7,2	8,6	9,7	11,1	12,8	13,5	14,3	15,9	21,8	27,5
M01AE02 Naproxen	14,3	14,9	14,2	12,0	10,6	9,8	8,7	8,2	7,2	6,9
M01AE03 Ketóprófen	0,8	0,9	1,0	0,6	0,5	0,5	0,4	0,3	0,3	0,2
M01AE51 Íbúprófen í blöndum						1,0	2,1	3,3	3,0	2,8
Samtals própiónsýruafleiður	*22,3*	*24,4*	*24,9*	*23,7*	*23,9*	*24,8*	*25,5*	*27,7*	*32,3*	*37,4*
M01AH01 Celecoxíb									1,1	5,9
M01AH02 Rófekoxíb							4,0	7,3	7,8	6,6
M01AH03 Valdecoxíb										0,0
M01AH04 Parecoxíb									0,0	0,0
M01AH05 Etoricoxíb									0,0	0,2
Samtals coxíb	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*4,0*	*7,3*	*9,0*	*12,8*
M01AX01 Nabúmeton	0,0	0,3	1,0	1,3	1,5	1,6	1,2	0,7	0,5	0,4
Samtals önnur lyf	*0,0*	*0,3*	*1,0*	*1,3*	*1,5*	*1,6*	*1,2*	*0,7*	*0,5*	*0,4*
Alls bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	**33,5**	**36,7**	**39,8**	**40,5**	**43,8**	**47,8**	**51,3**	**55,0**	**61,2**	**69,6**

* Búið er að afskrá lyfið.

Tafla 2.b. Heildarverðmæti í millj. kr. á hámarksverði í smásölu. Nánari sundurliðun.

Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AB01 Indómetacín	20,4	17,5	14,6	11,5	10,2	9,2	9,4	10,2	8,2	8,9
M01AB02 Súlindak	3,7	3,5	2,6	2,2	2,5	1,8	1,5	1,4	1,0	2,0
M01AB05 Díklófenak	36,4	33,6	50,9	68,0	92,2	117,5	116,7	128,9	130,4	137,4
M01AB15 Ketórólak	2,2	4,0	3,8	3,5	3,2	2,3	3,1	4,0	3,5	2,9
M01AB55 Díklófenak í blöndum	12,4	18,5	21,3	22,3	21,4	23,4	19,0	19,1	14,5	12,1
Samtals edikssýru-afbrigði og skyld efni	*75,2*	*77,0*	*93,2*	*107,5*	*129,5*	*154,2*	*149,7*	*163,5*	*157,7*	*163,2*
M01AC01 Píroxíkam	5,5	3,0	2,5	1,9	1,9	1,7	1,5	1,9	1,6	1,7
M01AC02 Tenoxíkam	15,6	15,4	11,8	9,9	10,0	8,6	7,2	5,8	4,3	3,7
M01AC05 Lornoxíkam*	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,4	0,8	0,2	0,0
Samtals oxíkamafbrigði	*21,1*	*18,4*	*14,2*	*11,8*	*11,9*	*10,3*	*10,1*	*8,5*	*6,1*	*5,4*

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
M01AE01 Íbúprófen	27,6	33,0	36,8	44,3	54,1	57,8	62,6	72,0	121,5	159,4
M01AE02 Naproxen	62,2	57,9	54,6	46,5	39,9	34,2	30,8	31,0	27,5	26,6
M01AE03 Ketóprófen	6,9	6,9	7,1	4,0	3,1	2,7	2,3	2,1	2,1	1,5
M01AE51 Íbúprófen í blöndum	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	12,1	32,1	49,6	45,7	42,2
Samtals própíónsýru-afleiður	*96,7*	*97,8*	*98,6*	*94,9*	*97,1*	*106,7*	*127,8*	*154,7*	*196,8*	*229,6*
M01AH01 Celecoxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	17,1	92,0
M01AH02 Rófekoxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	101,8	198,1	186,7	156,1
M01AH03 Valdecoxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,3
M01AH04 Parecoxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,8	4,7
M01AH05 Etorícoxíb	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5
Samtals coxíb	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*0,0*	*101,8*	*198,1*	*204,6*	*256,6*
M01AX01 Nabúmeton	0,0	2,9	10,4	12,1	13,8	14,3	9,0	5,6	3,9	3,7
Samtals önnur lyf	*0,0*	*2,9*	*10,4*	*12,1*	*13,8*	*14,3*	*9,0*	*5,6*	*3,9*	*3,7*
Alls bólgueyðandi lyf og gigtarlyf	**192,9**	**196,1**	**216,5**	**226,2**	**252,3**	**285,6**	**398,4**	**530,4**	**569,0**	**658,6**

* Búið er að afskrá lyfið.

3. *Hefur kostnaður sjúkratrygginga vegna bólgueyðandi lyfja þróast öðruvísi hérlendis en annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hvernig stendur á því?*

Ekki er mögulegt að svara þessari spurningu beint. Gefa má hugmynd um svarið með því að bera saman notkun á bólgueyðandi lyfjum í skilgreindum dagskömmtum í Danmörku og Íslandi, sjá töflu 4.

Tafla 4. Samanburður á notkun á skilgreindum dagskömmtum í Danmörku og Íslandi.
Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	Dagskammtar						Mismunur, dagskammtar			Mismunur, %		
	Ísland			Danmörk								
	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002
M01AB Ediksýru-afbrigði og skyld efni	19,3	18,3	18,6	8,7	8,6	8,9	10,6	9,7	9,8	121,1%	112,6%	110,2%
M01AC Oxíkamafbrigði	1,4	1,1	0,8	1,6	1,3	1,0	-0,2	-0,2	-0,3	-12,1%	-15,3%	-24,5%
M01AE Própíónsýruafleiður	25,5	27,7	32,3	18,2	18,6	19,2	7,4	9,1	13,1	40,6%	49,3%	68,6%
M01AH Coxíb	7,9	14,6	16,8	2,9	7,7	11,6	5,1	6,9	5,2	176,3%	88,7%	44,9%
Samtals	**54,2**	**61,7**	**68,5**	**31,3**	**36,2**	**40,7**	**22,8**	**25,5**	**27,9**	**72,9%**	**70,6%**	**68,5%**

Þar vekur athygli að notkun hér bólgueyðandi lyfja hér á landi er töluvert meiri en í Danmörku nema á oxíkam-afbrigðum, en notkun á þeim er reyndar lítil í báðum löndunum í samanburði við önnur lyf í flokknum. Þá kemur einnig fram að notkun coxíb-lyfja er 45% meiri hér á landi en í Danmörku árið 2002, en var reyndar 176% meiri árið 2000. Það endurspeglar kannski hvað Íslendingar eru fljótir að taka við sér þegar ný lyf eru annars vegar.

Í töflu 5 er búið að reikna meðalverð á dagskammt í löndunum árin 2000–2002, en sambærilegar upplýsingar liggja fyrir til þess að það sé mögulegt. Í öllum tilfellum er meðalverðið hærra hér á landi en í Danmörku. Lyfin á Íslandi eru allt frá því að vera 16% dýrari en í Danmörku, sbr. coxíb-lyfin árið 2002, í það að vera 131% dýrari eins og própíónsýrurnar eru það árið.

Tafla 5. Samanburður á meðalverði á dagskammt í Danmörku og á Íslandi 2000–2002.
Lyfjaflokkur M01A, Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf.

	Ísland, kr.			Danmörk, kr.			Mismunur, kr.			Mismunur, %		
	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002	2000	2001	2002
M01AB Edikssýru-afbrigði og skyld efni	74,9	85,3	80,4	58,0	63,2	57,4	16,9	22,1	23,0	29,1%	35,0%	40,1%
M01AC Oxíkamafbrigði	71,4	77,1	73,6	49,3	52,5	49,8	22,2	24,6	23,9	45,0%	46,8%	47,9%
M01AE Própíónsýruafleiður	48,4	53,4	57,9	28,8	28,7	25,0	19,6	24,7	32,8	68,1%	86,0%	131,2%
M01AH Coxíb	124,1	129,9	115,7	77,3	106,6	99,9	46,9	23,3	15,8	60,7%	21,9%	15,8%

Ástæða þessa mismunar á kostnaði er einkum rakin til þess að hér á landi eru mestmegnis dýr frumlyf í boði á markaðnum, en lítið sem ekkert framboð af ódýrum samheitalyfjum. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað á Íslandi er þetta talin ein meginástæða þess að lyfjakostnaður hér á landi er tölvert meiri en í Danmörku og Noregi.

1649. Svar [862. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um kuðungsígræðslur.

1. *Hvað hafa margir farið í kuðungsígræðslu árlega sl. tíu ár, sundurliðað eftir aldri? Hve margir eru á biðlista eftir kuðungsígræðslu?*

Fyrsti Íslendingurinn fór í kuðungsígræðslu árið 1988. Síðan hafa 24 farið í aðgerð: fimm börn á aldrinum 0–18 ára, tíu á aldrinum 19–64 ára og tíu sem eru 65 ára eða eldri. Þrír af þessum einstaklingum hafa farið tvisvar í aðgerð, tveir vegna endurnýjunar á tækjum og einn vegna bættrar tækni sem var í boði.

Fjórir bíða eftir aðgerð á þessu ári en biðtími eftir aðgerð er frá fjórum upp í sex mánuði.

2. *Hver hefur verið árlegur heildarkostnaður ríkisins við kuðungsígræðslur á þessu tímabili? Hver er heildarkostnaðurinn við eina slíka aðgerð?*

Vegna breytinga á tölvukerfi hjá Tryggingastofnun ríkisins eru tölur ekki aðgengilegar nemar frá miðju ári 2001. Það ár var kostnaður stofnunarinnar 4.953.218 kr. Árið 2002 nam kostnaðurinn 15.080.652 kr. og árið 2003 var hann 24.824.662 kr. Tölur fyrir árið 2004 liggja ekki fyrir.

Samningur er við Huddinge-sjúkrahúsið í Stokkhólmi um aðgerðir vegna kuðungsígræðslna. Meðalkostnaður við hverja aðgerð er um 4.200.000 kr. Í þeirri upphæð felst sjúkra-

kostnaður, kostnaður við ferðir og uppihald og hjálpartæki: bæði það sem er grætt í eyrað og það sem er utan við.

3. *Hverjir eru helstu áhættuþættir kuðungsígræðslna og hafa þeir verið rannsakaðir sérstaklega hérlendis?*

Lítil áhætta er talin fylgja aðgerðum vegna kuðungsígræðslu. Helstu áhættuþættir eru þeir sömu og við aðrar skurðaðgerðir, þ.e.

- sýkingar í skurðsár,
- ýmis áhætta sem fylgir svæfingu.

Sjaldgæfari áhættuþættir eru:

- truflun á starfsemi bragðtaugar (corda tympany) getur orðið við þessa aðgerð eins og við miðeyrnaaðgerðir,
- tímabundinn veikleiki í andlitstauginni sem oftast gengur til baka á nokkrum dögum eftir aðgerð,
- miklar blæðingar við aðgerðina hafa ekki verið vandamál.

Áhættuþættir hafa ekki verið rannsakaðir hérlendis enda of fáir einstaklingar sem fara í aðgerð til þess að rannsókn gæti gefið marktæka niðurstöðu. Heyrnar- og talmeinastöðin kallar árlega í eftirlit alla þá sem farið hafa í kuðungsígræðslu til þess að fara yfir tækjabúnað og annað sem tengist notkun þessa sérhæfða búnaðar. Fyrsta árið eftir aðgerð er eftirlitið mun tíðara. Stöðin hefur þannig góðar upplýsingar um það hvernig þeim vegnar sem farið hafa í kuðungsígræðslu. Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöðinni hafa ekki komið fram neinar alvarlegar síðbúnar aukaverkanir við reglubundið eftirlit.

4. *Hverjir hafa yfirumsjón með kuðungsígræðslum hérlendis?*

Heyrnar- og talmeinastöðin í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús hefur yfirumsjón með kuðungsígræðslum hér á landi.

5. *Hverjar eru framtíðaráætlanir stjórnvalda um kuðungsígræðslur?*

Kuðungsígræðsla er úrræði sem nýtist fáum einstaklingum en slík aðgerð er ekki framkvæmd nema viðkomandi uppfylli ákveðin heyrnarfræðileg viðmið. Aðgerðir eru því ekki margar á ári. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa verið gerðar rannsóknir sem benda til þess að kuðungsígræðsla sé þjóðhagslega hagkvæm, hvort sem um er að ræða ígræðslu hjá börnum eða fullorðnum. Fullorðinn einstaklingur getur með þessari aðgerð, viðeigandi tækjabúnaði og þjálfun öðlast ákveðna heyrn (gerviheyrn) sem nýtist í mannlegum samskiptum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem oft er um að ræða fólk sem ekki kann táknmál og getur ekki nýtt sér það til samskipta. Börn sem missa heyrn eða fæðast án heyrnar fá með kuðungsígræðslu möguleika á að verða virkir þátttakendur í samfélagi heyrandi og heyrnarlausra. Hérlendis hefur stefnan verið að ráðleggja öllum heyrnarlausum börnum að læra táknmál óháð því hvort þau fari í kuðungsígræðslu eða ekki.

Fyrirkomulag vegna kuðungsígræðslna hér á landi er í föstum skorðum og yfirumsjónin er sem fyrr segir í höndum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Engin áform eru af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

1650. Nefndarálit [880. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingolf J. Petersen, Guðríði Þorsteinsdóttur og Hólmfríði Grímsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Frá Lyfjastofnun komu Rannveig Gunnarsdóttir og Guðmundur Pétursson, fyrir hönd Samtaka verslunar og þjónustu Sigurður Jónsson, Ingólfur Garðarsson og Þór Bergur Egilsson, frá Læknafélagi Íslands Sigurbjörn Sveinsson og Gunnar Ármannsson, frá Tryggingastofnun ríkisins Karl Steinar Guðnason, Kristján Guðjónsson, Inga J. Arnardóttir og Svanhildur Sveinbjörnsdóttir, frá Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna Andrés Magnússon, Guðrún Ásta Sigurðardóttir og Guðrún Ýr Gunnarsdóttir, frá GlaxoSmithKline Hjörleifur Jóhannesson, frá Líf hf. Bessi Jóhannesson, frá Lyfjaveri ehf. Aðalsteinn Steinþórsson og Bessi Gíslason, frá D.A.C. Ágúst Þorbjörnsson og Helga Melkorka Óttarsdóttir, frá Geðlæknafélagi Íslands Guðlaug Þorsteinsdótir, frá Félagi íslenskra gigtarlækna Björn Guðbjörnsson, frá Hjartasjúkdómafélagi íslenskra lækna Axel Sigurðsson, frá lyfjaverðsnefnd Páll Pétursson, frá greiðsluþátttökunefnd Kristinn Snævarr Jónsson og frá Pharmaco Stefán Jökull Sveinson og Björn Aðalsteinsson. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Alþýðusambandi Íslands, landlækni, PharmaNor hf., Tryggingastofnun ríkisins, Verslunarráði Íslands, D.A.C. ehf., Samtökum verslunar og þjónustu, Austurbakka hf., Lyfjaveri ehf., GlaxoSmithKline ehf., Lyfjastofnun, Læknafélagi Íslands og frá Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar verði sameinuð í nýja nefnd, lyfjagreiðslunefnd. Markmiðið með breytingunni er m.a. að betri heildarsýn fáist yfir málaflokkinn en að mati meiri hlutans er brýn þörf á því. Þá eru lagðar til breytingar sem fela í sér að lyfjaheildsölum verði heimilt að flytja inn samhliða innflutt lyf. Heimildin hefur fram að þessu verið leidd af ákvæðum lyfjalaga en ekki haft beina lagastoð. Einnig er lagt til að Lyfjastofnun verði á grundvelli heilbrigðissjónarmiða heimilt að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf þegar það hefur verið afskráð.

Frumvarpinu er að hluta til ætlað að bregðast við ábendingum í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað frá því í mars. Í skýrslunni er m.a. lagt til að stjórnsýsla lyfjamála verði endurskipulögð, verkefni sameinuð og þeim aðilum sem annast málaflokkinn verði fækkað. Sérstaklega var vakin athygli á verkefnum lyfjaverðsnefndar og greiðsluþátttökunefndar en bent hefur verið á að þær séu ekki nægilega tengdar hvor annarri og að nokkuð skorti á samræmingu í störfum þeirra. Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi nefndanna tveggja verði sameinuð í eina nefnd, lyfjagreiðslunefnd, sem fjalli um verð allra lyfseðilsskyldra lyfja en ekki eingöngu nýrra lyfja eins og greiðsluþátttökunefnd gerir nú. Einnig er lagt til að nefndin fjalli um og ákvarði greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og greiðsluþátttökuverð.

Lyfjakostnaður á Íslandi árið 2003 var í heild um 14 milljarðar kr. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að samanburður við Danmörku og Noreg leiði í ljós að það ár hafi kostnaður á hvern landsmann verið um 46% hærri hérlendis en þar þrátt fyrir nokkru minni lyfjanotkun. Segir þar að hærri kostnaður skýrist af minna úrvali ódýrra samheitalyfja og meiri notkun ákveðinna lyfja, t.d. tauga- og geðlyfja, en einnig af meiri kostnaði við að dreifa lyfjum og selja þau á Íslandi en í þessum löndum. Að mati meiri hlutans er ljóst að samkeppni skortir

á lyfjamarkaðnum. Með aukinni samkeppni telur meiri hlutinn að hægt verði að ná fram lækkun á lyfjaverði. Lítur hann því svo á að mikilvægt sé að hvetja til þess að framboð af samheitalyfjum og samhliða innfluttum lyfjum verði aukið.

Í 3. málsl. 3. efnismgr. 10. gr. frumvarpsins er lagt til að við verðákvörðun samhliða innflutts lyfs skuli lyfjagreiðslunefnd hafa hliðsjón af verði þess í útflutningslandinu. Við umfjöllun málsins voru gerðar athugasemdir við þetta viðmið. Var bent á að með því hyrfi ávinningur af samhliða innflutningi og þar með væri dregið úr hvata fyrirtækja til að hefja slíkan innflutning. Komu fram fleiri rök fyrir því að viðmiðið yrði endurskoðað, m.a. var bent á að innkaupsverð á þessum lyfjum væri breytilegt og framboðið í þeim löndum sem samhliða innflutt lyf væru keypt frá væri ótryggt. Að mati meiri hlutans er eðlilegt að ákvæði laga verði með þeim hætti að það hvetji frekar en letji fyrirtæki til að stunda samhliða innflutning í þeim tilgangi að lækka verð á lyfjum. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að lyfjagreiðslunefnd skuli við ákvörðun hámarksverðs m.a. hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi hefur sótt um enda sé það lægra en verð sama lyfs hér á landi. Meiri hlutinn hvetur til þess að samhliða innflutningur fari fram en að mati hans er líka afar mikilvægt að ákvæðið ýti undir samkeppni.

Á síðustu árum hefur orðið mikil samþjöppun fyrirtækja í lyfjaiðnaðinum sem hefur leitt til þess að samkeppni hefur minnkað og er jafnvel svo komið að um ákveðna einokun er að ræða. Við umfjöllunina kom fram að framboð ódýrari samheitalyfja hefur dregist saman. Talið er að um 20% lyfja hér á landi séu samheitalyf sem telst mjög lítið í samanburði við nágrannalöndin. Þar að auki var því haldið fram að íslenski markaðurinn væri lítill vegna smæðar landsins og hefði því ekki vakið áhuga framleiðenda samheitalyfja. Meiri hlutinn leggur áherslu á að reglur um greiðsluþátttöku ríkisins verði skoðaðar en bent hefur verið á að ein af ástæðum mikils lyfjakostnaðar geti verið sú að sjúklingar greiði sömu fjárhæð fyrir hverja afgreiðslu óháð því hvert magnið er. Afsláttur lyfjaverslana getur ýtt undir að ávísað sé á dýr lyf frekar en ódýr innan hvers lyfjaflokks og of stóran lyfjaskammt. Með þessu móti greiðir sjúklingurinn jafnvel minna en ef ávísað er á minni skammt af ódýru samheitalyfi. Þessi framkvæmd er ekki þjóðhagslega hagkvæm og er brýnt að endurskoða hana.

Í 4. efnismgr. 10. gr. er m.a. gert ráð fyrir að lyfjagreiðslunefnd ákveði viðmiðunarverð sem greiðsluþátttaka almannatrygginga reiknast af ef um lyf með sambærileg meðferðaráhrif er að ræða og í sama lyfjaflokki. Við umfjöllun málsins kom fram að greiðsluþátttökuverðið gæti t.d. verið miðað við verð ódýrasta lyfsins, í sama styrkleika og sömu pakkningu. Sambærilegt ákvæði er í reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði en með frumvarpinu er lagt til að því verði veitt lagastoð. Meiri hlutinn styður það en leggur til breytingu á orðalagi 1. málsl. 4. efnismgr. 10. gr. þar sem kveðið er skýrar á um hlutverk lyfjagreiðslunefndar hvað varðar flokkun en það er að raða samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að Lyfjastofnun verði heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða hefur ekki verið sótt um markaðsleyfi fyrir. Leggur meiri hlutinn áherslu á að með þessu ákvæði er ekki verið að leggja til að Lyfjastofnun hefji innflutning. Ákvæðið felur í sér að stofnunin getur að eigin frumkvæði viðurkennt markaðsleyfi hér á landi. Því hefur verið haldið fram að vegna smæðar íslenska markaðarins hafi borið á því að framleiðendur hafi ekki haft áhuga á að flytja hingað ákveðin lyf eða hafi afskráð lyf til að koma á markað nýrri og dýrari lyfjum. Ákvæðinu er ætlað að opna möguleika á að brugðist sé við því. Meiri hlutinn telur hins vegar eðlilegt að öll almenn skilyrði um veitingu markaðsleyfis skuli gilda og leggur til breytingar á ákvæðinu þess efnis. Þá leggur meiri

hlutinn til að ráðherra verði skylt að setja reglugerð um frekari framkvæmd ákvæðisins í stað þess að honum verði það heimilt enda telur meiri hlutinn að þörf sé á því að ákvæðið sé útfært frekar í reglugerð.

Meiri hlutinn leggur til að bætt verði inn skilgreiningu á lyfjagerð í a-lið 3. gr. frumvarpsins og til samræmis er lögð til breyting á 36. gr. laganna. Þá leggur meiri hlutinn til orðalagsbreytingu á 7. gr. í þeim tilgangi að gera ákvæðið skýrara. Einnig er lögð til breyting á 2. efnismgr. 10. gr. frumvarpsins til að gæta samræmis við 11. gr. þess um að umsókn sé grundvöllur lyfjagreiðslunefndar við ákvörðun um hámarksverð o.fl. Að lokum er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður þar sem kveðið er á um að lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd haldi umboði sínu þar til lyfjagreiðslunefnd hefur verið skipuð auk þess sem lögð er til breyting á almannatryggingalögum til samræmis við breytingu á nefndum.

Meiri hlutinn telur afar brýnt að spyrna fótum við hækkuðu lyfjaverði. Leggur hann áherslu á að leitað verði allra leiða til þess. Við umfjöllunina kom fram að þróunin á smásölumarkaðnum hefur verið í átt að fákeppni. Að mati meiri hlutans er mikilvægt að lyfjaverð verði kannað reglulega og niðurstöður birtar með aðgengilegum hætti. Þá tekur meiri hlutinn fram að heildarendurskoðun á lyfjalögum stendur yfir en bindur vonir við að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi áhrif til lækkunar lyfjaverðs.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Brynja Magnúsdóttir og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 11. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.		Brynja Magnúsdóttir, með fyrirvara.

1651. Breytingartillögur [880. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar (JBjart, DrH, PHB, ÁÓÁ, SAÞ, DJ, JGunn, BrM).

1. Við 3. gr. Við a-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lyfjagerð er framleiðslustaður lyfja þar sem lyf eru framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good

Manufacturing Practice) og sem hefur fengið framleiðsluleyfi samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga þessara.

2. Við 5. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Lyfjastofnun er heimilt, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins og að uppfylltum skilyrðum þessara laga um veitingu markaðsleyfis, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir telji Lyfjastofnun réttlætanlegt á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði eða almannahagsmuni að hafa viðkomandi lyf á markaði.
   b. Í stað orðanna „Ráðherra er heimilt að“ í 3. efnismgr. komi: Ráðherra skal.
3. Við 7. gr. Á eftir orðunum „útgáfu markaðsleyfis“ í 1. efnismálsl. b-liðar komi: fyrir lyfið.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „í lyfjabúðum“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: og lyfjagerðum.
5. Við 10. gr.
   a. Inngangsmálsliður 2. efnismgr. orðist svo: Lyfjagreiðslunefnd skal ákveða að fenginni umsókn.
   b. 3. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd við ákvörðun hámarksverðs m.a. hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi sækir um enda sé það lægra en verð sama lyfs hér á landi.
   c. 1. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Lyfjagreiðslunefnd raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka til ákvörðunar greiðsluþátttöku almannatrygginga.
6. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipa skal lyfjagreiðslunefnd skv. 1. mgr. 43. gr. laganna eigi síðar en 1. september 2004. Lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd skulu halda umboði sínu þar til lyfjagreiðslunefnd hefur verið skipuð.
7. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum: Lokamálsliður c-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Nefnd skv. 43. gr. lyfjalaga ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja sem eru á markaði hér á landi.

1652. Nefndarálit [880. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Markmið þessa frumvarps er að ná fram hagræðingu og einfaldari stjórnsýslu lyfjaverðlagsmála með því að sameina lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd. Með þessu er brugðist við tillögu í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Lyfjakostnaður, notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi“ frá mars sl., þar sem lagt er til að stjórnsýsla lyfjamála verði endurskipulögð með það fyrir augum að sameina verkefni og fækka aðilum sem annast málaflokkinn.

Auðvelt er að sjá marga kosti þess að sameina tvær sjálfstæðar nefndir sem bera ábyrgð á ákvörðun hámarksverðs á lyfseðilsskyldum lyfjum annars vegar og hins vegar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. En ný nefnd, lyfjagreiðslunefnd, á að fá mjög víðfeðmt vald og að hluta til frá ráðherra. Samkvæmt frumvarpinu skipar ráðherra fimm manna nefnd og skal hún skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytisins, landlæknis og Lyfjastofnunar. Sú breyting verður á skipan nefndarmanna að fulltrúi Lyfjastofnunar kemur í stað fulltrúa sem læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir nú í lyfjagreiðslunefnd. Með tilnefningu læknadeildar var tryggt að í nefndinni sæti maður með læknisfræðilega þekkingu. Mjög mikilvægt er að lyfjaverðlagsnefnd njóti trausts sem fagleg úrskurðarnefnd og má ætla að með sameiningunni geti komið upp hagsmunaárekstrar sem veiki trúverðugleika hennar. Benda má á í þessu sambandi að niðurstöður lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar hafa ekki alltaf verið samhljóma.

Eitt af því sem ber að hafa í huga er að Tryggingastofnun ríkisins ber að halda sig innan fjárhagsramma vegna greiðsluþátttöku í lyfjum jafnt sem í öðrum útgjöldum stofnunarinnar og sú hætta er því fyrir hendi að kröfur innan Tryggingastofnunar um að lækka lyfjakostnað verði settar ofar þjóðhagslegri hagkvæmni lyfjanotkunar, sérstaklega hvað varðar hagsmuni sjúklinga. Þessi sjónarmið geta stangast á þegar fjallað er um umsóknir um greiðsluþátttöku í heilsuhagfræðilegu samhengi.

Greina þarf því á milli tveggja grundvallarsjónarmiða, þ.e. þátttöku ríkisins í lyfjakostnaði og jafnræðis allra sjúkratryggðra til greiðsluþátttöku annars vegar og hins vegar fjármögnunar ríkisins á lyfjakostnaði. Því er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði og stjórnsýslulega stöðu nefndarinnar svo ekki sé hætta á að hlutleysi hennar verði dregið í efa með tilliti til jafnræðis sjúkratryggðra.

Benda má á að fulltrúi neytenda eða sjúklinga mun engan aðgang hafa að störfum lyfjagreiðslunefndar þrátt fyrir að lækkun lyfjaverðs sé sjúklingum ekki síður mikilvæg en sjúkratryggingum eða ríkissjóði.

Jafnframt er markmið frumvarpsins að ná niður lyfjakostnaði með því að styrkja heimild lyfjagreiðslunefndar til að miða greiðsluþátttökuverð Tryggingastofnunar við lyf með sambærileg meðferðaráhrif (en slík heimild er nú í reglugerð), hvetja til samhliða innflutnings lyfja og auka hlutdeild samheitalyfja.

Komið hefur fram að hlutfall samheitalyfja er lægra hér á landi en í nágrannalöndunum. Ávinningur er í að hækka hlutfall samheitalyfja, þar sem þau eru flest ódýrari en frumlyfin. Lítill markaður og fákeppni á heildsölumarkaði hafa m.a. áhrif á fjölda skráðra lyfja. Mikilvægt er því að leita leiða til að hækka hlutfall samheitalyfja, m.a. með samvinnu við heildsala.

Hvað varðar heimild til að miða greiðsluþátttökuverð Tryggingastofnunar við lægsta verð á lyfi með sambærileg meðferðaráhrif er ljóst að með þeim hætti má ná niður lyfjakostnaði og þá sérstaklega hjá Tryggingastofnun, þar sem líklegt má teljast að heimildir til notkunar lyfjaskírteina verði vannýttar eins og gildir um afsláttarskírteini vegna komugjalda. Einnig er hætt við að þetta kerfi leiði til mismununar í lyfjameðferð eftir efnahag sjúklinga.

Mjög margar ábendingar hafa komið fram um að lyf sem talin eru hafa „sambærileg meðferðaráhrif“ eru ekki að öllu leyti jafngild læknisfræðilega, þó að þeim sé skipað saman í flokk. Lægsta verð innan hvers flokks mun samkvæmt frumvarpinu ráða greiðsluþátttöku almannatrygginga.

Einkum hafa eftirtalin fimm atriði komið fram varðandi það að miða greiðsluþátttöku við lyfjaflokka:

1. Læknar þurfa stundum að prófa nokkur mismunandi lyf á sjúklingum áður en fullnægjandi árangur sést af meðferðinni. Þetta er vel þekkt, t.d. við meðferð gigtsjúkdóma.
2. Ekki er nóg að lyf standist klínískar rannsóknir og hafi tilætlaða verkun (t.d. lækki blóðfitu) ef lyfið dregur ekki jafnframt úr dánartíðni eða alvarlegum sjúkdómum.
3. Sjúklingar sem hafa lítið fjárhagslegt bolmagn munu lenda í því að þurfa að skipta um lyf en efnameiri sjúklingar geta látið eftir sér að nota þau lyf sem best hentar. Það er því verið að búa til ójöfnuð í heilbrigðiskerfinu sem ekki hefur þekkst áður.
4. Ef koma á undanþágukerfi mun það leiða til enn aukins skrifræðis og kostnaðar innan almannatryggingakerfisins, auk kostnaðar og fyrirhafnar fyrir sjúklinga og lækna. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa í frumvarpinu og kostnaðargreining liggur ekki fyrir.
5. Tíð skipti á lyfjum eru til þess fallin að rugla sjúklinga í ríminu og bjóða heim hættunni á yfirskömmtun og eitrunum vegna þess að viðkomandi veit ekki að um svipuð lyf er að ræða. Þess má geta að brögð eru að slíku jafnvel þegar skipt er um lyf samkvæmt gildandi reglum um samheitalyf.

Ef þetta verða afleiðingar þess að komið verði á viðmiðunarverðskrá fyrir lyf með sambærileg meðferðaráhrif gæti lagabreyting þessi haft alvarlega heilsufarslega áhættu í för með sér, auk þess að vera afar óskynsamleg út frá hagrænum forsendum.

Við undirbúning frumvarpsins var m.a. stuðst við danska skýrslu um analog-kerfi, en þess ber að geta að Danir tóku kerfið ekki upp eftir útkomu skýrslunnar og hlýtur það að gefa einhverjar vísbendingar um hagkvæmni þess að taka það upp.

Læknar bera faglega ábyrgð á lyfjameðferð sjúklinga en lyfjaval og útskrift lyfseðla skipta miklu máli um lyfjakostnað og lyfjanotkun þjóðarinnar. Heilsuhagfræði hefur ekki verið öflug grein innan læknisfræðinnar og því hefur marga lækna skort kostnaðarvitund við útskrift lyfseðla. Þetta er að breytast og má stuðla að betri þekkingu lækna með öflugu kynningarstarfi, m.a. á vegum landlæknisembættisins.

Markmið frumvarpsins er að ná niður lyfjakostnaði og telur minni hlutinn það þarft, en máli skiptir hvernig markmiðinu er náð. Það má ekki gera með því að velta kostnaðinum yfir á herðar sjúklinga. Lyfjaframleiðendur, lyfjaheildsalar og smásalar hljóta því að bera mikla ábyrgð á því að ná niður kostnaði. Sjúkrastofnanir og læknar verða einnig að vera virkir þátttakendur ef betri árangur á að nást í lyfjanotkun með tilliti til betri lýðheilsu og lægri lyfjakostnaðar.

Með afgreiðslu fjárlaga 2004 var Tryggingastofnun gert að lækka lyfjakostnað um 460 millj. kr. á árinu. Nú háttar svo til að í aprílmánuði sl. gerðu lyfjaframleiðendur, lyfjaheildsalar og smásalar heiðursmannasamkomulag við heilbrigðisráðherra um að leggja sitt af mörkum til að ná niður lyfjakostnaði. Stefnt er að 800 millj. kr. lækkun á lyfjaverði á ársgrundvelli. Samkomulagið tekur mið af núverandi eða svipuðu starfsumhverfi.

Ef umtalsverðar breytingar á starfsumhverfi verða gerðar nú, telur minni hlutinn að ómögulegt verði að meta hvaða ástæður liggja að baki lækkana á lyfjaverði. Stafa þær af aðgerðum heildsala og smásala eða af lagabreytingum? Umtalsverðar breytingar á lagaumhverfi nú gætu sett heiðursmannasamkomulagið í uppnám og þar með reyndi aldrei á hvort hagsmunaaðilar lyfjainnflytjenda og smásala næðu fram mun meiri sparnaði en stefnt er að á þessu ári.

Með vísan til þess að verið er að undirbúa heildarendurskoðun á lyfjalögum og lyfjaumhverfi telur minni hlutinn að hraða eigi endurskoðuninni með víðtæku og virku samstarfi

allra þeirra sem málið varðar, ekki síst sjúklinga, og athuga breytingar á lyfjalögum samfara þeirri vinnu.

Alþingi, 12. maí 2004.

Þuríður Backman.

1653. Svar [933. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um íbúa við Eyjafjörð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptast íbúar við Eyjafjörð, frá Siglufirði til Grenivíkur, eftir menntun, kyni og aldri miðað við landsmeðaltal annars vegar og höfuðborgarsvæðið hins vegar?

Meðfylgjandi töflur sýna fjölda og hlutfallslega skiptingu íbúa við Eyjafjörð 1. desember 2003 eftir kyni og aldri borið saman við höfuðborgarsvæðið og landið allt. Upplýsingar um skiptingu íbúa eftir menntunarstigi eru ekki til fyrir einstaka landshluta. Helsta uppspretta talnaefnis um menntun landsmanna er vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Sú rannsókn er byggð á úrtaki og leyfir ekki mikla sundurliðun. Til fróðleiks fylgja hér með tölur um menntunarstig samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn árin 1998–2002, skipt eftir grófum flokkum menntunar, fyrir alla landsmenn 16–74 ára, íbúa á höfuðborgarsvæði og íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

Skipting íbúa við Eyjafjörð eftir kyni og aldri í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið allt 1. desember 2003.

	11 sveitarfélög við Eyjafjörð			Höfuðborgarsvæðið			Landið allt		
	Karlar	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**
Alls	**11.549**	**11.518**	**23.067**	**89.723**	**92.165**	**181.888**	**145.333**	**145.157**	**290.490**
0–4 ára	885	828	1.713	6.685	6.544	13.229	10.597	10.318	20.915
5–9 ára	937	904	1.841	6.774	6.413	13.187	11.159	10.594	21.753
10–14 ára	1.005	930	1.935	6.974	6.775	13.749	11.773	11.291	23.064
15–19 ára	902	827	1.729	6.154	6.071	12.225	10.671	10.235	20.906
20–24 ára	865	827	1.692	6.925	7.033	13.958	11.252	10.886	22.138
25–29 ára	677	726	1.403	6.989	6.961	13.950	10.375	10.253	20.628
30–34 ára	727	757	1.484	6.965	6.748	13.713	10.418	10.135	20.553
35–39 ára	829	867	1.696	6.632	6.770	13.402	10.496	10.589	21.085
40–44 ára	895	858	1.753	6.722	6.646	13.368	10.904	10.726	21.630
45–49 ára	778	758	1.536	6.312	6.415	12.727	10.220	9.972	20.192
50–54 ára	728	674	1.402	5.597	5.625	11.222	9.113	8.716	17.829
55–59 ára	602	546	1.148	4.657	4.640	9.297	7.548	7.192	14.740
60–64 ára	430	468	898	3.200	3.490	6.690	5.356	5.541	10.897
65–69 ára	360	366	726	2.672	2.953	5.625	4.509	4.786	9.295
70–74 ára	364	392	756	2.518	3.027	5.545	4.299	4.728	9.027
75–79 ára	270	342	612	1.942	2.582	4.524	3.229	3.900	7.129
80 ára og eldri	295	448	743	2.005	3.472	5.477	3.414	5.295	8.709

	11 sveitarfélög við Eyjafjörð			Höfuðborgarsvæðið			Landið allt		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Hlutfallsleg skipting, %									
Alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
0–4 ára	7,7	7,2	7,4	7,5	7,1	7,3	7,3	7,1	7,2
5–9 ára	8,1	7,8	8,0	7,5	7,0	7,3	7,7	7,3	7,5
10–14 ára	8,7	8,1	8,4	7,8	7,4	7,6	8,1	7,8	7,9
15–19 ára	7,8	7,2	7,5	6,9	6,6	6,7	7,3	7,1	7,2
20–24 ára	7,5	7,2	7,3	7,7	7,6	7,7	7,7	7,5	7,6
25–29 ára	5,9	6,3	6,1	7,8	7,6	7,7	7,1	7,1	7,1
30–34 ára	6,3	6,6	6,4	7,8	7,3	7,5	7,2	7,0	7,1
35–39 ára	7,2	7,5	7,4	7,4	7,3	7,4	7,2	7,3	7,3
40–44 ára	7,7	7,4	7,6	7,5	7,2	7,3	7,5	7,4	7,4
45–49 ára	6,7	6,6	6,7	7,0	7,0	7,0	7,0	6,9	7,0
50–54 ára	6,3	5,9	6,1	6,2	6,1	6,2	6,3	6,0	6,1
55–59 ára	5,2	4,7	5,0	5,2	5,0	5,1	5,2	5,0	5,1
60–64 ára	3,7	4,1	3,9	3,6	3,8	3,7	3,7	3,8	3,8
65–69 ára	3,1	3,2	3,1	3,0	3,2	3,1	3,1	3,3	3,2
70–74 ára	3,2	3,4	3,3	2,8	3,3	3,0	3,0	3,3	3,1
75–79 ára	2,3	3,0	2,7	2,2	2,8	2,5	2,2	2,7	2,5
80 ára og eldri	2,6	3,9	3,2	2,2	3,8	3,0	2,3	3,6	3,0
Samandregnir aldursflokkar									
Fjöldi alls	**11.549**	**11.518**	**23.067**	**89.723**	**92.165**	**181.888**	**145.333**	**145.157**	**290.490**
0–14 ára	2.827	2.662	5.489	20.433	19.732	40.165	33.529	32.203	65.732
15–64 ára	7.433	7.308	14.741	60.153	60.399	120.552	96.353	94.245	190.598
65 ára og eldri	1.289	1.548	2.837	9.137	12.034	21.171	15.451	18.709	34.160
Hlutfallsleg skipting, %									
Alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
0–14 ára	24,5	23,1	23,8	22,8	21,4	22,1	23,1	22,2	22,6
15–64 ára	64,4	63,4	63,9	67,0	65,5	66,3	66,3	64,9	65,6
65 ára og eldri	11,2	13,4	12,3	10,2	13,1	11,6	10,6	12,9	11,8
Kynjahlutfall (karlar af hverjum 1.000 konum)									
Alls	•	•	1.002,7	•	•	973,5	•	•	1.001,2
0–14 ára	•	•	1.062,0	•	•	1.035,5	•	•	1.041,2
15–64 ára	•	•	1.017,1	•	•	995,9	•	•	1.022,4
65 ára og eldri	•	•	832,7	•	•	759,3	•	•	825,9

Taflan sýnir bráðabirgðatölur samkvæmt þjóðskrá 1. desember 2003.

Mannfjöldi 16–74 ára eftir menntun 1998–2002.

	1998	1999	2000	2001	2002
Áætlaður fjöldi, karlar og konur					
Landið allt	**184.900**	**188.100**	**191.700**	**194.600**	**195.700**
Grunnmenntun	56.800	57.900	59.800	58.700	54.600
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	28.200	28.700	29.000	28.200	27.800
Framhaldsskólamenntun	54.000	53.700	54.200	55.000	57.700
Sérskólamenntun	24.100	22.900	22.900	25.400	25.800
Háskólamenntun	21.800	24.900	25.700	27.400	29.700
Höfuðborgarsvæði	**114.400**	**116.300**	**117.300**	**121.500**	**121.700**
Grunnmenntun	31.200	31.200	31.500	31.200	29.200
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	14.200	15.200	15.400	14.700	14.500
Framhaldsskólamenntun	34.600	34.500	34.900	36.900	37.200
Sérskólamenntun	16.200	15.200	15.500	17.400	17.900
Háskólamenntun	18.200	20.100	20.000	21.300	22.900
Utan höfuðborgarsvæðis	**70.500**	**71.800**	**74.300**	**73.100**	**74.000**
Grunnmenntun	25.600	26.800	28.300	27.500	25.400
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	14.000	13.500	13.600	13.500	13.300
Framhaldsskólamenntun	19.300	19.200	19.300	18.100	20.500
Sérskólamenntun	8.000	7.600	7.400	7.900	8.000
Háskólamenntun	3.600	4.700	5.700	6.100	6.800
Hlutfallsleg skipting, %					
Landið allt	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Grunnmenntun	30,7	30,8	31,2	30,1	27,9
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	15,2	15,2	15,1	14,5	14,2
Framhaldsskólamenntun	29,2	28,6	28,3	28,3	29,5
Sérskólamenntun	13,1	12,2	12,0	13,0	13,2
Háskólamenntun	11,8	13,2	13,4	14,1	15,2
Höfuðborgarsvæði	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Grunnmenntun	27,3	26,8	26,9	25,7	24,0
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	12,4	13,1	13,2	12,1	11,9
Framhaldsskólamenntun	30,3	29,7	29,8	30,4	30,6
Sérskólamenntun	14,1	13,1	13,2	14,4	14,7
Háskólamenntun	15,9	17,3	17,0	17,5	18,9
Utan höfuðborgarsvæðis	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Grunnmenntun	36,3	37,3	38,1	37,5	34,4
Starfsnámskeið/gagnfræðapróf	19,9	18,8	18,3	18,5	18,0
Framhaldsskólamenntun	27,4	26,7	25,9	24,8	27,7
Sérskólamenntun	11,3	10,6	10,0	10,8	10,8
Háskólamenntun	5,0	6,6	7,7	8,4	9,2

Byggt á vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Þau ár sem hér eru sýnd, var rannsóknin gerð vor og haust og voru 4.400 manns í úrtaki hvert sinn. Niðurstöðurnar sem hér koma fram eru ársmeðaltölur.

1654. Nefndarálit [872. mál]

um frv. til l. um breyt. á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Þorleif Pálsson, Ásgeir Thoroddsen og Helga I. Jónsson frá gjafsóknarnefnd og Sif Konráðsdóttur frá Lögmannafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá réttarfarsnefnd, óbyggðanefnd, dómstólaráði, Lögmannafélagi Íslands, umboðsmanni barna, embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga, nr. 91/1991, til að veita gjafsókn þegar úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Eftir sem áður verður í lögunum að finna heimild til að veita einstaklingi gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður við gæslu hagsmuna hans í dómsmáli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að málsóknin sé kostuð af almannafé. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að dómsmálaráðherra kveði nánar á um starfshætti gjafsóknarnefndar og skilyrði gjafsóknar í reglugerð. Í frumvarpinu er einnig lagt til að gjafsóknarákvæði bætist við þjóðlendulög, nr. 58/1998, sem gildi hér eftir sem sérákvæði um möguleika þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálum á gjafsókn eða gjafvörn fyrir dómstólum.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að umsóknum um gjafsókn hefur fjölgað mjög undanfarin ár og voru þær fleiri en 500 talsins árið 2003. Til samanburðar má nefna að árið 1998 bárust gjafsóknarnefnd 315 umsóknir. Ekki er gert ráð fyrir að gjafsóknarmálum fækki verulega við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu en hún kann að stemma stigu við þeirri aukningu sem verið hefur undanfarin ár.

Nefndin skoðaði sérstaklega áhrif breytinganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi möguleika einstaklinga til að fá gjafsókn í sifjamálum, og þá einkum forsjármálum. Samkvæmt upplýsingum frá gjafsóknarnefnd hefur gjafsókn í forsjármálum í yfirgnæfandi hluta tilvika verið veitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 126. gr. gildandi einkamálalaga, en í honum er að finna reglu sambærilega þeirri sem lagt er til að lögfest verði í frumvarpinu, þ.e. að gjafsókn verði veitt á grundvelli fjárhagsstöðu.

Meiri hlutinn telur heppilegra að í stað þess gjafsóknarákvæðis sem lagt er til að bætist við þjóðlendulög verði tekið upp á ný hliðstætt ákvæði og áður gilti um gjafsókn fyrir óbyggðanefnd og var sérstaklega sniðið að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálum. Tillaga meiri hlutans gerir ráð fyrir að í þjóðlendulögum verði heimild til veitingar gjafsóknar á grundvelli verulegrar almennrar þýðingar máls eða þess að úrlausn máls varði verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hafi fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag hans. Slíkt ákvæði var á sínum tíma tekið í þjóðlendulög að frumkvæði allsherjarnefndar en breytt með lögum nr. 65/2000 þegar önnur ákvörðun var tekin um greiðslu kostnaðar við hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til að við lög um meðferð einkamála verði bætt bráðabirgðaákvæði sem tryggi að þeir sem hefur verið veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi samkvæmt núgildandi b-lið 126. gr. laganna fái áfram gjafsókn fyrir Hæstarétti gangi málið þangað.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Nú hefur aðila verið veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi á grundvelli b-liðar 126. gr. laga nr. 91/1991 fyrir gildistöku laga þessara og skal þá heimilt að veita honum gjafsókn vegna sama máls fyrir Hæstarétti, gangi það þangað.
2. 3. gr. orðist svo:
   Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að veita aðila gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga um meðferð einkamála. Þrátt fyrir skilyrði 126. gr. laga um meðferð einkamála er heimilt að veita aðila gjafsókn þegar úrlausn máls hefur:
   a. verulega almenna þýðingu eða
   b. varðar verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag hans.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og stendur ekki að áliti þessu.

Alþingi, 12. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Arnbjörg Sveinsdóttir. Þórarinn E. Sveinsson.

Guðrún Inga Ingólfsdóttir. Sigurður Kári Kristjánsson.

1655. Nefndarálit [868. mál]

um frv. til l. um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Sigurð Oddsson frá Þingvallanefnd, Gunnar Þorgeirsson frá Grímsnes- og Grafningshreppi, Svein Sædal frá Bláskógabyggð, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, Guðmund Þór Guðmundsson frá kirkjuráði og sr. Halldór Gunnarsson. Umsagnir bárust um málið frá Bláskógabyggð, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Grímsnes- og Grafningshreppi, Veiðimálastofnun, Landmælingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fornleifavernd ríkisins, kirkjuráði, Þjóðminjasafni Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landvernd. Þá sendi nefndin umhverfisþátt málsins til umsagnar umhverfisnefndar. Umsögn hennar er birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um þjóðgarðinn á Þingvöllum, en núgildandi lög sem taka til friðunar Þingvalla eru frá árinu 1928. Megintilgangur frumvarpsins er að stækka þjóðgarðinn úr 40 km^2 í 237 km^2. Stækkunin er því nánast sexföld. Þá eru í frumvarpinu settar fyllri efnisreglur um stjórn þjóðgarðsins og skýrt er kveðið á um tengsl Þingvallanefndar við hefðbundna stjórnsýslu ríkisins og úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

Nefndin vekur athygli á því að 1. febrúar 2003 tilnefndi ríkisstjórn Íslands Þingvallaþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO. Nefndin telur það metnaðarmál að Þingvellir verði samþykktir á heimsminjaskrána, en ráðgert er að ákvörðun þess efnis verði tekin nú í sumar í Kína. Nefndin telur að það muni fela í sér mikla viðurkenningu á sérstöðu Þingvalla sem og alþjóðlega viðurkenningu sem á að öllum líkindum eftir að hafa í för með sér jákvæð áhrif á náttúru- og minjavernd og ferðaþjónustu.

Við meðferð málsins í nefndinni var athygli nefndarmanna vakin á því í umsögnum og á fundum með gestum að nokkrir aðilar óskuðu eftir að haft yrði samráð við þá af hálfu Þingvallanefndar um málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum. Nefndin telur eðlilegt að mælt verði fyrir um samráð Þingvallanefndar við sveitarstjórnir Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar í reglugerð og beinir því til ráðherra að svo verði gert. Þá telur nefndin sjálfsagt að kveðið verði á um samráð við Fornleifavernd ríkisins um stjórnsýslu fornleifa á svæðinu í reglugerð, en í framkvæmd mála fram til þessa hefur verið virkt samráð við stofnunina sem festa má betur í sessi með reglugerðarákvæði.

Þá kom það einnig í ljós við meðferð málsins í nefndinni að kirkjuráð telur kirkjuna telja til réttinda á því svæði sem frumvarpið tekur til. Af þessu tilefni tekur nefndin fram að í 1. gr. frumvarpsins er á sama hátt og í 4. gr. gildandi laga gert ráð fyrir að allt land innan hins friðlýsta svæðis verði í eigu þjóðarinnar. Nefndin telur að frumvarpið feli ekki í sér neina efnislega breytingu hvað þetta varðar, en bendir á að telji einhver annar til réttinda innan hins friðlýsta svæðis er í 5. gr. frumvarpsins að finna ákvæði um hvernig úr því skuli leysa.

Nefndin leggur áherslu á að með heimild 6. gr. frumvarpsins um að í reglugerð megi ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum sé eingöngu átt við þjónustugjöld, svo sem fyrir tjaldstæði, leiðsögn og aðgang að ákveðnum stöðum. Þessi gjöld má því ekki ákveða hærri en svo að þau standi undir kostnaði við hina veittu þjónustu og þá aðstöðu sem komið er upp til að veita hana. Nefndin telur þó að heimild þessa ætti ekki að nýta til að krefjast almenns aðgangseyris að garðinum.

Samhliða framlagningu þessa frumvarps af hálfu forsætisráðherra hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar umhverfisnefndar eins og áður greindi. Í umsögn hennar kemur m.a. fram að umhverfisnefnd leggur til að tillaga sem forsætisráðuneyti hefur beint til allsherjarnefndar, um að við frumvarpið um þjóðgarðinn á Þingvöllum verði bætt ákvæði um vatnsvernd innan hans, verði tekin til greina.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru þessar:

1. Nefndin leggur til að orðalagi lokamálsgreinar 1. gr. frumvarpsins verði breytt í það horf sem 4. gr. gildandi laga er í, en greinarnar eru efnislega samhljóða. Nefndin telur hins vegar að í gildandi lögum frá 1928 sé að finna hljómfagran og ljóðrænan texta sem ástæða sé til að halda áfram í lögum sem snúa að þeirri þjóðargersemi sem Þingvellir eru. Með hliðsjón af breytingunni er jafnframt lagt til að orðin „undir vernd Alþingis“ verði felld brott úr 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins til að forðast tvítekningu.

2. Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á því ákvæði frumvarpsins sem snýr að skipan Þingvallanefndar, en samkvæmt gildandi lögum um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, skal Þingvallanefnd skipuð þremur alþingismönnum. Nefndin leggur til að nefndarmönnum verði fjölgað úr þremur í sjö þannig að allir þingflokkar geti átt fulltrúa í nefndinni í samræmi við vægi þingflokkanna hverju sinni. Nefndarmenn skulu kosnir hlutfallskosningu á Alþingi, sbr. 1. mgr. 68. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, nema um annað semjist. Þá leggur nefndin til að kosnir verði jafnmargir varamenn í samræmi við 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nefndin leggur til að kjörið verði í nefndina í upphafi hvers þings um leið og kosið er í fastanefndir þingsins og telur fara vel á því að Þingvallanefnd sé skipaður sams konar sess og þeim. Í ljósi tengsla nefndarinnar við forsætisráðuneyti leggur nefndin loks til að forsætisráðherra skipi formann og varaformann nefndarinnar úr hópi aðalmanna. Þrátt fyrir þær breytingar sem nefndin leggur til að verði gerðar er áfram gert ráð fyrir að sú Þingvallanefnd sem nú situr haldi umboði sínu út það tímabil sem hún var kjörin til, eða fram yfir næstu alþingiskosningar.
3. Eins og áður kom fram hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess samhliða framlagningu þessa frumvarps af hálfu forsætisráðherra. Með hliðsjón af því og fyrrgreindri umsögn umhverfisnefndar leggur nefndin til að aukið verði við frumvarpið sérstöku ákvæði um vatnið og lífríki þess, en sá hluti vatnsins sem verður innan þjóðgarðsins mun heyra undir valdsvið Þingvallanefndar svo að nefndin hafi tilskildar valdheimildir hvað varðar vatnsvernd innan þjóðgarðsins.

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að skipun Þingvallanefndar.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með fyrirvara um skipun Þingvallanefndar og fyrirvara sem sjá má við umsögn umhverfisnefndar til allsherjarnefndar og birtist sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Alþingi, 12. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Þórarinn E. Sveinsson.	Guðrún Inga Ingólfsdóttir.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.

Fylgiskjal.

Umsögn umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur borist bréf allsherjarnefndar, dags. 13. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um 868. mál, frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Sigurð Oddsson þjóðgarðsvörð á Þingvöllum.

Í frumvarpinu er lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað verulega. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Nefndin bendir á að áður hefur verið lagt fram frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 560. mál á 123. löggjafarþingi (1998–99) en það var ekki afgreitt. Frá þeim tíma hafa viðhorf til náttúruverndar breyst verulega.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru innan þjóðgarðsins. Þingvellir hafa þá sérstöðu að vera helgur staður í huga þjóðarinnar. Lítur nefndin svo á að með samþykkt frumvarpsins yrði lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlissvæði landsins. Nefndin lýsir ánægju sinni með að í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að eitt af markmiðunum með friðuninni sé að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari.

Í gildandi lögum kemur hvergi fram að hið friðhelga land á Þingvöllum sé þjóðgarður eins og lagt er til í frumvarpinu. Nefndin telur rétt að heitið þjóðgarður verði notað um hið friðaða svæði enda höfðu Þingvellir löngu áður en hugtakið þjóðgarður kom í náttúruverndarlög öðlast þann sess meðal þjóðarinnar og það heiti hefur lengi verið notað um svæðið.

Í nefndinni er nú til umfjöllunar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess (þskj. 1420, 934. mál). Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum gildi ákvæði laga um þjóðgarðinn. Í bréfi forsætisráðuneytisins til allsherjarnefndar er lagt til með hliðsjón af framangreindu að við frumvarpið um þjóðgarðinn á Þingvöllum verði bætt ákvæði um vatnsvernd innan hans. Leggur nefndin til að sú tillaga verði tekin til greina.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir umsögn þessa með fyrirvara þar sem að hún telur að heildarstefnumótun í málefnum þjóðgarða og friðaðra svæða þurfi að vera samræmd í landinu. Þar af leiðandi þurfi verndarsvæði sem friðað er á forsendum náttúruverndar að heyra a.m.k. að hluta til undir þá stjórnsýslustofnun sem með slík svæði fer.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur umsögn þessari.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Dagný Jónsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Mörður Árnason.
Guðjón Hjörleifsson.
Brynja Magnúsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.

1656. Breytingartillögur [868. mál]

við frv. til l. um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „undir vernd Alþingis“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Lokamálsgrein orðist svo:
      Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.
2. 2. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Alþingi skal í upphafi hvers þings kjósa sjö alþingismenn í Þingvallanefnd og jafnmarga til vara. Umboð þeirra varir þangað til ný nefnd hefur verið kjörin. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.
3. Við bætist ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:
   Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.
   Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.
   Þingvallanefnd er heimilt að setja sérstakar reglur til að framfylgja þessum ákvæðum um vatnsvernd innan þjóðgarðsins.
4. Við ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsliður: Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal 2. mgr. 2. gr. ekki öðlast gildi fyrr en eftir næstu alþingiskosningar.

1657. Skýrsla [995. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2003. Vegáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

4. VEGÁÆTLUN

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2003 er hluti af skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar og er hér fylgt tilvísanakerfi samgönguáætlunar.

4.1 Fjármál

I ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2003 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að viðbættum 16 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga og leigubifreiða að gefa 10.538 m.kr. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir sömu upphæð. Til viðbótar þessari upphæð kom inn á árinu 1.413 m.kr. ríkisframlag og 1.200 m.kr. framlag til jarðganga. Samkvæmt fjárlögum voru tekjur og framlög 13.099 m.kr. Með sérstökum fjáraukalögum var gert ráð fyrir viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra, að fjárhæð 3.000 m.kr. Í fjáraukalögum komu inn 100 m.kr. til viðbótar og var gert ráð fyrir að 36 m.kr. kæmu inn sem viðbótartekjur af bensíngjaldi en 64 m.kr. sem ríkisframlag. Einnig komu inn 300 m.kr. vegna sölu fasteignar og lóðar Vegagerðarinnar að Stórhöfða 34-40 í Reykjavík. Þegar tekið hafði verið tillit til lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð, alls 53 m.kr., var samtala fjárlaga, fjáraukalaga, viðbótarframlags vegna eflingar atvinnutækifæra 16.068 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fjársýslu ríkisins var innheimtan á mörkuðum tekjum, bensíngjaldi og þungaskatti auk leyfisgjalda af flutningum og leigubifreiðum 24 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í vegáætlun en 60 m.kr. minna en fjárlög ársins gáfu til kynna. Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar síðustu ára hafa verið geymdar í vegasjóði. Inneign í vegasjóði lækkar því í árslok 2003 um 60 m.kr. frá stöðu hans í ársbyrjun.

4.1.1 Tekjur og framlög	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjár-lög m.kr.	Fjár-auka-lög m.kr.	Fjár-auka-lög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur						
1. Bensíngjald	5.434	5.434	0	36	5.470	5.540
2. Þungaskattur, km-gjald	2.549	2.549	0	0	2.549	2.624
3. Þungaskattur, árgjald	2.539	2.539	0	0	2.539	2.333
4. Leyfisgjöld flutninga	10	10	0	0	10	9
5. Leyfisgjöld leigubifreiða	6	6	0	0	6	7
	10.538	10.538	0	36	10.574	10.514
1.2. Umsýslugjald, 0,5%	-53	-53	0	0	-53	-53
Markaðar tekjur alls	10.485	10.485	0	36	10.521	10.461
1.3. Ríkisframlag	1.413	1.413	0	64	1.477	1.477
1.4. Framlög til jarðganga	1.200	1.200	0	0	1.200	1.200
1.5. Eignasala	300	0	0	300	300	300
1.6. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	3.000	0	3.000	0	3.000	3.000
Framlag úr ríkissjóði alls	5.913	2.613	3.000	364	5.977	5.977
Tekjur og framlög alls	16.398	13.098	3.000	400	16.498	16.438

Framhald töflu á næstu síðu

4.1.2 Viðskiptahreyfingar						
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	0	0	-40	-40
2. Vegna ferja	-290	-290	0	0	-290	-290
Afborganir alls	-330	-330	0	0	-330	-330
Samtals	16.068	12.768	3.000	400	16.168	16.108

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2003 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs samtals 290 m.kr., afborganir og vextir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. og umsýslugjald 53 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

4.1.1. TEKJUR OG FRAMLÖG

Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 10.837 á árinu 2003 á móti 7.414 árið áður sem samsvarar 47,2% fleiri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 108 hópferðabifreiðir á móti 75 árið áður sem samsvarar um 44,0% fleiri skráningum. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.674 á árinu 2003 en voru 1.003 árið áður og er það um 66,9% fjölgun skráninga.

Innflutningur og nýskráning bifreiða jókst töluvert á árinu 2003 frá síðustu tveimur árum. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, þrátt fyrir að dregið hafi úr vextinum frá árinu 2001. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 574 samkvæmt bráðabirgðatölum.

	Bifreiða-eign 31.12.01	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.02	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.03
Fólksbifreiðir	159.865	1,16	161.721	3,18	166.869
Hópferðabifreiðir	1.711	-0,70	1.699	0,59	1.709
Vöru- og sendibifreiðir	19.990	1,44	20.278	4,72	21.235
Samtals:	181.566	1,17	183.698	3,33	189.813

Bensíngjald

Bensínsalan á árinu 2003 nam um 194 milljónum lítra og er salan um 0,7% meiri en á árinu 2002. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Fjársýslu ríkisins voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 5.540 m.kr. árið 2003. Það er 106 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir eða um 2% meiri tekjur.

Á síðustu fimm árum hefur bensínsala á ári verið mjög svipuð, þrátt fyrir aukningu í bifreiðaeign landsmanna. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðalástæðan er samt líklega sú að díselbifreiðum, einkum díselfólksbifreiðum, hefur fjölgað hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár.

Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meirihluta á landinu og voru rúmlega 82% af bifreiðaeign í árslok 2003, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var ekki hækkað á árinu 2003 og hefur ekkert hækkað frá 1. júní 1999. Bensíngjald hefur verið 28,60 kr./l. Þegar bensíngjald var hækkað 1. júní 1999 hefði gjaldið mátt vera 31,16 kr./l ef fylgt hefði verið breytingum á byggingarvísitölu og hefði á sama hátt mátt vera 38,01 kr./l 1. janúar 2003. Gjaldið var hækkað 1. janúar 2004 í 30,89 kr./l.

Í ársbyrjun 2003 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 98,20 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verð á bensíni hækkaði síðan í febrúar í 100,80 kr. en lækkaði síðan næstu mánuði og varð lægst í júní eða 95,30 kr./l. Verðið fór síðan hækkandi frá byrjun júlímánaðar og kostaði lítrinn 1. september 100,10 kr. en lækkaði síðan aftur niður í 96,60 kr./l 1. október. Verðið hélst þannig þar til 1. desember þegar verð fyrir lítrann hækkaði í 99,90 kr. Verð hækkaði síðan í 100,90 kr./l 3. janúar 2004 sem jafngildir 2,8% hækkun frá byrjun árs 2003.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12. 92 okt.	95 okt.	98 okt.	Bensíngjald Blýbensín	Blýlaust
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7[1])	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9		26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3		27,53
1999	190,7	1.350		86,3	91,0		28,60
2000	189,2	1.275		96,0	100,7		28,60
2001	190,4	1.260		94,2	98,9		28,60
2002	192,4	1.269		96,3	100,1		28,60
2003	193,7*)	1.257*)		99,9	104,6		28,60
jan. 2004				100,9	105,6		30,89

1) Frá 1996 er 98 okt. bensín blýlaust

*) Bráðabirgðatölur

Eins og sjá má á töflunni hefur meðaleyðsla bensínbifreiða farið minnkandi.

Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 2.624 m.kr. á árinu 2003. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.549 m.kr. og var því innheimt 75 m.kr. meira en gert var ráð fyrir. Innheimt árgjald þungaskatts var um 2.333 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði gert ráð fyrir 2.539 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust 206 m.kr. minni en áætlað var.

Gjaldskrár þungaskatts voru ekki hækkaðar á árinu 2003. Gjaldskrá, km-gjalds þungaskatts, var lækkuð um 10% frá 11. febrúar 2001. Fast árgjald þungaskatts var síðast hækkað 1. júní 1999 og var þá gjaldskrá km-gjalds þungaskatts einnig hækkuð. Gjaldskrár þungaskatts hækkuðu frá byrjun árs 2004.

Leyfisgjöld flutninga og leigubifreiða

Innheimt leyfisgjöld flutninga voru samtals 9,0 m.kr. á árinu 2003. Það er 1 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir en á móti kom að innheimt leyfisgjöld leigubifreiða voru 7,4 m.kr. sem er 1,4 m.kr. meira en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir.

Umsýslugjald

Umsýslugjald var 53 m.kr. árið 2003 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

Ríkisframlag

Ríkisstjórnin ákvað að veita auknu fjármagni til nýbygginga vega á næstu árum. Á árinu 2003 var ríkisframlag 1.477 m.kr.

Framlög til jarðganga

Við afgreiðslu vegáætlunar 2000-2004 á Alþingi vorið 2000 var tekin ákvörðun um að veita umtalsverðu fjármagni úr ríkissjóði til vegamála og þar á meðal til jarðgangagerðar. Fjár til jarðgangagerðar var ætlað að afla með sölu ríkiseigna. Á árinu 2003 var framlag til jarðganga 1.200 m.kr.

Eignasala

Á árinu 2003 var fasteign og lóð Vegagerðarinnar að Stórhöfða 34-40 í Reykjavík seld. Áætlað andvirði sölunnar, 300 m.kr. var ætlað til vegagerðar. Vegagerðin fékk á árinu 2003 300 m.kr. úr ríkissjóði þrátt fyrir að ekki hafi verið gengið frá sölunni fyrr en á árinu 2004. Ríkissjóður fær þá þær tekjur til baka á árinu 2004.

Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra

Ríkisstjórnin ákvað að veita viðbótarfjármagni til vegagerðar til eflingu atvinnutækifæra. Á árinu 2003 var viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra 3.000 m.kr.

4.1.2. VIÐSKIPTAHREYFINGAR

Á árinu 2003 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Auk þess voru greiddar afborganir og vextir af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs samtals 290 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2003. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 16.068 m.kr. Samkvæmt fjárlögum fékk Vegagerðin 12.821,8 m.kr. og á fjáraukalögum vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum 3.000 m.kr. og loks á fjáraukalögum 400 m.kr. Alls 16.221,8 m.kr. Þegar frá hefur verið dregin greiðsla vegna umsýslugjalds 53 m.kr. eru eftirstöðvar 16.161,8 m.kr. eða hækkun frá vegáætlun um 100,8 m.kr.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

		Vegáætlun 2003	Breyting 2003	Fjárveiting 2003
4.1.3	**Rekstur og þjónusta**			
	1. Yfirstjórn	300,0		300,0
	2. Upplýsingaþjónusta	74,0		74,0
	3. Umferðareftirlit	55,0		55,0
	4. Þjónusta	2.504,0		2.504,0
	1. Þjónustusvæði 330,0			
	2. Vegir og vegyfirborð 420,0			
	3. Brýr og veggöng 70,0			
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður 430,0			
	5. Þéttbýlisvegir 294,0			
	6. Vetrarþjónusta 960,0			
	5. Almenningssamgöngur	949,0		1.049,0
	1. Ferjur og flóabátar 658,0		50,0	
	þar af afborgun ferjulána til ríkissjóðs	-290,0		-290,0
	2. Áætlunarflug 131,0			
	3. Sérleyfi á landi 160,0		50,0	
	6. Rannsóknir	105,0		105,0
	Rekstur og þjónusta samtals	**3.697,0**	**100,0**	**3.797,0**
4.1.4	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	920,0		920,0
	2. Endurnýjun malarslitlaga	223,0		223,0
	3. Styrkingar og endurbætur	600,0		600,0
	4. Brýr, varnargarðar og veggöng	190,0		190,0
	5. Öryggisaðgerðir	140,0		140,0
	6. Vatnaskemmdir	140,0		140,0
	7. Viðhald girðinga	32,0		32,0
	Viðhald samtals	**2.245,0**	**0,0**	**2.245,0**
4.1.5	**Stofnkostnaður**			
	1. Grunnnet	8.503,0	0,4	8.503,4
	1. Almenn verkefni 535,0			
	2. Verkefni á höfuðborgarsvæði 1.520,0			
	3. Verkefni á landsbyggð 2.048,0			
	Þar af afborgun láns v/Hvalfj.tenginga til rsj.	-40,0		-40,0
	4. Orku- og iðjuvegir 200,0			
	5. Jarðgangaáætlun 1.200,0			
	6. Landsvegir í grunnneti 0,0			
	7. Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra 3.000,0			
	Samtals grunnnet:	**8.463,0**	**0,4**	**8.463,4**
	2. Tengivegir	525,0		525,0
	3. Til brúagerðar	288,0		288,0
	1. Brýr, 10 m og lengri 262,0			
	2. Smábrýr 26,0			
	4. Ferðamannaleiðir	300,0		300,0
	5. Girðingar	60,0		60,0
	6. Landsvegir utan grunnnets	117,0		117,0
	7. Safnvegir	278,0	0,4	278,4
	8. Styrkvegir	55,0		55,0
	9. Reiðvegir	40,0		40,0
	Samtals utan grunnnets:	**1.663,0**	**0,4**	**1.663,4**
	Stofnkostnaður samtals:	**10.126,0**	**0,8**	**10.126,8**
	Samtals	**16.068,0**	**100,8**	**16.168,8**

Verðlagsforsendur og afkoma 2003 og yfirlit yfir fjármagn til vegamála

Við gerð vegáætlunar fyrir árið 2003 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2003 áætluð 6.940 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir um 2,5% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 7.242 stig eða um 4,4% hærri en áætlað hafði verið.


Innheimta markaðra tekna án leyfisgjalda var árið 2003 10.497 m.kr. eða 25 m.kr. lægri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar en 61 m.kr. lægri upphæð en fjárlög ársins 2003 gerðu ráð fyrir. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga voru um 1 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir. Inneign í vegasjóði lækkar því um 60 m.kr.

Árið 2003 rann í ríkissjóð 53 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 1.477 m.kr. ríkisframlag, 1.200 m.kr. framlag til jarðganga og 3.000 m.kr. viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra. Einnig fékk Vegagerðin 300 m.kr. vegna sölu fasteigna og lóðar Vegagerðarinnar að Stórhöfða í Reykjavík. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 330 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.


Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 16.108 m.kr. sem er töluvert hærri upphæð en árið 2002.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram framlag til vegamála í m.kr. árin 1964 til 2003 á föstu verðlagi 2003.



Hér fyrir neðan má sjá framlag til vegamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á árunum 1964 til 2003.



4.1.3. REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Fjárveiting í vegáætlun 2003, með síðari breytingum, til reksturs og þjónustu var 3.797 m.kr.

Starfsemi sem fellur undir þennan lið er yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, tæknisvið og þróunarsvið. Þá fellur undir þennan lið upplýsingaþjónusta, umferðareftirlit og öll þjónusta á vegakerfinu að sumri og vetri, almenningssamgöngur og rannsóknir.

4.1.3.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 328 um síðustu áramót í 321,8 stöðugildum en voru 357 árið 2002. Meðal starfsmannafjöldi á árinu 2003 var 374 en var 384 árið 2002. Heildar vinnuframlag á árinu 2003 reiknað í dagvinnustundum nam 463,9 mannárum og hafði lækkað úr 478,3 frá árinu 2002. Launagreiðslur voru 1.323 m.kr. á árinu 2003 og launatengd gjöld 238 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	21	3	4	4	8	4	3	3	50
Tæknilegur undirbúningur	51	7	7	7	4	7	14	6	103
Vegaeftirlit	6	0	0	0	0	0	2	0	8
Starfsmenn áhaldahúsa skv. lfl. BSRB	7	0	0	0	0	0	0	0	7
Iðnlærðir verkstjórar	2	2	0	1	1	3	1	2	12
Verkstjórar	1	5	4	5	7	3	6	7	38
Iðnaðarmenn	3	3	0	5	2	1	3	4	21
Vélamenn	1	5	2	9	11	7	8	7	50
Verkamenn	0	7	2	6	4	5	6	3	33
Ráðskonur, matreiðslumenn	0	0	0	1	1	1	1	2	6
Fastir starfsmenn 31. desember 2003	92	32	19	38	38	31	44	34	328
Fastir starfsmenn 31. desember 2002	107	29	29	41	38	30	46	37	357
Fastir starfsmenn 31. desember 2001	103	27	29	40	38	30	48	37	352
Fastir starfsmenn 31. desember 2000	100	28	29	41	35	29	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1999	106	26	30	41	35	26	41	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn 31. desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn 31. desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn 31. desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn 31. desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn 31. desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn 31. desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345

4.1.3.1. Yfirstjórn

Fjárveiting í vegáætlun 2003 var 300 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, tæknisvið og þróunarsvið.

Stjórnsýslusvið nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald með bókasafni og útgáfustarfsemi. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.


Á tæknisviði eru brúadeild, veghönnunardeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði eru gerðar verklýsingar, staðlar, reglur og leiðbeiningar um hönnun brúa og vega, viðhald og þjónustu. Þar fer fram hönnun brúa og vega og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Þar er einnig unnið að jarðtæknilegri hönnun vega og brúa. Hald-

ið er utan um alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds, þjónustu, landsvega, safnvega, styrkvega, smábrúa og girðinga skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Á tæknisviði eru gerðar útboðsreglur og skilmálar fyrir útboð í nýbyggingum, viðhaldi og þjónustu og haldið utan um skráningu útboða og tilboða. Þar er einnig umsjón og eftirlit með leyfisveitingum og undanþágum vegna vöru-, efnis- og fólksflutninga. Vegagerðin rekur fjóra vinnuflokka og sér tæknisvið um rekstur og verksölu þeirra til umdæma. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með innkaupum og rekstri vélakosts Vegagerðarinnar, þar með talinn ferjurekstur, í samvinnu við umdæmin og einnig rekin birgðastöð. Höfð er umsjón með nýbyggingum og viðhaldi fasteigna Vegagerðarinnar. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við starfsmenn þróunarsviðs og umdæma.

Þróunarsvið nær yfir áætlanadeild, rannsóknadeild og umhverfisdeild. Unnið er að undirbúningi vegáætlunar, langtímaáætlunar og jarðgangaáætlunar ásamt annarri áætlanagerð. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utan um gagnabanka og vegaskrá. Jarðfræðirannsóknir og námumál eru í umsjón þróunarsviðs. Einnig umsjón með tilraunafé ásamt innlendum og erlendum rannsókna- og þróunarverkefnum og þátttöku í þeim. Undirbúningur og umsjón með jarðgangaverkefnum. Á þróunarsviði er einnig umsjón með umhverfismálum Vegagerðarinnar og skipulagsmálum. Á þróunarsviði er haldið við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2003.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	617	1002	496	892	3.007
Reykjanes	305	182	63	67	617
Vesturland	590	734	374	177	1.875
Vestfirðir	781	386	219	155	1.541
Norðurland vestra	406	631	353	317	1.707
Norðurland eystra	668	520	366	552	2.106
Austurland	905	491	345	394	2.135
Samtals	4.272	3.946	2.216	2.554	12.988


Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2003 voru vegir með bundnu slitlagi 4.334 km, þar af 4.125 km á stofn- og tengivegum og 209 km á safn- og landsvegum. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994.



Lengd bundinna slitlaga skiptist með eftirfarandi hætti milli umdæma Vegagerðarinnar


Umdæmi	Stofn- og tengivegir km	Safn- og landsvegir km	Alls km
Suðurland	819	79	898
Reykjanes	439	27	466
Vesturland	578	11	589
Vestfirðir	511	0	511
Norðurland vestra	404	6	410
Norðurland eystra	594	27	621
Austurland	780	59	839
Samtals	4.125	209	4.334

Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1980. Á árinu 2003 var áætluð umferð á stofn- og tengivegum 1.923 milljónir ekinna km og hafði aukist um 4% frá árinu áður. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Akstur á þessum vegum er meiri en annars staðar og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.



4.1.3.2. Upplýsingaþjónusta

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 74 m.kr. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við umdæmin. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.


Ársumferð 2003
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

4.1.3.3. Umferðareftirlit


Umferðareftirlit Vegagerðarinnar er deild innan þjónustudeildar tæknisviðs. Fjárveiting til þess verkefnis var 55 m.kr. Vegagerðin er samkvæmt lögum eftirlitsaðili með ökumælum, ökuritum og þungaskatti. Þá sinnir Vegagerðin einnig samkvæmt reglugerð nr. 136/95 eftirliti með aksturs- og hvíldartíma ökumanna ásamt lögreglu. Í desember 2000 var gerður sérstakur samstarfssamningur milli Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjórans um sameiginlegt umferðareftirlit. Er því ætlað auk verkefna umferðareftirlits Vegagerðarinnar að hafa eftirlit með stærð og þyngd ökutækja, leyfisskyldri starfsemi sem varðar fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi, skoðun á ástandi ökutækja, ökuréttindum, ökuhraða, ölvunarakstri og öðrum þeim hefðbundnu athugunum sem hægt er að fella að verkefnum umferðareftirlits Vegagerðarinnar og lögreglunnar. Vegagerðin leggur til verkefnis þessa fjórar eftirlitsbifreiðir sem merktar eru Vegagerðinni og Ríkislögreglustjóranum. Aðilar manna bíla þessa hvor með sínum manni. Vegagerðin greiðir að auki til Ríkislögreglustjórans ársfjórðungslega fasta umsamda greiðslu vegna starfa lögreglumanna við eftirlit þetta.

4.1.3.4. Þjónusta


Verkefni sem tilheyra þjónustu eru viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi, ásamt vetrarþjónustu.

Fjárveiting til þjónustu var 2.504 m.kr. og var skipt í 6 meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar, til þéttbýlisvega og til vetrarþjónustu.


Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til þjónustu þjóðvega á árunum 1993-2003. Frá árinu 2000 eru fjárveitingar til þjónustu þjóðvega í þéttbýli taldar með fjárveitingum til þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2003.



Í stólparitinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu stofn- og tengivega frá 1993. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 2003. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1993-2003. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þettbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2003.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við þjónustu vegakerfisins skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar árið 2003.

Umdæmi	Þjónustusvæði m.kr.	Vegir og vegyfirborð m.kr.	Brýr og veggöng m.kr.	Vegmerkingar og vegbúnaður m.kr.	Þéttbýlisvegir m.kr.	Vetrarþjónusta m.kr.	Samtals m.kr.
Sameiginlegt	8,4	15,2	0,7	85,2	2,9	36,7	149,1
Suðurland	41,7	63,1	0,1	43,5	10,0	68,3	226,7
Reykjanes	37,9	32,0	0,0	101,2	198,8	128,6	498,5
Vesturland	31,6	80,6	1,4	48,2	12,7	93,0	267,5
Vestfirðir	40,1	68,0	7,8	29,7	11,2	144,1	300,9
Norðurland vestra	22,2	40,6	2,1	31,2	11,9	85,6	193,6
Norðurland eystra	18,9	75,2	3,2	33,5	26,2	146,6	303,6
Austurland	40,4	70,5	5,7	42,6	19,6	118,0	296,8
Samtals	241,2	445,2	21,0	415,1	293,3	820,9	2.236,7

4.1.3.4.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 330 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

4.1.3.4.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 420 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2003.

Rykbundnir km *)

Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðurland	0	0	160	0	0	160
Reykjanes	0	0	119	27	0	146
Vesturland	0	322	192	0	9	523
Vestfirðir	15	83	300	489	16	903
Norðurland vestra	0	0	346	0	5	351
Norðurland eystra	0	12	507	0	19	538
Austurland	0	90	404	0	0	494
Samtals	15	507	2.028	516	49	3.115

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

4.1.3.4.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 70 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, veggöngum og varnargörðum.

4.1.3.4.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 430 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

4.1.3.4.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 294 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

4.1.3.4.6. Vetrarþjónusta

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun fyrir árið 2003 var 960 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 208 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 752 m.kr.

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Frá áramótum og fram á vor var almennt snjólétt og lítið um lokanir á helstu leiðum. Ekki fór að snjóa að ráði fyrr en síðari hluta janúar. Takmarka þurfti öxulþunga flutningabíla á nokkrum leiðum eins og undanfarin ár. Hálendisvegir voru opnaðir í fyrra lagi miðað við síðustu ár. Um haustið var mikið um hálku og fyrri hluta vetrar urðu einhverjar tafir á umferð vegna snjókomu.


Niðurstaðan var sú að kostnaður við vetrarþjónustuna var um 821 m.kr. eða um 43 m.kr. hærri en á síðasta ári. Skuld sem flyst til ársins 2004 er því um 69 m.kr.

Í töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2003.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	22,9	477
Holtavörðuheiði	37	8,8	239
Fróðárheiði	14	3,3	237
Steingrímsfjarðarheiði	47	7,8	165
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	7,9	317
Öxnadalsheiði	25	9,1	364
Dalvík-Ólafsfjörður	18	3,6	200
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	13,4	92
Vopnafjarðarheiði	51	5,1	100
Fjarðarheiði	24	8,1	339
Oddsskarð	23	8,3	361
Vegið meðaltal			215

Á töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 2003. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan	Febr	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	% af 365 d.	Snjóm. dagar
Fróðárheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	52
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	23
Kletthás	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	2	3	8	2	23
Hálfdán	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	80
Dynjandisheiði	2	9	17	5	0	0	0	0	0	0	1	11	45	12	22
Hrafnseyrarheiði ...	9	16	15	0	0	0	0	0	1	1	2	16	60	16	36
Steingrímsfjarðarheiði	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	105
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	101
Vatnsskarð-nyrðra ..	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	39
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	43
Lágheiði	16	12	5	0	0	0	0	0	0	1	5	22	61	17	1
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	121
Dalvík-Ólafsfjörður .	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	83
Hólssandur	31	5	4	5	1	0	0	0	2	4	5	4	61	17	0
Öxarfjarðarheiði	17	5	0	0	3	0	0	0	0	5	5	4	39	11	0
Sandvíkurheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	24
Vopnafjarðarheiði ...	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	31
Möðrudalsöræfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	41
Hellisheiði-eystri ...	16	12	7	4	4	0	0	0	0	2	4	15	64	18	16
Vatnsskarð-eystra ...	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	42
Fjarðarheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	136
Oddskarð	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	122
Breiðdalsheiði	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1	36


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu á helstu þjóðvegum landsins 2003.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kaflaskipting.
Kaflaskipting.
Vegna hættu á slitlagskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 528/1998, í 827 daga á 81 vegkafla, þar af voru 49 kaflar takmarkaðir 10 sinnum eða sjaldnar, 31 kaflar takmarkaðir í 11-30 daga og 2 vegkaflar oftar en 30 sinnum.

4.1.3.5. Almenningssamgöngur

Fjárveiting í vegáætlun 2003 til almenningssamgangna var 949 m.kr. Auk þess fengust 100 m.kr. í fjáraukalögum, þannig að fjárveitingar voru samtals 1.049 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til reksturs á ferjum og flóabátum, afborganir af ferjulánum til ríkissjóðs, styrkir til áætlunarflugs til fámennra staða og styrkir til sérleyfa á landi.

4.1.3.5.1 Ferjur og flóabátar

Fjárveiting í vegáætlun til þessa liðar árið 2003 var 658 m.kr. Í fjáraukalögum fengust auk þess 50 m.kr. til að greiða niður hluta af skuld frá fyrra ári. Heildarútgjöld voru 653,3 m.kr. eða 54,7 m.kr. minni en fjárveitingar og fara þær til að lækka skuld frá fyrri árum á þessum lið að fjárhæð 159,6 m.kr., þannig að enn stendur eftir skuld til næsta árs að fjárhæð 104,8 m.kr. Stærsti hluti þessarar skuldar er til kominn vegna ákvörðunar samgönguráðherra um að fjölga ferðum Herjólfs á árinu 2002 og frá árinu 2001 stóð eftir skuld sem var að stórum hluta vegna yfirtöku á ferjufélögum á árinu 2001.

Árið 2003 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Allar ferjuleiðir hafa verið boðnar út nema ein en það er Mjóafjarðarferja.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2003 voru þessi lán vegna tveggja ferja. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, þá nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi eru þessar greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Ferjuleið	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	250,0	167,4	13,6	431,0
Breiðafjarðarferja, Baldur	40,0	72,8	6,5	119,3
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki	0,0	5,6	0,9	6,5
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	40,4	7,0	47,4
Grímseyjarferja, Sæfari	0,0	35,0	3,4	38,4
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	5,6	0,1	5,7
Norðurfjarðarflutningar	0,0	0,6	0,0	0,6
Sameiginlegt	0,0	0,0	4,4	4,4
Samtals	290,0	327,4	35,9	653,3

4.1.3.5.2. Áætlunarflug

Fjárveiting í vegáætlun var 131,0 m.kr. Heildarútgjöld á árinu 2003 voru rúmlega 116,5 m.kr. eða 14,5 m.kr. minni en fjárveitingar, sem verða geymdar til næsta árs auk 10,8 m.kr. frá árinu 2002.

Vegagerðinni var falin umsjón með styrktum leiðum í innanlandsflugi í maí árið 2001. Styrktar áætlunarleiðir voru 9 á árinu 2003.

Eftirfarandi leiðir eru styrktar:

1. Reykjavík-Bíldudalur-Reykjavík, lágmark 6 ferðir á viku allt árið
2. Ísafjörður-Bíldudalur-Ísafjörður, lágmark 3 ferðir á viku, 1. desember - 30. apríl
3. Reykjavík-Gjögur-Reykjavík, lágmark 2 ferðir á viku allt árið
4. Akureyri-Grímsey-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku allt árið
5. Akureyri-Vopnafjörður-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
6. Akureyri-Þórshöfn-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
7. Akureyri-Egilsstaðir-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku, 1. október - 30. apríl
8. Akureyri-Ísafjörður-Akureyri, lágmark 4 ferðir á viku allt árið
9. Reykjavík-Höfn-Reykjavík, lágmark 7 ferðir á viku allt árið

4.1.3.5.3 Sérleyfi á landi

Fjárveiting í vegáætlun var 160 m.kr. Í fjáraukalögum fengust auk þess 50 m.kr. til að greiða niður skuld frá fyrra ári. Heildarútgjöld voru rúmlega 151,9 m.kr. eða 61,1 m.kr. minni en fjárveitingar og fara þær upp í skuld frá fyrra ári á þessum lið að fjárhæð 52,9 m.kr. Þannig að eftir stendur innistæða til næsta árs að fjárhæð 5,2 m.kr.

Á árinu 2003 styrkti ríkið 16 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu. Þjónustusamningar hafa verið gerðir við sérleyfishafana.

Í september 2001 tóku gildi ný lög um fólksflutninga (nr. 73/2001), þar sem fram kemur að bjóða skuli út sérleyfisleiðir í síðasta lagi 1. ágúst 2005 en fram að þeim tíma skuli gera þjónustusamninga við sérleyfishafa.

4.1.3.6. Rannsóknir

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2003 nam fjárveitingin 105 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin.

Vegyfirborð

Yfirborðsmerkingar, skilgreining gæðakrafna
Samnorrænar tilraunir með endurskinsefni

Tæki og búnaður

Athugun á niðurstöðum umferðargreina
Mælitækni til stýringar á þungatakmörkunum
Rannsóknarverkefni um stjórnkerfi í vegaþjónustu
Röra-vegrið á snjóastaði
Ræsarör, könnun á endingu, samanburður mismunandi efnistegunda

Brýr og steinsteypa

Lekt steinsteypu
Steinsteypa rannsökuð án sýnatöku
Rekstur jarðskjálfta- og hröðunarmæla í brúm
Notkun nýrrar gerðar af burðarþolstrefjum í steypu
Steinsteypunefnd
Sjálfútleggjandi steypa í brúargerð

Vatnafar, snjór, jöklar og jökulhlaup

Breytingar á farvegi Skeiðarár í hlaupinu í nóvember 1996
Landris í nágrenni Vatnajökuls
Íssjármælingar á Kötlujökli
Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla

Rekstur vatnshæðarmæla
Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi
Setmyndun á sporði Skeiðarárjökuls
Jökulhlaupaset í farvegi Jökulsár á Fjöllum
Innri gerð setmyndana sem mynduðust í Kötluhlaupi 1918
Fláajökull og Hólmsá. Áhrif náttúrlegra og mannlegra ferla á ástand lands á sl. öld.
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Staðbundin skaflamyndun vegna skafrennings á vegum
Þróun Grímsvatna, eldgos, jarðhiti og vatnssöfnun

Umferðaröryggi

Umferðaröryggi að- og fráreina
Úttekt óhappa á T-vegamótum
Áhrif Hvalfjarðarganga á umferðaröryggi
Þróun umferðarhraða á þjóðvegum landsins
Upplýsingar um náttúruvá á þjóðvegum
Rannum
Áfengisneysla og akstur á Íslandi
Áhrifaþættir meiðsla í umferðarslysum: Munur á meiðslum ökumanna jeppa- og fólksbifreiða
Bifhjólaslys á Íslandi 1991-2000
Sjálfbær upplýst umferðarmerki með endurskini
Umferðarslys á gatnamótum
Umferðarfræðsla í grunnskóla sem hluti af lífsleikni
Slysatíðni breyttra jeppa
Umferðarslys og vindafar
Miðflóttaaflsmælingar beygja í vegakerfi Íslands
Aksturssaga ungra ökumanna: Hætta á umferðaróhöppum að teknu tilliti til ökutíma í umferð
Könnun á skyndihjálparfræðslu í grunnskólum
Ljósvaki
Útafakstursvegalengd bifreiða
Áhrif umferðareftirlits lögreglu á umferðarhraða
Könnun á beltanotkun á landsvísu
Hverjir aka um þjóðveginn? (Hvenær, hvers vegna, hvaðan, hvert)
Vefsíða fyrir hraðaútreikninga bifreiða sem lenda í árekstri

Samgöngu- og umferðarrannsóknir, arðsemi og fjármál

Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuþróun á Vesturlandi
Búnaður til gjaldtöku
Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg þróun matsaðferða. Áfangi III - lokaáfangi
Hringtorg - hönnun, rýmd og hermun
Katla: Könnun á kostnaði við landsamgöngur í kjölfarið á umbrotum

Umhverfismál

Endurheimt votlendis
Votlendi og vegagerð
Samsetning svifryksmengunar í Reykjavík
Gróður með vegum
Umhverfismat vegáætlunar á Norðurlandi eystra
Mat á gagnsemi uppgræðslu á Mýrdalssandi með tilliti til sandfoks og lokun þjóðvegar.
Umhverfis-, öryggis og heilsumál í útboðsgögnum

Notkun tilfallandi lífrænna úrgangsefna til uppgræðslu á aflögðum malarnámum.
Fuglalíf í Dýrafirði og Önundarfirði

Jarðtækni

Ysjun, rannsókn setlaga á Suðurlandi
Notkun styrkts jarðvegs í mannvirki í vegagerð
Kortlagning á sigi á Siglufjarðarvegi um Almenninga

Steinefni, burðarlög og slitlög

HVS-Ísland: Athugun á svörunarmælingum
Þróun námukerfis - námufrágangur
Slitmælingar 2003
Samanburður slitlagsefna Vestfjörðum
Fínefni í malarslitlög
Rannveg, nefnd um rannsóknir í vegagerð
NVF-34 Samanburður á efniskröfum Norðurlanda og CEN kröfum
Evrópskar samanburðarrannsóknir á frostþoli, Nordtest
Steinefnabanki
Evrópustöðlun á nýju frostþolsprófi með saltlausn
Burðarþolshönnun vega með greiningaraðferðum
Dynamisk þríásapróf (skriðpróf) á bikbundnum efnum
Gyratory-þjappa fyrir bikbundin efni
Mæling á kornastærðardreifingu fínefna (<0,063 mm)
Bikþeyta til festunar
Samanburður þríásaprófs, stórs stálhólks og CBR-prófs
Bikþeyta til klæðinga

Upplýsingatækni og hugbúnaðargerð

Hagnýting umferðargagna

Ýmis verkefni

Háskólasetur á Hornafirði
Erlent rannsóknarsamstarf
Kynningarstarf
Verkfræði á Íslandi í 100 ár. Bók um brýr og brúargerð á Íslandi.
Orðanefnd byggingarverkfræðinga


Átaksverkefni þar sem lögð var áhersla á rannsóknir á slitlögum, burðarlögum og steinefnum í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, lauk að mestu í árslok 2000. Við tók umfangsmikið samstarf á sviði rannsókna umferðaröryggismála og mun Vegagerðin leggja um 1/5 hluta af tilraunafé sínu árin 2001-2005 í þann málaflokk. Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) var stofnað í desember 2000. Í ráðinu sitja fulltrúar þeirra aðila sem óska eftir að taka þátt í þessu samstarfi og leggja til þess fé eða faglega þekkingu. Gert er ráð fyrir að starfið standi í fimm ár og að þeim tíma liðnum verði staða mála endurmetin. Hlutverk og markmið RANNUM er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys hér á landi, að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan og leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera rannsóknir þannig faglegri og markvissari. Meðal stofnfélaga er Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Umferðarráð og Ríkislögreglustjóri, ásamt fleiri aðilum.

4.1.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA


Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar var um að ræða gerð vega, bílastæða og göngustíga á Þingvöllum og gerð reiðvegar með Þingvallavegi. Hins vegar voru mannvirki vegna gönguleiða þ.e. göngubrýr, tröppur og pallar úr timbri og stáli. Stór hluti mannvirkja var fjarlægður að hátíð lokinni.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Þingvallanefnd 1998	4
Þingvallanefnd 1999	66
Þingvallanefnd 2000	20
Lagt til af viðhaldsfé 2000	25
Fjáraukalög 2000	2
Flutt af 36-02	8
Lagt til af viðhaldsfé 2001	30
Lagt til af viðhaldsfé 2002	30
Lagt til af viðhaldsfé 2003	11
Samtals	195

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og verklok voru 15. júlí 2000.

Verktaki: Völur hf., Reykjavík og GR verktakar, Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	68
2000	148
2001	-28
Samtals:	195

Skýringar: Fjárveitingar eru utan vegáætlunar. Verkið varð dýrara vegna aukningar í stígagerð og timburmannvirkjum auk annarra framkvæmda sem ekki var séð fyrir. Á árinu 2001 var bakfært álag á framkvæmdir á árunum 1998-2000.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e2 Hafravatnsvegur - Breiðholtsbraut

Umfang verks: Gerð tvöfalds hringtorgs á gatnamótum Hringvegar og Breiðholtsbrautar ásamt aðlögun Breiðholtsbrautar að torginu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 62 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af 1-e1	38
Lagt til af viðhaldsfé 2002	28
Vegáætlun 2003 Óráðstafað	5
Samtals	71

Verkframvinda: Verk hófst í júní 2002 og lauk í september 2002.

Verktaki: Loftorka ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
2002	71

e3 gatnamót við Nesbraut

Umfang verks: 1. áfangi mislægra gatnamóta Hringvegar og Nesbrautar ásamt römpum og brúm. Einnig lagfæringar í gjá á Hringvegi við Bæjarháls.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2003 Höfuðborgarsvæðið	140
Samtals	160

Verkframvinda: Unnið að hönnun en framkvæmdum frestað til 2004.

f2 gatnamót við Víkurveg

Umfang verks: Verkið felst í að byggja fyrri brú yfir Hringveg, leggja Víkurveg að og frá brúnni með hringtorgi, ljósagatnamótum og tilheyrandi römpum, byggja stoðveggi og undirgöng undir rampa, gera settjörn við Víkurveg, færa lagnir Orkuveitu Reykjavíkur og leggja vatnslögn í rampa.

Framkvæmdaform: Útboð

Kostnaðaráætlun: 305 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	20
Flutt af gatnamótum við Nesbraut	12
Vegáætlun 2001	204
Vegáætlun 2002	100
Vegáætlun 2003 Höfuðborgarsvæðið	31
Samtals	367

Verkframvinda: Verkið var boðið út 2001 og lauk því í júlí 2002.
Verktaki: Jarðvinna, Jarðvélar sf., Reykjavík. Brúargerð, Sveinbjörn Sigurðsson ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	219
2002	147
2003	1
Samtals	367

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Viðbótarverk var gerð göngustígs frá undirgöngum í rampa að Korpu.

f2-f3 Víkurvegur - Skarhólabraut, breikkun
Umfang verks: Tvöföldun Hringvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ, lengd 3,5 km, ásamt tveim hringtorgum og tveim brúm á Korpu.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	24
Viðbótarfé	100
Samtals	124

Verkframvinda: Unnið var að hönnun verksins, en framkvæmdum frestað til 2004.

f3 gatnamót við Skarhólabraut
Umfang verks: Gerð hringtorgs á mótum Hringvegar og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2001	10
Lagt til af viðhaldsfé 2002	10
Flutt af 1-e1	3
Vegáætlun 2002	50
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	11
Samtals	84

Verkframvinda: Haustið 2001 var boðinn út fyrri áfangi verksins, þ.e. ferging í vegstæði, og lauk honum í byrjun júní 2002. Síðari áfangi, gerð hringtorgsins ásamt aðliggjandi tengingum, var boðinn út í júní 2002. Framkvæmdir við síðari áfanga hófust í byrjun september og lauk í nóvember 2002. Kostnaður á árinu 2003 er vegna lokauppgjörs við verktaka.
Verktaki: Fyrri áfangi, Arnarverk ehf., Kópavogi. Síðari áfangi, Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	13
2002	60
2003	11
Samtals	84

f3 í Mosfellsbæ
Umfang verks: Á árunum 1997-8 var lagður var nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum. Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Óráðstafað	39
Vegáætlun 1996	29
Vegáætlun 1998	210
Vegáætlun 1999	35
Vegáætlun 2000	42
Vegáætlun 2002	16
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	34
Samtals	405

Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var vegurinn opnaður 1998. Á árinu 2001 var lagt efra lag malbiks og axlir malbikaðar.
Verktaki: Vegagerð, Völur hf., Reykjavík. Efra lag malbiks, Loftorka Reykjavík ehf.

Kostnaður:	m.kr.
1997	54
1998	277
1999	11
2000	5
2001	58
Samtals:	405

Skýringar: Verkið varð dýrara vegna

mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Kostnaður á árinu 1999 er vegna veglýsingar og frágangs. Kostnaður á árinu 2000 er vegna undirbúnings lagningar á efra malbikslagi.

40 Hafnarfjarðarvegur
02 rampi í Kópavogi
Umfang verks: Breikkun eystri akbrautar í Kópavogsgjá ásamt lengingu aðreinar af Digranesvegi til norðurs.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	50
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2003	
Göngubrýr og undirgöng	15
Samtals	75

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2002 og áætluð verklok í nóvember 2002. Vegna byggingarframkvæmda við hús yfir Kópavogsgjá á þessum kafla urðu tafir á verkinu, en því lauk að mestu í byrjun desember 2002. Lokafrágangur verksins var unninn í apríl 2003.
Verktaki: Arnarverk ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	9
2002	32
2003	4
Samtals	45

Skýringar: Á árinu 2001 var greidd skuld við Kópavogsbæ vegna hringtorgs við gatnamót rampans af Hafnarfjarðarvegi að Hamraborg. Eftir er að koma fyrir endanlegri lýsingu undir húsi sem byggt var yfir gjána.

41 Reykjanesbraut
11 gatnamót við Stekkjarbakka
Umfang verks: Um er að ræða gerð mislægra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka. Til framkvæmdanna telst gerð tveggja brúa á Stekkjarbakka yfir Reykjanesbraut, gerð göngubrúar yfir Reykjanesbraut, gerð undirganga undir Stekkjarbakka auk allrar vega- og stígagerðar og landmótunar sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu endanlega.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 873 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	30
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	545
Göngubrýr og undirgöng	30
Bráðbirgðalán 2003	125
Samtals	730

Verkframvinda: Verkið var boðið út í febrúar 2003 og voru gatnamótin opnuð formlega 11. október 2003. Verklok eru áætluð í byrjun júlí 2004
Verktaki: Jarðvélar ehf, Reykjavík

Kostnaður:	m.kr.
2003	730

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Orkuveitu Reykjavíkur. Fjárveiting er vegáætlun 2004

11 gatnamót við Breiðholtsbraut
Umfang verks: 1. áfangi. Á árinu 2000 var gerð bráðabirgðatenging Breiðholtsbrautar við Reykjanesbraut vegna 2. áfanga þ.e. mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar sem kom til framkvæmda 2001. Um er að ræða gerð mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar og Reykjanesbrautar með gerð brúar yfir Reykjanesbraut, gerð brúar á Breiðholtsbraut yfir Álfabakka, gerð undirganga fyrir gangandi umferð undir Dalveg, Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut ásamt tilheyrandi vegagerð, stígagerð og landmótun.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi	58 m.kr.
2. áfangi	990 m.kr.
Samtals	1.048 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	21
Vegáætlun 2001	808

Vegáætlun 2002	280
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	95
Göngubrýr og undirgöng	30
Flutt af 41-12	58
Bráðabirgðalán 2003	6
Samtals	1.298

Verkframvinda: 1. áfangi bráðabirgðatengingar var boðinn út í ágúst 2000 og verklok febrúar 2001. 2. áfangi var boðinn út í desember 2000 og voru gatnamótin opnuð formlega 8. október 2001. Verklok voru í júlí 2002.
Verktaki: 1. áfangi, Háfell ehf., Reykjavík. 2. áfangi, Ístak hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	40
2001	1.073
2002	179
2003	6
Samtals	1.298

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Uppgjöri er ekki lokið.

12 - 13. Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika og gerð ljósastýrðra gatnamóta við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	250
Viðbótarfé	200
Flutt á 41-11	-58
Samtals	392

Verkframvinda: Á árinu 2003 var unnið að hönnun, en framkvæmdum frestað til 2004. Frekari fjárveitingar í vegáætlun 2004-2006.

14 Kaplakriki - Lækjargata
Umfang verks: Til framkvæmdanna telst breyting Reykjanesbrautar í 4 akreinar frá Álftanesvegi að Lækjargötu, gerð hringtorga við Flatahraun og Lækjargötu, gerð tveggja nýrra undirganga, endurbygging efsta hluta Lækjargötu með nýju hringtorgi við Hringbraut auk stígagerðar og landmótunar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Viðbótarfé	100

Verkframvinda: Unnið var að hönnun verksins en framkvæmdum frestað til 2004.

14 Lækjargata - Kaldárselsvegur
Umfang verks: Um er að ræða færslu Reykjanesbrautar frá Lækjargötu að Ásbraut, gerð mislægra gatnamóta við Kaldárselsveg ásamt vega- og stígagerð um gatnamótin. Einnig bygging göngubrúar yfir Reykjanesbraut og undirganga undir hana.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 1.050 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	359
Vegáætlun 2002	330
Vegáætlun 2003	
Höfuðborgarsvæðið	150
Samtals	839

Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2003 og áætluð verklok eru í júlí 2004. Í lok árs 2003 var lokið um 65% verksins.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	38
2003	426
Samtals	464

Skýringar: Kostnaður á árinu 2001 er vegna kaupa á fasteignum á vegsvæði. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004.

49 Nesbraut
04 Kringlumýrarbraut - Bjarkargata
Umfang verks: Færsla Hringbrautar frá Rauðarárstíg að Tjörninni (Þorfinnstjörn) og aðlögun við aðliggjandi

götur. Einnig breytingar á núverandi Hringbraut og tengingar við hana og gerð göngubrúa.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af 49-03 3
Vegáætlun 2001 54
Vegáætlun 2002 130
Vegáætlun 2003
Höfuðborgarsvæðið 50
Viðbótarfé 200
Samtals 437
Verkframvinda: Unnið var að hönnun verksins, en framkvæmdum frestað til 2004.

410 Elliðavatnsvegur
Umfang verks: Endurbætur á 3,3 km kafla á Elliðavatnsvegi frá Vífilsstaðavegi að malbiksenda í Vatnsendahverfi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2003 36
Verkframvinda: Gerð var tilraun með lögn á bikþeytumalbiki á árinu 2002. Á árinu 2003 var lagt seinna lag klæðingar á tilraunakaflann.
Verktaki: Arnardalur sf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2002 21
2003 15
Samtals 36

411 Arnarnesvegur
05 Reykjanesbraut - Elliðavatnsvegur
Umfang verks: Lögn tveggja akreina Arnarnesvegar um Leirdal frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi og bygging þrennra undirgangna. Einnig mótun og frágangur hljóðmana og göngu- og reiðstíga á svæðinu.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 100
Verkframvinda: Unnið var að hönnun verksins, en framkvæmdum var frestað til 2004.

413 Breiðholtsbraut
01 Hringvegur - Jaðarsel
Umfang verks: Gerð nýrra, stefnugreindra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Vatnsendahvarfs í Kópavogi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 27 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðbirgðalán 2003 26
Verkframvinda: Verk hófst í apríl 2003 og lauk í september 2003. Uppgjöri ekki lokið.
Verktaki: Jarðvélar ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
2003 26

445 Sundagarðar
Umfang verks: Gerð hringtorgs ásamt endurbótum á akreinaskiptingu.
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Reykjavíkurborgar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegaáætlun 2003
Óráðstafað 13
Verkframvinda: Í samvinnu við Reykjavíkurborg var á árinu 2002 gert hringtorg móts við innkeyrslu að nýju vöruhóteli Eimskips og akreinaskipting endurbætt.
Kostnaður: m.kr.
2002 13
Skýringar: Kostnaður er hlutdeild Vegagerðarinnar í verkefninu.

450 Sundabraut
Sundabraut, undirbúningur
Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík og undirbúningi mats á umhverfisáhrifum í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 20
Vegáætlun 1999 41
Vegáætlun 2000 41
Vegáætlun 2001 54
Vegáætlun 2002 50

Vegáætlun 2003
Höfuðborgarsvæðið 50
Samtals 256

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
2001	6
2002	9
2003	40
Samtals	157

Göngubrýr og undirgöng

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrra ári	15
Vegáætlun 2003 Höfuðborgarsvæðið	60
Flutt á 41 - 11,Stekkjarbakki	-30
Flutt á 41 - 11,Breiðholtsbraut	-30
Flutt á 40-02, rampi í Kópavogi	-15
Samtals	0

Smærri verk og óráðstafað

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri ára	30
Vegáætlun 2003 Höfuðborgarsvæðið	60
Flutt á ýmis verk	-90
Samtals	0

Umferðarstýring

Fjármögnun:

Vegáætlun 2003	m.kr.
Höfuðborgarsvæði	20

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Vesturland

1 Hringvegur

g0 göng - Akrafjallsvegur

Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	200
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	75
Vegáætlun 2001	63
Vegáætlun 2002	63
Vegáætlun 2003 Stórverkefni	60
Samtals	964

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999-2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árunum 2001-2002 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili og að Fellsendavegi og árunum 2002-2003 var gert við missig á vegfyllingu á Hringvegi og Akrafjallsvegi.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
2001	19
2002	26
2003	21
Samtals	961

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2003 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 16 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar.

g7 Borgarnes
Umfang verks: Bygging hringtorgs á vegamótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 59 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	16
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	34
Bráðabirgðalán 2003	9
Samtals	59

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2002 og hófust framkvæmdir í nóvember. Verkinu lauk í júlí 2003.
Verktaki: Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	13
2003	46
Samtals	59

50 Borgarfjarðarbraut
02-03 Andakílsá - Kleppjárnsreykir
Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt byggingu á 88 m langri brú á Grímsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.
Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	69
Vegáætlun 2000	86
Fjáraukalög 2000	3
Vegáætlun 2001	70
Vegáætlun 2002	42
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	8
Bráðabirgðalán 2003	87
Samtals	534

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Haustið 2000 var lokið við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti og að Hnakkatjarnarlæk. Á árinu 2001 var lokið við byggingu vegar frá Hesti og að Andakílsá ásamt 3,2 km kafla á Skorradalsvegi. Á árinu 2002 var unnið að lokafrágangi og lögn slitlags.
Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur - Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
2000	205
2001	130
2002	16
2003	1
Samtals	534

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Kostnaður á árinu 2003 var vegna viðgerða á sigsvæðum og breytingar á áningarstað við Götuás. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004 og 2005.

54 Snæfellsnesvegur
08 um Staðará
Umfang verks: Ný brú byggð í stað einbreiðrar brúar á Staðará og hún tengd.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 53 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Til brúagerðar	48
Tengivegir	5
Samtals	53

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í maí og var brúin opnuð fyrir umferð í ágúst.
Verktakar: Bygging brúar, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Tenging brúar, Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2003	40

10 Fróðárheiði
Umfang verks: Endurbygging vegar á 2,5 km löngum kafla á Fróðárheiði frá Miðfellsgili að Valavatni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	16
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	29
Samtals	45

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní 2003 og hófust framkvæmdir í október. Áætluð verklok eru í ágúst 2004.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.

Kostnaður:	m.kr.
2003	7

15 Kolgrafafjörður
Umfang verks: Bygging 7,3 km langs vegar um Kolgrafafjörð ásamt 230 m langri brú á fjörðinn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 860 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	21
Flutt á Vatnaleið 2003	-12
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	180
Bráðabirgðalán 2003	264
Samtals	453

Verkframvinda: Á árunum 2001-2002 var unnið að rannsóknum og undirbúningi. Verkið var boðið út í febrúar 2003 og hófust framkvæmdir í maí það ár. Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að ljúka verkinu haustið 2005 en samið hefur verið um flýtingu framkvæmdarinnar til haustsins 2004.

Kostnaður:	m.kr.
2001	8
2002	7
2003	438
Samtals	453

Skýringar: Kostnaður 2001 og 2002 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafafirði. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004-2006.

56 Vatnaleið
Umfang verks: Bygging 16,3 km langs vegar um Vatnaleið frá Snæfellsnesvegi við Vegamót og að Snæfellsnesvegi í Helgafellssveit. Vegurinn leysir af hólmi veg um Kerlingarskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 320 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	10
Vegáætlun 2000	137
Fjáraukalög 2000	3
Flutt af Búlandshöfða 2000	22
Vegáætlun 2001	170
Vegáætlun 2002	10
Flutt af Kolgrafafirði 2003	12
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	37
Bráðabirgðalán 2003	4
Samtals	405

Verkframvinda: Verkið var boðið út í

apríl 2000 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verkinu lauk að mestu í nóvember 2001 en lokafrágangur var unninn á árinu 2002.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1998	4
1999	6
2000	157
2001	184
2002	50
2003	4
Samtals	405

Skýringar: Kostnaður á árinu 2003 er vegna frágangs á Kerlingaskarðsvegi, byggingu áningarstaðar og greiðslu landbóta.

60 Vestfjarðavegur
01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 90 m.kr. 2. áfangi: 436 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	56
Vegáætlun 2000	56
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	78
Vegáætlun 2002	250
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	83
Bráðabirgðalán 2003	128
Samtals	653

Verkframvinda: Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust snemma árs 2001 og þeim lauk í september 2003.
Verktaki: 1. áfangi, Tak ehf., Borgarnesi. 2. áfangi, Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1999	13
2000	78
2001	58
2002	193
2003	311
Samtals	653

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

506 Grundartangavegur
01 Hringvegur - Hafnarsvæði
Umfang verks: Bygging á nýjum 2,1 km löngum vegi að verksmiðjusvæði á Grundartanga.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Orku- og iðjuvegir	30

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2003. Verklok eru áætluð í september 2004.
Verktaki: Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	1

Skýringar: Verkið hefur tafist vegna skipulagsmála. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í febrúar 2004.

508 Skorradalsvegur
02 Dragavegur - Hvammur
Umfang verks: Endurbygging á 1,3 km kafla Skorradalsvegar frá Dragavegi að Vatnsenda.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-19
Vegáætlun 2003	
Tengivegir	35
Bráðabirgðalán 2003	4
Samtals	20

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2003. Verklok voru í september 2003.
Verktaki: Þróttur ehf., Skilmannahreppi.

Kostnaður: m.kr.
2003 20
Skýringar: Hluti fjárveitingar var notuð til greiðslu skulda frá fyrri áfanga Skorradalsvegar.

513 Bæjarsveitarvegur
Umfang verks: Vegurinn sem er 2,4 km að lengd var endurbyggður og lagður bundnu slitlagi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 25
Verkframvinda: Framkvæmdin var boðin út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í mars. Verkinu lauk í september, nema að eftir er að leggja seinna lag klæðingar sem var frestað til næsta árs.
Verktakar: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
2003 25

531 Borgarbraut
Brákarsund
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 5
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skulda.

574 Útnesvegur
04 Hella - Hellissandur
Umfang verks: Verkið er unnið í tveimur áföngum. Endurbygging á 3,7 km löngum kafla á Útnesvegi frá Móðulæk að Gufuskálum og endurbygging á 6,8 km löngum kafla á Útnesvegi frá Saxhóli að Móðulæk.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 92 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 5
Vegáætlun 2003
Tengivegir 15
Ferðamannaleiðir 31
Bráðabirgðalán 2003 43
Samtals 94
Verkframvinda: Fyrri áfangi var boðinn út í júní 2002 og lauk um haustið. Síðari áfangi var boðinn út í apríl 2003 og lauk um haustið.
Verktaki: Stafnafell ehf., Snæfellsbæ.
Kostnaður: m.kr.
2002 26
2003 68
Samtals 94
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

586 Haukadalsvegur
01 Vestfjarðavegur - Smyrlahóll
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 4
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar frá árinu 2000.

589 Sælingsdalsvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 2
Skýringar: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar frá árinu 2000.

5710 Arnarstapavegur
Umfang verks: Endurbætur á aðkomu að Arnarstapahöfn.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 4
Kostnaður: m.kr.
2003 4
Verktaki: Verkið var unnið af Hafnarsjóði Snæfellsbæjar.
Skýringar: Kostnaður er vegna kostnaðarhlutdeildar Vegagerðarinnar við endurbætur á aðkomu að Arnarstapahöfn.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

10 og 21 Gilsfjörður

Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1993	16
Vegáætlun 1994	27
Vegáætlun 1995	65
Vegáætlun 1996	124
Vegáætlun 1997	181
Vegáætlun 1998	394
Vegáætlun 1999	76
Vegáætlun 2000	30
Vegáætlun 2001	26
Vegáætlun 2002	26
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	21
Samtals	986

Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október 1998. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.

Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1993	10
1994	2
1995	32
1996	248
1997	280
1998	361
1999	38
2000	4
2001	1
2002	5
2003	4
Samtals	985

Skýringar: Kostnaður árin 2000-2003 er vegna umhverfisrannsókna. Að öðru leyti eru fjárveitingar notaðar til greiðslu skulda. Síðasta lota rannsókna á staðnum var á síðasta ári en úrvinnslu lýkur ekki fyrr en 2004.

23 Reykhólasveit, breikkun

Umfang verks: Um er að ræða breikkun á slitlagi á 9 km löngum kafla, frá Kletti að Klukkufelli og frá Reykhólasveitarvegi að Bjarkarlundi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	12
Af viðhaldi	9
Samtals	21

Verkframvinda: Verkið var unnið í september 2003.

Verktakar: Vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	21

60 Vestfjarðavegur

Stórverkefninu, Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2006, þar á meðal viðbótarfé 2003 og 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

29 Eyrará - Múli

Umfang verks: Um er að ræða nýjan kafla 3,16 langan ásamt nýrri 16 m langri brú á Múlaá og stálstokk í Eyrará.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 125 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Viðbótarfé	50

Verkframvinda: Í júní 2003 var verkið boðið út í tveimur útboðum. Bygging brúarinnar hófst í ágúst og lauk að mestu á árinu. Lítið eitt var byrjað á vegagerð. Verklok eru áætluð 2004

Verktakar: Brúargerð, Íslenskir verktakar ehf., Mosfellsbæ. Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík

Kostnaður:	m.kr.
2003	33

29-31 Múli - Vattarnes
Umfang verks: Um er að ræða 19,2 km langan kafla af nýjum vegi frá Múla í Kollafirði, um Kollafjörð, Klettsháls, Skálmarfjörð og á Vattarnes.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 547 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	38
Vegáætlun 2002	129
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	200
Viðbótarfé	150
Flutt til Kleifaheiðar 2003	-14
Samtals	503

Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í nóvember 2001. Verkið hófst í apríl 2002 og unnið var fram að jólum að verkinu. Árið 2002 lauk að miklu leyti gerð fyllinga og lögn neðra burðarlags frá Múla um Kollafjörð og yfir Klettsháls að brún að vestan, nema hvað 1 km langur kafli var eftir í botni Kollafjarðar. Samtals voru lagðir rúmir 12 km 2002 og kaflinn yfir hálsinn tekinn í notkun. Árið 2003 var haldið áfram af krafti og fékkst aukið framlag af viðbótarfé, þannig að hægt var að semja um flýtingu á verkinu. Búið er að leggja fyrra lag slitlags á allan kaflann nema 2 km austan til í Skálmardal. Eftir er auk þess síðara lag slitlags og frágangur.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.

Kostnaður:	m.kr.
2002	212
2003	266
Samtals	478

Skýringar: Á árinu 2003 voru 14 m.kr. færðar á Barðastrandarveg 62-04 um Kleifaheiði.

31 Vattarfjörður
Umfang verks: Lagt var slitlag á 5,6 km langan kafla frá Vattarnesi út undir Eiðið. Um helmingur kaflans var nýr og þurfti ekki endurbóta við en helmingurinn er um 20 ára gamall kafli sem þurfti allmiklar endurbætur.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 50 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Viðbótarfé	50

Verkframvinda: Samið var við verktaka kaflans Múli-Vattarnes um þetta verk, sem lengingu þess kafla. Lögn fyrra lags slitlags lauk í október, síðara lagið er eftir ásamt minniháttar frágangi.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.

Kostnaður:	m.kr.
2003	41

41 Ausuá
Umfang verks: Setja stálhólk í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	5

Verkframvinda: Ekki tókst að útvega efni í hólkinn fyrr en síðla hausts 2002, þannig að verkinu var frestað til 2003. Verkið var boðið í febrúar 2003 og lauk í júlí.
Verktaki: Græðir ehf., Flateyri.

Kostnaður:	m.kr.
2003	5

44 Gemlufallsheiði
Umfang verks: Fyrri hluti verksins sem hófst árið 1999 felst í endurlögn á 5,1 km löngum kafla frá Gemlufallsá upp á háheiðina, ásamt því að stálhólkur var settur í Gemlufallsá í stað einbreiðrar brúar. Síðari hluti verksins felst í nýlögn á 3,2 km löngum kafla af háheiðinni niður í Bjarnardal ásamt endurlögn og breikkun slitlags á 3 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Fyrri áfangi	61 m.kr.
Síðari áfangi	80 m.kr.
Samtals	141 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 51
Vegáætlun 2000 39
Vegáætlun 2002 5
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 53
Samtals 148
Verkframvinda: Framkvæmdir við fyrri áfanga hófust 1999 og var mestur hlutinn unninn þá, en árið 2000 var lagt slitlag á 1,8 km og unnið að frágangi. Framkvæmdir við nýlögn síðari áfanga hófust haustið 2000 og lauk honum haustið 2001. Einnig var lokið við endurlögn og breikkun slitlags í Bjarnardal.
Verktaki: Vegagerð, fyrri áfangi, Bergbrot ehf., Kópavogi. Síðari áfangi, Höttur sf., Hólmavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 54
2000 54
2001 39
2002 1
Samtals 148

61 Djúpvegur
09 Kollafjörður
Umfang verks: Endurlögn og nýlögn samtals 5,6 km frá Litla-Fjarðarhorni að Forvaða.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaræætlun: 98 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Eftirstöðvar frá kafla 21 8
Vegáætlun 2001 49
Vegáætlun 2002 31
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 4
Flutt frá kafla 10 3
Samtals 95
Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi, m.a. uppgreftri á fornleifum. Verkið var boðið út snemma árs 2001 og er gerð fyllingar og lögn neðra burðarlags lokið það ár. Slitlag var lagt og frágangi að mestu lokið síðla sumars 2002.
Verktaki: Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík. Lögn slitlags vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 4
2001 49
2002 42
Samtals 95

10 Forvaði - Þorpar
Umfang verks: Endurleggja á 6,4 km langan kafla með bundnu slitlagi. Meðal annars liggur kaflinn um Hvalsárhöfða og Grindarkrók þar sem óhöpp hafa verið tíð. Á þessum kafla þarf að fara út í sjó og koma fyrir nokkuð mikilli rofvörn.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 123 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða fyrri áfanga 16
Flutt á kafla 09 ..... -3
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 50
Almenn verkefni 8
Samtals 71
Verkframvinda: Verkið hófst í nóvember 2003 og eru verklok áætluð 2004.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2003 10

11 Leiðaval til suðurs frá Hólmavík
Umfang verks: Vinna að athugun og skýrslugerð um hvort fara eigi um Tröllatunguheiði eða suður Strandasýslu.
Framkvæmdaform: Samningar
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 5
Verkframvinda: Á þessu ári var gerð mikil umferðarkönnun og skýrsla um hugsanlega áhrif vegar um Tröllatunguheiði á samstarf byggðanna sitt hvoru megin heiðar.
Kostnaður: m.kr.
2003 2

24 Lágidalur, breikkun
Umfang verks: Breikkað slitlag á 7,4 km löngum kafla samfara styrkingu vegar og lagfæringu á snjóastað.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2003	19
Frá viðhaldi	26
Samtals	45

Verkframvinda: Verkið var unnið um mitt sumar 2003.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2003	45

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

61 Djúpvegur
Stórverkefninu, Ísafjarðardjúp, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2006, þar á meðal viðbótarfé 2003 til 2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Mörk svæðisins að utanverðu eru í Álftafirði.

31 Gilseyri - Kleifaós
Umfangs verks: Um er að ræða endurlögn 10 km löngum kafla. Legu vegarins er breytt á tveimur stöðum, í Gilseyrarbrekku og við Borg, en er svo til óbreytt að öðru leyti. Breikkaðar eru tvær stuttar brýr á Hvalskurðará og Rjúkandi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 178 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	19
Vegáætlun 2002	106
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	70
Viðbótarfé	30
Samtals	225

Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2002 og vinna hafin í ágúst. Lagfæringu á undirbyggingu og vinnslu efnis er lokið og einnig breikkun brúnna.
Verktakar: Vegagerð, Kubbur ehf., Ísafirði. Brúargerð, Græðir sf., Flateyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	8
2002	115
2003	102
Samtals	225

32-34 Kleifaós - Hestur
Umfang verks: Lagfæra á 3,5 km langan kafla og leggja á hann bundið slitlag. Endurgera þarf grjótvörn á mjög löngum köflum.
Framkvæmdaform: útboð
Kostnaðaráætlun: 550 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt til Þorskafjarðarheiðar	-11
Vegáætlun 2003	
Viðbótarfé	270
Samtals	256

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júní en hófst ekki fyrr en í ágúst. Unnið hefur verið að breikkun og grjótvörn í Hestfirði og eru þeir verkþættir langt komnir á 10 km kafla. Auk þess er búið að mylja efra burðarlag í 6 km kafla.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2003	114

35 Kambsnes - Álftafjarðabotn
Umfang verks: Um er að ræða breikkun og styrkingu á tveimur köflum. Þetta er gamall vegur sem styrktur var lítilega og lagt á hann einbreitt slitlag laust fyrir 1990. Annar kaflinn, 7,7 km, er um Sjötúnahlíð en hinn, 1 km að lengd, um Vatnshlíð
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 110 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Viðbótarfé	50

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2003 og hófst í desember, en ekkert var greitt á árinu.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

38 - 39 Súðavíkurhlíð
Umfang verks: Unnið var að breikkun rása á Súðavíkurhlíð
Framkvæmdaform: Samningur
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2003 2
Verkframvinda: Verkið var unnið sumarið 2003 á heppilegum tíma.
Verktaki: vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 2
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

45 Óshlíð
Umfang verks: Varnir gegn hruni. Unnið verður áfram að þessu verki 2004
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -2
Bráðabirgðalán 2003 4
Samtals 2
Verkframvinda: Verkið var unnið í sumar á heppilegum tíma.
Verktaki: vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 2
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

45 Hnífsdalur -Bolungarvík
Umfang verks: Um er að ræða nýjan kafla 1,2 km langan ásamt nýrri 16 m langri brú á Ósá. Setja á upp lýsingu með kaflanum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 79 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 79
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 9
Samtals 88
Verkframvinda: Vorið 2002 var verkið boðið út ásamt hækkun Syðridalsvegar (629). Verkið hófst á vordögum 2002 og gerð fyllingar ásamt byggingu brúar lauk það ár. Einnig var mulið efni í burðarlag. Lögn slitlags ásamt öðrum verkum lauk haustið 2003.
Verktaki: Vega- og brúargerð, Hólsvélar ehf., Bolungarvík. Mulningur efnis, Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 66
2003 22
Samtals 88

62 Barðastrandarvegur
03 Hlíð - Kleifaheiði
Umfang verks: Breikkað bundið slitlag á 6 km löngum kafla. Einnig var 1 km kafli hækkaður. Með þessum áfanga er komið samfellt tvíbreitt bundið slitlag frá Flókalundi til Patreksfjarðar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2003 13
Frá viðhaldi 9
Samtals 22
Verkframvinda: Verkið hófst sumarið 2003 og lauk í september.
Verktaki: vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 22
Skýring: Fjárveiting í vegáætlun 2004

04 Kleifaheiði
Umfang verks: Leggja nýjan veg yfir Kleifaheiði frá Siglunesvegi að Örlygshafnarvegi, 12,5 km.
Framkvæmdaform: Vegagerð og efnisvinnsla, útboð. Lögn slitlags samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri kafla ..... -7
Vegáætlun 2000 50
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2001 152
Vegáætlun 2002 49
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 41
Flutt af Vestfjarðavegi 14
Samtals 300

Verkframvinda: Vorið 2000 var boðinn út kafli Patreksfjarðarmegin 5 km að lengd og lauk þeim kafla 2001. Árið 2001 var boðinn út annar kafli Barðastrandarmegin 7,0 km og lauk þeim kafla í aðalatriðum haustið 2002. Kaflinn var vígður af samgönguráðherra 27. september sama ár. Árið 2003 var lagt síðara lag slitlags á 7 km.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Efnisvinnsla, Myllan ehf., Egilsstöðum. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	61
2001	146
2002	86
2003	7
Samtals	300

Skýringar: Umframkostnaður, 7 m.kr. við kafla 03 Kross - Litlahlíð á árinu 2001 er greiddur af fjárveitingum til Kleifaheiðar.

67 Hólmavíkurvegur
01 Skeiði - Höfðatún
Umfang verks: Endurlagður 400 m langur kafli, sett há fylling og stórt ræsi í Kálfaneslæk. Sett upp götulýsing á 500 m kafla á Hólmavíkurvegi og 450 m kafla á Djúpvegi við vegamótin.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags og veglýsing, samningur.
Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	21
Bráðabirgðalán 2003	7
Samtals	28

Verkframvinda: Verkið hófst í júní 2003 og lauk í september.
Verktaki: Vegagerð, Tígur ehf., Súðavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Veglýsing, Orkubú Vestfjarða hf.

Kostnaður:	m.kr.
2003	28

Skýring: Fjárveiting í vegáætlun 2004

608 Þorskafjarðarheiði
Umfang verks: Verkið er fólgið í því að bera ofan í 23 km langan veg um Þorskafjarðarheiði, afvatna og lagfæra lítilega.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun 2003: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Frá Ísafjarðardjúpi 2003	11
Frá viðhaldi	4
Samtals	15

Verkframvinda: Tekinn var fyrir 12 km kafla vestast á heiðinni. Verkið var unnið í júlí 2003.
Verktaki: vinnuflokkur Vegagerðarinnar

Kostnaður:	m.kr.
2003	15

612 Örlygshafnarvegur
02-04 Flugvallarvegur - Látrabjarg
Umfang verks: Endurlagður 2 km langur kafli um Vörðubrekku.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af 624	2
Vegáætlun 2002	4
Vegáætlun 2003	
Ferðamannaleiðir	6
Samtals	12

Verkframvinda: Verkið var unnið á haustdögum 2002.
Verktaki: vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2002	12

617 Tálknafjarðarvegur
03 um Sveinseyri
Umfang verks: Hækkaður og endurbyggður 1 km langur kafli um Sveinseyri og lagt á hann bundið slitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 13
Verkframvinda: Verkið hófst sumarið 2003 og lauk í september.
Verktaki: Stakkafell ehf., Patreksfirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 12

629 Syðridalsvegur
01 Djúpvegur - Geirastaðir
Umfang verks: Hækkaður og endurbyggður kafli 1,5 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 8
Verkframvinda: Verkið hófst á haustdögum 2002 og lauk haustið 2003. Verkið er hluti af útboðsverkinu á Djúpvegi um Ósá. Vegna tengsla verkanna var ekki mögulegt að ljúka verkinu 2002.
Verktaki: Hólsvélar ehf., Bolungarvík.
Kostnaður: m.kr.
2002 5
2003 3
Samtals 8

636 Hafnarvegur Ísafirði
01 Djúpvegur - Höfn
Umfang verks: Endurgerð vegamóta Hafnarvegar á Ísafirði (Pollgötu) og Djúpvegar (Skutulsfjarðarbrautar).
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 26
Vegáætlun 2000 5
Flutt af flóabátum 2001 14
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 18
Samtals 63
Verkframvinda: Árið 1999 var gengið frá 200 m löngum kafla á Hafnarvegi á Ísafirði (Pollgötu) og hann tengdur til bráðabirgða inn á Djúpveg (Skutulsfjarðarbraut). Árið 2000 var endurgerð grjótvörn á nokkrum kafla á Djúpvegi við vegamótin. Árið 2001 var lagt hringtorg á vegamótin.
Verktaki: Ýmsir verktakar og vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 27
2000 2
2001 34
Samtals 63
Skýringar: Fjárveiting árið 2003 var notuð til greiðslu skuldar.

643 Strandavegur
04-05 Ásmundarnes - Eyjar
Umfang verks: Nýlögn og styrking á 11,2 km kafla frá Ásmundarnesi yst í Bjarnarfirði að Eyjum. Sá hluti sem boðinn var út nú frá Ásmundarnesi að Illholti er 5,1 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun:
Ámundarnes - Illaholt 57 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrra verki 6
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 21
Smábrýr 2
Bráðabirgðalán 2003 16
Samtals 45
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2002 og hófst verkið i ágúst. Lokið var fyrir áramót að leggja burðarlag á kaflann. Mikil vinna er eftir við frágang og eftir er að leggja út malarslitlag og vinna efni á það. Áætlað er að þessum kafla ljúki 2004.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
2003 45
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

645 Drangsnesvegur
01 Reykjarnes - Drangsnes
Umfang verks: Nýlögn og að hluta endurlögn á samtals 2,2 km kafla um Hveravík frá Kleifum að Akranesi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 61 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -6
Vegáætlun 2002 22
Vegáætlun 2003
Tengivegir 41
Samtals 57
Verkframvinda: Verkið var boðið út vorið 2002 og lauk að mestu síðla hausts það ár. Lögn bundins slitlags var ekki inn í þessum fyrsta áfanga verksins. Gert er ráð fyrir lögn bundins slitlags eftir nokkur ár.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.
Kostnaður: m.kr.
2002 48
2003 2
Samtals 50
Skýringar:

Vegur í Tungudal
Umfang verks: Nýlögn vegar inn í Tungudal í Skutulsfirði að útivistarvæði þar. Verkið var algjörlega á vegum Ísafjarðarbæjar sem lagði fram verulegan hluta fjármagns.
Framkvæmdaform: útboð
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 4
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.
Verkframvinda: Verkið var unnið vorið og sumarið 2003.
Skýringar: Heildarkostnaður við verkið liggur ekki fyrir.

Norðurland vestra

1 Hringvegur
k8 Vatnsdalsá
Umfang verks: Í stað einbreiðrar brúar var byggð ný tvíbreið brú, 70 m löng. Einnig var vegur aðlagaður á 0,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, smíði stálbita og framleiðsla eininga, útboð. Bygging brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 121 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 45
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 69
Flutt frá Gljúfurá 8
Samtals 122
Verkframvinda: Lokið var við gerð bráðabirgðabrúar og bráðabirgðavegar á árinu 2002. Einnig var lokið við rif gömlu brúarinnar og gerð undirstaða fyrir nýja brú.
Gerð brúar og aðlögun vegar á 0,7 km löngum kafla lauk á árinu 2003.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi. Smíði forsteyptra eininga, Loftorka ehf., Borgarnesi. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 79
2003 43
Samtals 122

n0 Kjálkavegur - Fremrikot
Umfang verks: Endurbygging á 14 km löngum kafla um Norðurárdal í Skagafirði.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 10
Kostnaður: m.kr.
2003 10
Skýringar: Í tengslum við verkið Strandvegur á Sauðárkróki voru unnir 14.300 m^3 af rofvarnargrjóti á lager.

711 Vatnsnesvegur
02 Skarð - Hamarsá
Umfang verks: Nýbygging á 2,4 km löngum kafla á Vatnsnesvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 13
Verkframvinda: Verki lauk að mestu á árinu 2002 en lokafrágangur vegsvæða var unninn á árinu 2003.
Verktaki: SE verktakar ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður: m.kr.
2002 12
2003 2
Samtals 14

04 Tjarnará - Þórsá
Umfang verks: Endurbygging og styrking vegar á 10 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 30
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: B. Ásvaldur Benediktsson ehf., Hvammstanga.
Kostnaður: m.kr.
2003 18

714 Fitjavegur
02 Finnmörk - Miðfjarðarvegur
Umfang verks: Endurbygging vegar á 6,5 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 31 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Tengivegir 24
Ferðamannaleiðir 4
Bráðabirgðaláni 2003 5
Samtals 33
Verkframvinda: Verki lauk að mestu á árinu 2003 en lokafrágangur vegsvæða verður unninn á árinu 2004.
Verktaki: Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi.
Kostnaður: m.kr.
2003 33

74 Skagastrandarvegur
02 við Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná
Umfang verks: Endurbygging og færsla Skagastrandarvegar og breikkun einbreiðra brúa á Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná.
Framkvæmdaform: Brúargerð á Hallá, samningur. Vegagerð um Hallá og verkefnin um Hafursstaðaá og Hrafná, útboð.
Kostnaðaráætlun: 77 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 60
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 23
Samtals 83
Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2002. Fjárveiting á árinu 2003 var notuð til greiðslu skuldar.
Verktaki: Brúargerð á Hallá, vinnuflokkur Vegagerðarinnar, en Steypustöð Blönduóss ehf., Blönduósi vann aðra hluta verksins.
Kostnaður: m.kr.
1999 14
2000 68
Samtals 82

744 Þverárfjallsvegur
01-02 Þverá - Skagavegur
Umfang verks: 1. áfangi. Nýbygging á 12 km löngum kafla frá Þverá að Skagavegi. Umsamin verklok voru í september 2002.
2. áfangi. Nýbygging á 2,5 km löngum kafla frá Þverá að eyðibýlinu Skúfi. Umsamin verklok voru í september 2003.
3. áfangi. Nýbygging á 7 km löngum kafla frá Skagastrandarvegi að Skúfi og bygging 40 m langrar brúar á Laxá við Skrapatungu. Umsamin verklok eru í september 2004.
Kostnaðaráætlun: m.kr.
1. áfangi 309
2. áfangi 74
3. áfangi 251
Samtals 634
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 45
Vegáætlun 2000 45
Vegáætlun 2001 119
Vegáætlun 2002 177
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 150
Samtals 536

Verkframvinda: 1. áfangi. Verkið hófst í ágúst 2000 og var þá að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Einnig var unnið við gerð stálplöturæsis í Laxá. Á árinu 2001 var lokið við undirbyggingu alls kaflans og gerð neðra burðarlags á 5 km löngum kafla frá Skagavegi og vestur fyrir Illugastaði. Á árinu 2002 var verkinu að mestu lokið en eftir var lokafrágangur vegsvæðis og seinna lag klæðingar. 2. áfangi. Verkið hófst í október 2002 og lokið var við 80% af fyllingum það árið. Verki lauk á árinu 2003. 3. áfangi. Verkið hófst í júlí 2003 og lokið var að mestu við gerð fyllinga og búið er að leggja neðra burðarlag á 5 km. Búið er að byggja brúna á Laxá.
Verktaki: 1. áfangi, Suðurverk hf., Reykjavík. 2. áfangi, Norðurtak ehf., Sauðárkróki. 3. áfangi, Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	97
2001	90
2002	116
2003	197
Samtals	500

04 Strandvegur á Sauðárkróki
Umfang verks: Gerð rofvarnar á 1,1 km löngum kafla í þéttbýlinu innan Sauðarkróks og mótun framtíðarvegarstæðis.
Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	23
Bráðabirgðalán 2003	65
Samtals	88

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2003	88

745 Skagavegur
01-03 Skagastrandarvegur - Hafnaá
Umfang verks: Lagfæring á snjóastöum á þremur köflum, alls 3,4 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Tengivegir	10
Bráðabirgðalán 2003	2
Samtals	12

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12

76 Siglufjarðarvegur
06 um Hofsá
Umfang verks: Endurbygging vegar á 0,5 km löngum kafla og 38 m langt stálbogaræsi yfir Hofsá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 36 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	25
Bráðabirgðalán 2003	7
Samtals	42

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2003	42

13 Gránugata
Umfang verks: Endurbygging þjóðvegar innan þéttbýlis á Siglufirði á 450 m löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 30
Bráðabirgðalán 2003 20
Samtals 50
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Bás ehf., Siglufirði
Kostnaður: m.kr.
2003 50

793 Skarðsvegur
01 Flugvallarvegur - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging á 0,5 km löngum kafla um skíðasvæðið á Skarðsdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 5
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 12
Samtals 17
Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu á árinu 2002 en lokið var við frágang fláa og svæða við hlið vegar á árinu 2003.
Verktaki: Bás ehf., Siglufirði.
Kostnaður: m.kr.
2002 16
2003 1
Samtals 17

F578 Arnarvatnsvegur
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 7 km löngum kafla frá Hólmavatni að Arnarvatni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 7
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 1
Samtals 8
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2002.
Verktaki: Þórarinn Kristinsson, Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2002 8

7681 Víðimýrarvegur
01 Hringvegur - Víðimýri
Umfang verks: Bygging á 700 m löngum kafla Víðimýrarvegar og lögn bundins slitlags.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
ferðamannaleiðir 7
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003 en seinna lag klæðingar verður lagt árið 2004.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2003 7

7691 Löngumýrarvegur
01 Hringvegur - grasköglaverksmiðja
Umfang verks: Endurbygging og lögn bundins slitlags á 1,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 9 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 7
Bráðabirgðalán 2003 3
Samtals 10
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003 en seinna lag klæðingar verður lagt árið 2004.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2004 10

Norðurland eystra
1 Hringvegur
q6 brú á Hrúteyjarkvísl, breikkun
Umfang verks: Breikkun á 40 m langri einbreiðri brú á Hrúteyjarkvísl ásamt nýrri tengingu við hana.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Til brúagerðar 32
Bráðabirgðalán 2003 10
Samtals 42

Verkframvinda: Lokið er við að steypa, spenna og grauta yfirbyggingu. Eftir er að steypa hluta af landsökklum, yfirsteypa gömlu brúna og tengja veg.
Verktaki: vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	42

Skýringar: Fjárveiting er á vegáætlun 2004.

q9 Mývatnsheiði
Umfang verks: Nýbygging og einföld klæðing á 12,96 km langan kafla frá Reykjadalsá að Helluvaði ásamt stálplöturæsi í Reykjadalsá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 288 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	100
Flutt á 1-r5	-8
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	170
Samtals	262

Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2002, framkvæmdir hófust í júní sama ár. Verkinu lauk í október 2003. Eftir er að ganga frá lokauppgjöri við verktaka og leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Ístak hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2001	9
2002	169
2003	76
Samtals	254

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

82 Ólafsfjarðarvegur
Héðinsfjarðargöng
Umfang verks: Undirbúningur og útboð vegna jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Verkið var boðið út en síðar ákveðið að ganga ekki til samninga við verktaka heldur bjóða það út að nýju 2005/2006. Sem fyrsta áfanga verksins var þó ákveðið að byggja nýja 40 m langa brú á Ólafsfjarðarós í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum.
Framkvæmdaform: 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós. Brúargerð og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura og vegagerð, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, brú á Ólafsfjarðarós 68 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Jarðgangaáætlun	68

Verkframvinda: Brúar- og vegagerð lauk á árinu 2003, en eftir er að ljúka við rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna.
Verktaki: Bygging brúar, Mikael ehf. Höfn. Vegagerð, rofvarnir og fjarlægja gömlu brúna, Árni Helgason Ólafsfirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	68

Skýringar: Hluti kostnaðar árið 2003 er vegna undirbúnings og útboðs á jarðgöngum.

85 Norðausturvegur
06-09 Tjörnes
Umfang verks: Nýbygging á 36,6 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og bygging 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í fjórum áföngum á árunum 1999-2004.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
1. áfangi, Héðinshöfði - Hringver	109
2. áfangi, Hringver - Breiðavík	256
3. áfangi, Bangastaðir - Víkingavatn og brú á Lónsós	613
4. áfangi, Breiðavík - Bangastaðir	382
Samtals:	1.360

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 104
Vegáætlun 2000 119
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001 269
Vegáætlun 2002 265
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 162
Viðbótarfé 270
Samtals 1191
Verkframvinda: Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var 3. áfangi boðinn út, 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember og lauk framkvæmdum við þann áfanga í október 2003, að undanskyldu efra lagi klæðingar. Í maí 2003 var 4. áfangi boðinn út og hófust framkvæmdir í júlí. Verklok áætluð 2004 og er þá lokið endurbyggingu vegar um Tjörnes.
Verktaki: Vegagerð Héðinshöfði - Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð Hringver - Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð Bangastaðir - Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Brúargerð, Vík ehf., trésmiðja, Húsavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð Breiðavík - Bangastaðir, Árni Helgason ehf. Ólafsfirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 99
2000 188
2001 116
2002 392
2003 236
Samtals 1031
Skýringar: Ekki er lokið uppgjöri við verktakann á kaflanum Bangastaðir-Víkingavatn. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004 til að ljúka framkvæmdum á Tjörnesi.

13 Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir
Umfang verks: Endurbygging og klæðing á 12,5 km löngum kafla frá núverandi slitlagsenda við Austursandsveg að Sveltingi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 158 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt á kafla 23 ..... -1
Flutt á kafla 24 ..... -2
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 150
Samtals 147
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2003 og hófust framkvæmdir í júní. Verktaki lauk ekki verkinu eins og ráðgert var, eftir er að leggja klæðingu á um 4 km.
Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
2003 109
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun á árinu 2004.

23 Kollavíkurá
Umfang verks: Setja stálræsi í stað einbreiðrar brúar yfir Kollavíkurá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 3
Flutt af kafla 13 1
Samtals 4
Verkframvinda: Á árinu 2002 var keypt stálræsi og flutt á staðinn. Á árinu 2003 var það sett niður.
Verktaki: Sandöx ehf., Raufarhöfn.
Kostnaður: m.kr.
2002 2
2003 2
Samtals 4

24 um Svalbarðsá
Umfang verks: Endurbygging og klæðing á 6,78 km löngum kafla frá Sandá að Sævarlandi ásamt byggingu á 80 m langri stálbitabrú með steyptu gólfi á Svalbarðsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, smíði stálbita, framleiðsla forsteyptra platna og niðurrekstrarstaura, útboð. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 200 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	88
Vegáætlun 2001	20
Flutt af kafla 11	22
Flutt af kafla 12	25
Vegáætlun 2002	5
Flutt af kafla 13	2
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	38
Samtals	200

Verkframvinda: Verkið var að mestu unnið á árinu 2001. Á árinu 2002 var lokið við 3,5 km langan kafla frá Sævarlandi um Svalbarðsá að Skerþúfuási og á árinu 2003 var lokið við verkið með lögn efra lags klæðingar.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi. Framleiðsla forsteyptra platna, Malarvinnslan hf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	160
2002	34
2003	3
Samtals	200

87 Kísilvegur
03 Geitafellsá - Hvammavegur
Umfang verks: Nýbygging og einföld klæðing á 2,94 km löngum kafla frá slitlagsenda norðan Geitafells að Geitafellsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 52 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	10
Bráðabirgðalán 2003	32
Samtals	42

Verkframvinda: Verkið var boðið út í mars 2003 og hófust framkvæmdir í júní og lauk verktaki verkinu að mestu í september 2003. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal

Kostnaður:	m.kr.
2003	42

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2005 og 2006.

805 Svarfaðardalsvegur
01 Húsabakkaskóli - Tunguvegur
807 Skíðadalsvegur
01 um Skíðadals- og Svarfaðardalsá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Hofsá og Skíðadalsá á Skíðadalsvegi (807) og á Svarfaðardalsá á Tunguvegi (806) ásamt 8,28 km vegagerð á Skíðadals- og Svarfaðardalsvegi.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 294 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	92
Vegáætlun 2002	125
Vegáætlun 2003	
Tengivegir	42
Samtals	259

Verkframvinda: Lokið var við byggingu brúa yfir Svarfaðardalsá og Skíðadalsá árið 2002. Á árinu 2003 var lokið 2,1 km löngum kafla á Svarfaðardalsvegi, 1,4 km löngum kafla á Tunguvegi og 0,9 km löngum kafla á Skíðadalsvegi. Á alla þessa kafla var lagt neðra lag klæðingar.
Verktaki: Vegagerð, Árni Helgason, Ólafsfirði. Brú á Svarfaðardalsá, Norðurvík ehf., Húsavík. Brú á Skíðadalsá, Lárus Einarsson sf., Mosfellsbæ. Framleiðsla niðurrekstrar-

staura, Vildarverk hf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 5
2002 175
2003 38
Samtals 218
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar og að setja niður stálræsi í Hofsá og tengja veg þar um, sem verður framkvæmt 2004.

813 Möðruvallavegur
01 Möðruvellir - Hörgárdalsvegur
Umfang verks: Nýbygging á 0,8 km löngum kafla frá Ólafsfjarðarvegi og norður fyrir Möðruvelli, ásamt tengivegi að prestsetri og kirkju á Möðruvöllum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 27 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Tengivegir 27
Verkframvinda: Lokið var við undirbyggingu vegarins með lögn neðra burðarlags. Verklok eru áætluð 2004.
Verktaki: Norðurtak ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
2003 11

829 Eyjafjarðarbraut eystri
02 Litli-Hamar - Rútsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 3,1 km löngum kafla frá enda bundins slitlags við Litla-Hamar að Rútsstöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2003 62
Verkframvinda: Lokið var við byggingu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: G. Hjálmarsson hf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
2003 62
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

830 Svalbarðseyrarvegur
01 Lýsing
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 5
Verkframvinda: Verkinu var frestað.

837 Hlíðarfjallsvegur
03 Rangárvellir - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging og klæðing á 4,26 km löngum kafla frá slitlagsenda hjá Rangárvöllum að Skíðastöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 35
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 31
Samtals 66
Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2002 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verktaki lauk verkinu að fullu í júlí 2003. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Klæðning ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2001 1
2002 51
2003 13
Samtals 65
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

845 Aðaldalsvegur
01 Hringvegur - Lindahlíð
Umfang verks: Nýbygging á 5,8 km löngum kafla frá Helgastöðum að Lindahlíð.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Seinna lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 73 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -11
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 38
Bráðabirgðalán 2003 34
Samtals 61
Verkframvinda: Lokið var við gerð vegarins með tvöfaldri klæðingu.

Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2003	61

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

859 Hafnarvegur Húsavík

01 Norðausturvegur - Norðurgarður

Umfang verks: Nýbygging á Hafnarvegi, lengd 540 m, ásamt bundnu slitlagi og lýsingu. Ennfremur var innifalið í verkinu gangstígar og lagnir sem Húsavíkurbær greiddi sérstaklega.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	34

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2003. Ólokið er frágangi á námum.

Verktaki: Reynir B. Ingvason, Brekku.

Kostnaður:	m.kr.
2003	29

F862 Hólmatungnavegur

05 Dettifoss - Hringvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga	2
Flutt á 864	-2
Vegáætlun 2003	
Ferðamannaleiðir	35
Samtals	35

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

864 Hólsfjallavegur

Umfang verks: Styrking og malarslitlag á um 15 km langan kafla frá Hringvegi að Dettifossi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2003	
Ferðamannaleiðir	15
Flutt af 862	2
Viðhaldsfé 2003	20
Samtals	37

Verkframvinda: Vegur styrktur á 10 km löngum kafla og sett malarslitlag á 15 km langan kafla.

Verktaki: Sandöx ehf., Raufarhöfn.

Kostnaður:	m.kr.
2003	37

869 Langanesvegur

Umfang verks: Lagfæringar á veginum út Langanes.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2003	6

Verkframvinda: Endurbyggður um 4 km vegur frá Skoruvík í Skála.

Verktaki: Þórshafnarhreppur

Kostnaður:	m.kr.
2003	6

Skýringar: Fjárveiting er á árinu 2004.

Austurland

1 Hringvegur

s1 Biskupsháls - Vegaskarð

Umfang verks: Endur- og nýbygging á 9,6 km löngum kafla í Víðidal frá Biskupshálsi upp í Vegaskarð. Kaflinn er tvískiptur: Fyrri hlutinn er 7,5 km, síðan er sleppt 3,4 km og þá teknir 2,1 km. Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 2003-2006 var veitt auknu fjármagni til þessa kafla og var því samið við verktakann að taka kaflann sem sleppt var í útboðinu.

Framkvæmdaform: Útboð og samningur.

Kostnaðaráætlun: 244 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	45
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	93
Viðbótarfé	30
Samtals	168

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2002. Undirbyggingu er lokið með burðarlagi á allan kaflann og lokið klæðingu á 7,9 km. Verklok eru áætluð sumarið 2004.

Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður: m.kr.
2002 32
2003 136
Samtals 168
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

s3 Vegaskarð - Langidalur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Vegaskarði að klæðingarenda í Langadal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 383 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 170
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2003. Unnið við fyllingar, skeringar og ræsagerð.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2003 12
Samtals 12
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

s1-s7 Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli og breikkun og lagfæring á leiðinni inn Langadal. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 606 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 50
Vegáætlun 1997 22
Vegáætlun 1998 184
Vegáætlun 1999 155
Vegáætlun 2000 127
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 32
Samtals 570
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu lauk frá Langadal að austurmörkum útboðs neðan Ármótasels. Um 2 km langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998. Árið 1999 var lagt neðra lag klæðingar á kaflann um Ármótasel og lokið að mestu undirbyggingu á öllum kaflanum. Árið 2000 var lokið við burðarlög, klæðingu og frágang vegsvæðis. Jafnframt var vegurinn inn Langadal að Hringvegi í Möðrudal (áður Norðausturvegur) lagfærður og breikkaður sumarið 2000. Nýr Hringvegur um Hárekssstaðaleið var formlega tekinn í notkun 20. október 2000. Kostnaður á árunum 2001, 2002 og 2003 er vegna frágangs vegsvæðis og uppgjörs við verktaka.
Verktaki: Nýbygging vegar, Arnarfell ehf., Akureyri. Breikkun og lagfæringar í Langadal, Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 156
1999 213
2000 183
2001 8
2002 3
2003 7
Samtals 570
Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust til 1998 vegna frekara mats á umhverfisáhrifum.

s6-s7 Ármótasel - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Í fyrsta áfanga var unnið að endur- og nýbyggingu á 3,7 km löngum kafla frá Gilsá og um 0,8 km út fyrir Skjöldólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Garðá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 60 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 40
Vegáætlun 2002 23
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 15
Samtals 78
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust

vorið 2001. Verki lauk með klæðingu haustið 2001. Kostnaður á árunum 2002 og 2003 er vegna lokafrágangs.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	74
2002	3
2003	1
Samtals	78

s8-s9 Hofteigur - Hrólfsstaðir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,5 km löngum kafla frá Svelgsá utan við Hofteig og 1,2 km út fyrir Hrólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Hvanná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 265 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-13
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	61
Vegáætlun 2002	94
Flutt af kafla u4	3
Vegáætlun 2003 Stórverkefni	120
Samtals	275

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í desember 2001, og lauk á árinu 2003.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	10
2002	207
2003	58
Samtals	275

t9-u0 Ásunnarstaðir - Heydalir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Ásunnarstöðum að Heydölum í Breiðdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 180 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	85
Vegáætlun 2003 Stórverkefni	60
Flutt af kafla u4	2
Samtals	147

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í apríl 2002 og lauk á árinu 2003.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	90
2003	57
Samtals	147

u4 Búðaá - Hvannabrekka
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,7 km löngum kafla frá Búðaá og inn fyrir Keldukóga og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Skálaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	57
Vegáætlun 2002	86
Flutt á kafla s8-s9	-3
Flutt á kafla t9-u0	-2
Samtals	133

Verkframvinda: Verkið hófst vorið 2001 og lauk árið 2002.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68
2002	59
2003	2
Samtals	129

Skýringar: Kostnaður á árinu 2003 er vegna lokauppgjörs við verktaka og landeigendur. Af fjárveitingum voru fluttar 3 m.kr. á kafla s8-s9 Hofteigur - Hrólfsstaðir og 2 m.kr. á kafla t9-u0 Ásunnarstaðir - Heydalir.

u5 um Hvítá í Berufirði
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar á Hvítá.
Framkvæmdaform: Samningur
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt af Þórisá	6
Vegáætlun 2002	3
Bráðabirgðalán 2003	3
Samtals	12

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2003.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður: m.kr.
2002 2
2003 10
Samtals 12

u9 Melrakkanes - Blábjörg
Umfang verks: Endurbygging á 5 km löngum kafla Hringvegar frá Melrakkanesi og inn fyrir Blábjörg í Álftafirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 136 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 15
Vegáætlun 2002 55
Flutt af kafla v1 14
Bráðabirgðalán 2003 25
Samtals 109
Verkframvinda: Verk hófst um mitt sumar 2002. Komin klæðing á allan kaflann og er verki lokið, en eftir er lokauppgjör við verktaka.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 53
2003 56
Samtals 109
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

v1 Þvottár- og Hvalnesskriður
Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -4
Vegáætlun 2002 33
Flutt á kafla t5 ..... -4
Flutt á kafla u9 ..... -14
Flutt á kafla x0 ..... -10
Samtals 0
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað. Innistæða notuð til greiðslu skulda á öðrum köflum Hringvegarins á Austurlandi.

v2 og v3 Össurá og Hlíðará í Lóni
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðra brúa á Össurá og Hlíðará í Lóni.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Smábrýr 9
Verkframvinda: Verk var boðið út en ekki er búið að semja við verktaka. Kostnaður á árinu 2003 er vegna kaupa á stálrörum.
Kostnaður: m.kr.
2003 7

v5 Almannaskarð
Umfang verks: Gerð 1.146 m langra jarðganga undir Almannaskarð, ásamt 162 m löngum steyptum vegskálum og 4,1 km löngum vegi utan ganga.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 1.115 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 300
Verkframvinda: Unnið var að undirbúningi og hönnun verksins á árinu 2003 og var verkið boðið út desember. Tilboð verða opnuð í janúar 2004.
Kostnaður: m.kr.
2003 35
Samtals 35
Skýringar: Kostnaður á árinu 2003 er vegna rannsókna, hönnunar og útboðs verksins. Fjárveitingar eru í vegáætlun árin 2004-6.

x0 Fláajökull
Umfang verks: Gerð 1,7 km langs varnargarðs við Fláajökul eftir hop jökulsins til að halda Hólmsá í farvegi sínum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Viðhald brúa 2001 4
Viðhald brúa 2002 7
Flutt af x1 brýr í Suðursveit . 19
Bráðabirgðalán 2003 5
Samtals 35
Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2001 og lauk í júlí 2002. Kostnaður á árinu 2003 er vegna

lokauppgjörs við verktaka.
Kostnaður: m.kr.
2001 4
2002 26
2003 5
Samtals 35
Skýringar: Engar fjárveitingar voru til verksins í vegáætlun og var það fjármagnað af fjárveitingum til brúa á Hringvegi í Suðursveit og af viðhaldi brúa.

x3 Jökulsá á Breiðamerkursandi
Umfang verks: Um er að ræða gerð og styrkingu rofvarnar að samtals 1.000 m löngum árbakka, gerð tveggja grjótþröskulda þvert yfir farveg árinnar og gerð 240 m langs varnargarðs austan árinnar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 134 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 20
Óráðstafað til brúargerðar ... 20
Lagt til af viðhaldi 2003 12
Bráðabirgðalán 2003 31
Samtals 83
Verkframvinda: Verkið var boðið út í janúar 2003 með verklokum í júní 2004, en því lauk á árinu 2003.
Verktaki: Suðurverk hf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
2003 83
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

x7 Kotá í Öræfum
Umfang verks: Vegna framburðar Kotár í Öræfum reyndist nauðsynlegt að hækka brúna, veginn og varnargarða ofan brúarinnar.
Framkvæmdaform: Vegur og varnargarðar, útboð. Hækkun brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Óráðstafað til brúagerðar .. 17
Verkframvinda: Brúin var hækkuð haustið 2003, en hækkun vegar og varnargarða var boðin út í september. Gert er ráð fyrir verklokum í mars 2004.
Verktaki: Vegur og varnargarðar, Suðurverk hf., Hafnarfirði. Hækkun brúar, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2003 14

85 Norðausturvegur
31 sýslumörk - Saurbæjará
Umfang verks: Endurbygging á fjórum köflum með malarslitlagi á samtals 7 km og mölburður á allan Bakkafjörð um 22 km. Einnig á að setja stór stálræsi í Geysirófu, Finnafjarðará, Saurbæjará og Djúpalæk í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 126 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Viðbótarfé 80
Verkframvinda: Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð á árinu 2003.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum
Kostnaður: m.kr.
2003 20
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

34 Hölkná - Miðheiðarhryggur
Umfang verks: Endurbygging á 9,6 km löngum kafla frá Hölkná hjá Dalhúsum að Miðheiðarhrygg og setja stálplöturæsi í Hölkná og Skálafjallalæk í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 158 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 14
Vegáætlun 2003
Almenn verkefni 66
Samtals 80
Verkframvinda: Á árinu 2003 var lokið við 4,5 km langan kafla með klæðingu og sett stálrör í Hölkná hjá Dalhúsum.

Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.
Kostnaður: m.kr.
2003 66
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

43-44 Brunahvammsháls - Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging á 8,2 km löngum kafla á Vopnafjarðarheiði ásamt stálplöturæsi í Hölkná á Möðrudalsöræfum í stað einbreiðrar brúar. Verkið er fólgið lögn á 5,9 km löngum kafla frá Hringvegi og út fyrir Hölkná og 2,3 km langri bráðabirgðatengingu með malarslitlagi upp í Brunahvammsháls.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 184 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 63
Vegáætlun 2001 68
Samtals 131
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið undirbyggingu á öllum kaflanum, klæðingu og malarslitlagi.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
2000 23
2001 76
2002 4
2003 10
Samtals 113

91 Hafnarvegur
01 um Hafnará
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 0,4 km löngum kafla. Setja á stórt stálplöturæsi í Hafnará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 3
Viðhald brúa 2002 3
Bráðabirgðalán 2003 8
Samtals 14
Verkframvinda: Verki er lokið að mestu, en eftir er lokafrágangur.
Verktaki: Nóntindur ehf., Búðardal.
Kostnaður: m.kr.
2003 14
Skýringar: Verkið var boðið út með kaflanum Hölkná - Miðheiðarhryggur.

92 Norðfjarðarvegur
07 Reyðarfjörður - Eskifjörður
Umfang verks: Verkið er fólgið í ný- og endurbyggingu Norðfjarðarvegar milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. 1. áfangi verksins er nýbygging á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum. 2. áfangi er nýbygging á 0,6 km löngum kafla frá Hjallanesi að hafnarvog á Reyðarfirði.
Framkvæmdaform: 1. áfangi, útboð. 2. áfangi, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 185 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 170
Vegáætlun 2003
Orku- og iðjuvegir 170
Samtals 340
Verkframvinda: Fyrsti áfangi var boðinn út í desember 2001 og lauk á árinu 2003. Annar áfangi var unninn á árinu 2003 og lögð á hann einföld klæðing.
Verktaki: 1. áfangi, Myllan ehf., Egilsstöðum. 2. áfangi, Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum og vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 89
2003 78
Samtals 167
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004 og 2005.

12 Neskaupstaður
Umfang verks: Lagfæring á beygju við frystihús á Neskaupstað á um 0,4 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 8
Bráðbirgðalán 2003 14
Samtals 22
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust vorið 2002 og lauk á árinu 2003.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2000 2
2002 7
2003 13
Samtals 22

93 Seyðisfjarðarvegur
06 við ferjuhöfn
Umfang verks: Byggð 28 m löng steypt eftirspennt bitabrú á Seyðisfjarðarvegi um nýja ferjuhöfn á Seyðisfirði og tengingar Seyðisfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 50
Vegáætlun 2003
Ferðamannaleiðir 31
Samtals 81
Verkframvinda: Framkvæmdum við brú lauk á árinu 2002. Vegagerð var boðin út með útboði á ferjuhöfninni á vegum Siglingastofnunar og Seyðisfjarðarbæjar og lauk þeim á árinu 2003.
Verktaki: Vegagerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Mikael ehf., Hornafirði. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 58
2003 21
Samtals 79

94 Borgarfjarðarvegur
06 Lagarfossvegur - Unaós
Umfang verks: Endurbætur og klæðing á 6,8 km löngum kafla Borgarfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 18 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldi 2003 7
Bráðabirgðalán 2003 7
Samtals 14
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar
Kostnaður: m.kr.
2003 14
Skýringar: Fjárveiting er til Borgarfjarðarvegar í vegáætlun 2005.

07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Fyrri áfangi felst í endurbyggingu á 4 km löngum kafla frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu Vatnsskarði. Síðari áfangi fellst í nýbyggingu og endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík (Ytri Hríshöfði).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 154 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri framkvæmda - 11
Vegáætlun 1997 18
Vegáætlun 1998 36
Vegáætlun 1999 40
Vegáætlun 2000 35
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2003
Tengivegir 6
Bráðabirgðalán 2003 25
Samtals 151
Verkframvinda: Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og var að mestu lokið haustið 2000. Malarslitlagi og frágangi lokið vorið

2001. Fjárveiting árið 2003 var notuð til greiðslu skulda.
Verktaki: Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	34
1999	54
2000	54
2001	9
Samtals	151

Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting til verksins er í vegáætlun árið 2004.

96 Suðurfjarðavegur
02 Fáskrúðsfjarðargöng
Umfang verks: Gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ásamt gerð 200 m langra steinsteyptra vegskála. Lagður verður 1,9 km langur vegur í Reyðarfirði og 6,6 km langur vegur í Fáskrúðsfirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 3.935 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
2003	1.132

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2002 og hófust framkvæmdir í apríl 2003. Í árslok 2003 var búið að sprengja 2.446 m eða um 43% af heildarlengd jarðganga. Jafnframt var unnið að vegagerð utan ganga.
Verktaki: Ístak hf. og E. Phil & Sön AS

Kostnaður:	m.kr.
2003	1051

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004-2006.

02 um Handarhald og Hundaþúfu
Umfang verks: Lagfæring skeringa, blindhæða og mölburður á 1,1 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	10
Flutt af kafla 11	2
Samtals	12

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2003.
Verktaki: Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12

11 Kambaskriður
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla um Kambaskriður.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 210 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	80
Vegáætlun 2001	93
Vegáætlun 2002	46
Flutt á kafla 02	-2
Vegáætlun 2003	
Stórverkefni	16
Samtals	233

Verkframvinda: Verkið var boðið út fyrir áramót 2000 og framkvæmdir hófust í febrúar 2001. Verkinu lauk sumarið 2002. Kostnaður 2003 er vegna lokauppgjörs á verkinu.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	105
2002	103
2003	17
Samtals	225

97 Breiðdalsvíkurvegur
01 Hringvegur - Breiðdalsvík
Umfang verks: Endurbygging á 0,6 km langri tengingu við Breiðdalsvík frá Hringvegi hjá flugvelli.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	14

Verkframvinda: Verkinu er lokið.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2002	10
2003	4
Samtals	14

Skýringar: Verkið var boðið út í ársbyrjun 2002 með verkinu Hringvegur, Ásunnarstaðir - Heydalir.

F910 Austurleið
brýr á Hrafnkelu og Reykjará
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2003
Til brúagerðar 25
Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

923 Jökuldalsvegur
01-03 Hringvegur - Þverá
Umfang verks: Styrking og lagfæring á 26 km löngum kafla á Jökuldalsvegi milli Hringvegar og Brúar á Jökuldal.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 68
Samtals 68
Verkframvinda: Unnið var við skeringar, fyllingar, styrkingu og lögn malarslitlags.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2002 1
2003 67
Skýringar: Fjárveitingar eru ekki til verksins í vegáætlun, en Landsvirkjun hefur gefið lánsloforð fyrir allt að 100 m.kr. til endurbóta á Jökuldalsvegi. Þingmenn kjördæmis og samgöngu- og fjármálaráðuneyti hafa heimilað Vegagerðinni að taka slíkt lán. Fyrstu fjárveitingar til endurgreiðslu eru í vegáætlun 2005 og 2006.

925 Hróarstunguvegur
02 Hallfreðarstaðir - Þórisvatn
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,1 km löngum kafla milli Kirkjubæjar og Hallfreðarstaða.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2002 18
Bráðabirgðalán 2003 3
Samtals 21
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust sumarið 2003. Unnið við skeringar, fyllingar, ræsagerð og burðarlag. Verkinu lýkur með malarslitlagi sumarið 2004.
Verktaki: Sigurður H. Jónsson, Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2003 21
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

931 Upphéraðsvegur
01 Ekkjufell - Setberg
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla frá Ekkjufelli og inn fyrir Setberg í Fellum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 74 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001 12
Vegáætlun 2002 5
Vegáætlun 2003
Tengivegir 53
Samtals 70
Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2002 og lauk því haustið 2003.
Verktaki: Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
2002 12
2003 51
Samtals 63

Fljótsdalur
Umfang verks: Endur- og nýbyggingu á um 17 km löngum kafla á nýjum Upphéraðsvegi frá Atlavík, um nýjar brýr á Gilsá, Jökulsá, Hengifossá og Bessastaðaá og að Valþjófsstað. Einnig endurbætur á núverandi vegi um Valþjófsstaðanes.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaðaráætlun: 600 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	300
Vegáætlun 2001	30
Framlag Landsvirkjunar 2001	150
Vegáætlun 2002	200
Samtals	680

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið var við styrkingu og endurbætur á 11,2 km löngum kafla á Upphéraðsvegi frá Brekku að Valþjófsstað og á 1,9 km löngum kafla um Valþjófsstaðanes frá Végarði að vegamótum við Kelduárkvísl með klæðingu, ásamt byggingu brúa á Hengifossá, Bessastaðaá og Jökulsá, haustið 2001. Verki lokið með klæðingu. Endur- og nýbygging á kaflanum frá Atlavík að Hjarðarbóli var lokið með klæðingu árið 2002 ásamt byggingu nýrrar brúar á Gilsá. Kostnaður á árinu 2003 er vegna lokauppgjörs við verktaka.

Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	17
2001	508
2002	130
2003	10
Samtals	665

953 Mjóafjarðarvegur

01 Norðfjarðarvegur - Háheiði

Umfang verks: Endurbygging og mölburður á 9 km löngum kafla Mjóafjarðarvegar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2003	12

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2003.

Verktaki: Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík.

Kostnaður:	m.kr.
2003	12

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004 og 2005.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi

lagfæringar á þjóðvegum

Umfang verks: Lagfæringar og endurbætur á þjóðvegum í þéttbýli á Austurlandi. Árið 2003 var lagt slitlag og kantsteinar í þéttbýlunum á Neskaupstað og Fáskrúðsfirði.

Framkvæmdaform: Samningur/útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-7
Vegáætlun 2002	10
Vegáætlun 2003	
Almenn verkefni	10
Bráðabirgðalán 2003	2
Samtals	15

Verkframvinda: Lögn slitlags lauk á árinu 2003, en eftir er að ganga frá kantsteinum.

Verktaki: Fjarðabyggð og Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2002	5
2003	10
Samtals	15

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004-2006.

Göngubrú á Jökulsá í Lóni

Umfang verks: Bygging 90 m langrar göngubrúar á Jökulsá í Lóni.

Framkvæmdaform: Stálsmíði, útboð. Undirstöður brúar, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2002	10
Bráðabirgðalán 2003	5
Samtals	15

Verkframvinda: Búið er að steypa undirstöður og er stálsmíði lokið.

Verktaki: Stálsmíði, Eldafl ehf., Reykjanesbæ. Undirstöður brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.
2003 15
Samtals 15

Annað

Jarðgangaáætlun

Umfang verks: Á árunum 2001 og 2002 var unnið að rannsóknum mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi útboða vegna jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hins vegar. Einnig var unnið af ýmsum jarðgangarannsóknum annars staðar á landinu.

Framkvæmdaform: Samningar.

Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 308

Verkframvinda: Jarðfræðirannsóknir héldu áfram á þeim jarðgangaleiðum sem tilteknar eru í Jarðgangaáætlun á Austfjörðum og Vestfjörðum, auk almennra rannsókna í jarðgangagerð. Einnig var komið upp TETRA fjarskiptakerfi í Vestfjarðagöngum.

Verktaki: Ýmsar ráðgjafastofur á Norðurlandi, Austurlandi og í Reykjavík við rannsóknir, hönnun og gerð útboðsgagna. Tetra Ísland við Tetrakerfi í Vestfjarðagöngum.

Kostnaður: m.kr.
2001 102
2002 91
2003 26
Samtals 219

Skýringar. Gerð er grein fyrir framkvæmdum við jarðgangagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í sérstökum greinum.

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 28
Vegáætlun 2003
Stórverkefni 10
Samtals 38

Verkframvinda: Unnið var við gerð vegstaðla, þróun búnaðar til sjálfvirkrar innheimtu veggjalda af umferð og við verkefni varðandi vegi og ferðaþjónustu. Undirbúningur hófst að athugun á landsvegum og einnig er í gangi athugun á samgöngum á Vestfjörðum í tengslum við skoðun á vegtengingu um Tröllatunguheiði.

Kostnaður: m.kr.
2003 13

Brýr 10 m og lengri

Fjármögnun: m.kr.
Eftirstöðvar frá fyrri árum ... 30
Vegáætlun 2003
Óráðstafað til brúargerðar .. 15
Samtals 45

Á árinu 2003 var ráðstafað 22 m.kr. til hækkunar brúar á Kotá í Öræfum og rofvarna við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Eftirstöðvar eru því 23 m.kr.

Fylgiskjal 3 Umhverfisstærðir

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um landmótun í vegagerð árið 2003. Þær eru teknar saman í umdæmunum og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum. Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar, er frágangur á námum ekki skráður. Þetta á einkum við í Reykjanesumdæmi.

Umdæmi	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
	Fyllingar þús. m^3	Burðarlög þús. m^3	Slitlög þús. m^3	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2	Vegir þús. m^2	Námur þús. m^2
Suðurland	265	194	75	0	65	500	52
Reykjanes	860	220	18	45	0	209	200
Vesturland	1.117	170	209	271	52	57	
Vestfirðir	546	193	39	173	113	310	155
Norðurland vestra	236	79	11	33	20	192	35
Norðurland eystra	617	292	60	14	114	479	121
Austurland	1.000	361	61	442	110	555	179
Alls:	4.641	1.509	473	978	474	2.302	742

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á white spirit og aminum í slitlög og styrkingar. Heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall white spirit í þunnbiki má sjá í meðfylgjandi töflu. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára. Á árinu 2003 voru notuð 121 tonn af amínum, þar af um 17 tonn til styrkinga.

Ár	Þunnbik þús. l	White spirit þús. l	Hlutfall %
1991	6.281	817	13
1992	8.524	1.108	13
1993	9.506	1.236	13
1994	10.081	1.311	13
1995	8.690	1.130	13
1996	8.767	1.052	11,2
1997	8.042	909	11,3
1998	8.893	934	10,5
1999	10.269	1.017	9,9
2000	11.026	1.157	10,5
2001	12.342	1165	9,4
2002	10.702	975	9,1
2003	11.488	1.111	9,7


Spilliefni í vegmálningu

Á árinu 2003 voru 1.610 km merktir með leysiefnamálningu, 1.696 km með plastspray, samtals 3.306 km en voru alls 3.979 km á árinu 2002. Minnkun á milli ára var þannig tæp 16%, sem skýrist af minna magni í kantlínum. Merktir voru tæpir 2.700 km í miðlínu og 606 km í kantlínu. Leysiefnamálningin inniheldur um 50% leysiefni og voru notaðir 88.600 lítrar af henni á árinu. Þessi leysiefni voru tólúen og létt nafta og eru þau meðal þeirra leysiefna sem síst eru talin hættuleg umhverfinu. Hlutfall vegkafla merkta með leysiefnamálningu er nú 49% en var 58% árið 2002. Gerðar voru samanburðarprófanir með vatnsmálningu sumarið 2003 auk tilrauna með leysiefnamálningu og sprautuplast. Vatnsmálningin er alltaf að verða samkeppnishæfari þar sem gæðin eru á við leysiefnamálninguna og verðið er orðið það sama ef ekki lægra sem kemur til vegna spilliefnagjalds sem kemur nú á leysiefnamálningu. Árið 2004 er búið að ákveða að vatnsmálningin komi að mestu leyti í stað leysiefnamálningar.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni er skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2003 er metin miðað við bráðabirgðartölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu.

Þróun í CO_2 losun bifreiða á síðustu árum má lesa af línuritinu. Aukning frá 2002 er um 9 þús. tonn, þar af 3 þús. tonn frá bensínbílum og 6 þús. frá díselbílum.




Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegaköflum.

Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85% hraði“, sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig innan.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og frá árinu 2000 hefur verið tekin saman skýrsla um hraðamælingar.

Meðfylgjandi línurit sýnir þróun ökuhraða á þjóðvegum á tímabilinu 1990-2003. Engar mælingar fóru fram árin 1994 og 1995 og mjög fáar árið 1997 og er þeim árum því sleppt. Sjá má að ökuhraði hefur aukist umtalsvert á tímabilinu. Þó eru vísbendingar um að síðustu tvö ár, þ.e. árin 2002 og 2003, hafi dregið úr ökuhraða m.v. árin þar á undan.



Fyrir tæpum þremur árum hófst uppsetning á umferðargreinum við vegi. Á þeim tíma er búið að setja upp 20 greina af þremur gerðum. Einfaldasta gerðin telur fjölda- og stefnu bíla, mælir hraða og bil milli bíla og stærðarflokkar bíla í fjóra flokka. Þessi gerð er aðallega notuð í þéttbýli og á þeim stöðum þar sem minni kröfur eru gerðar til stærðarflokkunar á bílum. Milligerðin telur að auki fjölda öxla, bil á milli öxla og stærðarflokkar bíla í 13 flokka. Greinar af þessari gerð eru á þeim stöðum þar sem mikilvægt er að stærðarflokka umferðina og telja fjölda öxla undir stærri bílum. Í flóknustu gerðinni bætist vigtun á hverjum öxli við (WIM). Einn greinir af þessari gerð er við Esjumela á Kjalarnesi.

Síðastliðið haust var búið að setja upp umferðargreina frá Selfossi, vestur um og endað á Mývatnsöræfum, aðallega á Hringveginum. Síðasliðið sumar var ráðgert að „loka“ hringnum og setja upp greina frá Austurlandi og suður um. Því verki lýkur fyrrihluta árs 2004 Síðan verða greinar settir á fleiri leiðir út frá Hringveginum og er áætlað að þeir verði alls um 60 til 70.


Umferðargreinarnir skila miklu magni af tölfræðilegum gögnum um umferðina, hver á sínum stað. Þeir eru mjög góðir til að fylgjast með umferðinni, hraða og bili milli bíla. Það er fyrst og fremst gert út frá öryggissjónarmiðum. Auk þess er unnið að því að greina þyngd farartækja og með samanburði á stærðarflokkun umferðarinnar á að greina þungaálagið á vegakerfið. Þetta er mjög mikilvægt vegna aukinnar þungaumferðar og hraðara niðurbrots á vegum.

Orka

Upplýsingar um orkunotkun árið 2003 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í töflunni hér á eftir. Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWh. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.


Staðsetning	Rafmagn Alm.notkun kWh	Rafmagn Hitun kWh	Heitt vatn tonn
Borgartún 5	291.762		
Borgartún 7, 2/4 hæð	79.868		
Borgartún 5, skrifst.			1.706
Borgartún 5, austur			13.154
Borgartún 5, verkst.			4.716
Stórhöfði	198.272		
Stórhöfði			2.895
Stórhöfði			31.170
Áhh. Vík, Mýrdal	24.419	78.399	
Áhh. Hvolsvelli	7.901		1.840
Áhh. Selfossi	53.958		11.136
Áhh. Borgarnesi	126.308		6.930
Áhh. Ólafsvík	23.820	72.841	
Áhh. Búðardal	14.736		3.942
Áhh. Patreksfirði	18.273	106.286	3.459
Áhh. Ísafirði	102.816	216.240	
Áhh. Hólmavík	49.850	73.027	
Áhh. Hvammstanga	46.904		3.986
Áhh. Sauðárkróki	109.448		8.016
Áhh. Akureyri	113.960		7.471
Áhh. Húsavík	35.686		2.767
Áhh. Þórshöfn	29.408	99.599	
Áhh. Vopnafirði	9.472	84.509	
Áhh. Fellabæ	28.579		2.226
Áhh. Reyðarfirði	81.600	264.500	
Áhh. Höfn, Hornafirði	46.940	93.092	1.366
Samtals	1.493.980	1.088.493	106.780

Á súluritinu hér á eftir má sjá þróun í almennri raforkunotkun á síðustu árum.



Notkun pappírs á skrifstofum

Fylgst er með notkun á ljósritunar- og tölvupappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Á allra síðustu árum hefur notkunin staðið í stað, en innkaup síðustu ára voru eins og fram kemur í meðfylgjandi stólpariti.



Lögn nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2003 var lagt bundið slitlag á hér um bil 222 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegaköflum er um 13,5 millj. km. Eldsneytissparnaður vegna þessa slitlags er um 260 þús. lítrar á ári og minnkun á CO_2 losun um 800 tonn á ári.


Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun voru á árinu 2003 sendar 7 matsskýrslur vegna lögformlegs mats á umhverfisáhrifum fyrir eftirtalin verk:

Arnarnesvegur, Reykjanesbraut-Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli
Færsla Hringbrautar í Reykjavík
Hringvegur um Norðurárdal. Kjálkavegur - Heiðarsporður í Akrahreppi
Djúpvegur, Eyrarhlíð - Hörtná í Súðavíkurhreppi
Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ
Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar
Útnesvegur um Klifhraun, Gröf - Arnarstapi, Snæfellsbær

Á grafinu má sjá þróun í fjölda þessara matsskýrslna frá upphafi.

Ný lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru 2000 hafa leitt til nokkurrar fækkunar á matsskýrslum fyrir vegagerð miðað við eldri lög.



Skipulagsstofnun úrskurðaði um fyrir eftirtalin verkefni:

Arnarnesvegur, Reykjanesbraut-Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli
Færsla Hringbrautar í Reykjavík
Hringvegur um Norðurárdal. Kjákavegur - Heiðarsporður í Akrahreppi
Djúpvegur, Eyrarhlíð - Hörtná í Súðavíkurhreppi

Fylgiskjal 4 Rekstrar- og efnahagsreikningur

(tölur í þús. kr.)

Rekstrarreikningur árið 2002

Rekstrartekjur	**Skýr.**	**2002**	**2001**
Bensíngjald	11.	5.493.383	5.446.978
Þungaskattur	12.	4.639.781	4.857.956
Leyfisgjöld	13.	17.290	1.952
Aðrar tekjur	14.	475.639	358.401
Rekstrartekjur samtals		**10.626.093**	**10.665.287**
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn		449.600	497.569
Styrkir		603.890	546.780
Þjónusta		2.229.819	2.136.691
Viðhald		2.171.183	2.051.373
Nýframkvæmdir		5.415.547	5.895.575
Landsvegir		131.055	115.089
Tilraunir		115.539	77.078
Safnvegir		257.198	240.071
Styrkvegir		46.984	40.249
Reiðvegir		47.969	34.048
Rekstrargjöld samtals	**15-21**	**11.468.784**	**11.634.523**
(Rekstrartap) fyrir fjármangshreyfingar		**(842.691)**	**969.236**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	**3**	**(30.214)**	**(148.291)**
(Tap) án ríkisframlags		(872.905)	(1.117.527)
Framlag ríkisins		1.079.300	1.022.000
Tekjuafgangur (tap)		**206.395**	**(95.527)**

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eignir	Skýr	2002	2001
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í félögum	4	13.000	13.000
Langtímakröfur	5	3.454	3.454
Fastafjármunir samtals		**16.454**	**16.454**
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		227.900	243.358
Viðskiptamenn		179.418	342.449
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	6	920.313	1.372.063
Kröfur á gjaldendur	7	285.897	368.929
Aðrar skammtímakröfur		68.178	71.999
Handbært fé		936.093	335.969
Veltufjármunir samtals		**2.617.799**	**2.734.767**
Eignir alls		**2.634.253**	**2.751.221**

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Skuldir og eigið fé	Skýr.	2002	2001
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(642.169)	(520.642)
Leiðrétt eigið fé 1/1		27.675	
Hagnaður (tap)		206.395	(121.527)
		(408.099)	(642.169)
Annað eigið fé		219.314	219.314
Eigið fé samtals	8	**(188.785)**	**(422.855)**
Langtímaskuldir			
Sveitarfélög	9	97.284	125.923
Ríkissjóður	10	2.283.000	2.555.600
Langtímaskuldir samtals		**2.380.284**	**2.681.523**
Skammtímaskuldir			
Virðisaukaskattur		109.798	157.585
Aðrar skammtímaskuldir		332.956	334.968
Skammtímaskuldir samtals		**442.754**	**492.553**
Skuldir og eigið fé alls		**2.634.253**	**2.751.221**

1658. Svar [57. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum.

1. *Hvernig hefur verið háttað kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum á árunum 1998–2003, hverjir hafa markhóparnir verið og hvaða aðilar hafa skipulagt og annast þetta kynningarstarf?*

Kynning á málstað Íslands varðandi hvalveiðimál hefur farið fram bæði gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum víða um heiminn. Málið hefur verið tekið upp í viðræðum við stjórnvöld erlendra ríkja við ýmis tækifæri og ýmsir þættir afstöðu Íslands þannig kynntir fyrir bæði stjórnmálamönnum og embættismönnum. Áhersla hefur verið lögð á Bandaríkin í þessu efni. Einnig hefur málstaður Íslands verið kynntur fyrir forráðamönnum ýmissa fyrirtækja sem stunda verslun við Ísland. Þetta hefur verið gert bæði á vettvangi þar sem hvalveiðimál hafa einungis verið eitt umræðuefni af mörgum og þar sem hvalveiðimál hafa verið aðalumræðuefnið.

Varðandi fjölmiðla, þá hef ég, aðrir ráðherrar og ýmsir embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu og öðrum ráðuneytum kynnt hvalveiðimál, og málefni þeim tengd, fyrir blaðamönnum alls staðar að úr heiminum. Hefur málstað Íslands þannig verið komið á framfæri við almenning ýmissa landa t.d. í gegnum dagblöð, netmiðla, útvarp og sjónvarp. Þessir fjölmiðlar eru ýmist staðbundnir eða nást um allan heim, svo sem CNN, BBC World og BBC World Service. Mikilvægi þessa starfs felst ekki síst í þeirri staðreynd að almenningur í ýmsum löndum er á móti hvalveiðum að miklu leyti vegna ranghugmynda um hvali og ástand hvalastofna.

Við kynningu á málstað Íslands hefur áhersla verið lögð á nauðsyn þess að horfa á vistkerfi hafsins sem eina heild og að hvalir séu umfram allt hluti af því vistkerfi. Upplýsingum um stöðu ólíkra hvalastofna hefur verið komið á framfæri, en einn útbreiddasti misskilningurinn í alþjóðlegri umræðu um hvalveiðimál er einmitt að allir hvalastofnar séu í útrýmingarhættu og að hvalveiðar ógni því hvalastofnum óháð því hversu stórtækar þær séu. Við höfum reynt eftir fremsta megni að koma sannleikanum að í þessu efni.

Á því tímabili sem um er spurt hefur áhugi þeirra sem rætt er við oft beinst að einum þætti málsins umfram aðra. Ber í þessu sambandi að nefna deilur varðandi aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu og hrefnuveiðar í vísindaskyni. Hafa áherslumál varðandi kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum jafnan tekið mið af þessu en áhersla hefur þó alltaf verið lögð á almenna kynningu á því sjónarmiði að rétt sé að nýta hvalastofna með sjálfbærum hætti rétt eins og aðrar lifandi auðlindir hafsins.

Skipulagning og framkvæmd kynningarstarfsins hefur verið í höndum starfsmanna sjávarútvegsráðuneytisins. Viðamiklir þættir þessa starfs hafa verið unnir í samvinnu við önnur ráðuneyti, undirstofnanir sjávarútvegsráðuneytisins og utanaðkomandi ráðgjafa.

2. *Hversu miklir fjármunir hafa runnið til slíkra kynningarmála af fjárlögum á þessu tímabili og hvernig hefur þeim verið varið, t.d. í ráðgjafarfyrirtæki, auglýsingar, almannatengsl, ráðstefnukostnað, ferðakostnað o.s.frv.? Hér er sérstaklega átt við fjárlagalið 05-190-1.33 en jafnframt óskað upplýsinga um greiðslur í þessu skyni af öðrum liðum ráðuneytisins.*

Ár	Almannatengsl og ráðgjöf	Ferðakostnaður	Risna	Laun	Annað	Samtals
1998						0
1999						0
2000	12.883					12.883
2001	20.869	8.071	186	4.621		33.747
2002	19.262	5.888	515	5.572	185	31.422
2003	16.300	5.613	415	5.825	20	28.173
	69.314	**19.572**	**1.116**	**16.018**	**205**	**106.225**

Fjárhæðir eru í þús. kr.

3. *Hver hafa verið viðbrögð ríkisstjórnarinnar við tilboði Greenpeace-samtakanna frá 5. september 2003 um samvinnu við að auka fjölda ferðamanna sem koma hingað til náttúruskoðunar?*

Í erindi Greenpeace-samtakanna eru íslensk stjórnvöld hvött til að hætta hvalveiðum í vísindaskyni um alla framtíð, samþykkja bann við hvalveiðum í atvinnuskyni og að samþykkja bann við milliríkjaverslun um hvalaafurðir. Ljóst er að í þessu felst hvatning til að ganga gegn meginatriðum í stefnu Íslands í hvalveiðimálum sem birtist ekki síst í ályktun Alþingis um hvalveiðar sem samþykkt var 10. mars 1999. Umrædd hvatning Greenpeace-samtakanna hefur ekki, og getur ekki sem slík, orðið til að breyta stefnu Íslands í hvalveiðimálum.

1659. Svar [424. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um hrefnuveiðar.

1. *Hvaða afurðir féllu til við hrefnuveiðar á þessu ári? Óskað er upplýsinga um magn kjöts, rengis o.s.frv.*

Við þær hrefnuveiðar sem stundaðar voru í vísindaskyni árið 2003 féllu til u.þ.b. 35 tonn af kjöti og u.þ.b. 4 tonn af rengi.

2. *Hve mikill hluti afurðanna hefur verið seldur til neytenda?*

Félag hrefnuveiðimanna var fengið til að sjá um hrefnuveiðarnar, undir stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Félagið fékk allar afurðir hrefnanna í sinn hlut, eftir að Hafrannsóknastofnunin hafði lokið sýnatöku sinni. Félagið hefur selt allar afurðirnar og hefur því engar birgðir af hrefnuafurðum. Þeir aðilar sem stóðu að vísindaveiðunum eiga því engar afurðir óseldar. Ráðuneytinu er þó kunnugt um að þeir aðilar sem keyptu afurðirnar af félagi hrefnuveiðimanna eigi enn óselt til neytenda u.þ.b. 23 tonn af kjöti og u.þ.b. 900 kg af rengi.

3. *Hverjir eru eigendur þeirra afurða sem óseldar eru?*

Eins og áður segir eru engar afurðir óseldar hjá þeim sem tóku þátt í hrefnuveiðum í vísindaskyni árið 2003. Þær afurðir sem enn hafa ekki verið seldar til neytenda eru því í eigu smásöluaðila og birgja þeirra. Varðandi kjötið mun megnið vera í eigu Ferskra kjötvara hf. og varðandi rengið mun megnið vera í eigu verslunarinnar Svalbarða.

1660. Svar [965. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um hjónabönd öryrkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hefur ráðuneytið gert könnun á því hvers vegna öryrkjar eru síður í sambúð eða hjónabandi en aðrir þjóðfélagsþegnar?

Félagsmálaráðuneytið hefur ekki gert slíka könnun og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að slík könnun hafi verið gerð á Íslandi.

Í Þjóðskránni eru 182.639 einstaklingar búsettir á Íslandi á aldrinum 18 ára til 67 ára miðað við 1. maí 2004. Af þeim voru 78.150 ekki skráðir með maka eða 42,8 %. Þannig voru 57,2% skráð með maka.

Í Tryggva, tölvukerfi lífeyristryggingasviðs Tryggingastofnunar ríkisins, voru samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar 11.302 metnir öryrkjar 1. maí 2004 búsettir á Íslandi, meðtaldir eru einnig þeir sem ekki fá greiðslur vegna tekna. Af þeim voru 6.521 ekki skráður með maka, eða 57,7% af hópnum. Þannig eru 42,3% öryrkja skráðir með maka á móti 57,2% þjóðarinnar.

Það er því ljóst að hlutfallslega eru töluvert fleiri öryrkjar sem eru ekki í sambúð eða hjónabandi en aðrir jafnaldrar þeirra í samfélaginu.

Upplýsingar um örorkumat einstaklinga er að finna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það er því álit félagsmálaráðuneytis að fyrirspyrjandi beini þeirri spurningu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eða Tryggingastofnunar ríkisins hvort gera eigi slíka könnun og með hvaða hætti. Mætti í þessu sambandi athuga samráð við Öryrkjabandalag Íslands.

1661. Nefndarálit [872. mál]

um frv. til l. um breyt. á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998 (gjafsókn).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Þorleif Pálsson, Ásgeir Thoroddsen og Helga I. Jónsson frá gjafsóknarnefnd og Sif Konráðsdóttur frá Lögmannafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá réttarfarsnefnd, óbyggðanefnd, dómstólaráði, Lögmannafélagi Íslands, umboðsmanni barna, embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara. Frumvarpið sem er þrjár greinar felur í fyrsta lagi í sér þrengingu á þeim skilyrðum sem núgildandi lög um meðferð einkamála setja gjafsókn í einkamálum, í öðru lagi felur það í sér reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar og í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði sérstök gjafsóknarheimild í lögum um þjóðlendur.

Minni hlutinn leggst alfarið gegn þeim breytingum sem í frumvarpinu felast. Tilgangur frumvarpsins virðist sá helstur að þrengja verulega að möguleikum almennings til þess að leita réttar síns með málshöfðun gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum. Þá mun frum-

varpið, verði það að lögum, fela í sér útilokun á möguleikum til gjafsóknar í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Minni hlutinn leggst alfarið gegn slíkum takmörkunum, telur þær á skjön við aukna réttarvitund almennings og stangast á við hefðir sem hafa verið að þróast í lýðræðisríkjum. Tillögurnar eru illa rökstuddar og tilefni breytinganna er ekki nægilega skýrt auk þess sem undirbúningi málsins er verulega ábótavant.

Þrengd skilyrði fyrir gjafsókn.

1. gr. frumvarpsins felur ekki í sér neina efnisbreytingu hvað það varðar að dómsmálaráðherra er eftir sem áður heimilt að setja reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við greinina.

Minni hlutinn gerir hins vegar miklar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins en hún felur í sér meginbreytinguna sem lögð er til á núgildandi lögum.

Í gildistíð eldri einkamálalaga tíðkaðist það að gjafsókn var veitt í þeim tilvikum sem greinir í b-lið 1. mgr. 126. núgildandi laga, þ.e. ef mál hafði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Heimildin var þó háð velvilja ráðherra sem gat hafnað umsókn þótt málið teldist mikilsvert. Efni núgildandi ákvæðis er efnislega tekið upp úr 16. gr. frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð sem lagt var fram á 112. og 113. löggjafarþingi. Ákvæðið var þannig liður í viðleitni til þess að víkka út heimildir til ókeypis lögfræðiaðstoðar fyrir almenning sem er ekki vanþörf á hér á landi ef miðað er við nágrannalöndin. Margsinnis hafa verið lögð fram mál á Alþingi í þessu skyni og má af umræðum um slík mál ráða að mikill vilji hefur verið til þess að auka slíka þjónustu. Nú liggur fyrir þinginu þingsályktunartillaga Jóhönnu Sigurðardóttur um lögfræðiaðstoð fyrir efnalítið fólk (þskj. 858, 568. mál).

Minni hlutinn telur rétt að fara þá leiðina að auka möguleika almennings á ókeypis réttaraðstoð í stað þess að takmarka slíkar heimildir enn frekar eins og lagt er til í frumvarpinu. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga hefur verið í lögum í tæp 12 ár og er ekki hægt að ráða það af gögnum sem lögð voru fyrir allsherjarnefnd að ákvæðið hafi valdið vandkvæðum í framkvæmd. Rökstuðning skortir reyndar almennt fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að skilyrðið um gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. sé „afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis.“ Annan rökstuðning er ekki að finna fyrir niðurfellingu þessarar heimildar og af því má ráða að ákvæðið sé fellt niður í sparnaðarskyni.

Gjafsóknarmálum hefur vissulega fjölgað verulega á undanförnum árum sem er fyrst og fremst til marks um þá ánægjulegu þróun sem orðið hefur á réttarvitund almennings. Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins áætlaði fyrir allsherjarnefnd að sparnaður með frumvarpinu gæti numið 10–15 millj. kr. árlega, sem er einungis örlítið hlutfall af heildarkostnaði ríkisins vegna gjafsókna. Er vandséð hvernig hægt er að réttlæta slíkan sparnað á kostnað þeirra ríku almannahagsmuna og hagsmuna einstaklinga sem í húfi eru. Minni hlutinn telur að með breytingunni sé fórnað meiri hagsmunum fyrir minni og leggst alfarið gegn henni.

Gert er ráð fyrir að áfram sé inni heimild til gjafsóknar í málum þar sem efnahag umsækjanda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum ofviða. Sú heimild hrekkur hins vegar skammt þegar þess er gætt að við mat á því hvort gjafsókn sé veitt á grundvelli efnahags umsækjanda hefur verið höfð hliðsjón af skattleysismörkum á hverjum tíma. Heimildin er því afar þröng auk þess sem réttlætisrök geta verið fyrir heimild til gjafsóknar burtséð frá efnahag.

Sú þrenging sem lögð er til í frumvarpinu mun fela í sér að gjafsókn verður útilokuð í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings. Samkvæmt upplýsingum sem gjafsóknarnefnd gaf allsherjarnefnd kunna slík mál t.d. að varða heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, mál er varða bætur fyrir missi framfæranda, lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur hefðbundin mannréttindi. Dæmi eru um að gjafsókn hafi verið veitt á grundvelli þessarar heimildar vegna ófrjósemisaðgerðar og vönunar þar sem vafi lék á um heimild til aðgerðanna og einnig gætu mál vegna læknamistaka fallið hér undir. Þá gæti gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. verið veitt í málum þar sem einstaklingar leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum. Slík mál gætu t.d. verið vegna umhverfismála, kærur vegna kosninga eða vegna ráðherraúrskurða.

Það vekur óneitanlega athygli að stjórnvöld skuli nú ætla að takmarka möguleika fólks á að leita réttar síns í málum er tengjast umhverfismálum þar sem fyrir dyrum stendur að fullgilda Árósasamninginn sem tryggja á réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Efni þessa frumvarps stangast beinlínis á við þær skyldur sem stjórnvöld þurfa að undirgangast samkvæmt þeim samningi. Þá er útilokað samkvæmt núgildandi reglum að fá heimild til gjafsóknar til þess að sækja mál fyrir alþjóðlegum dómstólum og á því verður engin breyting samkvæmt frumvarpinu. Slíka heimild má sjá í reglum annarra ríkja og væri eðlilegt að taka upp sambærileg ákvæði hér á landi.

Samkvæmt framangreindri upptalningu er augljóst að hér er um að ræða mikilvæg mál er geta varðað einstaklinga og almenning miklu.

Minni hlutinn telur að það skorti verulega á að gerð sé nægileg grein fyrir markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu og tekur undir þá gagnrýni sem fram kemur í umsögn Lögmannafélags Íslands um þetta atriði. Þar segir m.a. að þau rök sem fram koma í frumvarpinu fyrir breytingunum fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til rökstuðnings og tilgreiningar tilefnis og markmiðs með ráðgerðum breytingum. Ef markmið frumvarpsins er fyrst og fremst, eins og lesa má út úr athugasemdum við það, að lækka kostnað ríkissjóðs vegna gjafsókna þyrfti það að koma skýrt fram í athugasemdunum. Segja má hins vegar að sú röksemd sé fallin um sjálfa sig ef þess er gætt að því hefur verið haldið fram við nefndina að líklega hafi breytingin lítinn sem engan sparnað í för með sér.

Í lokamálslið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri reglugerðarheimild til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar. Minni hlutinn telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um það í lögum hvaða skilyrði þurfi almennt að uppfylla til þess að fá heimild til gjafsóknar. Eðlilegt verður hins vegar að teljast að nánar sé kveðið á um slíka hluti í reglugerð en allir matskenndir þættir séu í höndum gjafsóknarnefndar.

Breyting á gjafsóknarheimild þjóðlendulaga.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt sé að veita aðila máls sem rekið er á grundvelli þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gjafsókn eða gjafvörn ef mál hans hefur að mati gjafsóknarnefndar verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Minni hlutinn er sammála því að heimild sé veitt til gjafsóknar í slíkum málum en með hliðsjón af því að til stendur að fella heimildina niður í öllum öðrum málum hljómar einkennilega að gera undantekningu í þessum málaflokki eingöngu. Röksemdir fyrir því að gera undantekningu í þjóðlendulögum hvað þetta varðar eru jafnfátæklegar og allar aðrar röksemdir sem fylgja frumvarpinu. Jafnræðisrök eru nefnd til sögunnar, þ.e. að þar sem málarekstur sé þegar hafinn vegna ákvarðana óbyggðanefndar á einu svæði þyki rétt að sömu reglur gildi vegna mála sem rekin yrðu á öðrum svæðum. Þessar rök-

semdir eiga fullan rétt á sér en ekki aðeins hvað þjóðlendumál varðar. Þessi málatilbúnaður er til marks um hversu vanhugsað það er að fella hina almennu heimild brott úr einkamálalögum.

Niðurstaða.

Minni hlutinn telur frumvarpið svo óvandað og illa úr garði gert að það standist ekki þær kröfur sem gera verði til vandaðrar lagasetningar. Undirbúningi málsins í dómsmálaráðuneytinu var verulega áfátt og bætist þetta frumvarp í hóp þeirra fjölmörgu mála sem þaðan hafa borist undanfarna mánuði og bera þess vott að kastað er til þeirra höndunum. Ekki var haft samráð við gjafsóknarnefnd við undirbúning málsins sem verður að teljast fráleitt þar sem hún býr yfir mikilli þekkingu á þeim málum sem gjafsóknarákvæði einkamálalaga ná til.

Minni hlutinn telur augljóst að með þessari breytingu þrengi ríkisstjórnin markvisst að möguleikum almennings til þess að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum. Minni hlutinn mótmælir slíkri réttarskerðingu sem er fullkomlega á skjön við það hvernig réttarvitund almennings hefur þróast. Minni hlutinn leggst því gegn þessum áformum.

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 13. maí 2004.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.

Sigurjón Þórðarson.

1662. Nefndarálit [871. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Eirík Tómasson frá réttarfarsnefnd, Sigrúnu Jóhannesdóttur og Björn Geirsson frá Persónuvernd, Helga Magnús Gunnarsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði, Boga Nilsson ríkissaksóknara og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Landssambandi lögreglumanna, réttarfarsnefnd, Persónuvernd, umboðsmanni barna, lögreglustjóranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, Póst- og fjarskiptastofnun, dómstólaráði og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Þær helstu varða aðgang verjanda að gögnum og heimild lögreglu til að synja hans og heimild handhafa ákæruvalds til að taka ákvörðun um símhlerun. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að tekin verði upp í lögin ákvæði um vitnavernd lögreglumanna og heimild rannsóknara til handa til að taka framburð sakborninga og vitna upp á hljóðband, myndband eða mynddisk.

Meiri hlutinn telur eðlilegt að lögfest verði ákvæði um vitnavernd lögreglumanna, en nokkur brögð hafa verið að því að lögreglumenn og fjölskyldur þeirra hafi sætt hótunum af hálfu sakborninga í opinberum málum. Meiri hlutinn telur jafnframt eðlilegt að lögfest verði almenn heimild til að taka framburð upp á hljóðband, myndband eða mynddisk, en með því móti má koma í veg fyrir ástæðulausa sönnunarfærslu fyrir dómi um framburð sakbornings fyrir lögreglu. Þá treystir þessi breyting réttaröryggi þess sem sætir yfirheyrslu hjá lögreglu.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn máls að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakbornings. Slíka synjun megi bera undir dómara. Í núgildandi lögum er að finna sambærilega heimild sem þó er tímabundin þannig að slík synjun getur einungis varað í eina viku. Þann frest getur dómari síðan framlengt í allt að þrjár vikur samkvæmt núgildandi lögum. Í 4. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að sú framlengingarheimild dómara verði felld brott með hliðsjón af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði í 1. gr. þess. Meiri hlutinn telur að gild rök séu fyrir þeirri leið sem valin var í frumvarpinu en lítur svo á að markmiðum 1. og 4. gr. frumvarpsins megi ná með vægara móti og leggur því til að ákvæði 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að lögreglan hafi einungis heimild til að neita verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur. Þá verði lögreglu einnig heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur, en slíka synjun megi bera undir dómara. Meiri hlutinn telur jafnframt rétt að bæta við ákvæði þess efnis að þegar verjandi hafi fengið afhent endurrit af skjölum máls sé honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti. Loks leggur meiri hlutinn til að 4. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að dómara verði veitt heimild til að framlengja þriggja vikna frestinn í allt að fimm vikur.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að handhafa ákæruvalds verði veitt heimild til að ákveða að hlerunaraðgerðir hefjist án dómsúrskurðar að því tilskildu að brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Slíka ákvörðun skal bera eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og eigi síðar en innan sólarhrings frá því að hún var tekin, hvort sem aðgerðinni hefur þá verið hætt eða ekki. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að komist dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerðina sendi hann dómsmálaráðherra tilkynningu þar að lútandi. Forsenda þess ákvæðis sem lagt er til í frumvarpinu er að tíð skipti á símum og símanúmerum hjá þeim sem sæta símhlerun geta leitt til réttarspjalla, en samkvæmt núgildandi lögum er einungis hægt að kveða á um það í dómsúrskurði að tilteknir símar, þ.e. símanúmer, séu hleraðir. Oft er því sá sem lögregla óskar eftir að hlera símtöl hjá búinn að skipta um síma áður en heimild til hlerunar fæst. Meiri hlutinn telur engu síður mikilvægt að halda í þá meginreglu að dómsúrskurð þurfi fyrir símhlerun þar sem hún felur í sér verulega skerðingu á friðhelgi manna og frelsi til athafna og tjáningar án þess að þeir sem aðgerðirnar beinast af viti af þeim. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að ákvæði frumvarpsins verði breytt á þann veg að símhlerunarúrskurðir beinist hér eftir að símum eða fjarskiptatækjum í eigu eða umráðum nafngreinds einstaklings en ekki símanúmeri eins og fram til þessa. Þannig fær lögregla heimild til að hlusta á öll símtöl úr síma sem viðkomandi einstaklingur á eða hefur sannanlega yfir að ráða. Meiri hlutinn telur að með þessari breytingu sé því markmiði sem að var stefnt í 6. gr. frumvarpsins náð með vægara móti.

Við meðferð málsins í nefndinni barst ábending frá ríkissaksóknara þess efnis að rétt þætti að bæta við frumvarpið grein þar sem kveðið væri á um að sá sem ætti hagsmuna að gæta gæti kært ákvörðun lögreglu um að vísa frá kæru um brot til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana og að ríkissaksóknari skyldi taka afstöðu til

kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum. Í 76. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála segir að lögregla geti vísað frá kæru ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni og hún geti jafnframt hætt rannsókn ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram. Sá sem hagsmuna hefur að gæta getur borið þessa ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara. Í greininni er hins vegar hvorki mælt fyrir um kærufrest né afgreiðslufrest, og álitamál hvort beita á ákvæðum 114. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála með lögjöfnun um kærur skv. 76. gr. laganna eða hvort beita ber ákvæðum stjórnsýslulaga. Í 114. gr. er kveðið á um kærufrest vegna ákvörðunar lögreglustjóra um að fella niður mál vegna sönnunarskorts eða falla frá saksókn og um afgreiðslufrest ríkissaksóknara á slíkri kæru. Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að úr álitamálinu verði leyst með lagasetningu í samræmi við ábendingu ríkissaksóknara þar að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem greinir hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þórarinn E. Sveinsson.
Guðrún Inga Ingólfsdóttir.		Sigurður Kári Kristjánsson.

1663. Breytingartillögur [871. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, ArnbS, ÞES, GII, SKK).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. og 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:
   Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.
   Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna orðast svo: Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

3. Við bætist ný grein sem verði 5. gr., svohljóðandi:
   Lokamálsliður 1. mgr. 76. gr. laganna verður svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.
4. 5. gr. orðist svo:
   A- og b-liður 86. gr. laganna orðast svo:
   a. að leggja fyrir síma- eða fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki eða að öðrum kosti síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns,
   b. að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki.
5. 6. gr. falli brott.

1664. Frumvarp til laga [996. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í báti.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal fækka leyfilegum sóknardögum hvers báts um 10% frá þeim sóknardagafjölda sem bundinn var hverjum báti í lok fiskveiðiársins 2003/2004. Sóknardögum skal fækka um heila daga og broti sleppt. Eftir fiskveiðiárið 2004/2005 skal sóknardagafjöldi einstakra báta óbreyttur nema sem leiðir af flutningi sóknardaga milli báta og breytingum á vélarstærð báta og brúttótonnastærð þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þó skal endurskoða leyfilegan fjölda sóknardaga í upphafi hvers fiskveiðiárs og skal úthlutuðum sóknardögum einstakra báta fækkað í sama hlutfalli og heildarafli sóknardagabáta á tilteknu fiskveiðiári fer yfir heildarafla sömu báta á fiskveiðiárinu 2002/2003.
c. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. koma svofelldir málsliðir: Verði breytingar á skráðri hestaflatölu vélar miðað við 10. maí 2004 þannig að heildarvélaraflið aukist skal leyfilegum dögum viðkomandi báts fækkað samkvæmt eftirfarandi reglum: 1. Verði heildarafl vélar eftir breytingar 100 hestöfl eða minna fækkar sóknardögum um tvo. 2. Verði heildaraflið meira en 100 hestöfl fækkar sóknardögum hlutfallslega miðað við aflaukningu í hestöflum og broti sleppt. Séu sóknardagar fluttir til báts með meira vélarafl en bátur sá er búinn sem sóknardagar eru fluttir frá skerðast sóknardagar með sama hætti og segir í þessari grein.

2. gr.

Í stað orðsins „bolfiski“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: botnfiski.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Útgerðum báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 6. gr. laganna skal gefinn kostur á að stunda veiðar með krókaaflamarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005 enda séu jafnmiklar varanlegar sóknarheimildir bundnar við bátinn í lok fiskveiðiársins 2003/2004 og voru 10. maí 2004. Velji útgerð báts sem leyfi hefur til handfæraveiða með dagatakmörkunum að stunda veiðar með krókaaflamarki skal úthluta þeim báti krókaaflahlutdeild í þorski og ufsa í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaaflahlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins í þorski og ufsa á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003 skal skipt milli einstakra báta í hlutfalli sem ákvarðast af hlutfalli af afla báts úr heildarafla dagabáta fiskveiðiárin 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar. Þannig er fengin viðmiðunaraflareynsla hvers báts.
2. Reiknigrunnur hvers báts við ákvörðun krókaaflahlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu hans þannig að til reiknigrunnsins teljast 80% af upp að 50 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 60% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk.
3. Krókaaflahlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaaflahlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaaflahlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaaflahlutdeild samkvæmt þessari grein skal aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. september 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginatriði þessa frumvarps er það að lagt er til að sú breyting verði gerð á 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, að leyfilegum sóknardögum fækki um 10% á næsta fiskveiðiári og verði 18 miðað við að viðmiðunarfjöldi sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári er 19 sóknardagar. Sóknardögum fækki hins vegar ekki frekar enda aukist viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu ekki frá því sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þá verði útgerðum báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum gefinn kostur á að stunda veiðar samkvæmt veiðileyfi með krókaaflamarki. Til móts við þessa breytingu verði hins vegar settar takmarkanir á leyfilegan fjölda handfærarúlla um borð í hverjum báti og jafnframt ákveðið að aukning á vélarstærð hafi áhrif á fjölda sóknardaga. Loks er lagt til að lagfært verði lítillega orðalag ákvæðis er snertir úthlutun aflaheimilda til stuðnings sjávarbyggðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að aldrei verði heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í báti sem veiðar stundar með dagatakmörkunum. Í öðru lagi að sóknardögum fækki um 10% á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 2004 en síðan ekki meir enda fari afli dagabátanna ekki yfir viðmiðunarafla þeirra á árinu 2002/2003. Í þriðja lagi er lagt til að aukning á vélarafli hafi áhrif á fjölda sóknardaga.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um stjórn fiskveiða skal sóknardögum fækka um 10% árlega ef heildarþorskafli sóknarmarksbáta fer yfir þann viðmiðunarþorskafla sem tilgreindur er í 2. mgr. 6. gr. laganna. Þessi viðmiðunarþorskafli er 0,67% af leyfilegum heildarafla þorsks, sem á yfirstandandi fiskveiðiári gefur um 2.100 lestir. Sýnt er því að viðmiðunarfjöldi sóknardaga mundi að óbreyttum lögum minnka um 10% á hverju fiskveiðiári og sóknardagarnir verða 9 að jafnmörgum árum liðnum.

Í frumvarpi þessu er gengið út frá því að viðmiðunarfjöldi sóknardaga verði 18 sóknardagar. Gripið verði þó til frekari takmarkana á fjölda sóknardaga í upphafi fiskveiðiárs eftir fiskveiðiárið 2004/2005 ef viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu fer á einhverju fiskveiðiári yfir það magn sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003. Hver sá viðmiðunarafli verður er ekki unnt að áætla fyrr en fyrir liggur hvaða bátar verða í sóknardagakerfinu á næsta fiskveiðiári. Hins vegar er ljóst að með þeirri breytingu sem hér er lögð til er tekið tillit til þeirrar aflaaukningar sem orðið hefur á veiðum þessara báta á undanförnum árum. Til móts við þessa tilslökun á fækkun sóknardaga þykir nauðsynlegt að setja reglur um leyfilegan fjölda handfærarúlla um borð í hverjum báti og jafnframt að breytingar á vélum báta sem leiða til aukningar á vélarafli í hestöflum hafi áhrif á fjölda sóknardaga. Ljóst er að fjöldi handfærarúlla um borð í báti og ganghraði hans skiptir miklu máli varðandi aflahæfni hans. Í gildandi ákvæðum segir að stækkun báts í brúttótonnum eða flutningur sóknardaga til stærri báts leiði til fækkunar sóknardaga og verður það óbreytt. Loks er lagt til að flutningur sóknardaga til báts, sem búinn er stærri vél en bátur sá er sóknardagar eru fluttir frá, leiði til skerðingar sóknardaga samkvæmt sömu reglum og gilda við breytingar á vélarstærð. Er það nauðsynlegt til samræmis við ákvæði frumvarpsins um að breytingar á vélarstærð hafi áhrifa sóknardagafjölda.

Um 2. gr.

Við breytingar á 9. gr. laga um stjórn fiskveiða í lok árs 2003 urðu þau mistök að botnfiskur varð að bolfiski og þykir rétt að bæta hér úr.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að útgerðum dagabáta verði gefinn kostur á því að velja sig inn í krókaaflamarkskerfið. Geri þær það fá bátarnir úthlutað krókaaflahlutdeild í þorski og ufsa í upphafi næsta fiskveiðiárs, en þorskur skiptir höfuðmáli í þessu sambandi. Fær þá hver bátur úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum þannig:

1. Meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003 er skipt milli einstakra báta í hlutfalli sem ákvarðast af hlutfalli af afla bátsins í þorski og ufsa úr heildarafla dagabáta fiskveiðiárin 2001/2002 eða 2002/2003, þannig að útgerðin velur hvort árið er lagt til grundvallar. Meðaltalsþorskafli þessara viðmiðunarára er 11.608 lestir, miðað við óslægðan fisk. Þannig fæst viðmiðunaraflareynsla hvers báts.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaaflahlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu hans þannig að til reiknigrunnsins teljast 80% af upp að 50 lesta viðmiðunaraflareynslu,

miðað við óslægðan fisk, og 60% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk.

3. Krókaaflahlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004.

Með framangreindri aðferð fær bátur í raun reiknaða aflareynslu, að lágmarki 15 lestir í óslægðum þorski en endanlegt aflamark ræðst síðan af leyfilegum heildarþorskafla á fiskveiðiárinu. Ekki er ástæða til að áætla leyfilegan ufsaafla hér enda er hann óverulegur í þessu sambandi þótt sama reikniregla sé viðhöfð varðandi báðar tegundirnar. Þá er lagt til að tekið verði tillit til þess til hækkunar eða lækkunar ef varanlegar söknarheimildir á bátum hafa breyst frá viðmiðunarárunum eða frá 1. september 2001 hjá bátum með fast reiknigrunnslágmark. Þykir eðlilegt að taka tillit til þess ef söknargeta báts hefur breyst vegna fækkunar eða fjölgunar söknardaga vegna framsals. Loks segir að aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild annarra fiskiskipa skuli endurreiknuð miðað við þær breytingar sem af þessari sérstöku úthlutun leiða en ekki er unnt að segja til um hversu mikil lækkunin verður á aflahlutdeild annarra skipa í þorski fyrr en fyrir liggur hve mikill þorskafli er bundinn þeim bátum sem í krókaaflamarkskerfið fara.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum er varða stjórn á veiðum smábáta, meðal annars varðandi leyfilegan fjölda söknardaga og handfærarúlla. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1665. Frumvarp til laga [997. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíka samninga fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.

2. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra í því skyni að lögfesta ákvæði sem ætlað er að eyða þeirri réttaróvissu sem skapast hefur um að gildandi búvörulög, nr. 99/1993, tryggi ekki með nægjanlegri vissu að samráð, samruni og verðtilfærsla í mjólkuriðnaði sé undanskilið gildissviði samkeppnislaga í samræmi við ætlan löggjafans.

Mikill fjárhagsvandi hefur einkennt flest svið landbúnaðar á undanförnum árum. Slíkur vandi er alls ekki einskorðaður við Ísland því almennt má segja að svipuð fjárhagsvandræði steðji að bændum í nágrannalöndum okkar og víða um heim þótt ástæður þess séu misjafnar.

Á Íslandi hefur mikið verið fjallað um orsakir vandans og ýmislegt nefnt í því sambandi en einkum þó:

- að þróun smásöluverðs landbúnaðarafurða fari hækkandi þrátt fyrir lækkandi afurðaverð til bænda og
- að óheft samkeppni við sölu landbúnaðarafurða, miðað við núverandi markaðsaðstæður, tryggi hvorki sanngjarnt verð til framleiðenda né neytenda.

Í ljósi þessa er það almennt álit framleiðenda að almenn hagfræðileg rök um að samkeppni í viðskiptum efli hagvöxt þurfi að víkja fyrir markmiðum búvörulaga og sérstöðu landbúnaðarins, enda geti það fyrirkomulag einnig orðið neytendum og þjóðfélaginu í heild til góða, til lengri tíma litið. Markmið búvörulaga eru t.d. að vernda byggðastefnu og tryggja að landbúnaðarvörur, sérstaklega ferskar mjólkurafurðir, sem eru dagvörur, verði í boði á viðráðanlegu verði fyrir alla landsmenn. Grundvöllur þess er að verðlagning ferskra mjólkurafurða hefur bein áhrif á útgjöld nær allra heimila í landinu og því hefur verið talið nauðsynlegt að tryggja ákveðið hámarksheildsöluverð á þeim til allra smásala, óháð staðsetningu á landinu.

Almennt má þó segja að óhindruð samkeppni ríki í sölu á flestum landbúnaðarafurðum á Íslandi, að undanskildum mjólkurafurðum. Þannig hafa viðskipti með egg, kjúklinga, svínakjöt, nautakjöt og grænmeti verið svo til frjáls undanfarin 10–15 ár, þó með hliðsjón af ákveðinni innflutningsvernd samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, og beinni tollvernd. Þá er verðlagning á sauðfjárafurðum frjáls en íhlutun hins opinbera með styrkjum til framleiðenda hefur enn töluverð áhrif á viðskipti og verð þeirra afurða.

Á nýafstöðnu búnaðarþingi var skorað á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að taka samkeppnislög til endurskoðunar með tilliti til sérstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu. Sú leið sem lögð var til á búnaðarþingi er hins vegar ekki talin heppileg, m.a. á grundvelli þess að samkeppnislög, nr. 8/1993, eru almenn lög. Þau gilda skv. 2. gr. um hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslun og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Ýmis sérlög gilda hins vegar um afmarkaðri þætti opinberrar stjórnsýslu og atvinnurekstrar, svo sem búvörulög, nr. 99/1993. Það er almenn regla við lögskýringu að sérlög gangi framar almennum lögum sem samrýmast þeim ekki og því er eðlilegra að sérlög kveði á um undanþágur frá almennum lögum en að

í almenn lög sé lögfest ákvæði um sérreglur um ákveðna atvinnustarfsemi umfram aðra. Lagaákvæði sem fela í sér frávik frá almennum reglum ber jafnan að túlka þröngt. Í þessu felst að fara ber varlega þegar lagður er sá skilningur í lagaákvæði að þau undanskilji tiltekna þætti í atvinnustarfsemi gildissviði samkeppnislaga og þar með íhlutunarvaldi samkeppnisyfirvalda. Því þarf með skýrum lagatexta að lögfesta vilja löggjafans til þess undanskilja ákveðna þætti landbúnaðarins gildissviði samkeppnislaga.

Til þess að kanna tengsl laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulaga), nr. 99/1993, og samkeppnislaga fól landbúnaðarráðherra Árna Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni og Eiríki Tómassyni prófessor að skrifa álitsgerð um efnið og gera tillögur til breytinga á búvörulögum. Sérstaklega var þeim falið að leggja mat á hvernig hægt væri að tryggja virka samkeppni í framleiðslu og sölu búvara án þess að hagsmunir bænda og íslensks landbúnaðar væru fyrir borð bornir. Skiluðu þeir álitsgerð sinni til landbúnaðarráðherra 30. apríl sl.

Í megindráttum er það niðurstaða endurskoðunar á búvörulögum að í ljósi skuldbindandi samninga ríkisins við framleiðendur um styrki og að teknu tilliti til markaðsaðstæðna nú geti verið nauðsynlegt að lögfesta skýr ákvæði í búvörulög sem undanskilji ákveðna þætti verðmyndunar á heildsöluverði gildissviði samkeppnislaga. Hins vegar sé ljóst með hliðsjón af auknum alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um lækkun tolla og styrkja til landbúnaðar, m.a. innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), að samkeppni á innanlandsmarkaði muni harðna mikið í náinni framtíð.

Telja álitsgjafarnir að þegar markaður fyrir landbúnaðarafurðir er skoðaður með tilliti til samkeppni og hvernig staðið er að framleiðslu og viðskiptum með þær landbúnaðarafurðir sem framleiddar eru hér á landi megi segja að myndin sé alls ekki einsleit. Í fyrsta lagi blasir það við að svo til óheft samkeppni ríkir að því er varðar verð og viðskiptakjör á kjöti, grænmeti og öðrum landbúnaðarvörum, að mjólk og mjólkurafurðum undanskildum, en heildsöluverð á síðastgreindu vörunum er enn ákveðið með atbeina hins opinbera. Í annan stað hefur tekist, þar á meðal með samstöðu afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að stýra framleiðslunni og skipuleggja hana á því sviði með tilliti til neyslu innan lands sem ekki hefur tekist nema að takmörkuðu leyti á öðrum sviðum. Af þessum sökum sé ástæða til þess að greina á milli mjólkur og mjólkurafurða annars vegar og annarra landbúnaðarafurða hins vegar.

Varðandi mjólkurafurðir er það tillaga álitsgjafanna að skipta þeim einnig í tvo aðskilda flokka eftir því hvort um er að ræða afurðir sem seldar eru ferskar og þola illa geymslu eða hvort um er að ræða annars konar afurðir.

Með vísan til þess að samkeppni á innanlandsmarkaði er ekki eins virk þegar um er að ræða ferskvörur eins og mjólk, rjóma, undanrennu og skyr, öfugt við aðrar mjólkurafurðir, svo sem smjör, osta, jógúrt og mjólkur- og undanrennuduft, telja álitsgjafarnir að ferskvörurnar hækki í verði ef heildsöluverð yrði gefið frjálst. Því leggja þeir til, með vísan til framangreinds, að haldið verði áfram að ákveða heildsöluverð á mjólk og öðrum ferskum mjólkurafurðum af hálfu hins opinbera, ekki síst í því skyni að halda verði á þessum vörum niðri í smásölu, neytendum til hagsbóta. Með því móti sé einnig tryggt að þeir aðilar sem stunda smásöluverslun eigi kost á að kaupa þessar mikilvægu neysluvörur á sambærilegu verði og þar með verði komið í veg fyrir að stórar verslanakeðjur geti keypt umræddar vörur á mun hagstæðara verði en keppinautarnir í krafti stærðar sinnar. Hins vegar sé opinber verðlagning óþörf um aðrar mjólkurafurðir að því tilskildu að næg samkeppni ríki innan lands í viðskiptum með mjólkurafurðir, aðrar en ferskar afurðir. Samhliða þessum breytingum verði þó að tryggja afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimildir til að ákveða sín á milli heildsöluverð á öðrum mjólkurafurðum en ferskvöru og hafa með sér samráð um viðskiptakjör gagnvart

þeim sem kaupa mjólk og mjólkurafurðir í heildsölu. Einnig leggja þeir til að þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga verði afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða og þeim heimilað að gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir jafnviðamiklum breytingum að svo komnu máli. Er þess í stað miðað við að ákvörðun heildsöluverðlagningar mjólkurafurða haldist óbreytt í höndum verðlagsnefndar. Þó er lagt til að stigið verði skref til þess að minnka opinber verðlagsafskipti og verðmyndun af hálfu hins opinbera með því að færa ábyrgð og endanlega ákvarðanatöku um verðlagningu mjólkurafurða sem ekki falla undir verðlagsnefnd til afurðastöðvanna sjálfra.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk. Heimilt er þó að greiða hærra verð. Á grundvelli 1. mgr. 13. gr. búvörulaga ákveður verðlagsnefnd heildsöluverð sömu vara og verðlagðar eru skv. 8. gr. að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara „nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna“.[1]

Þá er einnig lagt til að með breytingum á 13. og 71. gr. verði allri óvissu eytt um að þær aðgerðir sem þar koma fram falli ekki undir samkeppnislög.

Ástæður þess að ekki er gengið lengra eru fyrst og fremst framangreind sjónarmið um samspil hagsmuna framleiðenda og neytenda. Eins og vikið er að í álitsgerðinni eru markaðsaðstæður hér á landi svipaðar og í Noregi og ESB-löndunum, en í því felst að í nágrannalöndum okkar er nær öll landbúnaðarframleiðsla niðurgreidd og um markaðssetningu landbúnaðarafurða gilda víðast hvar sérstakar reglur. Því er ljóst að þegar innflutningur eykst verða samkeppnisvörur íslenskrar landbúnaðarframleiðslu að miklu leyti niðurgreiddar í upprunaríkinu. Áður en til slíks innflutnings kemur í stórum stíl þarf innlendur mjólkuriðnaður að fá tækifæri til uppstokkunar og hagræðingar.

Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins (ESB) hefur hingað til einkennst af flóknu styrkjakerfi sem tengt er framleiðslu. Markmið landbúnaðarstefnunnar koma fram í 33. gr. Rómarsáttmálans. Þau felast m.a. í því að tryggja bændum sanngjörn lífskjör, jafnvægi á mörkuðum og stöðugt framboð, bætta og hagkvæma nýtingu, auk þess sem tryggja á neytendum sanngjarnt verð á landbúnaðarafurðum sem eru ekki ólík markmið og íslensku búvörulögin eiga að tryggja.

Samkvæmt 36. gr. Rómarsáttmálans gilda samkeppnisreglur sáttmálans aðeins um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir innan þeirra marka sem ráðherraráðið ákveður. Samkvæmt þessari heimild var sett reglugerð nr. 26/62, um beitingu tiltekinna samkeppnisreglna um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða. Í reglugerðinni segir að samkeppnisreglum verði beitt um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða að því marki sem slík beiting hamli ekki starfsemi samtaka á innlendum mörkuðum með landbúnaðarvörur og skapi ekki hættu á að markmið sameiginlegrar landbúnaðarstefnu náist ekki.

---

[1] Verðlagsnefnd ákveður nú heildsöluverð eftirtalinna vara: nýmjólk (allar umbúðastærðir), rjómi, undanrenna, skyr (ópakkað), smjör (allir flokkar), ostur (17% og 26%), nýmjólkurduft og undanrennuduft, sbr. grein 6.3 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 17. desember 1997.

Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að reglurnar í 1. mgr. 81. gr., sem er sambærileg 10. gr. samkeppnislaga, gildi ekki um samninga, ákvarðanir og aðgerðir ef um er að ræða óaðskiljanlegan hluta af starfsemi innlends markaðar eða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sem fram koma í 33. gr.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að hingað til hefur landbúnaðarmarkaður ESB verið verndaður fyrir erlendri samkeppni með sameiginlegum tollmúr. Viðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar munu þó væntanlega draga úr þeirri vernd.

Þá hefur ESB haft afskipti af verðlagningu búvara, einkum mjólkur, kjöts og korns. Kjarninn í landbúnaðarstefnu ESB er sá að stofnanir ESB ákveða verð á búvörum til stutts tíma í senn, svokallað markmiðsverð. Er einkum höfð hliðsjón af hagsmunum bænda, þ.e. að tryggja þeim mannsæmandi lífskjör, þó einnig sé tekið tillit til hættu á offramboði og kaupgetu neytenda. Stofnanir ESB beita aðallega eftirfarandi úrræðum til að tryggja að verð landbúnaðarafurða sé nálægt markmiðsverði: Opinberar stofnanir eru í vissum tilfellum skyldugar til að kaupa búvörur á ákveðnu verði ef verð á markaði er eftir atvikum 5–10% lægra en markmiðsverð. Það verð er nefnt íhlutunarverð. Innfluttar vörur til ESB eru hækkaðar í verði þar til þær eru á sambærilegu verði og búvörur innan ESB.

Í Noregi hefur bændum og samvinnufélögum framleiðenda verið heimilað að hafa samráð sín á milli um verð og aðra skilmála við sölu á landbúnaðarafurðum, sbr. ný samkeppnislög þar í landi sem tóku gildi 1. maí sl. Er ríkisstjórninni í þeim lögum veitt heimild til að undanskilja ákveðnar atvinnugreinar gildissviði samkeppnislaga með reglusetningu og er gert ráð fyrir í lögunum að landbúnaður verði ein þeirra atvinnugreina.

Alþjóðavæðing hefur einnig vaxandi áhrif á samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar í víðu samhengi og eykur skuldbindingar íslenska ríkisins til þess að opna fyrir aukinn innflutning og draga úr framleiðslu- og markaðstruflandi stuðningi við landbúnað. Slíkar breytingar hafa augljóslega áhrif á íslenskan markað, fyrir framleiðendur og söluaðila jafnt sem neytendur. Mikilvægasta alþjóðastefnumörkunin og sú sem hefur mest áhrif hér á landi er stefnuákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Innanlandsstuðningur samkvæmt stefnuákvörðuninni er flokkaður eftir eðli sínu í þrjá liti: Grænn stuðningur er leyfður án takmarkana og á ekki að tengjast framleiðslu eða hafa nema óveruleg markaðstruflandi áhrif. Íslensk stjórnvöld flokka t.d. stuðning við sauðfjárrækt sem grænan stuðning. Undir bláan stuðning geta fallið framleiðslutakmarkandi áætlanir sem uppfylla skilgreind skilyrði. Gulur stuðningur telst síðastur og í þann flokk falla aðgerðir sem ekki geta flokkast sem bláar eða grænar.

Aðgerðir þjóða eru síðan flokkaðar í samræmi við framangreint. Útkoman hvað varðar gulan stuðning er mæld í svokölluðum heildarstuðningi við landbúnað, AMS (Aggregate Measurement of Support) sem hámarksheimild ríkis til að stunda framleiðslutengdan eða markaðstruflandi stuðning við landbúnað. Samþykkt samningsins í Úrúgvæ felur í sér að á tímabilinu 1995–2000 áttu samningsríkin að lækka áðurgreindan stuðning um 20%. Eftir árið 2000 hafa þjóðir innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar rétt framhald samningsins, m.a. í Doha í Katar árið 2001 þar sem ákveðið var að hefja aðra samningalotu.

Hins vegar hefur ekki náðst samstaða milli ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hvernig haga skuli málum og aðgerðum gegn stuðningi við landbúnað í framhaldinu. Niðurstaða þeirra viðræðna mun óneitanlega hafa áhrif við mat á afmörkun markaðar fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir, breyta markaðsaðstæðum og líklega leiða til frekari endurskoðunar á búvörulögunum.

Í frumvarpinu er því fylgt landbúnaðarstefnu búvörulaga eins og hún kemur fram í 1. gr. þeirra. Birtast þar glögglega markmið um að tryggja jöfnuð á milli framleiðenda og viðun-

andi kjör bænda. Jafnframt kemur þar fram sú stefna löggjafans að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Í 51. gr. búvörulaga er síðan sérstaklega vikið að markmiðum X. kafla laganna sem fjallar um framleiðslu og greiðslumark mjólkur á árunum 1998–2005. Á meðal markmiðanna er að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni, bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu og jafnframt að viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar. Þá er stefnt að því að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er í frumvarpinu miðað við að ákveðnum greinum búvörulaganna verði breytt til þess að gera afurðastöðvum í mjólkuriðnaði kleift að mæta harðnandi samkeppi erlendis frá þar sem líklegt er að tollar muni lækka á samkeppnisvörum í kjölfar skuldbindinga ríkisins vegna samninga aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þeirrar stefnu stjórnvalda að verðlagning á landbúnaðarvörum verði gefin frjáls þegar markaðsaðstæður skapast til þess að verðmyndun geti orðið á grundvelli framboðs og eftirspurnar.

Þar til markaðurinn getur talist þroskaður í þeim skilningi er hins vegar miðað við að starfsemi afurðastöðva í mjólkuriðnaði verði undanskilin gildissviði samkeppnislaga en á móti verði heildsöluverð helstu mjólkurafurða ákveðið af verðlagsnefnd eins og verið hefur. Með því ætti að nást fram nauðsynleg hagræðing hjá afurðastöðvunum án þess að verð nauðsynjavara hækki til neytenda.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á að heimild verðlagsnefnda til þess að hætta afskiptum að heildsöluverði einstakra afurða, sbr. 16. gr. búvörulaga, mun verða óbreytt og sá möguleiki haldast opinn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. búvörulaga getur verðlagsnefnd, að fengnum tillögum afurðastöðva eða samtaka þeirra, heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Samningar þessir skulu hljóta staðfestingu verðlagsnefndar.

Verðlagsnefnd hefur heimilað afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að gera samning sín á milli um verðtilfærslu á milli tiltekinna afurða. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) annast framkvæmd þessarar verðtilfærslu í umboði Bændasamtaka Íslands, sbr. 2. mgr. 6. gr. samnings milli Bændasamtakanna og SAM, dags. 24. febrúar 2000, en það fyrirkomulag á sér stoð í 24. gr. búvörulaga.

Í framkvæmd fer verðtilfærslan þannig fram að stjórn SAM gerir fyrir hönd aðildarfélaga tillögur um verðtilfærslu mjólkur og mjólkurafurða sem síðan eru háðar staðfestingu verðlagsnefndar. Í tillögunum er lagt til að innheimt verði mánaðarlega verðtilfærslugjald á ýmsum mjólkurafurðum og að tilteknar mjólkurafurðir hljóti mánaðarlega endurgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM. Verðtilfærslugjald er innheimt á grundvelli 22. gr. búvörulaga. Samningur um verðtilfærslu bindur ekki aðrar afurðastöðvar en þær sem að honum standa. Sem stendur eru hins vegar allar mjólkurafurðastöðvar aðilar að samkomulaginu.

Með breytingunni er því aðeins verið að færa formið og ábyrgðina til afurðastöðvanna frá verðlagsnefnd í samræmi við venjubundna framkvæmd samkvæmt búvörulögum og undanskilja verðtilfærsluna skýrlega gildissviði samkeppnislaga. Þó er talið rétt að verðlagsnefnd sé upplýst um þessa samninga og því er lögð skylda á afurðastöðvarnar að senda nefndinni

þá til upplýsingar. Breytingarnar kalla hvorki á afnám lögbundins verðtilfærslugjalds skv. 22. gr. búvörulaga, en það gjald stendur undir verðtilfærslu milli tiltekinna mjólkurafurða, né breytingar á verðmiðlunargjaldi skv. 19. gr. búvörulaga.

Um 2. gr.

Í 71. gr. búvörulaga er kveðið á um heimild til handa afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að gera samkomulag um verkaskiptingu um framleiðslu einstakra mjólkurvara. Samkomulagið öðlast þó ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það. Í frumvarpi til breytinga á búvörulögum (þskj. 466, 299. mál 116. löggjafarþings 1992–93) segir um samsvarandi ákvæði að í ljósi þess að vænta megi erlendrar samkeppni við mjólkuriðnaðinn þyki eðlilegt að afurðastöðvarnar hafi áfram möguleika á að starfa saman, ef þær svo kjósa, til að styrkja samkeppnisstöðu sína. Var heimild til samkomulags um verðtilfærslu jafnframt bundin við slíka verkaskiptingu.

Í 1. kafla áðurgreinds samkomulags milli SAM og Bændasamtaka Íslands, sem staðfest er af landbúnaðarráðherra, er fjallað m.a. um áætlanir fyrir innanlandsmarkað og birgðastjórnun. Í 2. gr. kemur fram að samningsaðilar skuli gera áætlun um sölu mjólkurvara á innlendum markaði fyrir viðkomandi verðlagsár. Áætlunin skuli gerð fyrir allar afurðastöðvar á landinu og sýna tegundir mjólkurvara, framleiðslu, sölu og líklegar birgðir í lok verðlagsársins. Við gerð áætlunarinnar skuli m.a. hafa hliðsjón af þörf markaðarins fyrir einstakar vörutegundir. Í 3. gr. samningsins kemur fram að birgðir mjólkurvara skulu á hverjum tíma vera sem næst þörf innanlandsmarkaðar. Síðan segir að SAM annist eftirlit með heildarbirgðum mjólkurvara sem og samsetningu þeirra og að samtökin skuli grípa til nauðsynlegra ráðstafana í framleiðslustjórnun hjá afurðastöðvum til að sjá um að birgðahald falli að þörfum innanlandsmarkaðar.

Með breytingunum er verið að styrkja framangreindan grundvöll til hagræðingar og tryggja eðlilega að sú hagræðing njóti enn um sinn undanþágu frá gildissviði samkeppnislaga ef það er gert í þeim tilgangi að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða. Í breytingunni felst einnig að afurðastöðvarnar þurfa ekki lengur leyfi landbúnaðarráðherra til þess að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til samræmis við aukna ábyrgð afurðastöðvanna sjálfra á verðlagningu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að lögfesta ákvæði um að samráð, samruni og verðtilfærsla í mjólkuriðnaði sé undanskilið gildissviði samkeppnislaga. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

1666. Svar [919. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um félagslega aðstoð við einstæða foreldra.

Inngangur.

Fjallað verður um félagsþjónustu sveitarfélaga sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Við öflun upplýsinga var leitað til félagsmálastjóra sem ráðnir eru til að hafa umsjón með félagsþjónustu sveitarfélaganna. Upplýsingarnar hér á eftir byggjast á svörum félagsþjónustunnar í Reykjavík, í Kópvogi, í Mosfellsbæ, á Akureyri, í Garðabæ, í sveitarfélögum í Borgarfirði, í Vestur-Húnavatnssýslu og í Fjarðabyggð. Ekki hafa borist upplýsingar frá öðrum svæðum. Eru svör við 2. og 3. lið að hluta til byggð á þessum upplýsingum. Í svari við 1. lið er stuðst við upplýsingar frá Hagstofu Íslands og frá Félagsþjónustunni í Reykjavík ásamt gögnum úr félagsmálaráðuneyti. Ekki er fjallað um aðstoð í formi húsnæðis eða niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum en greint er frá fjölskyldugerð þeirra sem fá húsaleigubætur.

Árið 2002 var samtals 10.631 einstæð móðir hér á landi og 877 einstæðir feður eða samtals 11.508 einstæðir foreldrar. Kjarnafjölskyldur voru alls 71.343 þannig að fjölskyldur einstæðra foreldra voru 16% allra kjarnafjölskyldna í landinu. Börn eru á alls 43.950 heimilum. Þar af eru börn hjá einstæðu foreldri á 26% heimilanna (11.508).

1. Hversu margir einstæðir foreldrar njóta félagslegrar aðstoðar?


Félagsleg aðstoð er veitt í margþættu formi í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Helstu þættirnir eru fjárhagsaðstoð, margþætt félagsleg ráðgjöf og félagsleg heimaþjónusta. Enn fremur er veitt úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda hjá þeim sem ekki eru færir um það sjálfir. Hér verður fjallað um fjárhagsaðstoð og aðra félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjárhagsaðstoð.

Ekki eru til heildartölur yfir alla félagslega aðstoð sem veitt er hjá félagsþjónustu sveitarfélaga en í Landshögum 2003 má m.a. finna fjölda heimila sem hafa fengið fjárhagsaðstoð skipt eftir fjölskyldugerð árið 2001:

	Fjöldi	%
Einstæðir karlar með börn	99	2
Einstæðar konur með börn	1.743	35
Einstæðir barnlausir karlar	1.686	34
Einstæðar barnlausar konur	839	17
Hjón/sambúðarfólk með börn	356	7
Hjón/sambúðarfólk án barna	203	4
Heimili alls	4.925	

Eftirfarandi mynd sýnir greiðslur til mismunandi fjölskyldugerða. Þar kemur fram að einstæðir, barnlausir karlar eru fjölmennasti hópurinn sem fékk fjárhagsaðstoð á árunum 1992–2000, en árið 2001 verða heimili einstæðra mæðra fleiri.



Heimild: Landshagir.

Önnur félagsleg aðstoð.

Upplýsingar um aðra félagslega aðstoð liggja ekki fyrir yfir landið í heild. Frá Félagsþjónustunni í Reykjavík bárust eftirfarandi upplýsingar um fjölda heimila sem hafa fengið félagslega aðstoð og fjárhagsaðstoð.

	2001	2002	2003
Félagsleg aðstoð			
Fjöldi einstæðra foreldra	1.617	1.621	1.677
Heildarfjöldi	5.259	8.013*	8.154
Þar af fengu fjárhagsaðstoð			
Fjöldi einstæðra foreldra	1.019	1.139	1.157
Heildarfjöldi	2.955	3.575	3.779

* Skýring á fjölgun milli ára er að 67 ára og eldri voru talin með frá og með 2002 í heimaþjónustu.

Húsaleigubætur 2002.

Meiri hluti bótaþega á landinu var einhleypur eða 57%. Einstæðir foreldrar voru 29% bótaþega og 15% giftir eða í sambúð.

2. Hvers konar félagsleg aðstoð býðst einstæðum foreldrum?

Félagsþjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga stendur öllum íbúum sveitarfélags til boða. Einstæðir foreldrar eru ekki tilgreindir sérstaklega í lögunum frekar en aðrar fjölskyldugerðir. Rétt er þó að vekja athygli á að sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón, samkvæmt lögunum, eiga einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn um fjárhagsaðstoð er lögð fram. Þjónustan sem hér um ræðir er: fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, margþætt félagsleg ráðgjöf, þjónusta við börn, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlaða, úrlausn í húsnæðismálum hjá þeim sem ekki eru færir um það sjálfir o.fl.

Sveitarfélögin bjóða einstæðum foreldrum hvert með sínum hætti sérhæfða aðstoð umfram lögbundna þjónustu. Til dæmis hefur Félagsþjónustan í Kópavogi rekið sérstakt „mæðrasam-

býli". Félagsþjónustan í Reykjavík nefnir auk almennra skylduverkefna Kvennasmiðjuna sem er samstarfsverkefni Tryggingastofnunar ríkisins og Félagsþjónustunnar og er sérhönnuð fyrir einstæðar mæður. Einnig má nefna þjónustusamning við Félag einstæðra foreldra þar sem Félagsþjónustan í Reykjavík greiðir félaginu ákveðið gjald fyrir tiltekna þjónustu.

Einstæðir foreldrar fá víða niðurgreidda daggæslu barna í heimahúsum og þeir greiða lægri leikskólagjöld en hjón og fólk í sambúð.

3. *Hefur þurft að grípa til aðgerða vegna grunar um að aðstoð sé veitt á röngum forsendum, t.d. að foreldrar skrái sig einstæða þótt þeir séu í sambúð? Hvernig er eftirliti með slíku háttað?*

Ekki fengust bein svör við þessum lið frá félagsþjónustunni en hér verður fjallað almennt um þetta viðfangsefni. Hvorki kom fram í svörum sem bárust að félagsþjónustan hefði þurft að grípa til aðgerða vegna þessa né að hún hefði sérstakt eftirlit með því að aðstoð væri veitt á réttum forsendum. Landslög og vinnureglur á hverjum stað eru taldar tryggja þetta svo sem kostur er.

Sveitarfélögunum ber samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að veita íbúunum ákveðna, tilgreinda þjónustu. Sveitarfélögin hafa að vissu marki sjálfdæmi um það með hvaða hætti þau veita þjónustuna, svo framarlega sem þjónusta og aðstoð er í samræmi við lögbundnar skyldur. Með íbúa sveitarfélags er átt við þann sem á lögheimili í sveitarfélaginu. Fjölskyldugerð umsækjanda og börn á framfæri eru oftast tilgreind þegar óskað er eftir aðstoð og gilda þá staðfest og lögmæt gögn um lögheimilisskráningu og hjúskaparstöðu. Sama á við um aðrar upplýsingar sem mat á aðstoð byggist á, svo sem læknisvottorð, launaseðla, greiðslur frá almannatryggingum eða skráningu atvinnuleysis. Ef upp kemur grunur um að lögheimilisskráning sé ekki rétt getur sveitarfélag haft samband við Hagstofu Íslands vegna málsins. Það breytir hins vegar ekki því að mat á umsókn um aðstoð tekur mið af gildandi skráningu lögheimilis. Það er ekki fyrr en lögheimilisskráningu hefur verið breytt að forsendur fyrir umsókn breytast. Það er á hinn bóginn ekki hlutverk félagsþjónustunnar að hafa slíkt eftirlit með höndum, en hún getur að sjálfsögðu vakið athygli þar til bærra yfirvalda á nauðsyn á að kanna hvort lögheimilisskráning í ákveðnum tilvikum sé í samræmi við lög um lögheimili, nr. 21/1990.

Félagsþjónustan í Reykjavík greinir frá því að þar sé unnið samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í lögunum séu markmið þjónustunnar skilgreind, en þau eru: að aðstoða fólk til sjálfshjálpar, bera virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þess og hafa samráð við notendur í hvívetna. Félagsþjónustan sé þannig þjónustustofnun en ekki eftirlitsstofnun, hvað þá refsivald. Í starfsreglum séu skýr ákvæði um hvaða gögn umsækjendur eigi að leggja fram til sönnunar eða staðfestingar á aðstæðum sínum og unnið sé eftir því án nánari eftirgrennslana.

Félagsþjónustan í Kópavogi hefur ekki haft sérstakt eftirlit með þessu. Ef grunur leikur á að ekki hafi verið veittar réttar upplýsingar um hjúskaparstöðu er rætt við viðkomandi, en mið sé þó ævinlega tekið af því sem fram kemur í þjóðskrá. Félagsþjónustan telur sig ekki hafa til neinna úrræða að grípa ef grunur leikur á að skráning sé ekki rétt.

Ef rökstuddur grunur kemur upp hjá félagsþjónustunni á Akureyri um að fólk sé ekki með rétta lögheimilisskráningu tekst yfirleitt að leysa slík mál með viðræðum við viðkomandi. Ekki er um að ræða sérstakt eftirlit.

1667. Svar [952. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Landsvirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hafa verið framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins frá upphafi, sundurliðað eftir eigendum og árum?*
2. *Hvernig skiptast framlög hvers eiganda hverju sinni í fjárframlög og eignarhluta í framlögðum eignum og hverjar voru þær eignir, sundurliðað eftir árum?*
3. *Hverjar hafa verið arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals, sundurliðað eftir árum, og hvernig hafa þær arðgreiðslur verið reiknaðar og greiddar?*
4. *Hvaða ábyrgðir hafa eigendur Landsvirkjunar gengist í og hvað hefur fyrirtækið greitt fyrir þær, sundurliðað eftir eigendum og árum?*
5. *Hvernig hefur Marshall-aðstoðin, sem Bandaríkjamenn veittu Íslendingum um miðja síðustu öld, nýst til þess að mynda eign einstakra eigenda í Landsvirkjun? Hver voru fjárframlög eigenda Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar, sundurliðað eftir eigendum, virkjunum og árum fram að því að virkjanirnar runnu inn í Landsvirkjun? Hver er fjárhæðin talin vera miðað við núverandi eigið fé Landsvirkjunar og einnig miðað við áætlað markaðsvirði fyrirtækisins?*

Óskað er eftir því að allar fjárhæðir verði reiknaðar á núverandi verðlagi.

1. Framlög eigenda eftir árum á verðlagi í árslok 1995 eru sýnd í töflu hér á eftir en samkomulag eigenda Landsvirkjunar sem undirritað var 28. október 1996 byggðist á útreikningi á eigendaframlögum. Voru framlögin uppreiknuð miðað við byggingarvísitölu og vextir reiknaðir miðað við 3% vexti á ári. Síðan hafa eigendaframlögin verið uppfærð með byggingarvísitölu og reiknaður af þeim 5,5% arður. Útgreiddur hluti arðsins hefur verið dreginn frá endurreiknuðum framlögum. Eigendaframlögin skiptust í árslok 2003 sem hér segir:

Ríkissjóður	13.725.165.000 kr.
Reykjavíkurborg	12.222.256.000 kr.
Akureyrarbær	1.502.907.000 kr.
Samtals	**27.450 328.000kr.**

Fram til ársins 1989 skiptust eigendaframlögin jafnt milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árið 1983 var Laxárvirkjun sameinuð Landsvirkjun en ríkið átti 35% í Laxárvirkjun og Akureyri 65%. Jafnframt fóru fram leiðréttingar á eiginfjárframlögum í samræmi við samkomulag eigenda um hlut eigenda hvers um sig í Landsvirkjun sem staðfest voru í sameignarsamningi, dags. 27. febrúar 1981.

Annað eigin fé Landsvirkjunar en eigendaframlögin námu 13.729.883.000 kr. í árslok 2003.

Eigendaframlög samtals í þús. kr. á verðlagi í árslok 1995.

Ár	Framlög
1965	3.273.279
1966	194.309
1967	0
1968	0
1969	0
1970	0
1971	0
1972	702.751
1973	0
1974	153.880
1975	119.788
1976	84.588
1977	0
1978	0
1979	88.022
1980	81.645
1981	81.688
1982	68.486
1983	2.450.362
1984	-85.328
1985	0
Samtals eigendaframlög	**7.213.470**
Upps. staða með vöxtum	**14.000.000**

Eigendaframlög í árslok 2003 í þús. kr.

Ríkissjóður	13.725.165	50,000%
Reykjavíkurborg	12.222.256	44,525%
Akureyrarbær	1.502.907	5,475%
Samtals	**27.450.328**	

2. Vísað er í töflu hér að framan. Árið 1965 lögðu þáverandi eigendur Landsvirkjunar hvor um sig fram 1.636.640.000 kr. og námu fjárframlög 226.778.000 kr. og framlagðar eignir námu 1.409.862.000 kr. Þessar eignir voru:

Frá ríkinu: Eignarhlutur í Sogsvirkjun (50%) ásamt vatns- og lóðaréttindum, vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar og undirbúningur Búrfellsvirkjunar.

Frá Reykjavíkurborg: Eignarhlutur í Sogsvirkjun (50%) ásamt vatns- og lóðaréttindum, gufuaflsstöð við Elliðaár og lóð í Elliðaárdal vegna aðalspennustöðvar Sogsvirkjunar.

Árið 1983 lögðu eigendur Laxárvirkjunar, þ.e. ríkið og Akureyrarbær fram eignir Laxárvirkjunar. Að öðru leyti hafa eigendur lagt fram fé.

3. Í eftirfarandi töflu er sundurliðun á arðgreiðslum frá upphafi eftir árum og eigendum. Arðgreiðslur eru reiknaðar af endurmetnum eigendaframlögum og er reiknaður arður 5,5%. Við ákvörðun um útborgun arðs hefur eftirfarandi verið lagt til grundvallar:

a. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 75% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.
b. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum á bilinu 12–15%

komi 40% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 60% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

c. Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum hærri en 15% komi 60% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 40% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

d. Á árunum 2001–2003 fékk Akureyrarbær greiddar sérstakar viðbótararðgreiðslur til að vega upp á móti minni arðgjöf af framlagi Akureyrarbæjar til Landsvirkjunar en af framlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árleg viðbótararðgreiðsla á umræddu tímabili nam 5,475% af fjárhæð sem nemur 25% af reiknuðum arði samkvæmt framansögðu.

[1)] Hreinar rekstrartekjur án afskrifta = heildartekjur - beinn rekstrarkostnaður fyrir vaxtagreiðslur, skatta og afskriftir.

Arðgreiðslur. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 2003.

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri	Samtals
	50,000%	*44,525%*	*5,475%*	*100,000%*
1985	96.439	85.879	10.560	192.879
1986	0	0	0	0
1987	0	0	0	0
1988	55.252	49.202	6.050	110.504
1989	52.511	46.761	5.750	105.021
1990	55.699	49.600	6.099	111.397
1991	56.885	50.656	6.229	113.770
1992	59.571	53.048	6.523	119.142
1993	0	0	0	0
1994	0	0	0	0
1995	0	0	0	0
1996	0	0	0	0
1997	131.071	116.719	14.352	262.141
1998	136.507	121.561	14.948	273.016
1999	142.268	126.690	15.579	284.537
2000	147.225	131.104	16.122	294.451
2001	150.083	133.649	16.434	300.165
2002	157.442	140.201	17.240	314.882
2003	165.938	147.768	18.170	331.876
Samtals	**1.406.889**	**1.252.837**	**154.055**	**2.813.781**

4. Samkvæmt 1. gr. laga um Landsvirkjun er hver eigandi um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindinum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Heildarskuldir Landsvirkjunar í árslok 2003 námu 92.816.507.000 kr. og fellur mestur hluti þeirrar fjárhæðar undir ábyrgð eigenda. Í eftirfarandi töflu er að finna greiðslur Landsvirkjunar á ábyrgðargjaldi skipt eftir árum og eigendum.

Ábyrgðargjald. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi 2003.

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri	Samtals
	50,000%	*44,525%*	*5,475%*	*100,000%*
1985	0	0	0	0
1986	0	0	0	0
1987	33.434	29.773	3.661	66.868
1988	68.205	60.736	7.468	136.409
1989	68.784	61.252	7.532	137.568

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri	Samtals
1990	63.141	56.227	6.914	126.282
1991	67.218	59.858	7.360	134.436
1992	68.731	61.205	7.526	137.462
1993	81.828	72.868	8.960	163.656
1994	82.600	73.555	9.045	165.199
1995	77.900	69.370	8.530	155.801
1996	71.743	63.888	7.856	143.487
1997	67.065	59.721	7.344	134.129
1998	71.060	63.279	7.781	142.121
1999	86.143	76.710	9.433	172.285
2000	93.351	83.129	10.222	186.702
2001	117.055	104.238	12.818	234.111
2002	104.549	93.101	11.448	209.098
2003	103.802	92.436	11.366	207.605
Samtals	**1.326.610**	**1.181.346**	**145.264**	**2.653.220**

5. Hvorki iðnaðarráðuneytið né Landsvirkjun búa yfir þeim upplýsingum sem farið er fram á í 5. lið fyrirspurnarinnar. Við stofnun Landsvirkjunar voru yfirtekin lán frá Mótvirðissjóði og önnur lán sem tengdust Marshall-aðstoðinni og voru þessi lán bæði í íslenskum krónum og í Bandaríkjadölum. Þessi lán báru öll vexti og voru endurgreidd í samræmi við lánasamninga. Landsvirkjun er ekki kunnugt um að virkjunarframkvæmdir hafi fengið neina styrki vegna Marshall-aðstoðarinnar.

1668. Svar [798. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárfestingar viðskiptabanka.

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) til að svara fyrirspurninni. SBV leitaði eftir svörum frá Íslandsbanka hf., KB-banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Meðfylgjandi svör eru tekin upp úr innsendum upplýsingum frá viðskiptabönkunum þremur.

1. *Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna og dótturfyrirtækja þeirra í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands í milljörðum króna og sem hlutfall af markaðsvirði skráðra hlutabréfa í lok áranna 2000 og 2003? Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna í öðrum félögum á sama tíma?*

Markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna þriggja og dótturfyrirtækja þeirra í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands var 17,2 milljarðar kr. í lok árs 2000 og 34 milljarðar kr. í lok árs 2003. Hlutafjáreign viðskiptabankanna í skráðum fyrirtækjum nam 4,1% af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöll Íslands í lok árs 2000 og 5,2% í lok árs 2003.

Markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna í öðrum fyrirtækjum var 15,9 milljarðar kr. í lok árs 2000 og 34,3 milljarðar kr. í lok árs 2003.

2. *Hver var fjöldi fyrirtækja og dótturfélaga sem viðskiptabankarnir áttu hlut í innan lands og erlendis í lok áranna 2000 og 2003?*

Viðskiptabankarnir áttu samtals hlut í 410 fyrirtækjum í lok árs 2000 og 400 fyrirtækjum í lok árs 2003. Þess ber að geta að í mörgum tilfellum eiga tveir eða allir viðskiptabankanna hlut í sama fyrirtæki.

3. *Hvernig skiptist hlutafjáreignin innbyrðis milli bankanna og hverjar voru fimm verðmætustu eignirnar hjá hverjum banka um sig í lok áranna 2000 og 2003?*

Hlutabréfaeignin skiptist þannig á milli bankanna:

	2000	
	Markaðsvirði bréfa í Kauphöll	Markaðsvirði annarra bréfa
Íslandsbanki	8,3	5,8
KB-banki	6,0	6,6
Landsbanki Íslands	2,9	3,5
Samtals	17,2	15,9

	2003	
	Markaðsvirði bréfa í Kauphöll	Markaðsvirði annarra bréfa
Íslandsbanki	12,3	3,1
KB-banki	8,8	25,9
Landsbanki Íslands	12,9	5,3
Samtals	34,0	34,3

Fimm verðmætustu hlutafjáreignir Íslandsbanka í lok árs 2000 voru Glitnir hf., R Raphael & Sons PLC, Íslandsbanki hf., Ker hf. og Baugur hf. Í lok árs 2003 voru það Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Straumur hf., Framtak fjárfestingarbanki hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og R. Raphael & Sons PLC.

Fimm verðmætustu hlutafjáreignir KB-banka í lok árs 2000 (þ.e. Kaupþings hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.) voru Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Össur hf., Kaupthing Lux. SA, Sól-Víking hf. og Samherji hf. Í lok árs 2003 voru það Kaupthing Bank Sverige, Norvestia Oy, Vátryggingafélag Íslands hf., Singer & Friedlander Grp. plc. og Baugur Group hf.

Fimm verðmætustu hlutafjáreignir Landsbanka í lok árs 2000 voru Vátryggingafélag Íslands hf., The Heritable Bank Ltd., Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf., Kaupás hf. og Lýsing hf. Í lok árs 2003 voru það Eimskipafélag Íslands hf., The Heritable Bank Ltd., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf., Landsafl hf. og Landsbanki Lúxemborg SA.

4. *Hversu hátt hlutfall af eignum bankanna var í erlendum og innlendum skuldabréfum og erlendum og innlendum hlutabréfum í lok áranna 2000 og 2003?*

Í lok árs 2000 var hlutfall erlendra skuldabréfa 0,43% af eignum viðskiptabankanna þriggja að meðaltali og innlendra skuldabréfa 6,04%. Hlutfall erlendra hlutabréfa var 0,82% og innlendra hlutabréfa 3,62%.

Í lok árs 2003 var hlutfall erlendra skuldabréfa 0,41% af eignum viðskiptabankanna þriggja að meðaltali og innlendra skuldabréfa 5,42%. Hlutfall erlendra hlutabréfa var 1,06% og innlendra hlutabréfa 3,22%.

1669. Breytingartillaga [876. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

1670. Nefndarálit [873. mál]

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson og Maríu Sæmundsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Silju Báru Ómarsdóttur frá Jafnréttisstofu, Halldór Grönvold frá ASÍ, Hildi Jónsdóttur, jafnréttisfulltrúa Reykjavíkurborgar, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Dagnýju Kristjánsdóttur og Þorgerði Einarsdóttur frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Birnu Kolbrúnu Gísladóttur frá forsætisráðuneyti og Ingibjörgu Ólafsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Tillaga um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára er sett fram með nýstárlegum hætti. Verkefni eru skýrt afmörkuð og tímamörk og ábyrgð skilgreind. Nefndarmenn sem og margir gestir nefndarinnar fagna þessari framsetningu. Í umræðum var bent á gildi þess að fylgja verkefnum áætlunarinnar rækilega eftir í nánu samstarfi ríkisvalds, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og ýmissa stofnana og félagasamtaka á sviði jafnréttismála. Slíkt samstarf virðist hafa verið af skornum skammti. Nefndin telur eðlilegt að við undirbúning og framkvæmd jafnréttisáætlunar hafi ríkisstjórn samráð við aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa sveitarfélaga. Jafnmikilvægt þykir að við framkvæmd og úrlausn verkefna sem unnin eru á grundvelli áætlunarinnar verði nýttar þær rannsóknir, áætlanir og úttektir sem fyrir liggja í einstökum málaflokkum og tillögur um aðgerðir mótaðar á grundvelli þeirra í samráði við þá aðila innan og utan stjórnkerfisins sem gerst þekkja til á sviði jafnréttismála.

Í tillögunni kemur fram að framkvæmd áætlunarinnar verður á ábyrgð ríkisstjórnar en einstök verkefni deilast á milli ráðuneyta eftir eðli þeirra. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að eitt ráðuneyti beri meginábyrgð á samþættingu verkefna og að fylgja áætluninni eftir. Telur nefndin eðlilegast að það sé félagsmálaráðuneyti þar sem jafnréttismál heyra undir það.

Í umræðum um málið kom fram að félagsmálaráðuneyti er að hefja átak í því að fá fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn, hvort heldur þau eru í opinberri eigu eða eigu einkaaðila, til að setja sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Nefndin fagnar þessu átaki félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisstofu en beinir því jafnframt til Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa að fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlana og halda utan um stefnumótunarvinnu og úttektir í jafnréttismálum sem unnar eru á vegum ráðuneyta. Í þessu ljósi beinir nefndin því til forseta Alþingis

og forsætisnefndar að sett verði jafnréttisáætlun á Alþingi og jafnréttisfræðslu verði komið á fyrir stjórnendur þingsins og alþingismenn.

Nefndin fagnar því að í ráðuneytum séu starfandi jafnréttisfulltrúar en ljóst er að ábyrgð þeirra og verkefni munu aukast á næstu árum, m.a. við eftirfylgni verkefna samkvæmt áætluninni. Því er mikilvægt að tillit verði tekið til þessa í starfslýsingum þeirra sem veljast í þessar ábyrgðarstöður. Þá þarf einnig að tryggja jafnréttisfulltrúum ráðuneyta þá aðstoð og fræðslu sem þeim er nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu vel, m.a. með samstarfi þeirra og Jafnréttisstofu.

Nefndin telur brýnt að ráðuneyti fylgist vel með þróun jafnréttismála þann tíma sem áætlunin er í gildi. Sérstaklega er mikilvægt að félagsmálaráðuneyti hafi vakandi auga með öllum breytingum, svo sem rýmri skilgreiningu jafnréttishugtaksins með hliðsjón af stöðu og þróun einstakra minnihlutahópa í samfélaginu og stöðu fólks á vinnumarkaði eftir aldri.

Þau verkefni sem er að finna í tillögunni eru sum hver kostnaðarsöm og er mikilvægt að tillit verði tekið til áætlunarinnar við gerð fjárlaga á þeim tíma sem hún er í gildi.

Hvað varðar einstök verkefni sem ráðuneytum eru falin í áætluninni gerir nefndin eftirfarandi athugasemdir og leggur áherslu á að þeim verði bætt við verkefnisáætlanir ráðuneyta eftir því sem við á:

a. Við 4. tölul. I. og II. hluta. Nefndin leggur áherslu á að ráðuneyti og stofnanir hafi sett sér samræmdar jafnréttisáætlanir fyrir árslok 2005 og að jafnréttisfulltrúum verði falið í samstarfi við Jafnréttisstofu að tryggja að svo verði og fylgjast með framkvæmd áætlananna.
b. Við 1. tölul. II. hluta. Nefndin beinir því til allra ráðuneyta að þau setji sér það markmið að í nefndum, stjórnum og ráðum verði hlutfall kynja jafnað svo sem gert er ráð fyrir í tillögunni en hafi það að leiðarljósi að hlutföllin verði orðin sem jöfnust og a.m.k. 60:40 við lok gildistíma áætlunarinnar.
c. Við 3. tölul. II. hluta. Nefndin mælist til þess að fræðsla um jafnréttismál sem mælt er fyrir um í þessum lið nái til pólitískt kjörinna fulltrúa hjá framkvæmdarvaldinu, þ.m.t. ráðherra.
d. Við 19. tölul. II. hluta. Nefndin telur að úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla verði að taka til launa og hvers konar frekari þóknana í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga.

Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að umhverfis-, landbúnaðar- og samgönguráðuneyti fari með sérstök verkefni á sviði jafnréttismála. Nefndin vill að úr þessu verði bætt og að höfðu samráði við þessi ráðuneyti og jafnréttisfulltrúa þeirra leggur nefndin til breytingar þar sem þessum ráðuneytum eru falin sérstök verkefni.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á tillögunni:

1. Að yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða verði færð til félagsmálaráðuneytis. Þess vegna verði 1. tölul. I. hluta færður undir D-lið II. hluta.
2. Að félagsmálaráðuneyti láti rannsaka hvaða áhrif lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, hafa haft á jafnrétti kynjanna. Félagsmálaráðuneyti beri ábyrgð á að rannsóknin verði unnin en því verði heimilt að láta aðra vinna hana í heild eða að hluta, svo sem Jafnréttisstofu. Heimilt verði að gera rannsóknina samhliða verkefni 14. tölul. Niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en í lok árs 2007.
3. Að félagsmálaráðuneyti verði falið að leita leiða í samvinnu við heildarsamtök á vinnumarkaðinum til að efla starfs- og endurmenntun á vinnumarkaði, ekki síst ófaglærðra kvenna svo að þær verði hæfari til að takast á við verkefni í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaði.

4. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti. Að félagsmálaráðuneyti vinni í samstarfi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að undirbúningi framkvæmdaáætlunar til að ná fram fullu launajafnrétti. Við gerð áætlunarinnar verði tekið tillit til 14. og 22. gr. laga nr. 96/2000 og niðurstaðna rannsókna, m.a. skv. 19. og 20. tölul. II. hluta áætlunarinnar, um launamun kynjanna. Þá hefji félagsmálaráðuneyti viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að sambærilegar áætlanir verði gerðar sem taki til almenna vinnumarkaðarins. Í þessari tillögu hefur nefndin tekið mið af þingmáli 15 á yfirstandandi þingi, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, sem finna má á þingskjali 15.
5. Að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti leiti í samvinnu við Lýðheilsustofnun leiða til að sporna gegn áhrifum klámvæðingar á ungt fólk, m.a. með endurskipulagningu á kynfræðslu í skólum. Ábyrgð verksins hvíli á menntamálaráðuneyti og skal það unnið á árunum 2004–2006.
6. Að iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vinni úttekt á því hvaða árangur hefur orðið af verkefnum undanfarinna ára sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri, þ.m.t. stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins hvað varðar styrki, lánsfé og hlutabréf. Úttektin hafi það markmið að afla upplýsinga sem geti orðið grundvöllur að frekari aðferðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Úttektin beri heitið „stuðningur við konur í atvinnurekstri“ og verði á ábyrgð ráðuneytisins en unnin í samstarfi við aðila á markaði og samtök kvenna í atvinnurekstri. Niðurstöður úttektarinnar liggi fyrir á árinu 2006.
7. Að á vegum landbúnaðarráðuneytis verði unnið að tveimur verkefnum. Það fyrra er nefnt „Lifandi landbúnaður – Gullið heima“. Markmið þess er að byggja upp grasrótarhreyfingu sem hafi það að markmiði að fræða og styðja konur í bændastétt og hvetja þær til að koma á framfæri hugmyndum sínum til eflingar atvinnu í sveitum. Landbúnaðarráðuneyti ber ábyrgð á verkefninu með stuðningi félagsmálaráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Undirbúningi að verkefninu ljúki á árinu 2005 og það komi til framkvæmda á árinu 2006. Síðara verkefnið felst í athugun á eignarréttarlegri stöðu kvenna í landbúnaði og mati á því hvort þörf sé einhverra aðgerða til að jafna hlut karla og kvenna í þessu tilliti. Verkefnið verði á ábyrgð landbúnaðarráðuneytis og skulu niðurstöður liggja fyrir eigi síðar en í byrjun árs 2006.
8. Að á vegum menntamálaráðuneytis verði unnið að úttekt á stöðu jafnréttis á lista- og menningarsviði. Úttektin verði gerð á árunum 2004–2006 í samstarfi við Listaháskóla Íslands en á ábyrgð menntamálaráðuneytis og beri vinnuheitið „Jafnrétti og listir“.
9. Að samgönguráðuneyti geri úttekt á störfum kvenna á skipum íslenskra útgerða. Þar verði meðal annars kannað hlutfall kvenna á skipum íslenskra útgerða og lagt mat á vinnuaðstæður þeirra um borð. Í framhaldinu leggi ráðuneytið fram tillögur um úrbætur ef þurfa þykir en markmiðið verði að auka hlut kvenna á skipum íslenskra útgerða. Ábyrgð á verkinu verði hjá samgönguráðuneyti og vinna við það hefjist árið 2004 og ljúki árið 2006.
10. Að verkefnið „Konur og Staðardagskrá 21“ verði unnið á vegum umhverfisráðuneytis. Stefnt verði að því að auka hlut kvenna í Staðardagskrá 21 á Íslandi. Meginmarkmiðið verði að auka hlut og áhrif kvenna í ákvarðanatöku við eflingu sjálfbærrar þróunar í héraði á Íslandi á grundvelli Staðardagskrár 21 þar sem ríki og sveitarfélög vinna saman. Ábyrgð á verkinu hvíli hjá Staðardagskrá 21 á Íslandi. Verkefnið verði unnið á árunum 2004–2006. Áætlaður kostnaður við verkefnið er 500.000 kr.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. maí 2004.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Pétur H. Blöndal.
Birkir J. Jónsson.	Guðjón Hjörleifsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Katrín Júlíusdóttir.	Helgi Hjörvar.	Gunnar Örlygsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn allsherjarnefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Nefndin bendir á að þótt einstök ráðuneyti verði ábyrg fyrir framkvæmd tiltekinna verkefna samkvæmt áætluninni eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag var því ákveðið að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er ekki samþykk umsögn þessari.

Alþingi, 6. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Jónína Bjartmarz.
Sigurður Kári Kristjánsson.
Sigurjón Þórðarson.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára og hefur minni hlutinn skoðað þá kafla áætlunarinnar sem snúa að fjármála- og viðskiptaráðuneyti.

Fjármála- og viðskiptaráðuneyti.

Minni hlutinn telur afar brýnt að bæði ráðuneytin setji sér það markmið að í lok ársins 2005 verði hlutfall hvors kyns um sig í nefndum, stjórnum og ráðum ekki minna en 40%. Ástæða er í því sambandi til að benda á að frá árinu 2001 hefur hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis minnkað úr 25% í 20%, en jókst á sama tímabili úr 23% í 30% hjá fjármálaráðuneyti. Minni hlutinn telur einnig brýnt að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna fylgist markvisst með því að allar undirstofnanir ráðuneytanna setji fram jafnréttisáætlanir með skýrt skilgreindum markmiðum til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Fjármálaráðuneytið.

Minni hlutinn telur að leggja verði mikla áherslu á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og fjármálaráðherra að sjá til þess að ákvæði jafnréttislaga séu virt í kjarasamningum og ráðningarsamningum starfsfólks þannig að jafnræði ríki í launamálum kynjanna, m.a. með því að bifreiðastyrkir, duldar greiðslur og fríðindi renni jafnt til kvenna og karla. Í því sambandi er lögð áhersla á að fjármálaráðherra láti fara fram úttekt á launakjörum kynjanna, þ.m.t. bílastyrkjum og hvers konar duldum greiðslum og fríðindum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga. Jafnframt er lögð áhersla á að úttekt, sem fram á að fara á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun karla og kvenna til að unnt sé að meta kynbundinn launamun, verði unnin í samráði við samtök opinberra starfsmanna. Brýnt er einnig að fjármálaráðherra hafi hliðsjón af áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum við fjárlagagerðina.

Ástæða er til að leggja áherslu á að í þeirri úttekt á almannatryggingakerfinu sem fram á að fara samkvæmt áætlun í jafnréttismálum næstu fjögur árin verði það metið hvort lífeyrir og bætur karla og kvenna sem að uppistöðu hafa framfærslu sína frá almannatryggingakerfinu hafa dregist aftur úr kjörum karla og kvenna í tekjulægstu hópunum á vinnumarkaðnum. Jafnframt skal í úttektinni leita skýringa á því ef fjölgað hefur marktækt meira í öðrum hvorum kynjahópnum sem hefur fengið lífeyri eða bætur hjá almannatryggingum á undanförnum árum.

Viðskiptaráðuneytið.

Minni hlutinn fagnar því að móta eigi tillögur um það hvernig fjölga megi konum í forustu íslenskra fyrirtækja og hvort ástæða sé til að beita stjórnvaldsaðgerðum í því skyni. Hvetur minni hlutinn til þess að Alþingi verði kynnt niðurstaða fyrri áfanga starfsins, sem ljúka á fyrir árslok 2004, áður en ráðist verður í seinni áfanga sem á að ljúka á árunum 2005–2006.

Minni hlutinn fagnar einnig þeim verkefnum sem unnin hafa verið til að hvetja konur til að hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stuðningi við konur í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Brýnt er í því skyni að auka fjárstuðning við frumkvöðlastarf, auk þess að styrkja Lánatryggingasjóð kvenna.

Minni hlutinn leggur til að Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum verði í samráði við Félag kvenna í atvinnurekstri falið að gera rannsókn á því hvaða árangri þau verkefni hafa skilað sem hafa verið unnin á undanförnum árum til að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Er þar m.a. vísað til verkefna sem unnið hefur verið að í því skyni í síðustu jafnréttisáætlunum. Þannig fæst heildaryfirsýn yfir hvort markmið og leiðir hafa skilað tilætluðum árangri og hvort ástæða sé til að endurmeta vinnubrögð eða leiðir til að ná sem bestum árangri til að fjölga konum í atvinnurekstri. Sérstaklega verði gerð úttekt á stöðu kvenna gagnvart stuðningskerfi atvinnulífsins (styrkjum, lánsfé og hlutabréfum) og mótaðar tillögur á grundvelli hennar til styrktar atvinnu kvenna. Með þessu er aukið vægi sett á eftirfylgni og samþættingu rannsókna á sviði jafnréttismála.

Loks leggur minni hlutinn til að ekki verði einungis hugað að stöðu kvenna í atvinnurekstri heldur verði markvisst stefnt að því að auka starfs- og endurmenntun kvenna á vinnumarkaði, ekki síst ófaglærðra, til að þær geti tekist á við verkefni og störf í ört vaxandi tækniþróun á vinnumarkaðnum.

Brýnt er einnig að huga sérstaklega að kennslu í jafnréttisfræðum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Gunnar Örlygsson er áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd og er hann samþykkur umsögn þessari.

Alþingi, 8. maí 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Össur Skarphéðinsson.
Ögmundur Jónasson.
Einar Már Sigurðarson.

Fylgiskjal III.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að þótt einstök ráðuneyti verði ábyrg fyrir framkvæmd tiltekinna verkefna samkvæmt áætluninni eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag ákvað meiri hlutinn því að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

Alþingi, 5. maí 2004.

Gunnar Birgisson, form.
Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.
Sigurður Kári Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal IV.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Minni hluti nefndarinnar telur full efni til að nefndin fjalli um þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára á þskj. 1331, 873. mál, eins og félagsmálanefnd hefur óskað eftir. Þar sem það er lögbundið hlutverk allra ráðuneyta að gera tillögur til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáform í jafnréttismálum er ekki nema eðlilegt að nefndir þingsins komi að því að skoða þau framkvæmdaáform sem heyra undir viðkomandi nefnd eins og gerð er grein fyrir þeim í tillögunni.

Það er mat minni hlutans að almennt vanti forgangsröðun í einstaka kafla tillögunnar, en slíkt er forsenda fyrir því að háleit markmið hennar náist. Kaflinn um menntamálaráðuneytið hefur, að mati minni hlutans, að geyma afar spennandi áform sem öll eiga það skilið að fá framgang. Sérstaklega er ástæða til að fagna þeirri áherslu á jafnréttisfræðslu sem kemur þar fram. Hins vegar saknar minni hlutinn þess að kynjarannsóknir skuli þar hvergi nefndar. Slíkt er sýnu alvarlegra í ljósi þess að 1. gr. laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 96/2000, gerir sérstaklega ráð fyrir að efla þurfi rannsóknir í þeim fræðum.

Varðandi einstök verkefni, þá telur minni hlutinn að í skilgreiningu verkefnisins „Konur í vísindum“ (32) skorti mikið á að litið sé nægilega vítt yfir sviðið. Þar virðist eiga að leggja höfuðáherslu á konur sem starfa að rannsóknum hjá fyrirtækjum en ekki er getið um konur sem sinna vísindastarfi innan háskólasamfélagsins. Það er afar brýnt að menntamálaráðuneytið standi fyrir öflugum rannsóknum á sviði menntamála út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og þyrftu slík verkefni að vera tilgreind í áætluninni. Slíkt á einnig við um jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar (36), þar þyrfti að gera ráð fyrir rannsóknaþættinum og einnig ætti að kanna möguleikann á að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga við það að jafnréttissjónarmiða sé gætt innan félaganna við útdeilingu fjárins.

Varðandi verkefnið „Styrkir til jafnréttisfræðslu úr Þróunarsjóðum leik-, grunn-, og framhaldsskóla“ (35) er rétt að vekja athygli á því að ekki er gert ráð fyrir öllum skólastigum þar sem háskólastigið vantar. Minni hlutinn telur að ráða þurfi bót á þessu. Þá gagnrýnir minni hlutinn verkefnið „Konur og fjölmiðlar“ (37) þar sem ráðast á í könnun um þátttöku kvenna í fjölmiðlum. Það verður að telja óþarft að framkvæma enn eina könnunina, réttara væri að hefja strax markvissar aðgerðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum á grundvelli þeirra kannana og rannsókna sem þegar liggja fyrir um þessi mál.

Að lokum gagnrýnir minni hlutinn að í áætluninni skuli ekki getið fjölda skýrslna, rannsókna og kannana um jafnréttismál sem liggja fyrir og ættu að vera mikilvæg undirstaða fyrir það starf sem áætlað er að fari fram á næstu fjórum árum. Oft vill það gleymast hversu mikill efniviður er til um jafnréttismál en það verður til þess að stöðugt er frestað markvissum aðgerðum til úrbóta. Okkur er fullkunnugt um það hvert ástandið er, nú er tími aðgerða – mark-

vissra aðgerða sem framkvæma þarf á grundvelli þeirra rannsókna, kannana og skýrslna sem liggja fyrir.

Alþingi, 5. maí 2004.

Kolbrún Halldórsdóttir.
Björgvin G. Sigurðsson.
Katrín Júlíusdóttir.
Mörður Árnason.

Fylgiskjal V.

Umsögn samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur á fundi sínum fjallað um bréf félagsmálanefndar, dagsett 4. maí 2004, þar sem tillaga til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál, er send samgöngunefnd til umsagnar.

Samgöngunefnd gafst ekki færi á að taka málið til sérstakrar skoðunar. Nefndin bendir á að þótt einstökum ráðuneytum sé gert að vinna að tilteknum verkefnum samkvæmt áætluninni auk þess að uppfylla almenn skilyrði í jafnréttismálum, þá eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag var því ákveðið að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

Þuríður Backman er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og samþykk umsögn þessari.

Alþingi 10. maí 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Birkir J. Jónsson.
Einar Karl Haraldsson.
Einar Már Sigurðarson.
Guðjón Hjörleifsson.
Guðjón A. Kristjánsson.
Jóhann Ársælsson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn meiri hluta utanríkismálanefndar.

Með bréfi dags. 4. maí 2004 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn utanríkismálanefndar um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál. Þess var óskað að svar bærist til nefndarinnar eigi síðar en 7. maí.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar í dag og ákváðu nefndarmenn, að fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs frátöldum, að koma því á framfæri við félagsmálanefnd að utanríkismálanefnd teldi málið fyrst og fremst vera á málefnasviði félagsmálanefndar og að meiri hlutinn treysti því að hún fjallaði faglega og ítarlega um málið. Að mati meiri hlutans getur utanríkismálanefnd ekki gefið efnislega umsögn, nema rannsaka málið á sama hátt og félagsmálanefnd mun væntanlega gera.

Nefndarmenn í utanríkismálanefnd munu að sjálfsögðu taka þátt í umræðum um málið í þingsal og lýsa afstöðu sinni þar, ef svo ber undir.

Alþingi, 7. maí 2004.

Jónína Bjartmarz, varaform.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Einar K. Guðfinnsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1671. Breytingartillögur [873. mál]

við till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá félagsmálanefnd.

1. Fyrsti töluliður I. hluta falli brott.
2. Við II. hluta.
   a. Á undan 12. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.
   b. Á eftir 13. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna.
   c. Á eftir 15. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.
   d. Á eftir 16. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Starfs- og endurmenntun.
   e. Á eftir 22. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.
   f. Á eftir 30. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Stuðningur við konur í atvinnurekstri.
   g. Á undan liðnum „J. Menntamálaráðuneyti“ komi nýr töluliður, svohljóðandi: Lifandi landbúnaður – Gullið heima.
   h. Á eftir 32. tölul. komi nýr töluliður svohljóðandi: Jafnrétti og listir.
   i. Á undan liðnum „L. Sjávarútvegsráðuneyti“ komi nýr töluliður, svohljóðandi: Störf kvenna á skipum.
   j. Á undan liðnum „N. Utanríkisráðuneyti“ komi nýr töluliður, svohljóðandi: Konur og Staðardagskrá 21.

1672. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott sú skylda forstöðumanns að áminna starfsmann formlega fyrir brot á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem talin eru felast í starfi hans. Þá verður slík áminning ekki lengur skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Á sama hátt er lagt til að fellt verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir, vegna háttsemi sem svarar til 21. gr. gildandi laga, að honum hafi áður verið veitt formleg áminning.

Megintilgangur frumvarpsins er að gera forstöðumönnum ríkisstofnana auðveldara en nú er að segja starfsmönnum upp störfum. Þær breytingar sem 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar hyggst gera á frumvarpinu fela í sér að gefa skuli starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi ef þær eiga rætur að rekja til þess að hann hafi brotið starfsskyldur sínar, nema slíkt sé augljóslega óþarft. Jafnframt er tillaga um að forstöðumaður geti leyst starfsmann undan vinnuskyldu á meðan verið er að skoða hvort hann hafi brotið starfsskyldur sínar. Þessi breytingartillaga er afar óljós og matskennd og gæti skapað réttaróvissu, en slíkur var hraðinn á að afgreiða málið úr nefnd að ekki gafst kostur á að kanna áhrif breytinganna. Breytingartillögurnar staðfesta þó að 1. minni hluti viðurkennir að hafa gengið of langt með því t.d. að ætla að lögfesta að ákvæði stjórnsýslulaga nái ekki til ákvarðana um starfslok almennra starfsmanna ríkisins, enda fráleitt.

Gagnrýni umsagnaraðila á frumvarpið er af margvíslegum toga. Kjarninn í gagnrýni heildarsamtaka opinberra starfsmanna, BHM, BSRB og Kennarasambandsins er *í fyrsta lagi* sá að með frumvarpinu sé grafið verulega undan starfsöryggi ríkisstarfsmanna. Það sé í hæsta máta óeðlilegt að segja starfsmanni upp störfum án þess að hann fái tækifæri til að bæta ráð sitt eða frammistöðu í starfi.

Bent er á að með afnámi reglunnar um áminningu sé atvinnuöryggi ríkisstarfsmanna háð geðþóttavaldi stjórnenda þeirra stofnana sem þeir starfa hjá. Gæti þessi breyting haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir starfsmenn sem sinna viðkvæmum málum, t.d. lögreglumenn, fréttamenn o.fl. Ákvæði starfsmannalaganna um áminningu hafi verndað ríkisstarfsmenn gegn tilviljanakenndum ákvörðunum ráðamanna á hverjum tíma, sem kunna að vera teknar að óyfirveguðu ráði og ekki til þess fallnar að tryggja starfshæfni ríkisstofnana. Með því að gera starfsumhverfi ríkisstarfsmanna óöruggara aukist hættan á að við úrlausnir einstakra mála komi ekki öll fagleg sjónarmið fram. Sérstaklega sé hætta á þessu ef pólitísk álitamál eru uppi og starfsmaður talinn vera í andstöðu við pólitíska stefnu viðkomandi ráðuneytis á þeim tíma eða í andstöðu við yfirlýstan vilja forstöðumanns.

Í öðru lagi hafa stéttarfélögin bent á að með breytingartillögunum skapist réttaróvissa. Samkvæmt tillögunum mun málsmeðferð við uppsögn starfsmanns ráðast af því hvort hann hefur brotið starfsskyldur sínar eða verið sagt upp störfum af öðrum ástæðum. Ekki á að veita andmælarétt ef starfsmanni er sagt upp störfum vegna þess að hann hafi ekki þá kunnáttu eða reynslu sem forstöðumaður gerir kröfu um. Breytingartillagan tryggir því ekki ótvíræðan andmælarétt þannig að starfsmaður eigi undir öllum kringumstæðum kost á því að leiðrétta hugsanlegan misskilning sem búi að baki þeirri ákvörðun að segja honum upp störfum. Lögfræðingar heildarsamtaka opinberra starfsmanna segja að með öllu sé óljóst hvernig beita

eigi reglum stjórnsýslulaga um andmælarétt samhliða þessu ákvæði breytingartillögunnar og því um að ræða ávísun á ágreining og málaferli, verði frumvarpið að lögum. Að mati lögfræðinganna er hér stigið enn eitt óheillasporið, með því að setja sérreglu um að andmælaréttur eigi ekki að gilda í öllum tilvikum við uppsögn.

Í þriðja lagi er harðlega gagnrýnt hvernig ríkisvaldið hyggst standa að þessum breytingum. Heildarsamtök opinberra starfsmanna hafa átt í viðræðum um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og telja að það hefði verið eðlilegast að reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi um breytingar á starfsmannalögunum. Hafa samtökin talið það skjóta skökku við að ríkið skuli með sveitarstjórnarlögum setja þá skyldu á herðar sveitarfélagi að semja við stéttarfélög um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga en áskilja sér vald til þess að ákveða slíkt einhliða og án samráðs. Samtökin benda í því sambandi á stjórnarskrárákvæði þar sem kveðið er á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Undir þetta sjónarmið tekur ASÍ en í athugasemdum frá sambandinu segir m.a.: „Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum í ráðningarsambandi sé breytt með þeim einhliða hætti sem frumvarpið ber með sér.“ Gagnrýnin á hvernig breytingarnar koma fram er ekki eingöngu bundin við stéttarfélögin og heildarsamtök launamanna. Samband íslenskra sveitarfélaga segir t.d. í umsögn sinni: „Sambandið tekur því ekki afstöðu til frumvarpsins og óskar þ.a.l. að svo stöddu ekki eftir þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja sambærilega niðurstöðu gagnvart starfsmönnum sveitarfélaga enda æskilegt að gera slíkt í samstarfi við stéttarfélög.“ Hefur ítrekað verið óskað eftir því að samráðsleiðin verði farin svo að breytingar á starfsmannalögunum séu unnar í sátt en það hefur ekki gengið eftir.

Í fjórða lagi hefur verið bent á að starfsumhverfi ríkisstarfsmanna er að mörgu leyti frábrugðið því sem gerist á almenna vinnumarkaðnum og hafa eftirfarandi sjónarmið komið fram í því sambandi:

- Ríkisstarfsmenn bera í mjög mörgum tilvikum ríkari skyldur og kvaðir en lagðar eru á starfsmenn á almenna vinnumarkaðinum og hlýtur það að vera grundvallaratriði að endurskoðun á réttindum haldist í hendur við endurskoðun á þeim skyldum sem á starfsmönnunum hvíla.
- Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna er að mörgu leyti frábrugðið því sem gerist á almennum vinnumarkaði þar sem æðsti yfirmaður (veitingarvaldshafinn) er í flestum tilfellum pólitískur. Ákvarðanir séu því teknar á öðrum forsendum á opinbera vinnumarkaðinum en á almenna vinnumarkaðinum þar sem atvinnurekandi í samkeppnisrekstri tekur ákvarðanir á rekstrarlegum forsendum en ekki pólitískum.
- Í umræðunni um kjör og réttarstöðu ríkisstarfsmanna verður að hafa í huga að það er eðlismunur á því hvort um er að ræða fyrirtæki á almennum markaði eða opinbera stofnun. Hjá einkafyrirtækjum er valdið hjá eigendum, þ.e. það eru sérhagsmunir sem ráða, en hjá opinberum aðilum eru það hins vegar almannahagsmunir sem ráða, ekki einstaklingsbundnar ákvarðanir.
- Forstöðumenn ríkisstofnana eru embættismenn í skilningi starfsmannalaganna. Þeir eru háðir ákvörðunum ráðherra um eigið atvinnuöryggi og blasir því við sú hætta að ráðherrar geti haft bein áhrif á atvinnuöryggi ríkisstarfsmanna.
- Í rökstuðningi með frumvarpinu er því haldið fram að með því sé stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins og stuðlað að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni. Nú þegar er hins vegar skýrt ákvæði í starfsmannalögunum sem heimilar uppsagnir vegna hagræðingar þannig að sveigjanleikinn er til staðar eins og best sést á þeim uppsögnum sem hafa átt sér stað

á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Ef farið er að skyldu um auglýsingu starfa og þeirri meginreglu fylgt að ávallt skuli hæfasti einstaklingurinn valinn í viðkomandi starf ætti ríkið varla að þurfa að hafa miklar áhyggjur af hæfni starfsmanna. Þá er þriggja mánaða reynslutími hjá ríkisstarfsmönnum eins og annars staðar á vinnumarkaði.

Annar minni hluti tekur undir með samtökum opinberra starfsmanna um að það er fullkomlega óásættanlegt að eitt atriði sé tekið út úr starfsmannalögunum að geðþótta stjórnvalda, en ekki ráðist í þá heildarendurskoðun sem lofað var eftir síðustu kjarasamninga. Samtök opinberra starfsmanna hafa sterklega varað við því að svona umdeilt ákvæði skuli knúið fram í mikilli andstöðu við samtök opinberra starfsmanna í aðdraganda kjarasamninga og varað við afleiðingum þess.

Meðfylgjandi eru umsagnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands, Landssambands lögreglumanna, Læknafélags Íslands og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Fjöldi annarra stéttarfélaga skilaði umsögnum um málið en flest þeirra telja verulega annmarka á frumvarpinu og mæla gegn samþykkt þess.

Annar minni hluti mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum stjórnvalda að knýja fram með offorsi breytingu á mikilvægum þætti í ráðningarkjörum opinberra starfsmanna í algjörri andstöðu við stéttarfélögin og heildarsamtök þeirra. Lýsir 2. minni hluti allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í málinu.

Gunnar Örlygsson er áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 14. maí 2004.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.

Einar Már Sigurðarson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands. (22. desember 2003.)
II. Umsögn Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. (19. janúar 2004.)
III. Umsögn Landssambands lögreglumanna. (8. janúar 2004.)
IV. Umsögn Læknafélags Íslands. (15. janúar 2004.)
V. Umsögn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. (15. janúar 2004.)

1673. Svar [984. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

1. *Hvaða ríki hafa undirgengist og fullgilt sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og hver ekki?*

Tvö ríki, Kenýa og Srí Lanka, hafa fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem gerður var í New York 31. október 2003 og þannig undirgengist skuldbindingar samkvæmt samningnum. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að 30 ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

2. *Ef Ísland er ekki meðal þeirra ríkja sem hafa undirgengist og fullgilt sáttmálann, hver er skýringin á því?*

Utanríkisráðuneytið hefur nú ásamt viðeigandi fagráðuneytum til athugunar fullgildingu ýmissa alþjóðasamninga. Til dæmis hafa utanríkisráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið nú til skoðunar fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi ásamt viðbótarbókun við samninginn til að koma í veg fyrir, afnema og refsa fyrir viðskipti með einstaklinga, einkum konur og börn, sem gerð voru í New York 15. nóvember 2000 og Evrópusamning um netglæpi sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001 ásamt viðbótarbókun við samninginn þar sem verknaðir, sem lýsa kynþátta- og útlendingahatri og framdir eru með því að hagnýta tölvukerfi, eru lýstir refsiverðir sem gerð var í Strassborg 28. janúar 2003. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu verði tekinn til skoðunar í ráðuneytunum tveimur.

Tekið skal fram að Ísland er aðili að tveimur alþjóðasamningum sem beint er gegn spillingu. Annars vegar er um að ræða samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem gerður var í París 17. desember 1997, en hann var fullgiltur af Íslands hálfu 17. ágúst 1998 og öðlaðist gildi 15. febrúar 1999. Hins vegar er um að ræða Evrópusamning á sviði refsiréttar um spillingu sem gerður var í Strassborg 27. janúar 1999, en hann var fullgiltur af Íslands hálfu 11. febrúar 2004 og mun öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2004.

3. *Hvaða ákvæði er að finna í sáttmálanum um gagnsæi í fjárreiðum stjórnmálaflokka og í stjórnsýslunni?*

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu hefur það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu á ýmsum sviðum samfélagsins. Tekur samningurinn bæði til hins opinbera og til einkaaðila. Samningurinn hefur að geyma fjölmörg ákvæði er varða gagnsæi í stjórnsýslu sem stefna að framangreindu markmiði. Um gagnsæi í fjármögnun framboða til opinberra starfa sem kosið er til og fjármögnun stjórnmálaflokka er fjallað sérstaklega í 3. mgr. 7. gr. samningsins og hljóðar ákvæðið svo í íslenskri þýðingu:

„Hvert aðildarríki skal og taka til athugunar að samþykkja viðeigandi laga- og stjórnsýsluákvæði, sem fara saman við markmið þessa samnings og eru í samræmi við grundvallarreglur innlendra laga þess, í því skyni að auka gagnsæi fjármögnunar framboða til opinberra starfa sem kosið er til og, þar sem við á, fjármögnunar stjórnmálaflokka.“

1674. Svar [549. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum varðandi nefndir, ráð og stjórnir á þeirra vegum. Fjárhæðir, tölfræði og aðrar upplýsingar um nefndir, ráð og stjórnir í svari þessu eru byggðar á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum.

1. *Hve margar verkefnanefndir, annars vegar tímabundnar og hins vegar ótímabundnar, voru starfandi á vegum hvers ráðuneytis fyrir sig á árunum 2001, 2002 og 2003, hver voru verkefni nefndanna, hver var virkur starfstími þeirra á þessum árum og hvernig skiptust nefndarmenn í hverri nefnd fyrir sig eftir kynjum? Hve margir í hópi nefndarmanna voru í starfi hjá hinu opinbera?*

Til að tryggja samræmi í svörum var ráðuneytum bent á svohljóðandi skilgreiningu starfsmannahandbókar Stjórnarráðsins á verkefnanefndum: „Verkefnanefndir ráðuneytis eða stofnana eru tímabundnar nefndir sem starfa að afmörkuðu viðfangsefni. Til þeirra er að jafnaði stofnað að ákvörðun ráðherra eða yfirstjórnar.“ Auk þess var bent á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem unnin var 2002 um nefndir árið 2000.

Yfirlit yfir fjölda verkefnanefnda, tímabundnar og ótímabundnar, flokkað eftir árum og ráðuneytum er að finna í töflu 1.a.

Yfirlit yfir nefndir og verkefni þeirra er að finna í töflu 1.b.

Yfirlit yfir virkan starfstíma nefnda er að finna í töflu 1.c.

Á árunum 2001–2003 störfuðu 3.533 manns í verkefnanefndum á vegum ráðuneyta, þar af 2.519 karlar og 1.014 konur. Opinberir starfsmenn úr hópi nefndarmanna voru alls 1.799. Til opinberra starfsmanna teljast allir þeir sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Taldir eru upp aðalmenn nefnda. Hins vegar eru taldir með allir þeir sem starfað hafa í viðkomandi nefnd á umræddu tímabili, þ.e. breytingar á skipan aðalmanna, og þar af leiðandi getur fjöldi í hverri nefnd orðið meiri en fjöldi nefndarmanna sem að jafnaði sitja í hverri nefnd. Til nánari skýringa, sjá töflu 1.c.

Til frekari skýringar á töflu 1.c.

Varðandi virkan starfstíma nefnda var óskað eftir því að ráðuneyti tilgreindu fjölda funda 2001–2003 og fjölda klukkustunda sem unnið var að nefndarstarfi. Í flestum tilvikum er það svo að skráður stundafjöldi á einvörðungu við fundartíma en í mörgum tilvikum fór aðalvinna nefndarmanna fram utan funda en sá tímafjöldi er í flestum tilvikum ekki til skráður.

Upplýsingum um fjölda nefndarmanna sem að jafnaði starfa í nefnd var bætt inn til samanburðar við þann fjölda sem starfaði í nefndum árin 2001–2003.

Upplýsingar um fjölda opinberra starfsmanna úr hópi nefndarmanna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eru ekki fyrirliggjandi en 559 nefndarmenn eru á vegum ráðuneytisins.

2. *Hve mikið var greitt í nefndarþóknun hjá hverri þessara nefnda á þessum árum og hve margir fengu greitt samkvæmt ákvörðun þóknananefndar? Hve margir fengu laun fyrir nefndarsetu sem ekki tók mið af ákvörðun þóknananefndar og um hve háar heildarfjárhæðir var að ræða á hverju ári hjá hverju ráðuneyti fyrir sig?*

Yfirlit yfir nefndarþóknun hverrar nefndar og heildarkostnað ráðuneyta af nefndarþóknunum árin 2001–2003 er að finna í töflu 2.

Alls fengu 1.185 nefndarmenn greidda nefndarþóknun samkvæmt úrskurði þóknananefndar þessi ár. Nefndarmenn er fengu laun sem ekki tóku mið af ákvörðun þóknananefndar árin 2001–2003 voru 108.

Til frekari skýringar á töflu 2.

Upplýsingar um ákvörðun nefndarlauna hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eru ekki fyrirliggjandi.

Hafa ber í huga að nefndarþóknun vegna tímabundinna nefnda er oftast greidd í lok starfstíma viðkomandi nefndar og spannar allan starfstíma nefndarinnar og því er ekki unnt að greina kostnað milli ára eins og beðið er um.

Ekki er í öllum tilvikum greind í svörum ráðuneyta ástæða þess að engin nefndarþóknun er greidd en helstu ástæður eru þær að:

- nefndarstarf er ólaunað,
- nefnd er óuppgerð árið 2003 þótt starfi sé lokið,
- nefndarþóknun er til meðhöndlunar hjá þóknananefnd,
- nefnd er enn starfandi og verður ekki gerð upp fyrr en í lok nefndarstarfs eða
- nægjanlegar upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

3. *Hve margir sem áttu sæti í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins á þessum árum voru í fleiri en einni nefnd? Í hve mörgum nefndum sat hver þeirra og hve háar fjárhæðir voru greiddar þeim tíu sem mest fengu í sinn hlut?*

Alls sátu 706 manns í fleiri en einni nefnd á umræddu tímabili, þar af 176 í fleiri en þremur nefndum. Hafa ber í huga að þar sem um þriggja ára tímabil er að ræða þarf viðkomandi nefndarmaður ekki að hafa átt sæti í fleiri en einni nefnd í einu. Sem dæmi má geta þess að af þeim 42 nefndarmönnum sem sátu í sjö nefndum eða fleirum voru 17 einstaklingar sem þiggja laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar og fá því ekki sérstaklega greidd laun fyrir nefndarstörf. Í flestum tilvikum er það svo að eðlilegt megi telja að ráðuneytin eigi sér einn fulltrúa í nefnd.

Fjöldi nefndarmanna	Fjöldi nefnda
1	21
1	17
2	16
1	15
1	13
3	11
8	10
6	9
6	8
13	7
23	6
38	5
73	4
135	3
395	2
706	

Til að greina nefndarlaun þeirra tíu einstaklinga sem áttu sæti í fleiri en einni nefnd og fengu greiddar hæstu fjárhæðir var óskað eftir því við Fjársýslu ríkisins að gera lista yfir launategundir 421 og 422 en á þá lykla á að bókfæra nefndar- og stjórnarlaun.

Nefndarþóknun	Fjöldi nefnda
9.537.046	7
7.172.003	5
5.833.904	2
4.522.473	5
4.367.436	2
4.234.587	3
4.027.290	2
3.601.737	2
3.453.166	3
3.348.996	3

4. *Telur ráðherra að breyta eigi því fyrirkomulagi að þeir sem sæti eiga í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins og starfa hjá hinu opinbera fái nefndarþóknun ef nefndarstarfið fer fram í hefðbundnum vinnutíma þeirra?*

Um nokkurt skeið hefur verið í undirbúningi innan Stjórnarráðins að samræma vinnubrögð milli ráðuneyta varðandi greiðslur fyrir störf í nefndum, starfshópum og ráðum þannig að gætt verði jafnræðis meðal starfsfólks, bæði innan ráðuneyta og stofnana og milli þeirra. Í framhaldi af þeirri vinnu hefur fjármálaráðuneytið dreift leiðbeinandi vinnureglum til ráðuneyta þar sem almennt gildir að starfsmönnum verði ekki sértaklega greitt fyrir setu í nefndum og starfshópum sem skipaðir eru af ráðuneytum. Frá því geta þó verið undantekningar þegar sérstaklega stendur á.

Tafla 1.a. Fjöldi verkefnanefnda, tímabundnar og ótímabundnar, árin 2001–2003.

Ráðuneyti	2001	2002	2003
Forsætisráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	12	12	12
Ótímabundnar nefndir	5	5	5
Alls	**17**	**17**	**17**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	19	11	8
Ótímabundnar nefndir	5	4	8
Alls	**24**	**15**	**16**
Félagsmálaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	19	18	20
Ótímabundnar nefndir	1	1	1
Alls	**20**	**19**	**21**
Fjármálaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	29	22	23
Ótímabundnar nefndir	17	18	18
Alls	**46**	**40**	**41**

Ráðuneyti	2001	2002	2003
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	36	34	54
Ótímabundnar nefndir	29	29	29
Alls	**65**	**63**	**83**
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	34	37	40
Ótímabundnar nefndir	9	11	10
Alls	**43**	**48**	**50**
Landbúnaðarráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	31	30	26
Ótímabundnar nefndir	33	33	33
Alls	**64**	**63**	**59**
Menntamálaráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	47	48	47
Ótímabundnar nefndir	13	13	14
Alls	**60**	**61**	**61**
Samgönguráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	9	9	7
Ótímabundnar nefndir	0	0	0
Alls	**9**	**9**	**7**
Sjávarútvegsráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	7	8	2
Ótímabundnar nefndir	4	4	4
Alls	**11**	**12**	**6**
Umhverfisráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	39	37	38
Ótímabundnar nefndir	13	12	10
Alls	**52**	**49**	**48**
Utanríkisráðuneyti			
Tímabundnar nefndir	1	4	6
Ótímabundnar nefndir	6	7	7
Alls	**7**	**11**	**13**

Tafla 1.b. Nefndir og verkefni þeirra.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Forsætisráðuneyti	
Tímabundnar nefndir	
Handverk og hönnun 2003–2006	Markmið verkefnisins er að efla handverk, bæta menntun og þekkingu handverksfólks og stuðla að aukinni gæðavitund í greininni.
Handverksnefnd	Markmið verkefnisins er að efla handverk, bæta menntun og þekkingu handverksfólks og stuðla að aukinni gæðavitund í greininni.
Nefnd um efnahagsleg völd kvenna	Að leggja drög að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.
Nefnd um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands	Endurskoðun laganna skyldi ná til allra þátta í starfsemi bankans og stjórnkerfi.
Nefnd um endurskoðun tryggingalaga	Að endurskoða almannatryggingakerfið skv. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.
Nefnd um heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga	Að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunarinnar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Á grundvelli stefnumótunar nefndarinnar skuli gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtökum unglinga.
Nefnd um opinbera stefnumótun og jafnrétti	Að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.
Nefnd um rafræna stjórnsýslu	Að kanna hvort og þá eftir atvikum hvaða lagabreytinga væri þörf til að stjórnsýslan gæti áfram þróast rafrænt á æskilegan hátt.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðra	Að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Skal nefndin jafnframt gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu.
Nefnd um stefnumótun í skjalastjórn Stjórnarráðsins	Að fjalla um sameiginlega stefnumótun í skjalastjórn í ráðuneytunum. Nefndin á að taka á málum sem viðkoma skjalastjórn í öllum ráðuneytunum og koma með tillögur að viðmiðunarreglum um ýmis sameiginleg mál.
Nefnd um sveigjanleg starfslok	Að gera grein fyrir lögum, reglum og venjum er gilda um starfslok launþega, bæði hjá opinberum aðilum og á almennum vinnumarkaði og hvernig starfslokum er háttað í þeim nágrannalöndum sem gjarnan eru höfð til viðmiðunar hér á landi. Einnig skal nefndin gera grein fyrir vandkvæðum og álitamálum sem uppi eru varðandi fyrirkomulag starfsloka og fjalla um valkosti og mögulegar breytingar varðandi fyrirkomulag starfsloka og ráðstafanir sem slíkar breytingar myndu útheimta.
Nefnd um virkjanamannvirki og aðstöðu sveitarfélaga	Að kanna hvort og þá með hvaða hætti hægt er að jafna aðstöðu þeirra sveitarfélaga sem leggja land undir virkjanamannvirki.
Ritstjórn sögu Stjórnarráðs Íslands	Ritstjórn er falið að skipuleggja útgáfuna og ráða starfsmann eða -menn til verksins. Henni er einnig falið að gera fjárhagsáætlun fyrir útgáfuna.
Samráðshópur ríkisins og Landssambands eldri borgara	Koma með tillögur um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er komi til framkvæmda á næstu árum. Starfshópnum var einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu.
Samráðsnefnd ráðuneyta í málefnum upplýsingasamfélagsins	Að fylgja eftir þróun rafrænnar stjórnsýslu og samræma innleiðingu og notkun nýjunga í upplýsingatækni í ráðuneytunum þar með talin verkefni sem tengjast málaskrá og öryggi rafrænna upplýsinga.
Samráðsnefnd um Laxness-setur og Gljúfrastein	Að fjalla um sameiginleg hagsmunamál Laxness-seturs og Gljúfrasteins og vera vettvangur til upplýsinga um skipulag og uppbyggingu safna- og fræðslustarfsemi að Gljúfrasteini og í tengslum við Laxness-setur í Mosfellsbæ.
Samstarfshópur um tilfærslu verkefna Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana	Að undirbúa tilfærslu verkefna Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana.
Starfshópur um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga	Að undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga sem byggir á niðurstöðum nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 6. febrúar 2001 til að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga.
Stefnumótunarnefnd um upplýsingasamfélagið	Að móta og leggja fyrir samráðshóp og samráðsnefnd frumtillögur að endurskoðaðri stefnu og gangi í framhaldinu frá endanlegri tillögu til ríkisstjórnar.
Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið	Verkefnisstjórn er ráðgefandi fyrir forsætisráðuneyti og stýrir, fyrir þess hönd, víðtæku samráði ráðuneyta, sveitarfélaga, fulltrúa atvinnurekenda, launþega o.fl. um málefni upplýsingasamfélagsins.
Ótímabundnar nefndir	
Framkvæmdanefnd um einkavæðingu	Að annast samræmingu og umsjón einkavæðingar ríkisfyrirtækja þ.m.t. sölu eignarhluta ríkisins í félögum. Í störfum sínum fari nefndin eftir verklagsreglum við framkvæmd einkavæðingar sem ríkisstjórnin samþykkir. Einnig skal nefndin hvetja til útboða á rekstri og þjónustu sem ríkið hefur staðið að og færa þannig verkefni frá ríki til einkaaðila og fara í kerfisbundna athugun á eignum ríkisins, einkum fasteignum, lóðum, löndum og bújörðum, og gera tillögur um stefnu ríkisins varðandi sölu á hluta þessara eigna, með það að markmiði að lækka umsýslu- og rekstrarkostnað og afla ríkissjóði tekna.
Málaskrárnefnd	Vinna að áframhaldandi þróun málaskrárkerfisins.
Orðunefnd	Ræður málefnum hinnar íslensku fálkaorðu og gerir tillögur til stórmeistara orðunnar, sem er forseti Íslands, um veitingu hennar.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Samráðsnefnd um málefni aldraðra	Nefndin hefur til umfjöllunar breytingar á lögum og önnur helstu atriði sem varða hag aldraðra sérstaklega. Í nefndinni mun einnig gefast tækifæri til að fjalla um stefnu stjórnvalda í málefnum aldraðra og fulltrúar aldraðra geta með reglubundnum hætti komið stefnu sinni á framfæri við stjórnvöld. Samráðsnefndin getur stofnað undirnefndir til að fjalla um einstaka málaflokka.
Þingvallanefnd	Þingvallanefnd hefur fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Tímabundnar nefndir
Starfshópur um Umferðaröryggisáætlun til 2012
Nefnd til að sporna við vændi og kynferðislegri misnotkun
Nefnd til þess að endurskoða tiltekin ákvæði laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu
Nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta
Nefnd um könnun á veitingu reynslulausna
Nefnd um öryggismál íslensks samfélags
Starfshópur til að fara yfir núgildandi umferðarlöggjöf
Starfshópur til að setja reglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng
Starfshópur til semja leiðbeiningar fyrir brotaþola og aðra sem leita til lögreglu til þess að kæra afbrot
Starfshópur um úttekt á varnarviðbúnaði vegna eiturefna-, sýkla- og geislavopna.
Starfshópur, sem ætlað er að fara yfir gildandi lög og reglur er snerta skemmtanahald á útihátíðum
Vinnuhópur um stefnumörkun vegna víðnets dómsmálaráðuneytisins
Vinnuhópur um frumvarp til laga um fullnustu refsidóma
Nefnd til að semja frumvarp að lögum um landeignaskrá
Starfshópur um viðbúnað vegna slysa
Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 556, 1993 um lögmæltar ökutækjatryggingar
Starfshópur um meðferð nauðgunarmála
Starfshópur um reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar
Vinnuhópur til að undirbúa framleiðslu nýrra ökuskírteina
Nefnd um um rekstur Skálholtsskóla
Starfshópur um fyrirkomulag á skoðun stórra ökutækja utan höfuðborgarsvæðisins
Starfshópur um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum
Nefnd sem geri úttekt á langferðabifreiðum í notkun
Starfshópur til að fara yfir núgildandi umferðarlöggjöf
Nefnd um reglugerðasafn á netinu
Vinnuhópur sem endurskoða á reglugerð um sölu og meðferð skotelda nr. 536/1988
Ótímabundnar nefndir
Starfshóp til þess að fara yfir núgildandi reglur um meðferð ávana- og fíkniefna
Starfshópur um rekstur Landhelgisgæslu
Verkefnisstjórn til að fjalla um nýskipan lögreglumála
Nefnd um skipan reglna um hljóðritun lögregluyfirheyrslna
Nefnd um framtíðarskipan akstursíþrótta og aksturskeppna á Íslandi
Nefnd vegna könnunar á forsjár- og umgengnismálum
Nefnd til að semja lagafrumvarp um réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarmanna
Nefnd til rannsóknar á refsingum við afbrotum
Nefnd um rafræn eyðublöð
Nefnd um verkskil milli lögreglu og einkarekinna öryggisfyrirtækja
Nefnd um innleiðingu tilskipunar 2002/47/EB um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir

Félagsmálaráðuneyti
Tímabundnar nefndir

Nefnd um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga	M.a. fylgja eftir tillögum um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga sem unnar hafa verið á árinu 2000, samræma aðgerðir og fylgjast með framkvæmd laga nr. 44/1998.
Starfshópur til að semja reglugerð um lán til leiguíbúða	Semja nýja reglugerð við VIII kafla laga nr. 44/1998 „Lán til leiguíbúða“.
Starfshópur um þjónustugjöld sveitarfélaga	Gera úttekt á álagningu og innheimtu sveitarfélaga á þjónustugjöldum.
Nefnd til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995	Endurskoða ákvæði laga og reglugerða er varða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Samninganefnd um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga	Vinna drög að samningi milli ríkis og sveitarfélaga um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
Vinnuhópur vegna starfsmenntunarátaks í Vestmannaeyjum	Stýra starfsmenntunarátaki í Vestmannaeyjum vegna alvarlegs atvinnuástands þar.
Nefnd til að endurskoða lög um húsnæðissamvinnufélög	Vinna að heildarendurskoðun laga nr. 161/1998 um húsnæðissamvinnufélög.
Verkefnisstjórn árs fatlaðra 2003	Móta tillögur um framkvæmd árs fatlaðra 2003 með einkunnarorðin „Vinnumarkaður fyrir alla“.
Starfshópur um upplýsingaveitu sveitarfélaga	Koma á fót upplýsingaveitu um og fyrir sveitarfélögin í landinu.
Starfshópur um verslun með konur	Undirbúa norræna-Eystrasaltslanda-herferð gegn verslun með konur (mansal).
Nefnd til að semja leiðbeinandi reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	Semja leiðbeinandi reglur um fjárhagsaðstoð sem sveitarfélög gætu haft til hliðsjónar þegar þau setja sér slíkar reglur í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
Starfshópur um lögsögu sveitarfélaga til hafsins	Gera tillögur um stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar varðandi lögsögu sveitarfélaga til hafsins.
Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum	Samhæfa aðgerðir stjórnvalda á ólíkum fagsviðum sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum.
Nefnd til að meta framkvæmd laga og reglugerða um viðbótarlán	Meta framkvæmd laga og reglugerða um viðbótarlán og endurskoða ákvæði gildandi laga og reglugerða þar að lútandi.
Nefnd til að yfirfara stöðu leigumarkaðar	Yfirfara stöðu leigumarkaðar og gera tillögur um hvernig megi auka framboð leiguhúsnæðis.
Nefnd um aðstæður erlends vinnuafls	Kanna aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi.
Starfshópur um aðgengi fyrir alla	Semja framkvæmdaáætlun sem hefur það markmið að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.
Starfshópur um þjónustu við innflytjendur á Íslandi	Fjalla um þjónustu við innflytjendur á Íslandi, skipulag hennar og fyrirkomulag.
Verkefnisstjórn vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga	Fjalla um eflingu sveitarstjórnarstigsins, sameiningu sveitarfélaga, flutning verkefna ofl.
Nefnd um breytta sveitarfélagaskipan	Undirbúa og leggja fram tillögur um breytta sveitarfélagaskipan.
Nefnd um gatnagerðargjöld	Endurskoða lög og reglugerð um gatnagerðargjald.
Verkefnisstjórn um langtímaatvinnuleysi	Greina orsakir langtímaatvinnuleysis og atvinnuleysis ungs fólks og setja af stað staðbundin verkefni sem eiga að treysta stöðu viðkomandi hópa á vinnumarkaði.
Starfshópur til að yfirfara skýrslu Auðlindanefndar	Draga fram þau atriði skýrslunnar sem snerta sveitarfélögin þannig að auðveldara verði að taka afstöðu til þessara atriða þegar málinu vindur fram.
Tekjustofnanefnd	Fjalla um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
Nefnd til að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga	Yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á ýmsum sviðum.
Nefnd til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	Skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum.
Nefnd til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti	Taka saman yfirlit yfir umfang undanþága frá fasteignaskatti og koma með tillögur sem gætu orðið til þess að fækka undanþágum og einfalda þannig álagningu skattsins.
Starfshópur um kostnaðarmat vegna sveitarfélaga	Leggja fram tillögur um hvernig unnt sé að meta fjárhagsleg áhrif laga og annarra stjórnvaldsákvarðana á fjárhag sveitarfélaga.
Nefnd um langveik börn	Tryggja betur en nú er rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna veikinda barns.
Nefnd til að kanna stöðu Hringsjár	Kanna stöðu Hringsjár, starfsþjálfunar fatlaðra, í kerfinu og sérstaka lagasetningu um þá stofnun.
Starfshópur um atvinnumál fatlaðra	Gera úttekt á vernduðum vinnustöðum, einkum þeim þar sem saman fer vernduð vinna, hæfing og þjálfun.
Nefnd um jafnréttisumsagnir vegna stjórnarfrumvarpa	Gefa jafnréttisumsagnir um stjórnarfrumvörp.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Ótímabundnar nefndir	
Samstarfsráð um meðferð barna og unglina með vímuefnavanda, hegðunar- og geðraskanir	Að fjalla um framtíðarskipan mála varðandi meðferð barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir, svo sem vímuefnaneyslu og afbrotahneigðar.
Fjármálaráðuneyti	
Tímabundnar nefndir	
Nefnd um framkvæmd árangursstjórnunar	Fylgjast með framkvæmd árangursstjórnunarsamninga og miðla upplýsingum.
Nefnd um verðbólgureikningsskil	Meta kosti og galla að hverfa frá verðbólgureikningsskilum og gera tillögur um breytingar.
Nefnd um meðferð áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna samrekstrarstofnana ríkis og Reykjavíkurborgar	Að meta og gera tillögur um meðferð áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna viðkomandi starfsmanna.
Stýrihópur um rafræn viðskipti	Greina þarfir fyrir rafræn opinber innkaup.
Stýrihópur um fræðslu forstöðumanna til að bæta stjórnunarþekkingu og leiðtogahæfileika	Framkvæmd tilraunar með einstaklingsbundna fræðslu til forstöðumanna ríkisstofnana.
Vinnuhópur um greiðslu vaxta vegna krafna á hendur ríkissjóði	Vinnuhópur um greiðslu vaxta vegna krafna á hendur ríkissjóði.
Starfshópur um endurskipulagningu skattumdæma	Endurskipulagning skattumdæma og breytingar á verkaskiptingu milli stofnana skattkerfisins.
Nefnd um endurskoðun laga um erfðafjárskatt	Endurskoðun laga um erfðafjárskatt.
Nefnd um endurskoðun laga um fjáröflun til vegagerðar	Að endurskoða lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.
Nefnd um endurskoðun laga um stimpilgjald	Endurskoðun laga nr. 36/1978 um stimpilgjald.
Nefnd um endurskoðun laga um bókhald og ársreikninga	Að endurskoða lög nr. 144/1994 og 145/1994, um ársreikninga og bókhald.
Nefnd um viðskiptamannareikning skattgreiðenda	Að kanna stofnun viðskiptamannareiknings við skattyfirvöld.
Vinnuhópur um samræmingu eignarskatta	Endurskoðun laga um álagingu eignarskatta.
Nefnd til að gera úttekt á núverandi reglum og framkvæmd við áætlanir í skattkerfinu	Að draga úr skattáætlunum, jafnframt því að tryggja að gætt sé meðalahófs við gerð þeirra.
Starfshópur um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja	Athugun á skattalegu umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði vegna setningu nýrra laga í samræmi við tilskipun ESB nr. 92/96.
Nefnd um skipulag dreifilykla	Að gera tillögur að dreifilyklaskipulagi og notkun rafrænna undirskrifta í ríkiskerfinu.
Verkefnisstjórn um rafrænt markaðstorg	Undirbúa útboð á rafrænu markaðstorgi.
Nefnd um verðlagningu opinberra upplýsinga	Að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga.
Nefnd um endurgerð fasteignaskráar ríkisins	Að skilgeina þær þarfir sem fasteignaskrá ríkisins er ætlað að leysa og mynda nýja skrá.
Nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu	Að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepatekjuskatt hjá einstaklingum. Einnig á nefndin að kanna forsendur þess að vinna upplýsingar um viðmiðunarreglur fyrir mismunandi fjölskyldur.
Nefnd um húsnæðismál Tollstjórans í Reykjavík	Gerð úttektar á húsnæðismálum Tollstjórans í Reykjavík.
Nefnd um endurskipulagningu verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs	Skoða form og tilhögun á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með tilliti til endurskipulagningar á verðbréfaútgáfu ríkissjóðs.
Nefnd um athugun á skattlagningu fjármálaviðskipta milli landa	Úttekt á ákvæðum gildandi laga um álagningu skatta á fjármálaviðskipti milli landa og framkvæmd innheimtu.
Nefnd um endurskoðun tollalaga	Endurskoðun tollalaga nr. 55/1987 sem og reglugerðum tengdum þeim.
Nefnd um tímasetningar og álagningar vegna skattframtala	Endurskoðun tímasetningar og álagningar, jafnt á einstaklinga sem lögaðila til hagræðis fyrir skattgreiðendur.
Nefnd um þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði og viðhaldi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	Að kanna hvort ástæða kunni að vera til að þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva falli niður og þá um leið aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórnun stofnananna, en í staðinn verði önnur verkefni flutt til sveitarfélaganna.
Nefnd um verðbréfaskráningu erlendis	Að skoða vörslu- og uppgjörsmál innlendra ríkistryggðra skuldabréfa og setja fram tillögur til að auðvelda aðgang erlendra aðila að innlendum skuldabréfamarkaði.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Nefnd til að endurskoða samninga við skoðunarstofur og framkvæmd innheimtu hjá þeim	Endurskoðun samninga við skoðunarstofur og framkvæmd innheimtu.
Nefnd um aðlögun tilskipunar ESB nr. 70/156 að samræmdu tollskránni	Aðlögun tilskipunar ESB nr. 70/156 að samræmdu tollskránni og skoða hvaða áhrif þær breytingar hefðu í för með sér.
Nefnd um reglur og skilmála um samskipti ÁTVR við birgja	Að fara yfir samskipti ÁTVR og birgja heildstætt og koma með tillögur um hvað megi betur fara.
Nefnd sem geri tillögu um viðurkenningu til ríkisstofnunar sem skarað hefur fram úr í þjónustu rekstri eða umbótum	Gera tillögu um viðurkenningu til ríkisstofnunar sem á einhvern máta hefur skarað fram úr í þjónustu, rekstri eða umbótum í starfsemi sinni.
Nefnd um innkaup sveitarfélaga	Móta tillögur til fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup.
Starfshópur um umfang skattsvika	Að gera útekt á umfangi skattsvika, skattasniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.
Nefnd um endurútgáfu laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt	Að vinna að endurútgáfu laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.
Nefnd um endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna	Að endurmeta skipulag kjarasamninga opinberra starfsmanna og taka til nánari athugunar ákvæði laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
Nefnd um endurskoðun reglna um skattmat	Að fara yfir þær forsendur sem lagðar hafa verið til grundvallar skattmati.
Nefnd um endurskoðun reiknaðs endurgjalds	Að yfirfara þær forsendur sem lagðar hafa verið til grundvallar í reglum um reiknað endurgjald.
Nefnd um fyrirkomulag þjálfunar, fræðslu og símenntunar fyrir starfsmenn skattkerfisins	Að gera tillögur um fyrirkomulag þjálfunar, fræðslu og símenntunar fyrir starfsmenn skattkerfisins.
Nefnd um skatteftirlit á landsbyggðinni	Tillögur um nánari útfærslu á skatteftirliti og málsmeðferð.
Nefnd um skoðun og eftirlit með stórfyrirtækjum	Að gera með tillögur um stofnun sérstakrar eftirlitseiningar innan skattkerfisins um skoðun og eftirlit með stórfyrirtækjum í alþjóðlegum viðskiptum.
Nefnd um ársreikninga og samstæðureikninga félaga að tiltekinni gerð.	Innleiðing tilskipunar nr. 2001/65/EB er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga að tiltekinni gerð.
Nefnd um upptöku CFC löggjafar – CFC nefnd	Að undirbúa hugsanlega lögfestingu CFC-reglna hér á land.
Vinnunefnd um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla IAS	Umsjón með formlegri vinnu í tenglum við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðalanna IAS.
Samráðshópur um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla IAS	Samráð um innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna IAS.
Ótímabundnar nefndir	
Afskriftanefnd	Ákvarðanir varðandi afskriftir skattkrafna.
Bílanefnd	Að vera fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um framkvæmd og eftirlit reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins.
Endurskoðendaráð	Fjallar um meint brot starfandi endurskoðenda, bæði kvartanir og að eigin frumkvæði.
Ferðakostnaðarnefnd	Úrskurða um dagpeninga og akstursgjald fyrir ríkisstarfsmenn skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.
Framkvæmdanefnd um árangursstjórnunarsamninga	Að vera vettvangur skoðanaskipta og miðla reynslu af árangursstjórnun milli ráðuneyta. Með nefndinni starfa fulltrúar frá hverju ráðuneyti.
Gjaldtökunefnd	Athuga hvort gildandi lög um heimtu ýmissa gjalda fullnægi þeim kröfum sem ákvæði 77. gr. stjórnarskárinnar, gera til skattlagningarheimilda.
Nefnd til að meta lausn um stundarsakir	Rannsókn á meintum misfellum í störfum embættismanna.
Reikningsskilaráð	Að samræma reglur um góðar reikningsskilavenjur.
Ríkisfjármálanefnd	Samráðshópur um ríkisfjármál.
Ríkisreikningsnefnd	Að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir reikningshald ríkisins.
Samninganefnd ríkisins	Að annast gerð kjarasamninga við viðsemjendur ríkisins.
Samráðsnefnd FJR og Alþingis um fjárlagagerð	Samráð um þá þætti fjárlagagerðar sem snúa að Alþingi.
Samráðsnefnd FJR, Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins um lánsfjármál ríkisins	Vettvangur skoðanaskipta um stöðu og horfur á fjármagnsmörkuðum og um lánamál og lántökuáform ríkissjóðs innanlands og erlendis.
Samráðsnefnd um gerð tvísköttunarsamninga og fjárfestingasamninga	Átak í gerð tvísköttunarsamninga.
Samráðsnefnd um Landskrá fasteigna	Byggja upp Landskrá fasteigna.

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir	Að framfylgja lögum um opinberar framkvæmdir.
Tvísköttunarnefnd - SUT	Viðræður um samninga um tvísköttun.
Þóknananefnd	Úrskurða þóknanir fyrir störf í nefndum á vegum ríkisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Tímabundnar nefndir
Nefnd skv. reglugerð nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótaefni)
Samstarfshópur um bifreiðamál hreyfihamlaðra
Nefnd, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 83/1991 um greiðslur fyrir sjúkratryggða vegna lýtalækninga
Vinnuhópur vegna samninga Íslands við erlend ríki á sviði félagslegs öryggis
Nefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa kynningu á lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997
Heilsuefling – forvarnaverkefni
Nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lög um félagslega aðstoð, nr. 118/1993
Markmið að einfalda bótakerfi almannatrygginga og annarra velferðartilfærslna o.fl.
Nefnd til að kynna sér stöðu mála er varðar ofbeldi gagnvart starfsfólki innan meðferðar- og heilbrigðisstofnana
Nefnd til að fjalla um hvort og með hvaða hætti veita skuli sérfræðileyfi til handa sjúkraþjálfurum
Vinnuhópur sem hefur það verkefni að samræma lykla og skráningu launa á þeim stofnunum sem nota H-launakerfi
Nefnd til að skoða samrekstur dvalarheimilisins Höfða og Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Akraness
Nefnd til að skilgreina þau viðbótarréttindi sem skipulegt framhaldsnám fyrir sjúkraliða gæti veitt
Nefnd um framtíðarþróun í íslenska heilbrigðiskerfinu. Endurskoðun íslensku heilbrigðisáætlunarinnar.
Nefnd, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa
Afgreiðslunefnd, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum
Viðræðunefnd um daggjöld á stofnunum fyrir aldraða, sem og um aðra þætti sem lúta að rekstri, stjórnun og uppbyggingu stofnana fyrir aldraða
Stýrihópur til að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimmtán ára
Nefnd vegna samvinnuverkefnis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, landlæknisembættisins og öldrunarstofnana til að laða fólk til starfa í öldrunarþjónustu
Vinnuhópur til að fara yfir fjárhagsáætlanir Landspítala – háskólasjúkrahúss
Verkefnastjórn um fækkun slysa á börnum og unglingum (átaksverkefnið Árvekni)
Fagráð við Heyrnar- og talmeinastöð Íslands skv. lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, 37. gr. a og b
Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 4. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra
Nefnd til að endurskoða lög og reglur um sálfræðinga
Nefnd vegna samninga Íslands við erlend ríki á sviði heilbrigðis- og tryggingamála
Nefnd sem skipuleggur störf sálfræðings og samskipti við heilsugæslu, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga skóla og félagsmálaþjónustu sveitarfélaga vegna tilraunaverkefnisins á Suðurlandi
Nefnd um endurskoðun greiðslukerfa hjúkrunarheimila
Vinnuhópur til að vinna að gerð almennrar kröfulýsingar fyrir sjúkraskrárkerfi
Vinnuhópur til að vinna yfirlit yfir allar þær upplýsingar sem reglubundið eru skráðar eða talið er æskilegt að skrá um heilbrigðismál hjá opinberum aðilum
Nefnd til kanna og gera tillögur um leiðir varðandi aðskilnað kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu
Vinnuhópur til að kanna kosti og galla þess að Blindrafélagið myndi annast rekstur Sjónstöðvar Íslands
Samstarfsráð um gæðamál heilbrigðiskerfisins
Verkefnisstjórn til að annast samskipti við Öldung hf. hvað varðar undirbúning, hönnun og verklegar framkvæmdir hjúkrunarheimilisins við Sóltún í Reykjavík
Vinnuhópur, skilgreinir hvaða lyf teljist með sambærileg klínísk meðferðaráhrif, þrátt fyrir skilgreindan lyfjafræðilegan mun
Nefnd fjögurra ráðuneyta, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis., menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, er fylgja skal eftir stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Skal sjá um að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og vera tengiliður við hlutaðeigandi aðila.
Verkefnisstjórn fyrir heilbrigðisnetið
Starfsnefnd til að fara yfir hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss (hátæknisjúkrahúss) á höfuðborgarsvæðinu
Verkefnisstjón um heilsufar kvenna
Samráðshópur um inntöku vistmanna á Hjúkrunarheimilið Sóltún Reykjavík
Starfshópur til að gera tillögur um eflingu heilsugæslunnar í landinu
Nefnd til þess að kanna þá þjónustu sem nú er veitt psoriasis- og exemsjúklingum og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þykir
Nefnd sem ætlað er að meta ástæður þess vaxandi skorts á sjúkraliðum til starfa sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir nú og gera tillögur um með hvaða hætti bregðast skuli við vandanum

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar

Verkefnisstjórn til að undirbúa og annast útboð á rekstri nýrrar heilsugæslustöðvar í Kópavogi
Starfshópur um starfsendurhæfingu í samræmi við samþykktir málþings um starfsendurhæfingu
Stýrihópur sem hefur það hlutverk að skilgreina og meta þarfir Lyfjastofnunar, landlæknis og Tryggingastofnunar fyrir upplýsingar úr lyfjagagnagrunni Tryggingastofnunar
Nefnd til að fara yfir stærðir rýma á öldrunarstofnunum og gera tillögur um staðla sem nýttir verða við uppbyggingu og breytingar á öldrunarstofnunum
Nefnd um uppbyggingu öldrunarþjónustu í Garðabæ og hugsanlega nýtingu Vífilsstaðaspítala. Nefndinni er ætlað að áætla þörf fyrir hjúkrunarrými, meta hvaða önnur úrræði eru brýn fyrir aldraða í bæjarfélaginu, kanna hvaða húsnæði og önnur aðstaða geti hentað fyrir þessa starfsemi og gera tillögur um uppbygginguna á næstu árum.
Nefnd um uppbyggingu öldrunarþjónustu á Akureyri. Nefndinni er ætlað að áætla þörf fyrir hjúkrunarrými, meta hvaða önnur úrræði eru brýn fyrir aldraða í bæjarfélaginu, kanna hvaða húsnæði og önnur aðstaða geti hentað fyrir þessa starfsemi og gera tillögur um uppbygginguna á næstu árum.
Starfshópur sem staðfesta á mörkin milli þess hvað Tryggingastofnun ríkisins og stofnanir ber að greiða af hjálpartækjum hverju sinni
Nefnd til að annast skipulagningu húsnæðis fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús á Hringbrautarsvæðinu. Nefndin skal starfa á grundvelli nefndarálits starfsnefndar um „Framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss“, sem skilað var til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í janúar 2002.
Nefnd um framtíðaruppbyggingu, þróun og skipulag FSA
Nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum
Framkvæmdanefnd til að hrinda í framkvæmd og annast nauðsynlegar breytingar á húsnæði Vífilsstaða. Í samræmi við niðurstöðu starfshóps ríkisstjórnarinnar sem m.a. fjallaði um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða.
Stýrihópur til að vinna að átaki í lyfjamálum heilbrigðisstofnana. Stýrihópnum er ætlað að vinna að sparnaði og hagræðingu í innkaupum lyfja, lyfjavali og réttri notkun þeirra.
Nefnd til að sjá um undirbúning verks samkvæmt 1. gr. rammasamnings um viðbyggingu við Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri
Samráðsnefnd um málefni öldrunarstofnana. Nefndinni er ætlað að fara yfir rekstur og afkomu öldrunarstofnana og skila skýrslu þar um fyrir 1. júlí nk. Nefndinni er einnig falið að fara yfir fjármálaleg samskipti ríkis og rekstraraðila öldrunarstofnana með það að leiðarljósi að þeim verði komið í fastara form en nú er.
Nefnd um framtíðaruppbyggingu, þróun og skipulag Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, bæði heilsugæslu- og sjúkrahúsþjónustu
Starfshópur til að gera tillögur að breytingum á ákvæðum laga um almannatryggingar og gera tillögur sem miða að því að auka möguleika öryrkja til atvinnuþátttöku
Starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að samtvinnun heimaþjónustu við aldraða þar sem einn aðili verði ábyrgur fyrir rekstri og skipulagi þjónustunnar
Nefnd til að endurskoða áform um byggingu hjúkrunarrýma í Bolungarvík, sbr. áætlanir og teikningar frá árunum 1993 og 1995
Starfshópur til þess að móta innkaupastefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess í samræmi við áherslur og markmið innkaupastefnu ríkisins
Nefnd sem gera á tillögur til ráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með geðraskanir
Nefnd til að afla og miðla þekkingu um meðferð við mænuskaða og hugsanlega lækningu þeirra í framtíðinni
Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990
Nefnd til þess að gera tillögur til ráðherra um hvernig endurskilgreina megi verksvið Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna
Nefnd um tilflutning á verkefnum á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga
Samstarfshópur um byggingu þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða í sveitarfélaginu Árborg
Samráðshópur til að tryggja heildaryfirsýn og samræmi og koma í veg fyrir tvíverknað í gagnaöflun sem skipaður skal formönnum nefnda er fjalla um stór stefnumarkandi verkefni á sviði heilbrigðismála
Vinnuhópur til að fylgja eftir framkvæmd fjárlaga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árinu 2004
Nefnd til að gera tillögur um hvernig unnt er að tengja betur saman greiðslur fyrir rými sem ætluð eru öldruðum sjúkum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (Landakoti) og nýtingu þeirra sömu rýma. Jafnframt er nefndinni falið að athuga hvort fyrir því kunni að vera fjárhagsleg og fagleg rök að skilja rekstur öldrunarsviðsins á Landakoti frá öðrum rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss. Nefndin skal hafa náið samráð við nefnd sem skipuð hefur verið til að gera tillögur til ráðherra um hvernig endurskilgreina megi verksvið sjúkrahússins

Ótímabundnar nefndir

Siglinganefnd skv. 35. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993
Nefnd skv. 35. gr. laga nr. 117/1993, um alm.tr., með síðari breyt. (Siglinganefnd)
Geislavarnaráð skv. 6. gr. laga nr. 44/2002, um geislavarnir ríkisins
Lyfjaverðsnefnd

Verkefnanefndir	Verkefni nefndar
Læknaráð samkvæmt. lögum nr. 14/1942. Hlutverk læknaráðs er að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni. Læknaráð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara. Læknaráð lætur stjórn heilbrigðismála í té álit sitt á því hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða annarra þvílíkra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki. Læknaráðlætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnarráðstafanir.	
Hjúkrunarráð skv. 2. gr. hjúkrunarlaga, nr. 8/1974	
Ljósmæðraráð, skv. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984	
Matsnefnd skv. 30. gr laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990	
Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	
Samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt	
Samstarfsnefnd skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1997. Skal afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu þegar dýr, matvæli, starfsemi, vatn, skolplagnir, loftæsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum sem ógna heilsu manna.	
Sérfræðinefnd skv. reglugerð nr. 555/1999 um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf	
Sérfræðinefnd skv. reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga nr. 158/1990	
Sérfræðinefnd skv. reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun nr. 318/2001	
Nefnd skv. 2. gr. læknalaga, nr. 53/1988. Að meta umsóknir um almennt lækningaleyfi.	
Sérfræðinefnd, sem starfar skv. 10. gr. reglugerðar nr. 305/1997 um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 340/1999	
Sérfræðinefnd tannlækna sem starfar skv. 5. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985	
Siðanefnd innan heilsugæslunnar skv. 2. gr. reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 552/1999	
Slysavarnarráð fyrra og Slysavarnaráð, skv. lögum um Lýðheilsustöð, nr. 18/2003, og skv. rg. nr. 434/2003, um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar	
Sóttvarnaráð, skv. 6. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997	
Stöðunefnd, skv. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingu	
Tannverndarráð	
Tóbaksvarnarráð fyrra og Tóbaksvarnaráð, skv. lögum um Lýðheilsustöð nr. 18/2003 og skv. rg. nr. 434/2003 um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar	
Áfengis- og vímuvarnarráð	
Manneldisráð	
Lyfjanefnd ríkisins	
Stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra skv. 3. gr. laga nr. 18/1984. Sjónstöð Íslands	
Vísindasiðanefnd skv. 1 gr. reglugerðar nr. 552/1999	
Þverfagleg siðanefnd sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði	
Nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu	
Nefnd sem annast undirbúning á innri mælingum á þörfum hjúkrunarheimila aldraðra	
NOSOSKO. Norræna hagsýslunefndin	
Nefnd vegna líffæraflutninga, bæði vegna líffæragjafar og ígræðslu. Líffæraígræðslunefnd	
NOMESCO. Norræna heilbrigðistölfræðinefndin	
Gigtarráð	

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Tímabundnar nefndir

Ný lög um vátryggingasamninga	Að semja ný lög um vátryggingasamninga sem leysi af hólmi lög nr. 20/1954.
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma – verkefnisstjórn	Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.
Nefnd um samning við landeigendur innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi	0	0				0
Bráðamengunarnefnd	8	0	132.503	10.018		142,521
Samvinnunefnd um landmælingamál	10	0	120.824			120.824
Nefnd um umhverfisvísa	4	0	0	100.315		100.315
Nefnd um endurskoðun laga um varnir gegn mengun sjávar	4	0	183.809	21.484		205.293
Starfshópur um hæfnisskilyrði prófhönnuða	4	0	338.265			338.265
Starfshópur um reglugerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	6	0		690.938		690.938
Nefnd um kaup ríkisins á Geysissvæðinu	0	0				0
Nefnd um húsnæði Náttúrugripasafns Íslands	0	0				0

Verkefnanefndir	Nefndarmenn Gr. skv. úrskurði þóknana-nefndar	Ekki gr. skv. úrsk. þóknana-nefndar	Árlegur kostnaður, nefndarþóknun 2001	2002	2003	Heildar-þóknun
Nefnd um endurskoðun reglugerðar um réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa	4	0	49.562			49.562
Nefnd um kaup ríkisins á Núpsstað	3	0			168.418	168.418
Nefnd um endurnýtingu úrgangs	6	0	103.071	83.693	94.459	281.223
Starfshópur um framhald mála varðandi El-Grillo	3	0			164.415	164.415
Nefnd um rannsóknarsetur að Kvískerjum	5	0		218.240	34.830	253.070
Starfshópur um förgunarstaði fyrir spilliefni	4	0	309.779			309.779
Nefnd um reglugerð um stjórn hreindýraveiða	4	0			40.939	40.939
Starfshópur um öryggi leikvallatækja	6	0		499.464		499.464
Nefnd um endurskoðun laga um eiturefni og hættuleg efni	0	0				0
Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar	0	0				0
Nefnd um reglugerð um starfsemi Brunamálaskólans	3	0	101.255			101.255
Stýrihópur um íslenska þolhönnunarstaðla	0	0				0
Starfshópur um útfærslu á ákvæðum 19. gr. skipulags- og byggingarlaga	0	0				0
Nefnd til að endurskoða reglugerð um mjólk og mjólkurvörur	4	0			424.749	424.749
Starfshópur um rammatilskipun um vatn	0	0				0
Íslandsnefnd Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS)	5	0			108.843	108.843
Hættumatsnefnd Siglufjarðar	0	0				0
Hættumatsnefnd Seyðisfjarðar	0	0				0
Nefnd um þróun landupplýsingakerfa	0	0				0
Hættumatsnefnd Ísafjarðar	0	0				0
Starfshópur um þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi	5	0	189.127			189.127
Nefnd um endurskoðun ákvæða í skipulags- og byggingarlögum um byggingarmál og brunamál	0	0				0
Nefnd um endurskoðun skipulagsþáttar skipulags- og byggingarlaga	0	0				0
Samstarfsnefnd um sjálfbæra þróun	0	0				0
Starfshópur um rykmengun í höfuðborginni	0	0				0
Nefnd um endurskoðun laga um verndun Mývatns og Laxár	4	0		213.727		213.727
Nefnd um endurskoðun laga um mat á umhverfis-áhrifum	6	0		398.433		398.433
Nefnd um aðgerðir til að draga úr veiðiálagi á einstaka fuglastofna	5	0		141.246		141.246
Nefnd um húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar Íslands	2	0			71.752	71.752
Nefnd um urðun úrgangs	5	0		321.207		321.207
Starfshópur um losunarbókhald og losunarspár vegna gróðurhúsalofttegunda	6	0		177.790		177.790
Starfshópur um málefni Hollustuverndar ríkisins	2	0			91.895	91.895
Nefnd um úrvinnslugjald og úrvinnslu úrgangs	0	0				0
Nefnd um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs	4	0			203.253	203.253
Nefnd um umhirðu, aðbúnað og meðferð gæludýra	0	0				0
Starfshópur um gamlar námur	0	0				0
Hættumatsnefnd Bolungarvíkur	0	0				0
Starfshópur um gildistöku laga um Umhverfisstofnun	1	0			51.906	51.906
Framkvæmdanefnd um varnir gegn mengun sjávar frá landi	0	0				0
Samráðshópur um lögleiðingu tilskipunar um umhverfismat áætlana	0	0				0
Nefnd um nýfæði	6	0			57.620	57.620
Undirbúningshópur um Úrvinnslusjóð	0	5			368.095	368.095
Nefnd um svæðisskipulag Reykjavíkur – landnotkun í Vatnsmýri	0	0				0
Hættumatsnefnd fyrir Vesturbyggð	0	0				0
Hættumatsnefnd fyrir Snæfellsbæ	0	0				0
Hættumatsnefnd fyrir Ólafsfjörð	0	0				0
Samráðsnefnd um framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs	0	0				0

Verkefnanefndir	Nefndarmenn Gr. skv. úrskurði þóknana-nefndar	Ekki gr. skv. úrsk. þóknana-nefndar	Árlegur kostnaður, nefndarþóknun 2001	2002	2003	Heildar-þóknun
Starfshópur um fjármálafyrirtæki og umhverfismál	0	0				0
Samráðsnefnd um heildarstefnumótum um málefni hafsins	0	0				0
Nefnd um endurskoðun á reglugerð um kjöt og kjötvörur	0	0				0
Nefnd um aðgerðir til að styrkja rjúpnastofninn	0	0				0
Nefnd um veðurþjónustu	0	0				0
Starfshópur um neysluvatn	0	0				0
Nefnd um aðgerðir gegn mink	0	0				0
Nefnd um endurskoðun reglugerðar um slátrun búfjár og reglugerðar um meðferð búfjár við rekstur og flutning	0	0				0
Nefnd um refaveiðar	0	0				0
Ótímabundnar nefndir						
Aukefnanefnd	0	0				0
Íslenska matvælarannsóknanefndin	6	0	105.283	93.239	85.443	283.965
Umhverfismerkisráð	0	0				0
Fráveitunefnd	4	0		172.456	117.939	290.395
Ofanflóðanefnd	2	0		758.597	709.544	1.468.141
Spilliefnanefnd	0	10	3.845.473	3.786.912		7.632.385
Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika	0	0				0
Samvinnunefnd um málefni norðurslóða	5	0	31.138			31.138
Starfshópur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun	0	0				0
Umhverfisfræðsluráð	18	0	224.056		177.558	401.614
Samvinnunefnd miðhálendisins	21	0	1.804.001		1.464.194	3.268.195
Verkefnisstjórn verkefnisins Botndýr á Íslandsmiðum	0	0				0
Starfshópur um umhverfisvöktun	0	0				0
Samtals	**185**	**15**	**7.538.146**	**7.687.759**	**4.435.852**	**19.661.757**
Utanríkisráðuneyti						
Tímabundnar nefndir						
Nefnd um aðstoð við enduruppbyggingu í Bosníu – Hersegóvínu	0	0				0
Ritnefnd um útgáfu skjala er varða samskipti Íslands og Rússlands	0	0				0
Starfshópur um opnun siglingaleiðanna á norðurslóðum	8	0				**
Starfshópur til að vinna greinargerð til landgrunnsnefndar SÞ um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna	Já	0				**
Sveitarfélögin og EES	0	0				0
Landbúnaðarhópur og EES	0	1			923.790	923.790
Ótímabundnar nefndir						
Forvalsnefnd	3	0	409.489	439.872	453.072	1.302.433
Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna	0	0				0
Kostnaðarlækkunarnefnd	3	0	507.990	384.888	0	892.878
Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða	6	0	2.067.195	2.140.704	2.670.733	6.878.632
Tengslanefnd	0	0				0
Varnarmálanefnd	6	0	1.529.138	1.583.544	1.623.064	4.735.746
Samráðsnefnd um utanríkisviðskipti	0	0				0
Samtals	**26**	**1**	**4.513.812**	**4.549.008**	**5.670.659**	**14.733.479**
Fjöldi nefndarmanna er fengu laun samkvæmt úrskurði þóknananefndar	**1.185**					
Fjöldi nefndarmanna er fengu laun sem ekki tóku mið af ákvörðun þóknananefndar		**108**				

Upplýsingar um ákvörðun nefndarlauna hjá heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti er ekki fyrirliggjandi

* Nefndarstarf er ólaunað

** Nefndarþóknun var óuppgerð 2003

1675. Tillaga til þingsályktunar [998. mál]

um uppbyggingu bráðadeilda Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson,
Drífa Hjartardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd til að meta kosti og galla þess að reisa eina byggingu fyrir allar bráðadeildir Landspítala – háskólasjúkrahúss, annaðhvort við Hringbraut eða í Fossvogi. Nefndin geri athugun á fjárhagslegri hagkvæmni, framkvæmdahraða og hagstæðustu kostum með árangursgreiningu („cost-benefit"-greiningu) svo að bráðaþjónusta Landspítala – háskólasjúkrahúss komist sem fyrst á einn stað og að unnt verði að sinna bráðasjúklingum á viðunandi hátt og skila jafnframt hagræðingu sem var höfuðmarkmið sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Nefndin skili áliti sínu fyrir 1. október 2004.

Greinargerð.

Á undanförnum áratug hafa þrjú bráðasjúkrahús í Reykjavík sameinast í eitt sjúkrahús, Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH). Allt frá sjöunda áratugnum hafa verið umræður um ávinning af hugmyndum um framangeinda sameiningu, hvar og hvernig skuli koma fyrir allri starfsemi eins bráðasjúkrahúss. Skiptar skoðanir voru um sameiningu sjúkrahúsanna, en eftir stofnun LSH hafa komið fram eindregnar óskir stjórnenda sjúkrahússins um að bráðaþjónustan verði undir einu þaki. Talið er útilokað að uppfylla skilyrði um árangur af sameiningu sjúkrahúsanna ef bráðaþjónustan verði ekki flutt undir eitt þak. Fram hefur komið álit stjórnenda LSH um að enn hafi ekki náðst væntanleg hagræðing af sameiningu og megnið af rekstrarhalla LSH er útskýrt sem óhagræði af því að ekki sé unnt að veita bráðaþjónustu í einni byggingu.

Um 1970 kom fram hugmynd um framtíðaruppbyggingu eins sjúkrahúss sem skyldi staðsett á lóð Landspítala við Hringbraut sem fyrirhugað var að stækka. Stjórnendur LSH fengu fyrir nokkrum árum sænska arkitekta til að teikna og leggja fram tillögur um framtíðarhúsnæði á lóð spítalans við Hringbraut miðað við stækkun lóðar. Dönsk ráðgjafarskrifstofa, Ementor, lagði einnig fram tillögur fyrir nokkrum árum um framtíðaruppbyggingu LSH. Í skýrslu ráðgjafa Ementor er komist að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast sé að stækka og byggja við spítalann í Fossvogi og öll bráðaþjónsta verði þar. Önnur þjónusta, svo sem rannsóknastofur og ýmis önnur starfsemi, t.d. hjúkrun langveikra sjúklinga, væri heppileg á lóðinni við Hringbraut. Enn fremur segir í skýrslu Ementor að stækkun spítalans í Fossvogi tæki mun skemmri tíma en stækkun við Hringbraut.

Í umræðum meðal starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og í fjölmiðlum er álitið að kostnaður við uppbyggingu við Hringbraut gæti numið 40 milljörðum króna miðað við núverandi verðlag, en að sama skapi sé kostnaður við stækkun í Fossvogi áætlaður 10–12 milljarðar króna. Því er ástæða að kanna frekar hvort ekki mætti verja mismuni á hönnunar- og byggingarkostnaði á annan hátt. Í húfi eru miklir fjármunir.

Nú þegar er ekki unnt að sinna langlegusjúklingum sem þarfnast fyrst og fremst góðrar hjúkrunar. Fyrirsjáanleg er mikil fjölgun slíkra sjúklinga í náinni framtíð. Nú liggja langlegusjúklingar á bráðadeildum við Hringbraut og í Fossvogi og eru rúm fyrir bráðasjúklinga því teppt á þessum deildum. Því er talið rétt að meta hvort mismunur á kostnaði við uppbyggingu

við Fossvog og Hringbraut samkvæmt skýrslu ráðgjafa Ementor gæti frekar nýst til að veita öllum sjúklingum sem þarfnast sjúkrahúsvistar betri og hagkvæmari þjónustu.

Vert er að minnast að þegar hugmyndir og áætlanir um stækkun Landspítala og lóðar spítalans við Hringbraut komu fyrst fram var alls ekki séð fyrir sú gríðarlega þensla sem orðið hefur í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, enda byggt á staðtölum frá því fyrir eða um 1970. Síðan eru liðnir hátt í fjórir áratugir. Þegar Landspítali var reistur á sínum tíma stóð hann í „útjaðri“ byggðar í Reykjavík. Hið sama gilti um staðsetningu Borgarspítalans þegar hann var reistur í Fossvogi. Aðstæður hafa breyst mikið síðan þá og forsendur einnig. Í því sambandi má nefna aukinn íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu sem LSH ber að sinna, ásamt allri landsbyggðinni, aukinn fjölda aldraðra sem þurfa meiri þjónustu, tæknivæðingu, betri lyf sem leitt hafa til styttri meðallegu og bætta þjónustu við bráðasjúklinga. Auk þess er stór hluti þjónustu, sem áður var veitt á sjúkrahúsum, nú veittur á læknastofum eða í tengdri þjónustu. Eldra fólk kýs að vera heima í lengstu lög og er því mun veikara en áður fyrr þegar það leggst inn á hjúkrunardeildir. Því er brýnt að langveikir sjúklingar hafi tryggingu fyrir því að komast inn á hjúkrunardeildir þegar þeir geta ekki lengur dvalið annars staðar.

Flutningsmenn leggja áherslu á að fyrst og fremst skuli veita áfram jafngóða eða betri þjónustu við sjúklinga, utan sjúkrahúsa, á hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum en gæta jafnframt hagræðingar í rekstri. Því sé rétt að skoða vandlega kosti og galla á öllum fram komnum hugmyndum og tillögum um staðsetningu þeirrar þjónustu sem LSH ber að veita.

1676. Tillaga til þingsályktunar [999. mál]

um könnun á aðdraganda og ávinningi af sameiningu sjúkrahúsa í Reykjavík.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson,
Drífa Hjartardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvernig hagnaður af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík í lok níunda og á tíunda áratugnum var áætlaður. Sérstaklega verði kannað hvernig áætlaður var hagnaður af sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala og síðan af sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala í núverandi Landspítala – háskólasjúkrahús.

Nefndin skoði sérstaklega og meti aðferðir sem stuðst var við til að áætla ávinning af sameiningu þessara sjúkrahúsa. Einnig kanni nefndin hvers vegna ekki var gengist í uppsetningu kostnaðargreiningarkerfa, eins og DRG-kerfisins, fyrir sameininguna og hvers vegna ekki var þegið boð um faglega og fjárhagslega aðstoð við að þróa og byggja upp DRG-kerfið, sem nú er að verða fullþróað innan Landspítala – háskólasjúkrahúss, einkum þegar kerfið hafði á þeim tíma, þ.e. fyrir tuttugu árum, verið notað víða. Einkanlega verði kannað hvort notkun á DRG-kerfinu hafi hafist í Evrópu fyrir 1990 og hvaða árangri DRG-kerfið hafði skilað í Bandaríkjunum á þeim tíma. Enn fremur verði kannað vel hvort og þá hvers vegna stjórnendur í heilbrigðisþjónustu kynntu sér ekki kosti DRG-kerfisins og árangur af notkun þess í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Nefndin kanni einnig ástæður þess að stjórnendur í heilbrigðisþjónustu hafa nú á síðustu árum lagt mikla áherslu á uppsetningu þessa kostnaðargreiningarkerfis sem forsendu fyrir

kostnaðargreiningu og áætlanagerð sjúkrahúsa, einkanlega Landspítala – háskólasjúkrahúss.
Nefndin skili álit sínu fyrir 1. nóvember 2004.

Greinargerð.

Á sjöunda áratugnum var í Bandaríkjunum unnið að uppbyggingu kostnaðargreiningarkerfis, DRG-kerfis, sem auðveldaði stjórnendum í heilbrigðisþjónustu, einkum stjórnendum sjúkrahúsa á þeim tíma, að gera áætlanir um kostnað og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna með það fyrir augum að útskýra vaxandi kostnaðaraukningu í heilbrigðisþjónustu og ekki síður til að auðvelda ákvarðanir um fjárframlög til þjónustunnar og stjórnun sjúkrahúsa. DRG-kerfið náði ekki til allra sérgreina í heilbrigðisþjónustu þegar það var tekið upp sem kostnaðargreiningarkerfi í Bandaríkjunum um 1980 en í heimsókn annars aðalhöfunda DRG-kerfisins til Íslands um miðjan níunda áratuginn kom fram vilji höfunda til að kosta að meiri hluta uppsetningu og aðlögun DRG-kerfis miðað við Evrópustaðal, sem Ísland studdist við, ásamt því að bæta kerfið og þróa til að taka til allflestra sérgreina í læknisþjónustu.

Kynning á DRG-kerfinu hérlendis er álitin hafa hafist þegar á árinu 1983 innan Ríkisspítala og á Landakotsspítala. Námskeið í heilsuhagfræði sem m.a. kynnti kosti og galla kerfisins voru haldin 1984 á vegum Stjórnunarfélags Íslands. Í eins árs framhaldsnámi hjúkrunarfræðinga í stjórnun við Hjúkrunarskóla Íslands og síðar í Nýja hjúkrunarskólanum var DRG-kerfið kynnt markvisst fram til 1989. Á árunum þar á eftir kynntu erlendir fyrirlesarar kosti og galla DRG-kerfis í Háskóla Íslands. Árið 2003 var hafið skipulagt nám í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands. Um miðjan níunda áratuginn fór starfsmaður Ríkisspítala í kynnisferð til Bandaríkjanna og kynnti sér árangur af notkun DRG-kerfisins, ræddi við höfunda þess, heimsótti sjúkrahús í Nýja Englandi, Florida og Ohio og heimsótti einnig þá aðila í stjórnarskrifstofum í Washington D.C. sem höfðu yfirumsjón með opinberum greiðslum til heilbrigðisþjónustu innan Bandaríkjanna. Í framhaldi af þeirri ferð kom, eins og að framan greinir, annar höfundur DRG-kerfisins, Robert Fetter, prófessor við Yale-háskólann í Connecticut, til Íslands og fundaði með stjórnendum Ríkisspítala þar sem m.a. var rætt um og boðin fagleg og fjárhagsleg aðstoð við uppsetningu og aðlögun við íslenskar aðstæður. Þetta boð átti einnig að gagnast áframhaldandi þróun DRG-kerfisins almennt í þeirri mynd sem það var þá og enn fremur þróa kerfið fyrir fleiri sérgreinar, jafnvel í heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa. Ísland var talið kjörið land til slíkrar þróunar.

Um sama leyti, miðjan níunda áratuginn, er talið að umræða um nauðsyn á kostnaðargreiningu hafi verið almenn meðal þeirra sem fengust við stjórnun í íslenskri heilbrigðisþjónustu og í ræðum og riti bent á nauðsyn kostnaðargreiningar. Umræða um kostnaðargreiningu og nauðsyn hennar kom fram á Alþingi 1991–1992. Næstu ár kom ítrekað fram í umræðum á Alþingi að uppsetning og notkun kostnaðargreiningar eins og DRG fyrir sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík væri forsenda þess að meta til fulls árangur af fyrirhugaðri sameiningu. Framfarir í læknisfræði og tækni væru örar og nauðsyn bæri til að sýna nákvæmar kostnað við rekstur sjúkrahúsa miðað við hvers kyns sjúkdómstilfelli hefði verið meðhöndluð og hvers konar rannsóknar- og lækningaaðferðum væri beitt. Eina tiltæka mælitækið til svo nákvæms yfirlits yfir kostnað væri DRG-kostnaðargreiningarkerfið sem tæki til fjölmargra þátta sjúkrahúslækninga. Ekki yrði unnt að meta nægilega árangur af sameiningu sjúkrahúsanna miðað við þær takmörkuðu upplýsingar úr bókhaldi sem þá voru tiltækar og því ekki unnt að gera raunhæft mat á ávinningi sameiningar sjúkrahúsa. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á 130. löggjafarþingi 2003–2004, þskj. 1089 – 609. mál, var notkun DRG-kerfis „ekki talin forsenda fyrir sameiningu spítalanna“ og erfitt að sjá „hvaða áhrif DRG-mælingar hefðu getað haft við ákvörðun um sameiningu spítalanna“.

Um þessar mundir er fyrirsjáanlegur „halli“ á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) eins og verið hefur frá sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans og í reynd hefur verið halli á rekstri sjúkrahúsa í fleiri áratugi. Fjárlaganefnd Alþingis hefur ítrekað óskað eftir nákvæmari upplýsingum við gerð fjárlaga. Í umfjöllun stjórnenda LSH undanfarin ár um fjárveitingar og sparnað á LSH er DRG-kerfið, sem tekur til læknisfræðilegra þátta ásamt öðrum upplýsingum, svo sem kostnaðargreiningarkerfi hjúkrunar, talin forsenda markvissrar stjórnunar og hagræðingar. RAI-hjúkrunarkerfið hefur verið notað um nokkurn tíma en það tekur til hjúkrunarþjónustu við aldraða en ekki hjúkrunar í bráðaþjónustu. Í flestöllum löndum sem við berum okkur saman við hefur DRG-kerfið verið tekið í notkun og reynst gott tæki til stjórnunar og hagræðingar í heilbrigðisþjónustu og talið skýra vel kostnaðarþróun og „halla“ á rekstri sjúkrahúsa.

Flutningsmenn telja því tímabært og rétt að kanna hvers vegna svo góðu boði um uppsetningu DRG-kerfis á Íslandi fyrir tæpum tveimur áratugum var hafnað, hvort upplýsingar úr DRG-kerfi í notkun fyrir sameiningu sjúkrahúsanna hefði skipt sköpum nú, þegar reynt er að skýra „halla“ á rekstri LSH og flokka „hallann“ annars vegar sem kostnað við sameiningu og hins vegar sem aukinn rekstrarkostnað með greinargóðum skýringum. Flutningsmenn telja rétt að fram komi rökstudd greinargerð um hvort höfnun á boði um þróun og uppsetningu DRG-kerfis á Íslandi hefði getað haft áhrif á ákvörðun um sameiningu sjúkrahúsanna og enn fremur hver heildarkostnaður hefur verið vegna seinkunar og síðar hægfara uppsetningar DRG-kerfisins. Einnig er talið rétt að kanna hvort seinkun á upptöku DRG-kerfis í íslenskri heilbrigðisþjónustu hefur haft áhrif á ákvarðanir um fjárveitingu til sjúkrahúsa, sameiningu sjúkrahúsa, stjórnun og fagleg vinnubrögð á undanförnum árum.

1677. Frumvarp til laga [1000. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram í samningi milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur nýr málsliður: Verði samið um að falla frá ákvörðun um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. hefur slík ákvörðun ekki áhrif á heimild verðlagsnefndar til heildsöluverðlagningar á mjólkurafurðum.

3. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Markmið ákvæða þessa kafla um framleiðslu mjólkur eru:

1. að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði,

2. að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda,
3. að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur á milli framleiðslu og eftirspurnar,
4. að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni,
5. að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að nýta framleiðsluaðstöðu með eðlilegum hætti,
6. að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða.

4. gr.

2. og 3. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf verðlagsárs 2005–2006 jafnt greiðslumarki þess eins og það verður skráð við lok verðlagsársins 2004–2005, að teknu tilliti til breytinga sem verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 2005–2006, skv. 1. mgr. 52. gr. laganna og að teknu tilliti til aðilaskipta fyrir 20. ágúst 2005. Að þeim tíma liðnum breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við aðilaskipti með greiðslumark eða vegna tilfærslna á greiðslumarki milli lögbýla samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Sé greiðslumark ekki nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár fellur það niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Greiðslumark sem þannig er fellt niður bætist við greiðslumark annarra lögbýla í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski framleiðandi eftir að halda greiðslumarki á lögbýlinu án þess að nýta það til framleiðslu getur hann lagt það inn til geymslu hjá Bændasamtökum Íslands, lengst til 1. september 2012. Greiðslumark sem þannig er geymt tekur breytingum til samræmis við breytingar á heildargreiðslumarki.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Beingreiðsla er stuðningur við framleiðslu og markað fyrir mjólkurafurðir, greiddur úr ríkissjóði til greiðslumarkshafa. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um útfærslu beingreiðslna og annarra greiðslna til eigenda nautgripa samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands við Bændasamtök Íslands, sbr. a-lið 30. gr., að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 2005–2012.**

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskildum 3.–6. gr. þeirra sem öðlast gildi 1. september 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Tilgangur þess er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar,

milli landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands, en sá samningur tekur við af samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu frá 17. desember 1997.

Samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar er saminn með hliðsjón af skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu frá 23. febrúar 2004. Nefndin fékk það hlutverk að kanna framkvæmd samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og gera tillögur um stefnumótun fyrir greinina og undirbúa þannig gerð næsta samnings. Nefndin var skipuð tveimur fulltrúum landbúnaðarráðherra, fulltrúa fjármálaráðuneytisins, tveimur fulltrúum Bændasamtaka Íslands, tveimur fulltrúum Landssambands kúabænda, fulltrúa Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, fulltrúa Samtaka atvinnulífsins, fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúa Alþýðusambands Íslands.

Í framhaldi af starfi mjólkurnefndar skipaði landbúnaðarráðherra samninganefnd í samræmi við 30. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, sem falið var það hlutverk að semja nýjan samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar. Nefndin hóf störf 1. apríl sl. og lauk starfi sínu með undirritun samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðenda 10. maí sl. Samninganefndin var skipuð fjórum fulltrúum ríkisins og fimm fulltrúum bænda, en þess skal getið að Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði áttu áheyrnarfulltrúa á fundum samninganefndarinnar.

Meginefni samningsins.

Samningurinn kveður að meginstefnu á um óbreytta framleiðslustýringu við mjólkurframleiðslu en ákvörðun heildargreiðslumarks mjólkur byggist á neyslu innlendra mjólkurvara undanfarna tólf mánuði. Þá er í samningnum óbreytt ákvæði um skiptingu heildargreiðslumarks mjólkur niður á lögbýli.

Nokkrar breytingar verða gerðar á stuðningsfyrirkomulagi ríkisins. Helstu breytingarnar eru þær að stuðningur ríkisins verður ekki lengur ákveðið hlutfall af verði mjólkur eins og verið hefur, heldur hefur verið samið um fastar heildarfjárhæðir beingreiðslna. Þá hefur einnig verið samið um að 20% af heildarstuðningi eða nærri 800 millj. kr. á lokaári samningsins verði nú beint í annan farveg stuðnings eða í svokallaðar „grænar greiðslur“ annars vegar og „bláar greiðslur“ hins vegar. Grænar greiðslur eru ekki framleiðslutengdar en bláar greiðslur eru skilgreindar sem framleiðslutakmarkandi greiðslur. Þetta er m.a. gert í þeim tilgangi að mæta hugsanlegum breytingum á skuldbindingum Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þau verkefni sem um er að ræða eru greiðslur vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi, gripagreiðslur sem er ákveðinn stuðningur til þeirra sem eiga kýr og greiðslur sem eftir er að ganga frá samkomulagi um en gert er ráð fyrir að fari m.a. til eflingar jarðræktar.

Í 8. gr. samningsins er m.a. að finna fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kann að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þegar yfirstandandi samningaviðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar lýkur skal samningurinn endurskoðaður þannig að stuðningsfyrirkomulag ríkisvaldsins við íslenskan landbúnað rúmist hverju sinni innan þeirra heimilda sem skuldbindingar Íslands á vettvangi stofnunarinnar kveða á um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 8. gr. laganna er kveðið á um að verðlagsnefnd ákveði lágmarksverð á mjólk til framleiðenda. Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sett verði inn ákvæði sem heimilar land-

búnaðarráðherra og Bændasamtökum Íslands að semja um að hætta opinberri verðákvörðun til framleiðenda.

Um 2. gr.

Í 13. gr. laganna er kveðið á um að verðlagsnefnd ákveði heildsöluverð búvara sem verðlagðar eru skv. 8. gr. Til að verðlagning í heildsölu falli ekki niður við ákvörðun um að hætta verðlagningu til framleiðenda, sbr. heimild skv. 1. gr., er einnig gerð breyting á 13. gr. laganna þess efnis að verðlagning í heildsölu á mjólkurvörum geti haldið áfram þrátt fyrir að samið hafi verið um afnám verðlagningar til framleiðenda.

Um 3. gr.

Í greininni eru talin upp markmið samningsins um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, en þau eru samhljóða þeim markmiðum sem nefnd um stefnumótun í mjólkurframleiðslu lagði til.

Um 4. gr.

Í greininni er breytt ártölum til samræmis við gildistíma nýs samnings ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem undirritaður var 10. maí 2004.

Felld er út heimild framkvæmdanefndar búvörusamninga til að ráðstafa til frumbýlinga greiðslumarki sem fellt hefur verið niður vegna þess að greiðslumarkshafi hafði ekki nýtt það til framleiðslu að neinu leyti undanfarin tvö ár. Heimild þessi hefur aldrei verið nýtt af framkvæmdanefndinni og þykir því ekki ástæða til að halda henni inni í lögunum. Á 3. mgr. 53. gr. laganna er gerð sú breyting að greiðslumark sem ekki er í notkun og lagt hefur verið inn til geymslu tekur breytingum í samræmi við breytingar á heildargreiðslumarki, en í gildandi lögum tekur slíkt greiðslumark ekki slíkum breytingum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um skilgreiningu á beingreiðslum og hverjir geti notið þeirra. Í 55. gr. laganna er kveðið á um að beingreiðslur séu ákveðið hlutfall af verði mjólkur eins og það er ákveðið skv. 8. gr. Í nýgerðum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er hins vegar samið um heildarupphæð beingreiðslna, án tillits til breytinga á neyslu mjólkurvara. Gildandi 55. gr. er því breytt til samræmis við breytt fyrirkomulag.

Í greininni er einnig kveðið á um að landbúnaðarráðherra skuli setja reglugerð um nánari útfærslu á því með hvaða hætti beingreiðslum og öðrum framlögum ríkissjóðs, sem fjallað er um í 6. gr. samnings ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar skv. 30. gr. laganna, er ráðstafað.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér breytingu á fyrirsögn X. kafla laganna og er það í samræmi við gildistíma hins nýja búvörusamnings.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

1. gr.
Markmið samningsins.

Markmið þessa samnings eru:

1.1 Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.
1.2 Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
1.3 Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.
1.4 Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.
1.5 Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluaðstöðu með eðlilegum hætti.
1.6 Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

2. gr.
Um hugtök.

2.1 Heildargreiðslumark er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er skv. 3. gr. og skiptist í greiðslumark lögbýla.
2.2 Greiðslumark lögbýla er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli, sbr. gr. 4.2. og veitir rétt til beinna greiðslna úr ríkissjóði.
2.3 Beingreiðsla er stuðningur við framleiðslu og markað fyrir mjólkurafurðir, greiddur úr ríkissjóði til greiðslumarkshafa.
2.4 Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands að verðlagsár fylgi almanaksári.
2.5 MARK er miðlægur gagnagrunnur þar sem varðveittar eru upplýsingar um einstaklingsmerkingar búfjár samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 463/2003.

3. gr.
Heildargreiðslumark mjólkur.

3.1 Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu þess verðlagsárs. Við þá ákvörðun skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Bændasamtaka Íslands um neyslu mjólkurafurða fyrir komandi verðlagsár að teknu tilliti til birgða. Miða skal við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir

heildargreiðslumarki ársins, þannig að birgðir aukist, kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram greiðslumark, sbr. gr. 3.3, teljast ekki með við ákvörðun heildargreiðslumarks.

3.2 Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár.

3.3 Handhafa greiðslumarks er heimilt að framleiða mjólk umfram greiðslumark og skal sú framleiðsla fara á erlendan markað á ábyrgð hans og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefur tilefni til.

4. gr.

Greiðslumark lögbýla og beinar greiðslur.

4.1 Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal það skráð á eina kennitölu, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða. Þar sem fleiri aðilar standa saman að búrekstri skal það skráð sérstaklega hjá Bændasamtökum Íslands.

4.2 Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf gildistíma þessa samnings jafnt greiðslumarki lögbýlisins, eins og greiðslumarkið verður skráð hjá Bændasamtökum Íslands við lok verðlagsársins 2004–2005, að teknu tilliti til breytinga sem gerðar kunna að verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 2005–2006 skv. gr. 3.1. og að teknu tilliti til viðskipta með greiðslumark fyrir 1. september 2005. Síðan breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við breytingar skv. gr. 5.2 og til samræmis við aðilaskipti að greiðslumarki skv. gr. 5.3.

4.3 Greiðslumark lögbýlis veitir handhafa þess rétt til sama hlutfalls af heildarfjárhæð beinna greiðslna skv. gr. 6.1. er nemur hlutfalli greiðslumarks lögbýlisins af heildargreiðslumarki eins og það er skilgreint skv. 2. gr. Hluti beinna greiðslna skal vera óháður framleiðslu að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé ekki minni en tilskilið lágmark, hluta skal greiða eftir framleiðslu og hluta skal greiða þannig að það stuðli að æskilegri dreifingu innleggs eftir mánuðum. Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beinna greiðslna fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda.

5. gr.

Skráning og viðskipti með greiðslumark.

5.1 Bændasamtök Íslands skulu, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir handhafa greiðslumarks og færa í hana jafnóðum þær breytingar sem á því verða. Aðilaskipti að greiðslumarki taka gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

5.2 Nýti handhafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár, fellur það niður hjá viðkomandi handhafa, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlisins um rétt hans til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Að öðru leyti bætist það við greiðslumark annarra handhafa í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski framleiðandi eftir að halda greiðslumarki á jörð sinni án þess að nýta það til framleiðslu, getur hann lagt það inn til geymslu hjá Bændasamtökum Íslands út gildistíma samnings þessa. Greiðslumark sem þannig er geymt tekur breytingum til samræmis við breytingar á heildargreiðslumarki.

5.3 Aðilar eru sammála um að um viðskipti með greiðslumark gildi óbreytt ákvæði búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

6. gr.

Framlög ríkisins og skipting þeirra.

Ríkissjóður greiðir á samningstímanum framlög sem hér segir:

Tafla 1. Framlög og skipting þeirra.

Verðlagsár	Heildarfjárhæðir	Beingreiðslur	Kynbóta- og þróunarfé	Gripagreiðslur	Óframleiðslutengdur stuðn.
2005/2006	4.000	3.900	100		
2006/2007	3.960	3.465	99	396	
2007/2008	3.920	3.381	98	392	49
2008/2009	3.881	3.299	97	388	97
2009/2010	3.842	3.218	96	384	144
2010/2011	3.804	3.139	95	380	190
2011/2012	3.766	3.014	94	376	282

Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag 1. janúar 2004, er var 230,0 stig og taka mánaðarlegum breytingum þaðan í frá skv. vísitölu neysluverðs.

6.1 *Beingreiðslur:* Til greiðslumarkshafa skv. 4. grein og upphæðir í töflu 1.

6.2 *Greiðslur vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi:* Frá og með verðlagsárinu 2005/2006 verða greidd framlög til Bændasamtaka Íslands (sjá töflu 1) til kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt. Fjárhæðinni skulu samtökin ráðstafa í samráði við framkvæmdanefnd búvörusamninga. Greiða skal með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

6.3 *Gripagreiðslur:* Frá og með verðlagsárinu 2006/2007 verða teknar upp gripagreiðslur, sbr. töflu 1. Greiðslunum skal ráðstafað til aðila er eiga kýr sem eru einstaklingsmerktar og hafa átt að minnsta kosti einn kálf samkvæmt upplýsingum úr einstaklingsmerkingakerfinu MARK. Viðtakanda greiðslna skal skrá sérstaklega og skal viðkomandi stunda virðisaukaskattsskyldan búrekstur, skv. lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, á lögbýli. Ríkissjóður greiðir að hámarki út á samtals 27.400 kýr, sem er meðalkúafjöldi á árunum 2000–2002. Grundvöllur gripagreiðslna er meðalfjöldi einstaklingsmerktra kúa á viðkomandi búi næstliðið verðlagsár. Ef heildarfjöldi einstaklingsmerktra kúa á landinu er lægri en 27.400, hækkar greiðsla á kú hlutfallslega. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða á sama lögbýli er heimilt að skrá þá sérstaklega, sbr. reglur um skráningu handhafa greiðslumarks. Greiðslur á grip fara eftir fjölda kúa á hverju lögbýli skv. eftirfarandi töflu, töflu 2.

Tafla 2. Hlutfall gripagreiðslna.

Fjöldi kúa	Hlutfall óskertrar greiðslu
1–40	100 %
41–60	75 %
61–80	50 %
81–100	25 %
101 og yfir	0 %

Ef fjöldi gripa á lögbýli fer yfir 170 skerðast gripagreiðslur um 25% fyrir hverjar 10 kýr sem umfram eru, þannig að bú með fleiri en 200 kýr nýtur ekki gripagreiðslna. Framkvæmdanefnd búvörusamninga setur nánari reglur um greiðslur gripagreiðslna.

6.4 *Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur:* Greiðslur skv. töflu 1. Fyrir 1. september 2006 skal liggja fyrir samkomulag milli aðila um ráðstöfun greiðslna samkvæmt þessum lið til óframleiðslutengdra og/eða minna markaðstruflandi stuðnings, m.a. til eflingar jarðræktar.

7. gr.

Afurðaverð.

7.1 Aðilar eru sammála um að verðlagning mjólkur verði með sama hætti og segir í núgildandi lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, ásamt síðari breytingum, nema um annað verði samið á samningstímanum. Jafnframt að leitað verði samþykkis Alþingis fyrir breytingum á lögunum, þannig að samningsaðilar geti samið um það sín á milli að hætt verði að ákveða lágmarksverð mjólkur til framleiðenda, enda þótt heildsöluverð verði áfram ákveðið af verðlagsnefnd.

8. gr.

Endurskoðun samnings.

8.1 Samningsaðilar geta á samningstímanum hvor um sig farið fram á viðræður um endurskoðun á samningnum eða einstökum atriðum hans.

8.2 Að liðnum fimm árum frá gildistöku samnings þessa skulu samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af þeirri könnun hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings.

8.3 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þegar yfirstandandi samningaviðræðum innan WTO lýkur skal samningur þessi endurskoðaður þannig að stuðningsfyrirkomulag ríkisvaldsins við íslenskan landbúnað rúmist hverju sinni innan þeirra heimilda sem skuldbindingar Íslands á vettvangi WTO kveða á um.

9. gr.

Framkvæmd, gildistími og fyrirvarar.

9.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2005 til og með 31. ágúst 2012.

9.2 Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samnings þessa. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

9.3 Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Af hálfu Bændasamtaka Íslands er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki kúabænda.

9.4 Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamband kúabænda einu, landbúnaðarráðherra einu og fjármálaráðherra einu.

10. gr.
Viljayfirlýsingar.

10.1 Samhliða undirritun samnings þessa undirrita landbúnaðarráðherra annars vegar og Bændasamtök Íslands hins vegar, meðfylgjandi viljayfirlýsingar, er lúta að starfsskilyrðum mjólkurframleiðenda og auknu gagnsæi í viðskiptum með greiðslumark.

Reykjavík, 10. maí 2004.

F.h. Bændasamtaka Íslands

Haraldur Benediktsson

Eggert Pálsson

Egill Sigurðsson

Þórarinn Leifsson

Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

Guðni Ágústsson
landbúnaðarráðherra

Geir H. Haarde
fjármálaráðherra

Fylgiskjal II.

Stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu.

Skýrsla nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu
til landbúnaðarráðherra í febrúar 2004.

1 Inngangur

Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er samningur bænda við ríkisvaldið, þar sem samið er um stuðning ríkisins við mjólkurframleiðsluna, tollvernd og helstu leikreglur framleiðslustýringar í greininni. Í 9. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands sem tók gildi 1. september 1998 er kveðið á um að 4 árum frá upphafi gildistíma samningsins skuli samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af því hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. lagt sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja eigi það niður og hvað taki þá við.

Skipuð var nefnd sem fékk það hlutverk að kanna framkvæmd ofangreinds samnings og gera tillögur um stefnumótun fyrir greinina og undirbúa þannig fyrir gerð næsta samnings. Í nefndina voru skipuð:

Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Hann var jafnframt formaður nefndarinnar.
Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Hann var varaformaður nefndarinnar.
Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, tilnefndur af fjármálaráðherra.
Ari Teitsson, formaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af BÍ.
Eggert Pálsson, varaformaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af BÍ.
Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, tilnefndur af LK.
Egill Sigurðsson, í stjórn Landssambands kúabænda, tilnefndur af LK.
Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, tilnefndur af SAM.
Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tilnefndur af SA.
Elín Björg Jónsdóttir, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tilnefnd af BSRB.
Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, tilnefndur af ASÍ.

Auk þess störfuðu með nefndinni Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, Kristjana Axelsdóttir, starfsmaður landbúnaðarráðuneytisins sem var ritari starfshópsins, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands og Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Nefndin hélt alls 20 formlega fundi auk fjölda óformlega funda, símtala og tölvupóstsamskipta. Starf nefndarinnar hefur verið tekið saman í meðfylgjandi skýrslu þar sem m.a. eru settar fram tillögur að markmiðum og leiðum hvað varðar starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, sem nefndin leggur til að höfð verði að leiðarljósi við gerð nýs mjólkursamnings.

Reykjavík 23. febrúar 2004

Guðmundur B. Helgason
formaður
sign

Ólafur Friðriksson
sign

Þórhallur Árason
sign

Þórólfur Sveinsson
sign

Ari Teitsson
sign

Eggert Pálsson
sign

Egill Sigurðsson
sign

Pálmi Vilhjálmsson
sign

Ari Edwald
sign

Elín Björg Jónsdóttir
sign

Stefán Úlfarsson
sign

2 Ytra umhverfi

2.1 Landbúnaðarstefnan

Stefna stjórnvalda um verðlagningu, framleiðslustjórnun og meginskipulag mjólkurframleiðslunnar kemur að mestu leyti fram í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, oft nefnd búvörulögin. Í 10. kafla laganna eru markmið þeirra er varða framleiðslu mjólkur skilgreind. Þau eru:

- að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni.
- að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
- að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innanlands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

Frá árinu 1980 hefur verið opinber framleiðslustjórnun í greininni, sem leitast hefur verið við að laga að aðstæðum hverju sinni. Í upphafi veitti framleiðsluréttur aðeins heimild til tiltekinnar framleiðslu gegn niðurgreiðslum, en þegar greiðslumark var tekið upp árið 1992 tengdist nær allur beinn stuðningur við greinina greiðslumarkinu með beinum greiðslum. Landbúnaðarráðherra ákvarðar heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Ákvörðunin er byggð á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið 12 mánaða tímabil og áætlun Bændasamtaka Íslands fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða.

Afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð mjólkurvara í heildsölu er ákveðið af verðlagsnefnd búvara. Nefndina skipa sex aðilar, tveir fulltrúar samtaka launþega, tveir fulltrúar framleiðenda þar sem annar starfar aðeins með nefndinni þegar hún fjallar um verðmyndun til framleiðenda, tveir fulltrúar afurðastöðva þar sem annar starfar aðeins með nefndinni þegar hún fjallar um verðmyndun til afurðastöðva og loks einn fulltrúi sem tilnefndur er af landbúnaðarráðherra. Um hlutverk verðlagsnefndar er fjallað í 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Þar segir: *"Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluaðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Framleiðslukostnaður á nautgripakjöti til framleiðenda skal metinn og skráður af verðlagsnefnd samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur. Heimilt er verðlagsnefnd að ákveða að skráning á verði nautgripakjöts falli niður. Landssambandi kúabænda er þá heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts."*

Í búvörulögunum er að finna heimild landbúnaðarráðherra til að gera samning við Bændasamtök Íslands um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir. Samningur skal a.m.k. gerður fyrir næstkomandi verðlagsár en heimilt er að semja til lengri tíma og binda samningana við einstakar

búvörur. Þessi heimild hefur verið nýtt undanfarin ár og er gildistími núgildandi samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu árin 1998-2005. Fyrir framleiðslu mjólkur innan núgildandi samnings, þ.e. greiðslumarks, fá framleiðendur greidd 47,1% af afurðaverði frá ríkinu en 52,9% frá afurðastöðvum.

Sú opinbera stýring sem verið hefur á framleiðslu og verðlagningu mjólkur hefur mótað umhverfi greinarinnar mjög mikið. Jafnframt því hefur greinin verið varin fyrir samkeppni frá innfluttum búvörum í formi tollverndar. Markmið framleiðslustýringar í mjólkurframleiðslu er að skapa jafnvægi á milli framleiðslu og sölu á mjólkurafurðum og hafa þau markmið að mestu leyti náð fram að ganga. Nú blasir við að alþjóðlegar skuldbindingar setji hinu opinbera ákveðin skilyrði um fyrirkomulag stuðnings við landbúnaðinn og tollvernd. Hugsanlegt er að það starfsumhverfi sem greinin hefur búið við komi til með að breytast í kjölfar WTO samninga og mikilvægt er að greinin fái þá svigrúm til að aðlagast því.

2.1.1 Ýmsar stjórnvaldsaðgerðir

Búvörulögin kveða einnig á um að lagt skuli verðmiðlunargjald á heildsölustigi á mjólk og afurðir sauðfjár. Gjaldið er 0,65 kr. á hvern lítra mjólkur sem lagður er inn í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjaldinu er ætlað að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum til að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum. Einnig er gjaldinu ætlað að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva og til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Aðrar stjórnvaldsaðgerðir sem varða nautgriparækt eru kröfur um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra (reglugerð nr. 438/2002), gæðakröfur mjólkur (reglugerð nr. 919/2002), reglur um lækkun tolla á innflutt fóður (sbr. reglugerð nr. 431/1996) og lög um búnaðargjald nr. 84/1997 með síðari breytingum.

2.2 Alþjóðlegir samningar

2.2.1 Landbúnaðarsamningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO)

Lög um framkvæmd landbúnaðarsamnings WTO tóku gildi 1. júlí 1995 eftir undirritun GATT-Úrúgvæ samningsins. Með landbúnaðarsamningnum var ýtt úr vör umbótaferli í landbúnaðarviðskiptum með það langtímamarkmið að koma á viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarvörur sem er sanngjarnt og miðast við þarfir markaðarins. Stefnt er að því að minnka verulega og í síauknum mæli stuðning og vernd í landbúnaði og koma í veg fyrir takmarkanir og raskanir á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur. Skuldbindingar samningsins komu til framkvæmda á árunum 1995-2000 og felur samningurinn í sér þrjár meginstoðir, þ.e.a.s. markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstuðning. Skuldbindingar varðandi útflutningsstuðning hafa ekki haft áhrif á Ísland, enda höfðu útflutningsbætur verið aflagðar hér áður en WTO kom til sögunnar.

Töluverðar breytingar urðu á markaðsaðgangi með tilkomu samningsins þar sem í stað þess að þurfa sérstaka heimild fyrir innflutningi á landbúnaðarvörum mátti flytja þær inn á þeim tollum sem tilgreindir eru í tollalögum. Þó er enn bann við innflutningi, án sérstakrar heimildar, á hráum sláturafurðum, ógerilsneyddri mjólk og

hráum eggjum, til varnar því að dýrasjúkdómar berist til landsins. Markaðsaðgangur var tryggður með umsömdum innflutningskvótum af tvennum toga. Með hliðsjón af viðmiðunarárum landbúnaðarsamningsins, sem í öllum tilfellum eru árin 1986-88, tryggja svokallaðir ríkjandi markaðsaðgangskvótar sama magni af vöru sem flutt var inn að meðaltali á þessum árum sama markaðsaðgang á sömu kjörum og þá giltu. Í þennan flokk markaðsaðgangskvóta falla þær landbúnaðarvörur sem Ísland hefur sögulega flutt inn í verulegu magni. Einnig var samþykkt að opna sérstaka innflutningskvóta, svokallaða lágmarksaðgangskvóta, fyrir vörur sem ýmist höfðu alls ekki verið fluttar inn eða þá í mjög óverulegu magni á viðmiðunarárum samningsins. Þessir tollkvótar námu 3-5% af innanlandsneyslu viðmiðunarára samningsins og voru þeir lögfestir á framkvæmdarárunum samningsins þannig að árið 1995 námu þeir 3% en 5% á árinu 2000. Á Íslandi falla kjöt- og unnar kjötvörur, egg, smjör og ostar undir skuldbindingar um lágmarkaðgang, en aðrar landbúnaðarvörur undir skuldbindingar um ríkjandi markaðsaðgang.

Landbúnaðarsamningur WTO gerir greinarmun á mismunandi tegundum opinberra styrkja og stuðningsaðgerða í þágu landbúnaðar og eru allar slíkar stuðningsaðgerðir tilkynningaskyldar til WTO. WTO skilgreinir í aðalatriðum þrjú form innanlandsstuðnings. Í fyrsta lagi gulur stuðningur, en í þann flokk fellur allur markaðstruflandi og framleiðslutengdur stuðningur. Það eru annars vegar beinar greiðslur sem tengjast framleiðslumagni og hækka verð til framleiðenda og hins vegar markaðsstuðningur, t.d. í formi opinberrar verðlagningar. Í landbúnaðarsamningi WTO er stefnt að því að draga verulega úr slíkum stuðningi. Í öðru lagi er blár stuðningur, sem er leyfilegur markaðstruflandi stuðningur skv. framleiðslutakmarkandi áætlunum sem falla að tilgreindum skilyrðum landbúnaðarsamnings WTO. Þessar stuðningsgreiðslur hafa til þessa verið undanþegnar lækkunarskuldbindingum. Í þriðja lagi er grænn stuðningur, en það eru greiðslur til framleiðenda sem gera framleiðslu ekki að skilyrði og hafa engin markaðstruflandi áhrif. Slíkar stuðningsaðgerðir er sem stendur leyfilegt að stunda án takmarkana. Grænn stuðningur getur náð til aðgerða eins og almennrar þjónustu við landbúnaðinn, rannsókna, tekjutryggingaráætlana, ótengds tekjustuðnings, byggðastuðnings, stuðningsáætlana í þágu umhverfisins o.fl.

Litið var til innanlandsstuðnings á árunum 1986-88 og reiknaður var skv. ákveðnum aðferðum samanlagður heildarstuðningur við landbúnaðinn (AMS: Aggregate Measurement of Support). Þessi samanlagði heildarstuðningur eins og hann var reiknaður fyrir einstaka samningsaðila varð að hámarksheimild viðkomandi ríkis til að stunda framleiðslutengdan eða markaðstruflandi stuðning við landbúnað. Samþykkt var að lækka þessa heimild um 20% á framkvæmdatímabili landbúnaðarsamningsins. Síðasta tilkynning Íslands til WTO um innanlandsstuðning var árið 2000 en þá var heimild Íslands til framleiðslutengds stuðnings (AMS) komið niður í 130 milljón SDR en var 157 milljón SDR árið 1995. Samkvæmt tilkynningunni nam raunverulegur stuðningur við landbúnaðinn sem fellur undir lækkunarskuldbindingar (AMS), 117 milljón SDR þegar tekið er tillit til gengisþróunar frá viðmiðunartímabili samningsins. Stjórnvöld voru því á árinu 2000 að nýta 90% af heimild sinni til stuðnings af því tagi sem talin eru tengjast framleiðslu eða trufla viðskipti. Stærsti hluti þessa reiknaða stuðnings varðar stuðning við mjólkurframleiðslu og nautgriparækt, eða um 70%. Ef draga ætti úr þessum reiknaða stuðningi þyrfti, að óbreyttum verðmun, annað hvort að lækka framleiðslutengdar beingreiðslur eða hverfa frá markaðsstuðningi á borð við opinbera verðlagningu.

Nú stendur yfir innan WTO ný samningalota sem kennd er við Doha, en þar er m.a. stefnt að nýjum skuldbindingum um lækkun tolla og innanlandsstuðnings á sviði landbúnaðar. Í viðræðunum hafa tekist á sóknarhagsmunir útflutningsríkja, varnarhagsmunir innflutningsríkja og fjölþættir hagsmunir þróunarríkja. Útflutningsríkin hafa viljað skerða verulega heimildir aðildarríkja til að stunda framleiðslutengdar stuðningsaðgerðir og herða reglur um stuðning til landbúnaðar almennt, ásamt því að afnema útflutningsbætur og stíga stór skref í átt að því að færa markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur í svipað horf og gerist og gengur hvað varðar iðnaðarvörur. Ríki með varnarhagsmuni hafa viljað fara hægar í sakirnar og beita áfram samskonar aðferðum við skilgreiningu skuldbindinga og gert var í Úrúgvæviðræðunum. Af hálfu þessara ríkja hefur m.a. verið lögð rík áhersla á hið fjölþætta hlutverk landbúnaðar. Hagsmunir þróunarríkja er fjarri því að vera einsleitir en þau hafa almennt krafist róttæks niðurskurðar á viðskipta- og markaðstruflandi stuðningi iðnríkja og stóraukins markaðsaðgangs að mörkuðum þeirra. Sjálf hafa þróunarríki sem mest viljað forðast það að axla skuldbindingar af svipuðum toga.

Að hálfu Íslands hefur verið lögð þung áhersla á að reglur hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis og þær skuldbindingar sem ríkjum er ætlað að axla á sviði landbúnaðar feli í sér nægilegan sveigjanleika til að ríki sem búa við mismunandi aðstæður og framleiðsluskilyrði geti áfram stutt við bakið á sínum landbúnaði og þeim gildum sem af honum leiða með viðhlítandi hætti. Vinna verði að framgangi þeirra markmiða sem landbúnaðarsamningur WTO stefnir að eftir leiðum sem veita íslenskum landbúnaði tækifæri til farsællar aðlögunar að auknu frjálsræði í viðskiptum.

Stefnt hefur verið að því að ljúka Doha samningalotunni á árinu 2005 en í ljósi framgangs hennar til þessa má vera ljóst að viðræðurnar muni dragast. Ráðherrafundur WTO var haldinn í Kankún í Mexíkó í september sl. þar sem vonast var eftir að línurnar myndu skýrast og eitthvað þokast í samkomulagsátt. Sú var ekki raunin þar sem ógerlegt reyndist að ná sátt um veigamikil atriði, ekki einungis hvað snertir landbúnaðarmál heldur einnig útvíkkun hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis til að ná með yfirgripsmeiri hætti yfir skuldbindingar á sviði fjárfestinga og samkeppni, opinberra innkaupa og s.k. viðskiptalipurðar.

2.2.2 Stefna ESB í landbúnaðarmálum

Einn af hornsteinum samstarfs aðildarríkja ESB er hin sameiginlega landbúnaðarstefna Sambandsins (CAP[1]) en sameiginleg sjávarútvegsstefna heyrir einnig undir CAP. Tæplega 50% af útgjöldum ESB renna til sameiginlegrar landbúnaðarstefnu sambandsins. Markmið landbúnaðarstefnu ESB er skv. 33. gr. Rómarsáttmálans: að tryggja viðunandi lífsviðurværi landbúnaðarsamfélaga, að auka framleiðni í landbúnaði, að tryggja stöðugleika á mörkuðum, að tryggja nægt framboð matvæla og að tryggja sanngjarnt verð til neytenda

Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB byggist á tveimur stoðum, markaðsstjórnun og byggðaþróun. Markaðsstjórnunaraðgerðir ESB eru gerðar til þess að stjórna framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur og eru það aðgerðir eins og verðákvörðun, framleiðsluaðstoð, framleiðslustjórnun og verndartollar. Framkvæmdastjórn ESB annast þannig alla ákvarðanatöku sem tengist landbúnaði aðildarríkjanna. Árið 2000 var landbúnaðarstefna ESB endurskoðuð (Agenda 2000)

[1] CAP er skammstöfun á Common Agricultural Policy

og var þá sú stoð hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu sem snýr að byggðaþróun styrkt. Hugmyndin er sú að landbúnaður í löndum ESB snúist ekki eingöngu um framleiðslu heldur að ýtt sé undir umhverfisvænan landbúnað, styrkja harðbýl svæði, skógarhögg, starfsmenntun bænda, styrkja unga bændur og veita fjárfestinga- og þróunarstyrki, ekki síst til matvælaiðnaðar.

Í júní 2003 s.l. lauk síðustu endurskoðun hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB og urðu með því umtalsverðar breytingar á CAP. Aðalbreytingin var á styrkjakerfinu en meginhluti styrkja í landbúnaði ESB landa mun með breytingunni greiðast hverju býli, óháð framleiðslu, þó með nokkrum undantekningum. Til að hljóta óframleiðslutengda styrki þarf einungis að vera stundaður landbúnaður á býlinu án tillits til hvað er framleitt. Markmið þessa nýja fyrirkomulags er að ákvarðanir um framleiðslu á einstökum býlum verði teknar með tilliti til markaðsverðs fyrir afurðirnar á hverjum tíma. Framlag greiðist hverju býli sem reiknast á hverja einingu lands, út frá viðmiðunarstærðum um framleiðslu og framlög árin 2000 til 2002, með rétti til endurskoðunar vegna sérstakra aðstæðna. Markaðskerfi mjólkur tók þeim breytingum að dregið verður úr aðgerðum sem hingað til hefur verið beitt til að halda uppi verði til bænda, þannig að skylduuppkaup til að tryggja lágmarksverð fyrir útfluttar mjólkurafurðir verður skert. Þessum breytingum á CAP var ætlað að gera landbúnað ESB umhverfisvænni, markaðsvænni og samkeppnishæfari. Bændur innan ESB eiga nú að framleiða þær vörur sem arðvænlegast er að framleiða og leitast verður við að greiða ekki með einstökum vörum. Þessar breytingar munu auðvelda ESB að koma til móts við tillögur WTO án þess að til sérstakrar skerðingar á framlögum til landbúnaðarins þurfi að koma. Nánar er fjallað um landbúnaðarstefnu ESB í skýrslu um íslenskan landbúnað og ESB sem gefin var út af utanríkisráðuneytinu í nóvember 2003.

2.3 Fjárhagsstuðningur við landbúnað

2.3.1 Stuðningur samkvæmt opinberum gögnum

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands námu útgjöld hins opinbera (ríki og sveitarfélög) til landbúnaðarmála 11,3 milljörðum kr. á árinu 2002 og var það 3.3% af heildarútgjöldum hins opinbera það ár. Þar af voru beingreiðslur vegna framleiðslu mjólkur 3,9 milljarðar kr. árið 2002. Tafla 2-1 sýnir þróun útgjalda hins opinbera á árunum 1994-2002 á föstu verðlagi ársins 2002.

Tafla 2-1: Útgjöld hins opinbera 1994-2002 á föstu verðlagi ársins 2002, í milljónum kr.

Ár	Heildarútgjöld hins opinbera	Útgjöld hins opinbera til landbúnaðar*	Þar af bein-greiðslur í mjólk	Útgjöld til landb.mála % af heildarútgjöldum
1994	240.958	9.967	3.246	4.1%
1995	240.137	9.601	3.195	4.0%
1996	248.010	10.139	3.242	4.1%
1997	254.394	9.721	3.321	3.8%
1998	279.175	10.405	3.541	3.7%
1999	296.746	10.700	3.601	3.6%
2000	304.857	10.328	3.624	3.4%
2001	328.779	11.378	3.638	3.5%
2002	343.989	11.296	3.859	3.3%

Heimild: Hagstofa Íslands

* 1) Búnaðargjald nam 287 m.kr. árið 2002.
2) Verðmiðlunargjald landbúnaðarvara nam 294 m.kr. árið 2002.

3) Fóðursjóður – fóðurtollur vegna innflutnings nam 495 m.kr. árið 2002. Endurgreitt andvirði fóðurtolls nam u.þ.b. 455 m.kr.
Þessi gjöld, samtals 1.076 milljónir kr. eru innheimt af landbúnaðinum skv. lagafyrirmælum og greidd, að mestu leyti, aftur út til greinarinnar og falla þá undir útgjöld hins opinbera til landbúnaðarmála.

Samkvæmt ríkisreikningi hafa beinar greiðslur vegna mjólkurframleiðslu aukist á tímabilinu. Þar má sjá að á árunum 1994-2002 hafa beinar greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækkað um 18,9% en á tímabili núgildandi samnings hafa þær hækkað um 9%.

Tölur Hagstofunnar um beingreiðslur í mjólk sýna upphæðir samkvæmt greiðslugrunni. Verðlagsnefnd búvara ákvarðar verðlagsgrundvöll kúabús og samkvæmt honum má reikna skuldbindingu ríkissjóðs vegna beingreiðslna í mjólk eftir árum, óháð því hvenær greiðsla fer fram. Tafla 2-2 sýnir skuldbindingar ríkisins vegna beingreiðslna til mjólkurframleiðenda í kr. og kr./lítra, bæði á verðlagi hvers árs og föstu verðlagi.

Tafla 2-2: Verðlagsgrundvöllur kúabús á tímabili núgildandi samnings.

	Innvegin greiðslumarks-mjólk	BEINGREIÐSLUR Í MJÓLK SKV. VERÐLAGSGRUNDVELLI KÚABÚS		BEINGREIÐSLUR Í MJÓLK SKV. VERÐLAGSGRUNDVELLI KÚABÚS	
		Á breytilegu verðl.	Á föstu verðl.	Á breytilegu verðlagi	Á föstu verðlagi
Ár	ltr	kr.	kr.	kr./ltr	kr./ltr
1998	105.175.015	3.035.158.463	3.685.904.385	29	35
1999	101.612.605	3.056.788.625	3.588.824.620	30	35
2000	102.073.664	3.254.792.302	3.638.959.148	32	36
2001	102.912.639	3.445.379.309	3.610.835.378	33	35
2002	105.425.057	3.799.659.795	3.799.659.795	36	36


Heimild: Verðlagsnefnd búvara

Tafla 2-2 sýnir að á föstu verðlagi hafa beingreiðslur í mjólk hækkað úr 3.686 milljónum kr. árið 1998 í 3.800 milljónir kr. árið 2002, sem er 3,1% hækkun á tímabilinu. Aukning hefur orðið á heildarframleiðslu mjólkur innan greiðslumarks og því má meta raungildi stuðnings við mjólkurframleiðsluna með því að reikna beingreiðslur á hvern lítra mjólkur. Þar kemur fram að reiknað á föstu verðlagi hafa beingreiðslur á hvern lítra hækkað um 2,8% á tímabilinu 1998-2002.

2.3.2 Verðmæti mjólkurframleiðslu vs. beingreiðslur

Verðmæti mjólkurframleiðslu hefur aukist um 18,8% á árunum 1994-2002. Mynd 2-1 sýnir heildarframleiðsluverðmæti mjólkur og beingreiðslur í mjólk. Í tölum um heildarframleiðsluverðmæti mjólkur er reiknað með afurðastöðvaverði, beingreiðslum og greiðslum fyrir umframmjólk.


Mynd 2-1: Heildarframleiðsluverðmæti mjólkur og beingreiðslur í mjólk



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Beingreiðslur í mjólk sem hlutfall af framleiðsluverðmætum hafa haldist svipaðar frá 1999-2002 að undanskildu árinu 2000. Árið 2002 námu þær 46,2% af framleiðsluverðmætum mjólkur. Verðmæti umframmjólkur skýrir lækkandi hlutfall beingreiðslna frá árinu 1999. Mynd 2-2 sýnir hlutfall beingreiðslna af framleiðsluverðmæti mjólkur.

Mynd 2-2: Hlutfall beingreiðslna af framleiðsluverðmæti mjólkur.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

2.3.3 Stuðningur samkvæmt skýrslum OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) reiknar árlega út stuðning við framleiðendur landbúnaðarvara fyrir aðildarlönd sín og þannig má meta stuðning við íslenskan landbúnað í alþjóðlegu samhengi. Reiknað er út svokallað PSE-gildi, sem er skammstöfun fyrir "Producer support estimate" (áður "Producer Subsidy Equivalent")

og hefur verið kallað tekjuígildi stuðnings við framleiðendur. PSE er mælikvarði á árlegar peningalegar tilfærslur frá skattgreiðendum og neytendum til framleiðenda landbúnaðarafurða ásamt markaðsvernd, sem stafa af aðgerðum sem styðja við landbúnað, óháð eðli þeirra og tilgangi eða áhrifum á framleiðslu búanna eða tekjur. Tafla 2-3 sýnir heildarstuðning við landbúnað og stuðning við afurðir nautgriparæktar í löndum OECD á árunum 2000-2002. Í töflunni er PSE gefið upp sem hlutfallstala (%) og er það reiknað sem hlutfall af verðmæti framleiðslunnar á verði til framleiðenda að viðbættum beinum greiðslum að frádregnum gjöldum á framleiðsluna.

Tafla 2-3: Stuðningur við landbúnað árin 2000-2002, mælikvarði PSE (%)

Land	Heildar stuðningur í landbúnaði		Stuðningur við mjólkurframleiðslu		Stuðningur við nautgripakjötsframl.	
	2000-2002	1986-1988	2000-2002	1986-1988	2000-2002	1986-1988
Sviss	73	76	77	82	78	78
Noregur	68	70	75	75	80	75
Kórea	66	70	69	73	65	54
Ísland	63	75	75	82	58	61
Japan	59	61	77	84	32	44
ESB	35	40	44	57	73	55
OECD	31	38	46	59	33	32
Bandaríkin	21	25	48	60	5	6
Kanada	19	34	54	61	9	10
Tyrkland	18	15	32	35	50	16
Pólland	15	11	12	-11	-4	19
Ástralía	4	9	14	33	4	7
Nýja Sjáland	1	11	1	9	1	7

Heimild: OECD


Hlutfallslegt tekjuígildi stuðnings við búvöruframleiðendur hér á landi var að meðaltali 63% á árunum 2000-2002 og reyndust Sviss, Noregur og Kórea vera með meiri stuðning en Ísland á þessum árum. Sambærilegt gildi fyrir Ísland á árunum 1986-1988 var 75% sem var næst mesti stuðningur við landbúnað, aðeins Sviss hafði þá hærra gildi. Hlutfallslegur stuðningur við mjólkurframleiðsluna á Íslandi var 75% á árunum 2000-2002 en aðeins Sviss og Japan studdu mjólkurframleiðslu sína meira en Noregur stundaði jafn mikinn stuðning. Hlutfallslegur stuðningur við nautgripakjötsframleiðsluna var 58% á árunum 2000-2002, sem er lægra heldur en í Sviss, Noregi, Kóreu og hjá Evrópusambandinu.

Sú stefna stjórnvalda að draga úr beinum og óbeinum fjárhagslegum stuðningi við landbúnað hefur skilað sér, bæði í alþjóðlegum samanburði og sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs. Ísland skipar sér þó enn í sess þeirra OECD þjóða sem styðja sinn landbúnað mest og hvað mjólkurframleiðslu varðar eru Íslendingar ekki langt frá því að vera sú þjóð innan OECD sem styrkir mjólkurframleiðslu sína mest.

3 Innra umhverfi

Heildarvelta í landbúnaði samkvæmt gjaldstofni búnaðargjalds var 18,5 milljarðar kr. á árinu 2001. Nautgriparækin var stærsta búgreinin með 8,7 milljarða kr. eða 48%. Sauðfjárræktin er næst stærsta búgreinin með veltu upp á 4 milljarða kr. eða 22%. Mynd 3-1 sýnir skiptingu búvöruframleiðslunnar eftir búgreinum árið 2001.

Mynd 3-1: Skipting búvöruframleiðslunnar eftir búgreinum árið 2001, unnið eftir gjaldstofni búnaðargjalds.




Heimild: Ríkisskattstjóri

Samkvæmt Hagstofu Íslands störfuðu 4% vinnandi manna við landbúnað árið 2001 en hlutfallið hefur farið lækkandi síðustu ár. Meðalaldur bænda var 52 ár árið 2001.

3.1 Mjólkurframleiðsla

Alls stunduðu 893 bú mjólkurframleiðslu í árslok 2003, þar af er um fjórðungur blönduð bú[2]. Búum sem stunda mjólkurframleiðslu hefur fækkað mikið og til samanburðar voru þau 1.509 árið 1991 og nemur fækkun búa á þessu tímabili um 41%. Heldur meiri fækkun hefur verið á blönduðum búum heldur en á hreinum kúabúum. Á sama tímabili hefur meðalinnlegg hvers mjólkurframleiðanda aukist úr 69.920 í 121.371 lítra eða um 74%. Mynd 3-2 sýnir fjölda búa og hvernig meðalgreiðslumark hefur þróast frá árinu 1991.

Mynd 3-2: Þróun mjólkurframleiðslunnar frá 1991




Heimild: Bændasamtök Íslands

[2] Skv. Bændasamtökum Íslands, hrein bú hafa 80% eða meira af virku greiðslumarki í mjólk.

Mynd 3-3 sýnir þróun greiðslumarks frá árinu 1993 en tæplega 20% búa voru komin með greiðslumark yfir 200.000 lítra árið 2003 en árið 1997 voru þau aðeins um 4%. Stórum rekstrareiningum hefur því fjölgað nokkuð en ennþá eru um fjórðungur búa með greiðslumark undir 100.000 lítra.


Mynd 3-3: Þróun stærðardreifingar kúabúa síðastliðin 10 ár, greiðslumark í lítrum



Heimild: Bændasamtök Íslands

Síðustu ár hefur verið talsverð aukning afurða á hvern grip í mjólkur- og kjötframleiðslu. Mynd 3-4 sýnir ársnyt skýrslufærðra[3] mjólkurkúa árin 1991-2003.

Mynd 3-4: Ársnyt skýrslufærðra mjólkurkúa í kg mjólkur 1991-2003



Heimild: Bændasamtök Íslands

[3] Upplýsingum um nyt er safnað með reglubundnum hætti og koma þær til sameiginlegs uppgjörs hjá Bændasamtökum Íslands. 87% framleiðslu ársins 2002 var frá búum með skýrsluhald, hlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár.

Aukning afurða hefur verið mest síðustu árin en yfir allt tímabilið nemur hún um 21%. Meginskýringar þess eru aukin kjarnfóðurnotkun, bætt gróffóðuröflun og kynbætur.

3.1.1 Endurnýjun fjósa

Landssamband kúabænda hefur tekið saman upplýsingar um þróun fjósgerða á landinu. Um mitt ár 1997 var gerð úttekt á fjósum á Íslandi þar sem könnuð var básategund og tæknibúnaður í fjósum. Í september 2003 var aftur á móti gerð könnun á stöðu fjósa og byggt á þekkingu dýralækna, ráðunauta og sæðingamanna á aðstæðum hjá kúabændum landsins. Nokkur þróun hefur orðið í fjósum á síðastliðnum 6 árum og hefur fjölgunin verið mest í legubásafjósum með mjaltabás. Jafnframt hafa á þessum árum bæst í hópinn legubásafjós með mjaltaþjóni en ekkert slíkt fjós lenti í úrtakinu árið 1997. Algengasta fjósgerðin er básafjós en í september 2003 voru þau um 73% af öllum fjósum en á árið 1997 voru þau um 84%. Tafla 3-1 sýnir niðurstöður samantektar Landssambands kúabænda á þróun fjósgerða.

Tafla 3-1: Breytingar á fjósgerðum frá 1997 til 2003.

	September 2003		Júlí 1997	
Fjósgerðir	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**
Básafjós	635	73,1%	629	84,3%
Básafjós með mjaltabás	114	13,1%	90	12,1%
Legubásafjós með mjaltabás	107	12,3%	12	1,6%
Lausagöngufjós með mjaltabás	2	0,2%	15	2,0%
Legubásafjós með mjaltaþjóni	11	1,3%	0	0,0%
Fjöldi fjósa skoðuð	869		746	

Heimild: Landssamband kúabænda

Ef tekið er mið af þróun í fjósgerðum hérlendis og erlendis undanfarin ár má búast við að básafjósum muni fækka og áfram muni fjölga í flokki legubásafjósa. Jafnframt eru legubásafjósin oft stærri þannig að búast má við að hlutfall mjólkur sem framleidd er í legubásafjósum sé nokkuð hátt.

3.1.2 Tilfærsla greiðslumarks

Heildargreiðslumark mjólkur miðast við sölu á innanlandsmarkaði og er það ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu þess verðlagsárs. Greiðslumark mjólkur var tekið upp árið 1992 og flutningur þess milli lögbýla var jafnframt heimilaður. Í upphafi var heildargreiðslumark mjólkur 100 milljónir lítra en fyrir verðlagsárið 2002-2003 var það 106 milljónir lítra. Tafla 3-2 sýnir hversu mikið af greiðslumarki hefur skipt um eigendur á árunum 1992-2001 í frjálsri sölu. Þarna getur verið um að ræða sölu á sömu mjólkurlítrunum.

Tafla 3-2: Færsla á greiðslumarki milli býla með frjálsri sölu og heildargreiðslumark (þús. lítrar)

Verðlagsár	Aðilaskipti að greiðslumarki	Heildar greiðslumark	Hlutfall greiðslumarks sem hefur færst milli aðila
1993-1994	2.461	100.000	2,5%
1994-1995	1.972	101.000	2,0%
1995-1996	3.448	101.000	3,4%
1996-1997	2.907	102.000	2,9%
1997-1998	3.625	102.000	3,6%
1998-1999	3.413	103.000	3,3%
1999-2000	5.864	102.000	5,7%
2000-2001	5.576	103.000	5,4%
2001-2002	5.320	104.000	5,1%
2002-2003	4.595	106.000	4,3%
Samtals	**39.181**		

Heimild: Bændasamtök Íslands

Heildarvelta á greiðslumarki nam 39,2 milljónum lítra á verðlagsárunum 1993/1994 - 2002/2003. Á tímabilinu hættu tæplega 500 bú framleiðslu og er hluti af seldu greiðslumarki kominn til vegna þess. Tafla 3-3 sýnir handhafabreytingar á lögbýlum, á greiðslumarki mjólkur flokkaðar eftir ástæðum breytinga.

Tafla 3-3: Handhafabreytingar beingreiðslna mjólkur á lögbýlum verðlagsárin 93/94 – 01/02

	Br. rekstrarform		Kaup		Leiga		Kynslóðaskipti		Samtals	
Verðlagsár	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi	lítrar	fjöldi
1993-1994			707.340	9	41.640	1	2.476.404	38	3.225.384	48
1994-1995	82.524	1	919.608	10			2.022.240	30	3.024.372	41
1995-1996	130.200	1	1.173.780	12			2.474.352	31	3.778.332	44
1996-1997	260.952	3	1.574.184	15			1.941.024	26	3.776.160	44
1997-1998	283.464	2	1.523.436	15	142.992	1	2.021.148	31	3.971.040	49
1998-1999	155.652	1	1.444.860	15	173.064	2	2.751.192	29	4.524.768	47
1999-2000	314.952	4	3.521.676	23	272.088	3	2.048.688	16	6.157.404	46
2000-2001	108.288	1	689.148	8	57.840	1	1.997.796	18	2.853.072	28
2001-2002	469.776	4	1.113.384	8			1.665.468	15	3.248.628	27
2002-2003	2.159.566	7	527.532	5	66540	1	1.496.880	11	4.250.518	24
Samtals	**1.805.808**	**17**	**12.667.416**	**115**	**687.624**	**8**	**19.398.312**	**234**	**38.809.678**	**398**

Heimild: Bændasamtök Íslands

Alls hefur greiðslumark sem nemur 38,8 milljónum lítra skipt um handhafa á verðlagsárunum 1993/1994 til 2002/2003. Stærsti hluti þess eða 19,4 milljón lítra skipti um handhafa vegna kynslóðaskipta á lögbýli. Þá fylgdu 12,7 milljón lítra við sölu á búrekstri til nýrra rekstraraðila (óskyldra), 1,8 milljón lítra skipti um handhafa vegna breytinga á rekstrarformi t.d. stofnun einkahlutafélaga og 688 þús. lítrar skiptu um handhafa vegna leigu á búinu. Athyglisvert er að einungis 140 bú, af um 1.500 sem voru starfandi árið 1992, hafa hvorki keypt né selt greiðslumark. Þessi bú eru áberandi minni en önnur bú í landinu og er meðalgreiðslumark þeirra ekki nema 65.148 lítrar. Ef litið er á stöðuna í dag þýðir þetta að um 84% starfandi búa í dag hafa annaðhvort keypt eða selt greiðslumark á síðustu 10 árum.

Reglur um afskriftir hafa haft nokkur áhrif á verð greiðslumarks. Heimilt er að niðurfæra greiðslumark á 5 árum eða um 20% árlega og afskriftin er frádráttarbær til skatts. Þegar um sölu á keyptu greiðslumarki er að ræða er heimilt að draga bókfært verð frá söluverði. Aftur á móti þegar um sölu á áunnu greiðslumarki er að ræða gildir regla um útreikning á skattskyldum hagnaði af ófyrnanlegum eignum, þ.e. að

telja helming söluverðs til skattskylds hagnaðar. Þeim ákvæðum laga um tekju- og eignaskatt sem fjalla um heimildir til að færa rekstrartap á milli ára hefur verið breytt á samningstímanum. Nú eru ákvæðin þannig að rekstrartap getur nýst í tíu ár á undan rekstrarári en það er ekki verðtryggt. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhrif þessara heimilda til niðurfærslu greiðslumarks á verð þess, eða hvernig þessar heimildir koma við einstaka hópa framleiðenda.


3.2 Mjólkurafurðir

Á gildistíma núgildandi samnings varð til nýtt mjólkurvinnslufyrirtæki, Norðurmjólk ehf. með höfuðstöðvar á Akureyri. Það varð til við samruna mjólkursamlaganna á Akureyri og Húsavík auk Grana sem er einkahlutafélag í eigu bænda á svæði hins nýja fyrirtækis. Í dag eiga mjólkurframleiðendur allar starfandi afurðastöðvar að einni undanskilinni, sem er í eigu blandaðs samvinnufélags. Afurðastöðvarnar reka hagsmunasamtök, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, og er hlutverk þeirra að sjá til þess að afurðastöðvarnar í landinu séu reknar á sem hagkvæmastan hátt. Auk þess rekur mjólkuriðnaðurinn sameiginleg sölusamtök, Osta og smjörsöluna sf. og annast hún sölu og dreifingu á viðbiti, ostum og mjólkurdufti.

Í samningum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar hefur verið gerð krafa um hagræðingu í mjólkuriðnaðinum. Til að mæta þeirri kröfu hafa afurðastöðvarnar skipt með sér verkum þannig að hver afurðastöð sérhæfir sig í framleiðslu á ákveðnum vörutegundum. Þannig hafa mjólkurbú á Norðurlandi lagt meiri áherslu á vörur sem hafa minna rúmmál vegna þess að þær þarf að flytja lengri vegalengd á markað á meðan mjólkurbúin sunnan- og vestanlands hafa lagt meiri áherslu á ferskvörur af ýmsu tagi þar sem rúmmálsminnkunin verður ekki eins mikil við vinnslu.

Afkastageta í mjólkuriðnaði hefur um nokkurt skeið verið nokkru meiri en þörf hefur verið fyrir og hefur mjólkurbúum því verið fækkað í hagræðingarskyni. Mynd 3-5 sýnir þær afurðastöðvar sem starfandi voru árið 1992 og hverjar hafa nú hætt störfum.

Mynd 3-5: Þróun og staða afurðastöðva



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Árið 1992 voru 15 mjólkurbú starfandi í landinu en í lok árs 2003 var fjöldi þeirra kominn í 9. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja að þessi fækkun hafi lækkað vinnslukostnað í greininni um 250 - 300 m.kr. árlega. Mjólkurbúin taka öll á móti mjólk frá framleiðendum á sínu svæði. Tafla 3-4 sýnir innvigtun mjólkur eftir mjólkurbúum á árunum 1991-2002.

Tafla 3-4: Innvigtun mjólkur eftir mjólkurbúum 1991-2002 (í þús. lítrum)

	1991	1993	1996	1999	2002	Breyting
Ms. Reykjavík	4.192	3.864	13.163	13.206	13.122	213%
Ms. Borgarnesi	9.764	9.255	9.591			
Ms. Búðardal	3.115	3.637	3.806	3.943	4.899	57%
Ms. Patreksfirði	1.029	275				
Ms. Ísafirði	1.694	1.540	1.331	1.304	1.219	-28%
Ms. Hvammst.	2.551	2.410	2.463	2.540	1.838	-28%
Ms. Blönduósi	4.062	3.701	4.012	4.357	4.310	6%
Ms. Sauðárkróki	8.526	7.834	8.662	9.555	10.339	21%
Ms. Akureyri	20.464	19.486	19.558	20.974	25.392	24%
Ms. Húsavík	6.201	5.780	6.241	6.822	2.290	-63%
Ms. Vopnafirði	771	763	845	752	778	1%
Ms. Egilsstöðum	2.921	2.653	2.819	3.339	3.622	24%
Ms. Norðfirði	626	602	542	496		
Ms. Hornafirði	1.865	1.575	1.736			
Mb. Flóamanna	37.729	36.540	36.464	39.906	42.951	14%
Samtals	**105.510**	**99.915**	**111.233**	**107.194**	**110.760**	**5,0**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Aukning er í mjólkurinnleggi hjá öllum mjólkursamlögum nema á Ísafirði, en búin á Hvammstanga og Húsavík hafa nú verið lögð niður. Langmest er aukningin hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík en einnig er nokkur aukning hjá Mjólkursamsölunni í Búðardal. Mikil aukning í innvigtun á einstaka stöðum á sér fyrst og fremst skýringar í fækkun afurðastöðva þar sem innvegin mjólk þeirra sem aflagðar eru vigtast inn í þær afurðastöðvar sem sýna hvað mesta aukningu á tímabilinu.

3.2.1 Samkeppnismál

Í núgildandi samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu eru ákvæði um afurðaverð sem hafa valdið því að réttaróvissa ríkir um starfsemi mjólkuriðnaðarins. Í 6. gr., lið 6.3 segir:

"Verðlagsnefnd skal strax við upphaf starfs síns hefja aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda að breyttu rekstrarumhverfi og viðskiptaháttum. Slíkri aðlögun einstakra vörutegunda skal lokið eigi síðar en 30. júní 2001, en þá skal Verðlagsnefnd hætta verðlagningu mjólkur og mjólkurvara í heildsölu."

Þessu ákvæði var frestað til 1. júlí 2004 og fellur heildsöluverðlagning mjólkur því enn undir búvörulögin. Ákvæði búvörulaga um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara eru sérákvæði sem ganga framar ákvæðum almennra samkeppnislaga. Afurðastöðvarnar hafa nýtt sér heimild í 13. og 22. gr. búvörulaga nr. 99/1993 um verðtilfærslu mjólkur og mjólkurafurða. Samkvæmt þeim ákvæðum getur verðlagsnefnd heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða og innheimta í þeim tilgangi verðtilfærslugjald á hvern lítra mjólkur innan greiðslumarks. Þeir fjármunir sem innheimtast greiðast svo út á tilteknar mjólkurafurðir í sölu innanlands. Einnig er í 71. gr. áðurnefndra laga nr.

99/1993 heimild afurðastöðva til að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara. Samkeppnisstofnun hefur gefið út það álit sitt að ákvæði 13., 22. og 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993 samrýmist ekki ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun óskað eftir því að framangreindum ákvæðum búvörulaga verði vikið til hliðar að nokkru marki vegna ákvæða samkeppnislaga en það hefur landbúnaðarráðuneytið ekki fallist á. Því má segja að réttaróvissa ríki um það lagaumhverfi sem mjólkuriðnaður mun starfa í ef opinber verðlagning fellur niður, að óbreyttum lögum.

Í núgildandi samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er hins vegar samið um að framangreind ákvæði laga nr. 99/1993 verði virk allan gildistíma samningsins og að verðtilfærsla og verkaskipting milli mjólkursamlaga verði heimil á grundvelli þeirra en samningurinn gildir til loka verðlagsársins 2005.

Forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins telja að sá árangur sem náðst hefur undanfarin ár byggist á heildarskipulagi og verkaskiptingu milli samlaga. Opinber verðákvörðun hefur reynst vel en er þó ávallt háð afstöðu starfandi stjórnvalda á hverjum tíma. Til þess ber einnig að líta að opinberar verðákvarðanir eru almennt á undanhaldi. Mikilvægt er að eyða þeirri réttaróvissu sem mjólkuriðnaðurinn býr við svo hann geti fótað sig í því umhverfi sem hann á að starfa í.

4 Markaður

4.1 Markaður fyrir mjólk og mjólkurafurðir

Í alþjóðlegum samanburði er staða mjólkur og mjólkurvara sterk á Íslandi hvað mjólkurneyslu varðar. Tafla 4-1 sýnir sölu á mjólkurvörum á árunum 1992-2003.

Tafla 4-1: Sala á mjólkurvörum í 1000 kg eða lítrum


	1992	1995	1998	2001	2003	Breyting (%)
Mjólk (ltr)	49.005	46.248	44.743	43.185	42.454	-13
Rjómi (ltr)	1.897	1.949	1.936	2.074	2.172	14
Jógúrt (ltr)	2.557	2.579	3.116	2.894	3.515	37
Skyr og kvarg (kg)	1.358	1.387	1.335	2.492	2.586	90
Aðrar ferskv. (ltr)	424	347	421	407	398	-6
Viðbit (kg)	1.637	1.656	1.575	1.499	1.447	-12
Ostur (kg)	3.062	3.556	3.839	4.301	4.330	41
Duft (kg)	482	565	623	662	630	31

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Sala drykkjarmjólkur hefur dregist saman um 13% á tímabilinu, sala á viðbiti um 12% og aðrar ferskvörur um 6%. Aftur á móti hefur verið söluaukning á rjóma um 14%, jógúrti um 37%, skyri um 90%, ostum um 41% og á mjólkurdufti um 31%.


Sé tekið tillit til þróunar á fjölda íbúa í landinu frá árinu 1992 hefur sala drykkjarmjólkur á íbúa dregist saman um 22%. Mynd 4-1 sýnir heildarsölu drykkjarmjólkur á íbúa á árabilinu 1992-2003 og mynd 4-2 sýnir sölu mjólkurvara á íbúa 1992 til 2003.

Mynd 4-1: Heildarsala drykkjarmjólkur á íbúa, 1992-2003.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Mynd 4-2: Sala mjólkurvara á íbúa 1992-2003



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Söluaukning hefur verið í öllum mjólkurvörum, á mælikvarðanum sala á íbúa, nema á rjóma, viðbiti og öðrum ferskvörum.

Sala mjólkur og mjólkurvara er oft umreiknuð í magn hrámjólkur sem þarf til að búa til hverja afurð, annarsvegar eftir fituinnihaldi mjólkurinnar og hinsvegar eftir próteininnihaldi.

Tafla 4-2 sýnir sölu mjólkur m.v. fitu- og próteininnihald síðastliðin 10 ár. Þar má sjá að miðað við fituinnihald hefur sala mjólkur dregist saman um 0,7% en aftur á móti aukist um 8% miðað við próteininnihald.

Tafla 4-2: Sala á verðlagsárunum 92/93 til 01/02 umreiknuð á fitu og prótein m.v. gildandi stuðla hverju sinni


Verðlagsár	Sala m.v. fitu	Sala m.v. prótein
92/93	97.679	98.392
93/94	100.352	101.738
94/95	100.162	100.299
95/96	100.241	101.879
96/97	97.814	101.505
97/98	99.895	103.099
98/99	98.798	103.026
99/00	98.630	105.586
00/01	98.565	106.975
01/02	97.003	106.285
02/03	96.170	106.649
Breyting	**-1,54%**	**8,39%**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Fram til ársins 1994 var nokkuð gott jafnvægi í sölu mjólkur á prótein- og fitugrunni en síðan varð mikil aukning í sölu á próteingrunni en samdráttur í sölu á fitugrunni. Þetta skýrist af söluaukningu á magrari mjólkurvörum en samdrætti í sölu á feitum vörum. Sú mjólkurfita sem safnast upp hefur verið seld á erlenda markaði sem smjör

en útflutningsverð smjörs nam 88 kr./kg árið 2002. Mynd 4-3 sýnir hvernig mjólk var ráðstafað í einstakar vörutegundir miðað við próteininnihald og fituinnihald á árinu 2003.

Mynd 4-3: Ráðstöfun mjólkur miðað við prótein og fitu á árinu 2003.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

4.1.1 Verðmyndun mjólkur

Grundvallarverð mjólkur er það verð sem framleiðendur fá í sinn hlut og skiptist það í beingreiðslur úr ríkissjóði og afurðastöðvaverð. Beinar greiðslur til bænda úr ríkissjóði nema 47,1% af grundvallarverðinu en afurðastöðvar greiða 52,9%. Tafla 4-3 sýnir þróun á grundvallarverði mjólkur á árunum 1993-2002 á verðlagi hvers árs en Tafla 4-4 sýnir greiðslur til mjólkurframleiðenda á föstu verðlagi ársins 2002.

Tafla 4-3: Greiðslur til mjólkurframleiðenda 1. september ár hvert

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting
Beingreiðsla, kr/lítra	24,77	24,77	24,62	25,79	27,44	28,86	30,09	31,89	33,48	35,81	44,60%
Afurðstöðvaverð lögb., kr/lítra	27,81	27,81	27,66	28,97	30,81	32,41	33,79	35,81	37,6	40,23	44,70%
Útborgað verð, kr/lítra	27,81	27,81	27,66	28,97	31,81	34,41	36,79	37,85	38,6	41,73	50,10%
Grundvallarverð*, kr/lítra	**52,58**	**52,58**	**52,28**	**54,76**	**58,25**	**61,27**	**63,88**	**67,7**	**71,08**	**76,04**	**44,60%**

*Lágmarksverð frá 1998

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði


Tafla 4-4: Greiðslur til mjólkurframleiðenda 1. september ár hvert, á föstu verðlagi ársins 2002.

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting
Beingreiðsla, kr/lítra	32,86	32,38	31,64	32,42	33,88	35,05	35,33	35,65	35,09	35,81	8,98%
Afurðstöðvaverð lögb., kr/lítra	36,89	36,35	35,55	36,41	38,04	39,36	39,67	40,04	39,41	40,23	9,05%
Útborgað verð, kr/lítra	36,89	36,35	35,55	36,41	39,27	41,79	43,19	42,32	40,45	41,73	13,11%
Grundvallarverð*, kr/lítra	**69,75**	**68,73**	**67,19**	**68,83**	**71,92**	**74,41**	**75,00**	**75,69**	**74,49**	**76,04**	**9,02%**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Verðmyndun mjólkurlítra sem kostaði í smásölu 85 kr. þann 1. september 2002 er eftirfarandi: Greiðsla afurðastöðvar til bónda kr. 40,23, vinnslu- og dreifingarkostnaður kr. 26,25 (-1,5 kr. sem greitt er bændum í formi arðs), smásöluálagning kr. 8,10 og virðisaukaskattur kr. 10,44.

Mynd 4-4: Verðmyndun mjólkurlítra (nýmjólk) í september 2002




Heimild: Útreikningar Hagþjónustu landbúnaðarins

Verðin sem tilgreind eru hér á undan sýna þó ekki raunverulegan kostnað því fyrir hvern mjólkurlítra, sem framleiddur var innan greiðslumarks viðkomandi bús, fengu mjólkurframleiðendur kr. 35,81 í beingreiðslu frá ríkissjóði. Kostnaður hvers mjólkurlítra var því 120,81 kr. (85 kr. + 35,81 kr. beingreiðsla) árið 2002. Aftur á móti innheimtir ríkissjóður virðisaukaskatt (14%) af hverjum seldum mjólkurlítra og er raunkostnaður fyrir hvern framleiddan mjólkurlítra því 110,45 kr. (85 kr. + 35,81 kr. beingreiðsla – 10,36 kr. virðisaukaskattur).

4.1.2 Þróun smásölu- og heildsöluverðs

Sala á hvern íbúa hefur aukist á síðastliðnum áratug fyrir flestar mjólkurvörur aðrar en drykkjarmjólk, rjóma og viðbit. Áhugavert er því að skoða þróun smásölu- og heildsöluverðs helstu mjólkurvara í samanburði við vísitölu neysluverðs.

Mynd 4-5: Þróun vísitölu nokkurra mjólkurvara í smásölu og vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4-5 sýnir þróun smásöluverðs nokkurra mjólkurvara frá september 1998. Þar má sjá að nýmjólk, léttmjólk og undanrenna hafa hækkað minna en vísitala

neysluverðs en jógúrt, ostar og aðrar mjólkurafurðir hafa hækkað meira. Smásöluverð mjólkur hefur hækkað um 17,8% og smásöluverð léttmjólkur hækkaði um 20,2% en á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 25,8%. Jógúrt hækkaði um 34,7%, ostar hækkuðu um 29,8% og aðrar mjólkurafurðir um 27,5%. Smásöluverð á smjöri hefur verið sveiflukennt innan árs og að jafnaði lægst í desembermánuði en hækkunin hefur numið 21% á tímabilinu.

Mynd 4-6: Þróun heildsöluverðs nokkurra mjólkurvara og vísitala neysluverðs



Úrvinnslugjald var lagt á fernur 1. mars 2003.

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Mynd 4-6 sýnir þróun á heildsöluverði einstakra vöruflokka mjólkurvara frá september 1998 samanborið við þróun meðalvísitölu neysluverðs hvers árs. Þar má sjá að þróunin er svipuð og þróun smásöluverðs eða að nýmjólk, léttmjólk og undanrenna hafa hækkað minna en vísitala neysluverðs en jógúrt, ostar og smjör meira. Heildsöluverð á jógúrti hækkaði um 26,7%, heildsöluverð á osti um 26,6% og heildsöluverð á smjöri um 27,5%. Heildsöluverð á mjólk hefur hækkað um 21,7%, á léttmjólk og undanrennu um 23,4% og heildsöluverð annarra vara um 23,8,1%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 24%.

4.1.3 Innflutningur/útflutningur

Innflutningur mjólkurvara hefur aukist nokkuð í kjölfar landbúnaðarsamnings við WTO en núgildandi samningur tók gildi árið 1995. Fyrst og fremst hefur innflutningur verið á ýmiskonar ostum og jógúrti en tafla 4-6 sýnir magn innfluttrar mjólkur og mjólkurvara frá árinu 1995.

Tafla 4-5: Innflutningur á mjólk og mjólkurvörum í tonnum 1995-2002.

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Ferskar mjólkurvörur	10	6	59	27	56	394	189	113
Viðbit	0	0	1	1	0	0	0	4
Ostar	42	98	88	94	98	162	107	131
Duft	0	0	1	0	0	0	0	1
Samtals	**52**	**104**	**149**	**122**	**155**	**556**	**297**	**248**

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Sé magn innfluttra mjólkurvara umreiknað í mjólk miðað við fitu fyrir árið 2002 nam innflutningurinn um 1.141 þús. lítrum sem samsvarar 1.272 þús. lítrum miðað við prótein. Heildarinnflutningur nam á árinu 2002 um 1,2% markaðarins en það jafngildir framleiðslu 10 meðalbúa.

Vörur sem fluttar eru inn skv. svokölluðum lágmarksmarkaðsaðgangi í landbúnaðarsamningi WTO eða tollkvótum bera talsvert lægri aðflutningsgjöld en vörur sem fluttar eru inn án tollkvóta. Tafla 4-6 sýnir tollnúmer, vörumagn, verð- og magntoll mjólkurafurða sem fluttar eru inn samkvæmt lágmarksaðgangi landbúnaðarvara. Til samanburðar eru sýndir þeir tollar sem leggjast á sömu vörur séu þær fluttar inn án tollkvóta.

Tafla 4-6: Tollar á innfluttar mjólkurvörur, innan tollkvóta á tímabilinu 01.07.03-30.06.04 og utan tollkvóta skv. tollskrá 2002

	Vara	Innan tollkvóta			Utan tollkvóta	
		Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr. kg	Verðtollur %	Magntollur kr. kg
	Smjör og önnur fita fengin úr mjólk	53.000				
0405.xxxx	Smjör og önnur fita		0	210	30	623
	Ostur og ystingur	119.000				
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.		0	149	30	430
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur		0	149	30	430
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn		0	112	30	430
0406.4000	Gráðostur		0	171	30	500
0406.9000	Annar ostur		0	167	30	500

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið

Það magn sem nú er flutt inn á tollkvótum hefur hingað til ekki haft afgerandi áhrif á markaðsstöðu innlendra mjólkurvara. Lítið sem ekkert hefur verið flutt inn af smjöri en mikil ásókn hefur aftur á móti verið í tollkvóta fyrir osta. Nánast enginn innflutningur hefur verið á ferskri mjólk en slíkar vörur bera 30% verðtoll og magntoll sem nemur 44 kr./kg. Sama má segja um mjólkurduft en undanrennuduft ber 30% verðtoll og 344 kr./kg magntoll og nýmjólkurduft ber 30% verðtoll og 430 kr./kg magntoll.

Samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið bera jógúrt og aðrar vörur unnar úr hleyptri eða sýrðri mjólk engan verðtoll við innflutning frá löndum EES og magntoll sem segir í töflu 4-7.

Tafla 4-7: Tollar á innfluttar mjólkurvörur samkvæmt ákvæðum EES samningsins

Tollnúmer	Vörulýsing	Tollur (kr/kg)
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói.	
0403-1011	- Jógúrt með kakaói	53
0403-1012	- Jógúrt með ávöxtum eða hnetum	53
0403-1013	- Jógúrt, bragpbætt, ót.a.	53
0403-1021	- Drykkjarjógúrt, kakaóblönduð	51
0403-1022	- Drykkjarjógúrt blönduð með ávöxtum eða hnetum	51
úr 0403-1029	- Drykkjarjógúrt, bragðbætt, ót.a.	51
0403-9011	- Annað kakaóblandað	45
0403-9012	- Annað blandað með ávöxtum eða hnetum	45
0403-9013	- Annað, bragðbætt, ót.a.	45
0403-9021	- Önnur drykkjarvara kakaóblönduð	45
0403-9022	- Önnur drykkjarvara blönduð með ávöxtum eða hnetum	45
úr 0403-9029	- Önnur drykkjarvara, bragðbætt, ót.a.	45

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið

Útflutningur mjólkurvara hefur verið mjög takmarkaður eftir að útflutningsbætur lögðust af árið 1992. Fyrst og fremst hefur verið um útflutning á smjöri á heimsmarkaðsverði að ræða vegna umframbirgða sem skapast hafa vegna misvægis milli fitu og próteins í framleiðslunni miðað við sölu. Tafla 4-8 sýnir magn útfluttra mjólkurvara frá árinu 1995.

Tafla 4-8: Útflutningur á mjólk og mjólkurvörum í tonnum 1995-2002

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Ferskar mjólkurvörur	0	0	0	20	15	14	9	5
Viðbit	89	25	91	15	564	236	563	612
Ostar	0	78	0	0	136	0	0	0
Duft	0	0	0	0	0	106	0	0
Samtals	**89**	**103**	**91**	**35**	**715**	**356**	**572**	**617**


Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

5 Nautgripakjöt

5.1 Nautgripakjötsframleiðsla

Meginhluti nautgripakjötsframleiðslunnar er hliðarframleiðsla með mjólkurframleiðslu en ætla má að 30-40 bændur stundi nautgripakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein. Að jafnaði kemur stór hluti þess hágæðakjöts sem framleitt er frá bændum sem stunda nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein, enda byggja þeir oftast framleiðslu sýna á holdagripum. Síðustu ár hefur þó fjölgað þeim mjólkurframleiðendum sem leggja minni áherslu á eldi nauta sem fæðast á búunum. Mynd 5-1 sýnir framleiðslu nautgripakjöts á árunum 1991 til 2003. Þar má sjá að framleiðsla nautgripakjöts hefur verið nokkuð stöðug.


Mynd 5-1: Framleiðsla nautgripakjöts 1991-2002 í tonnum



Heimild: Bændasamtök Íslands

Aukning hefur orðið í framleiðslu gæðakjöts (UN úrval) og fallþungi gripa hefur stóraukist. Mynd 5-2 sýnir skiptingu nautgripakjötsframleiðslunnar árið 2003.

Mynd 5-2: Nautgripakjötsframleiðslan árið 2003



Heimild: Landssamband kúabænda

Framleiðslukostnaður nautgripakjöts er tiltölulega hár hér á landi þar sem framleiðslan byggir að mestu á innlendri fóðurframleiðslu sem er eðli málsins samkvæmt hærri en fóðurkostnaður erlendis, m.a. vegna legu landsins. Veðráttan veldur því að innistöðutími nautgripa hér á landi er langur miðað við suðlægari lönd sem eykur kostnað við framleiðsluna. Framleiðsluferillinn er lengri en fyrir annað kjöt, u.þ.b. 20-24 mánuðir frá því gripirnir fæðast og gerir það m.a. að verkum að erfiðara er að svara breytingum í rekstarumhverfinu í samanburði við aðrar kjöttegundir, sem margar eru aðeins með 4-6 mánaða framleiðsluferil. Þannig hefur vandinn verið sá að aðlögun að markaðnum hefur gengið fremur illa og gripir safnast upp á búunum, þar sem eingöngu er slátrað því magni sem markaðurinn getur tekið við. Nautgripakjötsframleiðslan hefur ekki notið opinbers stuðnings á sama hátt og dilkakjötsframleiðslan og er íslenska nautgripakjötsframleiðslan nú sú eina innan EES svæðisins sem ekki nýtur opinbers stuðnings.

Þó lega landsins valdi því að framleiðslukostnaður nautgripakjöts sé hærri en í flestum öðrum löndum hefur hún jafnframt jákvæða þætti sem skapa íslenska nautgripakjötinu nokkra sérstöðu. Sökum veðráttu og dreifðrar framleiðslu eru vaxtarskilyrði smitefnis og illgresis verri hér á landi og minni notkun eiturefna því samfara. Sjúkdómar í búfé eru einnig færri hér en í flestum öðrum löndum sökum einangrunar landsins og strangra reglna varðandi innflutning. Þessir þættir hafa orðið til þess að ýta undir ímynd hreinleika íslenska kjötsins.

5.2 Markaður fyrir nautgripakjöt

Tafla 5-1 sýnir neyslu nautgripakjöts árin 1991-2002 og neyslu nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneyslu í landinu á sama tímabili. Neysla nautgripakjöts jókst um 18% á tímabilinu en heildarkjötneysla jókst um tæp 32%. Neysla nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneyslu hefur þannig lækkað úr 19,6% árið 1991 í 17,6% árið 2002.

Tafla 5-1: Neysla nautgripakjöts í samanburði við heildarkjötsölu 1991-2002


	Neysla tonn	Neysla á íbúa, kg	Kjötneysla alls, tonn	Nautgr.kjöt hlutfall
1991	3.120	12,1	15.906	19,6%
1992	3.357	13,1	16.284	20,6%
1993	3.126	12,1	16.271	19,2%
1994	3.252	12,2	15.628	20,8%
1995	3.160	11,8	15.960	19,8%
1996	3.276	12,2	16.345	20,0%
1997	3.436	12,7	16.620	20,7%
1998	3.513	12,8	17.573	20,0%
1999	3.663	13,2	18.747	19,5%
2000	3.621	12,9	19.352	18,7%
2001	3.674	12,9	19.987	18,4%
2002	3.688	12,8	20.959	17,6%

Heimild: Bændasamtök Íslands

Opinber verðákvörðun á nautgripakjöti var afnumin 1. júní 1998 og heildsöluverðlagning gefin frjáls. Eftir þá breytingu hefur markaðurinn ráðið verðlagningu og hefur samkeppni á kjötmarkaði verið hörð. Hörð samkeppni og offramboð á kjöti hafa valdið því að verð á kjöti hefur lækkað mjög mikið og er staða kjötframleiðenda nú alls ekki vænleg. Síðastliðin ár hefur afurðaverð nautgripakjöts

lækkað mikið og hefur nú um hríð verið verulega undir framleiðslukostnaði. Á sama tíma hefur verð á nautgripakjöti til neytenda hækkað verulega. Mynd 5-3 sýnir þróun verðs á nautgripakjöti til bænda og til neytenda og vísitölu neysluverðs til samanburðar.

Mynd 5-3: Þróun verðs á nautgripakjöti, á verðlagi hvers árs, til bænda annars vegar og til neytenda hins vegar ásamt vísitölu neysluverðs.



Heimild: Hagstofa Íslands og Bændasamtök Íslands

Athyglisvert er að skoða þróun skilaverðs til bænda og smásöluverðs eftir að álagning á heildsölustigi var gefin frjáls árið 1998, þar sem sífellt meiri munur kemur þar fram.

5.2.1 Innflutningur nautakjöts

Innflutningur nautakjöts hefur verið nokkuð sveiflukenndur og innflutningur á hráu nautakjöti dróst verulega saman árið 2001 þegar umræðan um kúariðu stóð sem hæst. Tafla 5-2 sýnir innflutning á nautakjöti árin 1995-2002. Hlutur innflutts nautakjöts var 0,7% af heildarneyslunni árið 2002.

Tafla 5-2: Innflutningur á nautgripakjöti 1995-2002, tonn

Vöruflokkar	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Hráar vörur		0,2		10,1	11,8	28,0	4,3	23,8
Unnar vörur		1,6	3,4	3,6	4,1	0,7	2,4	2,4
Samtals	**0,0**	**1,8**	**3,4**	**13,7**	**15,9**	**28,7**	**6,7**	**26,2**

Heimild: Hagstofa Íslands

Á tímabilinu 1995-2002 hefur verið úthlutað tollkvótum fyrir innflutning á nautakjöti en hingað til hefur innflutt magn verið talsvert lægra en það magn sem er til úthlutunar. Tafla 5-3 sýnir tollnúmer, vörumagn, verð- og magntoll á nautakjöti sem flutt er inn á tollkvótum. Til samanburðar má sjá hvaða tollar leggjast á sömu vörur séu þær fluttar inn án tollkvóta.

Tafla 5-3: Tollar á innflutt nautgripakjöt, innan tollkvóta á tímabilinu 1. júlí 2003 – 30. júní 2004 og án tollkvóta skv. tollskrá.

		Innan tollkvóta			Utan tollkvóta	
	Vara	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	*Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -*	95.000				
0202.3002	Lundir		0	522	30	1462
0202.3003	Hryggvöðvar		0	522	30	1087
0202.3004	Vöðvar af læri		0	522	30	1014
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:					
0210.2001	Beinlaust		0	318	30	1462

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið

6 Afkoma í greininni

Við umfjöllun um afkomu í greininni er annars vegar fjallað um afkomu mjólkurframleiðenda, kafli 6.1 og hins vegar um afkomu mjólkuriðnaðar, kafli 6.2.


6.1 Afkoma framleiðenda

Við greiningu á afkomu mjólkurframleiðenda byggir nefndin á tveimur gagnasöfnum. Annars vegar var stuðst við hin opinberu gögn Hagþjónustu landbúnaðarins um afkomu samkvæmt niðurstöðum búreikninga fyrir sérhæfð kúabú árin 1998-2002, hér nefnt gagnasafn 1. Hins vegar vann Hagþjónusta landbúnaðarins gögn úr niðurstöðum búreikninga þar sem rakin er afkoma sömu 31 kúabúanna árin 1998-2002, hér nefnt gagnasafn 2. Þetta var gert til þess að fá betri upplýsingar um afkomu framleiðenda á tímabili núgildandi búvörusamnings þar sem rekstur búa getur verið misjafn. Það þótti því gagnlegt að bera saman sömu bú samhliða því að skoða hinar almennu niðurstöður búreikninga sem byggja á stærra safni en ekki endilega sömu búum milli ára.

6.1.1 Afkoma samkvæmt niðurstöðum búreikninga - sérhæfð kúabú

Hagþjónusta landbúnaðarins vinnur árlega uppgjör búreikninga sem byggir á bókhaldsgögnum sérhæfðra kúabúa. Sérhæfð kúabú eru skilgreind sem bú sem hafa að lágmarki 70% af reglulegum tekjum sínum af nautgripaafurðum. Tafla 6-1 sýnir rekstraryfirlit sérhæfðra kúabúa fyrir árin 1998-2002. Fjöldi búa til grundvallar rekstraryfirlitinu var um 200 árin 1998-2000 en árið 2002 fækkaði þeim nokkuð sökum erfiðleika við upplýsingaöflun[4]. Með hliðsjón af þessu er mat nefndarinnar, að varhugavert sé að draga of sterkar ályktanir út frá árinu 2002 í samanburði við fyrri ár.

Mynd 6-1: Stærð sérhæfðra kúabúa í gagnagrunni búreikninga 1998-2002 skv. innveginni mjólk



Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

[4] **Skýringar Hagþjónustu landbúnaðarins með uppgjöri sérhæfðra kúabúa í búreikningum 2002:** Úrtak búreikningsbúa sem árlega kemur til uppgjörs hjá Hagþjónustu landbúnaðarins breytist hverju sinni innbyrðis. Rekstrarupplýsingar frá búum sem eru með í uppgjöri tiltekins árs eru því ekki endilega með í uppgjöri næsta árs. Þannig er hlutfall sömu búa á árinu 2002 sem jafnframt komu til uppgjörs á árinu 2001, tæplega 71%. Erfiðleikar við söfnun búreikninga ársins 2002 leiddu m.a. til þess að sérhæfðum kúabúum sem komu til uppgjörs fækkaði í 119 úr 168 samanborið við árið á undan. Samfara þessari fækkun riðlaðist vægi fjölda búa eftir landshlutum sem annars hefur verið svipað í uppgjörum áranna 1998 til 2001. Þetta er meginskýring þess að einstakir liðir [einkum] í efnahagsyfirliti búanna taka meiri breytingum til hækkunar á árinu 2002 miðað við fyrri ár.

Meðalgreiðslumark búanna var 95,5 þús. lítrar árið 1998 en var 137,5 þús. lítrar árið 2002. Þessi þróun endurspeglast í breyttri stærðarsamsetningu búa í uppgjörinu. Þannig var ekkert bú sem kom til uppgjörs í búreikningum með meira en 192 þús. lítra framleiðslu 1998 en eru 15% árið 2002. Að sama skapi hefur búum með minna en 104 þús. lítra framleiðslu í uppgjörinu fækkað úr því að vera 69% af búum í uppgjörinu í 17%. Búin sem liggja að baki uppgjöri Hagþjónustunnar hafa að jafnaði framleitt rösklega 20% af innveginni mjólk á landinu, þó minna árið 2002 eða rösklega 16%.

Tafla 6-1: Upplýsingar úr rekstrar- og efnahagsyfirlitum á sérhæfðum kúabúum 1998-2002 ásamt upplýsingum um fjárfestingar (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

Rekstraryfirlit	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**Breyting**	**Breyting (%)**
Búgreinatekjur	8.940	9.634	10.554	11.127	12.416	3.476	39
þar af tekjur af nautgr.	8.259	8.923	9.870	10.473	11.926	3.667	44
þar af aðrar búgreinatekjur	681	711	684	654	490	-191	-28
Breytilegur kostnaður	3.431	3.543	3.873	4.040	4.575	1.144	33
Framlegð	5.511	6.091	6.681	7.087	7.841	2.330	42
Framlegðarstig	61,6	63,2	63,3	63,7	63,2	2	2
Hálffastur kostnaður*	1.712	1.886	2.055	2.100	2.022	310	18
þar af aðk.laun og lt.gj.	460	473	520	541	641	181	39
Afskriftir	1.731	2.194	2.609	2.665	2.858	1.127	65
Fjármagnsliðir	585	555	903	1.051	1.846	1.261	215
þar af hrein vaxtagjöld	693	943	1.298	2.082	1.894	1.201	173
Aðrar tekjur	672	814	1.042	813	866	194	29
Hagnaður fyrir laun eig.	2.154	2.268	1.928	2.085	1.981	-173	-8
Efnahagsyfirlit							
Veltufjármunir	1.174	1.414	1.410	1.329	1.232	58	5
Fastafé	14.072	15.290	17.449	19.131	20.828	6.756	48
Eignir	15.247	16.703	18.859	20.459	22.060	6.813	45
Skuldir alls	10.120	11.287	14.442	16.702	21.538	11.418	113
þar af skammtímaskuldir	4.116	4.775	6.142	6.780	4.196	80	2
þar af langtímaskuldir	6.004	6.512	8.299	9.924	17.342	11.338	189
Höfuðstóll	5.127	5.416	4.417	3.757	522	-4.605	-90
Skuldir og höfuðstóll	15.247	16.703	18.859	20.459	22.060	6.813	45
Fjárfestingar							
Bústofn	107	112	66	38	0	-107	-100
Vélar og tæki	1.318	1.513	1.837	1.171	1.173	-145	-11
Ræktun	10	11	29	20	86	76	785
Jörð	53	80	492	195	11	-42	-79
Byggingar	296	451	627	372	742	446	150
Greiðslumark	415	734	1.415	1.500	1.192	777	187
Samtals	2.199	2.900	4.467	3.295	3.204	1.005	46
Aðrar upplýsingar							
Fjöldi reikninga	225	194	206	168	119		
Mjólkurkýr, fjöldi	26,0	27,1	28,6	29,8	32,3	6	24
Greiðslumark, lt.	95.578	100.363	113.274	123.331	137.547	41.969	44
Hlutf.n.gr.afurða í búgr.t.	92	93	94	94	96	4	4
Veltufjárhlutfall	0,29	0,30	0,23	0,20	0,29	0	3
Eigintjárhlutfall	0,34	0,32	0,23	0,18	0,02	0	-93
Launagreiðslugeta	2.615	2.757	2.671	2.627	2.642	27	1
Vergar þáttatekjur**	4.930	5.491	6.188	6.342	7.326	2.396	49
Tekjur nautgripaafurða á mjólkurk	317.660	329.254	345.104	351.440	369.226	51.566	16
Skráð mánaðarverk, fjöldi	24,5	24,3	24,8	23,3	21,5	-3	-12
Vísitala neysluverðs, stig	183,3	189,6	199,1	212,4	222,6	39	21

* Hálffastur kostnaður er rekstrarkostnaður sem breytist í stökkum við breytingar á framleiðslumagni. Ennfremur rekstrarskilyrtur kostnaður sem verður til við upphaf framleiðslu en hverfur ef framleiðslu er hætt

** Það fé sem búin hafa til ráðstöfunar til skiptingar milli vinnuafls og fjármagns, án tillits til fyrri eða núverandi skuldbindinga

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Í samræmi við meira umfang í rekstrinum jukust búgreinatekjur um 39% á tímabilinu og eru þær tæplega 9 millj. kr. árið 1998 en ná 12,4 millj. kr. árið 2002. Í samræmi við það að búin eru að stækka aukast vergar þáttatekjur, sem eru tekjur til að greiða laun, vexti og afskriftir, úr 4,9 millj. kr. árið 1998 í 7,3 millj. kr. árið 2002 eða um 49%. Vergar þáttatekjur á lítra í greiðslumarki voru 51,6 kr. 1998 en 53,3 kr. 2002. Hér eru ekki meðtaldar arðgreiðslur samlaganna, sem koma fram undir liðnum "aðrar tekjur".

Í takt við aukin umsvif eykst breytilegur kostnaður úr 3,4 millj. kr. árið 1998 í 4,6 milljónir kr. árið 2002 eða um 33%. Framlegðarstig hækkar úr 61,6% 1998 í 63,2% 2002. Launagreiðslugeta búanna virðist þó standa í stað, þrátt fyrir 39% aukningu búgreinatekna.


Búin vörðu umtalsverðu fé til fjárfestinga á tímabilinu, 2,2 millj. kr. árið 1998 en ná 3,2 millj. kr. árið 2002 og er það 46% aukning. Rúmlega þriðjungur allra fjárfestinga í greininni eru vélar og tæki en hlutur þeirra fór minnkandi á tímabilinu. Aftur á móti fór sífellt stærri hluti fjárfestinga í greiðslumark á tímabilinu og er það nú rúmlega þriðjungur allra fjárfestinga. Einnig hafa fjárfestingar í byggingum aukist nokkuð.

Samhliða auknum fjárfestingum varð umtalsverð aukning skulda; alls um 11,4 millj. kr. eða um 113% og er aukningin mest á langtímaskuldum. Skuldir á lítra í greiðslumarki hafa vaxið úr 106 kr./lítra 1998 í 156,5 kr./lítra árið 2002. Höfuðstóll hefur einnig rýrnað mjög á tímabilinu. Meginástæða eru úttektir eigenda, sem ár hvert eru hærri en sem nemur hagnaði fyrir laun eigenda (sem er geta búrekstrar til að greiða laun og arð af eigin fé). Varasamt er hins vegar að draga ályktun af fjárhæð höfuðstóls til samræmis við það sem almennt gerist í uppgjörum ársreikninga í öðrum atvinnuvegum, vegna þess að á landbúnaðarframtali[5] eru lagðar við höfuðstól í árslok einkatekjur og einkaskuldir, en einkaúttektir, gjöld vegna bifreiða og einkaeignir dregnar frá.

Stækkun búa kallar á auknar fjárfestingar og því eru stór bú (yfir 192 þús. lítrar) almennt skuldsettari en minni bú. Mynd 6-2 sýnir skuldasamsetningu þeirra búa sem voru til grundvallar uppgjöri búreikninga árið 2002.

[5] Þessi uppgjörsaðferð er einnig viðhöfð hjá sjálfstætt starfandi smábátasjómönnum og vörubifreiðastjórum.

Mynd 6-2: Meðaltal langtíma-, skammtíma- og heildarskulda á sérhæfðum kúabúum 2002 samkvæmt uppgjöri búreikninga.



Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Skuldir sem hlutfall af búgreinatekjum hækka úr 113% árið 1998 í 173% árið 2002. Hrein hækkun fjármagnsliða, að teknu tilliti til vaxtatekna og verðbreytingatilfærslu, er nær 1.261 þús. kr. á tímabilinu og hækka þeir úr 6,5% í 14,9% sem hlutfall af tekjum af reglulegri starfsemi.

Hagnaður fyrir laun eiganda lækkar um 8% á tímabilinu en launagreiðslugeta hækkar um 27 þús. kr. á tímabilinu eða um 1%. Höfuðstóll rýrnar um 4,6 millj. kr. eða um 90% og eiginfjárhlutfall fellur úr 0,34 í 0,02 á tímabilinu eða um 93%.

6.1.2 Samanburður á afkomu sömu búa 1998-2002 - sérhæfð kúabú

Samantekt um afkomu sömu búa 1998-2002 vann Hagþjónusta landbúnaðarins fyrir nefndina til frekari glöggvunar á afkomu mjólkurframleiðenda. Samantektin birtist í heild sinni í viðauka I en hér á eftir fara valdir kaflar úr henni, orðrétt:

"*Í samantekt þeirri, sem hér fer á eftir, er unnið með gögn úr rekstri sérhæfðra kúabúa sem komu til uppgjörs í gagnagrunni búreikninga árin 1998-2002. Um er að ræða samanburð á niðurstöðum rekstrar sömu 31 búanna á tímabilinu. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2002 samkvæmt vísitölu neysluverðs með húsnæði nema annars sé getið.*

Bústærð í úrtakinu var að meðaltali 28 mjólkurkýr við upphaf tímabils (1998) og 31 mjólkurkýr í lok þess (2002). Innlegg í afurðastöð er 111.353 lítrar 1998 samanborið við 140.066 lítra 2002. Greiðslumark er 103.530 lítrar (1998) og 128.934 lítrar (2002). Aukning nemur alls 25.404 lítrum. Innlegg í afurðastöð umfram rétt er 7,5% til 8,5% á tímabilinu. Miðað við innvegið magn í afurðastöð er nyt mjólkurkúa 3.977 lítrar 1998 samanborið við 4.518 lítra 2002; aukning nemur 541 lítrum.

Úrtaksbúin eru með að meðaltali um 20% meira innlegg á ári í afurðastöð á tímabilinu 1998-2002 eða um 123.260 lítra samanborið við meðalinnvigtun á framleiðanda í landinu sem er um 102.644 lítrar á sama árabili. Samanburður við

heildarúrtak búreikninga leiðir í ljós að úrtaksbúin eru með að meðaltali u.þ.b. 4% stærra innlegg á ári í afurðastöð [en heildarsafnið]. Úrtaksbúin eru mjög sérhæfð og er hlutfall tekna af nautgripum um 97% af reglulegri starfsemi (heildarbúgreinatekjum) öll árin.

Í rekstraryfirliti (töflu 6-2) kemur fram að tekjur af reglulegri starfsemi eru um 9,7 milljónir króna 1998 og 11,5 milljónir króna 2002; aukning nemur um 2 milljónum króna eða 19%. Tekjur af nautgripaafurðum aukast hlutfallslega um 21% á tímabilinu en aðrar búgreinatekjur dragast saman um 30%. Breytilegur kostnaður hækkar um 23% á tímabilinu en helst nánast óbreyttur í krónutölu á lítra innleggs og er um 31 króna að meðaltali á ári. Aukin framlegð nemur um 1 milljón króna en framlegðarstig lækkar um 1,3 prósentustig (63,6% í 62,3%). Mest munar um auknar tekjur vegna aukins mjólkurinnleggs vegna kaupa á greiðslumarki (öll árin) ásamt auknum tekjum af innleggi umfram greiðslumark (þau ár sem greitt er fullt verð fyrir próteinhluta afurðaverðs). Vægi annarra búgreinatekna rýrnar hins vegar á tímabilinu. Hálffastur kostnaður helst óbreyttur að krónutölu (1,9 milljónir króna), en lækkar hlutfallslega deilt á lítra innleggs, úr kr. 17,26 kr/lítra í 13,42 kr/lítra, eða um 22%. Afskriftir eru mjög svipaðar að krónutölu öll árin og eru um 2,2 milljónir króna á ári að meðaltali. Um 2/3 hluti afskrifta eru vegna niðurfærslu greiðslumarks og afskrifta véla. Fjármagnsliðir hækka verulega á tímabilinu eða úr 444 þús. krónum í 1.335 þús krónur (201%). Til skýringar er m.a. að verðbreytingarfærsla[6] er ekki reiknuð eftir árið 2001 en hún hefði mildað hækkun fjármagnsliða á árinu 2002 (sbr. hækkun neysluverðsvísitölu um 4,8% á milli 2001 og 2002). Hins vegar hækka hrein vaxtagjöld úr 565 þús. krónum í 1.380 þús. krónur eða um 144%. Hrein vaxtagjöld eru, sem hlutfall af heildarbúgreinatekjum, 5,8% 1998 samanborið við 12% 2002. Aðrar tekjur dragast saman um 31% á tímabilinu (einkum vegna tiltölulega hás söluhagnaðar við upphaf þess). Vægi annarra tekna sem hlutfall af heildartekjum rýrnar þannig úr 6% (1998) í 3% (2002). Hagnaður fyrir laun eigenda helst svipaður að krónutölu öll árin og er að meðaltali í kringum 2,1 milljón króna.

Á efnahagsyfirliti (töflu 6-3) kemur fram að veltufjármunir aukast úr 1.191 þús. króna (1998) í 1.240 þús. krónur (2002) eða um 4%; veltufjárhlutfall hækkar úr 0,28 í 0,34. Bætt lausafjárstaða (og aðrar inneignir) eru einkum til skýringar. Fastafé búanna rýrnar á tímabilinu úr 16,7 milljónum króna í 15,1 milljónir króna eða um 1,6 milljónir króna (10%). Einkum er til skýringar lækkun matsverðs útihúsa, bústofns og ómetnar framkvæmdir.[7] Skuldir aukast verulega á tímabilinu eða úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna (43%), en hlutfall skammtímaskulda í heildarskuldum[8] lækkar úr 41% (1998) í 25% (2002). Samfara eykst hlutfall langtímaskulda úr 59% (1998) í 75% (2002). Skammtímaskuldir lækka einkum vegna uppgreiðslu víxilskulda en langtímaskuldir aukast einkum vegna aukinnar lántöku hjá Lánasjóði landbúnaðarins (um 3,3 milljónir króna) og vegna aukinna annarra langtímalána (um 1,7 milljónir króna). Höfuðstóll rýrnar á tímabilinu úr 7,6 milljónum króna í 1,6 milljónir króna. Til skýringar eru einkum einkaúttektir umfram getu rekstrar [samkvæmt hagnaði fyrir laun eigenda] til að greiða laun og arð af eigin fé (auk rýrnunar einkaeigna), sem hvorutveggja færist yfir á höfuðstól."

---

[6] Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.
[7] Leiðrétting vegna fyrnanlegra mannvirkja samkvæmt mati til fasteignaverðs.
[8] Að teknu tilliti til virðisaukaskattsuppgjörs.

Tafla 6-2: Rekstraryfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002).

REKSTRARYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús.kr.	Br.í % 1998-2002
1. Búgreinatekjur alls	**9.703**	**10.281**	**10.400**	**10.806**	**11.517**	**1.813**	**19**
- þ.a. af nautgripaafurðum	9.268	9.919	9.970	10.425	11.215		
- þ.a. aðrar búgreinatekjur	434	360	427	380	302		
2. Breytilegur kostnaður alls	**3.536**	**3.556**	**3.737**	**3.845**	**4.340**	**804**	**23**
- þ.a. fóður	973	1.003	1.030	1.193	1.413		
- þ.a. áburður og sáðvörur	627	601	624	485	660		
- þ.a. rekstur búvéla	341	325	403	394	194		
- þ.a. rekstrarvörur	375	417	420	456	725		
- þ.a. þjónusta	1.012	1.037	1.139	1.261	1.349		
3. Framlegð	**6.167**	**6.725**	**6.663**	**6.961**	**7.176**	**1.009**	**16**
Framlegðarstig. (%)	63,6	65,4	64,1	64,4	62,3	-1,3	-2
4. Hálffastur kostnaður	**1.922**	**2.133**	**2.126**	**2.123**	**1.879**	**-43**	**-2**
- þ.a. aðkeypt laun og launt. gjöld	485	568	604	565	545		
- þ.a. viðhald útihúsa	404	327	291	270	296		
- þ.a. vélar og tæki	53	64	62	35	38		
- þ.a. viðhald girðinga o.fl.	66	119	146	140	83		
- þ.a. tryggingar, skattar	156	130	152	159	145		
- þ.a. rafmagn, hitaveita	179	202	184	171	202		
- þ.a. ýmis gjöld	47	45	55	50	69		
- þ.a. annar kostnaður	110	126	136	145	81		
- þ.a. leigugjöld	91	122	99	139	104		
- þ.a. rekstrarkostn. vörubifreiðar	13	41	16	12	26		
- þ.a. rekstrarkostnaður bifreiðar	317	390	379	437	290		
5. Afskriftir	**2.192**	**2.454**	**2.345**	**2.365**	**2.168**	**-24**	**-1**
- þ.a. v/útihúsa	522	663	443	463	362		
- þ.a. v/ræktunar	35	38	42	36	37		
- þ.a. v/véla	963	1.054	978	956	823		
- þ.a. v/annarra afskrifta	10	1	2	3	3		
- þ.a. v/niðurfærslu greiðslumarks	661	697	881	908	944		
6. Fjármagnsliðir	**444**	**513**	**792**	**808**	**1.335**	**891**	**201**
- þ.a. vaxtatekjur (-)	-27	-35	-46	-45	-45		
- þ.a. vaxtagjöld	565	965	1.193	1.673	1.380		
- þ.a. verðbreytingafærsla (+/-)	-73	-376	-295	-787	0		
7. Aðrar tekjur	**539**	**345**	**370**	**369**	**369**	**-170**	**-31**
- þ.a. söluhagnaður/-tap	257	105	127	99	27		
- þ.a. sala greiðslumarks	142	0	0	56	12		
- þ.a. tapaðar viðskiptakröfur	0	0	0	-12	-6		
- þ.a. framleiðslustyrkir (-)	49	128	136	83	182		
- þ.a. ýmsar tekjur	92	112	107	141	155		
8. Hagnaður/(tap) f. laun eigenda	**2.148**	**1.969**	**1.770**	**2.033**	**2.163**	**15**	**1**
9. Hagnaður/(tap) fl-búgreina	**0**	**0**	**0**	**4**	**0**	**0**	**0**

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Tafla 6-3: Efnahagsyfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002: samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002).

EFNAHAGSYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur þús.kr.	Br.í % 1998-2002
10. Veltufjármunir	**1.191**	**1.702**	**1.379**	**1.394**	**1.240**	**49**	**4**
- þ.a. sjóður og bankainnistæður	81	258	75	90	421		
- þ.a. kaupfélag	289	372	247	253	118		
- þ.a. viðskiptakröfur	190	226	215	212	463		
- þ.a. verðbréf	-12	56	39	35	11		
- þ.a. aðrar inneignir	435	451	389	442	22		
- þ.a. stofnsjóðir	207	183	213	203	0		
- þ.a. birgðir	0	157	200	159	204		
11. Fastafé	**16.734**	**16.342**	**16.405**	**15.830**	**15.127**	**-1.606**	**-10**
- þ.a. bústofn	4.191	4.502	3.932	3.926	3.785		
- þ.a. vélar og tæki	3.887	3.786	3.998	3.816	3.945		
- þ.a. ræktun	654	638	672	670	706		
- þ.a. útihús	5.197	5.725	5.612	5.269	4.730		
- þ.a. land	321	175	185	186	193		
- þ.a. hlunnindi	56	52	50	47	0		
- þ.a. ómetnar framkvæmdir	671	6	11	4	-392		
- þ.a. framleiðsluréttur	1.718	1.409	1.886	1.835	1.973		
- þ.a. stofnsjóðir	39	50	59	76	188		
12. Eignir alls	**17.924**	**18.044**	**17.784**	**17.224**	**16.367**	**-1.557**	**-9**
13. Skammtimaskuldir	**4.250**	**4.411**	**5.403**	**5.106**	**3.645**	**-605**	**-14**
- þ.a. kaupfélag	536	678	524	413	595		
- þ.a. afurðalán	0	0	0	6	0		
- þ.a. skuldabréfalán	2.532	2.734	3.549	3.696	2.091		
- þ.a. víxillán	650	267	651	267	115		
- þ.a. aðrar skuldir	520	596	532	537	610		
- þ.a. opinber gjöld-bú	0	0	0	24	0		
- þ.a. uppgjör Vsk	11	136	147	163	234		
14. Langtimaskuldir	**6.073**	**6.750**	**7.718**	**7.969**	**11.099**	**5.025**	**83**
- þ.a. Lánasjóður landbúnaðarins	4.336	4.654	5.451	5.466	7.690		
- þ.a. önnur langtimalán	1.704	2.066	2.198	2.070	3.409		
- þ.a. Bjargráðasjóður	0	0	69	71	0		
- þ.a. lífeyrissjóðir	34	30	0	361	0		
15. Skuldir alls	**10.323**	**11.161**	**13.121**	**13.075**	**14.743**	**4.420**	**43**
16. Höfuðstóll	**7.601**	**6.883**	**4.664**	**4.149**	**1.624**	**-5.977**	**-79**
- þ.a. höfuðstóll í ársbyrjun	7.533	7.724	7.347	5.640	3.458		
- þ.a. endurmatsreikningur	329	230	-213	252	-83		
- þ.a. hagnaður/(tap) f. laun eig.	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163		
- þ.a. laun utan bús	17	23	9	9	17		
- þ.a. laun utan bús- maki	112	71	79	71	10		
- þ.a. hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0		
- þ.a. einkaútgjöld	-2.376	-2.714	-3.680	-3.103	-3.729		
- þ.a. einkatekjur	117	45	110	73	18		
- þ.a. bifreið	-69	-8	-21	5	-160		
- þ.a. einkaeignir	-945	-1.125	-1.521	-1.547	-216		
- þ.a. einkaskuldir	735	668	784	713	145		
17.Skuldir og höfuðstóll	**17.924**	**18.044**	**17.784**	**17.224**	**16.367**	**-1.557**	**-9**

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

[13] Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.

6.1.3 Samantekt á afkomu framleiðenda

Út frá þeim upplýsingum sem fram koma í kafla 6.1.1 um afkomu samkvæmt niðurstöðum búreikninga (gagnasafn 1), kafla 6.1.2 um samanburð á afkomu sömu búa 1998-2002 (gagnasafn 2) og þess ítarefnis sem fram kemur í viðaukum 2 og 3 telur nefndin að eftirfarandi meginþættir einkenni afkomuþróun hjá framleiðendum á árabilinu 1998-2002:

A. Búum hefur fækkað, þau sem eftir eru hafa stækkað og meðalinnlegg aukist.

Frá árslokum 1998 til ársloka 2002 hefur búum fækkað um 256 eða um 22%. Það jafngildir því að 1,2 bú hafi hætt á viku yfir allt tímabilið. Á sama tímabili jókst meðalmjólkurinnlegg úr 89.212 lítrum í 119.226 lítra eða um 34%. Í þeim gagnasöfnum sem nefndin byggir mat sitt á afkomu mjólkurframleiðenda á kemur svipuð þróun í ljós, í gagnasafni 1 hafa búin stækkað um 44% en heldur minna í gagnasafni 2 eða um 25%.

B. Meðalnyt eftir hverja árskú hefur hækkað, skv. upplýsingum úr afurðaskýrsluhaldi.

Meðalnyt á hverja skýrslufærða árskú var 4.392 kg/kú árið 1998 en var 5.006 kg/kú árið 2002 og hefur því aukist um 14% á tímabilinu. Hjá þeim búum sem gagnasafn 1 er unnið úr hefur meðalnyt aukist heldur meira eða um 18% en í gagnasafni 2 hefur meðalnyt aukist jafn mikið og skv. skýrsluhaldi.

C. Velta (búgreinatekjur) hefur aukist.

Samkvæmt þeim gagnasöfnum sem miðað er við hefur velta búanna aukist á tímabilinu.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Heildarvelta	8.940	12.416	9.703	11.517
Veltuaukning	39%		19%	

D. Breytilegur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi.

Í krónum talið hefur breytilegur kostnaður, hjá þeim búum sem ályktun um afkomu bænda er dregin af, aukist en að sama skapi hefur innvegið magn aukist. Því telur nefndin réttast að reikna breytilegan kostnað á innlagða lítra mjólkur.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Breytilegur kostnaður	3.431	4.575	3.536	4.340
Breytilegur kostnaður/innveginn lítra	35	31	32	31
Lækkun breytilegs kostnaðar	-9%		-2%	

E. Hálffastur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi.
Hálffastur kostnaður hefur aukist í krónum talið á tímabilinu en innvegið magn aukist.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Hálffastur kostnaður	1.712	2.022	1.922	1.879
Hálffastur kostnaður/innveginn lítra	17	14	17	13
Lækkun hálffasts kostnaðar	-20%		-22%	

F. Framlegð hefur aukist en framlegðarstig lítið breyst.
Breytingar á framlegð hafa verið sem hér segir hjá búunum eftir gagnasöfnum:

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Framlegð alls	5.511	7.841	6.167	7.176
Framlegð alls, breyting	42%		16%	
Framlegð/innveginn lítra	56	54	55	51
Framlegð/innveginn lítra, breyting	-3%		-7%	
Framlegðarstig	61,6	63,2	63,6	62,3

G. Skuldsetning búanna hefur aukist.
Skuldsetning, afskriftir og fjármagnsliðir búanna á milli áranna 1998-2002, eftir gagnasöfnum.

	Gagnasafn 1		Gagnasafn 2	
	1998	2002	1998	2002
Skuldir alls	10.120	21.538	10.323	14.743
Skuldir/innl. ltr.	101,97	147,72	92,71	105,26
Hækkun skulda/veltu	53%		20%	
Afskriftir alls	1731	2858	2192	2168
Afskriftir/lítra	17,4	19,6	19,7	15,5
Fjármagnsliðir alls	585	1846	444	1355
Fjármagnsliðir/lítra*	5,9	12,7	4,0	9,7

* Afnám verðbreytingafærslu árið 2002 hækkar fjármagnsliði það ár.

Reiknaður höfuðstóll rýrnar verulega á tímabilinu en ekki verða dregnar af því afgerandi ályktanir, m.a. þar sem ekki fer fram árlegt endurmat eigna. Sjá einnig athugasemdir Hagþjónustu landbúnaðarins á bls. 29.

H. Fjárfestingar fóru vaxandi til ársins 2000 en eftir það hefur dregið úr þeim.
Samsetning fjárfestinga hefur verið svipuð hjá búunum í gagnasöfnum. Um helmingur allra fjárfestinga er í vélar og tæki en um þriðjungur í greiðslumark.


	Gagnasafn 1	Gagnasafn 2
Byggingar	15%	15%
Vélar og tæki	44%	50%
Bústofn, jörð og ræktun	8%	6%
Greiðslumark	33%	29%

I. Hagnaður fyrir laun eigenda hefur haldist óbreyttur eða lækkað nokkuð. Reiknuð launagreiðslugeta á hverju búi helst lítið breytt.
Afnám verðbreytingafærslu árið 2002 hækkar fjármagnsliði það ár, sem leiðir til þess að hagnaður fyrir laun eiganda og launagreiðslugeta lækkar það ár. Sé litið til stækkunar búanna hefur launagreiðslugeta á innlagðan lítra farið lækkandi sem og hagnaður fyrir laun eigenda. Líklegt er að hærra tæknistig búanna minnki vinnuaflsþörf á hvern lítra.

6.1.4 Þróun mjólkurverðs til framleiðenda

Þegar brúttótekjur á lítra mjólkur eru bornar saman við launavísitölu kemur í ljós verulegur munur. Mynd 6-3 sýnir samanburð á brúttótekjum af nautgriparækt á lítra mjólkur eftir greiðslu yfirverðs og launavísitölu.


Mynd 6-3: Samanburður á tekjum á lítra mjólkur eftir greiðslu yfirverðs og launavísitölu 1991-2002



Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Frá 1991-2002 hækkaði greiðsla fyrir lítra mjólkur um 45% en almennar launahækkanir námu 80% á sama tímabili. Sé tekið tímabil núgildandi samnings námu hækkanir á greiðslu fyrir lítra mjólkur 21% en launavísitala hækkaði um 33%. Að sama skapi hefur kaupmáttur launa hækkað meira en skilaverð til bænda, sbr. mynd 6-4.

Mynd 6-4: Samanburður á framleiðendaverði mjólkur (á föstu verðlagi) og kaupmætti launa 1991-2002




Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins og Hagstofa Íslands

Þegar litið er á tímabilið 1991-2002 hefur kaupmáttur launa aukist um 25,6% en grundvallarverð/lágmarksverð til bænda hefur hækkað um 5,1%. Á gildistíma núgildandi samnings hefur kaupmáttur launa aukist um 9,4% en framleiðendaverð um 2,2%. Raunverð mjólkur til bænda er í dag lítið hærra en það var fyrir 10 árum en kaupmáttur launa hefur hækkað stöðugt frá árinu 1994.

Mynd 6-5 sýnir skilaverð mjólkur til bænda á tímabilinu 1991-2002 samanborið við vísitölu neysluverðs á sama tíma. Til ársins 1997 voru almennar verðlagshækkanir meiri en tekjur á lítra mjólkur en eftir þann tíma hefur skilaverð til bænda verið lítilsháttar hærra að raungildi.

Mynd 6-5: Samanburður á tekjum á lítra mjólkur og vísitölu neysluverðs 1991-2002




Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins

Þann 1. júlí 1997 hækkaði verð á mjólk til framleiðenda við breytingar á verðlagsgrundvelli. Þannig var orlof hækkað úr 10,17% í 11,59% og vextir af

fjárfestingum voru hækkaðir. Þann 1. janúar 1998 var hluti af hækkun á verði mjólkur til framleiðenda síðan tilkominn vegna þess að búnaðargjald var tekið upp og leysti af hólmi gjöld sem áður voru lögð á heildsöluverð mjólkurvara.

Mynd 6-6 sýnir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar nokkurra mjólkurvara á árunum 1998-2003. Þar má sjá að vegið meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar jógúrts, osta og smjörs hefur hækkað meira en meðalvísitala neysluverðs en meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar nýmjólkur, léttmjólkur, undanrennu og annarra mjólkurvara hefur hækkað minna en vísitala. Meðaltal vinnslu- og dreifingarkostnaðar jógúrts hefur hækkað um 26,8%, osta um 26,9% og smjörs um 27,3%, en á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 24%. Vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkaði um 13,0%, léttmjólkur og undanrennu um 18,6% og annarra mjólkurvara um 20,6%. Á sama tíma hækkaði meðalvísitala áranna um 24%.

Mynd 6-6: Þróun á vinnslu og dreifingarkostnaði einstakra vöruflokka mjólkurvara 1998-2003.




Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

6.1.5 Verðþróun til bænda á Norðurlöndunum

Þróun mjólkurverðs til bænda á Norðurlöndum getur gefið ákveðna vísbendingu um samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu á erlendum mörkuðum. Nefndin safnaði saman upplýsingum um verð til framleiðenda frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF sem eru Evrópusamtök kúabænda og Nilf sem er Hagþjónusta landbúnaðarins í Noregi. Mynd 6-7 sýnir niðurstöður þeirrar verðathugunar þar sem verð ársins 1999 eru sett á 100. Verð til framleiðenda á Íslandi er skráð lögbundið lágmarksverð.

Mynd 6-7: Þróun mjólkurverðs til framleiðenda á Norðurlöndum 1999-2003



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF og Nilf

Samkvæmt mynd 6-8 hefur verð til framleiðenda hækkað á Íslandi og í Finnlandi en lækkað í Svíþjóð og Danmöku. Framleiðendaverð í Noregi hefur aftur á móti haldist svipað á tímabilinu. Vísbendingar eru því um að samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu hafi á síðustu árum versnað gagnvart Svíþjóð og Danmörku en lítið breyst gagnvart Finnlandi og Noregi.

Erfitt er að meta verð mjólkur til framleiðenda erlendis m.a. vegna gengismunar og mismunandi heimilda. Nefndin fékk uppgefið verð á lítra mjólkur í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi í evrum frá Evrópusamtökum kúabænda (EDF). Einnig fékk nefndin upplýsingar um verð á lítra mjólkur í Noregi, í norskum krónum frá Hagþjónustu landbúnaðarins í Noregi (Nilf) en því verði breytti nefndin í evrur ásamt því að reikna lögbundin lágmarksverð á Íslandi í evrur. Tafla 6-4 sýnir samanburð á verði á lítra mjólkur á Norðurlöndunum árið 2003, samkvæmt þeim heimildum sem nefndin aflaði.

Tafla 6-4: Verð til framleiðenda á lítra mjólkur á norðurlöndunum árið 2003, í evrum á meðalgengi ársins.

Land	Verð til framleiðenda árið 2003, í evrum
Ísland	0,48
Noregur	0,44
Danmörk	0,32
Svíþjóð	0,32
Finnland	0,36

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, EDF og Nilf

Verð til framleiðenda á lítra mjólkur er hæst á Íslandi og næst hæst í Noregi en talsvert lægra í Evrópusambandslöndunum. Munar allt að 50% á verði til

framleiðenda á Íslandi og í Danmörku annars vegar og Svíþjóð hins vegar, þar sem verð eru lægst.

6.2 Afkoma mjólkuriðnaðar

6.2.1 Rekstraryfirlit

Á vegum Verðlagsnefndar búvöru hefur Deloitte & Touche unnið samræmda samantekt yfir rekstur mjólkuriðnaðarins á árunum 1998-2002. Verðlagsnefnd hefur m.a. stuðst við niðurstöður þessara árlegu rekstraryfirlita við ákvarðanatöku um verðbreytingar. Tafla 6-5 sýnir helstu tölur úr rekstraryfirlitunum.

Tafla 6-5: Rekstraryfirlit afurðastöðva 1998-2002 á föstu verðlagi ársins 2002 (unnið úr samantekt Deloitte & Touche.)

GJÖLD:							
Vörunotkun:		1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02 %
Hráefni frá bændum	m.kr	4.155	3.847	3.792	4.174	4.498	8,3%
Önnur vörunotkun og vörukaup	"	4.340	4.450	4.707	5.101	5.094	17,4%
SAMTALS	m.kr	8.494	8.297	8.499	9.275	9.592	12,9%
FRAMLEGÐ (1) EFTIR VÖRUNOTKUN		**-4.157**	**-4.004**	**-4.342**	**-4.322**	**-4.325**	**4,1%**
Laun og tengd gjöld	m.kr	1.347	1.338	1.416	1.500	1.489	10,6%
FRAMLEGÐ (2) EFTIR LAUN		**-2.810**	**-2.666**	**-2.926**	**-2.822**	**-2.836**	**1,0%**
Orka og vatn	m.kr	129	155	158	166	155	19,8%
Viðhaldskostnaður	"	233	221	247	268	278	19,3%
Annar framleiðslukostnaður	"	140	101	143	117	111	-21,1%
Skrifstofu- og sölukostnaður	"	912	834	919	964	928	1,8%
Annar kostnaður	"	506	315	358	368	364	-28,1%
FRAMLEGÐ (3) EBITDA*		**-889**	**-1.040**	**-1.101**	**-938**	**-1.001**	**12,6%**
Afskriftir	m.kr	428	405	436	486	496	15,9%
Fjármagnsliðir	"	-39	-28	108	247	64	-264,2%
Opinber gjöld og önnur gjöld	"	0	153	216	104	43	
(HAGN) / TAP ÁRSINS FYRIR YFIRVERÐ		**-500**	**-510**	**-341**	**-102**	**-398**	**-20,5%**
Greitt yfirverð til bænda	m.kr	255	352	221	111	167	-34,7%
(HAGN) / TAP ÁRSINS EFTIR YFIRVERÐ		**-245**	**-158**	**-120**	**9**	**-231**	**-5,7%**

* Afkoma (framlegð) fyrir afskriftir, fjármagnsliði og opinber gjöld

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche


Eins og fram kemur í rekstraryfirliti afurðastöðvanna hefur heildarvelta aukist um 10% á tímabilinu 1998–2002, eða úr 12,6 milljörðum í 13,9 milljarða kr. Framlegð (1) eftir vörunotkun hefur aukist um 4,1%. Framlegð (3), eftir að vinnslu- og dreifingarkostnaður, annar en afskriftir, fjármagnsliðir og opinber gjöld, hafa verið dregin frá hækkar um 12,6% á tímabilinu. Þó er nokkur sveifla innan tímabilsins milli einstakra ára. Árlegur hagnaður á tímabilinu, fyrir greiðslu yfirverðs hefur legið á bilinu 102 – 510 m.kr. reiknað á föstu verðlagi ársins 2002.

Þess ber þó að geta að í rekstraryfirlitinu er tvítekin velta af vörum sem afurðastöðvar selja sín á milli. Þessi millibúaviðskipti, og þar með tvítalning veltu, hefur aukist á tímabilinu þar sem framleiðsla ákveðinna tegunda mjólkurvara fer fram á stöðugt færri stöðum og í mörgum tilvikum eingöngu á einum stað. Þetta er m.a. afleiðing af sérhæfingu afurðastöðvanna og einsleitari framleiðslu þeirra. Til skýringar á tvítalningu söluveltu má taka sem dæmi, að Mjólkurbú Flóamanna (MBF) framleiðir stóran hluta af sýrðum mjólkurvörum sem seldar eru á landsvísu. Stærsti hluti framleiðslunnar er seldur í gegnum Mjólkursamsöluna í Reykjavík (MS). MBF færir

þessa sölu til tekna, svo og MS við sölu til verslana. Þannig færist sala á sömu vörunni til tekna í bókhaldi beggja fyrirtækja og er þar með tvítalin sbr. samantekt Deloitte & Touche.
Tafla 6-5 sýnir ýmis framlegðarstig í samanlögðum rekstri mjólkuriðnaðarins. Þau ein og sér geta gefið ákveðnar vísbendingar um þróun rekstrar mjólkuriðnaðarins á tímabilinu. Þó ber að líta til þess að nokkrar sveiflur eru innan tímabilsins og hefur – EBITDA aukist um 4,3 – 22,5% milli ára frá árinu 1998. Afskriftir eru með nokkuð jafnan stíganda á milli ára og hafa aukist um 15,9% á tímabilinu. Samanlagðir fjármagnsliðir eru afar breytilegir milli ára, allt frá 39 m.kr. tekjum til 247 m.kr. gjalda, eða breyting sem nemur 286 m.kr. milli einstakra ára.

Mynd 6-8 sýnir þróun launaliðar í mjólkuriðnaði á tímabilinu 1998-2002.

Mynd 6-8: Þróun launa í mjólkuriðnaði 1998-2002 (1998 = 100) á föstu verðlagi m.v. 2002.



Á föstu verði pr. 2002	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Greidd laun - þús. kr.	1.346.847	1.338.228	1.415.812	1.500.301	1.488.952	10,6%
Greidd laun - þús. kr. / ársverk	3.218	3.371	3.463	3.531	3.618	12,4%
Greidd laun - kr. / ltr	12,8	13,4	14,3	14,1	13,4	4,6%

Á föstu verði pr. 2002 98=100	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Greidd laun - þús. kr.	100	99	105	111	111	10,6%
Greidd laun - þús. kr. / ársverk	100	105	108	110	112	12,4%
Greidd laun - kr. / ltr	100	105	112	110	105	4,6%


Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche

Mynd 6-8 sýnir að ársverkum hefur fækkað um 1,7% á milli áranna 1998 og 2002. Á árinu 2002 var 2 afurðastöðvum lokað sem leiðir til fækkunar ársverka en sú fækkun kom ekki öll fram á árinu 2002. Mjólkursamlögunum á Húsavík og Hvammstanga var lokað á árinu 2002, en mjólkursamlagi Norðfirðinga var lokað á árinu 2000. Á tímabilinu 1998–2002 hefur þeim því fækkað um 3, eða úr 12 í 9. Fram að þeim tíma, þ.e. á tímabilinu 1988–1997, hafði þeim fækkað um 5, eða úr 17 í 12. Ársverkafjöldi, eins og hann kemur fram í Mynd 6-8, er nokkuð breytilegur milli ára innan tímabilsins. Þar er skýring sú að í rekstrarsamantekt fyrir árið 1999 vantar inn mjólkursamlagið á Húsavík og mjólkursamlag Norðfirðinga. Í samantekt Deloitte & Touche vantar inn fyrir árið 2000 átta mánuði af rekstri mjólkursamlagsins á Húsavík,

þrjá mánuði af rekstri mjólkursamlagsins á Hvammstanga og allan rekstur mjólkursamlags Norðfirðinga. Ársverk afurðastöðva eru sett inn í samræmi við það hvort þau eru með í samantekt Deloitte & Touche eða ekki. Þetta skýrir færri ársverk 1999 og 2000 en þau voru í heild.

Launagreiðslur pr. ársverk hafa aukist um 12,4% á sama tíma og launagreiðslur pr. lítra mjólkur hafa hækkað um 4,6%. Eins og fram hefur komið hefur afkoma mjólkuriðnaðarins sveiflast nokkuð milli ára. Mynd 6-9 sýnir afkomu á hvern lítra innveginnar mjólkur árin 1998-2002 reiknað á föstu verðlagi ársins 2002.

Mynd 6-9: Afkoma mjólkuriðnaðar 1998 – 2002. kr. á lítra innveginnar mjólkur, á föstu verðlagi ársins 2002.



	1998 kr/lítra	1999 kr/lítra	2000 kr/lítra	2001 kr/lítra	2002 kr/lítra
HAGNAÐUR / (TAP) án greiðslu yfirverðs til bænda	4,76	5,10	3,46	0,96	3,58
Greitt yfirverð til bænda	2,43	3,52	2,24	1,05	1,50
HAGNAÐUR / (TAP) eftir greiðslu yfirverðs til bænda	2,33	1,58	1,22	-0,09	2,08

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Deloitte & Touche

Þær upplýsingar sem þarf til að geta lagt mat á árangur í starfsemi afurðastöðva á tímabilinu 1998–2002, hafa ekki allar komið fram í yfirlitum og töflum hér að framan. Fyrir því eru nokkrar ástæður, og má nefna áðurnefnda tvítalningu veltu milli búvara. Einnig vantar inn heildarsamantekt reksturs nokkurra afurðastöðva á árunum 1999 og 2000, ýmist allt árið eða hluta þess. Þetta veldur því að rekstrarsamantekt unnin af Deloitte & Touche getur án breytinga ekki gefið óyggjandi niðurstöður um rekstrarþróun afurðastöðva í heild sinni.

Til þess að nálgast frekari upplýsingar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar á tímabilinu má annars vegar skoða yfirlit um reiknaða hækkunarþörf mjólkuriðnaðarins á tímabilinu á móti ákvörðun Verðlagsnefndar búvara um árlega hækkun þeirra mjólkurvara sem nefndin fjallar um. Tafla 6-6 sýnir yfirlit yfir reiknaða hækkun á móti ákvörðun Verðlagsnefndar búvöru.

Tafla 6-6: Reiknuð árleg hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur 1998 – 2002 í samanburði við ákvörðun Verðlagsnefndar búvöru.

	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02
Reiknuð hækkunarþörf	2,30%	2,62%	4,02%	4,48%	7,08%	20,5%
Ákvörðun verðlagsnefndar	1,51%	2,62%	2,82%	2,80%	5,50%	15,3%
Mismunur % - stig	-0,8%	0,0%	-1,2%	-1,7%	-1,6%	-5,3%
Mismunur %	-34,3%	0,0%	-29,9%	-37,5%	-22,3%	-25,6%

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Eins og fram kemur var það einungis á árinu 1999 sem vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkaði að sama skapi og útreiknuð þörf. Öll önnur ár hefur sameiginleg ákvörðun nefndarinnar verið sú að hækka 22,3% - 37,5% minna en reiknuð þörf. Reiknilíkan Verðlagsnefndar fyrir vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur tekur til mælinga á almennum verðlagsbreytingum (vísitölum), verðlagi á orku, þ.e. olíu, rafmagni og heitu vatni og gengis íslensku krónunnar gagnvart EVRU og SEK.

Hins vegar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar með því að kanna hversu miklir fjármunir hafa runnið árlega til rekstrarins á tímabilinu 1998–2000. Slíka nálgun er hægt að gera með því að finna heildarsölutekjur af mjólkurvörum á markaði þ.e. markaðstekjur mjólkuriðnaðarins. Fyrir liggja opinberar tölur um samanlagða árlega sölu einstakra mjólkurvara. Einnig liggja fyrir heildsöluverðskrár viðkomandi ára fyrir þessar vörur en margfeldi þeirra gefur árlegar markaðstekjur mjólkurvara á innanlandsmarkaði (A). Frá þessum heildsölutekjum dragast veittir magnafslættir á hverju ári (B). Einnig liggja fyrir árlegar tekjur af útflutningi á erlenda markaði en þessar tekjur eru óverulegar og er nánast eingöngu flutt út smjör (C). Nettótekjur verða því = (A + C) – B.

Nettótekjum er svo ráðstafað eftir tveimur leiðum, annars vegar sem greiðslum til mjólkurframleiðenda og hins vegar til rekstrar mjólkuriðnaðar.

Tafla 6-7 sýnir árlega ráðstöfun tekna til bænda annars vegar og til rekstrar mjólkuriðnaðar hins vegar á tímabilinu 1998-2002. Allar tölur eru á föstu verðlagi ársins 2002.

Tafla 6-7: Ráðstöfun tekna afurðastöðva 1998-2002 milli reksturs mjólkuriðnaðar og mjólkurframleiðenda á föstu verðlagi ársins 2002.

	1998	1999	2000	2001	2002	Breyting 98 - 02 kr/ltr	Breyting 98 - 02 %
Vísitala Neysluverðs ársmeðaltal	183.3	189,6	199,1	212,4	222,6	39,30	21,4%
Innvegnir lítrar	105,7	107,2	104,0	106,1	110,8	5,0	4,8%

KR. SAMTALS	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02 kr/ltr	98 - 02 %
Markaðstekjur alls 1)	10.269	10.466	10.034	10.014	10.458	189	1,8%
Greiðsla til bænda 2)	4.156	4.197	4.095	4.199	4.429	273	6,6%
TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR	6.113	6.269	5.939	5.815	6.030	-83	-1,4%

A) FYRIR GREIÐSLU YFIRVERÐS KR. PR. LÍTRA MJÓLKUR	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02 kr/ltr	98 - 02 %
Markaðstekjur alls 1)	97,1	97,6	96,5	94,3	94,4	-2,7	-2,8%
Greiðsla til bænda 2)	39,3	39,2	39,4	39,6	40,0	0,7	1,7%
TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR	57,8	58,5	57,1	54,8	54,4	-3,4	-5,9%

B) EFTIR GREIÐSLU YFIRVERÐS KR. PR. LÍTRA MJÓLKUR	1998	1999	2000	2001	2002	98 - 02 kr/ltr	98 - 02 %
Markaðstekjur alls 1)	97,1	97,6	96,5	94,3	94,4	-2,7	-2,8%
Greiðsla til bænda 2)	39,3	39,2	39,4	39,6	40,0	0,7	1,7%
Gr. yfirverð	2,0	3,0	2,0	1,0	1,5	-0,5	-25,0%
TIL REKSTURS MJÓLKURIÐNAÐAR	55,8	55,5	55,1	53,8	52,9	-2,9	-5,2%

Skýringar:

1) **Markaðstekjur samanstanda af:**
   a) (Seldu magni innanlands x skráð heildsöluverð) - (afslættir til verslana) = Markaðstekjur innanlands
   b) Útflutningi mjólkurvara x skilaverð útflutnings = Markaðstekjur erlendis
   c) Birgðabreytingu innan viðkomandi árs: (BL - BB) x HSV = Birgðatekjur - Birgðagjöld

Þar sem stuðst er við sölutölur mjólkurvara (traustari tölugrunnur en framleiðslutölur) til að meta tekjur mjólkuriðnaðarins er nauðsynlegt að gera birgðaleiðréttingu á móti til að fá samsvörun í verðmætasköpun úr þeirri mjólk sem vegin er inn.

2) **Greiðsla til bænda samanstendur af:**
   a) (innvegin greiðslumarksmjólk pr. mánuð x afurðastöðvaverð) = Greitt fyrir greiðslumarksmjólk
   b) (móttekin umframmjólk x greiðsla pr. lítra umframmjólk viðkomandi árs) = Greitt fyrir umframmjólk

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Þessi aðferð nálgunar um rekstrarþróun mjólkuriðnaðar gefur vísbendingu um að samanlagður rekstrarlegur sparnaður í mjólkuriðnaði á tímabilinu 1998 – 2002 gæti legið á bilinu 5% – 6% á hvern lítra mjólkur. Þessi vísbending hnígur til sama vegs og ákvarðanir verðlagsnefndar búvöru á tímabilinu.

6.2.2 Efnahagsyfirlit mjólkursamlaga 1998-2002

Deloitte hf. tók saman efnahagsyfirlit mjólkursamlaga áranna 1998-2002, að beiðni nefndarinnar. Neðangreinda samantekt vann Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi Deloitte hf. Efnahagsyfirlit mjólkursamlaganna má sjá í viðauka 4.

"*Við samantekt efnahagsreikninga mjólkursamlaganna var stuðst við ársreikninga þeirra eins og hægt var en fáein frávik voru á því að hægt væri að vinna yfirlitið*

nákvæmlega skv. efnahagsreikningunum. Í þeim tilvikum þar sem upplýsingar vantaði var reynt að áætla efnahaginn út frá fyrra árs stærðum að teknu tillit til breytinga vegna rekstrar, þannig að telja má að frávikin hafi óveruleg áhrif á yfirlitið.

Niðurstöður efnahags hvers árs frá 1998 til 2002 voru framreiknaðar til verðlags í árslok 2002 og skráðar í töfluna í milljónum króna. Bókfært eigið fé mjólkursamlaganna hefur vaxið úr 6.394 m.kr. í árslok 1998 upp í 7.531 m.kr. í árslok 2002. Á verðlagi í árslok 2002 er breytingin úr 7.794 m.kr. í 7.531 m.kr., eða minnkun um 263 m.kr. Ef framreiknuðum hagnaði áranna 1999 – 2002 eftir greiðslu yfirverðs til bænda, 502 m.kr., er bætt við framreiknað eigið fé í árslok 1998 til ársins 2002 ætti eigið fé að vera um 8.296 mkr., en er skv. efnahagsreikningum 7.531 m.kr., eða um 765 m.kr. minna sem bendir til þess að eigendur hafi innleyst eignir úr efnahag mjólkurstöðvanna.

Eigið fé samlaganna er samsett af fjórum þáttum:

- *Eiginfjárframlagi eigendanna: Stofnfé, Séreignarsjóð og Hlutafé. Stofnfé og Séreignarsjóður eru í eðli sínu sambærilegir, en það er uppsafnað framlag frá framleiðendum auk þess sem hluta af hagnaði er ráðstafað árlega í stofnsjóð og séreignarsjóð, hvort sem það er kallað vextir eða arður. Hlutdeild hvers og eins félagsmanns í Stofnsjóði og Séreignarsjóði er síðan séreign hans, en veitir ekki rétt til eða hlutdeild í öðru eigin fé samlagsins. Hlutafé er aftur á móti upphaflegt framlag eigendanna og veitir eignarhlutdeild í öllu eigin fé hlutafélagsins (samlagsins).*
- *Endurmatsreikningi, sem er uppsafnað endurmat eigna, og skulda, vegna verðlagshækkana. Verðbólgureikningsskilum var hætt með lagasetningu árið 2001 og skv. ársreikningalögunum var gert ráð fyrir að endurmatsreikningurinn yrði færður yfir á óráðstafað eigið fé.*
- *Varasjóði, (og Lögbundnum varasjóði) sem í er ráðstafað hluta af hagnaði, og eru því uppsafnaður hagnaður samlags, eins og óráðstafað eigið fé.*
- *Óráðstafað eigið fé sem er uppsafnaður hagnaður, sem ekki hefur verið ráðstafað með greiðslu arðs til eigenda, framlags eða vaxta í stofnsjóði, sem arður eða lagður til hliðar í varasjóðina.*

Heildareignir mjólkurstöðvanna voru í árslok 1998 7.884 m.kr sem er á verðlagi í árslok 2002 9.610 m.kr. Niðurstöður efnahagsreikninganna í árslok 2002 eru 10.706 m.kr. Heildareignir hafa vaxið um tæpar 1100 m.kr. að raungildi á árunum 1999 – 2002.
Varanlegir rekstrarfjármunir voru í árslok 2002 4.633 m.kr., áhættufjármunir og langtímakröfur 1.670 m.kr. og veltufjármunir alls 4.403 m.kr.
Skuldir í árslok 2002 voru alls 3.175 m.kr., þar af voru langtímaskuldir og skuldbindingar 982 m.kr. og skammtímaskuldir 2.193 m.kr.
Veltufjárhlutfallið var 2,00 sem þýðir að hægt væri að greiða allar skammtímaskuldir tvisvar sinnum með veltufénu.
Eigið fé í árslok 2002 var 7.531 m.kr., sem er 70% af heildareignum (eiginfjárhlutfall). Eigið fé er mismunur heildareigna og heildarskulda og ekki er hægt að segja að einhver ein eign sé meiri hluti af eigin fénu en önnur. Ef tölurnar eru skoðaðar út frá þeim forsendum að fjármögnun eigna sem nýtast til langs tíma sé yfirleitt með langtímalánum og eigin fé, en á bak við veltufjármuni eins og birgðir og

viðskiptakröfur standa skammtímaskuldirnar, eins og afurðalán, yfirdráttarlán og viðskiptaskuldir, gæti efnahagsreikningurinn litið þannig út:

Á verðlagi í árslok 2002, í milljónum króna.						
Samsetning eigin fjár:		1998	1999	2000	2001	2002
Varanlegir rekstrarfjármunir		4.229	4.303	4.611	4.736	4.633
Langtímaskuldir og -skuldb.		(347)	(411)	(928)	(875)	(982)
	A	3.882	3.892	3.683	3.861	3.651
Áhættufé og langtímakröfur	B	975	1.055	1.735	1.670	1.670
Veltufjármunir		4.406	4.530	3.833	3.695	4.403
Skammtímaskuldir		(1.469)	(1.762)	(1.877)	(1.928)	(2.193)
Hreint veltufé	C	2.937	2.768	1.956	1.767	2.210
Eigið fé alls	A+B+C	7.794	7.715	7.374	7.298	7.531
Hlutföll í eigin fé:						
Varanlegir rekstrarfjármunir	A	50%	50%	50%	53%	48%
Áhættufé og langtímakröfur	B	13%	14%	24%	23%	22%
Hreint veltufé	C	38%	36%	27%	24%	29%
Eigið fé alls	A+B+C	100%	100%	100%	100%	100%

Hagnaður mjólkurstöðvanna á sömu árum og efnahagur settur í samhengi við eigið fé í upphafi hvers árs gefur til kynna hver arðsemi rekstrarins er miðað við bókfært eigið fé. (Ekki var hægt að taka tillit til annarra breytinga á eigin fé innan hvers árs.)

Á verðlagi ársins 2002, í milljónum króna.						
		1998	1999	2000	2001	2002
Hagnaður:						
- fyrir fjármagnsliði		754	544	544	373	505
	Hlutfall af eigin fé		7%	7%	5%	7%
- fyrir greiðslu yfirverðs		500	511	342	103	398
	Hlutfall af eigin fé		7%	4%	1%	5%
- ársins eftir yfirverðsgreiðslur		245	159	121	-9	231
	Hlutfall af eigin fé		2%	2%	0%	3%
Kennitölur:						
Veltufjárhlutfall		3,00	2,57	2,04	1,92	2,01
Eiginfjárhlutfall		81%	78%	72%	72%	70%


Í þessum stutta texta er aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem koma í hugann við skoðun á efnahagsyfirlitinu, en ekki um ítarlega greiningu á efnahagnum eða ársreikningunum að ræða. Tilgangur með yfirlitinu var að varpa ljósi á heildarfjárhagsstöðu mjólkuriðnaðarins (mjólkurstöðvanna).“

6.2.3 Framleiðni vinnuafls

Mynd 6-10 sýnir niðurstöður útreikninga Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði á framleiðni í mjólkuriðnaði. Útreikningarnir byggja á því að innanlandssala og

útflutningur hvers árs er margfaldaður með skráðu heildsöluverði 1. júní 1980. Ársverkafjöldi er skv. starfsmanna- og launaskrám afurðastöðva.

Mynd 6-10: Þróun framleiðni vinnuafls (verðmætasköpun pr. ársverk) í mjólkuriðnaði.



Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Framleiðni vinnuafls í mjólkuriðnaði hefur aukist um 42,1% á tímabilinu 1975-2002. Samkvæmt þessum tölum hefur talsverð hagræðing átt sér stað í mjólkuriðnaðinum á síðasta áratug en framleiðni jókst um 7% á tímabilinu 1998-2002. Þeirri hagræðingu hefur að mestu verið náð með fækkun og sérhæfingu mjólkurbúa.

7 Staða og horfur

Í 9. gr. núgildandi samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er kveðið á um að fjórum árum frá upphafi gildistíma samningsins skulu samningsaðilar kanna framkvæmd hans og í framhaldi af þeirri könnun hefja viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Við þá vinnu skal m.a. leggja sérstakt mat á stöðu kvótakerfisins og hvort, hvernig og þá hvenær leggja á það niður og hvað taki þá við.

Núgildandi samningur um mjólkurframleiðsluna tryggir mjólkurframleiðendum stöðugt verð fyrir mjólk innan greiðslumarks sem endurspeglar framleiðslukostnað á hverjum tíma. Þá er tryggð tollvernd gagnvart samkeppni frá innflutningi að undanskildum þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist í samningum WTO um markaðsaðgang á lágmarkstollum.

Framleiðsluferill í mjólkurframleiðslu er langur og fastur kostnaður hátt hlutfall af veltu. Það dregur úr möguleikum framleiðenda til að bregðast skjótt við breytingum á rekstrarforsendum.

Núverandi skipulag og stjórn mjólkurframleiðslunnar byggir á greiðslumarki tengdu við lögbýli og frjálsu framsali þeirra. Þetta skipulag hefur í grundvallaratriðum verið í gildi frá því 1. september 1992. Í raun er kvótakerfið framleiðslustýringarkerfi sem er ætlað að stýra framleiðslu í takt við þarfir markaðarins. Framleiðslutenging kvótakerfisins hefur jafnframt verið notuð sem grunnur fyrir stuðning ríkisins við mjólkurframleiðsluna. Greinin ber sjálf úreldingarkostnað með þeim hætti að þeir sem stækka búin kaupa framleiðsluheimildir þeirra sem hætta og fjármagna þannig úreldingu framleiðsluaðstöðu þeirra. Kostnaður vegna kaupa á greiðslumarki er ekki talinn til gjalda í verðlagsgrundvelli kúabús.

Að mati nefndarinnar mætti nefna eftirfarandi atriði til helstu kosta kvótakerfisins og þess beingreiðsluforms sem hefur fylgt því:

- Jafnvægi hefur haldist milli framleiðslu og neyslu mjólkur og mjólkurafurða.
- Framleiðslustýringin og úthlutun beingreiðslna eru einfaldar í framkvæmd.
- Beingreiðslur til bænda koma til lækkunar á verði mjólkurvara.
- Stuðningur ríkisins hefur verið óháður gagnvart bústærð og staðsetningu.
- Skipulagið leggur ekki hömlur á tilfærslu greiðslumarks og því á innri hagræðing í greininni að stjórna þróuninni.
- Stækkun búa í krafti frjáls framsals á greiðslumarki hefur skapað forsendur fyrir hagræðingu og bættri samkeppnishæfni.

Að mati nefndarinnar mætti taka helstu veikleika gildandi fyrirkomulags saman sem hér segir:

- Framleiðslutenging ríkisstuðnings fellur undir alþjóðlega samninga og skuldbindingar á vettvangi WTO. Nýir alþjóðasamningar geta þrengt núverandi svigrúm fyrir framleiðslutengdan stuðning.
- Skuldsetning búanna hefur aukist vegna endurnýjunar á vélum, fjósum og kaupa á greiðslumarki.

Ljóst má vera að nokkur skörun kann að vera milli kosta og ókosta og skiptar skoðanir eru uppi um vægi einstakra þátta gagnvart öðrum. Því er ekki um einfalda niðurstöðu að ræða þegar allt er lagt á vogarskálarnar.

Ef reynt er að meta framangreindar upplýsingar um núverandi stöðu mjólkurframleiðslunnar og þróunarhorfur blasir eftirfarandi við:

- Mjólkurinnleggjendum hefur fækkað úr 1.185 árið 1998 í 893 í árslok 2003.
- Búin hafa stækkað verulega á gildistíma núgildandi mjólkursamnings og hefur ársmeðalinnlegg aukist úr 89.212 lítrum árið 1998 í 121.371 lítra árið 2003. Vegna hagræðingarmöguleika og tækniþróunar er líklegt að framleiðslueiningum fækki áfram og þær stækki.
- Frá 1. september 1998 til 31. ágúst 2003, hafa viðskipti með greiðslumark á milli lögbýla numið tæplega 25 milljónum lítra. Það er að meðaltali 4,7% af greiðslumarkinu ár hvert. Á sama tíma urðu handhafabreytingar á greiðslumarki á lögbýlum, án þess að greiðslumark færðist milli lögbýla, um 21 milljón lítra. Það er um 4% greiðslumarksins ár hvert. Í einhverjum mæli er sama greiðslumarkið selt oftar en einu sinni en allt að 45% greiðslumarksins hefur skipt um eigendur á þessu fimm ára tímabili.
- Af um 1.200 búum sem voru starfandi árið 1998, hafa 239 bú hvorki keypt eða selt greiðslumark. Þetta þýðir að um 74% starfandi búa hafa annað hvort keypt eða selt greiðslumark á gildistíma núgildandi samnings.
- Meðalnyt eftir hverja árskú hefur, skv. afurðaskýrslum, farið hækkandi vegna árangurs í kynbótum, bættrar gróffóðuröflunar og aukinnar kjarnfóðurgjafar. Meðalnyt var 4.392 kg/kú árið 1998 en náði 5.063 kg/kú árið 2003.
- Nokkur endurnýjun fjósa hefur átt sér stað á gildistíma núgildandi samnings, mest í legubásafjósum með mjaltabás. Básafjós er algengasta fjósgerðin og í september 2003 voru þau um 73% fjósa.
- Fjárfestingar fóru vaxandi til ársins 2000 en eftir það hefur dregið úr þeim. Um helmingur allra fjárfestinga á tímabilinu 1998-2002 er í vélum og tækjum og um þriðjungur í greiðslumarki.
- Breytilegur og hálffastur kostnaður á hvern lítra hefur farið lækkandi milli áranna 1998-2002.
- Skuldsetning búanna hefur aukist á gildistíma núgildandi samnings, vegna fjárfestinga í byggingum, vélum og greiðslumarki. Því eru kúabú viðkvæm fyrir breytingum á rekstrarforsendum.
- Samhliða fækkun mjólkurinnleggjenda og úreldingu fjósa hefur hlutfall fjósa með bættri vinnuaðstöðu og aðbúnaði gripa aukist verulega, að hluta til vegna hertra opinberra krafna til aðbúnaðar gripa og mjólkurgæða.
- Hagnaður kúabúa fyrir laun eigenda hefur haldist óbreyttur á gildistíma núgildandi samnings eða lækkað nokkuð. Reiknuð launagreiðslugeta á hverju búi hefur lítið breyst.
- Mjólkuriðnaðurinn hefur náð fram hagræðingu með fækkun mjólkurbúa. Árið 1998 voru starfandi 12 mjólkurbú en árið 2003 voru þau 9. Á tímabili núgildandi samnings hefur framleiðni vinnuafls aukist um 7%.
- Á tímabilinu 1998-2002 hefur samanlagður árlegur hagnaður afurðastöðva verið á bilinu 100 – 500 m.kr. fyrir greiðslu yfirverðs, á föstu verðlagi ársins

2002. Mestur hluti þessa hagnaðar hefur verið greiddur til framleiðenda sem arður eða yfirverð.

- Bókfært eigið fé mjólkursamlaganna hefur á föstu verðlagi í árslok 2002 lækkað úr 7.794 m.kr. árið 1998 í 7.531 m.kr. árið 2002, eða minnkað um 263 m.kr.
- Ef framreiknuðum hagnaði samlaganna á árunum 1999–2002 (eftir greiðslu yfirverðs til bænda), 502 m.kr., er bætt við framreiknað eigið fé í árslok 1998 til ársins 2002, ætti eigið fé að vera um 8.296 m.kr., en er skv. efnahagsreikningum 7.531 m.kr., eða um 765 m.kr. lægra sem skýrist að meirihluta af því að þáverandi eigendur Mjólkursamlags KEA innleystu eignir úr efnahag mjólkurstöðvarinnar fyrir stofnun Norðurmjólkur.
- Heildarskuldir mjólkursamlaganna voru 1.816 m.kr. árslok 1998, á verðlagi ársins 2002, en voru alls 3.175 m.kr. árið 2002.
- Heildareignir mjólkurstöðvanna voru 9.610 m.kr í árslok 1998, á verðlagi ársins 2002 en voru 10.707 m.kr. í árslok 2002.
- Í árslok 2002 var veltufjárhlutfall samlaganna 2,00 en hafði verið 3,00 árið 1998. Þá var eiginfjárhlutfall 70% í árslok 2002 og hafði þá lækkað úr 81% árið 1998.
- Greiðsla afurðastöðva er að lágmarki 52,9% af grundvallarverði mjólkur en þáttur beingreiðslna er 47,1%.
- Til að stuðla að hámarksnýtingu innlends markaðar er framkvæmd verðtilfærsla milli einstakra tegunda mjólkurafurða.
- Sala drykkjarmjólkur hefur dregist saman um 5% frá árinu 1998-2003, sala á viðbiti um 8% og á öðrum ferskvörum um 5%. Aftur á móti hefur verið söluaukning á rjóma um 12%, jógúrti um 13%, skyri um 94%, osti um 13% og mjólkurdufti um 1% á tímabilinu.
- Á tímabilinu 1. september 1998 til ársloka 2003 hefur mjólkurverð til framleiðenda hækkað um 28,7% en vísitala neysluverðs um 25,8% og launavísitala um 40,4%.
- Á föstu verðlagi hafa beingreiðslur í mjólk hækkað um 3,1% frá árinu 1998-2002 en séu beinar greiðslur reiknaðar á hvern lítra mjólkur, fyrir sama tímabil, hafa þær hækkað um 2,8%.
- Frá upphafi árs 1998 til ársloka 2003 hækkaði vísitala neysluverðs um 26,1%. Á sama tíma hækkaði smásöluverð nýmjólkur um 17,0%, léttmjólkur og undanrennu um 19,4%, smjörs um 19,9%, jógúrts um 26,7%, osta um 30,8% og annarra mjólkurvara um 23,7% skv. undirvísitölum vísitölu neysluverðs.
- Hækkun heildsöluverðs upphafi árs 1998 til ársloka 2003 nam 27,0% á jógúrti, 26,5% á osti, 26,8% á smjöri, 22,0% á nýmjólk, 23,5% á léttmjólk og undanrennu og 18,1% á öðrum mjólkurvörum. Heildsöluverð mjólkur breyttist ekki um áramótin 2003-2004.
- Markmið núgildandi mjólkursamnings um afnám opinberrar verðlagningar á heildsölustigi hefur ekki náð fram að ganga, en gildistöku ákvæðis þess efnis var frestað frá 1. júlí 2001 til 1. júlí 2004.
- Samkeppni frá innflutningi mun að öllum líkindum verða svipuð og verið hefur út gildistíma núgildandi samnings. Innflutningur er nú um 1,2% markaðarins. Þess virðist ekki að vænta að nýjar skuldbindingar á vettvangi

WTO liggi fyrir fyrr en eftir gildistöku nýs mjólkursamnings. Leiða má að því líkur að nýr WTO-samningur muni bera með sér að bæði heimildir til tollverndar og framleiðslutengds/markaðstruflandi stuðnings muni skerðast töluvert umfram það sem samið var um í síðustu samningum.

- Afnám opinberrar verðlagningar mjólkurvara á heildsölustigi mun auðvelda aðlögun að skertum heimildum hjá WTO til að veita markaðstruflandi stuðning og gefa svigrúm til að viðhalda framleiðslutengdum beingreiðslum.
- Í krafti öflugrar vöruþróunar hefur staða mjólkur og mjólkurafurða hér á landi verið sterk á matvörumarkaði.
- Markmið mjólkurframleiðslunnar er að framleiða mjólk og mjólkurvörur fyrir innlendan markað enda hefur útflutningur á mjólkurvörum verið lítill.
- Spáð er að mjólkurverð til framleiðenda innan ESB muni lækka nokkuð á komandi árum, sem samfara auknum takmörkunum á tollheimildir stjórnvalda getur aukið þrýsting á verð mjólkur og mjólkurvara hérlendis og haft áhrif á samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Vísbendingar eru um að samkeppnishæfni íslenskrar mjólkurframleiðslu hafi á síðustu árum versnað gagnvart Svíþjóð og Danmörku en lítið breyst gagnvart Finnlandi og Noregi.

8 Tillögur nefndarinnar

Nefndin leggur til að neðangreind markmið verði höfð að leiðarljósi við gerð nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Þau eru sett fram með hliðsjón af þróun greinarinnar á undanförnum árum og þeim styrkleikum og veikleikum sem nefndin hefur greint í starfi sínu við athugun á framkvæmd núgildandi samnings og fram koma í 7. kafla hér að framan. Í markmiðunum felst að mjólkurframleiðsla á Íslandi verði áfram öflug og tileinki sér nýjungar til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Jafnframt að ítrustu hagkvæmni sé gætt í framleiðslu mjólkur, vinnslu hennar og dreifingu.

Stöðnun einkenndi rekstur kúabúa þegar drög voru lögð að gildandi mjólkursamningi. Það er mat nefndarinnar að sú þróun sem átt hefur sér stað á gildistíma núgildandi samnings sé um margt jákvæð og að styrkleikar núverandi fyrirkomulags vegi þyngra en veikleikar. Því leggur nefndin til að næsti mjólkursamningur verði gerður á sömu grundvallarforsendum og gildandi samningur.

8.1 Markmið nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.
- Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
- Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.

- Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluaðstöðu með eðlilegum hætti.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

8.2 Almennt starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar

Ljóst er að alþjóðlegir samningar á vettvangi WTO setja því skorður með hvaða hætti stuðningi við landbúnað er fyrir komið og reikna má fastlega með að yfirstandandi viðræðulota muni leiða til skerðingar á gildandi heimildum aðildarríkja til að stunda framleiðslutengdan og/eða markaðstruflandi stuðning. Slíkur stuðningur verður að rúmast innan heimilda hverju sinni. Afnám opinberrar verðlagningar á heildsölustigi mun veita aukið svigrúm til að halda framleiðslutengdum beingreiðslum til mjólkurframleiðenda innan heimilda þar sem áhrifa hennar mun þá hætta að gæta í útreikningi á framleiðslu- og markaðstruflandi stuðningi Íslands.

Segja má að framleiðslu- og markaðstruflandi stuðningur sé á undanhaldi vegna þess þrýstings sem hann er undir í alþjóðlegri samningagerð. Þrátt fyrir þá staðreynd hefur stuðningsform af þessu tagi ýmsa kosti, en beingreiðslur hérlendis nýtast t.a.m. til lækkunar á vöruverði til neytenda. Framleiðslutengt stuðningsfyrirkomulag með framseljanlegu greiðslumarki sem hér hefur verið stundað hefur jafnframt stuðlað að hagræðingu í greininni. Nefndin telur því æskilegt að viðhalda þessum eiginleikum stuðningsfyrirkomulagsins á meðan það er unnt. Á gildistíma komandi samnings þyrfti hins vegar að kanna til hlítar hvort og þá hvernig koma megi stuðningi við landbúnað, þ.m.t. mjólkurframleiðslu, fyrir með öðrum hætti sem betur samræmist þeirri þróun sem alþjóðlegir samningar boða og víðtæk sátt getur ríkt um. Þessi sjónarmið þarf að hafa í huga þegar gildistími næsta samnings verður ákveðin.

Búast má við töluverðum breytingum á alþjóðlegu starfsumhverfi landbúnaðarins á komandi árum, sem óumflýjanlega munu hafa áhrif á mjólkurframleiðslu hérlendis. Spáð er lækkandi mjólkurverði til framleiðenda í nágrannalöndum Íslands á komandi árum. Ennfremur verður að gera ráð fyrir að yfirstandandi viðræðulota innan WTO boði auknar takmarkanir á tollheimildir stjórnvalda, rýmri innflutningsmöguleika og því aukna samkeppni erlendis frá. Því verður brýnt fyrir greinina að halda áfram að hagræða í framleiðslu, vinnslu og dreifingu mjólkurafurða og leitast við að bæta samkeppnisstöðu sína þannig að unnt verði að lækka vöruverð til neytenda. Í þessu sambandi skal einnig vakin athygli á nauðsyn þess að það eigið fé sem bundið er í mjólkurvinnslunni nýtist áfram í greininni án þess að til endurfjármögnunar á mjólkursamlögum komi.

Skuldaaukning margra framleiðenda er áhyggjuefni, en hafa verður í huga að í upphafi þess tímabils sem hér hefur verið skoðað hafði endurnýjun fjárfestinga verið óeðlilega lítil. Sú uppbygging og samþjöppun sem orðið hefur þessi ár hefur kostað sitt og kemur það fram í skuldaaukningunni, enda hefur greinin sjálf borið úreldingarkostnað. Ljóst er að mjólkurframleiðendum muni fækka áfram og að búin muni halda áfram að stækka í viðleitni til að tryggja hagkvæmari og samkeppnishæfari framleiðslu. Gæta verður þess að rekstur og afkomumöguleikar í greininni standi undir fjárfestingum. Í því sambandi telur nefndin æskilegt að þróunin verði með þeim hætti að verð á greiðslumarki fari lækkandi á gildistíma komandi

mjólkursamnings. Telur nefndin æskilegt að könnuð verði áhrif skattalegrar meðferðar viðskipta með greiðslumark á verðmyndun þess.

8.3 Stuðningur við mjólkurframleiðsluna

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að framleiðslutengdum beingreiðslum verði viðhaldið á gildistíma komandi samnings. Gildistími komandi samnings verði nýttur til að undirbyggja þær stefnubreytingar, sem óhjákvæmilegar kunna að verða vegna skuldbindinga samfara alþjóðasamningum. Það er mat nefndarinnar að með þessu móti sé lagður grunnur að lækkandi vöruverði til neytenda þegar horft er til framtíðar.

Til að stuðla að lækkun á verði greiðslumarks telur nefndin koma til greina að nokkur hluti beingreiðslnanna verði greiddur á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki og/eða sem sérstakur óframleiðslutengdur stuðningur, sem uppfyllir skilyrði WTO um grænar greiðslur.

8.4 Framleiðslustjórnun

Með hliðsjón af þeirri greiningu sem fram kemur í kafla 7 hér að framan telur nefndin núverandi kvótakerfi hafa meiri kosti en annmarka, m.a. vegna þess að það tryggir jafnvægi í framleiðslu og sölu og festu í starfsumhverfinu. Því leggur nefndin til að núverandi kvótakerfi verði áfram við lýði á gildistíma komandi mjólkursamnings.

Til þessa hefur ekki verið talin ástæða til að setja hömlur á samþjöppun í greininni, enda hefur sú þróun sem átt hefur sér stað til fækkunar og stækkunar kúabúanna undanfarin ár almennt verið talin jákvæð út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Innan nefndarinnar hafa ýmis sjónarmið verið rædd hvað þetta varðar, m.a. með hliðsjón af þeirri staðreynd að landbúnaður er hornsteinn atvinnu og byggðar víðsvegar um landið og því mikið undir þróun atvinnuvegarins komið. Víða í nágrannalöndum, t.d. innan ESB, er opinber stuðningur við landbúnaðarstarfsemi í vaxandi mæli að færast frá búvöruframleiðslunni sjálfri og að öðrum gildum, s.s. byggð, landnýtingu og umhverfi.

Í ljósi þess að það getur orkað tvímælis að óheft samþjöppun geti átt sér stað í grein sem nýtur jafnmikils opinbers stuðnings og raun ber vitni í tilfelli mjólkurframleiðslunnar komu fram hugmyndir innan nefndarinnar um hámark á þá bústærð sem beinar greiðslur eru greiddar á, þó með þeim hætti að slíkt drægi ekki til skaða úr stærðarhagkvæmni í framleiðslunni. Með þessu móti væri jafnframt verið að koma til móts við kröfur um sjúkdómavarnir, dýravelferð og heilnæmi afurðanna og þar með styrkja ímynd og stöðu framleiðslunnar í samkeppni við erlendar búvörur. Skiptar skoðanir voru þó um ágæti slíkra tillagna, ekki síst í ljósi þeirrar nauðsynjar að tryggja sem mesta hagkvæmni í framleiðslunni svo greinin geti farsællega tekist á við þá vaxandi erlendu samkeppni sem blasir við á komandi árum.

Full ástæða er að nýta gildistíma komandi samnings til að kanna aðra valkosti og hugsanleg áhrif þeirra á þróun greinarinnar, en nefndin telur að svo stöddu ekki forsendur til að hverfa frá því framleiðslustjórnunarfyrirkomulagi sem nú ríkir.

8.5 Verðlagning

Nefndin skilar starfi sínu við þær aðstæður að vegna réttaróvissu (sjá kafla 3.2.1) hefur ekki verið fært að leggja af opinbera verðlagningu á mjólk og mjólkurafurðum á heildsölustigi eins og stefnt hefur verið að. Nefndin telur að áfram beri að stefna að þessu markmiði, en slíkt er m.a. mikilvægur liður í þeirri aðlögun sem nauðsynleg er vegna þeirra skuldbindinga sem yfirstandandi WTO-samningar boða. Nefndin leggur þó áherslu á að óskynsamlegt væri að afnema opinbera verðlagningu við þau skilyrði sem nú ríkja, enda ljóst að það starfsumhverfi sem samningsaðilar gengu út frá að yrði raunin eftir afnám opinberrar verðlagningar verður ekki tryggt nema með lagabreytingum. Áframhaldandi stöðugleiki og fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur á þeirri þróunarbraut sem mjólkurframleiðsla og –vinnsla hefur verið á undanfarin ár og verður að gæta þess að fórna ekki hagræðingarmöguleikum í skipulagi greinarinnar í vaxandi samkeppni við erlendar búvörur. Ennfremur telur nefndin brýnt að í nýjum mjólkursamningi verði mótuð skýr aðhaldsskilyrði fyrir frjálsa verðlagningu, t.a.m. í krafti hagræðingarkröfu á vinnslustöðvar og/eða í gegnum lækkun innflutningstolla og aukningu tollkvóta, en þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi sem stendur vegna ákvæða gildandi mjólkursamnings. Leggur nefndin til í því skyni að gildistími núgildandi mjólkursamnnings verði nýttur til að eyða réttaróvissunni og að nýr samningur kveði á um að eftirlit verði haft með verðlagningu mjólkurafurða og afkomu afurðastöðvanna með möguleikum á inngripum stjórnvalda til að knýja fram hagræðingu í mjólkuriðnaði og stuðla að eðlilegri verðþróun.

8.6 Neytendur

Það er skoðun nefndarinnar að nýr mjólkursamningur á þeim grunni sem lýst er hér að ofan verði vel til þess fallinn að tryggja hagsmuni neytenda og skattgreiðenda á sama tíma og stuðlað er að áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Hagræðingaraðgerðir í mjólkuriðnaðinum hafa skilað umtalsverðum árangri sem að stærri hluta hefur farið til innleggjenda. Til að tryggja samkeppnisstöðu mjólkurvaranna er nauðsynlegt að neytendur njóti í meira mæli þessa ávinnings. Stuðla má að slíkri þróun með þeim aðhaldsskilyrðum sem fjallað er um í kafla 8.5 hér að ofan, og eðlilegt er að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, sbr. núverandi skipan Verðlagsnefndar.

Aðgengilegar hagtölur sem lýsa þróun í íslenskri mjólkurframleiðslu og -vinnslu eru nauðsynleg forsenda bæði fyrir opinni umræðu um stöðu og horfur í greininni svo og fyrir ákvörðunum sem snerta greinina. Komið hefur í ljós við störf nefndarinnar að nauðsynlegt er að bæta upplýsingar um afkomu og stöðu greinarinnar og leggur nefndin til að sérstakt átak verði gert í þeim efnum.

Viðauki 1: Samanburður sömu kúabúa 1998-2002

Skýrsla Hagþjónustu landbúnaðarins, unnin að beiðni nefndarinnar.

INNGANGUR

Í samantekt þeirri, sem hér fer á eftir, er unnið með gögn úr rekstri sérhæfðra kúabúa sem komu til uppgjörs í gagnagrunni búreikninga árin 1998-2002. Um er að ræða samanburð á niðurstöðum rekstrar sömu 31 búanna á tímabilinu. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2002 samkvæmt vísitölu neysluverðs með húsnæði nema annars sé getið.

BÚSTÆRÐ

Líkt og fram kemur í töflu 1 er bústærð í úrtakinu að meðaltali 28 mjólkurkýr við upphaf tímabils (1998) og 31 mjólkurkýr í lok þess (2002). Innlegg í afurðastöð er 111.353 lítrar 1998 samanborið við 140.066 lítra 2002. Greiðslumark er 103.530 lítrar (1998) og 128.934 lítrar (2002). Aukning nemur alls 25.404 lítrum. Innlegg í afurðastöð umfram rétt er 7,5% til 8,5% á tímabilinu. Miðað við innvegið magn í afurðastöð er nyt mjólkurkúa 3.977 lítrar 1998 samanborið við 4.518 lítra 2002; aukning nemur 541 lítrum.

Úrtaksbúin eru með að meðaltali um 20% meira innlegg á ári í afurðastöð á tímabilinu 1998-2002 eða um 123.260 lítra samanborið við meðalinnvigtun á framleiðanda í landinu sem er um 102.644 lítrar á sama árabili. Samanburður við heildarúrtak búreikninga leiðir í ljós að úrtaksbúin eru með að meðaltali u.þ.b. 4% stærra innlegg á ári í afurðastöð [en heildarsafnið]. Líkt og fram kemur í töflu 4 eru úrtaksbúin mjög sérhæfð og er hlutfall tekna af nautgripum um 97% af reglulegri starfsemi (heildarbúgreinatekjum) öll árin.

UMFJÖLLUN

Í rekstraryfirliti (töflu 7) kemur fram að tekjur af reglulegri starfsemi eru um 9,7 milljónir króna 1998 og 11,5 milljónir króna 2002; aukning nemur um 2 milljónum króna eða 19%. Tekjur af nautgripaafurðum aukast hlufallslega um 21% á tímabilinu en aðrar búgreinatekjur dragast saman um 30%. Breytilegur kostnaður hækkar um 23% á tímabilinu en helst nánast óbreyttur í krónutölu á lítra innleggs og er um 31 króna að meðaltali á ári. Aukin framlegð nemur um 1 milljón króna en framlegðarstig lækkar um 1,3 prósentustig (63,6% í 62,3%). Mest munar um auknar tekjur vegna aukins mjólkurinnleggs vegna kaupa á greiðslumarki (öll árin) ásamt auknum tekum af innleggi umfram greiðslumark (þau ár sem greitt er fullt verð fyrir próteinhluta afurðaverðs). Vægi annarra búgreinatekna rýrnar hins vegar á tímabilinu. Hálffastur kostnaður helst óbreyttur að krónutölu (1,9 milljónir króna), en lækkar hlutfallslega deilt á lítra innleggs, úr kr. 17,26 kr/lítra í 13,42 kr/lítra, eða um 22%. Afskriftir eru mjög svipaðar að krónutölu öll árin og eru um 2,2 milljónir króna á ári að meðaltali. Um 2/3 hluti afskrifta eru vegna niðurfærslu greiðslumarks og afskrifta véla. Fjármagnsliðir hækka verulega á tímabilinu eða úr 444 þús. krónum í 1.335 þús krónur (201%). Til skýringar er m.a. að verðbreytingarfærsla[1] er ekki reiknuð eftir árið 2001 en hún hefði mildað hækkun fjármagnsliða á árinu 2002 (sbr. hækkun neysluverðsvísitölu um 4,8% á milli 2001 og 2002). Hins vegar hækka hrein vaxtagjöld úr 565 þús. krónum í 1.380 þús. krónur eða um 144%. Hrein vaxtagjöld

[1] Stofn til verðbreytingarfærslu er mismunur veltufjármuna og skulda.

eru, sem hlutfall af heildarbúgreinatekjum, 5,8% 1998 samanborið við 12% 2002. Aðrar tekjur dragast saman um 31% á tímabilinu (einkum vegna tiltölulega hás söluhagnaðar við upphaf þess). Vægi annarra tekna sem hlutfall af heildartekjum rýrnar þannig úr 6% (1998) í 3% (2002). Hagnaður fyrir laun eigenda helst svipaður að krónutölu öll árin og er að meðaltali í kringum 2,1 milljón króna.

Á efnahagsyfirliti (tafla 8) kemur fram að veltufjármunir aukast úr 1.191 þús. króna (1998) í 1.240 þús. krónur (2002) eða um 4%; veltufjárhlutfall hækkar úr 0,28 í 0,34. Bætt lausafjárstaða (og aðrar inneignir) eru einkum til skýringar. Fastafé búanna rýrnar á tímabilinu úr 16,7 milljónum króna í 15,1 milljónir króna eða um 1,6 milljónir króna (10%). Einkum er til skýringar lækkun matsverðs útihúsa, bústofns og ómetnar framkvæmdir.[2] Skuldir aukast verulega á tímabilinu eða úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna (43%), en hlutfall skammtímaskulda í heildarskuldum[3] lækkar úr 41% (1998) í 25% (2002). Samfara eykst hlutfall langtímaskulda úr 59% (1998) í 75% (2002). Skammtímaskuldir lækka einkum vegna uppgreiðslu víxilskulda en langtímaskuldir aukast einkum vegna aukinnar lántöku hjá Lánasjóði landbúnaðarins (um 3,3 milljónir króna) og vegna aukinna annarra langtímalána (um 1,7 milljónir króna). Höfuðstóll rýrnar á tímabilinu úr 7,6 milljónum króna í 1,6 milljónir króna. Til skýringar eru einkum einkaúttektir umfram getu rekstrar [samkvæmt hagnaði fyrir laun eigenda] til að greiða laun og arð af eigin fé (auk rýrnunar einkaeigna), sem hvorutveggja færist yfir höfuðstól.

NIÐURSTAÐA

Rekstur þeirra kúabúa sem hér eru til skoðunar er mjög sérhæfður, þ.e. um 97% af reglulegri starfsemi (búgreinatekjum) eru af nautgripaafurðum. Meðalinnvigtun í afurðastöð er á bilinu 111-140.000 lítrar á tímabilinu sem er 20% hærra en samsvarandi meðalinnvigtun á landsvísu og um 4% hærri en á sérhæfðum kúabúum í árlegum búreikningauppgjörum. Búin auka við framleiðslurétt sinn að jafnaði um nær 5% á ári á tímabilinu. Innlegg umfram greiðslumark á árinu 2002 ber vott um ónýtta framleiðslugetu sem bendir til þess að frekari kaup á framleiðslurétti séu til þess fallin að skila ávinningi í rekstri.[4]

Niðurstaða rekstrar á tímabilinu er í heild jákvæð. Vergar þáttatekjur[5] aukast um nær 900 þúsund krónur á tímabilinu og gefa skýra mynd af heildarráðstöfunarfé búanna. Breytilegur kostnaður helst hlutfallslega stöðugur og hálffastur kostnaður lækkar hlutfallslega. Framlegð er mjög viðunandi þrátt fyrir marktæka lækkun á framlegðarstigi. Hrein vaxtagjöld hækka hins vegar umtalsvert á tímabilinu og vaxa úr tæplega 6% í 12% sem hlutfall af búgreinatekjum. Yfirlit yfir vergar þáttatekjur sýnir, að nær allri aukningu þeirra er ráðstafað í kostnað vegna fjármagnsliða, en vægi vaxtagreiðslna sem hlutfall af búgreinatekjum eykst úr 8% í 21% á tímabilinu. Fjármagnskostnaður helst í hendur við auknar skuldir sem hækka úr 10 milljónum króna í 14,7 milljónir króna, en heildarskuldir sem hlutfall af búgreinatekjum aukast

---

[2] Leiðrétting vegna fyrnanlegra mannvirkja samkvæmt mati til fasteignaverðs.

[3] Að teknu tilliti til virðisaukaskattsuppgjörs.

[4] Kaup á greiðslumarki og aðrar fjárfestingar þurfa þó ætíð að vera í takt við getu búanna hverju sinni til að standa við skuldbindingar og til að geta staðið straum af framfærslu bóndans og fjölskyldu hans. Í þessu sambandi má geta þess að rannsóknir Hagþjónustu landbúnaðarins gefa vísbendingu um að ávinningur af kaupum á greiðslumarki geti tekið á bilinu 2-5 ár að skila sér að fullu.

[5] Það fé sem búin hafa til ráðstöfunar til skiptingar milli vinnuafls og fjármagns, án tillits til fyrri eða núverandi skuldbindinga.

úr 106% í 128% á tímabilinu. Breyting á samsetningu heildarskulda, þ.e. aukið vægi langtímaskulda er hins vegar jákvæð þróun. Hagnaður fyrir laun eigenda er að mestu stöðugur á tímabilinu og er árlega í kringum 2 milljónir króna.

Höfuðstóll rýrnar umtalsvert og fellur úr 7,4 milljónum króna í 1,6 milljónir króna á tímabilinu. Meginástæða eru úttektir eigenda, sem ár hvert eru hærri en sem nemur hagnaði fyrir laun eigenda (sem er geta búrekstrar til að greiða laun og arð af eigin fé). **Varasamt** er hins vegar að draga ályktun af fjárhæð höfuðstóls til samræmis við það sem almennt gerist í uppgjörum ársreikninga í öðrum atvinnuvegum, vegna þess að á landbúnaðarframtali[6] eru einkatekjur og einkaskuldir lagðar við höfuðstól í árslok, en einkaúttektir, gjöld vegna bifreiða og einkaeignir dregnar frá.

Tafla 1. *Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga; um búin*

UPPLÝSINGAR UM BÚIN	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur	Br. í % 1998-2002
Fjöldi reikninga	31	31	31	31	31	0	0
Fjöldi mjólkurkúa	28	29	30	31	31	3	11
Fjöldi vetrarfóðraða kinda	38	30	33	31	34	-4	-11
Greiðslumark í mjólk, ærgildi	595	641	676	700	741	146	25
Innvegnir mjólkurlítrar í mjólkurstöð	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	28.713	26
Greiðslumark í mjólk, ltr.	103.530	111.314	117.624	121.800	128.934	25.404	25
Innlegg umfram greiðslumark, ltr.	7.823	6.530	1.950	5.653	11.132	3.309	42
Nyt mjólkurkúa skv. innleggi, ltr/kú	3.977	4.064	3.986	4.111	4.518	541	14
Stærð túna, ha	39	41	40	41	41	2	5
Magn heys, FE	142.239	142.276	154.895	166.696	151.316	9.077	6
Skráð mánaðarverk, mánuðir	26	26	25	23	21	-5	-19
Meðalinnv. búreikn.búa: úrtak búa, ltr.	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	-	-
Meðalinnv. búreikn.búa: öll bú[1], ltr	99.249	106.479	115.133	126.939	145.806	-	-
Mismunur, ltr	12.104	11.365	4.441	515	-5.740	-	-
Meðalinnv. á búreikn.bú: úrtak búa, ltr.	111.353	117.844	119.574	127.453	140.066	-	-
Meðalinnv. á framl. á landinu, ltr.[2]	89.212	95.540	100.120	109.120	119.226	-	-
Mismunur, ltr	22.141	22.304	19.454	18.333	20.840	-	-
Verðlagsgrundv.bú: viðmiðun, ltr.	79.443	79.443	79.443	188.000	188.000	-	-

1) Fjöldi sérhæfðra kúabúa í búreikningum árið 1998: alls 225 bú; árið 1999: 194 bú; árið 2000: 206 bú; árið 2001: 168 bú og árið 2002: 119 bú.

2) Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

[6] Þessi uppgjörsaðferð er einnig viðhöfð hjá sjálfstætt starfandi smábátasjómönnum og vörubifreiðastjórum.

Tafla 2 Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga; samantekt upplýsinga úr rekstrarreikningi (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

ÞÆTTIR ÚR REKSTRARYFIRLITUM	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Búgreinatekjur	9.703	10.281	10.400	10.806	11.517	1.813	19
Breytilegur kostnaður	3.536	3.556	3.737	3.845	4.340	804	23
Framlegð	6.167	6.725	6.663	6.961	7.176	1.009	16
Framlegðarstig(%)	63,6	65,4	64,1	64,4	62,3	-1,3	-2
Hálffastur kostnaður	1.922	2.133	2.126	2.123	1.879	-43	-2
Afskriftir	2.192	2.454	2.345	2.365	2.168	-24	-1
Fjármagnsliðir	444	513	792	808	1.335	891	201
Aðrar tekjur	539	345	370	369	369	-170	-31
Hagnaður/(tap) f. laun eigenda	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163	15	1
Hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0	0	0
Reiknuð launagreiðslugeta	2.633	2.537	2.374	2.602	2.708	-	-
Vergar þáttatekjur	5.269	5.504	5.512	5.772	6.211	-	-
[Brúttótekjur] [1] á mj.kú. (kr)	331.000	342.034	332.333	336.290	361.774	-	-
[Brúttótekj.] [2] á innl.mj.l.(kr)	83,23	84,17	83,38	81,79	80,07	-	-

1) Heildartekjur af nautgripum deilt með fjölda mjólkurkúa.
2) Heildartekjur af nautgripum deilt með innvegnu magni mjólkur.

Tafla 3 Sérhæfð kúabú 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga; samantekt upplýsinga úr efnahagsreikningi (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

ÞÆTTIR ÚR EFNAHAGSYFIRLITUM	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur í þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Veltufjármunir	1.191	1.702	1.379	1.394	1.240	49	4
Fastafé	16.734	16.342	1.645	15.830	15.127	-1.606	-10
Eignir alls	17.924	18.044	17.784	17.224	16.367	-1.557	-9
Skammtímaskuldir	4.250	4.411	5.403	5.106	3.645	-605	-14
Langtímaskuldir	6.073	6.750	7.718	7.969	11.099	5.025	83
Skuldir alls	10.323	11.161	13.121	13.075	14.743	4.420	43
Höfuðstóll	7.601	6.883	4.664	4.149	1.624	-5.977	79
Skuldir og höfuðstóll	17.924	18.044	17.784	17.224	16.367	-1.557	-9
Veltufjárhlutfall	0,28	0,39	0,26	0,27	0,34	-	-
Eiginfjárhlutfall	0,42	0,38	0,26	0,24	0,10	-	-
Skuldir sem hlutf. af búgr.tekj. (%)	106	109	126	121	128	-	-

Tafla 4 Rekstrarþættir sem hlutfall af heildartekjum á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga

REKSTRARÞÆTTIR SEM HLUTFALL AF HEILDARTEKJUM	1998	1999	2000	2001	2002
Búgreinatekjur	95	97	97	97	97
Breytilegur kostnaður	35	33	36	35	37
Framlegð	60	65	61	62	60
Hálffastur kostnaður	19	20	20	19	16
Afskriftir	21	23	22	21	18
Fjármagnsliðir	4	5	7	7	11
Aðrar tekjur	5	3	3	3	3
Hagnaður fyrir laun eigenda	21	19	16	18	18

Tafla 5 *Vergar þáttatekjur á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)*

VERGAR ÞÁTTATEKJUR	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur í þús. kr.	Br. í % 1998-2002
Vergar þáttatekjur alls	5.269	5.504	5.512	5.772	6.211	942	18
- þ.a. hagnaður fyrir laun eigenda	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163	15	1
- þ.a. [að]keypt] laun og launat.gjöld	485	568	604	565	545	60	12
- þ.a. afskriftir	2.192	2.454	2.345	2.365	2.168	-24	-1
- þ.a. fjármagnsliðir	444	513	792	808	1.335	891	201
Vergar þáttatekj.; br. milli ára (%)	-	4,5	0,1	4,7	7,6	-	-

Tafla 6 *Fjárfestingar á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr á verðlagi ársins 2002)*

FJÁRFESTINGAR	1998	1999	2000	2001	2002
Fjárfestingar alls	3.394	2.460	3.298	1.825	782
- þ.a. bústofn	180	61	15	14	0
- þ.a. vélar og tæki	1.698	1.337	1.446	918	525
- þ.a. ræktun	0	0	0	22	0
- þ.a. jörð	0	0	364	0	0
- þ.a. byggingar	571	564	412	122	92
- þ.a. greiðslumark	945	497	1.060	748	164
Fjárfestingar, breyting milli ára (%)	-	27,5	34,1	44,7	57,2

Tafla 7 Rekstraryfirlit á sérhæfðum kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

REKSTRARYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur Þús. kr.	Br. í % 1998-2002
1. Búgreinatekjur alls	**9.703**	**10.281**	**10.400**	**10.806**	**11.517**	**1.813**	**19**
- þ.a. af nautgripaafurðum	9.268	9.919	9.970	10.425	11.215		
- þ.a. aðrar búgreinatekjur	434	360	427	380	302		
2. Breytilegur kostnaður alls	**3.536**	**3.556**	**3.737**	**3.845**	**4.340**	**804**	**23**
- þ.a. fóður	973	1.003	1.030	1.193	1.413		
- þ.a. áburður og sáðvörur	627	601	624	485	660		
- þ.a. rekstur búvéla	341	325	403	394	194		
- þ.a. rekstrarvörur	375	417	420	456	725		
- þ.a. þjónusta	1.012	1.037	1.139	1.261	1.349		
3. Framlegð	**6.167**	**6.725**	**6.663**	**6.961**	**7.176**	**1.009**	**16**
Framlegðarstig, (%)	63.6	65.4	64.1	64.4	62.3	-1.3	-2
4. Hálffastur kostnaður	**1.922**	**2.133**	**2.126**	**2.123**	**1.879**	**-43**	**-2**
- þ.a. aðkeypt laun og launt. gjöld	485	568	604	565	545		
- þ.a. viðhald útihúsa	404	327	291	270	296		
- þ.a. vélar og tæki	53	64	62	35	38		
- þ.a. viðhald girðinga o.fl.	66	119	146	140	83		
- þ.a. tryggingar, skattar	156	130	152	159	145		
- þ.a. rafmagn, hitaveita	179	202	184	171	202		
- þ.a. ýmis gjöld	47	45	55	50	69		
- þ.a. annar kostnaður	110	126	136	145	81		
- þ.a. leigugjöld	91	122	99	139	104		
- þ.a. rekstrarkostn. vörubifreiðar	13	41	16	12	26		
- þ.a. rekstrarkostnaður bifreiðar	317	390	379	437	290		
5. Afskriftir	**2.192**	**2.454**	**2.345**	**2.365**	**2.168**	**-24**	**-1**
- þ.a. v útihúsa	522	663	443	463	362		
- þ.a. v ræktunar	35	38	42	36	37		
- þ.a. v véla	963	1.054	978	956	823		
- þ.a. v annarra afskrifta	10	1	2	3	3		
- þ.a. v niðurfærslu greiðslumarks	661	697	881	908	944		
6. Fjármagnsliðir	**444**	**513**	**792**	**808**	**1.335**	**891**	**201**
- þ.a. vaxtatekjur (-)	-27	-35	-46	-45	-45		
- þ.a. vaxtagjöld	565	965	1.193	1.673	1.380		
- þ.a. verðbreytingafærsla (+/-)	-73	-376	-295	-787	0		
7. Aðrar tekjur	**539**	**345**	**370**	**369**	**369**	**-170**	**-31**
- þ.a. söluhagnaður -tap	257	105	127	99	27		
- þ.a. sala greiðslumarks	142	0	0	56	12		
- þ.a. tapaðar viðskiptakröfur	0	0	0	-12	-6		
- þ.a. framleiðslustyrkir (-)	49	128	136	83	182		
- þ.a. ýmsar tekjur	92	112	107	141	155		
8. Hagnaður/(tap) f. laun eigenda	**2.148**	**1.969**	**1.770**	**2.033**	**2.163**	**15**	**1**
9. Hagnaður/(tap) ó-búgreina	**0**	**0**	**0**	**4**	**0**	**0**	**0**

Tafla 8 Efnahagsyfirlit á sérhæfð kúabúum 1998-2002; samanburður sömu búa samkvæmt uppgjöri búreikninga (í þús. kr. á verðlagi ársins 2002)

EFNAHAGSYFIRLIT	1998	1999	2000	2001	2002	Mismunur þús. kr.	Br. í % 1998-2002
10. Veltufjármunir	**1.191**	**1.702**	**1.379**	**1.394**	**1.240**	**49**	**4**
- þ.a. sjóður og bankainnist.	81	258	75	90	421		
- þ.a. kaupfélag	289	372	247	253	118		
- þ.a. viðskiptakröfur	190	226	215	212	463		
- þ.a. verðbréf	-12	56	39	35	11		
- þ.a. aðrar inneignir	435	451	389	442	22		
- þ.a. stofnsjóðir	207	183	213	203	0		
- þ.a. birgðir	0	157	200	159	204		
11. Fastafé	**16.734**	**16.342**	**16.405**	**15.830**	**15.127**	**-1.606**	**-10**
- þ.a. bústofn	4.191	4.502	3.932	3.926	3.785		
- þ.a. vélar og tæki	3.887	3.786	3.998	3.816	3.945		
- þ.a. ræktun	654	638	672	670	706		
- þ.a. útihús	5.197	5.725	5.612	5.269	4.730		
- þ.a. land	321	175	185	186	193		
- þ.a. hlunnindi	56	52	50	47	0		
- þ.a. ómetnar framkvæmdir	671	6	11	4	-392		
- þ.a. framleiðsluréttur	1.718	1.409	1.886	1.835	1.973		
- þ.a. stofnsjóðir	39	50	59	76	188		
12. Eignir alls	**17.924**	**18.044**	**17.784**	**17.224**	**16.367**	**-1.557**	**-9**
13. Skammtímaskuldir	**4.250**	**4.411**	**5.403**	**5.106**	**3.645**	**-605**	**-14**
- þ.a. kaupfélag	536	678	524	413	595		
- þ.a. afurðalán	0	0	0	6	0		
- þ.a. skuldabréfalán	2.532	2.734	3.549	3.696	2.091		
- þ.a. víxillán	650	267	651	267	115		
- þ.a. aðrar skuldir	520	596	532	537	610		
- þ.a. opinber gjöld-bú	0	0	0	24	0		
- þ.a. uppgjör Vsk	11	136	147	163	234		
14. Langtímaskuldir	**6.073**	**6.750**	**7.718**	**7.969**	**11.099**	**5.025**	**83**
- þ.a. Lánasjóður landbún.	4.336	4.654	5.451	5.466	7.690		
- þ.a. önnur langtímalán	1.704	2.066	2.198	2.070	3.409		
- þ.a. Bjargráðasjóður	0	0	69	71	0		
- þ.a. lífeyrissjóðir	34	30	0	361	0		
15. Skuldir alls	**10.323**	**11.161**	**13.121**	**13.075**	**14.743**	**4.420**	**43**
16. Höfuðstóll	**7.601**	**6.883**	**4.664**	**4.149**	**1.624**	**-5.977**	**-79**
- þ.a. höfuðstóll í ársbyrjun	7.533	7.724	7.347	5.640	3.458		
- þ.a. endurmatsreikningur	329	230	-213	252	-83		
- þ.a. hagnaður/(tap) f. laun eig.	2.148	1.969	1.770	2.033	2.163		
- þ.a. laun utan bús	17	23	9	9	17		
- þ.a. laun utan bús- maki	112	71	79	71	10		
- þ.a. hagnaður/(tap) 0-búgreina	0	0	0	4	0		
- þ.a. einkaútgjöld	-2.376	-2.714	-3.680	-3.103	-3.729		
- þ.a. einkatekjur	117	45	110	73	18		
- þ.a. bifreið	-69	-8	-21	5	-160		
- þ.a. einkaeignir	-945	-1.125	-1.521	-1.547	-216		
- þ.a. einkaskuldir	735	668	784	713	145		
17. Skuldir og höfuðstóll	**17.924**	**18.044**	**17.784**	**17.224**	**16.367**	**-1.557**	**-9**

Viðauki 2: Afkoma kúabænda árið 2002

Grein úr tímaritinu Frey 9/2003, bls. 31-34. Greinin er birt með góðfúslegu leyfi höfundar.

Inngangur

Í þessari grein er fjallað um afkomu kúabænda á árinu 2002 með tilliti til þróunar síðustu ára eftir því sem hún birtist í skýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins um uppgjör búreikninga. Einnig er nefnd nokkur atriði sem varða framtíð rekstrarins og líklegar breytingar í rekstrarumhverfinu. Vinnuþáttur bóndans og hans fólks er lítt mældur og verður hver og einn að mynda sér skoðun á því hvað aukið eða minnkað vinnuframlag eigenda vegur í þeim breytingum sem hér eru birtar.

Viðmiðunarbú

Þau gögn sem notuð eru við þessa umfjöllun eru tekin upp úr búreikningaskýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins og birt hér á töfluformi. Ég tók þá ákvörðun að vinna nær eingöngu með gögn frá stærri kúabúum og setti mörkin við 900 ærgildi sem samsvarar 156.500 lítra framleiðslu. Meðalinnlegg þeirra 36 búa sem mynda þennan viðmiðunarhóp fyrir árið 2002 er rétt rúmlega 200.000 lítrar og hefur meðalstærð þessa hóps hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Í einhver skipti vitna ég í önnur gögn en þá er það sérstaklega tekið fram.

Búreikningar Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir árið 2002 eru reyndar ekki sérstaklega vel dreifðir á landið og hefur Norðausturland of mikið vægi og Suðurland of lítið. Annar galli er á gagnagrunni Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir árið 2002 og það er að tölur um bifreiðakostnað vantar í marga reikninga en ég leiðrétti það á þann hátt að halda þeim kostnaði óbreyttum frá fyrra ári. Ástæða er til að ætla að upplýsingar um birgða og bústofnsbreytingar vanti í jafnmarga búreikninga en það skiptir minna máli upp á samanburðinn. Þessum galla í gagnasafninu verður væntanlega kippt í liðinn á næsta ári. Í búreikningaskýrslunni segir einnig (á bls 8) að kaup á fullvirðisrétti hafi dregist saman á milli ára og er þar átt við samanburð sömu búa. Búreikningarnir sjálfir (á bls. 88) sýna hins vegar hækkun á fyrningum fullvirðisréttar milli ára og einnig hækkun á bókfærðu virði fullvirðisréttar og í ljósi þess að um línulega 5 ára fyrningu er að ræða bendir það til þess að upplýsingar um að kaup á fullvirðisrétti hafi dregist saman á milli ára séu rangar. Í viðmiðunargrunninum sem hér fylgir virðast kaup á fullvirðisrétti einnig vera að aukast en hér ber að geta þess að ekki er um samanburð sömu búa að ræða.

Helstu breytingar frá fyrra ári.

Þegar rætt er um afkomu kúabænda á árinu 2002 fer mest fyrir jákvæðum þáttum. Arðsemi rekstrarins virðist hafa aukist þannig að reksturinn skilar nú fleiri krónum til eigenda sinna en árið áður. Nokkur hækkun er á breytilegum kostnaði við búið og reyndar einnig á svokölluðum hálffföstum kostnaði. Vaxtagjöld lækka örlítið en það ekki raunlækkun heldur skýrist sá munur á því að vísitala neysluverðs hækkar minna árið 2002 heldur en árið 2001.

Velta búanna hefur aftur á móti aukist frá fyrra ári þannig að framlegð eykst í krónum þó framlegðarstig lækki. Fjármagnsliðir lækka einnig frá fyrra ári og niðurstaðan er mun meiri hagnaður en árið 2001 en reyndar hefur hagnaður þessara búa lækkað nokkuð frá árinu 1997. Á sama tíma hefur hagnaður fyrir laun, vexti og afskriftir hækkað verulega. Við skoðun á ástæðum þessa kemur í ljós að niðurfærsla

fullvirðisréttar ræður miklu um lækkun hagnaðar og hefur raunveruleg rekstrarafkoma búanna því batnað á þessum tíma. Afkoma þessara bænda er því "ásættanleg" að því leyti að fjármunamyndun rekstrarins dugar fyrir launum eigenda og ríflega það. Ef að viðhaldi á framleiðsluaðstæðum er sinnt sem skyldi innan þessara kostnaðartalna þá er ekki ástæða til að kvarta yfir afkomunni.

Þegar búin eru skoðuð kemur í ljós að framlegð á lítra lækkar lítillega á milli ára en stækkun búanna hefur þau áhrif að um nokkra framlegðaraukningu er að ræða þrátt fyrir það. Þetta leiðir hugann að þeirri áherslu sem ávallt er lögð á samanburð á lítra eða á framleiðslueiningu. Að sönnu auðveldar það mjög samanburð en menn verða alltaf að hafa það á bak við eyrað að það eru heildartölurnar sem skipta máli og það þarf alltaf að skoða þær samhliða hinum.
Sambærilega skekkju gera menn þegar þeir gera framlegð og framlegðarstig að meginatriði í rekstrarumbótum. Að öðrum þáttum óbreyttum er auðvitað gott að auka framlegðina en breyti menn búskaparháttum á einhvern hátt þannig að þeir lækki fastan kostnað en auki breytilegan þá lækkar framlegðin en samt gæti arðsemi rekstrarins aukist. Það hefur nokkuð borið á því í umfjöllun um rekstur og afkomu bænda að einblínt hefur verið á of fáar lykiltölur og heildarsamhengi hlutanna ekki skoðað.

Bú stærri en 156600 lítrar	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Fjöldi búa bak við meðaltal	18	20	18	34	49	36
Fjöldi mjólkurkúa	41	40	41	44	42	43
Innvegnir mjólkurlítrar	167.914	169.453	178.991	198.702	191.019	202.601
Meðalinnlegg á kú	4.070	4.248	4.325	4.482	4.602	4.747
Magn heys í FE	213.884	200.138	208.561	229.207	240.106	241.104
Heildartekjur	**15.272**	**15.533**	**17.052**	**20.003**	**17.713**	**18.565**
Aðrar tekjur	1.019	595	926	1.262	1.218	1.286
Búgreinatekjur	**14.254**	**14.938**	**16.127**	**18.742**	**16.495**	**17.279**
Fóður	1.658	1.728	1.673	1.852	1.822	2.030
Áburður	1.051	1.024	1.098	1.170	942	950
Rekstur búvéla	640	589	540	775	678	309
Rekstrarvörur	627	584	630	580	683	1.086
Þjónusta	1.476	1.745	1.695	2.413	1.886	2.030
BK samtals	**5.452**	**5.671**	**5.637**	**6.790**	**6.011**	**6.404**
Framlegð	**8.801**	**9.267**	**10.490**	**11.951**	**10.484**	**10.875**
Framlegðarstig	**65**	**65**	**68**	**67**	**67**	**63**
Laun og launatengd gjöld	1.189	1.031	1.115	1.198	763	1.014
Viðhald útihúsa	531	421	430	528	379	435
Vélar og tæki	73	119	117	104	79	75
Viðhald girðinga	140	127	143	136	128	200
Tryggingar, skattar	156	221	170	206	193	156
Rafmagn, hitaveita	320	247	305	236	230	223
Ýmis gjöld	71	57	59	85	66	137
Annar kostnaður	120	147	148	191	198	122
Leigugjöld	170	155	227	211	153	58
Vörubifreið	82	63	116	159	98	40
Rekstrarkostnaður bifreiðar	351	331	437	472	491	450
Hálffastur kostn. Samtals	**3.204**	**2.918**	**3.266**	**3.526**	**2.776**	**2.909**
Afskriftir útihúsa	515	575	866	779	623	527
Afskriftir ræktunar	56	69	58	80	56	51
Arskriftir véla	1.365	1.448	1.969	1.908	1.405	1.251
Aðrar afskriftir	10	17	16	7	9	3
Niðurfærsla greiðslumarks	1.040	1.098	1.331	2.687	2.345	2.772
Samtals afskriftir	**2.987**	**3.207**	**4.241**	**5.460**	**4.438**	**4.604**
Vaxtatekjur	-28	-26	-33	-67	-49	-59
Vaxtagjöld	1.399	1.463	1.892	2.809	3.761	3.288
Samtals fjármagnsliðir	**1.371**	**1.437**	**1.858**	**2.742**	**3.712**	**3.229**
Hagnaður tap	**2.258**	**2.300**	**2.051**	**1.486**	**777**	**1.419**
Reiknuð laun eiganda	2.400	2.400	2.400	2.400	2.400	2.400
Hagnaður tap eftir reiknuð laun eig	-142	-100	-349	-914	-1.623	-981
Hagnaður fyrir laun, vexti og afskriftir	7.806	7.975	9.265	10.885	9.689	10.266
Fastafjármunir	23.121	20.924	23.533	31.645	29.685	33.710
...þar af framleiðsluréttur	3.367	2.707	3.296	7.591	7.375	7.424
Veltufjármunir	1.219	1.738	1.849	2.418	1.257	1.191
Eignir alls	**24.340**	**22.661**	**25.382**	**34.063**	**30.941**	**34.900**
Skammtímaskuldir	3.277	3.235	2.620	5.472	3.075	3.265
Langtímaskuldir	15.713	17.287	20.406	27.015	26.931	34.765
Skuldir alls	**18.990**	**20.522**	**23.027**	**32.487**	**30.006**	**38.030**
Höfuðstóll	5.349	2.140	2.355	1.576	936	-3.129
Í hlutfalli af heildarskuldum:						
Fjármagnsgjöld	7,4%	7,1%	8,2%	8,6%	12,5%	8,6%
Í hlutfalli af heildartekjum:						
Hálffastur kostnaður	21,0%	18,8%	19,2%	17,6%	15,7%	15,7%
Breytilegur kostnaður	35,7%	36,5%	33,1%	33,9%	33,9%	34,5%
Afskriftir véla	8,9%	9,3%	11,5%	9,5%	7,9%	6,7%
Afskriftir fullvirðisréttar	6,8%	7,1%	7,8%	13,4%	13,2%	14,9%
Hagnaður fyrir vexti, laun og afskriftir	51,1%	51,3%	54,3%	54,4%	54,7%	55,3%
Skuldir alls	124,3%	132,1%	135,0%	162,4%	169,4%	204,8%
Fjármagnsgjöld	9,2%	9,4%	11,1%	14,0%	21,2%	17,7%

Heimild: Hagþjónusta landbúnaðarins, búreikningar 2002.

Tölur eru í þúsundum króna og allar á verðlagi ársins 2002.

Innri hagræðing

Afskriftir véla og tækja hafa lækkað, rekstur véla og tækja hefur einnig lækkað verulega. Þó fjárfestingar í vélum og tækjum hafi lækkað hafa vaxtagjöld ekki lækkað og námu að meðaltali 3,3 milljónum króna eða 16 krónum á hvern framleiddan lítra af mjólk. Heildarskuldir búanna eru að meðaltali 38 milljónir króna þannig að meðal vaxtahlutfall skuldanna er 8,65%. Hér er um heildarvaxtagjöld að ræða þannig að vístitöluhækkun ársins er innifalin í tölunni.

Eins og fram hefur komið hér framar virðist mest af rekstrarbata kúbænda vera sótt í aukna framleiðslu annars vegar og hins vegar hagræðingu í kostnaði sem flokkast sem fastur eða í það minnsta hálffastur. Það liggur einnig fyrir að framleiðsluaukningin er nokkuð dýru verði keypt þar sem hlutur vaxtagreiðslna á framleiddan lítra mjólkur hefur aukist verulega vegna kaupa á framleiðslurétti. Árið 2002 fóru, eins og áður er sagt, 16 krónur af söluverði hvers lítra mjólkur til greiðslu vaxta og hefur sú fjárhæð tvöfaldast á síðustu 6 árum. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þetta er hærri fjárhæð en samanlagður fóðurkostnaður og áburðarkostnaður en hann telur um það bil 15 krónur á lítra. Einnig er hér um hærri fjárhæð að ræða en fer samtals í svokallaðan hálffastan kostnað svo sem viðhald húsa og véla, greidd laun, bifreiðakostnað, tryggingar og fleira.

Þrátt fyrir þessar tölur er það ljóst að margir bændur hafa samhliða framleiðsluaukningunni styrkt stöðu sína. Sá árangur hefur náðst með því að ýmsir fastir kostnaðarþættir hafa staðið í stað eða jafnvel lækkað þrátt fyrir framleiðsluaukninguna. Ber þar helst að nefna launaþáttinn en greidd laun hafa lækkað síðustu sex ár og ekki einungis sem hlutfall af framleiddum lítra mjólkur heldur heildargreiðsla búsins. Samandregin niðurstaða er að framleiðni vinnuafls hefur aukist og auk þess framleiðni ýmissa fastra þátta, svo sem húsnæðis og véla.

Hugleiðingar um framtíðina.

Ekki verður betur séð á gögnum úr búreikningum en að margir bændur séu að kaupa fullvirðisrétt við of háu verði. Virðast kaupin stýrast af því að ekki sé um annað að gera til þess að tryggja framtíðina og að þeir sem hafi keypt fullvirðisrétt og stækkað sín bú hafi grætt á því og þess vegna sé það skynsamlegt. Með sömu rökum hafa menn reyndar keypt áhættuhlutabréf og jafnvel keðjubréf og ekki fer miklum sögum af hagnaðinum af slíkri múgæsingu.

En hvað er "of hátt" verð? Þar verður reyndar hver að dæma fyrir sig og víst er að aðstæður manna eru misjafnar. Allir muna þegar sagt var að 85 krónur væri of hátt verð, síðan 120 kr., 170 kr., 200 kr. o.s.frv. Nú er síðasta viðskiptaverð á fullvirðisrétti 270 krónur og um það verð er amk hægt að segja að áhættan er mikil að kaupa á svo háu verði og líklegt er að einhvers staðar í búrekstrinum finnist betri fjárfestingarkostir. Fjárfestingu á þessu verði og 9% vöxtum er rúm 11 ár að borga sig upp[7] og er þá miðað við að skattalegt hagræði nýtist að fullu næstu 5 ár eftir kaup kvótans og að öll fjármunamyndun vegna fullvirðisréttarins fari í að greiða niður fjármögnuni jafnóðum og hún myndast. Líklega er í flestum tilfellum betra að greiða niður þær skuldir sem hæsta vexti bera en kaupa fullvirðisrétt á þessu verði. Þess ber þó að geta að trúi menn því að rétturinn haldi verðgildi sínu í þessi 11 ár er fjárfestingin mun arðbærari en hér er nefnt.

[7] Leiðrétting að beiðni höfundar, fjárfestingin er 8-9 ár að borga sig upp.

Áður en lagt úr út í kaup á fullvirðisrétti er rétt að velta vel fyrir sér helstu forsendum framleiðsluaukningarinnar, jafnt ytri forsendum sem eigin rekstraraðstæðum.

Alþjóðasamningar varðandi stuðning við landbúnað benda til þess að stuðningur ríkisins til lækkunar á útsöluverði mjólkurafurða verði ekki eingöngu greiddur til bænda í tengslum við framleitt magn eins og nú er. Afleiðingar þess verða að jafnvel þó ríkisstuðningur við framleiðsluna haldist óbreyttur næstu 10 ár mun vægi fullvirðisréttarins í greiðslunum minnka og verðmæti hans því jafnframt lækka.

Breytilegur kostnaður við framleiðslu á einum lítra af mjólk var 31,6 krónur í fyrra og hefur hækkað lítillega á milli ára. Einhver dæmi eru um að menn reikni breytilega kostnaðinn sem 0 krónur á þeim forsendum að þeir framleiði viðkomandi lítra hvort sem er. Slíkir reikningar eru afar vafasamir því að auðvelt er að stýra framleiðslunni þannig að frávikin frá fullvirðisréttinum verði einungis nokkrar þúsundir lítra og breytilegur kostnaður er sá kostnaður sem beinlínis tengist framleiðslumagni og reynslan sýnir að hann fylgir framleiddu magni mjög vel.

Eru framleiðsluaðstæður fyrir hendi eða mun fastur kostnaður hækka við framleiðsluaukninguna? Flestir þeir liðir sem flokkast undir fastan kostnað verða að einhverju leyti tengdir framleiðslumagni ef tímabilið sem skoðað er er ekki bókhaldsárið heldur 10 eða 20 slík. Aftur á móti hefur mikil hagræðing átt sér stað varðandi fastan kostnað undanfarin ár og líklega eru möguleikar á enn meiri hagræðingu.

Skuldsetning rekstrarins má heldur ekki fara það hátt að aukin verðbólga, lækkun afurðaverðs eða lækkun kvótaverðs og þar með verðmætis þess veðs sem sett er til tryggingar skuldunum setji menn út af laginu. Þá gæti verið betra að fara rólegar af stað og kaupa þó ekki nema fyrir rekstrarafgang ársins á svona háu verði en skuldsetja sig ekki til skaða. Sú stækkun búa sem nú á sér stað um allt land er orsakavaldurinn að háu kvótaverði og sú stækkun verður ekki endalaus og þá mun kvótaverð lækka. Ef afurðaverð lækkar og beingreiðslur lækka þá gerist það samhliða að erfiðara verður að standa við greiðslur og verð á fullvirðisréttinum, og þar með eignunum, lækkar.

Til þess að enda þetta ekki á svona varkárum (neikvæðum) nótum er vert að benda á að þó að fullvirðisrétturinn sé dýr og fjárfestingin í einhverjum tilfellum áhættusöm á þessu verði þá er líklega alltaf arðsamara að kaupa fullvirðisrétt heldur en dráttarvél sem lítil eða engin þörf er fyrir.

Sigurður Eiríksson
Landsráðunautur í rekstrarfræðum

Viðauki 3: Samantekt um rekstur 24 kúabúa árin 1997-2002, breytingar og þróun þeirra samkvæmt SUNNU-verkefninu

Minnisblað
Jóhannes Hr. Símonarson, Runólfur Sigursveinsson og Unnsteinn Eggertsson
Búnaðarsambandi Suðurlands

Hér á eftir koma niðurstöður frá 24 búum sem hafa verið með frá upphafi. Þessi 24 bú voru alls með um 10% innlagðrar mjólkur á Suðurlandi árið 2002.

Bústærð og framleiðslumagn

Eins og sést á tölunum í 1. töflu hefur meðalbúið stækkað umtalsvert og er að meðaltali að leggja inn í afurðastöð um 55% meira mjólkurmagn árið 2002 en árið 1997. Athyglivert er einnig hve innvegið magn hefur aukist á hverja árskú sama tímabil, eða um 25%. Öll búin utan eitt hafa keypt greiðslumark á tímabilinu og nemur aukningin að meðaltali 61.266 ltr. á bú eða 57%.

1. tafla. Bústærð og framleiðslumagn í mjólk (l).

Ár	Innlagt	Greiðslumark	Árskýr	Innlagt / árskú
1997	111.938	107.141	28.5	3.928
1998	121.760	117.353	29.3	4.160
1999	130.998	123.363	29.5	4.441
2000	142.385	144.909	31.3	4.549
2001	156.864	153.665	32.3	4.856
2002	173.884	168.407	35.3	4.914

Tekjur

Til að gera tölurnar samanburðarhæfar milli ára (2. tafla) eru allar tölur uppreiknaðar miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs ársins 2002. Ljóst er að ákveðin breyting hefur átt sér stað árið 1998 m.t.t. framleiðendaverðs á mjólk í samanburði við neysluverðsvísitölu. Árin 2000 til 2002 fer vægi nautgripakjötsins minnkandi og afurðir sauðfjárins skipta æ minna máli er líður á tímabilið. Hafa ber í huga að tekjur á innlagðan lítra árið 2002 eru lægri vegna þess að það ár var töluvert lagt inn umfram greiðslumark, sbr. töflu nr. 1.

2. tafla. Tekjur á innlagðan líter

Ár	Mjólk	Nautgripakjöt	Sauðfé	Aðrar búgr.tekjur	Alls búgr.tekjur	Aðrar tekjur	Samtals
1997	69.8	8.2	2.0	3.4	83.4	4.4	87.8
1998	74.1	9.2	1.9	2.7	87.9	5.8	93.7
1999	75.9	9.5	1.7	1.6	88.7	6.4	95.1
2000	78.4	8.1	1.5	1.0	89.0	9.4	98.4
2001	77.4	7.2	0.6	2.6	87.8	7.8	95.6
2002	76.3	5.5	0.5	1.5	83.8	5.0	88.8

Breytilegur kostnaður

Athygli vekur að kjarnfóðurliðurinn er ekki hærri en raun ber vitni (3. tafla) miðað við þá afurðaaukningu sem á sér stað á hverja árskú á tímabilinu en aukningin er um 1.000 lítrar á árskú. Kemur þar væntanlega til mun betri stýring á kjarnfóðurnotkun síðustu ár og að verð á kjarnfóðri hefur verið hagstætt í hlutfalli við afurðaverð. Áburður og sáðvörur hafa lækkað allnokkuð á tímabilinu svo og rekstur búvéla en þjónustuliðurinn sveiflast nokkuð milli ára. Í þeim lið eru m.a. flutningur á afurðum og aðföngum, þjónusta dýralæknis, búnaðargjöld, sæðingargjöld og fleira.

3. tafla. Breytilegur kostnaður, krónur á innlagðan líter.

Ár	Kjarnfóður	Áburður og sáðvörur	Rekstur búvéla	Rekstrarvörur	Þjónusta	Alls
1997	8,6	7,0	4,9	4,3	9,0	33,8
1998	9,0	7,7	4,4	4,5	10,3	35,9
1999	8,1	6,9	4,1	4,1	10,7	33,9
2000	8,8	6,3	3,9	4,1	10,0	33,1
2001	8,5	5,5	3,7	3,8	10,3	31,8
2002	9,3	5,1	3,9	3,1	9,2	30,6

Niðurstaðan, þegar litið er á breytilega kostnaðinn í heild, er að hann hefur lækkað frá árinu 1998, þegar hann var hæstur, til 2002 um 5,3 krónur á innveginn líter eða um tæp 15%.

Framlegð

Eins og sést í 4. töflu hækkar framlegðin ár frá ári milli áranna 1997 og 2001 hvort sem reiknað er á hvern lítra eða á hverja kú. Árið 2002 er framlegð á hvern innlagðan lítra hins vegar lægri en árið áður. Tvær skýringar eru tiltækar. Önnur skýringin er sú að það ár var meira lagt inn af mjólk umfram greiðslumark en hin árin sem hefur í för með sér að tekjur af mjólk á hvern innlagðan lítra eru lægri það ár miðað við árin á undan. Hin skýringin er sú að vægi nautgripakjöts er mun minna, þ.e. verð til bænda lækkar og framleitt magn dregst saman. Hækkun á framlegð milli áranna 1997 og 2002 nemur 7% miðað við krónur á hvern líter en um 32% hækkun framlegðar á tímabilinu ef miðað er við framlegð á hverja árskú.

4. tafla. Framlegð og framlegðarstig

Ár	Framlegð		Framlegðarstig
	kr/l	kr/árskú	
1997	49,6	196.000	59,7
1998	52,2	215.800	59,4
1999	54,8	244.600	61,8
2000	55,9	257.100	62,8
2001	56,1	272.000	63,9
2002	53,1	258.000	63,4

Hálffastur kostnaður

Hálffasti kostnað-urinn lækkar í heild á tímabilinu eða um 10%. Kostnaðarliðirnir „tryggingar og skattar" og „rafmagn og hiti" að lækka umtalsvert eða um þriðjung.

5. tafla. Hálffastur kostnaður, kr/l.

Ár	Tryggingar og skattar	Rafmagn og hiti	Viðhald útihúsa	Annar kostnaður	Rekstur bifreiðar	Greidd laun o.fl.	Alls
1997	2.5	1.7	2.0	3.2	3.7	4.7	17.8
1998	2.0	1.5	2.3	3.2	3.5	4.7	17.2
1999	1.7	1.3	2.7	2.8	3.8	4.0	16.3
2000	1.7	1.3	3.2	2.9	3.9	3.6	16.6
2001	1.7	1.0	3.6	2.1	3.8	3.0	15.2
2002	1.5	1.1	2.4	3.6	3.6	3.8	16.0

Hlutfall skulda

Ljóst er að skuldir þessara 24 kúabúa hafa aukist umtalsvert eða um helming á tímabilinu, sbr. töflu 6. Hafa ber í huga að á þessu tímabili hafa búin stækkað um 55% sé tekið mið af greiðslumarki auk þess sem þau hafa endurbætt framleiðsluaðstöðu sína. Á þessum árum er verið að taka á uppsöfnuðum vanda vegna framleiðsluaðstöðu en eins og kunnugt er héldu kúabændur mjög að sér höndum varðandi endurbætur á 9. og 10. áratugnum. Ættliðaskipti áttu sér einnig stað á nokkrum þessara búa sem hefur í för með skuldaaukningu.

Samhliða skuldaaukningunni hefur velta búanna aukist ár frá ári og nemur aukningin 57% milli áranna 1997 og 2002. Hlutfall skulda á móti veltu hefur þannig aukist úr 1,40 í 1,71 á tímabilinu eftir að hafa hæst farið í 1,73 árið 2001.

Ljóst er að kúabú eru viðkvæm fyrir breytingum í ytri aðstæðum, s.s. verðbólgu og vaxtastigi sem og breytingum á afurðaverði. Að baki áðurgreindri skuldaaukningu eru að mestu leyti langtímafjárfestingar og með hægu fjármagnsflæði sem er einkennandi í mjólkuframleiðslu/landbúnaði eru fjárfestingarnar töluverðan tíma að borga sig upp og skila hagræðingu.

6. tafla. Hlutfall skulda og veltu.

Ár	Velta	Skuldir	Hlutfall
1997	9.825	13.722	1.40
1998	11.404	15.734	1.38
1999	12.455	20.195	1.62
2000	14.018	23.916	1.71
2001	15.011	26.043	1.73
2002	15.447	26.399	1.71

Unnið 26. nóvember 2003

Viðauki 4. Efnahagsreikningur mjólkursamlaganna 1998 - 2002

Fjárhæðir í milljónum króna

EIGNIR

FASTAFJÁRMUNIR	1998	1999	2000	2001	2002
Varnalegir rekstrarfjármunir					
Fasteignir og lóðir	2.965	2.919	3.146	3.040	2.929
Vélar og tæki	1.265	1.384	1.465	1.696	1.704
	4.229	4.303	4.611	4.736	4.633
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í öðrum félögum	508	458	924	462	467
Skuldabréfaeign	468	597	811	1.208	1.203
	975	1.055	1.735	1.670	1.670
Fastafjármunir	5.205	5.358	6.345	6.406	6.303
VELTUFJÁRMUNIR					
Vörur og hráefni	1.296	1.466	1.350	1.362	1.617
Viðskiptakröfur	906	821	606	995	1.088
Aðrar skammtímakröfur	200	332	678	398	389
Verðbréfaeign	1.033	1.076	682	585	760
Sjóður og bankainnstæður	971	835	519	354	549
Veltufjármunir	4.405	4.530	3.834	3.695	4.403
EIGNIR SAMTALS:	**9.610**	**9.888**	**10.180**	**10.101**	**10.707**

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

EIGIÐ FÉ	1998	1999	2000	2001	2002
Hlutafé, Stofn- og Séreignarsjóður	237	325	746	708	964
Endurmatsreikningur	4.650	4.483	4.442	4.620	4.509
Varasjóður	1.807	1.801	1.796	1.667	1.803
Óráðstafað eigið fé	1.100	1.105	390	303	255
	7.794	7.715	7.374	7.298	7.531
SKULDIR					
Langtímaskuldir					
Eftirlauna- og tekjusk skuldb	119	137	162	149	198
Skuldabréfalán	228	274	178	179	784
Skuld við móðurfélag	0	0	588	547	0
	347	411	928	875	982
Skammtímaskuldir					
Bankalán og afurðalán	494	403	438	482	653
Viðskiptaskuldir	467	670	792	898	1.018
Ýmsar skammtímaskuldir	349	527	445	348	355
Skattar ársins	140	131	122	101	76
Næsta árs afborganir lána	18	33	80	100	90
	1.469	1.762	1.877	1.928	2.193
Skuldir og skuldbindingar	1.816	2.174	2.806	2.803	3.175
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS:	**9.610**	**9.888**	**10.180**	**10.101**	**10.707**

Samantekt þessi er byggð á ársreikningum: Mjólkursamsölunnar, MS Ísfirðinga, MS KÞ, Skagfirðinga, Norðurmjólkur (MSKEA og MSKÞ), MS Vopnfirðinga og Mjólkursamlags Húnamanna
Tölur einahagsreikninga MS KÞ Skagfirðinga árið 2002 og MSKÞ 1999 lágu ekki fyrir og voru fjárhæðir þeirra áætlaðar út frá fyrra ári og breytingum skv. rekstrarreikningum þeirra
Fjárhæðir úr efnahagsreikningi mjólkursamlagsins á Blönduósi í árslok 1998 og Hvammstanga í árslok 1998 og 1999 vantar inn í töfluna þar sem þær lágu ekki fyrir.
Allar fjárhæðir voru framreiknaðar með neysluvísitölu til ársloka 2002 og eru sýndar í milljónum króna

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til breytingar á lögum nr. 99/1993 í kjölfar samnings milli ríkissjóðs og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar. Samningurinn, sem frumvarpið byggist á, gildir frá árinu 2006 til ársins 2012 og felur í sér að stuðningur ríkissjóðs við mjólkurframleiðslu verður rúmir 27 milljarðar kr. á samningstímanum á verðlagi í janúar 2004. Samningurinn felur í sér svipaða upphæð til stuðnings mjólkurframleiðslu bænda og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2004, en þar af er gert ráð fyrir nýju 100 m.kr. framlagi til kynbóta og þróunar. Þá er gert ráð fyrir að á samningstímanum verði hluti af beingreiðslum nýttar í svonefndar gripagreiðslur og í stuðning sem er ekki tengdur framleiðslu. Heildarstuðningur verður þannig alls 4.000 m.kr. fyrsta verðlagsárið, en lækkar ár hvert um 1% og verður í lok samningstímabilsins 3.766 m.kr. miðað við verðlag í janúar 2004.

1678. Lög [569. mál]

um siglingavernd.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1563 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Siglingavernd:* Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd:
   a. *skipavernd:* forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   b. *hafnavernd:* forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
   c. *farmvernd:* forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
2. *Tilnefnt stjórnvald:* Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar í höfnum og skipum.
3. *Hafnaraðstaða:* Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd.
4. *Áhættumat:* Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum.

5. *Verndaráætlun:* Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm.
6. *Verndarfulltrúi:* Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.
7. *Vástig:* Segir til um hvert hættuástandið er þegar beita skal verndarráðstöfunum svo sem nánar er kveðið á um í alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd.
8. *Verndaryfirlýsing:* Samkomulag um siglingavernd milli skipa og hafnaraðstöðu. Í samkomulaginu skal m.a. tilgreina verndarráðstafanir og ábyrgð hvors aðila um sig.

8. gr. hljóðar svo:

Leit.

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um leit í farmi sem tollstjórar annast.

Hægt er að synja þeim mönnum sem neita öryggisleit samkvæmt þessari grein um aðgang að hafnaraðstöðu og skipi sem lög þessi ná yfir.

1679. Frumvarp til laga [974. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000:

a. 2. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

b. Á eftir 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þetta á þó ekki við ef ársvelta markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu á síðastliðnu reikningsári eða eftir atvikum síðastliðnum 12 mánuðum er undir tveimur milljörðum kr. Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð

yfir. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.

b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum 4. mgr. sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.

Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði 4. mgr. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 120 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum laganna innan framangreindra tímamarka skal leyfishafa vera heimilt að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um sölu viðkomandi eignarhlutar. Viðskiptaráðherra skal þá með úrskurði skylda hlutaðeigandi til að selja þann eignarhlut sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum 4. mgr. innan mánaðar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum 4. mgr. ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Samkeppnisstofnun skal láta útvarpsréttarnefnd í té álit skv. 5. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Telji Samkeppnisstofnun að fyrirtæki kunni að vera í markaðsráðandi stöðu skal hún birta því greinargerð um málið sem nefnist frumathugun. Skal þar lýst helstu staðreyndum máls, meginskýringum Samkeppnisstofnunar og helstu niðurstöðum. Aðila skal veittur hæfilegur frestur til andmæla og skriflegra athugasemda og til að koma að gögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um álitsgjöf Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar sætir kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Við gildistöku laganna skulu þeir sem lögin taka til hafa lagað sig að þeim kröfum sem lögin gera, þar á meðal um eignarhald.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla 1. gr. laganna.

1680. Lög [816. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1244.

1681. Svar [980. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um niðurstöðu Samkeppnisstofnunar í máli tryggingafélaganna.

1. *Hver er afstaða ráðherra til þeirra ummæla forsvarsmanna Sjóvár – Almennra og Vátryggingafélags Íslands að hvorki hafi verið tilefni til umfangsmikillar rannsóknar Samkeppnisstofunar á meintu samráði tryggingafélaganna né að sekta þau og að ekki hafi verið um verðsamráð eða samstilltar aðgerðir tryggingafélaganna að ræða?*

Samkvæmt lögum var rannsókn á meintu samráði tryggingafélaga á höndum Samkeppnisstofnunar og kom ekki á borð viðskiptaráðuneytis. Í niðurstöðu samkeppnisyfirvalda kemur fram að tilefni hafi verið til þessarar rannsóknar og nú hefur samkeppnisráð lokið málinu með sátt. Viðskiptaráðherra hefur marglýst því yfir að það sé ekki hlutverk ráðherra að hafa afskipti eða áhrif á efnislega umfjöllun mála hjá samkeppnisyfirvöldum og er því vísað til greinargerðar og ákvörðunar samkeppnisyfirvalda í málinu.

2. *Er ástæða til að ætla að vegna fjárskorts Samkeppnisstofnunar og skorts á mannafla hafi tekið svo langan tíma að fá niðurstöðu í meint samráð tryggingafélaganna?*

Ýmsir samverkandi þættir hafi valdið því hversu langan tíma tók að ljúka þessu máli. Þar var fjárskortur ekki ráðandi þáttur en fram hefur komið að mannaskipti og önnur mál sem höfðu forgang hjá stofnuninni urðu til að seinka lokafrágangi málsins. Að mati stofnunarinnar er svo langur vinnslutími máls bagalegur en slíkt er ekki óþekkt í öðrum ríkjum. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að svo langur dráttur á afgreiðslu mála endurtaki sig ekki hjá stofnuninni.

3. *Telur ráðherra ástæðu til endurskoðunar á samkeppnislögum í ljósi þess að samkeppnisyfirvöld töldu ekki ástæðu til að beita fjársektum við brotum tryggingafélaganna vegna þess hve langan tíma rannsóknin tók?*

Ráðherra telur að ekki sé þörf á lagabreytingu af þessu tilefni.

4. *Hvert er álit ráðherra á því að Samkeppnisstofnun geti ekki sinnt störfum sínum með eðlilegum hætti sökum fjárskorts og mun ráðherra beita sér fyrir auknum framlögum til stofnunarinnar á þessu eða næsta ári?*

Ráðherra hefur margoft ítrekað að Samkeppnisstofnun gegni mjög mikilvægu hlutverki í að standa vörð um frjálsa samkeppni með þjóðarhag að leiðarljósi. Aukin samþjöppun eignarhalds og fækkun fyrirtækja á þjóðhagslegum og mikilvægum mörkuðum gera starf stofnunarinnar sífellt umfangsmeira og flóknara og til hennar eru gerðar æ meiri kröfur. Af

þessum ástæðum þykir nauðsynlegt að efla starfsemi Samkeppnisstofnunar og skal enn áréttað að viðskiptaráðherra hefur beitt sér fyrir auknum framlögum til stofnunarinnar. Þannig hafa fjárveitingar til stofnunarinnar aukist úr 118,7 millj. kr. árið 2000 í 157,3 millj. kr. á fjárlögum ársins 2004. Er þess vænst að vilji sé fyrir því á Alþingi að styðja enn frekar við bakið á stofnuninni.

5. *Hver var kostnaður Samkeppnisstofnunar við rannsóknina í heild og sundurliðað eftir árum?*
6. *Hver var aðkeyptur sérfræðikostnaður við rannsóknina í heild og sundurliðað eftir árum?*

Leitað var upplýsinga frá Samkeppnisstofnun um svör við 5. og 6. spurningu. Kostnaður við rannsóknina í heild og sundurliðað eftir árum var eftirfarandi:

Samkeppnisstofnun:

Tryggingamál, staða 12. maí 2004.
(Allar tölur eru á verðlagi hvers árs.)

Árið	Samkeppnisstofnun kr.	Sérfræðikostnaður kr.	Heildarkostnaður kr.
1997	800.896	67.853	868.749
1998	3.700.899		3.700.899
1999	4.223.156		4.223.156
2000	1.538.802	553.600	2.092.402
2001	4.991.553	1.155.200	6.146.753
2002	4.425.893	117.000	4.542.893
2003	8.281.006	0	8.281.006
2004	1.385.741	750.000	2.135.741
Samtals	**29.347.946**	**2.643.653**	**31.991.599**

1682. Nefndarálit [871. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar lýsir mikilli óánægju með framlagt frumvarp dómsmálaráðherra og undirbúning þess. Staðfest hefur verið frammi fyrir nefndinni að ekkert samráð hafi verið haft við réttarfarsnefnd við samningu frumvarpsins þrátt fyrir að sú nefnd hafi það hlutverk að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um réttarfarsleg málefni. Það eru ekki góð vinnubrögð að ráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á réttarfarslögum án samráðs við nefndina sem í þokkabót vinnur að heildarendurskoðun laganna um meðferð opinberra mála. Ekki var heldur haft samráð við dómstólaráð, Persónuvernd, ríkissaksóknara eða Lögmannafélagið við samningu þessa frumvarps. Þessu vinnulagi dómsmálaráðuneytis mótmælir minni hlutinn

og varar við því að ráðuneyti dómsmála beiti svona vinnubrögðum og geri grundvallarbreytingar á réttarfarslögum án samráðs við helstu sérfræðinga á því sviði sem lögin ná til.

Í framlögðu frumvarpi dómsmálaráðherra birtast með öllu ósættanlegar hugmyndir að mati minni hlutans og er rétt að nefna þær í þessu nefndaráliti. Þar sem frumvarp dómsmálaráðherra felur í sér grundvallarbreytingar á íslensku réttarfari þykir minni hlutanum rétt að taka afstöðu til þeirra ákvæða sem frumvarpið ber með sér þrátt fyrir að breytingartillögur meiri hlutans liggi fyrir.

Minni hlutinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við þær greinar frumvarpsins er lúta að vitnavernd. Fyrst og fremst eru það ákvæðin um heimild til að halda gögnum frá verjanda og ákvæði um símhleranir sem minni hlutinn gerir athugasemdir við.

Í meðferð allsherjarnefndar hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við frumvarpið og hefur meiri hluti nefndarinnar tekið tillit til þeirra að nokkru leyti í sínum breytingartillögum. Að mati minni hlutans eru þær til bóta en eigi að síður treystir minni hlutinn sér ekki til að styðja frumvarpið í heild sinni með vísan til þeirra röksemda sem fram koma í nefndaráliti þessu.

1. og 4. gr. frumvarpsins – heimild til að halda gögnum frá verjanda.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að verjandi skuli jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakbornings. Bera má synjun lögreglu um aðgang að gögnum undir dómara.

Minni hlutinn leggst gegn þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og telur hana ganga allt of langt. Auk þess skortir á málefnalegan rökstuðning fyrir breytingunni, en í athugasemdum með ákvæðinu stendur einfaldlega: „Hér er lögð til breyting á aðgangi verjanda að gögnum máls þannig að lögreglu sé heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að neita sakborningi um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm.“

Minni hlutinn telur þetta ekki vera fullnægjandi rök fyrir svo veigamikilli breytingu sem gerir ráð fyrir að hægt sé að halda gögnum frá verjanda ótímabundið. Að auki er gengið óþarflega langt þegar lögreglunni er gefið „nokkurt svigrúm“ til að meta þörfina á slíkri neitun.

Fram hafa komið trúverðugar athugasemdir um að slíkt ótímabundið bann standist ekki mannréttindasáttmála Evrópu í ljósi dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins. Réttarfarsnefnd telur að ákvæði frumvarpsins gangi of langt í skerða réttindi verjanda og skjólstæðinga hans. Einnig telur hún breytinguna ekki nægilega vel rökstudda. Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið réttarfarsnefndar. Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggst einnig gegn þessu ákvæði og telur engin efnisleg rök hafi verið færð fyrir slíkri þrengingu frá núverandi réttarástandi sem jafnframt felur í sér frávik frá hinni ólögfestu jafnræðisreglu opinbers réttarfars. Mannréttindaskrifstofa Íslands leggst gegn breytingunni og telur hana vera óviðunandi skerðingu á möguleikum verjanda til að undirbúa málsvörn og á jafnræði málsaðila fyrir dómstólum.

Minni hlutinn telur að ekki hafi komið fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir þessu ákvæði frumvarpsins og telur það fara í bága við mannréttindasáttmála Evrópu ef það yrði samþykkt óbreytt. Með samþykkt slíkrar tillögu er meðalhófsregla íslenskra laga auk þess brotin. Með breytingartillögu meiri hlutans er að nokkru komið til móts við þá gagnrýni sem

fram hefur komið á þessa grein frumvarpsins. Minni hlutinn telur breytingartillögurnar til bóta þótt ekki séu þær nægjanlegt tilefni fyrir minni hlutann til þess að geta stutt málið. Algjört samráðsleysi við réttarfarsnefnd við samningu frumvarpsins ásamt þeirri staðreynd að réttarfarsnefnd er að vinna að heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála gerir það að verkum að minni hlutinn mun ekki styðja málið í heild sinni þrátt fyrir virðingarverða viðleitni til þess að laga vont frumvarp.

Rétt er að taka fram að í breytingartillögum meiri hlutans er að finna þrengingu á rétti verjanda til að fá endurrit af einstökum skjölum á meðan rannsókn máls stendur. Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans getur lögregla neitað verjanda um endurrit á einstökum skjölum ótímabundið. Slíkt er ekki hægt samkvæmt gildandi lögum. Þótt breytingartillögur meiri hlutans tryggi að verjandi geti fengið aðgang að gögnum málsins innan þriggja vikna, og eftir atvikum innan fimm vikna, gilda engir tímafrestir á neitun lögreglu á rétti verjandi til að fá endurrit af einstökum skjölum. Minni hlutinn telur að svona breytingu þurfi að rökstyðja sérstaklega sem ekki hefur verið gert á fullnægjandi hátt.

6. gr. frumvarpsins – heimild til símhlerana án dómsúrskurðar.

Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum geti handhafi ákæruvalds ákveðið að aðgerðir skv. 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. Nú kemst dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv. 86. gr. og skal hann þá senda tilkynningu um það til dómsmálaráðherra.

Minni hlutinn hafnar algjörlega þessu ákvæði frumvarpsins og telur það fara í bága við mikilvæga grundvallareglu um að símhlerun skuli ekki vera leyfileg án dómsúrskurðar.

Þegar lögunum var breytt 1999, eða fyrir aðeins fimm árum, kom eftirfarandi fram í athugasemdum þess stjórnarfrumvarps: „Lagt er til að sú breyting verði gerð á 1. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála að lögregla og aðrir rannsóknaraðilar þurfi framvegis undantekningalaust að afla dómsúrskurðar til þess að hlera síma og önnur fjarskiptatæki og þar með taka upp símtöl og önnur fjarskipti í þágu rannsóknar opinbers máls án þess að þeir sem í hlut eiga viti af því, sbr. a-lið 86. gr. laganna.“

Síðan segir: „Þar eð aðgerðir sem þessar hafa í för sér mjög verulega skerðingu á friðhelgi einkalífs, sem m.a. er lýst friðheilagt í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er eðlilegt að dómsúrskurð þurfi jafnan til þeirra til þess að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar.“

Nú fimm árum síðar hefur nýr ráðherra tekið við í dómsmálaráðuneytinu og í kjölfar þess hefur viðhorfið gjörbreyst. Nú eru þær hugmyndir á kreiki í ráðuneytinu að rétt sé að heimila hleranir án dómsúrskurðar. Það er alvarlegt mál sem veldur óneitanlega áhyggjum, þrátt fyrir að meiri hlutinn reyni að sníða af stærstu vankantana.

Réttarfarsnefnd leggst gegn umræddri breytingu og telur að veigamikil rök þurfi til að réttlæta slíka breytingu á lögunum eins og hér um ræðir. Dómstólaráð leggst einnig gegn samþykkt þessa ákvæðis en á fundum nefndarinnar kom fram í máli fulltrúa dómstólaráðs að yfirleitt væri hægt að fá dómsúrskurð fljótlega eftir að slík beiðni hefur verið lögð fram. Í máli fulltrúa ráðsins kom fram að í nánast öllum tilvikum væri slíkur úrskurður veittur innan klukkustundar frá því að beiðni kom fram. Persónuvernd leggst eindregið gegn samþykkt ákvæðisins og telur það gera ráð fyrir mikilli skerðingu á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Bent er á að íslenska dómskerfið sé eitt það skilvirkasta í heimi og því þurfi að færa brýn rök fyrir umræddum breytingum. Að auki leggst laganefnd Lögmannafélags

Íslands gegn samþykkt lagaákvæðisins og telur að það þurfi brýn efnisleg rök fyrir slíkri breytingu sem ekki hafa komið fram. Mannréttindaskrifstofa Ísland leggst eindregið gegn þessu ákvæði og telur að hér væri farið út á afar hættulega braut og gengið býsna langt í að skerða persónufrelsi manna sem kveðið væri á um í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Minni hlutinn varar eindregið við því að slík ákvæði séu leidd í íslensk lög og furðar sig á því að ríkisstjórnarflokkarnir skuli hafa afgreitt jafnalvarlegt mál út úr þingflokkum sínum. Dómsúrskurður verður ávallt að vera forsenda aðgerða á borð við símhleranir, enda fela þær í sér verulega ógn við friðhelgi einkalífs. Í ljósi þess að ekki tekur lengri tíma að jafnaði en um eina klukkustund að fá slíkan úrskurð verður ekki annað séð en að unað verði við það að hafa slíkan öryggisventil.

Breytingartillögur meiri hlutans eru til bóta hvað símhlerunarákvæðið varðar enda er þar gert ráð fyrir að dómsúrskurður verði ætíð forsenda símhlerunar. Ánægjulegt er að meiri hlutinn hafi áttað sig á hversu langt frumvarp ráðherra gekk í þessum efnum og í bága við grundvallarréttindi borgaranna. Í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að dómsúrskurður um símhlerun verði bundinn við síma í umráðum eða eigu ákveðins einstaklings í stað ákveðins símanúmers eins og er í gildandi lögum. Með því að fara þá leið að binda ákvörðun um símhlerun við ákveðinn einstaklings í stað þess að miða hann við símtæki er komið til móts við kröfur lögreglu án þess að fyrir borð sé borin krafan um dómsúrskurð sem undanfara hlerunarheimildar. Þrátt fyrir að þessi betrumbót hafi verið gerð á ákvæðinu lýsir minni hlutinn þó yfir áhyggjum sínum af augljósum vandkvæðum við framkvæmd slíkra hlerana þar sem heimildin yrði bundin við einstakling en ekki símanúmer.

Vinnubrögð fordæmd.

Minni hlutinn furðar sig á því að ráðherra skuli láta sér detta í hug að leggja fram á Alþingi jafnilla unnið frumvarp og þetta sem lýtur að skerðingu á grundvallarréttindum borgaranna. Enn furðulegra er að þingflokkar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins skuli hafa samþykkt framlagningu þess og þá um leið lagt blessun sína á meginefnisatriði þess.

Það eru ekki góðir lagasetningarhættir í lýðræðisríki að dómsmálaráðherra taki upp á sitt einsdæmi upp á því að semja frumvarp sem varðar grundvallarréttindi borgaranna án þess að vandað sé til alls undirbúnings og leitað bestu sérfræðiráðgjafar sem völ er á eins og venja er þegar breytingar eru gerðar á þessum mikilvæga lagabálki. Með því að ganga fram hjá réttarfarsnefnd við samningu frumvarpsins sýnir dómsmálaráðherra gerræði sem er ólíðandi. Afleiðingar svo óvandaðra vinnubragða við lagasetningu eru algerlega á ábyrgð meiri hlutans.

Breytingartillögur meiri hlutans á þessu frumvarpi eru til bóta enda frumvarpið óvenjuslæmt. Minni hlutinn mun hins vegar ekki styðja frumvarpið í heild sinni þegar það kemur til afgreiðslu í þinginu, m.a. með vísan til slæmra vinnubragða við samningu þess, algjörs samráðsleysis við lykilaðila og sérfræðinga og takmarkaðs rökstuðnings í athugasemdum með frumvarpinu. Minni hlutinn telur auk þess ekki forsvaranlegt að gerðar séu slíkar grundvallarbreytingar á lögum um meðferð opinberra mála þegar von er á að heildarendurskoðun réttarfarsnefndar á lögunum ljúki eftir nokkra mánuði.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 15. maí 2004.

Ágúst Ólafur Ágústsson, frsm.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Sigurjón Þórðarson.

1683. Nefndarálit [484. mál]

um till. til þál. um úttekt á stöðu íslenskra farskipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Briem frá Sambandi íslenskra farskipa, Pálmar Óla Magnússon frá Samskipum, Steinþór Ólafsson og Guðmund Kjærnested frá Atlantsskipum og Hauk Ó. Stefánsson og Höskuld H. Ólafsson frá Eimskip.

Skriflegar umsagnir um málið bárust frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Eldingu, Olíudreifingu og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Þá var nefndinni afhent, á fundi 25. mars sl., yfirlýsing frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Nemendafélagi Stýrimannaskólans í Reykjavík, Nemendafélagi Vélskóla Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur og Vélstjórafélagi Íslands um aðgerðir til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra kaupskipaútgerða. Yfirlýsingunni er beint til ríkisstjórnarinnar og samgöngunefndar Alþingis og er hún dagsett 11. febrúar 2004. Í yfirlýsingunni lýsa þeir aðilar sem skrifa undir hana áhyggjum af þeirri einangrun sem Ísland hefur stefnt í á sviði viðskipta, siglinga og þekkingar hvað varðar kaupskipaútgerð. Segir þetta nokkuð um þá hagsmuni sem hér eru í húfi og mikilvægi þess að snúið sé við þeirri þróun sem orðið hefur hérlendis undanfarin ár.

Í tillögunni er lagt til að fjármálaráðherra verði falið að skipa fimm manna nefnd til að kanna, m.a. með tilliti til hvað aðrar þjóðir hafa gert, hvernig breyta megi skattareglum og öðrum reglum sem lúta að útgerð farskipa þannig að íslenskar útgerðir sjái sér hag í að sigla skipum sínum undir íslenskum fána með íslenskar áhafnir.

Þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar lýstu sig fylgjandi meginefni tillögunnar. Gestirnir töldu sérstaklega mikilvægt að í vinnslu málsins verði skoðaðar reglur annarra þjóða sem taldar eru standa framarlega í þessum málum og að rétt sé að stefna að því að gera rekstrarumhverfi farskipaútgerða svo hagstætt hér á landi að það geti orðið freistandi fyrir innlenda og erlenda aðila að eiga og reka farskip á Íslandi. Hvað varðar greinargerð með tillögunni töldu sumir gestanna að þar væri ekki tekið tillit til þess að skip íslenskra farskipaútgerða eru að hluta mönnuð íslenskum áhöfnum og lýstu fyrir nefndinni hvernig mönnun þeirra skipa er háttað.

Á undanförnum árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé sem best og að það verði líkt því sem er í nágrannalöndum og þannig stuðlað að fjölgun

starfa. Nærtækt dæmi um hvað lög og reglur geta ráðið miklu um eflingu starfa sem tengjast farskipum er fjölgun farskipa skráðra í Færeyjum eftir að reglum var breytt þar.

Nefndin vekur athygli á að í tillögunni er lagt til að kannað sé hvort tveggja, flöggun farskipa íslenskra útgerða og mönnun þeirra með íslenskum áhöfnum. Vegna þessa getur málið fallið undir verksvið fleiri en eins ráðuneytis og leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk þessu áliti.

Alþingi, 6. maí 2004.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Guðjón Hjörleifsson.	Birkir J. Jónsson.	Einar Már Sigurðarson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Jóhann Ársælsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1684. Svar [732. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um átröskun.

1. Hversu margir hafa greinst hér á landi með átröskun: lotugræðgi og lystarstol?

Ekki er vitað um heildarfjölda þeirra sem veikst hafa af átröskun á Íslandi á liðnum árum. Átröskunarteymi geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss skilaði hins vegar skýrslu um átraskanir til heilbrigðisráðherra í árslok 2003. Sú skýrsla var unnin fyrir tilstilli landlæknisembættisins. Þar kemur fram að í Vestur-Evrópu og Bandaríkjum Norður-Ameríku er áætluð tíðni átta ný tilfelli lystarstols og tólf ný tilfelli lotugræðgi á ári á hverja 100 þúsund íbúa. Sé reiknað með að tíðni sé svipuð hér á landi svarar það til 24 nýrra sjúkdómstilfella af lystarstoli árlega og 36 tilfella af lotugræðgi. Innlagnir á geðdeildir Landspítala og BUGL á árabilinu 1987–1991 reyndust vera 19 talsins en 45 á tímabilinu 1997–2001 vegna þessara sjúkdóma.

2. Hvernig skiptist hópurinn eftir aldri og kyni?

Þeir sem veikjast af átröskun eru fyrst og fremst ungar konur á aldrinum 15–24 ára. Þess ber þó að geta að bæði yngri og eldri einstaklingar hafa í auknum mæli greinst með þennan sjúkdóm. Yngsti einstaklingur sem komið hefur á BUGL með lystarstol var 10 ára. Átröskunartilfellum hjá þeim sem eru eldri, þ.e. 28–50 ára, hefur einnig fjölgað á allra síðustu árum. Um einn af hverjum 20 lystarstolssjúklingum er drengur.

Auk þessara er mikill fjöldi einstaklinga með vægari form átröskunar og a.m.k. 4–8% unglinga hafa prófað að framkalla uppköst til að létta sig. Erlendar rannsóknir benda til að megrun sé oftast undanfari átröskunar þó að fleiri áhættuþættir komi þar við sögu. Má þar nefna kröfur um nettan líkamsvöxt, t.d. í tengslum við fimleika, dans eða fyrirsætustörf, erfðir og andleg áföll (skilnað, hvers kyns misnotkun, ofbeldi og tíða flutninga). Stúlkum

sem fara í megrun er átta sinnum hættara við að þróa með sér átröskunarsjúkdóm en þeim sem ekki fara í megrun.

3. Hvaða meðferðarúrræði eru í boði fyrir þá sem greinst hafa?

Helstu úrræði eru eftirfarandi:

A. Göngudeild BUGL býður upp á þverfaglega vinnu með börn sem hafa greinst með átröskun. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl þar sem unnið er með sjálfsmynd einstaklingsins og ábyrgð hans á eigin lífi. Einnig er boðið upp á slökun, næringarráðgjöf, iðjuþjálfun og hópvinnu með öðrum sem hafa átt við sömu vandamál að stríða. Þá er einnig boðið upp á ferðir sem eiga að hjálpa einstaklingnum að víkka út sjóndeildarhringinn og fá áhuga á heilbrigðu líferni, sem og fjölskylduviðtöl þar sem rætt er um sjúkdóminn og foreldrar studdir til að takast á við erfiðan sjúkdóm og vera meðvitaðir um áhrif sjúkdómsins á innbyrðis samband sitt og foreldrahlutverk. Rætt er um viðbrögð systkina gagnvart þeim sjúka sem tekur óneitanlega mikið rými á meðan á sjúkdómnum stendur. Gripið er til innlagna á legudeildir ef þurfa þykir en þeim hefur heldur fækkað þar sem göngudeildin hefur getað sinnt málaflokknum betur með þverfaglegu inngripi.

B. Geðdeild LSH hefur boðið upp á göngudeildarviðtöl hjá þverfaglegu teymi sem sérhæft hefur sig í átröskunum. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, næringarráðgjöf, hópvinnu, aðstandendanámskeið og fjölskylduvinnu. Innlagnir á deild 33C á LSH hafa verið í boði þegar meðferð á göngudeild hefur ekki nægt. Deild 33C er móttökudeild og á að sinna bráðveikum einstaklingum. Tveir til fjórir einstaklingar með átraskanir hafa verið inniliggjandi á hverjum tíma og hefur meðferðartími þeirra oft verið langur. Bráðamóttaka geðdeildar hefur hjúkrunarfræðing með sérþekkingu á átröskun og er nýjum málum vísað til hennar til uppvinnslu.

C. Einstaklingar sem hafa verið með átröskun og lent í áfengis- og vímuefnamisnotkun hafa einnig fengið þjónustu frá áfengisdeildum LSH eða SÁÁ.

D. Geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur tekið við fólki með átraskanir og unnið á svipaðan hátt og geðdeild LSH.

E. Sjálfstætt starfandi sálfræðingar og hjúkrunarfræðingur með sálgreiningarmenntun hafa einnig sinnt þessum hópi á stofum, stundum í samvinnu við innlagningardeildir sjúkrahúsanna.

4. Hvaða fræðsla eða forvarnastarf hefur verið sett í gang vegna þessara sjúkdóma?

Þverfaglega teymið á BUGL hefur verið með fræðslu fyrir skólahjúkrunarfræðinga og aðra í heilsugæslunni og einnig fyrir foreldrasamtök í skólum. Þá hefur það verið með fræðslu í nokkrum framhaldsskólum. Töluvert er um að hringt sé til BUGL utan af landi og hefur teymið þá verið foreldrum og fagfólki innan handar um leiðbeiningar og uppsetningu á meðferðaráætlunum fyrir sjúklingana og aðstandendur þeirra.

Landlæknisembættið hefur fjallað um átraskanir, m.a. með greinaskrifum, svarað fyrirspurnum frá foreldrum og fengið sérfræðinga til að fjalla um átraskanir, m.a. í þættinum Samfélagið í nærmynd í Ríkisútvarpinu og á fræðslufundi hjá starfshópnum Náum áttum.

Verkefnið „Þjóð gegn þunglyndi“ sem landlæknisembættið stendur fyrir tekur einnig til átraskana. Algengt er að þeir sem fá átraskanir þjáist af kvíða, þráhyggju og þunglyndi og sumir hafa verið svo langt leiddir að þeir hafa tekið líf sitt eða gert sjálfsvígstilraun. Námskeið fyrir fagfólk innan heilsugæslunnar, hjá félagsþjónustu, lögreglu, skólum og fyrir presta hafa þegar verið haldin um allt land og nú er verið að undirbúa 18 námskeið á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Á námskeiðunum er fjallað um þunglyndi, orsök þess og afleiðingu og

hvaða meðferðarúrræði eru í boði, sem og sjálfsvígsforvarnir. Á vegum landlæknisembættisins er einnig verið að undirbúa meiri fræðslu fyrir almenning .

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar og hjúkrunarfræðingar hafa sinnt fræðslu fyrir foreldrasamtök, námsráðgjafa og kennara, bæði í skólum og með greinaskrifum.

Þá má ekki gleyma þeirri starfsemi sem fer fram á vegum Spegilsins. Spegillinn, samtök aðstandenda átröskunarsjúklinga sem stofnuð voru haustið 2002, hefur boðið mikilvæga aðstoð við þá sem þjást af þessum sjúkdómum og aðstandendur þeirra, m.a. með símaráðgjöf, fundum og fræðslu.

Landlæknisembættið vinnur áfram að því að auka og efla fræðslu um þennan málaflokk, auk þess sem til skoðunar er að gera sérstakar klíníska leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsfólk um þennan vanda. Þá hefur ráðuneytið unnið að frekari útfærslu þeirra tillagna sem vinnuhópur landlæknisembættisins lagði fram.

1685. Svar [982. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um upptöku gerða í EES-samninginn.

1. *Hafa Norðmenn nýtt stjórnarskrárákvæði um aukinn meiri hluta við innleiðingu þeirra gerða sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í sameiginlegu EES-nefndinni, eftir að hún var sett á fót? Ef svo er, hve margar gerðir voru taldar þurfa aukinn meiri hluta og hverjar eru þær?*

Í 93. gr. stjórnarskrár Noregs er að finna heimild til framsals ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Slíkt framsal krefst ¾ hluta atkvæða í norska Stórþinginu. Samkvæmt upplýsingum þaðan hefur aldrei reynt á þetta ákvæði, hvorki við afgreiðslu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar né annarra milliríkjasamninga sem Noregur hefur gerst aðili að.

2. *Ef um slíkar gerðir er að ræða, hver var afstaða íslenskra stjórnvalda til upptöku þeirra og á hvaða lagagrunni var byggt? Er ástæða til þess að ætla að óvissa sé um lagastoð þessara gerða, þar sem engin ákvæði eru í íslensku stjórnarskránni sambærileg við hin norsku? Ef svo er, hvaða afleiðingar getur það haft?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið eru þess ekki dæmi að samþykki ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi kallað á þá málsmeðferð sem 93. gr. stjórnarskrár Noregs mælir fyrir um. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Fer um samþykki þeirra skv. 21. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Undanfarin ár hefur meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem kalla á lagabreytingar hér á landi því verið færð til samræmis við almenna meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar á þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem kalla á lagabreytingar. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar. Samhliða undirbýr viðkomandi ráðuneyti nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga til að laga megi íslenska löggjöf að þeim skuldbindingum sem leiðir af ákvörðuninni. Er það í samræmi við þá reglu íslensks réttar (hina svonefndu tvíeðliskenningu) að þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur gengist undir binda aðeins ríkið sjálft en ekki stofnanir þess eða einkaaðila. Þarf Alþingi því að samþykkja breytingar á innlendum lögum til að beita megi þeim reglum sem leiðir af umræddri þjóðréttarskuldbindingu gagnvart innlendum aðilum. Með hliðsjón af

framangreindu verður ekki talið að þetta vinnulag leiði til lagalegrar óvissu, enda samræmist það að fullu stjórnarskránni og þeim stjórnskipunarvenjum sem skapast hafa hér á landi.

1686. Svar [985. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ráðherrayfirlýsingu Evrópuráðsins um setningu reglna gegn spillingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Tekur ráðherra undir tilmæli ráðherrafundar Evrópuráðsins frá apríl 2003 þar sem lagt er til að ríki tryggi að framlög til stjórnmálaflokka séu opinber, sérstaklega framlög umfram tiltekna lágmarksfjárhæð, og setji þak á einstakar greiðslur til stjórnmálaflokka? Ef ekki, hver er ástæða þess?

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins, Rec. (2003) 4, um setningu reglna gegn spillingu við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu, voru samþykkt á fundi nefndarinnar 8. apríl 2003. Tilmælin eru svar ráðherranefndarinnar við tilmælum þings Evrópuráðsins nr. 1516 (2001) frá 22. maí 2001.

Tilmælin voru afar umdeild í umræðum í ráðherranefndinni og undirnefndum hennar. Tilmæli þings og ráðherranefndar Evrópuráðins verður að skoða í ljósi fjölgunar aðildarríkja Evrópuráðsins á undanförnum árum. Stjórnmálaleg og efnahagsleg spilling hefur verið landlæg í mörgum hinna nýju aðildarríkja Evrópuráðsins. Tilmælunum er ætlað að bregðast við þeim vandamálum sem spilling hefur skapað í þessum ríkjum og styrkja um leið réttarríkið og lýðræðislega þróun þeirra.

Við samþykkt tilmælanna fluttu Norðurlönd sameiginlega yfirlýsingu í ráðherranefndinni þar sem gerð var grein fyrir afstöðu þeirra. Í yfirlýsingunni tóku Norðurlöndin undir markmið tilmælanna en þau væru þó þess eðlis að ríkin hefðu setið hjá ef til atkvæðagreiðslu hefði komið. Enda þótt ýmis ákvæði tilmælanna geti verið gagnleg undir vissum kringumstæðum séu þau ekki algild. Norðurlönd töldu að ekki væri tekið tillit til þess að gildandi lög, lýðræðishefðir og gagnsæi í norrænum stjórnmálum væru sambærileg þeim aðgerðum sem tilmælunum væri ætlað að ná til. Tilmælin væru ekki nægjanlega heildstæð og tækju ekki tillit til hinna lýðræðislegu þátta sem kæmu í veg fyrir stjórnmálalega og efnahagslega spillingu. Sérstaklega var vísað til reglna um gagnsæi og hlutverk óháðra fjölmiðla. Aftur á móti töldu Norðurlönd brýnt að stuðla að opinni umræðu og lýðræðislegri þróun í nýju aðildarríkjunum og vildu því ekki standa gegn samþykkt tilmælanna.

Það má því ljóst vera að hvorki eru fyrir því knýjandi ástæður að settar verði sérstakar reglur gegn spillingu við fjármögnun stjórnmálaflokka og kosningabaráttu hér á landi á grundvelli tilmæla ráðherranefndarinnar né heldur að tilmælin sjálf gefi sérstakt tilefni til slíkrar regluskipanar.

1687. Svar [920. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um atvinnumál fatlaðra.

1. Hver er stefna ráðherra í atvinnumálum fatlaðra?

Stefnan byggist á hugmyndafræði laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og er markmið þeirra að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna. Í lögunum eru kynntar áherslur sem miða að því að auka möguleika fatlaðra til starfa á almennum vinnumarkaði.

Einnig er lögð áhersla á þann anda laganna að megináherslur í atvinnumálum fatlaðra skuli vera á notkun almennra úrræða í stað sértækra sé þess nokkur kostur.

Úrræðin sem hér um ræðir hafa einkum verið atvinnuleit, starfsráðgjöf, starfsprófun og starfsþjálfun á almennum vinnustöðum auk atvinnu með stuðningi. Einnig er brýnt að úrræði sem beinast að því að gera samninga um hlutdeildargreiðslu kostnaðar við fyrirtæki verði notuð í meira mæli en nú er. Þá er brýnt að samstarfsmenn fatlaðra fái leiðbeiningar og ráðgjöf um fatlanir og eðli þeirra þannig að fatlaðir geti orðið að fullu þátttakendur í samfélaginu.

Framtíðarsýnin er að fötluðum verði sköpuð tækifæri til starfa við verðug verkefni sem eru til þess fallin að styrkja frelsi, jafnrétti, öryggi og mannlega reisn.

Um þessar mundir er að hefjast vinna við stefnumótun í málefnum fatlaðra í þeim verkefnaflokkum sem tilheyra félagsmálaráðuneytinu. Einn þessara verkefnaflokka eru málefni fullorðinna sem eru fatlaðir. Þessi flokkur greinist í tvo undirflokka, búsetumál og atvinnumál, og er gert ráð fyrir að sérstakur hópur vinni að því að móta þessa stefnu. Víðtækt samráð verður haft við hagsmunaaðila þannig að breið samstaða náist um framtíðarsýn ásamt meginmarkmiðum og leiðum.

Í slíkri stefnumótun er brýnt að skoðuð verði m.a. eftirfarandi atriði:

1. Skýr stefna í atvinnumálum fatlaðra til næstu tólf ára þar sem skilgreindir yrðu sex tveggja ára áfangar með mati á framvindu.
2. Þróun vinnumarkaðarins og þátttaka fatlaðra í þeirri þróun.
3. Efling frumkvæðis og nýsköpunar í atvinnumálum fatlaðra.
4. Styrking á almennri viðhorfavinnu í samfélaginu sem eykur möguleika fatlaðra til atvinnu á almennum vinnumarkaði.
5. Endurskoðun á bótakerfi almannatrygginga þannig að atvinna verði vænlegri kostur en bætur.
6. Skoðun góðra verkefna yrði gert að almennu verklagi í stjórnsýslunni þannig að skapaðar yrðu forsendur til eftirbreytni og þróunar.
7. Á hvern hátt sé unnt að auka atvinnu með stuðningi þannig að fleiri fatlaðir fái tækifæri til atvinnu á almennum vinnumarkaði.
8. Á hvern hátt sé unnt að tryggja aðgengi fatlaðra að upplýsingasamfélaginu þannig að þeir geti orðið virkir þátttakendur í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.
9. Á hvern hátt hægt sé að styrkja fyrirtæki og stofnanir til að ráða fatlaða til vinnu, þ.m.t. fjárhagslega með greiðslu eða ívilnunum og beinum styrkjum til breytinga á aðgengi.
10. Á hvern hátt hægt sé að vinna að enn markvissari starfsendurhæfingu fatlaðra með aukinni samhæfingu þjónustukerfa, sbr. skýrslu nefndar um starfsendurhæfingu (2004).
11. Að framkvæmdar séu reglulega nauðsynlegar rannsóknir á stöðu fatlaðra á vinnumarkaði þannig að raunhæfar upplýsingar séu til staðar á hverjum tíma til stefnumótunnar.
12. Á hvern hátt skuli staðið að gerð kjarasamninga við þá sem hafa skerta starfsorku.

2. *Hvaða aðilar veita fötluðum stuðning við að komast út á almennan vinnumarkað?*

Þær stofnanir sem veita stuðning eru:

Reykjavík: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík og Svæðisvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins.

Reykjanes: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi.

Suðurnes: Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja.

Suðurland: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi og Svæðisvinnumiðlun Suðurlands.

Austurland: Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi og Svæðisvinnumiðlun Austurlands.

Norðurland eystra: Fjölskylduþjónusta Akureyrarbæjar.

Norðurland vestra: Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra og Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga.

Vestfirðir: Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Vesturland: Svæðisvinnumiðlun Vesturlands.

3. *Hver hefur árangurinn orðið af starfi þessara aðila?*

Sendur var út spurningalisti til framangreindra aðila, m.a. til að meta þátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði og þá þjónustu sem í boði er til að efla þátttökuna. Flestar stofnanir hafa sent frá sér þær upplýsingar sem óskað var eftir en nokkrar eiga eftir að skila og er eftirfarandi flokkun dregin saman út frá þeim upplýsingum sem hafa borist.

Samkvæmt samantekt fyrir árið 2003 voru aðstæður öryrkja á vinnumarkaðinum eftirfarandi:

	Höfuðborgarsvæðið	**Landsbyggðin**
Með atvinnu	241	70
Starfandi á almennum vinnumarkaði	143	37
— með stuðningi	143	19
— án stuðnings	0	18
Starfandi á vernduðum vinnustöðum	98	33
Starfhæfir en án atvinnu	70	23

Sú hugmyndafræði sem flestar svæðisskrifstofur landsins starfa eftir er *atvinna með stuðningi* (ams) sem er byggð á vinnubrögðum „Supported Employment". Meginmarkmið *atvinnu með stuðningi* er að aðstoða fatlaða við öflun atvinnutækifæra á almennum vinnumarkaði og finna störf og koma einstaklingum til vinnu á almennum vinnumarkaði út frá eigin forsendum og óskum. Einnig er lögð áhersla á einstaklingsmiðaðan stuðning eins lengi og þörf er á.

Svæðisvinnumiðlanirnar vinna ekki eftir ákveðinni aðferðarfræði sem er sérsniðin fyrir fatlaða. Hins vegar er unnið eftir ákveðnum verklagsferlum. Leitast er við að finna störf við hæfi hvers og eins og einstaklingar upplýstir um mögulegan stuðning í atvinnuleit og um starfsþjálfunar- og reynsluráðningarsamninga sem þeir geta nýtt sér.

1688. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi árið 1997. Samkvæmt gildistökuákvæði laganna skyldu þau koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings það ár. Frumvarp til lokafjárlaga sem hér liggur fyrir er því það þriðja í röðinni frá gildistöku laganna.

Í 45. gr. laganna segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingum næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.“

Það frumvarp sem hér liggur fyrir uppfyllir ekki að öllu leyti framangreind ákvæði. Þannig er kveðið á um að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga. Hér er því hins vegar þannig háttað að lokafjárlögin eru lögð fram nokkrum árum á eftir. Enn fremur er kveðið á um að leggja skuli fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum. Slíkar skýringar er ekki að finna í frumvarpinu.

Fyrsta grein frumvarpsins fjallar um breytingar á fjárheimildum árið 2000 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og önnur grein fjallar um afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 sem falla niður.

Þegar frumvarp til lokafjárlaga er loks lagt fram hafa nokkur fjárlög og fjáraukalög verið samþykkt frá Alþingi. Það skiptir því litlu máli að staðfesta orðinn hlut. Mikilvægt er að koma þessum málum í lag þannig að frumvarp til lokafjárlaga verði lagt fram með ríkisreikningi. Lög kveða á um að svo skuli gert og er það ámælisvert að slíkt skuli ekki enn vera gert um sex árum eftir að fjárreiðulögin voru samþykkt.

Alþingi, 18. maí 2004.

Jón Bjarnason.

1689. Svar [983. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um Íslandsskýrslu GRECO-hóps Evrópuráðsins gegn spillingu.

1. *Hver voru meginatriði í Íslandsskýrslu GRECO-hóps Evrópuráðsins frá 2001 gegn spillingu?*

GRECO-hópur Evrópuráðsins (Group of States against corruption) samþykkti skýrslu um Ísland á 6. fundi sínum í Strassborg 10.–14. september 2001. Eftirlitsnefnd GRECO heimsækir öll aðildarríki Evrópuráðsins og kannar hugsanlega spillingu í aðildarríkjunum. Skýrsla

GRECO-hópsins er byggð á heimsókn fulltrúa hópsins til Íslands og viðræðum við fjölmarga aðila 2.–4. maí 2001. Í fyrstu matsskýrslu GRECO-hópsins frá október 2003 er niðurstaðan sú að Ísland hafi uppfyllt eða væri að uppfylla tilmæli hópsins frá 2001.

Meginniðurstaða GRECO var sú að Ísland væri eitt af þeim Evrópuríkjum þar sem minnst bæri á spillingu. Í samanburði við önnur aðildarríki Evrópuráðsins væri Ísland eitt óspilltasta ríki Evrópu. Þótt engin ein sérhæfð stofnun fengist við aðgerðir gegn spillingu af hvaða tagi sem nefndist þá lýsti GRECO-hópurinn yfir sérstakri ánægju sinni með hve margir hæfir aðilar stuðluðu að því að koma í veg fyrir og koma upp um spillingu. Þar er sérstaklega vísað til umboðsmanns Alþingis, Samkeppnisstofnunar, Ríkisendurskoðunar og ríkislögreglustjóra, svo og hagsmunasamtaka eins og Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs. Mikilvægi fjölmiðla í baráttu gegn spillingu er einnig áréttað.

Hópurinn bendir á að lág tíðni spillingar bendi til þess að eftirlitskerfið starfi eins og því sé ætlað. Sérstaklega er þó lagt til að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra verið efld og þar með gert kleift að taka frekara frumkvæði í baráttu gegn spillingu. Enda þótt spilling sé ekki raunverulegt vandamál í dag telur GRECO-hópurinn að íslensk stjórnvöld séu meðvituð um nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða til að koma í veg fyrir spillingu í framtíðinni og til að forðast sinnuleysi. Það verði best gert með eflingu á starfsemi fyrrgreindra stofnana þannig að þær verði sem best í stakk búnar til að fást við aðgerðir gegn spillingu.

2. *Hefur Ísland verið gagnrýnt á vettvangi alþjóðasamtaka Transparency International fyrir að ekki séu lög hér á landi um fjármál stjórnmálaflokka eða að engar reglur gildi sem tryggi gagnsæi í fjármálum þeirra? Ef svo er, hvernig hafa stjórnvöld brugðist við?*

Samtökin Transparency International hafa unnið gegn spillingu á alþjóðavettvangi í rúm tíu ár. Markmið þeirra er að ná langtímaárangri í baráttunni gegn spillingu og samtökin einbeita sér fyrst og fremst að vitundarvakningu, eftirlitsstarfi, forvörnum og þróun meginreglna. Á vettvangi Transparency International hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að löggjöf sé til staðar til að koma í veg fyrir spillingu, m.a. um gagnsæi í fjárreiðum stjórnmálaflokka og eftirfylgni með lögunum. Höfuðstöðvar samtakanna eru í Berlín en þau starfa í um 90 ríkjum.

Transparency International hafa hvorki unnið sérstaka skýrslu um Ísland né gefið út yfirlýsingu með beinni tilvísun til landsins. Samtökin leggja mikla áherslu á aðgengi að upplýsingum og halda úti öflugri heimasíðu (www.transparency.org) þar sem lesa má nánast alla útgáfu samtakanna frá upphafi. Allar tilvísanir Transparency International til Íslands vísa til upptalningar á þeim ríkjum þar sem minnsta spillingu er að finna.

Á síðustu árum hefur Ísland mælst meðal fimm efstu ríkjanna á lista samtakanna, sem telur um 130 ríki, um viðhorf til spillingar (Corruption Perception Index). Árið 2003 mældist Ísland í öðru sæti, á eftir Finnlandi, með 9,6 stig af 10 mögulegum. Að öðru leyti hafa samtökin ekki fjallað sérstaklega um Ísland.

Á vegum Transparency International var haldinn fundur um pólitíska spillingu í Aþenu í september 2002 með fulltrúum ríkja Vestur-Evrópu. Á fundinum kom fram almenn gagnrýni á þau ríki í hópnum sem hafa ekki sett reglur um fjármál stjórnmálaflokka og gagnsæi í starfi þeirra. Á fundinum var samþykkt að vinna greinargerð um lög og reglugerðir um gagnsæja fjármögnun stjórnmálaflokka í Vestur-Evrópu en af útgáfu skýrslunnar hefur enn ekki orðið.

1690. Nefndarálit [740. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Pétur Örn Sverrisson og Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Tryggva Þór Haraldsson og Eirík Briem frá RARIK, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Guðmund Þóroddsson og Hjörleif Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Friðrik Sophusson, Bjarna Bjarnason og Edvard G. Guðnason frá Landsvirkjun, Eirík Bogason og Friðrik Sophusson frá Samorku, Valdimar K. Jónsson frá Neytendasamtökunum, Júlíus Jónasson frá Hitaveitu Suðurnesja, Þórð Guðmundsson frá flutningssviði Landsvirkjunar, Pál Hannesson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Franz Árnason frá Norðurorku hf., Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Þórólf Árnason, Hjörleif Kvaran og Eirík Hjálmarsson frá Reykjavíkurborg, Guðmund Benediktsson frá Hafnarfjarðarbæ, Ólaf Eggertsson, Birki Friðbertsson og Birki Þór Guðmundsson frá Félagi raforkubænda, Jón Þór Sturluson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Egil B. Hreinsson frá verkfræðideild Háskóla Íslands og Lárus Finnbogason frá Deloitte.

Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Orkustofnun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samorku, Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Rafmagnsveitum ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Byggðastofnun, Reykjanesbæ, Landssamtökum raforkubænda, Alcan á Íslandi hf., Alþýðusambandi Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Landsvirkjun, Norðurorku, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Málið var unnið samhliða frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (747. máli) og frumvarpi til laga um stofnun Landsnets hf. (737. máli).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á III. kafla raforkulaga um flutning sem varða afmörkun flutningskerfisins, stofnun og rekstur flutningsfyrirtækis, gjaldskrár fyrir flutning og dreifingu raforku og loks viðmiðanir um arðsemi og tekjuramma orkufyrirtækja.

Í gildandi lögum var gildistöku flutningskaflans frestað með ákvæði til bráðabirgða VII til 1. júlí 2004 en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það bráðabirgðafyrirkomulag sem gilt hefur gildi fram til 1. janúar 2005. Samkvæmt ákvæðinu var skipuð 19 manna nefnd sem gera átti tillögu um fyrirkomulag raforkuflutnings, stærð flutningskerfisins og hvernig rekstri þess og kerfisstjórnun skyldi háttað svo að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni væri sem best tryggð. Einnig átti nefndin að móta tillögur um hvernig jafna ætti kostnað vegna flutnings og dreifingar raforku. Frumvarpið byggist á vinnu nefndarinnar og áliti meiri hluta nefndarinnar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um málið á fjölmörgum fundum. Sérstaklega hefur verið fjallað um arðsemi, arðsemiskröfur, tekjumörk orkufyrirtækja og mat á verðmæti flutningsvirkja. Upplýst var að verðmat flutningsvirkja, arðsemiskröfur orkufyrirtækja og áhrif þessara þátta á tekjumörk munu skipta sköpum um það hvort gjald fyrir flutning og dreifingu raforku tekur breytingum þegar lögin koma að fullu til framkvæmda. Hafa margir gestir lýst yfir áhyggjum af þessum óvissuþáttum.

Í b-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XI) er kveðið á um skipun samninganefndar sem fer með mat á flutningsvirkjum. Í nefndinni skulu eiga sæti eigendur þeirra. Ef ekki næst samstaða í þeirri nefnd skal ráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem meta skal verðmæti einstakra flutningsvirkja að kröfu eigenda þeirra. Leggur iðnaðarnefnd til breytingu á bráðabirgðaákvæðinu, varðandi mat á verðmæti flutningsvirkja, sem felur í sér að samninganefndin taki við verðmat einstakra flutningsvirkja tillit til og dragi frá sérstök framlög sem veitt hafa verið til rafvæðingar úr opinberum sjóðum til fjárfestingar og uppbyggingar. Með opinberum sjóðum er m.a. átt við greiðslur sem komið hafa úr ríkissjóði, sveitarsjóðum og öðrum sjóðum sem notið hafa opinberra framlaga til fjárfestingar og uppbyggingar kerfisins. Þann stofnkostnað hafa þessir opinberu sjóðir nú þegar greitt og telur nefndin þess vegna eðlilegt að við mat á flutningsvirkjunum verði tekið tillit til þeirra.

Nefndin leggur áherslu á að fylgst verði vandlega með verðmyndun og þróun raforkukerfisins sem og öryggisþáttum og leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að ráðherra skuli skila skýrslu til Alþingis um raforkumál á tveggja ára fresti í stað fjögurra.

Lagt er til að tekin verði upp í lögin skilgreining á tekjumörkum en þau tilgreina hámark leyfilegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Orkustofnun hefur það hlutverk að ákveða tekjumörkin. Með því að hafa stjórn á leyfðum tekjum, og þar með gjaldskrá fyrirtækjanna, fremur en að stýra einvörðungu með því að setja mörk á leyfðan arð hafa fyrirtækin hvata til að hagræða umfram þá hagræðingarkröfu sem sett er með tekjumörkunum. Hagræðingin getur leitt til lækkunar á gjaldskrá og mun það bæði gerast með þeirri hagræðingu sem krafist er í tekjumörkunum og því að vænst er að sérleyfisfyrirtækin keppi um að ná sem mestri hagræðingu neytendum til góða.

Enda þótt hafa eigi stjórn á verðlagningu fyrir umrædda sérleyfisstarfsemi með tekjumörkum taldi löggjafinn þegar raforkulög voru sett fyrir ári að nauðsynlegt væri engu síður að horfa til eðlilegs arðs af starfseminni. Þannig eru arðseminni sett viss lægri mörk til að tryggja að fyrirtækin hafi ávallt bolmagn til nauðsynlegra fjárfestinga. Hins vegar voru arðseminni sett efri mörk enda talið óeðlilegt að umtalsverður arður geti orðið af starfsemi sem háð er einkaleyfum. Mörkunum er breytt í frumvarpinu nú, án þess þó að umfang þeirra breytist svo að nokkru nemi.

Sú útfærsla kerfisins sem verið er að koma á hér er einkum fengin frá Noregi enda hefur fyrirkomulagið þar verið í þróun í nær hálfan annan áratug. Var Noregur einna fyrst landa til að taka upp þá markaðsvæðingu raforkugeirans sem hér er stefnt að. Athyglisvert er að efri mörk arðsemi hafa verið hækkuð í tímans rás í Noregi og eru nú orðin um helmingi hærri en þau voru í upphafi. Aftur á móti hefur arðsemisviðmið það sem er í tekjumörkum í Noregi ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum. Fyrirtækin hafa náð að hagræða meira en eftirlitsaðilinn hefur krafist.

Lagt er við 3. gr. verði bætt nýjum málslið sem hafði fallið niður við vinnslu frumvarpsins þar sem kveðið er á um að samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveituna á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skuli liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi. Ákvæðið tengist 2. málsl. 13. gr. laganna þar sem segir að í leyfi til að reka dreifikerfi felist einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi dreifiveitusvæði.

Í 7. gr. er fjallað um tekjumörk og gjaldskrá en í 5. efnismgr. greinarinnar er kveðið á um gjald fyrir innmötun í stað gjaldskrár fyrir innmötun og er lagt til að það verði leiðrétt þar sem sama gjaldskrá og viðmiðanir eiga að gilda alls staðar en ekki er ætlunin að festa niður sama gjald fyrir innmötunina. Ein gjaldskrá á að gilda á öllu viðkomandi veitusvæði, en slík gjaldskrá getur innihaldið ýmis gjöld, svo sem eitt fyrir flutning á álagstímum og annað utan þeirra.

Nefndin telur eðlilegt að leggja til breytingu þess efnis að skylt sé að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda leiðir til verulega aukins eða minnkaðs kostnaðar í flutningskerfinu en það sé ekki einungis heimilt eins og frumvarpið kveður á um. Ef staðsetning virkjunar leiðir t.d. til aukins taps beri virkjunin þann kostnað sem af því leiðir en kostnaðurinn verði ekki færður á aðra notendur kerfisins. Er það talið samræmast markmiði raforkulaga um að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi raforku. Nefndin leggur þó áherslu á að hér er ekki átt við óverulegan kostnað heldur verði að vera um umtalsverðan kostnaðarauka í kerfinu að ræða.

Lagt er til að kveðið verði á um meðhöndlun á verðlagsbreytingum í tekjumörkunum í reglugerð, þ.e. að teknir verði upp tveir nýir málsliðir í 7. og 9. gr. frumvarpsins sem kveði á um að heimilt verði að taka tillit til verðlagsbreytinga við mat á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem fyrirtækin verði að sæta takmörkum á arðsemi og því sé nauðsynlegt að bókfært verð taki nokkurt mið af verðlagsbreytingum.

Þá var rætt á fundum nefndarinnar hvort skilgreina ætti smávirkjanir þannig að ekki þyrfti sama eftirlitskerfi við þær eins og stærri virkjanir en ekki er gert ráð fyrir því í gildandi lögum. Lagt er til að einungis virkjanir sem hafa uppsett afl yfir 1 MW eða selji raforku inn á kerfið verði leyfisskyldar. Aðrar virkjanir þurfi einungis að veita upplýsingar um starfsemina, en þurfi ekki formleg virkjanaleyfi, og sæti því ekki sama eftirliti og leyfisskyldar virkjanir sem selja inn á kerfið. Nefndin telur æskilegt að Orkustofnun, sem er eftirlitsaðili samkvæmt lögunum, haldi utan um skráningu upplýsinga um smærri virkjanir og sé upplýst um tilvist og að nokkru um framleiðslu þeirra og leggur því til að tekið verði upp ákvæði þess efnis.

Rétt þykir að tiltaka sérstaklega í 28. gr. laganna að Orkustofnun sé ætlað að hafa umsjón með innra eftirliti með gæðum og afhendingaröryggi. Í VII. kafla er fjallað um eftirlit og úrræði og er Samkeppnisstofnun einnig tilgreind þannig að nefndin telur rétt að taka skýrt fram hvað átt sé við.

Þá er lagt til að tekin verði upp í lögin bein aðfararheimild og heimild til stöðvunar afhendingar orku en við setningu þeirra féll þessi heimild niður án þess að það hefði verið ætlunin. Eðlilegt þykir að þessi heimild sé í lögum þar sem gjöldin eru nánast aldrei umdeild og yfirleitt eru fjárhæðirnar lágar. Ef slík heimild yrði ekki veitt hlytist af því verulegur kostnaður fyrir þjóðfélagið vegna aukins málafjölda hjá dómstólum.

Þá er lögð til sú breyting á 10. gr. frumvarpsins að veitur þurfi strax að samræma gjaldskrár sínar en verðstöðvun gildir út bráðabirgðatímabilið, þ.e. til loka ársins. Þá er ekki þörf á ákvæðinu um dreifbýlisgjaldskrár á þessu sama tímabili fram til 1. janúar 2005.

Þá leggur nefndin til að hlutverk samráðsnefndarinnar í ákvæði til bráðabirgða VI verði aukið þannig að hún fylgist með ásamt því að stuðla að greiðri framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að Alþingi fái beinan aðgang að samráðsnefndinni og kjósi þrjá fulltrúa. Í nefndinni sitja þá eftir breytinguna tíu fulltrúar.

Lagt er til að tímabilið varðandi arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna sem kveðið er á um í a-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða IX) lengist úr fimm árum í sex til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á ákvæði e-liðar 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XIII) um endurskoðun raforkulaganna. Þá er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í lokamálslið ákvæðisins og kveðið skýrar á um það að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en náist með hagræðingarkröfu. Með því er komið í veg fyrir að hækkun á arðsemisviðmiðun gefi tilefni til hækkunar á gjaldskrám. Sérleyfisfyrirtækjunum er aftur á móti gefin heimild til að auka arðsemi sína með hagræðingu.

Þá er lögð til breyting á d-lið 12. gr. (ákvæði til bráðabirgða XII) sem kveður á um að eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu sé einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu til loka ársins 2011. Breytingin felur í sér að ekki er tiltekin dagsetning. Nefndin telur eðlilegt að tekin verði afstaða til framsalsheimildar við endurskoðun laganna sem á að vera lokið fyrir 31. desember 2010 samkvæmt frumvarpinu.

Loks er lagt til að nefndin sem ráðherra skipar til að endurskoða lögin skuli skipuð hagsmunaaðilum og fulltrúum þingflokka.

Lagðar eru til nokkrar breytingar sem eru einungis lagfæringar á orðalagi og til frekari skýringar. Breytingin sem lögð er til á lokamálslið a-liðar 1. gr. er einungis lagfæring þar sem flutningskerfið er ekki lengur miðað við spennu heldur verða afhendingarstaðir dreifiveitna úr flutningskerfi tilgreindir nákvæmlega í viðauka við lögin, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Þá verða gjaldskrársvæði ekki lengur til þegar sama gjaldskrá verður á öllu dreifiveitusvæði hverrar dreifiveitu nema samþykkt sé dreifbýlisgjaldskrá skv. 9. gr. frumvarpsins. Því er skilgreiningin í 8. tölul. 1. gr. laganna óþörf sem og ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna.

Bent hefur verið á að þéttbýli og dreifbýli sé ekki skilgreint í lögunum en í skipulags- og byggingarlögum er það skilgreint. Þá hefur verið upplýst að vinna er að hefjast við setningu viðmiða og skilgreiningu svæða þar sem heimilað verður að sérstakar dreifbýlisgjaldskrár gildi.

Þá er talið rétt að kerfisstjóri samræmi notkunarferla dreifiveitna og að útfærsla á samræmingunni sé í reglugerð eins og útfærslan á kerfisstjórnuninni og tengingu virkjana við flutningskerfið.

Loks hefur verið bent á að misræmis gæti í raforkulögum og athugasemd með frumvarpinu um ábyrgð á gerð og framkvæmd orkuspáa. Nefndin telur ljóst að ábyrgð á gerð orkuspáa sé og eigi að vera Orkustofnunar samkvæmt lögum um stofnunina en kerfisstjórinn komi að gerð raforkuspár með öflun gagna og aðild að orkuspárnefnd og standi svo að útfærslu raforkuspár til eigin nota. Aðrir hagsmunaaðilar standi með sama hætti að gerð og útfærslu annarra spáa. Upplýst hefur verið að orkuspár hafi í raun verið samstarfsverkefni fjölmargra aðila um áratuga skeið og telur nefndin æskilegt að slíkt fyrirkomulag og samstarf haldi áfram.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að vel verði fylgst með þróun mála á raforkusviði nú þegar fyrirkomulag þess er að taka umtalsverðum breytingum. Ekki ætti hvað síst að stuðla að rannsóknum á þessu sviði og fylgjast vel með þróun á sambærilegum mörkuðum erlendis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 14. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller.	Einar Karl Haraldsson.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Björgvin G. Sigurðsson.

1691. Breytingartillögur [740. mál]

við frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „þó ekki lengra en að mörkum þéttbýlis“ í a-lið falli brott.
   b. Í stað orðanna „9. tölul. fellur brott“ í b-lið komi: 8. og 9. tölul. falla brott.
   c. Í stað orðanna „og nýtir árlega forgangsorku í“ í c-lið komi: með árlegum nýtingartíma.
   d. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: *Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði.
2. Við 2. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afli yfir 100 kW.
3. Við 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.
4. Við 5. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 9. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun, notkunarferla og tengingu virkjana við flutningskerfið.
5. Við bætist ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
   a. 1. mgr. fellur brott.
   b. Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr.
6. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „orkutöp“ í 1. tölul. 2. efnismgr. komi: orkutap.
   b. 3. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu.
   c. Í stað orðsins „gjald“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: gjaldskrá.
   d. Í stað orðanna „Heimilt er að krefjast“ og „er heimilt að“ í 8. efnismgr. komi: Krefjast skal, og: skal.
   e. Við 10. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga.
7. Við 9. gr.
   a. Á eftir orðinu „flutningskerfið“ í 1. tölul. 2. efnismgr. komi: kostnaði við orkutap.
   b. Í stað orðanna „auk nánari skilgreiningar dreifbýlis“ í 9. efnismgr. komi: auk notkunarferla og nánari skilgreiningar dreifbýlis.
   c. Við 9. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga.

8. Á eftir 9. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (11. gr.)
      Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Orkustofnun skal hafa umsjón með framkvæmd þessa ákvæðis, sbr. einnig 24. gr.
   b. (12. gr.)
      Í stað orðanna „á fjögurra ára fresti“ í 39. gr. laganna kemur: á tveggja ára fresti.
   c. (13. gr.)
      Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:
      Aðfararheimild o.fl.
      Gjöld fyrir raforku, flutning og dreifingu, sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár sem fengið hafa meðferð samkvæmt lögum þessum, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda.
9. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „í gildi eru við gildistöku laga þessara“ í 1. málsl. komi: giltu 7. apríl 2003.
   b. Í stað lokamálsliðar komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Á þessu tímabili skal sama gjaldskrá gilda á starfssvæði hverrar dreifiveitu. Ekki er á tímabilinu heimilt að veita leyfi fyrir dreifbýlisgjaldskrám.
10. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:
    a. Á undan orðinu „stuðla“ í 2. málsl. kemur: fylgjast með og.
    b. Í stað orðsins „sjö“ í 3. málsl. kemur: tíu.
    c. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þrír skulu kosnir af Alþingi.
11. Við 11. gr.
    a. Í stað orðanna „tilheyra Landsvirkjun við gildistöku laga þessara“ í 2. efnismgr. a-liðar komi: tilheyrðu Landsvirkjun 7. apríl 2003.
    b. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „orkutöp“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: orkutap.
12. Við 12. gr.
    a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. a-liðar komi: sex.
    b. Lokamálsliður a-liðar orðist svo: Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.
    c. Í stað orðanna „að teknu tilliti til framreiknaðra afskrifta“ í 2. málsl. 1. mgr. c-liðar komi: að frádregnum framreiknuðum afskriftum.
    d. Við 2. málsl. 1. mgr. c-liðar bætist: svo sem sérstakra framlaga sem veitt hafa verið úr opinberum sjóðum til fjárfestingar í uppbyggingu raforkukerfisins.
    e. Orðin „til loka ársins 2011“ í d-lið falli brott.
    f. 1. málsl. e-liðar orðist svo: Ráðherra skal skipa nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin skal endurskoðun laga þessara.
13. Í stað orðsins „Írafoss“ í 53. tölul. 13. gr. komi: Ljósifoss.

1692. Nefndarálit [737. mál]

um frv. til l. um stofnun Landsnets hf.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þskj. 1690 – 740. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir. Málin voru unnin samhliða frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (747. mál).

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag til að annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga sem verði að fullu í eigu ríkisins með þriggja manna stjórn sem iðnaðarráðherra skipar. Félagið taki við rekstri flutningsvirkja og eignum sem lagðar verða til þess og þegar endanlegt mat þeirra liggur fyrir verði þeim sem leggja eignirnar til heimilt að endurgreiða hlut ríkisins.

Nefndin vísar til umfjöllunar í nefndaráliti iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og til þeirra breytinga sem nefndin leggur til á þeim.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 14. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller.	Einar Karl Haraldsson.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Björgvin G. Sigurðsson.

1693. Nefndarálit [747. mál]

um frv. til l. um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn gesti sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þskj. 1690 – 740. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir.

Málið var unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (740. mál), og frumvarpi til laga um stofnun Landsnets hf. (737. mál), og vísast til efnislegrar umfjöllunar um málið í nefndaráliti iðnaðarnefndar um raforkulagafrumvarpið.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um hvernig staðið verði að jöfnun dreifingarkostnaðar rafmagns og miðast jöfnunin við dreifbýlisgjaldskrársvæði dreifiveitu. Þannig geta gjaldskrársvæði hverrar dreifiveitu verið tvö, þ.e. almennt gjaldskrársvæði og dreifbýlisgjaldskrársvæði. Ákvörðun um það hvort dreifiveitum verður heimilað að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá verður í höndum Orkustofnunar sem í samræmi við ákvæði raforkulaga sér um eftirlit með flutningi og dreifingu raforku. Gert er ráð fyrir að allir sem selja inn á kerfið taki þátt í kostnaðinum við það. Nefndin telur það eðlilegt í ljósi þess hve mikilvægt er að kerfinu verði haldið við og að þjónusta og afhendingaröryggi þurfi að vera tryggt.

Markmiðið með jöfnun kostnaðar við dreifingu raforkunnar er að verðið til almennra notenda verði það sama hvar sem þeir eru á dreifbýlisgjaldskrársvæði veitu. Heimilt verður samkvæmt frumvarpinu að greiða niður raforku í dreifbýli til samræmis við hæstu þéttbýlisgjaldskrá.

Nefndin leggur eingöngu til orðalagsbreytingar á frumvarpinu. Telur nefndin að kveða þurfi skýrar á um að greiða skuli niður kostnað almennra neytenda á skilgreindum dreifbýlisgjaldskrársvæðum, en samkvæmt frumvarpinu er miðað við að kostnaðurinn verði niðurgreiddur ef kveðið er á um það í fjárlögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.
   b. Í stað orðanna „í kr./kWst“ í 2. mgr. komi: á orkueiningu.
2. Orðin „mælda í kWst“ í 2. mgr. 4. gr. falli brott.

Alþingi, 14. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller.	Einar Karl Haraldsson.	Sigurjón Þórðarson.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Björgvin G. Sigurðsson.

1694. Svar [823. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um samstarfssamninga við lýðháskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða samstarfssamningar eru til milli menntamálaráðuneytis og lýðháskóla á Norðurlöndunum? Ef þeir eru til, hvað er þá greitt með hverjum nemanda og hvaða aðrir framfærslustyrkir standa ungmennum til boða sem þennan valkost kjósa að loknum grunnskóla?

Enginn samstarfssamningur er til milli ráðuneytisins og lýðháskóla á Norðurlöndunum.

Íslenskir námsmenn og aðrir norrænir námsmenn hafa fram til síðustu áramóta notið norrænna styrkja til að sækja nám í lýðháskólum á Norðurlöndum, en þá voru styrkirnir lækkaðir og þeim breytt í ferðastyrki. Upphæðin sem íslenskir námsmenn fá nemur nú 2.000 dönskum krónum. Til stendur að reyna að hækka þessa upphæð um helming frá og með næstu áramótum.

Ástæðan fyrir þessum breytingum er niðurstaða úttektar á styrkveitingakerfi til fullorðinsfræðslu sem Norræna ráðherranefndin stóð fyrir á síðasta ári. Mikillar óánægju var farið að gæta meðal þeirra er hlut áttu að máli í hinum norrænu ríkjunum. Annars vegar yfir því hversu ójöfn styrkupphæð var til nemenda eftir löndum og hins vegar vegna þess hversu hátt hlutfall heildarupphæðarinnar rann til Íslands, eða rúmlega þriðjungur. Íslenskur nemandi fékk allt að því 3–7 sinnum hærri styrk en aðrir nemendur árin 2001 og 2002.

Þessi mismunur stafaði af því að styrkirnir áttu að koma til móts við eigið framlag nemenda. Gengið var út frá því við úthlutun styrkjanna að ef nemendur gætu ekki sjálfir lagt fram slíkt fjármagn ættu þeir kost á láni eða styrk frá innlendum lánasjóðum. Sú hefur ekki verið raunin hér á landi. Í svari frá LÍN um aðstoð við nemendur er sækja nám í lýðháskólum kom fram að LÍN teldi það ekki vera verkefni sitt að styrkja nemendur til náms í lýðháskólum þar sem það teldist ekki jafnt eða ígildi háskólanáms.

Til að gera ekki íslenskum nemendum ókleift að sækja nám í lýðháskólum var ákveðið á sínum tíma innan fullorðinsfræðslunefndar Norrænu ráðherranefndarinnar að framlag til íslenskra nema hækkaði til að jafna þennan mismun. Í tímans rás hefur upphæðin hins vegar hækkað umfram það sem ákveðið var í byrjun. Þetta var m.a. ein ástæða þess að fyrrnefnd úttekt var gerð.

1695. Svar [930. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Brynju Magnúsdóttur um rekstur menningarhúsa ungs fólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eru mörg menningar- og afþreyingarhús fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára starfrækt hér á landi og hvar eru þau?*
2. *Hvað hafa mörg menningarhús verið starfrækt frá upphafi og hvað er fyrirhugað að húsin verði mörg?*

3. *Hvernig er rekstur menningarhúsanna fjármagnaður?*
4. *Hverjir standa að rekstri húsanna?*

Ráðuneytið leitaði til Sambands íslenskra sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um svör við fyrirspurninni. Samband íslenskra sveitarfélaga kveðst engar upplýsingar hafa tiltækar en Rauði kross Íslands gaf ráðuneytinu upplýsingar sem svarið er byggt á.

Nú eru alls 11 ungmennahús starfandi hér á landi, á eftirfarandi stöðum: Akranesi, Akureyri, Borgarnesi, Hafnarfirði, Húsavík, Hveragerði, Ísafirði, Reykjanesbæ, Reykjavík, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum. Samningur um ungmennahús á Egilsstöðum hefur verið undirritaður af Rauða krossi Íslands og sveitarfélaginu þar, en starfsemi hefur ekki hafist.

Frá upphafi hafa verið starfrækt 14 ungmennahús og sex eru til skoðunar og í undirbúningi. Hvað þau verða mörg í framtíðinni liggur ekki fyrir.

Rekstur ungmennahúsanna hefur verið fjármagnaður fyrst og fremst af sveitarfélögum og Rauða krossi Íslands. Fjárhagsleg aðkoma Rauða krossins er tímabundin með samningum til tveggja ára í upphafi reksturs en síðan stuðningur við verkefni innan húsanna til lengri tíma.

Sömu aðilar og fjármagna ungmennahúsin hafa staðið að rekstri þeirra en áhersla hefur verið lögð á að unga fólkið sem sækir húsin hafi mikið að segja við mótun innra starfs. Árið 2003 voru stofnuð samtök ungs fólks, Húsfélagið, ætluð öllu landinu. Meginmarkmið þeirra er að aðstoða við mótun innra starfs og miðla af ungmennamenningu hér á landi og að utan.

1696. Svar [894. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um fjarnám á framhaldsskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir eru í fjarnámi á framhaldsskólastigi á þessu skólaári, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum innan hvers skóla? Hvernig skiptist nemendafjöldi hverrar námsleiðar hvers skóla eftir landshlutum miðað við lögheimili nemenda?*
2. *Hve margir sóttu um fjarnám í haust og hve mörgum þurfti að synja um fjarnám, hvort tveggja sundurliðað eftir námsleiðum, skólum og landshlutum miðað við lögheimili umsækjenda?*
3. *Hver eru áform skólanna um framboð á fjarnámi á næstu árum og hver er spá þeirra um aðsókn?*

Á vorönn 2004 voru samtals 2.007 nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi. Í haust sóttu 2.320 nemendur um fjarnám en 313 var synjað. Sjá nánari suðurliðun í eftirfarandi töflum.

Nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi, vorönn 2004.

Skóli	Áfangar og fjöldi nemenda í fjarnámi	Alls
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Áfangar í boði 170 á vorönn 2004. Kenndir áfangar 144. Alls voru 665 nemendur í fjarnámi við skólann á vorönn 2004	665
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Í boði eru 109 áfangar og kenndir voru 98. Alls voru skráðir 750 nemendur í fjarnám. Þar af voru 200 nemendur í skólanum og 550 nemendur í öðrum skólum eða utan skóla.	750
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	BÓK103 14, FJÖ103 38, FJÖ303 9 HAF101 2, ÍSL303 22, ÍSL603 24, LAN103 79, MHS103 21, SFS102 48, SHV101 45, SIT101 46, SOV46.	184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Danska: 12. Eðlisfræði: 13. Efnafræði: 9. Enska: 35. Félagsfræði: 13. Fjölmiðlun: 2. Íslenska: 36. Jarðfræði: 10. Landafræði: 5. Listir og menning: 2. Líffræði: 14. Markaðsfræði: 2. Rekstrarhagfræði: 10. Saga: 37. Sálfræði: 12. Spænska: 11. Stærðfræði: 41. Þýska: 21. Þjóðhagfræði: 3.	139
Iðnskólinn í Reykjavík	Kenndir áfangar voru 26. Alls voru 65 nemendur í fjarnámi við skólann á vorönn 2004.	65
Námsflokkar Reykjavíkur	Eingöngu heilsugæslubrautir.	111
Borgarholtsskóli	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar 29, listnámsbraut 9.	38
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	BÓK103 6, ENS103 10, ÍSL103 4, STÆ103 7.	16
Menntaskólinn í Kópavogi	Skrifstofunám: 24 nemendur á vorönn 2004.	24
Kvennaskólinn í Reykjavík	Fimm nemendur skólans hafa verið í utanskólanámi í vetur, þar af fjórir sem dvalið hafa erlendis. Þeir eiga allir lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.	5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10 nemendur eru í fjárnámi. Allir í sérgreinum netagerðar.	10
Samtals		**2.007**

Nemendur í fjarnámi skipt eftir lögheimili.

Skóli	Höfuðborgarsvæðið	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Erlendis	Dagskólanemendur	Alls
Verkmenntaskólinn á Akureyri	118	7	71	34	56	171	35	45	17	111	665
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	750										750
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	15		5			21	135	8			184
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	114		8		5		3	3	6		139
Iðnskólinn í Reykjavík	32	5	3	5	4	4	6	3	3		65
Námsflokkar Reykjavíkur	96		4		1	1	1	5	3		111
Borgarholtsskóli	17		7			5		9			38
Fjölbrautaskólinn á Húsavík						16					16
Menntaskólinn í Kópavogi			7		3		6	8			24
Kvennaskólinn í Reykjavík	1								4		5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2	1	1	2		3	1				10
Samtals	**1.145**	**13**	**106**	**41**	**69**	**221**	**187**	**81**	**33**	**111**	**2.007**

Umsóknir um fjarnám haustið 2003.

Skóli	Umsóknir um fjarnám í haust	Synjað um fjarnám
Verkmenntaskólinn á Akureyri	965	300
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	750	0
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	184	0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	148	9
Iðnskólinn í Reykjavík	65	0
Námsflokkar Reykjavíkur	111	0
Borgarholtsskóli	42	4
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	16	0
Menntaskólinn í Kópavogi	24	0
Kvennaskólinn í Reykjavík	5	0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	10	0
Samtals	**2.320**	**313**

Áform skólanna um framboð á fjarnámi næstu ár og spá um aðsókn.

Skóli	Áform
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Skólinn telur að á næstu missirum verði svipaður fjöldi og verið hefur í fjarnámi í FÁ, þó er hámarkinu náð. Það má því gera ráð fyrir um 750 á haust og vorönnum og 450–500 á sumrin. Stefna skólans er að auka framboð þannig að nemendur geti lokið stúdentsprófi í fjarnámi innan fárra ára.
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár.
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Skólinn stefnir að því að bjóða upp á fjarnám svipað því sem er núna á vorönn.
Iðnskólinn í Reykjavík	Síðustu tvö ár hefur nemendafjöldi u.þ.b. tvöfaldast á milli anna. Búist er við áframhaldandi aukningu næstu tvö árin.
Námsflokkar Reykjavíkur	Sömu aðsókn spáð næsta ár.
Borgarholtsskóli	Áformað er að bjóða dreifnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og á listnámsbraut. Haustið 2004 er reiknað með því að taka inn 15 nýja nemendur á hvort svið. Alls er reiknað með að haustið 2004 verði 45 nemendur í dreifnámi á lista- og upplýsingasviði. Haustið 2006 er spáð aðsókn sem svarar 30 nemendum á hvoru sviði, samtals 60 nemendum.
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	Reiknað er með svipuðum fjölda fjarnámsnemenda næsta skólaár.
Menntaskólinn í Kópavogi	Skólinn mun í nánustu framtíð ekki bjóða fram fjarnám í almennum greinum en e.t.v. í einhverjum sérgreinum.
Kvennaskólinn í Reykjavík	Skólinn býður ekki upp á fjarnám en hefur gefið nemendum sínum kost á að vera utan skóla tímabundið. Skólinn mun halda áfram að þróa möguleika nemenda skólans til fjarnáms til að geta boðið blöndu fjarnáms og staðbundins náms.
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Nemendur í fjarnámi hafa fyrst og fremst verið í faggreinum netagerðar og ráðgert er að bjóða það nám áfram. Aðsókn í fjárnámið hefur verið sveiflukennt – frá einum upp í 40 einstaklinga (á síðasta ári). Áformað er að efla þessa kennslu og styrkja á komandi árum.
Flensborgarskóli	Innan skólans er unnið að þróun námsumhverfis og kennsluhátta með það fyrir augum að á næstu tveimur árum verði mjög auðvelt að bjóða stærsta hluta námsframboðsins jafnframt í dreif/fjarnámi. Ekki er gert ráð fyrir að fjarnám verði umfangsmikið við skólann á allra næstu árum.
Fjölbrautask í Breiðholti	Ekkert fjarnám er hjá skólanum og ekki áform um að fara af stað með það.
Framhaldsskólinn að Laugum	Ekki er boðið upp á fjarnám, en ljóst er að skólinn vill halda opnum möguleika á að bjóða slíkt.
Menntaskólinn á Ísafirði	Við skólann er ekki boðið upp á fjarnám fyrir nemendur utan svæðis. Hins vegar eru nokrir nemendur skólans í fjarnámi í einstökum áföngum við aðra framhaldsskóla, en fjöldi þeirra er teljandi á fingrum sér.
Menntaskólinn í Reykjavík	Skólinn býður nemendum að stunda fjarnám sem hluta af reglulega náminu. Boðið er upp á fjarnám í völdum námsþáttum sumra áfanga. Ákveðið hefur verið að taka upp kennslukerfi við skólann fyrir næsta skólaár. Ekki hefur verið ákveðið að bjóða upp á nám eingöngu með þessari námsleið.

1697. Svar [899. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tekjur háskóla af skólagjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tekjur einstakra skóla af skólagjöldum vegna náms á háskólastigi á síðasta skólaári og hvernig sundurliðast tekjurnar eftir námsleiðum í hverjum skóla?*
2. *Hve margir nemendur greiddu skólagjöldin og hvernig sundurliðast fjöldinn eftir námsleiðum í hverjum skóla?*
3. *Hver voru útgjöld skólanna vegna náms þar sem skólagjöld voru innheimt á síðasta skólaári og hvert var hlutfall skólagjaldanna af útgjöldunum, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum?*
4. *Hver var fjárhæð skólagjaldanna á síðasta skólaári vegna náms á háskólastigi sem hver nemandi þurfti að greiða og hvað var lagt til grundvallar ákvörðun um fjárhæðina, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum?*

Leitað var upplýsinga hjá einkareknum háskólum á verksviði menntamálaráðuneytisins sem taka skólagjöld, þ.e. Listaháskóla Íslands, Viðskiptaháskólanum Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Svör þessara háskóla fara hér á eftir (fjárhæðir í krónum):

Listaháskóli Íslands (2003–2004).

1. Heildartekjur af skólagjöldum 37.206.000
   - Myndlistardeild 9.666.000
   - Leiklistardeild 3.360.000
   - Hönnunar- & arkitektúrdeild
     grafísk/þrívíð/fata 13.950.000
     arkitektúr 3.000.000
   - Tónlistardeild 5.670.000
   - Kennslurétttindanám 1.560.000
2. Heildarfjöldi nemenda sem greiddi skólagjöld 344 nemendur
   - Myndlistardeild ..... 89 nemendur
   - Leiklistardeild ..... 28 nemendur
   - Hönnunar- & arkitektúrdeild
     grafísk/þrívíð/fata ..... 123 nemendur
     arkitektúr ..... 25 nemendur
   - Tónlistardeild ..... 48 nemendur
   - Kennslurétttindanám ..... 31 nemandi
3. Áætluð útgjöld vegna náms við Listaháskóla Íslands 2003–2004 eru 471.781.334 kr. Hlutfall skólagjalda af útgjöldum er 8%.
4. Nemandi í 90 eininga námi til BA-gráðu og 120 eininga námi til BFA-gráðu (leikaranemar) greiddi 120.000 kr. í skólagjöld skólaárið 20003–2004.

   Nemandi í 30 eininga kennslurétttindanámi greiddi 60.000 kr. í skólagjöld skólaárið 2003–2004.

   Listaháskóli Íslands hefur starfað i fimm ár. Á þeim tíma hefur hann sett á stofn 90 og 120 (leikarar) eininga háskólanám á fjórum fræðasviðum lista, myndlist (1999), leiklist (2000), hönnun (grafísk, þvívíð, fata) 2001, tónlist 2001 og arkitektúrbraut innan

hönnunardeildar 2002. Jafnframt rekur skólinn kennsluréttindanám fyrir listamenn á sviði hönnunar, leiklistar, tónlistar og myndlistar sem lokið hafa BA-námi eða sambærilegu námi.

Listaháskóli Íslands fær greitt með ákveðnum fjölda nemenda á hverju fræðasviði samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið sem undirritaður var í nóvember 2001 og gildir til ársloka 2004. Greiðslur með hverjum nemanda eru mismunandi eftir fræðasviðum. Samningurinn leggur þær skyldur á Listaháskólann að hann „uppfylli sambærilegar kröfur og gerðar eru til hliðstæðs náms við norræna háskóla".

Samkvæmt upplýsingum sem skólinn hefur aflað sér eru greiðslur ríkisins með hverjum nemanda í hliðstæðu námi í Danmörku, Svíþjóð og Noregi um 20% hærri en hér á landi. Til þess að geta staðið við þær kröfur sem þjónustusamningurinn gerir til náms við Listaháskólann og miðað við óbreyttar forsendur varðandi nemendafjölda og greiðslu fyrir hvern nemanda má gera ráð fyrir að skólagjöld haldi áfram að hækka og verði á bilinu 15–20% af heildarútgjöldum þegar skólinn hefur náð fullum vexti. Bankalán hafa verið tekin til að standa undir stofnkostnaði nýrra deilda.

Viðskiptaháskólinn Bifröst (2002–2003).

1. Viðskiptaháskólinn á Bifröst er sjálfseignarstofnun. Auk hans er íbúðarhúsnæði á Bifröst rekið í tveimur sjálfseignarstofnunum, þ.e. nemendagarðar Viðskiptaháskólans á Bifröst og starfsmannagarðar Viðskiptaháskólans á Bifröst.

   Nám á háskólastigi við Viðskiptaháskólann á Bifröst fór fram í tveimur deildum skólaárið 2002 – 2003, viðskiptadeild og lögfræðideild. Lögfræðideild hóf starfsemi sína haustið 2001. Tekjur deildanna tveggja af skólagjöldum námu 88,1 millj. kr. árið 2002–2003, þar af voru tekjurnar 60,4 millj. kr. í viðskiptadeild og 27,7 millj. kr. í lögfræðideild. Auk þess voru innheimt skólagjöld fyrir nám í frumgreinadeild á framhaldsskólastigi og starfsnám í verslunarstjórnun.
2. Skólaárið 2002–2003 stunduðu 284 nemendur háskólanám við Viðskiptaháskólann á Bifröst, viðskiptadeild (211) og lögfræðideild (73). Sumarið 2003 hófst nám á masterstigi í viðskiptadeild.
3. Heildartekjur Viðskiptaháskólans á Bifröst námu 285,2 millj. kr. skólaárið 2002 – 2003. Rekstrargjöld fyrir afskriftir og fjármagnskostnað námu 269,1 millj. kr., afskriftir 14,9 millj. kr. og fjármagnskostnaður nettó 18,7 millj. kr. Skólinn var því rekinn með 17,5 millj. kr. tapi á árinu 2002–2003. Fjárfestingar að frádreginni sölu eigna nam 172,2 millj. kr. en á skólaárinu var tekið í notkun nýtt 1.260 fm skólahúsnæði.

   Tekjur viðskiptadeildar námu um 130 millj. kr. á skólaárinu 2002–2003 og tekjur lögfræðideildar um 65 millj. kr., samtals um 195 millj. kr. Þessar tekjur samanstanda í aðalatriðum af kennslu- og rannsóknarframlögum frá ríkinu og skólagjöldum. Beinn kennslukostnaður er um 50% af tekjum deildanna en framlegð fer til sameiginlegs kostnaðar skólans, svo sem reksturs húsnæðis, tölvukerfa, bókasafns, háskólaskrifstofu, kynningarmála, erlendra samskipta o.s.frv., auk afskrifta og fjármagnskostnaðar. Kennsluhættir á Bifröst byggjast mikið á kennslu í verkefnahópum og er skólagjöldum þannig ætlað að standa undir dýrari kennsluháttum en almennt tíðkast.
4. Skólagjöld í viðskiptadeild (BS-staðnám) var 160.000 kr. á önn (320.000 kr. á ári) skólaárið 2002–2003. Sambærileg skólagjöld í lögfræðideild voru 190.000 kr. á önn (380.000 kr. á ári). Grundvöllur skólagjaldanna byggist á því að forsendum framlaga ríkisins var breytt umtalsvert í kringum árið 2000 þegar framlög til kennslu fóru að miðast við nemendaígildi. Við það lækkuðu ríkisframlög til skólans umtalsvert á nemanda.

Skólagjöldum var ætlað að mæta þessu tekjutapi skólans þótt það hafi ekki tekist að fullu, sbr. 17,5 millj. kr. tap af rekstri hans skólaárið 2002–2003.

Háskólinn í Reykjavík (2003–2004).

1. Tekjur HR af skólagjöldum vegna grunnnáms á háskólastigi voru á síðasta skólaári – skilgreint hér sem veturinn 2003–2004 – samtals um 214 millj. kr. vegna grunnáms á háskólastigi.
   Sundurliðað:
   BA-nám í lögfræði, samtals um 29 millj. kr.
   BS-nám í tölvunarfræði, samtals um 76 millj. kr.
   BS-nám í viðskiptafræði, samtals um 109 millj. kr.
2. Skólaárið 2003–2004 voru nemendur í grunnnámi í HR alls um 1.404 talsins.
   Sundurliðað:
   Nemendur í lagadeild voru um 162.
   Nemendur í tölvunarfræðideild (BS) voru um 509.
   Nemendur í viðskiptadeild (BS) voru um 733.
3. Útgjöld HR skólaveturinn 2003–2004 vegna grunnnáms á háskólastigi stefna í að verða 772 millj. kr. Miðað við þá fjárhæð verður hlutfall skólagjalda af útgjöldum tæp 28%:
   Sundurliðað:
   Skólagjöld í lagadeild í hlutfalli af útgjöldum vegna lagadeildar** um 25%*.
   Skólagjöld í tölvunarfræðideild í hlutafalli af útgjöldum vegna tölvunarfræðideildar um 25%*.
   Skólagjöld í viðskiptadeild í hlutfalli af útgjöldum vegna viðskiptadeildar (grunnnám) um 31%*.
   * Auk þess sem beinn útlagður kostnaður færist á viðkomandi deildir er öðrum kostnaði HR, að frádregnum kostnaði við Stjórnendaskóla HR og MBA, deilt hlutfallslega á deildirnar.
   ** Lagadeild er ekki fullburða þar sem hún er enn aðeins tveggja ára. Því gæti verið um ákveðna bjögun að ræða í þessum hlutfallstölum þar sem hlutfall lagadeildar væri reiknað lægra en efni standa til og hlutfall tölvunarfræði- og viðskiptadeildar samsvarandi hærra.
4. Skólagjöld í BA- og BS-námi í HR voru 89.000 kr. á önn fyrir fullt nám og hlutfallslegt fyrir færri einingar en fullt nám. Til grundvallar liggja rekstraráætlanir sem taka tillit til útgjalda vegna kennslu, rannsókna og almennrar umsýslu. Það gap sem myndast vegna áætlaðra útgjalda og greiðslna frá ríkissjóði í samræmi við þjónustusamning skólans við ríkið er m.a. brúað með innheimtu skólagjalda.

1698. Svar [896. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um námslán fyrir skólagjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig sundurliðast útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna skólagjalda í íslenskum háskólum og sérskólum á síðasta skólaári eftir skólum? Og hvernig sundurliðast fjöldi lánþega eftir skólum, sbr. þskj. 1187?*
2. *Til hvaða námsleiða var lánað í hverjum skóla og hve há fjárhæð samtals, sundurliðað eftir námsleiðum? Hver var fjöldi lánþega og hvert var meðallánið á hverri námsleið?*
3. *Hver er talinn verða kostnaður sjóðsins af lánveitingum, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum miðað við núverandi reglur sjóðsins?*

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og er eftirfarandi byggt á gögnum frá sjóðnum.

Samtals tóku 1.157 námsmenn frá sautján skólum námslán fyrir skólagjöldum á síðasta skólaári. Samtals voru lánaðar 267,6 millj. kr. vegna skólagjalda en heildarlán á sama tíma voru 856,6 millj. kr. Nánari sundurliðun má sjá í töflunni.

Skóli	Fjöldi	Skólagjöld	Heildarlán
Myndlistaskólinn á Akureyri	24	2.433.750	17.300.651
Viðskiptaháskólinn Bifröst	226	65.838.750	218.915.912
Tónlistarskólinn í Garðabæ	2	82.500	1.907.042
Menntaskólinn í Kópavogi	10	1.306.250	4.788.255
Snyrtiskólinn	37	33.522.334	55.775.131
Fjölbrautarskólinn í Ármúla	6	47.500	1.431.204
Flugskóli Íslands	21	6.970.834	15.828.680
Háskóli Íslands	27	20.405.000	27.029.737
Háskólinn í Reykjavík	526	108.961.500	322.747.103
Listaháskóli Íslands	209	11.894.000	130.089.329
Nýi söngskólinn - Hjartans mál	1	101.500	491.815
Nýi Tónlistarskólinn	3	102.500	1.441.011
Snyrtiskóli Íslands	15	12.175.000	22.809.305
Söngskólinn í Reykjavík	15	1.868.750	11.547.564
Tónlistarskóli F.Í.H.	5	276.750	2.186.486
Tónlistarskólinn í Reykjavík	16	1.388.250	10.619.398
Hólaskóli	14	281.250	11.728.196
	1.157	267.656.418	856.636.819

Alls var lánað fyrir skólagjöldum á 29 námsleiðum í 17 skólum á háskólastigi á síðasta skólaári. Nánari sundurliðun er í töflunni hér á eftir ásamt upplýsingum um meðallán á hverri námsleið fyrir sig.

Skóli	Námsbraut	Fjöldi	Skólagjöld	Heildarlán	Meðallán v/skólagj.
Myndlistaskólinn á Akureyri	Listnám	**24**	**2.433.750**	**17.300.651**	**101.406**
Viðskiptaháskólinn Bifröst		**226**	**65.838.750**	**218.915.912**	**291.322**
	Frumgreinadeild	*28*	*7.906.250*	*30.512.806*	*282.366*
	Lögfræðideild	*71*	*24.151.250*	*70.888.556*	*340.158*
	Viðskiptadeild	*127*	*33.781.250*	*117.514.550*	*265.994*
Tónlistarskólinn í Garðabæ	Tónlistarnám	**2**	**82.500**	**1.907.042**	**41.250**
Menntaskólinn í Kópavogi	Leiðsögunám	**10**	**1.306.250**	**4.788.255**	**130.625**
Snyrtiskólinn	Snyrtifræði	**37**	**33.522.334**	**55.775.131**	**906.009**
Fjölbrautarskólinn í Ármúla	Sjúkraliðanám	**6**	**47.500**	**1.431.204**	**7.917**
Flugskóli Íslands	Flugnám	**21**	**6.970.834**	**15.828.680**	**331.944**
Háskóli Íslands	Viðsk. og hagfræðid.	**27**	**20.405.000**	**27.029.737**	**755.741**
Háskólinn í Reykjavík		**526**	**108.961.500**	**322.747.103**	**207.151**
	Lagadeild	*45*	*5.529.000*	*22.225.696*	*122.867*
	Tölvunarfræðideild	*185*	*24.371.250*	*107.749.634*	*131.736*
	Viðskiptadeild	*296*	*79.061.250*	*192.771.773*	*267.099*
Listaháskóli Íslands		**209**	**11.894.000**	**130.089.329**	**56.909**
	Hönnunar- og arkitekt.	*77*	*4.540.250*	*42.239.257*	*58.964*
	Kennaranám	*12*	*178.250*	*10.243.039*	*14.854*
	Leiklistardeild	*23*	*1.460.500*	*14.436.263*	*63.500*
	Myndlistardeild	*76*	*4.476.750*	*51.087.681*	*58.905*
	Tónlistardeild	*21*	*1.238.250*	*12.083.089*	*58.964*
Nýi söngskólinn - Hjart. mál	Sönglist	**1**	**101.500**	**491.815**	**101.500**
Nýi Tónlistarskólinn	Tónlistarnám	**3**	**102.500**	**1.441.011**	**34.167**
Snyrtiskóli Íslands	Snyrtifræðinám	**15**	**12.175.000**	**22.809.305**	**811.667**
Söngskólinn í Reykjavík		**15**	**1.868.750**	**11.547.564**	**124.583**
	Tónlistarnám	*14*	*1.731.250*	*10.608.528*	*123.661*
	Kennaranám	*1*	*137.500*	*939.036*	*137.500*
Tónlistarskóli F.Í.H.		**5**	**276.750**	**2.186.486**	**55.350**
	Tónlistarnám	*2*	*50.000*	*489.785*	*25.000*
	Kennaranám	*3*	*226.750*	*1.696.701*	*75.583*
Tónlistarskólinn í Reykjavík		16	1.388.250	10.619.398	**86.766**
	Tónlistarnám	*11*	*949.500*	*7.996.696*	*86.318*
	Kennaranám	*5*	*438.750*	*2.622.702*	*87.750*
Hólaskóli		14	281.250	11.728.196	**20.089**
	Ferðamáladeild	*7*	*146.250*	*7.217.769*	*20.893*
	Fiskeldisdeild	*7*	*135.000*	*4.510.427*	*19.286*

Miðað við gildandi reglur má gera ráð fyrir að kostnaður LÍN vegna affalla og niður greiðslu útlánavaxta sé um 45–50% útlána og þar með að lántakendur endurgreiði að meðaltali um 50–55% lánanna. Upphæð láns og tekjur lántakanda að námi loknu ráða mestu um kostnað við einstök lán.

1699. Svar [824. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum nemendum á fyrsta ári framhaldsskóla hefur verið vikið úr námi fyrir lélega mætingu sl. fjögur ár?*
2. *Hversu margir nemendur framhaldsskóla hafa sl. fjögur ár:*
   a. *fallið á prófum fyrsta árs,*
   b. *ekki skráð sig á nýjan leik eftir fyrsta ár?*
3. *Hversu margir af þessum nemendum áttu við sértæka námsörðugleika að ræða, svo sem lesblindu?*
4. *Hvernig er greitt til framhaldsskólanna með þeim nemendum sem falla á fyrsta ári?*

Þar sem hvorki menntamálaráðuneytið né Hagstofa Íslands hafa safnað þeim upplýsingum sem óskað er eftir í 1. tölulið, a-lið 2. tölulíðar og 3. tölulið fyrirspurnarinnar sendi ráðuneytið spurningalista til skólameistara framhaldsskóla til að kanna hvort þeir gætu veitt þessar upplýsingar. Svör bárust frá 25 skólum. Svörin og athugasemdir með þeim báru með sér að það er annmörkum háð að veita áreiðanleg svör við þessum liðum en almenn og kerfisbundin söfnun upplýsinga hefur ekki átt sér stað um þessa þætti. Á það ekki síst við um 1. og 3. tölulið. Ráðuneytið vann niðurstöðutölur úr þeim upplýsingum sem bárust frá skólunum fyrir skólaárin 2001/2002 og 2002/2003, en með þeim fyrirvara sem áður getur um áreiðanleika upplýsinganna og einnig að upplýsingar bárust ekki frá öllum framhaldsskólum og í sumum tilvikum aðeins svör við hluta spurninganna.

Hagstofa Íslands vann svar við b-lið 2. tölulíðar.

1. Í ljósi þeirra fyrirvara sem eru gerðir við upplýsingarnar frá skólunum er hér aðeins fjallað um tölur fyrir skólaárin 2001/2002 og 2002/2003. 24 skólar svöruðu spurningunni og í níu þeirra var engum nemanda vikið úr skóla vegna lélegrar mætingar skólaárið 2001/2002. Frá 15 skólum bárust upplýsingar um að alls 102 fyrsta árs nemendum hefði verið vikið úr skóla það skólaár vegna lélegrar mætingar, eða 3,4% fyrsta árs nemenda í þeim skólum sem svöruðu. Skólaárið 2002/2003 var engum nemanda vísað úr skóla vegna lélegrar skólasóknar í 10 af 24 skólum. Alls var 78 fyrsta árs nemendum vísað úr hinum 14 skólunum þetta skólaár, eða um 2,6% af fyrsta árs nemendum í þeim skólum sem svöruðu könnuninni.

2a. Miðað við svör frá 22 framhaldsskólum féllu 511 fyrsta árs nemar á prófum fyrsta árs í þessum skólum skólaárið 2001/2002 samkvæmt viðmiðum Aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólaárið 2002/2003 voru þeir 450. Í þessum sömu skólum voru 2.600 fyrsta árs nemar haustið 2001 og 2.655 haustið 2002. Hér var því um að ræða 19,65 % fyrsta árs nemenda í þessum skólum fyrra árið og 16,95% seinna árið. Vakin er athygli á að svör vantar frá allmörgum skólum.

2b. Í svari frá Hagstofu Íslands um brottfall fyrsta árs nema í framhaldsskólum 1999–2003 kemur m.a. fram að hlutfall þeirra sem hættu námi lækkaði frá skólaárinu 1999/2000 til skólaársins 2002/2003 úr 16,5% í 11,5%.

Taldir eru saman nemendur í dagskóla á framhaldsskólastigi um miðjan október á hverju ári samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og þeir bornir saman við skráða nemendur í

öllum skólum á landinu (framhaldsskólum, háskólum, sérskólum og tónlistarskólum og með skráða iðnsamninga) ári seinna. Eingöngu eru taldir nemendur á fyrsta ári sem eru yngri en 17 ára. Nemendur að hausti sem ekki eru í námi haustið á eftir eru bornir saman við útskrifaða nemendur í öllum skólum frá 1. desember til 30. nóvember ári seinna samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Þeir nemendur sem hvorki hafa útskrifast á þessu tímabili né koma fram í nemendaskrá haustið á eftir teljast hafa hætt námi viðkomandi ár.

Heildarbrottfall.

	1999	2000	2001	2002
Fjöldi nemenda að hausti	3.833	3.684	3.503	3.542
Nemendur að hausti sem ekki koma fram í skóla eða á skráðum iðnsamningi haustið eftir	639	512	461	422
Þar af brautskráðir frá 1. desember til 30. nóvember ári seinna	8	13	15	13
Brottfallnir nemendur	631	499	446	409
Brottfall í %	16,5	13,5	12,7	11,5

Brottfall eftir kyni.

	1999–2000			2000–2001			2001–2002			2002–2003		
	Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall	
	1999	Fjöldi	%	2000	Fjöldi	%	2001	Fjöldi	%	2002	Fjöldi	%
Piltar	1.871	356	19,0	1.844	271	14,7	1.692	237	14,0	1.765	218	12,4
Stúlkur	1.962	275	14,0	1.840	228	12,4	1.811	209	11,5	1.777	191	10,7
Alls	3.833	631	16,5	3.684	499	13,5	3.503	446	12,7	3.542	409	11,5

Brottfall eftir flokkun náms.

	1999–2000			2000–2001			2001–2002			2002–2003		
	Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall		Nem.	Brottfall	
	1999	Fjöldi	%	2000	Fjöldi	%	2001	Fjöldi	%	2002	Fjöldi	%
Bóknám	2.932	443	15,1	2.760	371	13,4	2.658	345	13,0	2684	297	11,1
Starfsnám	901	188	20,9	924	128	13,9	845	101	12,0	858	112	13,1
Alls	3.833	631	16,5	3.684	499	13,5	3.503	446	12,7	3.542	409	11,5

Athugasemdir:
Nemendur á almennri braut eru taldir með nemendum í bóknámi og nemendur í listnámi með nemendum í starfsnámi.
Nemendur eru stundum skráðir í fleiri en einn skóla. Þá eru þeir settir í þann skóla þar sem þeir stunda aðallega nám samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Þó eru nemendur í listaskólum sem líka stunda nám í öðrum skólum settir í aðra skóla en listaskóla.

3. Aðeins 13 framhaldsskólar veittu einhverjar tölulegar upplýsingar um sértæka námsörðugleika viðkomandi nemenda skólaárið 2001/2002 og 14 skólaárið 2002/2003 þannig að hæpið er að draga ályktanir af þeim svörum. Samkvæmt upplýsingunum sem bárust frá þessum skólum áttu 57 nemendur af þeim sem höfðu fallið á prófum fyrsta árs eða ekki skráð sig á nýjan leik eftir fyrsta ár við sértæka námsörðugleika að etja skólaárið 2001/2002. Skólaárið 2002/2003 var um 72 nemendur að ræða í þessum sömu skólum.

4. Greiðslur vegna nemenda sem falla í framhaldsskólum eru eins og vegna nemenda sem standast próf, svo framarlega sem þeir gangast undir próf eða sæta öðru námsmati.

1700. Svar [898. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tekjur sérskóla af skólagjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tekjur einstakra skóla af skólagjöldum vegna náms á sérskólastigi á síðasta skólaári og hvernig sundurliðast tekjurnar eftir námsleiðum í hverjum skóla?*
2. *Hve margir nemendur greiddu skólagjöldin og hvernig sundurliðast fjöldinn eftir námsleiðum í hverjum skóla?*
3. *Hver voru útgjöld skólanna vegna náms þar sem skólagjöld voru innheimt á síðasta skólaári og hvert var hlutfall skólagjaldanna af útgjöldunum, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum?*
4. *Hver var fjárhæð skólagjaldanna á síðasta skólaári vegna náms á sérskólastigi sem hver nemandi þurfti að greiða og hvað var lagt til grundvallar ákvörðun um fjárhæðina, sundurliðað eftir námsleiðum og skólum?*

Hugtakið sérskólar er ekki lengur notað. Með lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, voru skólar sem áður störfuðu eftir lögum um sérskóla felldir undir þau lög og heita síðan framhaldsskólar. Í fyrirspurninni mun vera átt við skóla eins og tölvuskóla, Fiskvinnsluskólann, Lögregluskólann, Bankaskólann, iðnskólana, Stýrimannaskólann og Vélskólann.

Tölvuskólarnir eru einkaskólar sem ekki eru á vegum menntamálaráðuneytisins og verðleggja þjónustu sína án afskipta þess. Lögregluskólinn heyrir undir dómsmálaráðuneytið og Bankaskólinn undir bankana og hefur menntamálaráðuneytið ekki upplýsingar um skólagjöld sem þessir skólar innheimta, ef einhver eru. Fiskvinnsluskólinn var lagður niður fyrir nokkrum árum en starfaði síðustu árin samkvæmt lögum um framhaldsskóla.

Hvað varðar Iðnskólann í Reykjavík, Iðnskólann í Hafnarfirði, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands þá starfa þeir eftir lögum um framhaldsskóla eins og aðrir framhaldsskólar og hafa gjaldtökuheimildir sem tilgreindar eru í lögunum. Um er að ræða innritunargjöld, 8.500 kr. á ári, og efnisgjöld, allt að 50.000 kr. á ári.

1701. Svar [932. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Láru Stefánsdóttur um kennsluhugbúnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða kennsluhugbúnað á íslensku hefur menntamálaráðuneytið látið vinna sl. fimm ár, sundurliðað eftir heiti hugbúnaðarins og höfundum eða fyrirtæki sem selur hann? Í hvaða kennslugreinum er búnaðurinn hagnýttur, hvaða skólastigi er hann ætlaður og hvað kostaði gerð hans í hverju tilviki?

Samkvæmt lögum um Námsgagnastofnun, nr. 23/1990, er það hlutverk stofnunarinnar að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámskrá. Námsgagnastofnun hefur á sl. fimm árum látið framleiða kennsluhugbúnað fyrir 107,6 millj. kr. sem veitt var til

70 verkefna. Meðfylgjandi er listi yfir kennsluhugbúnað sem Námsgagnastofnun hefur látið vinna sl. fimm ár.

Aðkoma menntamálaráðuneytisins að hugbúnaðargerð til kennslu hefur verið í formi styrkja til hugbúnaðarverkefna úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einnig hefur ráðuneytið styrkt námsefnisgerð á framhaldsskólastigi, þar á meðal kennsluhugbúnaðargerð. Loks voru á síðasta ári veittir styrkir til námsefnisgerðar er tengist hugbúnaðargerð í tengslum við Menntagátt. Menntamálaráðuneytið styrkti einnig ásamt utanríkisráðuneyti gerð fjarkennsluvefja í íslensku fyrir íslensk börn í útlöndum (sjá islenskuskolinn.is) og „Icelandic Online" fyrir erlenda háskólanema. Meðfylgjandi eru yfirlit yfir styrkveitingar til upplýsingatækniverkefna. Menntamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um heildarkostnað hvers verkefnis né söluaðila ef um sölu er að ræða.

Yfirlit yfir kennsluhugbúnað sem unninn var á vegum Námsgagnastofnunar 1999–2003.

Verk-nr.	Heiti	Höfundur/fyrirtæki	Kennslugr.	Skólastig	Tegund	Kostnaður	Forritun/uppruni
			1999				
9593/ 9450	Margmiðlunarsmiðjan	Örjan Broman	uppl.tækni	unglingast.	forrit	1.027.085	Norrænt samstarf
9405/ 9410	Ritbjörg	Hildigunnur Halldórsd.	ísl.	unglingast.	forrit	864.800	Höfundur
9494	Mál í mótun	Kolbrún Sig./Þóra Kristd.	ísl.	miðst.	forrit	170.704	Námsgagnast.
9518	Villi í villuleit	Guðm. Rúnar Kristjánss.	ísl.	mið/unglingast.	forrit	931.903	Höfundur
9542	Horfa, hlusta, skrifa	Bent B. Thomsen	ísl.	yngsta st.	forrit	146.821	Norrænt samstarf
9470	Ilmur	Hildig. Þórsd./ Birgir Edvald	sérk.	mið/unglingast.	forrit	395.064	Námsgagnast.
9479	Lestur og stafsetn.	Hildig. Halldórsd./ Bryndís	sérk.	yngsta/miðst.	forrit	357.446	Námsgagnast.
9537	Tákn með tali		sérk.	grunnsk.	forrit	499.042	Indriði Björnsson
9543	Grafsvegir	Jörgen Nielsen	stærðfr.	unglingast.	forrit	35.150	Norrænt samstarf
9550	Snót og Snáði	Börre Stenseth o.fl.	stærðfr.	yngsta/miðst.	forrit	241.517	Norrænt samstarf
9551	Kefrens píramídi	Eygló Guðmundsd. þýð.	stærðfr.	mið/unglingast.	forrit	3.137.000	Alega, Svíþjóð
9360	Frá A-Ö	John Berntzen o.fl.	ísl.	yngsta/miðst.	forrit	5.624	Norrænt samstarf
9528	Tumi kann tökin	SIH Läromedel	uppl.tækni	grunnsk.	forrit	23.500	Norrænt samstarf
9581	Talnaveiðar	Bent B. Thomsen	stærðfr.		forrit	249.058	Norrænt samstarf
9572	Töfraflísar		stærðfr.		forrit	416.540	Kindermagic Softw.
						8.501.254	
			2000				
9582	Play with words	Beatrice Perri o.fl.	enska	mið/unglingast.	forrit	1.589.746	Elemond Interactive
9548/ 9629	Undur líkama míns	Dorling Kindersley	náttúrufr.	grunnsk.	forrit	6.792.101	Dorling Kinderslay
9549/ 9632	Svona vinna tækin	Dorling Kindersley	náttúrufr.	grunnsk.	forrit	4.274.880	Dorling Kinderslay
9547	Spurnir	Birgir Edwald o.fl.	samfélagsgr.	unglingast.	forrit	882.415	Indriði Björnsson
9624	Burkina Faso	Henning Klafstad	samfélagsgr.	yngsta/miðst.	forrit	1.028.327	Norrænt samstarf
9544	Litli gagnagrunnurinn	Arne Mogensen	stærðfr.	yngsta st.	forrit	131.081	Norrænt samstarf
9594	Reiknibíllinn		stærðfr.	yngsta st.	forrit	1.652.775	Simon and Schuster
9557	Umhverfis jörðina		samfélagsgr.	unglingast.	námsvefur	2.693.372	Norrænt samstarf
7601	Málbjörg	Svanhildur Sverrisd.	ísl.	unglingast.	námsvefur	485.000	Höfundur
9606	Norskur listavefur		myndmennt	mið/unglingast.	námsvefur	505.795	Norrænt samstarf
9539	Landafundir	Herdís Egilsson	samfélagsgr.	yngsta st.	námsvefur	3.000.000	Höfundur
9583	Íslandsvefurinn	Jóhann Ísberg	samfélagsgr.	grunnsk.	námsvefur	2.490.000	Höfundur
9608	Leifur heppni víkingar	Fríða Haraldsd. o.fl.	samfélagsgr.	miðst.	námsvefur	750.837	Námsgagnast.
9644	Kynningarsmiðjan		upplýsingat.	miðst.	vefefni	10.500	Námsgagnast.
9645	Margmiðlunarsmiðjan		upplýsingat.	unglingast.	vefefni	10.500	Námsgagnast.
						26.297.329	

Verk-nr.	Heiti	Höfundur/fyrirtæki	Kennslugr.	Skólastig	Tegund	Kostnaður	Forritun/uppruni
			2001				
9575	God – bedre – bedst	Arnbjörg Eiðsd. o.fl.	danska	grunnsk.	forr./gagnv.	6.242.526	Onno ehf.
6824	Heimilisfr. uppskr./ næringarfr.	Styrkt af RANNÍS	heimilisfr.	unglingast.	námsvefur	0	Hugbúnaður
9475	Alfræði ísl. tungu	ýmsir	íslenska	unglingast.	forrit	19.879.924	Gagarín ehf.
9602	Ritsmiðjan	ýmsir	íslenska	yngsta st.	forrit	3.045.716	Hildigunnur Halldórsdóttir
9647	Ritfinnur	Kanadískt forrit	íslenska	grunnsk.	forrit	3.490.451	De Marque
9580	Stærðfr. í dagsins önn		sérkennsla	grunnsk.	forrit	6.259.226	Næst ehf.
9598	Pósthúsið	Námsgagnast.	stærðfr.	yngsta st.	forrit	213.889	Námsgagnast.
9630	Flott föll	Danskt forrit	stærðfr.	grunnsk.	forrit	429.185	Norrænt samstarf
9615	Lífsferlar í náttúrunni	Örn Óskarsson o.fl.	náttúrufr.	yngsta/ miðst.	námsvefur	1.512.590	Höfundar
9637	Komdu og skoðaðu ...	ýmsir	samfélagsfr.	yngsta st.	námsvefur	725.634	Námsgagnast.
9323	Moster	Danskt forrit	efnafr.	ungls/framh.	forrit	239.063	Norrænt samstarf
9359	Veröldin mín	Turid Utgård	sérkennsla	yngsta/miðst	forrit	375.804	Norrænt samstarf
9472	Language master	Hildigunnur Halldórsdóttir	enska	unglingast.	gagnv. vefefni	150.000	Höfundur
	Dan-net	Miakel Dahl	danska	unglingast.	námsvefur	90.060	Höfundur
9480	Myndaorðabók	Bent B. Thomsen	erlend mál		forrit	359.553	Norrænt samstarf
						43.013.621	
			2002				
9670	Glói geimvera lærir að lesa	Arnheiður Borg o.fl.	íslenska	yngsta st.	forrit/ gagnvirkt	996538	Næst ehf.
	God nok på nettet	Arnbjörg Eiðsd. o.fl.	danska	unglingast.	gagnv. vefefni	155.000	Námsgagnast.
	Þrír í röð	Hildigunnur Halldórsdóttir	stærðfræði	yngsta/miðst.	gagnv. vefefni	250.000	Höfundur
9674	En dansk hjemmeside	Ulla Brink o.fl.	danska	unglingast.	námsvefur	753.396	Höfundar
	Gagnvirk æfingadæmi	Námsgagnastofnun	stærðfræði	yngsta/miðst.	gagnv. vefefni	0	Námsgagnast.
	Komdu og skoðaðu...	ýmsir	samf./ náttúrufr.	yngsta st.	námsvefur	1.516.568	Námsgagnast.
	Lukkuhjólið	Námsgagnastofnun	stærðfræði	yngsta/miðst.	gagnv. vefefni	45.000	Námsgagnast.
	Staflarnir	Námsgagnastofnun	stærðfræði	yngsta/miðst.	gagnv. vefefni	35.000	Námsgagnast.
7525	Á ferð um samfélagið	Garðar Gíslason	samfélagsfr.	kennaraefni	námsvefur	707.475	Námsgagnast.
	Listavefur krakka	Ásthildur B. Jónsdóttir	myndmennt	yngsta st.	námsvefur	3.277.000	Námsgagnast.
						7.735.977	
			2003				
9677	Tetra – efnafr.	Sigurður Friðleifsson	náttúrufr.	unglingast.	forrit	929.400	Brynjólfur Bjarnason
9686	Glói geimvera á lestrareyju	Arnheiður Borg o.fl.	íslenska	yngsta st.	forrit	1.216.585	Næst ehf.
9676	Bogi blýantur	Hildigunnur Halldórsd. o.fl.	stærðfræði	yngsta st.	forrit	83.320	Námsgagnast./ UNI-C
9657	Gullkistan	Jóna Jónsdóttir	lífsleikni	yngsta st.	námsvefur	710.321	Höfundur
7486	Textílmennt – verkefni	Ýmsir	myndlist	unglingast.	námsvefur	637.572	Námsgagnast.
9605	Listavefurinn	Ýmsir	myndlist	mið/unglingast	námsvefur	6.555.000	Næst ehf.
9554	Fjaran og hafið	Hafró	náttúrufr.	mið/ung/framh.	námsvefur	3.977.000	Námsgagnast.
7477	Komdu og skoðaðu...	Ýmsir	samfélagsfr.	yngsta st.	námsvefur	875.550	Námsgagnast.
6935	Leit á internetinu	Fríða Sigurðard. o.fl.	uppl. og tækni	yngsta/miðst.	námsvefur	104.687	Námsgagnast.
9616	*Tónlist í tímans rás*	*Sigfríður Björnsdóttir*	*tónmennt*	*mið/unglingast*	námsvefur	2.182.799	Námsgagnast.
6282	Handritin heima	Soffía Guðm. o.fl.	Íslenska	mið/unglingast.	námsvefur	398.602	Námsgagnast.
9682	Plöntuvefur	Ágúst H. Bjarnason o.fl.	náttúrufr.	mið/unglingast.	námsvefur	649.779	Námsgagnast.
9693	Táknmálsleikir		sérkennsla	grunnsk.		771.041	Norskt forrit
	Almenn brot	Kolbrún Hjaltad.	stærðfr.	miðst.	gagnv. vefefni	1.541.170	Gagarín ehf.
	Keops Pýramídi					1.459.536	Alega
						22.092.362	

Styrkir á sviði upplýsingatækni 1999–2003 á framhaldsskólastigi (maí 2004).

Þróunarsjóður framhaldsskóla og til fullorðinsfræðslu:

1999	6.450 þús. kr.
2000	5.100 þús. kr.
2001	8.340 þús. kr.
2002	4.250 þús. kr.
2003	1.700 þús. kr.
Samtals	**25.840 þús. kr.**

Ár	Styrkþegi	Umsjón	Heiti verkefnis	Upphæð
1999	Borgarholtsskóli	Ottó Ólafsson	Tölvuverslunarbraut	300
1999	Farskóli Norðurlands vestra, miðst. símenntunar	Anna Kr. Gunnarsdóttir	Þróun kennsluleiðbeininga og námsefnis fyrir fjarkennslu	500
1999	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Magnús Ingvason	Upplýsingatækni í kennslu fatlaðra	300
1999	Flensborgarskólinn	Hákon Sveinsson	Verkefni á sviði upplýsingatækni	500
1999	Framhaldsskóli Vestfjarða	Jón Reynir Sigurvinsson	Vefsíðugerð, notkun tölvupósts við kennslu, ritstjórn og hönnun skólavefs	500
1999	Menntaskólinn á Akureyri	Sverrir Páll Erlendsson	Hljóðfræðivefur í íslensku	300
1999	Menntaskólinn á Akureyri	Gígja Gunnarsdóttir	Upplýsingatækni í íþróttanámi og kennslu	200
1999	Menntaskólinn í Kópavogi	Ásrún Matthíasdóttir o.fl.	Gerð prófabanka og gagnvirks kennsluefnis	1.000
1999	Menntaskólinn v. Hamrahlíð	Björg Juhlin Brynh. Mathisen	Fjarkennsluvefur í norsku	600
1999	Menntaskólinn v. Hamrahlíð	Georg Douglas	Að setja kækjur á vefsíðum í kerfi	800
1999	Samstarfsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi	Líneik A. Sævarsdóttir Halldór Tjörvi Einarsson	Þróun upplýsingatækni í samstarfi framhaldsskóla á Austurlandi	600
1999	Stýrimsk. í Reykjavík og Verkmenntask. Austurlands	Helga M. Steinsson Vilmundur V. Sigurðsson	Fjarnám fyrir sjómenn á hafi úti	850
2000	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Guðrún Hallgrímsdóttir	Upplýsinga- og tæknimennt á starfsbraut (sérdeild)	200
2000	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Sigríður Á. Ásgrímsdóttir	Miðlægt tölvu- og samskiptakerfi til kennslu	1.000
2000	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Þorsteinn Þorsteinsson	Nýir kennsluhættir byggðir á sjálfsmati og notkun vefsins	350
2000	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Helmut Hinrichsen	Aðlögun einstakra greina að fartölvunotkun í kennslu	700
2000	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Kristín Runólfsdóttir	Siðferðileg ábyrgð og vímuvarnir á netinu	200
2000	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Örn Óskarsson	Vefsíður um fuglalíf á Selfossi og við Ölfusá	100
2000	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Sigurgeir Guðjónsson	Fjarkennsla kjörsviða á Austurlandi	400
2000	Menntaskólinn á Akureyri	Starfshópur kennara (Lára St.)	Fartölvur í námi og kennslu	700
2000	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Björg Juhlin Sigrún Hallbeck	Skipulag kennslu í norsku og sænsku – aðlögun að netkennslu	700
2000	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Georg Douglas	Að setja kækjur á vefsíðum í kerfi (framhaldsstyrkur)	500
2000	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Hálfdán Örnólfsson	Stærðfræðikennsla og upplýsingatækni	250
2001	Borgarholtsskóli	Ásta L. Aðalsteinsdóttir	Uppsetning og þróun vefsíðu í enskri málfræði	330
2001	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Helga Jóhannesdóttir	Kennsla í fata- og textílhönnun með netverkefnum	165
2001	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Ragnar G. Brynjólfsson	Fjarkennsla í tölvunarfræðiáföngum	275
2001	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Harpa Hreinsdóttir	Uppbygging tölvustuddrar kennslu	450
2001	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Harpa Hreinsdóttir	Kennari.is – vefsíðugerð	275
2001	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Ragnhildur Pálsdóttir	Fjarkennsla í FG	330
2001	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Björg Árnadóttir	Netvæðing heilbrigðisgreina	330

Ár	Styrkþegi	Umsjón	Heiti verkefnis	Upphæð
2001	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Kristinn Kristjánsson	Íslenska á vefrænu formi	330
2001	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Þórunn Óskarsdóttir	Þróun nýrra kennsluhátta – lausnaleitarnám	330
2001	Iðnskólinn í Reykjavík	Baldur Óskarsson Haukur Már Haraldsson	Þróun kennslu á upplýsinga- og fjölmiðlabraut	440
2001	Iðnskólinn í Reykjavík	Pétur Ingi Guðmundsson	Netvæðing áfanganna FOR213 og GSF102	175
2001	Kvennaskólinn í Reykjavík	Þórey Einarsdóttir Þórhildur Lárusdóttir	Notkun myndefnis í enskukennslu í framhaldsskólum (á vefsíðu)	230
2001	Menntaskólinn á Akureyri	Lára Stefánsdóttir	Dreifnám í MA	880
2001	Menntaskólinn á Akureyri	Jóhann Sigurjónsson	Breytt kennsluumhverfi í efnafræði	550
2001	Menntaskólinn á Akureyri	Sigríður Steinbjörnsdóttir	Grenndarkennsla og upplýsingatækni í íslensku	380
2001	Menntaskólinn á Akureyri	Sverrir Páll Erlendsson	Í sambandi. Samnýting þrennra samskiptamiðla	450
2001	Menntaskólinn í Kópavogi	Ásrún Matthíasdóttir Sigríður Þ. Stefánsdóttir	Fjarnám í ferðafræðum við MK	330
2001	Menntaskólinn í Kópavogi	Guðlaug Ragnarsdóttir Ásrún Matthíasdóttir	Fjarnám í fagtengdum áföngum í meistaraskóla hótel- og matvælagreina	330
2001	Menntaskólinn í Kópavogi	Guðmundur Jónsson Jón Eggert Bragason	Tölvur og stærðfræði	110
2001	Menntaskólinn í Kópavogi	Íris M. Ólafsdóttir Steinn Jóhannsson	Leiðbeiningar í WebCT	660
2001	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Björg Juhlin Brynhild Mathisen	Kennsluvefur í norsku	330
2001	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Hálfdán Örnólfsson	Vefur með hjálpartækjum	440
2001	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Ævar Ragnarsson	Kennsluforritun	220
2002	Borgarholtsskóli	Hafdís Ólafsdóttir o.fl.	Fjarnám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum	400
2002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Nína Þóra Rafnsdóttir	Kennsluhandrit fyrir sjúkraliðanema í fjarnámi við FNV	300
2002	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Kristín Runólfsdóttir	Þróun dreifnáms – Nám nær og fjær	800
2002	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Sigurður Fjalar Jónsson	Margmiðlun í kennslu á starfsbraut	250
2002	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Eiríkur Guðmundsson Sveinbjörg Sveinbjörnsd.	Skjöl – lifandi kennsluefni. Samstarfsverkefni skólans og Þjóðskjalasafns Íslands	500
2002	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Verkefnamappa og vefsíður fyrir dyslexíska nemendur	300
2002	Iðnskólinn í Reykjavík	Jón Jóel Einarsson	Þróun grunnnáms upplýsinga- og fjölmiðlagreina yfir í netnám	400
2002	Iðnskólinn í Reykjavík	Tómas Jónsson	Breyttir kennsluhættir í verklegri vélbúnaðarkennslu og undirbúningur fyrir fjarkennslu	300
2002	Menntaskólinn í Kópavogi	Helen W. Gray	Fjarkennsla í sérfæði	300
2002	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Georg Douglas	Gagnvirkur myndgagnagrunnur	400
2002	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Svanhvít Magnúsdóttir Emilía Baldursdóttir	Talsamband við útlönd	300
2003	Nema ehf.	Ásta Ragnarsdóttir	Þróun og úrvinnsla NemaCode kerfisins til notkunar í náms- og starfsráðgjöf	300
2003	Borgarholtsskóli	Hafdís Ólafsdóttir o.fl.	Dreifnám á listnámsbraut í margmiðlunarhönnun	500
2003	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Sigurður Fjalar Jónsson	Upplýsingatækni er fyrir stúlkur ekki síður en drengi	250
2003	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Helgi Georgsson	Sjávarútvegsbraut með vinnu eða öðru námi	250
2003	Talnatök ehf.	Guðrún Hrefna Guðmundsd.	Þróun dreifnámsaðferða í stuðningskennslu í stærðfræði	400

Styrkir á sviði upplýsingatækni 1999–2003 á leik- og grunnskólastigi (maí 2004).

Þróunarsjóður leikskóla

Ár	Heiti verkefnisins	Styrkþegi	Upphæð í kr.
2002	UT í starfi leikskólans	Leikskólinn Klappir/Alfa Björk Kristinsdóttir	200.000
2002	Vefurinn sem upplýsingabrú milli leikskóla og heimila	Hjallastefnan ehf./Margrét Pála Ólafsdóttir	200.000
2001	Leikskóli – Tölvur – samskipti	Leikskólinn Funaborg/Fanný Heimisdóttir	300.000
1999	Leikskóli til framtíðar, þróun á forriti fyrir leikskólastarf	Leikskólinn Skerjakot	700.000
1999	Skapandi notkun tölvu í leikskóla	Leikskólarnir Sólbrekka og Mánabrekka, Seltjarnarnesi	500.000
			1.900.000

Þróunarsjóður grunnskóla

2003	Dregið úr fötlun með notkun fartölvu	Ártúnsskóli	300.000
2003	Fræðsluvefurinn Tákn með tali	Inga Vigdís Einarsdóttir	500.000
2003	Bókaormar á Netinu	Kennaraháskóli Íslands	400.000
2003	Perlur – vefur um barnabókmenntir í kennslu	Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð	400.000
2003	Fræðsluvefur fyrir foreldra 4–8 ára barna	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	300.000
2003	Verkefnabanki í hönnun og smíði fyrir 1.–7. bekki grunnskólans og tenging smiðaverkefna við aðrar námsgreinar	Varmalandsskóli	250.000
2002	Snilliheimar, námsvefur fyrir 4–8 ára börn	Björg Vigfúsína Kjartansdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir og Kirsten Lybæk Vangsgaard	300.000
2002	Gagnvirk stærðfræði á Neti	Skólavefurinn ehf.	300.000
2002	Nýbúinn á Netinu	Valhúsaskóli	300.000
2002	Margmiðlunarefni á vef um Þingvelli	Herdís K. Brynjólfsdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir og Oddný I. Yngvadóttir	300.000
2002	Námsefni á vef: Hugarflug – skapandi ritun í námsumhverfi á vef	Kristín Björk Gunnarsdóttir	300.000
2002	Upplýsingatækni og heimabyggð (framhald)	Varmahlíðarskóli	300.000
2001	Upplýsingatækni og heimabyggð	Varmahlíðarskóli	400.000
2001	Kennsluvefur um Galdrasýningu á Ströndum	Grunnskólinn á Hólmavík	200.000
2001	Vesturfaraverkefni á vefnum í samvinnu Grunnskólans á Hofsósi og Edinburg School N. Dakóta	Grunnskólinn á Hofsósi	200.000
2001	Tölvulæsivefurinn	Tómas Rasmus	200.000
2001	Lífsleiknivefur	Edda Kjartansdóttir	200.000
2001	Er hægt að efla lífsleikni fjölskyldna í gegnum upplýsingatækni?	Borgarhólsskóli	300.000
2001	Ferðalag Finna fiðrildis – Kidlinkverkefni	Hjallaskóli	200.000
2000	Á línunni – íslenska og upplýsingatækni	Álftanesskóli	700.000
2000	Þjóðtrú og þjóðsögur – notkun upplýsingatækni	Kidlink á Íslandi	450.000
1999	Norsku- og sænskukennsla á Neti	Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, f.h. samstarfsaðila	600.000
1999	Barna- og skólavefur um nýsköpun	Rósa Gunnarsdóttir og Gísli Þorsteinsson	455.000
			7.855.000
		Samtals	**9.755.000**

Styrkir Menntagáttar til nýsköpunar í upplýsingatækni 2003.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Námsgrein – skólastig	Veitt
Ágúst, Ásrún og Hallgrímur (Hásk. Rvk)	Gagnvirkt kennsluefni í töl 103	tölvufræði, framhaldsskóli	300.000
Björg Pétursdóttir	Serapta-vefurinn	náttúrufræði, grunnskóli og framhaldsskóli	200.000
Brynhildur Briem, Jón Jónasson	Heimilisfræði, yngsta stig	heimilisfræði, grunnskóli	400.000
Georg R. Douglas	Gagnvirkur myndagagnagrunnur	náttúrufræði og jarðfræði, framhaldsskóli	400.000
Grétar Skúlason	Franska 403 á Netinu	franska, framhaldsk.	300.000
Halldór Leifsson	Stærðfræði	stærðfræði, framhaldsskóli	100.000
Jóhanna Hálfdánsdóttir	Hlustið á frönsku	franska, framhaldsk.	200.000
Kristinn Örn Kristinsson	Leikir til tónlistarþjálfunar	tónlist, tónlistar- (grunn- og framhaldsskólar)	500.000
Kristín Björk Gunnarsdóttir	Hugarflug, gagnvirkur ritunarvefur	íslenska, grunnskóli	400.000
Kristján E. Guðmundsson	Ung í Evrópu	félagsfræði, framhaldsskóli	300.000
Kristján Guðmundsson	FJÖ 203 Myndveruleikinn	fjölmiðlafræði, framhaldsskóli	400.000

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Námsgrein – skólastig	Veitt
Námsgagnastofnun/ Hildigunnur Halldórsdóttir	Gagnvirk verkefni í stærðfræði	stærðfræði, grunnskóli	900.000
Rasmus ehf.	Eðlisvísindi á rasmus.is	Eðlisvísindi, grunnskóli	200.000
Skólavefurinn ehf.	Saga e. Mark Twain	enska, framhaldsskóli	300.000
Skólavefurinn ehf.	Sögur og ævintýri	íslenska, grunnskóli	350.000
Starfsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti	Kennsluefni í Clicker og raðsögur	sérkennsla í framhaldsskóla	500.000
Starkaður Barkarson	Stoðkennarinn	íslenska, grunnskóli	350.000
Stefmennt ehf.	Tónmenntavefurinn (www.tonmennt.is)	tónlist, tónlistar-, grunn- og framhaldsskólar	200.000
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir	Flýgur fiskisaga – kennsluefni á Neti	íslenska, samfélagsfræði og fleiri greinar, grunnskóli	450.000
Torfi Hjartarson	Könnum saman lóð og mó	náttúrufræði, grunnskóli	400.000

1702. Svar [663. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur, Helga Hjörvars og Valdimars L. Friðrikssonar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur menntamálaráðuneytið hrundið í framkvæmd aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna, sbr. 9. tölul. III. kafla þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir hverju verkefni fyrir sig og hve miklu fé hefur verið varið til aðgerðanna.

Hér verður gerð grein fyrir einstökum verkefnum talin eru upp í framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins frá 1998 ásamt kostnaði. Mörg verkefnanna eru unnin af starfsfólki ráðuneytisins og í þeim tilvikum er kostnaður ekki sérstaklega tilgreindur. Sé óskað ítarlegri skýringa á einstökum verkefnum er vakin athygli á skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna sem lögð var fram á 127. löggjafarþingi, þskj. 1290 í 732. máli. Þá er einnig vakin athygli á að félagsmálaráðherra hefur lagt fram nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og með henni fylgir skýrsla um stöðu verkefna úr endurskoðaðri áætlun vegna áranna 2002–2004, þskj. 1331 í 874. máli þessa þings.

1. Námskrárgerð.

„Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytis í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri.“

Í maí 1997 skipaði menntamálaráðherra jafnréttisnefnd. Nefndin skilaði tillögum sínum varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og um stefnumörkun í jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla í nóvember 1998. Í framhaldi af störfum nefndarinnar var gefinn út bæklingurinn *Jafnrétti til menntunar* og var honum ætlað að vekja kennara og annað skólafólk til umhugs-

unar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar en í bæklingnum er bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi. Þáverandi menntamálaráðherra kynnti niðurstöður nefndarinnar á opnum fundi 18. mars 1999. Einnig var bæklingurinn sendur til allra framhaldsskóla og fór ráðuneytið fram á að efni hans yrði kynnt í viðkomandi skóla auk þess sem óskað var eftir því að efni hans yrði haft til hliðsjónar við gerð skólanámskráa. Kostnaður við nefndarstarfið var 258.750 kr.

Ný aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla tók gildi í júní 1999. Fræðsla um jafnrétti kynjanna er samofin markmiðum í nýjum aðalnámskrám bæði grunn- og framhaldsskóla, almennum hlutum þeirra og í hverri námskrá fyrir sig. Í aðalnámskrá beggja skólastiga er sérstök námskrá í lífsleikni, sem er ný námsgrein. Í námskrá í lífsleikni er að finna jafnréttismiðuð áfangamarkmið og þrepamarkmið fyrir einstaka aldurshópa.

Þess má geta að við endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla frá janúar sl. var lögð rík áhersla á jafnréttismál. Þar segir á bls. 5: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálfræði, auk lífsleikninnar. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.“ Í kafla um skólanámskrá var við sömu endurskoðun lagt til að skólar gerðu grein fyrir stefnu skólans í jafnréttismálum og hvernig hún birtist í daglegu starfi hans.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er einnig vísað til þess að skólum beri að gæta jafnréttis nemenda til náms og að verkefni skuli höfða jafnt til pilta og stúlkna. Sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálfræði, auk lífsleikni.

Í stefnuriti ráðuneytisins, *Enn betri skóli*, frá 1998 sem lagt var til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa endurspeglast meginjafnréttisstefna ráðuneytisins. Þar segir m.a. eftirfarandi: „Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali.“ Við gerð námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla voru tillögur nefndar sem ráðherra skipaði til þess að fjalla um jafnréttismál og gera tillögur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stefnumörkum varðandi jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa einnig hafðar til hliðsjónar.

Við úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara 1999 og 2000 var sérstök áhersla lögð á endurmenntunarnámskeið í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrá, þar á meðal námskrá í lífsleikni. Einnig lagði Þróunarsjóður grunnskóla við úthlutun styrkja árin 2000 og 2001 sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

„Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.“

Ráðuneytið gaf út árið 1998 stefnuritið *Menntun – menning – forsenda framtíðar*. Í ritinu er m.a. yfirlýsing um að skólar skuli vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar

og styrkja sjálfsmat nemenda. Við gerð aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla var farið eftir þessari skýru stefnu varðandi stöðu kynja í skólum, svo og í nefndum á vegum ráðuneytisins.

Árið 2000 gaf ráðuneytið út bæklinginn *Ábyrgð – frelsi – jafnrétti – val.* Í ritinu geta nemendur og foreldrar kynnt sér þá kosti sem blasa við nemendum að loknu grunnskólanámi. Í ritinu er aukið valfrelsi undirstrikað og sú ábyrgð sem því fylgir og að í nýrri skólastefnu ættu allir að geta fundið nám við sitt hæfi.

Ráðuneytið var meðal samráðsaðila vegna ráðstefnunnar *Konur og upplýsingatækni* sem haldin var 14. apríl 2000 á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem heyrir undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneytið ásamt fleirum styrkti verkefnið *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* um 400.000 kr. á ári í tvö ár. Verkefnið var sameiginlegt jafnréttisverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs. Verkefnið var unnið á árunum 2000–2002. Markmið verkefnisins var annars vegar að undirbúa stúlkur sem ljúka námi frá Háskóla Íslands undir forystustörf á þeirra framtíðarstarfsvettvangi og hins vegar að fjölga konum í raunvísindum, verk- og tölvunarfræði. Með þessu vildi Háskóli Íslands, með stuðningi samstarfsaðila að verkefninu, leggja sitt af mörkum til að jafna hlutdeild kynjanna í þekkingar- og upplýsingasamfélagi nýrrar aldar og til að jafna kynjaskiptingu í náms- og starfsvali karla og kvenna.

3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld.

„Jafnréttisfræðsla í skólum verði efld og lögð verði sérstök áhersla á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Sérstök áhersla verði lögð á fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynleg forsenda jafnréttiskennslu er að jafnréttisfræðsla standi kennurum og skólastjórnendum til boða.“

Ráðuneytið átti aðild að norrænu samstarfsverkefni, *Nord-lilia*, um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar á árunum 1993–1997. Verkefnið var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og byggðist á þróunarverkefnum í hverju landi. Í tengslum við verkefnið voru gefin út tvö rit, nokkur fréttabréf og fjöldi skýrslna um þróunarverkefnin.

Í námskrá í lífsleikni fyrir grunnskóla er að finna jafnréttismiðuð áfangamarkmið og þrepamarkmið fyrir einstaka aldurshópa. Í námskrá framhaldsskóla í lífsleikni eru einnig sett fram jafnréttismiðuð markmið.

4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

„Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.“

Ráðuneytið styrkti rannsókn Félagsvísindastofnunar um 2.320.000 kr. en þar er fjallað um nám, viðhorf og námsferil fólks í framhaldsskóla sem fætt er 1975. Rannsóknin nær til eins árgangs og gefur miklar upplýsingar um menntun ungs fólks að grunnskóla loknum. Í rannsókninni eru m.a. könnuð tengsl sálfræðiþátta og námsárangurs við náms- og starfsval einstaklinga og hvort munur er á tengslum þessara þátta við náms- og starfsval karla og kvenna.

Ráðherra skipaði í september 2002 nefnd til að gera úttekt á mikilvægi félags- og tómstundastarfs ungs fólks á Íslandi. Nefndin skilaði í maí 2003 skýrslunni *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi: skýrsla nefndar og tillögur.* Þar er m.a. fjallað ítarlega um mikilvægi æskulýðsrannsókna og finna má tölulegar upplýsingar um þátttöku unglinga í félags-og tómstundastarfi. Kostnaður við nefnd þessa var 554.149 kr.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar gerði menntamálaráðuneytið samning við Rannsóknir og greiningu ehf. um æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk 2003* og *Ungt fólk 2004*. Í mars 2003 var lagður fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins spurningalisti á vegum Rannsóknar og greiningar ehf. Það var gert samhliða evrópskri könnun á vímuefnaneyslu unglinga, Espat 2003. Espat-könnunin er samevrópsk könnun á vegum Evrópuráðsins í Strassborg og er hún gerð í um þrjátíu aðildarlöndum Evrópuráðsins. Espat-könnunin var lögð fyrir árin 1995, 1999 og 2003 en þar er m.a. borið saman neyslumynstur grunnskólanema í Evrópulöndunum. Samhliða Espat var tækifærið notað til að leggja fyrir nemendur könnunina *Ungt fólk 2003*. Spurt var m.a. um þátttöku í félags-, tómstunda- og íþróttastarfi, um líðan, einelti, ástundun, viðhorf til heimabyggðar, netnotkun, bókalestur, leikhúsferðir, bókasöfn, klassíska tónleika, kaffihús, söfn, myndlistarsýningar, aðrar listsýningar og bíó svo nokkuð sé nefnt. Í rannsókn sem þessari er mikilvægt að geta síðan greint kynjamun fyrir hvern og einn þátt fyrir sig. Samkvæmt samningnum voru veittar 1.500.000 kr. til verkefnisins.

5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

„Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Í ljósi þess mun menntamálaráðuneytið stuðla að því að íþróttauppeldi stúlkna verði sinnt í skólakerfinu ekki síður en drengja."

Stefnt er að því að efla íþróttauppeldi stúlkna. Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla um íþróttir eru markmið sett fram með það í huga að þau nái til allra nemenda og höfði jafnt til áhugasviðs og þroska þeirra og að verkefnin höfði til beggja kynja. Í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var árið 1996 var skipuð nefnd til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin skilaði í október 1997 ítarlegri greinargerð og tillögum um leiðir til þess að auka þátt kvenna í íþróttum. Í kjölfar skýrslunnar var íþróttahreyfingin hvött til þess að taka á þessum málum, auk þess sem ýmis verkefni voru styrkt sem sérstaklega stuðluðu að því að minnka brottfall stúlkna úr íþróttum og efla sjálfsímynd þeirra. Má þar m.a. nefna styrk að upphæð 400.000 kr. til útgáfu á myndbandi, veggspjöldum og bæklingum sem báru yfirskriftina *Afrekskonur í íþróttum*. Einnig var veittur 200.000 kr. styrkur til þess verkefnis sem ætla má að geti mest áhrif haft á jafnrétti innan íþróttafélaga, gæðaverkefnisins *Fyrirmyndarfélag ÍSÍ* á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Til að öðlast viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ þarf félag að uppfylla ákveðnar kröfur, m.a. um jafnrétti og tekið er fram að gæta þurfi að jafnrétti varðandi aðstöðu, fjármagn og þjálfun og að aðskilið skuli í bókhaldi hve mikið fé renni til stúlkna og hve mikið til drengja. Íþróttahreyfingin hefur jafnframt staðið að útgáfu á fræðsluefni sem m.a. hvetur til jafnréttis í íþróttum.

Í aðalnámskrá grunnskóla um íþróttir, líkams- og heilsurækt er tekið fram að markmið íþróttakennslu sé „að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og þroskagetu". Jafnframt er tekið fram að markmið séu sett með það í huga að þau höfði til beggja kynja.

Íþróttasjóður styrkti um 200.000 kr. ráðstefnuna *Konur og íþróttir* árið 2001 og þess má geta að ráðuneytið styrkti um 400.000 kr. ráðstefnu með sama heiti sem fram fór í febrúar sl. á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og íþróttaskorar Kennaraháskóla Íslands.

6. Tölvur og upplýsingatækni.

„Menntamálaráðuneytið mun leggja aukna áherslu á að bæði kyn menntist um tölvur og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskólans til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla."

Upplýsinga- og tæknimennt er ný námsgrein í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla frá árinu 1999, en þar er á það bent að verkefnin skuli höfða jafnt til drengja og stúlkna.

Á árlegum UT-ráðstefnum um upplýsingatækni í skólastarfi sem menntamálaráðuneytið stendur fyrir hefur m.a. verið fjallað um kynbundna tölvunotkun.

7. Stærðfræði og raungreinar.

„Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Kannað verður hvort stúlkur þurfi sérkennslu á þessum sviðum."

Miðað er við að öll markmið námskrárinnar í stærðfræði fyrir grunnskóla nái til allra nemenda og verkefni höfði til beggja kynja. Vísað er til jafnréttismarkmiða sem fram koma í almennum hluta aðalnámskrár. Í námskrá í náttúrufræði fyrir grunnskóla er sérstaklega á það bent að athugað skuli að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

„Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla á skólaárinu 1998–1999 mun menntamálaráðuneytið leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefni sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum."

Veittir hafa verið styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla til ýmiss konar þróunarverkefna er sérstaklega varða jafnréttisfræðslu. Þess má geta að við úthlutun árin 2000 og 2001 lagði Þróunarsjóður grunnskóla sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

Vorið 2003 hlaut Ármúlaskóli 350.000 kr. styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla til að gera jafnréttisáætlun, einnig 300.000 kr. fyrir aðlögun námsefnis í heilbrigðisgreinum að þörfum fullorðins fólks með það að markmiði að fjölga körlum í heilbrigðisnámi. Verkmenntaskólinn á Akureyri fékk 400.000 kr. styrk vegna verkefnis um konur og tækninám.

Ráðuneytið hefur einnig styrkt jafnréttisátak Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og Rannsóknastofu í kvennafræðum um 500.000 kr. vegna þýðingar á bæklingnum *Young women's guide to equality between women and men in Europe* sem fyrst var gefinn út af European Women's Lobby undir forsæti Portúgala í ráðherraráði ESB árið 1999. Bæklingurinn, sem er eins konar leiðarvísir fyrir ungt fólk (15–25 ára), sérstaklega konur, hefur verið þýddur á fjölda tungumála. Markmiðið með útgáfu hans er að auka vitund ungra kvenna um jafnrétti. Þar er tekið á ýmsum málum, svo sem réttarstöðu, tvöföldu vinnuálagi, mismunun kvenna, heilbrigði, fóstureyðingum, ofbeldi o.s.frv. Einnig er að finna tölulegar upplýsingar um stöðu kynjanna og hugmyndir ungra kvenna í Evrópu um hvernig megi vinna að auknu jafnrétti. Í íslensku útgáfunni er gert ráð fyrir að fjallað verði sérstaklega um hvernig efni bæklingsins kemur strákum líka við og verður höfðað sérstaklega til þeirra, m.a. með því að fá stráka til að kynna hann. Hugmyndin er að dreifa bæklingnum í framhaldsskólum og félagsmiðstöðvum.

9. Nefndir og ráð.

„Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins mun sérstaklega verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er."

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins er leitast við að gæta jafnræðis milli kynja. Þegar aðilar utan ráðuneytisins eru beðnir um tilnefningar í nefndir á vegum þess er ávallt vísað í 20. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000.

Í febrúar 2004 var skipting fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ráðuneytisins þannig að karlar voru 64% fulltrúa og konur 36%. Í nefndum sem skipaðar voru samkvæmt ákvörðun ráðherra voru karlar 62% fulltrúa og konur 37%.

Í nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum eða þingsályktunartillögum voru karlar 63% fulltrúa og konur 37%.

Í stjórnum og ráðum sem Alþingi kýs og heyra undir ráðuneytið voru karlar 58% fulltrúa og konur 42%.

10. Kvennasögusafnið.

„Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verður hækkað um 2,1 millj. kr. árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns."

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var í fjárlögum árið 1998 hækkað vegna reksturs Kvennasögusafns í samræmi við áætlunina.

11. Konur og fjölmiðlar – ímyndir kvenna og karla.

„Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímyndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun fjölmiðla um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði."

Ráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála (nú Jafnréttisstofa) höfðu með sér samstarf um skipan nefndar um konur og fjölmiðla – ímyndir kvenna og karla. Nefndin skilaði skýrslu í febrúar 2001 þar sem bent er á leiðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum. Ein af tillögum nefndarinnar var að koma upp gagnabanka fyrir fjölmiðlafólk með upplýsingum um konur með sérþekkingu á ýmsum sviðum. Ráðuneytið hefur styrkt verkefni um kvennagagnabanka, *kvennaslóðir.is*, um 300.000 kr. en að gagnabankanum stendur Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum ásamt átaksverkefninu *Konur til forystu*, jafnréttisnefnd HÍ, Kvennasögusafni Íslands og Jafnréttisstofu. Hugmyndin með gagnabankanum er að færðar verði inn grunnupplýsingar um konur í vísindum hérlendis, um stöður, trúnaðarstörf, vísindagreinar o.fl. Þessi aðferð tryggir að þær konur sem hafa áhuga á að láta til sín taka í umræðu um vísindi og tækni munu viðhalda upplýsingum um sig. Sams konar tilraun hefur verið gerð í Noregi og hefur einkum verið horft þangað um fyrirmynd. Það er trú aðstandenda kvennagagnabankans að hann verði mikilvægt tæki til þess að auka hlut kvenna í fjölmiðlum, nefndum, ráðum og stjórnum fyrirtækja og hins opinbera. Kostnaður við nefndarstarfið var 433.750. kr.

12. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

„Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara, starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu, presta, lögreglu og annarra sem líklegir eru til þess að umgangast þolendur ofbeldis verði tryggð fræðsla um hvernig bregðast skuli við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið."

Í desember 1999 stóð menntamálaráðuneytið ásamt samtökum kennara og skólastjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og Landssamtökunum Heimili og skóli fyrir málþingi um skólareglur og aga. Í framhaldi af málþinginu var skólum sem mennta kennara sent bréf þar sem bent var á mikilvægi þess að fjalla um þessi málefni í tengslum við menntun kennara. Gefin var út endurskoðuð reglugerð um skólareglur í grunnskólum í apríl 2000. Hverjum skóla ber að setja sér skólareglur þar sem kveðið skal á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur.

Í reglugerðinni er m.a. ákvæði um að leita skuli til sérfræðiþjónustu skóla ef ekki tekst að leysa mál er varða hegðun nemenda innan skóla.

Einnig hefur verið stofnuð samstarfsnefnd sömu aðila til að móta stefnu hvað varðar verklag og viðbrögð skóla gagnvart einelti. Nefndin stóð fyrir málþingi um einelti haustið 2001 og í kjölfarið var unnið að því að styðja skóla til að koma á aðgerðaáætlun gegn einelti.

Ráðuneytið tilnefndi í janúar 2003 Erlend Kristjánsson, deildarstjóra æskulýðsdeildar, í samráðsnefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.

13. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

„Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna."

Hinn 7. janúar 2003 var skipuð jafnréttisnefnd ráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að fylgjast með stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess, móta stefnu og áætlanir ráðuneytisins í jafnréttismálum og vera ráðgefandi fyrir jafnréttisfulltrúa þess. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra.

Önnur verkefni:

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins var skipaður í byrjun árs 2002 skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Með fulltrúanum starfar sérstök jafnréttisnefnd. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Innan ráðuneytisins hefur jafnan verið leitast við að gæta jafnrar stöðu kynjanna. Ráðuneytið leitast við að vinna í samræmi við þau jafnréttissjónarmið að störf innan ráðuneytisins séu ekki kynbundin og að starfsmenn af báðum kynjum komi jafnt til greina við verkefnaval. Í febrúar 2004 voru konur í meiri hluta starfsfólks menntamálaráðuneytisins eða 68 % og karlar 32 %. Í stöðum skrifstofustjóra eru 57 % karlmenn og 43% konur. Jafn margar konur og karlar gegna stöðu deildarstjóra. Í stöðum sérfræðinga eru konur í meiri hluta eða 72% og 28% karlar. Meðal stjórnarráðsfulltrúa innan ráðuneytisins eru konur í miklum meiri hluta, eða 95% en karlar eru 5%. Karlar gegna stöðu aðstoðarmanns ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Jafnframt má geta þess að 8. október 2003 var starfsfólki boðið upp á fyrirlestur um einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað.

Jafnréttisfulltrúi hefur haldið kynningar fyrir allar deildir ráðuneytis um jafnréttismál. Farið hefur verið yfir lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og jafnréttisáætlanir ráðuneytisins og stjórnarráðsins. Áhersla var lögð á að fara yfir skýrslu um aðgerðir á vegum ráðuneytisins vegna áætlunarinnar 1998–2001 og þau verkefni sem vinna á að á árunum 2002–2004 á vegum ráðuneytisins.

Þess má geta að í desember 2003 var voru könnuð viðhorf starfsmanna ráðuneytisins til jafnréttismála. Spurt var um afstöðu til launajafnréttis, starfsframa og stöðuveitingar, starfsþjálfunar og endurmenntunar, samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs, kynferðislegrar áreitni og þátttöku í nefndum og ráðum. Við samningu spurninga var unnið út frá III. kafla laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þ.e. aðallega 13.–17. og 20. gr. Könnunin var gerð fyrir stjórnarráðið í heild. Með þessu móti fengust niðurstöður sem eru

sambærilegar milli ráðuneyta og auk þess fékkst yfirlit yfir stöðu jafnréttismála hjá öllu stjórnarráðinu. Kostnaður ráðuneytisins við könnun þessa var 186.716 kr.

Jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytisins er frá nóvember 2001 og er markmið hennar að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan ráðuneytisins, enn fremur að minna stjórnendur og starfslið ráðuneytisins á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis. Ráðuneytið telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

1703. Svar [922. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um íþróttaiðkun námsmanna.

1. *Hyggst ráðherra stuðla að því að grunn- og framhaldsskólanemar fái námseiningar fyrir íþróttaiðkun?*

Í 35. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, með síðari breytingum, er að finna ákvæði sem heimilar menntamálaráðherra að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Í sömu lögum er jafnframt fjallað um valgreinar í grunnskóla. Ef nemandi í 9. og 10. bekk stundar íþróttir reglubundið hjá íþróttafélagi getur hann óskað eftir því að skólinn meti það sem jafngildi valgreinar. Í þeim tilvikum þarf að leggja fram staðfestingu á að íþróttaiðkunin fullnægi þeim faglegu kröfum sem almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla kveður á um og er það í höndum skólastjóra að meta slíkt.

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla er skólameisturum heimilt að meta íþróttaiðkun nemenda utan skólanna til eininga. Þær einingar geta komið í stað skylduáfanga í íþróttum eða nýst nemendum sem valeiningar og er íþróttaiðkunin þá metin til ákveðinna áfanga í íþróttagreinum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Aðalnámskrá framhaldsskóla kveður sérstaklega á um að nemendur sem stunda umfangsmikla líkamsþjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags, undir stjórn sérmenntaðs þjálfara samhliða námi í framhaldsskóla, geta óskað eftir því við skólameistara að fá þjálfunina metna sem hluta af námskrárbundnu námi í íþróttum.

Þessu til viðbótar má nefna heimildir fyrir undanþágur frá skyldubundnum skólaíþróttum í grunnskóla og undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Með þessum undanþágum er verið að viðurkenna afburðaárangur nemenda í íþróttum og gera þeim auðveldara að stunda afreksíþróttir samhliða skólanámi, enda hafa þessir nemendur oft og tíðum tileinkað sér kunnáttu og færni umfram það sem aðalnámskrár kveða á um.

Á árinu 2000 setti menntamálaráðuneytið leiðbeinandi reglur um undanþágur frá skólaíþróttum á grunnskólastigi. Reglur þessar veita nemendum, að vissum skilyrðum uppfylltum, undanþágu frá námsgrein vegna afburðaárangurs í íþróttum. Íþróttaiðkun kemur þá í stað skyldunáms í skólaíþróttum. Sækja þarf um slíkar undanþágur til menntamálaráðuneytisins. Svipuð ákvæði eru til um undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum í framhaldsskólum. Þar skal koma til móts við afreksíþróttafólk með því að fjarvistir á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða með landsliði, reiknist ekki með í skólasóknareinkunn. Þá er kveðið á um að fjarvera þessara nemenda á próftíma megi ekki útiloki þá frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða annar.

Af framansögðu má ráða að í lögum, reglugerðum og námskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla er að finna ýmis ákvæði sem eiga að tryggja að nemendur geti fengið íþróttaiðkun viðurkennda sem þátt í skólastarfi með formlegum hætti. Ekki verður því séð að sérstök tilefni séu til frekari aðgerða á því sviði.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjárveitingum til sveitarfélaga til niðurgreiðslu æfingagjalda íþróttaiðkenda á grunnskólastigi?*

Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, grundvallast íþróttastarfsemi utan skóla á framtaki og þátttöku frjálsra félagasamtaka. Fjárveitingar ríkisins til íþróttamála eru með beinum eða óbeinum hætti veittar heildarsamtökum sem síðan miðla þeim áfram til grasrótarinnar.

Óvefengt er gildi og mikilvægi iðkunar íþrótta fyrir þá sem þær stunda, ekki síst börn og ungmenni. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber sveitarfélögum að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa sinna eftir því sem fært þykir hverju sinni. Eitt af þessum velferðarmálum eru íþróttir en íþróttafélögin sinna mikilvægu þjónustuhlutverki fyrir sveitarfélögin í því efni. Mikilvægt er að sveitarfélög standi þétt að baki íþróttafélögunum og því starfi sem þar er í boði. Sveitarfélögin ákveða sjálf hvernig þau ráðstafa því fjármagni sem þau verja til íþróttamála og þar með hvaða verkefni þau leggja áherslu á. Dæmi munu um að sveitarfélög hafi leitað leiða til að niðurgreiða íþróttaiðkun ungra íbúa sinna og er það vel. Þá hafa mörg íþróttafélög í samvinnu við sveitarfélög einnig sett á stofn svokallaða íþróttaskóla fyrir yngri börn.

Fjárframlög ríkisins til íþróttamála renna til heildarsamtaka sem annast dreifingu þeirra til íþróttahreyfingarinnar og ber að virða sjálfstæði grasrótarinnar sem og sveitarfélaganna í þessum efnum. Ekki eru áform um að breyta farvegi fjárveitinga til íþróttamála með sérstökum fjárveitingum til sveitarfélaga til að niðurgreiða æfingagjöld íþróttaiðkenda á grunnskólaaldri.

1704. Lög [786. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 1197.

1705. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi árið 1997. Samkvæmt gildistökuákvæði laganna skyldu þau koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og

uppgjör ríkisreiknings það ár. Frumvarp til lokafjárlaga sem hér liggur fyrir er því það fjórða í röðinni frá gildistöku laganna.

Í 45. gr. laganna segir: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingum næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Það frumvarp sem hér liggur fyrir uppfyllir ekki að öllu leyti framangreind ákvæði. Þannig er kveðið á um að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga. Hér er því hins vegar þannig háttað að lokafjárlögin eru lögð fram nokkrum árum á eftir. Enn fremur er kveðið á um að leggja skuli fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum. Slíkar skýringar er ekki að finna í frumvarpinu.

Í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2001 eru lagðar fram niðurstöður ríkisrekstursins fyrir það ár og lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga auk tillagna um niðurfellingu fjárheimilda í árslok. Í 1.gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga og 2. gr. fjallar um afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 sem falla niður.

Þegar frumvarp til lokafjárlaga er loks lagt fram hafa nokkur fjárlög og fjáraukalög verið samþykkt frá Alþingi. Það skiptir því litlu máli að staðfesta orðinn hlut. Mikilvægt er að koma þessum málum í lag þannig að frumvarp til lokafjárlaga verði lagt fram með ríkisreikningi. Lög kveða á um að svo skuli gert og er það ámælisvert að slíkt skuli ekki enn vera gert um sex árum eftir að fjárreiðulögin voru samþykkt.

Alþingi, 18. maí 2004.

Jón Bjarnason.

1706. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til l. um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Viðar Má Matthíasson prófessor, Björn Þorra Viktorsson, Karl Georg Sigurbjörnsson, Hauk Geir Garðarsson og Guðmund Sigurjónsson frá Félagi fasteignasala, Jóhannes Karl Sveinsson hrl. f.h. Íslenskra aðalverktaka hf., Sighvat Lárusson og Þórð Grétarsson frá RE/MAX fasteignasölum, Frans Jezorski og Jón Kristin Snæhólm frá Hóli fasteignasölu og Ólaf Hjálmarsson og Nökkva Bragason frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Félagi fasteignasala, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, Brynjólfi Jónssyni, Ragnari Thorarensen, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Fjármálaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Neytendasamtökunum, Íslenskum aðalverktökum hf., laganefnd Lögmannafélags Íslands, Íbúðalánasjóði, Samtökum banka og

verðbréfafyrirtækja, Húseigendafélaginu, Franz Jezorski og RE/MAX fasteignasölum. Þá barst nefndinni minnisblað frá Páli Hreinssyni og Viðari Má Matthíassyni.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem leysi gildandi lög nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, af hólmi. Þótt ekki séu nema sjö ár síðan gildandi lög voru lögfest hafa allmörg vandamál komið upp sem tengjast fasteignasölu. Töluvert ber á því að menn sem ekki hafa löggildingu sem fasteignasalar, og fullnægja jafnvel ekki almennum skilyrðum til að verða sér úti um slíka löggildingu, stofni fasteignasölu og fái aðra til að ljá sér nafn og starfsréttindi. Þetta setur skaðabótaréttarlega stöðu þeirra sem skipta við fasteignasala í uppnám, sérstaklega hvað varðar vinnuveitendaábyrgð þegar svo háttar til að löggiltur fasteignasali er í raun starfsmaður þess manns sem veldur tjóninu. Einnig verður það að teljast óeðlilegt að löggiltur fasteignasali, sem á lögum samkvæmt að vera sjálfstæður í störfum sínum, sé starfsmaður annars manns sem ekki hefur sömu skyldum að gegna að lögum. Ákvæði gildandi laga eru einnig ófullnægjandi varðandi rekstur útibúa, en í þeim er eingöngu heimilað að setja á stofn útibú í öðru sveitarfélagi. Félag fasteignasala hefur jafnframt bent á að gera þurfi meiri kröfur til menntunar og starfsreynslu þeirra sem fá löggildingu til að starfa sem fasteignasalar og hefur kallað eftir því að komið verði á fót skilvirku eftirliti með fasteignasölum og starfsemi þeirra, en félagið hefur nú engin úrræði til þess að hafa eftirlit með félagsmönnum sínum. Þá hefur verið rætt um að vátryggingaþættinum sé mjög ábótavant í stétt fasteignasala þrátt fyrir ákvæði um skyldu til töku starfsábyrgðartryggingar í núgildandi lögum. Þetta stafar að mestu af því að sífellt fleiri vinna nú í þjónustu fasteignasala sem verktakar eða í skjóli annars konar samninga sem þó eru ekki ráðningarsamningar.

Í frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi, m.a. í því skyni að bregðast við þeim vandamálum sem komið hafa upp í starfsstéttinni og lýst er hér að framan. Meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

- Öðrum en fasteignasölum verður bannað að hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra. Samkvæmt gildandi lögum hefur mönnum og félögum verið kleift að hafa milligöngu um kaup eða sölu fasteigna fyrir aðra, t.d. í greiðaskyni, en með frumvarpinu er tekið fyrir að slíkt verði áfram mögulegt.
- Lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til þeirra sem vilja þreyta prófraun til að fá löggildingu sem fasteignasali. Í frumvarpinu er miðað við að maður verði að hafa unnið í fullu starfi á fasteignasölu í minnst tólf mánuði þegar hann gengst undir prófraunina, að hann hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun að mati prófnefndar og hafi setið námskeið til undirbúnings prófrauninni.
- Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á reglum um eignarhald á fasteignasölum, um útibú og um að starfsábyrgðartrygging eigi að taka til þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá fasteignasala. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að fasteignasala beri sjálfum að starfa á fasteignasölu sinni og vera eigandi að rekstrinum. Fasteignasali getur þó ráðið sig til starfa hjá öðrum fasteignasala sem rekur fasteignasölu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þá er fasteignasala einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við fasteignasöluna menn sem starfsábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar. Ef fasteignasala er stunduð í nafni félags skal fasteignasalinn eiga meiri hluta í því. Þetta er lagt til í því skyni að tryggja að fasteignasali sé ekki öðrum háður í störfum sínum eða undir aðra settur þar sem hann ber ábyrgð á rekstri fasteignasölunnar. Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að reka útibú frá fasteignasölu enda hafi annar fasteignasali en sá sem rekur fyrstu fasteignasöluna starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu.

– Einna veigamestu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta að eftirliti með fasteignasölum. Lagt er til að fasteignasölum verði skylt að eiga aðild að Félagi fasteignasala sem er ætlað viðamikið hlutverk samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þannig er gengið út frá því að sett verði á fót stjórnsýslunefnd, eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, sem starfi í tengslum við félagið og á kostnað þess. Hlutverk nefndarinnar verði að hafa eftirlit með fasteignasölum í starfi þeirra, sem og lögmönnum að því leyti sem þeir stunda fasteignasölu í samræmi við heimildir sínar þar að lútandi. Miklar eftirlitsskyldur eru lagðar á nefndina samkvæmt frumvarpinu og hún hefur ríkar heimildir til að bregðast við ef rökstuddur grunur leikur á að fasteignasali hafi brotið af sér í störfum sínum. Gert er ráð fyrir að nefndin geti veitt áminningu, svipt fasteignasala löggildingu tímabundið og lokað starfsstöð hans. Öllum þessum ákvörðunum megi skjóta til ráðherra sem æðra stjórnvalds og hann geti m.a. ákveðið að svipting löggildingar skuli vera varanleg. Í frumvarpinu er gengið út frá því að eftirlit nefndarinnar fari fram með tvennum hætti, þ.e. reglulegt eftirlit sem þarf ekki að eiga sér stað oftar en þriðja hvert ár og eftirlit sem ákveðið er sérstaklega, hvort sem er að gefnu tilefni eða ekki.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Helstu álitaefni sem komu til skoðunar við meðferð málsins í nefndinni voru hvort rétt væri að koma á fót skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort mögulega væri hægt að haga eftirliti með fasteignasölum með öðrum og viðaminni hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir, án þess þó að raska því meginmarkmiði þess að koma á fót slíku eftirliti með fasteignasölum, og hvort ástæða væri til að þeim sem hygðust setja á stofn fasteignasölu yrði gert skylt að leggja fram einhvers konar tryggingu fyrir því að þeir gætu staðið undir þeim skuldbindingum og kröfum sem á þá væru gerðar færi svo að reksturinn stöðvaðist af einhverjum ástæðum. Nefndin ræddi jafnframt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið sérstaklega, en þar kemur fram að þar sem sú eftirlitsnefnd Félags fasteignasala sem gert er ráð fyrir að verði sett á fót hafi stöðu stjórnsýslunefndar og fari með opinbert eftirlit og stjórnsýsluvald og gert sé ráð fyrir skylduaðild að Félagi fasteignasala telji fjármálaráðuneytið að innheimt gjöld og kostnað sem kunni að leiða af ákvæðum frumvarpsins um eftirlit beri að færa í fjárlög og ríkisreikning á svipaðan hátt og önnur lögþvinguð eftirlitsgjöld og ráðstöfun þeirra. Þetta fæli í sér að í fjárlögum yrði veitt heimild jafnhá lögboðna gjaldinu til að heimila ráðstöfun á því með framlagi til eftirlitsnefndarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í stað þess að meðmæli frá Félagi fasteignasala verði skilyrði þess að unnt verði að víkja frá skilyrði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins um að fasteignasali sem óskar eftir löggildingu sé lögráða og hafi aldrei mátt sæta því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta leggur nefndin til að Félagi fasteignasala verði veittur réttur til að veita ráðuneytinu umsögn um þetta atriði. Nefndin telur óheppilegt út frá jafnræðis- og sanngirnissjónarmiðum að það sé skilyrði fyrir því að fá löggildingu sem fasteignasali að viðkomandi hafi aldrei sætt gjaldþrotaskiptum á búi sínu og telur eðlilegt að ráðherra verði falið fullnaðarmat um þetta atriði að fenginni umsögn frá Félagi fasteignasala.

Lagt er til að innheimta félagsgjalds til Félags fasteignasala verði aðgreind frá innheimtu eftirlitsgjalds, enda eru gjöldin ólíks eðlis. Þannig er lagt til að bætt verði við frumvarpið ákvæði þess efnis að Félag fasteignasala beri sjálft kostnað af þeim störfum sem því eru fengin með lögunum og fengin heimild til að leggja árgjald á félagsmenn til að standa straum af þeim kostnaði. Jafnframt er lagt til að sérhver fasteignasali greiði árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndarinnar. Félagið annist innheimtu eftirlitsgjaldsins og standi skil á því til eftirlitsnefndarinnar, en vangoldið

eftirlitsgjald verði aðfararhæft. Með þessu er lagagrundvöllur fyrir innheimtu eftirlitsgjalds treystur og tryggt að það renni óskipt til eftirlitsnefndarinnar. Einnig leggur nefndin til að bætt verði við frumvarpið ákvæði þess efnis að fasteignasali skuli greiða kostnað af rannsókn og meðferð máls reynist tilefni til að svipta hann tímabundið löggildingu eða loka starfsstöð hans, svo sem fram kemur í 22. gr. frumvarpsins. Í ákvörðun þar að lútandi skuli tekin afstaða til þess hvort fasteignasala sé gert að greiða allan kostnað af rannsókn og meðferð máls eða aðeins hluta hans, hafi ekki allar ávirðingar, sem á hann voru bornar, verið á rökum reistar.

Lagt er til að sjálfstæði eftirlitsnefndarinnar verði styrkt frá því sem greinir í frumvarpinu, m.a. með því að ráðherra ákveði henni þóknun í stað þess að þóknunin greiðist af Félagi fasteignasala. Þá leggur nefndin til að frekar verði skilið á milli Félags fasteignasala og eftirlitsnefndarinnar, einkum að því leyti að nefndin ráði sér sjálf starfsmann, enda gæti komið til þess að ekki yrði samstaða með nefndinni og félaginu um það. Því telur nefndin heppilegast að eftirlitsnefndin ráði sér sjálf starfsmann án atbeina Félags fasteignasala.

Þá leggur nefndin til breytingar sem lúta að því að að koma í veg fyrir að tímabundin svipting löggildingar falli niður og fasteignasali fái hana að nýju ef meðferð máls hans dregst á kærustigi. Nefndin leggur einnig til að kærufrestur verði ákveðinn sérstaklega þannig að ekki verði stuðst við þriggja mánaða kærufrest stjórnsýslulaga, enda gæti hann leitt til þess að endanleg afgreiðsla máls drægist óhæfilega sem væri óheppilegt í þeim tilvikum sem hér koma til álita.

Nefndin ræddi sérstaklega hvort rétt væri að skylda fasteignasala til að hafa einhvers konar tryggingu til að standa undir tjóni sem hlýst af því að fasteignasali hættir störfum og lýkur ekki við mál sem hann hefur þó fengið þóknun fyrir. Slík mál hafa komið upp og valdið kaupendum og seljendum miklum óþægindum og kostnaði þar sem þeir hafa oft þurft að leita til annarra fagmanna til þess að fá lokafrágang viðskipta, svo sem gerð afsals og lögskilauppgjörs, framkvæmdan. Þessir aðilar hafa þá þurft að greiða sérstaklega fyrir þessa vinnu. Nefndin skoðaði með hvaða hætti væri hægt að koma slíkri tryggingu við. Tveir möguleikar komu helst til greina, annað hvort að tryggingunni yrði komið undir starfsábyrgðartryggingu viðkomandi fasteignasala eða að hver fasteignasali legði fram ákveðna fjárhæð í formi bankaábyrgðar eða bankareiknings. Nefndin telur að með því að taka upp ákvæði um bankaábyrgð yrði aðgangur að stétt fasteignasala takmarkaður óhæfilega. Nefndin leggur því til að bætt verði við skaðabótaákvæði frumvarpsins reglu þess efnis að fasteignasala sem hættir störfum sé alltaf skylt að bæta tjón sem viðskiptamaður hans verði fyrir við það að ólokið sé frágangi samninga eða skjala eða uppgjöri vegna viðskipta sem viðskiptamaðurinn hafi greitt fyrir. Hér er um hlutlæga ábyrgðarreglu á afmörkuðu sviði að ræða sem leiðir til þess að starfsábyrgðartrygging viðkomandi fasteignasala tekur til tjóns sem af slíkum atvikum leiðir. Jafnframt er lögð til breyting á 5. gr. frumvarpsins um starfsábyrgðartryggingar sem vísar til breytingarinnar sem lögð er til á 27. gr. þess.

Loks leggur nefndin til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna fyrir 1. janúar 2008 og að við þá endurskoðun skuli sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort markmið með því eftirlitskerfi með fasteignasölum sem lagt er til í frumvarpinu hafi náðst og hvort efni séu til að lækka það eftirlitsgjald sem lagt verður á til að standa straum af kostnaði við eftirlitsnefnd Félags fasteignasala. Nefndin telur mikilvægt að sú skylduaðild að Félagi fasteignasala sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði tekin til endurskoðunar þegar reynsla er komin á það fyrirkomulag. Nefndin bendir sérstaklega á að Félagi fasteignasala er í frumvarpinu ætlað viðamikið hlutverk sem það mun tæplega rísa undir nema skylduaðild að því verði

áskilin. Nefndin telur þó að félagið kunni á næstu árum að styrkjast svo verulega í starfsemi sinni í framhaldi af lögfestingu ákvæða frumvarpsins að ekki verði nauðsynlegt að kveða á um skylduaðild til frambúðar og leggur því til að það fyrirkomulag verði tekið til sérstakrar skoðunar að nokkrum tíma liðnum. Miklar umræður fóru fram meðal nefndarmanna um það hvort kveðið væri á um of mikið eftirlit með fasteignasölum í frumvarpinu. Við það starfsumhverfi sem stétt fasteignasala er nú búið getur nefndin þó fallist á að ástæða sé til að fara gaumgæfilega yfir starfsemi fasteignasala. Nefndin leggur áherslu á að með þessu sé ekki sjálfgefið að til lengri tíma verði þörf á svo viðamiklu eftirliti með starfsemi fasteignasala og leggur því til að eftirlitskerfið verði tekið til sérstakrar endurskoðunar fyrir 1. janúar 2008 þegar nokkur reynsla verður komin á það og eftirlit á að hafa farið fram með öllum fasteignasölum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Nefndin telur jafnframt mikilvægt að fjárhæð eftirlitsgjalds verði endurskoðuð á sama tíma.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að skylduaðild að Félagi fasteignasala. Arnbjörg Sveinsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur að því að eftirlitsgjald verði lagt á fasteignasölur en ekki einstaka fasteignasala eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara sem þau munu gera grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu með fyrirvara sem hún mun gera grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 17. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.
Jónína Bjartmarz.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.

1707. Breytingartillögur [462. mál]

við frv. til l. um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „að fengnum meðmælum“ í 2. mgr. komi: að fenginni umsögn.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „sem ráðnir eru til starfa hjá honum“ í 1. mgr. komi: svo og ábyrgðar sem leiðir af 3. málsl. 27. gr.

3. Við 18. gr. bætist ný málsgrein sem verði 6. mgr., svohljóðandi:
   Félag fasteignasala ber kostnað af þeim störfum sem því eru fengin með lögum þessum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.
4. Við 19. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.
   b. Í stað 2.–4. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gjalddagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Félag fasteignasala annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og stendur skil á því til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.
      Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að hún geti sinnt skyldum sínum.
      Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.
      Um meðferð mála er lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.
      Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Hið sama á við um þá sem nefndin kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.
5. 8. mgr. 22. gr. orðist svo:
   Fasteignasali skal greiða kostnað af rannsókn og meðferð máls hafi reynst tilefni til að svipta hann löggildingu tímabundið eða loka starfsstöð hans svo sem um getur í 7. mgr. Í ákvörðun nefndarinnar skal tekin afstaða til þess hvort fasteignasala er gert að greiða allan kostnað af rannsókn og meðferð máls eða aðeins hluta hans hafi ekki allar ávirðingar, sem á hann voru bornar, verið á rökum reistar. Ákvörðun nefndarinnar um málskostnað er aðfararhæf að liðnum málskotsfresti skv. 4. mgr. 23. gr.
6. Við 23. gr.
   a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 22. gr. helst svipting löggildingar til fasteignasölu meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
      Frestur til þess að skjóta máli til ráðherra skv. 1.–3. mgr. er 30 dagar frá því að ákvörðun var tilkynnt fasteignasala.
7. Við 27. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fasteignasala sem hættir störfum er þó alltaf skylt að bæta tjón sem viðskiptamaður hans verður fyrir við það að ólokið er frágangi samninga eða skjala eða uppgjöri vegna viðskipta sem viðskiptamaðurinn hefur greitt fyrir.
8. Við 30. gr.
   a. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2004“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 1. október 2004.
   b. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2005“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1. apríl 2005.

9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008. Við þá endurskoðun skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort markmið með eftirlitskerfi III. kafla laganna hafi náðst og hvort efni séu til að lækka eftirlitsgjald skv. 2. mgr. 19. gr.

1708. Nefndarálit [849. mál]

um frv. til l. um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörð Gunnarsson, Gest Guðjónsson og Grétar Mar Steinarsson frá Olíudreifingu, Samúel Guðmundsson frá Olís, Magnús Ásgeirsson og Heimi Sigurðsson frá Olíufélaginu, Jón Rögnvaldsson, Hrein Haraldsson og Kristínu H. Sigurbjörnsdóttur frá Vegagerðinni, Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðmund Thorlacius, Ingva Má Pálsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra, Ingólf Þorbjörnsson frá Iðntæknistofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Markús Möller og Þórarin G. Pétursson frá Seðlabanka Íslands, Karl Ragnars frá Umferðarstofu, Ólaf Jónsson frá Skeljungi hf., Ásgeir Eiríksson og Hörð Gíslason frá Strætó bs., Símon Kjærnested frá Atlantsolíu, Guðjón Þ. Andrésson frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Þórð Adolfsson frá Vörubílastöðinni Þrótti, Friðrik Jón Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Benedikt Guðmundsson og Bjarna Björnsson frá Félagi hópferðaleyfishafa, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandinu, Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Svein Hannesson og Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Þorleif Þór Jónsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, P. Samúelssyni, Landssambandi sendibifreiðastjóra, Seðlabanka Íslands, umferðarráði, Alþýðusambandi Íslands, Strætó bs., ríkisskattstjóra, Bílgreinasambandinu, Olíudreifingu ehf., Félagi hópferðaleyfishafa, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum atvinnulífsins, Vegagerðinni, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Landvara, Bændasamtökum Íslands, Skeljungi hf., Verslunarráði Íslands, Umhverfisstofnun, Landvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi og Frama.

Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Jafnframt er lagt til að auk olíugjalds verði tekið upp kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, önnur en bifreiðar til fólksflutninga. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 127. löggjafarþingi í maí 2002.

Meginmarkmið frumvarpsins er að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að álitlegri kosti fyrir einstaklinga og samræma skattlagningu dísil- og bensínbifreiða.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni upplýstu fulltrúar Vegagerðarinnar að í nágrannalöndum okkar hafi að undanförnu farið fram umræður um hvernig fyrirkomulagi á uppbyggingu, viðhaldi og rekstri vegakerfis skuli háttað í framtíðinni og nauðsynlega gjaldtöku af umferð til að fjármagna þessa þætti. Sú stefna sé almennt ríkjandi að heppilegast sé að taka upp þjónustugjöld sem háð séu akstursvegalengd og geta verið mismunandi eftir gerð ökutækis, ástandi vegar og tíma aksturs. Þau séu hins vegar óháð orkugjafa og orkunotkun viðkomandi bifreiðar. Fyrirhugað er að nota nýja gerð ökumæla sem nota GPS-tækni og senda upplýsingar um staðsetningu bifreiðar og ekna kílómetra um GSM-dreifikerfi. Þá kom fram að Evrópusambandið hafi sett sér ákveðinn tíma til stefnumótunar með það að markmiði að taka upp gjaldtöku af þessu tagi og hverfa frá sérmerktum eldsneytisgjöfum. Stefnt sé að innleiðingu þjónustugjalda í Evrópu eigi síðar en 1. janúar 2009 fyrir bifreiðar yfir 3,5 tonnum og 1. janúar 2011 fyrir allar bifreiðar.

Í kjölfarið ræddi nefndin ítarlega hvort innleiða ætti litun olíu þegar fyrir lægi að nýtt kerfi tæki við innan nokkurra ára. Enn fremur var rætt nokkuð um persónuvernd með hliðsjón af nýju mælunum. Niðurstaða 1. minni hluta var sú að hin nýja tækni væri ekki fullmótuð og óljóst hvernig hún muni reynast í Evrópu og því var haldið við þá stefnu frumvarpsins að taka upp litun olíu. 1. minni hluti telur rétt að taka fram að litunin tekur ekki til skipagasolíu sem notuð er á kaupskipaflotann og öll stærri fiskiskip þar sem hún fellur ekki undir gjaldskyldusvið frumvarpsins sem afmarkað er í 1. gr.

Fyrsti minni hluti leggur ríka áherslu á þau jákvæðu þjóðhagslegu áhrif sem upptaka olíugjalds mun hafa í för með sér verði frumvarpið samþykkt. Líklegt þykir að samsetning bifreiðaflotans muni breytast og hlutur dísilbifreiða aukast í hlutfalli við bensínbifreiðar. Sú breyting muni leiða til minni eldsneytisnotkunar þar sem dísilbifreiðar séu sparneytnari og taldar valda minni koltvísýringsmengun en bensínknúnar bifreiðar. Einkum þykir æskilegt að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að vænlegri kosti fyrir einstaklinga vegna ofangreindra sjónarmiða. Núverandi skattkerfi verki hins vegar sem dragbítur á innflutning slíkra bifreiða þar sem fast árgjald þungaskatts af þeim sé svo hátt að til þess að reksturinn svari kostnaði verði árlegur akstur að vera svo mikill að einungis atvinnubílstjórar eða aðrir sem af einhverjum ástæðum keyra mjög mikið sjái sér hag í að reka slíka bíla.

Í 4. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, er að finna heimild fyrir endurgreiðslu þungaskatts til bænda. Verði frumvarpið samþykkt mun umrædd heimild falla brott. Leggur 1. minni hluti áherslu á að endurgreiðslurnar sem bændur hafa fengið á grundvelli laganna renni til þeirra í einhverju formi en samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu þessar endurgreiðslur 61 millj. kr. árið 2002 og meðalendurgreiðslur á hvern aðila 71 þús. kr. á ári.

Loks er það mat 1. minni hluta að ákvæði frumvarpsins leiði ekki til skerðingar á þjónustu við landsbyggðina.

Fyrsti minni hluti leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

1. Lagt er til að nýr töluliður bætist við 1. mgr. 4. gr. og orðist svo: til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum. Með breytingunni er komið í veg fyrir að mismunur verði á rekstrarforsendum kranabifreiða og vörubifreiða með krana. Bílkranar 25–120 tonnmetrar eru frá 6 til 12 tonnum. Vörubifreiðar sem útbúnar eru slíkum krönum eru í kranavinnu að meginstarfsemi og eru raunverulega í samkeppni við kranabifreiðar. Því er talið rétt að sala eða afhending á olíu til þessara vörubifreiða með krana yfir 25 tonnmetrum verði undanþegin gjaldskyldu á sama hátt og sala á olíu til kranabifreiða. Kranabifreiðar eru tilgreindar í vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og eru því undanþegnar gjaldskyldu skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

2. Lagt er til að endurgreiðsluhlutfall til almenningsvagna verði hækkað úr 70% í 80%. Í umsögn Strætó bs. kemur fram að ef frumvarpið verði að lögum muni það leiða til kostnaðarhækkunar sem nemur um 31 millj. kr. á ári eða um 83%. Telur 1. minni hluti rétt að taka tillit til þess enda mikilvægt að samþykkt frumvarpsins leiði hvorki til þess að verði dregið úr þjónustu almenningsvagna né að fargjöld hækki. Endurgreiðslur samkvæmt núgildandi löggjöf ná eingöngu til strætisvagna og miðar frumvarpið við að það verði óbreytt. Til að taka af allan vafa um það, sem og til að skerpa á hugtakanotkun, er lagt til, með vísan til umsagnar ríkisskattstjóra, að breyta orðalagi 1. málsl. 1. mgr. 6. gr.
3. Lagt er til að í stað orðanna „fyrir síðustu sex ár“ í 2. málsl. 3. mgr. 18. gr. komi: vegna síðustu tveggja ára. Breytingartillagan er fram komin vegna ábendingar frá ríkisskattstjóra og er í samræmi við 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um einfalda leiðréttingu er að ræða til að gæta lagasamræmis. Einnig er lagt til að í stað orðsins „dómsmeðferðar“ í 1. málsl. 4. mgr. 18. gr. komi: hugsanlegrar dómsmeðferðar. Hér er einnig um smávægilega lagfæringu að ræða þar sem rannsókn skv. 5. mgr. þarf ekki endilega að leiða til dómsmeðferðar.
4. Loks er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. júlí 2005 þannig að meiri tími vinnist til að ganga frá setningu reglugerða og almenns undirbúnings í samráði við hagsmunaaðila.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 2004.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Birgir Ármannsson. | Dagný Jónsdóttir.

Guðrún Inga Ingólfsdóttir.

1709. Breytingartillögur [849. mál]

við frv. til l. um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, BÁ, DJ, GII).

1. Við 4. gr. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðist svo: til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.
2. Við 6. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þeim sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, skulu endurgreidd 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.
3. Við 18. gr.
   a. Í stað orðanna „fyrir síðustu sex ár“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: vegna síðustu tveggja ára.

b. Í stað orðsins „dómsmeðferðar“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: hugsanlegrar dómsmeðferðar.

4. Við 24. gr. Í stað „1. janúar 2005“ í 1. og 3. málsl. komi: 1. júlí 2005.

1710. Breytingartillaga [910. mál]

við frv. til l. um tónlistarsjóð.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni, Katrínu Júlíusdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Merði Árnasyni.

3. málsl. 2. gr. orðist svo: Samtónn tilnefnir tvo en einn er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

1711. Nefndarálit [875. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Byggðastofnun, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannsambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hafrannsóknastofnuninni.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að rýmkuð verði heimild til handa ráðherra til að heimila landanir erlendis á fiski sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands og hins vegar að breytt verði lagaákvæði sem lýtur að frágangi á undirmálsfiski um borð í veiðiskipum.

Í 5. gr. laganna er lögfest sú meginregla að öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skuli landa innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Meiri hlutinn undirstrikar að heimild 1. gr. frumvarpsins er undantekning frá áðurnefndri meginreglu og lítur svo á að hún afmarkist við veiðar og vinnslu á loðnu, kolmuna, síld og úthafskarfa. Mælist meiri hlutinn jafnframt til þess að reglur um heimild þá sem um getur í 1. gr. verði kynntar fyrir nefndinni áður en þær taka gildi.

Þá telur meiri hlutin að leita þurfi nánari skýringa á tilgangi 2. gr. frumvarpsins sem leggur annars vegar til að heimila að undirmálsfiskur miðist einnig við þyngd en ekki eingöngu stærð og hins vegar að fella niður skilyrðislausa kröfu um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð. Hvað fyrra atriðið varðar upplýsti fulltrúi ráðuneytisins fyrir nefndinni að í ákveðnum tilvikum væri undirmálsfiskur miðaður við þyngd og væri breytingin því aðeins til áréttingar. Þá hefði síðarnefnda atriðið það að markmiði að koma á vinnuhagræðingu þar sem í sumum tilvikum væri tæknilega erfitt og jafnvel óhagkvæmt að flokka fiskinn um borð í skipi. Einnig gæti það komið í veg fyrir brottkast.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 6. maí 2004.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Páll Magnússon.		Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

1712. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Þorstein Geirsson frá dómsmálaráðuneyti, Gunnar Jónsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Daða Bjarnason og Helgu Jónsdóttur frá Félagi lögfræðinga fjármálafyrirtækja, Eirík Tómasson frá lagadeild Háskóla Íslands, Teit Björn Einarsson og Berglindi Báru Sigurjónsdóttur frá Orator, félagi laganema, Mikael M. Karlsson frá Háskólanum á Akureyri, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Bjarka R. Kristjánsson, Braga Rúnar Axelsson og Maj-Britt Hjördísi Briem frá Nemendafélagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Þórð S. Gunnarsson og Davíð Þór Björgvinsson frá Háskólanum í Reykjavík, Jón Kristin Sverrisson frá Lögréttu, félagi laganema við Háskólann í Reykjavík, Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd.

Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Félagi lögfræðinga fjármálafyrirtækja, réttarfarsnefnd, Háskólanum á Akureyri, Lögréttu, félagi laganema, Skólafélagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Háskólanum í Reykjavík, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Lagadeild Háskóla Íslands, Orator, félagi laganema, Bandalagi háskólamanna og Stéttarfélagi lögfræðinga.

Í frumvarpinu eru lagðar til töluverðar breytingar á gildandi lögum um lögmenn, nr. 77/1998. Breytingarnar eru þessar helstar:

1. Lagt er til að lögin taki einnig til erlendra lögmanna sem hafa heimild til að starfa hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningi EFTA. Með breytingunni munu lögmenn sem samkvæmt EES-samningnum hafa hér á landi staðfestu og starfa undir starfsheiti heimalands síns geta eftir tiltekinn starfstíma öðlast rétt til að fá íslensk lögmannsréttindi. Jafnframt munu lögin taka til þeirra sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi án staðfestu undir starfsheiti heimalands síns.

2. Í frumvarpinu er lagt til að það verði ekki lengur skilyrði fyrir öflun héraðsdómslögmannsréttinda að viðkomandi hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands heldur að viðkomandi skuli hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er af menntamálaráðuneytinu. Þetta er lagt til til að bregðast við breyttu umhverfi laganáms á Íslandi, en á síðustu árum hafa þrjár nýjar lagadeildir tekið til starfa, þ.e. lagadeild Háskólans í Reykjavík, lagadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst og lagadeild Háskólans á Akureyri. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir þeim skilyrðum fyrir öflun lögmannsréttinda að viðkomandi hafi aflað sér starfsreynslu sem annaðhvort lögmannsfulltrúi eða starfsmaður tiltekinna embætta hjá ríkinu í sex mánuði annars vegar og eitt ár hins vegar.
3. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi þess að héraðsdómslögmaður geti aflað sér hæstaréttarlögmannsréttinda. Í núgildandi lögum segir að sá sem óskar eftir réttindum til að vera hæstaréttarlögmaður skuli hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár og fullnægja kröfum skv. 1.– 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna um lögræði og andlega færni, að bú viðkomandi hafi aldrei verið tekið til gjaldþrotaskipta og að hann hafi óflekkað mannorð. Þá skal viðkomandi hafa flutt minnst þrjátíu mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli og sýna fram á það með prófraun sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Í frumvarpinu er hins vegar lögð til breyting á síðasttöldu skilyrðunum þess efnis að viðkomandi lögmaður hafi flutt minnst 40 mál munnlega fyrir héraðsdómstóli eða sérdómstóli, þar af a.m.k. 10 einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar. Þá skal lögmaðurinn sýna fram á það með prófraun sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála fyrir fimm eða sjö dómurum í Hæstarétti að hann sé hæfur til að öðlast réttindin, og skulu minnst tvö málanna vera einkamál. Gert er ráð fyrir að prófnefnd sem tekið hefur ákvörðun um það hvort lögmaður fái að þreyta prófraun fyrir Hæstarétti verði lögð niður. Þess í stað verði Hæstarétti tilkynnt um ósk viðkomandi lögmanns um að þreyta prófraunina og lögð fram staðfesting dómsmálaráðherra á að skilyrðum til þess að mega gangast undir hana sé fullnægt. Dómarar Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meti eftir sem áður hvort lögmaður hafi staðist prófraun hverju sinni.
4. Í 7. gr. frumvarpsins eru svo lagðar til nokkrar breytingar á 12. gr. núgildandi laga, einkum varðandi heimild þeirra sem fengið hafa undanþágu frá skyldum til að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu til að nefna sig lögmenn. Lagt er til að þeim sem starfar á slíkri undanþágu verði óheimilt að nefna sig lögmann nema þegar viðkomandi kemur fram fyrir hönd opinberrar stofnunar eða einkaaðila sem hann gegnir föstu starfi hjá og veitir engum öðrum þjónustu sem lögmaður eða gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum og veitir engum öðrum en þeim samtökum og félagsmönnum þeirra þjónustu sem skal falla innan starfssviðs samtakanna.
5. Loks er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði breytingar á orðalagi í 12.–17. gr. núgildandi laga. Breytingarnar miða að því að réttindi lögmanns geti fallið niður sem hér segir:
   a. Lögmaður leggur réttindi sín inn og þau eru lýst óvirk.
   b. Réttindi lögmanns eru felld niður, tímabundið eða ótímabundið.
   c. Réttindi lögmanns falla sjálfkrafa niður.
   d. Lögmaður er sviptur réttindum sínum.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem helst voru til umfjöllunar lutu að skilyrðum fyrir öflun héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttinda og því hverjir mættu kalla sig lögmenn og við hvaða kringumstæður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir töluverðum breytingum á fyrirkomulagi þess að menn geti aflað sér héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttinda eins og lýst var hér að framan. Nefndin leggur til að ákvæðum frumvarpsins verði breytt á þann veg að starfsreynsluskilyrði b-liðar 4. gr. frumvarpsins verði fellt brott þannig að allir þeir lögfræðingar sem vilja afla sér héraðsdómslögmannsréttinda geti tekist á við það verkefni standi vilji þeirra til þess eins og núgildandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir, óháð því hvaða störf viðkomandi hafa lagt stund á fram að útgáfu réttindanna. Nefndin lítur svo á að skilyrði um starfsreynslu sé til þess fallið að takmarka aðgang að lögmannastéttinni og telur ekki rök standa til að festa slíkt skilyrði í lög.

Nefndin beinir því jafnframt til dómsmálaráðherra að tekið verði til skoðunar hvort ástæða sé til að láta eftir atvikum reyna á almenna fagþekkingu þeirra lögfræðinga sem óska eftir að afla sér héraðsdómslögmannsréttinda.

Nefndin leggur einnig til breytingar á ákvæðum varðandi öflun hæstaréttarlögmannsréttinda. Nefndin telur sanngjarnt að héraðsdómslögmenn sem vilja afla sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti hafi flutt töluverðan fjölda mála fyrir héraðsdómi. Nefndin telur þó engin efnisleg rök standa til þess að bæta tíu málum við þann fjölda sem miðað er við í núgildandi lögum og leggur því til að áfram verði miðað við 30 mál.

Þá leggur nefndin til að fellt verði brott skilyrði 4. efnismgr. 7. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að þeim lögmönnum sem starfa á svonefndri undanþágu frá því að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu í eigin nafni megi eingöngu nefna sig lögmann þegar þeir koma fram fyrir hönd vinnuveitanda síns og í málum sem varða hagsmuni þeirra. Nefndin telur eðlilegt að þeim sem hafa aflað sér ákveðinna starfsréttinda með prófraun sé heimilt að nota það starfsheiti sem réttindunum fylgir án þeirra takmarkana sem ákvæði frumvarpsins gerir ráð fyrir. Nefndin telur að heimild allra þeirra sem hafa aflað sér leyfis til málflutnings fyrir íslenskum dómstólum til að skýra frá því að þeir hafi lögmannsréttindi sé sjálfsögð og eðlilegt að allir lögmenn geti kennt sig við þau réttindi sem þeir hafa aflað sér, hvernig sem störfum þeirra er varið. Af framangreindri breytingartillögu leiðir að nefndin leggur jafnframt til að ákvæði 18. gr. frumvarpsins um takmörkun á heimild þeirra sem hafa virk réttindi með undanþágu til að nota starfsheitið héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður falli brott.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Lögmannafélagi Íslands sé heimilt að krefja lögmann um greiðslu kostnaðar við rannsókn á fjárreiðum hans sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðanda að ráðast í. Í þessu sambandi bendir nefndin á að skylduaðild er að Lögmannafélagi Íslands og félagsmönnum er jafnframt skylt að greiða gjald til þess að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins. Nefndin telur óeðlilegt að kostnaði við eftirlitið verði velt yfir á félagsmann, jafnvel þótt niðurstaða rannsóknar sýni að allt sé í stakasta lagi hjá honum. Því telur nefndin rétt að þessi heimild verði þrengd þannig að hún taki einungis til þeirra tilvika þar sem um umfangsmikla rannsókn er að ræða sem hefur leitt í ljós misfellur í starfi.

Þá leggur nefndin til að ákvæði 4. efnismgr. 8. gr. frumvarpsins varðandi sjálfkrafa niðurfall réttinda þegar lögmaður er sviptur sjálfræði eða fjárræði eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta falli brott. Nefndin telur að þessi regla fái tæplega staðist, enda ljóst að hún gæti leitt til þess að maður í starfi lögmanns væri búinn að missa réttindi til að gegna því án

þess að skjólstæðingar hans eða þeir sem eftirlit eiga að hafa með lögmönnum hefðu tök á að vita um það. Regla af þessum toga gæti jafnframt skapað veruleg vandkvæði við úrlausn um gildi þess sem viðkomandi lögmaður hefði aðhafst í starfi sínu eftir réttindamissinn en áður en öðrum gæti hafa orðið kunnugt um það.

Nefndin leggur til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ákvæði varðandi skipun prófnefndar sem hefur umsjón með prófraun til að lögfræðingar geti öðlast héraðsdómslögmannsréttindi. Lagt er til að skipað verði í fyrsta skipti í prófnefnd samkvæmt hinu nýja ákvæði þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út. Einnig er lagt til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ákvæðum um þá héraðsdómslögmenn sem hafa við gildistöku laganna fengið viðurkenningu á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti þannig að þeir hafi frest til 1. desember 2005 til að ljúka prófrauninni, að því tilskildu að umsókn um síðara prófmál hafi borist prófnefnd fyrir 10. nóvember 2005. Loks leggur nefndin til að prófnefndin starfi til 30. nóvember 2005. Þannig á nægur tími að gefast til að ljúka afgreiðslu umsókna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Jónína Bjartmarz, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem þau munu gera grein fyrir við 2. umræðu um málið.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. maí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.
Jónína Bjartmarz, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.

1713. Breytingartillögur [463. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. B-liður falli brott.
   b. Í stað orðanna „skilyrðum 5. og 6. tölul.“ í efnismálsgrein c-liðar komi: skilyrði 5. tölul.
2. Við 5. gr. Í stað 1. og 2. málsl. b-liðar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Prófraun til öflunar lögmannsréttinda skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms

og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lög manna.

3. Í stað orðanna „40 mál“ í 3. tölul. a-liðar 6. gr. komi: 30 mál.
4. 1. málsl. 4. efnismgr. 7. gr. falli brott.
5. Við 8. gr.
   a. Við lokamálslið 2. efnismgr. bætist: enda hafi hún verið verulega yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellur í starfi.
   b. Orðin „sbr. þó 4. mgr.“ í 3. efnismgr. falli brott.
   c. 4. efnismgr. falli brott.
6. Í stað orðanna „5. mgr.“ í 1. efnismgr. 11. gr. komi: 4. mgr.
7. 2. efnismálsl. a-liðar 18. gr. falli brott.
8. Við 20. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Skipað skal í fyrsta sinn í prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laganna þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var samkvæmt eldra ákvæði rennur út.

   Sá sem hefur við gildistöku laga þessara fengið viðurkenningu prófnefndar á prófmáli til flutnings fyrir Hæstarétti í samræmi við ákvæði 9. gr. laganna skal eiga þess kost að ljúka prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. desember 2005, enda hafi umsókn um viðurkenningu prófnefndar á síðara prófmáli borist nefndinni fyrir 10. nóvember 2005.

   Prófnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laganna skal starfa til 30. nóvember 2005.

1714. Skýrsla [376. mál]

dómsmálaráðherra um afdrif hælisleitenda, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Samkvæmt beiðni (á þskj. 502) frá Jóhanni Ársælssyni og fleiri alþingismönnum er hér með lögð fram á Alþingi skýrsla um afdrif þeirra sem sótt hafa um hæli á Íslandi síðastliðin átta ár.

Eins og rakið er í bréfi ráðuneytisins til forseta Alþingis dags. 4. desember sl. getur ráðuneytið ekki tekið að sér upplýsingaöflun um hælisleitendur erlendis þar eð slíkt er andstætt reglum um persónuvernd og gæti það beinlínis valdið viðkomandi vandræðum að fyrirspurn um hann væri send. Ráðuneytinu er hins vegar kleift að vinna skýrslu um afgreiðslu mála hér á landi, um fjölda hælisleitenda, þjóðerni o.s.frv. Var Útlendingastofnun falið að vinna þá skýrslu sem hér fylgir.

Í skýrslunni kemur fram fjöldi umsækjenda á hverju ári, ætlað ríkisfang hvers og eins, aldur (uppgefinn aldur við komu), kyn og málsmeðferð hjá Útlendingastofnun og ráðuneytinu. Síðan er gerð grein fyrir afdrifum viðkomandi á Íslandi. Að jafnaði er ekki vitað um afdrif fólks erlendis en þar sem svo ber við er það tekið fram sérstaklega. Upplýsingar um menntun umsækjenda eru ekki fyrirliggjandi.

Útlendingastofnun (áður Útlendingaeftirlitið) hefur starfað eftir lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, og reglugerð settri samkvæmt þeim, nú samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og reglugerð nr. 53/2003, um útlendinga, stjórnsýslulögum, alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna frá 1951 ásamt viðauka frá 1967, Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum samningum á sviði mannverndar og mannréttinda, auk þess sem starfað

er eftir ákvæðum Norðurlandsamningsins og Dyflinnarsamningsins (nú Dyflinnarreglugerðarinnar). Þetta eru helstu réttarheimildir sem Útlendingastofnun beitir þegar umsókn um hæli er til meðferðar hjá stofnuninni.

Þær stofnanir, stjórnvöld og samtök er koma að þessum málaflokki eru eftirfarandi:

- Dómsmálaráðuneytið.
- Útlendingastofnun, áður Útlendingaeftirlitið.
- Rauði kross Íslands (RKÍ), samningur RKÍ og dómsmálaráðuneytisins frá 1998–2003 um umönnun hælisleitenda.
- Reykjanesbær, samnningur frá febrúar 2004.
- Lögreglan.

Kostnaður vegna hælisleitenda.

Samkvæmt samningi Rauða kross Íslands (RKÍ) og ráðuneytisins frá 1998–2003 var kostnaður vegna umönnunar hælisleitenda greiddur af RKÍ fyrstu þrjá mánuði eftir komu, en kostnaður eftir það var borinn af Útlendingastofnun. Almennur lækniskostnaður var greiddur af RKÍ en allur annar lækniskostnaður var greiddur af Útlendingastofnun. Þessum samningi var sagt upp um mitt ár 2003 og var hann ekki endurnýjaður. RKÍ sér nú alfarið um málsvarahlutverk fyrir hælisleitandann gagnvart lögreglu, Útlendingastofnun og ráðuneytið.

Þar sem stofnunin hafði ekki sérstakt fjárlaganúmer fyrr en 1. október 1999 er ekki greint frá kostnaði fyrir þann tíma.

Kostnaður Útlendingastofnunar vegna hælisleitenda árin 1999 og 2000 var 8.758.332 kr.

Kostnaður Útlendingastofnunar vegna hælisleitenda árið 2001 var 3.619.817 kr.

Kostnaður Útlendingastofnunar vegna hælisleitenda árið 2002 var 7.377.476 kr.

Kostnaður Útlendingastofnunar vegna hælisleitenda árið 2003 var 9.352.403 kr.

Frá og með 1 janúar 2004 er allur kostnaður vegna umönnunnar hælisleitenda, lækniskostnaður o.fl. greiddur af Útlendingastofnun. Stofnunin hefur gert samning við Reykjanesbæ um umönnun hælisleitenda og er Reykjanesbæ greitt fyrir þjónustuna samkvæmt þeim samningi. Innifalið í umönnun er gisting og fæði, ferðakostnaður hælisleitenda innanlands, komugjald til læknis, þ.m.t. almenn læknisskoðun við upphaf umönnunar Félagsþjónustu Reykjanesbæjar og ungbarnaeftirlit þegar það á við. Daggjald fyrir hvern hælisleitanda er 5.500 kr. á sólarhring hvort sem um er að ræða fullorðna eða börn. Árlegt fastagjald er 6,7 millj. kr. Þessi samningur er til eins árs. Áætlaður kostnaður vegna hælisleitenda fyrir árið 2004 er 36–40 millj. kr.

Endurviðtökusamningar/viðtökusamningar.

Nokkuð er um það að hælisleitendur hafi verið sendir til annarra ríkja þar sem þeir fengu beiðni sína um hæli tekna til meðferðar. Gerð er nánari grein fyrir þeim tilvikum í skýrslunni eftir því sem við á. Byggist þessi framkvæmd á skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi bæði vegna Norðurlandasamstarfs og Schengen-samstarfs. Hér er um að ræða tvo samninga, Norðurlandasamninginn um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna frá 12. júlí 1957 sem Ísland varð aðili að 24. september 1965 en gekk í gildi 1. janúar 1966 og Dyflinnarsamninginn frá 15. júní 1990 sem Ísland undirritaði 19. janúar 2001 en gekk í gildi 1. apríl 2001 og var gerður við Evrópusambandsríkin.

Chicago-samningurinn, sem gerður var á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, tekur m.a. á ábyrgð farmflytjanda á ólöglegum farþegum um borð í flugfari og ábyrgð þess ríkis sem viðkomandi kemur frá, uppgötvist hinn ólöglegi farþegi, þ.e. ríkið þar sem flugfarið hóf ferðina er skuldbundið til að taka við einstaklingnum komi fram ósk þess efnis. Þessum

samningi er ekki lengur beitt gagnvart hælisleitendum. Það varð óheimilt með lögum nr. 96/2002, um útlendinga, og honum var ekki beitt nema í takmörkuðum mæli fyrir þann tíma, sjá hvert ár fyrir sig. Ákvæðum samningsins er snúa að ólöglegum einstaklingum er hins vegar beitt þegar fólk sækir ekki um hæli en er skilríkjalaust eða hefur ekki heimild til að koma til landsins.

Túlkun og túlkar.

Tekið er fram að við rannsókn hvers máls er leitast við að afla túlks á því tungumáli sem hælisleitandanum hentar. Fyrst og fremst er leitað að túlkum á móðurmáli viðkomandi. Ef það tekst ekki er túlkað á því tungumáli sem viðkomandi getur tjáð sig á eða óskar eftir. Aldrei hefur komið til þess að kalla þurfi til túlk erlendis frá en ekki er ólíklegt að til þess gæti komið.

Birting úrskurða/ákvarðana fara fram þannig að fyrst er úrskurðarorð lesið á íslensku, síðan túlkar viðkomandi túlkur úrskurðarorðið, að þessu loknu fer fram birting úrskurðar/ákvörðunar og er það með sama hætti. Þetta fer fram að viðstöddum fulltrúa Útlendingastofnunar, RKÍ, umsækjanda sjálfum og lögmanni ef svo ber við.

Uppsetning skýrslunnar.

Hér á eftir koma töflur fyrir hvert ár frá 1996–2003. Þar kemur fram eftirfarandi:

- ætlað ríkisfang viðkomandi (það ríkisfang sem umsækjandi kvaðst hafa),
- fjöldi umsækjanda frá tilteknu ríki,
- kyn umsækjanda,
- aldur umsækjanda,
- hjúskaparstaða umsækjanda við komu,
- á hvaða tungumáli var rætt við viðkomandi hælisleitanda,
- lok máls hjá Útlendingastofnun/ráðuneytinu,
- staða viðkomandi nú á Íslandi / erlendis.

Hvorki er heimilt að upplýsa Alþingi um ástæður einstakra hælisleitenda fyrir beiðni um vernd á Íslandi né að upplýsa hvaða ástæður réðu niðurstöðu í hverju máli fyrir sig. Bent er á að allir þeir sem fengu synjun á hælisumsókn, voru ekki taldir uppfylla skilyrði 2. tölul. A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 1951 með viðauka frá 1967. Liðurinn hefur að geyma skilgreiningu á því hver teljist vera flóttamaður samkvæmt samningnum. Í umræddu ákvæði kemur fram sú skilgreining að flóttamaður í skilningi samningsins eigi við hvern þann mann sem:

> „... af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað."

Hvað varðar atvinnuþátttöku hælisleitenda á Íslandi er einvörðungu hægt að upplýsa um stöðu þeirra er hafa almennt dvalarleyfi og hvort atvinnuleyfi hefur verið gefið út en ekki hvort viðkomandi hefur haft viðurværi sitt af atvinnuþátttöku. Þeir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt, hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara eða hafa fengið búsetuleyfi eru ekki háðir veitingu atvinnuleyfis og hefur Útlendingastofnun því ekki upplýsingar til að finna út hvort eða hvar viðkomandi starfar enda hefur stofnunin ekki aðgang að staðgreiðsluskrám skattstjóra né fær Útlendingastofnun upplýsingar frá félagsþjónustum nema þegar fólk sækir um búsetuleyfi.

Hælisleitendur 1996.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu fjórir útlendingar um hæli hérlendis á árinu 1996. Þrír hælisleitendur fengu synjun og voru endursendir á grundvelli Norðurlandasamningsins og voru þeir endursendir til viðkomandi ríkja. Einn útlendingur fékk dvalarleyfi en hann hefur aldrei getað lagt fram skilríki er staðfesta hver hann er. Maðurinn er talinn hættulegur, hann hefur tvisvar verið dæmdur fyrir alvarlega líkamsárás og afplánar nú sex ára fangelsisdóm. Hann er ógiftur og barnlaus.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Alsír	3	kk.	26–31	Ógiftir	Franska
Gambía	1	kk.	26	Ógiftur	Enska
Alls	4				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	1
Endursendir	3

Staða nú	Fjöldi
Dvalarleyfi	1 útrunnið
Ekki vitað	3

Hælisleitendur 1997.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu sex útlendingar um hæli hérlendis á árinu 1997. Einn fékk synjun á hæli og var endursendur til Norðurlandanna. Tveir fóru án gildra ferðaskilríkja frá Íslandi til Norður-Ameríku og þriðji umsækjandinn reyndi það en var stöðvaður.

Af þeim sex er hingað komu fengu þrír dvalarleyfi. Tveir þeirra fengu íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara. Annar sótti um skilnað að borði og sæng þremur mánuðum eftir veitingu ríkisborgararéttarins og hinn fékk lögskilnað rúmu ári eftir veitingu ríkisborgararéttarins en hann var ekki samvistum við eiginkonu sína í þó nokkurn tíma fyrir það tímamark. Hvorugur eignaðist börn í hjúskapnum.

Einn er með óbundið dvalar- og atvinnuleyfi, ókvæntur og barnlaus.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Kosovo-Albanía	4	kk.	22–29	Ógiftir	Albanska
Líbanon	1	kk.	22	Ógiftur	Arabíska
Marokkó	1	kk.	35	Ógiftur	Franska
Alls	6				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	3
Endursendir	2
Hvarf fyrir birtingu	1
Staða nú	**Fjöldi**
Íslenskir ríkisborgarar	2
Búsetuleyfi	1
Farnir af landi brott – ekki vitað	3

Hælisleitendur 1998.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 24 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 1998. Af 24 hælisleitendum fengu 13 dvalarleyfi samkvæmt umsókn. Fjórir fengu synjun, brottvísun og endurkomubann og kærðu 3. Ráðuneytið staðfesti niðurstöðu í tveim málum en veitti dvalarleyfi í einu máli. Sex voru endursendir, þrír á grundvelli Norðurlandasamningsins og þrír á grundvelli landgöngusynjunar samkvæmt Chicago-samningnum.

Ekki var hægt að framfylgja brottvísun í þeim tveim málum sem staðfest voru af ráðuneytinu þannig að báðum umsækjendum var veitt tímabundið dvalarleyfi. Annar er hér enn þá en hinn er talinn farinn. Sá fyrri er fékk brottvísun og endurkomubann er hér enn þar sem ekki er hægt að afla ferðaskilríkja frá heimaríki. Hann var handtekinn í tilteknu Evrópuríki og endursendur til Íslands vegna brota hans á útlendingalöggjöf í því ríki og gegn broti á endurkomubanni er jafnframt var þar í gildi gagnvart honum. Hann hafði áður sótt um hæli í því ríki, fengið synjun, brottvísun og endurkomubann og fór þá til Íslands. Sá síðari hvarf af landi brott en var síðar framseldur til Íslands vegna meints skjalafals. Hann var fundinn sekur og fékk 12 mánaða fangelsi. Afplánun hans er lokið og er hann nú talinn farinn. Maðurinn á a.m.k. þrjú börn hérlendis sem ekki eru sammæðra.

Af þeim sem fengu dvalarleyfi er talið að einn sé farinn en hann var til rannsóknar hjá lögreglu vegna gruns um smygl á fólki. Enginn hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt og er a.m.k. einn einstaklinganna enn skilríkjalaus og því ekki líklegt að sá geti fengið íslenskan ríkisborgararétt. Einn dvalarleyfishafa sótti um dvalarleyfi fyrir eiginkonu og tvö börn en hann er mikill sjúklingur og óvinnufær. Umsóknir voru samþykktar og hafa þau öll fengið búsetuleyfi. Fjölskyldan hefur sótt um að fá íslenskan ríkisborgararétt sem nú er til meðferðar hjá ráðuneytinu.

Af þeim er fóru úr landi, er einvörðungu vitað um afdrif eins en hann fór héðan til Noregs og stuttu eftir komuna var hann handtekinn vegna gruns um manndráp. Maðurinn fékk dóm í Noregi fyrir manndráp og mun hafa sótt um reynslulausn á árinu 2003. Lögmaður mannsins bað Útlendingastofnun um að veita manninum landvistarleyfi hérlendis en því var hafnað.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Albanía	2	kk.	20–30	Ógiftir	Albanska
Alsír	1	kk.	Ekki vitað	Ógiftur	Franska
Hvíta-Rússland	1	kk.	31	Ógiftur	Rússneska
Írak	1	kk.	21	Ógiftur	Arabíska
Júgóslavía	1	kk.	32	Ógiftur	Serbókróatíska
Kamerún	1	kk.	21	Ógiftur	Franska
Kosovo-Albanía	9	2 kvk., 7 kk.	0–27	Ein hjón + 2 börn, aðrir ógiftir	Albanska
Líbía	1	kk.	29	Ógiftur	Franska
Makedónía	1	kk.	38	Ógiftur	Rússneska
Rússland	1	kk.	44	Ógiftur	Rússneska
Túnis	1	kk.	32	Ógiftur	Franska
Úkraína	3	kk.	30–40	Einn kvæntur	Rússneska
Víetnam	1	kk.	27	Ógiftur	Víetnamska
Alls	24				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	13
Synjun	2
Endursendir	6
Hurfu fyrir birtingu	3

Staða nú	Fjöldi
Búsetuleyfi	13
Farnir af landi brott – ekki vitað	11

Hælisleitendur 1999.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 24 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 1999. Af 24 hælisleitendum fengu 12 dvalarleyfi, þar af einn á grundvelli þess að vera flóttamaður. Einn kærði það að fá ekki hæli en ráðuneytið staðfesti niðurstöðu Útlendingastofnunar, átta fengu synjun, brottvísun og endurkomubann og kærðu allir en ráðuneytið staðfesti niðurstöðu Útlendingastofnunar í öllum málunum.

Afdrif þeirra 12 hælisleitenda sem fengu dvalarleyfi eru eftirfarandi: Einn fékk dvalarleyfi þar sem hann var úrskurðaður flóttamaður. Hann er með óbundið dvalarleyfi (búsetuleyfi) og Útlendingastofnun hefur engin afskipti haft af einstaklingnum frá árinu 2001. Fjögurra manna fjölskylda fékk dvalarleyfi og er nú með búsetuleyfi. Tveir eru giftir íslenskum ríkisborgurum. Annar hefur lagt fram gögn er staðfesta hver hann er og hefur hann fengið óbundið dvalarleyfi (búsetuleyfi) auk vegabréfs fyrir útlending. Hinn hefur ekki getað lagt fram gögn er staðfesta hver hann er og hefur hann tímabundið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar en hefur ekki fengið vegabréf fyrir útlending.

Einn dró umsókn sína um hæli til baka þar sem hann hafði gifst íslenskum ríkisborgara. Hann er nú kvæntur og með tvö börn á framfæri. Grunur leikur á að ríkisfang þess aðila sé ekki rétt en þar sem hann lagði fram vegabréf frá tilteknu ríki var ekki talið hægt að horfa fram hjá vegabréfinu þó svo fyrir lægi að hægt væri að kaupa vegabréf frá þessu tiltekna ríki án þess að vera ríkisborgari ríkisins. Hann hefur sótt um íslenskan ríkisborgararétt og umsóknin er til meðferðar hjá Alþingi. Einn fékk synjun á hæli en var veitt dvalarleyfi. Stuttu síðar var viðkomandi ákærður fyrir nauðgun en sú ákæra var dregin til baka. Síðar bárust upplýsingar um heimilisofbeldi sem ekki var kært. Viðkomandi er nú skilinn að lögum. Útlendingurinn er kominn með búsetuleyfi þar sem hann hefur aldrei hlotið dóm og fullnægði lagaskilyrðum.

Einn sótti um hæli þegar fyrir lá að honum ætti að vísa brott vegna ólögmætrar dvalar hérlendis og synjunar á dvalarleyfi. Útlendingastofnun úrskurðaði um synjun á hæli, útlendingurinn kærði ákvörðun Útlendingastofnunar til ráðuneytisins en dró þá kæru til baka eftir að hann kvæntist íslenskum ríkisborgara. Í framhaldi af því var honum veitt dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar. Hinn íslenski maki kom ári seinna til Útlendingastofnunar og lýsti því yfir að eiginmaður hennar hefði lítið sem ekkert dvalist á heimili fjölskyldunnar og að blekkingum hefði verið beitt til að stofna til hjúskaparins. Hún kvaðst hafa upplýsingar um það að eiginmaður hennar flytti inn fólk gegn gjaldi og útvegaði því dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenska ríkisborgara eða dvalar- og atvinnuleyfi. Eiginkonan upplýsti jafnframt að hún væri alveg heilluð af hinum erlenda maka sínum og ætti erfitt með að standast töfra hans. Hún dró framburð sinn til til baka eftir að stofnunin hafði látið erlenda makann vita að honum bæri að fara. Eiginkonan berst nú fyrir því að erlendi makinn fái íslenskan ríkisborgararrétt.

Konu og barni hennar var synjað um landgöngu á Keflavíkurflugvelli. Sóttu þau þá um hæli en var synjað. Síðar sama ár fengu þau dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar þar sem eiginmaðurinn hafði sótt um hæli hér árið áður og fengið dvalarleyfi en hann er sjúklingur. Öll fjölskyldan er nú komin með búsetuleyfi. Fjölskyldan hefur sótt um að fá íslenskan ríkisborgararétt og umsóknin er nú til meðferðar. Útlendingastofnun hefur sérstaklega reynt að aðstoða fjölskylduna eftir bestu getu vegna þeirra alvarlegu veikinda er hrjá manninn.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Albanía	4	2 kk., 2 kvk.	5–35	Hjón + 2 börn	Albanska
Hvíta-Rússland	1	kk.	22	Ógiftur	Rússneska
Írak	4	kk.	24–32	Ógiftir	Arabíska
Íran	2	kk.	31–34	Ógiftir	Arabíska
Króatía	1	kk.	40	Ógiftur	Ekki vitað
Líbía	1	kk.	30	Ógiftur	Franska
Rúmenía	1	kk.	24	Ógiftur	Rúmenska
Síerra Leóne	2	kk.	24–28	Ógiftir	Franska
Sýrland	1	kk.	36	Ógiftir	Enska
Úkraína	6	2 kvk., 4 kk.	13–39	Ein hjón, aðrir ógiftir	Rússneska
Alls	24				

Lok máls	Fjöldi
Var veitt hæli	1
Dvalarleyfi	5
Synjun	12
Endursendir	4
Hurfu fyrir birtingu	1
Dró umsókn til baka	1

Staða nú	Fjöldi
Búsetuleyfi	10
Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar	4
Farnir af landi brott – ekki vitað	10

Hælisleitendur 2000.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 25 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 2000. Af 25 hælisleitendum fengu sex dvalarleyfi, þar af einn bráðabirgðadvalarleyfi á grundvelli veikinda. Synjun, brottvísun og/eða endurkomubann fengu 16, þar af kærðu 10 en ráðuneytið staðfesti niðurstöðu Útlendingastofnunar í öllum málunum. Þrír hurfu eða fóru af landi brott.

Einn þeirra er fékk synjun og brottvísun var sendur úr landi. Íslenskur ríkisborgari fór til heimaríkis viðkomandi og giftist honum, greiddi síðan skuld hælisleitandans við íslenska ríkið, þ.e. framfærslu og ferðakostnað, og í framhaldi af því var viðkomandi veitt tveggja ára dvalarleyfi á grundvelli hjúskaparins. Þau eru enn í hjúskap.

Annar hælisleitandi er fékk synjun og brottvísun og var sendur úr landi fór fram á að fá að koma aftur til Íslands og starfa hér til að greiða upp skuld vegna dvalar hérlendis en hann var hér í rúmt ár. Áritun var ekki veitt.

Einn hælisleitandi kvaðst eiga unnustu hérlendis þegar honum var birt brottvísun og endurkomubann og að þau ætluðu að giftast. Útlendingurinn var sendur úr landi og hefur ekkert frekar frést af þeim ætlaða ráðahag.

Einn hælisleitenda fékk 12 mánaða fangelsisdóm fyrir innbrot. Hann kom hingað til lands, sótti um hæli, dró umsókn sína munnlega til baka hjá embætti Ríkislögreglustjóra og óskaði eftir að fá að fara. Hann var á leið úr landi með hluta þýfisins þegar hann var handtekinn. Hélt hann þá fram umsókn sinni um hæli en var synjað og vísað úr landi eftir að afplánun lauk.

Þrír hælisleitendur neituðu að gefa upp hverjir þeir væru. Einn dró umsókn sína til baka eftir að hafa gifst íslenskum ríkisborgara og hefur sá einstaklingur ýmist dvalist hér eða í Noregi. Hann er nú hér á grundvelli takmarkaðs dvalarleyfis á meðan beðið er eftir að hann geti aðstoðað við öflun gagna er staðfesta hver hann er. Hinum tveimur var synjað um hæli, þeim vísað brott og bönnuð endurkoma til Íslands. Ekki var hægt að framkvæma flutning þeirra þar sem öflun ferðaskilríkja tókst ekki. Aðilarnir fóru að lokum af sjálfsdáðum eftir að hafa verið hér í rúmt ár. Þeim var boðið að fá atvinnu- og dvalarleyfi en neituðu því staðfastlega.

Af þeim sex sem fengu dvalarleyfi fengu fjórir dvalarleyfi hérlendis þar sem ekki þótti forsenda fyrir að senda þá til síns heimaríkis vegna mikilla sviptinga í því ríki á þeim tíma. Þeir eru hér allir enn og eiga tveir í sambandi við íslenska ríkisborgara en annar þeirra kvaðst vera giftur og eiga sex börn í sínu heimaríki þegar hann kom til Íslands. Hann hefur aldrei óskað eftir fjölskyldusameiningu. Þrír hafa lagt fram skilríki frá sínu heimaríki er staðfesta hverjir þeir eru og hafa í framhaldi af því fengið ferðaskilríki fyrir útlendinga. Fjórði útlendingurinn er kominn með búsetuleyfi.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Afganistan	3	kk.	25–33	Einn giftur, aðrir ógiftir	Farsi/enska
Albanía	1	kk.	27	Ógiftur	Albanska
Alsír	2	kk.	25–27	Ógiftur	Franska
Armenía	2	kvk.	40–41	Önnur gift, hin fráskilin	Armenska
Frakkland	2	kk., kvk.	24–28	Hjón	Franska
Jórdanía	1	kk.	30	Ógiftur	Arabíska
Júgóslavía	1	kk.	25	Ógiftur	Albanska
Myanmar	1	kk.	34	Ógiftur	Enska
Rúmenía	3	kk.	24–39	Ógiftir	Rúmenska
Rússland	5	1 kvk., 4 kk.	26–40	Ein hjón, aðrir ógiftir	Rússneska
Sýrland	1	kk.	29	Ógiftur	Enska
Tyrkland	1	kk.	25	Ógiftur	Tyrkneska
Úkraína	2	kk.	25–48	Ógiftur	Rússneska
Alls	25				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	4
Synjun	17
Endursendir	2
Drógu umsókn til baka	2

Staða nú	Fjöldi
Búsetuleyfi	1
Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar	2
Dvalarleyfi	1
Dvalarleyfi og atvinnuleyfi	3
Farnir af landi brott – ekki vitað	18

Hælisleitendur 2001.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 53 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 2001. Af þeim 53 umsóknum sem lagðar voru fram árið 2001 var úrskurðað um synjun á hæli í 14 málum. Kært var til ráðuneytisins í 11 málum og var niðurstaða Útlendingastofnunar staðfest í þremur málum en átta var veitt dvalarleyfi. Jafnframt fékkst staðfesting á því erlendis frá að 27 umsækjendur höfðu sótt um hæli annars staðar áður en þeir komu til Íslands. Þeir voru annaðhvort endursendir til viðkomandi ríkja eða hurfu áður en kom að flutningi.

Ísland óskaði eftir viðtöku á grundvelli Norðurlandasamningsins í sjö málum, þar af fengust sex jákvæð svör. Embætti Ríkislögreglustjóra framkvæmdi fjórar brottvísanir á grundvelli Norðurlandasamningsins að beiðni Útlendingastofnunar en 2 hælisleitendur hurfu af landi brott áður en til flutningsins kom.

Ísland óskaði eftir viðtöku á grundvelli Dyflinnarsamningsins í 16 málum, þar af fengust 14 jákvæð svör en hafnað var viðtöku í tveimur málum. Ein beiðni barst til Íslands á grundvelli Dyflinnarsamningsins og var samþykkt að taka við hælisleitenda sem hafði verið hérlendis í meðferð. Ekki kom til þess að hælisleitandinn fengi málsmeðferð hérlendis þar sem hann fannst ekki þegar flytja átti hann til Íslands. Embætti ríkislögreglustjóra framkvæmdi 11 frávísanir á grundvelli Dyflinnarsamningsins að beiðni Útlendingaeftirlitsins en fjórir hælisleitendur hurfu af landi brott áður en að flutningi kom.

Þrír þeirra hælisleitenda sem fengu synjun, brottvísun og endurkomubann voru fjölskylda sem sótt hafði áður um hæli í X-ríki og átti fjölskyldufaðirinn sakarferil þar í landi. Fjölskyldan kærði niðurstöðu Útlendingastofnunar en hvarf áður en niðurstaða ráðuneytisins lá fyrir. Fólkið hafði þá selt öll raftæki í íbúð RKÍ. Annar sem fékk synjun, brottvísun og endurkomubann kærði ekki og hvarf. Einn hælisleitandi dvaldi hérlendis í þrjár vikur á meðan mál hans var til meðferðar. Sá kynntist íslenskum ríkisborgara hérlendis sem fór á eftir umsækjandanum þegar hann var endursendur til X-ríkis, giftist þar og í framhaldi af því fékk útlendingurinn dvalarleyfi á grundvelli hjúskaparins. Hjúskapurinn stendur enn, fólkið á tvö börn og önnur tvö á framfæri. Hjónin slitu samvistum tímabundið stuttu eftir að dvalarleyfi var endurnýjað (ágúst 2003) en tóku saman aftur í byrjun apríl 2004. Þá var lögð fram umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fyrir hinn erlenda maka.

Þeir hælisleitendur er fengu synjun og brottvísun kærðu flestir en þrír undu ákvörðun og voru sendir til baka. Aðrir hælisleitendur hurfu áður en kom til úrskurðar eða hurfu stuttu eftir úrskurð.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Afganistan	1	kk.	55	Giftur	Rússneska
Albanía	8	4 kvk., 4 kk.	0–31	2 hjón + börn, einn ógiftur	Albanska
Alsír	5	kk.	27–38	Ógiftir	Franska
Bosnía	1	kk.	24	Ógiftur	Albanska
Georgía	2	kk.	28–30	Ógiftir	Rússneska

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Hvíta-Rússland	1	kk.	30	Ógiftur	Rússneska
Írak	1	kk.	30	Ógiftur	Arabíska
Íran	4	kk.	25–38	Einn giftur + 2 börn, einn ógiftur	Arabíska/ rúmenska
Kongó	1	kk.	27	Ógiftur	Franska
Kosovo-Albanía	2	kvk., kk.	31–39	Hjón	Albanska
Lettland	1	kk.	36	Ógiftur	Rússneska
Líbía	1	kk.	28	Ógiftur	Arabíska
Makedónía	5	2 kvk., 3 kk.	10–33	Hjón + börn	Serbókróatíska
Nígería	1	kk.	30	Ógiftur	Enska
Rúmenía	7	3 kvk., 4 kk.	0–43	2 hjón + börn, 1 ógiftur	Rúmenska
Rússland	3	kk.	27–49	Ógiftir	Rússneska
Slóvakía	5	2 kvk., 3 kk.	3–26	Hjón + börn	Slóvakíska
Srí Lanka	1	kk.	28	Ógiftur	Enska
Tsjad	1	kk.	30	Ógiftur	Franska
Úsbekistan	1	kk.	39	Ógiftur	Rússneska
Úkraína	1	kk.	27	Ógiftur	Rússneska
Alls	53				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	8
Synjanir	9
Endursendir	15
Hurfu fyrir birtingu	21

Staða nú	Fjöldi
Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara	1
Dvalarleyfi	7
Dvalarleyfi og atvinnuleyfi	1
Farnir af landi brott – ekki vitað	44

Hælisleitendur 2002.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 117 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 2002 (Umsóknir voru 118 þar sem einn kom tvisvar og sótti um hæli í bæði skiptin).

Af þeim 117 (118) umsóknum er voru lagðar fram úrskurðaði Útlendingastofnun um veitingu dvalarleyfis í fimm málum, synjun á hæli, brottvísun og endurkomubann í 14 málum en ein umsókn er enn til meðferðar vegna beiðni Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og ákvörðunar Norðurlandaþjóðanna, þ.e. umsóknir írakskra ríkisborgara eru ekki afgreiddar, heldur er þeim veitt tímabundin vernd. Af þeim 14 sem fengu synjun á umsókn sinni, kærðu 13 og staðfesti ráðuneytið allar þær niðurstöður.

Útlendingastofnun sendi 36 umsækjendur til annarra Evrópuríkja samkvæmt gagnkvæmum endurviðtökusamningum. Þar af voru 34 sendir samkvæmt Dyflinnarsamningi (DS) en tveir endursendir samkvæmt Norðurlandasamningi.

Þess ber að geta að af þeim fjölda er dró umsókn til baka eða fór af landi brott lá fyrir samþykki á endurviðtöku í tveimur málum samkvæmt Norðurlandasamningi og samþykki á endurviðtöku í fimm málum samkvæmt Dyflinnarsamningi, þrátt fyrir að viðkomandi samningum væri ekki beitt sökum brotthvarfs viðkomandi.

Tveir hælisleitendur höfðu dvalist hérlendis í níu mánuði á vegum tiltekinnar alþjóðlegrar stofnunar áður en þeir sóttu um hæli. Þegar þeir áttu að fara til heimaríkis síns sóttu þeir um hæli og lögðu fram gögn máli sínu til stuðnings um ofsóknir og áreiti frá heimaríkinu. Rannsókn á tölvum þessarar alþjóðlegu stofnunar leiddi í ljós að annar umsækjanda hafði beðið um gögnin og óskað eftir röngum upplýsingum að heiman til að staðfesta frásögnina. Báðir umsækjendurnir drógu umsóknir sínar til baka þegar upp komst um blekkingarnar. Annar aðilanna tók ekki þátt í fölsuninni og giftist hann síðar erlendum ríkisborgara sem hér hefur dvalarleyfi. Þeim aðila var nýlega veitt dvalarleyfi á grundvelli þess hjúskapar og eiga þau von á barni.

Hælisleitendur er áttu umsóknir til meðferðar í öðrum DS-ríkjum voru allir sendir úr landi að undanskildum fimm þeirra. Þeir fengu allir dvalarleyfi vegna sérstakra fjölskylduaðstæðna. Fjögurra manna fjölskylda fékk dvalarleyfi hérlendis, þrátt fyrir að henni hefði verið synjað um hæli og dvalarleyfi í DS-ríki. Þetta var vegna sérstakra aðstæðna í fjölskyldunni og þeirra áfalla sem foreldrarnir höfðu þurft að þola. Foreldrarnir eru báðir í vinnu og með dvalar- og atvinnuleyfi sem eru grundvöllur búsetuleyfis.

Einn hælisleitandi hvarf stuttu eftir að hann hafði fengið synjun, brottvísun og endurkomubann en kom síðar í leitirnar hérlendis. Álitið var að hann hefði farið af landi brott en níu mánuðum síðar kom í ljós að hann hafði gifst íslenskum ríkisborgara á öðru nafni og með annað ríkisfang. Hafði hann þannig aflað sér dvalarleyfis með blekkingum. Mál þessa einstaklings er til meðferðar hjá Útlendingastofnun og lögreglu með tilliti til brottvísunar og jafnvel ákæru.

Tveir hælisleitendur sem fengu synjun, brottvísun og endurkomubann fengu bráðabirgðadvalarleyfi þar sem ekki hefur tekist að afla þeim ferðaskilríkja. Annar þeirra hefur verið handtekinn í DS-ríki vegna ólögmætrar komu og gruns um vændi. Ekki er vitað hverjir þessir útlendingar eru og því hefur verið erfitt fyrir embætti ríkislögreglustjóra að afla ferðaskilríkja. Annar útlendingurinn hefur fengið bráðabirgðaatvinnuleyfi þrátt fyrir skilríkjaleysi.

Einn hælisleitandi sem sendur var til baka til síns heimaríkis sendi tölvupóst eftir heimkomu og þakkaði íslenskum stjórnvöldum fyrir gestrisnina en hann dvaldi hér í rúmt ár.

Annar hælisleitandi sem sendur var til baka ásamt fjölskyldu sinni hefur ítrekað sent tölvupóst eftir heimkomu og hótað tilteknum starfsmönnum Útlendingastofnunar og lögreglu vegna þess að hann og fjölskylda hans fengu ekki að dvelja á Íslandi.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Albanía	10	3 kvk., 7 kk.	3–37	Hjón + 2 börn, aðrir ógiftir	Albanska
Alsír	3	kk.	27–36	Ógiftir	Franska
Búlgaría	3	kvk., 2 kk.	28–54	Ekkja, 2 ógiftir	Búlgarska
Eþíópía	2	kk.	25–28	Einn giftur	Enska
Georgía	6	4 kvk., 2 kk.	0–28	Hjón + 2 börn, einn giftur, einn ógiftur	Rússneska/ spænska
Írak	2	kk.	26–27	Ógiftir	Enska
Ísrael	1	kk.	24	Giftur	Enska
Hvíta-Rússland	3	kvk., 2 kk.	21–26	Hjón, ógiftur	Rússneska

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Kasakstan	2	kvk.	5–26	Ógift + barn	Rússneska
Kosovo	1	kk.	25	Ógiftur	Serbókróatíska
Króatía	1	kk.	42	Ógiftur	Serbókróatíska
Líbanon	1	kk.	39	Ógiftur	Arabíska
Líbía	1	kk.	28	Ógiftur	Arabíska
Makedónía	1	kk.	24	Ógiftur	Enska
Malí	1	kk.	34	Ógiftur	Franska
Máritanía	1	kk.	34	Fráskilinn	Franska
Marokkó	1	kk.	23	Ógiftur	Franska
Mongólía	8	kvk., 7 kk.	24–34	Ein hjón, aðrir ógiftir	Rússneska
Nígería	3	kk.	23–28	Ógiftir	Enska
Rúmenía	40	16 kvk., 24 kk.	0–65	9 hjón + 11 börn, 10 ógiftir	Rúmenska
Rússland	15	7 kvk., 8 kk.	11–48	4 hjón, 3 ógiftir	Rússneska
Slóvakía	4	kvk., 3 kk.	11–37	Fjölskylda	Slóvakíska
Tsjetsjenía	1	kk.	12	Ógiftur	Rússneska
Úkraína	4	kk.	21–51	Ógiftir	Rússneska
Úsbekistan	3	kvk., 2 kk.	18–39	Hjón, ógiftur	Rússneska
Alls	118				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	6
Synjanir	14
Endursendir	36
Hurfu fyrir birtingu	62

Staða nú	Fjöldi
Dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara	2
Dvalarleyfi	3
Dvalar- og atvinnuleyfi	5
Farnir af landi brott – ekki vitað	108

Hælisleitendur 2003.

Samkvæmt skrám Útlendingastofnunar sóttu 80 útlendingar um hæli hérlendis á árinu 2003. Tekið skal fram að á árinu 2003, nánar tiltekið þann 1. september 2003, tók Dyflinnarreglugerðin við af Dyflinnarsamningnum. Til þess að valda ekki ruglingi er þó enn vísað til sendingar samkvæmt Dyflinnarsamningi (DS) þar sem ákvæðin eru mjög sambærileg.

Af þeim 80 umsóknum sem lagðar voru fram árið 2003 var úrskurðað um veitingu dvalarleyfis af mannúðarástæðum í þremur málum. Synjað var um hæli í 21 máli, 26 útlendingar voru sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarsamningsins eða Dyflinnarreglugerðarinnar og 30 útlendingar hurfu eða drógu umsóknir sínar til baka. Kærur til ráðuneytisins voru 12. Ein kæra var vegna synjunar á hæli og frávísunar sem síðar var staðfest hjá ráðuneytinu. Þrjár kærur vegna veitingar dvalarleyfis af mannúðarástæðum eru enn til meðferðar hjá ráðuneytinu. Einnig voru átta kærur lagðar fram vegna sendingar úr landi á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins, þar af hefur ráðuneytið staðfest eina en aðrar eru enn til meðferðar.

Þess má geta að þeir þrír hælisleitendur sem fengu dvalarleyfi af mannúðarástæðum hafa a.m.k. tvisvar ferðast til DS-ríkis í heimsókn til ættingja sinna þar. Hvorugt hjónanna hefur sótt um starf á Íslandi.

Ætlað ríkisfang	Fjöldi	Kyn	Aldur	Hjúskaparstaða	Tungumál
Afganistan	4	kk.	0–35	Giftur + barn, 2 ógiftir	Rússneska
Albanía	12	6 kvk., 6 kk.	6–52	Hjón + 3 börn, aðrir ógiftir	Albanska
Aserbædjan	2	kvk., kk.	26–52	Ekkja, ógiftur	Rússneska
Bosnía-Herz.	1	kk.	39	Ógiftur	Serbókróatíska
Búlgaría	2	kvk., kk.	18–21	Hjón	Búlgarska
Erítrea	1	kk.	31	Ógiftur	Amharíska
Georgía	1	kk.	25	Ógiftur	Rússneska
Hvíta-Rússland	4	kk.	20–32	Ógiftir	Rússneska
Írak	3	kk.	27–31	Ógiftir	Arabíska
Íran	1	kk.	28	Ógiftur	Arabíska
Kína	4	2 kvk., 2 kk.	20–23	Ógiftir	Kínverska
Kongó	1	kk.	28	Ógiftur	Franska
Króatía	1	kk.	25	Ógiftur	Serbókróatíska
Líbía	1	kk.	29	Ógiftur	Arabíska
Líbería	2	kvk.	6–32	Ógift + barn	Enska
Makedónía	1	kk.	44	Ógiftur	Rússneska
Mongólía	3	2 kvk., kk.	16–49	Hjón + barn	Rússneska
Nepal	1	kk.	31	Ógiftur	Enska
Nígería	2	kvk., kk.	24–43	Gift + barn	Enska
Pólland	5	2 kvk., 3 kk.	17–46	Hjón + 3 börn	Pólska
Rúmenía	16	3 kvk., 13 kk.	7–38	5 hjón + 2 börn, aðrir ógiftir	Rúmenska
Srí Lanka	2	kk.	26	Ógiftir	Sinhalis/enska
Tsjetsjenía	3	kvk., 2 kk.	4–33	Fráskilin + 2 börn	Rússneska
Tyrkland	1	kk.	28	Ógiftur	Tyrkneska
Úkraína	2	kk.	28–51	Ógiftir	Rússneska
Úsbekistan	3	kvk., kk.	41–42	Gift + barn, ógiftur	Rússneska
Þýskaland	1	kk.	57	Ógiftur	Þýska
Alls	80				

Lok máls	Fjöldi
Dvalarleyfi	3
Synjanir	21
Endursendir	26
Hurfu fyrir birtingu	30

Staða nú	Fjöldi
Dvalarleyfi	3
Dvalar- og atvinnuleyfi	0
Farnir af landi brott – ekki vitað	77

1715. Breytingartillögur [740. mál]

við frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. 1.–10. gr. falli brott.
2. Í stað orðanna „1. janúar 2005“ í a-lið 11. gr. komi: 1. janúar 2008.
3. 12. og 13. gr. falli brott.
4. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Ríkisstjórnin skal þegar að lokinni samþykkt laga þessara leita eftir viðræðum við Evrópusambandið um að Ísland fái varanlega undanþágu frá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Ekki skulu tekin frekari skref í átt til markaðsvæðingar íslenska raforkukerfisins meðan slíkar viðræður fara fram við Evrópusambandið um framhald málsins.

Greinargerð.

Megintillaga þessara breytinga er að fresta frekari breytingum í átt til markaðsvæðingar íslenska raforkukerfisins og fela stjórnvöldum að leita án tafar eftir viðræðum við Evrópusambandið um að Ísland fái varanlega undanþágu frá raforkutilskipuninni. Verði sú niðurstaðan eru flestar greinar frumvarpsins óþarfar, sbr. breytingartillögurnar. Raforkutilskipunin á engan veginn við um íslenskar aðstæður þar sem hér er einangraður orkumarkaður, landfræðilegar aðstæður gerólíkar því sem gerist á meginlandi Evrópu auk þess sem margir fleiri þættir svo sem af félagslegum, sögulegum og umhverfislegum toga gera það að verkum að Íslendingar þurfa að hafa fullt sjálfstæði til að velja sínar eigin leiðir í þessum efnum. Markaðs- og einkavæðing raforkugeirans hefur gefist vægast sagt misjafnlega víða erlendis þar sem slíkt hefur verið reynt.

1716. Breytingartillögur [737. mál]

við frv. til l. um stofnun Landsnets hf.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun sameignarfélags í eigu ríkis og sveitarfélaga er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 65/2003.

   Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun Samnets og fer með framkvæmd laga þessara.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „Landsnets hf.“ í greininni og sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi beygingarfalli: Samnets.
   b. Í stað orðsins „Hlutafélaginu“ í upphafi 2. málsl. komi: Sameignarfélaginu.
3. Við 3. gr. Í stað orðsins „hlutafjár“ í 1. málsl. komi: stofnfjár.

4. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Eigendur sameignarfélagsins Samnets verða í upphafi, auk ríkisins, þau sveitarfélög sem nú eru eigendur flutningsvirkja og kjósa að leggja metinn eignarhlut sinn inn í sameignarfélagið fremur en að leigja Samneti afnot af flutningsvirkjum sínum. Sveitarfélög sem í byrjun kjósa að leigja sín flutningsvirki geta þó síðar gerst aðilar að sameignarfélaginu og lagt þar inn metinn eignarhlut sinn og taka um leið á sig þær skuldbindingar sem fylgja eignaraðild. Önnur sveitarfélög en þau sem getur í 1. málsl. geta æskt þess að gerast aðilar að sameignarfélaginu Samneti þegar það hefur verið stofnað enda leggi þau inn metnar eignir eða stofnfé í samræmi við þann hlut er þau öðlast.
5. Við 5. gr. Í stað orðsins „hlutafélagalögum“ komi: lögum um sameignarfélög.
6. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um stofnun Samnets.

Greinargerð.

Frumvarp það um stofnun fyrirtækisins Landsnets hf. sem hér eru lagðar til breytingar á er hluti af lagalegum ráðstöfunum til þess að uppfylla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir raforku. Megintillaga flutningsmanns í málinu er sú að frestað verði frekari aðgerðum í átt til markaðsvæðingar raforkugeirans og íslenskum stjórnvöldum falið að leita eftir viðræðum við Evrópusambandið um að Ísland fái undanþágu frá tilskipuninni. Raforkutilskipun Evrópusambandsins á engan veginn við á Íslandi enda er hér um einangraðan raforkumarkað að ræða, landfræðilegar aðstæður gerólíkar og margt fleira sem rökstyður það að Ísland eigi ekkert síður að fá undanþágu frá þessum ákvæðum um innri markað á sviði raforku en frá sambærilegri tilskipun um jarðgas sem Ísland er undanþegið. Verði af því hins vegar að raforkugeiranum verði breytt í þessa átt er afar mikilvægt að mati flutningsmanns að tryggja eftir föngum hagsmuni neytenda og jafna stöðu landsmanna án tillits til búsetu hvað varðar verð, aðgang og afhendingaröryggi raforku. Markaðsvæðing raforkubúskaparins erlendis hefur víða reynst mjög illa að þessu leyti, raforkuverð hefur hækkað, misrétti aukist og afhendingaröryggi minnkað. Ekki síst hefur einkarekstur flutningskerfanna víða haft hrapallegar afleiðingar í för með sér og því er lagt til hér að verði stofnað sérstakt flutningsfyrirtæki þá verði það opinbert sameignarfélag en ekki hlutafélag.

1717. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti. Þá hafa umsagnir borist frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Norðurorku hf., Svalbarðsstrandarhreppi, Orkuveitu Húsavíkur, Landsvirkjun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skagafjarðarveitum ehf., Samorku, samtökum raforku-, hita- og vatnsveitna, Byggðastofnun, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi

vestra, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Orkustofnun og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Með frumvarpinu er ætlunin að hækka hámark stofnstyrkja til hitaveitna í átta ár en samkvæmt gildandi lögum er miðað við fimm ára niðurgreiðslur að hámarki. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að styrkir til niðurgreiðslu nái einnig til olíuhitunar eins og hitunar með rafmagni en það er breyting frá gildandi lögum. Loks er ráðherra fengin heimild til að verja til sérstaks jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði og til nýrra hitaveitna.

Með setningu laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru lögfestar vinnureglur sem giltu í framkvæmd niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar. Í framsöguræðu við framlagningu frumvarpsins tók iðnaðarráðherra skýrt fram að ekki væri ætlunin að gera breytingar á þeirri framkvæmd sem verið hefði. Á fundum nefndarinnar hefur hins vegar komið fram að með lögfestingu reglnanna hafi orðið nokkrar breytingarnar á framkvæmdinni. Greiðslurnar miðast samkvæmt lögunum eingöngu við lögheimili og hafa því fallið niður niðurgreiðslur til þeirra sem reka heimili á fleiri en einum stað á landinu vegna atvinnu eða skólagöngu. Þá hafa einnig fallið niður greiðslur til þeirra sem eiga eignir þar sem ekki er heimilt að búa nema hluta ársins, t.d. vegna snjóflóðahættu. Nefndin telur því nauðsynlegt að leggja til breytingar á frumvarpinu með það að markmiði að heimila niðurgreiðslur til þeirra að nýju. Greiðslurnar miðast þó við að búseta sé á viðkomandi stað í nokkra mánuði en ekki eingöngu sumardvöl eða fáar vikur á ári.

Upplýst var fyrir nefndinni að það hefði reynst erfitt að framfylgja kröfunni um að eigendur íbúða þyrftu að sækja um niðurgreiðslurnar, enda hagsmunir þeirra ekki alltaf í húfi. Telur nefndin því rétt að rýmka heimildina þannig að umráðamaður íbúðar geti sótt um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, t.d. leigjandi.

Leggur nefndin til rýmkun á ákvæði um niðurgreiðslur til kirkna og bænahúsa þannig að þær nái einnig til safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita.

Þá leggur nefndin til að beiðnir um styrki vegna jarðhitaleitarátaks á köldum svæðum séu ekki bundnar við það að greinargerð um fyrirhugaða jarðhitaleit frá Orkustofnun þurfi að fylgja þar sem faglega ráðgjöf er unnt að fá hjá ýmsum aðilum og því eðlilegra að binda það ekki við Orkustofnun.

Þá leggur nefndin til að bætt verði nýju ákvæði við frumvarpið um að fyrir 1. október ár hvert skuli leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögunum vegna næstliðins árs og endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Með því munu liggja fyrir upplýsingar um heildarniðurgreiðslur og skiptingu þeirra á hverju ári sem auðvelda eftirfylgni og eftirlit með greiðslunum.

Loks leggur nefndin áherslu á að styrkveitingar til jarðhitaleitarátaks og til nýrra hitaveitna leiði ekki til lækkunar á raungildi niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson, Sigurjón Þórðarson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 12. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.

1718. Breytingartillögur [305. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
   Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg.
   b. (2. gr.)
   2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr.
   Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.
   c. (3. gr.)
   Í stað orðanna „Eigandi íbúðar“ og „eiganda“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Eigandi eða umráðamaður íbúðar, og: eiganda eða umráðamanni.
2. Við 1. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fyrir 1. október ár hvert skal leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða.

3. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „húshitunarorku“ í efnismálsgrein a-liðar komi: húshitunarkostnaði.
   b. Orðið „Orkustofnunar“ í efnismálsgrein a-liðar falli brott.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka gildi 1. júní 2004.

1719. Nefndarálit [878. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti þá sem tilgreindir eru í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum (879. mál). Umsagnaraðilar eru í aðalatriðum þeir sömu og þar greinir.

Málin voru unnin samhliða en með frumvörpunum er stefnt að því að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina öfluga mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið með sameiningunni er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með samþættingu stofnana sem hafa átt með sér samstarf.

Telur meiri hlutinn að með þessari sameiningu sé aðeins stigið fyrsta skrefið af mörgum í þá átt að styrkja þekkingarkerfi landbúnaðarins og efla tengsl þess við atvinnulífið.

Á fundum nefndarinnar komu fram tillögur um frekari sameiningu, t.d. Hagþjónustu landbúnaðarins, Leiðbeiningarþjónustunnar og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum. Leggur því meiri hlutinn til að í þessum áfanga verði Garðyrkjuskólinn sameinaður hinum nýja Landbúnaðarháskóla þar sem þær rannsóknir sem unnar eru á Rannsóknastofnun landbúnaðarins tengjast fræðigreinum sem kenndar eru á Reykjum. Telur meiri hlutinn að með því verði starfsemi hinnar nýju stofnunar styrkt enn frekar og leggur til nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu vegna þessarar sameiningar.

Á fundum nefndarinnar hafa komið fram upplýsingar um að sameiningin gæti haft í för með sér kostnað umfram það sem rúmast innan fjárheimilda þeirra stofnana sem um ræðir vegna biðlaunaréttar sem stofnast við breytinguna og þá sérstaklega vegna starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Rannsóknir eru í eðli sínu langtímaverkefni og mjög sérhæfð og getur því reynst erfitt að fá nýtt fólk með nauðsynlega þekkingu til starfa og til að taka við rannsóknum sem eru langt á veg komnar. Þá er einnig hætta á að fresta þurfi rannsóknum vegna kostnaðar við biðlaun eða sameiningu og leggur því meiri hlutinn áherslu á að hin nýja sameinaða stofnun þurfi að fá fjármagn til þess að mæta stofnkostnaði ef með þarf.

Þá telur meiri hlutinn mjög mikilvægt að hin nýja stofnun þurfi einungis að vinna eftir einni reglugerð þó að starfsemi hennar sé ákveðin í tvennum lögum en það skýrist af skólastarfsemi og svo rannsóknastarfseminni. Talið er nauðsynlegt að um stofnunina gildi tvenn lög svo að hún hafi sömu möguleika á að afla fjármagns og aðrar rannsóknastofnanir.

Loks var upplýst á fundum nefndarinnar að búvísindadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri væri ekki lengur til og leggur því meiri hlutinn til lagfæringu á einni grein frumvarpsins vegna þess.

Meiri hlutinn telur að þessi sameining verði til þess að efla landbúnaðinn í heild og leggur áherslu á að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu. Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að móta framtíðarstefnu í skipulagi skólastarfs, rannsóknastarfsemi og samþættingu við atvinnulíf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kjartan Ólafsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Þórarinn E. Sveinsson.	

1720. Breytingartillögur [878. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, KÓ, GHall, ÞES).

1. Við 2. gr. 1. mgr. c-liðar (31. gr.) orðist svo:
   Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem áður tilheyrðu Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.
2. Við 5. gr.
   a. Orðið „búvísindadeild“ í b-lið 2. tölul. falli brott.
   b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 29/1981, um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti:
      a. Við 3. gr. laganna bætist: og lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, ásamt síðari breytingum.
      b. Í stað orðanna „Rannsóknastofnun landbúnaðarins“ og „Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 5. gr. laganna kemur: Landbúnaðarháskóla Íslands.
      c. Í stað orðanna „forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 6. gr. laganna kemur: einn maður tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands.
      d. Heiti laganna verður: **Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands að Stóra-Ármóti.**

1721. Nefndarálit [879. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson, Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Jón Guðmundsson, Sigríði Dalmannsdóttur og Þórdísi Önnu Kristjánsdóttur, fulltrúa starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Ásdísi Helgu Bjarnadóttur, fulltrúa starfsmanna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur og Björn Þorsteinsson, prófessora við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Sigurð Þór Guðmundsson, Gústav Magnús Ásbjörnsson og Kristnýju Pétursdóttur, fulltrúa nemenda Hvanneyri, Svein Aðalsteinsson og Bjarna Finnsson frá skólanefnd Garðyrkjuskóla ríkisins, Gunnþór K. Guðfinnsson, fulltrúa starfsmanna í skólanefnd Garðyrkjuskóla ríkisins, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Pétur Bjarnason frá Hólamannafélaginu, Skúla Skúlason, skólastjóra á Hólum, Gísla Gunnarsson frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Þorstein Tómasson og Áslaugu Helgadóttur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Magnús B. Jónsson, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Borgarfjarðarsveit, Veiðimálastofnun, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Landssambandi fiskeldisstöðva, Sveitarfélaginu Skagafirði, Kennaraháskóla Íslands, Landssambandi kúabænda, Bændasamtökum Íslands, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur og Birni Þorsteinssyni, prófessorum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Háskólanum á Akureyri, skólameistara Garðyrkjuskóla ríkisins, tæknineftnd Vísinda- og tækniráðs, menntamálanefnd Alþingis, nemendafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, háskólaráði Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, rektor Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Búnaðar- og garðyrkjukennarafélagi Íslands.

Málið var unnið samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum (878. mál).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu, sér í lagi breytingar á æðstu stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og er nafni skólans breytt í Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem leiðir af tillögu nefndarinnar um að Garðyrkjuskólinn verði sameinaður hinum nýja Landbúnaðarháskóla Íslands.

Lagt er til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í háskólaráði hinnar nýju stofnunar, þannig að starfsmenn tilnefni einn og nemendur einn, en þá tilhögun telur meiri hlutinn koma hinni nýju stofnun vel og auka samstöðu og samvinnu allra þessara fulltrúa. Meiri hlutinn leggur auk þess til þá breytingu á frumvarpinu að háskólaráð verði skipað til tveggja ára í senn í stað fjögurra en þessi tilhögun og breytingin á tilnefningum fulltrúa í stjórn eru í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997. Þá er einnig lagt til að háskólaráð verði skipað frá 1. júlí 2004 en að landbúnaðarráðherra skipi formann háskólaráðs tímabundið og skal hann ásamt háskólaráði undirbúa framkvæmd þessara breytinga. Ráðherra skipi rektor frá 1. ágúst 2004 að fenginni umsögn háskólaráðs.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands verði áfram á Hvanneyri þótt ekki sé kveðið á um staðsetningu skólans í frumvarpinu, enda skólinn með

starfsstöðvar á nokkrum stöðum á landinu. Þá telur meiri hlutinn eðlilegt að við mótun skipulags Landbúnaðarháskóla Íslands verði starfseminni deildaskipt.

Leggur meiri hlutinn áherslu á að með breytingunum er stigið fyrsta skrefið í átt að enn frekari sameiningu eða víðtækara samstarfi þeirra skóla og stofnana sem starfa á sviði landbúnaðar við kennslu, rannsóknastörf og leiðbeiningarþjónustu. Telur meiri hlutinn að sameiningin efli landbúnaðinn í heild og leggur áherslu á að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu.

Með frumvarpinu er ekki verið að breyta stöðu Hólaskóla en meiri hlutinn telur ástæðu til að farið verði sérstaklega yfir stöðu og málefni hans eins og ábendingar komu fram um á fundum nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm. | Magnús Stefánsson. | Kjartan Ólafsson.

Guðmundur Hallvarðsson. | Þórarinn E. Sveinsson.

1722. Breytingartillögur [879. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, KÓ, GHall, ÞES).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað átta fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, skólameistara Hólaskóla, tveimur fulltrúum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   21. gr. laganna orðast svo:
   Landbúnaðarháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar og garðyrkju sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræði- og rannsóknastörf í þágu íslensks landbúnaðar og garðyrkju.

4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „Háskólarektor“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: Rektor.
   b. Við 1. efnismgr. bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      7. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.
      8. Einn fulltrúi tilnefndur af nemendum.
5. Við 9. gr. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „samkvæmt tilnefningu háskólaráðs“ komi: að fenginni umsögn háskólaráðs.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   28. gr. laganna orðast svo:
   Við Landbúnaðarháskóla Íslands skal starfrækja sérstakar búnaðarnámsbrautir og sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju. Heimilt er að ráða að búnaðar- og starfsmenntanámsbrautum skólans kennara sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu skv. 27. gr.
   Um yfirstjórn búnaðar- og starfsmenntanáms í Landbúnaðarháskóla Íslands fer eftir ákvæðum 22. og 23. gr. og er rektor skólans jafnframt yfirmaður þess.
7. Í stað 13. og 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   VI. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal. Stjórn og starfslið**, orðast svo:
   a. (29. gr.)
      Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, telst ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands til menntastofnana landbúnaðarins. Hólaskóli veitir nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar.
   b. (30. gr.)
      Stjórn Hólaskóla er falin skólanefnd og skólameistara.
      Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag, stefnu og áherslur í kennslu, rannsóknum og öðrum verkefnum skólans.
      Skólameistari er yfirmaður stjórnsýslu Hólaskóla og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan og ber ábyrgð á starfsemi skólans. Skólameistari hefur frumkvæði að því að skólanefnd marki heildarstefnu í málefnum skólans. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk. Önnur verkefni skólameistara skulu skilgreind í erindisbréfi hans.
   c. (31. gr.)
      Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna skólanefnd við skólann til fjögurra ára í senn.
      Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi búnaðarþings, tveir fulltrúar bænda í Hólastifti og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaganna í Hólastifti. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.
   d. (32. gr.)
      Landbúnaðarráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn.
      Staða skólameistara skal auglýst laus til umsóknar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurskipa sama mann skólameistara að fengnum tillögum skólanefndar. Hæfni umsækjenda um embætti skólameistara skal metin eftir menntun, stjórnunarreynslu og vísinda- og kennslustörfum.

e. (33. gr.)
Kennarar og aðrir sérfræðingar við Hólaskóla skulu hafa lokið háskólaprófi í landbúnaðarfræðum eða hafa hliðstæða menntun. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknum og öðrum hliðstæðum störfum í þágu stofnunarinnar.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati skólameistara.

f. (34. gr.)
Heimilt er að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs, enda sé slíkt nám í fullu samræmi við annað nám á háskólastigi samkvæmt lögum þessum og viðurkennt skv. 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga þessara að mati búfræðsluráðs.

8. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
Störf hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi og Rannsóknastofnun landbúnaðarins eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki framangreindra stofnana skulu boðin störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.
Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara skal skipa nýtt háskólaráð frá 1. júlí 2004, eftir ákvæðum 7. gr. laga þessara, þó þannig að í stað rektors skipar landbúnaðarráðherra tímabundið formann háskólaráðs uns rektor Landbúnaðarháskóla Íslands hefur verið skipaður.
Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara skal skipa rektor Landbúnaðarháskóla Íslands frá 1. ágúst 2004 og skal hann ásamt háskólaráði undirbúa framkvæmd laga þessara.
Við gildistöku laga þessara tekur Landbúnaðarháskóli Íslands við öllum eignum og skuldbindingum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.
Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo.

1723. Breytingartillögur [974. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, ArnbS, JBjart, BÁ, SKK).

1. Við 1. gr. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í a-lið b-liðar komi tvívegis: 35%.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:
Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að framlengja útvarpsleyfi sem falla úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara, jafnvel þótt leyfishafi uppfylli ekki skilyrði 1. gr. laganna, þó aldrei lengur en til 1. júní 2006.

Greinargerð.

Fyrsta breytingartillagan felur í sér að hámarkseign sama aðila (fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu) í hverju útvarpsfyrirtæki verði hækkuð úr 25% í 35%. Með því er leitast við að koma betur til móts við það sjónarmið að rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja verði ekki raskað meira en eðlilegt getur talist í þágu markmiðsins um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Önnur breytingartillagan er á hinn bóginn fólgin í því að lögin öðlast gildi við birtingu. Til að gæta ýtrasta öryggis með tilliti til verndar þeirra eigna- og atvinnuréttinda sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki lengur gert ráð fyrir því að allir leyfishafar þurfi að tveimur árum liðnum að hafa lagað sig að hinum breyttu lögum, heldur renna núgildandi útvarpsleyfi út samkvæmt efni sínu og við veitingu nýrra leyfa gilda hin breyttu lög.

Loks er þessu til viðbótar gert ráð fyrir að þeir aðilar sem eru með útvarpsleyfi sem renna út á næstu tveimur árum geti fengið framlengingu þeirra leyfa til 1. júní 2006 þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 1. gr. frumvarpsins. Er þessi breyting í samræmi við þann tveggja ára aðlögunartíma sem gert var ráð fyrir í breytingartillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu málsins. Að mati meiri hluta nefndarinnar er með þessu komið til móts við ýtrustu sjónarmið um meðalhóf í þessu efni þótt almennt verði ekki talið að stjórnskipuleg sjónarmið komi í veg fyrir að löggjafinn geti breytt skilyrðum tímabundinna leyfa þannig að leyfishafar verði að uppfylla ný lagaskilyrði þegar þeir leita eftir framlengingu.

1724. Framhaldsnefndarálit [974. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin tók málið upp að eigin frumkvæði til frekari umfjöllunar milli 2. og 3. umræðu. Ekki var vilji af hálfu meiri hlutans til að leita frekari umsagna eða kanna frekar hvort málið stæðist stjórnarskrá, EES-rétt eða alþjóðlegar skuldbindingar. Þá var ekki vilji til að fara yfir þær umsagnir sem fyrir lágu frá efnahags- og viðskiptanefnd og menntamálanefnd.

Minni hlutinn lýsir yfir vanþóknum á fullkomnum viljaskorti meiri hlutans til að skoða efnisþætti málsins til hlítar og bendir á að fyrir liggja rökstudd álit fjölmargra sérfræðinga þess efnis að veruleg áhöld séu um að málið standist stjórnarskrána en enginn hefur enn treyst sér til að fullyrða hið öndverða.

Í umsögnum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og minni hluta menntamálanefndar koma fram efasemdir um að frumvarpið nái markmiðum sínum. Vandræðagangurinn við málið er fordæmalaus. Með breytingartillögum meiri hlutans að þessu sinni er fjórða útfærsla málsins í meðförum ríkisstjórnarinnar að líta dagsins ljós. Það endurspeglar hve málið var illa ígrundað og óvandað í upphafi eins og minni hlutinn hefur margsinnis bent á. Ríkisstjórnin er í verulegum erfiðleikum með málið og nú á að gera enn eina tilraunina til að bjarga því sem bjargað verður. Þrátt fyrir látlausar tilraunir til að betrumbæta þessa hrákasmíð mun það ekki bera árangur því enn er frumvarpið þannig úr garði gert að veruleg hætta er á að það gangi gegn yfirlýstum markmiðum sínum og dragi úr fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði í stað þess að auka hana. Þá hafa ummæli einstakra ráðherra og stjórnarliða þess efnis að umfjöllun og fréttaflutningur tiltekinna fjölmiðla sé þeim til sérstakrar skapraunar

skotið stoðum undir þá ályktun að frumvarpið feli í sér atlögu að tilteknum fjölmiðlum. Lögin verði því í raun sértæk og feli í sér aðför að tjáningarfrelsinu.

Frumvarpið var meingallað og illa ígrundað í upphafi. Hvorki málsmeðferðin né breytingartillögur meiri hlutans nægja til að gera frumvarpið þannig úr garði að það geti orðið grundvöllur góðrar lagasetningar sem tryggi lýðræði, fjölbreytni og sjálfstæði í fjölmiðlun.

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. maí 2004.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ágúst Ólafur Ágústsson.

Sigurjón Þórðarson.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Niðurstaða af umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar er að mati meiri hluta nefndarinnar sú að frumvarp til breytinga á útvarpslögum og samkeppnislögum muni þrengja mjög að rekstrarskilyrðum starfandi fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Það er því líklegt til að ganga gegn yfirlýstum markmiðum þess um að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Málið er augljóslega vanbúið og ekki tækt til afgreiðslu á þeim skamma tíma sem þinginu er ætlaður til að fjalla um frumvarpið. Þá er það alvarlegt umhugsunarefni að á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn sem benda til að hugsanlega stríði frumvarpið gegn ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Við umfjöllun málsins upplýsti fyrirtækið Norðurljós að þrátt fyrir breytingartillögur sé líklegt að lögfesting frumvarpsins geti leitt til verulegra rekstrarerfiðleika fyrirtækisins og hugsanlega gjaldþrots. Atvinna fjölmargra starfsmanna í greininni er því sett í uppnám að ástæðulausu, þar sem hægt er að vinna gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar með öðrum og mildari hætti en lagt er til í frumvarpinu. Enn fremur upplýstu Norðurljós að lífeyrissjóðir ættu veðlaus lán hjá fyrirtækinu að upphæð 1 milljarði kr. sem við gjaldþrot gætu alfarið tapast.

Samtök banka og sparisjóða töldu að lögfesting frumvarpsins mundi leiða til þess að fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði gætu að öllum líkindum ekki skráð sig hjá Kauphöllinni. Samtökin lýstu jafnframt þeirri skoðun að slík lög mundu leiða til þess að bankar og fjármálastofnanir gætu ekki lagt til tímabundna aukningu á eigin fé fjölmiðla sem augljóslega takmarkar verulega möguleika fjölmiðlafyrirtækja til að endurskipuleggja rekstur sinn á tímum erfiðleika. Í ljósi þess að rekstrarerfiðleikar hafa verið tíðir hjá fjölmiðlafyrirtækjum á síðustu árum má ætla að þetta feli í sér verulega skerðingu á starfsgrundvelli þeirra.

Sérstaka athygli vekur að Samkeppnisstofnun lýsti þeirri skoðun við nefndina að þrátt fyrir breytingartillögur stríddi frumvarpið enn gegn markmiðum samkeppnislaga.

Meginniðurstaða umfjöllunar nefndarinnar er að mati meiri hlutans því sú að málið sé vanbúið og vanreifað og þurfi augljóslega miklu víðtækari og ítarlegri skoðunar við. Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til að Alþingi fresti afgreiðslu frumvarpsins, tíminn í

sumar verði nýttur til að vinna málið betur og í nánara samráði við sérfræðinga, og það lagt að nýju fyrir alþingi í haust.

Gunnar Örlygsson er áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd og er hann samþykkur áliti þessu.

Reykjavík, 14. maí 2004.

Össur Skarphéðinsson.
Einar Már Sigurðarson.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Ögmundur Jónasson.
Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur á nokkrum fundum sínum fjallað um bréf allsherjarnefndar, dagsett 4. maí 2004, þar sem mál 974, frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, er sent efnahags- og viðskiptanefnd til umsagnar.

Til að ræða efni frumvarpsins hefur efnahags- og viðskiptanefnd fengið á sinn fund Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Jafet Ólafsson frá Verðbréfastofu, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Sigurð G. Guðjónsson forstjóra og Gunnar Jónsson hrl. frá Norðurljósum hf., Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Friðjón R. Sigurðsson frá Lífeyrissjóðnum Lífiðn, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirliti, Þórð Friðjónsson frá Kauphöll Íslands, Sigurð Líndal, prófessor emeritus, Jakob R. Möller hrl. og Jón Steinar Gunnlaugsson prófessor.

Hvað varðar 1. gr. frumvarpsins telur minni hlutinn að það sé á verksviði menntamálanefndar að veita allsherjarnefnd umsögn um hana.

Minni hlutinn telur það vera fyrst og fremst 2. gr. frumvarpsins sem heyrir undir verksvið efnahags- og viðskiptanefndar. Þar er Samkeppnisstofnun ætlað að láta útvarpsréttarnefnd í té álit um markaðsstöðu þeirra sem sækja um útvarpsleyfi. Minni hlutinn telur að tryggja þurfi í framtíðinni að Samkeppnisstofnun geti ráðið við þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt frumvarpinu. Hjá Samkeppnisstofnun er til sú þekking og sú reynsla sem þarf til að meta hvort fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu og þá út frá þeim grundvelli sem samkeppnislögin eru í þeim efnum. Minni hlutinn bendir þó á að það kom fram í samtölum í nefndinni við fulltrúa Samkeppnisstofnunar að meginhlutverk stofnunarinnar væri að meta áhrif viðskiptalegrar samþjöppunar á markaðinn en ekki hvort samþjöppun gæti leitt til þess að ákveðnir aðilar komist í skoðanamyndandi stöðu. Í máli fulltrúa Samkeppnisstofnunar kom fram að þrátt fyrir að í breytingartillögum fælist tilslökun frá upphaflegu frumvarpi þá væri það skoðun stofnunarinnar að efnisatriði þess feli enn í sér samkeppnishömlur í skilningi samkeppnislaga. Minni hlutinn telur af þessu tilefni ástæðu til að árétta að þar sem útvarpslög eru sérlög ganga ákvæði þeirra framar almennum ákvæðum samkeppnislaga og

að markmið þessa frumvarps er að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlamarkaði sem hefur sérstöðu að mörgu leyti.

Í máli forstjóra Kauphallarinnar fyrir nefndinni kom fram að efnisatriði frumvarpsins kæmu ekki í veg fyrir að fjölmiðlafyrirtæki yrði skráð á markað hjá Kauphöllinni, en hann benti á að hömlur á eignarhaldi kynnu að gera slík fyrirtæki síður fýsileg sem fjárfestingarkost.

Í umræðum í nefndinni var nokkuð rætt um stöðu frumvarpsins gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar. Nefndin fékk þrjá lögfræðinga á sinn fund til að ræða þennan þátt sérstaklega. Þar komu fram ólík sjónarmið í þessum efnum en á þeim hefur verið tekið í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar. Telur minni hluti nefndarinnar því ekki ástæðu til að veita umsögn um þann þátt en vísar til nefndarálits meiri hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið og telur að þær breytingar sem allsherjarnefnd hefur lagt til að gerðar verði á frumvarpinu eftir að beðið var um þessa umsögn séu til að bæta frumvarpið hvað varðar áhrif þess á markaðinn og mælir með samþykkt þeirra.

Þrátt fyrir að allsherjarnefnd hafi þegar skilað nefndaráliti ásamt breytingartillögum þar sem kemur fram að allsherjarnefnd hefur fjallað ítarlega um málið og þar tekið á þeim efnisatriðum sem rædd hafa verið í efnahags- og viðskiptanefnd vísar minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar þessari umsögn til allsherjarnefndar.

Reykjavík, 17. maí 2004.

Pétur H. Blöndal, form.
Birgir Ármannsson.
Dagný Jónsdóttir.
Gunnar Birgisson.

Fylgiskjal III.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd fékk 974. mál, frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, til umsagnar frá allsherjarnefnd. Málið var tekið á dagskrá nefndarinnar mánudaginn 10. maí 2004. Á þeim fundi lagði formaður til að gestir yrðu boðaðir til nefndarinnar og var nefndarmönnum gefinn kostur á að senda inn lista með óskum um gesti. Þingmenn stjórnarandstöðunnar í nefndinni óskuðu þegar eftir því að fræðimenn á sviði fjölmiðlunar yrðu boðaðir á fund nefndarinnar, ritstjórar og stjórnendur nokkurra fjölmiðla, ýmsir reyndir blaðamenn og fréttamenn, og að auki forustumenn ýmissa fagstétta sem starfa við fjölmiðlun eða í atvinnugreinum í næsta nágrenni við fjölmiðlun. Alls var hér um að ræða yfir tuttugu manns. Formaður boðaði eftirtalda gesti af þessum lista til fundar við nefndina: dr. Herdísi Þorgeirsdóttur, lögfræðing og fyrrv. ritstjóra, frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Sigurð Líndal lagaprófessor, Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, Gunnar Smára Egilsson, ritstjóra Fréttablaðsins, Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, og Sigurð G. Guðjónsson, forstjóra Norðurljósa. Fundur nefndarinnar með þessum gestum var haldinn 12. maí 2004 kl. 8.15–10.25, og voru

þeir allir beðnir að vera viðstaddir samtímis. Sem kunnugt er lauk allsherjarnefnd umfjöllun um frumvarpið að kvöldi 10. maí, áður en efnisleg umfjöllun um það hófst í menntamálanefnd. Minni hlutinn telur þau vinnubrögð afar sérkennileg og í andstöðu við þingvenjur. Eftir afgreiðslu allsherjarnefndar gafst þó kostur á að athuga auk frumvarpsins breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar á þskj. 1619.

Minni hluti menntamálanefndar lítur svo á að allsherjarnefnd hafi sent málið til skoðunar í menntamálanefnd á þeirri forsendu að útvarpslögin, nr. 53/2000, heyri undir málasvið nefndarinnar og þess vegna hafi verið til þess ætlast að nefndin skoðaði einkum þau mál er heyrðu útvarpslögunum til. Það er mat minni hlutans að sérstaklega hafi verið þörf á að beina sjónum að menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki fjölmiðla og skoða frá því sjónarhorni hvort náðst hafi yfirlýst markmið frumvarpsins um að tryggja æskilega fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlun og hlúa að því lykilhlutverki þeirra að vera „vettvangur ólíkra viðhorfa til stjórnmála, menningar og samfélagslegra málefna í víðum skilningi“ og „mikilvæg forsenda þess að einstaklingar fái notið tjáningar- og skoðanafrelsis“ eins og það er orðað í athugasemdum við frumvarpið.

Að afloknum fundi með þeim gestum sem að framan eru taldir og eftir þá athugun á málinu sem möguleg var miðað við aðstæður sem menntamálanefnd voru búnar er það mat minni hlutans að ekkert bendi til þess að markmið frumvarpsins um æskilega fjölbreytni í fjölmiðlum á Íslandi náist verði það að lögum. Breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar breyta engu þar um. Tekið skal undir þá fullyrðingu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að mikilvægt sé að fjölmiðlar standi undir þeirri kröfu að almenningur hafi „aðgang að fjölbreyttum, sjálfstæðum og öflugum fjölmiðlum“. Minni hlutinn vekur athygli á því að forsenda þessarar kröfu er að til séu á Íslandi slíkir fjölbreyttir, sjálfstæðir og öflugir fjölmiðlar. Í fjölda umsagna til allsherjarnefndar er talin hætta á að aðgerðir sem kynntar eru í frumvarpinu verði til þess að veikja fjölmiðla þá sem nú starfa og leggja suma þeirra að velli. Þá skerði hinn fyrirhugaði lagarammi svo rekstrargrundvöll fjölmiðlanna til frambúðar að hætt sé við að mjög dragi úr framlagi þeirra til íslenskrar menningar, m.a. með innlendri dagskrárgerð í ljósvakamiðlum. Líklegt er einnig að slík þróun veiki stöðu íslenskrar tungu á fjölmiðlavettvangi, en við athugum málsins er í mikilvægum umsögnum bent á að íslenskir fjölmiðlar eru nú í samkeppni við erlenda að því marki að aldrei hafi þekkst í þjóðarsögunni.

Flest bendir til að ekki einungis skorti mjög á að frumvarpið nái yfirlýstum markmiðum, ef að lögum yrði, heldur sé sennilegt að ákvæði frumvarpsins vinni beinlínis gegn því að þessi markmið náist og stuðli að aukinni fábreytni í efnisframboði, dagskrárgerð og lýðræðislegri umfjöllun. Verði þetta niðurstaðan bitnar frumvarpið ekki einungis á fjölmiðlunum, starfsfólki þeirra og aðstandendum heldur einnig margvíslegu menningarstarfi sem þeim tengist, og verður til þess að þrengja að vaxtarmöguleikum íslenskrar menningar og takmarka óðal íslenskrar tungu.

Minni hlutinn telur að til að ná markmiðum sem áður eru talin þurfi að fara aðrar leiðir, leiðir þar sem meðalhófsreglu er gætt og tryggt að fjölmiðlar veikist ekki, lýðræðissamfélaginu og íslenskri menningu til verulegs ógagns. Slíkar leiðir eru m.a. nefndar í nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar. Sérstaklega skal bent á að eitt af því sem helst kemur til greina er að efla þjóðarútvarpið, móta því glöggt forustuhlutverk við almannaþjónustu á fjölmiðlasviði og viðurkenna það sem einn af máttarstólpum íslenskrar menningar. Um þennan þátt er ekkert fjallað í frumvarpinu þótt í skýrslu þeirri sem fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal, og sögð er grundvöllur frumvarpsins, sé skýrlega bent á þetta og jafnvel gert ráð fyrir því að sú leið ein sé farin að sinni (6.4.1, bls. 81–82).

Þá tekur minni hlutinn eindregið undir ábendingar minni hluta allsherjarnefndar um að enn hafi ekki verið skorið úr um alvarleg álitamál um það hvort frumvarpið standist ýmis mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins verði það að lögum og skerði þar með tjáningarfrelsi Íslendinga. Enn fremur er óljóst um stöðu þess gagnvart Evrópurétti.

Minni hlutinn átelur þá málsmeðferð sem er viðhöfð við umfjöllun og afgreiðslu málsins á öllum stigum þess. Rétt er að fram komi að af hálfu minni hlutans var á áðurnefndum fundi 12. maí mótmælt vinnubrögðum meiri hluta menntamálanefndar sem ákvað að ljúka umfjöllun um málið eftir þann tveggja tíma fund með sex gestum sem áður er lýst.

Það er mat minni hlutans að eðlilegt sé að þroska umræðuna um stöðu fjölmiðla á Íslandi á opinn og lýðræðislegan hátt, án núverandi tímapressu og pólitísks þrýstings frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar. Í tengslum við slíka umræðu þyrfti líka að athuga rækilega tiltæk fræðileg gögn um fjölmiðlun á Íslandi og gera sérstakar rannsóknir, en verulegur skortur er á fjölmiðlarannsóknum hér á landi. Af framansögðu má ljóst vera að minni hluti menntamálanefndar telur málið vanreifað og ótækt til afgreiðslu. Minni hlutinn tekur því undir þá tillögu minni hluta allsherjarnefndar að frumvarpinu verði vísað frá.

Alþingi, 13. maí 2004.

Björgvin G. Sigurðsson.
Katrín Júlíusdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.
Mörður Árnason.

Fylgiskjal IV.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd Alþingis hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, en allsherjarnefnd óskaði eftir umsögn menntamálanefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Allar umsagnir sem bárust allsherjarnefnd lágu einnig fyrir við umfjöllun menntamálanefndar um málið. Nefndin fjallaði um málið á tveimur fundum og til að skýra stöðuna enn betur voru fengnir á fund nefndarinnar tveir ritstjórar frá stærstu dagblöðunum, tveir framkvæmdastjórar sjónvarpsstöðva og tveir óháðir ráðgjafar. Þetta voru þau Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttablaðsins, Sigurður G. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Norðurljósa, Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás 1, Herdís Þorgeirsdóttir frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Sigurður Líndal. Ljóst er að skiptar skoðanir voru meðal gesta nefndarinnar um málið.

Eftir að hafa farið yfir umsagnir um málið og hlýtt á það sem gestir höfðu fram að færa telur meiri hluti menntamálanefndar að nauðsynlegt sé að setja lög vegna hinnar miklu samþjöppunar sem verið hefur undanfarið á fjölmiðlamarkaði. Meiri hlutinn fagnar fram komnum breytingartillögum meiri hluta allsherjarnefndar við málið og telur að með samþykkt

þeirra verði frekari breytinga ekki þörf. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með fram komnum breytingartillögum meiri hluta allsherjarnefndar.

Alþingi, 12. maí 2004.

Gunnar Birgisson, form.
Birkir J. Jónsson.
Guðrún Inga Ingólfsdóttir.
Kjartan Ólafsson.
Þórarinn E. Sveinsson.

1725. Frumvarp til laga [790. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skráin tekur til smitsjúkdóma, ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og sýklalyfjanotkunar, sbr. 3. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. 5. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1726. Frumvarp til lokafjárlaga [326. mál]

fyrir árið 2000.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 377 með þessum breytingum:

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2000 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	2,7	2,7
Forsætisráðuneyti	-21,8	-21,8
Menntamálaráðuneyti	586,2	586,2
Utanríkisráðuneyti	1,6	1,6
Landbúnaðarráðuneyti	-64,5	-64,5
Sjávarútvegsráðuneyti	6,1	6,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-26,9	-26,9
Félagsmálaráðuneyti	84,6	-388,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-1.119,7	-1.119,7
Fjármálaráðuneyti	-25.447,0	-744,8
Samgönguráðuneyti	37,5	37,5
Iðnaðarráðuneyti	1,3	1,3
Viðskiptaráðuneyti	-60,6	-60,6
Hagstofa Íslands	1,0	1,0
Umhverfisráðuneyti	-2,3	-2,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-645,1	694,0
Samtals	**-26.666,9**	**-1.098,8**

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

Eftirfarandi liður í sundurliðun 2, **niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta,** breytist og verður svohljóðandi:

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,2
1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael	3,8
Almennur rekstur samtals	4,0
Gjöld samtals	**4,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

1727. Þingsályktun [949. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1452.

1728. Þingsályktun [950. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1453.

1729. Þingsályktun [961. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1479.

1730. Þingsályktun [884. mál]

um aðild að samningi um veitingu evrópskra einkaleyfa, gerð um endurskoðun samningsins og samningi um beitingu 65. gr. samningsins.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1342.

1731. Þingsályktun [883. mál]

um aðild að Gvadalajara-samningi og Montreal-bókun nr. 4 og um fullgildingu Montreal-samnings.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1341.

1732. Frumvarp til laga [313. mál]

um uppfinningar starfsmanna.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Orðið „uppfinning“ merkir í lögum þessum aðeins uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir hér á landi.

Orðið „starfsmaður“ merkir hvern þann sem ráðinn er til starfa hjá hinu opinbera eða einkaaðila.

2. gr.

Frávíkjanleg lög.

Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningum nema ótvírætt sé kveðið á um annað í lögum þessum.

II. KAFLI

Réttarstaða starfsmanns og atvinnurekanda.

3. gr.

Réttur starfsmanns til uppfinningar.

Starfsmaður á rétt til uppfinningar sem hann kemur fram með að svo miklu leyti sem annað leiðir eigi af lögum þessum eða öðrum lögum.

4. gr.

Framsal réttar til atvinnurekanda.

Ef starfsmaður hefur komið fram með uppfinningu sem er þáttur í starfi hans getur atvinnurekandi krafist framsals réttarins yfir uppfinningunni til sín enda sé hagnýting hennar á starfssviði atvinnurekandans. Atvinnurekandinn hefur sama rétt þótt hagnýting uppfinningarinnar sé ekki á starfssviði atvinnurekandans ef uppfinning starfsmannsins tengist tilteknu verkefni sem atvinnurekandinn hefur falið honum.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef fleiri starfsmenn en einn, sem ráðnir eru til starfa hjá atvinnurekanda, standa saman að uppfinningu.

5. gr.

Tilkynning um uppfinningu.

Hafi starfsmaður komið fram með uppfinningu skv. 4. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna atvinnurekanda með sannanlegum hætti um uppfinninguna og gefa þannig upplýsingar um hana að atvinnurekandinn geti metið mikilvægi hennar.

6. gr.

Biðtími atvinnurekanda, þagnarskylda og einkaleyfisumsókn.

Óski atvinnurekandi eftir því að öðlast rétt til uppfinningar skv. 4. gr. skal hann skýra starfsmanninum frá því innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar skv. 5. gr.

Áður en fresturinn rennur út er starfsmanni óheimilt, sbr. þó 3. mgr., án skriflegs samþykkis atvinnurekandans, að upplýsa aðra um uppfinninguna eða ráðstafa henni þannig að unnt sé að birta upplýsingar um uppfinninguna eða nota hana í þágu annarra. Þetta gildir þó ekki ef atvinnurekandinn hefur lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki áhuga á uppfinningunni.

Fyrir lok frestsins og eftir að hafa fullnægt tilkynningarskyldu sinni skv. 5. gr. getur starfsmaðurinn sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningunni en hann skal þó áður tilkynna atvinnurekandanum það. Starfsmaðurinn getur ekki fyrir fram afsalað sér rétti til að sækja um einkaleyfi nema vikið hafi verið frá ákvæðum 3. og 4. gr. með samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns sem ráðinn er til að vinna að uppfinningum.

7. gr.

Sanngjarnt endurgjald.

Ef atvinnurekandi öðlast rétt til uppfinningar starfsmanns skv. 4. gr. eða á öðrum grundvelli á starfsmaðurinn rétt á sanngjörnu endurgjaldi, jafnvel þótt um annað hafi verið samið, nema verðmæti uppfinningarinnar fari ekki fram úr því sem ætla má með sanngirni að starfsmanninum beri að inna af hendi með tilliti til heildarkjara hans.

Við ákvörðun endurgjalds skal sérstakt tillit tekið til verðmætis uppfinningarinnar og mikilvægis hennar fyrir starfsemi atvinnurekandans, ráðningarkjara starfsmanns og hlutdeildar starfsmannsins í uppfinningunni. Ef starfsmaðurinn er ráðinn til að vinna að uppfinningum má semja um að sanngjarnt endurgjald fyrir uppfinningu felist í ráðningarkjörum starfsmannsins einvörðungu.

Krafa um endurgjald fyrnist á tíu árum. Telst fyrningarfrestur frá þeim tíma er atvinnurekandinn hefur gefið til kynna að hann vilji öðlast uppfinninguna. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda eftir því sem við á.

Jafnvel þótt um annað hafi verið samið má breyta samningum um endurgjald að kröfu annars aðila síðar þegar aðstæður þær sem lágu til grundvallar hafa breyst verulega eða aðrar sérstakar aðstæður mæla með því. Á grundvelli 1. málsl. skal þó aldrei endurgreiða fé sem starfsmaður hefur tekið við samkvæmt fyrri ákvörðun um endurgjald.

8. gr.

Starfslok.

Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til fyrr.

Ógilt er hvert það samkomulag milli atvinnurekanda og starfsmanns er takmarkar rétt starfsmannsins til að ráðstafa þeim uppfinningum sem verða til meira en ári eftir formleg starfslok.

III. KAFLI
Gildistaka.
9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Lögin taka einungis til uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Ófrávíkjanleg ákvæði laganna skulu gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra, sbr. þó sérákvæði um ráðningu starfsmanna til að vinna að uppfinningum.

1733. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.
1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.
2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Lokamálsliður orðast svo: Vörumerki skulu birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

Breyting á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.
3. gr.

Á eftir 69. gr. laganna kemur ný grein, 69. gr. a, sem orðast svo:

Allar auglýsingar og tilkynningar af hálfu Einkaleyfastofunnar, sem kveðið er á um í lögum þessum og birtar skulu almenningi, eru birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1734. Frumvarp til laga [751. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þá eru skilyrði 1. mgr. ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til tiltekinnar notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo framarlega sem slík notkun er ekki þekkt.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, sem orðast svo:

Einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag umsóknar þegar:

1. telja má af umsóknargögnum að umsóknin sé um einkaleyfi,
2. af umsóknargögnum má ráða hver umsækjandi sé og hvar unnt sé að hafa samband við hann og
3. a.m.k. eitt eftirtalinna atriða er í umsóknargögnum:
   a. lýsing uppfinningar,
   b. teikningar eða
   c. tilvísun til fyrri umsóknar.

Ef skilyrði 1. mgr. fyrir ákvörðun umsóknardags eru ekki uppfyllt skulu einkaleyfayfirvöld gefa umsækjanda tveggja mánaða frest til að bæta þar úr. Bæti umsækjandi úr þeim ágöllum innan frestsins miðast umsóknardagur við þann dag þegar lagfæringar bárust Einkaleyfastofunni. Ef ekki er bætt úr ágöllum innan frestsins er litið svo á að umsókn hafi ekki verið lögð inn.

Í reglugerð, sem iðnaðarráðherra skal setja, er kveðið nánar á um ákvörðun umsóknardags.

3. gr.

Í stað orðsins „einkaleyfisbréf“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: einkaleyfisskjal.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „30 mánaða“ í 1. mgr. kemur: 31 mánaðar.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Á eftir 40. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (40. gr. a.)

Einkaleyfishafi getur óskað eftir því við Einkaleyfastofuna að hún takmarki verndarsvið einkaleyfis með breytingum á einkaleyfiskröfum og, ef þurfa þykir, breytingu á lýsingu einkaleyfis.

Ef einkaleyfi er andlag fullnustugerðar, veðsetningar eða dómsmáls skv. 52. eða 53. gr. er ekki unnt að leggja inn beiðni skv. 1. mgr.

Fyrir beiðni um takmörkun skv. 1. mgr. skal einkaleyfishafi greiða tilskilið gjald.

b. (40. gr. b.)

Uppfylli beiðni skv. 40. gr. a ekki þar tilgreind skilyrði, eða takmörkunin fellur undir tilvik 2.–4. tölul. 1. mgr. 52. gr. um ógildingu, skal einkaleyfishafa gefinn kostur á að tjá sig um málið eða bæta úr ágöllum. Ef einkaleyfishafi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir eða telji Einkaleyfastofan, að fengnu svari einkaleyfishafa, enn eitthvað mæla á móti því að beiðnin verði samþykkt, og hafi einkaleyfishafi fengið tækifæri til að tjá sig um það atriði, skal beiðninni hafnað.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja beiðni einkaleyfishafa skv. 40. gr. a skal einkaleyfið takmarkað í samræmi við beiðnina. Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu um ákvörðunina og útbúa nýtt einkaleyfisskjal að því tilskildu að einkaleyfishafi hafi greitt tilskilið gjald fyrir endurútgáfu. Frá þeim tíma skal einkaleyfið í breyttri mynd vera aðgengilegt almenningi.

Takmörkun einkaleyfis skv. 2. mgr. hefur áhrif frá birtingu tilkynningar um breytinguna.

Einkaleyfishafa er skylt að upplýsa dómara í ógildingarmáli um framlagða beiðni um takmörkun á einkaleyfi.

Einkaleyfishafi getur skotið til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að hafna beiðni um takmörkun einkaleyfis.

6. gr.

Í stað orðanna „með dómi ef“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: í heild eða að hluta með dómi ef.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 54. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið“ kemur: í heild.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Niðurfelling einkaleyfisins hefur áhrif frá birtingu tilkynningar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „einkaleyfisumsækjandi“ í 1. mgr. kemur: eða einkaleyfishafi.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. 3. mgr., er verður 2. mgr., orðast svo:

   Ákvæði 1. mgr. eiga við um forgangsrétt skv. 1. mgr. 6. gr. ef beiðni um endurveitingu er lögð fram innan tveggja mánaða frá lokum frests skv. 1. mgr. 6. gr. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um frest til málshöfðunar skv. 3. mgr. 25. gr.
d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar skv. 31. gr. Ákvæðin eiga einnig við um slíkar umsóknir þegar umsækjandi hefur glatað rétti af þeirri ástæðu að frestir hafa ekki verið virtir gagnvart viðtökuyfirvöldum, yfirvöldum sem framkvæma alþjóðlega nýnæmisrannsókn eða forathugun á einkaleyfishæfi eða Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO).

9. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, X. kafli a, **Evrópsk einkaleyfi,** með átján nýjum greinum, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (75. gr.)

Evrópskt einkaleyfi merkir einkaleyfi sem veitt er af Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) í samræmi við evrópska einkaleyfasamninginn (EPC) frá 5. október 1973. Evrópsk einkaleyfisumsókn merkir umsókn í samræmi við ákvæði evrópska einkaleyfasamningsins.

Evrópskt einkaleyfi getur tekið til Íslands.

Umsókn um evrópskt einkaleyfi skal lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni eða Einkaleyfastofunni sem tekur við umsóknum hér á landi. Einkaleyfastofan framsendir umsóknina til Evrópsku einkaleyfastofunnar í samræmi við nánari reglur sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Hlutunarumsókn fyrir evrópskt einkaleyfi skv. 76. gr. evrópska einkaleyfasamningsins verður þó einungis lögð inn hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Ákvæði þessa kafla gilda um evrópsk einkaleyfi og evrópskar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

b. (76. gr.)

Evrópskt einkaleyfi telst veitt þegar Evrópska einkaleyfastofan birtir tilkynningu um veitinguna. Evrópskt einkaleyfi, sem öðlast hefur gildi hér á landi, hefur sömu áhrif og einkaleyfi sem veitt er af Einkaleyfastofunni og gilda um það sömu reglur nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

c. (77. gr.)

Evrópskt einkaleyfi öðlast aðeins gildi hér á landi ef umsækjandi, innan tilskilins frests samkvæmt reglugerð frá þeim degi sem Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis eða tekið ákvörðun um að staðfesta einkaleyfið í breyttri útgáfu, uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. leggur inn hjá Einkaleyfastofunni íslenska þýðingu á einkaleyfiskröfum ásamt íslenskri eða enskri þýðingu á öðrum hlutum einkaleyfisins hafi evrópskt einkaleyfi verið veitt eða staðfest í breyttri útgáfu á þýsku eða frönsku,
2. greiðir Einkaleyfastofunni tilskilið gjald fyrir útgáfu.

Einkaleyfisgögn, hvort sem þau liggja fyrir í rafrænu formi eða á pappír, eru öllum aðgengileg. Gögnin verða þó aldrei aðgengileg fyrr en Evrópska einkaleyfastofan hefur birt einkaleyfisumsóknina.

Þegar gögn skv. 1. mgr. hafa verið afhent, gjald greitt og Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um veitingu einkaleyfis, eða ákvörðun sína um að staðfesta evrópska einkaleyfið í breyttri útgáfu, skal Einkaleyfastofan birta auglýsingu þess efnis. Eintak af einkaleyfinu skal þegar að því loknu vera fáanlegt hjá Einkaleyfastofunni.

d. (78. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 72. gr. um endurveitingu réttinda eiga einnig við um fresti varðandi þýðingar og greiðslu gjalda skv. 1. mgr. 77. gr.

Einkaleyfastofan skal birta auglýsingu ef orðið er við beiðni um endurveitingu réttinda.

Hafi einhver í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er frestur skv. 1. mgr. 77. gr. en áður en auglýsing um endurveitingu er birt, eiga ákvæði 2. og 3. mgr. 74. gr. við um rétt til hagnýtingar.

e. (79. gr.)
Ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 52. gr. um ógildingu eiga einnig við um evrópskt einkaleyfi svo framarlega sem verndarsvið einkaleyfis hefur verið rýmkað eftir að einkaleyfið var veitt skv. 76. gr.

f. (80. gr.)
Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að takmarka, fella niður eða ógilda evrópskt einkaleyfi hefur sömu áhrif á evrópska einkaleyfið hér á landi. Einkaleyfastofan skal birta auglýsingu þess efnis.

g. (81. gr.)
Árgjald af evrópsku einkaleyfi skal greiða til Einkaleyfastofunnar fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að Evrópska einkaleyfastofan hefur birt tilkynningu um ákvörðun sína um að veita evrópskt einkaleyfi.
Sé árgjald ekki greitt skv. 1. mgr., sbr. 41. gr., fellur einkaleyfið úr gildi. Árgjald fyrir fyrsta gjaldár eftir veitingu fellur þó ekki í gjalddaga fyrr en fjórum mánuðum eftir að einkaleyfið var veitt.

h. (82. gr.)
Frá því að Evrópska einkaleyfastofan ákvarðar umsóknardag hefur umsókn áhrif hér á landi eins og um landsbundna umsókn væri að ræða. Hafi umsækjandi krafist forgangsréttar í samræmi við evrópska einkaleyfasamninginn gildir sá forgangsréttur einnig hér á landi.
Evrópsk einkaleyfisumsókn, sem birt hefur verið skv. 93. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, telst þekkt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr., og er lögð að jöfnu við umsóknir sem birtar eru skv. 22. gr. Það sama gildir um alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 3. mgr. 153. gr. evrópska einkaleyfasamningsins ef Evrópska einkaleyfastofan leggur birtingu hennar að jöfnu við birtingu skv. 93. gr. evrópska einkaleyfasamningsins.

i. (83. gr.)
Ef umsækjandi afhendir Einkaleyfastofunni íslenska þýðingu á umsóknarkröfum eins og þær voru birtar af hálfu Evrópsku einkaleyfastofunnar skal þýðingin gerð aðgengileg almenningi. Einkaleyfastofan skal birta tilkynningu þess efnis í ELS-tíðindum.
Eftir að slík tilkynning hefur verið birt og umsókn hefur leitt til veitingar evrópsks einkaleyfis hér á landi er unnt að beita ákvæðum er varða brot á einkaleyfisrétti. Í slíkum tilvikum nær einkaleyfisverndin þó aðeins til þess sem fram kemur bæði í umsóknarkröfum, eins og þær voru birtar, og kröfum einkaleyfis eins og það var veitt eða því breytt. Ákvæði 57. gr. eiga ekki við í framangreindum tilvikum heldur er aðeins skylt að greiða bætur fyrir tjón skv. 2. mgr. 58. gr.

j. (84. gr.)
Hafi umsækjandi dregið til baka evrópska einkaleyfisumsókn eða tilnefningu Íslands í slíkri umsókn, eða líta ber svo á samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum, og hafi umsókn ekki verið tekin til frekari meðferðar skv. 121. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, hefur það sömu áhrif og þegar umsóknin er dregin til baka hér á landi.
Höfnun evrópskrar einkaleyfisumsóknar hefur sömu áhrif og höfnun umsóknar hér á landi.

k. (85. gr.)

Samræmist þýðingar skv. 77. og 83. gr. ekki textanum á því tungumáli sem notað var við málsmeðferð hjá Evrópsku einkaleyfastofunni tekur einkaleyfisverndin aðeins til þess sem tilgreint er í báðum textunum.

Í ógildingarmálum skal texti á tungumáli málsmeðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni ráða.

l. (86. gr.)

Afhendi einkaleyfishafi eða umsækjandi Einkaleyfastofunni leiðrétta þýðingu á einkaleyfi skv. 77. gr. og greiði tilskilið gjald fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar skal sú þýðing koma í stað þeirrar sem áður var afhent. Þegar leiðrétting hefur verið afhent og gjald greitt birtir Einkaleyfastofan auglýsingu þess efnis svo framarlega sem upphaflega þýðingin er aðgengileg. Þegar auglýsing hefur verið birt skal eintak af leiðréttu þýðingunni vera aðgengilegt almenningi og fáanlegt hjá Einkaleyfastofunni.

Afhendi umsækjandi leiðrétta þýðingu á umsókn skv. 83. gr. birtir Einkaleyfastofan auglýsingu þess efnis og hefur hina leiðréttu þýðingu aðgengilega almenningi. Eftir birtingu auglýsingar kemur hin leiðrétta þýðing í stað hinnar upphaflegu.

Sá sem hefur í góðri trú notað uppfinninguna í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess þegar hin leiðrétta þýðing hlýtur gildi, og notkunin braut ekki á rétti umsækjanda eða einkaleyfishafa samkvæmt fyrri þýðingu, hefur rétt til hagnýtingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 74. gr.

m. (87. gr.)

Ákvörðun Evrópsku einkaleyfastofunnar um að endurveita einkaleyfishafa eða umsækjanda réttindi, sem hann hefur glatað þar eð hann virti ekki tilskilinn frest, gildir einnig hér á landi.

Sá sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að réttindamissir hefur átt sér stað en áður en Evrópska einkaleyfastofan hefur endurveitt réttindin og birt tilkynningu þess efnis, hefur rétt til hagnýtingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 74. gr.

n. (87. gr. a.)

Sá sem í góðri trú byrjar að hagnýta uppfinningu, sem lýst er í birtri evrópskri einkaleyfisumsókn eða einkaleyfi, í atvinnuskyni hér á landi, eða hefur gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að ákvörðun áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar liggur fyrir en áður en úrskurður æðri áfrýjunarnefndar Evrópsku einkaleyfastofunnar skv. 112. gr. a í evrópska einkaleyfasamningnum er birtur, hefur rétt skv. 2. og 3. mgr. 74. gr.

o. (88. gr.)

Teljist evrópsk einkaleyfisumsókn, sem lögð hefur verið inn hjá einkaleyfayfirvöldum aðildarríkis, dregin til baka vegna þess að hún var ekki framsend Evrópsku einkaleyfastofunni innan tilskilins frests skal Einkaleyfastofan, ef umsækjandi krefst þess, líta svo á að henni hafi verið breytt í landsbundna umsókn hér á landi svo framarlega sem:

1. krafan er sett fram við einkaleyfayfirvöld, þar sem umsóknin var lögð inn, innan þriggja mánaða eftir að umsækjanda var tilkynnt að hún teldist dregin til baka,
2. krafan berst Einkaleyfastofunni innan tuttugu mánaða frá umsóknardegi eða, ef forgangsréttar er krafist, frá forgangsréttardegi og

3. umsækjandi greiðir, innan frests sem ákveðinn er af iðnaðarráðherra, umsóknargjald og afhendir íslenska þýðingu af umsókninni í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Ef umsókn uppfyllir formkröfur Evrópsku einkaleyfastofunnar skal hún tekin gild að því leyti.

p. (89. gr.)

Ákvæði 9., breyttrar 60. og 131. gr. evrópska einkaleyfasamningsins, svo og ákvæði bókunar með samningnum um lögsögu og um viðurkenningu dómsúrskurða varðandi rétt til að fá veitt evrópskt einkaleyfi (bókun um viðurkenningu), skulu hafa lagagildi hér á landi. Ákvæðin skulu fylgja lögunum og teljast hluti þeirra.

q. (89. gr. a.)

Ákvæði laga þessara er lúta að varðveislu líffræðilegs efnis eiga ekki við um evrópskt einkaleyfi.

r. (90. gr.)

Iðnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

10. gr.

Við lögin bætast tvö ný fylgiskjöl, svohljóðandi:

a. (I.)

ÁKVÆÐI 9., 60. OG 131. GR. EVRÓPSKA EINKALEYFASAMNINGSINS

9. gr.

Ábyrgð.

Um samningsbundna ábyrgð Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar skulu þau lög gilda sem við eiga um hlutaðeigandi samning.

Um ábyrgð stofnunarinnar utan samninga vegna tjóns sem hún veldur eða starfsmenn Evrópsku einkaleyfastofunnar í starfi sínu gilda ákvæði laga sambandslýðveldisins Þýskalands. Ef útibúið í Haag eða undirskrifstofa eða starfsmenn þar valda tjóni gilda ákvæði laga þess samningsríkis þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

Kveða skal á um persónulega ábyrgð starfsmanna Evrópsku einkaleyfastofunnar gagnvart stofnuninni í starfsreglum þeirra eða ráðningarskilmálum.

Þeir dómstólar, sem fara með lögsögu til að leysa úr deilum skv. 1. og 2. mgr., eru:

a. að því er varðar deilur skv. 1. mgr., valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi nema kveðið sé á um dómstóla annars ríkis í samningi milli aðilanna;
b. að því er varðar deilur skv. 2. mgr., annaðhvort valdbærir dómstólar í sambandslýðveldinu Þýskalandi eða valdbærir dómstólar í ríkinu þar sem útibúið eða undirskrifstofan hefur aðsetur.

60. gr.

Réttur til evrópsks einkaleyfis.

Rétt til evrópsks einkaleyfis á uppfinningamaðurinn eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Ef uppfinningamaðurinn er launþegi ákvarðast rétturinn til evrópsks einkaleyfis af lögum ríkisins þar sem launþeginn starfar aðallega en ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki launþeginn

starfar aðallega skal beita lögum ríkisins þar sem atvinnurekandinn hefur starfsstöð sem launþeginn tengist.

Hafi tveir eða fleiri einstaklingar komið fram með uppfinningu, óháðir hvor eða hver öðrum, skal sá eiga rétt til evrópsks einkaleyfis sem fyrst sækir um hann, að því gefnu að fyrsta umsókn hafi verið birt.

Í máli hjá Evrópsku einkaleyfastofunni skal litið svo á að umsækjanda sé heimilt að fara með réttinn til evrópsks einkaleyfis.

131. gr.

Samstarf um framkvæmd og löggjöf.

Sé eigi kveðið á um annað í samningi þessum eða landslögum skulu Evrópska einkaleyfastofan og dómstólar eða yfirvöld í samningsríkjunum aðstoða hvert annað, þegar um er beðið, með upplýsingaskiptum eða með því að heimila skoðun gagna. Skilyrði, sem sett eru í 128. gr., gilda ekki um skoðunina þegar Evrópska einkaleyfastofan heimilar dómstólum, embættum saksóknara eða aðalhugverkastofum að skoða gögn.

Þegar dómstólar eða önnur valdbær yfirvöld í samningsríkjunum taka við bréflegum beiðnum um skýrslutöku frá Evrópsku einkaleyfastofunni skulu þau leita nauðsynlegra upplýsinga eða gera aðrar lagalegar ráðstafanir fyrir Evrópsku einkaleyfastofuna að svo miklu leyti sem þau fara með lögsögu.

b. (II.)

BÓKUN UM LÖGSÖGU
OG UM VIÐURKENNINGU DÓMSÚRSKURÐA
VARÐANDI RÉTT TIL AÐ FÁ VEITT EVRÓPSKT EINKALEYFI
(BÓKUN UM VIÐURKENNINGU)

I. KAFLI

Lögsaga.

1. gr.

Dómstólar samningsríkja skulu, í samræmi við 2.–6. gr., hafa lögsögu til að skera úr um kröfur gegn umsækjanda þar sem tilkall er gert til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra samningsríkja sem tilnefnd eru í umsókninni.

Í bókun þessari nær hugtakið dómstólar yfir þau yfirvöld sem að landslögum í samningsríki hafa lögsögu til að skera úr um kröfur þær er um getur í 1. mgr. Hverju samningsríki ber að tilkynna Evrópsku einkaleyfastofunni hver þau yfirvöld eru sem slík lögsaga er veitt og ber Evrópsku einkaleyfastofunni að veita öðrum samningsríkjum upplýsingar þar um.

Í bókun þessari á hugtakið samningsríki við hvert það samningsríki sem ekki hefur beitt 167. gr. samningsins til að útiloka að bókunin eigi við.

2. gr.

Nú hefur umsækjandi um evrópskt einkaleyfi aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu samningsríkjanna og skal þá, með fyrirvara um 4. og 5. gr., mál gegn honum rekið fyrir dómstólum þess samningsríkis.

3. gr.

Nú hefur umsækjandi um evrópskt einkaleyfi aðsetur eða aðalstarfsstöð utan samningsríkjanna, en aðilinn, sem gerir tilkall til réttar til að fá veitt evrópskt einkaleyfi, hefur aðsetur eða aðalstarfsstöð í einu samningsríkjanna, og skulu þá, með fyrirvara um 4. og 5. gr., dómstólar þess ríkis einir hafa lögsögu.

4. gr.

Nú er sótt um evrópskt einkaleyfi á grundvelli uppfinningar sem launþegi hefur gert og skulu þá, með fyrirvara um 5. gr., dómstólar þess samningsríkis, þar sem landslög ákvarða réttinn til evrópsks einkaleyfis skv. 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. samningsins, ef þeim er til að dreifa, einir hafa lögsögu í dómsmálum milli launþegans og atvinnurekanda hans.

5. gr.

Nú hafa málsaðilar í deilu um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gert með sér samning, annaðhvort skriflega eða munnlega með skriflegri staðfestingu, þess efnis að dómstóll eða dómstólar í tilteknu samningsríki eigi að skera úr þess háttar deilu og skal þá dómstóll eða dómstólar þess ríkis einir hafa lögsögu.

Séu málsaðilar launþegi og atvinnurekandi hans gildir 1. mgr. þó því aðeins að slíkur samningur sé heimill að landslögum þeim sem gilda um starfssamninginn þeirra á milli.

6. gr.

Í þeim málum sem hvorki falla undir ákvæði 2.–4. gr. né 1. mgr. 5. gr. hafa dómstólar sambandslýðveldisins Þýskalands einir lögsögu.

7. gr.

Þegar kröfur þær sem um getur í 1. gr. eru bornar upp fyrir dómstól í samningsríki skal hann að eigin frumkvæði úrskurða hvort honum beri lögsaga skv. 2.–6. gr. eða ekki.

8. gr.

Fari svo að mál sé höfðað á grundvelli sömu kröfu og milli sömu málsaðila fyrir dómstólum í fleiri en einu samningsríki ber dómstóli, þar sem málið er síðar upp borið, að eigin frumkvæði að afsala sér lögsögu til þess dómstóls þar sem það var borið upp fyrr.

Fari svo að brigður séu bornar á lögsögu dómstólsins, þar sem málið var fyrr upp borið, ber dómstólnum, þar sem það var borið upp síðar, að fresta málsmeðferð þar til fyrri dómstóllinn kveður upp fullnaðarúrskurð.

II. KAFLI
Viðurkenning.

9. gr.

Nú hefur verið kveðinn upp í einhverju samningsríki fullnaðarúrskurður um réttinn til að fá veitt evrópskt einkaleyfi gagnvart einu eða fleirum þeirra samningsríkja sem tilnefnd eru í umsókninni um evrópskt einkaleyfi og skal þá, með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr., viðurkenna þann úrskurð án þess að til þurfi að koma nokkur sérstök málsmeðferð í öðrum samningsríkjum.

Málskot er óheimilt um réttmæti úrskurðar, sem viðurkenna ber, og lögsögu dómstólsins sem kvað hann upp.

10. gr.

1. mgr. 9. gr. á ekki við ef:

a. umsækjandi um evrópskt einkaleyfi, sem hefur ekki haft uppi mótmæli gegn kröfu, sýnir fram á að málsskjalið, sem réttarhöldin voru hafin með, hafi ekki verið kynnt honum eins og vera ber og í tæka tíð fyrir hann til að hafa uppi varnir; eða

b. umsækjandi sýnir fram á að úrskurðurinn fari í bága við annan úrskurð, kveðinn upp í samningsríki í máli milli sömu málsaðila, og hafi þau málaferli hafist fyrr en hin þar sem úrskurðurinn, sem ber að viðurkenna, var kveðinn upp.

11. gr.

Í samskiptum samningsríkja skulu ákvæði bókunar þessarar ganga framar hverjum þeim ákvæðum annarra samninga um lögsögu eða viðurkenningu dómsniðurstaðna sem kunna að vera gagnstæð þeim.

Bókun þessi skal engu breyta um framkvæmd nokkurra samninga milli samningsríkis og ríkis sem óbundið er af bókuninni.

11. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 4., 6. og 8. gr. laga þessara öðlast þegar gildi. Ákvæði a–m-liðar og o–r-liðar 9. gr. og 10. gr. öðlast ekki gildi fyrr en evrópski einkaleyfasamningurinn hefur öðlast gildi hér á landi í samræmi við 169. gr. samningsins og ráðherra birtir auglýsingu um að samningurinn hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi. Ákvæði 5. gr., 7. gr. og n-liðar 9. gr. öðlast ekki gildi fyrr en breytingar, sem gerðar voru á evrópska einkaleyfasamningnum árið 2000, hafa öðlast gildi og ráðherra birtir auglýsingu um að breytingarnar hafi öðlast gildi gagnvart Íslandi.

Ef annað er ekki tiltekið í 3. mgr. gilda lög þessi um einkaleyfisumsóknir þar sem umsóknardagur hefur verið ákvarðaður fyrir gildistöku laga þessara, sem og einkaleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 4. gr. laga þessara tekur til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem þrjátíu mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út við gildistöku laga þessara eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

1735. Frumvarp til laga [480. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.
2. Líftryggingafélög, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.

3. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4. og 5. gr.

b. Á eftir 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Ákvæði 31., 32., 34. og 35. gr. þeirra laga gilda um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

Erlendum líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 64. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, eða án stofnunar útibús, sbr. 65. gr. þeirra laga. Ákvæði 64.–70. gr. laganna gilda um heimildir líftryggingafélaga til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um með hvaða hætti rétthöfum skulu tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.

2. gr.

Í stað „1.–3. tölul.“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 1. og 2. tölul.

3. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, 19. gr. a, svohljóðandi:

Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. málsl. eru launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi.

Vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skulu hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytjast til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verði varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinunum eða hlutunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.

b. Á eftir 7. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

c. Í stað „1., 2. og 5.–8.“ í 2. mgr. kemur: 1., 2. og 5.–9.

d. Í stað „1., 2., 5., 6. og 8.“ í 3. mgr. kemur: 1., 2., 5., 6., 8. og 9.

e. Í stað „2., 5., 6., og 8.“ í 4. mgr. kemur: 2., 5., 6., 8. og 9.
f. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
g. 5. mgr. orðast svo:
Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. málsl. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánum sama banka eða sparisjóðs.
h. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

6. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1736. Frumvarp til laga [856. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Við 3. mgr. 39. gr. laganna bætist: en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

2. gr.

4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

3. gr.

42. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lausn frá nefndasetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið á sama hátt og skv. 34. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Um skipan einstakra varamanna í nefndir, ráð eða stjórnir sveitarfélags fer skv. 3. mgr. 42. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:

   Sveitarstjórn er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem falla undir b-lið 60. gr. Einnig getur sveitarstjórn veitt einfalda ábyrgð vegna lánveitinga til framkvæmda á vegum félaga sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila til að veita lögákveðna þjónustu en innbyrðis skal ábyrgð eigenda skiptast í hlutfalli við eignarhluti. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingu er að viðkomandi lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila og að allir eigendur ábyrgist lánið í samræmi við eignarhlut sinn. Ábyrgðin fellur úr gildi ef lögaðilinn færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Prókúruhafa sveitarsjóðs er heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

6. gr.

2. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:
Sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki íbúa allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Skilyrði er að tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. ⅔ sveitarfélaganna og að í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu.

7. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)
Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.
Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.
Nefndin skal kynna sveitarstjórnum og samtökum þeirra tillögur sínar og veita þeim hæfilegan frest til að gera athugasemdir við tillögurnar. Einnig skal gefa almenningi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina.
Þegar frestur til að skila athugasemdum við sameiningartillögur er liðinn skal sameiningarnefnd fara yfir athugasemdir. Að því loknu skal nefndin ákveða hvort hún gerir breytingar á tillögu, dregur hana til baka eða leggur hana fram óbreytta. Endanlegar tillögur nefndarinnar skal auglýsa í dagblöðum og á annan þann hátt sem nefndin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða samtök þeirra.
Þær sveitarstjórnir sem sameiningartillaga varðar skulu hver tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sem annast undirbúning atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar. Sameiningarnefnd og félagsmálaráðuneytið skulu veita samstarfsnefndinni nauðsynlega ráðgjöf um meðferð tillagnanna.

b. (II.)
Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar skal fara fram 23. apríl 2005 í öllum sveitarfélögum sem tillögur varða.
Um framkvæmd atkvæðagreiðslu, kosningarrétt og gerð kjörskrár gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum, eftir því sem við á.
Yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi annast framkvæmd atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða en samstarfsnefnd hefur eftirlit með talningu og tilkynnir úrslit atkvæðagreiðslu.
Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

c. (III.)

Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum samkvæmt tillögu sameiningarnefndar nema fleiri íbúar þess lýsi sig fylgjandi tillögunni í atkvæðagreiðslu en andvíga.

Sameining sveitarfélaga telst samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar, sbr. 1. mgr., og tekur gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

Ef tillaga sameiningarnefndar hlýtur ekki samþykki íbúa í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu lýsir sig þó fylgjandi sameiningu, skal greiða atkvæði að nýju innan sex vikna í sveitarfélögum þar sem tillaga var felld. Skilyrði er að tillagan hafi verið samþykkt í a.m.k. tveimur sveitarfélögum. Skal þá sama kjörskrá gilda og við fyrri atkvæðagreiðslu.

Að lokinni atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. er sveitarstjórnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga var samþykkt heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga. Þetta verður þó ekki gert nema tillaga hafi verið samþykkt í a.m.k. ⅔ sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ íbúa á svæðinu.

Sameining sveitarfélaga samkvæmt þessu ákvæði skal taka gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

d. (IV.)

Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá fyrir þá atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu og úrslit samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II og III.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 7. gr. laga þessara skulu ekki standa því í vegi að sveitarfélög sem ákveðið hafa að skipa samstarfsnefnd, sbr. 90. gr. laganna, fyrir gildistöku þessara laga haldi þeim viðræðum áfram og efni til atkvæðagreiðslu um sameiningu 23. apríl 2005 eða fyrr. Um framkvæmd og úrslit slíkra atkvæðagreiðslna sem fram fara eftir 31. desember 2004 fer skv. b–d-lið 7. gr. (ákvæðum til bráðabirgða II–IV) og getur sameiningarnefnd, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög, lagt fram bindandi tillögu um að fleiri sveitarfélög skipi fulltrúa í samstarfsnefnd og taki þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

1737. Breytingartillaga [313. mál]

við frv. til l. um uppfinningar starfsmanna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Í stað orðsins „fyrr“ í lok 1. mgr. 8. gr. komi: eftir raunveruleg starfslok.

1738. Breytingartillögur [734. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein er verður 7. gr. a, svohljóðandi:
   Tilkynntur aðili.
   Tilkynntur aðili er aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda og stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB sem hæfan til að framkvæma samræmismat fyrir tilteknar vörur samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „Alþjóðlegum stöðlum“ í 4. tölul. 2. efnismgr. komi: Evrópustöðlum.
3. Við 9. gr. Orðin „tilnefndum eða“ í 2. efnismgr. falli brott.
4. Við 13. gr. Í stað orðanna „skoðunarstofur og tilnefnda aðila“ í 1. efnismgr. komi: og skoðunarstofur.

1739. Breytingartillaga [480. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
Í stað „sbr. 1.–9. tölul. 1. mgr. 36. gr.“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. 1.–10. tölul. 1. mgr. 36. gr.

1740. Svar [959. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um erlenda starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu.

1. *Hversu margir erlendir starfsmenn hafa verið á Kárahnjúkasvæðinu frá því að framkvæmdir hófust?*

Vinnumálastofnun veitir starfsleyfi í umboði félagsmálaráðherra skv. 2. mgr. 4. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hefur hún aðeins upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli tímabundinna atvinnuleyfa. Frá því að framkvæmdir hófust

hefur ítalska fyrirtækinu Impregilo S.p.A. verið veitt 161 leyfi og útibúi Váhostav á Íslandi 45 leyfi. Þá voru veitt leyfi vegna 132 starfsmanna við uppsetningu vinnubúða en þeir eru nú allir farnir.

Samkvæmt upplýsingum Útlendingastofnunar hafa 405 útlendingar af Evrópska efnahagssvæðinu fengið dvalarleyfi til starfa á Kárahnjúkasvæðinu. Bent er á að EES-búar þurfa ekki dvalarleyfi hér á landi nema þeir dvelji lengur en þrjá mánuði. Enn fremur er vakin athygli á því að eftirlit með útlendingum á umræddu svæði heyrir undir lögregluna á Seyðisfirði.

2. *Hversu margir þeirra hófu strax við komu störf á vinnuvélum eða ökutækjum þar sem krafist er meiraprófs eða annarra starfsréttinda án afskipta Vinnueftirlitsins?*

Samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlitsins liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu margir hófu störf við stjórn vinnuvéla að þeim undanskildum sem sóttu um viðurkenningu á vinnuvélaréttindum sínum til Vinnueftirlitsins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir hafa meiraprófsréttindi.

3. *Hversu margir þeirra höfðu tilskilin réttindi er þeir hófu störf á svæðinu og hversu margir hafa tekið próf á vegum Vinnueftirlitsins? Óskað er sundurgreiningar á vinnuvélaprófum og meiraprófum.*

Samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlitsins eru erlendir stjórnendur vinnuvéla 98 talsins, þar af 27 Kínverjar og 71 Portúgali. Tekið skal fram að á Kárahnjúkasvæðinu eru 75 vélar sem krafist er réttinda til að stjórna.

Kínverjarnir skiluðu við komu inn vottorðum um vinnuvélaréttindi sín, þýdd á ensku. Nýi ökuskólinn hélt námskeið fyrir þá og kannaði þekkingu þeirra. Kínverjarnir tóku síðan próf á vegum Vinnueftirlitsins og í kjölfarið fengu þeir innlend skírteini.

Réttindi Portúgalanna voru afgreidd í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 92/51/EBE. Í Portúgal er starfsgreinin ekki lögvernduð og því ekki krafist skírteina til staðfestingar á því að viðkomandi megi stjórna vinnuvél. Krafðist Vinnueftirlitið þess – í samræmi við tilskipunina – að hver umsækjandi legði fram vottorð þar sem fram kemur að hann hafi lagt stund á starfsgreinina í a.m.k. tvö ár á undangengnum tíu árum. Auk þessa tóku þessir starfsmenn verklegt próf þar sem einnig voru lagðar fyrir þá munnlegar spurningar. Um framkvæmd prófsins sáu starfsmenn Vinnueftirlitsins.

4. *Hversu margir hinna erlendu starfsmanna hafa sinnt störfum þar sem krafist er starfsréttinda iðnaðarmanna?*

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun og Impregilo liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu margir erlendir starfsmenn hafa sinnt störfum þar sem krafist er starfsréttinda iðnaðarmanna.

5. *Hversu margir hinna erlendu starfsmanna, sem hafa verið skráðir inn í landið vegna Kárahnjúkaframkvæmdanna, hafa komið hingað sem iðnaðarmenn?*

Impregilo hefur verið veitt leyfi til að ráða 13 iðnaðarmenn (þar af fjóra yfirmenn). Engar upplýsingar liggja fyrir um störf ríkisborgara af Evrópska efnahagssvæðinu.

EES-borgarar sem fá hér dvalarleyfi þurfa ekki atvinnuleyfi og því liggja ekki fyrir upplýsingar um fjölda þeirra. EES-borgarar sem dvelja hér skemur en þrjá mánuði þurfa hvorki dvalar- né atvinnuleyfi.

6. *Hversu margir hinna erlendu iðnaðarmanna höfðu tilskilda starfsmenntun?*
Af framangreindum 13 leyfum vegna iðnaðarmanna voru sjö rafvirkjar sem allir höfðu tilskilda starfsmenntun. Hinir sex starfa í greinum þar sem starfsmenntunar er ekki krafist í heimalandi.

7. *Hversu margir hinna erlendu starfsmanna hafa komið frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins?*
Sjá svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

1741. Breytingartillaga [856. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

B-liður 4. gr. falli brott.

1742. Svar [639. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um sjálfbærni landbúnaðarframleiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslu hér á landi getur flokkast undir sjálfbærni með tilliti til umhverfisvænnar notkunar?

Samkvæmt íslenskri orðabók útgefinni árið 2002 er sá sjálfbær sem er sjálfum sér nægur, sem ekki skaðar aðra.
Í riti umhverfisráðuneytisins „Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi", sem gefið var út árið 2002, kemur fram að sjálfbær þróun hafi verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.
Ekki hefur verið gerð sértæk úttekt á því hve mikill hluti íslensks landbúnaðar getur flokkast undir sjálfbærni með tilliti til umhverfisvænnar notkunar en fullyrða má að atvinnugreinin sé í meginatriðum umhverfisvæn.
Í áðurnefndu riti umhverfisráðuneytisins, „Velferð til framtíðar", segir m.a. um landbúnað:
„Framlag landbúnaðar til sjálfbærrar þróunar er margþætt og ekki einungis bundið við hefðbundna matvælaframleiðslu. Forgangsmál er að tryggja að nýting lands til beitar sé sjálfbær og að landgæði aukist samhliða framtíðarþróun búskaparhátta. Samningur hefur verið undirritaður milli sauðfjárbænda og ríkisvaldsins sem miðar í þá veru. Samdráttur í hefðbundnum búgreinum veldur því að beitarálag hefur minnkað á undanförnum árum en draga þarf enn frekar úr beit á viðkvæmum svæðum. Með friðun lands, beitarstjórnun og upp-

græðsluaðgerðum má skapa forsendur fyrir aukinni nýtingu beitilanda í framtíðinni. Auka þarf þátttöku bænda í landbótaverkefnum. Uppbygging nytjaskógræktar er hluti af þessari þróun. Aukin áhersla á umhverfismál og hreinleika víða um heim getur skapað sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað þar sem mengun af völdum hans og hvers kyns efnanotkun er hverfandi miðað við það sem gerist annars staðar. Tryggja þarf að þessi ímynd hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða hvíli áfram á traustum grunni.“

Veikasti hlekkurinn í sjálfbærni íslensks landbúnaðar hafa verið beitarmálin. Með markvissu samstarfi Landgræðslu ríkisins og fjölda bænda um land allt hefur á síðustu árum orðið mikil breyting til batnaðar í þessu efni og með ákvæðum um gæðastýringu í sauðfjárrækt, sbr. reglugerð nr. 175/2003, eru settar viðmiðunarreglur um mat á ástandi lands og landnýtingu. Stuðningsgreiðslur ríkisins eru að hluta skilyrtar áföngum um endurheimt landgæði á jörðum þar sem aðgerða er þörf í þeim efnum.

1743. Lög [840. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1290.

1744. Lög [790. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1725.

1745. Lög [946. mál]

um breytingu á lögum nr. 41/1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1440.

1746. Lög [442. mál]

um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1733.

1747. Lög [751. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (evrópski einkaleyfasamningurinn o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1734.

1748. Lög [870. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. maí.)

Samhljóða þskj. 1328.

1749. Fyrirspurn [1001. mál]

til menntamálaráðherra um starfsreglur Ríkisútvarpsins.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvaða skriflegu, almennu starfsreglur gilda hjá Ríkisútvarpinu um ráðningu og störf frétta- og dagskrárgerðarmanna og tengsl þeirra við stjórnmálaflokka?
2. Hvenær tóku þær gildi og hvaða reglur giltu áður?

Skriflegt svar óskast.

1750. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Thomas Ekman, yfirmann teymis gegn vændi og verslun með konur innan lögreglunnar í Gautaborg, Petru Östergren, mannfræðing, Helga Gunnlaugsson, félags- og afbrotafræðing, Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd, Björn Þorvaldsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Sigríði Friðjónsdóttur frá embætti ríkissaksóknara, Guðrúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Katrínu Önnu Guðmundsdóttur frá Femínistafélagi Íslands, Guðrúnu Agnarsdóttur frá Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Jónatan Þórmundsson frá Háskóla Íslands, Svölu Ólafsdóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Egil Stephensen og Katrínu Hilmarsdóttur frá lögreglustjóranum í Reykjavík og Brynhildi Flóvenz. Auk þess bárust nefndinni skriflegar umsagnir fjölda aðila.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þar gerð tillaga um að refsiábyrgð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsiverð en vændi sem stundað er til framfærslu verði ekki lengur refsivert. Fjórtán kvennasamtök og stofnanir styðja að kaup á vændi séu gerð refsiverð og að refsiákvæðum fyrir sölu á vændi verði aflétt. Í umsögn ríkissaksóknara er tekið undir þá tillögu sem felst í frumvarpinu að sala á vændi verði refsilaus.

Í núverandi löggjöf skiptir það öllu máli hvort vændi er til framfærslu eða ekki. Það sýnir afstöðu löggjafans til vændis á sínum tíma en hún virðist hafa einkennst af því sjónarmiði að ekki hafi verið talin ástæða til að spyrna við fótum fyrr en fjárhagslegir hagsmunir væru í húfi. Vændi er hins vegar alvarlegt samfélagslegt vandamál þar sem í því felst hagnýting á manneskjunni – mannslíkamanum sem þannig er gerður að söluvöru.

Skilningur löggjafans á vændi sést einna best á því að allt fram til ársins 1992 var ákvæðið um vændi í þeim kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um brot á reglum um framfærslu og atvinnuhætti. Meiri hlutinn telur það óforsvaranlegt að fjalla um verslun með líkama fólks eins og hverja aðra vöru.

Fjöldi umsagna hefur borist nefndinni og hafa umsagnaraðilar bent á margs konar tengsl milli ofbeldis og vændis. Stígamót benda á að um 65–85% þeirra kvenna sem stunda vændi hafi sjálfar áður orðið fyrir kynferðisofbeldi af einhverju tagi. Meiri hlutinn áréttar þá hugmyndafræði sem liggur að baki frumvarpinu, að þeir sem leiðast út í að selja aðgang að líkama sínum geri það af neyð og séu því fórnarlömb aðstæðna sem meðhöndla beri með félagslegum úrræðum frekar en refsiréttarlegum.

Annað gildir um kaup á vændi þar sem kaupandi vændis hefur ætíð val sem seljandi vændis hefur oftast ekki vegna félagslegrar stöðu sinnar eða þvingunar af hálfu þriðja aðila. Ekkert Norðurlandanna nema Ísland hefur ákvæði í löggjöf sinni sem mælir svo fyrir að þeir einstaklingar sem selja aðgang að líkama sínum baki sér refsiábyrgð. Ef aðstæður eru skoðaðar er augljóslega mikill aðstöðumunur milli vændiskaupandans og hins sem selur. Kaupandi er gerandi í því broti þegar líkami er keyptur til afnota fyrir kynlífsathafnir. Með því að gera þátt kaupandans refsiverðan er stigið mikilvægt skref til að minnka eftirspurn eftir vændi sem einnig dregur úr mansali.

Meiri hlutinn telur afar mikilvægt að þáttur þess sem stundar vændi verði gerður refsilaus en þar með aukast líkurnar á að hægt verði að koma höndum yfir milligöngumennina sem hafa eymd annarra að féþúfu. Standi sá sem stundar vændi ekki frammi fyrir ákæru og refsi-

ábyrgð má telja að viðkomandi sé bæði líklegri til að vitna gegn milligöngumanninum og að leita sér hjálpar hjá opinberum aðilum.

Meiri hlutinn fagnar tilkomu þessa frumvarps og telur mikilvægt að löggjafinn lýsi þannig vanþóknun sinni á þeirri háttsemi sem frumvarpið fjallar um. Meiri hlutinn telur þó nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu. Rétt er að taka fram að breytingartillögur meiri hlutans voru álitnar mjög til bóta af sérfræðingum á sviði lögfræði sem komu á fund nefndarinnar.

Lagt er til að í stað orðanna „kynlífsþjónustu af nokkru tagi“ í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi orðið „vændi“. Meiri hlutinn telur hugtakið vændi uppfylla kröfur um skýrleika og nákvæmni refsiheimilda sem orðin „kynlífsþjónusta af nokkru tagi“ gera ekki.

Umsagnir refsiréttarnefndar, lögreglustjórans í Reykjavík, Femínistafélags Íslands, laganefndar Lögmannafélags Íslands og fleiri styðja þetta sjónarmið meiri hlutans.

Skilningur meiri hlutans er að hugtakið „vændi“ feli í sér tvö meginatriði sem bæði þurfa að vera uppfyllt og skulu vera túlkuð rúmt:

1. Tilteknar kynlífsathafnir, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök, eigi sér stað.
2. Greiðslu eða annan ávinning fyrir samræði eða önnur kynferðismök eða loforð um greiðslu. Í þessu tilliti koma ekki einungis til álita beinar peningagreiðslur, heldur og ýmiss konar önnur verðmæti og ígildi peninga, svo sem húsnæði, utanlandsferðir, áfengi, fíkniefni o.fl.

Þá er rétt að taka fram að í umsögn refsiréttarnefndar kemur fram að hugtakið vændi hafi ekki leitt til erfiðleika í réttarframkvæmd.

Jafnframt er lagt til að í stað orðsins „greiðir“ í 1. mgr. 1. gr. komi „lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi“ og er þetta orðalag skýrara. Ef orðin „heitir greiðslu eða öðrum ávinningi“ vantar væri brot ekki fullframið fyrr en sannað væri að greiðsla hefði farið fram.

Meiri hlutinn leggur einnig til að ákvæði um sektarúrræði verði bætt í 1. og 2. mgr. en slíkt verður að teljast sanngjarnt, sérstaklega í ljósi reynslu Svía af sams konar löggjöf en slíkt úrræði er í sænsku löggjöfinni. Meiri hlutinn telur að sektarúrræði geti gert saksókn líklegri en hafa einungis lágmarksrefsingu í 30 daga fangelsi, m.a. í ljósi f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, um niðurfellingu saksóknar.

Einnig getur sektarúrræði komið að notum þegar lögmælt refsilækkunarástæða er til staðar, t.d. skv. 74. gr. almennra hegningarlaga. Í umsögn Femínistafélags Íslands kemur m.a. fram ósk um að sektarúrræði verði bætt við. Sömuleiðis leggur meiri hlutinn til að hámarksrefsing verði eitt ár í stað tveggja ára en í Svíþjóð er hámarksrefsing fyrir sambærilegt brot sex mánuðir.

Þá er lagt til að á eftir orðinu „tekjur“ í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi „eða annan ávinning“. Tekjur skal skýra rúmt í skilningi frumvarpsins og þykir viðbótin renna enn frekari stoðum undir þá túlkun. Breytingin er jafnframt til samræmis við orðalag í 2. mgr. 227. gr. a almennra hegningarlaga. Í ljósi þess að milliganga um vændi í eitt skipti verður refsiverð eftir samþykkt þessa frumvarps telur nefndin rétt að bæta sektarúrræðum við ákvæðið.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til að í stað orðalagsins „stuðla að því að fólk sé flutt úr landi“ komi orðalagið „stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi“. Með orðinu „fólk“ er ekki nægilega skýrt að ákvæðið getur átt við eina manneskju á hvaða aldri sem er. Með orðalaginu „flutt“ í stað þess „að stuðla að því að nokkur maður flytji“ er ákvæðið hugsanlega þrengt of mikið því skilja má það svo að áskilið sé að um nauðungarflutninga eða fylgd sé að ræða.

Lagt er til að orðin „hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“ í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði tekin út og orðið „vændi“ sett í þeirra stað. Annars yrði lagagreinin of víðtæk og erfitt að framfylgja henni. Laganefnd Lögmannafélags Íslands tekur undir breytingartillögurnar við 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins og telur að frumvarpið færi ákvæðið til samræmis við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R 2000/11 frá 19. maí 2000. Svipaðar breytingar eru lagðar til á 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti allsherjarnefndar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 19. maí 2004.

Ágúst Ólafur Ágústsson, frsm.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Jónína Bjartmarz.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	

1751. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BH, JBjart, ISG, SigurjÞ, ÁÓÁ).

1. gr. orðist svo:

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem hefur tekjur eða annan ávinning af milligöngu um vændi annarra skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytjist úr landi eða til landsins í því skyni að stunda vændi, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki hans liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningu, hvatningu eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða öðrum ávinningi eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

1752. Nefndarálit [690. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti, Þorstein Víglundsson frá BM Vallá ehf., Hannes Sigurðsson frá Steypustöðinni, Bjarna Óskar Halldórsson frá Aalborg Portland, Gylfa Þórðarson frá Sementsverksmiðjunni, Eyvind G. Gunnarsson, Gunnar G. Þorsteinsson og Drífu Hjartardóttur frá flutningsjöfnunarsjóði sements og Gunnlaug Kristinsson frá PWC. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sementsverksmiðjunni, flutningsjöfnunarsjóði og BM Vallá ehf.

Með frumvarpinu er lagt til að jöfnun flutningskostnaðar á sementi verði afnumin frá og með 1. júní 2004, flutningsjöfnunarsjóður sements verði lagður niður og lögin felld úr gildi. Við athugun nefndarinnar kom skýrt fram að sjóðurinn hefur starfað samkvæmt markmiðum laganna og skilað hlutverki sínu með ágætum en flutningskostnaður hefur lækkað mikið síðustu ár og er samkeppni meira ríkjandi þáttur í atvinnulífinu en áður og því hafa forsendur breyst.

Tilgangur laganna var að jafna byggingarkostnað og búsetuskilyrði í landinu og var sementskostnaður þar afgerandi þáttur. Sementskostnaður er nú einungis 2–3% af byggingarkostnaði steinsteyptra húsa og skiptir því flutningsjöfnunin mun minna máli en áður. Auk þess færist í vöxt að söluaðilar selji vörur á sama verði á útsölustöðum sínum um land allt. Þannig fer fram verðjöfnun innan fyrirtækja. Þá felur jöfnun flutningskostnaðar á eina tegund byggingarefnis en ekki aðrar í sér mismunun.

Gjaldið er lagt á hvert tonn af seldu sementi og lagt í flutningsjöfnunarsjóð sem greiðir flutningskostnað frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða sem jöfnunin nær til. Upplýst var á fundum nefndarinnar að kerfið hefði virkað sérstaklega hvetjandi á flutning á markaðssvæði höfuðborgarsvæðisins og aukið flutningskostnað sem hafi leitt til hærra verðs á sementi. Breytingarnar munu hvetja til hagræðingar í flutningum og þar með verðlækkunar sem vegur á móti hugsanlegri verðhækkun sements.

Nefndin telur eðlilegt að jafna flutningskostnað og þar með búsetuskilyrði í landinu með almennari aðgerðum og leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján L. Möller, Einar Karl Haraldsson og Björgvin G. Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Sigurjón Þórðarson sat fundinn en stendur ekki að álitinu.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur álitinu.

Alþingi, 12. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Einar Karl Haraldsson, með fyrirvara.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Guðmundur Hallvarðsson.		Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.

1753. Nefndarálit [783. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann og Guðmund B. Helgason frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson, Þórólf Sveinsson og Hrafnkel Karlsson frá Bændasamtökum Íslands, Val Þorvaldsson frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Þór Guðmundsson og Halldór Gunnarsson frá kirkjuráði, Höskuld Sveinsson, framkvæmdastjóra prestssetrasjóðs, Þorvald Karl Helgason frá Biskupsstofu og Sigurð Jónsson og Þórólf Sveinsson.

Umsagnir bárust nefndinni frá Þórshafnarhreppi, Hagstofu Íslands, Skipulagsstofnun, sýslumanninum í Reykjavík, Skógrækt ríkisins, Hrafnkeli Karlssyni, fyrir hönd úttektarmanna, Landsvirkjun, sýslumanninum á Ísafirði, Sýslumannafélagi Íslands, Lánasjóði landbúnaðarins, Búnaðarsambandi Austurlands, Kópavogsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands, Mosfellsbæ, Rangárþingi ytra, Suðurlandsskógum, borgarráði Reykjavíkur, Norðurorku, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Biskupsstofu, Landvernd, Eyjafjarðarsveit, Landgræðslu ríkisins, Landssambandi kúabænda, Þingeyjarsveit og Umhverfisstofnun.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja heildarlög um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land, stuðla að skipulegri nýtingu þess og tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er. Þá er enn fremur ætlunin að færa löggjöf um jarðir fram til nútímans og samræma þeim meginreglum er gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf, en gildandi jarðalög eru að stofni til frá 1976 og nokkuð úrelt.

Nefndin skoðaði sérstaklega ákvæðin um óðalsjarðir sem byggjast á sögulegum grunni og miða að því að auðvelda aðilaskipti og tryggja að jarðir haldist í ábúð. Var um tíma skylt að gera jarðir keyptar af ríkinu að ættaróðulum. Óðalsréttarhugtakið hefur verið skilgreint svo að óðalsjörð verði ekki eign óðalserfingja heldur sé hann einungis vörslumaður þess. Þannig verður jörðin ekki einkaeign einstaks aðila heldur sjálfseignarstofnun í ævarandi umráðum þeirrar ættar er óðalsréttinn hefur að lögum.

Sérstakar reglur gilda um óðalsjarðir og nýtur erfingi óðalsjarðar ákveðinna forréttinda fram yfir aðra erfingja. Hann þarf einungis að greiða lítinn hluta af verðgildi jarðarinnar og fylgifjár hennar, þ.e. sem samsvarar hálfu fasteignamatsverði að frádregnum áhvílandi skuldum, til óðalseiganda og erfingja, svo sem systkina. Hlutur óðalserfingjans er því umtalsvert betri en annarra erfingja, sérstaklega þegar litið er til þess hve verðgildi jarða, framleiðsluréttinda og hlunninda hefur aukist frá því sem áður var. Þá kemur óðalsjörð ekki til skipta við skilnað.

Sem vörslumaður óðals hefur óðalsbóndi jafnframt ákveðnar skyldur, hann getur ekki ráðstafað jörðinni nema til viðtakandi óðalserfingja og ekki selt eða ráðstafað öðrum hluta af henni, svo sem greiðslumarki. Þá gilda mjög strangar reglur um veðsetningar og er ekki heimilt að gera fjárnám í óðalsjörð eða fylgifé hennar eða krefjast nauðungarsölu fyrir öðrum en þeim sem heimilt er að veðsetja jarðirnar fyrir, þ.e. hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Líf-eyrissjóði bænda og Orkusjóði.

Þær forsendur sem áður voru fyrir því að hafa sérákvæði um óðalsjarðir eru ekki fyrir hendi nú á tímum. Upplýst var fyrir nefndinni að óðalsjarðir séu um 90 talsins og að meðferð jarðanna sé ekki fullkomlega í samræmi við ákvæði laganna en meiri hlutinn telur að slíkt sé forsenda fyrir því að jarðir haldi óðalsrétti.

Meiri hlutinn leggur til fjölmargar breytingar á frumvarpinu sem telja verður að samræmist vel markmiðum frumvarpsins um að samræma þær reglur sem gilda um fasteignir í íslenskri löggjöf. Þær helstu eru að leggja til að forkaupsréttarheimildir sveitarstjórna í frumvarpinu falli niður sem og eignarnámsákvæði landbúnaðarráðherra. Þá er lagt til að flest ákvæðin um óðalsjarðir falli brott og lagt til að óðalsböndin falli niður við lát óðalsbónda og maka.

Fyrstu breytingarnar varða skilgreiningar. Lögð er til ný skilgreining á hugtakinu hlunnindi og að skilgreiningu á hugtakinu lögbýli verði breytt þannig að þar sé unnt að stunda landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi, í stað búrekstrar og annarrar atvinnustarfsemi áður. Þá er kirkjujörðum bætt við skilgreiningu á ríkisjörðum þar sem þær eru þekktar í lagamáli, en ekki er ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra. Þá er skilgreiningu eyðijarða breytt og skilgreining netlaga lagfærð til samræmis við vatnalög. Loks er vísað til skipulagslaga varðandi skilgreiningu á þéttbýli.

Lagt til að eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra í 9. gr. frumvarpsins verði felld niður þar sem meiri hlutinn telur ákvæðið of rúmt og of almennt orðað til þess að uppfylla kröfur til eignarnámsheimilda um skýrleika og fyrirsjáanleika. Þá verður að telja að fullnægjandi heimildir séu í stjórnarskrá og skipulags- og byggingarlögum til eignarnáms og því ekki þörf á að hafa sérstakt ákvæði um eignarnám í jarðalögum.

Þá er einnig lagt til að ákvæðið um forkaupsrétt sveitarfélaga verði fellt brott með sömu athugasemdum og eignarnámsheimild landbúnaðarráðherra enda verði ekki séð, að teknu tilliti til hlutverks sveitarfélaga, að þeim sé þörf að vera með svo víðtæka eignarnámsheimild í jarðalögum þar sem fyrir eru heimildir í öðrum lögum, svo sem í skipulags- og byggingarlögum. Þá felur ákvæðið í sér mjög víðtækt inngrip í samningsfrelsið sem ekki verður séð að sé nauðsynlegt nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess.

Meiri hlutinn leggur til að fellt verði brott ákvæði 10. gr. sem skyldar sveitarstjórnir til að skipa sérstakar ráðgefandi landbúnaðarnefndir, með það hlutverk að veita sveitarstjórnum ráðgjöf og umsagnir um einstök málefni, sem komi í stað jarðanefnda sem í mörgum tilvikum störfuðu við hlið sveitarstjórna. Telur meiri hlutinn eðlilegt að sveitarstjórnum sé það í sjálfsvald sett hvernig þeim málum er skipað.

Þá leggur meiri hlutinn til að 11. gr. verði felld brott en í ákvæðinu sem fjallar um eignarrétt að jörðum, öðru landi, fasteignum o.fl. er einungis verið að vísa til gildandi laga á þessu sviði um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Sama gildir um 13. gr. frumvarpsins um greiðslumark sem vísar einungis til gildandi laga á því sviði.

Meiri hlutinn leggur til breytingar á 14. gr. frumvarpsins sem kveður á um að skylt sé að stofna félög um jarðir þegar eigendur eru fleiri en einn. Algengt er að eignaraðild að jörðum sé orðin mjög dreifð og því erfitt að ná til þeirra sem eiga þær. Á það sérstaklega við þegar jarðir eru ekki lengur í ábúð. Þrátt fyrir það telur meiri hlutinn varhugavert að skylda menn til að stofna með sér félag um rekstur jarðar og til aðildar að því en telur þó að það geti verið til einföldunar og hagræðis fyrir eigendur jarða sem og þá sem þurfa að eiga í lögskiptum við þá, svo sem opinbera aðila, sérstaklega varðandi brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Leggur meiri hlutinn því til að ákvæðinu verði breytt þannig að ef eigendur eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili sé þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið. Þinglýsa skal tilkynningu um fyrirsvarsmann á viðkomandi fasteign og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum.

Breytingin sem lögð er til á 15. gr. er til einföldunar og hagræðis þar sem ekki er unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar eiga jarðir enda getur verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra.

Lagt er til að ekki verði lengur skylt að leita umsagnar Bændasamtaka Íslands við lausn jarða úr landbúnaðarnotum, staðfestingu landskipta, sameiningu jarða, niðurfellingu lögbýlisréttar o.fl.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að við sölu ríkisjarða skuli öll jarðefni og réttur til efnistöku undanskilin sölu og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Meiri hlutinn telur að ákvæðið gangi þvert á þær almennu reglur sem gilda við sölu fasteigna og því ekki til þess fallið að færa löggjöf um jarðir nær nútímanum. Meiri hlutinn leggur því til að ráðherra verði heimilt að undanskilja réttindi sem hann telur að séu fyrir hendi á ríkisjörðum við sölu þeirra eins og aðrir seljendur jarða og tilgreini þau þá sérstaklega. Nýtingarréttur er eftir sem áður háður ákvæðum laga á hverjum tíma. Um sölu til ábúenda hafa gilt þær reglur að réttindi sem þessi eru undanskilin og hefur söluverð endurspeglað það. Meiri hlutinn telur, að teknu tilliti til jafnræðissjónarmiða, að ábúendum eigi að vera heimilt að kaupa þessi réttindi en þá eigi jafnframt að gilda almennar reglur um verðmat sem gilda um sölu á eignum ríkisins.

Á allmörgum ríkisjörðum hafa einstaklingum eða félagasamtökum verið leigðar lóðir eða landspildur til að reisa sumarbústaði eða orlofshús. Margir þessara aðila hafa lagt í verulegar framkvæmdir og ræktun landsins sem þeir fengu að leigu. Með hliðsjón af jafnræðisreglu og sanngirnissjónarmiðum þykir rétt að heimila sölu jarða eða jarðahluta í eigu ríkisins til annarra lögaðila en þeirra sem kveðið er á um í 41. og 42. gr. enda hafi slíkir aðilar áunnið sér hefðarrétt og skapað lögmæta hagsmuni á viðkomandi landi með verulegum ræktunarframkvæmdum og umbótum á landinu sem þeir hafa haft á leigu af ríkinu. Óeðlilegt þykir að slíkir leiguaðilar séu útilokaðir frá því að eignast leigulandið en verða e.t.v. síðar háðir almennu útboði og samkeppni um verðmæti á landi sem þeir hafa sjálfir átt verulegan þátt í að mynda. Þess þarf þó að gæta að ekki sé gengið á rétt annarra sem hagsmuni eiga á sömu jörð.

Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu á 44. gr. að ekki þurfi að auglýsa einstakar ríkisjarðir eða jarðahluta vegna sölu til annarra einstaklinga eða lögaðila en kveðið er á um í 41. og 42. gr. hafi þeir haft landið á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á þeim og þannig aukið verðmæti landsins umtalsvert. Um ákvörðun á söluverði fer eftir almennum reglum sem gilda um sölu á eignum ríkisins.

Upplýst var fyrir nefndinni að væntanlega yrði sett á stofn samstarfsnefnd milli viðeigandi ráðuneyta sem leitað yrði til við mat á því hvaða ríkisjarðir ætti ekki að selja, þ.e. sem ráðstafa þarf til opinberra nota eða nauðsynlegt er að ráðstafa með tilliti til almannahagsmuna. Telur meiri hlutinn rétt að huga að því sem fyrst og sérstaklega með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til á frumvarpinu varðandi sölu ríkisjarða.

Lagt er til að frá gildistöku laganna verði ekki heimilt að stofna nýjar óðalsjarðir og að óðalsböndin falli niður við andlát núverandi óðalsbónda og maka. Ákvæðin um veðsetningar eru óbreyttar meðan jörð er óðalsjörð og reglur um skipti ef til skilnaðar kemur. Unnt verður sem áður að leysa jarðir úr óðalsböndum og gilda þá sömu reglur um þær og aðrar fasteignir. Þá telur meiri hlutinn rétt að óðalsböndin falli niður ef ekki er farið eftir þeim reglum sem um jarðirnar gilda. Loks er lagt til að við lát óðalsbónda og maka falli óðalsböndin niður og að jarðirnar erfist samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

Að síðustu er lagt til að bætt verði við bráðabirgðaákvæði um að þær jarðir sem skráðar voru í jarðaskrá 1. desember 2003 skuli teljast lögbýli þó að þær uppfylli ekki þá skilgreiningu sem meiri hlutinn leggur til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Brynja Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 18. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Ásgeir Friðgeirsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Þórarinn E. Sveinsson.

Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1754. Breytingartillögur [783. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, EKG, ÁF, SAÞ, ÞES, AKG).

1. Við 2. gr.
   a. Skilgreiningar hugtakanna eyðijörð, lögbýli, netlög, ríkisjarðir og þéttbýli orðist svo:
   Eyðijörð merkir í lögum þessum jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð.

Lögbýli merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Lögbýli teljast enn fremur jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbýli, sbr. 16.–22. gr.

Netlög merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Ríkisjarðir eru jarðir í eigu ríkisins, opinberra stofnana og opinberra sjóða og kirkjujarðir.

Þéttbýli er það svæði sem fellur undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt skipulagslögum.

b. Á eftir skilgreiningu hugtaksins greiðslumark komi ný skilgreining sem orðist svo:

Hlunnindi merkja í lögum þessum hvers konar auðlindir, nytjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.

2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „veðbókarvottorði“ í 2. mgr. komi: þinglýsingarvottorði.
   b. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
3. 7. gr. falli brott.
4. 9. gr. falli brott.
5. 10. gr. falli brott.
6. 11. gr. falli brott.
7. 13. gr. falli brott.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Fyrirsvar jarða í sameign o.fl.

Ef eigendur jarðar eða annars lands sem lög þessi gilda um eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar eða lögaðili er þeim skylt að tilnefna fyrirsvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðarinnar við úrlausn mála sem lúta að réttindum og skyldum eigenda, taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar, minni háttar viðhald og viðgerðir, svo og bráðnauðsynlegar og brýnar ráðstafanir sem ekki þola bið.

Fyrirsvarsmenn skal tilkynna til sýslumanns er þinglýsi þeirri tilkynningu á viðkomandi fasteign, svo og tilkynningum um breytingar á fyrirsvarsmönnum.

9. Við 15. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það gildir ekki um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir.
   b. 2. mgr. falli brott.
10. Í stað orðanna „en er heimilt“ í 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. komi: Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt.
11. Heiti III. kafla verði: **Aðilaskipti að jörðum, öðru landi o.fl.**
12. Við 18. gr.
    a. Í stað orðsins „veðbókarvottorð“ í 1. mgr. komi: þinglýsingarvottorð.
    b. 2. mgr. falli brott.
13. Við 20. gr.
    a. Í stað orðsins „veðbókarvottorð“ í 1. mgr. komi: þinglýsingarvottorð.
    b. 3. mgr. falli brott.

14. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
    Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að stofna ný lögbýli til starfsemi á sviði landbúnaðar eða annarra atvinnugreina ef uppfyllt eru skilyrði 2. gr. um skilgreiningu á lögbýli.
15. Við 22. gr.
    a. Í stað orðsins „veðbókarvottorð“ komi: þinglýsingarvottorð.
    b. Orðin „eða annars aðila með sérþekkingu á þeim atvinnurekstri sem fyrirhugað er að stunda á lögbýlinu“ falli brott.
16. Í stað orðanna „og Bændasamtaka Íslands skv. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. 28. gr. komi: um niðurfellingu lögbýlisréttar.
17. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „skv. 21. gr.“ í 1. mgr. komi: á sviði landbúnaðar eins og hann er skilgreindur í 2. gr.
    b. 2. mgr. orðist svo:
       Aðilar félagsbús skulu gera með sér skriflegan félagsbússamning þar sem getið sé stofnframlaga aðilanna, skiptingar tekna búsins, ákvarðanatöku um málefni þess og hvernig slitum félagsbúsins skuli háttað.
18. Orðin „Bændasamtaka Íslands og“ í 3. mgr. 31. gr. falli brott.
19. 32. gr. falli brott.
20. Orðin „á undan sveitarstjórn“ í 1. mgr. 33. gr. falli brott.
21. Orðin „32. gr. og“ í 34.–36. gr. falli brott.
22. Í stað orðanna „innan fjögurra vikna“ í 3. mgr. 36. gr. komi: innan sex vikna.
23. Á eftir orðinu „fasteignaréttindum“ í 2. tölul. 1. mgr. 37. gr. komi: í eigu ríkisins.
24. Við 44. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um sölu á ríkisjörðum og jarðahlutum til annarra einstaklinga eða lögaðila en kveðið er á um í 35. og 36. gr. hafi þeir haft landið á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á þeim og þannig aukið verðmæti landsins umtalsvert.
25. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
    Við sölu ríkisjarða er landbúnaðarráðherra heimilt að undanskilja jarðefni, rétt til efnistöku umfram búsþarfir og einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi.
26. Orðin „á undan sveitarstjórn“ í 1. mgr. 47. gr. falli brott.
27. Við 48. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Bann við stofnun nýrra ættaróðala og ráðstöfun ættaróðals eftir andlát óðalseiganda.

    Ákvæði þessa kafla gilda um jarðir sem við gildistöku þessara laga eru skráðar sem ættaróðul samkvæmt þinglýstri yfirlýsingu þess efnis.
    Óheimilt er að stofna ný ættaróðul eftir gildistöku þessara laga.
    Við andlát núverandi óðalseiganda skal ættaróðalið falla úr óðalsböndum og jörðin erfast í samræmi við ákvæði erfðalaga. Maki óðalseiganda tekur við réttindum og skyldum óðalseiganda við andlát hans en við andlát makans erfist ættaróðalið með þeim hætti sem tilgreint er í 1. málsl.
    Um ættaróðul eftir gildistöku þessara laga gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á þar til þau falla úr óðalsböndum, sbr. 3. mgr. og 51. og 52. gr.
28. 1. mgr. 49. gr. falli brott.
29. 56.–58. gr. falla brott.

30. Við 59. gr.
    a. 1. mgr. falli brott.
    b. Fyrirsögnin orðist svo: *Skilnaður óðalseiganda.*
31. 60.–66. gr. falli brott.
32. Orðin „sveitarstjórn og“ í 67. gr. falli brott.
33. Í stað orðanna „með samþykki sveitarstjórnar“ í 68. gr. komi: að fenginni umsögn sveitarstjórnar.
34. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Allar jarðir sem skráðar voru í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003 skulu teljast lögbýli eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort þær uppfylla skilyrði 2. gr. um skilgreiningu á hugtakinu lögbýli.

1755. Nefndarálit [782. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Norðmann og Guðmund B. Helgason frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson og Þórólf Sveinsson frá Bændasamtökum Íslands, Hrafnkel Karlsson úttektarmann, Val Þorvaldsson frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Þór Guðmundsson og Halldór Gunnarsson frá kirkjuráði, Höskuld Sveinsson frá prestssetrasjóði, Þorvald Karl Helgason frá Biskupsstofu og Sigurð Jónsson og Þórólf Sveinsson.

Umsagnir bárust nefndinni frá Þórshafnarhreppi, Hagstofu Íslands, Skipulagsstofnun, sýslumanninum í Reykjavík, Skógrækt ríkisins, Hrafnkeli Karlssyni fyrir hönd úttektarmanna, Landsvirkjun, sýslumanninum á Ísafirði, Sýslumannafélagi Íslands, Lánasjóði landbúnaðarins, Búnaðarsambandi Austurlands, Kópavogsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Bændasamtökum Íslands, Mosfellsbæ, Rangárþingi ytra, Suðurlandsskógum, borgarráði Reykjavíkur, Norðurorku, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Biskupsstofu, Landvernd, Eyjafjarðarsveit, Landgræðslu ríkisins, Landssambandi kúabænda, Þingeyjarsveit og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu er stefnt að því að færa löggjöf um jarðir í nútímahorf og að samræma eignarrétt og umsýslu jarða eins og unnt er þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem hann telur samræmast vel markmiðum frumvarpsins en ganga lengra í frjálsræðisátt. Of miklar hömlur á samningsfrelsi einstaklinga, sem er meginregla í íslenskum rétti, geta komið í veg fyrir að jarðir séu nýttar eins og hægt er. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á 10. gr. frumvarpsins þess efnis að jarðeigendum og ábúendum verði í sjálfsvald sett hvernig þeir semja sín á milli um nýtingu á jörð eða réttindum sem henni fylgja. Þannig geti eigandi undanskilið leigunni ákveðin réttindi, svo sem réttindi til beitar, veiði eða nýtingar æðardúns. Telur meiri hlutinn að sú tilhögun auki líkur á því að sem flestar jarðir haldist í ábúð og séu þá nýttar eins og kostur er. Jarðeigandi getur haft sérþekkingu þá sem þarf til þess að nýta einhver hlunnindi en ábúandi ekki

og þess vegna þykir rétt að þeir geti samið sín á milli um nýtingu einstakra réttinda. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að með þessu er ekki verið að undanskilja réttindi frá jörð heldur er einungis samið um nýtingu á þeim.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að verða á raforkumálum leggur meiri hlutinn til að ábúendum verði heimilt að nýta rafmagn allt að tveimur megavöttum umfram búsþarfir og selja inn á raforkukerfið.

Lögð er til sú breyting á 12. gr. að ábúandi þurfi ekki að eiga lögheimili á ábúðarjörð en að honum sé skylt að hafa þar fasta búsetu. Það er talið nauðsynlegt þar sem með ábúð undirgengst ábúandi bæði réttindi og skyldur sem ábúðinni fylgja og fær ákveðin réttindi til hagnýtingar frá eiganda jarðarinnar.

Lögð er til sú breyting á 41. gr. að út falli ákvæði um gildandi skipulagsforsendur þegar úttektarmenn skulu meta eignir og endurbætur ábúanda. Þá er lagt til að ábúendum verði heimilt að kaupa réttindi, svo sem til efnistöku, nýtingar o.fl., sem hafa verið undanskilin samkvæmt gildandi lögum en að um þau gildi þá almennar reglur um verðmat á eignum ríkisins.

Þá er lagt til að frestur úttektarmanna til að skila niðurstöðum verði lengdur í sex vikur en bent hefur verið á að fjórar vikur séu of stuttur tími. Verði fresturinn lengri, t.d. vegna óviðráðanlegra ástæðna, ber úttektarmönnum að tilkynna málsaðilum slíka töf og ástæður fyrir henni.

Þá eru gerðar tillögur um nokkrar lagfæringar á orðalagi.

Meiri hlutinn telur að athuga þurfi hvort rétt sé að leggja til breytingar á gildandi lögum um skipun og fjölda úttektarmanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Brynja Magnúsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 18. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.
Ásgeir Friðgeirsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Þórarinn E. Sveinsson.

Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1756. Breytingartillögur [782. mál]

við frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, MS, EKG, ÁF, SAÞ, ÞES, AKG).

1. Í stað orðanna „tímabundinn eða til lífstíðar“ í 5. gr. komi: tímabundinn, til lífstíðar eða gengið í erfðir (erfðaábúð).
2. Lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. orðist svo: Heldur jarðareigandi einu eintaki en ábúandi tveimur sem hann skal þinglýsa.

3. Á eftir orðunum „jörðinni fylgja“ í lokamálslið 10. gr. komi: nema um annað hafi verið samið.
4. Í stað 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ábúandi á þó rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. gróðurhúsum til eigin atvinnurekstrar. Enn fremur hefur ábúandi rétt til sölu rafmagns inn á viðkomandi dreifikerfi, allt að 2 MW. Þá á ábúandi rétt á byggingarefni til búsþarfa.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er ábúanda að hafa fasta búsetu á ábúðarjörð sinni. Honum er skylt að stunda þar landbúnað nema sveitarstjórn og jarðareigandi samþykki annað.
6. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk ef sambúðin er skráð hjá Hagstofu Íslands, ef það á sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur varað í a.m.k. eitt ár eða ef það hefur átt barn saman eða á von á barni.
7. Orðin „nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstaka heimild þess efnis“ í 1. mgr. 29. gr. falli brott.
8. Við 32. gr.
   a. Inngangsmálsliður orðist svo: Réttur til ábúðar á jörðum samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. hús og mannvirki á jörðinni sem viðkomandi ætt á, erfist sem hér segir.
   b. Í stað orðsins „forráðamenn“ í 4. tölul. komi: forsjármenn.
   c. Í stað orðanna „enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann lést“ í 8. tölul. komi: enda eigi hann ekki kjörbarn.
   d. Orðin „sem hefur áður leitað umsagnar landbúnaðarnefndar sveitarfélags“ í 9. tölul. falli brott.
9. Orðin „að fenginni umsögn sveitarstjórnar“ og „einnig“ í 1. mgr. 37. gr. falli brott.
10. Orðin „gildandi skipulagsforsendur og“ í 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. falli brott.
11. Við 42. gr.
   a. Í stað orðanna „fjórum vikum“ komi: sex vikum.
   b. Á eftir orðunum „vettvangsskoðun lauk“ komi: nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því. Tilkynna skal málsaðilum slíka töf og ástæður fyrir henni.

1757. Breytingartillögur [747. mál]

við frv. til l. um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að jafna kostnað við dreifingu raforku til almennra notenda svo að munur á orkuverði haldist ætíð innan hóflegra marka og landsmenn allir fái notið góðs af sameiginlegum orkulindum þjóðarinnar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á hverju gjaldskrársvæði skal vera samræmd gjaldskrá fyrir alla notendur. Ef heimiluð verður sérstök gjaldskrá fyrir þau dreifbýlissvæði sem sannanlega eru dýrari en gjaldskrá þéttbýlis verður það einungis gert að fenginni heimild Orkustofnunar í

samræmi við 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Greiða skal niður, með útdeilingu á jöfnunargjaldi, kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Til að fjármagna jöfnunargjald, sbr. 1. mgr., skal leggja á orkuframleiðendur sérstakt grunngjald sem samsvarar upphæð árlegs reiknaðs jöfnunargjalds ásamt tilsvarandi eftirlitskostnaði Orkustofnunar og reiknast sem álag á hverja selda orkueiningu sem framleidd er í landinu og fer til flutnings um flutningskerfi Landsnets. Skal framleidd orka sem kann að vera flutt beint frá orkuveri til stóriðju með línu sem stendur utan flutningskerfis Landsnets einnig teljast með í útreikningum á upphæð grunngjaldsins. Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda í kr./kWst sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarka skal gæta að þau verði aldrei hærri en meðaltal þeirra tveggja gjaldskráa dreifiveitna sem hæstar eru að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum. Þeirri fjárhæð sem fengin er með árlegu grunngjaldi á orkuframleiðendur skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun. Um upplýsingaskyldu Orkustofnunar vegna framkvæmdar laganna gilda ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalög.

Dreifiveitum ber að veita Orkustofnun sundurgreindar upplýsingar um kostnað við dreifingu á gjaldskrársvæði þegar stofnunin fer fram á slíkt. Dreifiveitum ber að veita hagsmunaaðilum, svo sem fulltrúa neytenda og stéttarfélaga, sundurgreindar upplýsingar um kostnað við dreifingu á gjaldskrársvæði, enda fylgi slíkri beiðni málefnalegur rökstuðningur.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við eftirlit samkvæmt lögum þessum og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af álögðu grunngjaldi, sbr. 3. gr.

4. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í framhaldi af setningu laga þessara skal iðnaðarráðherra leita eftir samkomulagi við alla orkuframleiðendur í landinu sem framleiða orku sem flutt er og seld utanaðkomandi aðila og skyldir eru til greiðslu grunngjalds skv. 3. gr. Heimilt er að taka tillit til þess ef orkuframleiðandi er bundinn af samningum um afhendingu orku á föstu verði og ekki næst samkomulag um breytingar á samningnum til hækkunar í samræmi við grunngjaldið innan gildistíma samningsins. Skal ráðherra þá meta hvort afkoma viðkomandi orkufyrirtækis leyfi að það beri grunngjald af þessum hluta framleiðslunnar engu að síður. Nú hefur einörð viðleitni orkufyrirtækis til að fá gildandi samningum breytt til hækkunar vegna greiðslu grunngjalds ekki borið árangur og ráðherra metur það svo að afkoma fyrirtækisins leyfi ekki að það beri gjaldið, og er honum þá heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður þar til samningar hafa verið endurnýjaðir en við endurnýjun allra samninga er fyrirtækjum skylt að gera ráð fyrir greiðslu grunngjalds. Það sem vantar upp á að tekjur af innheimtu grunngjalds samsvari heildarfjárhæð jöfnunargjalds, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal greiða úr ríkissjóði uns allir orkuframleiðendur greiða sitt grunngjald að fullu.

Greinargerð.

Tillögur þessar eru hluti breytingartillagna sem flutningsmaður flytur við tengd frumvörp sem öll eru hluti af lagalegum ráðstöfunum vegna upptöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir raforku. Megintillaga flutningsmanns er að öllum frekari aðgerðum í átt til markaðsvæðingar íslenska raforkukerfisins verði slegið á frest og stjórnvöldum falið að leita eftir viðræðum við Evrópusambandið um varanlega undanþágu Íslendingum til handa. Tillaga um það er flutt sem breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til við frumvarp um aðgerðir til að jafna kostnað við dreifingu raforku gera ráð fyrir því að allir orkuframleiðendur í landinu greiði grunngjald sem standi undir jöfnuninni. Jöfnunin sé með öðrum orðum innan kerfisins og allir, einnig framleiðendur orku fyrir stóriðju, taki þátt í henni. Slíku fyrirkomulagi kann að reynast nauðsynlegt að koma á í áföngum vegna gildandi samninga en þess ber þó að geta að ef allir eru þátttakendur í greiðslu gjaldsins er um mjög lágar tölur að ræða, 2–3 aura á kWst. Líta má á gjaldið sem einhvers konar lágmarksaðstöðu- eða auðlindagjald þeirra aðila sem hagnýta sameiginlegar orkulindir þjóðarinnar.

1758. Frumvarp til laga [1002. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (rof á reynslulausn).

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 41. laganna kemur: maður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 5. mgr. kemur: maður.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur 6 ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl.
c. Í stað orðsins „aðili“ tvívegis í 2. og 3. mgr. kemur: maður; og: hann.
d. Í stað orðanna „sbr. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 1.–3. mgr.
e. Í stað orðsins „aðila“ í 4. mgr. kemur: mann.
f. Í stað orðanna „sbr. 2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: sbr. 2. og 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I. Tilefni frumvarpsins.

1. Almennt.

Megintilgangur frumvarpsins er að gera hið almenna skilyrði reynslulausnar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, virkara réttarúrræði með því að tryggja að fyrir hendi sé í lögum skjótvirkt og skilvirkt úrræði til að leita úrskurðar dómara um að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, verði látinn afplána eftirstöðvar refsingar þegar í stað hafi hann gróflega rofið hið almenna skilyrði reynslulausnar um að fremja ekki nýtt brot á reynslutíma. Um tilefni frumvarpsins vísast nánar til kafla I.2. Frumvarp þetta er byggt á drögum sem þeir Jónatan Þórmundsson prófessor og Róbert R. Spanó lektor voru fengnir til að semja.

2. Þróun reynslulausnar í íslenskum rétti.

Ákvæði um reynslulausn refsifanga voru fyrst lögfest í almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 40.–42. gr. Fram að því hafði það tíðkast í framkvæmd að nokkur hluti refsingar væri felldur niður með náðun en með hinum nýju ákvæðum var ætlast til að reynslulausn kæmi í stað náðunar í slíkum tilvikum. Skilyrði laganna reyndust fljótlega of þröng svo að náðunarformið var enn um langt skeið notað til þess að veita refsiföngum skilorðsbundna eftirgjöf refsingar að hluta.

Þáttaskil urðu í framkvæmd refsinga eftir breytingar á reynslulausnarreglunum með lögum nr. 16/1976. Reglurnar urðu þar með sveigjanlegri en jafnframt voru lögfest ítarleg ákvæði um skilorðsrof og afleiðingar þeirra. Eldri ákvæði um það efni voru mjög ófullkomin og úrelt orðin. Með lögum nr. 16/1976 var það nýmæli lögfest sem aðalregla að dómstólar skyldu fjalla um rof á almennu skilyrði reynslulausnar með nýju afbroti dómþola á reynslutímanum. Dómstóll, sem fengi til meðferðar mál út af nýju afbroti, skyldi þá ákveða refsingu í einu lagi eins og um brotasamsteypu væri að ræða, sbr. 77. gr. hegningarlaga. Frá þessari aðalreglu var í lögunum gerð ein mikilvæg undantekning, þ.e. ef hið nýja afbrot á reynslutímanum var talið „ótvírætt brot á alm. hegningarlögum“. Þá var fangelsisyfirvöldum heimilt að breyta skilyrðum eða, eftir atvikum, að ákveða afplánun eftirstöðva án atbeina dómstóla. Um hið nýja brot yrði síðan fjallað í sjálfstæðu refsimáli. Með ótvíræðu broti var hér átt við að dómþoli hefði játað hið nýja afbrot eða óyggjandi gögn bentu að öðru leyti til þess að hann hefði framið brotið svo sem ef hann var staðinn að verki. Með þessu var hvort tveggja talið unnið, að betur mætti tryggja öryggi borgaranna án þess að réttaröryggi dómþola væri skert.

Með lögum nr. 24/1999 voru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum hegningarlaga um reynslulausn og rof á skilyrðum hennar. Með lögunum voru reglurnar færðar í þann búning sem þær eru í nú. Ein meginbreytingin á eldri reglum og sú sem mestu máli skiptir í tengslum við þetta frumvarp var afnám undantekningarreglu um afplánun eftirstöðva fangelsisrefsingar þegar framið hafði verið ótvírætt brot á hegningarlögum meðan á reynslutíma stóð. Af þessum breytingum leiddi að aðalregla 1. mgr. 42. gr. gilti eftir það um hvers konar ný brot á reynslutíma án tillits til þess hvort unnt væri að beita gæsluvarðhaldi eða öðrum úrræðum til varnar því að dómþoli héldi áfram að brjóta af sér. Þessi tiltekna lagabreyting var gerð í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis fimm árum áður (sjá skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1995, bls. 97).

Mál þetta varðaði kvörtun refsifanga yfir ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins og staðfestingu þeirrar ákvörðunar með úrskurði dómsmálaráðuneytis um að fella niður reynslulausn vegna skilorðsrofa fangans með broti á hegningarlögum og gera honum að afplána eftirstöðvar refsingarinnar. Umboðsmaður Alþingis taldi það ekki fá samrýmst 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að stjórnvöld lýstu því yfir að fanginn hefði gerst sekur um ótvírætt hegningarlagabrot sem þá hafði ekki gengið dómur um. Í ákvæði 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans segir: „Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.“ Hins vegar tók umboðsmaður fram að mannréttindasáttmálinn útilokaði ekki að í þessu efni væri byggt á því að rökstuddur grunur lægi fyrir um refsivert brot. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dómsmálaráðuneytis að það beitti sér fyrir því að rökstuðningur í málum þessum samrýmdist 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994, og tæki til athugunar hvaða lagabreytingar væru nauðsynlegar í því sambandi.

Framangreind ummæli í áliti umboðsmanns Alþingis gáfu ein og sér vart tilefni til svo víðtækrar breytingar sem gerð var í þessu efni með lögum nr. 24/1999 enda virðist sem önnur sjónarmið hafi þar einnig verið höfð í huga. Það liggur t.d. ekki í orðum umboðsmanns að óhjákvæmilegt hafi verið að leita atbeina dómstóla að ákvörðun um afplánun eftirstöðva refsingar út af rökstuddum grun um alvarlegt brot refsifanga á reynslulausnartíma. Til þess að taka af öll tvímæli er í frumvarpi þessu lagt til að dómstólum sé fengið það hlutverk að taka ákvörðun um niðurfellingu reynslulausnar þegar svo stendur á sem hér segir en með öðrum og skjótvirkari hætti en lýst er í 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga. Þá hafa nýleg tilvik úr réttarframkvæmd gefið til kynna að þörf er á því að mæla fyrir um slíkt úrræði.

II. Efni frumvarpsins.

1. Skilyrði dómsúrskurðar um afplánun eftirstöðva refsingar.

1.1. Almennt.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af reglum danskra og norskra laga um rof á almennu skilyrði reynslulausnar. Þó hefur verið leitast við að móta reglu sem tekur mið af núgildandi ákvæðum almennra hegningarlaga um reynslulausnir og því lagt til grundvallar að viðhalda eigi þeirri meginreglu núgildandi 1. mgr. 42. gr. laganna að fremji maður, sem hlotið hefur reynslulausn, nýtt brot á reynslutíma verði refsing sú sem eftir stendur samkvæmt eldri dómi virt með sama hætti og skilorðsdómur, sbr. 60. og 77. gr. laganna. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að ákærandi geti að uppfylltum tilteknum skilyrðum krafist úrskurðar dómara um að maður verði látinn afplána eftirstöðvar refsingar þegar í stað enda verði talið að um gróft rof á almennu skilyrði reynslulausnar sé að ræða og að sterkur grunur liggi fyrir um að hið nýja brot geti varðað 6 ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. laganna.

Frumvarpið gerir samkvæmt þessu ráð fyrir því að nýmæli b-liðar 2. gr. feli í sér undantekningu frá meginreglu núgildandi 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga. Í ljósi þessa er lagt til að hún komi inn í texta laganna sem ný 2. mgr. 42. gr. á eftir meginreglu 1. mgr., sbr. orðalagið „getur dómstóll þó“. Efnisákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir ströngum skilyrðum fyrir því að heimilt sé að úrskurða að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli sæta afplánun að nýju. Er þá horft til þess að eðli máls samkvæmt liggur ekki fyrir endanleg niðurstaða um hvort gefin verði út ákæra vegna hins nýja brots og þá hvort viðkomandi verði dæmdur sekur eða sýknaður. Þá hefur hér verið talið rökrétt og eðlilegt vegna réttaröryggis þess sem í hlut á að sett séu ströng skilyrði fyrir því að úrskurða mann á reynslutíma í afplánun við þessar aðstæður.

Við val á þeirri leið sem farin er í b-lið 2. gr. frumvarpsins hefur einnig verið horft til þess að heimildir stjórnvalda eða dómstóla til að láta mann afplána eftirstöðvar refsingar vegna nýs brots á reynslutíma, afplánun sem eðli máls samkvæmt felur í sér frelsissviptingu, styðjast við a-lið 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. til hliðsjónar eftirfarandi forsendur úr áliti umboðsmanns Alþingis frá 9. ágúst 1995 í máli nr. 1189/1994:

> Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verður maður hnepptur í fangelsi, hafi hann verið sakfelldur af til þess bærum dómstóli. Þessi fyrirmæli eiga yfirleitt einnig við um afplánun, sem ákveðin er á grundvelli rofs á skilorði reynslulausnar. Fangelsun réttlætist hér eftir sem áður af refsidómi þeim, sem fangi hafði byrjað að afplána, þegar reynslulausn var veitt. Í úrlausnum mannréttindanefndar Evrópu og mannréttindadómstóls Evrópu hefur þess þó verið krafist, að jafnan sé nægilegt samhengi milli refsidóms og frelsissviptingar í þeim skilningi, að frelsissviptingin sé afleiðing sakfellingar samkvæmt dóminum og byggist á henni (sjá t.d. dóm í máli Weeks frá 2. mars 1987, Series A nr. 114, bls. 23, grein 42). [...]

Við samningu frumvarpsins hefur þannig verið á því byggt að ekki sé rökrétt að leggja til grundvallar þá leið sem farin er í 763. gr. dönsku réttarfarslaganna, þ.e. að heimilt sé að krefjast dómsúrskurðar um að maður sem grunaður er um brot á reynslutíma verði settur í *gæsluvarðhald* að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Ástæðan er sú að veiti lög heimild til að bregðast við brotum manns á reynslutíma er rétt að slík lagaregla, sbr. tilvitnaðar forsendur úr áliti umboðsmanns Alþingis frá 1995, endurspegli með skýrum hætti að ákvörðunin um viðbrögð við hinu nýja broti og afleiðingar hennar tekur fyrst og fremst mið af réttaráhrifum eldri refsidóms sem liggur til grundvallar þeirri reynslulausn sem viðkomandi maður hefur hlotið. Með því að fremja nýtt brot á reynslutíma hafi maður þannig rofið grundvallarskilyrði fyrir þeirri reynslulausn sem stjórnvöld hafa veitt honum. Það sé því órökrétt að vista mann í gæsluvarðhaldi undir slíkum kringumstæðum enda endurspegli slíkt úrræði ekki með viðhlítandi hætti að hann hafi rofið almennt skilyrði reynslulausnar, sem hann hefur hlotið vegna óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar samkvæmt eldri refsidómi, heldur gegnir gæsluvarðhald umfram allt tímabundnu rannsóknar- og forvarnarhlutverki.

Samkvæmt b-lið 2. gr. frumvarpsins þurfa þrjú efnisskilyrði að vera uppfyllt svo að hægt sé að úrskurða mann til að afplána eftirstöðvar refsingar af eldri refsidómi. Í fyrsta lagi þarf að vera um að ræða gróft rof á almennu skilyrði reynslulausnar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. laganna. Í öðru lagi þarf að liggja fyrir sterkur grunur um að hið nýja brot hafi verið framið. Í þriðja lagi þarf hið nýja brot að geta varðað 6 ára fangelsi eða að falla undir 1. mgr. 218. gr. laganna. Verður nú fjallað um hvert skilyrði fyrir sig.

1.2. Gróft rof á almennu skilyrði reynslulausnar.

Orðalagið „rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar“ gefur til kynna að gert sé ráð fyrir því að aðeins eigi að úrskurða mann til að afplána eftirstöðvar refsingar þegar í stað þegar sýnt þykir að hann hafi á reynslutíma framið brot af ásetningi og að það teljist samkvæmt almennum mælikvarða alvarlegt. Þótt smávægilegt brot varði við refsiákvæði sem gerir ráð fyrir 6 ára fangelsi eða hærri fangelsisrefsingu nægir það ekki til þess að heimild b-liðar 2. gr. frumvarpsins verði virk. Krafan um tiltekinn grófleika brots fer því að þessu leyti nokkuð saman við það skilyrði að brot geti varðað 6 ára fangelsi eða að um meiri háttar líkamsmeiðingar sé að ræða sem falli undir 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga. Heimild sú sem

fram kemur í b-lið 2. gr. frumvarpsins á að beita af varkárni enda lagt til að hér sé um að ræða undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 42. gr.

1.3. Sterkur grunur.

Það er skilyrði fyrir því að heimilt sé að úrskurða mann á reynslulausn til að sæta afplánun eftirstöðva refsingar að *sterkur grunur* liggi fyrir um að hann hafi framið brot sem uppfyllir að öðru leyti efnisskilyrði b-liðar 2. gr. frumvarpsins. Ljóst er að skilyrðið um sterkan grun, sem er að þessu leyti sama eðlis og samhljóða skilyrði sem fram kemur í 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, leiðir til þess að almennt verður ekki fullnægt skilyrðum til dómsúrskurðar um afplánun eftirstöðva refsingar nema viðkomandi hafi játað það nýja brot sem um ræðir. Ekki er þó í frumvarpinu lagt til að játning sé skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis en með skilyrðinu um sterkan grun eru þó gerðar kröfur um að fyrir liggi óyggjandi gögn sem benda til þess að maður hafi á reynslutíma framið nýtt brot. Rétt er að leggja á það áherslu að með orðalaginu *sterkur grunur* er girt fyrir að einungis *rökstuddur grunur* um nýtt brot nægi til þess að láta mann afplána eftirstöðvar refsingar á grundvelli reglu b-liðar 2. gr. frumvarpsins. Um inntak skilyrðisins um sterkan grun má hafa nokkra hliðsjón af dómaframkvæmd og viðhorfum fræðimanna um samhljóða skilyrði í áðurnefndri 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála.

1.4. Brot getur varðað 6 ára fangelsi eða fellur undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt b-lið 2. gr. frumvarpsins verður hið nýja brot, sem maður á reynslutíma er sterklegur grunaður um að hafa framið, að varða við refsiákvæði sem mælir að minnsta kosti fyrir um 6 ára fangelsi sem refsihámark samkvæmt almennum refsimörkum þess eða að brot varði við 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga.

Hér falla því undir hin alvarlegri brot samkvæmt hegningarlögum, svo sem flest brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, sbr. XI. kafla laganna, ýmis brot gegn valdstjórninni og brot í opinberu starfi, sbr. XII. og XIV. kafla, rangar sakargiftir, sbr. 148. gr., skjalafals, sbr. 155. gr., ýmis brot sem hafa í för með sér almannahættu, sbr. XVIII. kafla, svipting á valdi eða umsjá foreldra eða annarra réttra aðila yfir barni, sbr. 193. gr., mörg kynferðisbrot, sbr. XXII. kafla, manndráp af ásetningi, sbr. 211. gr., stórfelldar líkamsmeiðingar, sbr. 2. mgr. 218. gr., brot gegn 1. mgr. 220. gr., stórfelld frelsissvipting skv. 2. mgr. 226. gr., mansal, sbr. 227. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 40/2003, flest auðgunarbrot, sbr. XXVI. kafla, stórfelld eignaspjöll, sbr. 2. mgr. 257. gr., brot gegn 262. gr. og peningaþvætti vegna ávinnings af broti skv. 173. gr. a, sbr. 2. mgr. 264. gr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ef brot manns á reynslutíma varðar við 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga um meiri háttar líkamsmeiðingar sé heimilt að öðrum skilyrðum uppfylltum að úrskurða hann til að sæta afplánun eftirstöðva refsingar enda þótt hámarksrefsing samkvæmt ákvæðinu sé 3 ára fangelsi. Hefur þá fyrst og fremst verið horft til eðlis þessa brots, aðferða eða afleiðinga.

Þess skal getið að ekki er útilokað að brot manns á reynslutíma gegn sérrefsilögum falli undir b-lið 2. gr. frumvarpsins að öðrum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðið um grófleika verknaðar útilokar hins vegar eins og fyrr segir gáleysisbrot auk þess sem gera verður ráð fyrir því að aðeins alvarlegustu brotin gegn sérrefsilögum geti hér átt við.

2. Tengsl við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Frumvarpið byggist á þeirri forsendu að nýmæli b-liðar 2. gr. samrýmist og tengist núgildandi ákvæðum laga um meðferð opinberra mála er varða þvingunarráðstafanir í tilefni af

rannsókn opinbers máls. Skv. c-lið 1. mgr. 98. gr. þeirra laga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dómi, reynslulausn eða náðun. Þá er í 1. mgr. 103. gr. sömu laga að finna heimildir til að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald vegna nánar tilgreindra ástæðna sem fram koma í a–d-liðum, svo sem að ætla megi að hann muni torvelda rannsókn málsins eða ætla megi að hann muni halda áfram brotum á meðan máli hans er ólokið eða að telja megi að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings, sbr. a-, c- og d-liði. Af frumvarpinu leiðir að ef fyrir liggur aðeins rökstuddur grunur um nýtt brot manns á reynslutíma er eftir atvikum rétt að krefjast í fyrstu úrskurðar um gæsluvarðhald, t.d. vegna rannsóknarhagsmuna, enda sé ekki talinn liggja fyrir sterkur grunur um nýtt brot hans sem uppfylli að öðru leyti efnisskilyrði b-liðar 2. gr. frumvarpsins. Þegar atvik eru hins vegar með þeim hætti að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála sé fullnægt vegna nýs brots manns á reynslutíma gerir frumvarpið almennt ráð fyrir að krefjast megi þá þegar dómsúrskurðar um að maður afpláni eftirstöðvar refsingar fremur en að vista viðkomandi tímabundið í gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna.

3. Málsmeðferð.

3.1. Aðild að kröfu um dómsúrskurð um afplánun eftirstöðva refsingar.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er það ákærandi sem setur fram kröfu um að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum V. kafla og 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er hér gætt samræmis við 59. gr. hegningarlaga.

3.2. Skylda dómara til að skipa verjanda.

Þegar krafa hefur verið sett fram um að maður skuli afplána eftirstöðvar refsingar ber dómara skv. b-lið 2. gr. frumvarpsins að skipa honum verjanda að ósk hans. Er hér höfð hliðsjón af a-lið 1. mgr. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála.

3.3. Meðferð kröfu fyrir dómi.

Ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að meðferð kröfu um að maður skuli afplána eftirstöðvar refsingar fari eftir fyrirmælum 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Eðli þessa ákvæðis og markmið felast í skjótvirku og skilvirku úrræði til að láta mann, sem rofið hefur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, sæta afplánun eftirstöðva refsingar og er því lagt til að farið sé með kröfu í þessu efni eins og um gæsluvarðhaldskröfu sé að ræða, að breyttu breytanda. Hefur að þessu leyti verið horft til 763. gr. dönsku réttarfarslaganna sem áður var vikið að.

Í ljósi 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála mundi dómari, þegar maður kemur fyrir dóm og krafa er gerð skv. 2. gr. frumvarpsins, kynna honum kröfuna og bera undir hann sakarefnið. Sakborningi eða verjanda hans er gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna í stuttu máli. Þá mundi dómari að jafnaði leggja úrskurð á kröfuna í sama þinghaldi en heimilt væri honum þó að fresta uppkvaðningu úrskurðar í allt að sólarhring frá þeim tíma sem maður kemur fyrir dóm. Áréttað skal að b-liður 2. gr. frumvarpsins gerir þá fortakslausu kröfu að manni á reynslulausn verði ekki gert að afplána eftirstöðvar refsingar nema *sterkur grunur* liggi fyrir um gróft rof á almennu skilyrði reynslulausnar auk kröfu um að brot geti varðað 6 ára fangelsi eða falli undir 1. mgr. 218. gr. hegningarlaga. Ákærandi verður því að leggja fram með kröfu fullnægjandi gögn um aðild sakbornings að umræddu broti liggi játning ekki fyrir. Þó er vert að ítreka að almennt verður að telja að skilyrðið um sterkan grun eigi fyrst

og fremst við í þeim tilvikum þegar maður á reynslulausn hefur þegar játað verknað við rannsókn máls fyrir lögreglu.

3.4. Kæra til Hæstaréttar.

Samkvæmt b-lið 2. gr. frumvarpsins er heimilt að kæra úrskurð dómara á grundvelli ákvæðisins til Hæstaréttar. Slík kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar ef dómari hefur fallist á kröfu ákæranda. Þá er gert ráð fyrir því að meðferð kærumálsins fari að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Er þá t.d. vísað til leiðbeiningarskyldu dómara um kærurétt, hvernig háttað skuli yfirlýsingu um kæru og um tímafresti í því sambandi, sbr. 144. gr. laga um meðferð opinberra mála, og um þau atriði er greinir í 145. og 146. gr. sömu laga.

3.5. Vanhæfi dómara sem úrskurðar mann til að afplána eftirstöðvar refsingar.

Samkvæmt síðari málslið 6. gr. laga um meðferð opinberra mála skal dómari víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru ef hann hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr. sömu laga. Þar sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gerir hliðstæðar kröfur um mat dómara á því hvort maður teljist *sterklega grunaður* um að hafa framið nýtt brot á reynslutíma gerir frumvarpið ráð fyrir að sama regla gildi um vanhæfi dómara við frekari meðferð máls vegna hins nýja brots og fram kemur í framangreindu ákvæði laga um meðferð opinberra mála.

4. Önnur ákvæði frumvarpsins.

Í 1. gr. og a-, c- og e-liðum 2. gr. frumvarpsins er lagt til að orðinu „aðili“ í 41. og 42. gr. hegningarlaga verði breytt í „maður“ en fyrrnefnda orðið er óheppilegt sem lýsing á manni sem hlotið hefur reynslulausn. Þá var við samningu frumvarpsins talið órökrétt að notast hér við hugtakið fangi um mann sem fengið hefur skilyrta lausn úr afplánun.

Í d-lið 2. gr. eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 42. gr. laganna sem stafa af því að með b-lið 2. gr. er lagt til að ný málsgrein komi inn í ákvæðið sem 2. mgr.

Með f-lið 2. gr. er lagt til að efnisregla 4. mgr. 42. gr. laganna um heimild til að veita þeim sem látinn er taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar vegna rofs á hinum sérstöku valkvæðu skilyrðum ákvæða 2.–4. málsl. 2. mgr. 41. gr. laganna með ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins gildi einnig um þá sem úrskurðaðir eru til að sæta afplánun eftirstöðva á grundvelli b-liðar 2. gr. frumvarpsins.

1759. Lög [974. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 24. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000:

a. 2. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar

ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

b. Á eftir 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þetta á þó ekki við ef ársvelta markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu á síðastliðnu reikningsári eða eftir atvikum síðastliðnum 12 mánuðum er undir tveimur milljörðum kr. Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 35% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.

b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum 4. mgr. sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.

Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði 4. mgr. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 120 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum laganna innan framangreindra tímamarka skal leyfishafa vera heimilt að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um sölu viðkomandi eignarhlutar. Viðskiptaráðherra skal þá með úrskurði skylda hlutaðeigandi til að selja þann eignarhlut sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum 4. mgr. innan mánaðar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum 4. mgr. ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Samkeppnisstofnun skal láta útvarpsréttarnefnd í té álit skv. 5. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Telji Samkeppnisstofnun að fyrirtæki kunni að vera í markaðsráðandi stöðu skal hún birta því

greinargerð um málið sem nefnist frumathugun. Skal þar lýst helstu staðreyndum máls, meginskýringum Samkeppnisstofnunar og helstu niðurstöðum. Aðila skal veittur hæfilegur frestur til andmæla og skriflegra athugasemda og til að koma að gögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um álitsgjöf Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar sætir kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að framlengja útvarpsleyfi sem falla úr gildi innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara, jafnvel þótt leyfishafi uppfylli ekki skilyrði 1. gr. laganna, þó aldrei lengur en til 1. júní 2006.

1760. Frumvarp til laga [1003. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/2000, um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson, Guðjón Hjörleifsson, Kjartan Ólafsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Birgisson, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Starfsemi félagsins skal skipt í tvö aðskilin afkomusvið, fasteignasvið og verslunarsvið. Fasteignasvið annast rekstur fasteigna, leigusamninga og rekstrarleyfa en verslunarsvið annast rekstur verslana og þjónustu. Hvort svið skal rekið sem sjálfstæð eining, stjórnunarlega og fjárhagslega. Um viðskipti milli sviðanna gilda almenn viðskiptakjör eins og hjá ótengdum aðilum á markaði.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Stjórn félagsins skal gera áætlanir um uppbyggingu verslunar- og þjónusturekstrs sem taki mið af markmiðum laga þessara, hlutverki félagsins og hagsmunum farþega og notenda flugstöðvarinnar.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. skal bjóða út rekstur verslunar og þjónustu í flugstöðinni.

Um val á verslunarrekendum og þjónustusölum, staðsetningu þeirra, vöruval, þ.m.t. íslenskar afurðir og framleiðsluvörur, rekstur að öðru leyti og önnur samskipti skal m.a. gæta ákvæða samkeppnislaga. Við ákvarðanatöku skal félagið einnig leggja til grundvallar að sem mest fjölbreytni ríki í vöruvali og þjónustu auk þess sem rekstrarhagsmunir flugstöðvarinnar séu tryggðir.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 76/2000, um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, var ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag um rekstur flugstöðvarinnar og leggja henni til flugstöðina sjálfa, ásamt öllu því sem henni fylgdi, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum. Í 7. gr. laganna kemur fram að tilgangur félagsins sé að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og hvers konar aðra tengda starfsemi. Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 76/2000 kemur m.a. fram að frá því að flugstöðin var tekin í notkun árið 1987 og allt fram til ársins 1998 hafi hún heyrt undir embætti flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli en frá þeim tíma hafi verið litið á hana sem sérstaka ríkisstofnun í B-hluta ríkisreiknings.

Síðustu missirin hefur einkaaðilum verið falinn æ meiri verslunar- og þjónusturekstur en áður tíðkaðist í flugstöðinni og er það m.a. liður í að styrkja fjárhag hennar. Þjónusturými hefur verið leigt út og leigugjaldið veltutengt. Tekjur flugstöðvarinnar hafa því aukist og gert henni kleift að standa við skuldbindingar sínar um rekstur og uppbyggingu auk þess sem þjónusta við farþega og vöruval hefur aukist til muna.

Árið 2002 reis ágreiningur milli leigutaka og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um útboð og skilmála fyrir leigu þjónusturýmis. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 465/2003, Íslenskur markaður hf. gegn Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og samkeppnisráði, var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. nóvember 2003 um að samkeppnislög, nr. 8/1993, með síðari breytingum, giltu ekki að öllu leyti um rekstur í flugstöðinni þar sem lög nr. 76/2000 væru sérlög sem gengju framar. Byggðist niðurstaðan fyrst og fremst á því að vegna ákvæða 7. gr. laganna og tilgangs löggjafans með setningu laganna um reksturinn væri það undir Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. komið hvort og að hvaða marki félagið fæli öðrum aðilum að annast þjónustu við farþega í flugstöðinni og að félaginu væri heimilt að ákveða sjálft hvaða húsnæði það notaði undir eigin verslunarrekstur, svo og hvaða vörur eða þjónustu það tæki til sölumeðferðar.

Flutningsmenn benda á að veruleg breyting hefur orðið á markaðsaðstæðum eftir opnun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Samkeppni á vöru- og þjónustumarkaði er hörð og telja verður að vörusala í flugstöðinni sé í beinni samkeppni við önnur fyrirtæki utan flugstöðvarinnar. Ríkisrekin verslun í beinni samkeppni við einkareknar verslanir er staða sem heyrir fortíðinni til. Flutningsmenn telja hins vegar að í ljósi sérstaks hlutverks Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. við uppbyggingu og rekstur flugstöðvarinnar með eins litlum kostnaði fyrir ríkissjóð og mögulegt er verði að gefa félaginu nokkurt svigrúm til að selja vörur og þjónustu í tekjuöflunarskyni. Hins vegar verður að gefa einkaaðilum tækifæri til að keppa við ríkið á jafnréttisgrundvelli. Samkeppni á að ríkja meðal fyrirtækja innan flugstöðvarinnar og mun aukin samkeppni leiða til aukins vöruúrvals, betri þjónustu og hagstæðara verðs fyrir viðskiptavini flugstöðvarinnar. Hafa verður í huga í þessu sambandi að farþegar geta ekki leitað annað eftir kaupum á vörum og þjónustu eftir að í bygginguna er komið.

Flutningsmenn leggja því til að lögum um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði breytt og félaginu gert að starfa í tveimur aðskildum einingum, fasteignasviði og verslunarsviði. Fjárhagur og stjórnun þessara tveggja sviða skal vera aðskilinn og viðskipti þeirra í milli verða að vera eins og milli ótengdra aðila á markaði.

Þá er lagt til að rekstur verslunar og þjónustu í flugstöðinni verði boðinn út og félaginu m.a. gert að gæta ákvæða samkeppnislaga við alla ákvarðanatöku um tilhögun vals á bjóðendum, samskipti við þá o.s.frv. Þá er gert ráð fyrir að stjórn félagsins geri áætlanir um uppbyggingu, skipulag þjónusturýma, vöruval, þjónustuframboð o.s.frv. og gefi öðrum tækifæri til að keppa um þjónusturými á jafnréttisgrundvelli. Markmið félagsins verður að meginstefnu til að annast rekstur og uppbyggingu flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en fela öðrum aðilum rekstur verslunar og þjónustu. Við val á verslunarrekendum og þjónustusölum verður stjórn félagsins að tryggja sem fjölbreyttast framboð fyrir viðskiptavini flugstöðvarinnar og jafnframt að tekjur af atvinnustarfsemi í flugstöðinni standi undir rekstri og uppbyggingu flugstöðvarinnar og arðsemiskröfum að öðru leyti.

1761. Nefndarálit [997. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Atla Má Ingólfsson og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Snorra Sigurðsson og Þórólf Sveinsson frá Landssamtökum kúabænda, Baldur Helga Benjamínsson og Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Pálma Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Elínbjörgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta ákvæði þess efnis að samráð, samruni og verðtilfærsla í mjólkuriðnaði sé undanskilið gildissviði samkeppnislaga. Ákveðin réttaróvissa hefur verið ríkjandi varðandi það og er frumvarpinu ætlað að kveða skýrt á um að ákvæði búvörulaga gangi framar almennum ákvæðum samkeppnislaga.

Umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið fór fram samhliða umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (1000. mál), sem varðar lögfestingu á ákvæðum samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar.

Mjólkuriðnaðurinn nýtur ákveðinnar sérstöðu, sérstaklega varðandi ferskvöru, en upplýst var fyrir nefndinni að samkeppni á innanlandsmarkaði er ekki eins virk þegar um þessa vöru er að ræða. Þá var auk þess upplýst að með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um lækkun tolla og styrkja til landbúnaðar muni samkeppni á innanlandsmarkaði harðna í náinni framtíð vegna innfluttrar landbúnaðarvöru frá nágrannalöndum sem einnig er niðurgreidd. Innlendur mjólkuriðnaður þarf því að fá tækifæri til uppstokkunar og hagræðingar og er því nauðsynlegt að heimila sameiningu afurðastöðva og að þeim verði einnig heimilt að gera með sér samkomulag um verkaskiptingu. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir að slíka samninga þurfi að leggja fyrir verðlagsnefnd til upplýsingar.

Verðlagsnefnd er skipuð sjö fulltrúum, einum fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum frá Alþýðusambandi Íslands, einum frá stjórn Bændasamtaka Íslands, einum frá

stjórnum búgreinasamtaka, tveimur frá samtökum afurðastöðva og landbúnaðarráðherra tilnefnir formann.

Meiri hlutinn telur að frumvarpið eyði þeirri réttaróvissu sem uppi var um stöðu búvörulaga gagnvart samkeppnislögum. Meiri hlutinn telur einnig, með hliðsjón af skipun verðlagsnefndar og því eftirlitshlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum, að séð sé fyrir því að hagsmunir bænda, framleiðenda, neytenda og stjórnvalda verði tryggðir á hverjum tíma.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason er samþykkur áliti þessu en skrifar undir með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 22. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Þórarinn E. Sveinsson.

1762. Nefndarálit [1000. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Atla Má Ingólfsson og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Snorra Sigurðsson og Þórólf Sveinsson frá Landssamtökum kúabænda, Baldur Helga Benjamínsson og Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Pálma Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Elínbjörgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta nauðsynlegar breytingar á búvörulögum vegna ákvæða í samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar. Frumvarpið var unnið með hliðsjón af skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu frá 23. febrúar sl.

Umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið fór fram samhliða umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum (997. mál), sem varðar samkeppnishluta samningsins.

Upplýst var á fundum nefndarinnar að gildandi samningur um mjólkurframleiðslu hefur reynst vel. Þær breytingar sem felast í samningnum frá 10. maí 2004 eru m.a. gerðar með hliðsjón af skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi og yfirstandandi samningaviðræðum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Markmiðin með samningnum eru að stuðla að áframhaldandi hagræðingu, bættri sam-

keppnishæfni og lægra vöruverði, að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda, að viðhalda stöðugleika milli framleiðslu og eftirspurnar og veita greininni svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni, sem og að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða.

Í samningnum er kveðið á um þrenns konar endurskoðunarákvæði. Í fyrsta lagi geta samningsaðilar hvor um sig farið fram á endurskoðun samningsins á samningstímanum eða einstakra atriða hans. Í öðru lagi er kveðið á um að eftir fimm ár skuli framkvæmd samningsins könnuð og í framhaldi af því hafnar viðræður um áframhaldandi stefnumótun og gerð nýs samnings. Loks er ákvæði um að samningurinn sé gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kann að leiða af niðurstöðu samningaviðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Komi til þess að dregið verði úr opinberum verðafskiptum á gildistíma samningsins, sbr. kafla 8.5 í skýrslu mjólkurnefndar, telur meiri hlutinn eðlilegt að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, sbr. núverandi skipan verðlagsnefndar.

Með hliðsjón af endurskoðunarákvæðum samningsins telur meiri hlutinn að með lögfestingu hans séu starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar tryggð til lengri tíma litið, sem og hagsmunir neytenda og skattgreiðenda. Þá telur meiri hlutinn málið mjög mikilvægt fyrir atvinnulíf, byggð og búsetu í landinu og að það stuðli enn fremur að framleiðslu heilnæmra afurða fyrir neytendur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason er samþykkur áliti þessu en skrifar undir með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 22. maí 2004.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Þórarinn E. Sveinsson.

1763. Nefndarálit [849. mál]

um frv. til l. um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eftir þá umfjöllun sem málið hefur fengið í efnahags- og viðskiptanefnd telur annar minni hluti mikilvægt að frekari samanburður verði gerður á kostum og göllum þess að taka upp olíugjald og kílómetragjald í stað núgildandi kerfis og að kanna þurfi hvort væntanleg sé annars konar gjaldtaka, þ.e. afnotagjöld og umhverfisskattar, sem mögulegt er að framkvæma á einfaldan hátt með nútímatækni.

Annar minni hluti styður þann megintilgang frumvarpsins að gera dísilknúna smábíla að vænlegum kosti og þau grunnsjónarmið sem liggja þar að baki varðandi umhverfisvernd og

orkusparnað. Hann telur þó sýnt að eins og málið liggur nú fyrir sé hæpið að þau markmið náist. Til þess er áætlaður verðmunur á dísilolíu og bensíni of lítill og kostnaður of mikill vegna litunar, flókins gjaldkerfis og fjárfestinga sem nauðsynlegar eru vegna kerfisbreytinganna. Annar minni hluti telur einnig að skoða þurfi nánar stöðu einstakra starfsstétta vegna álagningar olíugjalds, svo sem bænda og leigubílstjóra.

Samkvæmt frumvarpinu er munur á olíugjaldi og bensíngjaldi þrjár krónur. Miðað við það verður verðmunur á dísilolíu og bensíni of lítill að mati annars minni hluta til að upptaka olíugjaldskerfis í stað núverandi þungaskattskerfis geti virkað sem hvati á bíleigendur til að skipta úr bensínknúnum fólksbílum yfir í dísilknúna bíla. Dísilbílar eru flestir dýrari í innkaupum en samsvarandi bensínbílar. Fjárhagslegur ávinningur af því að skipta yfir í dísilbíl er því takmarkaður nema munur á verði dísilolíu og bensíns sé allnokkur. Af þessari ástæðu verður að leggja frekara mat á þann ávinning sem fyrirliggjandi frumvarp mun skila enda ólíklegt að það kerfi sem í því felst muni standa mjög lengi þar sem líklegt er að síðar verði tekin upp notkunargjöld af bifreiðum samhliða eða í stað gjalda af orkugjöfum.

Gestir sem komu á fundi nefndarinnar töldu sýnt að kostnaður olíufyrirtækja hér á landi við að koma á litun olíu og að byggja upp dreifikerfi yrði um 300 millj. kr. en olíufélögin telja að þann kostnað verði fyrirtækin að sækja til notenda. Það er því mikilvægt að mati annars minni hluta að ekki verði ráðist í kerfisbreytingarnar nema ljóst sé að þær standi í allmörg ár. Þá telur annar minni hluti að gefa verði þessum aðilum tíma til 1. janúar 2006 til að skipuleggja og innleiða breytingarnar en ljóst má vera að ef þær þarf að framkvæma á of skömmum tíma ýtir það klárlega undir aukinn kostnað af kerfisbreytingunum.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Vegagerðarinnar og kynntu nýja gerð akstursmæla sem þróaðir hafa verið hérlendis og sjónarmið sem fram eru komin innan Evrópusambandsins um að heppilegra sé að innheimta svonefnd notendagjöld í stað bensín- og olíugjalda. Notendagjöld eru háð vegalengd aksturs, stærð bifreiðar og hugsanlega tíma og stað en óháð orkugjafa og orkunotkun viðkomandi bifreiðar. Annar minni hluti telur mikilvægt að Íslendingar fylgist vel með þeirri viðhorfsbreytingu sem er að verða varðandi gjaldtöku af bifreiðum og nýti sér til fulls möguleika á að verða í fararbroddi í tækni og þróun reglna á þessu sviði. Hér á landi hefur verið þróaður gjaldmælir sem setja má í bíla og hann skráir með hjálp GPS-tækni upplýsingar um akstur sem síðan má sækja með GSM-símasambandi. Þessa tækni telur annar minni hluti að hefði þurft að skoða frekar áður en litun olíu og olíugjaldi er hrundið í framkvæmd.

Með þessari nýju tækni mætti innheimta á einfaldan hátt notkunargjöld af bifreiðum fyrir hvern ekinn kílómetra en mengunargjöld mætti innheimta af verði eldsneytis. Samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fyrir nefndina hefur Evrópusambandið sett það markmið að farið verði að taka slíkt gjald árið 2011 af öllum bifreiðum en árið 2009 af bifreiðum sem eru þyngri en 3,5 tonn. Annar minni hluti telur að þetta hefði átt að skoða nánar.

Annar minni hluti telur mikilvægt að kannað verði betur hvaða áhrif álagning olíugjalds mun hafa á einstakar atvinnugreinar og metið hvernig staða þeirra sem verst verða úti verði bætt. Þar verður að skoða sérstaklega stöðu bænda og leigubílstjóra. Leggur annar minni hluti til að það verði eitt af verkum sérstakrar þingnefndar að skoða þessa þætti.

Ein meginröksemdin fyrir framlagningu málsins er að núgildandi þungaskattskerfi brjóti í bága við markmið samkeppnislaga. Í ljósi þessa undrast annar minni hluti að hvergi er sjáanlegt að nokkurt samráð hafi verið haft við Samkeppnisstofnun við gerð frumvarpsins. Í umsögnum hafa komið fram efasemdir um að frumvarpið standist samkeppnislög.

Annar minni hluti gagnrýnir hve seint málið er fram komið á þingi. Um er að ræða stórt mál sem mun snerta alla landsmenn á einn eða annan hátt og góð og ítarleg umfjöllun í þing-

inu því mikilvæg. Þrátt fyrir þetta leggur ráðherra málið ekki fram fyrr en undir lok þings. Annar minni hluti telur að ef málið hefði komið fyrr fram hefði nefndin getað skoðað málið út frá mun víðara samhengi, t.d. mati á tollum og vörugjöldum af bifreiðum og öðrum leiðum sem fara mætti til að ná fram þeim markmiðum sem liggja að baki. Ljóst er að margt verður að skoða í tengslum við þetta mál, m.a. hvernig halda má flutningskostnaði niðri en álögur á landflutninga hafa aukist á undanförnum árum þrátt fyrir loforð stjórnvalda um annað. Þá verður að skoða nánar áhrifin á tekjur Vegagerðarinnar verði frumvarpið að lögum en þar greinir ráðuneyti og Vegagerðina á.

Annar minni hluti leggst þó ekki gegn málinu en leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og hvetur til þess að það verði skoðað nánar áður en það kemur til framkvæmda.

Annar minni hluti leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Að önnur ákvæði en ákvæði um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2006. Mikilvægt er að bæði framkvæmdarvaldi og sölu- og dreifingaraðilum olíu verði gefinn tími til 1. janúar 2006 til undirbúnings enda um allflókna og kostnaðarsama framkvæmd að ræða.
2. Að breytt verði 4. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, á þann hátt að þungaskattur af bifreiðum undir 4.000 kg verði lækkaður. Þannig verði minni dísilbílar gerðir að álitlegri kosti til einkanota. Einnig er lagt til að árgjald af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, verði 35% hærra en nú er það 25% hærra.
3. Að tekið verði fram í 10. mgr. b-liðar 4. gr. sömu laga að ríkisskattstjóra sé heimilt að byggja ákvörðun um þungaskatt á lestri af kílómetramæli bifreiðar. Mælar bifreiða sem framleiddar eru í dag eru nákvæmir og teljast jafn tryggir og aðrar gerðir mæla og því ekki ástæða til annars en heimila að þá megi nota við álagningu gjalda.
4. Að Alþingi skipi nefnd skv. 32. gr. þingskapa sem fái það verk að fara yfir málið í samhengi við hugsanlega upptöku notendagjalda og umhverfisskatta í nánustu framtíð. Þá skoði nefndin og komi fram með tillögur um hvernig má bæta stöðu þeirra atvinnugreina sem málið hefur neikvæð áhrif á. Nefndin gefi þinginu skýrslu um störf sín á 131. þingi og leggi fram tillögur um breytingar á lögum telji hún þörf á slíku.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. maí 2004.

Einar Már Sigurðarson, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn Vegagerðarinnar. (19. apríl 2004.)
II. Minnisblað frá Vegagerðinni: Tækjabúnaður til gjaldtöku af umferð. (10. maí 2004.)

III. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Samtaka fiskvinnslustöðva, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Félags vinnuvélaeigenda. (19. apríl 2004.)
IV. Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar. (16. apríl 2004.)
V. Umsögn Landvara – félags íslenskra vöruflytjenda. (19. apríl 2004.)
VI. Umsögn Landssambands vörubifreiðastjóra. (14. apríl 2004.)
VII. Umsögn Bændasamtaka Íslands. (15. apríl 2004.)
VIII. Umsögn Félags hópferðaleyfishafa. (16. apríl 2004.)

1764. Breytingartillögur [849. mál]

við frv. til l. um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (EMS, ÖS, JóhS, ÖJ).

1. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004 en koma, að undanskilinni 26. gr., ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2006 og þann dag falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.
2. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 4. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum:
   a. 1.–3. mgr. A-liðar orðast svo:
      Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal greiða fast gjald þungaskatts sem hér segir:
      69.600 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd allt að 999 kg, 79.700 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg, 124.800 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg og 169.900 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 2.000–2.199 kg. Af bifreiðum þyngri en 2.199 kg skal gjaldið hækka um 8.445 kr. fyrir hver 200 kg.
      Af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 35% hærra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.
   b. Á eftir orðunum „jafntryggan hátt“ í 10. mgr. B-liðar kemur: svo sem með kílómetramæli bifreiðar.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Alþingi kýs nefnd, sbr. 32. gr. þingskapa, sem skal íhuga kosti og galla þess að taka upp notendagjald og umhverfisskatta í stað olíugjalds og hugsanlega samræmingu á Evrópska efnahagssvæðinu hvað slík gjöld varðar. Nefndin skal kosin á 130. löggjafarþingi og skal gefa Alþingi skýrslu um störf sín í fyrsta starfsmánuði 131. löggjafarþings.

1765. Svar [977. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar og Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um Fiskræktarsjóð.

1. *Hver hefur árlegur rekstrarkostnaður Fiskræktarsjóðs verið sl. fimm ár?*
Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni.

	2003	2002	2001	2000	1999
Heildarrekstrarkostnaður	22.900.632	24.433.122	19.041.978	19.135.961	18.813.129

2. *Hverjir voru helstu kostnaðarliðir í rekstri á þessum tíma og hvernig skiptast þeir?*
Helstu kostnaðarliðir koma fram í töflunni.

	2003	2002	2001	2000	1999
Styrkir	19.500.000	19.777.000	16.600.000	16.350.000	16.425.000
Framkvæmdastjórn	1.080.000	1.344.600	1.033.095	842.652	818.132
Innheimta og bókhald	1.040.000	814.000			
Lögfræðingar				817.342	
Opinber gjöld					1.129.725

3. *Hverjir hafa skipað stjórn sjóðsins sl. fimm ár?*
Hinn 30. september 1999 voru Óðinn Elísson, Benedikt Kristjánsson, Ketill Ágústsson, Kristján Guðjónsson og Rafn Benediktsson skipaðir aðalmenn í stjórn. Hinn 14. janúar 2002 voru svo Óðinn Elísson, Benedikt Kristjánsson, Vigfús Jóhannesson, Óðinn Sigþórsson, Rafn Benediktsson og Kristján Guðjónsson skipaðir í stjórn og skipa þeir hana núna.

4. *Hverjir hafa fengið styrki úr sjóðnum sl. fimm ár?*
5. *Hve hátt hlutfall styrkja fór til stofnana ríkisins eða verkefna sem þær tengdust og hve hátt hlutfall fór til annarra?*

	Upphæð, kr.	Hlutfall stofnana ríkisins
1999		
Veiðifélag Selár	300.000	
Félag um uppkaup laxaneta í sjó	2.000.000	
Veiðifélag Hölknár	25.000	
Samtök um kaup á úthafsveiðikvóta	2.000.000	
Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts	700.000	
Veiðimálastjóri	1.500.000	
Veiðimálastofnun	9.800.000	
Veiðifélag Ytri-Rangár	100.000	
Samtals	**16.425.000**	**68,80%**
2000		
Félag um uppkaup laxaneta í sjó	4.000.000	
Veiðifélag Norðurár	350.000	
Veiðimálastjóri	500.000	
Veiðifélag Miðfirðinga	550.000	

	Upphæð, kr.	Hlutfall stofnana ríkisins
Veiðimálastofnun	10.600.000	
Veiðifélag Ytri-Rangár	350.000	
Samtals	**16.350.000**	**67,90%**
2001		
Veiðifélag Árnesinga	1.000.000	
Veiðimálastofnun	10.000.000	
Veiðifélag Miðfirðinga	300.000	
Veiðifélag Langár og Urriðaár	100.000	
Veiðimálastjóri	400.000	
Veiðifélag Straumfjarðarár	2.800.000	
Félag um uppkaup laxaneta í sjó	2.000.000	
Samtals	**16.600.000**	**62,70%**
2002		
Jóhannes Sturlaugsson	450.000	
Fluga og net ehf.	1.000.000	
Félag um uppkaup laxaneta í sjó	4.000.000	
Veiðifélag Búðardalsár	300.000	
Veiðifélag Borgarfjarðar	1.017.000	
Veiðifélagið Hængur	310.000	
Veiðifélag Litluárvatna	500.000	
Veiðimálastofnun	11.700.000	
Veiðifélag Árnesinga	500.000	
Samtals	**19.777.000**	**59,20%**
2003		
Árni Þorvaldsson	240.000	
Landssamband veiðifélaga	2.500.000	
Norður-Atlantshafslaxasjóðurinn	4.000.000	
Veiðifélag Búðardalsár	300.000	
Veiðifélag Litluárvatna	500.000	
Veiðifélag Reykjadalsár	310.000	
Veiðimálastofnun	12.100.000	
Samtals	**19.950.000**	**60,70%**

6. Hvernig er umsýslu sjóðsins háttað?

Samkvæmt þjónustusamningi Fiskræktarsjóðs og Veiðimálastofnunar, dags. 17. desember 2003, sér Veiðimálastofnun um bókhalds-, gjaldkera- og innheimtustörf, ásamt því að svara fyrirspurnum tengdu þessu. Þá hefur Fulltingi ehf., lögfræðiþjónusta, séð um lögfræðiráðgjöf og aðra umsýslu tengda sjóðnum.

7. Hvernig ávaxtar sjóðurinn höfuðstól sinn?

Sjóðurinn er ávaxtaður á verðtryggðum reikningi í KB-banka sem heitir Bústólpi. Vextir sl. ár voru u.þ.b. 7 millj. kr., þ.e. um 6–7% raunávöxtun.

1766. Svar [969. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um atvinnuleysi ungs fólks í Reykjavík.

1. *Hvaða úrræði eru í boði fyrir ungt atvinnulaust fólk í Reykjavík (16–25 ára) á vegum stofnana félagsmálaráðuneytisins?*

Svæðisvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins annast skráningu og skipulagningu úrræða fyrir íbúa Reykjavíkurborgar á öllum aldri. Í boði er einstaklingsbundin ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa vinnumiðlunar en þegar launafólk skráir sig í fyrsta skipti á atvinnuleysisskrá er þeim gert að sækja sérstakt kynningarnámskeið sem kallast Starfsleit 1. Þar fer fram kynning á þeim úrræðum sem í boði eru hverju sinni samhliða því að hlutaðeigandi fær aðstoð við gerð starfsleitaráætlunar.

Í því skyni að mæta þörfum yngra fólks sem er án atvinnu var ráðgjöfin hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins endurskoðuð síðastliðið haust. Þær breytingar sem gerðar voru felast aðallega í auknu framboði á styttri námskeiðum sem ætluð eru ungu fólki sem hefur verið tiltölulega stuttan tíma án atvinnu. Eitt þessara námskeiða er áhugasviðsgreining sem hefur reynst vinsælt meðal ungs fólks. Enn fremur hefur verið boðið upp á fjarnámsmenntasmiðju í samvinnu við Framvegis – símenntunarstöð en það námskeið hefur einkum verið ætlað ungu fólki á aldrinum 16–24 ára enda þótt að það sé opið fleiri aldurshópum. Þá stendur til boða sérstakt verkefni sem nefnist *Vertu þú sjálfur – en hver ertu?* en þetta námskeið er einkum ætlað ungu fólki sem stendur utan við skólakerfið og nýtur því ekki ráðgjafar þar. Hrafnhildur Tómasdóttir, ráðgjafi hjá Mentor ehf. og hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, þróaði verkefnið í samvinnu við Hitt húsið og Fjölsmiðjuna en Starfsmenntaráð styrkti verkefnið á síðasta ári. Það byggist á fræðilegri hugmyndafræði um alhliða einstaklingsbundna ráðgjöf um líf og starf viðkomandi í því skyni að einstaklingurinn verði hæfari til að takast á við líf sitt og stöðu.

Námsstyrkir og námssamningar, sem eru hluti af framboði svæðisvinnumiðlanna, hafa einnig nýst ungu fólki í atvinnuleit. Enn fremur er boðið upp á tölvunámskeið af ýmsu tagi, sem og sjálfstyrkingarnámskeið. Þá hafa vinnuvélanámskeið sem m.a. eru haldin á vegum Vinnueftirlits ríkisins nýst ungu fólki sem hefur verið án atvinnu og þá sérstaklega körlum.

Hafi starfsleit ekki borið árangur að tveimur til þremur mánuðum liðnum er viðkomandi gert að sækja annað námskeið sem kallast Starfsleit 2. Á því námskeiði er nánar farið í þau úrræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa en á námskeiðinu beinist ráðgjöfin meira að einstaklingnum sjálfum. Enn fremur er starfsleitaráætlunin endurskoðuð.

Fjölsmiðjan er verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–24 ára. Markmiðið er að bjóða fjölþætta verkþjálfun og fræðslustarfsemi því unga fólki er þar starfar en Fjölsmiðjan er einnig þjálfunar- og endurhæfingarstaður fyrir ungt fólk sem þarf undirbúning fyrir frekara nám eða störf. Fjölsmiðjan var formlega stofnuð á árinu 2001 en félagsmálaráðuneytið/Vinnumálastofnun var einn af stofnendum smiðjunnar. Hefur stofnunin reynst ungu fólki mjög vel, einkum þeim er hvorki hafa fundið sig innan skólakerfisins né á vinnumarkaði.

2. *Hefur verið gripið til sérstakra aðgerða í atvinnumálum þessa aldurshóps í Reykjavík og þá hverra? Ef ekki, hvenær stendur til að gera átak í atvinnumálum þessa aldurshóps og hvað á þá að gera?*

Á síðastliðnum vetri setti félagsmálaráðherra af stað sérstakt átak varðandi langtíma-atvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks. Sérstök verkefnastjórn hefur verið skipuð til að vinna að málinu í samstarfi við Vinnumálastofnun. Verkefnisstjórninni er ætlað að greina þennan vanda á einstökum svæðum og koma af stað sérstökum verkefnum á þeim stöðum þar sem atvinnuleysi framangreindra hópa er mikið. Í því sambandi er verkefnisstjórninni ætlað að hafa samráð við svæðisvinnumiðlanir viðkomandi svæðis, sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og menntastofnanir.

Verkefnisstjórnin ákvað að beina sjónum sínum til að byrja með að Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi hefur verið nokkuð. Komið hefur verið á samvinnu ýmissa aðila sem koma að vinnumarkaðs- og menntamálum á Suðurnesjum en þar má nefna fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, menntastofnana og svæðisvinnumiðlunar. Sérstakur starfshópur var settur á laggirnar sem hefur unnið að mótun úrræða sem ætluð eru ungu fólki í atvinnuleit á svæðinu. Áhersla hefur verið lögð á menntamál í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Ráðgert er að verkefnisstjórnin muni einnig greina ástand mála á höfuðborgarsvæðinu eins fljótt og kostur er en ráðherra hefur þegar beint athygli stjórnarinnar að atvinnuástandi meðal ungs fólks á því svæði eftir samráð við Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun ákvað í ársbyrjun 2004 að ungt fólk á atvinnuleysisskrá og langtíma-atvinnulausir yrðu forgangshópar í vinnumarkaðsúrræðum svæðisvinnumiðlana á árinu. Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins hefur því á sama hátt og aðrar svæðisvinnumiðlanir á landinu lagt aukna áherslu á að vinna að málum ungs fólks í atvinnuleit. Þar á meðal hefur verið leitast við að virkja ungt fólk betur en áður til þátttöku í þeim úrræðum sem þegar eru fyrir hendi. Er sérstök áhersla lögð á vinnutengd úrræði sem m.a. fela í sér starfsþjálfunarúrræði og reynsluráðningu. Í þessu tilliti skiptir samstarf við opinberar stofnanir, þar á meðal sveitarfélögin, sem og fyrirtæki vítt og breitt um landið, verulegu máli í því skyni að tryggja gott framboð af verkefnum sem jafnvel gætu leitt til framhaldsráðninga þátttakenda að verkefni loknu.

Enn fremur lagði stjórn stofnunarinnar áherslu á að svæðisvinnumiðlanirnar standi fyrir skemmri námskeiðum eða menntasmiðjum fyrir yngsta aldurshópinn. Í því sambandi var undirstrikuð þörfin á vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungar konur í atvinnuleit. Þá hefur verið unnið að þróun nýrra námskeiða sem sérstaklega er ætluð þessum aldurshópi, sbr. t.d. námskeiðið *Vertu þú sjálfur – en hver ertu?*

3. *Hefur verið gerð sérstök athugun á vegum ríkisins á stöðu ungra Reykvíkinga (16–25 ára) af erlendum uppruna hvað varðar atvinnu og brottfall úr framhaldsskólum? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar úr þeirri athugun? Ef ekki, stendur þá til að athuga þennan hóp sérstaklega í þessu ljósi?*

Það hefur ekki farið fram sérstök athugun á vegum félagsmálaráðuneytisins um stöðu ungra Reykvíkinga af erlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru 220 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisskrá í lok nóvember 2003 en miðað við forsendur stofnunarinnar er gert ráð fyrir að það sé sama hlutfall og var meðal landsmanna allra á þessum tíma eða um 3%. Flestir voru á aldrinum 30–39 ára en einungis 14% atvinnulausra erlendra ríkisborgara voru á aldrinum 16–24 ára. Aldurssamsetning meðal erlendra ríkisborgara sem eru án atvinnu er önnur en meðal allra atvinnulausra. Ástæður þessa geta verið ýmsar, m.a. að aldurssamsetning erlendra ríkisborgara sé önnur en íslensku þjóðarinnar og að ungir erlendir ríkisborgarar skrái sig ekki á atvinnuleysisskrá þar sem þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysistryggingum vegna lítillar atvinnuþátttöku. Það liggur fyrir að

efla þarf rannsóknir á stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og þá sérstaklega samspil skóla og atvinnuþátttöku hjá ungum erlendum ríkisborgurum.

4. *Hefur verið gerð einhver athugun á stöðu ungs fólks á aldrinum 16–18 ára sem hefur flosnað upp í námi og átt í erfiðleikum á atvinnumarkaði? Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöðurnar? Ef ekki, stendur til að gera sérstaka athugun á högum þessa hóps?*

Félagsmálaráðuneytinu er ekki kunnugt um allar þær rannsóknir sem hugsanlega hafa verið gerðar á stöðu ungs fólks á aldrinum 16–18 ára sem hefur ekki fundið sig innan skólakerfisins. Í þessu sambandi má benda á rannsókn er fyrirtækið Rannsóknir og greining vann að um ungt fólk sem nefnist *Utanskólarannsókn, félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Rannsókn þessi var unnin fyrir Lýðheilsustöð/Áfengis- og vímuvarnarráð, Íþrótta- og tómstundaráð Rauða kross Íslands og Félagsþjónustuna í Reykjavík. Markmið rannsóknarinnar var að skoða aðstæður ungmenna aldrinum 16–19 ára sem ekki hafa skráð sig í framhaldsskóla eða hætt námi og bera aðstæður þeirra saman við aðstæður jafnaldra þeirra sem stunda nám. Niðurstöður rannsóknarinnar byggjast á þremur rannsóknum: *Rannsókn meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi 2000, Rannsókn meðal fólks 16–19 ára utan framhaldsskóla 2001* og *Ítarleg viðtöl við 16–19 ára utan framhaldsskóla 2003*.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að hagir og líðan þeirra ungmenna sem ekki stunda nám við framhaldsskóla eru síðri en þeirra ungmenna sem stunda nám í framhaldsskólum. Gjarnan hafa einstaklingar í þessum hópi átt við námserfiðleika að stríða en oft er þó erfitt að greina milli þess hvort um sértæka námsörðugleika sé að ræða eða hvort rekja megi vandann til bágborinna félagslegra aðstæðna. Tengsl þessara ungmenna við fjölskyldur sínar eru veikari en annarra ungmenna og svo virðist sem að þau leiti sér síður aðstoðar til utanaðkomandi aðila svo sem námsráðgjafa og fulltrúa félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis. Enn fremur virðist sem að þessi hópur ungs fólks finni sig ekki innan framhaldsskólakerfisins en jafnframt koma fram vísbendingar um það að þessi ungmenni eigi einnig erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Nánari upplýsingar um rannsóknina er að finna á heimasíðu Rannsókna og greiningar: www.rannsoknir.is.

Ljóst má þykja að niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að huga þurfi sérstaklega að þessum hópi ungs fólks. Er því mikilvægt að verkefnisstjórnin er fjallar um langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks hugi sérstaklega að þörfum þessa hóps. Það er hins vegar ekkert launungarmál að reynst getur erfitt að ná til þessara ungmenna þar sem þau eru hvorki í skóla né í vinnu. Þá eru líkur til að þessi aldurshópur skrái sig ekki á atvinnuleysisskrá hjá svæðisvinnumiðlunum þar sem einstaklingarnir hafa ekki áunnið sér rétt til atvinnuleysistrygginga vegna lítillar atvinnuþátttöku.

5. *Kæmi til greina að félagsmálaráðuneytið yrði samstarfsaðili að rekstri sérstakrar vinnumiðlunar fyrir ungt fólk (16–25 ára) sem Reykjavíkurborg hefur stofnað?*

Samkvæmt lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, hefur félagsmálaráðherra yfirstjórn með opinberri vinnumiðlun í landinu, sem er eitt vinnusvæði. Settar hafa verið á laggirnar svæðisvinnumiðlanir sem hafa meðal annars það verkefni að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun. Svæðivinnumiðlanir hafa ætíð lagt áherslu á að eiga gott samstarf við þá aðila er hafa látið sig varða stöðu atvinnumála á hlutaðeigandi svæði.

Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins er þar engin undantekning og hefur verið töluverð samvinna milli vinnumiðlunarinnar og Hins hússins sem starfrækir vinnumiðlun ungs fólks

í Reykjavík. Sem dæmi má nefna er fyrrnefnt verkefni Hrafnhildar Tómasdóttur sem meðal annars var unnið í samvinnu við Hitt húsið en a.m.k. eitt námskeið hefur verið haldið hjá Hinu húsinu. Standa vonir manna til að áfram haldist gott samstarf um ráðgjöf og úrræði fyrir ungt fólk á svæðinu enda slíkt samstarf lykillinn að aukinni skilvirkni í þjónustu við þennan hóp.

1767. Nefndarálit [594. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu L. Árnadóttur og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Snorra Baldursson og Kristin H. Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun, Davíð Egilson og Áka Á. Jónsson frá Umhverfisstofnun, Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni og Ásgeir Gunnar Jónsson, Jónas Helgason og Eirík Snæbjörnsson frá Æðarræktarfélagi Íslands. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Breiðafjarðarnefnd, Æðarræktarfélaginu Æðarvéum, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands, Vegagerðinni, Æðarræktarfélagi Snæfellinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Líffræðistofnun Háskólans, Fuglavernd, Æðarræktarfélagi Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem ætlað er að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, gera stjórnsýsluleg skil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands skýrari og auka heimildir til að bregðast við stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum. Þá eru lagðar til breytingar á framkvæmd hreindýraveiða.

Tillögur frumvarpsins um ákvæði sem snerta örn og arnarvarp miða að því að bregðast við dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp 3. apríl 2003 í máli nr. 449/2002. Auk þess að leggja til að hugtakinu lífsvæði verði breytt í búsvæði í 1. gr. frumvarpsins er lagt til í b-lið 10. gr. þess að tiltekin ákvæði reglugerðar nr. 252/1996, um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps o.fl., um vernd arnarins verði lögfest. Í 1. efnismgr. er lagt til að óheimilt sé að koma nær arnarhreiðrum á tilteknu tímabili en 500 m nema brýna nauðsyn beri til. Undir brýna nauðsyn falla t.d. lögmætar nytjar sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma. Í 3. efnismgr. er lagt til að óheimilt verði að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkist af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á eða utan varptíma. Við umfjöllunina var bent á að þessi ákvæði gengju nokkuð langt í að banna umgengni og rask á svæðum í nágrenni arnarhreiðra og hreiðurstæða. Kom fram að ekki væru skýrar undanþáguheimildir í frumvarpinu vegna framkvæmda í almannaþágu, svo sem vegna vegagerðar og viðhalds vega, viðhalds og gerðar raflína, mastra, vatnsleiðslna o.fl. Ákvæðið gæti að óþörfu hamlað gerð brýnna samgöngumannvirkja, t.d. á Vestfjörðum. Að mati nefndarinnar er um réttmæta ábendingu að ræða og leggur hún til breytingu á 1. og 4. efnismgr. til samræmis við framangreint. Ætíð verður þó að hafa í huga við mannvirkjagerð í nágrenni arnarhreiðra að trufla ekki varp fugla að óþörfu og almennt verður að ganga út frá því að hreiðrum sjaldgæfra fuglategunda sé ekki raskað.

Þá komu fram athugasemdir um að nauðsynlegt væri að taka tillit til hagsmuna æðarbænda af nýtingu æðarvarps við setningu laga um verndun arnarins og að eðlilegt væri að hafa samráð við landeigendur á þeim svæðum þar sem arnarvarp er og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Telur nefndin fulla ástæðu til þess að það sé gert enda lítur hún svo á að gott samstarf við æðarbændur og aðra landeigendur á þessum svæðum sé ein af forsendum þess að vel takist til við friðun arnarins. Nefndin leggur því til að ákvæði framangreindrar reglugerðar um að heimilt sé að stugga við erni sem heldur til eða sést í friðlýstu æðarvarpi verði tekin upp í frumvarpið. Tillaga nefndarinnar felur það í sér að skýrt er kveðið á um að æðarbændur hafi heimild til að stugga við erni í friðlýstu æðarvarpi. Hins vegar er lagt til að óheimilt sé að stugga við hreiðurerni innan 2 km frá varpstað. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna sem leggur bann við því að trufla villt dýr. Nefndin leggur einnig til að ráðherra setji reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við erni í friðlýstu æðavarpi.

Auk þess sem að framan greinir leggur nefndin til lagfæringar á orðalagi og tilvísun til lagagreinar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Fyrirvari þeirra lýtur að ákvæði 7. gr. frumvarpsins um afnám skilyrðis um veiðikort við minkaveiðar.

Alþingi, 24. maí 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Gunnar Birgisson.
Kjartan Ólafsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Mörður Árnason, með fyrirvara.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

1768. Breytingartillögur [594. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 6. gr. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað tilvísunarinnar „18. gr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 20. gr.
2. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „ef sýnt þykir að þeim“ í síðari efnismálslið 1. mgr. a-liðar (18. gr.) komi: ef sýnt þykir að tegundunum.
   b. B-liður (19. gr.) orðist svo:

Ernir.

Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á

öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.

Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnum sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hætta búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnum í friðlýstum æðarvörpum.

Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannaþágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni. Heimilt er þó að veita landeiganda upplýsingar um arnarhreiður á landareign hans og öðrum sem er nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. vegna mannvirkjagerðar í almannaþágu.

1769. Frumvarp til laga [1004. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abwao Opuge, Synthiah, fædd 3. nóvember 1977 í Kenía.
2. Bharti, fædd 2. september 1976 á Indlandi.
3. Cummings Diego, Lára, fædd 15. apríl 1960 á Íslandi.
4. Douglas, Helga Sigrún, fædd 21. júní 1979 í Ástralíu.
5. Douglas, James Baldvin, fæddur 24. desember 1974 í Ástralíu.
6. Fejzullahu, Florije, fædd 1. október 1969 í Júgóslavíu.
7. Gebeno Guyola, Senbeto, fæddur 15. desember 1990 í Eþíópíu.
8. Islami, Soumia, fædd 22. desember 1975 í Júgóslavíu.
9. Khyzhnyak, Iryna, fædd 28. ágúst 1960 í Úkraínu.
10. Khyzhnyak, Oleksandr, fæddur 29. desember 1957 í Úkraínu.
11. Laperashvili, Mamuka, fæddur 15. apríl 1972 í Georgíu.

12. Ouma, Betty, fædd 2. október 1978 í Úganda.
13. Parkosadze, Zurab, fæddur 14. júní 1957 í Georgíu.
14. Pavliouk, Anna, fædd 17. september 1978 í Rússlandi.
15. Pavlov, Dragi, fæddur 3. nóvember 1963 í Júgóslavíu.
16. Pavlova, Suzana, fædd 23. ágúst 1964 í Júgóslavíu.
17. Ptácníková, Lenka, fædd 16. janúar 1976 í Tékklandi.
18. Renaux, Philippe, fæddur 8. janúar 1966 í Frakklandi.
19. Sanchez, Sildana Guerrero, fædd 11. október 1956 í Kólumbíu.
20. Scobie, William James, fæddur 27. apríl 1962 á Íslandi.
21. Shramko, Sergey, fæddur 19. nóvember 1969 í Rússlandi.
22. Simm, Caroline Patricia, fædd 26. september 1978 í Bretlandi.
23. Símon Steinarsson, fæddur 19. maí 1992 í Namibíu.
24. Srikongkaew, Patcharee, fædd 4. ágúst 1965 í Taílandi.
25. Úselyté, Ingrida, fædd 28. apríl 1977 í Litháen.
26. Virijevic, Mirko, fæddur 14. desember 1981 í Júgóslavíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 38 umsóknir um ríkisborgararétt á seinni hluta 130. löggjafarþings en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 26 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1770. Nefndarálit [879. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson, Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Jón Guðmundsson, Sigríði Dalmannsdóttur og Þórdísi Önnu Kristjánsdóttur, fulltrúa starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Ásdísi Helgu Bjarnadóttur, fulltrúa starfsmanna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur og Björn Þorsteinsson, prófessora við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Sigurð Þór Guðmundsson, Gústav Magnús Ásbjörnsson og Kristnýju Pétursdóttur, fulltrúa nemenda Hvanneyri, Svein Aðalsteinsson og Bjarna Finnsson frá skólanefnd Garðyrkjuskóla ríkisins, Gunnþór K. Guðfinnsson, fulltrúa starfsmanna í skólanefnd Garðyrkjuskóla ríkisins, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Pétur Bjarnason frá Hólamannafélaginu, Skúla Skúlason, skólastjóra á Hólum, Gísla Gunnarsson frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Þorstein Tómasson og Áslaugu Helgadóttur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Magnús B. Jónsson, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Það er álit þeirra sem komu á fund nefndarinnar að sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum sé tímabær. Undir það tekur 1. minni hluti. Sameining stofnana er vandasamt verk og mikið í húfi að vel takist til, bæði hvað varðar framtíðarskipulag og þau rannsóknarverkefni sem unnið er að. Sá skortur á samráði sem komið hefur í ljós í undirbúningsferlinu er því áhyggjuefni. 1. minni hluti leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er í IV. kafla kveðið á um stjórn ríkisháskóla, þar með talið skipan háskólaráðs, verkefni þess og valdsvið, og skipan rektors og valdsvið hans. Fyrirhuguð skipan háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands er allfrábrugðin því sem kveðið er á um í rammalögum um háskóla. Í frumvarpinu eru áhrif fagráðuneytis og hagsmunasamtaka mun veigameiri en almennt gerist um háskóla og áhrif kennara og nemenda að sama skapi minni.

Þá ber Háskóla Íslands að tilnefna fulltrúa í háskólaráð en ekki finnast önnur dæmi þess að óskyldur háskóli tilnefni fulltrúa í æðstu stjórn annars háskóla. Háskólaráð Háskóla Íslands er að meiri hluta skipað fulltrúum nemenda og kennara. Verður að teljast einkennilegt að nemendur og kennarar Háskóla Íslands eigi fulltrúa í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands en ekki nemendur og kennarar Landbúnaðarháskólans. 1. minni hluti leggur til þá breytingu að nemendur og kennarar Landbúnaðarháskólans tilnefni hvorir sinn fulltrúa í háskólaráð. Ein aðalnýjungin í starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri lýtur að umhverfisþáttum, landnýtingu og skipulagi. Þykir 1. minni hluta því eðlilegt að fulltrúar umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í háskólaráði.

Í frumvarpinu er fellt út ákvæði í lögunum um að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Þetta samræmist ekki rammalögum um háskóla. 1. minni hluti leggur til að frumvarpinu verði breytt til samræmis við það sem tíðkast í öðrum háskólum hér á landi.

Í 25. gr. laganna er kveðið á um að landbúnaðarráðherra skipi rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs og skuli staðan auglýst laus til umsóknar. Þar eru einnig gerðar kröfur til rektors um æðri prófgráðu við háskóla og stjórnunarreynslu. Í frumvarpinu er hins vegar fellt út ákvæði um að háskólaráð skuli tilnefna háskólarektor og landbúnaðarráðherra fært sjálfdæmi í málinu. Jafnframt er fellt út ákvæði um að rektor verði ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki þess. Sú skipan mála sem lögð er til í frumvarpinu tíðkast ekki við neinn annan ríkisháskóla á Íslandi en þar er í öllum tilfellum kveðið á um að ráðherra skipi rektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangenginni auglýsingu. 1. minni hluti leggur til að 25. gr. laganna standi óbreytt.

Mikilvægt er að skipulag og starfsumhverfi búnaðarfræðslunnar sé hið sama og annarra greina á háskólastigi og því eðlilegt að hún heyri undir sama ráðuneyti og þær. Flutningur menntastofnana landbúnaðarins undir menntamálaráðuneytið mun því verða viðfangsefni innan tíðar.

Með frumvarpinu hafa málefni menntastofnana landbúnaðarins, annarra en Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal, verið tekin til endurskipulagningar og staða þeirra treyst með sameiningu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Fyrirhugað er að taka málefni Hólaskóla til endurskoðunar í framhaldinu og ber að fagna því.

Alþingi, 25. maí 2004.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásgeir Friðgeirsson.

1771. Nefndarálit [878. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hluti fagnar þeim skrefum sem stigin eru með frumvarpi um sameiningu rannsóknastofnana á sviði landbúnaðar. Mikilvægt er að nýta sem best takmarkaða krafta til landbúnaðarrannsókna með markvissri stjórn.

Fyrsti minni hluti telur hins vegar að skýra framtíðarsýn skorti fyrir rannsóknir í landbúnaði þar sem vísindastarf í þágu landbúnaðar er skilgreint sem hluti hins íslenska vísindasamfélags. Mikilvægt er að draga fram með skýrum hætti hvernig landbúnaðarrannsóknir tengjast rannsóknum móðurgreina í náttúru- og eðlisfræði við Háskóla Íslands eða aðrar vísindastofnanir. Þá er ástæða til að móta afstöðu til þess hvernig landbúnaðarrannsóknir eiga að tengjast skyldum greinum á borð við matvælarannsóknir, manneldisrannsóknir og markaðsrannsóknir.

Landbúnaðarvísindi eiga í einu og öllu að tilheyra íslensku vísindasamfélagi. Því er óheppilegt að rannsóknastofnanir í landbúnaði hafi ekki stjórnskipulega sömu stöðu og annað vísindastarf í landinu. Það þjónar langtímahagsmunum landbúnaðarvísinda að rannsóknastofnanir í landbúnaði heyri undir menntamálaráðuneyti líkt og flestar aðrar opinberar vísindastofnanir.

Alþingi, 25. maí 2004.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, frsm. Lúðvík Bergvinsson. Ásgeir Friðgeirsson.

1772. Breytingartillögur [868. mál]

við brtt. á þskj. 1656 [Þjóðgarðurinn á Þingvöllum].

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 2. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í fyrsta sinn skal kosið í nefndina eftir þessum lögum í upphafi þings haustið 2005.
2. 4. tölul. falli brott.

Greinargerð.

Flutningsmenn taka undir þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á frumvarpinu en leggja til að í stað þess að kosin skuli ný og fjölmennari Þingvallanefnd í upphafi nýs kjörtímabils verði nýir nefndarmenn kosnir í nefndina á þingi því er hefst haustið 2005, þ.e. á miðju yfirstandandi kjörtímabili.

1773. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um afléttingu veiðibanns á rjúpu.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skotveiðifélags Íslands auk Arnórs Þóris Sigfússonar fuglafræðings og Arnþórs Garðarssonar prófessors. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir sem nýttust við umfjöllun um málið.

Í tillögunni er lagt til að umhverfisráðherra aflétti veiðibanni á rjúpu og grípi til annarra aðgerða til að hlúa að rjúpnastofninum og er í því tilliti nefnd stytting hefðbundins veiðitíma, svæðisbundin friðun, einkum þar sem rjúpu- og fálkastofninn eiga undir högg að sækja, tímabundið sölubann, hámarksveiði á hvern veiðimann, bann við veiðum tiltekna daga vikunnar og aukið eftirlit með banni við notkun vélhjóla og vélsleða við veiðarnar.

Þegar umhverfisráðherra gaf út reglugerð nr. 716/2003 nýtti hann ekki rétt samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, til að heimila veiðar á rjúpu. Ráðherra tilkynnti að um þriggja ára veiðibann á rjúpu væri að ræða og studdist þá við tillögur Náttúrufræðistofnunar sem hafði lagt til fimm ára veiðibann. Umhverfisstofnun, sem fer með stjórnsýslu varðandi fuglaveiðar og heldur meðal annars utan um veiðikortakerfið, hafði aftur á móti lagt til að aðrar leiðir yrðu farnar, sambærilegar þeim sem nefndar eru í þingályktunartillögunni. Umhverfisstofnun benti á að alfriðun rjúpu til fimm ára samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar ætti sér ekki fordæmi hvað varðar tímalengd og að slíkt bann þyrfti að rökstyðja vel. Af skotveiðimönnum væru það helst svokallaðir magnveiðimenn sem þyrfti að ná til og best væri að gera það með hagrænum lausnum eins og sölubanni.

Rjúpnaveiðibann var gagnrýnt í umsögnum sem bárust nefndinni. Þá kom fram í máli fræðimanna sem komu á fund nefndarinnar að áhrif skotveiða á rjúpnastofninn væru takmörkuð og að sveiflur í stærð rjúpnastofnsins væru fyrst og fremst náttúrulegar og umdeilanlegt sé í hversu djúpri niðursveiflu stofninn er núna.

Umhverfisráðherra hefur skipað nefnd til að gera tillögur um tilhögun rjúpnaveiða til framtíðar en sú nefnd hefur ekki lokið störfum. Þá stendur yfir talning á rjúpu sem áformað er að ljúki um miðjan júní. Meiri hlutinn telur rétt að beðið verði eftir niðurstöðum talninga og málið tekið til skoðunar að nýju í ljósi þess sem þar kemur fram.

Meiri hlutinn leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sigurjón Þórðarson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 24. maí 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Gunnar Birgisson, frsm.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Dagný Jónsdóttir.		Kjartan Ólafsson.

1774. Svar [989. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ófeðruð börn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg börn, þ.e. 18 ára og yngri, eru ófeðruð hér á landi?*
2. *Fjölgaði ófeðruðum börnum hlutfallslega á árunum 1983–2003?*

Ekki eru fyrir hendi tölvuskráðar upplýsingar um það efni sem spurt er um. Spurningunum um fjölda ófeðraðra barna um þessar mundir og hvort þeim hafi fjölgað undangengna tvo áratugi er því aðeins unnt að svara til hlítar með því að gera sérstaka handvirka könnun á fæðingarskýrslum allra barna sem fæðst hafa þetta árabil. Þess háttar könnun yrði afar tímafrek. Ekki þykir gerlegt að ráðast í það verk að svo stöddu, m.a. þar sem nokkur vitneskja um þetta efni er fyrir hendi og varpar ljósi á stöðu þessara mála hér á landi.

Að beiðni sifjalaganefndar og í tengslum við undirbúning núgildandi barnalaga kannaði Hagstofa Íslands árið 1999 hvernig faðerni barna, sem fæddust árin 1996, 1997 og 1998 væri háttað. Þessi könnun gaf eftirfarandi niðurstöður um fjölda þeirra tilvika sem móðir lýsti engan föður að barni við fæðingu:

	1996	**1997**	**1998**
Fædd börn á árinu	4.329	4.151	4.178
Enginn lýstur faðir við fæðingu	13	14	14
% af fæddum börnum á árinu	0,30	0,34	0,33
Enginn lýstur faðir sömu barna við áramót 1999–2000	5	7	8
% af fæddum börnum á árinu	0,12	0,17	0,19

Við þetta má svo bæta að engar vísbendingar eru um meiri háttar breytingar í þessum efnum undanfarin ár. Verður því ekki annað séð en að þessi athugun gefi haldgóða vísbendingu um umfang þessara mála hér á landi.

Í þessu sambandi er vísað til skrifa sifjalaganefndar um faðerni barna í almennum athugasemdum með frumvarpi að núgildandi barnalögum. Sérstaklega má benda á nýmæli um skyldu móður til að feðra barn sitt og heimild manns, sem telur sig föður barns, til að höfða faðernismál hafi barnið ekki verið feðrað.

1775. Tillaga til þingsályktunar [1005. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 27. maí 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1776. Nefndarálit [996. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Guðmund Magnús Daðason frá Fiskistofu, Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Óttar Má Ingvason, Torfa Sigurðsson, Jónas Ragnarsson og Örvar Marteinsson frá Félagi áhugahóps dagbátaeigenda.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hrollaugi – félagi smábátaeigenda á Hornafirði, Vélstjórafélagi Íslands, Eyþingi, Ísafjarðarbæ, Hafrannsóknastofnuninni, Árborg – félagi smábátaeigenda á Suðurlandi, Bárunni – félagi smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ, Eldingu – félagi smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum, Akraneskaupstað, Félagi dagbátaeigenda, Félagi smábátaeigenda, Vestmannaeyjabæ, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Smábátafélagi Reykjavíkur, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Kletti – félagi smábátaeigenda á Norðurlandi eystra. Einnig barst nefndinni ályktun frá Landssambandi smábátaeigenda og athugasemd frá Samtökum eigenda sjávarjarða.

Með frumvarpinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar á ákvæðum gildandi laga um veiðar dagabáta. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Lagt er til að leyfilegum sóknardögum fækki um 10% á næsta fiskveiðiári og þeir verði 18 miðað við að viðmiðunarfjöldi sóknardaga á yfirstandandi fiskveiðiári er 19 sóknardagar. Sóknardögum fækki hins vegar ekki frekar enda aukist viðmiðunarafli þeirra báta sem verða í sóknardagakerfinu ekki frá því sem hann var á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þá verði útgerðum báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum gefinn kostur á að stunda veiðar samkvæmt veiðileyfi með krókaaflamarki. Til móts við þessa breytingu verði hins vegar settar takmarkanir á leyfilegan fjölda handfærarúlla um borð í hverjum báti og jafnframt ákveðið að aukning á vélarstærð hafi áhrif á fjölda sóknardaga.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu, annars vegar að 1. gr. falli brott og hins vegar að komi ný 3. gr. Breytingarnar fela í sér að sóknardagakerfið verður aflagt 1. september 2004 og þá fari allir sóknardagabátarnir í krókaaflamarkskerfið með þeirri undantekningu að tilteknir bátar sem nýlega hafa verið endurnýjaðir geta verið á sóknardögum, þó engir lengur en til 1. september 2006.

Lagt er til að 1. gr. verði felld brott þar sem lagt er til að ekki verði sóknardagakerfi frá 1. september 2004 og því engin ástæða til að hafa ákvæði um þær sóknartakmarkanir sem greinin kveður á um. Hin nýja 3. gr. kveður á um útreikning krókaaflahlutdeildar hvers báts og vísast til breytingartillagnanna varðandi nánari útfærslu. Reiknigrunnur hlutdeildar dagabátanna er samtals 9.500 tonn í þorski sem skiptist á milli bátanna. Gert er ráð fyrir að hver bátur fái í reiknigrunn 90% af fyrstu 50 lesta aflareynslu sinni og 40% af því sem umfram er í þorski og ufsa. Þessar prósentutölur geta tekið breytingum við endanlegan útreikning og ef svo fer verður gerð grein fyrir þeim breytingum fyrir 3. umræðu málsins. Sérstakt ákvæði er um viðbótarhlutdeild sem svarar allt að 20 lestum í krókaaflamarki til að bæta stöðu þeirra

útgerða sem nýlega hafa endurnýjað báta sína þar sem sóknargetan hefur ekki nýst til að mynda aflareynslu. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Þá er tekið tillit til þeirra sem hafa fjárfest með kaupum á sóknardögum og er krókaaflahlutdeild þeirra báta hækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda og með sama hætti skert þar sem um söludaga hefur verið að ræða.

Loks er kveðið á um það hverjir geti valið að gera út samkvæmt sóknardögum eitt til tvö næstu fiskveiðiár og eiga þeir kost á 18 sóknardögum hvort ár.

Meiri hlutinn bendir á til áréttingar að leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum sem fjallað er um í 3. málsl. 5. gr. laganna eiga eingöngu við um báta sem endurnýjaðir hafa verið frá og með 1. september 2002.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. maí 2004.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Guðlaugur Þór Þórðarson.

Einar K. Guðfinnsson. Hjálmar Árnason.

1777. Breytingartillögur [996. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (GHj, KHG, EKG, GÞÞ, HjÁ).

1. 1. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo:

   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaaflamarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaaflahlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

   1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaaflamarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003.
   2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaaflahlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnsins teljast 90% af upp að 50 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 40% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan

fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaaflamarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaaukningar, allt að 20 lestum á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endur nýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 26. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaaflahlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaaflahlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaaflahlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaaflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 26. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.

1778. Svar [638. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gunnars Örygssonar um umgengni við hafsbotninn umhverfis landið.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru fyrirhugaðar lagabreytingar þess efnis að umhverfisráðuneytið hafi umsjá með umgengni við hafsbotninn umhverfis landið?

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á þeim lögum sem taka til umgengni við hafsbotninn umhverfis landið. Málefni hafsbotnsins varða ábyrgðarsvið þriggja ráðuneyta. Umhverfisráðuneytið fer með náttúruvernd, þar með talda vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og með mengunarvarnir. Sjávarútvegsráðuneytið fer með mál er varða rannsóknir á fiskistofnum og verndun og nýtingu þeirra og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar. Auðlindanýting á, í eða undir hafsbotni fellur undir iðnaðarráðuneytið.

Í ljósi þess hve samofin ábyrgð gagnvart málefnum hafsins er innan Stjórnarráðs Íslands

hefur ríkisstjórnin markað samþætta stefnu um málefni hafsins og var hún samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2004. Meginmarkmið þeirrar stefnu eru að viðhalda heilbrigði, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins svo nýta megi lifandi auðlindir þess um alla framtíð. Í því felst sjálfbær nýting, verndun og umgengni er byggist á rannsóknum, tækni og þekkingu, þar sem höfð er í fyrirrúmi virðing fyrir vistkerfi hafsins í heild.

Í þessari stefnumörkun er gert ráð fyrir því að auðlindanýting og umhverfisvernd verði samþætt með aukinni áherslu á vistkerfisnálgun. Vistkerfisnálgun er í senn verkfæri til að ná fram tilteknum markmiðum um bætta auðlindastjórnun og grunnur að hugmyndafræði. Hún gengur út á vistfræðilega auðlindastjórnun í anda sjálfbærrar þróunar þar sem meðal annars er horft til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni, verndunar hafsvæða og varna gegn mengun hafsins.

Ljóst er að góð umgengi um hafsbotninn og lágmörkun neikvæðra áhrifa veiðarfæra á vistkerfi hans er mikilvægur þáttur í vistkerfisnálgun. Vistkerfi hafsbotnsins gegna mikilvægu hlutverki í lífríki hafsins og er vernd þeirra því einn liður í því að viðhalda framleiðslugetu hafsins.

Hafréttarsamningurinn leggur lagalegan grunn að rétti ríkja til að nýta auðlindir á og undir sjávarbotni. Í OSPAR-samningnum eru ýmis ákvæði um mannvirki á hafi úti í tengslum við efnavinnslu með það að markmiði að takmarka neikvæð umhverfisáhrif af hennar völdum. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn ná einnig til verndunar lífríkis og búsvæða á hafsbotni.

Íslensk löggjöf um nýtingu auðlinda á, í eða undir hafsbotninum er tiltölulega nýleg. Í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, er því lýst að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Í umræddum lögum tekur hugtakið auðlind til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Samkvæmt lögunum er nýting auðlinda hafsbotnsins háð leyfi iðnaðarráðherra. Fram að þessu hafa fyrst og fremst verið gefin út leyfi til malartöku en nýlega einnig til töku kalkþörungasets af sjávarbotni.

Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er í VI. kafla fjallað um nám jarðefna, þar með talið efnistöku af eða úr hafsbotni. Er þar meðal annars kveðið á um að iðnaðarráðherra beri að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt til efnistöku á hafsbotni og að efnistaka innan netlaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Efnistaka á hafsbotni fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004–2008. Beðið er niðurstöðu Alþingis áður en skipulag vinnu við næstu náttúruverndaráætlun hefst, en þá er áætlað að taka á náttúruvernd í sjó sérstaklega. Forsendur náttúruverndaráætlunar byggjast á fyrirliggjandi þekkingu sem að mörgu leyti er mjög brotakennd og á ekki síst við um náttúrufar hafsbotnsins. Ekki var sérstaklega litið til hans að öðru leyti en því sem tengist strandsvæðum við gerð áætlunarinnar.

Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á skynsamlega efnistöku í hafi og hefur komið á framfæri þeirri stefnu í umsögnum um mat á umhverfisáhrifum og nýtingarleyfum sem iðnaðarráðuneytið gefur út.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda skal umhverfisráðherra setja reglugerðir um hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni, og um vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram.

1779. Breytingartillaga [326. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Magnúsi Stefánssyni, Drífu Hjartardóttur,
Birki J. Jónssyni og Guðjóni Hjörleifssyni.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2000 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1780. Breytingartillaga [653. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2001.

Frá Magnúsi Stefánssyni, Drífu Hjartardóttur,
Birki J. Jónssyni og Guðjóni Hjörleifssyni.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2001 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1781. Svar [918. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um verndaða vinnustaði.

1. *Hversu margir verndaðir vinnustaðir eru í landinu, sundurgreint eftir landshlutum?*

Eftirfarandi upplýsingar eru miðaðar við 1. apríl sl. Þess skal þó getið að á sumum þessara staða er rekin blönduð starfsemi þar boðið er upp á verndaða vinnu, hæfingu og iðju.

Þrettán verndaðir vinnustaðir eru á höfuðborgarsvæðinu:
Ás vinnustofa, Brautarholti 6, Reykjavík.
Ásgarður – handverkstæði, Álafossvegi 22–24, Mosfellsbæ.
Blindravinnustofan, Hamrahlíð 17, Reykjavík.
Bjarkarás, Stjörnugróf 9, Reykjavík.
Hringsjá – starfsþjálfun fatlaðra, Hátúni 10d, Reykjavík.
Hæfingarstöðin Fannborg 6, Kópavogi.
Klúbburinn Geysir, Skipholti 29, Reykjavík.
Múlalundur, Hátúni 10c, Reykjavík.
Reykjalundur, Reykjalundi, Mosfellsbæ.
Vinnustaðir ÖBÍ, Hátúni 10, Reykjavík.

Vinnustofur Skálatúns, Skálatúni, Mosfellsbæ.
Vinnustofan Hólaberg, Gerðubergi 1, Reykjavík.
Örvi, Kársnesbraut 110, Kópavogi.

Einn verndaður vinnustaður er á Suðurnesjum:
Hæfingarstöðin í Keflavík, Hafnargötu 90, Keflavík.

Þrír verndaðir vinnustaðir eru á Suðurlandi:
Sólheimar, Grímsnesi, Selfossi.
Vinnustofa Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi, Gagnheiði 39, Selfossi.
Kertaverksmiðjan Heimaey, Faxastíg 46, Vestmannaeyjum.

Einn verndaður vinnustaður er á Austurlandi:
Stólpi, Lyngási 12, Egilsstöðum.

Tveir verndaðir vinnustaðir eru á Norðurlandi:
Hæfingarstöð við Skógarlund, Akureyri.
Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur, Dalsbraut 1, Akureyri

Einn verndaður vinnustaður er á Vesturlandi:
Fjöliðjan, vinnu- og hæfingarstaður, Dalbraut 10–12, Akranesi.

2. *Fá verndaðir vinnustaðir fjárveitingar til að finna og þróa ný verkefni? Ef ekki, hyggst ráðherra beita sér fyrir því?*

Verndaðir vinnustaðir fá ásamt öðrum þeim sem vinna að atvinnumálum fatlaðra samkvæmt reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996, fjárveitingar til rekstrar frá svæðisskrifstofum eða með beinum hætti með þjónustusamningum. Innan ramma þeirra fjárveitinga sem forstöðumenn viðkomandi starfseininga fá er gert ráð fyrir því að til falli allur sá kostnaður sem hlýst af starfseminni. Forstöðumenn bera jafnframt á því ábyrgð að verkefni séu ávallt við hæfi og leiti þeirra séu þau ekki til staðar. Almennt hafa forstöðumenn sýnt sérstaka atorku og hugmyndaflug í leit að verkefnum og má því segja að þróun verkefna hafi mjög oft verið í samræmi við þarfir notenda á hverjum tíma. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi að hafin er vinna meðal Samtaka um vinnu og verkþjálfun (SVV) um samstarf sem hefur það að markmiði að styrkja enn frekar þróun og verkefnaleit í samstarfi þessara vinnustaða. Loks má geta þess að nokkur þróunarverkefni um verkefni og verkefnaleit hafa átt sér stað milli starfseininga í samráði og samvinnu við hinar ýmsu svæðisskrifstofur.

Ráðherra væntir þess að áframhaldandi vinna við þróun og nýsköpun verkefna á þessu sviði skili enn meiri fjölbreytileika varðandi verndaða vinnu.

1782. Fyrirspurn [1006. mál]

til utanríkisráðherra um efnahagslegar refsiaðgerðir.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu oft og í hvaða tilvikum hafa Íslendingar tekið þátt í efnahagslegum eða viðskiptalegum refsiaðgerðum gegn þjóðum sem brotið hafa alþjóðalög eða -samþykktir?
2. Hversu lengi stóðu þær aðgerðir?

Skriflegt svar óskast.

1783. Nefndarálit [1000. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var unnið með hliðsjón af skýrslu nefndar um stefnumótun í mjólkurframleiðslu frá 23. febrúar sl. Hvorki var haft samráð við landbúnaðarnefnd né fjárlaganefnd á undirbúningstíma frumvarpsins og kom það fyrst fyrir sjónir nefndarmanna þegar því var dreift á Alþingi. Hafa ber í huga að hér er um að ræða 4 milljarða kr. verðtryggð árleg útgjöld á átta ára tímabili. Ekki var heldur haft samráð við þá fulltrúa vinnumarkaðarins sem unnu að skýrslu þeirri sem lögð var til grundvallar samningnum en að þeirra mati skila mikilvægar forsendur sameiginlegrar niðurstöðu nefndarmanna allra sér ekki að fullu inn í samninginn. Þess ber að geta að núverandi samningur við mjólkurframleiðendur rennur ekki út fyrr en 1. september 2005 svo að tími til samráðs og samvinnu er nægur ef vilji er fyrir hendi.

Markmiðin með samningnum eru að stuðla að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði, að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda, að viðhalda stöðugleika milli framleiðslu og eftirspurnar og veita greininni svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni, sem og að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur að ekki séu nægilega öflug ákvæði í samningnum varðandi aðhald og eftirlit með vinnslustöðvum þannig að hagur neytenda sé tryggður. Á meðan innflutningur, sem reikna má með að veiti öflugt aðhald í kjölfar WTO-samninga, er enn mjög takmarkaður og nýtist því að litlu leyti til þess, þarf að tryggja eftirlit af hálfu hins opinbera. Þar sem hlutverk hins opinbera eftirlitsaðila, verðlagsnefndar, að heimila verðtilfærslur er hins vegar afnumið og opnað fyrir það að hlutverk hennar að ákvarða verð til bænda verði einnig afnumið er athugandi hvort ekki verði að auka innflutning búvöruframleiðslu til að efla aðhald gagnvart innlendri framleiðslu.

Þá er ekki kveðið á um bætta upplýsingagjöf til verðlagsnefndar en í ljós kom við vinnslu skýrslu um stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu að þörf er á að bæta hana. Þannig

þyrfti að tryggja nefndinni aðgang að upplýsingum frá afurðastöðvum auk upplýsinga frá Hagstofu Íslands og Hagþjónustu bænda. Upplýsingar næðu til rekstrar- og efnahagsreikninga, þróunar verðs á Íslandi samanborið við útlönd og framkvæmdar alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Ekki er heldur komið í veg fyrir að léleg rekstrarafkoma einstakra stöðva hafi áhrif við ákvörðun heildsöluverðs né þann möguleika að fé sé tekið út úr afurðastöðvunum og það hafi síðan áhrif á ákvörðun heildsöluverðs. Þá er ekki útfært hvernig gripagreiðslur og jarðræktarstyrkir komi til lækkunar vöruverðs til neytenda.

Þannig telur minni hlutinn að hagur neytenda sé ekki tryggður eins og kostur er í frumvarpinu en hafa ber í huga að búið er að klippa á möguleika Samkeppnisstofnunar til eftirlits og afskipta af verðlagningu búvara með frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu. Krafa um skýr aðhaldsskilyrði mjólkuriðnaðarins var ein af meginniðurstöðum nefndar um stefnumótun í mjólkuriðnaði en telja verður að mistekist hafi að leysa þann þátt á viðunandi hátt.

Athygli vekur hinn langi gildistími samningsins þrátt fyrir fyrirsjáanlegar breytingar vegna alþjóðaskuldbindinga Íslands. Með löngum gildistíma er fyrirhugað að tryggja starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og gefa greininni færi á að undirbúa sig fyrir harðnandi erlenda samkeppni en ekki er gerð nein grein fyrir því í frumvarpinu á hvern hátt það er fyrirhugað. Einnig verður að minna á að opinbert aðhald og innlend samkeppni er sennilega besti undirbúningurinn en þeim þáttum er einmitt kastað fyrir róða.

Minni hlutinn telur einnig rétt að hugað verði að heildarendurskoðun á landbúnaðarkerfinu þar sem langtímahagsmunir bænda og neytenda verði tryggðir. Minni hlutinn mun taka afstöðu til einstakra greina frumvarpsins.

Alþingi, 26. maí 2004.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásgeir Friðgeirsson.

1784. Nefndarálit [878. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Í greinargerð með frumvarpi þessu stendur: „Frumvarpinu er ætlað að gera mögulega sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.“ Tekið er undir þetta markmið og jafnframt lögð áhersla á að mynduð verði ein samþætt stofnun undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Stofnun samkvæmt tvennum lögum.

Annar minni hluti telur að lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, rúmi lagalegar heimildir til að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins í eina stofnun. Má þar vísa til 3. gr., III. kafla og 21. gr. þeirra. Landbúnaðarháskólinn hefur skýrt markað rannsóknahlutverk samkvæmt þeim lögum og gæti starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fallið þar að. Gildir þar einu hvort um nýja

stofnun væri að ræða eða öll starfsemin væri felld undir Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 9. gr. laganna bætist svofellt ákvæði: „Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skulu stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.“ Í athugasemdum við 1. gr. er þessi aðgreining áréttuð: „Kveðið er á um að rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands hafi sjálfstæðan fjárhag.“ Nú þegar er stór hluti starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri bundinn í fjölþættum rannsóknum og þær reknar sem hluti hans.

Ein stofnun – ein lög.

Samkvæmt orðalagi frumvarpsins er verið að búa til tvær stofnanir á tveimur fjárlaganúmerum sem starfa samkvæmt tvennum lögum en eiga með einhverjum hætti að lúta sömu yfirstjórn. Að mati 2. minni hluta er hér alrangt að staðið. Mikilvægt er að búa til eina samþætta stofnun sem starfar samkvæmt einum lögum og einu fjárlaganúmeri. Þessi tilhögun, sem kemur fram í frumvarpinu og meiri hlutinn leggur til að verði samþykkt, er óskiljanleg og ekki séð hvernig hægt er að reka hinn nýja landbúnaðarháskóla sem eina stofnun ef frumvarpið verður óbreytt að lögum. Benda má á að Háskóli Íslands starfar samkvæmt einum lögum og Landbúnaðarháskóli Íslands hefur nákvæmlega sömu stöðu til að ná í utanaðkomandi rannsóknafjármagn hvort sem hann starfar eftir einum lögum eða tvennum. Hér er einungis verið að torvelda nauðsynlega en vandasama sameiningu. Að bæta Garðyrkjuskóla ríkisins inn í þetta púkk með þeim hætti, sem lagt til í breytingartillögum meiri hlutans torveldar sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sem átti að vera aðalmarkmið frumvarpsins.

Gengið á sérsvið annarra stofnana.

Samkvæmt 15. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, skal setja reglur um verkaskiptingu milli skólanna í rannsóknum og kennslu. Þannig hafa sérsvið Hólaskóla verið mörkuð. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, mun rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands hafa býsna sjálfstæða stöðu og á verkefnasviði þess eru talin öll þau sérverkefni sem Hólaskóli hefur haft á sinni forsjá til þessa, sbr. sérstaklega a- og b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Eins og sú grein er nú orðuð í frumvarpinu má túlka hana þannig að rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands taki einnig til rannsókna sem nú eru á sérsviðum Hólaskóla. Í nefndaráliti meiri hlutans er lögð áhersla á „að áfram verði unnið að hugmyndum um frekari sameiningu þeirra stofnana sem starfa á sviði landbúnaðar við kennslu, rannsóknir og leiðbeiningarþjónustu“. Hér er verið að senda ótímabær skilaboð til annarra stofnana sem ekki tengjast upphaflegu markmiði frumvarpsins sem var að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina stofnun. Með þessu orðalagi er sköpuð óvissa um stöðu og verkefni annarra stofnana landbúnaðarins sem ekki var markmið þessa frumvarps.

Að mati 2. minni hluta er markmiðið með frumvarpi þessu að sameina Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í eina samþætta stofnun sem starfi samkvæmt einum lögum, þ.e. lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, og eru lagðar fram breytingartillögur sem lúta að því markmiði.

Hætta á fjársvelti.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, stendur: „Reiknað er með að öllu starfsfólki verði boðin sambærileg störf við Landbúnaðarháskóla Íslands." Athyglisvert er að orðið „sambærileg" stendur ekki í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að kostnaður við þessar breytingar rúmist innan fjárlagaheimildar stofnunarinnar. Viðbúið er að allmargir starfsmenn muni óska eftir að fara á biðlaun og mun þá þurfa að ráða nýja starfsmenn í þeirra stað. Reynsla af viðlíka aðgerðum um sameiningu og flutning stofnana hefur sýnt að þær geta verið mjög kostnaðarsamar. Óbreytt fjármagn og aukinn kostnaður vegna sameiningarinnar þýðir beinan niðurskurð á starfseminni og verður að leiðrétta þessa umsögn fjármálaráðuneytisins til þess að sú verði ekki raunin.

Þakkir til starfsfólks.

Verði sú raunin að Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði lögð niður eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er starfsfólki öllu þakkað metnaðarfullt og óeigingjarnt starf í þágu íslensks landbúnaðar og landbúnaðarvísinda. Því fylgja jafnframt árnaðaróskir á nýjum vettvangi hver sem hann verður.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jón Bjarnason.

1785. Breytingartillögur [878. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar (JBjarn).

1. 1. og 2. gr. falli brott.
2. Í stað orðanna „1. janúar 2005 " í 4. gr. komi: 1. júlí 2005.
3. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóla Íslands" þrívegis í 5. gr. komi: Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

1786. Nefndarálit [879. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir: „Meginmarkmið með frumvarpi þessu er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðar-

ins og sameina undir eina yfirstjórn Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Á undanförnum árum hafa Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins átt með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, enda er markmið beggja stofnana að efla íslenskan landbúnað. Samstarf stofnananna hefur gengið vel og farið vaxandi. Samruni þeirra er lykilatriði í þeirri samþættingu verkefna sem nauðsynleg er til þess að starfsemin eflist enn frekar. Kostir sameiningar felast m.a. í því að kennslu- og rannsóknastarfsemi verður heildstæðari, starfsfólki bjóðast fjölbreyttari verkefni og fjármagn nýtist betur. Á sama tíma ætti nemendum að bjóðast fjölbreyttari tækifæri til að afla sér menntunar og reynslu af þátttöku í rannsóknum."

Hægt er að taka undir þessi markmið og röksemdafærslu að hluta. Að mati undirritaðs er ekki nauðsynlegt að sameina stofnanir til að njóta sameiginlegs styrks þeirra. Litlar stofnanir á sérhæfðum sviðum geta verið mjög virkar og miðlað ríkulega til annarra stofnana í samstarfi ef þær fá að njóta sjálfstæðis, innri metnaðar og styrks nærsamfélagsins.

Sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er tímabær en því miður er valin sú leið að leggja báðar stofnanir niður og búa til nýja stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Að mati undirritaðs væri mun skynsamlegra að sameina þessar stofnanir undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Samstarf Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er orðið mjög náið og þarf því að gæta þess að ótaktískar sameiningaraðgerðir spilli þar ekki fyrir.

Að mati 2. minni hluta átti að binda þessa lagasetningu alfarið við að sameina þessar tvær stofnanir í eina, festa heimili höfuðstöðvanna á Hvanneyri og blanda ekki öðrum þáttum inn í sameiningarferlið.

Handahófskennd vinnubrögð.

Frumvarpið kom fram nokkrum dögum fyrir áætluð þinglok og var settur slíkur hraði á afgreiðslu þess að ekki náðist að vinna það með eðlilegum hætti í nefndinni.

Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki hafi verið haft samráð við stjórnendur stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, um samningu frumvarpsins, en þeir hefðu örugglega getað gefið góð ráð um lagasetningu sem miðar að sameiningu þessara tveggja stofnana. Þessir forstöðumann hafa leitt stofnanir sínar og fjölbreytt starf þeirra farsællega um áratugi.

Í miðri umfjöllun málsins í nefndinni er svo skyndilega tekin kúvending og ákveðið að kippa Garðyrkjuskóla ríkisins upp í sameiningarhringekjuna án nokkurs undirbúnings eða könnunar á því hvaða áhrif það hefði á sameiningarferli hinna stofnananna tveggja. Það er enn ein staðfestingin á því að landbúnaðarráðherra og meiri hluti landbúnaðarnefndar hafi ekki skilgreint markmið eða framtíðarsýn í þessari aðgerð.

Garðyrkjuskóli ríkisins lagður niður.

Engin umræða hefur farið fram innan nefndarinnar um það hvernig fara skuli með núverandi verkefni Garðyrkjuskólans en einungis lagt til í breytingartillögum meiri hlutans að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli starfrækja „sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju". Nú má vel vera réttlætanlegt að leggja Garðyrkjuskólann niður eða breyta rekstri hans og verkefnum frá því sem nú er en slíkar grundvallarbreytingar ber að gera að vel athuguðu máli og með skýrri framtíðarsýn, sem því miður virðist ekki vera fyrir hendi. Hér er um svo viðkvæma hluti að ræða að ekki er hægt annað en lýsa vanþóknun á handahófskenndum vinnubrögðum meiri hlutans.

Menntastofnanir landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum og að Reykjum í Ölfusi hafa verið einna öflugustu rannsókna- og kennslustofnanirnar í dreifbýli á Íslandi. Sérstaklega hafa menntastofnanirnar á Hólum og á Hvanneyri skipt afar miklu máli í byggðalegu tilliti, ekki aðeins fyrir næsta nágrenni staðanna heldur einnig fyrir styrk og sjálfsímynd hinna dreifðu byggða um allt land. Slíkt er ekki sjálfgefið og þeim mun meiri ástæða er til að fara varlega og stíga aðeins þau skref til breytinga sem sannarlega geta orðið til að efla þessar stofnanir og tryggja þær í sessi á skólastöðunum.

Að gera stofnanir heimilislausar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landbúnaðarstofnanirnar sem hér um ræðir séu sviptar heimilisfangi sínu og er þar með stigið fyrsta skrefið í að veikja framtíð þeirra á stöðunum. Ef stofnun er heimilislaus í lögum er það á valdi ráðherra hverju sinni að ákveða heimili hennar og hvar yfirstjórn stofnunarinnar er staðsett.

Aðstandendur Hólaskóla mótmæltu því harðlega að Hólaskóli verði sviptur lögbundnu heimilisfangi sínu á Hólum í Hjaltadal og þar með settur á vergang. Jafnframt lögðu þeir áherslu á sjálfstæði hans og að lagabreytingin mætti í engu skerða vaxtarmöguleika hans og forræði á sérsviðum stofnunarinnar sem hún hefur markað sér og kveðið er á um í samkomulagi skólanna um verkaskiptingu. Ber að fagna því að við þeirri ósk hefur verið orðið og í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að bundin sé í lög heimilisfesti Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Hvanneyringa fékkst ekki bundið í lög að hinn nýji Landbúnaðarháskóli Íslands ætti heima á Hvanneyri. 2 minni hluti telur mikilvægt að ekki sé nokkur vafi á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands og höfuðstöðvar séu á Hvanneyri og því eigi að binda það í lög.

Ein stofnun – ein lög – ein reglugerð.

Mikilvægt er að stjórn hins nýja háskóla sé í samræmi við það sem gerist hjá öðrum háskólum, þ.e. að fulltrúar nemenda og starfsfólks eigi þar aðild. Einnig verður að telja þá skipan óeðlilega að Háskóli Íslands skipi fulltrúa í háskólaráð Landbúnaðarháskólans. 2. minni hluti flytur breytingartillögu sem varðar skipan ráðsins.

Þá er og óeðlilegt að landbúnaðarráðherra ráði einn skipan háskólarektors heldur ber landbúnaðarráðherra að fara að tilnefningum háskólaráðs. 2. minni hluti flytur einnig breytingartillögu um þá skipan.

Í frumvarpinu og öðru frumvarpi sem flutt er samhliða (878. mál) er gert ráð fyrir að við hina nýju stofnun starfi sérstakt rannsóknasvið sem hafi sjálfstæðan fjárhag og um það megi setja sérstaka reglugerð. Er farið þar á svig við það markmið að búa til eina samþætta stofnun. Engar haldbærar skýringar fengust á því hvernig þetta átti að virka í reynd. Þó virðist starfsemi háskólans eiga að skiptast á tvö sjálfstæð fjárlaganúmer með aðskilinn fjárhag. Ekki fékkst upplýst hvort ráðinn verður sérstakur framkvæmdastjóri fyrir rannsóknasviðið og starfsfólk sé ráðið sérgreint á rannsóknasvið og kennslusvið. Erfitt er að sjá hvernig þetta á að virka í reynd en ljóst er að hér er tekin mikil áhætta gagnvart því markmiði að móta hér eina samþætta stofnun.

Þegar Garðyrkjuskólinn hefur svo verið lagður niður og færður undirbúningslaust undir hina nýju stofnun verður framtíðaruppbygging hennar enn meir á reiki.

Undirbúningur frumvarpsins miðaði alfarið að sameiningu stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Hvað þýðir sú tilhögun sem meiri hlutinn leggur til að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli ekki aðeins starfa

á tveim fjárhagslega sjálfstæðum sviðum heldur skuli hann einnig starfa deildarskipt. 2. minni hluti flytur breytingartillögu um að Landbúnaðarháskóli Íslands verði ein stofnun og á einum fjárlagalið.

Réttur starfsmanna verði virtur.

Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að starfsfólki framangreindra stofnana, sem verða lagðar niður, skuli boðin störf við hina nýju stofnun. Stéttarfélög starfsmanna hafa lagt þunga áherslu á að þessar fyrirhuguðu breytingar verði unnar í nánu samstarfi við starfsfólk og samtök þeirra og að ákvæði komi inn sem kveða á um að þeim skuli boðin *sambærileg* störf hjá hinni nýju stofnun.

Ljóst er að allmargir starfsmenn munu óska eftir starfslokasamningum við þessar breytingar og því mun reynast nauðsynlegt að ráða nýtt starfsfólk til að halda óbreyttri starfsemi. Reynslan hefur sýnt að sameiningar stofnana með þessum hætti eru viðkvæmar gagnvart starfsfólki. Þær eru einnig kostnaðarsamar og því er umsögn fjármálaráðuneytis, um að fjárútlát vegna starfsmannamála við sameininguna rúmist innan fjárlagaheimildar þeirra stofnana sem eiga í hlut, fullkomlega óraunhæf. Mikilvægt er að þessi yfirlýsing fjármálaráðuneytisins verði dregin til baka því að annars stendur þessi nýja stofnun frammi fyrir stórkostlegum niðurskurði og fjársvelti. Vonandi reynist sá grunur rangur að hér sé um beinar sparnaðaraðgerðir af hálfu ríkisins að ræða.

Sjálfstæði Hólaskóla tryggt?

Menntastofnanir landbúnaðarins gegna gríðarmikilvægu og margþættu hlutverki. Þær hafa verið stærstu mennta- og rannsóknastofnanir í dreifbýli á Íslandi um áratugi og sýnt í verki að hægt er að byggja upp slíkar stofnanir við þær aðstæður. Þær starfa í nánum tengslum við atvinnulífið og eru jafnframt þátttakendur í öflugu rannsókna- og menntasamstarfi við háskólastofnanir hér á landi sem og víða um heim. Á grunni sjálfstæðis og innri styrks hefur þeim verið gert þetta mögulegt. Fara þarf mjög varlega í allar breytingar á stöðu og umgjörð þessara stofnana og þarf hvert skref til breytinga að vera rækilega rökstutt og með skýra framtíðarsýn.

Því er fagnað að Hólaskóli skuli standa utan við þessa sameiningu og meiri hlutinn hafi lagt fram breytingartillögu um að heimili Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal verði áfram bundið í lög. Þó hefði verið ástæða til að setja ákvæði í lögin sem miðuðu að því að tryggja enn betur sjálfstæði, sérstöðu og verkefni Hólaskóla til frambúðar.

Árnaðaróskir.

Samkvæmt þessu frumvarpi og breytingartillögum meiri hlutans verður Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi lagður niður og felldur inn í sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í Landbúnaðarháskóla Íslands. Fari svo er starfsfólki þessara þriggja stofnanna þakkað gott og óeigingjarnt starf í þágu íslensks landbúnaðar og þjóðarinnar allrar.

Jafnframt er Landbúnaðarháskóla Íslands, starfsliði og nemendum á hverjum tíma óskað farsældar í starfi um ókomin ár.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Háskóli í Hjaltadal. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 2. apríl 2003.)
II. Samstarf háskóla og sveigjanleiki í námi. Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla. (Morgunblaðið, 24. maí 2004.)
III. Umsögn forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. (27. apríl 2004.)
IV. Umsögn byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar. (28. apríl 2004.)
V. Umsögn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands. (29. apríl 2004.)
VI. Umsögn Hólamannafélagsins. (29. apríl 2004.)
VII. Umsögn skólameistara Hólaskóla.
VIII. Umsögn Félags íslenskra landslagsarkitekta. (19. apríl 2004.)
IX. Umsögn skólameistara Garðyrkjuskóla ríkisins. (28. apríl 2004.)
X. Umsögn skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. (28. apríl 2004.)
XI. Umsögn rektors Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. (28. apríl 2004.)
XII. Umsögn menntamálanefndar. (5. maí 2004.)

1787. Breytingartillögur [879. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar (JBjarn).

1. 1. gr. orðist svo:
   Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri og Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóla Íslands“ komi: Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.
3. 4. gr. falli brott.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóli Íslands“ kemur: Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.
5. 6., 7. og 9. gr. falli brott.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóla Íslands“ komi: Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.
7. Við 11. gr. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóla Íslands“ í 1. og 2. mgr. komi: Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna „Landbúnaðarháskóli Íslands“ komi: Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.
9. Við 15. gr. Greinin falli brott.
10. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
    Í stað orðanna „Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri“ og „Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri“ í 39. gr. kemur í viðeigandi falli: Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.
11. Við 17. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.
12. 2. málsl. fyrstu málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða orðast svo:
    Starfsfólki framangreindra stofnana skulu boðin sambærileg störf hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

1788. Svar [708. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Dagnýjar Jónsdóttur um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu.

1. *Við hve marga hefur heilbrigðisráðuneytið eða stofnanir ráðuneytisins gert samninga, sem nú eru í gildi, um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu á sviði:*
   a. *hjúkrunar,*
   b. *öldrunarþjónustu,*
   c. *heilsugæslu,*
   d. *endurhæfingar?*

Samningar um hjúkrun hafa verið gerðir við fjóra aðila, samningar um öldrunarþjónustu við tvo, samningar um heilsugæslu við þrjá og samningar um endurhæfingu við sex.

2. *Um hvaða þjónustu hefur verið samið með hverjum samningi og til hve langs tíma?*

Samningur við Félag íslenska hjúkrunarfræðinga um hjúkrun í heimahúsum er til tveggja ára. Samningur við félagið vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum er útrunninn en unnið er eftir honum enn þá. Samningur við Ljósmæðrafélag Íslands vegna sömu þjónustu er til þriggja ára. Samningur við Rauða kross Íslands vegna reksturs sjúkrahótels í Gistiheimili RKÍ er til þriggja ára.

3. *Við hverja hafa slíkir samningar verið gerðir? Óskað er eftir sundurliðuðu svari.*
4. *Hverjar eru skuldbindingar ríkissjóðs vegna samninganna? Óskað er eftir sundurliðuðu svari þar sem fram komi upphaf og lok samningstíma, árleg greiðsla úr ríkissjóði vegna hvers samnings og heildargreiðsla ríkissjóðs vegna hvers samnings.*

Upplýsingarnar eru í meðfylgjandi töflu.

Samningar um rekstur heilbrigðisþjónustu.

Samningsaðili	Tegund þjónustu	Samningstími	Greiðslur í millj. kr. Árlega	Samtals
Rauði kross Íslands	Rekstur sjúkrahótels	1. jan. 2002 – 31. des. 2004	64,2	192,7
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Hjúkrun í heimahúsum	1. jan. 2003 – 30. sept. 2004	121,5	212,6
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Fæðingar í heimahúsum	Útrunninn	5,7	
Ljósmæðrafél. Íslands	Fæðingar í heimahúsum	1. jan. 2004 – 31. des. 2005	45,4	92,2
Öldungur hf.	Hjúkrun aldraðra í Sóltúni	28. apríl 2000 – 26. apríl 2027	706,5	17.896,7
Sjómannadagsráð	Hjúkrun aldraðra á Vífilsstöðum	1. ágúst 2003 – 31.des. 2007	244,0	1.078,3
Sjómannadagsráð	Hjúkrun aldraðra í Víðinesi	1. jan. 2003 – 31. des. 2005	179,0	537,0
Læknavaktin ehf.	Vaktþjónusta lækna utan dagvinnutíma	1. jan. 2004 – 31. des. 2007	200,2	829,0
Heimilislæknastöðin	Rekstur heilsugæslu í Lágmúla	1. jan. 2004 – 31. des. 2004	108,4	108,4
Salus ehf.	Rekstur heilsugæslu að Salavegi 2, Kópavogi	20. jan. 2004 – 31. des. 2011	80,5	610,0
SÁÁ	Meðferðarþjónusta	1. jan. 2002 – 31. des. 2005	453,5	1.730,5
Reykjalundur	Endurhæfingarþjónusta	1. jan. 2001 – 31. des. 2004	926,8	3.394,2

Samningsaðili	Tegund þjónustu	Samningstími	Greiðslur í millj. kr. Árlega	Samtals
NLFÍ	Endurhæfingarþjónusta	1. jan. 2002 – 31. des. 2004	372,7	1.048,0
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Endurhæfingarþjónusta	1. jan. 2000 – 31. des. 2004	113,8	514,3
Bláa lónið	Endurhæfingarþjónusta	1. jan. 2004 – 31. mars 2005	18,2	22,8
Janus endurhæfing ehf	Starfsendurhæfing	1. jan. 2004 – 31. des. 2004	9,2	
Starfsþjálfun fatlaðra, Hringsjá	Starfsendurhæfing	1. jan. 2003 – 31. des. 2004	16,3	31,3
Geðhjálp	Endurhæfingarþjónusta	15. okt. 2003 – 15. okt. 2004	4,8	4,8
Samtals			3.670,7	28.302,8

1789. Fyrirspurn [1007. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun virðisaukaskatts.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hve mikið áætlar fjármálaráðuneytið að mundi kosta ríkissjóð að lækka úr 14% í 7% virðisaukaskatt á eftirtöldum tegundum vöru og þjónustu sem taldar eru upp í 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988:

a. útleigu hótel- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu,
b. afnotagjöldum útvarpsstöðva,
c. sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða,
d. sölu bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptakna af lestri slíkra bóka,
e. sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns,
f. aðgangi að vegamannvirkjum?

Skriflegt svar óskast.

1790. Lög [966. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 1485.

1791. Lög [313. mál]

um uppfinningar starfsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 1732 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

Starfslok.

Uppfinning sem 4. gr. tekur til telst hafa orðið til á starfstíma ef sótt er um einkaleyfi fyrir henni innan sex mánaða frá raunverulegum starfslokum nema líkur megi leiða að því að uppfinningin hafi orðið til eftir raunveruleg starfslok.

Ógilt er hvert það samkomulag milli atvinnurekanda og starfsmanns er takmarkar rétt starfsmannsins til að ráðstafa þeim uppfinningum sem verða til meira en ári eftir formleg starfslok.

1792. Lög [480. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 1735 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Í stað „sbr. 1.–9. tölul. 1. mgr. 36. gr.“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: sbr. 1.–10. tölul. 1. mgr. 36. gr.

6. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.

8. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1793. Lög [967. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 1486.

1794. Frumvarp til laga [734. mál]

um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „eða notkunar“ í 3. mgr. falla brott.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ákvæði 8. og 9. gr. laga þessara taka ekki til vöru sem um gilda sérstök lög eða reglur um öryggi vöru. Þar sem ákvæði sérlaga eru ófullnægjandi eða ganga skemmra en ákvæði IV. og V. kafla laga þessara skulu þau ákvæði gilda. Hið sama á við um skyldur framleiðenda og dreifingaraðila eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein er verður 7. gr. a, svohljóðandi:

Tilkynntur aðili.

Tilkynntur aðili er aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda og stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB sem hæfan til að framkvæma samræmismat fyrir tilteknar vörur samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.
2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.
3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Afturköllun og vara tekin af markaði.

Afturköllun merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að hættulegri vöru, sem framleiðendur eða dreifingaraðilar hafa þegar afhent eða boðið neytendum, verði skilað.

Að vara sé tekin af markaði merkir hverja þá ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu eða sé sýnd eða boðin neytendum.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.

Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum í samræmi við 1. og 2. mgr. skal öryggi vörunnar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum.
2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.
3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.
4. Evrópustöðlum, öðrum en þeim sem getið er í 2. mgr.
5. Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinnar vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-ríkis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

6. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Framleiðanda vöru er skylt að upplýsa um hættu sem kann að fylgja notkun hennar ef hættueiginleikarnir eru ekki augljósir og gera varúðarráðstafanir til að takmarka hættuna. Það að slíkar upplýsingar séu veittar leiðir ekki til undanþágu frá öðrum ákvæðum laga þessara.

Framleiðendum og dreifingaraðilum ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hættuleg vara komist á markað, t.d. með því að fela tilkynntum aðila yfirferð samræmisyfirlýsingar þegar þess er krafist samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru, gera úrtaksprófanir á markaðssettum vörum, taka kvartanir til meðferðar og veita upplýsingar um hættueiginleika vörunnar, framleiðanda hennar og tilvísunarnúmer vörunnar eða, þar sem við á, framleiðslulotunnar sem hún tilheyrir.

Dreifingaraðila vöru er skylt að gæta þess vandlega að farið sé að gildandi öryggiskröfum og afhenda ekki vörur sem hann veit eða má vita að uppfylli ekki þessar kröfur með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum og sem fagmaður.

Ef framleiðendur og dreifingaraðilar vita eða hafa mátt vita að vara sem þeir hafa markaðssett stofni neytendum í hættu eða veruleg áhætta geti fylgt áframhaldandi notkun hennar

án frekari öryggisráðstafana eða úrbóta skulu þeir tafarlaust tilkynna eftirlitsstjórnvöldum um það. Í slíkum tilvikum ber þeim að upplýsa eftirlitsstjórnvald um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé stofnað í hættu. Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein er skylt að senda eftirlitsstjórnvöldum í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem viðkomandi vörur hafa verið markaðssettar eða afhentar neytendum á annan hátt. Ef um alvarlega áhættu er að ræða skulu þessar upplýsingar fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi atriði:

1. Upplýsingar sem gera kleift að bera nákvæm kennsl á viðkomandi vöru eða framleiðslulotu.
2. Nákvæma lýsingu á hættunni sem viðkomandi vara hefur í för með sér.
3. Allar tiltækar upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að rekja uppruna vörunnar.
4. Lýsingu á aðgerðum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir að neytendum sé hætta búin.

Dreifingaraðilum er skylt að halda utan um skjöl sem nauðsynleg eru til að rekja uppruna vöru. Skjöl skulu aldrei geymd skemur en skylt er að geyma skjöl samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga.

Ef aðgerðir þær sem kveðið er á um í 1., 2. og 4. mgr. eru ekki nægilegar er framleiðendum og dreifingaraðilum skylt að afturkalla vöru eða taka hana af markaði samkvæmt ákvörðun eftirlitsstjórnvalds.

Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu ekki flytja út frá Íslandi vöru til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi hún verið tekin af markaði vegna hættu sem neytendum stafar af henni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í samræmi við staðla og venjur sem gilda um öryggi vöru á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ falla brott.
b. 2. málsl. 3. tölul. orðast svo: Varúðar- og notkunarleiðbeiningar sem tryggja örugga notkun vöru skulu vera í eðlilegri lesstærð og á íslensku ritmáli ef það á við.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skyldur framleiðenda og dreifingaraðila.

Framleiðendum og dreifingaraðilum samkvæmt lögum þessum er skylt að beiðni eftirlitsstjórnvalda að veita þeim aðstoð í tengslum við aðgerðir sem stuðla eiga að öryggi neytenda. Þá er þeim skylt að afhenda skrá með upplýsingum um birgja og þá er bjóða fram vörur þeirra ef eftirlitsstjórnvöld óska eftir því í tengslum við rannsókn máls.

9. gr.

7. tölul. 14. gr. laganna orðast svo: Að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði.

10. gr.

1. og 2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Löggildingarstofa skal stofnsetja samvinnunefndir um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur eftir því sem við getur átt.

Samvinnunefnd skal tryggja skilvirkni í markaðseftirliti með því að fjalla um starfsáætlanir og skipulag markaðseftirlits eftirlitsstjórnvalda, svo og athugasemdir sem þeim berast og gerðar eru um einstakar vörur og vöruflokka, og gera tillögur til Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda sem taka endanlega stjórnvaldsákvörðun um skilvirkt eftirlit með vöru samkvæmt lögum þessum eða sérlögum ef það á við.

11. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, sem orðast svo: Lögregla skal tilkynna Löggildingarstofu um slys sem hún rannsakar ef ætla má að orsök þess sé af völdum vöru eða þjónustu sem lög þessi taka til.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Eftirlitsstjórnvald getur með rökstuðningi afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu vöru ef hún uppfyllir ekki formleg skilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunar- og skoðunarskýrslur.

b. Á eftir orðunum „getur eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

13. gr.

Á eftir orðunum „Eftirlitsstjórnvöld skulu“ í 21. gr. laganna kemur: afturkalla, taka af markaði eða.

14. gr.

Á eftir orðunum „í tengslum við“ í 1. og 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða.

15. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlitsstjórnvaldi er heimilt að krefjast þess að vara sem getur verið hættuleg við tiltekin skilyrði eða tiltekna notkun sé merkt með upplýsingum á íslensku um þá hættu.

16. gr.

Á eftir orðunum „Hafi eftirlitsstjórnvald“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: afturkallað, tekið af markaði eða.

17. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarstofu“ í 26. gr. laganna kemur: og tilnefndra aðila.

18. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, svohljóðandi:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2003

frá 31. janúar 2003, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB, um öryggi vöru.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1795. Frumvarp til laga [785. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðskýringin „Almenn lán“ orðast svo: *Almenn lán* eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir til kaupa, byggingar eða endurbóta á íbúðarhúsnæði gegn afhendingu ÍLS-veðbréfs.
b. Orðskýringin „Fasteignaveðbréf“ fellur brott.
c. Í stað orðskýringarinnar „Húsbréf“ kemur ný orðskýring, svohljóðandi: *Fjármögnunarbréf* eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs (íbúðabréf) eða hafa verið gefin út í nafni Íbúðalánasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna (húsbréf og húsnæðisbréf) í tengslum við lánveitingar og fjármögnun þessara sjóða.
d. Í stað orðskýringarinnar „Húsnæðisbréf“ kemur ný orðskýring í réttri stafrófsröð, svohljóðandi: *Íbúðabréf* eru markaðshæf skuldabréf sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs og sjóðurinn selur á almennum markaði í því skyni að afla fjár fyrir lánveitingar sínar.
e. Við bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *ÍLS-veðbréf* eru skuldabréf sem kaupandi eða eigandi íbúðarhúsnæðis gefur út til Íbúðalánasjóðs með veði í íbúðarhúsnæði.
f. Við orðskýringuna „Viðbótarlán“ bætist: eða ÍLS-veðbréfi.

2. gr.

Á eftir orðinu „Íbúðalánasjóður“ í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: og lánar til íbúðakaupa, nýbygginga eða endurbóta íbúðarhúsnæðis á Íslandi.

3. gr.

Í stað orðsins „húsbréfaviðskiptum“ í 1. tölul. 9. gr. laganna kemur: viðskiptum með skuldabréf sem sjóðurinn gefur út.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: Með útgáfu og sölu íbúðabréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
b. 3. tölul. orðast svo: Með þjónustugjöldum skv. 49. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal eftir því sem kostur er, og að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við aðila á markaði um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Íbúðalánasjóður skal halda jafnvægi milli inn- og útgreiðslna sjóðsins og gera áætlanir þar um. Sjóðurinn skal koma upp áhættustýringarkerfi í því skyni.

Íbúðalánasjóði er heimilt að eiga viðskipti með fjármögnunarbréf sín og önnur verðbréf. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um áhættuviðmið, áhættustýringu, innra eftirlit og viðskipti sjóðsins með verðbréf að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eigna- og skuldastýring.*

6. gr.

Á eftir orðunum „þessara til“ í 1. tölul. 15. gr. laganna kemur: endurbóta.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðskilnaður lánaflokka.

Íbúðalánasjóður skal halda mismunandi lánaflokkum sjóðsins aðgreindum í bókhaldi og gefa út flokka markaðshæfra íbúðabréfa í nafni sjóðsins með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Um skilyrði þess að Íbúðalánasjóður samþykki lánveitingu til umsækjanda fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn sjóðsins setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er sjóðnum heimilt að synja um lánveitingu.

Við afgreiðslu lánsumsókna skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka eða aðra aðila um mat þeirra þátta sem greinir í 2. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lán Íbúðalánasjóðs eru greidd út í peningum. Áður en kemur til útgreiðslu láns skal lántaki gefa út ÍLS-veðbréf og þinglýsa því. ÍLS-veðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs, og bera vexti skv. 21. gr.

b. Í stað orðanna „Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lánveiting samkvæmt ÍLS-veðbréfi getur numið.

c. Í stað orðsins „fasteignaveðbréfið“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ÍLS-veðbréfið.

d. Í stað orðanna „fasteignaveðbréfa sem húsbréfadeild“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: ÍLS-veðbréfa sem Íbúðalánasjóður.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *ÍLS-veðbréf.*

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Lánstími almennra lána getur verið allt að 40 ár, sbr. þó 48. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

Fyrsti vaxtadagur ÍLS-veðbréfs er fimm dögum eftir að bréfið er tilbúið til afhendingar hjá Íbúðalánasjóði. Frá og með þeim degi greiðir sjóðurinn út höfuðstól keypts ÍLS-veðbréfs án vaxta og verðbóta og að frádregnu lántökugjaldi.

Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvarðar vexti ÍLS-veðbréfa með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði í reglulegum útboðum íbúðabréfa og fjármagnskostnaði vegna uppgreiddra lána skv. 23. gr. að viðbættu vaxtaálagi skv. 28. gr.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Veðlánaflutningur milli fasteigna er heimill. Kveða skal í reglugerð nánar á um hvenær slík heimild er fyrir hendi og með hvaða skilyrðum.

11. gr.

22. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Íbúðabréf.

Íbúðalánasjóður gefur út íbúðabréf.

Íbúðabréf eru rafbréf, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

12. gr.

23. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Greiðslur lána.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir, verðbætur og vexti af ÍLS-veðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu fjármögnunarbréfa sjóðsins. Skuldurum ÍLS-veðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga.

Ráðherra er heimilt, við sérstakar aðstæður og að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, að ákveða að aukaafborganir og uppgreiðsla ÍLS-veðbréfa verði aðeins heimilar gegn greiðslu þóknunar sem jafni út að hluta eða að öllu leyti muninn á uppgreiðsluverði ÍLS-veðbréfs og markaðskjörum sambærilegs íbúðabréfs. Geta skal um þessa heimild í skilmálum ÍLS-veðbréfa.

13. gr.

24. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Greiðslukjör íbúðabréfa.

Íbúðabréf skulu gefin út í verðbréfaflokkum. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um vexti, verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform og lánstíma í hverjum flokki.

14. gr.

25. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldfallin fjármögnunarbréf.

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af fjármögnunarbréfum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Endurgreiðslur fjármögnunarbréfa

bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu fjármögnunarbréfa fer eftir almennum lögum.

15. gr.

26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðskipti með íbúðabréf.

Íbúðabréf skulu vera skráð á skuldabréfamarkaði, svo sem á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Íbúðalánasjóði er heimilt að koma á fót aðalmiðlarakerfi með íbúðabréf.

Íbúðalánasjóði er heimilt að lána aðalmiðlara verðbréf gegn tryggingu til að liðka fyrir verðmyndun á markaði.

16. gr.

27. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 84/1998, orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eftir því sem við á.

17. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Íbúðalánasjóði er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði, áætluðum útlánatöpum og vaxtaáhættu sjóðsins. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

18. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs, tilhögun viðskipta og útgáfu íbúðabréfa.

19. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðast svo: **Almenn lán – íbúðabréf.**

20. gr.

Í stað orðsins „fasteignaveðbréf“ í 7. mgr. 31. gr. laganna kemur: ÍLS-veðbréf.

21. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 77/2001, orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er einnig heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins þegar íbúð sem stóð að veði fyrir viðkomandi kröfu hefur eyðilagst af óviðráðanlegum orsökum. Afskriftaheimildin nær til veðkrafna sjóðsins að því leyti sem söluverð, afsláttur eða bætur duga ekki til að greiða þær upp miðað við veðröð áhvílandi lána. Skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari málsgrein er að fasteignareigandi hafi tekið venjubundnar fasteignatryggingar.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá 1. júlí 2004 til 15. september 2004 skiptir Íbúðalánasjóður fasteignaveðbréfum, sem skiptanleg eru fyrir húsbréf úr 1. eða 2. flokki 2001, fyrir peninga. Kröfuhafi fær greitt nafnverð fasteignaveðbréfsins auk áfallinna verðbóta og vaxta að frádregnu lántökugjaldi. Öll lán í húsbréfakerfinu sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu fyrir 1. júlí 2004 verða afgreidd skv. VI. kafla laganna.

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. laga þessara er Íbúðalánasjóði heimilt að hefja útgáfu og sölu íbúðabréfa 5. maí 2004 eða þá þegar er lögin hafa verið birt. Frá sama tíma er Íbúðalánasjóði heimilt að bjóða eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa að skipta á þeim fyrir íbúðabréf. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður á hvaða kjörum skipti verða boðin og tilkynnir það með hæfilegum fyrirvara.

II.

Íbúðalánasjóður tekur yfir öll réttindi og skyldur húsbréfadeildar sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum. Fasteignaveðbréf sem skiptanleg voru fyrir húsbréf halda gildi sínu, sbr. þó 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I með lögum þessum.

Húsbréf og húsnæðisbréf sem gefin hafa verið út í nafni Íbúðalánasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna í tengslum við lánveitingar og fjármögnun þessara sjóða halda gildi sínu. Skilmálar þegar útgefinna bréfa halda gildi sínu út lánstíma þeirra. Sama gildir um mismunandi flokka húsbréfa.

Íbúðalánasjóði er heimilt að yfirfæra eldri flokka húsbréfa í rafbréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

III.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum, sem skipt var fyrir húsbréf, og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti eða til endurlána.

Skuldurum fasteignaveðbréfa sem skipt hefur verið fyrir húsbréf er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbréf eftir hlutkesti, sbr. 1. mgr., eða kaupa húsbréf á markaði í endurkaupaútboðum. Íbúðalánasjóði er heimilt að færa út úr bókhaldi sínu þau húsbréf sem sjóðurinn kann að eignast.

Útdráttur húsbréfa skal fara fram í umsjá sýslumanns. Vegna rafrænt skráðra húsbréfa skal endurgreiðslan vera hlutfallslega jöfn innan viðkomandi flokks.

1796. Lög [856. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 1736 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

1797. Svar [643. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um móbergsfell við Þingvallavatn.

1. Er fyrirhugað að friðlýsa öll móbergsfell við Þingvallavatn til frambúðar?

Sem stendur er ekki unnið að friðlýsingu móbergsfella við Þingvallavatn. Síðastliðið haust kom tillaga frá Umhverfisstofnun um að svæði við Þingvallavatn sem nái m.a. yfir móbergsfellin við og norður af Þingvallavatni yrðu tekin með í náttúruverndaráætlun 2004–2008. Svæðið náði hins vegar ekki inn á þann 14 svæða forgangslista sem er í áætluninni þannig að ekki er á stefnuskránni að hefja vinnu við verndun þessa svæðis næstu fimm árin. Það er hins vegar ljóst að móberg er eitt af því sem gerir jarðfræði Ísland sérstæða og því kann að vera rík ástæða til þess að vernda móbergsfellin við Þingvallavatn. Því er vel hugsanlegt, þegar búið verður að skoða og meta verndargildi jarðfræðilegra fyrirbæra landsins betur, að í næstu náttúruverndaráætlun eftir fimm ár verði lögð áhersla á verndun þessa svæðis.

2. Mun ráðherra sjá til þess að efnisnáma í Miðfelli (Stekkjarhorni) verði lagfærð?

Náman í Miðfelli er gömul náma Vegagerðar ríkisins og ljóst er að við vinnslu í henni var farið hærra eftir efni en ráð var fyrir gert í upphafi og því reyndist erfitt að ganga frá henni á sínum tíma. Það er hins vegar ljóst að nauðsynlegt er að ganga frá námunni í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Undanfarið hefur verið unnið að framkvæmd ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, um frágang gamalla efnisnáma í samvinnu Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Vegagerðar ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæðinu skal umhverfisráðherra fela Umhverfisstofnun, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

Vegna fjölda náma og mikils umfangs verkefnisins hefur ekki tekist að ljúka því en í samvinnu við Vegagerð ríkisins vinnur Umhverfisstofnun að því að ljúka þessu verkefni á næstu missirum og hluti af því er náman í Miðfelli.

1798. Frumvarp til laga [750. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: eða sparisjóðs.

2. gr.

Við 5. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömuleiðis er lögreglu skylt að færa aðila til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að forfallalausu ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjárhæðir í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna, sem breytt var með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Enn fremur kemur ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á árinu 2003.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1799. Nefndarálit [997. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Minni hluti landbúnaðarnefndar vill taka fram að það er rangt sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, þar sem sagt er að markmið þess sé að eyða réttaróvissu um að gildandi búvörulög, nr. 99/1993, tryggi ekki nægjanlega heimildir mjólkurframleiðenda og afurðastöðva til samráðs, samruna og verðtilfærslna og því séu þær aðgerðir undanskildar gildissviði samkeppnislaga.

Enginn réttaróvissa hefur ríkt á þessu sviði. Þar sem búvörulög undanþiggja ekki sérstaklega tiltekna háttsemi frá samkeppnislögum gilda almennar reglur samkeppnislaga. Um þetta var vilji löggjafans skýr. Þar sem undanþágum búvörulaga sleppir gilda ákvæði samkeppnislaga. Á þessu hefur aldrei leikið neinn vafi.

Tilgangur frumvarpsins.

Í athugasemdum við frumvarpið er búvörulögum lýst þannig að markmið þeirra sé m.a. að vernda byggðastefnu og tryggja að landbúnaðarvörur, sérstaklega ferskar mjólkurafurðir, verði í boði á viðráðanlegu verði fyrir alla landsmenn. Það frumvarp sem hér er til meðferðar gerir ráð fyrir í fyrsta lagi að heimila afurðastöðvum í mjólkuriðnaði að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða án afskipta verðlagsnefndar. Í öðru lagi að þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga skuli afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf um verðlagningu mjólkurafurða.

Efni frumvarpanna.

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er tengt öðru frumvarpi um breytingar á búvörulögum í framhaldi af samningi ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um starfsskilyrði í mjólkuriðnaði. Niðurstaða þessara frumvarpa, verði þau að lögum, munu að mati minni hlutans þýða verulega hækkun á verði mjólkurvara til neytenda. Frumvörpin gera ráð fyrir að verðlagsnefnd sé nánast tekin úr sambandi, hvað varðar aðhald hennar á verðlagningu mjólkurafurða, og greininni sjálfri falið sjálfdæmi á þessu sviði.

Stefna ríkisstjórnarinnar.

Mjólkuriðnaðurinn nýtur mikillar verndar. Um einokunarstarfsemi er að ræða sem innflutningur veitir lítið aðhald. Það vekur talsverða furðu að ríkisstjórnin skuli ætla að heimila mjólkuriðnaðinum að stunda verðsamráð og uppskiptingu markaða. Þetta eru talin alvarlegustu brot gegn frjálsum markaði, eðlilegri verðmyndun og samkeppnislögum. Með lögfestingu frumvarpanna verða lögverndaðar aðgerðir í mjólkuriðnaði sem taldar eru einhverjar þær alvarlegustu gegn eðlilegri og frjálsri verðmyndun og samkeppni. Það er því ljóst að ríkisstjórnin hefur ákveðið að færa aukinn kostnað yfir á neytendur og láta þá greiða fyrir hækkunina sem verður á verði mjólkurafurða vegna þessara breytinga. Spurningin sem vaknar er að sjálfsögðu sú hvort með þessu sé stigið fyrsta skrefið af mörgum til að taka heilu atvinnugreinarnar undan samkeppnislögum og heimila þeim sérstakar aðferðir til að ákvarða verð á framleiðsluvörum sínum. Hví skyldu kjöt- og grænmetisframleiðendur ekki njóta sömu kjara? Minni hlutinn telur afar varhugavert að ríkisstjórnin skuli feta sig inn á þessa slóð. Þessi aðferð er aðeins afturhvarf til fortíðar. Í reynd er verið að heimila „Öskjuhlíðarfundi“ án nokkurs opinbers eftirlits.

Hvers vegna þarf einokunarstarfsemi á aukinni vernd að halda?

Með aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að verðlagsnefnd hefur umræða um landbúnað breyst mjög til batnaðar. Nú á að taka hana nánast úr sambandi og segja má að ríkisstjórnin setji í uppnám vinnu undanfarinna ára sem hefur haft það að markmiði að gefa verðlagningu á mjólkuvörum frjálsa og afnema opinbera verðlagningu. Með þessum frumvörpum er aftengd aðkoma neytenda og verkalýðshrefingar að verðákvörðunum í grein sem hefur einokunaraðstöðu og nýtur mikilla ríkisstyrkja. Slík ákvörðun er til þess fallin að skapa tortryggni milli þessara aðila.

Hvaða hagsmuni er verið að vernda?

Því miður kemur lítið fram um það, hvorki í athugasemdum við frumvarpið né í framsöguræðu landbúnaðarráðherra, hvaða hagsmuni er verið að vernda. Þó segir í athugasemdum að

tryggt sé „að þeir aðilar sem stunda smásöluverslun eigi kost á að kaupa þessar mikilvægu neysluvörur á sambærilegu verði og þar með verði komið í veg fyrir að stórar verslanakeðjur geti keypt umræddar vörur á mun hagstæðara verði en keppinautarnir í krafti stærðar sinnar". Af þessari tilvitnun verður ráðið að tilgangur frumvarpsins sé sá að koma í veg fyrir að þrýstingur geti myndast á afurðastöðvar vegna samkeppni þeirra á milli um að selja tilteknum aðilum mjólkurvörur á lægra verði en öðrum. Aðferðin við að sporna gegn þessu er að heimila verðsamráð og skiptingu markaða. Þetta verður að telja afar óeðlilegt og nánast aðför að neytendum. Ef stórar verslanakeðjur misnota markaðsráðandi stöðu sína þannig að einokunarfyrirtæki stafar ógn af er rétt að taka það fram að misnotkun á markaðsráðandi stöðu er óheimil og varðar við samkeppnislög. Það er því hlutverk samkeppnisyfirvalda að taka á slíkum brotum. Það getur varla verið markmið laganna að koma í veg fyrir að þeir sem gera stórinnkaup fái magnafslátt vegna þessa; það er eðli markaðarins. Minni hlutinn hafnar því að leiðin til að taka á þessari stöðu sé sú að hverfa aftur til hafta- og verndarstefnu. Það er í hrópandi ósamræmi við þróun síðustu ára í landbúnaði.

Framtíðin.

Um nokkurt skeið hefur stefnan verið sú að afnema opinbera verðlagningu á mjólkurvörum, en gefa greininni aðlögunartíma til að hagræða og að þeim tíma loknum fái greinin aðhald frá innflutningi mjólkurafurða. Flest bendir til að á endanum muni niðurstaða samningaviðræðna á alþjóðavettvangi (WTO) verða sú að heimilaður verði aukinn innflutningur landbúnaðarafurða. Það er mikilvægt að undirbúa greinina vel fyrir þær breytingar. Í frumvörpunum er varla að sjá nokkra framtíðarsýn hvað þetta varðar. Hér er staða afurðastöðvanna fyrst og fremst styrkt á kostnað neytenda og framleiðenda. Sagan greinir mýmörg dæmi þess að fyrirtæki sem starfa undir verndarvæng ríkisisins í einokunaraðstöðu, án nokkurs aðhalds frá markaðnum eða opinberum aðilum, geta sjaldnast fótað sig þegar rekstrarumhverfið breytist. Það er engin framtíðarsýn í þessu frumvarpi. Þess í stað er ákveðið að hverfa til fortíðar með hefðbundinni hafta- og verndarstefnu þessara flokka. Með lögfestingu þessara reglna er komið í veg fyrir að fulltrúar neytenda eða samkeppnisyfirvöld geti haft nokkurt eftirlit með atvinnugreininni. Minni hlutinn telur því lögfestingu þessara reglna afturhvarf til fortíðar fyrir landbúnaðinn, neytendur og framleiðendur. Minni hlutinn hafnar alfarið þeirri aðferðafræði sem hér á að lögfesta og telur hana hættulega, bæði greininni og neytendum.

Alþingi, 26. maí 2004.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Ásgeir Friðgeirsson.

1800. Breytingartillögur [785. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004 að frátöldu ákvæði til bráðabirgða I sem öðlast gildi nú þegar.
2. Við ákvæði til bráðabirgða I. 2. mgr. orðist svo:
   Íbúðalánasjóði er heimilt að hefja útgáfu og sölu íbúðabréfa fyrir 1. júlí 2004 og skal þá við gerð skilmála, útgáfu og sölu bréfanna gætt ákvæða 11., 13. og 15. gr. laga þessara og verða bréfin hluti af heildarútgáfu íbúðabréfa. Þá er Íbúðalánasjóði þegar heimilt að bjóða eigendum húsbréfa og húsnæðisbréfa að skipta á þeim fyrir íbúðabréf. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður á hvaða kjörum skipti verða boðin og tilkynnir það með hæfilegum fyrirvara.

1801. Nefndarálit [782. mál]

um frv. til ábúðarlaga.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Samhliða framlagningu frumvarps til ábúðarlaga var lagt fram frumvarp til jarðalaga. Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um bæði frumvörpin.

Með frumvarpi þessu er verið að skerða rétt ábúenda og leiguliða en styrkja rétt jarðareiganda sem í flestum tilfellum er ríkið.

Er þetta grundvallarbreyting frá því sem gilt hefur um langt árabil um réttindi og skyldur í samskiptum leigusala og leiguliða við ábúð á jörðum. Þetta ótrygga ástand sem leiguliðar eru settir í veikir búrekstrarstöðu þeirra, skerðir lánshæfi þeirra og lánstraust til framkvæmda á jörðinni. Réttur landeiganda til að skipta út landspildum úr leigujörð er allt of sterkur. Leiguliðum er nánast gert ómögulegt að breyta búskaparháttum, svo sem að taka upp skógrækt vegna ákvæða um sterka stöðu jarðareiganda og rétt hans til eignar, t.d. á virðisauka skógarins.

Þá má og geta þess að í lögum um prestssetur, nr. 137/1993, segir að ákvæði ábúðarlaga „taki til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt“. Eðlilegt er því að hafa gott samráð við stjórn prestssetrasjóðs um breytingar á ábúðarlögum en það hefur ekki verið gert.

Að öðru leyti en því sem segir í þessu nefndaráliti er vísað til sjónarmiða sem koma fram í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til jarðalaga og fylgiskjala með því áliti (þskj. 1802).

Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til umfangsmiklar breytingar á frumvarpi til ábúðarlaga og frumvarpi til jarðalaga. Minni hlutinn bendir á að frumvörpin hafa verið skamman tíma til umræðu í landbúnaðarnefnd, áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafa ekki verið könnuð til hlítar og ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila, þ.m.t. Bændasamtakanna, Þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga. Á

grundvelli þess leggur minni hlutinn til að málunum verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og þau unnin betur og lögð fyrir næsta reglulega þing til meðferðar. Ekkert liggur á því að endurskoða jarðalög og ábúðarlög en þeim mun mikilvægara að vanda til endurskoðunar þeirra.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jón Bjarnason.

1802. Nefndarálit [783. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Samhliða framlagningu frumvarps til jarðalaga var lagt fram frumvarp til ábúðarlaga. Nefndin hefur á fundum sínum fjallað um bæði frumvörpin.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að markmið laganna sé „að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.“ Markmið þetta er gott svo langt sem það nær.

Sjónarmið um meðferð lands og landgæða hafa breyst mjög á síðari árum og nú eru gerðar ríkar kröfur um að meðferð, varsla og nýting lands og landgæða lúti lögmálum um sjálfbæra þróun. Hafa íslensk stjórnvöld undirgengist alþjóðlega sáttmála sem kveða á um þá stefnumörkun auk eigin yfirlýsinga í þá veru. Telja verður því eðlilegt og sjálfsagt að í markmiðskafla þessara laga verði kveðið á um að meðferð og landnýting lúti lögmálum og kröfum um sjálfbæra nýtingu auðlindanna.

Nú standa fyrir dyrum grundvallarbreytingar á stuðningskerfi stjórnvalda við landbúnað, vörslu, meðferð og nýtingu landgæða, búsetu og félagsauð í dreifbýlum byggðum landsins. Mun þróunin verða sú að hverfa frá framleiðslutengdum stuðningi til stuðnings við félagslega og náttúrulega grunnþætti landbúnaðar samkvæmt lögmálum um verndun gæðanna og sjálfbæra nýtingu þeirra. Þetta sjónarmið fær litla stoð í þessum lagafrumvörpum. Breytingar í þá átt geta gjörbreytt afstöðu til lagaumgjörðar um meðferð og ráðstöfun lands og landgæða. Þetta frumvarp tekur ekkert tillit til þessara nýju og breyttu sjónarmiða.

Eitt megininntak frumvarpsins er að rýmka um öll ákvæði sem lúta að því að taka land úr landbúnaðarnotum; stuðla á að „frelsi“ í viðskiptum með land og náttúruauðlindir og litið er á jarðeignir sem forgengilega hluti eins og hús eða bíl. Minni hlutinn er andvígur þeirri nálgun. Land og landgæði er í sjálfu sér félagsleg eign framtíðarinnar. Við erum gestir á „Hótel Jörð“ eins og Tómas Guðmundsson kvað. Yrði það varla vel séð að hótelgestir hefðu mjög frjálsar hendur um nýtingu, meðferð eða sölu herbergis meðan þeir dveldust þar. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum halda þeirri hugsjón mun hærra á lofti að land og landgæði hafi sérstöðu og horfa í mun meiri mæli til framtíðarábyrgðar í sinni lagaumgjörð en gert er í þessu frumvarpi.

Réttur sveitarfélaganna til að grípa inn í ráðstöfun lands og meðferð þess er skertur verulega frá því sem áður var og er það miður. Eðlilegra hefði verið að auka skilgreindan rétt sveitarfélaga til afskipta af eignarhaldi og nýtingu lands. Sveitarfélög verða oft að grípa inn í og styðja við rekstur í öðrum atvinnugreinum sem myndar grundvöll byggðar og atvinnulífs á svæðinu. Því skyldu þau ekki mega það í sambandi við landbúnað? Það er t.a.m. í hæsta máta eðlileg krafa sveitarfélaganna að þau eigi forkaupsrétt við sölu ríkisjarða þegar ekki er verið að selja samkvæmt rétti ábúenda. Á þetta hafa sveitarfélögin lagt áherslu.

Bændasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og hefur ekki verið tekið tillit til margra veigamikilla breytingartillagna sem samtökin hafa lagt til. Frumvarpið hefur auk þess tekið verulegum breytingum í meðferð nefndarinnar sem hagsmunaaðilum hefur ekki verið gefið ráðrúm til að kanna hver áhrif hafa. Meiri hlutinn leggur til nýjar skilgreiningar á grundvallareiningum í landbúnaði, svo sem á hugtökunum lögbýli, eyðijörð og hlunnindi. Við þessar skilgreiningar eru marghátttuð atvinnuréttindi og félagsleg kjaraatriði bænda tengd.

Réttur ábúenda á leigujörðum er skertur en réttur jarðareiganda aukinn. Er þetta almennt andstætt siðvenjum og mun veikja búrekstrarstöðu leigjenda verulega. Áhrif þessara breytinga hafa ekki verið gaumgæfð.

Þjóðkirkjan er annar stærsti einstaki jarðareigandinn á eftir ríkissjóði. Ekkert samráð virðist hafa verið haft við forsvarsmenn hennar við samningu þessara frumvarpa. Enda ber mikið í milli í túlkun þessara aðila, þ.e. annars vegar ríkissjóðs og hins vegar þjóðkirkjunnar, á eignar- og réttarstöðu fjölmargra jarða. Þrátt fyrir yfirlýsingu um að þessi frumvörp ættu í engu að breyta stöðu kirkjujarða er sú ekki raunin. Að mati minni hlutans ber að hafa samráð við þjóðkirkjuna um lagasetningu um meðferð og sölu jarðeigna. Brýnt er að leysa úr ágreiningi milli ríkissjóðs og þjóðkirkjunnar um eignar- og ráðstöfunarrétt jarða.

Nokkrar jarðir eru svokallaðar kristfjárjarðir og fátækrajarðir sem hvorki er hægt að líta á sem eign ríkisins né þjóðkirkjunnar og eru ekki nefndar á nafn í frumvarpinu. En skv. 1. gr. frumvarpsins eiga lögin að ná til allra jarðeigenda. Í frumvarpinu virðist litið svo á að ríkið fari með eignar- og ráðstöfunarrétt á öllum jörðum sem ekki eru skráðar á kennitölu einstaklinga eða fyrirtækja. Sú nálgun er alröng, sbr. sérstöðu kirkjujarða og kristfjárjarða.

Þá er hvorki í frumvarpi til jarðalaga né ábúðarlaga sérákvæði er lýtur að rétti útlendinga til að kaupa jarðir á Íslandi. Eðlilegt væri að kveða á um takmörkun þar á eða hindrun. Veiking á forkaupsrétti sveitarfélaga á jörðum á markaði gerir slíka takmörkun enn brýnni.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til umfangsmiklar breytingar á frumvarpi til ábúðarlaga og frumvarpi til jarðalaga. Minni hlutinn bendir á að frumvörpin hafa verið skamman tíma til umræðu í landbúnaðarnefnd, áhrif þeirra breytinga sem frumvörpin geta haft í för með sér hafi ekki verið könnuð til hlítar og ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda umsagnaraðila, þ.m.t. Bændasamtakanna, þjóðkirkjunnar og margra sveitarfélaga. Á grundvelli þess leggur minni hlutinn til að málunum verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og þau unnin betur og lögð fyrir næsta reglulega þing til meðferðar. Ekkert liggur á því að endurskoða jarðalög og ábúðarlög en þeim mun mikilvægara að vanda til endurskoðunar þeirra.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Minnisblað frá landbúnaðarráðuneytinu um löggjöf um jarðir á öðrum Norðurlöndum.
II. Ávarp á búnaðarþingi 7. mars 2004. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.
III. Tillaga til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. (Þskj. 168, 166. mál.) Sjá bls. 916–917.
IV. Umsögn Þórshafnarhrepps. (5. apríl 2004.)
V. Umsögn kirkjuráðs þjóðkirkjunnar. (21. apríl 2004.)
VI. Umsögn Búnaðarsambands Austurlands. (16. apríl 2004.)
VII. Minnisblað frá prestssetranefnd: Um kristsfjárjarðir og fátækrajarðir.
VIII. Minnisblað frá landbúnaðarráðuneytinu: Réttaráhrif sem fylgja því að jörð sé lögbýli.
IX. Umsögn Náttúrufræðistofnunar. (13. apríl 2004.)
X. Minnisblað frá landbúnaðarráðuneytinu: Lagaákvæði sem banna að hlunnindi séu skilin frá jörð. (28. apríl 2004.)

1803. Nefndarálit [996. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Lengi hefur það verið ljóst að ákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða um skerðingu sóknardaga mundu kippa fótunum undan útgerð sóknardagabáta ef ekkert yrði að gert. Þessir bátar hafa verið afar mikilvægir fyrir mörg sjávarþorp en mest þau smærri á norðvesturhorni landsins. Í aðdraganda síðustu kosninga var málið mjög rætt og stefna frambjóðenda í landsbyggðarkjördæmunum þar sem þessir bátar hafa gert út og eflt atvinnulífið á undanförnum árum var einróma. Þeir ætluðu að beita sér fyrir lausn á vanda þessara báta og tryggja dagakerfið til framtíðar. Á Alþingi var spurt ákaft eftir efndum þessara loforða á fyrri hluta þessa þingvetrar. Svör komu um að sjávarútvegsráðherra væri að vinna að lausn málsins. Þegar ekki bólaði á þeirri lausn var tillaga um 23 daga gólf í dagakerfið borin upp við afgreiðslu breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða fyrir síðustu áramót. Tillagan var studd af stjórnarandstöðunni einni. Þingmenn stjórnarliðsins, sem sögðust jafnt þá sem í kosningabaráttunni enn berjast af öllu afli fyrir gólfi í dagakerfið, lýstu því þá yfir að þeir vildu gefa ráðherra ráðrúm til að leysa málið. Nú þegar komið var að lokadögum þinghalds lagði sjávarútvegsráðherra loks fram frumvarp sem fól í sér tvo kosti að hans mati. Annar kosturinn var að útgerðarmenn þessa bátaflokks gætu valið kvótasetningu sem miðaðist við 22% skerta veiðireynslu, hinn að vera áfram í dagakerfi, en veiðireynsla þeirra sem eftir yrðu skyldi ráða þeim dagafjölda sem yrði þar til ráðstöfunar. Innihald frumvarpsins var að öllu leyti sniðið að þeirri augljósu fyrirætlan ráðherrans að þurrka dagakerfið út.

Þessir tveir kostir gátu ekki með nokkru móti talist jafngildir vegna þess að í dagakerfi sem þessu er veiðirétturinn sameiginlegur og enginn hefur í raun meiri rétt en annar til veiða. Með því að gefa þeim sem mesta aflareynslu hafa síðustu tvö ár kost á að fara út úr kerfinu með hana hefði orðið eðlisbreyting á þessum veiðirétti og þeir sem hafa stundað veiðarnar af mestum krafti síðustu ár hefðu á grundvelli þessarar fyrirhuguðu lagasetningar hrifsað veiðiréttinn, sem sameiginlegur er í dagafyrirkomulaginu, með sér út úr kerfinu. Örfáir bátar hefðu því orðið eftir í dagakerfinu, þ.e. eingöngu þeir sem hafa fjárfest í bátum alveg nýlega

og hafa það litla veiðireynslu að þeirra hefði ekkert beðið nema gjaldþrot við flutning yfir í krókaaflamarkið. Þeirra beið reyndar gjaldþrot í dagakerfinu líka vegna þess að þar hefði svo lítil veiðireynsla orðið eftir að dagarnir sem til ráðstöfunar gátu orðið hefðu þess vegna hreinlega gufað upp á öðru ári.

Þeir sem hafa veiðireynslu undir 15 tonnum áttu að fá þann kost samkvæmt frumvarpinu að flytja sig milli kerfanna með tilboði um lágmarkskvóta sem svaraði 15 tonnum. Þannig hugðist sjávarútvegsráðherra ýmist þvinga eða kaupa menn út úr dagakerfinu í því augljósa augnamiði að koma þessu eina sóknarstýrða kerfi við fiskveiðistjórn á Íslandi fyrir kattarnef. Sú fyrirætlan hlýtur að vera mörgum umhugsunarefni vegna fiskveiðistjórnarinnar í heild og af ýmsum öðrum ástæðum. Sóknarkerfi smábáta hefur gefið kost á því að fylgjast með og mæla veiðanleika fisks á grunnslóð og bera saman mismunandi áhrif veiðistjórnar, t.d. með tilliti til brottkasts og vistvænna veiðarfæra. Nefnd er nú að störfum sem á að kanna kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Það er afar athyglisvert að stjórnvöld skuli áður en því starfi er lokið ákveða að leggja niður þetta sóknarstýrða kerfi.

Hagsmunaaðilar með Landssamband íslenskra útvegsmanna í broddi fylkingar og stjórnmálamenn frjálshyggjudrauma í sinni villtustu mynd hafa ekki unnt sér hvíldar fram á þennan dag og verða ekki í rónni fyrr en hver einasta branda sem syndir um Íslandsmið er orðin að einkaeign einhverra útgerðarmanna. Þeir munu ekki láta staðar numið fyrr en krókaaflamarkskerfið verður lagt af líka. Þeir sem ráða þessari vegferð í innsta hring LÍÚ hafa þann staðfasta vilja að tryggja með öllum ráðum að þeir geti sölsað undir sig allan veiðirétt á Íslandsmiðum. Þessir aðilar hafa sýnt svo að ekki verður um villst að þeir geta ekki sofið rólega nótt á meðan einhver hluti flotans er utan seilingarfæris umbjóðenda þeirra og undir öðrum reglum þó að í litlu sé. Þess vegna er engu eirt og allt lagt í sölurnar til að slátra síðasta frjálsræðinu við útgerð á Íslandi þó að það hafi í raun engu skipt fyrir heildarstjórn veiðanna. Það kom glöggt fram við umfjöllun málsins þegar forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar var spurður um áhrif breytilegra veiða dagabáta á ráðgjöf þeirrar stofnunar um heildarveiði. Fjölmargir aðilar sendu inn athugasemdir og álit á frumvarpinu. Þau voru nær einróma í þá átt að frumvarpið mundi þýða endalok dagakerfisins, það mundi hafa miklar og alvarlegar afleiðingar fyrir margar smærri sjávarbyggðir og tefla í tvísýnu atvinnu margra útgerðarmanna í þessum flokki og fólks í þeim byggðum sem notið hafa góðs af útgerð þeirra.

Eftir umfjöllun í nefndinni um málið ákvað meiri hlutinn að skárra væri að ganga hreint til verks og slá dagakerfið endanlega af. Frumvarpið var endursamið í snatri og Landssamband smábátaeigenda kallað til í einhvers konar rústabjörgun undir þeim formerkjum að ekki væri neinn kostur boðinn sem tryggt gæti dagakerfið til framtíðar. Undir þeirri nauðung voru forsvarsmenn þessa bátaflokks þvingaðir til að taka þátt í vinnu við þá útgáfu málsins sem liggur fyrir í breytingartillögum meiri hlutans. Landssambandið hafði unnið af heilindum og haft í því sérstaka sóknardaganefnd að ræða við stjórnvöld um framtíð sóknardagakerfisins. Með því var það að framfylgja stefnu félagsmanna sinna. Sjávarútvegsráðherra hélt þessum mönnum uppi á kjaftæði sem enga þýðingu hafði því að hann ætlaði greinilega í ljósi síðustu atburða allan tímann að leggja kerfið af. Fáeinir útgerðarmenn úr þessum bátaflokki gerðu harða hríð að kerfinu með baráttu fyrir því að breyta veiðireynslu sinni í kvóta. Þessir aðilar færðu þau rök helst fyrir því að leggja kerfið af að þeir vildu geta róið allt árið. Verði dagakerfið tekið upp eins og minni hlutinn vill gera og þeim sem veiðar stunda í því kerfi skapaður traustur rekstrargrundvöllur er ekkert sem festir útgerðarmenn sem vilja haga atvinnu sinni með öðrum hætti í kerfinu. Þeir geta selt bátana og fjárfest í öðrum fiskveiðikerfum í staðinn.

Loforð og svardagar þingmanna stjórnarflokkanna um að tryggja framtíð þessa bátaflokks eru með þessum vinnubrögðum svikin með einstæðum hætti. Áhrif þess á byggðarlög, sérstaklega á norðvesturhorni landsins, að leggja þetta fiskveiðikerfi af eru ófyrirsjáanleg en þau verða augljóslega mikil í mörgum smáum sjávarbyggðum. Varla getur kúvending stjórnmálamanna í þessu máli talist í samræmi við yfirlýsingar um að nú sé komið að því að hið opinbera styrki þessi svæði.

Minni hlutinn, ásamt Jóni Bjarnasyni áheyrnarfulltrúa í nefndinni, leggur til í sérstöku þingskjali að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem miðast við að tryggja útgerðarmönnum dagabáta rekstrargrundvöll til framtíðar og að kerfinu verði viðhaldið í heild áfram. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að sama viðmiðun verði notuð um heildarveiði og hefði verið ef allir útgerðarmenn dagabáta hefðu valið þann kost skv. 3. gr. frumvarpsins að vera kyrrir í kerfinu. Útgerðarmönnum yrði hins vegar ekki gefinn kostur á því að fara með aflareynsluna út úr kerfinu og eyðileggja það eins og ráðherra ráðgerði. Þá eru lagðar til breytingar á veiðistjórn sem munu tryggja stjórn á heildarveiði bátanna og að hún verði með sem minnstum sveiflum. Þess vegna er gert ráð fyrir fimm ára viðmiðun við ákvarðanir um dagafjölda.

Gerð er tillaga um að bátar fái ekki að hafa fleiri rúllur um borð en fimm. Einnig er lagt til að sóknardögum fjölgi um næstu fiskveiðiáramót í 22 og að þeim verði fjölgað eða fækkað í samræmi við meðalheildarafla bátanna í flokknum miðað við fimm ára viðmiðunartímabil en að viðmiðunin verði þó aldrei lægri en aflinn var í tonnum á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þá er gerð er tillaga um að hömlur á hestaflatölu bátanna verði nokkru rýmri en frumvarpið gerir ráð fyrir og að þær komi til framkvæmda um leið og lögin öðlast gildi, annars yrðu lögin afturvirk gagnvart þeim sem hafa nú þegar hafist handa um vélaskipti. Öflugar vélar eru mikið öryggistæki í bátum og geta skipt sköpum ef þessi litlu fley þurfa að forðast skyndilegar veðrabreytingar.

Þá lagt til að 3. gr. frumvarpsins falli brott en hún fjallar um flutning bátanna úr dagakerfinu yfir í krókaaflamarkskerfið.

Jón Bjarnason, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu og stendur einnig að framangreindum breytingartillögum.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jóhann Ársælsson, frsm.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kristján L. Möller.

Jón Gunnarsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal með eftirtöldum umsögnum:
Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga. (25. maí 2004.)
Umsögn Landssambands smábátaeigenda (LS). (24. maí 2004.)
Umsögn Félags dagabátaeigenda. (23. maí 2004.)
Umsögn Félags smábátaeigenda Akranesi.
Umsögn bæjarráðs Vestmannaeyja. (24. maí 2004.)
Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar. (22. maí 2004.)
Umsögn Bárunnar, félags smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ. (22. maí 2004.)
Umsögn Eldingar, félags smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum.

Umsögn Ísafjarðarbæjar. (25. maí 2001.)
Umsögn Árborgar, félags smábátaeigenda á Suðurlandi. (22. maí 2004.)
Umsögn Svæðisfélagsins Kletts, félags smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi. (24. maí 2004.)

1804. Breytingartillögur [996. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Gunnarssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Bjarnasyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „fjórar“ í a-lið komi: fimm.
   b. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
      Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal fjölga leyfilegum sóknardögum hvers báts um 16% frá þeim sóknardagafjölda sem bundinn var hverjum báti í lok fiskveiðiársins 2003/2004. Sóknardögum skal fjölga um heila daga og broti sleppt. Eftir fiskveiðiárið 2004/2005 skal sóknardagafjöldi einstakra báta óbreyttur nema sem leiðir af flutningi sóknardaga milli báta og breytingum á vélarstærð báta og brúttótonnastærð þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þó skal endurskoða leyfilegan fjölda sóknardaga í upphafi hvers fiskveiðiárs og skal úthlutuðum sóknardögum einstakra báta fækkað eða fjölgað í sama hlutfalli og meðalheildarafli sóknardagabáta á næstliðnum fimm fiskveiðiárum fer yfir eða undir heildarafla sömu báta á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þar til fimm ára viðmiðunartímabilinu verður náð frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 að telja skal bæta við jafnmörgum viðmiðunartölum fiskveiðiársins 2002/2003 og á vantar. Þó skal viðmiðunin aldrei verða lægri en sá grunnur sem fiskveiðiárið 2002/2003 gefur.
   c. c-liður orðist svo: Á eftir 3. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði breytingar á skráðri hestaflatölu vélar miðað við gildistöku laganna þannig að heildarvélaraflið aukist skal leyfilegum dögum viðkomandi báts fækkað á þann hátt að verði heildarafl vélar eftir breytingar meira en 200 hestöfl rýrast sóknarheimildir um eina klukkustund fyrir hver 10 hestöfl aukningar vélaraflsins. Séu sóknardagar fluttir til báts með meira vélarafl en bátur sá er búinn sem sóknardagar eru fluttir frá skerðast sóknardagar með sama hætti og segir í þessari grein.
2. 3. gr. falli brott.

1805. Nefndarálit [881. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneyti og Gunnar Örn Gunnarsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum fiskvinnslustöðva og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi stefnt að því að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð þegar þeir verða leystir upp. Í öðru lagi er sjóðnum heimilað að leggja fé í framtakssjóði með öðrum fjárfestum, t.d. lífeyrissjóðum eða öðrum framtaksfjárfestum. Sú hlutdeild má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Markmiðið með frumvarpinu er að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki.

Með álitinu er prentuð sem fylgiskjal umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis þar sem röng umsögn fylgdi frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og samþykkur álitinu.

Alþingi, 26. maí 2004.

Kristinn H. Gunnarsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Kristján L. Möller.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.
	Björgvin G. Sigurðsson.	

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 61 26. maí 1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að eiginfjárstaða Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði bætt með því að eignir ríkisins í svokölluðum framtakssjóðum renni í Stofnsjóð Ný-

sköpunarsjóðs þegar þær verða leystar upp í stað þess að renna í ríkissjóð eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Hins vegar er lagt til að Nýsköpunarsjóði verði heimilt að leggja fé í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en lánsfjárafgangur ríkisins verður u.þ.b. 580 m.kr. lægri á tilteknu árabili en verið hefði miðað við gildandi lög.

1806. Frumvarp til laga [880. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „lyfjaverðsnefnd“ í 4. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: lyfjagreiðslunefnd.

2. gr.

6. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal Lyfjastofnun gjald fyrir veitingu undanþágu skv. 7. mgr. 7. gr. vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, fyrir veitingu leyfa til að framkvæma klíníska lyfjaprófanir skv. 9. gr. og fyrir mat á stöðluðum forskriftum skv. 5. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Stöðluð forskriftarlyf (officinal formula):* Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð eða lyfjagerð, samkvæmt forskrift er Lyfjastofnun staðfestir, og afgreidd eru í lyfjabúðum. Lyfjagerð er framleiðslustaður lyfja þar sem lyf eru framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (Good Manufacturing Practice) og sem hefur fengið framleiðsluleyfi samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga þessara.
b. 4. mgr. orðast svo:

   Ráðherra setur reglugerð þar sem kveðið skal á um hvenær efni, sem geta verið upprunnin úr náttúrunni, teljast lyf. Í henni skal m.a. kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða steinefni, blönduð efnum upprunnum úr náttúrunni og ætluð mönnum eða dýrum, teljist lyf.

4. gr.

Á eftir orðinu „sérlyf“ í 1. málsl. 9. mgr. 7. gr. laganna kemur: samhliða innflutt lyf.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Lyfjastofnun er heimilt, á grundvelli markaðsleyfis í öðru aðildarríki EES-samningsins og að uppfylltum skilyrðum þessara laga um veitingu markaðsleyfis, að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf sem er afskráð eða ekki sótt um markaðsleyfi fyrir telji Lyfjastofnun réttlætanlegt

á grundvelli sjónarmiða um almannaheilbrigði eða almannahagsmuni að hafa viðkomandi lyf á markaði.

Hyggist Lyfjastofnun beita þessari heimild skal hún tilkynna markaðsleyfishafa í því landi þar sem lyfið er skráð um fyrirætlan sína og jafnframt óska eftir afriti af matsskýrslu og gildu markaðsleyfi lyfsins frá yfirvöldum í því landi.

Ráðherra skal kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

6. gr.

Í stað orðanna „stjórn heilsugæslustöðvar“ í 1. og 2. málsl. 6. mgr. 20. gr. laganna kemur: framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 5. mgr. kemur: öðrum lyfjaheildsölum.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Lyfjaheildsölum er heimill samhliða innflutningur lyfs að undangenginni útgáfu markaðsleyfis fyrir lyfið hér á landi. Með samhliða innfluttu lyfi er átt við sérlyf sem hefur markaðsleyfi í öðru landi, sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands, en viðkomandi lyf er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi.

8. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Innflutningur og heildsala lyfja. Samhliða innflutt lyf.**

9. gr.

Á eftir orðunum „í lyfjabúðum“ í 2. málsl. 36. gr. laganna kemur: og lyfjagerðum.

10. gr.

Í stað orðsins „Lyfjaverðsnefnd“ í 2. málsl. 42. gr. laganna kemur: Lyfjagreiðslunefnd.

11. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna nefnd, lyfjagreiðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og Lyfjastofnunar. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Lyfjagreiðslunefnd skal við ákvarðanir sínar hafa í huga það markmið laganna að halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Lyfjagreiðslunefnd skal ákveða að fenginni umsókn:

1. Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.
2. Hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu skv. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, á lyfjum sem eru á markaði hér á landi.
3. Greiðsluþátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við.
4. Greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 7. mgr. 7. gr. Nefndin getur vísað afgreiðslu umsókna vegna lyfja sem veitt hefur verið undanþága fyrir samkvæmt því ákvæði til Tryggingastofnunar.

Lyfjagreiðslunefnd skal fylgjast með verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og greiðsluþátttökuverði í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verðákvarðanir nefndarinnar skuli byggðar á verði í nánar tilteknum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar um samhliða innflutt lyf er að ræða skal lyfjagreiðslunefnd við ákvörðun hámarksverðs m.a. hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi sækir um enda sé það lægra en verð sama lyfs hér á landi. Við ákvörðun á verði og greiðsluþátttökuverði samheitalyfja (lyfja með sama virka innihaldsefnið) skal nefndin hafa hliðsjón af verði viðkomandi samheitalyfja á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lyfjagreiðslunefnd raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka til ákvörðunar greiðsluþátttöku almannatrygginga. Ákvarðanir nefndarinnar skv. 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. skulu byggðar annars vegar á mati á gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku.

Þegar fjallað er um hámarksverð lyfja í heildsölu tekur fulltrúi samtaka lyfjaheildsala sæti í nefndinni og þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu tekur fulltrúi samtaka lyfjasmásala sæti í nefndinni. Þegar fjallað er um hámarksverð á dýralyfjum í smásölu tekur fulltrúi samtaka dýralækna sæti í nefndinni og jafnframt skal nefndin þá leita álits yfirdýralæknis. Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

Lyfjagreiðslunefnd annast útgáfu lyfjaverðskrár þar sem birt er hámarksverð og greiðsluþátttökuverð lyfseðilsskyldra lyfja og allra dýralyfja. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að innheimta gjald fyrir lyfjaverðskrá samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum lyfjagreiðslunefndar. Gjaldið skal standa undir kostnaði við gerð skrárinnar.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og lyfjaframleiðendum er skylt að afhenda lyfjagreiðslunefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

Kostnaður við störf nefndarinnar, þ.m.t. laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

Fallist nefndin ekki á umbeðið verð, verðbreytingu eða greiðsluþátttöku skal nefndin rökstyðja ákvörðun sína og gera umsækjanda grein fyrir heimild hans til að bera ákvörðun nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt almennum reglum. Ákvarðanir nefndarinnar sæta ekki endurskoðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um störf lyfjagreiðslunefndar. Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur.

12. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Innflytjendur lyfja, lyfjaframleiðendur og umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heildsölu, greiðsluþátttöku almannatrygginga og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjagreiðslunefndar og skulu umsóknum fylgja upplýsingar um heildsöluverð viðkomandi lyfs í þeim löndum sem tiltekin eru í reglugerð, sbr. 3. mgr. 43. gr.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um lyfjaverð skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin án tafar láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust nefndinni. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að markaðssetja lyfið á því verði sem sótt er um.

Hafi einnig verið óskað ákvörðunar um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra skal hún kynnt innan 180 daga frá móttöku umsóknar um ákvörðun lyfjaverðs. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust.

Ákvörðun lyfjagreiðslunefndar um hækkun lyfjaverðs skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Umsækjandi skal láta nefndinni í té fullnægjandi upplýsingar, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau atriði sem hann telur réttlæta hækkun á áður ákveðnu verði. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal lyfjagreiðslunefnd láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem lyfjagreiðslunefnd hefur til ákvarðanatöku er liðinn. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að hækka verðið samkvæmt umsókninni.

13. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

a. (45. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að beita verðstöðvun. Ef verðstöðvun er beitt á öll lyf eða lyf í sérstökum flokki skal endurskoða ákvörðunina a.m.k. einu sinni á ári. Heimilt er að veita undanþágu frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Óski umsækjandi eftir undanþágu skal hann láta í té fullnægjandi upplýsingar um ástæður beiðninnar. Rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda innan 90 daga. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjagreiðslunefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir um undanþágur hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem nefndin hefur til ákvarðanatöku er liðinn.

b. (46. gr.)

Lyfjagreiðslunefnd skal endurmeta forsendur lyfjaverðs hér á landi, samanborið við sömu lyf á Evrópska efnahagssvæðinu, reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og gera tillögur um breytingar gefi matið tilefni til þess.

14. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipa skal lyfjagreiðslunefnd skv. 1. mgr. 43. gr. laganna eigi síðar en 1. september 2004. Lyfjaverðsnefnd og greiðsluþátttökunefnd skulu halda umboði sínu þar til lyfjagreiðslunefnd hefur verið skipuð.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum: Lokamálsliður c-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Nefnd skv. 43. gr. lyfjalaga ákveður hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja sem eru á markaði hér á landi.

1807. Lokafjárlög [326. mál]

fyrir árið 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 377, sbr. þskj. 1726, með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2000 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1808. Lokafjárlög [653. mál]

fyrir árið 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 26. maí.)

Samhljóða þskj. 982 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2001 jafnframt staðfestur ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda í áritun hans á reikninginn, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

1809. Svar [753. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um félagslega túlkunarsjóðinn.

1. Hver er staða sjóðsins núna?

Árið 1995 setti þáverandi félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, reglur um rétt

til táknmálstúlkunar. Reglur þessar voru viðbót við þann rétt sem til staðar var. Ákvörðun um rétt einstaklinga fer samkvæmt mati Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og viðkomandi svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra. Enginn formlegur sjóður hefur verið stofnaður á grundvelli fyrrgreindra reglna, enda gera þær ekki ráð fyrir slíku.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur samkvæmt reglunum úthlutað því fé sem er til ráðstöfunar á hverjum tíma til táknmálstúlkunar. Ríkisstjórnin ákvað að verja af eigin ráðstöfunarfé 4 millj. kr. á sl. ári sérstaklega til félagslegrar túlkunarþjónustu og hefur öllu því fé verið ráðstafað.

2. *Er fyrirhugað að auka fé sjóðsins á næstunni?*

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem annast greiðslur fyrir félagslega túlkaþjónustu, heyrir undir menntamálaráðuneytið. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hve mikið fé verður til ráðstöfunar til túlkaþjónustu á næsta ári, en ljóst er að þarfirnar kalla á hækkað framlag.

3. *Stendur til að endurskoða verklagsreglur sjóðsins um greiðslur fyrir túlkunarverkefni?*

Ekki svo vitað sé, enda er ekki um eiginlegan sjóð að ræða.

4. *Er fyrirhugað að koma greiðslum til félagslegrar túlkunarþjónustu í varanlegt horf, t.d. í fjárlögum?*

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra annast greiðslur fyrir félagslega túlkunarþjónustu og er fyrirkomulag þeirra í allgóðu horfi. Á þessu sviði, sem svo mörgum öðrum, er fjármagnið takmarkað og ekki unnt að verða við öllum beiðnum sem berast. Árið 2002 ráðstafaði Samskiptamiðstöðin samtals 22 millj. kr. til táknmálstúlkunar. Þar af voru 2 millj. kr. af fjárveitingu í fjárlögum, 3 millj. kr. sem ríkisstjórnin veitti til táknmálstúlkunar af eigin ráðstöfunarfé, 7,5 millj. kr. vegna skólatúlkunar og 9,5 millj. kr. sem komu frá ráðuneytum og stofnunum. Árið 2003 ráðstafaði Samskiptamiðstöðin samtals 22,7 millj. kr. til táknmálstúlkunar. Þar af voru 4,2 millj. kr. af fjárveitingu í fjárlögum, 4 millj. kr. sem ríkisstjórnin veitti til táknmálstúlkunar af eigin ráðstöfunarfé, 7,4 millj. kr. vegna skólatúlkunar og 7,1 millj. kr. sem komu frá ráðuneytum og stofnunum. Á þessu má sjá að fleiri en eitt ráðuneyti koma hér við sögu og er ástæða til að koma greiðslum til félagslegrar túlkunarþjónustu í fastari skorður í framtíðinni.

Þess ber einnig að geta að félagsþjónustan er á vegum sveitarfélaga og hafa nokkur stærri sveitarfélög lagt Samskiptamiðstöðinni til fé sem varið er til félagslegrar túlkunarþjónustu við íbúa viðkomandi sveitarfélaga.

5. *Stendur til að önnur túlkafyrirtæki en Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra geti fengið greitt úr sjóðnum að loknum félagslegum túlkunarverkefnum eins og reglur sjóðsins kveða á um?*

Framlög hins opinbera til félagslegrar táknmálstúlkunar fara til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem ráðstafa þeim í samræmi við gildandi reglur. Samkvæmt fyrrnefndum reglum félagsmálaráðuneytis frá árinu 1995 um rétt til táknmálstúlkunar skal viðkomandi sækja rétt sinn til táknmálstúlkunar til viðkomandi svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra, sem úrskurðar um rétt til þjónustu. Á vegum Samskiptamiðstöðvar eru starfandi fimm túlkar og takmarkast þjónusta miðstöðvarinnar við þá. Framlög til annarra túlkafyrirtækja vegna félagslegrar táknmálstúlkunar verða að grundvallast á samningi við viðkomandi ráðuneyti.

1810. Frumvarp til laga [855. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

(Eftir 2. umr., 27. maí.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarorlofs vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.
c. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.
d. Við 7. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 4. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í stað orðsins „viku“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: tvær vikur.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur, sbr. 2. og 4. mgr. 8. gr. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Þegar kona hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr., skal þó miða við þann dag er hún hefur fæðingarorlof að því er hana varðar.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabilinu sem foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en 480.000 kr.

Þegar starfsmaður uppfyllir skilyrði 1. mgr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. mgr. skal hann öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 6. mgr. í samræmi við starfshlutfall hans.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi foreldris skal nema 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil og kveðið er á um í 2. mgr. Að öðru leyti gilda 2.–4. mgr. eins og við getur átt.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 65.227 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 91.200 kr. á mánuði.

Fjárhæð hámarksgreiðslu skv. 3. mgr. og lágmarksgreiðslu skv. 6. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð hámarks- eða lágmarksgreiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Réttur foreldris til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris skv. 2. eða 5. mgr. skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr., sbr. þó 9. mgr. 19. gr. Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi sem eru hærri en nemur mismun fjárhæðar fæðingarstyrks og meðaltals heildarlauna foreldris skulu koma til frádráttar styrknum. Við útreikning á meðaltali heildarlauna samkvæmt þessari málsgrein skal miða við tvo mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi og þeirra sem eru undanþegnir greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt.

5. gr.

Í stað 3. mgr. 15. gr. laganna koma þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Útreikningur á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skal byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur foreldra úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Tryggingastofnun ríkisins skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda vegna tekjuára skv. 2. og 5. mgr. 13. gr.

Skattyfirvöld skulu láta Tryggingastofnun ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Þegar foreldri getur ekki tekið fæðingarorlof á þeim tíma er það tilkynnti Tryggingastofnun ríkisins um skv. 2. mgr. vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna ber foreldri að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins skriflega um breytinguna.

6. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Leiðrétting á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu foreldris vegna tekna sem greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru byggðar á, sbr. 3. mgr. 15. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins leiðrétta greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til samræmis við álagningu skattyfirvalda.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða af öðrum ástæðum ber foreldri að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein færi foreldri rök fyrir því að því verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Fæðingarorlofssjóði fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til foreldris ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Fæðingarorlofssjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála leiðir til þess að foreldri hafi átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði en hafi áður verið synjað um greiðslur eða reiknaðar lægri greiðslur. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum falla vextir niður.

b. (15. gr. b.)

Eftirlit.

Skattyfirvöld skulu annast eftirlit með framkvæmd laganna. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur í reglugerð um framkvæmd eftirlitsins.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sem fæðist á lífi.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Réttur til fæðingarstyrks“ í 1. mgr. kemur: vegna fæðingar.
b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Fæðingarstyrkur skal vera 40.409 kr. á mánuði. Foreldri skal eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.
d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færist sá réttur til fæðingarstyrks sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Þegar um ættleiðingu eða varanlegt fóstur er að ræða skal miða við tímamark 4. mgr. um brottfall réttinda. Við tilfærsluna verður réttur hins látna foreldris að þeim réttindum er hið eftirlifandi foreldri hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði, hvort um sig, vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur fengið í heild eða foreldrar skipt með sér. Réttur til fæðingarstyrks vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

b. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal vera 91.200 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr.

Fjárhæð fæðingarstyrks kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta styrkfjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð fæðingarstyrks skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.

d. Í stað 7. mgr. koma fjórar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk skv. 1. mgr. þrátt fyrir að skilyrði um samfellt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur sé ekki uppfyllt hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst.

Enn fremur er heimilt að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

Viðbótarfjárhæðin sem flytjandi getur krafist í samræmi við 2. og 3. mgr. 108. gr., þegar farþegi eða sendandi gefur sérstaka yfirlýsingu um mikilvægi þess að fá farangur eða farm sinn afhentan á áfangastað, skal ákvörðuð samkvæmt gjaldskrá. Hún skal miðuð við þann aukakostnað sem hlýst af því að flytja og tryggja viðkomandi farangur eða farm umfram takmarkanir á bótafjárhæðum í tilvitnuðum ákvæðum. Gjaldskráin skal vera aðgengileg farþegum og sendendum farms.

kk. (125. gr.)

Upplýsingaskylda.

Allir flytjendur sem selja eða annast loftflutninga á Íslandi eða til og frá landinu skulu láta farþegum í té skriflega á öllum sölustöðum, þ.m.t. við símsölu og við sölu á netinu, upplýsingar um:

a. helstu ákvæði sem gilda um bótaábyrgð á farþegum og farangri þeirra, þ.m.t. mörk bótaábyrgðar á lífs- og líkamstjóni og eyðileggingu, tapi eða skemmdum á farangri, auk tafa,
b. frest til að gera kröfu um bætur og
c. möguleika á því að setja fram sérstaka yfirlýsingu varðandi farangur á öllum sölustöðum.

Hvað varðar flytjendur með útgefin flugrekstrarleyfi utan EES og aðildarríkja EFTA tekur ákvæði þetta eingöngu til loftflutnings til, frá og innan Íslands.

Nú býður flytjandi farþegum rýmri bótarétt en lög þessi kveða á um og skal þá þeim aukna rétti lýst.

Ferða- og samningsskilmálar skulu ávallt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran

hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flytjanda, hjá umboðsaðilum hans, ferðaskrifstofum og við innritunarborð til brottfarar.

Ráðherra skal heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu flytjanda með reglugerð.

ll. (126. gr.)

Bætur vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs.

Flytjendum, sem fljúga til eða frá landinu eða innan Íslands, skal skylt að greiða bætur til farþega sem vísað er frá flugi vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs, enda hafi farþegi farseðil í fullu gildi, staðfesta farskráningu með fluginu sem um ræðir og hafi komið til skráningar á tilskildum tíma.

Flytjendum skal ekki skylt að greiða bætur til farþega sem vísað er frá ef farþegi ferðast endurgjaldslaust eða á afsláttarverði sem ekki stendur almenningi til boða.

Nánar skal kveðið á um bætur vegna umframskráningar og niðurfellingar flugs og um frávísun farþega, fyrirkomulag bótagreiðslna, ferðatilhögun, upphæð bóta og aðrar úrbætur til handa farþega með reglugerð.

mm. (127. gr.)

Lagaskil.

Í kafla þessum skal flutningur talinn vera milli landa samkvæmt flutningssamningi þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru innan tveggja samningsríkja Montreal-samningsins og gildir það einnig þótt hlé verði á flutningnum eða skipt sé um loftfar. Sé brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæða sama samningsríkis skal flutningurinn talinn vera milli landa ef lenda þarf innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að Montreal-samningnum. Ekki skal flutningur án slíkrar viðkomu teljast millilandaflutningur.

Flutningur, sem framkvæmdur er af mörgum flytjendum hverjum á eftir öðrum, skal talinn óslitinn samkvæmt lögum þessum ef aðilar flutningssamnings hafa litið svo á að um einn og sama flutninginn sé að ræða, hvort sem einn eða fleiri samningar hafa verið um það gerðir, og það breytir ekki stöðu flutningssamningsins þótt einn þáttur flutnings eða fleiri hafi alfarið verið innan landsvæðis sama ríkisins.

Með Montreal-samningnum í lögum þessum er átt við samning um alþjóðaloftflutninga sem gerður var í Montreal 28. maí 1999. Skulu ákvæði Montreal-samningsins og lög þessi að öllu leyti ganga framar eftirgreindum reglum sem gilda um loftflutninga milli landa sem aðildarríki Montreal-samningsins eru aðilar að:

a. Varsjársamningnum sem gerður var um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa í Varsjá 12. október 1929,
b. bókun sem undirrituð var í Haag 28. september 1955,
c. viðbótarsamningi um samræmingu tiltekinna reglna um loftflutninga milli landa sem annar aðili en hinn samningsbundni flytjandi annast, sem undirritaður var í Gvadalajara 18. september 1961,
d. bókuninni um breytingar á Varsjársamningnum frá 1929 og Haag-bókuninni frá 1955 sem undirrituð var í Gvatemala 8. mars 1971,
e. viðbótarbókunum nr. 1–3 og 4 sem undirritaðar voru í Montreal 25. september 1975, eða innan yfirráðasvæðis aðildarríkis Montreal-samningsins sem er aðili að einum eða fleiri gerningum sem um getur í a–e-lið hér að framan.

Nú er brottfarar- eða ákvörðunarstaður í ríki sem ekki er aðili að Varsjársamningnum frá 1929 og skal þá ákvæðum kaflans beitt gagnvart slíku flugi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 131. gr. laganna:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Vátryggingarfjárhæðir skulu tryggja bætur samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

4. og 5. mgr. 139. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Á eftir 145. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn tekur þátt í starfi Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) með það m.a. að markmiði að auka öryggi í flugi, draga úr mengun frá flugvélum og koma að sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda í starfi stofnunarinnar.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð, sbr. 1. mgr., sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002, um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, verði innleidd í íslenskan rétt.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I–IV í lögunum falla brott.

8. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

1821. Frumvarp til laga [947. mál]

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal sérstakan skatt, flugvallaskatt, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi innan lands eða frá Íslandi til annarra landa. Flugvallaskattur skal vera 382 kr. fyrir hvern farþega.

Undanþegin skattskyldu eru börn innan tveggja ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli eða ígildi hans milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða helming skattsins.

Einungis skal greitt eitt gjald þó að millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar innan lands, enda vari viðdvöl samkvæmt áætluninni ekki lengur en sex klukkustundir.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til að fjármagna viðbótarkostnað vegna rekstrar og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi skal greiða sérstakt gjald, varaflugvallagjald, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari í flutningaflugi frá Íslandi til annarra landa. Varaflugvallagjald skal vera 598 kr. fyrir hvern farþega.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan tveggja ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli eða ígildi hans milli annarra Evrópulanda og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á innheimtu flugvallaskatts og varaflugvallagjalds hvílir á skráðum umráðendum í loftfaraskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara.

Flugvallaskatts og varaflugvallagjalds skal getið í verði farseðils eða í skriflegri yfirlýsingu sé farsamningur rafrænn.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Flugvallaskatt og varaflugvallagjald vegna farþega sem fluttir eru með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fulltrúum Flugmálastjórnar fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá yfir farþega með því og hverjir eru gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. eða greiða hálft gjald samkvæmt sömu ákvæðum. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli. Heimilt skal að afhenda skrána á rafrænu formi.

5. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Flugvallaskatt og varaflugvallagjald vegna farþega sem ferðast með áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða Flugmálastjórn eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Ákvæði 8. gr. um afhendingu skrár yfir fjölda farþega gilda einnig um áætlunarflug samkvæmt þessari grein.

6. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „flugvallagjaldi“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Flugvallaskatti skal varið til framkvæmda í flugmálum, reksturs flugvalla, rannsókna og sérstakra tímabundinna verkefna í flugöryggismálum samkvæmt samgönguáætlun. Varaflugvallagjaldi skal varið til að fjármagna viðbótarkostnað sem fellur til við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi.

9. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæð varaflugvallagjalds skv. 6. gr. skal endurskoða á tveggja ára fresti til þess að gjaldið endurspegli raunkostnað við rekstur og viðhald alþjóðlegra varaflugvalla. Einnig skal á sama tíma endurskoða grundvöll gjaldtökunnar með hliðsjón m.a. af breytingum sem kunna að hafa orðið á innlendu og alþjóðlegu lagaumhverfi flugmála og breytingum á gjaldtöku í samkeppnislöndum Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2004.

1822. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Liðurinn *Reiðhjól* orðast svo:
   a. Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks.
   b. Vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.
   c. Lítil vél- eða rafknúin ökutæki, sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól sem búið er stigbretti, er á hjólum og með stöng að framan sem á er stýri. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.
b. Við liðinn *Torfærutæki* bætist nýr stafliður er orðast svo: Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga utan vega, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma sé það rafknúið.

2. gr.

6. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, er orðast svo:

Ráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, þar á meðal um:

a. notkun ökurita, sem er búnaður ökutækis þar sem skráðar eru og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns, hraða ökutækis og fleira,
b. skyldu til þess að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og veita eftirlitsmanni aðgang að þeim upplýsingum þegar þess er óskað,
c. útgáfu, efni og form ökuritakorts, sem er lykill að rafrænum ökurita og geymir jafnframt rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
d. gjald fyrir ökuritakort.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Vegagerðin annast eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Sérstökum eftirlitsmönnum hennar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Ráðherra setur reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og setur þeim starfsreglur.

5. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifreiðin er á ferð.

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum, sbr. 2. mgr.

Eigi er skylt að nota öryggis- eða verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1.–4. mgr.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um notkun öryggis- eða verndarbúnaðar og um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna orðast svo: Hver sá sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð skal nota viðurkenndan hlífðarhjálm ætlaðan til slíkra nota.

7. gr.

Í stað orðanna „100.000 krónum“ í 1. málsl. 4. mgr. 100. gr. laganna kemur: 300.000 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ og vínandamagn í lofti fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

b. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:
Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 2. mgr. 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en tvö ár. Ef einungis síðara brotið varðar við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjú ár.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóri.
b. Orðin „en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra“ í 2. mgr. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að skjóta synjun ríkislögreglustjóra á endurveitingu ökuréttar til ráðherra með kæru. Um málsmeðferðina fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um endurveitingu ökuréttar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:
a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 67. gr.
b. Í stað orðanna „gjalds þessa“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.
c. Í stað orðsins „gjaldsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: gjalds skv. a–f-lið 1. mgr.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Gjald vegna stöðvunarbrota o.fl.**

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:
a. Í stað tilvísunarinnar „skv. 1. mgr. 108. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. a–f-lið 1. mgr. 108. gr.
b. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Gjald vegna vanrækslu á skoðun skv. g-lið 1. mgr. 108. gr. hvílir á eiganda eða umráðamanni ökutækis.
c. 3.–5. málsl. 1. mgr. verða 2. mgr.
d. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 3. mgr.

12. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 2002/24/EB, IV. viðauka, og til innleiðingar á tilskipun 2003/20/EB.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 9. gr. sem öðlast gildi 1. september 2004.

1823. Þingsályktun [205. mál]

um eflingu umferðaröryggis á þjóðvegum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi á þjóðvegum.

Verkefni nefndarinnar verði að meta og gera tillögur um hvernig bæta megi umferðaröryggi þegar ökutæki mætast við einbreiðar brýr, t.d. með breytingum á umferðarlögum, merkingum um forgang umferðar eða á annan hátt. Nefndin meti hvort bæta megi gerð umferðarmerkja, t.d. svo þau sjáist frá hlið. Þá geri nefndin tillögur um hvernig merkja megi ökumönnum til varnaðar hættulega staði á þjóðvegum, svokallaða svarta bletti. Nefndin geri tillögur um hvernig bæta megi fræðslu fyrir erlenda ferðamenn um akstur á íslenskum vegum og hvernig megi auka öryggi þeirra með bættum vegmerkingum á erlendum tungumálum. Þá meti nefndin og leggi fram tillögur til úrbóta á umferðarlöggæslu og hverjum þeim þætti umferðaröryggismála sem hún telur þörf á. Þar sem það á við taki nefndin mið af umferðaröryggisáætlun 2002–2012 og því hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar þar sem svipaðar aðstæður eru.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. mars 2005.

1824. Þingsályktun [277. mál]

um stofnun sædýrasafns.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið.

Ríkisstjórnin skili skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005.

1825. Þingsályktun [335. mál]

um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys verða við erfiðar aðstæður.

1826. Frumvarp til laga [868. mál]

um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

(Eftir 2. umr., 27. maí.)

1. gr.

Þingvellir við Öxará og grenndin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður.

Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum og hins friðhelga lands skulu vera: Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga, vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnessýslu og Kjósarsýslu á Há-Kili. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs til upptaka Öxarár við Myrkavatn og í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

2. gr.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skal vera undir stjórn Þingvallanefndar.

Alþingi skal í upphafi hvers þings kjósa sjö alþingismenn í Þingvallanefnd og jafnmarga til vara. Umboð þeirra varir þangað til ný nefnd hefur verið kjörin. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Forsætisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn á Þingvöllum, þ.m.t. úrskurðarvald í stjórnsýslukærum vegna ákvarðana Þingvallanefndar.

3. gr.

Land þjóðgarðsins skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Almenningur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur. Jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu skal vera friðað en Þingvallanefnd er þó heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á þeim dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar. Þjóðgarðurinn skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varinn fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan þjóðgarðsins.

4. gr.

Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Þingvallanefnd er heimilt að setja sérstakar reglur til að framfylgja þessum ákvæðum um vatnsvernd innan þjóðgarðsins.

5. gr.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins á Þingvöllum nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsabygginga, vegagerðar, lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda. Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Þingvallanefnd er heimilt, eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum leyfa, að kaupa einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi sem eru innan þjóðgarðsins og ekki eru í eigu íslenska ríkisins.

Þingvallanefnd er heimilt, að fengnu samþykki forsætisráðherra, að taka eignarnámi einstakar fasteignir, mannvirki og nytjaréttindi innan þjóðgarðsins til þess að framkvæma friðun sem lög þessi mæla fyrir um. Um mat á bótum fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna friðunar samkvæmt lögum þessum á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um þjóðgarðinn, verndun og meðferð hans, en forsætisráðherra staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl þar til að mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum.

Þingvallanefnd getur einnig sett sérstakar tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins, þ.m.t. bann við akstri utan vega og dvöl á ákveðnum svæðum, og sama gildir um veiðar dýra og fugla innan hans. Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þ.m.t. Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.

8. gr.

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum sem jafnframt er þjóðgarðsvörður. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2004 og þá falla jafnframt úr gildi lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin í samræmi við ákvæði 2. gr. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal 2. mgr. 2. gr. ekki öðlast gildi fyrr en eftir næstu alþingiskosningar.

1827. Breytingartillaga [996. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Hjálmari Árnasyni.

Við 2. gr.

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í engri tegund í krókaaflamarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.
b. Í stað „90%“, „50 lesta“ og „40%“ í 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi: 91%; 42,5 lesta; og: 45%.
c. Á eftir orðunum „allt að 20 lestum“ í 4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi: í þorski.
d. Í stað „26. maí 2004“ í 4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. komi: 28. maí 2004.

1828. Skýrsla [1008. mál]

forsætisráðherra um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktaði í desember 2002 að fela ríkisstjórninni að kanna matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd. Jafnframt að reynt verði að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum.

Forsætisráðuneytið fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands með sérstökum samningi í mars 2003 að annast þá rannsókn sem í ályktuninni fólst og gera skýrslu um niðurstöðurnar. Hagfræðistofnun taldi sig þurfa tímann til ársloka 2003 til að ljúka rannsókn sinni. Viðfangsefnið reyndist margslungnara en í upphafi var talið og hefur vinnan tafist nokkuð. Skýrsla Hagfræðistofnunar fer hér á eftir:

Ágrip.

Almennar ástæður fyrir verðmun á milli landa.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að verð á vöru og þjónustu er mismunandi á milli landa. Þannig geta innflutningsvernd, tollar og aðrar opinberar álögur valdið því að vöruverð er hærra á einum stað en öðrum. Sama gildir um flutningskostnað. En jafnvel þó að leiðrétt sé fyrir þessum liðum geta ýmsir staðbundnir þættir leitt til þess að verðlag verði mismunandi milli landa. Meðal þeirra atriða sem þar skipta máli eru:

Náttúruauðlindir. Aðgangur að náttúruauðlindum getur lækkað framleiðslukostnað og þar með vöruverð á markaði.

Stærð markaðar. Yfirleitt er gert ráð fyrir að framleiðslukostnaður lækki með framleiddu magni. Stærri markaðir njóta í ríkara mæli stærðarhagkvæmni og því er verð á vörum og þjónustu oft lægra þar en á litlum mörkuðum. Smæðin getur einnig skapað nauðarval á milli stærðarhagkvæmni og fákeppni annars vegar og stærðaróhagræðis og samkeppni hins vegar. Í báðum tilvikum sitja neytendur uppi með hærra vöruverð.

Launastig. Há laun valda því að kostnaður við framleiðslu verður meiri en ella og vöruverð þar af leiðandi hærra. En há laun þýða einnig að launþegar geta látið meira eftir sér og eru ekki eins líklegir til að setja hátt verð fyrir sig og þeir sem minna bera úr býtum – kaupmáttur er meiri. Hátt launastig hefur því bæði áhrif á framleiðslukostnað og eftirspurn eftir vörum og þjónustu.

Löggjöf. Stjórnvöld geta með lögum og reglum haft áhrif á verðmyndun á markaði.

Hagstjórn. Stjórn efnahagsmála getur ráðið miklu um verðþróun á markaði. Stjórnvöld í einu landi geta t.d. ákveðið að leggja ofurkapp á stöðugt og lágt verðlag, en í öðru geta þau lagt meira upp úr litlu atvinnuleysi.

Ríkisumsvif. Mikil ríkisafskipti geta dregið úr samkeppni á markaði og valdið því að verð verður hærra en ella. Að auki hefur rekstur ríkisfyrirtækja oft þótt óhagkvæmur og þjónusta þeirra of dýr.

Matarverð á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd.

Vorið 2003 fóru um 15% af neysluútgjöldum Íslendinga til matar og drykkjar (áfengi er hér ekki talið með). Þetta hlutfall er mishátt eftir tekjum fólks og fjölskyldustærð. Þrír vöruflokkar vógu þyngst í matarkörfu Íslendinga árið 2003; mjólk, ostar og egg, kjöt og brauð og kornvörur. Hlutur matvæla í neyslu meðalfjölskyldu hefur minnkað undanfarin ár og er nú kominn niður í um 13½%, en þar við bætast drykkjarvörur (án áfengis) sem vega tæp 2%. Þetta hlutfall er mun lægra víða í Evrópu.

Árið 2001 var verð matvara á Íslandi um 50% hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu að mati hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Svipuðu munaði á drykkjarvörum (öðrum en áfengi). Fiskur er eini vöruflokkurinn í samantekt Eurostat sem reyndist álíka dýr á Íslandi og í Evrópusambandinu, en í öðrum matarflokkum var verð á Íslandi frá 30% til 70% hærra. Verð á matvöru var aftur á móti að jafnaði heldur hærra í Noregi og Sviss en á Íslandi þetta ár. Við samanburð sem þennan er brýnt að hafa í huga að gengishreyfingar íslensku krónunnar – og annarra gjaldmiðla – geta haft mikil áhrif á niðurstöðurnar. Á síðustu árum hafa gengissveiflur verið alldjúpar á Íslandi og því gæti samanburður á öðrum tíma gefið aðra niðurstöðu, án þess þó að skekkja heildarmyndina verulega. Mikilvægt er einnig að átta sig á því að verðlag er mjög mismunandi milli landa í Evrópu og því e.t.v. hæpið að bera einstök lönd saman við meðaltal Evrópulanda. Því er hér að neðan sýnd tafla þar sem verðlag í ýmsum ríkjum og svæðum í Evrópu er borið saman við meðaltal þeirra 15 ríkja sem voru í Evrópusambandinu árið 2001.

Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka í löndum Evrópu árið 2001.
15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.

	Matur	Matur, drykkjar-vörur og tóbak	Ávextir, grænmeti og kartöflur	Brauð og kornvörur	Fiskur	Kjöt	Mjólk, ostar og egg	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	Drykkjar-vörur
Ísland	150	151	155	170	105	156	141	162	159
Danmörk	128	130	136	134	129	123	110	141	145
Finnland	112	113	113	131	99	108	103	109	120
Noregur	153	155	140	171	144	162	144	170	165
Svíþjóð	112	113	113	122	96	105	105	127	117
Norðurlönd án Íslands	126	128	126	140	117	125	116	137	137
Bretland	106	108	119	89	106	100	112	114	126
Frakkland	110	108	108	106	108	116	109	105	89
Írland	111	112	129	104	102	101	118	111	120
Þýskaland	101	101	103	104	104	117	83	88	105
Önnur ESB-lönd	94	94	90	96	103	91	100	101	91
Sviss	152	148	143	142	165	189	136	129	112
Tyrkland	55	56	39	51	56	45	85	83	77
Eystrasaltsríki	64	65	71	56	71	57	66	79	81
A-Evrópuríki	55	56	52	45	70	48	67	68	69
Miðjarðarhafsríki	86	87	88	83	98	72	94	105	107

Eystrasaltsríkin eru Eistland, Lettland og Litháen. A-Evrópuríki eru Búlgaría, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland. Miðjarðarhafsríkin eru Kýpur, Malta og Slóvenía.

Töfluna ber að túlka þannig að t.d. var verðlag matvara árið 2001 að meðaltali 26% hærra á Norðurlöndunum en í Evrópusambandslöndunum 15 (þ.e. 126 – 100 = 26%), eða 40% hærra en í ríkjunum við Miðjarðarhafið (þ.e. 126 – 86 = 40%), eða 62% hærra en í Eystrasaltsríkjunum þremur (þ.e. 126 – 64 = 62%). Glöggt má sjá að ríkidæmi landa (kaupmáttur) skýrir hátt vöruverð að miklu leyti en þó ekki öllu.

Skýringar á hærra matarverði.

Innflutningsvernd og tollar.

Opinber stuðningur við landbúnað á Íslandi er með því mesta sem gerist í iðnvæddum ríkjum, en hann hefur þó minnkað verulega hér á landi undanfarin ár, samkvæmt tölum frá OECD. Heildarstuðningur við landbúnað nam 5% af landsframleiðslu á árunum 1986–1988, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árin 2000–2002 var hann þá um 1,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var heildarstuðningur við landbúnað á árunum 2000–2002 1,5% af landsframleiðslu í Noregi, 2,0% í Sviss en 1,3% í Evrópusambandinu. Árin 1986–1988 nam opinber stuðningur við íslenska bændur (PSE) 75% af framleiðslu þeirra, en hlutfallið lækkaði í 63% á árunum 2000–2002. Sá stuðningur sem íslenskur landbúnaður nýtur hefur á undanförnum árum verið metinn til 12–13 milljarða á ári. Tæpan helming borga landsmenn í matarverði, en rúman helming með sköttum. Innflutningsverndin kemur beint við neytendur, sem greiða hærra verð fyrir vöruna en ella. Verndin felst einkum í tollum, en innflutningsbann er nú til dags eingöngu sett á af heilbrigðisástæðum. Annar stuðningur er greiddur í gegnum skattkerfið og er því ekki jafn gagnsær fyrir neytendur. Gera má ráð fyrir að hægt væri að lækka matarreikning landsmanna töluvert ef innflutningshömlur væru afnumdar.

Skattar.

Skattlagning hefur áhrif á vöruverð, en það eru ekki eingöngu beinir neysluskattar sem skipta máli. Færa má rök fyrir því að flestir skattar leggist ofan á vöruverð með einum eða öðrum hætti, hvort sem gjöldin leggjast á við framleiðslu eða sölu. Aðeins heildarskatturinn skiptir máli. Heildarskatttekjur hins opinbera eru lægra hlutfall landsframleiðslu á Íslandi en að meðaltali í Vestur-Evrópu, þótt munurinn hafi minnkað nokkuð á undanförnum árum. Þetta ætti að ýta matarverði niður miðað við þau lönd þar sem skattar eru hærri.

Virðisaukaskattur á flestum matvörum á Íslandi er nokkru hærri en að meðaltali í þeim Vestur-Evrópulöndum sem skoðuð eru í skýrslunni. En meira máli skiptir – þegar matarútgjöld eru annars vegar – að skoða hvort frávik eru á skattlagningu matvæla miðað við aðra skattheimtu á vörum og þjónustu. Flestar matvörur bera 14% virðisaukaskatt hérlendis, sem er rúmlega tíu prósentustigum lægra hlutfall en aðrir vöruflokkar bera, auk þess sem 2% vörugjöld leggjast á suma flokka matvæla. Þegar litið er til fráviks matarskatta frá annarri skattlagningu er Ísland ekki fjarri meðaltali þeirra landa sem skoðuð eru.

Samanburður á áhrifum vörugjalda á verðlag hér miðað við verðlag í samkeppnislöndum Íslendinga er erfiður vegna skorts á tölum. En samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja virðast vörugjöld og önnur skattlagning ekki skipta sköpum um mun á verðlagi hér á landi og í grannlöndunum. Upp úr stendur að ákveðnar vörur – sem eru að mestu tollfrjálsar og bera ekki háa skatta eða gjöld – voru tugum prósentna dýrari á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu árið 2001. Þar á meðal er brauð og kornvara. Sennilega skýrist hátt verð á þessum vörum af legu landsins.

Flutningskostnaður.

Samkvæmt tollskýrslum nemur flutningskostnaður á matvörum sem hingað koma frá útlöndum frá 7% til 25% af verði í útflutningshöfn. Á móti kemur að mjög stór hluti markaðsins hér á landi er á suðvesturhorni landsins og flutningskostnaður innan lands vegur því ekki jafnþungt í heildarútgjöldum til neyslu og víða annars staðar. Landfræðileg einangrun Íslands hefur einnig dregið úr samkeppni á mörgum mörkuðum sem hefur auðveldað fyrirtækjum að halda uppi verði á innflutningsvörum. Ekki leikur því vafi á að fjarlægð frá þéttbýlli löndum á þátt í háu matvöruverði hér á landi.

Stærðarhagkvæmni.

Lítill markaður hér á landi gerir það að verkum að stærðarhagkvæmni í framleiðslu og viðskiptum nýtur ekki eins við og í þéttbýlli löndum. Fyrir vikið er verð á vörum og þjónustu hærra hérlendis en víðast hvar erlendis. Sem dæmi um þá stærðarhagkvæmni sem íslensk fyrirtæki fara á mis við vegna smæðar heimamarkaðarins má nefna að vélar sem stærsta bakaríið notar geta annað meira en tvöfaldri eftirspurn Íslendinga eftir verksmiðjubrauðum.

Launastig og verðaðgreining.

Laun eru verulegur hluti af kostnaði íslenskra fyrirtæka og hækkun launa setur því mikinn þrýsting á verð afurða þeirra. Launakostnaður jókst verulega á seinni hluta tíunda áratugarins og er sú aukning vafalítið ein af skýringunum á því af hverju álagning fór vaxandi í smásöluverslun á árunum 1996–2000.

Kaupmáttur Íslendinga hefur einnig vaxið stórum síðustu ár og þar með geta neytenda til að greiða hátt verð fyrir vörur. Ísland var þriðja dýrasta land Evrópu árið 2001, litlu á eftir Noregi og Sviss, en verð í Danmörku, sem er í fjórða sæti Evrópulanda, er um 30% hærra en að meðaltali í Evrópulöndunum. Alkunna er að alþjóðlegir framleiðendur haga verðlagningu

sinni oft í takt við kaupmátt og tekjur hvers lands, og þeir hafa vafalítið reynt að taka meira fyrir vörur sem þeir selja á Íslandi en í fátækari löndum.

Þróun gengis og hagstjórn.

Matarverð á Íslandi í samanburði við nágrannalöndin hefur sveiflast í takt við efnahagsaðstæður og leikur gengi íslensku krónunnar þar stórt hlutverk. Þannig lækkaði matarverð fremur á fyrri hluta tíunda áratugarins í takt við lækkun á gengi krónunnar og niðursveiflu í hagkerfinu. Aftur á móti snerist dæmið við á seinni hluta tíunda áratugarins sem tengja má að einhverju leyti hækkun krónunnar og þenslu á vinnumarkaði, en erlendar rannsóknir sýna að álagning fylgir oft hagsveiflunni. Á árunum 1996 til 2000 hækkaði verðlag á matvörum í samræmdri vísitölu evrópskra hagstofa um 10% meira á Íslandi en í Evrópusambandinu. Við þetta bættist að gengi krónunnar hækkaði um 15% gagnvart evru, þannig að í heild hækkaði matarverð á Íslandi um fjórðung miðað við Evrópusambandið á þessum fjórum árum. Síðan hefur evran styrkst um 20% gagnvart krónunni og mikil samkeppni hefur ríkt á íslenskum matvörumarkaði síðustu missirin, einkum á kjötmarkaði. Hlutfallsleg verðhækkun á árunum 1996 til 2000 hefur þannig að nokkru leyti snúist við.

Samkeppni á matvælamarkaði.

Verðþróun almennrar neyslu og verð matar og drykkjar fylgdist nokkuð vel að á árunum 1993–1997, en á árunum 1997 og 2001 hækkuðu matvörur verulega umfram annað verðlag. Enn fremur hafa miklar sveiflur orðið í verðlagi brauðs, kjöts, ávaxta og grænmetis undanfarin ár. Allir þessir vöruflokkar hækkuðu mikið í verði árið 2001, en síðan hefur verð þeirra aftur lækkað. Grænmetisverð lækkaði þegar tollar voru lækkaðir árið 2002 og undanfarið ár má segja að verðstríð hafi verið á kjötmarkaði. Ekki liggur þó alltaf ljóst fyrir hver undirrót verðsveiflna er, þ.e. hvort hún er í framleiðslu, gengisbreytingum eða álagningu kaupmanna. Varasamt getur því verið að draga miklar ályktanir af verðbreytingum á stuttum tímabilum.

Á árunum 1996–1997 hækkaði verð á grænmeti og ávöxtum töluvert umfram annað verðlag. Hlutfallslegt verð þessara vara hélst svipað fyrst eftir að Samkeppnisstofnun skilaði skýrslu um samráð á markaðinum árið 2001, en eftir að tollar á ýmsum tegundum grænmetis lækkuðu snemma árs 2002 lækkuðu bæði ávextir og grænmeti mikið í verði.

Árið 2001 var rúmlega fjórðungur matar og drykkjar hér á landi seldur í 25 stórmörkuðum. Verslunarkeðjur hafa lengi verið öflugar í matvöruverslun hér á landi, en eftir miðjan níunda áratug síðustu aldar hófst mikil samþjöppun í greininni. Kaupmönnum hefur fækkað og mestöll verslunin er komin í hendur fárra fyrirtækja. Þrjár stærstu verslunarkeðjurnar voru í árslok 2003 með 80–90% markaðshlutdeild. Það er ekki ósvipað því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Staða stærstu keðjunnar er þó sterkari hér en í öðrum norrænum ríkjum. Lítil og minnkandi samkeppni á matvörumarkaði býður vitaskuld heim hættu á aukinni álagningu og í skýrslu frá árinu 2001 taldi Samkeppnisstofnun að finna mætti skýr merki um þá þróun árin á undan. Í þessari skýrslu skal þó ekkert mat lagt á þetta annað en það að markaðsgerð sem einkennist af fákeppni býður heim hættunni á háu vöruverði.

Stærðarhagkvæmni í innkaupum og birgðahaldi er nokkur og hér á landi eru tvær stórar birgðastöðvar. Sú hugmynd hefur komið fram að auka megi gegnsæi á matvörumarkaði og auðvelda aðgengi nýrra verslana með því að skikka birgðastöðvarnar til þess að auglýsa samræmda verðskrá sem gildi fyrir alla smásala sem vilji skipta við þær. Ekki verður þó séð að kostnaður í smásöluverslun sé meiri hér en í Bretlandi. Samkvæmt ársreikningum er álagning stærstu verslunarkeðjunnar á Íslandi svipuð eða heldur minni en stærstu verslana þar í landi.

Niðurstöður.

Íslendingar geta ekki breytt þeim aðstæðum sem þeim hafa verið áskapaðar af legu landsins og sögu. Stjórnvöld geta hins vegar gripið til tvíþættra aðgerða til þess að halda matvælaverði eins lágu og unnt er. Í fyrsta lagi geta þau reynt að tryggja samkeppni með því að vera vel á verði og fylgja eftir samkeppnislögum innan lands og með því að opna fyrir viðskipti við útlönd eftir því sem heilbrigði og sóttvarnir leyfa. Í öðru lagi með því að aðskilja ýmis pólitísk markmið um viðhald byggðar og búsetu í dreifbýli og ákvarðanir um verð og framleiðslu í landbúnaði. En það er mun kostnaðarsamara að styrkja íslenskan landbúnað með tollum og innflutningshöftum en með beinum styrkjum vegna þess að höftin skekkja ákvarðanir um framleiðslu og geta orðið vatn á myllu fákeppni hérlendis. Einokun á grænmetissölu var t.d. aðeins möguleg í skjóli innflutningshafta. Í þessu efni hafa stjórnvöld stigið mörg rétt skref á síðustu árum, enda eru öll líkindi til þess að viðskipti með búvörur verði í auknum mæli gefin frjáls í alþjóðaviðskiptasamningum. Hér verður þó að gefa öllum rými til aðlögunar eftir margra áratuga framleiðslustýringu í landbúnaði hérlendis.

1. Inngangur.

Þeir sem ferðast hafa á milli landa hafa líklega orðið varir við að verðlag er mismunandi frá einu landi til annars, að sami hlutur kostar mismikið eftir því hvar hann er keyptur. Þessi munur ætti þó ekki að vera tilviljanakenndur heldur ráðast af góðum og gildum hagrænum ástæðum. Ef til vill koma upp í hugann hlutir eins og flutnings- og viðskiptakostnaður, mismunandi skattar og svo mætti áfram telja. Ein af grundvallarkennisetningum hagfræðinnar fjallar um lögmálið um eitt verð. Það segir einfaldlega að ef leiðrétt er fyrir ofangreindum þáttum ætti ekki að vera verðmunur á milli svæða þegar litið er til langs tíma. Fyrr eða síðar kemur að því að hagsýnir menn sjá sér hag í því að kaupa vörur þar sem þær eru ódýrar og selja þær þar sem verð er hærra. Þetta atferli leiðir vitaskuld til þess að framboð af vörunni eykst og samkeppni eflist á svæðum þar sem hún er dýr og verð tekur að lækka. Á sama hátt gæti framboð dregist saman og samkeppni minnkað á mörkuðum þar sem varan er ódýr og verð þar því tekið að stíga. Með tímanum ætti verðmunurinn að minnka og jafnvel hverfa. Samkvæmt lögmálinu um eitt verð stafar verðmunur á milli landa fyrst og fremst af einhverjum hömlum á markaðsviðskiptum sem hindra verðjöfnun á milli svæða.

Hins vegar er staðreyndin sú að oft er kerfisbundinn verðmunur á milli svæða, sem gengur yfir nær alla vöruflokka og hverfur ekki þrátt fyrir að öllum sýnilegum hömlum sé aflétt á markaðsviðskiptum. Þessi munur gæti stafað af þáttum eins og launastigi, ríkisumsvifum, stærð heimamarkaðs, náttúruauðlindum, hagstjórn og löggjöf. Þessir þættir geta oft skapað verðmun á milli svæða sem getur staðið óhaggaður yfir langan tíma í senn. Þetta er einkum vegna þess að margir þættir er ráða verðmyndun á vörum eru staðbundnir og ónæmir fyrir högnunarviðskiptum. Þetta sést glöggt ef hugað er að því hvernig verð myndast á venjulegri matvöru í kjörbúð. Til að mynda ræðst verð á banana á stórmarkaði ekki aðeins af verði ávaxtarins sjálfs í innkaupum heldur koma aðrir þættir einnig við sögu, svo sem leiga, laun og lánsfjármögnun, sem ráða álagningu verslunarfyrirtækisins. En jafnvel þótt reynt sé að gæta samræmis í öllum slíkum kostnaðarþáttum í samanburði er samt einhver munur eftir sem líklega ræðst af markaðsaðstæðum á hverjum stað. Þannig hefur til dæmis komið fram verulegur munur á verði sams konar vara í IKEA-verslunum víða um heiminn sem ekki er hægt að skýra með neinum öðrum hætti en mismunandi markaðsaðstæðum, sjá Haskel og Wolf (2001) og Michael M. Knetter (1989, 1993). Ólíkur smekkur á einstökum markaðssvæðum getur valdið því að verð er mishátt, en einnig ræðst verðið af kaupmætti á hverjum stað, eins og síðar verður vikið betur að.

Hægt er að greina tvenns konar ástæður fyrir verðmun á milli landa. Annars vegar verðmun sem stafar af ytri markaðshamlandi aðstæðum á utanríkisviðskipti, svo sem tollum og flutningskostnaði, og hins vegar innri, kerfisbundnum ástæðum sem ráðast af aðstæðum á innlendum markaði. Síðar í skýrslunni er farið nákvæmlega yfir áhrif þessara þátta á matarverð hérlendis, en fyrst verður þess freistað að greina þá kerfisbundnu þætti sem hafa áhrif á almennt vöruverð hérlendis, þar með talið matarverð. Lögmálið um eitt verð er tekið sem viðmiðun (e. benchmark) í þessari umfjöllun þar sem sérkenni íslenskra aðstæðna eru metin út frá högnunarviðskiptum á vörumarkaði. Notkun hugtaksins skerpir sýn manna á þau meginatriði sem skipta máli þegar ástæður verðmunar á milli landa eru greindar, einkum þegar vikið er að því af hverju verðlag hérlendis hefur á stundum vikið frá lögmálinu um eitt verð, jafnvel um langan tíma í senn.

Hér á eftir er fjallað nánar um þau atriði er skýrt geta mun á verðlagi á matvöru hérlendis og í nágrannalöndunum. Í 2. kafla er fjallað fræðilega um lögmálið um eitt verð og högnunarviðskipti. Í 3. kafla er sjónum beint að sambandi tekna, fjölskyldustærðar og matarútgjalda og í 4. kafla er matarverð á Íslandi borið saman við verð í öðrum Evrópulöndum. Í 5. kafla er sagt frá opinberum álögum á matvöru og hvaða áhrif þær hafa á hlutfallslegt matarverð. Í 6. kafla er rætt um flutningskostnað og að hve miklu leyti hann getur skýrt mun á verðlagi á Íslandi og í Danmörku og Svíþjóð. Í 7. kafla er fjallað um innflutningsvernd og þátt hennar í háu verðlagi, en verðlagsþróun og samkeppni á matvörumarkaði er viðfangsefni 8. kafla skýrslunnar.

2. Verðlag og hagþróun.

Í þessum kafla er fjallað um lögmálið um eitt verð og högnunarviðskipti og rætt um þróun raungengis íslensku krónunnar. Þá er greint frá þeim möguleikum sem misháar tekjur í löndum heimsins veita fyrirtækjum til að bjóða vörur við misháu verði.


Lögmálið um eitt verð lýsir viðleitni fólks til að gera sér mat úr þeim mun sem er á verði á sömu vöru á milli markaðssvæða. Slík gróðasókn hefur stundum verið nefnd högnunarviðskipti (e. arbitrage) og er hún ein af meginstoðum hagfræðinnar. Högnun er meginforsenda fyrir verðmyndun á fjármálamarkaði og viðskipti fjármálafyrirtækja og spákaupmanna byggjast að stórum hluta á því að nýta sér slíkan mun. Þessi hugsun hefur verið yfirfærð á vörumarkað með lögmálinu um eitt verð, þá kenningu að ef erlent verð á sambærilegum hlut sé reiknað í innlendan gjaldmiðil eftir gengisskráningu krónunnar, þá sé verðmætið hið sama. Lögmálið um eitt verð felur því raunverulega í sér að verðmunur á vörum sem hægt er að flytja á milli landa – þ.e. skiptanlegum vörum – ráðist af kostnaði við högnunarviðskipti, svo sem flutningi og sköttum, eða þeim takmörkunum sem lagðar eru á högnunarviðskipti, svo sem með innflutningshöftum, tæknistöðlum eða landfræðilegum aðstæðum, sem gera flutning á milli svæða ómögulegan.

Athuga skal að slík högnunarviðskipti ganga ekki í eina átt, með innflutningi á vörum til landsins. Högnunarviðskipti eru með raun og réttu grunnástæðan fyrir almennum utanríkisviðskiptum. Oft hefur þetta verið tengt lögmálinu um hlutfallslega yfirburði þar sem ein þjóð getur framleitt ákveðnar vörur með lægri fórnarkostnaði en aðrar þjóðir. Þetta sést vel ef litið er til höfuðútflutningsgreina Íslendinga, álframleiðslu og sjávarútvegs. Í báðum tilvikum eru það auðlindir landsins, raforka og fiskistofnar, sem valda því að sumir hlutir eru ódýrari í framleiðslu hérlendis en erlendis. Ódýrari fórnarkostnaður í framleiðslu ætti hins vegar ekki að skipta neinu máli fyrir verðmun á milli landa – ef litið er fram hjá flutningskostnaði – samkvæmt lögmálinu um eitt verð. Til að mynda hefur verð á ýsu á fiskmörkuðum erlendis áhrif á verð á soðningu í íslenskum fiskbúðum.

Hins vegar er það staðreynd að lögmálið um eitt verð er oft þverbrotið. Það sést líka glögglega ef litið er til verðmismunar innan OECD þar sem sama neyslukarfa hefur mjög mismikið virði eftir því hvar hún er keypt. Dýrasta landið innan OECD er Japan en það ódýrasta er Slóvakía. Munurinn á milli þessara tveggja landa fer nærri því að vera fjórfaldur. Munurinn er einnig tvöfaldur hjá löndum sem liggja saman, svo sem eins og milli Þýskalands og Póllands.

Ísland er í sjöunda sæti í þessum samanburði og á svipuðu róli og hin Norðurlöndin. Ef verðlag í Bandaríkjunum er notað sem grunnviðmiðun (sjá mynd 2.1) kemur í ljós að verðlag hérlendis er um 20% hærra en þekkist þar vestra.

Mynd 2.1. Frávik frá algeru jafnvirði verðs innan OECD ef miðað er við Bandaríkin sem grunnpunkt.



Það liggur í sjálfu sér í augum uppi að högnunarviðskipti á milli Íslands og umheimsins eru ekki sérlega auðveld í framkvæmd. Landfræðileg einangrun gerir það að verkum að dýrt er að flytja vörur til landsins og skortur á samkeppni á mörgum mörkuðum hefur auðveldað fyrirtækjum að halda uppi verði á innflutningsvörum. Af þessum sökum voru þau skilyrði sem lögmálið um eitt verð byggist á vart fyrir hendi á Íslandi – verð hérlendis á innfluttum vörum hélst mun hærra en á sambærilegum vörum erlendis (sjá nánari umfjöllun um lögmálið um eitt verð í viðauka A). Smæð íslenska markaðsins leggst á eina sveif með landfræðilegri einangrun til þess að hækka verðlag hér innan lands, en smæðin gerir það að verkum að erfiðara er en ella að koma við vélvæðingu og stærðarhagkvæmni á mörgum sviðum. Þetta þýðir að jafnvel þótt vöruverð sé hærra hérlendis en erlendis er ekki þar með sagt að íslensk fyrirtæki séu að maka krókinn heldur búa þau aðeins við hærri kostnað vegna þess hve framleiðslan er smá í sniðum. Smæðin getur einnig skapað nauðarval á milli stærðarhagkvæmni og fákeppni annars vegar og stærðaróhagræðis og samkeppni hins vegar. Í báðum tilvikum sitja neytendur uppi með hærra vöruverð. Af þessum sökum er eðlilegt að

verðlag hérlendis sé hærra en á hinum stærri og þéttari markaðssvæðum á meginlöndunum tveim fyrir austan og vestan.

Á síðustu árum hefur þó orðið hreyfing í átt til aukinnar samkeppni í kjölfar þess að íslenskt efnahagslíf hefur opnast meira fyrir erlendum viðskiptum, bæði hvað varðar vörur og fjármagn, auk þess sem íslensk hagstjórn hefur færst í það horf er þekkist í öðrum þróuðum ríkjum. Af þeim sökum hefur því kerfisbundinn munur á verðlagi hér og erlendis minnkað og verð á mörgum vörutegundum nálgast það sem tíðkast í mörgum nágrannalöndum okkar. Til að kanna þetta nánar er gagnlegt að gaumgæfa þróun raungengis íslensku krónunnar. Raungengi er einfaldlega hlutfallið á milli verðlags hérlendis og verðlags erlendis í íslenskum krónum.[1]

Raungengi er yfirleitt reiknað með því að bera saman neysluverðsvísitölur á milli landa og leiðrétta með gengisbreytingum. Raungengi verður því fyrir töluverðum áhrifum af gengissveiflum, og þess vegna skiptir oft töluverðu máli á hvaða ári verðlag á Íslandi er borið saman við umheiminn.


$$Raungengi = \frac{Verðlag - Ísland - krónur}{Verðlag - útlönd - krónur}$$

Raungengi er í sjálfu sér ekki sérlega góður mælikvarði á verðmun í peningalegu tilliti þar sem smekkur og neysla er oft mismunandi á milli landa, en af þeim sökum er samsetning vísitöluverðs mjög mismunandi fyrir einstök lönd. Hins vegar er raungengið – að gefnum sérkennum hvers lands – góður mælikvarði á hlutfallslega þróun verðlags á Íslandi samanborið við umheiminn.

Tvennt fangar einkum athygli þegar þróun raungengis íslensku krónunnar síðastliðin 30 ár er skoðuð. Í fyrsta lagi er augljóst að verðlag hérlendis í samanburði við það sem þekkist erlendis var mun hærra á árunum 1970–1990 en það var á síðasta áratug eins og glögglega má sjá af mynd 2.2. Verðlag á Íslandi var til að mynda 14% lægra miðað við helstu viðskiptalönd að meðaltali á árunum 1993–2002 en á árunum 1972–1983 og 8% lægra en á árunum 1983–1992. Í öðru lagi stingur í augu hversu sveiflukennt raungengið hefur verið á þessu tímabili, sem vel má greina á myndinni, en oft hefur skakkað mjög miklu á milli ára hvað varðar mun á verðlagi hérlendis og erlendis.

[1] Nákvæmari skilgreiningin á raungengi þar sem e er gengisskráning krónunnar $Raungengi = \frac{P_{Ísland}}{eP_{útlönd}}$

Mynd 2.2. Raungengi íslensku krónunnar á mælikvarða launa og verðlags 1972–2003.
Heimild: Seðlabanki Íslands.



Ein helsta ástæðan fyrir þessu háa raungengi og miklu sveiflum er án efa hagstjórn áranna 1971–1989. Á þessum árum voru höft á fjármagnsflutningum við útlönd og geipilegur verðbólguþrýstingur gat skapast þegar gjaldeyrir flæddi inn í landið, t.d. vegna góðæris í sjávarútvegi, og peningamagn jókst í umferð. Góðærið þrýsti upp kauplagi í fiskveiðum og fiskvinnslu og þær launahækkanir smituðust síðan yfir í aðrar atvinnugreinar. Hærri launakostnaður fyrirtækja leiddi til almennra verðhækkana sem aftur settu þrýsting á launin, og svo koll af kolli. Stjórnvöld héldu genginu föstu í einhvern tíma á meðan verðbólga geisaði og raungengið reis lóðrétt upp. Þetta var svo síðar leiðrétt með gengisfellingu. Þessi gengisstefna þrengdi því verulega að öðrum útflutningsgreinum, en hafði jafnframt þau áhrif að innlendir kostnaðarliðir voru dýrari en eðlilegt hefði mátt telja. Þannig hefur hið háa raungengi á árabilinu 1970–1990 stundum verið kallað óbeinn auðlindaskattur á sjávarútveginn þar sem launum og kaupmætti íslenskra launamanna var haldið óeðlilega háum á kostnað sjávarútvegsins sem var yfirleitt rekinn áfram á núlli. Hér verður þó að hafa í huga að hagstjórn og landfræðilegar aðstæður voru samverkandi í áhrifum á raungengið vegna fjarlægðar landsins frá öðrum löndum og framleiðslusamsetningar hérlendis.

2.1 Breyttar aðstæður.

Aðstæður hafa hins vegar breyst frá árinu 1989 og raungengi krónunnar hefur lækkað. Ástæður þess eru margþættar og skulu hér taldar þær helstu:

- Í fyrsta lagi er ljóst að frjálsar fjármagnshreyfingar, þ.e. útflæði á erlendu fjármagni á góðæristímum, hafa orðið til þess að þeir raungengistoppar sem áður þekktust hafa horfið. Verðbólguþrýstingur getur ekki lengur byggst upp í efnahagslífinu með föstu nafngengi, líkt og áður tíðkaðist, heldur gefur krónan eftir á frjálsum markaði. Hagstjórn er reyndar orðin mun þróaðri en áður var, verðbólga leikur ekki jafnlausum hala og áður og það hefur dregið úr raungengissveiflum.
- Í öðru lagi hafa ódýrari fargjöld til útlanda og aukin ferðalög landsmanna orðið til þess


að fólk beinir viðskiptum sínum til annarra landa á ferðalögum og fer jafnvel gagngert utan til að versla. Högnunarmöguleikar Íslendinga hafa þar með aukist. Þá hefur milliliðum fækkað, t.d. í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem kvað á um afnám ýmissa hamla á innflutningi. Fyrir vikið hefur verðlag hérlendis færst nær því sem þekkist erlendis.

- Í þriðja lagi er ljóst að útflutningur er orðinn mun fjölbreyttari og raungengið hreyfist því ekki lengur í takt við aðstæður í einni grein, sjávarútvegi, svo sem var á árum áður. Raungengistopparnir á fyrri tíð áttu sér yfirleitt stað á sama tíma og tekjur sjávarútvegsins jukust verulega og sjávarútvegsfyrirtækin gátu borið hærri innlendan kostnað án þess að kikna þar til aftur syrti í álinn og gengið var fellt. Nú hins vegar er útflutningur borinn uppi af fleiri útflutningsgreinum með mismunandi afkomu og raungengishækkun ýtir strax einhverjum þeirra út af borðinu. Undanfarinn áratug hefur einnig hægt á vexti útflutningstekna vegna þess að framleiðsla í sjávarútvegi hefur staðið í stað. Hægari vöxtur gjaldeyristekna hlýtur – að öðru óbreyttu – að draga jafnvægisraungengið niður og það getur ýtt undir útflutning. Raungengið gæti jafnvel orðið nægilega lágt til þess að hvetja sprotagreinar áfram í útflutningi. Ekki er þó við því að búast að aðrar greinar en sjávarútvegur og áliðnaður hafi burði til þess að ráða raungengisstöðunni vegna þess hve þær eru smáar í sniðum.
- Í fjórða lagi hafa erlendar skuldir þjóðarinnar aukist undanfarin ár og þær draga á eftir sér langan hala af vaxtagreiðslum. Erlendar eignir Íslendinga hafa einnig aukist, en í mun minna mæli. Það er reyndar einfalt bókhaldslegt atriði að þegar halli er á viðskiptum við útlönd aukast hreinar skuldir þjóðarinnar og nettóútflæði eykst vegna vaxta og afborgana. Útflæðið er því kerfisbundið og hlýtur að setja þrýsting á gengislækkun að öðru óbreyttu.
- Í fimmta lagi hafa fjármagnsstraumar haft áhrif. Landsmenn hafa fjárfest erlendis, sérstaklega lífeyrissjóðirnir. Íslenska hagkerfið var opnað fyrir erlendum fjármagnsstraumum árið 1995, eftir að hafa verið lokað í heilan mannsaldur. Það er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir dreifi áhættu í eignasöfnum sínum með erlendum verðbréfum og íslensk fyrirtæki reyni fyrir sér utan landsteinanna. En þótt þessi eignakaup kunni að vera skynsamleg, þá setja þau þrýsting á gengið að öðru óbreyttu.

Þróunin undanfarin ár hefur leitt til þess að verðlag hérlendis hefur almennt færst nær því sem þekkist í nágrannalöndunum og þeir kraftar sem kenndir hafa verið við lögmálið um eitt verð hafa fengið mun meira vægi. Mörg af sérkennum landsins, er tengjast viðskiptalegri einangrun, atvinnuvegum og hagstjórn og hafa haldið verðlagi hérlendis fremur háu í samanburði við það sem þekkist í nágrannalöndunum, hafa verið að hverfa. Þetta á þó ekki við um matvöru sem hefur haldist í mun hærra verði hér en erlendis.

Enda þótt bættar samgöngur og meiri hraði hafi styrkt tengsl Íslands við útlönd er landið enn eyja í Atlantshafi, nokkuð langt frá næstu löndum. Atvinnulíf er einnig enn mun fábreyttara en víðast annars staðar en þjóðartekjur á mann aftur á móti með því hæsta sem þekkist í heiminum. Hár launakostnaður hefur leitt til þess að kostnaður við vöru og þjónustu er meiri hérlendis en í löndum þar sem launastig er lægra. Þessi tengsl sjást glögglega á mynd 2.3 þar sem landsframleiðsla á mann og verðlag einkaneyslu er borið saman innan landa OECD. Tengslin hér eru augljós og falla mjög auðveldlega að lógaríþmískri leitnilínu sem metin er með tölfræðilegum aðferðum.

Mynd 2.3. Landsframleiðsla á mann (y-ás) og verðlag einkaneyslu (x-ás) innan OECD.
Heimild: Hagstofa Íslands.



Þessi sterku tengsl á milli launatekna og verðs kunna þó að eiga sér aðrar skýringar. Hár launakostnaður þýðir enn fremur að kaupmáttur neytenda er mikill. Mörg alþjóðafyrirtæki reyna að beita verðmismunun á milli markaðssvæða og ákvarða verð eftir kaupgetu á hverjum stað. Þau taka hærra verð fyrir vörur sem fara til Norður-Evrópu en Suður-Evrópu, ef þau komast upp með það. Þetta á helst við um unnar vörur eða merkjavöru, en síður tiltölulega einsleita framleiðslu eins og sykur eða hveiti. Kaupmenn reyna að komast fram hjá þessari verðmismunun með því að kaupa vörur sem ætlaðar eru annað, en það tekst ekki alltaf.[2] Af þessum ástæðum er verðlag hærra hjá hinum ríkari löndum en hinum efnaminni.

2.2 Samantekt.

Á áttunda og níunda áratugnum var verðlag hérlendis umtalsvert hærra en í nágrannalöndunum en breyttar efnahagsaðstæður og hagstjórn hefur leitt til þess að raungengi hefur lækkað undanfarin 10–15 ár. Fyrir vikið hefur munurinn á verðlagi hérlendis og annars staðar farið minnkandi á mörgum vörutegundum.

Verðlag í ríkum löndum, líkt og Íslandi, er þó allajafna hærra en í fátækari löndum og lítil von er því til þess næstu áratugina að verðlag hérlendis lækki svo að það verði svipað og er í mörgum löndum Suður-Evrópu. Reynslan hefur sýnt að vöxtur þjóðartekna leiðir til þess að raungengi hækkar og má þar vísa til landa sem komist hafa til bjargálna á síðustu áratugum, svo sem Írlands.

3. Tekjur og matarreikningur fjölskyldunnar.


Í þessum kafla er fjallað um hlut matar í heildarneyslu á íslenskum heimilum. Rakið er hvernig hlutfallið hefur breyst undanfarin ár. Enn fremur er skoðað hvaða áhrif tekjur og barnafjöldi hefur á matarreikninginn.

---

[2] Jón Scheving Thorsteinsson, BG Capital, samtal apríl 2004.

Um aldamótin 1900 fór um helmingur útgjalda íslenskrar meðalfjölskyldu til kaupa á matvöru. Næstu áratugina féll þetta hlutfall og var komið niður í rúm 35% er heimsstyrjöldin síðari skall á. Hlutfallið hækkaði nokkuð á næstu árum eftir heimsstyrjöldina og hélst síðan á bilinu 40–45% af heildarútgjöldum á árunum 1950–1967 (sjá mynd 3.1).

Mynd 3.1. Hlutur mat- og drykkjarvöru og tóbaks í vísitölu neysluverðs.
Heimild: Hagskinna og Hagstofa Íslands.



Undanfarin 35 ár hefur mikilvægi matar og drykkjar í útgjöldum Íslendinga minnkað mikið, svo sem sjá má í töflu 3.1.

Tafla 3.1. Hlutfall mat- og drykkjarvöru og tóbaks í neyslukönnunum Hagstofu Íslands 1978–2003 ásamt tölum um landsframleiðslu á mann.

	1978–1979	**1985–1986**	**1990**	**1995**	**1995[1]**	**2000–2002[2]**	**2000–2003[3]**
Matur	23,2	21,7	20,3	18,3	15,2	14,4	13,5
Drykkjarvörur og tóbak	5,3	5,2	4,7	5,7	5,4	6,2	6,4
Samtals:	**28,5**	**26,9**	**25**	**24**	**20,6**	**20,6**	**19,9**
Verg landsframleiðsla á mann	100	116	125	121	121	147	152

1) Nefnari er stærri en í dálkunum á undan, þar munar mestu að húsnæðiskostnaður er talinn með í heildarneyslu. 2) Samkvæmt grunni vísitölu neysluverðs í mars 2002. Byggt á neyslukönnun 2000–2001. 3) Samkvæmt grunni vísitölu neysluverðs í mars 2003. Byggt á neyslukönnun 2000–2002. – Heimild: Hagstofa Íslands.

Samkvæmt neyslukönnun Hagstofu Íslands frá árunum 1978–1979, voru kaup á mat- og drykkjarvöru og tóbaki 28,5% af útgjöldum meðalheimilisins, en þetta hlutfall hafði fallið niður í tæp 20% í upphafi nýrrar aldar.[3]

Þessi þróun á sér nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi hefur verð á mat- og drykkjarvöru lækkað miðað við annað verðlag hin síðustu ár. Í öðru lagi eru fjölskyldur nú fámennari en áður. Í


[3] Kannanirnar eru ekki alveg sambærilegar á milli ára, til dæmis eru heimili misstór og mismunandi aðferðum er beitt við leiðréttingu vegna brottfalls.

þriðja lagi má gera ráð fyrir að kaup á þessum vörum gangi allajafna fyrir öðrum heimilisútgjöldum og því má búast við að hlutfall þessara vara í neyslu minnki með vaxandi tekjum.[4] Sannreyna má þetta á tvo vegu. Annars vegar með því að kanna þróun tekna og útgjalda yfir tíma og hins vegar með því að skoða hlut mat- og drykkjarvöru í útgjöldum fjölskyldna með mismiklar tekjur.

3.1 Hlutfallsleg verðþróun.

Á mynd 3.2 er sýnd þróun hlutfallslegs verðs á matvöru, samkvæmt þjóðhagsreikningum, miðað við verðlag einkaneyslu í heild á árunum 1977–2001.

Mynd 3.2. Verðlag matvöru (án drykkjarvöru) samkvæmt þjóðhagsreikningum miðað við verðlag einkaneyslu í heild, (1977=100). – Heimild: Þjóðhagsreikningar (Hagstofa), eigin útreikningar.



Deilt var með verðlagi einkaneyslu í verðlag matvöru og árið 1977 sett jafnt og 100. Glögglega kemur fram að þetta hlutfall hefur sveiflast verulega til. Það lækkaði fyrstu ár tímabilsins, en fór síðan aftur hækkandi og árið 1988 var verð á matvöru um 5% hærra en verðlag einkaneyslu. Á næstu árum féll hlutfallslegt verð á matvöru verulega og var árið 1994 orðið um 10% lægra en verð á almennri neysluvöru. Síðustu árin hefur þetta hlutfallslega verð haldist nokkuð stöðugt. Tekið skal fram að varhugavert getur verið að gera of mikið úr breytingum frá einu ári til annars þar eð nokkrum sinnum var skipt um grunn vísitölunnar á þessu tímabili. Skattbreytingar skýra að miklu leyti þessar sveiflur á verði matvara á níunda og tíunda áratugnum. Árið 1987 var söluskattur lagður á matvörur, sem ekki höfðu borið hann áður. Árið 1990 var söluskattur lagður niður og virðisaukaskattur tekinn upp og skatturinn um leið lækkaður á mörgum matvörum. Árið 1994 var virðisaukaskattur á ýmis matvæli síðan lækkaður. Nánar er fjallað um skattkerfisbreytingarnar í 5. kafla hér á eftir.

---

[4] Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir að tekjuteygnin sé minni en 1. Hagfræðingurinn Engels setti fram lögmál um þetta, sem kennt er við hann. Samkvæmt því fer minna hlutfall tekna til matarinnkaupa þegar tekjur aukast.

3.2 Fækkun í heimili.

Á síðasta aldarfjórðungi hefur fækkað verulega í vísitölufjölskyldunni. Í neyslukönnun Hagstofunnar frá árunum 1978–1979 voru heimilismenn að meðaltali 4,8 en í könnuninni 1995 voru þeir 2,8. Þessi munur stafar að hluta af því að árið 1995 var leiðrétt fyrir litlum úrtakslíkum fámennra fjölskyldna.[5] Vísbendingar eru um að hlutfall matarútgjalda í neyslu hækki með fjölda heimilismanna. Þetta kann að koma á óvart því að sambýlisfólk getur hagrætt í matarinnkaupum, en á móti kemur að matur og drykkur eru stærri hluti af neyslu barna en fullorðinna. Einstaklingar borða oftar úti en fólk í sambúð og það kemur ekki fram sem kaup á mat og drykk þar eð veitingahús og hótel eru sérstakur liður í neyslukörfunni. Sambýlisfólk getur einnig fremur hagrætt í öðrum kostnaðarliðum en mat. Húsnæðiskostnaður á mann fellur til að mynda mjög þegar heimilismönnum fjölgar.

3.3 Tekjur og neysla.

Frá 1978 til 2000 jókst verg landsframleiðsla á mann um nær 50%. Á sama tíma hefur sífellt minni hluti tekna heimilanna runnið til kaupa á matvöru. Þetta samband má lesa úr töflu 3.1 hér að framan. Svo er að sjá sem vægi matarútgjalda í neyslu minnki með vaxandi tekjum, þó að sambandið sé ekki alveg einhlítt. Frá 1977 til 2002 hefur matarneysla hvers Íslendings aukist um nálægt 30% á föstu verðlagi, sem er mun minna en tekjur hafa aukist.[6] Neysla gosdrykkja á mann þrefaldaðist á árunum 1975–2002, kjötneysla jókst um fimmtung, fiskneysla um 10%, en minna er neytt af mjólk, eggjum og kartöflum en áður.[7] Þá hefur neysla tilbúinna matvæla stóraukist undanfarin ár.

3.4 Neysla og tekjur fjölskyldu.

Hér að framan er bent á að hjá einstaklingum og fámennum heimilum fari að jafnaði minna hlutfall neyslu í mat en á stærri heimilum og að matarútgjöld dragist hlutfallslega saman með auknum tekjum. Niðurstöður úr neyslukönnun Hagstofu Íslands frá árinu 1995 kunna því að virðast þversagnarkenndar, en þar reyndust mat- og drykkjarvörur vera 16% af neyslu þeirra heimila sem höfðu eina milljón króna eða minna í tekjur, en 18% hjá heimilum sem höfðu á milli þrjár og fjórar milljónir króna í tekjur (sjá töflu 3.2). Skýringin er sú að fjölskyldur með litlar tekjur eru að jafnaði fámennar. Það vegur þyngra en tekjuáhrifin.

Tafla 3.2. Skipting einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum og árstekjum heimilis, hlutfallstölur.
Heimild: Neyslukönnun Hagstofu 1995.

	Tekjur < en 1 millj. kr.	Tekjur 1–2 millj. kr.	Tekjur 2–3 millj. kr.	Tekjur 3–4 millj. kr.	Tekjur 4 millj. kr. og hærri	Meðaltal
Matur og drykkjarvörur	16,1	16,8	17,8	18,1	16,7	17,4
Áfengi og tóbak	5,2	3,5	2,8	3,1	3,1	3,2
Föt og skór	6,1	7,2	6,2	7,2	8,1	6,9
Húsnæði, rafmagn og hiti	20,7	20,4	18,0	15,4	15,3	17,9
Heimilisbúnaður	5,0	5,5	6,2	5,5	7,7	6,0
Heilsugæsla	2,7	2,7	2,4	3,5	5,1	3,1
Ferðir og flutningar	13,5	13,2	15,6	16,2	12,5	14,6

[5] Hagstofa Íslands: Grunnur og gerð vísitölu neysluverðs. Af vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.
[6] Heimildir: Hagstofa: Þjóðhagsreikningar, eigin útreikningar.
[7] Vefur Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

	Tekjur < en 1 millj. kr.	Tekjur 1–2 millj. kr.	Tekjur 2–3 millj. kr.	Tekjur 3–4 millj. kr.	Tekjur 4 millj. kr. og hærri	Meðaltal
Póstur og sími	2,7	1,6	1,2	1,1	1,4	1,4
Tómstundir og menning	13,6	12,6	13,2	13,8	13,7	13,3
Menntun	0,7	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
Hótel, kaffihús og veitingastaðir	6,5	5,7	4,8	5,6	6,2	5,5
Aðrar vörur og þjónusta	7,2	9,8	11,0	9,5	9,2	9,9
Fjöldi í heimili	1,2	2,1	3,3	4,0	4,3	2,8
Fjöldi heimila	100	347	484	271	173	1.375

Til að komast hjá þeim vanda sem þessi tvöföldu áhrif – misstórar fjölskyldur og mismiklar tekjur – hafa í för með sér er því réttara að skoða eingöngu svipaðar fjölskyldur, t.d. sambýlisfólk með börn, líkt og gert er í töflu 3.3. Á þann hátt er auðveldara að kanna samband neyslu og tekna fjölskyldunnar. Hér munar mun minna á fjölda í heimili og hlutfall mat- og drykkjarvara í neysluútgjöldum fellur greinilega með tekjum.

Tafla 3.3. Skipting einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum og árstekjum heimilis. Sambýlisfólk með börn, hlutfallstölur. – Heimild: Neyslukönnun Hagstofu.

	Tekjur < 2 millj. kr.	Tekjur 2–2,5 millj. kr.	Tekjur 2,5–3 millj kr.	Tekjur 3–4 millj.	Tekjur 4 millj. kr. og hærri	Meðaltal
Matur og drykkjarvörur	20	19,1	19,1	18,2	16,5	18,6
Áfengi og tóbak	2,6	2,5	2,9	2,9	3,2	2,8
Föt og skór	7,2	6,6	6,3	6,8	7,8	6,8
Húsnæði, rafmagn og hiti	17,1	18,5	16,6	15,4	15	16,4
Heimilisbúnaður	6	5,5	7,1	6,2	6,6	6,4
Heilsugæsla	1,8	3,3	2,2	3,3	7,1	3,4
Ferðir og flutningar	10,9	15,1	13	16,6	10,9	13,8
Póstur og sími	1,5	1,3	1,1	1	1,2	1,2
Tómstundir og menning	15,8	12,6	13,4	13,6	14,4	13,8
Menntun	1	0,6	1,7	0,9	1,3	1,1
Hótel, kaffihús og veitingastaðir	5,5	3,5	4,6	5,6	5,9	5
Aðrar vörur og þjónusta	10,6	11,3	11,9	9,4	10,1	10,6
Fjöldi í heimili	3,82	4,07	4,18	4,18	4,5	4,14
Fjöldi heimila	92	120	164	203	107	686
Matar- og drykkjarútgj. í þús. kr.	464	465	550	585	647	
Neyslueiningar (Es.)	2,14	2,22	2,30	2,35	2,54	
Matar- og drykkjarútgj. á einingu	217	209	239	249	255	

Enda þótt hlutfall mat- og drykkjarvara í heildarneyslu heimila falli með tekjum er þó greinilegt að meira er varið, í krónum talið, í kaup á mat og drykk þegar tekjur aukast (sjá þriðju neðstu línu í töflu 3.3). Hér ber að hafa í huga að tekjuháar fjölskyldur eru nokkru fjölmennari en hinar (sjá fimmtu línu að neðan í töflu 3.3). Þá er líklegt að í lægsta tekjuhópnum sé margt fólk í námi eða nýkomið út á vinnumarkað og þá með ung og neyslugrönn börn. Nauðsynlegt er að leiðrétta vegna þessa. Í næstneðstu röð í töflu 3.3 er tilgreindur meðalfjöldi svonefndra neyslueininga á heimili í hverjum dálki, samkvæmt skilgreiningu Eurostat. Talan tekur mið af því að stór heimili eru hagstæðari í rekstri en lítil og neysla

barna minni en fullorðinna. Hún auðveldar því samanburð á útgjöldum ólíkra heimilisgerða.[8] Í neðstu línu í töflu 3.3 sést að matar- og drykkjarútgjöld á neyslueiningu eru minnst í næstlægsta tekjuhópi, en fara síðan vaxandi með tekjum. Þetta gefur til kynna að þeir sem eru vel fjáðir leyfi sér meira í matarinnkaupum og kaupi dýrari mat en hinir. Þá má spara í matarinnkaupum með magninnkaupum og með því að versla í lágverðsverslunum, eða beina kaupum að ódýrum matvörum. Þessi sparnaður getur falið í sér snúninga, fyrirhafnarmeiri matseld og þar með nokkra vinnu fyrir neytendur. Fremur fáar vörur fást í lágverðsverslunum og því þurfa þeir sem kaupa inn þar oft einnig að skjótast í dýrari verslanir. Vel má ímynda sér að tekjulágir virði tíma sinn ekki jafnmikils og aðrir – að fórnarkostnaður þeirra sé lægri – og þeir telji slíka snúninga síður eftir sér. Þeir hinir sömu geta því frekar keypt inn í ódýrari verslunum. Það leiðir til þess að matarútgjöld þeirra verða lægri í krónum talið en hinna sem hafa hærri tekjur og meta meira virði þess tíma sem fer í búðaráp.

3.5 Alþjóðlegur samanburður.

Hlutfall matar og drykkjar í heildarneyslu á Íslandi er fremur hátt miðað við það sem gengur og gerist í Vestur-Evrópu. Af Vestur-Evrópuríkjum er hlutfallið aðeins hærra í Portúgal, ef marka má neyslukönnun hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat.[9] Mishátt hlutfall endurspeglar bæði mun á verði og tekjum í löndunum. Hlutfallið er hátt í löndum Austur-Evrópu en þar eru tekjur á mann fremur lágar.

Tafla 3.4. Matar- og drykkjarútgjöld í Evrópuríkjum, hlutfall af neyslu heimila 2001.
Heimild: Verðkönnun Eurostat.

Rúmenía	36%	Spánn	17%
Litháen	31%	Frakkland	15%
Búlgaría	30%	Ítalía	15%
Eistland	27%	Noregur	14%
Kýpur	26%	Austurríki	13%
Lettland	26%	Belgía	13%
Slóvakía	23%	Danmörk	13%
Malta	21%	Finnland	13%
Pólland	21%	Sviss	13%
Ungverjaland	21%	Lúxembúrg	12%
Portúgal	20%	Svíþjóð	12%
Tékkland	19%	Þýskaland	12%
Ísland	**18%**	Holland	11%
Slóvenía	18%	Bretland	9%
Grikkland	17%	Írland	8%

3.6 Samantekt.

Hlutur matvæla í neyslu meðalfjölskyldu hefur minnkað undanfarin ár og er nú kominn niður í 13,5% (þá eru drykkjarvörur ekki taldar með). Þetta hlutfall er þó mun lægra víða í Evrópu. Söguleg gögn og þverskurður neysluathugana sýnir að ofangreint hlutfall vex með barnafjölda. Þá er hlutfallið hærra hjá efnalitlum en öðrum. Efnalitlir eyða þó minna fé í krónum talið til matarinnkaupa en aðrir.

---

8 Hagstofa Íslands (1997): Neyslukönnun 1995, bls. 12–13.

9 Tölurnar eru úr sömu könnun og því má bera þær saman, en talan fyrir Ísland er ekki sambærileg við tölur úr neyslukönnunum Hagstofu Íslands.


4. Matarverð á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum.

Í þessum kafla er matarverð í heild og verð einstakra vöruflokka á Íslandi borið saman við meðaltalstölur Evrópusambandsins. Fjallað er um breytingar sem orðið hafa á hlutfallslegu verðlagi frá 1990 og skýringa leitað á breytingunum. Í lok kaflans eru nokkur nágrannalönd skoðuð sérstaklega.

Vorið 2003 fóru um 13½% af neysluútgjöldum Íslendinga til matar og liðlega 1½% til drykkjar (áfengi er hér ekki talið með). Svo sem fram kom hér að framan eru matvæli hærra hlutfall neyslu hjá lágtekjufólki en þeim efnameiri og jafnframt fer stærri hlutur neysluútgjalda til matarinnkaupa hjá barnafólki en öðrum. Matarverð varðar því lágtekjufólk og barnafólk meira en aðra.

Þrír vöruflokkar vógu þyngst í matarkörfu Íslendinga árið 2003: mjólk, ostar og egg; kjöt; og brauð og kornvörur. Svo sem fram kemur á mynd 4.1 voru mjólkurvörur og egg 19% af neyslu meðalheimilisins, kjöt 18% og brauð og kornmatur 17%. Samtals fór því meira en helmingur af matarútgjöldum heimilisins í neyslu á þessum vörum.

Mynd 4.1. Skipting matar- og drykkjarneyslu á Íslandi í mars 2003.
Heimild: Hagstofa Íslands.




4.1 Samanburður við önnur Evrópulönd.

Árið 2001 var matur að jafnaði um 50% dýrari á Íslandi en að meðaltali í Evrópusambandslöndunum (sjá mynd 4.2). Fiskur er eini vöruflokkurinn í samantekt Eurostat sem reyndist álíka dýr á Íslandi og í Evrópusambandinu. Í öðrum matarflokkum var verð á Íslandi frá 30% til 70% hærra en í Evrópusambandinu árið 2001. Kaffi, te og kakó og „aðrar matvörur“ (t.d. alls kyns sósur, súpur og krydd) eru tiltölulega litlu dýrari en í Evrópusambandinu (30–40%), en óvenjumiklu munar á verði sykurs og sælgætis, gosdrykkja, grænmetis og brauðs, eða 60–70%. Aðrir vöruflokkar eru þarna á milli. Vörugjöld skýra að hluta hátt

verð á gosi og sælgæti (sjá umfjöllun í 5. kafla). Innflutningur kjöts, mjólkurvara og grænmetis hefur lengi verið heftur hérlendis. En vörur sem eru að mestu tollfrjálsar og bera ekki háa skatta eða gjöld voru einnig tugum prósentna dýrari á Íslandi en í Evrópusambandinu árið 2001. Þar á meðal er brauð og kornvara. Sennilega skýrist hátt verð á þessum vörum af legu landsins. Torvelt er að flytja brauð hingað til lands, því að neytendur krefjast þess jafnan að það sé nýtt. Markaðurinn er lítill og hagkvæmni stærðarinnar í bakstri nýtist hvergi nærri að fullu. Erfiðara er að skýra hátt verð á kaffi, tei og kakói hér á landi (sjá 6. kafla).

Mynd 4.2. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001. 15 ríki Evrópusambandsins=100.
Heimild: Hagstofa Íslands.



Myndina skal lesa þannig að ef þykka svarta línan er t.d. á 150, eins og tilfellið er hvað varðar kjöt, þá var kjöt 50% dýrara á Íslandi en að meðaltali í 15 Evrópuríkjum árið 2001.


Vísitölurnar sem mynd 4.2 byggist á eru úr samanburðarverkefni á vegum Eurostat. Gefin eru nákvæm fyrirmæli um hvaða vörur skal skoða. Tiltekin eru vörumerki eða tekið fram að skoða skuli ódýrustu framleiðslu af tiltekinni vöru. Einnig er getið um stærð pakkninga. Búðir sem kannaðar eru skulu vera lýsandi fyrir verslunarhætti á hverjum stað. Nokkrum erfiðleikum veldur í samanburðinum að neyslumynstur er misjafnt og munar mestu á fjarlægum löndum. Sumar vörur, svo sem skyr, eru jafnvel ekki til í öðrum löndum. Brugðist er við þessu með því að bera fyrst saman verð á einstökum svæðum álfunnar, þar sem neyslan er tiltölulega lík. Ísland er þannig skoðað með öðrum Norður-Evrópulöndum.[10]

[10] Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Hagstofu Íslands, samtal, janúar 2004.

4.2 Hlutfallslegt matvöruverð á Íslandi.

Undanfarinn áratug eða rúmlega það hefur matarverð á Íslandi sveiflast nokkuð miðað við verð sömu vara annars staðar í Vestur-Evrópu, sjá mynd 4.3. Í samræmdum verðkönnunum hagstofa í Evrópu hefur meðalverð á mat (án drykkjarvara) á Íslandi sveiflast frá því að vera 20–30% hærra en í Evrópusambandinu upp í það að vera 60–70% hærra. Íslenskar matvörur voru tiltölulega ódýrastar um miðjan tíunda áratuginn, en dýrastar árið 2000. Rétt er að hafa fyrirvara á samanburðinum sem sýndur er á mynd 4.3. Honum er ætlað að sýna stöðu á ákveðnum tíma en ekki breytingu í verðlagi. Þess vegna eru aðferðir ekki fullkomlega samræmdar frá ári til árs. Þá breyttist samanburðurinn árið 1995 þegar Svíar, Finnar og Austurríkismenn gengu í Evrópusambandið og ríkjum þess fjölgaði úr 12 í 15. Matarverð var nokkru hærra í þessum löndum en þeim sem voru fyrir í sambandinu. Ekki má heldur gleyma því að þetta eru meðaltöl. Töluverðu getur munað milli landshluta og einstakra verslana. Vægi lágverðsverslana skiptir einnig miklu máli, en álagning þeirra á innkaupsverð er allt að fjórðungi minni en verslana sem veita mesta þjónustu (munurinn er þá allt að 15% af endanlegu vöruverði). Myndin gefur þó ótvíræða vísbendingu um miklar sveiflur á hlutfallslegu verði.

Mynd 4.3. Verð matvöru á Íslandi (drykkjarvörur ekki meðtaldar).
Vísitala, ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.




Sveiflurnar eiga sér margar skýringar. Ein skýringin eru breytingar í skattheimtu. Í virðisaukaskattskerfinu, sem tekið var upp í byrjun árs 1990, var almennt skatthlutfall 24,5%, en skattur var endurgreiddur af búvörum og fiski þannig að skatthlutfallið á þeim vörum var í raun 14%. Í ársbyrjun 1994 var nokkrum tegundum matvara bætt við í lægra skatthlutfallinu (sjá 5. kafla um virðisaukaskatt og vörugjöld hér á eftir). Matvörur lækkuðu alls í verði um 12% miðað við almennt neysluverð hér á landi á árunum 1990 til 1994, eins og fram kom á mynd 3.3 í kaflanum á undan.

Sveiflur á verði matvara hér á landi miðað við Evrópusambandið fylgja nokkuð vel breytingum í gengi krónunnar gagnvart evru. En ljóst er að sveiflurnar á hlutfallslegu verði matvara eru miklu meiri en gengissveiflurnar. Á árunum 1996 til 2000 hækkaði krónan um 15% gagnvart evru. Við þetta bættist að matarliðurinn í samræmdri neysluverðsvísitölu hækkaði

um 10% meira á Íslandi en í Evrópusambandinu,[11] þannig að í heild hækkaði matvöruverð á Íslandi um fjórðung miðað við Evrópusambandið þegar mælt er í sama gjaldmiðli.

Hagsveiflur geta einnig skýrt að hluta þær breytingar sem orðið hafa á hlutfallslegu verðlagi. Töluverð niðursveifla var í íslensku efnahagslífi um miðjan tíunda áratuginn. Atvinnuleysi hafði ekki verið meira í áratugi (fór í 5% í mælingum Hagstofu) og verðbólga var í fyrsta skipti í langan tíma minni á Íslandi en í öðrum iðnríkjum. Á þessum tíma má því búast við að lítil almenn eftirspurn og litlar launahækkanir hafi dregið úr þrýstingi á verðhækkanir í efnahagslífinu. Þetta breyttist upp úr 1995 þegar nýtt hagvaxtarskeið hófst með opinberum framkvæmdum og almennri bjartsýni í atvinnulífinu.


Mynd 4.4. *Gengi krónu gagnvart evru/eku.*
Heimild: Seðlabanki Íslands.



Á seinni hluta tíunda áratugarins batnaði atvinnuástand og skortur varð á vinnuafli. Laun hækkuðu meira en í helstu samkeppnislöndunum. Frá 1996 til 2000 hækkaði hlutfallslegur launakostnaður miðað við öll viðskiptalönd (þar sem Evrópusambandslönd vega nálægt 60%) um rúm 10%. Laun ráða nokkru um kostnað við matargerð og innflutning og sölu á mat. Aukinn kaupmáttur togar einnig verðlag á vörum og þjónustu upp á við. Hann gefur innlendum fyrirtækjum að öðru jöfnu færi á að leggja meira á framleiðslu sína og þjónustu, að minnsta kosti um tíma. Auk þess kunna erlendir framleiðendur að hafa séð sér færi á að hækka verð á vörum fyrir Íslandsmarkað. Vísitala neysluverðs, samræmd við reikniaðferðir í öðrum Evrópulöndum, hækkaði um 10% frá ársmeðaltali 1996 til meðaltals 2000. Matvöruverð hækkaði meira, eða um 14%. Á sama tíma hækkaði matarverð í löndum Evrópusambandsins um tæp 4% að meðaltali, eða nokkru minna en almennt neysluverð þar.

[11] Heimildir: Eurostat/Hagstofa Íslands.

Mynd 4.5. Hlutfallslegur launakostnaður á Íslandi gagnvart viðskiptalöndum, 1980=100.
Heimild: Seðlabanki Íslands.



4.3 Í hvaða löndum er matvara dýrust?

Fróðlegt er að skoða hvernig raða má Vestur-Evrópulöndum eftir matarverði undanfarin ár. Þetta er gert fyrir árin 1990, 1995 og 2001 í töflu 4.1.

Tafla 4.1. Matarverð (án drykkjarvöru) í Evrópuríkjum árin 1990, 1995 og 2001, ríkjum raðað eftir verði. – Heimild: Hagstofa Íslands.

	1990		**1995**		**2001**
1	Finnland	1	Noregur	1	Noregur
2	Noregur	**2**	**Ísland**	2	Sviss
3	Svíþjóð	3	Sviss	**3**	**Ísland**
4	**Ísland**	4	Danmörk	4	Danmörk
5	Sviss	5	Svíþjóð	5	Svíþjóð
6	Danmörk	6	Finnland	6	Finnland
7	Austurríki	7	Austurríki	7	Írland
8	Frakkland	8	Frakkland	8	Frakkland
9	Ítalía	9	Þýskaland	9	Lúxemborg
10	Belgía	10	Lúxemborg	10	Austurríki
11	Lúxemborg	11	Belgía	11	Bretland
12	Þýskaland	12	Írland	12	Þýskaland
13	Spánn	13	Bretland	13	Belgía
14	Holland	14	Ítalía	14	Ítalía
15	Írland	15	Holland	15	Holland
16	Bretland	16	Grikkland	16	Grikkland
17	Grikkland	17	Spánn	17	Portúgal
18	Portúgal	18	Portúgal	18	Spánn

Samkvæmt töflunni kosta matvæli mest á Norðurlöndum og í Sviss öll árin sem skoðuð eru, en minnst í Suður-Evrópu. Tvær ástæður eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi eru laun óvenjuhá í þeim löndum sem eru hæst á listunum. Launakostnaður vegur þungt í matarverði, auk þess sem framleiðendur reyna að miða vöruverð við kaupmátt á hverjum stað, svo sem áður var greint frá. Hlutfallslegur launakostnaður hefur mest áhrif á verð þeirra matvara sem óhægt er að flytja inn frá útlöndum. Í öðru lagi eru löndin sem eru efst á listanum hrjóstrug og strjálbýl og henta síður til landbúnaðar en hin. Þær vörur eru einna dýrastar sem erfiðast er að flytja inn. Athygli vekur að Finnland færist úr því að vera dýrast þeirra 18 landa sem skoðuð eru árið 1990 í sjötta sæti 1995 og 2001. Svíþjóð er þriðja dýrasta landið árið 1990 en í fimmta sæti seinni árin. Freistandi er að tengja lækkun Finnlands og Svíþjóðar á listanum við aðild landanna að Evrópusambandinu árið 1995, en verslun með landbúnaðarvörur milli Evrópusambandslanda er ekki heft með tollum eða á annan hátt, heldur liggja heilbrigðisástæður yfirleitt að baki ef flutningar eru takmarkaðir. Árið 1990 var hlutfallslegt matarverð á svipuðu róli í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Íslandi og Sviss, 50–60% hærra en að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum. Árið 2001 eru það aðeins þrjú lönd sem skera sig úr. Matur er um 50% dýrari í Noregi, Sviss og á Íslandi en í Evrópusambandinu. Danmörk er í fjórða sæti, en langt að baki. Þar mældist matur um 30% dýrari en að meðaltali í Evrópusambandinu. Næst koma nokkur lönd þar sem matarverð er 10–15% hærra en að meðaltali í Evrópusambandslöndunum.


Þegar litið er á þau lönd sem verið hafa í Evrópusambandinu allt frá 1990 er ekki að sjá að minna muni en áður á matarverði frá einu landi til annars.

4.4 Samanburður við nokkur lönd.


Á myndum 4.6 til 4.11 er verðlag einstakra flokka matar og drykkjar á Íslandi borið saman við verðlag sömu vara í nokkrum öðrum Evrópulöndum. Litið er á verðlag í grannlöndunum Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Írlandi, auk Sviss. Í öllum þessum löndum eru tekjur fremur háar (Írar hafa skipað sér í hóp hátekjuþjóða undanfarin ár) og þau eru öll á norðlægum slóðum í Evrópu, þegar frá er talið fjallalandið Sviss. Sviss og Noregur standa nú ein utan Evrópusambandsins.

Matvörur eru langdýrastar í Noregi og Sviss, utan Íslands. Í Noregi voru margir vöruflokkar dýrari en á Íslandi árið 2001, en langmestu munar á fiski. Í Sviss voru bæði kjöt og fiskur miklu dýrari en hér á landi, en gos og sælgæti var mun ódýrara. Það vekur athygli að kaffi, te og kakó, sem allt eru innfluttar landbúnaðarvörur í Sviss og Noregi, eru tiltölulega ódýrari en annar matur í þessum löndum. Sömu sögu má reyndar segja um Danmörku, Svíþjóð og Finnland. Í Danmörku er verð einna hæst á gosi, sælgæti, grænmeti og brauði. Brauð er einnig fremur dýrt í Finnlandi, en á Írlandi er grænmeti einna dýrast af þeim vörum sem skoðaðar eru.


Mynd 4.6. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Noregi við 15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.




Mynd 4.7. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Danmörku við 15 ríki Evrópusambandsins=100. Heimild: – Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.




Mynd 4.8. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Svíþjóð við 15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.




Mynd 4.9. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Finnlandi við 15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.



Mynd 4.10. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Sviss við 15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.



Mynd 4.11. Hlutfallslegt verðlag nokkurra vöruflokka árið 2001, samanburður á Íslandi og Írlandi við 15 ríki Evrópusambandsins=100. – Heimild: Hagstofa Íslands. Sjá skýringar neðan við mynd 4.2.



Frá ársmeðaltali 2001 til 2003 hækkaði matarverð um 5% í Evrópusambandinu en aðeins um rúmt 1% hér á landi. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir gengishreyfingum er útkoman sú að matarverð hér á landi hefur lækkað um 2–3% miðað við meðaltal Evrópusambandsins á þessum tíma. Frá nóvember 2002 til nóvember 2003 hækkaði mat- og drykkjarvöruverð í ríkjum evrusvæðisins um 3%, en verðið lækkaði um 0,3% hér á landi. Meginskýringin á verðlækkun hér á landi er mikið framboð á kjöti, eins og nánar er rætt í 8. kafla skýrslunnar.

4.5 Samantekt.

Matarverð á Íslandi í samanburði við nágrannalöndin hefur sveiflast í takt við gengi íslensku krónunnar og efnahagsaðstæður. Það lækkaði heldur á fyrri hluta tíunda áratugarins í takt við lækkun á gengi krónunnar og niðursveiflu í hagkerfinu. Aftur á móti snerist dæmið við á seinni hluta tíunda áratugarins. Tengja má það hækkun krónunnar og þenslu á vinnumarkaði. Árið 2001 var verðlag um það bil 50% hærra en að meðaltali í Evrópusambandinu. Af einstökum vöruflokkum var aðeins fiskur álíka dýr hér og þar. Árið 2001 var matur óvíða dýrari í Evrópu en hér á landi. Ísland var 3. dýrasta landið, litlu á eftir Noregi og Sviss.

5. Virðisaukaskattur, vörugjöld og matvöruverð.

Í þessum kafla er fjallað um áhrif skatta á matarverð. Rætt er um skatta á Íslandi og þeir bornir saman við skattlagningu í grannlöndunum. Sérstaklega er fjallað um vörugjöld hér á landi og í öðrum norrænum ríkjum.

Í lokuðu hagkerfi, þar sem allar vörur og þjónusta eru af innlendum toga og laun og verð ráðast á samkeppnismörkuðum, má gera ráð fyrir að flestir skattar leggist ofan á vöruverð.[12] Ekki skiptir máli hvort þeir eru lagðir á vörur (eins og virðisaukaskattur) eða tekjur. Í báðum tilfellum hækkar tilkostnaður neytenda, hvort sem gjöldin leggjast á við framleiðslu eða sölu, aðeins heildarskatturinn skiptir máli. Í fyrra tilvikinu veldur skattur á tekjur því að laun verða hærri en ella og þar með framleiðslukostnaður sem aftur kemur fram í háu vöruverði. Í seinna tilvikinu leggst skatturinn á framleiðsluverð vörunnar og hækkar þar með verð hennar til neytenda.

Í opnu hagkerfi, þar sem vöruskattur leggst bæði á innflutning og innlenda framleiðslu en tekjuskattur aðeins á innlenda framleiðslu, gegnir öðru máli. Skattur á tekjur hefur þar eingöngu áhrif á verð á þeim vörum sem framleiddar eru innan lands, en skiptir engu fyrir verð á innfluttum vörum. Skattur á vörur, t.d. virðisaukaskattur, leggst aftur á móti jafnt á innfluttar sem innlendar vörur og hefur því meiri áhrif á verðlag.

Eins og fram kemur í töflu 5.1 eru heildarskatttekjur hins opinbera lægra hlutfall af landsframleiðslu á Íslandi en að meðaltali í Vestur-Evrópu. Þetta ætti að ýta matarverði niður miðað við þau lönd þar sem skattar eru hærri. Munurinn hefur að vísu minnkað nokkuð á undanförnum árum. Árið 2002 voru skatttekjur hins opinbera hér á landi ríflega 2% lægra hlutfall af landsframleiðslu en að meðaltali í OECD-löndunum í Evrópu, en árin 1990 og 1995 var hlutfallið hér á landi 5–7% lægra en að meðaltali. Ekki er ljóst hvort þessi breyting er varanleg. Að jafnaði má gera ráð fyrir að hlutfall skatta af landsframleiðslu hækki í uppsveiflu eins og verið hefur á Íslandi undanfarin ár.

---

[12] Nánar er fjallað um áhrif hinna ýmsu skatta á verðlag í viðauka B í lok skýrslunnar.

Tafla 5.1. Hlutfall skatttekna af vergri landsframleiðslu í löndum OECD.
Heimild: OECD (2003): Revenue Statistics. *Bráðabirgðatölur. **Vestur-Þýskaland.

	1990	1995	2000	2002
Svíþjóð	51,9	48,5	54,0	50,6
Danmörk	47,1	49,4	49,5	49,4
Belgía	43,2	44,6	45,7	46,2
Finnland	44,6	45,1	47,3	45,9
Frakkland	43,0	44,0	45,2	44,2
Austurríki	40,4	41,6	43,3	44,1
Noregur	41,5	41,1	39,0	43,1
Lúxembúrg	40,8	42,3	40,4	42,3
Ítalía	38,9	41,2	41,9	41,1
Holland	43,0	41,9	41,1	39,3
Ísland	**31,5**	**31,8**	**38,3**	**36,7**
Þýskaland	32,9**	38,2	37,8	36,2
Bretland	36,8	34,8	37,2	35,9
Spánn	33,2	32,8	35,2	35,6
Grikkland	29,3	32,4	37,5	34,8
Portúgal	29,2	32,5	34,3	34,0
Sviss	26,9	28,5	31,2	31,3
Írland	33,5	32,8	31,2	28,0
Evrópulönd OECD (óvegið)	37,2	38,6	39,6	39,0

5.1 Virðisaukaskattur.

Í upphafi árs 1990 var virðisaukaskattur tekinn upp í stað söluskatts hér á landi. Almennt skatthlutfall var 24,5% en söluskattshlutfallið 25%. Hluti virðisaukaskattsins var endurgreiddur af mjólk, kjöti, nýju innlendu grænmeti og fiski, þannig að skatthlutfall á þessar vörur var í reynd 14%. Þetta leiddi strax til nokkurrar verðlækkunar á þessum vörum, sem þá höfðu um skeið borið fullan söluskatt. Í janúar 1994 var virðisaukaskattur af ýmsum matvælum svo lækkaður úr 24,5% í 14%. Lægra virðisaukaskattsþrepið kom í stað endurgreiðslna á mjólk, kjöti, nýju innlendu grænmeti og fiski, en auk þess var bætt við nokkrum vörum. Nýjar vörur í lægra þrepinu voru meðal annars ávextir, grænmeti, pasta, kornvörur og bökunarvörur. Samhliða lækkun á virðisaukaskatti var vörugjöldum breytt á nokkrum tegundum matvara, gosdrykkjum og sælgæti, „til þess að vernda innlenda framleiðslu“.[13] Matvæli lækkuðu um 4,7% í framfærsluvísitölu frá nóvember 1993 til mars 1994 og var það svipað og reiknað hafði verið með.[14]

Í ársbyrjun 2004 var innheimtur 24,5% virðisaukaskattur af sælgæti, kexi með meira en 20% sykurinnihaldi, ávaxtasafa og gosi.[15] Alls eru þessar vörur um 23% matar- og drykkjarvöruútgjalda, samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar.[16] Að meðaltali er virðisaukaskattur á mat- og drykkjarvörur hér á landi því rúm 17%.

[13] Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur Alþýðusambandsins (1994): Lækkun virðisaukaskatts hefur skilað sér að fullu til neytenda, Mbl. 26. apríl.
[14] Sama heimild.
[15] Úr samantekt Samtaka iðnaðarins, ágúst 2003.
[16] Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Hagstofu Íslands, samtal, nóvember 2003.

Virðisaukaskattur er lægri af matvörum en öðrum vörum í öllum Evrópulöndum nema Danmörku (sjá töflu 5.2). Almennt virðisaukaskattshlutfall er oft á bilinu 20–25%, en lægra í nokkrum löndum. Að meðaltali er almennt skatthlutfall um 19% í löndunum 18 sem skoðuð eru. Að meðaltali er skatthlutfall á mat- og drykkjarvörum hins vegar um 8%. Matvörur eru ekki alls staðar skilgreindar á sama hátt. Sums staðar er hærri skattur heimtur af drykkjarvörum en mat. Hér er lægra skatthlutfallið notað í meðaltalsreikningnum. Skatthlutfall á flestum matvörum á Íslandi er nokkru hærra en að meðaltali í Evrópulöndunum. Aðeins í tveim Vestur-Evrópulöndum er virðisaukaskattur á mat svipaður eða hærri en hér, í Finnlandi (17%) og Danmörku (25%).

Tafla 5.2. Virðisaukaskattur í Vestur-Evrópulöndum árið 2002, hlutfallstölur. Heimild: NBC (2003), Livsmedelspriser i Norden o.fl. Víða eru misháir skattflokkar á mat og oftast eru einhverjar undantekningar á skatthlutfalli.

	Á mat	Almennt
Danmörk	25	25
Finnland	17	22
Ísland	14/24,5	24,5
Svíþjóð	12	25
Noregur	12	24
Austurríki	10/20	20
Grikkland	8	18
Þýskaland	7/16	16
Belgía	6/12	21
Holland	6	19
Frakkland	6	19,6
Portúgal	5/12	17
Spánn	4/7	16
Ítalía	4/20	20
Lúxemborg	3	15
Sviss	2	7,5
Írland	0/20	21
Bretland	0	17,5

Eins og vikið var að í upphafi þessa kafla hefur það ekki áhrif á verð í lokuðu hagkerfi hvort skattur er lagður á tekjur eða vörur, að minnsta kosti þegar til langs tíma er litið. Í þess konar hagkerfi ætti hár virðisaukaskattur á matvörum út af fyrir sig ekki að stuðla að háu verði á þessum vörum ef skattur á laun er á móti tiltölulega lágur. Frávik í skatti á matvörur frá almennu virðisaukaskattshlutfalli skiptir meira máli.

Álitamál er hvort Ísland er opið eða lokað hagkerfi þegar kemur að matvörum. Ætla má að um fimmtungur af neyslu Íslendinga á mat- og drykkjarvörum sé innfluttur (þá eru tryggingar og flutningskostnaður á erlendum vörum talinn með innflutningi, en ekki versl-

unarálagning).[17] Áhrif innflutnings á matarverð hér á landi eru þó mun meiri, því að erlend samkeppni hefur oft áhrif á verð á íslenskri framleiðslu.

Þegar tafla 5.2 er skoðuð kemur í ljós að frávik virðisaukaskatts á flestum matvörum frá almennu skatthlutfalli virðist svipað hér á landi og gengur og gerist í öðrum löndum Vestur-Evrópu, eða um 10%. Af þessu er varla hægt að álykta að virðisaukaskattur ýti verði á vörum í 14%-skattflokkinum upp miðað við það sem gengur og gerist í öðrum Evrópulöndum. Öðru máli kann að gegna um verð á sælgæti, ávaxtasafa, gosi og kexi sem ber 24,5% virðisaukaskatt hér á landi.

5.2 Vörugjöld.

Vörugjöld eru lögð á einstakar vörutegundir, og þá jafnt á innlenda framleiðslu og innflutta. Þau eru meðal annars lögð á sykur og sælgæti, kex, grauta og niðursoðinn mat, gos, ávaxtasafa, kaffi, te og kakó. Fiskur, kjöt og mjólkurvörur bera aftur á móti ekki vörugjöld. Alls voru tekjur ríkisins af vörugjöldum á matvöru tæplega 1.400 millj. kr. árið 2002.[18] Þar af er rúmur helmingur lagður á innfluttar vörur í tolli en tæpur helmingur á innlendar vörur. Kostnaður af neyslu matar og drykkjar hér á landi nam ríflega 70 milljörðum kr. árið 2001 ef marka má þjóðhagsreikninga og samsetningu neysluverðsvísitölu (í tölunni er talin neysla erlendra ferðamanna). Vörugjöld af mat- og drykkjarvörum eru um 2% af þessari fjárhæð og rúmlega það þegar virðisaukaskattur af þeim er talinn með. Meira munar um vörugjöld á einstökum vörum. Vörugjöld af matvörum eru lögð á í krónum á hvert kíló og geta þau vegið þungt í verði á ódýrum vörum. Árið 2002 voru þau til dæmis rúm 60% ofan á verð innflutts sykurs (með flutningskostnaði og tryggingum). Þau voru 8–9% ofan á innflutningsverð á kaffi, te, kryddi og kakói og um 10% ofan á verð innfluttra drykkjarvara.[19]

Um vörugjöld á matvörur í öðrum löndum eru heimildir fáar. Í alþjóðlegum hagtölum eru þau yfirleitt ekki greind frá öðrum vörugjöldum, eins og til dæmis áfengisgjaldi eða bensíngjaldi. Hér á landi eru vörugjöld í heild um 8% af skatttekjum hins opinbera. Það er nokkru hærra hlutfall en í Svíþjóð (sjá töflu 5.3), en lægra en á Írlandi, í Bretlandi og Danmörku.

---

[17] Þessi tala er fengin með því að bera innflutning matvara (cif, með flutningskostnaði og tryggingum) að frádregnum innflutningi á fiski og skeldýrum, sem að langmestu leyti er flutt aftur úr landi, saman við neyslu landsmanna á mat og drykk. Heimildir: Hagstofa Íslands, innflutningstölur, neyslukönnun og þjóðhagstölur, eigin útreikningar.

[18] Maríanna Jónasdóttir, fjármálaráðuneyti (tölvupóstur, nóvember 2003 og samantekt fyrir Samtök iðnaðarins), Samantekt Lilju Sturludóttur fjármálaráðuneyti um vörugjöld á innlendar vörur (tölvupóstur, ágúst 2003).

[19] Stuðst er við samantekt (2003) Lilju Sturludóttur, fjármálaráðuneyti, og innflutningstölur frá Hagstofu.

Tafla 5.3. Hlutfall vörugjalda af skatttekjum í ýmsum löndum 2001.
Heimild: OECD (2003): Revenue Statistics 1965–2002.

Írland	13%
Bretland	10%
Danmörk	10%
Finnland	9%
Noregur	9%
Holland	8%
Ísland	8%
Þýskaland	8%
Svíþjóð	6%

Í Danmörku eru lögð gjöld á færri vörur en hér á landi. Þau eru lögð á sykur og vörur með sykri í, hnetur, möndlur og drykkjarvörur. Þar sem lögð eru á vörugjöld eru þau oft hærri en hér (sjá töflu 5.4). Í samantekt sem Samtök verslunar og þjónustu gerðu í nóvember 2003 kemur fram að vörugjöld í Danmörku námu frá tæpum fjórðungi til þriggja fjórðu hluta endanlegs verðs á kakódufti, súkkulaði og súkkulaðikexi, en frá tæplega 1/10 til fjórðungs af endanlegu verði sömu vara hér á landi. Samkvæmt sömu heimild er vörugjald fimmtungur af endanlegu verði frosinna flatbakna á Íslandi, en í Danmörku er ekki lagt vörugjald á þær. Í Svíþjóð eru ekki lögð vörugjöld á matvörur.

Í Noregi eru vörugjöld lögð á færri vörur en hér á landi. Fyrst og fremst eru þau heimt af sykri og vörum sem sykur er í, eins og sælgæti og kexi. Auk þess er lagt gjald á drykkjarvörur. Í Finnlandi er aðeins lagt vörugjald á nokkrar drykkjarvörutegundir.

Um áhrif vörugjalda á verðlag gildir flest það sem þegar hefur verið sagt um virðisaukaskatt.

Tafla 5.4. Virðisaukaskattur og vörugjöld af ýmsum vörum á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð, nóvember 2003. – Heimild: Samtök verslunar og þjónustu. Nánari skýringar er að finna á heimasíðu samtakanna.

	Ísland		Danmörk		Svíþjóð
	Vörugj. kr./kg	Vsk., %	Vörugjald	Vsk.	Vsk.
Appelsínusafi	8	24,5	14	25%	12%
Frosið spergilkál		14		25%	12%
Frosnar flatbökur	97	14		25%	12%
Frosnar franskar		14		25%	12%
Gos	8	24,5	14	25%	12%
Hreint súkkulaði	50	24,5	171	25%	12%
Kaffi	35	14		25%	12%
Kakó í heitt vatn	50	14	171	25%	12%
Kakó í kalda mjólk	50	24,5	171	25%	12%
Kartöflunasl, flögur		14		25%	12%
Kartöflunasl, skrúfur		14		25%	12%
Kolsýrt vatn	8	24,5	14	25%	12%
Niðursoðnir ávextir	10	14		25%	12%
Ostur		14		25%	12%
Rjómaís	8	14	41	25%	12%
Strásykur	30	14	171	25%	12%
Súkkulaðikex	40	24,5	171	25%	12%
Sýróp	30	14	171	25%	12%

Rammi 5.1 Hvað veldur mishárri skattlagningu á matvörur?

Tvennt virðist einkum ráða mishárri skattlagningu á matvörur:

- Í fyrsta lagi felst í henni neyslustýring frá „óhollum" vörum eins og kaffi (sem vörugjald er lagt á), sætindum og gosdrykkjum (sem bera bæði vörugjöld og almennan virðisaukaskatt). Vörugjöldum á matvörur er oft beitt á þennan hátt í nálægum löndum. Í Danmörku er til dæmis talað um „giftskatter" eða eiturskatta.

- Þá felst innflutningsvernd í álagningu vörugjalda, en þau hafa ekki verið tekin upp á alinnlenda matvælaframleiðslu, eins og fisk, kjöt og mjólkurvörur. Það er í samræmi við uppruna vörugjaldsins, sem kom í stað tolla á innfluttar vörur sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Stundum virðist verndarsjónarmiðið stríða gegn hollustumarkmiðinu. Bent hefur verið á að hér á landi er lagt átta króna vörugjald á lítra af kolsýrðu vatni, en sykruð kakómjólk ber ekki sérstakt vörugjald.[20] Kakómjólk ber þó óbeint vörugjald, því að gjald er lagt á sykur og kakó til framleiðslunnar. Ávaxtasafar bera 24,5% virðisaukaskatt, þó að ekki sé bætt sykri í þá, líklega til þess að vernda mjólkurframleiðslu. Annað misræmi í skattlagningu er erfiðara að skýra, til dæmis það að kakómaltsduft sem blanda á í heitan vökva ber 14% virðisaukaskatt, en 24,5% ef drykkurinn sem duftinu er blandað í er kaldur.[21]

5.3 Samantekt.

Virðisaukaskattur á flestum matvörum er hærri á Íslandi en í 15 af 17 Evrópulöndum sem skoðuð eru. Færa má rök að því að í lokuðu hagkerfi skipti frávik frá skatti á aðrar vörur meira máli en sjálf skattlagningin á matvörur. Þegar litið er á frávikið kemur í ljós að Ísland er ekki fjarri meðaltali landanna sem skoðuð eru. Sem stendur virðist matvörumarkaður á Íslandi vera nær því að vera lokaður en opinn, því að aðeins má rekja fimmtung af matar- og drykkjarvöruútgjöldum landsmanna til útlanda. Hlutfall allra skatta af landsframleiðslu hefur einnig áhrif á verðlag. Þar er Ísland undir meðaltali, þó að minna muni nú en fyrir nokkrum árum.

Vörugjöld af mat- og drykkjarvörum eru 2% af verði þessara vara (og ríflega það þegar virðisaukaskattur af þeim er talinn með). Í Danmörku eru vörugjöld ekki lögð á eins margar matvörur og hér á landi, en þau eru oft hærri þar sem þau eru á annað borð lögð á. Ekki eru lögð vörugjöld á matvörur í Svíþjóð.

6. Flutningskostnaður.

Vegna fjarlægðar Íslands frá öðrum löndum getur flutningskostnaður haft nokkur áhrif á verð innfluttra vara. Kostnaðurinn getur einnig orðið til þess að fleiri vörur séu framleiddar hér á landi en ella. Í þessum kafla er flutningskostnaðurinn skoðaður og metið hvaða áhrif hann hefur á mun á verðlagi matvara hér á landi og í Danmörku og Svíþjóð.

Í hagfræðinni er oft gert ráð fyrir því að til langframa nemi verðmunur á tveim stöðum ekki meiru en sem nemur flutningskostnaði milli staðanna. Ef verðmunurinn er meiri ætti að vera gróðavon í því að stofna til viðskipta milli staðanna. Stundum kann gróðavonin þó að

[20] Sjá til dæmis SVÞ-fréttir (2003): Vörugjöldum mótmælt, nóvember.
[21] SVÞ segja misræmi í gjaldtöku af innfluttum matvælum (2002): Mbl. 23. október.

vera tálsýn. Munað getur á sköttum og launakostnaður verið mismikill. Þá skiptir einnig máli hvort verslað er í sams konar verslunum á báðum stöðum. Annar staðurinn kann að vera mun minni en hinn og velta því minni þar, sem aftur kallar á meiri kostnað við birgðahald. Engu að síður er fróðlegt að skoða hvaða þátt viðskiptakostnaður kann að eiga í verðmismun.

Stærstur hluti viðskiptakostnaðar felst í flutningi vöru. Í töflu 6.1 sést annars vegar verðsamanburður á nokkrum matvörum hér á landi og í Danmörku og Svíþjóð og hins vegar flutningskostnaður.[22] Til einföldunar er litið á flutningskostnað af öllum innflutningi þeirra vara sem taldar eru upp í töflunni, óháð upprunalandi, en yfirleitt virðist flutningskostnaður frá Danmörku og Svíþjóð vera mjög svipaður þeirri tölu.[23] Hafa verður þann fyrirvara á að nokkru munar á skilgreiningum á vöruflokkum í verðtölum Hagstofunnar og innflutningstölum. Innflutningurinn fer ekki allur beint til neyslu heldur er sumt notað sem hráefni í matvælaiðnaði hér á landi. Þá er innflutningur í sumum vöruflokkum takmarkaður með háum tollum og eru þeir merktir með krossi í töflu 6.1.

Tafla 6.1. Flutningskostnaður sem hlutfall af innkaupsverði á nokkrum vörum hingað til lands 2001, ásamt verði hér miðað við Danmörku og Svíþjóð sama ár.
Heimildir: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

	Flutnings-kostnaður	**Verð/Danmörku**	**Verð/Svíþjóð**	**Innflutnings-takmarkanir**
Ávextir	19%	10%	34%	
Brauð og kornvörur	15%	22%	36%	
Fiskur	13%	-21%	6%	
Gos, safar, vatn	12%	0%	23%	
Grænmeti	25%	18%	38%	(x)
Kaffi, te, kakó	7%	24%	48%	
Kjöt	9%	23%	43%	x
Mjólk, ostar og egg	14%	28%	36%	x
Olíur og feiti	13%	15%	20%	
Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	13%	15%	28%	

Hafa ber í huga að virðisaukaskattur á flestum matvörum er 10,5% lægri en á öðrum vörum á Íslandi (14% á móti 24,5%), en í Danmörku er sama skatthlutfall á öllum vörum (25%). Í Svíþjóð er virðisaukaskattur á matvörum 12%, en almennt virðisaukaskattshlutfall 25%. Hér á landi er hærra hlutfallið lagt á drykkjarvörur og kex, en í Svíþjóð er 12% skattur á þessum vörum.

Í heildina tekið virðast skattar og gjöld ýta verði matvöru í Danmörku upp á við miðað við það sem gerist á Íslandi. Munur á skattheimtu ýtir verðlagi í Svíþjóð hins vegar niður miðað við íslenskt verðlag (sjá nánari umfjöllun í 5. kafla).

Gengissveiflur geta haft í för með sér miklar breytingar á verði milli landa, en ekki er að sjá að þær skýri verðmun landanna árið 2001 sem skoðaður er í töflu 6.1.

Háir tollar eru lagðir á kjöt- og mjólkurvörur hingað til lands, ef undanskilinn er lítils háttar innflutningur á lágmarkskjörum, sem ekki hefur teljandi áhrif á verð hér á landi. Háir


[22] Árið 2001 var rúmur helmingur matvöruinnflutnings hingað til lands frá Evrópusambandinu. Um 13% voru frá Danmörku, en 3% frá Svíþjóð.

[23] Flutningskostnaður er munur á cif- og fob-verði, samkvæmt innflutningsskýrslum frá Hagstofu.

tollar voru einnig á grænmeti stóran hluta ársins, allt þar til snemma vors 2002 (tölurnar í töflu 6.1 eru frá árinu 2001). Öðru máli gegnir um aðra vöruflokka sem skoðaðir eru í töflunni. Ekki voru miklar takmarkanir á innflutningi þeirra árið 2001, aðrar en þær sem felast í flutningskostnaði. Nánar er fjallað um tollvernd í 7. kafla.

Á mynd 6.1 er sýndur flutningskostnaður milli Danmerkur og Íslands og verðmismunur nokkurra vörutegunda (tölurnar eru úr töflu 6.1). Nokkrir punktar lenda ofan við skásettu línuna á myndinni. Það sýnir að verðmunur í löndunum, samkvæmt staðlaðri mælingu hagstofa landanna, er meiri en nemur flutningskostnaði. Verslun með kjöt, mjólk, osta og egg er takmörkuð af háum tollum. Því kemur ekki mjög á óvart að verðmunur á þessum vörum sé meiri en nemur flutningskostnaði. Sykur og sælgæti, olíur og feiti eru mjög nálægt mörkunum. Hráefni til sælgætisgerðar er nær allt flutt inn, en fjarlægðin og sérstaða markaðsins hefur haldið íslenskri sælgætisgerð lifandi. Að mati Samkeppnisstofnunar er markaðshlutdeild innlends sælgætisiðnaðar 70–80%.[24] Þá eru eftir tveir vöruflokkar þar sem flutningskostnaður skýrir ekki hátt verð á Íslandi miðað við Danmörku. Þetta eru brauð og kornvörur og kaffi, te og kakó. Brauð þolir illa geymslu og því er erfitt að flytja það til landsins. Heimamarkaður er smár og vélar sem stærsta bakaríið notar geta annað meira en tvöfaldri eftirspurn Íslendinga eftir verksmiðjubrauðum. Það gerir bakstur hérlendis dýran miðað við stærri lönd.[25] Kaffi, te og kakó voru 24% dýrari á Íslandi en í Danmörku árið 2001, þó að flutningskostnaður væri aðeins um 7% af innkaupsverði. Þessi vara þolir flutning mjög vel. Á Íslandi ber kaffi vörugjald, sem oft er nálægt 10% af útsöluverði, en í Danmörku er ekki vörugjald á kaffi. Á hinn bóginn er vörugjald á kakói mun hærra í Danmörku en hér á landi, auk þess sem virðisaukaskattur er yfirleitt lægri af þessum vörum en öðrum vörum á Íslandi, en ekki í Danmörku eins og fyrr segir (sjá töflu 5.4).[26] Erfitt virðist að skýra þann mun sem er á verði kaffis, tes og kakós hér á landi og í Danmörku með flutningskostnaði eða sköttum.

Mynd 6.1. Flutningskostnaður og verðmunur á milli Íslands og Danmerkur árið 2001.
Heimild: Sjá töflu 6.1.



[24] Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn. Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 61.
[25] Samtal við Kristin Theódórsson, Myllunni, janúar 2003.
[26] Samtök verslunar og þjónustu (2003): Vörugjöldum mótmælt, fréttatilkynning, nóvember.

Verðsamanburður við Svíþjóð er öllu óhagstæðari en við Danmörku. Í flestum vöruflokkum er verðmunur milli Íslands og Svíþjóðar meiri en svarar flutningskostnaði. Þetta þarf þó ekki að þýða að ónotuð ágóðatækifæri séu í innflutningi vara frá Svíþjóð. Á Íslandi er virðisaukaskattur á gosi, safa og vatni jafnhár og á öðrum vörum, en í Svíþjóð eru drykkjarvörur í lægra skattþrepinu. Jafnframt eru lögð vörugjöld á drykkjarvörur hér á landi, en ekki í Svíþjóð. Þetta virðist skýra verðmun á gosi, safa og vatni milli landanna. Vörugjöld fara langt með að skýra verðmun umfram flutningskostnað á sykri og sælgæti. Verðmunur á brauði og kornvörum er vandskýrður með mun á sköttum og flutningskostnaði, en eins og komið hefur fram er flutningur milli landa á brauði annmörkum háður. Mikill verðmunur er milli landanna á kaffi, tei og kakói. Flutningskostnaður og vörugjöld á þessar vörur hér á landi virðist hvergi nærri skýra hann.

6.1 Samantekt.

Kostnaður við flutning hingað til lands er 7–25% af verði innfluttra matvara í erlendri höfn. Flutningskostnaður skýrir þó ekki einn og sér verðmun á kjöti, mjólkurvörum og kaffi, tei og kakói á Íslandi og í Danmörku. En innflutningur á kjöti og mjólkurvörum er heftur með tollum og erfitt er að flytja brauð til landsins. Erfiðara er að skýra verðmun á mat og drykk hér og í Svíþjóð með flutningskostnaði. Leita verður skýringa í vörugjöldum og misháum virðisaukaskatti, sem þó skýrir ekki muninn nema að takmörkuðu leyti.

7. Innflutningsvernd.

Verð er lægra á mörgum búvörum á alþjóðlegum mörkuðum en hér á landi. Innflutningur er heftur með tollum. Í þessum kafla er máli brugðið á þátt tollverndar í matarverði.

Opinber stuðningur við landbúnað á Íslandi er með því mesta sem gerist í iðnvæddum ríkjum. Stuðningurinn hefur þó minnkað mikið hér á landi undanfarin ár, samkvæmt tölum OECD. Heildarstuðningur við landbúnað (TSE)[27] nam 5% af landsframleiðslu á árunum 1986–1988, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árin 2000–2002 var hann um 1,7% af landsframleiðslu. Skýra má lækkandi tölur með minnkandi stuðningi á framleidda einingu og minnkandi hlutdeild landbúnaðar í landsframleiðslu. Heildarstuðningur við landbúnað var á árunum 2000–2002 1,5% af landsframleiðslu í Noregi, 2,0% í Sviss, en 1,3% í Evrópusambandinu.[28]

Árin 1986–1988 nam opinber stuðningur við íslenska bændur (PSE) 75% af framleiðslu þeirra, en hlutfallið var komið niður í 63% á árunum 2000–2002. Þessum stuðningi má skipta í tvennt. Annars vegar eru bein fjárframlög frá hinu opinbera til bænda og hins vegar er framleiðslan vernduð gegn erlendri samkeppni. Innflutningsverndin kemur beint við neytendur, sem greiða hærra verð fyrir vöruna en ella, en annar stuðningur er greiddur í gegnum skattkerfið. Innflutningsvernd felst einkum í tollum en innflutningsbann er nú til dags eingöngu sett á af heilbrigðisástæðum. Verndin er mæld með því að bera saman verð til bænda og innflutningsverð (sjá skilgreiningar á hugtökum aftast í kaflanum). Hlutdeild innflutningsverndar í heildarstuðningi við landbúnað (TSE) minnkaði úr 61% á árunum 1986–1988 í 44% árin 2000–2002.

---

[27] Í lok kaflans eru skilgreind helstu hugtök sem notuð eru um landbúnaðarstyrki.

[28] OECD (2003): *Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation.*

Tafla 7.1. Landbúnaðarframleiðsla og stuðningur við landbúnað á Íslandi 1986–1988 og 2000–2002. Heimild: OECD (2003): Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation, bls. 246.

	1986–1988	**2000–2002**
Verðmæti framleiðslu bænda, milljarðar króna á ári	9,6	11,8
Heildarstuðningur við landbúnað (TSE), milljarðar króna á ári	10,6	12,6
Stuðningur við bændur (PSE), milljarðar króna á ári	8,0	11,0
Tilfærslur frá neytendum, milljarðar króna á ári (hlutdeild í TSE)	6,5	5,6
Heildarstuðningur (TSE), % af vergri landsframleiðslu	5,1	1,7
Stuðningur við bændur (PSE), % af tekjum þeirra	75%	63%
Afurðaverð til bænda sem hlutfall af innflutningsverði (NPCc)	395%	186%
Hlutfall tilfærslna frá neytendum af heildarstuðningi (TSE)	61%	44%

Bilið milli innflutningsverðs og þess verðs sem íslenskir bændur fá fyrir afurðir sínar hefur minnkað mikið undanfarin ár. Í töflu 7.1 kemur fram að á árunum 1986–1988 fengu bændur hér á landi tæplega fjórfalt innflutningsverð fyrir framleiðsluna, en árin 2000–2002 fengu þeir 80–90% álag á innflutningsverð. Á sama tíma lækkaði álag á innflutningsverð í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, úr 63% í 37%.[29] Þetta ber ekki að skilja svo að matvöruverð lækki sem þessu nemur ef innflutningsvernd verður úr sögunni. Verð til bænda er aðeins hluti af endanlegu verði vörunnar. Ofan á þá tölu leggst sláturkostnaður, verslunarálagning og virðisaukaskattur. Í tölum OECD er litið til flutningskostnaðar, en rýrnun, þóknun innflytjenda og munur á vörugæðum kann að skekkja samanburðinn.[30] Íslenskar landbúnaðarvörur og erlendar staðkvæmdarvörur eru auk þess aðeins hluti matarreiknings íslenskra heimila, líklega um helmingur.[31] Verðmæti búvara frá bændum („af bæjarhlaðinu") var tæpir 12 milljarðar kr. árið 2001 að mati OECD, eða ríflega sjötti hluti matarreikningsins. Innflutningur á nýmjólk getur reynst erfiður vegna fjarlægðarinnar, enda þótt unnar mjólkurafurðir, egg og kjöt – bæði nýtt og frosið – megi vel flytja hingað til lands.[32]

Tafla 7.2. Afurðaverð til íslenskra bænda, hlutfall af innflutningsverði. Heimild: OECD (2003): Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation, bls. 247–248.

	mjólk	**kálfa- og nautakjöt**	**kindakjöt**	**svínakjöt**	**fuglakjöt**	**egg**	**annað**
NPCc, 1986–1988	5,7	2,5	3,8	3,8	7,1	5,0	4,0
NPCc, 2000–2002	2,1	2,3	1,0	1,9	6,3	3,4	1,9

Í töflu 7.2 er sýndur munur á því verði sem íslenskir bændur í einstökum greinum landbúnaðar fá fyrir framleiðsluna og innflutningsverði. Athygli vekur að verð á kindakjöti virðist mjög svipað innflutningsverði um þessar mundir, en á hinn bóginn fá íslenskir bændur enn margfalt innflutningsverð fyrir fugla og egg.[33] Meginskýringin á lækkandi hlutfalli í

[29] Hér er miðað við NPCc-stuðul, OECD (2003), bls. 226. Athugið að breytingar á hlutfallinu geta bæði stafað af breytingum í teljara (verði á heimamarkaði) og nefnara (innflutningsverði).

[30] Erna Bjarnadóttir hagfræðingur, Bændasamtökum Íslands, samtal, desember 2003.

[31] Við það mat var litið á vægi liða í vísitölu neysluverðs frá Hagstofu Íslands.

[32] Jón Scheving Thorsteinsson, Baugi, samtal, desember 2003.

[33] Samanburður á verði eggja er nokkrum annmörkum háður þar sem egg eru víðast hvar erlendis seld til dreifingarstöðva og markaðs-, dreifingar- og pökkunarkostnaður því ekki innifalinn í verði til bænda (Eiríkur Einarsson, fyrrverandi starfsmaður landbúnaðardeildar OECD í París, tölvupóstur, febrúar 2004).

framleiðslu mjólkur og kindakjöts liggur í því að teknar hafa verið upp beinar greiðslur úr ríkissjóði til bænda.[34]

7.1 Innflutningshömlur.

Lengi vel var innflutningur á kjöti og mjólkurvörum bannaður með öllu, en með landbúnaðarsamningi Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO), sem tók gildi í ársbyrjun 1995, var mörkuð sú stefna að tollar leystu af hólmi magntakmarkanir. Fyrri innflutningstakmarkanir voru umreiknaðar í tolla sem skyldu svo lækka um 36% að meðaltali á framkvæmdatíma samningsins, en tollar á einstakar vörutegundir skyldu þó ekki lækka um minna en 15%.[35] Ofan á kjöt og mjólkurafurðir sem fluttar eru hingað til lands leggst 30% tollur á innkaupsverð auk krónutölu á hvert kíló. Lagðar eru um 360 kr. á kíló af heilum og hálfum skrokkum og 430–500 kr. á kíló af ostum.[36] Lítið er flutt inn á þessum tollum.[37]

Íslendingar og aðrar þjóðir sem rituðu undir landbúnaðarsamninginn 1995 gengust undir það að leyfa innflutning á kjöti á lægri tollum sem næmi tilsettu hlutfalli af innlendri neyslu á árunum 1986–1988. Á lágmarkstollum voru fyrst 3% af innlendri neyslu á árunum 1986–1988, en nú 5%.[38] Sem dæmi um afsláttinn sem veittur er má nefna að lágmarkstollur á nautalundum er rúmar 500 kr. á kíló, en fullur tollur tæpar 1.500 kr. á kíló auk 30% tolls á innkaupsverð. Kvótar fyrir innflutning á kjúklingum og svínakjöti fyllast iðulega. Kvótarnir eru þá seldir á uppboði en salan jafngildir tolli og þokar verðinu upp á við. Kvótar fyrir innflutning á nautakjöti hafa hins vegar hvergi nærri fyllst.[39] Þá ber að hafa í huga að mun meira er nú neytt af kjúklingum og svínakjöti en á þeim árum sem kvótarnir eru miðaðir við þannig að innflutningskvótar, samkvæmt WTO-samningi, eru langt undir 5% af núverandi neyslu. Leyfi yfirdýralæknis þarf fyrir innflutningi á ósoðnu kjöti. Ekki er leyft að flytja inn kjöt af skepnum sem fengið hafa hormón (en þau má til dæmis gefa í Bandaríkjunum) eða hafa verið meðhöndlaðar með fúkkalyfjum.[40] Ekki er veittur afsláttur af tollum á öllum búvörum, til dæmis er kindakjöt ekki flutt hingað á slíkum kjörum. Árið 2001 var heildarinnflutningur kjöts um hálft prósent kjötneyslu hér á landi. Innflutningurinn tvöfaldaðist árið 2002 en hann hefur þó varla teljandi áhrif á kjötverð hér á landi eins og er.[41]

Landbúnaðarkafli WTO-samninganna frá 1995 nær til allra búvara. Samkvæmt honum má því flytja hingað mjólkurvörur og egg. Þó þarf leyfi yfirdýralæknis fyrir innflutningi á vörum úr ógerilsneyddri mjólk. Seldir eru á uppboði innflutningskvótar á lágmarkstollum. Nokkuð er flutt hingað af ostum, einkum tegundum sem ekki eru framleiddar hér, og jógúrt. Í krónum talið nam ostainnflutningurinn hingað til lands innan við 2% af innanlandsneyslu árið 2001 en jókst heldur árið eftir.[42] Innflutningur á öðrum mjólkurvörum hefur numið um 1% af neyslu. Líkast til hefur innflutningurinn ekki breytt miklu um verð á þessum vörum hér á landi.

Snemma árs 2002 lækkuðu tollar á ýmsu grænmeti og kartöflum. Allir tollar voru felldir niður af gúrkum, tómötum og papriku. Á móti voru teknar upp beinar greiðslur til bænda.

---

34 Eiríkur Einarsson, tölvupóstur, febrúar 2004.
35 Utanríkisráðuneytið (2003): Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi, bls. 22.
36 Tollskrá.
37 Samtal við Kristjönu Axelsdóttur, landbúnaðarráðuneytinu, febrúar 2003.
38 Utanríkisráðuneytið (2003), bls. 22.
39 Samtal við Kristjönu Axelsdóttur, landbúnaðarráðuneytinu, nóvember 2003.
40 Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir, samtal desember 2003.
41 Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.
42 Hér er borið saman verð á innfluttum osti á hafnarbakka (cif) og útsöluverð.

Verð á grænmeti til neytenda lækkaði líklega um nálægt 15% af þessum sökum.[43] Í landbúnaðarskýrslu OECD kemur þó fram að grænmetisverð á Íslandi sé enn yfir heimsmarkaðsverði.[44] Þetta hefur reyndar ekki áhrif á tölur OECD um stuðning íslenskra neytenda við landbúnað. Stofnunin leggur mat á stuðning við framleiðslu kjöts hér á landi (annars en hrossakjöts), mjólkur og ullar og jafnar þeim styrk út yfir aðrar greinar landbúnaðar.[45] Rétt er að geta þess að innflutningshömlur eru ekki úr sögunni á öllum tegundum grænmetis. Lagður er tollur á innfluttar kartöflur og kál þegar innlend framleiðsla er á markaði. Þá er allt árið lagður á 80 króna tollur á kílóið af innfluttum sveppum í því skyni að vernda einn innlendan sveppaframleiðanda.[46]

Tafla 7.3. Tilfærslur frá neytendum til bænda og heildarneysla matar og drykkjar. Heimildir: OECD (2003): Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation, bls. 246, Hagstofa Íslands.

	1986–1988	2000–2002
Tilfærslur frá neytendum til bænda, milljarðar króna á ári	6,5	5,6
Heildarneysla matar og drykkjar á ári, milljarðar króna á ári	25,0	71,1

Í töflu 7.3 sést að tilfærslur frá neytendum til bænda hafa dregist saman á undanförnum árum. Samkvæmt tölum OECD hafa þær minnkað úr fjórðungi af heildarneyslu matar og drykkjar í innan við 10 prósent. Ef tölurnar væru túlkaðar bókstaflega mætti gera ráð fyrir að matarreikningur landsmanna lækkaði um 5–10% ef innflutningshömlum væri aflétt. Því verður að taka með vissum fyrirvara, eins og áður kom fram, til dæmis vegna þess að erfitt kann að vera að flytja sumar vörur hingað. Þá vantar mismun á sláturkostnaði hér og annars staðar. Óhætt er að fullyrða að kostnaðurinn sé mun meiri hér á landi en í grannlöndunum.[47] Þá má ekki gleyma því að hátt matarverð er aðeins hluti af stuðningi við íslenskan landbúnað. Heildarstuðningur við landbúnað hefur verið talinn 12–13 milljarðar á ári undanfarin ár. Tæpan helming borga landsmenn í matarverði en rúman helming með sköttum.

7.2 Horfur í alþjóðaviðskiptum með landbúnaðarvörur.

Sumarið 2003 sigldu viðræður um nýjan viðskiptasamning á vettvangi Heimsviðskiptastofnunarinnar í strand. Þegar það gerðist voru til umræðu tillögur sem hefðu leitt til meira en helmingslækkunar á framleiðslutengdum stuðningi við íslenskan landbúnað, auk þess sem til stóð að liðka mjög fyrir innflutningi búvara. Þótt viðræður liggi niðri telja íslenskir sérfræðingar á þessu sviði víst að komist verði að samkomulagi um verulega frjálsari verslun með landbúnaðarvörur og minni heimildir til þess að veita bændum stuðning sem tengdur er framleiðslu.[48]

Tæpur helmingur útgjalda Evrópusambandsins rennur til landbúnaðar.[49] Innganga fátækra landbúnaðarlanda í Austur-Evrópu mundi að óbreyttu leiða til stóraukinna útgjalda. Þetta hefur líkast til flýtt fyrir endurskoðun á landbúnaðarstefnu sambandsins sem er að ýmsu leyti í sama anda og tillögur sem legið hafa á borðum Heimsviðskiptastofnunarinnar. Í nýsam-

---

43 Samanber umfjöllun í 8. kafla skýrslunnar.
44 OECD (2003): Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation, bls. 166.
45 OECD (2003): Methodology for the measurement of support and use in policy evaluation, bls. 16.
46 Landbúnaðarráðuneytið (2003), reglugerð nr. 705.
47 Eiríkur Einarsson, tölvupóstur, febrúar 2004.
48 Bændablaðið (2003): Viðbrögð við síbreytilegum heimi, 9. des. bls. 24.
49 Utanríkisráðuneytið (2003), bls. 42.

þykktri landbúnaðarstefnu sambandsins eru styrkir til bænda síður spyrtir við framleiðslu en nú og fremur tengdir byggð eða umhverfi.[50]

7.3 Samantekt.

Stuðningur íslenskra neytenda við bændur hefur minnkað töluvert á síðustu árum. Um þessar mundir virðist stuðningurinn vera 5–10% af matarreikningi landsmanna ef marka má útreikninga OECD (kostnaður við flutning á að koma fram í þessum tölum). Ekki er víst að talan sé alveg raunhæf, til dæmis er erfitt að flytja sumar búvörur til landsins. Kostnaður neytenda af innflutningsvernd kann líka að vera meiri en þessu nemur því að ekki er litið á kostnað af óhagkvæmri slátrun og dreifikerfi í þessari tölu.

7.4 Skilgreiningar á hugtökum.

Afurðaverð til bænda miðað við innflutningsverð (NPCc): Þetta er mælikvarði á vernd gegn innflutningi. Talan sýnir hlutfall þess verðs sem neytendur greiða bændum („í bæjarhlaðinu") og innflutningsverðs (sem skilgreint er á sama hátt, sjá hér á eftir).

Heildarstuðningur við landbúnað (Total Support Estimate, TSE): Fjárhæð stuðnings frá neytendum og skattgreiðendum til landbúnaðar, sem rekja má til aðgerða stjórnvalda, hver sem áhrif þeirra eru á framleiðslu, tekjur eða neyslu búvara, að frádregnum tollum. Skipta má tölunni í þrennt: tilfærslur frá skattgreiðendum, markaðsstuðning með innflutningshömlum og tilfærslur frá skattgreiðendum vegna opinberrar þjónustu við landbúnað.

Innflutningsverð (reference price, border price): Verð á vöru sem keypt er á heimsmarkaðsverði ásamt flutningskostnaði til landsins. Aðeins er talinn hlutur bænda í verðinu (verð vöru „í bæjarhlaðinu").

Stuðningur við bændur (PSE): Fjárhæð stuðnings skattgreiðenda og neytenda við búvöruframleiðslu, eins og hún kemur frá bændum („í bæjarhlaðinu"), sem rekja má til aðgerða stjórnvalda. Munurinn á þessari tölu og heildarstuðningi (TSE) liggur í því að hér er ekki talinn kostnaður við þjónustu við landbúnað og niðurgreiðslur á búvörum.[51]

8. Verðlagsþróun og samkeppni á matvörumarkaði.


Í þessum kafla er verðlagsþróun matar og drykkjar undanfarin ár borin saman við almennar verðhækkanir. Litið er á matarverð í heild sem og einstaka vöruflokka. Þá er litið á samþjöppun í verslun hér á landi og í öðrum löndum. Enn fremur er hlutdeild hagnaðar af verslun í matarverði skoðuð.

Þróun almenns neysluverðs og verðs á mat og drykk var svipuð á árunum 1993–1997, eins og fram kemur á mynd 8.1, en meira ber á frávikum eftir það. Miklar sveiflur hafa orðið í verðlagi á brauði, kjöti, ávöxtum og grænmeti undanfarin ár. Allir þessir vöruflokkar hækkuðu mikið í verði árið 2001 en síðan hefur verðið lækkað. Grænmetisverð lækkaði þegar tollar voru lækkaðir árið 2002 og undanfarið ár má segja að verðstríð hafi verið á kjötmarkaði. Ekki liggur þó alltaf ljóst fyrir hvar undirrót verðsveiflnanna er, þ.e. hvort hún er í framleiðslu, gengisbreytingum eða álagningu kaupmanna. Einnig getur verið varasamt að draga miklar ályktanir af verðbreytingum á stuttum tímabilum. Á mynd 8.1 kemur fram að matvörur hækka umfram annað verðlag á árunum 1997 og 2001. Aftur á móti hækka þær minna í verði en neysla almennt á seinni hluta árs 1998 og 2000. Árið 2002 og fram á haust 2003 lækka þær í verði. Á 11 árum, frá nóvember 1992 til nóvember 2003, hækkaði neyslu-

[50] Bændablaðið (2003), bls. 24.
[51] Sjá orðskýringar í OECD: Agricultural Policies in OECD Countries.

verð í heild um 42%, en verð matar og drykkjar um 31%.[52] Lækkun virðisaukaskatts á nokkrum matvörum í ársbyrjun 1994 á mestan þátt í mismuninum (sbr. 5. kafla).

Mynd 8.1. Matvöruverð og almennt neysluverð 1992–2003, mars 1997=100.
Heimild: Hagstofa Íslands.



Á árunum 1996–1997 hækkaði verð á grænmeti og ávöxtum töluvert umfram annað verðlag. Hlutfallslegt verð þessara vara hélst svipað fyrst eftir að Samkeppnisstofnun skilaði skýrslu um samráð á markaðinum árið 2001, en eftir að tollar á ýmsum tegundum grænmetis lækkuðu snemma árs 2002 lækkuðu bæði grænmeti og ávextir mikið í verði.

Töluverðar umræður urðu um verðhækkanir á matvörumarkaði haustið 1999. Einkum beindist athyglin að hækkandi verði í stórverslunum á höfuðborgarsvæðinu og fullyrt var að þær ættu sér engar skynsamlegar skýringar aðrar en samþjöppun á markaði og minnkandi samkeppni.[53] Um vorið þá á undan hafði Baugur keypt 10–11 búðirnar eins og vikið verður að hér á eftir.

Rammi 8.1. Vöruúrval og lágverðsverslanir.

Vöruúrval er mun minna í lágverðsverslunum en öðrum matvörubúðum og veltan er mun hraðari. Bónus býður um 2.000 vörutegundir en hefðbundnar kjörbúðir eins og Hagkaup og Nóatún yfir 10.000.[54] Þetta er ein af skýringunum á lágu verði í lágverðsverslunum. Á móti kemur að neytendur þurfa stundum að kaupa aðra vöru en þeir leituðu að eða fara annað. Við endurskoðun á grunni neysluverðsvísitölu 2001 og 2002 mat Hagstofan helming verðmunar í lágverðsverslunum og öðrum búðum sem gæðamun vegna mismikils vöruúrvals.[55] Hinn helmingurinn er metinn sem verðlækkun þegar viðskipti færast til lágverðsverslananna.

---

[52] Árið 1992 var skiptingu framfærsluvísitölunnar í undirflokka breytt.
[53] Sjá til dæmis: Morgunblaðið (1999): Herferð gegn of háu verði, forystugrein, 19. desember.
[54] Fundur með Jóni Björnssyni, Árna Pétri Jónssyni, forsvarsmönnum Haga, janúar 2004.
[55] Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Hagstofu, vísitöludeild, samtal, desember 2003.

Haustið 2000 fór Bónus að taka á móti greiðslukortum. Það á vafalaust þátt í því að markaðshlutdeild verslunarinnar jókst á næstu missirum. Breytingin hafði áhrif á raunverð þó að ekki sé litið til þess þegar neysluverðsvísitalan er reiknuð út því að greiðsla frestast þegar borgað er með korti. Fram kom í viðræðum Bónuss og Visa að Bónusmenn töldu það jafngilda um 1–1,2% afslætti að taka við greiðslukorti.[56] Lágverðsverslanir hafa ekki einungis sótt í sig veðrið hér á landi undanfarin ár heldur einnig í mörgum grannlandanna. Í Þýskalandi er talið að hlutdeild lágverðsverslana í matvöruverslun hafi aukist úr 10% árið 1981 í tæp 30% árið 2003. Í Frakklandi var hlutdeildin tæp 3% í upphafi tíunda áratugarins, en hún er meira en 12% um þessar mundir. Bretland er undantekning en þar hefur hlutdeild lágverðsverslana um árabil verið 5–6%.[57] Rétt er að hafa í huga að lágverðsverslanir eru af ýmsum gerðum og hlutföllin því ekki alveg sambærileg frá einu landi til annars. Þær sem bjóða minnsta þjónustu (eins og Aldi) eru með innan við 1.000 vörutegundir, en þess konar búðir þekkjast ekki hér á landi.

Verð matvöru hækkaði um nokkur prósent umfram annað verðlag á seinni hluta árs 2001. Verð hækkaði í mörgum flokkum matvara á þessum tíma, en nefna má sérstaklega nokkra verðhækkun á kjötmarkaði, verðhækkun á brauði og hátt fiskverð. Umfjöllun um hátt matarverð kann að hafa ýtt undir hagsýni almennings í matarinnkaupum og eflt sókn lágverðsverslananna Bónuss, Nettós og Krónunnar. Gera má ráð fyrir að álagning á innkaupsverð seldra vara sé allt að fjórðungi minni í lágverðsverslunum en í öðrum matvöruverslunum hér á landi.[58] Hagstofan jók vægi lágverðsverslana í vísitölugrunni í desember 2001 og apríl 2002. Jafnframt var neysluverðsvísitalan lækkuð í ljósi lágs verðs í þessum búðum. Alls lækkaði hún um nálægt 0,4% vegna þessa og vísitala mat- og drykkjarvara lækkaði um 1,5–2%. Í fréttatilkynningu sagði að gögn frá stærstu matvöruverslunarkeðjunni og gögn úr neyslukönnun Hagstofunnar sýndu að mikil breyting hefði orðið á verslunarháttum árið 2001: „Neytendur versla nú í meira mæli en áður þar sem verð er tiltölulega lágt án þess að þjónustustig hafi breyst til muna ... [H]afa dagvöruliðir ... verið leiðréttir að því marki sem ein verslun hefur leyst aðra af hólmi og vöruverð breyst af þeim sökum.“[59] Vægi lágverðsverslana í matvöruverslun á landinu öllu var liðlega 20% árið 1999,[60] en það er líklega ekki fjarri 40% í ársbyrjun 2004.[61]

Hér á eftir er nánar fjallað um verðþróun á helstu flokkum matvara undanfarinn áratug.

8.1 Brauð og kornvörur.

Verð á brauði og kornvörum hækkaði nokkuð umfram annað verðlag árið 1993 en lækkaði svo aftur í upphafi árs 1994 þegar virðisaukaskattshlutfall lækkaði úr 24,5% í 14% á kornvörum. Næstu árin fylgdi verð á brauði og kornvörum nokkurn veginn almennu verðlagi.

Undir lok árs 1997 keypti Myllan-Brauð Samsölubrauð. Samkeppnisstofnun lagðist gegn

---

56 Morgunblaðið (2000): Bónus í viðræðum við Visa, 8. september.

57 Deutsche Bank (2004): Global Food Retail, Outlook conference.

58 Fjórðungi minni af innkaupsverðinu – það sem verslunin fær í sinn hlut minnkar þá um allt að 15% af endanlegu vöruverði.


59 Hagstofa Íslands (2001): Vísitala neysluverðs í desember 2001, Vísitala neysluverðs í apríl 2002 (fréttatilkynningar), hér byggt á gagnasafni Morgunblaðsins.

60 Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn: Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 24.

61 Jón Scheving Thorsteinsson, Baugi, samtal, febrúar 2004, fundur með Matthíasi Sigurðssyni og fleiri forsvarsmönnum Europris, janúar 2004.

kaupunum þar sem þau leiddu til yfirráða á markaði með brauð fyrir matvöruverslanir.[62] Dómstólar felldu úrskurðinn síðar úr gildi þar sem lögboðinn frestur hefði verið útrunninn.[63] Verð á brauði og öðrum kornvörum hækkaði mikið á seinni hluta árs 2001. Virðist mega tengja það gengislækkun krónunnar og hækkun á innfluttu korni. Innflutningsverð á hveiti með tryggingum og flutningskostnaði (cif) hækkaði um 26% frá 2000 til 2001 (þar munar mest um 20% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla frá 2000 til 2001). Árið eftir lækkaði innflutningsverðið um nokkur prósent og brauðverð tók að nálgast almenna verðþróun að nýju. Afkoma Myllunnar hefur verið upp og ofan. Tap varð af rekstrinum árin 1998, ríflega 60 millj. kr. hagnaður 1999, lítils háttar hagnaður árið eftir en 60 milljóna tap árið 2001.[64]

Mynd 8.2. Vísitala neysluverðs og verð á brauði og kornvöru 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.



8.2 Kjöt.


Kjötverð hefur lítið breyst undanfarinn áratug. Á ellefu árum, frá nóvember 1992 til nóvember 2003, hækkaði kjöt aðeins í verði um 5%, samkvæmt mælingu Hagstofunnar, á meðan neysluverðsvísitalan í heild hækkaði um 42%.

Kjötverð lækkaði 1993 og fram á haust 1994 en fylgdi síðan almennu verðlagi í nokkur ár. Frá því snemma árs 2002 hefur verð á kjöti aftur farið lækkandi. Mest hefur verð lækkað á svínakjöti eða um 30% frá ársbyrjun 2002 til 2004. Á sama tíma lækkaði verð á dilkakjöti um 19% og verð á fuglakjöti um 14%. Mikið hefur verið fjárfest í landbúnaði undanfarin ár, einkum árin 1999 og 2000. Mest var sett í svína- og kjúklingarækt. Þess var getið að árið 2001 gat nýtt sláturhús Móa slátrað vikuframleiðslu fyrirtækisins af kjúklingum á innan við átta klukkutímum.[65] Framleiðslugetan hefur aukist hraðar en eftirspurn í þessum greinum. Árið 2001 nam tap fyrirtækja í kjúklingarækt ríflega tvöföldu eigin fé greinarinnar í upphafi

[62] Samkeppnisstofnun (1998): Yfirtaka Myllunnar-Brauðs á Samsölubakaríi hf., 20. febrúar.
[63] Morgunblaðið (1998): Lögboðinn frestur útrunninn er ákvörðun var tekin, 30. apríl.
[64] Morgunblaðið, gagnasafn.
[65] Egill Ólafsson (2001): Samþjöppun og fjárfestingar einkenna kjúklingamarkaðinn, Mbl. 31. ágúst.

árs.[66] Árið eftir fór kjötverð að lækka, sem fyrr segir, einkum svínakjötsverð. Afkoma svína- og kjúklingabænda hefur verið slæm og einnig hefur dimmt yfir annarri kjötframleiðslu.[67] Svína- og kjúklingarækt mun á næstu árum búa að miklum fjárfestingum sem að miklum hluta hafa verið afskrifaðar. Það mun að einhverju leyti halda aftur af verðhækkunum. En framleiðsla á svínakjöti hefur minnkað og ekki er ólíklegt að kjötframleiðendum fækki hér á landi á næstunni.[68] Í ljósi ört versnandi fjárhagsstöðu framleiðslufyrirtækja er ekki hægt að gera ráð fyrir að verðstríðið haldi lengi áfram.

Mynd 8.3. Vísitala neysluverðs og kjötverð 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.



8.3 Fiskur.

Árin 1992–1997 hélt fiskverð ekki í við annað verðlag hér á landi en 1998 og 1999 hækkaði fiskur um 20% umfram neysluverðsvísitöluna í heild. Segja má að þetta sé framhald á áratugalangri þróun þó að hækkunin hafi verið óvenjumikil þessi ár. Meginskýringin er mikil og vaxandi spurn eftir íslenskum fiski frá útlöndum.[69]

---


66 Byggt á www.hagstofa.is.

67 Sjá til dæmis: Morgunblaðið (2003) Offramleiðsla ógnar afkomu bænda (21. september), og Morgunblaðið (2004): Töpuðu 1.240 milljónum (14. mars).

68 Morgunblaðið (2003): Offramleiðsla ... samanber hér að ofan.

69 Sjá til dæmis: Morgunblaðið (1998): Kílóið á allt að 700 krónur, 12. september

Mynd 8.4. Vísitala neysluverðs og fiskverð 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.




8.4 Mjólkurvörur.

Verð á mjólk, ostum og eggjum hefur fylgt almennu verðlagi undanfarin ár þegar frá er talin verðlækkun um mitt ár 1993. Heildsöluverð á mjólk er enn ákveðið af stjórnvöldum. Til stóð að það yrði gefið frjálst um mitt ár 2001 en því var frestað fram í júlí 2004.[70] Fram í október 1997 gilti einnig hámarksverð í smásölu á nokkrum mjólkurvörum. Verðið hækkar yfirleitt í byrjun hvers árs. Að mati Samkeppnisstofnunar hefur smásöluálagning hækkað eftir að hún var gefin frjáls. Hún er enn minni en á mörgum öðrum matvörum, eða 10–15% að jafnaði, en á móti bendir stofnunin á að mjólkurvörur staldri yfirleitt stutt við í búðunum.[71] Lítil álagning á mjólkurvörum kann einnig að stafa af því að viðskiptavinir hafa oft óvenjuskýra hugmynd um hvað þær eiga að kosta (svipuðu máli gegnir um kjöt). Kaupmenn leggi því oft lítið á þessar vörur í von um að þær lokki viðskiptavini inn í búðirnar.

[70] OECD (2003): Agricultural Policies in OECD countries, bls. 165.
[71] Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn: Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 52–53.


Mynd 8.5. Vísitala neysluverðs og verð á mjólk, osti og eggjum 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.



8.5 Grænmeti og ávextir.

Vorið 2001 sektaði samkeppnisráð þrjú fyrirtæki, sem dreift höfðu grænmeti og ávöxtum í heildsölu, fyrir brot á samkeppnislögum. Rannsókn Samkeppnisstofnunar leiddi í ljós að árið 1995 komust fyrirtækin að samkomulagi um verð og markaðsskiptingu. Sömdu þau meðal annars um „rauð strik“ sem heildsöluverð mátti ekki fara undir. Auk þess sömdu fyrirtækin um að keppa ekki hvert við annað á tilteknum sviðum. Fram kemur í greinargerð samkeppnisráðs að samningar þessir hafi staðið fram á árið 1999.[72]

Mynd 8.6. Vísitala neysluverðs og verð á grænmeti og ávöxtum 1992–2003 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.



[72] Samkeppnisráð (2001): Ólögmætt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags garðyrkjumanna, Ágætis og Mata á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði, ákvörðun nr. 13.

Grænmetis- og ávaxtaverð hækkaði um rúm 20% umfram almennt neysluverð frá meðaltali árs 1994 til ársmeðaltals 1997 (sjá mynd 8.6). Grænmeti og ávextir vógu um 13% af vísitölu matar og drykkjar árið 1997 þannig að verðhækkunin olli um 2% hækkun í verði matar og drykkjar umfram almennt neysluverð á þessum tíma. Erfitt er að segja til um að hve miklu leyti verðhækkunin stafaði af ólöglegu samráði. Hækkun á innflutningsverði virðist eiga nokkurn þátt í henni. Kílóverð af innfluttu grænmeti, að meðtöldum tryggingum og flutningskostnaði (cif), hækkaði um meira en 30% umfram neysluverðsvísitölu frá 1994 til 1997.[73] Kílóverð af innfluttum ávöxtum hækkaði um 10–15% umfram neysluverðsvísitölu á sama tíma. Grænmeti er að miklu leyti framleitt hér en ávextir fluttir inn. Ætla má að árið 2001 hafi innflutningsverðmæti grænmetis með flutningskostnaði og tryggingum verið um þriðjungur af verði heildarneyslu á grænmeti hér á landi, að verslunarálagningu meðtalinni, en á sama tíma hafi innflutningsverð ávaxta verið um 60% af verðmæti heildarávaxtaneyslu hér á landi.[74]

Af skjölum Samkeppnisstofnunar má draga þá ályktun að árið 1994 hafi ríkt verðstríð á grænmetis- og ávaxtamarkaði hér á landi. Verðstríð taka yfirleitt enda, til dæmis með því að einhver dettur út af markaðinum. Ekki verður séð að verð á grænmeti og ávöxtum hafi lækkað að ráði miðað við aðrar vörur og þjónustu þegar upp komst um samráðið. Líklegasta skýringin er sú að innflutningsverð á grænmeti og ávöxtum, með tryggingum og flutningskostnaði, hækkaði um 20–30% frá 2000 til 2001. Kom þar til 20% hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni og nokkur verðhækkun ávaxta og grænmetis í upprunalöndum. Grænmeti og ávextir lækka ekki í verði hér á landi fyrr en árið 2002. Í febrúar það ár féllu niður 30% verðtollar á grænmeti sem ræktað er utan dyra, sveppum og kartöflum, en komið var á magntolli (krónum á kíló) í staðinn. Allir tollar voru felldir niður af gúrkum, tómötum og paprikum. Teknar voru upp beingreiðslur til bænda til þess að rétta hlut þeirra. Rætt var um að verð á grænmeti til neytenda gæti lækkað um 15% af þessum sökum.[75] Það gekk nokkurn veginn eftir því að meðalverð á grænmeti lækkaði um 14% frá mars 2002 til febrúar 2003. Grænmetisverð lækkaði um 17% miðað við neysluverð í heild á þessum tíma. Verð á grænmeti í Frakklandi, reiknað í íslenskum krónum, lækkaði um 4% á þessum tíma og grænmetisverð í Þýskalandi lækkaði um 14%, reiknað í krónum.[76] Á sama tíma lækkaði verð á ávöxtum hér á landi um 10% eða um 14% miðað við almennt neysluverð. Verðlækkun erlendis og styrking krónunnar kemur þar einnig við sögu. Ávaxtaverð í Frakklandi lækkaði á þessum tíma um 6%, reiknað í krónum, og í Þýskalandi lækkaði það um 10%.[77] Væntanlega er þetta meginskýringin á verðlækkuninni á ávöxtum. Nærri lagi lætur að verðlækkun á grænmeti og ávöxtum togi verð á mat- og drykkjarvöru niður um 1,5% miðað við almennt neysluverð á þessum tíma.

Ekki er að sjá að miklar breytingar hafi orðið á verði grænmetis frá því snemma árs 2003 en verð á ávöxtum hefur sveiflast nokkuð.

---

[73] Kílóverð er að vísu varasamur mælikvarði á verð því að það er mishátt eftir grænmetistegundum og mismikið er flutt inn af einstökum tegundum frá ári til árs.

[74] Lauslegt mat út frá innflutningsskýrslum Hagstofu og tölum um einkaneyslu.

[75] Morgunblaðið (2002): Verð á grænmeti gæti lækkað um 15% 6. febrúar.


[76] Samræmd neysluverðsvísitala, Eurostat, Seðlabanki Íslands, eigin útreikningar.

[77] Samræmd neysluverðsvísitala, Eurostat, Seðlabanki Íslands, eigin útreikningar.

8.6 Sælgæti og sykur.

Verð á sælgæti og sykri lækkaði nokkuð árið 1998 en hækkaði svo umfram annað verðlag árið 2001. Frá ársbyrjun 2002 hefur verð í þessum flokki heldur lækkað. Þegar litið er á allt tímabilið frá 1992 hefur verð á sælgæti og sykri hækkað álíka mikið og vísitala neysluverðs. Hráefni til sælgætisgerðar er nær allt flutt inn, en markaðshlutdeild innlends iðnaðar á sælgætismarkaði er 70–80% að mati Samkeppnisstofnunar. Nói Síríus er stærsti sælgætisframleiðandinn en auk hans eru hér nokkrar aðrar sælgætisgerðir.[78] Smásöluálagning er há, 40–50%, að mati Samkeppnisstofnunar, en álagningin virtist ekki hafa breyst mikið á árunum 1996–2000.[79]

Mynd 8.7. Vísitala neysluverðs og verð á sykri, súkkulaði, sælgæti o.fl. 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.




8.7 Drykkjarvörur.

Verð á drykkjarvörum hefur sveiflast nokkuð undanfarin ár. Það hækkaði meira en annað verðlag árin 1994, 1997 og 2001 en jafnaði sig fljótlega aftur. Frá 1992 til ársbyrjunar 2004 hafa drykkjarvörur hækkað jafnmikið í verði og vísitala neysluverðs í heild. Kaffi, te og kakó vega tæplega fjórðung af útgjöldum til drykkjarvara hér á landi, samkvæmt könnun Hagstofu. Samkeppnisstofnun sá merki um hækkandi smásöluálagningu á kaffi á nokkrum árum fram til ársins 2000. Verð á kakói hækkaði um 30% árið 2001, samkvæmt verðmælingu Hagstofunnar, en hefur heldur lækkað síðan. Heimsmarkaðsverð á kaffi og gengi gjaldmiðla hefur afgerandi áhrif á kaffiverð hér á landi, að mati Samkeppnisstofnunar.[80] Kakó og te er einnig erlent og má ætla að sveiflur á heimsmarkaði ráði einnig mestu um verðbreytingar þar. Gosdrykkir, safar og vatn vega ríflega þrjá fjórðuhluta í drykkjarvöruútgjöldum á Íslandi, samkvæmt neyslukönnun Hagstofu. Samkeppnisstofnun taldi sig sjá merki um hækkandi smásöluálagningu á ávaxtasafa á árunum 1996 til 2000. Smásöluálagning á gosi og ávaxtasafa var að jafnaði há, eða 30–50%.[81] Hráefnið í ávaxtasafa og gosdrykkjum er að miklu leyti

[78] Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn. Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 61.
[79] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 62.
[80] Samkeppnisstofnun (2001): bls. 66.
[81] Samkeppnisstofnun (2001): bls. 68.

erlent þegar vatnið er frátalið. Gengislækkun krónunnar 2001 og síðan styrking hennar ásamt verðsveiflum á verði ávaxta á heimsmarkaði eiga að líkindum mestan þátt í sveiflum á verði drykkjarvara undanfarin ár (sjá kafla um grænmeti og ávexti hér að framan).

Mynd 8.8. Vísitala neysluverðs og verð drykkjarvöru 1992–2004 (ártölin eru við upphaf hvers árs), mars 1997=100. – Heimild: Hagstofa Íslands.



8.8 Samþjöppun í matvöruverslun.

Umræða um matarverð hér á landi hefur undanfarin ár að miklu leyti snúist um samþjöppun í verslun. Hér er fjallað um sameiningu verslana og rætt um áhrif samþjöppunar á samkeppni og vöruverð og meðal annars spurt: Geta verslanir nú lagt meira á vörur en áður í skjóli minni samkeppni? Geta ný fyrirtæki brotist inn á markaðinn? Hefur afkoma verslunar batnað og hvaða þátt á hagnaðurinn í vöruverði hér á landi?

Árið 2001 var rúmlega fjórðungur matar og drykkjar hér á landi keyptur í 25 stórmörkuðum.[82] Verslunarkeðjur hafa lengi verið öflugar í matvöruverslun hér á landi en eftir miðjan níunda áratug tuttugustu aldar hófst mikil samþjöppun í greininni.[83] Kaupmönnum hefur fækkað og mestöll verslunin komist í hendur fárra fyrirtækja. Árið 1988 var talið að Hagkaup og KRON réðu til samans yfir um helmingi matvöruverslunar á höfuðborgarsvæðinu.[84] Ári síðar var fyrsta Bónusbúðin opnuð, lágverðsverslun að erlendri fyrirmynd. Árið 1992 keyptu Hagkaup helmingshlut í Bónus, sem þá rak einnig 10–11 búðirnar. Þá töldu forsvarsmenn verslananna að markaðshlutdeild þeirra í matsölu á suðvesturhorninu væri 35% en 30% á landinu öllu.[85] Þeir lögðu áherslu á að markmiðið með sameiningunni væru hagkvæmari

[82] Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn: Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 27, stofnunin notar orðið dagvöruverslun, en dagvörur eru auk matvöru ýmsar hreinlætis- og snyrtivörur.
[83] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 78.
[84] Morgunblaðið (1988), 6. október, Þeir hæfustu lifa af.
[85] Morgunblaðið (1992), 8. ágúst, Kaup Hagkaups á helmingshlut í Bónus: Hagkvæmari innkaup geta leitt af sér lægra vöruverð, segja forsvarsmenn fyrirtækjanna.

innkaup en búðirnar myndu keppa eftir sem áður.[86] Komið var á fót sameiginlegri birgðastöð fyrir verslanirnar, Baugi (sem nefnist nú Aðföng). Nokkru eftir kaup Hagkaupa á hlut í Bónus keypti Eiríkur Sigurðsson hlut Bónuss og Hagkaupa í 10–11 verslununum.[87]

Rammi 8.2. Verðlagseftirlit og samkeppni.

Á árunum 1970–1983 giltu lög um verðstöðvun hér á landi, auk þess sem álagning verslana var lögbundin. Ekki var þó eiginleg verðstöðvun á þessum tíma, heldur var verðlagsyfirvöldum falið að koma í veg fyrir „óþarfar" verðhækkanir.[88] Verðlagsstofnun auglýsti hámarksverð á flestum vörum og verslanir settu það verð yfirleitt upp. Segja má að verðsamkeppni hafi ekki komist á í verslun hér á landi fyrr en lög um verðstöðvun og hámarksálagningu voru úr sögunni. Á árunum upp úr 1985 var samkeppni mjög hörð í matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu.[89] Margar verslanir voru reknar með miklum halla og gjaldþrot voru tíð. Má nefna þrot Víðis (1988), Kjötmiðstöðvarinnar (1988), Grundarkjörs (1990) og Miklagarðs (1993). Aðrar verslanir þurftu því á þessum árum að keppa við taprekstur sem birgjar, bankar og skattgreiðendur borguðu á endanum. Að mati Samkeppnisstofnunar var samkeppni í matvöruverslun mjög virk fram á miðjan tíunda áratuginn, þrátt fyrir nokkra samþjöppun í eignarhaldi á matvöruverslunum.[90] Hér skiptir máli að markaðssvæði matvöruverslana hefur stækkað mikið. Fólk sækir ekki lengur brýnustu nauðsynjar gangandi heldur er ekið milli borgarhverfa og jafnvel landshluta til þess að gera góð kaup. Verðlagsstofnun hefur um langt árabil staðið fyrir verðkönnunum og síðar einnig neytendasamtök, launþegasamtök og dagblöð. Þær hafa eflt verðskyn og ýtt undir samkeppni um verð. Þá leikur lítill vafi á því að hjöðnun verðbólgu frá árinu 1990 efldi verðskyn og samkeppni.

Á árunum 1993 og 1994 bárust Samkeppnisstofnun kvartanir um viðskiptahætti Bónuss og Baugs hf. frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum iðnaðarins og Félagi dagvörukaupmanna. Kvartað var yfir því að þessi fyrirtæki krefðust mikils afsláttar af birgjum í krafti sterkrar stöðu sinnar, þau nytu kjara sem væru í hróplegu ósamræmi við þau kjör sem aðrar verslanir nytu og að vörur væru seldar undir kostnaðarverði. Í úrskurði samkeppnisráðs frá í febrúar 1995 kom fram að það taldi Baug vera ráðandi á matvörumarkaði. Hins vegar hefðu ekki komið fram gögn sem sýndu að Baugur, Bónus og Hagkaup nytu óeðlilegra viðskiptakjara né að þau misbeittu markaðsráðandi stöðu sinni. Var því ekki talin ástæða til að hlutast til um þetta mál. Úrskurðinum var áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti niðurstöður ráðsins.[91]

86 Morgunblaðið (1992): Kaup Hagkaups.....
87 Morgunblaðið (1993) 29. desember : 10-11 senn í Borgarkringlunni.
88 Viðskiptaráðherra (1992): Frumvarp til samkeppnislaga, greinargerð.
89 Guðmundur Ólafsson (2001): Yfirlit yfir verðþróun, bls. 6–7.
90 Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn: Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000, bls. 6.
91 Samkeppnisráð: Ákvörðun nr. 7/1995: Kvartanir yfir viðskiptaháttum Bónusar sf. og Baugs hf. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Úrskurður í máli nr. 11/95.

Tafla 8.1. Áætluð markaðshlutdeild matvöruverslana, skipt eftir eignarhaldi. – Heimild: Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn: Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000.

	1996	2000
Baugur	35%	43-44%
Kaupás	-	22-23%
Samkaup	4%	7-8%
KEA	6%	9-10%
Kaupfélag Árnesinga	3%	-
Önnur kaupfélög	8%	3-4%
Þín verslun	8%	3-4%
Fjarðarkaup	4%	3-4%
10-11	5%	-
11-11	2%	-
Nóatún	10%	-
Aðrar verslanir	15%	6-7%

Vorið 1999 runnu Nóatún, Kaupfélag Árnesinga og 11–11 saman í Kaupás.[92] Í ársbyrjun 2001 sameinuðust Matbær, sem KEA átti, og Samkaup, sem var í eigu Kaupfélags Suðurnesja og fleiri.[93] Samkaup/Matbær og Kaupás reka ásamt fleirum birgðastöðina Búr sem stofnuð var 1996.[94]

Vorið 1999 keypti Baugur, móðurfélag Bónuss og Hagkaupa, Vöruveltuna, móðurfélag 10–11 verslananna. Þá var talið að hlutdeild hennar í matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu væri 7–8%.[95] Eftir sameininguna nam hlutur Baugs í þessum markaði tæpum 60% að dómi Samkeppnisstofnunar.[96]

Samkeppnisráð taldi að Baugur hefði þegar verið í ráðandi stöðu í matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu fyrir kaupin á Vöruveltunni. Hins vegar var það mat ráðsins að í ljósi nýfallins hæstaréttardóms um sameiningu Flugleiða við keppinaut hefði markaðsráðandi staða Baugs ekki aukist nægjanlega til þess að hægt væri að hlutast til um kaupin.[97] Næstu missiri urðu nokkrar umræður um óeðlilega hækkun matvöruverðs. Samkeppnisstofnun kannaði málið að beiðni ríkisstjórnarinnar og skilaði skýrslu vorið 2001. Þar segir meðal annars að á rúmu ári, frá janúar 1999 til mars 2000, hafi vísitala dagvöru hækkað um 10% á sama tíma og aðrar vörur í vísitölu neysluverðs „hækkuðu minna“ (neysluverðsvísitalan í heild hækkaði um rúm 6% á þessum tíma). Dagvara er auk matar og drykkjar ýmsar hreinlætisvörur. Af þessu dregur stofnunin þá ályktun: „ ... að í kjölfar samruna sem varð á matvörumarkaðinum á fyrri hluta árs 1999 hafi samkeppni minnkað og það hafi leitt til aukinnar álagningar hjá smásöluverslunum.“[98] Í þessum orðum Samkeppnisstofnunar fólst ekki ásökun um samráð á matvörumarkaði heldur aðeins að samkeppni væri ekki eins beitt og áður. Enda

[92] Morgunblaðið (1999): Þrjátíu og þrjár verslanir með níu milljarða veltu, 23. mars.
[93] Morgunblaðið (2000): Þriðja stærsta matvörukeðjan í landinu, 30. desember.
[94] GJ Fjármálaráðgjöf (2002) Matvörumarkaðurinn, bls. 3.
[95] Morgunblaðið (1991), 26. maí, „Er nú með rúmlega 50% markaðshlutdeild“.
[96] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 7.
[97] Samkeppnisstofnun (1999): Ákvörðun nr. 18/1999.
[98] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 6

þarf ekki beint samráð til þess að álagning hækki. Það getur hæglega gerst með óháðum ákvörðunum hjá verslunum sem hafa auga hver með annarri úr hæfilegri fjarlægð.

Erfitt er að heimfæra tölur Samkeppnisstofnunar upp á gögn um hækkun matar- og drykkjarverðs á þeim tíma sem skoðaður er. Frá janúar 1999 til mars 2000 hækkuðu bæði matur og drykkur í neysluverðsvísitölunni um 6%, eða jafnmikið og neysluverðsvísitalan í heild. Ef litið er til tímabilsins desember 1998 til mars 2000 hækka matur og drykkur hins vegar í verði um tæp 9% en öll neysluverðsvísitalan um tæp 7%. Niðurstaðan breytist með öðrum orðum töluvert þegar athugunartímabilið er lengt um mánuð. Það sýnir að varasamt er að draga stórar ályktanir af stuttum tímabilum.[99]

Í skýrslu Samkeppnisstofnunar árið 2001 er því haldið fram að sameining matvöruverslana hafi ekki aðeins styrkt stöðu þeirra gagnvart neytendum heldur einnig gagnvart innlendum birgjum. Þar segir að kaupendastyrkur verslunarkeðja hafi leitt til verslunarhátta sem kunni að vera andstæðir samkeppnislögum.[100] Því sé til dæmis haldið fram að verslunarkeðja nokkur hefði strax hætt viðskiptum við birgja þegar þeir hefðu ekki orðið við kröfum um aukinn afslátt.[101]

Þjóðhagsstofnun komst árið 2000 að þeirri niðurstöðu að innfluttar mat- og drykkjarvörur hefðu hækkað í verði um 1% frá fyrstu 11 mánuðum ársins 1998 til sama tíma 1999 en innflutningsverð varanna hefði þá lækkað um 2%.[102] Seðlabankinn kannaði verðþróun matvara í viðskiptalöndum Íslendinga og verð innfluttrar matvöru á árunum 1997 til ársbyrjunar 2002. Niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að hafna þeirri tilgátu með tölfræðiprófum að leitni í erlendu verði og verði innfluttrar matvöru (hvort tveggja mælt í erlendri mynt) væri hin sama. Niðurstaða bankans er því sú að ekki sé svo að sjá, þegar litið sé yfir tímabilið (1997–2002) í heild, að verð innfluttrar matvöru hafi þróast óeðlilega. Sveiflur séu hins vegar mun meiri í verði innfluttrar matvöru reiknuðu í erlendum gjaldmiðlum en í matvöruverði erlendis. Það er skoðun bankans að sveiflurnar tengist að miklu leyti töfum á áhrifum gengisbreytinga á verð í íslenskum krónum. Með öðrum orðum hika menn við að breyta verði þegar innflutningsverð breytist.[103] Þetta er alþekkt niðurstaða, samanber þá niðurstöðu breska fjármálaráðuneytisins að gengishreyfingar séu aðalskýring hreyfinga í hlutfallslegu verðlagi í Bretlandi miðað við önnur lönd undanfarin tíu ár.[104]

---

99 Sjá einnig GJ Fjármálaráðgjöf (2002): Matvörumarkaðurinn, Verðþróun eftir sameiningar á matvörumarkaði, maí, bls. 27–28 og víðar.
100 Samkeppnisstofnun (2001), bls. 6.
101 Samkeppnisstofnun (2001), bls. 13.
102 Seðlabanki Íslands (2002), Peningamál, febrúar, bls. 3.
103 Seðlabanki Íslands (2002), bls. 7–8.
104 HM Treasury (2003): Prices and EMU, bls. 22–23.

Rammi 8.3. Styrkur birgja og smásala.

Í skýrslu Samkeppnisstofnunar frá 2001 kemur fram að áður fyrr hafi birgjar haft mjög sterka stöðu í samningum við kaupmenn, en það hafi breyst þegar stórmarkaðir og lágverðsverslanir komu til sögunnar. Eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði tók gildi árið 1994 voru einkaumboð úr sögunni og verslunarkeðjur fóru að flytja inn vörur í samkeppni við heildsala. Segir stofnunin að þá hafi nokkurt jafnræði ríkt á markaðinum um tíma. Með aukinni samþjöppun á smásölustigi eftir 1995 hafi samningsstaða matvöruverslana gagnvart birgjum svo batnað til muna.[105] Aukinn styrkur smásala í samningum við birgja leiðir aðeins til lægra útsöluverðs ef samkeppni er hörð í smásölu. Hitt er algengara að mikið afl einnar smásöluverslunar gagnvart birgjum fari saman við sterka stöðu í samkeppni við aðra smásala. Smásali með yfirburðastöðu á markaði getur óbeint valdið smærri smásölum auknum kostnaði og þannig skekkt samkeppnisstöðuna enn frekar. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að birgðahús, eins og Aðföng og Búr, verði skikkuð til þess að bjóða öllum smásölum sömu kjör. Með þeirri aðferð nýtist stærðarhagkvæmni í heildsölu og vörudreifingu án þess að samkeppni í smásölu skaðist.[106]

Í skýrslunni frá 2001 ber Samkeppnisstofnun saman álagningu í smásöluverslun árin 1996 og 2001. Stofnunin kemst að því að heildsöluverð dagvara með afslætti hafi hækkað um nálægt 8–9% á þessum fjórum árum. Hækkunin sé í samræmi við það sem vænta megi með hliðsjón af erlendum verðhækkunum og gengisbreytingum. Hins vegar hafi útsöluverð dagvöru á þessum tíma hækkað um nálægt 15%. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að vara sem í ársbyrjun 1996 var seld með 20% smásöluálagningu hafi í árslok 2000 verið seld með 25–26% álagningu.[107]

Hærri álagning þarf ekki að þýða að afkoma verslunar hafi batnað. Launakostnaður jókst mikið hér á landi á seinni hluta tíunda áratugarins, ekki síst í verslunum. Laun afgreiðslufólks eru oft áþekk lágmarkslaunum og lægstu taxtarnir hækkuðu umfram önnur laun í kjarasamningum 1997 og 2000. Kaupmáttur lægstu launa jókst um rúm 10% frá 1997 til 1998, rúm 15% árið eftir og aftur um rúm 10% árið 2001. Laun og tengd gjöld (að launum eigenda meðtöldum) voru um 12% af veltu matvöruverslana hér á landi árin 2000 og 2001 eða nálægt helmingi af álagningunni (sjá umfjöllun um álagningu síðar í þessum kafla), þannig að ljóst virðist að launahækkanir geta skýrt stóran hluta af hækkandi álagningu á þessum tíma.[108] En jafnframt veitir hækkandi kaupmáttur neytenda fyrirtækjum að öðru óbreyttu færi á að leggja meira á vöru og þjónustu um tíma.

Þeirri spurningu er ósvarað hvort afkoma verslunar sé óeðlilega góð eða hvort aukinn hagnaður kaupmanna hafi valdið verðhækkunum á mat. Ekki hefur mikið upp á sig að bera saman álagningu eða afkomu sem hlutfall af veltu í ólíkum atvinnugreinum því að virðisaukinn er mismikill. Samanburður á verslunarálagningu frá einu ári til annars er einnig varasamur því að þjónustustig og álagning er mismikil eftir tegundum verslana. Undanfarin

[105] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 78.
[106] Jón Þór Sturluson hagfræðingur (2002): Um samþjöppun á matvörumarkaði, Viðskiptablaðinu.
[107] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 8. Gögn frá Baugi sýna að álagning jókst þar á seinni hluta tímabilsins. Álagning Baugsbúða var 25% 1998 en um 29% árið 2000 (upplýsingar ná ekki til áranna 1996 og 1997), GJ Fjármálaráðgjöf (2002), bls. 21.
[108] Byggt á afkomutölum Hagstofunnar, eigin útreikningar.

ár hafa lágverðsverslanir mjög aukið hlut sinn, eins og áður segir, en þar er þjónusta minni en í öðrum búðum og álagningin þar með. Gagnlegra er að bera saman arðsemi eigin fjár hinna ýmsu atvinnugreina. Ef aðgangur að atvinnugreinum er ekki takmarkaður má gera ráð fyrir að þegar til lengdar lætur sé arðsemin svipuð í þeim greinum sem bregðast á svipaðan hátt við hagsveiflum, en þá er sagt að þær beri svipaða kerfisbundna áhættu.

Rannsóknir benda til þess að á löngum tíma – mörgum áratugum eða öld – ávaxtist hlutabréf að jafnaði um 5–8% umfram örugga fjárfestingu eins og til dæmis ríkisskuldabréf.[109] Langtímaávöxtun hlutabréfa endurspeglar fyrst og fremst afkomu fyrirtækjanna, þ.e. arðsemi eigin fjár þeirra. Að jafnaði mætti gera ráð fyrir mestri arðsemi í þeim atvinnugreinum þar sem áhætta er mest. Í töflu 8.2 er borin saman arðsemi eigin fjár í helstu atvinnuvegum landsmanna á árunum 1989–1997. Verslun er ein þessara atvinnugreina. Verslun er af ýmsu tagi en matvöruverslun vegur þungt. Arðsemi eigin fjár í greininni sveiflast frá 1 til 14% á þessum árum, en sveiflurnar eru þó minni en í ýmsum öðrum greinum. Arðsemin er meiri en að meðaltali í íslenskum fyrirtækjum þó að hún sé minni en í byggingariðnaði, þjónustu og tryggingum. Arðsemi eigin fjár í verslun er ekki langt yfir ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á þessu tímabili.

Tafla 8.2. Arðsemi eigin fjár í íslenskum atvinnuvegum 1989–1997.
Heimild: Þjóðhagsstofnun. *Aðeins aukabúgreinar.

	1989	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**
Fjöldi fyrirtækja	1.114	1.058	1.159	1.150	1.253	1.440	1.534	1.629	1.563
Landbúnaður	–11,0	28,4*	–5,0	0,1	6,7	4,1	13,0	2,7	-1,1
Fiskeldi									–16,1
Sjávarútvegur	–16,3	46,3	–9,8	–11,4	–17,2	22,7	26,4	13,7	15,3
Iðnaður án stóriðju	–16,9	3,7	–0,2	–3,4	–2,2	8,1	7,5	9,9	5,5
Stóriðja	36,2	–1,9	–28,5	–33,1	–26,7	26,2	17,8	24,4	36,4
Veitur	1,6	2,1	1,3	–1,8	–2,9	–1,1	0,0	3,2	3,7
Byggingariðnaður	7,3	8,3	11,5	4,9	6,3	9,0	15,6	3,5	20,3
Verslun	0,8	14,4	4,7	3,9	4,0	6,6	9,4	9,5	9,8
Veitinga- og hótelrekstur	–8,9	34,2	–12,1	–25,3	–114,5	–3,2	17,2	19,7	–8,0
Samgöngur	3,2	8,6	3,3	4,7	5,8	13,7	16,7	14,4	8,2
Fjármálafyrirtæki	10,1	7,5	3,7	–11,5	0,3	4,9	7,6	9,5	7,5
Tryggingar	12,8	0,7	6,3	12,1	16,4	16,6	15,1	21,6	16,9
Þjónusta	1,5	16,8	9,7	3,9	7,3	9,3	6,5	4,8	18,0
Samtals	1,8	6,5	0,6	–2,6	–1,3	5,6	7,6	8,5	8,3
Samtals án stóriðju	0,4	6,9	1,6	–1,8	–0,7	5,2	7,4	8,2	7,5

Árið 1998 var flokkunarkerfi Þjóðhagsstofnunar breytt og því eru afkomutölur eftir það ekki alveg sambærilegar við eldri tölur. Í töflu 8.3 sést arðsemi eigin fjár í matvöruverslun og nokkrum öðrum greinum frá 1998 til 2001. Arðsemi í verslun batnar mikið frá 1998 til 1999 en eftir það versnar hún, líkt og arðsemi í atvinnulífinu almennt (sjá neðstu línuna í töflunni). Afkoma í verslun er ekki betri en afkoma atvinnulífsins almennt á þessum árum. Afkoma í vátryggingum, fjármálastarfsemi og sölu og rekstri fasteigna er mun betri en í verslun.

[109] Sjá til dæmis: Mehra and Prescott (1995): The Equity Premium: A Puzzle, Journal of Monetary Economics 15 (mars), bls. 145–161.

Tafla 8.3. Arðsemi eigin fjár í verslun og nokkrum atvinnugreinum 1998–2001.[110]
Heimildir: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

	1998	1999	2000	2001
Matvöruverslun, lausleg áætlun	–13	13	–1	–7
Umboðs- og heildverslun	6	8	–3	–1
Sala og rekstur fasteigna	8	7	4	6
Samgöngur á sjó	5	8	–10	–13
Landbúnaður	11	12	–9	–34
Starfsemi vátrygginga	13	18	12	12
Fjármálastarfsemi	10	8	8	16
Allar atvinnugreinar	6	7	–2	–2

Í töflu 8.4 er tekið saman yfirlit um afkomu matvöruverslana, unnið upp úr afkomutölum Hagstofunnar. Tölurnar eru ekki alveg sambærilegar frá ári til árs og verður að túlka þær varlega, en þær veita vísbendingu um afkomu í greininni. Mjög góð afkoma var í matvöruverslun árin 1996 og 1997 og árið 1999 gekk verslunarrekstur einnig vel hér á landi. Árin 1998, 2000 og 2001 voru matvöruverslanir hins vegar reknar með tapi. Hagnaður fór frá því að vera rúm 2% af veltu niður í –2%. Eigið fé vex mun hraðar í greininni en samsvarar hagnaði. Það má rekja til nýs hlutafjár auk þess sem ekki eru alltaf sömu fyrirtæki í úrtaki. Afkoma einstakra fyrirtækja er misgóð, til dæmis hafa verslanir Baugs hér á landi yfirleitt verið reknar með hagnaði.[111] Arðsemiskrafa er einnig mishá. Í litlum verslunum hefur ekki verið óalgengt að stefna fremur að því að reksturinn veiti kaupmanni og fjölskyldu hans vinnu en að hann skili miklum afgangi. Bókhaldstölur benda ekki til þess að matvöruverslanir hér á landi leggi óeðlilega mikið á vöruverð. Ekki er að sjá að mikill hagnaður í verslun sé skýringin á tiltölulega háu matarverði á Íslandi. Auðvitað er ekki ljóst hvað orðið hefði ef ekki hefði verið mikil umræða um matarverð hér á landi undanfarin ár og ef samkeppnisyfirvöld hefðu ekki fylgst náið með greininni. Forsenda þessarar niðurstöðu er að sjálfsögðu að rétt sé haft við og treysta megi bókhaldinu.

Tafla 8.4. Afkoma í matvöruverslun 1996–2001. Fjárhæðir í millj. kr.
Heimildir: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Hreinn hagnaður	282	305	–337	1.054	–316	–1.393
Rekstrartekjur	12.730	14.846	36.884	66.499	65.034	68517
Eigið fé	1.297	1.638	4.881	12.149	14.367	20435
Afkoma/rekstrartekjum	2,2%	2,1%	–0,9%	1,6%	–0,5%	–2,0%

Árin 1996–1997 ná tölurnar til sölu á kjöti, nýlenduvörum, mjólk og brauði í smásölu, en árin 1998–2001 ná þær til stórmarkaða, matvöruverslana sem eru minni en 400 fermetrar að stærð, söluturna, annarrar blandaðrar smásölu, fiskbúða, annarrar smásölu á mat og þess háttar í sérverslunum.

Til að varpa enn frekar ljósi á stöðu samkeppni hér á landi var álagning sem hlutfall af vörusölu nokkurra helstu verslunarkeðja í Bretlandi skoðuð. Keðjurnar eru Sainsbury, Morrison, Safeway, Sommerfield og Tesco. Þar er þetta hlutfall frá 23% upp í 35% og að

[110] Líta ber á tölurnar sem vísbendingu frekar en nákvæmt mat. Tölur fyrir 1998 eru að miklu leyti áætlaðar.
[111] Hagnaður Baugs var 2% af vörusölu 1998, rúm 4% 1999, 3% árið 2000, en árið 2001 var lítils háttar tap, GJ Fjármálaráðgjöf (2002): Matvörumarkaðurinn, bls. 22.

meðaltali aðeins hærra en var hjá Baugi fyrir nokkrum árum.[112] Rétt er að taka þennan samanburð með nokkrum fyrirvara. Íslendingar versla meira í lágverðsverslunum en Bretar. Þar er kostnaður minni en í öðrum búðum. Bresku keðjurnar selja meira af sérvöru en íslenskar búðir, til dæmis búsáhöldum, en jafnan er lagt meira á hana en mat. Munurinn endurspeglar einnig hærri húsaleigu í Bretlandi en hér, dýrari dreifingu og meiri hagnað verslana þar í landi.[113] Rétt er einnig að hafa í huga að í álagningartölunum er flutningskostnaður frá heildsala eða framleiðanda talinn með, en hann getur verið mismikill frá einu landi til annars.

Rammi 8.4. Aðgengi að markaði og fjárfestingar.

Þar sem aðgengi að markaði er auðvelt eru þeir sem þar eru fyrir betur vakandi fyrir nýjungum en ella og þeir freistast síður til þess að leggja mikið á vöruna. Sá möguleiki að nýir keppinautar komi til sögunnar heldur þeim við efnið. Þess vegna er gagnlegt að velta því fyrir sér hvort auðvelt er að hefja verslunarrekstur á Íslandi. Stofnendum Bónuss tókst að ná fótfestu á markaðinum upp úr 1989 þótt þeir hefðu mjög lítið fé milli handanna. Þar skipti mestu að verslunin reyndist þörf nýjung en góðar móttökur birgja áttu einnig hlut að máli. Nýjasta verslunarkeðjan á íslenskum matvörumarkaði er Europris, en tvær verslanir tóku til starfa undir því merki árið 2002. Verslunin hefur 1–3% hlutdeild í matvöruverslun á Suðvesturlandi að mati forráðamanna. Þeir telja að erfitt sé að komast inn á markaðinn með minna en hundrað milljóna króna eigið fé, en ekki telja allir viðmælendur að svo mikið eigið fé þurfi. Jafnframt telja forráðamenn Europris að erlend tengsl séu lykilatriði, en Europris á Íslandi starfar náið með verslun með sama nafni í Noregi. Vegna stærðarhagkvæmni í verslunarrekstri sé líka mjög mikilvægt að ná stærri hluta af markaðinum.[114]

Mikið hefur verið fjárfest í verslunarhúsnæði undanfarin ár. Menn eru sammála um að verslunarrými á mann sé óvíða meira en hér á landi. Nokkuð hefur þó áunnist við að auka framleiðni í verslun. Dæmi um þetta má sjá í starfi Aðfanga sem sjá um innkaup á vörum verslana Haga (áður Baugs). Vöruflutningar til verslana fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu tvöfölduðust á nokkrum árum, en jafnmargir bílar gátu þó annað þeim. Bílarnir voru stærri og betur búnir en fyrr, en að auki var séð til þess að þeir væru jafnan fullir og biðtími við verslanir styttist. Dreifileið ferskvöru um Reykjavík og nágrenni styttist um helming.[115]

Samkeppnisstofnun boðaði í skýrslu sinni 2001 stjórnsýslumál, þar sem skoðað skyldi hvort samningar á markaðinum fælu í sér ákvæði sem væru skaðleg samkeppni. Einnig mundi stofnunin rannsaka viðskiptahætti einstakra fyrirtækja á markaðinum. Kannað yrði

---

[112] Byggt á greiningu Smith Barneys (2004), Morgan Stanleys (2002, 2003), Credit Suisse (2004), GJ Fjármálaráðgjöf (2002) og ársreikningi Baugs (2001). Í álagningartölu GJ Fjármálaráðgjafar vantar Aðföng, en Aðföng og Búr eru talin með í álagningartölum Samkeppnisstofnunar sem vitnað hefur verið til í kaflanum.

[113] Jón Scheving Thorsteinsson, Baugi, tölvupóstur, febrúar 2004.

[114] Fundur með Matthíasi Sigurðssyni og fleiri forsvarsmönnum Europris, janúar 2003.


[115] Jón Scheving Thorsteinsson (2000): Stytting aðfangakeðjunnar, Vélabrögð, blað véla- og iðnaðarverkfræðinema.

hvort ástæða væri til þess að fella úr gildi samninga, uppræta tiltekna viðskiptahætti, eða setja fyrirtækjum á markaðinum nýjar reglur.[116] Í desember 2002 sendi stofnunin svo frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kom að fljótlega eftir útkomu matvöruskýrslunnar 2001 hefðu markaðsaðilar séð breytingu til hins betra á viðskiptaháttum, meðal annars vegna umræðna í kjölfar hennar. Þess vegna birti stofnunin nú leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana.[117] Stjórnsýslumálið sem boðað var í skýrslunni 2001 hefur fallið niður.

8.9 Samþjöppun á Norðurlöndum.


Samþjöppun er nokkur á matvörumarkaði annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru þrjár stærstu keðjurnar með ¾ markaðsins eða meira. Yfirburðastaða Haga (áður Baugs) á íslenskum matvælamarkaði er meiri en stærstu verslanakeðja í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Þær eru með 30–40% markaðshlutdeild, en Baugur er með tæpan helmingshlut á íslenskum matvörumarkaði. ICA er svipað að stærð á sænskum markaði og Hagar á þeim íslenska. Rekstrarformið er þó frábrugðið þar sem einstakar verslanir eru í eigu ólíkra rekstraraðila. Staða Haga (og Baugs áður) hefur styrkst á árunum eftir 1996, en markaðshlutdeild í matvöruverslun hefur verið fremur stöðug annars staðar á Norðurlöndum undanfarin ár, ef marka má heimildir.[118]

Mynd 8.9. Hlutdeild stærstu fyrirtækja í íslenskum matvörumarkaði árið 2003.
Heimildir: Árni Pétur Jónsson, Högum, Ómar Valdimarsson, Samkaupum.




[116] Samkeppnisstofnun (2001), bls. 15–16.
[117] Samkeppnisstofnun (2002): Fréttatilkynning, Leiðbeinandi samkeppnisreglur á matvörumarkaði, desember.
[118] Sjá Stefán Guðjónsson (2003): Samræmd neysluverðsvísitala matar og drykkjarvöru – Samanburður og áhrifaþættir. BS-ritgerð, Bifröst, bls. 45.


Mynd 8.10. Stærstu fyrirtæki á matvörumarkaði í Noregi árið 2003. Heimild: ACNielsen.




Mynd 8.11. Stærstu fyrirtæki á matvörumarkaði í Svíþjóð árið 2003.
Heimild: ACNielsen.



Mynd 8.12. Stærstu fyrirtæki á matvörumarkaði í Finnlandi árið 2003.
Heimild: ACNielsen.



Mynd 8.13. Stærstu fyrirtæki á matvörumarkaði í Danmörku árið 2003.
Heimild: ACNielsen.



8.10 Samantekt.

Á undanförnum árum hafa matvörur á stundum hækkað meira en almennt verðlag hér á landi, en frá því snemma árs 2002 hafa þær lækkað í verði miðað við neysluverðsvísitöluna í heild. Á 11 árum, frá 1992 til 2003, hækka matvörur nokkru minna í verði en almenn neysla. Lækkun virðisaukaskatts á nokkrum matvörum árið 1994 skýrir mestallan muninn og tollalækkun á grænmeti árið 2002 drjúgan hluta af því sem þá stendur eftir. Kjöt hefur lækkað í verði undanfarin missiri vegna offramleiðslu. Nokkur samþjöppun hefur orðið í matvöruverslun hér á landi undanfarinn áratug. Þrjár stærstu verslunarkeðjurnar eru með 80–90% markaðshlutdeild. Það er ekki ósvipað því sem er annars staðar á Norðurlöndum þótt þróunin hafi orðið mun seinna hér á landi. Staða stærstu keðjunnar er þó sterkari hér en í öðrum norrænum ríkjum. Samkeppnisyfirvöld sektuðu árið 2001 nokkra dreifendur grænmetis og ávaxta fyrir samráð um verð. Í skýrslu um matvöruverslun frá 2001 lætur Samkeppnisstofnun í ljós það álit að skýra megi vaxandi verslunarálagningu með minnkandi samkeppni. Boðað var stjórnsýslumál þar sem skoðað yrði hvort verslanir hefðu komið sér saman um að draga úr keppni sín á milli, en málið var ekki lagt fram. Afkomutölur gefa ekki ástæðu til þess að álykta að hagnaður í verslun sé stór hluti af matarverði hér á landi. Verslunarálagning virðist vera sambærileg hér á landi og í Bretlandi.

Heimildir

Ásgeir Daníelsson (1991). Áhrif mismunandi skattlagningar á mælingu þjóðhagsstærða, *Fjármálatíðindi,* 3. hefti (ágúst–desember).

Baugur (2002). Ársreikningur 2001. Reykjavík.

Bruksås, N., K. Myran og L. H. Svennebye (2001). Prisnivå på matvarer i de nordiske land, Tyskland og EU 1994–2000. Statistisk sentralbyrå (Hagstofa Noregs) RAPP 2001/28.

Bændablaðið desember 2003, („Áhrif á einstakar greinar").

Bændablaðið desember 2003, („Viðbrögð við síbreytilegum heimi").

Credit Suisse (2004). Equity research.

Deutsche Bank (2004): *Global Food Retail,* Outlook conference (glærur).

Eurostat – Statistical Office of the European Communities. Sjá vef http://europa.eu.int/comm/eurostat/.

Froot, K. og K. Rogoff (1996). Perspectives on PPP and Long-run Exchange Rates. Í S. Grossman og K. Rogoff (ristj.): *Handbook of International Economics,* Volume III, Elsevier Science, Amsterdam/hér úr Verbeek (2000), A Guide to Modern Econometrics, bls. 288–289, John Wiley & Sons.

GJ Fjármálaráðgjöf (2002). Matvörumarkaðurinn, Verðþróun eftir sameiningar á matvörumarkaði. Reykjavík.

Greene, W. (1997). *Econometric Analysis,* 3. útgáfa, Prentice Hall, New Jersey.

Guðmundur Ólafsson (2001). Yfirlit yfir verðþróun, samantekt fyrir Samkeppnisstofnun. Reykjavík.

Hagstofa Íslands (1997). *Hagskinna, sögulegar hagtölur um Ísland.* Ritstjórar: Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands (1997). *Neyslukönnun 1995.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands (2002). *Vinnumarkaðurinn 2002.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. Vísitala neysluverðs, af vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

Hagstofa Íslands: Grunnur og gerð vísitölu neysluverðs, af vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

Haskel, J. og H. Wolf (2001). The Law of One Price: A Case Study, *Scandinavian Journal of Economics,* Volume. 103, No. 4, December, pp. 545–558.

Jón Scheving Thorsteinsson (2000). Stytting aðfangakeðjunnar, *Vélabrögð,* blað véla- og iðnaðarverkfræðinema. Reykjavík.

Karlkjell, M. (2002). Axfood, Nordic food for thought. *Deutsche Bank,* Frankfurt.

Knetter, M. (1989). Price Discrimination by U.S. and German Importers, *American Economic Review,* 79:1, March, pp. 198–210.

Knetter, M. (1993). International Comparisons of Pricing-to-Market Behavior, *American Economic Review,* 83:3, June, pp. 473–486.
Landbúnaðarráðuneytið (2003), reglugerð nr. 705.
Løyland, G. (2000). Matpriser 1980–2000, *Norsk institut for landbrukökonomisk forskning,* Oslo.
Mehra, R: and E. C. Prescott (1995). The Equity Premium: A Puzzle, *Journal of Monetary Economics* 15 (mars), bls. 145–161.
Morgan Stanleys (2002, 2003). Equity research.
Morgunblaðið 26. maí 1991, („Er nú með rúmlega 50% markaðshlutdeild").
Morgunblaðið 8. ágúst 1992, („Kaup Hagkaups á helmingshlut í Bónus: Hagkvæmari innkaup geta leitt af sér lægra vöruverð, segja forsvarsmenn fyrirtækjanna").
Morgunblaðið 29. desember 1993, („10–11 senn í Borgarkringlunni").
Morgunblaðið 26. apríl 1994, (Guðmundur Gylfi Guðmundsson: „Lækkun virðisaukaskatts hefur skilað sér að fullu til neytenda").
Morgunblaðið 30. apríl 1998, („Lögboðinn frestur útrunninn er ákvörðun var tekin").
Morgunblaðið 12. september 1998, („Kílóið á allt að 700 krónur").
Morgunblaðið 6. október 1988, („Þeir hæfustu lifa af").
Morgunblaðið 23. mars 1999, („Þrjátíu og þrjár verslanir með níu milljarða veltu, ").
Morgunblaðið 19. desember 1999, („Herferð gegn of háu verði, forystugrein").
Morgunblaðið 8. september 2000, („Bónus í viðræðum við Visa").
Morgunblaðið 30. desember 2000, („Þriðja stærsta matvörukeðjan í landinu").
Morgunblaðið 31. ágúst 2001, (Egill Ólafsson: „Samþjöppun og fjárfestingar einkenna kjúklingamarkaðinn").
Morgunblaðið 6. febrúar 2002, („Verð á grænmeti gæti lækkað um 15%").
Morgunblaðið 21. september 2003, („Offramleiðsla ógnar afkomu bænda").
Morgunblaðið 23. október 2002 („SVÞ segja misræmi í gjaldtöku af innfluttum matvælum").
Morgunblaðið 14. mars 2004, („Töpuðu 1.240 milljónum").
Nordisk bondeorganisation centralråd,(2003). *Livsmedelspriser i Norden, vad bestämmer priset?* Oslo: Nordisk bondeorganisation centralråd.
OECD (2003). *Agricultural Policies in OECD Countries: Monitoring and Evaluation,* París: OECD.
OECD (2003). *Methodology for the measurement of support and use in policy evaluation,* París: OECD.
OECD (2003). *Revenue Statistics,* París: OECD.
Samkeppnisráð. Ákvörðun nr. 7/1995: Kvartanir yfir viðskiptaháttum Bónusar sf. og Baugs hf og Áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Úrskurður í máli nr. 11/95.
Samkeppnisráð. Ákvörðun nr. 18/1999: Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf.
Samkeppnisráð. Ákvörðun nr. 13/2001: Ólögmætt samráð og samkeppnishömlur Sölufélags garðyrkjumanna, Ágætis og Mata á grænmetis-, kartöflu- og ávaxtamarkaði.
Samkeppnisstofnun (1998). Yfirtaka Myllunnar–Brauðs á Samsölubakaríi hf. Reykjavík: Samkeppnisstofnun.
Samkeppnisstofnun (2001): Matvörumarkaðurinn. Verðlagsþróun í smásölu 1996–2000. Reykjavík: Samkeppnisstofnun.
Samkeppnisstofnun (2002): Leiðbeinandi samkeppnisreglur á matvörumarkaði, *Fréttatilkynning.* Reykjavík: Samkeppnisstofnun.
Samtök iðnaðarins (2003). *Samantekt um vörugjöld.* Reykjavík: Samtök iðnaðarins.
Samtök verslunar og þjónustu (2003). Vörugjöldum mótmælt, *fréttatilkynning.*
Seðlabanki Íslands (2002). *Peningamál,* febrúar. Reykjavík: Seðlabanki Íslands.
Smith Barneys (2004). Equity research.
Stefán Guðjónsson (2003). *Samræmd neysluverðsvísitala matar og drykkjarvöru – Samanburður og áhrifaþættir.* B.Sc.-ritgerð, Bifröst.
Tollhandbók II, Tollskrá 2002. Reykjavík: Tollstjórinn í Reykjavík.
Utanríkisráðuneytið (2003). *Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi,* Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.
Viðskiptablaðið 27. febrúar 2002, (Jón Þór Sturluson :„Um samþjöppun á matvörumarkaði").
Viðskiptaráðherra (1992). *Frumvarp til samkeppnislaga,* greinargerð. Sótt á vef Alþingis: www.althingi.is.

Viðauki A. Lögmálið um eitt verð.

Lögmálið um eitt verð í vöruviðskiptum á milli landa má setja fram sem:


(1) $P_{Heima} = EP_{Erlendis}$

Hér táknar P_{Heima} og $P_{Erlendis}$ verðlag í heimalandinu og erlendis og E gengi erlends gjaldmiðils. Ef þessari jöfnu væri snúið upp á Ísland væri því P_{Heim} verðlag á Íslandi, $P_{Erlendis}$ verðlag í einhverju viðskiptalandanna, t.d. Bretlandi, og E skráð gengi á bresku pundi í krónum. Lögmálið um eitt verð segir einfaldlega að verð á tiltekinni vöru erlendis sé hið sama og verð heima reiknað í innlendum gjaldmiðli.

Hins vegar fer því fjarri að högnun á vörumarkaði sé hnökralaus. Öfugt við viðskipti á fjármagnsmarkaði fela vöruviðskipti ávallt í sér einhvern flutnings- og viðskiptakostnað sem getur komið í veg fyrir algera verðjöfnun. Enn fremur eru margar vörur þannig að nær ómögulegt er að flytja þær á milli landa, skattar og skyldur eru mismunandi og svo mætti áfram telja. Lögmálið um eitt verð felur þess vegna raunverulega í sér að verðmunur á vörum sem hægt er að flytja á milli landa – þ.e. skiptanlegum vörum (e. tradables) – ráðist af kostnaði við högnunarviðskipti, svo sem flutningi og sköttum, eða þeim takmörkunum sem lagðar eru á högnunarviðskipti, til dæmis með innflutningshöftum og tæknistöðlum, eða jafnvel af eðlisfræðilögmálum sem gera flutning á milli svæða ómögulegan.


Lögmálið um eitt verð er oft sett fram með almennari hætti þar sem P stendur ekki fyrir eina vöru heldur sambærileg vöruknippi, til dæmis sem svarar til meðalneyslu hvers neytanda. Er þá ofangreind líking kölluð lögmálið um algert jafnvirði verðs (e. Absolute Purchasing Power Parity). Fæstum kemur raunar til hugar að það lögmál haldi með sama hætti og það er sett fram hér að ofan. Það sést líka glögglega ef litið er til verðmismunar innan OECD (sjá mynd A.1) að téð lögmál er þverbrotið því að virði sömu neyslukörfu er mjög mismikið eftir því hvar hún er keypt. Dýrasta landið innan OECD er Japan en það ódýrasta er Slóvakía. Munurinn á milli þessara tveggja landa er nærri því fjórfaldur. Munurinn er tvöfaldur hjá löndum sem liggja hvort að öðru, svo sem eins og milli Þýskalands og Póllands.

Mynd A.1. Verðlag innan OECD (Bandaríkin = 100) í september 2003. – Heimild: OECD.



Ísland er í sjöunda sæti í þessum samanburði og á svipuðu róli og önnur norræn ríki. Ef verðlag í Bandaríkjunum er notað sem grunnviðmiðun (sjá mynd A.2) kemur í ljós að verðlag hérlendis er um 20% hærra en þekkist þar vestra.

Mynd A.2. Frávik frá algeru jafnvirði verðs innan OECD ef miðað er við Bandaríkin sem grunnpunkt. Heimild: OECD.



Þrátt fyrir þetta er lögmálið um eitt verð viðurkennt sem einn helsti hornsteinn alþjóðahagfræði, jafnvel þó að flestir viðurkenni fúslega að margir þættir komi í veg fyrir að það haldi með nákvæmum hætti fyrir hvaða vöru sem er. Lögmálið er hins vegar góður áttaviti sem gefur til kynna stefnu markaðanna þegar til lengri tíma er litið. Til að mynda hljóta nafngengisbreytingar að takmarkast af því að verðbil á milli landa verði ekki of mikið. Þessi hugsun er reyndar sett fram sem veikara afbrigði af lögmáli um eitt verð sem kallast hlutfallslegt jafnvirði verðs (e. relative purchasing power parity) og er ritað hér að neðan:

$$(2) \qquad \%E = \frac{\%P_{Heima}}{\%P_{Erlendis}}$$

Hlutfallslegt jafnvirði gerir einfaldlega ráð fyrir því að sá mismunur sem er til staðar á verðlagi á milli landa ráðist af þeim takmörkunum á högnunarviðskiptum sem eru til staðar og getið var hér að framan. Ef munurinn verður meiri en sem nemur högnunarhindrunum hlýtur að skapast þrýstingur á verðlækkun. Þetta er oft útlagt sem raungengi, sem sést hér að neðan:

$$(3) \qquad q = \frac{P_{Heima}}{EP_{Erlendis}}$$

Raungengi er öðrum þræði mælikvarði á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda, hvort sem þeir selja innan lands eða utan. Raungengi er reyndar einnig sett fram sem hlutfallsleg laun fremur en verðlag:

$$(4) \qquad q^{w} = \frac{W_{Heima}}{EW_{Erlendis}}$$

Erfitt er að segja til um hvað sé í raun og veru rétt raungengi. Oft eru því kvarðar úr utanríkisviðskiptum notaðir til þess að meta raungengisstöðuna. Hægur vöxtur útflutnings, en hraður vöxtur innflutnings, getur því bent til þess að raungengi sé of hátt og innlend framleiðsla sé of kostnaðarsöm miðað við það sem gerist erlendis. Ef nafngengið er fullkomlega fast, til dæmis vegna þess að viðkomandi land er aðili að myntbandalagi, getur raungengi eins lands aðeins lækkað með verðhjöðnun eða launalækkun eða með verðbólgu og launaskriði í öðrum löndum. Fræðilega séð ættu gjaldeyrismarkaðirnir að leiðrétta fyrir slíkum frávikum frá raungengi með því að hreyfa nafngengið, E, í samræmi við breyttar forsendur. Ástæðan er einfaldlega sú að ef verðlag er hærra innan lands en erlendis mun ásókn aukast í erlendar vörur en áhugi minnka á innlendum vörum og misvægi myndast í viðskiptum við útlönd. Viðskiptahallinn mun leiða til þess að gjaldeyrir flæðir úr landi og nafngengið lækkar þar til kaupmáttarjafnvægi hefur náðst.

Hér er lögmálið um eitt verð þess vegna sett fram sem langtímajafnvægi fyrir gengi einstakra gjaldmiðla. Þess vegna ætti sveigjanlegt nafngengi fræðilega séð að tryggja verðjöfnun innan þeirra marka sem hagkvæmni högnunarviðskipta setur og getið er hér að ofan. Fyrir árið 1973, þegar Bretton-Woods fastgengiskerfið hrundi og helstu gjaldmiðlar heimsins fóru á flot, var sveigjanlegt gengi fremur sjaldgæft í hinum vestræna heimi, ef undan eru skilin stutt óróatímabil. Þetta varð meðal annars til þess að því var spáð af hagfræðingum eins og Milton Friedman (1953) að sveigjanlegt nafngengi myndi leiða til þess að raungengið yrði mjög stöðugt við langtímajafnvægi vegna högnunarviðskipta í tengslum við jafnvirði verðs. Hins vegar kom hið gagnstæða í ljós eftir að gjaldmiðlar heimsins komust á flot eftir 1973 að hreyfingar nafngengisins mögnuðu fremur en lægðu sveiflur í raungengi. Ástæðan er einfaldlega sú að gjaldeyrismarkaðir eru eðli málsins samkvæmt eignamarkaðir og verðmyndun er oft í litlum tengslum við þjóðhagsstærðir, að minnsta kosti þegar til skemmri tíma er litið. Raunin er þess vegna sú að raungengi og nafngengi fylgjast fremur náið að og af þeim sökum geta frávik frá jafnvirði verðs verið stór og sveiflukennd ef litið er yfir stuttan tíma. Hins vegar leggja flestir hagfræðingar trúnað á langtímagildi lögmálsins um hlutfallslegt jafnvirði verðs þannig að raungengi gjaldmiðla eigi sér raunverulegt langtímajafnvægi og víki ekki langt frá því. Þetta er einnig stutt af rannsóknum sem sýna jafna en hæga aðlögun að jafnvægi sem nemur um 15% á ári.

Það hefur reynst töluverðum annmörkum háð að sannreyna með tölulegum rannsóknum hvort ofangreint lögmál um eitt verð haldi. Í fyrsta lagi hefur reynst erfitt að bera saman verð á milli landa með óyggjandi hætti vegna þess að erfitt er að fá samanburðarhæfar tölur. Sjaldnast er um hreinar línur að ræða, jafnvel þó að nákvæmlega eins vörur séu bornar saman á milli landa. Til að mynda ræðst verð á banana í stórmarkaði ekki aðeins af verði ávaxtarins sjálfs í innkaupum heldur koma aðrir þættir einnig við sögu, svo sem leiga, laun og lánsfjármögnun, sem ráða álagningu verslunarfyrirtækisins. En jafnvel þótt reynt sé að gæta samræmis í öllum slíkum kostnaðarþáttum í samanburði er samt einhver munur til staðar sem líklega ræðst af markaðsaðstæðum á hverjum stað. Þannig hefur til dæmis komið fram verulegur munur á verði sams konar vara í IKEA-verslunum víða um heiminn sem ekki er hægt að

skýra með neinum öðrum hætti en mismunandi samkeppnisaðstæðum.[119] Einnig hefur verið sýnt fram á þennan markaðsmun með því að skoða verðmyndun á sams konar vörum sem eru sendar til útflutnings frá sama stað.[120] Til að mynda er mikill verðmunur á þýskum bjór eftir því hvort hann er fluttur til Englands eða Bandaríkjanna sem ekki er hægt að skýra með flutningskostnaði eða tollum. Af þessu má ráða að frjáls og hörð samkeppni er í raun forsenda fyrir því að lögmálið um eitt verð verki með tilætluðum árangri. Í öðru lagi eru hreyfingar nafngengisins svo hraðar og sveiflukenndar að töluverður verðmunur getur myndast á milli landa undir ákveðnum kringumstæðum vegna þess að högnunarviðskipti á vörumarkaði eru lengi að taka við sér.

Viðauki B. Áhrif skatta á vöruverð.

Í lokuðu hagkerfi, þar sem allar vörur og þjónusta eru af innlendum toga, og laun og verð ræðst á samkeppnismörkuðum, má gera ráð fyrir að flestir skattar leggist ofan á vöruverð. Ekki skiptir höfuðmáli fyrir almennt verðlag hvort ríkið aflar tekna með vörusköttum, eins og virðisaukaskatti eða vörugjaldi, eða hvort tekjur manna eru skattlagðar. Þá ætti hár virðisaukaskattur á matvörum hér á landi út af fyrir sig ekki að stuðla að hærra verði á þessum vörum en annars staðar. Frávik í skatti á matvörur frá almennu virðisaukaskattshlutfalli skiptir meira máli.

Þegar launþegar og fyrirtæki semja um kaup og kjör er horft á það hve mikið má kaupa af vörum og þjónustu fyrir laun eftir skatta. Þessu er nánar lýst í töflunni hér að neðan. Efsta línan (A) lýsir þjóðfélagi þar sem samneysla er engin og framleidd er ein vara. Laun eru 100 krónur og varan kostar það líka því að vinnuaflið er eini framleiðsluþátturinn. Ef samneysla kemur nú til sögunnar og aflað er tekna til hennar með 50 króna virðisaukaskatti hækkar verð vörunnar sem því nemur (lína B). Launþeginn getur nú aðeins keypt 2/3 úr vöru í stað einnar vöru áður. Í síðasta dæminu er virðisaukaskattur aflagður en tekjur launþegans skattlagðar um 50 krónur í staðinn (lína C). Launþeginn krefst nú hærri launa en áður svo að hann geti keypt jafnmikið af vörunni eftir skatta. Hann hefur til ráðstöfunar 100 krónur eftir skatta, en verð vörunnar er 150 krónur því að það ræðst af launakostnaði fyrir skatta. Launþeginn getur eftir sem áður keypt 2/3 af vörunni.[121] Hafa ber í huga að þetta eru langtímaáhrif. Þegar til langs tíma er litið breytir það engu um vöruverð í lokuðu hagkerfi hvort skattar eru innheimtir af tekjum eða neyslu. Til skamms tíma litið kann tilfærsla milli vöruskatta og tekjuskatta hins vegar að hafa áhrif á verðlag.

Tafla B.1. Áhrif mismunandi skattlagningar á vöruverð.

	Laun	**Verð**
A	100	100
B	100	150
C	150	150

Í því þjóðfélagi sem hér hefur verið lýst kemur *frávik* frá almennum virðisaukaskatti fram í verði einstakra vara, ekki skatthlutfallið sjálft. Tökum dæmi: Það breytir ekki miklu fyrir

[119] Haskel og Wolf (2001).
[120] Knetter (1989, 1993).
[121] Samanber þó Ásgeir Daníelsson (1991): Áhrif mismunandi skattlagningar á mælingu þjóðhagsstærða, Fjármálatíðindi, 3. hefti (ágúst-desember).

mun á matvöruverði í Austurríki og á Íslandi að þar bera matvörur 10% virðisaukaskatt, en hér er 14% skattur á flestum matvörum, heldur ber að líta á það að í báðum löndunum er virðisaukaskattur á flestum matvörum almennt um það bil 10% lægri en skattur á öðrum vörum.

Í lokuðu hagkerfi, eins og hér hefur verið lýst, má gera ráð fyrir að flestir skattar komi fram í vöruverði.


Sú mynd sem hér hefur verið dregin upp á ekki fullan rétt á sér. Í fyrsta lagi myndast laun ekki alltaf á samkeppnismörkuðum. Í einstökum fyrirtækjum og jafnvel heilum atvinnugreinum hafa verkalýðsfélög mjög sterka stöðu. Þar má ætla að laun ráðist að miklu leyti af greiðslugetu fyrirtækjanna. Ef tekjuskattar hækka bera launþegar hækkunina, en ekki fyrirtækin því að ekki verður þrengt meira að greiðsluþoli þeirra. Í öðru lagi er hagkerfið opið fyrir innflutningi og útflutningi. Fyrirtæki í samkeppni við innflutning geta ekki nema þá að litlu leyti velt sérislenskum kostnaðarhækkunum út í verðlag. Þá leggst tekjuskattur hér á landi ekki á erlendan kostnað af innflutningi. Virðisaukaskattur er hins vegar greiddur af innflutningnum. Þar sem innflutnings eða erlendrar samkeppni gætir má ætla að virðisaukaskattshlutfallið hafi meiri áhrif á vöruverð en tekjuskattar eða frávik frá almennu skatthlutfalli.

Viðauki C. Tölfræðileg greining á verðhækkunum 1992–2003.

Hér á eftir er kannað hvort hægt sé að hafna með tölfræðilegum aðferðum þeirri tilgátu að matarverð og neysluverð hafi hækkað í takt á árunum 1992–2003.

Tilgátu um að mismunur hækkana matarverðs og neysluverðs sé normaldreifður er ekki hafnað (sjá Jarque-Bera tölu með mynd C.1). Tilgátu um að væntur mismunur (leitni) hækkananna sé núll er ekki heldur hafnað. Með öðrum orðum verður ekki séð að leitni í hækkun almenns neysluverðs sé önnur en í verðhækkunum á mat og drykk á tímabilinu.

Mynd C.1. Hækkun í vísitölu neysluverðs (lógariþmísk) að frádregnum hækkunum í vísitölu matar og drykkjar frá fyrra mánuði 1992–2003.



Kannað var hvort langtímasamband væri á milli verðs á mat og drykk og verðs á almennri neyslu. Niðurstöður úr prófi Johansens benda ekki til þess að stöðugt langtímasamband sé milli raðanna á tímabilinu sem til skoðunar er, til dæmis að gera megi ráð fyrir að matvöruverð og almennt neysluverð hækki jafnmikið, þegar til lengdar lætur (þannig að ferlarnir leiti aftur saman þegar bil hefur myndast milli þeirra). Ástæðan kann að vera sú að rúmur áratugur sé hreinlega of stuttur tími til þess að segja til um langtímasamband raðanna.[122]

Viðauki D. Tölfræðileg greining á því hvað veldur verðmun milli Evrópulanda.

Hér á eftir er skoðað hvernig ýmsar skýribreytur falla að matarverði í nokkrum Evrópulöndum undanfarin ár. Beitt er línulegri aðfallsgreiningu. Stuðlar við hverja skýribreytu eru þá ákveðnir þannig að summa afgangsliða í öðru veldi (þess sem líkanið nær ekki að skýra) verði sem minnst. Breytan sem leitast er við að skýra er matarverð í hverju landi á árunum 1993 til 2000 úr samræmdri könnun evrópskra hagstofa. Þær skýringar sem litið er til eru laun, aðild að Evrópusambandinu, hlutfall allra skatta af landsframleiðslu, munur á virðisaukaskatti á mat og almennu skatthlutfalli, hitastig, íbúafjöldi á ferkílómetra og evruaðild. Fyrr í þessari skýrslu er vikið að áhrifum margra þessara þátta á matarverð. Hér á eftir er þetta rifjað stuttlega upp og rök færð að áhrifum annarra skýribreytna. Fyrst er farið nokkrum orðum um líkanið sjálft. Rétt er að hafa í huga að könnunin markast að nokkru af þeim gögnum sem til eru. Könnun Eurostat á verðlagi nær aðeins til Evrópulanda, en fróðlegt hefði verið að hafa fleiri lönd með. Þá eru ekki í líkaninu breytur sem lýsa lögum og reglugerðum þegar frá er talin breyta fyrir aðild að Evrópusambandinu.

Líkanið.

Tölur evrópskra hagstofa sýna matarverð í hverju landi á gengi hvers árs. Meðalverð Evrópusambandslanda er sett á 100. Aðildarlöndum fjölgar árið 1995 og þá breytist grunnurinn. Aðrar breytur eru ekki staðlaðar, en helst verður að staðla allar breytur á sama hátt. Hér er farin sú leið að nota Þýskaland sem grunn. Gildi hverrar breytu, annarra en þeirra sem aðeins taka gildin núll og einn (gervibreytna), sýnir því mismun á gildi fyrir hvert land og gildi fyrir Þýskaland sama ár. Þegar talað er um áhrif á verðlag hér á eftir er því átt við áhrif á hlutfallslegt verðlag miðað við Þýskaland. Verðtölur, laun og íbúafjöldi eru í lógariþmum. Það þýðir að túlka má (litlar) breytingar í þessum tölum sem prósent.

Tíu skýribreytur eru í líkaninu auk fastans:

- Innlendur kostnaður ræður miklu um verðlag. Mest munar um hann í verði þeirra vara sem erfitt er að flytja milli landa vegna flutningskostnaðar eða tolla. En ofan á verð innfluttra vara leggst einnig kostnaður og þá einkum í verslunum. Laun eru stærsti innlendi kostnaðarliðurinn. Jafnframt ræðst kaupmáttur af launastigi. Alþjóðleg fyrirtæki reyna eftir mætti að láta verð á framleiðslu sinni fara eftir kaupgetu neytenda á hverjum stað (þetta á einkum við um unnar vörur). Laun eru hér færð yfir í krónur á gengi hvers árs. Launatalan sem hér er notuð er úr gagnasafni Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, og sýnir árslaun á launþega. Þarna er því ekki leiðrétt fyrir vinnutíma. Vinnutíminn skiptir miklu máli fyrir Ísland því að árið 2001 unnu starfandi Íslendingar að

[122] Það væri í samræmi við athuganir á kaupmáttarjafnvægi gjaldmiðla, þar sem aldalangar raðir benda til langtímasambands, en styttri ekki. Sjá Froot og Rogoff (1996): Perspectives on PPP and Long-run Exchange Rates. Í S. Grossman og K. Rogoff (ristj.): Handbook of International Economics, Volume III, Elsevier Science, Amsterdam/hér úr Verbeek (2000), A Guide to Modern Econometrics, bls. 288–289, John Wiley & Sons.

jafnaði rúmlega 25% lengur en Þjóðverjar.[123] Ein túlkun á breytunni gæti verið að ekki sé litið svo á að langur vinnutími skili sér í aukinni framleiðslu. Að því leyti sem tekjur ráða verðlagningu (vegna verðmismununar alþjóðlegra framleiðenda) eru árstekjur betri mælikvarði en tímakaup.

- Í Evrópusambandinu eru viðskipti með landbúnaðarvörur tollfrjáls, en yfirleitt eru miklar hömlur á innflutningi þessara vara í þeim Evrópulöndum sem standa utan bandalagsins. Þess vegna er líklegt að aðild verði til þess að matur lækki í þeim löndum þar sem búskapur er dýr af einhverjum ástæðum, til dæmis vegna þess að vinnuafl er dýrt. Ekki er ósennilegt að aðild hefði önnur áhrif á matarverð í Noregi en í Portúgal, svo að dæmi sé tekið. Þess vegna eru tvær skýribreytur tengdar aðild að Evrópusambandinu. Annars vegar er breyta sem er 1 fyrir land sem er í sambandinu en 0 annars. Hins vegar er sama breyta margfölduð með launum í hverju landi.
- Lönd eru misfrjósöm. Þegar hitastig hækkar eykst frjósemi, að minnsta kosti að vissu marki. Gott loftslag ætti að stuðla að lágu matarverði á heimamarkaði því að þá leggst ekki flutningskostnaður eða verndartollar ofan á verðið. Tvær breytur lýsa áhrifum hitastigs, annars vegar meðalhiti heitasta mánaðar og hins vegar hitinn í öðru veldi. Seinni breytan (hitastig í öðru veldi) endurspeglar það að frjósemi eykst mest þegar hitinn er fremur lítill (ef svo er verður formerki breytunnar viðlægt. Fleiri mælikvarðar á loftslag koma vissulega til greina, til dæmis meðalhiti yfir allt árið eða jafnvel hiti kaldasta mánaðar (sumar plöntur þola ekki frost!)). Í stórum hluta Evrópu fer mestöll ræktun fram á sumrin og sumarhitinn skiptir mestu máli fyrir uppskeruna. Þess vegna er sumarhitinn notaður hér.
- Því er haldið fram að stærðarhagræði sé í framleiðslu ýmissa matvara og verslun með þær. Þess vegna er íbúafjöldi á ferkílómetra ein af breytunum sem notaðar eru. Þetta er ekki einhlítur mælikvarði á einangrun eða smæð markaðs – talan segir til dæmis ekkert um fjarlægð frá þéttbýlli löndum.
- Skattar hafa áhrif á verð. Í 5. kafla um virðisaukaskatt og vörugjöld voru færð rök að því að heildarskattlagning réði meira um vöruverð en skipting skattanna í vöruskatta og aðra skatta (eða óbeina skatta og beina), að minnsta kosti í tiltölulega lokuðum hagkerfum. Hins vegar kæmi það fram í verði einstakra vara ef þær væru skattlagðar á annan veg en aðrar vörur og þjónusta. Tvær breytur lýsa hér skattlagningu, annars vegar hlutfall skatta af landsframleiðslu og hins vegar mismunur almenns virðisaukaskatts og skatts á matvörur.
- Í upphafi árs 1999 var Efnahags- og myntbandalag Evrópu stofnað og gengi mynta þeirra landa sem hugðust taka upp evru var læst. Útgáfa á seðlum og mynt í evrum hófst þó ekki fyrr en 2002. Því hefur verið haldið fram að evra auki á gagnsæi og dragi úr verðmun í þeim löndum sem nota hana. Einnig kann að vera að upptaka evrunnar rugli fólk í ríminu, að minnsta kosti fyrst eftir gjaldmiðilsskiptin, og dragi úr verðskyni manna. Breyta fyrir evruna er 1 fyrir evrulöndin, en 0 annars.
- Verð á innfluttum vörum breytist stundum hægt eftir gengisbreytingar. Nokkuð kostar að breyta verði og stundum bíða menn með að hreyfa við því þar til ljóst er hvort gengisbreytingin er langvinn. Innlendur kostnaður hreyfist líka með genginu þegar til skamms tíma er litið. Þegar gjaldmiðill hækkar í verði miðað við aðra gjaldmiðla er því ekki

[123] Sjá Vinnumarkaðinn 2002, útg. Hagstofa Íslands.

ósennilegt að verð breytist. Bætt er við breytu fyrir gengisbreytingu gagnvart þýsku marki.

Skoðuð eru 19 Evrópulönd á árunum 1994–2000, auk Þýskalands, sem er viðmiðunarland, eins og fyrr segir. Þetta eru ríki Vestur-Evrópu auk Tékklands og Ungverjalands. Tölur fyrir Austur-Evrópulöndin ná aðeins til 1999 og 2000. Fyrir ríki utan Norðurlandanna fundust aðeins tölur um virðisaukaskatt eins og hann er nú og er það hlutfall notað fyrir öll árin sem skoðuð eru. Meðalhiti í heitasta mánuði hefur sama gildi öll árin fyrir flest löndin sem skoðuð eru og íbúafjöldi á ferkílómetra hefur sama gildi í hverju landi allan tímann. Niðurstöðurnar ber að taka sem vísbendingar um vægi hvers þáttar í matarverði, en ekki nákvæmt mat.

Notuð er aðferð slembiáhrifa (random effects). Þá er gefin ákveðin forsenda um misdreifni villuliða. Villuliðirnir skiptast í tvennt, annars vegar þátt sem er sérstakur fyrir hvert land og jafnstór öll árin og hins vegar slembilið sem hefur meðaltalið núll og sömu dreifni fyrir allar mælingar. Þegar þessi aðferð er notuð er vongildi hvers stuðuls (það stuðlamat sem búast má við að fá að meðaltali í mörgum tilraunum) hið sama og þegar notuð er almenn aðferð minnstu kvaðrata, en aðferð slembiáhrifa skilar fyrr réttri niðurstöðu þar sem hún á við (minna þarf af gögnum). Fleiri matsaðferðir koma til greina, til dæmis aðferð með bundnum áhrifum (fixed effects), en gallinn við að nota þá aðferð í þessari athugun er að þá myndi stuðlamatið aðeins ráðast af sveiflum í skýribreytum innan hvers lands. Áhrif aðildar að Evrópusambandinu á verðlag kæmu þá aðeins fram í þeim þrem löndum sem gengu í sambandið á tímabilinu. Þegar aðferð slembiáhrifa er notuð – eins og hér er gert – mótast stuðull fyrir áhrif Evrópusambandsaðildar á verð einnig af samanburði landa sem eru aðilar öll árin og þeirra sem standa utan sambandsins allan tímann.

Durbin-Watson gildi var lágt í upphaflegri aðfallsgreiningu. Sjálffylgni í villuliðum telst því viðlæg og marktæk. Þetta getur skekkt óvissumat og var því leiðrétt fyrir sjálffylgninni með aðferð Cochran Orcutts.[124]

Niðurstöður.

Líkanið skýrir 96% af breytileika í matarverði í Evrópulöndunum 19 sem lýst er, sjá töfluna hér á eftir. Fimm þættir reyndust hafa marktæk áhrif á matarverð (sex breytur). Þetta eru laun, Evrópusambandsaðild (2 breytur), mismunur virðisaukaskatts á matvörur og almenns virðisaukaskattshlutfalls, íbúafjöldi á ferkílómetra og evruaðild. Stuðlar við hitastig (2 breytur) eru á mörkum þess að vera marktækir.

Stuðull við laun er 0,6. Það þýðir að þegar laun hækka um 1% gerir líkanið ráð fyrir að matarverð hækki um 0,6%.

Stuðull við Evrópusambandsaðild er –0,12. Að öðru jöfnu gerir líkanið því ráð fyrir að matarverð sé um það bil 12% lægra í aðildarlöndum en annars staðar. Áhrifin eru meiri í hálaunalöndum en þessu nemur og minni í láglaunalöndum, eins og vikið verður að á eftir.

Stuðull við mun á skatti á matvörur og almennu virðisaukaskattshlutfalli er 0,004. Það þýðir að gera megi ráð fyrir að matvöruverð lækki um 0,4% ef virðisaukaskattshlutfall á matvörur lækkar um 1%, án þess að almennt skatthlutfall breytist.

Þá er stuðull við íbúafjölda á ferkílómetra –0,05. Það þýðir að búast megi við því að verðlag lækki um 0,05% þegar íbúum fjölgar um 1%.

---

[124] Sjá Greene (1997): Econometric Analysis, 3. útgáfa, Prentice Hall, bls. 623–635.

Stuðull við evruaðild er 0,05. Það þýðir að matarverð í þeim löndum sem urðu aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu í ársbyrjun 1999 er að jafnaði 5% hærra en við mætti búast að öðru jöfnu. Rétt er að geta þess að rannsóknartímabilið nær aðeins til ársins 2000, en seðlar og mynt í evrum komu ekki fram fyrr en árið 2002. Því má segja að áhrif evrunnar hafi aðeins að hluta verið komin fram á þeim tíma sem til skoðunar var.

Árið 2001 var matur á Íslandi tæplega 50% dýrari en í Þýskalandi að mati evrópskra hagstofa. Þetta má einnig orða þannig að matur í Þýskalandi sé um þriðjungi ódýrari en á Íslandi. Í aðfallsgreiningunni er horft á hlutföllin í lógaríþmum og þá lendum við mitt á milli. Lógaríþmar mæla 40% verðmun milli Íslands og Þýskalands.

Áhrif af Evrópusambandsaðild eru mismikil eftir launastigi í hverju landi. Laun teljast há á Íslandi og þegar horft hefur verið til þess fæst að matarverð á Íslandi myndi lækka um tæp 14% ef Íslendingar tækju upp landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Rétt er að hafa í huga að hér er miðað við árslaun og ekki er leiðrétt með vinnutíma. Mætti hugsa þetta þannig að langur vinnutími á Íslandi skilaði sér ekki í aukinni framleiðslu vinnuafls (sem ekki er með öllu óraunhæft).

Munur á virðisaukaskatti á matvörum og almennu skatthlutfalli er heldur meiri á Íslandi en í Þýskalandi. Þetta ætti að lækka verð á Íslandi um 1%.

Ísland er miklu strjálbýlla land en Þýskaland. Hér búa þrír menn á ferkílómetra lands en í Þýskalandi búa 230 manns á ferkílómetra. Því nýtist stærðarhagkvæmni í verslun og framleiðslu ekki eins vel á Íslandi og í þéttbýlli löndum. Samkvæmt líkaninu ýtir fólksfæðin verðlagi hér á landi upp um 20% miðað við Þýskaland.

Hitastig er á mörkum þess að hafa marktæk áhrif í líkaninu. Á Íslandi er um 8 gráðum kaldara í heitasta mánuði en í Þýskalandi. Þetta ætti að lyfta matarverði hér á landi upp um 6% miðað við Þýskaland.

Þá er ótalið að evruaðild virðist samkvæmt líkaninu ýta verði upp um 5%. Þjóðverjar notast við evru, eins og kunnugt er, en Íslendingar ekki.

Þessar fimm stærðir sem hér hafa verið taldar, Evrópusambandsaðild, munur á virðisaukaskatti á mat og aðrar vörur, þéttbýli, hitastig og evruaðild, skýra samkvæmt líkaninu um 34% (lógaríþmískan) mun á verðlagi á Íslandi og í Þýskalandi árið 2001, af um 40% verðmun (lógaríþmískum).

Sams konar aðfallsgreining fyrir undirflokka matvöru gefur til kynna að búast megi við að ávextir og grænmeti lækki í verði um 8% ef Ísland tekur upp svipaða landbúnaðarstefnu og Evrópusambandið, brauð og kornvörur lækki um 9%, drykkjarverð haldist óbreytt (hér er áfengi ekki talið með), mjólk, ostar og egg lækki um 12% en kjöt um 23%. Forspá líkansins um 12% verðlækkun á fiski við Evrópusambandsaðild kemur á óvart og á tæpast við um Ísland.

Stuðlamat

Skýrð breyta: Matarverð (frávik frá verði í Þýskalandi)[#]			
Tímabil 1994–2000.			
Lönd: 19.			
Alls 120 athuganir.			
Breyta	Stuðull	Staðalfrávik	P-gildi
Fasti	0,09	0,02	0,00
Laun[#]	0,57	0,05	0,00
Evrópusamband	-0,12	0,02	0,00
Evrópusamband*laun[#]	-0,14	0,07	0,04
Heildarskatthlutfall	0,00	0,00	0,19
Virðisaukaskattur á matvörur mínus alm. hlutfall	0,004	0,00	0,03
Hiti í heitasta mánuði	-0,05	0,03	0,08
Hiti^2	0,001	0,00	0,05
Íbúar á km$^{2\#}$	-0,05	0,01	0,00
Evra	0,05	0,01	0,00
Gengishækkun[#]	0,15	0,17	0,40
Slembiliður (lönd)			
BE—C	-0,03		
DA—C	0,11		
GR—C	0,02		
SP—C	-0,05		
FR—C	0,02		
IR—C	0,01		
IT—C	-0,02		
LU—C	-0,05		
HO—C	-0,05		
AU—C	-0,00		
PO—C	0,03		
FI—C	-0,04		
SV—C	-0,01		
BR—C	-0,01		
IS—C	-0,02		
NO—C	0,01		
SS—C	0,06		
TE—C	0,06		
UN—C	0,10		
GLS-niðurstöður			
R^2	0,96	Skýrð breyta, meðaltal	0,02
Aðlagað R^2	0,96	Staðalfrávik háðrar breytu	0,19
Staðalfrávik aðfallsgr.	0,04	Summa leifa í öðru veldi	0,19
Durbin-Watson tala	2,00		
Óvegnar niðurstöður			
R^2	0,96	Skýrð breyta, meðaltal	0,02
Aðlagað R^2	0,96	Staðalfrávik háðrar breytu	0,19
Staðalfrávik aðfallsgr.	0,04	Summa leifa í öðru veldi	0,17
Durbin-Watson tala	2,36		

#Stærðir í lógaríþmum.

Allar stærðir í matinu (nema gervibreytur) sýna gildi heimalands að frádregnu sama gildi fyrir Þýskaland. Breyta fyrir hitastig í öðru veldi sýnir hitastig í heimalandi í öðru veldi að frádregnu hitastigi í Þýskalandi í öðru veldi (víxlmargfeldi er sleppt). Leiðrétt hefur verið fyrir sjálffylgni með aðferð Cochran-Orcutts.

1829. Breytingartillögur [879. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar (AKG, LB, ÁF).

1. 2. málsl. 1. efnismgr. 6. gr. orðist svo: Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, markar stefnu, m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir.
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir 3. tölul. 1. efnismgr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisráðherra.
   b. 4. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Einn fulltrúi tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
   c. 6. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
3. 9. gr. falli brott.

1830. Svar [807. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um kostnað við gerð skýrslna samkvæmt beiðni á Alþingi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða skýrslur sem ráðherrar hafa skilað að beiðni Alþingis frá setningu 120. löggjafarþings 1995 til ársloka 2003 hafa kostað á milli 5 og 10 millj. kr. samkvæmt verðlagi í árslok 2003?

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum varðandi kostnað við gerð skýrslna samkvæmt beiðni á Alþingi. Í svari þessu er byggt á upplýsingum frá viðkomandi ráðuneytum.

Til að tryggja samræmi í svörum var í bréfi til ráðuneyta tilgreint að til heildarkostnaðar vegna skýrslna eða samþykktra þingsályktana teljist allur sá kostnaður sem kann að hafa fallið til við gerð þeirra, svo sem kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu, laun starfsfólks ráðuneyta, rekstrarkostnaður ráðuneytis við gerð skýrslu auk prentunar og útgáfu.

Forsætisráðuneyti.

Samanburður á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins (3. mál á 128. löggjafarþingi, þingsályktun). – Alþingi fól ríkisstjórninni í árslok 2002 að kanna

matvælaverð á Íslandi í samanburði við helstu nágrannalönd og að gera grein fyrir hugsanlegum ástæðum mismunandi matvælaverðs, svo sem ólíkum verslunar- og framleiðsluháttum. Forsætisráðuneytið fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að vinna skýrsluna og hefur hún verið lögð fram á þessu þingi.

Heildarkostnaður við gerð og prentun skýrslunnar eru rúmar 5 millj. kr., þar af nema greiðslur til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands 4,5 millj. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Skýrsla um stöðu og þróun löggæslu (392. mál á 127. löggjafarþingi). – Beiðni um skýrsluna kom frá Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar. Vinna við skýrsluna tók um þrjá mánuði og var hún umfangsmikil. Margir starfsmenn hjá embætti ríkislögreglustjóra komu að gerð skýrslunnar, auk þess sem aflað var gagna og teknar saman upplýsingar hjá öllum lögregluliðum landsins og hjá erlendum lögregluyfirvöldum. Töluverður tími fór einnig í vinnu við þessa skýrslu hjá starfsmönnum ráðuneytisins. Með prentkostnaði er ekki fjarri lagi að áætla að heildarkostnaður við gerð skýrslunnar hafi numið 5–7 millj. kr. Þessar tölur eru settar fram með fyrirvara þar sem þessum upplýsingum var ekki sérstaklega haldið saman.

Rannsókn á refsingum við afbrotum (484. mál á 122. löggjafarþingi, þingsályktun). – Á árunum 1998–2000 voru samtals veittar 7,2 millj. kr. til þessa verkefnis en skýrsla var gefin út á árinu 2003, *Ákvörðun refsingar. Rannsókn á refsiákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga, 1951–2000.* Í árslok 2003 höfðu verið nýttar tæplega 6,6 millj. kr. af fjárveitingunni.

Félagsmálaráðuneyti.

Í svari félagsmálaráðuneytis kemur fram að allar skýrslurnar sem um er spurt hafi verið unnar af starfsmönnum ráðuneytisins og að ekki hafi verið um að ræða aðkeypta sérfræðiþjónustu við ritun þeirra. Ráðuneytið hafi þurft að leita til annarra aðila í stjórnkerfinu til að safna upplýsingum vegna skýrslna þessara, svo sem til ríkisskattstjóra, Þjóðhagsstofnunar og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Greiddi ráðuneytið ekki sérstaklega fyrir þær upplýsingar sem þessir aðilar sendu ráðuneytinu. Með hliðsjón af þessu er það mat ráðuneytisins að útlagður kostnaður þess hafi í engu tilviki verið á milli 5 og 10 millj. kr. Jafnframt telur ráðuneytið að það hafi ekki forsendur til að meta kostnað við vinnuframlag einstakra starfsmanna við skýrslugerðina auk kostnaðar fyrrgreindra stofnana við að taka saman þær upplýsingar sem ráðuneytið óskaði eftir.

Hagstofa Íslands.

Í svari Hagstofu Íslands kemur fram að engin skýrslugerð samkvæmt beiðni á Alþingi hafi verið unnin á umræddu tímabili sem kostað hefur yfir 5 millj. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis kemur fram að engar skýrslur hafa verið gefnar út á tímabilinu október 1995 til desember 2003 sem kostað hafa 5 millj. kr. Þó skal tekið fram að laun starfsmanna og rekstrarkostnaður ráðuneytisins er ekki reiknaður sérstaklega vegna hverrar skýrslu. Til að meta þann kostnað þarf meiri tíma en gefst nú.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði (20. mál á 125. löggjafarþingi). – Skýrslan var unnin hjá Samkeppnisstofnun og fékk stofnunin 15 millj. kr. til verksins, 13 millj. kr. í fjárlögum 2001 og 2 millj. kr. frá ráðuneytinu. Kostnaður við skýrsluna nam samtals 16,1 millj. kr. og greiddi Samkeppnisstofnun kostnað umfram framangreindar 15 millj. kr.

Landbúnaðarráðuneyti.

Í svari landbúnaðarráðuneytis kemur fram að engar skýrslur hafa verið gerðar á vegum ráðuneytisins á umræddu tímabili sem hafa kostað 5–10 millj. kr.

Menntamálaráðuneyti.

Í svari menntamálaráðuneytis kemur fram að engar skýrslur hafi verið gefnar út á vegum ráðuneytisins á umræddu tímabili sem kostað hafa yfir 5 millj. kr.

Samgönguráðuneyti.

Skýrsla um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands (167. mál á 130. löggjafarþingi). – Beiðni um skýrsluna kemur frá Merði Árnasyni og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar. Skýrslan hefur ekki verið gerð, en samkvæmt kostnaðaráætlun ferðamálastjóra er áætlað að kostnaður við gerð hennar verði á bilinu 18–22 millj. kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að ekki var haldið sérstaklega utan um heildarkostnað vegna vinnu og frágangs á umræddum skýrslum. Umbeðnar upplýsingar liggja því ekki fyrir.

Umhverfisráðuneyti.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að af þeim þremur skýrslum sem ráðuneytið hefur látið vinna fyrir Alþingi hefur kostnaður við enga þeirra verið umfram 5 millj. kr.

Ekki hafa borist svör frá fjármálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

1831. Breytingartillögur [996. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni,
Jóni Gunnarssyni, Kristjáni L. Möller og Jóni Bjarnasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fimm handfærarúllur um borð í báti.
   b. 2. mgr. orðast svo:
      Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal fjölga leyfilegum sóknardögum hvers báts um

16% frá þeim sóknardagafjölda sem bundinn var hverjum báti í lok fiskveiðiársins 2003/2004. Sóknardögum skal fjölga um heila daga og broti sleppt. Eftir fiskveiðiárið 2004/2005 skal sóknardagafjöldi einstakra báta óbreyttur nema sem leiðir af flutningi sóknardaga milli báta og breytingum á vélarstærð báta og brúttótonnastærð þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þó skal endurskoða leyfilegan fjölda sóknardaga í upphafi hvers fiskveiðiárs og skal úthlutuðum sóknardögum einstakra báta fækkað eða fjölgað í sama hlutfalli og meðalheildarafli sóknardagabáta á næstliðnum fimm fiskveiðiárum fer yfir eða undir heildarafla sömu báta á fiskveiðiárinu 2002/2003. Þar til fimm ára viðmiðunartímabilinu verður náð frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 að telja skal bæta við jafnmörgum viðmiðunartölum fiskveiðiársins 2002/2003 og á vantar. Þó skal viðmiðunin aldrei verða lægri en sá grunnur sem fiskveiðiárið 2002/2003 gefur.

c. Á eftir 3. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði breytingar á skráðri hestaflatölu vélar miðað við gildistöku laganna þannig að heildarvélaraflið aukist skal leyfilegum dögum viðkomandi báts fækkað á þann hátt að verði heildarafl vélar eftir breytingar meira en 200 hestöfl rýrast sóknarheimildir um eina klukkustund fyrir hver 10 hestöfl aukningar vélaraflsins. Séu sóknardagar fluttir til báts með meira vélarafl en bátur sá er búinn sem sóknardagar eru fluttir frá skerðast sóknardagar með sama hætti og segir í þessari grein.

2. 2. gr. falli brott.

1832. Þingsályktun [1005. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 27. maí.)

Samhljóða þskj. 1775.

1833. Frumvarp til laga [1009. mál]

um skattskyldu orkufyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreining.

1. gr.

Gildissvið.

Orkufyrirtæki, sbr. 2. gr., skulu skattskyld skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattskyldan tekur til allra orkufyrirtækja þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. laga nr. 90/2003. Skattlagning orkufyrirtækja skal vera í samræmi við ákvæði þessara laga og laga nr. 90/2003 eftir því sem við á.

Sé rekstur orkufyrirtækis hluti af starfsemi opinbers aðila skal bæði rekstur og efnahagur hins skattskylda hluta að fullu bókhaldslega aðgreindur frá annarri starfsemi.

2. gr.

Skilgreining.

Í lögum þessum merkir orkufyrirtæki fyrirtæki sem stundar vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

II. KAFLI
Endurmat eigna og fyrningar.

3. gr.

Um endurmat eigna.

Á árinu 2005 skal framkvæma endurmat á fyrnanlegum eignum, sbr. 33. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs og aflað var fyrir árslok 2001, samkvæmt ársreikningi 2001, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár fram til ársins 2001. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn. Til frádráttar framreiknuðu kostnaðarverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af kostnaðarverðinu sem um getur í 4. gr. fyrir hvert ár frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2004. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu kostnaðarverði, sbr. 42. gr. laga nr. 90/2003. Mismunur framreiknaðs kostnaðarverðs og framreiknaðra fyrninga telst eftirstöðvar fyrningarverðs og skal færður til eignar.

Heimilt er skattaðila að falla frá endurmati eigna sem þegar eru komnar í niðurlagsverð í árslok 2004 skv. 2. mgr. og færa þær til eignar á matsverði þeirra í ársreikningi 2004.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2004 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast fram til 2001 á sama grunni og verðbreytingarstuðull var reiknaður á árunum 1980 til 2001.

Skattaðilar skv. 1. gr. sem eiga eignir í ársbyrjun 2005 sem ber að endurmeta skulu senda skattstjóra með skattframtali 2006 greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Heimilt er að endurmeta eignir sem eru í notkun í ársbyrjun 2005 þótt þær hafi verið gjaldfærðar í undangengnum reikningsskilum ef skattaðili hefði haft rétt til að eignfæra þær og eftir atvikum afskrifa í skattalegu uppgjöri samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, enda eigi ákvæði 4. mgr. ekki við.

Endurmatsbreyting samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til tekna en færist með öðru eigin fé.

Í stað endurmats samkvæmt 2.–4. mgr. er á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok 2001, enda hafi endurmat fyrirtækis á eignum sínum verið sambærilegt endurmati skattalaga. Til frádráttar þannig ákvörðuðu endurmetnu verði reiknast sá hundraðshluti fyrninga sem um getur í 4. gr. ár hvert frá og með kaup- og byggingarári til ársloka 2004. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð.

4. gr.

Fyrningarhlutföll við endurmat.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal við endurmat vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Orkuver, virkjanir, hitaréttindi og vatnsréttindi 1%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr, þrýstivatnspípur, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar 2%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun 4%.
4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum 5%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi 10%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu gilda lágmarksfyrningarhlutföll ákvæðis 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

III. KAFLI

Fyrningar og söluhagnaður.

5. gr.

Fyrningar.

Fyrning mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

1. Orkuver, virkjanir, hitaréttindi og vatnsréttindi að lágmarki 1%, að hámarki 3%.
2. Aðveitustöðvar, spennistöðvar, dreifistöðvar, stöðvarhús, stíflur, inntaksmannvirki, lokuhús, brýr, þrýstivatnspípur, aðveitukerfi, dreifikerfi, dælustöðvar, geymar, aðalæðar, aðveituæðar, stofnæðar, flutningsæðar, inntök, mælagrindur og dælustöðvar að lágmarki 2%, að hámarki 4%.
3. Rafbúnaður í aðveitu- og dreifistöðvum, vegir og ræktun að lágmarki 4%, að hámarki 6%.
4. Búnaður í dælustöðvum, dreifistöðvum og aðveitustöðvum að lágmarki 5%, að hámarki 7%.
5. Kerfisráður, stýrikerfi, stjórnkerfi og álagsstýrikerfi að lágmarki 10%, að hámarki 12%.

Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja skulu gilda ákvæði III. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Fyrningargrunnur eigna samkvæmt þessari grein telst stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. laga þessara.

6. gr.

Söluhagnaður.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna sem hafa verið endurmetnar skv. II. kafla skal framreikna stofnverð þeirra og fyrningar eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er skv. 3. gr. eftir því sem við á.

Þegar eignir sem ekki hafa verið endurmetnar skv. II. kafla eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársins 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

7. gr.
Reglugerð.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga í reglugerð.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2006 vegna tekna á árinu 2005 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Frumvarpið er samið af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði hinn 11. desember 2000 um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina, enda ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna er, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggi við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.

Með frumvarpi þessu eru undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignarskatti felldar niður. Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki skýr. Orkufyrirtæki greiða t.d. tryggingagjald, virðisaukaskatt af rekstrarvörum og ýmis önnur opinber gjöld. Auk þess þarf að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2005 með álagningu árið 2006. Þannig gefst fyrirtækjunum svigrúm til að aðlaga fjárhæðir að skattalegum reglum við uppgjör tekjuskattsstofns og eignarskattsstofns.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt álagningu tekju- og eignarskatts er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara til að gera skattlagningu þeirra sambærilega skattlagningu annarra skattaðila. Ekki þykir þó rétt að taka tillit til afkomu liðinna ára við skattlagningu þeirra nú. Af þeirri ástæðu er þeim t.d. ekki heimil yfirfærsla á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 2004 eða fyrr. Hefur sama regla verið viðhöfð hingað til þegar aðilar sem áður hafa notið skattfrelsis hafa orðið skattskyldir, sbr. t.d. banka, sparisjóði og opinbera fjárfestingarlánasjóði.

Fjárhagslegt mat á áhrifum þessara tillagna á arðsemi orkugeirans er miklum vandkvæðum bundið. Við upphaf skattskyldu þarf að fara fram ákveðið endurmat sem erfitt er að sjá fyrir til hvers leiðir varðandi skattskilin. Skuldsett orkufyrirtæki sem standa í miklum fjárfestingum á næstu árum með tilheyrandi tilkostnaði samhliða hægfara tekjumyndun greiða væntanlega ekki tekjuskatt á næstu árum heldur mynda yfirfæranlegt tap, en orkufyrirtæki

sem safnað hafa upp hagnaði án mikilla fjárfestinga að undanförnu munu væntanlega greiða bæði tekjuskatt og eignarskatt.

Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Þannig liggja ekki fyrir samræmd gögn um reikningsskil fyrirtækjanna og þaðan af síður skattalegt uppgjör. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á fyrnanlegum og ófyrnanlegum eignum sem mun án efa hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu fyrirtækjanna. Áhrif þess endurmats verða hins vegar ekki ljós fyrr en við fyrstu álagningu.

Miklar sveiflur hafa verið í afkomu orkufyrirtækjanna á síðustu árum. Þannig voru fimm af sex stærstu orkufyrirtækjunum rekin með tapi á rekstrarárinu 2001 og á árinu 2000 voru þrjú af fyrirtækjunum sex rekin með tapi. Hins vegar voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með hagnaði á árinu 1999. Miðað við tölur ársins 2001 virðist eiginfjárstaða stærstu orkufyrirtækjanna mjög traust, eða sem nemur nálægt 100 milljörðum króna samkvæmt uppgjöri í ársreikningum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að orkufyrirtæki verði skattskyld til tekjuskatts og eignarskatts með sama hætti og önnur atvinnufyrirtæki. Um skattlagningu skulu gilda öll ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Leiðir þessi regla til þess að orkufyrirtækjum ber að haga uppgjöri til skatts með þeim hætti er skattalög áskilja, m.a. að því er varðar ákvörðun um hvað teljist tekjur og gjöld svo og eignir til fyrninga á komandi árum. Þá eiga almennar reglur um framtalsskil, álagningu, yfirferð og úrskurði við á sama hátt og hjá öðrum lögaðilum. Sama á og við um greiðslu skatta, gjalddaga og innheimtu.

Í greininni er sérstaklega tekið fram að skattskyldan taki til allra orkufyrirtækja, sbr. 2. gr., þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. laga nr. 90/2003. Þá er gert ráð fyrir að skattskylda orkufyrirtækja verði í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2003 og sérákvæði þessa frumvarps varðandi endurmat, fyrningar og ákvörðun söluhagnaðar.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að sé rekstur orkufyrirtækis hluti af starfsemi opinbers aðila skuli bæði rekstur og efnahagur hins skattskylda hluta að fullu bókhaldslega aðgreindur frá annarri starfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er hugtakið orkufyrirtæki skilgreint. Samkvæmt greininni er með orkufyrirtækjum átt við fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni.

Um 3. gr.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt skattlagningu og hafa því ekki hagað bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að fram fari endurmat eigna, jafnt mannvirkja sem lausafjár er mynda fyrningarstofn hjá hinum skattskyldu aðilum. Er þessum atriðum hér skipað á sama hátt og gert var við upptöku verðleiðréttra skattskila með lögum nr. 40/1978 og nr. 7/1980. Einnig eru ákvæði um ákvörðun á söluhagnaði sambærileg ákvæðum í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ljóst er að reikningsskil og framsetning ársreikninga orkufyrirtækja eru á ýmsan hátt frábrugðin reikningsskilum og þeirri framsetningu er við eiga í skattskilum almennra fyrirtækja. Óhjákvæmilegt er að samræma þessi atriði skattalögum og taka tillit til þess að fyrirtækin kunna að hafa haft mismunandi reglur um eignfærslu og fyrningar margvíslegra fjárfestinga á liðnum árum. Ýmsar eignir orkufyrirtækja, t.d. orkuvirki, lagnir og sérhæfður búnaður, eru sérstaks eðlis og án almenns markaðsgildis en eigi að síður er rétt að hefðbundnum aðferðum skattskila sé beitt við ákvörðun á fyrningarverði þeirra og stofnverði til ákvörðunar á söluhagnaði o.s.frv.

Í lok greinarinnar kemur fram að í stað endurmats samkvæmt greininni sé á grundvelli samþykkis ríkisskattstjóra heimilt að nota framreiknað verð eins og það var bókfært í árslok 2001, enda hafi endurmat eigna verið í öllum aðalatriðum sambærilegt endurmati skattalaga. Fram kemur að nánari ákvæði um framkvæmd málsgreinarinnar skuli sett í reglugerð.

Um 4. gr.

Í greininni eru tilgreind fyrningarhlutföll vegna endurmats. Fyrningarflokkana er ekki að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um fyrningu annarra eigna orkufyrirtækja við endurmat skulu lágmarksfyrningarhlutföll ákvæðis 37. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að línulegar fyrningar gildi um endurmat eigna, sem er í raun í samræmi við ákvæði skattalaga sem giltu á fyrningartímanum.

Um 5. gr.

Í greininni eru tilgreind fyrningarhlutföll tiltekinna eigna sem ekki er að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Um fyrningar annarra eigna orkufyrirtækja skulu ákvæði III. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda eftir því sem við á. Fyrningargrunnur eigna skal teljast stofnverð þeirra að teknu tilliti til endurmats skv. 3. gr. frumvarpsins. Í því felst að fyrningar samkvæmt ákvæðinu verða línulegar með sama hætti og gildir um aðrar eignir en lausafé samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt en fyrningar lausafjár verða stiglækkandi, sbr. 2. mgr. 36. gr. skattalaga.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem hafa verið endurmetnar skv. II. kafla, skuli stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er skv. 3. gr. eftir því sem við á. Hafi eignir sem ekki hafa verið endurmetnar skv. II. kafla verið seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársloka 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði. Verðbólguleiðréttingar voru afnumdar í skattalögum frá og með árinu 2002.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en gera verður ráð fyrir að fjármálaráðherra eigi þess kost að útfæra í reglugerð nánar ýmsa þætti er snerta framkvæmd og fyrirkomulag skattlagningarinnar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af lögum á sviði orkumála sem afgreidd voru á vorþingi árið 2003 og leiða munu til breyttrar skipunar á vinnslu, flutningi, dreifingu og sölu á raforku og eftirliti með þeirri starfsemi. Í tengslum við þær breytingar er í þessu frumvarpi lagt til að undanþágur sem orkufyrirtæki hafa haft frá því að greiða tekjuskatt og eignarskatt verði felldar niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að skattskyldan hefjist á rekstrarárinu 2005 og að álagning fari fram á árinu 2006. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs en afar erfitt er að áætla hvaða tekjum þessi skattlagning muni skila. Reikningsskil orkufyrirtækja hafa á ýmsan hátt verið með öðrum hætti en tíðkast í skattskilum almennra fyrirtækja, sérstaklega varðandi eignamat og fyrningar. Samræmd gögn um skattalegt uppgjör fyrir orkufyrirtækin liggja því ekki fyrir. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á mannvirkjum og öðrum eignum sem mun hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu þessara fyrirtækja. Varla er hægt að reikna með verulegum tekjuskatti frá fyrirtækjum í þessum geira í næstu framtíð ef tekið er mið af afkomu þeirra um langt árabil. Skuldsett orkufyrirtæki sem leggja í mikinn tilkostnað við fjárfestingar á komandi árum samhliða hægfara vexti í tekjustreymi munu væntanlega ekki greiða tekjuskatt um hríð, heldur mynda yfirfæranlegt rekstrartap. Orkufyrirtæki sem skila hagnaði án mikilla fjárfestinga á undanförnum árum mundu hins vegar líklega greiða tekjuskatt. Í sambandi við eignarskatt þarf að hafa í huga að skatthlutfallið hefur verið lækkað niður í 0,6% samkvæmt gildandi lögum og að áform eru um að afleggja eignarskatt á næstu árum.

Orkuiðnaðurinn er samsettur úr frekar fáum fyrirtækjum og er gert ráð fyrir að álagning og innheimta skatta vegna þeirra verði með sama hætti og vegna annarra fyrirtækja. Ekki er því ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á útgjöld skattkerfisins.

1834. Svar [589. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um starfslokasamninga.

1. *Hvernig skýrir ráðherra misræmi milli fjölda starfslokasamninga á vegum hins opinbera í svari hans í þingskjali 854 (299. mál) og svari forsætisráðherra í þingskjali 832 frá 127. þingi (396. mál)?*

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrirspyrjanda um starfslokasamninga sl. 10 ár, sem lagt var fram fyrr á þessu þingi í þingskjali 854 (299. mál), var greint frá alls 46 starfslokasamningum sem gerðir voru á umræddu árabili við yfirmenn stofnana á vegum hins opinbera og starfsmenn í stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera. Í eldra svari forsætisráðherra við fyrirspurn um starfslokasamninga, sem lagt var fram á 127. þingi í þingskjali 832 (396. mál), var greint frá alls 285 starfslokasamningum sem gerðir voru á tímabilinu 1995–2002 við starfsmenn ráðuneyta, stofnana ríkisins og fyrirtækja sem ríkið átti meiri hluta í. Í svari forsætisráðherra kom fram að af þessum 285 starfslokasamningum væru 77 samningar sem fælu í sér

greiðslur umfram það sem kveðið er á um í lögum um starfsmenn ríkisins eða kjarasamningum.

Misræmið milli fjölda starfslokasamninga í svari fjármálaráðherra annars vegar og svari forsætisráðherra hins vegar stafar af því að fyrirspurnirnar eru ekki alveg sambærilegar. Það sem skilur einkum á milli eru eftirfarandi atriði:

a. Fyrirspurnin sem fjármálaráðherra fékk takmarkaðist við yfirmenn stofnana á vegum hins opinbera og starfsmenn í stjórnunarstöðum. Fyrirspurnin til forsætisráðherra náði aftur á móti til allra starfsmanna, jafnt yfirmanna sem annarra.
b. Fyrirspurnin til fjármálaráðherra beindist samkvæmt orðanna hljóðan að stofnunum á vegum hins opinbera og tók því einungis til ráðuneyta og undirstofnana þeirra en ekki hlutafélaga eða annars konar félaga ríkisins einkaréttarlegs eðlis. Samkvæmt skýru orðalagi sínu tók fyrirspurnin til forsætisráðherra aftur á móti til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja (hlutafélaga) sem ríkið átti meiri hluta í.
c. Fyrirspurnin sem fjármálaráðherra fékk tók yfir 10 ára tímabil. Miðað var við ársbyrjun 1994 til og með vinnsludegi hvers ráðuneytis, þ.e. í árslok 2003 eða ársbyrjun 2004. Fyrirspurnin til forsætisráðherra náði til áranna 1995–2002, þ.e. væntanlega frá ársbyrjun 1995 til vinnsludags hvers ráðuneytis en svarið var lagt fram á Alþingi í febrúar 2002.
d. Auk framangreindra atriða kann misræmið einnig að felast í því að hugtakið starfslokasamningur er ekki skýrt. Það er t.d. oft notað um samninga sem gerðir eru í tengslum við niðurlagningu starfs án þess að endilega sé samið um greiðslur umfram réttindi þau er viðkomandi á, þ.e. einkum biðlaunarétt eða rétt til uppsagnarfrests auk orlofs. Þá eru dæmi þess að samið sé um starfslok í tilteknu starfi samhliða því sem gerður er tímabundinn ráðningarsamningur fyrir tiltekna vinnu eða ákveðin verkefni.

2. *Hvernig skiptast þeir 77 starfslokasamningar sem getið er um í svari forsætisráðherra milli karla og kvenna?*

Við undirbúning á svari við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar var haft samband við forsætisráðuneytið og aflað upplýsinga um það hvernig nefndir 77 starfslokasamningar skiptust milli ráðuneyta. Að fengnum þeim upplýsingum var leitað til hlutaðeigandi ráðuneyta. Samkvæmt upplýsingum frá þeim skiptust samningarnir milli karla og kvenna eftir ráðuneytum eins og segir í eftirfarandi töflu:

Ráðuneyti	samningar alls	karlar	konur
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3	2	1
Fjármálaráðuneyti	2	1	1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20	10	10
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	14 (–3)*	6	4
Landbúnaðarráðuneyti	5 (–1)**	4	
Menntamálaráðuneyti	10	7	3
Samgönguráðuneyti	17	15	2
Sjávarútvegsráðuneyti	1	1	

Ráðuneyti	samningar alls	karlar	konur
Umhverfisráðuneyti	4	4	
Utanríkisráðuneyti	1	1	
	73***	51	21

* Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu virðist við nánari athugun sem þrír samningar hafi ranglega verið taldir með í fyrri svörum.
** Samkvæmt upplýsingum frá landbúnaðarráðuneytinu er einn af nefndum samningum í reynd tilflutningur embættismanns í starfi og því ekki hægt að flokka hann sem starfslokasamning.
*** Í svari frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er kyn ekki tilgreint í einu tilviki.

3. *Hvað kostuðu þessir starfslokasamningar hver og einn, sundurliðað eftir kynjum?*

Upplýsingar um kostnað starfslokasamninga er ekki hægt að nálgast í launavinnslukerfi ríkisins eða með öðrum rafrænum hætti. Því var nauðsynlegt að leita til hlutaðeigandi ráðuneyta eftir upplýsingum í þessum efnum sundurliðað eftir kynjum. Fjármálaráðuneytið gaf eftirfarandi leiðbeiningar varðandi framsetningu upplýsinga og útreikninga:

- Taka fram hvort um karl eða konu sé að ræða.
- Greina frá starfsheiti með almennum hætti en ekki sértækum.
- Greina frá ártali og gildistíma samnings, þ.e. fjölda greiðslumánaða þegar það á við.
- Sleppa launatengdum gjöldum.
- Miða við kauptaxta hvers tíma (launatöflur er hægt nálgast hjá Fjársýslu ríkisins).
- Taka fram hvort og þá hve stór hluti kostnaðar sé áunnið og gjaldfallið orlof.

Frá ráðuneytunum bárust upplýsingar um kostnað vegna starfslokasamninganna sundurliðað eftir kynjum en frekari upplýsingar voru settar fram með mismunandi hætti. Athygli er vakin á því að sumir samninganna fólu í sér greiðslu gjaldfallins orlofs. Þá var kveðið á um vinnuframlag í sumum tilvikum, ýmist tilfallandi verkefni, sérstök verkefni/ráðgjöf eða jafnvel fullt vinnuframlag. Fara upplýsingar ráðuneytanna hér á eftir:

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Um er að ræða þrjá starfslokasamninga, tvo samninga við karla og einn við konu. Kostnaður vegna þeirra sundurliðað eftir kynjum var:

1. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Tímabil frá 1. janúar 2000 til 1. mars 2001. Kostnaður: 3.701.178 kr.
2. Kona. Sérfræðingur í undirstofnun. Tímabil frá 1. febrúar 2000 til 1. júní 2000. Kostnaður: 986.674 kr.
3. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Tímabil frá 1. júní 2000 til 1. september 2000. Kostnaður: 781.629 kr.

Fjármálaráðuneyti.

Um er að ræða tvo samninga, annan við karl og hinn við konu. Kostnaður vegna þeirra sundurliðað eftir kynjum var:

1. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Gildistími frá og með 1. janúar 2001 til og með 30. september 2001. Kveðið var á um sérstaka ráðgjöf og/eða verkefni samkvæmt nánari ákvörðun á tímabilinu. Laun voru 4.391.343 kr.
2. Kona. Yfirmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. maí 1999 til og með 31. október 1999. Laun voru 2.299.464 kr. Þar af voru 36,5 dagar í gjaldfallið orlof.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Um er að ræða 20 starfslokasamninga, tíu samninga við karla og tíu við konur. Heil-

brigðis- og tryggingamálaráðuneyti vannst ekki tími til að afla gagna og reikna út kostnað allra samninganna. Eftirfarandi upplýsingar bárust:

1. Kona. Yfirmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. janúar 2001 til og með 31. desember 2001. Laun 7.452.508 kr. Þar af 1.064.644 kr. í gjaldfallið orlof.
2. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Tímabil frá og með 1. janúar 2002 til og með 31. mars 2002. Laun 1.266.472 kr.
3. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Tímabil frá og með 1. maí 2000 til og með 30. apríl 2001 Laun 4.500.000 kr.
4. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Laun í þrjá mánuði og 20 daga, þ.e. þar til 67 ára aldri var náð.
5. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. ágúst 1998 til og með 30. september 1999. Laun í ellefu mánuði.
6. Kona. Forstöðumaður undirstofnunar. Tímabil frá og með 1. júní 1999 til og með 31. maí 2000. 50% laun í tólf mánuði.
7. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Engar frekari upplýsingar.
8. Kona. Yfirmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. október 2000 til og með 30. september 2001. Laun 1.795.694 kr.
9. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. maí 2001 til og með 31. maí 2002. Laun 8.229.087 kr. Þar af 949.510 kr. gjaldfallið orlof.
10. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Laun í einn mánuð.
11. Kona. Sérfræðingur í undirstofnun. Greidd laun í tólf mánuði.
12. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Greidd laun í átta mánuði.
13. Kona. Yfirmaður í undirstofnun. Engar frekari upplýsingar.
14. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Greidd laun í sex mánuði á árinu 1994. Laun 1.201.816 kr.
15. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. október 1998 til og með 30. apríl 1999. Greidd laun í sex mánuði.
16. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 14. september 2001 til og með 13. mars 2002. Greidd laun í sex mánuði.
17. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 4. apríl 2000 til og með 31. mars 2001. Greidd laun í tólf mánuði.
18. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. janúar 2002 til og með 31. ágúst 2002. Greidd laun í átta mánuði.
19. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 10. ágúst 1999 til og með 29. febrúar 2000. Greidd laun í átta mánuði.
20. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Engar frekari upplýsingar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið virðist vera um 11 samninga að ræða. Þar af eru sex samningar við karla og fjórir samningar við konur. Af þessum 11 samningum voru sjö sem gerðir voru í tilefni af flutningi undirstofnunar út á land. Í fimm þeirra var samið greiðslur er námu biðlaunarétti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er umdeilanlegt hvort um niðurlagningu starfa sé að ræða í slíkum tilvikum og því má færa rök fyrir því að þessir samningar hafi falið í sér greiðslur umfram það sem viðkomandi áttu rétt á. Í hinum tveimur samningunum var samið um greiðslur í þrjá mánuði gegn fullu vinnuframlagi. Ekki bárust upplýsingar um kostnað framangreindra samninga. Þá tókst ekki að afla upplýsinga um kyn

og nákvæman kostnað við einn samninginn. Viðkomandi vann á vegum fyrirtækis sem ríkið átti meiri hluta í. Umrætt fyrirtæki er ekki lengur í eigu ríkisins. Það gerði starfslokasamning við viðkomandi um fjögurra mánaða laun auk hefðbundins uppsagnarfrests.

Upplýsingar bárust um kostnað vegna þriggja samninga við karla.

1. Karl. Yfirmaður í ráðuneyti. Greidd laun í átján mánuði frá starfslokum árið 1999. Greiðslur að meðtöldum launatengdum gjöldum og lífeyrisgreiðslum voru 6.918.612 kr.
2. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Greidd laun í tíu mánuði frá starfslokum árið 1999. Greiðslur að meðtöldum launatengdum gjöldum voru 4.491.661 kr.
3. Karl. Forstöðumaður í undirstofnun. Greidd laun í tólf mánuði frá starfslokum árið 1999. Hann sinnti sérverkefnum á tímabilinu. Heildarlaunagreiðslur voru 9.700.000 kr.

Landbúnaðarráðuneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá landbúnaðarráðuneyti var einn af nefndum samningum í reynd tilflutningur í starfi og því ekki hægt að telja hann með starfslokasamningum. Eftir standa fjórir samningar við karla. Kostnaður vegna þeirra var:

1. Karl. Yfirmaður í ráðuneytinu. Tímabil 1. janúar 1995 til 21.7.1997. Starfsmaður starfaði á öllu tímabilinu. Kostnaður samtals 10.480.017 kr.
2. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Tímabil 1. september 1999 til 31. desember 2001. Starfsmaður vann við sérverkefni á tímabilinu. Kostnaður samtals 5.684.064 kr.
3. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Tímabil 19. janúar 2001 til 31. desember sama ár. Kostnaður samtals 1.450.000 kr.
4. Karl. Yfirmaður í ráðuneytinu. Tímabil 1. september 2000 til 31. desember 2001. Starfsmaður vann að sérverkefnum allt tímabilið. Kostnaður samtals 2.010.651 kr.

Menntamálaráðuneyti.

Um er að ræða tíu starfslokasamninga, sjö samninga við karla og þrjá við konur. Kostnaður vegna þeirra sundurliðað eftir kynjum var:

1. Karl. Starfsmaður í ráðuneyti. Tímabil frá og með 1. apríl 2000 til og með 31. desember 2000. Laun 1.557.570 kr.
2. Kona. Starfsmaður í ráðuneyti. Tímabil frá og með 1. febrúar 2001 til og með 1. ágúst 2002. Laun 3.570.122 kr.
3. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Tímabil frá og með 1. apríl 2000 til og með 31. mars 2002. Laun 9.402.910 kr. Þar af 877.412 kr. í gjaldfallið orlof.
4. Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Tímabil frá og með 1. júní 2001 til og með 31. desember 2002. Laun 8.304.357 kr.
5. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. október 1997 til og með 31. mars 1999. Laun 2.842.819 kr.
6. Kona. Starfsmaður í undirstofnun ráðuneytis. Tímabil frá og með 1. apríl 2001 til og með 30. apríl 2002. Laun 1.768.623 kr.
7. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. janúar 2002 til og með 31. desember 2002. Laun 2.851.299 kr.
8. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. júní 1999 til og með 31. maí 2001. Laun 3.978.167 kr.
9. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. ágúst 2001 til og með 30. september 2001. Laun 440.625 kr. Þar af 180.239 kr. í gjaldfallið orlof.
10. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Tímabil frá og með 1. september 2001 til og með 31. október 2002. Laun 3.732.106 kr.

Samgönguráðuneyti.

Um er að ræða 17 starfslokasamninga, 15 samninga við karla og tvo við konur. Kostnaður vegna þeirra sundurliðað eftir kynjum var:

1. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. janúar 2001 til og með 30. september 2004. Laun frá upphafi samnings út maí 2004 19.792.283 kr.
2. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. september 2001 til og með 31. mars 2002. Laun 2.586.053 kr.
3. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. september 2001 til og með 31. ágúst 2002. Laun 3.257.300 kr.
4. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. apríl 2001 til og með 31. mars 2002. Laun 4.500.000 kr.
5. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. janúar 1997 til og með 31. ágúst 1999. Laun 5.886.372 kr.
6. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. september 2000 til og með 31. ágúst 2002. Laun 6.180.005 kr. Þar af gjaldfallið orlof 248.341 kr.
7. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. ágúst 2001. Laun 3.050.339 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
8. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. ágúst 2001. Laun 3.330.870 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
9. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. ágúst 2001. Laun 3.212.449 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
10. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. ágúst 2001. Laun 3.180.630 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
11. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. desember 2000. Laun 1.041.366 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
12. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 2000 til og með 31. ágúst 2001. Laun 2.729.049 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30 dagar.
13. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 1999 til og með 31. desember 2000. Laun 1.316.894 kr. Þar af gjaldfallið orlof 30,5 dagar.
14. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. desember 2001 til og með 31. nóvember 2002. Laun 3.337.670 kr. Þar af gjaldfallið orlof 66,5 dagar.
15. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 1999 til og með 31. maí 2000. Laun 1.391.663 kr.
16. Kona. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. júní 1999 til og með 31. maí 2000. Laun 1.345.328 kr. Þar af gjaldfallið orlof 22 dagar.
17. Karl. Starfsmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. janúar 1999 til og með 31. júní 1999. Laun 907.367 kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Um er að ræða einn starfslokasamning við karl. Kostnaður vegna samningsins var:

Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. október 2001 til 31. desember 2002. Laun 4.904.475 kr.

Umhverfisráðuneyti.

Um er að ræða fjóra starfslokasamninga við karla. Kostnaður vegna þeirra var:

1. Karl. Yfirmaður undirstofnunar. Gildistími frá og með 1. janúar 2000 til og með 31. desember 2003. Laun 9.000.000 kr.

2. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 20. júní 2003 til og með 31. mars 2003. Laun 3.300.000 kr. Þar af gjaldfallið orlof fyrir um að það bil 42 daga.
3. Karl. Yfirmaður í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. mars 1999 til og með 30. júní 1999. Laun 1.390.582 kr. Þar af gjaldfallið orlof 619.606 kr.
4. Karl. Sérfræðingur í undirstofnun. Gildistími frá og með 1. mars 1999 til og með 30. júní 1999. Laun 1.695.409 kr. Þar af gjaldfallið orlof 219.593 kr.

Utanríkisráðuneyti.

Um er að ræða einn starfslokasamning við karl. Kostnaður vegna samningsins var:

Karl. Forstöðumaður undirstofnunar. Gildistími frá og með 1. apríl 1999 til og með 31. ágúst 1999. Laun 2.820.694 kr.

1835. Svar [895. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um fjarnám á háskólastigi.

Leitað var eftir upplýsingum til þeirra skóla menntamálaráðuneytisins á háskólastigi sem bjóða upp á fjarnám. Haft var samband við fimm skóla þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst sem gáfu eftirfarandi upplýsingar. Skráning fjarnemenda er ekki með sama hætti í öllum skólunum fimm og kaus Háskóli Íslands að svara öllum spurningunum með greinargerð sem er látin fylgja í heild sinni aftast.

1. *Hve margir eru í fjarnámi á háskólastigi á þessu skólaári, sundurliðað eftir skólum og námsleiðum innan hvers skóla? Hvernig skiptist nemendafjöldi hverrar námsleiðar hvers skóla eftir landshlutum miðað við lögheimili nemenda?*

Nemendur sem skráðir voru í fjarnám á þessu skólaári voru samtals 2.025. Fjarnemendur HR, KHÍ, VHB og HA (1.899) skiptust eftir landshlutum á eftirfarandi hátt. Nemendur HÍ eru 126 en þeir eru ekki hluti af þessum tölum:

	Fjöldi	**Hlutfall**
Höfuðborgarsvæðið	757	39,9%
Suðurnes	100	5,3%
Vesturland	122	6,5%
Vestfirðir	100	5,3%
Norðurland vestra	127	6,7%
Norðurland eystra	238	12,5%
Austurland	177	9,3%
Suðurland	191	10,1%
Erlendis	87	4,6%

Í töflunni hér á eftir er frekari sundurliðun eftir námsleiðum og skólum. Sjá einnig töflu þar sem fram kemur hlutfall nemenda í fjarnámi af heildarfjölda nemenda árið 2003, sundurliðað eftir landshlutum.

Fjarnemendur eftir námsleiðum og skólum.

	Hb.sv.	S.n.	Vl.	Vf.	Nl. v.	Nl. e.	Al.	Sl.	Útl.	Samt.
Háskólinn í Reykjavík										
	30	4	0	5	2	3	3	1	3	**51**
HR alls:	**30**	**4**	**0**	**5**	**2**	**3**	**3**	**1**	**3**	**51**
Kennaraháskólinn										
Grunndeild										
	151	42	33	22	23	26	36	65	17	**415**
	39	7	11	3	1	3	2	8	2	**76**
	27	0	2	4	2	1	1	5	1	**43**
	56	14	12	7	6	6	7	20	3	**131**
	40	6	2	2	6	2	2	3	2	**65**
	20	5	6	2	3	13	3	10	0	**62**
	4	1	1	1	2	2	0	1	0	**12**
Framhaldsdeild, Dipl.Ed.-nám (15 eða 30 ein)										
	42	0	0	0	3	3	2	2	1	**53**
	12	0	1	1	0	1	0	2	0	**17**
	15	2	0	0	0	1	0	0	1	**19**
	11	2	2	2	1	2	1	5	0	**26**
	5	1	3	0	0	2	0	2	0	**13**
	41	3	3	4	1	4	4	2	0	**62**
	46	8	5	3	3	3	8	7	1	**84**
	7	0	1	2	0	0	0	1	1	**12**
	30	1	1	2	0	2	1	4	0	**41**
	12	0	0	0	0	0	0	3	0	**15**
M.Ed.-nám í uppeldis- og menntunarfræði (60 ein)	53	3	6	2	2	8	4	8	5	**91**
Ph.D.-nám í uppeldis- og menntunarfræði (90 ein)	3	0	0	0	0	1	1	0	2	**7**
KHÍ alls:	**614**	**95**	**89**	**57**	**53**	**80**	**72**	**148**	**36**	**1244**
Bifröst										
	46		4	2					2	**54**
	13		5	2		1		2		**23**
Bifröst alls:	**59**	**0**	**9**	**4**	**0**	**1**	**0**	**2**	**2**	**77**
Háskólinn á Akureyri										**0**
	1						1		1	**3**
	2		1	1				1		**5**
			1	1			2	2		**6**
	1		1	1		12	1	1	4	**21**
						3	1			**4**
	7				7	10	19	4	17	**64**
					21	2	11			**34**
	15		8	9	12	58	22	9	12	**145**
	28	1	13	22	32	69	45	23	12	**245**
HA alls:	**54**	**1**	**24**	**34**	**72**	**154**	**102**	**40**	**46**	**527**
Háskóli Íslands										
										10
										3
										3
										42
										20
										10
										5
										8
										7
										18
HÍ alls:	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**126**
	Hb.sv.	**S.n.**	**Vl.**	**Vf.**	**Nl. v.**	**Nl. e.**	**Al.**	**Sl.**	**Útl.**	**Samt.**
Fjarnemendur alls:	**757**	**100**	**122**	**100**	**127**	**238**	**177**	**191**	**87**	**2025**

Nemendur eftir háskólum og landshlutum, 2003.

Tölur Hagstofu Íslands 25.05.04

	Höfuðborgar-svæðið	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Suður-land	Erlendis	Alls
Háskóli Íslands										
Dagskóli	7.107	215	202	94	121	304	164	362	170	8.739
Fjarnám	3	0	1	3	3	5	3	2	0	20
Háskólinn á Akureyri										
Dagskóli	80	6	15	15	24	626	35	15	6	822
Fjarnám	173	71	48	37	36	36	51	107	7	566
Háskólinn í Reykjavík										
Dagskóli	701	26	15	7	15	26	24	20	5	839
Fjarnám	34	4	1	7	3	4	2	4	2	61
Kennaraháskóli Íslands										
Dagskóli	684	43	21	12	13	38	19	45	6	881
Fjarnám	590	95	84	57	58	79	70	146	28	1.207
Viðskiptaháskólinn á Bifröst										
Dagskóli	105	13	101	10	8	11	5	16	2	271
Fjarnám	62	3	13	4	1	2	0	1	3	89
Dagskólar alls	*8.634*	*293*	*266*	*132*	*174*	*996*	*242*	*443*	*190*	*11.370*
Fjarnám alls	*862*	*173*	*147*	*108*	*101*	*126*	*126*	*260*	*40*	*1.943*
Samtals	**9.496**	**466**	**413**	**240**	**275**	**1122**	**368**	**703**	**230**	**13.313**
Hlutfall fjarnáms-nemenda af heild	9%	37%	36%	45%	37%	11%	34%	37%	17%	15%

Af nemendum þeirra fimm skóla þar sem fjarnám var í boði árið 2003 voru 15% nemenda skólanna skráðir í fjarnám. Hæsta hlutfall fjarnemenda af heildarfjölda nemenda hvers landshluta í skólunum fimm er á Vestfjörðum, 45%, en ef horft er á fjölda fjarnemenda þá eru þeir flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 862.
Í tölum frá Háskóla Íslands eru fjarnámsnemendur vantaldir (sjá skýringar í greinargerð skólans).

2. *Hve margir sóttu um fjarnám í haust og hve mörgum þurfti að synja um fjarnám, hvort tveggja sundurliðað eftir námsleiðum, skólum og landshlutum miðað við lögheimili umsækjenda?*

Svör skólanna má sjá í eftirfarandi töflu:

Umsóknir um fjarnám og synjanir.

Háskólinn á Akureyri	Haustið 2003 skráðu sig 552 nemendur í fjarnám. Engum var hafnað en 25 af þeim nemendum sem voru skráðir ýmist hættu eða hófu ekki í nám. Skipting þeirra eftir landshlutum er eftirfarandi: Höfuðborgarsvæðið 6, Austurland 4, Norðausturland 1, Suðurnes 7, Suðurland 3, Vestfirðir 1, Vesturland 3.
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	Allir nemendur voru teknir inn í BS-námið en 37 sóttu um meistaranám og 24 voru teknir inn.
Háskólinn í Reykjavík	52 umsóknir bárust um fjarnám í kerfisfræði haustið 2003. 46 umsóknir voru samþykktar og 32 umsækjendur skiluðu sér í nám um haustið. Sundurliðun umsækjenda var eftirfarandi: Austurland 1, Höfuðborgarsvæðið 27, Norðurland 4, Suðurnes 8, Suðurland 4, Vestfirðir 4, Vesturland 2, lögheimili erlendis 2.
Kennaraháskóli Íslands	Skólinn synjaði engum um inngöngu í fjarnám haustið 2003.
Háskóli Íslands	Sjá greinargerð skólans.

3. *Hver eru áform skólanna um framboð á fjarnámi á næstu árum og hver er spá þeirra um aðsókn?*
   Svör skólanna má sjá í eftirfarandi töflu:

Háskólinn á Akureyri	Framboð skólans í fjarkennslu verður óbreytt næsta skólaár. Þess ber að geta að fjarnám í hjúkrunarfræði verður aðeins í boði fyrir nýnema á Vestfjörðum (Ísafirði) haustið 2004. Ekki er hægt að fullyrða um nemendatölur en þó liggur fyrir að 11 nemendur hafa skráð sig í nám í hjúkrunarfræði á Vestfjörðum.
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	Viðskiptaháskólinn hefur sl. sex ár staðið fyrir fjarnámi til BS-gráðu í viðskiptafræði. Meistaranám skólans, sem hófst sl. sumar, er einnig hægt að taka í fjarnámi og sér skólinn þar mikla möguleika til vaxtar. Sem fyrr sagði voru 24 nemendur teknir inn í meistaranám sl. ár en reiknað er með að meistaranemar í ár verði um 75. Þá hefur skólinn einnig byggt upp starfstengt nám í fjarnámi, til verslunarstjórnunar í samstarfi við SVÞ og rekstrarnám fyrir konur í atvinnurekstri, „Máttur kvenna", í samstarfi við Byggðastofnun. Einnig á þessi sviði gerir skólinn ráð fyrir verulegum vexti næstu missirin.
Háskólinn í Reykjavík	Fjarnám í tölvunarfræði verður áfram í boði við HR. Skólinn hefur sett sér það markmið að bjóða upp á nýtt fjarnám, mögulega á sviði kennslufræði haustið 2005. Endanleg ákvörðun hefur þó ekki verið tekin á þessu stigi málsins. Ekki er gert ráð fyrir að umsóknum fjölgi í fjarnám í kerfisfræði næstu tvö árin. Má fastlega búast við því að 40–50 nemendur stundi fjarnám næstu missirin
Kennaraháskóli Íslands	Í samningi skólans og menntamálaráðuneytisins er eftirfarandi ákvæði: KHÍ vinnur að því, eftir því sem fjármunir og aðstæður leyfa, að bæta aðgengi fólks sem búsett er utan höfuðborgarsvæðisins að menntun, m.a. með starfsemi landsbyggðarsetra sinna og samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Nýting upplýsingatækni í kennslu er mikilvægur þáttur í háskólastarfi og mun KHÍ nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni svo sem kostur er í starfsemi sinni, með það að markmiði að bæta kennslu og þjónustu og skapa ný menntunartækifæri. Mun KHÍ eiga samvinnu við aðrar menntastofnanir í þessu skyni.
Háskóli Íslands	Sjá greinargerð skólans.

Hér er svar Háskóla Íslands í heild:

Greinargerð vegna upplýsinga um fjölda nemenda við Háskóla Íslands sem stunda fjarnám.

Unnið er að endurbótum á nemendakerfi og skráningu fjarnema en eins og sakir standa er ýmsum vankvæðum bundið að hafa nákvæmar tölur á takteinum. Hluti þess vanda verður leystur með breytingum á hugbúnaði og skráningu en að öðru leyti gæti verið um viðvarandi óvissu að ræða. Fullyrða má að þær tölur sem liggja fyrir um fjölda fjarnema á síðustu tveimur missirum eru vanmat eins og ráða má af frekari skýringum.

Nemendaskráning.

Það er mismunandi eftir skorum hvort fjar- og staðnemum er haldið aðskildum í námskeiðum. Það er einnig mismunandi hvort fjarnemendum er kennt sérstaklega eða hvort þeir eru þátttakendur í sömu dagskrá og staðnemar. Þegar fjarnemum er kennt sérstaklega eru stofnuð sérstök námskeiðsnúmer fyrir þá og því hægur vandi að henda reiðu á hverjir þeir eru. Í öðrum tilvikum eru nemendur skráðir í sömu námskeið og staðnemar og því engin leið að taka þá úr úr hópnum. Margir staðnemar hafa lögheimili á landsbyggðinni og því gefur heimilisfang ekki gagnlegar upplýsingar í þessu tilliti. Í sumar verður bætt í nemendakerfi möguleikum til að merkja fjarnema og tengja þá þjónustuaðila í heimabyggð. Auk þess er framundan vinna í samstarfi kennslumiðstöðvar HÍ og fulltrúa símenntunarmiðstöðva þar sem m.a. verður farið yfir hvernig þessir aðilar muni halda saman þessum upplýsingum í framtíðinni.

Mismunandi áherslur í þróun fjarnáms.

Háskóli Íslands hefur lagt mikla áherslu á tæknivæðingu skólastarfsins og m.a. aukna netþjónustu. Ugla – upplýsingakerfi HÍ hefur hraðað mjög þessari þróun og nú er svo komið að netþjónusta hefur stóraukið möguleika fólks á að stunda nám við skólans án þess að sitja allar kennslustundir. Í flestum námskeiðum er ekki mætingarskylda og því er hægur vandi að stunda fjarnám við skólann án þess að upplýsa stofnunina um það.

Dæmi um hvernig þessi þróun getur gengið fyrir sig er framboð enskuskorar á fjarnámi í ensku til 30 eininga. Þar er unnið út frá þeirri hugmynd að efnisgerð vegna fjarkennslu, myndbandsupptökur úr kennslustundum o.fl. skuli vera aðgengilegt og nýtast öllum nemendum óháð búsetu. Fyrir utan vinnulotu í HÍ við upphaf haustmissiris, sem fjarnemum er gert að sækja, er ekki gerður greinarmunur á fjar- og staðnemum. Kennarar búast þó við, eðli málsins samkvæmt, að sjá fjarnema sjaldnar í tímum og þurfa oftar að greiða úr þeirra málum með tölvupósti eða símtölum auk þess sem gera þarf ráð fyrir próftöku utan háskólalóðarinnar. Að öðru leyti snertir búseta nemenda skólann ekki neitt. Vonir standa til að með bættri skráningu og samvinnu við símenntunarmiðstöðvar muni þó vera hægt að hafa á hverjum tíma nokkuð áreiðanlegar upplýsingar um fjölda fjarnema. Minnkandi munur á vinnubrögðum í fjarkennslu og staðkennslu mun þó væntanlega halda áfram að flækja þessa mynd og e.t.v. gera aðgreiningu á þessu tvennu merkingarlausa.

„Óformlegt" fjarnám.

Ein stærð í þessari þróun er illviðráðanleg. Hún er fjöldi þeirra nemenda sem skráðir eru í námskeið sem ekki eru skipulögð sem fjarnám og sækja ekki tíma. Með aukinni netþjónustu og nútímasamskiptum verður sífellt auðveldara að fylgjast með og taka þátt í námskeiðum án þess að mæta í fyrirlestra eða aðrar kennslustundir. Það er augljóst að kennarar sem kenna hópum þar sem nemendur skipta hundruðum geta ekki haft eftirlit með því hvaða einstaklingar sitja námskeið og því engin leið að vita hvort nemandi sem ekki mætir í gefinn tíma sé búsettur á Ísafirði eða í Kópavogi eða hvort hann muni mæta í næsta tíma eða e.t.v. alls engan. Hægur vandi er að finna dæmi um nemendur af þessu tagi en hins vegar er ekki eins hægt um vik að hafa nákvæmt yfirlit yfir fjölda eða dreifingu slíkra fjarnema um landið, eða heiminn. Með aukinni netþjónustu í námskeiðum má gera ráð fyrir að þessi hópur „óformlegra" fjarnema muni stækka verulega.

Fjármagn, þróunarkostnaður.

Þótt skoðanir á raunkostnaði við fjarkennslu séu skiptar er ekki um það deilt að þróun slíkrar kennslu kostar peninga. Háskóli Íslands hefur varið töluverðu fé til að styrkja fjarkennslu á undanförnum árum, m.a. að frumkvæði rektors. Svigrúm skólans til að leggja fé í þróunina er hins vegar takmarkað. Nú eru fjárveitingar til skólans takmarkaðar við ákveðinn fjölda nemenda samkvæmt kennslusamningi við menntamálaráðuneytið. Því er ljóst að hvatinn fyrir einstakar deildir og skorir til að ráðast í þróun fjarkennslu gæti orðið enn minni en verið hefur undanfarin ár.

1836. Svar [908. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað nemenda við fjarnám og staðnám.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er kostnaður nemenda við fjarnám á þessu skólaári, þ.m.t. ferðakostnaður, sundurliðað eftir skólum og eftir námi á framhaldsskólastigi og háskólastigi?*
2. *Hver er kostnaður nemenda við staðnám á þessu skólaári, sundurliðað á sama hátt?*

Leitað var eftir svari til þeirra skóla sem bjóða upp á fjarnám á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Níu skólar á framhaldsskólastigi bjóða nám í fjarkennslu, þó mismikið. Skólarnir eru: Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Iðnskólinn í Reykjavík, Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn á Húsavík, Menntaskólinn í Kópavogi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Fimm skólar á háskólastigi bjóða upp á fjarnám: Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands.

Hér á eftir fara svör skólanna við fyrirspurninni.

Framhaldsskólar, kostnaður nemenda við fjarnám.

Skóli	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Innritunargjald, 4.250 kr., greiða einungis þeir nemendur sem skráðir eru í 9 einingar eða fleiri. Allir nemendur greiða kennslugjald við innritun, 4.300–5.000 kr. fyrir hverja einingu samkvæmt gjaldskrá skólans. Almennt gildir að þeir nemendur sem ljúka prófum í að lágmarki 9 einingum fá kennslugjald endurgreitt í lok annar vegna þeirra eininga sem þeir ljúka prófum í. Ferðakostnaður kemur ekki við sögu í fjarnámi við skólann þar sem námið er hreint fjarnám og próf eru tekin í heimabyggð nemenda.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Nemendur sem eru einnig skráðir í dagskólann greiða 5.750 kr. alls fyrir fjarnámið, óháð einingafjölda. Gjaldið skiptist í skráningargjald, 4.250 kr., og gjald fyrir Webct, 1.500 kr. Aðrir fjarnámsnemendur greiða skráningargjald 4.250 kr. og Webct 1.500 kr., auk 4.000 kr. á hverja einingu. Ferðakostnaður er enginn hjá fjarnemendum.

Skóli	
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólanum á Egilsstöðum sem eru í fjarnámi við FAS borga ekkert fyrir það en nemendur úr öðrum skólum borga einungis skráningargjaldið sem er 4.250 kr. á önn
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Nemendur greiða um 4.500 kr. fyrir eininguna (mest 4.600 kr. sem lækkar eftir því sem fleiri einingar eru teknar). Nemendur sem ljúka 9 einingum eða meira fá helming kennslugjalds endurgreiddan. Annar kostnaður, svo sem ferðakostnaður og hugsanlegt próftökugjald (erlendis), er enginn hjá flestum en óverulegur hjá öðrum.
Iðnskólinn í Reykjavík	Nemendur greiða 4.500–5.000 kr. á einingu eftir fjölda eininga, auk innritunargjalds ef þeir eru ekki nemendur í skólanum. Nemendur greiða allan kostnað ef um staðbundnar lotur er að ræða í fjarnámi, þeim er haldið í lágmarki.
Borgarholtsskóli	Nemendur í fjarnámi koma í 2–3 skipti í staðbundnar lotur. Ferðakostnaður er einstaklingsbundinn. Gjöld nemenda í fjarnámi eru miðuð við kvöldskóla, 14.000 kr. innritnargjald á önn og 1.250 kr. fyrir hverja einingu. Um er að ræða fjarnám í margmiðlunarhönnun og upplýsinga- og fjölmiðlagreinum.
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	Innritunargjald 4.250 kr. á önn og 4.500 kr. á einingu, þó að hámarki 39.600 kr. Ekki ætlast til ferðalaga en þó hafa einstaka kennarar boðið aðstoð um helgi ef nemendur óska þess.
Menntaskólinn í Kópavogi	Skólinn er ekki með fjarkennslu fyrir „venjulega dagskólanemendur" heldur aðeins í kvöldnáminu en þar greiðir nemi í staðbundnu námi 58.000 kr. (9 einingar) en nemi í fjarnámi 64.000 kr. Nemendur í fjarnámi komi einu sinni í skólann en um þann kostnað vitum við ekki enda mjög einstaklingsbundinn þar sem nemendur koma víðs vegar að af landinu.
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Kostnaður við fjarnám er 4.600 kr. fyrir hverja einingu. Nemandi ræður síðan hversu margar einingar hann tekur hverju sinni. Við höfum fjarnám í netagerð og í einum áfanga, líkanagerð, verða nemendur að koma hingað og vera í viku til tíu daga til að ljúka. Þeir greiða sjálfir allan kostnað við ferðir og uppihald.

Framhaldsskólar, kostnaður nemenda við staðnám.

Skóli	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Nemendur sem stunda bóknám og eru innritaðir í dagskóla greiða einungis innritunargjald sem er 4.250 kr. fyrir önnina. Nemendur sem eru í verknámi eða listnámi greiða efnisgjöld sem eru mismunandi eftir námsbrautum og áföngum. Efnisgjöld koma ekki við sögu í fjarnámi.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Gjald fyrir staðnám á vorönn 2004 var 7.750 kr. sem skiptist þannig: Innritunargjald 4.250 kr. Efnisgjald, Webct, aðgangur að námsefni á netinu 3.500 kr.
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Fast gjald af hverjum nemanda er 4.250 kr. á önn.

Skóli	
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Skólagjöld dagskólanema á vorönn 2004 voru þessi: Innritunargjald 4.250 kr. Nemendafélagsgjald 3.200 kr. Skólaskírteini 400 kr. Endurinnritunargjald er breytilegt frá því að vera ekkert upp í u.þ.b. 6.000 kr. (500 kr. fyrir falleiningu). Mat á námi kostar ekkert eða 1.500 kr.
Iðnskólinn í Reykjavík	Gjöld í staðnámi eru eftirfarandi: Innritunargjöld 4.250 kr. (ríkisgjald). Efnisgjöld þar sem það á við, hámark 20.000 kr. (má vera 25.000). Ef nemandi kýs að vera í nemendafélaginu er það 2.200 kr.
Borgarholtsskóli	Í námi í dagskóla í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum greiða nemendur með efnisgjöldum samtals 18.750 kr. á önn.
Fjölbrautaskólinn á Húsavík	Innritunargjald 4.250 kr. hver önn. Afnotagjald af tölvubúnaði og internet-aðgangur 2.000 kr. hver önn. Nemendafélagsgjald fyrir þá sem óska aðildar að félaginu 3.500 kr. á önn.
Menntaskólinn í Kópavogi	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Dagskóli: Skólagjald 4.250 kr. Nemendafélagsgjald 2.500 kr. (valfrjálst). Skólasjóðsgjald 1.000 kr. (valfrjálst). Efnisgjald 10.000 kr. Endurinnritunargjald 500 kr. hver eining

Skólar á háskólastigi, kostnaður nemenda við fjarnám og staðnám.

Skóli.	
Háskólinn á Akureyri	*Báðir liðir.* Skólinn innheimtir einungis skráningargjald af nemendum sínum. Það er hið sama, 32.500 kr., fyrir fjarnema og staðnema. Símenntunarmiðstöðvarnar sem eru tengiliðir okkar innheimta gjald allt að 5.000 kr. á missiri fyrir ýmsa þjónustu, svo sem ljósritun, tölvuaðgang o.fl. Í flestum tilfellum koma fjarnemar í eina heimsókn til Akureyrar einu sinni á skólaárinu og bera þeir ferðakostnað sjálfir
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	*1. liður.* Ekki eru til gögn um ferðakostnað fjarnema við skólann. Fjarnemar koma á tvær vinnuhelgar á önn og bera kostnað af ferðalögum sjálfir. Skólagjöld í fjarnámi eru 137.000 kr. í BS-námi á önn og 148.000 kr. í meistaranámi á önn. *2. liður.* Skólagjöld í staðnámi eru: Viðskiptadeild 174.000 kr. á önn, lögfræðideild 197.000 kr. á önn. Frumgreinadeild á framhaldsskólastigi 174.000 kr. á önn. Verslunarstjóranám 70.000 kr.
Háskólinn í Reykjavík	*1. liður.* Kostnaður nemenda við fjarnám í kerfisfræði felst í eftirfarandi: Skólagjöld á haustönn 66.750 kr. en á vorönn 89.000 kr. Námið tekur fjögur ár og nemendur þurfa að koma tvisvar í skólann og taka eitt námskeið í hvort skipti. Bókakostnaður á önn er 10.000–15.000 kr. Nemendur taka öll próf í sinni heimabyggð þannig að ekki hlýst ferðakostnaður af prófum. *2. liður.* Kostnaður nemenda í staðnámi er 89.000 kr. á haustönn og 89.000 kr. á vorönn. Nemendur sem stunda staðnám í kerfisfræði ljúka náminu á tveimur árum. Bókakostnaður á önn er 25.000–40.000 kr.
Kennaraháskóli Íslands	*Báðir liðir.* Skólinn innheimtir skráningargjald af fjarnemendum og staðnemendum, þ.e. 32.500 kr. Nemendur í fjarnámi þurfa hins vegar að greiða ferðakostnað og uppihald sjálfir þegar kenndar eru staðbundnar lotur.

Skóli.	
Háskóli Íslands	*Báðir liðir.* Kostnaður nemenda í fjarnámi er sá sami og annarra nemenda, þ.e. innritunargjald. Eina frávikið frá því er þegar kenndar eru staðbundnar lotur en þá þurfa nemendur á borga ferðir til Reykjavíkur og uppihald úr eigin vasa. Þeim er ekki gert að greiða neinn aukakostnað að öðru leyti.

1837. Svar [926. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um eyðingu minka og refa.

1. *Hvenær mun nefnd sem ráðherra skipaði um minka- og refaveiðar skila áliti?*

Nefnd sem skipuð var 11. nóvember 2003 til þess að fjalla um veiðar á mink, fækkun og hugsanlega útrýmingu hans úr íslenskri náttúru skilaði tillögum til ráðuneytisins 22. mars sl. og eru þær nú til skoðunar hjá fjórum ráðuneytum, þ.e. umhverfisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Nefndin sem skipuð var 15. desember 2003 og fengið var það hlutverk að gera tillögur um veiðar á ref eða aðrar aðgerðir til að draga úr skaða sem hann veldur hlunnindabúskap er enn að störfum. Nefndin stefnir að því að skila tillögum í sumar.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir auknum framlögum til refa- og minkaveiða til að standa við ákvæði samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga um eyðingu minka og fækkun refa í villtri náttúru, svo að endurgreiðsla ríkisins verði aftur 50% af greiðslu fyrir skotveiði?*

Tillögur minkanefndarinnar eru nú til skoðunar hjá framangreindum ráðuneytum. Í þeim er gert ráð fyrir að fjármunir til rannsókna og veiða á mink verði auknir verulega næstu árin og jafnframt verði skipulagi og stjórn veiða breytt. Á þessari stundu er of snemmt að segja til um aukningu á framlögum til veiða á ref þar sem nefndin sem fjallar um það málefni hefur enn ekki skilað tillögum sínum.

3. *Hver ber ábyrgð á því tjóni sem offjölgun refa og minka veldur í íslenskri náttúru?*

Gera verður skýran greinarmun á ref og mink. Refurinn hefur verið hér frá því fyrir landnám og er því órjúfanlegur hluti íslenskrar náttúru. Því er vart hægt að tala um tjón á náttúru landsins af hans völdum, en hann hefur að sjálfsögðu áhrif á aðrar tegundir lífríkisins. Tjón er jafnan tengt fjárhagslegum sem tilfinningalegum þáttum. Af völdum refsins hefur það yfirleitt tengst sauðfjárrækt og æðarrækt og hafa ríkisvaldið og sveitarfélög staðið fyrir aðgerðum til þess að draga úr og verjast tjóni af völdum refsins. Það hefur hins vegar ekki verið viðurkennt að ríkið eða sveitarfélög beri fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem refur getur valdið.

Minkurinn er seinni tíma aðkomudýr í íslenskri náttúru, var fyrst fluttur til landsins um 1930. Fljótlega eftir það fóru minkar að sleppa úr búrum og gera það raunar enn þótt í minna mæli sé en áður. Minkurinn breiddist síðan hratt um landið og talið er að um 1974 hafi hann verið kominn um allt land. Hann hefur frá upphafi valdið usla, m.a. í hænsnabúum og æðarrækt. Þótt ríkisvaldið og sveitarfélög hafi frá því að embætti veiðistjóra var sett á laggirnar staðið straum af kostnaði við veiðar á mink til þess að draga úr hættu á tjóni af hans völdum hefur ekki verið viðurkennt að ríkið eða sveitarfélögin séu ábyrg fyrir tjóni sem minkar

valda. Hins vegar er rík ástæða til þess að fækka mink verulega og útrýma honum sé það mögulegt. Aðgerðir undanfarinna áratuga hafa ekki skilað viðunandi árangri í baráttunni við minkinn og því er nauðsynlegt að huga að skipulegum rannsóknum, nýjum veiðiaðferðum og betra skipulagi og stjórn minkaveiða í samræmi við tillögur minkanefndarinnar.

1838. Frumvarp til laga [871. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.

Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Það sama á við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn þess, sbr. 8. mgr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Dómari getur samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða öðru sem varðar persónu þess og ekki eru efni til að telja nafnleynd geta spillt fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti. Skal þá dómara greint bréflega og í trúnaði frá nafni vitnis og öðrum atriðum sem leynd verður um, en gögn með þeim upplýsingum skulu síðan varðveitt þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim. Sé máli skotið til æðra dóms skulu þessar upplýsingar á sama hátt fylgja því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs og annað það sem máli skiptir. Rannsóknari getur tekið yfirheyrslur af sakborningum og vitnum upp á

hljóðband eða myndband eða mynddisk. Dómsmálaráðherra setur reglur um framkvæmd hljóðritana og upptöku.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Ef ætla má vegna sakarefnis að öryggi þess sem gerir skýrslu eða sinnir annars rannsóknaraðgerð geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir komist að raun um nafn hans eða önnur persónuauðkenni er heimilt með samþykki þess sem rannsókn stýrir að gefa hlutaðeiganda þar tilbúið heiti eða auðkenni. Skal þá um leið skjalfest hvaða maður hafi átt í hlut, en aðrir skulu ekki hafa aðgang að gögnum um það en sá sem rannsókn stýrir, svo og ákærandi og dómari ef mál kemur til kasta þeirra.

4. gr.

2. málsl. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna orðast svo: Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

5. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 76. gr. laganna verður svohljóðandi: Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.

6. gr.

A- og b-liður 86. gr. laganna orðast svo:

a. að leggja fyrir síma- eða fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki eða að öðrum kosti síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns,
b. að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1839. Frumvarp til laga [462. mál]

um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Heimildir til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

1. gr.

Heimild til að hafa milligöngu um eigendaskipti að fasteignum o.fl.

Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Sama

gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur er um að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa ekki löggildingu til að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, enda tengist það lögmannsstörfum þeirra. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf lögmanna.

Þegar rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr., og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögunum er einnig átt við þá sem hafa löggildingu ráðherra til að annast sölu fyrirtækja og skipa.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Er slík áritun á skjal skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína. Ákvæði laga þessara gilda um slík störf eftir því sem við getur átt.

Þeir sem hafa í öðru EES-ríki fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

2. gr.

Skilyrði löggildingar o.fl.

Hver maður getur fengið löggildingu ráðherra sem fasteignasali ef hann:

a. hefur lögheimili hér á landi,
b. er lögráða og hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu bóta og kostnaðar vegna tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af völdum hans eða manna sem ráðnir eru til starfa hjá honum,
d. hefur staðist próf fyrir fasteignasala.

Víkja má frá skilyrði b-liðar 1. mgr. að fenginni umsögn Félags fasteignasala ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarandi ár.

Undanþegnir prófraun eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er ráðherra að synja manni um löggildingu ef hann hefur hlotið dóm fyrir brot á ákvæðum XVI., XVII., XX., XXVI. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga eða verið dæmdur í fangelsi samkvæmt ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Prófraun.

Sá sem öðlast vill löggildingu sem fasteignasali skal standast próf sem sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Heimild til að þreyta próf öðlast þeir er:

a. setið hafa námskeið sem haldið er skv. 4. gr.,
b. hafa að baki að minnsta kosti tólf mánaða ráðningartíma í fullu starfi hjá löggiltum fasteignasala og
c. hafa lokið stúdentsprófi eða hafa sambærilega menntun að mati prófnefndar.

Ráðherra skipar prófnefnd til að standa fyrir prófi samkvæmt lögum þessum. Skal prófnefnd skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Félag fasteignasala skal tilnefna einn nefndarmann og varamann hans, Hæstiréttur Íslands einn og varamann hans, en einn nefndarmaður og varamaður hans skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Prófnefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að semja við háskóla um að annast framkvæmd prófs.

4. gr.

Námskeið til undirbúnings fyrir prófraun.

Ráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf fyrir fasteignasala. Prófnefndin skal hafa á hendi forstöðu námskeiðs og bera ábyrgð á framkvæmd þess. Hún ákveður námsefni og prófsefni að því leyti sem ekki hafa verið settar um það reglur. Heimilt er prófnefnd, með samþykki ráðherra, að semja við háskóla um framkvæmd námskeiðs.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa skv. 3. gr., þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófagjöldum sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum prófnefndar.

5. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjártjóns sem leiðir af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá honum, svo og ábyrgðar sem leiðir af 3. málsl. 27. gr. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging, jafngild að mati ráðherra. Kveða skal nánar á um vátrygginguna í reglugerð, m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð bóta innan hvers vátryggingartímabils.

Nú starfa tveir eða fleiri fasteignasalar saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvor eða hver annars og fullnægja þeir þá vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu og skulu þá lágmarksvátryggingarfjárhæðir hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn. Hið sama á við ef fasteignasali hefur ráðið til starfa menn við fasteignasölu á sínum vegum eða þeir eru starfsmenn félags sem rekur fasteignasölu. Hafi einhver starfsmanna hans löggildingu til fasteignasölu skulu þó vátryggingarfjárhæðir ekki hækka vegna hans.

Ef fasteignasali hefur samhliða fasteignasölu með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur telst hann hafa með því fullnægt vátryggingarskyldu sinni sem fasteignasali samkvæmt lögum þessum, enda taki ábyrgðartrygging hans líka til tjóns sem hann, eða þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum, kann að valda í starfi sínu við fasteignasölu. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

6. gr.

Löggilding.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala.

Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna af kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Löggilding fasteignasala er bundin við nafn hans.

Fyrir löggildingu skal fasteignasali greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Sá einn má nefna sig fasteignasala, fyrirtækjasala eða skipasala sem hefur til þess löggildingu. Hið sama á við um starfsheiti sem er lýsandi um þessa starfsemi eða hætta kann að vera á að ruglað sé saman við störf þau sem tilgreind eru.

Ráðherra skal auglýsa löggildingu fasteignasala í Lögbirtingablaði og tilkynna Félagi fasteignasala um hana.

Í dómsmálaráðuneyti skal haldin skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala.

7. gr.

Eignarhald á fasteignasölu. Starfsstöð fasteignasala o.fl.

Fasteignasala ber sjálfum að starfa á fasteignasölu sinni og vera eigandi að rekstrinum. Fasteignasali getur þó ráðið sig til starfa hjá öðrum fasteignasala sem rekur fasteignasölu samkvæmt lögum þessum. Fasteignasala er einungis heimilt að hafa í þjónustu sinni við fasteignasöluna menn sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar.

Nú er fasteignasala stunduð í nafni félags og skal þá fasteignasalinn eiga meiri hluta í því. Aðrir eigendur, og sá eða þeir sem fara í raun með framkvæmdastjórn, skulu fullnægja skilyrðum a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar girða hvorki fyrir að aðrir fasteignasalar starfi hjá félaginu né að tveir eða fleiri fasteignasalar sem starfa saman eigi sameiginlega meiri hluta í félagi.

Þótt fasteignasala sé rekin í nafni félags ber fasteignasali óskipta ábyrgð á tjóni og kostnaði sem hann kann að valda viðskiptamönnum sínum. Aðrir sem starfa í þjónustu félagsins skulu falla undir ábyrgðartryggingu fasteignasala.

Fasteignasali skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð. Fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sjálfur eða í nafni félags, er þó heimilt að reka útibú, enda hafi annar fasteignasali, sem ráðinn er til starfa hjá honum, starfsstöð í útibúinu og veiti því forstöðu. Fasteignasali, sem hyggst hefja starfsemi útibús, skal tilkynna eftirlitsnefnd og ráðherra um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu gilda um útibú fasteignasala og hann skal vera eigandi að rekstri þess.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf og starfshættir.

8. gr.

Réttarstaða.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

9. gr.

Samningur um þjónustu.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar eða aðra þjónustu samkvæmt lögum þessum, gera skriflegan samning við þann er til hans leitar. Samningurinn skal gerður áður en fasteignasali tekur til við starfann. Í samningi skal tilgreint hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna, hver þóknun hans sé fyrir starfann eða hvernig hún skuli ákveðin og hvaða útlagða kostnað viðsemjandinn eigi að greiða.

Greina skal sérstaklega ef fasteignasali hefur einn rétt til sölu eignar og í hve langan tíma sá réttur hans á að standa.

10. gr.
Söluyfirlit.

Strax og fasteignasali fær eign til sölumeðferðar, eða honum er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um og afhent kauptilboðsgjafa, skal hann semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignarinnar.

Áður en tilboð er gert í eign skal væntanlegum tilboðsgjafa afhent söluyfirlitið og skal hann staðfesta móttöku þess með nafnritun sinni og dagsetningu.

Fasteignasali, sem fær eign til sölumeðferðar, eða er falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi um eign, sem ekki er til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og ekki hefur verið gert söluyfirlit um, skal afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits sé rétt samkvæmt bestu vitund hans.

11. gr.
Efni söluyfirlits.

Fasteignasali skal gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í söluyfirliti skal auk almennrar lýsingar á fasteign m.a. koma fram:

a. söluverð það sem eigandi óskar að fá fyrir eign sé það ákveðið,
b. staðsetning eignar og númer, stærð hennar samkvæmt opinberum skrám, fasteignamat, brunabótamat, byggingarlag og byggingarefni og byggingarár eignar og einstakra hluta hennar ef við á; teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skal jafnan vera fyrir hendi, svo og lóðaruppdráttur sé hann til,
c. upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign,
d. föst gjöld af eigninni, áhvílandi veðskuldir, kvaðir og önnur eignahöft, samkvæmt veðbókarvottorði; tilgreina skal eftirstöðvar og lánskjör, þar á meðal vexti og verðtryggingu allra áhvílandi veðskulda og kvaða og tilgreina sérstaklega ef skuld er í vanskilum; um þær veðskuldir sem fylgja eiga við sölu skal tilgreina fjölda ógreiddra afborgana,
e. kostnaður sem kaupandi hefur af kaupum, þar á meðal þinglýsingarkostnaður, stimpilgjöld, umsýslukostnaður kaupanda, lántökukostnaður sé það unnt o.fl.
f. tekjur af eigninni ef um er að ræða eign sem ætluð er til atvinnustarfsemi,
g. afhendingarástand eignar sem seld er ófullgerð, og skal það vera í samræmi við staðla sem út eru gefnir af opinberum stofnunum er annast byggingarrannsóknir eða byggingareftirlit,
h. húsgjöld og yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélags,
i. eignaskiptayfirlýsing eða samningur sé um fjöleignarhús að ræða,
j. önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.

Sambærilegt yfirlit skal, eftir því sem við getur átt, gert vegna sölu á skipi og/eða fyrirtæki. Í söluyfirliti vegna fyrirtækja skal einnig tilgreina hverjar hafi verið tekjur og gjöld þess síðustu þrjú ár fyrir gerð söluyfirlits, svo og hverjar eignir þess séu og skuldir. Upplýsingar þessar skulu reistar á endurskoðuðum reikningum fyrirtækisins eða öðrum haldbærum gögn-

um. Skal fasteignasali leitast við að tryggja að kaupandi fái öruggar og nákvæmar upplýsingar um allt sem máli skiptir um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækis áður en hann gerir tilboð í það eða tekur afstöðu til sölutilboðs.

12. gr.

Öflun upplýsinga vegna söluyfirlits.

Fasteignasali skal sjálfur afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti. Skal hann sækja upplýsingar í opinberar skár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað sem fylgja á við sölu skal hann kynna sér af eigin raun.

Fasteignasali ber ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup er óháð skyldum fasteignasala samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Kynning fasteignasala á eign.

Fasteignasali skal við kynningu á eign sem hann hefur til sölumeðferðar gæta þess að upplýsingar sem veittar eru um hana og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar. Skal hann gæta hófs í lýsingum á eigninni.

Fasteignasali skal geta skýrlega nafns síns í öllum auglýsingum og kynningum á eign. Sé firmanafn fasteignasölu auglýst eða kynnt skal nafn fasteignasala einnig koma fram.

14. gr.

Fasteignasali skal vera sjálfstæður og óháður í störfum sínum.

Fasteignasala og starfsmönnum hans er óheimilt að kaupa eign sem fasteignasalanum hefur verið falin til sölumeðferðar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um kaup eða sölu fasteignar búi hann eða starfsmenn hans yfir sérstökum upplýsingum sem hafa þýðingu við söluna og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum tafarlaust með sannanlegum hætti hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en þeirra er varða greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar.

15. gr.

Fasteignasali skal gæta hagsmuna kaupanda og seljanda.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal einnig gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

16. gr.

Samnings- og skjalagerð.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð við sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal söluyfirliti, kauptilboði, kaupsamningi, afsali, veðbréfi og skuldabréfi, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal vönduð og svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

17. gr.

Vörslufjárreikningar.

Fasteignasala er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem á vörslufé kunna að falla, renna til eiganda þess. Fasteignasali er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

Um vörslufjárreikninga gilda nánari reglur sem ráðherra setur skv. 26. gr. að fengnum tillögum Félags fasteignasala.

III. KAFLI
Félag fasteignasala. Eftirlit með störfum fasteignasala.

18. gr.

Félag fasteignasala.

Fasteignasalar skulu hafa með sér félag sem nefnist Félag fasteignasala. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmenn.

Félag fasteignasala setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum þessum, sbr. þó 7. mgr.

Félag fasteignasala skal setja siðareglur fyrir fasteignasala.

Félagi fasteignasala ber að senda ráðherra samþykktir sínar og siðareglur, svo og breytingar á þeim, þegar eftir samþykkt þeirra.

Félag fasteignasala kemur fram fyrir hönd fasteignasala gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félag fasteignasala ber kostnað af þeim störfum sem því eru fengin með lögum þessum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

Félagi fasteignasala er heimilt að starfrækja í öðru skyni en mælt er fyrir um í lögum þessum, svo sem til þess að sinna símenntun félagsmanna eða starfsmanna þeirra, sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem fasteignasölum er frjálst að eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

19. gr.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

Í tengslum við Félag fasteignasala skal starfa eftirlitsnefnd sem skipuð skal þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Tveir nefndarmenn og tveir til vara skulu tilnefndir af Félagi fasteignasala og skal annar þeirra vera fasteignasali en hinn löggiltur endurskoðandi. Hinn þriðja, sem vera skal formaður nefndarinnar, og varamann hans, skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera lögmaður og fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gjalddagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Félag fasteignasala annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og stendur skil á því til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að hún geti sinnt skyldum sínum.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Um meðferð mála er lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Hið sama á við um þá sem nefndin kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

20. gr.

Hlutverk eftirlitsnefndar.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala skal hafa eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga þessara, siðareglur félagsins og góðar venjur í fasteignasölu.

Hún skal sérstaklega fylgjast með eftirtöldum þáttum í starfi fasteignasala:

a. að eignarhald að fasteignasölum sé í samræmi við lög þessi,
b. að fasteignasali starfi á fasteignasölu sinni og hafi ekki aðra í þjónustu sinni en þá sem ábyrgðartrygging hans tekur til eða eru sjálfir fasteignasalar,
c. að fullnægjandi ábyrgðartryggingar séu teknar vegna starfseminnar,
d. að fasteignasalar geri þau skjöl er lög þessi og góðar venjur í fasteignasölu bjóða,
e. að skjöl séu gerð á réttum tíma og árituð af þeim sem skylt er,
f. að fasteignasalar hagi skjalagerð efnislega í samræmi við ákvæði laganna og góðar venjur í fasteignasölu,
g. að hagsmunir aðila að samningum séu ekki fyrir borð bornir,
h. að meðferð fjármuna í eigu viðskiptamanna þeirra sé í hvívetna í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga og
i. að fasteignasali uppfylli ávallt skilyrði laga þessara til að vera fasteignasali.

Nú hefur hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður fengið löggildingu sem fasteignasali og hefur þá eftirlitsnefnd Félags fasteignasala skyldur til eftirlits með honum samkvæmt ákvæðum þessara laga.

21. gr.

Heimildir og skyldur eftirlitsnefndar.

Fasteignasali skal skila til eftirlitsnefndar eigi síðar en í ágúst hvert ár yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að meðferð hans á fjármunum viðskiptamanna hans undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

Nú hefur yfirlýsingu endurskoðanda ekki verið skilað í réttu horfi, og þess efnis sem krafist er, í lok ágústmánaðar og skal þá eftirlitsnefnd veita tveggja vikna frest til skilanna. Sé ekki orðið við áskorun um skil og skýringar sem nefndin metur fullnægjandi ekki veittar á því að skil hafi ekki farið fram skal eftirlitsnefnd svipta fasteignasala tímabundið löggildingu hans. Hafi yfirlýsingu ekki verið skilað í réttu horfi 1. október sama ár skal fasteignasali sá er í hlut á sviptur löggildingu tímabundið.

Eftirlitsnefnd er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að skoða bókhald og öll skjöl fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum sem hann hefur með höndum. Skal nefndin framkvæma slíka skoðun svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár hjá hverjum fasteignasala.

Berist Félagi fasteignasala eða eftirlitsnefnd trúverðug ábending um að misfellur séu í starfsemi fasteignasala skal eftirlitsnefndin svo fljótt sem auðið er rannsaka málið, m.a. með skoðun á starfsstöð hans. Nú finnst bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala ekki á starfsstöð hans og skal þá nefndinni heimilt að leita þeirra annars staðar þar sem ætla má að þau séu geymd.

Nú synjar fasteignasali eftirlitsnefnd um aðgang að starfsstöð sinni, ekki næst að afla samþykkis hans eða ætla má að brýnum rannsóknarhagsmunum verði teflt í tvísýnu ef leitað er samþykkis hans, og getur þá nefndin óskað aðstoðar lögreglu til að hún fái sinnt eftirliti sínu. Hið sama á við ef bókhald eða önnur gögn eða skjöl fasteignasala eru í vörslum þriðja manns. Um slíka leit gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála.

Nú telur eftirlitsnefnd að fasteignasali hafi gerst brotlegur við almenn hegningarlög í störfum sínum, eða sýnt af sér aðra refsiverða háttsemi, og skal hún þá tilkynna það lögreglu með formlegum hætti. Nefndin skal halda áfram rannsókn sinni og ljúka máli þess fasteignasala er í hlut á þótt lögreglu sé send tilkynning og hún hefji rannsókn máls.

22. gr.

Agaviðurlög og tímabundin svipting löggildingar.

Nú telur eftirlitsnefnd Félags fasteignasala að fasteignasali hafi vanrækt skyldur sínar, eða hann hafi gerst brotlegur við lög í starfsemi sinni, og skal hún þá skora á hann að bæta ráð sitt án tafar. Geri hann það ekki, eða nefndin telur að brot sé ekki smávægilegt, getur hún veitt fasteignasala áminningu vegna slíkra brota. Áður en áminning er veitt skal nefndin gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum.

Ef skuldheimtumaður krefst þess að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni skal sýslumaður tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt kröfum skuldheimtumanns, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá sem rétt eiga til óðalsins samkvæmt lögum þessum eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um að ákveðið sé hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn þeirra sem rétt eiga til óðalsins taka við jörðinni og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag hafnað kaupum á jörðinni.

50. gr.

Skilnaður óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og maki hans samvistum heldur það hjónanna óðalinu sem erfði það.

51. gr.

Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja o.fl.

Óðalseigandi sem búið hefur á ættaróðali skemur en 20 ár getur óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa óðalið úr óðalsböndum ef þeir sem rétt eiga til óðalsins skv. 56. gr. samþykkja það og óska ekki eftir að taka óðalið til ábúðar. Verður óðalið þá eignarjörð viðkomandi bónda með lögbýlisrétt.

52. gr.

Lausn úr óðalsböndum án samþykkis erfingja o.fl.

Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur ættaróðals samfleytt í 20 ár eða lengur getur hann að fenginni umsögn sveitarstjórnar óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að jörðin

verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki erfingja hans eða annarra sem rétt kunna að eiga til óðalsins, sbr. 56. gr.

IX. KAFLI
Málskot.

53. gr.
Málskot.

Ákvörðunum sveitarstjórna samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til landbúnaðarráðuneytisins. Kærufrestur er 30 dagar frá því að kæranda varð kunnugt um ákvörðun og skal úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp innan átta vikna eftir að kæra barst.

X. KAFLI
Lokaákvæði.

54. gr.
Þinglýsing.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum um aðilaskipti að fasteignum sem lög þessi gilda um, nema fyrir liggi að ákvæða laganna hafi verið gætt.

55. gr.
Reglugerðir o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

56. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum með heimild í þeim varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

57. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Yfirlýsingar um að tilteknar jarðir séu óðalsjarðir sem ekki hefur verið þinglýst falla úr gildi við gildistöku þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sveitarfélög skulu innan sex mánaða frá gildistöku þessara laga senda landbúnaðarráðuneytinu upplýsingar um öll landsvæði sem voru í landbúnaðarnotum við gildistöku jarðalaga, nr. 65/1976, og skipulögð hafa verið fyrir önnur not en landbúnað en hafa ekki verið leyst úr landbúnaðarnotum, sbr. 6. og 7. gr. Landbúnaðarráðuneytið skal að fengnum slíkum upplýsingum þinglýsa yfirlýsingum um að þau landsvæði séu leyst úr landbúnaðarnotum.

II.

Um félagsbú sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga skulu gilda ákvæði 25. gr. þessara laga eftir því sem við á.

III.

Frestur landbúnaðarráðherra til að ljúka við gerð fyrstu jarðaskrár á grundvelli upplýsinga úr jarðahluta Landskrár fasteigna skv. 11. gr. er til 31. desember 2008.

IV.

Þar til gerð jarðaskrár skv. 11. gr. er lokið skal landbúnaðarráðherra gefa árlega út lögbýlaskrá skv. 26. gr. á grundvelli annarra tiltækra upplýsinga með sama hætti og verið hefur skv. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

V.

Allar jarðir sem skráðar voru í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003 skulu teljast lögbýli eftir gildistöku þessara laga án tillits til þess hvort þær uppfylla skilyrði 2. gr. um skilgreiningu á hugtakinu lögbýli.

1847. Frumvarp til laga [849. mál]

um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

I. KAFLI

Vörugjald af olíu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu, enda séu blöndurnar nothæfar sem eldsneyti á ökutæki.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 45 kr. á hvern lítra af olíu.

2. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds á þá sem skráningarskyldir eru skv. 3. gr. vegna sölu þeirra og eigin nota á gjaldskyldri olíu. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
2. þeir sem flytja inn, til endursölu eða eigin nota, olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.,
3. þeir sem kaupa olíu innan lands til endursölu.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Gjaldskyldir aðilar skv. 1.

mgr., aðrir en þeir sem einvörðungu flytja inn olíu til eigin nota, skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til ríkisskattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings. Enn fremur skulu þeir sem flytja inn olíu til endursölu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð. Verði breytingar á gjaldskyldri starfsemi, þ.m.t. varðandi birgðageymslur, ber að tilkynna þær án tafar.

Ríkisskattstjóri rannsakar tilkynningar og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Hafni ríkisskattstjóri skráningu, sbr. 4. mgr., ber viðkomandi að standa skil á olíugjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða eða við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987,
7. til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði og bifreiðar skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð.

5. gr.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra er heimilt að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum.

Aðeins má lita olíu í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett hafa verið, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða viðunandi eftirliti verður ekki komið við.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða á um gerð og samsetningu litar- og/eða merkiefnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

6. gr.

Þeim sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, skulu endurgreidd 80% olíugjalds af olíu

vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.

Endurgreiða skal olíugjald af olíu sem erlend sendiráð eða sendimenn erlendra ríkja kaupa vegna bifreiða í sinni eigu.

Beiðnir um endurgreiðslu skulu afgreiddar af ríkisskattstjóra sem jafnframt tilkynningu til beiðanda skal tilkynna ákvörðun sína til innheimtumanns ríkissjóðs til útborgunar hjá honum.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga. Við afhendingu á litaðri olíu til nota sem greinir í 1. mgr. 4. gr. skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa litaða olíu sé að ræða.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út sölureikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 1. mgr. 6. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu greiða olíugjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Þeir sem flytja inn gjaldskylda olíu til eigin nota skulu greiða olíugjald við tollafgreiðslu.

Við uppgjör olíugjalds má draga frá fjárhæð sem nemur sannanlega töpuðum útistandandi kröfum til greiðslu olíugjalds sem áður hefur verið skilað í ríkissjóð.

10. gr.

Til gjaldskyldrar sölu eða afhendingar telst ekki:

1. olía sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila,
2. olía sem flutt er úr landi,
3. olía sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili. Hann skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal ríkisskattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að afturkalla skráningu skv. 3. gr. þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.

Komi í ljós annmarkar á olíugjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á. Fái ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tilskilins frests ákvarðar hann eða endurákvarðar olíugjald samkvæmt olíugjaldsskýrslu og að fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olíugjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins frests, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olíugjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

II. KAFLI
Kílómetragjald.

13. gr.
Kílómetragjald.

Greiða skal kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
3. bifreiðum og eftirvögnum, sbr. 1. og 2. tölul., sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af ökumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds. Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sama fjárhæð kílómetragjaldsins og kveðið er á um í 3. mgr.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiða kílómetragjald skv. 3. mgr.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Gjaldþyngd ökutækis skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja. Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda. Í reglugerð skal kveðið á um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð

nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntryggan hátt.

Kílómetragjald skv. 3. tölul. 1. mgr. skal greiða við brottför bifreiðar eða vagns úr landi.

14. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan tilskilins frests endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema mismun á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins síðustu sextíu dagana áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

15. gr.

Ákvörðun kílómetragjalds.

Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 21. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal miðast við að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

16. gr.

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem

ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina. Hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafa talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hefur talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið miðast við a.m.k. 200 km akstur fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

17. gr.

Komi í ljós eftir ákvörðun kílómetragjalds skv. 15. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir verið óvirkur, innsigli rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann gjald á grundvelli fyrirliggjandi gagna en að öðrum kosti endurákvarðar hann gjald skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

III. KAFLI
Kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð.

18. gr.
Kæruheimildir.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 4. mgr. 3. gr., 6., 11. og 15. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjaldákvörðun. Við ákvörðun olíugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 12. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. 12. og 17. gr. til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema vegna síðustu tveggja ára sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 20. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og hugsanlegrar dómsmeðferðar skv. 5. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 20. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Hafi olíugjald skv. 11. gr. eða kílómetragjald skv. 15. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Við endurákvörðun oftekinna gjalda samkvæmt lögum þessum skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðslan fer fram.

Ákvörðun tollstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti skulu ákvæði þessarar greinar gilda um ákvarðanir skv. 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. eftir því sem við á, þ.m.t. kærur til yfirskattanefndar.

19. gr.
Eftirlit.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá. Fjármálaráðherra er heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd eftirlitsins.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki and-

stætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

20. gr.

Refsiábyrgð.

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Vanræki gjaldskyldur aðili að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, eða skýri hann rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi, eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki sitt, sbr. 3. mgr. 4. gr., hafa ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli, ef ökumælir telur ekki eða akstur er ekki færður í akstursbók, skal hann greiða sekt sem nemur allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða hafi verið ofendurgreidd.

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 3. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt sem greiðist innan tveggja mánaða í stað sektarmeðferðar skv. 4. mgr. 18. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 4. mgr. 18. gr. Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis framið brot skv. 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn er ríkisskattstjóra heimilt að ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 100.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð sem ríkisskattstjóri ákvarðar dregst frá sektarfjárhæð skv. 4. mgr.

21. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið kílómetragjald fyrr en eftir eindaga.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt.

Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald.

Kílómetragjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

22. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd á gjalddaga, sbr. 11. gr., eða eftir atvikum á eindaga, sbr. 15. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi og kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. júlí 2005.

25. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.:

1. Í stað fjárhæðarinnar „11,34“ í 14. gr. laganna kemur: 9,28.
2. Í stað fjárhæðanna „30,89“ og „32,86“ í 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 32,95; og: 34,92.

1848. Lög [855. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1810.

1849. Lög [341. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1811.

1850. Lög [910. mál]

um tónlistarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1382.

1851. Lög [652. mál]

um breytingu á lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 969.

1852. Lög [877. mál]

um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1335.

1853. Lög [876. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1812.

1854. Lög [564. mál]

um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1813.

1855. Lög [880. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1806.

1856. Lög [1004. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1769.

1857. Lög [1002. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (rof á reynslulausn).

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1758.

1858. Lög [945. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1820.

1859. Lög [947. mál]

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1821.

1860. Lög [464. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1822.

1861. Lög [868. mál]

um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1826.

1862. Frumvarp til laga [740. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 6. tölul. orðast svo: *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með lögum þessum. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.
b. 8. og 9. tölul. falla brott og breytast númer síðari töluliða til samræmis við það.
c. Við bætist nýr töluliður, 15. tölul., svohljóðandi: *Stórnotandi:* Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira.
d. Við bætist nýr töluliður, 17. tölul., svohljóðandi: *Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afli yfir 100 kW.

3. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Tengja skal leyfisskylda virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Virkjanir sem eru 7 MW eða stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera hlutafélag. Ráðherra veitir flutningsfyrirtækinu rekstrarleyfi þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur þess. Heimilt er að kveða á um að leyfið skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum þess breyst verulega.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur og virkjanir.

c. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. og 5. mgr. kemur: 3. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Ákvarða“ í 3. tölul. 4. mgr. kemur: Samræma.

b. 5. tölul. 4. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein, er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Flutningsfyrirtækinu er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku. Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

d. Í stað „1.–5. tölul.“ í 5. mgr. kemur: 1.–4. tölul.

e. 9. mgr. orðast svo:

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun, notkunarferla og tengingu virkjana við flutningskerfið.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eigendum flutningsvirkja sem falla undir 6. tölul. 3. gr. er skylt að selja eða leigja þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

Eigendur flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu geta ávallt óskað eftir því að flutningsfyrirtækið kaupi flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. eða að þau verði lögð fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

b. 1. málsl. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo: Eigendum flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2. mgr.

8. gr.

12. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk og gjaldskrá.

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til þess hvort tenging stórnotenda leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins en ella væri.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 2. mgr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent á hærri spennu ber að lækka gjaldskrá með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til annars mismunar á afhendingarþjónustu við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum.

Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal gjaldinu skipt milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu eftir skiptireglu sem ákveðin skal af Orkustofnun að fenginni tillögu aðila.

Varaaflsstöðvar sem nýttar eru þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði í kerfinu. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða

meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála og gjaldskrá, m.a. um notkunarferla, afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga.

9. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

10. gr.

17. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tekjumörk og gjaldskrá.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 5. mgr., skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem dreifiveitan veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk, sbr. 2. mgr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hverrar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400 V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji Orkustofnun framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við viðkomandi dreifiveitu innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu af nýjum viðskiptavini ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um tekjumörk, viðskiptaskilmála og gjaldskrá, m.a. um afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu, auk notkunarferla og nánari skilgreiningar dreifbýlis, sbr. 5. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga.

11. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Orkustofnun skal hafa umsjón með framkvæmd þessa ákvæðis, sbr. einnig 24. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „á fjögurra ára fresti“ í 39. gr. laganna kemur: á tveggja ára fresti.

13. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðfararheimild o.fl.

Gjöld fyrir raforku, flutning og dreifingu, sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár sem fengið hafa meðferð samkvæmt lögum þessum, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda.

14. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Gjaldskrár dreifiveitna sem giltu 7. apríl 2003 skulu þrátt fyrir 17. gr. halda gildi sínu til 1. janúar 2005. Dreifiveitur geta þó að fenginni staðfestingu Orkustofnunar ákveðið gjaldskrárlækkun. Þá geta dreifiveitur að fenginni staðfestingu Orkustofnunar hækkað gjaldskrá sína í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu eða sannanlegar og óviðráðanlegar hækkanir á kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við starfsemina. Á þessu tímabili skal sama gjaldskrá gilda á starfssvæði hverrar dreifiveitu. Ekki er á tímabilinu heimilt að veita leyfi fyrir dreifbýlisgjaldskrám.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Á undan orðinu „stuðla“ í 2. málsl. kemur: fylgjast með og.
b. Í stað orðsins „sjö“ í 3. málsl. kemur: tíu.
c. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þrír skulu kosnir af Alþingi.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Gildistöku ákvæða III. kafla er frestað. Skulu þau taka gildi 1. janúar 2005 nema annað sé tekið fram í ákvæði þessu. Sama á við um 6. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga þessara. Fram að þeim tíma skal ákvæði þetta gilda um flutning raforku.

Flutningskerfið á gildistíma þessa ákvæðis er raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 66, 132 og 220 kV spennu og tilheyrðu Landsvirkjun 7. apríl 2003, enn fremur viðbætur Landsvirkjunar eftir þann tíma á 132 kV spennu og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Hið sama gildir um línur annarra á þessari spennu sem þeir semja við Landsvirkjun um að tilheyri flutningskerfinu. Til að leggja nýjar flutningslínur þarf Landsvirkjun leyfi iðnaðarráðherra.

b. Í stað orðsins „orkutöp“ í 2. málsl. 6. mgr. kemur: orkutap.

c. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Þó getur stórnotandi samið við flutningsfyrirtækið um endurgjald vegna flutnings.

17. gr.

Við lögin bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (IX.)

Arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Við setningu tekjuramma flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til sex ára eða sambærilegra verðbréfa. Sama á við um tekjumörk dreifiveitna. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

b. (X.)

Stofnun flutningsfyrirtækis.

Við gildistöku laga þessara skal stofna hlutafélag í eigu ríkisins til að annast flutning raforku og kerfisstjórnun, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga þessara. Ráðherra skipar félaginu þriggja manna stjórn sem koma skal fram fyrir hönd þess við verðmat flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI. Stjórn þessi skal sitja þar til endanleg niðurstaða um verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir og gengið hefur verið frá samkomulagi eigenda hlutafjár í félaginu.

c. (XI.)

Mat á verðmæti flutningsvirkja.

Eigendur þeirra flutningsvirkja sem mynda flutningskerfið skv. 6. tölul. 3. gr. laga þessara skulu koma sér saman um mat á verðmæti þeirra. Stefnt skal að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra atriða sem máli kunna að skipta, svo sem sérstakra framlaga sem veitt hafa verið úr opinberum sjóðum til fjárfestingar í uppbyggingu raforkukerfisins. Í þessu skyni skal ráðherra skipa samninganefnd sem í eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar, þar af skal einn vera formaður, tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Reykjavíkurborg, einn af Akureyrarbæ og einn af eigendum Hitaveitu Suðurnesja

hf. Orkustofnun skal vera nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar. Samninganefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en 1. ágúst 2004. Útlagður kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en eigendur skulu bera kostnað af störfum fulltrúa sinna.

Ef ekki næst samkomulag í samninganefnd skv. 1. mgr. um verðmat einstakra flutningsvirkja skal ráðherra skipa sérstaka matsnefnd sem meta skal verðmæti þeirra að kröfu eiganda viðkomandi flutningsvirkis.

Í matsnefndina skal skipa einn lögfræðing, sem verður formaður nefndarinnar, einn endurskoðanda og einn verkfræðing. Um hæfi matsmanna til meðferðar einstakra mála skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála eftir því sem við á.

Við mat á verðmæti flutningsvirkja skal matsnefndin miða við endurstofnverð að teknu tilliti til afskrifta. Lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, skulu gilda um störf matsnefndarinnar eftir því sem við á, að frátöldum 2. mgr. 2. gr., 7. gr., 11. gr. og 15. gr.

Matsnefndin getur leitað umsagnar Orkustofnunar um það sem þurfa þykir.

Kostnaður af störfum matsnefndarinnar skal greiðast af flutningsfyrirtækinu.

Úrskurður matsnefndar skal liggja fyrir eigi síðar en 15. október 2004.

Ágreiningur um verðmæti flutningsvirkja sem seld verða flutningsfyrirtækinu eða lögð inn í það sem hlutafé verður ekki borinn undir dómstóla fyrr en að gengnum úrskurði matsnefndar.

Verði niðurstaða matsnefndar borin undir dómstóla skal flutningsfyrirtækið greiða eiganda flutningsvirkja leigu fyrir þau á grundvelli leigufjárhæðar sem Orkustofnun ákveður til bráðabirgða með hliðsjón af niðurstöðu matsnefndar.

Þegar endanleg niðurstaða um verðmæti flutningsvirkja liggur fyrir skal eigandi þeirra tilkynna flutningsfyrirtækinu og Orkustofnun hvort hann velur að leggja virkin inn í flutningsfyrirtækið sem hlutafé, selja þau fyrirtækinu eða leigja þau til þess. Velji eigandi flutningsvirkja að leigja þau flutningsfyrirtækinu ákveður Orkustofnun leigugjaldið með hliðsjón af endanlegri niðurstöðu um verðmæti þeirra.

d. (XII.)

Takmörkun á heimild til framsals hlutafjár í flutningsfyrirtækinu.

Eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu er einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjáreigenda í fyrirtækinu en ekki til aðila utan þess.

e. (XIII.)

Endurskoðun.

Ráðherra skal skipa nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin skal endurskoðun laga þessara. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010.

18. gr.

Við lögin bætist svofelldur viðauki:

Viðauki.

Afhendingarstaðir til dreifiveitna úr flutningskerfi skv. 6. tölul. 3. gr.:

1. Svartsengi,
2. Fitjar,
3. Hamranes,
4. Hnoðraholt,
5. Rauðavatn,
6. Korpa,
7. Brennimelur,
8. Akranes,
9. Vatnshamrar,
10. Vegamót,
11. Ólafsvík,
12. Grundarfjörður,
13. Vogaskeið,
14. Glerárskógar,
15. Geiradalur,
16. Tálknafjörður,
17. Mjólká,
18. Breiðidalur,
19. Bolungarvík,
20. Ísafjörður,
21. Hrútatunga,
22. Laxárvatn,
23. Blanda,
24. Sauðárkrókur,
25. Varmahlíð,
26. Dalvík,
27. Rangárvellir við Akureyri,
28. Húsavík,
29. Laxá,
30. Krafla,
31. Lindarbrekka,
32. Silfurstjarna,
33. Kópasker,
34. Vopnafjörður,
35. Lagarfoss,
36. Eyvindará,
37. Seyðisfjörður,
38. Neskaupstaður,
39. Eskifjörður,
40. Hryggstekkur,
41. Stuðlar,
42. Fáskrúðsfjörður,
43. Teigarhorn,
44. Hólar,
45. Prestbakki,
46. Búrfell,
47. Hvolsvöllur,
48. Rimakot,
49. Vestmannaeyjar,
50. Flúðir,
51. Hella,
52. Selfoss,
53. Ljósifoss,
54. Hverageröi,
55. Þorlákshöfn.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1863. Frumvarp til laga [747. mál]

um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Orkustofnun fer með framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

3. gr.

Skilyrði fyrir lækkun dreifingarkostnaðar.

Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarka skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrám undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.

4. gr.

Framkvæmd.

Dreifiveita sem starfar á dreifbýlisgjaldskrársvæði þar sem lækka á kostnað við dreifingu skal fá til umsýslu framlag í samræmi við innsendar upplýsingar um rekstur og þau viðmiðunarmörk sem ákvörðuð eru, sbr. 3. gr. Dreifiveita skal ákvarða gjaldskrár óháð framlaginu og lækka gjaldið síðan út frá reiknuðu framlagi fyrir alla notendur á gjaldskrársvæðinu. Notendur skulu fá upplýsingar um hve mikið framlagið lækkar gjaldið í kr./kWst að meðaltali.

Framlag það sem dreifiveita fær til lækkunar dreifingarkostnaðar notenda er ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði í hlutfalli við raforkunotkun hvers notanda.

Verði afgangur af niðurgreiðslufénu skal hann notaður til niðurgreiðslna næsta árs. Komi hins vegar til þess að fé vanti til niðurgreiðslna vegna þess að rafmagnsnotkun eða kostnaður við dreifingu var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir skal gert ráð fyrir því við ákvörðun niðurgreiðslna næsta árs.

5. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Dreifiveitum ber að veita Orkustofnun sundurgreindar upplýsingar um kostnað við dreifingu á gjaldskrársvæði þegar stofnunin fer fram á slíkt.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við eftirlit samkvæmt lögum þessum og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til að lækka kostnað við dreifingu raforku til notenda.

6. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Fari dreifiveitur ekki að ákvæðum laga þessara getur Orkustofnun krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. janúar 2005.

1864. Frumvarp til laga [305. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Eftir 2. umr., 28. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg.

2. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr.

Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.

3. gr.

Í stað orðanna „Eigandi íbúðar“ og „eiganda“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Eigandi eða umráðamaður íbúðar, og: eiganda eða umráðamanni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. koma fjórir nýir málsliðir er orðast svo: Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan. Greiðsla stofnstyrks til nýrrar hitaveitu eða vegna stækkunar hitaveitu skal miðuð við tímamarkið þegar hitaveitan tekur til starfa eða stækkun er tekin í notkun. Af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslu á orku til húshitunar og stofnstyrkja hitaveitna skal styrkveiting til nýrra hitaveitna þó aldrei vera meiri en 20% heildarfjárveitingar. Árlega getur hver einstök hitaveita að hámarki fengið styrk er nemur 15% árlegrar heildarfjárveitingar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Fyrir 1. október ár hvert skal leggja fram skýrslu um ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða.

5. gr.

a. Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

   Ráðherra er heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna. Beiðnir um styrki skulu sendar iðnaðarráðuneytinu ásamt greinargerð um fyrirhugaða jarðhitaleit.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Fjárveiting til jarðhitaleitar.*

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2004.

1865. Breytingartillögur [783. mál]

við frv. til jarðalaga.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Við 49. gr.
   a. Í stað orðanna „þá sem rétt eiga til óðalsins samkvæmt lögum þessum eða forráðamenn þeirra“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þá sem rétt áttu til óðalsins.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Nú vill enginn þeirra sem rétt áttu til óðalsins taka við jörðinni og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé.
2. Í stað orðanna „þeir sem rétt eiga til óðalsins skv. 56. gr.“ í 51. gr. komi: þeir sem rétt áttu til óðalsins þegar óðalsbóndi tók við óðalinu.
3. Í stað orðanna „án þess að fyrir liggi samþykki erfingja hans eða annarra sem rétt kunna að eiga til óðalsins, sbr. 56. gr.“ í 52. gr. komi: án þess að fyrir liggi samþykki þeirra er rétt áttu til óðalsins.

1866. Breytingartillaga [305. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi taka gildi 15. júní 2004.

1867. Breytingartillaga [690. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Í stað orðanna „1. júní 2004“ í 1. gr. komi: gildistöku laga þessara.

1868. Svar [407. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um framlög til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum og meðferðar ungra fíkniefnaneytenda.

1. *Hver eru framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum, hverjir fá þau greidd og hversu mikið hver?*

Fyrirspyrjandi spyr um framlög hins opinbera til forvarna. Ráðuneytinu er einungis unnt að svara því sem snýr að því og stofnunum þess.

Ýmsar stofnanir hins opinbera beita sér fyrir forvörnum gegn fíkniefnum án þess að framlög til stofnana séu sérstaklega mörkuð þeim verkefnum. T.d. sinnir landlæknisembættið þessum málum með ýmsum hætti. Svipað á við um ýmsar heilbrigðisstofnanir.

Áfengis- og vímuvarnaráð hefur frá stofnun 1999 haft umsjón með Forvarnasjóði. Með stofnun Lýðheilsustöðvar 1. júlí 2003 færðist umsýsla Forvarnasjóðs til stöðvarinnar sem skal ráðstafa fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Framlag til sjóðsins á fjárlögum 2003 var 78,6 millj. kr. Ráðstöfun framlagsins kemur fram í svari við 3. lið, ásamt listum yfir úthlutanir Forvarnasjóðs 1999–2004. Auk þess má geta þess að ráðherra veitir ætíð hluta af ráðstöfunarfé sínu, sem er 8 millj. kr., til forvarna.

2. *Hver eru framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda?*

Ábyrgð á meðferð ungra fíkniefnaneytenda er einkum á hendi félagsmálaráðuneytis og undirstofnana þess. Þó má geta þess að framlag ríkisins til reksturs unglingadeildar SÁÁ (að 19 ára aldri) árið 2003 var 53 millj. kr. á því ári.

3. *Hver voru árleg framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum að núvirði árin 1995–2003, hverjir fengu þau greidd og hversu mikið hver?*

Fram til ársins 1997 voru á fjárlögum ríkisins framlög til áfengisvarna og bindindismála. Frá og með 1997 voru veitt framlög til Forvarnasjóðs. Árleg framlög ríkissjóðs til forvarna hafa verið með eftirgreindum hætti frá árinu 1995:

Tafla 1. Framlög til forvarna 1995–2003.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Verðlag ársins	29,5	50	55	55	55	70,6	80,3	82,5	78,6
Verðlag 2003	38,7	64,2	69,3	68,2	65,9	80,6	85,9	84,2	78,6

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fjármuni Forvarnasjóðs samkvæmt fjárlögum árin 1999–2003.

Tafla 2. Fjárlög – Forvarnasjóður 1999–2001.

	1999	2000	2001	2002	2003
Forvarnasjóður, alls (millj. kr.)	**55,0**	**70,60**	**80,30**	**82,50**	**78,60**
– Rekstur	7,0	7,20	7,40	7,90	8,10
– Forvarnasjóður, 1% af áfengisgjaldi	48,0	53,40	63,40	69,00	69,00
– Viðbót fjárlagan. + leiðrétt v. gjalda		10,00	9,50	5,6	–

	1999	2000	2001	2002	2003
Þar af ráðstafað til verkefna, rannsókna og	(65%)	(68%)	(71%)	(61%)	(59%)
áfangaheimila (millj. kr.)	**35,85**	**48,12**	**57,05**	**50,30**	**45,27**
– Verkefni	25,85	36,50	40,95	40,30	25,27
– Áfangaheimili	10,00	10,00	10,00	10,00	10,00

4. *Hver voru árleg framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda árin 1998–2003 að núvirði?*

Framlög til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda eru fyrst og fremst vegna starfrækslu meðferðarheimila fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri á vegum Barnaverndarstofu, sem er á forræði félagsmálaráðuneytis. Framlög til heilbrigðisstofnana eru ekki mörkuð þessum hópi sérstaklega. Sérstök unglingadeild hefur þó verið starfrækt hjá SÁÁ frá árinu 2002.

5. *Hver eru áætluð framlög hins opinbera til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum árið 2004, hverjir fá þau greidd og hversu mikið hver?*

Framlög heilbrigðis- og tryggingmálaráðuneytis til forvarna gegn ólöglegum fíkniefnum eru veitt samkvæmt tillögum Forvarnasjóðs. Framlag til sjóðsins á fjárlögum 2004 er 82 millj. kr. Úthlutun styrkja fór fram 26. maí sl. samkvæmt meðfylgjandi yfirlit um úthlutun 2004.

6. *Hver eru áætluð framlög hins opinbera til meðferðar ungra fíkniefnaneytenda árið 2004?*

Eins og fyrr greinir er meðferð ungra fíkniefnaneytenda á hendi stofnana félagsmálaráðuneytis, en framlag ríkisins til unglingadeildar SÁÁ er um 55 millj. kr.

Fylgiskjal.

Forvarnarsjóður.
Úthlutanir 1999–2004.

Auk verkefna, sem koma fram á meðfylgjandi listum, hefur hluta af Forvarnasjóði verið varið til rannsókna til að grundvalla frekara forvarnastarf á m.a. ESPAD 1999 (European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs), Ungt fólk 2000, Ungt fólk í framhaldsskólum 2000, Ungt fólk utan framhaldsskóla 2001 og könnun á áfengis- og vímuefnaneyslu meðal almennings 2001. Vaxandi áhersla er lögð á að meta verkefni sem njóta hárra fjárframlaga úr sjóðnum með tilliti til framkvæmdar og árangurs. Tvö stór verkefni hafa verið metin á þennan hátt: Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins og Ísland án eiturlyfja. Þá hefur áfengis- og vímuvarnaráð annast umfangsmikla gagnasöfnun á afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi sem fram kemur í skýrslunni „Áfengi og önnur vímuefni – ýmsar tölulegar upplýsingar“. Loks hefur allur rekstur og innra starf áfengis- og vímuvarnaráðs, m.a. laun fjögurra starfsmanna og fulltrúa í áfengis- og vímuvarnaráði, útgáfa og auglýsingar verið greiddar af Forvarnasjóði.

Forvarnarsjóður 1999 – **úthlutanir samkvæmt auglýsingu í maí 1999**	
Börn eru líka fólk –námskeið fyrir börn í áhættuhópum Vímulaus æska	1.500.000
Forvarnarverkefnið „Hættu áður en þú byrjar" Lögreglan í Reykjavík, Hvítasunnukirkjan á Íslandi – Marita, Félagsþjónustan í Reykjavík	1.500.000
Fyrirmyndarforeldrar/foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Fíkniefnafræðsla í framhaldsskólum Jafningjafræðslan	1.000.000
Kynning á útivistarreglum Forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, *Ísland án eiturlyfja,* Vímulaus æska, Heimili og skóli, Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíknivarnir	1.000.000
Vímuvarnaskólinn Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, forvarnadeild SÁÁ og Rauði kross Íslands	1.000.000
Auglýsingaátak gegn unglingadrykkju SAMFÉS / Ísland án eiturlyfja	1.000.000
Bindindismótið í Galtalækjarskógi Sumarheimili templara	1.000.000
Forvarnir í samstarfi við ungmenna- og íþróttafélög í sveitarfélögum Fjölmennt	1.000.000
Lífsstíll ungs fólks, breyttar áherslur - tilraunaverkefni Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	500.000
Foldaskóli – vímulaus grunnskóli – tilraunaverkefni Foldaskóli	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ árið 2000 – vímulaus fjölskyldu- og íþróttahátíð Ungmennafélag Íslands	500.000
Reykjanesbær á réttu róli – alhliða forvarnir í bænum Reykjanesbær	500.000
Fræðsla um hass og amfetamín Forvarnadeild SÁÁ og fræðsludeild lögreglustjórans í Reykjavík	500.000
Sæludagar 1999 – vímulaus fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgi Skógarmenn KFUM	500.000
„Rusfri díl" Íslenskir ungtemplarar	500.000

VOFF – verkefnið, leiklist og námskeið tengd vímuvörnum. Kompaníið – Upplýsinga- og þjónustumiðstöð ungs fólks á Akureyri	400.000
Landsmóta skáta Bandalag íslenskra skáta	350.000
Hátt uppi án vímu – hvatning til „jákvæðrar áhættuhegðunar" Bandalag íslenskra skáta	300.000
Unglingar í áhættuhópi og foreldrar þeirra Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann – SÁÁ	300.000
Vefsíða um áfengis- og fíkniefnamál Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	300.000
Verum saman – verkefni fyrir 10 – 12 ára börn og foreldra þeirra Komið og dansið	300.000
Ferðastyrkur AA – samtökin (úthlutað af ráðherra)	300.000
Verkefni til að bæta skemmtanahald í framhaldsskólum Komið og dansið	200.000
Breytt viðhorf til ölvunar Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	200.000
Foringjanámskeið skáta Bandalag íslenskra skáta	100.000
Efling foreldrarölts SAMFOK – samtök foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum í Reykjavík	100.000
Efling foreldrarölts SAMKÓP	100.000
Tilvera í Grundarfirði - samfélagsverkefni **Hópur foreldra í Stykkishólmi**	100.000
Ísland án eiturlyfja Ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga	4.800.000
Sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins	6.500.000
Fjölskyldumiðstöðin Reykjavíkurdeild RK, Félagsmálaráðuneytið, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	3.000.000
Samtals:	**30.850.000**

Forvarnasjóður 2000
Úthlutanir samkvæmt auglýsingu 30. janúar 2000

Forvarnarlykill fræðuefni og námskeið fyrir foreldra, skóla og börn. Samfok	500.000
Útivistarátak Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Rvík og Samstarfsn. Rvík um afbrota og fíkniefnavarnir	500.000
Auglýsinga- og hvatningaherferð Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Rvík og Samstarfsn. Rvík um afbrota og fíkniefnavarnir	500.000
SÁÁ Foreldrar í vanda, auka þekkingu foreldra á vímuefnum og áhrifum þeirra	500.000
Fjölskylduráðgjöf Vímulausrar æsku og foreldrahópsins. Vímulaus æska	500.000
"Börn eru líka fólk" námskeið fyrir börn í áhættuhópum og foreldra þeirra. Vímulaus æska	1.000.000
"PMT" aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	1.000.000
Sterkur og víðbúinn- aðstoð við foreldra barna í ákveðnum áhættuhópum Stórtúka Íslands	500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda. Vímulaus grunnskóli/Fjölskyldumiðstöð	3.000.000
Foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Forvarnir í vímu og fíkniefnamálum. Forvarnir í umferðinni fræðsla til barna í 8-10. bekk grunnskóla Lögreglan á Blönduósi	100.000
"Ég get"- fjallað um lífssýn, þjálfun hugarfars, styrkingu sjálfsmyndar ofl. Fjölmennt ehf.	1.000.000
Gerð myndbands fyrir framhaldsskóla Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson/Mennaskólinn Kópavogi	500.000
"Hættu áður en þú byrjar" Marita, Félagsþjónustan og Lögreglan í Reykjavík	1.500.000
Vörn gegn vímu "Ég er húsið mitt" Krossgötur	500.000
Forvarnir í grunnskólum Vímuvarnarskólinn SÁÁ	500.000
Forvarnir í leikskólum, þróunarverkefni FRÆ	500.000
Tilvera í Lífsleikni fyrir 8-10 bekk grunnskóla Tilvera í Grundarfirði	200.000
Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli Samfés	1.000.000
VALUR án vímu Kanttspyrnud. VALS	300.000
Orkudagar 2000 Félagsmiðstöðin Þrykkjan, Hornafjarðarbæ og Orkuverið	200.000
Bindindismótið Galtalæk Sumarheimili templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2000 UMFÍ	500.000
Aukið hópastarf á vegum Miðbæjarstarfsins. Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Unglingamóttaka, þróunarverkefni Heilsug.st. Akureyri	300.000
Heilsuefling í skólum verkefni til þriggja ára Heilsuefling-Landlæknisembættið	1.000.000
Fræðsla og forvarnir í Borgarbyggð Borgarbyggð	100.000
Handbók fyrir heimili og skóla FRÆ	2.000.000
Sveitafélagaverkefnið SÁÁ	2.500.000

Ráðstefna um fíknir Götusmiðjan	500.000
Betra líf Félagsmiðst. bústaðir	500.000
Loftskipið-frístundir án vímu UMFÍ	1.000.000
Vímuefnalaust kaffi- og menningarhús unga fólksins VÁ VEST	300.000
Ráðstefna um ofbeldi ungmenna árið 2000 Barnageðlæknafélag Íslands	200.000
Sjóliðaverkefnið-Haftindur Karel Karelsson	1.000.000
Ísland án eiturlyfja	4.800.000
SAMTALS:	**32.500.000**
Aðrar ráðstafanir árið 2000	
Úthlutun ráðherra:	
Gamla apótekið – heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 8/8´00	500.000
Akureyri – dóms- og kirkjumálaráðherra	500.000
SAMTALS:	**1.000.000**
Áfangaheimili:	
Byrgið	1.800.000
Samhjálp	1.800.000
Dyngjan	2.500.000
Risið	2.500.000
Takmarkið	700.000
Fjólan	700.000
SAMTALS:	**10.000.000**
Önnur verkefni (skv. áætlun):	
Rannsóknir	5.000.000
Laun og rekstur	16.000.000
Auglýsingar, kynning	1.000.000
Gagnasafn og vefur	2.100.000
Annað	3.000.000
SAMTALS:	**27.100.000**
ALLS:	**70.600.000**

Forvarnasjóður 2001
Úthlutun samkvæmt auglýsingu 7. janúar 2001

Ísland án eiturlyfja	4.800.000
Fjölskylduráðgjafar og námskeiðahald Vímulaus æska	2.000.000
"Hættu áður en þú byrjar" eftirfylgni. Fundir með foreldrum og nemendum. "Hættu áður en þú byrjar" fræðsla fyrir 9. bekk **Marita, Félagsþjónustan og Lögreglan í Reykjavík**	2.000.000
Upplýsingar, fræðsla og ráðgjöf í vímuvörnum FRÆ	2.000.000
Fræðsla og fjölskylduráðgjöf Götusmiðjan	1.500.000
"PMT" aðferðin til að fyrirbyggja hegðunarerfiðleika hjá börnum. Foreldraráðgjöf. Samstarfsverkefni Stofnanir í Hafnarfirði: Skólaskrifstofa, Félagsþjónusta og Heilsugæslan	1.500.000
Fjölskyldumiðstöð fyrir börn í vanda. Fjölskyldumiðstöð	1.500.000
Íslenskir ungtemplarar	1.500.000
Gamla apótekið Ísafirði	1.500.000
Innleiðing uppbyggingarstefnu í Grafarvogi Miðgarður	1.300.000
Foreldrasamningurinn Heimili og skóli	1.000.000
Námskeið fyrir foreldra. Auka líkur á að börn skjólstæðinga SÁÁ njóti þess bata sem foreldrar þeirra ná. SÁÁ	1.000.000
Forvarnalykill SAMFOKS. **Samfok**	1.000.000
"Láttu ekki hafa þig að fífli". Gerð auglýsingamyndbands ofl. Samfés	1.000.000
Heilsuefling í skólum verkefni til þriggja ára Heilsuefling-Landlæknisembættið	1.000.000
Jafningjafræðslan Þróun forvarna meðal ungs fólks	1.000.000
Átak í forvörnum í Skagafirði Skagafjörður	1.000.000
Bindindismótið Galtalæk Sumarheimili templara	1.000.000
Landsmót Egilsstöðum 2001 UMFÍ	1.000.000
Auglýsinga- og hvatningaherferð Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Rvík og Samstarfsn. Rvík um afbrota og fíkniefnavarnir	700.000
"Gleði, gleði, gleði" Verkefni fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskóla og 1. bekk framhaldsskóla KSS kristileg skólahreyfing	700.000
"Þróttir efla kjark og þol" forvarnaverkefni í samvinnu við grunnskóla í hverfi Vals **Valur-knattspyrnudeild**	700.000

Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2002 í Stykkishólmi UMFÍ	500.000
"Að allt árið" samþætt vímuvarnastarf fyrir 1.-10. bekk og Orkudagar 2001 Félagsmiðstöðin Þrykkjan Hornafjarðarbæ	500.000
Sæludagar KFUM í Vatnaskógi KFUM-Skógarmenn	500.000
Námskeið fyrir foreldra barna með hegðunarraskanir Foreldrafélag misþroska barna og Eirð	500.000
Útivistarátak Ísland án eiturlyfja, Lögreglan í Rvík og Samstarfsn. Rvík um afbrota og fíkniefnavarnir	500.000
Forvarnastarf í grunnskólum **Vímuvarnaskólinn**	500.000
Þú átt val, gerð myndbands fyrir framhaldsskóla Þóranna Tómasdóttir Gröndal og Hannes Hilmarsson/Mennaskólinn Kópavogi	500.000
Föstudagsbræðingur á Geysi kakóbar "ung list" Hitt húsið	500.000
Tún, menningar- og félagsaðstaða fyrir ungt fólk Húsavíkurkaupstaður	500.000
Hópastarf v/eineltis, sjálfsvarnanámskeið og fræðsla v/götustarfs. Miðbæjarstarf KFUM og KFUK	500.000
Fjölskylduklúbbar Bindindissamtökin IOGT	500.000
Unglingamóttaka, unglingar 14-20 ára Heilsugæslustöðin Sólvangur	500.000
Vímuvarnafulltrúi, samstarfsverkefni Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar	500.000
Vímuvarnastefna íþróttafélaga Íþróttabandalag Reykjavíkur	400.000
Skrefi á undan – Fræðsluefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum Bindindissamtökin IOGT	400.000
Nemendur í Kópavogsskóla, foreldrar þeirra og aðrir íbúar á þjónustusvæði Kópavogsskóla **Menningarmiðstöð Kópavogsskóla**	300.000
Forvarnastarf í Borgarbyggð Borgarbyggð	250.000
"Verum saman dönsum saman" Foreldrar og börn Komið og dansið	200.000
Samtals:	**39.250.000**
Úthlutun til rannsókna 2001 (september):	
Dagbókin, undirbúningur að rannsóknarverkefni um ferli(mynstur) í högum og heilsu ungs fólks. Guðberg K. Jónsson og Héðinn Unnsteinsson, Geðrækt	500.000
Ölvunarakstur í Reykjavík: Forvarnir sem byggjast á forspá um síendurtekin brot. Jón Friðrik Sigurðsson, Fangelsismálastofnun	450.000
Áhættuhegðun ungs fólks: Langtímarannsókn Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Samtals:	**1.700.000**

Áfangaheimili:	
Byrgið	1.500.000
Dyngjan	2.500.000
Fjólan	700.000
Krossgötur	400.000
Risið	2.500.000
Samhjálp	700.000
Takmarkið	1.000.000
Vernd fangahjálp	700.000
Samtals:	**10.000.000**

Forvarnasjóður
Úthlutun styrkja 2002

Ísland án eiturlyfja (lokaframlag)	2.500.000
Námskeið í listum og lífsleikni Undirbúningshópur um listir og lífsleikni, Götusmiðjan og Foreldrahús	1.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum Saman-hópurinn	1.500.000
"Láttu ekki hafa þig að fífli" Samfés	1.000.000
"PMT" foreldraþjálfun Skólaskrifstofa-félagsþjónustan og heilsugæslan í Hafnarfirði	1.000.000
Börn eru líka fólk Vímulaus æska	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk – Eftirfylgd, markhópur 10. bekkur Forvarnafélagið "hættu áður en þú byrjar"	1.000.000
Fjölskylduhátíð í Galtalækjarskógi 35 ára Bindindismótið Galtalækjarskógi	1.000.000
Fjölskyldumiðstöð-fjölskylduráðgjöf Fjölskyldumiðstöð	1.000.000
Fjölþjóðakvöld: Ævintýraferðir, hópastarf og fagleg ráðgjöf Miðborgarstarf KFUM & K	1.000.000
Foreldrasamningur Heimili og skóli	1.000.000
Gerð myndar um raunveruleika fíkniefnaneyslu á Íslandi (með"hættu áður en þú byrjar") Samhjálp	1.000.000
Jafningjafræðslan Hitt húsið-jafningjafræðslan	1.000.000
Landsmót skáta 2002 Bandalag íslenskra skáta	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ Stykkishólmi 2002 UMFÍ	1.000.000
Uppbyggingarstefna, forvarnaleið fyrir íbúa Grafarvogs Miðgarður, fjölskyldubjónustan í Grafarvogi	1.000.000
Menntasmiðja unga fólksins Menntasmiðjan á Akureyri	900.000
Efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík TÚN menningar- og kaffihús ungs fólks á Húsavík	800.000
Hópastarf Hins hússins Hitt húsið	800.000
Upplýsinga-, menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk í Skagafirði Samstarfshópur um forvarnir Sauðárkróki	800.000
Forvarnir í leikskóla – hvernig byggjum við upp einstaklinga sem ánetjast síður fíkniefnum Áhugahópur leikskólakennara	750.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk Biskupsstofa	750.000
Félagsstarf og útihátíðir SÁÁ	500.000
Fjölskylduráðgjöf Vímulaus æska	500.000

Forvarnir í leikskólum Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	500.000
Húsráð gamla Apóteksins: leiðsögn og stuðningur Gamla Apótekið, Ísafirði	500.000
Íslandsleikhús Gamla Apótekið, Ísafirði	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2002 **Skógarmenn KFUM**	500.000
"Vímuvarnir í eigin hópi" samstarfsverkefni æskulýðsmiðstöðva og vinnuhópa" Fjarðabyggð	500.000
Árangursvottun ungs fólks í félagsmiðstöðvastarfi Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Heilsuefling í skólum Heilsuefling/Landlæknisembættið	500.000
Heilsuvernd barna og fræðsla um áfengi og vímuefni Miðstöð heilsuverndar barna	500.000
Reykjanesbær á réttu róli Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	500.000
Tveggja hæða strætisvagn KFUM og KFUK í Reykjavík	500.000
ÞÚ ÁTT VAL myndband Menntaskólinn í Kópavogi	500.000
Agi til forvarna Miðstöð heilsuverndar barna	450.000
Læra fyrir lífið Akraneskaupstaður	400.000
Víma á vettvangi – gerð myndbands Akureyrarbær íþrótta- og tómstundadeild	400.000
Forvarnalykill SAMFOKS SAMFOK Reykjavík	300.000
Forvarnastarf foreldra í Kópavogi SAMKÓP	300.000
Forvarnir í Borgarbyggð Borgarbyggð	300.000
Heimur/trúnaðarsími Gamla Apótekið Ísafirði	300.000
Íþróttanámskrá knattspyrnudeildar, forvörn í fyrirrúmi Knattspyrnudeild Hauka	300.000
Landnemar Unglingaathvarfið Keilufelli	300.000
Forvarnanámskeið-öflugt sjálfstraust Vímulaus æska	250.000
Langtímaáhrif stelpnahópa, vinna til forvarna Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk Heilsugæslan á Seltjarnarnesi	200.000
Móttaka fyrir ungt fólk Heilsugæslan í Kópavogi	200.000
Lífsleikni og forvarnir á Raufarhöfn Grunnskólinn á Raufarhöfn	100.000
Unglingar án vímuefna Heppuskóli Hornafirði	100.000
Samtals:	**33.900.000**

Ráðherraúthlutun:	
AA-samtökin	471.000
Samtals:	**34.371.000**
Áfangaheimili:	
Dyngjan áfangaheimili	2.500.000
Risið líknarfélag	2.500.000
Takmarkið líknarfélag	1.000.000
Vernd fangahjálp	1.000.000
Byrgið Rockville	800.000
Fjólan	700.000
Samhjálp stoðbýli	700.000
Krossgötur	400.000
SÁÁ áfangaheimili	400.000
Samtals	**10.000.000**
Rannsóknastyrkir:	
Sigrún Aðalbjarnardóttir	500.000
Hildigunnur Ólafsdóttir	500.000
Ragný Þóra Guðjohnsen	200.000
Guðberg Jónsson	250.000
Samtals:	**1.450.000**
Samtals úthlutun	**45.821.000**
Úthlutun í nóvember	
Samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og áfengis- og vímuv.r. (Er í undirbúningi)	3.500.000
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum skv. samkomulagi við heilbrigðisráðherra	1.100.000
Samtals:	**4.500.000**
Samtals alls:	**50.321.000**

Úthlutun úr Forvarnasjóði 2003

Öflugt sjálfstraust, Börnin okkar-eineltisverkefni, Börn eru líka fólk-forvarnaverkefni og fjölskylduráðgjöf	
Vímulaus æska	2.500.000
Saman á tímamótum og tyllidögum	
Saman-hópurinn, félag um forvarnir	1.500.000
Jafningjafræðslan	
Jafningjafræðsla Hins hússins	1.000.000
Þjónustumiðstöð fyrir fjölskyldur barna með athyglisbrest með/án ofvirkni og þroska- og hegðunarvanda	
Foreldrafélag misþroska barna	1.000.000
Foreldrasamningur	
Heimili og skóli	1.000.000
PMT-foreldrafærni, samstarfsverkefni stofnana í Hafnarfirði	
Skólaskrifstofa, heilsugæslan Sólvangur og félagsþjónustan	1.000.000
Fíkniefnafræðsla fyrir 9. bekk, eftirfylgd fyrir nemendur í 10. bekk, „Ekki prófa, ekki einu sinni", fræðsla fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra	
Forvarnafélagið Hættu áður en þú byrjar	1.000.000
Fjölþjóðakvöld á kaffihúsi	
Miðborgarstarf KFUM &K og Þjóðkirkjan	1.000.000
Bindindismótið í Galtalækjarskógi 2003	
Sumarheimili Templara	1.000.000
Unglingalandsmót UMFÍ 2003	
Ungmennafélag Íslands	1.000.000
Forvarnaverkefnið „Þú?"	
Námsmannahreyfingin á Íslandi	900.000
Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ - átak í forvörnum	
Íþrótta- og ólympíusamband Íslands	800.000
Uppbyggingarstefnan – forvarnir fyrir íbúa í Grafarvogi	
Fjölskylduþjónustan Miðgarði	750.000
Áhættuhegðun ungs fólks, langtímarannsókn	
Sigrún Aðalbjarnardóttir	750.000
Fjölskyldumiðstöð-fjölskylduráðgjöf.	
Fjölskyldumiðstöð	600.000
Félagsstarf og útihátíðir á vegum SÁÁ	
SÁÁ	500.000
Sæludagar í Vatnaskógi 2003	
Skógarmenn KFUM Vatnaskógi	500.000
Menntasmiðja unga fólksins	
Menntasmiðjan á Akureyri	500.000
Láttu ekki hafa þig að fífli	
Samfés, samtök félagsmiðstöðva	500.000
Menntasmiðja unga fólksins	
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	500.000
Agi til forvarna	
Miðstöð heilsuverndar barna	450.000

Handbók fyrir stjórnendur fyrirtækja	
Líknarfélagið Risið	400.000
Tveggja hæða strætisvagn	
KFUM og KFUK	400.000
Nýnemaferðir Hins hússins	
Hitt Húsið	300.000
Heilbrigður menntaskóli fyrir vestan	
Menntaskólinn á Ísafirði	300.000
„Verum saman", grunnskólar í Rvík og nágrenni, framhaldsskóla-skemmtanir og lífsdans	
KOMIÐ OG DANSIÐ	300.000
Geymslan, ungmenni í Skagafirði 15-25 ára	
Átak í forvörnum í Skagafirði	300.000
Lífsleikni fyrir unglinga og ungt fólk	
Biskupsstofa	300.000
Mannauðsvirkjun	
Framhaldsskólinn á Húsavík	300.000
Gamla Apótekið-Svæðaráð	
Gamla Apótekið	300.000
Lestin-hópastarf Hins hússins	
Hitt húsið	300.000
Vottunarkerfið Þor	
Samfés, samtök félagsmiðstöðva	300.000
Stofnun kaffi- og menningarhúss	
Forvarnanefnd Hafnarfjarðar	300.000
Unglingamóttaka	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	300.000
Fjölskyldur á uppleið	
Heilsugæslan í Árbæ og Félagsþjónustan í Reykjavík	300.000
TÚN, efling félagsstarfs ungmenna á Húsavík	
TÚN menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk á Húsavík	300.000
„Byrgjum brunninn – virkjum samfélagið"	
Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar	250.000
Íslandsleikhús 2003, unglingar í efstu bekkjum grunnskóla	
Íslandsleikhús	250.000
Forvarnir í Borgarbyggð	
Borgarbyggð	250.000
Forvarnaáætlun og foreldrafræðsla	
Félagsmála- og fjölskyldusvið Vestmannaeyjar	250.000
„Árla skal að auðnu hyggja"	
Félagsmálasvið Mosfellsbæjar	250.000
Vinnuheiti „Á fætur!"	
Vesturgarður, fjölskyldu- og skólaþjónusta	200.000
Foreldraskóli	
Félagsmiðstöðin Vitinn, Hafnarfirði	200.000
Foreldrar eru besta forvörnin	
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar	200.000
„Þegar pabbi og mamma drekka"	
Hrósa ehf f.h. Róda	200.000
Gildi íþrótta í forvörnum	
Knattspyrnudeild Hauka	200.000
Námskeiðið „Foreldrar og uppeldi–að bregðast við áður en skaðinn verður"	
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	200.000
Fjölskylduklúbbar	
Bindindissamtökin IOGT	200.000
Betri sjálfsmynd-betri líðan	

Akureyrarbær, félagssvið		200.000
Lífsleikni-leið til lausnar		
Ártúnsskóli		200.000
Starfsfólk, leikskólabörn og foreldrar leikskólabarna í þremur leikskólum		
Fjölskylduráðgjöf Stefáns Jóhannssonar		200.000
Vinahópur í unglingadeild		
Hólabrekkuskóli		200.000
Forvarnastarf á Biskupsstofu og hjá Tollstjóra. Fermingarbörn 2003		
Tollstjórinn í Reykjavík og Biskupsstofa		200.000
„Sterkur og viðbúinn“		
Ungmennahreyfing IOGT		200.000
Forvarnir í fjölmenningarlegum skóla		
Kópavogsskóli		200.000
„Þú átt val“, fræðslukver í tengslum við myndband		
Menntaskólinn í Kópavogi		200.000
„Byrgjum brunninn“		
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar		200.000
Þórshöfn án fíkniefna		
Forvarnahópur Þórshafnar		200.000
Mikilvægi foreldra í forvarnastarfi.		
Foreldrafélag Víðistaðaskóla		150.000
Námskeið fyrir foreldra og börn 6-16 ára		
Frístundamiðstöðin Gufunesbæ		150.000
Fræðsla fyrir 8. ,9. og 10. bekk grunnskóla og foreldra		
Grunnskólinn á Blönduósi		150.000
„Líf eða dauði“, ljósmyndamaraþon		
KFUM&K á Akureyri		150.000
Danskennsla fyrir 5.-7. bekk grunnskóla		
Kolfinna Sigurvinsdóttir og Hulda Sverrisdóttir		150.000
Forvarnir meðal unglinga		
Sveitarfélagið Árborg		150.000
Þýðing texta mundbandsins „Þú átt val“ á ensku		
Menntaskólinn í Kópavogi		150.000
„Flott án fíknar“		
Lindaskóli, Kópavogi		150.000
Ungt fólk 16-18 ára.		
Jafningafræðslan í Fjölbraut Vesturlands		150.000
Langtímaáhrif stelpnahópavinnu til forvarna		
Lone Jensen og Helga Steinunn Guðmundsdóttir		150.000
SOS! Hjálp fyrir foreldra		
Félags- og skólaþjónustan ÚtEy Dalvík		120.000
LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS, 8.-10. bekkur grunnskóla		
Listauki ehf, Vestmannaeyjum		50.000
	Samtals:	**29.770.000**
Vertu til		
Samstarfsverkefni ÁVVR og Sambands íslenskra sveitarfélaga		4.500.000
Fjölskyldumiðstöð		1.000.000
	Samtals:	**35.270.000**

Áfangaheimili:		
Dyngjan		2.500.000
Krossgötur		400.000
Risið		2.500.000
SÁÁ Eskihlíð 3		400.000
SÁÁ Miklubraut 1		400.000
Skjöldur		1.000.000
Stoðbýlið Samhjálp		700.000
Takmarkið		1.000.000
Vernd fangahjálp		1.100.000
	Áfangaheimili samtals:	10.000.000
	Úthlutun samtals:	**45.270.000**

Forvarnasjóður 2004
Yfirlit yfir umsóknir og tillögur til úthlutunar

Flokkur:	**Heildarfjöldi umsókna:**	**Heildarupphæð umsókna:**	**Tillaga fjöldi:**	**Tillaga upphæð:**
1. Foreldrar og fjölskyldur:	16	19.307.650	10	4.300.000
2. Skólar/uppeldisstofnanir:	29	34.776.127	9	3.100.000
3. Unglingar og lífsstíll:	32	62.447.830	30	9.600.000
4. Heilsugæsla:	1	500.000	0	0
5. Rannsóknir:	7	6.527.000	2	1.000.000
6. Samfélagsverkefni:	11	14.837.580	2	800.000
7. Meðferð/íhlutun:	5	15.198.000	2	1.300.000
8. Áfangaheimili:	10	25.200.000	8	10.000.000
[redacted]				
Annað:				
Vertu til, samstarfsverkefni ÁVVR og Sambands íslenskra sveitafélaga – 3ja ára samningur (2003-2005):				4.500.000
Samstarfsvettvangur íslenskra bindindissamtaka				10.000.000
[redacted]				

Tillaga um styrki úr forvarnasjóði 2004

Flokkur:		Umsækjandi:	Verkefni:	Upphæð:	Tillaga að styrk
1. Foreldrar og fjölskyldur:	1.1.	Bindindissamtökin IOGT	Barnablaðið Æskan. Að minna börn einkum 9-11 ára – en einnig 8 og 12 ára á mikilvægi heilbrigðra lífsháttа og vara við notkun hvers konar skaðlegra fíkniefna svo sem tóbaks og áfengis	3.085.650	**300.000**
	1.4	Félagsmiðstöðin Vitinn-Lækjarskóla Hafnarfirði	Foreldraskóli. Foreldrar, unglingar og aðrir sem koma að málefnum unglinga í Hafnarfirði. Að fræða foreldra um unglingsárin ofl. Efling foreldrarölts	1.000.000	**500.000**
	1.7	Forvarnarnefnd Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar.	Fjölskyldan saman, gaman. Allir foreldrar barna, börn og unglingar sem stunda íþróttir í Hafnarfirði. Til langs tíma þeir sem ekki stunda heilbrigðan lífstíl	1.000.000	**200.000**
	1.10	Róda/Hrósa	"Þegar pabbi eða mamma drekka" börn alkóhólisma og foreldrar þeirra	1.000.000	**200.000**
	1.11	Saman hópurinn, félag um forvarnir	Undir sama(n) þaki? Fjölskyldur, foreldrar og börn	2.000.000	**1.500.000**
	1.12	SAMFOK, samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur	Foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík. Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu; efla samstöðu meðal foreldra um útivistartíma ofl.	1.000.000	**300.000**
	1.13	Samráðshópur um Miðbæjarathvarf (ÍTR, Félagsþjónustan, Lögr. í Rvík)	Miðbæjarathvarf, fræðslubæklingur fyrir foreldra/forráðmenn barna 16 ára og yngri	100.000	**100.000**
	1.14	Stýrihópur um forvarnir í Húnaþingi vestra	SOS-hjálp fyrir foreldra, barna og unglinga í Húnaþingi vestra	250.000	**200.000**
	1.15	Vímulaus æska	Börn eru líka fólk. Börn, unglingar og foreldrar þeirra	2.000.000	**500.000**
	1.16	Vímulaus æska	Fjölskylduráðgjöfin. Foreldrasíminn, fjölskylduviðtöl, stuðningshópar foreldrar ofl	1.000.000	**500.000**
	16		**Samtals:**	**19.307.650**	**4.300.000**

2. Skólar/uppeldisstofnanir:	2.5	Fjölskyldumiðstöð	Kynning á ráðgjöf. Grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur	500.000	**300.000**
	2.8	Forvarnafélagið "Hættu áður en þú byrjar"	"Hættu áður en þú byrjar" fikniefnafræðsla fyrir nemendur í 8. bekk grunnskóla. Fræðslan er einnig ætluð foreldrum þeirra.	685.000	**200.000**
	2.9	Forvarnafélagið "Hættu áður en þú byrjar"	"Eftirfylgd" nemendur og foreldrar barna í 10. bekk sem fengið hafa fræðsluna í 9. bekk. Að halda umræðunni um skaðsemi fíkniefna áfram	318.000	**200.000**
	2.10	Forvarnafélagið "Hættu áður en þú byrjar"	"Hættu áður en þú byrjar" fikniefnfræðsla fyrir 9. bekk	1.470.000	**200.000**
			Mat á verkefninu „Hættu áður en þú byrjar"		**400.000**
	2.15a	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	Siðfræði þjálfarans. Þjálfarar barna og unglinga og stjórnendur íþróttafélaga	200.000	**200.000**
	2.17	Lindaskóli-Hjallaskóli	Klúbbar fyrir nemendur sem eru án tóbaks og vímuefna. Nemendur í 8.-10. bekk Linda og Hjallaskóla	620.000	**100.000**
	2.18	Rauðu skórnir-sviðslistarhópur	Leiksýning fyrir elstu nemendur grunnskóla og framhaldsskólanemendur.	800.000	**800.000**
	2.26	Stýrihópur um forvarnir f.h. Bessastaðahrepps	Uppbyggingarstefna-Samfélagsleg ábyrgð til uppeldis. Börn og ungmenni í Bessastaðahrepp	5.500.000	**500.000**
	2.27	Tollstjórinn í Reykjavík	Forvarnastarf. Fræðslufyrirlestur tollvarðar ásamt fikniefnaleitarhundi. Afhentur margmiðlunardiskur.	5.464.127	**200.000**
	28		**Samtals:**	**33.476.127**	**3.100.000**
3.0 Unglingar- og lífstíll:	3.2	Austur-Hérað	"Inn í hlýjuna" Ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Að byggja upp forvarnastarf með sértækum verkefnum og aldurshópnum 16-20 ára.	6.700.000	**500.000**

	3.3	Bindindisfélag ökumanna	Hvatning til neyslu óáfengra drykkja. Vekja sérstaka athygli á mikilvægi þess að samhliða áfengi sé ávallt boðið upp á óáfenga drykki í eftisóknarverðum umbúðum	390.000	**300.000**
	3.6	Félagsmiðstöðin Hraunið Hafnarfirði	U.Á.B. Unglingar á batavegi. Drengir 13-18 ára	600.000	**200.000**
	3.7	Félagsmiðstöðin Ný-ung Egilsstöðum	"Sterkar stelpur" Að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust stúlkan á aldrinum 13-16 ára ofl.	4.100.000	**200.000**
	3.8	Fjölsmiðjan	Líkamleg og andleg uppbygging. "UPP MEÐ SJÁLFSTRAUSTIÐ" OFL	1.370.000	**800.000**
	3.10	Hafnarfjarðarbær-skólaskrifstofa, forvarnafulltrúi og félagsþjónustan	Eftirfylgdarþjónusta-markviss viðbrögð við brottfalli ungmenna úr framhaldsskóla. Ungt fólk 16-18 ára sem ekki fer í framhaldsskóla	1.250.000	**600.000**
	3.11	Jafningjafræðslan Hitt-húsið	Jafningjafærðslan. Ungt fólk á Íslandi	3.210.000	**700.000**
	3.12	KFUM og KFUK	Tveggja hæða strætisvagn. 10-16 ára íbúar Reykjavíkur og nágrennis. Stuðla að líflegu félagsstarfi án allra vímuefna og hvetja ungmenni til að hafna þeim alfarið.	1.500.000	**200.000**
	3.13	Listauki ehf.	Listahátíð ungs fólks 2004. Nemendur í unglingadeild grunn-skóla Vestmannaeyja. Að koma til móts við nemendur sem hafa önnur áhugamál en íþróttir og hafa þörf fyrir listræna útrás	100.000	**100.000**
	3.14	NÝ LEIÐ RÁÐGJÖF	Þróunarverkefni: "Lífs-listin" Námskeið í listum og lífsleikni (Project Self-Discovery and Natural Highs). Unglingar á aldrinum 15-18 ára sem þurfa , vegna sjálfsskaðandi hegðunar eða vegna hættu á slíkri hegðun, á stuðningi og meðferð að halda. ofl.	3.000.000	**1.000.000**

	3.15	Menntasmiðjan á Akureyri	Menntasmiðja unga fólksins. Ungmenni á aldrinum ca.17-.26 ára sem af ýmsum ástæðum hafa ekki fundið sig í námi eða atvinnu.	1.500.000	**500.000**
	3.16	Miðborgarstarf KFUM/KFUK	Fjölþjóðakvöld í kaffihúsi og í Laugalækjaskóla. Ævintýraferðir, hópastarf fyrir þolendur eineltis, unglinga. Alfa, menningarviðburðir ofl.	3.350.000	**400.000**
	3.19	Samfés, samtök félagsmiðstöðva	Helgasmiðjur. Unglingar á öllu landinu 13-16 ára. Söng- og leiklistasmiðja, kvikmynda- og forvarnasmiðja, rokksmiðja og snjóbrettasmiðja.	4.400.000	**300.000**
Húsin:	3.23	Áhugafélagið Húsið	Húsið Menningar- og kaffihús fyrir ungt fólk 16-25 ára í Vestmannaeyjum. Bæta stöðu ungs fólks og efla forvarnir og félagslegan þroska.	2.000.000	**400.000**
	3.24	Átak í forvörnum í Skagafirði	Geymsla, unglingahús. Ungmenni 16-25 ára auk fatlaðra 16 ára og eldri. Auka virkni og þátttöku í vímuefnalausu tómstundastarfi ofl.	800.000	**200.000**
	3.26	Gamla Apótekið	"Gamla Apótekið" Ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Að efla ungmenninguna á norðarverðum Vestfjörðum . Að bjóða upp á heilbriðgðan valkost fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára	1.500.000	**200.000**
	3.27	Tún, tómstunda- og menningarhús ungs fólks	Grasrótin í Túni 16-25 ára Húsvíkingar eru aðalmarkhópur. Að finna hvar áherslur í félags- og menningarlífi 16-25 ára Húsvíkinga liggja ofl.	1.000.000	**200.000**
Útihátíðir:	3.29	SÁÁ	Félagsstarf og úthátíði á vegum SÁÁ	1.000.000	**500.000**
	3.30	Skógarmenn KFUM Vatnaskógi	Sæludagar í Vatnaskógi 2004	1.200.000	**500.000**
	3.31	Sumarheimili Templara	Bindindismótið í Galtalækjarskógi 2004	4.000.000	**800.000**

	3.32	Ungmennafélag Íslands UMFÍ	Unglingalandsmóta UMFÍ 2004 Sauðárkróki 30. júlí-1. ágúst 2004	2.500.000	**1.000.000**
	32		**Samtals:**	**62.447.830**	**9.600.000**
5. Rannsóknir:	5.2	Elísabet Karlsdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir	Hugmyndir ungs fólks til forvarna. Könnun á viðhorfi ungs fólks til fræðslu er tengist skaðsemi reykinga, áfengis- og fíkniefnaneyslu	2.200.000	**500.000**
	5.4	Hildigunnur Ólafsdóttir	Áfengisneysla, veitingahús og menning	1.000.000	**500.000**
	7		**Samtals:**	**6.527.000**	**1.000.000**
6. Samfélagsverkefni:	6.2	Bindindisfélag ökumanna	ÁTAK GENG ÖLVUNARAKSTRI. Sérstaklega ungir ökumenn, fækkun ölvunarslysa.	2.817.000	**500.000**
	6.9	Hósanna hópurinn	Hósanna hópurinn, götu hjálparstarf og forvarnir við störfum allt árið um kring. Strætisvagn allir velkomnir í bílinn, þar sem honum er lagt á þeim stöðum sem við erum	850.000	**300.000**
	11		**Samtals:**	**14.837.580**	**800.000**
7. Meðferð/Íhlutun	7.3	Garðabær forvarnanefnd (Félagsmiðst. Garðalundur, Sýslumannsembættið og Fjölbrautarskólinn í Garðabæ	"Strax" 13-18 ára ungmenni sem ratað hafa í afbrot og vímuefnaneyslu og/eða sýna tilhneigingu til andfélagslegrar hegðunar.	2.000.000	**300.000**
	7.5	Vímulaus æska	Stuðningsmeðferð. Unglingar sem lokið hafa langtímameðferð á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu og foreldrar þeirra. Flestir foreldranna hafa verið í meðferðarhóp hjá sálfræðingi	3.000.000	**1.000.000**
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]
[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]	[illegible]

8. Áfangaheimili:	8.1	12 spora húsið Líknarfélagið Skjöldur	Karlar/konur 25 pláss. Nýting 72%	2.500.000	1.000.000
	8.2	Byrgið líknarfélag	Pláss 10-15 Ekki gefin upp nýting ofl.	5.000.000	500.000
	8.3	Dyngjan	Konur, 14 pláss. 40 konur-24 börn nýting 70%	2.500.000	2.500.000
	8.4	Krossgötur sjálfseignarstofnun	Karlar/konur 27-33 pláss. 112 einstaklingar 94% nýting	1.000.000	500.000
	8.5	Risið	Karlar 20 einstaklingar 100% nýting	3.500.000	2.500.000
	8.6	SÁÁ-áfangaheimili Eskihlíð 3	11 pláss 60% nýting	1.500.000	0
	8.7	SÁÁ-áfangaheimili Miklabraut 1	24 pláss 81% nýting	1.500.000	0
	8.8	Stoðbýlið, Samhjálp	Karlar/konur 14 pláss. 96,93% nýting	2.700.000	1.000.000
	8.9	Takmarkið líknarfélag	Karlar 16 pláss. Nýting 95%	3.500.000	1.000.000
	8.10	Vernd fangahjálp	Fangar 22 pláss 68 einstaklingar 80% nýting	1.500.000	1.000.000

1869. Frumvarp til laga [1010. mál]

um breytingar á lögum um fyrirtæki á orkusviði.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Einar Oddur Kristjánsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal.

I. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 2. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

2. gr.

Orðin „ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 2. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi sem er ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 4. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Fyrirtækjum sem lög þessi taka til er heimilt að eiga áfram þær eignir sem keyptar hafa verið á grundvelli þeirra heimilda sem felldar eru brott í þessum lögum. Við kaup á eign í þeirra stað skal farið eftir ákvæðum gildandi laga um fjárfestingarheimildir fyrirtækjanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laga um fyrirtæki á orkusviði er varða tilgang og fjárfestingarheimildir slíkra fyrirtækja verði þrengd. Heimildir fyrirtækja á orkusviði til að stunda eða taka þátt í starfsemi á ólíkum sviðum eru mjög víðar í gildandi lögum þar sem tilgangur þeirra er sagður m.a. vera „viðskipta- og fjármálastarfsemi“. Því miður hefur reynslan sýnt að ekki fer vel að orkufyrirtæki taki þátt í starfsemi sem er óskyld orkurekstri.

Það er mismunandi á milli fyrirtækja á orkusviði hvernig þau hafa nýtt rúmar heimildir laga til reksturs og fjárfestingar. Segja má að eitt þeirra, Orkuveita Reykjavíkur, hafi gengið hættulega langt, farið út í alls óskyldan rekstur og greitt það dýru verði.

Dæmi um fjárfestingar sem Orkuveita Reykjavíkur hefur farið út í eru rekstur net- og fjarskiptafyrirtækja, fiskeldi, risarækjueldi, hörverksmiðja og ljósmyndabanki.

Starfssvið flestra starfandi orkufyrirtækja er þrengt samkvæmt frumvarpinu en ekki verður séð að það komi mikið að sök þar sem flest þeirra hafa haldið sig við rekstur sem samrýmist vel ákvæðum laga um rekstur þeirra eins og þau munu standa verði frumvarpið að lögum. Auk þess er fyrirtækjum heimilað skv. 5. gr. frumvarpsins að eiga áfram þær fjárfestingar sem þau hafa þegar lagt í á grundvelli gildandi laga. Við sölu slíkra eigna og endurfjárfestingar er fyrirtækjunum þó gert skylt að fylgja gildandi lögum á hverjum tíma.

1870. Þingsályktun [873. mál]

um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Alþingi ályktar skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, að samþykkja eftirfarandi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fyrir tímabilið frá maímánuði 2004 til maímánaðar 2008.

I. Verkefni ríkisstjórnarinnar.

Stefnumarkandi áherslusvið í jafnréttismálum fyrir næstu árin verði eftirfarandi:

1. Fræðsla um jafnréttismál.
2. Jafnrétti á vinnumarkaði.
3. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta.
4. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneyta.
5. Eftirfylgni með framkvæmdaáætlun.

II. Verkefni ráðuneytanna.

A. Verkefni allra ráðuneytanna.

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.
3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.
4. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.
5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.
6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
7. Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.

Auk þessara verkefna taki einstök ráðuneyti þátt í, eða beri ábyrgð á, eftirtöldum verkefnum:

B. Forsætisráðuneyti.

8. Útgáfa jafnréttisgátlista til notkunar við stefnumótunarvinnu.

C. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.
11. Aðbúnaður kvenna innan lögreglunnar.

D. Félagsmálaráðuneyti.

12. Yfirstjórn samþættingar jafnréttissjónarmiða.
13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
14. Nefndir og ráð í sveitarfélögum.
15. Áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof á jafnrétti kynjanna.
16. Fæðingarorlof og atvinnulíf.
17. Jafnrétti í vinnumiðlun.
18. Framkvæmdaáætlun um launajafnrétti.
19. Karlar til ábyrgðar.
20. Starfs- og endurmenntun.
21. Kynbundinn launamunur.
22. Launamyndun og kynbundinn launamunur.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:
9. Mansal.
10. Vernd vitna og þolenda afbrota.
37. Konur í atvinnurekstri.
50. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

E. Fjármálaráðuneyti.
23. Úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launamun kvenna og karla.
24. Úttekt á almannatryggingakerfinu.

Samstarfsaðili í eftirtöldum verkefnum:
13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.
21. Kynbundinn launamunur.

F. Hagstofa Íslands.
25. Konur og karlar í atvinnurekstri.

G. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
26. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.
27. Áhrif klámvæðingar á ungt fólk.
28. Heilsufarskönnun.
29. Notkun kvenna og karla á heilsugæslunni.
30. Mat á árangri og gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
31. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.
32. Áhættuhegðun karla.
33. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.
34. Jafnrétti og lýðheilsa.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:
19. Karlar til ábyrgðar.

H. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.
35. Konur og stjórnun fyrirtækja.
36. Stuðningur við konur í atvinnurekstri.
37. Konur í atvinnurekstri.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:
13. Jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa.

I. Landbúnaðarráðuneyti.
38. Lifandi landbúnaður – Gullið heima.

J. Menntamálaráðuneyti.
39. Konur í vísindum.
40. Jafnrétti og listir.
41. Fræðsla um jafnréttismál í kennaranámi.
42. Jafnréttiskennsla í skólum.
43. Styrkir til jafnréttisfræðslu úr þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla.
44. Jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar.
45. Konur og fjölmiðlar.

K. Samgönguráðuneyti.
46. Störf kvenna á skipum.

L. Sjávarútvegsráðuneyti.
47. Úttekt á störfum kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi.

48. Úttekt á störfum kvenna í minni sjávarútvegsfyrirtækjum (fjölskyldufyrirtækjum) á Íslandi.
M. Umhverfisráðuneyti.
49. Konur og Staðardagskrá 21.
N. Utanríkisráðuneyti.
50. Gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.
51. Jafnréttisstarf fulltrúa á vegum UNIFEM í löndum þar sem alþjóðlegt uppbyggingarstarf á sér stað.

Samstarfsaðili í eftirtöldu verkefni:
9. Mansal.

1871. Lög [996. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „bolfiski“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: botnfiski.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaaflamarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaaflahlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaaflamarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003. Í engri tegund í krókaaflamarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaaflahlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnsins teljast 91% af upp að 42,5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaaflamarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaaukningar, allt að 20 lestum í þorski á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi

sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaaflahlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaaflahlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaaflahlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaaflahlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 28. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaaflahlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. september 2004.

1872. Lög [871. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1838.

1873. Lög [462. mál]

um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1839.

1874. Lög [463. mál]

um breyting á lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1840.

1875. Lög [594. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1841.

1876. Lög [878 mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1843.

1877. Lög [879. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1844.

1878. Ábúðarlög. [782. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1845.

1879. Jarðalög. [783. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1846 með þessum breytingum:

49. gr. hljóðar svo:

Ráðstafanir sýslumanns ef krafist er aðfarar.

Ef skuldheimtumaður krefst þess að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni skal sýslumaður tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt kröfum skuldheimtumanns, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá sem rétt áttu til óðalsins ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um að ákveðið sé hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn þeirra sem rétt áttu til óðalsins taka við jörðinni og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé.

51. gr. hljóðar svo:

Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja o.fl.

Óðalseigandi sem búið hefur á ættaróðali skemur en 20 ár getur óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa óðalið úr óðalsböndum ef þeir sem rétt áttu til óðalsins þegar óðalsbóndi tók við óðalinu samþykkja það og óska ekki eftir að taka óðalið til ábúðar. Verður óðalið þá eignarjörð viðkomandi bónda með lögbýlisrétt.

52. gr. hljóðar svo:

Lausn úr óðalsböndum án samþykkis erfingja o.fl.

Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur ættaróðals samfleytt í 20 ár eða lengur getur hann að fenginni umsögn sveitarstjórnar óskað eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki þeirra er rétt áttu til óðalsins.

1880. Lög [997. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1665.

1881. Lög [1000. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1677.

1882. Lög [849. mál]

um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1847.

1883. Lög [740. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1862.

1884. Lög [737. mál]

um stofnun Landsnets hf.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1097.

1885. Lög [747. mál]

um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1863.

1886. Lög [305. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1864 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
Lög þessi taka gildi 15. júní 2004.

1887. Lög [690. mál]

um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1019 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Frá og með gildistöku laga þessara skal jöfnun flutningskostnaðar á sementi afnumin og flutningsjöfnunarsjóður sements lagður niður. Þá skulu og falla úr gildi lög nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum.

1888. Lög [881. mál]

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1339.

1889. Lög [787. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1198.

1890. Lög [875. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. maí.)

Samhljóða þskj. 1333.

1891. Frumvarp til laga [1011. mál]

um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. útvarpslaga nr. 53/2000:

a. 2. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

b. Á eftir 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 10% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þetta á þó ekki við ef ársvelta markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu á síðastliðnu reikningsári eða eftir atvikum síðastliðnum 12 mánuðum er undir tveimur milljörðum kr. Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein

yfirráð yfir. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 35% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.

b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum 4. mgr. sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.

Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði 4. mgr. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 120 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum laganna innan framangreindra tímamarka skal leyfishafa vera heimilt að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um sölu viðkomandi eignarhlutar. Viðskiptaráðherra skal þá með úrskurði skylda hlutaðeigandi til að selja þann eignarhlut sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum 4. mgr. innan mánaðar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum 4. mgr. ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Samkeppnisstofnun skal láta útvarpsréttarnefnd í té álit skv. 5. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Telji Samkeppnisstofnun að fyrirtæki kunni að vera í markaðsráðandi stöðu skal hún birta því greinargerð um málið sem nefnist frumathugun. Skal þar lýst helstu staðreyndum máls, meginskýringum Samkeppnisstofnunar og helstu niðurstöðum. Aðila skal veittur hæfilegur frestur til andmæla og skriflegra athugasemda og til að koma að gögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um álitsgjöf Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar sætir kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007. Þó skal a-liður 1. gr. og 3. gr. þeirra þegar öðlast gildi.

Við gildistöku laganna skulu þeir, sem lögin taka til, hafa lagað sig að þeim kröfum, sem lögin gera, þar á meðal um eignarhald.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra, sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að undanskildum tveimur veigamiklum breytingum samhljóða öðru frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 24. maí sl. og varð að lögum nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar. Breytingar þessar snúa annars vegar að þeim skilyrðum, sem sett eru, fyrir að geta fengið útvarpsleyfi og haldið því og hins vegar að gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum.

Fyrri breytingin er fólgin í tillögu um að hámark eignarhlutdeildar markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu, sem frumvarpið tekur til, í fyrirtæki í útvarpsrekstri verði hækkað úr 5 í 10 af hundraði. Með þessu móti er enn frekar en í gildandi lögum komið til móts við sjónarmið um að gæta þurfi ákveðins meðalhófs við setningu takmarkana af þessu tagi, jafnvel þótt í engu hafi dregið úr gildi þeirra sjónarmiða, sem leiða til þess, að þær þurfi að setja.

Síðari breytingin felst í því að lagt er til að frumvarpið öðlist ekki gildi fyrr en 1. september 2007. Á þennan hátt er útvarpsleyfishöfum og öðrum sem lögin snerta gefinn enn rýmri tími til að laga sig að þeim skilyrðum sem lögin setja með því að gildistaka frumvarpsins er færð fram um rúmlega þrjú ár frá gildandi lögum. Til að fyllsta jafnræðis sé gætt meðal fyrirtækja í þessum rekstri er á móti gert ráð fyrir að þau lagi sig öll að þessum kröfum innan þessa sama tímamarks, en útvarpsréttarnefnd verði að öðrum kosti heimilt að afturkalla leyfi þeirra. Með þetta rúmum aðlögunartíma gerir frumvarpið því ekki ráð fyrir sams konar heimild og er í bráðabirgðaákvæði við gildandi lög til að framlengja tímabundið leyfi þeirra, sem ekki uppfylla skilyrðin, sem lögin setja, um allt að tvö ár, enda á það ekki við eftir þessa breytingu.

Í samræmi við þessa síðarnefndu breytingu er loks lagt til að áðurnefnd lög nr. 48/2004 falli þegar úr gildi. Af því leiðir að ekki gerist þörf á að bera þau sérstaklega undir þjóðaratkvæði, enda gefst kjósendum kostur á að lýsa viðhorfi sínu til löggjafar af þessu tagi og þess meiri hluta, sem að henni stendur, í almennum kosningum áður en frumvarp þetta öðlast að öðru leyti gildi haustið 2007, verði það að lögum. Áður en til þess kemur hefur þá nýkjörið þing öll tækifæri til að fjalla um þau á ný, breyta þeim og bæta eða jafnvel fella brott.

Um almennar athugasemdir vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarp það, er varð að lögum nr. 48/2004. Sama á við um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eftir því sem við á, en að öðru leyti til þeirra skýringa sem fram komu í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um það sama frumvarp og að hluta í breytingartillögu meiri hlutans við þriðju umræðu um málið.

1892. Frumvarp til laga [1012. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Lög um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, sem samþykkt voru á Alþingi 24. maí 2004 en forseti Íslands synjaði staðfestingar 2. júní 2004 skulu í þjóðaratkvæðagreiðslu lögð undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram laugardaginn 14. ágúst 2004 og skal kjörfundur standa frá klukkan 9.00 árdegis til klukkan 22.00 að kvöldi.

Kosningarbærir skv. 1. mgr. eru þeir sem á kjördegi uppfylla skilyrði 1.–3. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

2. gr.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, eftir því sem við á og ekki er öðruvísi mælt fyrir í lögum þessum.

3. gr.

Atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem auðið er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur og eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag.

4. gr.

Dómsmálaráðuneyti skal svo skjótt sem mögulegt er eftir gildistöku laga þessara birta auglýsingu um þjóðaratkvæðagreiðsluna og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. gr.

Á kjörseðla sem dómsmálaráðuneytið lætur útbúa, sbr. XI. kafla laga um kosningar til Alþingis, um kjörgögn, eftir því sem við á, skal prenta eftirfarandi:

Kosið er um gildi laga nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, svonefnd fjölmiðlalög, sem Alþingi samþykkti 24. maí 2004, en forseti Íslands synjaði staðfestingar. Vilt þú samþykkja lög þessi eða synja þeim?

☐ Já, samþykki að lögin haldi gildi.

☐ Nei, synja að lögin haldi gildi.

Um kjörgögn að öðru leyti fer eftir ákvæðum XI. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Einfaldur meiri hluti gildra atkvæða ræður úrslitum.

Veiti meiri hluti kjósenda samþykki sitt í þjóðaratkvæðagreiðslunni halda lög nr. 48/2004 gildi sínu.

Synji meiri hluti kjósenda gildi laganna falla þau úr gildi frá þeim tíma sem úrslit atkvæðagreiðslunnar hafa verið kunngjörð, sbr. 8. gr., og frá þeim tíma standa útvarpslög, nr. 53/2000, og samkeppnislög, nr. 8/1993, eins og þau voru fyrir samþykkt laga nr. 48/2004 á Alþingi.

Falli atkvæði jöfn falla lögin úr gildi.

7. gr.

Yfirkjörstjórnir og undirkjörstjórnir skulu vera þær sömu og við forsetakosningar 2004 og sama gildir um mörk kjördæma og kjördeildir.

8. gr.

Yfirkjörstjórn annast talningu atkvæða og skal tafarlaust að henni lokinni senda Hæstarétti skýrslu um atkvæðatölur ásamt atkvæðaseðlum sem ágreiningur er um og eftirriti af gerðabók sinni.

Hæstiréttur skal taka afstöðu til ágreiningsatkvæða og úrskurða að því búnu um gildi þjóðaratkvæðagreiðslunnar og hvort lögin hafi verið samþykkt eða þeim synjað.

Yfirkjörstjórn og Hæstiréttur nota sérstakar gerðabækur um þessi efni.

Hæstiréttur sendir forseta lýðveldisins, forseta Alþingis og forsætisráðherra úrskurð sinn um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar án tafar og kunngerir þau einnig. Eru úrslitin bindandi frá þeim degi.

9. gr.

Allur kostnaður sem hlýst af þjóðaratkvæðagreiðslu þessari skal greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta byggist á þeirri meginreglu að engin kosningahöft, svo sem reglur um lágmarksþátttöku, aukinn meiri hluta eða skilyrtan, megi setja í lögum um framkvæmd fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp það sem forseti Íslands synjaði staðfestingar 2. júní sl. skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir þrír stjórnmálaflokkar sem að frumvarpinu standa telja engin rök hafa komið fram sem réttlæta slíkar takmarkanir á kosningarrétti. Kosningahöft af því tagi væru í andstöðu við íslenska lýðræðishefð. Þau væru enn fremur í andstöðu við fyrirmæli í ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar um kosningar, þjóðaratkvæðagreiðslur og jafnræði borgaranna. Þá er hætt við að lög af því tagi stæðust ekki alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa staðfest. Í samræmi við þetta má benda á að sérfræðingar á sviði stjórnskipunarréttar treysta sér ekki til að fullyrða að ekki leiki að minnsta kosti vafi á um að slíkar takmarkanir kynnu að brjóta í bága við stjórnarskrána. Þetta kemur m.a. skýrt fram í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi hefur ríkar skyldur gagnvart stjórnarskránni. Það getur ekki sett lög sem vafi leikur á að standist stjórnarskrána.

Sérstök lög um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Frumvarpið fjallar aðeins um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að forseti Íslands skaut svokölluðum fjölmiðlalögum í dóm þjóðarinnar með yfirlýsingu sinni 2. júní sl. Ástæðan er sú að á næstu árum kynni að gefast kostur á að fjalla almennt í samfélaginu og á Alþingi um þjóðaratkvæðagreiðslur í stjórnskipun Íslendinga, og eðlilegt að sú umræða geti farið fram um allar gerðir þjóðaratkvæðagreiðslna.

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að gera skýran greinarmun á þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem lögboðnar eru í stjórnarskránni við tilteknar aðstæður (3. mgr. 11. gr., 26. gr., 2. mgr. 79. gr., 81. gr.) og öðrum sértækum þjóðaratkvæðagreiðslum um einstök mál.

Um síðarnefndu atkvæðagreiðslurnar eru engin lög hér á landi en til þeirra væri hægt að efna með atbeina Alþingis á hverjum tíma, þá ráðgefandi atkvæðagreiðslu, eða með nýrri stjórnarskrárheimild og gætu niðurstöður slíkrar atkvæðagreiðslu verið bindandi. Hvað varðar bindandi atkvæðagreiðslur þyrfti að athuga vandlega hvort heimild eða eftir atvikum bann þyrfti í stjórnarskrá við kosningahöftum af einhverju tagi og væri þá eðlilegt að líta til þess hversu auðvelt væri að kalla eftir atkvæðagreiðslunni.

Við þjóðaratkvæðagreiðslur sem lögboðnar eru í stjórnarskrá verður ekki spurt að neins konar skilyrðum nema þau sé að finna í stjórnarskránni sjálfri og lögskýringargögnum sem viðurkennd teljast.

Höft á kosningarrétt samkvæmt stjórnarskrá.

Í vönduðu lögfræðiáliti hæstaréttarlögmannanna Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar, sem unnið var að ósk stjórnarandstöðuflokkanna þriggja og birt er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, er ítarlega fjallað um hvort stjórnarskráin heimili að sett verði lög sem fela í sér einhvers konar höft á kosningarrétt landsmanna. Niðurstaða þeirra var eftirfarandi:

> Að öllu framangreindu virtu er það álit undirritaðra að löggjöf um tilhögun á þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar á lögum nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, þar sem kveðið væri á um lágmarksþátttöku kjósenda eða aukinn meiri hluta kjósenda, sem skilyrði fyrir samþykki eða synjun laganna, færi í bága við stjórnarskrána.

Í þessu felst kjarni málsins. Engar heimildir eru til að setja í lög skilyrði og þröskulda sem rýra rétt borgaranna og mismuna kjósendum að því er varðar innbyrðis vægi atkvæða samþykkjenda annars vegar og synjenda hins vegar. Slíkt fæli í sér atlögu að stjórnarskrárvörðum mannréttindum borgaranna. Takmarkanir af þeim toga verða ekki settar með almennum lögum nema heimild til þess verði áður bætt við stjórnarskránna sjálfa, líkt og gert var við lýðveldisstjórnarskrána á sínum tíma með sérstöku ákvæði í 81. gr. hennar og í stjórnarskipunarlögunum frá 1942. Meginreglan í íslenskri löggjöf og lýðræðishefð er hin sama og birtist í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum: Víðtækur og óheftur kosningarréttur þjóðarinnar allrar í leynilegum kosningum, jafnt almennum sem lögbundnum þjóðaratkvæðagreiðslum, og án þess að nokkur ósanngjörn eða ómálefnaleg skilyrði séu sett.

Kosningarréttur samkvæmt stjórnarskránni við atkvæðagreiðslu eftir málskot.

Málskotsréttur forseta Íslands byggist á 26. grein stjórnarskrárinnar. Greinin hljóðar svo:

> Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

Í athugasemd við þetta ákvæði sagði:

> Ekki hefur þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefur haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti, án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef mál er mikilvægt, gæti daglega[1] af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.

Meginregla ákvæðisins er að frumvarp sem forseti Íslands synjar og öðlast hefur til bráðabirgða lagagildi skuli leggja svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu. Í ákvæðinu eða skýringum við það koma ekki fram neins konar skilyrði eða heimildir til að setja höft á kosningarrétt heldur er einungis tekið fram að menn skuli vera kosningarbærir. Engar vísbendingar er heldur að finna þar um að slíkt sé heimilt. Í umræðum á Alþingi kom glögglega í ljós að einungis var um að ræða meiri hluta atkvæða þeirra sem nýta kosningarrétt sinn.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið eins og segir í 2. grein stjórnarskrárinnar. Samkomulag varð á Alþingi 1944 um að leggja til að veita forseta frestandi neitunarvald í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Það var nýmæli og kom í stað 22. gr. fyrri stjórnarskrár um algert neitunarvald konungs gagnvart samþykktum Alþingis. Björn Þórhallsson, forsætisráðherra utanþingsstjórnarinnar, taldi það ekki í samræmi við 2. gr. að frumvarp sem forseti synjaði staðfestingar fengi lagagildi fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaðan varð þó sú að vilji Alþingis skyldi ráða fram að niðurstöðu þjóðaratkvæðis og frumvarpið öðlaðist lagagildi þangað til. Valdið er samkvæmt þessu hjá Alþingi og þjóðinni en hinn þjóðkjörni forseti kemur fram sem umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart þinginu og hefur rétt til þess að skjóta máli í dóm hennar.

Frumvarp til laga sem forseti synjar staðfestingar tekur gildi sem lög til bráðabirgða þar til þjóðin hefur samþykkt það eða synjað því í þjóðaratkvæðagreiðslu. Frambúðargildi laganna er háð því að beint samþykki kosningarbærra manna liggi fyrir. Löggjafarvaldið, rétturinn til þess að synja eða samþykkja, flyst við þetta yfir til almennra kjósenda. Þjóðaratkvæðagreiðsla eftir málskot snýst því fyrst og fremst um að setja lög. Þess vegna er samþykki meiri hluta kjósenda tilskilið eigi frumvarpið sem forseti synjar staðfestingar að öðlast frambúðargildi.

Í texta 26. gr. segir: „Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.“ Í skýringum höfunda stjórnarskrárfrumvarpsins við greinina segir: „Er þess þó að gæta að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildir aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna.“ Höfundarnir segja því beinum orðum að frumvarp, sem forseti synjar, þurfi meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Undir þetta var tekið með afdráttarlausum hætti á Alþingi, til dæmis þegar Einar Arnórsson dómsmálaráðherra sagði að lögin héldu því aðeins gildi sínu að meiri hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu samþykkti þau. Það er því umsnúningur á skýru orðalagi 26. gr.

---

[1] E.t.v. prentvilla fyrir „hæglega“.

stjórnarskrárinnar þegar því er haldið fram að lög sem forseti hefur ekki staðfest öðlist frambúðargildi frá upphafi.

Skoðun á umræðum og umfjöllun Alþingis um stjórnarskrárfrumvarpið 1944 staðfestir að við meðferð málsins athugaði þingið ýmsar útfærslur á kosningum, bæði forsetakosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum. Eysteinn Jónsson, formaður stjórnarskrárnefndar, lýsti því á sínum tíma að þrýstingur frá kjósendum hefði orðið þess valdandi að ákveðið var að forsetinn skyldi þjóðkjörinn. Eftir vandlega athugun varð að ráði að setja engin skilyrði um aukinn meiri hluta eða lágmarksþátttöku við kjör forseta en treysta á lýðræðisþroska landsmanna. Sú niðurstaða Alþingis mun hafa ráðið því að engin slík skilyrði er að finna í öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæði nema 81. gr. Ef ætlunin hefði verið að víkja frá meginreglunni hefði það verið tekið fram sérstaklega, eins og gert var í 81. gr. Það er því afar óvarleg ályktun hjá starfshópi ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar að ætla „að um þetta ákvæði gildi hið sama og um fleiri ákvæði lýðveldisstjórnarskrárinnar að um bráðabirgðaútfærslu var að ræða, sem markmið var að að endurskoða og útfæra nánar í framhaldi af lýðveldisstofnun ásamt fjölmörgum öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar".

Þvert á móti segja þau Dögg Pálsdóttir og Hróbjartur Jónatansson í lögfræðiáliti sínu að að öllu virtu og teknu tilliti til helstu löggskýringaraðferða megi ætla „að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki haft í hyggju að skilyrða niðurstöðu þjóðaratkvæðis um lagafrumvarp sem forseti synjaði staðfestingar með strangari hætti en hann skilyrðir niðurstöðu þjóðaratkvæðis um brottvikningu forseta og breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Slík áform hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti í greininni sjálfri, líkt og fram kemur í 81. grein" um samþykkt og gildistöku stjórnarskrárinnar sjálfrar. Frávik frá meginreglu stjórnarskrárinnar um einfaldan meiri hluta í kosningum þurfa samkvæmt þessu að koma fram í texta hennar sjálfrar.

Önnur ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur

Þetta skýrist enn frekar þegar skoðuð eru önnur ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla með einhverjum hætti um þjóðaratkvæðagreiðslur og þau borin saman við 26. gr. Í þremur öðrum tilvikum er mælt fyrir um að vísa skuli máli til sérstakrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er í 11. gr., um frávikningu forseta, 2. mgr. 79. gr., um breytingar á kirkjuskipun ríkisins, og loks í 81. gr., um samþykki lýðveldisstjórnarskrárinnar. Þetta er ítarlega reifað í lögfræðiáliti Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar.

Í 11. gr er fjallað um skilyrði þess að forseta verði vikið frá. Í greininni er tekið sérstaklega fram að ekki sé hægt að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu til að víkja forseta frá áður en kjörtímabil hans er úti nema aukinn meiri hluti alþingismanna, eða ¾ þeirra, hafi áður samþykkt það á Alþingi. Þar er hins vegar einnig mælt með skýrum hætti fyrir um að í þjóðaratkvæðagreiðslu gildi engin skilyrði önnur en þau að meiri hluti þátttakenda samþykki frávikningu hans. Orðrétt segir:

> Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna.

Ákvæðið er með engu móti hægt að skilja svo að í því felist krafa, eða vísbending um kröfu, um þátttöku meira en helmings kosningarbærra manna né krafa um samþykki meiri hluta kosningarbærra manna. Þvert á móti felst í ákvæðinu krafa um meiri hluta „atkvæða" til samþykktar, þ.e. að meiri hluti þeirra sem þátt taka í kosningunni skuli samþykkja tillög-

una svo hún teljist gild. Í áliti Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar er sérstaklega rætt um muninn á kröfunni um annars vegar aukinn meiri hluta þingmanna og hins vegar skilyrðinu um einfaldan meiri hluta þeirra sem taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Þar segir:

> Leiðir samanburðarskýring á mismunandi kröfum til aukins meiri hluta alþingismanna fyrir samþykki slíkrar kröfu, annars vegar, og meiri hluta þeirra sem atkvæði greiða í þjóðaratkvæðagreiðslu, hins vegar, til þeirrar gagnályktunar að stjórnarskrárgjafinn hafi lagt niðurstöðuna í hendur einfalds meiri hluta þeirra kosningarbæru manna sem nýttu atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hve kosningaþátttakan væri mikil.

Í 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að samþykki Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins skuli fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þá ákvörðun. Segir í ákvæðinu að þá skuli

> ... leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar ...

Athyglisvert er að í athugasemdum með frumvarpi til stjórnarskrárinnar er sérstaklega tekið fram að ekki sé ástæða til að skýra þessa grein. Af því er ekki hægt að draga aðra ályktun en að tilgangurinn hafi verið sá að einfaldur meiri hluti þeirra kosningarbæru manna sem þátt tækju í þjóðaratkvæðagreiðslunni réði niðurstöðunni.

Í 81. gr. stjórnarskrárinnar er enn fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslu, en þetta ákvæði er einskorðað við lýðveldisstjórnarskrána sjálfa. Þar er hins vegar gerð sú krafa að meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu þurfi að samþykkja stjórnarskipunarlögin svo að þau geti öðlast gildi. Þarna er því tekið sérstaklega fram að til að lögin taki gildi verði meiri hluti allra sem á kjörskrá eru að samþykkja lögin.

Þegar 26. gr. um málskotsrétt forseta er borin saman við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæði liggur ljóst fyrir að fyrirmæli greinarinnar er ekki hægt að skýra öðru vísi en svo að þegar lagafrumvarpið sem forseti synjar staðfestingar er lagt „undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“ með leynilegri atkvæðagreiðslu sé einvörðungu krafist sömu skilyrða og almennt gilda þegar mál ráðast með þessum hætti. Úrslit málsins ráðast af einföldum meiri hluta þeirra kjósenda sem notfæra sér rétt sinn til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Það er að sjálfsögðu í fullu samræmi við ummælin sem rakin voru úr athugasemdum við stjórnarskrárfrumvarpið á sínum tíma og þann skilning sem fram kom í umræðum á Alþingi. Hefði það verið áform stjórnarskrárgjafans að setja sérstök skilyrði um kosningahöft, svo sem um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna 26. gr., þá hefði þurft að taka það sérstaklega fram eins og gert var um lýðveldisstjórnarskrána.

Niðurstaða hæstaréttarlögmannanna Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar á samanburði 26. gr. við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslur er einföld og skýr:

> Þá verður að ætla að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki haft í hyggju að skilyrða niðurstöðu þjóðaratkvæðis um lagafrumvarp sem forsetinn synjaði staðfestingar með strangari hætti en hann skilyrðir niðurstöðu þjóðaratkvæðis um brottvikningu forseta og breyt-

ingu á kirkjuskipun ríkisins. Slík áform hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti í greininni sjálfri, líkt og fram kemur í 81. gr.

Mannréttindi og stjórnarskrá.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því að í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar (65. gr.) og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verður að hafa til hliðsjónar að kosningar skulu fara fram án manngreinarálits. Í þessu felst, eins og Dögg og Hróbjartur leggja áherslu á í áliti sínu, að hinum almenna löggjafa er óheimilt að mismuna kjósendum í lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu að því er varðar innbyrðis vægi atkvæða samþykkjenda annars vegar og synjenda hins vegar, nema sérstaklega sé kveðið á um þetta í stjórnarskrá. Ef setja á skilyrði hljóta þau að gilda fyrir báða kosti, bæði þá kjósendur sem hafna lögum og þá sem samþykkja.

Óhjákvæmilegt er við túlkun 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar að hafa í huga að í ákvæðum greinanna er fjallað um þau mannréttindi borgaranna að taka ákvarðanir um mikilvæg málefni, sem stjórnarskráin lætur þjóðinni eftir að taka lokaákvörðun um án tillits til vilja Alþingis. Mannréttindi eru fyrir borgarana og verða ekki takmörkuð eða skert nema með skýrum réttarreglum. Réttarreglur, sem ætlað er að takmarka eða skerða mannréttindi verða að vera jafnréttháar og sú regla sem kveður á um vernd réttindanna. Regla sem takmarkar umgetin mannréttindi verður því að hafa stöðu stjórnskipunarreglu. Sem fyrr segir er enga slíka reglu að finna í stjórnarskránni og könnun á öðrum réttarheimildum, svo sem stjórnskipunarvenjum, leiðir til sömu niðurstöðu. Borgararnir verða því ekki sviptir þeim stjórnarskrárverndaða rétti sínum að taka þær ákvarðanir sem stjórnarskráin mælir fyrir um í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meiri hluti ræður úrslitum án tillits til þátttöku.

Um skilyrtan meiri hluta.

Undanfarnar vikur hefur nokkuð borið á þeirri spurningu hvort eðlilegt sé að krefjast þess að meiri hluti sem hugsanlega synjar frumvarpi staðfestingar sé bundinn skilyrði um að jafngilda tilteknu hlutfalli allra kosningarbærra manna, þ.e. allra þeirra sem skráðir eru á kjörskrá. Hugmynd um að setja án stjórnarskrárheimildar skilyrði um að einvörðungu meiri hluti synjenda þurfi að vera ákveðið lágmark af kosningarbærum mönnum fer í bága við jafnræðisreglu og almenn mannréttindi. Séu slík skilyrði sett þyrftu þau einnig að gilda um samþykkjendur, og raunar öllu frekar ef litið er til stjórnarskrárinnar og helstu lögskýringargagna.

Í 26. gr. segir: „Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.“ Í athugasemd flutningsmanna við greinina segir: „Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna.“ Í umræðu um frumvarpið sagði þáverandi dómsmálaráðherra, Einar Arnórsson, m.a. að lög sem forseti synjar staðfestingar skuli bera „undir þjóðaratkv. og ef meiri hluti samþykkir þau ekki, þá skuli þau falla úr gildi ...“. Á sömu lund eru ummæli Björns Þórðarsonar forsætisráðherra á þessum tíma (Alþingistíðindi 1944, B, d. 80–81 og 99). Með þjóðaratkvæðagreiðslunni er leitað eftir beinu samþykki við lögunum og þau halda einungis gildi sínu greiði meiri hluti þeim atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skilyrði sem sett yrði um ákveðið lágmark af kosningarbærum mönnum hlytu því að beinast fyrst og fremst að þeim sem samþykktu lögin, og væru sérstaklega íþyngjandi fyrir meiri hluta Alþingis og fylgjendur laganna.

Vilji stjórnarskrárgjafans er hins vegar alls ekki sá að meiri hluti samþykkjenda sé skilyrtur. Ákvæðið, skýring þess í athugasemdinni og ummæli þingmanna sýna með ótvíræðum

hætti að ætlan þeirra sem samþykktu stjórnarskrárfrumvarpið á Alþingi á lýðveldisárinu var að einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt tækju í lögbundinni þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli synjunar forseta skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar réði niðurstöðu, enda meginregla íslenskrar stjórnskipunar um framkvæmd almennra kosninga.

Álitaefni nefndar ríkisstjórnarinnar um heimild til að setja skilyrði.

Starfshópur ríkisstjórnarinnar treystir sér ekki til að taka af skarið um það hvort stjórnarskrárheimild sé fyrir því að setja sérstök skilyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstaréttarlögmönnunum í hópnum þykir varlegra að hafa vaðið fyrir neðan sig þegar þeir segja að því hóflegri sem takmörkun af slíku tagi sé, þeim mun líklegra verði að hún fái staðist. Höfundar skýrslunnar til ríkisstjórnarinnar telja „sennilegt“ að heimilt sé að setja almenn lög nú um hófleg skilyrði um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu. Á hinn bóginn sé ljóst að ekki sé „vafalaust“ að slíkur áskilnaður í lögum standist stjórnskipulegar formkröfur. Efinn sækir því fast að enda þótt lögmennirnir sæki rökstuðning sinn til rita Ólafs Jóhannessonar og Gunnars G. Schrams sem báðir kenndu stjórnskipunarrétt við Háskóla Íslands.

Þeir síðastnefndu telja báðir sennilegt að heimilt sé að setja ákveðin skilyrði um þátttöku í atkvæðagreiðslu og jafnvel um aukinn meiri hluta. Í áliti Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar er bent á að hvorki Ólafur né Gunnar rökstyðji þá staðhæfingu að í hin almennu lög sem setja yrði um þjóðaratkvæðagreiðsluna mætti sennilega setja skilyrði.

Þessi viðhorf Ólafs og Gunnars stangast á við ummæli í skýringum við 26. gr. þar sem segir að lögin falli úr gildi aftur fái þau ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ummæli Ólafs og Gunnars bera þó með sér að þeir hafi báðir nokkurn fyrirvara um lögmæti þess að setja þátttökuskilyrði í lög um þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. Þá er orðalag hjá þeim báðum óskýrt að því leyti að eins má skilja það svo að skilyrði um aukinn meiri hluta lúti að því að aukinn meiri hluta atkvæða þurfi til að frumvarp teljist samþykkt, sbr. orðalagið „tilskildu samþykki“. Af þeim sökum sýnist felast afar takmörkuð leiðbeining í viðhorfum þeirra til þessa álitaefnis og raunar virðist afstaða þeirra vera óljós.

Í skýrslu starfshóps ríkisstjórnarinnar segir: „Annaðhvort stenst það áskilnað að setja slík fyrirmæli í almenn lög eða ekki án tillits til þess einstaka tilviks sem nú er staðið frammi fyrir.“ Hér hafa verið leidd fram skýr rök fyrir því að engin stjórnarskrárheimild er fyrir áðurgreindum skilyrðum. Svarið við álitaefninu er því afdráttarlaust. Það stenst ekki.

Viðhorf til skýringa á ákvæðum stjórnarskrár.

Í ritgerð um viðhorf til skýringar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar segir Jón Steinar Gunnlaugsson prófessor að skýringar skuli taka fyrst og fremst mið af þeim hugmyndum um frelsi einstaklings og takmörkuð ríkisafskipti sem fram koma í evrópskum stjórnarskrám 19. aldar, sem íslenska stjórnarskráin er afsprengi af, og að þau sjónarmið séu enn í fullu gildi.

Jón Steinar segir einnig í bók sinni *Deilt á dómarana*: „Mín skoðun er sú, að hafna ætti öllum frávikum frá orðum stjórnarskrár ef frávik ganga í þá átt að rýra vernd borgaranna fyrir ríkisvaldi ...“

Með málskotinu er þjóðinni fengin bein aðild að lagasetningu í almennri atkvæðagreiðslu. Kosningarrétti má ekki breyta nema um það komi fyrirmæli í stjórnarskrá. Við lögskýringu mannréttindaákvæða skal hafa að leiðarljósi það grundvallarsjónarmið að mannréttindi eru sett í þágu almennings en ekki ríkisins. Þegar óljóst kann að vera um inntak mannréttinda í

stjórnarskrá skal skýring og túlkun vera í þágu almennings. Um þessi viðhorf virðist vera almennt samkomulag.

Í áliti Daggar og Hróbjarts eru dregnar skýrar ályktanir af þessum almennu sjónarmiðum:

> Af þessu leiðir að hvers kyns takmarkanir sem lúta að meðferð og nýtingu kosningarréttarins eru því aðeins gildar að stjórnarskráin mæli ótvírætt fyrir um slíkt. Lög sem kveða á um lágmarksþátttöku kosningarbærra manna eða aukinn meiri hluta sem skilyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að styðjast við skýra heimild stjórnarskrárinnar í þeim efnum fá því ekki staðist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu málsgrein er kveðið á um megintilgang frumvarpsins og tekur orðalag hennar mið af 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Í annarri málsgrein segir hvenær kjörfundur skuli haldinn. Hér er lagt til að kjörfundur verði haldinn 14. ágúst nk. og er þar reynt að fara bil beggja hvað varðar kröfur skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar um að atkvæðagreiðsla skuli fara fram svo fljótt sem auðið er og þess að tíma þarf til að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu eftir að lög um hana hafa verið samþykkt á Alþingi og til utankjörfundarkosninga. Í frumvarpinu er miðað við að kjörfundur standi frá klukkan 9.00 árdegis til klukkan 22.00 að kvöldi og ekki verði heimiluð frávik frá þeim tíma. Ástæða er til að hafa kjörstaði opna lengi og í ákveðinn tíma þar sem fólk er mikið á faraldsfæti þegar þjóðaratkvæðagreiðslan á að fara fram.

Í þriðju málsgrein er hnykkt á því hverjir skuli hafa rétt til að greiða atkvæði um gildi laganna, þ.e. hverjir eru kosningarbærir í skilningi laganna. Hér er lagt til að það skuli vera þeir sem uppfylla skilyrði 1.–3. gr. laga um kosningar til Alþingis og að miðað verði við kjördag. Önnur tímamörk gætu komið til greina, svo sem að miða við daginn þegar lögin voru samþykkt á Alþingi en slíkt skilyrði þrengir að óþörfu þann hóp sem getur neytt kosningarréttar.

Um 2. gr.

Frumvarp þetta er þannig upp byggt að í því eru helstu sérákvæði sem mæla þarf fyrir í lögum vegna sérstöðu þjóðaratkvæðagreiðslannar sem þau taka til. Að öðru leyti er miðað við að um þjóðaratkvæðagreiðsluna gildi ákvæði laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Þó svo nokkur munur sé á þjóðarakvæðagreiðslu um gildi laga og kosningum til Alþingis eru í frumvarpi þessu notuð grundvallarhugtök laga um kosningar til Alþingis, svo sem orðið „kjördagur“, sem þykir fara betur en að nota ný hugtök sem ekki hafa jafnskýra merkingu í huga fólks.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu dómsmálaráðuneytis til að auglýsa þjóðaratkvæðagreiðsluna. Mikilvægt er að flýta öllum undirbúningi fyrir atkvæðagreiðsluna vegna þess hve stuttur tími er fram til kjörfundar. Vandasamt er að lögbjóða að auglýsing skuli birt á ákveðnum degi og því mælt svo fyrir að það skuli gert svo fljótt sem auðið er.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum hvað standa skuli á kjörseðlinum. Mikilvægt er að orðalag sé skýrt svo að hlutlægni verði ekki dregin í efa. Orðalag það sem hér er lagt til tekur mið af 26. gr. stjórnarskrárinnar. Orðalag er þannig að gildi laganna er einfaldlega borið upp til atkvæðagreiðslu til samþykkis eða synjunar á hlutlausan hátt.

Um 6. gr.

Í fyrstu málsgrein er mælt fyrir um að einfaldur meiri hluti gildra atkvæða ráði úrslitum. Auð atkvæði eða ógild teljast ekki með, sbr. ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

Ákvæðið um að falli atkvæði jöfn falli lögin úr gildi byggist á því ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar að lögin falli úr gildi „ef samþykkis er synjað".

Í annarri og þriðju málsgrein er mælt fyrir um lagaskil. Verði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að lög nr. 48/2004 skuli halda gildi sínu þarf ekki að aðhafast frekar enda hafa lögin þegar öðlast gildi og standa þá óbreytt eins og þau hafa verið birt. Verði samþykki laganna synjað falla þau úr gildi eins og skýrlega er mælt fyrir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er lagt til að lögin falli þá úr gildi á þeim degi sem úrslit atkvæðagreiðslunnar eru kunngjörð en vandmeðfarið er að miða við annan dag.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að yfirkjörstjórnir og undirkjörstjórnir skuli vera þær sömu og við forsetakosningar 2004 og sama gildir um mörk kjördæma og kjördeildir. Hagræði felst í að miða við þær vegna þess hve stuttur tími er liðinn frá því þær fóru fram og hve stutt er til atkvæðagreiðslunnar samkvæmt frumvarpinu og vegna þess hraða sem áskilinn er í 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig farið skuli með vafaatkvæði og uppkvaðningu úrslita. Í greininni er m.a. tekið mið af ákvæðum laga um framboð og kjör forseta Íslands.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Álit Hróbjarts Jónatanssonar og Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmanna, samkvæmt beiðni Össurar Skarphéðinssonar.

(30. júní 2004.)

Með bréfi dags. 16. júní sl. farið þér, herra alþingismaður, þess á leit við undirritaða hæstaréttarlögmenn að við látum yður í té álit okkar á tveimur spurningum sem tengjast væntanlegri löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykki eða synjun á lögum nr. 48 7. júní 2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, nánar tiltekið hvort mæla megi fyrir um, annars vegar, lágmarksþátttöku kosningarbærra manna í téðum kosningum og, hins vegar, tiltekinn aukinn meiri hluta sem skilyrði fyrir því

að téð lög teldust samþykkt í skilningi 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944. Spurningarnar sem þér lögðuð fyrir okkur eru þessar:

1. Er heimilt að setja skilyrði í væntanleg lög um þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar um gildi laga um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum að kosningaþátttaka skuli vera að tilteknu lágmarki svo kosningin teljist gild?
2. Er heimilt að setja skilyrði í væntanleg lög um þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar um gildi laga um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum um að tiltekinn meiri hluti kjósenda skuli samþykkja eða synja lögunum, svo kosningin teljist gild?

I.

Viðfangsefnið snýr að 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem er svohljóðandi:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Ákvæði þetta var nýmæli í stjórnarskránni og kom í stað 22. gr. hennar, sem veitti konungi algert neitunarvald (absolut veto) gagnvart samþykktum Alþingis.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er að stofni til frá árinu 1874. Í tilefni sambandsslita við Danmörku og lýðveldisstofnunar 17. júní 1944 þurfti að gera á stjórnarskránni nokkrar breytingar.[1] Byggðust þær á stjórnarskipunarlögum nr. 97 15. desember 1942, er bætt var við 75. gr. stjórnarskrárinnar svohljóðandi ákvæði:

„Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins."

Samhliða samþykkti Alþingi ályktun þar sem ákveðið var að milliþinganefnd sem falið hafði verið með þingsályktun frá 22. maí 1942 að gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni, skyldi halda áfram störfum en skipan nefndarinnar var breytt þannig að í henni áttu framvegis sæti tveir fulltrúar þeirra flokka sem Alþingi skipuðu.[2]

Milliþinganefndin skilaði áliti 7. apríl 1943 ásamt frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Var frumvarpið lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 1944. Greinilegt er af umræðum á Alþingi að löggjafinn hafði ofarlega í huga þá takmörkun sem á honum hvíldi varðandi þær stjórnarskrárbreytingar sem gera mátti, það er að óheimilt væri að gera nokkrar aðrar breytingar en þær sem beinlínis leiddu af sambandsslitunum og lýðveldisstofnuninni.

Við athugun á meðferð málsins hjá Alþingi kemur í ljós að helst var fjallað um þrjú atriði. Í fyrsta lagi hvort forseti Íslands skyldi vera þingkjörinn eða þjóðkjörinn. Milliþinganefndin lagði til að forsetinn væri þingkjörinn. Alþingi breytti því og ákvað að hann væri þjóðkjörinn. Í öðru lagi efni 26. gr. stjórnarskrárinnar um synjunarvald forseta Íslands. Milliþinganefndin lagði til að þetta vald forsetans væri frestandi synjunarvald (subspensivt veto) í stað algjörs synjunarvalds konungs. Varð það niðurstaðan eftir miklar umræður á Alþingi og meðferð

breytingartillagna, sem vikið verður að hér á eftir. Í þriðja lagi var rætt hvenær stjórnarskráin skyldi öðlast gildi.

Orðalag 26. gr. var svohljóðandi í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lagt var fyrir Alþingi í ársbyrjun 1944:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.“[3]

Í skýringum með ákvæðinu sagði:

„Ekki hefur þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefur haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti, án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef mál er mikilvægt, gæti daglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.“[4]

Neðri deild gerði þá breytingu á frumvarpinu að forsetinn skyldi vera þjóðkjörinn.[5] Jafnframt var öðrum og þriðja málslið 26. gr. breytt í þá veru að lagafrumvarpið fengi ekki lagagildi synjaði forseti því staðfestingar.[6]

Í efri deild lagði stjórnarskrárnefnd Alþingis til að 26. gr. yrði breytt á fyrri veg með þeirri viðbót að lagafrumvarp skyldi lagt fyrir forseta til staðfestingar eigi síðar en tveimur vikum eftir að Alþingi samþykkti það.[7] Efri deild samþykkti breytingartillöguna með 9 atkvæðum, en 8 voru á móti.

Stjórnarskrárfrumvarpinu þurfti þar með að vísa til nýrrar umræðu í neðri deild. Enn lá fyrir deildinni tillaga forsætisráðherra um að synjun forseta fylgdi að lagafrumvarpið öðlaðist eigi lagagildi.[8,9] Nú fór svo að tillagan náði ekki fram að ganga og varð niðurstaðan að hið upprunalega orðalag 26. gr. var samþykkt.[10]

II.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eru engin ákvæði um skýringu stjórnarskrárákvæða. Við skýringu á fyrirmælum hennar verður því að fara eftir almennum og viðurkenndum lögskýringarreglum.[11]

Gunnar G. Schram fjallar í riti sínu Stjórnskipunarréttur um skýringar á ákvæðum stjórnarskrár. Þar segir hann m.a.:

„Stjórnskipunarfræðingar hafa sett fram kenningar um það hvaða sjónarmið rétt sé að leggja til grundvallar við skýringu á ákvæðum stjórnarskrár. Algengt er að gera greinarmun á tveimur kenningum í þessu efni. Annars vegar þeirri að skýring ákvæða stjórnarskrár eigi að vera óbreytileg og hins vegar þeirri að skýring þeirra eigi að vera breytileg. Í fyrra tilfellinu er átt við að við skýringu stjórnarskrárákvæða eigi að leggja til grundvallar þau viðhorf sem voru ráðandi á þeim tíma sem hún var sett. Dómstólar eigi ekki að hafa svigrúm til að breyta inntaki ákvæða stjórnarskrár með því að breyta skýringum þeirra vegna breyttra þjóðfélagshátta. Í síðari kenningunni felst að dómstólar eigi að hafa svigrúm til að haga og breyta skýringum á ákvæðum stjórnarskrár eftir því sem breyttar aðstæður og þjóðfélagshættir gefa tilefni til. Þessar kenningar gefa þó tæplega fullnægjandi mynd af þeim margvíslegu viðhorfum sem til greina kemur að leggja til grundvallar í því efni.“[12]

Ólafur Jóhannesson víkur að báðum þessum kenningum í Stjórnskipun Íslands og segir að báðar hafi þær „nokkuð til síns ágætis“.[13] Síðan segir Ólafur:

„Þótt eðlilegast sé að dómstólarnir geti skýrt einstök stjórnarskrárákvæði, ber þeim að hafa það hugfast, að það er ekki þeirra hlutverk að breyta stjórnarskránni, heldur stjórnarskrárgjafans eins.“

Samkvæmt þessu virðist Ólafur hallast að óbreytilegum skýringum.

Jón Steinar Gunnlaugsson lýsir viðhorfum sínum til kenninga um breytilegar og óbreytilegar skýringar í bók sinni Deilt á dómarana á svofelldan hátt:[14]

„Mín skoðun er sú, að hafna ætti öllum frávikum frá orðum stjórnarskrár ef frávik ganga í þá átt að rýra vernd borgaranna fyrir ríkisvaldi. ... Ef frávik frá berum orðum stjórnarskrár eru á hinn bóginn nauðsynleg til að tryggja borgurunum þá vernd, sem augljóslega er stefnt að, ættu frávikin miklu fremur að vera heimil.“

Í ritgerð um viðhorf um skýringar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar segir Jón Steinar að skýringar skuli taka fyrst og fremst mið af þeim hugmyndum um frelsi einstaklings og takmörkuð ríkisafskipti sem fram koma í evrópskum stjórnarskrám 19. aldar, sem íslenska stjórnarskráin er afsprengi af, og að þau sjónarmið séu enn í fullu gildi.[15] Virðist Jón Steinar samkvæmt þessu hallast að óbreytilegri skýringu og telur að með slíkum viðhorfum séu settar skorður við möguleikum stjórnmálamanna til að ganga á grundvallarréttindi og til að láta pólitísk skammtímasjónarmið hafa of mikil áhrif á túlkun og beitingu stjórnarskrárákvæða.[16]

Í grein sinni Synjunarvald forseta[17] segir Þór Vilhjálmsson að við skýringu á 26. gr. stjórnarskrárinnar komi aðallega til álita viðtekin almenn lögskýringarsjónarmið, en einnig sérstök viðhorf um lögskýringu í stjórnskipunarrétti.

Um viðtekin almenn lögskýringarsjónarmið vísar Þór Vilhjálmsson til Almennrar lögfræði eftir Ármann Snævarr.[18] Ármann rekur í bók sinni helstu lögskýringarkenningar, sem hann flokkar sem hugrænar lögskýringarkenningar, hlutrænar lögskýringarkenningar, og lögskýringarkenningar, sem hafa tilgang ákvæðis að meginleiðarljósi.

Hugrænar lögskýringarkenningar byggjast á því að frumgagn um löggjafarviljann séu orð lagaákvæðis. Orð séu oft ófullkomin tæki til tjáningar og því þurfi að horfa til ýmissa lögskýringargagna, svo sem greinargerða fyrir lögum, umræðna á Alþingi, nefndarálita og meðferðar frumvarps á Alþingi. Kjarni hugrænna lögskýringarkenninga er sá að jafnan verði að leita vilja löggjafans og að beita beri lögunum í samræmi við vilja löggjafans, en ekki eftir orðanna hljóðan, ef þessu tvennu ber ekki saman.[19]

Hlutrænar lögskýringarkenningar hafna því að löggjafarviljinn eigi að vera allsráðandi um lögskýringu. Orð laga beri að virða meira en vilja löggjafans og forsenda þess að löggjafarvilji ráði skýringu sé að hann komi fram í orðum lagaákvæðis. Þungamiðjan er ekki löggjafarviljinn heldur lagaviljinn eða merking laganna.[20]

Ármann bendir á að ekki skilji jafn mikið milli hugrænna og hlutrænna lögskýringarkenninga og í fljótu bragði mætti ætla. Báðar kenningar telji athugun á tilgangi ákvæðis mikilvægt könnunaratriði. Sú skoðun hafi komið fram að tilgangur sé grunnsjónarmið við alla lögskýringarstarfsemi. Samkvæmt tilgangskenningunni á tilgangur ákvæðis að ráða úrslitum um skýringu og verði orð lagaákvæðis að lúta í lægra haldi ef því er að skipta.[21]

Ármann kemst að þeirri niðurstöðu að lögskýringar hér á landi beri keim af þessum meginlögskýringarkenningum, það er að vilji löggjafans ráði, að merking orða ráði, að tilgangur lagastefnunnar ráði og að á engri þeirra sé eingöngu byggt. Þegar virt sé afstaða dómstóla til lögskýringa komi í ljós að orð lagaákvæðis séu uppistaða þess en veigamikið sé að kanna öll gögn sem veitt geta fræðslu um viðhorf lagasetningarvalds til ákvæðisins, svo sem

greinargerðir fyrir lögum, álit nefnda, umræður á Alþingi og önnur söguleg drög að lagasetningu.[22]

III.

Spurt er hvort unnt sé að setja skilyrði um kosningaþátttöku atkvæðisbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, svo atkvæðagreiðslan verði gild. Einnig er spurt hvort unnt sé að setja skilyrði fyrir gildi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um að tiltekinn meiri hluti atkvæðisbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt sama ákvæði, samþykki eða synji lögunum.

Orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar er tilgreint framar í áliti þessu. Þar kemur fram að synji forseti lagafrumvarpi staðfestingar fái það þó engu að síður lagagildi en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Við skýringu og túlkun á efnisinntaki 26. gr. stjórnarskrárinnar um „... atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu ..." er nærtækast að líta til annarra ákvæða hennar sem kveða á um almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslu og bera þau fyrirmæli saman við ákvæði 26. gr. Auk þess er eðli málsins samkvæmt nauðsynlegt að líta til athugasemda í frumvarpinu sem varð að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, nefndarálits stjórnarskrárnefndar Alþingis, umræðna á Alþingi, sem og annarra lögskýringargagna sem lýsa kunna vilja og tilgangi stjórnarskrárgjafans í þessum efnum. Ætla má að samanburðarskýring á slíkum grunni geti veitt vísbendingar um þá afstöðu sem búið hafi með stjórnarskrárgjafanum við samningu 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Hugtakið kosningarbær kemur fyrir í fjórum greinum stjórnarskrárinnar: Í 2. málsl. 5. gr., í 26. gr., í 2. mgr. 79. gr. og í 81. gr. Greinilegt er að með hugtakinu er átt við þá, sem hafa rétt til að kjósa til Alþingis samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 33. gr. eiga allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt, kosningarrétt til Alþingis. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis. Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum. Það hefur löggjafinn gert með lögum nr. 24 16. maí 2000 um kosningar til Alþingis. Ljóst má vera af orðalagi 33. gr. að hæfisskilyrðin þarf að uppfylla á kjördegi, sbr. orðalagið „þegar kosning fer fram".

Í stjórnarskránni er fjallað um kosningar í því samhengi sem hér um ræðir í eftirgreindum greinum, auk 26. gr.: Í 5. gr., 11. gr., 31. gr., 33. gr., 79. gr. og 81. gr. Í þremur tilvikum, auk 26. gr., er mælt fyrir um að vísa skuli máli til sérstakrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er í 11. gr., um frávikningu forseta, 2. mgr. 79. gr., hafi Alþingi samþykkt breytingu á kirkjuskipun ríkisins og 81. gr., um samþykki lýðveldisstjórnarskrárinnar.

Í 5. gr. stjórnarskrár er mælt fyrir um að forseti skuli kjörinn „... beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis ..." Séu fleiri en einn í kjöri skal sá rétt kjörinn sem flest atkvæði hlýtur. Í ákvæðinu er hvorki gerð krafa um lágmarksþátttöku kjósenda né krafa um að sá sem kjörinn er hljóti tiltekið hlutfall greiddra atkvæða. Samkvæmt þessu ræður það úrslitum hver fær flest atkvæði. Segja má að í þessu felist meginregla íslenskrar stjórnskipunar um framkvæmd almennra kosninga í landinu, hvort heldur verið er að kjósa til Alþingis eða forseta lýðveldisins.

Eins og áður hefur verið vikið að var í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands gert ráð fyrir að forseti Íslands yrði þingkjörin. Var það tillaga millilþinganefndar sem sett var á laggirnar 1942. Stjórnarskrárnefnd Alþingis lagði til að ákvæðum

5. gr. frumvarpsins um þetta yrði breytt þannig að forsetinn yrði þjóðkjörinn. Stjórnarskrárnefndin athugaði rækilega á sínum tíma hvort ástæða væri til að krefjast þess að forseti lýðveldisins væri því aðeins rétt kjörinn að tiltekin kosningaþátttaka næðist og hvort krefjast skyldi aukins meiri hluta atkvæða fyrir því að forseti væri rétt kjörinn, í ljósi þess að ella teldist forseti rétt kjörinn þó að tiltölulega fáir kjósenda hefðu kosið hann. Í áliti nefndarinnar um þetta segir meðal annars:

„Nefndin leggur til, að sá sé rétt kjörinn forseti, sem fær flest atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri. Mjög var um það rætt í nefndinni, hvort rétt væri að setja ákvæði til tryggingar því, að forseti yrði endanlega kosinn af meiri hluta þeirra, er þátt taka í forsetakjöri. Komu ýmsar tillögur fram í því sambandi, og mikil vinna var lögð í athugun þeirra, en engin þeirra var samþykkt í nefndinni. Varð því niðurstaða nefndarinnar sú sem að ofan greinir. Er sú tillaga flutt í trausti þess, að þjóðinni takist að fylkja sér þannig um forsetaefni, að atkvæði dreifist eigi úr hófi fram.“[23]

Framangreind afstaða stjórnarskrárnefndarinnar staðfestir að veruleg umræða hafi farið fram af hálfu nefndarinnar um hvort binda ætti kosningu forseta Íslands skilyrðum um kosningaþátttöku og að niðurstaða hennar að það skyldi ekki gert hafi verið fengin að vandlega yfirlögðu ráði.

Orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar mælir hvorki fyrir um skilyrði fyrir tiltekinni kosningaþátttöku atkvæðisbærra manna né um að ákveðið hlutfall kjósenda skuli greiða lögunum atkvæði. Í lokamálslið greinarinnar segir skýrt að lögin falli úr gildi ef samþykkis er synjað en ella haldi þau gildi sínu. Eins og áður hefur verið rakið segir í skýringu með 26. gr. stjórnarskrárinnar að lagafrumvarpið falli aftur úr gildi ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Í þessari skýringu felst engin vísbending um að skilyrða megi kosningaþátttöku eða hlutfall greiddra atkvæða. Þvert á móti felst í skýringunni sterk vísbending um að einfaldur meiri hluti þeirra sem kjósa eigi að ráða niðurstöðunni um hvort frumvarpið sé samþykkt til frambúðar eða falli aftur úr gildi, svo notað sé orðalag athugasemda með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga.

Áður hafa verið raktar breytingartillögur við 26. gr. sem bornar voru fram við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Í upphaflega frumvarpinu var gert ráð fyrir að synjunarvald forseta væri eingöngu málskotsvald, það er að synjun hans á staðfestingu lagafrumvarps frestaði því ekki að lagafrumvarpið öðlaðist gildi. Ítrekað var lagt til að breyta orðalaginu þannig að synjunin hefði þær afleiðingar að lagafrumvarpið gengi ekki í gildi. Vegna þessa ágreinings kom fram breytingartillaga um að ef forseti synjaði lagafrumvarpi staðfestingar skyldi frumvarpið lagt fyrir sameinað Alþingi og teljast samþykkt ef ⅔ allra þingmanna greiddu því atkvæði og að viðstaddir væru meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild.

Skýrt orðalag 26. gr. sem felur í sér engar takmarkanir, skýringar með ákvæðinu, framangreind breytingartillaga um að frumvarp skyldi leggja fyrir sameinað Alþingi, svo og hin mikla umræða sem varð í stjórnarskrárnefndinni um hvort binda ætti kosningu forsetans skilyrðum um kosningaþátttöku, staðfestir að við meðferð málsins athugaði stjórnarskrárgjafinn ýmsar útfærslur á kosningum, bæði forsetakosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum. Niðurstaðan varð sú að í ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur eru engin skilyrði ef frá eru talin þau sem fram koma í 81. gr. og nánar verður vikið að síðar. Verður að telja það skýra vísbendingu um að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki talið ástæðu til að binda þjóðaratkvæðagreiðslu vegna synjunar forsetans á því að staðfesta lög neinum sérstökum skilyrðum.

Ákvæði 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar, eins og það var orðað í stjórnarskránni sem gekk í gildi 17. júní 1944, styður þessa ályktun. Þar var fjallað um skilyrði þess að forseta verði vikið frá. Segir í greininni:

„Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna í sameinuðu þingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga."

Vegna þeirra breytinga sem Alþingi gerði á kjöri forseta Íslands, það er að hann skyldi þjóðkjörinn en ekki þingkjörinn, eins og upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir, þurfti að setja reglur um með hvaða hætti forseti Íslands yrði leystur frá embætti. Var það gert með því ákvæði, sem að framan er rakið. Í því fólst eingöngu krafa um að tillaga sameinaðs Alþingis um að forseti yrði leystur frá embætti yrði samþykkt með auknum meiri hluta atkvæða alþingismanna.

Hér taldi stjórnarskrárgjafinn ástæðu til að tilgreina í ákvæðinu að tillagan um frávikningu væri samþykkt með auknum meiri hluta atkvæða þingmanna. Ákvæðið verður hvorki skilið sem krafa um kosningaþátttöku meira en helmings kosningarbærra manna né kröfu um samþykki meiri hluta kosningarbærra manna. Þvert á móti felur ákvæðið í sér að meiri hluti þeirra sem þátt taka í kosningunni skuli samþykkja tillöguna svo hún teljist gild.[24]

Í nefndaráliti stjórnarskrárnefndar Alþingis sagði meðal annars um þetta:

„Þykir nefndinni það í samræmi við tillögur hennar um þjóðkjör forseta, að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli skera úr um það, hvort forseti skuli láta af störfum eða eigi, þegar svo stendur á. En til þess að eigi verði ráðizt í slíkt að ófyrirsynju, leggur nefndin til, að ¾ hlutar Alþingis verði að gera kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu."

Tilvísun nefndarinnar til tillagna hennar um þjóðkjör forseta, sbr. áður greindan rökstuðning hennar fyrir því að ekki skuli krafist tiltekinnar þátttöku í slíkum kosningum eða meiri hluta atkvæða allra kosningarbærra manna við kjör forseta, sýnist staðfesta að fyrir stjórnarskrárgjafanum vakti að sömu reglur um þjóðaratkvæði skyldu gilda um frávikningu forseta og kjör hans, það er að einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt tækju í atkvæðagreiðslunni væri nægilegur til að ráða niðurstöðu málsins. Sama niðurstaða fæst ef höfð er hliðsjón af þeirri kröfu stjórnarskrárgjafans að einskorða kröfuna um aukinn meiri hluta eingöngu við atkvæðagreiðslu alþingismanna um tillöguna. Leiðir samanburðarskýring á mismunandi kröfum til aukins meiri hluta alþingismanna fyrir samþykki slíkrar kröfu, annars vegar, og meiri hluta þeirra sem atkvæði greiða í þjóðaratkvæðagreiðslu, hins vegar, til þeirrar gagnályktunar að stjórnarskrárgjafinn hafi lagt niðurstöðuna í hendur einfalds meiri hluta þeirra kosningarbæru manna sem nýttu atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu, án tillits til þess hve kosningaþátttakan væri mikil.

Í 79. gr. stjórnarskrárinnar er, eins og í 26. gr., kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslu. Skal hún fara fram ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipun ríkisins. Er í ákvæðinu mælt fyrir um að þá skuli „... leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg ..." Í frumvarpi til stjórnarskrárinnar er tekið fram að ekki sé ástæða til þess að skýra þessa grein. Verður ekki önnur ályktun af því dregin en tilgangur stjórnarskrárgjafans hafi verið sá að einfaldur meiri

hluti þeirra kosningarbæru manna sem nýttu atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslunni ráði niðurstöðunni, líkt og í þeim tilvikum sem greind eru hér að framan.

Í 81. gr. er einnig fjallað um þjóðaratkvæðagreiðslu, en hún er einskorðuð við atkvæðagreiðslu um lýðveldisstjórnarskrána sjálfa. Þar bregður svo við að gerð var krafa um að meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu þurfti að samþykkja stjórnarskipunarlögin svo þau gætu öðlast gildi. Skilyrði 81. gr. er þannig skýr undantekning frá öðrum ákvæðum í stjórnarskránni er varða þjóðaratkvæðagreiðslur, sem eiga það öll sammerkt að niðurstaðan ræðst af meiri hluta greiddra atkvæða.

Með hliðsjón af samanburði 26. gr. stjórnarskrárinnar við önnur ákvæði hennar um þjóðaratkvæði verður að skýra fyrirmæli 26. gr. um að lögin skuli borin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu, á þann veg að einvörðungu sé krafist sömu skilyrða og gilda almennt þegar mál skulu ráðast með þessum hætti, það er að úrslit málsins ráðist af einföldum meiri hluta þeirra kjósenda, sem neyta atkvæðisréttar síns. Slík skýring er og í fullu samræmi við ummæli í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskrárinnar, sem rakin eru hér að framan og almennar lögskýringarreglur. Þá verður að ætla að stjórnarskrárgjafinn hafi ekki haft í hyggju að skilyrða niðurstöðu þjóðaratkvæðis um lagafrumvarp sem forsetinn synjaði staðfestingar með strangari hætti en hann skilyrðir niðurstöðu þjóðaratkvæðis um brottvikningu forseta og breytingu á kirkjuskipun ríkisins. Slík áform hefðu þurft að koma fram með skýrum hætti í greininni sjálfri, líkt og fram kemur í 81. gr.

IV.

Í bók sinni Stjórnskipun Íslands lýsir Ólafur Jóhannesson þeirri skoðun sinni að í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem forsetinn synjar staðfestingu á „... yrði sennilega talið heimilt að setja ákveðin skilyrði um þátttöku í atkvæðagreiðslu og jafnvel um aukinn meirihluta ...“[25] Gunnar G. Schram tekur í sama streng í ritinu Stjórnskipunarréttur um þjóðaratkvæðagreiðslu þá sem efna þarf til ef forseti Íslands synjar lögum staðfestingar. Þar segir Gunnar: „... Um þessa atkvæðagreiðslu yrði einnig að setja lög. Væri eðlilegast að um það efni væru sett almenn lög. Yrði sennilega talið heimilt að setja í þeim lögum ákveðin skilyrði um þátttöku í atkvæðagreiðslu og jafnvel um aukinn meirihluta. Nái lögin eigi tilskildu samþykki falla þau úr gildi, en öll nánari ákvæði vantar um það frá hverjum tíma skuli telja brottfall þeirra, hvernig og með hverjum hætti eigi að birta tilkynningu um að þau séu úr gildi fallin o.s.frv. Um þessi atriði og fleiri virðist óhjákvæmilegt að sett séu ákvæði í lögum.“[26]

Hvorki Ólafur Jóhannesson né Gunnar G. Schram rökstyðja þá staðhæfingu að í hin almennu lög sem setja yrði um þjóðaratkvæðagreiðsluna mætti sennilega setja ákveðin skilyrði um þátttöku í atkvæðagreiðslunni og jafnvel um aukinn meiri hluta. Þessi viðhorf Ólafs og Gunnars stangast á við ummæli í skýringum með 26. gr. þar sem segir að lögin falli úr gildi aftur fái þau ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna.[27] Ummæli Ólafs og Gunnars bera þó með sér að þeir hafi báðir nokkurn fyrirvara um lögmæti þess að setja þátttökuskilyrði í lög um þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. Þá er orðalag hjá þeim báðum óskýrt að því leyti að eins má skilja það svo að skilyrði um aukinn meiri hluta lúti að því að aukinn meiri hluta atkvæða þurfi til að frumvarp teljist samþykkt, sbr. orðalagið „... tilskildu samþykki ...“ Af þeim sökum sýnist felast afar takmörkuð leiðbeining í viðhorfum þeirra til þessa álitaefnis og raunar virðist afstaða þeirra vera óljós.

Hafa verður í huga að kjarni 26. gr. er sú heimild kjörins forseta að skjóta lögum Alþingis til þjóðarinnar, til samþykktar eða synjunar. Með málskotinu er þjóðinni fengin bein aðild að lagasetningu með almennri atkvæðagreiðslu. Kosningarrétturinn er varinn í stjórnar-

skránni, sbr. 33. gr., og verður hann ekki tekinn af eða honum breytt nema fyrir ákvörðun stjórnarskrárgjafans sjálfs. Þá má og vísa til 3. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem Ísland er skuldbundið til þess að halda frjálsar kosningar við aðstæður sem tryggi það að í ljós komi vilji almennings með frjálsum hætti. Ber að líta til þróunar í lögfestingu mannréttindaákvæða í stjórnarskipunarlög frá því að stjórnarskráin var lögfest, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, sem og aðildar Íslands að alþjóðasamningum á sviði mannréttinda við skýringu á inntaki 33. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og þá viðurkenndu reglu í norrænum rétti að skýra skuli lög, þar með talin stjórnarskipunarlög, til samræmis við alþjóðasamninga sem ríki hefur staðfest, eftir því sem kostur er.[28]

Við lögskýringu mannréttindaákvæða skal hafa að leiðarljósi það grundvallarsjónarmið að mannréttindi eru sett í þágu almennings en ekki ríkisins. Þegar óljóst kann að vera um inntak mannréttinda í stjórnarskrá skal skýring og túlkun því vera í þágu almennings, í samræmi við framangreint sjónarmið.

Af þessu leiðir að hvers kyns takmarkanir sem lúta að meðferð og nýtingu kosningarréttarins eru því aðeins gildar að stjórnarskráin mæli ótvírætt fyrir um slíkt. Lög sem kveða á um lágmarksþátttöku kosningarbærra manna eða aukinn meiri hluta sem skilyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að styðjast við skýra heimild stjórnarskrárinnar í þeim efnum fá því ekki staðist. Úr því að stjórnarskrárgjafinn setti ekki heimild í 26. gr. þess efnis að þjóðaratkvæðagreiðslan samkvæmt greininni lyti öðrum reglum en aðrar þjóðaratkvæðagreiðslur, sem fyrir er mælt um í stjórnarskránni, er ekki unnt að skýra 26. gr. svo að hinum almenna löggjafa sé heimilt að skilyrða þjóðaratkvæðagreiðsluna við tiltekið lágmark kosningaþátttöku eða við samþykki aukins meiri hluta. Við skýringu á 26. gr., að þessu leyti, verður að hafa til hliðsjónar að kosningar skulu fara fram án manngreinarálits í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu felst að hinum almenna löggjafa er óheimilt að mismuna kjósendum í lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu að því er varðar innbyrðis vægi atkvæða samþykkjenda, annars vegar, og synjenda, hins vegar.

V.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á niðurlagi 26. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að lögin falla úr gildi ef samþykkis er synjað. Með hliðsjón af þessu og athugasemdum í frumvarpinu um 26. gr., svo og umræðum á Alþingi á sínum tíma um greinina[29] sýnist ótvírætt að stjórnarskrárgjafinn hafi litið svo á að leita skuli eftir beinu samþykki við lögunum hjá kosningarbærum mönnum. Er slíkt í samræmi við þann áskilnað að lögin haldi því aðeins gildi sínu að meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði, greiði þeim atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu, ella falli þau úr gildi. Af þessu leiðir að lögin, sem gilda til bráðabirgða, fá því aðeins frambúðargildi að þau séu samþykkt af meiri hluta kjósenda sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Fáist ekki slíkt samþykki fyrir lögunum í þjóðaratkvæðagreiðslunni falla þau úr gildi.

Með hliðsjón af framangreindu sýnist sem hvers kyns hugmyndir um skilyrði um lágmarksþátttöku og aukinn meiri hluta séu einkum íþyngjandi fyrir meiri hluta Alþingis og fylgjendur laganna. Þykir sýnt að kröfur um lágmarksþátttöku kjósenda og aukinn meiri hluta greiddra atkvæða geta gert þeim erfiðara um vik, sem vilja að lögin verði samþykkt.

Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að 26. gr. heimilar ekki að lögin séu borin undir þjóðaratkvæði með öðrum formerkjum en þeim að leitað skuli eftir beinu samþykki kjósenda við lögunum. Af þeim sökum verður að telja það beinlínis andstætt 26. gr. að mæla svo fyrir um í lögum um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslunnar að lögin fái frambúðargildi, nema þau

verði beinlínis felld með skilyrtum meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Í slíku tilviki gengi almenni löggjafinn út frá því að lögin væru gild til frambúðar frá upphafi en féllu úr gildi væri þeim sérstaklega synjað í atkvæðagreiðslunni. Slíkt væri umsnúningur á skýru orðlagi ákvæðisins um bráðabirgðagildi laganna og að frambúðargildi þeirra sé háð því að beint samþykki kosningarbærra manna á lögunum liggi fyrir. Við þessar aðstæður væru lögin ekki samþykkt með þeim hætti sem áskilið er í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Skilyrði 26. gr. stjórnarskrárinnar fyrir frambúðargildi laganna væru þá ekki uppfyllt, þjóðaratkvæðagreiðslan því marklaus og lögin ógild.

VI.

Að öllu framangreindu virtu er það álit undirritaðra að löggjöf um tilhögun á þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar á lögum nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, þar sem kveðið væri á um lágmarksþátttöku kjósenda eða aukinn meiri hluta kjósenda, sem skilyrði fyrir samþykki eða synjun laganna, færi í bága við stjórnarskrána.

Með virðingu,

Hróbjartur Jónatansson hrl.
Dögg Pálsdóttir hrl.

---

[1] Aðdragandi lýðveldisstofnunarinnar varð nokkuð annar en séð hafði verið fyrir við gildistöku dansk-íslensku sambandslaganna 1. desember 1918. Þá var gert ráð fyrir að eftir árslok 1940 gætu danska Ríkisþingið og Alþingi, hvort fyrir sig, hvenær sem er krafist að hafin yrði endurskoðun laganna. Hefði nýr samningur milli landanna ekki verið gerður innan þriggja ára frá því að krafa kæmi fram gat hvort þing fyrir sig samþykkt með auknum meiri hluta á þingi að samningurinn væri fallin úr gildi. Til viðbótar þurfti að samþykkja tillöguna við þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem skilyrði var sett um þátttöku a.m.k. ¾ hluta atkvæðisbærra kjósenda og samþykki a.m.k. ¾ hluta þeirra, er þátt tækju í atkvæðagreiðslunni. Danmörk var hernumin af Þjóðverjum 9. apríl 1940. Næsta dag lýsti Alþingi yfir því að það fæli ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð konungsvalds samkvæmt stjórnarskránni.

[2] Nefndinni var samkvæmt þingsályktuninni frá 22. maí 1942 falið tvíþætt verkefni, að halda áfram undirbúningi breytinga á stjórnarskránni sem leiddu af breytingu á 75. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1942 og að undirbúa aðrar breytingar sem gera þyrfti á venjulegan hátt.

[3] Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 1, bls. 3.

[4] Sama rit bls. 15.

[5] Fram kom í máli Eysteins Jónssonar formanns stjórnarskrárnefndar Alþingis að nefndin hefði athugað margar leiðir varðandi forsetakjör. Raddir hefðu komi fram um það í nefndinni að áríðandi væri að tryggja að forseti yrði ekki kjörinn með mjög litlum meiri hluta atkvæða þeirra er tækju þátt í forsetakjöri. Engin þeirra leiða sem athugaðar voru náðu samþykki í nefndinni. Var því lagt til að sá yrði rétt kjörinn forseti sem fengi flest atkvæði við forsetakjör. Var það gert í trausti þess að þjóðin hefði þroska til þess að dreifa ekki úr hófi fram atkvæðum sínum við kjörið. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 59–60).

[6] Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 94, bls. 187. Í framsöguræðu forsætisráðherra fyrir breytingartillögunni kom fram að ríkisstjórnin var ósátt við að frumvarp sem forseti synjaði staðfestingar öðlaðist gildi allt að einu þar til þjóðaratkvæðagreiðsla hefði skorið úr. Taldi hann það brot á 2. gr.

stjórnarskrárinnar um að Alþingi og forseti færu saman með löggjafarvaldið. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 93–94). Tillagan var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 11.

[7] Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 132, bls. 235. Brynjólfur Bjarnason, framsögumaður stjórnarskrárnefndar taldi mikinn mun vera á synjunarvaldi konungs og synjunarvaldi forsetans. Synjunarvald konungs hefði í raun einvörðungu verið formlegt vald sem hann beitti ekki. Forsetinn myndi hins vegar telja sig hafa siðferðilegan rétt til að synja um staðfestingu laga, ef hann teldi það málefnislega rétt og teldi sig hafa málefnalega afstöðu til þess og ef hann þættist viss um að meiri hluti þjóðarinnar væri andvígur lagafrumvarpi sem Alþingi hefði samþykkt. Synjunarvald forsetans sem jafnframt frestaði lagagildi frumvarps væri því meira vald en konungur hefði haft og drægi úr valdi Alþingis. Með því að láta lagafrumvarpið fá lagagildi þangað til niðurstaða þjóðaratkvæðis lægi fyrir væri synjunarvaldið í raun og veru hjá þjóðinni. Forseti kæmi aðeins fram sem umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart þinginu, og væri það í fullu samræmi við það, að hann er kosinn af þjóðinni og fer með umboð þjóðarinnar. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 103–104 og 116–117). Forsætisráðherra ítrekaði að hann teldi breytinguna brjóta í bága við 2. gr. Magnús Jónsson benti hins vegar á að hér væri eingöngu um það að ræða hvor ætti að ráða fram að niðurstöðu þjóðaratkvæðis, Alþingi eða forsetinn. Eðlilegra væri að Alþingi réði þar sem aðalvaldið varðandi lagasetningu væri hjá því. Hann taldi að fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi ættu að ráða fyrst um sinn. Forseti ætti rétt á því að að spyrja þjóðina hvort hann væri ekki raunverulegri og réttari fulltrúi þjóðarviljans. Úr því yrði ekki skorið fyrr en niðurstaða þjóðaratkvæðis lægi fyrir og þangað til væri eðlilegt að Alþingi réði. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 107–108 og 119). Hermann Jónasson taldi að ef lagagildi frumvarps ætti að frestast yrði jafnframt að breyta fleiri ákvæðum frumvarpsins. Gera þyrfti þá forseta ábyrgan gerða sinna og ganga svo frá málum að samþykkti þjóðin frumvarpið myndi það kosta forsetann embættið. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 111).

[8] Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 161, bls. 260.

[9] Tvær aðrar breytingartillögur lágu fyrir deildinni. Annars vegar tillaga Jóns Pálmasonar og Jóhanns Jósefssonar sem gerði ráð fyrir að ef forsetinn synjaði staðfestingar skyldi frumvarp lagt á ný fyrir sameinað Alþingi. Ef ⅔ allra þingmanna samþykktu þá frumvarpið og a.m.k. helmingur þingmanna hvorrar deildar tækju þátt í atkvæðagreiðslunni teldist frumvarpið samþykkt. (Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 165, bls. 260). Jón Pálmason sagði tillöguna lagða fram til sátta. Hann taldi varhugavert að setja í stjórnarskrá að þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi þó að ágreiningur verði milli forseta og þings. Hann viðurkenndi ekki að það væri staðfest djúp milli þings og þjóðar. Þingið væri fulltrúar þjóðarinnar. Það væri óeðlilegt að hugsa sér að vilji þingsins væri svo langt frá vilja þjóðarinnar. Einfaldari og eðlilegri leið væri sú sem tillagan fæli í sér. (Alþingistíðindi 1944, B, d. 121–122). Jakob Möller lagði til að 2. og 3. málsl. 26. félli niður sem þýddi að forsetinn fengi algert neitunarvald. (Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 175, bls. 264).

[10] Með þeirri breytingu sem efri deild hafði gert um tímamörk til að leggja samþykkt lagafrumvarp fyrir forseta til staðfestingar.

[11] Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 2. útg. 1999, bls. 33.

[12] Sama rit, bls. 46.

[13] Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, Reykjavík 1978, bls. 416.

[14] Jón Steinar Gunnlaugsson: Deilt á dómarana, Reykjavík 1987, bls. 136–137.

[15] Jón Steinar Gunnlaugsson: Viðhorf um skýringar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, bls. 137–147, Tímariti lögfræðinga, 1988, bls. 137–147.

[16] Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: Lögskýringar, Reykjavík 1996, bls. 143.

[17] Katrín Jónasdóttir o.fl. (ritstjórar): Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur, Reykjavík 1994, bls. 622–623.

[18] Ármann Snævarr: Almenn lögfræði, Reykjavík 1989.

[19] Sama rit, bls. 374–375.

[20] Sama rit, bls. 376.

[21] Sama rit, bls. 377–378.

[22] Sama rit, bls. 378–380.

[23] Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 71, bls. 167.

[24] Um þetta segir Gunnar G. Schram í ritinu Stjórnskipunarréttur, bls. 141: Í þjóðaratkvæðagreiðslunni hafa alþingiskjósendur atkvæðisrétt. Engin tiltekin þátttaka er áskilin í atkvæðagreiðslu þessari. Einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni er nægilegur til samþykktar á frávikningunni.

[25] Stjórnskipun Íslands, bls. 300.

[26] Gunnar G. Schram, bls. 309.

[27] Alþingistíðindi 1944, A, bls. 15.

[28] Sjá t.d. ummæli þessa efnis í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 125/2000, Öryrkjabandalag Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins.

[29] Sjá t.d. ummæli Einars Arnórssonar, dómsmálaráðherra: „... Þá mun vera ákvæði í 26. gr. frv. sem ýmsir fella sig ekki við, að lög öðlist gildi þegar í stað þó forseti synji þeim staðfestingar, en bera skuli þau undir þjóðaratkv., og ef meiri hl. samþ. þau ekki, þá skuli þau fallin úr gildi, annars öðlast l. gildi enda þótt þau hljóti ekki staðfestingu forseta ...“ (Alþingistíðindi 1944, B, d. 80–81). Sbr. og ummæli Björn Þórðarssonar forsætisráðherra: „... Ef hann undirskrifar l. öðlast þau gildi, geri hann það ekki öðlast þau samt gildi en til frambúðar þó því aðeins að þjóðin hafi samþykkt þau að viðhafðri þjóðaratkvæðagreiðslu ...“ (Alþingistíðindi 1944, B, d. 99).

1893. Svar [1006. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um efnahagslegar refsiaðgerðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft og í hvaða tilvikum hafa Íslendingar tekið þátt í efnahagslegum eða viðskiptalegum refsiaðgerðum gegn þjóðum sem brotið hafa alþjóðalög eða -samþykktir?*
2. *Hversu lengi stóðu þær aðgerðir?*

Eftirfarandi auglýsingar um refsiaðgerðir gegn Líbýu, Írak, Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, Haítí, Angóla, Sierra Leone, Súdan, Afganistan og Líberíu hafa verið settar á grundvelli 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Sérstök lög voru hins vegar sett á sínum tíma um viðskiptabann gegn Suður-Afríku og Namibíu.

Aðgerðir öryggisráðsins eru byggðar á VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir vegna ófriðarhættu, friðrofa og árása, en samkvæmt 41. gr. sáttmálans er öryggisráðinu heimilt að ákveða hvaða aðgerðir, aðrar en hernaðaraðgerðir, skuli viðhafðar til þess að framfylgja ákvörðunum þess og getur það hvatt félaga hinna Sameinuðu þjóða til þess að beita slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar mega vera í því fólgnar að slíta viðskiptasambandi að nokkru eða öllu leyti. Með aðild að Sameinuðu þjóðunum fallast aðildarríkin á að hlíta ákvörðunum öryggisráðsins samkvæmt 25. gr. sáttmálans þar sem segir að meðlimir hinna Sameinuðu þjóða séu ásáttir um að fallast á og framkvæma ákvarðanir öryggisráðsins í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Líbýa.

Auglýsing nr. 130 frá 15. apríl 1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi.

Auglýsing nr. 474 frá 26. nóvember 1993 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 883 (1993) um refsiaðgerðir gegn Líbýu.

Fyrrgreindar auglýsingar voru felldar úr gildi með auglýsingu nr. 333 frá 9. maí 1999.

Írak.

Auglýsing nr. 331 frá 9. ágúst 1990 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúveit.

Auglýsing nr. 160 frá 28. apríl 1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúveit. Jafnframt var auglýsing nr. 331 frá 9. ágúst 1990 felld úr gildi.

Auglýsing nr. 470 frá 8. júlí 1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúveit til samræmis við ályktanir öryggisráðsins nr. 706 (1991), 712 (1991), 986 (1995), 1111 (1997), 1129 (1997), 1137 (1997), 1143 (1997), 1153 (1998), 1158 (1998) og 1175 (1998). Jafnframt var auglýsing nr. 160 frá 28. apríl 1992 felld úr gildi.

Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 470/1998 bíður birtingar, þar sem öryggisráðið hefur fellt niður allar takmarkanir á viðskiptum við Írak nema þær sem lúta að viðskiptum með vopn og vopnabúnað. Heimilt er þó að eiga viðskipti með vopn og vopnabúnað sem nauðsynlegur er fyrir stjórnvöld í Írak til að framfylgja ályktunum öryggisráðsins.

Sambandslýðveldið Júgóslavía.

Auglýsing nr. 197 frá 2. júní 1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

Auglýsing nr. 469 frá 8. júlí 1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160 (1998) um bann við sölu vopna og vopnabúnaðar til Sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, og um að fella úr gildi auglýsingu nr. 197 frá 2. júní 1992.

Auglýsing um að fella auglýsingu nr. 469/1998 úr gildi bíður birtingar, þar sem öryggisráðið hefur fellt niður refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu.

Haítí.

Auglýsing nr. 459 frá 3. nóvember 1993 um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 841 (1993), 873 (1993) og 875 (1993) um refsiaðgerðir gegn Haítí.

Auglýsing nr. 456 frá 8. júlí 1998 um að fella úr gildi auglýsingu nr. 459 frá 3. nóvember 1993.

Angóla.

Auglýsing nr. 468 frá 8. júlí 1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 864 (1993), 1127 (1997), 1130 (1997), 1173 (1998) og 1176 (1998) vegna brota UNITA-hreyfingarinnar í Angóla á ályktunum ráðsins.

Auglýsing um að fella auglýsingu nr. 468/1998 úr gildi bíður birtingar, þar sem öryggisráðið hefur fellt niður refsiaðgerðir gegn Angóla.

Sierra Leone.

Auglýsing nr. 471 frá 8. júlí 1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1171 (1998) um refsiaðgerðir gegn hinum vopnuðu stjórnarandstöðusveitum í Sierra Leone.

Súdan.

Auglýsing nr. 472 frá 8. júlí 1998 um refsiaðgerðir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1054 (1996) um refsiaðgerðir gegn Súdan.

Auglýsing um að fella auglýsingu nr. 472/1998 úr gildi bíður birtingar, þar sem öryggisráðið hefur fellt niður refsiaðgerðir gegn Súdan.

Afganistan.

Auglýsing nr. 776 frá 15. október 2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan.

Líbería.

Auglýsing nr. 846 frá 6. nóvember 2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001) um refsiaðgerðir gegn Líberíu.

Suður-Afríka og Namibía.

Alþingi setti lög nr. 67 hinn 20. maí 1988 um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu. Þessum lögum var breytt með lögum nr. 30, 8. maí 1990, þar sem bann gegn viðskiptum við Namibíu var fellt niður.

Með lögum nr. 33 frá 30. apríl 1993 voru lög nr. 67 frá 20. maí 1988, eins og þeim var breytt með lögum nr. 30/1990, felld úr gildi.

1894. Nefndarálit [1011. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið eftirtalda á sinn fund: Karl Axelsson, Andra Árnason, Kristin Hallgrímsson og Jón Sveinsson lögmenn í starfshópi ríkisstjórnarinnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu, Eirík Tómasson prófessor, Davíð Þór Björgvinsson prófessor, Sigurð Líndal, fyrrverandi prófessor, Pál Hreinsson prófessor, Sigurð G. Guðjónsson og Skarphéðin Berg Steinarsson frá Norðurljósum, Bjarna Guðmundsson og Þorstein Þorsteinsson frá Ríkisútvarpinu, dr. Herdísi Þorgeirsdóttur, Ragnar Aðalsteinsson lögmann, Jakob R. Möller lögmann, Þorkel Helgason stærðfræðing, Jón Steinar Gunnlaugsson lögmann og prófessor, Ástráð Haraldsson lögmann, Dögg Pálsdóttur lögmann, Hróbjart Jónatansson lögmann, Jóhannes Rúnar Jóhannsson lögmann og formann laganefndar lögmannafélagsins, Ólaf Hannibalsson, Jón Ólafsson og Ólaf Pál Gunnarsson frá Þjóðarhreyfingunni, Kristján Andra Stefánsson lögfræðing frá forsætisráðuneyti, Magnús Ragnarsson frá Íslenska sjónvarpsfélaginu, Hólmgeir Baldursson frá Stöð 1, Sigurð G. Tómasson og Hallgrím Thorsteinsson frá Útvarpi Sögu, Róbert Marshall og Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands og Henry Birgi Gunnarsson frá Starfsmannafélagi Fréttar. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Rafiðnaðarsambandi Íslands, Stöð 1, Norðurljósum hf., Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., Þjóðarhreyfingunni, Samkeppnisstofnun, Útvarpi Sögu, Verslunarráði

Íslands, Jóni Sigurgeirssyni lögfræðingi, Dögg Pálsdóttur lögmanni, Páli Hreinssyni prófessor, Árvakri hf., Starfsmannafélagi Fréttar ehf., Hróbjarti Jónatanssyni lögmanni, Alþýðusambandi Íslands, Eiríki Tómassyni prófessor, Þorbirni Broddasyni, Birni Baldurssyni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ragnari Aðalsteinssyni lögmanni, Blaðamannafélagi Íslands, Sigurði Líndal, fyrrverandi prófessor, lögfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík.

Frumvarp þetta er að nokkru leyti samhljóða frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 24. maí sl. (974. mál) og varð að lögum nr. 48/2004, eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar 2. júní sl. Nefndin hefur því áður haft sama efni til umfjöllunar, þ.e. að því er varðar 1. og 2. gr. frumvarpsins, sbr. nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar í því máli (þskj. 1618). Með vísan til þess að með frumvarpi þessu eru skilyrði um heimilt eignarhald á fjölmiðlum rýmkuð enn frekar og gildistöku frestað um rúmlega þrjú ár telur meiri hlutinn engan vafa leika á því að efnislega stæðust ákvæði tilvitnaðra greina frumvarpsins ákvæði VII. kafla stjórnarskrárinnar. Að þessu virtu er það ótvíræð niðurstaða meiri hluta nefndarinnar að efnislega standist framangreindar efnisreglur ákvæði stjórnarskrár.

Ljóst er að beiting forseta Íslands á synjunarvaldi skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur leitt til stjórnlagakreppu um túlkun einstakra ákvæða stjórnarskrár, m.a. um valdheimildir Alþingis. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að ná sem víðtækastri sátt og samstöðu um málið hefur minni hlutinn ekki verið til viðræðu um slíkt. Af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað frá því á vordögum er ljóst að enginn áhugi er á því á vettvangi stjórnarandstöðunnar að setja eignarhaldi á fjölmiðlum skorður þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar.

Í störfum nefndarinnar var farið vandlega yfir álitamál sem vörðuðu heimildir Alþingis til þess að fella úr gildi lög sem forseti Íslands hefði synjað staðfestingar. Jafnframt tók nefndin til sérstakrar skoðunar hvort því væru einhver takmörk sett að stjórnskipunarrétti að Alþingi setti ný lög um sama efni. Meiri hlutinn telur ótvírætt, m.a. með vísan til 2., 25. og 38. gr. stjórnarskrár, að valdheimildir Alþingis standi til þess að fella niður lög nr. 48/2004. Styðst þessi niðurstaða m.a. við umsagnir ýmissa þeirra álitsgjafa sem fyrir nefndina komu. Því lögfræðilega áliti var þó hreyft að þetta væri yfir höfuð ekki heimilt þar sem forseti hefði synjað lögunum staðfestingar. Væri þá skilyrðislaust að fram þyrfti að fara þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 26. gr. stjórnarskrár. Þá héldu tveir prófessorar þeirri skoðun fram með ólíkum rökstuðningi þó að þó svo að heimilt væri að fella lögin úr gildi án þess að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla væri ekki heimilt nú, á sama þingi, að setja ný lög um efnið. Meiri hlutinn telur hins vegar ótvírætt að valdheimildir Alþingis standi til þess að fella niður lögin án þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla, enda takmarkast þær ekki af öðru en ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfrar. Í 26. gr. hennar verður ekki talin fólgin slík takmörkun, hvorki samkvæmt textaskýringu né á slík takmörkun sér stoð í lögskýringargögnum.

Þrátt fyrir að nefndin telji jafnframt heimilt að setja ný lög samhliða því að fella niður lögin frá liðnu vori er ljóst að um málið hefur við hinar afbrigðilegu aðstæður undanfarinna vikna skapast ágreiningur um stjórnskipulegar heimildir handhafa ríkisvaldsins. Dregur það með öðru fram þann vafa sem í öllu tilliti er á beitingu og framkvæmd 26. gr. stjórnarskrárinnar og því hver sú stjórnskipulega hugsun í raun var sem á sínum tíma bjó henni að baki. Sá munur sem fram hefur komið á skoðunum manna um beitingu greinarinnar endurspeglar ekkert minna en grundvallarmun á afstöðu til stjórnskipunar okkar og valdmarka handhafa ríkisvaldsins. Telur meiri hlutinn mikilvægt að taka til við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar svo sem lögð var áhersla á þegar við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar árið 1944, einkum

I. og II. kafla, og forsætisráðherra lýsti sig reiðubúinn til að beita sér fyrir á haustþingi við jákvæðar undirtektir leiðtoga annarra stjórnmálaflokka.

Með hliðsjón af þeim stjórnskipulega vafa sem uppi er leggur meiri hlutinn til að tilvitnuð lög nr. 48/2004 verði felld brott. Samhliða því verði lögfest breytt skipan útvarpsréttarnefndar, en aðrar breytingar verði skoðaðar nánar og m.a. látið á það reyna til fullnustu hvort stjórnarandstaðan er í raun tilbúin til að rjúfa þann varnarmúr sem hún hefur á undanförnum mánuðum slegið um það takmarkalausa form eignarhalds á fjölmiðlum sem viðgengist hefur. Meiri hlutinn mælir með því að nýtt frumvarp í þá veru verði undirbúið og lagt fram á haustþingi.

Breytingartillögur í þessa veru eru gerðar í sérstöku þingskjali og jafnframt leggur meiri hlutinn til að hið fyrsta verði komið á fót nefnd skipaðri fulltrúum allra stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, til þess að endurskoða stjórnarskrána svo sem að framan greinir. Nefndin hagi störfum sínum á þann veg að Alþingi geti afgreitt breytingar þar að lútandi á yfirstandandi kjörtímabili.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jónína Bjartmarz skrifar undir álit þetta með fyrirvara við fullyrðingu í annarri málsgrein álitsins um að lög nr. 48/2004 samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Alþingi, 20. júlí 2004.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jónína Bjartmarz, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.		Guðlaugur Þór Þórðarson.

1895. Breytingartillögur [1011. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, ArnbS, JBjart, SKK, GÞÞ).

1. Við 1. gr. B-liður falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

1896. Nefndarálit [1012. mál]

um frv. til l. um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hlutinn telur Alþingi skylt að samþykkja lög er tryggja að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram um gildi laga nr. 48/2004 sem forseti synjaði staðfestingar 2. júní sl. Af orðalagi 26. gr. stjórnarskrárinnar má ljóst vera að Alþingi og framkvæmdarvaldinu ber að sjá til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla um málið fari fram sem fyrst og því er nauðsynlegt að þingið afgreiði málið.

Í umfjöllun allsherjarnefndar hefur komið skýrt fram að einu viðbrögðin sem hafin séu yfir allan vafa séu að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram í samræmi við ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar og láta um þá kosningu gilda einfaldar og óumdeildar kosningareglur. Undir þetta tóku allir þeir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina.

Önnur viðbrögð, svo sem þau að flytja frumvarp um að fella hið óstaðfesta frumvarp sem öðlast hefur lagagildi til bráðabirgða úr gildi, eru í besta falli vafa undirorpin. Sterk lögfræðileg rök hafa verið færð fyrir því að með öllu sé óheimilt að grípa inn í það ferli sem hófst með því að forseti synjaði frumvarpinu staðfestingar og sendi málið til þjóðarinnar. Nokkrir lögspekingar hafa orðað það svo að sennilega sé heimilt að fella lögin í heild úr gildi ef ekkert meira sé aðhafst. Loks hafa vissulega nokkrir lögfróðir menn haldið því fram að Alþingi sé meira og minna í sjálfsvald sett hvernig það bregst við og þannig fái frumvarp ríkisstjórnarinnar, svokallað „brellufrumvarp“, staðist. Það er þó minnihlutasjónarmið meðal þeirra sérfræðinga sem allsherjarnefnd kallaði fyrir sig.

Afstaða minni hlutans er sú að við þessar aðstæður eigi stjórnarskráin að njóta vafans, ef svo má að orði komast, og Alþingi sé skylt að bregðast við á þann hátt sem öruggastur sé og hafinn yfir stjórnskipulegan vafa, þ.e. að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram.

Eins og kemur fram í áliti Daggar Pálsdóttur og Hróbjarts Jónatanssonar, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, þá verða borgararnir ekki sviptir stjórnarskrárvernduðum rétti sínum til að taka þær ákvarðanir í þjóðaratkvæðagreiðslu sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Við umfjöllun nefndarinnar komu fram álit lögfróðra manna sem styðja enn frekar álit minni hlutans um að halda beri þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga sem forseti synjar að staðfesta og að einfaldur meiri hluti skuli ráða úrslitum. Frávikum frá fyrirmælum stjórnarskrárinnar sem ganga í þá átt að rýra vernd borgaranna ber ávallt að hafna, einkum ef gengið er á mannréttindi.

Orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar er einfalt og skýrt og þar er hvorki að finna heimildir til að setja í almenn lög skilyrði um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslu um gildi laga sem forseti hafnar að staðfesta né heldur heimildir til að setja þröskulda af nokkru tagi. Í frumvarpinu er þetta virt og byggt á þeirri grunnreglu að einfaldur meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni ráði úrslitum.

Málið er uppbyggt á einfaldan hátt og vísar í grunninn til laga um kosningar til Alþingis og svipar þannig til laga um framboð og kjör forseta Íslands.

Í umsögn um málið kom fram ábending um að þar sem orðið „yfirkjörstjórn“ kemur fyrir í frumvarpinu ætti e.t.v. að breyta því í fleirtölu en að athuguðu máli telur minni hlutinn réttara að hreyfa ekki við því heldur bendir á að þótt orðið sé í eintölu taki ákvæðin til allra yfirkjörstjórna í landinu.

Minni hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu sem felur í sér að ný málsgrein bætist við 4. gr. þar sem tekið verði á því við hvaða dag skuli miða kjörskrár en í lögum um kosningar til Alþingis er miðað við fimm vikur fyrir kosningar. Lagt er til að málsgreinin verði leiðbeinandi þannig að viðmiðunardagurinn verði ekki ákveðinn þar heldur verði Hagstofu Íslands gert að ákveða viðmiðunardaginn fyrir allt landið. Viðmiðunardagurinn verði þó áður en utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst.

Minni hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. júlí 2004.

Guðjón A. Kristjánsson, frsm. Össur Skarphéðinsson. Guðrún Ögmundsdóttir.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

1897. Breytingartillaga [1012. mál]

við frv. til l. um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (GAK, ÖS, GÖg, ÁÓÁ).

Við 4. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjörskrár, sbr. VI. kafla laga nr. 24/2000, skulu liggja fyrir við upphaf atkvæðagreiðslu skv. 3. gr., en Hagstofa Íslands ákveður fyrir landið allt við hvaða dag þær skulu miðaðar.

1898. Nefndarálit [1011. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Ríkisstjórnin hefur gefist upp í fjölmiðlamálinu og stendur frammi fyrir miklum og óumdeildum ósigri. Sú niðurstaða að leggja til að hin umdeildu fjölmiðlalög verði felld úr gildi felur í sér stórsigur fyrir þá sem barist hafa gegn lögunum. Með því tekur ríkisstjórnin upp stefnu stjórnarandstöðunnar sem í vor lagðist af hörku gegn samþykkt laganna. Þetta sýnir að málflutningur þeirra sem andæft hafa lögunum, innan þings og utan, hefur skipt sköpum. Formenn stjórnarflokkanna hafa með sinnaskiptum sínum rækilega viðurkennt að það hafi

verið rangt af þeim að neyta aflsmunar á Alþingi til að þröngva lögunum í gegn í andstöðu við vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar og fjölmargra úr eigin flokkum.

Algera stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar er með engu móti hægt að túlka öðruvísi en sem skýra yfirlýsingu um að forseti lýðveldisins hafði rétt fyrir sér þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar 2. júní sl. Kúvending hennar, ekki síst forsætisráðherra, sýnir um leið ljóslega það mikilvæga hlutverk sem málskotsréttur forseta skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar hefur í stjórnskipun landsins. Reynslan af fjölmiðlamálinu hefur leitt í ljós að málskotsrétturinn getur verið eina vörn þjóðarinnar gegn ofríki ráðherraræðisins sem í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur tekið löggjafann í gíslingu. Endurskoðun stjórnarskrárinnar er miklu mikilvægara mál en svo að það verði unnið sem einhvers konar sárabót fyrir forustumenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eftir hrakför þeirra síðustu mánuði. Stjórnarandstaðan hafnar því algerlega að tengja vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar brottfalli hinna óstaðfestu fjölmiðlalaga ríkisstjórnarinnar.

Málskotsrétturinn, sem stjórnarskrárgjafinn færði forsetanum að vandlega íhuguðu máli, réð úrslitum um uppgjöf ríkisstjórnarinnar í kjölfar harðrar baráttu innan þings og utan. Án yfirvofandi og gjörtapaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu hefði ríkisstjórnin aldrei fellt lögin úr gildi.

Atburðarásin sem leiddi til þess að ríkisstjórnin leggur nú til að fjölmiðlalögin í heild verði afnumin sannar því með skýlausum hætti mikilvægi málskotsréttar forsetans í lýðræðislegu ákvörðunarferli þjóðarinnar. Framvegis hugsa ófyrirleitnar og valdsæknar ríkisstjórnir sig um tvisvar áður en þær falla í sömu gryfju og núverandi ríkisstjórn gerði þegar hún þröngvaði fram vilja sínum í óþökk eigin flokksmanna og mikils meiri hluta landsmanna. Stjórnarherrarnir ættu að hafa lært af biturri reynslu að það dugir ekki gagnvart þjóðinni að gefa sér niðurstöðu fyrir fram í jafnumdeildu máli og það óhjákvæmilega verður. Enn einn hefndarleiðangur getur ekki orðið hluti af sáttargjörð Alþingis við þjóðina.

Hundrað daga stríð.

Viðsnúningur ríkisstjórnarinnar er pólitískur ósigur formanna stjórnarflokkanna. Frá því að fjölmiðlafrumvarpið leit fyrst dagsins ljós hafa þeir verið á samfelldu undanhaldi í málinu. Fimm sinnum þurfti formaður Framsóknarflokksins að gera nýtt samkomulag við forsætisráðherra af því að bakland hans brast og á köflum lá við uppreisn í hans eigin flokki. Skemmst er að minnast hinnar „óvæntu" og „snjöllu" lausnar sem kynnt var þjóðinni 4. júlí sl. og formaður Framsóknarflokksins tók að sér að mæla fyrir á Alþingi. Sú leið fól í sér svo augljós brot á stjórnarskrá og íhlutun í löggjafarvald forsetans að enginn hlutlaus fræðimaður treysti sér til að verja hana.

Vert er að minnast nú þeirra orða formanns Framsóknarflokksins í framsöguræðu fyrir fimmtu útgáfu fjölmiðlafrumvarpsins í upphafi sumarþingsins að í raun væri ríkisstjórnin með þessari snjöllu tillögu að „leggja líf sitt að veði". Sú veðsetning stóð í 15 daga.

Í nýjasta samkomulagi formannanna, hinu sjötta í röðinni, felst síðan endanleg uppgjöf þar sem lagt er til að fjölmiðlalögunum verði kippt í heilu lagi úr sambandi. Engum dylst að með því eru áform ríkisstjórnarinnar í núverandi mynd úr sögunni, hvað sem líður fyrirheitum um annað. Báðir börðust formenn stjórnarflokkanna með oddi og egg fyrir því að knýja fjölmiðlamálið gegnum þingið, ekkert síður formaður Framsóknarflokksins en upphafsmaður málsins, forsætisráðherrann, þótt augljóst væri að Framsóknarmenn, jafnt á Alþingi sem annars staðar, skorti alla sannfæringu í málinu. Hin glæsta herferð sem formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hófu með frumvarpi sínu 3. maí í vor er nú að liðnu hundrað daga stríði orðin einhver versta sneypuför í stjórnmálasögu okkar á síðari tímum. Formenn stjórn-

arflokkanna hafa beðið sögulegan ósigur fyrir miklum meiri hluta þjóðarinnar og fyrir stjórnskipan íslenska lýðveldisins.

„Brellur" ríkisstjórnarinnar.

Kjarni málsins er sá að ríkisstjórnin þorir ekki með fjölmiðlalögin í þjóðaratkvæði. Hún gengur þess ekki dulin að hún hefur þegar gjörtapað málinu gagnvart þjóðinni. Frá því forsetinn synjaði um staðfestingu fjölmiðlalaganna hefur ríkisstjórnin kannað hverja „brelluna" á fætur annarri til að komast hjá þjóðaratkvæðagreiðslunni. Fyrst freistaði hún þess að setja ströng höft á kosningarrétt manna til að draga úr líkum á stórtapi. Ríkisstjórnin heyktist á þeim áformum þegar í ljós kom að lögfræðingahópur sem hún kvaddi til að semja reglur um kosningahöft treysti sér ekki til að leggja fram tillögur að takmarkandi reglum þar sem líklegt væri að þær samræmdust ekki stjórnarskránni. Því næst lagði ríkisstjórnin fram frumvarp sem dómsmálaráðherra hafði áður kallað „brellu" og fól í sér að í sama frumvarp var lagt til að fjölmiðlalögin yrðu felld úr gildi og jafnharðan yrðu þau samþykkt á nýjan leik nær óbreytt. Með því átti að tefla málinu í enn meiri tvísýnu og skapa möguleika á þrátefli milli Alþingis og forseta sem hugsanlega gæti leitt til fleiri enn einnar þjóðaratkvæðagreiðslu ef forseti synjaði nýjum, nær óbreyttum fjölmiðlalögum enn staðfestingar. Þessa leið töldu hlutlausir fræðimenn einnig ófæra þar sem hún fól í sér stjórnarskrárbrot. Nú er svo komið að vegna illdeilna um málið milli stjórnarflokkanna og innan þeirra á ríkisstjórnin þann eina kost til að halda pólitísku lífi að beita sér fyrir því að fjölmiðlalögin verði í heild felld úr gildi. Hún hefur því neyðst til að taka upp sömu niðurstöðu um lögin og stjórnarandstaðan sem greiddi öll atkvæði gegn lögunum í vor. Því ber sannarlega að fagna.

Með stefnubreytingu sinni nú í sjöttu útgáfu fjölmiðlafrumvarpsins, sem um leið er þriðja tillagan um viðbrögð við synjun forsetans, hefur ríkisstjórnin viðurkennt að hún hefur að nauðsynjalausu skapað margra mánaða ófrið í samfélaginu og efnt til hatrammra deilna um grundvöll stjórnskipunar lýðveldisins. Þá hafa forustumenn hennar haldið úti árásum á embætti forseta Íslands og staðið í fararbroddi persónulegrar atlögu að núverandi forseta.

Það er grundvallarskylda þeirra sem veljast til forustu að rjúfa ekki samstöðu og frið í samfélaginu að nauðsynjalausu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa æ ofan í æ hvatt til þess að farnar verði í fjölmiðladeilunni slíkar leiðir, efnt verði til heilbrigðrar umræðu um þau mál í samfélaginu öllu og síðan sest á rökstóla með öllum sem málið varðar. Forustumenn stjórnarflokkanna hafa hvað eftir annað hafnað slíkum tillögum og ekki talið sig þurfa að bera fyrirætlanir sínar undir aðra en þingmenn stjórnarflokkanna hverju sinni eftir að nýtt samkomulag var í höfn í Stjórnarráðshúsinu. Þessi málatilbúnaður vekur alvarlegar spurningar um hæfni ráðherranna til starfa í nútímalegu lýðræðissamfélagi.

Atlaga að 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Það blasir hins vegar við að ríkisstjórnarflokkarnir hyggjast nú tengja endurskoðun á 26. gr. stjórnarskrárinnar og afnám málskotsréttarins við afdrif núverandi fjölmiðlalaga. Þetta er gert þrátt fyrir skýrar yfirlýsingar forustumanna stjórnarflokkanna í ljósvakamiðlum 20. júlí sl. Skýringin sem nú er gefin er að stjórnskipuleg óvissa ríki um beitingu ákvæðisins og stjórnlagakreppa hafi skapast af þeim sökum. Stjórnarandstaðan telur fráleitt að tengja endurskoðun stjórnarskrár, hvað þá 26. gr. sérstaklega, við afnám fjölmiðlalaganna. Stjórnarandstaðan leggur í þessu sambandi áherslu á að ákvæði 26. gr. eru skýr. Engin óvissa er uppi um túlkun á þeim önnur en sú sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa kosið að búa sér til með vangaveltum um allt annað en leiðir beint af orðanna hljóðan. Stjórnlagakreppan er heimatilbúinn vandi þeirra sem ekki þorðu að leggja í þjóðaratkvæðagreiðslu af ótta við að gjörtapa henni

og þyrluðu þess í stað upp moldroki til að skapa tilhæfulausa óvissu um framkvæmd ákvæðisins. Stjórnarandstaðan mótmælir þessu harðlega og ítrekar að án málskotsréttarins, sem höfundar stjórnarskrárinnar skrifuðu á sínum tíma inn í frumvarp að henni að vandlega íhuguðu máli, þá hefðu fjölmiðlalögin aldrei verið dregin til baka. Stjórnarandstaðan hafnar því að afnám málskotsréttarins eigi að verða plástur á sár forsætisráðherra vegna hrakfarar ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlamálinu.

Þjóðaratkvæðagreiðsla öruggasta leiðin og sú lýðræðislegasta.

Staða fjölmiðlalaganna gjörbreyttist þegar forseti lýðveldisins hafnaði að staðfesta þau og beitti rétti sínum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar til að skjóta málinu til þjóðaratkvæðis. Í kjölfarið lýstu sex ráðherrar því yfir opinberlega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði haldin. Forsætisráðherra gaf 8. júní út skipunarbréf nefndar sem sett var saman til að undirbúa lagasetningu vegna atkvæðagreiðslunnar. Þar kemur skýrt fram að ríkisstjórnin hafi „ákveðið að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu þá sem vísað er til í 26. gr. stjórnarskrárinnar". Á fundi með forustumönnum flokka stjórnarandstöðunnar 8. júní, sama dag, varð að samkomulagi að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði haldin fyrri hluta ágúst, eins og forsætisráðherra staðfesti í þingræðu 5. júlí sl. Forsætisráðherra tjáði jafnframt forseta Íslands að nauðsynlegt væri að kveðja saman Alþingi til að setja lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar eins og fram kom í forsetabréfi, dagsettu 10. júní, sem hann las upp á Alþingi í upphafi sumarþings. Það liggja því fyrir skýr loforð ríkisstjórnarinnar – ákvörðun – gagnvart þjóðinni um að fjölmiðlamálið skuli útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og mælt er fyrir um í stjórnarskránni.

Þetta var eðlileg ákvörðun, því að í þeirri stöðu sem upp er komin er þjóðaratkvæðagreiðsla æskilegasta og lýðræðislegasta leiðin til að komast að endanlegri niðurstöðu í málinu, og sú eina sem enginn vafi leikur á að stenst stjórnarskrána.

Í samræmi við samkomulagið frá 8. júní, yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, forsetabréfið og ákvæði 26. gr. stjórnarskrárinnar lögðu formenn flokka stjórnarandstöðunnar fram frumvarp til laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar þegar Alþingi kom saman 5. júlí sl. Þar er lagt til að atkvæðagreiðslan fari fram 14. ágúst nk. án nokkurra takmarkandi reglna um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta. Frumvarp stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæði hefur síðastliðnar vikur verið til meðferðar hjá allsherjarnefnd. Öllum sérfræðingum sem komu fyrir nefndina bar saman um að frumvarpið stæðist stjórnarskrána í hvívetna. Á því leikur því ekki nokkur vafi.

Nýjasta leið ríkisstjórnarinnar, sem felst í að fjölmiðlalögin verði afnumin með samþykkt Alþingis og þjóðaratkvæðagreiðsla fari því ekki fram, er hins vegar umdeild meðal sérfræðinga um lög og stjórnskipan. Nokkrir lögmenn sem skiluðu skriflegum álitum til allsherjarnefndar eru þeirrar skoðunar að hún standist ekki stjórnarskrá, þar sem ekki sé unnt að taka lagafrumvarp sem forseti hefur skotið til þjóðarinnar úr ferli þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þeim hópi eru hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson, Dögg Pálsdóttir og Hróbjartur Jónatansson auk dr. Herdísar Þorgeirsdóttur sérfræðings um fjölmiðlalög (sjá fylgiskjöl). Eiríkur Tómasson, prófessor í stjórnskipunarrétti, telur þessa leið þó „sennilega" færa ef með því væri augljóslega verið að stuðla að friði og sáttum í samfélaginu, svo fremi sama réttarástand vaknaði og ríkti fyrir gildistöku laga nr. 48/2004 og því aðeins ef ljóst væri að ekki væri gengið inn á valdsvið forsetans. Svipað viðhorf setti Sigurður Líndal, prófessor emeritus við lagadeild HÍ, fram í áliti til nefndarinnar.

Það hlýtur að vera samdóma álit alþingismanna og annarra að óæskilegt sé að vafi leiki á því hvort sú aðferð sem lögð er til með breytingartillögum meiri hluta allsherjarnefndar sé

í góðu samræmi við fyrirmæli stjórnarskrárinnar. Það gildir ekki síst ef sá vafi kynni að leiða til þess að dómsmál á grundvelli mannréttinda risu (sjá lögfræðiálit Ragnars Aðalsteinssonar). Allir alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni, og er þar með skylt að halda hana og virða. Sé um fleiri en eina leið að velja ber þingmönnum samkvæmt eiðstaf sínum að velja þann möguleika sem felur í sér minnstar líkur á því að stjórnarskráin sé brotin. Þegar hefur verið rökstutt að þjóðaratkvæðagreiðsla um lögin án takmarkandi skilyrða stenst stjórnarskrána í hvívetna. Hún er því öruggasta leiðin. Þjóðaratkvæði er sömuleiðis langlýðræðislegasta aðferðin til að skera úr um vilja þjóðarinnar.

Fyrirvarar um niðurfellingu þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í ljósi alls þess umróts og ófriðar sem afstaða ríkisstjórnarinnar hefur þegar skapað um fjölmiðlalögin er rík þörf á því að lyktir málsins verði með þeim hætti að ekki sé unnt að vefengja þær. Stjórnarandstaðan telur því að æskilegasta og lýðræðislegasta leiðin í núverandi stöðu sé að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram og hefur flutt frumvarp (þskj. 1892) þar sem lagt er til að hún verði haldin 14. ágúst. Stjórnarandstaðan lagði til í allsherjarnefnd að nefndin lyki störfum með því að afgreiða frumvarp formanna stjórnarandstöðuflokkanna um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu en léti frumvarp ríkisstjórnarinnar liggja. Því hafnaði meiri hlutinn á fundi nefndarinnar mánudaginn 19. júlí sl. Minni hlutinn hefur engu síður skilað nefndaráliti á þingskjali 1896, og koma þar fram frekari rök fyrir því að sú leið verði valin að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram eins og mælt er fyrir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Um leið og minni hluti allsherjarnefndar fagnar uppgjöf ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í málinu og lýsir ánægju með breytingartillögur sem ganga út á að fella út úr frumvarpinu þau efnisatriði sem eru nánast samhljóða ákvæðum hinna umdeildu fjölmiðlalaga frá í vor er ítrekaður fyrirvari um þá aðferð að ætla að sneiða hjá þegar ákveðinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. júlí 2004.

Össur Skarphéðinsson, frsm. | Guðjón A. Kristjánsson. | Ágúst Ólafur Ágústsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Fylgiskjal I.

Minnisblað frá Dögg Pálsdóttur hrl.
(12. júlí 2004.)

Efni: Um heimild Alþingis til að fella úr gildi lagafrumvarp sem forseti Íslands hefur synjað staðfestingar.

Inngangur

Á fundi allsherjarnefndar Alþingis í dag gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum um heimild Alþingis til að fella úr gildi lagafrumvarp sem forseti Íslands hefur synjað staðfestingar. *Hér á eftir verða rakin rök mín fyrir þeirri niðurstöðu að Alþingi hafi ekki heimild til að fella úr gildi slíkt lagafrumvarp.*

Löggjafarvaldið

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar (hér eftir skammstafað stjskr.) fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið. Í stjskr. eru nánari ákvæði um hverjir geta látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga (sbr. 25., 38. og 55. gr.). Sömuleiðis segir þar að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hefi verið rætt við þrjár umræður á Alþingi (sbr. 44. gr.) og að þingsköp Alþingis skuli sett með lögum (sbr. 58. gr.).

Í 26. gr. stjskr. er mælt fyrir um hvað gerist ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp. Þá skal frumvarpið lagt fyrir forseta lýðveldisins eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt. Af skýru orðalagi 26. gr. liggur fyrir að forsetinn á tveggja kosta völ, að staðfesta lagafrumvarpið eða synja því staðfestingar. Í 26. gr. er fjallað um afleiðingar hvoru tveggja. Staðfesti forseti lagafrumvarpið þá veitir staðfestingin frumvarpinu lagagildi. Lagasetningarferlinu er þar með lokið og lagafrumvarpið er orðið að lögum.[1]

Synji forsetinn lagafrumvarpi staðfestingar fær lagafrumvarpið engu að síður lagagildi en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi ef samþykkis er synjað en ella halda þau gildi sínu. Með ákvæðum 26. gr. stjskr. er forseta Íslands þar með gefinn réttur til að skjóta til þjóðaratkvæðis ákvörðun um hver afdrif lagafrumvarps, sem Alþingi hefur samþykkt, skuli verða til frambúðar. Þar til niðurstaða þjóðaratkvæðis liggur fyrir fær lagafrumvarp sem forseti þannig synjar staðfestingar þó tímabundið lagagildi. Endanlegt lagagildi frumvarpsins veltur á þjóðaratkvæðagreiðslunni. Lagasetningarferli lagafrumvarps sem forseti synjar staðfestingar lýkur því ekki fyrr en niðurstaða þjóðaratkvæðis liggur fyrir. Lagafrumvarp sem forseti synjar staðfestingar er því ekki lög í venjubundnum skilningi þess hugtaks, því lagagildi þess er tímabundið.

Nánar um 26. gr. stjskr.

Allt orðalag 26. gr. stjskr. er fortakslaust:

1. *Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal ... (1. málsl. 26. gr. stjskr.)*
2. *Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, ... en leggja skal ... (2. málsl. 26. gr. stjskr.)*

---

[1] Fullnægja þarf ákvæðum 27. gr. stjskr. um birtingu áður en unnt er að beita lögunum en ákvæði þar að lútandi eru utan viðfangsefnis þessa minnisblaðs.

3. ***Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.*** *(Lokamálsl. 26. gr. stjskr.)*

Í 26. gr. stjskr. er þannig teiknað upp hvað gerist ef forseti staðfestir lagafrumvarp – það öðlast þá lagagildi og verður að lögum, og hvað gerist ef forseti synjar staðfestingar – það öðlast þá einnig lagagildi en bera þarf það svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður afdrifum lagafrumvarpsins. Lögin falla úr gildi ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

Engir fyrirvarar eru í 26. gr. stjskr. um að fella megi lagafrumvarpið (lögin) úr gildi með öðrum hætti en með þjóðaratkvæðagreiðslu. Af skýru orðalagi 26. gr. stjskr. verður því ekki önnur ályktun dregin en sú að þegar forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar hafi hann sett af stað ferli sem ekki verður breytt af Alþingi, heldur verði það að ganga til enda til að fá niðurstöðu um afdrif þessa lagafrumvarps.

Umfjöllun fræðimanna

Ólafur Jóhannesson fjallar um afdrif lagafrumvarps eftir endanlega samþykkt Alþingis í riti sínu *Stjórnskipun Íslands*.[2] Hann segir:

> Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins, og verður eigi afturkallað af því. Endanlegt lagagildi hefur þó frumvarpið ekki ennþá fengið. Það á eftir að fara til hins löggjafaraðilans, forsetans.[3]
>
> ...
>
> Til þess að frumvarp, samþykkt af Alþingi, öðlist lagagildi, sýnist samkvæmt þessu ætið þurfa að leggja það fyrir forseta til staðfestingar. Fyrr en það hefur verið gert, getur það ekki orðið að lögum. Hitt skiptir svo ekki máli um gildistöku þeirra laga, hverjar undirtektir forseta eru, hvort hann staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Í síðara tilfellinu verða lögin þó að ganga í gegnum hreinsunareld, og fer þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda.[4]

Ólafur fjallar í riti sínu einnig um lög, sem þjóðaratkvæði þarf um og segir:

> Þjóðaratkvæði um löggjafarmál er nú stjórnarskrárbundið í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp, sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjskr. Í hinu tilvikinu er um að ræða lög, sem hafa þegar tekið gildi. Er þar um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjskr.[5]
>
> ...
>
> Samkvæmt 26. gr. stjskr. skal fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um lög þau, sem forseti synjar staðfestingar. Hér er sá munur á, að frumvarpið hefur öðlazt lagagildi við staðfestingarsynjun forseta. Úrslit þjóðaratkvæðis segja því til um það, hvort lögin skuli

---

2 Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, 2. útg. 1978.
3 Sama rit bls. 294.
4 Sama rit bls. 296.
5 Sama rit, bls. 299.

> halda áfram að gilda, eða hvort þau skuli falla úr gildi. Fái lögin samþykki kjósenda, halda þau framvegis gildi, og þarf þá eigi að bera þau upp á ný fyrir forseta.
> ...[6]

Ekkert í umfjöllun Ólafs Jóhannessonar bendir til þess að Alþingi geti gripið inn í það ferli sem forseti setur af stað með því að synja lagafrumvarpi staðfestingar. Þvert á móti segir Ólafur annars vegar: ... *Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins, og verður eigi afturkallað af því.* ... og hins vegar: ... *Hitt skiptir svo ekki máli um gildistöku þeirra laga, hverjar undirtektir forseta eru, hvort hann staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Í síðara tilfellinu verða lögin þó að ganga í gegnum hreinsunareld, og fer þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda.*

Vilji löggjafans

Við túlkun stjórnarskrárákvæða verður að fara eftir almennum og viðurkenndum lögskýringarreglum, auk sérstakra viðhorfa um lögskýringu í stjórnskipunarrétti.[7] Ræðir þar um hugrænar lögskýringarkenningar (löggjafarviljinn) og hlutrænar lögskýringarkenningar (orð ákvæðis ganga framar löggjafarviljanum) auk sjónarmiða um tilgang lagasetningar.

Skoðun á umfjöllun Alþingis á frumvarpi til stjórnskipunarlaga árið 1944 rennir stoðum undir þá staðhæfingu mína að 26. gr. verði að túlka svo að lagafrumvarp sem forseti synjar staðfestingar verði eigi úr gildi fellt nema með þjóðaratkvæði.

Því hefur verið haldið fram að Alþingi hafi kastað höndum við meðferð á lagafrumvarpi því sem varð að Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Skoðun á umræðum á Alþingi um lagafrumvarpið sýnir að þetta er fjarri öllum sanni, a.m.k. að því er varðar 26. gr. stjskr.

Þvert á móti var efni og inntak 26. gr. mikið rætt og ítrekaðar tilraunir gerðar til að breyta henni þannig að lagafrumvarp sem forseti synjaði staðfestingar fengi ekki tímabundið lagagildi, eins og upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir og sem varð hin endanlega niðurstaða.

Frumvarp til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands var lagt fram í neðri deild. Neðri deild samþykkti frumvarpið m.a. með þeirri breytingu á 26. gr. að lagafrumvarp sem forseti synjaði staðfestingar fengi ekki lagagildi nema þjóðaratkvæði samþykkti það. Í þeim búningi fór frumvarpið til efri deildar. Efri deild breytti frumvarpinu aftur til fyrri vegar, þ.e. breytti 26. gr. þannig að synjun forseta hefði engu að síður í för með sér tímabundið lagagildi frumvarpsins. Í þeim búningi fór frumvarpið á nýjan leik til neðri deildar. Þar voru þá lagðar fram tvær breytingartillögur við 26. gr. Annars vegar var breytingartillaga Jóns Pálmasonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar svohljóðandi:[8]

> Við 26. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist þannig: Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá svo fljótt sem unnt er borið á ný undir sameinað Alþingi. Ef það er þá samþykkt með ⅔ atkvæða allra þingmanna, og séu viðstaddir meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild, þá öðlast frumvarpið gildi sem lög. Náist ekki tilskilin atkvæðatala með frumvarpinu, er það fallið.

Hins vegar var breytingartillaga Jakobs Möller svohljóðandi:[9]

---

6 Sama rit, bls. 300.
7 Sjá nánar umfjöllun í kafla II í álitsgerð Hróbjartar Jónatanssonar hrl. og DP, dags. 30. júní 2004.
8 Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 165, bls. 261.
9 Alþingistíðindi 1944, A, þskj. 176, bls. 264.

Við 26. gr. 2. og 3. málsliður greinarinnar falli niður.

Jón Pálmason rökstuddi breytingartillöguna svo:[10]

> Nú hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Vestm., án þess að ég viti um vilja hv. d., að flytja brtt. á þskj. 165 og geri það í þeim tilgangi að gera tilraun til sátta. Þessi till. er þannig, eins og menn sjá, að farið er eftir þeirri reglu, sem gildir í Bandaríkjunum og nú hefur nýlega komið til framkvæmda, að l., sem forseti hefur neitað að staðfesta, geta aftur orðið að l., ef ákveðinn hluti þm. samþ. þau á ný. – Ég tel varhugavert að setja í stjskr., að þjóðaratkv.gr. þurfi, þó að ágreiningur verði milli forseta og þings. Ég viðurkenni alls ekki, að það sé staðfest djúp milli þings og þjóðar. Þingið er ekki annað en fulltrúar þjóðarinnar. Og þar sem sú regla er komin á, að milli kosninga líði í hæsta lagi fjögur ár, þá væri það gallað fyrirkomulag að setja þjóðaratkvgr. af stað þess í milli, ef um ágreining yrði að ræða um einhver l. milli forsetans og þingsins. Það er óeðlilegt að hugsa sér, að vilji þ. sé svo langt frá vilja þjóðarinnar, að þess ætti að þurfa. Ég tel það einfaldari og eðlilegri leið, að hér sé skorið úr á þann hátt, sem við leggjum til í till. okkar, – að heimtaður sé ákveðinn meiri hl. eða ⅔ atkvæða allra þm., annars sé þetta deilumál fallið.

Jakob Möller rökstuddi breytingartillögu sína svo:[11]

> Ég hef lagt fram brtt. á þskj. 176, þar sem ég fer þess á leit, að tveir síðustu málsl. gr. falli niður og gr. verði aðeins um það, að til þess að lagafrv. fái gildi, þurfi það staðfestingu forseta. Þar af leiðir, að l. falla niður, ef hún er ekki veitt.

Af þessu sést að alþingismenn gaumgæfðu hvaða afleiðingar það skyldi hafa ef forseti synjaði lagafrumvarpi staðfestingar. Fyrir neðri deild lágu breytingartillögur þar sem önnur gerði ráð fyrir að frumvarpið færi þá aftur til Alþingis til sérstakrar meðferðar og hin gerði ráð fyrir að synjunarvald forseta væri algert. Báðar tillögurnar voru felldar. Alþingi ákvað því að synjun forseta leiddi af sér tímabundið lagagildi frumvarpsins og þjóðaratkvæði um endanleg afdrif þess.

Löggjafarviljinn er skýr – þjóðaratkvæðagreiðsla er eina aðferðin til að skera úr um frambúðargildi lagafrumvarps sem forseti synjar staðfestingar.

Frekari rökstuðningur: Ákvæði þingskaparlaga, ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar

Til frekari rökstuðnings má benda á 43. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 sem mæla fyrir um að lagafrumvarp, er hefur verið fellt, megi eigi bera upp aftur á sama þingi. Ekkert segir í þingskaparlögum um að fyrir Alþingi megi leggja lagafrumvarp sem hefur verið samþykkt, til þess að fella það úr gildi. Ástæðan er væntanlega sú sem Ólafur Jóhannesson tilgreinir ljóslega í umfjöllun sinni, sem áður er rakin, þ.e. að þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi sé það þar með komið úr höndum þingsins og verði eigi afturkallað af því.

---

[10] Alþingistíðindi 1944, B, d. 121–122.
[11] Alþingistíðindi 1944, B, d. 123.

Í þessu sambandi má og benda á það að í 42. gr. dönsku stjórnarskrárinnar eru ákvæði um það að ákveðinn hluti þingmanna geti farið fram á þjóðaratkvæði um lagafrumvarp sem þingið hefur samþykkt. Eftir að slík krafa er komin fram getur þingið fellt lagafrumvarpið úr gildi innan tiltekinna tímamarka. Sú heimild byggir á sérstöku ákvæði í 42. gr. sem bendir til þess að a.m.k. danski stjórnarskrárgjafinn telji að slíka heimild hafi þurft að setja fram berum orðum. Af því má gagnálykta að væri heimildin ekki jákvætt orðuð í dönsku stjórnarskránni væri þinginu óheimilt að fella lagafrumvarp úr gildi eftir að krafan kæmi fram. Þessi framsetning í dönsku stjórnarskránni styður enn frekar þá skoðun að sérstakt ákvæði hefði þurft í 26. gr. stjskr. til að hægt væri að stöðva það ferli sem greinin lýsir að fari af stað við synjun forseta á staðfestingu lagafrumvarps.

Niðurstaða

Af því sem að framan er rakið er það skoðun mín að ákvæði 26. gr. stjskr. sé fortakslaust um það að ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar þá fari af stað ferli sem eingöngu verður til lykta leitt með niðurstöðu þjóðaratkvæðis. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir að Alþingi hafi heimild til að grípa inn í það ferli með því að fella úr gildi lagafrumvarp það sem forseti synjaði staðfestingar.

Fylgiskjal II.

Minnisblað frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl.
(13. júlí 2004.)

Í samræmi við óskir nefndarmanna í gær sendist nefndinni meðfylgjandi greinargerð þar sem fram koma í stuttu máli þeir efnispunktar sem undirritaður kom inn á í framsögu til nefndarinnar.

Það álitaefni sem uppi er núna, varðandi hið nýja fjölmiðlafrumvarp, er hvort framlagning þess og þar með afnám laga 48/2004 um sama efni, geti snúið við því ferli sem lög 48/2004 voru komin í á grundvelli fyrirmæla 26. greinar stjórnarskrárinnar, þ.e. um þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Það er mitt lögfræðilega mat að ekki sé unnt að stöðva atkvæðagreiðsluferlið, eftir að forseti hefur synjað staðfestingunni og vísað málinu til þjóðaratkvæðagreiðslu, hvorki með því að afnema l. 48/2004 sérstaklega, án annarra aðgerða, né með því að afnema og leggja fram nýtt frumvarp um sama efni.

Rökstuðningur minn er í stuttu máli þessi:

1.

Fyrirmæli um þjóðaratkvæðagreiðsluna vegna synjunar forseta er í stjórnskipunarlögum, stjórnarskránni, sem er æðsta lagaheimild í stjórnskipun Íslands. Af stjórnskipunarlögunum verða öll önnur lög leidd og annað regluverk sem er í þjóðfélaginu. – Fyrirmæli í stjórnarskrá taka öðrum lægra settum fyrirmælum fram og öll lög og reglur verða því að vera í samræmi við stjórnskipunarlögin svo þau séu gild.

2.

Í 26. gr. stjórnarskrárinnar segir að þegar forseti synji um staðfestingu frumvarps frá Alþingi þá skuli setja frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna. Hér er um að ræða fortakslaus fyrirmæli stjórnarskrárinnar, sem skv. lögfræðilegri aðferðarfræði ber að skýra sem ófrávíkjanlega boðreglu; í ákvæðinu er beinlínis boðið, með skýrum og ótvíræðum hætti, að frumvarpið skuli lagt undir þjóðaratkvæði; það segir ekki „*má*", heldur „*skal*" og af þessari fortakslausu boðreglu leiðir að þegar þessi staða kemur upp, að forseti synjar staðfestingu frumvarps, beri fyrirvaralaust að fara að fyrirmælum greinarinnar. Sé óheimilt og ólögmætt að sniðganga boðregluna. Fræðimenn eru sammála um[1] að ef ekki er efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu sem stjórnarskráin mælir fyrir um séu lög ekki sett með réttum stjórnskipulegum hætti og lögin því ógild.[2]

Það er vafalaust að skilyrðin fyrir því að setja í gang þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. eru uppfyllt. Mér sýnist að það sé enginn ágreiningur um þetta atriði, að efna skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu að öllu öðru óbreyttu.

3.

Þegar til staðar er stjórnskipuleg boðregla í stjórnarskránni, æðstu réttarheimild lýðveldisins, verður að fara eftir henni, nema því aðeins að til sé jafn rétthá réttarheimild í stjórnarskránni sjálfri, sem heimilar að snúið sé frá því ferli sem boðið er í 26. grein. Ekkert slíkt pósitívt ákvæði er í stjórnarskránni, hvorki í sjálfri 26. gr. né í öðrum ákvæðum hennar. – Slíkt ákvæði er t.a.m. í 42. gr. dönsku grundvallarlaganna en skv. þeirri grein getur ⅓ hluti þingmanna farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið samþykkt lagafrumvarp innan 3ja virkra daga frá samþykki þess og skal þá halda þjóðaratkvæðagreiðslu nema því aðeins að þingið felli lögin úr gildi. Til þess hefur þingið fimm virka daga frá samþykkt frumvarpsins. Þarna er heimildin til afturköllunar á þjóðaratkvæðagreiðsluferlinu beinlínis sett í stjórnskipunarlögin. Af þessu verður sú ályktun dregin að Danir hafi talið lögfræðilega nauðsyn á að festa heimildarákvæðið um afturköllun þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnskipunarlög þannig að ótvírætt væri að þingið hefði afturköllunarheimild í sams konar réttarheimild og réttur þingmanna til þess að setja í gang þjóðaratkvæðagreiðslu.[3]

4.

Með hliðsjón af framangreindri boðreglu er næst að athuga hvort önnur ákvæði í stjórnarskránni hafi efnislegt inntak sem jafna megi til þess að stjórnarskrárgjafinn hafi veitt hinum almenna löggjafa þá heimild að stöðva þjóðaratkvæðagreiðsluferlið! Það er ljóst að ákvæði í almennum lögum, svo sem þingskapalögum geta ekki veitt slíka heimild enda þau réttlægri en stjórnarskráin, eins og áður sagði.

---

1 Sjá Peter Germer, *Statsforfatningsret*, 3. udgave, Jurist- og Ökonomiforbundets Forlag, Kaupmannahöfn, 2001, bls. 144.

2 Max Sörensen, *Statsforfatningsret*, Kaupmannahöfn, Jurist- og Ökonomiforlag, Kaupmannahöfn, 1973, bls. 183.

3 Hafa ber í huga að í dönsku grundvallarlögunum er fjallað um þjóðaratkvæði á fjórum stöðum; í 20. gr., varðandi yfirfærslu valds til yfirþjóðlegrar stofnunar, 29. gr. varðandi breytingu kosningaaldurs, í 42. gr. varðandi minnihlutavernd; ⅓ hluti þingmanna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið frumvarp, (þó með undantekningum) og í 88. gr. varðandi stjórnarskrárbreytingar. Ákvæði 42. gr. um þjóðaratkvæðagreiðslu er valkvæð (fakultativ) en í öðrum tilvikum er þjóðaratkvæðagreiðslan skylda (obligatorisk). Afturköllunarheimild 42. gr. er bundin við valkvæð tilfelli.

Við framlagningu frumvarpsins til ógildingar á l. 48/2004, er vísað til þess að þingmenn og stjórn geti lagt fram frumvörp fyrir þingið hvenær sem er og um hvað sem er og þ.a.l. geti meiri hluti Alþingis sett þetta nýja frumvarp fram og þar með sé skyldan til þess að efna til þjóðaratkvæðis um frumvarp til l. 48/2004 niðurfallin.

Almenna ákvæðið um löggjafarvald Alþingis er í 2. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem 38. gr. kveður á um heimild þingmanna og stjórnar til að leggja fram frumvörp og ályktanir. Mér sýnist að það sé helst byggt á þessum ákvæðum um rök fyrir því að Alþingi geti hvenær sem er slegið atkvæðagreiðsluna af sem 26. gr. kveður á um, með því að leggja fram frumvarp til ógildingar á lögum 48/2004. – En það er hins vegar ekkert í 2. gr. eða 38. gr. sem heimilar Alþingi að stöðva það ferli sem 26. gr. kveður á um, þegar það er farið í gang

Mér finnst fráleitt að túlka inntak 2. gr. og 38. gr. stjórnarskrárinnar, um almennt löggjafarhlutverk Alþingis, með þeim hætti að þau ákvæði ryðji burt efnisákvæði 26. gr. og þeim réttaráhrifum sem greininni er ætlað að hafa; að meiri hluti Alþingis geti, með því einu að samþykkja nýtt en breytt frumvarp um sama efni, upphafið þær réttarverkanir sem 26. gr. mælir beinlínis fyrir um með skýrum og ótvíræðum hætti.

5.

Það verður að hafa hér í huga að Alþingi og forseti fara saman með löggjafarvaldið skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta þýðir að lagasetningarferlið tekur enda þegar forseti staðfestir lögin, ef frá er talin sú aðstaða sem 26. gr. mælir fyrir um. Þetta þýðir að lagasetningarferlinu lýkur ekki fyrr en forseti staðfestir, eða ef hann synjar, að þjóðaratkvæðagreiðsla til samþykktar eða synjunar á frumvarpinu hefur farið fram. Ef lögin eru samþykkt af meiri hluta kosningabærra manna öðlast lögin varanlegt gildi og verða bindandi fyrir almenning þegar þau hafa verið birt með lögformlegum hætti.

Mér sýnist að fræðimenn séu sammála um þetta ferli. Ólafur Jóhannesson segir[4] að þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, sé það þar með komið úr höndum þingsins og verði ekki afturkallað af því. Það fari þá til hins löggjafaraðilans, forsetans. Ólafur segir[5] að lagasetningunni ljúki með staðfestingu forsetans. Lagasetningarferlið er samkvæmt þessu tvískipt, annars vegar á vegum Alþingis sem lýkur sínu ferli með samþykkt frumvarps og hins vegar á vegum forsetans sem lýkur ferlinu með því að staðfesta lögin, eða ef hann synjar og nýtir sér málskotsrétt sinn, að þjóðin tekur afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um samþykki eða synjun þess. Þjóðin kemur þá í stað forsetans sem hinn löggjafaraðilinn. Í þess konar tilviki er um að ræða beina þátttöku kjósenda í löggjafarstarfinu, segir Ólafur.[6] Hann segir jafnframt[7] að við þær aðstæður, þegar forseti synjar, verði lögin að ganga í gegnum hreinsunareld kosninganna og fari þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda. Er þá lagasetningarferlinu lokið og lögin annaðhvort gild eða ógild.

Hafa verður í huga að ekki er hægt að ógilda það sem ekki er í gildi. Þó lög 48/2004 hafi bráðabirgðagildi, þá á enn eftir að leita eftir því hvort þau fái frambúðargildi hjá hinum löggjafarvaldshafanum, í þessu tilviki kosningabærum mönnum. Það er fullkomlega óeðlilegt að Alþingi, annar handhafi löggjafarvaldsins, grípi hinn í staðfestingarferilinn, þegar hinn handhafi löggjafarvaldsins hefur málið til meðferðar.

---

4 Ólafur Jóhannesson, *Stjórnskipun Íslands*, Iðunn, Reykjavík, 1978, bls. 294.
5 Sama rit bls. 297.
6 Sama rit bls. 298.
7 Sama rit bls. 296.

Með hliðsjón af Ólafi Jóhannessyni og sjónarmiðum danskra fræðimanna,[8] þá má Alþingi ekki aðhafast neitt í málinu eftir endanlega samþykkt sína fyrr en lagastaðfestingarferlinu er að fullu lokið. Þá getur Alþingi aftur tekið til við að leggja fram frumvarp um sama efni. Það eru ekki til staðar nein efnisleg rök fyrir því að Alþingi megi grípa inn í þjóðaratkvæðagreiðsluferlið og hindra atkvæðagreiðsluna. Ótti meiri hluta Alþingis við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar eru að sjálfsögðu ekki haldbær rök fyrir því að stjórnskipulegum fyrirmælum sé vikið til hliðar.

6.

Ég vil benda sérstaklega á að með því að leggja fram frumvarp til ógildingar á lögum 48/2004 og þannig koma í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram samkvæmt fyrirmælum 26. gr., er frumvarpi almenna löggjafans ætlað að hafa stjórnskipuleg áhrif, þ.e.a.s. lagafrumvarpið hefur þann tilgang að nema burt stjórnarskrárbundin fyrirmæli sem kveða á um réttindi kosningabærra manna til að taka þátt í beinu löggjafarstarfi. Það getur hins vegar ekki gengið upp að almenn lög geti haft þau áhrif að fortakslaus fyrirmæli stjórnarskrárinnar verði að engu höfð, í ljósi þess að stjórnarskráin er æðst réttarheimilda.

Öll lög sem varða breytingu á stjórnskipunarlögum og/eða er ætlað að hafa stjórnskipuleg áhrif verða auðvitað að lúta reglum þingskapalaga og svo ákvæðum stjórnarskrárinnar um lögleiðingu stjórnskipunarlaga.

7.

Með hliðsjón af framangreindu er það skoðun mín að fortakslaus fyrirmæli 26. gr. um að skuli efna til þjóðaratkvæðagreiðslu hindri það að hreyft verði við lögum 48/2004 af hálfu Alþingis fyrr en þjóðaratkvæðagreiðslan hefur farið fram. Ég er þess vegna ósammála þeim sem telja að Alþingi hafi heimild til að ógilda lögin en aðhafast ekkert frekar fyrr en á næsta þingi. Mér finnst veilan í þessari röksemdafærslu vera sú að í henni er fallist á það meginprinsipp að Alþingi geti gripið inn í staðfestingarferilinn á meðan þjóðin hefur, að fyrirmælum 26. gr., tekið við hlutverki hins löggjafaraðilans af forseta og hefur málið til meðferðar. Í þessari röksemdafærslu felst mótsögn. Ef Alþingi mætti á annað borð ógilda lög 48/2004 undir þjóðaratkvæðagreiðsluferlinu, þá eru tæpast rök fyrir því að Alþingi megi ekki setja efni hinna ógiltu laga fram í breyttum búningi á sama þingi.

Þá er ég einnig ósammála því sjónarmiði að Alþingi sé heimilt að ógilda lögin og forða þannig þjóðaratkvæðagreiðslu á þeirri forsendu að slíkt jafngildi því að þjóðin hafi hafnað lögunum. Ógilding á lögunum jafngildir því að látið er undan kröfum þeirra sem eru mótfallnir lögunum en fylgjendur laganna eru þá að sama skapi sviptir réttindum til þess að nota sinn stjórnarskrárvarða löggjafarvaldsrétt og samþykkja lögin.

8.

Ég vil benda á að þegar fleiri en einn skýringarkostur á stjórnarskrárákvæði koma til greina ber að velja þann sem felur í sér minnstan vafa á innihaldi ákvæðis. Þetta leiðir af 47. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að alþingismenn skuli vinna drengskaparheit að stjórnarskránni. – Í því drengskaparheiti felst að þeir lofa að virða stjórnarskrána í hvívetna. Af því leiðir að þegar vafi er um hvort eitthvað standist stjórnarskrána á að fara þá leið sem er vafalaus, sé hún er til staðar, ellegar þá sem minnstum vafa er bundin.

---

[8] Sjá Max Sörensen, sama rit, bls. 178 og áfram, og Peter Germer, sama rit, bls. 69 og áfram.

9.

Eins og 26. gr. er úr garði gerð veitir hún öllum kosningabærum mönnum skýra og ótvíræða heimild til þess að tjá sig um lögfestingu laga 48/2004 í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég get ekki séð neina stjórnskipulega heimild fyrir því að almenni löggjafinn geti tekið þann rétt af. Til þess þarf einfaldlega stjórnarskrárbreytingu.

10.

Að því er varðar það atriði hvort þátttaka almennings í almennum þingkosningum geti komið í stað þjóðaratkvæðagreiðslu um eitt einstakt mál skv. 26. grein, þá er ljóst að Ólafur Jóhannesson[9] telur að almennum kosningum milli þinga verði eigi jafnað til þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi einstakra laga. Rökin séu þau að í alþingiskosningum kunni ýmis önnur sjónarmið að ráða þingmannakjöri en afstaða frambjóðendanna til þess máls sem snertir einstaka þjóðaratkvæðagreiðslu.

Um tilgang þjóðaratkvæðagreiðslu í dönsku grundvallarlögunum segir Max Sörensen[10] að reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu séu settar til höfuðs þeim tilfellum þegar ríkisstjórn, einkum samsteypustjórn, samþykkir lög sem ekki hafa hljómgrunn hjá meiri hluta þjóðarinnar; þjóðaratkvæðagreiðsla sé eins konar öryggisventill (bræmsende faktor), þegar þrýsta á lögum í gegnum nauman þingmeirihluta. Hér er um að ræða minnihlutavernd.[11] Telur Sörensen að ákvæði grundvallarlaganna um þjóðaratkvæði hafi gefist vel.

Virðingarfyllst.

Hróbjartur Jónatansson hrl.

Fylgiskjal III.

Drög að minnisgreinum frá Ragnari Aðalsteinssyni hrl.
(12. júlí 2004.)

Fjölmiðlafrumvarp
hið síðara og stjórnskipun Íslands.

Alþingi samþykkir umdeildar breytingar á útvarpslögum og samkeppnislögum 24. maí 2004.

Forseti Íslands synjar breytingunum staðfestingar 2. júní 2004

Breytingalögin nr. 48/2004 birt í Stjórnartíðindum 14. júní 2004 og tóku þegar gildi.

Ríkisstjórnin ákveður að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrár.

Ríkisstjórnin skipar 8. júní 2004 starfshóp til að undirbúa lagasetningu um þjóðaratkvæði og fyrirkomulag hennar. Hlutverk hans er m.a. að taka afstöðu til þess hvaða skilyrði væri eðlilegt að setja um þátttöku og afl atkvæða í atkvæðagreiðslunni.

---

9 *Stjórnskipun Íslands*, bls 113.
10 Max Sörensen, sama rit, bls. 178–179.
11 Sjá nánar Peter Germer, sama rit, bls. 137 og áfram.

Þingmenn boðaðir til sumarþings til að afgreiða frumvarp til laga um þjóðaratkvæði.

Samkvæmt fréttum fjölmiðla ríkti ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna um hvaða skilyrði um þátttöku í þjóðaratkvæði skyldi lögfesta og þeir komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Þess vegna og vegna þess að ábendingar voru um að frumvarpið yrði ekki staðfest í þjóðaratkvæði hafi málamiðlunin orðið sú að hætta við þjóðaratkvæði.

Við upphaf sumarþings 5. júlí 2004 leggur ríkisstjórnin ekki fram frumvarp til laga um þjóðaratkvæði. Þess í stað leggur hún fram frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, sem þó var ekki boðað í þingboðinu.

Við samanburð á lagafrumvarpinu og lögum nr. 48/2004 kemur í ljós, að um sama texta er að ræða að því undanskildu að 5% í lögunum er breytt í 10% í frumvarpinu og hreyft er við gildisstökuákvæðum.

Höfundar frumvarpsins segja í athugasemdum að um sama frumvarp sé að mestu að ræða og það sem varð að lögum nr. 48/2004 og því sé látið nægja að vísa til athugasemda og nefndarálits og breytingartillagna við meðferð eldra frumvarps.

Um gildistöku laganna segir í frumvarpinu að það taki að hluta til gildi nú þegar en að hluta árið 2007. Jafnframt segir að þeir sem lögin taki til skuli hafa lagað sig að lögunum þegar lögin í heild sinni taka gildi hinn 1. september 2007. Samkvæmt þessu koma réttaráhrif laganna þegar fram við birtingu þeirra og verður því ekki annað séð en lögin taki í raun þegar gildi. Leyfishöfum ber að hefjast handa um aðlögun þegar í stað undir eftirliti útvarpsréttarnefndar. Styrkist þessi niðurstaða af ákvæði 4. gr. um heimild útvarpsréttarnefndar til að afturkalla útvarpsleyfi, en það ákvæði tekur þegar gildi og því virðist nefndinni heimilt að afturkalla leyfi telji hún fyrirséð að leyfishafi muni ekki uppfylla lagaskilyrði hinn 1. september 2007.

Þá er í frumvarpinu gerð tillaga um að lög nr. 48/2004 falli þegar úr gildi án þess að gerð sé grein fyrir réttaráhrifum laganna frá gildistöku þeirra til þess er þau kunna að verða felld úr gildi.

Frumvarpið er að því leyti með öðrum hætti en önnur frumvörp til breytinga á lögum, að þrátt fyrir að aðeins sé að formi og efni til aðeins um óverulegar breytingar að ræða, þá eru ekki lagðar til breytingar við útvarpslög og samkeppnislög eins og þeim var breytt með l. nr. 48/2004, heldur er lagt til að þau lög í heild sinni verði felld úr gildi og í staðinn og samstundis komi nánast samhljóða lög. Það er í ósamræmi við þinghefðir og er enginn skýring í athugasemdum á frávikinu, svo sem nauðsyn ber til, því að ekki er þessi óvenjulega aðferð valin að handahófi.

Fari svo að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi og ágreiningur um stjórnskipulegt gildi laganna beri fyrir dómstóla mun reyna á ýmis stjórnskipuleg álitamál þeirra, þar á meðal þessi:

a. Er Alþingi almennt heimilt að fella lög úr gildi eftir að skilyrði þess að greiða um þau atkvæði í þjóðaratkvæði skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar eru uppfyllt?
b. Er Alþingi heimilt að fella lög, sem forseti Íslands hefur vísað til þjóðaratkvæðis skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar, úr gildi með lögum sem endurvekja hinn fyrri lög að mestu þannig að áhrifin verða fyrst og fremst þau að af þjóðaratkvæði verður ekki?

Um a. Almenna löggjafanum eru settar ýmsar takmarkanir um heimildir til lagasetningar. Takmarkanir þessar eiga meðal annars rót sína að rekja til ákvæðis stjórnarskrár um þrískiptingu valdsins; til stjórnarskrárákvæða m.a. um mannréttindi; til ákvæða 26. gr. um heimild forseta Íslands til að leggja lagafrumvarp til þjóðaratkvæðis, telji hann skilyrði stjórnskipunar þar um uppfyllt; til undirstöðureglna þeirra sem stjórnskipunin er byggð á og

til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Þá er almenna löggjafanum óheimilt að setja lög, ef tilgangurinn með lagasetningunni er að fara á svig við ákvæði stjórnarskrár og þær forsendur sem hún er reist á. Hið síðastnefnda byggir á óskráðri reglu íslensks stjórnskipunarréttar um bann við valdníðslu af hálfu löggjafans og er að nokkru skylt valdníðsluhugtaki stjórnarfarsréttar. Ólafur Jóhannesson skilgreinir í *Stjórnarfarsrétti* á bls. 224 valdníðslu á sviði stjórnsýslu sem ákvörðun sem byggð er á ólögmætum sjónarmiðum og séu slíkar ákvarðanir ógildanlegar. Reglu um stjórnskipulega valdníðslu má ef til vill orða þannig: *Löggjöf má ekki byggja á sjónarmiðum, sem eru ómálefnaleg, ekki aðeins í þeim skilningi að þau séu í ósamræmi við skýr ákvæði í stjórnarskrá, heldur einnig í ósamræmi við almennar forsendur stjórnskipunarlaga.*

Ætla verður að dómstólar muni m.a. líta til þess við mat á stjórnskipulegu gildi laga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hvort skert séu mannréttindi sem verndar njóta og hvort tilgangur laganna sé ekki sá, sem hann er sagður vera, heldur annar og sá tilgangur samræmist ekki forsendum eða undirstöðum stjórnskipunarinnar. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar eru í húfi þau mannréttindi að mega taka þátt í stjórn landsins annaðhvort beint eða óbeint með þátttöku í almennum kosningum. Tilteknu máli sem var verulega umdeilt bæði meðal almennings og á þingi, og naut þar fylgi óverulegs meiri hluta, var í samræmi við reglur stjórnarskrár skotið til þjóðaratkvæðis. Réttur atkvæðisbærra manna var þar með orðinn virkur. Réttur þjóðarinnar (atkvæðisbærra manna) til að njóta þeirra mannréttinda að mega taka ákvörðun um þetta ágreiningsmál verður af henni tekinn, ef frumvarpið verður að lögum. Þá munu dómstólar og líta til þess hvort ómálefnaleg sjónarmið búi að baki frumvarpinu og hvort tilgangurinn með löggjöfinni sé annar en hann er sagður vera og orð frumvarpsins segja til um. Margvíslegar upplýsingar eru opinberar um aðdraganda frumvarps þessa. Meðal þess sem dómstólar munu líta til er að ríkisstjórnin boðaði frumvarp um þjóðaratkvæði, þing var kallað saman til að fjalla um þess háttar frumvarp, ágreiningur var í ríkisstjórn um þröskulda og skoðanakannanir bentu til að frumvarpið yrði fellt í þjóðaratkvæði og það án tillit til þess hvort þröskuldar, sem til umræðu komu, yrðu lögleiddir. Með hliðsjón af þessum aðdraganda og upplýsingum eru yfirgnæfandi líkur á að dómstólar myndu, ef á reyndi, telja að mannréttindi væru skert og um valdníðslu af hálfu löggjafans væri að ræða. Valdníðslan væri þá talin fólgin í því að setja lög sem hefðu það í för með sér að fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla yrði afnumin.

Þess utan eru afar skýrar ábendingar í undirbúningsgögnum að setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar um að tilgangurinn hafi verið sá að koma í veg fyrir að unnt yrði að afturkalla ákvörðun um þjóðaratkvæði samkvæmt 26. gr.

Niðurstaða mín er sú að yfirgnæfandi líkur séu til að dómstólar myndu telja afturköllun fyrirhugaðs þjóðaratkvæðis með því að fella lögin úr gildi án frekari aðgerða ógilda.

Um b. Enda þótt fram borin skýring sé sú, að tilgangurinn með löggjöfinni sé ekki sá, að komast hjá þjóðaratkvæði, heldur sé hann annar, sem sagt sá að draga úr kröfum til handhafa útvarpsleyfa, þá er ástæða til að ætla að dómstólar myndu ekki fallast á þá skýringu, einkum vegna þess, að niðurstaða af samanburði á lögunum og frumvarpinu verður að öllum líkindum sú, að efnislega sé um sömu efnisreglur að ræða með svo óverulegum frávikum að ekki skipti máli um heildarmyndina.

Niðurstaðan mín er því að enginn vafi leiki á að dómstólar myndu telja lög í samræmi við frumvarpið með afnámi laga og nýjum efnislega sambærilegum lögum stjórnskipulega óheimil og því ógild.

Almennar skýringar

Við mat á niðurstöðum mínum hér að framan ber að hafa í huga hver tilgangur með reglum 26. gr. stjórnarskrár og óskráðrar stjórnskipunarreglu um valdníðslu er. Báðum þessum reglum er ætlað að veita almenna löggjafanum aðhald og stuðla að góðri löggjöf. Reglunum er einnig ætlað að veita löggjafanum þá leiðbeiningu, að hvarvetna sem ábending er fram komin um að fyrirhuguð löggjöf kunni að vera andstæð stjórnskipunarreglum, þá skuli löggjafinn leita annarra leiða til að ná settu markmiði, þ.e. fara aðrar leiðir að settu marki.

Vakin er á því athygli að mörkin á milli rýmkandi skýringar stjórnarskrárákvæða og reglu um stjórnskipulega valdníðslu eru ekki alltaf skýr.

Að lokum skal tekið fram að ekki er unnt að réttlæta afnám þjóðaratkvæðis, eins og gert er í athugasemdum við frumvarpið, með því að haldnar verði reglubundnar alþingiskosningar þegar þar að kemur og komi þær í stað þjóðaratkvæðis. Þarf vart að fara mörgum orðum um svo einfalt mál í viðræðum við alþingismenn.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Sigurðar Líndals.

(13. júlí 2004.)

I. Inngangur.

Mér hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 8. júlí 2004 þar sem óskað er umsagnar minnar um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl. Ekki er skilgreint nánar hvaða atriði það eru sem sérstaklega er óskað umsagnar um. Hins vegar hefur komið fram í umræðum að helsta álitamálið sé hvort framlagning þessa frumvarps samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það verður þó að hafa í huga að þeirri spurningu verður ekki svarað til hlítar öðru vísi en eitthvað vikið sé að efnisatriðum frumvarpsins og þá sérstaklega að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum nr. 48/2004 sem nú gilda en synjað hefur verið staðfestingar.

II. Forsendur frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

Eins og kunnugt er samþykkti Alþingi 24. maí 2004 frumvarp sem varð að lögum nr. 48/2004 um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993. Þann 2. júní synjaði forseti þessu frumvarpi staðfestingar með skírskotun til 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarpi því sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi fylgdi í athugasemdum eftirfarandi útlistun á meginatriðum þess:

> Frumvarp þetta er að undanskildum tveimur veigamiklum breytingum samhljóða öðru frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 24. maí sl. og varð að lögum nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar. Breytingar þessar snúa annars vegar að skilyrðum, sem sett eru, fyrir að geta fengið útvarpsleyfi og haldið því og hins vegar að gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum.
>
> Fyrri breytingin er fólgin í tillögu um að hámark eignarhlutdeildar markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu, sem frumvarpið tekur til, í fyrirtæki í útvarpsrekstri

verði hækkað úr 5 í 10 af hundraði. Með þessu móti er enn frekar en í gildandi lögum komið til móts við sjónarmið um að gæta þurfi ákveðins meðalhófs við setningu takmarkana af þessu tagi, jafnvel þótt í engu hafi dregið úr gildi þeirra sjónarmiða, sem leiða til þess, að þær þurfi að setja.

Síðari breytingin felst í því að lagt er til að frumvarpið öðlist ekki gildi fyrr en 1. september 2007. Á þennan hátt er útvarpsleyfishöfum og öðrum sem lögin snerta gefinn enn rýmri tími til að laga sig að þeim skilyrðum sem lögin setja með því að gildistaka frumvarpsins er færð fram um rúmlega þrjú ár frá gildandi lögum. Til að fyllsta jafnræðis sé gætt meðal fyrirtækja í þessum rekstri er á móti gert ráð fyrir að þau lagi sig öll að þessum kröfum innan þessa sama tímamarks, en útvarpsréttarnefnd verði að öðrum kosti heimilt að afturkalla leyfi þeirra. Með þetta rúmum aðlögunartíma gerir frumvarpið því ekki ráð fyrir sams konar heimild og er í bráðabirgðaákvæði við gildandi lög til að framlengja tímabundið leyfi þeirra sem ekki uppfylla skilyrðin, sem lögin setja, um allt að tvö ár, enda á það ekki við eftir þessa breytingu.

Í samræmi við þessa síðarnefndu breytingu er loks lagt til að áðurnefnd lög nr. 48/2004 falli þegar úr gildi. Af því leiðir að ekki gerist þörf á að bera þau sérstaklega undir þjóðaratkvæði, enda gefst kjósendum kostur á að lýsa viðhorfi sínu til löggjafar af þessu tagi og þess meiri hluta, sem að henni stendur, í almennum kosningum áður en frumvarp þetta öðlast að öðru leyti gildi haustið 2007, verði það að lögum. Áður en til þess kemur hefur þá nýkjörið þing öll tækifæri til að fjalla um þau á ný, breyta þeim og bæta eða jafnvel fella þau brott.

Hér eru meginatriðin þessi:

1. Hámark eignarhlutdeildar markaðsráðandi fyrirtækja eða fyrirtækja eða fyrirtækjasamstæðu er hækkað úr 5 í 10 af hundraði.
2. Frumvarpið öðlast ekki gildi fyrr en 1. september 2007.
3. Útvarpsréttarnefnd hefur heimild til að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hafa ekki lagað sig að kröfum sem lögin gera, þar á meðal um eignarhald.
4. Gert er ráð fyrir að lög nr. 48/2004 falli þegar úr gildi. Þess vegna þurfi ekki að ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Í því samhengi er vakin athygli á því að kjósendum gefist kostur á að lýsa viðhorfi sínu til löggjafar af þessu tagi og þess meiri hluta sem að henni stendur í almennum kosningum áður en frumvarpið öðlast gildi haustið 2007.

Þá er komið að því álitaefni hvort þessi aðferð samrýmist stjórnarskrá.

III. Synjun og þrátefli.

Nokkru eftir að forseti Íslands hafði synjað frumvarpinu staðfestingar 2. júní sl. lýsti forsætisráðherra yfir að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram og hafinn var undirbúningur löggjafar. Frá þessu var síðan horfið og lagt fram frumvarp sem áður er lýst þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að lög nr. 28/2004 falli úr gildi.

Til upprifjunar og samhengis vegna skal minnt á, að reglan er sú í 26. gr. að frumvarp sem forseti hefur synjað staðfestingar á ber að leggja svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef frumvarpið er samþykkt í þeirri atkvæðagreiðslu halda lögin sem forseti synjaði gildi, en falla úr gildi ef samþykkis er synjað. Þá er álitaefnið hvernig Alþingi getur brugðist við ef lögunum er synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir þingið kann að vera lagt fram nýtt frumvarp sem víkur frá hinu fyrra að meira eða minna leyti. Ef Alþingi bregður á það ráð að taka á dagskrá þetta nýja frumvarp, kann framhaldið að verða eitthvað á þessa leið. Alþingi samþykkir frumvarpið og forseti staðfestir, þá er frumvarpið orðið að lögum.

Alþingi samþykkir frumvarpið, en forseti synjar staðfestingar, fær það lagagildi til bráðabirgða, en gengur síðan til þjóðaratkvæðis. Ef það yrði samþykkt yrði staðan eins og áður er lýst: Lögin halda gildi sínu til frambúðar eins og hver önnur lög. Ef því er synjað í atkvæðagreiðslunni falla lögin úr gildi.

Ef leikurinn yrði endurtekinn – forseti synjaði og báðir héldu fast við sitt – kæmi upp þrátefli sem stjórnarskrárgjafinn 1944 hefur ekki gert ráð fyrir, og ekki verður annað séð en leysa verði málið með einhvers konar sáttargerð.

Nú hefur sú leið verið farin að leggja fram frumvarp um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum og afnema jafnframt þau sem synjað var. Ef Alþingi samþykkir frumvarpið og forseti staðfestir, merkir það að lög nr. 48/2004 falla úr gildi og frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi verður að lögum. Málið er þá afgreitt frá löggjafarvaldinu. Ef hins vegar Alþingi samþykkir frumvarpið, en forseti synjar staðfestingar þá er staðan orðin sú, að til bráðabirgða hafa lög nr. 48/2000 verið felld úr gildi og ný lög verið sett. Frumvarp þessara nýju laga gengur síðan til þjóðaratkvæðis og er samþykkt. Lögin gilda þá til frambúðar, lög nr. 48/2000 falla úr gildi, en ný lög komin í þeirra stað. Málinu er þá lokið af hendi löggjafarvaldsins. Nú er frumvarpið hins vegar fellt við þjóðaratkvæðagreiðslu, og þá ganga lög nr. 48/2004 aftur í gildi. Við svo búið er tveggja kosta völ: Önnur þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram og þar ráðist örlög hinna afturgengnu laga nr. 48/2004, nema Alþingi felli lögin úr gildi. Hér kynnu menn aftur að standa andspænis þrátefli sem vandséð er hvernig lyktaði, nema menn sættust á að ljúka málinu með einhverjum hætti.

IV. Samrýmist það stjórnarskrá að leggja fram breytt frumvarp um leið og lög nr. 48/2004 eru felld úr gildi?

Þá er spurningin hvort sú aðferð sem nú á að viðhafa standist samkvæmt stjórnarskrá. Áður en lengra er haldið er rétt að víkja að því hvort ekki beri að túlka 26. gr. þannig að við synjun forseta sé málið úr höndum Alþingis uns þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram og það komið í hendur allra kosningabærra manna sem séu þá orðnir handhafar löggjafarvalds. Fyrir því má vissulega færa gild rök, en ekki verður nánar fjallað um þessa leið hér.[1]

Hinu má einnig halda fram að Alþingi geti fellt lögin úr gildi. Yfirgnæfandi líkur verður að telja fyrir því að forseti sem synjað hefði frumvarpi staðfestingar staðfesti lög um afnám þeirra laga sem við það hefðu öðlast bráðabirgðagildi. Við það væru forsendur þjóðaratkvæðagreiðslu brostnar, enda mætti líta svo á að með afnámi laganna hafi Alþingi talið synjun forseta vera tilefni þess að skoða málið rækilegar eins og síðar verður lýst.

Að slíkri endurskoðun lokinni er ekkert því til fyrirstöðu að lagt væri fram frumvarp, breytt og bætt. En þá skiptir í fyrsta lagi máli hversu miklar breytingar hafi verið gerðar og þá sérstaklega hvort komið hafi verið til móts við rökstudda gagnrýni og í öðru lagi hvernig að þeim hefur verið staðið. Verður hér á eftir, í kafla V, vikið að þeim breytingum sem boðaðar eru með frumvarpi því sem nú liggur fyrir, en í kafla VI hvernig að þeim hefur verið staðið og hvernig standa beri að endurskoðun nýs frumvarps til þess að hún standist.

---

[1] Ég benti á þessa leið í grein sem birtist í Fréttablaðinu 2. júní sl. Hún fylgir hér með. Björn Bjarnason skírskotar ekki rétt til hennar þegar hann segir að ég láti „nú eins og Alþingi geti bara breytt lögunum og þannig komist hjá því, að þjóðin segi álit sitt á þeim." Ég tala um að Alþingi geti fellt lögin úr gildi og síðan endurmetið þau. Síðar í greininni er nánar lýst hugmyndum mínum um rækilega endurskoðun og samstöðu og þær eiga ekkert skylt við útleggingu Björns.

V. Helstu breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi því sem nú liggur fyrir.

Hér verður stuttlega vikið að helstu breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og að hve miklu leyti hefur verið komið til móts við framkomna gagnrýni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignarhlutdeild markaðsráðandi fyrirtækis verði rýmkuð úr 5 í 10 af hundraði, en hún virðist ekki stórvægileg. Því svara þeir þó betur sem vel þekkja til í slíkum rekstri.

Þá er áfram óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamsteypu er útgefandi dagblaðs.

Í b-lið 1. greinar stendur enn það óljósa ákvæði að a-liður greinarinnar eigi einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Af athugasemdum við frumvarpið virðist mega gera ráð fyrir að öll leyfi renni út við gildistöku laganna og útvarpsréttarnefnd verði heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla skilyrði 1. greinar laganna. Ef þetta merkir að leyfi sem eru ekki útrunnin við gildistöku laganna 1. september 2007 má fastlega vænta þess að það standist ekki þar sem við leyfi er bundinn væntingarréttur sem nýtur verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála eins og nánar er lýst í 4. kafla álitsgerðar undirritaðs dags. 7. maí 2004. Nauðsynlegt sýnist að taka á þessu með skýrum hætti í lögunum

Loks hefur verið bent á að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. september 2007 að undangengnum almennum kosningum til Alþingis. Áður en til þess komi hafi nýkjörið þing öll tækifæri til að fjalla um þau á ný, breyta þeim og bæta, jafnvel fella þau brott. Þá hefur einnig verið látið að því liggja að fjölmiðlanefnd starfi áfram og vinni að endurskoðun löggjafar um fjölmiðla.

Þótt þarna sé leitast við að koma til móts við það, að kjósendur geti tekið afstöðu til laganna, verður að hafa í huga að kosningar fara fram vorið 2007. Hljóta þá að vakna spurningar um það hvort fjölmiðlafyrirtæki verði þá ekki þegar að hafa lokið aðlögun reksturs síns að kröfu laganna, a.m.k. að mestu leyti, en slík aðlögun hlýtur að taka talsverðan tíma – eða fyrirtækið hafi þá einfaldlega lagt upp laupana þannig að hugsanleg afstaða kjósenda vorið 2007 skipti ekki máli þar sem lögin hafi þá þegar haft áhrif á fyrirtæki í fjölmiðlarekstri og valdið skaða.

Í annan stað verður að greina á milli atkvæðagreiðslu um tiltekið málefni og almennra þingkosninga. Í þingkosningum taka kjósendur afstöðu til margra málefna og á þessu stigi getur enginn sagt til um það hvaða mál verða efst á baugi árið 2007.[2] Ef til vill hafa lögin þá verið felld úr gildi eða þeim breytt og forsendur þá allt aðrar.

Loks má vekja athygli á því sem segir í upphafi athugasemda við frumvarpið að það sé að undanskildum tveimur veigamiklum breytingum samhljóða frumvarpi því sem samþykkt var 24. maí 2004. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður naumast sagt að breytingar séu veigamiklar, enda ekki tekið á ýmsum mikilvægum álitaefnum sem lúta að því

---

[2] Í tengslum við stjórnarskrárbreytingar bendir Ólafur Jóhannesson á að þingrofi og almennum kosningum milli þinga verði alls eigi jafnað til þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laganna (þ.e. stjórnlaganna). Í alþingiskosningum kunni ýmis önnur sjónarmið að ráða þingmannakjöri, en afstaða manna til stjórnarskrárfrumvarps, sjá Stjórnskipun Íslands (1978), bls. 107. Svipuð sjónarmið birtast hjá Bjarna Benediktssyni þar sem hann varpar fram þeirri hugmynd að eftir samþykkt tveggja þinga með kosningum á milli verði frumvarpið borið undir þjóðaratkvæði til þess að tryggja enn betur en ella, að almenningur væri í raun og veru samþykkur stjórnarskrárbreytingu, sbr. Land og lýðveldi I, bls. 201. Sömu sjónarmið eiga við, ef almennar þingkosningar eiga að ráða örlögum fjölmiðlafrumvarpsins. Engan veginn er tryggt að þar verði sérstaklega tekið á því máli eins og tilgangurinn er með þjóðaratkvæðagreiðslu *í framhaldi af synjun forseta á lagafrumvarpi.*

hvort frumvarpið í hinni breyttu mynd samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar eða með því sé fullnægt fjölþjóðlegum skuldbindingum. Við svo búið verður ekki betur séð en með þessu sé verið að sniðganga 26. gr. stjórnarskrárinnar, en þetta verður nánar skýrt í næsta kafla.

VI. Synjun forseta kallar á samstöðu þingmanna.

Ef heimilt telst að taka frumvarp upp að nýju sem fellt hefur verið við þjóðaratkvæðagreiðslu, eða Alþingi hefur fellt brott lög sem öðlast hafa bráðabirgðagildi í skjóli frumvarpsins í því skyni að skoða mál betur og eftir atvikum samþykkja ný lög, skiptir öllu máli hvernig að því verki er staðið. Ef lagt er fram nýtt frumvarp í beinu framhaldi af synjun forseta, hvort sem miklu væri þar breytt eða litlu, jafnvel þótt gerbreytt væri, þannig að það teldist algerlega nýtt, Alþingi samþykkti og forseti staðfesti, yrði þeim gjörningi tæplega hafnað og þá sérstaklega ef breið samstaða næðist. En nákvæmur undirbúningur og rækileg skoðun sem ef til vill leiddi til gerbreytingar hlyti eðli málsins samkvæmt að taka nokkurn tíma þannig að mjög ólíklegt væri að slíkt frumvarp yrði lagt fram í beinu framhaldi af synjun forseta.

En áður en nánar verður um það fjallað er æskilegt að huga stuttlega að samskiptum þings og þjóðhöfðingja í aldanna rás. Átök milli þings og þjóðhöfðingja eiga sér langa sögu meðal vestrænna þjóða og snemma hugleiddu stjórnspekingar leiðir til að skapa jafnvægi milli valdaþátta, ekki síst grískir og rómverskir. Togstreita hefur þó jafnan haldist og hún einkenndi meðal annars stjórnskipunarþróun á miðöldum, en henni lauk að mestu þegar einveldi komst á og allt vald gekk til þjóðhöfðingja, oftast konungs, frá guði að því talið var. Seint á 18. öld tók að fjara undan einveldishugmyndum enda höfðu þær sætt gagnrýni stjórnspekinga sem boðuðu þær kenningar að allt vald kæmi frá lýðnum. Á 19. öld tóku slíkar hugmyndir að hafa veruleg áhrif á stjórnskipan Evrópuríkja (höfðu reyndar þegar festst í sessi í Bandaríkjunum). Þjóðþingum var komið á fót og staða þeirra styrktist á kostnað þjóðhöfðingjans. Þingin fengu löggjafarvald, en þjóðhöfðinginn hafði þar enn nokkra hlutdeild sem birtist einkum í synjunarvaldi hans sem þó var smám saman takmarkað á ýmsa vegu, meðal annars með því að það væri einungis frestandi. Jafnframt var valdi dreift meðal annars með þrígreiningu ríkisvaldsins og deildaskiptingu þjóðþinga. Og smám saman var dómstólum fengið vald til að tryggja að löggjafinn færi að ákvæðum stjórnarskrár. Því er ljóst að löggjafarvald þingsins er takmarkað á ýmsa vegu; það er ekki beinn arftaki einvaldskonungsins.

Þar sem þingræði varð síðan viðurkennd stjórnskipunarregla, til dæmis í Noregi 1884, í Danmörku 1901 og hér á landi 1904, urðu tengsl framkvæmdarvalds og meiri hluta þingmanna sem stjórn styður, mjög náin. Hér á landi hefur þingræðið sem upphaflega átti að vera hemill á konungsvaldi þróast í að veikja stjórnskipulega stöðu Alþingis sem stofnunar gagnvart framkvæmdarvaldinu sem hefur breyst í það sem sumir kalla ráðherraræði.[3]

Þannig virðist Alþingi sem löggjafarstofnun eiga nokkuð undir högg að sækja gagnvart framkvæmdarvaldinu og hefur það birst skýrt við meðferð á þessu máli með því ofurkappi sem virðist hafa verið lagt á að koma máli í gegnum þingið þrátt fyrir ábendingar um ýmislegt sem þyrfti að kanna betur, til dæmis um stjórnskipulegt gildi lagafrumvarpsins (þótt nokkur atriði hafi verið lagfærð) og fjölþjóðlegar skuldbindingar eins og áður hefur verið vikið að. Auk þess sem dregið hefur verið í efa að þeim pólitísku markmiðum sem lýst er verði náð. En um þann þátt verður ekki fjallað hér.

---

[3] Eftirlitshlutverk Alþingis hefur verið styrkt með því að fella Ríkisendurskoðun undir þingið og með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Hins vegar hefur staða Alþingis sem löggjafarstofnunar veikst.

Synjunarvald í höndum þjóðhöfðingja sem er aðallega pólitísks eðlis og eftirlit stjórnlagadómstóla – og eftir atvikum almennra dómstóla – eða stjórnlagaráða, sem er skylt synjunarvaldi og lýtur sérstaklega að stjórnskipunarlögum, er þannig hemill á umsvif þingsins. Afleiðing þess að synjunarvaldi er beitt er víða sú að mál gengur þá aftur til þingsins til endurskoðunar[4] og jafnvel tengt áskilnaði um aukinn meiri hluta. Þetta merkir þá tvennt:

Nýja yfirferð – nánari skoðun
Víðtækari samstöðu – aukinn meiri hluta.[5]

Þótt þetta birtist ekki í orðum stjórnarskrár Íslands verður ákvæðum hennar ekki fengin vitræn merking öðruvísi en gert sé ráð fyrir að áþekk sjónarmið búi að baki 26. grein. Synjun í þjóðaratkvæðagreiðslu verður varla túlkuð öðruvísi en skilaboð til Alþingis um að láta málið niður falla eða taka það fyrir að nýju. Af því leiðir að þingið hlýtur að taka sér hæfilegan tíma til að afla upplýsinga og grandskoða alla þætti þess, meðal annars með frekari upplýsingaöflun utan þingsins. Auk þess er eðlilegt að túlka úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem frumvarpi er synjað og lög falla úr gildi þannig að þingmönnum beri að leitast við að ná sem víðtækastri sátt um slíka löggjöf. Öðrum kosti verður 26. grein merkingarlítil eða jafnvel merkingarlaus. Með þessu er staða löggjafarvalds, Alþingis og forseta Íslands, styrkt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Sama má segja, ef Alþingi fellir lög úr gildi. Með því verður að telja að Alþingi skuldbindi sig til að ígrunda mál að nýju og leita eftir víðtækri samstöðu.

Á það hefur verið bent að Alþingi hafi nú, eins og hér stendur á, öll úrræði til að fjalla um frumvarpið, breyta því og bæta það, eftir því sem hugur þingmanna stendur til. En þá er því ekki gaumur gefinn að viðhlítandi umbætur hljóta að taka tíma, en samkvæmt 26. gr. skal frumvarp lagt undir atkvæði þjóðarinnar „svo fljótt sem kostur er“. Þótt Alþingi bregði á það ráð að afnema lögin er það bundið við það að gera það svo fljótt sem kostur er, en af því leiðir að tími gefst ekki til þeirrar umfjöllunar sem nauðsynleg er, enda verður ekki séð að sú sé ætlunin miðað við þau tímamörk sem boðuð hafa verið.

Með því frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er augljóslega verið að sniðganga þær óskráðu grundvallarreglur sem búa að baki stjórnarskrárinnar, og stjórnarskrársniðganga er jafngild stjórnarskrárbroti.

En stenst það að skírskota til slíkra óskráðra grundvallarreglna samkvæmt viðurkenndum aðferðum við túlkun stjórnarskrár? Að því skal nú vikið.

VII. Helstu viðhorf til túlkunar stjórnarskrárákvæða.

Í framhaldi af því sem nú hefur verið rakið er rétt að fara nokkrum orðum um helstu viðhorf til túlkunar stjórnarskrárákvæða, en um það gilda að nokkru leyti aðrar áherslur en við túlkun annarra laga. Þar koma þessi álitaefni til sérstakrar skoðunar.

1. Stjórnskipunarlög eru æðri réttarheimildir en t.d. sett lög og torveldara er að breyta stjórnarskrá en öðrum settum reglum. Stjórnarskrárákvæði verður því í reynd að aðlaga breyttum aðstæðum með tiltölulega sveigjanlegri túlkun.

---

4 Áþekkt gerist þegar dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að lög samrýmist ekki stjórnarskrá og Alþingi tekur þau til endurskoðunar.

5 Tillaga um slíka málsmeðferð var lögð fram á Alþingi 1944, en fékk ekki hljómgrunn, sbr. Alþingistíðindi 1944 A, þskj. 165, B, d. 121–122.

2. Stjórnarskrárákvæði einkennast alla jafna af almennt orðuðum meginreglum, en löggjafanum látið eftir að setja almennar reglur til fyllingar, að sjálfsögðu innan marka stjórnarskrárákvæða.
3. Sum ákvæði stjórnarskrár eru gömul að stofni til og slík ákvæði verður iðulega að túlka frjálslega.
4. Ýmis ákvæði stjórnarskrár eru óskýr og ófullkomin; það tengist stundum aldri þeirra.
5. Stjórnarskráin setur stjórnmálavaldi mörk. Pólitískum stofnunum er fengið vald og á þær eru lagðar skyldur. Því eru sett takmörk hvað handhafar stjórnmálavalds geta gert löglega með þeim heimildum sem þeim eru fengnar. Tengsl lögfræði og stjórnmála eru þá oft sett á oddinn, þegar kemur að túlkun stjórnarskrár og því verður ekki neitað að stundum einkennir hentistefna og tækifærismennska túlkun stjórnmálamanna á stjórnarskrá. Því hefur jafnvel verið hreyft að stjórnmálamenn hefðu meira frelsi til að stýra réttarþróun á þessu sviði en t.d. dómstólar. En það fær vart staðist. Nú er aðhaldið meira, en þeir telja sig oft frjálsari.[6]

Niðurstaðan er sú að svigrúm til að túlka stjórnarskrána er almennt meira en við túlkun annarra reglna. Af því leiðir að orðalag og lögskýringargögn hafa ekki sama vægi við túlkun stjórnarskrárákvæða og túlkun almennra laga. Meginreglur laga, eðli máls og raunhæf álitaefni miðað við aðstæður skipa rýmri sess við túlkun stjórnarskrárákvæða. Þrátt fyrir þetta verður ekki ályktað að breyting á valdahlutföllum í stjórnmálum eða venju sem gengur gegn ákvæðum stjórnarskrár verði fellt undir túlkun.

Hér má bæta því við að lengi hafa staðið deilur um hvort við túlkun eigi fremur að leggja áherslu á upprunalega ætlan stjórnarskrárgjafann eða ríkjandi viðhorf hverju sinni. Flestir munu fremur hallast að síðari kostinum, þótt jafnan séu báðir kostir skoðaðir.

Það frelsi sem einkennir túlkun stjórnarskrár helgar ekki geðþóttaákvarðanir. Túlkun er í sjálfu sér pólitísks eðlis, en hún verður að vera í þeim anda og á grundvelli þeirra pólitísku gilda sem móta stjórnarskrána og allur þorri manna viðurkennir. Það er svo viðfangsefni fræðanna að skýra túlkunar vandann og sýna samhengið milli ríkjandi gilda í stjórnmálum og mótun stjórnskipunarinnar í einstökum greinum. Hugmyndir manna um hlutlægni og hreinleika vísindanna útiloka engan veginn að fræðimaður taki afstöðu ef hann setur ekki gildismat sitt og skoðanir fram sem vísindalegan sannleika – eða hina einu réttu vísindalegu niðurstöðu – heldur viðurkennir það pólitíska mat sem hann reisir afstöðu sína á.

En sagan sýnir að sjaldgæft er að menn fullnægi þessum áskilnaði. Freistingin að fella stjórnmálaáróður undir merki fræðanna hefur löngum verið mikil.[7]

VIII. Viðbrögð við synjun og túlkun stjórnarskrárákvæða.

Ef framangreind sjónarmið við túlkun eru lögð til grundvallar er ljóst að ákvæði 26. gr. er skýrt. Forseti hefur persónulegt synjunarvald bæði samkvæmt orðum greinarinnar og lögskýringargögnum. Þótt þau hafi minna vægi við túlkun stjórnarskrárákvæða en almennra

---

6 Per Helset Bjørn Stordrange: Norsk Statsforfatningsrett. Ad Notam Gyldendal, bls. 68–70. Peter Badura: Staatsrecht. C.H Beck'sche Verlagsbuchhandlung. München 1986, bls. 15–16. Karl Doehring: Das Staatsrecht der Bundesrepublik Deustchland, 2., neuarbeitete Auflage. Alfred Metzener Verlag GmbH. Frankfurt am Main 1980, bls. 23–26.

7 Alf Ross: Dansk Statsforfatningsret. Nyt nordisk Forlag – Arnold Busck. København 1966, bls. 51–55.

laga, skipta þau miklu máli. Heimild forseta til synjunar laga hefur ekki fallið niður vegna notkunarleysis, enda nú viðurkennt í framkvæmd.[8]

Ekki verður sagt að 26. gr. sé svo almennt orðuð að almenni löggjafinn hafi lítt takmarkað svigrúm til að mæla fyrir um það hvernig skipa skuli málum ef synjunarvaldi er beitt. Hún er ekki heldur svo gömul að heimilt sé að breyta efni hennar með túlkun í anda nýrra tíma. Reyndar má segja að málsskot til þjóðarinnar sé mjög í samræmi við ríkjandi viðhorf til þjóðaratkvæðagreiðslna um einstök mál þótt ýmsar skoðanir séu á því hver tilhögun sé heppilegust (sbr. 2.–4. tölul. hér að framan). Á hinn bóginn er ekki mælt fyrir um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu, né heldur hvernig bregðast skuli við henni ef frumvarp er fellt. Það mál er nú til sérstakrar skoðunar og það verður ekki leyst nema með því að fylla í eyðu – eins og reyndar oft gerist þegar beita þarf lögum – og það verður að gera í samræmi við þær grundvallarreglur sem stjórnarskráin er reist á.

Ef lagafrumvarp er fellt við þjóðaratkvæðagreiðslu er það í fyllsta samræmi við lýðræðishefðir sem ríkjandi eru að mál sé tekið til rækilegrar skoðunar að nýju, ef það er þá ekki látið niður falla. Slík skoðun og rækilegri umræða er í fyllsta samræmi við þær lýðræðishugmyndir sem stjórnskipanin er reist á. Þetta hefur fengið nú á seinni árum aukið vægi í kenningum um samræðusiðfræði sem settar hafa verið fram og jafnvel er haldið að ráði úrslitum um framtíð lýðræðis. Slík meðferð mála hlýtur að taka lengri tíma en fáeina daga.

Það er einnig í anda lýðræðis að leita sem víðtækastrar samstöðu með málamiðlunum. Það setur hömlur á ofríki meiri hluta og tryggir að sem flestir eignist hlutdeild í ákvörðunum, en slíkt tekur sinn tíma. Þess vegna er ákvörðunarferli í lýðræðisríki seinvirkt, en það vinnur gegn geðþótta og ofríki.

Hugmyndir þessar birtast í þeim stjórnarskrárákvæðum þar sem svo hefur verið mælt að synjunarvald leiði til endurupptöku mála, rækilegri skoðunar og aukins meiri hluta. Þau eru höfð til marks um meginreglur sem búa að baki í öllum stjórnarskrám lýðræðis og réttarríkja, þótt ekki sé málum hvarvetna hagað á einn veg.

Hér skal engin dul á það dregin að teflt er fram pólitískum gildum, en ekki er vitað annað en um þau sé víðtæk samstaða í þjóðfélaginu. Með þeim er ekki dreginn taumur neinna tiltekinna stjórnmálaafla og því er pólitísk túlkun stjórnarskrár í þessum anda fyllilega réttmæt og þannig hafa stjórnarskrár verið túlkaðar þar sem lýðræðis- og réttarríkishugmyndir standa föstum fótum. Öðrum kosti staðnar stjórnkerfið.[9]

Ef ekki er aukið við stjórnarskrána reglum af þessu tagi verður 26. gr. merkingarlítil, jafnvel merkingarlaus, og ákvæði hennar dauður bókstafur. Þá er um leið kippt brott einu mikilvægasta hlutverki embættis forseta Íslands í stjórnskipan landsins sem sérstök áhersla var lögð á við setningu lýðveldisstjórnarskrárinnar 1944.

---

8 Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands. Önnur útgáfa. Gunnar G. Schram annaðist út gáfuna. Iðunn [1978], bls. 129–132. Um þetta er einnig fjallað í eftirtöldum greinum mínum: Stjórnskipulega staða forseta Íslands. Skírnir 166. árg , bls. 425–439, Forseti Íslands og synjunarvald hans. Skírnir 177. árg., bls. 203–237, sbr. einnig Stjórnskipunarvald forseta Íslands. Útvörður. Útg. Byggðahreyfingin Útvörður. 8. árg. 1. tbl. 1993, bls. 25–30.

9 Hér á landi og víðast í hinum vestræna heimi er samstaða um þessi gildi, en mörg dæmi eru um að þeim hafi verið hafnað. Það hafa t.d. bæði kommúnistar og nasistar gert og þar sem þeir hafa náð áhrifum hefur samstaða um þau rofnað. Þeir sem skírskotað hafa til slíkra gilda hafa þá verið fordæmdir sem pólitískir erindrekar í dulargervi fræðimanns.

IX. Ótryggt lagaumhverfi – miður góðir lagasetningarhættir.

Í II. og IV. kafla var vikið að gildistökuákvæði frumvarpsins 1. september 2007 og þeim rökum að með því gæfist alþingiskjósendum kostur á að lýsa viðhorfi sínu til löggjafarinnar áður en hún gengi í gildi og þá væri tækifæri til breytinga eða afnáms. Við þetta hafa verið gerðar þær athugasemdir að með því væri fjölmiðlafyrirtækjum skapað mjög ótryggt rekstrarumhverfi, enda ættu þau að hafa lagað starfsemi sína að kröfum laganna skömmu fyrir gildistöku laganna og þá kynni að vera of seint að snúa við. Hér verður að hafa í huga að rekstur fjölmiðla á íslenskum forsendum á að ýmsu leyti undir högg að sækja.

Þá má minna á að alþingiskosningar og þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið afmarkað mál eru engan veginn sambærilegar eins og áður er raunar nefnt.

Það eykur enn á óvissuna að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að fjölmiðlanefnd starfi áfram, henni verði falið að móta frekari reglur um starfsumhverfi fjölmiðla og fulltrúum stjórnarandstöðu boðið að koma að því verki. Ekki eru það góðir lagasetningarhættir að setja umdeild lög, en leggja um leið drög að því að breyta þeim og jafnvel afnema, enda eru þeir í ósamræmi við þær kröfur sem almennt verður að gera til laga og þá ekki síst ef fullnægja á kröfum réttarríkisins. Þær má telja upp í nokkrum liðum, en það sem hér skiptir mestu máli er að lög eiga að vera tiltölulega stöðug. Tíðar og skyndilegar lagabreytingar valda óvissu um það hvaða reglur gildi hverju sinni og skerða réttaröryggi. Lög eiga að vísa mönnum veg, þannig að menn geti séð fyrir afleiðingar gerða sinna og gert ráðstafanir í samræmi við það, viti hvað ber að gera og hvað beri að varast. Stöðugleiki er forsenda fyrir því að menn geti skipulagt líf sitt og starfsemi sína og gert langtímaáætlanir.[10]

X. Ágreiningur lögfræðinga.

Mikið hefur verið rætt um ólíkar skoðanir og ágreining lögfræðinga. Jafnvel hefur verið látið að því liggja að hver sem vill geti fengið álit um nánast hvaða niðurstöðu sem er. Slík ummæli stafa af því að menn greina ekki nægilega á milli þess, hver staða þeirra er, sem láta álit í ljós, á hvaða forsendum álitsgerð er reist og hver er rökstuðningur.

Álit lögfræðinga sem eru í þjónustu tiltekins aðila, ríkis sveitarfélags, fyrirtækis eða einstaklings um efni sem snertir umbjóðanda hans mótast af því. Ekki af því að lögfræðingurinn sé lélegur eða óheiðarlegur, heldur verður að líta á hann í stöðu málflytjandans. Þá leggur hann áherslu á þau rök sem styðja mál hans.[11]

Þá er mikilvægt að gefa því gaum hvernig mál eru lögð fyrir lögfræðinginn. Sá sem það gerir vill gera sér grein fyrir því hver staða hans er að gefnum tilteknum forsendum um lög og staðreyndir sem engan veginn er víst að standist. Annar lögfræðingur getur síðan í sama máli komist að annarri niðurstöðu af því að hann gengur að öðrum forsendum vísum. Þessu þarf að gefa gaum, en það er sjaldnast gert í opinberri umræðu eða fréttaflutningi, enda oft erfitt um vik.

---

[10] Sigurður Líndal: Um lög og lögfræði. Hið íslenska bókmenntafélag (2003), bls. 47–53. Sjá einnig: Beyleveld & Brownsworld: Law as A Moral Judgment. Sheffield Academic Press, (1994), bls. 314–324.

[11] Lögfræðingar sem eru í þjónustu ríkisins og ríkisstjórnar eru á dönsku kallaðir kronjurister. Einn hinn frægasti þeirra var Johannes Nellemann (1831–1906) prófessor og dóms- og Íslandsmálaráðherra Dana. Hann var hin lögfræðilega samviska fáveldisstjórnar Estrups seint á 19. öld. Hann lagði á þau ráð að svipta danska þingið nánast fjárveitingarvaldi með því að setja bráðabirgðafjárlög jafnskjótt og þingið hafði samþykkt fjárlög. Þetta varð til þess að sett var í stjórnarskrá Dana ákvæði sem bannaði útgáfu bráðabirgðafjárlaga ef þingið hafði samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið, sbr. 28. gr. stjórnarskrár Íslands.

Loks kann að vera áherslumunur í álitum lögfræðinga, en ástæðulaust er að túlka það sem sérstakan ágreining.

Mestu máli skiptir hvernig röksemdafærslu er háttað, en það skilar sér oft illa. Miklu fremur er skírskotað til þess hver sé staða þess sem álit gefur. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi í umræðunni um fjölmiðlalögin.

XI. Yfirlit og helstu niðurstöður.

Gerð er grein fyrir verkefninu og efni frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl. sbr. I–II. kafla.

Niðurstaðan er sú að stjórnskipulegt þrátefli geti hlotist af því að leggja fram nýtt fjölmiðlafrumvarp samtímis því að fella hið eldra úr gildi, sbr. III. kafla.

Gild rök má færa fyrir því að mál sé úr höndum Alþingis þegar forseti synjar og eigi þangað ekki afturkvæmt fyrr en þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram. Hins vegar má færa rök fyrir því, að Alþingi geti afnumið lögin, enda staðfesti forseti. Síðar megi leggja fram nýtt frumvarp eftir rækilegan undirbúning og endurskoðun, sbr. IV. kafla.

Breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi eru svo veigalitlar að með þeim er verið að sniðganga stjórnarskrá, sbr. V. kafla.

Ekki hefur verið staðið þannig að endurskoðun þess frumvarps sem nú liggur fyrir að hún geti talist svo rækileg að samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar og ekki hefur verið leitað eftir víðtækri samstöðu. Slík vinna hefði tekið miklu lengri tíma. Synjun forseta við þessar aðstæður er til þess fallin að styrkja löggjafarvaldið í heild gagnvart framkvæmdarvaldinu. Með framlagningu frumvarpsins er verið að sniðganga stjórnarskrána og stjórnlagasniðganga er jafngild stjórnarskrárbroti, sbr. VI. kafla.

Túlka verður 26. gr. og synjunarvald forseta í anda þeirra grundvallargilda sem móta stjórnskipunina og búa að baki því plaggi sem kallast stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sbr. VII. kafla.

Rækileg endurskoðun frumvarps sem synjað hefur verið staðfestingar, upplýst umræða og viðleitni til að ná sem víðtækastri samstöðu er í fyllsta samræmi við þá lýðræðis- og málamiðlunarhefð sem stjórnskipan Íslands er reist á og hana ber að virða, sbr. VIII. kafla.

Gildistökuákvæðið 1. september og fyrirheit um frekari endurskoðun lagaumhverfis leiðir til réttaróvissu sem veldur öryggisleysi í rekstri fjölmiðlafyrirtækja. Þessi aðferð að setja fyrst lög og boða síðan breytingar er andstætt góðum lagasetningarháttum og þeirri lagahefð sem þjóðin vill væntanlega öll hafa í heiðri, sbr. IX. kafla.

Ágreining lögfræðinga verður að skoða í ljósi stöðu þeirra, hlutverks þeirra, hvernig mál eru lögð fyrir þá og síðast en ekki síst rökfærslu þeirra, sbr. X. kafla.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið.

(Fréttablaðið 2. júní 2004.)

Á þessari stundu liggur ekkert fyrir um hvaða afstöðu forseti Íslands tekur til staðfestingar eða synjunar fjölmiðlafrumvarpsins sem mestur styrr hefur staðið um undanfarna daga. Ef forseti tekur þá ákvörðun að synja frumvarpinu staðfestingar fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Mörg stór orð hafa fallið um það hvað gerðist ef forseti synjaði og þarflaust að árétta þau hér, en mörg þeirra eru þó fremur mælt af ofsa en yfirvegun. Ef forseti staðfesti og lögin öðluðust frambúðargildi má búast við klögumálum, kærum og stefnum til innlendra og erlendra eftirlitsstofnana og dómstóla. Ef forseti synjaði og lögin yrðu samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu mætti gera ráð fyrir áþekkum ýfingum þótt sú einkennilega staða kæmi þá upp, að meiri hlutinn hefði ef til vill samþykkt brot á lögum og milliríkjasáttmálum. Ef á hinn bóginn lögin yrðu felld væru þau úr sögunni og málið yrði væntanlega tekið til skoðunar að nýju.

Forseti synjar.

Nú skulum við gera ráð fyrir að forseti synji og verður þá að gera ýmsar ráðstafanir, svo sem að setja lög um atkvæðagreiðslu, en það þyrfti þó ekki að vera ýkja flókið og mætti í flestum greinum styðjast við lög sem þegar gilda um almennar kosningar hér á landi, svo sem til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands. Þá hlyti að verða einhver fjárútlát við kynningu á lögunum og þeir sem láta sig málið skipta yrðu að bera kostnað við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

En væri nú ekki betra að leita annarra leiða? Í stað alls þessa umstangs, sem atkvæðagreiðslu fylgdi, felldi Alþingi sjálft lögin úr gildi, en samþykkti jafnframt að taka málið til endurskoðunar.

Alþingi endurskoðar.

Í 26. gr. segir að efnt skuli til atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra manna „svo fljótt sem kostur er". Ýmis vandkvæði sýnast vera á að tengja atkvæðagreiðsluna um fjölmiðlafrumvarpið við væntanlegar forsetakosningar og sumarið hentar illa til almennrar atkvæðagreiðslu, þannig að líklega stæðist að fresta atkvæðagreiðslu til haustsins. Þá fengi Alþingi ráðrúm til að fella lögin úr gildi og taka til við endurskoðun.

Vel má vera að þingmönnum sem samþykkt hafa frumvarpið þyki það beiskur kaleikur að kyngja slíkum viðsnúningi, en það hlýtur þó að vera tilefni til endurmats þegar hinn handhafi löggjafarvaldsins skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar – forseti Íslands – synjar atbeina sínum. Þá stendur valið milli þess að taka mál til endurskoðunar eða leggja það í þjóðardóm.

Brotið blað í stjórnskipunarsögunni.

Með slíku frumkvæði Alþingis mætti miðla málum, þannig að hvorirtveggju hefðu nokkuð síns máls. Slík málamiðlun væri í anda germanskra, og ekki síst norrænna og engilsaxneskra stjórnskipunarhefða um takmarkað vald og fjölræði, sem íslenska þjóðveldið varpar skýru ljósi á og á þannig djúpar rætur í íslenskri hefð. Slík lausn kynni að verða upphaf venju sem sem tengist hlutdeild forseta í löggjafarvaldi og bryti blað í stjórnskipunarsögu Íslendinga. Venja mótast af reynslu og sátt, hún er því oftast hollari til leiðsagnar en valdboð settra laga. Synjun forseta á staðfestingu yrði þá í reynd til þess, að mál sem mikill styrr stæði um og naumur tími gæfist til að rökræða, gengju aftur til Alþingis til rækilegri skoðunar og sáttaumleitana. Þjóðaratkvæðagreiðsla sem fylgdi ákvörðun forseta gæfi henni meiri þunga en ella. Þessi leið sparaði fé, eyddi óvissu, slægi á deilur - og allir héldu sæmd sinni.

Sigurður Líndal.

Fylgiskjal V.

Álitsgerð Eiríks Tómassonar lagaprófessors.
(12. júlí 2004.)

Að beiðni allsherjarnefndar Alþingis hef ég undirritaður tekið að mér að láta í ljós álit á því hvort efni frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl., sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi, standist fyrirmæli stjórnarskrárinnar.

Með 1. og 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tilgreindum greinum útvarps- og samkeppnislaga verði breytt og í 3. gr. þess er kveðið á um að lög nr. 48/2004 um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum skuli falla brott. Í upphafi athugasemda með frumvarpinu segir enn fremur orðrétt: „Frumvarp þetta er að undanskildum tveimur veigamiklum breytingum samhljóða öðru frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 24. maí sl. og varð að lögum nr. 48/2004 ... eftir að forseti Íslands hafði synjað því staðfestingar."

Fylgir hér á eftir álitsgerð mín um ofangreint efni.

I.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið. Í 26. gr. hennar er mælt fyrir um þátt forseta við setningu laga. Orðrétt segir þar: „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Þótt orðalag 2. og 26. gr. stjórnarskrárinnar sé skýrt og í samræmi við vilja stjórnarskrárgjafans, eins og hann birtist í athugasemdum með frumvarpi til stjórnskipunarlaga og umræðum á Alþingi í aðdraganda þess að sett var stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland árið 1944, hefur því verið haldið fram að forseti lýðveldisins hafi ekki sjálfstæðan rétt til að beita því synjunarvaldi sem honum er fengið í stjórnarskránni. Sú skoðun hefur hins vegar verið viðtekin meðal flestra fræðimanna á sviði stjórnskipunarréttar að forsetinn hafi raunverulega þetta vald og geti neitað að staðfesta lagafrumvarp, svo að gilt sé samkvæmt stjórnarskránni, án atbeina ráðherra. Viðbrögð ráðherra núverandi ríkisstjórnar við þeirri ákvörðun forseta 2. júní sl. að neita að staðfesta áðurgreint lagafrumvarp um breyting á útvarps- og samkeppnislögum benda til að þeir telji að forseti hafi þetta vald með þeim afleiðingum að leggja skuli frumvarpið, sem nú er reyndar orðið að lögum, undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, eins og mælt er fyrir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þessari álitsgerð er gengið út frá því, sem segir berum orðum í 2. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið. Enn fremur að forseti geti upp á sitt einsdæmi neitað að staðfesta lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, með þeim afleiðingum sem mælt er fyrir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Sú spurning sem svara þarf til þess að geta leyst úr því álitaefni hvort efni frumvarpsins um breyting á útvarps- og samkeppnislögum o.fl., sem lagt hefur verið fram á Alþingi, standist fyrirmæli stjórnarskrárinnar er þessi: Getur Alþingi með einhverjum hætti gripið inn í þá atburðarás, sem hófst þegar forseti

ákvað að neita að staðfesta fyrra frumvarp, nú lög nr. 48/2004, en þau lög eru að stærstum hluta sama efnis og fyrirliggjandi frumvarp, eins og fram kemur í athugasemdum með því?

Þegar leitað er svars við þeirri spurningu verður að leggja til grundvallar að samkvæmt stjórnarskránni hefst ferli lagasetningar, þegar um almenn lög er að ræða, með því að lagt er fram lagafrumvarp á Alþingi af hálfu ráðherra eða þingmanna, sbr. 38. gr. stjórnarskrárinnar. Ef þingið samþykkir frumvarpið, að loknum þremur umræðum um það, sbr. 44. gr. stjórnarskrárinnar, skal það lagt fyrir forseta til staðfestingar skv. 26. gr. hennar. Yfirleitt lýkur lagasetningarferlinu með því að forseti staðfestir frumvarpið. Ef hann neitar á hinn bóginn að gera það skal leggja það undir þjóðaratkvæði. Þótt frumvarpið öðlist við það lagagildi til bráðabirgða lýkur lagasetningarferlinu ekki endanlega fyrr en úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

II.

Þótt Alþingi sé samkvæmt framansögðu ekki eini handhafi löggjafarvaldsins er það ótvírætt aðalhandhafi þess. Almennt hefur þingið heimild til þess að setja almennar réttarreglur um nánast hvaðeina, sem það kýs, með þeim takmörkunum er leiðir af stjórnarskránni og þeirri stjórnskipan sem þar er kveðið á um. Í grófum dráttum má segja að þær skorður, sem stjórnarskráin reisir við löggjafarvaldi Alþingis, séu tvíþættar. Í fyrsta lagi mega almenn lög ekki brjóta í bága við efnisreglur stjórnarskrárinnar, t.d. mannréttindaákvæðin í VI. og VII. kafla hennar. Í annan stað verður þingið að virða valdmörk sín gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins og má ekki ganga inn á valdsvið þeirra. Slíkt væri brot á fyrirmælum 2. gr. stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það mætti Alþingi t.d. ekki ákveða með lögum að tiltekinn maður skuli skipaður til að gegna ákveðnu embætti vegna þess að með því væri löggjafinn að ganga inn á valdsvið handhafa framkvæmdarvaldsins, sbr. 1. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi mætti heldur ekki mæla svo fyrir um í lögum að tiltekinn einstaklingur eða fyrirtæki skuli lýst gjaldþrota vegna þess að með því móti væri þingið að ganga inn á valdsvið handhafa dómsvaldsins samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu á eðli þess valds.

Á sama hátt verður Alþingi að virða valdmörk sín gagnvart forseta Íslands, sem fer með löggjafarvaldið ásamt þinginu, eins og skýrt er fyrir mælt í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Það leiðir til þess, eins og nánar verður vikið að hér á eftir, að valdi Alþingis til þess að setja lög, sem er eins og áður segir mjög víðtækt við venjulegar aðstæður, hljóta að vera skorður settar þegar forseti hefur ákveðið að beita því valdi, sem honum er fengið í stjórnarskránni, að neita að staðfesta lagafrumvarp sem þingið hefur samþykkt.

Sá fræðimaður sem öðrum fremur hefur mótað þau sjónarmið, sem viðtekin hafa verið um það hvernig skýra beri lýðveldisstjórnarskrána, er Ólafur Jóhannesson sem var prófessor í stjórnskipunarrétti við lagadeild Háskóla Íslands um langt árabil. Í riti sínu, Stjórnskipun Íslands, sem út kom árið 1960, segir Ólafur orðrétt á bls. 298: „Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins, og verður eigi afturkallað af því."

Þessi orð Ólafs verða ekki skilin á annan veg en þann að hann hafi verið þeirrar skoðunar að eftir að lagafrumvarp hefur verið samþykkt af Alþingi geti þingið ekki haft nein afskipti af því, hvort sem forseti ákveður að staðfesta frumvarpið eða neita að gera það. Skjóta ummæli á bls. 300 í áðurgreindu riti hans stoðum undir þetta, þar sem hann segir að neiti forseti að staðfesta lagafrumvarp verði það, eftir að það er orðið að lögum, „að ganga í gegnum hreinsunareld, og fer þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda".

Þetta viðhorf Ólafs Jóhannessonar styðst í fyrsta lagi við orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem orðrétt segir: „Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það

þó engu að síður lagagildi, en leggja **skal** það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar ...“ [Leturbreyting mín.] Þannig er samkvæmt orðanna hljóðan skylt að leggja lagafrumvarp, sem forseti hefur neitað að staðfesta og þar með er orðið að lögum, undir þjóðaratkvæði til þess að fá skorið úr um frambúðargildi laganna. Í annan stað er þessi skýring í samræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið.

Í 77. gr. finnsku stjórnarskrárinnar frá árinu 2000 er svo fyrir mælt að lagafrumvarp, sem samþykkt hefur verið af finnska þjóðþinginu, skuli ganga aftur til þingsins ef forseti Finnlands neitar að staðfesta það. Sambærilegt ákvæði er hins vegar ekki að finna í íslensku stjórnarskránni.*

III.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er ekki gert ráð fyrir því í íslenskri stjórnskipan að Alþingi hafi afskipti af lagafrumvarpi eftir að þingið hefur samþykkt það, hvort sem forseti Íslands staðfestir frumvarpið eða neitar að gera það. Sú spurning vaknar hins vegar hvort Alþingi hafi heimild til að grípa inn í atburðarásina eftir að forseti hefur beitt synjunarvaldi sínu sem annar handhafi löggjafarvalds með þeim afleiðingum að leggja ber frumvarpið, sem orðið er að lögum, undir atkvæði þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar.

Ýmis rök mæla með því að Alþingi geti undir þessum kringumstæðum fellt lögin úr gildi með því að samþykkja lagafrumvarp þess efnis. Í fyrsta lagi er það þingið sem hefur frumkvæði að því að setja lög þótt lagafrumvarp, sem það hefur samþykkt, öðlist ekki lagagildi fyrr en forseti hefur annaðhvort staðfest það eða neitað að gera það. Þegar af þeirri ástæðu má halda því fram að eðlilegt sé að játa þinginu rétt til þess að bregðast þannig við synjun forseta, sem gert er ráð fyrir að hann grípi einungis til í undantekningartilvikum, að það geti fellt lögin úr gildi. Í öðru lagi hefur Alþingi, eins og áður segir, víðtækan rétt til setja lög, breyta þeim og fella þau úr gildi. Því er nærlægt að telja að þingið geti neytt þessa réttar við aðstæður sem þessar, svo framarlega sem það gengur ekki inn á valdsvið hins handhafa löggjafarvaldsins. Með því einu að fella lög úr gildi, eftir að forseti hefur neitað að staðfesta frumvarp til þeirra, með sömu réttaráhrifum og í því tilviki að lögunum væri hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu má segja að þingið virði í hvívetna ákvörðun forseta og sé þar með ekki að ganga inn á valdsvið hans. Í þriðja lagi hafa lög aðeins öðlast lagagildi til bráðabirgða við þessar aðstæður, vegna þess að eftir er að skera úr um frambúðargildi þeirra í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með þessu móti væri þinginu fengið vald til þess að koma í veg fyrir slíka atkvæðagreiðslu um umdeild lög og þar með að forða þeirri sundrungu með þjóðinni, sem af slíkri atkvæðagreiðslu leiddi, hver sem úrslit hennar yrðu. Þessi síðastnefnda röksemd styðst við það sjónarmið við skýringu á stjórnlögum að séu fleiri en einn skýringarkostur fyrir hendi beri fremur að velja þann kost, sem stuðlar að sáttum í þjóðfélaginu, heldur en þá sem kunna að leiða til meiri flokkadrátta og sundurþykkju meðal þjóðarinnar.

Önnur rök mæla hins vegar gegn því að Alþingi geti gripið inn í lagasetningarferlið uns því er að fullu lokið samkvæmt fyrirmælum 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þar má fyrst nefna hið

---

* Þess má geta að við lokaumræðu frumvarps til stjórnskipunarlaga um lýðveldisstjórnarskrána í neðri deild Alþingis var lögð fram breytingartillaga við 26. gr. frumvarpsins, þar sem lagt var til að í kjölfar þess að forseti neitaði að staðfesta lagafrumvarp skyldi það borið á ný undir sameinað Alþingi í stað þess að vísa því til þjóðaratkvæðis. Yrði frumvarpið samþykkt með ⅔ atkvæða allra þingmanna þá öðlaðist það gildi sem lög, en ella teldist það fallið. [Alþt. 1944 A, þskj. 165, bls. 261.] Breytingartillaga þessi var felld með 24 atkvæðum gegn 4. [Alþt. 1944 B, d. 139.]

afdráttarlausa orðalag greinarinnar og jafnframt það atriði að stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir því að þingið hafi afskipti af lögunum, eftir að það hefur samþykkt frumvarp til þeirra. Enn fremur má halda því fram að sé þinginu játuð heimild til þess að fella lögin úr gildi sé gengið á stjórnarskrárvarinn rétt þjóðarinnar við þær aðstæður, ekki síst þess hluta hennar sem staðfesta vill lögin í samræmi við upphaflegan vilja þingsins. Segja má að sú skipan, sem mælt er fyrir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar, að þjóðin skuli eiga síðasta orðið ef í odda skerst með þjóðkjörnu þingi og þjóðkjörnum forseta sé lýðræðislegasta aðferðin til þess að knýja fram endanlega niðurstöðu þegar svo stendur á. Af þeim sökum er eðlilegt að gjalda varhuga við því að skýra stjórnarskrána með þeim hætti að annar hvor aðilinn, þingið eða forsetinn, geti svipt þjóðina þeim rétti að fá að skera úr um það, milliliðalaust, hvort hin umdeildu lög skuli gilda til frambúðar eða hvort þau skuli felld úr gildi.

IV.

Sé Alþingi játuð heimild til þess að hafa afskipti af lögum, eftir að forseti hefur neitað að staðfesta frumvarp til þeirra, verður að líta á það sem undantekningu frá þeirri meginreglu, sem liggur til grundvallar íslenskri stjórnskipan og fyrr er lýst, að ekki er gert ráð fyrir því að þingið hafi afskipti af lögum við þær aðstæður. Þar með hlýtur heimild Alþingis að einskorðast við það eitt að fella lögin úr gildi, þannig að réttaráhrifin verði þau sömu og í því tilviki að lögunum væri hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu og þau þar með felld úr gildi skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Ef þingið gæti samhliða breytt ákvæðum laganna væri það hins vegar að ganga inn á valdsvið hins handhafa löggjafarvaldsins, forsetans, og ómerkja í raun og veru þá ákvörðun hans að neita að staðfesta frumvarp til laganna og bera lögin undir atkvæði þjóðarinnar.

Með því að setja ný lög um sama efni og þau fyrri, áður en fyrra lagasetningarferli er að fullu lokið, væri þingið jafnframt að grípa inn í það ferli með þeim afleiðingum að komið yrði í veg fyrir að fyrra réttarástand raknaði við, en það myndi óhjákvæmilega gerast ef þjóðin, sem á síðasta orðið um frambúðargildi laganna skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar, hafnaði þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það getur vissulega skipt máli að lögum hvort fyrra réttarástand raknar við eða hvort þingið getur breytt lögunum áður en til þess kemur. Sem dæmi má nefna það að forseti neiti að staðfesta frumvarp að lögum, þar sem lagður er nýr skattur á landsmenn. Vegna banns 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar við afturvirkni skattalaga kynni það að skipta sköpum í því tilviki hvort Alþingi hefði vald til þess að breyta lögunum, t.d. með því að lækka skattinn, og láta þau þannig gilda áfram eða hvort þingið hefði einungis, á sama hátt og þjóðin, vald til þess að fella lögin úr gildi með þeim réttaráhrifum að skatturinn félli niður.

Það að játa Alþingi heimild til þess við þær aðstæður, sem hér er fjallað um, að fella lög úr gildi og samþykkja sams konar lagafrumvarp að nýju býður enn fremur þeirri hættu heim, sem óæskileg hlýtur að teljast, að upp komi eins konar þrátefli milli þings og forseta. Þannig gæti svo farið að forseti neiti að staðfesta hið nýja frumvarp sem lög í breyttri mynd, en þingið felli þau lög síðan úr gildi og samþykki enn á ný nýtt frumvarp, nánast sama efnis og hið upphaflega. Þetta kynni jafnvel að endurtaka sig aftur og aftur, þó þannig að þingið ætti alltaf síðasta orðið. Eina leiðin til þess að koma í veg fyrir slíkt þrátefli samkvæmt núgildandi stjórnskipan er að skýra stjórnarskrána á þann veg að Alþingi megi ekki hafa önnur afskipti af lagasetningarferlinu eftir að það hefur samþykkt lagafrumvarp en að fella lögin úr gildi með þeim réttaráhrifum að sama réttarástand rakni við og ríkti áður en þau tóku gildi. Þessi skýringarkostur styðst ótvírætt við það sjónarmið, sem gerð er grein fyrir hér að framan, að velja beri þann kost við skýringu á stjórnlögum, séu fleiri kostir á annað borð fyrir

hendi, sem líklegur er til að eyða réttaróvissu og koma þannig í veg fyrir meiri átök meðal þjóðarinnar en hlytust af því ef aðrir kostir yrðu valdir.

V.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, er það niðurstaða mín að stjórnarskráin geri ekki ráð fyrir því að Alþingi hafi nein afskipti af lögum eftir að það hefur samþykkt frumvarp til þeirra. Með því að fella fyrri lög úr gildi og samþykkja nýtt lagafrumvarp um sömu efnisatriði í þeirra stað, eftir að forseti Íslands hefur neitað að staðfesta frumvarp til fyrri laganna og áður en þau hafa verið borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, væri Alþingi að ganga inn á valdsvið forseta sem annars handhafa löggjafarvaldsins. Séu þau rök, sem mæla með því að Alþingi geti við þessar aðstæður fellt fyrri lög úr gildi án frekari afskipta af lagasetningarferlinu, borin saman við þau rök, sem mæla á móti því að slík heimild sé fyrir hendi, er það álit mitt að sennilega sé þinginu þetta heimilt, svo framarlega sem niðurfelling laganna hafi sömu réttaráhrif og í því tilviki að lögunum væri hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt þessu lít ég svo á að efni 1. og 2. gr. fyrirliggjandi frumvarps um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum o.fl. brjóti í bága við stjórnarskrána og gangi þar af leiðandi í berhögg við íslenska stjórnskipan, eftir að forseti hefur neitað að staðfesta frumvarp til laga nr. 48/2004, vegna þess að þau lög hafa ekki enn verið borin undir atkvæði þjóðarinnar til staðfestingar eða synjunar. Gildistökuákvæði 4. gr. frumvarpsins þyrfti að mínu áliti að breyta til samræmis við þessa niðurstöðu. Á hinn bóginn tel ég að efni 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að lög nr. 48/2004 skuli falla brott, standist sennilega fyrirmæli stjórnarskrárinnar.

Að lokum skal tekið fram að í þessari álitsgerð minni er einvörðungu leitað svars við þeirri spurningu hvort umrætt frumvarp um breytingu á útvarps- og samkeppnislögum o.fl. standist fyrirmæli stjórnarskrárinnar. Þar af leiðandi fjalla ég ekki um álitamál, sem kynnu að rísa við áframhaldandi meðferð málsins, ef svo færi að lög nr. 48/2004 yrðu felld úr gildi, hvort sem er af Alþingi eða í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reykjavík, 12. júlí 2004,

Eiríkur Tómasson,
prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Fylgiskjal VI.

Minnisblað frá Páli Hreinssyni lagaprófessor.
(12. júlí 2004.)

Má Alþingi fella úr gildi lög sem forseti hefur synjað staðfestingar og ekki hafa enn verið lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar?

Þar sem Hæstiréttur Íslands hefur ekki tekið afstöðu til þessa álitaefnis með dómi ríkir óhjákvæmilega ákveðin réttaróvissa um hvort Alþingi hafi heimild til að fella úr gildi lög sem þannig er ástatt um.

Þegar leitað er svara við þessari spurningu ber að hafa í huga að Alþingi er allra stofnana valdamest að íslenskri stjórnskipan og er aðalhandhafi löggjafarvaldsins.[1] [2] Í stjórnlagafræði er almennt viðurkennt að við setningu laga séu þingmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og ákvæðum stjórnarskrár, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar.[3] Á grundvelli framangreindra sjónarmiða taldi Ólafur Jóhannesson að Alþingi gæti með lögum sett öll þau fyrirmæli, sem stjórnarskráin hefði ekki boðið, beint eða óbeint, að sett skyldu með öðrum hætti.[4]

Af framangreindri meginreglu má draga þá ályktun að Alþingi geti fellt úr gildi lög, sem bíða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema talið verði að stjórnarskrárgjafinn hafi með setningu ákvæða 26. gr. stjórnarskrárinnar takmarkað vald Alþingis að þessu leyti. Svarið við þessari spurningu sem hér er til umfjöllunar ræðst því fyrst og síðast af skýringu á ákvæðum 26. gr. stjórnarskrárinnar, en hún hljóðar svo:

> „Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sinu."

Í athugasemdum við 26. gr. í frumvarpi því er varð að lýðveldisstjórnarskránni segir m.a. svo:

„Ekki hefur þótt fært að veita forseta algert synjunarvald, eins og konungur hefur haft. Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur, ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna. Ákvörðun um slíka staðfestingarsynjun eða málskot til þjóðaratkvæðis tekur forseti, án þess

---

1 Sbr. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, bls. 267–268. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

2 Sbr. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, bls. 286. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

3 Sjá t.d. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, bls. 284. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978; *Zahle, Henrik:* Dansk forfatningsret 1. Institutioner og regulering, bls. 188. Kaupmannahöfn 2001 og *Ross, Alf* Dansk Statsforfatningsret I. (3. útg.), bls. 355–358. Ole Espersen annaðist útgáfuna. Kaupmannahöfn 1980.

4 Sbr. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, 284. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

að atbeini ráðherra þurfi að koma til. En ef mál er mikilvægt, gæti daglega af synjuninni leitt slíkt ósamkomulag milli forseta og ráðherra, að til ráðherraskipta eða annarra aðgerða Alþingis kæmi.“ (Alþt. 1944, A-deild, bls. 15.)

Af orðalagi ákvæðisins og lögskýringargögnum er ljóst að stjórnarskrárgjafinn hefur ekki takmarkað valdheimildir Alþingis með *ótvíræðu orðalagi* til að fella úr gildi lög sem bíða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Spurningin sem eftir stendur er þá hvort slík takmörkun á valdheimildum Alþingis felist „óbeint“ í orðalagi 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í því sambandi skiptir máli hvernig skýra ber eftirfarandi orð ákvæðisins:

> „... en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.“

Ef þessi orð eru skýrð svo að ekkert geti komið veg fyrir að lög gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu, sem forseti hefur synjað staðfestingu, verður niðurstaðan sú að Alþingi sé óheimilt að fella lögin úr gildi áður en atkvæðagreiðslan fari fram. Þar sem ákvæði II. kafla stjórnarskrárinnar hafa að geyma meginreglur sem oft lúta aðeins að höfuðtilvikum er þessi skýringarkostur sennilega ekki sá nærtækasti. Þannig virðist nærtækar að skýra þennan málslið 26. gr. stjórnarskrárinnar svo að lagafrumvörp, sem forseti hafi synjað samþykki, geti ekki haldið *gildi til frambúðar* nema að þau hafi verið *samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu* sem fram skal fara svo fljótt sem kostur er. Ef ákvæðið er skýrt svo að meginmarkmið þess sé að orða þetta ófrávíkjanlega skilyrði fyrir frambúðargildi laga, verður það tæplega talið fela í sér takmörkun á valdi Alþingis til þess að *fella slík lög úr gildi* áður en til þjóðaratkvæðagreiðslu kemur. Þetta lögskýringarviðhorf á sér stoð í ummælum og túlkun dr. jur. Björns Þórðarsonar þáverandi forsætisráðherra á ákvæðinu við umræður um stjórnarfrumvarp hans til lýðveldisstjórnarskrárinnar á Alþingi hinn 28. febrúar 1944. Þar sagði hann svo:

> „Alþingi fer með löggjafarvaldið, því að forseta er ekkert vald veitt í lagasetningu. Þess vegna er sama, hvort hann undirskrifar lögin eða ekki. Ef hann undirskrifar l., öðlast þau gildi, geri hann það ekki, öðlast þau samt gildi, en til frambúðar þó því aðeins, að þjóðin hafi samþ. þau að viðhafðri atkvæðagreiðslu. – Það er ekki um synjunarvald forseta að ræða hér, heldur er það þjóðin, sem segir til um það, hvort l. eigi að hafa framtíðargildi eða ekki.“[5]

Í þessu sambandi má einnig minna á að í umræðum á Alþingi um frumvarp það, er varð að lýðveldisstjórnarskránni, komu fram frekari skýringar á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar kom fram að sú skipan að láta frumvarp taka gildi um leið og forseti synjaði staðfestingar í stað þess að láta það ekki taka gildi fyrr en eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla hefði farið fram,

---

5 Alþt. 1944, B-deild, dálk. 99.

væri valin þannig að vald forseta samkvæmt þessu ákvæði væri minna en ella[6] og að vilji Alþingis, sem lýsti sér í þeim lögum sem forseti hefði synjað samþykkis, réði á meðan beðið væri eftir úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslu.[7]

Þegar deila kemur upp á milli handa löggjafarvalds, – Alþingis (þ.e. meiri hluta þingmanna) og forseta – og hún kristallast í því að þingið vill að lögin standi en forseti telur þar einhverja annmarka á, má spyrja hvort það sé óeðlilegt að Alþingi geti höggvið á þann hnút og *fellt lögin úr gildi.* Slík viðbrögð eru nær því að tekið sé að einhverju leyti undir sjónarmið forseta heldur en að gengið sé gegn þeim. Vart verður því sagt að með því sé verið að ganga gegn synjunarvaldi forseta þar sem málskot hans til þjóðarinnar hlýtur oftast að byggjast á þeirri forsendu að meiri hluti þjóðarinnar sé líklegur til að *fella lögin úr gildi.*[8] Með þessu móti gefst þá færi á að gera tilraun til að sætta ólík sjónarmið og ná breiðari samstöðu um nýja lausn.

Loks má velta því fyrir sér hvort það fari í bága við reglur stjórnarskrár, um að handhöfn löggjafarvaldsins er bæði hjá Alþingi og forseta, felli Alþingi úr gildi lög sem bíða þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í riti sínu Stjórnskipun Íslands, reifar Ólafur Jóhannesson nokkur meginsjónarmið um meðferð lagafrumvarpa hjá handhöfum löggjafarvaldsins við setningu almennra laga, en þar segir m.a. svo:

> „Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins, og verður ekki afturkallað af því. Endanlegt lagagildi hefur frumvarpið þó ekki enn þá fengið. Það á eftir að fara til hins löggjafaraðilans, forsetans."[9]

---

6 Í ræðu Brynjólfs Bjarnasonar við umræður um frumvarp til lýðveldisstjórnarskrárinnar sagði m.a. svo: „Mörg l. eru þess eðlis, að þau hafa fyrst og fremst tímabundið gildi. Það er hægt að ónýta þau með öllu með því að fresta framkvæmd þeirra. Forseti, er hefði slíkt vald, – vald til að fresta framkvæmd laga um mánaðatímabil, – gæti gert stj. og þingmeirihluta, sem hefði þjóðarmeirihluta að baki sér, ómögulegt að starfa. Þetta mundi jafngilda algeru persónulegu synjunarvaldi forseta um fjölda mála. Þetta ákvæði, eins og ND. samþ. það, er því í algeru ósamræmi við þá hugsun, sem vakti fyrir meiri hl. stjskrn., en hún var sú, að löggjafarvaldið skyldi að öllu leyti vera í höndum Alþ., nema hvað forseti getur gefið út brbl., en synjunarvaldið skyldi aðeins vera hjá þjóðinni og forseti vera umboðsmaður hennar. Meiri hl. stjskrn. leggur því til, að ákvæðunum um synjunarvald forseta verði aftur breytt í sama horf og gert var ráð fyrir í frv. eins og það var lagt fyrir þingið." Alþt. 1944, B-deild, dálk. 103–104.

Við sömu umræður lét Einar Olgeirsson eftirfarandi ummæli falla um synjunarvald forseta: „Hann er persóna, sem vissulega hefur mjög svo mikið vald, einmitt hvað snertir framkvæmdarvaldið, að það er alveg óþarfi að bæta því ofan á að veita honum persónulegt synjunarvald. Bókstaflega talað gæti þetta orðið þannig, eins og hv. 2. þm. S.-M. og frsm. hv. stjskrn. benti réttilega á, að það gæti orðið að kalla óstjórnandi í landinu." Alþt. 1944, B-deild, dálk. 129–130.

7 Í ræðu Magnúsar Jónssonar við umræður um frumvarp til lýðveldisstjórnarskrárinnar sagði m.a. svo: „Það er í vitund allra manna, að Alþ. hefur löggjafarvaldið og synjun staðfestingar frá konungi komi ekki til. Nú tel ég rétt, að kosinn forseti hafi visst vald, og það fær hann. Hann getur skotið lagafrv., sem Alþ. hefur samþ., en hann telur háskalegt til þjóðarinnar. Þá er kominn upp ágreiningur milli þessara tveggja aðila löggjafarvaldsins, Alþ. og forseta, og meðan beðið er eftir úrskurði þjóðarinnar, vil ég láta Alþ. ráða. Af þessum tveim aðilum, sem ráða löggjöfinni, hika ég ekki við að telja Alþ. aðalvaldið og finnst því sjálfsagt, að það ráði, meðan beðið er eftir úrskurði þjóðarinnar ..."

8 Í ræðu Brynjólfs Bjarnasonar um 26. gr. sagði m.a. svo: „Ég skal skýra, við hvað ég á með því, er ég tala um málefnalega rétt og aðstöðu forseta til þess að synja l. um staðfestingu. Það er í fyrsta lagi, ef hann þykist viss um, að meiri hl. þjóðarinnar sé andvígur l., sem Alþ. hefur samþ. og þau brjóti þannig í bág við Þjóðarvilja. Þá álit ég að forseti hafi fullan siðferðilegan rétt til þess að neita l. um staðfestingu og muni gera." Alþt. 1944, B-deild, dálk. 177.

9 Sbr. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, 294. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

Stuttu síðar í sama kafla segir Ólafur:

„Til þess að frumvarp, samþykkt af Alþingi, öðlist lagagildi, sýnist samkvæmt þessu ætíð þurfa að leggja það fyrir forseta til staðfestingar. Fyrr en það hefur verið gert, getur það ekki orðið að lögun. Hitt skiptir svo ekki máli um gildistöku þeirra laga, hverjar undirtektir forseta eru, hvort hann staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar.“[10]

Um lok lagasetningarinnar segir Ólafur svo:

„Lagasetningunni er lokið með staðfestingu forseta. En þá er eftir að gefa lögin út og birta þau, en um það annast stjórnvöld sbr. 1. 64/1943.“[11]

Þótt yfir vafa sé hafið samkvæmt framansögðu að Alþingi geti ekki afturkallað lagafrumvarp sitt þegar það hefur gengið til forseta, ætti almennt ekki að valda vafa að *eftir að lagasetningunni er lokið* með staðfestingu eða synjun forseta á lagafrumvarpinu, geti Alþingi fellt lögin úr gildi *með nýjum lögum,* enda hafi frumvarp til síðarnefndu laganna sætt löglegri meðferð samkvæmt stjórnarskrá og lögum nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis og verið samþykkt eða synjað staðfestingar af forseta Íslands og birt lögun samkvæmt.

Niðurstöður.

Í þessu minnisblaði hefur verið reynt að varpa ljósi á lögfræðileg rök og lagasjónarmið sem veitt geta vísbendingu um svör við spurningunni hvort Alþingi megi fella úr gildi lög sem forseti hefur synjað staðfestingar og ekki hafa enn verið lögð undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Á það var bent að Alþingi er allra stofnana valdamest að íslenskri stjórnskipan og er aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Í stjórnlagafræði er almennt viðurkennt að valdheimildir Alþingis til lagasetningar séu ekki takmarkaðar af öðru en sannfæringu þingmanna og ákvæðum stjórnarskrár. Að þessu athuguðu var á það bent að svarið við spurningunni réðist af skýringu á því hvort 26. gr. stjórnarskrárinnar takmarkaði þetta vald Alþingis. Komist var að þeirri niðurstöðu að nærtækasta skýring ákvæðisins, m.t.t. ummæla, sem þáverandi forsætisráðherra lét falla um skýringu á 26. gr. frumvarps stjórnarinnar til lýðveldisstjórnarskrárinnar, væri sú að ákvæðið takmarkaði ekki vald Alþingis til að fella slík lög úr gildi, enda virtist meginmarkmið ákvæðisins að orða það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir *frambúðargildi laganna,* að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um þau.

Í þessu lögfræðilega minnisblaði hefur hvorki verið tekin afstaða til þess hvort fella beri úr gildi lög nr. 48/2004 eða setja ný lög í þeirra stað enda er sú spurning ekki lögfræðileg heldur lýtur hún að pólitík og stjórnspeki.

---

[10] Sbr. *Ólafur Jóhannesson:* Stjórnskipun Íslands, 296. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

[11] Sbr. *Ólafur Jóhannesson*: Stjórnskipun Íslands, 297. Önnur útgáfa. Gunnar Schram annaðist útgáfuna. Reykjavík 1978.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Þjóðarhreyfingarinnar – með lýðræði.
(13. júlí 2004.)

Þjóðarhreyfingin – með lýðræði hefur fengið til umsagnar frá háttvirti allsherjarnefnd Alþingis tvö frumvörp.

Hið fyrra er endurflutt frumvarp um fjölmiðlalög sem ógildir lög nr. 48/2004 en ítrekar um leið öll helstu efnisatriði hins eldra frumvarps með breyttri dagsetningu um gildistöku og hámarkseignarhlut markaðsráðandi fyrirtækja.

Hið síðara er frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu, sem samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar skal fara fram eftir synjun forsets á staðfestingu laga þann 2. júní síðastliðinn.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir viðhorfi *Þjóðarhreyfingarinnar – með lýðræði* til frumvarpa þessara.

Ítarlega fjallað um valdsvið forseta og synjunarvald

Þegar Ísland varð fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku 1. des. 1918 héldust í breyttri stjórnarskrá ákvæði um ótakmarkað synjunarvald konungs. Konungur beitti þessu valdi að vísu aldrei, en telja má víst að vitneskjan um þetta mikilsverða vald þjóðhöfðingjans hafi veitt Alþingi aðhald og leitt til aukinnar varfærni þess í lagasetningu.

Við breytingar á stjórnarskránni í tilefni af sambandsslitum við Danmörku og stofnun lýðveldis, ákvað Alþingi að óheimilt væri „að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins."

Milliþinganefnd vann að málinu frá vori 1942 og skilaði áliti ári síðar, 7. apríl 1943, ásamt frumvarpi til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem var lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 1944. Þetta ferli tók því tæp tvö ár. Allt tal nú um að Alþingi hafi unnið af flaustri að breytingum á stjórnarskránni og skilið við greinar hálfkaraðar, sérstaklega 26. greinina þannig að „óviðunandi" sé, eru því ómaklegar og út í hött. Sérlega smekklausar eru þær ásakanir að þingmönnum hafi legið svo á að skunda á Þingvöll til hátíðahalda, að þeir hafi ekki gefið sér tíma til að gaumgæfa grunnreglur lýðræðisins í stjórnarskránni!

Þingveldi fellt

Sérstök stjórnarskrárnefnd tók við af milliþinganefndinni. Í þeirri nefnd voru tveir fulltrúar frá hverjum þáverandi þingflokka. Helstu efnisatriði sem stjórnarskrárnefndin fjallaði um voru annars vegar hvort forseti ætti að vera þingkjörinn eða þjóðkjörinn og hins vegar synjunarvald forseta og þjóðaratkvæðagreiðsla í kjölfarið.

Sérstaklega urðu miklar deilur um 26. greinina. Stjórnarskrárfrumvarpið varð að sjálfsögðu að ganga gegnum þrjár umræður í hvorri deild og einmitt vegna deilna um 26. greinina þurfti það að koma til nýrrar umræðu í neðri deild. Ágreiningur var uppi milli forsætisráðherra og nefndarinnar. Forsætisráðherra vildi að synjun forseta fylgdi að lagafrumvarp öðlaðist ekki lagagildi, en nefndin vildi að þetta vald forsetans væri frestandi synjunarvald, þannig að frumvarpið fengi lagagildi, „en fellur þá úr gildi aftur, **ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna"**, eins og segir í skýringum með ákvæðinu. Var loks úr þessum ágreiningi skorið með atkvæðagreiðslu í neðri deild.

Þingmenn gerðu sér fyllilega grein fyrir að hér var tekist á um grundvallaratriði. Þingkjörinn forseti sem starfaði í umboði þingsins yrði valdalaus „toppfígúra", en þjóðkjörinn forseti ætti að fara með völd svipuð þeim sem konungur hafði áður haft til að tempra vald þingsins en þó öllu vægara. Brynjólfur Bjarnason benti á, að synjunarvald forseta sem jafnframt frestaði gildi lagafrumvarps yrði til að draga úr valdi Alþingis, en með því að láta lagafrumvarpið fá lagagildi þangað til niðurstaða þjóðaratkvæðis lægi fyrir, væri synjunarvaldið raunverulega hjá þjóðinni. Forseti kæmi aðeins fram sem umboðsmaður þjóðarinnar gagnvart þinginu og væri það í fullu samræmi við það, að hann er kosinn af þjóðinni og fer með umboð hennar. Magnús Jónsson benti á, að um væri að ræða, hvort Alþingi eða forsetinn ætti að ráða í millibilsástandinu frá synjun forseta fram að niðurstöðu þjóðaratkvæðis. Eðlilegra væri að Alþingi réði, þar sem „aðalvaldið varðandi lagasetningu" væri hjá því. Forsetinn ætti rétt á því að spyrja þjóðina, hver vilji hennar væri varðandi umdeild lög. Úr því yrði ekki skorið fyrr en niðurstaða þjóðaratkvæðis lægi fyrir og þangað til væri eðlilegt að Alþingi réði. Þessi afstaða. varð að lokum ofan á. Magnús Jónsson sagði orðrétt við þessar umræður:

„Mér kemur því mjög á óvart, hvað margir eru með því að auka vald forsetans. Ég hélt að Alþingi væri á þeirri skoðun, að því bæri að halda því löggjafarvaldi, sem það hefur nú. Það er, og hefur alltaf verið, á tilfinningu allra að Alþingi hafi eitt löggjafarvaldið. Ég vil að það hafi það áfram. Ég álít þó ekki hægt að komast hjá því að ætla honum þennan málskotsrétt, þannig að hann geti fellt lög úr gildi, ef hann þykir réttari fulltrúi þjóðarviljans en Alþingi."

Þessar tilvitnanir í umræður stjórnarskrárgjafanna á Alþingi í aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar verða látnar nægja til þess að færa sönnur á, að þeir gerðu sér fulla grein fyrir því stjórnarfyrirkomulagi sem þeir voru að koma á með stjórnarskránni:

Með því að hafna þingkjöri forseta snerust þeir gegn því, að við afnám konungdæmis yrði komið á algeru þingveldi, þ.e. stjórnskipan, þar sem Alþingi hefði alltaf síðasta orðið um löggjafarmálefni. Í stað þess tempruðu þeir vald þingsins með þjóðkjöri forseta, sem hefði frestandi synjunarvald. Með því að hafa synjunarvaldið aðeins frestandi vildu þeir lýsa því yfir að þingið hefði „aðalvaldið varðandi lagasetningu" og því gilti vilji þess á tímabilinu frá synjun forseta fram að því að þjóðin kvæði upp úrskurð sinn í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ekki er lengur deilt um það að forsetinn hafi þennan synjunarrétt og í fyrstu virtust stjórnvöld ætla að hlíta ákvörðun forsetans og búa sig undir það eitt að hrinda í framkvæmd þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu, sem þá **skal** skv. 26. greininni fara fram, „svo fljótt sem kostur er". Fljótlega komu þó fram skoðanir ráðamanna um það að „afstýra yrði þjóðaratkvæðagreiðslu", vegna þess að greinin gæfi ekki skýr fyrirmæli um framkvæmd hennar. Töldu þeir að gera yrði kröfur til aukinnar þátttöku/aukins meiri hluta í þjóðaratkvæði, þegar vilji (naums) meiri hluta þjóðkjörins þings næði ekki fram að ganga. Ekki náðu stjórnarflokkarnir saman um þær girðingar sem setja mætti um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar og var þá gripið til þess örþrifaráðs, sem nú liggur fyrir í frumvarpslíki og í senn bæði ógildir og gildir fyrri gerðir sama þings! Enn voru uppi kenningar um flaustur og hálfkarað verk höfunda greinarinnar og væri því ekki unnt að fara eftir henni, fyrr en henni hefði verið breytt með stjórnarskrárbreytingu, þ.e. þingsamþykkt á tveimur þingum og kosningum á milli. Um þetta frumvarp, sem nú liggur hér fyrir til umsagnar er það eitt að segja, að það væri vanvirðing bæði við forsetaembættið og þjóðina, ef þingið afgreiddi það frá sér sem lög.

Þjóðin endurheimtir löggjafarvald sitt og kemur í stað Alþingis og forseta

Nauðsynlegt er að skoða hvaða ferli fer af stað við synjun forseta á undirskrift. Frumvarp Alþingis er þá komið á forræði þjóðarinnar og skal lagt svo fljótt sem kostur er undir atkvæði

allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Í stað þess að fulltrúar þjóðarinnar, löggjafarvaldið, Alþingi og forseti, útkljái málið, er *því vísað til uppsprettu fulltrúavaldsins, þjóðarinnar.* Þjóðin fær í einn dag í hendur það löggjafarvald sem hún annars hefur framselt til þessara fulltrúa sinna. **Þennan dag er þjóðin Alþingi og forseti í senn** varðandi það eina mál sem til hennar hefur verið vísað. Fyrir utan forsetakosningar eru þetta einu kosningarnar þar sem gildir reglan: Einn maður – eitt atkvæði.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna

Í skýringum með stjórnarskrárfrumvarpinu á þinginu1944 segir: „Forseta er einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Er þess þó að gæta, að frumvarpið öðlast lagagildi þegar í stað, þó að forseti taki slíka ákvörðun, en fellur þá úr gildi aftur *ef það fær ekki meiri hluta við atkvæðagreiðsluna.*“ Hér liggur að sjálfsögðu beint við að átt er við meiri hluta kjósenda. Meiri hluta þeirra sem mæta á kjörstað. En hvað með kosningaþátttöku? Vantar ekki ákvæði um það? Eins og að framan segir breytist þjóðin þennan dag í löggjafann. Atkvæðagreiðslan heitir öðru nafni kjörfundur og er því slíkur fundur að störfum í landinu þennan dag. Eðlilegt gæti því talist að um atkvæðagreiðsluna giltu svipaðar eða sömu reglur og á þinginu sjálfu. Enda segir Ólafur Jóhannesson í riti sínu „Stjórnskipun Íslands“ um þau tilvik þegar forseti synjar um staðfestingu lagafrumvarps frá Alþingi, að þá „verða lögin þó að ganga gegnum hreinsunareld, og fer þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda“. Ekki orð um aukinn meiri hluta eða skilyrði um þátttöku umfram það sem áður er getið.

Hér hefur verið sýnt fram á með sögulegum rökum að staðhæfingar um, að breytingar á stjórnarskránni hafi verið unnar í flaustri, verið hálfkarað verk og því þjóðarnauðsyn að afstýra þjóðaratkvæðagreiðslu vegna skorts á glöggum reglum um framkvæmdina, eru alrangar. **Ekkert bendir til annars en að stjórnarskrárhöfundarnir hafi gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla í slíku tilviki færi eftir almennum reglum.**

Þingmenn vissu vel hvað þeir voru að gera. Þeir höfðu þessi mál til meðferðar í tvö ár og unnu að þeim milli þinga. Þeir felldu tillögur um að hafa forseta þingkjörinn og valdalausan og afneituðu með því þingveldi. Þeir fengu forsetaembættinu valdsheimildir, sem þeir vissu að voru hemill á völd þingsins, en hömluðu þó um leið gegn forsetavaldinu með því að frumvarp skyldi fá lagagildi á tímabilinu frá synjun forseta til atkvæðagreiðslu þjóðarinnar. Þær raddir sem á þinginu heyrðust um að þingið væri þjóðinni æðra urðu í minni hluta og því datt engum í hug að krefjast annars konar meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni en tíðkast í þinginu sjálfu.

Ekki lengur á forræði þingsins

Því eru engin rök til annars en að framkvæma þjóðaratkvæðagreiðsluna eins fljótt og kostur er, eins og forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðherra töldu einsætt á fyrstu dögunum eftir synjun forsetans. Lengi vel var ekki vitað annað en að því væri unnið, enda segir í greininni „leggja skal það (frumvarpið) ... undir atkvæði allra kosningabærra manna“. Lykilorðið þarna er **skal**, þ.e. ekki verður undan þessari framkvæmd vikist af stjórnvöldum. Því verður að ályktа sem svo, að synjun forseta á staðfestingu laganna 2. júní sl. hafi haft þau einföldu réttaráhrif í för með sér, að Alþingi missti um leið forræði á lögunum. **Frá þeim tíma hefur Alþingi ekki heimild til að fjalla um breytingar á lagatextanum, – hvað þá fella hann úr gildi.**

Nú er svo komið að Alþingi skortir lagaheimild til frekari umfjöllunar um lög þessi. Stjórnarskráin, og skýrt ákvæði 26. greinar hennar, hefur gripið í taumana, en hún gengur framar almennum lögum. Þetta má enn frekar styðja með tilvitnun í áðurgreint rit Ólafs Jóhannessonar „Stjórnskipun Íslands“, sem enn er talið höfuðrit á sviði stjórnskipunarréttar. Þar segir: **„Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins og verður eigi afturkallað af því.“**

Það er því álit *Þjóðarhreyfingarinnar – með lýðræði,* að frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum o.fl. stangist á við stjórnarskrána og sé óþinglegt, þar sem það sé ekki lengur á forræði þingsins og þinginu því óheimilt að gera nokkurs konar breytingar á lagatexta laga nr. 48/2004, svokallaðra fjölmiðlalaga. Þessi afstaða *Þjóðarhreyfingarinnar –með lýræði* hlaut einróma samþykki um 2000 fundarmanna á útifundi, sem haldinn var á Austurvelli og Lækjartorgi þar sem borin var upp svofelld ályktun:

„Útifundur haldinn við Alþingishúsið á Austurvelli mótmælir harðlega þeirri fyrirætlan, að Alþingi nemi úr gildi lög þau, er fyrir atbeina forseta Íslands hafði verið skotið í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu, og lögleiði jafnharðan nær óbreytt öll fyrri efnisatriði hinna fyrri laga í því skyni einu að koma í veg fyrir að þjóðin kveði upp sinn dóm um þessi lög.

Við mótmælum þessari aðferð sem lögleysu.

Við viljum kjósa!“

Við munum því ekki ræða frekar efni laga þessara.

Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu

Þjóðarhreyfingin – með lýðræði hefur einnig fengið til umsagnar frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum.

Við höfum engar efnislegar athugasemdir nema við 5. gr. frumvarpsins. Við teljum að þrátt fyrir það að frumvarpið um fjölmiðlalögin hafi öðlast lagagildi við afgreiðslu Alþingis og haldi því fram að þjóðaratkvæðagreiðslunni, sé það **frumvarpið sjálft,** sem lagt er fyrir **þjóðina í hlutverki Alþingis og forseta,** svo sem 26. greinin ber glögglega með sér (rætt er um **„það“**, frumvarpið, allt fram að síðustu málsgrein). Því teljum við að greinina beri að orða svo:

Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993, svonefnt **fjölmiðlafrumvarp**, var samþykkt á Alþingi 24. maí 2004, en forseti Íslands synjaði því staðfestingar.

Í samræmi við ákvæði 26. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands hefur frumvarpið hlotið lagagildi sem lög nr. 48/2004 en jafnframt ber að leggja frumvarpið undir dóm allra kosningabærra manna á landinu til samþykktar eða synjunar.

Ég samþykki fjölmiðlafrumvarpið
Ég hafna fjölmiðlafrumvarpinu.

Að öðru leyti er *Þjóðarhreyfingin – með lýðræði* sammála efni þessa frumvarps og hvetur til þess að það verði samþykkt á Alþingi svo að þjóðaratkvæðagreiðsla geti farið fram þann 14. ágúst næstkomandi.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd *Þjóðarhreyfingarinnar – með lýðræði*

Ólafur Hannibalsson

Fskj.

Athugasemdir viðbragðshóps Þjóðarhreyfingarinnar við frumvarp til laga (þskj. 1891 – 1011. mál)
um breytingar á útvarpslögum nr. 53/2000, samkeppnislögum nr. 8/1993 o.fl.

Inngangur

Í þessum athugasemdum er ekki tekin afstaða til efnisatriða umrædds frumvarps nema að því leyti sem það miðar að því að koma í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla um lög nr. 48/2004 fari fram. Þetta ber ekki að skilja svo að Þjóðarhreyfingin hafi engar athugasemdir við önnur efnisatriði frumvarpsins, enda hafa slíkar athugasemdir komið fram í óformlegri greinargerð viðbragðshóps Þjóðarhreyfingarinnar, „Hvað er í húfi?“ sem dreift var til allsherjarnefndar föstudaginn 9. júlí og aðgengileg er á vefsíðu hreyfingarinnar: www.thjodarhreyfingin.is.

Álit þetta er ekki lögfræðilegt og ber ekki að taka sem innlegg í lögfræðilega álitsgerð um það hvort gerlegt hafi verið að aflýsa þjóðaratkvæðagreiðslu með þeim hætti sem nú blasir við. Álitið byggir á þeirri hugsun að álitamál um stjórnskipan Íslands séu ekki einungis lögfræðileg og að í stjórnarskránni komi fram skýr hugmynd um stjórnskipan Íslands sem sé leiðbeinandi um hvernig eðlilegt sé að löggjafinn og framkvæmdarvaldið hegði sér, burtséð frá því hvort hægt sé að komast hjá slíkum boðum með lagakrókum.

Þá má alls ekki gleymast að stjórnarskráin inniheldur grundvallarreglur sem í senn skilgreina og takmarka svið laga. Því er afar mikilvægt að nálgast álitamál sem varða beitingu stjórnarskrár og túlkun á henni frá víðu heimspekilegu og stjórnspekilegu sjónarmiði auk þess að beitt sé hefðbundnum aðferðum lögfræðinnar við túlkun og skýringu.

1. Rétt er að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla

1.1 Það hafði verið boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu

Forsætisráðherra og fleiri ráðherrar í ríkisstjórninni höfðu lýst því yfir að verkefni þeirra eftir synjun forseta væri að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um umrætt frumvarp. Þeir höfðu jafnframt lýst því yfir að hægt væri að komast að samkomulagi um þær reglur sem um atkvæðagreiðsluna skyldu gilda. Ráðamenn töldu því hvorki ómögulegt né sérlega örðugt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu.

1.2. Það þing sem nú situr hafði það hlutverk að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu

Þegar boðað var til sérstaks sumarþings lá einungis eitt verkefni fyrir þinginu: að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna er eðlilegast að þingið takist á hendur það verkefni, sem fyrir því lá, og setji lög um þjóðaratkvæðagreiðslu frekar en að ríkisstjórnin leggi fram „nýtt“ fjölmiðlafrumvarp.

Það er jafnframt eðlilegt, ef einhverjir þingmenn telja sérstaka annmarka á að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar, að þeir annmarkar séu ræddir í tengslum við lög um þjóðaratkvæðagreiðslu. Í öllu falli er óeðlilegt að slíkir annmarkar, raunverulegir eða ímyndaðir, séu að óræddu látnir víkja til hliðar öllum fyrirætlunum um að setja lög um og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þessu sambandi má benda á að starfshópur sá sem ríkisstjórnin skipaði til að undirbúa setningu laga um þjóðaratkvæðagreiðslu taldi enga sérstaka annmarka á að setja slík lög.

1.3 Hægt er að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar

Allir þeir lögfræðingar sem um málið hafa fjallað hafa sagt að mögulegt væri að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir hafa samþykkt þá skoðun, sem m.a. hefur komið fram hjá Þjóðarhreyfingunni, að með því að setja engin sérstök skilyrði um þátttöku eða atkvæðavægi heldur fara eftir ákvæðum almennra kosningalaga, þá sé ljóst að atkvæðagreiðslan verði í samræmi við stjórnarskrána og önnur landslög.

2. Ótækt er að Alþingi afturkalli lög sem hefur verið vísað til þjóðarinnar

2.1. Málið er úr höndum Alþingis

Í ritinu *Stjórnskipun Íslands* (Reykjavík: Hlaðbúð 1960) segir Ólafur Jóhannesson: „Þegar lagafrumvarp er endanlega samþykkt af Alþingi, er það þar með komið úr höndum þingsins, og verður eigi afturkallað af því“ (bls. 298). Ólafur bætir við stuttu síðar að ef forseti synji frumvarpi staðfestingar þá „verða lögin þó að ganga í gegnum hreinsunareld, og fer þá um gildi laganna eftir vilja meiri hluta kjósenda“ (bls. 300, sbr. Jónas Jóhannsson, „Hugleiðingar héraðsdómara um rúðuþurrkur“, *Fréttablaðið* fös. 9. júlí). Þessi skilningur á hlutverki forseta og þjóðar, í því tilviki að forseti synjar lögum staðfestingar, virðist í fullu samræmi við vilja stjórnarskrárgjafans þegar hann setti ákvæði um synjunarvald forseta inn í stjórnarskrána. (Því til stuðnings er vísað í grein Sigurðar Líndals, „Forseti Íslands og synjunarvald hans“, *Skírnir,* vor 2004.) Þessi skilningur endurspeglar einnig það viðhorf til greinarinnar sem hefur verið óumdeilt fram að þessu. Allt frá stofnun lýðveldisins hafa reglulega orðið umræður um beitingu 26. greinar stjórnarskrárinnar. Þó að skiptar skoðanir hafi verið um hana hefur aldrei, fyrr en nú, nokkur vafi virst leika á merkingu hennar.

2.2 Hlutverki forsetans í lögskipunarferlinu er misboðið með því að afturkalla lögin

Með því að afturkalla lögin með þessum hætti er synjun forseta í raun gerð að engu. Ef meiri hluti Alþingis óttast að forseti synji tilteknum lögum, gæti sá sami meiri hluti alltaf borið málið upp skömmu fyrir þingslit þannig að synjun forseta kæmi ekki til fyrr en eftir að þingi er slitið. Þá væri hægt að boða til aukaþings þar sem borin væri fram tillaga um að afturkalla fyrri lög og jafnframt að festa í lög efnisatriði fyrri laga, e.t.v. með málamiðlabreytingum. Með því móti væri synjun forseta gerð að engu, en það hlýtur að stangast á við vilja stjórnarskrárgjafans, sem kemur fram í 26. gr. stjórnarskrárinnar, að forsetinn hafi raunverulegt synjunarvald.

Jafnvel þótt hægt sé að afturkalla lög, sem forseti hefur synjað, með því að fara einhverjar krókaleiðir svo ekki sé um beint brot á stjórnarskrá sé að ræða, breytir það engu um að slíkur gjörningur stangast á við vilja löggjafans og er því í skársta falli siðlaus. Jafnan er mikilvægt að virða vilja löggjafans, og sér í lagi ber að taka ætlun stjórnarskrárgjafans alvarlega þegar um stjórnarskrárákvæði er að ræða sem varða grundvallarréttindi borgaranna. Í því tilviki sem hér um ræðir er um réttinn til að kjósa að tefla, sem er meðal mikilsverðustu borgaralegu réttinda í lýðræðissamfélagi, og því er málið sýnu alvarlegra en ella.

2.3 Það er siðferðilega óréttlætanlegt að Alþingi afturkalli beint úrskurðarvald þjóðarinnar

Alla jafna fer Alþingi, ásamt forseta, með löggjafarvaldið. Á þessu er ein veigamikil undantekning: þegar forseti synjar lögum staðfestingar en þá fer þjóðin sjálf með löggjafarvaldið. Alþingi (eins og forsetinn) situr í umboði þjóðarinnar og er því í vissum skilningi lægra sett en þjóðin sjálf. Af þessu leiðir að þegar mál er í höndum þjóðarinnar er óeðlilegt að Alþingi geti tekið mál frá þjóðinni og afgreitt sjálft. Því er það *ranglæti* ef ríkisstjórnin beitir lagakrókum til að svipta þjóðina beinu úrskurðarvaldi sínu. Þessi niðurstaða varðar ekki þá spurningu hvort það sé lagalega mögulegt að svipta þjóðina úrskurðarvaldinu. Hún er óverjandi frá sjónarmiði réttlætis og sanngirni, sem eru meðal þeirra grundvallarverðmæta sem öll löggjöf á að tryggja og frumforsenda þess lýðræðislega skipulags sem liggur stjórnskipan Íslands til grundvallar.

3. Almennar þingkosningar eru eðlisólíkar þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál og því kemur gildistökuákvæði laganna ekki í stað þjóðaratkvæðagreiðslu um fyrri lög

3.1 Það lýsir grundvallarmisskilningi að leggja þingkosningar að jöfnu við þjóðaratkvæðagreiðslur

Í Alþingiskosningum er verið að velja fulltrúa á þjóðþing á grundvelli almennrar stefnu í málaflokkum eins og fjármálastefnu ríkisins, velferðarmálum, menntamálum og utanríkismálum. Þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök mál þarf ekki að varða slíka almenna stefnu og varðar alls ekki kjör fulltrúa á þjóðþing. Þvert á móti er tilgangur þjóðaratkvæðagreiðslu einmitt sá að taka út einstök mál til þess að þjóðin geti úrskurðað um þau beint. Það er því hugtakaruglingur að slá saman þjóðaratkvæðagreiðslu og almennum þingkosningum og halda því fram að þjóðin úrskurði um tiltekið mál í þingkosningum.

Þetta er reyndar slíkur grundvallarmisskilningur að hann kemur flestum borgurum, leikum sem lærðum, jafnmikið á óvart. Þeir sem þetta skrifa þekkja engin dæmi þess úr rúmlega 200 ára sögu almennra þingkosninga að því hafi verið haldið fram að almennar þingkosningar jafngildi þjóðaratkvæðagreiðslu um eitt tiltekið mál sem alls ekki er borið upp sérstaklega í þingkosningunum. Til að árétta þetta enn frekar er vert að huga að því að með lýðræði er jafnan átt við annað af tvennu. Annars vegar er átt við aðferð til að taka bindandi hópákvarðanir þar sem aðilar málsins eru ósammála, hins vegar er átt við ákveðið stjórnskipulag sem einkennist, í vestrænum ríkjum samtímans, m.a. af þrískiptingu ríkisvaldsins og tilteknum frelsisréttindum eins og tjáningarfrelsi og prentfrelsi. Einn meginþáttur slíks lýðræðislegs stjórnskipulags er löggjafarsamkoman. Á Íslandi er sá háttur hafður á að til löggjafarsamkomu er kosið á fjögurra ára fresti, og eru slíkar kosningar því fyrst og fremst hluti af hinu lýðræðislega stjórnskipulagi. Þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök mál (t.d. á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar) er hins vegar ekki hluti af hinu lýðræðislega stjórnskipulagi (sem sést best á því að það hefur haft sinn gang án slíkra kosninga í 60 ár) heldur aðferð til að taka milliliðalausa bindandi ákvörðun um tiltekið mál.

Loks er ótækt að leggja þjóðaratkvæðagreiðslu um nýtt fjölmiðlafrumvarp að jöfnu við þá reglu að samþykki tveggja þinga þurfi til að stjórnarskrárbreyting geti tekið gildi. Í fyrsta lagi er þing rofið þegar í stað eftir að búið er að samþykkja stjórnarskrárbreytingu á fyrra þingi, en ekki er ætlunin að rjúfa þing nú þegar til að leggja nýtt fjölmiðlafrumvarp fyrir annað þing. Í öðru lagi er þing kosið á nýjan leik til að uppfylla það skilyrði að tvö þing samþykki stjórnarskrárbreytingu. Kosningarnar geta því ekki talist þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna.

3.2 Með því að ætla kjósendum að kjósa um fjölmiðlafrumvarpið í almennum þingkosningum er í raun verið að setja óhóflega þröskulda fyrir kjósendur

Með því að leggja þingkosningar og þjóðaratkvæðagreiðslu að jöfnu er í raun gert ráð fyrir verulegum þröskuldum í atkvæðagreiðslunni þar sem eitt mál er vegið á móti öllum öðrum. Í áliti starfshóps ríkisstjórnarinnar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar er talsvert fjallað um þröskulda eða önnur skilyrði sem réttmætt gæti verið að setja við slíka atkvæðagreiðslu. Í niðurlagi skýrslunnar segir orðrétt: „Starfshópurinn tekur þó fram að þeim mun hóflegri sem takmörkun af þessu tagi er, þeim mun líklegra verður talið að hún fái staðist“ (§ 4.6.4 bls. 23). Í þessu sambandi tekur viðbragðshópur Þjóðarhreyfingarinnar fyllilega undir orð Birgis Guðmundssonar þar sem hann segir að með því að láta kjósa um nýtt fjölmiðlafrumvarp í almennum Alþingiskosningum „er í raun verið að setja mjög háa þröskulda fyrir þá sem eru móti fjölmiðlalögunum – þeir þurfa að láta fjölmiðlafrumvarpið eitt vega á móti öllum hugsanlegum öðrum atriðum sem annars réðu því hvernig þeir greiddu atkvæði“ („Pólitísk tilraunastarfsemi“, *Fréttablaðið* föstudagur, 9. júlí 2004). Því má raunar bæta við orð Birgis að þröskuldarnir eiga ekki einungis við þá sem eru á móti frumvarpinu, þeir eiga einnig við þá sem eru því samþykkir.

Þá gefur það sem hér hefur verið sagt um eðli þess valds sem þjóðin hefur til að úrskurða um löggjöf, ekki tilefni til að ætla að jafnvel þó að þröskuldar væru settir ættu þeir frekar að íþyngja andstæðingum laganna heldur en stuðningsmönnum þeirra. Með því að líta svo á að þess eigi að krefjast að tiltekinn lágmarksmeirihluta þurfi til að fella lögin úr gildi vegna þess að um sé að ræða frumvarp sem meiri hluti þings hafi samþykkt, er vald þingsins látið vega þyngra en vald þjóðarinnar. Það er augljós viðsnúningur á hlutunum þar sem þingið þiggur vald sitt frá þjóðinni en ekki öfugt.

4. Engin réttaróvissa kemur í veg fyrir að farið sé eftir stjórnarskránni

4.1 Sú óvissa sem upp hefur komið varðandi málið er ekki réttaróvissa heldur pólitískt ósamkomulag

Þegar utanríkisráðherra mælti fyrir nýju fjölmiðlafrumvarpi bar hann því við að vegna réttaróvissu væri ekki hægt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Sú afsökun, að réttaróvissa ríki, fær ekki staðist.

Um eiginlega réttaróvissu er að ræða fyrst og fremst ef (i) óljóst er hvaða lög gilda, (ii) ef óljóst er hvort tiltekin lög eigi við í tilteknu tilviki, (iii) ef gildandi lög eru óljós eða (iv) ef gildandi lög stangast á í tilteknu tilviki. Í því tilviki sem nú skiptir máli á ekkert ofangreint við.

Hvað atriði (i) og (ii) áhrærir þá er ljóst að ákvæði stjórnarskrárinnar gilda undantekningarlaust. Enn fremur gildir meginregla stjórnarskrárinnar ef stjórnarskráin sjálf gerir ekki undantekningu frá henni og meginregla stjórnarskrárinnar er einmitt sú, að í kosningum skuli einfaldur meiri hluti ráða án þess að gerðar séu aukakröfur um að tiltekinn fjöldi mæti á kjörstað eða kjósi á tiltekinn veg til þess að kosning teljist gild.

Hvað atriði (iii) áhrærir er að vísu ljóst að gildandi lög eru um margt óljós. Þess vegna var líka boðað til sumarþings þar sem setja skyldi nánari lög um þjóðaratkvæðagreiðslu. En lögin eru hins vegar ekki óljós með þeim hætti að ekki sé unnt að setja slík lög. Í raun hefur enginn efast um að ef boðað yrði til kosninga á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem farið yrði eftir almennum kosningalögum án sérstakra skilyrða um þátttöku eða vægi atkvæða, þá yrði slík kosning í samræmi við stjórnarskrá og önnur landslög.

Loks er ekki um það að ræða að lög stangist á um það hvernig haga skuli þjóðaratkvæðagreiðslu (atriði (iv)).

Af þessu er ljóst að engin réttaróvissa kemur í veg fyrir að boðað verði til þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar.

4.2. Ríkisstjórnin hafði þegar staðfest að mögulegt væri að setja lög um þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar

Til viðbótar því sem að framan er greint er vert að benda á að ráðherrar í ríkisstjórninni höfðu lýst því yfir að hægt væri að halda þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ekki annað að sjá en að hin svokallaða réttaróvissa sé aðeins óvissa um hvort ríkisstjórninni geti mögulega verið stætt á að setja sérstök skilyrði um þátttöku eða vægi atkvæða eða, eins og nú er orðið, aflýsi þjóðaratkvæðagreiðslunni og felli lögin úr gildi með nýjum, næstum samhljóða lögum.

Stjórnin velur sjálf þær leiðir sem hún telur færar til að ná pólitískum markmiðum sínum. Það verður hins vegar að gera þá kröfu til hennar að hún afskræmi ekki pólitíska orðræðu í landinu með því að kalla *pólitísk deilumál* réttaróvissu. Þá væri hægt að halda því fram að allar pólitískar deilur sem varða lýðræðisleg vinnubrögð, stjórnskipun og fleira sýni að á þessum sviðum ríki réttaróvissa. Svo er augljóslega ekki hvort sem einstaklingum og flokkum fellur í geð það sem lög og stjórnarskrá segja eða ekki.

4.3 Ef ný lög um þjóðaratkvæðagreiðslu valda réttaróvissu, þá er það einungis vegna þess að í lögunum eru ákvæði sem óljóst er hvort standist stjórnarskrá

Hvenær sem ákvæði stjórnarskrár setja löggjafanum skorður, getur löggjafinn skapað réttaróvissu með því að setja lög sem óljóst er hvort falli innan þeirra skorða sem stjórnarskráin setur. Sú óvissa, sem vísað hefur verið í til að rökstyðja tilraun ríkisstjórnarinnar til að aflýsa þjóðaratkvæðagreiðslu, er einungis óvissa sem ræðst af hæpnum lögum. Óljós ákvæði stjórnarskrár koma þar ekki til. Sú réttaróvissa sem ríkisstjórnin heldur á lofti virðist eingöngu komin til af því að markmið ríkisstjórnarinnar brjóta í bága við hagsmuni almennings eins og hann metur þá sjálfur og eins og þeir eru varðir í stjórnarskránni. Það eru því þau skilyrði sem hugsanlega yrðu sett í lög um þjóðaratkvæðagreiðslu sem *skapa* réttaróvissu frekar en að slík óvissa sé óhjákvæmilega sé til staðar.

Sérstök skilyrði um þátttöku eða atkvæðavægi í þjóðaratkvæðagreiðslu skapa bæði *siðferðilega* óvissu og réttaróvissu. Réttaróvissu vegna þess að víst er að það stenst stjórnarskrá að engin sérstök skilyrði séu um þátttöku eða atkvæðavægi í þjóðaratkvæðagreiðslu á meðan slík skilyrði orka tvímælis, siðferðilega óvissu vegna þess að markmið ríkisstjórnarinnar eru greinilega önnur en þau sem almenningur telur að samrýmist hagsmunum sínum. Ríkisstjórnin virðist því vera að fremja það siðlausa athæfi að taka málið úr höndum þjóðarinnar í því skyni að koma í veg fyrir að þjóðin úrskurði um hagsmuni sína.

4.4 Jafnvel þó að fallist sé á að við stofnun lýðveldisins hafi verið ráð fyrir því gert að stjórnarskráin yrði endurskoðuð á síðari stigum rýrir það í engu gildi þess sem stendur í stjórnarskránni nú

Því hefur verið haldið fram að stjórnarskráin sé „bráðabirgðaplagg" eða „ófullgerð" að því er virðist til þess að gefa í skyn að ekki þurfi að fara eftir henni í einu og öllu eða til að gera meira úr vægi mögulegra álitamála en annars. Málflutningur af þessu tagi er með öllu ómarktækur. Það er ljóst að jafnvel þó að gert hafi verið ráð fyrir því að stjórnarskráin yrði endurskoðuð eru gildandi ákvæði hennar að öllu leyti talin standast frá sjónarmiði réttlætis, sanngirni og lýðræðis. Því er það markleysa þegar vangaveltum um mögulega endurskoðun stjórnarskrárinnar í framtíðinni er ruglað saman við gildi ákvæði hennar nú, eins og því miður hefur borið á í ummælum forsætisráðherra og utanríkisráðherra í fjölmiðlum síðustu daga.

5. Málskotsréttur forsetans er til þess fallinn að styrkja stjórnskipan Íslands, sem byggist á fulltrúalýðræði og þingræði, sem *lýðræðislega* stjórnskipan

Stjórnarskráin hefur samkvæmt viðteknum vestrænum hugmyndum um lýðræði m.a. það hlutverk að takmarka svigrúm löggjafans til að setja lög. Hún takmarkar einnig svigrúm framkvæmdarvalds til að túlka lögin. Þar sem stjórnarskrá er í gildi hljóta valdhafar að binda stjórnarathafnir sínar við stjórnarskrána þó að misjafnt sé hvernig þetta er tryggt í einstökum löndum. Hafi stjórnarskráin það hlutverk að takmarka valdsvið löggjafans, þá má líta á málskotsrétt forseta sem hluta af þeirri viðleitni að setja þingi lögmætar og í fyllsta máta *lýðræðislegar* skorður. Málskotsrétturinn gefur forseta augljóslega ekki vald til að ganga gegn vilja þjóðarinnar því að rétturinn er ekki neitunarvald. Málskotsrétturinn brýnir fyrir forystumönnum að jafnvel þó að þeir hafi meiri hluta á þingi sé engu að síður nauðsynlegt að vinna mál þannig að sem mest sátt sé um þau, bæði innan þings og utan, og að málsmeðferð öll sé sem vönduðust. Hann merkir líka að forystumenn þurfa að varast að beita flokksaga sem kann að ganga þvert gegn skoðunum meiri hluta kjósenda þeirra. Það er vandséð að málskotsrétturinn (og þjóðaratkvæðagreiðsla í krafti hans) hafi nokkrar slæmar eða vafasamar pólitískar afleiðingar, sé honum beitt í hófi, en það er auðséð með hvaða hætti hann getur orðið til þess að bæta lýðræðislega stjórnarhætti.

Sú ómerking málskotsréttarins sem afnám fyrra fjölmiðlafrumvarpsins og samþykkt nær óbreytts frumvarps hefur í för með sér er stríðsyfirlýsing við þjóðkjörinn forseta sem setur hann í óleysanlegan vanda. Annars vegar gæti hann synjað undirskrift á ný en þá skapast vandi um hvernig standa eigi að þjóðaratkvæðagreiðslu. Þyrftu atkvæðagreiðslur að vera tvær eða myndi ein duga? Hvernig ætti þá að orða spurningarnar sem kjósendur eiga að taka afstöðu til? Upp kynni að koma þrátefli sem gæti lamað helstu stofnanir lýðveldisins. Hins vegar gæti hann skrifað undir en þá um leið viðurkennt að Alþingi hefði gert synjun hans merkingarlausa. En þar með væri hann að bregðast því stjórnskipulega hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt stjórnarskránni að vera öryggisventill þjóðarinnar gagnvart gerræðislegum vinnubrögðum meiri hluta Alþingis.

Ef sú óhjákvæmilega ályktun er dregin af þessu að framlagning síðara frumvarpsins sé tilraun til að breyta stjórnskipan ríkisins, er Alþingi með þeim hætti að sölsa undir sig vald sem með réttu er hjá þjóðinni og þjóðkjörnum forseta (sbr. m.a. 2. gr. stjórnarskrárinnar). Þessi tilraun er gerð án þess að fylgt sé settum reglum um breytingar á stjórnarskránni. En þá er stutt í að telja verði að þeir þingmenn sem ljá málinu atbeina brjóti með því gegn ákvæðum hegningarlaga um brot gegn stjórnskipan ríkisins og atkvæðisrétti almennings sbr. einkum 98., 100. og 103. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig lög um ráðherraábyrgð.

Jón Ólafsson
Ólafur Páll Jónsson

1899. Frumvarp til laga [1011. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum, nr. 8/1993, o.fl.

(Eftir 2. umr., 21. júlí.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

2. gr.

Lög nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1900. Tillaga til þingsályktunar [1013. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. júlí 2004 til septemberloka.

1901. Lög [1011. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum, nr. 8/1993, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 22. júlí.)

Samhljóða þskj. 1899.

1902. Þingsályktun [1013. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. júlí.)

Samhljóða þskj. 1900.